Alþingi 1985

Sameinað þing, 1. fundur.

Fimmtudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1985, fimmtudaginn 10. okt., var hundraðasta og áttunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það átttugasta og áttunda aðalþing í röðinni, en hundrað tuttugasta og þriðja samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Heimir Steinsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv.
5. Björn Dagbjartsson, 5. þm. Norðurl. e.
6. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
9. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm.
10. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv.
11. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
12. Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl.
13. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
14. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
15. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
16. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.
18. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
19. Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm.
20. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.
21. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn.
22. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
24. Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv.
25. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
26. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
27. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm.
29. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
30. Jón Helgason, 5. þm. Suðurl.
31. Jón Kristjánsson, 4. þm. Austurl.
32. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.
33. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
34. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn.
35. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm.
36. Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.
37. Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm.
38. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
39. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
40. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
41. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
42. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
43. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
44. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
45. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
46. Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv.
47. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn.
48. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
49. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
50. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv.
51. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v.
52. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
53. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
54. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
55. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
56. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
57. Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl.
58. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Hinn 23. september 1985 var gefið út svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1985.

Um leið og vér birtum þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 23. september 1985.

Steingrímur Hermannsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Magnús Þ. Torfason.

Steingrímur Hermannsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1985."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti tók nú við fundarstjórn.

Minning Axels Jónssonar.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Ég býð hv. alþm. og starfsfólk Alþingis velkomið til starfa. Þá verður minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Axel Jónsson fyrrverandi alþingismaður andaðist laugardaginn 30. ágúst, 63 ára.

Axel Jónsson var fæddur í Reykjavík 8. júní 1922. Foreldrar hans voru Jón klæðskeri þar Björnsson bónda í Núpsdalstungu í Miðfirði Jónssonar og Lára Þórhannesdóttir bónda á Glæsivöllum og síðar á Melum í Miðdölum Gíslasonar. Um fermingaraldur fluttist Axel með móður sinni að Hvítanesi í Kjós. Veturinn 1937—1938 stundaði hann gagnfræðanám í Reykjavík. Rúmlega tvítugur að aldri reisti hann nýbýlið Fell í landi Blönduholts í Kjós og stundaði jafnframt bifreiðaakstur. Árið 1953 flyst hann til Kópavogs og er sundlaugavörður í Reykjavík til 1959 og síðan forstjóri Sundlauganna til 1961. Árin 1962—1968 er hann fulltrúi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, síðan fulltrúi hjá Almannavörnum ríkisins 1968—1971 og loks framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi 1971—1978.

Axel Jónsson var löngum áhugamaður um félagsmál og þjóðmál og valinn til margs konar forustustarfa. Hann var formaður Ungmennafélagsins Drengs í Kjós 1946—1949, formaður Ungmennasambands Kjalarnesþings 1950—1956, í stjórn Ungmennafélags Íslands 1955—1957, í stjórn Íþróttasambands Íslands 1959—1964 og formaður Æskulýðssambands Íslands 1959—1960. Hann var kosinn í áfengismálanefnd 1964 og í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs 1974—1978. Hann var í bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar 1962—1982, sat lengi í bæjarráði og var forseti bæjarstjórnar 1976—1977. Í alþingiskosningunum 1963 var hann kjörinn varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi og átti sæti á öllum þingum til 1978, oft sem varaþingmaður en hlaut fast sæti á Alþingi 1965—1967 og 1969—1971 vegna fráfalls kjörinna þingmanna og var að síðustu landskjörinn alþm. 1974—1978. Alls átti hann sæti á 16 þingum.

Axel Jónsson stundaði íþróttir á unglingsárum og tamdi sér í góðum félagsskap drenglyndi í viðskiptum í hvívetna. Hann var ósérhlífinn og samvinnuþýður og ávann sér traust með störfum sínum. Árum saman vann hann að bæjarmálum í Kópavogi og átti bæjarfélagið farsælan og ötulan liðsmann í forustusveit þar sem hann var. Flokki sínum vann hann af alhug, stefnufastur, gætinn og hófsamur. Hátt í tvo áratugi átti hann við heilsubrest að stríða, en hélt áfram störfum svo lengi sem auðið var. Síðustu æviárin hlaut hann þó að draga sig í nokkurt hlé.

Ég vil biðja þingheim að minnast Axels Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. okt. 1985.

Þar sem Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sighvatur Björgvinsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Sighvatur Björgvinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Annað bréf hefur borist:

„Reykjavík, 13. okt. 1985.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður landskjörinna þm. Alþfl., Magnús H. Magnússon símstöðvarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eiður Guðnason,
5. landsk. þm."

Magnús H. Magnússon hefur einnig tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., með 48 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Þorv. Garðar Kristjánsson er rétt kjörinn forseti Sþ. Óska ég honum velfarnaðar í störfum og bið hann að koma til að taka hér við fundarstjórn.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. alþm. fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig forseta sameinaðs Alþingis. Ég vænti þess að áfram megi halda sú góða og ánægjulega samvinna sem hefur verið milli mín og hv. þm.

Forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., með 50 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., með 41 atkv. — Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm., hlaut 1 atkv., Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kjörnir skrifarar sameinaðs þings að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÁJ, en á B-lista ÞS. — Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., og

Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Efri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 15. okt., að loknum fundi í Sþ.

Fundurinn var settur af aldursforseta, Þorv. Garðari Kristjánssyni, 4. þm. Vestf.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
3. Björn Dagbjartsson, 5. þm. Norðurl. e.
4. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.
5. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
6. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm.
7. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
8. Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv.
9. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
10. Jón Helgason, 5. þm. Suðurl.
11. Jón Kristjánsson, 4. þm. Austurl.
12. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.
13. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm.
14. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
15. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn.
16. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
17. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
18. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv.
19. Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn., með 13 atkv., en 1 seðill var auður.

Aldursforseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Samkvæmt þessu lýsi ég Salome Þorkelsdóttur réttkjörinn forseta Ed. Alþingis. Ég óska henni til hamingju með starfið og farsældar í starfi og fel hv. þingdeild forsjá hennar. Tekur hún sæti sitt.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég þakka hæstv. aldursforseta góðar óskir í minn garð og jafnframt þakka ég hv. þdm. það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig sem forseta þessarar hv. deildar. Ég vænti þess að eiga jafnánægjulegt og gott samstarf við hv. þdm. og áður.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., með 12 atkv. — Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., með 12 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var EgJ, á B-lista SkA. — Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Egill Jónsson, 11. landsk. þm., og

Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Þorv. Garðar Kristjánsson,
7. — — Eyjólfur Konráð Jónsson,
8. — — Jón Kristjánsson,
9. — — Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
10. — — Karl Steinar Guðnason,
11. — — Davíð Aðalsteinsson,
12. — — Árni Johnsen,
13. — — Eiður Guðnason,
14. — — Helgi Seljan,
15. — — Stefán Benediktsson,
16. — — Ragnar Arnalds,
17. — — Kolbrún Jónsdóttir,
18. — — Valdimar Indriðason,
19. — — Björn Dagbjartsson,
20. — — Haraldur Ólafsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 15. okt., að loknum fundi í Sþ.

Fundurinn var settur af aldursforseta, Stefáni Valgeirssyni, 3. þm. Norðurl. e.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
2. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv.
3. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
4. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv.
5. Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl.
6. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
7. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
8. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
9. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e.
10. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.
11. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
12. Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm.
13. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.
14. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn.
15. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
16. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
17. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
18. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm.
20. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
21. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
22. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn.
23. Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.
24. Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm.
25. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
26. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
27. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
28. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
29. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
31. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
32. Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv.
33. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v.
34. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
35. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
36. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
37. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
38. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
39. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og Ólaf Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., með 33 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson): Ingvar Gíslason er réttkjörinn forseti Nd. Alþingis. Óska ég honum velfarnaðar í störfum og bið hann að koma hingað og taka við fundarstjórn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég leyfi mér að þakka hv. þingdeild fyrir þann sóma sem mér er sýndur með því að endurkjósa mig forseta Nd. Ég mun nú eins og áður leitast við að hafa sem nánast og best samstarf við hv. þdm.

Hinn kjörni forseti lét nú fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., með 36 atkv.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég óska Karvel innilega til hamingju með þetta kjör jafnframt því sem ég sendi honum góða kveðju og óskir um bata. Hann er nú sjúkur eins og menn vita, en ég vona að við sjáum Karvel hér heilan og hressan áður en langt um líður.

Annar varaforseti var kosinn

Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv., með 33 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Halldór Blöndal, 5. þm. Norðurl. e., og

Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

11. sæti hlaut Eggert Haukdal,
12. — — Ellert B. Schram,
13. — — Stefán Guðmundsson,
14. — — Jón Baldvin Hannibalsson,
15. — — Kjartan Jóhannsson,
16. — — Guðrún Helgadóttir,
17. — — Geir Gunnarsson,
18. — — Guðmundur J. Guðmundsson,
19. — — Guðmundur Bjarnason,
20. — — Pálmi Jónsson,
21. — — Jóhanna Sigurðardóttir,
22. — — Friðjón Þórðarson,
23. — — Friðrik Sophusson,
24. — — Kristín Halldórsdóttir,
25. — — Gunnar G. Schram,
26. — — Karvel Pálmason,
27. — — Steingrímur J. Sigfússon,
28. — — Garðar Sigurðsson,
29. — — Birgir Ísl. Gunnarsson,
30. — — Hjörleifur Guttormsson,
31. — — Kristín S. Kvaran
32. — — Guðmundur Einarsson,
33. — — Ólafur G. Einarsson,
34. — — Páll Pétursson,
35. — — Þorsteinn Pálsson,
36. — — Svavar Gestsson,
37. — — Guðrún Agnarsdóttir,
38. — — Þórarinn Sigurjónsson,
39. — — Pétur Sigurðsson,
40. — — Stefán Valgeirsson.

Sameinað þing, 2. fundur.

Þriðjudaginn 15. okt., að loknum deildafundum.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun á kosningu fjvn. samþ. með 39 shlj. atkv.

Við kosningu nefnda komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Kjartan Jóhannsson (B),
Haraldur Ólafsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

Varamenn:
Ólafur G. Einarsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Ingvar Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

2. Atvinnumálanefnd.

Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Björn Dagbjartsson (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Kristín Halldórsdóttir (B).

3. Allsherjarnefnd.

Eggert Haukdal (A),
Eiður Guðnason (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Guðmundur J. Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Stefán Benediktsson (B).

4. Félagsmálanefnd.

Gunnar G. Schram (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Árni Johnsen (A),
Kristín S. Kvaran (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Guðrún Helgadóttir (B).

Efri deild, 2. fundur.

Þriðjudaginn 15. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Jón Kristjánsson (A),
Egill Jónsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Valdimar Indriðason (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

2. Samgöngunefnd.

Egill Jónsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Árni Johnsen (A),
Valdimar Indriðason (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

3. Landbúnaðarnefnd.

Egill Jónsson (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Valdimar Indriðason (A),
Skúli Alexandersson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Árni Johnsen (A),
Björn Dagbjartsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

5. Iðnaðarnefnd.

Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Björn Dagbjartsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Egill Jónsson (A),
Stefán Benediktsson (B).

6. Félagsmálanefnd.
Valdimar Indriðason (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Stefán Benediktsson (B),
Björn Dagbjartsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Salome Þorkelsdóttir (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Árni Johnsen (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Björn Dagbjartsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Árni Johnsen (A),
Ragnar Arnalds (B),
Haraldur Ólafsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

9. Allsherjarnefnd.
Valdimar Indriðason (A),
Helgi Seljan (B),
Jón Kristjánsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Stefán Benediktsson (B).

Neðri deild, 2. fundur.

Þriðjudaginn 15. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Friðrik Sophusson (A),
Svavar Gestsson (B),
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Guðmundur Einarsson (B).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Karvel Pálmason (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Kjartan Jóhannsson (B),
Halldór Blöndal (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Halldór Blöndal (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Guðmundur Einarsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Stefán Guðmundsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Friðrik Sophusson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Gunnar G. Schram (A),
Páll Pétursson (A).

6. Félagsmálanefnd.
Friðrik Sophusson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Halldór Blöndal (A),
Stefán Guðmundsson (A).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Pétur Sigurðsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Friðrik Sophusson (A),
Kjartan Jóhannsson (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Halldór Blöndal (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Kristín S. Kvaran (B).

9. Allsherjarnefnd.
Gunnar G. Schram (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Guðmundur Einarsson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Guðmundsson (A).

Sameinað þing, 3. fundur.

Miðvikudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Tilkynning frá forsætisráðherra um breytingar á ríkisstjórninni.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Með bréfi dags. 8. okt. s.l. tilkynnti formaður þingflokks sjálfstæðismanna mér að þingflokkurinn hefði ákveðið á fundi sínum 7. okt. að formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, tæki sæti í ríkisstjórninni og jafnframt fallist síðan á tillögu formanns Sjálfstfl. um skipan ráðuneyta Sjálfstfl. í ríkisstjórninni.

Í samræmi við þetta bréf gerði ég í morgun á ríkisráðsfundi tillögu til forseta Íslands um skipan í ráðherraembætti. Vil ég, með leyfi forseta, lesa tillögu þá:

„Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur í bréfi til mín, dagsettu 8. þessa mánaðar, tilkynnt mér samþykkt þingflokksins um breytta skipan á ráðuneytum Sjálfstfl. í ríkisstjórninni. Skv. því leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til við yður, forseti Íslands, þær breytingar á skipan ráðherraembætta sem nú skal greina:

Albert Guðmundsson fjmrh., Matthías Bjarnason heilbr.- og trmrh., Ragnhildur Helgadóttir menntmrh. og Sverrir Hermannsson iðnrh. hafa látið af þessum ráðherraembættum. Leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til að Þorsteinn Pálsson alþm. verði skipaður fjmrh. í stað Alberts Guðmundssonar, að Albert Guðmundssyni verði falið að fara með iðnrn. í stað Sverris Hermannssonar, að Matthíasi Bjarnasyni samgrh. verði falið að fara með viðskrn. í stað Matthíasar Á. Mathiesen, sem beðist hefur lausnar frá því embætti, að Ragnhildi Helgadóttur verði falið að fara með heilbr.- og trmrn. í stað Matthíasar Bjarnasonar, að Sverri Hermannssyni verði falið að fara með menntmrn. í stað Ragnhildar Helgadóttur.

Leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til við yður að þér, forseti Íslands, fallist á framangreinda skipan ráðherraembætta. Jafnframt leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja fyrir yður, forseti Íslands, bréf um lausn Matthíasar Á. Mathiesen frá ráðherraembætti og skipunarbréf handa Þorsteini Pálssyni til að vera ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

Forsrn. 16. okt. 1985.
Allra virðingarfyllst.
Steingrímur Hermannsson.
Guðmundur Benediktsson."

Þegar forseti hafði fallist á tillögu þessa gerði ég jafnframt tillögu um skipan í ráðherraembætti sem einnig var undirskrifuð á þessum ríkisráðsfundi. Vil ég einnig, með leyfi forseta, lesa það bréf.

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsrh. og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands og reglugerð skv. þeim frá 31. des. 1969 er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið.

Geir Hallgrímsson fer með utanríkisráðuneytið.

Albert Guðmundsson fer með iðnaðarráðuneytið.

Alexander Stefánsson fer með félagsmálaráðuneytið.

Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.

Jón Helgason fer með landbúnaðar-, dóms- og kirkjumálaráðuneytin.

Matthías Bjarnason fer með samgönguráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Ragnhildur Helgadóttir fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Sverrir Hermannsson fer með menntamálaráðuneytið.

Þorsteinn Pálsson fer með fjármálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Bessastöðum, 16. október 1985.
Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra."

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa breytingu. Með henni er fyrst og fremst það gert að formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, tekur sæti í ríkisstjórninni og það er vafalaust til þess að styrkja það samstarf sem er með flokkunum um stjórn landsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með samkomulagi við þingflokkana verður sú tilhögun á þeirri umræðu sem hér fer fram eftir tilkynningu hæstv. forsrh. að hver flokkur á kost á 15 mínútna ræðutíma. Síðar á svo hver flokkur kost á 10 mínútna ræðutíma.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að óska ráðherrunum gæfu í þeim störfum sem þeir taka að sér og ég hlýt á þessari stundu, herra forseti, að láta þá ósk í ljós að sá skaði sem stjórnarstefnan geri þjóðinni verði sem allra minnstur.

Á þessu sumri höfum við fylgst með undarlegum umræðum um stólaskipti og umræðum um breytingar á ríkisstjórninni. Menn hafa tekið þetta oft og tíðum sem farsa og grín. Staðreyndin er sú að þessi umræða er ekki bara leikur, stólaskiptin eru ekki bara leikur, heldur hin rammasta pólitíska alvara. Í rauninni er hér verið að leggja drög að því að framkvæma Stykkishólmssamþykkt þingflokks Sjálfstfl. um niðurskurð á ríkisútgjöldum í fyrsta lagi, í öðru lagi að tryggja framkvæmd hennar með því að skipa formann Sjálfstfl. fjmrh. og í

þriðja lagi að taka ákvörðun um að veikja viðnám fagráðuneytanna með því að skipta þar um ráðherra.

Hvað er niðurskurður? Sá niðurskurður sem nú er verið að boða er ekki á bakni milliliðanna, er ekki á eyðslukerfinu í þjóðfélaginu. Það er verið að boða niðurskurð á hinni félagslegu þjónustu. Á sama tíma boðar ríkisstj. óbreyttan kaupmátt launa eða lækkandi, sbr. þá þjóðhagsáætlun sem lögð var fram í gær. Þetta þýðir ósköp einfaldlega áframhaldandi örvæntingu á þúsundum heimila í landinu. Fjölskyldurnar, sligaðar af vinnuþrældómi, hafa ekki tíma eða aðstöðu til að sinna sínum verkefnum. Börnin fá ekki aðhlynningu eins og nauðsynlegt er. Óvissan skapar vandamál meðal barnanna á heimilunum sem verða stundum aldrei leyst. Ef þau eiga að fara á barnaheimili mæta þau niðurskurðarhnífnum og dagvistarstofnanir, m.a. hér í Reykjavík, eru í stöðugu uppnámi. Í skólanum birtist niðurskurðurinn í fjölgun réttindalausra kennara og í versnandi aðbúnaði að rekstri skólans. Foreldrarnir koma örþreyttir heim eftir langan og strangan vinnudag í frystihúsi, í banka eða á skrifstofu. Þar taka á móti þeim heimilisverkin og gluggaumslögin. Vítahringur blasir við fjölskyldunum og landflótti er á næsta leiti. Fólk eygir ekki von. Stjórnarbreytingin sem nú er verið að tilkynna breytir í rauninni engu þar um.

Ákvörðun Sjálfstfl., sem er undanfari þeirra breytinga sem hér voru tilkynntar áðan, er hótun gagnvart þessu fólki, sem ég var að tala um, hótun gagnvart fjölskyldunni, hótun gagnvart barninu í skólanum, öldruðum sem bíða eftir vist á dvalarheimilum. Ég lýsi því yfir fyrir hönd Alþb. að við munum berjast af öllu afli gegn hinum áformaða niðurskurði á félagslegri þjónustu.

Á sama tíma og þetta liggur fyrir er nauðsynlegt að hafa það í huga nú þegar í upphafi þings að forsendur kjarasamninga, sem gerðir voru í vor, eru brostnar. Verkalýðshreyfingin getur ekki samið við þessa ríkisstj. vegna þess að hún stendur ekki við sín fyrirheit. Verkalýðshreyfingunni er sá kostur einn eftir að gera kröfu um verðtryggingu launa og fylgja henni fast eftir.

Á sama tíma og þing kemur saman er verið að bjóða upp framleiðslutækin í byggðarlögunum allt í kringum landið — Már í gær, Kolbeinsey á morgun — og því er haldið fram að peningar séu ekki til. Þetta er rangt. Frá því að ríkisstj. tók við hefur kaupsýslan, gælugrein ríkisstj., sogað til sín stóraukið fjármagn, m.a. úr bankakerfinu. Lán til verslunarinnar hafa aukist um 5,2 milljarða frá ágúst 1983 til ágúst 1985. Lán til verslunarinnar voru þá, í ágúst 1983, 3,4 milljarðar kr., en eru í ágúst 1985 8,7 milljarðar kr. Á sama tíma er aukning útlána til sjávarútvegsins, sem stendur undir framleiðslu og lífskjörum í þessu landi, upp á 5,2 milljarða kr. Þessar tölur eru að meðtöldum afurðalánum, en ef við tökum þau út fyrir og skoðum lánaaukningu almennra lána til atvinnuveganna kemur í ljós að frá ágúst 1984 til ágúst 1985 hefur útlánaaukning til landbúnaðar numið 783 millj. kr., útlánaaukning til sjávarútvegsins alls 972 millj. kr., en útlánaaukning til verslunarinnar á sama tíma nemur 2,3 milljörðum kr. Þetta segir sína sögu. Þetta segir þá sögu að verslunin, kaupsýslan, gælugrein ríkisstj., hefur hirt fjármagnið úr bönkunum. Þarna sést hvar áherslan liggur. Ríkisstjórn sem leggur rækt við eyðslu gæðinganna en vanrækir fólkið, eins og ég lýsti hér áðan, og framleiðsluna á sama tíma er auðvitað ekki trausts verð á neinn hátt.

Þjóðarbókhaldið er vitlaust, eins og vitur maður sagði nýlega. Það sem borgar sig er að eyða. Það er tap á því að framleiða verðmæti. Á öllum sviðum ýtir ríkisstj. undir verslun og milliliðastarfsemi. Verslunarfrelsið birtist okkur í upplýsingum frá Verðlagsstofnun um allt upp í 300% verðmun á sömu vörum. En nú heitir þetta frelsi. Ræningjarnir eru orðnir löglegir og bera framan á sér orðið „frelsi", stoltir, sigurvissir fyrir hönd frjálshyggjunnar. Það er þetta sem vegur nú að fjölskyldunum í landinu. Það er þetta sem ógnar sjálfstæði þjóðarinnar um þessar mundir. Þessi grundvallaratriði er nauðsynlegt að hafa í huga nú við upphaf þings.

Verðbólguna átti að kveða niður. Verðbólgan er enn talin í kringum 40% þrátt fyrir hið lága kaup. Viðskiptahallann átti að afnema. Hann er nú orðinn samtals 10 milljarðar kr. í tíð þessarar ríkisstjórnar. Eyðslulýðurinn heldur áfram að blómstra og græðir milljónir í neðanjarðarhagkerfinu á skuldabréfabraski. Og í þjóðhagsáætluninni eru ekki boðaðir lækkandi vextir heldur hækkandi vextir, en vextir áttu einmitt að lækka. Kaupið átti aðeins að lækka í fáeina mánuði meðan verðbólgan væri keyrð niður. Niðurstaðan er sú að kaupmáttur frá því að stjórnin tók við, allan tímann, er 25% lægri en 1982 þó að þjóðartekjur á mann hafi aðeins minnkað um 4% á sama tíma. Og nú boðar ríkisstj. kauprán í þrjú ár í viðbót.

Ríkisstj. ætlaði að lækka erlendar skuldir. Hún hefur aukið við erlendar skuldir, en nú á að sögn að lækka þær og með sömu aðferðum og verðbólguna. Það á að láta launafólkið borga niður erlendu skuldirnar eins og verðbólguna.

Ríkisstjórnin sem nú situr, hvað sem mannabreytingum líður, beitir bersýnilega og ætlar að beita gamaldags afturhaldsúrræðum. Slík ríkisstjórn leysir engan vanda. Slík ríkisstjórn þarf að fara frá.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Tilkynning sú sem hæstv. forsrh. flutti Alþingi hér áðan var formsatriði. Í raun og veru er álitamál hvort það sé sæmandi að hæstv. forsrh., sem mér skilst að sé formaður í allt öðrum flokki, sé að tilkynna um niðurstöður af innanflokkserjum og deilum í þeim flokki sem Sjálfstfl. eða öllu heldur Morgunblaðið kennir nú við ormagarðinn.

Í raun og veru er líka álitamál hvað Alþingi kemur þetta við. Alþingi kemur ekki til með að fjalla um þessar breytingar. Þær eru orðinn hlutur. Og Alþingi er reyndar einhver seinasti aðilinn í þjóðfélaginu sem heyrir af þeim. Við erum löngu búnir að lesa um þetta í blöðunum svo sem eins og við erum búnir að lesa í blöðunum um aukafjárveitingar hæstv. fjmrh. og hafa spurnir af því að fjárveitingavaldið sé einhvers staðar annars staðar en hjá Alþingi. Megum við kannske eiga von á því að hv. 3. þm. Reykv. leggi það í vana sinn að tilkynna niðurstöður mæðranefndar um innanflokkserjur Alþb. hér á hv. þingi eða hv. þm. Guðmundur Einarsson tilkynni að af læknisfræðilegum ástæðum hafi landsnefnd Bandalags jafnaðarmanna ákveðið að koma ekki saman framar? Kannske er samlíkingin ekki alveg augljós.

Það hefur verið sagt að hér sé verið að fitja upp á nýjungum í íslenskum stjórnmálum, þ.e. fara að dæmi

t.d. breskra íhaldsmanna með því að stokka upp í ríkisstjórn á miðju tímaskeiði. Sú kenning stenst nú ekki skoðun. Breskur forsætisráðherra á það til að staðfesta og sýna vald sitt með því að stokka upp í ríkisstjórn og þá fyrst og fremst með því að vísa út úr ríkisstjórn þeim mönnum sem taldir eru af reynslu að hafi reynst óhæfir. Ég spyr hæstv. talsmenn Sjálfstfl.: Er það dómur þeirra að hæstv. utanrrh. sé sá sem telst hafa sinnt sínum störfum með þeim hætti að hann reynist vera óhæfur vegna þess að hann er sá sem vísað er út?

Breskur forsætisráðherra á það til jafnframt að hækka í tign eða verðlauna, þoka framar í mannvirðingaröð þeim mönnum sem hann telur að hafi af reynslu staðið sig vel. Hefur það verið gert? Eiga þessi stólakaup eða á þessi stólahringekja nokkuð skylt við slíka viðleitni? Er þetta einhver stjórnunaraðgerð sem er í því fólgin að styrkja stöðu stjórnarinnar? Er það líklegt að þeir ráðherrar sem koma núna óundirbúnir að nýjum verkefnum, væntanlega nýlega búnir að setja sig inn í þau sem þeir kvöddu, séu betur til þess fallnir að leysa þau? Ég læt í ljós efasemdir um það.

Hafi verið nauðsynlegt að losna við óhæfa ráðherra, af hverju er þeim þá ekki vísað út skv. frægu bresku fordæmi? Brast forustu flokksins kannske kjark? Þegar breskur forsætisráðherra grípur til svona aðgerða hikar hann ekki við slíkt. Það sem formaður Sjálfstfl. hefur gert er hins vegar að vísa út úr ríkisstjórn þeim manni sem var kannske helst trúandi til að sýna honum heilindi í starfi með þeim afleiðingum að Morgunblaðið lýsir nú ástandinu í Sjálfstfl. sem ormagarði.

Að vísu eru þetta allt saman einkamál Sjálfstfl. og vafamál hvort ég á nokkuð að vera að fjalla um þau frekar. Og gildir þá einu um talsmenn annarra flokka.

Það sem gerst hefur er það að á pólitískan farsa, sem staðið hefur yfir með hallærislegum tilþrifum í tvö ár, hefur loksins verið bundinn endi, en sá sem leysti málið var ekki formaður Sjálfstfl. heldur forveri hans Geir Hallgrímsson. Það er búið að gera atrennu eftir atrennu að því að koma formanni Sjálfstfl. inn í ríkisstjórn, en *það hefur alltaf strandað á því að gamla punga ráðherragengið* hefur sagt eins og hundurinn, kötturinn og svínið í dæmisögunni úr skólabókarlærdómi okkar sumra, en þau sögðu alltaf: Ekki ég, ekki ég, ekki ég. Það hefur enginn ágreiningur verið um það að auðvitað ætti formaður Sjálfstfl. að taka sæti í ríkisstjórninni. Það var Geir Hallgrímsson sem leysti málið.

Herra forseti. Það er einn þáttur þessa máls sem varðar hv. Alþingi Íslendinga. Hann er þessi:

Pólitíkin í málinu er sú að þessi aðgerð er vantraust á hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. iðnrh., samþykkt af þingflokki og miðstjórn Sjálfstfl. á frægum Stykkishólmsfundi. Það var samþykkt vantraust á fjmrh. Og það er guðsþakkarvert. Þar með tóku þeir ómakið af okkur í stjórnarandstöðunni. En það er eitt sem vantar. Það vantar að arftaki fyrrv. fjmrh. standi hér upp og flytji sína vantraustsræðu. Hann þarf að gera þingheimi grein fyrir því hvað fyrirrennari hans hefur til saka unnið, nákvæmlega hvers vegna hann er talinn hafa brugðist í starfi, hvað það er sem aflaga fór, hvað það er sem breyta þarf. Nú gerist það sennilega í fyrsta sinn í þingsögunni að hér er lagt fram fjárlagafrv. eftir engan, sem enginn mælir fyrir — eða hver haldið þið að mæli fyrir þessu fjárlagafrv.? Nýr fjmrh. sem hefur lýst því yfir að þetta fjárlagafrv. sé ónýtt, það eigi að rífa það, það þurfi að semja nýtt? Ætlar hann að mæla fyrir ónýtu fjárlagafrv.? Vill ekki formaður Sjálfstfl. og núv. fjmrh. líka sýna þinginu þá virðingu að flytja sína stefnuræðu, að gera grein fyrir því hvað það er í forsendum þessa ónýta fjárlagafrv. sem er úrelt og þarf að breyta, að gera grein fyrir því hvaða forsendur þjóðhagsáætlunar eru úreltar og þurfi að breyta? Það kemur fram í niðurstöðum þjóðhagsáætlunar að frá grundvallarforsendum hennar er vikið að því er varðar t.d. áform um að greiða erlendar skuldir hraðar eða eyða viðskiptahalla hraðar sem út af fyrir sig er markmið sem þarft er að ræða.

Reyndar má spyrja: Er ekki tímabært að formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., flytji hér sína stefnuræðu áður en hæstv. forsrh. flytur stefnuræðu á úreltum forsendum annað kvöld, á forsendum úrelts fjárlagafrv., vitlausrar þjóðhagsáætlunar og breyttra áforma um greiðslu erlendra skulda og viðskiptahalla? Hver er stefna hins nýja fjmrh.? Tekur hann kannske undir þá bullandi gagnrýni á gjaldþrot efnahagsstefnu þessarar ríkisstj. sem okkur er flutt af talsmönnum Vinnuveitendasambandsins, fyrrv. vinnuveitendum hæstv. fjmrh.? Hver er afstaða formannsins til verðbólguspár sem birt hefur verið af hálfu Félags ísl. iðnrekenda? M.ö.o.: áður en Alþingi fjallar frekar um þessi mál er nauðsynlegt, og það nú í þessari umræðu, að hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. geri grein fyrir þeim gerbreyttu viðhorfum að því er varðar fjárlagagerð, hvorki meira né minna en tekjuöflun og skattastefnu ríkisins sem og þjóðhagsáætlunar, áður en hæstv. forsrh. getur flutt stefnuræðu sem á að teljast túlkandi fyrir ríkisstj. í heild.

Það er víða tæpt á því í þjóðhagsáætlun að forsendur hennar séu allar ógildar og þar með að ræða forsrh., sem lögð hefur verið á borð þm., sé í raun og veru markleysa. M.ö.o. er kjarni málsins þessi: Það er útbreidd skoðun í þjóðfélaginu, og það virðist reyndar vera skoðun allflestra atvinnurekenda í þessu landi, að gengi Nordalssláttu, gengi hinnar vesælu íslensku krónu, sé kolfallið.

Í einu stuðningsblaða ríkisstj. í dag birtist leiðari undir fyrirsögninni „Gengið er fallið — orðinn hlutur." Það birtist á forsíðu frétt um að öfugt við meðaltölur Þjóðhagsstofnunar sé frystingin rekin með 8,7% tapi. Það er bullandi hallarekstur í sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn hefur mátt una því að selja á nærri því óbreyttu dollaragengi í upphafi árs afurðir sínar á sama tíma og innlendur kostnaður hefur hækkað um 30%. Allir vita um skuldastöðu sjávarútvegsins. Allir vita hvernig honum var sökkt í skuldir í sjávarútvegsráðherratíð núv. hæstv. forsrh. Allir í þessari atvinnugrein vita að gengið er fallið, það er orðinn hlutur, og ef menn vita það vita þeir um leið að hvert einasta orð sem sagt er í þjóðhagsáætlun um áform þessarar ríkisstj., um verðbólguspá, um greiðslu erlendra skulda, um viðskiptahalla o.s.frv., er markleysa, veruleikaflótti. Það sem núv. hæstv. fjmrh. þarf þess vegna að skýra er það: Hvert er mat hans á þessum málum? Hvernig ætlar hann að bregðast við yfirvofandi rekstrarstöðvun í sjávarútvegi? Hvernig ætlar hann að forða bullandi atvinnuleysi sem af því mundi leiða? Hvernig ætlar hann að smíða fjárlagafrv., sem á að vera betra og raunsærra en fyrirrennara hans, ef hann ekki horfist í

augu við þessar staðreyndir? Hvaða mark er takandi á þjóðhagsspá sem lokar augunum fyrir þessum staðreyndum? Hver eru úrræði hins nýja fjmrh.? Um það er spurt vegna þess að það er það eina sem er nýtt við þá breytingu sem hér hefur farið fram.

Hverjar eru skoðanir hæstv. fjmrh., hins nýja? Ég hef heyrt hæstv. fjmrh. tala oft um að hann hafi trú á hagvexti, að hann telji nauðsyn á auknum hagvexti. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert. En hvaða úrræðum ætlar hæstv. ráðh. að beita til þess að stuðla að auknum hagvexti? Það veit ég ekki.

Hæstv. ráðh. talar mikið um nauðsyn þjóðarsáttar meðal þessarar skuldugu þjóðar, um sérstakt átak til þess að byrja að greiða niður skuldir og binda endi á sívaxandi skuldasöfnun og viðskiptahalla. Við erum sammála honum um markmiðin. En áður en við getum tekið afstöðu til hans úrræða verðum við að vita meira um það: Hvernig hyggst hæstv. ráðh. móta nýja stefnu aðra en þá gjaldþrotastefnu sem gamla ríkisstjórnin hefur fylgt og sætir sívaxandi gagnrýni og gagnrýni langt inn í raðir þeirra sjálfstæðismanna og reyndar endaði með vantrausti á hæstv. fyrrv. fjmrh.?

Hefur hæstv. fjmrh. nokkuð að segja um núverandi eigna- og tekjuskiptingu í landinu? Hefur hann nokkuð að segja um upplýsingar gærdagsins um skattsvik íslenskra fyrirtækja? Hefur hann nokkuð um það að segja að aðeins 23% af lögfræðistofum þessa lands reyndust við könnun hafa bókhaldið sitt í lagi? Og fyrst svo er um hið græna tréð hvernig halda menn þá að hitt sé? Hefur hann nokkuð að segja um þær staðreyndir sem við blasa um misréttið í tekjuskatti? Hefur hann nokkrar athugasemdir að gera við þær niðurstöður af skyndikönnun ráðgjafarþjónustu Húsnæðismálastofnunar þegar sjálfstæðir atvinnurekendur reynast telja fram tekjur sem eru miklu minni en einstæðar mæður í þeirra þjónustu hafa? Hefur hæstv. fjmrh. nokkuð að segja um þetta lamaða og rangláta tekjuöflunarkerfi ríkisins að því er varðar bæði tekjuskatt og söluskatt? Hefur hann uppi nokkur áform um breytingar á söluskattskerfinu? Hver er afstaða hæstv. fjmrh. til áforma um stighækkandi eignarskattsauka? Og ég spyr að gefnu tilefni. Ég boða það að í næstu viku munum við flytja frv. til l. um slík mál. Og ég minni á að hæstv. forsrh. fyrir hönd Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., Samband ungra framsóknarmanna, samtök framsóknarkvenna hafa gert einróma ályktanir um stuðning við slíkt mál. Nú spyr ég: Hver er afstaða hins nýja fjmrh. til þess? Telur hann rétt að þau 100 fyrirtæki, stærstu fyrirtæki í landinu, sem eiga meira en helminginn af öllum skuldlausum eignum lögaðila í þessu landi, geti kannske lagt meira til eftir að hafa eignast þessar eignir mestan part í skjóli óðaverðbólgu, neikvæðra vaxta og þessa hripleka skattakerfis á umliðnum árum? Þetta eru spurningarnar sem hæstv. ráðh. þarf að svara áður en við segjum meira um það hvort þessi breyting táknar nokkuð og hefur einhverja pólitíska merkingu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að óska ráðherrum, gömlum og nýjum, til hamingju með sína stóla, en ég lýsi því hér með yfir að ég tel að þetta skipti í raun og veru ekki nokkru einasta máli. Ég held að í raun séum við að gera þessari ríkisstj. allt of hátt undir höfði með því að halda hérna umræðuveislu og láta eins og þetta skipti einhverju máli í pólitík. Þetta er alls ekki pólitík. Það skiptir hvorki máli hvort einn nýr þm. Sjálfstfl. verði ráðherra eða hvort tveir, þrír eða fjórir eða jafnvel allir sex hefðu komið að nýju. Það breytir engu hver þar fer með völd. Það sem skiptir máli er hverjir ráða þar á bak við og ég held að það sé hin pólitíska niðurstaða þessarar breytingar. Ég held að það sé mjög orðum aukið hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að þessu fylgi einhver pólitísk alvara. Ég held að þessu fylgi þvert á móti pólitískt alvöruleysi. Það er sú staðreynd að það skiptir engu máli hverjir fara með þau völd sem ráðherrasætunum fylgja meðan menn ekki beita nýjum aðferðum. Og þessir menn munu ekki beita nýjum aðferðum vegna þess að það verður stigið ofan á þá nú nákvæmlega eins og hefur verið stigið ofan á þá áður.

Við getum velt fyrir okkur hvaða vanda þetta gæti hugsanlega leyst. Við getum velt fyrir okkur vanda þjóðarinnar, við getum velt fyrir okkur vanda Sjálfstfl. eða við getum velt fyrir okkur vanda einstakra ráðherra. Ég held, eins og ég hef lýst, að þetta komi vanda þjóðarinnar nákvæmlega ekkert við. Hvernig halda menn t.d. að þetta leysi vanda landsbyggðar sem á við það að stríða að þar ráða menn engu orðið um sinn hlut? Þar er öllu stýrt á taumum frá valdaklíkum í Reykjavík. Halda menn að þetta leysi vanda aldraðra sem búa við öryggisleysi, sem búa við fjárskort? Halda menn að þetta leysi vanda húsbyggjenda? Sjálfstfl. hefur t.d. allra flokka staðfastlegast staðið þar gegn öllum hugsanlegum breytingum.

Menn halda kannske að þetta leysi einhvern vanda í sambandi við verðbólgu. Nú er það undarlega ástand komið upp í þessu landi að menn telja 40% verðbólgu af hinu góða. Þessi ríkisstj. kemst upp með að bera sig saman við síðustu mánuði fyrrv. ríkisstj. sem var hætt að stjórna og missti verðbólguna upp í 130%. Nú er svo komið að mönnum þykir harla gott að hafa 30—40% verðbólgu. Þeir hreykja sér af því. Málið er það að 30—40% verðbólga er óðaverðbólga og er að athlægi á öllu vestrænu byggðu bóli, enda fara menn með þetta sem feimnismál þó þetta þyki býsna góður árangur og merki um styrka stjórn hér heima. Það er ekkert í sambandi við innanhússarkitektúrinn í þessari nýju ríkisstjórn sem bendir til þess að nokkur af þessum vandamálum verði leyst.

Við getum velt fyrir okkur vanda Sjálfstfl. Ég get ekki séð að þetta breyti neinu í sambandi við vanda Sjálfstfl. Hér hefur verið hrókerað, en það er alls ekki ljóst enn þá hver er kóngurinn og hver er hrókurinn. Er kóngnum skákað út í horn og er það hrókurinn sem er settur fram á vígvöllinn? Það er alls ekki ljóst hverjir hafa völd, hverjir ráða í þessum flokki. Það er út af fyrir sig skaðlegt í flokki sem er þetta stór og þykist fara með ábyrga stjórn í þessu landi.

Síðan má kannske spyrja hvort þetta leysi vanda einhverra ráðherra. Ég hef sagt áður að ég held raunar að það sé kannske það skásta sem gerist í þessu máli fyrir Sjálfstfl. Þetta leysir vandamál ákveðinna ráðh. Ég held t.d. að þetta leysi vandamál fyrrv. iðnrh. að því leyti að hann þarf ekki að standa lengur frammi fyrir kjósendum sínum út af kísilmálmverksmiðjumálinu. Þar var hann búinn að mála sig út í horn. En honum er bjargað á góðu bragði út úr því horni núna. Hins vegar lendir hæstv. fyrrv. iðnrh. í skrýtinni klípu þegar kemur

að því að hann þarf að velta fyrir sér sem menntmrh. hvort hann eigi að höfða mál fyrir hönd Náttúruverndarráðs gegn iðnrn. vegna Mývatnsmálsins. Við munum kannske heyra nánar af því á næstunni. Þar leysist því kannske vandi, en skapast annar um leið.

Ég held líka að leystur hafi verið viss vandi fyrir hæstv. fyrrv. menntmrh. Ragnhildi Helgadóttur sem var búin að fá heila stétt manna upp á móti sér og þá stétt sem síst á að verða á öndverðum meiði við ráðamenn, þ.e. kennarastéttina. Hæstv. menntmrh. var búinn að fá kennarastéttina og skólamenn yfirleitt upp á móti sér og þar horfði alls ekki þannig að hægt væri að taka á þeim nauðsynlegu breytingum í skólamálum sem verður að gera hér á landi. Þar held ég því að viss vandi hafi verið leystur.

Eftir stendur kannske sú óvænta niðurstaða að sterkasti maðurinn í hæstv. ríkisstj. er hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason. Hann hefur staðið af sér allar þessar breytingar. Hann hefur staðið af sér niðurskurð í vegamálum og hann hefur staðið af sér hrókeringar í ráðherraliðinu. Það er kannske vísbending um af hvaða tagi vandamál Sjálfstfl., eins og þau gerast í þingflokksherbergi hans, eru.

Ég þarf ekki að hafa ræðu mína lengri. Ég tel að hvað þessa þjóð varðar skipti þetta engu máli. Hér er uppi árlegur farsi þar sem reynt er að láta líta svo út að menn séu að stjórna einhverju og þeim mun lengri sem þessi umræða er þeim mun meiri blekking er þetta gagnvart þjóðinni. Ég fullyrði að þetta skiptir ekki nokkru máli. Þetta minnir einna helst á veisluhöld ameríska auðkýfinga sem halda stórar veislur þegar dætur þeirra verða gjafvaxta og kynna þær fyrir umheiminum og segja: Hér er hún. Hafi nú hver sem vill. — Það á eftir að koma í ljós hver er gjafvaxta í þessari ráðherrahrókeringu og hverjum þetta verður til góðs.

Kristín Halldórsdóttir: Hér hafa nú verið staðfestir þeir atburðir sem vissulega sæta töluverðum tíðindum. Staðreyndirnar eru ljósar og einfaldar. Formaður Sjálfstfl. hefur tekið sæti í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og notað tækifærið um leið og sveiflað samflokksráðherrum sínum milli embætta. Af því tilefni vil ég í upphafi máls míns óska þeim öllum farsældar í starfi.

Ástæðurnar fyrir þessum sviptingum vefjast hins vegar töluvert fyrir ýmsum og framkvæmdin er furðulega klaufaleg. Svo vikið sé örfáum orðum að því síðarnefnda, þ.e. framkvæmdinni, þá er það í fyrsta lagi tímasetningin sem er forkastanleg. Ef gera þurfti breytingar á ríkisstj. áttu þær að vera löngu afstaðnar. Með þessu háttalagi eru eðlileg þingstörf trufluð og tafin í marga daga, að ekki sé talað um stjórnarstörfin. Það var nánast eins og tískufyrirbrigði í sumar að spyrja eftir stjórnarandstöðunni og hennar athafna. Hvar er stjórnarandstaðan? át hver eftir öðrum á milli þess sem menn göptu yfir fríspörkum ráðherranna í sambandi við kjötinnflutning, hlutabréfasölu, bjórlíkisbönn og fleira í þeim dúr. Ég spyr hins vegar: Hvað voru sjálfstæðismenn að gera í allt sumar? Hvers vegna voru þessi stólaskipti ekki framkvæmd fyrr? Eða eru allir svo seinir að hugsa í þeim flokki, aðrir en hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. iðnrh., sem lýsti því yfir í sjónvarpsþætti nýlega að hann væri svo fljótur að hugsa og hefur enda sýnt það á sinn hátt síðustu daga?

Það leiðir einmitt hugann og talið að öðrum þætti þessarar framkvæmdar sem teljast verður einstaklega klaufalegur. Það er sá tími sem einstakir ráðherrar hafa fengið til einleiks á sínum gamla heimavelli, tækifæri sem einn þeirra a.m.k., hæstv. fyrrv. fjmrh., hefur notfært sér til hins ýtrasta svo að vakið hefur undrun og hneykslun, tækifæri sem virðist hafa verið notað beinlínis til persónulegs framdráttar og jafnvel hefndaraðgerða. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvers konar framkvæmdavald það er, sem við búum við, að einn ráðherra skuli geta ráðskast svo með þann málaflokk sem honum er trúað fyrir að samráðherrar hans standi bara ráðþrota og gapandi hjá. Það er ekki eins og við þessa framkvæmd hafi verið að verki vanir stjórnmálamenn. A.m.k. hafa þeir ekki metið hver annan rétt.

Svo sem ljóst mátti vera kunna menn misjafnlega vel að meta þessar tilfæringar milli ráðuneyta. Að mínu viti höfðu þær einar og sér tvíþættan tilgang. Í fyrsta lagi gera þær það að verkum að formaður Sjálfstfl. verður ekki eini nýgræðingurinn í ráðherrastóli, en sú aðstaða hefði gert hann óþarflega minni máttar gagnvart meðráðherrum sínum sem hefðu hagað sér eins og heimaríkir hundar gagnvart honum. Nú eru þeir allir jafnráðvilltir í sínum embættum og virðast ekki einu sinni fyllilega búnir að átta sig á hvaða stofnanir heyra undir hvern. Þetta gefur því hæstv. fjmrh. Þorsteini Pálssyni svigrúm til að festa sig í sessi. Í öðru lagi setur þessi ráðstöfun þann nýjabrumssvip á ríkisstj. að fyrir mörgum er þetta ný stjórn. Það eru alþekkt sannindi að almenningur er fús til að gefa nýrri stjórn tækifæri til að sanna getu sína eða vanhæfni eftir atvikum. Sú verður trúlega raunin á núna.

Um stund hefur því sjálfstæðismönnum tekist að villa mönnum sýn. Þeir hafa dregið athyglina frá málefnum að mönnum. Þar með erum við komin að alvarlegasta þætti þessa máls, þeim þætti sem erfiðast er að skilja og útskýra og sætta sig við. Látum vera þó að skipt sé um menn í ráðuneytum og látum vera þótt það sé með endemum klaufalega gert. Hitt er átakanlegt að ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að þessi umskipti boði breytta stefnu eða skipti nokkru einasta máli fyrir þjóðarheill. Viðfangsefnin eru mörg og stór og hvorki færri né minni en við upphaf þessa kjörtímabils. Í grein þingfréttaritara Morgunblaðsins s.l. sunnudag sagði m.a., með leyfi forseta:

„Helstu vegvísar þingmanns í starfi eiga að vera heildarhagsmunir og þjóðarheill."

Þeir atburðir sem nú hafa verið staðfestir benda til þess að þingmönnum Sjálfstfl. beri að taka þessa ábendingu til sín. Þeir hafa nú sýnt það að þeir setja persónulega metnaðargirnd og þrönga flokkshagsmuni ofar heildarhagsmunum og þjóðarheill.

Ég ætla ekki að telja upp brýnustu verkefni þingsins og ríkisstj. Vonandi er ætlun ráðherranna að fara nú að snúa sér að þeim verkefnalista þótt óhjákvæmilega verði sumir þeirra ráðvilltir næstu daga sem vafalaust flýtir ekki fyrir lausn vandamálanna. Almennar stjórnmálaumræður bíða betri tíma.

Menn bíða nú eftir nýbökuðum hæstv. fjmrh. í þennan ræðustól. Ég vil að lokum beina til hans eftirtöldum spurningum:

1. Úr því að þessar breytingar voru taldar nauðsynlegar, hvers vegna voru þær þá ekki gerðar fyrr? Hvað olli því að hann tók nú af skarið?

2. Hvert er meginmarkmið Sjálfstfl. með þessum breytingum? Verður um stefnubreytingu að ræða í stjórnarathöfnum eða eru ástæður breytinganna þær einar, sem ýmsir vilja vera láta, að fullnægja persónulegri metnaðargirnd og þjóna innanflokkshagsmunum Sjálfstfl.?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Á fundi þingflokks sjálfstæðismanna á mánudag í síðustu viku var þess óskað af hálfu þingflokksins að formaður flokksins tæki sæti í ríkisstjórn og gerði tillögur til þingflokksins um breytingar á starfaskiptingu ráðherra í framhaldi af þeirri ákvörðun sem þingflokkurinn þá tók. Ég gerði síðan tillögur í samræmi við ákvörðun þingflokksins um breytingar á starfaskiptingu ráðherra Sjálfstfl. í eðlilegu samræmi við þá ákvörðun sem þingflokkurinn hafði áður tekið. Þessar ákvarðanir voru teknar og ákveðnar samhljóða í þingflokki sjálfstæðismanna og voru síðan staðfestar á ríkisráðsfundi í morgun, svo sen hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir.

Vegna fyrirspurnar hv. 7. landsk. þm., hvers vegna þessar breytingar hafi ekki verið gerðar fyrr, er rétt að taka fram að þegar núverandi ríkisstj. var mynduð var önnur forusta fyrir Sjálfstfl. Það var ekki fyrr en tæpu hálfu ári eftir myndun núv. ríkisstj. að breytingar urðu þar á á landsfundi flokksins. Ég lýsti því þá yfir að við svo búið mundi ég ekki óska eftir því að taka sæti í ríkisstjórn. Þingflokkur sjálfstæðismanna tók ákvörðun sína í síðustu viku um að óska eftir þessari breytingu og ég tel hana vera gerða á eðlilegum tíma.

Ég vil einnig taka fram vegna annarrar spurningar hv. 7. landsk. þm. að Sjálfstfl. mun starfa í þessari ríkisstjórn á sama grundvelli og áður, á grundvelli meginstefnu flokksins og á grundvelli þeirra samþykkta sem síðasti landsfundur flokksins, í vor sem leið, gerði og á þeim grundvelli sem hann fól þingflokki sjálfstæðismanna að vinna að framgangi stjórnarmálefna í þessari ríkisstjórn. Þar á verður ekki breyting og Sjálfstfl. mun vinna á sama grundvelli hér eftir sem hingað til.

Hv. 5. þm. Reykv. vék að því í ræðu sinni að hér væri um að ræða vantraust á ráðherra Sjálfstfl., þá sem nú hefðu tekið við nýjum ráðuneytum. Sérstaklega nefndi hann til hæstv. núv. iðnrh. í því efni. Hann nefndi að sá sem rekinn hefði verið, eins og hann orðaði það, væri hæstv. utanrrh. og hvers vegna hann hefði verið talinn óhæfur og sýnt vantraust með þessum hætti. Síðar í ræðunni sagði hann að sá sem hefði leyst það sem hann kallaði vandamál í Sjálfstfl. hefði verið hæstv. utanrrh. Þannig stangast þessar fullyrðingar af þessu tilefni á og eru marklausar og sýnir kannske miklu fremur hversu mikil málefnafátækt stjórnarandstöðunnar er og hversu haldlausar athugasemdir hennar eru við þessar breytingar að fullyrðingarnar ganga út og suður eftir því hvar menn eru staddir í ræðum sínum í það og það skiptið.

Kjarni málsins er sá að hér er um að ræða eðlilegar breytingar á starfaskiptingu með tilliti til þeirrar ákvörðunar þingflokksins að formaður flokksins taki sæti í ríkisstjórninni.

Hv. 5. þm. Reykv. fór mörgum orðum um það hvernig forsætisráðherrar Bretlands gera breytingar á ríkisstjórnum. Menn minnast þess að hann lýsti því einhverju sinni yfir að hann hefði lært til þess að vera forsætisráðherra. Mér kom það í hug undir þessum lestri að sennilega hefði hann lært til þess að vera breskur forsætisráðherra og er spurning hvaða erindi þessi málflutningur á inn á Alþingi Íslendinga. (**JBH:** Hvenær tekur hann við af þér?)

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. að þessar breytingar, sem ákveðnar hafa verið á ríkisstj., væru framkvæmd á þeim samþykktum sem þingflokkur sjálfstæðismanna gerði á fundi í Stykkishólmi 28. og 29. sept. Þessar breytingar eru ekki í neinum tengslum við þær niðurstöður sem urðu á þeim fundi, en vegna umfjöllunar hv. 3. þm. Reykv. og spurninga hv. 5. þm. Reykv. um þau efni og þær ákvarðanir sem þar voru teknar og það samkomulag sem orðið hefur milli stjórnarflokkanna af því tilefni vil ég, með leyfi forseta, lesa bókun þess fundar um þá málefnalegu niðurstöðu sem þar varð. En niðurlag bókunar í fundargerðabók er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Vegna ábendinga og tillagna sem fram komu á fundunum ítrekaði formaður flokksins þá stefnu Sjálfstfl. að utanríkisviðskipti verði sem næst hallalaus og að skuldasöfnun erlendis verði stöðvuð. Hann taldi nauðsynlegt að efnahagsstefna ríkisstj. þjónaði þessu markmiði, þar á meðal gerð fjárlaga, lánsfjárlaga og þjóðhagsáætlunar. Drög að þjóðhagsáætlun sem fyrir liggja fá Þjóðhagsstofnun þyrfti því að endurskoða til samræmis við þessa yfirlýstu stefnu. Vegna breytinga sem af því kunna að leiða væri því einnig nauðsynlegt að móta tillögur um sparnað og niðurskurð ríkisútgjalda við meðferð Alþingis á fjárlagafrv. og munu ráðherrar flokksins leggja því starfi lið þannig að unnt verði að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár án rekstrarhalla. Formaður taldi að með samdrætti opinberra útgjalda væri best stuðlað að jafnvægi á vinnumarkaði og þannig sköpuð skilyrði fyrir því að þensla og launaskrið spillti ekki viðleitni til að bæta kjör hinna lægst launuðu."

Þetta var niðurstaða þess fundar sjálfstæðismanna sem hér hefur verið vitnað til, þingflokks og miðstjórnar, og full samstaða var um á þeim fundi.

Það er alveg ljóst að framleiðslugreinarnar í þjóðfélaginu hafa átt við erfiðleika að etja og eftir þær breytingar sem urðu á gjaldeyrismörkuðum fyrir skömmu með lækkun bandaríkjadollara hefur sjávarútvegurinn mætt nýjum erfiðleikum, sérstaklega frystingin. Það var af þeim sökum talið nauðsynlegt að endurmeta þau áform sem uppi hafa verið um að ná niður viðskiptahalla. Öllum má vera ljóst að þær duga skammt gömlu leiðirnar sem notaðar voru til þess að treysta hag sjávarútvegsins. Það er vísast að ef til þeirra einna yrði gripið mundu þær einungis leiða til aukinnar verðbólgu. Og með hliðsjón af því að það er ekki ætlun stjórnarflokkanna og ríkisstj. að beita aðhaldi á þann veg að kaupmáttur skerðist var talið rétt að við meðferð fjárlagafrv. á Alþingi yrði leitað leiða til þess að draga úr ríkisútgjöldunum og hafa á þann veg hemil á heildarútgjöldum ríkisins. Um þetta varð samkomulag á milli stjórnarflokkanna og ákvæði þar um er í þeirri þjóðhagsáætlun sem lögð hefur verið fram.

Sú var tíð að eina leiðin sem menn sáu til þess að draga úr viðskiptahalla var niðurskurður á kaupmætti og það er fróðlegt til upprifjunar fyrir hv. 3. þm. Reykv. að rifja upp með hvaða hætti hann stóð að aðgerðum á þessu sviði. Eins og menn muna var viðskiptahalli um 10% af þjóðarframleiðslu á síðasta heila starfsári fyrrv. ríkisstj. Sá viðskiptahalli náðist

verulega niður á árinu 1983. Hv. 3. þm. Reykv. hefur á stundum hér í þessum ræðustól á hinu háa Alþingi haldið því fram að aðgerðir þeirrar ríkisstjórnar fyrir hans tilstilli hafi leitt til þess ásamt öðru að viðskiptahallinn náðist niður. Og hvaða aðgerðir voru það? Þær aðgerðir fólust í því að skerða verðbætur launa um helming í desember árið 1982. Eina úrræðið og það sem hann hefur stært sig af hér á hinu háa Alþingi til að ná niður viðskiptahallanum var að skera niður verðbætur á laun. Sú viðleitni sem þessi stefnumörkun mótar á hinn veginn er sú að freista þess að veita og sýna aukið aðhald í útgjöldum ríkisins í því skyni að ná niður viðskiptahalla án þess að það þurfi að koma niður á skertum kaupmætti. Ég tel að það sé mjög mikilvægur árangur, sem náðst hefur, að það skuli hafa tekist að auka ráðstöfunartekjur á þessu ári og viðhalda nokkurn veginn kaupmætti kauptaxta. Ég tel að það sé mikill árangur að tekist hafi að vinna sig út úr þeim ógöngum sem heimilin í landinu lentu í á síðustu misserum síðustu ríkisstjórnar þegar það mikla misgengi á milli lánskjara og launaþróunar varð til sem mörg heimili í landinu hafa verið að glíma við. En aðgerðir ríkisstj. gegn verðbólgu hafa fært okkur út úr þessum erfiðleikum og við höfum því sem næst náð jöfnuði á nýjan leik.

Spurningin er sú þegar talsmenn Alþb. hamast gegn áformum í þessu efni: Vilja þeir halda áfram skuldasöfnuninni og viðskiptahallanum eða telja þeir aðrar leiðir færari í því efni? Vilja þeir í raun og veru fara hina gömlu leið? Þeir hafa verið að skrifa, flokksmenn hv. 3. þm. Reykv., í *Þjóðviljann upp á síðkastið. Þar má lesa* greinar eftir góða og gilda flokksmenn sem benda á að kjararýrnunin í þjóðfélaginu stafi fyrst og fremst af rangri stefnu í orkumálum meðan hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var orkuráðherra og of mikilli skuldasöfnun sem að mestu leyti sé að kenna hv. 3. þm. Reykv. meðan hann var viðskrh. Þeir segja í greinum sínum að þetta sé ástæðan fyrir lakari lífskjörum í landinu. Hörður Bergmann skrifaði um daginn grein í Þjóðviljann, benti á þessar staðreyndir og segir í grein sinni: „Það er ekkert leyndarmál að Alþb. átti sinn þátt í að rýra lífskjör fólksins í landinu með þessum hætti." Þetta er til athugunar fyrir hv. 3. þm. Reykv. og formann Alþb. í þeim miklu málefnalegu þrengingum sem hann á nú við að etja í flokki sínum og til þess að vera sannfærandi í málflutningi gagnvart þjóðinni. Það boðar ekki gott að koma hér og krefjast þess að stefnubreyting verði og hin gamla skuldasöfnunarstefna, sem hann innleiddi, og hin ranga stefna, sem flokksbróðir hans innleiddi í orkumálum, verði upp tekin á ný. Flestum er ljóst — og þar á meðal flokksmönnum í Alþb. — að það var einmitt þessi stefna sem leiddi kjararýrnun yfir þjóðina. Þess vegna er mikilvægt að á þessum tímapunkti freistum við þess að veita aðhald í útgjöldum þjóðarbúsins án þess að það bitni á lífskjörum fólksins í landinu og leiði til kjararýrnunar, að við getum skapað skilyrði til að bæta rekstrarstöðu atvinnuveganna án þess að það leiði til nýrrar verðbólguholskeflu og það eru þau markmið sem að verður stefnt.

Hv. 5. þm. Reykv. vék hér að tekjuöflun ríkisins og skattamálum. Ég er honum að mörgu leyti sammála um það að tekjuöflunarkerfi ríkisins er á margan hátt gallað og þar á þarf að gera bragarbót. Söluskattskerfið þjónar ekki þeim tilgangi sem í upphafi var ákveðinn. Fyrir því m. a. hefur verið ákveðið að koma á virðisaukaskatti. Frv. um það efni verður endurflutt á þessu þingi, m.a. í því skyni að ráða bót á þeim miklu ágöllum sem eru á þessu kerfi.

Tekjuskattskerfið er einnig gallað. Prófessor Ólafur Björnsson benti á það fyrir allmörgum árum að í raun væri tekjuskatturinn launamannaskattur. Fyrir því höfum við barist og átt samleið með mörgum flokkum á Alþingi, þar á meðal Alþfl., að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Þegar hafa verið stigin skref í þeim áfangaáformum að því marki sem fyrirheit voru gefin um og efnd verða.

Í vor sem leið var tekin ákvörðun um hækkun á *eignarskatti á eignum manna yfir ákveðnu marki til* þess að sinna ákveðnum brýnum úrlausnarefnum í húsnæðismálum. Ég taldi það vera rétt og eðlilegt við þær aðstæður sem þá voru. Ég er hins vegar ekki sammála því að þær hugmyndir, sem Alþfl. hefur sett fram um þreföldun eignarskatta, fái staðist. Mín skoðun er sú — og hana má styðja með tölulegum rökum — að því aðeins verði eignarskattar þrefaldaðir að þeir komi með miklum þunga niður á öllum venjulegum fjölskyldum í landinu. Það er ekki til bóta í því ástandi sem nú er að leggja stórauknar byrðar á hina venjulegu fjölskyldu í landinu sem á kannske eign upp á 3,5 milljónir í íbúð og bíl. Að þrefalda eignarskatt á þessum fjölskyldum í landinu er ekki til þess að styrkja hag heimilanna. Og það er ekki til þess að styrkja hag atvinnufyrirtækjanna að fimmfalda eignarskatta á þeim og rýra enn eignastöðu þeirra. Hér á hv. Alþingi hefur á það verið bent að einn meginvandi framleiðsluatvinnuveganna byggist m.a. á því að þeir hafa sætt rýrnandi eiginfjárstöðu. Þessar breytingar á eignarskatti mundu ekki bæta aðstöðu framleiðslufyrirtækjanna og sjávarútvegsfyrirtækjanna að þessu leyti, mundu ekki auðvelda þessum fyrirtækjum að vinna sig út úr þeim erfiðleikum sem þau eiga við að etja í dag og ekki hjálpa þeim til að bæta lífskjör og launakjör fólksins sem þar vinnur. Þess vegna vara ég við því að lengra verði gengið á þessari braut. Ég taldi skynsamlegt að taka þá ákvörðun um hækkun eignarskatta, sem gerð var í vor sem leið, til að vinna að úrbótum í húsnæðismálum. En þær hugmyndir, sem Alþfl. hefur sett fram, eru að mínu mati fjarri öllum veruleika.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það var í maímánuði 1983 að loknum kosningum sem Framsfl. átti völ á því að reyna myndun vinstristjórnar eða taka saman við leiftursóknaröflin í Sjálfstfl. Formaður Framsfl. valdi þá óhikað leiftursóknina sem hann snéri baki við haustið 1979. En á þeim tíma, sem síðan var liðinn, hafði Sjálfstfl. sótt í sig veðrið undir forustu Verslunarráðs Íslands sem á orðið hjartað á þeim bæ. Í febrúar 1983 lagði Verslunarráðið undir forustu Ragnars Halldórssonar forstjóra ÍSALs fram drög að efnahagsáætlun sem gefin var út í maí 1983 undir heitinu „Frá orðum til athafna — áætlun um alhliða aðgerðir í efnahagsmálum". Í ávarpi, sem fylgdi þessu plaggi Verslunarráðsins í maí 1983, sagði formaður þess m.a., með leyfi forseta:

„Ráðið hefur lagt áherslu á málefnalega vinnu sem nýst gæti við stefnumótun og ákvarðanir í efnahags- og viðskiptamálum. Það er því fagnaðarefni hversu góðar undirtektir þessi áætlun Verslunarráðsins hefur hlotið

áður en hún birtist í endanlegri mynd. Þess gætti þegar í kosningastefnuskrám stjórnmálaflokkanna og í umræðum um efnahagsmál eftir kosningar hafa æ fleiri orðið til að taka í sama streng."

Í inngangi að þessu plaggi, „Frá orðum til athafna", segir:

„Reynslan hefur sýnt að innan frjáls markaðskerfis nást þessi markmið best. Þá nýtist frumkvæði, hugkvæmni og atorka einstaklinganna sem fá að njóta eigin verka og bera jafnframt ábyrgð gerða sinna."

Og enn segir þar: „Íslensk stjórnvöld hafa brugðist í því að veita atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði svo sem frjálsræði, virka samkeppni og hóflega skattlagningu. Stjórnvöld hér hafa farið út fyrir verksvið sitt með þátttöku í atvinnurekstri, pólitískri stýringu fjármagns og afskiptum af framkvæmdaatriðum og ákvörðunum sem eiga að vera í höndum fyrirtækja og einstaklinga."

Í þessari áætlun, sem nánar er útfærð, er krafist m.a. frjáls markaðshagkerfis, að verðmyndun verði gefin frjáls, að gildi frjáls sparnaðar, eins og það er kallað, í þágu arðbærs rekstrar og fjárfestinga verði endurvakið með frjálsri ákvörðun vaxta, að fríverslun verði óskoruð stefna okkar í utanríkisviðskiptum, að mennta-, heilbrigðis- og tryggingamál verði fjármögnuð þannig að einkaaðilar eigi þess kost að veita þjónustu á þessum sviðum til jafns við opinbera aðila.

Þetta er aðeins brot úr því sem segir í kverinu „Frá orðum til athafna" en þar segir einnig: „Skiptar skoðanir eru á því hvort sé vænlegra til árangurs að ná verðbólgunni niður stig af stigi eða á tiltölulega stuttum tíma með samræmdu átaki. Hér greinir þá t.d. á, nóbelsverðlaunahafana í hagfræði, Milton Friedman og Friedrich Hayek, en Friedman vill ná verðbólgunni niður jafnt og þétt á lengri tíma en Hayek telur reynsluna sýna að markvissar aðgerðir, sem er ætlað að skila árangri á skömmum tíma, reynist betur."

Það er undir þetta sem Verslunarráðið tekur, leiftursóknina í endurnýjaðri mynd frá 1979. Það er þessi hugmyndafræði sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lagði upp með í maí 1983 og til viðbótar komu lögbannsaðgerðirnar gagnvart öllum kjarasamningum sem Framsfl. lagði í púkkið og bann við öllum verðbótum á laun um tveggja ára skeið. Með myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar urðu vissulega þáttaskil í stjórnmálum á Íslandi, þar sem í fyrsta sinn var skrifað upp á alræði markaðsaflanna um leið og félagafrelsi í landinu var afnumið um skeið gagnvart verkalýðshreyfingunni.

Það var nýtt að þetta kalda kerfi gróðans næði yfirhöndinni í Sjálfstfl. og Framsfl. beygði sig fyrir því auðmjúklega. Allt skyldi verða frjálst og laga sig að lögmálum markaðarins, verðlag, vextir og vísitölur, nema vísitala launa. Launin ein skyldu bundin, þ.e. tekjur heimilanna hjá launafólki, og gengi íslensku krónunnar og þannig tekjur útflutningsatvinnuveganna með sjávarútveginn í fararbroddi. Það varð kauplækkun um fjórðung hjá þorra launafólks sem átti að leysa allan vandann, verðbólgu og viðskiptahalla, og hleypa lífi í hagvöxt og nýsköpun í atvinnulífi. Til viðbótar voru svo skattar lækkaðir til muna á fyrirtækjum og fluttir yfir á launamenn.

Reynslan af þessu gangverki frjálshyggjunnar liggur nú fyrir þegar kjörtímabil ríkisstj. er vel hálfnað. Þrátt fyrir gífurlegar fórnir launafólks er verðbólga á bilinu 30—40% og verðlagsþróun síðustu mánaða hefur sprengt allar viðmiðanir kjarasamninga. Hagvöxtur fer minnkandi milli ára, viðskiptahalli er verulegur og erlend skuldasöfnun hefur farið vaxandi.

Mánaðarlaunin, sem fólki er ætlað að lifa af skv. kjarasamningum, t.d. hjá verkamönnum skv. algengustu töxtum verkamanna hjá Dagsbrún, eru á bilinu frá 16 500—16 800 fyrsta starfsárið en ca. 18 500—20 300 eftir 15 ára starf miðað við 17.—21. launaflokk. Hjá opinberum starfsmönnum eru byrjunarlaun skrifstofufólks um 22 300 og komast í tæp 27 800 eftir 9 ára starf. Byrjunarlaun grunnskólakennara eru nú eftir launaflokkstilfærslu 24 347 og ná að hámarki rúmum 33 þús. kr. miðað við hæsta starfsaldur. Þetta er jafnframt fólkið sem ber hæstu skattbyrðarnar á sama tíma og skattrannsóknarstjóri upplýsir að við bókhaldsúttekt hjá yfir 400 fyrirtækjum reynast 65% vera með bókhald sitt í ólestri.

Launakjör kvenna eru hvar sem litið er á á eftir launum karla og er það tilfinnanlegast í fiskvinnslu og í verksmiðjuiðnaði þar sem bónusstrit bætist við einhæf og oft óþrifaleg störf. Fiskvinnslustöðvar allt í kringum land eru víða aðeins hálfmannaðar vegna lágra launa og bágra vinnuaðstæðna. Þetta leiðir af sér stórfellt tap í útflutningsverðmætum og fyrir einstök fyrirtæki. Láglaunastefna, sem ríkisstj. og atvinnurekendavaldið að baki hennar hefur knúið fram og rígheldur í, er eitt helsta efnahagsvandamálið á Íslandi.

En það eru ekki allir felldir inn í þann ramma sem kunnugt er. Býsna stór hópur í þjóðfélaginu hefur ekki búið við þær takmarkanir í kjaramálum sem hér hefur verið lýst og lúxusinn hefur farið vaxandi í mörgum ranni og tekur á sig næsta ótrúlegar myndir.

Við erum hér viðstödd vantraust á ráðherralið Sjálfstfl., borið fram af þeirra eigin þingflokki og miðstjórn, samþykkt vestur við Breiðafjörð. Þó hafa þeir hver með sínum hætti reynt að framfylgja kröfum Verslunarráðsins og kenningum Hayeks um leifturssókn. Þannig hafa fjmrh. og iðnrh. lagt metnað sinn í að selja hlut ríkisins í fyrirtækjum og orðið þar nokkuð ágengt.

Hæstv. fyrrv. iðnrh., Sverrir Hermannsson, hefur lagt sig í framkróka um að framfylgja orkusölustefnu Sjálfstfl., en með þeim árangri sem alkunnugt er að jafngildir núlli. Slík útsala á íslenskri orku var þó ein fremsta krafa Verslunarráðsins og framkvæmdastjóra ÍSALs. Samt hefur ráðherrann heimilað Landsvirkjun að halda óhikað áfram virkjanaframkvæmdum, bæði á Þjórsár/Tungnaársvæðinu og síðar við Blöndu. Umframorkugeta Landsvirkjunar nemur því nú framleiðslugetu heillar virkjunar á stærð við Blöndu.

Hins vegar kom hæstv. ráðh. áhugamáli ríkisstj. í verk að koma á því sem kallað var á máli Morgunblaðsins „eðlilegu stjórnmálasambandi við Alusuisse" með því að veita auðhringnum sakaruppgjöf og semja um raforkuverð langt undir kostnaðarverði og á forsendum sem augljóslega eru brostnar nú aðeins tíu mánuðum eftir samningsgerðina. Hæstv. iðnrh., sem nú tekur við, Albert Guðmundsson, tekur einnig við ófrágengnum skattasamningi sem Alþingi á eftir að taka afstöðu til gagnvart ÍSAL, Alusuisse.

Almenningur í landinu, heimili og atvinnurekstur, axlar áfram byrðarnar af þessum gjörningi viðreisnarinnar á sinni tíð og Sverris Hermannssonar í hærra

raforkuverði en þekkist á Norðurlöndum. Svo er reynt að bera í bætifláka með því — eins og lesa má í blöðum í dag — að raunverð á raforku hafi farið lækkandi og sé nú aðeins rúmlega 68% af því sem það var. Hvenær? Við stjórnarskiptin? Nei, í ágústbyrjun 1983. Það er viðmiðunin eftir að sami ráðherra hafði hækkað raforkuverð hjá Landsvirkjun um 56%.

En það eru fleiri en ráðherrar Sjálfstfl. sem ættu að sitja hér undir vantrausti, en þeir hafa ekki séð ástæðu til að þoka sér um set og munu ekki sjá ástæðu til þess svo lengi sem sætt er. Það eru ráðherrar Framsfl. sem undir forsæti Steingríms Hermannssonar ráða mestu um það hvernig komið er á landsbyggðinni á Íslandi, hvaða þróun hefur átt sér stað í byggðum landsins þar sem Íslandsmet var sett í fólksflótta á síðasta ári, þar sem fyrirtæki eftir fyrirtæki riðar á barmi gjaldþrots, þar sem einstök sveitarfélög eiga að axla byrðarnar af þeirri óstjórn sem sjútvrh. Framsfl. hafa staðið fyrir í þessari ríkisstj. og raunar lengra litið til baka. Sama er uppi á teningnum þegar litið er til annarra ráðherra Framsfl., sem halda sínum sætum, hvort sem litið er til landbúnaðarmála eða húsnæðismálanna þar sem mál hafa aldrei verið í slíkum ólestri sem nú og snjóbolti vaxta og verðtryggingar gerir hverju heimilinu á fætur öðru ófært að axla sínar byrðar. Drátturinn, sem stöðugt er á greiðslum frá Húsnæðisstofnun, samhliða vaxtaokrinu er að leggja fjárhag sívaxandi fjölda fjölskyldna í rúst.

En Verslunarráðið ræður áfram ferðinni. Það gefur leiðarvísi frá ári til árs, frá misseri til misseris, um næstu skref til að framfylgt verði þeirra stefnu „næstu skref" frá því í fyrrasumar. Nú eru þeir hættir að gefa þetta út á íslensku, nú eru þeir farnir að gefa leiðarvísana út á ensku. Þið getið kynnt ykkur það frá ágústmánuði s.l., „The Icelandic Economy, Past Performance and Prospects". Þar er að finna leiðarvísinn fyrir þá sem nú hafa skipt um stóla og fyrir þá sem skipa forsæti. Það er stefna Verslunarráðsins sem endurspeglast í því sem formaður Alþb. gat um hér áðan, útlánin til atvinnulífsins í landinu, til sjávarútvegsins frá ágúst í fyrra til ágústmánaðar á þessu ári nema um 900 millj. kr. á sama tíma og verslunin hefur fengið ekki 900 millj. heldur 2300 millj. kr. Þetta er stefnan í verki. Þetta er frjálshyggjustefnan í verki undir forsæti Verslunarráðsins og þeirra sem lúta veldissprota þess.

Það valdatafl, sem staðið hefur yfir innan Sjálfstfl. um langt skeið og ekki sér fyrir endann á þrátt fyrir stólaskipti, hefur þegar orðið vinnustéttum í landinu og landsbyggðinni sérstaklega dýrkeypt. Niðurlæging Framsfl. bætir þar ekki um því að hans er ábyrgðin á að þessari siglingu er enn haldið áfram undir forsæti Steingríms Hermannssonar. Það er undan klafa þessarar ríkisstj. og frjálshyggjunnar sem þjóðin þarf að losna.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þeirri umræðu, sem hér fór fram, lýsti hann innihaldi þess sem nú væri verið að gera þannig að fyrst og fremst væri formaður Sjálfstfl. að taka sæti í ríkisstj. Þetta var mat hæstv. forsrh. á því hvað væri að gerast.

Hvað þýðir þetta mat hæstv. forsrh.? Hæstv. forsrh. er að segja að til að koma formanni Sjálfstfl. í ríkisstj. hefði verið nauðsynlegt að hreyfa stólana undir hverjum einasta ráðherra Sjálfstfl. í stjórninni. Árangurinn varð fyrst og fremst sá að koma formanni Sjálfstfl. inn en til að það mætti takast, eins og hæstv. forsrh. metur það, þurfti að hreyfa stólana undir hverjum einasta manni. Í venjulegum löndum, í þessum löndum hér í kringum okkur, hefði verið lagt þannig út af þessari miklu stólatilfærslu að hver og einn af þessum ráðherrum hefði ekki staðið sig í sínu embætti. Iðnrh. hefði ekki staðið sig í því embætti. Menntmrh. hefði ekki staðið sig í sínu embætti. Utanrrh. hefði reynst óhæfur og þannig mætti áfram telja.

En það er kannske kaldhæðni þessa mats að t.d. félmrh., sem er með húsnæðismálin algerlega í rúst, fær traustsyfirlýsingu, hann fær að sitja kyrr. Ráðherra efnahagsmála, þ.e. forsrh. sem er með efnahagsmálin í rúst, fær að sitja kyrr, hann fær traustsyfirlýsingu. Svolítið er þetta öfugsnúið.

En þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. um að það sem væri nú að gerast væri það eitt að formaður Sjálfstfl. kæmi inn í ríkisstj. þýðir svolítið meira. Hún þýðir að allt annað skuli vera óbreytt. Stefnan skuli vera óbreytt og henni höfum við kynnst að undanförnu. Ráðleysið innan ríkisstj. skuli vera óbreytt. Reipdrátturinn og aurkastið milli ráðherra, sem menn fá að sjá í blöðunum næstum annan hvern dag, skuli vera óbreytt og lausmælgi ráðherranna, þar á meðal hæstv. forsrh., verður líka óbreytt skv. þessu mati hæstv. forsrh.

Þorsteinn Pálsson gaf þá yfirlýsingu hér áðan að Sjálfstfl. muni starfa í þessari ríkisstj. á sama grundvelli og áður. Grundvöllurinn er óbreyttur. Hvernig hefur Sjálfstfl. starfað í þessari ríkisstj.? Hvernig höfum við kynnst því? Sjálfstfl. hefur sjálfur lýst því yfir að honum hafi mistekist í fjármálunum. Þegar Þorsteinn Pálsson les hér langa yfirlýsingu frá þingflokki Sjálfstfl. varðandi fjárlög og endurskoðun þeirra skulum við ekki láta það gleymast að Sjálfstfl. var búinn að samþykkja þessi fjárlög. Hvað sem öllum yfirlýsingum líður liggur fyrir gleggsta lýsing á því sem gerðist frá Birgi Ísl. Gunnarssyni alþm. Hann sagði efnislega: „Þetta var bara óvart hjá okkur, þetta var fljótræði. Við vissum ekki hvað við vorum að gera." Ætli það sé ekki sannleikur málsins hvað sem öllum langorðum yfirlýsingum þingflokksins líður? Sjálfstfl. vissi ekki hvað hann var að gera.

Grundvöllurinn skal vera óbreyttur. Ekkert hefur breyst nema það að formaður Sjálfstfl. hefur komið inn í ríkisstj. Þetta er mat forsrh. og Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstfl.

Hverju höfum við kynnst? Forsrh. gefur þá yfirlýsingu um annan ráðherra í ríkisstj. að hann kunni ekki mannasiði. Hann segir að það séu engir mannasiðir að ganga frá samningum um kaup og kjör öðruvísi en bera það upp í ríkisstj. Hann segir um þennan ráðherra: Hann kann ekki mannasiði. Þessi ráðherra svarar til baka: Ég vona bara að þeir misskilji sem mest, Þorsteinn Pálsson og forsrh. Þetta er grundvöllurinn, þetta á víst að vera óbreytt.

Muna menn heldur ekki hverja einkunn Þorsteinn Pálsson gaf forsrh. í sambandi við einhverjar yfirlýsingar. Hann sagði að yfirlýsingar forsrh. væru svo óskammfeilnar að þær lýstu innræti hans. Svona hefur þetta gengið, mín kæru, á víxl og þessu eruð þið að tala um að ekki eigi að breyta.

Varðandi Náttúruverndarráð og Mývatn hafa hæstv. þáv. iðnrh. og menntmrh. skipst á skotum í fjölmiðlun-

um. Hér eru uppi tvær fiskveiðistefnur. Hæstv. sjútvrh., sem heldur embætti sínu, hefur haldið því fram að hann vildi hafa ákveðna fiskveiðistefnu, svokallað kvótakerfi. Forsrh. lýsir því yfir að hann sé alveg á móti því, hann sé enginn kvótamaður. Við þess konar ástand eigum við að búa áfram.

Þorsteinn Pálsson sagði að sú breyting, sem nú væri gerð, væri eðlileg. Ber að skilja þetta svo að ef einhver ráðherra Sjálfstfl. hefði haldið stól sínum hefði það verið mjög óeðlilegt? Eins konar vantraustsyfirlýsing sýnist mér þetta vera af hálfu Þorsteins Pálssonar. En við skulum horfast í augu við þessi mál eins og þau eru. Hvers vegna er verið að gera þessa breytingu? Það er vegna þess að Sjálfstfl. átti við vandamál að stríða. Það er sannleikurinn í málinu og það veit öll þjóðin og þýðir ekkert að vera að tala um annað.

Sannleikurinn er sá að sá reipdráttur, sem þjóðin öll hefur verið ásjáandi að, gefur ömurlega mynd af Sjálfstfl. Meira að segja Morgunblaðið er farið að tala um Sjálfstfl. sem eins konar ormagryfju, svo að vitnað sé í gamlan leiðara. Þetta er býsna alvarlegt ástand, ekki bara fyrir Sjálfstfl., heldur fyrir þjóðina alla. Sjálfstfl. er langstærsti flokkurinn á Íslandi og hann er allur í molum og upplausn og eilífum reipdrætti og ráðherrarnir standa í aurkasti hver utan í annan. Haldið þið að þetta hafi ekki alvarlegar afleiðingar, ekki bara fyrir Sjálfstfl. heldur fyrir stjórnmálin á Íslandi? Fyrir utan persónupotið allt saman fáum við að kynnast því að það er uppi hver höndin á móti annarri í hverjum málaflokknum á fætur öðrum. Við getum talað um sjávarútvegsmál eða landbúnaðarmál. Við getum talað um kartöflumál, við getum talað um skattamál. Í engum af þessum málaflokkum verður séð að Sjálfstfl. hafi einhlíta, ákveðna stefnu. Þetta er alvarlegt og það er alvarlegt fyrir þjóðina alla ef þetta á að halda svona áfram.

Þingflokkur Sjálfstfl. lýsti því yfir að fjárlagafrv. væri ómark. Hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson sagði hér áðan að þjóðhagsáætlun þyrfti að endurskoða. Sannleikurinn er sá að ekki bara fjárlagafrv. er ómark skv. því sem hér hefur verið sagt. Það er allt saman ómark. Það stendur ekki steinn yfir steini í þjóðhagsáætlun, í lánsfjárlögum eða hverju því sem við viljum telja upp. Þetta er hið alvarlegasta mál.

Núna standa þeir upp hver af öðrum, núv. fjmrh., fyrrv. fjmrh., forsrh. og ég veit ekki hver, og segja: Vandamál nr. eitt hjá þjóðinni er erlend skuldasöfnun. Skyldu menn hafa heyrt það áður? Hvað skyldi ég oft hafa gert þetta að umræðuefni hér? Ég flutti meira að segja í fyrra till. um að skera þetta niður. En hverjir hafa þá safnað þessum skuldum? Er það bara fólkið í landinu? Voru þessir ráðherrar stikkfrí? Voru þingmenn stjórnarflokkanna stikkfrí? Nei, þeir samþykktu þessar erlendu lántökur. Þeir felldu hugmyndir um að skera þetta niður. Þar erum við þó sammála. En við höfum bara heyrt þessar yfirlýsingar allt of oft áður frá núverandi stjórnarherrum. Menn settu sér mörk, hótuðu stjórnarslitum ef ekki yrði við staðið í þessum efnum, en ekkert gerðist. Ég ætla að vona að nú gerist eitthvað.

Að lokum einungis þetta, herra forseti: Ég vil ekki að það reynist rétt að ekkert hafi breyst við þá breytingu sem nú hefur orðið í ríkisstj. Ég ætla að vona og ég held að menn ætlist til þess að mikið hafi breyst. Það er m.a. og ekki síst ætlast til þess af Þorsteini Pálssyni að hann sýni tilþrif í sínu embætti og nái raunverulegum árangri í því að ná tökum á efnahagsmálunum. Undir því á ekki bara Sjálfstfl. mikið, það skiptir minnstu. Undir því á þjóðin mikið að vel takist til og að það verði raunverulegt breyting og það er ætlast til þess af Þorsteini Pálssyni að hann taki til hendinni.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Þessar umræður gefa ekki mikið tilefni til viðbótarathugasemda af minni hálfu. Hv. 5. þm. Austurl. hafði ekki annað fram að færa í sinni ræðu en upplestur úr stefnuskrá Verslunarráðs Íslands. Ég veit þó ekki til þess að Verslunarráðið eigi aðild að Alþingi eða fulltrúa á Alþingi. Öll þessi ræða og allur þessi málatilbúnaður sýnir kannske fyrst og fremst málefnafátækt Alþýðubandalagsins að þeir geti ekki rætt um stjórnarstefnuna, stefnu þeirra flokka sem eiga aðild að ríkisstjórninni, heldur þurfi þeir að standa upp á hinu háa Alþingi og lesa upp úr stefnuskrám hagsmunasamtaka úti í bæ.

Einnig var fróðlegt að heyra hv. 5. þm. Austurl. vitna til þekktra hagfræðinga eins og Miltons Friedmans. Ein af höfuðkenningum Miltons Friedmans er að allra meina bót sé að vísitölutengja alla hluti í hverju þjóðfélagi, laun og fjárskuldbindingar. Þetta er ein af höfuðkenningum Miltons Friedmans. Og hverjir skyldu vera þeir menn sem hafa gengið lengst í því í veröldinni að koma þessum kenningum í veruleika? Skyldi það ekki hafa verið hv. 3. þm. Reykv. sem í sinni tíð sem viðskrh. varð fyrsti viðskrh., fyrsti bankamrh. sem ég veit um í veröldinni, sem innleiddi þá skyldu að verðtryggja fjárskuldbindingar samkvæmt kenningum Miltons Friedmans? Skyldi það ekki hafa verið einmitt þessi ágæti hæstv. ráðh. Það er athyglisvert að Alþb. skuli vera sennilega eini flokkurinn sem hefur lögleitt eina af höfuðkenningum Friedmans.

Kjartan Jóhannsson, hv. 3. þm. Reykn., vék að því í sinni ræðu að Sjálfstfl. og reyndar Framsfl. hefðu verið búnir að samþykkja tillögu að fjárlagafrv. Það er laukrétt. Eitt meginmarkmið stjórnarflokkanna, sem sett var þegar fjárlagagerðin hófst, var að koma í veg fyrir hallarekstur og ná jöfnuði á milli tekna og gjalda og stöðva með því aukningu á erlendum skuldum að því er ríkissjóð sjálfan varðar. Þessu markmiði tókst að ná með fjárlagafrv. eins og það var lagt fyrir þingflokka. Ljóst var að viðskiptahalli yrði nokkur á næsta ári og í þeim drögum sem þá lágu fyrir að þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir að hann yrði um 3,5% af þjóðarframleiðslu. Eftir að þessar ákvarðanir voru teknar urðu verulegar breytingar á ytri aðstæðum í þjóðarbúskapnum fyrst og fremst vegna þess að bandaríkjadalur féll í verði og það orsakaði nýja erfiðleika hjá sjávarútvegi. Við urðum því í samræmi við þetta að endurmeta áform okkar um heildarútgjöld þjóðarbúsins og þau markmið sem við þurfum að ná varðandi lækkun viðskiptahalla á næsta ári til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins án nýrrar verðbólguholskeflu. Það er á þessum forsendum sem niðurstaða fundarins í Stykkishólmi, sem hér hefur verið vitnað til, fékkst.

Eina gagnrýnisefnið sem fram kemur í ræðum hv. þm. og ræðu hv. 3. þm. Reykn. er það að ráðherrar Sjálfstfl. hafa tekið við nýjum ráðuneytum og er býsna kynlegt að það skuli vera eina atriðið sem þeir geta flutt

hér langar tölur um, að menn hafi tekið við nýjum ráðuneytum. Ég veit ekki hvort á að taka þessa umræðu alvarlega. Ég held hún lýsi fyrst og fremst málefnafátækt, en kannske er það svo að hún lýsi einhverjum gömlum kerfishugsunarhætti, að ráðherrar eigi að vera sérfræðingar í sínum ráðuneytum en ekki stjórnmálamenn. Stjórnmálamenn hljóta að vera reiðubúnir til þess á hverjum tíma að fjalla um hin margvíslegustu mál sem löggjafarsamkoman og framkvæmdavaldið verða að fást við. Og þeir sem skipa ríkisstjórn verða að vera tilbúnir til þess að taka á þeim málum og taka ákvarðanir. Þeir eru ekki sérfræðingar og eiga ekki að vera sérfræðingar, en þessi hugsunarháttur ber óneitanlega keim af því að Alþfl. og Alþb. séu farin að líta á stjórnmálamenn og ráðherra sem sérfræðinga. Ég kann því illa og tel að ef svo er, ef þetta er annað en innantóm orð, án merkingar eða hugsunar, þá séu þeir ekki á réttri leið.

Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykn. að þjóðin á mikið undir því að vel takist til við ákvarðanir á næstu vikum og mánuðum. Þær munu ráða miklu um framgang mála í okkar þjóðfélagi, þær munu ráða miklu um það hvort við getum náð betra jafnvægi í efnahagsmálum, stuðlað að auknum hagvexti og bætt lífskjörin í landinu. Og sannarlega er mikil þörf á því að um þessar ákvarðanir náist víðtæk samstaða. Við höfum verið að ná verulegum árangri í stjórn efnahagsmála, uppræta margs konar meinsemdir sem grafið hafa um sig um langan tíma. Við eigum mikið verk óunnið. Það eru mörg verkefni óleyst, ýmislegt sem við höfum ekki náð þeim tökum á sem við hefðum viljað, og um allt þetta er auðvitað æskilegast að sem víðtækust og best samstaða náist í þjóðfélaginu, ekki síst um það atriði sem jafnan skiptir mestu en það er tekjuskiptingin í þjóðfélaginu, sem menn gera út um í frjálsum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Ég vænti þess og trúi því að okkur muni sem þjóð takast vel til í þessu efni og þá er ástæða til þess að horfa með nokkurri bjartsýni til framtíðarinnar. Þó að ýmislegt hafi gengið okkur í móti, þá er svo margt að gerast í þjóðfélaginu sem gefur okkur tilefni til þess að horfa með bjartsýnum augum og ganga á þann veg á vit nýrrar framtíðar.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Þessi tilkynning um breytingar á ríkisstjórninni, sem er til umræðu hér í dag, á sér langan aðdraganda og er í sjálfu sér skrumskæling á því hvert hlutverk hennar er. Þessi tilkynning á sjálfsagt að virka sem tæki í baráttunni við að láta líta svo út sem formaður Sjálfstfl. sé valdamikill. Það út af fyrir sig er fullgild ástæða fyrir því að bera fram gagnrýni á fyrirkomulagið. Þessi tilkynning færir manni heim sanninn um, hafi maður nú ekki vitað það fyrr, að þessi tilkynning er bara formsatriði. Það að þetta heitir að vera tilkynning frá forsrn. Hæstv. forsrh. ræður auðvitað alls engu þar um, svo merkilegt sem það annars kann nú að virðast.

Auðvitað ætti þetta að vera þannig að forsrh. væri stjórnandi og forsvarsmaður ríkisstjórnarinnar. Það er hann sem kallaður er til ábyrgðar fyrir gerðir ráðherranna. Það er auðvitað hann sem ber ábyrgðina og þess vegna ætti þetta að vera þannig að hann fengi til liðs við sig þá sem hæfastir geta talist til þess að gegna þessum embættum hverju sinni, en ekki að það séu innanbúðarvandamál Sjálfstfl. sem ráða til um það hverjir gegna embættum.

Hæstv. forsrh. verður í þessu tilviki eins og skipstjóri sem ætlast er til að sé stjórnandi skútunnar en ræður þó engu um það hvað áhöfnin gerir. Þegar upp er staðið er það hæstv. forsrh. sem kallaður verður til ábyrgðar þrátt fyrir að hann ráði einungis og sé í reynd aðeins forsvarsmaður fyrir u.þ.b. 40% af ríkisstjórninni, þ.e. þeim ráðherrum sem tilheyra þingflokki Framsfl.

Það eru hins vegar innanbúðarvandamál í Sjálfstfl. sem ráða lögum og lofum í þessari ríkisstjórn. Þar snýst orðið allt um leik, samkvæmisleik, sem tíðkaður var í barnaafmælum hér í eina tíð, áður en þau urðu vídeóvædd. Þá var raðað upp stólum, einum færri en þátttakendur í leiknum voru, því næst spilað lag eða sungið meðan þátttakendurnir í leiknum gengu hringinn í kringum stólana. Allt í einu var hætt að spila eða syngja og þátttakendurnir í leiknum kepptust við að ná í stól. Að sjálfsögðu varð einn út undan. Þess vegna tek ég þessa líkingu að það sama á sér stað með þátttakendur í ráðherrastólaleik Sjálfstfl. Þessi leikur er það sem ræður lögum og lofum í ríkisstjórninni þessa dagana, en hæstv. forsrh. ræður þar hins vegar ekki nema yfir sínum liðsmönnum. Skoðanakannanir sýna að flokkur hæstv. forsrh. á sífellt meira í vök að verjast þannig að hann verður að láta sig hafa það þó titillinn forsrh. sé einungis nafnið tómt. Allt er betra en ekkert. Á þeim bæ er um að gera að leggja allt undir sem orðið getur til þess að forða kosningum í bráð.

Þorsteini Pálssyni var greinilega mikið í mun að taka fjmrn. af samflokksmanni sínum áður en hann yrði flokknum dýrkeyptari en orðið var í því embætti. En ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið, því ekki er að vita nema hann geti orðið enn þá dýrkeyptari í iðnrn., er hann tekur til við að fremja axarsköft sín þar. Þessi aðgerð er auðvitað ekkert annað en yfirlýsing frá Sjálfstfl. um vantraust á hendur fyrrv. fjmrh.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnast þessar umræður í heild lýsa best skilningsleysi þessarar ríkisstjórnar á því hvernig þjóðin hefur það í þessu landi. Ef ríkisstjórnin hefði lagt þvílíkt ofurkapp á að bæta lífskjör hennar og aðstæður sem hún hefur nú lagt ofurkapp á að bæta við ráðherrum og búa þar með til aðstæður fyrir umræður af þessum toga, þá værum við líklega komin mjög vel á veg. Ef það var ætlunin með þessum umræðum að hér komi upp hver þingmaðurinn af öðrum til þess að óska ríkisstj. til hamingju og bera fram heillaóskir vegna nýju andlitslyftingarinnar sem orðið hefur á henni með tilkomu nýs fjmrh. í ríkisstj., þá get ég út af fyrir sig gert það, óskað þessari ríkisstjórn til hamingju með andlitslyftinguna. En ég geri það þá með því fororði að breytingunni hafi verið ætlað það markmið að verða þjóðinni til heilla og til þess að bæta aðstæður og lífskjör hennar, ólíkt því sem raunin hefur verið, því miður, áður en andlitslyftingin varð. Ef svo ólíklega vill til að þetta sé markmiðið, þá ber að óska henni allra heilla og fagna. Ef ekki, sem ég hef því miður meiri trú á að verði, þá er verr farið af stað en heima setið.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Þetta þing hefst með óvenjulegum hætti. Þingstörf tefjast vegna þess að ráðherrar Sjálfstfl. skipta allir um hesta í miðri á um leið og formaður gerist loks meðreiðarsveinn í ríkis-

stjórnarliðinu. Það hefur íslenskum hestamönnum aldrei þótt snjallræði en þetta er nú kallað að gefa ríkisstjórninni nýjan svip og styrkja hana í sessi. Flestir vita þó að menn breytast ekki ýkja mikið við að skipta um sæti og eitthvað sýnist manni sami frjálshyggjusvipurinn á hrossunum og áður. Það eru heldur engar yfirlýsingar um það að stefna stjórnarinnar eigi að breytast þótt skipt sé um sæti. Og hverjum er svo ætlað að trúa því að einn maður ráði úrslitum um hæfni heillar ríkisstjórnar og velgengni hennar? Þessi draumur um sterkan leiðtoga tilheyrir liðinni tíð. Hann er tímaskekkja að mínu mati, nú þegar manneskjur gera vaxandi kröfur um þátttöku og virkni til að móta samfélag sitt sjálfar. Þetta skref og þær væntingar sem við það eru bundnar er því ekki í takt við tímann.

Þetta er ekki auðveld ráðstöfun fyrir ráðherrana sem á s.l. tveimur árum hafa væntanlega varið tíma sínum til þess að setja sig inn í málaflokka ráðuneyta, haft frumkvæði að verkefnum sem eru varla hálfunnin, myndað persónuleg tengsl og eru rétt að verða kunnugir innanbúðar í ráðuneytum sínum. Þeim er nú ætlað að byrja sama leikinn aftur og sér hver maður hver rof verða á starfi þeirra og má spyrja hvernig framlag þeirra nýtist þjóðinni við það. En kannske eru ráðuneytin sjálfrekin og þetta skiptir litlu máli. Þó má ekki gleyma því — hæstv. fjmrh. minntist á það áðan — að þeim væri ekki ætlað að vera sérfræðingar í sínum ráðuneytum, en það má ekki gleyma því að þeir hafa mjög sterkan íhlutunarrétt um málefni ráðuneytanna þótt þeir séu ekki og verði aldrei sérfræðingar.

Eitt er að við þessi skipti verða allir ráðherrar Sjálfstfl. jafnvígir hinum nýja fjmrh., jafnóreyndir á sínu sviði og kemur það honum vel. Annað er alvarlegra en það er að nýir ráðherrar verða ólíklegri til að verja hina nýju málaflokka sem þeim hafa verið úthlutaðir vegna þess að þeir hafa ekki haft tíma til að kynna sér þá. Sá niðurskurður sem er boðaður verður því harðari og e.t.v. ómarkvissari og lendir ekki endilega þar sem hann yrði best þolaður. Niðurskurðurinn verður því auðveldari fyrir hinn nýja fjmrh. En hvernig getur hæstv. fjmrh. haldið því fram, og ég vitna til svars hans til hv. 7. landsk. þm., að honum þyki þessi tími eðlilegur til að stokka upp ríkisstjórnina? Er réttlætanlegt að tefja þingstörf vegna innanbúðarvanda eins flokks?

Þessi leikur með sætaskiptin dregur athygli fólks frá því sem er mun alvarlegra en það er fátækt þessarar ríkisstj. af hugmyndum til úrlausna á þeim vanda sem við blasir. Það er ekki nóg að leika svona gagnsæ töfrabrögð fyrir þjóðina, það þarf nýja stefnu í málum íslensku fjölskyldunnar sem í reynd tryggir velferð hennar jafnt inni á heimilum eins og í þjóðarbúinu í heild sinni. Sú aðferð sem þessi stjórn hefur beitt hingað til, þ.e. að leysa efnahagsvanda með því að auka mannlegan vanda, er óviðunandi. Við þurfum nýja mannúðlega stefnu, ekki léleg töfrabrögð og tímaeyðslu eins og nú í vangaveltur um valdastyrk nokkurra karla. Karla sem ekki gegna kalli tímans.

Ég óska engum til hamingu með þessi skipti en öllum óska ég velfarnaðar bæði ráðherrum og þjóðinni.

Ég var einu sinni spurð hvort mér þætti karlmennskublær ríkjandi í sölum Alþingis og ég svaraði þá og ég óska þess enn að í þeim blæ sem leikur um sali Alþingis væri minna af karli og meira af mennsku. Þess þarfnast þjóðin nú.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég varð ekki var við margt sem ástæða er til að svara í þessari umræðu. Það má segja að þetta hafi verið svona eins og stormur í kaffibolla.

Það má vel vera rétt hjá hv. þm. að ekki hafi verið ástæða til þess að gera grein fyrir þessari breytingu. Þó þótti okkur það vera skylda að gera svo og ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið sjálfsagt.

Það er rétt hjá hv. þm. að Sjálfstfl. hefur ákveðið sitt ráðherralið og það er ekki neitt nýtt í því. Þetta hefur verið gert mjög oft í sögu hins íslenska lýðveldis. Það væri hægt að rekja fyrri breytingar á ráðherradómum, þar sem viðkomandi flokkur hefur ákveðið slíkt fyrir sitt leyti. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að ég hef hvað eftir annað lagt áherslu á að æskilegt væri að formaður Sjálfstfl. tæki sæti í ríkisstj. og það má þá a.m.k. segja að mér hefur orðið að þeirri ósk minni. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það styrki samstarfið á milli flokkanna og hef því talið ástæðu til að lýsa ánægju minni með þá breytingu.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að svo er stjórnskipulag hér á landi að forsrh. ákveður ekki einn skipan ríkisstjórnar. Oft hefur verið sagt að íslenskar ríkisstjórnir eru ekki fjölskipað stjórnvald. Vel má vera að þær ættu að vera það. Vel má vera að gera ætti þær breytingar á íslenskri stjórnarskrá að þær yrðu það. Ég get að mörgu leyti tekið undir það. En það er staðreynd að svo er ekki og þess vegna einnig í fyrri tilfellum þegar orðið hafa breytingar á ráðherraliði, þá hefur það ekki verið forsrh. einn sem það hefur ákveðið.

Um ræður hv. þm. vil ég annars segja að mér þóttu þeir Alþýðuflokksmenn eitthvað bitrir í sínum ádeilum á þessa breytingu. Það má vera að það sé vegna þess að a.m.k. enn hefur Sjálfstfl. ekki tekið þeirra bónorði, en það er ómögulegt að vita hvað framtíðin leiðir í ljós í því sambandi, ég hugsa að það verði seint, en um það skal ég ekki dæma.

Ég verð að segja eins og er að mér þótti hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tala eins og nokkuð úr öðrum heimi. Það er nefnilega hárrétt, sem kom reyndar fram í ræðu hæstv. fjmrh. og sem hefur komið mjög ítarlega fram í skrifum í Þjóðviljanum, að erlendar skuldir þessarar þjóðar jukust mjög mikið, því miður, á árunum 1980—1983. Árið 1980 voru erlendar skuldir taldar vera 30 af 100 vergrar landsframleiðslu eins og nú er miðað við, en 1983 rúmlega 51 af 100, 51,3 ef ég man rétt, af vergri landsframleiðslu. Og aukningin verður langsamlega mest á árinu 1982 því þá er viðskiptahallinn 8,4 af 100 vergrar landsframleiðslu og reyndar á árinu 1981 sem var nú með betri árum hjá okkur, rúmlega 4 af 100, á árinu 1983 hins vegar 2 af 100. Það er líka hárrétt sem þessir menn skrifa í Þjóðviljann að mjög stór hluti af þessum viðskiptahalla, þar með vaxandi erlendar skuldir, er vegna lántöku til orkugeirans, þar sem stórar áætlanir voru uppi. Út af fyrir sig eru þetta staðreyndir og ég er ekki að áfellast hv. þm. þó að megi varpa fram þeirri spurningu hvort rétt hafi verið að taka svo mikið af erlendum lánum t.d. til rannsókna sem ekki nýtast fyrr en um næstu aldamót, það er um 1 milljarður í dollurum sem við skuldum vegna þeirrar lántöku. Þarna var stórhuga maður að verki og það er alveg rétt að menn gerðu sér vonir um

að þetta mundi leiða til aukins orkufreks iðnaðar þó það sé að vísu mikið umhugsunarefni hvernig það átti að ganga upp eins og viðhorf hv. þm. var til a.m.k. samstarfs við erlenda aðila. En þetta hefur brugðist. Orkufrekur iðnaður er í lægð. Því er t.d. spáð að ekki sé væntanleg fram undan veruleg hækkun á verði á áli og því er reyndar spáð að það verði miklar breytingar á markaðssetningu, eins nú er venjulega talað um, áls í heiminum þannig að þar kunni ekki að vera sá bati sem menn hafa vænst. En það breytir ekki þeirri staðreynd að það er þessi skuldabaggi sem við þurfum að létta af þjóðinni, þurfum að létta af áður en við getum tekið til hendi og bætt þannig kjörin að mikið um muni. Við þurfum að létta af þjóðinni þeim bagga að greiða nú 5800 millj. kr. á ári sem vexti af erlendum skuldum, þaar af 5400 af langtímalánum.

Þetta verður ekki notað til að bæta kjörin, eins og hv. þm. lýstu hér sem meginmarkmiði og ég vil taka undir. Vitanlega er það það langtímamarkmið sem við stefnum að. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að rata nú meðalveginn á meðan þjóðartekjur eru nokkuð hækkandi, og þá lækka þessar skuldir, þó þannig að ekki komi til atvinnuleysis eða kaupmáttarskerðingar.

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi nokkuð um niðurskurðarhnífinn. Hæstv. fjmrh. hefur svarað því, en ég vil þó undirstrika að við framsóknarmenn erum að sjálfsögðu eins og við höfum alltaf verið, m.a. í stjórn með hv. Alþýðubandalagsmönnum, reiðubúnir að leita leiða til þess að rekstur ríkissjóðs kosti minna, ef ég má orða það svo, að betur verði farið með fjármagn og fleira þess háttar. Og ég er enn þá samfærður um að finna má leiðir til þess. Við höfum hins vegar lagt á það ríka áherslu, og ég endurtek það, að þetta verði gert án þess að skerða þá þjónustu sem velferðarríkið veitir einstaklingunum nú.

Ég hygg að við verðum þó aftur á móti að staldra við og við getum ekki bætt og aukið þá þjónustu eins og nú stendur, á meðan við erum að losna við þann greiðslubagga sem ég nefndi áðan. Við tókum virkan þátt í þessu við gerð fjárlaganna. Ef það er hægt að ná lengra á þessari braut fögnum við því. Ég vil hins vegar láta það koma fram að ég tel að þau fjárlög sem nú hafa verið lögð fram séu að mörgu leyti tímamótafjárlög eins og þau standa. Þar er sú grundvallarstefna mörkuð að taka ekki erlend lán umfram afborganir og afgreiða hallalaus fjárlög. Það er aðalatriðið. Ef væri hægt að ná lengra með sparnaði er því vel tekið að sjálfsögðu.

Hv. þm. Svavar Gestsson hélt því fram að í þjóðhagsáætlun væri gert ráð fyrir jafnvel skertum kaupmætti á næstu árum. Það er rangt. Ég held að það sé á blaðsíðu 17 í þjóðhagsáætlun þar sem skýrt er tekið fram fyrir árið 1986 að miðað við það að hverju er stefnt með samneysluna, að hverju er stefnt m.ö.o. með ríkisútgjöldin í heild, megi gera ráð fyrir að unnt sé að gera nokkuð betur með einkaneysluna. Og einkaneyslan er náttúrlega ekkert annað en kaupmátturinn. Ég hef orðað það svo að ef tekst að standa við það sem þarna er lagt fram, sem öll áhersla verður lögð á, á að vera hægt að auka kaupmáttinn nokkuð þótt það sé sett sem meginmarkmið að lækka skuldirnar. (**SvG:** Kaupmátt kauptaxta eða ráðstöfunartekna?) Kaupmátt kauptaxta. (**SvG:** Kaupmátt kauptaxta?) Já.

Ég geri ekki ráð fyrir að unnt verði að ná viðskiptahallalausum þjóðarbúskap á næsta ári eða jafnvel næstu tveimur árum. Ég held að það verði of mikið og erfitt átak með tilliti til kaupmáttarins. Hins vegar eru vitanlega leiðir sem geta tryggt meiri árangur. Fyrst og fremst meiri sparnaður í þjóðfélaginu. Og sem betur fer þá horfir til þess. Sparnaður hefur aukist og ef hann heldur áfram að aukast er hægt að ná meiri árangri.

Það er alrangt, sem hér kom fram, að þjóðhagsáætlun og fjárlög séu marklaus plögg. Ég man reyndar ekki eftir neinu ári þar sem eitthvað hefur ekki brugðið út af þjóðhagsáætlun. Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að aldrei hafi verið lögð meiri vinna í það að vanda til þjóðhagsáætlunar en nú og þá reyndar lengra fram í tímann en nokkru sinni fyrr hefur verið gert. Ég held að enginn harmi ef hægt er að ná meiri og betri árangri en þar er gert ráð fyrir. Hins vegar hefur öllum forsendum þjóðhagsáætlunar verið stillt þannig að farið er varlega í dæmið, eins og t.d. með viðskiptakjör og fleira erlendis sem er auðvitað byggt á erlendum spám o.s.frv.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja þessar umræður. Það er ýmislegt sem hefur komið hér fram sem mætti vissulega ræða um. En um það sem var aðalefni þessa fundar, þær breytingar sem orðið hafa á ráðherraliði Sjálfstfl., hef ég ekki heyrt nokkurn skapaðan hlut sem ég þarf að fjalla um hér og nú.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal nú í upphafi þings brýnt fyrir þingnefndum að láta ekki dragast að láta fara fram verkaskiptingu í nefndum. Það liggur ekki fleira fyrir þessum fundi. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Sá fundur verður annað kvöld, útvarpsumræður um stefnuræðu forsætisráðherra.

Sameinað þing, 4. fundur.

Fimmtudaginn 17. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umræðan fer þannig fram að umferðir verða tvær. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að 30 mínútur og þingflokkar annarra en forsrh. 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Samtök um kvennalista og Bandalag jafnaðarmanna.

Ræðumenn verða þessir: Af hálfu Framsfl. talar auk forsrh. í fyrri umferð Halldór Ásgrímsson sjútvrh. í síðari umferð. Fyrir Alþb. talar Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., í fyrri umferð og Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., í þeirri síðari. Ræðumenn Alþfl. verða Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., og Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., í fyrri umferð og Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu Sjálfstfl. talar Þorsteinn Pálsson fjmrh. í fyrri umferð og Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir Samtök um kvennalista

talar Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., og Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., í fyrri umferð og Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., í þeirri síðari. Ræðumenn Bandalags jafnaðarmanna verða Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm., og Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., í fyrri umferð og Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm., í síðari umferð.

Hefst nú umræðan.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Stefnuræðu þeirri, sem ég nú flyt, var eins og lög gera ráð fyrir dreift til þm. með viku fyrirvara; henni var dreift sem trúnaðarmáli. Engu að síður hafa birst úr henni glefsur í dagblöðum. Mér er ljóst að langflestum er treystandi fyrir slíku máli, en þykir ákaflega leitt að það er ekki unnt að segja um alla og slæmt er ef hverfa verður frá þeim sið að dreifa ræðunni fyrir fundinn.

Í þjóðhagsáætlun þeirri, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, er kynnt áætlun ríkisstj. í efnahagsmálum fyrir árin 1986 og 1987 ásamt horfum 1988. Það er nýbreytni og er gert í þeirri von að þannig megi skapa ramma um efnahagsþróun til lengri tíma en gert hefur verið áður. Fjölmörg atriði efnahags- og atvinnumála eru þess eðlis að sá árangur sem að er stefnt næst ekki á einu til tveimur árum; áætlun til lengri tíma er því mikilvæg. Þessi áætlun markar einnig kaflaskil í starfi stjórnarinnar. Í upphafi kjörtímabilsins beindust aðgerðir að því að hemja óðaverðbólgu og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Í þeim efnum hefur náðst mikill árangur. Efnahagslífið er ekki lengur í þeirri hættu sem það var. Betra jafnvægi gefur svigrúm til að einbeita kröftunum nú að því viðfangsefni að auka þjóðartekjur, bæta lífskjör og lækka erlendar skuldir. Þetta eru verkefni sem ekki verða unnin á skömmum tíma. Því er jafnframt nauðsynlegt að marka efnahagsstefnu til nokkurra ára.

Ég mun í ræðu minni leggja áherslu á að ræða þróun efnahagsmála undanfarið og skýra stefnu ríkisstj. og þau meginmarkmið sem til grundvallar liggja. Með stefnuræðunni fylgja upplýsingar frá einstökum ráðuneytum um þau atriði sem þau á næsta ári munu leggja áherslu á. Við flutning ræðunnar mun ég hins vegar fyrst og fremst fjalla um þau atriði sem tengjast efnahagsmálum.

Á árinu 1983 og á fyrri hluta ársins 1984 náðist mjög mikilvægur og ómetanlegur árangur í viðureigninni við verðbólguna. Hún var færð úr 130 niður í um 20%. Með því var komið í veg fyrir stöðvun atvinnulífs og atvinnuleysi. Þetta er óþarft að rekja, það þekkir alþjóð. Þessi árangur náðist ekki síst fyrir góðan skilning almennings á nauðsyn harðra aðgerða í efnahagsmálum.

Samningar um kaup og kjör í febrúar 1984 voru innan ramma efnahagsstefnunnar og stuðluðu að framhaldi hagstæðrar þróunar efnahagsmála. Það sama verður því miður ekki sagt um samningana sem gerðir voru að hausti sama ár. Þeir leiddu til peningalaunahækkana sem voru langt umfram það sem þjóðarframleiðslan bar. Afleiðingin varð verðbólgualda í upphafi þessa árs sem náði um það bil 60% miðað við heilt ár þegar hún var mest. Þessi verðbólga hjaðnaði hins vegar ört og var s.l. vor mjög farin að nálgast það sem hún var fyrir samningana. Samningar á vinnumarkaði í júní s.l. voru raunhæfari. Þegar í upphafi var þó ljóst að verðbólga mundi á ný aukast nokkuð þó að þess væri hins vegar vænst að hún lækkaði aftur í um 20% í lok ársins. Þegar við gerð samninganna var af ýmsum talið að sú hækkun á raungengi íslensku krónunnar, sem þar var gert ráð fyrir, legði þyngri byrðir á sjávarútveginn en hann gæti með góðu móti staðið undir. Auk þess voru verðbreytingum sett mjög þröng mörk. Ljóst er nú að þau verðlagsmörk, sem lögð voru til grundvallar í þessum samningum, munu ekki halda. Breyttar ytri aðstæður valda þar miklu um, en einnig hefur þróun innanlands haft áhrif. Í samræmi við það sem ég sagði strax eftir samningana hefur ríkisstj. þó haft fullan hug á að gera það sem í hennar valdi stendur til þess að markmið samninganna héldu.

Það er staðreynd þótt verðlagsmörk hafi af ýmsum ástæðum, sem ég mun rekja hér á eftir, ekki staðist að kaupmáttur ráðstöfunartekna verður nú á síðasta ársfjórðungi í raun meiri en gert var ráð fyrir þegar samningarnir voru gerðir. Frá gerð samninganna í júní s.l. hafa orðið miklar breytingar á gengi gjaldmiðla sem eru okkur Íslendingum ákaflega óhagstæðar. Gengisfall dollarans hefur veikt rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna, einkum sjávarútvegs, en hækkun Evrópugjaldmiðla hefur hins vegar leitt til þess að innflutningur hefur hækkað í verði umfram það sem áður var gert ráð fyrir. Það kemur að sjálfsögðu fram sem aukin verðbólga innanlands. Til þess að sporna gegn enn meiri verðhækkunum hefur ríkisstj. þó ekki talið fært að láta krónuna fylgja falli dollarans. Frá sjónarmiði fiskvinnslunnar orkar slíkt tvímælis, einkum eftir síðustu fiskverðshækkun, og verður varla kleift ef dollarinn heldur áfram að falla. En þannig hefur ríkisstj. þó viljað stuðla að því að sem minnst frávik verði frá þeim verðlagsmörkum sem í samningunum voru sett.

Aðhaldssamri stefnu í gengismálum mun verða fylgt áfram. Því verður hins vegar ekki neitað að þenslan innanlands einkum á höfuðborgarsvæðinu hefur leitt til umtalsverðs launaskriðs og haft áhrif til hækkunar verðlags. Í þessu efni skipta halli á ríkissjóði og erlendar lántökur miklu máli. Það er þó mikill misskilningur að rekstrarhalli ríkissjóðs einn ráði þenslunni eins og mátt hefur skilja á sumum talsmönnum atvinnuveganna. Henni valda margir samtengdir þættir, m.a. einnig mikil fjárfesting einstaklinga og atvinnuvega, launasamningar og of lítill sparnaður; úr þenslunni verður því að draga með fjölþættu átaki.

Þrátt fyrir þetta gerir þjóðhagsáætlun ráð fyrir að verðbólgan muni á ný fara hjaðnandi á síðustu mánuðum þessa árs og verði í árslok rúmlega 20% á ársgrundvelli. Óstöðugleiki dollarans, sem veldur útflutningsatvinnuvegunum miklum vandræðum, skapar þó ærna óvissu í þessu sambandi og gera má ráð fyrir að nýlegar launahækkanir hækki þessa lokatölu ársins um eins og 2%.

Þótt kaupmáttur kauptaxta verði á síðustu mánuðum þessa árs lítið eitt lægri en hann var á fjórða ársfjórðungi 1983 er þó gert ráð fyrir að kaupmáttur á árinu í heild, á þennan mælikvarða, verði sá sami og á fjórða ársfjórðungi 1983. Við þann kaupmátt var miðað við gerð síðustu kjarasamninga. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann mun hins vegar eins og fyrr er sagt aukast verulega. Áætlað er að hann aukist um 4,5% í ár; verður kaupmáttur þá 6% meiri á síðari hluta þessa árs en hann var á fjórða ársfjórðungi 1983. Þetta verður að sjálfsögðu að hafa í huga þegar árangur kjarasamning-

anna er metinn.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs var áætlað að rekstrarhalli ríkissjóðs yrði um 700 milljónir króna sem er litlu hærri upphæð en rekstrarafgangur varð á árinu 1984. Þetta hefur því miður brugðist. Nú er talið að rekstrarhalli verði um 1,8 milljarðar króna. Að sjálfsögðu eru ýmsar skýringar á þessum stóraukna rekstrarhalla. Þyngst vega þeir launasamningar sem gerðir voru s.l. vor. Launagreiðslur ríkissjóðs hækkuðu vegna þeirra um nálægt því 800 milljónir króna á þessu ári. Auk þess hækkuðu ýmsar greiðslur, sem eru beint tengdar launum, svo sem tryggingabætur hvers konar, um 4—500 milljónir króna í kjölfar kjarasamninganna. Vaxtagreiðslur til Seðlabankans verða einnig mun meiri en áætlað var. Vegna minni innflutnings hátollavarnings, t.d. bifreiða, hafa tollatekjur ríkissjóðs orðið talsvert minni en gert var ráð fyrir. Að sjálfsögðu hefur meiri verðbólga en að var stefnt einnig valdið hækkun á rekstrarútgjöldum.

Við gerð fjárlaga og lánsfjáráætlunar var ætlað að erlendar lántökur ríkissjóðs yrðu um 3700 milljónir króna. Rekstrarhalla þessa árs verður að svo komnu ekki mætt á annan hátt en með yfirdrætti Seðlabanka sem þýðir annaðhvort versnandi gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins eða meiri erlendar lántökur sem hallanum nemur. Í því þensluástandi sem nú ríkir hefði að sjálfsögðu verið mikilvægt að ná rekstrarhallalausum ríkisbúskap. Æskilegt hefði verið að draga úr rekstrarútgjöldum sem nam hækkun launa og öðru því sem að framan var talið. Margendurtekin reynsla sýnir hins vegar að mjög erfitt er að ná slíkum samdrætti þegar komið er fram á mitt ár. Langhæstu útgjaldaliðir fjárlaga eru heilsugæslu-, trygginga- og menntamál. Í þeim málaflokkum vega laun og bætur til ellilífeyrisþega mjög þungt. Þegar almenn launahækkun verður í landinu er því erfitt ef ekki útilokað á miðju ári að ná samdrætti í slíkum málaflokkum. Svipað má reyndar segja um flesta aðra málaflokka sem þegar á miðju ári eru bundnir í samningum að miklu leyti. Þensluáhrifum hallans á þessu ári verður því ekki eytt í bráð með beinum ráðstöfunum.

Úr framkvæmdum á vegum hins opinbera hefur hins vegar verið dregið á undanförnum árum. Árið 1984 nam samdrátturinn 1,1%, 1985 tæpum 8% og loks er gert ráð fyrir 4,1% samdrætti opinberra framkvæmda á næsta ári. Þetta er í samræmi við þá stefnu ríkisstj. að draga úr opinberum umsvifum nú í því skyni að skapa eins mikið svigrúm og unnt er fyrir aukinn kaupmátt launa og til fjárfestingar í atvinnulífinu á meðan staðan er svo þröng. Í opinberri fjárfestingu getur því vart orðið um miklu meiri samdrátt að ræða. Þegar svo er komið málum að ekki er unnt að draga úr útgjöldum hins opinbera án alvarlegra afleiðinga fyrir þá þjónustu sem veitt er eru auknar tekjur ríkissjóðs helsta leiðin til þess að ná hallalausum ríkisbúskap. Að vísu kæmi til greina innlend fjáröflun með aukinni skuldabréfaútgáfu; sú leið felur aftur á móti í sér hækkun á vöxtum a.m.k. tímabundið. Stjórnarflokkarnir töldu hins vegar hvorki fært að hækka skatta né gera ráðstafanir á miðju ári sem líklega hefðu leitt til verulegrar hækkunar á vöxtum.

Á árunum 1979 til ársloka 1983 hækkuðu erlendar skuldir þjóðarinnar úr 28 milljörðum króna í 51 milljarð á verðlagi ársins 1985 eða úr 31% í 51,3% landsframleiðslu. Þessa miklu aukningu erlendra skulda má rekja til olíukreppunnar 1978 og 1979, sem leiddi til þreföldunar á verði olíu, kreppunnar í sjávarútvegi á árunum 1981 til 1983 þegar verðmæti sjávarafurða féll um 17% auk mikillar hækkunar á vöxtum erlendis. Þetta kom fram í miklum viðskiptahalla, m.ö.o. stórauknum útgjöldum og minni tekjum var ekki mætt með nauðsynlegum samdrætti innanlands.

Á s.l. tveimur árum hefur tekist að draga mjög úr aukningu erlendra skulda. Um síðustu áramót voru erlendar skuldir 52,2% en eru um næstu áramót taldar verða um 53% landsframleiðslu. Sem hlutfall af útflutningsverðmæti hafa þær hækkað óverulega úr 122,5 í 123% samkvæmt síðustu spá.

Vaxtagreiðslur af lengri erlendum skuldum munu í ár verða um 5400 milljónir króna sem er 11,5% útflutningstekna þjóðarinnar. Greiðslubyrði vegna erlendra lána nemur samtals 21% útflutningstekna 1985. Þótt það sé vel innan við helmingur af greiðslubyrði þeirra þjóða sem verst standa að þessu leyti er lækkun erlendra skulda orðin eitt mikilvægasta markmiðið í efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar. Þeir milljarðar sem renna til erlendra fjármagnseigenda í vaxtagreiðslum verða ekki nýttir til þess að bæta kjör fólks eða til mikilvægra fjárfestinga innanlands. Á meðan vextir erlendis eru jafnháir og þeir eru nú er líklega engin fjárfesting arðmeiri í raun en lækkun erlendra skulda. Það er því eitt meginmarkmið þessarar ríkisstj. að erlendar skuldir þjóðarinnar lækki á næstu árum.

Þau lög sem samþykkt voru á síðasta Alþingi um framleiðslu landbúnaðarafurða og fleira hafa þegar sannað mikilvægi sitt. Tekist hafa samningar við bændur um minnkandi framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða. Er full ástæða til að ætla að þeim megintilgangi laganna verði náð að takmarka þessa framleiðslu sem næst við innanlandsþarfir og hrinda á sama tíma í framkvæmd mikilvægri búháttabreytingu fyrir landbúnaðinn og þjóðarbúið í heild. Mun ríkisstj. leggja mikla áherslu á örugga og farsæla framkvæmd þessara mikilvægu breytinga. Vegna umræðu, sem varð á Alþingi við afgreiðslu þessara laga, er rétt að geta þess að fyrir milligöngu ríkissjóðs mun afurðastöðvum verða gert kleift að greiða bændum að fullu sem næst við afhendingu afurðanna.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Félag íslenskra iðnrekenda safnar hefur staða iðnaðarins almennt verið nokkuð góð. Íslenskur iðnaður hefur verið að eflast á undanförnum árum; útflutningur iðnaðarvöru nam um 28% af heildarútflutningi á s.l. ári. Til samanburðar má nefna að þessi hlutfallstala var um 20% að meðaltali á tímabilinu 1970 til 1983. Mikilvægt er að þessi þróun haldi áfram. Á það mun verða lögð áhersla.

Álframleiðslan er þó að þessu leyti undantekning. Áliðnaður víðast um heim á í erfiðleikum sem virðast seint ætla að taka enda. Viðræðum um kísilmálmverksmiðju og stækkun álbræðslunnar verður þó haldið áfram. Sá áhugi á þátttöku í álbræðslunni í Straumsvík, sem fram hefur komið hjá Kínverjum, er sérstaklega athyglisverður. Þær viðræður munu hefjast í nóvember. Rétt var þó talið að hægja á virkjunarframkvæmdum við Blöndu, enda hefur orkunotkun ekki aukist jafnmikið og spáð var.

Eins og fyrr ræður staða sjávarútvegsins mestu um

afkomu hins íslenska þjóðarbús. Afkoma sjávarútvegs hefur verið breytileg. Staða útgerðarinnar hefur yfirleitt verið erfið, þó ætla megi að hún hafi eitthvað skánað, og fiskvinnslustöðva mjög misjöfn. Mörgum fiskvinnslufyrirtækjum hefur tekist að aðlagast ótrúlega vel breyttum aðstæðum bæði innanlands og ekki síður á erlendum mörkuðum og ná umtalsverðri framleiðniaukningu. Ákaflega mikilvægt er að leita allra leiða til þess að bæta afkomu sjávarútvegs og fiskvinnslu með öðru en lækkun gengis. Ríkisstj. er reiðubúin til samstarfs um slíkt, m.a. með því að útvega fjármagn til tæknivæðingar og hagræðingar sem gerir fiskvinnslufyrirtækjum kleift að greiða hærri laun og fá nægilegt vinnuafl. Mikil áhersla mun jafnframt verða lögð á að ná samstöðu um fiskveiðistefnu sem stuðli bæði að hæfilegri veiði og hagræði í veiðum og vinnslu.

Nýsköpun í íslensku atvinnulífi er þegar orðin umtalsverð. Í landbúnaði hefur stórátak verið gert, einkum í loðdýrarækt, og áhugi á fiskeldi er afar mikill; á því sviði eru stórar áætlanir gerðar og framkvæmdir hafnar. Ef vel tekst er það sannfæring mín að fiskeldi muni verða mjög mikilvæg máttarstoð í íslensku efnahagslífi. Því taldi ríkisstj. rétt að gera sérstaka undantekningu og leyfa meiri erlenda fjármögnun fiskeldis en almennt hefur verið talið eðlilegt. Á s.l. sumri skipaði ég jafnframt nefnd til þess að gera tillögur um eflingu og skipuleg fiskeldis.

Í rafeindaiðnaði ýmiss konar hefur einnig orðið verulegur vöxtur sem lofar góðu. Hafa sýningar íslenskra fyrirtækja erlendis vakið verðskuldaða athygli og leitt til útflutnings. Útflutningur á þekkingu er hafinn, m.a. á sviði jarðhitaleitar og -nýtingar. Mér segir svo hugur um að á þeim sviðum geti orðið veruleg umsvif. Ríkisstj. mun í stefnu sinni leggja mikla áherslu á að efla og styrkja slíka vaxtarbrodda íslensks atvinnulífs. Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að undirstrika að mikilvægasta skilyrði árangursríkrar nýsköpunar í atvinnulífi er viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum. Verði starfsskilyrði óstöðug, verði kollsteypur verðlags og gengis á ný reglubundinn þáttur í íslensku efnahagslífi, fer kraftur atvinnulífsins fyrst og fremst í daglega baráttu við að halda starfseminni gangandi en ekki þá uppbyggingu sem er forsenda bættra lífskjara.

Auk þess að leggja áherslu á að skapa stöðug starfsskilyrði hefur ríkisstj. beitt sér fyrir margvíslegum beinum ráðstöfunum til að örva nýsköpun. Þar á meðal vil ég nefna stofnun Þróunarfélags Íslands, styrki til rannsókna og þróunarstarfsemi, niðurfellingu gjalda af fjárfestingu, fjárútvegun til fjárfestinga vegna nýsköpunar í atvinnulífi og rýmri heimildir fyrir atvinnuvegina til erlendrar lántöku. Þessu átaki mun verða haldið áfram.

Með nokkuð hækkandi verðbólgu hafa nafnvextir að sjálfsögðu hækkað. Raunvöxtum hefur hins vegar verið haldið föstum; þeir eru 4—5% af verðtryggðum bréfum. Því verður þó ekki neitað að eftirspurn eftir fjármagni er mjög mikil og hefur leitt til þess að mikið er selt af skuldabréfum með miklum afföllum á opnum markaði. Um þá starfsemi er nauðsynlegt að setja lög og reglur. Það er ráðgert á þessu þingi.

Þrátt fyrir fjármagnsskort er gert ráð fyrir að innstæður í bönkum aukist um 45% í ár á sama tíma og verðlagsbreytingar eru áætlaðar rétt rúmlega 30%. Innstæður í bönkum munu samkvæmt áætlun nema 30% landsframleiðslu í ár samanborið við um 27% á síðasta ári. Þetta hlutfall hefur ekki verið hærra frá árinu 1972. Þessa mjög svo jákvæðu þróun ber að örva.

Þeirri stefnu sem fylgt hefur verið í utanríkismálum mun verða haldið óbreyttri. Í samræmi við samþykkt Alþingis mun ríkisstj. á alþjóðlegum vettvangi leggja áherslu á gagnkvæma afvopnun undir ströngu og öruggu eftirliti. Í ráði er að auka starfsemi sendiráða á sviði utanríkisviðskipta. Þannig verður sú aðstaða sem fyrir hendi er nýtt í þágu útflutningsframleiðslunnar.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls hefur ríkisstj. látið vinna efnahagsáætlun til þriggja ára. Þar kemur fram sú stefna í efnahagsmálum sem ríkisstj. mun fylgja það sem eftir er kjörtímabilsins. Margt af því sem að er unnið mun þó ekki bera fullan árangur nema á lengri tíma. Því var talið rétt að sýna hvers árangurs megi vænta ef fylgt verður áfram í grundvallaratriðum svipaðri stefnu í efnahagsmálum. Með þessu er þess vænst að takast megi að skapa þann ramma um efnahagsmál þjóðarinnar sem tryggi að eftirgreind meginmarkmið náist.

Lækkun erlendra skulda verður að mati ríkisstj. óhjákvæmilegt meginmarkmið í efnahagsmálum þjóðarinnar næstu árin. Jafnframt er nauðsynlegt að leggja áherslu á að hjöðnun verðbólgu haldi áfram. Þetta ber að gera með aðhaldi á öllum sviðum án þess þó að til atvinnuleysis komi og með aukinni framleiðslu. Stefna sem þessi er að sjálfsögðu annars vegar háð þróun sjávarútvegs hér á landi og hins vegar efnahagsmálum í helstu viðskiptalöndum okkar. Þótt slíkir þættir breytist til hins verra er það skoðun ríkisstj. að ekki megi slaka á því meginmarkmiði að lækka erlendar skuldir.

Í umræddri áætlun er gert ráð fyrir því að viðskiptakjör haldist í meginatriðum óbreytt næstu þrjú árin þótt gengi dollarans lækki en Evrópugjaldmiðla hækki. Jafnframt er gengið út frá því að vextir lækki nokkuð. Ein mikilvægasta forsendan er að sjálfsögðu áætlun um aukinn útflutning; byggt er á 5% árlegri aukningu næstu þrjú árin. Í því sambandi er gert ráð fyrir að aflaverðmæti aukist heldur minna eða um 4 eða 5% á ári. Til þess að ná til fulls 5% verður útflutningur annarra greina að aukast meira. Í því efni eru vonir m.a. bundnar við iðnað, ekki síst nýjar framleiðslugreinar og þjónustuútflutning hvers konar.

Ekki er síður mikilvægt að fjármál ríkissjóðs verði í samræmi við umræddа áætlun. Því er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir að erlendar lántökur á vegum hins opinbera verði á árinu 1986 ekki umfram afborganir og að fjárlög verði hallalaus. Þetta er hvort tveggja ófrávíkjanlegar forsendur fyrir því að sá árangur megi nást sem stefnt er að með þjóðhagsáætlun. Frá þeim verður ekki vikið. Jafnframt hefur ríkisstj., eins og fyrr er rakið, lagt drög að því við gerð frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 að fjárfesting á vegum hins opinbera dragist nokkuð saman. Einnig er lögð áhersla á að samneysla aukist ekki frá því sem hún er nú. Með þessu móti er stefnt að því að gefa eins mikið svigrúm og unnt er til að verja lífskjörin með því að halda opinberri fjárfestingu í lágmarki, en einnig leitast við að veita atvinnuvegunum sjálfum meira svigrúm til fjárfestingar, þannig að hagvexti í framtíðinni verði ekki stefnt í tvísýnu og unnt verði að halda eins miklum kaupmætti og þjóðarbúið þolir.

Þrátt fyrir það sem ég hef lýst og jafnvel þótt lagt sé

til grundvallar að þjóðarútgjöld aukist aðeins um 1% á ári næstu árin í stað 3% s.l. tvö ár, eða m.ö.o. standi í stað á mann, næst ekki viðskiptajöfnuður á næsta ári og reyndar vart fyrr en á árinu 1988. Því valda hinar miklu erlendu vaxtagreiðslur. Á þessum forsendum er áætlað að viðskiptahalli, sem er talinn verða 4,5% landsframleiðslu í ár, verði 3,5% 1986, 2% 1987 en jöfnuður náist 1988. Áætlað er að erlendar skuldir þjóðarinnar, sem um næstu áramót eru taldar verða 53% landsframleiðslu, hækki í 54% 1986 en lækki í 52,5% 1987 og 49% 1988. Sem hlutfall af útflutningsframleiðslu eru þær taldar munu lækka úr 122,5% í ár í 107% 1988.

Ýmsum kann að virðast árangur sem þessi of lítill. Viðskiptajöfnuður og lækkun erlendra skulda þegar á næsta ári mun hins vegar ekki nást nema dregið verði verulega úr þjóðarútgjöldum. Fjárfesting telst í ár vera 22% þjóðarútgjalda og hefur lækkað úr 26% að meðaltali á s.l. tíu árum. Samneysla mun vera um 18%. Bróðurparturinn, eða um 60%, telst vera einkaneysla. Miðað við þá áherslu sem leggja verður á að auka framleiðsluna, ekki síst til útflutnings, er vafasamt að draga frekar úr heildarfjárfestingu í landinu. Á það einkum við um atvinnuvegina, enda gæti slíkt leitt til atvinnuleysis.

Vafalaust má spara eitthvað í samneyslunni með því að fara betur með fjármuni. Hins vegar dreg ég í efa að meiri hluti þjóðarinnar kjósi að draga svo um muni úr því jafnræði og öryggi sem þegnum landsins er nú tryggt í menntun, heilsugæslu og tryggingum og það er ekki ætlun stjórnarflokkanna. Þetta eru hins vegar hinir stóru útgjaldaliðir samneyslunnar. Fullur viðskiptajöfnuður mun því vart nást á næsta ári nema dregið sé úr stærsta lið þjóðarútgjaldanna, einkaneyslunni.

Ég tel óraunhæft að gera ráð fyrir því að draga megi úr einkaneyslu með lækkun kaupmáttar. Ég hygg að öllum megi vera ljóst að sú muni ekki verða niðurstaðan í frjálsum samningum um kaup og kjör. Hins vegar er sjálfsagt að leita annarra leiða til að draga sem mest úr viðskiptahalla. Fyrir utan sparnað í ríkisrekstri er raunhæfasta og skynsamlegasta leiðin til að ná meiri árangri vafalaust aukinn sparnaður almennings. Með þeim raunvöxtum sem greiddir eru af sparifé hefur þjóðin það töluvert í hendi sér.

Stjórnarflokkarnir hafa jafnframt ákveðið að leita leiða til að draga enn frekar úr ríkisútgjöldum þannig að sem minnst viðbótarskattheimta verði nauðsynleg til að tryggja hallalaus fjárlög. Með því móti kann jafnframt að verða unnt að draga enn frekar úr viðskiptahalla á næsta ári.

Óhjákvæmilegt er orðið að endurskoða allt tekjukerfi ríkissjóðs. Í samræmi við samþykkt Alþingis mun tekjuskattur verða lækkaður nokkuð á næsta ári, einkum á lægri tekjur. Mjög brýnni endurskoðun tolla, sem að hefur verið unnið árum saman, er nú lokið. Frv. að nýjum tollalögum mun verða lagt fram í upphafi þessa þings. Þetta leiðir hvort tveggja til lækkunar á tekjum ríkissjóðs. Við núverandi aðstæður er óhjákvæmilegt að mæta slíku tekjutapi með hækkun óbeinna skatta.

Það er einnig staðreynd að söluskattskerfið með fjölda undanþága og endurgreiðslum til útflutningsatvinnuveganna er orðið afar erfitt í framkvæmd. Að mati ríkisstj. verður vart úr þessu bætt nema með því að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Frv. um virðisaukaskatt mun því verða lagt fram enn á þessu þingi. Ráðstafanir munu jafnframt verða gerðar til þess að slíkur skattur hafi sem minnst áhrif á framfærslukostnað heimilanna.

Loks mun enn verða leitað leiða til að bæta innheimtu opinberra gjalda. Það er lágmarkskrafa að allir taki eðlilegan þátt í rekstri þjóðarbúsins.

Það er að sjálfsögðu undir ýmsu komið hvort sú áætlun í efnahagsmálum, sem ég hef lýst, nær fram að ganga. M.a. er mikið aðhald í fjármálum ríkissjóðs nauðsynlegt og forðast verður erlendar lántökur svo sem unnt er. Ríkisstj. mun gera sitt til þess að svo verði.

Ekki er síður mikilvægt að samningar um kaup og kjör verði innan þess ramma sem áætlunin markar. Samningar umfram greiðslugetu þjóðarbúsins geta aðeins leitt til þess að ný verðbólgualda ríði yfir og erlendar skuldir aukist. Það mundi stofna efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða. Það kýs enginn Íslendingur. Ég hef því þegar kvatt fulltrúa atvinnuvega og launþega á minn fund og gert þeim grein fyrir umræddri áætlun í efnahagsmálum. Hef ég tjáð þeim að ríkisstj. sé reiðubúin til að stuðla að því, eins og á hennar valdi er, að samningar megi takast sem tryggja hag launþega og um leið hin mikilvægu markmið um lækkun erlendra skulda, hjöðnun verðbólgu, fulla atvinnu og jafnvægi í efnahagsmálum án þess að skerða kaupmáttinn. Ég geri ráð fyrir því að þessar umræður muni halda áfram næstu vikur.

Góðir Íslendingar. Með þeirri stefnu, sem ég hef lýst, er brotið blað í stjórn efnahagsmála. Spilin eru lögð á borðið fyrir alþjóð að skoða. Leitast er við að rata hinn gullna meðalveg. Það er þröngur stígur og má lítið út af bera ef hann á ekki að verða ófær. Því er mikilvægt að vel megi takast. Um það þarf þjóðin að sameinast. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti, góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. sagði hér m.a. áðan að ríkisstj. hefði náð miklum árangri. Ég skal fúslega viðurkenna að á einu sviði hefur ríkisstj. náð ótrúlegum árangri. Henni hefur tekist það ætlunarverk sitt að lækka kaupmátt launa um fjórðung. Því miður hefur henni heppnast að keyra launakjör langt niður fyrir það lífskjarastig sem verið hefur hér á landi í einn og hálfan áratug. Þetta var ætlun þeirra og þetta hefur þeim tekist.

Í krafti gerræðisins að viðhalda verðtryggingu á öllum sviðum nema í launamálum — í krafti ósvífninnar að láta hvers konar efnahagsstærðir æða stöðugt upp á við, vöruverð og vexti, skatta og skuldir eða gengi á erlendum gjaldeyri, meðan launin liggja eftir óverðtryggð — í krafti þessarar dæmalausu svikamyllu hefur þeim veist með ólíkindum auðvelt að gera ávinninga kjarasamninga að engu fljótlega eftir að þeir hafa verið gerðir.

Gengisfellingin mikla í kjölfar kjarasamninga fyrir rúmu ári var tvímælalaust hefndaraðgerð. Ríkisstj. felldi gengið miklu harkalegar og miklu fyrr en unnt var að rökstyðja með efnahagslegum rökum. Þetta var pólitísk aðgerð beinlínis gerð í þeim tilgangi að hefna sín á samtökum launamanna og reyna að læða því inn hjá fólki að kjarabarátta borgi sig ekki.

Það verður líka að viðurkenna í fullri hreinskilni að þessi pólitíska hefndaraðgerð náði að vissu leyti tilgangi sínum. Launafólk hefur mætt þessum árásum á kjör sín með ótrúlegu jafnaðargeði og veitt ríkisstj. fullan

starfsfrið í tvö ár til að viðhalda einhverri mestu kjaraskerðingu sem verkalýðshreyfing á Vesturlöndum hefur orðið að þola seinustu áratugi.

Hitt er svo allt annað mál hvenær þolinmæði fólks er endanlega þrotin. Býsna margir hafa trúað því og treyst að fórnir almennings mundu skila nokkrum árangri í efnahagsmálum og verða þjóðarheildinni til gagns. En nú er sú von brostin. Eða hvernig hefur til tekist á öðrum sviðum efnahagsmála? Öllum er ljóst að miklar fórnir almennings hafa ekki orðið til að eyða verðbólgunni. Hún er áfram mjög mikil, eða 30—40% miðað við 50—60% að meðaltali í tíð seinustu stjórnar. Það er bitamunur en ekki fjár og breytir engu.

Þrátt fyrir mikinn samdrátt og sparnað á flestum heimilum svo að víða jaðrar við neyðarástand er heildarstaða þjóðarinnar út á við engu betri en áður var. Þó hafa þjóðartekjur stóraukist seinustu tvö árin. Fyrir tveimur árum var heildarafli landsmanna um 840 þúsund tonn en verður 1540 þúsund tonn á þessu ári skv. opinberri spá. Aukningin í tonnum er rúm 80%. Á sama tíma versna lífskjör almennings um fjórðung og erlend lán í hlutfalli við þjóðartekjur aukast um nálægt 30%. Þar á ofan bætist að ríkissjóður, sameignarsjóður landsmanna, er rekinn með bullandi halla, meiri en dæmi eru áður til um.

Hvað veldur þessum ósköpum? Er ekki tími til kominn að stuðningsmenn þessarar stjórnar fari að hugsa sinn gang? Eða hvað veldur því að allt hefur mistekist hjá þessari stjórn nema þetta eina, að lækka launin um fjórðung?

Forsætisráðherra gerði litla tilraun hér áðan til að svara þessari spurningu. Hann unir glaður við sitt. En Sjálfstfl. hafði svarið á reiðum höndum þegar í seinustu viku. Skýringin var fundin: Veslings ráðherrarnir voru í vitlausum stólum! Það var meinið.

Síðan var skipt um stóla. Og formaðurinn, sem fann upp þetta merkilega bjargráð, krækti sér í einn stól í leiðinni. En eftir situr þjóðin og spyr: Voru það mennirnir í stólunum sem brugðust eða var það kannske stefnan?

Staðreyndin er sú, burt séð frá öllum stólum, að núverandi stjórnarsamstarf var byggt á mjög hægri sinnaðri stefnu frá upphafi. Ríkisstj. var mynduð utan um þá gamalkunnu trúarkreddu hægri manna að veruleg kauplækkun sé allra meina bót. Vinnuaflið var lækkað í verði en verðlag á fjármagni hækkað verulega með háum vöxtum og síhækkandi lánskjaravísutölu.

Í kjölfar þessa hafa miklir fjármagnsstraumar átt sér stað. Með kjaraskerðingu hafa nokkrar þúsundir milljóna króna streymt frá launafólki til atvinnurekenda. Með okurvöxtum hefur önnur eins upphæð runnið frá skuldurum til fjármagnseigenda og með skattaívilnunum hafa enn aðrar milljónaþúsundir streymt frá almennum skattgreiðendum til stórfyrirtækja og hlutabréfaeigenda.

Það er þessi stefna sem á sök á því að fórnin, sem almenningur færir, bætir ekki hag þjóðarbúsins í einu eða neinu. Það er þessi stefna, að verðfella vinnuaflið en upphefja fjármagnið, sem veldur því að lífskjör almennings versna stórum á sama tíma og þjóðartekjur aukast. Það er einmitt trúin á það að kauplækkun sé allra meina bót sem er kjarninn í þessari háskalegu hægri kreddu — því að kredda er það. Að vísu er undirrótin hjá þeim þrönga hópi manna sem hagnast persónulega á slíkri stefnu. En hinir eru þó miklu fleiri sem ekki hafa fjárhagslegan hag af þessari kreddu en trúa þó á hana í blindni.

Einu sinni var það talin örugg lækning við öllum meinum að taka mönnum blóð. Þetta var útbreidd trúarkredda skottulækna, að láta sjúklingum blæða og blæða. Og þessu trúðu milljónir manna. Íhaldsstefna ríkisstj. er sama eðlis. Hún gengur einmitt út á að skera og taka mönnum blóð. Hún sér til þess að þeir fitna sem fjármagninu ráða. En hún ber dauðann í sér.

Sannarlega er það háskaleg þróun að íslenskur atvinnurekstur venji sig við að greiða helmingi lægri laun en gert er í nálægum löndum. Ekki hvetur það til hagræðingar þegar vinnuafl er vanmetið og ekki stuðlar það að arðbærum rekstri fyrir þjóðarbúið.

Eins er það skuggaleg þróun þegar launamismunur fer ört vaxandi eins og nú er, af því að almennum launum er haldið niðri en aukagreiðslur og yfirborganir stóraukast.

Það er háskaleg öfugþróun að íbúðarbyggingar skuli vera að stöðvast víða um land af völdum stjórnarstefnunnar af því að fólk þorir ekki að eiga það á hættu að lánin, sem það tekur til að byggja fyrir, verði fljótlega hærri en söluandvirði íbúðanna, eins og þúsundir dæma eru um víðs vegar um land í tíð þessarar stjórnar.

Það er líka mikil hætta á ferðum þegar þannig er stjórnað að meginuppspretta gjaldeyrisöflunar, sjávarútvegurinn, er vanræktur og verður undir í samkeppni við verslun og viðskipti sem blómstra sem aldrei fyrr. Eða svo vitnað sé til leiðara Morgunblaðsins í gær:

„Mikill fólksflótti er brostinn á úr fiskvinnslu og frá fiskvinnsluplássum. Fyrirtæki í sjávarútvegi verða alltaf verr undir það búin að tæknivæðast ... Hætta er á staðbundnu og síðar almennu atvinnuleysi ef sjávarútvegsfyrirtæki stöðvast."

Þetta er ekki hrakspá stjórnarandstæðinga. Takið eftir því. Þetta er viðvörun manna úr innsta hring Sjálfstfl. sem óttast hvert stefnir undir þessari stjórn. Því hvað veldur þessum flótta fólks og fjármagns úr sjávarútveginum? Fyrst og fremst röng stjórnarstefna og rangar áherslur í efnahagsmálum. Aðbúnaður fólks í fiskvinnslu er áberandi lélegur og launakjör slík að flótti hlaut að verða úr þessari undirstöðugrein. Fjármagnskostnaður er sligandi þungur og í engu samræmi við arðsemismöguleika.

En í verslun og viðskiptum er allt annað upp á teningnum. Í nýja miðbænum í Reykjavík er verið að byggja verslunarhús sem þekur 11 000 fermetra svæði eða jafnstórt svæði og hundrað meðalíbúðir. Það er gömul sorgarsaga að forsvarsmenn viðskipta og verslunar hafa löngum átt meiri ítök í valdakerfi landsins en nokkur annar hagsmunahópur. Offjárfesting á þessu sviði, sem nemur þúsundum milljóna króna, hefur skilað þjóðarbúinu sáralitlum arði. Rándýrt bankakerfi og margfalt olíudreifingarkerfi eru einmitt dæmi sem endurspegla ofvöxtinn í viðskiptum og þjónustu. Í tíð núverandi stjórnar hefur þessi vanskapnaður efnahagslífsins magnast verulega enda hefur ríkisstj. markvisst unnið að því að gefa gróðaöflum lausan tauminn í nafni frjálshyggjunnar.

Útlán bankakerfisins eru talandi dæmi um þessa óheillaþróun. Á einu ári, frá því í ágúst í fyrra til ágústmánaðar í ár, hefur útlánaaukning án afurðalána numið tæpum 1000 millj. kr. til sjávarútvegs en 2300

millj. til verslunar á sama tíma.

Gróðinn í þjóðfélaginu liggur sem sagt fyrst og fremst í eyðslunni, þar sem aflafé þjóðarinnar er eytt, en tapreksturinn er í framleiðslunni. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart hve seint og illa gengur undir núverandi stjórn að efla atvinnulíf og stuðla að nýsköpun. Arðbærar atvinnugreinar þróast ekki með eðlilegum hraða miðað við það sem er í nálægum löndum. Því blasir við sú dapurlega staðreynd að Íslendingar eru ekki að vinna sig út úr vandanum um þessar mundir. Frumkvæði og forusta ríkisstj. um eflingu atvinnulífs er varla sjáanleg á neinu sviði. Ekki er verið að byggja nein ný iðnfyrirtæki hvorki stór né smá fyrir forgöngu þessarar ríkisstj.

Ríkisstj. virðist einkum treysta á að erlendir auðmenn standi fyrir nýsköpun íslensks atvinnulífs og fjárfesti hér í „Singapore norðursins", eins og Sverrir Hermannsson kallaði land okkar fyrir nokkrum árum þegar hann bauð ódýra orku og ódýrt vinnuafl Íslendinga til sölu á erlendum mörkuðum. Vonin um nýja álbræðslu útlendinga í Straumsvík er meginskýringin á því að Landsvirkjun hefur haldið uppi framkvæmdum af fullum þunga bæði norðan og sunnan heiða þótt löngu sé orðið ljóst af breyttum orkuspám að Íslendingar hafa ekki þörf fyrir þessa orku í bráð og ekki jafnfljótt og áður var talið.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum ítrekað varað við þessum vanhugsuðu offjárfestingum við afgreiðslu lánsfjáráætlunar tvö undanfarin ár og það sama á við um stjórnarandstöðuna í heild. En ákafi stjórnarliðsins í erlenda stóriðju, sem aldrei mun þó greiða kostnaðarverð fyrir orkuna, veldur því að nú sitjum við uppi með miklar fjárfestingar í orkumannvirkjum sem ekki munu skila arði fyrr en að löngum tíma liðnum.

Ófugþróun íslenskra efnahagsmála stafar ekki af því hvaða íhaldsmaður sat í hvaða stól. Þjóðin þarf nýja stjórnarstefnu, ekki stólaskipti. Lykilatriði umskipta í efnahags- og atvinnumálum er breytt stefna í fjárfestingu, útlánum og vaxtamálum. Lánsfé er takmarkað og verður það áfram. Heildarfjárfestingu landsmanna verður því að stýra af einhverju viti. Marka þarf hóflega vaxtastefnu og stöðva það hömlulausa vaxtaokur, sem nú viðgengst, án þess að vextir verði þar með neikvæðir.

Hæfilegt vaxtastig hefur löngum verið talið þegar fjármagn tvöfaldar raungildi sitt á 20—30 árum. Nú er hins vegar orðið algengt það vaxtastig á verðbréfamarkaði sem hundraðfaldar fjármagn á 30 árum. Slík er breytingin í vaxtamálum á skömmum tíma. Sá sem á 10 millj. kr. og ávaxtar þær á almennum markaði fær nú fimmföld daglaun verkamanna í vexti á ári. Allar þessar tekjur eru skattfrjálsar. Ég spyr: Er nokkur minnsta vitglóra í þvílíku kerfi?

Það er brýnasta viðfangsefni íslenskra efnahagsmála að hækka launin verulega og lækka vextina. Lægri fjármagnskostnaður mun auðvelda fyrirtækjum um land allt að greiða hærri laun. Verulegar umbætur þarf að gera á skattakerfinu. Háar tekjur og miklar eignir á að skattleggja meira en hlífa lægri tekjum. Atvinnurekstur í landinu verður að greiða eðlilegan hluta af sameiginlegum þörfum landsmanna þegar hagnaður er. Núv. ríkisstj. hefur sett svo margar glufur og smugur á gildandi skattalög með ýmiss konar frádráttarheimildum og óhóflegum afskriftum að nú orðið telst til undantekninga að fyrirtæki borgi tekjuskatt. Þetta er meginástæðan fyrir hinu mikla gati í fjárlagadæminu sem ríkisstj. ætlar nú að fylla í með nýjum sköttum á almenning að fjárhæð upp á 1,5 milljarð kr.

Menn fengu prýðilegt sýnishorn fyrir skemmstu af þessu makalausa skattakerfi núv. ríkisstj. þegar fjmrh. seldi hlutabréf ríkisins í Flugleiðum. Bréfin fóru fyrir væna fúlgu, enda mikilvæg eign sem greitt var fullt verð fyrir á sínum tíma og var m.a. tilkomin í tengslum við ábyrgðir og áhættu ríkissjóðs af miklum rekstrarlánum til félagsins auk þess sem ríkið veitti Flugleiðum stórfellda styrki. En hvað fær svo ríkissjóður í sinn hlut við sölu bréfanna? Svarið er: Minna en ekki neitt fyrstu árin, því að skattafrádrátturinn hjá kaupendum verður hærri en greiðslurnar fyrir bréfin.

Annað sýnishorn fengu menn nýlega frá húsnæðismálastjórn við úttekt á framtöldum tekjum húsbyggjenda og kaupenda. Í ljós kom að sjálfstæðir atvinnurekendur reyndust hafa miklu lægri tekjur en einstæðar mæður sem sjálfsagt eru þó margar í þjónustu þeirra.

Ég er ekki með þessum orðum að útiloka skattafslátt til fyrirtækja vegna fjárfestinga sem sannanlega skila þjóðinni einhverju með aukinni framleiðslu, með rannsóknar- og þróunarstarfi eða með bættri aðbúð starfsfólks. En gildandi reglur eru bæði hóflausar og sídlausar gagnvart öðrum skattgreiðendum sem ekki eru í atvinnurekstri.

Sem fyrst þarf að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Það væri þegar komið á ef Alþingi hefði borið gæfu til að samþykkja frv. þess efnis sem seinasta stjórn flutti.

Aftur á móti hlýt ég að vara mjög við virðisaukaskattinum sem bæði kostar margfalda skriffinnsku á við gildandi kerfi og er auk þess mjög óhagstæður fyrir launafólk. Það má ekki gerast að söluskattur eða nokkur samsvarandi skattur verði lagður aftur á matvörur. Það yrði mikill kostnaðarauki fyrir neytendur, einkum barnmargar fjölskyldur, og auk þess sérstakt áfall fyrir íslenskan landbúnað og er þar síst á bætandi.

En ríkisstj. leggur ekki aðeins nýja skatta á almenning til að fylla upp í fjárlagagötin sem hún sjálf hefur búið til. Félagslegar framkvæmdir eru skornar niður í stórum stíl. Skv. fjárlagafrv. er samanlögð fjárhæð til byggingar heilsugæslustöðva, dagvistunarheimila, grunnskóla og hafna aðeins rúmar 300 millj. kr. Það er meira en helmingi lægri upphæð að raungildi en gekk til þessara mála í seinustu stjórn. Reyndar eru þessar 300 millj. kr. nokkurn veginn sama upphæð og rennur til byggingar nýrrar flugstöðvar. Þarna sjá menn forgangsröðun hægri stjórnar í hnotskurn. Flugstöðin fær ekki þetta fé frá íslenskum skattgreiðendum vegna þess að Íslendingum bráðliggi á þessari byggingu umfram allt annað. Flugstöðin er hernaðarmannvirki öðrum þræði eins og flestir vita. Bandaríkjaher áskilur sér rétt til að nota þetta hús ef þörf krefur að eigin mati. Flugstöðin er liður í stórauknum hernaðarframkvæmdum Bandaríkjamanna hér á landi í samræmi við stjórnarstefnuna og undir forustu Geirs Hallgrímssonar sem reyndar nýtur þvílíks dálætis hjá yfirboðurum sínum í Washington að hann var nýlega útnefndur heiðursforseti NATO.

Undanfarna mánuði höfum við Alþýðubandalagsmenn unnið mikið starf að stefnumótun í atvinnumálum. Það er sannfæring okkar að unnt væri að stórauka framleiðslu þjóðarinnar ef gengið væri í það af krafti að

efla atvinnulíf með skipulögðum hætti. Við höfum fjallað ítarlega um hvernig bæta mætti samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar á heimamarkaði, nýta betur sjávarafla og örva nýsköpun, t.d. í upplýsingatækni, rafeindatækni, fiskeldi og líftækni. Þessu starfi höldum við áfram af fullum krafti næstu mánuði, m.a. á komandi landsfundi.

Við vitum að unnt er og óhjákvæmilegt að auka kaupmátt launa verulega á næstu árum, en til þess þarf aðra og skynsamlegri stjórnarstefnu en nú er fylgt. En hvað boðar ríkisstjórnin næstu þrjú ár samkvæmt nýrri þjóðhagsáætlun? Hún boðar óbreytt lífskjör næstu árin — gefur að vísu undir fótinn með 1,5% kaupmáttaraukningu. Stórfelld kjaraskerðing frá sumrinu 1983, sem margir trúðu þá að væri tímabundin uppákoma meðan verðbólgan væri að minnka, á sem sagt að standa áfram í þrjú ár í viðbót ef þessir menn fá að ráða. Það eru miklir glópar sem ímynda sér að fólkið í landinu uni við óbreytt kjör næstu þrjú ár. Þjóðin hefur kynnst leiftursókn Verslunarráðsins og auðhyggju hægri stefnunnar, þessu kalda kerfi gróðans sem engan vanda hefur leyst, aðeins aukið á ójöfnuð milli manna og stétta, og fólk hefur þegar fengið nóg af svo góðu.

Herra forseti. Fyrir rúmri einni öld voru fámennisstjórnir við völd í okkar heimshluta undir forustu valdamikilla konunga, studdar af forréttindahópum og íhaldsöflum síns tíma. Nú er öldin önnur. Við Íslendingar búum við lýðræði með skoðanafrelsi og almennum kosningarrétti eins og flestar nálægar þjóðir og okkur þykir jafnvel furðulegt að fólk skyldi una úreltum þjóðfélagsháttum svo lengi. Þó er þróun þjóðfélagsins í átt til lýðræðis og jafnréttis alls ekki á enda runnin. Enn vantar mikið á að við verði unað. Leifar ójafnaðar blasa hvarvetna við augum í ýmsum myndum. Áreiðanlega kemur þó að því að þessum leifum ólýðræðislegra stjórnarhátta verður varpað á ruslahaug sögunnar. Fyrr en síðar mun það þykja með ólíkindum að til hafi verið stjórnmálaöfl í lok 20. aldar sem gerðu allt sem þau gátu til að auka bilið milli ríkra og fátækra og ætluðust til þess að fjármagnið réði meira en mennirnir.

Fjármagnið er verkfæri í höndum okkar. Það má aldrei deila né drottna. Vinnan skapar verðmætin, hugur okkar og hönd. Í anda þeirra sanninda verður að auka andvirði vinnunnar en meta auðmagnið minna.

— Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. sér ekki ástæðu til að víkja einu orði að fjárhagserfiðleikum heimilanna í sinni stefnuræðu. Ekki orð heldur vegna ógnvekjandi vanda og neyðar þúsunda fjölskyldna sem eru með eigur sína á uppboði vegna þeirrar stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið. Það eina sem forsrh. hefur fram að færa við heimilin eru hótanir, hótanir um að sætti launafólk sig ekki áfram við kaupskerðingu og aukna skattbyrði sé efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í voða.

En þennan boðskap, hæstv. forsrh., þýðir ekki lengur að bera á borð fyrir launafólk. Þú skuldar launafólki skýringu á hrikalegum viðskiptahalla og aukningu erlendra skulda um 13 milljarða í stjórnartíð þinni. Hvað varð um öll verðmætin, þann fjórðung af tekjum heimilanna sem launafólk af þröngum efnum lagði af mörkum til að gera sitt til að minnka erlendar lántökur og halda hriplekri þjóðarskútunni á floti? Ríkisstj. skilur ekki að það eru ekki laun fólksins sem eru að stefna efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða heldur stjórnarstefnan sjálf — eða ætlar forsrh. virkilega að bera það á borð fyrir fiskvinnslukonuna sem ber úr býtum 92 kr. í tímakaup eftir 40 ára starf við verðmætasköpun í þjóðfélaginu að laun hennar stefni efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða eða að 16 000 kr. dagvinnulaun láglaunafólks séu orsök þess vanda sem við er að glíma? Við slík kjör búa um 5000 einstæðar mæður með um 7000 börn á framfæri sínu, einstæðu mæðurnar sem skv. nýlegum upplýsingum greiða skattana fyrir atvinnurekendur.

Þetta eru m.a. konurnar sem vinna að verðmætasköpun í störfum ófaglærðra í þjóðfélaginu og í hefðbundnum kvennastarfsgreinum þar sem flótti er brostinn á vegna vinnuþrældóms og lágra launa. Afleiðingarnar birtast okkur m.a. í skorti á fóstrum á dagvistarheimilum og að fjöldi vistrýma stendur auður í B-álmu Borgarspítalans þrátt fyrir neyðarástand í vistunarmálum aldraðra. Konurnar í láglaunastéttunum geta ekki lifað eftir leikreglum bankastjóranna og ekið um á fríum bílum með launaauka í vasanum og sloppið við að greiða iðgjöld af sínum lífeyri. Samt uppsker iðgjaldafrí bankastjórinn hálfs árs laun ófaglærðu verkakonunnar eða 90 þús. kr. sér til framfærslu og fjárhagslegs öryggis á hverjum einasta mánuði í ellinni. Verkakonan sem samviskusamlega greiðir sín iðgjöld horfir fram á ævikvöldið með 5% af lífeyri bankastjórans sér til framfærslu. Jöfn bankastjóranum stendur hún ekki fyrr en í himnaríki, enda þarf blessaður bankastjórinn aðeins að leggja til hliðar lífeyri sinn í hálfan mánuð til að eiga fyrir sinni útför meðan verkakonan þarf á að halda öllum sínum lífeyri úr lífeyrissjóðnum í heila tíu mánuði til að eiga fyrir sinni útför. Samt hafði forsrh. ekkert við ellilífeyrisþega að tala í sinni stefnuræðu nema nöldra og barma sér sáran yfir því að tryggingabætur gamla fólksins eigi sök á rekstrarhalla ríkissjóðs og hve bætur ellilífeyrisþega vegi þungt í útgjöldum tryggingganna.

Hæstv. forsrh. virðist ekkert eiga vantalað við launafólk nema segja því að spara og herða sultarólina á sama tíma og ríkisreikningur sýnir að risna forsrn. hefur hækkað um 202% milli ára. Slíkt bruðl er auðvitað dýrt spaug ef fjármagna þarf halla ríkissjóðs með erlendum lánum.

Spyrja má líka forsrh.: Hvað á launafólk að spara þegar allt hækkar nema kaupið og dagvinnutekjur nægja ekki fyrir matarreikningi eða húsaskjóli? Kannske var forsrh. að beina orðum sínum um sparnað og aðhald til þeirra þúsunda fjölskyldna sem eru með eigur sínar undir hamrinum og sætt hafa þvílíkri eignaupptöku að í öllum siðuðum löndum væri búið að kippa stólunum tíu undan rassinum á þeim ráðamönnum sem höguðu stjórnarstefnunni með þeim hætti. Ekki einu sinni stólaskipti kæmu til greina.

Lítum á hvernig íhaldið framkvæmir eignastefnu sína. Hún er framkvæmd með eignaupptöku. 400 þús. kr. húsnæðisstjórnarlán, sem í upphafi ríkisstjórnartímabils Steingríms Hermannssonar samsvaraði 47,6 mánaðarlaunum, er í dag orðið 810 þús. kr. eða 49,3 mánaðarlaun þrátt fyrir að greitt hafi verið af því sem samsvarar 5,5 mánaðarlaunum. Eignaupptaka af 400 þús. kr. láni er 7,5 mánaðarlaun verkamanns. Íbúðarkaupandinn hefur til einskis stritað í 7,5 mánuði. Hann situr áfram eignalaus auk þess að hafa tapað 128 þús. kr. að

raungildi.

Við okur- og ránskjarastefnuna bætist síðan að launa- og lífskjör verkafólks á Íslandi eru með þeim lægstu sem þekkjast í Evrópu. Þetta fólk spyr með réttu: Hvað verður um þau miklu verðmæti sem erfiði og strit vinnandi fólks skapa? Hve stór hluti verðmætanna og afraksturs af vinnu launafólks lendir í höndum gróðaaflanna í þjóðfélaginu, gróðaaflanna sem lifa á neyð vinnandi fólks, gróðaaflanna sem lifa í skjóli neðanjarðarhagkerfis, á skuldabréfabraski verðbréfamarkaðarins eða fjármagna sínar lystireisur og lúxuslíf með undandrætti frá skatti?

Ástæða er til að minna á að Alþfl. hefur einn flokka á Alþingi markað skýra stefnu um aðgerðir gegn skattsvikum, en tillögur flokksins voru samþykktar sem ályktun Alþingis vorið 1984 og eru sumar komnar til framkvæmda. M.a. hefur skattaeftirlitið, rannsóknarlögreglan og sakadómur Reykjavíkur fengið aukinn mannafla vegna átaks gegn skattsvikum og efnahagsbrotum.

En hvað er fram undan fyrir heimilin og launþega í landinu? Í fyrstu fjárlögum Alberts Guðmundssonar 1984 voru útgjöld til félagsmála skorin niður um 1100 millj. kr., en fyrir þá upphæð hefði verið hægt að byggja 300—400 íbúðir fyrir láglaunafólk. En áfram er haldið á sömu braut og einkenni fjárlaga aukin skattbyrði heimilanna og niðurskurður til samneyslunnar. Enn einu sinni er sótt að Framkvæmdasjóði fatlaðra sem ekki fær eina krónu í hækkun milli ára. Framlög til dagvistarmála eru skorin niður. Engin aukning verður á framlagi milli ára til húsnæðismála þrátt fyrir að söluskattur hafi verið hækkaður í því skyni að gera sérstakt átak í húsnæðismálum á næsta ári.

Ríkisstj. hefur verið iðin við að veita fyrirtækjum og fjármagnseigendum skattaívilnanir og fríðindi svo hundruðum milljóna skiptir. Nú á að auka skattbyrði heimilanna. Nýjar skattaálögur eru boðaðar í formi vörugjalds, sölugjalds, bensíngjalds og hækkunar á gjaldskrám þjónustufyrirtækja. Tekjuskattslækkunin sem íhaldið lofaði og nota átti sem skiptimynt í samningum við launafólk er meira en tekin aftur í formi neysluskatta sem verst kemur niður á láglaunaheimilunum í landinu. Láglaunafólkið fær það varla bætt gegnum almannatryggingakerfið því framlög til almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs eru lækkuð um 250 millj. kr. milli ára.

Það vekur líka furðu að á sama tíma og fyrrv. fjmrh. fleygir 40 millj. á borðið til að staðgreiða nýja áfengisútsölu í enn einni verslanahöllinni, þá er 1 millj. kr. fjárveiting — 1 millj. kr. fjárveiting — til aðgerða gegn fíkniefnum skorin niður í 675 þús. kr. Slíkur niðurskurður mun leiða til stóraukinna útgjalda til félags- og heilbrigðismála á næstu árum. Hér er um stórt þjóðfélagslegt vandamál að ræða sem skiptir okkur öll máli. Ég skora á ríkisstj. að breyta afstöðu sinni og stórauka framlög til aðgerða gegn fíkniefnamálum í stað þess að skera þau niður. Engin fjölskylda er óhult fyrir þessum vágesti sem ógnar lífi og hamingju fjölda ungmenna og fjölskyldna í landinu og hefur í för með sér stóraukin afbrot í þjóðfélaginu.

Góðir Íslendingar. Ég hef hér sýnt fram á hvernig ráðist hefur verið að samneyslunni og velferð þeirra sem síst skyldi og hvernig fjármagnseigendur og gróðaöflin í þjóðfélaginu vaða uppi og fitna í tíð þessarar ríkisstj. á kostnað launafólks. Formaður Alþfl. mun hér á eftir kynna róttækar umbótatillögur Alþfl. Þær eru lykillinn að jöfnuði í eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og forsenda þess að ná fram þjóðfélagslegu réttlæti og þjóðarsátt um nýjar leiðir til bættra lífskjara. Alþfl. sem forustu- og sameiningarafl jafnaðarmanna og félagshyggjufólks er það sóknarafl sem mun duga til að brjóta á bak aftur framgang frjálshyggjunnar, fjármagnseigenda og íhaldsaflanna sem gert hefur þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari í þessu þjóðfélagi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Við jafnaðarmenn höfum sagt stríð á hendur því spillta verðbólguspilavíti sem stefna tveggja seinustu ríkisstjórna hefur getið af sér. Í okkar augum stendur stríðið ekki um að „verja velferðarríkið". Nú þarf að endurreisa það á grunni trausts atvinnulífs.

Burðarásarnir í okkar stefnu eru þrír:

1) Ný hlutaskipti fyrir sjávarútveg og útflutningsframleiðslu.

2) Jöfnun eigna- og tekjuskiptingar.

3) Samræmdar aðgerðir gegn forréttindum og spillingu nýríkrar yfirstéttar.

Fyrsta mál á dagskrá er að skrá gengi íslensku krónunnar rétt og fylgja því síðan eftir með virkri jafnvægisstefnu í efnahagsmálum. Þetta þýðir að færa fjármuni frá innflutningsverslun og milliliðum til sjávarútvegs og iðnaðar, að gera framleiðslugreinarnar samkeppnisfærar um laun starfsfólks, að stöðva viðskiptahalla og þar með erlenda skuldasöfnun.

Já, en nú segir einhver: Gengisfelling hækkar erlendar skuldir í íslenskum krónum. Er það ekki útilokað fyrir þjóð sem sokkin er í skuldir? Svar: Við eigum því miður ekki annarra kosta völ. Hinn kosturinn er hrun sjávarútvegsins, samdráttur þjóðarframleiðslu, meiri skuldasöfnun, atvinnuleysi.

Hvernig eigum við þá að mæta gengishækkun skuldanna? Okkar svar er: Með því að verja gengishagnaðinum til að greiða niður erlendar skuldir, einkum í sjávarútvegi, með því að hækka skatta á forréttindahópa fjármagnsins og verja þeim fjármunum einnig til niðurgreiðslu erlendra skulda.

En þá segir einhver: Hvernig á að bregðast við hækkun innflutningsverðs í kjölfar gengisfellingar? Er það ekki sama og kjaraskerðing? Svar: Beitum harkalegri verðstöðvun í sex mánuði og stöðvum þar með bruðl og offjárfestingu í versluninni. Annað: Lækkum söluskatt og þar með vöruverð. Og þriðja: Lækkum ríkisútgjöldin sem þýðir lægri skatta á almenning og skilur meira eftir í launaumslögunum. Þetta þýðir í heild: öflugri framleiðslustarfsemi, meiri verðmætasköpun, minni yfirbygging, minna bruðl.

Annar meginþátturinn í stefnu Alþýðuflokksins er samræmdar aðgerðir til að jafna eigna- og tekjuskiptingu og stuðla að þjóðarsamheldni um nýja framfarasókn. Þetta getum við gert gegnum þrjú helstu tekjujöfnunarkerfi ríkisins; skattakerfið, húsnæðislánakerfið, lífeyrisréttindakerfið.

Við ríkjandi aðstæður verður að játa að það á að verja kjör almennings með því að ríkið hætti að eyða um efni fram. Það á að halda ríkisútgjöldum innan við 25% mark þjóðarframleiðslu sem þýðir niðurskurð á fjárlögum um ca. 2 milljarða.

Hvar á að skera niður? Okkar svar er þetta: Að hluta til af þeim 2 milljörðum sem nú renna til milliliðakerfis í landbúnaðinum, að hluta til af þeim rúmlega 2 milljörðum sem verja á til offjárfestingar í orkugeiranum, að hluta til af þeim 1600 milljónum sem bruðlað er með í opinberum byggingaframkvæmdum og að hluta til með sparnaði í rekstri.

Það er mjög hættulegt rugl hjá þeim Alþýðubandalagsmönnum að þetta eigi eitthvað skylt við árás á „velferðarríki fólksins". Þetta er fyrst og fremst nauðsynlegt að gera í þágu launþega sem halda þessu kerfi uppi með sköttum sínum.

Við jafnaðarmenn boðum róttækar umbætur á ranglátu skattakerfi, húsnæðislánakerfi og lífeyrisréttindakerfi.

Fyrst um skattakerfið: Afnemum undanþágur frá söluskatti í stórum stíl, fyrir utan þó matvæli, ríkisþjónustu, útflutning og aðföng útflutningsgreina. Innheimtum söluskatt á innflutning strax í tolli. Þetta mundi uppræta verulega söluskattsundandrátt sem nemur milljörðum, skila ríkissjóði auknum tekjum og gera kleift að lækka söluskattsprósentuna og þar með vöruverð í landinu. Annað: Tekjuskattur á laun allt að 50 þús. á mánuði verði skilyrðislaust afnuminn frá og með næsta ári. Þetta væri stærsta kjarabót launþega sem til er í dæminu og hún væri í ósvikinni mynt og án verðbólgu.

Tekjutapi ríkissjóðs verði mætt með:

1) Niðurskurði ríkisútgjalda, eins og áður er lýst.

2) Stighækkandi eignarskatti á stóreignir.

3) Afnámi skattfrelsis vaxtatekna af stóreignum í formi verðbréfa og hlutafjáreignar.

Alþýðuflokkurinn mun á næstunni flytja frumvörp til laga um bæði þessi mál.

Vegna endurtekinna rangfærslna Þorsteins Pálssonar formanns Sjálfstfl. um eignarskattstillögur okkar jafnaðarmanna skal eftirfarandi tekið fram:

1. Þær fela í sér hækkun á skattfrelsismörkum almennings til eignarskatts, bæði einstaklinga og hjóna, sem minnkar eignarskattsgreiðslur venjulegs fólks um tæplega 100 millj. kr.

2. Eignarskattsaukinn leggst skv. stighækkandi skala þyngst á skuldlausar stóreignir yfir 7 millj. kr., t.d. á þau 618 stóreignafyrirtæki sem eiga 81% af heildareign allra fyrirtækja.

3. Í heild mundi þessi skattur skila ríkissjóði hálfum milljarði í tekjuauka.

Fullyrðingar Þorsteins Pálssonar um skattþyngingu á almenning af þessum tillögum eru alger öfugmæli.

Nú reynir á stór orð framsóknarmanna og samþykktir. Munu þeir styðja þessar tillögur okkar eins og þeir hafa lýst yfir að þeir muni gera?

Herra forseti. Máske var það eftirtektarverðasta í ræðu forsrh. sú algera þögn sem þar ríkti um húsnæðismálin. Getur það verið að ráðherrar okkar viti ekki um eða skeyti ekkert um neyðungaruppboðin og neyðarástandið, seigdrepandi baráttu fjölskyldnanna, brostin fjölskyldutengsl, vonleysið og loks hina bitru uppgjöf? Ég trúi því varla. En neyðarástand kallar á neyðaraðgerðir og það strax.

Við viljum í fyrsta lagi verja auknum skatttekjum af stóreignum og vaxtagróða til að endurreisa fjárhag byggingarsjóðanna. Þannig bætum við fyrir misgjörðir stjórnvalda við húsbyggjendur og ungu kynslóðina.

Við viljum að launaskattur renni óskertur til byggingarsjóðanna, sem og hluti af bindifé innlánsstofnana hjá Seðlabanka og rekstrarafgangur bankans næstu fimm árin.

Við viljum bæta húsbyggjendum misgengi launa og lánskjara með frestun á greiðslum verðtryggingar og vaxta sem eru umfram almennar launahækkanir.

Við viljum tryggja húsnæðislánakerfinu tekjustofna sem duga til að standa undir hækkun lána í 60% byggingarkostnaðar.

Þessar ráðstafanir duga til að forða fyrirsjáanlegum samdrætti í íbúðabyggingum og atvinnuleysi í byggingariðnaði.

Meginmáli skiptir að gera nú sameiginlegt átak á vegum ríkis, sveitarfélaga, verkamannabústaðakerfis og byggingarsamvinnufélaga eins og Búseta um byggingu hóflegra íbúða í fjölbýli á viðráðanlegum kjörum fyrir ungt fólk, m.a. samkvæmt kaupleiguskilmálum.

Tillögur okkar í lífeyrisréttindamálum hinna öldruðu byggja á afnámi hundrað séreignasjóða með því að koma á einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn sem allir greiði til eftir efnum og ástæðum og allir njóti sambærilegra réttinda að lokinni starfsævi.

Þessar tillögur okkar um nýtt skattakerfi, endurreisn húsnæðislánakerfis og einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn þýða ekki vörn fyrir velferðarríkið, heldur endurreisn þess.

Þess munu fá dæmi að stjórnarandstöðuflokkur leggi fram tillögur um hvort tveggja, niðurskurð ríkisútgjalda og nýja tekjuöflun í ríkissjóð. Fátt sýnir betur sérstöðu Alþýðuflokksins í íslenskum stjórnmálum.

Herra forseti. Þriðji meginþátturinn í stefnu okkar felst í því að uppræta hefðbundin forréttindi og ríkisverndaða einokunaraðstöðu forréttindahópa og leysa framtak einstaklinga úr læðingi kerfisins. Ég nefni tíu dæmi um slík stefnumál:

Að létta af herðum skattgreiðenda og bænda fjárpynd milliliðakerfisins í landbúnaðinum.

Að afnema ríkisverndaða einokun olíufélaganna og neyða þau og tryggingafélögin til aukinnar samkeppni.

Að afnema einokun Aðalverktaka á varnarliðsframkvæmdum og verja hagnaði af þeim framkvæmdum beint í ríkissjóð.

Að setja skorður við útþenslu bankakerfis og Seðlabanka og skila hagnaði hans í ríkissjóð.

Að leggja niður úreltar ríkisstofnanir þar sem hagkvæmnisrök mæla með að starfsemin sé skattgreiðendum of þung á fóðrum, óþörf eða betur komin í höndum annarra.

Að auka eftirlit með innflutningsverðmyndun og herða viðurlög á þeim sem gera sig bera að því að svindla á löndum sínum. T.d. með því að svipta þá fyrirvaralaust verslunarleyfi. Að gefa útflutningsverslun frjálsa.

Að afnema æviráðningu embættismanna og fríðindi bankastjóra og ríkisforstjóra.

Að auka sjálfstjórn héraðanna um eigin málefni.

Að breyta skipulagi og starfsháttum verkalýðshreyfingarinnar í átt til aukinnar þátttöku félaganna og virkara lýðræðis.

Herra forseti. Það er sögulegt hlutverk okkar jafnaðarmanna að koma í veg fyrir að þjóðfélagið leysist upp í ósættanlegar andstæður vegna félagslegs misréttis. Það gerum við með fyrirbyggjandi aðgerðum, róttækum

þjóðfélagsumbótum, eins og ég nú hef lýst, sem stefna að auknum jöfnuði í eigna- og tekjuskiptingu og jöfnum tækifærum ólíkra en frjálsra einstaklinga.

Í lokaorðum mínum síðar í þessum umræðum mun ég reyna að lýsa því hvernig breyta þarf styrkleikahlutföllum stjórnmálaflokka hér á Alþingi til þess að hrinda þessari nauðsynlegu umbótaáætlun í framkvæmd.

— Ég þakka áheyrnina.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Setning Alþingis í síðustu viku hófst að gamalli og góðri venju með guðsþjónustu í Dómkirkjunni. Við það tækifæri minnti séra Heimir Steinsson Þingvallaprestur og þjóðgarðsvörður okkur á að stjórnarathafnir og stjórnmálaákvarðanir lúta að manninum sjálfum, fólkinu sem byggir landið. Það er bæði gömul saga og ný að hugtök hagfræðinnar og vopnaburður stjórnmálanna hafa tilhneigingu til þess að slitna úr tengslum við daglegt líf þjóðarinnar. Menn koma m.ö.o. ekki alltaf auga á hin beinu tengsl milli stjórnmálaumræðunnar og hversdagslegra viðfangsefna heimilanna.

Sérhver fjölskylda í landinu vill búa í haginn fyrir sig. Það er verkefni Alþingis og ríkisstjórnar að búa í haginn fyrir þjóðarheildina, að vinna að því markmiði að mönnum finnist gott að vera Íslendingar. Sigurður Nordal segir svo í íslenskri menningu, með leyfi forseta:

„Ef mannúð ein og miskunnsemi væru ráðandi í heiminum samfara viturlegu skipulagi og nægri þekkingu til alls konar meinabóta, yrði lífið að vísu þægilegt, en reynsla mannsins svo fátækleg, að líklega yrði hann dauðleiður á öllu saman. En til jarðneskrar paradísar á mannkynið langt í land. Um margt er nauðugur einn kostur að gera hæpnar tilraunir án þess að þær séu nefndar því nafni. Svo er um læknisfræði og uppeldisfræði, að þeim verður að beita samkvæmt þekkingu hvers tíma, þótt fálmandi séu. Stjórnmál öll og þjóðfélagsmál eru á enn greinilegra tilraunastigi."

Þessi tilvitnuðu ummæli eru áminning um það mikilvæga hlutverk stjórnmálanna að ráða bót á meinsemdum þjóðfélagsins, en þau minna okkur einnig á að lífið sjálft er eins konar tilraun og án reynslu af bæði góðu og illu yrði mannlífið harla sviplaust. Það sem mestu máli skiptir er að við kunnum að meta og hagnýta reynsluna til þess að feta okkur fram á við til betri framtíðar og bættra lífskjara.

Þó að við Íslendingar séum stórlyndir viljum við búa sáttir hver við annan. Við viljum hafa jafna möguleika hver og einn og við viljum njóta frelsis til þess að nýta hugvit okkar og atgervi.

Það hefur á ýmsu gengið í íslensku þjóðlífi á undanförnum árum. Óðaverðbólga, misjöfn aflabrögð og um tíma erfiðar aðstæður á erlendum mörkuðum hafa sett mark sitt á lífskjör fólks og hag heimilanna í landinu. Þegar á móti hefur blásið fyllast menn oft svartsýni. Við verðum á hverjum tíma að vera raunsæ, en mestu skiptir þó að missa aldrei trúna á getu þjóðarinnar og möguleika til þess að vinna okkur út úr erfiðleikunum. Við leysum aldrei viðfangsefni og bætum aldrei meinsemdir, sem grafið hafa um sig í efnahags- og þjóðlífi, eins og hendi sé veifað. Einfaldar pennastrikslausnir eru ekki til í því efni og menn mega ekki falla fyrir þeim áróðri sem hér hefur verið fluttur, m.a. af Ragnari Arnalds, Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóni Baldvini Hannibalssyni, þegar þau hafa borið það á borð að þau ein hafi þá mannúð, miskunnsemi og vit sem geti búið þjóðinni mannlega paradís. Íslendingar hafa einfaldlega kynnst öðru af flokkum þeirra í búð reynslunnar.

Þó að þjóðin hafi gengið í gegnum miklar þrengingar hefur ýmislegt verið að snúast okkur í haginn, bæði vegna þess að við höfum tekið upp breytta stjórnarhætti og á þann veg fært mál til betri vegar og eins vegna hins, að ytri aðstæður hafa verið að snúast okkur í hag. Sjávarhiti hefur aukist og aflabrögð þar af leiðandi farið batnandi og staða okkar á erlendum mörkuðum hefur verið að styrkjast. Þegar á allt er litið eigum við mikla möguleika, möguleika á því að gera það auðveldara og betra að vera Íslendingur. En jafnljóst er að það er auðvelt að glutra árangrinum niður og gera að engu það sem áunnist hefur.

Ég ætla að nefna hér nokkur atriði sem horfa til bóta vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförnum tveimur árum með breyttri stjórnarstefnu.

Ég nefni í fyrsta lagi þann mikla árangur sem náðst hefur við að lækka verðbólgu. Verðbólgustigið hefur verið fært niður um meira en 100 prósentustig. Við höfum þó ekki náð því jafnvægi sem nauðsyn krefur. Hinu verður ekki á móti mælt að í þessu efni hafa orðið alger umskipti. Verðbólga er ekki bara hagfræðihugtak. Verðbólga er ekki einungis bitbein fyrir stjórnmálamenn. Hún snýst ekki einvörðungu um hundraðstölur. Verðbólgan snertir beina hagsmuni hverrar fjölskyldu í landinu, áframhaldandi ringulreiðarverðbólga hefði ekki einungis sligað atvinnurekstur inn og dæmt fjölmarga til atvinnuleysis, heldur hefði hún einnig leitt til stöðugt rýrnandi lífskjara eins og raun varð á þegar það ástand ríkti.

Það var beinlínis skilyrði fyrir því að við gætum lagt grundvöll að nýrri sókn til aukins hagvaxtar að verðbólgan yrði færð verulega niður. Auðvitað kostaði það tímabundnar fórnir og þessi árangur náðist með skilningi og samstöðu fólksins í landinu. En við höfum núna náð því að geta viðhaldið kaupmætti á þann veg að ráðstöfunartekjur heimilanna hafa aukist á þessu ári og horfur eru á að breytingar á kauptöxtum verði nokkurn veginn í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Aukinn stöðugleiki í verðlagsmálum og aðhald í gengismálum hafa haft margs konar jákvæð áhrif á rekstur atvinnufyrirtækja. Daglegar gengisfellingar í formi gengissigs höfðu dregið mjög úr því eðlilega aðhaldi sem stjórnendur atvinnufyrirtækja verða að hafa við allar ákvarðanir, bæði að því er lýtur að fjárfestingu og rekstri. Stjórnendur atvinnufyrirtækja eiga að vera ábyrgir gerða sinna og þeir þurfa auðvitað að finna fyrir því að svo sé.

Ég er þeirrar skoðunar að stjórnendur atvinnufyrirtækja á Íslandi hafi brugðist rétt við nýjum aðstæðum. Hitt má ljóst vera að aðlögun að þeim hlýtur að taka nokkurn tíma. En bætt stjórnun mun þegar til lengdar lætur skila þjóðinni auknum arði og bæta með raunverulegum verðmætum hag launamanna.

Í annan stað vil ég nefna þau miklu umskipti sem orðið hafa með því að nú er sparnaður farinn að aukast á ný á Íslandi. Um langt árabil hefur sparnaður farið þverrandi með ári hverju. Í kjölfar breyttrar stefnu í peningamálum hefur það nú hins vegar gerst að sparnaður er að aukast. Þetta er mikilsverð vísbending um að við erum á réttri leið. Sparnaður er forsenda þess að

þjóðin vinni sig út úr örðugleikunum. Alþb. hafði meðan það var í ríkisstjórn forustu fyrir þeirri gegndarlausu skuldasöfnun sem við erum nú að súpa seyðið af. Þá var kjörorðið að eyða en ekki spara. Nú eru Íslendingar farnir að spara og það gefur okkur vonir um að við getum í auknum mæli notað eigið aflafé til þess að leggja grundvöll að nýsköpun í atvinnumálum og auknum hagvexti. Stjórnarandstaðan krefst þess nú að breytingar verði gerðar á þeirri stefnu sem leitt hefur til þessa árangurs. Hún vill snúa þessu hjóli tímans við.

Í þriðja lagi vil ég nefna að okkur hefur tekist að ná nokkurn veginn jöfnuði á milli þróunar lánskjara og launa. Á síðustu misserum fyrri ríkisstjórnar var verulegt misgengi á milli launa og lánskjara. Það kom með miklum þunga niður á fjölmörgum heimilum í landinu. Margar fjölskyldur, ekki síst ungt fólk, sem höfðu verið að koma sér upp þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn urðu fyrir miklum áföllum af þessum sökum og margir eru enn að glíma við þann vanda. En með lækkun verðbólgunnar hefur á ný tekist að ná jöfnuði milli launa og lánskjara. Fátt sýnir betur hversu mikilvægt það er að koma í veg fyrir verðbólgu og hversu brýnt það er að ná meiri árangri en þegar er orðinn í því efni. Fátt sýnir betur en einmitt þetta hversu bein tengsl eru á milli aðgerða í efnahags- og peningamálum og hagsmuna heimilanna í landinu. Með fráhvarfi frá stefnu Alþb. er okkur að takast að uppræta eina af þeim meinsemdum sem valdið höfðu fjölda heimila einna þyngstum búsifjum. Og í vor sem leið voru einnig gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að greiða úr erfiðleikum þeirra húsbyggjenda sem verst voru staddir.

Í fjórða lagi vil ég minna á að á síðasta þingi voru samþykktar breytingar á bankalöggjöfinni og fyrir þessu þingi liggur að fjalla um umfangsmiklar breytingar á kerfi fjárfestingarlánasjóða. Við höfum tekið ákvörðun um að stofna hér sérstakt nýtt þróunarfélag. Allar miða þessar umbætur að því að búa svo um hnútana að fjármagnið sem við notum til fjárfestingar og rekstrar í atvinnulífinu skili meiri ávöxtun en áður. Við þurfum að uppskera að minnsta kosti jafnmikinn ávöxt af því fjármagni sem við verjum til fjárfestingar og þær þjóðir sem við viljum jafna okkur við um lífskjör. En á því hefur verið verulegur misbrestur.

Við höfum einnig samþykkt umfangsmiklar breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni. Þær miða að aðlögun framleiðslunnar að markaðsaðstæðum og breyttu verðmyndunarkerfi sem stuðla á að sáttum milli framleiðenda og neytenda. Þannig eru menn að takast á við *fjölmörg ný verkefni í atvinnumálum*. Breyttar efnahagslegar aðstæður hafa þegar skapað skilyrði til nýsköpunar. Segja má að hún sé þegar komin á skrið. Á sama tíma og þessir hlutir eru að gerast koma svo talsmenn Alþb. eins og álfar úr hól og flytja ræður um að nú þurfi að fara að huga að því sem þegar er komið á hreyfingu.

Hér er um svo umfangsmikil og afgerandi batamerki að tefla að við eigum nú allt undir því að glutra ekki þessum árangri niður. En því er auðvitað ekki að leyna að það eru víða hættuboðar, og það má ekki mikið út af bregða til þess að hjól óðaverðbólgunnar fari að snúast á fyrri hraða með alkunnum afleiðingum um rýrnandi lífskjör, versnandi hag heimila og atvinnufyrirtækja.

Þó í flestum efnum hafi tekist að vinda ofan af þeirri stefnu Alþb., sem í byrjun þessa áratugar leiddi til lakari lífskjara, glímum við enn við of mikla erlenda skuldasöfnun. Sá innflutningur á fölsku fjármagni hefur valdið þenslu í ýmsum þjónustugreinum og um leið aukið á erfiðleika framleiðslugreinanna og þá fyrst og fremst sjávarútvegsins. Erlenda skuldasöfnunin sem Alþb. hafði forustu fyrir á sínum tíma hefur einnig leitt til aukins ójafnaðar í launamálum. Það er því ekki aðeins höfuðatriði í því skyni að ná betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum að minnka erlendu skuldasöfnunina. Hitt skiptir ekki minna máli að það er nauðsynlegt til þess að okkur takist að treysta rekstur undirstöðuatvinnugreinanna og búa sjávarútveginum eðlileg starfsskilyrði. Viðspyrna gegn erlendri skuldasöfnun er líka nauðsynleg til þess að við getum búið við eðlilega launaþróun í samræmi við þá niðurstöðu sem menn komast að í frjálsum kjarasamningum, því skuldasöfnunin hefur sannarlega beinst gegn hagsmunum þeirra sem verst eru settir á vinnumarkaðnum.

Það er í þessu ljósi sem ríkisstj. setti það meginmarkmið við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár að tekjur skyldu mæta gjöldum og ekki þyrfti að koma til aukinnar skuldasöfnunar vegna ríkisbúskaparins sjálfs. Þessu mikilsverða markmiði hefur verið náð með því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir Alþingi. En síðan ákvarðanir voru teknar þar um hefur þróun gjaldeyrismála á erlendum mörkuðum gengið okkur í óhag. Sú þróun hefur ekki einungis gengið gegn hagsmunum launafólks vegna hækkunar á innflutningsverði, heldur líka gegn hagsmunum sjávarútvegsins vegna lækkandi gengis bandaríkjadals. Ef aðgerðir til þess að bregðast við þessum aðstæðum eiga ekki að leiða til þess að verðbólga aukist á ný er nauðsynlegt að gæta aukins aðhalds varðandi heildarútgjaldaáform þjóðarinnar á næsta ári.

Það er ekki ætlun ríkisstj. að skerða kaupmátt til þess að ná þessu markmiði. Fyrir þá sök er nauðsynlegt að beina aðhaldinu að ríkisbúskapnum sjálfum og það hafa stjórnarflokkarnir ákveðið að gera við meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi. Markmiðið með því er að verja hagsmuni launafólksins til þess að það geti notið þeirra ráðstöfunartekna sem það nú hefur og til þess að koma í veg fyrir nýja verðbólguholskeflu og afleiðingar hennar. Við verðum að velja og hafna í þessu efni. Við getum ekki látið allt eftir okkur og þá er spurningin hvaða hagsmuni er brýnast að verja. Svar ríkisstj. er að það sé kaupmáttur ráðstöfunartekna. Þess vegna vill hún auka aðhald að útgjöldum ríkisins sjálfs.

Við höfum á undanförnum árum unnið að miklum *umbótum á sviði mennta-, heilbrigðis-, tryggingа- og félagsmála*. Það er ásetningur okkar að treysta velferðarkerfið og búa unga fólkinu í landinu eins góð menntunarskilyrði og kostur er. En til þess að uppskera góðan ávöxt á þessum sviðum þurfum við að plægja jarðveginn. Framfarir í atvinnumálum byggjast nú í ríkari mæli en áður á menntun og þekkingu. En við búum unga fólkinu í landinu ekki betri menntunarskilyrði nema okkur takist að auka framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðarbúinu og veita þannig raunverulegum verðmætum til þessara mikilsverðu verkefna. Allt helst þetta því í hendur sem við erum að vinna að.

Bætur almannatrygginga hafa fylgt launabreytingum og í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins hafa hagsmunir þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu verið

bættir með sérstökum aðgerðum í skatta- og tryggingamálum. Þó að aðhalds verði gætt við útgjöld ríkisins verður engin breyting á þessum meginmarkmiðum í félagslegum efnum.

Um stefnuna í utanríkis- og öryggismálum er mikil og góð samstaða meðal þjóðarinnar. Við höfum hafnað hlutleysi vegna öryggishagsmuna okkar og við höfum valið að taka afstöðu með lýðræðisríkjunum í baráttunni fyrir því að verja frelsi og mannréttindi. Við höfum hafnað þeim hugmyndum að halda okkur til hlés í þeim efnum. Alþb. hefur verið nátttröll í þessum efnum. En jafnvel innan raða þess virðist nú gæta vaxandi skilnings á nauðsyn varna og virkrar þátttöku í samstarfi lýðræðisþjóðanna, þó að forustan sjálf sé enn við sama heygarðshornið og áður. Meginmáli skiptir þó að víðtæk samstaða er um það með þjóðinni að fylgja fast og ákveðið fram þeirri stefnu sem við höfum haft í utanríkis- og varnarmálum undangengna áratugi.

Okkur er vissulega vandi á höndum um margt. Við höfum mikið verk að vinna við að bæta íslenskt þjóðfélag, bæta hag heimilanna, stuðla að auknum jöfnuði og betri sáttum milli fólksins í landinu. En við megum ekki láta glepjast af svartsýnislýsingum og bölsýni og yfirboðum stjórnarandstöðunnar. Gylliboð þau sem fram koma í málflutningi talsmanna Alþfl. og Alþb. í umræðunum hér í kvöld eru í litlum tengslum við veruleikann. Og ef við gerum okkur ekki grein fyrir honum er eins víst að við tökum ekki skynsamlegar ákvarðanir um framtíð okkar.

Ragnar Arnalds minntist á það í ræðu sinni að eini árangurinn af starfi stjórnarinnar væri kauplækkun. Og hann hélt því fram að það væri pólitísk hefndaraðgerð af hálfu ríkisstj. Sjálfur stóð hann að því í fyrri ríkisstjórn að afnema kauphækkanir launafólks í desember 1982 um helming. Svipta launafólk umsömdum kauphækkunum um helming. Var það pólitísk hefndaraðgerð? Honum er rétt og öðrum talsmönnum Alþb. sem halda þessu fram í þessum umræðum að svara því.

Það er líka rétt að minna á að sú kaupmáttarskerðing sem varð hér tímabundið var að mestum hluta til komin fram í tíð fyrri stjórnar þar sem Alþb. réði mestu. Og það er rétt að minna á það enn og einu sinni að misgengið á milli launa og lánskjara varð að mestum hluta til í tíð fyrri ríkisstjórnar þar sem Alþb. var í forustu og innleiddi lánskjaravísitöluna. Og það er rétt að minna á það enn og aftur að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur á þessu ári verið að aukast en hann rýrnaði stórlega á síðustu misserum fyrri ríkisstjórnar þegar Alþb. var við völd.

Hrakspárnar sem hér hafa verið lesnar eru því draugar í brjóstum þeirra vegna þeirrar martraðar sem viðskilnaður þeirra sjálfra hefur valdið þeim. Þeir eru að lýsa afleiðingum eigin stjórnarstefnu. Þeir þora ekki að horfast í augu við þær breytingar sem hafa orðið til batnaðar í íslensku þjóðfélagi og þeir vilja ekki horfast í augu við þá miklu möguleika sem þessi þjóð á til þess að vinna sig út úr örðugleikunum til bættra lífskjara.

Ragnar Arnalds minntist á breytingar á lánum til verslunar og sjávarútvegs og taldi það vera stjórninni til hnekkis að lán til verslunar skv. tölum sem hann las hefðu aukist meira en til sjávarútvegs. Skýringin á því er fyrst og fremst sú að birgðir í sjávarútvegi hafa ekki aukist í krónum talið á því tímabili sem þarna um ræðir. Og skýringin er enn fremur sú, sem hann gat ekki um, að aukningin á lánum til verslunar er að stærstum hluta til olíufélaganna og sú aukning hefur fyrst og fremst komið sjávarútveginum til góða og verið honum til hagsbóta.

Hann minntist á fjárfestingar í orkumannvirkjum og fyrst og fremst er það sök Alþb., forusta Hjörleifs Guttormssonar í þeim efnum, sem hefur leitt til þess að við búum á því sviði við erfiðleika og hærra raforkuverð og verri lífskjör en vera þyrfti. Það er á ábyrgð Alþb. fyrst og fremst.

Það var einnig fróðlegt að hlusta á málflutning talsmanna Alþfl. hér fyrr í þessari umræðu. Varaformaður flokksins, Jóhanna Sigurðardóttir, kom hér upp og mælti gegn og gagnrýndi þær tillögur sem fram hafa komið af hálfu ríkisstj. um afnám á nokkrum undanþágum frá söluskatti. Formaður flokksins kom svo hér upp beint á eftir og mælti fyrir þeim tillögum Alþfl. að afnema undanþágur frá söluskatti. Þetta er nú sú brú sem er í málflutningi Alþfl. Þar stangast hvað á annars horn.

Málflutningur stjórnarandstöðunnar miðar fyrst og fremst að því að sundra, þegar við þurfum að sameina. Hann miðar að því að leggja auknar álögur á borgarana, þegar við þurfum fremur að huga að því að létta álögum af borgurunum. Alþb. fyrir sitt leyti krefst þess að aftur verði horfið til erlendrar skuldasöfnunar og þeirrar stefnu í atvinnumálum sem leiddi til rýrnandi lífskjara. Jafnvel óbreyttir liðsmenn í Alþb. hafa nú kvatt sér hljóðs í opinberum umræðum og bent á að þessi hafi verið afleiðing stjórnarstefnu Alþb. Það væru mikil mistök að gefa þeim tækifæri til að snúa aftur til verri vegar því sem gengið hefur til réttrar áttar undanfarin tvö ár.

Herra forseti. Niðurstaða þessa máls er sú að við höfum ekki náð öllum markmiðum okkar. Það er rétt. En við erum á réttri leið og það skiptir mestu máli. Okkar bíða mikil verkefni við að auka hagvöxt, bæta lífskjör og treysta velferð og hagsæld. Við þurfum að ná betri og meiri árangri á ýmsum sviðum. En aðstæður hafa breyst til batnaðar. Við höfum því ástæðu til þess að ganga með ráðni og bjartsýni á vit nýrrar framtíðar. Það er gott að vera Íslendingur. Við viljum gera það betra.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú hefur forsrh. enn á ný flutt þingi og þjóð stefnuræðu sína. Og þótt nýmæli hafi ekki verið á hverju strái í þeirri ræðu, né þeirri viðbótarstefnuræðu sem Þorsteinn Pálsson flutti hér áðan, þá er ástæða til að staldra við og íhuga gang mála. Því þótt stefnuræður breytist ekki ýkjamikið frá ári til árs, þá gerist samt ýmislegt á vegum ríkisstjórnarinnar. Og ýmislegt hefur svo sannarlega gerst síðan síðasta stefnuræða forsrh. var rædd hér á hæstv. Alþingi fyrir hartnær ári síðan.

Fyrst er að minnast þess að eftir margvíslegar yfirlýsingar um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum í síðustu stefnuræðu hélt ríkisstj. að sér höndunum fram eftir vetri og fram á vor. Þá var eins og hún vaknaði af þyrnirósarsvefni og hingað inn á hæstv. Alþingi var á vordögum skellt viðamiklum frv. sem afgreiðast áttu í einu snarhasti. Ekki höfðu þessi ógnvænlegu vinnubrögð eða ýmislegt í innihaldi málanna verið boðað í stefnuræðunni góðu haustið áður. En það virtist ekki vefjast fyrir ríkisstj., enda gleymdist stefnuræðan fljót-

lega aftur. Og sennilega var það eins gott því margt af því sem síðan hefur verið að gerast á vegum ríkisstj. var alveg örugglega ekki í stefnuræðunni heldur. Ekki voru aðferðir fyrrverandi fjmrh. við sölu á hlutabréfum ríkisins í Flugleiðum þar. Ekki kjötmálið margumrædda, eða sú nýbreytni að ráðherra fari þess á leit við aðila úti í bæ að vera kærður fyrir dómstólum landsins. Áframhaldandi misgengi kaupgjalds og verðlags, sem á venjulegu máli þýðir að allt hækkar meira en kaupið, var heldur ekki í stefnuræðunni, né var þar að finna nokkra vísbendingu um að nauðsynlegt gæti verið fyrir stefnu ríkisstj. að ráðherrar Sjálfstfl. endasentust á milli stóla í upphafi nýs þings.

Fullvíst má því telja að sú stefnuræða sem hér var áðan flutt gefur ekki nema takmarkað til kynna hvaða aðgerðum þessi ríkisstj. mun í raun standa fyrir á næstu vikum og mánuðum, allra síst þegar nýfastaðin stólaskipti hæstv. ráðherra bætast við til að auka á óvissuna. Sú lipurð og sá stöðugleiki sem æskilegur og nauðsynlegur er í stjórn landsins er einfaldlega ekki fyrir hendi hjá þessari ríkisstj.

Um eitt er þó stefnuræða forsrh. nokkuð áreiðanleg heimild. Hún sýnir okkur glögglega hvers konar gildi það eru sem nú eru ráðandi við stjórn landsins. Og þar sitja í öndvegi sem fyrr hin köldu og karlmannlegu gildi talnanna. Í stefnuræðu forsrh. er talað út frá tölum en ekki manneskjum.

Nú hvarflar ekki að mér að gera lítið úr nauðsyn þess að kunna skil á helstu þjóðhagsstærðum og sem flestum hlutfallstölum. En það er eins og forsrh. hafi gleymt því að efnahagsmál snúast ekki aðeins um sjálfar tölurnar og stærðirnar í þjóðarbúskapnum, heldur um það hvað þessar tölur og stærðir þýða fyrir líf og starf þess fólks sem landið byggir, fyrir ofur venjulegt, hversdagslegt líf í landinu, og ofur venjulegar mannlegar þarfir. Hvað þýðir það t.d. í mannlegum stærðum þegar forsrh. boðar í ræðu sinni að kaupmáttur kauptaxta verði á næstu mánuðum heldur lægri en á fjórða ársfjórðungi 1983? Það þýðir ósköp einfaldlega að fyrir þá sem vinna skv. kauptöxtum heldur vinnuþrælkunin áfram. Yfirvinna, eftirvinna og aukavinna til þess að hafa í sig og á og fyrir afborgunum af skuldunum. Í mannlegum stærðum getur þetta þýtt minnkandi sjálfsvirðingu vegna þess að vinnuframlagið er lítils metið og vegna þess að ekki tekst að standa í skilum þrátt fyrir ómælda vinnu. Þetta getur þýtt minnkandi samvistir hjóna eða sambýlisfólks, minnkandi samvistir foreldra og barna, og stundum neyðarástand hvað börnin varðar, því hvar eiga þau að vera á meðan verið er að vinna? Þetta getur þýtt öryggisleysi, kvíða, angist. Og við vitum öll hvert framhaldið getur orðið.

Mergurinn málsins er að þessar mannlegu stærðir verða að vera með þegar efnahagsdæmi þjóðarinnar er reiknað, annars er það ekki marktækt. En þessar stærðir eru vandfundnar í því dæmi sem forsrh. lagði fyrir þjóðina hér áðan í stefnuræðu sinni.

En það er fleira sem vantar í ræðuna. Nú í lok kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna er þar ekki svo mikið sem eitt orð að finna um málefni íslenskra kvenna, ekki heldur í fylgiskjölum með ræðunni þar sem gerð er grein fyrir málefnum einstakra ráðuneyta. Ef manneskjurnar sem landið byggja virðast stundum vera eitthvað ógreinilegar í augum forsrh., þá virðist sá helmingur þeirra, sem er konur, vera honum nokkurn veginn ósýnilegur. Nú vill svo til að á síðasta þingi voru bæði samþykkt ný jafnréttislög og fullgiltur var alþjóðasamningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Til þess að hér megi ríkja raunverulegt jafnrétti og öll mismunun gagnvart konum verða úr sögunni, eins og þessar samþykktir kveða á um, þarf fleira að koma til en fögur orð á skjalapappír sem síðan rykfalla uppi í hillu. Til þurfa að koma raunverulegar markvissar og víðtækar aðgerðir. En þess sér hvergi stað í þeirri ríkisstjórnarstefnu sem hér hefur verið kynnt.

Og hvernig er ástandið í efnahagsmálum kvenna? Hvernig er ástandið á því sviði þjóðarbúskaparins? Ef við lítum fyrst til heimavinnandi kvenna og á heimilisstörfin almennt, því heimilisstörfin hverfa ekki þótt konur fari út að vinna, þá eru þau einfaldlega hvergi til í þjóðhagsreikningum. Þau koma hvergi fram sem framleiðsla eða sem verðmætasköpun. Sú vinna sem unnin er launalaust inni á heimilum landsins virðist vera reikningsmeisturunum ósýnileg. Hún er ekki til sem verðmæti í reikningshaldi þjóðarinnar. Og það er ekki nóg með að þetta skekki alla raunverulega þjóðhagsreikninga, þ.e. ef það er ætlunin að þjóðhagsreikningar taki til allrar verðmætasköpunar í þjóðfélaginu, heldur fylgir þessu að heimavinnandi konur bera einnig skertan hlut frá borði hvað félagsleg réttindi varðar. Hér er því hvort tveggja á ferðinni í senn, annars vegar vanreiknuð þjóðarverðmæti og hins vegar hrópandi óréttlæti gagnvart þeim sem heimavinnandi eru. Þetta verður að leiðrétta. En ekki er orð um það í stefnu þessarar hæstv. ríkisstj.

Snúum okkur þá að vinnumarkaðnum, útivinnumarkaðnum, ef svo má segja. Hann er þó sýnilegur með venjulegum augum og er tekinn með í þjóðhagsáætlun. Hvað blasir þar við í efnahagsmálum kvenna? Jú, þar sjáum við konurnar í miklum meiri hluta í öllum lægst launuðu störfunum. Við sjáum kynbundið launamisrétti hvert sem við lítum. Á árinu 1983 voru meðallaun karla nærri 52% hærri en meðallaun kvenna. Og nú berast þær fréttir frá kjararannsóknarnefnd að munurinn á launum karla og kvenna í sömu starfsgreinum haldi áfram að vera ótrúlega mikill. Einnig að launaskriðið svonefnda hafi að mestu sniðgengið konurnar. Það ætti því enginn að vera í vafa um það lengur að hverjum hefur verið harðast gengið í kjaraskerðingum undanfarinna ára.

En hvað ætlar þá þessi hæstv. ríkisstj., sem í fyrra samþykkti ný jafnréttislög og fullgilti alþjóðasamning um afnám allrar mismununar gagnvart konum, — svona rétt til að klóra í bakkann — hvað ætlar hún að gera við þessu himinhrópandi óréttlæti? Ekki orð, ekki eitt einasta orð um það í ræðu forsrh., né í þeim fylgiskjölum sem með ræðunni fylgja.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það misrétti og það vanmat á ákveðnum þjóðarverðmætum sem ég hef hér gert að umtalsefni er ekki nýtt af nálinni. Það er ekki tilkomið í tíð þessarar ríkisstj. einnar, en það hefur eflst og margfaldast í skjóli hennar. Sú stefnuræða sem við heyrðum hér áðan gerir ekkert annað en að staðfesta að á meðan þessi ríkisstj. situr að völdum mun eigi linna í bráð. — Ég þakka áheyrnina.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Vandi ríkisstjórnarinnar er mikill nú í upphafi þings. Sá vandi er tvíþættur. Annars vegar er sá innanbúðar-

vandi sem þjóðin hefur fylgst með í vaxandi undrun síðustu vikur og mánuði. Vandi sem á rætur í píramítakerfi gömlu flokkanna, og einkennist af brjóstumkennanlegu eiginhagsmunapoti og valdabrölti. Í slíku kerfi fer lítið fyrir bræðralagi og systurþeli. Þar gildir réttur hins sterkari og þar er grunnt á hefnigirnina ef einhverjum finnst við sér stjakað. Þá hika skapstórir menn og siðblindir ekki við að misnota aðstöðu sína til að ná sér niðri á samflokksmönnum. Það skelfir mig hvað slíkur leikur getur gengið langt án þess að nokkur virðist geta rönd við reist. Og það skelfir mig hvað margir virðast njóta þessa leiks. Fyrir slíkum mönnum eru stjórnmál íþróttagrein. Fyrir slíkum mönnum er stjörnuleikur meira virði en samvinna að settu marki.

Fjarri er mér að vilja spá illa, en mig grunar og ég óttast að við eigum eftir að sjá fleiri ljótar leikfléttur áður en blásið verður til leiksloka. Fyrrverandi fjmrh. lætur tæplega skáka sér í óhægari stöðu á vellinum til þess að gleymast þar úti á kanti. Stjörnuleikur er hans fag hvað sem það kostar, jafnvel nokkur hundruð milljónir af sameiginlegu fé landsmanna. Innanbúðarvandinn er því engu minni en áður og með þann vanda á herðunum er lítil von að þessari ríkisstj. takist að ráða við þann vanda sem hún var kjörin til að glíma við. Vanda sem hún hefur magnað fremur en minnkað.

Lækkun erlendra skulda er orðin eitt mikilvægasta markmiðið í efnahagsmálum þjóðarinnar, sagði forsætisráðherra í ræðu sinni hér fyrr í kvöld, og skyldi engan undra þegar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum nema hærri upphæðum en ætlaðar eru til fjárfestingar í landinu. Það er hins vegar hálf kyndugt að tala um þetta eins og nýuppgötvaðan vanda. Sívaxandi skuldabyrði þjóðarinnar hefur verið helsta áhyggjuefni allra hugsandi manna mjög lengi, m.a.s. Kvennalistakvenna eins og menn segja stundum þegar þeir eru að reyna að gera lítið úr Kvennalistanum og gefa í skyn að konur hafi ekkert vit á efnahagsmálum, þar dugi aðeins stórhugur karla og fjármálavit, eins og þar sé um líffærafræðilegan eiginleika að ræða. Sannanirnar sjáum við gleggst í ríkisbúskapnum. Var annars nokkur að tala un rekstrarhalla ríkissjóðs umfram áætlun, óskynsamlegar fjárfestingar, lækkandi kaupmátt, svimandi viðskiptahalla, kreppu í sjávarútvegi, öngþveiti í húsnæðiskerfinu? Jú, á þetta hefur sannarlega verið minnst, því allt eru þetta staðreyndir og enginn hugarburður svartsýnna stjórnarandstæðinga þrátt fyrir að þjóðin hafi verið svo lánsöm að njóta starfskrafta og fjármálasnilli jakkafatakynsins. Kannske hefur fjármálavitið ekkert með líffærafræði að gera þegar allt kemur til alls.

Aukning útflutningstekna er meginviðfangsefnið nú og framvegis, auk sparnaðar og skynsamlegra fjárfestinga. Kvennalistinn hefur ekki verið sammála þeim leiðum sem farnar hafa verið í sparnaðarskyni og þaðan af síður fjárfestingarstefnu núverandi ríkisstj., enda eru nú smám saman að opinberast þær ógöngur sem leiða af röngum áherslum. Vandi heimilanna og einstaklinganna er margumtalaður enda þungbærastur. En minna hefur verið fjallað um þann hrikalega vanda sem er að skapast víða um landið vegna skulda ríkissjóðs við mörg sveitarfélög. Í hádegisfréttum útvarpsins í dag var rætt við bæjarfulltrúa á Akureyri þar sem hann lýsti því yfir að vangreidd framlög ríkissjóðs vegna framkvæmda sem þegar er lokið næmu nálægt 50 millj. kr. Þetta er því miður ekki einsdæmi þótt víðast sé um lægri tölur að ræða. Sú staðreynd blasir við að þær upphæðir sem ætlaðar eru til byggingar grunnskóla, sjúkrahúsa, dagvistarheimila, hafna og flugvalla á næsta ári, duga ekki einu sinni fyrir vangoldnum lögbundnum framlögum ríkissjóðs. Þetta minnir á hve áríðandi er orðið að gjörbreyta stjórnkerfinu í þá átt að gera sveitarfélögin ábyrgari og sjálfráðari um sín mál. Við göngum nú í gegnum tímabil erfiðleika og breytinga í atvinnuháttum. Fá orð hafa líklega heyrst oftar nefnd í opinberri umræðu undanfarin tvö til þrjú ár en „nýsköpun“ og „uppbygging í atvinnulífinu“. Í þeirri umræðu hafa konur verið allt of hljóðar. Þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur vaxið gífurlega síðustu tvo áratugi og þær bera nú uppi að miklu eða öllu leyti fjölmargar starfsgreinar. Þar er fyrst og fremst um að ræða hin hefðbundnu kvennastörf, sem lúta að umönnun, uppeldi og fræðslu, svo og fiskvinnsluna. Konur hafa þó haslað sér völl á nánast öllum sviðum atvinnulífsins en þær hafa hins vegar lítinn þátt átt í mótun þess, enda aldrei spurðar. Þetta þarf að breytast. Konur mega ekki sætta sig við áhrifaleysi sitt og bíða þess eins sem verða vill. Það er áríðandi að þær séu virkar í mótun og uppbyggingu atvinnulífsins en láti ekki karlana eina um það. Þær mega ekki líta á forræði og frumkvæði karla sem óhagganlegt náttúrulögmál.

Hvað vilja þá konur í þessum efnum? Hvernig vilja konur að atvinnulíf þróist á næstu árum og áratugum? Eru þær sáttar við þá áherslu sem lögð hefur verið á byggingu orkuvera og aukinn þungaiðnað eða vilja þær efla smáiðnað af ýmsu tagi? Eru konur sammála því að atvinnuþróuninni sé stýrt með mismunun í lánakjörum, niðurfellingu gjalda eða á annan hátt? Er staðið rétt að eflingu loðdýraræktar og fiskeldis sem nú njóta mestrar hylli stjórnvalda? Vilja konur stuðla að eflingu ferðaþjónustu og þá á hvern hátt? Óttast konur samdrátt í fiskvinnslu og hvernig er rétt að mæta þeim vanda? Á hvað ber okkur að leggja áherslu við eflingu útflutningsgreina, vörur úr innlendu eða innfluttu hráefni, matvæli, ullarvörur, húsgögn, hugbúnað, þekkingu, t.d. í sjávarútvegi?

Þetta er aðeins brot af þeim spurningum sem konur verða að spyrja sjálfar sig og hver aðra. Þær verða að koma skoðunum sínum á framfæri. Annars geta þær ekki vænst þess að hafa áhrif á mótun og uppbyggingu atvinnulífsins.

Við Kvennalistakonur höfum spurt okkur þessara spurninga og margra annarra. Í svörum okkar leggjum við áherslu á þrjú meginatriði:

1. Við teljum Íslendinga fyrst og fremst matvælaframleiðendur og að okkur beri að leggja áherslu á framleiðslu úr innlendu hráefni.

2. Við viljum varðveita landið okkar fyrir mengun og náttúruspjöllum og erum sannfærðar um að einmitt sú stefna sé arðvænlegri til langframa en stóriðjustefna.

3. Við viljum að mannlegi þátturinn sé ekki minna metinn við mótun atvinnulífsins en fjárhagslegur hagnaður.

Það er einnig bjargföst skoðun okkar að menntun og þekking sé grundvöllurinn að uppbyggingu atvinnulífsins og því beri að leggja megináherslu á menntun og rannsóknastarfsemi. Góð menntun uppvaxandi kynslóðar er öllu öðru mikilvægari og raunverulega það sem við getum síst sparað við okkur.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Kvennalistinn heitir

á allar konur að hugsa um þessi mál, ræða þau og láta til sín taka. Við megum ekki gleyma að við erum að leggja grunninn að framtíð barna okkar, framtíð þar sem konur eiga að vera jafnvirtir þátttakendur í atvinnulífinu og karlar.

— Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. hefur nú dengt yfir þjóðina þessum venjulega skammti af hagfræðihugtökum og þjóðhagstölum sem eiga að færa fólki heim sanninn um ágæti þessarar róttæku ríkisstj. Nú eru það að sjálfsögðu engin ný sannindi að verðbólga á ekki að vera mikil þrátt fyrir viðskiptahallann. Um það deila menn ekki. Hins vegar er það því miður einkenni á ráðherrum og hagfræðingum þeirra að þegar þeir eru spurðir um efnahagsvandann dettur þeim ekki annað í hug en að þylja upp nýjustu fréttirnar úr þjóðhagsspá og öðrum viðlíka pappírum. Þegar spurt er um efnahagsvandann dettur þessum spekingum aldrei í hug að nefna misskiptingu veraldlegra gæða, þá staðreynd að með þessari litlu þjóð ríkir óþolandi lífskjaramunur. Slík greining á efnahagsvanda þætti hápólitísk og ósamboðin okkar vammlausu ráðherrum sem með möppudýrshætti sínum hafa hjálpast að við að líta fram hjá allri misskiptingu þegar efnahagsmál eru til umræðu. Ef þeim verður á að nefna lífskjör er það helst til að segja fólki að hætta að bruðla með þessar örfáu krónur sem það fær í laun.

Ég vek athygli á að þegar þessir menn komast að sínum niðurstöðum og segja að þjóðarkakan sé ekki nógu stór eru þeir ekki að komast að neinni fræðilegri niðurstöðu, þeir eru að komast að hápólitískum niðurstöðum sem eru síst merkilegri en eðlisávísun hinna óbreyttu launamanna. Svo kemur hæstv. forsh. hér og flytur stefnuræðu sína sem inniheldur engan nýjan boðskap. Í nafni fræðanna reynir hann að slá ryki í augu þess fólks sem þrælar myrkranna á milli fyrir launum sem eru fyrir neðan allt velsæmi. Ég er að tala um þær þúsundir sem mest leggja af mörkum en minnst bera úr býtum, þann fjölda sem erfiðar mest en fær minnst þrátt fyrir lengstan vinnudaginn.

Við skulum hafa hugfast að þegar forusta Sjálfstfl. talar um þjóðarsátt er hún að reyna að skapa frið um þetta óbreytta ástand, þetta óþolandi óréttlæti. Með þessu þjóðarkökutali reyna þeir aftur og aftur að eyða allri umræðu um breytta verðmætaskiptingu, þann möguleika að skipta öðruvísi og réttlátar þeim verðmætum sem nú þegar eru til skiptanna. Hagvaxtarviðbótin á auðvitað að skiptast niður með nákvæmlega sama hætti, í nákvæmlega sömu hlutföllum og þau verðmæti sem við nú þegar höfum til skiptanna.

Nú má enginn skilja orð mín svo að við í BJ séum á móti auknum hagvexti. Nei, það sem við einfaldlega erum að vekja athygli á er að við núverandi verðmætaskiptingu útilokum við stóran hluta þjóðarinnar frá eðlilegri þátttöku í þeim samfélagsháttum sem hér hafa þróast á liðnum áratugum. Hækkun þjóðartekna leiðir til breyttra samfélagshátta og á meðan efnahagslegu misrétti er viðhaldið verður alltaf sami hópurinn út undan. Þessum þjóðfélagshópi er ætlað að vera nánast óvirkur í því þjóðlífi sem ekki snertir beint sjálft brauðstritið. Hver heilvita maður sér að enginn framfleytir fjölskyldu á 20 þús. kr. á mánuði eða minna eins og þúsundum launamanna er boðið upp á. Menn mega þakka fyrir að eiga til hnífs og skeiðar.

Á meðan þessu fer fram, sem hér hefur verið lýst, blómstra braskararnir. Ríkisstj. heldur hlífiskildi yfir þeim. Ár eftir ár komast eigendur fyrirtækja upp með að skrá einkaneyslu sína á kostnað fyrirtækjanna og greiða þannig lágmarksskatt til sameiginlegra þarfa okkar allra. Þessi skattsvik eru þjóðfélaginu dýr auk þess sem þau draga úr hagkvæmni og ala á skattsvikum annarra sem ella mundu telja rétt fram, einkum þeirra sem eiga í samkeppni við skattsvikarana. Fyrir bragðið borgar heiðarlegt fólk meira en annars þyrfti ef þessi mál væru í lagi. Það er kominn tími til að tekið sé í hnakkadrambið á þeim sem árum saman hafa lifað lúxuslífi á kostnað heiðarlegra skattborgara.

Bandalag jafnaðarmanna krefst þess að skattaeftirlit verði eflt stórlega og viðurlög við skattsvikum hert til mikilla muna. Við jafnaðarmenn lítum á skattsvik eins og hvern annan þjófnað. Þess vegna svíður okkur hvernig réttarfarið í landinu meðhöndlar þessi mál. Meginregla dómskerfisins hefur alltaf verið að hundelta smáþjófana og láta stórlaxana sleppa, þá hvítflibba sem skaða samfélagið miklu meira hvort sem litið er á málin siðferðislega eða fjárhagslega. Íslenskt réttarfar er réttarfar þeirra afbrotamanna sem ganga um og leggja gildru fyrir grandalaust fólk, oft í skjóli viðskipta eða lögfræðimenntunar. Andspænis þessu standa óbreyttir borgarar nánast varnarlausir. Réttarfar sér um sína en úthýsir þeim sem ekki kunna á kerfið og ekki hafa efni á rándýrri lögfræðiþjónustu. Sú stjórn, sem nú situr, mun ekki hrófla við þessum málum. Umfjöllun hennar um rétt og rangt snýst um það eitt hvort hyggilegt sé að leyfa eða banna svokallað bjórlíki sem varla nokkur sála hefur lyst á að leggja sér til munns lengur. Þetta er þeirra réttarfarsheimspeki, lengra nær hún ekki.

Herra forseti. Eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum hefur óréttlætið í þjóðfélaginu aukist til muna, bilið milli ríkra og fátækra hefur farið vaxandi. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefur fært milljónir og aftur milljónir frá launafólki til fyrirtækjaeigenda, frá þeim efnaminni til þeirra efnameiri. Ef miðað er við stöðu láglaunafólks á þessum haustdögum er ótrúlegt fjármagn nú í höndum efnaðra forréttindahópa. Lífsstíll þeirra og lúxus segja okkur miklu meira en opinberar tölur í skattskrám. Ríkisstjórn framsóknar- og sjálfstæðismanna er ekki ríkisstjórn réttlætis og framfara. Hún er ríkisstjórn stöðnunar og misréttis. Dagar hennar eru taldir og starfsþrekið í lágmarki. Því fyrr sem hún gerir sér grein fyrir þessu, því betra. Framtíðarheill okkar allra er í veði.

— Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. lauk sinni ræðu hér í upphafi þessarar umræðu með svofelldum orðum, með leyfi hv. forseta:

„Með þeirri stefnu, sem ég hef lýst, er brotið blað í stjórn efnahagsmála. Spilin eru lögð á borðið fyrir alþjóð að skoða. Leitast er við að rata hinn gullna meðalveg. Það er þröngur stígur og má lítið út af bera ef hann á ekki að verða ófær. Því er mikilvægt að vel megi takast. Um það þarf þjóðin að sameinast."

Undir þessi orð tók síðan hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson og var mikið í mun að þjóðin sameinaðist.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera þessi síðustu orð hæstv. forsrh. að umfjöllunaratriði í ræðu minni. Ég

vil benda á að þetta er þriðja stefnuræðan sem þessi forsrh. flytur og þetta er þriðja stefnan sem hann leggur fram.

Ég vil halda því fram að fólkið í þessu landi hafi kosið til að fá fram eina stefnu til fjögurra ára en ekki eina stefnu á ári í fjögur ár. Hæstv. forsrh. segir að spilin séu lögð á borðið fyrir alþjóð að skoða og nú sé brotið blað í stjórn efnahagsmála. Til hvers að vera að sýna þetta íslenskri þjóð? Það les enginn heilvita maður þjóðhagsáætlun. Fólk les í dag tilkynningar um afborganir af skuldum. Það les ekki plögg sem það hefur ekkert um að segja.

Hæstv. forsrh. talar um að rata hinn gullna meðalveg, það sé þröngur stígur og megi lítið út af bera ef hann á ekki að verða ófær. Þessi orð um hinn gullna meðalveg eru að mínu mati hrein móðgun við það fólk sem ekki getur sofið í nótt af áhyggjum yfir skuldum sínum og hlakkar af þeirri einu ástæðu til helgarinnar að það fær þá frið fyrir lánardrottnum sínum í tvo daga.

Forsrh. talar um að mikilvægt sé að vel megi til takast og um það þurfi þjóðin að sameinast. Herra forseti. Ég vil meina að hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hafi ekki nokkurn rétt til að krefja þessa þjóð um eitt eða annað. Þjóðin valdi hann ekki til þessa starfs heldur 23 sjálfstæðismenn. Þeir treystu honum til að leiða þessa ríkisstj. við kraftaverkagerð fyrir þjóðina. Reyndar varð ljóst að það var þjóðin, fólkið í landinu, sem eins og endranær átti að framkvæma kraftaverkin, ekki ríkisstjórnin, og þjóðin er að gera kraftaverk með því einu að lifa í þessu landi.

Þessi ríkisstj. hrósar sér af því að hér sé ekkert atvinnuleysi. Á því er afskaplega einföld skýring. Á Íslandi fær fólk ekki laun fyrir vinnu sína. Með hvaða rétti gerir hæstv. forsrh. þá þessa kröfu til þjóðarinnar? Ég er reyndar viss um að íslensk þjóð hefur ekki tekið mark á þessari bón forsrh. Hvers vegna? Vegna þess að íslensk þjóð finnur og veit að hún skuldar þessum manni ekki neitt né Þorsteini Pálssyni. Íslensk þjóð veit að þessir menn líta ekki þannig á að þeir starfi hér á þingi í hennar umboði. Íslensk þjóð veit það einfaldlega með því að skoða lífskjör sín. Fólk, sem ekki hefur tíma til að líta upp frá eilífum fjárhagsáhyggjum, veit að áhyggjur þess stafa af vandamálum sem ráðherrar og þingmenn bjuggu til.

Almenningur tekur ekkert mark á kröfu forsrh. um sameiningu þjóðarinnar til að ráða niðurlögum vandans. Hann tekur ekkert mark á slíkri kröfu af því að hann veit að hún er ábyrgðarlaust hjal — ábyrgðarlaust hjal vegna þess að þegar kjörtímabili hans lýkur skiptir engu máli hvort þessi forsrh. stóð við gefin loforð sín eða sveik þau. Hann þarf ekki að standa þjóðinni reikningsskil gerða sinna. Forsrh. og formaður Framsfl. fer bara heim í sitt kjördæmi og rúmlega tvö þúsund framsóknarmenn þar kjósa hann aftur á þing. Síðan spyr hann milli 20 og 30 þm. Sjálfstfl. á þingi hvort hann megi vera forsrh. og þeir segja: Já. Þeir segja alltaf já því að þeir vita eins vel og almenningur að engu máli skiptir hvort ráðherrann heitir Steingrímur, Þorsteinn eða Albert. Það breytir engu fyrir íslenska þjóð vegna þess að hún er valdalaus þátttakandi og fórnarlamb í þessum leik.

Fólkið greiðir atkvæði í kosningum, það greiðir atkvæði þeim flokkum sem það treystir best til að standa við kosningaloforð sín. Við næstu kosningar stendur fólk frammi fyrir því að engin af loforðunum hafa verið efnd og fólkið stendur líka frammi fyrir þeirri staðreynd, að fenginni reynslu síðustu ára, að það breytir engu að kjósa annan flokk.

Það þýðir ekki að tala við fólk í dag um meiri kaupmátt. Kaupmáttur er talnarugl sem ekkert á skylt við lífsbaráttuna. Fólk veit að lífsbarátta þess hefur aldrei verið harðari og fjárhagsáhyggjur þess aldrei verið meiri en nú í dag og fólk veit hverjir eiga sök á þessu ástandi. Það eru þingmenn og ráðherrar sem ekki þurfa að standa ábyrgir gerða sinna. Þessu verður að breyta. Því verður að breyta þannig að þeir einstaklingar, sem fólk velur til að stjórna þessu landi eða til að sitja á löggjafarþingi þess, standi eða falli með gerðum sínum.

Menn hafa áhyggjur af því að virðing fólks á stjórnmálamönnum sé lítil. Það stafar af því að gagnkvæmt traust skortir á milli stjórnmálamanna og fólks. Því trausti hafa stjórnmálamenn hér glatað. Þetta traust verður ekki endurunnið nema með því að afhenda fólkinu í landinu fullt vald til að ákveða hver er forsrh. og hverjir eru þingmenn. Þess vegna er brýnasta verkefnið ekki að munnhöggvast hér á þingi um þau mál sem engu breyta um hagi fólks heldur að vinna að því að breyta stjórnkerfinu, bylta því þannig að þjóðin kjósi sér forsrh. sem er þjónn fólksins en ekki þjónn SÍS, VSÍ eða ASÍ. Þessi forsrh. bæri þá ábyrgð á gerðum sínum, t.d. þannig að ef hann væri plataður með símagabbi til að hækka eða lækka laun landsmanna um 3% gæti þjóðin sagt honum meiningu sína um slíka vitleysu við kjörkassann.

Forsrh. kosinn af þjóðinni allri með jöfnum atkvæðisrétti skipaði ráðherra til samstarfs við sig með tilliti til hæfileika þeirra til að leysa verkefni sín. Forsrh. bæri ábyrgð á þeim þannig að þeirra afglöp væru hans afglöp þar til hann hefði leiðrétt þau eða rekið viðkomandi ráðherra. Forsrh. kosinn af þjóðinni þyrfti ekki að láta bjóða sér það að einhver strákur úr Árnesinu kæmi og ruglaði upp öllu ráðherraliðinu af því að hann vildi verða ráðherra. Stjórnmál eiga ekki að vera svona leikur. Það finnur fólk því að það hefur almennt mjög heilbrigðar skoðanir á stjórnmálum. Því ofbýður sá leikaraskapur sem það má máttlaust horfa upp á. Þess vegna hefur það skömm á Alþingi.

Ég sagði áðan að íslensk þjóð skuldaði íslenskum stjórnmálamönnum ekki neitt. Aftur á móti skulda íslenskir stjórnmálamenn þjóðinni þá stóru skuld að afhenda henni það vald sem felst í orðinu lýðræði. Ég á við að þeir eiga henni þá skuld að gjalda að afhenda henni sjálfsvirðingu sína og reisn. Þess vegna á hver Íslendingur að hafa eitt og jafnt atkvæði. Þar eiga allir Íslendingar jafnan rétt. Vegna lýðræðisins eiga 23 sjálfstæðisþingmenn ekki rétt á að afhenda Steingrími Hermannssyni vald til stjórnarmyndunar. Þjóðin á rétt á að ráða því hver myndar ríkisstjórn. Vegna lýðræðisins á þjóðin meiri rétt en flokkarnir á að ákveða hvaða menn setjast á þing. Flokkar geta boðið fram lista en fólkið á að geta valið þá menn af þessum listum sem það treystir best til að fara með vald sitt, það vald sem við köllum lýðræði. Að færa valdið með þessum hætti til fólksins frá flokkunum er nauðsynlegt til að stjórnmál hætti að vera sá leikaraskapur sem þau eru nú í dag og verða áfram að öllu óbreyttu.

Herra forseti. Það er ekkert stórvirki að stjórna

landinu í þágu fólksins. Hægt er að bæta lífskjör fólks í landinu stórfellt samtímis því að greiða niður erlendar skuldir. En til þeirra verka verða íslenskir stjórnmálamenn að sækja vald sitt og traust til fólksins í landinu en ekki til hins staðnaða og náttúrulausa flokkakerfis.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Góða nótt.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í umræðunum hér í kvöld hefur það verið almennt álit að við Íslendingar stæðum frammi fyrir verulegum vanda eins og svo oft áður. Talsmenn flokkanna hafa talið að margt væri hægt að gera til varnar og sóknar og almenn skoðun stjórnarandstöðunnar virðist sú að lítið mál væri að stórbæta kjör fólksins í landinu. En hver er hin raunverulega staða og hvaða skorður setur hún okkur?

Í fyrsta lagi eru erlendar skuldir mjög miklar. Mögulegt er að auka þær enn frekar þannig að við höfum meira ráðstöfunarfé milli handanna nú á næstunni. En er skynsamlegt að hefta þjóðina í frekari skuldafjötra? Allir sem hugsa eitthvað um framtíðina svara þessari spurningu neitandi.

Í öðru lagi hafa fiskistofnarnir verið í lægð. Því hefur þurft að takmarka veiðar verulega. Við hefðum getað veitt meira úr stofnunum og aukið þannig ráðstöfunartekjur okkar um stund en rýrt möguleika til lengri framtíðar. Er það skynsamlegt? Allir sem hugsa til framtíðarinnar svara þeirri spurningu einnig neitandi.

Í ljósi þessara staðreynda eigum við Íslendingar ekki eins marga kosti og af er látið. Við getum ekki efnt til frekari skuldasöfnunar erlendis. Við verðum að takmarka veiðar og byggja fiskistofnana upp. Eina leiðin út úr þeim vanda sem nú steðjar að er því að sýna aðhald á öllum sviðum þjóðarbúskaparins og nota hvert tækifæri til að auka framleiðsluna og örva hvers konar nýjungar sem geta aukið verðmætasköpun þjóðfélagsins. Þetta eru menn að reyna að gera og hver sá ábyrgi aðili, sem færi með stjórn landsins, yrði að gera hið sama.

Hitt er svo annað mál að margt mætti betur fara og ekki er sama á hvaða sviðum aðhald er sýnt. Ef sérhver þáttur þjóðlífsins væri tekinn fyrir og hver og einn spyrði sjálfan sig hvað mætti betur fara væri áreiðanlega víða hægt að ná árangri. Við getum lifað góðu lífi í landinu þótt bankar og verðbréfasalar væru færri. Það mun enginn finna fyrir því þótt bensínstöðvum fækkaði. Það er hægt að sinna sjúkum og öldruðum án þess að byggja rándýrar byggingar.

Sjávarútvegurinn, undirstaða velferðar okkar, hefur verið í miklu basli um langan tíma. Við upphaf kjörtímabilsins blasti við mikill samdráttur í afla en áður hafði mikillar bjartsýni gætt um betri aflabrögð og því höfum við eignast öflugan fiskiskipaflota. Við slíkar aðstæður var ekki margra kosta völ. Aflinn var skammtaður á hvert fiskiskip, hvatt var til nýjunga og aðstæður skapaðar til að leggja óhagkvæmustu skipunum, draga úr tilkostnaði og auka verðmæti afla. Þessar aðgerðir hafa vissulega sniðið mörgum þröngan stakk. Meira er um vert hverju þær hafa skilað. Hafa þær orðið til að auka verðmæti aflans meira en annars hefði orðið? Hafa þær orðið til þess að aflinn er sóttur með minni tilkostnaði? Hafa þær orðið til þess að afli hafi komið á land sem annars hefði ekki veiðst?

Því miður liggja ekki enn fyrir reikningar fyrir útgerðina í heild á árunum 1984 og 1985 en í áætlunum Þjóðhagsstofnunar er reiknað með að í kjölfar nýju fiskveiðistjórnarinnar hafi fylgt 9—10% sparnaður í sóknartengdum útgerðarkostnaði. Fyrir botnfiskveiðiflotann í heild er hér um nálægt 400 millj. kr. á ári að ræða miðað við núgildandi verðlag. Á sama hátt má telja víst að kvótakerfi í loðnu- og síldveiðum hafi gert þær veiðar hagkvæmari en fyrr. Samtök útvegsmanna gera ekki athugasemdir við þessar áætlanir og vísbendingar úr útgerðarreikningum, sem fyrir liggja, virðast ekki stangast á við þær.

Fiskveiðistjórnin stuðlar að bættri meðferð aflans þar sem menn geta ekki lengur bætt sér upp lakari gæði með því að moka upp fiski. Gæðaflokkunin 1984 á þorskaflanum sýndi að 85,5% fóru í fyrsta gæðaflokk samanborið við rúmlega 80% árið áður. Gæðaflokkun 1985 virðist vera svipuð og 1984. Þessi framför eykur verðmæti þorskaflans fyrir útveginn um nálægt 200 millj. kr. á ári miðað við núgildandi verðlag. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða að þessi breyting stafi eingöngu af breyttri fiskveiðistjórn en hún gæti átt hér hlut að máli og áreiðanlega er hægt að ná enn meiri árangri.

Með tilkomu hins svokallaða kvótakerfis á botnfiskveiðum 1984 voru menn hvattir til að beina sókn að nýjum og vannýttum stofnum. Rækjuveiðar á djúpmiðum 1984 og 1985 eru glöggt dæmi um þetta. Árið 1984 jókst rækjuaflinn frá árinu áður um rúmlega ellefu þúsund tonn og árið 1985 er búist við að rækjuaflinn verði svipaður og 1984. Þessi aflaaukning felur í sér aukin útflutningsverðmæti um 700—800 millj. kr. miðað við núverandi verðlag ekki síst af því að rækjan er í vaxandi mæli heilfryst um borð. Ætla má að takmörkun á leyfilegt aflamark verði einmitt til þess að menn reyni að gera sér mat úr því sem þeir hafa úr að spila með því að auka vinnsluvirði aflans enda hefur sú orðið raun.

Nú höfum við öðlast verulega reynslu í stjórnun veiðanna. Verulegur árangur hefur náðst á þessu sviði eins og áður er getið þótt núverandi reglur séu alls ekki gallalausar. Þessi árangur er augljós og íslenskt þjóðfélag hefur ekki efni á að kasta honum fyrir borð.

Það er hlutverk okkar, sem í stjórnmálum störfum, að ryðja nýjar brautir og byggja upp fyrir komandi kynslóðir. Í þeim efnum má ekki falla í þá gryfju að eyða auðlindum og safna upp skuldum. Þessa kröfu verðum við að gera til okkar sjálfra og unga fólkið, sem nú mun taka á sig meiri ábyrgð um stjórn þjóðfélagsins en áður, hlýtur að krefjast þess að varlega sé farið.

Í þeim drögum að frumvarpi um stjórn fiskveiða sem ég hef að undanförnu kynnt er byggt á fenginni reynslu af núverandi fiskveiðistjórnun en jafnframt reynt að sníða af helstu gallana. Í drögunum felst að Alþingi taki ákvörðun um meginatriði fiskveiðistefnunnar enda er hér um mikilvægar ákvarðanir að ræða og því æskilegt að þær séu mótaðar í löggjöf. Þá er einnig lagt til að meginreglur gildi til þriggja ára enda er með því móti reynt að draga úr óvissu um rekstrarskilyrði útvegsins og enn fremur láta menn njóta eigin aflareynslu á næstu árum þannig að veiðileyfi verði ekki eingöngu háð afla á viðmiðunarárunum 1981—1983.

Eitt af meginatriðum frumvarpsdraganna er að gefa hverjum þeim sem útgerð stundar kost á vali milli aflamarks og sóknarmarks eins og gilti á þessu ári, en þó þannig að rýmkaður sé réttur þeirra sem sóknar-

markið velja. Með þessu móti er reynt að varðveita eftir því sem kostur er sjálfsákvörðunarrétt og athafnafrelsi einstaklingsins sem útveginn stundar þannig að heildarafla úr mikilvægustu botnfisktegundum sé haldið innan hæfilegra marka. Um leið ætti að vera sniðinn af helsti gallinn, sem þótt hefur á aflamarkinu, að sem allra minnst sé ákveðið fyrir fram um aflahæfi einstakra útgerða og áhafna. Þess í stað sé mönnum gefinn kostur á að stunda veiðar ákveðinn fjölda daga og láta á það reyna hvers þeir eru megnugir.

Í ár er reiknað með að framleiðsla sjávarafurða aukist um tæp 4% sem er mun minni aukning en var á árinu 1984. Búast má við svipaðri aukningu árlega næstu tvö til þrjú árin.

Rekstrarstaða sjávarútvegsins er hins vegar verulegt áhyggjuefni. Í heild virðist sjávarútvegurinn nú rekinn með halla. Áætlanir benda til að framan af árinu hafi botnfiskvinnsla verið rekin með lítils háttar hagnaði en staða frystingar þó verið sýnu lakari en afkoma söltunar. Afkoma botnfiskveiðanna hefur hins vegar verið erfið það sem af er árinu þrátt fyrir aukinn afla. Við síðustu fiskverðsákvörðun hefur að vísu dregið úr hallarekstri útgerðarinnar en á móti kemur að afkoma vinnslunnar hefur snúist úr hagnaði í tap. Út úr þessum vanda er engin einföld leið. Hér sem annars staðar gildir það að sýna aðhald varðandi tilkostnað og nýta öll möguleg tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar.

Þjóðfélagið verður að sýna sjávarútveginum meiri skilning. Stöðug kröfugerð á hendur honum er blóðtaka sem allir tapa á til lengri tíma. Varkár og ábyrg fiskveiðistefna er til lítils ef enginn vill taka tillit til hennar í reynd og heimtar sífellt meir af undirstöðunni, sjávarútvegi. Slík kröfugerð heftir sjávarútveginn í fjötra taps og skulda og stöðvar framþróun hans sem ekki fær staðist og leiðir aðeins til óheilla. Á það jafnt við um opinbera aðila, atvinnurekendur og launþega. Að öðru leyti skiptir það meginmáli að skapa þessum atvinnuvegi sem öðrum þann efnahagslega stöðugleika sem er forsenda allra framfara og hagvaxtar.

Alþb. hefur að undanförnu og hér í umræðunum lagt áherslu á nýja sókn í atvinnumálum en það hefur undanfarið verið að afla sér upplýsinga um það sem verið er að gera. Fyrir rúmum tveimur árum síðan gekk Framsfl. til kosninga undir kjörorðunum: Festa, sókn, framtíð. Frá þessari stefnu hefur Framsfl. ekki hvikað. Undir hans forustu var tekið af festu á stjórn efnahagsmála. En það var forsenda fyrir því að hægt væri að hefja nýja sókn til betri framtíðar. Þetta tókst og í samræmi við þessa stefnu mótaði miðstjórn flokksins fyrir einu ári síðan sérstaka áætlun um nýsköpun atvinnulífsins. Þessa áætlun þekkja flestir því hún er helsti grundvöllurinn í atvinnustefnu þessarar ríkisstjórnar. Nú er Alþb. að vakna upp við það að atvinnulífið skiptir miklu máli, en áður hafa þeir lagt höfuðáherslu á offjárfestingu, t.d. í orkumálum, stöðugt vaxandi ríkisumsvif með samsvarandi skuldasöfnun. Vonandi er hér um einlæga stefnubreytingu að ræða þó enn beri mest á slagorðunum eins og svo oft áður.

Góðir hlustendur. Slagorðin munu ekki duga nú frekar en fyrr. Raunsæi og festa er lykillinn að bættri stöðu þjóðarbúsins.

— Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að þylja hér langar talnaraðir á þeim örstutta tíma sem ég hef til umráða. Og ekki heldur að nota mörg fræðileg hugtök eins og stjórnmálamenn eru farnir að temja sér nú til dags og hafa fyrir bragðið orðið allra manna leiðinlegastir.

Til mín komu um daginn ung hjón og eiginmaðurinn sagði: Ég þarf að tala við þig sem formann Dagsbrúnar. Samtalið er mér mjög minnisstætt vegna þess að vandamál þeirra var ekkert einkamál þeirra, heldur fylgir hundruðum fjölskyldna á landi hér. Erindið var þetta: Við keyptum okkur íbúð fyrir u.þ.b. tveim árum, þriggja herbergja. Kaupverðið var tæpar 1700 þús. og við áttum sjálf 350 þús. — afganginn, tæp 1300 þús., fengu þau lánað með venjulegum hætti — og nú getum við ekki borgað. Hvað þurfið þið að borga mikið? Frá því í ágúst og eitthvað fram yfir áramót 402 þús. í afborganir, vexti og verðbætur. Hvað hafið þið í kaup? Ég hafði frá 1. sept. 1984 til 1. sept. 1985 27 þús. á mánuði til jafnaðar og vann mikla yfirvinnu til að fá þetta kaup. En þú? Tæpar 13 þús. á mánuði, en ég get ekki unnið allan daginn því við eigum tvö börn, tveggja ára og fjögurra ára, og ég fæ ekki pláss á dagheimili því við erum gift. Af hverju færðu ekki pláss á barnaheimili? spurði ég. Innritunarskrifstofa dagvistunar í Reykjavík segir að ég sé gift og hafi fyrirvinnu. Þess vegna komist ég ekki einu sinni á biðlista. Síðan lögðu þau öll plögg á borðið. Heildartekjur þeirra voru samanlagt 477 þús. en vaxtaafborganir og verðbætur á íbúðinni voru 402 þús. Hvað eigum við að gera? spurðu þau. Mér varð svarafátt, en ég vísa þessari spurningu til ríkisstjórnarinnar. Hvað á svona fólk að gera?

Sumir vilja kenna félmrh. um þetta, en það er of ódýrt svar. Ég hef engan áhuga á að verja hann, en það er kerfið sem býður upp á þetta. Það gerir ungu fólki ókleift að búa í íbúð, það gerir því ókleift að standa í skilum. Kerfið er svo ómennskt að ef ungt fólk sem er að reyna að komast í eigin íbúð lendir í þeirri „ógæfu" að eiga börn við þessar aðstæður, þá missir það lífsgleðina og oft heilsuna og jafnvel meira. Þetta er sú hrollvekja sem ungu fólki úr launastétt er boðið upp á í dag. Og boðskapur forsrh. er að núverandi ástand verði framlengt um þrjú ár.

Laun fólks á umsömdum töxtum fyrir dagvinnu, fyrir fólk innan ASÍ eru 16 400 á mánuði og upp í 29 þús. kr. Flestir eru á bilinu um 18—19 þús. — að vísu kom á þetta 3% hækkun í vikunni fyrir misskilning milli ráðherra. Einnig er þorri opinberra starfsmanna á svipuðum launum. Og boðskapur forsrh. til þessa fólks er að það eigi að hækka launin um 1/2% á ári næstu þrjú árin. Þetta er boðskapur ríkisstjórnarinnar með andlitslyftinguna.

Allir vita að hjón sem eru á almennum launum verða bæði að vinna utan heimilis og dugar ekki til. Svo eru einhverjar fornaldarskrifstofur í Reykjavík að segja konum að þær hafi fyrirvinnu. Að vísu eru laun ákaflega misjöfn í landinu. Verslun og þjónusta greiða langt yfir kauptaxta til margra á Stór-Reykjavíkursvæðinu, en fólk sem vinnur við framleiðsluna, það er á töxtum, klipptum og skornum og sjá allir sem til þekkja hversu langt það dugar.

Launamisrétti er að aukast á Íslandi. Harðast verður það fólk úti sem lægst hefur launin. Og hörðust er mótspyrnan gegn kaupi þess, lagfæringum á kaupi þess.

Ég tala nú ekki um ef það vinnur í framleiðslunni, í fiskverkun eða þess háttar. Það er beinlínis að verða refsivert á Íslandi að vinna við framleiðslustörf. En boðar nú ekki forsrh. einhverjar kjarabætur í öðru formi, t.d. lækkun vöruverðs? Öðru nær. Bæði forsrh. og núverandi fjmrh. segja að gengislækkun komi ekki til mála, en gengissig sé sennilega óhjákvæmilegt. Hvað þýðir þetta fína orð gengissig? Það þýðir margar litlar gengislækkanir í áföngum, sem þýðir aftur á móti hækkað vöruverð. Síðan er boðaður virðisaukaskattur. Þetta fína orð virðisaukaskattur er söluskattur í annarri útfærslu. M.a. þannig að hann leggst líka á almenn matvæli og þjónustu. Almenn matvæli munu með þessum aðgerðum geta hækkað um 10—20%. Það verður lítið eftir af 1/2% kauphækkuninni hans Steingríms þegar margar litlar gengisfellingar eru fram undan og sérstakur skattur á almenn matvæli og þjónustu.

Hvað segja menn um skattakerfið, þegar sjálfstæðir atvinnurekendur í eigin atvinnurekstri eru með lægri tekjur samkvæmt skattframtali en einstæðar mæður? Frestað er að lækka skatta á launafólk þótt búið sé að stórlækka skatta á fyrirtækjum. Þá er tekjuskatturinn í núverandi mynd þannig að ef fólk leggur á sig mikla yfirvinnu er það komið í hátekjuskatt, sem það er að sligast undan, en aldrei var til þess ætlast að legðist á verkafólk. Á sama tíma er upplýst að bókhald hjá fyrirtækjum sé í megnasta ólestri og allt niður í 14% í ákveðnum starfsgreinum uppfylla ekki lágmarksskilyrði bókhaldslaga. Skyldi almennt verkafólk komast upp með þetta? Skyldu ungu hjónin sem ég minntist á í upphafi komast upp með þetta?

Það er bjart fram undan segir forsrh. Hvað finnst ykkur, gott launafólk? Það er búið að afnema verðlagseftirlit. Það stóð sig að vísu ekki nógu vel og í sumum tilfellum var það ekki til bóta. En ákaflega er nú frjálst farið með álagningu og verðlag víða. Ég fell oft í þá freistni að kaupa mér ákveðinn gosdrykk og flaskan af honum hefur í allt sumar kostað 20 krónur. Þann 1. okt. hækkaði flaskan í 22. Ég spurði af hverju. Ætli það sé ekki út af þessu 4 1/2% launahækkun 1. okt. Og í gær hækkaði flaskan upp í 26 kr. Kaup hafði þann dag hækkað um 3% — að vísu fyrir misskilning. 30% hækkun á gosdrykkjarflösku og 71/2% kauphækkun, og það allt samdægurs. Ég get sleppt gosdrykkjum, en ég nefni þetta sem dæmi um þá ósvífni sem oft ríkir hér í verðlagsmálum og neytendur finna daglega fyrir.

Við ætlum að spara í ríkisrekstrinum, segir Þorsteinn Pálsson. Vonandi verður sá sparnaður meiri en þegar Sjálfstfl. undir forustu Þorsteins tók að sér að leggja niður hina margfrægu Framkvæmdastofnun ríkisins með kommissörunum. Framkvæmdastofnunin var lögð niður og kommissararnir lagðir af. En upp úr henni risu þrjár nýjar stofnanir með fjórum forstjórum í stað tveggja og verið er að kaupa 15 nýja stóla, 15 ný skrifborð handa nýju viðbótarstarfsliði Framkvæmdastofnunar sálugu. Þessum sparnaði stjórnaði Þorsteinn Pálsson og nú er hann búinn að fá nýjan stól sem hann hefur lengi þráð og barist fyrir — allt til að auka sparnaðinn.

Við höfum orðið fyrir áföllum, segir forsrh. Hvaða áföllum? Árgæska til lands og sjávar. Sjaldan eða aldrei meiri afli. Eftirspurn eftir framleiðslu okkar er víðast hvar meiri en við getum annað. Útflutningsvörur okkar hafa hækkað í verði. En við höfum tapað hundruðum milljóna á því að fiskverkunarfólki er borgað það lélegt kaup að það flýr framleiðsluna og þar af leiðandi verðum við að framleiða verðminni afurðir. Dollarinn hefur lækkað nokkuð frá því fyrri hluta árs, en aðrar erlendar myntir hafa hækkað svo afurðir á þá markaði eru hagstæðari og hinir kunnugustu spá að dollarinn sé að stíga á ný. Þá spyr ég: Af hverju hækkaði ekki kaup verkafólks frá ársbyrjun 1983 til dagsins í dag, þegar dollarinn hefur hækkað gagnvart íslenskri krónu um 144%?

Erfiðleikar sjávarútvegsins á þessu ári stafa hvorki af aflaleysi né of háu kaupi. Sjá nú ekki allir að launafólk verður að sameinast um kröfuna um kaupmáttartryggingu? Það er enginn að biðja um verðbólgu. Við getum alveg eins samþykkt lækkun á vöruverði. Krafa verkalýðshreyfingarinnar hlýtur að vera samningsbundin kaupmáttartrygging. Reynslan frá í sumar sýnir að orð ráðherra eru að litlu hafandi.

Reynt er að koma því á framfæri að Alþb. sé logandi í innbyrðis illdeilum. Þetta er til að reyna að vekja tortryggni gagnvart stærsta flokki verkafólks, þeim flokki sem hefur dugað verkafólki best, og til að breiða yfir stólastyrjöldina í Sjálfstfl. og fyrirætlun ríkisstj. í kjaramálum.

Launafólk. Það er vísitala á öllum greiðslum nema kaupgreiðslum. Og það er óheftur gróði og álagning í verslun og margs konar þjónustu. Annaðhvort allar vísitölur í burt eða einhvers konar vísitölu á kaup. Í næstu samningum verður að koma kaupmáttartrygging annars mun kaupmátturinn hríðfalla. Boðorð næstu vikna verður kaupmáttartrygging, annars verður hinn lélegi núverandi kaupmáttur enn rýrður.

Að endingu, herra forseti. Á Íslandi er hæsta verðlag og lægstu laun af nágrannalöndum okkar. Ég held að verkalýðshreyfingin ætti að setja sér það mark að því linni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ræða forsrh. var því miður ekki stefnuræða stjórnmálaleiðtoga. Hún var sparðatíningur úr embættiskerfinu. Vandamál vinnandi fólks virðast ekki vera í sjónmáli út um stofugluggann hans í Arnarnesinu.

Hitt kom mér meira á óvart að fyrrverandi blaðafulltrúi atvinnurekenda, hæstv. nýorðinn fjmrh., skuli ekki fást til að viðurkenna staðreyndir um ástand og horfur í efnahagsmálum, staðreyndir sem hver einasti atvinnurekandi á Íslandi gæti leitt hann í allan sannleika um með einu símtali.

Það er nefnilega staðreynd að verðbólga á Íslandi er aftur orðin sex- til tífföld umfram viðskipta- og markaðslönd. Og það þýðir að gengisfelling Nordalssláttu er orðinn hlutur. Spurningin er ekki lengur hvort unnt sé að afstýra henni. Hún er aðeins um það hvernig skuli bregðast við. Og svo segir Þorsteinn Pálsson í ræðu sinni að náðst hafi jafnvægi lánskjara og launa vegna lækkandi verðbólgu.

Það má minna hann á spá Félags íslenskra iðnrekenda, sem var birt skömmu áður en Alþingi kom saman, um að fram undan væri eftir áramót á Íslandi að við værum að festast í sama gamla verðbólgufarinu, 60—80%. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því að ef nú væri í gildi gamla vísitölukerfið með þriggja mánaða aðlögun launa og verðlags, þá væri þessi ríkisstj. nú

þegar í 80% verðbólgu. M.ö.o. árangurinn er enginn, en þeir stinga höfðinu í sandinn og neita að viðurkenna staðreyndir.

Sú var tíð að þeir sjálfstæðismenn áttu ekki orð til þess að lýsa ábyrgðarleysi þeirrar ríkisstjórnar sem þeir oft vitna hér til, ríkisstjórnar Gunnars heitins Thoroddsens, — þar sem m.a. forsrh. átti sæti og nokkrir sjálfstæðismenn fleiri — og fordæmdu ákaflega það ábyrgðarleysi að binda fast gengið við slíkar kringumstæður þegar verðbólgumunurinn hér og í markaðslöndunum var orðinn geysimikill. Þá bentu sjálfstæðismenn á að við slíkar aðstæður væri fast gengi aðför að sjávarútveginum sem við lifum á. Þá sögðu þeir að það dæmdi landsbyggðina til stöðnunar og fólksflótta. Þá sögðu þeir að það væri tilræði við atvinnuöryggi vinnandi fólks. Allt var þetta rétt þá og það er rétt enn. Um þetta má segja að vegurinn til vítis er varðaður góðum áformum — var það og er það enn. Og láta svo út úr sér, um leið og menn brigsla stjórnarandstöðunni um að vera í litlum tengslum við veruleikann, að núverandi ríkisstj. hafi náð jafnvægi lánskjara og launa vegna lækkunar verðbólgu.

Hitt er rétt að ránvextirnir hafa að nokkru leyti leitt til aukins sparnaðar, þó að sumu leyti kunni það að vera tilfærsla milli sparnaðarforma. En það er önnur hlið á því máli. Hin hliðin á því máli eru auglýsingarnar um 20 þús. uppboðskröfur, uppboðið á sjálfseignarstefnunni í húsnæðismálum og þar með hin algjöru svik á stærsta kosningaloforði Sjálfstfl. fyrir kosningar. Það er líka önnur hlið á því máli. Það eru auglýsingar verðbréfabraskaranna í heilum opnum dagblaðanna sem lofa skattfrjálsum arði upp á 70—80% þeim sem vilja og geta lagt fjármuni í verðbréfakaup. Auglýsingar sem segja berum orðum að á Íslandi í dag séu gróðamöguleikarnir fólgnir í affallabraski með víxla og verðbréf, enda er það nú á stefnuskrá ríkisstj. að afnema gildandi lög um okur. Og það er enn önnur hlið á þessu máli. Sparnaðurinn er leiddur fram hjá bankakerfinu á okurmarkað frjálshyggjunnar og hann leitar að sjálfsögðu ekki í fjárfestingu í heilbrigðu atvinnulífi né í húsnæði. Síðan hæla mennirnir sér af þessum árangri.

Fullyrðingar Þorsteins Pálssonar um það að í máli okkar Alþýðuflokksmanna hafi borið á gylliboðum eru mikið öfugmæli. Ég rifja enn upp að það er ekki mjög algengt að stjórnarandstæðingar komi bæði fram með tillögur um niðurskurð ríkisútgjalda og einnig um álagningu nýrra skatta til þess að stoppa upp í fjárlagagöt stjórnarliða. Engu að síður höfum við gert það. Fullyrðing hans um að það hafi verið ósamkvæmni í málflutningi okkar Jóhönnu Sigurðardóttur vegna undanþágu á söluskatti er líka röng. Það er kjarninn í tillögum Alþfl. um afnám á undanþágum frá söluskatti að auknar tekjur af því tilefni verði notaðar til þess að lækka söluskattsprósentu og vöruverð í landinu. Það gerir núv. ríkisstj. ekki. Hún leggur á þessa skatta, alls 1700 millj. kr., þar af 400 millj. með afnámi á undanþágum, en hún nýtir ekki tækifærið til þess að koma til móts við almenning með lækkun skattprósentunnar.

Herra forseti. Það þarf mikinn pólitískan styrk til þess að knýja fram nauðsynlegar breytingar á þessu þjóðfélagi í réttlætisátt. Spurningin er: Hvar er þann styrk að finna? Hin mikla sókn Alþfl. sem hófst á þessu ári hefur gefið fyrirheit um nauðsynlegar breytingar á úreltu flokkakerfi. En fleiri þurfa að leggja okkur lið sem hingað til hafa stutt aðra flokka áður en við getum gert okkur vonir um raunhæfan árangur.

Enginn hugsandi maður bindur framar vonir við Framsóknarflokkinn. Hann er dæmdur af verkum sínum eftir 14 ár í ríkisstjórn sem þröngsýnasti og íhaldssamasti kerfisflokkur landsins. Það er pólitískt gustukaverk að gefa framsókn frí og senda hana í andlega endurhæfingu næsta áratuginn.

Haldi Sjálfstfl. svipuðum styrkleika og nú verður hins vegar ekki hjá því komist að semja við hann um nýja ríkisstjórn. En eigi slík ríkisstjórn að skila árangri þá verðum við að geta samið af styrkleika við þetta sundurleita hagsmunabandalag sem gengur undir nafninu Sjálfstfl.

Lítum ögn á stjórnarandstöðuna. Ástand hennar birtist þjóðinni í hnotskurn eina helgi í október þegar BJ hélt landsnefndarfund, Alþb. miðstjórnarfund og Alþfl. flokksstjórnarfund. Það voru ólíkar fréttir sem bárust á öldum ljósvakans af þessum fundum.

Ég læt í ljós þá von að BJ haldi ekki fleiri slíka fundi. Síðan hefur það helst spurst að umræður þar snúist um einkamál en ekki lengur stjórnmál. Sá flokkur sýnist því varla vera til stórræðanna.

Á miðstjórnarfundi Alþb. kom fram að sögn viðstaddra bullandi gagnrýni á forustu flokksins, formann og þingflokk, sem var sakaður um stefnuleysi og skort á nútímaskilningi, — samkvæmt kokkabókum mæðraskýrslu. Ekki er þetta traustvekjandi.

En á flokksstjórnarfundi Alþýðuflokksins þessa sömu helgi var starfsáætlun flokksins, sem unnið hefur verið að í allt sumar, samþykkt einróma. Í henni felst að við munum á næstunni breyta skipulagi okkar og starfsháttum til samræmis við þarfir fjöldaflokks. Tugir nýrra einstaklinga hafa nú komið til starfa í milli 20 og 30 málefnahópum á vegum flokksins. Þessar fastanefndir vinna nú kerfisbundið að ítarlegri útfærslu á kosningastefnuskrá og þar með stjórnarsáttmála við næstu stjórnarmyndun. Útgáfu- og útbreiðslustarf verður stóraukið á næstunni.

Á næstu vikum byrjum við skipulagt kynningarstarf á stefnu og breyttum starfsháttum á vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu og sameinumst í öflugu átaki til að safna nýjum félögum til þess að taka virkan þátt í þeirri þegnskylduvinnu að breyta þessu þjóðfélagi.

Áður en gengið verður til kosninga mun eiga sér stað mikil endurnýjun á frambjóðendasveit flokksins. Þar verður hlutur kvenna mikill og unga fólkið í fylkingarbrjósti.

Hvaða ályktanir má draga af þessu? M.a. að ólíkt hinum stjórnarandstöðuflokkunum er Alþýðuflokkurinn einhuga og sameinaður á traustum hugmynda- og stefnugrundvelli. Og að hreyfing jafnaðarmanna er vaxtarbroddurinn í stjórnmálalífi þjóðarinnar nú um stundir.

Það væri að mínu mati mikið manndómsmerki ef þingmenn BJ viðurkenndu orðinn hlut og sýndu í verki trúnað sinn við sameiginleg málefni okkar með því að taka í útrétta sáttahönd. Sameiginlega ættum við nú að svara stólakaupum sjálfstæðisráðherranna með tafarlausri sameiningu í einn þingflokk jafnaðarmanna. Það mundi muna um þann liðsauka í nýrri sókn jafnaðarmanna, sem gæti leitt okkur yfir 30% fylgismarkið á þessum vetri.

Á landsfundi Alþb. stefnir í uppgjör hópa sem eiga

fátt sameiginlegt orðið annað en nafnið. Þau öfl innan Alþb., sem í verki eru verkalýðssinnar og sósíaldemókratar, eiga ekki samleið með flokkseigendafélagi afdankaðra stalínista og hippum og vinstrivillingum allra handa. Þessir aðilar eiga að gera tilraun til uppgjörs við fortíðina. Það er löngu tímabært. Þeir eiga að hafna fornaldarhugmyndum um ríkisforsjá og kerfisvarðstöðu og láta af andstöðu við aðild Íslands að öryggisbandalagi lýðræðisríkja.

Verði þessir aðilar undir ættu þeir að bregðast við hart, taka höndum saman með okkur hinum undir merkjum Alþfl. um að skapa á þessum vetri sameinað sóknarafl lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna. Þessi ríkisstj. hefur ekki burði til að standast slíkt stjórnarandstöðuafl. Slík breiðfylking jafnaðarmanna gæti unnið stórsigur í næstu kosningum og samið af myndugleik og styrkleika við Sjálfstfl., gerist slíks þörf.

Þetta sýnir, góðir hlustendur, að nýir sóknarmöguleikar eru óþrjótandi. Okkur er því í sjálfsvald sett að skapa pólitísk skilyrði fyrir framkvæmd þeirrar róttæku umbótaáætlunar sem ég lýsti hér áðan. Þá hefði á sannast að ládeyða sumarsins væri aðeins lognið á undan storminum, sem feykir burt kalkvistum framsóknaráratugarins og gefur þjóðinni aftur trú á sjálfa sig og framtíð sína. — Þakka ykkur fyrir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í umræðunum hér í kvöld hefur enginn andmælt því að ríkisstj. tókst með stuðningi þjóðarinnar að koma verðbólgunni úr 130 prósentustigum í um það bil 30. Sá árangur hefur tvímælalaust styrkt hag heimila og fyrirtækja og komið í veg fyrir ójöfnuð og misskiptingu sem þreifst í skjóli óðaverðbólgunnar. Í framhaldi af hjöðnun verðbólgunnar hefur tekist að eyða því misgengi sem varð á þróun launa og lánskjara vegna þess kaupmáttarhraps sem varð í óðaverðbólgu fyrri ríkisstjórnar. Frá því að ríkisstj. tók við í júní 1983 hafa launahækkanir orðið meiri en hækkun lánskjaravísitölu.

Það eru gleðitíðindi að sparnaður hefur aukist vegna þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið í peninga- og vaxtamálum. Sú staðreynd sýnir að trú almennings á sparnaði og ráðdeild hefur vaxið. Gósentími skuldakónganna er liðinn og kjörorðið „græddur er geymdur eyrir" hljómar ekki lengur sem öfugmæli.

Ríkisstj. hefur sett sér það markmið að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum og þegar hafa verið stigin skref í þá átt.

Lán til húsnæðismála hafa verið stóraukin og fyrirhugað er að beina lánum í meira mæli til þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð.

Horfið hefur verið frá því ráði að ríkið ákvarði gjaldskrár sveitarfélaga. Verð á þjónustu sveitarfélaganna er nú eingöngu háð ákvörðunum þeirra sjálfra.

Verðlag hefur verið gefið frjálst þar sem nægileg samkeppni er fyrir hendi með þeim afleiðingum að verð á vöru og þjónustu hefur hækkað minna en í þeim greinum þar sem enn ríkja verðlagshöft. Á þessu hafði Alþýðusambandið skilning, enda hafði ASÍ forustu fyrir því í Verðlagsráði að afnema verðlagshöft, þar á meðal af uppáhaldsgosdrykknum hans Guðmundar J. Guðmundssonar, enda hefur verð á gosdrykkjum hækkað minna en vöruverð sem er háð verðlagsákvörðunum.

Í orkumálum hefur ríkisstj. horfið frá svartnættisstefnu Hjörleifs Guttormssonar sem engan skilning hafði á því að orkulindir landsins eru lítils virði ef enginn finnst kaupandinn.

Frumvarp um breytingar á starfsháttum fjárfestingarsjóða atvinnuveganna verður endurflutt á þessu þingi. Markmiðið er að tryggja arðbærari ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar í atvinnulífinu og opna leiðir fyrir fjárfestingar í nýjum atvinnugreinum.

Útvarpslögum var breytt á síðasta þingi. Þessi breyting kemur til framkvæmda í byrjun næsta árs og mun opna nýja möguleika og bregða ferskum blæ á íslenska fjölmiðlun.

En þótt ríkisstjórnin hafi þannig á mörgum sviðum unnið stórvirki og leitt þjóðina út úr upplausn og óðaverðbólgu hefur enn ekki tekist að koma í veg fyrir of mikla ásókn í erlend lán. Á árunum 1980—1983, þegar Ragnar Arnalds var fjármálaráðherra, jukust erlendar skuldir um tvo þriðju og enn hefur ekki tekist að stöðva þessa óheillaþróun. Nú er svo komið að verðmæti alls útflutnings á þorskafurðum, lýsi og mjöl innifalið, duga ekki til að greiða vexti og afborganir af erlendum skuldum. Til að standa undir vaxtagreiðslunum einum saman þarf u.þ.b. árslaun 15 000 verkamanna. Sífelldur viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun hafa gert ýmsum atvinnugreinum, svo sem í verslun, þjónustu og byggingariðnaði, kleift að greiða hærri laun en útflutningsgreinarnar hafa getað. Það er vegna þessa sem sjávarútvegurinn er í stórhættu, en hann er og hlýtur að verða undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar um ókomna framtíð.

Mikilvægasta viðfangsefni ríkisstjórnar og Alþingis á næstunni verður því að takast á við það verkefni að draga úr viðskiptahallanum og bæta stöðu sjávarútvegsins.

Á liðnum árum hefur ríkissjóður oft að nokkru verið fjármagnaður með skattlagningu þess innflutnings sem kemur inn í landið umfram það sem flutt er út. Með öðrum orðum: ríkissjóður hagnast á viðskiptahallanum. Það er af þessum ástæðum sem nauðsynlegt er að draga saman seglin í ríkisbúskapnum ef ná á jafnvægi í viðskiptum við aðrar þjóðir og stöðva erlenda skuldasöfnun.

Í fyrrakvöld komu formenn stjórnmálaflokkanna fram í sjónvarpi og kynntu þjóðinni viðhorf sín til stjórnmálanna á líðandi stund. Þeir sem sáu þennan sjónvarpsþátt muna eflaust eftir Svavari Gestssyni, formanni Alþýðubandalagsins, þegar hann lýsti því hvernig íhaldið ætlaði sér með blikandi niðurskurðarhnífinn í hendi að ráðast til atlögu við gamalt fólk, námsfólk, húsbyggjendur og sjúka. Þessi dramatísku tilþrif áttu augljóslega að hræða fólk til fylgis við Alþýðubandalagið. Það er ekki víst að þjóðin muni það eins vel að það voru þeir félagar Svavar Gestsson og Ragnar Arnalds með dyggri aðstoð Jóns Baldvins sem á sínum tíma lögfestu lánskjaravísitöluna sem þeir nú kalla ránskjaravísitölu.

Það kann einnig að vera að einhver sé búinn að gleyma því að það var Alþýðubandalagið sem eftir síðustu kosningar gerði tillögu um neyðaráætlun gegn atvinnuleysi til fjögurra ára. Þessi tillaga kom fram í kjölfar aðildar Alþýðubandalagsins að ríkisstjórn sem á örfáum árum kom verðbólgunni úr 30 í 130% og jók erlendar skuldir um 65%. Og þegar formaður Alþýðu-

bandalagsins er tekinn á beinið í sínum eigin flokki fyrir lélega frammistöðu í kosningum og stjórnarandstöðu ákallar hann Alþingi götunnar og storkar þannig lýðræðinu í landinu. Svavar Gestsson verður að átta sig á því að það dugir skammt að hræða fólk til fylgis við Alþýðubandalagið. Það sem Alþýðubandalagið þarf öðru fremur á að halda nú er neyðaráætlun gegn eigin hugmyndakreppu.

Um aðra stjórnarandstöðuflokka get ég verið stuttorður. Hnetubrjótarnir í Bandalagi jafnaðarmanna eiga í innbyrðis pólitískum deilum sem þeir verða að jafna sjálfir áður en þeir bjóðast til að leysa vandamál annarra. Og þó mér þyki ósköp vænt um bónorð Jóns Baldvins í sjónvarpinu um daginn og aftur nú rétt áðan er ekki nóg að klæðast biðilsbuxunum ef menn þora ekki upp að altarinu þegar til alvörunnar kemur. Alþýðuflokknum var nefnilega boðin aðild að þessari ríkisstjórn við myndun hennar, en kjarkinn brast á síðustu stundu.

Í umræðunum hér í kvöld hafa stjórnarandstæðingar reynt að halda því fram að hugmyndir um nýtt átak í efnahagsmálum séu hótanir, hefndaraðgerðir og hægri trúarkreddur, svo vitnað sé til orða í æsingarræðum Ragnars Arnalds og Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í kvöld. Stjórnarandstæðingar halda því fram að stjórnarstefnan byggi á einberum öfgum. Þótt fjmrh. hafi í sinni ræðu afhjúpað rangfærslur og útúrsnúninga í málflutningi þessara stjórnarandstæðinga vil ég spyrja: Eru það öfgar að halda því fram að hugmyndir um nýtt átak í efnahagsmálum séu hótanir, hefndaraðgerðir og hægri trúarkreddur, svo vitnað sé til orða í æsingarræðum Ragnars Arnalds og Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í kvöld. Stjórnarandstæðingar halda því fram að stjórnarstefnan byggi á einberum öfgum. Þótt fjmrh. hafi í sinni ræðu afhjúpað rangfærslur og útúrsnúninga í málflutningi þessara stjórnarandstæðinga vil ég spyrja: Eru það öfgar að halda því fram að þjóðin eigi að lifa á því sem hún aflar? Eru það hótanir að halda því fram að ríkið skuli haga sér eins og einstaklingarnir og heimilin þurfa að gera þegar draga þarf saman seglin? Er það hægri trúarkredda að treysta undirstöður velferðarríkisins og tryggja hag þeirra lakast settu með því að við hin, sem erum aflögufær, greiðum einhvern hluta þeirrar þjónustu sem við fáum úr hendi samfélagsins? Eru það öfgar að halda því fram að það verði að reka sjávarútveg án taps og að hallalaus rekstur sé grundvöllur byggðar víðs vegar um landið? Eru það öfgar og hefndaraðgerðir að vilja koma í veg fyrir að þensla, launaskrið og verðbólga spilli fyrir kjarabótum til þeirra sem eru lægst launaðir og aðeins fá launagreiðslur samkvæmt umsömdum taxta? Ég spyr ykkur, hlustendur góðir: Eru þetta öfgar, hefndaraðgerðir, hótanir eða hægri kreddur?

Góðir áheyrendur. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var s.l. vor, var samþykkt að áframhaldandi stjórnaraðild flokksins væri bundin því skilyrði að frekari árangur næðist í efnahagsmálum. Þessi samþykkt var ítrekuð á sameiginlegum fundi miðstjórnar og þingflokks í Stykkishólmi nú fyrir skömmu og þar var áréttað að nýjar aðgerðir mættu ekki bitna á launafólkinu í landinu. Ríkisútgjöldin verða því að dragast saman og áherslan lögð á uppbyggingu atvinnulífsins. Ég fagna því að um þetta hefur náðst samstaða milli stjórnarflokkanna.

Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, mun sem fjármálaráðherra hafa forustu í ríkisstjórn um lausn þeirra mikilvægu og erfiðu verkefna sem við blasa. Þingflokkur sjálfstæðismanna stendur einhuga að baki hans og er staðráðinn í því að ná nauðsynlegum árangri í efnahagsmálum. Við ætlum ekki að flýja af hólmi og gefast upp fyrir vandamálunum, heldur munum við enn herða róðurinn. Okkur er það ljóst að við eigum allt undir skilningi og stuðningi landsmanna ef vel á að takast til. Við treystum á stuðning þjóðarinnar við úrlausn vandasamra en nauðsynlegra verkefna. Við höfum trú á því að þorri fólksins í landinu vilji gefa okkur tækifæri til að hrista upp í kerfinu, losa ríkisrekstrarinn úr viðjum vanans og skoða allar sparnaðarhugmyndir með opnum huga. Við höfum trú á því að með kjarki, bjartsýni og samstöðu þjóðarinnar megi draga úr eyðslunni og bæta lífskjörin. Við höfum trú á framtíð þessarar þjóðar.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Enn kveður hefðin alþm. saman til að ræða stefnuræðu forsrh. í áheyrn þjóðarinnar. Í þetta sinn áætlun til þriggja ára sem er nýlunda.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 segir, og það er líka nýlunda, að ríkisstj. hafi sett sér það meginmarkmið í efnahagsmálum á næsta ári að stöðva skuldasöfnun erlendis, og þótt fyrr hefði verið, segja víst margir.

Þessi skuldasöfnun, sem hefur orðið að áráttu stjórnvalda undanfarin ár, á rætur að rekja til langvarandi viðskiptahalla. Drýgstu orsakir viðskiptahallans eru svo fjárfestingar í stórvirkum orkuframkvæmdum og fiskiskipum, auk neyslu. Þessum viðskiptahalla hefur svo verið viðhaldið mestmegnis af miklum vaxtagreiðslum af erlendum lánum, en aflabrestur og versnandi viðskiptakjör leggja einnig sitt af mörkum.

Það er vert að vekja athygli á því nú, þegar á að herða ólarnar í samneyslunni, að rúmur helmingur þeirra erlendu skulda þjóðarinnar sem við eigum að greiða stafar af fjárfestingum vegna stórvirkjanaframkvæmda. Í kapphlaupi við kjarnorkuna á 6. áratugnum var anað út í óhagstæða samningagerð og virkjanaframkvæmdir sem við höfum æ síðan sopið seyðið af. Af metnaði var ráðist í stórar, hratt byggðar og rándýrar virkjanir til að uppfylla kröfu stóriðjunnar. En orkan sem rann úr fosshjartanu varð aldrei að því gulli í höndum okkar sem marga dreymdi um. Það verð sem fyrir hana fæst þegar hún er seld til stóriðju er talsvert undir því verði sem kostar að framleiða hana og sér hver maður að það eru léleg viðskipti. Á meðan greiða heimilin, fiskvinnslan og ýmis smáiðnaður, sem er að reyna að skjóta rótum, hærra raforkuverð en þekkist t.d. á Norðurlöndunum. Og nú eigum við nokkur hundruð gígawattstundir af umframorku í kerfinu, en gert er ráð fyrir minnkandi eftirspurn eftir raforku á innanlandsmarkaði fram yfir aldamót og engir erlendir stórkaupendur vísir. Þetta dæmi gengur ekki upp. Og það sá hæstv. fyrrv. iðnrh. loks þegar hann vaknaði upp af stóriðjudraumnum og sagði í febrúar s.l.: Þessari orkuveislu er lokið.

Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt áherslu á hættuna af erlendri skuldasöfnun og á það að auka ekki við stóriðjuframkvæmdir, en miða virkjanastefnu fyrst og fremst við innlendar þarfir.

Atvinnumál þjóðarinnar standa nú á tímamótum og okkur er brýn nauðsyn að leita allra leiða til að nýta og markaðssetja það úrvalshráefni sem okkur stendur til boða, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Hins vegar verðum við að vinna hörðum höndum að því að varðveita og efla gæði þessa hráefnis og megum hvergi slá slöku við. Það er því til háborinnar skammar hve lítil rækt hefur verið lögð við nám og kjör fiskvinnslufólks. Eru menn blindir á það hver er undirstöðuatvinnuvegur þessarar þjóðar? Verkmenntun og starfsmetnaður

þeirra sem vinna svo verðmætt hráefni, tæknivæðing og allur aðbúnaður við fiskvinnslu ætti að vera forgangsverkefni. Til þess að vega upp á móti einhæfni og sveiflum í undirstöðuatvinnuvegum er okkur nauðsyn að leita nýrra atvinnugreina. Kvennalistinn hefur bent á ýmiss konar smáiðnað, nýjar búgreinar og þekkingarsköpun sem vænlega framtíðarkosti. Enginn þeirra er ýkja orkufrekur, en allir byggja fyrst og fremst á þekkingu og rannsóknum.

Það er smám saman að renna upp fyrir æ fleirum að það er hægt að virkja fleira en fallvötn. Ein besta fjárfesting okkar, bæði til skemmri og lengri tíma, er í góðri almennri menntun allra landsmanna, bæði bóknemnt og verkmennt.

Kínverskur spekingur sagði fyrir nærri 2500 árum: Ef þú hugsar eitt ár fram í tímann sáir þú korni. Ef þú hugsar tíu ár fram í tímann gróðursetur þú tré. Ef þú hugsar eitt hundrað ár fram í tímann menntar þú fólkið.

Til þess að Íslendingar geti orðið gjaldgengir á vinnumarkaði framtíðarinnar og sjálfstæði og afkoma þjóðarinnar sé tryggð verðum við að standa vörð um menntakerfið og bæta það með öllum ráðum. Ef við uggum ekki að okkur gætum við sem þjóð hæglega lent í fátækragildru í samkeppni við aðrar þjóðir um markaði og hugmyndir.

Það er trú mín að gullskip íslensku þjóðarinnar, sem grafið er í svarbláum sandi framtíðarinnar, sé hugvit.

Við verðum að lagfæra þann ójöfnuð sem nú ríkir í skólamálum milli þéttbýlis og dreifbýlis og tryggja jöfnuð allra landsmanna til náms. Við verðum að útvega skólum fjölbreytt og nútímaleg námsgögn og við verðum að búa vel að börnum meðan þau dvelja í skólanum. Flest ef ekki öll lönd í okkar heimshluta búa við samfelldan skóladag og þykir það sjálfsagt. Okkur er skömm að því, foreldrum jafnt sem stjórnmálamönnum, að hafa ekki gert slíkt að forgangsverkefni fyrir börnin okkar. Okkur er sömuleiðis skömm að því að búa þannig að kennarastéttinni í launum og virðingu að svo fari e.t.v. að það fáist ekki aðrir til að kenna börnum okkar en þeir sem eiga ekki á öðru völ. Sú aðför sem farin var að kennarastéttinni á s.l. ári og staðan í menntamálum gefa ekki tilefni til bjartsýni þegar nú er boðaður aukinn niðurskurður á því sem kallað er útgjaldaáform ríkisins í lokaorðum þjóðhagsáætlunar. Ég vil vara þessa ríkisstj. alvarlega við því að spara í menntun frekar en orðið er. Slíkt væri glapræði sem illt yrði að bæta.

Þeir atvinnukostir sem bíða á næsta leiti krefjast ekki einungis menntunar, heldur líka rannsókna. Þetta hefur stjórnvöldum reyndar skilist, en samt ekki nógu vel því að þeir verja ekki nema 50 millj. kr. til rannsókna í þágu nýsköpunar í atvinnuvegunum á þessu ári. Það er allt of naumlega skammtað þegar um er að ræða að fjárfesta í hugviti fyrir framtíðina.

Sömuleiðis er skilningur á gildi rannsókna almennt mjög takmarkaður meðal ráðamanna, eins og sést best á því hve illa er búið að Háskólanum. Þekkingarsköpun verður æ mikilvægari sem grundvöllur atvinnuuppbyggingar og þar með fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Það er með rannsóknir eins og veðreiðar. Það er aldrei hægt að vita fyrir fram hver vinnur. En þeim mun fleiri hesta sem veðjað er á, þeim mun meir aukast líkurnar á vinningi.

Hæstv. fjmrh. hinn nýi talaði um það áðan að til þess að móta skynsamlega stefnu yrði hún að vera í takt við veruleikann. Honum fannst í umræðum í sjónvarpi í fyrrakvöld ég gefa neikvæðar lýsingar af þjóðfélaginu. Ef svo er er það e.t.v. einmitt vegna þess að veruleiki þeirra sem ég er fyrst og fremst málsvari fyrir er oft býsna neikvæður. Það er hlutverk mitt að vera verðugur erindreki þeirra og það geri ég best með því að reyna að setja mig í þeirra spor og koma reynslu þeirra á framfæri.

Á þeim kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna sem nú er senn liðinn hafa margar jákvæðar og uppbyggjandi aðgerðir gefið tilefni til bjartsýni og vissulega leitt til þess að konum hefur aukist kjarkur og þor. Sömuleiðis hefur sjálfsmynd og sjálfsvirðing þeirra styrkst og þær hafa fundið fyrir þeim krafti sem samstaða kvenna gefur. Frumkvæði kvenna til athafna, hvort sem er á vinnumarkaði, í stjórnmálum og nú síðast í rannsóknum og listum með fjölsóttri ráðstefnu um kvennarannsóknir og veglegri listahátíð kvenna, hafa vakið konur til dáða og sýnt hve framlag þeirra er ríkulegt. En þrátt fyrir þetta eru býti kvenna rýr þegar kemur að því að viðurkenna framlag þeirra.

Þær konur sem vinna á heimilum sínum búa við skert réttindi miðað við aðra þjóðfélagsþegna, bæði hvað varðar lífeyrisréttindi og tryggingabætur. Þær sem úti vinna bera úr býtum mun lægri laun en karlar og virðist nokkuð sama hver starfsvettvangurinn er. Hver skýrslan á fætur annarri sýnir svipaðan launamun. Jafnframt eiga konur mun erfiðara með það að öðlast frama í starfi en karlar. Láglaunahópar þjóðfélagsins eru að stórum hluta skipaðir konum og kjörin versna stöðugt.

Stefna ríkisstj. tekur ekki mið af kjörum og aðstæðum kvenna, kannske vegna þess að hún er fyrst og fremst mótuð af körlum sem vita ekki og skilja ekki hvert hlutskipti kvenna er. Þess vegna ættu hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að hlusta vel á þær lýsingar sem ég gef af þjóðlífinu og taka tillit til þeirra þegar þeir móta stefnu sína ef hún á að vera sanngjörn. Betra væri þó að þeir færu sjálfir og reyndu að lifa af fóstrulaunum, sóknarstúlkulaunum eða brygðu sér í bónus til að reyna sjálfir á eigin kroppi hvað það er sem er svona neikvætt.

Sú niðurskurðarstefna, sem boðuð er, vekur óhug. Þó að flestir mundu fallast á það að brýn nauðsyn sé að draga úr erlendri skuldasöfnun er jafnframt nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að svo langvinnur vandi verður ekki leystur á neinni svipstundu. Það eru mörg heimili í landinu sem hreinlega geta ekki gefið meir.

Sú fjölskyldupólitík, sem þessi ríkisstj. hefur rekið, er ófullnægjandi. Launin eru það lág að báðir foreldrar þurfa einatt að vinna til að framfleyta fjölskyldunni. Samfélagið hefur einungis tekið takmarkaða ábyrgð á öryggi barna og því verða flestir að leysa dagvistunarmál sín upp á eigin spýtur og ég hef áður minnst á þann skort sem er á samfelldum skóladegi.

Húsnæðismálin eru í þvílíkum ólestri um þessar mundir að fjöldi heimila hefur þegar lent á nauðungaruppboði. Þó eru þetta engir afglapar sem reist hafa sér hurðarás um öxl eins og sumir virðast halda, heldur venjulegt fólk sem reiknaði út getu sína til að standa við þær skuldbindingar sem það gerði. Það gat bara ekki vitað að ríkisstj. mundi gera ráðstafanir sem hækkuðu lán þeirra um 30—40%. Hvernig hefur ríkisstj. hugsað sér að leiðrétta þennan vanda? Leigu-

íbúðir eru fáar og dýrar og þyrfti að gera stórátak til úrbóta í þeim efnum, eins og Kvennalistinn hefur þrásinnis lagt til, t.d. með þáltill. á síðasta þingi. Sömuleiðis þarf að tryggja Búseta tilverurétt.

Það úrræðaleysi, sem ríkt hefur í þessum efnum, kallar á gagngerar breytingar. Það þarf nýja stefnu í málum íslensku fjölskyldunnar sem í reynd tryggir velferð hennar jafnt inni á heimilunum eins og í þjóðarbúinu í heild sinni. Sú aðferð, sem þessi stjórn hefur beitt hingað til og virðist nú boða af meiri hörku en áður, að leysa efnahagsvandann með því að auka mannlegan vanda er óviðunandi. Við þurfum nýja mannúðlega stefnu, ekki léleg töfrabrögð með stóla eða vangaveltur um valdastyrk fáeinna karla, karla sem ekki gegna kalli tímans.

Ég var einu sinni spurð að því hvort mér þætti karlmennskublær ríkjandi í sölum Alþingis. Ég svaraði þá og ég óska þess enn að í þeim blæ sem leikur um sali Alþingis og reyndar um íslenskt þjóðlíf væri minna af karli og meira af mennsku. Þess þarfnast þjóðin nú. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ég á oftlega bágt með að gera mér grein fyrir því til hvers stefnuræða er flutt. Enn síður get ég áttað mig á því hvers vegna umræður eru hafðar um hana. Þetta segi ég vegna þess að það er hvort eð er sjaldnast nokkurn hlut að marka sem lesið er upp úr þessu plaggi. Í fyrra var t.d. seint og um síðir flutt hér stefnuræða og umræður hafðar um hana með pompi og pragt. Ekki veit ég hvort höfundur hennar gerði sér grein fyrir því við flutning hennar að hann átti eftir að gefa út tvær stefnuyfirlýsingar til viðbótar á sama þinginu. Eini munurinn var sá að í kringum hinar tvær seinni voru ekki fluttar neinar stefnuræður og því síður haft svo mikið við að umræður færu fram um þær. Þess vegna veit ég eiginlega ekki hve miklum tilgangi það þjónar að vera yfirleitt að fjalla um þá ræðu sem nú hefur verið flutt.

Það segir sig hins vegar sjálft að með því að standa stöðugt í þessum stefnuleiðréttingum dæmir ríkisstj. sig og gerðir sínar auðvitað hvað harðast sjálf. Þetta verður eins konar einkunnagjöf. Harðasti dómurinn, lakasta einkunnin hlýtur auðvitað að falla í hlut hæstv. forsrh. Hann hlýtur þá einkunn fyrir þau harðindaár af manna völdum sem honum hefur tekist að láta ganga yfir þetta land að undanförnu. Það er hann sem átt hefur aðild að öllum þeim ríkisstjórnum sem staðið hafa fyrir þeim aðgerðum sem leitt hafa okkur í þessar ógöngur. Honum mætti einna helst líkja við skólastjóra sem ekki hefur á nokkurn hátt tekist það hlutverk sem honum var ætlað, en þó hafa sótt til hans fleiri kennarar en stöðuveitingar leyfðu, sbr. stólaskarkið að undanförnu. En núverandi stjórnarherrar eru allsendis ófærir um að framkvæma gömlu gylltu loforðin vegna þess að þeir eru allir bundnir á klafa hinna ýmsu hagsmunasamtaka með svo sterkum böndum að það er lítil von til þess að þeim takist að hrista af sér slenið og slíta þau.

Hér eru það fyrst og fremst hagsmunaöflin í Framsfl. sem hafa töglin og hagldirnar. Og hvert skyldi nú vera framlag Sjálfstfl. í þessu samstarfi? Í fljótu bragði virðist mér sem framlag hans sé fyrst og fremst fólgið því að tylla undir botninn á SÍS-veldinu, feitasta hluta framsóknar. En á stundum minna þó þessi samskipti íhalds og framsóknar meira á fjölbragðaglímu en faðmlög með öllum þeim gífuryrðum sem fallið hafa. Allur þessi skollaleikur sýnir nauðsyn þess að gera breytingar á stjórnkerfi okkar þannig að hægt verði um vik að skera á og koma í veg fyrir þá eilífu hagsmunaárekstra sem standa því æ meir fyrir þrifum. Einfalt en áhrifaríkt ráð sem fyrsta skref í átt til endurbóta á stjórnkerfinu væri, eins og Bandalag jafnaðarmanna hefur lagt til, að ráðherrar tækju embætti sín nú svo alvarlega, og sýndu með því í verki þá virðingu fyrir störfum þm., að þeir eftirlétu varamönnum þingsæti sín um leið og þeir sjálfir gerðust ráðherrar. Með þessu móti yrði komið í veg fyrir að sami maðurinn ætti sæti báðum megin við borðið, enda verður að knýja á um það að þessi og önnur þvílík tengsl verði rofin. Hvers vegna? Jú, vegna þess að sú kynslóð sem nú fer með völd hefur ekkert leyfi til þess að haga sér án tillits til þess hvernig umhorfs verður að henni genginni. Í þessum hildarleik hagsmunanna er það svo, að það hefur ekki einu sinni verið haft fyrir því að búa sæmilega að þeim sem taka eiga við arfinum, eða börnunum í þessu landi.

Stjórnarsinnar klifa stöðugt á því að með samtakamætti og stjórnvaldsaðgerðum hafi tekist að ná verðbólgunni niður um svo og svo mörg prósentustig. Það mátti einna helst skilja orð hæstv. forsrh. þannig að hann hefði aldrei komið nálægt því að koma þjóðarbúinu á þann kalda klaka sem það er nú statt á. Þegar hann talar um að margt hafi áunnist í rétta átt í tíð núverandi stjórnar tekst honum að láta það hljóma rétt eins og hann sé að hnýta í einhvern annan fyrir það hvernig til hefur tekist við stjórnun efnahagsmála. En þessir herrar ráðanna, sem ég líkti fyrr í máli mínu við lélega kennara, gleyma því alveg að það býr fólk í þessu landi og svo ég haldi áfram með samlíkingar hlýtur fólkið í landinu að vera börnin í skólanum. Bekkurinn er þá auðvitað samsettur sem þversneið af þjóðfélaginu, en það byggist á hversu mjög er misskipt kjörum og aðstæðum. Þar liggja sumir nemendurnir andvaka um nætur vegna þess að þeir horfa upp á vandamál og erfiðleika foreldra sinna sem eru afleiðingar þess hve erfitt er um vik að komast af í þjóðfélaginu. Þeir eiga erfitt með að átta sig á og skilja hvað það er sem valdið getur því að heimilislífið er allt í rúst. En svo eru önnur börn í bekknum sem þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessum toga.

Skattakerfið er orðið svo úrelt og rotið að það er orðið löngu ljóst þeim sem hafa vilja augun opin að með sama áframhaldi stefnum við hraðbyri í átt til sömu andstyggilegu stéttaskiptingarinnar sem er að tröllríða sumum nágrannaþjóða okkar, t. d. Bretum. En á þessu sviði gildir alveg sama sagan. Það má ekki hreyfa við neinu. Það gæti orðið til þess að bregða fæti fyrir þá sem síst skyldi út frá sjónarmiði flokkshagsmunanna, t.d. VSÍ eða aðra gæðinga.

Tillögur hæstv. forsrh. hafa m.a. verið á þá leið að hvetja þurfi til meiri sparnaðar til þess að draga úr þenslunni í þjóðfélaginu, eins og það er orðað. En þá mætti einmitt spyrja sem svo: Hverjir eru það sem hafa eitthvað aflögu til að leggja til hliðar í þessu landi? Eru það einstæðu mæðurnar sem skv. nýjustu rannsóknum hafa hærri laun en atvinnurekendurnir? Nei. Eru það aldraðir sem varla hafa í sig og á nema því aðeins að þeir hafi verið svo heppnir á starfsævi sinni að greiða í marga lífeyrissjóði? Nei. Það geta ekki verið þeir. Eru það

e.t.v. húsbyggjendurnir sem ekkert eiga nema ef vera kynni á nauðungaruppboðum? Nei. Það hljóta að vera einhverjir aðrir en þeir, sem ég hef talið upp hér að framan, sem forsrh. er að höfða til sem væntanlegra sparifjáreigenda.

Það er greinilega tími til kominn að aðstoða þessa stöðnuðu kerfiskarla við að ná höfðinu upp úr sandinum.

Góðir áheyrendur. Það er um það sem þjóðin þarf að sameinast og það verður að vera brýnasta verkefni Alþingis í vetur. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Efnisskrá.

Forseti Íslands setur þingið 2.
Kosning forseta og skrifara 4, 5, 7.
Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa 9, 10, 11.
Minning Axels Jónssonar 3.
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana 38.
Sætaskipun 6, 8.
Tilkynning frá forsætisráðherra um breytingar á ríkisstjórninni 13.
Varamenn taka þingsæti 4.
Þingsetning 1.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 2.
Aldursforseti Sþ. Stefán Valgeirsson 3, 4.
Aldursforseti Ed. Þorv. Garðar Kristjánsson 6.
Aldursforseti Nd. Stefán Valgeirsson 7.
Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4, 14, 38.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 6.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 7, 8.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 13, 36, 39.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 23, 32, 57.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 71.
Friðrik Sophusson 79.
Guðmundur Einarsson 19.
Guðmundur J. Guðmundsson 74.
Guðrún Agnarsdóttir 34, 82.
Hjörleifur Guttormsson 26.
Jóhanna Sigurðardóttir 51.
Jón Baldvin Hannibalsson 16, 54, 76.
Kjartan Jóhannsson 29.
Kolbrún Jónsdóttir 67.
Kristín Halldórsdóttir 21, 64.
Kristín S. Kvaran 33, 85.
Ragnar Arnalds 46.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 62.
Stefán Benediktsson 68.
Svavar Gestsson 14.

Efri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hér liggja fyrir þrjú bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Sverrir Sveinsson, rafveitustjóri á Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Páll Pétursson,
2. þm. Norðurl. v."

Sverrir Sveinsson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og þarf ekki að kanna kjörbréf hans. Ég býð Sverri Sveinsson velkominn til setu á Alþingi.

Þá er hér bréf frá Steingrími Hermannssyni 2. þm. Vestf.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarritari á Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Borist hefur bréf frá Magnúsi Reyni Guðmundssyni sem hljóðar þannig:

„Ísafirði, 21. okt. 1985.

Ég undirritaður, Magnús Reynir Guðmundsson bæjarritari, 1. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, lýsi því hér með yfir að ég get því miður ekki vegna mikilla anna í starfi tekið sæti Steingríms Hermannssonar í fjarveru hans frá þingstörfum næstu vikur. Ég óska því eftir því að frú Magðalena Margrét Sigurðardóttir, 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, taki sæti að þessu sinni.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Magnús Reynir Guðmundsson,
Skipagötu 2,
Ísafirði."

Magðalena Margrét Sigurðardóttir er komin til þings sem varamaður Steingríms Hermannssonar. Hún hefur einnig setið á þingi áður á þessu kjörtímabili. Ég býð hana velkomna til þingstarfa.

Þingsköp Alþingis, stjfrv. 52. mál (þskj. 52). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Í fjarveru forsrh. mæli ég hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Í 15. gr. laga um þingsköp Alþingis kveður svo á að fjvn. skuli skipuð níu mönnum. Nú hefur það verið ákveðið í samkomulagi þingflokkanna hér á Alþingi að leggja til að fjvn. skuli skipuð 10 mönnum og þar af leiðandi er þessi lagabreyting nauðsynleg í samræmi við þennan vilja þingflokkanna. Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu máli þar sem það hefur þegar verið rætt ítarlega í þingflokkunum og þar af leiðandi sé ég heldur ekki ástæðu til að máli þessu verði vísað til nefndar. Legg ég því til að málinu verði vísað til 2. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þetta frumvarp er flutt samkvæmt samkomulagi þingflokkanna eins og segir í athugasemdum við lagafrumvarpið. Ég staðfesti það fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna að samkomulag varð um flutning frumvarpsins. Það þýðir hins vegar ekki að allir þingmenn flokksins greiði því atkvæði sitt. Hins vegar mun enginn leggja stein í götu þess að það verði afgreitt með afbrigðilegum hraða hér frá deildinni. Ég mun því ekki tefja afgreiðslu þess með því að setja hér á langa tölu, en ég má til með að láta þess getið að ég er í grundvallaratriðum andvígur því sem frumvarpið felur í sér.

Frumvarpið er flutt til að tryggja Kvennalista fulltrúa í fjvn. svo sem var á síðustu tveimur þingum gert með sérstakri samþykkt Alþingis. Ég hef ekkert á móti því að Kvennalistinn eigi fulltrúa í fjvn. eða öðrum nefndum þingsins. En til þess að svo megi verða þarf listinn sem aðrir listar að hafa til þess nægilegt atkvæðamagn á Alþingi. Það hefur hann hins vegar ekki. Ég vara við því að haldið skuli áfram á þeirri braut, sem nokkrum sinnum hefur verið gengin, að veita flokki, samtökum eða lista, sem ekki hafa til þess afl á Alþingi, sæti í nefndum með því að fjölga þar sætum.

Ég bið hv. þdm. að hyggja að því fordæmi sem þarna er gefið. Við vitum ekki hvernig skipan þingsins kann að verða í framtíðinni, hversu margir smáflokkar kunna að eiga hér fulltrúa. Hvar ætla menn þá að draga mörkin? Afl flokka til áhrifa á Alþingi ræðst af kjörfylgi þeirra með þjóðinni í almennum kosningum. Alþingi getur því ekki breytt þingsköpum eftir úrslitum kosninga hverju sinni til þess að veita þeim sem ekki hafa hlotið nægilegt fylgi með þjóðinni sérstök réttindi á Alþingi.

Það sem ég hef sagt ætti að leiða til þeirrar niðurstöðu að ég greiddi atkvæði gegn þessu frumvarpi. Það mun ég þó ekki gera heldur sitja hjá. Sú er niðurstaða mín vegna þess að fyrir því finnast rök að ekki skuli breyta um hátt á miðju kjörtímabili. Þannig má heita víst að tíu hefðu setið áfram í fjvn. á þessu þingi ef ekki hefðu verið sett ný lög um þingsköp Alþingis á sl. vori þar sem kveðið er á um að þar skuli sitja níu. Ég tel til bóta við þetta frv. frá því sem áður var í hliðstæðum frv. að hér er einungis gert ráð fyrir að breytingin standi út þetta þing, 108. löggjafarþing. Þingmönnum gefst því tóm til að athuga sitt ráð og enginn sérstakur skaði skeður þótt þessi háttur verði hafður á á þessu þingi.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Eins og kunnugt er hafa ekki allir þingflokkar nægilegan þingstyrk til setu í öllum nefndum þingsins. Við upphaf þessa kjörtímabils virtist sá skilningur ríkjandi að rétt væri og sanngjarnt að auðvelda þessum þingflokkum aðgang að öllum upplýsingum eins og frekast væri unnt, m.a. með því að veita þeim áheyrnaraðild sem ekki hefðu fullgilda aðild. Hins vegar var samdóma álit allra þá að því ég best veit að um fjvn. gegndi öðru máli. Lögunum var því breytt haustið 1983 á þann veg að í fjvn. sætu tíu manns.

Vegna nýrra þingskapalaga kom þetta mál aftur upp í upphafi þessa þings og kom mér svolítið á óvart að breytingin, sem ráðgerð er í fyrirliggjandi frv. á þskj. 52, virtist ekki eiga jafnvíðtækan hljómgrunn og fyrir tveimur árum þrátt fyrir nákvæmlega sömu forsendur. Að mínu viti hlýtur það að vera kappsmál allra lýðræðislega hugsandi valddreifingarsinna, eins og flestir vilja nú kalla sig að manni skilst, að tryggja svo sem frekast er unnt að sjónarmið sem flestra fái að njóta sín. Auk þess er markmiðið ekki eingöngu að auðvelda viðkomandi þingflokkum störf heldur einnig að auðvelda þingstörfin í heild og veitir nú ekki af að margra áliti. Allt þetta hljóta þingmenn að skilja hvort sem þeir eru í litlum eða stórum þingflokkum. Ég get lofað hv. 9. landsk. þm. og fleiri sem eru sama sinnis því að ég mun alltaf styðja alla flokka í því að koma sjónarmiðum á framfæri þegar á þarf að halda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 21:4 atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Allsherjarnefnd hefur ekki komið saman og ekki kosið sér formann en það var boðað að hún mundi koma saman korter fyrir tvö á morgun af þeim sem hefur það hlutverk að kalla hana saman. Ég sé ekki hér í salnum væntanlegan formann þeirrar nefndar ef að líkum lætur og geri ráð fyrir að nokkuð tafsamt verði að ná henni saman ef enginn boðar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, vil ég taka það fram að tveir hv. þm. sem kjörnir hafa verið í allshn. hafa horfið hér úr þingsal til þess að láta boða fund í hv. allshn. sem allra fyrst. Þannig að sá fundur ætti að geta orðið mjög fljótt.

Neðri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 21. okt., að loknum 3. fundi.

Þingsköp Alþingis, stjfrv. 52. mál (þskj. 52, n. 56). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Nd. kom saman rétt áðan til að fjalla um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 52 frá 14. júní 1985, um þingsköp Alþingis.

Þrátt fyrir að það skjóti nokkuð skökku við að eitt af forgangsmálum á nýju þingi skuli vera að breyta einu af seinustu málum þess þings sem var þar á undan varð allshn. sammála um niðurstöðu þessa máls og vil ég leyfa mér með leyfi forseta að lesa nefndarálit:

„Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. júní 1985, um þingsköp Alþingis, frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Gunnar G. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. okt. 1985." Undir þetta rita Ólafur Þ. Þórðarson varaform., frsm., Guðrún Helgadóttir fundaskrifari, Friðjón Þórðarson, Stefán Guðmundsson, Pálmi Jónsson og Guðmundur Einarsson, sem var reyndar hinn raunverulegi fundarskrifari á þessum fundi. Þegar krafist er meiri vinnuhraða en nefndir hafa á valdi sínu verða gjarnan smámistök í hinum formlega texta. Ég vona að það valdi ekki deilum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 21. okt., að loknum 4. fundi.

Þingsköp Alþingis, stjfrv. 52. mál (þskj. 52). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jarðhitaréttindi, frv. 5. mál (þskj. 5). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um jarðhitaréttindi sem ég er 1. flm. að, en með mér flytja málið allir aðrir þingmenn Alþb. í hv. deild.

Þetta frv. er nú flutt í þriðja sinn, má ég segja, hér á

hv. Alþingi frá því að það fyrst kom fram seint á þingi veturinn 1983, en þá var það lagt fram sem stjfrv. Með frv. þessu er stefnt að því að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Það er gert ráð fyrir því að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því að 100 m dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða eru undir yfirborði einkaeignarlands á meira en 100 m dýpi, verði í höndum ríkisins, þ.e. verði almannaeign, sameign þjóðarinnar.

Þetta frv. tekur til alls jarðhita, hvort sem um er að ræða jarðhita á svonefndum lághita- eða háhitasvæðum. Meginstefnumörkun frv., sem ég hef þegar rakið, kemur fram í 1. gr. þess og í 6. gr. þar sem kveðið er á um markalínurnar á milli einkaeignarréttar og almannaeignar á jarðhita.

Þetta mál hefur oft borið fyrir hér á hv. Alþingi og má leita býsna langt til baka að fyrst voru flutt frv. til þess að fá skorið úr um eignarrétt á þessari mikilvægu auðlind okkar Íslendinga, jarðhitanum. Sett voru lög 1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en þar var ekki skorið úr um þessi efni. Árið 1945 flutti dr. Bjarni Benediktsson frv. til laga um viðauka við lög nr. 98 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og ég vil leyfa mér að vitna hér til ummæla dr. Bjarna um þessi efni, sem getið er um í greinargerð með þessu frv., með leyfi forseta:

„Var lagt til að jarðboranir, er ná dýpra en 10 m, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita í eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun."

Ekki var í frv. ákvæði um bætur, enda sagði í grg. með frv. dr. Bjarna Benediktssonar m.a., og á því vek ég sérstaka athygli:

„Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins."

Þetta er úr grg. dr. Bjarna Benediktssonar 1945. Þarna var miðað við mörk miðað við 10 m dýpi. Hér er farið niður á 100 m dýpi sem ekki er óeðlilegt miðað við tækniþróun og vissulega álitamál hvar mörk af þessu tagi skuli draga nákvæmlega, en 100 m dýpi sýnist ekki óskynsamleg regla og er hér gerð tillaga um hana.

Prófessor Ólafur heitinn Jóhannesson ráðherra fjallaði um þessi efni á sínum tíma og það er getið um niðurstöður hans á bls. 6 í grg., en þær voru þess efnis í aðalatriðum að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita í landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundið að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Ólafur segir að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar.

Ég sé sérstaka ástæðu til að vitna hér til tillagna og skjalfestra ummæla fyrrverandi formanna í þá stærstu stjórnmálaflokkum landsins, þar á meðal í þeim flokki sem hefur mælt ákveðnast fyrir um einkaeignarsjónarmið, og ég tel að af þeim megi ráða að á sinni tíð var verulegur stuðningur hjá þessum virtu lögfræðingum, sem jafnframt voru formenn flokka sinna, við það að auðæfi af þessu tagi yrðu lýst sameign þjóðarinnar og það bryti ekki í bág við stjórnarskrá lýðveldisins að setja takmarkanir af því tagi sem dr. Bjarni á sínum tíma gerði tillögur um og eins og gerð er tillaga um í þessu frv. til laga um jarðhitaréttindi.

Ég vek athygli á því einnig að hér er um afar stórt hagsmunamál að ræða fyrir landsmenn alla og einnig einstök sveitarfélög. Menn eru þegar farnir út á þá braut, illu heilli, áður en Alþingi hefur skorið úr um þessi efni, að greiða verulegar fjárhæðir fyrir jarðhita sem sóttur er í iður jarðar. Þannig voru greiddar umtalsverðar upphæðir fyrir jarðhita í Svartsengi á sínum tíma, áður en nýting hófst þar á vegum Hitaveitu Suðurnesja og á sínum tíma greiddi Reykjavíkurborg umtalsverða upphæð þegar hún keypti Nesjavelli. Hins vegar tók fyrst steininn úr á þessu ári þegar borgarstjórn Reykjavíkur ákvað kaup á Ölfusvatnslandi fyrir um 60 millj. kr., eða hluta úr þeirri landareign, en jörðin er samkvæmt fasteignamati talin 400 þús. kr. virði. En meiri hlutinn hjá Reykjavíkurborg sá ástæðu til að gera samning, með raunar ýmsum undanþágum og ýmsum ákvæðum sem eru til hagsbóta fyrir seljendur, um kaup á jörðinni fyrir 60 millj. kr., eða hluta úr landi jarðarinnar.

Hér er verið að fara út á braut sem full ástæða er til að hætt verði við, og ég tel það hina mestu ósvinnu í rauninni að löggjafarsamkoman skuli ekki hafa tekið á sig rögg til að kveða á um hvaða réttur skuli gilda í þessu efni. Sé það niðurstaða manna á hv. Alþingi að til þess að staðfesta sameign á þessari auðlind, miðað við tiltekin mörk á djúphita, þurfi stjórnarskrárbreytingu, stendur að sjálfsögðu ekki á Alþb. að standa að tillögum um slíkt og standa að slíkum breytingum fyrir sitt leyti.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. hér, herra forseti, þótt veruleg ástæða væri til þess að rifja upp ýmis þýðingarmikil atriði sem málið snerta. Það er gerð mjög ítarleg grein fyrir lögfræðilegum sjónarmiðum þessa máls og álitamálum í greinargerð með frv. og það er niðurstaða þeirra lögmanna sem unnu að þessu máli á sínum tíma fyrir iðnrn. að eignarréttarákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar væru engin hindrun í vegi lagasetningar af þessu tagi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði máli þessu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. og ég treysti því að þinglokkar sjái til þess að mál þetta geti fengið þinglega meðferð. Ég treysti því að það fari ekki eins um þetta mál og í fyrra. Þá var það flutt sem 4. mál þingsins, nú kemur það fram sem 5. mál Alþingis, en þrátt fyrir að það kæmi snemma fram á síðasta þingi var það ekki afgreitt út úr nefnd til 2. umr. Ég vænti þess að málið fái lyktir á yfirstandandi þingi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og deildina rekur vafalaust minni til hafa þm. Alþfl. oftlega flutt frv. um þetta sama efni, þ.e. um þjóðareign á jarðhitaréttindum. Þessi frv. hafa ekki verið nákvæmlega eins og það frv. sem hér er flutt, en þau hafa miðað að hinu sama að því leytinu að skapa skýr ákvæði um það að hvaða leyti jarðhiti skyldi vera sameign þjóðarinnar og að hvaða leyti hann gæti verið séreign þess sem á jarðskorpuna á hverju svæði.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um það sem greinir þessi frv. að. Hitt er ljóst að það skortir löggjöf á þessu sviði. Vafalaust getur menn greint á um það, á hugsjónagrundvelli eða af öðrum ástæðum, að hve miklu leyti hér skuli vera um sameign að ræða eða ekki, en það sem er að hjá hv. deild og hv. Alþingi er að hafa ekki, þrátt fyrir ítrekaðan málatilbúnað af þessu tagi, tekið afstöðu til málsins. Ég minnist þess að þegar ég mælti fyrir þessu frv. okkar Alþýðuflokksmanna varðandi jarðhitaréttindi í fyrra tók hv. þáverandi iðnrh. svo til orða að hann teldi þetta hið athyglisverðasta mál, það væri verið að vinna að því í ráðuneytinu og hann vildi leggja því lið að hér fengist niðurstaða sem sem flestir gætu vel við unað. Nú hefur sú niðurstaða ekki séð dagsins ljós, hvorki í fyrra né hitteðfyrra og ekki fram til þessa dags.

En því tek ég hér til máls fyrst og fremst að ítreka nauðsyn þess að á þessu máli verði tekið þannig að afstaða Alþingis liggi skýr fyrir og heiti nú á menn í hvaða ráðherrastólum sem þeir sitja þessa stundina að veita þessu máli lið og brautargengi þannig að afstaða Alþingis til málsins liggi skýr fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel mjög æskilegt að þetta mál komi til atkvæðagreiðslu í þinginu, en það hefur vakið undrun mína hvað það hefur löngum verið fast í nefnd. Vegna anna iðnn. virðist löngum sem að það hafi alls ekki komist áleiðis í gegnum nefndina inn í þingsali áfram. Mér sýnist álitamál hvort þetta mál þurfi nauðsynlega að fara til iðnn. Þetta mál fjallar að mörgu leyti um eignarrétt. Með því er ég ekki að taka afstöðu með eða á móti þeim rökum sem hér hafa komið fram. En mér sýnist að málið eigi ekki síður heima í allshn. og þar sem hún er nú þekkt að því að koma erfiðum málum frá sér til atkvæðagreiðslu í þinginu sýnist mér einsýnt að það ætti að vera létt verk fyrir hana að koma þessu máli í gegnum nefndina og inn í þingið til ákvarðanatöku. Sé flm. það ekki mjög á móti skapi bið ég hann að hugleiða hvort ekki sé rétt að hann dragi til baka þá hugmynd sína að vísa málinu til iðnn., en styðji þá hugmynd að þetta mál fari til allshn. og þar verði látið á það reyna hvort það fer ekki í gegnum nefndina og til þingsins til atkvæðagreiðslu.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að það greiði framgang þessa máls að rugla með það milli nefnda í hinu háa Alþingi. Þetta mál á eðli síns vegna heima í iðnn. og verður auðvitað vísað þannig þótt það kunni að vera einhverjir garpar, afgreiðslugarpar, í öðrum nefndum sem gjarnan vildu leggja hönd á plóginn. En þeir geta það þá með öðrum hætti, til að mynda í stjórnmálaflokkum sínum, þingflokkum sínum, því að gjarnan þyrftu þessi mál að vinnast þar, að tekin væri afstaða til, svo sem háttur er um afgreiðslu mikilvægra mála.

Það var í fyrra sem ég tók undir við hv. 3. þm. Reykn. þegar hann hafði flutt framsögu fyrir sínu frv., margfluttu af hv. Alþýðuflokksmönnum á hinu háa Alþingi, og lét í ljós þá skoðun mína að menn þyrftu að komast að niðurstöðu um þetta mál og einnig með vísun til þeirra frv. sama eðlis og hv. 5. þm. Austurl. flutti framsögu fyrir hér.

Ég vann að þessu máli með þeim hætti að sett var saman frv. til laga um eignarrétt að fallvötnum, orkulindum og jarðhita á almenningum og afréttum og ætlaði að gera með þeim hætti tilraun til að taka það sem mér sýnist alveg augljóst að liggi fyrir með hvaða hætti skipað verður málum um eignarrétt á til handa almenningi. En það þarf ekkert að vera leyndarmál hér að þessi frumvarpsdrög mín náðu ekki fram að ganga, ekki aðallega fyrir andstöðu í mínum flokki þótt hún finnist, heldur fyrst og fremst fyrir andstöðu í samstarfsflokknum sem hafnaði þessu frv. Og ég verð að segja að að svo búnu getur það ekki aukið bjartsýni um að slíkt sanngirnismál nái fram að ganga þegar kemur að einkaeignarréttinum á landi. En þarna var eins og ég segi um það að tefla að hérna yrði eignarréttur almenningsins til orkugjafanna á afréttum og almenningum að svo miklu leyti sem menn eru sammála um þau svæði sem undir slíka skipan heyrir.

Ég er mjög eindreginn fylgismaður þess að sett verði í lög reglur að þessu leyti og þau rök sem flutt hafa verið hér fram, nú síðast af hv. 5. þm. Austurl. og áður verið flutt af hv. Alþýðuflokksmönnum, eru fullgild og mjög mikil nauðsyn á að þessu máli sé skipað í lögum með þeim hætti sem hér eru gerðar tillögur um, en ég álít hins vegar að það sé ekki, þótt nefndir vinni kannske misjafnlega skjótlega að málum, hægt að binda miklar vonir við framgang málanna meðan ekki næst skaplegt samkomulag hjá þeim flokkum, sem stjórna landinu þá og þá, um skipan þessara mála.

Ég sá ástæðu til að upplýsa það sem ég hef unnið að. Hið næsta var svo að reynt yrði að ná samkomulagi um skipan þessara mála þegar kæmi að einkaeignarréttinum. En ég varð satt að segja afar undrandi á, svo ekki sé meira sagt, að þessi byrjun á málinu skyldi hljóta svo öfluga andstöðu. Þetta var vissulega tilraun af minni hálfu sem ég, eins og ég segi, gerði mér vonir um að mundi ekki verða fyrir þeirri andstöðu sem raun bar vitni um. En ég mun áfram leggja lið mitt við að nýskipan þessara mála og lagasetning um þau nái fram að ganga og þá í heild sinni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka hv. menntmrh. fyrir þá greinargerð sem hann hefur hér gefið varðandi störf sín sem iðnrh. að þessum málum. Hann hefur greinilega leitast við að finna minnsta samnefnarann, ef ég skildi hann rétt, sem hægt ætti að vera að sættast á, að hans dómi, til að byrja með. Það er góðra gjalda vert. En nú er enn einu sinni komin upp sú staða í þessu máli, samkvæmt upplýsingum hæstv. menntmrh., sem við höfum fengið að kynnast mörg undanfarin ár, og reyndar ekki bara í þessu máli heldur og í ýmsum öðrum málum. Hæstv. menntmrh. upplýsir nefnilega að fáeinir menn í stjórnarflokkunum tveimur, nokkrir í hans eigin flokki en þó enn frekar í samstarfsflokknum, setji fótinn fyrir þetta frv. sem hann hafi samið. Þess vegna muni það ekki verða lagt fram. Orð hæstv. menntmrh. verða ekki skilin öðruvísi.

Hér gerist það að tiltölulega lítill hópur þm. er að beita Alþingi eins konar neitunarvaldi, neitunarvaldi um það í þessu tilviki að fá að fjalla um frv. sem hæstv. menntmrh. lét semja meðan hann var iðnrh. Það er sams konar aðferð og notuð hefur verið að undanförnu varðandi bæði það frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur hér mælt fyrir og þau frv. sem ég og ýmsir aðrir þm. Alþfl. hafa mælt fyrir á undanförnum

árum. Þau hafa kafnað í nefnd, þau hafa kafnað í yfirlýsingum um að það ætti að vinna að málum. Þau komast ekki út úr nefnd af því það er lítill hópur þm. sem beitir eins konar neitunarvaldi gagnvart hinum mikla fjölda þm. Þetta eru að mínum dómi ótæk vinnubrögð. Vissulega má ætla að í viðkvæmum málum geti það komið fyrir þegar þau eru fyrst flutt að komi upp hörð andstaða og þá vilji menn doka við og taka tillit til minni hluta hópsins og sjá hvað hann hefur fram að færa. En þegar það gerist ár eftir ár, og nú liggur mér við að segja áratug eftir áratug, í máli eins og þessu, því þetta mál er aldeilis ekki nýtt eins og kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hér áðan þar sem vitnað er til fyrrv. ráðherra Bjarna heitins Benediktssonar og þar fram eftir götunum, er orðið langt gengið. Málið er ekki nýtt. Það er búið að ræða þetta áratugum saman liggur mér við að segja. Það gengur vitaskuld ekki að í mörg ár, jafnvel áratugum saman, skuli svo vera að minni hluti beiti þingið ofríki með þessum hætti. Ég gæti sjálfsagt tilfært önnur mál líka þar sem eins hefur staðið á, að minni hlutinn beitir þingið í rauninni ofríki, beitir eins konar neitunarvaldi, beitir stóru flokkunum kannske fyrst og fremst fyrir sig til þess að mál komi ekki til afgreiðslu, en ég ætla ekki að rekja það neitt frekar. Mér dugar að halda mér við þetta mál.

Ég tel að þetta geti ekki gengið til lengdar. Það er þinginu til vansæmdar að það fái ekki að koma í ljós í máli sem svo oft hefur verið fjallað um eins og þetta hver sé hin raunverulega skoðun Alþingis, hver sé meirihlutavilji Alþingis. Ég tel að það sé fyrir neðan virðingu okkar að láta fara svona með okkur og ég tel að sérhver minnihlutahópur eigi að sjá sóma sinn í að haga sér ekki með þessum hætti árum eða áratugum saman. Þess vegna legg ég áherslu á að nú bindist menn samtökum um að koma þessu máli til afgreiðslu í þinginu. Eins og eðlilegum starfsháttum er varið á Alþingi er það auðvitað hlutverk iðnn. þegar mál kemur enn einu sinni til hennar að leita eftir meiri hluta í þinginu við ákveðin lágmarkssjónarmið. Mér er auðvitað ljóst að hér skiptast menn nokkuð í hópa. En það er hlutverk iðnn. að sjá til þess að þessi mál komi til afgreiðslu í þinginu. Ekki beinlínis kannske það frv. sem hér er flutt því önnur hafa verið flutt áður og önnur eru til smíðuð, en iðnn. á að sjá til þess að deildin fái tækifæri til að taka afstöðu í þessu máli. Ég skora á hv. forseta deildarinnar að beita nú áhrifum sínum til þess að iðnn. sinni þessu verkefni þannig að þessi málsmeðferð verði ekki Alþingi til vansa öllu lengur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að taka undir þá áherslu sem fram hefur komið í máli hv. 3. þm. Reykn. í þá veru að þessi mál verði afgreidd hér á þinginu. Það frv. sem hv. þm. Alþfl. hafa flutt um þessi efni er í rauninni svipað og frv. sem hv. fyrrv. ráðherra Magnús Kjartansson flutti og lét undirbúa á sínum tíma. Mig gildir því einu hver er höfundur að þeim texta sem endanlega verður samþykktur. Aðalatriðið er að málið verði afgreitt á hv. Alþingi. Þar sem málið er svo snemma lagt fram ætti að vera unnt að ná afgreiðslu á því á yfirstandandi þingi, ekki síst þegar það liggur fyrir að fyrrv. hæstv. iðnrh. og núverandi menntmrh. lét kanna þessi mál í sinni ráðherratíð sem iðnrh. og lét semja frv. um almannaeign á því sviði sem hér er um að ræða.

Hæstv. menntmrh. skýrði frá því að þetta mál hefði ekki náð fram að ganga vegna þess að það hefði verið andstaða við það annars vegar í Sjálfstfl. en þó ekki svo mikil heldur einkum í samstarfsflokknum. Þetta eru auðvitað mjög merkileg tíðindi, að Framsfl. skuli setja sig fram á sem sérstakan varðhund fyrir forréttindahagsmuni stóreignamanna, m.a. með tilliti til þeirrar afstöðu sem framsóknarmenn höfðu til Nesjavallamálsins í borgarstjórn Reykjavíkur á sínum tíma. Þetta er mjög fróðlegt og það er upplýsandi um málið og sýnir okkur hvað það er nauðsynlegt að á þessu máli verði tekið. En ég vænti þess að hæstv. menntmrh. sé mér sammála um að það sé ekki einasta nauðsynlegt að setja um þetta reglur heldur að þau frumvarpsdrög, sem hann lét vinna á ríkisins kostnað trúi ég, séu almannaeign. Þess vegna fer ég fram á það við hæstv. menntmrh. og eftirmann hans hæstv. iðnrh. að þeir sjái til þess að iðnn. hv. Nd. fái þessi frumvarpsdrög til hliðsjónar um leið og hún fer yfir frv. sem hér er á dagskrá og önnur frv. um skyld efni sem hugsanlega verða flutt. Ég legg á það sérstaka áherslu að hæstv. menntmrh. kanni hvort hann getur ekki orðið við þeim óskum sem hér eru bornar fram í fullri einlægni.

Ég held að við þurfum líka að átta okkur á því, herra forseti, að ein meginforsenda þess að við getum nýtt þá auðlind sem jarðhitinn er er sú að það verði tekin af tvímæli í þessum efnum. Það þarf kannske ekki, en er þó rétt að gera það, að rifja upp það mál sem Reykjavíkurborg ræddi og borgarstjórn Reykjavíkur fyrir nokkrum mánuðum. Þar var niðurstaðan sú að kaupa land í Grafningi fyrir 60 millj. kr., land sem talið var að kosta ætti kannske 400 þús. kr. ef farið væri eftir venjulegu mati. Þá stóðu fulltrúar þriggja flokka, Alþfl., Alþb. og Framsfl., að bókun í borgarráði Reykjavíkur sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við erum andvíg þeim samningi sem fyrir liggur um kaup á 1635 hekturum lands úr landi Ölfusvatns í Grafningi sem kosta á 60 milljónir króna. Fyrir þessari afstöðu okkar eru m.a. eftirfarandi ástæður:

1. Þessi kaup eru réttlætt með því að á u.þ.b. þriðjungi landsins eða í fjalllendinu næst Henglinum er um jarðhita að ræða sem gott væri að eiga ef virkjað yrði á Nesjavöllum. Í raun er því verið að kaupa 500 hektara af fjalllendi fyrir þessar 60 millj. kr. sem þýðir að hektarinn kostar 120 þús. kr.

2. Komi til þess að virkjað verði á Nesjavöllum og sú virkjun þurfi í framtíðinni á meiri gufuorku að halda er einsýnt að Hitaveita Reykjavíkur fengi án minnstu fyrirstöðu eignarnámsheimild ef með þyrfti á þeirri orku sem kann að vera í austurhlíðum Hengilsins, ekki aðeins í landi Ölfusvatns heldur einnig annarra jarða." — Og þess er rétt að geta í þessu sambandi að lönd Nesjavalla og Ölfusvatns liggja ekki saman.

3. „Ekki verður séð að Reykjavíkurborg hafi neinna hagsmuna að gæta varðandi þann hluta landsins þar sem ekki er jarðhiti. Á því svæði er að vísu ákjósanlegt sumarbústaðaland, en samkvæmt samningnum eiga núverandi eigendur að fá ungann úr því landi undir sumarbústaði til 50 ára endurgjaldslaust. Þá eiga þeir að hafa rétt til stanga- og netaveiði í Þingvallavatni og forleigurétt að sumarbústaðasvæðunum að loknu 50 ára tímabili." — Hérna er íhaldið aldeilis að dekra við gæðingana sína. Og síðan segir: „Núverandi eigendur halda því öllum núverandi rétti sínum og hlunnindum á

landinu þrátt fyrir söluna", upp á 60 milljónir króna. „Á því landi sem borgin fær umráð yfir má ekki reisa sumarbústaði fyrr en eftir árið 2010." Svona er nú um hnútana búið!

„4. Augljóst er að Reykjavíkurborg mun ekki hafa neins konar not af þessu landi næstu áratugi, hvorki að því er varðar nýtingu jarðhitans né leigu undir sumarbústaði. Lítil ávöxtun verður því á þeim 60 millj. sem þarna á að eyða af fé almennings.

5. Við erum andvíg þessum landakaupum þar sem við teljum þau með öllu óþörf og verðið allt of hátt og ekki í samræmi við neinn raunveruleika. Við teljum skynsamlegra að verja umræddum 60 millj. til annars en að láta þær liggja í ónotuðu landsvæði austur í Grafningi næstu áratugi."

Þetta var bókun frá borgarfulltrúum minnihlutaflokkanna í borgarstjórn Reykjavíkur, fulltrúum Alþb., Alþfl. og Framsfl. í borgarráði. Þessi bókun finnst mér líka sýna að í Framsfl. eru einnig menn sem telja að núverandi skipan þessara mála sé óeðlileg. Ég held því að nauðsynlegt sé að það komi fram nákvæmlega hverjir það eru hér á hv. Alþingi sem leggjast gegn umbótatillögum af því tagi sem hér er flutt frv. um. Það er óþolandi með öllu að þeir geti í skjóli flokka sinna stöðvað mál af þessu tagi án þess að þeir komi sjálfir nokkurn tíma fram. Það er alveg óþolandi. Þess vegna ber að gera kröfu til þess og leggja á það áherslu að iðnn. hv. Nd. skili skilyrðislaust nál. og tillögu um afgreiðslu á þessu máli, ekki einhvern tíma í vor þegar allt er farið hér í hnút heldur núna á næstu mánuðum vegna þess að það er auðvitað við því að búast og má gera ráð fyrir því að umsagnir um þetta mál liggi þegar fyrir eftir meðferð þess í nefndum á tveimur löggjafarþingum. Þess vegna er ekki eftir neinu að bíða með að ná fram afstöðu í þessu efni.

Ég ítreka svo að lokum beiðni mína til núverandi og fyrrverandi hæstv. iðnrh. að þeir láti þinginu í té þau frumvarpsdrög sem fyrir liggja í iðnrn. að sögn menntmrh. og eru væntanlega almannaeign ekki síður en jarðhitinn fyrir neðan 100 metra.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeirri umræðu sem nú verður um þetta mál. Ég man ekki til þess að það hafi í rauninni fengið neina umræðu hér í hv. þd. þegar fyrir því var mælt á tveimur síðustu þingum. En það bregður til hins betra að menn skuli tjá sig um málið og hér skuli koma fram stuðningur, að nokkru leyti a.m.k., við efni þessa frv. frá hæstv. núv. menntmrh., og ég tek undir þær óskir sem fram komu frá hv. 3. þm. Reykv. um að það frv., sem hann kveður hafa verið tekið saman á vegum iðnrn. í þeirri tíð sem hann starfaði þar, verði aðgengilegt þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar.

Hér kom Ólafur Þ. Þórðarson, hv. 5. þm. Vestf., með þá ábendingu að skynsamlegt gæti verið að mál þetta færi til allshn. Ég met vissulega þann vilja sem felst í hans orðum um að málið komi fyrir þingið til afgreiðslu, treysti því að hann stuðli að því þó að hafður verði sami háttur og verið hefur að mál þetta fari til iðnn. Ég vil ekki trúa því að væntanleg forusta í iðnn. þessarar deildar leggist gegn því að málið komi út úr nefnd og til afgreiðslu í þd. Ég vænti þess m.a. að hæstv. forseti þessarar deildar, sem ég hygg að hafi hlotið endurkjör í iðnn., eigi eftir að stuðla að því að svo geti orðið, svo og aðrir sem þar starfa.

Það liggja fyrir allmargar umsagnir um þetta frv. eftir meðferð þess tvívegis í iðnn. því að það var sent til umsagnar í hitteðfyrra og aftur í fyrra og umsagnir liggja fyrir frá ýmsum aðilum. Það ætti að greiða fyrir því að unnt væri að taka á málinu efnislega af nefndinni fyrr en seinna.

Hér hefur komið fram að mál þetta hefur lengi verið að velkjast fyrir Alþingi. En það er alltaf að verða stærra í sniðum, upphæðirnar að vinda upp á sig sem verið er að greiða úr almannasjóðum, hvort sem um er að ræða sveitarsjóði eða ríkissjóð, vegna jarðhitaréttinda fyrir eign sem að margra mati er óeðlilegt og reyndar ekki kveðið upp úr um af löggjafanum hvort telja skuli almannaeign eða einkaeign. Og ég nefni það í þessu sambandi, vegna þess að rætt hefur verið um afstöðu Framsfl. í þessu máli og að þar muni vera andstaða við þau sjónarmið sem ég mæli hér fyrir, að inn í stjórnarsáttmálann 1. sept. 1978 var tekið ákvæði um að sett yrði löggjöf um að djúphiti í jörð og orka fallvatna teljist þjóðareign. Þetta var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs heitins Jóhannessonar. Ég vil ekki alveg staðhæfa orðalagið í stjórnarsáttmálanum, en það var efnislega í þessa átt og í framhaldi af því hófst einmitt vinna að þessum málum á vegum iðnrn. á nýjan leik og það má segja að þetta frv., sem ég hér mæli fyrir, sé ákveðin uppskera af þeim þræði sem upp var tekinn haustið 1978.

Ég hverf ekki, virðulegi forseti, frá tillögu minni um að mál þetta fari til iðnn., en þakka stuðning hv. 5. þm. Vestf. og vænti að hann beiti þeim stuðningi og áhrifum í sínum flokki til að málið komi út úr nefnd og til afgreiðslu hér í þingdeildinni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það má vera að það fari svo í þinginu í vetur að ráðherrar í hinum ýmsu málaflokkum beri meir eða ekki síður fyrir brjósti þann málaflokk sem þeir höfðu áður og gerist því talsmenn hans hér í þingsölum. Hitt vil ég fullyrða varðandi þá umræðu sem hér fer fram að sú afstaða sem Ólafur heitinn Jóhannesson hafði í þessum málum var ekki sérafstaða hans heldur mjög margra framsóknarmanna. Hitt verður svo að metast eftir tiltrú hvers og eins þm. hvort hann telur að sú hugarfarsbreyting hafi orðið hjá nm. í iðnn., sem eru þeir sömu og hafa verið og hafa ekki komið slíku máli í gegnum nefndina, að þess sé að vænta að þeir muni skila þessu máli til þingsins eða hvort hv. flm. er beint eða óbeint að óska eftir því að málið hljóti sömu örlög og það hefur hlotið á undanförnum þingum þannig að hann geti endurflutt það á næsta þingi. Mér er ekki ljóst hvort það er hugsunin á bak við það hve fast hann heldur við að málið skuli fara til iðnn.

Ég tel að það sé ekkert sjálfgefið að þetta mál eigi heima í iðnn. og mér finnst að almennir þm. hljóti að hugsa sig um tvisvar í atkvæðagreiðslu, þegar málum er vísað til nefndar og ekki er sjálfgefið að mál skuli fara til ákveðinnar nefndar, hvort ekki sé þá skynsamlegt að vísa málinu til nefndar sem vitað er að gæti fjallað um málið og afgreitt það til þingsins til atkvæðagreiðslu.

Þess vegna undrar mig að sá málflutningur skuli uppi hafður að það sé meira kapp lagt á að koma málinu til iðnn. en á hitt atriðið að málið komi til atkvæða hér í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 21. okt., kl. 3.12 síðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. 52. mál (þskj. 52). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um þingsköp Alþingis.

Þingflokkar hér á Alþingi hafa komið sér saman um að fjvn. skuli á þessu þingi skipuð tíu mönnum, en í 15. gr. þingskapalaga segir að fjvn. skuli skipuð níu mönnum. Hér er um samkomulagsmál að ræða milli þingflokkanna og vil ég leggja til að málinu verði vísað til 2. umr., en sé ekki ástæðu til að vísa því til nefndar. Ég lagði einnig til að svo yrði í Nd., en óskað var eftir því í deildinni að vísa málinu til nefndar. Ég vil á það minna að í 20. gr. þingskapalaga er tekið fram að að lokinni umræðu skuli leita atkvæða um hvort mál eigi að ganga til 2. umr. og nefndar og er það engin skylda. Ég tel því ástæðulaust í máli sem þessu, þar sem það hefur verið rætt innan þingflokkanna og fullt samkomulag er um það, að vísa því til nefndar og vil ég því leggja hér til að sá háttur verði ekki hafður á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 21. okt., að loknum 4. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. 52. mál (þskj. 52). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 21. okt., að loknum 5. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. 52. mál (þskj. 52). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 60).

Sameinað þing, 5. fundur.

Þriðjudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að þetta er fyrsti þingfundur þar sem ný þingsköp koma til framkvæmda um fyrirspurnir, skal áður en við tökum til við dagskrána vakin athygli á þeim breytingum sem nú verða á umræðum um fyrirspurnir.

Fyrirspyrjandi og viðkomandi ráðherra tala hvor um sig tvisvar sinnum eins og áður, en í stað tíu mínútna sem ráðherra hafði, hefur hann nú fimm mínútur til umráða í senn. En fyrirspyrjandi hefur í stað fimm mínútna áður, nú tvær mínútur til umráða í senn. Engum öðrum er heimilt að taka til máls í umræðu um fyrirspurn. Öðrum þm. er þó heimilt að gera stutta athugasemd ef þörf krefur.

Þess er vænst að við hjálpumst öll að um það að framkvæmd hinna nýju ákvæða þingskapa megi fara vel úr hendi.

Lögverndun á starfsheiti kennara, fsp. 31. mál (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á síðasta þingi bar ég fram fsp. þann 23. okt. til hæstv. þáverandi menntmrh. um það hvort undirbúningur væri hafinn að því að semja frv. til laga um lögverndun starfsheitis grunnskólakennara á vegum ráðuneytisins. Í byrjun sama þings kom jafnframt fram frv. um sama efni frá þremur þm. stjórnarandstöðuflokka.

Hæstv. menntmrh. svaraði fsp. minni á þá leið að ráðuneytið hefði þegar farið þess á leit við Bandalag

kennarafélaga að tilnefna þrjá menn í nefnd til að undirbúa ásamt starfsmönnum ráðuneytisins frv. til laga um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Jafnframt sagði hæstv. ráðherra að hún vænti þess að ekki liðu margir dagar áður en slíkt frv. yrði tilbúið. Þessi nefnd var síðan skipuð 24. október og hefur verið að störfum síðan, þótt með einhverjum hléum hafi verið.

Fyrirspurnum um störf þessarar nefndar var síðan ítrekað beint til hæstv. menntmrh. þegar kjaramál kennara komu til umræðu hér oftlega á síðasta þingi. Síðast var þetta mál til umræðu þann 19. júní og kom þá í ljós að málið var í biðstöðu og óafgreitt og hæstv. menntmrh. gaf engin loforð um framgang málsins.

Ég þarf ekki að lýsa því fyrir hæstv. núverandi menntmrh. né heldur hv. þm. hve brýnt hagsmunamál það er fyrir kennara að fá starfsheiti sitt lögverndað, svo miklar umræður hafa orðið um það mál hér á þingi og í þjóðmálaumræðunni almennt, og mörg erindi þess efnis verið send frá kennarasamtökum til þm.

Því spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem menntmrh. skipaði haustið 1984 til að semja frv. um lögverndun á starfsheiti kennara?

Í öðru lagi spyr ég: Hvenær má vænta þess að nefndin ljúki störfum og frv. verði lagt fram?

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Samtök kennara hafa lengi haft á stefnuskrá sinni það sem kallað hefur verið lögverndun starfsheitis kennara. S.l. haust skýrði þáverandi menntmrh. forsvarsmönnum samtakanna frá því að hann væri reiðubúinn að skipa nefnd fulltrúa tilnefndra af kennarasamtökunum til þess að starfa með fulltrúum ráðuneytisins að því að gera tillögur að frv. um lögverndun starfsheitis kennara.

Nefndin var skipuð í október 1984 og í henni eiga sæti: Hörður Lárusson deildarstjóri, Hanna Kristín Stefánsdóttir kennari, Kristján Bersi Ólafsson skólameistari, Kristín Tryggvadóttir kennari, Sigurður Helgason deildarstjóri og Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri og er hún formaður nefndarinnar.

Í viðræðum menntmrh. við forustumenn kennarasamtakanna hafði oft komið fram að ráðherra vildi vinna að framgangi lögverndunar starfsheitis grunnskólakennara og framhaldsskólakennara með sama hætti og starfsheiti bókasafnsfræðinga hafði verið lögverndað með samþykki Alþingi í maí 1984.

Í umræðum á Alþingi 12. mars 1984, þegar menntmrh. þáverandi mælti fyrir frv. til laga um bókasafnsfræðinga, sagði ráðherra að ekki væri um það að ræða að þetta frv. fjallaði um starfsréttindi heldur einungis réttindi til að nota þetta starfsheiti. Þegar nefnd skipuð fulltrúum kennarasamtakanna og fulltrúum menntmrn. hóf störf varð fljótt ljóst að kennarar höfðu ekki áhuga á lögverndun starfsheitis sambærilegt við það sem bókasafnsfræðingar höfðu hlotið. Þeir vildu aukna verndun starfsréttinda sinna, en starfsréttindi kennara njóta þegar lögverndunar sbr. lög um embættisgengi kennara og skólastjóra nr. 51/1978.

Þegar þessi afstaða kennara varð ljós heimilaði ráðherra fulltrúum ráðuneytisins í nefndinni að kanna hvort unnt væri með viðunandi hætti að ná samkomulagi um ein lög þar sem bæði væri kveðið á um starfsheiti og starfsréttindi. Leituðust nm. við að finna leið sem gerði mögulegt að verða við óskum kennara um aukna verndun starfsréttinda án þess að skólastarfi í landinu væri stefnt í hættu sökum kennaraskorts.

Nefndin hefur ekki lokið störfum og drög að væntanlegum tillögum hennar til menntmrh. bárust mér í hendur í gær og geta ekki orðið til umræðu af minni hálfu nú í dag.

Að ósynju hef ég ekki ástæðu til að ætla að afstaða mín verði öðruvísi til þessa máls en fyrirrennara míns en vil þó ekkert um það fullyrða að svo komnu. Ég er ekki í færum um að svara öðrum lið þessarar fsp., um hvenær nefndin muni ljúka störfum og hvenær frv. verði lagt fram, en ég mun kappkosta að þetta mál nái sem fyrst fram að ganga eða úrlausn málsins sem þá mundi koma með einhverjum hætti til framlagningar eða umræðu hér á hinu háa Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans. En ill þykja mér þessi tíðindi, og ég á von á því að kennurum þyki þau enn verri.

Það er reyndar skammarlegt hve illa hefur verið búið að kjörum og virðingu kennarastéttarinnar og brýn nauðsyn á því að kúvenda þeirri stefnu sem hefur ríkt á undanförnum árum í þessum málum.

Hæstv. menntmrh. hlýtur að hafa borið þá vitneskju með sér úr iðnrn. að framtíð þessarar þjóðar byggist ekki síst á því að allir landsmenn hljóti góða almenna menntun. Þess vegna hlýtur hann enn fremur að sjá að til þess þarf kennarastéttin að vera skipuð úrvalsfólki sem þar unir vel við sinn hag. Það er ljóst að þegar ágreiningur er um túlkun á réttindum, þá hlýtur að þurfa að verða millibilsástand og málamiðlun milli þeirra sem þegar hafa kennt lengi en eru réttindalausir og þeirra sem nú krefjast fullrar verndunar á starfsheiti og réttindum sínum.

Ég skora á hæstv. menntmrh. að taka þetta mál nú föstum tökum og tryggja það að hið bráðasta verði lagt fram frv. um lögverndun á starfsheiti kennara, því að við svo búið má ekki lengur una.

Tjarnarskóli, fsp. 32. mál (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á þskj. 32 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. menntmrh. um Tjarnarskóla:

„1. Hvaða ástæður lágu til þess að menntmrn. veitti heimild til stofnunar Tjarnarskóla?

2. Telur menntmrh. rétt að ríkið stuðli að því að mismuna nemendum á grunnskólastigi með stofnun skóla af þessu tagi?

3. Hvert er framlag ríkisins, Reykjavíkurborgar og annarra aðila til reksturs Tjarnarskóla?

4. Hversu margar kennarastöður hafa verið heimilaðar af ráðuneytinu vegna Tjarnarskóla?

5. Hver eru launakjör kennara við Tjarnarskóla samanborið við laun grunnskólakennara samkvæmt kjarasamningum?“

Þetta er efni fsp. Eins og alþjóð veit var brugðið á það nýmæli á þessu ári af fyrrv. hæstv. menntmrh. að heimila stofnun svonefnds Tjarnarskóla sem rætt hefur verið um sem einkaskóla en er þó rangnefni vegna þess að þessi skóli er á framfæri ríkisins og aðeins um að

ræða að þeim sem senda þangað nemendur er ætlað að bæta við sérstakri ábót til reksturs skólans. Hér er farið inn á braut sem stangast á við anda grunnskólalaga um jafnrétti nemenda til náms óháð efnahag og búsetu, stigið mjög alvarlegt skref í sambandi við félagsleg málefni í okkar landi og starfsemi skóla sérstaklega. Mér þykir fróðlegt að eiga von á að heyra svar frá hæstv. núv. menntmrh. og hvort hann ætlar að afturkalla þá heimild sem þarna var veitt eða fylgja fram þeirri stefnu sem forveri hans í starfi markaði með heimild um rekstur Tjarnarskóla.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Tímans vegna og af öðrum ástæðum einnegin verð ég að halda mig við þær fsp. sem hér eru fram lagðar og leiði hjá mér að sinni af auðskildum ástæðum nýjar fsp. um mína persónulegu afstöðu til þessa máls eða á hvaða ráð ég hyggist bregða í framtíðinni vegna þessa máls.

Sem svar við 1. lið fsp. vil ég taka þetta fram:

Heimild til þess að starfrækja skólann var veitt á grundvelli lýsinga og áætlana um starfsemina. Fyrirhuguð starfsemi skólans fór ekki út fyrir ramma laga og reglna um skipulag og innihald náms á grunnskólastigi og því þótti ekki ástæða til þess að ráðuneytið synjaði um heimild til starfrækslu skólans. Benda má á að þegar eru starfandi nokkrir einkaskólar með sambærilega heimild á grunnskólastigi, svo sem skóli Ísaks Jónssonar, Landakotsskóli og Hlíðardalsskóli.

Áætlanir stofnenda Tjarnarskóla um virkari tengsl skólans við atvinnulífið en tíðkast hafa í grunnskólum þóttu áhugaverðar og líklegt að tilraunir skólans á þessu sviði skiluðu árangri sem aðrir grunnskólar gætu nýtt.

Sem svar við 2. lið fsp. tek ég þetta fram:

Ekki er ljóst í hverju sú mismunun, sem hér er nefnd, á að vera fólgin, en hv. fyrirspyrjandi segir svo í 2. lið fsp.: „Telur menntmrh. rétt að ríkið stuðli að því að mismuna nemendum á grunnskólastigi með stofnun skóla af þessu tagi?“ Framlag ríkisins til skólans er lægra en framlag ríkisins til almennra grunnskóla því að hér greiðir ríkið einungis föst laun kennara en ekki ýmis aukastörf, svo sem stjórnunarstörf, félagsstörf, forfallakennslu o. fl., eins og í öðrum skólum er tíðkað. Enn fremur tekur ríkið ekki þátt í að greiða kostnað af rekstri skólans eins og annarra grunnskóla.

Þegar rætt er um mismunun eins og hér er gert virðist spyrjandi gefa sér fyrir fram að Tjarnarskóli sé betri skóli en aðrir grunnskólar. Engar sönnur hafa enn þá verið færðar á slíkt, enda ókleift þar sem skólinn hefur aðeins starfað á annan mánuð.

Ég tek saman svar við 3. og 4. lið fsp. og er um þá þetta að segja:

Ríkið veitir Tjarnarskóla rekstrarstyrk sem nemur um 1 millj. 392 þús. kr. á ári miðað við verðlag í september s.l. Styrkurinn er miðaður við að þrjár bekkjardeildir séu í skólanum og nemendur alls 75. Jafngildir styrkurinn 3,6 mánaðarlaunum í meðallaunaflokki kennara. Kennslumagn á nemanda reiknast skv. þeim reglum sem gilda um grunnskóla á vegum hins opinbera. Skólagjöld fyrir börn sem stunda nám við Tjarnarskóla eru 28 500 kr. fyrir barn á ári. Ég hef þær upplýsingar frá fræðslustjóra Reykjavíkurborgar að styrkur borgarinnar við skólann felist í fríu húsnæði.

Sem svar við 5. lið fsp. tek ég fram að kennarar við Tjarnarskóla eru starfsmenn skólans en ekki ríkisins og því hefur ráðuneytið ekki upplýsingar um kjör þeirra, en gera verður ráð fyrir að þeim sé greitt skv. kjarasamningi kennara.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það fór svo sem mig vænti að fróðlegar voru þær upplýsingar sem fram komu hjá hæstv. menntmrh. þótt ekki svaraði hann því, sem ég beindi til hans hér, hvort hann hygðist standa að rekstri þessa skóla áfram eins og forveri hans heimilaði. Hér kemur það fram, sem mig raunar grunaði, að um er að ræða algeran forréttindaskóla þar sem Sjálfstfl. í menntmrn. og hjá Reykjavíkurborg skapar algerlega áður óþekkt skilyrði í sambandi við grunnskólahald, ríkið með því að greiða öll föst laun kennara við skólann, þrjár fullar kennarastöður, og Reykjavíkurborg með fríu húsnæði, og síðan spyr ráðherrann: Er verið að innleiða mismunun? Er nokkur vissa fyrir því að þetta verði betri skóli en aðrir skólar?

Sem réttlæting og svar við 1. lið fsp. minnar um ástæður fyrir þessu er vísað til áætlunar skólans um starfsemi hans og sérstaklega að því er varðar virkari tengsl við atvinnulífið. Hvaða grunnskólar ætli það séu ekki sem kysu að koma á virkari tengslum við atvinnulífið en þeim er gert kleift með fjárframlögum og öðrum aðbúnaði af ríkisins hálfu? Og hver er sú ábót sem aðstandendum er ætlað að greiða með barni hverju? Það eru 28 þús. kr. á ári, upplýsti ráðherrann. Ef farið væri með málefni barna almennt á grunnskólastigi með sama hætti, og nemendafjöldinn er um 37 þús., þá er það ekki langt frá því að vera um 1 milljarður kr. sem kæmi inn í skólakerfið sérstaklega í gegnum slík viðbótargjöld, slík framlög af hálfu foreldra.

Nei, hér er verið að innleiða frjálshyggjuna, lögmál markaðarins, inn á undirstöðufræðslu í landinu og það er það alvarlega við þetta mál.

Ég vil, herra forseti, að endingu segja þetta: Þetta er ekki síðasta orð mitt í þessu máli og ég vænti að það verði ekki síðasta orð þingsins gagnvart þessu máli. Ég tel nauðsynlegt að það verði farið vandlega ofan í saumana á því skrefi sem þarna er tekið, hvort það samrýmist grunnskólalögum í raun eins og andi þeirra er og hvernig staðið er að rekstri þessa skóla í einstökum atriðum.

Kennarastöður, fsp. 33. mál (þskj. 33). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á þskj. 33 ber ég fram svofellda fsp. til hæstv. menntmrh. um ráðningu í kennarastöður og um starfsréttindi kennara:

„1. Hversu margir réttindalausir menn hafa verið ráðnir í kennarastöður í grunnskólum á nýbyrjuðu skólaári á landinu öllu, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?

2. Hversu margir réttindalausir starfsmenn voru ráðnir í fyrsta sinn að grunnskólum frá byrjun þessa skólaárs?

3. Hvaða ráðstafanir hyggst menntmrn. gera til að greiða fyrir því að eingöngu kennarar með full réttindi ráðist til starfa í skólum landsins?

4. Hvað líður undirbúningi á vegum ráðuneytisins að frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara?“

Varðandi 1. og 2. lið þessarar fsp. vil ég bíða eftir svörum frá hæstv. ráðherra, en ég minni á það að fyrir ári lágu fyrir þingflokkum óskir frá kennarasamtökunum um úrbætur í þeirra málum. Það var í fyrsta lagi varðandi endurmat á kennarastarfinu og bætt launakjör, það var í öðru lagi um lögverndun á starfsheiti kennara þannig að tryggt væri að starfsréttindi þeirra væru virt og það var í þriðja lagi um sjálfstæðan samnings- og verkfallsrétt fyrir kennara í Kennarasambandi Íslands.

Ég bar fram fyrir rétt tæpu ári, 24. okt., ásamt tveimur öðrum þm. frv. til l. um lögverndun á starfsheiti kennara. Því frv. var vísað til ríkisstj. s.l. vor og hæstv. ráðh. greindi áðan frá sinni vitneskju um þetta efni. Ég vil bæta við: Næstsíðasti fundur í þeirri nefnd sem menntmrh. skipaði 24. okt. 1984 var haldinn 22. febr. 1985. Síðasti fundur nefndarinnar sem haldinn hefur verið var haldinn 18. júní 1985. Þær tillögur sem ráðherrann nefndi hér áðan í svari við fsp. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og þau drög sem þar voru nefnd lágu fyrir nefndinni á fundi hennar 22. febr. 1985.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég tók það fram að þau frumvarpsdrög sem fyrir lægju og bárust mér í hendur í gær gætu ekki orðið til umræðu hér og nú af minni hálfu. Ég var ekki þar með að halda því fram að þau væru eitthvert leyndarmálsplagg.

En hér er svar við fsp. hv. 5. þm. Austurl. á þskj. 33.

1. liðurinn er um fjölda réttindalausra manna sem ráðnir hafa verið í kennarastöður í grunnskólum á nýbyrjuðu skólaári á landinu öllu, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum. Svar: Reykjavíkurumdæmi 13 réttindalausir kennarar, Reykjanesumdæmi 61, Vesturlandsumdæmi 55, Vestfjarðaumdæmi 61, Norðurlandsumdæmi vestra 51, Norðurlandsumdæmi eystra 80, Austurlandsumdæmi 71 og Suðurlandsumdæmi 49. Samtals 441 réttindalaus kennari.

2. liður fsp. er um hversu margir réttindalausir starfsmenn hafi verið ráðnir í fyrsta sinn að grunnskólum frá byrjun þessa skólaárs. Svar: Í byrjun þessa skólaárs voru 156 réttindalausir kennarar ráðnir í fyrsta sinn að grunnskólum landsins.

3. liður fsp. hv. þm. er: „Hvaða ráðstafanir hyggst menntmrn. gera til að greiða fyrir því að eingöngu kennarar með full réttindi ráðist til starfa í skólum landsins?“ Þetta er viðamikil og vandasöm spurning sem ég er ekki í færum um að svara. En maður gæti látið sér detta í hug að það væri í fyrsta lagi að efla kennaramenntun í landinu, Kennaraháskólann, en einnig og ekki síður skyldi maður halda að efling kjara og kaups kennarastéttarinnar kynni að verða til þess að þetta þættu eftirsóknarverð störf.

Ég ætla ekki að leggja út af þessu nú með öðrum hætti eða telja fram fleiri ástæður sem kynnu að efla það að sem flestir kennarar væru með full réttindi. Það kemur líka við það mál sem kom fyrr til umræðu hér sem svar við fsp. hv. 3. landsk. þm. og ég vísa til vegna 4. liðar þessarar fsp.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það kemur fram í svari hæstv. ráðh. að réttindalausum kennurum við störf hefur fjölgað stórkostlega á nýbyrjuðu skólaári þar sem þeir eru ekki fjarri því, sýnist mér, að vera um 40% af heildartölu réttindalausra sem eru starfandi á landinu öllu. Ég tek það fram að mér er ljóst að í hópi þessara starfsmanna skólanna eru margir ágætismenn og hæfir menn, en það breytir ekki hinu að það hlýtur að vera keppikefli yfirvalda menntamála í landinu að tryggja að eingöngu starfsmenn með full réttindi ráðist þar til starfa.

Annað sem kemur fram í svari hæstv. ráðherra er það að hér hallar fyrst og fremst á landsbyggðina. Reykjavík er aðeins með 13 réttindalausa menn í starfi af 441. Þetta er því mál sem snertir byggðaþróun í landinu, jafnrétti þegnanna í landinu, barnanna í landinu.

Hæstv. ráðherra svaraði 3. lið fsp. nokkuð almennum orðum, en nefndi þó þar atriði sem ég geri ráð fyrir að forveri hans í starfi, hafi hann lagt við hlustir, hafi hlustað á af nokkurri athygli, að efla menntun kennara og Kennaraháskóla Íslands sérstaklega og að bæta kaup og kjör kennara. Þetta eru hvort tveggja atriði sem hægt er að taka undir og það hefði sannarlega verið æskilegt að Sjálfstfl. og hæstv. ríkisstj. hefðu á síðasta skólaári staðið að málum með þeim hætti sem hæstv. núv. menntmrh. var að láta liggja að að nauðsynlegt væri til að tryggja skólanum starfskrafta með fullum réttindum. Og ég er viss um að kennarastéttin í landinu á eftir að ganga eftir því við hæstv. núv. ráðherra hvernig hann vilji koma þessum málum fram í ljósi orða sinna áðan.

Menntun kennara, störf kennara eru einhver þau þýðingarmestu sem unnin eru í landinu og það er sjálfsagt mál að til kennara séu gerðar miklar kröfur, en þá á líka samfélagið að endurgjalda og meta starfið í ljósi gildis þess fyrir samfélagið.

Heilsugæsla á Vopnafirði, fsp. 37. mál (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 37 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um heilsugæslu á Vopnafirði, en læknir er þar nú í ársleyfi:

„Hvaða ráðstafanir hefur heilbr.- og trmrn. gert til að leysa heilsugæsluvandann í Vopnafjarðarhéraði?“

Hér þarf ekki að tíunda mikilvægi góðrar heilsugæslu og öruggrar læknisþjónustu. Þar hefur vissulega margt og mikið áunnist. Landsbyggðin, sem áður bjó við mikið öryggisleysi í þessum efnum, hefur notið góðs af jákvæðri framþróun þessara mála og undantekning er ef þar hefur brugðið út af. Þó eru nú tvö héruð eystra í erfiðleikum vegna læknisleysis, Djúpavogs- og Vopnafjarðarlæknisumdæmi. Starfandi læknar á báðum stöðum eru í leyfi frá störfum. Djúpivogur er sagður fá úrlausn frá desemberbyrjun og þá sennilegast þann veg að læknirinn komi þangað aftur. Svo mun og um Vopnafjörð, en þangað til er nær ár.

Vopnafjarðarumdæmi er illa sett samgöngulega að vetrarlagi og ekki bætir úr að í næsta héraði norðan við, Þórshafnarhéraði, er hið mesta vandræðaástand í heilsugæslumálum. Þangað hefur ekki fengist læknir til lengri tíma en skammrar dvalar. Því er spurt nú, þegar vetur er að ganga í garð og á þessu landshorni verður enginn læknir svo að vitað sé, a.m.k. þegar þessi fsp. var lögð fram, hvaða líkur séu á að úr rætist. Ég veit að að þessu er verið að vinna, en fyrir íbúa þessa svæðis skiptir miklu að vita hver úrlausn þeirra mála getur

orðið og þá hvenær og hvernig það er til þess tíma er læknir kemur aftur úr leyfi sínu.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. hv. þm. á þskj. 37 um heilsugæslu á Vopnafirði hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvaða ráðstafanir hefur heilbr.- og trmrn. gert til að leysa heilsugæsluvandann í Vopnafjarðarhéraði?"

Svarið er í stuttu máli þetta: Heilsugæsluvandinn í Vopnafjarðarheilsugæsluumdæmi nú stafar af því að skipaður heilsugæslulæknir hefur fengið ársleyfi frá störfum til endurmenntunar. Það hefur ekki reynst unnt að fá lækni til að gegna störfum samfellt í þessu umdæmi, en bæði heilbrrn. og landlæknisembættið hafa gert allt sem unnt hefur reynst til þess að fá menn til að gegna störfum í héraðinu. Sérstaklega er lögð áhersla á að reyna að fá lækna úr öðrum heilsugæsluumdæmum þar sem betur er mannað til að gegna störfum á Vopnafirði og t.d. mun fyrrv. heilsugæslulæknir þar fara nú til starfa í héraðinu um skemmri tíma. Ráðuneytið taldi eðlilegt að veita heilsugæslulækni umbeðið námsleyfi þar eð með því var tryggt að læknir kæmi í héraðið til lengri dvalar að nýju.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Vitanlega gildir það í þessu efni að unnið sé að því, eins og ég efa ekki að gert sé, að fá varanlega úrbót á þessum málum. Það vekur hins vegar nokkra furðu hver tregða virðist vera hjá læknum til að sinna þessu starfi þó að í íhlaupum sé og skýtur nokkuð skökku við það sem sagt hefur verið um það að við værum í raun og veru með offramboð á læknum, en svo þegar til á að taka og leysa vanda til ekki lengri tíma en þetta gengur það vægast sagt illa þrátt fyrir allar tilraunir ráðuneytis og það svo að það er leitað, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, til fyrrv. heilsugæslulæknis þar, sem þekkir vanda þeirra íbúa sem þarna eru allra manna best, til þess að fá úrlausn á þessu. Ég veit að meðan hann er þar er þessum málum vel borgið og vona að á eftir komi fleiri sem gegna þessu starfi þó að æskilegast hefði verið að fá mann til að gegna þessu starfi samfellt allan þann tíma sem heilsugæslulæknirinn, sem þar er skipaður, er í leyfi. En ég treysti sem sagt að á þessum málum verði ráðin sú bót að þetta víðlenda og erfiða hérað búi ekki við öryggisleysi í vetur, sérstaklega með tilliti til þess sem ég sagði áðan um ástandið í héraðinu næst fyrir norðan, í Þórshafnarhéraði.

Kynþáttaaðskilnaðarstefna í Suður-Afríku, fsp. 39. mál (þskj. 39). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 39 að bera upp fsp. við hæstv. utanrrh. varðandi kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku og viðbrögð stjórnvalda á Íslandi gegn henni.

Það er kunnugt úr fjölmiðlum undanfarna daga og undanfarnar vikur að ástand fer versnandi í Suður-Afríku og ósveigjanleg viðbrögð stjórnar hvíta minni hlutans þar við öllum tilmælum utanaðkomandi um að bæta úr hafa aukið enn á þau vandamál sem þar voru fyrir. Einnig er kunnugt að nú fer fram mikil umræða á Vesturlöndum og víðar um aðgerðir til að vinna gegn þessari ómannúðlegu stjórnarstefnu og koma henni á kné. Þess vegna hef ég spurt, með leyfi forseta, hæstv. utanrrh. eftirfarandi tveggja spurninga:

„1. Hvað hefur íslenska ríkisstjórnin gert á alþjóðavettvangi til að mótmæla kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku?

2. Hyggst ríkisstj. grípa til aðgerða, svo sem að banna innflutning á vörum frá Suður-Afríku, til þess að sýna í verki andúð á kynþáttaaðskilnaðarstefnunni?"

Það er eðlilegt að mínu mati að spyrja hvort til standi að takmarka innflutning á vörum eða banna hann með öllu, en það eru þau samskipti sem helst koma til greina milli okkar og Suður-Afríku. Að vísu eru þau viðskipti eða samskipti óveruleg á okkar mælikvarða og þeim röddum sem stundum halda snautlegar ræður um að við höfum ekki efni á því, Íslendingar, að bera uppi sjálfstæða utanríkisstefnu er hægt að svara fyrir fram með því að þessi viðskipti skipta okkur nánast engu máli, eru hverfandi brot af viðskiptum þessarar þjóðar og viðskiptajöfnuðurinn mjög neikvæður í ofanálag. Það er þá fremur þeirra tap en okkar að afnema þessi viðskipti og mér finnst það eðlileg aðgerð. Því spyr ég hæstv. utanrrh. f.h. ríkisstj. hvort slíkar aðgerðir séu á dagskrá.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Íslenska ríkisstjórnin hefur á alþjóðavettvangi mjög eindregið mótmælt og unnið gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar. Ég vil þar sérstaklega nefna aðild að sameiginlegum aðgerðum Norðurlanda sem þegar á árinu 1978 komu sér saman um áætlun til þess að þrýsta á stjórnvöld Suður-Afríku að hverfa frá misrétti kynþátta í landi sínu. Þessi áætlun var á nýafstöðnum fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Osló hert og útvíkkuð. Hef ég látið dreifa henni til þm. og vísast til þess texta varðandi efnisatriði, en þau miða að því að draga úr efnahagslegum og öðrum samskiptum við Suður-Afríku.

Undanfari þessarar áætlunar voru umræður á fundi utanríkisráðherra í vor er leið og sömuleiðis í sumar í Helsinki í tengslum við tíu ára afmæli Helsinki-samþykktarinnar og í fyrra var sérstakur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda ásamt og með utanríkisráðherrum landamæraríkja Suður-Afríku. Allir þessir fundir voru haldnir í þeim tilgangi að vinna bug á þessari kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar og þeim afleiðingum sem hún hefur haft í för með sér.

Jafnframt hafa Norðurlöndin um árabil beitt áhrifum sínum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og víðar til þess að hvetja sem flest lönd til svipaðra aðgerða gegn Suður-Afríkustjórn, ekki síst þau ríki sem veruleg viðskipti eiga við Suður-Afríku.

Á 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í fyrra var samþykkt fyrir frumkvæði Norðurlanda í samvinnu við nokkur Afríkuríki ályktun um samræmdar alþjóðlegar aðgerðir til afnáms kynþáttamisréttis. Ályktunartillaga þessa efnis verður væntanlega flutt af hálfu Norðurlanda og annarra ríkja einnig á yfirstandandi þingi Sameinuðu þjóðanna.

Þá hefur Ísland og önnur Norðurlönd staðið að flutningi eða stutt margar aðrar tillögur um einstaka þætti Suður-Afríkumálsins, en ekki verið hlynnt kröfum um beitingu vopnavalds. Í þeim tilvikum hefur Ísland

greitt atkvæði á móti ályktunartillögunni. M.a. hafa Norðurlöndin hvatt eindregið til þess að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna taki ákvörðun skv. VII. kafla stofnskrár samtakanna um aðgerðir sem bindandi séu fyrir öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að framkvæma, en samkomulag um slíkar aðgerðir hefur ekki náðst í ráðinu að slepptu banni því við vopnasölum sem það samþykkti árið 1977. Þó ber að vona að ráðinu takist að gera í næstu framtíð frekari ráðstafanir af þessu tagi. Aðeins slíkt skuldbindandi bann getur haft afgerandi og skjótvirk áhrif á stjórnvöld í Suður-Afríku.

Viðskiptabann fárra og smárra þjóða hefur lítið gildi þar sem viðskiptin færast einfaldlega annað og séu umtalsverðir hagsmunir í húfi bitnar slíkt viðskiptabann fárra þjóða aðeins á þeim en ekki Suður-Afríku. Þrátt fyrir þessa staðreynd hafa norrænu ríkin nú ákveðið að auka og efla þær ráðstafanir sem þær gripu til á árinu 1978 og hvetja um leið aðrar þjóðir til að gera svipaðar ráðstafanir í þeirri von að nægjanlega margar og öflugar viðskiptaþjóðir fari að dæmi Norðurlanda og skapi þannig þann aukna alþjóðlega þrýsting á stjórnvöld í Suður-Afríku sem leiði til þess að hið hróplega misrétti kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar verði upprætt með friðsamlegum hætti.

Viðskipti Íslands við Suður-Afríku eru afar lítil. Innflutningur okkar frá Suður-Afríku nam í fyrra og nemur á þessu ári 1/1000 úr prósenti af heildarinnflutningi og útflutningurinn 1/5000 úr prósenti af heildarútflutningi. Verðmæti innflutnings s.l. árs var 27,8 millj. kr. og 23,7 millj. kr. fyrstu átta mánuði yfirstandandi árs. Útflutningur var í fyrra 4,2 millj. kr. og nú 5,2 millj. kr. til ágústloka. Meginhluti þessa innflutnings eru ávextir, en út hafa verið fluttar iðnaðarvörur. Þessar tölur tala sínu máli um að það er ekki á valdi okkar Íslendinga einna að beita Suður-Afríkustjórn viðskiptaþvingunum og raunar munu samanlagðar tölur Norðurlandanna einnig léttvægar þótt viðskipti annarra Norðurlanda séu töluverð eða hafi verið.

Við skulum vera raunsæir, en hins vegar ekki láta okkar hlut eftir liggja heldur erum við nú sem áður reiðubúnir til að taka þátt í sameiginlegum aðgerðum og hvetjum til þeirra. E.t.v. skiptir mestu máli að við látum óhikað rödd okkar heyrast og ég vil því ljúka svari mínu með því að lesa upp það sem ég sagði um mál þetta á yfirstandandi allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrir tæpum mánuði, hinn 24. september:

„Eitt vandamálanna í brennidepli nú er hin illræmda kynþáttaaðskilnaðarstefna Suður-Afríku, apartheid, sem rekin er af mikilli hörku af þarlendum stjórnvöldum. Stefna ríkisstjórnar minnar og annarra Norðurlanda til þessa máls er vel kunn þingheimi. Allt frá árinu 1978 hafa þessi lönd staðið að sameiginlegum aðgerðum gegn hinni ómannúðlegu, grimmu og úreltu apartheid-stefnu. Önnur ríki hafa einnig gripið til svipaðra aðgerða sem auka munu þann þrýsting er við vonum að muni fyrr eða síðar leiða til þess að ríkisstjórn Suður-Afríku hverfi frá þessari illræmdu stefnu sinni. Er við beinum athygli okkar og aðgerðum gegn stjórnvöldum Suður-Afríku skulum við samt ekki missa sjónar af því mikla óréttlæti sem enn viðgengst í mörgum öðrum ríkjum heims. Við verðum að vinna að úrbótum hvarvetna þar sem óréttlæti er enn við lýði og mannréttindi fótum troðin.

Ég vil hér með lýsa yfir eindregnum stuðningi ríkisstjórnar minnar og íslensku þjóðarinnar við látlausa viðleitni Sameinuðu þjóðanna til að efla og treysta mannréttindi hvarvetna í heiminum. Mannréttindi, lýðræði og frelsi eru samofin forsenda þess að takast megi að koma á varanlegum heimsfriði."

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin og lýsi ánægju minni með þá nýbreytni, sem ég hygg vera, að dreifa gögnum hér um viðkomandi mál þegar það er á dagskrá samtímis því að fsp. er svarað. Ekki síst með tilliti til nýrra þingskapa sem við prufukeyrum nú, herra forseti, á þessum fundi hér í Sþ., tel ég jákvætt að spara þannig tíma og koma gögnum á framfæri.

Svör hæstv. utanrrh. voru að mínum dómi jákvæð svo langt sem þau ná. Ég tel það í raun sjálfsagt og ekki þörf á að ræða það að við fylgjum hinum Norðurlandaþjóðunum í þessum efnum, en ég vil láta þá skoðun mína koma hér fram að ég tel að íslensk stjórnvöld eigi að íhuga einhliða aðgerðir, e.t.v. með ákveðnum fyrirvara, og þá einhliða viðskiptabann innnan ákveðinna tímamarka, ef engar úrbætur og engar breytingar til batnaðar verða í Suður-Afríku.

Ég vænti þess þá að í svari hæstv. utanrrh. hér áðan hafi það falist að gripið verði til þeirra aðgerða sem norræna áætlunin gerir ráð fyrir gagnvart íslenskum fyrirtækjum og hafinn verði áróður fyrir því að beina viðskiptum íslenskra fyrirtækja frá Suður-Afríku eins og ég skil að þessi norræna áætlun m.a. gangi út frá.

Að síðustu, herra forseti, vil ég segja að það er í mínum huga ekki stærðargráðan í viðskiptunum sem skiptir máli hér heldur hin táknræna aðgerð að stöðva eða draga úr viðskiptum við Suður-Afríku. Við Íslendingar erum sjálfstæð þjóð með okkar sjálfstæðu utanríkisstefnu og við erum ein eining í hópi þjóðanna í þeim efnum án tillits til stærðargráðu viðskiptanna við Suður-Afríku. Það er einmitt það sem talsmenn blökkumanna í Suður-Afríku leggja sérstaklega áherslu á að fleiri þjóðir bætist í hóp sjálfstæðra þjóða sem grípa til takmarkandi aðgerða á þessu sviði. Það er þannig sem ber að líta á viðskiptaþvingun eða viðskiptabann. Í raun og veru skiptir hitt hverfandi máli hvort við, ein af smæstu þjóðum, erum með örfá promill í viðskiptum við þessa þjóð eða þar er um stærri hluti að ræða. Það er einfalt mál að fá þær vörur annars staðar sem við kaupum frá Suður-Afríku. Útflutningurinn þangað skiptir okkur nákvæmlega engu máli og það væri manndómsbragur að byrja á því að stöðva hann og ganga næst að innflutningnum.

Ég hefði einnig talið eðlilegt að íslensk stjórnvöld íhuguðu þann möguleika að kveða fastara að orði um þann hluta norrænu áætlunarinnar sem fjallar um íþróttasamskipti við þessa þjóð og það er ýmislegt fleira þar sem við gætum að mínu viti tekið sérstaklega til athugunar og íhugað einhliða aðgerðir umfram það sem samstaða varð um meðal allra Norðurlandaþjóðanna.

En að síðustu endurtek ég þakkir mínar til utanrrh. fyrir svörin og vænti þess að norrænu áætluninni verði fylgt eftir hér á Íslandi á næstu mánuðum.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það er rétt ályktun hjá hv. fyrirspyrjanda að ríkisstj. hyggst fylgja fram þeirri starfsáætlun sem hefur verið samþykkt á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda.

Þegar komið er að því að koma á algeru banni ber að geta þess að sérstök lagaheimild þarf þar til að koma. Algert bann á viðskiptum getur verið tvíeggjað almennt í samskiptum þjóðanna og við höfum heyrt gagnrýni hér í þessum sölum þegar ríki hafa beitt önnur ríki slíku banni eða hótunum um slíkt bann. Hér fer það mjög eftir því að hverju er stefnt með banninu og hverju ríki hyggist koma fram með slíku banni. Við höfum heyrt talað um viðskiptabann við Nicaragua, við höfum heyrt talað um hótanir í okkar garð um viðskiptabann vegna hvalveiða, en svo virðist vera að sumu fólki finnist vænna um líf hvala en manna, og við vitum um mannréttindabrot víða um heim. Í ýmsum þessum tilvikum, og einkum þegar talað er um mannréttindabrot, kemur vissulega til greina að beita viðskiptaþvingunum, en þá skulum við taka það með í reikninginn að við þurfum að gæta þess að brjóta ekki alþjóðasamninga á viðskipta- og tollasviði sem gera ráð fyrir frjálsum viðskiptum. Og sú lagaheimild er nú í gildi að við þurfum ekki sérstök lög eða lagabreytingu til að fylgja viðskiptaþvingunum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gerir bindandi. Það getum við gert umsvifalaust. Þess vegna er þessi ályktun Norðurlandaþjóðanna í þeim tilgangi gerð m.a. að öryggisráðið útvíkki þær samþykktir sem bindandi eru taldar af þess hálfu gagnvart þjóðum heims og snerta viðskipti við Suður-Afríku.

Aðeins að lokum, herra forseti, skal þess getið að því er samskipti á sviði íþrótta snertir að stjórnvöld hér á landi og raunar víða á Norðurlöndum hafa talið það í sjálfsvaldi íþróttahreyfingarinnar sjálfrar, með virðingu fyrir sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétti frjálsra félagssamtaka, að ákveða með hvaða hætti samskiptum við Suður-Afríku eða önnur ríki, sem mannréttindabrot stunda, er háttað. Mér er kunnugt um að íþróttahreyfingin hefur ekki hug á að efla þessi samskipti og jafnvel fremur einmitt í þeim anda sneitt hjá þeim. En ég held að það sé affarasælast að láta frjáls félagssamtök um að hve miklu leyti þessi samskipti eru stunduð. Ég treysti þeim fyllilega til þess.

Þá vil ég aðeins segja það í sambandi við bann á innflutningi vara frá Suður-Afríku eða útflutningi vara til Suður-Afríku að það er auðvitað á valdi neytandans hér á Íslandi, kaupandans, að sneiða hjá kaupum á vörum frá Suður-Afríku sem og varðandi útflytjendur að neita sér um þann markað sem þar er að finna.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 22. okt., að loknum 5. fundi.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal vakin athygli á því að nú tökum við á þessum fundi upp umræður um þáltill. skv. nýjum reglum þingskapa sem samþykktar hafa verið. Ég vek athygli á því að reglurnar eru þær að við fyrri umr. um þáltill. hefur flm. 15 mínútur til umráða, en aðrir þm., þar með taldir ráðherrar, 8 mínútur, en hver ræðumaður má tala tvisvar. Það gilda sömu reglur um síðari umr. um þáltill. og verið hefur. Í undantekningartilfellum gildir sama regla og verið hefur við fyrri umr. um þáltill. Þess verður jafnan getið þegar slík mál ber að höndum.

Ég vil vænta þess að við sameinumst öll um það og hjálpumst að um það að framkvæmd hinna nýju reglna um umræður um þáltill. geti farið vel úr hendi.

Aukafjárveitingar, beiðni um skýrslu, 23. mál (þskj. 23). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Heimildin samþ. með 31 shlj. atkv.

Byggðastefna og valddreifing, þáltill. 3. mál (þskj. 3). — Fyrri umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, sem ég flyt ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni.

Till. þessi er efnislega hin sama og við fluttum seint á síðasta þingi, en komst þá ekki til umræðu sökum anna, þannig að hér er mælt fyrir þessu máli í fyrsta sinn á Alþingi.

Efni þessarar till. kemur fram í tillgr. þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að marka nýja og þróttmikla byggðastefnu og hefja nú þegar aðgerðir til að snúa sem fyrst við fólksflótta utan af landi til höfuðborgarsvæðisins og tryggja íbúum landsbyggðarinnar eðlilega hlutdeild í þeim arði sem þeir leggja til þjóðarbúsins.

Í þessu skyni verði m.a. komið á meiri valddreifingu en nú er með því að flytja heim í héruð verkefni og ákvarðanir til lýðræðislega kjörinna stjórna og til sveitarfélaga um leið og þeim verði tryggðir nýir og sjálfstæðir tekjustofnar. Jafnframt verði greitt fyrir sameiningu sveitarfélaga í stærri og öflugri einingar en nú er. Með opinberum fjárveitingum og stjórnvaldsaðgerðum verði þannig hlúð að byggðarlögum um land allt og stuðlað að hagkvæmri nýtingu auðlinda til lands og sjávar.

Þetta mega teljast nokkuð almenn markmið, en þó er þar að finna veruleg nýmæli og í framhaldi er í till. bent á ýmsa þá þætti sem hægt væri að grípa til, til að ná þessum markmiðum fram.

Ég vísa til þess sem fram kemur í grg. með þessari till., og tekið er saman sem meginatriði till., og er að finna í grg. í 10 tölusettum liðum. Ég vil, með leyfi forseta, fara yfir þau atriði.

1. Rekstrarstaða frumvinnslugreina, sjávarútvegs og landbúnaðar, verði strax leiðrétt og milliliðir og þeir sem sitja í yfirbyggingunni í þjóðfélaginu komist ekki upp með að blóðmjólka þær lengur.

2. Hlutur landsbyggðarinnar í þjónustustarfsemi verði markvisst aukinn, m.a. með tilfærslu opinberra þjónustuþátta og viðskiptastarfsemi út í landshlutana.

3. Nýsköpun í atvinnumálum verði að verulegu leyti

miðuð við eflingu atvinnulífs út um land, reist á góðu skipulagi, virkri ráðgjafarþjónustu og frumkvæði heimamanna.

4. Aðstaða heimila og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni verði bætt með því að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, svo sem orku og fjarskipti.

5. Komið verði á héraðsstjórnum er kjörnar verði með lýðræðislegum hætti í hlutfallskosningum innan viðkomandi þjónustusvæða eða kjördæma.

6. Héraðsstjórnir fái tekjustofna til að ráðstafa í verkefni í ýmsum málaflokkum á viðkomandi svæði. Slíkir tekjustofnar taki m.a. mið af framleiðslustarfsemi á svæðinu og athugað verði að veita til héraða í samræmi við íbúafjölda ákveðnum hundraðshluta af söluskatti eða öðrum tekjustofnum sem ríkið hefur notað.

7. Ýtt verði undir stækkun sveitarfélaga með samruna þannig að lífvænlegar einingar myndist í atvinnumálum, félagsmálum og daglegri þjónustu.

8. Sveitarfélögin fái aukið sjálfræði í tekjuöflun svo og nýja tekjustofna samhliða nýjum verkefnum frá ríkinu.

9. Sjálfsstjórn fámennra byggða varðandi sérmálefni haldist að miklu leyti þótt sveitarfélögin stækki. Í því skyni verði kosin hreppsráð í stað hreppsnefnda er fari með heimamálefni í samvinnu við sveitarstjórn.

10. Verkefni Byggðastofnunar verði flutt út í landshlutana þar sem stofnaðir verði þróunarsjóðir og þróunarstofur er vinni að hagrænum málum og áætlanagerð á vegum héraðsstjórna.

Þetta er kjarni þessara tillagna sem er að finna á nefndu þskj., en síðan er í grg. fjallað um stöðu mála og hvernig hægt er að ná þeim áherslum fram sem vikið er að í þessari till.

Í fyrsta lagi er þar vikið að þeirri búsetuþróun sem verið hefur nú að undanförnu og fá má glöggt yfirlit yfir, ef litið er á töflu sem fylgir þessari till. og er að finna á bls. 3 í grg. Staðan í þessum efnum hefur verið sérstaklega uggvænleg og farið versnandi undanfarin ár. Ekkert af landsbyggðarkjördæmunum fær í sinn hlut þá fjölgun íbúa sem varð á landinu öllu á síðasta ári, en sú fjölgun nam tæplega 1% eða samtals 2230 manns á síðasta ári. Fjölgunin kemur öll fram í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi sem fengu 1071 manns nettó út úr fólksflutningum af landsbyggðinni í fyrra. Það er hæsta tala sem sést hefur frá því skráning hófst á fólksflutningum milli landshluta fyrir 25 árum.

Þessar tölur staðfesta það sem fólk á landsbyggðinni finnur betur með hverjum mánuði sem líður, þ.e. hversu ört hallar undan fæti í samskiptum dreifbýlis og höfuðborgarsvæðis. Fyrirtæki í sjávarútvegi berjast í bökkum, fengsæl togskip eru á uppboði, hluti bænda sér ekki fram úr greiðsluerfiðleikum, fiskvinnslufólk situr eftir launalega þrátt fyrir bónusstrit og æ erfiðara verður að manna fiskvinnslustöðvar með þjálfuðu starfsfólki. Á sama tíma blómstrar verslun og viðskipti hér á höfuðborgarsvæðinu í áður óþekktum mæli og húsnæði og hallir hinna nýríku mynda hér heil byggðahverfi. Menn spyrja eðlilega hvort hér séu að verki einhver náttúrulögmál eða önnur öfl sem landsbyggðarfólkið geti ekki haft áhrif á. Því hljótum við að svara neitandi. Meginástæða þessarar hröðu öfugþróunar er stefna stjórnvalda, stefna núverandi ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. Breytilegt árferði og aflasamdráttur skipta hér ekki sköpum í þessari þróun. Á móti sveiflum í þorskafla hafa t.d. komið auknar veiðar á öðrum tegundum, m.a. stóraukinn loðnuafli.

Einn er sá þáttur í þessari tillögu sem eðlilegt er að verði ræddur sérstaklega af minni hálfu hér í framsögu fyrir henni, en það snýr að því atriði að koma verkefnum og valdi til nýrra eininga, nýs stjórnsýslustigs, sem hér eru kallaðar héraðsstjórnir. Jafnframt því sem greitt verði fyrir sameiningu sveitarfélaga í stærri og öflugri einingar en nú er verði dregið úr miðstýrðu valdi ríkiskerfisins og Alþingis með því að flytja heim í héruð verkefni og ákvarðanir til lýðræðislega kjörinna stjórna og til sveitarfélaga um leið og þeim verði tryggðir nýir og sjálfstæðir tekjustofnar.

Í tillögunni er ekki tekið ákvarðandi á því hver vera skuli mörk slíkra héraða, hvort þar verði miðað við heil kjördæmi, eins og ég tel koma til greina, á svæðum utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis, eða minni einingar í formi svonefndra þjónustusvæða sem fjallað hefur verið um í umræðum um þessi mál, m.a. á vegum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar og fleiri aðila sem látið hafa sig þessi mál skipta.

Ég tel það mjög brýnt verkefni að menn komist sem fyrst að niðurstöðu um þessi efni og nái saman um það að stofna slíkar einingar sem séu undir stjórn, sérstakri stjórn, sem kosið verði til beinni lýðræðislegri kosningu, en á það legg ég ríka áherslu. Kosningar til slíkra héraðsstjórna gætu farið fram samhliða sveitarstjórnarkosningum. Slík héruð ættu að fá sjálfsstjórn og umsýslu í ýmsum þeim málaflokkum sem nú eru í höndum ríkis eða ríkis og sveitarfélaga.

Skv. hugmyndum okkar flm. er talið eðlilegt að slíkar héraðsstjórnir fái ákvörðunarvald í ýmsum málum sem varða viðkomandi svæði, þar á meðal um skiptingu fjármagns, sem Alþingi nú veitir til einstakra málaflokka og skiptir niður á verkefni innan kjördæma, t.d. til fræðslumála, samgöngumála og heilbrigðismála. Ég tel enga ástæðu til þess að halda slíkri skiptingu fjármagns í smáatriðum hér inni á Alþingi, inni á valdsviði Alþingis, heldur færa þau verkefni til nýs valds sem er nær fólkinu.

Mér er það ljóst að slíkt er ekki annmarkalaust frekar en önnur skipun slíkra mála. Auðvitað verður ætíð togstreita um takmörkuð fjárráð, en ég óttast ekki að menn heima fyrir í héruðum finni ekki heppilegustu lausn, og heppilegri lausn þessara mála en er að vænta að komi frá hv. Alþingi, þótt menn séu hér af vilja gerðir til þess að skipta réttlátlega og ná um það samkomulagi.

Á bls. 11 í þessari tillögu er að finna hugmyndir um málaflokka sem eðlilegt væri að ráðstafa til héraðsstjórna. Meðal þeirra eru hér upptalin húsnæðismál, almannatryggingar, skipulagsmál, byggðamál, menntamál, málefni safna, heilbrigðiseftirlit og raf magnseftirlit. Margt fleira gæti bæst við þennan lista og ég gæti verið reiðubúinn að taka undir slíkt.

Í grg. er einnig fjallað um það hvaða tekjuöflunarmöguleikar komi til álita fyrir héruðin og fyrir stækkuð sveitarfélög. Fyrir því er gerð grein á bls. 11 og 12 í grg. Þar gæti verið um umtalsverða fjármuni að ræða umfram það fjármagn sem Alþingi nú leggur til einstakra málaflokka úti í kjördæmunum.

Þær hugmyndir sem varða nýtt stjórnsýslustig hafa gengið undir mismunandi nöfnum í umræðunni. Sumir

tala um fylki, aðrir um héruð, enn aðrir um þjónustusvæði. En þessum hugmyndum er það öllum sameiginlegt að færa ákvörðunarvaldið nær fólkinu og byggja það upp með þeim hætti að ekki einungis komi til aukið vald, heldur einnig aukinn hlutur til skipta fyrir landsbyggðina, því vissulega er það það sem máli skiptir að þar verði eftir meira af þeim auði sem þar er skapaður, en hann verði ekki fluttur í örtt vaxandi mæli til höfuðborgarsvæðisins eins og gerst hefur með beinum og óbeinum hætti að undanförnu, og alveg sérstaklega hraðfara frá frumvinnslugreinunum í tíð núverandi ríkisstj.

Um leið og hlúa þarf að frumvinnslugreinunum og leiðrétta hina hörmulegu stöðu sem þær nú búa við, bæði sjávarútvegur og landbúnaður, þá þarf landsbyggðin og þeir sem hugsa um hennar hag að gæta þess að beina sjónum að nýjum atvinnugreinum og þá ekki síst aukinni þjónustustarfsemi í hlut landsbyggðarinnar.

Á töflu nr. 4 í grg. með þessari till. er að finna upplýsingar frá Byggðadeild Framkvæmdastofnunar í fyrravetur um fjölgun ársverka á árabilinu 1976—1982. Þar er um að ræða afar athyglisverðar upplýsingar sem ég sé ástæðu til að vekja hér sérstaka athygli á. Þar kemur fram að þjónustustörfum hefur fjölgað nífalt örar hér á Reykjavíkursvæðinu á þessu tímabili heldur en út um land. Á sama tíma og aðeins kemur eitt starf í þjónustugreinum á móti hverju einu í frumframleiðslu úti á landsbyggðinni þá eru hlutföllin níu hér á Reykjavíkursvæðinu, nífaldur fjöldi þjónustustarfa hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er þetta sem skiptir sköpum í byggðaþróuninni. Þessu verður að snúa við. Þar skiptir ekki aðeins hin opinbera stjórnsýsla máli heldur ekki síður viðskiptastarfsemi einkaaðila, verslunarstarfsemin, útflutningur og ekki síst innflutningsstarfsemin.

Landsbyggðin þarf að vera í stakk búin til að taka þessi mál í eigin hendur, hætta að miðla þessum málum hér til höfuðborgarsvæðisins, láta það verða verkefni manna hér í einum punkti landsins að flytja inn og flytja út þau verðmæti sem sköpuð eru úti í landshlutunum.

Takist ekki að snúa þessari þróun við í sambandi við þjónustustarfsemina í heild sinni þá munum við ekki, þrátt fyrir það að tækist að leiðrétta stöðu frumvinnslugreinanna, geta snúið við þeim þunga straumi fólks sem liggur hingað til höfuðborgarsvæðisins og þyngist með hverju ári sem líður.

Nú búa hér á höfuðborgarsvæðinu um 130 þús. manns, eða 54% þjóðarinnar, á móti 110 þús. í öðrum landshlutum, eða 46%. Við athugun á aldurssamsetningu fólks á þessum tveimur svæðum kemur í ljós að hlutfallslega fleira ungt fólk býr eða er skráð á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Það er þetta fólk sem leitar út á vinnumarkaðinn á næstu árum og það hlýtur að teljast eðlilegt markmið að reyna að skapa sem flestum af þessu unga fólki atvinnu sem næst heimahögum.

Herra forseti. Landsbyggðin á sína miklu möguleika nú sem fyrr en aðeins ef rétt er á málum haldið. Úti um landið verður til megnið af þjóðarauð og gjaldeyristekjum landsmanna. Spurningin stendur um það hvort fólkið sem skapar þennan auð og byggðarlög þess fái eðlilega hlutdeild í honum. Til þess þarf stjórnarstefnu vinsamlega landsbyggðinni og þess utan margháttaðar aðgerðir til að treysta stöðu hennar til lengri tíma litið, eins og gerðar eru tillögur um í þessari þáltill. sem ég hér flyt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari fyrri umræðu málsins verði málinu vísað til hv. atvinnumálanefndar, sem ég tel ekki óeðlilegt að fái þetta mál til meðferðar, en mun annars íhuga það frekar áður en umræðu lýkur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Atkvæðagreiðslu verður frestað í bili. Það er nægur fjöldi þm. í þinghúsinu til þess að annast þá skyldu að ganga til atkvæða hér, en menn koma ekki í þingsal. Nú verður þess freistað að menn síðar á fundinum komi í þingsalinn og gegni skyldi sinni og greiði atkvæði.

Þetta er talað til þeirra sem ekki eru hér viðstaddir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, þáltill. 4. mál (þskj. 4). — Fyrri umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu. Tillögu þessa flyt ég ásamt hv. samflokksmönnum mínum, Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Helga Seljan.

Tillaga sama efnis var flutt hér seint á síðasta þingi en ég sé ástæðu til að rifja hér upp efni hennar og fara um það nokkrum orðum. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj.:

a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan fimm ára,

b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1987.

c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega."

Sem kunnugt er þá er geysilegur munur á gjöldum fyrir síma annars vegar fyrir innansvæðissamtöl og hins vegar langlínusamtöl. Þetta veldur því að íbúar landsbyggðarinnar búa almennt við mun hærri símakostnað en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Skv. mælingum Póst- og símamálastofnunarinnar á símaumferð virðist sem 75% skrefa á landsbyggðinni séu vegna langlínunotkunar en aðeins 40% á Reykjavíkursvæðinu. Miðað við meðalsamtalslengd, 3—3,5 mínútur á langlínu, lætur nærri að mati Pósts og síma að hver mínúta í langlínusamtali kosti nú tíu sinnum meira en í innanbæjarsamtali. Þessi gífurlegi munur á kostnaði er langt umfram það sem liggur að baki raunkostnaði vegna langlínukerfisins. Þessi tífaldi munur. Ef miðað væri við raunkostnað og landsbyggðinni væri ætlað að bera hann uppi, þá segja mér fróðir menn innan Póst- og símamálastofnunar að þessi munur gæti verið u.þ.b. tvöfaldur en ekki tífaldur.

Eins og menn sjá af þessu er hinn mjög svo mismunandi kostnaður við símagjöld í landinu algerlega óeðlilegur, hvort sem miðað er við þau eðlilegu rök að gjöld fyrir opinbera þjónustu af þessu tagi séu hin sömu yfir landið allt, eða kostnaðarleg rök að baki þess kerfis sem um er að ræða.

Tæknilegir möguleikar eru nú á því að allt landið geti orðið eitt gjaldsvæði innan skamms, þar sem sama gjald væri reiknað fyrir notkun, óháð vegalengdum. Þannig er unnt að jafna að fullu símakostnað meðal landsmanna óháð búsetu og aðeins spurning um pólitíska vilja og stefnumörkun hér á hv. Alþingi.

Með þessari þáltill. er gert ráð fyrir að móta slíka stefnu, sem feli það í sér að ná þessu markmiði innan fimm ára, að þá verði landið allt orðið eitt gjaldsvæði og fylgt verði áætlun um slíka uppbyggingu þannig að hún náist í áföngum.

Það er ljóst að uppbygging af þessu tagi mun kosta verulegar upphæðir. En sú uppbygging sem hér er um að ræða, að koma upp stafrænum símstöðvum, fer fram hvort sem er. Að því verki er unnið. Spurningin er aðeins um það að hagnýta hina nýju tækni og ná jafnframt fram þeim jöfnuði sem auðvelt er í krafti hennar í sambandi við mælingu.

Póstur og sími áætlaði í mars s.l. að verja þyrfti 800—1000 millj. kr. í að byggja símakerfið upp á fullkominn hátt, til þess að mæta aukningu vegna jöfnunar á símakostnaði og að koma í veg fyrir þær hindranir sem nú eru á að ná sambandi milli landshluta af tæknilegum ástæðum. En eins og menn þekkja, ekki síst þeir sem þurfa að tala til og frá landsbyggðinni eða út fyrir sitt svæði, þá er það miklum örðugleikum bundið af tæknilegum ástæðum, einkum að kvöldlagi.

Skv. c-lið þessarar þáltill. er gert ráð fyrir því, sem eðlilegt hlýtur að teljast, að til sérstakra aðgerða sé gripið til að gjaldskrárbreyting af þessu tagi verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem að hluta til a.m.k. njóta nú þegar undanþágu í sambandi við símgjöld, þ.e. afnotagjöldin.

Einn er sá þáttur í þessari kostnaðarjöfnun sem vikið er að í b-lið, en hann varðar sama gjald fyrir símtöl við stjórnsýslustofnanir. Það er lögð á það áhersla að slík jöfnun á kostnaði gerist fyrir árslok 1987. Það ætti að vera unnt að ná því fram miklu fyrr í rauninni. Þetta er tæknilega auðleysanlegt mál eftir að hinar stafrænu símstöðvar komast í gagnið, — það er jú fyrst hér einmitt í höfuðborginni, að ég hygg, og í Keflavík sem það gerist — að koma við þeirri mælingu sem til þarf að slík gjaldtaka, jöfn gjaldtaka fyrir símtöl við stjórnsýslustofnanir, nái fram að ganga. Auðvitað þarf það að gerast hvar sem stjórnsýslustofnunin er sett niður.

Ég var hér einmitt rétt áðan að mæla fyrir till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu, þar sem eitt af atriðunum sem fjallað er um er að dreifa opinberum stjórnsýslustofnunum út um landið. Að sjálfsögðu þarf hið sama að gilda fyrir Reykvíkinga og aðra hér á þéttbýlissvæðum í grennd Reykjavíkur, sem þurfa að ná t.d. til Akureyrar í Byggðastofnun, — ef stjórn hennar bæri gæfu til að taka rétta ákvörðun um staðsetningu hennar á Akureyri — að þá gilti hið sama um hana eins og um símtöl við opinberar stofnanir hér í Reykjavík.

Það er líka vert að vekja athygli á því sem gerir þetta mál í senn brýnt og að mínu mati sjálfsagt. Það er það sem snýr að atvinnustarfseminni í landinu. Atvinnurekstri í landinu er nú mismunað á margvíslegan hátt. Ekki aðeins heimilin heldur einnig fyrirtækin úti á landi þurfa að bera margfaldan orku- og símkostnað og leggja í margfalt fleiri símtöl, jafnvel þó í tíma sé reiknað, við höfuðborgina en gerist um fyrirtæki hér á þessu svæði. Og nú færist það í vöxt að menn taki tölvuþjónustu inn í sinn rekstur, noti þá möguleika sem ný tækni, upplýsingamiðlun, býður upp á, og símkerfi landsins þarf að greiða fyrir slíku. Í ljósi þess skiptir einnig afar miklu máli að það réttlætismál sem er efni þessarar tillögu nái fram að ganga.

Ég vænti þess að hv. samgrh. og húsbóndi Pósts og síma, sem var hér áðan í þingsal, ljái þessu máli lið. Ég er viss um að hann hefur á því fullan skilning og þekkir þær aðstæður sem þar er um að ræða. Ég er kannski farinn að ryðga, en ef ég man rétt heldur nefndur ráðherra því starfi sem hann gegndi í fyrra, líklega hinn eini sem fékk að sitja á hálfum stól hinum sama og fyrir uppstokkunina innan ríkisstjórnarinnar á dögunum. Ég legg til, herra forseti, að þessari till. verði, eftir að umræðu hefur verið frestað, vísað til nefndar og treysti forseta til að gera tillögu um nefnd í þessu sambandi. Mér er ekki í minni hvert við vísuðum þessu máli í fyrra, en ekki ætti að vefjast fyrir að fá úr því skorið.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Sá munur sem er á verði langlínusamtala og innanbæjarsamtala er í engu samræmi við mismun á tilkostnaði Pósts og síma við þessar tvær greinar þjónustu og hefur ekki verið lengi. Mismunurinn er að mestu frá þeim tíma þegar tvo víra þurfti milli símnotenda hvar sem þeir voru á landinu, stúlkur við báða enda og oft á millistöðvum. Skýringin á því hvers vegna þessum mun hefur ekki verið eytt samhliða ört vaxandi tækni í fjarskiptum er fyrst og fremst, sú að inni í vísitölugrundvellinum gamla voru svo til eingöngu innanbæjarskref í Reykjavík og afnotagjöld sem í reynd eru greiðsla fyrir lágmarksfjölda skrefa. Vísitölufjölskyldan gamla var jú hér í Reykjavík. Ef jafnhátt verð væri fyrir þessar tvær greinar þjónustu, langlínusamtölin annars vegar og innanbæjarsamtölin hins vegar, hækkaði framfærsluvísitalan stórlega þó að aukin gjöld væru ekki lögð á símnotendur í heildina tekið. Það er skýringin, fyrst og fremst, á þessum mikla mismun enn þann dag í dag. Sú skýring stenst auðvitað ekki lengur og því er sjálfsagt, að mínu mati, að leita leiða til jöfnunar símgjalda. Þess vegna, herra forseti, styð ég eindregið þá þáltill. sem hér er til umræðu.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Sem þingmaður Reykvíkinga ætti ég að styðja þessa tillögu af hjartans hug, en ég verð að játa að mér búa samt sem áður vissar efasemdir í brjósti vegna þess að ég tel að áhrif slíkrar gjaldtöku, ef af yrði, gætu orðið önnur en jafnvel flutningsmenn ætlast til. Ég vil minna á að hv. 1. flm. þessarar till. flutti hér áðan till. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga þar sem meðal annars er talað um að tryggja landsbyggðinni vaxandi hlut í þjónustugreinum, stjórnsýslu og þjónustuþáttum ríkisins. Ég tel að sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu mundi í raun vinna á móti þessum hugmyndum hv. flm. þar sem það gerði aðstæður fólks úti á landi á vissan hátt mikið þægilegri en þær eru í dag, þ.e. í samskiptum þess við staði landsins þar sem þjónusta og fyrirgreiðsla er mest fyrir hendi. Þar á ég við staði þar sem stærstur markaður er og mest framboð á þjónustu og annarri fyrirgreiðslu, verslun og fleiru, þ.e. hér á höfuðborgarsvæðinu. Samþykkt þessarar till. mundi því verða gífurleg lyftistöng fyrir verslun og

þjónustu á Reykjavíkursvæðinu og því ber mér náttúrlega, sem Reykvíkingi, að fagna. Aftur á móti mundi það hafa þveröfug áhrif fyrir verslun og þjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins sem stæðist ekki þá samkeppni þegar jafnódýrt og jafnaðgengilegt væri fyrir fólk að sækja þjónustuna, hvort sem það gerir það í gegnum síma eða kostnaðarlega útjafnaða flutninga, hingað til Reykjavíkur í stað þess að sækja hana til sinna heimabyggða. Þess vegna held ég að í raun hafi þessi till. ekki þau tilætluðu áhrif sem hv. flm. ætlast til, alla vega ekki að öllu leyti. A.m.k. á ég ekki von á að hv. flm. hafi í raun og veru ætlað að bæta hag Reykjavíkur svo mjög með þessari framlögðu till. sinni.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þessa till. efnislega. Hún fer að sjálfsögðu til nefndar og fær þar væntanlega sína þinglegu afgreiðslu.

Margs er að gæta í sambandi við framkvæmd tillögunnar. Mér þykir rétt að rifja upp að sennilega er síminn eina opinbera stofnunin sem hefur ekki hækkað gjaldskrá frá því í ágúst 1983. Gjaldskrá símans hefur lækkað og það töluvert á s.l. sumri. Í heild var gjaldskrárlækkunin með þrennu móti. Í fyrsta lagi lækkaði hið almenna afnotagjald af síma og þess nutu allir jafnt, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða strjálbýli. Í öðru lagi lækkaði telexþjónusta sem kom fyrirtækjum og stofnunum til góða. Og í þriðja lagi, sem kannske var mest um vert, lækkaði skrefagjaldið. Það kom auðvitað helst þeim sem mest tala til góða og þar með því hlutfalli sem hefur verið á milli notkunar símans í strjálbýli og þéttbýli.

Hins vegar hefur uppbygging símans verið í örum vexti og sveitasímvæðingunni sem átti að ljúka á fimm árum lýkur um einu ári fyrr en áætlað var, og það verður að telja mjög fátítt um áætlanir að þeim sé lokið fyrr en áætlað er. Vanalega er það á hinn bóginn. Mjög miklar fjárfestingar hafa verið hjá símanum í þeim efnum og eins og hv. flm. þessarar till. gat um eru stafrænu stöðvarnar að taka við, mjög miklar og dýrar fjárfestingar. Stefnan er sú að með þeim breytingum sem verið er að gera með sveitasímarafvæðingunni er verið að tengja ákveðin svæði saman meira en áður var. Þetta verður að ráðast af getunni til þess að sinna símtölum, en við Íslendingar stöndum miklu framar en Norðurlandaþjóðirnar hvað snertir málæði því við sláum þeim öllum við; m.ö.o., við notum síma meira en aðrir. Til þess liggja ákveðnar ástæður sem eru allt annars eðlis en málæðið; það er strjálbýlið og oft er ekki um aðra leið að ræða til samskipta.

Þessi uppbygging kemur til með að taka alllangan tíma. Farsímarnir verða auk stafrænu stöðvanna mesta fjárfestingin á næstu þremur árum. Með hinum svokölluðu farsímum eykst öryggi verulega bæði í umferð og á afskekktum stöðum. Á þá held ég að verði að leggja mikla áherslu til að auka þetta öryggi að mun. Þarna verður mikil breyting á hvað snertir þá sem þurfa að aka um landið, þá sem eru staddir á fjöllum uppi eða á afskekktum stöðum og sjómenn sem eru komnir í nálægð við landið að geta hver fyrir sig valið sitt númer og talað við hvern sem er. Allt kostar þetta mikla peninga. Þetta og flutningurinn á samtölum manna gerir það að verkum að við getum ekki tekið upp jöfnun nema á lengri tíma, en hún er þegar hafin.

Ég taldi rétt að láta þessi orð fylgja og það sem áður hefur verið gert í þessum efnum þó ég telji sjálfsagt og eðlilegt að þessi till. fái vandlega meðferð í þeirri þingnefnd sem henni verður vísað til.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem hér hafa tekið til máls við þessa umr. fyrir þeirra ábendingar og sérstaklega þeim sem tekið hafa jákvætt undir till., efni hennar, þar á meðal hv. þm. Magnús H. Magnússon sem þekkir þessi mál mjög vel. Mér þótti vænt um að hann skyldi greina frá sínum viðhorfum til þessa máls og undirstrika það sem kom fram í minni framsögu að kostnaðarmunurinn á langlínusamtölunum væri víðs fjarri því að endurspegla þann raunkostnað sem er vegna viðkomandi kerfis að baki þeirra. Í rauninni er einn meginkjarni þessa máls sá að um er að ræða stórfellda skattheimtu af landsbyggðarfólki nú þegar, stórfellda skattheimtu umfram það sem gerist hér á þessu svæði, með því að innheimta af því gjöld fyrir langlínusamtöl sem eru fimmfalt hærri — það er óhætt að staðhæfa; ég hef sett það sjónarmið fram og byggi það á samtölum við ráðamenn hjá Pósti og síma — en raunkostnaðurinn að baki viðkomandi kerfi. Það væri það fyrsta að afnema þessa skattheimtu. Ég hygg að við landsbyggðarmenn yrðum býsna glaðir ef það yrði gert, þegar það næðist fram, þó svo að við greiddum þann kostnaðarmun sem rekja má til raunkostnaðar af kerfinu sem þó eru ekki einu sinni rök fyrir í sambandi við opinbera þjónustu af þessu tagi.

Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hans vinsamlegu orð varðandi þessa till. Ég hefði vissulega kosið að heyra ákveðnari undirtektir af hans hálfu í sambandi við þau markmið sem hér er að vikið. Í hans máli kom fram að farsími og uppbygging stafrænna stöðva væru meginviðfangsefni Pósts og síma á næstu árum en stafrænu stöðvarnar eru einmitt undirstaða þess að auðvelt sé að ráða við að gera landið að einu gjaldsvæði. Það er sannarlega góðra gjalda vert ef raunkostnaður við opinbera þjónustu lækkar eins og hæstv. ráðherra greindi frá að gerst hefði varðandi símkostnað. Ég er út af fyrir sig ekki að vefengja að það geti verið án þess að hafa borið það saman við kaupmáttarstig sem er auðvitað hinn rétti mælikvarði, hinn endanlegi mælikvarði. En þessi breyting sem þarna er um að ræða byggir á því að notendur Pósts og síma hafa greitt drjúglega til uppbyggingar á símakerfinu í landinu, borið þann kostnað, og landsbyggðarfólkið, sem notar og þarf hlutfallslega að nota símann meira en fólk hér á þéttbýlissvæðinu, hefur lagt þar mun meira af mörkum hlutfallslega en þeir sem hér hafa skemmra að sækja að jafnaði í sínum samtölum.

Ég má til með, herra forseti, að gera smáathugasemd við ummæli hv. 8. þm. Reykv. Satt að segja hugðist ég geyma það til þess að fara fyrst yfir hans mál í þingtíðindum en svo gafst mér kostur á að fá nánari skýringu hjá honum sjálfum hér undir umræðunni. Ég get ekki tekið undir þau rök sem hann flutti þar. Mér sýnist hann vera að snúa hlutunum nokkurn veginn á haus í sínum málflutningi að ætla að það muni verða Reykjavíkursvæðinu einhver sérstök lyftistöng að sú jöfnun nái fram að ganga sem till. gerir ráð fyrir. Rök hv. þm., eins og ég hef skilið þau, eru þau að eftir að það sé engu dýrara að hringja t.d. í verslun hér í Reykjavík heldur en í verslun í heimabyggð, þá muni

menn frekar hringja til Reykjavíkur og auka viðskipti sín og samskipti í þjónustulegum efnum við höfuðborgina. Það má kannske fræðilega setja fram sjónarmið af þessu tagi en ég geri ekki ráð fyrir því að reynslan mundi staðfesta slíkar hugmyndir og hef því engan beyg af því.

Hér er að sjálfsögðu ekki um það að ræða að vega að einum eða neinum, heldur er spurningin um félagslegt réttlæti í landinu. Hér erum við að tala um þátt sem auðveldlega er á valdi okkar alþm., er á valdi stjórnvalda.

Ég trúi ekki öðru en réttlætiskennd hv. þm. sé slík að þeir taki undir þau sjónarmið sem felast í þessari till. og að Alþingi beri gæfu til að marka fyrr en seinna þá stefnu sem þar er sett fram. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Listskreyting Hallgrímskirkju, þáltill. 22. mál (þskj. 22). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Á síðasta löggjafarþingi fluttum við hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Stefán Benediktsson, Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson og Skúli Alexandersson svohljóðandi till. til þál., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á árinu 1985 leggi íslenska ríkið fram tíu milljónir króna til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík og síðan skv. fjárlögum hverju sinni með hliðsjón af verkáætlun til tíu ára."

Síðan var tillaga um hvernig nefndin skyldi skipuð. Tillögu þessari var vísað til hv. fjvn. þar sem þarna var farið fram á ákveðna upphæð á því fjárhagsári eða öllu heldur næsta fjárhagsári, en málið sýnist ekki hafa fengið neina afgreiðslu þar. Sömu þingmenn hafa því ákveðið að flytja þessa till. aftur á þessu yfirstandandi löggjafarþingi en í dálítið breyttu formi.

Till. hljóðar nú svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á kirkjumrh. að skipa nú þegar sjö manna nefnd til að skipuleggja og undirbúa skreytingu og frágang á anddyri, kór og kirkjuskipi Hallgrímskirkju í Reykjavík. Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumrh. skipi einn mann, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, menntmrh., biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju, Félag íslenskra myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Alþingi lýsir vilja sínum til að leggja fram fé á fjárlögum þeirra ára sem verkið yrði unnið og bera kostnað af störfum nefndarinnar."

Með tillögunni fylgdi á síðasta löggjafarþingi ítarleg grg. þar sem rakin var byggingarsaga kirkjunnar og þær menningarlegu ástæður sem flutningsmenn telja vera fyrir flutningi tillögunnar. Ég skal ekki tefja tíma hv. Sþ. með því að endurtaka það, enda er sú grg. endurprentuð með till. nú.

En þess verður að geta að byggingarsaga Hallgrímskirkju er orðin æði löng eða rúm 40 ár.

Þegar litið er á þetta mikla mannvirki er næsta ótrúlegt að það skuli hafa verið byggt að mestu fyrir frjáls framlög velunnara kirkjunnar og dugnað safnaðarins. Til þessa dags hafa verið lagðar til kirkjubyggingarinnar u.þ.b. 14 millj. íslenskra króna. Á þeim fjárlögum sem nú hafa verið lögð fram eru 8 millj., en þess skal getið að hæstv. fyrrv. fjmrh. lagði kirkjunni til aukafjárveitingu sem nam 5 millj. króna á þessu ári. Það er fyrst nú á allra síðustu árum sem íslenska ríkið hefur komið nálægt þessari kirkjubyggingu. Söfnuðurinn og velunnarar kirkjunnar hafa borið af henni hitann og þungann alla tíð.

Hér teljum við flm. að saman fari minningin um Hallgrím Pétursson og minning eins merkasta húsameistara og hins fyrsta íslenskra húsameistara sem markað hafa spor í menningarsögu þjóðarinnar, en sá maður var Guðjón Samúelsson. Hann lauk námi árið 1919 og var ári síðar skipaður húsameistari ríkisins. Því starfi gegndi hann síðan til dauðadags árið 1950. Menn geta kynnst list hans hvar sem þeir líta hér í borg. Má þar nefna Þjóðleikhúsið, Háskóla Íslands, Landspítalann, Sundhöll Reykjavíkur og síðast en ekki síst Hallgrímskirkju í Reykjavík. Um skuld íslensku þjóðarinnar við Hallgrím Pétursson er óþarft að ræða frekar en gert hefur verið í grg. sem fylgir till. og það mun því látið vera hér. En ég vil leyfa mér að lesa hluta bréfs sem biskup Íslands skrifaði mér á s.l. ári. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ég vil ekki láta hjá líða að tjá yður þakkir mínar fyrir þann áhuga sem þér sýnið með forgöngu yðar á Alþingi um málefni Hallgrímskirkju og í ræðu og riti í fjölmiðlum þessa daga. Sá skilningur sem Hallgrímskirkja á Skólavörðuhæð fær að njóta hjá yður og þeim sem flytja frv. með yður á Alþingi gefur lokaátaki við byggingu Hallgrímskirkju byr undir báða vængi. Ég tel að sú komi tíð að þessi helgidómur verði það þjóðartákn og sómi Íslendinga sem komandi kynslóðir verði í hvað mestri þakkarskuld við um ókomnar aldir."

Flm. er ljóst að listskreyting Hallgrímskirkju er mikið verk sem óhjákvæmilega tekur langan tíma og krefst vinnu fjölmenns hóps listamanna. Nýverið hefur byggingaráætlun kirkjunnar verið tekin upp og hún stendur óbreytt, og talið er að byggingu verði lokið á árinu 1986. Þetta umfangsmikla verk þarfnast góðs og skipulegs undirbúnings og því er brýnt að hann geti hafist sem fyrst. Án efa er nauðsynlegt að þarna taki höndum saman listamenn þjóðarinnar um vinnubrögð, um hvort efna skuli til samkeppni e.t.v. og allt það er lýtur að heildarskipulagi skreytingarinnar.

Ég vil minna hv. Alþingi á að stórhugur í menningarmálum virðist vera ærið minni nú í velferðarþjóðfélagi okkar daga en hér fyrr á öldinni þegar Hannes ráðherra Hafstein beitti sér fyrir því að Landsbókasafn var byggt á tveimur árum, og rétt í byrjun kreppunar, á kreppuárunum og árunum þar á eftir var lokið við að byggja Þjóðleikhús Íslendinga. Nú telja menn ekki eftir sér að leggja á næsta fjárhagsári 300 milljónir í flugstöð á Keflavíkurflugvelli, en nokkrar milljónir í skipulagt átak til þess að ljúka þessu mikla mannvirki í minningu sr. Hallgríms Péturssonar vex hv. Alþingi greinilega í augum.

Herra forseti. Kirkjuþing hefst í dag. Kirkjuþing verður haldið nú dagana 22.—31. okt. n.k. Að þessu sinni verður þingið sett á Þingvöllum og er það í tilefni þess að kirkjan er að hefja undirbúning að því að minnast þúsund ára afmælis kristnitöku á Íslandi, en

það verður haldið hátíðlegt á Þingvöllum árið 2000. Ég held að það væri verðugt verkefni fyrir Alþingi Íslendinga að sjá svo til að árið 2000 verði Hallgrímskirkja í Reykjavík fullbyggð og fullskreytt.

Herra forseti. Ég minntist á það fyrr í máli mínu að flm. hefðu vísað máli þessu til hv. fjvn. Hv. fjvn. er með öllu rúin trausti á áhuga á þessu máli enda ekki ástæða til né nauðsyn að vísa málinu þangað nú, þar sem ekki er farið fram á beina fjárveitingu. Ég vil því leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. menntmn. (**Gripið fram í:** Hún er ekki til.) (**Forseti:** Það er félmn. sem er nú orðin.) Ég bið afsökunar, herra forseti, ég ætlaði að segja allshn. Nú kann svo að vera að með hinni nýju félmn. heyri málið frekast til þar. Ég fagna því þar sem ég á þar sæti sjálf og tek því með þökkum ef málinu verður vísað þangað.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Byggðastefna og valddreifing, þáltill. 3. mál (þskj. 3). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, þáltill. 4. mál (þskj. 4). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Neðri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 23. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, stjfrv. 61. mál (þskj. 63). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis. Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi á s.l. vori en hlaut þá eigi afgreiðslu og er frv. nú því endurflutt.

Í framsögu með frv. á síðasta þingi var gerð grein fyrir helstu breytingum er í því felast. Eru þær flestar lagfæringar til samræmis við breytingar sem gerðar voru á kosningalögunum vorið 1984 samfara stjórnarskrárbreytingunni þá. Voru tillögur þessar undirbúnar í tengslum við meðferð þess frv. í nefnd en eigi vannst tími til að afgreiða þær þá, og var gert ráð fyrir því að þær yrðu lagðar fyrir næsta Alþingi. Frv. fjallar hins vegar ekki um reiknireglur kosningalaganna, né heldur reglur um tilhögun persónukjörs, en umfjöllun um þau atriði varð ekki lokið á þinginu 1984 og var gert ráð fyrir að áfram yrði unnið að því máli milli þinga.

Eins og ég hef þegar sagt var þetta frv. lagt fram á síðasta þingi og tókst eigi að ljúka meðferð þess þá. Ég tel ekki þörf á því nú að endurtaka framsögu mína frá því í vor, og leyfi mér að vísa til hennar og athugasemda frv.

Herra forseti. Er frv. þetta var til meðferðar á síðasta Alþingi var kosin sérstök nefnd til að fjalla um efni þess. Var það gert með hliðsjón af því að líklegt þótti að við athugun frv. kæmu til skoðunar önnur atriði kosningalaganna, þar á meðal reiknireglurnar. Tel ég rétt að sama tilhögun verði nú viðhöfð, og kosin verði sérstök þingnefnd til að fjalla um efni frv. og önnur atriði kosningalaganna sem þá kunna að koma til álita. Jafnframt legg ég til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og þeirrar nefndar.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið í umræðu um þetta frv., sem að sjálfsögðu er allra ósk að gangi eðlilega hér í gegnum hið háa Alþingi, til að vekja athygli á þeim erfiðleikum sem eru við kosningar nú orðið. Nú þekki ég ekki svo forsögu þess máls, en það er staðreynd að samnorræn ákvæði vantar sárlega um ýmis þau atriði sem varða kosningarrétt. T.d. gerist það nú eftir að samnorrænt flutningsvottorð var tekið upp að námsmenn sem eru á Norðurlöndum falla út af þjóðskrá og verða þess vegna í mörgum tilvikum að kæra sig inn á kjörskrá. Þetta veldur ýmsum erfiðleikum og þess eru dæmi að menn sem hafa verið nokkur ár erlendis hafa ekki haft kosningarrétt neins staðar. Nú hafa Norðurlandaþjóðir reynt að hafa samstarf um þessi mál, en það liggur fyrir og er nú til umræðu í Norðurlandaráði, að löggjafarsamkomur hinna norrænu þjóða reyni að samræma kosningalöggjöf, þannig að um árekstra verði ekki að ræða.

Ég vil því leyfa mér að áskilja mér allan rétt til þess að fara nánar ofan í þetta frv. og leitast við að koma með brtt. við það sem kynnu að létta þessum erfiðleikum af við kosningar. Mér hefur ekki gefist tími til þess enn þá, en til þess hlýtur að vera tími.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og beina þeim tilmælum til hæstv. dómsmrh. að hann líti ofan í þessi mál. Ég hef rætt þau nokkuð við hagstofustjóra og honum er vel kunnugt um þessa erfiðleika og skort á samræmingu sem þarna er.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Þessi atriði, sem hv. 10. landsk. þm. minntist á, hafa verið til umræðu við umfjöllun Alþingis um þessi mál fyrr, bæði í sambandi við breytinguna sem gerð var 1984 og reyndar áður, en erfitt hefur reynst að finna einfaldar lausnir sem allir eru ánægðir með. Hins vegar vildi ég leggja áherslu á að hv. þm. kæmi þessum athugasemdum sínum og hugmyndum á framfæri við þá nefnd sem kosin verður hér á Alþingi til að fjalla um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sérstakrar nefndar með 22:1 atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv. 65. mál (þskj. 67). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73 frá 26. nóv. 1980. Það er 65. mál þingsins, þskj. 67.

Breytingin kemur fram í 1. gr. þessa frv., að f. liður 8. gr. tekjustofnalaga orðist þannig: „að greiða 1% af vergum tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga og 1,16% til landshlutasamtaka sveitarfélaga sem skiptist jafnt á milli þeirra allra."

2. gr. „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Hér er um þá breytingu að ræða að framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga hækkar úr 1% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í 1,16%. Framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga verður óbreytt, 1%. Í hvoru tveggja tilvikunum er miðað við vergar tekjur sjóðsins.

Þegar ákvæði í 8. gr. fyrri lið laga nr. 8 1972 var lögfest voru landshlutasamtökin sex að tölu. Árið 1979 kom upp ágreiningur um hvort hvert þeirra ætti lögvarinn rétt til þessa framlags óskerts, þ.e. ⅙ hluta af 1%, án tillits til þess hvort þeim yrði síðar skipt. Með frv. þessu eru tekin af öll tvímæli um að svo er ekki. Framlög til landshlutasamtakanna eru til þeirra allra þannig að öll samtökin, sem nú eru sjö talsins, fái sama stuðning úr Jöfnunarsjóði og er það í samræmi við samþykkt fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið, en á fulltrúaráðsfundi sambandsins var gerð sú samþykkt, sem var einróma samþykkt, að mæla með hækkun á framlagi til landshlutasamtaka sveitarfélaga í 1,16% þannig að öll síðari landshlutasamtökin fái sama stuðning frá Jöfnunarsjóði.

Þetta hefur verið ítrekað síðan og er þetta frv. flutt til að verða við óskum sveitarfélaga að því er þetta varðar. Það má til frekari skýringar geta þess að þessi fjölgun úr sex í sjö er tilkomin vegna þess að það varð úr fyrir nokkrum árum að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu mynduðu með sér samtök, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum. Þau hafa til þessa ekki fengið nema sem svarar hálfu framlagi. Þetta frv. er flutt til að leiðrétta þetta þannig að öll sveitarfélög fái jafnt framlag. Það er talið réttlætismál og allir sveitarstjórnarmenn eru sammála um að þetta nái fram að ganga.

Í þessu sambandi má geta þess að stjórn sambandsins hefur margítrekað þessa samþykkt. Ég vil geta þess að hér er um talsverða fjárhæð að ræða fyrir landshlutasamtökin sem mun koma þeim að góðum notum. Árið 1984 voru almennar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 711,7 millj. kr. og 1% framlag sjóðsins til landshlutasamtakanna var það ár 7,1 millj.

Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm. að landshlutasamtökin hafa unnið sér fastan sess á sviði sveitarstjórnarmálefna. Þau gegna þýðingarmiklu hlutverki við vinnu að svæðisbundnum verkefnum fyrir sveitarfélögin í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Framlag það sem hér um ræðir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur ásamt beinum framlögum sveitarfélaganna skapað landshlutasamtökum þann fjárhagslega grundvöll sem þeim er nauðsynlegur.

Eins og ég áðan gerði grein fyrir er ljóst að það er algjör samstaða meðal sveitarstjórnarmanna um að óska eftir þeirri lagabreytingu sem frv. á þskj. 67 gerir ráð fyrir og ég vænti þess að hv. félmn., sem ég óska eftir að fái þetta mál til meðferðar eftir að umræðunni lýkur, hraði störfum við að afgreiða þetta mál í gegnum þingið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Mér sýnist það mál sem hér er til umræðu vera mjög eðlilegt, enda um það full samstaða, og ætla ekki að fara að gera athugasemdir við það hér, enda mun það ganga til nefndar til athugunar. En það er annað mál, sem snertir framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem var til umræðu seint á síðasta þingi, sem mig langaði til að inna hér eftir hæstv. félmrh. eða aðra ráðherra sem kynnu að telja sér málið skylt í fjarveru hæstv. forsrh., en það snertir það framlag sem rann til landshlutasamtakanna á meðan í gildi voru lög um Framkvæmdastofnun ríkisins eins og þau voru áður en þeim var breytt á s.l. vori. Ég má segja að landshlutasamtök sveitarfélaga hafi fengið frá Byggðasjóði talsverða upphæð og það voru lagðar fram tillögur um að lögfesta slíkt framlag hér í sambandi við breytingu á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga, en látið var að því liggja að landshlutasamtökin mundu njóta slíkra framlaga áfram án þess að það væri lögfest.

Ég vil inna hæstv. félmrh. eftir því hvort hann geti greint þd. frá stöðu þessa máls því hér er um veruleg hagsmunaatriði að ræða fyrir landshlutasamtökin og er efnislega tengt því máli sem hér er til umræðu, tekjum til landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 5. þm. Austurl. að því er varðaði framlög til landshlutasamtakanna skv. eldri lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins má geta þess að það er rétt að þetta var tekið út úr nýjum lögum um Byggðastofnun. Hins vegar er það algerlega opið að stjórn þeirrar stofnunar mun taka á því máli eftir því sem erindi um það berast frá landshlutasamtökunum. Það kom fram í umræðum og hefur oft verið gagnrýnt í sambandi við fyrri framkvæmd að landshlutasamtökin fengju ekki slík framlög sjálfkrafa án þess að gera skýra grein fyrir því verkefni sem þau eru að vinna að. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að stjórn Byggðastofnunar muni ekki synja slíkum beiðnum, heldur taka þær til alvarlegrar athugunar þegar þær berast frá viðkomandi landshlutasamtökum. Það er eðlileg málsmeðferð. Þannig er alls ekki hægt að fullyrða hér og nú að þessi möguleiki landshlutasamtakanna til að fá styrk eða tekjuauka til að standa undir verkefnum sé úr sögunni. Svo er alls ekki.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. upplýsingar hans um þetta efni. Ég teldi ekki aðeins æskilegt heldur nauðsynlegt að það lægi fyrir fyrr en seinna af hálfu stjórnar Byggðastofnunar hvaða reglur hún hyggst láta gilda um þessi efni þannig að landshlutasamtökin hafi um það fulla vitneskju hvaða möguleika þau hafa til þess að leita eftir fjármagni hliðstætt því sem gilti skv. lögum, áður en þeim var breytt, um Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég held að landshlutasamtökin hafi yfirleitt varið þessu fjármagni, sem þau fengu skv. eldri lögum, til mjög gildra verkefna, þýðingarmikilla verkefna, og það væri mjög miður ef þau féllu niður svo ekki sé meira sagt.

Ég minni á að við Alþýðubandalagsmenn stóðum að sérstökum brtt. um þetta efni sem felldar voru, en þá var að því látið liggja, eins og hæstv. félmrh. raunar gerði hér áðan, að það stæði landshlutasamtökunum áfram opið að sækja um þetta fjármagn. Séu hér hv. þm., sem geta upplýst þetta, úr stjórn Byggðastofnunar, úr ríkisstjórnarliðinu, þá væri vissulega gott ef það kæmi fram hér við þessa umræðu hvort stjórnin hefur tekið á þessu máli og mótað um það reglur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um þetta mál í stjórn Byggðastofnunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Miðvikudaginn 23. okt., kl. 5.30 síðdegis.

Kjaradómur í deilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., stjfrv. 70. mál (þskj. 72). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23:1 atkv.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv., sem flutt er á þskj. 72, um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. Þetta frv. gerir ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem á að skila áliti fyrir 1. des. á þessu ári og ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Flugfreyjufélags Íslands sem starfa nú hjá Flugleiðum hf. Hæstiréttur kveður og á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins. Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og Flugfreyjufélags Íslands. Kjaradómur skal við ákvörðun kaups og kjara flugfreyja hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi, svo og breytingar á launum annarra starfsmanna Flugleiða hf. Ákvarðanir dómsins skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku þessara laga.

Verkfall það, sem þessi lög taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil. Á meðan lög þessi gilda er Flugleiðum óheimilt að segja félagsmönnum þeim sem lögin taka til upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar skv. þessum lögum, þá sker félagsdómur úr ágreiningnum. Kostnaður við störf kjaradóms, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði. Með brot á þessum lögum skal fara að hætti opinberra mála ef ekki liggja þyngri refsingar við skv. öðrum lögum.

Í 8. gr. þessa frv. segir að þessi lög öðlist þegar gildi eftir að Alþingi hefur samþykkt þau og gildi til 31. des. n.k. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. frv. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir á milli aðila. Eftir 15. des. er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót. En eftir 1. des. 1985 gildir úrskurður kjaradóms meðan honum er ekki sagt upp eða nýr samningur gerður.

Undanfarið hafa um alllangan tíma staðið yfir samningaumleitanir á milli Flugleiða hf. og Flugfreyjufélags Íslands. Þær samningaumleitanir hafa ekki borið árangur. Það sem gerst hefur í þessu máli er að Flugfreyjufélag Íslands boðaði verkfall fyrir átta dögum með tilskildum löglegum fyrirvara. Þrátt fyrir það bar svo mikið á milli í viðræðum aðila að sáttasemjari bar ekki fram sáttatillögu í þessu máli og kom verkfallið til framkvæmda á miðnætti í gærkvöldi.

Nokkru eftir að Flugfreyjufélag Íslands lýsti yfir verkfalli óskaði ég viðræðna við báða aðila málsins. Ég ræddi við formann Flugfreyjufélagsins s.l. föstudag og bar fram þá tillögu til lausnar á þessum vanda að Flugfreyjufélag Íslands frestaði verkfallsaðgerðum en nefnd yrði skipuð sem í ættu sæti fulltrúar frá deiluaðilum, einn frá Flugfreyjufélagi Íslands og annar frá Flugleiðum h.f., en samgrn. skipaði oddamann í þá nefnd sem reyndi að finna grundvöll til samninga í þessari deilu.

Því var vel tekið af formanni Flugfreyjufélags Íslands að kanna þessa tillögu í sínum hópi. Var aftur leitað eftir viðræðum við fulltrúa Flugfreyjufélagsins í gærdag og komu bæði formaður Flugfreyjufélags Íslands og formaður samninganefndar félagsins til fundar í samgrn. Þar bar ég aftur fram þessa sömu ósk og skýrði hana nánar. Ég sagði jafnframt að ég teldi það mikils virði að geta leyst málið með þeim hætti, samningar yrðu lausir um næstu áramót eins og hjá velflestum. Ég vildi ekki á nokkurn hátt blanda mér í deiluefnið eða gerast dómari í því því að sjaldan veldur einn þegar tveir deila. Hins vegar ræddum við um það alvarlega ástand sem skapaðist í samgöngumálum í landinu við að stærsta flugfélag landsins stöðvaði starfsemi sína.

Ég tek það fram að hjá öðru stærsta félaginu, Arnarflugi hf., hefur ekki verið boðað verkfall og þar hafa samningaumleitanir staðið yfir. Það heldur því áfram enn um sinn sinni starfsemi. En um hitt má segja að með verkfalli hjá Flugleiðum er meginstarfsemi í samgöngum við aðrar þjóðir lögð niður. Í því áætlunarflugi, sem Flugleiðir halda uppi, hefur orðið stöðvun. Sömuleiðis er stöðvun á áætlunarflugi til flestra landsfjórðunga því að Flugleiðir eru, eins og allir vita, langstærsti aðilinn sem heldur uppi áætlunarflugi hér innanlands.

Nú er komið langt fram á haust og allra veðra von og má búast við að vegir geti lokast til flestra landshluta hvenær sem er. Um leið og vegir lokast eða verða samgöngutruflanir verður ekki farið á milli staða nema með flugvélum því að engir farþegaflutningar eru sjóleiðis á milli landshluta. Við erum eyþjóð og getum ekki ferðast eins og margar aðrar þjóðir á milli landa með margvíslegum hætti. Hér er því um alvarlegt ástand að ræða. Þegar tekið er tillit til þess hve margir eiga

mikið undir því að geta komist á milli staða mundi skapast hér mjög alvarlegt ástand ef samgöngur legðust niður.

Þær eru tíðar, kjaradeilurnar, í okkar þjóðfélagi. Við erum minnug þess að á s.l. hausti var löng og áhrifamikil kjaradeila. Segja má að einmitt fyrirtæki eins og samgöngufyrirtækin lendi yfirleitt alltaf í kjaradeilum. Þær eru það tíðar að hætta er á því að þær hafi alvarleg áhrif á rekstur þessara fyrirtækja.

Nú vil ég ekki, hvorki á einn hátt eða annan, dæma um réttmæti krafna Flugfreyjufélags Íslands. En heildarlaunahækkun mun marka dýr spor í launabaráttu annarra starfshópa. En það er fleira sem deilt er um í þessu sem hefði verið nauðsynlegt að finna flöt á á þeim tíma sem ég gerði ráð fyrir að gæfist með þessari nefndarskipan. Flugfreyjufélagið hafnaði þessari tillögu laust fyrir kl. 5 í gærdag. Samningaviðræður héldu áfram án árangurs og aftur hefur sáttasemjari sagt mér að ekki sé möguleiki á að leggja fram sáttatillögu.

Ég sagði við fulltrúa Flugfreyjufélagsins að mér væri mjög á móti skapi að flytja frv. til lausnar á þessari deilu eða til að fresta verkfalli og gerði það ekki nema í ýtrustu neyð. Hins vegar voru þær umræður, sem áttu sér stað á milli okkar, mjög gagnlegar frá mínum bæjardyrum séð. Þar voru engar hótanir hafðar í frammi. Því er þó ekki að leyna að frá því að verkfallsboðun var gerð hafa fjölmiðlar margoft spurt hvort ætti ekki að grípa inn í þessa deilu með lagaboði. Ég hef verið bæði ófáanlegur til að ræða efnisatriði þessa máls og því síður að ræða um hótanir um að leggja fram frv. til lausnar þessari deilu fyrr en útséð væri um að samkomulag næðist ekki eða aðrar ákjósanlegri leiðir.

Nú er svo komið að verkfall er hafið með þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér. Því var samþykkt í ríkisstj. að flytja þetta frv. Ég gerði ráðstafanir til þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar fengju að vita um þetta mál og að það yrði flutt hér í dag. Ég óskaði eftir því að þm. reyndu að greiða fyrir framgangi þessa frv. þannig að sem minnstur skaði yrði fyrir almenning á landinu vegna stöðvunar þessara flugvéla allra þó að ég hafi ekki farið fram á það við neinn stjórnarandstæðing að hann greiddi frv. atkvæði. Því ræður auðvitað hver og einn þm. fyrir sig. En ég endurtek það að ég tel það mikils virði fyrir þjóðina í heild að haldið sé uppi samgöngum í landinu og menn séu ekki bundnir við það að geta ekki ferðast jafnvel þó að lífsnauðsyn sé, hvorki á milli landa né milli fjarlægari landshluta hér innanlands.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til hv. samgn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. Það sérstæða við þetta er að tekið er til umræðu hér frv. sem þm. hafa alls engin tök haft á að kynna sér. Svo mikið liggur á að koma lögum yfir flugfreyjur, eina af hefðbundnu kvennastarfsgreinunum í landinu.

Ég hlýt að vara við því, herra forseti, ef afgreiða á þetta frv. með þeim hraða hér á Alþingi að þm. hafi ekki tök á að kynna sér alla málsmeðferð í þessu máli heldur verði að styðjast við þá mynd sem dregin hefur verið upp í fjölmiðlum um kjör flugfreyja og þeirra mál. Þegar þm. taka afstöðu til þessa máls er ljóst að þeir verða að hafa réttar forsendur að byggja á. Ég tel mig þekkja þó nokkuð til kjara flugfreyja. Engu að síður tel ég mig þurfa góðan tíma til að kynna mér ýmislegt sem fram hefur komið undanfarið varðandi þeirra mál og hlýt því að draga þá ályktun að þm. þurfi slíkt hið sama.

Það verður ekki hjá því komist þegar það er yfirvofandi að með lögum eigi að setja kjaradeilu flugfreyja í gerðardóm að ræða hér mjög ítarlega stöðuna í þeirri kjaradeilu. Ekki síst er nauðsynlegt að ræða ítarlega þetta mál í ljósi þeirrar myndar sem fjölmiðlar hafa dregið upp af kjaradeilunni. Það hlýtur að vera nauðsynlegt, herra forseti, þegar málið hefur með þessum hætti komið til kasta Alþingis að þingmenn glöggvi sig ítarlega á stöðunni áður en þeir taka afstöðu til málsins.

Fréttaflutningurinn í þessari kjaradeilu er með endemum. Það er forkastanlegt að gefa þá mynd af launakjörum flugfreyja að hér sé um að ræða hálaunastétt sem vaði uppi með himinháar kröfur. Sannleikurinn er sá að þegar litið er á vinnutíma flugfreyja, þau kjör og þær aðstæður sem þær búa við, er fjarri því að hér sé um stétt að ræða sem gerir ósanngjarnar kröfur. Þegar allar staðreyndir málsins eru skoðaðar er um að ræða hefðbundna kvennastarfsgrein sem býr við lök kjör og vanmat á störfum sínum.

Nú vill svo til að ég þekki nokkuð til launabaráttu flugfreyja þar sem ég átti á árunum 1963—1970 um skeið sæti í stjórn Flugfreyjufélags Íslands og var um tíma formaður þess. Ég þekki því af eigin raun þá óbilgirni sem Flugleiðir hafa sýnt í kjarabaráttu flugfreyja. Á þeim árum töldu Flugleiðamenn sig geta skammtað flugfreyjum lúsarlaun, látið þær búa við nánast vinnuþrældóm og óhóflegan vinnutíma, allt í skjóli þess að hér væri um eftirsóknarvert starf að ræða. Ekkert hefur breyst í því efni. Á þeim tíma var vinnutími flugfreyja mjög langur og máttu þær í mörg ár búa við 22 tíma vakttíma á sólarhring meðan flugáhafnir að öðru leyti bjuggu við 17 tíma vakttíma. Launakjör þeirra að öðru leyti voru einnig þá sambærileg við það sem lægst gerðist í þjóðfélaginu. Hér var um hefðbundna kvennastarfsgrein að ræða sem Flugleiðamenn töldu sig geta pískað út að eigin vild. Eftir langa og harða baráttu í mörg ár á þeim tíma náðist loks að fá það leiðrétt að vakttími flugfreyja var færður til samræmis við það sem gerðist hjá flugáhöfnum almennt. Sú barátta var ekki átakalaus og flugfreyjur unnu þá undir þeirri svipu — eins og þær gera reyndar enn þann dag í dag — að það væri bara hægt að reka þær ef þær hlýddu ekki því að nóg væri framboðið til flugfreyjustarfa.

Það væri freistandi, herra forseti, að rekja hér lið fyrir lið kjarabaráttu flugfreyja frá upphafi, þær vinnuaðstæður sem þær hafa gegnum árin þurft að búa við, það mikla vinnuálag, sem ég tel erfitt að ímynda mér að jafnist almennt á við vinnuálag hjá stéttum í landi, þá miklu pressu sem þær búa við í sínum vinnutíma og uppskera síðan léleg launakjör. Ég skal þó ekki á þessu stigi málsins fara út í þau mál, aðeins rekja tvö nýleg dæmi.

Það er ekki langt síðan flugfreyjur bjuggu við það að Flugleiðir ætluðu að spara í rekstri með því að hafa færri flugfreyjur um borð í DC-8 en gerist í nokkru áætlunarflugi annars staðar. Í stað sex flugfreyja í DC-8, 249 sæta vél þar sem nauðsynlegt var að hafa sex flugfreyjur, ætluðu þeir sér að spara með því að taka af eina

flugfreyju og hafa aðeins fimm. Vitaskuld mótmæltu flugfreyjur þessu og undir verkfallshótun frá þeim var skipuð nefnd til að útkljá deiluna. Flugleiðamenn töldu það ekkert mál að á löngum sem stuttum flugleiðum gætu fimm flugfreyjur annast 249 farþega.

Þeir nefndarmenn, sem skipaðir voru til að útkljá deiluna, töldu sig víst þurfa að sannfærast um það að flugfreyjur byggju við mikið vinnuálag því að í tvær vikur samfleytt ferðuðust nefndarmenn á öllum áætlunarleiðum flugfélagsins til að kynna sér starfsaðstöðu flugfreyja. Nýjustu aðferðinni, sem farið er að nota hjá atvinnurekendum til að kanna hvort hægt sé að kreista meiri vinnu út úr hefðbundnum kvennastarfsgreinum, var vitaskuld beitt. Við þekkjum aðferðirnar sem farið er að nota á Sóknarkonurnar á spítölunum, þ.e. að hlaupa á eftir þeim með skeiðklukku, athuga hvað þær eru lengi að skúra, búa um rúmin hjá sjúklingunum o.s.frv. Sama aðferðin var notuð við flugfreyjurnar. Nefndarmenn hlupu á eftir þeim um alla vél með skeiðklukkuna, mældu hvað þær voru lengi að hlaupa með matarbakkann, hve langan tíma tæki að renna í gegnum flugvélina með áfengisvagninn, að gefa flugmönnunum, sem í makindum sátu, kaffið sitt o.s.frv. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvort nefndarmenn hefðu mælt í kílómetrum hlaup flugfreyja um vélina á leiðinni Reykjavík—New York t.d. eða Reykjavík—Kaupmannahöfn. Þeir eru örugglega ófáir kílómetrarnir sem liggja að baki eftir eina flugferð. En eftir skeiðklukkuaðferðina var samþykkt að bæta við einni flugfreyju eins og gengur og gerist hjá öðrum áætlunarflugfélögum.

Eina aðferð í viðbót má nefna sem Flugleiðir beittu til að spara. Ég held að ég fari rétt með að það hafi verið á árinu 1980 sem flugfreyjum var boðið upp á hlutastarf. Ef fyrstu flugfreyjur, eða yfirflugfreyjur um borð, tóku því boði að taka hlutastarf voru þær lækkaðar í launum þó að þær eftir sem áður gætu gegnt starfi fyrstu flugfreyju. Launakjör, sem þær höfðu áunnið sér með starfsaldri og starfi fyrstu flugfreyju, voru af þeim tekin, en öruggt er að karlmenn hefðu ekki látið bjóða sér slíkt. 4—5 ár tók það flugfreyjur að fá leiðréttingu á þessu.

Víkjum að kjaradeilunni nú. Ég sagði hér í upphafi míns máls að það væri brýn nauðsyn fyrir þm. að fá rétta mynd af launakjörum flugfreyja áður en þeir taka afstöðu til þess frumvarps sem nú liggur fyrir því fréttaflutningurinn er með eindæmum.

Hver eru hin raunverulegu launakjör sem flugfreyjur búa við? Byrjum á vinnutíma flugfreyja, en eins og ég áður gat um hafa Flugleiðamenn látið það frá sér fara að meðalvinnutími flugfreyja á mánuði séu 84 stundir.

Hér er auðvitað miðað við mjög villandi forsendur hjá Flugleiðum því vakttími samkvæmt samningum við flugfreyjur getur verið allt að 175 stundir á mánuði. Mestan hluta ársins vinna bæði fyrstu og aðrar flugfreyjur að fullu þennan hámarksvakttíma og flugfreyjur eru kringum 150—160 yfir vetrarmánuðina. Helmingurinn af flugfreyjunum, sem eru 300 talsins yfir sumarið, eru sumarflugfreyjur. Ef tekið er meðaltal af vinnutíma flugfreyja sem vinna yfir sumarmánuðina má vel vera að hægt sé að finna út lægri vakttíma en þann að flugfreyjur vinni fullar 175 stundir. Ef það er rétt að þetta eru 84 vinnutímar á mánuði, ef tekið er meðaltal af vinnutíma allra flugfreyja, 300 talsins, yfir sumarið, þá sýnir það kannske best að rekstri fyrirtækisins er ábótavant ef meðalvakttími er yfir sumarmánuðina 84 tímar og Flugleiðir nýta sér ekki að fullu þann umsamda hámarksvakttíma sem er í samningum.

Ég tel að það sé mjög óeðlilegt að miða meðaltöl við flugfreyjur sem starfa kannske 2—3 mánuði yfir sumarið. Það hlýtur að þurfa, ef raunhæfur samanburður á að fást, að taka vinnutíma þeirra flugfreyja sem hafa þetta að föstu starfi allt árið. Og það er eftir öðru í þeirri villandi mynd sem gefin hefur verið upp af kjörum flugfreyja að Sigurður Helgason, nýkjörinn forstjóri Flugleiða, skuli einnig láta frá sér fara mjög villandi upplýsingar í þessu máli.

Samkvæmt því sem mér er tjáð var haft eftir Sigurði Helgasyni í ríkisfjölmiðlum að meðallaun flugfreyja væru 29 þús. kr. Þar tekur Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, meðaltalið af launum flugfreyja sem starfa allt árið því að þá hentar það honum betur. Vitanlega yrði sú upphæð miklu lægri ef tekið væri meðaltal af öllum flugfreyjum yfir sumarmánuðina þar sem stærsti hópurinn er á lægstu launum. En þegar Flugleiðum hentar, t.d. að því er vakttímann varðar, er tekið meðaltalið af vinnutíma allra flugfreyja, þ.e. flugfreyja sem eru fastráðnar og þeirra sem eru lausráðnar yfir sumarið. Sem sagt: æðsta yfirmanni Flugleiða hentar að gera þann samanburð að taka meðaltal af launum fastráðinna flugfreyja sem hafa lengstan starfsaldur, þ.e. þeirra sem starfa yfir vetrarmánuðina og allt árið, en þegar gera á lítið úr vinnutíma flugfreyja er tekið meðaltal af vinnutíma bæði lausráðinna flugfreyja yfir sumarmánuðina og þeirra sem eru fastráðnar.

Ég ítreka enn og aftur að ef gera á einhvern samanburð á kjörum flugfreyja og meta kjör þeirra hlýtur að vera eðlilegt að taka mið af kjörum, aðstæðum og vinnutíma þeirra sem hafa þetta að föstu starfi.

Varðandi laun flugfreyja, þá er staðreynd málsins sú að lægstu laun hjá flugfreyjum eru 20 626 kr. og eftir sex mánaða starf rúmt 21 000 kr. Á þessum launum er til að mynda yfir sumarmánuðina nálægt helmingur starfandi flugfreyja. Ég spyr: Gefa þessi laun tilefni til þess að gefa þá ímynd af stétt flugfreyja að hér sé um hálaunahóp að ræða?

Eftir 14 ára starf komast síðan fyrstu flugfreyjur í hæst 33 417 kr. á mánuði. Við skulum líka athuga að lengra nær starfsaldurinn ekki þó að þó nokkur hópur flugfreyja hafi 20—25 ára starfsaldur að baki.

Í tengslum við þessi laun flugfreyja er auðvitað nauðsynlegt að skoða vinnutímann, ekki síst þar sem aðaldeilumálið snýst um það vaktaálag sem flugfreyjur gera kröfur um að fá. Þegar Flugleiðir sendu menn út af örkinni til að elta flugfreyjur í flugvélunum með skeiðklukkur til að athuga hvort nauðsynlegt væri að bæta við sjöttu flugfreyjunni á DC-8 vélarnar eða hvort yfirleitt væri hægt að kreista út úr flugfreyjum meiri vinnu með skeiðklukkuna að vopni var gerð könnun á vinnutíma flugfreyja. Fyrir einu eða tveimur árum, eins og ég nefndi hér áðan, þegar flugfreyjur kröfðust þess að fá sjöttu flugfreyjuna á DC-8 vélarnar líkt og var hjá öðrum áætlunarflugfélögum erlendis var kjararannsóknarnefnd látin athuga vinnutíma flugfreyja. Ég sé ástæðu, herra forseti, til að lesa bréf sem dagsett er 20. mars 1984 frá kjararannsóknarnefnd, en þar segir, með leyfi forseta, bréfið er stílað á Flugleiðir hf. og Flugfreyjufélag Íslands og það fjallar um vinnutíma flug-

freyja:

„Á fundi sem fulltrúar Flugleiða hf. og flugfeyja sátu ásamt starfsmönnum kjararannsóknarnefndar í febrúar 1984 var gengið frá skilgreiningu þessa verkefnis og ýmsum atriðum varðandi tilhögun úrvinnslu. Markmið könnunarinnar er að finna hvernig vinnutími flugfreyja skiptist milli dagvinnu, eftirvinnu, næturvinnu og helgarvinnu. Ákveðið var að miða við að til dagvinnu teldist tíminn frá kl. 8 til 16 virka daga, til eftirvinnu teldist tíminn frá kl. 16 til 18 mánudaga til fimmtudaga, til næturvinnu teldist tíminn frá 18 til 8 mánudaga til fimmtudaga að aðfaranótt föstudags meðtalinni og til helgarvinnu teldist tíminn frá kl. 16 á föstudegi til 8 á mánudegi. Ákveðið var að athuga hvort umrædd skipting vinnutíma væri mismunandi eftir því hvort flugfreyjurnar ynnu mikið eða lítið. Voru í þessu skyni útbúnar niðurstöður fyrir þrjá hópa, þ.e. allar flugfreyjur sem unnu fleiri en 100 tíma á mánuði og þær sem unnu fleiri en 90 tíma á mánuði. Einnig var ákveðið að miða niðurstöður við reynslu alls ársins 1983. Gögnin sem unnið var úr eru í vörslu Flugleiða hf. og var unnið úr þeim af starfsmönnum þeirra í samræmi við þessar skilgreiningar."

Og síðan koma niðurstöðurnar. Niðurstaðan af þessari athugun kjararannsóknarnefndar er að meðalvinnutími flugfreyja á mánuði árið 1983 er þannig að þær unnu rúmlega 60% sinnar vinnu utan venjulegs vinnutíma, á helgum, á kvöldin, á jólum, á páskum eða hverjum öðrum þeim dögum sem eru lögboðnir frídagar hjá flestum launþegum í landi. 38% af vinnunni eru unnin í dagvinnu. Þetta þýðir m.ö.o. að 66 klst. af 175 tíma vinnu flugfreyja eru unnar í dagvinnu, en 112 til 115 í næturvinnu, á helgum, stundum á jólum, stundum um áramót þegar hinn venjulegi launamaður vill hafa frí.

Við skulum gera samanburð á þessum vinnutíma flugfreyja annars vegar og launakjörum og t.a.m. fulltrúa í skrifstofuvinnu. Verkefni yfirflugfreyju um borð er mjög mikilvægt. Þær bera ábyrgð á að vinnan um borð gangi eðlilega fyrir sig þar sem eru allt að 250 farþegar sem þarf að veita fullkomna þjónustu á flugleiðunum. Þær hafa mannaforráð og þær hafa verkstjórn á hendi yfir fimm öðrum flugfreyjum um borð þannig að miðað við þeirra hlutverk sem verkstjórar og að bera ábyrgð á að þjónustan gangi eðlilega fyrir sig um borð mætti efalítið finna starfsstétt aðra en fulltrúa, sem betri hefði kjörin, sem eðlilegra væri að bera sig saman við. En látum það gott heita.

Berum þetta saman við fulltrúa á skrifstofu skv. upplýsingum úr riti kjararannsóknarnefndar. Þeir hafa að meðaltali 276,55 kr. í hreint tímakaup á 2. ársfjórðungi 1985. Ef þeir ynnu 60 tíma í dagvinnu á mánuði hefðu þeir fyrir það 16 593 kr. En hvað hefur flugfreyja sem unnið hefur 25 ár hjá Flugleiðum fyrir sína dagvinnu? Hún hefur, miðað við þá dagvinnu sem fram kemur skv. upplýsingum kjararannsóknarnefndar, 11 497 kr. Fulltrúinn á skrifstofunni, sem kannske hefur lítil sem engin mannaforráð, er með rúmum 5000 kr. meira í dagvinnu. Gerum ráð fyrir að fulltrúinn vinni eins og flugfreyjan 60% af sínum tíma utan dagvinnutíma í næturvinnu eða um 112—115 tíma. Fyrir það hefði hann 32 144 kr. En ef vinnutími flugfreyja er tekinn, sem unninn er utan dagvinnutíma, eða þessir 112—115 tímar, þá hafa þær fyrir það um 22 þús. kr. eða 10 þús. kr. minna en fulltrúinn. Það er deginum ljósara að fulltrúinn mundi ekki vinna á jólum, páskum, helgidögum og á kvöldin á sínum dagvinnutaxta, heldur gerði hann um það kröfu að fá annaðhvort helgidagavinnu eða semja um vaktaálag, enda kemur í ljós að væri sami hluti vinnutímans unninn utan dagvinnutíma eins og hjá flugfreyjum hefði hann í heildarlaun 48 þús. kr. á mánuði á móti því að flugfreyjur komast hæst í 32 þús. og verður þá að taka með í reikninginn að hjá fulltrúanum væri um töluvert hærri upphæð að ræða þar sem hér er tekið mið af launum hans 2. ársfjórðung 1985 til samanburðar við laun flugfreyju eins og þau eru í dag.

Við getum líka tekið annan samanburð, þ.e. byrjunarlaun flugfreyja eftir sex mánaða starf sem eru 21 400. Ef 60 tímar af heildarvinnutímanum eru unnir í dagvinnu, eins og kemur fram skv. niðurstöðu kjararannsóknarnefndar, hefur hún fyrir sína dagvinnu 7020 kr. Ef 60% af heildarvinnutímanum eru unnin í nætur- og helgidagavinnu, eða um 112—115 tímar, hefði hún fyrir það um 14 þús. kr. Ef samanburður er gerður við laun í landi, í veitinga- og hótelstarfsemi t.d., kemur eftirfarandi í ljós, miðað við sömu skiptingu á vinnutíma þar og hjá flugfreyjum:

Í dagvinnu hefði starfsmaður í veitinga- og hótelrekstri 9415 kr. fyrir störf í veitingahúsi miðað við sama tímafjölda í dagvinnu og flugfreyjur hafa. Í eftirvinnu, næturvinnu, hefði hann skv. upplýsingum kjararannsóknarnefndar 19 264 kr. fyrir vinnu utan dagvinnutíma, þ.e. fyrir sama tímafjölda og flugfreyjur vinna utan hins hefðbundna dagvinnutíma. Niðurstaðan er sem sagt að starfsmenn í veitinga- og hótelrekstri hefðu um 28 þús. kr. miðað við vinnutíma flugfreyja meðan flugfreyjur hafa ekki nema um 21 þús. fyrir sama vinnutíma.

Svo er gefið í skyn í fjölmiðlum að hér sé um að ræða hálaunahóp. Frídagar flugfreyja eru átta frídagar í mánuði. Þær geta ekki gengið að því að frídagarnir séu um helgar, heldur verða þær að taka sitt frí á virkum dögum jafnt sem um helgar og ekki er um fleiri frídaga að ræða en almennt gerist og gengur í landi. Flugfreyjur geta verið í burtu frá heimilum sínum allt að 380 tíma á mánuði eða í 15 daga. Hver er niðurstaðan? Helminginn af mánuðinum eða 15 daga geta flugfreyjur þurft að vera burtu frá börnum sínum og fjölskyldu. Þær vita aldrei um sinn vinnutíma, hvenær þær eiga að mæta í vinnu, hvenær þær fá frí. Það yrði í mesta lagi viku eða hálfs mánaðar fyrirvari í hvert skipti sem þær fá til þess að skipulegga fram í tímann. Þær bera smánarlaun úr býtum fyrir 60 klukkustunda dagvinnu og 112—115 klukkustunda næturvinnu, helgidagavinnu, vinnu á jólum, páskum og öðrum lögskipuðum frídögum hér í landi. Fyrir þetta hafa þær á bilinu frá 21 þús. kr. upp í 33 þús. Og síðan er talað um hálaunamanneskjur.

Að því er látið liggja í fjölmiðlum að tilboð Flugleiða þýði 64 þús. í tekjur. Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að fá að vitna í fréttir síðustu daga úr blöðum þar sem þetta kemur fram og það er sú mynd sem fólkið í landinu fær af kjörum flugfreyja, það þekkir ekki betur. Það er hægt að grípa niður í DV 22. okt. Þar stendur: „Grípa stjórnvöld inn í deiluna? — Flugrekstur á Íslandi eins og rússnesk rúlletta, segir fulltrúi Flugleiða."

Nú hefði maður haldið að DV, þar sem verið er að gera grein fyrir því að til svo alvarlegra aðgerða eigi að

grípa að stjórnvöld ætli að fara að flytja málið inn á vettvang Alþingis, hefði séð ástæðu til að hafa viðtal við flugfreyjurnar, fá hjá þeim upp afstöðu þeirra til málsins, en við skulum heyra fréttina. Hún hjóðar svo, með leyfi forseta:

„Það stefnir allt í stopp. Það væri gaman að geta borgað þau laun sem flugfreyjur biðja um, en það er Flugleiðum ofviða að sögn Sæmundar Guðvinssonar blaðafulltrúa Flugleiða." Hér er talað við fulltrúa Flugleiða. Og áfram segir, með leyfi forseta: „Ekkert þokast í samkomulagsátt á löngun og ströngum fundi með sáttasemjara sem stóð til kl. tvö eftir miðnætti. Þetta gæti orðið langt verkfall sem hefði mjög slæmar afleiðingar fyrir Flugleiðir og ekki nema ár liðið frá síðasta stoppi sem varð í BSRB-verkfallinu í fyrra. „Fólk missir traust á Flugleiðum", sagði Sæmundur. Aðrir starfsmenn Flugleiða munu halda áfram störfum að venju.

DV hafði samband við Matthías Bjarnason samgrh. um hugsanlega íhlutun stjórnvalda vegna þessa máls. Sagði hann að rætt hefði verið við báða aðila og óskað eftir frestun á verkfallsaðgerðum, en þeirri ósk hefði ekki verið sinnt, málið væri enn í höndum sáttasemjara og því ekkert hægt að segja á þessu stigi hvernig stjórnvöld bregðast við í málinu."

Hér er málið sem sagt komið á það alvarlegt stig að menn eru farnir að ræða um að flytja það inn á vettvang Alþingis. Við hverja er rætt? Fulltrúa Flugleiða, fengið hans álit á málinu, og hæstv. samgrh. Af hverju er ekki talin ástæða til að leita eftir afstöðu flugfreyja þegar málið er komið á þetta stig?

Og daginn eftir í DV: „Verkfall flugfreyja skollið á — gæti orðið snögg afgreiðsla á Alþingi."

Nú skyldi maður ætla að þegar fer að nálgast alvöruna hefði verið talin ástæða til að fá fram afstöðu flugfreyja í málinu. Með leyfi forseta vil ég vitna í fréttir DV af þessu máli miðvikudaginn 23. okt.:

„Verkfall flugfreyja hófst á miðnætti. Samkvæmt upplýsingum frá samgrn. yrði lagafrv. vegna stöðvunar flugsamgangna að fara venjulegar leiðir, en hægt væri að framkvæma slíkt á mjög skömmum tíma. Flugsamgöngum verður að halda uppi, annars er velferð þjóðarbúsins í húfi að sögn Matthíasar Bjarnasonar.

Ekkert miðar í samkomulagsátt á sáttafundi flugfreyja og Flugleiða sem stóð til kl. eitt eftir miðnætti. Farþegar bíða nú eftir fari, bæði í Bandaríkjunum og út um alla Evrópu. Reynt hefur verið að koma farþegum í Bandaríkjunum á önnur flug til Lúxemborgar. Öllum tilboðum Flugleiða hefur verið hafnað og Flugleiðir hafa hafnað öllum hugmyndum flugfreyja. Samkvæmt upplýsingum frá Flugleiðum mundu meðallaun flugfreyja verða um 64 þús. á mánuði ef gengið yrði að kröfum þeirra."

Ég fordæmi slíka villandi túlkun í fréttaflutningi.

Með leyfi forseta held ég áfram:

„Sú tala orkar nú tvímælis samkvæmt upplýsingum flugfreyja þar sem dagpeningar eru þar reiknaðir með, en dagpeningar eru venjulega ekki skilgreindir sem laun.

Arnarflug mun fljúga samkvæmt áætlun og þegar er farið að undirbúa fjölgun ferða og verður eitt aukaflug flogið annað kvöld til Amsterdam. Fyrsti möguleiki á verkfalli flugfreyja hjá Arnarflugi er eftir viku ef þær boða verkfall nú. „Enn þá hafa þær ekki komið fram með slíka boðun", sagði fulltrúi Arnarflugs. Þær eru með 19% launahækkunartilboðið í athugun enn þá. „Við munum mynda litla loftbrú milli Akureyrar og Reykjavíkur. Við höfum ákveðið að fjölga ferðum verulega", sagði einn fulltrúi Flugfélags Norðurlands við DV. Einnig munu önnur minni flugfélög fjölga ferðum sínum. Flugleiðir hafa ákveðið að fljúga sínum Fokkerum með frakt og póst, en enga farþega, jafnvel þótt leyfilegt sé að fljúga með allt að 19 farþega án flugfreyju."

Það eina sem DV sér ástæðu til að hafa eftir flugfreyjum er að þessi upphæð, sem slegið er hér fram, orki tímælis án þess að gefa flugfreyjum frekari kost á að skýra mál sitt.

Og í Morgunblaðinu í dag segir, með leyfi forseta:

„Í tilboði því sem Flugleiðir gerðu flugfreyjum og þær í fyrrinótt höfnuðu kemur fram að þeim voru boðnar hækkanir sem svara 19,2% launahækkun frá meðallaunum. Samkvæmt því tilboði fengi fyrsta flugfreyja 28 þús. 958 kr. fyrsta starfsárið en það fjórtánda 39 833 kr. Meðaltal launa til flugfreyja yrði samkvæmt tilboðinu 32 946 kr., ökutækjastyrkur 7642 og dagpeningar 23 225 á mánuði þannig að laun og samningsbundnar greiðslur á mánuði væru að meðaltali 63 813 kr."

Niðurstaða sem fram kemur í fjölmiðlum og þær upplýsingar sem fólkið í landinu hefur samkvæmt. þessu er að meðaltal launa sem Flugleiðir af náð sinni bjóða flugfreyjum sé 64 þús. kr. Þetta vilji flugfreyjur ekki. Ég vil spyrja: Hvenær hefur það heyrst að dagpeningar, sem eru fyrir útgjöldum á ferðalögum vegna starfa, séu reiknaðir sem laun viðkomandi? Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, þegar hann ferðast milli New York og Íslands eða Íslands og Evrópu, efalítið mörgum sinnum á ári vegna starfa sinna, skyldi hann reikna alla dagpeninga sem hann fær sem laun til sín sem hann stingur beint í vasann eins og hann gefur í skyn að flugfreyjur geri? Það er einmitt gefið í skyn með flugfreyjur að dagpeningar séu laun sem renni beint í þeirra vasa en séu ekki fyrir útlögðum kostnaði eins og þeir í raun eru. Dagpeningar sem þær stingi beint í vasann séu 24 þús. kr. á mánuði, kemur fram í fjölmiðlum, haft eftir Flugleiðum. Auðvitað er þetta fjarstæða. Og það er eftir öðru í þessari deilu að það skuli vera í hefðbundinni kvennastarfsgrein að í fyrsta skipti sem ég man eftir séu þau vinnubrögð notuð í kjaradeilu að segja að dagpeningar sem viðkomandi fær vegna starfsins séu beinar launagreiðslur til hans. Hvenær hefur heyrst um hálaunastéttirnar sem standa í kjaradeilum að dagpeningar séu beinar launagreiðslur sem renni í vasa viðkomandi? Ég spyr hv. þm.: Ef þið eruð beðnir um upplýsingar um ykkar launakjör, leggið þið við allar dagpeningagreiðslur sem þið fáið greiddar frá Alþingi á ferðum ykkar á vegum þingsins erlendis og gefið það upp sem ykkar laun sem þið hafið ykkur til framfærslu? Er það yfirleitt nokkur, sem þarf að ferðast í þágu starfsins hjá hinu opinbera og fær dagpeninga fyrir útgjöldum á sínum ferðalögum, sem fær það síðan framan í sig að það séu beinar launagreiðslur til hans?

Og hverjir eru svo þessir dagpeningar flugfreyja sem um er talað? Jú, á ferðum sínum til New York fá þær 80 dollara á sólarhring eða um 3300 kr. Dagpeningagreiðslur sem opinberir starfsmenn fá, til að mynda alþingismenn, samsvara vegna ferðar t. d. til New York um 7000 ísl. kr. eða helmingi hærra en flugfreyjur hafa.

Að vísu ber að geta þess að fyrir flugfreyjur sem hafa 3300 kr. í dagpeninga, eða rúmlega helmingi minna en dagpeningagreiðslur eru almennt, er greitt hótel. En það vita þingmenn eins vel og ég að fyrir ýmsa þá sem ferðast á vegum hins opinbera er greiddur hótelkostnaður, jafnvel þótt þeir fái sér til framfærslu á sínum ferðum erlendis sem samsvarar um 7000 ísl. kr. Ferðist þær til Danmerkur fá þær í dagpeninga sem samsvarar 2408 kr. meðan aðrir fá 5345 kr., en aftur skal það tekið fram að hótelkostnaður fyrir þær er greiddur þannig að segja má að þetta jafnist að nokkru upp ef samanburður er gerður við þá hópa sem greiða sinn hótelkostnað. Síðan er látið að því liggja að hér sé um mikla umbun og fríðindi til flugfreyja að ræða. Það er auðvitað fjarri sanni.

Áður en ég kem að þeim kröfum sérstaklega sem flugfreyjur hafa lagt fram vil ég með nokkrum orðum ræða launakjör flugmanna, en flugfreyjur hafa í sumum atriðum gert kröfu um að fá sömu hækkun og þeir fengu í febrúarmánuði þegar þeir sömdu við Flugleiðir. Þá náðu flugmenn 43,7% hækkun til áramóta. M.a. var einnig samið um einhverja hækkun á dagpeningagreiðslum og greiðslum fyrir afnot af síma. Það virðist hafa gengið hljóðalaust fyrir sig fyrr á þessu ári eða í febrúarmánuði að flugmenn fengju þessa hækkun, 43,7%. Þessi hækkun var þannig að frá 1. nóv. 1984 komu 16%, frá janúar 1985 9%, frá mars 1985 3%, frá maí 1985 3%, frá september 1985 4% og n.k. nóvember 3%.

Á sama tímabili hafa flugfreyjur ekki fengið annað en það sem um hefur verið samið á almenna vinnumarkaðinum og síðasta hækkunin sem þær fengu var 5% í júní s.l. Það sem á vantar að þær fái hið sama og er á almenna vinnumarkaðinum er 2,4% launahækkun sem varð í ágúst, 4,5% 1. okt. og Albertslaunin fyrr í þessum mánuði, 3%. Flugmenn virðast ekkert hafa þurft að hafa fyrir því að fá 43,7% hækkun fyrr á þessu ári. Hver eru kjör þeirra? Jú, á 1. til 5. ári fá þeir 64—73 þús. á mánuði og hér miða ég við maílaun þeirra. 6. til 10. árið 75—84 þús. Eftir ellefu ára starf, eða frá ellefu upp í 16 ára starfsaldur 86—97 þús. Frá 17 ára upp í 20 ára starfsaldur frá 100—106 þús. Frá 21 árs upp í 25 ára starfsaldur 109—120 þús. Þetta eru launakjör flugmanna í maí 1985. Þetta eru kjör flugmanna sem fengu á silfurdiski 43,7% hækkun í febrúarmánuði s.l.

Skyldu Flugleiðir við það tækifæri, þegar þær afhentu flugmönnum 43,7% hækkun launa, líka hafa talið ástæðu til, þegar þeir meta laun flugmanna, að reikna inn í það dagpeninga og þess háttar? Hefðu þeir gert það með sömu útreikningskúnstinni og þeir viðhafa við flugfreyjur hefðu þeir fengið út að flugmenn hefðu á mánuði 222 þús. kr..

Nei, Flugleiðamenn hafa sjálfsagt ekki talið ástæðu til þess við hálaunastéttina innan síns fyrirtækis að reikna með bílafríðindum og dagpeningagreiðslum þegar þeir leggja mat á kjör þeirra. Við láglaunastétt í hefðbundinni kvennastarfsgrein, sem flugfreyjustéttin er, telja þeir sér hins vegar sæmandi að viðhafa slíkar reikningskúnstir. Það er óþolandi að slíkt sé borið fram í fjölmiðlum að tilboð Flugleiða þýði að meðaltali 65 þús. kr. laun til flugfreyja. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að fordæma þau vinnubrögð af hálfu Flugleiðamanna að bera slíkt á borð því að eitt er víst, að topparnir hjá Flugleiðum væru aldrei tilbúnir að reikna slíkt inn í sín laun og samþykkja að það væru þau laun sem þeir hefðu. Nei, auðvitað mundu þeir aldrei gera það. En það virðist sæma Flugleiðamönnum að beita slíkum rökum á flugfreyjur.

Þegar Flugleiðamenn eru um það spurðir hvers vegna flugfreyjur hafi ekki vaktaálag þar sem þær vinna 60% af sínum tíma utan dagvinnutíma, þá er borið á borð að vaktaálagið sé inni í launum flugfreyjunnar. Gott og vel. Við skulum gefa okkur að vaktaálagið sé nú inni í launum flugfreyjunnar.

En ef 33% vaktaálag er dregið frá eru byrjunarlaun flugfreyja skv. því ekki 20 609 kr. heldur 15 508 kr. Samkvæmt þessu hljóðar tilboð Loftleiða núna upp á það að bjóða flugfreyjum 18 000 kr. í dagvinnu.

Við skulum líka líta á það að hér eru flugfreyjur ekki að setja fram splunkunýjar kröfur. Eins og annað sem flugfreyjur þurfa að berjast fyrir, sem oft eru sjálfsagðar mannréttindakröfur eins og baráttan á sínum tíma um mannlegan vinnutíma, þá er hér um að ræða 12—14 ára gamla kröfu. Þær stéttir, sem í landi vinna og vinna á vöktum, hafa vaktaálag. Fyrir þessu hafa flugfreyjur verið að reyna að berjast í mörg ár og tala fyrir daufum eyrum því að það er skoðun Flugleiðamanna að flugfreyjur séu ekkert of góðar til að búa við dagvinnutaxta þó að þeirra skyldur séu jafnt á lögboðnum frídögum sem virkum dögum.

Hjá því verður heldur ekki komist að víkja örfáum orðum enn frekar að vinnuaðstöðu flugfreyja. Ég hef áður sagt að þær geti lítið skipulagt fram í tímann vegna þessa að sú vinnuskrá, sem þær vinna eftir, kemur út á hálfsmánaðar fresti og gildir hálfan mánuð í senn. Þær búa einnig við mjög óreglulegan vinnutíma, þær búa við mikið vinnuálag og mikla pressu meðan á vinnutíma stendur. Vinnuaðstaða þeirra er léleg. Þær hafa ekki stól til að setjast niður á ef þær hefðu mínútu aflögu á flugleiðunum. Hafi þær þá mínútu verða þær að draga út þunga matarkassa til að setjast á. Undir öllu þessu vinnuálagi og pressu er þeim uppálagt að sýna farþegum gott viðmót, vera brosandi, hlaupa margra kílómetra leið á hverri flugleið, stjana við flugmenn með 222 þús. kr. laun skv. forskrift Flugleiða ef notuð eru sömu rök um þeirra kjör og Flugleiðamenn nota um kjör flugfreyja.

Herra forseti. Ég tel brýnt að fá fram ákveðnar upplýsingar, sem ég hef beðið um, áður en mál þetta verður afgreitt úr nefnd og kemst til 2. umræðu. Ég hef óskað eftir upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um mat hennar á kröfum flugfreyja og mat Þjóðhagsstofnunar á þeim útgjaldaauka sem Flugleiðir hafa borið á borð að fylgi þessum samningum. Ég tel nauðsynlegt að þm. fái rétta mynd af stöðu þessara mála. Því hef ég einnig óskað eftir að af hálfu Flugleiða fengi ég upplýsingar um hver útgjöld Flugleiða væru á ársgrundvelli, bæði fyrir árið 1984 og 1985, í beinum launagreiðslum til flugfreyja. Þar á ég við föst mánaðarlaun. Ég tel nauðsynlegt að fá samanburð á útgjöldum Flugleiða, til að mynda vegna flugmanna, og hve hátt hlutfall beinar launagreiðslur til flugfreyja eru af heildarlaunakostnaði Flugleiða. Ég tel einnig nauðsynlegt, herra forseti, að fá fram hver voru útgjöld Flugleiða vegna flugmannasamninganna í febrúar sem Flugleiðamenn töldu enga ástæðu til að vísa til kjaradóms. Þá gekk hljóðalaust fyrir sig að semja um 43,7% hækkun til flugmanna. Ég tel ástæðu til að fá upplýst hér hver var kostnaðarauki

Flugleiða við þá samninga. Þær upplýsingar, sem ég hef hér getið, hef ég gert ráðstafanir til að fá. Þessar upplýsingar óska ég eftir að liggi fyrir áður en málið verður tekið til 2. umr.

Ég tel rétt að það komi líka fram hér að flugfreyjur lögðu fram kröfur sínar í júlímánuði s.l. Þá er haldinn einn fundur með flugfreyjum þar sem þær kynna kröfur sínar. Síðan er málið látið liggja niðri fram til 2. sept. Þá er haldinn stuttur fundur, síðan annar fundur síðar í málinu og þá er málinu vísað til sáttasemjara. Ég spyr: Hefði ekki verið nær að nota þennan tíma frá því í júlí til september af hálfu Flugleiðamanna til að reyna að komast að samkomulagi? Spurningin er: Af hverju gerðu þeir það ekki? Á því er auðvitað skýring.

Það er óþolandi fyrir flugfreyjur að starfa undir því með eðlilegum hætti í sinni kjarabaráttu að Flugleiðamenn geti alltaf verið öruggir um það og gengið að því vísu að stjórnvöld séu tilbúin til að setja lög á starfsmenn þeirra. Með því er gangur samningaviðræðna mjög óeðlilegur sem best sýnir sig í því að Flugleiðamenn hafa lítið hreyft sig til að koma til móts við kröfur flugfreyja.

Staðan er í raun sú að þótt borið sé á borð í fjölmiðlum að flugfreyjum séu boðnar hækkanir sem samsvara 19,2% launahækkun frá maílaunum er einungis verið að bjóða þeim 0,4% fram yfir það sem gert hefur verið á almenna vinnumarkaðinum. Ef litið er á kröfur flugfreyja er ekki óeðlilegt — og ég trúi því ekki að hv. þm. finnist það eftir það sem ég hef hér lýst, það mikla vinnuálag sem flugfreyjur búa við og er ávallt að aukast — að þær færu fram á 10% hækkun á launum fyrstu flugfreyju, að önnur flugfreyja fengi þá laun fyrstu flugfreyju eins og þau voru áður og þriðja flugfreyja laun annarrar flugfreyju. Að auki fóru þær fram á að fá það sama og gerðist hjá öðrum á vinnumarkaðinum. Vegna þeirrar vinnu, sem leggja átti á þær með sölu á varningi um borð, fóru þær fram á aukahækkun. Hver er svo síðasta krafa þeirra? Hún er að fá vaktaálag til samræmis við aðrar starfandi stéttir hér á landi. Nauðsynlegt er, herra forseti, að fá fram hlutlaust mat á þessum kröfum til þess að fólk byggi ekki afstöðu sína á því sem Flugleiðamönnum þóknast að matreiða fyrir það.

Herra forseti. Ég hef sett hér fram ákveðna ósk um að þær upplýsingar, sem ég hef hér getið, liggi fyrir við 2. umr. þessa máls. Ég óska einnig eftir því að þetta mál fái eðlilega umfjöllun í þeirri nefnd sem fær þetta til meðferðar. Ég tel einnig nauðsynlegt, herra forseti, í ljósi þess að hér erum við að fjalla um launakjör í hefðbundinni kvennastarfsgrein, að upplýsa þm. um ýmsar staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum, staðreyndir um þau launakjör sem hefðbundnar kvennastarfsgreinar búa við. Um það hef ég ýmsar upplýsingar sem fróðlegt væri að rifja upp hér í nokkrum orðum. Ég hef þar ýmislegt fróðlegt fram að færa sem sýnir fram á launamismunun kynjanna á vinnumarkaðinum og þar er ýmislegt sem fram kemur um hefðbundnar kvennastarfsgreinar eins og þá sem nú á að fara að setja lög á. Ég vil geyma mér það, herra forseti, þar til síðar á þessum fundi eða við 2. umr. málsins að fara í gegnum þær upplýsingar þar sem er að finna mikinn fróðleik fyrir þingmenn.

Eins koma fram mjög skýrar og merkilegar upplýsingar í fréttabréfi kjararannsóknarnefndar um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og launamismunun. Það eru splunkunýjar upplýsingar sem ég tel að fjölmiðlar hafi ekki gert nægileg skil. Ég tel það skyldu þingmanna að kynna sér slíkar staðreyndir. Ég mun því fara aðeins í gegnum bréf kjararannsóknarnefndar við 2. umr. málsins.

Á vegum jafnréttisráðs er komin út skýrsla um könnun á stöðu íslenskra kvenna. Þar er einnig að finna mikinn fróðleik sem ég tel að eigi erindi inn í þessa umræðu. Síðast en ekki síst er komin út vegna lokaárs kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna bók sem útgefin var á þessu ári og fjallar um stöðu kvenna, hvað hefur áunnist, m.a. í kjarabaráttu, hjá konum við lok kvennaáratugarins. Ég hef haft tök á að kynna mér lítillega efni þessarar bókar og ég sá strax að ýmislegt, sem fram kemur í henni, á erindi hingað inn í þingsali. Ekki síst verður nauðsynlegt að fjalla um þetta við 2. umr. málsins til að draga upp enn skýrari mynd af því hvaða kjör hefðbundnar kvennastarfsgreinar búa við hér á landi. En til að tefja ekki tímann frekar þar sem dregur að matarhléi geymi ég mér að koma þeim upplýsingum úr þeim ritum, sem ég hef getið, á framfæri þar til síðar við þessa umræðu eða við 2. umr. málsins.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það mun ekki taka mig neinar 20 mínútur að ljúka máli mínu hér. Ég vil skýra frá því að þingflokkur Alþb. sat hjá þegar leitað var afbrigða við að taka þetta mál sem hér liggur fyrir á dagskrá. Afstaða þingflokksins er alveg hrein og bein. Við teljum að meginatriði þessa máls séu þau að hér er verið að vega að helgasta rétti verkalýðshreyfingarinnar, verkfallsréttinum.

Ef við lítum á hvernig hér er staðið að verki þá má minna á í örfáum orðum að í desember s.l. var samið við flugfreyjur um sömu hækkun og Alþýðusamband Íslands hafði fengið. Hinn 28. febr. s.l. er síðan samið við flugmenn um 43,7% og þá er flugfreyjum lofað svipuðum samningum. Þetta er mikilvægt atriði. Uppsagnarfrestur þeirra samninga var eins og uppsagnarfrestur ASÍ. Flugleiðir einfaldlega sviku þetta loforð.

15. júní í sumar er samið við ASÍ en ekki við flugfreyjur. Þá fá þær hins vegar 5% kauphækkun en við þær var aldrei samið. Þær leggja síðan fram kröfur sínar 2. júlí s.l. og þær kröfur voru að fá eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins vaktavinnuálag sem þær hafa ekki. Þær biðja um 15% fyrir aukið vinnuálag, svo sem eins og aukna vinnu við það sem Flugleiðir hafa fundið upp til að dekra við hégómaskap mannskepnunnar, „Saga Class“ og annað slíkt, og síðan hækkun á borð við ASÍ, 33% álagshækkun frá kl. 17 til 24, 45% frá miðnætti til kl. 8, 45% laugardaga og sunnudaga og 90% á stórhátíðum eins og aðrar stéttir hafa.

Það er fyrst fyrir hálfum mánuði að ríkissáttasemjara er falið að fara að vinna að málinu. Frá því 2. júlí og þangað til nú í byrjun þessa mánaðar gerist hreinlega ekki neitt. Svo er hæstv. samgrh. að biðja þetta sama félag um frest. Ríkisstjórnin var búin að hafa þennan frest. Ríkissáttasemjari ber síðan ekki fram neina tillögu. Þegar svo er komið skellur á verkfall nú á miðnætti síðasta sólarhring. Sem sagt, það hafa liðið átta mánuðir frá því að flugfreyjum var lofað samsvarandi hækkun og flugmenn höfðu fengið, en nákvæmlega ekkert hefur gerst.

Hv. 2. landsk. þm. hélt hér langa ræðu og er enda

þaulkunnug málefnum flugfreyja og ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka neitt af því. En þegar talað er um laun flugfreyja og vinnutíma eru upplýsingar ákaflega misvísandi. Af því að mér fannst það ekki koma alveg fram vil ég geta þess að byrjunarlaun flugfreyja voru í maí 20 626 kr. og síðan hafa bæst við 5%. Flugstundir eru taldar 65 á mánuði. En flugfreyjur geta ekki hafnað, séu þær beðnar um að fljúga 85 stundir. Þótt þær fljúgi 85 stundir í stað 65 stunda fá þær ekki neitt vinnuálag á það. Þær fá fyrir þann umframtíma lægri tímalaun en dagvinnutaxti þeirra segir til um. Á þennan hátt er ekki nokkur stétt í þjóðfélaginu meðhöndluð og þetta vil ég leggja áherslu á.

Það hefur verið ráðist hér harkalega að flugfreyjufélaginu fyrir að stöðva flug til landsins. Hér hefur verið ákaflega mikið um rangar upplýsingar. Flugleiðir báðu félagið aldrei um neina undanþágu, ekki svo mikils var félagið virt. Það gerðu hins vegar Ferðamiðstöðin og ferðaskrifstofan Úrval og fengu þá undanþágu. Þetta er ekki leiðin til að semja við fólk og þetta er ekki leið nokkurs fyrirtækis til að ná sáttum um viðkvæm mál eins og kjaramál.

Sem dæmi um framkomu í öllu þessu máli er að hvorki ríkissáttasemjari né flugfreyjufélagið og stjórn þess vissi að hér stóð í dag til á hinu háa Alþingi að leggja fram lagafrv. um stöðvun verkfallsins. Ég endurtek þetta: Hvorki ríkissáttasemjari né samningsaðilar. Við hv. þm. fengum þetta frv. á borð okkar þegar við komum af þingflokksfundum áðan þar sem við sátum og ræddum væntanlegt frv. sem við höfðum heyrt á skotspónum um hvað væri. Síðan er ætlast til að við tökum þátt í að keyra þetta frv. hér í gegnum Alþingi nú í kvöld. *Ég tel að þetta sé aldeilis af og frá og lýsi því yfir* fyrir hönd Alþb. að við munum hafna þessu frv. og greiða atkvæði gegn því.

Að lokum, herra forseti, — og ég skal ekki lengja mál mitt: Ég held að flest meginatriði þessa máls liggi nú fyrir. En ég tel að að því leyti eigi flugfreyjur það sameiginlegt með öðrum margumræddum hefðbundnum kvennastéttum að aldrei er litið á hvernig kvenhlutverk þeirra samræmist atvinnu þeirra. Ég vil leggja áherslu á þá sérstöðu sem flugfreyjur hljóta að hafa við að leysa ýmis mál sem varða fjölskyldur þeirra. Ég vil nefna gæslu barna. Venjuleg dagheimili nýtast ekki flugfreyjum á nokkurn hátt og eftir því sem ég hef kynnst lítillega störfum flugfreyja er þeim eiginlega nauðugur einn kostur að hafa næstum stuðningsfjölskyldu til að taka börnin að sér þegar þær eru fjarverandi.

Ég vil nefna annað atriði sem er fjölskyldulíf þeirra sjálfra. Samvera þeirra á heimilum sínum við aðra fjölskyldumeðlimi er á allt annan veg en flestra annarra stétta.

Ég vil nefna atriði sem sjálfsagt ýmsum finnst jafnvel feimnismál, þ.e. sérkennilegt álag á líkama þeirra sem kvenna vegna stöðugra ferðalaga í ólíkum tíma. Þetta hygg ég að allar flugfreyjur kannist við og margir sem um það hafa lesið.

Það er ljóst að flugfreyjur verða í fjórða lagi að hætta störfum miklu fyrr ef til þungunar kemur. Ekki er svo ýkja langt síðan þær þurftu að standa í verkfalli til að hindra að þær væru beinlínis reknar ef þær leyfðu sér þann munað að eignast barn. Ljóst er að þær geta ekki sinnt sínum störfum nærri því eins lengi og aðrar konur yfirleitt geta þó að þær séu þungaðar. Allt þetta, auk áhættu við þessi störf sem er auðvitað ótvíræð og óumdeilanleg, held ég að verði að koma inn í alla umræðu um kjör þessara kvenna.

Nefna má önnur hégómlegri atriði sem starfið þó krefst, þ.e. óvenjulegar kröfur til útlits, klæðaburðar og annars slíks sem kostar fé.

Í stað þess að setjast niður og semja við þessar konur er þeim boðið upp á, þegar allt er komið í hnút og ekkert hefur verið gert, 12 þús. kr. svona eins og til að hafa þær góðar. Er ætlast til að stéttarfélag sætti sig við slíka lausn mála? Auðvitað ekki. Konur láta ekki fara svona með sig lengur.

Þá erum við kannske komin að því: Af hverju skyldi þetta starf, sem þm. hafa oft gefið í skyn að sé eftirsóknarvert, spennandi, bent á hve margar umsóknir berast hverju sinni sem auglýst er, vera eingöngu kvennastarf? Skýringin er alveg á borðinu. Þetta er ekki nógu vel launað miðað við amstur og erfiði og alls kyns fórnir sem þessi stétt manna og kvenna verður að leggja fram. Það er það sem við tökum afstöðu til, þingflokkur Alþb., að við höfnum þessari meðferð á heilli stétt manna. Við munum greiða atkvæði gegn þessu frv. og vítum alla meðferð málsins frá fyrstu byrjun.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt meira. Ég tel mig hafa sagt hér það sem meginmáli skiptir að þessu sinni. Við teljum að hér sé verið að vega að verkfallsrétti. Komi hér einhver upp á eftir og segi: Við höfum áður staðið að slíku — við stóðum að því að setja lög á flugmenn vorið 1984 — þá vil ég minna menn á að þar voru aðstæður allt aðrar. Búið var að reyna til þrautar að semja, enda kom í ljós að samið var, ef ég *man rétt, sólarhring eftir að lögin tóku gildi.* Aðstæður voru því þá allt aðrar.

Ég vil biðja hv. þm. lengstra orða að láta ekki bjóða sér að afgreiða þetta mál hér í kvöld. Það væri ósæmandi með öllu fyrir Alþingi Íslendinga — og það skulu verða mín lokaorð — að heiðra konur landsins á lokadegi kvennaáratugarins með því að kúga Flugfreyjufélag Íslands til að sæta þvingunum í fullkomlega eðlilegri og sanngjarnri kjarabaráttu. Ég vil mælast til að hv. þm. hugsi sig vandlega um áður en til slíks kemur.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að nota mikinn tíma í þessari umferð um þetta mál. Við þingkonur Kvennalistans notuðum tímann milli þingfunda til hins ýtrasta til að kynna okkur málsatvik þótt það hafi vitanlega verið allt of skammur tími. Ég legg áherslu á það, að það er allt of skammur tími til að kynna sér þessi mál. En óhætt er að segja að málin hafa skýrst. Þær upplýsingar, sem okkur tókst að afla okkur á þessum skamma tíma, gefa að okkar mati alls ekki tilefni til að ætla að reynt hafi verið til þrautar að semja eftir eðlilegum leiðum. Það er okkar niðurstaða.

Eins og hv. þm., sem hafa talað hér á undan mér, hafa bent á hafa fréttir af kjörum flugfreyja og fréttir af samningaviðræðum verið afar villandi eins og gjarnan vill reyndar verða þegar skilningurinn er á fleiri en einn veg. Aðalatriðið í þessu máli og þröskuldurinn er sá að vaktavinnuálagið hefur ekki fengist rætt.

Ég ætla ekki að ræða kröfugerð, tilboð eða málsatvik að öðru leyti þótt ýmislegt mætti um þau segja til

viðbótar því sem þegar hefur komið hér fram, ekki síst með tilliti til þess að hér er um hefðbundna kvennastétt að ræða. Það er sannarlega synd að geta ekki vonast til þess að Flugleiðir noti þetta einstæða tækifæri til að leiðrétta kynbundið misrétti í sínu eigin fyrirtæki.

Búið er að boða fund í samgn. Nd. í kvöld að loknum þessum fundi. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að fá ýmsa á þann fund til að kynna þetta mál betur og vænti ég þá að það muni skýrast. Ég vil geyma frekari umræður af okkar hálfu til 2. umr. En við Kvennalistakonur lýsum andstöðu við þetta frv. og teljum afar óheppilegt og fullkomlega óeðlilegt að grípa inn í samningaviðræður á þennan hátt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Nú er undarlega komið fyrir launasamningamálum þessarar þjóðar. Kannske má segja að samningar við opinbera starfsmenn komi alþm. eitthvað við. Það er skylda alþm. að sjá svo um að sú starfsemi, sem fer fram af hálfu hins opinbera, eins og á spítölum og í skólum og víðar, sé vel af hendi leyst og að sú þjónusta sé þar veitt sem á að veita. Hluti af því er að fólkið búi við þau kjör að það *tolli í vinnunni. En samningar við slíka opinbera* starfsmenn tóku tvær klukkustundir um daginn af því að hæstv. þáv. fjmrh. var í vondu skapi og móðgaður. Það kom aldrei til umræðu á Alþingi og hefur ekkert verið rætt á Alþingi.

Nú er hins vegar um það að ræða að verið er að semja um laun hjá einhverju fyrirtæki úti í bæ og þá allt í einu er löggjafarsamkunda þjóðarinnar orðin eins og samningafundur í Flugfreyjufélaginu. Alþingi stendur á öndinni og hérna tala menn um vaktaálög og prósentur. Það er alls ekki okkar hlutverk. Þetta ætti mönnum að vera umhugsunarefni, hvaða ábyrgð löggjafinn ber í þessum málum. Ég held að menn verði að hugsa sig ofurlítið aftur á bak og reyna að finna hvar þeim brást bogalistin.

Ég vil í fyrsta lagi segja um þetta mál að það er rangt að mínu mati að veita afbrigði. Alþingi er ekki stimpilstofnun eða afgreiðslustofnun fyrir fólk úti í bæ sem getur ekki komið sér saman í frjálsum samningum. Ef Alþingi tekur málið upp á það að láta það ganga eðlilega leið. Það á að fá þinglega meðferð án afbrigða. Það er Alþingi ekki til sóma að láta rúlla yfir sig eina ferðina enn í byrjun þings. Þess vegna er ég algerlega á móti því að veitt séu afbrigði til að meðhöndla þetta mál.

Síðan vildi ég segja það um málið sjálft að afskipti ríkisstjórnar af kjaradeilum, eins og verið hafa hér á undanförnum árum, er marklaus. Menn eru algerlega sviptir ábyrgð. Málsaðilar geta haldið fram óbilgjörnum kröfum og geta haldið fram óbilgjarnri stöðu, hvergi slakað til vegna þess að þeir vita að þegar í harðbakkann slær *kemur ríkisstjórnin til bjargar og setur lög*. Menn bera enga ábyrgð. Menn geta haldið fram hvaða fjandans vitleysu sem þeir vilja og þeir vita að ríkisstjórnin bjargar þeim út úr þessu. Það verða sett lög og málið fer fyrir gerðardóm. Þeir geta síðan, hvort sem þeir eru stjórnarmenn í Flugleiðum eða samningamenn fyrir flugfreyjur eða flugmenn, farið hreyknir inn á sína stjórnarfundi og sagt: Við vorum harðir, við gáfum ekkert eftir. Svo kom stjórnin og eyðilagði þetta fyrir okkur. Þarna er algerlega rangt að farið. Ef menn setja fram þær kröfur í kjarasamningum að illa stendur verða þeir að standa við þær, enda er niðurstaðan af þessu skv. fregnum sem hafa borist að s.l. nótt var fundur hjá ríkissáttasemjara og svo langt á milli deiluaðila nóttina fyrir verkfall að ríkissáttasemjari gat ekki einu sinni lagt fram sáttatillögu. Hvers vegna? Vegna þess að menn vita að það verða sett um þetta lög og þeir eru bara í leik, algerlega marklausum leik, og það er verið að gera grín að því sem heitir samningar og það er verið að gera grín að því sem heitir verkfallsréttur og það er verið að gera grín að áratuga baráttu fólks í þessum efnum. Menn setja mál sín þannig fram að það er tekin af þeim ábyrgðin, það er tekin ábyrgðin af kröfugerð og það er tekin ábyrgðin af tilboðum, og þetta gildir um menn hvoru megin borðsins sem þeir sitja. Þess vegna lýsi ég algerri vanþóknun minni og að ég er algerlega ósammála því að fara inn í þessi mál á þennan hátt. Ef ríkisstj. vildi eitthvað skipta sér af þessum málum átti *hún að lýsa því yfir fyrir mánuði að það yrðu ekki sett* lög þannig að bæði Flugleiðir, flugfreyjur og flugþjónar sætu með sín mál og vissu að þeim bæri sú ábyrgð að semja.

Því næst vildi ég gera að umræðuefni annað, sem *kemur inn í þessi mál*, en það er það sem ég vil kalla hentistefna um rök sem menn leggja fram. Menn tala um þjóðhagslegt mikilvægi. Nú er á ferðinni kjaradeila sem er sérstaklega þjóðhagslega mikilvæg og þess vegna áskilur ríkisstj. sér rétt til að setja um það lög. Hvenær eru háðar kjaradeilur sem eru þjóðhagslega ómikilvægar? Allar kjaradeilur eru þjóðhagslega mikilvægar. Og síðan ríkir um það hentistefna og ríkisstj. hefur í hendi sér að ákveða hvenær hún vill grípa inn í með lögum og hvenær ekki og getur þá dregið alls konar rök upp úr pússi sínu. Auðvitað er þetta rugl.

En annað er enn þá vinsælla. Það er kallað öryggissjónarmið. Það er dregið upp í hvert sinn sem verkföll verða í flugbransanum. Þá er talað um að samgöngur og flug séu svo mikilvæg fyrir öryggi þjóðarinnar að auðvitað verði að setja lög sem banni verkfall. Ég held að það sé kominn tími til þess að Alþingi fjalli um hvort flugfólk yfirleitt, hvort sem það eru flugmenn, flugfreyjur, flugþjónar, flugvirkjar eða flug-eitthvað, ætti ekki yfirleitt að hafa skertan verkfallsrétt svo að menn séu lausir við svona bull í hvert skipti sem verða deilur um kjör.

Þetta er annars það sem ég kalla hentistefnu um rök. Er ekki þjóðhagslega mikilvægt ef fiskvinnslufólk fer í verkfall? Og hvað með öryggissjónarmið? Varla getur það verið gott fyrir öryggi þjóðarinnar ef verkafólk *almennt er í verkfalli*. Þetta eru alls ekki rök sem skipta máli. En ég er til í að fara að taka þátt í umræðum um hvort starfsfólk við samgöngur gegni yfirleitt svo mikilvægum þáttum í þessu samfélagi að það eigi að hafa skertan verkfallsrétt eins og fólk sem vinnur á spítölum eða þess háttar. Við skulum þá bara hafa umræðuna þannig en ekki grípa þetta upp í hvert skipti sem á bjátar.

Eitt vildi ég enn gera að umræðuefni og það er þetta: Að mínu mati skiptir engu máli í þessari umræðu hvort laun flugfreyja eru lág eða há, alveg eins og það skipti ekki máli þegar kjaradeila flugmanna var til umræðu. Alþingi gerir ekki upp sinn hug í svona málum eftir því hvort launin hjá viðkomandi starfsstéttum eru há eða lág og Alþingi gerir ekki upp hug sinn í þessum efnum eftir því hvort um er að ræða kvennastarfsstétt eða

karlastarfsstétt. Það hljóta að vera einhver grundvallaratriði sem menn eru að spyrja um en ekki hvort fólk hafi 30 þús. kr. á mánuði eða 60 þús. kr. á mánuði og sé með vaktaálag og dagpeninga eða ekki. Það kemur Alþingi ekkert við, alls ekki. Ég trúi því ekki að þm. muni gera upp hug sinn á þessum grundvelli í sambandi við þetta mál. Það verður fróðlegt að sjá muninn á afstöðu manna, hvernig þeir greiddu atkvæði við sömu aðstæður þegar var verkfall flugmanna og nú þegar er verkfall flugfreyja. Það verður fróðlegt að sjá hvort stjórnmálamenn, hvort þm., sem greiddu atkvæði með verkfalli flugmanna, ætla nú að greiða atkvæði gegn verkfalli flugfreyja. Ef svo er, ef það er kynið eða launin sem skipta máli eru þeir þm. á algerlega röngu róli og eru með allt önnur sjónarmið en eiga að gilda í þessum stól og þessum sölum. Þetta er ekki spurning um há eða lág laun eða kyn. Þetta er spurning um hvaða hlutverk Alþingi hefur í sambandi við launamál í landinu.

Ég vildi að síðustu minna á að nú er upp komið eitt mjög gott dæmi til stuðnings stefnumálum Bandalags jafnaðarmanna um vinnustaðasamninga. Á vinnustað eins og Flugleiðum á eitt félag að fara með samningsrétt fyrir alla starfsmenn og það á að semja fyrir alla starfsmenn í einum samningum, hvort sem það eru flugmenn, flugfreyjur, flugvirkjar, flughleðslumenn eða hvað sem er. Það á að vera starfandi félag á þessum vinnustað sem fer með fullan samningsrétt fyrir alla sem vinna hjá félaginu og semur fyrir þá alla í einu. Þetta mál er í hnotskurn rökstuðningur fyrir því að svo eigi að vera.

Ég ætla ekki að gera þessa umræðu öllu lengri. Ég lofaði forseta því að tefja menn ekki frá málsverði. En þetta er svo rangt, eins og málið kemur hér fyrir, að raunverulega ætti maður að sitja hjá og taka ekki þátt í svona skrípaleik. En ég ætla þó að taka þátt. Ég er andvígur þessu frv. af þeim meginástæðum, sem ég rakti hér að framan, að Alþingi á ekki að vera að ala upp í fólki og fyrirtækjum ábyrgðarleysi. Fólk á að taka, eins og fyrirtækin, ábyrgð á sínum kröfum og ábyrgð á sínum samningamálum. Þess vegna er ég algerlega andvígur þessu frv. Og ég er andvígur þeim vinnubrögðum að keyra málið hér í gegn með afbrigðum. Ef það er ekki líðandi að fólk sem vinnur við samgöngur geri verkfall á að taka upp umræður um skertan verkfallsrétt fólks sem vinnur við samgöngumál. Ég held að það sé kominn tími til þess.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég mun reyna að virða tilmæli virðulegs forseta um að taka ekki mikið af matartíma manna, en af því að grunur minn er sá að einhvers staðar í hliðarsölum sé hæstv. samgrh. ætla ég að beina til hans orðum mínum. Ég var ekki alveg sáttur við ýmislegt í hans ræðu hér áðan. Mér fannst satt best að segja lýsingar hæstv. ráðherra á aðdraganda deilunnar heldur loðmullulegar. Ég vildi einnig biðja hann um skýringar á ákveðnum hlutum sem fylgja með í athugasemdum við frv. þetta. Þannig segir t.d. í 1. línu athugasemdanna að ríkissáttasemjari hafi nú um hríð — hvaða hríð er það sem þar er átt við, herra forseti? — fjallað um vinnudeilu milli Flugleiða hf. og Flugfreyjufélags Íslands. Svo kemur í 2. línu: „Hann hefur haldið nokkra árangurslausa fundi...“ Er hægt að fá hjá hæstv. ráðherra svolítið nánari útlistun á þessu, hvernig aðdragandi deilunnar hefur verið og hvert hefur verið framlag ríkissáttasemjara? Þó væri enn þá fróðlegra að fá eitthvað um það hvernig fyrirtækið sem hér á í hlut, þ.e. Flugleiðir, hefur staðið að sínum hluta málsins, hvernig þær hafa nýtt þann tíma sem þessi kjaradeila hefur verið uppi. Það er nefnilega nauðsynlegt, herra forseti, að við hv. alþm. séum inni í staðreyndum málsins hvað þetta varðar ef til þess er ætlast að við afgreiðum hér frv. til l. með þessum hætti.

Það er, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, í raun og veru verið að takast á um ákveðin grundvallaratriði, þ.e. í hvaða mæli, hvenær og hvernig hv. Alþingi á að skipta sér af kjaradeilum yfirleitt. Það má út af fyrir sig segja að þá skipti ekki öllu máli hvaða kaupkröfur eru þar uppi, hvaða prósentur, hvort það er vaktaálag eða eitthvað annað. Ákveðnar grundvallarreglur hljóta að gilda þegar löggjafinn grípur inn í vinnudeilur ef hann gerir það þá yfirleitt.

Það er út af fyrir sig umhugsunarefni, herra forseti, að hér á nú í hlut hæstv. samgrh. sem er flokksbundinn í Sjálfstfl. Sá flokkur hefur löngum kennt sig við þá stefnu að það skuli vera aðilar vinnumarkaðarins sem semji sjálfir um kaup og kjör. Þeir taka jafnvel stundum svo til orða að ríkisvaldið eigi ekki að vera að þvælast fyrir samningagerð í þjóðfélaginu. Nú skýtur skökku við þegar hæstv. samgrh. á fyrsta degi þessa verkfalls leggur fram frv. með þessum hætti. Það hljóta að þurfa að liggja fyrir gildar ástæður til þess að Alþingi grípi inn í kjaradeilur með þessum hætti, en ég er að því leyti ósammála hv. síðasta ræðumanni að ég tel að ef það á annað borð gerist þurfi menn að íhuga vandlega málsatvik þeirrar kjaradeilu. Það hlýtur að vera vegna þess að um alvarlegt mál er að ræða. Mér finnst satt best að segja, það lítur þannig út fyrir mér, herra forseti, að það hafi verið, með leyfi forseta, heldur þungur rassinn á hæstv. samgrh. í þessari deilu. Það hafi lítið af því heyrst að verið væri að koma á sáttum og hann væri að reyna að leggja því lið sitt. En síðan lýsir hann því fjálglega í ræðu hversu mikið sé í húfi í þessari deilu, hversu afdrifaríkt það sé nú, vegna þess m.a. að við búum á eyju, og síðan kom langur kafli um það í ræðu hæstv. ráðherra hvaða afleiðingar það hefði fyrir eina þjóð að búa á eyju.

Ég vil út af fyrir sig taka undir þá gagnrýni sem hér hefur verið fram sett, herra forseti, á þátt fjölmiðla í þessari deilu. Það er nokkuð sérkennilegt, raunar mátti skilja það á orðum hæstv. samgrh. að hann hafi eiginlega verið knúinn til þess, rekinn til þess vegna þrálátra spurninga fjölmiðla að grípa til lagasetningar í deilunni. En það er út af fyrir sig ekki til að greiða götu þessa máls á Alþingi þegar fram eru lagðar villandi ef ekki beinlínis rangar upplýsingar um eðli málsins. Ég held að það kalli enn frekar á það að sú nefnd, væntanlega hv. samgn. Nd., sem fær þetta mál til umfjöllunar hér á eftir, kynni sér sjálf ítarlega málsatvik deilunnar. Það er ekki hægt að mynda sér skoðun með eðlilegum hætti á málsatvikum miðað við þá villandi umfjöllun sem þetta mál hefur fengið í fjölmiðlum.

Ég vil því að lokum spyrja virðulegan forseta: Hverjar eru hugmyndir hans um framhald fundarins, hversu langt kvöldmatarhlé mun okkur þm. gefast og hvað verður þá skilið eftir til nefndarstarfanna ef meiningin er á annað borð að halda þessu máli fram hér í kvöld frekar en orðið er?

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er hugmynd forseta að atkvæðagreiðslur fari nú fram um þetta mál og síðan gefist tóm til þess að samgn. komi saman. Þegar samgn. hefur lokið störfum sínum, og það er ekki á valdi forseta að segja til um það hvenær þeim lýkur, yrði hér fundur þar sem þetta mál yrði tekið fyrir til 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil þá leggja þá spurningu fyrir virðulegan forseta hvenær hann hefur hugsað sér að meðlimir hv. samgn. eigi að næra sig í kvöld.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vona að það heppnist að þeir fái að neyta matar síns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:5 atkv. og til samgn. með 21 shlj. atkv.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessum fundi verður nú slitið, en það er ráðgert að halda hér fund aftur í kvöld og það verður gert strax þegar samgn. hefur lokið störfum. Því miður hefur forseti það ekki á valdi sínu að ákveða hvenær störfum nefndarinnar yrði lokið. En ég boða eigi að síður fund kl. 9.30.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég hlýt að gera athugasemd við það sem fram kemur hjá hæstv. forseta. Hann gerir því skóna að hægt sé að boða hér þingfund kl. hálftíu. Það þýðir að forseti gefur sér það að nefndin þurfi ekki nema einn og hálfan til tvo tíma til sinna starfa. Ég hlýt að mótmæla því að fundur fyrir 2. umr. hér í Nd. sé tímasettur með þessum hætti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hlýtur að viðurkenna að það er nokkuð til í þessu, enda kom það fram í orðum forseta að það væri erfitt að ákveða þennan fundartíma, en eigi að síður heldur forseti fast við það að boða fundinn kl. hálftíu. Ef nefndin hefur ekki lokið störfum hlýtur sá fundur að frestast.

Þessum fundi er slitið.

Neðri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 23. okt., kl. 9.45 síðdegis.

Kjaradómur í deilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., stjfrv. 70. mál (þskj. 72). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HBl, JBH, SighB, MB, ÓE, ÓÞÞ, SvS, PJ, PS, RH, StG, SV, MMS, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GB, IG.

nei: GJG, GA, GHelg, HG, JS, KH, SJS, GSig, GeirG, GE.

7 þm. (GGS, KJóh, KSK, MÁM, SvG, EBS, FrS) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samgn. Nd. hefur fjallað um þetta mál. Á fund nefndarinnar komu Guðlaugur Þorvaldsson ríkissáttasemjari, Ólafur Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóri í samgrn., Birgir Guðjónsson, starfsmaður í samgrn., Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða hf., Margrét Guðmundsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, og Erla Hatlemark sem er formaður samninganefndar Flugfreyjufélags Íslands.

Það kom fram á þessum fundi, ekki síst hjá sáttasemjara, að hann mat málið þannig að bilið hefði verið það stórt á milli samningsaðila að báðir aðilar hefðu verið sammála um að það væri þýðingarlaust að koma fram með sáttatillögu eins og málið stóð. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að hér er ekki um að ræða neitt mat á þessari kjaradeilu, þ.e. á kröfu flugfreyjanna annars vegar, heldur er hér um að ræða að koma í veg fyrir að þetta verkfall standi og að setja kjaradóm sem fjalli um þessa kjaradeilu, en þetta frv., ef að lögum verður, fellur úr gildi um næstu áramót.

Ég vil skýra frá því að nefndin klofnaði um málið. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir það nál. skrifa auk mín Friðjón Þórðarson, Eggert Haukdal og Stefán Guðmundsson.

Frsm. 1. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Kjaradeila þessi milli flugfreyja og Flugleiða hf. kom í kjölfar samninga Flugleiða við flugmenn í ársbyrjun 1985 sem báðir deiluaðilar hafa upplýst að jafngildi um það bil 43% launahækkunum á samningstímabilinu. Í greinargerð frá Flugleiðum hf. segir að félagið hafi í kjölfar þeirra samninga boðið flugfreyjum sambærilegar hækkanir, en Flugfreyjufélag Íslands hafi hafnað því tilboði og lagt fram kröfu um meiri launahækkanir. Fulltrúar flugfreyja vísa þessu algerlega á bug, staðfesta að umrætt tilboð hafi að vísu komið fram, en verið dregið til baka af hálfu Flugleiða skömmu síðar. Aðilar að þessari deilu eru því ósammála um sjálft upphaf hennar og auk þess eru þeir ósammála um mörg meginatriði í gangi mála síðan. M.a. eru þeir í veigamiklum atriðum ósammála hvað varðar kröfugerðina sjálfa og mat á henni, svo og um þau tilboð sem gerð hafa verið til lausnar á þessari kjaradeilu. Fyrir liggur þó að Flugleiðir hf. hafa boðist til að hækka laun flugfreyja um 19,2% auk beinna greiðslna fyrir liðinn tíma og eru aðilar báðir í stórum dráttum sammála um að þetta tilboð sé til samræmis við almennar meðaltalshækkanir á vinnumarkaði. Auk þess segjast forsvarsmenn Flugleiða hafa boðið nokkrar lagfæringar á öðrum kjaraatriðum og lýst sig reiðubúna til þess að ræða hugsanlegar starfsaldurs- og launaflokkahækkanir án þess að hafa lagt fram endanlegt eða ákveðið tilboð um slíkt og hefur þetta verið staðfest rétt af fulltrúum Flugfreyjufélags Íslands. Mikill ágreiningur er hins vegar um það milli deiluaðila hvort þetta tilboð sé í samræmi við þá kjarasamninga sem Flugleiðir hafa áður gert við aðra flugliða og þá einkum flugmenn. Flugleiðir hf. segja að svo sé, en flugfreyjur að flugmenn hafi fengið meiri launahækkanir en þessu tilboði nemur.

Þá er einnig upplýst í málinu að mikill ágreiningur er milli deiluaðila um þá kröfu Flugfreyjufélags Íslands að vaktaálag verði greitt á laun flugfreyja til samræmis við þann hátt sem hafður er á slíkum greiðslum almennt á vinnumarkaðinum. Af hálfu Flugleiða er fullyrt að slíkar greiðslur séu inntar af hendi af félaginu og vaktaálagsgreiðslurnar innifaldar í launum flugfreyja, en þær vísa þeirri fullyrðingu hins vegar á bug og benda á að kröfur þeirra um slíkar greiðslur verði að vera innifaldar eigi að samræma laun flugfreyja launagreiðslum til annarra aðila í þjóðfélaginu, eins og rætt hefur verið um. Þannig er ágreiningur milli þessara aðila um flestöll málsatvik, bæði um sjálf efnisatriðin annars vegar og um mat á ágreiningsefnunum hins vegar. Það liggur aðeins fyrir nú að mikið og stórt djúp er staðfest á milli deiluaðila og engar hugmyndir eru nú uppi um efnislega lausn. Sáttatillaga var t.d. ekki gerð og mun það hafa verið samdóma álit beggja deiluaðila að það væri ekki efni til þess að slík tillaga yrði lögð fram.

Ég hef hér aðeins lýst nokkrum ágreiningsatriðum þessara aðila og á þeim stutta tíma sem Alþingi hefur haft til að fjalla um málið er ógerningur að meta eða taka efnislega afstöðu til þessara ágreiningsatriða. Vandamálið sem Alþingi horfist í augu við er að leita að þeim farvegi sem hægt sé að fella deilumál þetta í þannig að lausn geti fundist á grundvelli mats á ágreiningsefnunum og með hliðsjón af þeim launabreytingum sem orðið hafa í landinu og þá einkum þeim launabreytingum sem orðið hafa hjá öðrum flugliðum hjá Flugleiðum og ágreiningur er um hverjar séu. Auðvitað er ljóst að fáir kostir eru góðir í þeim efnum þegar svo er komið að verkfall er hafið. Engar sérstakar hugmyndir virðast vera uppi hjá deiluaðilum sjálfum um hugsanlega lausn á málinu og sáttasemjari, meðalgöngumaður deiluaðilanna, hefur ekki treyst sér til að gera neina sáttatillögu vegna þess hve mikið skilur á milli aðila í deilunni.

Um n.k. áramót verða kjarasamningar almennt lausir og kemur þá til kasta flestallra aðila vinnumarkaðarins að móta stefnu í launamálum í samningum, stefnu sem nauðsyn ber til að verði samræmd af hálfu bæði verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda. Langæskilegt er því að sem allra flestir aðilar á vinnumarkaðinum hafi þá samninga sína lausa og geti mótað launastefnuna þannig að samræmi geti orðið í mótun launastefnu í landinu fyrir allar stéttir og alla starfshópa. Er þetta ekki síst mikilvægt fyrir lægst launaða fólkið sem allir segjast vera sammála um að beri að standa sérstakan vörð um. Út frá því sjónarmiði einu saman er bæði æskilegt og nauðsynlegt að launaákvarðanir fyrir sem flesta starfshópa geti þá farið saman.

Eins og málin standa nú í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., þar sem engin hugmynd virðist vera til um efnislega lausn, getur þingflokkur Alþfl. eftir atvikum fallist á að óhjákvæmilegt sé að fresta aðgerðum til n.k. áramóta þegar almenn stefnumótun í kjaramálum skal hvort eð er fram fara og að hlutlausum gerðardómi verði falið að leggja vandað og hlutlægt mat á ágreiningsefni deiluaðila og fella bráðabirgðaúrskurð sem gildi þangað til almenn launastefnumótun fer fram í landinu og tryggi flugfreyjum ótvírætt sambærilegar launahækkanir og aðrir starfshópar hafa þegar fengið og einkum og sérstaklega aðrir flugliðar hjá Flugleiðum eins og sérstaklega er tekið fram í frv. Þannig verði flugfreyjum tryggðar sambærilegar kjarabætur og aðrir hafa fengið uns launþegar og vinnuveitendur þurfa í viðræðum eftir örfáar vikur að marka sameiginlega og samræmda heildarlaunastefnu fyrir hinar ýmsu stéttir og starfshópa. Þingflokkur Alþfl. hefur því ákveðið að styðja frv. með þessum rökstuðningi sem óhjákvæmilega bráðabirgðalausn á djúpstæðu ágreiningsefni, sem engin hugmynd um lausn finnst á hjá deiluaðilum né sáttasemjara, og legg ég því til að frv. verði samþykkt.

Ég skal taka það sérstaklega fram að ekki var um þessa afstöðu samstaða í þingflokki Alþfl. Þetta var hins vegar meirihlutaálit þar, en Jóhanna Sigurðardóttir hefur, eins og fram hefur komið, aðra afstöðu en ég hér lýsi.

Þetta er síður en svo í fyrsta skipti sem slíkt neyðarúrræði hefur verið tekið í kjaradeilum flugliða. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að allir eldri stjórnmálaflokkarnir, sem eiga sæti á þingi, hafa átt hlut að slíkum aðgerðum sem m.a. voru ráðgerðar af samsteypustjórn Alþfl., Framsfl. og Alþb. á árunum 1978—1979 og þá nutu þær aðgerðir stuðnings þm. allra þeirra flokka.

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að hér er Alþingi ekki beðið að fella efnislegan úrskurð. Hér liggur ekki fyrir tillaga um lögfestingu á sáttatillögu. Hér liggur heldur ekki fyrir tillaga um að Alþingi taki sér úrskurðarvald í málinu og gerist sá gerðardómur sem frv. gerir ráð fyrir að skipaður verði. Eina úrlausnarefni Alþingis er því ekki á þessu stigi málsins að fella neinn efnislegan úrskurð, hvorki um réttmæti né sanngirni launakrafna flugfreyja né heldur neinn efnislegan úrskurð á mati aðila, hvort heldur á kröfunum eða á þeim tilboðum sem fram hafa verið sett. Aðeins er leitað til Alþingis þegar svo er komið að vinnustöðvun er hafin og allir málsaðilar, bæði deiluaðilarnir tveir og meðalgönguaðilinn sem er sáttasemjari, eru um það sammála að það verði ekki séð að nein samningslausn sé finnanleg á málinu eins og nú standa sakir. Það er aðeins þetta vandamál sem fyrir Alþingi liggur en ekki efnislegur úrskurður í þessu deilumáli. Og þegar jafnframt er horft til þess að eftir aðeins örfáar vikur munu flestallir launþegar landsins og vinnuveitendur þeirra taka við því verkefni að reyna að móta launastefnu, sem væntanlega verður mótuð og vonandi af þessum aðilum þannig að eitthvert eðlilegt samræmi komist í launapólitíkina í landinu, er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að Alþingi grípi til þess ráðs, sem hér er lagt til, að fresta lausn þessa sérstaka deiluefnis þannig að lausn þess geti farið saman við mótun heildarstefnu launamála hjá öðrum stéttum í landinu og geri það með þeim hætti að fela óhlutdrægum gerðardómi að úrskurða á meðan um launakjör flugfreyja til samræmis við það sem þegar hefur verið samið um við aðrar stéttir í landinu, þar á meðal við aðra flugliða hjá Flugleiðum.

Rætt hefur verið um að nauðsynlegt sé að fá mat óhlutdrægra aðila bæði á kröfunum og tilboðum o.fl. Ef það væri hlutverk Alþingis að fella efnislegan úrskurð í því máli væri það að sjálfsögðu skylda Alþingis að kalla til slíkan óvilhallan úrskurðaraðila. En nú er það ekki hlutverk Alþingis að fella þennan efnislega úrskurð, heldur gerðardóms sem skipa skal óvilhöllum aðilum, og að sjálfsögðu mun sá gerðardómur kalla eftir öllum þeim upplýsingum sem hér hefur verið rætt um að

nauðsynlegt sé að fyrir liggi áður en afstaða er tekin og ég vil ítreka að sjálfsögðu að nauðsynlegt er að tekin verði.

Það er aðeins eitt atriði að lokum, herra forseti, sem ég vil vekja athygli á og það er að í 1. gr. frv. þessa er svo mælt fyrir að kjaradómurinn, sem Hæstiréttur eigi að tilnefna, á aðeins að fjalla um þann þátt í kjarasamningi Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. sem lýtur beinlínis að kaup- og kjaramálum. Í slíkum kjarasamningum eru að sjálfsögðu ýmis önnur atriði, m.a. ákvæði um uppsagnarfrest og ákvæði um hvernig að verkfallsboðun skuli standa. Frv. tekur, auk þess að fela kjaradómi að ákveða kaup og kjör, einnig til uppsagnarfrestsins á þessum kjaraliðum, en frv. breytir í engu þeim ákvæðum sem fylgt hefur verið og fullnægt hefur verið um sjálfa verkfallsboðunina, þannig að þegar ákvæði þessa frv. falla úr gildi um n.k. áramót eins og lagt er til í frv., síðustu grein þess, stendur verkfallið óhaggað sem verið er að fresta með þessu frv. Það er mitt álit að þá þurfi ekki að koma til ný verkfallsboðun, ný fundarboðun og ný verkfallssamþykkt því að þeirri röð og þeirri reglu og þeim ákvæðum samninga breytir þetta frv. ekki. Menn skulu því gera sér fulla grein fyrir því, eins og frá frv. er gengið, að á miðnætti þann 1. janúar árið 1986 tekur gild verkfallsboðun Flugfreyjufélagsins aftur gildi án þess að til nýrrar ákvörðunar þurfi að koma um verkfallsboðun o.s.frv. Þetta er e.t.v. algert aukaatriði í þessu máli því að verkfallsboðunarfrestur er ekki nema ein vika og eins og gengið er frá frv. geta flugfreyjur út af fyrir sig haft nægan tíma til að endurboða verkfallið ef þurfa þykir. En það er mín skoðun að verkfallið standi, þó svo því sé frestað, fram til þess tíma og eigi ekki til verkfalls að koma á miðnætti þann 1. janúar n.k. þurfi Flugfreyjufélagið með eðlilegum hætti að aflýsa því verkfalli.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 2. minni hl. hv. samgn., en áður en ég les það nefndarálit vil ég fara nokkrum orðum almennt um það mál sem hér er til umfjöllunar. Ætli ég víki þá ekki fyrst nokkrum orðum að niðurstöðu meiri hluta þingflokks Alþfl. í þessu máli, þeirri endemis magalendingu sem hér hefur verið gerð grein fyrir af hv. síðasta ræðumanni. Verð ég nú að segja alveg eins og er, herra forseti, að öðruvísi mér áður brá á þeim bæ, þeim flokki sem kennir sig við alþýðu þessa lands. Slík er sú afstaða sem fólst í niðurstöðu meiri hluta þingflokks Alþfl. og birtist í téðu nál. 1. minni hl.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson getur út af fyrir sig haldið eins langar ræður hér og hann kjósa vill um það að þetta mál snúist ekki beint sem kjaraatriði, en fram hjá hinu kemst hann ekki að hér er tekist á um ákveðin grundvallaratriði, þ.e. íhlutun í frjálsan samningsrétt og verkfallsrétt aðila vinnumarkaðarins. Slík íhlutun á hér að fara fram og það þegar á fyrsta degi vinnustöðvunar og það er sú spurning sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði átt að svara, og hefði ekki þurft jafnlanga ræðu til eins og hann kaus að viðhafa mörg orð um aðra hluti sem ekki koma þessu máli beint við.

Einnig er vert að íhuga, herra forseti, það andrúmsloft sem samningar hljóta að fara fram við í því fyrirtæki sem hér á í hlut, þ.e. Flugleiðum, þegar það gerist trekk í trekk að gripið er inn í samninga fyrirtækisins við starfsfólk þar með þeim hætti sem raun ber vitni. Það kom fram í viðræðum samgn. við deiluaðila að ordrómur hefði verið á kreiki um að til lagasetningar kynni að verða gripið ef ekki gengi saman með deiluaðilum fyrir einhvern tilskilinn tíma, og ekki munu þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð eða stendur til að viðhafa í nótt, herra forseti, draga úr því að um slíkt verði að ræða í framtíðinni ef af verður. Þar með hafa auðvitað þessi vinnubrögð fordæmisgildi sem ljóst má vera og það væri gaman að spyrja formann Alþfl., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að því hvort í afstöðu Alþfl. nú felist einnig fordæmisgildi og væntanleg viðbrögð hans í hliðstæðum deilum í framtíðinni. T.d. ef Bandalag starfsmanna ríkis og bæja lendir í kjaradeilum og þannig stendur á að Alþýðusamband Íslands er ekki alveg samferða, má þá vænta þess með sama rökstuðningi og hv. frsm. 1. minni hl. hafði hér áðan, að Alþfl. geti stutt lagasetningu þegar, jafnvel áður en til vinnustöðvunar er komið, til þess að allir geta orðið samferða? Ræðuhöld hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um að það væri réttlætanlegt, m.a. vegna þess að samningar væru lausir um áramót, að grípa hér til lagasetningar eru að mínu mati markleysa og bull, m.a. vegna þess að flugfreyjur eru ekki eingöngu að reyna að ná hér fram leiðréttingu almennra kjara sinna heldur eru þær einnig með sérkröfur á ferðinni, sína sérsamninga. Og ef þeirra verkfallsvopn er frá þeim tekið þegar í upphafi vinnudeilunnar, hvenær eiga þær þá að ná fram leiðréttingu á sínum sérmálum? Það kom fram í viðræðum, sömuleiðis í samgn., að þær eru að fara fram á viðurkenningu í launum vegna breytinga sem orðið hafa á þeirra störfum um borð í flugvélunum vegna breyttra vinnuaðstæðna, vegna þess að fyrirtækið hefur tekið upp breytta farrýmaskiptingu í flugvélum og vegna þess að áform eru uppi um að taka upp sölu um borð, sem bætist þá ofan á þá vinnu flugfreyjanna sem fyrir er. Þetta eru að sjálfsögðu hlutir sem hljóta að flokkast undir sérkröfur þessarar stéttar, breytingar á hennar vinnuaðstæðum, og verður að mínu viti ekki rökstutt með því að þær skuli fylgja öðrum alfarið í öðrum kjarasamningum að þessu leyti.

Það hefur einnig komið fram, herra forseti, að mismunandi mat er uppi á kröfum og aðdraganda þessarar vinnudeilu. Ég fór fram á það í samgn. að þm. gæfist að minnsta kosti eitthvert tóm til að leggja á það mat hversu mikið bæri þarna í milli. Það kom nefnilega fram að allar upplýsingar, sem stuðst hefur verið við í þessu máli hingað til um gildi þessara krafna, um tilboð Flugleiða, eru beint frá fyrirtækinu sjálfu komnar. Enginn óháður aðili hefur lagt mat á þessar upplýsingar. Það hefur þegar verið gagnrýnt hvernig fjölmiðlar hafa fjallað um þetta mál þannig að það er í hæsta máta óeðlilegt að mínu mati að þm. sé ætlað að afgreiða þetta án þess að fá nokkurn óháðan aðila til að leggja þarna dóm á. Það ætti ekki að hafa tekið aðila, t.d. hjá Þjóðhagsstofnun, langan tíma að leggja á þetta eitthvert bráðabirgðamat og það hefði að mínu viti hjálpað þm. til að leggja á það mat hvers eðlis þessi vinnudeila hefði verið.

Herra forseti. Undir álit 2. minni hl. samgn. skrifar ásamt mér hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og það nefndarálit hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Það hlýtur að teljast mjög óæskilegt að ríkisvaldið grípi inn í samningagerð aðila vinnumarkaðarins og slík

afskipti þarf að rökstyðja mjög vel. Ekki verður með nokkrum rétti sagt að sýnt hafi verið fram á að slík aðgerð hafi verið óhjákvæmileg í þessu tilviki. Alvarlegust er sú aðför að frjálsum samnings- og verkfallsrétti sem felst í þessari íhlutun stjórnvalda nú þegar á fyrsta degi vinnustöðvunar. Þar sem það er mat undirritaðra að alls ekki hafi verið reynt sem skyldi að komast að samkomulagi eftir eðlilegum leiðum erum við andvíg þessu frv. og leggjum til að það verði fellt."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, gátu ekki orðið öllu fleiri tímans vegna, en ég vil að lokum segja að í afstöðu flokka til þessa máls birtast skringilegir hlutir. Ég hef áður vikið að hinu nýja andliti Alþfl. og þá væntanlega stefnu hins nýlega kjörna formanns þess flokks, hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, og það væri fróðlegt að fá að heyra það frá þessum hv. þm. að vestan hvort hér birtist ný afstaða Alþfl. til frjáls samningsréttar og verkfallsréttar í landinu. En það væri einnig fróðlegt að fá að heyra frá öðrum hv. þm., 1. þm. Suðurl., sem einnig var kjörinn formaður í stjórnmálaflokki um svipað leyti, hvort það er flokkur hinna frjálsu samninga, Sjálfstæðisflokkurinn, sem birtist okkur í þessari lagasetningu á fyrsta degi þessarar vinnustöðvunar. Það er eins og mig reki minni til þess að sá hv. þm. hafi stundum haldið hér ræður um nauðsyn þess að aðilar vinnumarkaðarins beri sjálfir ábyrgð á samningum um kaup og kjör og einhvern tíma var hann í störfum sem eitthvað tengdust þessum málum. Hann hefur þagað þunnu hljóði, þessi hv. þm., og nú er hann hæstv. fjmrh. Ég biðst innilega forláts, herra forseti. Þetta var ekki illa meint. Mér förlaðist hrapallega. Ég er auðvitað að tala við núverandi hæstv. fjmrh. þjóðarinnar. Þeim mun meiri væri nú vigt hans ef hann kæmi hér upp og lýsti áliti sínu á þessu máli.

Það er sem sagt sérkennilegt að þeir skuli ná saman, þessir viðreisnarflokkar, í einu hjónabandi, að undanteknum auðvitað hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, hverrar afstöðu ég met mikils og virði og hefði talið manndómsbrag að því fyrir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og hans flokksbræður sem eru karlkyns að fylgja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að málum í þessu efni.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það verður ekki sagt að það hafi tekið langan tíma fyrir hv. samgn. að fjalla um þetta mál. Nákvæmlega einn og hálfan tíma tók það nefndina eða meiri hluta hennar að gera tillögu um að svipta eina láglaunastéttina nánast samningsrétti, taka það úr höndum flugfreyja sjálfra að semja um kaup og kjör þrátt fyrir að raunverulegar samningsviðræður hafi aðeins staðið yfir í mjög stuttan tíma milli deiluaðila. Raunverulegar samningsviðræður hefjast ekki fyrr en fyrir tæpum mánuði þrátt fyrir að kröfur flugfreyja hafi legið á borði Flugleiða síðan í byrjun júlí. Hæstv. núverandi samgrh. lá ekki svona mikið á að setja lög þegar kjaradeilur voru uppi hjá sjómönnum á árinu 1977, en þá var núverandi samgrh. sjútvrh. Það virðist ekki vera sama hver láglaunastéttin er, kjaradeila í hefðbundinni karlastétt eða hefðbundinni kvennastarfsgrein. Hinn 20. apríl 1977, þegar umræða varð um brbl. sem gefin voru út 6. sept. 1976 vegna kjaradeilu sjómanna, hafði hæstv. þáverandi sjútvrh. þetta að segja um þá kjaradeilu, með leyfi forseta:

„Ég sagði við 1. umr. þessa máls í lok umræðunnar að ég vildi upplýsa það að nokkru fyrir þinglok var mikill þrýstingur á mig og ríkisstjórnina að flytja á Alþingi frv. til lausnar þessu máli", sagði hæstv. sjútvrh. um kjaradeiluna sem þá var uppi. Og áfram heldur fyrrv. sjútvrh.: „Ég vil aðeins bæta því við að þrátt fyrir þann þrýsting sem á mig var lagður á s.l. vori vildi ég alls ekki leggja fyrir Alþingi frv. til lausnar á þessu kjaramáli. Ég vildi láta reyna frekar á samningsleiðina", sagði hæstv. fyrrv. sjútvrh. þá um þá deilu sem var uppi.

Ég spyr: Hvað nú, hæstv. samgrh.? Vill hæstv. samgrh., sem ég hélt að væri málsvari frjálsra samninga,— ég sé að hæstv. samgrh. situr þarna og það er ágætt — ég spyr hann, sem telur sig vera málsvara frjálsra samninga, a.m.k. tala sjálfstæðismenn þannig þegar þeim hentar: Vill hann ekki í þessu máli láta reyna til þrautar á samningsleiðina?

Nú lætur hæstv. samgrh. sér nægja að segja í greinargerð með þessu frv. að um hríð hafi verið fjallað um málið. Af hverju gerir hæstv. ráðh. með þessum hætti upp á milli stétta í landinu? Af hverju má ekki reyna áfram á samningsleiðina? Af hverju á að meðhöndla láglaunastétt eins og flugfreyjur með þessum hætti þegar samningsviðræður hafa aðeins staðið í tæpan mánuð, sem þó má segja að aldrei hafi verið raunverulegar samningsviðræður vegna þess að Flugleiðamenn gátu treyst á það eins og vanalega að ríkisstjórnin hlypi til og setti lög á flugfreyjur,— af hverju mátti ekki reyna á það lengur að freistað yrði að ná lausn með frjálsum samningum í þessu máli? Það er auðvitað óþolandi að flugfreyjur þurfi að búa við slíkar aðstæður að Flugleiðamenn geti treyst á að hlaupa til ríkisstjórnarinnar og biðja um lagasetningu þegar þeim hentar.

Rök ráðherrans í greinargerðinni með þessu frv. eru að hann sé að vernda hagsmuni ákveðinna aðila, talar um ferðamenn sem þurfi að breyta ferðaáætlunum og að kjaradeilan skerði traust á íslensku áætlunarflugi. Hann minnist ekki orði á hagsmuni flugfreyja í sinni ræðu eða greinargerð með þessu frv. Hagsmunir ferðamanna og Flugleiða virðast aðalatriðið. Og ég spyr: Er það flugfreyjum að kenna að þessi kjaradeila skerðir traust á íslensku áætlunarflugi? Nei, auðvitað ekki ef grannt er skoðað. Flugfreyjur hafa í allt sumar verið tilbúnar til viðræðna við Flugleiðamenn. Þeir töldu sig bara ekkert hafa við flugfreyjur að ræða og sögðu örugglega sem svo í sínum hópi: Við löbbum okkur bara upp í Arnarhvol og biðjum um lög á flugfreyjurnar ef þær haga sér ekki eins og við viljum.

Málið er einfalt. Ef traust á íslensku áætlunarflugi skerðist við þessa kjaradeilu geta Flugleiðamenn fyrst og fremst kennt sjálfum sér um.

Ég tel, herra forseti, að óeðlilegt sé vegna þessa frv., sem þm. er greinilega ætlað að taka afstöðu til og efalaust verður lögfest, ef stjórnarflokkarnir ná fram vilja sínum, nú á næstu klukkustundum, að afstaða sé tekin til þessa máls án þess að þm. fái að kynna sér öll málsatvik. Því tel ég nauðsynlegt að rifja upp með nokkrum orðum frv. sem flutt var á Alþingi á síðasta þingi og þinginu þar áður um að endurmat fari fram á störfum láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Því frv. hefur vissulega ekki verið vel tekið hér á hv. Alþingi, en ég sé að það er nauðsynlegt að rifja upp fyrir þm. nokkrar staðreyndir sem snerta það að endurmat fari fram á störfum og kjörum láglaunahópanna í þjóðfélaginu, að endurmat fari fram á störfum flugfreyja til að mynda.

Það var árið 1983 að fyrst var lagt fram á Alþingi frv. til laga um endurmat á störfum láglaunahópa. Flm. ásamt mér voru hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristín S. Kvaran og Kristín Halldórsdóttir. Ég tel ástæðu til að rifja upp um hvað þetta frv. fjallaði.

Markmið þess var að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Félmrh. átti að skipa nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati sem nefna átti láglaunanefnd. Nefndin gat kvatt sér til ráðuneytis fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, s.s. frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka annarra aðila ef þörf væri á. Hún hafði einnig heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir og hafa aðgang að gögnum opnberra stofnana sem nauðsynlegar eru að hennar mati. Og ég bið hv. þm. að taka eftir því hver voru verkefni þessarar nefndar.

Það var að upplýsa hvernig raunveruleg tekjuskipting og launakjör væru innan starfsgreina og milli þeirra og virðist ekki veita af. Í öðru lagi var verkefni þessarar nefndar að skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipa slíka hópa. Í þriðja lagi að gera könnun á því og meta hvort og þá hvers vegna láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, væru metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðnum. Samanburð átti annars vegar að gera á störfum ófaglærðra láglaunahópa og hins vegar faglærðra. Við mat á láglaunastörfum átti að athuga sérstaklega hvort starfsreynsla og heimilisstörf væru eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðnum væri að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnun, uppeldismál, matargerð, þvotta, ræstingu, þjónustu, fatasaum og þess háttar. Það átti að leggja til grundvallar í starfsmati þætti eins og ábyrgð á jafnt mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhættu, þ.m.t. vegna atvinnusjúkdóma, menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, hæfni, óþrifnað, erfiði og aðra þætti sem áhrif hafa á kaup og kjör. Og eitt er víst, herra forseti, að þessir þættir, sem kannske skipta láglaunafólk mestu máli, eru sjaldnast lagðir til grundvallar við ákvörðun um kaup og kjör láglaunahópanna. Í fjórða lagi átti að meta hlutdeild láglaunahópa í tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og hvort hún væri óeðlilega lág miðað við vinnuframlag þeirra. Það átti að taka sérstakt tillit til hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í starfsmati og launakjörum á vinnumarkaðnum. Við þennan samanburð átti að taka með yfirborganir og alla aðra kaupauka og kjaraþætti sem áhrif hafa í hverri starfsgrein á dagvinnutekjur annars vegar og heildarlaunatekjur hins vegar. Skyldi hlutur kvenna í tekjuskiptingunni sérstaklega athugaður. Gera átti sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almenna vinnumarkaðnum hins vegar.

Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu sem innlegg í þessa umræðu að rifja upp þau rök sem lágu að baki þessum frumvarpsflutningi og fram komu í greinargerð með frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að lögfest verði tímabundið skipan láglaunanefndar sem hafi það verkefni að framkvæma hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Hlutlaus úttekt og endurmat er nauðsynlegt fyrir aðila vinnumarkaðarins til að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni. Auk þess er sú rannsókn sem hér er gerð tillaga um forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að auka tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Einnig mundi slík rannsókn leiða í ljós hvernig launamisrétti kynjanna er háttað í einstökum starfsgreinum.

Með þessu frv. er einnig stefnt að því að fá fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stjórnvöld því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir því hvaða aðferðum sé hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

Gert er ráð fyrir að að fenginni niðurstöðu nefndarinnar og reynslu af störfum hennar taki Alþingi ákvörðun um hvort rétt sé að lögfesta áfram í einum eða öðrum búningi skipulegar vinnu- eða kjararannsóknir á vegum framkvæmdavaldsins. Eðlilegt verður að telja að slíkar rannsóknir séu stöðugt í gangi til þess að hægt sé að glöggva sig á því hvernig tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er háttað hverju sinni. Í því sambandi má benda á að eitt af verksviðum félmrn., sem fer með vinnumarkaðsmál, er að hafa á hendi kjararannsóknir samkvæmt reglugerð um stjórnarráð nr. 96/1969.

Segja má að þar sem frv. þetta fjallar að meginefni til um skipan nefndar sem hafi tímabundin ákveðin verkefni væri eðlilegra að flytja um það þáltill. En á Alþingi hefur þegar verið flutt till. til þál. um að framkvæmdavaldið skuli láta fara fram kjararannsóknir og úttekt á launakjörum í þjóðfélaginu."

Herra forseti. Ég sé ástæðu til í tilefni af því sem ég var að enda við að segja, að hér hafi verið samþykkt tillaga á Alþingi um að það fari fram úttekt á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, að formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., verði viðstaddur þessa umræðu og mun ég gera hlé á máli mínu. (**Forseti:** Það verður gerður reki að því að hæstv. fjmrh. verði hér viðstaddur.)

Ég sé að hæstv. fjmrh. heiðrar okkur með nærveru sinni. Ég vil rifja það upp, af því að hæstv. fjmrh. var ekki hér áðan, að ég var að greina frá rökum sem lágu að baki því að flutt var hér frv. til laga um endurmat á störfum láglaunahópanna og lét þess getið að rökin sem á bak við það voru voru til að mynda þau að á Alþingi var 28. apríl 1980 samþykkt þáltill. um að úttekt skyldi gerð á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Ég minnist þess nefnilega að á síðasta þingi datt hæstv. núverandi fjmrh., formanni Sjálfstfl., í hug að rétt væri að setja á laggirnar nefnd sem gera átti úttekt á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Áður en þingi var slitið í júní á þessu ári var síðan skipuð umrædd nefnd og öllum stjórnarflokkum og stjórnarandstöðuflokkum boðið að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefnd ásamt fleiri aðilum sem var gefinn kostur á slíku, en þessi ráðgjafarnefnd átti að starfa við hlið nefndarinnar. Ég var skipuð fulltrúi míns flokks í þessa nefnd á liðnu sumri, en ég hef aldrei verið boðuð á fund í þessari nefnd sem formaður Sjálfstfl. og núverandi fjmrh. taldi svo brýnt að skipa og taldi að mikið lægi við að úttekt færi fram á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh., og óska svara við því áður en þessari

umræðu lýkur, hvort hann geti upplýst þingheim um störf þessarar nefndar, ekki síst af því að það er alltaf að koma betur og betur í ljós hvaða óréttlæti þrífst hér í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og hve launamismunur milli kynjanna er mikill. Launakjör flugfreyja eru ein staðfesting á því og því hlýtur að vera brýnt að hraða störfum þessarar nefndar eins og kostur er. Það gefur ekki tilefni til þess að ætla að hratt verði unnið í þessari nefnd þegar ekki hefur verið talin ástæða til frá því snemma í sumar að kalla til þessa ráðgjafarnefnd. Því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Ég mun nú halda áfram að gera grein fyrir þeim rökstuðningi sem þarna lá að baki að fram færi endurmat á störfum láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Það er nefnilega ljóst að þrátt fyrir þessa viljayfirlýsingu löggjafarvaldsins, sem í ályktun Alþingis fólst, hefur ekkert verið aðhafst til að koma henni í framkvæmd. Þessi ályktun, sem samþykkt var á Alþingi, hefur verið ítrekuð hér með fyrirspurn til félmrh. um hvað liði framkvæmd hennar, en allt hefur komið fyrir ekki. Einnig má benda á að á 104. löggjafarþingi flutti til að mynda Guðrún Helgadóttir alþm. þáltill. um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk í ríkisbönkunum, en sú till. náði ekki heldur fram að ganga. Því var rökstuðningurinn á bak við flutning þessa frv. að lögbinda þyrfti að kjararannsóknir og endurmat, sem lagt var til í ályktuninni, yrði framkvæmt. Valin var sú leið í þessu frv. að taka fyrir sérstaklega kjör láglaunahópanna og sérfróðum aðilum falin rannsókn og endurmat á störfum og kjörum þessara hópa. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að fá fram mat sérfróðra aðila á því hvort störf láglaunahópanna, og þá ekki síst hefðbundin kvennastörf í þjóðfélaginu, væru óeðlilega lágt metin miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Sérstaklega átti að athuga hvort nægilegt tillit væri tekið til ýmissa krefjandi eðlisþátta í vinnuframlagi láglaunahópanna í ákvörðun á kauptöxtum og í flokkaröðun.

Í rökstuðningi með frv. var því einnig haldið fram að nauðsynlegt væri að fá fram samanburð og mat á því hvort ekki hafi þróast hér óeðlilegt tekjubil milli starfsstétta í þjóðfélaginu, þ.e. hvort launakjör einstakra hálaunastétta eða hærra launaðra stétta í þjóðfélaginu séu í eðlilegu samræmi við kjör láglaunahópanna og vinnuframlag þeirra til þjóðarbúsins. Einnig var lagt til að fá fram samanburð á launum og öðrum kjörum ríkisstarfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði. Þó að það hafi ekki verið sett á verkefnaskrá þessarar nefndar kom fram í grg. með frv. að æskilegt væri, væri þess kostur, að fá fram hver þróunin hefur verið í tekjuskiptingunni almennt og milli kynja á undanförnum árum, til að mynda á tíu ára tímabili.

Flm. þessa frv. var vissulega ljóst að það mat og sú rannsókn, sem frv. felur í sér á störfum láglaunahópanna, var langt frá því að vera auðvelt í framkvæmd. Það var engu að síður skoðun flm. að hér væri um knýjandi og brýnt viðfangsefni að ræða og stjórnvöldum bæri skylda til að sjá svo um að þessi tilraun væri gerð og hlutlausir aðilar með þekkingu á vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati væru fengnir til starfans.

Með þessu frv. var á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins enda til þess ætlast að þeir yrðu kallaðir til ráðuneytis um slíka rannsókn. Flm. voru þeirrar skoðunar að slík rannsókn væri bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún væri í höndum sérfróðra aðila sem betri aðstöðu hefðu til að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri slík nefnd skipuð aðilum vinnumarkaðarins væri viss hætta á að hver færi að toga í sinn spotta og ekki fengjust hlutlægar niðurstöður úr slíkri rannsókn ef niðurstaða fengist þá yfirleitt.

Á annað var einnig bent í þessum rökstuðningi. Áratugum saman hefur verið um það deilt hvaða hópar í þjóðfélaginu séu láglaunahópar og lágtekjuhópar. Hefði eining tekist um það milli aðila vinnumarkaðarins lægi sú skilgreining fyrir og þá væri auðveldara að ákveða hvaða aðferðum hægt væri að beita til að hækka laun og tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Ein ástæða þess að slík skilgreining hefur ekki fengist er að ekki hefur verið kannað ítarlega í öllum starfsgreinum hvað yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir utan hins eiginlega kauptaxta eru ákvarðandi hluti dagvinnutekna eða heildarlaunatekna í einstökum starfsgreinum.

Í frv. var nefndinni ekki sett nein viðmiðun í starfi sínu um hvernig eða með hvaða hætti hún skyldi skilgreina láglaunahópana enda eðlilegra að viðmiðunarmörk séu í höndum sérfróðra aðila.

Á það var bent, herra forseti, í þessum rökum með grg. að um væri að ræða erfitt, viðkvæmt og vandasamt verkefni, en engu að síður væri það orðið knýjandi og brýnt að í það væri ráðist. Var á það bent að ef vel tækist til hjá nefndinni gæti niðurstaða hennar orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf. Auk þess hefði niðurstaða nefndarinnar mikið upplýsingagildi og gæti verið leiðbeinandi við gerð kjarasamninga og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta kjör hinna lægst launuðu.

Þegar mál þetta kom á dagskrá þessarar hv. deildar hélt ég um það mjög ítarlega framsöguræðu og benti á tvö sláandi dæmi um það hvernig kjör og aðbúnaður sumra er í þjóðfélaginu. Ég tel rétt, þegar við erum að fjalla hér um kjaramál, launakjör, að rifja upp þessi dæmi sem ég nefndi í minni framsöguræðu á sínum tíma. Vil ég fá að vitna í hana, með leyfi forseta:

„Við höfum það fyrir okkur víðs vegar í þjóðfélaginu hve hrikalegur munur er á lífskjörum og fjárhagslegri aðstöðu manna. Ég get nefnt dæmi af Dagsbrúnarmanninum sem kom að máli við forustumenn Dagsbrúnar og spurði þá hvort þeir gerðu sér ekki grein fyrir því hvað væri að gerast í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og um leið hvernig þeir ætluðu Dagsbrúnarverkamanni að lifa af þeim 60 kr. á tímann sem þeir semdu um fyrir þá. Hann sagðist vinna myrkranna á milli til að eiga fyrir allra brýnustu framfærslu heimilisins, en það dygði hvergi til og svo mikill væri vinnuþrældómurinn að allt eðlilegt fjölskyldulíf færi forgörðum. Hann átti enga orku til að sinna börnum og heimili að loknu dagsverki. Hann tók samanburð og sagðist vinna þessa dagana við að koma upp vestur á Seltjarnarnesi nuddpotti sem vantaði við hlið sundlaugar sem fyrir var úti í garði hjá einum af mörgum velmegunarpostulum þjóðfélagsins. Hann svimaði hreinlega þegar hann kom inn í híbýli þessa manns þar sem allt var í marmara, kristal og harðviði. Hvernig er tekjuskiptingu þessa þjóðfélags eiginlega háttað? spurði hann. Hvað

ætlið þið okkur verkamönnunum eiginlega með þessum sultarlaunum sem þið semjið um fyrir okkur, spurði hann forustumann í sínu verkalýðsfélagi, sem hvorki duga til þess að við getum klætt né brauðfætt okkar fjölskyldu, þrátt fyrir mikinn vinnuþrældóm við að koma upp nuddpottum í görðum þeirra sem leyft geta sér slíkan munað vegna þess aðstöðumunar og þess fyrirkomulags tekjuskiptingar sem þjóðfélagið hefur búið þeim? Þessi maður var ekki að biðja um nuddpott. Hann var aðeins að biðja um að eiga fyrir framfærslu og nauðþurftum sinnar fjölskyldu.

Ég skal taka annað dæmi. Í dagblaði fyrir skömmu lýsti einstæð móðir með tvö börn því hvernig væri að framfleyta sér af kaupi sem hún hefur, en hún vinnur eitt af þessum hefðbundnu kvennastörfum. Hún lýsir því hvernig hún vann á spítala allan daginn. Hún lýsir því hvernig hún þurfti að neita sér um ýmislegt sem telja verði til nauðþurfta í mat í þjóðfélaginu, svo sem kjöt og grænmeti. Þessi einstæða móðir sagði — og vitna ég til hennar orða: „Svo segja menn að við verðum að spara.“ Og hún spyr réttilega: „Spara hvað? Þetta var of mikið fyrir mig,“ sagði hún. „Taugarnar gáfu sig í vinnunni einn daginn. Það var trúlega heppni að ég vann á spítala því að ég var lögð beint inn og var þar í hálft ár.“ Hún lýsir kjörum sínum með eftirfarandi hætti:

„Það sem ég verð að gera til að framfleyta börnunum er að standa í biðröð hjá Félagsmálastofnun og vera ein af þessum lýð sem rænir og ruplar fé af skattborgurunum. Maður getur ekki litið framan í fólk vitandi það að maður sé að éta það út á gaddinn. Þessi biðröð er ekki skemmtileg og það eru margir sem brotna þar niður. Það gerði ég líka.“

Og hún heldur áfram og segir: „Þegar hið opinbera er komið með fólk á laun við það að benda konum eins og mér á að við verðum bara að gefa börnin því að við getum þetta ekki, þá er von að mann langi til að gubba þegar maður sér þessa karla sem lifa sældarlífi og segja manni að spara og spara. Ég var oft komin á fremsta hlunn með að fara heim til ókunnugs fólks, sem ég vissi að hafði nóg, og biðja það að selja t.d. einn af bílum sínum svo að ég þyrfti ekki að gefa börnin mín.“

Við skulum taka aðra reynslusögu af einstæðri móður sem sagði eftirfarandi á ráðstefnu Sambands Alþýðuflokkskvenna um launamál: „Erfiðleikarnir hrönnuðust upp meðan ég gekk með seinna barnið. Ég hafði góða menntun til skrifstofustarfa og vann hjá einu stærsta útgerðarfélagi hér í borginni. Svo vill til að við vorum þrjú sem unnum þarna og vorum einstæðir foreldrar, tvær konur og einn karlmaður. Ef við stúlkurnar þurftum að vera heima vegna veikinda barna okkar vorum við spurðar hvort við ætluðum að vinna það af okkur eða taka launalaust leyfi. Slíkar spurningar voru aldrei lagðar fyrir karlmanninn undir sömu kringumstæðum. Og þegar ég varð að taka frí til að eignast stúlkuna, þá óskaði skrifstofustjórinn eftir því að ég kæmi ekki aftur. Stúlka með tvö börn væri ekki æskilegur starfskraftur. Því hófst þriggja mánaða leit að vinnu þegar ég kom af fæðingardeildinni. Niðurstaðan var alls staðar sú sama. Kona með tvö ung börn væri ekki starfskraftur sem þeir leituðu að. Við bættist einnig að á miðju sumri var mér sagt upp húsnæði og þegar allt um þraut fékk ég inni hjá Félagi einstæðra foreldra í Skerjafirði.“

Herra forseti. Við erum í þessum umræðum að fjalla um eina af þessum hefðbundnu kvennastarfsgreinum. Miklar umræður hafa farið fram víða í þjóðfélaginu um ástæður þess að kjör í hefðbundnum kvennastarfsgreinum eru svo léleg sem raun ber vitni. Um þetta fjallaði ég einnig þegar ég mælti fyrir þessu frv. þar sem ég benti á ákveðin rök í þessu máli sem ég tel ástæðu til að rifja hér upp, með leyfi forseta. 31. okt. 1983 kom eftirfarandi fram á Alþingi:

„Á ráðstefnu þessari, sem ég vitnaði til áðan og Samband Alþýðuflokkskvenna hélt fyrir stuttu, gerði Kristinn Karlsson félagsfræðingur því nokkur skil hvers vegna hefðbundin kvennastörf væru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu, en hann hefur staðið fyrir könnun um jafnréttismál. Hann sagði að settar hefðu verið fram kenningar um tvöfaldan vinnumarkað og aðskilinn vinnumarkað. Kristinn sagði að sér vitanlega hefðu ekki farið fram rannsóknir á vinnumarkaðinum hér á landi þar sem aðskilnaður starfa eftir kyni hefði verið athugaður. Hann sagði þó óhætt að fullyrða að skipting starfa í karla- og kvennastörf væri almenn og skýr eins og í öðrum þróuðum iðnríkjum.

Sagði hann m.a. að bandarískri hagfræðingurinn Mary Stevenson héldi því fram að í aðskilnaði starfa kynjanna á vinnumarkaðinum sé að leita stærstu skýringa á lágum launum kvenna. Stevenson beitir m.a., til að skýra hvernig aðskilnaður starfa fer fram, tilgátu sem fram kom í Englandi á 3. áratug þessarar aldar. Skv. henni er því haldið fram að aðalástæðan fyrir lágum launum kvenna sé að þeim sé beint í mjög takmarkaðan fjölda starfa og þeim sé í raun meinaður aðgangur að öllum öðrum störfum. Vegna þess að konur séu í samkeppni um þessi fáu störf, sem þær eru taldar hæfar til að gegna, sé launum þeirra haldið niðri. Mun fjölbreyttara úrval starfa tilheyrir körlum. Þeir eru verndaðir fyrir samkeppni um störf við vinnandi konur.

Kristinn Karlsson sagði á ráðstefnunni að Mary Stevenson segði að þótt krafan um sömu laun fyrir sömu vinnu sé mikilvæg snerti hún ekki nema lítinn flöt á miklu stærra máli sem er launamisrétti kynja í milli. Kynjaaðskilnaðurinn á vinnumarkaðinum er raunverulega vandamálið að baki hinum lágu launum kvenna. Það virðist sem hvenær sem hægt sé að einangra konur innan takmarkaðs fjölda starfa og atvinnugreina sé afleiðingin lág laun þeirra.“

Ég vitnaði til þess að það kom fram í Sviþjóð hvaða áhrif það hafði þegar sú þróun átti sér stað að karlmenn fóru að sækja meira inn í hin hefðbundnu kvennastörf. Þá breyttust launakjörin fljótlega til batnaðar. Talið var að skýringuna mætti rekja til þess að karlmenn hefðu fljótlega verið valdir inn í stjórnir félaganna og samninganefndir og þeir hefðu ekki látið bjóða sér þau kjör sem konur hefðu haft. Einnig sagði að þessu hefði verið þveröfugt farið í hefðbundnum karlastörfum sem kvenfólk fór að sækja mikið inn í. Karlmenn hefðu þá í töluverðum mæli hætt störfum og um leið hefðu launakjörin versnað. Þetta rennir líka stoðum undir að konur séu alls staðar í heiminum notaðar sem ódýrt vinnuafl þegar talið var að á árinu 1980 að konur ynnu 75% allrar vinnu í heiminum — þar er átt við launaða og ólaunaða vinnu — en þægju aðeins 10% allra launa og ættu aðeins 1% allra eigna.

Herra forseti. Nú þegar taka á samningsréttinn af flugfreyjum og meina þeim að semja um kaup sitt og

kjör er athyglisvert að minna á það sem fram kom á Alþingi 31. okt. 1983 hjá einum sjálfstæðismanni, hv. varaþm. sem þá sat inni, Guðmundi H. Garðarssyni. Hann hafði skilning á því að ekki væri rétt að leysa mál er varðaði kaup og launakjör hér inni í sölum Alþingis. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði, með leyfi forseta — og var hann þá að fjalla um það frv. sem ég hef áður vitnað til um endurmat á störfum láglaunahópanna:

„Í því frv., sem hér liggur fyrir, er komið inn á mjög stórt mál og viðkvæmt. Þess vegna er ekki alveg sama hvernig þetta mál er kynnt á Alþingi né fyrir þjóðinni. Ég verð því miður að segja að ég var ekki nægilega ánægður með það hvernig hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði þetta mál fyrir hv. Alþingi. En áður en ég vík máli mínu að því vil ég fara örfáum orðum um það sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan. Hann sagði að það væri undrunarefni að aðilar vinnumarkaðarins skuli ekki hafa upplýsingar um þetta efni, þ.e. um stöðu laglaunahópanna í landinu. Ég held að þessi ummæli ráðherrans séu á miklum misskilningi byggð eða hann hafi ekki fengið réttar upplýsingar þar sem hann leitaði þeirra, fyrir utan það að hér er um augljóst mál að ræða.

Það skiptir ekki meginmáli eða ræður úrslitum um stöðu þessa fólks hvort meiri eða minni upplýsingar liggja fyrir á pappírum eða í skýrslum vegna þess að þeir sem þekkja til þessara mála til hlítar og hafa fjallað um þau í áratugi — þar á ég við aðila vinnumarkaðarins annars vegar, verkalýðsfélögin, og hins vegar vinnuveitendur — vita hvar láglaunafólkið er að finna í landinu. Það eru ekki upplýsingar sem vantar endilega þótt ég út af fyrir sig geti mælt með því að þetta endurmat eigi sér stað sem frv. gerir ráð fyrir.

Það eru ekki upplýsingar sem vantar. Það sem vantar er að það sé réttur skilningur í íslensku þjóðfélagi á stöðu láglaunafólks og einnig stöðu þeirra manna sem þurfa að semja um kaup og kjör þessa fólks. Það eru ekki aðeins foringjar eða forustumenn verkalýðshreyfingar eða vinnuveitendur sem fjalla um þessi mál heldur ríkið sjálft. Það þarf því ekki að fara langt til að komast að raun um hvar láglaunafólkið er. Og það fer ekki eftir kyngreiningu hvort maður er láglaunamaður eða ekki.

Ég vil leyfa mér að orða það eitthvað á þessa leið: Leiðin frá þessu fólki til hv. Alþingis er of löng. Það mætti e.t.v. mæla þessa leið í árum. Þegar ég tala um að mæla þessa leið í árum mæli ég hana miðað við kosningar. Þetta mál, umhyggjan fyrir láglaunafólki, er yfirleitt alltaf ofarlega á baugi hjá stjórnmálamönnum fyrir hverjar kosningar. Hér erum við því kannske að fjalla um mál sem stjórnmálamenn vilja taka þátt í að leysa fjórða hvert ár.

Ég er þeirrar skoðunar að það séu litlar líkur á því að stöðu og afkomu láglaunafólks á Íslandi verði bjargað í sölum Alþingis. Nægir að benda á það að hér í hv. sölum Alþingis hafa kjör þessa fólks verið skert í gegnum árin og áratugi og nægir núna t.d. að geta þess að afnám samningsréttar hjálpar ekki til að skapa mönnum stöðu til að bæta afkomu launafólks."

Hæstv. félmrh. hafði vissulega skilning á þessu máli í þessari umræðu en hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég tel ástæðu til að segja hér örfá orð. Í fyrsta lagi að ég vil lýsa stuðningi við þetta frv. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem er vert að fylgja eftir með raunhæfum aðgerðum. Það er mín skoðun að slík könnun og niðurstaða hennar sé í raun lykilatriði til að hægt sé að mæta vanda þeirra þjóðfélagsþegna sem verst eru settir hverju sinni í þjóðfélaginu. Það má segja að það sé nokkurt undrunarefni eins og við höfum hér sterk samtök á vinnumarkaðinum, bæði atvinnurekenda og launþega, og stofnanir á þeirra vegum að það skuli vera svo í dag að slíkar upplýsingar eða a.m.k. verulegur hluti af þeim upplýsingum, sem hér eru nefndar, skuli ekki vera til staðar. Ég held að það sé alveg ljóst að það skortir mjög á upplýsingar um vinnumarkaðinn hér á landi og við erum langt á eftir öðrum þjóðum hvað þetta snertir, bæði hvað varðar launakjör og eins þau atvinnutækifæri sem víðs vegar eru á okkar vinnumarkaði. Ég tel mjög brýnt að setja þessi mál í fastara form. Það er raunar eitt af því sem ég varaði við þegar ég kom í félmrn. að þar er fyrir hendi sérstök deild, vinnumáladeild, sem á skv. reglugerð að hafa með þessi mál að gera, en hún hefur því miður frá því að hún varð til verið lítt skipuð starfsliði. Þar hefur aðeins verið einn starfsmaður sem hefur aðeins getað sinnt mjög einangruðu verkefni. Þessu þarf að breyta. Ég tel að það sé einn liður í þessum málum almennt að svo verði gert og það er þegar byrjað að vinna að þessu verkefni.

Ég vil þó geta þess hér að ríkisstjórnin fór fram á það við Þjóðhagsstofnun s.l. sumar að láta gera slíka úttekt eða hluta af þeirri úttekt sem hér er til umfjöllunar og að því hefur verið unnið. Það er nýlega kominn fram fyrsti hluti þessarar úttektar sem er unninn hjá ríkisskattstjóraembættinu. Þetta er fróðleg skýrsla og getur orðið verulega til bóta fyrir það verk sem slík nefnd, sem hér er verið að leggja til, mun vinna að, ekki síst þar sem framhald verður á því. En það vantar ýmislegt í okkar skattakerfi, eins og réttilega kom fram hjá hv. frsm., sem geri þessa skilgreiningu nægilega ljósa.

Ég hef velt því fyrir mér hvernig stendur á því að stofnun eins og kjararannsóknarnefnd skuli ekki geta gefið út ákveðnar upplýsingar um vinnumarkaðinn að því er varðar sérstaklega láglaunahópana í þjóðfélaginu. Ég hef leitað eftir því formlega hvers vegna, en ekki fengið viðhlítandi svör. En eins og ég sagði áður finnst mér ákaflega furðulegt að við skulum þurfa að búa við það, ef okkur vantar upplýsingar sem eru mikilvægar í því skyni að rétta kjör vinnandi fólks eða láglaunafólks í landinu, að það skuli ekki vera hægt að fá þær á fljótvirkan hátt eða með auðveldum hætti. Þessu þarf að ráða bót á og ég tel sjálfsagt að allir hljóti að vera sammála um gildi þess. Það hefur ekki svo lítið að segja, þegar menn eru sammála um að rétta hlut þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu eða verst settu, að hægt sé að ganga að ákveðnum staðreyndum sem hægt er að miða aðgerðir við.

Nú vil ég geta þess hér, fyrst ég er kominn hingað í ræðustól, að fyrrv. ríkisstjórn skipaði sérstaka nefnd til að gera könnun á stöðu einstæðra foreldra í landinu. Þessi nefnd hefur unnið mikið starf og ég hef nýverið samið um það við félagsmáladeild Háskóla Íslands að taka að sér hluta af þessari könnun í samráði við nefndina, þ.e. að safna ýmsum upplýsingum um stöðu þessa fólks."

Í lokin sagði hæstv. ráðherra: „Ég vil svo aðeins endurtaka það að ég tel að hér sé um mjög þarft mál að ræða og ástæða sé fyrir Alþingi að taka undir með flm.

og koma þessu máli á það stig sem ætlast er til með þessu frv.“

Ég tel, herra forseti, að skoðun Alþfl. hafi verið mjög skýr í þessu máli varðandi það hve brýnt væri að endurmat færi fram á störfum láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Það er skoðun Alþfl., eins og reyndar kom fram í þeirri umræðu sem varð á Alþingi um þetta frv. 9. nóv. 1983, að aðilar vinnumarkaðarins eigi að semja um kaup sín og kjör. Ég vil í þessu sambandi vitna í orð formanns Alþfl., Jóns Baldvins Hannibalssonar, en hann sagði við þá umræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„A.m.k. má á það benda að við erum að mótmæla því hér, stjórnarandstæðingar — og stjórnarliðar eru í vaxandi mæli að taka undir það með okkur — við erum að mótmæla því að verkalýðshreyfingin hafi verið svipt samningsrétti.“ En inn í umræðu um endurmat á störfum láglaunahópanna blandaðist það mál sem þá var uppi á *sínum tíma. Og áfram sagði hv. þm. Jón* Baldvin Hannibalsson:

„Við erum m.ö.o. að segja: Látið þið aðila vinnumarkaðarins um að semja um kaup og kjör um leið og vísitölukerfið er afnumið og aðstæður í þjóðfélaginu eru þannig að kjarasamningar snúast fyrst og fremst um tekjuskiptingu launþega innbyrðis og endurúthlutun á því. Við teldum alveg sjálfsagt að segja einmitt við þær kringumstæður: Nú er komið að því að verkalýðshreyfingin sem slík neyti réttar síns til frjálsra kjarasamninga til að stokka upp úrelt launakerfi, draga úr launamismun og sýna í verki að hún sé til þess bær og fær að rétta hlut láglaunafólksins í frjálsum kjarasamningum. Þetta er auðvitað sú leið sem ríkisstjórnin átti að fara. Þetta er sú leið sem við mælum með. Það er margt sem bendir til að þessari skoðun vaxi fylgi á þingi. Við vitum það ekki enn þá.“

Það liggur því alveg ótvírætt fyrir hver skilningur og vilji Alþfl. er í þessu efni.

Herra forseti. Ég gat áðan um þá ályktun sem Alþingi samþykkti fyrir 4—5 árum um að kannanir færu *fram á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.* Þrátt fyrir að þessi till. hafi verið samþykkt, að því er ég best veit, mótatkvæðalaust hér í Sþ. hefur hún enn ekki komið til framkvæmda. Þannig hundsar nú framkvæmdavaldið vilja Alþingis. Með leyfi forseta vil ég fá að lesa þá ályktun sem Alþingi samþykkti í þessu máli um nauðsyn úttektar á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu, en hún var samþykkt þannig frá hv. Alþingi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma ítarlegar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu sem mættu verða grunnur að sanngjarnari tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi. Kannanirnar skulu sérstaklega miðast við að gera grein fyrir hvort vissir hópar hafi ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags sem almennt geti talist réttmæt og skulu þannig unnar að á grundvelli þeirra megi ákveða hvaða aðferðum hægt sé að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir.

Í könnunum þessum skal m.a. hafa hliðsjón af því að upplýsa eftirtalda þætti:

1. Að fyrir liggi á einum stað, þar sem tölfræðileg tölvuúrvinnsla er möguleg, allar upplýsingar um lífskjör og kjaramál er máli skipta og nauðsynlegar eru til tölfræðilegrar greiningar hverju sinni og seinni liðir ályktunarinnar fjalla um.

2. Að framkvæma tölfræðilegan samanburð á hvers konar kjaraatriðum — í hvaða formi sem þau eru látin í té — innan og milli starfsgreina, fyrirtækja, stofnana, verkalýðsfélaga, atvinnuvega eða byggðarlaga.

3. Að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ.e. að meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t.d. a) ábyrgðar, b) áhættu, c) hæfni, d) lífaldurs, e) prófa, f) starfsaldurs, g) starfsreynslu, h) streitu, i) óþrifnaðar, j) viðhorfa, k) þekkingar, l) erfiðis og fleiri þátta sem að gagni mættu kona.

4. Að upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir.

5. Að upplýsa hvernig aldurs- og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum.

6. Að rannsaka hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir til að ná fram bættum lífskjörum í gegnum almenna kjarasamninga og á sama hátt að rannsaka hvers vegna öðrum hópum hefur tekist að ná mun betri kjörum en almennt þekkist í landinu.

7. Að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna.

8. Að athuga hvort víðar sé hægt að koma við að skaðlausu afkastahvetjandi launakerfum, t.d. hjá hinu opinbera.

9. Að leita skýringa ef um marktækan mismun er að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga, atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri.

10. Að kanna hvort brögð séu að því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum.

11. Að athuga hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, t.d. vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum.

12. Að kanna hvaða áhrif skert starfsgeta eða starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hvað ríkum mæli hún er ákvarðandi um lífskjör — þegar önnur atriði eru sambærileg.“

Hér var vissulega um mikilvægt mál að ræða sem Alþingi afgreiddi samhljóða sem ályktun þingsins þó að vissulega komi hún ekki að gagni nema framkvæmd sé. Þessari till., sem samþykkt var frá Alþingi, fylgdi eftirfarandi rökstuðningur, með leyfi forseta:

„Mikill meiri hluti efnahagslegra ákvarðana, sem teknar eru á Alþingi og í ríkisstjórn, miðar að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Slík vinnubrögð eru og í fullu samræmi við álit stórs hluta þjóðarinnar um framkvæmd á grundvallarhugmyndum um þjóðfélagslegt réttlæti.

Næg atvinna síðustu áratugi hefur útrýmt almennri fátækt. Stefnan í menntamálum hefur og valdið því að alþýðufólk hefur með aukinni menntun náð fram aukinni verðmætasköpun og þannig aukið tekjur sínar og þjóðarinnar. — Þá má og nefna breytingar sem gerðar hafa verið í skatta-, almannatrygginga- og félagsmálum sem hafa haft áhrif í þá veru að bæta stöðu vissra hópa í þjóðfélaginu, svo sem barnafjölskyldna, aldraða

og öryrkja.

Margt er þó sem bendir til þess að ekki sé nóg að gert og enn má finna hópa í þjóðfélaginu sem bæði hafa lág laun og litlar tekjur.

Hið opinbera getur bætt hér úr með aðgerðum á sviði skatta-, félags- og atvinnumála, en til þess að slíkt verði gert á sem árangursríkastan hátt þarf að liggja fyrir hver vandinn er og hvers eðlis. — Þá er ekki síður mikilvægt í þessu sambandi að um það hefur ekki verið eining á vinnumarkaðinum hverjir teljast skuli til láglaunahópa og hverjir til lágtekjuhópa. Auðvitað verður ekki úr því skorið í rannsókn sem þessari, en hins vegar ætti með slíkri rannsókn að skapast grundvöllur til raunhæfari umræðna og ákvarðana en nú á sér stað.

Markmið þessa tillöguflutnings er margþætt og afrakstur hennar, ef samþykkt og framkvæmd yrði, margnýtilegur á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. — Þó hér virðist við fyrstu sýn um ærið yfirgripsmikil, torleyst og umdeilanleg atriði að ræða þá er þekking á þeim alger forsenda fyrir því að efnahags- og kjaramálum verði stjórnað af einhverri skynsemi og sanngirni, með einhverjum árangri og án alvarlegra árekstra.

Það er engum blöðum um það að fletta að kaup og kjör eru höfuðeilumál sérhvers iðnvædds samfélags og sanngjörn uppbygging og þróun kjaramála forsenda réttmætrar skiptingar og hlutdeildar þjóðfélagsþegnanna í bættum þjóðarhag, auk þess sem slíkt tryggir vinnufrið, vaxandi atvinnuuppbyggingu í þjóðfélaginu og heilbrigt efnahagslíf.

Oft skortir líka í öllum umræðum um kjaramál alla sanngirni og þekkingu vegna þess að staðreyndir hafa ekki legið fyrir til að draga réttmætar og sanngjarnar ályktanir af þróun þessara mála undanfarna áratugi.

Slíkar kannanir og rannsóknir, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir, hafa að einhverju leyti verið framkvæmdar, en í of litlum og sundurlausum mæli til að á þeim megi byggja. — Slíka yfirgripsmikla könnun og rannsókn, sem till. gerir ráð fyrir, er varla á færi aðila vinnumarkaðarins að framkvæma. Liggur því næst við að ætla að hún verði framkvæmd á vegum stjórnvalda og á þeirri forsendu er till. þessi flutt. Einnig má benda á að í lögum um stjórn efnahagsmála, í kaflanum um samráð stjórnvalda við samtök launafólks á sviði efnahagsmála, segir í 5. gr. að verkefni samráðs þessa skuli m.a. vera að fjalla um atriði sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt. — Má því ætla að slíkar upplýsingar hljóti að verða mjög hagnýtar og ómetanlegar við ýmsa sameiginlega ákvarðanatöku, bæði hjá stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins."

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur haft á því mjög góðan skilning hér á hv. Alþingi að gera þyrfti samanburðarkannanir á launum kvenna og karla í þjóðfélaginu. Það var á Alþingi 13. nóv. 1984 að ég lagði fyrir hæstv. forsrh. eftirfarandi fsp.:

„Er forsrh. tilbúinn að beita sér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samanburðarkannanir verði gerðar á launakjörum kvenna og karla í öllum starfsstéttum, jafnt á launatöxtum sem öðrum kjaraþáttum, og að niðurstöður liggi fyrir í lok samningstímabils á vinnumarkaðnum?"

Í svari hæstv. forsrh. við þeirri fsp., en fsp. þessi var lögð fram 27. mars 1984, kom fram, með leyfi forseta:

„Í raun og veru gæti ég látið nægja sem svar við þessari fsp. eitt já. Ég er tilbúinn að beita mér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samanburðarkannanir, eins og um er spurt, verði gerðar."

Ég tel ástæðu til þess að vitna í það sem hæstv. forsrh. sagði þegar aftur var fjallað um þetta mál 13. nóv. þegar ítrekað var hvort hann ætlaði að standa við gefin fyrirheit frá því fyrr um árið, en þá sagði hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson:

„Eins og fram kom í ræðu hv. þm. og fyrirspyrjanda urðu umræður um þetta mál hér á Alþingi á s.l. vetri eða vori og ég játaði því þá að slík athugun yrði gerð. Ég fól síðan aðstoðarmanni mínum að undirbúa þá athugun og munu hv. fyrirspyrjandi og Helga Jónsdóttir aðstoðarmaður minn hafa rætt þessi mál. Bréf kom frá hv. fyrirspyrjanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir hönd framkvæmdanefndar um launamál kvenna, dags. 7. maí. Var því síðan komið á framfæri við Þjóðhagsstofnun sem hefur unnið að þessu máli. Þjóðhagsstofnun upplýsir að málið sé mjög viðamikið og skal ég aðeins nefna atriði því máli til stuðnings.

Í bréfi hv. fyrirspyrjanda, sem var skrifað fyrir hönd framkvæmdanefndar, er óskað eftir því að leitað verði eftir upplýsingum um aldur einstaklinga, hjúskaparstöðu, sambúðarstöðu, börn á framfæri innan 16 ára, skólagöngu, lögheimili eða búsetu, fullt starf eða hlutastarf, stéttarfélag, atvinnugrein, heildarlaun, samsetningu launa, þar með talið fyrir dagvinnu, fyrir yfirvinnu, fyrir vaktavinnu, fyrir bónus, premíu eða aðra kaupauka, fyrir bílastyrki og önnur hlunnindi, fyrir álag umfram samningsbundinn taxta. Einnig eru nefnd nokkur fleiri atriði sem fróðlegt væri, eins og segir í bréfinu, að fá upplýsingar um. Ég er því sammála að ef þessi samanburður á að vera vel marktækur þarf að fá upplýsingar um þetta allt saman og jafnvel fleira.

Í svari Þjóðhagsstofnunar segir að Þjóðhagsstofnun hafi haft erindi þetta til umfjöllunar. Eru athuganir hennar reistar á skattaframtölum og launamiðum og felast í úrvinnslu tekna eftir starfsstéttum, kyni, hjúskaparstétt, landshlutum og atvinnuþátttöku. Þessum athugunum verður lokið á næstu vikum, en ýmis atriði um málið liggja þegar ljós fyrir.

Upplýsingar úr skattframtölum eða tiltækum tekjuskýrslum nægja ekki til samanburðarkönnunar af því tagi sem hér er stefnt að. Ástæðan er fyrst og fremst skortur á upplýsingum um vinnutíma og um störf og að starfsskilyrði séu sambærileg. Könnun af því tagi sem framkvæmdanefnd um launamál kvenna hefur gert tillögu um yrði ákaflega yfirgripsmikil og að líkindum mjög kostnaðarsöm. Að auki yrði sýnt að það yrði mjög erfitt að afla marktækra upplýsinga frá hópum kvenna og karla sem væru nákvæmlega sambærileg hvað varðar alla þá þætti, skilyrði til starfa og einkahagi sem ofangreind tillaga gerir ráð fyrir.

Að áliti Þjóðhagsstofnunar kemur helst til greina að reisa þessa könnun á tekjudreifðri úrtaksathugun úr skattframtölum eftir starfsstéttum sem síðan yrði fylgt eftir með viðbótarupplýsingum sem m.a. yrði aflað beint frá launþegum. Þannig mætti fá ýmsar grunnupplýsingar með einföldum og öruggum hætti frá öllum tekjuhópum.

Þjóðhagsstofnun kveðst á næstunni geta gefið ákveðnar ábendingar um hvernig að þessu megi standa og hvaða aðilum ætti að fela slíkt verk, segir í þeirri samantekt sem aðstoðarmaður minn hefur tekið saman

að höfðu samráði við Þjóðhagsstofnun og byggt á upplýsingum þaðan.

Svarið er sem sagt að þessi vinna er í gangi. Mér þykir hún hafa tekið nokkuð langan tíma og ástæða til að reka þarna á eftir. En hún er í fullum gangi og verkefnið er ansi viðamikið, en á næstu vikum, eins og þarna segir, eru væntanlegar upplýsingar sem vonandi verða nokkurs virði og þá er hægt að ákveða hvernig starfinu verður haldið áfram og hvernig það verður kostað. Ég tel sjálfsagt að ljúka þessu verki og mun ganga eftir því að til þess fáist fjárveiting."

Þetta var 13. nóv. 1984 eða fyrir tæpu ári þar sem fram kemur að hæstv. forsrh. muni ganga eftir þessu verkefni sem sé í fullum gangi og hann muni sjá til þess að fjárveiting fáist til verkefnisins.

Mér þykir miður að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu því að ég hefði talið nauðsynlegt að hæstv. forsrh. upplýsti hv. þd. um hvað þeirri könnun líður sem hann hefur lofað að framkvæmd yrði. Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. sem mér skilst að gegni störfum hæstv. forsrh. — Er hæstv. sjútvrh. ekki hér í salnum? (**Forseti:** Athuga hvort sjútvrh. er í húsinu.)

Já, ég sé að hæstv. sjútvrh., sem gegnir nú störfum forsrh., gengur í salinn. Mér þykir miður að hæstv. sjútvrh. var ekki viðstaddur þegar ég greindi frá því að á Alþingi í nóvember 1984 var beint fsp. til hæstv. forsrh. um hvort hann væri reiðubúinn að standa við þá yfirlýsingu sem hann gaf á þingi fyrr á því ári um að hann væri tilbúinn að beita sér fyrir því að samanburðarkönnun yrði gerð á kjörum kvenna og karla á vinnumarkaðnum. Hæstv. forsrh. hafði mjög góð orð um þetta fyrir ári, sagði að vinnan væri í fullum gangi, upplýsingar mundu liggja fyrir innan skamms og að séð yrði til þess að fjárveiting mundi fást til þessa verkefnis.

Ég vil minna á að undanfarið hefur hæstv. forsrh. fengið áskoranir víða að um að hraða þeirri samanburðarkönnun sem hann lofaði. Ég vildi spyrja hæstv. sjútvrh., sem gegnir störfum forsrh., hvort honum sé kunnugt um hvað líður þessari samanburðarkönnun og þá hvort ráð sé fyrir því gert á fjárlögum að fjármagn fáist í slíkt verkefni. Þegar við erum að fjalla um viðkvæma kjaradeilu, sem snertir launakjör hjá einni hefðbundinni kvennastarfsgrein, hefði vissulega verið akkur að því ef slík samanburðarkönnun lægi nú fyrir. Tel ég því mikilvægt innlegg í þessa umræðu að fá upplýsingar frá hæstv. sjútvrh. um hvar á vegi þessi samanburðarkönnun er nú stödd og vísa aftur til þess fjölda áskorana sem fram hefur komið frá ýmsum kvennasamtökum í landinu um að forsrh. standi við þessa könnun, og þar sem forsrh. hafði góðan skilning á þessu máli og taldi að brýnt verkefni væri á ferðinni efa ég ekki að þetta mál hafi með einhverjum hætti komið á borðið hjá ríkisstj. og hún hafi eitthvað fjallað um þetta mál. Ég beini því til hæstv. sjútvrh. að hann svari þessari fsp. nú í þessari umræðu.

Herra forseti. Í því frv. sem hér liggur fyrir til umræðu kemur fram í 1. gr. að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 1. des. 1985 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Flugfreyjufélags Íslands sem starfa nú hjá Flugleiðum hf. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. að því hvort þetta þýði að ef kjaradómur lýkur ekki störfum fyrr en 1. des. 1985 eigi flugfreyjur að vera fram til þess tíma án þeirra kjarabóta sem þær hafa ekki hingað til fengið en aðrir hafa fengið á almenna vinnumarkaðinum.

Ég vitna til þess að kauphækkun varð í ágústmánuði 2,4%, í október 4,5% og Albertslaunin voru 3%. Hér er um kjarabætur að ræða sem allur þorri launþega í landinu hefur fengið og ég spyr: Er það ætlun hæstv. ráðh. að til viðbótar því að flugfreyjur þurfa að búa við að samningsréttur sé af þeim tekinn með þessum hætti verði þær hugsanlega að vera án þeirra kauphækkana sem allur þorri launafólks hefur fengið? Ég held að nauðsynlegt sé að fá frá hæstv. samgrh. svar við því í þessari umræðu hvort hann hafi gert sér grein fyrir þeirri stöðu að í tvo mánuði í viðbót eða einn og hálfan mánuð gætu flugfreyjur verið án þeirra kjarabóta sem aðrir launþegar hafa fengið. Þetta tel ég mikilvægt að fá upplýst. Ég vitna til nál. frá 1. minni hl. samgn. þar sem einmitt er um þetta atriði fjallað, en þar kemur fram, með leyfi forseta, í því nál.:

„Eins og málin standa nú í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., þar sem engin hugmynd virðist vera til um efnislega lausn, getur þingflokkur Alþfl. eftir atvikum fallist á að óhjákvæmilegt sé að fresta aðgerðum til n.k. áramóta, er almenn stefnumótun í kjaramálum skal hvort eð er fara fram, og að hlutlausum gerðardómi verði falið að leggja vandað og hlutlægt mat á ágreiningsefni deiluaðila og fella bráðabirgðaúrskurð sem tryggir flugfreyjum ótvírætt sambærilegar launahækkanir og aðrir starfshópar hafa fengið og þá sérstaklega aðrir flugliðar hjá Flugleiðum hf. eins og tekið er fram í frv."

Herra forseti. Ég þarf að eiga orðastað við hv. formann samgn. Ég sé hann ekki í salnum. — Ég sé að hv. formaður samgn. gengur í salinn. Mér þykir verst að þurfa að tefja tíma deildarinnar með því að endurtaka það sem ég var að segja um mál sem snertir þá spurningu sem ég vil beina til hv. formanns nefndarinnar, en ég var að vitna til þess hér áðan að í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 1. des. 1985 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Flugfreyjufélags Íslands sem starfa nú hjá Flugleiðum hf."

Ég vek athygli á því hvað það getur þýtt ef úrskurður kjaradóms liggur ekki fyrir fyrr en 1. desember. Það þýðir að flugfreyjur munu verða án þeirra launahækkana sem allur þorri launafólks hefur fengið, þ.e. þeirra launahækkana sem átt hafa sér stað, í ágúst 2,4%, í október 4,5% og Albertslaunin 3% fyrir nokkrum dögum. Ég vil spyrja hvort hv. samgn. hafi fjallað sérstaklega um þennan þátt málsins, hvort hún hafi gert sér ljóst að svo gæti farið að flugfreyjur yrðu án þeirra launahækkana sem allur þorri launafólks hefur fengið og taldi ég að að einhverju leyti hefði verið um þetta mál fjallað þar sem fram kom í nál. frá 1. minni hl. samgn. að þar er fjallað um það mál. Tel ég rétt, herra forseti, að vitna í það aftur þannig að hv. formaður samgn. sé með á nótunum hvað ég er að tala um. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Eins og málin standa nú í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., þar sem engin hugmynd virðist vera til um efnislega lausn, getur þingflokkur Alþfl. eftir atvikum fallist á að óhjákvæmilegt sé að fresta aðgerðum til n.k. áramóta, er almenn stefnumótun í kjaramálum skal hvort eð er fara fram, og að hlutlausum gerðardómi veri falið að leggja vandað og

hlutlægt mat á ágreiningsefni deiluaðila" — og hér kemur punkturinn, hv. formaður samgn., sem ég beini til þín — „og fella bráðabirgðaúrskurð sem tryggi flugfreyjum ótvírætt sambærilegar launahækkanir og aðrir starfshópar hafa fengið og þá sérstaklega aðrir flugliðar hjá Flugleiðum hf. eins og tekið er fram í frv." Þýðir þetta að um það hafi t.d. verið fjallað í nefndinni að kjaradómi sé uppálagt að fella, e.t.v. nú þegar, úrskurð um að flugfreyjur skuli áður en heildarniðurstaðan í kjaradómi liggur fyrir fá þegar þær launahækkanir sem um hefur verið samið fyrir aðra og aðrir hafa fengið? Þetta tel ég nauðsynlegt að liggi fyrir við þessa umræðu og óska eftir því að hv. formaður samgn. taki þátt í þessari umræðu og upplýsi okkur um hvort þetta hafi verið rætt í nefndinni.

Herra forseti. Eins og hv. þm. vita er nú lokaár kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna. Konur í öllum kvennasamtökum, í stéttarfélögum og stjórnmálaflokkum hafa tekið höndum saman um ýmis verkefni tengd þessu lokaári. Þar hefur ekki síst verið eitt meginviðfangsefnið að leggja áherslu á kröfuna um að upprættur verði sá launamismunur sem ríkir milli kynjanna á vinnumarkaðnum og um bætt launakjör kvenna. Auðvitað er alltaf að koma betur og betur í ljós hvað slíkt er nauðsynlegt. Launakjör flugfreyja eru staðfesting á því. Þau bera þess glöggt vitni að endurmeta þurfi láglaunastörfin í þjóðfélaginu.

Ég sagði að konur hefðu tekið höndum saman um bætt launakjör. Varla hefur það farið fram hjá neinum að konur hafa verið hvattar til að leggja niður störf á þeim merka degi 24. október, sem nú rennur senn upp, til þess að leggja áherslu á launamál kvenna. Við bindum miklar vonir við góða þátttöku, enda höfum við fengið góðar undirtektir hjá konum í hverri láglaunastarfsgreininni á fætur annarri, hjá fóstrum, hjá heilbrigðisstéttinni, í fiskvinnslunni, í bönkum og víðar. Auðvitað hljóta konur á þessum degi að mótmæla þeirri meðferð sem ein láglaunastéttin í landinu er beitt, eins og flugfreyjur þegar þær fara fram á að fyrir 112 stunda vinnu utan venjulegs vinnutíma verði þeim greitt með vaktaálagi eins og öðrum stéttum í landinu. Kannske er það táknrænt að um það leyti sem þessi dagur rennur upp verður búið að setja lög á eina kvennastéttina í landinu og banna henni að semja um sitt kaup og kjör.

Ég held að það væri ekki vanþörf á að allir hv. þm. tækju sér frí á morgun og skoðuðu þá sýningu sem opnuð verður á störfum og kjörum kvenna. Það er auðvitað nokkuð sérstætt að fyrsta hlutverk sem Seðlabankabyggingin þjónar er að gefa fólki kost á að kynna sér vinnuframlag kvenna. Ég er sannfærð um að þeir sem þá sýningu skoða verða betur meðvitaðir um það en áður að hjól atvinnulífsins snúast ekki án atvinnuþátttöku kvenna, jafnvel þótt troðið sé á þeim í launamálum.

Konur hafa einnig talið nauðsynlegt í tilefni af lokum kvennaáratugar að gefa út bók sem er nokkurs konar yfirlitsrit um stöðu kvenna í þjóðfélaginu og úttekt á því hvað áunnist hefur á þessum kvennaáratug í að bæta launakjör kvenna svo að dæmi sé tekið. Ég held að óhætt sé að fullyrða að lítið hafi þokað í átt til jafnréttis og kemur það glöggt fram í þeirri bók sem nú er gefin út í tengslum við lokaár kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna.

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að leiða þm. í allan sannleika í þessu máli. Þar sem mér gefst aðeins lítill tími í ræðustól til að kynna hv. þm. ýmsar athyglisverðar niðurstöður sem birtast í þessari bók hvet ég hv. þm. eindregið til að kynna sér hana. Það sem fjallað er um í þessari bók er að gerð er úttekt, eins og ég sagði, á því hvað áunnist hefur á s.l. tíu árum í til að mynda launakjörum kvenna o.fl. Ég les efnisyfirlitið vegna þess að það gefur mjög glögga mynd af því hvert innihald þessarar bókar er, enda kemur fram að hún mun gefa mjög glögga mynd af stöðu kvenna í þjóðfélaginu.

1. Fjallað er um kvennaár kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna, sögulegt yfirlit.
2. Fjallað er um lög og réttarheimildir er varða konur.
3. Menntun kvenna.
4. Atvinna og laun kvenna.
5. Félagslegar aðstæður kvenna.
6. Konur og forusta.
7. Heilbrigði kvenna og heilsufar.
8. Listsköpun kvenna, bókmenntir.
9. Listsköpun kvenna, tónlist.
10. Listsköpun kvenna, myndlist.
11. Listsköpun kvenna, leiklist.
12. Listsköpun kvenna, byggingarlist.
13. Listsköpun kvenna, ballett.
14. Listsköpun kvenna, kvikmyndagerð.

Það væri vissulega fróðlegt, herra forseti, og freistandi að fjalla um alla þessa þætti, um listsköpun kvenna, tónlist, myndlist, leiklist, byggingarlist, ballett og kvikmyndagerð, en ég vil heldur beina athygli minni að ákveðnum þáttum sem snerta launakjör o.fl., en hvet þm. til að afla sér þessarar bókar.

Ég vil, herra forseti, því aðeins grípa niður í örfá atriði og kafla í þessari bók sem snerta það mál sem hér er til umræðu.

Það er í fyrsta lagi um launakjör kvenna, en í öðru lagi dagvistarmál sem eru í órofa samhengi við þau kjör sem flugfreyjur búa við. Ekki er það síst í ljósi þeirra staðreynda að flugfreyjur vinna 112—115 tíma utan venjulegs vinnutíma og þurfa því oft og tíðum að leita vistunar fyrir börn sín utan venjulegs dagvinnutíma og komast auðvitað ekki hjá því að greiða næturvinnuálag eða vaktaálag fyrir pössun þá sem þær þurfa að leita eftir fyrir börn sín þannig að því hlýtur að fylgja töluverður kostnaður fyrir flugfreyjur og hlýtur að minnka verulega þær himinháu tölur sem Flugleiðamenn bera á borð að séu þau kjör sem flugfreyjur búa við.

Í þriðja lagi tel ég nauðsynlegt að ræða nokkuð um atvinnuþátttöku kvenna til að færa rök fyrir mínu máli, að hjól atvinnulífsins snúast ekki án atvinnuþátttöku kvenna. Til að mynda er alveg ljóst hvað flugfreyjur eru Flugleiðum mikilvægar því hjól flugreksturs snýst ekki nema með atvinnuþátttöku flugfreyja. Kannske eru þær mikilvægustu starfsmenn í þjónustu félagsins því í raun má segja að þær séu andlit félagsins og flugfreyjur eru þeir aðilar sem flugfarþegar, sem Flugleiðir byggja afkomu sína á, eru í mestum tengslum við.

Ég tel einnig í fjórða lagi nauðsynlegt að vitna nokkuð til kaflans um heilbrigði kvenna og heilsufar í ljósi þeirra fullyrðinga minna að konur búa við mikið vinnuálag, kannske ekki síst flugfreyjur. Það er auðvitað ljóst að slíkt hlýtur að hafa mikil áhrif á heilsufar

flugfreyja sem og annarra stétta sem við mikið vinnuálag búa.

Ég vitna fyrst, herra forseti, í kaflann um atvinnu og laun kvenna, en þann kafla hefur tekið saman Guðrún Guðmundsdóttir viðskiptafræðingur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Konur og karlar hafa hvorki sama vaxtarlag né líkamsburði. Handlagni virðist konum hins vegar ekki síður gefin en körlum og í könnunum mælist greind þeirra sú sama og karla. Í dag þar sem líkamsburðir virðast lítt verðlaunaðir kemur það því nokkuð á óvart að konur skuli að meðaltali mun tekjulægri en karlar. Sú er þó raunin, ekki bara á Íslandi, heldur almennt í heiminum hvort sem litið er til Vestur- eða Austur-Evrópu eða til ríkra eða fátækra landa.

Í kyrrstöðuþjóðfélagi 19. aldar var starfsskipting kvenna og karla fastmótuð. Konan var innandyra en karlmaðurinn utan. Bæði höfðu almennt nóg að starfa og ekki er hægt að segja til um hvort þeirra lagði meira fram til búsins. Líta má á þau sem sjálfstæða, jafnmikilvæga starfskrafta hjá sama fyrirtækinu.

Tæknibylting aldarinnar hefur umturnað atvinnuháttum og leitt til búseturöskunar. Karlmenn, sem frá fornu fari hafa unnið utan heimilis, hafa aðlagast breytingum í starfi og færst á milli starfa. Tæknibreytingar og breyttir fjölskylduhættir hafa einnig gjörbreytt heimilisstörfunum svo þau eru fljótunnari og léttari og víða hefur heilsdagsstarf eða meira orðið að hálfsdagsstarfi. Félagslega eru konur bundnar heimilinu og heimilisstörfum verður oft að sinna á óreglulegum tímum mestan hluta dagsins. Það hefur því í mörgum tilfellum verið útilokað fyrir konur að taka á sig störf utan heimilis og þegar konur hafa sótt út á vinnumarkaðinn hafa þær oftast orðið að skipta sér á milli starfanna á heimilinu og á vinnumarkaðinum, unnið slítrótt og oft hluta úr degi. Tæknibyltingin hefur þannig haft margþættari áhrif á störf kvenna en karla og það hefur verið erfiðara fyrir konur að aðlaga sig breyttum aðstæðum."

Í töflu um almenna atvinnuþátttöku kemur fram að á árinu 1960 hafi konur á aldrinum 20—60 ára verið 31,4% þeirra sem voru á vinnumarkaðinum meðan karlar voru 94,7%. 77,7% kvenna voru úti á vinnumarkaðinum árið 1984, en 90,1% karla. Vitnað er til ýmissa úrtakskannana sem gerðar hafa verið í þessu skyni og þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Í könnunum jafnréttisnefnda Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Neskaupstaðar árið 1976 reyndist atvinnuþátttaka giftra kvenna 20—55 ára svipuð í Kópavogi (55,1%) Hafnarfirði (57,3%) og Neskaupstað (55%) en mun minni í Garðabæ (48,9%). Af þeim tiltölulega fáu sem unnu utan heimilis er einnig athyglisvert að í Garðabæ voru hlutfallslega fæstar í fullu starfi eða aðeins 26,8% sem svarar til þess að af giftum konum 20—55 ára í heild í Garðabæ hafi 13% verið fullvinnandi utan heimilis. Af þeim sem störfuðu utan heimilis voru 43,7% í fullu starfi í Kópavogi eða 27% allra, meira en tvöfalt hlutfall Garðabæjar. Í Hafnarfirði voru 40,9% þeirra sem störfuðu utan heimilis í fullu starfi og á Neskaupstað var hlutfallið 36,4%." Hér er vissulega um athyglisverðar tölur að ræða sem þm. ættu að gefa gaum. Og áfram stendur hér með leyfi forseta:

„Kvennaársnefnd stóð fyrir könnun á atvinnuþátttöku giftra kvenna 20—55 ára vítt og breitt um landið árið 1976 og voru þá 53,5% í starfi utan heimilis, þar af 35,4% í fullu starfi eða 19% allra giftra kvenna 20—55 ára. Þær tölur eru í góðu samræmi við framangreindar kannanir.

Undir lok kvennaáratugarins haustið 1984 var gerð ný könnun á vegum jafnréttisráðs sem er nokkuð sambærileg við könnun kvennaársnefndar þótt vægi einstakra úrtaksstaða hafi breyst og nýja úrtakið taki til kvenna á aldrinum 20—60 ára. Skv. könnun jafnréttisráðs voru 75,9% giftra kvenna í starfi utan heimilis og af konum í launuðu starfi unnu 46,4% fulla vinnu. Könnunin leiðir í ljós hve mikið stökk hefur orðið í atvinnuþátttöku giftra kvenna á áratugnum. Könnun jafnréttisráðs náði einnig til ógiftra kvenna og séu þær taldar með var atvinnuþátttakan 77,7%, þar af unnu 57,8% fulla vinnu.

Jafnréttisnefnd Kópavogs kannaði árið 1982 atvinnuþátttöku giftra kvenna í launuðu starfi og reyndust 60% þeirra vera í fullu starfi sem er veruleg aukning frá því sem áður er rakið um könnunina árið 1976.

Í könnun jafnréttisnefndar Reykjavíkur 1980—1981 kom fram að 65,6% giftra kvenna 20—60 ára væru starfandi, þar af 44% í fullu starfi eða 29% allra giftra kvenna.

Kjararannsóknarnefnd gerði víðtæka könnun árið 1981 sem gaf þá niðurstöðu að af konum innan ASÍ á almennum vinnumarkaði væru 69,4% í fullu starfi. Könnun kjararannsóknarnefndar meðal félagsmanna 14 verkalýðsfélaga árið 1983 gaf þá niðurstöðu að af öllum starfandi konum væru 49% í fullu starfi og 37% giftra kvenna. Báðar þessar kannanir náðu bæði til landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins."

Einnig er í þessari bók ítarlegur kafli um vinnutíma, og virðist ekki veita af að vitna nokkuð í hann með tilliti til þeirra umræðna sem átt hafa sér stað um vinnutíma flugfreyja. Í bókinni kemur fram að kjararannsóknarnefnd gerir að staðaldri kannanir á vinnutíma verkafólks og reiknar fjölda unninna stunda miðað við heils dags störf. Í töflu kemur fram meðaltal vikulegs fjölda greiddra stunda fyrir heils dags störf á höfuðborgarsvæðinu árin 1974—1984. Þar koma einnig fram töflur um meðaltalsvinnustundir verkakvenna og -karla og er niðurstaðan að könnun kjararannsóknarnefndar sýni að mikill munur sé á vinnutíma kynjanna, verkamenn vinni að meðaltali um 51 stund á viku eða 11 tíma yfirvinnu, verkakonur vinni hins vegar um 4 yfirvinnustundir á viku að meðaltali. Ein taflan sýnir samt sem áður að nokkuð hafi dregið saman með kynjunum fyrst og fremst vegna mikillar yfirvinnu. Árið 1974 var meðalvinnutími fullvinnandi kvenna 79,8% af meðalvinnutíma karla en árið 1983 85,8%.

Hér er einnig fróðlegur kafli um hvernig atvinnuþátttakan er aldursskipt. Hér stendur:

„Atvinnuþátttaka hinna ýmsu aldurshópa er háð annars vegar hefðbundnum viðhorfum og hins vegar heimilisaðstöðu t.d. barnafjölda svo og fjölda í námi í viðkomandi aldursflokki. Af starfshlutföllum einstakra aldurshópa og breytingum síðasta áratug má fá vísbendingu um framvindu á komandi árum. Það er erfitt að finna fullkomlega sambærilegar tölur. Eldri tölur hagrannsóknardeildar Framkvæmdastofnunar ná aðeins til giftra kvenna en í nýjustu tölum Framkvæmdastofnunar eru starfshlutföll einstakra aldursflokka aðeins reiknuð fyrir allar konur." Síðan kemur fram að ýmsar ályktanir

megi draga af þessu.

Hér er fróðleg tafla sem fjallar um hlutfallslegan fjölda kvenna með einhverjar launatekjur annars vegar og virka atvinnuþátttöku hins vegar, skipt eftir aldri. Þar kemur fram varðandi atvinnuþátttökuna árið 1970 að almenn atvinnuþátttaka þeirra sem voru á aldrinum 15—19 ára var um 82% en virk atvinnuþátttaka 57%. Og ef við tökum t.d. 25—44 ára var almenn atvinnuþátttaka 56% en virk 37%. Fram kemur að greinilegt sé að atvinnuþátttaka sé mest hjá yngri konum, en einnig sé ótvírætt að atvinnuþátttaka hefur ekki síður aukist hjá eldri konum. Þannig eru nú 3/4 kvenna á aldrinum 20—59 ára með virka atvinnuþátttöku, þ.e. starfa meira en 13 vikur á ári. Árið 1970 vann rúmlega þriðjungur kvenna 25—59 ára í meira en 13 vikur á ári. Síðan er bent á að tölur í einni töflunni sýni fram á að við nálgumst óðfluga það mark að allar konur sem aðstöðu hafa til séu virkar á vinnumarkaði þar sem konur á barneignaraldri eru með nær sömu atvinnuþátttöku og konur á miðjum aldri. Hæst er virk atvinnuþátttaka í dag hjá konum á fimmtugsaldri, tæp 80%, en minna má á að atvinnuþátttaka karla á þeim aldri er rúmlega 90%. Hér segir að einhver aukning muni enn verða. Aukning næstu ár muni hins vegar trúlega í meira mæli verða á þann hátt að þær konur sem eru í starfi fjölgi unnum stundum á viku en að hlutfall starfandi kvenna í hverjum aldursflokki aukist. Ýmsar kannanir sýna að barneignir og barnauppeldi, einkum umönnun yngri barna, dragi úr atvinnuþátttöku kvenna og hamli samfelldu starfi á vinnumarkaðinum. Sérstaklega á þetta við þau árin sem flestir karlmenn festa sig í sessi á vinnumarkaðinum.

Ég læt þetta nægja, herra forseti, að því er varðar vinnutíma og atvinnuþátttöku en sný mér að þeim kafla sem fjallar um vinnu á heimilunum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Störf á heimilunum eru enn að stærstum hluta verkefni kvenna þó þátttaka karla í heimilisstörfum hafi vaxið hin síðari ár.“ Í töflu sem hér er birt koma fram meðaltöl vinnustunda utan heimilis og á heimili hjá báðum kynjum skv. könnun jafnréttisráðs 1984. Það skal tekið fram, eins og hér segir, að úrtakið nær jafnt til kvenna í sambúð og einhleypra. Getið er um meðalvinnutíma kvenna og maka þeirra utan heimilis og á heimilum. Þessu er skipt niður og gefnar upplýsingar um hvernig staðan er í Reykjavík, á Patreksfirði, Húsavík, Egilsstöðum og í dreifbýli. Fram kemur að meðalvinnutími kvenna utan heimilis sé 35 stundir, ef ég tek Patreksfjörð sem dæmi, og á heimili 26,4, samtals 61,4 vinnustundir. Ef teknir eru karlmenn er vinna utan heimilis 48,7 stundir, á heimili aðeins 10,3 á móti 26,4 hjá konum eða samtals 59.

Fróðlegt er einnig að skoða Reykjavík. Þar kemur fram að meðalvinnutími kvenna sé í Reykjavík utan heimilis 34,3 stundir, á heimili 17,7 eða samtals 52 stundir. Vinnutími karlmanna í Reykjavík utan heimilis er 48,3 stundir, á heimili 10,9 eða samtals 59,2. Og fróðlegt er að bera saman samanlagðan vinnutíma utan heimilis og á heimilinu. Þá kemur nokkuð fróðlegt í ljós. Í Reykjavík hafa karlmennirnir vinninginn að því er varðar vinnutíma utan heimilis og á heimili eða 59,2 stundir, meðan konur eru með 52. Á Patreksfirði er samtals vinna utan heimilis og á heimili hjá konum 61,4 stundir meðan karlmenn hafa samanlagðan vinnutíma utan heimilis og á heimili 59 stundir. Á Húsavík kemur fram að meðalvinnutími kvenna sé samanlagt 56,5 vinnustundir utan heimilis og á heimili meðan karlar þar hafa 43,8 stundir utan heimilis, á heimili 13,2 eða samanlagt 57 vinnustundir. Á Egilsstöðum eru samanlagðar vinnustundir kvenna utan heimilis og á heimili 59,2 meðan karlmenn hafa 65,6 samanlagt utan heimilis og á heimili. Ef tekið er dreifbýlið vinna konur 72,6 stundir samtals utan heimilis og á heimili meðan karlar vinna aðeins 54,6 samanlagt utan heimilis og á heimili.

Hér eru ýmsar fróðlegar töflur sem ég tel og vil benda þm. á að kynna sér sem ég vil nú ekki tefja tíma deildarinnar með að lesa. Þær fjalla um hlutfallslega skiptingu heimilisstarfa fólks í sambýli 1984, hlutfallslega verkaskiptingu kynja varðandi umönnun barna 1976 og hlutfallslega verkaskiptingu kynja varðandi umönnun barna 1984.

Hér kemur síðan kafli, herra forseti, sem er mjög mikilvægur og fjallar um launamál kvenna. Þar segir, sem reyndar er vitað, að atvinnuþátttaka kvenna hafi aukist verulega síðustu tvo áratugi og í ítarlegum kafla er fjallað um launakjör kvenna í dag og reynt að draga upp mynd af þróun síðustu áratugi. (Gripið fram í.) Sérstakur kafli er um launamismun og laun ýmissa stétta. Gríp ég hér niður í hluta af niðurstöðunni sem fram kemur.

Ef við berum tölurnar úr töflu 19 saman við tölurnar um laun allra kvenna og ársverk sem hlutfall af launum karla í töflu 18 kemur í ljós mikill munur. Meðaltímakaup verkakvenna 1983 var skv. töflu 19 85,6%. Meiri yfirvinna karla en kvenna hefur áhrif á niðurstöðuna sem er gefin. Sé munurinn á yfirvinnu kynjanna meiri hjá öðrum starfsstéttum en verkakonum og verkakörlum gæti það skýrt muninn að hluta.

Gefin er upp hver staðan er í afgreiðslu- og skrifstofustörfum og þar kemur fram að 18,2% kvenna starfi við verslun. Laun kvenna og ársverk sem hlutfall af launum karla í þeirri atvinnugrein reyndust 67,1%. Talað er um laun kvenna í hlutfalli af launum karla árið 1984. Þau voru í dagvöruverslunum sem hlutfall af hreinu tímakaupi 82,7%, í vefnaðarvöruverslun 84,1%, verslunarstörfum 75,6%, heildsöluverslun 91,4%, öðrum afgreiðslustörfum 67,9%. Og fjallað er sérstaklega um skrifstofustörf, laun kvenna í hlutfalli af launum karla á árinu 1984. Þá voru laun kvenna sem hlutfall af launum karla ef miðað var við hreint tímakaup 83,5% í almennum skrifstofustörfum, hjá bókurum og gjaldkerum 85,4% og í öðrum skrifstofustörfum 107,2%.

Bent er á með mjög ítarlegum dæmum hvernig konur í hverri starfsgreininni á fætur annarri raðist í lægstu launaflokkana meðan karlmenn raðist í þá hærri þar sem betri eru kjörin.

Í einum kaflanum um samantekt í launamálum segir: „Hér að framan hefur verið sýnt fram á að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist hröðum skrefum. Hin síðari ár hefur ekki verið almennt atvinnuleysi heldur hefur það aðeins verið staðbundið og nánast alfarið árstíðabundið. Eftirspurn eftir fólki hefur þannig haldist í hendur við aukið framboð fólks til starfa. Þenslan á vinnumarkaðinum síðustu tvo áratugi hefur verið langmest í þjónustugreinum, einkum opinberri þjónustu en einmitt í þeim greinum er hlutfall kvenna af mannafla mest. Konur hafa valið störf á mun þrengra sviði en karlar. Annars vegar hafa þær sótt í störf sem eru

sambærileg við verkefnin á heimilunum, þ.e. störf við uppeldi, umönnun og ræstingu, og hins vegar í almenn þjónustu-, afgreiðslu- og skrifstofustörf. Stóraukin eftirspurn á þessum sviðum hefur gert konum kleift að viðhalda þröngu starfsvali samhliða stóraukinni atvinnuþátttöku. Hefði konum ekki fjölgað jafnört og raun ber vitni á vinnumarkaði og þær haldið sig eins stíft við hefðbundið starfsval hefði orðið mikil mannekla á þessum sviðum. Það hefði hugsanlega leitt til breytinga á launahlutföllum til hagsbóta fyrir hinar hefðbundnu kvennagreinar.

Í þessu sambandi má hins vegar ekki gleyma því að konur sinntu áður heima fyrir verulegum hluta þeirra verkefna sem þær sinna nú á vinnumarkaði. Sérstaklega má nefna umönnun barna, sjúkra og aldraðra, en raunar á það einnig við um ýmis verkefni í framleiðslu, svo sem margs konar vinnslu matar og fatasaum. Þessi atriði er óhjákvæmilegt að hafa í huga þegar afkoma þjóðarbúsins er metin yfir lengri tíma því að í þjóðartekjum teljast störfin á heimilunum ekki með, en þegar farið er að sinna þeim utan heimilis mælast tekjur. Þetta er óraunhæfur útreikningur, ekki síst ef tekið er tillit til þess að margir eru þeirrar skoðunar að umönnunarhlutverkinu sé verr sinnt nú en áður.

Í tekjuuppgjöri heimilanna er villan sú sama því starfsframlag húsmóðurinnar er þar ekki skráð og þar með reyndar skattfrjálst. Þenslan í þjónustugreinum er þannig að verulegu leyti afleiðing af aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Með þröngu menntunar- og starfsvali hafa konur að töluverðu leyti viðhaldið kynskiptingu vinnumarkaðarins og samkeppni kynjanna því verið minni en ella hefði verið. Karlar hafa á sama hátt haldið sig frá hefðbundnum kvennagreinum. Þessi skipting hefur án efa stuðlað að því að viðhalda launamun kynjanna."

Niðurstaðan varðandi menntunarmál kemur fram hér í stuttu samandregnu yfirliti, en þar segir: „Eins og fram kemur í kafla III um menntun hefur menntun kvenna aukist undanfarin ár, en hefðin setur enn sitt mark á menntunarvalið og eins vantar enn mikið á að konur fái almennt sambærilega starfsmenntun á við karla. Konur verða að sækja á um aukna og fjölbreyttari menntun til að jafna menntunaraðstöðu kynjanna. Er nauðsynlegt að efla endurmenntun og almennt fullorðinsfræðslu. Það þurfa allir að eiga þess kost að taka upp þráðinn að nýju hafi þeir horfið frá námi, endurnýja menntun sem ekki hefur verið nýtt um hríð og bæta við sig eða hefja sitt nám þótt fólk sé af yngsta skeiði."

Herra forseti, síðan koma lokaorðin í kaflanum um launamálin og atvinnuþátttöku. Þar segir með leyfi forseta: „Í þessum kafla hefur verið sýnt fram á að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist mikið á kvennaáratuginum. Í dag er það regla en ekki undantekning að gift kona starfi utan heimilis. Konur hafa þannig sótt fram á vinnumarkaðinn en tölur gefa ekki til kynna að launamunur kynjanna hafi minnkað. Þegar á heildina er litið er ekki að sjá að saman hafi dregið. Launamunur kynjanna í hverri starfsgrein fyrir sig er mun minni en meðallaunamunur allra karla og kvenna, en konurnar eru að stærstum hluta saman komnar í láglaunahópunum." Konur eru að stærstum hluta saman komnar í láglaunahópunum, segir hér. Áfram segir, með leyfi forseta: „Konur hafa aukið menntun sína og þær sækja í auknum mæli í hærra launaðar stöður þótt töluvert skorti á. Launamunur kynjanna virðist hins vegar fara vaxandi eftir því sem ofar dregur í kerfinu. Það er líka margt sem bendir til að í ýmsum greinum hafi straumur kvenna á vinnumarkaðinum ýtt karlmönnum upp tröppurnar svo að þeir hafi orðið yfirmenn yfir hópi kvenna, að fjölgun kvenna á vinnumarkaði hafi þannig hækkað karla í tign og launum. Konur verða að breyta starfsvali sínu og ryðja fordómum úr vegi. Konur eru ekki síður hæfar en karlar til flókinna og ábyrgðarmikilla starfa, en konur verða einnig að leggja áherslu á launajöfnuð almennt og að hin hefðbundnu kvennastörf verði metin til jafns við hin hefðbundnu karlastörf í launum.

Á næstu árum mun margt ráðast af atvinnuþróuninni almennt. Ef til atvinnuleysis kemur er konum víða hættara en körlum. Miklu skiptir einnig hvar þenslan verður og hvaða tæknibreytingar leiða til fækkunar fólks. Við óbreytt starfsval er staða kvenna háð áframhaldandi rekstri þjónustugreina þar sem flestar konur vinna. Ný tækni og þá fyrst og fremst tölvutæknin mun án efa draga úr starfsmannafjölda í einstökum greinum.

Því má samt ekki gleyma í umræðunni um hugsanlegar afleiðingar tölvubyltingarinnar að mikill fjöldi kvenna vinnur við störf sem ólíklegt er að tölvan leysi af hólmi, sbr. ræstingu, umönnun sjúkra og barna, svo og kennslu. Það er því erfitt að fullyrða um það hvort líklegt sé að konur sem heild verði frekar fyrir barðinu á tölvuhagræðingu en karlar. Það er þá auðvitað eins og allt annað í þessu samhengi háð því hvernig konur sjálfar bregðast við og í hve miklum mæli þær sækja inn á þau nýju svið sem tölvunni fylgja. Í framtíðinni mun atvinnuþátttaka kvenna enn aukast. Aukningin verður hins vegar trúlega fremur þannig að algengara verði að konur vinni fullt starf og þær verði reglubundið á vinnumarkaðinum en að konum á vinnumarkaði fjölgi til muna. Sú þróun ætti að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði og auðvelda þeim að klífa metorðastigann og ná hærri launum. Menntunarforsendur kvenna fara batnandi, starfsþjálfun eykst og starfsvalið ætti þess vegna að verða fjölbreyttara. Körlum er að skiljast að þeir eiga skyldum að gegna á heimilinu.

Með breyttri verkskiptingu og vonandi styttri vinnutíma karla utan heimilis mun tvöfalda álagið af heimilishaldi og starfi utan heimilisins verða léttara og jafnast á kynin. Sömuleiðis ætti vaxandi skilningur á nauðsyn félagslegrar þjónustu að stuðla að jafnrétti. Eins og þessi kafli sýnir er erfitt að spá um fortíðina og draga upp áreiðanlega mynd af því sem gerst hefur á liðnum árum. Það er erfiðara að spá um framtíðina og ráða í það hvað gerast muni á næstu árum. Framtíðin er hvorki fyrir fram gefin né óumbreytanleg. Það er hægt að hafa áhrif á þróunina. Að öllu samanlögðu er því sjálfsagt að konur horfi með sjálfstrausti og bjartsýni fram á veginn. Gangi þær sjálfar rösklega fram geta þær bætt stöðu sína, bæði á heimili og vinnustað og gert jafnréttisdrauminn að veruleika." Svo mörg voru þau orð.

Herra forseti. Ég sagði hér áðan að ég teldi nauðsynlegt að vitna hér aðeins í kaflann um heilbrigðismál, ekki síst með tilliti til þess mikla vinnuálags sem flugfreyjur búa við, en hér er kafli sem kallaður er Konur og atvinnuheilbrigði. Þennan kafla um heilbrigði kvenna og heilsufar hefur skrifað Jóhanna Bernharðs-

dóttir hjúkrunarfræðingur og hún segir um atvinnuheilbrigði:

„Atvinnuheilbrigði hefur verið til umfjöllunar undanfarin ár og nú gera menn sér grein fyrir því að atvinna hefur áhrif á heilsu þeirra. Viðhorf til þessara áhrifa hafa breyst þannig að nú er ekki lengur litið á fylgikvilla atvinnu sem eðlilegt ástand, heldur hefur verið leitað leiða til að koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma. Konum á vinnumarkaði hefur fjölgað mikið s.l. 20 ár, eins og sjá má af tölum frá Þjóðhagsstofnun um virka atvinnuþátttöku kvenna. Hún var 43,9% árið 1963, 60% árið 1975, en árið 1983 er hún komin í 69,3%. Það er því augljóst að gefa verður gaum að atvinnuheilbrigði kvenna þegar fjallað er um heilbrigði þeirra.

Á s.l. 5 árum hafa verið gerðar nokkrar kannanir á heilsufari og starfsaðstöðu hér á landi. Í þremur þessara kannana voru konur í meiri hluta, enda um störf að ræða sem hafa að mestu verið unnin af konum. Hér er átt við könnun á vegum Verslunarmannafélags Reykjavíkur árið 1981. Í öðru lagi könnun á vinnuskilyrðum, kjörum, heilsufari og félagslegum aðstæðum fiskvinnslufólks 1982 og í þriðja lagi könnun á heilsufari, vinnutilhögun, aðbúnaði og félagslegum aðstæðum verkafólks í fata- og vefjariðnaði.

Í úrtaki könnunar V.R. voru konur 54% þátttakenda. Þar kom m.a. fram að 26% vinna meira en 50 klukkustundir á viku og 37% fannst streita fylgja starfinu. Algengustu sjúkdómseinkenni sem kvartað var um voru bakverkur, höfuðverkur og vöðvabólga. 3 af hverjum 5 höfðu fundið fyrir bakverk og höfuðverk á 12 mánaða tímabili og annar hver þátttakandi fann fyrir vöðvabólgu. Í könnun á fiskvinnslufólki voru konur 72% af þátttakendum. Þar kom fram að sjúkdómar og sjúkdómseinkenni voru mun algengari hjá konum en körlum. Stærsti flokkur sjúkdómseinkenna voru sliteinkenni í stoð- og hreyfikerfi. Þar af voru vöðvabólgur algengastar. 38% kvenna höfðu einhver einkenni af vöðvabólgu, en 12% karla. Við athugun á streitu kom í ljós að 38% kvenna höfðu einkenni um vinnustreitu.

Í könnun á verkafólki í fata- og vefjariðnaði voru konur 82% af þátttakendum. Þar kom í ljós að algengustu sjúkdómseinkenni sem kvartað var um voru sliteinkenni í stoð- og hreyfikerfi. Um 45% kvenna höfðu sliteinkenni. Þar af var vöðvabólga algengust, en 30% kvennanna höfðu einhver einkenni hennar. Við athugun á streitu kom í ljós að 40% þátttakenda sögðust vera stressaðir. Alls voru 34% kvenna í fatasaumi og 23% kvenna í vefjariðnaði með einkenni um vinnustreitu.

Hér er vissulega um athyglisverðar tölur að ræða sem ber að gefa gaum þegar svo hátt hlutfall kvenna hefur þau sjúkdómseinkenni og þá sjúkdóma sem hér hafa verið tilnefndir, en hér er talað um vöðvabólgu og fleiri einkenni sem koma af miklu vinnuálagi sem fylgir mörgum störfum í hefðbundnum kvennastarfsgreinum."

Og áfram segir hér, með leyfi forseta: „Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman má sjá að oftast er kvartað um vöðvabólgu og enn fremur er áberandi hversu algeng vinnustreita virðist vera. En hvað er til ráða við vöðvabólgu og streitu, þessum algengu og alvarlegu vandamálum sem hrjá svo stóran hóp íslenskra kvenna á vinnumarkaðnum?

Ein algengasta orsök vöðvabólgu er einhæf vinna þar sem sömu hreyfingarnar eru sífellt endurteknar. Algengt er að fólk vinni mikið í sömu líkamsstöðu, standandi á sama stað eða sitjandi. Tengsl virðast vera á milli vöðvabólgu og streitu þannig að erfitt getur verið að rjúfa þann vítahring sem myndast við kvíða, taugaspennu, þunglyndi, svefntruflanir og vöðvabólgu. Til að ráða bót á þessu þarf margt að koma til. Má þar í fyrsta lagi nefna fræðslu um atvinnuheilbrigðismál í tengslum við vinnustaðina sjálfa. Í öðru lagi fyrirbyggjandi heilsuvernd eins og líkamsrækt og slökunaræfingar og í þriðja lagi þyrfti að draga úr vinnuálagi og bæta vinnuaðstöðu."

Hér kemur mjög skýrt fram í þessari úttekt að ein leiðin til að ráða bót á þessu er að draga úr vinnuálagi". Og áfram segir hér: „Mikilvægt er að fólk fylgist með aðbúnaði á eigin vinnustað og áhrifum atvinnu á heilsufar. Nauðsynlegt er að vera vakandi gagnvart hinum margvíslega nýja tæknibúnaði á vinnustöðum. Búnaður þessi er í stöðugri þróun og það getur verið erfitt að fylgjast með áhrifum hans á heilsufar. Mikið er nú rætt um hvort samband sé milli fósturskaða eða fósturláta og skaðlegra umhverfisáhrifa. Í því samhengi verður ekki gengið fram hjá tæknivæðingu í íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Hún hefur m.a. leitt til þess að æ fleiri konur vinna nú við tölvur og tölvuskjái.

Eitt aðaláhyggjuefnið í sambandi við áhrif tölvuskjáa á heilsufar hefur verið hvort svo hættuleg geislum stafi frá tölvuskjám að hún geti valdið fósturláti hjá konum sem starfa við tölvur. Einnig velta menn því fyrir sér hvort þess háttar vinna hafi varanleg áhrif á þroska fósturs. Í Bandaríkjunum og Svíþjóð hefur geislun frá tölvuskjám verið rannsökuð. Þar hefur komið fram að geislamagn er hið sama og frá venjulegu sjónvarpstæki, þ.e. svo lítil að geislun telst ekki skaðleg heilsu fólks. Í bæklingi frá Vinnueftirliti ríkisins um vinnu við tölvuskjái kemur fram að skv. frumniðurstöðum sænskrar rannsóknar á vinnu við tölvuskjái og tengslum við fósturskaða hafi ekki komið í ljós rök fyrir því að vinna við tölvuskjái valdi fósturskaða. Erfitt er í framkvæmd að rannsaka hvernig vinna við tölvur tengist fósturskaða eða fósturláti því nauðsynlegt væri að hafa samanburðarhóp í öðrum störfum. Í Bandaríkjunum er unnið að slíkum rannsóknum, en niðurstöður liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað."

Síðan eru hér athyglisverðir kaflar um konur, hjarta- og æðasjúkdóma, konur og krabbamein, brjóstkrabbamein, lungnakrabbamein, leghálskrabbamein og fleira fróðlegt sem hér kemur fram sem ég held að ég bíði aðeins með að fara yfir.

Í kafla sem fjallar um félagslegar aðstæður kvenna, sem Erla Þórðardóttir félagsráðgjafi hefur tekið saman, er ýmislegt fróðlegt að finna. Ég nefni að hún fjallar hér í ítarlegu máli um félagslega samhjálp, um skattamál, skattlagningu, þróun skattamála eftir 1950 og hún fjallar um lagaákvæði sem snerta jafnréttismál, um dagvistun og þróun dagvistarmála, um dagvistaráætlanir menntmrn., en það er einmitt sá kafli sem ég tel nauðsynlegt að vitna nokkuð til, sem fjallar um dagvistarmál, því eins og ég sagði áðan eru dagvistarmálin í órofatengslum við þau kjör sem konur búa við á vinnumarkaðnum. Því tel ég rétt, herra forseti, að draga upp nokkra mynd af þeirri þróun sem orðið hefur í dagvistarmálum á þessu tíu ára tímabili.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Uppbygging í dagvistarmálum á fyrri hluta aldarinn-

ar var aðallega á Reykjavíkursvæðinu. Hún hófst með stofnun Barnavinafélagsins Sumargjafar 1924 sem hóf starfrækslu fyrsta barnaheimilisins þegar á því ári. Verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði hóf rekstur dagheimilis 1937 og var það fyrsta dagheimilið sem rekið var allt árið. Uppbygging dagvistarþjónustu á vegum Sumargjafar hélt áfram á næstu árum en 1942 lagði Reykjavíkurborg í fyrsta sinn fram húsnæði til rekstrar barnaheimilis. Upp frá þessu keypti eða byggði Reykjavíkurborg flest ný dagvistarheimili, en fól Sumargjöf rekstur þeirra þar til 1. janúar 1978 er borgin yfirtók einnig rekstur þeirra. Meiri hluti barnaheimila utan Reykjavíkur, sem reist eru fyrir 1973, eru byggð af kvenfélögum og á Akureyri barnavinafélagi, en eftir setningu laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila 1973 tóku ríki og sveitarfélög við."

Síðan eru rakin þau lagaákvæði sem snerta rekstur dagvistarheimila og síðan kemur kafli um þróun dagvistarmála. Hér er athyglisverð tafla um fjölda dagvistarrýma, sem bæst hafa við á hverju ári frá 1975 til 1984, og kemur þar fram ljóslega að á undanförnum fjórum árum hefur dregið verulega úr uppbyggingu að því er varðar fjölda vistrýma. Við getum tekið hér samanburð um fjölda vistrýma í leikskólum sem var 1974 3144 og 1979 hafa þau aukist í 4500, dagheimili: 1365 í 1890, skóladagheimili: 101 í 216, en eftir 1980 virðist vera töluverður samdráttur að því er þetta varðar.

Hér er vitnað til þeirrar tíu ára áætlunar í dagvistarmálum sem gerð hefur verið á vegum menntmrn. um byggingu dagvistarheimila 1981—1990. „Til undirbúnings þessari áætlun", segir hér, „var leitað upplýsinga hjá sveitarfélögum um áætluð dagvistarrými og einnig var höfð til hliðsjónar áætlun Reykjavíkurborgar um uppbyggingu dagvistarþjónustu á þessu tímabili. Tvennar forsendur voru lagðar til grundvallar áætluninni, önnur varðandi þörf fyrir dagvistun og hin varðandi lengd dagvistar. Forsendan um þörf var tvískipt og var miðað við færri rými í hverjum aldurshópi í forsendu 1 en í forsendu 2." Síðan er fjallað ítarlega um þessa áætlun sem gerð hefur verið af hálfu menntmrn. Hér er rætt um tilgang dagvistunar, en þar segir með leyfi forseta:

„Eins og fram hefur komið voru fyrstu lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila sett 1973. Fyrir þann tíma var uppbygging dagvistarþjónustu aðallega á Reykjavíkursvæðinu. Með setningu laganna urðu ríkisframlög til að ýta undir byggingu dagvistarstofnana annars staðar á landinu og síðan hafa jafnt og þétt bæst við ný dagvistarheimili. Langt er frá því að þörf fyrir dagvistun sé fullnægt og ekki eru líkur á að takist að framfylgja tíu ára áætlun Reykjavíkurborgar um uppbyggingu dagvistarþjónustu 1981—1990 þannig að í lok þessa tímabils verði nægileg dagvistun fyrir hendi í Reykjavík.

Sama er að segja um tíu ára áætlun frá menntmrn. um byggingu dagvistarheimila fyrir sama tímabil. Í lögum um dagvistarheimi nr. 112/1976 segir um tilgang dagvistunar að hann sé að búa börnum uppeldisskilyrði sem efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum. Þarna er höfuðáherslan á uppeldisþáttinn en af umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum áratugum má ljóst vera að krafan er einnig um að losa vinnuafl og gefa konum valkost og starfsvettvang.

Hvað varðar ákvæði laganna um sérmenntað fólk í uppeldismálum má segja um þróunina á síðustu tíu árum, þar sem dagvistarheimilum hefur fjölgað jafnt og þétt, að stöðugir erfiðleikar hafa verið á að uppfylla það skilyrði. Það hefur orðið æ erfiðara að fá fósturmenntað fólk til starfa á dagvistarheimilum og jafnframt hafa mannaskipti orðið tíðari. Hreyfing á starfsfólki 1984 var rúmlega 60%. Þróun þessi leiddi síðar til þess að á árinu 1985 voru stofnuð samtök foreldra barna á dagvistarheimilum svo unnt yrði að fá nægilega margt sérmenntað fólk til starfa og draga úr mannaskiptum. Við mannaráðningar á dagvistarheimilum hefur í framkvæmd verið gengið út frá því að forstöðumenn dagvistarheimila væru fósturmenntaðir og um helmingur annars starfsfólks sem annast börn. Reynst hefur erfitt að fullnægja síðara skilyrðinu og mun það víða vera svo að innan við helmingur þeirra starfsmanna sem annast börnin að forstöðumönnum meðtöldum séu fósturmenntaðir.

Fram hefur komið að lág laun ráði nokkru um hve erfitt er að fá fósturmenntað fólk til starfa á dagvistarheimilum. Hér er um starf að ræða sem nær eingöngu er unnið af konum og var áður leyst af hendi inni á heimilunum án launa. Benda má á hugsanleg tengsl þessara þátta við kynskipta launastefnu í framkvæmd. Meðallaun karla voru tæplega 54% hærri en meðallaun kvenna á vinnumarkaðinum 1983.

Í umræðu um dagvistarmál í borgarstjórn Reykjavíkur 1985 kom fram að uppsagnir fóstra væru óvenjumargar 1984 og sú ástæða sem þar má nefna helsta fyrir uppsögn eru launamál.

Ef litið er á leikskólaþjónustu í dagvistun sérstaklega hefur áherslan aðallega beinst að uppeldisþættinum og álit margra er að leikskólavist eigi að vera opin öllum börnum á forskólaaldri 2—5 ára. Uppbygging á þessu sviði hefur verið mikil og fjöldi leikskólarýma hefur því tvöfaldast á tíu ára tímabili. Á sama tíma fjölgar börnum á þessum aldri um tæp 1000 eða úr 16 892 í 17 672. Leikskólaþjónusta nær þó einungis til um 35% barna.

Herra forseti. Þar sem dagvistarmálin gegna svo mikilvægu hlutverki að því er varðar kjör kvenna á vinnumarkaðnum vil ég vitna í bók frá jafnréttisráði, sem fjallar um könnun á stöðu íslenskra kvenna, eftir Fríðu Björk Pálsdóttur, þar sem hún fjallar einmitt um daggæslu barna. En þar kemur fram hjá Fríðu, með leyfi forseta:

„Mikilvægt þótti að kanna hvar börnin væru á meðan konur væru í vinnu utan heimilis. Í skýrslu Reykjavíkurborgar um dagvistun barna í Reykjavík kemur fram að margar konur fara að vinna utan heimilis áður en barnið fær dagvistarrými og hefur hlutfallið hækkað frá árinu 1982. 57,6% mæðra, sem voru á biðlista um leikskólarými árið 1984, voru konur sem vinna utan heimilis, 33,8% voru heimavinnandi konur og 8,6% nemar. Börn í dagvistun í Reykjavík voru 31. desember 1984 4588 að tölu, þar af 2088 í leikskólum, á dagheimilum voru 1363, 80 voru á dagvistarheimilum einkaaðila og 1057 hjá dagmæðrum. Á biðlista voru 1616 börn.

Í Reykjavík eru 11 skóladagheimili, 26 dagheimili, 23 leikskólar og 33 gæsluvellir. Um haustið 1984 voru 345 dagmæður með leyfi og hafði hver þeirra að meðaltali 3,1 barn á framfæri sínu. Þetta er vissulega athyglisverð tala, þegar til þess er litið hve mikill skortur er á

dagvistarrými, að 345 dagmæður bjarga vissulega því sem bjargað verður í þessu efni, en þær hafa að meðaltali í gæslu 3,1 barn hver.

Á Patreksfirði er einn leikskóli og voru þar 60 börn í leikskólanum 1. desember 1984. Á Húsavík voru 38 börn með dagheimilisrými og 84 börn með leikskólarými á stærsta daggæsluhúsi á landinu. Er þar bæði starfræktur leikskóli og dagheimili. Á Egilsstöðum er einn leikskóli sem veitti 59 börnum rými þann 1. desember 1984.

Niðurstöður fyrir árið 1984 sýna að leikskólarými eru algengust eða 14,6%, leikskóli eða dagmamma 14%. Ýmis önnur ráð, t.d. að barnið eða börnin séu heima hjá föður eða ömmu eða hjá föður og í skóla, í vinnunni, eru líka tilgreind hér. Ýmis önnur ráð eru hlutfallslega algengust í Reykjavík og á Húsavík, eins og tafla sem kemur fram í þessari bók sýnir. Í Reykjavík eru leikskóli og dagmamma algengasta daggæslan fyrir barnið eða börnin auk ýmissa annarra ráða. Á Patreksfirði svöruðu flestar konur að þau væru heima, á Húsavík eru leikskólar hins vegar algengastir og á Egilsstöðum leikskóli og dagmamma."

Auðvitað mætti margt fleira, herra forseti, taka til úr þessari bók, sem ég hef verið hér að vitna til, sem nefnd hefur verið „Konur—hvað nú?" og gefin hefur verið út vegna þessa lokaárs kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna. Þessi bók er staðfesting á því að mikið þarf að gera til að uppræta þann launamismun sem ríkir á vinnumarkaðnum svo dæmi sé tekið. Hún lýsir mjög vel stöðu kvenna á vinnumarkaðnum og í þjóðfélaginu almennt.

Herra forseti. Ég mun láta nægja það sem ég hef lesið úr þessari bók að sinni þó að ýmsir fleiri kaflar hennar ættu erindi í þá umræðu sem hér fer fram.

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að ítreka enn frekar en ég hef gert launamismun kynjanna á vinnumarkaðnum og launakjör kvenna almennt, ekki síst í hefðbundnum kvennastarfsgreinum, nú þegar við fjöllum um launakjör flugfreyja og það frv. sem hér er til umræðu um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.

Það er staðreynd, sem konur hafa lengi þurft að búa við, að atvinnurekendur kaupa vinnuframlag kvenna ódýru verði. Það er staðreynd að alls staðar í heiminum eru konur notaðar sem ódýrt vinnuafl. Það er staðreynd að af hverjum þremur sem teljast til fátækra í heiminum eru a.m.k. tvær konur. Það er staðreynd að helmingur fjölskyldna í heiminum sem skilgreindar eru sem fátækar eru fjölskyldur einstæðra mæðra. Það er staðreynd að þrátt fyrir að konur vinni 75% allrar vinnu í heiminum, launaða og ólaunaða, þiggja þær aðeins 10% allra launa og eiga aðeins 1% allra eigna. Það er staðreynd að störf í hefðbundnum kvennastarfsgreinum eru lægst launuðu störfin í þjóðfélaginu, en í þeim störfum eru m.a. 73% einstæðra mæðra eða um 5000 konur með 7000 börn á framfæri sínu. Það er staðreynd hvað snertir konu með eitt barn á framfæri sínu og 16—17 þús. kr. dagvinnutekjur, eins og algengt er að flugfreyja t.d. hafi, að þegar hún hefur greitt 10 000 kr. húsaleigu og rúmlega 3000 kr. í barnagæslu á hún 3—4000 kr. eftir í 30 daga fyrir mat og öðrum nauðsynjum. Þurfi hún að kaupa einkagæslu fyrir barn sitt á hún ekkert eftir fyrir mat og öðrum nauðsynjum.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að runninn er upp sá merkisdagur 24. október 1985, en þá eru tíu ár liðin frá því að konur vöktu með eftirminnilegum hætti athygli á kjörum sínum og lögðu niður vinnu. Þessi bók, sem ég hef hér vitnað í, ber þess glöggt vitni að lítið hefur þokað á þessu tíu ára tímabili til að uppræta launamismun þann sem er á vinnumarkaðnum milli kynja. Á morgun mun mikill fjöldi kvenna efalítið leggja niður vinnu og taka þeirri áskorun sem komið hefur frá 84 konum m.a. sem sent hafa frá sér þá áskorun ásamt mörgum fleiri að leggja niður vinnu. En hverju eru konur til að mynda að mótmæla á morgun að því er varðar launamál þeirra? Þær mótmæla því hvernig lögin um launajafnrétti kynjanna eru þverbrotin í þjóðfélaginu, m.a. með því að konur sem vinna við almenn afgreiðslustörf í dagvöruverslunum þurfa að vinna 444 dagvinnustundum lengur á ári til að ná ársdagvinnutekjum karla fyrir almenn afgreiðslustörf. Þær mótmæla því á morgun að konur í vefjariðnaði þurfa að vinna 252 dagvinnustundum lengur á ári til að ná ársdagvinnutekjum karla í vefjariðnaði. Þær mótmæla því að konur sem eru verslunarstjórar þurfa að vinna 1056 dagvinnustundum lengur á ári til að hafa sömu árstekjur í dagvinnu og karlar sem eru verslunarstjórar. Þær mótmæla því að konur við almenn skrifstofustörf þurfa að vinna 480 dagvinnustundum lengur á ári til að ná ársdagvinnutekjum karla við almenn skrifstofustörf. Þær mótmæla því að hefðbundin kvennastörf eru metin til lægri launa en hefðbundin karlastörf, en ófaglærða saumakonan þarf til að mynda að bæta við sig 444 dagvinnustundum á ári til að ná ársdagvinnutekjum ófaglærða trésmiðsins. Þær mótmæla því á þessum degi, 24. október, að konur við verksmiðjuvinnu þurfa að vinna 264 dagvinnustundum lengur á ári til að ná dagvinnutekjum karla í verksmiðjuvinnu. Þær mótmæla því að konur sem vinna í pakkhúsum þurfa að vinna 192 dagvinnustundum lengur á ári til að ná ársdagvinnutekjum karla við pakkhúsvinnu. Þær mótmæla því að konan í byggingavöruversluninni þarf að vinna 552 aukadagvinnustundir á ári til að ná árstekjum karlsins sem vinnur við hlið hennar í byggingavöruverslun.

Í þeim samanburði sem ég hef hér tilgreint er miðað við hreint tímakaup í dagvinnu á 2. ársfjórðungi 1985. Ef reiknað er út meðaltal launamismunar hjá samtals átta konum, þ.e. einni úr hverri ofangreindra starfsgreina sem ég hef hér tilgreint, hafa þessar átta konur samtals tæpum 480 þús. kr. minna í árstekjur en átta karlar sem vinna við hlið þeirra í sömu eða sambærilegri starfsgrein. Meðaltalið er því um 60 þús. kr. launamismunur á hverja konu á ári. Gerum ráð fyrir að ofangreindar forsendur endurspegli meðaltal af þeim launamismun sem ríkir milli kynjanna á vinnumarkaðnum og reynum að nálgast eftir þeirri leið um hve háa fjárhæð er að ræða í launamismun hjá konum og körlum á hverju ári í þjóðfélaginu. Í fjórum stærstu heildarsamtökum launafólks eru 40 000 konur. Ef við gefum okkur að fjórði hluti þeirra eða 10 000 konur búi við launajafnrétti, en meðaltal launamismunar hjá þeim 30 000 konum sem eftir standa sé það sem ofan greinir, þá lætur nærri að haft sé af konum á hverju einasta ári um 1 milljarður og 800 millj. kr. Þá hefur ekki verið reiknað með launamismun kynjanna í yfirvinnu, bílafríðindum eða öðrum fríðindum sem karlar hafa umfram konur á vinnumarkaðnum. Og ef litið er á

álagningu skatta vegna ársins 1985 eða tekna 1984 gefur það nokkra vísbendingu um hve gífurlegur munur er á kjörum kvenna og karla einnig í því efni.

Rætt hefur verið töluvert í þessari umræðu um ökutækjastyrk og dagpeninga. Lítum á hvernig þetta lítur út samkvæmt upplýsingum sem fram koma í skattframtölum. Þar kemur fram meðaltal ársgreiðslna vegna bifreiðahlunninda á árinu 1984, vegna ökutækjastyrks, vegna dagpeninga, ferðapeninga, risnu, fæðishlunninda, fæðispeninga, annarra hlunninda og fatnaðar. Þar kemur fram um fjölda karlmanna sem fengu bifreiðahlunnindi að meðaltalið hjá þeim var 43 000 1984 meðan það var hjá konum 10 000 kr. Ökutækjastyrkur 44 000 hjá karlmönnum, 17 885 hjá konum. 12 500 karlmenn fengu ökutækjastyrk en 2700 konur. Dagpeningar. Fjöldi þeirra sem fékk dagpeninga, ferðapeninga eða risnu 4517, meðaltal á mánuði hjá körlum 34 302, hjá konum 12 074 og aðeins 653 konur á móti 4517 körlum fengu dagpeninga, ferðapeninga eða risnu. Og ef litið er til fæðishlunninda, fæðis sem vinnuveitandi lætur í té endurgjaldslaust, þá eru það 1121 karlmaður sem fékk fæðishlunnindi að meðaltali 14 935 kr., en aðeins 118 konur á móti þessum 1121 karlmanni og upphæðin var að meðaltali 10 006 kr. Ef litið var á fæðispeninga var um að ræða 6338 karla sem höfðu að meðaltali 15 200 kr., en 750 konur sem höfðu að meðaltali 4920 kr.

Það sem sérstaka athygli hlýtur að vekja er hvað hlutur kvenna í öllum hlunnindagreiðslum er mikið minni en karla, bæði að því er varðar upphæð og fjölda þeirra sem hlunninda njóta. Ökutækjastyrkur eiginmanna er að meðaltali 146% hærri en eiginkvenna og aðeins 2701 kona fær ökutækjastyrk á móti 12 542 körlum. Eiginmenn hafa 210% hærri meðaltalsgreiðslur í fæðispeninga en eiginkonur á vinnumarkaðnum og fjöldi kvenna sem fæðispeninga nýtur er 750 á móti 6338 körlum.

Ég taldi vitaskuld rétt, herra forseti, að vekja athygli á þessum upplýsingum um launamismun kynjanna á vinnumarkaðnum og ef litið er til álagningar 1985 og tekjur samkvæmt skattframtölum skoðaðar vegna álagningar 1985 kemur fram meðaltal árslauna fyrir árið 1984. Þá eru launþegar sundurliðaðir eftir yfirliti *ríkisskattstjóra. Eiginmenn sem eru launþegar fá* 396 000 að meðaltali, en eiginkonur í launþegastétt 157 000. Atvinnurekendur: Karlar í launþegastétt 197 000 á móti karlkyns atvinnurekendum í launþegastétt 396 000 og kvenkyns atvinnurekendur 95 000 á móti konum í launþegastétt 157 000. Samkvæmt þessu er meðaltalið *hjá launþegum 195 000 á árinu 1984 en atvinnurekendum* 149 000.

Herra forseti. Ég mun nú senn fara að ljúka máli mínu, en ég tel þó rétt áður en svo verður að vekja athygli á riti, sem nýverið er komið út, um staðreyndir á stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Þetta rit er gefið út *af framkvæmdanefnd um launamál kvenna og vil ég* vitna í formálann í þessu riti, en þar kemur fram tilgangurinn með útgáfu þessa rits og þar koma fram tildrögin og aðdragandinn að stofnun framkvæmdanefndar um launamál kvenna og það sem er kannske athyglisvert og eftirtektarvert við stofnun þessarar framkvæmdanefndar, sem nú hefur starfað á þriðja ár, er það að konur, þvert á öll pólitísk bönd, tóku þar höndum saman, konur í stjórnmálaflokkum, í kvennasamtökum og í stéttarfélögum, til þess að leggja á ráðin um hvernig best væri unnið að því að uppræta þann launamismun sem ríkir á vinnumarkaðnum. Ég vil því lesa þennan stutta formála sem þessu riti fylgir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdanefnd um launamál kvenna var stofnuð 3. okt. 1983, en upphaf að stofnun nefndarinnar má rekja til ráðstefnu sem Samband Alþýðuflokkskvenna gekkst fyrir um launamál kvenna. Í lok ráðstefnunnar var samþykkt tillaga undirrituð af átta konum úr stéttarfélögum og stjórnmálaflokkum um að leita samstöðu um skipun framkvæmdanefndar um þátttöku kvenna í launþegahreyfingunni svo og öðrum áhugaaðilum um launajafnrétti kynjanna er skipulegðu aðgerðir sem leitt gætu til úrbóta þannig að komið yrði í veg fyrir launamisrétti kynjanna. Framkvæmdanefnd um launamál kvenna er skipuð 19 konum. Eru þar fulltrúar allra flokka og samtaka á Alþingi svo og fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra bankamanna, Bandalagi háskólamanna, Starfsmannafélaginu Sókn, Verkakvennafélaginu Framsókn, Snót Vestmannaeyjum, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, jafnréttisráði, Bandalagi kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Kvennaframboðinu í Reykjavík.

Strax á fyrsta fundi nefndarinnar kom fram að brýnt væri að fá virk tengsl við konur um land allt og koma á góðu samráði og samvinnu við konur í verkalýðshreyfingunni. Til að ná því markmiði hefur framkvæmdanefnd um launamál kvenna haldið 13 fundi víðs vegar um landið. Einnig hafa verið haldnir samráðsfundir með konum í stjórnum og samninganefndum heildarsamtaka launafólks svo og sérstakur fundur með þeim konum sem sátu ASÍ-þing í nóvember 1984. Á þeim fundi kom fram að nauðsynlegt væri að konur, hvar í stéttarfélögum sem þær standa, bæru reglulega saman bækur *sínar um stöðuna í launamálum kvenna og* leituðu sameiginlegra leiða til úrbóta. Auk ofangreindra funda hefur meginátherslan verið lögð á að koma á framfæri upplýsingum um stöðuna í launamálum kvenna. Í upphafi starfsins óskaði því nefndin eftir því við þjóðfélagsfræðingana Esther Guðmundsdóttur og Guðrúnu Sigríði Vilhjálmsdóttur að þær söfnuðu saman öllum tiltækum upplýsingum úr könnunum sem gerðar hafa verið og snerta launamun kynjanna sérstaklega. Hefur gagnasöfnun og úrvinnsla þessa verkefnis því staðið yfir síðan síðla árs 1983. Nokkrar upplýsingar úr þessari könnun voru gefnar út í bæklingi í febrúar *1984 sem dreift var á fundum á vinnustöðum.* Niðurstaðan úr ofangreindri úttekt liggur nú fyrir og birtist í þessu riti. Hér hefur verið um umfangsmikið og tímafrekt starf að ræða, en í þessari úttekt er safnað saman helstu upplýsingum sem fyrir liggja um stöðuna í launamálum kvenna.

Það er von Framkvæmdanefndar um launamál kvenna að þessi úttekt, sem nú liggur fyrir, muni koma að gagni í baráttunni fyrir launajafnrétti kynjanna. Væntir nefndin þess að sem flest stéttarfélög og aðrir sem að launajafnrétti kynjanna vinna taki þessa skýrslu til umfjöllunar í sínum félögum og að niðurstaða þessarar úttektar geti orðið stéttarfélögum stuðningur í baráttunni fyrir bættri stöðu kvenna á vinnumarkaðinum."

Þessa úttekt, sem ég hef hér vitnað til, unnu þjóðfélagsfræðingarnir Esther Guðmundsdóttir og Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir. Hér er um ítarlegt rit að ræða upp á 80 blaðsíður. Í inngangi kemur fram samantekt þeirra Estherar Guðmundsdóttur og Guðrúnar Sigríðar Vilhjálmsdóttur sem ég tel að eigi fullt erindi inn í þessa umræðu og vil vitna til, með leyfi forseta:

„Allt fram til ársins 1961 var leyfilegt í sumum tilvikum að greiða konum lægri laun en körlum fyrir sömu störf, en þá voru sett lög um launajöfnuð karla og kvenna. Skv. þeim skyldu laun kvenna hækka í áföngum á árunum 1962—1967 til jafns við laun karla fyrir sömu störf í almennri verkamannavinnu, verksmiðjuvinnu og verslunar- og skrifstofustörfum og skyldi fullum launajöfnuði náð 1. janúar 1967.

Árið 1976 voru síðan sett lög um jafnrétti kvenna og karla þar sem m.a. er kveðið á um að þeim skuli greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þar með var fullu lagalegu jafnrétti kynjanna náð á vinnumarkaðinum.

Þrátt fyrir þessa lagasetningu ríkir enn töluverður launamismunur milli kynja, misjafnlega mikill þó eftir aðstæðum. Konur hafa ítrekað lýst því yfir að þær telji hlut sinn fyrir borð borinn í launamálum. Hefðbundin kvennastörf séu mun lægra metin en hefðbundin karlastörf og þar sem konur og karlar vinni sömu störf beri karlar mjög oft meira úr býtun en þær.

Stofnun Framkvæmdanefndar um launamál kvenna haustið 1983 var því svar kvenna við þeirri óánægju sem ríkti þeirra á meðal með kjör sín á vinnumarkaðinum. Konur úr ýmsum áttum bundust samtökum um að gera átak og rétta hlut sinn. Að tilstuðlan framkvæmdanefndarinnar var fljótlega hafist handa um söfnun tiltækra upplýsinga sem varpað gætu ljósi á stöðu kvenna í launamálum hér á landi og þá sérstaklega hvort og hve mikill launamismunur ríkti milli kynja. Var undirrituðum falið þetta verkefni“ — en þennan inngang skrifa þær Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir og Esther Guðmundsdóttir.

„Það var ekki hugmyndin að gera nýjar kannanir heldur að vinna úr því efni sem fyrir lá. Efnissöfnun og úrvinnsla fór að mestu leyti fram á tímabilinu október—desember 1983. Þá um áramótin voru lagðar fram bráðabirgðaniðurstöður og á grundvelli þeirra var útbúinn lítill blöðungur með nokkrum staðreyndum um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum sem dreift var á vinnustaði og víðar. Þar sem von var á nýjum upplýsingum um þessi mál, þar á meðal niðurstöðum launakönnunar kjararannsóknarnefndar, var ákveðið að bíða með að ljúka skýrslugerðinni um sinn. M.a. af þeim sökum hefur útkoma hennar dregist.

Við gerð þessarar skýrslu hefur verið leitað fanga víða og er hér með komið á framfæri þökkum til þeirra mörgu aðila sem lögðu lið við útvegun þeirra.“ — Þá er vitnað til heimilda sem stuðst hefur verið við og síðan segir:

„Úr fyrirliggjandi gögnum hafa verið unnar margvíslegar töflur og myndir sem sýna samanburð kvenna og karla með tilliti til atvinnuþátttöku, vinnutíma, starfa og síðast en ekki síst launa. Er áhersla lögð á að töflur og myndir tali sínu máli með þeim skýringum sem þeim fylgja, en jafnframt er reynt að draga fram í texta það helsta sem þar kemur fram. Hér er því aðallega um safn staðreynda að ræða án þess að lagt sé mat á það svo að heitið geti.“

Síðan segir um atvinnuþátttöku: „Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna farið stöðugt vaxandi og er nú svo komið að um 80% kvenna hafa einhverjar launatekjur, en 67% kvenna á aldrinum 15—74 ára eru virkar í atvinnulífinu. Þær vinna sem svarar 14 vikum eða meira á ári. Atvinnuþátttakan nær hámarki hjá giftum konum á aldrinum 45—49 ára, en hjá körlum á aldrinum 35—49 ára. Athyglisvert er að atvinnuþátttakan er mjög svipuð hjá giftum og ógiftum konum, en hvað landshluta snertir er hún heldur meiri utan Reykjavíkur en í höfuðborginni.“

Síðan er fjallað hér um fullt starf, hlutastarf og vinnutíma. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutastörf eru mun algengari hjá konum en körlum og árið 1982 voru 63% þeirra kvenna sem voru á vinnumarkaðinum í hlutastarfi en 37% í fullu starfi. Vinnutími kvenna utan heimilis er almennt styttri eins og raunar tölurnar um hlutastörf bera með sér. Yfirvinna er fátíðari hjá konum nema þeim sem vinna vaktavinnu. Á undanförnum árum hefur meðalvinnutími verkakvenna í fullu starfi verið á bilinu 43—44 klst. á viku, en 51—54 hjá verkamönnum.

En vinnudagur kvenna er ekki styttri en karla þegar á heildina er litið. Skv. jafnréttiskönnun í Reykjavík veturinn 1980—1981 kom fram að þegar lagður var saman vinnutími fólks heima og heiman var heildarvinnutími síst styttri hjá konum en körlum. Þar kom einnig fram að þáttur karla í heimilisstörfum var litlu meiri þegar konurnar voru í fullu starfi eða hálfu en þegar þær voru alveg heima.“

Þá er fjallað um störfin og hér segir, með leyfi forseta:

„En hvaða störfum gegna konurnar á vinnumarkaðinum? Hér á landi sem víðast annars staðar einkennist vinnumarkaðurinn af tvískiptingu sem felst í því að annars vegar eru störf sem krefjast góðrar starfsþjálfunar, veita góð laun, atvinnuöryggi og framavonir. Hins vegar eru störf sem krefjast lítillar starfsþjálfunar, veita lág laun, litlar framavonir og í þeim er mikil hreyfing á fólki. Sú staðreynd að fyrri hópinn fylli einkum karlmenn og þann síðari einkum konur er sjálfsagt engin tilviljun.

Með aukinni atvinnuþátttöku og menntun kvenna á síðustu árum hefur starfssvið þeirra breikkað og konur hasla sér nú völl á æ fleiri sviðum. Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, er þó ljóst að mjög stór hluti kvenna er annaðhvort í ófaglærðum störfum eða almennri þjónustu eða skrifstofustörfum. Lítill hluti þeirra er í störfum sem krefjast starfsmenntunar eða veita mannaforráð.“

Síðan er fjallað um launin og þar segir: „Niðurstaðan af samanburði á launum kvenna og karla á grundvelli fyrirliggjandi gagna sýnir svo að ekki verður um villst að verulega hallar á konur í launum.

Í þessari athugun hafa laun kynjanna verið borin saman á ýmsa vegu til að fá fram sem raunhæfasta mynd og til að draga úr þeim áhrifum sem hlutastörf kvenna og lengri vinnutími karla en kvenna geta haft á launamuninn hefur verið kappkostað t.d. að miða við þá sem eru í fullu starfi og við dagvinnulaun eftir því sem heimildirnar leyfa.

Borin hafa verið saman dagvinnulaun með eða án bónuss og einnig meðaltímakaup kvenna og karla

meðal nokkurra starfsstétta, eins og verkafólks, verslunar- og skrifstofufólks, og skoðað bæði með tilliti til höfuðborgarsvæðisins og utan þess.

Þá var athugað hvernig skiptingu kynja er háttað eftir launaflokkum og í sumum tilvikum einnig eftir störfum hjá ríki og borg, bæjarfélögum og bönkum.

Til eru ítarlegar upplýsingar um meðallaun á ársverk og hefur verið gerður samanburður á þeim eftir kynjum með hliðsjón af aldri þeirra og hjúskaparstöðu, atvinnugreinum og kjördæmum.

Bornar hafa verið saman atvinnutekjur karla og kvenna skv. skattframtölum eftir vinnuframlagi og atvinnustéttum.

Borin hafa verið saman laun kynjanna eftir menntun og störfum.

Enn fremur hafa laun háskólamenntaðra kvenna og karla verið skoðuð, bæði þeirra sem starfa hjá ríkinu og hinna sem starfa á einkamarkaði.

Loks má nefna, þó að ekki sé þar með allt upp talið, að athugaður var hlutur kvenna í fastri yfirvinnu hjá hinu opinbera svo og hlutdeild þeirra í svokölluðum bílastyrkjum.

Launamunurinn, sem fram kemur við allan þennan samanburð, er mismunandi mikill eftir atvikum. Skulu hér tekin nokkur dæmi.

Árið 1983 vantaði 7% á að verkakonur hefðu sambærilegt meðaltímakaup og verkamenn. Miðað við hreint tímakaup í dagvinnu (án bónuss) var munurinn 13%, en með bónus minnkaði hann í 2%.

Skv. launakönnun kjararannsóknarnefndar á launakjörum meðal 14 aðildarfélaga ASÍ í lok árs 1983 voru meðalatvinnutekjur fullvinnandi karla um 16% hærri en kvenna. Þá reyndust 44% fullvinnandi kvenna vera með dagvinnutekjur undir 13 þús. kr. á mánuði samanborið við 21% karla.

Árið 1983 voru karlar við verslunarstörf með 29% hærra dagvinnukaup en konur. Árið 1983 voru karlar við skrifstofustörf með 30% hærra dagvinnukaup en konur. Meiri hluti kvenna sem starfar hjá ríkinu, bæjarfélögum og bönkum eru í launaflokkum um eða undir miðju launastigans.

Meðallaun kvenna á ársverk eru hæst hjá ógiftum konum 25—44 ára og samsvara þau meðallaunum 15—19 ára pilta, 65—69 ára ókvæntra karla og 70—74 ára kvæntra karla. Konur ná hæstu hlutfalli af meðallaunum karla á ársverk í landbúnaði eða 86%, en þar eru meðaltekjur karla langlægstar.

Árið 1982 voru meðalatvinnutekjur kvenna skv. skattframtölum 82 þús. kr. en karla 171 þús. kr. eða tvöföld laun kvenna. Aðeins 5,5% kvenna náðu þessum meðaltekjum karla. Af 19 atvinnustéttum framteljenda í fullu starfi árið 1982 náðu konur hæstu hlutfalli af launum karla í atvinnustéttinni kennarar og skólastjórar eða 69%. Meðalárstekjur kvenna í fullu starfi, sem starfa á sjúkrahúsum, elliheimilum og barnaheimilum, voru 136 þús. kr. eða 46% af meðaltekjum karla í sömu stétt.

Meðal starfsmanna á einkamarkaði er launamunur kynja fyrir dagvinnu meiri hjá þeim háskólamenntuðu en hinum sem ekki hafa slíka menntun eða 47% á móti 37% skv. könnun Hagstofu Íslands árið 1984. Heildarlaun félagsmanna BHM skv. skattframtölum sem eru í fullu starfi eru lægst í þeim félögum þar sem konur eru meiri hluti félagsmanna skv. könnun Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1983. Háskólamenntaðar konur í níu aðildarfélögum BHM, sem starfa hjá hinu opinbera, eru með 68—83% af heildarlaunum háskólamenntaðra karla í þeim félögum, en hér er eingöngu um starfsmenn í fullu starfi að ræða.

Árið 1982 voru konur 15% þeirra opinberu starfsmanna sem fengu greidda fasta yfirvinnu. Fengu konur að meðaltali 13 þús. kr. en karlar 25 þús. kr. Þá voru konur 13,7% þeirra opinberu starfsmanna sem fengu greiðslur vegna bifreiða sinna árið 1982, konur að meðaltali 6 þús. kr. en karlar 15 þús. kr.

Það vantar ekki að heimildirnar gefi til kynna verulegan launamismun kynja eins og dæmin hér að framan sýna og er ljóst að það gildir einu hvort um faglærða eða ófaglærða er að ræða, háskólamenntaða eða þá sem minni menntun hafa. Konurnar standa ávallt höllum fæti. Þótt heimildirnar veiti mjög mikilvægar upplýsingar um hve mikill launamunur ríkir milli kynja eru þeim takmörk sett með að brjóta hann til mergjar. Þær svara yfirleitt ekki spurningunni um hvernig samsetningu launanna er háttað svo fullnægjandi sé, svo að hægt sé að sjá hvert rekja megi launamuninn, að hve miklu leyti það sé vinnutíminn, lengd starfsaldurs eða menntun, mismunandi störf kvenna og karla og röðun þeirra á launaflokka, yfirvinnugreiðslur, þ.e. föst yfirvinna, yfirborganir og aðrar greiðslur umfram samningsbundna taxta sem skýri launamuninn svo að dæmi séu tekin um þau atriði sem helst hafa verið nefnd til skýringa á launamuni kynjanna.

Í Noregi hafa menn reynt að nálgast launamuninn með athugun sem þar var gerð meðal hinna starfandi. Þar í landi eru laun kvenna 70% af launum karla. Niðurstaða könnunarinnar var sú að menntun skýrði fjórðung launamismunarins, aldur, starfsaldur og starfsreynsla annan fjórðung og tegund starfsins og starfssvið enn einn fjórðunginn en svo var ekkert getið um þann fjórðung sem á vantaði. Spurningin er hvort hann nái til mismunar á grundvelli kyns. Væri fróðlegt að sjá niðurstöður af sambærilegri könnun hér á landi."

Síðan kemur hér í lokin, herra forseti: „Á Alþingi árið 1984 lýsti forsrh. Steingrímur Hermannsson sig reiðubúinn að beita sér fyrir gerð samanburðarkönnunar á launakjörum kvenna og karla í samráði við aðila vinnumarkaðarins þar sem leitað var eftir upplýsingum um heildarlaun og samsetningu þeirra í einstökum atriðum, svo og um starfshlutfall, starfsheiti, starfsaldur, skólagöngu o.fl. Ætti slík könnun að geta sýnt fram á í hverju launamunur kynja er fólginn, en með þá vitneskju yrði hægt að vinna meira markvisst að bættri stöðu kvenna í launamálum hér á landi."

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Ég vil minna á það að við 1. umræðu þessa máls hér fyrr í dag óskaði ég m.a. eftir því að Þjóðhagsstofnun væri falið að meta þann útgjaldaauka sem kröfur flugfreyja hafa í för með sér vegna þess að Flugleiðamenn hafa einhliða og sjálfir lagt mat á það án þess að hlutlaus aðili hafi komið þar nærri. Þeir hafa borið það á borð fyrir alþjóð að hér sé um 100 millj. kr. útgjaldaauka að ræða og þeir segja að kröfur flugfreyja þýði 126% hækkun. Til að meta stöðuna, hvort um óbilgjarnar kröfur sé að ræða og hvort útgjaldaauki Flugleiða sé með þeim hætti sem þeir hafa gefið í skyn tel ég brýnt að Þjóðhagsstofnun leggi mat á þessar tillögur.

Mér er tjáð að það hafi ekki reynst unnt í nefndinni,

þeir bera því við, svo mikill er flýtirinn að koma lögum yfir flugfreyjur, taka af þeim samningsréttinn um sín kaup og kjör. Ég harma þetta, herra forseti, og ítreka þá ósk mína að þessar upplýsingar liggi fyrir.

Ég hefði óskað eftir því, herra forseti, að 3. umræðu um þetta mál yrði frestað þangað til Þjóðhagsstofnun hefur haft tækifæri til að leggja mat á þessar tillögur þannig að hún færi þá ekki fram fyrr en í fyrsta lagi á morgun. Ég kem þessari ósk hér með á framfæri við hæstv. forseta.

Ég vil þó vekja athygli á því varðandi það að umræðan gæti farið fram á morgun er ljóst að miðað við þann dag sem er í dag, 24. okt., þar sem konur munu vafalaust í ríkum mæli leggja niður störf sín — m.a. hafa þær konur, sem sæti eiga hér á Alþingi, allar með tölu undirritað áskorun til íslenskra kvenna um að leggja niður störf — er konum, sem sæti eiga hér á Alþingi, ekki stætt á því að vera sjálfar við vinnu þennan dag. Þess vegna hlýt ég að fara fram á það, herra forseti, að þessari 3. umræðu verði frestað fram á föstudag og ættu þá þær upplýsingar, sem ég hef beðið um að yrðu lagðar fyrir hér og kæmu fram hér í umræðunni, að liggja fyrir og Þjóðhagsstofnun að geta haft eðlilegan tíma til að skoða þær forsendur sem Flugleiðir gefa sér í þessu máli.

Ég vil minna á að fyrr hér í máli mínu beindi ég ákveðnum spurningum til hæstv. sjútvrh., sem gegnir starfi forsrh., sem snerta þær samanburðarkannanir sem hæstv. forsrh. fyrir meira en ári síðan lofaði að framkvæmdar skyldu verða. Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort hann gæti gefið þær upplýsingar inn í þessa umræðu hvar á vegi þessi samanburðarkönnun væri.

Ég beindi máli mínu til hæstv. samgrh., sem mælir fyrir þessu frv. til l. um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., og ég spyr hann og ítreka þá spurningu: Ef úrskurður kjaradóms liggur ekki fyrir fyrr en 1. des. er það þá hugmyndin að flugfreyjur verði án þeirra kjarabóta sem aðrir hafa fengið á almenna vinnumarkaðinum?

Ég óska einnig eftir því að hv. formaður samgn. svari deildinni því hvort þetta ákveðna atriði, sem ég hér nefndi, hafi komið til umræðu í nefndinni. Þetta hlýtur að vera mikilvægt innlegg í þá umræðu sem hér fer fram.

Í síðasta lagi beindi ég máli mínu til formanns Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., og spurði hann um þá nefnd sem hann beitti sér fyrir að komið var á fót fyrr á þessu ári. Fulltrúum allra stjórnmálaflokka var boðin þátttaka í því starfi sem þar fer fram. Ég á sæti í þeirri ráðgjafarnefnd sem starfa á með þessari nefnd. En mér vitanlega hefur sú nefnd ekki verið kölluð saman. Ég óska einnig eftir upplýsingum um það.

Ég þarf varla nú að láta koma sérstaklega fram afstöðu mína til þessa máls. Í 1. umræðu fór ég mjög vandlega ofan í saumana á hinum raunverulegu launakjörum sem flugfreyjur búa við. Ég tel ekki ástæðu til nema tilefni gefist annaðhvort við þessa umræðu eða við 3. umræðu að endurtaka það sem ég sagði hér við 1. umræðu og rekja lið fyrir lið hvernig fjölmiðlar hafa dregið upp ranga og villandi mynd af kjörum flugfreyja. Það er ljóst og liggur fyrir að 60% af vinnutíma sínum vinna flugfreyjur utan dagvinnutíma. Þær vinna á lögskipuðum frídögum, um helgar og aðra daga — á dögum sem aðrar stéttir í landinu sem við vinnu eru hafa vaktaálag eða álagsgreiðslur. Það er það sem þær eru að biðja um, það er þeirra meginkrafa.

Ég vil segja það, herra forseti, að það er köld kveðja til íslenskra kvenna á þessum degi sem nú er runninn upp, 24. október, að þessi dagur skuli vera notaður hér á Alþingi Íslendinga til að setja lög á eina af kvennastéttunum í landinu. Þetta er köld kveðja, herra forseti. Ég mótmæli þeirri fyrirætlan og því sem hér liggur í loftinu, að setja eigi lög á flugfreyjur. Ég mótmæli því og mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég er raunar undrandi á þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður í frammi því að það liggur ljóst fyrir þeim sem hafa skoðað þetta mál að verið er að ræða um allt annað en það frv. sem hér liggur fyrir. Þetta frv. er ekki um jafnrétti. Þetta frv. er ekki um félagslega aðstöðu kvenna eða annarra í þjóðfélaginu. Þetta frv. er ekki um dagheimili og þetta er ekki um launamismun kynjanna, hvað þá um tölvuskjá. (**JS:** Er þetta ekki um launamismunun?) Og það er ekki um kaup og kjör flugfreyjufélagsins eða annarra starfshópa í þjóðfélaginu.

Til hvers er þessi umræða sem hér hefur farið fram? Hún er ekki til þess að hjálpa flugfreyjum. Hún breytir ekki þeirra máli öðruvísi en þannig að hún gæti leitt til þess að þær yrðu nokkrum dögum lengur í verkfalli. Hún gæti breytt því, öðru ekki.

Svo var þessi hv. þm. að tala um það hvort menn væru með á nótunum. Ég held að það hljóti að vera alveg ljóst fyrir þingheimi að síðasti ræðumaður er ekki með á nótunum, hefur ekki einu sinni lesið það frv. sem hér liggur fyrir. Hvernig var spurningin sem hún lagði fyrir mig? Ég ætla að lesa hérna 2. gr. Þar er svarið, alveg skýlaust. Það verður að ætlast til þess að þegar þm. halda langar ræður viti þeir a.m.k. um hvað þeir eru að tala. (**Gripið fram í:** Líka þegar þær eru stuttar.) 2. gr. er þannig, með leyfi forseta:

„Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugfreyja hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi svo og breytingar á launum annarra starfsmanna Flugleiða hf.“

(**JS:** Fá þær þetta strax?) Auðvitað fá þær það þegar kjaradómurinn liggur fyrir. (**JS:** 1. desember?) Auðvitað fá þær það. Ef hv. þm. skilur mælt mál, en ég fer nú að efast um það.

Ég ætla að láta þetta nægja. En flugfreyjur geta þakkað hv. síðasta ræðumanni það ef þær verða í verkfalli nokkra daga. Það getur vel verið að þær líti á það sem kjarabót en ég lít ekki þannig á það. Ég treysti alveg þeim mönnum sem verða kvaddir í kjaradóminn til að leysa þetta mál samviskusamlega.

Gerð er tillaga um að Þjóðhagsstofnun leggi mat á þessar kröfur sem liggja fyrir. Ætlum við hér á Alþingi að fara að úrskurða eitthvað um kaup og kjör þessara kvenna? Okkur kemur þetta bara ekkert við. Það er kjaradómur sem á að biðja um slíkt mat. Við erum ekki að kveða hér upp úrskurð um þeirra laun. Það snýst ekkert um það. Þetta snýst um það hvort Alþingi grípi inn í, reyni að leysa verkfallið með ákveðnum hætti. Ég væri ekki tilbúinn að taka þátt í því að úrskurða um

kaup þessara kvenna, langt í frá.

Hv. 3. þm. Vestf. endaði sína ræðu á þá leið að hann liti svo á að eftir að lögin taka gildi, þ.e. eftir 31. des., geti verkfall haldist áfram án þess að boðað verði til nýs verkfalls. Þetta kom fram í nefndinni og formaður samninganefndar flugfreyjufélagsins taldi eins og ég að þær mundu þurfa að boða verkfall enda geta þær það strax og þær eru búnar að segja upp. Verkfall getur hafist 1. jan. þó að þær boði verkfall. Ef þær segja upp þessum kjaradómi 15. des., eins og þær geta skv. þessum lögum, geta þær boðað verkfall viku síðar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Ég vil bara ítreka það að þó að það væri ekki langur tími sem samgn. hafði til umráða var kallað á alla aðila. Allir fengu að leggja fyrir okkar gesti allar þær spurningar sem menn vildu og þar voru greið svör. Það kom fram hjá sáttasemjara að svolítil hreyfing hefði orðið á öðrum fundi sem haldinn var að hans tilhlutan. Síðan voru haldnir átta fundir og samningar hreyfðust ekki neitt á þeim fundum út af umræðum sem hér hafa farið fram.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það sakar kannske ekki að geta þess hvaða mál er á dagskrá. Það er frv. til l. um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. Menn eru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeir veita afbrigði til þess að þetta mál sé á dagskrá. Síðan eru þm. beðnir um að taka afstöðu til þess með jái eða neii hvort þeir samþykki þetta mál eða hafni. Menn eru ekki beðnir um að leggja efnislegt mat á deiluefnin út af fyrir sig í tilefni af flutningi þessa frv.

Um leið og þetta mál var birt hér á Alþingi notuðu þingflokkarnir væntanlega allir þinghléstímann til að kalla fyrir sig á þingflokksfundi fulltrúa beggja deiluaðila. Það sem kom út úr þeim viðræðum og það sem þær viðræður leiddu í ljós var að ágreiningsefnin eru ekki um eitt heldur um allt. Deiluaðila greinir á um forsögu málsins, aðdraganda þessarar deilu, þá greinir á um hvert tölulegt mat er á framsettum kaupkröfum, þá greinir á um þau tilboð sem fram hafa verið sett af hálfu vinnuveitenda og tölulegt mat á þeim.

Reyndar er ofmælt að þá greini á um ekki eitt heldur allt. Þeir eru sammála um eitt. Þeir eru sammála um að ekki ein einasta tillaga liggur fyrir um lausn málsins og þeir eru sammála um að ekki stoði, meðan kjaradeilan er á þessu stigi, að sáttasemjari leggi fram sáttatillögu. Ég endurtek: Það er engin tillaga til lausnar málinu — og hefur ekki komið fram í þessum umræðum — önnur en sú sem fram kemur í 2. gr. og hv. formaður samgn. las áðan, m.ö.o. að bjóða upp á kjaradóm og fela honum ákveðnar viðmiðunarreglur. Hverjar eru þær? Að „hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi svo og breytingar á launum annarra starfsmanna Flugleiða hf.".

Þetta er ekki hægt að skilja á annan veg en þann að þegar kjaradómur hefur kveðið þennan úrskurð sinn upp sé flugfreyjum a.m.k. tryggt að þær fái í sinn hlut þau boð sem best voru boðin, þ.e. almennar kjarabreytingar og reyndar öllu heldur — það verður að metast af líkum — að þarna verði farið eitthvert bil beggja milli þess tilboðs og svo mats á þeim kjarabótum sem aðrir flugliðar, flugstjórar og flugvélstjórar, hafa fengið skv. samningnum frá 28. febrúar.

Miðað við þær aðstæður að upplýst er af deiluaðilum að engin sáttatillaga er í bígerð, að verkfallið er skollið á, að engin tillaga liggur fyrir önnur um lausn, geta menn að sjálfsögðu lagt mismunandi mat á þetta. En áhættan, sem tekin er af hálfu flugfreyja að því er þetta varðar, virðist að mínu mati ekki vera mikil.

Hinn kosturinn er áframhaldandi verkfall. Menn geta auðvitað sagt eins og einn talsmaður BJ sagði: „Okkur kemur það ekkert við." Ég tek ekki undir þau orð að okkur komi það ekkert við. Við erum hér fulltrúar á löggjafarsamkundu þjóðar sem er sokkin í skuldir. Við erum hér að tala um atvinnuveg við flutninga og ferðaþjónustu sem er gjaldeyrisskapandi.

Við skulum aðeins líta á það hvaða vinnulagsreglur eru hafðar uppi skv. íslenskri löggjöf til að leysa þessi mál. Upplýst er að þessir 6—700 starfsmenn Flugleiða skiptast í 38 stéttarfélög. Upplýst er að kjarasamningar, sem í gildi eru og kveða á um mismunandi kaup og kjör, eru hátt á annað hundrað. Það liggur ljóst fyrir að hver einasti starfshópur, hvert einasta stéttarfélag af þessum 38 hefur út af fyrir sig samningsrétt og rétt til að stöðva þennan atvinnurekstur með verkfallsboðun. Fræðilega séð er ekkert ofmælt að það geti gerst 38 vikur af 52.

Stundum er verið að spyrja um grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingar. Í ræðu, sem reyndar var rökleysa frá upphafi til enda og hv. þm. Steingrímur Sigfússon flutti hér áðan, reyndi hann að vitna til einhverra grundvallarsjónarmiða, grundvallarsjónarmiðs um frjálsan samningsrétt. Hvað er maðurinn að tala um? Fyrir því eru fordæmi — þau eru ekki eitt og þau eru ekki tvö, þau eru fleiri — að allar ríkisstjórnir, með aðild allra þeirra fjögurra stjórnmálaflokka sem hafa átt aðild að ríkisstjórnum, hafa oftar en einu sinni gripið til lagasetningar og íhlutunar um kjaradeilur. Það getur gerst á mismunandi forsendum. Það getur auðvitað ekki gerst ef menn segja að það sé óbrigðult grundvallaratriði að aldrei eigi að hlutast til um kjarasamninga. En hv. þm. getur ekki haft það sér til afbötunar sem málsvörn fyrir sinn flokk, allra síst af öllum ræðumönnum og af öllum flokkum, vegna þess að fyrir liggur sem söguleg staðreynd að sá flokkur, í hvers nafni hann talar, hefur hlutast til um kjarasamninga á stuttum ríkisstjórnarferli sennilega hlutfallslega oftar en nokkur annar stjórnmálaflokkur. Er fljótlegt að rifja það upp að 14 sinnum hlutuðust þeir til um ákvæði kjarasamninga um vísitölukerfi launa og þeir hafa átt aðild að því með lagasetningu að stöðva verkföll. Þetta getur stuðst við rök. (**Gripið fram í:** Þrettán sinnum.) Fjórtán sinnum. Þetta getur stuðst við rök.

Hvaða grundvallarsjónarmið erum við að tala um? Er það eitthvert grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingar, hv. þm., að sjálfgefið sé að styðja undir öllum kringumstæðum, í öllum tilvikum, hvar sem er og hvenær sem er, hvaða kaupkröfur sem fram koma, hversu fámennan hóp sem um er að ræða og hver sem málsatvik eru? Auðvitað er það ekki og hefur aldrei verið neitt grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingar.

Mætti ég taka fráleitt dæmi? Þegar upplýst var hér á hinu háa Alþingi um kjarakröfur og kjaramál forréttindahóps hér í þjóðfélaginu — ég vænti þess að enginn vilji snúa út úr orðum mínum nú með því að þar með sé ég að leggja efnislegt mat á það að kjarakröfur flugfreyja séu sambærilegar vegna einhverra forréttinda, en

ég nefni dæmi. Þegar við ræddum hér á hv. Alþingi kjaramál bankastjóra sem voru augljóslega dæmi um forréttindi, dæmi um það að bæta átti þeim upp einhverja missu við bílaforréttindi þeirra með því að skenkja þeim 450 þús. kr. á ári þegar upplýst var að þessi fámenni hópur manna hafði búið við þau forréttindi að njóta fullkominna lífeyrisréttinda, halda háum launum sínum þegar þeir láta af störfum án þess að greiða í lífeyrissjóði. Ég bara spyr: Af því að þessi klúbbur, bankastjórar ríkisbanka, nýtur slíkra forréttinda, á það að vera eitthvert grundvallarsjónarmið launþegasamtaka hvar sem er og hvenær sem er að taka undir slíka hluti? Auðvitað er hægt að nefna slík dæmi til að sýna fram á hversu fráleitt það er.

Þetta er röksemdafærsla ad absurdum, hún er fráleit. (**GJG:** Eru bankastjórar í launþegasamtökum?) Við getum orðað það svo, hv. formaður Verkamannasambands Íslands, að við séum að taka hér dæmi af forréttindahópi sem að vísu semur um kaup sín og kjör við þingkjörin bankaráð. Mig minnir reyndar, hv. formaður Verkamannasambands Íslands, að það hafi verið sjónarmið þess flokks sem heitir Alþýðubandalag að setja ætti þau mál í kjaradóm. Ég var persónulega andvígur því og taldi að bankaráðin ættu að ráða fram úr þessu sjálf en sjónarmið flokks hv. formanns Verkamannasambandsins var að þessu máli ætti að vísa til kjaradóms.

Það er ekkert sjálfgefið við það að núverandi skipan samningamála og kjaramála, skipulag verkalýðshreyfingar, sé í samræmi við grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingarinnar og samheldni fólks og „solidaritet". Auðvelt er að leiða að því rök í þessu þjóðfélagi. Þegar láglaunafólkið í þessu þjóðfélagi, fólkið í fiskvinnslunni, iðnaðinum og versluninni sem er margt að tölu til og er fjöldinn í hinum fjölmennu samtökum eins og Verkamannasambandinu, hefur lagt á sig þungbærar verkfallsfórnir til að knýja fram hlutfallslega litlar kjarabætur getur það gerst að í kjölfarið komi tiltölulega fámennir hópar og í skjóli sterkari markaðsaðstöðu tryggi sér mun betri kjarabætur en þessi fjöldi. Hversu oft hafið þið ekki heyrt talsmenn verkalýðshreyfingarinnar lýsa þessu sjónarmiði og leggja á það áherslu að þarna sé um að ræða grundvallarsjónarmið sem varði „solidaritet", samstöðu fólks?

Við vitnum til þess að nú um áramótin eru kjarasamningar lausir, nær allir kjarasamningar allra launþega á Íslandi. Í raun og veru er þess vegna hér verið að segja: Miðað við þær aðstæður að ekki er einu sinni samkomulag aðila um að sáttatillaga sé líkleg til lausnar er um það að ræða að fresta þessari kjaradeilu þessar vikur, mánuði til áramóta. Um leið þýðir það að á þessum tíma gefst launþegahreyfingunni í heild, verkalýðshreyfingunni, starfsmönnum í þessum þjónustu- og ferðamannaiðnaði, sem heitir m.a. flutningastarfsemi Flugleiða, ráðrúm til að reyna að skapa einhverja samstöðu um það hver skal vera launastefna launþegasamtakanna, hvar þeirra „solidaritet"-sjónarmið er.

Við skulum taka dæmi af þessum ferðamannaiðnaði og þessum flutningaiðnaði sem við erum hér að ræða. Ég sagði: 38 stéttarfélög, eitthvað á annað hundrað kjarasamningar. Hver er launamunurinn innan þessarar atvinnugreinar? Mér sýnist í fljótu bragði að hann sé ekki minni en einn á móti níu, þ.e. það starfsfólk í þessum iðnaði, sem ber minnst úr býtum, hefur væntanlega laun innan við 16 þús. kr. á mánuði en upplýst var á þessum fundum að flugstjórar, væntanlega þeir hæst launuðu, hefðu oft og iðulega laun yfir 130 þús. kr. á mánuði. Ég spyr: Er það skv. grundvallarsjónarmiðum verkalýðshreyfingar og launþega í þessum iðnaði að viðhalda launamun upp á 1 á móti 9?

Það er fárra kosta völ. Einn kostur er sá að halda þessu verkfalli áfram nokkra daga, jafnvel lengur. Mitt mat er að það muni ekki leiða til neins árangurs, m.a. vegna þess að innan skamms tíma eru allir kjarasamningar lausir. Flugfreyjur munu ekki ná á þeim tíma, með þeim aðferðum og við þessar aðstæður fram sínum kröfum. Ég efa reyndar að þrátt fyrir þær fórnir næðu þær fram betri niðurstöðu til skamms tíma en fælist í úrskurði kjaradóms sem byggðist á því að tryggja þeim sambærilegar launahækkanir, ekki aðeins við hinn almenna launamarkað heldur líka miðað við gerða samninga við flugstjóra og aðra flugáhafnarmeðlimi.

Ég vísa á bug sem fjarstæðu því sjónarmiði að það sé eitthvert grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingar eða þeirra flokka sem sprottnir eru úr þeim jarðvegi að taka undir öllum kringumstæðum undir allar kröfur, hvar sem er og hvenær sem er. Ég er alveg reiðubúinn til að leggja á það mat hverju sinni hvað sé skynsamlegast að gera við hverjar aðstæður. Ég vísa því á bug að það sé grundvallarsjónarmið að undir engum kringumstæðum megi nokkurn tíma hlutast til um gerða kjarasamninga einfaldlega með vísan til þess rökstuðnings að heildarsjónarmið launþega, launastefna launþega, viðleitni þeirra til að draga úr launamun, og reyndar heildarhagsmunir þjóðarbús geta réttlætt það á stundum að til slíkrar íhlutunar komi.

Ég minni á að meginið af því sem fram fer á þessu hv. Alþingi, meginið af þeirri lagasetningu, sem héðan kemur, er ekkert annað en íhlutun í tekjuskiptingarferilinn, í kaup og kjör fólks hér á landi.

Við stöndum hér uppi í þjóðfélagi þar sem launakerfi er í raun og veru allt í rúst, þar sem hinn breiði massi fólks býr við lágmarkstaxta sem verkalýðshreyfingin knýr fram en mjög margir fjölmennir og margvíslegir hópar fólks tryggja sér bætt kjör umfram það í skjóli sterkrar markaðsaðstöðu eða vegna fámennis. Ég hef heyrt alla verkalýðsleiðtoga og nærri því úr öllum flokkum lýsa yfir óánægju sinni með þetta kerfi. Ég minni á að Alþýðusamband Íslands hefur hvað eftir annað, reyndar í aldarfjórðung, lagt fram stefnumarkandi tillögur um nauðsyn á breytingu á skipulagi verkalýðshreyfingarinnar. Hvernig þá? Til þess m.a. að koma í veg fyrir það ástand að fólki á vinnustöðum sé sundrað í margvísleg stéttarfélög.

Það er mjög algengt ef þið gangið hér um vinnustaði í Reykjavík í miðlungsstórum fyrirtækjum að fólki sé tvístrað í tíu stéttarfélög. Allur fjöldinn er kannske í Dagsbrún, Iðju eða Verslunarmannafélaginu en síðan koma aðrir sem sinna sérhæfðari störfum, fámennari hópar í öðrum félögum. Hversu oft höfum við ekki upplifað það að þeir hafa tryggt sér, ýmist í skjóli sérsamninga eða í skjóli sterkari markaðsaðstöðu, betri kjör í formi launaskriðs, launagreiðslna undir borð eða annarra fríðinda? Hversu oft hafa ekki verkalýðsleiðtogar kvartað undan þessu? Hversu lengi ætla þeir hins vegar að bíða með að gera eitthvað til að framfylgja sjálfsögðum og skynsamlegum tillögum um breytingar á

skipulagi verkalýðshreyfingar sem kæmu í veg fyrir það ástand að fólkinu, sem starfar hjá Flugleiðum, sé tvístrað í 38 stéttarfélög með þeim afleiðingum að öll viðleitni til launajöfnunar, til að auka samheldni þessa fólks, líta á mál í heild, leysa kjaramál í heild á sama tíma fer út um þúfur? (**GHelg:** Heldur þm. að flugmenn vilji vera í sama félagi og flugfreyjur?) Ég vildi benda þm. á að það væri kannske grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingar að reyna að tryggja að flugmenn og flugstjórar yrðu til þess knúnir að vera í sama stéttarfélagi og flugfreyjur og aðrir starfsmenn.

Ég minni á að við búum hér við vinnulöggjöf sem á sínum tíma var sett af Alþingi. Þá gerðist það að fólk, sem tilheyrði flokki sem þá hét Kommúnistaflokkur Íslands, kallaði þetta hin verstu þrælalög og setti á svið gífurlega harða baráttu gegn slíkri lagasetningu.

Þessi lög höfðu ekki fyrr verið sett en þessir sömu menn lýstu því yfir að þessi löggjöf væri einhvers konar manna af himnum, stjórnarskrárvernduð mannréttindi og nærri því óumbreytanleg um aldur og ævi. Auðvitað var hún hvorugt, þetta voru ekki þrælalög á sínum tíma heldur markverður ávinningur fyrir verkalýðshreyfinguna, reyndar löggjöf, ef borið var saman við evrópska löggjöf á þeirri tíð, sem tryggði réttindi verkafólks mjög verulega. Það var þess vegna fjarri sanni að þetta væru þrælalög.

Hitt er annað mál að þetta þjóðfélag er óþekkjanlegt með öllu frá því sem það var 1938. Fjölbreytni atvinnulífs hefur vaxið svo mjög og allar aðstæður að það er sjálfsagt og viðurkennt af verkalýðshreyfingunni með samþykktum þess í 25 ár að verkalýðshreyfingin lagi sig að þessum breyttu starfsháttum og taki upp skipulagsreglu sem er algild því sem næst fyrir verkalýðshreyfingu alls staðar í Vestur-Evrópu, með undantekningunni Bretland, með frægum árangri.

Ég nefni þetta vegna þess að menn hafa dregið hér inn í þessa umræðu spurningu um grundvallarsjónarmið. Ég lýsi þeirri skoðun minni að hv. þm. Steingrímur Sigfússon hafi engar sönnur fært á það í sínu máli að hann hafi, með því að lýsa andstöðu við þetta mál, stuðst við nein grundvallarsjónarmið. Ég rifja upp að sögulegar staðreyndir eru þær, fordæmin eru þau að við slík grundvallarsjónarmið er ekki hægt að styðja sig.

Ég skal ekki hafa um þetta mikið fleiri orð. Ég vísa á bug öllum ákærum í garð okkar Alþýðuflokksmanna um nokkurn mistrúnað við eðlileg grundvallarsjónarmið vinnandi fólks eða verkalýðshreyfingar þótt svo að við þessar kringumstæður styðjum þessar tillögur.

Ég minni á að í öllum þessum umræðum og því langa máli, sem hér hefur verið flutt, hefur ekki einn einasti aðili flutt eina einustu tillögu um hvernig ætti að leysa þetta efnislega, enda skal það fram tekið að það er ekki hlutverk Alþingis að leggja fram þá efnislegu lausn, Alþingi er ekki til þess bært. Þessi tillaga felur það ekki í sér. Ef samningsaðilar geta það ekki og hafa ekki getað það er við þessar kringumstæður eðlilegast að það verði reynt.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði í ræðu sinni áðan að erfitt væri að ætlast til þess af Alþingi og þingnefndum að þau afgreiddu slík mál í stað þess að kalla til óháða aðila eins og Þjóðhagsstofnun til að kveða upp úrskurð. Þjóðhagsstofnun á ekki að kveða upp þann úrskurð. Hún getur lagt fram eitthvert mat á tölulegum staðreyndum. Við höfum sáttasemjara til að leggja fram sáttatillögu. Það liggur ljóst fyrir að aðilar hafa ekki getað komið sér saman um þetta mat. Tillaga um að mynda hlutlausan kjaradóm aðila tilnefndra af Hæstarétti til að meta málsgögn aðila er einmitt þetta sem hv. þm. var að fara fram á að yrði gert en það er bara ekki hlutverk Alþingis.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Það er ógæfulegt að standa hér 24. október og ræða frv. til l. um lögbann á verkfall kvenna sem leita sér kjarabóta. Reyndar ætluðu þingkonur allar að ganga úr þessu húsi á þessum degi en vegna eðlis málsins og þess hve umræða hefur hér dregist þá munum við halda áfram umræðum.

Síðar í dag mun væntanlega mikill fjöldi kvenna leggja niður störf og minnast þess sem áunnist hefur og líta til þess sem fram undan er í baráttu kvenna fyrir bættum hag. Ég vil minna hv. þm. á að það var ekki að ástæðulausu sem mikill meiri hluti íslenskra kvenna lagði niður vinnu þann 24. október fyrir tíu árum. Því miður hefur þó kjaramálum kvenna ekki þokað það mikið áleiðis síðan að enn er langt í land.

Þær konur sem hér heyja kjarabaráttu, flugfreyjur, vinna hefðbundin kvennastörf, þ.e. þjónustustörf til að auka vellíðan manna, og þessi störf eru unnin við erfiðar aðstæður oft utan venjulegs dagvinnutíma uppi í háloftum. Þau krefjast jafnframt fjarvista frá heimili auk þess sem talsverður hluti vinnutímans fer í ferðir og bið. Í þeim hóp þar sem þær vinna eru þær lægst launaðar en vinna þó jafnhliða þeim sem einna hæst eru launaðir í þjóðfélaginu. Til þess að bæta kjör sín gera þær kröfur sem nú hafa leitt til verkfalls og vinnuveitendur þeirra segjast ekki hafa getað séð sér fært að mæta þessum kröfum um vaktaálag, m.a. vegna þeirra auknu kaupkrafna annarra starfsmanna sem þeir telja að muni fylgja í kjölfarið.

Það kom fram í máli hv. 5. landsk. þm. hér fyrr í umræðunum að honum þótti það engan veginn viðeigandi að Alþingi tæki þátt í umræðu um kaupsamningamál fyrirtækis úti í bæ. Þar ættu menn að ráða sínum málum sjálfir en Alþingi skyldi þar hvergi afskipti hafa. Það er mikið til í því og það er reyndar ekki Alþingis að koma með efnislegar lausnir eins og hv. 5. þm. Reykv. minntist á að hér hefði hvergi örlað á í umræðunni. Hitt er þó óumflýjanlegt að málið er komið hér inn á Alþingi og á því verður að taka.

Það að málið er komið hingað inn á Alþingi, það þýðir einfaldlega að verkfallsréttur flugfreyja hefur verið af þeim tekinn. Það út af fyrir sig er nægjanlegt umræðuefni, hverjir megi hafa verkfallsrétt og hverjir ekki, hvort þær stéttir sem t.d. sinna samskiptum þessarar þjóðar við umheiminn, eins og flugliðar, og t.d. heilbrigðisstéttir eigi í reynd ekki að njóta verkfallsréttar.

Íhlutun stjórnvalda þegar á fyrsta degi vinnustöðvunar flugfreyja viðurkennir ekki þennan rétt heldur afnemur hann. Það hefur hingað til verið talið til mannréttinda vinnandi fólks að hafa rétt til að leggja niður vinnu sína til að leita sér kjarabóta. Þennan rétt hafa flugfreyjur því ekki í reynd.

Þó að best væri að Alþingi þyrfti engin afskipti að hafa af þessu máli er þó óhjákvæmilegt að Alþingi hafi skoðun á launamálum í þjóðfélaginu almennt. Það er enn fremur óhjákvæmilegt að Alþingi hafi skoðun á

tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Og síðast en alls ekki síst bæði verður og hlýtur Alþingi að hafa skoðun á því hver staða og kjör kvenna eru í þjóðfélaginu. Og ef Alþingi hefur ekki tíma eða tækifæri eða finnst það ekki viðeigandi að ræða þau mál 24. október árið 1985 þá veit ég ekki hvenær. Öll þessi atriði eru nátengd þessu máli.

Að auki verð ég að bæta því við að mér rísa hár á höfði hér í þingbyrjun þegar afkastalestin óðagot ætlar að bruna yfir þm. eina ferðina enn, reka þá á undan sér lafmóða á hlaupum við að afgreiða mál án þess að hafa fengið svo mikið sem sæmilegt svigrúm til þess að kynna sér málavexti. Svona vinnubrögð eru engum þm. sæmandi og ættu allir menn að neita að taka þátt í slíku.

Það hefur komið fram í máli þm. hér á undan, einkum í máli hv. 2. landsk. þm., að sú stétt kvenna sem hér um ræðir, flugfreyjur, er ekki sú hálaunastétt sem landsmönnum hefur verið kynnt í fjölmiðlum. Þær tilheyra fyrst og fremst hinni stóru stétt, konur, sem mega búa við það hlutskipti að meira en 80% þeirra vinna utan jafnt sem innan heimilis. Samt bera þær mun minna úr býtum en karlar sem hafa allt að 52% hærri laun en konur ef metin eru meðallaun á ársverk. Og ég vil vitna hér í ágæta skýrslu sem getið hefur verið um fyrr í umræðum í kvöld, en það er Staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum, skýrsla sem samin er af þeim Ester Guðmundsdóttur og Guðrúnu Sigríði Vilhjálmsdóttur. Þar segir um atvinnuþátttöku kvenna:

„Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna farið stöðugt vaxandi og er nú svo komið að um 80% kvenna hafa einhverjar launatekjur, en 67% kvenna á aldrinum 15—74 ára eru virkar í atvinnulífinu, þ.e. vinna sem svarar 14 vikum eða meira á ári. Atvinnuþátttaka nær hámarki hjá giftum konum á aldrinum 45—49 ára, en hjá körlum á aldrinum 35—49 ára. Athyglisvert er að atvinnuþátttakan er mjög svipuð hjá giftum og ógiftum konum en hvað landshluta snertir er hún heldur meiri utan Reykjavíkur en í höfuðborginni.

Hlutastörf eru mun algengari hjá konum en körlum og árið 1982 voru 63% þeirra kvenna, sem voru á vinnumarkaðinum, í hlutastarfi, en 37% í fullu starfi, 40 vikur eða meira á ári. Vinnutími kvenna utan heimilis er almennt styttri eins og reyndar tölurnar um hlutastörfin bera með sér. Yfirvinna er fátíðari hjá konum nema þeim sem vinna vaktavinnu. Á undanförnum árum hefur meðalvinnutími verkakvenna í fullu starfi verið á bilinu 43—44 klst. á viku, en 51—54 hjá verkamönnum. En vinnudagur kvenna er ekki styttri en karla“ — og ég endurtek: „vinnudagur kvenna er ekki styttri en karla þegar á heildina er litið.

Skv. jafnréttiskönnun í Reykjavík veturinn 1980—1981 kom fram að þegar lagður var saman vinnutími fólks heima og heiman var heildarvinnutíminn síst styttri hjá konum en körlum. Þar kom einnig fram að þáttur karla í heimilisstörfunum var litlu meiri þegar konurnar voru í fullu starfi eða hálfu en þegar þær voru alveg heima.

En hvaða störfum gegna konurnar á vinnumarkaðinum? Hér á landi sem víðast annars staðar einkennist vinnumarkaðurinn af tvískiptingu sem felst í því að annars vegar eru störf sem krefjast góðrar starfsþjálfunar, veita góð laun, atvinnuöryggi og framavonir. Hins vegar eru störf sem krefjast lítillar starfsþjálfunar, veita lág laun, litlar framavonir og í þeim er mikil hreyfing af fólki. Sú staðreynd að fyrri hópinn fylli einkum karlar og þann síðari einkum konur er sjálfsagt engin tilviljun.

Með aukinni atvinnuþátttöku og menntun kvenna á síðustu árum hefur starfssvið þeirra breikkað og konur hasla sér nú völl á æ fleiri sviðum. Af þeim gögnum sem fyrir liggja er þó ljóst að mjög stór hluti kvenna er annaðhvort í ófaglærðum störfum eða almennum þjónustu- eða skrifstofustörfum. Lítill hluti þeirra er í störfum sem krefjast starfsmenntunar eða veita mannaforráð.

Niðurstaðan af samanburði á launum kvenna og karla á grundvelli fyrirliggjandi gagna sýnir svo að ekki verður um villst að verulega hallar á konurnar í launum. Í þessari athugun hafa laun kynjanna verið borin saman á ýmsa vegu. Til að fá fram sem raunhæfasta mynd og til að draga úr þeim áhrifum sem hlutastörf kvenna og lengri vinnutími karla en kvenna geta haft á launamuninn hefur verið kappkostað t.d. að miða við þá sem eru í fullu starfi og við dagvinnulaun eftir því sem heimildirnar leyfa. Launamunurinn sem fram kemur við allan þennan samanburð“ — og ég mun ekki fara ítarlega út í hvernig sá samanburður var gerður en vísa til þessa bæklings — „er mismunandi mikill eftir atvikum. Skulu hér tekin nokkur dæmi.

Árið 1983 vantaði 7% á að verkakonur hefðu sambærilegt meðaltímakaup og verkamenn, en miðað við hreint tímakaup í dagvinnu án bónuss var munurinn 13%, en við bónus minnkaði hann í 2%. Skv. launakönnun kjararannsóknarnefndar á launakjörum meðal 14 aðildarfélaga ASÍ í lok árs 1983 voru meðaldagvinnutekjur fullvinnandi karla um 16% hærri en kvenna. Þá reyndust 44% fullvinnandi kvenna vera með dagvinnutekjur undir 13 þús. kr. á mánuði samanborið við 21% karla. Árið 1983 voru karlar við verslunarstörf með 29% hærra dagvinnukaup en konur. Árið 1983 voru karlar við skrifstofustörf með 30% hærra dagvinnukaup en konur. Meiri hluti kvenna sem starfar hjá ríkinu, bæjarfélögum og bönkum eru í launaflokkum um eða undir miðju launastiganna. Meðallaun kvenna á ársverk eru hæst hjá ógiftum konum 25—44 ára og samsvara þau meðallaunum 15—19 ára pilta, 65—69 ára ókvæntra karla og 70—74 ára kvæntra karla. Konur ná hæstu hlutfalli af meðallaunum karla á ársverk í landbúnaði, eða 86% en þar eru meðaltekjur karla langlægstar.
er mismunandi mikill eftir atvikum. Skulu hér tekin nokkur dæmi.

Árið 1983 vantaði 7% á að verkakonur hefðu sambærilegt meðaltímakaup og verkamenn, en miðað við hreint tímakaup í dagvinnu án bónusanefndar á launakjörum meðal 14 aðildarfélaga ASÍ í

Árið 1982 voru meðalatvinnutekjur kvenna skv. skattframtölum 82 þús. kr. en karla 171 þús. kr., eða tvöföld laun kvenna. Aðeins 5,5% kvenna náðu þessum meðaltekjum karla.“ Og ég vil minna ykkur á, hv. þm., að það eru meira en 80% kvenna úti á vinnumarkaðnum.

„Af 19 atvinnustéttum framteljenda í fullu starfi árið 1982 náðu konur hæstu hlutfalli af launum karla í atvinnustéttinni kennarar og skólastjórar, eða 69%. Meðalárstekjur kvenna í fullu starfi sem starfa á sjúkrahúsum, elliheimilum og barnaheimilum voru 136 þús. kr., eða 46% af meðaltekjum karla í sömu stétt. Meðal starfsmanna á einkamarkaði er launamunur kynja fyrir

dagvinnu meiri hjá þeim háskólamenntuðu en hinum sem ekki hafa slíka menntun, eða 47% á móti 37% skv. könnun Hagstofu Íslands árið 1984. Heildarlaun félagsmanna Bandalags háskólamenntaðra manna skv. skattframtölum og eru í fullu starfi eru lægst í þeim félögum þar sem konur eru meiri hluti félagsmanna skv. könnun Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1983. Háskólamenntaðar konur í níu aðildarfélögum BHM og starfa hjá hinu opinbera eru með 68—83% af heildarlaunum háskólamenntaðra karla í þeim félögum. En hér er eingöngu um starfsmenn í fullu starfi að ræða.

Árið 1982 voru konur 15% þeirra opinberra starfsmanna sem fengu greidda fasta yfirvinnu. Fengu konur að meðaltali 13 þús. kr. en karlar 25 þús. kr. Þá voru konur 13,7% þeirra opinberra starfsmanna, sem fengu greiðslu vegna bifreiða sinna árið 1983, konur að meðaltali 6 þús. kr. en karlar 15 þús. kr.

Það vantar ekki að heimildirnar gefi til kynna verulegan launamun kynja, eins og dæmin hér að framan sýna, og er ljóst að það gildir einu hvort um faglærða eða ófaglærða er að ræða, háskólamenntaða eða þá sem minni menntun hafa. Konurnar standa ávallt höllum fæti."

Og hver skýrslan á fætur annarri birtir okkur niðurstöður sem ýta óþyrmilega við konum, skyldi einhverri detta í hug að nú hafi miðað svo vel áfram að við getum hvílt okkur um stund? Nýlega voru birtar tölur um launaskrið karla við skrifstofustörf sem hefur verið mun meira en hjá konum við sömu störf á s.l. ári. Og þannig rekur hver skýrslan aðra og allar falla niðurstöður á svipaða lund.

Reyndar er ástandið slíkt í hinum hefðbundnu kvennastörfum nú á síðustu og verstu tímum að það gengur erfiðlega að fá konur til þeirra. Þau laun og sú virðing sem við þau eru bundin er slík að sífellt færri sækjast eftir þeim. Það gengur erfiðlega að manna fiskvinnsluna, fóstrur vantar á dagvistarstofnanir og svo má lengi telja. Upplýsingar frá framhaldsskólum nú í haust virðast líka benda til þess að talsvert hafi dregið úr aðsókn að hinum hefðbundnu umönnunargreinum, en aðsókn aukist hins vegar í ýmsar viðskiptagreinar.

Ef unglingarnir í dag flýja úr slíkri starfsmenntun hver á þá að sinna umönnun þjóðfélagsþegnanna í framtíðinni? Umönnun ykkar, hv. þm., sem eigið í vændum hærri meðalaldur en áður hefur þekkst á Íslandi.

Fleiri stúlkur leita nú almennt menntunar en áður. Þær eru nánast í meiri hluta í menntaskólum og æ fleiri sækja í háskóla. Menntun hefur löngum þótt vera lykill að betri kjörum, en því miður — reyndin hefur ekki orðið sú hjá konum, því þær hafa þrátt fyrir viðleitni sína til að sækja sér aukna menntun lent í því að fylla flokk menntaðra láglaunastétta. Þær námsgreinar sem konur helst leita til í háskóla eru ekki hátt skrifaðar þegar laun eru greidd. Þannig brestur ísinn víða undan konum þótt þær reyni að bjarga sér, því hann er þunnur.

Það sem liggur til grundvallar hinum lágum launum kvenna er fyrst og fremst vanmat. Vanmat á framlagi þeirra og störfum, jafnt utan heimilis sem innan. Sú þjónusta og umönnun sem konur hafa veitt ástvinum sínum, heimilisfólki og mörgum fleirum, sem þær hafa látið sig varða, hefur ævinlega verið tekin fyrst og fremst sem sjálfsagður hlutur, verið svo samofin hlutverki þeirra að enn hefur ekki tekist að aðskilja þetta framlag og meta það að verðleikum til launa þegar út á vinnumarkað kemur. Og enn halda konur áfram að gegna þessu hlutverki þó svo að þær hafi haslað sér völl á vinnumarkaði.

Í könnun sem nýlega var gerð á vegum jafnréttisnefndar Reykjavíkur kom í ljós að vinnuframlag kvenna innan heimilis er mun meira en karla. Þegar vinnutími heima og heiman er skoðaður, eins og ég gat um áðan, kemur í ljós að heildarvinnutími kvenna er síst styttri en karla. Meðal þess sem fram kemur í könnun jafnréttisnefndar Reykjavíkur er, að meiri tíma er varið í heimilisstörf eftir því sem fjölskyldan er stærri. Meðalvinnutími kvenna í sambúð á heimili var rúmar 33 stundir, en karla rúmar 6 stundir á viku. Vinnuframlag eiginkvenna til heimilisstarfa va r 51 klst. á viku væri hún ekki á vinnumarkaðnum, 34 klst. á viku væri hún í hlutastarfi og 22 klst. á viku væri hún í fullu starfi. Vinnuframlag eiginmanns til heimilisstarfa var 5 klst. á viku væri eiginkonan heima, 6 klst. á viku væri eiginkonan í hlutastarfi og 7 klst. á viku væri hún í fullu starfi utan heimilis. Um fjórðungur kvenna og karla unnu í 51—60 klst. samanlagt heima og heiman en í 61 klst. eða meira unnu 30% kvenna á móti 24% karla."

Herra forseti. Það getur enginn álasað konum fyrir að vera liðleskjur. Í könnun á vegum Sameinuðu þjóðanna kom í ljós að konur vinna, eins og áður var getið í umræðum hér, ⅔ af öllum vinnustundum sem unnar eru í heiminum, bæði innan heimilis og utan, en fá þó ekki greitt nema 1/10 hluta af þeim launum sem greidd eru og eru einungis skráðir eigendur að 1% um af eignum jarðarinnar. Hver ræður þessum launagreiðslum og þessari eignaskiptingu? Ekki konur. Það eru hins vegar karlar. Karlar sem hafa aldrei og virðast ekki enn skilja eða kunna að meta hið ríkulega framlag kvenna. Hins vegar eru konur löngu orðnar meðvitaðar um mikilvægi sitt og mikilvægi þeirra starfa sem þær vinna. Og þær sætta sig ekki lengur við þann lítilvæga skerf sem þeim er skammtaður þegar laun eru greidd. Þess vegna leita þær réttar síns eins og flugfreyjur gera nú og því styðja konur hver aðra að þær vita að í samstöðu þeirra er fólginn kraftur, jákvæður skapandi kraftur sem ekkert fær staðist. Þann kraft munum við væntanlega finna síðar í dag þegar konur leggja niður störf til að minna á það að þær eru ómissandi í þessu þjóðfélagi og verða ekki lengur sniðgengnar.

Fyrir hönd Kvennalistans þá hafna ég þessu frv. Ég mótmæli því að verkfallsréttur skuli hafa verið tekinn af flugfreyjum. Ég mótmæli þessum afleitu vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð í þinginu og ég styð konur einlæglega í kjarabaráttu sinni.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Í upphafi þings er nú vinnutilhögun hér á Alþingi líkust því sem venjan er síðustu daga fyrir þinglok. Slíkur er asinn að enginn eðlilegur tími fékkst til að skoða þetta mál sem hér er til 2. umr., né til þess að vinna að niðurstöðum. Svo sem komið hefur fram er ég aðili að nál. á þskj. 75 ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e., áliti sem ég hefði kosið að hafa miklu ítarlegra og skýrara. Þess vegna finn ég mig nú knúna til að bæta við það örfáum orðum.

Rök þeirra sem styðja þetta frv. eru fyrst og fremst, og nánast eingöngu, að hér sé um óhjákvæmilega lagasetnigu að ræða. Engin lausn hafi verið í sjónmáli

og enginn annar kostur fyrir hendi. Sú er þeirra niðurstaða. Menn skyldu athuga hver er meginorsök þess að þessi staða er upp komin. Við hv. 4. þm. Norðurl. e. segjum í nál. okkar að ekki hafi verið reynt sem skyldi að komast að samkomulagi eftir eðlilegum leiðum. Það álit vil ég ítreka og undirstrika. En hvers vegna skyldi það ekki hafa verið reynt? Að mínu mati er það vegna þess að búið er að slæva bit verkfallsvopnsins með síendurtekinni íhlutun stjórnvalda. Ég tek undir mörg orð hv. 4. landsk. þm. sem lagði alla áherslu á þennan þátt málsins. Með þessari síendurteknu íhlutun er í raun og veru búið að taka samningsréttinn af Flugleiðum. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að þau fordæmi sem samningsaðilar höfðu fyrir sér hafa dregið úr áhuga þeirra á að ná samkomulagi eftir eðlilegum leiðum. Við getum því ekki leitað sakarefna hjá samningsaðilum. Sökin liggur hjá stjórnvöldum og menn skyldu íhuga það vandlega hver afleiðingin verður ef þau bæta nú enn einum steini í þá vörðu sem hér er verið að hlaða.

Ég get hins vegar alls ekki fallist á þá skoðun, sem ítrekað hefur komið fram hér í þessum umræðum, að rangt sé að blanda launamálum inn í umræðuna. Við hljótum að leita orsakanna fyrir því að þessi staða er komin upp og þær finnum við ekki nema skoða um hvað deilan hefur snúist og á hverju strandar. Það er heldur ekki rétt að með þessu frv. sé ekki tekin efnisleg afstaða í þessari kjaradeilu, því að í 2. gr. frv. segir, með leyfi forseta, þó búið sé að vitna oftar en einu sinni í hana:

„Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugfreyja hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi svo og breytingar á launum annarra starfsmanna Flugleiða hf.“

Þar með hefur löggjafinn tekið afstöðu til þess að ekki beri að taka tillit til meginkröfu flugfreyja um vaktaálag, sem er það atriði sem markar algera sérstöðu í þessari deilu. Að mínum dómi felst í þessu mat á því hver launakjör flugfreyja eiga að vera og það mat hefur þá löggjafinn tekið að sér.

Ég sagði hér í 1. umr. um þetta mál að það hefði vissulega skýrst nokkuð á þessum stutta tíma sem við fengum milli þingfunda í dag. Hins vegar skýrðist það ekki nóg. Heldur ekki á nefndarfundi í kvöld milli umræðna, enda er ekki nóg að hlusta á það sem deiluaðilar hafa fram að færa, heldur hefðum við þurft tíma og tækifæri til útreikninga og sjálfstæðs mats á staðreyndum málsins.

Það er ekkert leyndarmál að mikið ber á milli í túlkun deiluaðila á kröfum flugfreyja svo og því sem Flugleiðir hafa boðið. Þetta er svo sem engin nýlunda. Slík er reyndin í öllum vinnudeilum og menn ættu að vera löngu hættir að leggja trúnað á fullyrðingar deiluaðila í þessum efnum. Staðreyndin er þó sú að auðvelt er að villa um fyrir almenningi og er aðstöðumunur augljós í þeirri deilu sem hér um ræðir. Flugleiðir hafa látið frá sér fara fullyrðingar um að farið sé fram á 126,4% meðaltalshækkun launa, þegar tillit sé tekið til allra þátta í kröfugerðinni, og þótt vitað sé að flugfreyjur séu ekki of sælar af launum sínum er von að menn hrökkvi við þegar þeir heyra slíkar tölur. Þarna er farið gálauslega með tölur og slíkt ber að fordæma. Öll meðaltöl eru varasöm. Þar geta afbrigðilegar tölur breytt myndinni gjörsamlega. Við getum hugsað okkur fjölskyldu með ungum foreldrum með tvö til þrjú börn. Það skiptir nú aldeilis máli upp á meðalaldurinn í þeirri fjölskyldu ef aldraður afi eða amma eru á heimilinu. Það er nákvæmlega það sem liggur hér að baki. Við mat á áhrifum af starfsaldurshækkunum sem flugfreyjur hafa gert kröfur um gjörbreytist sú mynd sem af kröfugerðinni má fá vegna þeirra örfáu kvenna sem hafa verið lengi í starfi. Þessi útreikningur Flugleiðamanna er því algerlega út í hött og gefur alranga mynd af því sem um er deilt.

Það er einnig verulega ámælisvert að vera að reyna að draga inn í þessa mynd útlagðan kostnað flugfreyja sem felst í dagpeningagreiðslu og ökutækjastyrkjum. Það eru ekki laun og eiga ekki að teljast laun. Mér þætti gaman að vita hvort hv. þm. telji sér almennt til launa bílastyrki og símakostnað, áskrift blaða og fleira sem eflaust mætti tína til. Það dettur áreiðanlega ekki nokkrum þm. í hug.

Herra forseti. Mér fannst nauðsynlegt að draga fram þessi atriði sem hafa verið notuð til stuðnings þeirri staðhæfingu að flugfreyjur hafi gert óheyrilegar launakröfur. Það er ekki alltaf allt sem sýnist og tölum er auðvelt að hagræða á ýmsa vegu ef vilji er fyrir hendi. Ég tel það ábyrgðarhluta að slá ryki í augu fólks með þessum hætti og reyna þannig að hafa áhrif á almenningsálitið og snúa því gegn mótaðilanum, eins og hér hefur verið gert.

Herra forseti. Hæstv. samgrh. talaði hér við 1. umr. um mikilvægi samgangna fyrir land og lýð og um það þarf enginn að efast — eða dettur nokkrum manni í hug að deiluaðilar geri sér það ekki ljóst? Þessi staðhæfing hæstv. ráðh. minnti mig hins vegar óþægilega á þann málflutning sem sífellt er beint til launafólks, ekki síst kvenna sem leyfa sér að fara fram á betri kjör. Þá er jafnt og þétt reynt að vekja upp vonda samvisku þess fólks sem stendur í launabaráttu og höfða til fórnarlundar þess með yfirlýsingum af þessu tagi. Ég efast ekki um að deiluaðilar gera sér fulla grein fyrir því hvað í húfi er, hvoru megin borðsins sem þeir sitja.

Ég vil ljúka máli mínu með því að vísa til þess, sem ég sagði í upphafi máls míns, að orsök þeirrar stöðu sem nú blasir við í deilu flugfreyja við Flugleiðir er að finna í síendurtekinni íhlutun stjórnvalda í vinnudeilur þessara aðila. Þeirra er ábyrgðin.

Herra forseti. Ég hefði sannarlega óskað að sá dagur sem nú er runninn upp, 24 okt., hefði ekki byrjað með þeim hætti sem nú er orðinn. En kannske er það einmitt við hæfi. Baráttan fyrir bættum kjörum getur aldrei fallið niður.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Virðulegur forseti. Það er sennilega eitthvað svipað á komið með okkur báðum, að okkur rís lítt hár á höfði yfir þessari umræðu, en ég get svo sannarlega tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að það er heldur nöturlegt að ræða þessi mál hér og nú með þessum hætti á þessum degi. Ég verð að segja, herra forseti, að nokkuð kemur mér það spánskt fyrir sjónir að menn skuli koma endurtekið hér í þennan virðulega ræðustól og halda því fram sem einhverjum sérstökum kosti þessarar umræðu að þm. þurfi ekki að vita um hvað hún snýst. Vegna þess að Alþingi ætli ekki að taka efnislega afstöðu til

kjaradeilunnar sé óþarft fyrir þingheim að vera að hafa af því áhyggjur um hvað málið snýst. Þannig skil ég a.m.k. ræðuhöld þeirra hv. þm. sem með slíku tali eru að reyna að fá sér fjarvistarsönnun frá því að taka á málinu efnislega. Auðvitað snýst það fyrst og fremst um grundvallaratriði, eins og ég lét koma fram í upphafi míns máls áðan, en einnig hljóta þm. að þurfa að vita hvers eðlis deilan er, um hvað hún snýst og hvernig hún er vaxin þegar þeir ætla að taka afstöðu til jafnafdrifaríks máls og þess að grípa inn í vinnudeilu með lagasetningu. Og ég verð að segja það, herra forseti, að má ég þá biðja um svolítið rismeiri málflutning en þennan hér á hv. Alþingi.

Auðvitað er með lagasetningu hér og nú tekin ákveðin afstaða í málinu. Það er tilgangslaust að reyna að horfa fram hjá því, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Það er tekin ákveðin afstaða með stjórn Flugleiða þannig að það er tekið undir það sjónarmið að kröfur flugfreyja séu ósanngjarnar og óraunhæfar og ekki sé ástæða til að ganga að einhverju leyti til móts við þær. Það er gert með því að taka þessa vinnudeilu út úr þeim eðlilega farvegi sem þessar deilur eiga að vera í ef allt er með felldu.

Þetta var út af fyrir sig ágætis ræða hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. (**GJG:** Hún var fráleit.) En hún var um efni sem koma þessari deilu á þessari stundu harla lítið við. Ég vil taka það fram til að forða misskilningi og róa huga hv. 7. þm. Reykv. að ég er efnislega algerlega ósammála hv. þm., en ég skil að þetta hafi átt að vera hans skoðanir og hann kom þeim skammarlaust frá sér. Að því leyti til var ræðan sæmileg. En ég verð að segja það eins og er að einum tíu sinnum eða jafnvel oftar tókst honum að snúa út úr mínum orðum og rangtúlka það sem ég sagði. Til að mynda sagði ég aldrei, hv. þm., að það kæmi aldrei til greina og það ætti að vera undantekningalaus regla að aldrei mætti grípa inn í um samninga. Slíku hélt ég ekki fram. Ég vil hins vegar benda á að í hvert einasta sinn sem löggjafinn grípur inn í vinnudeilur er í raun tekist á um grundvallaratriði, það er komið inn á grundvallaratriði, og menn hljóta að þurfa að gera það vandlega upp við sig í hvert eitt skipti hvort slíkt sé réttlætanlegt. Ég vil benda hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni á að hann er ekki bara að taka afstöðu í þessu máli, hann er líka að taka afstöðu með vinnubrögðum ríkisstj. að þessu frv. Það er mjög ámælisvert að mínu mati og á það hefur flokkssystir hans, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, rækilega og vel bent að þau vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar.

Röksemdir Alþfl., herra forseti, þó e.t.v. sé ekki ástæða til að eyða mjög mörgum orðum að afstöðu meiri hluta þingflokks Alþfl., hafa blandast inn í umræðurnar. Einkum telst mér það vera tvennt sem Alþfl. sér við að standa svona að málum. Það er í fyrsta lagi að það ber svo mikið á milli í deilunni. Og eru það nú orðin rök allt í einu í kjaradeilum að ef á einhverjum punkti þeirra lítur illa út með samninga sé sjálfsagt að skipta sér af málum? Eru það orðin rök? Hefur það aldrei komið fyrir á Íslandi fyrr að einhvern tíma standi þannig á í vinnudeilum að ekki líti út fyrir samninga alveg á næstu dögum eða næstu klukkutímum?

Einnig voru það rök að vegna þess að samningar annarra aðila væri lausir um áramót væri sjálfsagt að grípa til lagasetningar í þessari vinnudeilu. Skyldi þá ekki einhvern tíma oftar, herra forseti, vera ástæða til þess á Íslandi að grípa inn í vinnudeilur með lagasetningu ef það eru orðin rök að af því að allir eru ekki samflota núna sé þetta sjálfsagt og eðlilegt? Þetta er furðulegur málflutningur, herra forseti, af þingmönnum flokks sem kennir sig við verkalýð og alþýðu landsins, stórfurðulegur skilningur á eðli vinnumarkaðarins á Íslandi, að lagasetning sé nú af þessum ástæðum eðlileg og sjálfsögð.

Það hlýtur að verða, herra forseti, að gera kröfu til þess að Alþingi skoði vandlega rökstuðning í málum sem þessum og hvort það sé óhjákvæmilegt og réttlætanlegt að grípa til aðgerða. Það er fullkomið ábyrgðarleysi, að mínu mati, af Alþingi að gluða slíku frv., sem fjallar um grundvallaratriði, í gegn án þess að skoða það meira en hér á að gera. Það er fullkomið ábyrgðarleysi, vil ég segja, af löggjafanum að fara þannig með vald sitt í þessum málum. Og ef mönnum koma ekki efnisatriði deilunnar við, til hvers erum við þá með augu og eyru hér á Alþingi? Af hverju göngum við þá ekki að verkum okkar með bundið fyrir augun og tappa í eyrunum ef við þurfum ekki að kynna okkur málin áður en við setjum um þau lög? Er það svo e.t.v., herra forseti, að Alþingi séu hætt að koma kjör vinnandi stétta í landinu við?

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hóf ræðu sína á því að segja að þingheimi kæmi í raun og veru ekki við efnisatriði þessarar deilu og prísaði sig sælan fyrir að því væri létt af sér að setja sig inn í það. En hann endaði ræðuna, eða svo gott sem, með nokkuð sérkennilegum hætti. Aftarlega í ræðu hans kom sú setning að í raun og veru væri ekkert gert hér á Alþingi sem ekki væri á einn eða annan hátt að grípa inn í skiptingu teknanna á Íslandi. Þá er hann kominn í dálaglegan hring, þessi nýlega kjörni formaður Alþfl., hring um sjálfan sig, og er það eftir öðru í röksemdafærslu flokksins í þessu máli.

Ég vil endurtaka það, herra forseti, að menn geta ekki fengið sér fjarvistarsönnun með því að segja í fyrsta lagi að það beri mikið á milli. Það hefur áður gerst í kjaradeilum á Íslandi. Og það hefur áður gerst að samið hafi verið með stuttum fyrirvara, jafnvel örfáum klukkutímum eftir að slitnar upp úr viðræðum, eftir að menn sjá ekki ástæðu til að halda þeim áfram. Þá allt í einu breytast aðstæður og innan tíðar liggja fyrir samningar. Þetta þekkja allir og það þarf ekki að rekja það hér. Þess vegna eiga menn ekki að vera með þann málflutning að vegna þess að það blási ekki byrlega í augnablikinu þýði ekkert nema setja lög, það sé allt vonlaust annað. Af því að menn hafi ekki getað lagt fram sáttatillögu sé þetta vonlaus róður. Endemis röksemdafærsla er þetta. Eða þá að það þurfi allir og alltaf að vera í samfloti og ef svo sé ekki sé sjálfsagt að setja lög á þá sem á undan eru og láta þá bíða eftir hinum. Hvernig er þá orðið ástandið á vinnumarkaðnum á Íslandi? Hvert er þá komið með samningsrétt hinna einstöku stétta? Hvenær eiga menn þá að ná fram sérkröfum sínum? Hvenær eiga einstakar stéttir, sem vinna við sérstakar aðstæður og eiga þar ekkert sameiginlegt með neinum öðrum hópi í landinu, að ná fram leiðréttingum sem tengjast þeim sérstöku vinnuaðstæðum? Við skulum gá að því að flugfreyjur eru ekki bara hér að fara fram á leiðréttingu á almennum kjörum sínum, heldur eru þær einnig með kröfur uppi um það

sem varðar þeirra sérstöku vinnuaðstæður. Gleymi menn því ekki, ekki heldur Alþýðuflokkurinn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umræður því að nokkuð líður nú á kvöldið og það er einnig eftir 3. umr., en vegna þess að hv. formaður Alþfl. hafði uppi fullyrðingar um 14 kjaraskerðingar, sem einhvern tíma hafa heyrst áður í þessum þingsölum, ætla ég að vitna í, að vísu fjarstaddan heiðursmann, hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson, sem mun vera erlendis og er nokkuð óvíst um hvenær hann komist heim, en hann svaraði fyrirspurn á síðasta þingi, 2. apríl er það prentað í þingtíðindum, er hv. 3. þm. Vestf. spurði hann um aðgerðir af hálfu opinberra aðila í efnahagsmálum undanfarin 15 ár, hvorki meira né minna, og nær það nokkuð aftur í fyrri stjórnartíð Alþfl. þegar hann var í hjónabandi með Sjálfstfl. eins og hann er núna í þessu máli. Forsrh. svaraði þá, með leyfi forseta að sjálfsögðu:

„Ég hef beðið Þjóðhagsstofnun að taka saman slíkt yfirlit“ [þ.e. um aðgerðir opinberra aðila í efnahagsmálum] „og segir í bréfi Þjóðhagsstofnunar að yfirlitið nái yfir helstu aðgerðir eða þær sem máli skipta eins og þar segir“, og mun þetta vera stofnanamál, „og jafnframt að skv. yfirlitinu hafi stjórnvöld gripið tólf sinnum inn í launasamninga með beinum hætti á s.l. 15 árum.“

Hér er nú bæði vitnað í Þjóðhagsstofnun, herra forseti, og sjálfan hæstv. forsrh. lýðveldisins og þarf þá varla frekar vitnanna við.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á lögum sem sett voru á Alþingi 28. maí 1980, eru nr. 46 og heita „Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.“ IX. kafli þessara laga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„52. gr. Vinnutíma skal hagað þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. tíu klukkustunda samfellda hvíld. Samfelldan hvíldartíma má stytta í átta klukkustundir með samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd þegar um er að ræða a) vaktavinnu, b) störf að landbúnaði, c) björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla.“

Það liggur ljóst fyrir að hv. alþm. munu ekki fá samfelldan tíu tíma hvíldartíma á þessum sólarhring né heldur átta tíma, enda ekki ástæða til að stytta hann í átta tíma þar sem við höfum, eins og flugfreyjur, ekki vaktavinnu. Við erum ekki, vænti ég, að stunda hér landbúnað né bjarga verðmætum, svo sem sjávarafla. Ég vil því spyrja herra forseta: Ætlar Alþingi sjálft að ganga fram í því að brjóta sín eigin lög áfram meira en verið hefur?

Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa 53. gr. sömu laga:

„Verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarandi ófyrirséðra atburða, má víkja frá ákvæðum 52. gr. að því marki sem nauðsynlegt er til þess að koma í veg fyrir verulegt tjón þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.“

Veður er nú prýðilegt, náttúruöflin tiltölulega róleg, engin slys hafa orðið svo vitað sé og orkuskortur er hér enginn né bilun í vélum, tækjum eða öðrum búnaði og engir ófyrirséðir atburðir hafa orðið. Þess vegna liggur það væntanlega ljóst fyrir, herra forseti, að engin ástæða er til að gera frávik frá þessum lögum.

Vegna þess sem er að gerast og umræðan dregst svo mjög tel ég rétt að líta til 55. gr. þar sem nú er kominn fimmtudagur:

„Á hverju sjö daga tímabili skulu starfsmenn fá a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint samfelldum daglegum hvíldartíma, sbr. 52. gr. Að svo miklu leyti sem því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið skulu allir þeir sem starfa í fyrirtækinu fá frí á þeim degi.“

Ég vil biðja hæstv. forseta að sjá svo til að við fáum frí n.k. sunnudag. Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess að ég held að hér sé unninn óhóflegur vinnutími og að flestu leyti þýðingarlaus úr því sem komið er. Það er alveg ljóst að þessu máli verður ekki lokið hér í nótt. Ég vil mælast til þess að þessum fundi verði nú þegar frestað.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er margt vel um þann lestur sem kom fram hjá hv. 10. landsk. þm., en það eru afar mörg fordæmi fyrir því að Alþingi hefur ekki í störfum sínum, ef ég má segja svo, virt þessi lög. Og kannske gildir svipað um þingstörfin, störf okkar þm., og heyskaparvinnuna. Þetta er skorpuvinna og við tökum stundum dálítið skarpt á og þá vinnum við mikið og vel. Nú höfum við unnið í þessu eina máli frá því kl. hálfsex. Þetta eru einir átta klukkutímar. Við fengum tveggja tíma matarhlé flestir. (**GHelg:** Hvað sagði, herra forseti? Átta klukkutímar?) Það eru um átta klukkutímar, kannske vel það, síðan við byrjuðum hérna. (**GHelg:** Ég vil vekja athygli á því að ég byrjaði störf í sambandi við Alþingi Íslendinga kl. 9 í morgun.) Ég var að nefna þetta eina mál, en hitt er alveg rétt að við höfum unnið hér frá morgni og alveg fram á þennan dag sem nú er upp runninn.

Eins og ég segi er mjög gömul venja hér í þinginu þegar þannig stendur á að við vinnum skorpuvinnu eins og bændur við heyskaparstörf, en hitt er annað mál að það sem hv. þm. var að segja er allt til eftirbreytni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, HÁ, HBl, JBH, SighB, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, SvS, PJ, PS, RH, StG, SV, MMS, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, IG.

nei: GJG, GA, GHelg, HG, JS, KH, SJS, SvG, GeirG.

5 þm.(GE, GGS, KJóh, KSK, GSig) fjarstaddir.

2.—8. gr. samþ. með 25:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26:7 atkv.

Um þingsköp.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil minna á, þar sem hæstv. forseti upplýsir að taka eigi þetta dagskrármál til 3. umr., að ég beindi ákveðinni ósk til hæstv. forseta sem ég hef ekki enn fengið svar við.

Ég beindi þeirri ósk til hæstv. forseta að 3. umr. yrði frestað fram á föstudag í fyrsta lagi vegna þess að ég hef óskað eftir ákveðnum upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, eins og fram kom í máli mínu við 2. umr. Í öðru lagi

óskaði ég eftir frestun á 3. umr. fram á föstudag vegna þess dags sem er í dag, 24. október. Ég vil biðja hæstv. forseta að taka tillit til þess að níu þm. hér á Alþingi, konurnar sem hér eiga sæti, hafa skrifað undir áskorun til íslenskra kvenna um að leggja niður störf á þessum degi sem hafinn er. Ég bið hæstv. forseta að hlífa okkur konum á Alþingi við því að á sama tíma og við höfum beint áskorun til íslenskra kvenna um að leggja niður vinnu á þessum degi sé okkur gert að halda áfram störfum. Við leggjum mikla áherslu á þennan dag og þau mál sem í brennidepli verða á morgun.

Ég vil biðja hæstv. forseta lengstra orða að verða við ósk minni og fresta 3. umr. þessa máls.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil vegna þessara orða taka fram að það eru ýmis almenn rök fyrir því að ekki eigi að hraða þingmálum um of. Fyrir því eru ýmis almenn rök. Hins vegar er ég í miklum vafa um að þessi almennu rök eigi við um þetta mál. Þegar allt kemur til alls hefur verið fjallað um málið í þingnefnd og auk þess er ljóst að eftir er að fjalla um það í hv. Ed. Stefna forseta hefur verið að málinu lyki nú í deildinni í beinu framhaldi af því sem við höfum verið að gera. Ég vænti þess að þrátt fyrir allt verði samkomulag um að þessu máli megi ljúka og að 3. umr. geti farið fram þó að ég taki fyllilega undir það sem fram hefur komið hér hjá hv. 2. landsk. þm. að víst væri æskilegt að mál gengju ekki alltaf svo hratt fram, enda gera þau það reyndar ekki ævinlega hér á hv. Alþingi, en undantekningar geta þó verið. Þess vegna get ég ekki orðið við því að bregða út af því, sem ég hef þegar tilkynnt, að 3. umr. fari fram á fundi sem nú verður settur innan tíðar.

Neðri deild, 9. fundur.

Fimmtudaginn 24. okt., að loknum 8. fundi.

Kjaradómur í deilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., stjfrv. 70. mál (þskj. 72). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, EBS, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, JBH, SighB, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, SvS, PJ, PS, RH, StG, SV, MMS, SvH, ÞP, ÞS, AŞ, BÍG, IG.

nei: GeirG, GJG, GA, GHelg, HG, JS, KH, SJS, SvG.

5 þm. (GSig, GE, GGS, KJóh, KSK) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Mun það ekki rétt vera að þetta sé í þriðja sinn sem við greiðum atkvæði hér um afbrigði til að koma þessu máli áfram, að vísu ekki á einum og sama deginum því að nú er hafinn nýr sólarhringur, en sama er?

Það hefur komið fram í umræðunni að endurtekið hefur beiðnum verið hafnað um upplýsingar, um svör og um eðlilega málsmeðferð að ýmsu öðru leyti. Ég sé því enn síður nú en ég sá fyrr í dag ástæðu til að greiða atkvæði með afbrigðum eftir þessa málsmeðferð og segi því nei.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það er nú ljóst eftir því sem lengra líður á þennan sólarhring að ætlunin er að knýja þetta mál hér fram og ég vil segja að það á nánast að knýja það fram með mikilli óbilgirni. Hér hafa komið fram ítrekaðar óskir um að fá hér ákveðin svör og upplýsingar og óskir til hæstv. forseta um frestun, en allt kemur fyrir ekki. Ég vil minna á, herra forseti, að það eru einungis örfáir klukkutímar síðan hv. þingdeild fékk þetta mál til meðferðar og aðeins um átta eða níu klukkustundir sem það hefur verið hér til umfjöllunar. Ég hlýt að mótmæla þessu.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson, formaður samgn., fullyrðir að frv., sem við erum hér að ræða um, fjalli ekki um kaup og kjör. Nú verð ég að segja að þetta er mjög einkennileg afstaða. Fyrir mér a.m.k. eru kjaramál mál sem fjalla um kaup og kjör. Því er alleinkennilegt að gerð er athugasemd við það að rætt er ítarlega um kjaramál í þessari umræðu, þann launamismun sem ríkir milli kynja og stöðu kvenna í þjóðfélaginu almennt.

Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðherrar, hæstv. sjútvrh., hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh., eru sama sinnis og hv. þm. Stefán Valgeirsson, að þetta mál fjalli ekki um kaup og kjör, a.m.k. hafa þeir enga tilburði haft uppi í þessari umræðu til að svara þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir þá. Ég get, ef þeir muna ekki þær spurningar, ítrekað þær hverja um sig. Ég geri ráð fyrir að hæstv. sjútvrh. muni eftir þeirri fsp. sem ég beindi til hans, en hæstv. sjútvrh. gegnir nú störfum forsrh. Það var um samanburðarkannanir á kjörum kvenna og karla á vinnumarkaðnum. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu. Ég tel það lágmarkskurteisi við okkur í stjórnarandstöðunni, sem höfum beint ákveðnum spurningum til ráðherra, að þeir komi í ræðustól og svari spurningum, en við í stjórnarandstöðu séum ekki algerlega hundsuð, okkur sé svarað þeim spurningum sem við beinum til ráðherranna.

Ég þarf varla að rifja upp fyrir formanni Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., þá spurningu sem ég beindi til hans. Honum var mjög annt um það fyrr á þessu ári að fram færi úttekt á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Hann hlýtur að hafa fylgst grannt með störfum þeirrar nefndar sem um það mál fjallar. Ég vorkenni formanni Sjálfstfl. og hæstv. ráðherra ekkert að stíga hér í stól í eins og eina mínútu undir þessari umræðu og gefa okkur upplýsingar um það.

Sömuleiðis beindi ég ákveðinni fsp. til hæstv. samgrh. og mér nægir auðvitað ekki svar hv. þm. Stefáns Valgeirssonar við þeirri spurningu vegna þess að hans svar var einskis virði, nánast ekkert. Maður er engu nær um þá spurningu sem ég beindi til ráðherrans. Spurningin er hvort það sé virkilega meiningin að ef úrskurður kjaradóms liggur ekki fyrir 1. des. eigi flugfreyjur að vera án þeirra kjarabóta sem aðrir launþegar hafa fengið fram að þessu.

Ég óska eftir því, herra forseti, að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. ráðherrar hafa a.m.k. reynt að gefa okkur svar við þeim spurningum sem hér liggja fyrir og ef þeir telja sig þurfa að fá frest til þess að leita upplýsinga um það sem ég hef hér beðið um er mér ekkert að vanbúnaði að bíða eftir þeim svörum ef forseti tekur þá ákvörðun að fresta þessari umræðu. En

ég ítreka óskir mínar, að þessum spurningum verði svarað.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hefur naumast á valdi sínu að knýja ráðherra til að tala ef þeir hafa ekki löngun til þess.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil nú taka undir þessar spurningar með hv. 2. landsk. þm. og mig langar að bæta annarri spurningu við: Getur það verið að ráðherrarnir þori ekki í stólinn af því að þeir kunni engin svör?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það má alltaf um það deila hvernig spurningar skuli bornar fram og hvenær, við hvaða tækifæri. Hér er verið að bera fram spurningu sem kemur þessu einstaka máli ekki nokkurn skapaðan hlut við. Hitt er svo annað mál að það er sjálfsagt að veita hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur upplýsingar um þetta mál og ég skal sjá svo til að svo verði gert á morgun.

Þetta mál er til vinnslu hjá Þjóðhagsstofnun. Það er allflókið. Hins vegar hefur forsrn. gengið mjög eftir því að það væri framkvæmt, mér er kunnugt um það, og það er fullur hugur á því að því verði hrundið í framkvæmd. En það er svo með mörg ágæt mál að þó að menn vilji að þau taki stuttan tíma reynist það stundum flóknara en menn sáu í upphafi. Það liggja t.d. ekki fyrir nægilegar upplýsingar varðandi sundurliðun á skattframtölum, sundurliðun á launamiðum, og úr þessu er verið að reyna að bæta og Þjóðhagsstofnun hefur verið falið það.

Þannig er það ekki vegna þess að ekki lá fyrir nein vitneskja um málið að ég taldi ekki ástæðu til að koma hér upp, heldur vegna þess að ég sá ekki að það kæmi beint þessu máli við, en þar sem svo ákveðið er gengið eftir því taldi ég rétt að verða við því að koma þessu á framfæri.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan þegar svo virtist vera sem hæstv. ráðherrar ætluðu ekki að virða hv. 2. landsk. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur, viðlits í þessu máli. Hæstv. sjútvrh. hefur gert tilraun til svara, afskaplega veikburða tilraun, en aðrir hæstv. ráðherrar hafa ekki enn þá svarað þeim spurningum sem hv. þm. bar fram.

Nú hygg ég að það sé einsdæmi eða mjög fátítt að hæstv. ráðherrar hundsi spurningar þm. með þeim hætti sem gert hefur verið hér í kvöld. Það hlýt ég að gagnrýna mjög harðlega.

En ég vil í annan stað vekja athygli á einu, herra forseti, og það er þetta: Afstaða Alþfl. í þessu máli er sú að styðja ríkisstj. og þá gerræðisfullu ákvörðun sem hún hefur tekið. Það er eitt. Hitt liggur einnig fyrir að þingflokkur Alþfl. ætlar að hjálpa til við að beita Alþingi ofbeldi hér á þessum sólarhring. Það er einnig athyglisvert, herra forseti, og rétt að minna á í þessu sambandi.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Formaður samgn. svaraði fsp. þessa hv. þm. Hins vegar liggur svarið fyrir í frv. sjálfu. Þar er hvergi ákvæði um að það eigi að greiða annað kaup en það sem kjaradómur ákveður og það skal miðað við ákvæði kaups og kjara flugfreyja og hafa til viðmiðunar við úrskurð síðastgildandi kjarasamning aðila, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi svo og breytingar á launum annarra starfsmanna Flugleiða hf. Það liggur ekkert annað fyrir í þeim efnum. Ef verkfall hefði hins vegar verið væri ekki heldur um neitt kaup að ræða. (**JS:** Tekur því þá að bíða þangað til 1. desember?) Ja, það verður að bíða eftir kjaradómi. Ég hélt að þm. skildi jafneinfalda hluti og þetta. Þm. hefði átt að veita sér aðeins lengri tíma til lestrar á frv. en ekki lesa hér upp úr bókum á fjórða tíma.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 2. landsk. þm. er rétt að ítreka að sú fsp. lýtur ekki efnislega að því dagskrármáli sem hér er til umræðu, en það er rétt að á síðasta þingi setti ég fram hugmynd um að ríkisstj. beitti sér fyrir því að sett yrði á fót nefnd til að kanna þróun tekjuskiptingar í landinu. Sú nefnd var sett á laggirnar s.l. vor og skipuð af forsrh. og starfar á vegum forsrn. Ég hef ekki í höndum greinargerð á þessu stigi um störf nefndarinnar, en það var ærin ástæða til að setja þessa nefnd á fót til að leiða í ljós upplýsingar um þetta efni, sem valdið hefur talsverðum deilum í þjóðfélaginu, og fyrir því mun ríkisstj. að sjálfsögðu beita sér fyrir því að eðlilegur hraði verði á störfum nefndarinnar þannig að niðurstöður liggi fyrir svo fljótt sem verða má.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það brá til nýlundu í þessum umræðum að aðaltalsmaður Alþb. í þeim hefur verið hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, en ekki formaður bandalagsins sem við erum vanari að heyra sem aðaltalsmann Alþb. í slíkum prinsipmálum.

Í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. hér við 2. umr. vitnaði hann oft til skýringar á afstöðu sinni í það að þetta væri prinsipmál. Í seinni ræðu hans hér áðan við 2. umr. kom hins vegar á daginn að öll voru þessi prinsip fokin út í veður og vind og má þá segja um þá ræðu hans eins og skáldið sagði forðum, að

> Allt var gott sem gerði Drottinn forðum,
> en prinsip þetta þó hann braut,
> þegar hann bjó til Pétur Gaut.

Af fyrri ræðu hans mátti skilja að hann væri andvígur þessu frv. vegna þess að það bæri að virða frjálsa kjarasamninga skilyrðislaust. Í seinni ræðu hans kom á daginn að þetta vildi hann alls ekki sagt hafa, það væri alls ekki skilyrðislaust. Hvað var þá prinsipið? Var það það að aldrei mætti setja lög undir slíkum kringumstæðum? Það mátti skilja á fyrri ræðu, en í seinni ræðu tók hann skýrt fram að það hefði hann aldrei sagt og ekki einu sinni hugsað, enda lá það fyrir að flokkur hans hefur oftar en einu sinni beitt sér fyrir lagasetningu í slíkum málum.

Gat það verið þriðja prinsipið, að aldrei, undir engum kringumstæðum mætti hlutast til um kjaradeilur? Nei, nei. Í seinni ræðunni kom skýrt fram að hann væri alls ekki þeirrar skoðunar. Hann tók það skilmerkilega fram að þetta bæri að skoða í hvert og eitt skipti, rétt eins og aðrir menn hafa verið að halda fram.

Þegar manni gengur svo illa að útskýra sín eigin prinsip og standa við þau milli umræðna er ekki von á

því að það sé mikið mark takandi á brigslyrðum eins og þeim að í máli okkar Alþýðuflokksmanna hafi komið fram að Alþingi komi ekkert við kaup og kjör. Það kom aldrei fram í okkar máli. Þvert á móti kom það fram að flest af því sem hér er gert varðar með einum eða öðrum hætti íhlutun í kaup og kjör og tekjuskiptingu og hafi menn eitthvað fylgst með málflutningi Alþfl. vita menn að hann hefur flutt hér kannske fleiri tillögur en flestir aðrir flokkar í þá veru að reyna að hafa áhrif á tekjuskiptinguna til hagsbóta fyrir þá sem verst eru settir í þessu þjóðfélagi.

Um þetta þarf svo ekki að hafa fleiri orð. Ég leyfi mér að lokum að vitna í orð hv. fyrrv. þingflokksformanns Alþb., sem hefur lýst þessum prinsiplausa flokki sem flokki kreppu og þarf ekki að hafa um það mörg fleiri orð, og kannske ljúka ræðunni með því að vitna í hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem sagði í fleygu blaðaviðtali: „Það er allt í lagi með flokkinn [Alþb.] nema eitt. Það skilur hann bara enginn."

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það er margt sem er ekki í lagi með hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og eitt af því er að það skilur hann ekki nokkur maður. Frásagnarlist manns nokkurs er þannig lýst af fornri bók að hann ló til víða og ég hygg að það megi hafa svipuð orð um hvernig hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vann úr ræðum mínum hér og var í samanburði við þær þvers og kruss. Það mátti helst á hans máli heyra að hann hefði alls ekki á þær hlýtt, svo fjarri var hann þeim efnisþræði sem ég flutti í mínu máli.

En herra forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að þreyta hv. þm. á því að fara vandlegar yfir timburmenn Alþfl. í þessu máli. Það er greinilegt að þeir hafa slæma samvisku yfir því að geta ekki á sjálfan kvennafrídaginn fylgt að málum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem er sá eini úr þeim þingflokki sem rætt hefur þessi mál af þekkingu og viti í kvöld.

En ég nota þetta tækifæri, herra forseti, úr því að ég er hér á annað borð staddur, til að koma að endingu á framfæri almennum mótmælum við þeirri málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð. Ég tek það fram að það beinist ekki að fundarstjórn virðulegs forseta, heldur að vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. sem auðvitað ræður ferðinni í þessu máli og kúskar sjálfsagt einhverja af lítilvægum fylgisveinum sínum hér til að una þessari málsmeðferð og hef ég þá ekki fleiri orð um það.

Ég gæti rætt, herra forseti, nokkuð um heyskap og annað sem hér hefur borið á góma, en kýs að geyma það til betri stundar. Það er nú orðið ljóst að þó að hæstv. ráðherrum líki vel við nýju stólana komast þeir upp úr þeim og geta haft sig upp í ræðustólinn þó með erfiðismunum sé, en rýr eru svörin og vonar maður að bregði nú til betri áttar með það þegar þeir venjast stólunum og komast að því að það er nú víðar þægilegt að vera en í nýjum ráðherrastólum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég held að það væri verðugt að hv. 5. þm. Reykv. yrði heiðursgestur hátíðahaldanna á morgun. Honum virðist vera fyrirmunað að taka mark á því sem konur segja hér á Alþingi. Það vill svo til að ég var talsmaður þingflokks Alþb. í upphafi umræðna í kvöld og gerði skýra grein fyrir „prinsip"afstöðu flokksins. Það var því algerlega ástæðulaust, þó að aðrir félagar úr þingflokknum tækju til máls, að þeir gerðu það enn á ný. Þannig er alveg ástæðulaust að sakna þess hafi það ekki komið skýrt fram í máli kollega míns, hv. 4. þm. Norðurl. e.

En það er ekki aðeins ég sem hv. þm. hefur ekki tekið alvarlega í þessari umræðu né félagi hans, hv. 3. þm. Vestf. Sighvatur Björgvinsson, því að Sighvatur segir í minnihlutaáliti hv. samgn. án þess að depla auga, með leyfi forseta: „Þingflokkur Alþfl. hefur því ákveðið að styðja frv. með þessum rökstuðningi sem óhjákvæmilega bráðabirgðalausn" o.s.frv. — Þingflokkur Alþfl.

Ég vil spyrja hv. þm.: Er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ekki í þingflokki Alþfl.? Ég legg til að í framtíðinni, og ekki síst í tilefni dagsins sem nú er runninn, læri þessir góðu herrar að taka mark á jafnt mínum orðum sem talsmanns Alþb. og orðum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hún er fullfær um að verja hvenær sem er. Ég vil víta orð eins og þessi og raunar, herra forseti, er ástæða til að benda á slíkan málflutning þegar hann á sér stað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, JBH, SighB, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, SvS, PJ, PS, RH, StG, SV, MMS, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, IG.

nei: GeirG, GJG, GA, GHelg, HG, JS, KH, SJS, SvG.

5 þm. (GSig, GE, GGS, KJóh, KSK) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það eru engin tíðindi að Sjálfstfl. gerðist liðsmaður þeirra afla sem verið er að verja í þjóðfélaginu með þessari lagasetningu. Það eru engin tíðindi að Framsfl. standi að lagasetningu sem þessari þar sem hann í upphafi ferils þessarar ríkisstj. lagði til að samningsrétturinn væri tekinn af launafólki í tvö ár. En það eru nokkur tíðindi að flokkur sem kennir sig við alþýðu þessa lands og stendur utan stjórnar skuli sjá sig að yfirgnæfandi meiri hluta knúinn til þess að ganga til liðs við þessi öfl.

Á morgun fylkja konur þessa lands sérstaklega til baráttu. **(ÓÞÞ:** Í dag.) Í dag. Það er rétt, skrifari. Sá dagur er runninn. — Til baráttu fyrir rétti sínum. Þær eiga stuðningsmenn hjá hinu kyninu og ég er viss um að sú umræða sem hér fer fram og barátta flugfreyja gegn Flugleiðum sem gagnaðila í þessu máli á eftir að fjölga þeim sem vilja standa við hlið þeirra í baráttunni fyrir launajafnrétti, fyrir jöfnuði í þessu þjóðfélagi. Ég segi nei.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Síðast þegar ég stóð að sambærilegri aðgerð, eins og hér er gerð, var það í félagi við Alþb. Eini munurinn þá og nú er að þá óskaði Alþb. eftir því við Alþfl. að hann flytti fyrir sig frv. Á þau tilmæli féllumst við að sjálfsögðu, en samstaða var um málið milli okkar og þeirra og eru báðir flokkarnir við alþýðu kenndir. Ég segi já.

Frv. afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því sem eftir er að gera á þessum nýja degi. Hér hafa í dag tvær konur verið, ég vil leyfa mér að segja það, þvingaðar til að styðja það lagafrv. sem fer nú úr þessari deild, konur sem hafa undirritað áskorun til íslenskra kvenna um að standa saman í baráttu fyrir betri launum, hæstv. menntmrh. og eina konan... (**Menntmrh.:** Hana! Ætlarðu að fara að kvenkenna mig?) Ég bið hæstv. menntmrh. afsökunar og átti að sjálfsögðu við hæstv. heilbr.- og trmrh. — Og þar kom að að kona kom inn á þing fyrir Framsfl. Nú hefur hún verið kúguð í dag til að standa að því að þetta lagafrv. færi í gegnum deildina. Eftir stendur svo að hæstv. forseti Ed. á nú að eyða því sem eftir lifir nætur til að þvinga þetta mál í gegnum hv. Ed.

Á morgun ætlar ríkisstj. að heiðra forseta landsins með því að kúga hana til að undirskrifa þessi lög sem eitt embættisstarfa sem hún verður að inna af hendi á morgun. (**Samgrh.:** Í dag.) Í dag. Rétt, hæstv. samgrh. Við skulum því, íslenskar konur og hv. þm. af kvenkyni, velta fyrir okkur: Hvað hefur áunnist í þessi tíu ár? Þetta er afmælisgjöf karlaveldisins á Alþingi til íslenskra kvenna. Við skulum muna eftir þessu, herra forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil mótmæla þeim málflutningi að þm., hvort sem þeir eru kvenkyns eða karlkyns, láti kúga sig til eins eða neins og ég vil mótmæla þeim málflutningi að forseti Íslands láti kúga sig til eins eða neins. Ég vil minna hv. 10. landsk. þm. á að hún er ekki stödd í Sovétríkjunum.

Efri deild, 7. fundur.

Fimmtudaginn 24. okt., kl. 3 árdegis.

Um þingsköp.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hefur það áður gerst að fundur væri hafinn í þessari hv. deild klukkan þrjú að nóttu? Ég hygg að svo sé ekki. Ég hygg að það hafi aldrei gerst áður að tekið væri til meðferðar nýtt þingmál, sem ekki hefur verið rætt hér í deildinni, á þessum óvenjulega tíma sólarhrings.

Menn geta sannarlega deilt og eiga eftir að deila hér í deildinni um réttmæti þessa máls og sýnist þar sitt hverjum. Okkur mörgum þykir ekki sæmandi að afgreiða þetta mál. Öðrum þykir það. En um hitt deila menn varla að það er óhæfa að taka mál af þessu tagi til meðferðar fyrir deildinni á þessum tíma sólarhrings og ætla deildinni að afgreiða málið í gegnum þrjár umræður, rannsaka málið í nefnd, eiga viðtöl við málsaðila, allt u.þ.b. sem fer að morgna. Þetta er bæði ósæmandi, óhæfa og óvirðing við deildina.

Ég vil því lýsa því yfir, nú þegar greiða á atvæði um það hvort afbrigði verða veitt, að við Alþýðubandalagsmenn munum ekki greiða því atkvæði. Við munum greiða atkvæði gegn því og mótmælum því að þessi fundur fari nú fram.

Hv. deild á enga sök á því að málið hefur ekki komið fyrr til meðferðar hér. Það á enginn þá sök annar en ríkisstjórnin sem hefur frestað því í allan dag að taka málið til meðferðar hér í þinginu. Þó búið væri að tilkynna að málið yrði til meðferðar hér í dag þá kom það ekki til umræðu fyrr en klukkan hálf sex. Hún virðist hafa verið að bræða það með sér hvort það væri sæmandi að fara með þetta mál hér inn í þingið, virðist hafa hikað svo og tafsað yfir málavöxtum að hún kom því ekki frá sér hér inn í þingið fyrr en síðla dags og þess vegna hlaut svo að fara.

Ég held að við verðum bara öll að horfa framan í þá staðreynd að svona er komið. Þetta er orðinn hlutur. Við verðum að sætta okkur við það sem orðið er. Héðan af getur þetta mál aldrei orðið að lögum fyrr en einhvern tímann á morgun. Mál verða ekki að lögum með þeim eina hætti að Alþingi fjalli um málið. Það á eftir að bera málið upp við forseta lýðveldisins og það á eftir að birta lögin, þar á eftir. Allt tekur þetta sinn tíma, þannig að menn sjá auðvitað fram á að það verður aldrei fyrr en einhvern tímann á morgun sem það gerist. Það verður auðvitað ekki farið að birta þessi lög fyrr en á skrifstofutíma, þannig að það breytir engu þótt Ed. taki sér þann tíma sem sæmilegur getur talist til þess að kanna málavöxtu og ræða þá.

Ég er ekki að kvarta yfir því að við skulum vaka hér um miðja nótt. Þm. munar ekkert um það að vaka. En hitt er aðalatriðið að það er útilokað með öllu að deildin geti veitt þessu máli efnislega meðferð og aflað þeirra upplýsinga sem augljóst er að um verður beðið. Ef við óskum eftir útreikningum, sem einungis er hægt að framkvæma á skrifstofum hér í borginni sem eru lokaðar, þá er ljóst að við fáum þær ekki. Við sjáum það þegar fyrir fram. Og ég endurtek því að það er fjarstæða að við þm. sýnum Alþingi og deildinni þá óvirðingu að taka þetta mál til meðferðar.

Ég mótmæli því eindregið að þessi atkvæðagreiðsla fari fram. Ég mótmæli því eindregið að málið verði tekið til umræðu í kjölfar hennar og lýsi því yfir að við Alþýðubandalagsmenn munum ekki sætta okkur við þá niðurstöðu að málið verði rætt nú í nótt.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Menn hafa haft á undanförnum árum vaxandi áhyggjur af þverrandi virðingu Alþingis. Menn skyldu líta á þessu augnabliki í eigin barm og athuga hvað þeir eru að fást við. Við okkur blasa gífurleg þjóðhagsleg vandamál. Erlendar skuldir sem hafa aldrei verið meiri, fjárlagahalli sem enginn veit hvernig á að ráða bug á, vandi kjaraskerðingar hjá öllum almenningi í landinu, vandi húsbyggjenda, sem standa frammi fyrir því að verið er að bjóða ofan af þeim hús og eignir, og á meðan hefur þessi grútmáttlausa ríkisstjórn sem við búum við og múlbundnir stuðningsmenn hennar ekkert þarfara að gera en að vanvirða Alþingi með því að nauðga hér í gegn lögum um málefni sem koma hag þessarar þjóðar og því störfum Alþingis ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Því munum við þm. Bandalagsins ganga af fundi og ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls ef afbrigði verða leyfð fyrir afgreiðslu málsins og það verða mín síðustu

orð í þessu máli.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég hlýt að koma hér í ræðustól og mótmæla harðlega þeim ósæmilegu vinnubrögðum sem hér eru nú viðhöfð á hæstv. Alþingi. Hér er nú boðaður fundur í hv. deild á tíma sem dæmi er ekki áður til um og ætlunin að taka fyrir með afbrigðum mál sem komið hefur verið með offorsi í gegnum hv. Nd. nú í nótt. Þetta eru vinnubrögð sem ekki eru sæmandi viti bornum mönnum og ef þau verða ekki aflögð og fundi frestað lýsi ég því yfir að ég mun ekki taka þátt í þeim þingstörfum sem forseti vill halda hér fram og sem eru ekkert annað en skrípaleikur, heldur mun ég ganga héðan út og mótmæla með því þeirri valdníðslu sem hér er nú viðhöfð.

Ég geng héðan út þá einnig, og ekki síður, vegna þess að í dag er 24. október og í dag mun ég leggja niður störf til að sýna samstöðu mína með kröfum íslenskra kvenna um bætt launakjör.

Það er nöturleg staðreynd að það mál sem ríkisstj. er nú að knýja með offorsi í gegnum þingið — og ég vil benda á, með fulltingi hæstv. forseta þessarar deildar, sem er ein af níu kjörnum konum á Alþingi Íslendinga, — það snýst einmitt um að brjóta á bak aftur með lögum réttmæta kjarabaráttu einnar af kvennastéttum þessa lands.

Með þeirri lagasetningu sem ljóst er að knúin verður fram hér í dag, ef fundi verður eigi frestað, mun þessi ríkisstj. reisa sér þann minnisvarða sem henni sæmir. Sú ríkisstjórn sem henti blautum hanskanum framan í konur á sjálfum baráttudegi íslenskra kvenna. Ég mótmæli þessum ósóma og mun ganga héðan út.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstvirtur forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að leiðrétta fullyrðingar og misskilning sem hér hefur komið fram. Það er ekkert einsdæmi að boðaður sé fundur í þessari hv. deild til að fjalla um mál sem kemur frá hv. Nd. á þessum tíma. Það var m.a.s. mun seinna t.d. á liðnu vori. Það er ekkert nýtt. Og allir hv. þm. hafa vitað það, núna líklega í sólarhring, að þetta mál yrði til umræðu og væntanlega til lokaafgreiðslu. Það er rétt að satt sé satt. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt, þetta er alrangt.) Ég fullyrði að það var eftir þrjú sem tekin voru fyrir mál hér á síðasta þingi. Við skulum kanna það nánar. En ég hygg að það hafi verið nærri því á hverju einasta þingi að þetta hafi verið svo og líka raunar oft fyrir jólafrí. Þetta er ekkert einsdæmi. Við skulum hafa sannleika sannleika.

En að því er varðar ummæli hv. þm. Stefáns Benediktssonar um að mál þetta komi Alþingi nákvæmlega ekkert við, þá verð ég líka að mótmæla því. Auðvitað kemur Alþingi mál þetta við og allri íslensku þjóðinni kemur mál þetta við. Þetta er gífurlega mikilvægt mál, einmitt með hliðsjón af efnahagserfiðleikunum sem hv. þm. gat um. Við skulum þess vegna ekki vera með neinn æsing á því sviði.

Það er alveg ljóst að það eru hagsmunir íslensku þjóðarinnar að þessi deila leysist sem fyrst og sem farsælast. Og það eru ekki síst hagsmunir starfsmanna þessa félags að deilan leysist eins fljótt og unnt er. Þess vegna er engin ástæða til að draga það til föstudags eða mánudags. Ég tel að málið eigi að afgreiðast nú.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma hér í ræðustól og taka undir þau orð frá stjórnarandstöðunni sem hér hafa komið fram og sérstaklega benda á að hæstv. forseti, sem er kona og hefur skrifað undir þessa áskorun til íslenskra kvenna um að leggja niður störf í dag, ég vil eindregið beina mínum orðum til hennar, að hún nú í þetta sinn, á þessum degi hlutist til um að þessari umræðu verði frestað, að þessum fundi verði frestað, að þessi afbrigði komi ekki hér til atkvæðagreiðslu og þetta mál fái þinglega meðferð. Það er mikilvægt að frv. til laga fái þinglega meðferð og það fari ekki hér fram sú endurtekning á því sem hv. 4. þm. Norðurl. v. kom að hér áðan. Þrátt fyrir að það séu jafnvel fordæmi fyrir því að fundur hafi verið settur á þessum tíma í hæstv. Ed. er það ekki til fyrirmyndar. Ef ég man rétt er hann að benda til afgreiðslu á lögum um framleiðslu og sölu á landbúnaðarvörum sem nú er kvartað undan að hafi kostað ríkissjóð 600 millj. eða svo að koma í framkvæmd. Þetta er ekki Alþingi til fyrirmyndar og ég vildi bara sérstaklega benda á það að nú fyrir örskömmu síðan voru teknar 20 millj. í lán upp í þessar 600 millj. sem það kostaði þingið að samþykkja þessi lög, ef satt er sem lesið er í blöðunum. Og ég vil undirstrika það að hæstv. forseti hefur vald til þess nú að leggja til að þessum fundi verði frestað og málið fái þinglega meðferð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna þeirra mótmæla sem hér hafa komið fram hjá hv. þm., sem hafa kvatt sér hljóðs um þingsköp, þá vill forseti taka það fram að hér er ekki staðið að með óvenjulegum hætti við þær aðstæður sem hér hafa komið upp á hv. Alþingi í dag. Það er ekki um að ræða valdníðslu, eins og kom hér fram hjá hv. 11. þm. Reykv. áðan, vegna þess að það liggur fyrir, þegar hv. þm. hafa lokið því að tala um þingsköp, að leita samþykkis hv. þingdeildar um það hvort þetta mál megi koma til umræðu. Það þarf að leita afbrigða og það verður gert hér á eftir. Þess vegna er ekki um að ræða valdníðslu, heldur er um það að ræða hvort hv. þingdeild leyfi að málið komi til umræðu.

Varðandi það að forseti er einn af þeim þm. sem hafa skrifað undir áskorun til íslenskra kvenna í tilefni þess dags sem nú er upp runninn, 24. október, þá er það hárrétt og forseti væntir þess svo sannarlega að hún fái tækifæri til að standa við sitt í þeim efnum og sýna samstöðu með íslenskum konum með því að mæta í Seðlabankabyggingunni klukkan 11, líklega eftir eina 8 klukkutíma eða svo, og síðar á fundinum á Lækjartorgi. Að öðru leyti ætlar forseti ekki að fara efnislega út í málin hér úr forsetastóli.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Mér finnst ekki hægt annað í umræðum nú um þingsköp en að mótmæla harðlega og lýsa yfir furðu á því að þm. í deildum Alþingis skuli lýsa því yfir og stæra sig af því að þeir muni ganga út úr Alþingi (Gripið fram í.) vegna einhvers tiltekins dags. Það hlýtur að vera skylda þm. að virða Alþingi fyrst og fremst sem æðstu stofnun íslenska lýðveldisins. Þm. getur sýnt samstöðu á margan hátt, en tveir Kvennalistaþingmenn hafa í kvöld stært sig af því að þeir líti nú þeim augum á Alþingi að þeir labbi sig bara út og skítt með það sem eftir er. Þetta er ósiðlegt og er ástæða til að vekja athygli á slíku að vert

er að hv. þm. hugsi sitt mál og hugsi það til hvers þeir eru á Alþingi Íslendinga. Það á ekki að vera nein geðþóttaákvörðun hvort menn eru inni á þingi eða ekki ef þeir hafa verið kjörnir til þessa starfs.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég sagði hér áðan að þetta væri einsdæmi og ég stend við það. Ég get viðurkennt að það hefur komið fyrir að umræður um mál hér í deildinni hafi dregist svo á langinn að komið væri fram á nótt þegar afgreiðslu þeirra lyki. Það hefur líka komið fyrir að afgreiðslu máls væri svo langt komið að það væri talið forsvaranlegt að hafa 2., jafnvel 2. og 3. umr. eftir að var farið að halla á nýjan dag. En hitt er aftur á móti einsdæmi að það sé farið af stað með umræðu, með 1. umr. máls klukkan þrjú um nótt. Ég skora á hv. þm. að nefna mér nokkur dæmi slíks hér í Ed. í þingsögunni.

Ég minnist þess að þegar við vorum að ljúka þingi hérna á s.l. vori var farið að halla í tvö og þá komu tvö mál úr Nd. — ég býst við að margir hv. dm. muni þetta — og áttu að koma hér til 1. umr. En því var andmælt og forseti taldi að úr því að andmæli hefðu komið fram og svo seint væri orðið, þá væri ekki fært að taka málið til umræðu. Það var fallið frá því að ræða þessi mál, (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) bæði þessi mál. (**Gripið fram í:** Þau voru bæði rædd.) Þau voru ekki útrædd. Það var fallið frá umræðunni, en ég minnist þess hins vegar að hv. þm. fékk að segja örfá tiltölulega óviturleg orð. Það er önnur saga.

Ég held að það hafi ævinlega verið tekið tillit til andmæla sem stjórnarandstaða hefur borið fram undir svona kringumstæðum, eða einstakir þm., og hafi ævinlega verið þá reynt að taka málið til meðferðar daginn eftir. En ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar.

Ég lýsi því yfir og ítreka það sem ég sagði hér áðan, og er í fullu samræmi við það sem fram kom hjá talsmönnum Bandalags jafnaðarmanna og talsmanni Kvennalista, að við Alþýðubandalagsmenn mótmælum þessum vinnubrögðum að stjórnarliðið skuli ætla að hespa þessu frv. hér í gegn. Við mótmælum þessari aðför að frjálsum samningsrétti og við munum ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls. Við munum ganga út af þessum fundi ef afbrigðin verða samþykkt og málið verður tekið á dagskrá.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstvirti forseti. Ég skal ekki vera að munnhöggvast við hv. þm. Ragnar Arnalds um tímasetningar nákvæmlega. Ég held við munum það öll að við komum ekki heim til okkar fyrr en, held ég, fjögur eða hálf fimm um morguninn og þar voru afgreidd fleiri en eitt og fleiri en tvö mál sem komu beint frá Nd. Það gerist svo að segja á hverju einasta þingi að það eru næturfundir þar sem mál eru tekin til afgreiðslu. Hæstv. forseti Sþ. tjáði mér það, sem rétt mun vera, að tímasetningar séu ekki á þeim umræðum eða þeim skjölum sem út eru gefin, þannig að þetta sé ekki hægt að rekja þá nema með einhverri rannsóknarnefnd kannske að fara að mæla spólur eins og hjá Nixon eða eitthvað slíkt og ég ætla nú ekki að standa í því. Það vita allir að þetta er altítt, en við skulum ekki vera að deila neitt frekar um það.

Kjaradómur í deilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., stjfrv. 70. mál (þskj. 72). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JHelg, JK, KSG, VI, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, MHM, EKJ, HÓ, SalÞ.

nei: HS, KolJ, RA, SDK, SkA, StB.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Í dag var lagt fram í Nd. frv. til l. um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. Þetta frv. fjallar um það að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem á fyrir 1. des. á þessu ári að ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Flugfreyjufélags Íslands sem starfa nú hjá Flugleiðum hf. Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins. Kjaradómur setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og Flugfreyjufélags Íslands hf. Kjaradómur á við ákvörðun kaups og kjara flugfreyja að hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi svo og breytingar á launum annarra starsmanna Flugleiða hf. Ákvarðanir kjaradóms eru bindandi fyrir aðila frá gildistöku þessara laga. Verkfall það sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

Meðan þessi lög eru í gildi er vinnuveitanda, Flugleiðum hf., óheimilt að segja félagsmönnum þeim sem lögin taka til upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Um aðrar greinar er eins og venja er í lagafrv. sem fjalla um þessi efni.

Síðasta greinin er um gildistöku þessara laga, en þau öðlast gildi þegar í stað og gilda til 30. des. 1985. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila. Eftir 15. des. er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót. Eftir 31. des. n.k. gildir úrskurður kjaradóms meðan honum er ekki sagt upp eða nýr samningur gerður.

Forsaga þessa máls er sú að ekki hafa náðst samningar milli Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. þrátt fyrir langvarandi samninga og fyrir átta dögum, eða níu dögum nú, boðaði Flugfreyjufélag Íslands verkfall á hendur Flugleiðum. Sáttasemjari, sem hefur haft með málið að gera, hefur ekki talið sér fært að leggja fram sáttatillögu þar sem hann hefur talið það vera gagnslaust með öllu því að svo mikið bar á milli.

Ég hef átt viðræður við báða deiluaðila og í viðræðum mínum við fulltrúa Flugfreyjufélags Íslands fór ég þess á leit s.l. föstudag að þær féllust á að fresta framkvæmd verkfallsins og jafnframt féllust á að skipuð yrði þriggja manna nefnd, einn aðili frá hvorum deiluaðila og þriðji aðili frá samgrn. Jafnframt bauð ég upp á það að við val á oddamanni yrði haft samráð við deiluaðila og sérstaklega við Flugfreyjufélag Íslands og með því yrði reynt

að ná samkomulagi á þessum tíma. Síðast á mánudag ræddi ég aftur við bæði formann félagsins og formann samninganefndar og sá fundur var mjög gagnlegur. Við ræddum efnislega um málið, stöðu mála og vorum sammála um það sem fram hefur komið hjá ríkissáttasemjara og jafnframt að það væri ekki möguleiki á að ná samningum nú á skömmum tíma. Ég óskaði aftur eftir því að félagið tæki þessa beiðni til umfjöllunar og laust fyrir kl. 5 á mánudag var mér tilkynnt að þeirri beiðni hefði verið hafnað.

Ég leyfi mér að halda því fram að það hefði verið mjög æskilegt og líka skynsamlegt frá hendi launþegafélagsins að gera þessa tilraun því að með því voru þær með frjálsum samningum að reyna aðra leið án þess að taka neitt til baka í sínum kröfum og voru á engan hátt skuldbundnar til að fara eftir því sem hinir tveir í nefndinni hefðu ákveðið þó að þeir hefðu náð saman sín á milli.

Ég taldi útilokað annað en að bera fram þetta frv. vegna þess að við erum svo háðir flugi. Við erum eyland sem verður að halda uppi samgöngum við aðrar þjóðir. Þó að það sé ekki verkfall núna hjá Arnarflugi standa þeir í samningum. En stærsti hlutinn af flugi á milli Íslands og annarra landa liggur nú niðri af þessum orsökum og nú, svo síðla hausts sem raun ber vitni, geta teppst samgöngur á landi við a.m.k. þrjá landshluta þannig að farþegaflutningar verða þá ekki nema flugleiðis og Flugleiðir eru eins og allir vita veigamikill þáttur í þeim samgöngum. Það er því vá fyrir dyrum.

Ég harma það af bæði umræðum í hv. Nd. og sömuleiðis hér í umræðum um þingsköp þegar verið er að tala um þetta sem einhverja árás á konur. Þetta er alveg laust við það. Þetta er hvorki árás á einn eða annan. Hér er um að ræða að skipa kjaradóm eins og fjölmargir aðrir launþegar í þjóðfélaginu eru háðir. Ég tók það greinilega fram við fulltrúa Flugfreyjufélagsins að mér þætti það mjög miður ef það þyrfti að grípa til lagasetningar, ekki af því að ég væri að hóta lagasetningu, síður en svo eins og fram hefur komið í blöðum, heldur að mér þætti það miður því að það væri alltaf neyðarúrræði. En við höfum skyldur, stjórnvöld og Alþingi, við þjóðina, við þá sem þurfa að ferðast, og það eru líka til margar konur sem bíða núna eftir fari, bæði frá landinu til útlanda og heim og sömuleiðis úti á landi bæði hingað til höfuðborgarsvæðisins og til baka, og það kemur illa við margan manninn. Það kemur líka illa við þennan atvinnurekstur ef hann liggur niðri. Hann verður ekki færari um kauphækkanir til sinna starfsmanna eftir því sem þessar vélar liggja lengur ónotaðar. Hann á einnig að standa í harðri samkeppni við margra tuga eða hundraða sterkari aðila á þeim markaði sem flugfélögin keppa að.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa þessi orð miklu fleiri, en ég harma mjög að þessir hv. þm. skuli hlaupa frá þessum vanda. Það hefði verið hægt að afgreiða þetta mál fyrr í dag. Einn hv. þm., 3. þm. Norðurl. v., sagði að ríkisstj. hefði verið sein með málið. Henni voru veittar þungar ásakanir í Nd. fyrir að hún hefði verið of fljót, gripið of fljótt inn í málið. Þannig er vandratað meðalhófið í þessu máli sem og mörgum öðrum. Og það hefði kannske mátt hafa a.m.k. eina ræðu allmiklu styttri í Nd. því að hún var aðallega upplestur úr bókum. Hins vegar er ekkert athugavert við það að þm. almennt ræði þessi mál. En ég sé ekki að nefnd þurfi að fá einhverja útreikninga í sambandi við það því að þetta frv. fjallar á engan hátt um kjaramál. Það á að vera kjaradóms, sem Hæstiréttur skipar, að afla þeirra gagna allra eins og ég veit að hv. þm. sjá.

Mér fannst mjög skynsamleg afstaða sem kom fram hjá bæði formanni Alþfl. í Nd. og sömuleiðis nefndarmanni þess flokks í samgn. Þeir lýstu því báðir yfir að þeir teldu að hér yrði auðvitað að hafa hliðsjón af heildarlaunastefnu því að allir samningar eru lausir um áramót. En það breytir ekki þeirri staðreynd að þessi kjaradómur kemur til með að fjalla um kjarasamninga Flugfreyjufélagsins strax eftir að Alþingi hefur samþykkt lög og Hæstiréttur hefur skipað þennan dóm og ég vona að vel takist til og þessi dómur finni skynsamlega og sanngjarna lausn í launa- og kjaramálum þessa félags sem maður vonar að verði einnig fyrir aðra launþega í þessu landi.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Magnús H. Magnússon: Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. samgrh. að það er neyðarúrræði að fresta verkfalli með lagasetningu. Sú staða getur þó komið upp að slíkt sé nauðsynlegt, einkum þegar um er að ræða fámenna en tiltölulega vel launaða starfshópa sem hafa aðstöðu sinnar vegna margfalt beittara verkfallsvopn í höndum en launþegar almennt. Sú er raunin nú að mati meiri hl. þingflokks Alþfl. Þess vegna, og þó einkum vegna þess gífurlega tjóns sem af hlytist ef verkfall flugfreyja héldi áfram, ekki aðeins fyrir Flugleiðir heldur fyrir þjóðfélagið allt, munum við fulltrúar Alþfl. í þessari hv. deild greiða atkvæði með því lagafrv. hæstv. ríkisstj. sem hér er á dagskrá. Til enn frekari rökstuðnings vísa ég, hæstv. forseti, til nál. fulltrúa Alþfl. í samgn. hv. Nd. á þskj. 74.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er vissulega mikið vandamál þegar samgöngur til Íslands stöðvast. Það er vissulega vandamál þegar kjaradeila hefur þróast í þá átt að vinnustöðvun á sér stað. Verkfallsvopnið er vissulega helgur réttur verkalýðshreyfingarinnar og ber þá að huga að prinsipástæðum, prinsipmálum, hvar upphafið á að vera og hvar endirinn.

Ég verð að játa að þegar svona mál kemur á dagskrá og maður, sem er í trúnaðarstörfum fyrir verkalýðshreyfinguna, þarf að greiða atkvæði, þá hljóta að vera þar nokkrar innantökur og vangaveltur um hvernig með skuli fara.

Ég hlustaði á umræður í hv. Nd. í kvöld. Þar heyrði ég því fleygt að hér væri um sérstakan láglaunahóp að ræða, láglaunahóp sem verið væri að níðast á. Ég gat ekki annað en velt fyrir mér þeirri spurningu: Er það verjandi af manni, sem þurfti að skrifa undir kjarasamninga sem kveða á um að kaup fiskverkunarfólks og iðnverkafólks skuli vera 90,75 kr. á klukkustund, að taka undir sérhverjar kröfur fólks sem er miklu betur launað? Er það rétt af verkalýðshreyfingunni að hlaupa alltaf til hvenær sem einhverjum dettur í hug? Af hverju geta flugfreyjur ekki staðið að kjarasamningum með öðru fólki innan ASÍ? Hvers vegna kljúfa þær sig út úr þeim ramma sem almennt launafólk þarf að sætta sig við? Er það rétt, sem haldið var fram áðan í hv. Nd., að

hér sé um sérstakan láglaunahóp að ræða? Skyldi fólk, sem er fjarri íslensku atvinnulífi, gera sér ljóst hvert er kaup og hver eru kjör almenns verkafólks? Er það óeðlilegt að manni verði hugsað til fiskverkunarkonunnar eða saumakonunnar sem þarf að una við 90,75 kr. á klukkustund, þeirra kvenna sem þurfa að vinna alla daga vikunnar í kulda, trekk, vosbúð og við óþægindi fyrir aðeins 16 437 kr. á mánuði? (**Iðnrh.:** En verkamaður?) Verkakona og verkamaður eru eitt í þessu. Skyldi hin almenna verkakona eða verkamaður geta undanskilið eitthvað og sagt: Þetta eru ekki laun, þetta eru bara hlunnindi? Skyldi sami verkamaður eða verkakona hafa frían vinnufatnað frá hvirfli til ilja? Skyldi þessi sami maður eða kona hafa sérstakan ökutækjastyrk vegna ferða úr og í vinnu? Skyldi það vera algengt að láglaunafólk fái sérstaka dagpeninga utan fastakaups sé það sent utanbæjar til vinnu, þá á ég við dagpeninga sem slaga hátt upp í mánaðarlaunin? Skyldi öllum sem hér eru inni vera það ljóst að hinir raunverulegu láglaunahópar í landinu, eins og t.d. fiskvinnslufólkið, eiga það yfir höfði sér að vera reknir heim hvenær sem vinnuveitanda þóknast, hvenær sem hráefni skortir? Skyldi sá hópur sem nú er rætt um missa atvinnutekjur þegar ekki viðrar til flugs?

Menn muna það frá í sumar að frystihúsin voru full af fiski og það fékkst ekki mannskapur til þess að vinna fiskinn. Menn voru almennt um það sammála að það væri vegna þess að launin væru svo lág, kjörin væru svo slæm. Nú mun það staðreynd að það eru 20 manns um hverja þá stöðu, sem losnar hjá Flugleiðum eða flugfélögunum, sem varðar flugfreyjustörf. Skyldi það ekki kalla á þá hugleiðingu að kjörum þessa fólks sé óðruvísi háttað en fólksins í fiskinum, fólksins sem er á lægstu launum?

Þetta eru vissulega hugleiðingar sem er eðlilegt að menn velti fyrir sér. Það er fjöldi atriða sem skýtur upp í kollinn þegar rætt er um láglaunahópa. Það er hins vegar grátlegt eða öllu heldur sorglegt þegar alþm. þekkja ekki til þess hvar láglaunafólkið er, telja sér trú um að fólk sem býr við mikil hlunnindi og margfalt kaup miðað við fólkið sem vinnur að undirstöðu þjóðfélagsins sé hið raunverulega láglaunafólk.

Í kjaradeilu þessari, kjaradeilu Flugleiða og flugfreyja, er ósamkomulag um flest eða allt. Það er ósamkomulag um mat á kröfunum, það er ósamkomulag um reikningsaðferðir o.fl. o.fl. Ég tek það fram að ég vorkenni Flugleiðum ekki að borga hærra kaup. Flugfreyjur eru vissulega alls góðs maklegar. Þær vinna vel og eru önnum kafnar þegar flogið er. Það er hins vegar rangt að gera sér ekki grein fyrir umhverfinu. Laun eru yfirleitt skammarlega lág. Það er hins vegar mikill launamunur í þjóðfélaginu. Ég fellst ekki á að flugfreyjur séu láglaunahópur. Það eru ósannindi sem ekki eiga að heyrast. Þeir sem halda því fram vita greinilega ekkert um ástandið í launamálum þjóðarinnar.

Ég hef yfirfarið þetta frv. Þar er kveðið á um gerðardóm sem þarf að skila áliti fyrir ákveðinn tíma. Í 2. gr. frv. segir: „Kjaradómur skal við ákvörðun kaups og kjara flugfreyja hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi svo og breytingar á launum annarra starfsmanna Flugleiða hf." — Ég treysti því vissulega að þessi dómur komist að sanngjarnri niðurstöðu og ég tek það fram að ég vorkenni Flugleiðum ekki að greiða betri laun, en ég tek það líka fram að mín prinsip ná ekki til þeirra hópa sem eru mun betur haldnir en almennt verkafólk í landinu. Ég tel mig vera baráttumann fyrir því að þeim sem verst eru settir verði gert betra til en öðrum, launin verði jöfnuð og þá á þann veg að sem flestir geti haft há laun, en ég get fallist á að deilu sem þessari sé frestað um sinn einmitt vegna þess að frv. er þannig orðað að það er reiknað með að dómurinn taki mið af því sem umhverfið segir til um. Ég ætla því að greiða þessu frv. atkvæði mitt.

Ég segi það aftur að menn geta velt fyrir sér grundvallaratriðum, en menn mega ekki vera fangar þessara grundvallaratriða. Menn eiga að hugsa rökrétt og menn eiga að hugsa á þann veg að þeir séu samkvæmir sjálfum sér. Ég tel mig ekki vera samkvæman sjálfum mér ef ég samþykki hvað sem er, hvað sem fram kemur hverju sinni frá hverjum sem er. Ég tel launamun of mikinn í þjóðfélaginu og ég tel rangt að auka þennan launamun. Ef verkalýðshreyfingin og þeir sem vilja styðja við bakið á henni hlaupa eftir hvers konar kröfuhópum án tillits til efnisatriða fer svo að þeir sem verst eru settir og versta aðstöðuna hafa til að ná fram betri launum sitja eftir. Þá munu hinir grimmu sérhagsmunahópar geta skarað eld að sinni köku. Hinir, hið almenna verkafólk, verða eftir.

Það eru vissulega teikn á lofti um að þessi þróun gangi hraðar og hraðar, að hin almennu stéttasamtök slitni í sundur vegna gauragangs þeirra sem hafa aðstöðuna. Heildarsamstarf um baráttumál og betri lífskjör er á undanhaldi. Það stefnir allt í það sem einhver sagði einhvern tíma: Það hugsa allir um sig nema ég. Ég hugsa bara um mig. — Ég tel að hlusti verkalýðshreyfingin á hvað sem er og verði á uppboðsmarkaði þeirra sem besta hafa aðstöðuna og sannanlega eru miklu betur settir en aðrir, þá sé hið gamla „solidaritet", samstaða, rofið og þá sé heildarhagsmununum ekki borgið. Þetta er vandi sem flæðir yfir verkalýðshreyfingu Vestur-Evrópu og ég tel ástæðu til að standa gegn.

Ég hef gert hér samanburð á því fólki sem ég umgengst mikið, láglaunafólkinu í landinu sem býr við mjög þröngan kost, og tel að mín prinsip nái til þess fólks, en get fellt mig við það, þegar erfið deila er komin á það stig að samgöngur til landsins eru stöðvaðar, að aðrar aðferðir verði viðhafðar. Hér er um frestun að ræða, kjaradóm, og ég er þeirrar skoðunar reyndar að flugfreyjur muni koma betur út úr þessari leið en að standa í löngu verkfalli. Ég held að það sé skynsamlegri leið við þesar aðstæður þar sem ljóst er að deiluaðilar hafa haldið illa á málum og hleypt þeim það langt að í óefni er komið.

Ég endurtek: Nauðsyn brýtur lög.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vildi ég rétt aðeins taka upp hanskann fyrir flugfreyjur í nokkrum atriðum sem síðasti ræðumaður vék að.

Í fyrsta lagi spurði hann hvort ástæða væri til að flugfreyjur hefðu bílastyrk þegar ýmsar aðrar stéttir landsins hefðu það ekki, svo sem eins og verkafólk og aðrir sem ynnu t.d. í fiskvinnslu. Þetta atriði kom fram. Það er svo með vinnutíma flugfreyja að vinna hefst oft og tíðum og endar oft og tíðum þegar almenningsvagnar eru ekki í gangi. Það er einnig andstætt vilja Flugleiða

að flugfreyjur ferðist með almenningsvögnum. Það er andstætt vilja Flugleiðamanna að flugfreyjur komi fram í búningi félagsins annars staðar en í vélum félagsins og á þeirra vegum, verslunum og hvar sem er. Þetta skýrir kannske fyrst og fremst þann bifreiðastyrk sem flugfreyjur búa við.

Annað atriði, sem hv. þm. kom að, var varðandi dagpeninga sem mætti reikna til launa. Þarna væri hægt að fara út í langt mál. En í mörgum tilvikum má færa sönnur fyrir því að flugfreyjur þurfa að reka heimili með tvöföldum rekstrarkostnaði, þ.e. þær hafa sitt heimili hér heima á Íslandi, en þær þurfa líka að sinna daglegum þörfum erlendis á sama tíma. Allir vita hvernig slíkur kostnaður eykst þegar ekki er hægt að vinna hlutina á einum stað.

Það kom einnig fram sú spurning hjá hv. þm. hverju sætti að ávallt biðu a.m.k. 20 aðilar sem vildu ganga inn í flugfreyjustarf hjá Flugleiðum þegar eitt losnaði. Ég held að þarna sé verið að tala um gamla rómantík, gamla ævintýraþrá. Það var forðum þannig að það voru löng stopp hjá flugliðum Flugleiða, og Loftleiða á sinni tíð, erlendis þannig að fólk gat notið þess að fara jafnvel í einhvers konar frí á milli ferða, en sú tíð er löngu liðin. Nú er þetta miklu tíðari og strangari vinna og það er ekki hægt að reikna með því lengur, eins og sumir halda fram, að „sjarmi" flugfreyjustarfsins var sá að flugvélin flaug eftir því hvað flugfreyjan deplaði hratt augunum.

Í þessu máli er það kjarni málsins að engin tillaga, sem aðilar gátu sætt sig við á nokkurn hátt, lá fyrir. Ég er sannfærður um að sú leið sem samgrh. bauð upp á hefði orðið til farsældar í þessu máli, ekki hvað síst fyrir flugfreyjur, vegna þess að á þeim grunni hefði verið hægt að taka upp þann þátt sem þær leggja höfuðáherslu á í sínu máli og það er að finna grundvöll fyrir vaktaálagi og greiðslum þess vegna.

Það má nefna eitt stutt dæmi. Flugfreyja sem á að fara í Ameríkuflug þarf að byrja að undirbúa sig að morgni dags. Hún þarf að vera mætt milli kl. 2 og 3 á Hótel Loftleiðum. Hún fer í loftið með sinni flugvél um kl. 5. Hún er komin til New York að staðartíma milli kl. 7 og 8, á hótel liðlega klukkutíma síðar. Þá er klukkan yfir miðnætti að íslenskum tíma. Nóttin fer í hvíld. Næsti dagur fer í undirbúning fyrir heimflugið sem er síðla dags. Allir þekkja hver áhrif tímamismununrinn hefur á fólk. Þarna rennur því saman í rauninni einn órofa vinnutími.

Það er margt sem skarast í þessum efnum sem er ástæða til þess að benda á. Reglan hefur orðið sú að eftir Ameríkuflug hafa flugfreyjur tveggja nátta viðdvöl heima hjá sér, en nú koma til einnig þannig reglur að nú er Ameríkuflug flogið heim í gegnum Lúxemborg. Þar dvelur flugfreyjan eina nótt og þar með telst það ekki Ameríkuflug. Þarna skarast margir hlutir og skekkjast. Það er enginn greinarmunur gerður á því hvort flugfreyjan vinnur á virkum mánudegi eða aðfangadegi jóla, páskadegi eða hverjum öðrum degi, hvort sem er að nóttu eða degi, og það er auðvitað úrelt að ekki sé tekið tillit til þess að þessi starfsstétt ætti að fá vaktaálag. Þetta er mergurinn í þeirra kröfum og þeirra kröfugerð sem hefði kannske helst verið hægt að finna flöt á með þeirri leið sem samgrh. bauð upp á. Þær höfnuðu þeirri leið, því miður að mínu mati. Töldu sjálfar að æskilegra væri að fá yfir sig kjaradóm. Það verður að ganga fyrir sig á þann hátt eins og nú horfir.

En ég vil jafnframt vekja athygli á því að að mínu mati hefur starf flugfreyjunnar um langa hríð verið vanmetið í íslenskum flugrekstri vegna þess að flugfreyjurnar eru helstu sölumenn Flugleiða. Það eru þær sem skapa það hlýlega og góða andrúmsloft sem er um borð í íslenskum flugvélum og það eru þær sem veita þá þjónustu sem veldur því að fólk flýgur aftur og aftur með flugvélum Flugleiða þótt þær séu ekki eins glæsilega búnar og margar aðrar flugvélar sem sömu farþegar eiga kost á. Það eru ekki aðeins hagstæð fargjöld sem ráða þarna. Það er einnig sérstaklega góð þjónusta íslenskra flugfreyja. **(Iðnrh.:** Er hægt að fljúga með nokkrum af þessum vélum?) Það er hægt að fljúga með mörgum flugfélögum yfir hafið, já. **(Iðnrh.:** Frá Íslandi?) Frá Ameríku til Evrópu. Það ætti nú hæstv. iðnrh. að vita.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum tók ég viðtöl við 40 farþega í Flugleiðavélum á báðum leiðum vestur um haf og það kom fram hjá þeim flestum að þeir voru fastir viðskiptavinir Flugleiða, m.a. vegna þess að þeim líkaði sérstaklega vel sú þjónusta og sú lipurð sem íslenskar flugfreyjur sýndu. Þetta ætti auðvitað félag eins og Flugleiðir að meta til fulls og koma til móts við kröfur flugfreyja eins og frekast er unnt. Mér þótti ástæða til að þetta kæmi hér fram.

Það er ekki ástæða ti að teygja umræður lengi. Eftir því sem flugfreyjur hafa sagt síðustu daga í persónulegum samtölum vildu þær fremur fá yfir sig kjaradóm en reyna til þrautar þá leið sem samgrh. bauð upp á og því mun ég styðja þetta frv.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður gaf tilefni til að fara út í langar umræður um kjör verkafólks borið saman við kjör flugfreyja og þjónustu þá sem er fyrir hendi fyrir Íslendinga. Við erum að tala fyrst og fremst um farkosti Íslendinga og samanburð á þjónustu í íslenskum vélum og erlendum vélum. En þar sem ekkert af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði snertir það mál sem hér er á dagskrá fell ég frá orðinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 8. fundur.

Fimmtudaginn 24. okt., að loknum 7. fundi.

Kjaradómur í deilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., stjfrv. 70. mál (þskj. 72, n. 78). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Svo sem fram kemur í nál. samgn. Ed. Alþingis hefur nefndin orðið sammála um afgreiðslu þessa máls og mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom til

deildarinnar frá Nd.

Eins og fram kemur líka í nál. voru tveir nm. fjarstaddir, þau Kolbrún Jónsdóttir og Skúli Alexandersson, og hygg ég að ekki þurfi að minna á hvernig sú fjarvera er tilkomin.

Mér finnst hins vegar rétt að geta þess að í kvöld hafði ég samband við þm. stjórnarandstöðunnar í nefndinni um það með hvaða hætti væri hægt að greiða fyrir nefndarstörfum þannig að hægt væri að mæta óskum nefndarmanna. Ég fékk um það ábendingar frá þessum fjarstöddu þm. og ég gerði ráðstafanir til þess að þær upplýsingar sem þeir nefndarmenn óskuðu eftir yrðu til staðar á nefndarfundi.

Mér þykir vert að þetta komi fram ef það skyldi koma upp síðar að menn teldu sig ekki hafa verið boðaða til fundar í samgn. Hann var hins vegar ekki tímasettur af augljósum ástæðum, en þess getið að hann yrði haldinn að 1. umr. lokinni.

Ég vitna svo til framsöguræðu samgrh. þar sem hann skýrði þetta mál nákvæmlega fyrir deildinni og sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka efnislega þau rök sem hann flutti fyrir málinu. Ég legg því málið fyrir til umræðu og mælist til þess að það verði hér samþykkt og afgreitt.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Nú þegar þetta frv. er að verða að lögum læt ég enn á ný í ljós ósk mína um að kjaradómur komist að sanngjarnri niðurstöðu og réttlátri og vil minnast á að það voru ný tíðindi fyrir mig að heyra áðan að í einkasamtölum við hv. 3. þm. Suðurl. hafi flugfreyjur lýst því yfir að þær hafi óskað eftir þessum lögum eða kjaradómi. Ef það er rétt liggja málin öðruvísi fyrir en áður var. Ég vænti þess að allir aðilar geti unað við sitt ef þetta reynist rétt vera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 9. fundur.

Fimmtudaginn 24. okt., að loknum 8. fundi.

Kjaradómur í deilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf., stjfrv. 70. mál (þskj. 72). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Svo að ekki valdi misskilningi vegna athugasemdar hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar í síðustu umræðu kom skýrt fram í mínu máli varðandi ummæli og samtöl við forsvarsmenn flugfreyja í þessum samningamálum að ég mat það svo að þær vildu fremur fá á sig kjaradóm en fara þá leið sem samgrh. bauð upp á. Það voru mín orð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 79).

Sameinað þing, 7. fundur.

Fimmtudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. okt. 1985.

Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

"Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Sturla Böðvarsson sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Sturla Böðvarsson hefur setið á Alþingi áður á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Kosning í fjárveitinganefnd skv. 15. gr. þingskapa, sbr. lög nr. 95/1985.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Pálmi Jónsson (A),
Geir Gunnarsson (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Árni Johnsen (A),
Karvel Pálmason (B),
Egill Jónsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B).

Sjúkra- og iðjuþjálfun, þáltill. 53. mál (þskj. 53). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 53 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir skipulegu, samræmdu átaki til þess að koma sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun inn á heilsugæslustöðvar landsins sem allra fyrst. Kannað verði rækilega hversu tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Efldir verði möguleikar

Vinnueftirlits ríkisins til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu.

Leitað skal samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda, svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega."

Hér er um endurflutta till. að ræða með ítarlegri grg. sem segir flest af því sem segja þarf. Ég hef auk þess flutt framsögu áður fyrir málinu og vísa einnig til þess. Nokkur atriði vil ég þó koma inn á hér.

Í fyrsta lagi kann að vera spurt: Hvers vegna till. af þessu tagi? Vissulega er hér um lagaatriði að ræða. Sjúkraþjálfun er eftir nýjustu breytingar á heilsugæslulögum orðin gildur þáttur hvarvetna, m.a. í heilsugæslustöðvum, en enn þá of víða aðeins sem lagabókstafur. Iðjuþjálfunin er yngri grein, fámennari starfsstétt er þar um að ræða en vaxandi og gildi þeirra starfa, ekki síst samhliða sjúkraþjálfun, ótvíræð. Alvarlegasta mismunun milli þessara stétta liggur þó ekki í minni lagastoð fyrir iðjuþjálfun þótt staðreynd sé, heldur í því að þá menntun þarf alfarið að sækja út fyrir landsteinana. Að því þyrfti að huga alveg sérstaklega.

Tilgangur tillögunnar er máske aðallega sá að vekja athygli á vaxandi þátttöku þessara stétta í heilbrigðisþjónustunni og nauðsyn samræmds átaks allra aðila til að auka þá þætti sem lúta nú að endurhæfingu fyrst og fremst, en þyrftu að geta beinst að fyrirbyggjandi starfi sem fyrst og mest. Þess vegna er lögð svo rík áhersla á skólana í þessari till., tengingu þessara þátta við heilsurækt í a.m.k. efri bekkjum grunnskólans.

Þýðing þess að tengja þessa starfsemi við Vinnueftirlit ríkisins er ótvíræð, enda hefur það þegar sjúkraþjálfara að hluta í sinni þjónustu. Alvara skýrslu um könnun á vinnusjúkdómum í frystihúsum og fiskvinnslu, orsökum þeirra og afleiðingum, er slík að hún blátt áfram kallar á átak í þessum efnum. Þar þarf því miður fyrst og fremst að snúa sér að afleiðingunum, en forvarnarstarf má hiklaust vinna samhliða.

Ég segi gjarnan sögu um lítið byggðarlag eystra sem fyrir því láni varð að fá sjúkraþjálfara í byggðarlagið. Annir þessarar konu eru ótrúlegar, en árangurinn enn ótrúlegri og margir sem leita hefðu þurft til stofnana eða hingað suður með ærnum kostnaði hafa hvoru tveggja sloppið við þann mikla kostnaðarlið og vinnutapið að auki. Allir hafa grætt. Samfélagið líka að sjálfsögðu.

Mjög er haft á orði að heilsugæslustöðvar landsbyggðarinnar séu vel við vöxt. Nýting þeirra til þessara þátta skilar um leið betri nýtingu þessa húsnæðis, auk allra annarra kosta.

Ég vil leggja áherslu á að hvar sem samtök fatlaðra eru virk leggja þau höfuðáherslu á að fá þessa þjónustu sem næst vettvangi eða á vettvang. Gleðilegast dæmi um árangur af því er frá Höfn í Hornafirði. Formaður Sjálfsbjargar þar, Guðlaug Hestnes, segir engan vafa leika á því að sú starfsemi sem innan tíðar hefst þar muni skila ríkulegum ávinningi jafnt í líðan og heilsu fólks sem beinhörðum fjárhagsávinningi. Svo þarf víðar að verða.

Til að vekja athygli á nauðsyn raunverulegs átaks í þessum efnum er tillagan enn einu sinni flutt og vissa mín er sú að margt fólk bíður eftir þessu skipulega átaki hvarvetna um land.

Aðeins í lokin, herra forseti. Það fer fjarska vel á því að mælt sé fyrir till. um þetta efni á þessum degi, baráttudegi kvenna. Þessar stéttir báðar eru að yfirgnæfandi hluta kvennastéttir og eins og ég hef áður ítrekað bent á, bæði í framsögu og blaðagreinum þessu tengdum, þarf samhliða átakinu að bæta til mikilla muna kjör þessara stétta. Skulu það mín lokaorð.

Ég vil svo leggja til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Umhverfismál og náttúruvernd, þáltill. 63. mál (þskj. 65). — Fyrri umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd sem ég flyt ásamt fjórum öðrum þm. Alþb., þeim hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni. Till. um sama efni var flutt á síðasta þingi, og raunar snemma á síðasta þingi, en varð eigi útrædd og mæli ég hér fyrir málinu öðru sinni. Ég mun því takmarka mig í framsögu við fáeina þætti þó að af mörgu sé að taka á þessu sviði og ástæða til umræðna um það.

Tillgr. sjálf er í tíu tölusettum liðum þar sem ályktað er að Alþingi feli ríkisstj. að sjá til þess að undirbúin verði og framkvæmd þau atriði til úrbóta í umhverfismálum og náttúruvernd sem þar eru upp talin. Þessir þættir eru efnislega:

1. Að sameina þá málaflokka, sem einkum varða umhverfisvernd, í einu ráðuneyti í tengslum við endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands og þetta gerist ekki síðar en í árslok 1986. Er þá gert ráð fyrr því að frv. um þetta efni komi fram á þinginu svo sem boðað hefur verið í fskj. með stefnuræðu hæstv. forsrh., en það var raunar umtal um það á síðasta þingi að slíkt frv. kæmi fram.

2. Að undirbúin verði löggjöf um umhverfismál sem sérstaklega taki til mengunarvarna á landi, í sjó og í lofti, svo og framkvæmdaáætlun um að draga úr mengun frá frárennsli og verksmiðjum. Ég hygg að vinna hafi verið í gangi um alllangt skeið af hálfu hæstv. félmrh. við undirbúning að slíkri löggjöf og raunar gert ráð fyrir því að hún kæmi fram ekki síðar en á síðasta þingi. Mér þætti vænt um ef hæstv. félmrh. gæti hér við umræðu greint okkur frá stöðu undirbúnings slíkrar löggjafar.

3. Bent er á nauðsyn endurskoðunar laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, m.a. til samræmis við væntanlega nýja löggjöf um mengunarvarnir. Ég er ekki viss um, herra forseti, að sú tilvísun í frv. sé rétt sem hér er, en vek athygli á því svo að athugað verði hvort vísað sé í rétt laganúmer, en um var að ræða lög sem sett voru fyrir nokkrum árum og gert ráð fyrir að þau skyldu endurskoðuð að fimm árum liðnum ef ég man rétt.

4. Lagt er til að fyrir yfirstandandi Alþingi verði lagt í tæka tíð til afgreiðslu frv. til nýrra laga um náttúruvernd, en slíkt frv. var flutt í hv. Ed. af þáv. hæstv. menntmrh. seint á síðasta þingi. Hér er hvatt til þess að slíkt frv. verði nú lagt fyrir þingið það snemma að unnt

verði að fjalla um það á þinglegan hátt og taka til þess afstöðu.

5. Bent er á nauðsyn þess að gripið verði til samræmdra aðgerða til verndar gróðri með friðun og hóflegri nýtingu, m.a. í tengslum við breytta búskaparhætti, og komið verði á virkri stjórn og eftirliti í þessu skyni. Hér er um að ræða stórmál sem alloft hefur verið rætt hér á hv. Alþingi en engan veginn hefur verið tekið á af hálfu framkvæmdavaldsins svo sem vert væri. Gróðureyðing er mjög víða í gangi í landinu og þrátt fyrir viðleitni og aðgerðir af hálfu Landgræðslu ríkisins og fleiri aðila er það enn mikil spurning hvort við höfum náð þarna því marki að vinna jafnmikið á og tapast. Ég satt að segja efast um að svo sé og það skortir mjög mikið á að fyrir liggi hér á Alþingi og hjá þeim stofnunum sem ætlað er að fást við þessi mál af hálfu framkvæmdavaldsins nógu greinargóðar upplýsingar þannig að þeir aðilar, þar á meðal gróðurverndarnefndir og skipulagsyfirvöld, geti tekið á þessum málum út frá eðlilegum þekkingargrunni, út frá eðlilegri þekkingu og upplýsingum. Hér er því mikilla úrbóta þörf sem vakin er athygli á og þarf að tengjast landgræðsluáætlun og því starfi sem unnið er að gróðurvernd.

6. Bent er á nauðsyn þess að auka rannsóknir á dýrastofnum, jafnt á landi og í sjó við Ísland, og tryggt verði að við nýtingu þeirra og verndun sé tekið mið af vistfræðilegum sjónarmiðum.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að þessum þætti sem oft hefur verið rætt hér á hv. Alþingi. Það nægir að vísa til umræðna sem hér hafa orðið um seli, selastofnana við landið, á tveimur síðustu þingum þar sem fram hafa verið bornar tillögur og frumvörp með mjög tvísýnum ákvæðum að mínu mati og ekki byggt á þekkingarlegum grunni sem skyldi. Hins vegar eru þær hugmyndir sem hæstv. sjútvrh. kynnti fyrr á þessu ári í sambandi við hvalveiðar. Þetta er eitt dæmi um hugmyndir um vísindalegar rannsóknir sem eru vel undirbyggðar. Þó að þar séu ýmis álitamál uppi var þar tekið á máli með allt öðrum og skynsamlegri hætti að mínu mati.

7. Vakin er athygli á nauðsyn átaks í skipulagsmálum með lagabótum og með langtímasjónarmið í huga þar sem tekið verði tillit til þess að landið allt er skipulagsskylt. Vissulega hefur sitthvað horft til bóta í vinnubrögðum að þessu leyti, en þó miðar mjög hægt og þar skortir m.a. á að fyrir liggi undirstöðugögn, nógu vel unnin gögn til þess að byggja á skipulagsvinnu. Á ég þar m.a. við kortagerð sem er undirstöðuatriði að sé aðgengileg í því formi sem nota þarf við hina ýmsu þætti skipulagstillagna og undirbúning þeirra.

8. Bent er á að æskilegt sé að Náttúruverndarráð undirbúi í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera og slík áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar og e.t.v. til staðfestingar. Hér getum við litið til annarra þjóða, eins og t.d. Norðmanna sem fyrir alllöngu tóku upp þann hátt að friða tímabundið eða varanlega náttúrufyrirbæri af því tagi sem hér er um að ræða, m.a. vatnsföll, og flokka þau og raða í forgangsröð út frá náttúruverndargildi. Margt mætti af því læra og vissulega þekkjum við þá árekstra sem hafa orðið okkur býsna dýrkeyptir í sambandi við hagnýtingu orkuauðlinda okkar, vatnsfalla og jarðvarma, og þarf ekki að hafa uppi tilvísun til einstakra þátta þar svo ofarlega sem það er í huga allra, að ég geri ráð fyrir.

9. Bent er á þörfina á að mótuð verði opinber stefna í ferðamálum sem feli í sér nauðsynlegar verndaraðgerðir fyrir náttúru landsins með tilliti til breyttra samgönguhátta m.a. Það er mikið rætt um aukningu ferðamannaþjónustu sem mögulegan atvinnurekstur þar sem hægt væri að renna frekari stoðum undir arðbæran atvinnurekstur í landinu og gjaldeyrisöflun, en mér finnst gleymast í því samhengi að litið sé til þess sem snýr að því sem við erum að selja aðgang að, náttúru Íslands. Þarna erum við mjög illa undir það búin að taka við þeim aukna straumi ferðafólks sem verið er að beina til landsins með skipulegum hætti er óhætt að segja, þ.e. skipulegum hætti að því leyti að landið er auglýst upp á kraft og reynt að gefa því sem mest aðdráttarafl, en aðbúnaðurinn til að taka við þessum ferðamannastraumi erlendis frá er mjög í molum og margar af perlum íslenskrar náttúru eru í ákveðinni hættu að bíða tjón af þeirri umferð sem ferðamannastraumnum fylgir. Auðvitað gildir það ekki aðeins um erlenda ferðamenn. Hið sama gildir vissulega um Íslendinga sem ferðast um landið, en um þann ferðamannastraum höfum við meiri vitneskju og meiri reynslu en af straumi útlendinga m.a. með bílferjum til landsins.

10. Vakin er athygli á nauðsyn aukinnar fræðslu um íslenska náttúru, um umhverfisvernd og auðlindir, m.a. í fjölmiðlum og skólum og í söfnum. Það er auðvitað eitt af undirstöðuatriðunum að slíkri fræðslu sé stöðugt miðlað og reynt að koma henni á framfæri á þann hátt að hún nái til fólks.

Þá er að lokum gert ráð fyrir því, herra forseti, að ríkisstj. láti gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun til næstu tíu ára um æskilegar úrbætur skv. ofangreindu og leggi slíka áætlun fyrir næsta reglulegt Alþingi til að auðvelda stefnumörkun og fjáröflun í þessu skyni.

Í grg. er fjallað nánar um einstaka þætti sem ég hef hér nefnt og henni fylgja mörg fskj. sem snerta málið hv. alþm. og þeim sem vilja kynna sér þessi mál til glöggvunar. Teknar eru þarna inn m.a. ályktanir síðasta náttúruverndarþings og einstakra funda, m.a. stefnumótun Alþb. í þessum málum, en flokkurinn fjallaði ítarlega um þetta á síðasta landsfundi sínum. Nýjasta fylgigagnið sem þessu fylgir er tæplega mánaðargamalt. Það er reglugerð sem hæstv. heilbr.- og trmrh. undirritaði þann 30. sept. s.l. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Þarna er um að ræða nýja reglugerð í stað eldri reglugerðar frá 1972 sem þá var frumraun og til mikilla bóta. Hér hefur sem sagt verið sett ný viðtækari reglugerð og ég kann hæstv. ráðh. þakkir fyrir að hafa komið frá sér þessari reglugerð sem krefst starfsleyfis fyrir margháttaðan rekstur sem haft getur í för með sér mengun og hefur ekki verið skylt að fá starfsleyfi fyrir frá stjórnvöldum.

Herra forseti. Ég veit að margir hv. þm., ef ekki allir, hafa verulegan áhuga á náttúruverndarmálum, umhverfisvernd almennt séð, og ýmsir láta þessi mál til sín taka. En hér er um víðtækan og nokkuð flókinn málaflokk að ræða sem krefst þess að tekið sé á einstökum þáttum, en líka á málinu í samhengi þar sem þetta er meira og minna samtvinnað, stjórnun umhverfismálanna, staðan í stjórnkerfinu og mótun löggjafar um hina ýmsu þætti. Þess vegna hef ég leyft mér að færa þetta mál í búning þáltill. sem ég hér hef mælt fyrir. Ætla ég ekki að orðlengja það frekar, en legg til að eftir

að fyrri umræðu um þetta mál lýkur verði málinu vísað til hv. allshn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal vakin athygli á því, sem raunar þarf ekki að gera, að við erum að leitast við að taka upp ný vinnubrögð í þinginu. Eins og getið var um á síðasta fundi stefnum við að því að hafa venjulega fundartíma í Sþ. frá 2—4 í staðinn fyrir að á undanförnum þingum hefur það verið venjan frá 2—7. En um leið og við leitumst við að stytta fundartímann er ætlunin að leitast við að hafa skemmtilegri svip á þinginu þannig að það þurfi ekki að draga atkvæðagreiðslur heldur að þær fari fram með eðlilegum hætti þegar umræðu er lokið. Ég þakka ykkur mörgu sem hér eruð saman komnir og ég veit að virða þetta. Það eru nógu margir þm. í húsinu til þess að þetta megi takast núna og það verður gerð tilraun til þess. En það sem ég er að segja núna þyrftu þeir að heyra sem ekki heyra.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum á Höfn, þáltill. 69. mál (þskj. 71). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 71 hef ég leyft mér ásamt þeim hv. þm. Jóni Kristjánssyni og Agli Jónssyni að bera fram svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir athugun á því að hefja kennslu í sjávarútvegsfræðum á framhaldsstigi á Höfn í Hornafirði sem þróast gæti í framtíðinni yfir á háskólastig. Athugunin skal unnin í samráði við Háskóla Íslands, skóla tengda sjávarútvegi og samstarfsnefnd um framhaldsnám á Austurlandi."

Í grg. segir svo:

„Nám tengt grunnatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, er ekki ýkja fjölbreytt og fer ekki mikið fyrir því í menntakerfinu. Þó er hér um að ræða þá grein er skapar drýgstan hluta gjaldeyris okkar og býður ótalda möguleika í frekari vinnslu og enn meiri verðmætum. Viðurkennt er að hér þurfi að ráða bót á og verkefnin eru mörg. Fiskvinnslufólk og sjómenn njóta lítt menntakerfis okkar og ærið takmarkaðir eru enn möguleikar hér á landi til náms tengdu sjávarútvegi. Fiskvinnsluskólinn er vissulega gleðileg undantekning, en ekki hefur verið til fyrirmyndar hvernig að honum hefur verið búið. Tækniskólinn er með brautir tengdar sjávarútvegi, en Háskóli Íslands býður ekki upp á það nám sem þyrfti og ætti að vera í þessu þjóðfélagi sem svo mjög byggir á sjávarútvegi og fiskvinnslu og verðmætum þessara greina. Þar hefur annað haft forgang.

Menntun yfirmanna á flotanum er tryggð og eru þar þó ýmsar blikur á lofti þar sem áhugi samfélagsins hefur ekki beinst að þeim þarfa þætti.

Á Höfn í Hornafirði er mikill áhugi á einhvers konar framhaldsnámi í sjávarútvegsfræðum, enda fjölbreytni í sjávarfeng ærin og aðstaða í fiskiðju mjög góð á okkar mælikvarða. Könnun á möguleikum slíks náms á Höfn er sjálfsögð og samráðsaðilar eru þeir sem ættu að kunna glögg skil á því hvað unnt væri að gera.

Framhaldsnám á Höfn í heild er nú í deiglunni og er því að mörgu leyti brýnt að koma þessum mikilvæga þætti inn í þá umfjöllun alla.

Verkmenntunarmál á Austurlandi hafa verið í örri framþróun og þar hefur nú náðst gleðilegur árangur með sameiginlegu átaki Austfirðinga um framhaldsskólann í Neskaupstað. Næsti eðlilegur áfangi í menntunarmálum Austurlands ætti að tengjast sjávarútvegi okkar sérstaklega. Til að hreyfa því þarfa máli er þessi till. flutt."

Grg. er stutt, en segir þó það sem segja þarf. Við flm. leggjum á það ríka áherslu að hér er um könnun að ræða á möguleikum þessa framhaldsnáms sem ekki er vansalaust að svo lítill sómi skuli sýndur í heild sinni. Forskrift gefum við því eðlilega ekki um hvers konar nám, til hvaða þátta skuli taka eða hversu framþróun geti orðið. Við vitum hins vegar að margar námsbrautir geta og eiga að tengjast sjávarútvegi okkar og gildir það jafnt um sjósókn sem úrvinnslu afla og ýmsa þróun í sjávarútvegi, jafnt um fólkið í fiskvinnslunni sem hásetann á síldarbátnum og yfir til þeirra mörgu greina sem framþróun í þessari atvinnugrein kallar á og það fyrr en síðar og snertir bæði veiðar og vinnslu og frekari þróun alla, vinnsluna og möguleika þar þó máske enn þá helst.

Við flm. sem og aðrir hljótum að hafa áhyggjur af því hvernig nú er ástatt og hverjar horfur eru varðandi þessa frumvinnslugrein, afstöðu vaxandi hóps og skilningsleysi um leið á þýðingu hennar fyrir lífsafkomu þessarar þjóðar. Sá flótti sem illu heilli virðist vera frá þessari grein á sér margar orsakir. Kjarahliðin er ein, vinnuaðstaðan önnur, öryggisleysið sömuleiðis koma sterkast inn í þessa mynd. En við skulum heldur ekki gleyma menntunarmálum í smáu sem stóru sem þarna vega líka talsvert, ekki síst í áliti almennings. Þar vantar mjög upp á að jafnræði sé og raunar segir grg. allt um það.

Grunngrein sem þessi hlýtur blátt áfram að vera metin að hluta til í ljósi þeirra krafna um starfsmenntun eða starfsmenntunarleysi sem gilda. Ekki dreg ég úr þýðingu og gildi góðrar starfsþjálfunar og þeirrar umbunar í kjörum sem hún ætti að veita, en samanburðurinn við margar og þýðingarminni greinar, menntunarkröfur þar, hlýtur að segja til sín.

Við flm. leggjum engan dóm á hvernig að skuli staðið, eins og ég sagði áðan, en við felum það eðlilega í vald þeirra sem gleggst eiga að þekkja til þessara mála að finna þar færa leið til athafna því enginn efi er í okkar huga að hún sé fær hvort sem er að hluta til eða alla leið. Aðeins hefur það í raun gleymst í okkar tillögusmíð að kalla til þá aðila sem njóta ættu náms af þessu tagi, en úr því er unnt að bæta.

Nýr „Hafnarháskóli" er ekki í augsýn okkar, en ómaksins vert og vel það þykir okkur að láta reyna á vilja og möguleika til þess að einhvern tíma rætist það einnig.

Ég vil svo að lokinni þessari umræðu leggja til, herra forseti, að till. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða sem meðflm. þessarar till. að taka undir hana efnislega og fylgja henni úr hlaði með örfáum orðum til viðbótar við það sem frsm. og 1. flm. gerði.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að tengja nám okkar atvinnulífinu meir en verið hefur. Í raun hefur mikið verið rætt um það á undanförnum

árum án þess að framkvæmdir fylgdu í þeim mæli sem þyrfti að vera. Ekki á þetta síst við um nám í sjávarútvegsfræðum og er það í rauninni undarlegt hvað því námi hefur verið lítill sómi sýndur miðað við að við lifum á sjávarútvegi og sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugreinin. Það er afar nauðsynlegt að skapa menntuðu fólki þar starfsvettvang.

Þessi till. kveður á um könnun og athugun á framhaldsnámi í sjávarútvegsfræðum á Höfn í Hornafirði. Við bendum á þennan stað sérstaklega vegna þess að þar er ákjósanlegt umhverfi fyrir nám í sjávarútvegsfræðum. Þar er einn öflugasti útgerðarstaður landsins. Við teljum því þessu námi vera vel fyrir komið þar. En till. kveður aðeins á um könnun í þessu efni og eins og frsm. kom hér inn á felum við það þeim sem gerst þekkja til þessara mála að skapa þá umgjörð sem hæfir.

Það hefur mikið gildi fyrir landsbyggðina almennt að efla framhaldsmenntun úti um allt land. Þar er fyrst að telja gildi menntunarinnar sjálfrar sem er mikið. Framhaldsmenntun úti um land skapar atvinnutækifæri og fjölbreyttara atvinnulíf í hinum einstöku landshlutum og aukin framhaldsmenntun úti um landsbyggðina heldur atgervisfólki í byggðunum og skapar því þar tækifæri.

Ég ætla ekki að orðlengja um þessa till. frekar. Ég óska þess að hún fái hér þinglega meðferð og verði afgreidd á þessu þingi. Það er því miður svo með margar till. til þál. að þeim er sópað undir stól eða niður í skúffu. En ég vildi fara fram á það að þessi till. fengi rækilega skoðun í nefnd og þinglega meðferð hér á hv. Alþingi.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að í gildi er þál., orðin æðigömul, um áratugur síðan hún var hér samþykkt, um fiskiðnskóla í Siglufirði. Það er einmitt verið að athuga það mál nú og vonandi verða tekin þar fyrstu skrefin og að sjálfsögðu mjög æskilegt að þar komist á fót slíkt nám sem hér er nefnt, framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum. Kannske er hugsunin eitthvað önnur hjá flm. þessarar till. en var hjá okkur, sem voru allir þm. beggja Norðurlandskjördæma, sem fluttum þessa till., sem samþykkt var á sínum tíma, um fiskiðnskóla í Siglufirði sem nú er verið að undirbúa eins og ég gat um áðan. En það er síður en svo að ég ætli að mæla gegn því að þessi athugun, sem till. sem hér er til umræðu fjallar um, fari fram. Það er alveg sjálfsagt að við snúum okkur að því að gera ráðstafanir til þess að ungir sem eldri geti öðlast meira nám og meiri þekkingu í sjávarútvegsfræðum. Ég er þess vegna ekki andvígur þessari till., en vek athygli á því að nærtækara er auðvitað að framfylgja þeirri till. sem í gildi er, enda er það nú í undirbúningi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Aukafjárveitingar 114.
Byggðastefna og valddreifing 114, 125.
Framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum á Höfn 233.
Heilsugæsla á Vopnafirði 108.
Jarðhitaréttindi 92.
Kennarastöður 106.
Kjaradómur í deilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. 129, 149, 209, 220, 226, 227.
Kosning í fjárveitinganefnd 228.
Kosningar til Alþingis 125.
Kynþáttaaðskilnaðarstefna í Suður-Afríku 109.
Listskreyting Hallgrímskirkju 123.
Lögverndun á starfsheiti kennara 102.
Sama gjald fyrir símaþjónustu 118, 125.
Sjúkra- og iðjuþjálfun 228.
Tekjustofnar sveitarfélaga 127.
Tilhögun þingfunda 113, 149.
Tjarnarskóli 104.
Um þingsköp 102, 208, 215.
Umhverfismál og náttúruvernd 230.
Varamenn taka þingsæti 89, 228.
Þingsköp Alþingis 90, 91, 92, 101, 102.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 102, 113, 118, 228, 233.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 218.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 89, 149, 208, 209, 211.
Félmrh. Alexander Stefánsson 127, 128.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 212.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 109.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 226.
Landbrh. Jón Helgason 125, 126.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 95, 103, 105, 107.
Samgrh. Matthías Bjarnason 121, 129, 211, 220.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 90, 101, 211.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 110, 112.
Árni Johnsen 218, 224, 227.
Egill Jónsson 226.
Eyjólfur Konráð Jónsson 217, 219, 236.
Friðrik Sophusson 91.
Guðmundur Einarsson 145.
Guðrún Agnarsdóttir 102, 104, 198, 211.
Guðrún Helgadóttir 123, 126, 142, 207, 213, 215.
Halldór Blöndal 129.
Helgi Seljan 108, 109, 228, 233.
Hjörleifur Guttormsson 92, 99, 104, 106, 107, 114, 118, 122, 128, 214, 230.
Jóhanna Sigurðardóttir 131, 149, 155, 208, 210.
Jón Baldvin Hannibalsson 193, 212.
Jón Kristjánsson 234.
Karl Steinar Guðnason 222, 227.
Kjartan Jóhannsson 94, 96.
Kolbrún Jónsdóttir 218.
Kristín Halldórsdóttir 91, 144, 202.
Magnús H. Magnússon 120, 222.
Ólafur G. Einarsson 90.
Ólafur Þ. Þórðarson 91, 92, 95, 100, 215.
Ragnar Arnalds 215, 219.
Sighvatur Björgvinsson 150, 214.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 217.
Stefán Benediktsson 120, 216.
Stefán Valgeirsson 150, 192.
Steingrímur J. Sigfússon 109, 112, 147, 149, 153, 204, 209, 213.
Svavar Gestsson 97, 211.

Neðri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hér er bréf sem borist hefur til forseta Nd. og þannig hljóðar:

„Reykjavík, 28. okt. 1985.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður landskjörinna þm. Bandalags jafnaðarmanna, Kristófer Már Kristinsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Guðmundur Einarsson,
4. landsk. þm."

Kristófer Már Kristinsson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til þingstarfa.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 54). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til sveitarstjórnarlaga á þskj. 54.

Einn af mikilvægustu hlekkjunum í stjórnsýslunni í landinu eru sveitarstjórnirnar. Ég er þeirrar skoðunar að þær eigi að ráða sjálfar sem mest sínum eigin málefnum og vera þannig sjálfstæðar gagnvart ríkisvaldinu. Ríkisvaldið á að stuðla með ýmsum hætti að samvinnu þeirra á milli til að leysa þau verkefni sem eru ofviða hverri um sig.

Löggjafarvaldið á að skapa sveitarfélögunum grundvöll og setja þeim starfsramma. Þegar talað er um grundvöll er átt við að þau hafi sjálfstæða tekjustofna sem séu óháðir ríkisvaldinu. Ríkisvaldið á hins vegar að koma til sögunnar þegar um er að ræða verkefni sem sveitarfélögin geta ekki leyst.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstj. er kveðið skýrt á um að draga beri úr umsvifum ríkisins og flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga og/eða annarra aðila í þjóðfélaginu. Meginatriði þessara áforma eru þessi:

1. Fá fram skýr skil milli verkefna ríkis og sveitarfélaga þannig að saman fari rekstrar- og fjárhagsábyrgð um hvert verkefni.
2. Komið verði í veg fyrir að ríki og sveitarfélög fáist við sömu verkefni hvort á sínum vettvangi á sama tíma.
3. Jafnhliða tilfærslu verkefna verði fluttir tekjustofnar frá ríki til sveitarfélaganna þannig að þau geti í raun annast verkefnin.

Í þessari stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstj. felst viðurkenning á þeirri staðreynd að sveitarstjórnir eru stjórnvöld sem standa næst borgurunum, enda hafa sveitarstjórnir og samtök þeirra haldið því fram að sveitarstjórnir ættu að hafa meira vald í eigin málum á eigin ábyrgð svo sem varðandi ákvörðun og nýtingu eigin tekjustofna og gjaldskráa þjónustufyrirtækja sinna, en ríkisvaldið eigi ekki að skipta sér um of af innri málum þeirra. Þetta er vissulega þýðingarmikið fyrir sjálfstæði og sjálfræði sveitarfélaga.

Umræða af þessu tagi endurspeglar þá staðreynd að núverandi lög um sveitarstjórnir eru ekki lengur í takt við breytt viðhorf og taka ekki nægjanlegt tillit til þeirra stórstígu breytinga sem hafa orðið í þjóðfélagi okkar frá því að núgildandi sveitarstjórnarlög voru sett.

Grundvöllurinn að núgildandi sveitarstjórnarskipan var lagður með sveitarstjórnartilskipun frá 1872. Tilskipunin tók ekki til kaupstaða, en byggði á hinum fornu hreppum sem grunneiningu. Jafnframt var byggðinni skipt í sýslufélög og voru u.þ.b. tíu hreppar í hverri sýslu. Til sýslunefndar var kosinn einn fulltrúi úr hverjum hreppi í almennum kosningum. Sýslumaður, sem var hinn almenni fulltrúi framkvæmdavaldsins og héraðsdómari í sýslunni, var oddviti sýslunefndar. Sýslunefndunum var ætlað að gegna aðalhlutverki í sveitarstjórnarmálum og hafa umsjón með störfum hreppsnefnda. Jafnframt var komið á fót amtsráðum, en þau voru lögð niður við stofnun Stjórnarráðs Íslands árið 1904.

Þótt núgildandi sveitarstjórnarlög nr. 58/1961 hafi gilt frá 1. janúar 1962 hefur skipulag sveitarstjórnartilskipunarinnar haldist í meginatriðum til þessa dags. Í reynd hefur þó mjög dregið úr hlutverki sýslunefnda.

Með tilliti til framangreinds er ljóst að það var orðið löngu tímabært að endurskoða sveitarstjórnarlöggjöfina í heild.

Það frv. sem hér er fylgt úr hlaði byggist á tillögum sem voru samdar af endurskoðunarnefnd sem skipuð var þann 13. júní 1981. Í nefndinni voru Alexander Stefánsson, Jón G. Tómasson, Magnús H. Magnússon, Sigurjón Pétursson, Sturla Böðvarsson og Steingrímur Gautur Kristjánsson sem var skipaður formaður nefndarinnar. Haustið 1982 tók Björn Friðfinnsson sæti Jóns G. Tómassonar í nefndinni við formannsskipti í Sambandi íslenskra sveitarfélaga og vorið 1983 tók Jóhann Einvarðsson sæti í nefndinni í stað Alexanders Stefánssonar er hann varð félmrh.

Meðal þeirra meginsjónarmiða sem endurskoðunarnefndin hafði að leiðarljósi við samningu frv. má nefna:

Að sjálfstjórn sveitarfélaga beri að auka.

Að réttarstaða allra sveitarfélaga verði sem líkust.

Að stuðla beri að vald- og verkefnadreifingu.

Að valfrelsi sveitarfélaga um stjórnarform og verkefnaval beri að auka.

Að saman fari sem mest ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð þegar sveitarfélögum eru fengin verkefni.

Að stuðla beri að eflingu og stækkun sveitarfélaga til að þau verði færari um að valda verkefnum sínum og taka við auknum verkefnum.

Að stuðla beri að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð sveitarstjórnarmála.

Nefndin starfaði mjög vel að málunum, hélt fjölmarga fundi og viðaði að sér miklum fróðleik um sveitarstjórnarlöggjöf í nágrannalöndum okkar og um ályktanir og afstöðu hinna ýmsu aðila hérlendis sem fjallað hafa um endurskoðun núgildandi sveitarstjórnarlaga. Nefndin lauk störfum þann 20. júní 1984 og skilaði þá tillögum til nýrra sveitarstjórnarlaga í frumvarpsformi til félmrh.

Tillögur endurskoðunarnefndarinnar voru teknar til athugunar í félmrn. og að henni lokinni ákvað ráðherra að senda tillögur hennar til allra kjörinna aðalfulltrúa í

sveitarstjórnum landsins, til landshlutasamtaka sveitarfélaga og sýslumanna með ósk um umsagnir og ábendingar um breytingar á tillögunum er bærust fyrir 1. okt. 1984. Alls bárust umsagnir frá sex landshlutasamtökum, ellefu sýslumönnum og sýslunefndum og 51 sveitarfélagi, þ.e. 46 dreifbýlishreppum og fimm kaupstöðum og þéttbýlishreppum. Auk þessa mætti félmrh. á fjölmörgum fundum þar sem tillögurnar voru til umfjöllunar, m.a. á fjórðungsþingum. Af þessu er ljóst að tillögurnar hafa fengið mjög mikla umræðu í þjóðfélaginu. Öllum hv. alþm. voru einnig sendar tillögur nefndarinnar á sínum tíma.

Aðfinnslur og mótmæli gegn tillögum endurskoðunarnefndarinnar lúta flest að því að lögþvinguð sameining sveitarfélaga komi ekki til greina og að þau umdæmi sem um var fjallað í IX. kafla tillagnanna séu í mörgum tilvikum of stór og útiloki áhrif smærri sveitarfélaga.

Frv. það sem hér liggur fyrir er í meginatriðum samhljóða tillögum endurskoðunarnefndarinnar, þ.e. fyrstu átta kaflar frv. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á IX. og X. kafla, en IX. kafla í tillögum nefndarinnar, um héraðsþing, hefur verið gjörbreytt.

Það frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga sem hér er fylgt úr hlaði er í 13 köflum og er alls 129 greinar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla hér um það í löngu máli, en vísa til framsöguræðu þeirrar er ég flutti á síðasta vetri þegar frv. var fyrst lagt fram hér í hv. Nd.

Í I. kafla frv. er að finna almenn ákvæði. Í honum er m.a. fjallað um stærð sveitarfélaga, en ákvæði um það efni í tillögum endurskoðunarnefndarinnar hafa kallað á gagnrýni. Í tillögum hennar var gert ráð fyrir að lágmarksíbúatala sveitarfélags verði 100 íbúar. Í því frv. sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að þessi tala verði 50.

II. kafli frv. ber yfirskriftina Sveitarstjórnir. Hann samsvarar a-lið II. kafla núgildandi laga. Veigamesta breytingin í þessum kafla frv. er að lagt er til að ákvæðin um sveitarstjórnir séu samræmd og að réttarstaða þeirra sé gerð hin sama.

III. kafli frv. fjallar um kosningu sveitarstjórna, en um það atriði er fjallað í lögum nr. 5/1962, um sveitarstjórnarkosningar, og í 15. og 20. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Helstu breytingar og nýmæli, sem frv. gerir ráð fyrir í þessum kafla, eru sem hér segir:

Kjördagur verði sá sami í öllum sveitarfélögum landsins, annar laugardagur í júní. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum fyrsta dag næsta mánaðar eftir kjördag. Kosningaraldur lækkar í 18 ár. Sérstök kjörnefnd fer með úrskurðarvald um gildi kosninga í stað sveitarstjórnar. Sérstakar reglur eru um meðferð sveitarstjórnarmála meðan úrslit kosninga eru í óvissu. Heimild sveitarstjórnar, sem situr á óvissutímabili, til að inna af hendi greiðslur og gangast undir skuldbindingar er takmörkuð.

IV. kafli fjallar um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna og kemur í stað 23. og 24. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. Núgildandi ákvæði þykja fátækleg og því ber nauðsyn til að setja ítarlegri ákvæði um þetta atriði í sveitarstjórnarlög.

Í V. kafla er fjallað um það efni sem nú er í 21., 22., 25.—30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Meðal nýmæla má nefna að gert er ráð fyrir að sveitarstjórnarfundir séu almennt haldnir fyrir opnum dyrum, hvort sem um hreppsnefnd eða bæjarstjórn er að ræða. Þá er gert ráð fyrir að sú regla gildi sem aðalregla um allar kosningar að meiri hluti sveitarstjórnarfulltrúa skuli standa að kjöri.

VI. kafli frv. fjallar um nefndir, ráð og stjórnir. Ákvæði þessa kafla eru mun ítarlegri en greinar núgildandi sveitarstjórnarlaga um sama efni.

Í VII. kafla frv. er að finna ákvæði um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga. Meðal nýmæla í þessum kafla má benda á 72. gr. Í henni er kveðið á um að sveitarstjórn ráði starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veiti þeim lausn frá starfi.

Í VIII. kafla frv., um fjármál sveitarfélaga, er að finna fjölmörg nýmæli. Nægir í því sambandi að benda á 76. gr. frv. sem á sér hliðstæðu í löggjöf annarra Norðurlanda. Greinin fjallar um fjárhagsáætlun sveitarfélags og er tilgangurinn með henni að sveitarstjórnir horfi til framtíðarinnar og skipuleggi rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélags með ákveðið markmið í huga.

Í IX. kafla frv., um lögbundið samstarf sveitarfélaga, er gert ráð fyrir róttækum breytingum frá núgildandi sveitarstjórnarlögum. Lagt er til að sýslufélögin, sem nú hafa þjónað um 100 ára skeið, verði lögð niður með öllu þar sem þau hafi ekki á síðari árum verið sá samnefnari og framkvæmdaaðili sem sveitarfélögunum var nauðsynlegur.

Í frv. er lagt til að við taki nýr vettvangur sveitarstjórna sem kallast héraðsnefndir. Fylgt er þeirri skiptingu innan landshluta sem helgast af sýsluumdæmum, en umdæmin stækka að því marki sem aðild kaupstaðanna að héraðsnefndum markar. Réttarstaða sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu verður hin sama þar sem öll sveitarfélög eiga aðild að héraðsnefndum. Þau munu á þeim vettvangi taka við þeim verkefnum sem ríkisvaldið felur þeim sameiginlega, annaðhvort samkvæmt einhliða ákvörðun eða að höfðu samráði. Skapast þannig vettvangur á jafnréttisgrundvelli til að taka við nýjum verkefnum og stuðla að valddreifingu í þjóðfélaginu. Sveitarfélögin geta einnig nýtt héraðsnefndirnar til samstarfs um einstök verkefni er þau koma sér saman um að vinna að, en sú mikilvæga regla gildir um allar samþykktir héraðsnefnda varðandi slíkt samstarf að þær binda einungis þær sveitarstjórnir sem það samþykkja. Verður því ekki um að ræða að meiri og minni hlutar skapist innan héraðsnefnda hvað varðar einstakar framkvæmdir eða verkefni. Þar eru allar sveitarstjórnir jafnréttháar.

Í ákvæðum X. kafla er fjallað um frjálsa samvinnu sveitarfélaga sín á milli, en eins og kunnugt er hefur samvinna sveitarfélaga um hin ýmsu verkefni stóraukist á síðari árum. Slík samvinna er ekki bundin við sveitarfélög innan sýslu eða kjördæmis, heldur gengur hún í mörgum tilfellum þvert á slík mörk og er hagkvæmni af samvinnunni látin ráða. Samvinna sveitarfélaga af þessu tagi er venjulega bundin í stofnsamningum, en ekki hafa verið sett um hana almenn ákvæði í lögum. Getur þetta í ýmsum tilvikum valdið vandkvæðum, t.d. þegar ágreiningur kemur upp milli sveitarstjórna sem að slíkri samvinnu standa og þegar aðstæður breytast vegna þróunar byggðar og verkefna.

Í lögum nr. 70/1970 er að finna ákvæði um framkvæmd sameiningar sveitarfélaga. Eðlilegt þykir að þær reglur endurskoðaðar komi fram í sérstökum kafla í nýjum lögum um sveitarstjórnir og eru þær því teknar upp í XI. kafla frv. Rétt er að benda á þá breytingu frá fyrri reglum að nú er sveitarstjórnum skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um sameiningaráform nema í þeim sveitarfélögum sem falla undir ákvæði 5. gr. frv.

Þann 20. jan. 1984 var undirritaður samstarfssáttmáli milli ríkis og sveitarfélaga. Aðdragandinn að undirritun samstarfssáttmálans var sá að um miðjan janúar 1984 lagði félmrh. fyrir ríkisstj. tillögu um samstarfssáttmála milli ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þessi tillaga var sniðin eftir finnskum samningi sem fjallar um samráð finnsku ríkisstjórnarinnar við finnsk sveitarfélög, en sá samningur þykir hafa reynst vel. Ríkisstj. samþykkti þessa tillögu og var samstarfssáttmálinn milli aðila undirritaður, eins og áður sagði, 20. janúar 1984.

Frá undirritun sáttmálans hafa fjórir reglulegir samráðsfundir verið haldnir og í framhaldi af þeim skipaðar nefndir til að fjalla nánar um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga. Þannig hefur verið skipuð nefnd sem er að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga og huga að flutningi verkefna milli aðila, svo dæmi sé tekið.

Nefndin sem fjallaði um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna varð sammála um að leggja til að framangreind nýjung verði lögfest og í XII. kafla frv. er fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Í 124. gr. er ríkisstj. heimilað að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga eða með öðrum hætti. Enn fremur er kveðið á um það í greininni að ríkisstj. skuli hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

XIII. kafli frv. fjallar um gildistökuákvæði.

Eftir að frv. var lagt fram hér á hv. Alþingi á síðasta vetri fékk félmn. Nd. það til umfjöllunar. Hún sendi það mörgum aðilum til umsagnar og af umsögnunum er ljóst að um meginefni frv. er víðtæk samstaða. Ljóst er einnig að meðal sveitarstjórnarmanna er eindreginn vilji til þess að fella niður sýslufélögin í núverandi mynd. Skoðanir eru hins vegar talsvert skiptar hvað við eigi að taka. Sýslunefndirnar valda ekki lengur því hlutverki að stuðla að þeirri valddreifingu í landshlutunum sem nauðsynleg getur talist og geta ekki tekið við verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Stærstu sveitarfélögin eiga ekki lengur aðild að sýslufélögum með þeim afleiðingum að réttarstaða sveitarfélaga er mjög ólík.

Með þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir eiga öll aðildarfélög aðild að héraðanefndum á jafnréttisgrundvelli. Skapast þannig möguleikar að fela slíkum heildarsamtökum aukin verkefni. Slíkt millistig er nauðsynlegt meðan sveitarfélög á Íslandi aðlaga sig nýjum viðhorfum sem munu eflaust flýta fyrir sameiningu þeirra síðar í stærri heildir og kann um leið að leiða til þess að stjórnsýslustigin verði aðeins tvö hér á landi, þ.e. ríki og sveitarfélög.

Ég vil geta þess hér, herra forseti, að í félmrn. hefur verið tekin saman atriðaskrá og flokkun á þeim umsögnum sem bárust til endurskoðunarnefndarinnar og félmrn. og einnig það sem barst til félmn. Nd. á síðasta Alþingi og getur það orðið til þess að auðvelda hv. þm. eða nm. að taka afstöðu til slíkra athugasemda.

Herra forseti. Sveitarstjórnir byggja tilvist sína á sveitarstjórnarlögum. Þau kveða á um réttindi og skyldur sveitarfélaga og takmarka stjórnsýsluvald ríkisins. Sjálfstjórn og ákvörðunarréttur héraða og byggðarlaga ræðst því að verulegu leyti af því hvernig til tekst á þessu sviði. Sem gamall sveitarstjórnarmaður er ég þeirrar skoðunar að sjálfstjórn sveitarfélaga verði að auka. Þau eiga að hafa meira frjálsræði en nú um stjórnarform og verkefnaval. Feli löggjafinn í landinu þeim verkefni til úrlausnar fari sem mest saman ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð. Ég tel að það frv. sem hér er fylgt úr hlaði stefni að þessum markmiðum.

Að svo mæltu legg ég áherslu á að frv. fái ítarlega umfjöllun á hv. Alþingi og verði samþykkt sem lög sem allra fyrst eins og hugur sveitarstjórnarmanna í landinu stendur til.

Ég legg til að lokum, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Frv. þetta til sveitarstjórnarlaga horfir til nokkurra bóta á ýmsa lund frá gildandi lögum. Hins vegar er það mitt mat að það sé hvergi nærri nógu róttækt. Þau skref sem stigin eru eru of fá og smá, en þó í rétta átt slík sem þau eru. M.ö.o.: frv. er helst til framsóknarlegt fyrir minn smekk.

Þetta var upphaflega samið af nefnd undir formennsku Steingríms Gauts Kristjánssonar borgardómara. Þm. fengu tillögur milliþinganefndarinnar í hendur haustið 1984 og hafa þess vegna út af fyrir sig haft góðan tíma til að mynda sér skoðun á því og taka afstöðu til þess. Að því leyti er ekki undan að kvarta málsmeðferðinni.

Í frv. virðist að mestu fylgt tillögum nefndarinnar. Þó hefur ráðherra gert þar á nokkrar breytingar sem mér þykja ekki til bóta. Ég er t.d. algerlega andvígur því að lágmarksíbúatala sveitarfélaga skv. 5. gr. sé lækkuð úr 100 íbúum í 50. Lágmarkið hefði átt að vera mun hærra, undir engum kringumstæðum lægra en 200, og jafnframt ætti að lögbjóða hækkun lágmarkstölunnar mun fyrr. Sveitarfélag með færri íbúa en 200 getur ekki mannað þau störf sem nútíminn krefst af sveitarfélögum og fámenni sveitarfélaga kemur byggðinni í vítahring. Vegna fámennis getur sveitarfélag ekki veitt þá þjónustu og samfélagslegan styrk sem íbúarnir gera kröfu til og vænta. Þeir flytja því brott og vangeta sveitarfélagsins verður við það enn þá meiri. Það verður að styrkja sveitarfélögin með sameiningu í stærri og styrkari heildir. Lágmarksíbúatala sveitarfélaga í fyrsta áfanga ætti undir engum kringumstæðum að vera lægri en 200. Ráðherra hefur við framlagningu frv. látið undan sjónarmiðum sem því miður er ekki hægt að viðurkenna lengur og styðjast ekki við gild rök. Í raun og veru ætti að stíga þarna stærri skref, stækka sveitarfélögin meir og hraða því að þær breytingar eigi sér stað í áföngum ef ekki getur orðið samkomulag um að stíga stærri skref í einu.

Varðandi 19. gr. vil ég fella út 2. mgr., enda tel ég óeðlilegt að menn geti átt kosningarrétt á tveimur stöðum samtímis og gildir þar einu hvort menn flytja á milli Grundarfjarðar og Grindavíkur eða á milli Grundarfjarðar og Gautaborgar. Ég er þeirrar skoðunar að

fólk sem getur átt kosningarrétt í Gautaborg eigi ekki jafnframt að eiga kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum í Grundarfirði.

Lækkun kosningaraldurs í 18 ár hefur lengi verið baráttumál míns flokks og ber að fagna því að nú er samstaða fengin um það mál að því er virðist.

Ráðherra hefur gert talsverðar breytingar á héraðaskipan frá tillögum endurskoðunarnefndar. Öflug héraðastjórn er nauðsynlegur hlekkur í þeim endurbótum á stjórnkerfi okkar sem gera verður meðan sveitarfélögin eru svo fámenn sem raun ber vitni. Aukið vald og verkefni til héraðanna getur m.a. orðið til þess að menn sætti sig betur við jöfnuð í kosningarrétti til Alþingis þótt frv. geri í sjálfu sér ekki ráð fyrir að héruðin hafi mörg verkefni. Þó á það vafalaust eftir að breytast og það fyrr en menn varir. Bæði er þar um að ræða ný verkefni, sem samfélagið tekur við, og eins verkefni sem flytja þarf frá stjórnsýslu ríkisins og til héraðanna. Þess vegna verða héruðin að hafa stjórnarfarslegan styrk til þess að standa undir nýjum verkefnum. Það kallar aftur á móti á endurskoðun á gildandi lögum um tekjuöflun ríkissjóðs og verkaskiptingu þessara aðila.

Það má endalaust um það deila hvað sé eðlileg héraðaskipan, en tillögur endurskoðunarnefndarinnar miðuðust við sameiningu sýslufélaga og lögsagnarumdæma kaupstaðanna og jafnframt við mörk kjördæmanna nema hér á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu frv. er enn byggt á þessu, en héruðunum hins vegar fjölgað í 18. Með því móti verða sum héraðanna of fámenn. Því tel ég rétt að þeim verði fækkað í a.m.k. tólf þannig að íbúafjöldi þeirra gefi þeim nægan styrk til átaka. Þessu má ná t.d. með því að sameina Snæfellsness- og Dalahérað eins og þau eru skilgreind í frv. í Breiðafjarðarhérað. Barðastrandar-, Vestfjarða- og Strandahérað verði sameinað í Vestfjarðahérað, Norður- og Suður-Múlahérað verði sameinað í Múla- eða Austfjarðahérað, Austur- og Vestur-Skaftafellshérað verði sameinað í eitt og Rangárvalla- og Árneshérað verði sameinað í Suðurlandshérað. Þá felli ég mig betur við viðskeytið -þing eins og endurskoðunarnefndin lagði til en viðskeytið -hérað.

Við 99. og 100. gr. mun ég gera þá brtt. að fulltrúafjöldi í héraðsnefnd eða á héraðsþingi verði á bilinu 9—27 eftir íbúafjölda og, og það er meginatriðið, að kosið verði beinni kosningu til héraðaþinga í september það ár sem kosið er til sveitarstjórna.

Tillaga 99. gr. frv. um að sveitarstjórnir kjósi til héraðanefnda er andstæð öllu lýðræði og gengur ekki í framkvæmd. Íbúar Sauðárkróks, svo að ég nefni þá sem dæmi, ættu skv. þessu að hafa einn fulltrúa í héraðsnefnd og íbúar fámennasta hrepps í Skagafirði að hafa sama rétt. Þá yrði hin óbeina kosning til héraðsnefndanna til þess að þeim réði meiri hluti meiri hlutanna í héraðinu, en minni hlutar fulltrúa í sveitarstjórnum yrðu útilokaðir frá áhrifum. Það er augljóst mál að þessi annmarki, sem m.a. hefur komið fram í kosningum til fjórðungsþinga, er svo alvarlegur að við hann verður ekki unað. Hann gengur algerlega í berhögg við grundvallarsjónarmið lýðræðis í landinu.

Þá gengur regla frv. ekki upp hér á höfuðborgarsvæðinu þar eð borgarstjórn Reykjavíkur mun ekki hafa nægum fulltrúum á að skipa á næsta kjörtímabili til að manna sæti sín í héraðsnefnd eins og þar er gert ráð fyrir.

Það er að vísu nokkur ókostur við beina kosningu til héraðsnefnda eða þinga að hætt er við að samband einstakra sveitarstjórna og héraðsstjórnar verði hugsanlega minna, en væntanlega mundu í mörgum tilvikumm sömu menn vera í kjöri til héraðsstjórna og sveitarstjórna einfaldlega vegna fámennis. Bein kosning til héraðsnefnda kallar á breytingu á III. kafla frv.

Að vísu má kannske sætta sig við að hafa 103. gr. eins og þarna er ráð fyrir gert um skamman tíma, en framtíðarskipunin hlýtur að vera sú að héraðsnefndirnar fái sérstaka tekjustofna um leið og það hefur nánar verið skilgreint og menn hafa komið sér saman um stefnu um tilfærslu verkefna frá miðstjórnarvaldi ríkisins til héraðanna og nýja skiptingu tekjustofna, skattstofna, af því tilefni og í samræmi við það.

Nokkra minni háttar hnökra má finna á frv. sem ekki er ástæða til þess að tíunda hér við 1. umr. en fá væntanlega betri umfjöllun í meðferð þingnefndar.

Þrátt fyrir veigamikla galla er engu að síður margt í þessu frv. til bóta og þess vegna hvet ég til þess að það hljóti afgreiðslu í tæka tíð svo að ný sveitarstjórnarlög geti komið til framkvæmda við upphaf næsta kjörtímabils sveitarstjórna á næsta ári. Á hitt ber að leggja áherslu að þegar ný sveitarstjórnarlög hafa verið sett þarf að stokka upp stjórnsýslu ríkisins þannig að héraðaskipting hennar og verksvið umboðsmanna ríkisvaldsins verði tekin til endurskoðunar. Þar þarf að aðskilja umboðsstörf og dómarastörf og jafnframt þarf að flytja talsvert af úrskurðarvaldi ráðuneyta og meira af löggjafarframkvæmd ríkisins út í héruðin.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. félmrh. var nefndin sem undirbjó þetta frv. skipuð árið 1981 eða 1982 og skilaði síðan áliti til núverandi félmrh., samhljóða áliti, en í nefndinni voru fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum og einnig frá þeim aðilum sem hér eiga helst hagsmuna að gæta. Hæstv. ráðh. tók síðan ávörðun um verulegar breytingar á tillögu nefndarinnar og ég held að nauðsynlegt sé að fram komi svör við eftirfarandi spurningum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Ber ríkisstj. ábyrgð á brtt. nefndarinnar? Eru brtt., sem eru á frv. frá því nál. sem um var að ræða frá nefndinni á sínum tíma, brtt. ríkisstj. og þar með stjórnarflokkanna? Ég veit að hér inni eru nm. í hópi hv. alþm. sem þekkja vel deili á þessu máli, þar á meðal hv. 1. þm. Vesturl. sem ég hygg að hafi átt sæti í nefndinni sem undirbjó þetta frv. En ég vil sem sagt spyrja hæstv. ráðh.: Hverjir bera ábyrgð á breytingunum, fyrst og fremst? Er það ríkisstj.? Eru það tillögur ríkisstj. að breyta frv. nákvæmlega eins og hér er gert ráð fyrir? Og hverjar eru helstu breytingarnar?

Í grg. með frv. segir að breytingar séu aðallega gerðar á síðustu köflum frv., þ.e. þeim X. og XI., þó óverulegar, en verulegar á IX. kafla frv. Hins vegar er í grg. ekki getið um það að verulegar breytingar eru gerðar á öðrum köflum frv. þannig að menn þurfa að vera býsna vel lesnir í sögu þessa máls til að átta sig á hvaða breytingar hafa orðið frá tillögum nefndarinnar á sínum tíma.

Veigamesta breytingin og sú fyrsta sem kemur fram er í 5. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að lágmarksíbúatala sveitarfélags verði 50 íbúar. Í gildandi lögum um sameiningu sveitarfélaganna hefur verið miðað við 100 íbúa og sagt sem svo: Það á að stefna að því að

sveitarfélög verði ekki fámennari en með 100 íbúa. Í tillögum nefndarinnar að frv. til l. um sveitarstjórnarmál var einnig gert ráð fyrir 100 íbúum. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að miðað skuli við 50 íbúa og burtséð frá því hvort menn eru hlynntir lögþvingaðri sameiningu sveitarfélaga eða ekki vil ég fá á hreint frá hæstv. ráðh. hvort það er hans tillaga eða ríkisstj. allrar og beggja stjórnarflokkanna að öll sveitarfélög sem eru með 50 íbúa eða færri, sem eru líklega 20—30 talsins í landinu, verði lögð niður frá og með gildistöku þessara laga. Í frv. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júní eða 1. júlí 1986 og ekkert aðlögunarákvæði er í því að því er best verður séð. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. um þetta atriði alveg sérstaklega.

Ég vil einnig spyrja hann hvaða rök eru til þess að taka ákvæði um kosningu sveitarstjórna inn í sveitarstjórnarlög. Eins og kunnugt er hefur það verið þannig að sveitarstjórnarlög hafa fjallað um sveitarstjórnirnar sem slíkar, en kosningaákvæðin hafa yfirleitt verið inni í alþingiskosningalögum eða sérstökum lögum um sveitarstjórnarkosningar. Hér er gert ráð fyrir að kosningaákvæðin séu tekin inn í sveitarstjórnarlögin sjálf. Tillaga er gerð um að viðhalda því kosningakerfi sem verið hefur í sveitarstjórnir og gert hafði verið ráð fyrir, þ.e. að úthluta sveitarstjórnarfulltrúum eftir svokallaðri d'Hondts-reglu, að gera það með þeim hætti að deila atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Ekki er gert ráð fyrir að viðhafa sömu reglu og í alþingiskosningalögunum, þ.e. reglu stærsta afgangs, eins og hún hefur verið kölluð, og ekki er heldur gert ráð fyrir að nota svokallaða Lague-reglu eða oddatölureglu.

Ég held að eðlilegt hefði verið að ríkisstj. hefði borið málið undir fulltrúa allra flokka í þinginu áður en hún lagði tillögurnar um breytingar á sveitarstjórnarlögum fram. Kosningalagamál hafa verið mál sem allir flokkar hafa farið yfir í ákveðinni nefnd sem stóð reyndar til að kjósa í upphafi þessa fundar. Eðlileg vinnubrögð hæstv. ráðherra hefðu verið að fara þess á leit við kosningalaganefndina að hún færi líka yfir málið sem hér er gerð tillaga um. Í staðinn — án þess að taka tillit til hinnar miklu vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum árum — er tekinn nýr kafli inn í frv. um sveitarstjórnarmál, um kosningar til sveitarstjórna. Það er nýlunda og ég vil enn fremur spyrja hæstv. ráðherra: Er það að yfirveguðu ráði ríkisstj. eða stjórnarflokkanna beggja að taka ákvæði um kosningar til sveitarstjórna inn í hin almennu sveitarstjórnarlög?

Hv. 5. þm. Reykv. nefndi áðan 19. gr. frv. og gerði ráð fyrir að þeir sem hefðu útfyllt svokallað samnorrænt flutningsvottorð, eins og það heitir á máli Hagstofunnar, og hefðu þá kosningarrétt í Gautaborg eða Kaupmannahöfn, eða hvar það nú er, hefðu ekki kosningarrétt hér á landi. Hann leggur til, hv. formaður Alþfl., að þetta ákvæði 19. gr. frv. verði fellt niður. Ég er ósammála hv. 5. þm. Reykv. í þessu efni. Ég tel eðlilegt að stuðla að því að þetta fólk geti haft hér kosningarrétt svo lengi sem nokkur tök eru á miðað við eðlilegar og sanngjarnar reglur á báða bóga.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja að þeirri breytingu sem fram kemur hér í 97.—105. gr. frv. um lögbundið samstarf sveitarfélaga. Það er alveg skelfilegt apparat satt að segja. Vilja ekki hv. alþm. skoða þessar greinar og þennan IX. kafla, fletta honum upp og reyna að leggja saman í höfðinu á sér hvað það eru margir menn sem eru á hverju héraðsþingi skv. þessum tillögum eða í hverri héraðsnefnd og bera síðan saman fjöldann í þessum héraðsnefndum og íbúafjöldann á bak við fulltrúana í þeim. Út úr þessu kemur fullkomið rugl. Ég vil t.d. benda á að Reykjavík er ætlað að kjósa skv. 2. málslið 97. gr. 27 eða 28 bæjarfulltrúa í héraðsnefndina, en bæjarfulltrúar í Reykjavík eru í dag 21 og eiga að verða 15 eftir næstu kosningar. Í þessari till. er gert ráð fyrir að Reykjavík verði hluti af svokölluðu Kjalarneshéraði, en þar verði enn fremur Kjósarsýsla, Seltjarnarneskaupstaður, Kópavogskaupstaður, Garðakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður. Skv. þeim reglum sem í frv. eru má gera ráð fyrir að fyrir Kjósarsýslu kæmu fjórir eða fimm fulltrúar. Fyrir Kópavog kæmu fjórir fulltrúar, fyrir Hafnarfjörð kæmu fjórir fulltrúar, fyrir Garðabæ tveir fulltrúar, fyrir Seltjarnarnes einn fulltrúi og síðan fyrir Reykjavík 30 eða tæplega 30 fulltrúar sem á að kjósa úr hópi 15 borgarfulltrúa eins og ég gat um hér áðan.

Þetta gengur ekki svona, herra forseti. Og það er alveg óhjákvæmilegt þegar ríkisstj. leggur svona frv. fyrir þingið að þessi mál séu skýrð og það fylgi í fskj. upplýsingar um það hvernig þessum héraðanefndum verður skipað á hverju svæði fyrir sig. Það er sem sé ljóst að á þessu svæði, sem telur verulegan hluta íbúa landsins, Kjalarneshéraði, verður um að ræða 40—50 manna samkomu sem heitir héraðsnefnd.

Síðan er önnur héraðsnefnd úr héraði, sem mér er ekki óskylt með öllu, í tölulið fimm. Hún er níu manna. Það er Dalahérað, nær yfir Dalasýslu, en ég þekki svo vel til í því héraði, að ég man að þar eru níu hreppar og aðeins einn með meira en 100 íbúa.

Ég held að það sé alveg ljóst, herra forseti, að framlagning frv. með þessum hætti dugir ekki til að greiða fyrir því að alþm. skiptist á skoðunum um þessi mál með eðlilegum hætti. Frv. er ófullburða eins og það er flutt af ríkisstj. Það er í raun og veru tæplega umræðugrundvöllur, því miður, eins og hér er um að ræða stórt og alvarlegt mál.

Ég vil einnig, herra forseti, leggja alveg sérstaka áherslu á það að kosningafyrirkomulagið til þessara héraðsnefnda er algerlega óhafandi. Alþb. mun fyrir sitt leyti beita sér hart gegn því kosningafyrirkomulagi sem þarna er gerð tillaga um vegna þess að ætlunin er að sveitarstjórnin tilnefni fulltrúa í þessar héraðsnefndir, m.ö.o. héraðsnefndirnar verða héraðsnefndir meiri hlutanna. Minni hlutarnir fá ekki að komast þar inn vegna þess að yfirleitt er hér um að ræða einn fulltrúa í þessum fámennu sveitarfélögum sem við erum með í landinu. Við munum þess vegna ákveðið gera kröfu til þess á öllum stigum málsins að í svona stofnanir verði kosið með lýðræðislegum hætti, þannig að öll atkvæði séu jafngild en ekki mismunandi eins og hér er gert ráð fyrir.

Það er einnig ástæða til þess, herra forseti, að mótmæla sérstaklega ákvæði 103. gr. þessa frv., þar sem gert er ráð fyrir því að kostnaður af störfum héraðsnefndar greiðist af sveitarsjóðum í hlutfalli við íbúatölu einstakra sveitarfélaga í héraðinu. M.ö.o. fulltrúa má ákveða nánast burtséð frá íbúatölu. En kostnaðinum á að skipta eftir íbúatölu. Eðlilegra væri auðvitað að hvort tveggja væri þannig að héraðsnefndin og kostnaðurinn væri ákveðinn í eðlilegu og réttu

hlutfalli við íbúatölu.

Um leið og ég segi þetta, herra forseti, vil ég lýsa yfir sérstakri ánægju með það að hér er gert ráð fyrir því að sýslunefndirnar hverfi. Ég held að það sé skref sem er ákaflega mikilvægt og þarft og hefði fyrir löngu þurft að stíga. Og ég vil spyrja um það líka eins og annað: er það ekki alveg ljóst að báðir stjórnarflokkarnir séu heils hugar á bak við tillöguna um að fella niður sýslunefndirnar? Ég geri ráð fyrir að svo sé. Sýslumannahagsmunir hafa stundum ráðið býsna miklu hér inni í þessari virðulegu stofnun, en það er kannske liðin tíð og menn þora að taka á því að sýslunefndirnar eru auðvitað úreltar orðnar og ekkert að gera við þær annað en leggja þær niður.

Ég vil einnig víkja að einu atriði sem snertir rétt minni hlutanna sérstaklega og það er í sambandi við VI. kafla þessa frv. um nefndir, ráð og stjórnir. Það hefur verið þannig lengi í Reykjavík, eins og kunnugt er, að einn flokkur hefur farið með meirihlutavald hér í þessum höfuðstað landsins og stendur það nú vonandi til bóta og það til langrar frambúðar. En allt um það. Þetta hefur verið svo lengi. Það hefur þýtt að minnihlutaflokkar, eins og nú er um að ræða í borgarstjórn Reykjavíkur, hafa haft rétt til að tilnefna fólk sem áheyrnarfulltrúa í borgarráð Reykjavíkur eða jafnvel einstakar starfsnefndir Reykjavíkurborgar. Ég sé ekki að í þessum frumvarpsdrögum sé neins staðar gert ráð fyrir slíkum rétti minnihlutafulltrúa til að fylgjast með störfum nefnda, bæjarráða og annarra slíkra nefnda á vegum sveitarfélaganna. Ég man þó ekki betur — og ráðherra leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál — en ég man ekki betur en að nefndin hafi lagt það til að minnihlutarnir hefðu ákveðinn rétt í þessum efnum. Þeir gætu, þó þeir hefðu ekki atkvæðastyrk til, haft áheyrnarfulltrúa í borgarráði Reykjavíkur eða öðrum slíkum nefndum á vegum bæjanna. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er það stefna ríkisstj. að slíkir minnihlutaflokkar, sem ekki ná kjörnum manni inn í bæjarráðin eða nefndirnar, eigi ekki að hafa áheyrnarfulltrúa og þess vegna sé ákvæðið fellt hér niður? Ég bendi hæstv. ráðherra á að einn þeirra flokka sem á undir högg að sækja í þessum efnum í Reykjavík er Framsfl. Hann hefur orðið að vera með áheyrnarfulltrúa eins og gengur í borgarráði í Reykjavík af og til á þessu kjörtímabili og það kæmi mér nokkuð undarlega fyrir sjónir ef Framsfl. væri nú kominn á þá skoðun að það væri í raun og veru óeðlilegt og skynsamlegast að vísa Kristjáni Benediktssyni, þeim ágæta manni, út úr borgarráði Reykjavíkur. Ég er viss um að það er ekki ætlun ráðherrans að setja málið svona upp, en það væri fróðlegt að vita hvað því veldur að engin ákvæði eru hér inni um réttindi og stöðu áheyrnarfulltrúa í slíkum stofnunum.

Ég held, herra forseti, að hér sé hreyft mjög stóru og þýðingarmiklu máli. Það hefur verið afstaða Alþb. að það ætti að stuðla að því að sveitarstjórnirnar gætu gegnt sínu hlutverki sem best, stuðla að valddreifingu og lýðræði þannig að valdið yrði sem mest flutt til, sem næst fólkinu sjálfu. Ein meginforsenda þess er hins vegar sú að sveitarfélögin verði nokkurn veginn jafnvíg að þjónustugetu eða þá að skapaðar verði lagaforsendur fyrir það sem kallað hefur verið þriðja stjórnsýslustigið. Mín skoðun er sú að lausnin á hinum fjölbreytilega vanda sveitarfélaga verði ekki fundin öðruvísi en að menn taki á spurninguni: Viljum við koma hér á þriðja stjórnsýslustiginu eða ekki?

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu, frv. til sveitarstjórnarlaga, er vissulega mjög mikilsvert málefni og ástæða til að það sé rætt og gaumgæft. Hér er á ferðinni sama frv. og lagt var fyrir þingið í fyrra, þá vísað til nefndar en hreyfðist ekki þaðan og mér er ekki kunnugt um að mikil störf hafi átt sér stað í þingnefnd í sambandi við þetta frv. En nú er það komið til hv. þd. á þeim tíma að ætla mætti að unnt reynist að taka á þessu máli á þinginu sem nú stendur yfir. Ég efa það ekki að hugur manna er að þetta mál fái vandaða meðferð og ástæða er vissulega til þess að ná lögfestingu á lögum um sveitarstjórnarmálefni og ná um það sem breiðastri samstöðu.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða marga þætti þessa frv. Fjölmargt er þar sem til bóta horfir um mikilvæg atriði og minni háttar atriði. Með frv. er m.a. verið að sníða af augljósa agnúa sem fram hafa komið í starfi sveitarstjórna og agnúa á sveitarstjórnarlöggjöfinni frá því að hún síðast var til endurskoðunar. Það er rétt og skylt að stuðla að því að slík lögformleg endurskoðun eigi sér stað.

En það eru hér örfá atriði sem ég sé ástæðu til að gera að umtalsefni við 1. umr. þessa máls, atriði sem miklu varða að mínu mati og þar sem ástæða er til að gagnrýna þær hugmyndir sem fyrir liggja í því frv. sem hæstv. félmrh. hefur hér mælt fyrir. Þessir þættir varða fyrst og fremst spurninguna um stærð sveitarfélaga og stækkun þeirra. Í öðru lagi héraðsnefndirnar og því tengt spurningu um að taka á því máli með allt öðrum hætti en gert er ráð fyrir skv. þessu frv.

Til nýmæla er talið í frv. það ákvæði 5. gr. þess að lögbjóða ákveðna lágmarksstærð sveitarfélaga miðað við íbúafjölda. Það er rétt sem hér hefur komið fram í umræðunni að ekki er þar gengið fram með róttækum hætti og ég tel það ofur skiljanlegt. Ég hef ekki verið talsmaður þess að lögbjóða sameiningu sveitarfélaga og ég held að nokkurt vatn eigi eftir að renna til sjávar áður en hv. Alþingi er reiðubúið til þess að taka slíkt skref. Ég heyri það hjá ýmsum að þeir hafa ekki trú á því að veruleg breyting eigi eftir að eiga sér stað á stærð sveitarfélaganna með frjálsri sameiningu í allra næstu framtíð. Ég hygg að það mætti sitthvað gera til að örva slíka sameiningu, sem út frá marghátttuðum sjónarmiðum má teljast æskileg, út frá félagslegum viðhorfum, út frá atvinnulegum viðhorfum og því sjónarmiði að sum sveitarfélaganna, sérstaklega þau minnstu, ráða ekki svo að vel sé við þau verkefni sem þeim eru falin lögum samkvæmt.

Ég tel það út af fyrir sig eðlilegt að sett séu ákvæði inn í löggjöf um lágmarksstærð sveitarfélaga. Hvort menn eru þar með töluna 50 eða 100 skiptir kannske ekki höfuðmáli. En það er ekki óeðlilegt að sett séu ákvæði sem bindi þetta ákveðnu lágmarki.

Hitt er svo aftur stærri spurning og meira mál, hvort unnt er að ná fram umtalsverðri breytingu á mörkum sveitarfélaganna og sameiningu þeirra þannig að sveitarfélögin í landinu verði slíkar heildir að þau geti axlað mjög aukin verkefni og tekið á sig aukna ábyrgð og hluta af þeim verkefnum í ríkum mæli sem ríkisvaldið nú fer með. Til þess þarf að verða allt önnur þróun en við höfum séð á undanförnum árum. Að mínu mati

þyrfti að verða stórfelld fækkun sveitarfélaganna samfara stækkun þeirra og samruna. En þróunin stefnir ekki í þá átt eins og stendur. Við höfum aðeins fyrir okkur frá síðustu árum, þeim tíma sem sameining sveitarfélaga hefur verið mjög til umræðu, aðeins tvö dæmi þess að sveitarfélög hafi sjálfviljug sameinast, ef ég man rétt.

Skv. frv. er látið að því liggja að fjöldi sveitarfélaga, ég hygg að það komi fram í grg., yrði eftir að ákvæði frv. hefðu gengið fram um 200 talsins. Ég held að með slíkum einingum náist ekki sú viðspyrna sem verið er að leita eftir alveg sérstaklega af hálfu landsbyggðarinnar. Því er það að ég hef gerst talsmaður þess að stofnað verði til þriðja stjórnsýslustigsins, sem ég ætla að gera að umræðuefni hér á eftir.

Áður en að því kemur vil ég þó nefna að ég tel að í sambandi við áróðurinn fyrir sameiningu sveitarfélaga hafi menn ekki nýtt alla þá möguleika sem eðlilegir væru til þess að greiða fyrir slíkri sameiningu. Þar má beita fjárhagslegri örvun af hálfu ríkisvaldsins, en það sem er kannske ekki minnsta hindrunin í sameiningu sveitarfélaga er sú eðlilega viðleitni, sjálfstæðisviðleitni dreifbýlishreppa í landinu, þótt fámennir séu, að halda utan um þau verkefni sem tilheyra viðkomandi svæði, hreppunum. Ég tel það ofur eðlilegt að þau sjónarmið séu ríkjandi í strjálbýlissveitarfélögunum að vera ekki að framselja slík verkefni til stærri heilda. Ég get tekið þar sem dæmi skólamálefni, fyrstu árganga grunnskóla, skólaselin. Ég get tekið fjallskilin sem eru verkefni strjálbýlishreppanna og í þriðja lagi nefni ég félagsheimilin sem hreppurnir hafa komið upp með beinum hætti eða með samvinnu aðila innan þeirra. Hvaða ástæða er til þess að vera að færa slík staðbundin verkefni til stærri sveitarstjórnar? Ég hef því leyft mér að benda á það í þáltill. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, sem er 3. mál þessa þings, að þótt til komi sameining sveitarfélaga í verulega stærri heildir, þá séu ekki núverandi strjálbýlishreppar sviptir valdi yfir þeim verkefnum sem eingöngu tengjast viðkomandi svæði. Ég hef mælt með því að menn kjósi til svokallaðra hreppsráða, eins og ég hef kallað þau, sem hafi ráðgefandi vald gagnvart sveitarstjórn stærra svæðis og hafi yfirráð yfir málefnum sem eingöngu varða viðkomandi svæði og ekki tengjast stærra sveitarfélagi með beinum hætti, fjárhagslega eða að öðru leyti. Ég get vísað til þeirra þriggja þátta sem ég nefndi hér áðan, skólaselin, félagsheimilin, fjallskilin sem skýr dæmi um þessi efni.

Ég er ekki í vafa um það að ef menn hefðu gengið fram með þessum hætti fyrir t.d. 15 árum og lagt málin fyrir með þessum hætti, þá hefði verið greiðara fyrir um sameiningu sveitarfélaga heldur en raun ber vitni. Ég tel að enn beri að líta á málin út frá þessu sjónarmiði og greiða þannig fyrir sameiningu sveitarfélaga í stærri heildir, sem ég tel æskilega, en skv. frjálsri ákvörðun íbúa viðkomandi svæða. Ég treysti mér ekki til að mæla þar með með lögbindingu eins og raddir hafa þó komið fram um einnig úr hópi sveitarstjórnarmanna.

Ég veit ekki hvort ástæða er til þess fyrir mig til þess að skýra þetta mál nánar varðandi stækkun sveitarfélaganna og hreppsráðin en get þó tekið eitt dæmi til þess að varpa á þetta aðeins skýrara ljósi. Ég tek dæmi sem mér er nákomið úr mínu kjördæmi, t.d. Fljótsdalshérað, sem nú er skipt upp í tvö sýslufélög, eða hlutast á milli tveggja sýslufélaga. Skv. IX. kafla þessa frv. er gert ráð fyrir að sú fráleita skipting haldist í formi héraðsnefnda, þar sem lagt er til að 13. héraðsnefnd sé Norður-Múlahérað og 14. Suður-Múlahérað og skv. því eru fjórir hreppar, ef ég man rétt, af tíu á Fljótsdalshéraði í Suður-Múlahéraði en sex sem standa í Norður-Múlahéraði. Þetta er dæmi um það hversu óskynsamlegt það er að binda sig við sýsluskipanina eins og hún nú er þegar verið er að tala um þessar héraðsnefndir. Er ég þó ekki þar með að segja að það sé yfirleitt kerfi sem lappandi sé upp á, þær hugmyndir sem er að finna í þessum IX. kafla.

En ég hef litið svo til að það væri ekkert fráleitt að vinna að því af hálfu þeirra sem byggja Fljótsdalshérað að það geti orðið ein heild sem sveitarfélag í framtíðinni, en til þess þarf vilja þeirra sem á svæðinu búa, íbúa þessa svæðis, og ég hygg að ef þannig væri gengið fram að hrepparnir héldu sjálfstjórn í þeim málum sem eingöngu snerta þá, þá yrði greiðari gatan til sameiningar í stærri heild, að mynda þarna eitt sveitarfélag úr tíu sem nú eru fyrir. Það eru praktísk en líka tilfinningaleg rök sem þarna standa í gegn eins og málum er nú háttað og eins og unnið hefur verið að þessum málum og til þess ber að taka tillit.

Þá vík ég að hinum meginþættinum í mínu máli sem snertir spurninguna um þriðja stjórnsýslustig og þann kannske vott til þess að þoka sér inn á þá hugmynd sem lesa má út úr IX. kafla en sem er algerlega ófullburða hugmynd að mínu mati og ekki hægt að taka undir eins og hún er lögð hér fyrir. Ég hef í nefndri þáltill. ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni lagt til að efnt verði til héraðsstjórna eða héraðsþinga, sem kosið verði til lýðræðislegri kosningu með beinni kosningu íbúa á viðkomandi svæði. Ég tel að núverandi kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis gætu þjónað sem landfræðileg mörk fyrir slíkar héraðsstjórnir, þó að ég sé fyllilega reiðubúinn að skoða aðra skiptingu í minni svæði ef það er líklegra til samkomulags, svæði sem tengjast saman atvinnulega og félagslega og gætu virkað sem nýtar heildir. En þá er ég að ræða um þetta sem þriðja stjórnsýslustigið sem fengi öfluga tekjustofna og veruleg verkefni sem nú eru í höndum ríkisvaldsins. Um þetta geta menn lesið nánar í nefndri þáltill. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Þar er tekið á þessum málum og þau nánar útfærð og þar eru nefnd dæmi um ýmsa þá málaflokka sem ég tel að ættu heima hjá slíku þriðja stjórnsýslustigi. Á bls. 11 á nefndu þskj., svo ég leyfi mér að vitna til þess, með leyfi forseta, eru nefnd húsnæðismál, almannatryggingar, skipulagsmál, byggðamál, menntamál, þar á ég við grunnskólastigið og framhaldsskólastigið, málefni safna, opinbert eftirlit af ýmsu tagi, eins og heilbrigðiseftirlit og rafmagnseftirlit, allt saman verkefni sem sjálfsagt er að flytja nær vettvangi, að flytja yfir til þriðja stjórnsýslustigs í landinu og ná þannig verulegri og mjög róttækri grisjun á því miðstjórnarvaldi sem hefur safnast upp í höfuðstað landsins. Það er ekki verið að vega að Reykjavík sem höfuðborg með slíkum hugmyndum heldur er hugmyndin að styrkja lýðræðið í landinu og gera Reykjavík að eðlilegri miðstöð og höfuðstað með samræmingu þess sem eðlilegt er að halda í höndum ríkisins í þessum efnum, en færa hitt út í héruðin, út í landshlutana eins og þeir eru stundum nefndir.

Ég vil, herra forseti, vísa til bréfs sem þingflokkunum barst á síðasta þingi, dags. 27. febrúar 1985, frá svonefndri byggðanefnd þingflokkanna, erindi sent formönnum allra þingflokka, undirritað af formanni þessarar nefndar, Lárusi Jónssyni bankastjóra og fyrrverandi alþingismanni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að fá á þessu stigi málsins viðbrögð þingflokkanna við ákveðnum meginatriðum, er varða hugsanlegar breytingar á stjórnskipun í landinu, til þess að nálgast markmiðin um aukna valddreifingu og virkara lýðræði. Nefndin vill því beina eftirtöldum spurningum til þingflokks yðar:

1. Hvað eiga stjórnsýslustig í landinu að vera mörg?
2. Við hvað eiga stærðarmörk neðstu (minnstu) stjórnsýslueiningarinnar að miðast?
3. Hvernig á að tryggja virkara lýðræði og aukna valddreifingu með skipulagi, verkefnum og kosningareglum fyrir miðstig stjórnsýslunnar [innskot mitt: hið svonefnda þriðja stjórnsýslustig]?
4. Hvernig á að skipta tekjustofnum og fjárhagslegri ábyrgð milli sveitarstjórna, héraðsstjórnar og ríkis?"

Síðan segir:

„Byggðanefnd þingflokkanna gengur út frá þeirri meginforsendu að til þess að ná fram markmiðinu um virkara lýðræði aukna valddreifingu sé nauðsynlegt að setja á stofn stjórnsýslustig milli ríkis og sveitarfélaganna. Nefndin hefur ekki fjallað ítarlega um svæðaskiptingu eða fjölda svæða í hinu nýju stjórnsýslustigi og þaðan af síður hvað það ætti að nefnast."

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að inna hæstv. félmrh. eftir því hvert sé hans viðhorf í þessum efnum, í sambandi við þriðja stjórnsýslustigið, og hver sé afstaða ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli. Það hafa þegar verið bornar fram fyrirspurnir til hæstv. ráðherra varðandi IX. kafla laganna og að hve miklu leyti eða hvort líta megi á þær tillögur sem tillögur ríkisstjórnarinnar í heild eða sjónarmið sem hæstv. ráðherra fyrst og fremst mælir hér fyrir. Það er alveg nauðsynlegt að þetta komi hér fram og það er nauðsynlegt að mínu mati að ráðherra félagsmála í landinu skýri sín sjónarmið rækilega að því er varðar hugmyndir um þriðja stjórnsýslustig, hvort hann er reiðubúinn að taka undir þær og hver hans sjónarmið eru þar að lútandi.

Umfjöllun varðandi héraðsnefndirnar og þær mjög svo ólýðræðislegu hugmyndir sem þar eru lagðar til grundvallar í sambandi við tilurð eða kosningu slíkra nefnda verða að skoðast í ljósi þess hvert menn ætla sér í sambandi við hugsanlegt þriðja stjórnsýslustig í landinu. Það er auðvitað engin ástæða til að vera að setja upp slíka skipan mála eða taka undir hana eða ræða hana mikið ef sá hugur sem endurspeglast í erindi frá byggðanefnd þingflokkanna er viðhorf meiri hluta hér í hv. þingdeild og á hv. Alþingi. Þá verða menn að taka málin til meðferðar út frá allt öðru sjónarhorni. Hv. 3. þm. Reykv. hefur fjallað um þau atriði í sambandi við hinar svonefndu héraðsnefndir sem eru vissulega mjög gagnrýni verð og gera þá skipan mála óhæfa einnig að mínu mati sem þar er verið að leggja til í sambandi við kjör til héraðsnefnda.

Ég ætla, herra forseti, ekki að taka meiri tíma frá hv. þingdeild til að ræða þetta mál þó að mörg atriði væru þess verð að gera þau að umræðuefni, en ég vildi takmarka mig við þessi tvö meginatriði, spurninguna um hvernig við náum fram því æskilega markmiði, að mínu mati, að stækka sveitarfélögin og hvert er viðhorfið til þriðja stjórnsýslustigs. Ég hef fyrir mitt leyti svarað því ákvarðandi með flutningi sérstakrar þáltill., sem tekur m.a. til þessa máls, og tel nauðsynlegt að ríkisstj. og hæstv. félmrh. skýri sín viðhorf í þessum efnum betur og með öðrum hætti en liggur fyrir í þessu frv.

Sturla Böðvarsson: Herra forseti. Ég hafði ekki gert ráð fyrir að taka þátt í umræðu um þetta mál hér í deildinni að þessu sinni, en vegna þess sem hér hefur komið fram sé ég ástæðu til þess.

Í fyrsta lagi vil ég minnast á það sem hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson sagði um ákvæði þessa frv. til laga um sveitarstjórnir sem eru til umræðu. Hann ræddi um III. kafla frv., sem fjallar um kosningar til sveitarstjórna, og gerði þann kafla sérstaklega að umræðuefni. Ég vildi benda á að sá kafli í frv. er nánast unninn á ábyrgð hv. þm., en hann var félmrh. þegar endurskoðunarnefndarfrv. svokallaða var samið og þessi kafli var sendur ráðherra sérstaklega til umfjöllunar á sínum tíma. Ætti þm. þess vegna að kannast við þennan kafla alveg sérstaklega.

Varðandi hins vegar þau atriði sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom hér inn á og varða þriðja stjórnsýslustigið vil ég minna á að í allri umræðu um frv. að nýjum sveitarstjórnarlögum hefur verið lögð megináhersla á að efla sveitarfélögin. Síðan hefur komið upp í umræðu undansláttur, má segja, í þessu máli, undansláttur sem er fólginn í því að menn hefja umræðu um þriðja stjórnsýslustigið. Ég tel að tillögur um millistig séu fyrst og fremst til þess fallnar að koma í veg fyrir þá mikilvægu lagasetningu sem frv. að nýjum sveitarstjórnarlögum er. Ég tel að með millistigi verði komið í veg fyrir eflingu sveitarfélaganna og þess vegna get ég ekki mælt með því. Það fylgir því nokkur þversögn að mæla gegn sameiningu sveitarfélaganna, en leggja til millistig sem væntanlega tæki verulega völd af sveitarfélögum því að með millistigi yrði væntanlega fært vald bæði frá sveitarfélögum og ríki til þessa nýja stjórnsýslustigs. Þetta vildi ég að kæmi fram í þessari umræðu.

Að öðru leyti vil ég segja að frv., sem hér er til umfjöllunar, er svo sem fram hefur komið að nokkru frábrugðið tillögum endurskoðunarnefndar. Það var ekki við öðru að búast. Það olli mér verulegum vonbrigðum þegar frv. félmrh. kom fram og 5. gr. hljóðaði svo sem hún hljóðar, gerir ráð fyrir að lágmarksíbúatala sveitarfélaga sé 50. Um það ætla ég ekki að fjalla sérstaklega hér enda ljóst að 100 íbúa markið er umdeilt.

Ég vil einnig nefna IX. kaflann sem fjallar um lögbundið samstarf sveitarfélaga. Ég tel að sá kafli geti ekki verið með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir og tel fullvíst að sjálfstæðismenn muni leggja áherslu á breytingar á þeim kafla og jafnvel að hann verði felldur niður í þeirri mynd sem frv. gerir ráð fyrir honum.

Ég ætla ekki að fjalla nánar um frv., en legg áherslu á að það fái afgreiðslu með breytingum á þessu þingi og verði afgreitt þannig að hægt verði að kjósa til sveitarstjórna í vor á grundvelli nýrra sveitarstjórnarlaga.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég

þakka hv. alþm., sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, fyrir þeirra framlag. Það er svo með þennan málaflokk að í raun og veru væri óeðlilegt að reikna með því að ekki væru skiptar skoðanir um hvernig að slíkri lagasetningu skuli staðið, svo viðamikið er þetta mál og snertir raunar meira alla borgara þessa lands en margt annað að því leyti til að sveitarstjórnarmálin standa næst borgurunum og það er meiri þátttaka í umræðum um sveitarstjórnarmál en flesta aðra málaflokka í okkar landi og er það vel.

Ég reiknaði alltaf með því sem félmrh., og ég geri ráð fyrir að þeir sem hafa gegnt því embætti á undan mér hafi orðið varir við það einnig, að aldrei yrði sett fram frv. til laga í þessum málaflokki þannig að allir yrðu fyrir fram sáttir við það frv. eða þær tillögur sem fram kynnu að vera settar.

Það er sérstaða nokkur í þessu máli að því leyti til að tekið hefur langan tíma að endurskoða þessa löggjöf og fara yfir hana og sérstaða er einnig, og er rétt að það komi fram, að því leyti til að bæði tillögur endurskoðunarnefndarinnar og einstaka þættir í þeirri vinnu hafa verið fyrir opnum tjöldum, ef svo má segja, a.m.k. meðal sveitarstjórnarmanna. Þetta hefur verið lagt fram og rætt á vegum sveitarfélaganna í fjölda ára, í áraraðir, bæði á fulltrúaráðsfundum, sérstökum fundum á vegum sveitarfélaganna og á landsþingum sveitarfélaganna hverju sinni. Frv. sem hér liggur fyrir á sér því langan aðdraganda og hefur farið í gegnum margar umræður víðs vegar meðal sveitarstjórnarmanna og er það vissulega kostur við þetta mál. Hins vegar væri óeðlilegt að halda því fram að hér sé um frv. að ræða sem ekki þurfi að skoða vandlega á hv. Alþingi. Það hefur aldrei verið meining mín að ég sé ekki tilbúinn að fallast á ýmsar breytingar sem til bóta yrðu í sambandi við meðferð málsins hér á hv. Alþingi. Ég vil að það komi strax fram.

Ég hef áður rakið, og sérstaklega á síðasta þingi þegar ég flutti ítarlega framsöguræðu fyrir þessu máli, hvernig að þessu máli hefur verið staðið og ég hef rakið að komið hafa fram mjög margar athugasemdir og brtt. við þetta frv. Einnig hef ég rakið að á þeim þingum sem ég hef sjálfur sótt til að ræða þessi mál hefur andstaða gegn frv. fyrst og fremst beinst að tveimur þáttum. Í fyrsta lagi eru menn víða, a.m.k. úti um land, mjög andvígir því að lögbinda sameiningu sveitarfélaga á einhverju stigi. Í öðru lagi hafa menn verið mjög á móti því að setja upp það form á samvinnu sveitarfélaga sem útilokaði áhrif litlu sveitarfélaganna. Þetta gerði það að verkum að mér þótti eðlilegt, áður en frv. var lagt fyrir ríkisstjórn og Alþingi, að gera nokkrar breytingar, miðað við þær álitsgerðir og greinargerðir sem komu eftir að búið var að senda það út og fjalla um það víðs vegar um allt land, í nær öllum sveitarstjórnum landsins.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því sem fram kom í máli hv. þm. Hv. 5. þm. Reykv. kom með nokkrar athugasemdir. Það er í fyrsta lagi þetta með lágmarksfjöldann. Það má vel vera að talan 50 sé ekki endilega sú eðlilega, en ég held samt að það sé ekki aðalatriðið, heldur hitt, hvernig hægt er að vinna að þessum málum með þessari löggjöf þannig að það verði til þess að sveitarfélögin sameinist sem allra fyrst í stærri heildir. Hér hefur komið fram hjá öðrum hv. þm., eins og hv. 5. þm. Austurl., og get ég alveg tekið undir það, að þetta mál er búið að vera í brennidepli lengi, það er óhætt að segja tvo áratugi, þ.e. með hvaða hætti væri hægt að vinna að sameiningu sveitarfélaga eða fá þau til að taka upp önnur vinnubrögð en áður þekktust. Niðurstaðan hefur alltaf orðið sú að eðlilegra væri að reyna að efla samstarf sveitarfélaga á frjálsum grundvelli og stuðla að því þannig að þau tækju að sér sameiginleg verkefni sem mundi síðar leiða til þess að þau sæju ástæðu til að sameinast endanlega í einni sveitarfélagaheild. Þróunin hefur sem betur fer verið sú. Ég held að hv. alþm. viti að sveitarfélögin hafa með hverju ári á undanförnum áratug sífellt verið að auka þessa samvinnu. Þau hafa tekið að sér sameiginleg verkefni, bæði á sviði skólamála, sviði heilbrigðismála, félagsheimila og raunar mörg fleiri verkefni. Þetta er orðið þannig að í raun og veru vantar lítið á að þetta sé orðin ein sveitarfélagaheild víðs vegar um landið og ég veit að margir sveitarstjórnarmenn hafa sagt alveg hiklaust að hið nána samstarf, sem komið er um hin ýmsu verkefni, sé í raun og veru orðið þannig að það þurfi bara að taka ákvörðun um sameiningu til þess að það sé orðið eitt sveitarfélag. Ég held þess vegna að þróunin hljóti að leiða til þess að ekki líði á löngu þangað til sveitarfélögin sameinast í stærri heildir og þar með séum við komin að því, sem ég geri ráð fyrir að við mörg a.m.k. séum sammála um, að óeðlilegt er að ekki skuli vera hægt að hafa þann hátt á í okkar fámenna landi að þar séu aðeins tvö stjórnsýslustig, þ.e. ríki og sveitarfélög. En ég tel að vegna þessarar þróunar og vegna þeirrar miklu andstöðu sem enn er víða í landinu við sameiningu sveitarfélaga eða stækkun þeirra í ákveðnar heildir, sé eðlilegt enn um sinn að hafa millistig, þ.e. lögboðið samstarf sveitarfélaga, þannig að ekki sé útilokað að sveitarfélögin taki að sér stærri sameiginleg verkefni en þau til þessa hafa gert í sambandi við sameiginlega byggingu skóla, heilbrigðisþjónustu o.s.frv. Ég taldi því og tel að eðlilegra sé að hafa slíkt millistig.

Hvort breytingin á IX. kaflanum í frv. eins og það er skv. tillögum endurskoðunarnefndarinnar er heppilegust í þessu tilfelli skal ég ekki fullyrða. Hún er aðeins sett fram til að mæta þeirri hörðu gagnrýni sem kom víðast frá af landinu frá minni sveitarfélögum og er til þess gerð að menn ræði málið frá því sjónarmiði. Ef Alþingi vill ganga lengra og breyta þessu mætir það ekki minni andstöðu sérstaklega. En ég tel að réttari aðferðin sé að reyna að halda áfram, að þetta sé þróun, og örva eigi þá þróun, eins og raunar kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. í sambandi við sameiningu sveitarfélaga. Ég tel að það sé eðlilegt.

Það eru ágallar á þessu sem ég get vel viðurkennt að þurfi að lagfæra, í sambandi við fulltrúakjör og annað, en það er vel hægt að laga þá. Hins vegar er ágreiningur um hvort þetta á að vera með svipuðum hætti og hefur verið hjá landshlutasamtökunum eða hvort á að vera þarna um beina kosningu að ræða. Það er í raun og veru aðalágreiningsefnið í sambandi við þetta mál.

Eins og endurskoðunarnefndin lagði til var gert ráð fyrir að litlu sveitarfélögin sameinuðust um fulltrúa á héraðsþing. Þetta mætti gífurlegri andstöðu víðs vegar um landið. Ég taldi eðlilegt að láta setja upp í aðgengilegt form allar brtt. og aðfinnslur við frv. þannig að alþm. gætu haft þær undir höndum. Þeir sem sátu í félmn. Nd. á síðasta þingi höfðu þessi plögg undir

höndum. Núna er enn fremur búið að setja upp skipulega þær athugasemdir sem fram hafa komið við frv. eftir að félmn. sendi það út til umsagnar og verða þær að sjálfsögðu til reiðu.

Í sambandi við athugasemdir hv. 5. þm. Reykv. varðandi kosningalögin eða 19. gr. má geta þess að sú tillaga sem hér er sett fram er í fullu samræmi við þróun mála í samstarfi Norðurlandanna. Ég hef ekki heyrt neins staðar í þessari endurskoðunarvinnu að önnur tillaga kæmi fram um þetta form og tel þess vegna að gagnrýni hans sé á misskilningi byggð.

Varðandi það sem kom hér fram hjá hv. 3. þm. Reykv. varðandi frv. í heild og afstöðu ríkisstjórnar og stjórnarflokka, þá vil ég segja að þetta frv. er stjfrv. sem hefur verið samþykkt til framlagningar bæði af ríkisstjórn og stjórnarflokkunum. Hins vegar er ekki þar með sagt að einstakir þm. innan stjórnarflokkanna geti ekki fylgt brtt. eða reynt að láta breyta einhverjum ákvæðum frv. Það stendur að sjálfsögðu opið eins og alltaf er í þessum málum. En það er lagt fram sem frv. ríkisstjórnarinnar og var engin athugasemd gerð við framlagningu þess á sínum tíma þegar það var endanlega lagt fram.

Í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. varðandi minni hluta, vil ég geta þess að ég held að þarna sé um nokkurn misskilning að ræða, þ.e. að verið sé að útiloka minni hlutann frá áhrifum í sveitarstjórn. Í 55. gr. frv., um nefnd, ráð og stjórnir, segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, getur heimilað framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn, en eigi nær kjöri í byggðarráð [þ.e. í borgarráð eða bæjarráð eins og nú er], að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal heimila framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi í byggðarráði, slíkan rétt þann tíma sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfa."

Með tilliti til þess arna tel ég að það atriði, sem hv. þm. var að finna að, sé á misskilningi byggt hjá honum. Þetta er opið í frv. Ég vona því að ekki verði litið svo á að það sé gert ráð fyrir að útiloka minni hlutann frá áhrifum í bæjarráði eða borgarráði, byggðarráði eins og það er nefnt í frv.

Ég tel ekki ástæðu til að ég fari sérstaklega í lögin í sambandi við kosningaákvæði. Hv. 1. þm. Vesturl. kom inn á það áðan. Það var einróma álit endurskoðunarnefndarinnar, og það kom einnig fram hér því það var búið að leggja kaflann um kosningalögin fram sem sjálfstætt frv. á Alþingi sem aldrei var þó tekið til umræðu, að eðlilegt væri að fella þetta inn í heildarlöggjöf um sveitarstjórnarmál. Ég sé enga ástæðu til að ætla að það sé ekki í samræmi við meðferð þessa máls að reglur um kosningar til sveitarstjórna séu inni í heildarlögum um sveitarstjórnarmál. Ég er því ekki sammála hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við það mál.

Ég hef áður komið inn á þetta í sambandi við IX. kaflann. Ég veit það og við höfum vitað það frá upphafi að ágreiningur er um það, ekki aðeins á hv. Alþingi heldur meðal sveitarstjórnarmanna í landinu, hvernig með þetta skuli fara. Ég er ekki tilbúinn að skrifa upp á að það sé ekki nauðsynlegt að hafa eitthvert millistig enn um sinn meðan við erum að þróa sveitarstjórnarmálin þannig að það skipulag komist á að sveitarfélögin séu algerlega tilbúin til að taka við því hlutverki sem því fylgir verði aðeins um tvö stjórnsýslustig að ræða. Þess vegna fylgi ég því fram að lögbundið samstarf sveitarfélaga sé eðlilegt millistig meðan við erum að vinna að því að efla sveitarfélögin svo að þau geti með viðunandi hætti á jafnréttisgrundvelli staðið gegn ríkisvaldinu þannig að það verði aðeins um tvö stjórnsýslustig að ræða. En það er markmiðið. Ég segi það hér og nú, og ég hef alltaf haldið því fram, að við eigum að vinna þannig að sveitarstjórnarlöggjöf í landinu að það stjórnsýsluform verði, að hér verði aðeins um tvö stig að ræða, þ.e. sveitarfélögin og ríkið. Það er framtíðarmarkmiðið, en ég er jafnviss um að við náum því ekki í einu stökki. Við verðum að þróa þessi mál þannig í gegnum samvinnu sveitarfélaga að það verði viðráðanlegt að gera það.

Ég veit ekki til þess að önnur afstaða hafi komið fram hjá ríkisstj. en þessi sem ég hef hér lýst. Frv. kemur væntanlega hér í umræðum og í meðferð félmn. þingsins til með að verða skoðað miðað við þá gagnrýni og þær brtt. sem fram hafa komið frá aðilunum sjálfum, þ.e. sveitarfélögunum og samtökum þeirra.

Ég vonast til þess að aðaltilganginum verði náð, að setja heilsteypt lagaform fyrir sveitarfélögin, sem feli í sér ýmsar breytingar í takt við tímann, og eins að gera það þannig úr garði að það mæti því meginmarkmiði að efla sjálfstæði og sjálfræði sveitarfélaganna og þau verði tilbúin að standa þann vörð um hagsmuni fólksins í landinu sem þeim er ætlað.

Ég vil einnig geta þess að það verður ekki mjög langt í það að frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga verði lagt fram. Þá gefst einnig tækifæri til þess fyrir Alþingi að auka áhrif sveitarfélaganna með því að efla sjálfstæði þeirra á því sviði einnig, sem er kannske aðalatriðið í málinu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki þörf á því að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi. Það verður vafalaust tekið til rækilegrar umræðu hér í þinginu síðar.

Ég vildi aðeins vekja athygli á því, herra forseti, að það hefur komið fram að þetta frv. er ekki stjfrv. með venjulegum hætti. Það liggur fyrir að Sjálfstfl. mun að öllum líkindum leggja til, skv. upplýsingum hv. 1. þm. Vesturl., að kaflinn um héraðanefndir verði felldur niður. Enn fremur hafði hann athugasemdir að gera við fleiri ákvæði frv., þannig að ljóst er að þetta er ekki stjfrv. með þeim hætti að stjórnarflokkarnir séu samþykkir efni þess. Þetta er hins vegar stjfrv. með þeim hætti, sem oft hefur verið tíðkaður í núv. ríkisstj., að frv. er hér lagt fram af ráðherra og kallað stjfrv. vegna þess að ríkisstj. hefur leyft ráðherranum að dreifa því hér í þinginu án skuldbindingar um afstöðu til einstakra greina frv. Hér er bersýnilega verið að þjóna þeim tilgangi að ráðherrann geti lagt eitthvað fram á Alþingi svo hann geti sagt: ja, ég hef lagt fram frv. um sveitarstjórnarmál og ég hef áhuga á að leggja fram frv. um Búseta o.s.frv. En stjórnarflokkarnir hafa samt ekki myndað sér skoðun á málinu. Þess vegna er þetta ómarktækt sem tillaga ríkisstj., en þetta er út af fyrir sig ágætt til að hafa almennan málfund hér í þinginu, hv. Alþingi, þessari virðulegu stofnun, og skiptast á skoðunum um eitt og annað sem snertir sveitarstjórnarmál. Það er vafalaust gagnlegt að hafa svona málfund um

það. En þetta er ekki tillaga, pólitísk tillaga frá meiri hlutanum um það hvernig hann vill koma sínum málum fram og það er óneitanlega heldur lakara. Það væri betra að ríkisstj. hefði skoðun á málinu. Það hefur hún ekki og þess vegna hefur hún allra náðarsamlegast leyft ráðherranum að dreifa þessum pappírum hér um þingbekki. Er það eitt út af fyrir sig þakkarvert. Það er betra en ekkert. Það verður að segja það eins og það er.

Varðandi þær umræður sem hér hafa farið fram að öðru leyti vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin við spurningum þeim sem ég bar fram og þakka honum sérstaklega fyrir ábendingar hans varðandi 55. gr., sem heimilar sveitarstjórnunum að opna fyrir framboðsaðila, sem ekki eiga fulltrúa í nefndum, að þeir eigi þar áheyrnarfulltrúa. Gallinn við greinina er hins vegar sá, eins og lesa má í henni, að þessum framboðsaðilum sem ekki eiga fulltrúa í nefndum — og borgarráði Reykjavíkur t.d. — þeim er ekki tryggður þessi réttur. Þeir eiga það upp á náð meiri hlutans að fá að vera með áheyrnarfulltrúa inni í nefndum eða ráðum bæjar- og sveitarstjórna og borgarstjórnarinnar hér í Reykjavík.

Ég held að það væri eðlilegt að þessi réttur væri betur tryggður en gert er ráð fyrir í frv. Ef ég man rétt þá var á einhverju stigi málsins gert ráð fyrir því að þessi réttur yrði tryggður, en þetta yrði ekki bara heimilt. Um það spurði ég hv. 1. þm. Vesturl. Hann er kannske búinn að gleyma því, en það er mál sem skýrist við frekari meðferð málsins.

Ég tek það fram að það sem ég var að segja í sambandi við kosningalögin og ákvæðin þar var ekki að mér þætti kaflinn vondur. Mér þykir hann nokkuð góður og skýringanna er að leita m.a. í aðdraganda málsins eins og hv. 1. þm. Vesturl. benti hér á áðan. Það sem ég var að finna að var ekki efnisatriðin þarna, heldur hitt að mér þykir nokkuð sérkennilegt að leggja fram tillögu um kosningalög og taka hana út úr þeirri almennu samvinnu flokkanna í þinginu um kosningalög, sem fram hefur farið hér á undanförnum árum, hvað svo sem menn segja um hana að öðru leyti.

Ég vil síðan í sambandi við þetta mál vekja athygli á lokaorðum hæstv. félmrh. Hann sagði að það yrði ekki mjög langt í það að lagt yrði fram frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Þá segi ég: Við skulum hinkra og sjá það frv. Því það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðh. að það er sjálfsagður hlutur að þetta verði afgreitt í einu lagi, þannig að það geti legið fyrir hvaða tekjustofna þau sveitarfélög hafa sem við erum að búa til lagaramma fyrir með þessu frv. hér. Ég vil eindregið lýsa mínum stuðningi við hæstv. ráðh. í þeim efnum að málin fái hér samhliða meðferð, en ein nauðsynleg forsenda þess að svo geti orðið er væntanlega að ríkisstj. myndi sér skoðun, bæði á sveitarstjórnarmálum og tekjustofnum sveitarfélaga, sem að vísu liggur ekki fyrir enn, en getur ræst úr því langt lifir enn þá þessa þinghalds.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir það sem hér hefur verið sagt að Sjálfstfl. og ég hygg báðir stjórnarflokkar hafa fyrirvara á um einstök atriði í þessu frv. Það er öldungis rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., enda hygg ég að skoðanir manna á skipulagi sveitarstjórnarmála fari ekki endilega eftir pólitískum skoðunum eins og þær koma kannske fram í efnahagsmálum eða öðrum þáttum landsmála. Ég held að þar komi önnur sjónarmið til greina og held að það sé ekkert undarlegt þótt þm. hafi mismunandi skoðanir á þessu frv., kannske þvert á þá pólitísku flokka sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Ég vil líka geta þess að Sjálfstfl. mun nú á fimmtudag hafa ráðstefnu um sveitarstjórnarmál eins og fram hefur komið í blöðum þar sem þetta frv. verður m.a. ítarlega rætt og sveitarstjórnarmenn flokksins skiptast á skoðunum um þá stefnu sem hér er mörkuð og einstök atriði þessa frv. Sjálfur vil ég strax á þessu stigi láta það koma fram að ég hef mjög miklar efasemdir um að héraðsnefndirnar eins og þær eru hugsaðar í frv. hafi erindi og held að orki mjög tvímælis hversu í þær skuli kosið, hverjir skuli vera kjörnir fulltrúar í héraðsnefndum. Það er enginn vafi á því að það er Akkillesarhæll Fjórðungssambands Norðurlands m.a., og ég geri ráð fyrir annarra fjórðungssambanda einnig, hversu áhrif einstakra sveitarfélaga eru í miklu ósamræmi við fjölda þeirra sem í þeim búa. Við getum tekið þar sem dæmi Akureyri og áhrif hennar innan fjórðungssambandsins, sem er í hrópandi ósamræmi við íbúafjöldann þar og þann kraft sem frá því byggðarlagi kemur. Ég held því að þetta mál þurfi allt saman að hugsa miklu, miklu betur og ég held að það sé líka eftirtektarvert að í þessum tillögum er yfirleitt gengið út frá því að samstarf sveitarfélaganna skuli bundið í flestum tilvikum við gömlu sýsluskipanina, þó það sé ekki einhlítt, a.m.k. þá við kjördæmin eins og þau eru mörkuð, þannig að ekki er gerð tilraun til þess að endurmeta það hversu héruðin skuli standa innan stjórnsýslukerfisins.

Þetta eru auðvitað mjög viðkvæm mál en fordæmi fyrir því, þegar þessi kjördæmaskipan var ákveðin, að taka sneið úr einni sýslu og líma við aðra, þar sem Siglufjarðarkaupstaður var færður úr Eyjafjarðarsýslu í Skagafjarðarsýslu.

Ég held þetta þurfi mikillar athugunar við. Sömuleiðis það sem hér er talað um samvinnu sveitarfélaga en ég tek fram að ekki er við því að búast að skoðanir manna fari saman, a.m.k. á fyrsta stigi um þessi flóknu mál. Ég held líka að það sé ekki óeðlilegt þótt skoðanir innan stjórnmálaflokka séu nokkuð skiptar um einstök atriði.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann veitti við mínum fyrirspurnum hér. Að mínu mati voru þau ærið loðin svo ekki sé meira sagt. Það kom þó fram ákveðið frá hæstv. ráðh. að sem lokamarkmið teldi hann að stjórnsýslustig í landinu ættu aðeins að vera tvö. Og óskamarkmið að hans mati, ef ég hef skilið hæstv. ráðh. rétt, sveitarfélög og ríki. En vegna þess hversu illa og seint hefur gengið um sameiningu sveitarfélaga taldi ráðherrann að eftir sem áður þyrfti um sinn að vera þarna ákveðið millistig og það eru þessar héraðsnefndir sem hann gerir hér tillögu um í sínu frv.

Það kom jafnframt fram að trú hæstv. félmrh. á að hér hefðu menn hitt naglann á höfuðið með ákvæðum IX. kafla þessa frv. er ekki ýkja sterk eins og heyra mátti á hans máli. Ég skil það vel því það kemur hér fram hjá mönnum við þessa umræðu að lítilla undirtekta sé að vænta við þetta frá hinum stjórnarflokknum, ef marka má þá tvo talsmenn Sjálfstfl. sem talað hafa hér við umræðuna.

Ég vil aðeins segja það hér til viðbótar mínu máli áður og áréttingar að ég tel að það horfi ekki þannig um

sameiningu sveitarfélaga, né heldur frjálst samstarf þeirra, þótt góðra gjalda sé vert, að þar náist sú viðspyrna sem nauðsynleg er fyrir landsbyggðina alveg sérstaklega til þess að taka við ýmsum þeim þáttum sem ríkið nú hefur með höndum, nýjum verkefnum, né heldur til þess að taka á eigin málum af meira afli en nú er innan hinna tiltölulega smáu sveitarfélaga, þótt um samstarf sé að ræða í einstökum atriðum.

Hæstv. ráðh. taldi að sú samvinna sem þróast hefði væri vísir að því, það sterkur vísir, að lítið vanti á að menn stígi stór skref í átt til sameiningar. Það kom fram í hans máli. Ég gæti sagt: Betur að satt væri. Ég tel fjölmargt mæla með því að sveitarfélögin skipi sér í stærri og öflugri heildir en ég hef ekki sömu trú og hæstv. félmrh. á því að þetta sé í burðarliðnum, að þarna sé stórfelld breyting í burðarliðnum. Þess vegna m.a., og jafnvel þó að til slíkrar sameiningar kæmi í allríkum mæli, tel ég þörf á nýju stjórnsýslustigi í formi héraða eða fylkja — hvað menn vilja kalla slíkt og hvar menn vilja draga mörkin hef ég skilið eftir opið þó ég hafi skýrt mín sjónarmið í því efni, hversu stórar heildir ég gæti hugsað mér að hið þriðja stjórnsýslustig byggðist á, — og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn stígi ákvarðandi skref í þessum efnum fyrr en seinna.

Byggðaþróunin í landinu er með þeim hætti að krafturinn er að þverra í sveitarfélögum og heilu landshlutunum. Vissulega vegna stjórnarstefnunnar og afleiðinga hennar ekki síst, en líka, litið til lengri tíma, vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í sambandi við stjórnsýslu í landinu og þá miklu miðstýringu sem við búum við í okkar stjórnkerfi og þann flótta fólks utan af landsbyggðinni, sem að nokkru stafar af samsöfnun valds og verkefna hér í Reykjavík.

Ég tel að þriðja stjórnsýslustigið sé tæki til þess að snúa þessari þróun við og ég sé ekki að við eigum völ á öðru tæki sem vænlegra sé til þess eins og nú háttar og mæli þó eindregið með því að sveitarfélögin leiti leiða til sameiningar og aukins samstarfs, eins og vissulega eru leiðir til, bæði án lagasetningar og innan ramma þess frv. sem hér er til umræðu. Þetta vildi ég árétta aðeins frekar, herra forseti.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja frekar þessar umræður. Ég aðeins fagna því enn að það virðist vera almennur áhugi fyrir þessu máli hér á hv. Alþingi.

Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. vil ég taka fram, til að fyrirbyggja allan misskilning, að þetta er stjfrv. sem er lagt fram með eðlilegum hætti og m.a.s. með lengri aðdraganda en oft áður. Það væri furðulegt að halda því fram að óeðlilegt væri að einstaka þm. í stjórnarflokkum gætu haft þá afstöðu til slíks frv. að vilja breyta einstökum greinum þess eða köflum. Það væri óeðlilegt ef svo væri ekki í svo veigamiklu og mikilvægu máli eins og sveitarstjórnarlöggjöf á Íslandi er. Mér þætti það furðulegt ef slíkt ástand væri að menn hefðu ekki athugasemdir eða vildu breyta einhverjum ákvæðum þessa lagafrv.

Ég ætla ekki að fara út í frekari skoðanaskipti við hv. þm. um þetta. Auðvitað er tekjustofnafrv. stórmál fyrir sveitarfélögin og ég vænti þess að á því verði tekið með þeim hætti hér á hv. Alþingi þegar það kemur fram að það fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi, því það skiptir miklu máli fyrir sveitarfélögin hvernig á því verður tekið og hvaða ákvæði þar verða til þess að auðvelda það, sem við allir eru sammála um, að efla stöðu sveitarfélaga og gera þau að því tæki sem við viljum að þau verði, sem aðalstjórnsýslustig á móti ríkinu.

Ég vil, út af ræðu hv. 5. þm. Austurl., enn á ný segja að það er skoðun sveitarstjórnarmanna í landinu í dag að þörf sé á því að finna leið til þess að sameinast um verkefnin. Ég er alveg viss um að flest sveitarfélög í landinu vilja skipa sér í stærri heildir til þess að taka við auknum verkefnum frá ríkinu og hafa meiri áhrif en nú er fyrir sín byggðarlög til þess að vinna að sínum hagsmunamálum.

En ég vil vekja athygli hv. 5. þm. Austurl., og raunar annarra þm., á hvernig þessi þróun hefur verið í nágrannalöndunum og vitna til norskra og sænskra hagfræðinga sem hafa látið það alveg óhikað í ljós að við hér á Íslandi, í svona fámennu þjóðfélagi eins og hér er, ættum ekki að einblína um of á þær breytingar sem þar voru gerðar á sínum tíma vegna þess að þær muni ekki henta því efnahagskerfi sem við búum við og verðum að búa við vegna sérstöðu okkar lands. Bæði í Norður-Svíþjóð og Norður-Noregi eru að koma fram núna vankantar á þeirri breytingu sem þeir gerðu. Þar er núna að koma afturkippur í þau stjórnsýsluáhrif sem sveitarfélögin hafa og við þurfum a.m.k. að athuga vel að ekki verði það sama ástand hjá okkur.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður lengur. Ég vonast til þess að hv. félmn. deildarinnar og raunar báðar félagsmálanefndir og þingið í heild taki á þessu máli á þann veg að það verði unnið vel að því, þannig að ný sveitarstjórnarlöggjöf verði staðreynd á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 8. fundur.

Þriðjudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 28. okt. 1985:

Haraldur Ólafsson, 9. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Björn Líndal deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Björn Líndal hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann á ný velkominn til starfa.

Tollar Efnahagsbandalagsins á saltfiski, fsp. 36. mál (þskj. 36). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þegar Íslendingar gengu frá fríverslunarsamningum sínum við Efnahagsbandalagið hafði það verið svo um eins árs skeið að tollur á saltfiski og skreið hafði ekki verið í gildi. Við vorum fullvissuð um að það væru engar líkur á því að slíkur tollur yrði nokkurn tímann aftur upp tekinn. Á þessum forsendum gengum við til samninganna og það var gengið frá samningum sem aðilar töldu að væru í jafnvægi.

Nú gerðist það í desembermánuði 1984 að Efnahagsbandalagið tók ákvörðun um að innleiða þessa tolla á ný upp á 13—20%, eftir því hvort um væri að ræða saltfisk eða skreið. Þessi framkvæmd hefur að vísu ekki bitnað á okkur enn þá þó hún ætti að koma til framkvæmda á miðju þessu ári vegna þess að svokallaður tollfrjáls kvóti hefur verið í gildi og við höfum fengið að njóta þess. En gerðin er söm og ef þessu vindur fram mun það bitna á okkur.

Mér þykir heldur lítil umræða hafa farið fram um þetta athæfi Efnahagsbandalagsins, einkum og sér í lagi vegna þess að þegar þessi breyting er gerð og tollurinn innleiddur af hálfu Efnahagsbandalagsins er í rauninni verið að kippa grundvellinum undan þeim samningi sem við gerðum við Efnahagsbandalagið því að við gerðum hann á þeim grundvelli og í þeirri fullvissu að þessi tollur mundi aldrei verða innleiddur að nýju.

Mér þykir ríkja tómlæti um þetta mál almennt á Íslandi. Kannske er það vegna þess að eins og stendur gengur vel að selja saltfisk. En það þarf ekki alltaf að vera svo. Við munum þá tíð að það var ekki svo auðvelt að losna við saltfiskinn. Slíkur tími kemur aftur. Þá mun tollur af þessu tagi bitna á okkur Íslendingum.

Efnahagsbandalagsmenn tala gjarnan um frjálsa verslun, tala um að brjóta niður tollmúra, tala um að hindra verndaraðgerðir eða „protectionist measures". En það sem Efnahagsbandalagið sjálft er að gera í þessu máli er að byggja upp tollmúr að nýju, að grípa til verndaraðgerða. Það er andstætt öllum þeim markmiðum sem Efnahagsbandalagið hefur sett sér.

Ég hef lent í því að ræða um þetta mál á ýmsum stöðum á erlendum vettvangi og rætt um það á prinsipgrundvelli, á þeim grundvelli að hér væri Efnahagsbandalagið að brjóta gegn markmiðum sínum. Ég hef líka rætt um það á þeim grundvelli að Efnahagsbandalagið væri að brjóta á Íslendingum og kippa undirstöðunni undan þeim samningum sem við okkur voru gerðir.

Með hliðsjón af þessu og hversu mikilvægt ég tel þetta mál ber ég fram tvær fsp. til viðskrh.:

„1. Með hvaða hætti hefur viðskrh. beitt sér til þess að knýja á um að Efnahagsbandalagið falli frá ákvörðun sinni frá því í desember s.l. um að leggja innflutningstoll á saltfisk og skreið?

2. Hver eru áform ráðherra um áframhaldandi meðferð málsins?"

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í desember 1984 ákvað ráð Efnahagsbandalags Evrópu að leggja að nýju innflutningstoll á saltfisk, saltfiskflök og skreið, 13% á óverkaðan og þurrkaðan saltfisk svo og skreiðina, en 20% á saltfiskflökin. Sé litið á núverandi lönd bandalagsins og Spán og Portúgal, sem ganga í bandalagið í byrjun næsta árs, sem eina heild sést að tollurinn hefur á árunum 1983—1984 tekið til um 25% af útflutningi Íslands til þessara landa, en á árunum 1981—1982 til tæplega 40% af útflutningnum til sömu landa. Fríverslunarsamningur Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, sem gekk í gildi fyrir iðnaðarvörur 1973 og fyrir vissar sjávarafurðir 1976, tók ekki til þessara sjávarafurða. EBE hafði veitt undanþágu frá tolli á þessum vörum frá árinu 1971 og kom fram í viðræðum vegna gerðar fríverslunarsamningsins að mjög ólíklegt væri að tollur yrði tekinn upp á ný. Lagalegan rétt hafði bandalagið þó til þess.

Á seinni hluta síðasta áratugs var fyrirsjáanlegt að bandalagið mundi stækka vegna áhuga Grikkja, Portúgala og Spánverja á inngöngu í það. Af Íslands hálfu var fljótlega og ítrekað vakin athygli á því, m.a. í sameiginlegri nefnd Íslands og EBE á grundvelli fríverslunarsamningsins, að innganga þessara ríkja gæti skapað vandamál í viðskiptum Íslands við bandalagið og var lögð á það áhersla að EBE beitti áfram tollaundanþágu sinni á þessum vörum. Þetta var m.a. gert vegna inngöngu Grikklands í bandalagið 1981 og hélst tollundanþágan þá.

Fyrrv. viðskrh. tók málið upp á Lúxemborgarfundinum og ráðherrafundi EFTA. Í bréfi er hann skrifaði þáverandi varaforseta framkvæmdanefndar EBE í nóvember 1984 vísaði hann til viðræðna á ráðherrafundi EFTA og varaði við því að tillaga framkvæmdanefndar bandalagsins til ráðs bandalagsins um að leggja innflutningstollinn á yrði framkvæmd og lagði til að hún yrði afturkölluð. Í því sambandi voru hinir mikilvægu hagsmunir Íslands í málinu undirstrikaðir. Á ofangreindan hátt var m.a. reynt að koma í veg fyrir endurupptöku tollsins.

Eftir að ráð EBE, skipað sjávarútvegsráðherrum, samþykkti í desember 1984 að leggja að nýju tolla á saltfiskinn, saltfiskflökin og skreiðina hefur á ýmsan hátt verið reynt að fá bandalagið til þess að endurskoða ákvörðun sína. M.a. tók Matthías Á. Mathiesen viðskrh. mál þetta upp í viðræðum sínum við ráðamenn í framkvæmdanefnd EBE í Brussel í maí s.l. Þar gerði hann ítarlega grein fyrir málinu, m.a. í viðræðum við framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála og framkvæmdastjóra utanríkismála. Tilgangur þeirra viðræðna var að fá EBE til að falla frá ákvörðun sinni, en til vara að tollur bandalagsins yrði ekki tekinn upp að fullu, heldur lægri tollprósenta og þá jafnframt að tollfrjáls kvóti fyrir saltfisk og skreið, sem er um 25 þús. tonn, yrði stækkaður til muna með tilliti til verulegrar aukningar á innflutningsþörf Efnahagsbandalagsins við aðild Portúgals og Spánar. Var bent á að þörf Íslendinga einna fyrir tollfrjálsan kvóta væri 50—60 þús. tonn á ári. Útflutningur okkar á kvótavörunum 1981—1984 var að meðaltali 49 þús. tonn á ári.

Þessu til stuðnings var m.a. bent á að nánast hefði verið gengið út frá tollfrelsi í viðræðunum um fríverslunarsamninginn við EBE á sínum tíma. Ísland væri mjög háð útflutningi á þessum vörum til EBE-landanna, Portúgals og Spánar. Ákvörðunin hefði hamlandi áhrif á viðskipti og væri ekki í samræmi við ýmsar

yfirlýsingar EBE, m.a. um óbreytt ástand varðandi tolla o.fl. í tengslum við fyrirhugaðar viðskiptaviðræður á vettvangi alþjóðlegu tolla- og viðskiptastofnunarinnar, GATT. Auk þess var bent á að fremur væri þörf á að halda tollfrelsinu og jafnvel auka kvótann en að fella það niður þegar þörf væri á auknum innflutningi saltfisks við inngöngu Portúgals og Spánar í bandalagið.

Fram hafði komið áður en viðræðurnar hófust að endurálagning tollsins ætti rætur sínar að rekja til óskar portúgalskra stjórnvalda í aðildarviðræðunum við bandalagið. Hafi Portúgalar viljað skapa sér betri samningsstöðu til að fá fiskveiðiréttindi í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum og hefði fiskimáladeild EBE tekið málið upp á sína arma án tregðu. Íslensk stjórnvöld hafa aldrei getað fallist á slík tengsl milli viðskiptafríðinda og fiskveiðiréttinda. Hafa þau rök m.a. verið færð fram að slík tengsl byggðust ekki á texta hafréttarsamningsins og væru vafasöm með tilliti til GATT-samningsins.

Af hálfu framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála í bandalaginu var haldið fram í viðræðunum við viðskrh. að bréf framkvæmdanefndarinar til íslenskra stjórnvalda árið 1976 við gildistöku bókunar nr. 6 tengdi saman viðskiptafríðindi fyrir sjávarafurðir skv. samningnum og fiskveiðiréttindi fyrir bandalagið. Af Íslands hálfu var þessu mótmælt og það ekki í fyrsta skipti. Bandalagið hefði á sínum tíma ekki gert neinn fyrirvara, heldur einungis lýst þeirri von sinni að samningaviðræður bandalagsins og Íslands um vandamál almennara eðlis viðvíkjandi fiskveiðimörkum gætu hafist í náinni framtíð og jafnframt að varanlegir samningar tækjust sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Í þessu sambandi var bent á að Finn Gunderlach í framkvæmdastjórn EBE hefði í viðræðum um fiskveiðimál við Íslendinga síðar á sama ári lýst því skýrt og skorinort yfir að bandalagið hygðist ekki tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðifríðindi.

Áfram verður reynt með ýmsum hætti að fá Efnahagsbandalag Evrópu til að fella niður áform sín um tollinn, lækka hann og/eða hækka tollkvótann. Fyrst og fremst verður málið reifað beint gagnvart bandalaginu, t.d. mjög bráðlega vegna viðræðna um breytingu á fríverslunarsamningi Íslands og bandalagsins vegna inngöngu Portúgals og Spánar. Þá verður málið tekið upp við fulltrúa portúgölsku stjórnarinnar á EFTA-ráðherrafundinum sem byrjar í Genf nú í byrjun nóvember. Af hálfu íslenskra stjórnvalda verður haldið áfram að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að fá saltfisktollinn felldan niður eða tollfrjálsan kvóta hækkaðan svo að eðlileg saltfisksviðskipti geti haldið áfram.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Ég tek eftir því að það kom fram í svari hans að hér sé á leiðinni, að líkindum, tilraun til þess að fá fiskveiðiréttindi í skiptum fyrir það að falla aftur frá þessum tolli sem aldrei átti á að leggja.

Þetta er hörmuleg frammistaða af hálfu Efnahagsbandalagsins vegna þess, eins og ég gat um áðan, að við gerðum samninga á þeim grundvelli að þessi tollur væri ekki. Sá samningur var í jafnvægi. Nú er verið að biðja okkur um að borga tvisvar, að borga aftur fyrir aðgang að Efnahagsbandalagslöndunum.

Í annan stað er ótækt og óhæfa, eins og kom fram hjá ráðherra, að tengja saman aðgang að náttúruauðlindum og tollafríðindi. Því munum við ævinlega neita og það er í andstöðu við anda GATT-samkomulagsins.

Ég tel að Efnahagsbandalagið sé að níðast á okkur. Ég tel að Efnahagsbandalagið sé að brjóta eigin markmið og ég tel að Efnahagsbandalagið hafi í rauninni verið að kippa grundvellinum undan þeim samningi sem við gerðum við það. Við gengum út frá tollfrelsi í þessari grein, eins og kom líka fram í svari ráðherrans.

Ég hef líka orðið þess var að það er auðvelt að tala þessu máli á erlendum vettvangi. Ég hef gert það á vettvangi EFTA. Ég hef gert það á vettvangi Evrópuráðsins. Og málstaður okkar vekur skilning.

Ég tel ekki að við eigum að snúa okkur fyrst og fremst að því að fá hækkaðan kvóta. Við eigum að halda okkur við prinsipið í þessu máli, við grundvallaratriðin, við þau markmið sem Efnahagsbandalagið hefur, við þann grundvöll sem var að samningum við okkur á sínum tíma.

Ég hreyfði því í blaðagrein í sumar, og ég vil beina því aftur til ráðherra, að við eigum að gera út sendinefndir til einstakra ríkisstjórna Efnahagsbandalagsins, til hvers einstaks ríkis Efnahagsbandalagsins, til þess að tala okkar máli. Málinu hefur verið talað, eins og kom fram í svari ráðherra, á vettvanginum í Brussel, á vettvangi framkvæmdanefndar Efnahagsbandalagsins og við aðra aðila sem þar er við að ræða. Ég tel að málstaður okkar sé svo góður að við eigum að sækja fram í þessu máli, en ég tel líka, og byggi það á reynslu minni af því að reifa þetta mál á erlendum vettvangi, að við eigum að snúa okkur til ríkisstjórna hvers einstaks ríkis innan Efnahagsbandalagsins með okkar málaleitan og gera út sérstaka sendinefnd til þess.

Þessu vildi ég, herra forseti, koma á framfæri við hæstv. viðskrh. varðandi áframhaldandi meðferð málsins og vænti þess að hann taki undir það.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að lýsa því yfir að ég mun gera allt sem ég get til að halda þeirri baráttu áfram sem hefur nú staðið um alllangan tíma og það er ekki í fyrsta skipti sem Efnahagsbandalagið vill blanda því saman að fá viðskiptafríðindi fyrir fiskveiðiréttindi. Það vill svo vel til að ég þekki þau mál frá fyrri tímum að þegar sendinefnd Efnahagsbandalagsins kom hingað hvað eftir annað eða átti fundi við Íslendinga úti í Brussel um fiskveiðiréttindi hér, þá neituðum við alfarið öllum slíkum réttindum og Efnahagsbandalagið fékk aldrei annað svar frá okkar hendi.

Hv. fyrirspyrjandi og ég erum alveg sammála í afstöðunni til þessa máls og ég vænti þess að skilningur einstakra þjóða innan Efnahagsbandalagsins sé að verða hallur undir okkar málstað í sambandi við toll á þessa tilteknu vöru. Það er í samræmi við það sem túlkað var þegar bókun 6 var gerð á sínum tíma þó að hún kæmi ekki til framkvæmda fyrr en eftir að þorskastríðinu var lokið.

Erfðalög, fsp. 40. mál (þskj. 40). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Á 106. og 107. löggjafarþingi fluttum við hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristín Kvaran, síðar Guðmundur

Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Baldvin Hannibalsson frv. til l. um breytingu á erfðalögum sem gerði ráð fyrir skilyrðislausri heimild eftirlifandi maka til að sitja í óskiptu búi að því er tók til íbúðarhúsnæðis og húsmuna.

Mál þetta hlaut verulega umfjöllun í þinginu og lyktaði á síðasta þingi með lagabreytingu sem hv. allshn. varð sammála um að leggja til. Sú lagabreyting felur það í sér að annað hjóna eða bæði geta ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja, hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða.

Sá áhugi sem þessu máli var sýndur meðan á meðförum þingsins stóð bar því vitni að margir teldu sig eiga hagsmuna að gæta yrði sú lagabreyting gerð að ekki þyrfti leyfi barna til setu í óskiptu búi. Því miður þarf enn leyfi stjúpbarna, en ekki var ráð fyrir því gert í hinu upphaflega frv.

Hitt er ljóst að mikilvægt er að fólk noti sér þá heimild sem fékkst með lagabreytingunni, en til þess þarf að gera erfðaskrá eða láta búa út yfirlýsingu um vilja hvors hjóna um sig til að sá makinn sem lengur lifir geti setið í óskiptu búi. En til þess þarf að upplýsa menn um þessa heimild og hvernig fólk skuli bera sig að við að ganga frá slíkum málum. Það er tvímælalaust allra hagur, einnig þeirra sem við skiptarétt vinna, að frá sem allra flestum erfðamálum sé tryggilega gengið. Ég tel því dómsmrn. bera skyldu til að kynna fólki þennan nýfengna rétt til setu í óskiptu búi og auðvelda fólki sem mest að nýta sér hann.

Ég hef þess vegna leyft mér að varpa fram þeirri fsp. til hæstv. dómsmrh. sem hér er að finna á þskj. 40 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað hefur verið gert, eða er áætlað að gera, til þess að kynna fólki þau réttindi til setu í óskiptu búi sem fengust með lögum nr. 29/1985?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. hefur beint til mín fsp. um hvað hefur verið gert eða áætlað að gera til þess að kynna fólki þau réttindi til setu í óskiptu búi sem fengust með lögum nr. 29/1985.

Lögin hafa að sjálfsögðu verið birt í Stjórnartíðindum eins og kveðið er á um í lögum. Það hefur hins vegar stundum komið fyrir að löggjafinn hefur talið þörf á sérstakri kynningu þar fyrir utan og kveðið á um það í lögunum sjálfum. Slíkt ákvæði er ekki í fyrrnefndum lögum nr. 29/1985. Annars mun ekki venja að stjórnvöld kynni almenningi ný lagaákvæði nema sérstakar ástæður þyki vera til slíkrar kynningar, t.d. ef lög veita tiltekinn frest til að neyta réttinda sem lögin kveða á um. Þá er vitanlega sjálfsagt að gera það og hefur verið gert.

Hvað lög nr. 29/1985 varðar munu skiptaráðendur að sjálfsögðu kynna fólki efni laganna eftir þörfum og leiðbeina við gerð yfirlýsinga er þar greinir. En að öðru leyti hafa lögin ekki verið kynnt sérstaklega og ekki er enn þá ákveðið með frekari kynningu á þeim.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svar, en það veldur mér að sjálfsögðu vonbrigðum. Það ætti ekki að vera ástæða til þess fyrir löggjafann að setja inn í lög ákvæði um að lögum sé framfylgt.

Hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík hef ég fengið þær upplýsingar að milli 50 og 100 aðilar hafi þegar látið ganga frá viljayfirlýsingu um gagnkvæman rétt til setu í óskiptu búi. Það eru auðvitað allt of fáir. Embættið telur sig hins vegar ekki geta veitt þá þjónustu að semja slíka yfirlýsingu á þeim forsendum að komi til ágreinings við skipti sé úrskurðarvaldið einnig hjá embættinu. Þó telja menn við embættið að dómsmrn. geti kveðið á um framkvæmd ef það óskar.

Skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þurfi menn að leita til lögmanna, þá mun verð fyrir að setja saman texta sem þennan, sem er aðeins örfáar línur, kosta að lágmarki 2000 kr. og vafalaust gæti sú upphæð orðið hærri. Segir sig sjálft að fjölmargir myndu skjóta þeim útgjöldum á frest við núverandi launakjör í landinu. Síðan þarf notarius publicus að staðfesta erfðaskrána og hér í Reykjavík mun hann raunar hafa reynst fólki hjálplegur einnig við samningu. En það eru í raun og veru aðeins hans persónulegu liðlegheit.

Sannleikurinn er sá að ef lög eru sett til hagsbóta fyrir fólkið landinu er auðvitað framkvæmdavaldsins að sjá til þess að þau komi fólki að notum. Á þessu er auðvitað hægt að ráða bót ef menn vilja. Það er vandalaust að staðla yfirlýsingu sem nægir til heimildar til setu í óskiptu búi við lát maka. Og embættunum ætti beinlínis að vera skylt að upplýsa þá sem erfðaskrá vilja gera um önnur ákvæði erfðalaga sem máli skipta í þessu sambandi.

Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. dómsmrh. að taka af skarið og ræða við embættismenn sína sem um þessi mál fjalla og finna auðvelda og þægilega leið fyrir alla aðila til að ganga frá þessum málum svo að lagabreyting sú sem þarna var gerð á erfðalögum þjóni tilgangi sínum, jafnt fyrir fólkið í landinu og þá sem við skiptarétt vinna. Ég held að það væri verulegur sparnaður, bæði á tíma, orku og fé, ef þessi mál væru að nokkru kynnt og séð til þess að fólk þyrfti ekki að leggja út stórfé til þess að láta svo einfaldan hlut komast í framkvæmd.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Birting laga er lögákveðin og þar með hefur verið mótaður sá farvegur sem löggjafarvaldið hefur talið rétt til þess að kynna lög. En ég held að það hljóti að vera hverjum og einum einstaklingi í sjálfsvald sett hvort hann notar sér þá heimild sem fyrrgreind lög veita. Hv. fyrirspyrjandi sagði að það væri mikilvægt að fólk notaði sér heimildina. Ég held að framkvæmdavaldið eigi ekki að beita fólkið neinum þrýstingi að nota hana. Það hlýtur að verða að gera það upp við sig sjálft þar sem þarna er um heimildir að ræða.

En dómsmrn. hefur m.a. rætt þetta mál við borgarfógetaembættið og væntanleg er grg. frá embættinu um það hvernig það telji að hægt sé að haga þessum málum. Það hefur komið fram að aðstæður séu svo breytilegar hjá einstaklingum í þessu máli að útilokað sé að búa til eitthvert einfalt staðlað form. Málið sé því miður ekki svo einfalt að það sé hægt að leysa á þann hátt.

Þegar grg. borgarfógetaembættisins, sem mest reynir á í sambandi við þessi mál, liggur fyrir mun ráðuneytið skoða málið frekar á grundvelli hennar.

Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu, fsp. 42. mál (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég í annað sinn till. til þál. um að komið verði á fót lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi, sem þjóni jafnframt Kjalarnes- og Kjósarhreppum. Till. hlaut ekki afgreiðslu úr nefnd á því þingi frekar en í hið fyrra sinn sem hún var flutt. Einnig flutti á seinasta þingi hv. 2. þm. Reykn., Gunnar G. Schram, fsp. um lögregluvarðstöð í Garðabæ.

Í svari hæstv. dómsmrh. við þeirri fsp. kom fram að dómsmrn. væri að láta gera úttekt á löggæslu á höfuðborgarsvæðinu öllu og athuga hvort unnt væri að auka hagkvæmni í starfsemi lögreglunnar. Ég vil við þetta tækifæri fagna því að slík úttekt hefur verið framkvæmd.

Það hefur nýlega komið fram í fréttum að þessari könnun sé nýlokið og því er nú spurt hvort hún muni leiða í ljós úrbætur þær sem fsp. sú, sem ég leyfi mér að mæla hér fyrir, fjallar um og ég flyt ásamt Ólafi G. Einarssyni. En fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður úttekt á löggæslu á höfuðborgarsvæðinu á vegum dómsmrn.?
2. Er þess að vænta að niðurstöður leiði til þess að komið verði upp lögregluvarðstöð í:
   a. Mosfellshreppi sem þjóni jafnframt Kjalarnes- og Kjósarhreppum,
   b. Garðabæ."

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Borin hefur verið fram fsp. til mín um úttekt á löggæslu á höfuðborgarsvæðinu, í tveimur liðum.

Í fyrsta lagi: „Hvað líður úttekt á löggæslu á höfuðborgarsvæðinu á vegum dómsmrn.?" Því er til að svara að að úttekt á löggæslu á höfuðborgarsvæðinu hefur verið unnið nú síðari hluta sumars. Hefur norskt ráðgjafarfyrirtæki haft veg og vanda af þeirri úttekt. Er um að ræða ráðgjafarfyrirtækið Industri Konsulent í Osló, en það hefur áður unnið að sambærilegum störfum varðandi lögregluna í Osló og Kristiansand í Noregi. Þau atriði, sem fyrirtækinu var falið að kanna og setja fram tillögur um, voru eftirfarandi:

1. Hvort unnt væri að fá betri nýtingu á störfum lögreglunnar og hvort bæta mætti þjónustuna án þess að verja til þess auknu fjármagni eða fjölga mönnum.
2. Kanna skiptingu starfa milli almennrar lögreglu og Rannsóknarlögreglu ríkisins.
3. Gera tillögu að skipuriti fyrir lögreglustjóraembættið í Reykjavík þar sem áhersla væri lögð á fyrirbyggjandi starf. Enn fremur hvort hagstætt sé að sameina löggæslu á höfuðborgarsvæðinu undir eina stjórn.
4. Gera tillögu að skipuriti fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Norska ráðgjafarfyrirtækið skilaði skýrslu sinni til ráðuneytisins s.l. föstudag og er verið að þýða hana á íslensku. Má búast við að hún liggi fyrir eftir tvær vikur. Mér hefur ekki gefist tóm til að kynna mér skýrsluna ítarlega og tel ekki rétt á þessu stigi að greina neitt frá innihaldi tillagnanna því að eftir er að kynna lögreglustjórum, rannsóknarlögreglustjóra og sveitarstjórnum tillögurnar. Mun ég m.a. hitta sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu n.k. laugardag í þessu skyni.

Á næstu vikum og mánuðum verður farið yfir tillögurnar og ráðist í framkvæmdir og breytingar eftir því sem heppilegt þykir.

Síðari liður fyrirspurnarinnar er um hvort þess sé að vænta að niðurstöður leiði til þess að komið verði upp lögreglustöð í Mosfellshreppi sem þjóni jafnframt Kjalarnes- og Kjósarhreppum og Garðabæ? Að því er varðar þessa spurningu skal tekið fram að í tillögum ráðgjafarfyrirtækisins er gert ráð fyrir að bæði í Mosfellssveit og Garðabæ verði starfrækt lögregluvarðstofa með líku sniði og er á Seltjarnarnesi. Er það í samræmi við þá stefnu sem kemur fram í tillögunum um að reyna að tengja betur saman íbúa og lögreglu á hverju svæði.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær upplýsingar sem komu fram í svari hans. Ég fagna því vissulega að það er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf. Vissulega væri það gott ef hægt væri að bæta þjónustuna án aukins kostnaðar þó það sé kannske vafasamt að slíkt gæti gerst.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, ef tími vinnst til, að lesa hér a.m.k. kafla úr bréfum frá viðkomandi sveitarstjórnum sem hafa ítrekað ályktað um þessi mál, en það gerðu núna annars vegar Mosfellshreppur s.l. vor og nú s.l. haust Garðabær. Í bréfi frá sveitarstjóra Mosfellshrepps segir m.a., með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur æ meir komið í ljós sá mikli skortur sem er á löggæslu í Mosfellssveit. Ýmis tilvik hafa komið upp sem leitt hafa af sér skemmdir á eignum og mannvirkjum og má rekja þær til slælegrar löggæslu í byggðarlaginu. Má þar m.a. nefna að aðfaranótt 19. maí s.l. voru unnin mikil skemmdarverk á verslunarhúsinu Þverholti. Nokkurn tíma hefur tekið fyrir þá sem þessi spjöll unnu að fremja þau og ljóst að slíkt hefði ekki hent ef virk löggæsla væri hér til staðar. Sundlaugin að Varmá hefur að undanförnu verið vinsæll áningar- og viðkomustaður unglinga að nóttu til, og þeim heimsóknum hafa alla jafna fylgt skemmdarverk og sóðaskapur ýmiss konar. Innbrot og þjófnaðir hafa færst í vöxt og umgengni um strætisvagnaskýli o.fl. ber þess glöggt vitni að þeir sem stunda skemmdarverkastarfsemi á kvöldum og nóttum telja sig óhulta við iðju sína og verk þeirra bera með sér að svo er."

Þetta er kafli úr bréfi frá sveitarstjóra Mosfellshrepps. Síðan leyfi ég mér að lesa kafla úr bréfi frá bæjarstjóranum í Garðabæ, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vegna manneklu og víðfeðmis löggæsluumdæmis Hafnarfjarðar hefur lögreglan þar nær einungis virkað sem björgunarsveit þegar í óefni er komið, en ekkert getað sinnt eiginlegri löggæslu. Mikill munur er á hve lögreglu í Reykjavík hefur tekist að sinna þessu hlutverki þó efalaust megi bæta þar úr."

Til glöggvunar og fróðleiks má benda á að einn lögreglumaður er á hverja 370 íbúa í Reykjavík. Einn lögreglumaður er á hverja 625 íbúa í Kópavogi, en einn lögreglumaður er á hverja 1100 íbúa í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar sem er það stærsta af þessum þremur. Ef mál þetta væri skoðað af sanngirni má telja að ef einn lögreglumaður er nóg á 370 íbúa í Reykjavík þurfi einn og hálfan til tvo lögreglumenn til að sinna sama fjölda í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, meðan þaðan þarf að sinna Bessastaðahreppi, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellssveit, Kjalarnes- og Kjósarhreppum auk Hafnar-

fjarðar.

Herra forseti. Ég læt hér staðar numið, en þakka á ný hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans og einnig það að hann hafi í hyggju að boða sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu til fundar um þessi mál. Ég vænti þess að úrbætur verði innan skamms í löggæslumálum á höfuðborgarsvæðinu.

Kynlífsfræðsla í skólum, fsp. 47. mál (þskj. 47). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Fyrir um tveimur árum eða 8. nóv. 1983 svöruðu þáv. hæstv. heilbrrh., Matthías Bjarnason, og þáv. hæstv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, fsp. minni um framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Svör þeirra voru allítarleg og vitnuðu að mínum dómi um áhuga þeirra og skilnig á mikilvægi þess að þessi kafli laganna verði framkvæmdur á viðunandi hátt. En á það skortir töluvert að margra dómi. Er það þeim mun alvarlegra sem sá kafli var í raun og veru grundvöllur lagasetningar nr. 25 á sínum tíma.

Í svari þáv. hæstv. menntmrh. kom fram að kennarar væru mjög misvel í stakk búnir að annast þessa lögboðnu fræðslu. Þar kom einnig fram að kennaranemar fengju töluverðan undirbúning í kennslu á þessu sviði. En um leið — og ég vitna orðrétt í ummæli þáv. hæstv. menntmrh., með leyfi forseta: „Full þörf virðist vera á námskeiðum um kynfræðslu fyrir kennara og leiðbeiningum um kennslu og auk þess á samstarfi við foreldra um þessi efni.“ Og á öðrum stað sagði menntmrh.: „Hins vegar þarf að gera átak í að fylgja nýju efni eftir í skólum með námskeiðum fyrir kennara og leiðbeiningu og aðstoð.“

Fyrri liður fsp. minnar á þskj. 47 er til að leita svars við því hvort eitthvað hafi gerst í þeim efnum sem hér var vikið að.

Síðari liðurinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur menntmrn. haldbærar upplýsingar um hvernig þessari fræðslu er sinnt í skólum landsins?“ Og þarfnast þetta ekki skýringa.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við fyrri lið fsp. vil ég taka þetta fram:

Undanfarin fimm ár hefur verið unnið að aukningu og endurskipulagningu kynfræðsluþáttarins í menntun kennara í Kennaraháskóla Íslands. Allir nemendur á öðru námsári sækja nú námskeið sem ætlað er til þess að undirbúa þá undir að taka að sér kynfræðslu í grunnskóla. Námskeiðið er 8 klst. og er nemum ætlaður jafnlangur tími til heimavinnu. Líffræðikennari skipuleggur námskeiðið, en fær sér til aðstoðar kennara menntaðan í félagsvísindum. Á sama tíma og nemandinn sækir námskeið í kynfræðslu eru einnig haldin námskeið í unglingasálarfræði, trúarbragðafræði og vímuefnafræði sem öll nýtast við kynfræðslu.

Auk kynfræðsluþáttarins í grunnnámi kennaranema hefur Kennaraháskóli Íslands haldið líffræðinámskeið fyrir starfandi kennara og hefur kynfræðsla verið hluti af námsefninu. Slík námskeið voru haldin árlega 1974—1979, en hafa verið stopulli síðustu ár. Sérstakt námskeið um kynfræðslu var haldið fyrir starfandi kennara 1978. Endurmenntunarnefnd Kennaraháskóla Íslands hefur nú til umfjöllunar tillögu um kynfræðslunámskeið næsta sumar. Á undanförnum árum hefur nýtt námsefni í kynfræðslu verið kynnt rækilega á námskeiðum og fundum með kennurum.

Sem svar við öðrum lið fsp. vil ég taka þetta fram:

Óhætt er að fullyrða að tími sá sem notaður er til kynfræðslu í grunnskólum hefur margfaldast á undanförnum árum. Áður en endurskoðun námsefnis hófst í kjölfar grunnskólalaganna nam kynfræðsla að meðaltali 10 kennslustundum á skyldunámsferli hvers nemanda. Nú má hins vegar ætla að lágmarkskynfræðsla sem grunnskólanemandi nýtur á skyldunámsferlinum séu 80 kennslustundir. Er þá miðað við það námsefni sem fyrir hendi er og vikið verður að hér á eftir.

Unnið hefur verið að aukningu og endurskipulagningu kynfræðslu á undanförnum árum á vegum menntmrn. Miðað er við að veitt sé heilstæð fræðsla um allar hliðar kynlífs og stefnt að því að nemendur öðlist þekkingu og skilning á líkamlegum, siðrænum, tilfinningalegum og félagslegum þáttum. Kynlífsfræðsla í grunnskólum hefur einkum tengst kennslu í líffræði en ýmsum þáttum hennar hefur einnig verið fundinn staður innan samfélagsfræði, kristnifræði og heimilisfræði.

Kynfræðsla í grunnskólum dreifist á námsárin en meginhersla er lögð á fyrstu námsárin og kynþroskaskeiðið. Sjö ára nemendur fá fræðslu í samfélagsfræði og í henni er fjallað um hvernig barn verður til í tengslum við umfjöllun um fjölskylduna.

11—12 ára nemendur. Í líffræði er fjallað um mannslíkamann og er u.þ.b. þriðjungur námsefnisins kynfræðsla.

13—14 ára nemendur. Í líffræði er stór hluti námsefnisins bein kynfræðsla og í kristnifræði er fjallað um siðfræði kynlífs.

15—16 ára nemendur. Fjallað er um kynsjúkdóma og getnaðarvarnir á grundvelli bæklinga um þessi efni sem landlæknisembættið hefur gefið út.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin, þótt mér þættu þau kannske ekki segja allt sem segja þarf. Ég hef nefnilega ekki ástæðu til að ætla að þessi mál séu á mikilli framfarabraut. Ég held að það skorti fyrst og fremst á að gera starfandi kennurum, eldri kennurum, kleift að fá tilsögn í því að veita þessa fræðslu.

Ég gerði tilraun til þess að gera svolitla könnun á því hvernig kynfræðslu væri sinnt í skólum landsins. Hún var að vísu ófullkomin, enda ekki aðstæður til þess að gera hana víðtæka. Mér virðist sem þessi fræðsla sé í nokkuð góðu lagi í neðri bekkjum grunnskólanna, en af þessari ófullkomnu könnun að dæma held ég að ekki sé of stórt upp í sig tekið að segja að kynfræðsla í efri bekkjum grunnskóla sé gjörsamlega í molum. Framkvæmdin er eingöngu komin undir áhuga hvers og eins kennara. Hún er algerlega skipulagslaus og svör sumra skólastjóranna voru á þá leið að þeir ákölluðu æðri máttarvöld og sögðust engin tök hafa á og ekkert skipulag væri á þessum málum. Þetta væri eingöngu undir því komið hvað kennararnir treystu sér til og til hvers þeir hefðu áhuga.

Ég skora á hæstv. menntmrh. að kynna sér betur hvernig þessu er háttað í efri bekkjum grunnskólanna

og gjarnan gera úrbætur.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til að bera brigður á orð hv. fyrirspyrjanda. Sé þetta svo, sem ég mun kynna mér og kanna, að algjört skipulagsleysi ríki í þessari fræðslu, og rétt sé eftir skólastjórum haft að svo sé þetta, þá mun ég gera tilraun til að taka í þá tauma.

Sjóefnavinnslan á Reykjanesi, fsp. 51. mál (þskj. 51). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Í Sjóefnavinnslunni á Reykjanesi eru talsverðir fjármunir bundnir svo ekki sé kveðið fastar að orði. Rekstur hefur fram undir þetta ekki skilað verulegum árangri í peningum talið. Ég hef áður á þessum stað gagnrýnt ýmislegt sem varðar Sjóefnavinnsluna, en þó fyrst og fremst óskað eftir því að Alþingi fengi sem gleggst að fylgjast með því hvaða fjármunir hér væru í húfi, hvernig þeim væri varið og hverjar horfurnar væru.

Þess er skemmst að minnast að á síðasta þingi fóru fram allítarlegar umræður um þetta efni. Þær gerðust í sambandi við umræðu um skýrslu um þetta mál, sem ég ásamt ýmsum öðrum þm. óskaði eftir að unnin yrði. Ég var ekki alls kostar sáttur við þá skýrslu, en hún varpaði þó nokkru ljósi á málið.

Ég tel sem sagt, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að Alþingi fylgist með þessu máli. Þess vegna hef ég hér borið fram fsp. í sex liðum varðandi stöðu málsins nú.

Það er kunnugt að hæstv. þáv. iðnrh., Sverrir Hermannsson, fól rektor Háskólans, Sigmundi Guðbjarnasyni, að hafa forustu um úttekt á stöðu og rekstrarhorfum Sjóefnavinnslunnar. Með þá ákvörðun iðnrh. var ég fyrir mína parta mjög ánægður vegna þess að ég taldi einmitt að nauðsyn bæri til að slík athugun færi fram og hún væri tekin nýjum tökum af nýjum mönnum.

Þess vegna spyr ég í fyrsta lagi um hvernig þessari úttekt miði.

Í öðru lagi hvort aðrar athuganir hafi verið gerðar.

Í þriðja lagi hvaða ákvarðanir hafi verið teknar um framtíð fyrirtækisins, uppbyggingu eða fjárfestingu frá því að sú skýrsla, sem ég vék að hér áðan um fyrirtækið, var til umræðu.

Í fjórða lagi vil ég fá upplýst hverjar séu nú eignir og skuldir fyrirtækisins og hvað sé áætlað að þær verði um næstu áramót.

Í fimmta lagi vil ég einnig fá upplýsingar um rekstrarárangur fyrirtækisins á fyrstu 7—8 mánuðum þessa árs, þar á meðal um tekjur af sölu afurða og heildarrekstrarkostnað.

Í sjötta lagi hverjar séu rekstraráætlanirnar fyrir næsta ár, sundurliðaðar á helstu þætti.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mun svara hv. fyrirspyrjanda án þess að endurtaka spurningar hans í þeirri númeraröð sem þær eru á þskj. 51.

1. Ekkert varð úr þessari úttekt vegna þess hversu kostnaðarsöm hún hefði verið en áætlun Háskólans hljóðaði upp á 4 millj. kr. Áætlunin gerði ekki ráð fyrir að leitað yrði leiða til þess að finna nýja framleiðslu sem samnýtti aðstöðu með saltframleiðslunni á Reykjanesi og bætti rekstrarstöðu fyrirtækisins. Ljóst er að fleira þarf að koma til en framleiðsla salts, ef ná á endum saman.

Ég vil leyfa mér að svara 2. og 3. spurningu saman. Svar mitt er svohljóðandi:

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa nýlega skilað tillögum til iðnrh. og fjmrh. um að lokið verði við 8 þús. tonna saltverksmiðju, og jafnframt verði komið upp við hlið saltframleiðslunnar 1560 tonna kolsýruverksmiðju. Markaðsrannsóknir, sem gerðar voru í sumar á sölu á Reykjanessalti og kolsýru, benda til þess að viðbótarfjárfestingin muni skila allt að 11—14% arðsemi á föstu verðlagi.

Helsti markaðurinn fyrir kolsýru er notkun hennar í gróðurhúsum. Samstarf hefur tekist við Félag garðyrkjubænda og Garðyrkjuskóla ríkisins um að kynna þessa nýjung og hagkvæmni þess að auka kolsýruinnihald lofts í gróðurhúsum. Fyrrv. iðnrh. og fjmrh. féllust á áætlanir stjórnar og er nú unnið að framkvæmd þeirra. Þá hefur einnig verið ákveðið að nota félagið sem vinnuvettvang rannsókna á nýtingu háhita og sölu á gufu til stórnotenda. Hefur iðnrn. veitt 3 millj. kr. styrk til félagsins vegna þessa.

Félagið kannar nú hagkvæmni þess að reisa og reka títanhvítuverksmiðju á Reykjanesi, en sú framleiðsla byggir m.a. á ódýrri gufuorku. Reyna á til þrautar að koma í verð þeirri miklu gufu sem Sjóefnavinnslan ræður yfir og er til staðar á Reykjanesi.

4. Bókfærðar eignir félagsins um áramótin 1984 voru 325 737 622 kr. og skuldir 238 857 785 kr. Þess ber að geta að gjöld umfram tekjur eru talin sem eignfærður stofnkostnaður á meðan á tilraunaframleiðslunni stendur. Bókfærðar eignir 31. ágúst s.l. voru 391 447 470 kr. og skuldir 284 445 365 kr.

Svar við 5. og 6. lið er: Framleiðsla fyrirtækisins hefur verið á bilinu 6—8 tonn af salti á sólarhring er ræðst af því á hvaða markaði saltið er framleitt. Gróft salt myndast á lengri tíma og minnkar afköst verksmiðjunnar. 15. ágúst s.l. hækkaði verð á sekkjuðu salti, seldu við verksmiðjuvegg, úr 2600 kr. í 3010 kr. hvert tonn. Verðið mun síðan breytast á þriggja mánaða fresti til viðmiðunar við vísitölu kauptaxta. Öll framleiðslan hefur selst til þessa, aðallega til síldarsöltunar. Núverandi verð tryggir viðunandi arðsemi af fjárfestingunni, sem þarf til að ljúka 8000 tonna verksmiðju, að gefnu því að öll framleiðslan seljist, eins og gert er ráð fyrir, og að kolsýruverksmiðjan taki til starfa.

Kostnaður fyrirtækisins umfram tekjur, sem flokka má undir rannsóknir, viðhald og gæslukostnað, nemur nú að meðaltali um 1 millj. og 600 þús. kr. á mánuði. Því er brýnt að stöðva núverandi fyrirkomulag og koma á hagkvæmara rekstrarfyrirkomulagi. Rekstraráætlanir næsta árs miða að því að ljúka við uppsetningu á 8000 tonna saltverksmiðju og að reisa 1560 tonna kolsýruverksmiðju. Byggingartími er áætlaður eitt ár, og viðbótarfjárfesting er áætluð 63 millj. kr. á verðlagi í september 1985. Á byggingartímanum verður reynt að standa við söluskuldbindingar Sjóefnavinnslunnar við helstu viðskiptavini, þótt framleiðslan stöðvist í einhvern tíma vegna breytinganna. Enn þá er ekki hægt að tala um eiginlegan rekstur þar sem um er að ræða tilraunaverksmiðju sem ekki er að fullu byggð.

Virðulegi forseti. Til viðbótar þessu svari mínu hef ég beðið ráðuneytisstjóra fjmrn. að bæta við það og

hljóðar það svo:

„Á undanförnum árum hafa hundruð milljóna króna eða milljarðar króna runnið til rannsókna á háhitasvæðum Íslands. Þessar rannsóknir verða landsmönnum að litlu gagni nema reynt verði að nýta niðurstöður þeirra til arðbærrar framleiðslu."

Í svari mínu áðan kom fram að öll stjórn Sjóefnavinnslunnar hf. er á því máli að það viðbótarfjármagn er setja þarf í saltverksmiðjuna og kolsýruverksmiðju mun skila 11—14% arðsemi á föstu verðlagi. Með tilliti til þessa svo og að hér er um að ræða einu tilraunina sem í alvöru er gerð til að nýta háhita til efnaiðnaðar mun Sjóefnavinnslunni verða tryggt fjármagn til þess að ljúka við 8000 tonna saltverksmiðju og 1560 tonna kolsýruverksmiðju. Verður þessa fjármagns að hluta til aflað með því að auka hlutafé en að mestu með lánveitingum af fé á svonefndum endurlánareikningi ríkissjóðs.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra svörin. Það eru ánægjuleg tíðindi ef menn hafa fundið nýtt nýtingarsvið fyrir háhitann, þar sem er kolsýruframleiðslan, og vonandi verður það til þess að renna frekari stoðum undir þetta fyrirtæki.

Ég tek undir það með ráðherra — og sagði það reyndar þegar lögin um Sjóefnavinnsluna voru sett — að við verðum að líta á þetta fyrirtæki sem tilraun. Sjálfsagt er það rétt, sem kom fram hjá ráðherra, að við höfum varið hundruðum milljóna til þess að rannsaka háhita en tiltölulega lágum fjárhæðum til að reyna í alvöru að finna leiðir til að nýta þennan háhita.

Hins vegar saknaði ég þess í svörum ráðherra að rekstraráætlanir væru gerðar. Þær tölur sem nefndar voru um eignir og skuldir voru meira og minna misvísandi vegna þess að allt var talið til eigna sem einhvern tíma hafði verið kostnaður. Þær gefa þess vegna mjög takmarkaða mynd af stöðu verksmiðjunnar. Við vitum ekki hversu mikils virði ýmislegt það er sem menn hafa tekið sér fyrir hendur. Sumt af því er áreiðanlega einskis virði þannig að eignarstaða metin á þann hátt gefur ekki rétta mynd.

Ég ætlast líka til þess af stjórnendum fyrirtækisins að þeir hafi til reiðu rekstraráætlanir í tölum um sölumagn, um heildartekjur og helstu kostnaðarliði fyrir næsta ár, en um það var einmitt spurt í fsp. minni. Því var engu svarað af hálfu ráðherrans, væntanlega vegna þess að stjórnendur fyrirtækisins hafa ekki gert slíka áætlun.

Hæstv. ráðh. sagði að þetta væri ekki eiginlegur rekstur, en það er rangt. Þetta er jafnframt rekstur og Alþingi á kröfu á að fá að vita hvernig miðar í þeim efnum og hvernig afkoman hefur verið. Um hvort tveggja var spurt, en því var ekki svarað.

Þegar ég minnist á að ekki megi telja allan kostnað til eignar, eins og hér er verið að gera, minnir það á að einmitt í framkvæmdum af þessu tagi eiga menn ekki að ástunda lántökur heldur leggja fram fé vegna þess að hér er um áhættufyrirtæki að ræða og varasamt er í slíkum tilvikum að byggja það að verulegu leyti á lánsfé. Til rannsókna, sem við vitum ekki hvern árangur bera, á langtum frekar að verja beinum framlögum en standa í lántökum.

Ég vil þakka ráðherra fyrir þetta svar og vænti þess að fljótlega geti hann gefið upplýsingar um ýmis þau atriði sem hér var um spurt en engin svör fengust við, hvorki tangur né tetur.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Lítill vandi er að spyrja þannig að svör séu tæplega til eða erfitt sé um vik að afla þeirra nema með mikilli aukavinnu og tilkostnaði. Á miðju ári er afskaplega erfitt að segja til um með nokkurri vissu hvernig eitt fyrirtæki kemur út í enda árs og að gera fyrirtæki upp, sérstaklega fyrirtæki sem er afbrigðilegt að því leytinu til að það er rannsóknafyrirtæki, ef við vildum kalla það bæði rannsóknastofnun og fyrirtæki, og tilgreina hvað fer í súginn og hvað fer ekki í súginn.

Ég held að hvar sem er, á hvaða vísindastofnun, á hvaða rannsóknasviði sem er fari oft 100% af því sem lagt er í rannsóknirnar í súginn, oft minni prósenta, en stundum gefa þær hagnað; oftast nær, vonandi, gefa þær hagnað. Hér er um að ræða eina rannsóknaverkefnið í gangi á sviði efnaiðnaðar á Íslandi þannig að ég held að við verðum að vera svolítið mildari í hugsun og orðum en hv. fyrirspyrjandi.

Reksturinn skilar ekki árangri. Reksturinn skilar árangri þó að hann skili ekki ágóða. Við höfum gert það sem við ætluðum að gera. Við höfum framleitt salt. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að hægt er að framleiða önnur efni. Við eigum eftir að komast að niðurstöðu um hvort þessi tilraun okkar ber þann árangur að hún gefi tekjur í framtíðinni. En það kostar talsvert að komast að þeirri niðurstöðu.

Framleiðslan er sem sagt á tilraunastigi og heldur áfram að vera á tilraunastigi í einhvern tíma enn þá. Það er rétt að sú viðbótarframleiðsla sem nú er áformuð, kolsýran, kemur til með að styrkja rekstur tilraunanna. Vel getur verið að innan tíðar, vonandi ekki innan langs tíma, komi til ný framleiðsla, önnur efni, sem við höfum í huga þegar við fjöllum um þetta fyrirtæki eða þessa tilraunastofnun sem við köllum Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi. En það er ekki rétt að engar áætlanir séu til. Þær hafa verið til frá upphafi og hv. fyrirspyrjanda er vel kunnugt um það.

Ég tek undir það að hættulegt er að byggja upp, hvort sem það er þessi starfsemi eða fyrirtæki sem við vitum fyrir fram að gefur rekstrarlega vel af sér, á lántökum eingöngu. Það höfum við frá einkarekstri. Það höfum við líka frá ríkisrekstrinum, og það er eiginlega fast umræðuefni á Alþingi vegna þeirra miklu lána sem við höfum tekið til að reka þjóðfélagið á þann hátt sem við höfum gert með samþykki og niðurstöðum Alþingis að rannsökuðu máli í langan tíma, ekki bara í tíð þessarar ríkisstj. heldur í gegnum áratug eða meira.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi svarað fsp. fyrirspyrjanda.

Fræðsla varðandi kynlíf og barneignir, fsp. 48. mál (þskj. 48). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Þegar þáv. heilbrrh. Matthías Bjarnason svaraði fsp. minni í nóv. 1983 um framkvæmd I. kafla laga nr. 25 frá 1975 minntist hann á samstarfsnefnd landlæknisembættisins og menntmrh. um kynfræðslumál og gat þess að þeirri nefnd hefði verið falið að gera nánari tillögur um þau mál og m.a. ræða við sjónvarpið um

gerð fræðsluþátta. Um framhald þessa máls er spurt í 1. lið fsp. á þskj. 48. Að hinu sama beinast aðrir liðir fsp. minnar. Þeir eru fram settir til að leita eftir hvort einhver hreyfing sé á þessum málum, en það er mín skoðun og margra annarra að með stóraukinni fræðslustarfsemi mætti koma í veg fyrir umtalsverðan fjölda ótímabærra þungana og þar með fóstureyðinga og barnsfæðinga, sérstaklega hjá kornungum stúlkum. Fsp. hljóðar svo:

„1. Hvað líður störfum samstarfsnefndar landlæknisembættis og menntmrn. um kynfræðslu?

2. Er von á einhverjum aðgerðum heilbrigðisyfirvalda til framkvæmdar I. kafla laga nr. 25 frá 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir?

3. Eru áform um að láta sjúkrasamlög greiða hluta af kostnaði vegna getnaðarvarna?

4. Hvernig var varið þeim 445 þús. kr. sem veitt var á fjárlögum ársins 1984 vegna laga nr. 25/1975? Og hvernig hefur verið varið þeim 542 þús. kr. sem veitt var á fjárlögum ársins 1985 til sama liðar?"

Því má bæta við hér að á frv. til fjárlaga fyrir næsta ár eru ætlaðar 658 þús. kr. til þess liðar sem kallaður er kostnaður vegna laga nr. 25/1975.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í 1. gr. laga nr. 25 frá 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir er kveðið á um að landlæknir hafi yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu ráðgjafar og fræðslu um kynlíf og barneignir. Í 7. gr. sömu laga segir að fræðsluyfirvöld skuli í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum. Lögum skv. hafa því bæði landlæknir og fræðsluyfirvöld skyldur gagnvart tilhögun og framkvæmd kynfræðslu hér á landi. Sú staðreynd gefur vissulega tilefni til samstarfs þessara aðila.

Í nýútkominni skýrslu landlæknisembættisins, Fóstureyðingar 1976—1983 eftir Guðrúnu Sigríði Vilhjálmsdóttur, er m.a. gerð grein fyrir stöðu kynfræðslu hér á landi í ljósi ofangreindra laga. Þar kemur fram að á undanförnum árum hafi kynfræðsla eflst á grunnskólastigi, bæði hvað snertir námsefni og þann tíma sem ætlaður er til slíkrar fræðslu. Á framhaldsskólastigi sé hins vegar ekki um skipulagða kynfræðslu að ræða og því komið undir stjórnendum og kennurum viðkomandi skóla hvort kynfræðsla sé felld inn í námið eða ekki.

Um fræðslustarf landlæknisembættisins segir að á þess vegum hafi verið ráðist í að þýða og staðfæra þrjú sænsk fræðslurit um getnaðarvarnir og voru þau fyrst prentuð árið 1977 og síðan endurprentuð árlega. Árið 1979 komu svo út tvö rit um kynsjúkdóma. Öllum þessum ritum hefur verið dreift í stórum upplögum á heilsugæslustöðvar, heilsuverndarstöðvar, fæðingarstofnanir og ýmsar aðrar heilbrigðisstofnanir, svo og í skóla. Menntmrn. var þegar í upphafi boðið að notfæra sér þessi rit og frá árinu 1980 hefur Námsgagnastofnun ríkisins séð um að dreifa þeim í skóla.

Í ár hafa þessir bæklingar verið endurskoðaðir og eru nú að verða tilbúnir í annarri útgáfu. Á næstunni verður einnig dreift nýju riti eða nýjum bæklingi um varnir gegn AIDS-sjúkdómi í samráði við menntmrn. Læknanemar hafa farið á vegum landlæknis í framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu í fjóra vetur og veitt fræðslu um kynsjúkdóma og atriði tengd getnaðarvörnum. Þá fóru læknanemar einnig í framhaldsskóla utan Reykjavíkur vorið 1983. Sama ár fóru hjúkrunarnemar við Háskóla Íslands í alla grunnskóla í Reykjavík og fluttu fræðsluerindi um getnaðarvarnir fyrir nemendur 9. bekkjar. Þá réði landlæknisembættið starfsmann í fimm mánuði 1982—1983 til þess að annast gerð kennsluefnis og skipulagningu á heilbrigðisfræðslu í skólum.

Seinni hluta árs 1983 fóru fram viðræður milli þriggja námsstjóra í menntmrn. og landlæknis um heilbrigðisfræðslu, þar á meðal með tilliti til kynfræðslu og var tilgangurinn sá að koma á auknu samstarfi þessara aðila og reyna að finna því æskilegan farveg.

Í þessum viðræðum komu fram skiptar skoðanir um gildi kynfræðslu í skólum frá utanaðkomandi aðilum, t.d. nemahópum. Námsstjóri í líffræði taldi slíka kynfræðslu ekki heppilega á grunnskólastigi en geta hins vegar nýst á framhaldsskólastigi. Á grunnskólastigi væri þörfin fyrir aukið námsefni í kynfræðslu og námskeið fyrir kennara einna brýnust, en þeir væru best í stakk búnir til að miðla slíkri fræðslu til nemenda í tengslum við aðrar námsgreinar. Landlæknir taldi að lækkun á tíðni kynsjúkdóma hjá ungu fólki í kjölfar fræðsluferðar læknanema í skólana gæfi vísbendingu um árangur slíkrar fræðslu.

Til að kanna frekar grundvöll þess að nýta nemahópa til að fara með heilbrigðisfræðslu í skólana voru haldnir fundir með fulltrúum nema og kennara í Hjúkrunarskóla Íslands á námsbraut í hjúkrun við Háskóla Íslands og á námsbraut í sjúkraþjálfun. Læknanemar voru jafnframt boðaðir til slíkra funda. Fram kom vilji til samstarfs en jafnframt ýmsir annmarkar við framkvæmd slíkrar fræðslu. Nemendur eru t.d. fúsari til samstarfs ef heilbrigðisfræðslan væri almennt liður í námi þeirra. Í sumum skólum, t.d. Hjúkrunarskólanum, var þessi liður tekinn upp skv. tillögum landlæknis fyrir nokkrum árum. Í flestum skólum er þessu efni ekki enn sinnt sem skyldi.

Allt frá því er lög nr. 25 frá 1975 tóku gildi hefur landlæknir ítrekað farið fram á fjárveitingar til átaks á sviði kynfræðslu, en þær fengið litlar undirtektir hjá Alþingi að sögn landlæknis sjálfs.

Spurningu 2 um hvort von sé á einhverjum aðgerðum heilbrigðisyfirvalda til framkvæmdar á I. kafla laganna má svara svo: M.a. í framhaldi af þessum framangreindum fundum landlæknisembættisins og menntmrn. verður haldið viku námskeið í heilbrigðisfræðslu, þar á meðal kynfræðslu, fyrir kennara nú í nóvember n.k. Námsgagnastofnun ríkisins stendur fyrir þessu námskeiði. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Hér eru á blaðinu fjórar fsp. með einni fyrirsögn sem er Fyrirspurn. En ég á eftir að svara spurningum 3 og 4. Svörin eru örstutt. (**Forseti:** Ég vil bara taka fram að við — eins og öllum er ljóst og ég veit að hæstv. ráðh. er ljóst — leitumst við að fylgja þingsköpunum, en hæstv. ráðh. verður leyft að ljúka sínu máli. Ef gengur úr hófi fram hvað það verður lengi verður það dregið frá á sínum tíma.) Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að þegar bornar eru fram undir einni fyrirsögn fjórar fyrirspurnir verði þeim skipt á fjögur þskj. þannig að eðlilegur tími gefist til að svara þeim.

Ef ég má ljúka svarinu við fsp. nr. 2; það svar er

einungis 8 línur og ég átti eftir 5. Samvinna er komin á milli heilbrrn. og menntmrn. um samnorrænt verkefni um heilbrigðisfræðslu. Hér er um þróunarverkefni að ræða sem rekið er í tveimur skólum í landinu. Ef vel tekst til má ætla að verkefni þetta verði rekið við fleiri skóla.

Spurning nr. 3: „Eru áform um að láta sjúkrasamlög greiða hluta af kostnaði vegna getnaðarvarna?" Svarið við þessu er að ákvörðun liggur ekki fyrir um slíkt.

Svar við spurningu nr. 4 um ráðstöfun þess fjár sem ætlað hefur verið á fjárlögum til framkvæmdar þessa kafla laganna er þetta: Greiðslur af fjárlagalið vegna laga nr. 25/1975 eru sem hér segir: 1984 1) vegna skýrslugerðar 36 435, 2) vegna ráðstefnu 4 500, 3) nefndarlaun 17 400, samtals 58 335, og 1985 1) vegna skýrslugerðar og útgáfustarfsemi 195 357, 2) vegna ráðstefnu 9 633, samtals 204 990. Á þessu ári eru nefndarlaun ógreidd, svo og nokkur kostnaður vegna útgáfustarfsemi.

Herra forseti. Má ég bæta við tillögugerð mína áðan? Ef ljóst virðist vera að svör við fsp. hljóti að verða lengri en unnt er að koma við á umræðutímanum skv. þingsköpum er spurning mín: Væri hægt að koma því svo fyrir að svör við slíkum fsp. yrðu gefin skriflega? Það hlýtur að þjóna sama tilgangi um upplýsingar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. ráðh. hefur vikið að þýðingarmiklu atriði í sambandi við framkvæmd þingskapa. Skv. reglunum berast fyrirspurnir fyrst í hendur forseta Sþ. og hann metur hvort þær eru leyfðar eða ekki. Þegar svo virðist vera að fyrirspurnirnar séu of margþættar til að hægt sé að svara þeim á tilskildum tíma er ýmist bent á að einfalda þær eða, eins og hæstv. ráðh. benti á, að hafa fyrirspurnirnar skriflegar.

Hv. þm. sem gera fsp. verða að gera sér grein fyrir að þeim verður ekki svarað nema á tilskildum tíma og ef þær eru þess eðlis að ekki er hægt að svara þeim á tilskildum tíma verður við það að sitja. Þess vegna er eðlilegt að hver þm. fyrir sig leitist við að hafa fyrirspurnirnar í réttu formi og forseti mun eftir megni stuðla að því.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Mér hefði verið ljúft að skipta þessu niður á þskj. ef ég hefði áttað mig á að það mundi taka svona langan tíma að svara þessu. Satt að segja hélt ég að a.m.k. 1. liðurinn mundi ekki taka langan tíma. Ég áttaði mig ekki fyllilega á því sem kom fram í svari hæstv. ráðh. sem ég þakka hér með. Ég hélt reyndar að þessi nefnd hefði ekki starfað og ég fengi það einfalda svar. Ég get alla vega upplýst að einn af nm. hefur ekki verið boðaður til fundar þannig að það svar sem ég fékk áðan getur varla átt við nefndina sem slíka sem ég var að spyrja um.

Ég get heldur ekki sagt að önnur svör gefi tilefni til bjartsýni. Átakið sem verið var að leita eftir með spurningu nr. 2 er ekki stórt að mínu mati.

Ég vil einnig lýsa vonbrigðum með svarið við 3. lið fsp. Hann er einn af þeim liðum sem hafa þótt vænlegir til úrbóta í þessum efnum, enda segir svo í 5. gr. laga nr. 25 frá 1975: „Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegun getnaðarvarna, m.a. með því að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra."

Og svarið við 4. lið fsp. sýnir það, sem ég raunar vissi, að sú fjárupphæð sem varið er til þessa liðar á fjárlögum fer ekki til fræðslumála eins og margir hafa haldið.

Þar sem svo stuttur tími fer til þessara þingmála get ég ekki haft mörg um þetta frekar. Ég hefði gjarnan viljað kynna ögn og lesa upp úr skýrslunni sem komin er út, þeirri sem hæstv. heilbrmrh. minntist á hér áðan. Ég vil aðeins taka síðustu setningarnar til áréttingar þessu máli, en þær hljóða svo með leyfi forseta:

„Þá kemur og fram að mikið vanti á að ákvæðum laganna um fræðslu og ráðgjöf hafi verið framfylgt sem skyldi. Barneignir og fóstureyðingar eru vart einkamál kvenna og því ber að hafa í huga að fyrirbyggjandi starf nái ekki síður til karla en kvenna. Verði átak gert í þessum efnum ætti að vera hægt að snúa þróuninni við svipað og gerst hefur á hinum Norðurlöndunum þar sem tíðni fóstureyðinga fer nú lækkandi."

Með því að vekja máls á þessu hef ég viljað vekja athygli þm. á þessu máli og vona að það veki til umhugsunar.

Sameinað þing, 9. fundur.

Þriðjudaginn 29. okt., að loknum 8. fundi.

Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi, þáltill. 7. mál (þskj. 7). — Fyrri umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 7 leyft mér ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur að flytja till. til þál. um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi, en till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjóðgarðs á svæðinu umhverfis Gullfoss og Geysi. Jafnframt verði hafin vinna við heildarskipulag svæðisins og undirbúin kaup á þeim jörðum og landspildum á svæðinu sem ekki eru þegar í eigu ríkisins.

Frv. til l. um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Till. efnislega samhljóða þessari var lögð fram á síðasta þingi en náði þá eigi fram að ganga, varð ekki útrædd og því er hún endurflutt hér með svolítið breyttri grg.

Efni tillögunnar er afar einfalt og skýrt. Það er að fela ríkisstj. að undirbúa stofnun þjóðgarðs á svæðinu umhverfis Gullfoss og Geysi, einhverjar þekktustu perlur íslenskrar náttúru og að ríkisstj. leggi síðan frv. þess efnis fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Það er með ráðnum huga að flm. gera ekki ákveðnar tillögur um stærð eða mörk þessa fyrirhugaða þjóðgarðs. Þar koma vissulega mjög margir kostir til greina, raunar svo margir að eðlilegt er að þeir sem fá það verkefni að vinna að undirbúningi þessa máls hafi þar nokkurt svigrúm. „Þó mætti", eins og segir hér í grg., t.d. „hugsa sér að fyrirhugaður þjóðgarður yrði a.m.k. 40 ferkm að stærð og þá yrðu innan hans jarðirnar Haukadalur, Torta, Bryggja, Laug, Helludalur, Brú,

Kjóastaðir, Hólar og skógræktin í Haukadal. Af þessum jörðum á ríkið tvær, Haukadal og Laug, en þrjár eru í eyði". Með þskj. 7 er prentað kort sem fskj. sem sýnir hver gætu hugsanlega verið mörk þjóðgarðs á þessu svæði, en það skal ítrekað að hér er aðeins um að ræða einn kost af mörgum.

Á þessu svæði sem hér um ræðir og er sjálfsagt einna fjölsóttast allra staða af ferðamönnum, jafnt innlendum sem erlendum, þarf að vera fyrir aðstaða fyrir ferðafólk þannig að það geti notið þess og farið þar um, notið þeirrar þjónustu sem eðlilegt er að ferðafólk óski eftir við slíkar kringumstæður. Líka þarf að koma í veg fyrir að þarna verði ráðist í byggingar og framkvæmdir eins og ég hef grun um að hafi verið á döfinni í grennd við Gullfoss t.d. Ég hugsa að okkur brygði í brún ef þaðan blöstu við mismunandi hrjálegar sumarhúsabyggingar sem vissulega mundu spilla þeirri mynd sem þar blasir nú við ferðamönnum.

Þegar þessi till. var til umræðu í fyrra var hún send ýmsum aðilum til umsagnar, og sú vinna sem í hana var lögð liggur þá fyrir nú og ætti að gera umfjöllun málsins nokkru auðveldari.

Vegna þess hve skammt er á milli Gullfoss og Geysis má í rauninni segja að þessir staðir séu samliggjandi og *eðlilegt er að þjónusta við ferðafólk á þessu svæði verði* aðeins á öðrum staðnum og nærtækast og eðlilegast er, hvernig sem á málið er litið, að sú þjónusta yrði við Geysi.

Auðvitað þarf að undirbúa stofnun þjóðgarðs á þessu svæði afar vandlega og þar þarf að hafa samvinnu við mjög marga aðila, sveitarstjórnir, landeigendur, Náttúruverndarráð, Skógrækt ríkisins, Landgræðsluna og skipulagsyfirvöld, svo og aðra þá er málinu tengjast.

Hér er ekki lagt til að hrapað verði að einu eða neinu eða rasað um ráð fram, heldur verði haft samráð við þá aðila sem málið snertir. Og það skal enn ítrekað, herra forseti, að sú tillaga sem hér er rissuð upp á fylgiskjalið er einungis umræðutillaga, en sýnir þó, að mati þeirra sem býsna vel þekkja til, hvernig mætti vel hugsa sér mörk þjóðgarðs á þessu svæði.

Ég held að það sé afar brýnt að svæðið verði verndað með þeim hætti sem vera mundi ef þarna yrði komið á fót þjóðgarði, en mér er alveg ljóst að samfara því er að sjálfsögðu einhver kostnaður. En ég held að þegar við erum að ræða um Gullfoss og Geysi tjói ekki að gerast allt of smámunasamir um krónur því að þau náttúruverðmæti sem þar eru verða auðvitað aldrei í krónum talin.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég legg til að að fyrri umræðu lokinni verði þessari till. vísað til hv. allshn. Sþ.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, þáltill. 11. mál (þskj. 11). — Fyrri umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 11 hef ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur borið fram till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanna, framvegis metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna. Jafnframt verði tryggt að þeir starfsmenn sem nú falla undir kjarasamning ríkisins og BSRB njóti þessa réttar sé hann þeim ekki þegar tryggður."

Eins og segir í grg. með till. miðar hún að því „að hið opinbera sem atvinnurekandi meti starfsreynslu við heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Till. felur í sér að þeir sem hafa haft ólaunuð heimilisstörf að aðalstarfi njóti sama réttar til starfsaldurshækkana og þeir sem fengið hafa starfsreynslu sína við launuð störf hjá hinu opinbera ef þeir ráðast til launaðra starfa hjá ríki eða sveitarfélögum. Till. tekur einnig til þeirra opinberra starfsmanna sem rétt ættu til starfsaldurshækkana samkvæmt till. en hafa ekki þegar notið fullra starfsaldurshækkana.

Í aðalkjarasamningi ríkisins og BSRB eru nú ákvæði um starfsaldurshækkanir á þann veg að til fulls starfsaldurs teljist sá tími sem starfsmaður hefur tekið laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna og unnið hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum sem styrktar eru af almannafé. Það er einnig ljóst af samningnum að ráðist húsmóðir án starfsreynslu til starfa hjá hinu opinbera tekur það hana fimm ár að ná 3. launaþrepi þess launaflokks sem hún tekur laun samkvæmt nema hún sé 32 ára eða eldri þegar hún hefur störf hjá hinu opinbera. Till. miðar að því að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að hið opinbera meti jafngilda starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf og þá reynslu sem störf á vegum hins opinbera veita til starfsaldurshækkana. Í till. er því gert ráð fyrir að hið opinbera viðurkenni starfsreynslu við heimilisstörf án tillits til eðlis þess starfs sem unnið er hjá hinu opinbera. Það skal einnig tekið fram að starfsmaður telst hafa heimilisstörf sem aðalstarf á meðan hún eða hann gegnir ekki hálfu starfi eða meira úti á vinnumarkaðnum.

Í heimilisstörfum felst margvísleg reynsla sem ekki nýtist síður við launuð störf en almenn reynsla fengin á *vinnumarkaðnum. Má þar nefna þætti eins og frumkvæði,* sjálfstæði, ábyrgð og meðferð fjármuna, en það eru þeir þættir í launuðum störfum sem einna hæst eru metnir til launa á vinnumarkaðnum. Í annan stað sæta þeir, sem inna af hendi ólaunuð heimilisstörf, stórlega skertum ævitekjum miðað við þá sem geta óhindrað gegnt launuðum störfum alla starfsævi sína. Í þessu er m.a. fólgin efnahagsleg mismunun kynjanna, en í langflestum tilvikum eru ólaunuð heimilisstörf unnin af konum. Það kemur þó vitaskuld ekki í veg fyrir að karlar, sem sinna ólaunuðum heimilisstörfum sem aðalstarfi, njóti þeirra réttinda sem till. kveður á um.

Ekki liggja fyrir neinar tölur sem sýna fram á hversu þjóðhagslega mikilvæg heimilisstörf eru. Fæstum blandast þó hugur um að heimilisstörf eru ekki síður mikilvæg en önnur störf sem unnin eru í þjóðfélaginu. Till. telst því réttlætismál og gefur tilefni til að sýna í verki, þó í litlu sé, að ríkið meti í raun einhvers þjóðhagslegt mikilvægi ólaunaðs vinnuframlags kvenna."

Hér lýkur grg. með till.

Virðulegi forseti. Kjaramál opinberra starfsmanna hafa verið ofarlega á baugi á s.l. ári og munu sennilega verða það á næstunni þar sem samningar þeirra eru lausir um áramótin. En í þeim samningum sem BSRB og ríkið gerðu á árinu hefur því miður engin leiðrétting náðst á því kynbundna launamisrétti sem viðgengst í þessum hópi launafólks rétt eins og annars staðar á vinnumarkaðnum.

Ef við skoðum aðeins skiptingu kvenna og karla í launaflokka hjá hinu opinbera voru í janúar 1983 rúmlega 2400 konur og rúmlega 1500 karlar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Þar af voru um 90% kvennanna í 15. launaflokki eða þar fyrir neðan á meðan u.þ.b. 45% karlanna voru í þessum launaflokkum eða þar fyrir neðan. Þessar tölur eru framreiknaðar miðað við heil stöðugildi. Í janúar 1984 voru 1451 kona og 845 karlar í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, þar af voru 1227 konur eða 84% þeirra í 16. launaflokki eða neðar á meðan 488 karlar eða 57% þeirra voru í þessum launaflokkum. Konurnar eru sem sagt í miklum meiri hluta í lægstu launaflokkunum og er þessi kynbundna skipting í launaflokka vísast ekki eðlileg miðað við vinnuframlag, starfsreynslu og gildi starfa þeirra sem í hlut eiga.

En þótt skiptingin sé ekki eðlileg á hún sér skýringar. Ég vil hér aðeins nefna tvær meginskýringar þó fleiri megi tína til.

Í fyrsta lagi eru þau störf sem konurnar inna af hendi, svo sem fóstrustörf, matseld eða ræstingar svo dæmi séu tekin, metin til lægri launa að jafnaði en störf karlanna og því skipa konurnar lægri launaflokkana. Þetta er spurning um starfsmat og í þessu tilfelli sem svo mörgum öðrum er um að ræða vanmat á þeim störfum sem konurnar hafa með höndum. Á starfsendurmati er brýn nauðsyn, eins og oft hefur verið bent á, og sú þáltill. sem ég er hér að mæla fyrir tekur til starfsendurmats að því leytinu til að í henni er lagt til að heimilisstörf verði metin sem störf og að þeir sem þau inna af hendi fái þau metin sem starfsreynslu ef viðkomandi ræður sig til starfa hjá hinu opinbera.

Önnur meginskýring þess að konur skipa í miklum meiri hluta lægstu launaflokka hjá hinu opinbera jafnt sem annars staðar er sú að starfsævi kvenna úti á vinnumarkaðnum er að jafnaði styttri en karla þar sem þær eru venjulega bundnar börnum og heimilishaldi einhvern hluta ævinnar og geta ekki sinnt störfum úti á vinnumarkaðnum í jafnmiklum mæli og karlar. Af þessu leiðir að starfsaldur þeirra á vinnumarkaðnum er styttri en karla og launin einnig því lægri þess vegna. Jafnframt þýðir þetta að konur geta síður beitt sér úti á vinnumarkaðnum og unnið sig upp í launum þótt hugur standi til.

Á þessum þætti málsins tekur sú þáltill., sem hér á ferðinni, beint þar sem í henni felst að sá tími ævinnar sem konur verja fyrst og fremst til heimilisstarfa nýtist þeim til starfaldurshækkana ef þær ráða sig til starfa hjá ríki og bæ að heimilisstarfatímanum liðnum. Starfsævi þeirra í heild er þá metin en ekki aðeins sá hluti hennar sem þær verja í launuðum störfum úti á vinnumarkaðnum.

Till. er því í rauninni tvíþætt. Annars vegar felur hún í sér að heimilisstörf séu metin eins og hvert annað starf, hins vegar að starfsævi þeirra sem um ræðir sé metin í heild en ekki aðeins hluti hennar eins og nú er.

Það skal tekið fram að þótt konur séu í miklum meiri hluta þeirra sem stunda heimilisstörf að aðalstarfi ná þau réttindi, sem till. kveður á um, vitaskuld einnig til þeirra karla sem það gera. Það skal einnig tekið fram að þó réttindi þau, sem till. kveður á um, nái aðeins til opinberra starfsmanna af þeirri einföldu ástæðu að ríkið er viðsemjandi þeirra en ekki annars launafólks, þá er það von flm. að samþykkt þessarar tillögu komi einnig til með að koma öðru launafólki til góða, að önnur samtök launafólks geti á grundvelli hennar samið um sambærileg réttindi sér til handa.

Þess ber einnig að geta að það fyrirkomulag við starfsmat sem till. kveður á um hefur sums staðar verið tekið upp að einhverju leyti. Það mun hafa verið gert hjá Akureyrarbæ á síðasta ári. Fyrir rúmu ári bókaði bæjarstjórn Akureyrar viljayfirlýsingu í þessa veru og mun hún hafa komið til framkvæmda á þessu ári. Í gildandi kjarasamningum Kópavogskaupstaðar og Starfsmannafélags Kópavogskaupstaðar er einnig ákvæði sem kveður á um að heimilisstörf skuli að hluta metin til starfsreynslu hjá Kópavogskaupstað. Og ég vil nefna þriðja dæmið. Það er sérkjarasamningur Starfsmannafélags ríkisstofnana sem var undirritaður 8. desember í fyrra. Þar var samþykkt að meta til starfsaldurs öll almenn störf, þ.m.t. heimilisstörf, þegar verið er að raða í launaflokka hjá þessu starfsmannafélagi, þ.e. Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

Á þessum stöðum, sem ég hef hér nefnt, er kominn vísir að þeirri tilhögun við starfsmat sem till. kveður á um, nema hvað þarna er alls staðar gengið skemmra í þá átt að meta heimilisstörf til starfsreynslu en gert er ráð fyrir í till. Fleiri dæmi um samningsákvæði í þessa veru eru fyrir hendi bæði hjá opinberum starfsmönnum og hjá öðru launafólki og því miður þessi þáltill. einnig að því að ákvæði þessi verði samræmd hvað opinbera starfsmenn varðar og færð til sanngjarnara horfs og að allir hópar opinberra starfsmanna njóti þessara réttinda en ekki aðeins sumir eins og nú er.

Virðulegi forseti. Fæstum blandast hugur um mikilvægi heimilis- og uppeldisstarfa og gildi þeirra fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og fyrir þjóðarbúið í heild. Hér er um störf að ræða sem sennilega verða seint að fullu metin til fjár eins og menn eru nú sem betur fer orðnir óþreyttir að benda á í seinni tíð þótt lítið hafi gengið eftir í þessum málum. Þessi till. kveður á um að meta skuli heimilisstörf til jafns við önnur störf, hver svo sem þau eru, og er þetta að mínu viti ekki annað en lágmarksmat á heimilisstörfum. Því má ekki heldur gleyma að heimavinnandi spara ríki og sveitarfélögum ótæpilega fjármuni á ári hverju og einnig þess vegna er það réttlætismál að þessir sömu aðilar meti þessi störf einhvers þegar heimavinnandi ráða sig til starfa hjá ríki og bæ. Að öllu samanlögðu er hér um réttlætismál að ræða, réttlæti í garð þeirra sem eru meðal þeirra réttindaminnstu í þessu þjóðfélagi, og samþykkt þessarar till. gefur tilefni til að sýna í verki, þótt í litlu sé, að hæstv. Alþingi metur í raun einhvers það vinnuframlag sem innt er af hendi launalaust inni á heimilum landsins.

Ég vil að lokum benda á að þessi till. var áður flutt á síðasta löggjafarþingi og nú er hún endurflutt. Í umræðunni um till. þá lýsti hæstv. félmrh. stuðningi sínum við efni hennar og taldi hana réttlætismál. Samt fór það svo að till. fékkst ekki afgreidd úr hv. allshn. fyrir þing-

lausnir, en þá voru liðnir fimm mánuðir síðan till. hafði verið vísað til þeirrar nefndar. Nú vil ég því skora á hv. allshn., sem fær þessa till. væntanlega til meðferðar, að endurtaka ekki vinnubrögðin frá í fyrra. Og ég vil minna á í leiðinni að í millitíðinni höfum við hér á hæstv. Alþingi samþykkt alþjóðasamning, hvorki meira né minna, um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Sú till. sem ég hef hér mælt fyrir er eitt skref í þá átt og ætti því að eiga greiða leið hér á hæstv. Alþingi ef Alþingi metur einhvers samþykktir sínar.

Ég vil að lokum gera tillögu um að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn. að lokinni fyrri umræðu um hana.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Efri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv. 73. mál (þskj. 80). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þann 20. maí 1983 skipaði fyrrv. samgrh. nefnd til að semja frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar. Í erindisbréfi nefndarinnar segir að hún skuli semja frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar með hliðsjón af gildandi alþjóðasamningum sem Ísland hefur staðfest og heyra undir ráðuneytið.

Í nefndina voru skipaðir Magnús Jóhannesson, núv. siglingamálastjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur í utanrrn., og Gunnar B. Guðmundsson, hafnarstjóri í Reykjavík. Með nefndinni starfaði sem ritari Gunnar H. Ágústsson, deildarverkfræðingur í Siglingamálastofnun ríkisins.

Nefndin skilaði fullbúnu frv. með athugasemdum og grg. s.l. vor. Tillögur hennar eru af minni hálfu lagðar óbreyttar fyrir Alþingi. Ég geri hins vegar ráð fyrir að frv., svo þýðingarmikið sem það er, og það mál sem það fjallar um hljóti vandaða meðferð í þd. og nefndum þingsins.

Samgrn. annast nú framkvæmd átta alþjóðasamninga sem varða varnir gegn mengun sjávar og Ísland hefur staðfest. Með sérstökum lögum hafa ákvæði sjö þessara alþjóðasamninga lagagildi hér á landi, en þeir eru:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969, sbr. lög nr. 76 frá 1966.

2. Alþjóðasamningur frá 15. febr. 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sbr. lög nr. 20 frá 1973. Þessi samningur er almennt kallaður Oslóarsamningurinn.

3. Alþjóðasamningur frá 29. des. 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það, sbr. lög nr. 53 frá 1973, en þessi samningur gengur undir heitinu Lundúnasamningurinn.

4. Samningur frá 4. júní 1974, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, eða Parísarsamningurinn, sbr. lög nr. 67 frá 1981.

5. Alþjóðasamningur frá 29. nóv. 1969, um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, sbr. lög nr. 14 frá 1979.

6. Alþjóðasamningur um einkaréttarábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sbr. lög nr. 14/1979.

7. Alþjóðasamningur frá 18. des. 1971, um stofnun alþjóðasjóðs til þess að bæta tjón af völdum olíumengunar, sbr. lög nr. 14/1979.

Við staðfestingu áttunda samningsins, en það er alþjóðasamningur frá 2. nóv. 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, öðru nafni MARPOL, sbr. lög nr. 14/1984, var ekki farin sú leið að lögleiða ákvæði samningsins heldur var samgrh. veitt heimild með lögum nr. 14/1984 til að setja reglur um framkvæmd hans. Reglugerð nr. 520 frá síðasta ári, um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, var síðan sett með stoð í þessum lögum.

Fjórir fyrstu alþjóðasamningarnir sem ég taldi hér upp, svo og MARPOL-samningurinn, miða að því að koma í veg fyrir mengun sjávar. Aðrir alþjóðasamningar, sem ég hef hér nefnt, snúa hins vegar að aðgerðum og skaðabótum vegna mengunar sem orðið hefur í sjó. Niðurstaða nefndarinnar, sem ég fyrir mitt leyti fellst á, var sú að eðli þessara samninga væri tvenns konar og ættu því ákvæði um þá ekki heima í einum lögum. Í þessu frv. er fjallað um fyrrnefndu samningana, en ég lít svo á að ekki sé ástæða til þess að svo stöddu að semja frv. vegna þeirra alþjóðasamninga sem fjalla um aðgerðir og skaðabætur vegna mengunar í sjó þótt það kynni hins vegar að koma til síðar.

Við samningu þessa frv. hafði nefndin m.a. hliðsjón af dönskum lögum um sama efni frá árinu 1980 þar sem tekin eru upp í einn lagabálk ákvæði ýmissa alþjóðasamninga eins og lagt er til með þessu frv. Auk þess aflaði nefndin upplýsinga um framkvæmd einstakra ákvæða samninganna í öðrum löndum.

Verði þetta frv. að lögum kemur það í stað fimm laga sem ég taldi hér upp áðan og fjalla um viðkomandi alþjóðasamninga. Frv. sjálft er í 35 greinum auk tveggja stuttra fskj. og skiptist í 13 kafla.

Ég sé ekki ástæðu hér til að fjalla um einstakar greinar frv., enda er það ítarlega gert í athugasemdum, en ég tel þó rétt að fara örfáum orðum um helstu kafla þess.

Í I. kafla er fjallað um tilgang, gildissvið og skilgreiningar hugtaka. Ákvæðin um markmið og gildissvið eru hér samhljóða samsvarandi ákvæðum í alþjóðasamningum þeim sem um er að ræða og skilgreiningar hugtaka eru að miklu leyti teknar úr alþjóðasamningum.

Í II. kafla frv. er fjallað um losun í sjó, þ.e. losun efna og úrgangs sem verður til við rekstur. Undir þennan kafla fellur því í reynd allur úrgangur frá skipum og landstöðvum sem leiðir af eðlilegri starfrækslu. Frá skipum mætti nefna sem dæmi olíumengað vatn úr austri vélarrúma eða olíuúrgang og olíumengað vatn úr farmgeymum olíuskipa eða úr eldsneytisgeymum skipa, skolp eða sorp af öllu tagi frá skipum, svo og ónýtar umbúðir farms sem orðið hafa eftir við losun úr skipun. Losun frá landstöðvum tekur m.a. til alls frárennslis landstöðva til sjávar.

III. kafli frv. fjallar um móttökuaðstöðu fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang og er stuðst við alþjóðasamninga í því efni. Nauðsynlegt er að tryggja þeim aðilum sem takmarka verða losun úrgangs í sjóinn möguleika til losunar í land jafnframt því að tryggja að eyðing eða endurnýting úrgangs valdi ekki eftir sem áður mengun sjávar.

Það er öllum augljóst að æskilegt er að móttaka og eyðing séu ekki í margra höndum. Í þessum kafla er því fjallað sérstaklega um móttöku á olíuúrgangi frá skipum og landstöðvum og sorpi frá skipum. Lagt er til að móttaka og eyðing olíuúrgangs verði í höndum þeirra er annast dreifingu og sölu olíu, en hafnaryfirvöld sjái hins vegar um móttöku sorps.

Í IV. kafla frv., þ.e. 13. gr., er byggt á ákvæðum alþjóðasamninganna tveggja er fjalla um varp efna í hafið. Meginreglan er sú að varp efna eða hluta þeirra í hafið er óheimilt án sérstaks leyfis stjórnvalda. Hafið er verndað gegn mengun með því að athuga sérstaklega hvert tilvik, sem sótt er um heimild fyrir, og meta jafnframt væntanleg áhrif varpsins, svo sem eitrunaráhrif á lífkerfi hafsins, þrávirkni og lífkeðjusöfnun.

Í V. kafla frv., þ.e. 14. gr., er fjallað um varnir gegn mengun sjávar sökum brennslu úrgangsefna á hafi úti, en þessi aðferð hefur töluvert verið notuð á síðari árum til förgunar á hættulegum úrgangi sem erfitt og kostnaðarsamt hefur verið að farga í landi. Skv. alþjóðasamningum um varnir gegn mengun sjávar, sem taka til varps efna í hafið, er samningsaðilum skylt að setja reglur um brennslu úrgangsefna á hafi úti, en þessar reglur eiga að tryggja að brennslan skaði ekki lífríki hafsins.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að samgrh. geti stöðvað hverja þá starfsemi sem sýnt er að valdi alvarlegri mengun sjávar af öðrum orsökum en þeim sem fjallað er um í 4.—14. gr. frv. En í þeim er fjallað um alla helstu þætti mengunar frá þeirri starfsemi sem lögunum er ætlað að ná til og alþjóðasamningarnir fjalla um. Það er þó ekki óhugsandi að þessi starfsemi geti valdið mengun af öðrum toga en þeim sem frv. tekur til og því eru hér sett ákvæði um það.

Í VI. kafla er fjallað um ábyrgð þeirra er valda mengun á sjó, en meginreglan er hér sú að meginvaldur sé ábyrgur fyrir öllu því tjóni er mengunin veldur, þar með talinn allur sá kostnaður sem verður vegna aðgerða sem framkvæmdar eru til að forða menguninni. Þó er gert frávik frá þessari meginreglu ef um er að ræða mengun frá skipum og er ábyrgð mengunarvalds þá miðuð við alþjóðleg ákvæði.

Viðbúnaður vegna mengunaróhappa er heiti á VII. kafla og er í honum fjallað um skipulag og aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á sjó. Mjög hefur skort á að skipulega væri unnið að því að tryggja skjót viðbrögð við mengunaróhöppum. Í alþjóðasamningum þeim sem frv. miðast við eru ekki sérstök ákvæði er fjalla um þennan hátt mengunarvarna sem þó er nauðsynlegur ef tryggja á megintilgang frv. Í reglugerð nr. 8 frá 1971, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem samgrh. gaf út með stoð í lögum nr. 77 frá 1966, er m.a. fjallað um þennan þátt og þar segir:

„Siglingamálastjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara og skal hann hafa samráð við olíufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýraverndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til."

Í samræmi við þetta ákvæði hefur Siglingamálastofnun kynnt hugmyndir að heildarskipulagi um hreinsun olíu úr sjó þegar slys eða óhöpp verða og jafnframt haldið námskeið fyrir starfsmenn hafna, olíufélaga og aðra. Hér er m.a. lagt til að sveitarstjórnir sjái um hreinsunaraðgerðir vegna mengunar á hafnarsvæði því sem undir þær heyrir, en að Siglingamálastofnun hafi yfirumsjón með hreinsunaraðgerðum vegna mengunaróhappa utan hafnarsvæðis, m.a. í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Hafnamálastofnun ríkisins. Einnig er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir skipuleggi viðbúnað, komi upp búnaði og þjálfi lið til hreinsunar olíu úr sjó í samráði við Siglingamálastofnun sem skal leitast við að samræma búnað einstakra sveitarfélaga með hagkvæm samnot í huga. Hér er rétt að taka fram að í hafnalögum, sem samþykkt voru á síðasta ári, er það nýmæli lögfest að stofnkostnaður mengunarvarna hafna er talinn meðal þeirra framkvæmda sem styrkhæfar eru að 75% úr ríkissjóði.

Í VIII.—X. kafla frv. er fjallað um tilkynningarskyldu, íhlutun, framkvæmd og eftirlit og í XI. kafla um mælingar á mengunarefnum í sjó. Varðandi ákvæði í síðast talda kaflanum um að samgrh. skuli láta fara fram reglulegar rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í sjó, í sjávarlífverum og á hafsbotni, þá vil ég sérstaklega taka fram að sú er ætlunin um þetta ákvæði, ef samþykkt verður, að Hafrannsóknastofnunin hafi þessar mælingar á hendi.

XII. kafli frv. fjallar um viðurlög og málsmeðferð og eru þau ákvæði bæði ítarleg og ströng, enda oft miklir hagsmunir í húfi.

Við samningu þessa kafla leitaði nefndin sérstaklega eftir áliti prófessors í refsirétti við Háskólann á efni hans svo og álits lögfræðinga úr dómsmrn. og samgrn.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég vil fyrst fagna því að hæstv. ráðh. hefur séð aumur á okkur og látið okkur hafa nokkuð að starfa hér í deildinni.

Því er ekki að neita að mér hefur oft fundist gálauslega farið með ýmiss konar úrgang sem fleygt er í sjó. Gamla máltækið „lengi tekur sjórinn við" hefur fyrir löngu breyst í þátíð, lengi tók sjórinn við.

Ég get sagt frá því að ég hef lengi haft áhuga á því að ýmis úrgangur, sem til fellur við fiskveiðar, komi í land. Mér sýnist að með þessum lögum sé að nokkru leyti gert ráð fyrir því. Í 5. gr. er „lýsi" skilgreint sem allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum og enn fremur að losun lýsis í sjó sé óheimil. Með þessu hlýtur að vera átt við slóg úr fiski því að skv. skilgreiningunni er það að sjálfsögðu feitmeti sem kemur úr sjávarlífverum.

Enn fremur er í 7. gr. frv. talað um „sorp" sem m.a. óvinnsluhæfan rekstrarúrgang. Nú er það svo að þau skip sem einkum hafa rutt sér hér til rúms á síðasta ári og eru greinilega í mestum metum nú eru svokölluð frystiskip og rekstrarúrgangur þeirra er fyrst og fremst fiskbein og fiskúrgangur. Skv. þessari grein sýnist mér að með því móti sé óheimil losun þess úrgangs í sjóinn.

En hvað um það. Ég býst við að þetta geti allt verið

til bóta, en vissulega hlýtur þarna að koma til einhver aðlögunartími til breytinga skipa.

Það sem mér sýnist einna helst varhugavert við þetta frv., ef svo má segja, er að það gæti að mínum dómi orðið afskaplega dýrt eftirlit sem framkvæmd frv. fylgdi. Ég þekki það að ýmsar þær mælingar, sem framkvæma á og Hafrannsóknastofnun getur alls ekki framkvæmt eins og hún er í stakk búin nú, eru mjög dýrar. Mér sýnist að verið gæti að þarna kæmi upp enn ein eftirlitsstofnun sem yrði alldýr. Ég vildi inna hæstv. ráðh. eftir því hvort eitthvað hefur verið hugað að því hvaða kostnað fyrir ríkið og þá jafnframt væntanlega fyrir atvinnurekstur væri þarna um að ræða.

Það er sjálfsagt ekki vanþörf á að samræma og fella í einn lagaramma ýmis þau lög sem um þessi efni hafa gilt, eins og hæstv. ráðh. gat um. Hins vegar er það oft svo að aðild okkar að ýmsum samþykktum á tæpast við í okkar litla þjóðfélagi. Það er eins og við séum stundum að gera ráð fyrir að úrgangur sem til fellur í sjó við okkar eyland sé svipaður eins og hér byggju álíka margar milljónir og við erum þúsund.

Ég vil taka sérstaklega undir það hjá hæstv. ráðh. að mér finnst að þetta þurfi að fá góða skoðun í nefnd og umsagnir verði að berast, ekki síst frá þeim atvinnurekstri sem þessi lög hljóta að snerta. Ég er viss um að samgn. þessarar deildar sér svo um eins og hennar er von og vísa.

Eitt lítið atriði enn. Ég hnaut um skilgreiningu á orðinu „varp". Varp er sjálfsagt það gott orð að nota megi það um ýmislegt fleira en æðarvarp og varp annarra fugla (**Gripið fram í:** Kúluvarp.) og kúluvarp eins og hv. þm. bendir á, en varp er þarna notað nokkuð frjálslega og er mér nokkuð framandi ný merking þess, a.m.k. að sinni.

Ég vildi að þetta kæmi fram þar sem ég á ekki sæti í þeirri hv. nefnd sem um þetta mun fjalla.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli komið hérna fram því að það er ýmislegt í því sem er til mikilla bóta, en það er einnig ýmislegt sem þarf að athuga betur og getur orðið til verulegs kostnaðarauka og verið illframkvæmanlegt nema með verulegum kostnaði. Í þeim efnum viljum við fara mjög gætilega, eyða ekki meira en brýn þörf er á.

Ég held að það hafi verið misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni, Birni Dagbjartssyni, að það stafi einhver sérstök hætta af frystitogurum í þessu efni, en ég veit um áhuga hans á því að koma með alla afurð fiskjarins að landi í einhverju formi. Það yrði þá gert á þann veg að því yrði dælt í land ef búið væri að gera það að meltu. Ég hef aftur á móti miklu meiri áhyggjur af því hvernig við förum að því að framkvæma þetta hvað snertir t.d. netabáta sem koma með óslægðan afla að landi. Þar er mjög algengt að misjafnlega mikið blóðvatn kemur út í lensingu, svo að ég noti sjómannamálið, og það vill fylgja lifur og annað sem hlýtur að mynda feiti í höfnunum. Þetta sér maður í stórum netalögnum. Á sama hátt er þetta mikið vandamál með t.d. löndun loðnu, hvort heldur er landað með sjódælingu eða þurrdælingu. Því sem kemur upp til verksmiðjanna, á bryggjurnar eða í löndunartæki er hægt að halda alveg frá, en verra er með það sem skipin þurfa að losna við sjálf, þ.e. í lensingu, því að undir þann leka er ekki hægt að setja nema með miklum tilkostnaði. Það er að vísu fyrir hendi tæki til að skilja smurolíu frá lensivatni úr vélarrúmi og öðru, en ekki neinar skiljur, nema með miklum kostnaði, eða skilvindur sem tækju allt. Þarna yrði verulegur kostnaður við að halda höfnunum algerlega hreinum.

Þetta vildi ég benda á þannig að við stígum ekki þetta skref án þess að skoða málið betur. Málið fer til nefndar sem ég á sæti í, en það er sama. Ég vildi benda strax á að þarna er víðáttumikið mál á ferðinni, ef svo má segja, sem þarf að huga vel að.

Ég er síður en svo að mæla bót því ástandi sem er víða í höfnum landsins. Því er mjög ábótavant. Ég fagna því ákvæði sem leggur þá kvöð á hafnarstjórnir eða bæjaryfirvöld að byggja upp aðstöðu fyrir flotann í höfnunum til að geta losað sig við ýmsan úrgang sem liggur iðulega í drasli og fer í sjóinn meira af en þyrfti að vera, hreinlega vegna þess að það er ekki aðgengileg aðstaða til að losna við drasl frá bátum eða skipum, sem bæði eru í viðgerðum og ýmsu öðru, sem þeir þurfa að koma frá. Þess vegna fagna ég því og tek undir það, sem ráðherra sagði, að hafnarsjóðir ættu að fá 75% styrk til slíkra framkvæmda eða uppbyggingar á slíkri aðstöðu og það þyrfti að benda hafnaryfirvöldum mjög rækilega á það. Þá held ég að kæmi fyrr skriður á þessi mál og menn færu að gera betur í þessum efnum en er nú. Við sjáum allt of víða að ýmsum efnum er lætt í sjóinn vegna þess að menn láta undir höfuð leggjast að nota bíla til að koma úrgangi í burtu. Nær væri að hafnaryfirvöld á hverjum stað gætu bent þeim hiklaust á ákveðna staði sem lægju það nærri að það væri engum ofverk að gera slíkt.

Ég er heldur ekki enn þá búinn að átta mig á orðinu „varp". Það er áreiðanlega mjög íslenskt en það verður óþjált í meðferð þegar menn fara að ræða um að varpa einhverju þarna fram og aftur.

Ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Það er hægt að takast á við ýmis innri vandamál hjá höfnunum og koma upp aðstöðu til að hafa það snyrtilegra og betra. Hins vegar sé ég fram á ýmsa erfiðleika í þessu máli sem verður nokkuð dýrt í framkvæmd.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Það er út af þeim orðum sem hér hafa fallið. Eins og ég tók fram vænti ég þess að þetta frv. fái vandlega meðferð í þeirri nefnd sem því verður vísað til og ég þekki af nokkurri reynslu að er mjög vandvirk og vinnur störf sín af mikilli kostgæfni.

Hins vegar vil ég benda á að þetta frv. er fyrst og fremst um framkvæmd alþjóðasamninga sem við höfum gerst aðilar að. Því fylgja skyldur að gerast aðilar að alþjóðasamningum. Þær skyldur verða alltaf tiltölulega dýrari fyrir smærri þjóðir en stærri. Hins vegar tek ég alveg undir þau orð hv. 5. þm. Norðurl. e. að við verðum að gæta þess að gera ekki eftirlitið að bákni. Þess vegna eru mörg ákvæði í þessu frv. með þeim hætti að eftirlitið er sett á margar hendur þannig að reynt er að samræma þessi eftirlitsstörf. Eftirlitið fer vitaskuld eftir því hversu miklu fjármagni er varið til eftirlitsstarfa. Það fer líka eftir því hvort það ráðuneyti, sem á að sjá um framkvæmd laganna, reynir að stuðla að því að samræma þessi störf og fara ekki fram á of mikið.

Varðandi það sem segir í 5. gr., að lýsi merki „allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlíf-

verum", held ég að það væri fulldjörf túlkun á þessu ákvæði að með því væri bannað að kasta öllum fiskúrgangi í sjóinn. Það mál þarfnast frekari undirbúnings og það mál þarf líka að leysa í samvinnu við viðkomandi fagráðuneyti sem er sjútvrn. og ég vil ekki túlka á þann veg með þessu frv.

Þeir sem eru meðlimir í Æðarræktarfélaginu og einhverjum slíkum félögum líta kannske nokkuð öðrum augum á orðið „varp" en við hinir sem höfum víða komið við. En mér er það ekkert heilagt. Ef mönnum finnst varpið vera heldur óþjált í meðferð geta þeir í nefndinni eða aðrir orðhagir menn valið sér einhver önnur orð eins og „fleygja", „kasta" eða „losa". Þau koma öll til greina og jafnvel mun fleiri, mér detta þessi orð bara í hug í bili. En þetta er aukaatriði þó að mér falli vel við þetta orð. En það er eins og ég segi, menn eru misjafnlega hændir að fuglinum og vilja því ekki einangra hann sérstaklega við það. Út af fyrir sig hefur hver og einn rétt á að hafa þá skoðun.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri en endurtek það að ég vona að nefndin, sem fær málið til meðferðar, vinni vel að þessu máli því að nauðsynlegt er að samræma þessa löggjöf með þessum hætti, sérstaklega í framhaldi af þeim alþjóðaskuldbindingum sem við höfum áður tekið á okkur og líka vegna stóraukinnar hættu bæði í höfnum og á hafi úti af völdum mengunar. Þá heyrist í flestum þegar eitthvert slíkt slys á sér stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgn. með 17 shlj. atkv.

Umferðarlög, stjfrv. 75. mál (þskj. 82). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. til umferðarlaga. Frv. þetta, sem er mikið að vöxtum, var lagt fram á síðasta þingi. Var því vísað til hv. allshn. en kom ekki til frekari umræðu í þinginu.

Frv., sem samið var af umferðarlaganefnd, er nú lagt fram efnislega óbreytt. Það felur í sér heildarendurskoðun á umferðarlögum sem eru að stofni til frá árinu 1958 þegar hér voru fyrst sett heildarlög um umferð. Á þeim hafa verið gerðar ýmsar breytingar á undangengnum árum, þær veigamestu í tengslum við lögleiðingu hægri umferðar árið 1968.

Við samningu frv. var höfð hliðsjón af breytingum sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á umferðarlögum og umferðarreglum annars staðar á Norðurlöndum, en þær breytingar voru gerðar á grundvelli tillagna samnorrænnar nefndar um umferðarmál og byggðust á alþjóðlegu samstarfi um umferðarmál, m.a. alþjóðasamningi um umferð er gerður var í Vínarborg 1968. Ef frv. þetta verður samþykkt mun Ísland geta gerst aðili að þeim samningi.

Við samningu frv. var og höfð hliðsjón af hérlendum aðstæðum og leitaði nefndin sem samdi frv. eftir ábendingum og óskum frá fjölmörgum aðilum sem láta sig umferðarmál og umferðaröryggi varða.

Í framsögu með frv. þessu á síðasta þingi gerði ég ítarlega grein fyrir efni frv. og einstakra kafla þess. Tel ég ekki rétt að fara nánar út í þau atriði hér og vísa til fyrri framsögu og athugasemda með frv., en það felur í sér fjölmargar breytingar og nýmæli borið saman við gildandi lög. Eru helstu breytingar taldar 47 svo sem greint er á bls. 32 og 33 í frv.

Eins og ég gat um í upphafi er frv. þetta mikið að vöxtum. Það ber með sér að það þarf að skoða gaumgæfilega og vænti ég þess að það muni þingnefnd gera. Frv. var á síðasta vetri sent ýmsum aðilum til umsagnar og bárust allshn. margar athugasemdir sem augljóslega þarf að kanna vandlega. Það varð niðurstaðan að flytja frv. efnislega óbreytt frá síðasta þingi. Ljóst er að margar athugasemdanna eru þess eðlis að þær hefði mátt taka til greina, en aðrar eru þannig að rétt er að kanna þær nánar í þingnefnd. Varð því að ráði að leggja frv. fram óbreytt.

Ég treysti nefndinni til að kynna sér efni frv. og umsagna vel og leita samráðs sérfróðra manna um meðferð þess. En jafnframt vil ég beina þeirri eindregnu ósk til nefndarinnar, sem fær þetta til meðferðar, að hefja þá vinnu nú þegar þannig að nægur tími gefist til að vinna nefndarstörfin.

Rétt er að taka fram að frv. gerir ráð fyrir gildistöku 1. júní 1986. Er það sami tími og tilgreindur var í fyrra frv. en ætla verður að nauðsyn beri til að breyta því ákvæði, enda verður að ætla tíma til að ganga frá ýmsum reglugerðum sem setja á skv. frv. og einnig til að undirbúa kynningu á hinum nýju umferðarreglum og öðrum nýmælum. En þetta dagsetningarákvæði mun koma betur í ljós þegar nefndin hefur hafið sín störf og það sést fyrir endann á þeirri vinnu.

Hæstv. forseti. Umferð og umferðarmál eru okkar öllum vaxandi áhyggjuefni. Nær daglega berast okkur til eyrna fregnir af umferðarslysum þar sem einhver hefur slasast. Á þriðja tug láta lífið að jafnaði ár hvert og eignatjón er gífurlegt. Nauðsyn ber til að vinna gegn þessari þróun og bæta umferðina og auka umferðaröryggið. Einn liður í þeirri viðleitni eru skýrar umferðarreglur sem fylgt er eftir. Að því er þessu frv. ætlað að stuðla.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta frv. til umferðarlaga til meðferðar og því er ekki ástæða til að fjalla um það nú í smáatriðum. Ég get þó ekki látið hjá líða að koma inn í þessa umræðu við þetta tækifæri þó að það verði e.t.v. að einhverju leyti almennt um umferðarmálin.

Ég fagna því heils hugar að frv. kemur nú svo snemma fram, enda varla ástæða til að draga framlagningu þess þar sem hér er um að ræða endurflutning sama frv. frá því í febrúar s.l. eins og reyndar kom fram í máli hæstv. ráðh.

Ég tek undir það og legg áherslu á þýðingu þess að málið verði afgreitt á þessu þingi. Væntanlega flýtir það fyrir að frv. var sent til umsagnar í febrúar s.l. og vonandi eru allar þær umsagnir handbærar. Fram kom í máli hæstv. ráðh. að e.t.v. hefði verið ástæða til að breyta einhverju í frv. vegna þeirra ábendinga sem þar hefðu komið fram en ákveðið var að gera slíkt ekki. Ég skal ekki leggja dóm á það en nefndin kemur væntanlega til með að skoða allar þessar umsagnir rækilega og fara ofan í þau atriði sem þar er bent á.

Ég hef raunar ekki áhyggjur af því að þetta mál komist ekki í gegnum þessa hv. deild. Ég óttast fremur

að það verði erfiðara í hv. Nd. Sú er a.m.k. reynslan undanfarin þing að frumvörp, sem hafa verið flutt hér í hv. Ed. um úrbætur á umferðarlögunum og hafa a.m.k. tvisvar, ef ekki oftar, verið afgreidd úr Ed. til Nd., hafa ýmist verið svæfð þar — er ég þá með í huga ljósafrv. svonefnda og þarf víst ekki að tíunda það fyrir hv. þdm. hvað þar er átt við, svo ítarlega höfum við rætt það frv. hér í þessari hv. deild, enda samþykkt samhljóða í deildinni á síðasta þingi — eða felld eins og fór fyrir frv. um sektarákvæðin varðandi vanrækslu á notkun bílbelta, en það var, eins og menn væntanlega muna, fellt á jöfnum atkvæðum í Nd. á s.l. vori. Þess verður að vænta að það takist að afgreiða þetta frv. farsællega á þessu þingi og það ber vissulega að vinna ötullega að því.

Ég vil nefna nokkur atriði sem ég tel að verði að flytja brtt. við og vænti samvinnu í allshn. um það. Það er m.a. varðandi ljósatímann. Í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir að hann verði lögleiddur allan sólarhringinn frá 1. okt. til 1. apríl, þá verði sá tími miðaður við 1. sept. til 1. maí. Eru þá höfð í huga þau yfir 40 þús. börn sem hefja skólagöngu 1. sept. á haustin. En þetta er samhljóða frv. sem við samþykktum hér í Ed. á s.l. þingi og sofnaði í allshn. Nd. eins og ég nefndi áðan. Í því frv. var einnig ákvæðið um skyldu ökumanna gagnvart skólabifreiðum sem við höfum rætt hér. Fer ég ekki frekar út í þá sálma því að þetta ákvæði er góðu heilli í þessu frv.

Það eru mörg atriði frv. sem mætti nefna og eru til bóta, svo sem vernd barna og fatlaðra í umferðinni. Í heildina er ástæða til að fagna því að sérstök áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir með þessu frv. Ég bendi þó aftur á eitt atriði sem vantar, þ.e. lögbinding hvíta stafsins sem blindir leggja mikla áherslu á. Það er að vísu reglugerðarákvæði sem var sett af Auði Auðuns páv. dómsmrh., en það vantar að lögleiða þetta atriði.

Þá vil ég nefna sérstaka slysarannsóknarnefnd sem hafi það hlutverk að rannsaka orsakir alvarlegra slysa í umferðinni á svipuðum grundvelli og rannsóknarnefndir flug- og sjóslysa. Þá þarf einnig að athuga nánar skipan Umferðarráðs.

Ég vænti þess að það verði góð samstaða — enda á ég ekki von á öðru — í allshn. um að flytja brtt. við frv. um þessi tilteknu atriði sem ég hef nefnt og sjálfsagt eiga þau eftir að verða fleiri áður en upp er staðið. En meginmálið er að frv. til umferðarlaga, sem samþykkt verður, verði vel aðgengilegt almenningi og einnig að vel verði staðið að því að kynna það almenningi áður en það tekur gildi.

Ég tek undir það, sem hæstv. ráðh. nefndi, að gildistaka laganna, sem er miðuð við 1. júní n.k., er trúlega, eins og nú er komið, of skammur aðlögunartími, enda var miðað við að lögin hefðu verið afgreidd á seinasta þingi og þá hefði þetta verið eins árs aðlögunartími. Eins og hann nefndi réttilega þarf að setja ýmis atriði í reglugerð vegna breytinga á þessum lögum. Mig langar að skjóta hér örfáum atriðum inn í áheyrn hæstv. ráðh. varðandi það. Þá hef ég í huga ljósabúnað bifreiða. Það ætti að athuga gaumgæfilega hvort ekki væri nauðsynlegt að setja í reglugerð að allar bifreiðir, sem í fyrsta lagi verði fluttar til landsins eftirleiðis, verði þannig útbúnar að það kvikni á ljósunum um leið og bifreiðin er ræst og einnig að athuga hvort jafnvel ætti að gera átak í því að slíkum útbúnaði verði komið í allar bifreiðir. Mér skilst að ekki séu mikil vandkvæði á að gera það en auðvitað einhver kostnaður sem mætti þá athuga hvernig best væri að standa að svo að hann komi sem léttast niður á eigendum bifreiðanna.

Óhætt er að segja að mikið og gott starf hefur verið unnið af ýmsum í þjóðfélaginu til að vekja vegfarendur til umhugsunar um umferðarmálin. Þar skal fyrst nefna Umferðarráð sem hefur það hlutverk skv. lögum. Þar má minna á það góða starf sem unnið er með umferðarskólanum Ungir vegfarendur og einnig allt það fræðslustarf sem Umferðarráð hefur með höndum. Þá er vissulega ástæða til að nefna þá aðila sem best þekkja slysin og afleiðingar þeirra, umferðarlæknisfræðifélagið og landlækni í fararbroddi lækna varðandi þessi mál.

Umferðarráði er ætlað skv. lögum að sinna fræðslu- og áróðursstarfi, þ.e. fyrirbyggjandi starfi. Því miður virðast menn ekki gera sér nægilega ljóst eða viðurkenna þýðingu þessa forvarnarstarfs ef dæma má af því takmarkaða fjármagni sem Umferðarráði er skammtað á hverju ári. Það er fróðlegt að sjá það í skýrslu sem nú hefur verið dreift hér til þm. Á síðustu bls. hennar kemur fram í töflu hlutfall ríkisframlags til Umferðarráðs af tekjum ríkisins af bílum. Þegar best lét — það var á bilinu 1975—1976 — var þetta framlag 1,70 kr. af hverjum 1000 kr. af tekjum ríkisins af bílum en er nú komið niður í 1 kr. eða 1 promill. Það segir sig sjálft að það ætti að vera búið að stórauka þetta hlutfall ef Umferðarráð ætti að geta sinnt því starfi sem því er ætlað lögum samkvæmt.

Í þessu sambandi má kannske benda á að í fjárlagatillögum Umferðarráðs fyrir árið 1986 var farið fram á 10,9 millj. kr. en ég held að ég fari rétt með að því séu ætlaðar 5,7 millj. Af þessum 10,9 millj. voru 3 millj. ætlaðar vegna gildistöku laganna og þeirrar kynningarstarfsemi sem hefði þurft að fylgja í kjölfar lagasetningarinnar. Þetta ættu menn að hugleiða. Það er vanmetið hvaða þýðingu þetta hefur fyrir — ég vil leyfa mér að segja — íslenska þjóðarbúið. Fræðslu- og áróðursstarf þarf að vera markvisst og skipulagt og það þarf að vera skipulagt til langs tíma ef það á að bera árangur.

Umferðarvikan hér í Reykjavík á haustdögum var virðingarvert átak og til mikils sóma þeim sem að stóðu. En það kom greinilega í ljós að slík vika dugar skammt vegna þess að framhaldið vantar. Við Íslendingar þurfum að endurhæfa okkur frá grunni. Það þarf ekki hugarfarsbreytingu í sambandi við umferðarmálin. Það þarf hugarfarsbyltingu í þeim efnum.

Fram hefur komið í fjölmiðlum nú að undanförnu að yfir Íslendingum vofi nýr sjúkdómur sem menn óttast eins og svarta dauða. Áunnin ónæmistæring hefur þessi sjúkdómur verið nefndur og allir eru sammála um að allt skuli gert til að fyrirbyggja að sjúkdómurinn breiðist hér út og við getum vænst þess að einhverjir eigi eftir að deyja úr þessum sjúkdómi hér á landi á næstu árum. En varðandi umferðarslysin er æskufólkið stærsti áhættuhópurinn og við vitum að ef við tökum dæmi t.d. í skóla, þar sem eru 500 piltar og 500 stúlkur, má búast við að árlega slasist 20—25 af þessum 500 piltum og 10—12 stúlknanna, sum lífshættulega og mörg varanlega bækluð. Það er því ekkert hjóm að tala um þessi mál af alvöru. Við megum ekki missa þetta unga fólk, ekki heldur í umferðarslysum, því að umferðarslysin hér á landi eru ekkert annað en farsótt og það verður að bregðast við þeim samkvæmt því. Okkur

tókst að uppræta berklaveikina á sínum tíma með samstilltu átaki. Umferðarslysin eru e.t.v. sú áunna farsótt sem er auðveldast að uppræta með samstilltu átaki. Hér er ekki falin veira heldur er hún öllum augljós og verður upprætt með samstilltu átaki í aðgát og tillitssemi.

Ég hef sett niður á blað hvað við gætum sparað þjóðfélaginu með því að gera samstillt átak um fækkun umferðarslysa, ef við settum okkur ákveðið markmið, t.d. 10% á ári, með bættri umferðarmenningu og ýmsum fyrirbyggjandi aðgerðum. Það hefur verið upplýst að umferðarslysin kosti þjóðfélagið árlega a.m.k. 1,2 milljarða kr. Ef við lækkum þessa tölu um 10% á ári, við skulum segja í næstu sjö ár, mundi það vera fyrsta árið 120 millj. kr. sparnaður, næsta ár 228 o.s.frv. þangað til sjöunda árið væri það 725,9 millj. Við getum talað um að þessi sparnaður væri brúttó 2,8 milljarðar á 7 árum. Þennan sparnað gætum við keypt fyrir 315 millj. ef við notuðum svipaða upphæð og var notuð í fræðslustarfsemi þegar breytt var yfir í hægri umferðina, þ.e. 40 millj. á ári, það þýðir 315 millj. í þessi sjö ár. Þessar tölur miðast við verðlagið í dag. Ég tek það fram að þetta eru ekki vísindalegir útreikningar. En þetta er sett fram til að reyna að vekja menn til umhugsunar um þýðingu þess að þarna er bæði um að ræða peninga og svo þurfum við ekki síður að hugsa um þjáninguna og sorgina sem oft fylgir í kjölfar slysanna.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa þessi orð öllu fleiri við þessa umræðu. Ég gat ekki látið hjá líða að nota þetta tækifæri til að fjalla um þessi mál sem mér finnst stjórnvöld gefa allt of lítinn gaum og kannske við almennt í þessu litla þjóðfélagi okkar sem er svo fámennt og hver einstaklingur er okkur svo dýrmætur.

Helgi Seljan: Herra forseti. Á liðnu þingi, þegar þetta frv. var hér til 1. umr. og var lagt fram, sagði ég nokkur orð almennt um umferðarmálin. Ég ræddi þá um tillitsleysið og gáleysið í umferðinni, hversu allar reglur eru þar þverbrotnar, og þá hugarfarsbreytingu, sem hv. síðasti ræðumaður sagði að þyrfti reyndar að breyta yfir í hugarfarsbyltingu og ég get tekið undir, sem þar megnar ein úr að bæta.

Ég man líka að ég ræddi um ölvunaraksturinn alveg sér í lagi og þá gífurlegu hættu sem af því skapast, þau válegu slys af ýmsu tagi sem verða vegna þess að Bakkus hefur hönd á stýri. Ég skal ekki endurtaka neitt af þessu hér.

Ég get líka sparað mér ýmislegt af því sem ég hefði kannske viljað segja vegna þess að ég get í meginatriðum tekið undir mörg þau áhersluatriði sem hv. síðasti ræðumaður, forseti þessarar deildar, kom að. Ég lýsi því yfir enn og aftur að ég fagna þessu frv. sem heildstæðri tilraun til marghátttaðra úrbóta. Vissulega sáum við í allshn., sem sátum þar í fyrra og sitjum þar víst flest enn, við nánari lestur að mjög veigamikil atriði eru þarna til bóta.

Það vakti hins vegar athygli mína hversu margar og mismunandi umsagnir bárust, m.a. frá þeim sem gleggst ættu að vita. Ég tók með mér í ræðustól, ekki til þess að þylja þar upp úr, þann bunka sem nefndin fékk frá hinum ýmsu aðilum til að fara yfir og reyna að átta sig á hvað þeir aðilar hefðu til málanna að leggja. Ég nefni af handahófi aðila, sem gáfu umsagnir og gerðu verulegar athugasemdir um leið, eins og Ökukennarafélagið, sem kemur náttúrlega mjög inn í þessa mynd, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Landssamband lögreglumanna, Slysavarnafélag Íslands, Vinnueftirlit ríkisins, auk margra annarra.

Ég bendi á af handahófi einnig að frá Vinnueftirliti ríkisins fengum við býsna langt bréf og þar stóð m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. hefur verið tekið til ítarlegrar athugunar hjá Vinnueftirlitinu þar sem það hefur eftirlit með vinnuvélum og dráttarvélum við landbúnaðar- og verktakastörf [skv. lögum sem þar eru tilgreind]. Ekkert er fjallað um þessa starfsemi í núverandi umferðarlögum og ekki heldur í því frv. sem nú liggur fyrir."

Ég gæti nefnt einnig hinar einstöku athugasemdir, orðalagsbreytingar og annað því um líkt, en ætla ekki að fara að eyða tíma hv. deildar í það.

Ég viðurkenni að margt af því sem er í þessum — ja, næstum að segja doðröntum sem við fengum og ágætt er að hafa út af fyrir sig voru athugasemdir um orðalag, túlkunaratriði ýmiss konar eða óvissa um túlkun, en sumt af því snerti mjög þýðingarmikla þætti þessa viðamikla málaflokks.

Ég tók t.d. sérstaklega eftir því að Ökukennarafélagið lagði áherslu á að hæpið væri að vísa svo mjög til reglugerðarsetningar um ýmis atriði sem máli skiptu í stað þess að kveða skýrt og ótvírætt á um þau í lögunum. Með leyfi hæstv. forseta sagði í þessari umsögn Ökukennarafélags Íslands:

„Við yfirlestur frv. vaknar óneitanlega sú spurning hvort ekki sé of mikið um að áformað sé að setja atriði ákveðnari með reglugerðum og þar með að verið sé að færa löggjafarvald úr höndum Alþingis í hendur ráðherra og ráðuneytis. Eins þykir nokkuð bera á ónauðsynlegum orðalagsbreytingum frá núgildandi lögum og þær breytingar virðast jafnvel stundum aðeins gerðar breytinganna vegna."

Það væri að æra óstöðugan að rekja þessar umsagnir og athugasemdir hér, enda er það ekki ætlun mín. Ég ætla aðeins að vekja athygli á því að hér verður um mjög veigamikið nefndarstarf að ræða og skal ekki undan því kvartað út af fyrir sig. En ég tek undir það, sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, Salome Þorkelsdóttur, að lagabálkur af þessu tagi sé þess eðlis, sé það viðamikill að það sé útilokað annað en að nefndir beggja deilda vinni að nokkru saman að þessu máli ef það á að ganga eðlilegan gang í gegn jafnvel þó að það sé lagt fram svo snemma sem raun ber vitni.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun og get ekki neitað mér um hana að hin réttu viðbrögð ráðuneytisins hefðu átt að vera þau að leggja frv. fram nokkuð endurskoðað. Hæstv. ráðherra kom inn á það hér áðan að hann teldi að ýmsar þær ábendingar sem við fengum í umsögnum okkar væru réttlætanlegar og hefðu kannske verið til bóta. Þá hefði ég talið að það hefði verið rétt a.m.k. að taka þau atriði inn í sem nefndin sem samdi frv. og hæstv. ráðherra hefðu talið rétt því að ég trúi því ekki, og veit reyndar að svo er ekki, að þetta frv. þyki svo algott að dómi þeirra sem það sömdu og lögðu það fram í þessari mynd og lögðu greinilega á sig mikla vinnu í kringum það að a.m.k. hefði ekki mátt færa ákveðin atriði til betri vegar miðað við umsagnir þeirra aðila sem gleggst mega hér um véla.

Ég viðurkenni að auðvitað eru ágreiningsatriði næg og áhersluatriði misjöfn. En ég nefni aðeins að lokum sem dæmi að ég held réttmæta athugasemd frá land-

læknisembættinu varðandi 48. gr. Í bréfi til nefndarinnar sagði svo um 48. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Athygli mín hefur verið vakin á því að skv. 48. gr. frv. til umferðarlaga er gert ráð fyrir að taka blóðsýnis vegna gruns um ölvun við akstur geti farið fram „án atbeina læknis“ eins og segir í grg. Þá segir enn fremur í 48. gr.: „Dómsmrh. setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn.“ Ég vil benda á að ákvæði þessarar greinar, ef að lögum verða, brjóta að því er ég best fæ séð í bága við ákvæði læknalaga, hefðir og venjur sem skapast hafa um hvaða heilbrigðisstarfsmenn hafi leyfi til að taka blóð úr fólki. Ég tel því eðlilegra að orða síðustu mgr. 48. gr. þannig: Dómsmrh. setur, að höfðu samráði við heilbrigðisyfirvöld, nánari reglur um læknisrannsókn ökumanna og töku blóðsýna.“

Þetta er dæmi um atriði sem ég held að hefði verið eðlilegt og sjálfsagt að hefði verið tekið inn í endurskoðaða útgáfu frv. þó að ég viðurkenni að vitanlega getur nefndin tekið til þessa fullt tillit og unnið sig fram úr þessu.

En þetta er kannske einhver stysta athugasemdin sem við fengum því að margar eru þær langar, m.a. frá Umferðarráði upp á nokkuð margar síður, því ráði sem fjallar um þetta daglega og er að senda okkur sem erum í umferðinni aðvörunarorð á öldum ljósvakans og annars staðar.

Ég hefði sem sagt talið að það hefði verið að mörgu leyti heppilegra og betra til úrvinnslu fyrir nefndina og nefndarstarfið í heild að hér hefði farið fram nokkur athugun á, jafnvel þó að það hefði dregist um einn mánuð eða svo að þetta frv. yrði lagt fram. Það hefði verið heppilegra þó að ég sé ekki að skorast undan því að nefndin taki þetta viðamikla starf að sér.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um málið nú. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði í fyrra. Það er óþarfi. Ég fagna frv. sem slíku þar sem flest meginatriði eru til bóta, en ég held að við hefðum unnið þetta fljótar, betur og auðveldar að mörgu leyti ef ráðuneytið hefði verið búið að leggja í það ákveðna vinnu að fara yfir umsagnirnar og taka það réttmætasta til greina.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég get tekið undir ákaflega margt af því sem fram hefur komið hjá seinustu tveimur ræðumönnum og það er ekki bein ástæða til að setja á langar ræður um efnisinnihald þess langa lagabálks sem hér nú lagður fram öðru sinni eftir að hafa verið fimm ár í meðgöngu hjá endurskoðunarnefnd umferðarlaga. Ég verð satt að segja, eins og hér hefur verið gert úr þessum ræðustól á undan mér, að lýsa furðu minni á því að frv. skuli lagt fram gersamlega og algerlega óbreytt. Mér finnast það ekki góð vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins þegar fram eru komnar, eftir að málið var sent til umsagnar í fyrra, margvíslegar athugasemdir. Hv. þm. Helgi Seljan mundaði hér þykkan bunka, þverhandarþykkan bunka, af umsögnum. Mér finnast það vera slæleg vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins að fara ekki gegnum þessar umsagnir, mynda sér skoðun á því hverjar athugasemdir skuli taka til greina og hverjar ekki og leggja síðan málið fram í breyttri mynd.

Nú byrjar hv. allshn. þessarar deildar, sem málið fær til meðferðar, á því að lesa og skoða allar þessar umsagnir og það er eins víst, þó að einhverjar ábendinganna og margar kannske vilji hún taka til greina, að ráðuneytið fallist ekki á það og telji það rangt. Það hefði auðveldað þessi vinnubrögð, það hefði flýtt fyrir framgangi málsins ef ráðuneytið hefði, eins og hv. síðasti ræðumaður benti svo réttilega á, viðhaft þessi vinnubrögð. Mér finnst þetta satt að segja vera ámælisvert af hálfu ráðuneytisins og sýna raunar að það vill ekki taka neitt tillit til þeirra ábendinga sem fram eru komnar.

Sömuleiðis er rétt að árétta að ef hæstv. dómsmrh. vill að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi held ég að sé alveg nauðsynlegt að frá því verði gengið með einhverjum hætti að samvinnunefnd fjalli um þetta mál. Mér segir nefnilega svo hugur um að þetta mál muni verða lungann úr vetrinum í allshn. þessarar hv. deildar. Einnig hafa hv. neðrideildarmenn, eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir benti á áðan, ekki verið mjög fúsir að taka við og samþykkja breytingar á umferðarlögum sem komið hafa úr höndum okkar í Ed. Því tel ég engar líkur á því að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi ef ekki verður hafður sá hátturinn á að allshn. beggja deilda vinni með einhverjum hætti saman að athugun málsins. Ég held að það sé alveg ljóst og raunhæft mat að þá fer málið ekki fram á þessu þingi. Ég bið hæstv. ráðh. að taka það vel til íhugunar. Ég veit að það hefur stundum verið andstaða gegn því hjá nefndum Nd. að starfa í slíkum samvinnunefndum, ég hef rekið mig á það, en auðvitað, þegar um löggjöf eins og umferðarlög er að ræða, eru það einu skynsamlegu vinnubrögðin.

En herra forseti. Mig langar til að víkja stuttlega að örfáum atriðum í þessu frv. Ég held að þó að það horfi á ýmsan hátt til bóta og komi í staðinn fyrir ófullkomin og úrelt umferðarlög sem nú eru í gildi, eins og segir orðrétt í athugasemdum við þetta frv., sé frv. samt að ýmsu leyti gallað og þurfi verulegrar endurskoðunar við.

Í fyrsta lagi skal ég það til taka að mér finnst orðalag í þessu frv. klúðurslegt og sérviskulegt á mörgum stöðum og sums staðar kannske torskiljanlegt. Af handahófi vildi ég vitna í 36. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hraðinn má aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stjórnað því á þeim hluta vegar fram undan sem hann hefur útsýni yfir og áður en kemur að hindrun sem gera má ráð fyrir.“

Ég hélt nú að ökumaður ætti kannske fyrst og fremst að aka þannig að hann gæti stansað í tæka tíð ef hann kemur að hindrun sem ekki má gera ráð fyrir á veginum. Ef ég man rétt stendur í núgildandi umferðarlögum, ég man ekki nákvæmlega hvaða grein, að hraðann skuli miða við að ökumaður geti stöðvað ökutæki sitt á þriðjungi þeirrar vegalengdar sem auð er og hindrunarlaus fram undan. Þetta er a.m.k. öllu skiljanlegra orðalag en í frv. og þetta var kennt og skýrt mjög ítarlega á meiraprófsnámskeiðum hér, a.m.k. einu sinni. Í sömu grein segir, i-lið:

„Þegar ökutæki nálgast stóra fólksbifreið, sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, hvílir sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður.“

Mér finnst þetta vera eins og hvert annað rugl, að aka nægilega hægt! Það á þá að skylda menn til að aka varlega og með fyllstu gát og ekkert endilega þegar menn nálgast stóra fólksbifreið, sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, heldur þegar þeir

nálgast hvers konar bifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út. Það er fullt af meinlokum og mér liggur við að segja andkannalegum vitleysum í þessu.

Ég er þeirrar skoðunar að ákvæði þessa frv. um hraðatakmörk séu allt of íhaldssöm, 70 km á klukkustund utan þéttbýlis, þó 80 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi. Þetta á að hækka til þess að við séum í takt við þann veruleika sem er á íslenskum þjóðvegum í dag. Þetta vita allir. Það er ekki hraði aksturinn sem er orsök flestra umferðarslysa. Í þeirri skýrslu sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir vitnaði til áðan, sem þm. barst í dag, er skrá yfir umferðarslys árið 1984. Samtals eru um það bil 40% umferðarslysanna af tveimur ástæðum: Aðalbrautarréttur er ekki virtur, umferðarréttur er ekki virtur. Og ef við bætum við: of stutt bil milli bifreiða, þá förum við sjálfsagt langleiðina upp í 50%. Þetta er það sem í einu orði má kalla tillitsleysi í umferðinni, þ.e. gáleysi og tillitsleysi. Það er það sem er meginvandamálið í umferðinni, ekki það að menn aki of hratt þó að vissulega geti það verið slysavaldur og haft í för með sér hættur sem ekki ber að gera lítið úr.

Það var vikið hér sérstaklega að ákvæðum um ljós, ljósabúnað. Sú breyting sem hér er gert ráð fyrir er til bóta. En auðvitað ætti það að vera svo að bifreiðar séu búnar þannig að þær séu með ljósum alltaf. Það er hins vegar eitt sem ég sakna hér. Það eru engin ákvæði um það t.d. að mjög stórar bifreiðar skuli vera auðkenndar með sérstökum ljósum eins og alls staðar annars staðar er. Það gæti að vísu komið í reglugerð. Ökumaður sem er að aka úti á biksvörtum þjóðvegi í kolbrúnamyrkri og kannske í rigningu og með drulluslettur á ljósum og rúðum meira og minna hefur jafnaðarlega ekki hugmynd um hvort hann er í þann veginn að mæta venjulegum fólksbíl eða kannske 12—14 m löngum bíl með tengivagn. Þessum reglum þarf að breyta.

Ég ætlaði aðeins að minnast á örfá atriði eins og ég sagði áðan. Hér eru reglur um reiðhjól. Hér eru í 40. gr. ákvæði um hjólreiðamenn. Það stendur reyndar í 39. gr.: „Hjólreiðamenn skulu aka". Það er talað um að aka reiðhjóli. Ég hélt að á venjulegri íslensku héti það að hjóla. Það er a.m.k. gott og gilt orð, en ákaflega torkennilegt að tala um að aka reiðhjóli um götur og vegi. Þetta er sams konar málfýska og menn gátu heyrt í þættinum Um daginn og veginn á mánudagskvöldið þegar var verið að tala um þá sem framkvæma uppeldi. Það er álíka gáfulegt.

Hér er talað um t.d. að þeir sem eru á bifhjólum skuli nota hjálma. Það eru ákvæði um það hér. En það er ekkert sem skyldar ökumenn reiðhjóla til að vera með öryggishjálm. Ég held að það sé umhugsunarefni hvort ekki eigi að gera það. Komið hefur í ljós erlendis að varnarhjálmar af þessu tagi geta nánast komið í veg fyrir öll höfuðmeiðsl á hjólreiðamönnum. Þeir fara ekki hraðar en það að þessir hjálmar geta varið fólk gegn öllum höfuðmeiðslum. Þetta hefur orðið reynslan erlendis og ég held að þetta þurfi að íhuga.

Hér stendur að vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, megi flytja barn yngra en sjö ára á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið að því stafi eigi hætta af hjólteinum. Gott og vel. En ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það stundum í líkingu við það þegar maður sér haldið á börnum í framsæti bifreiðar þegar fólk er með smábörn í sérstöku sæti á reiðhjóli sem eru gersamlega óvarin. Ef hjólreiðamaðurinn verður fyrir einhverri truflun, missir jafnvægið og dettur er smábarnið í sætinu, aftan á hjólinu jafnaðarlega, gersamlega óvarið. Af þessu hafa orðið mörg slys og ég held að það sé fullkomin ástæða til að íhuga þetta.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessa upptalningu öllu lengri, en þó get ég ekki stillt mig um að minnast hér á 47. gr. umferðarlagafrv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla að hann muni brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. ber þeim að reyna að hindra brotið með því m.a. að gera lögreglunni viðvart [þ.e. að aka undir áhrifum víns]." Síðan segir: „Bannað er að selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað sem þarf til aksturs ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis. Skylt er bensínafgreiðslumönnum, ef þeir vita eða hafa ástæðu til að ætla að ökumaður muni brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., [þ.e. aka undir áhrifum áfengis] að reyna að hindra brotið með því m.a. að gera lögreglunni viðvart."

Ég verð að segja alveg eins og er: Af hverju eru þessar tvær starfsstéttir, veitingamaður eða þjónar hans og bensínafgreiðslumenn, tilgreindar hér sérstaklega? Hvað með ölvaðan ökumann sem kemur inn í söluturn til að kaupa sér þar tóbak eða eitthvað annað og starfsfólkið þar sér að hann er ölvaður? Á því ekki að bera sama skylda til að tilkynna slíkt? Ég verð að segja að mér finnst þetta fráleitt. Annaðhvort á þessi skylda að vera á öllum borgurum eða ekki. Og skv. almennri reglu er það auðvitað borgaraleg skylda manna að koma í veg fyrir afbrot. Þess vegna ætti það líka að vera borgaraleg skylda hvers manns, ef hann sér að ölvaður ökumaður ætlar að stíga upp í bíl, setjast undir stýri og stofna þannig ekki aðeins sínu eigin lífi heldur og lífi samborgaranna og eignum í verulega hættu, að koma í veg fyrir það. Hins vegar er spurning hvort á að binda það í umferðarlögum með þeim hætti sem hér er gert. Mér finnst það alveg fráleitt í hvívetna að taka þessar tvær starfsstéttir sérstaklega út úr, veitingamann eða þjóna hans eða bensínafgreiðslumenn. Þetta hlýtur að eiga við um alla landsins þegna. Hins vegar er spursmál hvort á að binda það í lögum með þessum hætti. Það er allt annað mál. Ég lít svo á að það sé borgaraleg skylda ef einhver maður veit að það á að fara að fremja lögbrot sem stofnar lífi samborgaranna óneitanlega í hættu.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessar athugasemdir miklu fleiri. Ég taldi nauðsynlegt að koma þessu hér að. Þetta mál mun fá ítarlega umfjöllun í nefnd, en ég legg áherslu á að ef það er vilji dómsmrh. að þetta mál nái fram á þessu þingi verður að sjá svo til að samvinnunefnd starfi að því. Ég held að annars nái málið hreinlega ekki fram að ganga.

Vissulega get ég tekið undir margt af því sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sagði áðan um hvernig við ættum að berjast gegn umferðarslysunum, en ég hef svolitlar efasemdir um að við getum sett málið upp með þeim hætti sem hún gerði, þ.e. við setjum okkur að draga úr slysum um 10% á ári. Ég hef vissar efasemdir um að það sé raunhæft að vinna að þessu þannig. Það þarf stöðugt að vera á varðbergi. Það þarf, eins og hún réttilega sagði, að koma á hugarfarsbreytingu, hugar-

farsbyltingu, og það þarf að efla fræðslu um þessi mál í skólakerfinu. Veruleg spurning er hvort ekki á að taka upp ökukennslu í skólakerfinu við 17 ára aldurinn með einhverjum hætti þó svo að hluta til sé það enn þá í höndum ökukennara. Ég er þeirrar skoðunar að hluta af því hvernig umferðarmenningin er hér á landi megi kannske rekja til skapferlis Íslendinga með einhverjum hætti. Hluta þess má rekja til ökukennslunnar alveg tvímælalaust, að ég hygg.

Auðvitað eru þarna margar og samverkandi ástæður sem eiga þátt í hvers vegna ástandið er svona. Ég held að við getum aldrei upprætt slys hvernig og hvað sem við gerum, en við getum dregið úr þeim, við getum fækkað þeim mikið og við getum sparað peninga með því, og ekki aðeins peninga heldur getum við sparað þjáningar og sorg sem aldrei verður í aurum og krónum talið. Það er það sem við eigum að gera. Það er þannig sem ég vil sjá að þessu unnið. Kannske þurfum við fyrst að koma á þeirri hugarfarsbreytingu hjá hæstv. ráðherrum og ríkisstj., sbr. það línurit sem hér hefur verið vitnað til og er á öftustu síðu þessarar skýrslu sem ég hvet þm. eindregið til að kynna sér. Þarna sést hvernig ríkisframlag til Umferðarráðs hefur hrapað. Nú er það engin allsherjarbót eða lausn á þessum málum að veita endilega auknu fé til þessarar ákveðnu stofnunar. Það verður að gera átak á miklu, miklu fleiri sviðum og miklu víðtækara. Þá getum við dregið úr þessu. En til þess þarf að koma menntun, stöðug fræðsla. Það hefur tekist um hríð að draga úr þessum vágesti sem réttilega hefur verið kallaður farsótt, faraldur, en við stöndum okkur þarna miklu verr og langtum verr en margar þjóðirnar í kringum okkur. Eitt af því hlálegasta hér, og er ekki þar við hv. Ed. að sakast, eru bílbeltamálin sem hafa fallið í Nd. og ekki náð fram að ganga þar. Einfaldasta, áhrifaríkasta og ódýrasta ráðið til að draga úr meiðslum og koma í veg fyrir banaslys af völdum umferðar er notkun bílbelta. Svo einfalt er það. Það er undarlegt að í þessu þjóðfélagi skuli vera fullt af mönnum, sem vissulega eru góðir og gegnir, greindir og skýrir, sem loka augunum fyrir þeirri einföldu meginstaðreynd að þetta er einfaldasta, ódýrasta og virkasta ráðið til að draga úr slysum.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég mun ekki fara út í efnislega umræðu um það lagafrv. sem hér liggur fyrir. Ég fagna því eins og aðrir sem hér hafa talað að þetta frv. er fram komið. Þar sem atvikin hafa hagað því þannig til að ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fá þetta til umfjöllunar og mun stýra starfi hennar í vetur þá vil ég láta það koma fram hér úr þessum ræðustól að ég mun að sjálfsögðu ekki liggja á liði mínu til þess að þetta mál verði afgreitt hér á hv. Alþingi því sem nú situr. Hins vegar sé ég að hér er mikil vinna fram undan og vil taka það fram að ég er alveg reiðubúinn fyrir mína parta til samstarfs við hv. samgn. Nd. ef málin þróast þannig að nefndirnar næðu samkomulagi um að vinna saman að þessu máli.

Það hafa komið fram í máli manna hér margar athugasemdir. Bunkinn af umsögnum um frv. sem hv. 2. þm. Austurl. kom með upp í ræðustól áðan er ansi þykkur. Það er því mikið verk fram undan við að yfirfara þær og ég vil taka það fram að ég vil leggja mig fram um að vinna að þessu máli því að ekki mun af veita. Ef samþykkt þessa frv. gæti bætt umferðarmenningu okkar þá er til mikils barist. En það er með þessi lög eins og önnur lög sem sett eru að ekki er nóg að setja þau heldur þarf að framkvæma þau og stóraukin fræðsla í umferðarmálum þarf að fylgja framkvæmd þeirra.

Ég til taka undir það sem hér hefur fram komið að umferðarmálin, umferðarslysin eru eitt mesta þjóðfélagsvandamál sem við eigum við að stríða. Við höfum orðið vitni að mörgum hörmulegum atvikum á þessum vettvangi, það er mjög mörg harmsagan sem skeð hefur. Þess vegna er það skylda okkar þm. að leggja okkar lóð á vogarskálina í baráttunni við þennan vágest, í baráttunni fyrir bættri umferð og slysaminni. Þess vegna verðum við að vinna að framgangi þessa frv. af fullum krafti og á þann hátt sem tryggir það að málið hljóti afgreiðslu hér á hv. Alþingi, á þessu þingi, og ég vil halda öllum leiðum opnum í því efni.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér er komið einu sinni enn nýtt frv. til umferðarlaga þrátt fyrir að vissulega megi margt að orðalagi finna. Vænti ég þess að nefndin taki orðalagið sérstaklega til umfjöllunar. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd og þess vegna langaði mig að koma hingað með örfáar ábendingar og taka reyndar líka undir orð hæstv. forseta þegar hann nefndi slysarannsóknarnefnd. Ég held að það sé mjög tímabært að setja á laggirnar slysarannsóknarnefnd þannig að við fáum úr því skorið hvaða orsakir það séu sem liggja fyrir mörgum og tíðum slysum. Á sumum götuhornum eru slys mjög tíð þannig að það hlýtur að vera annaðhvort hönnun þessara götuhorna eða eitthvað í aðstæðum þar sem leiðir til þessarar slysatíðni. Í öllum tilvikum þarf að rannsaka nákvæmlega orsakir slysa en okkur vantar aukna þekkingu varðandi umferðarslys hér á landi.

Ég fagna líka samræmingu á hámarkshraða hvar sem er á landinu. Það hefur verið hvimleitt þegar maður hefur ekið norður að hér í kringum Stór-Reykjavíkursvæðið má aka á 80 km hraða en 70 þegar maður kemur upp í Hvalfjörð. Þessu hefur náttúrlega varla nokkur maður farið eftir. En svona eru lögin og verða ef þetta frv. verður ekki að lögum, þá verður þetta svona enn um sinn.

Síðan langaði mig til þess að leggja fsp. fyrir hæstv. ráðh. varðandi skráningu ökutækja. Það kemur fram í 65. gr. að það verður í reglugerð hvernig skráningu ökutækja verður háttað. Mér skilst að þar eigi að verða breyting á. Nú skilst mér að ökutæki séu tvískráð eins og sakir standa. Þau fá visst skráningarnúmer þegar þau koma til landsins og síðan fá þau annað númer og hver eigandi þarf alltaf að skipta um númer. Þetta er mjög dýrt kerfi eins og það er núna og tími til kominn að einfalda það, en það koma engar skýrar ábendingar fram í frv. um með hvaða hætti þetta sé hugsað og væri gott að fá upplýsingar um hvernig á að koma þessu fyrir.

Þm. hafa hér úr ræðustól farið víða um völl varðandi ökukennslu, notkun bílbelta og eitt og annað. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög en ég vil bara minna á að það er ekki hægt að kenna allt í skólum landsins. Þó vissulega sé hægt að kenna umferðarreglur og annað slíkt og sýna á myndböndum hvernig skuli aka, þá er hin raunverulega kennsla náttúrlega falin í því að aka sjálfur og við getum ekkert lítillækkað ökukennara með

því að upphefja skólana eða á neinn annan máta. Það þarf að láta hvern og einn fá reynslu í því að aka, enda sjáum við líka í skýrslum um umferðarslys að það er reynsluleysi sem veldur oft og mörgum sinnum slysum. Ég vildi endilega benda á þetta því að hv. þm. Eiður Guðnason vildi gera mikið úr kennslu í skólum en minna úr ökukennurum.

Notkun bílbelta er vissulega góð en þar dugir ekki bara lagabókstafurinn til. Það þarf líka að hvetja ökumenn til þess að nota bílbeltin. Við höfum það í lögum að nota skuli bílbelti enda þótt ekki séu í gildi sektarákvæði. Þá þarf að hvetja bara meira til þess að bílbeltin verði notuð en til þess þarf jú fjármagn og hæstv. forseti minnti hér á fjárskort hjá Umferðarráði. Mætti vissulega bæta þar úr. Þrátt fyrir að fjármagnið sé ekki allt sem þarf í sumum tilfellum, þá þarf alla vega varðandi kynningu og áróður í umferðarmálum að kosta miklu til.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær undirtektir og þann áhuga sem komið hefur fram í máli manna hér fyrir umferðarmálum og framgangi frv. til nýrra umferðarlaga. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til þess að stuðla að því að þinginu vinnist tími til að afgreiða þetta frv. á þessu þingi. Ég lagði mikla áherslu á í mínu máli að það gæti orðið sem fyrst þó mér væri ljóst að þarna sé mikil vinna fram undan. Ég mun því athuga það að hafa samráð við allshn. Nd., líka um það hvernig hægt sé að haga nefndarstörfum þannig að það gæti orðið til þess að hraða því starfi og auðvelda.

Hér hafa farið fram allmiklar umræður um ýmis atriði þessara mála. Ég skal ekki fara langt út í það. En fundið hefur verið að því hér að frv. skyldi ekki hafa verið endurskoðað í sumarfríi Alþingis. Það getur verið að það hefði kannske eitthvað flýtt fyrir nefndarstörfum, ef það hefði verið gert, svo framarlega þá sem þær breytingar hefðu ekki verið með svo klúðurslegu orðalagi að það hefði ekki verið talið neitt til bóta af hendi hv. þm. Ég held að þó farið hefði verið að setja inn einhverjar slíkar breytingar þá hefði það aldrei getað losað þm. við að fara yfir athugasemdir, íhuga þær rækilega og kanna þá hvort þarna væri um réttar breytingar að ræða. Ég mun leggja áherslu á að dómsmrn. og þeir aðilar sem því tengjast munu í sambandi við vinnu nefndarinnar leggja fram þá aðstoð sem getur stuðlað að því að auðvelda nefndarstarfið og vinna málinu gagn.

Ég skal ekki fara langt út í einstök atriði. Það hefur verið minnst hér á að það þyrfti meira fjármagn til umferðarmála. Ég get tekið undir það. En það eru náttúrlega ekki eingöngu einstakir ráðherrar eða ríkisstjórn sem ræður. Það er Alþingi sem semur fjárlögin og þeim verðum við að hlíta.

Hv. 5. landsk. þm. vék að 47. gr. þar sem tvær stéttir manna voru teknar út úr með skyldu á því að segja til um ölvaða ökumenn. Ég veit ekki hvað hefur legið að baki þessari ákvörðun umferðarlaganefndar, að setja þetta þarna inn, en sé þó að í fyrri hlutanum, þar sem veitingamanni og hans þjónum er ætluð nokkur ábyrgð, kemur fram sú skoðun að það fylgi því nokkur ábyrgð að veita mönnum áfengi vegna þeirra afleiðinga sem slíkt getur haft. Ég hygg að í sumum löndum sé lögð nokkur ábyrgð á þá sem veita mönnum áfengi ef það síðan leiðir til slysa — ég er ekki nægilega fróður um það, en ég hygg að svo muni vera sums staðar — og þarna er sem sagt það sjónarmið sem liggur að baki.

Þessi ábyrgð er líka lögð á hendur bensínafgreiðslumönnum. Bensínið gerir mönnum kleift að aka og ef ökumenn hefðu það ekki gætu þeir ekki haldið áfram akstri þegar það væri þrotið, þannig að þar hefur kannske legið að baki sú hugsun að þar væri verið að gera mönnum kleift að aka, sem annars væri ekki. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta því að ég veit ekki að fullu hvaða hugmyndir liggja þarna að baki.

Hv. 8. landsk. þm. spurðist fyrir um umskráninguna sem hún réttilega benti á að er mjög dýr. Það er talið að það sé meira en þriðjungur af vinnu bifreiðaeftirlits sem felst í umskráningu. Ég hef látið þá skoðun í ljós, og reyndar flutt um það frv., að ég teldi að þarna ætti að haga þessu með öðru móti. Eins og hv. þm. gat um veldur þessi umskráningarregla stundum erfiðleikum fyrir eigendur, tryggingar o.fl. fyrir utan vinnuna við bifreiðaeftirlitið.

Ég skal svo ekki tefja tímann meir en vil ítreka að ég þakka fyrir þann áhuga sem hér hefur komið fram í deildinni fyrir því að ná þessu frv. fram með þeim breytingum þá sem menn komast að niðurstöðu um að séu til bóta og vil stuðla að því að það megi takast.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð varðandi þá athugasemd sem hæstv. ráðh. gerði varðandi það sem ég hafði sagt um 47. greinina, sem mér finnst satt að segja alveg einstaklega hjákátleg. Hann tók þannig til orða að því fylgdi ábyrgð að veita eða selja áfengi. Ef þetta er hugsað út frá því þá ætti náttúrlega líka hér í þessari grein að leggja þessa skyldu á herðar forstjóra þeirrar ríkisstofnunar sem selur mönnum áfengi og öllum hennar starfsmönnum. Ef það er röksemdin að baki þessu að það fylgi því skyldur að selja áfengi þá hlýtur það fyrst og fremst að eiga við um þá sem selja bróðurpartinn af því áfengi sem haft er um hönd í landinu.

Ég bara ítreka andstöðu mína við þessa grein eins og hún er orðuð hér og tel alveg tvímælalaust að henni beri að breyta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, stjfrv. 74. mál (þskj. 81). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Frv. til l. um breyting á þinglýsingalögum, sem hér er lagt fram, má teljast fylgifrumvarp með frv. til umferðarlaga sem hér hefur verið til umræðu. Frv. varðar breyttar reglur um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðar með hliðsjón af breyttum skráningarreglum. Frv. sama efnis lá og fyrir síðasta Alþingi í tengslum við frv. til umferðarlaga en þau frv. hlutu ei afgreiðslu. Ég tel eigi ástæðu til að endurtaka grg. sem áður hefur verið flutt hér á þinginu fyrir efni þessa frv. en leyfi mér að vísa til fyrri framsögu og prentaðra athugasemda með frv.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. 9. mál (þskj. 9). — 1. umr.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944. Þetta frv. er 9. mál þingsins og er að finna á þskj. 9.

Margoft hefur komið fram og verið ítrekað hve mikilvægt er að mati BJ að nauðsyn beri til að styrkja löggjafarstarfsemi þingsins og auka á sjálfstæði þess. Þetta teljum við geta gerst m.a. með því að þm. láti af þingmennsku er þeir gerast ráðherrar. Þeir geta þá snúið sér einbeittir og af fullum krafti að ráðherraembættinu og að þeim skyldum sem því embætti fylgja í fullvissu þess að varamaður sem tekið hefur við þingsætinu gegni þeim skyldum sem fylgja því af bestu samvisku og skili sætinu aftur komi til þess að ráðherra hverfi frá embætti á kjörtímabilinu.

Þetta frv. fjallar því í raun og sannleika um stöðu þingsins gagnvart framkvæmdavaldinu. Það mundi verða um að ræða virkara og ábyrgara frumkvæði í lagasetningu af hálfu þingsins en tíðkast hefur síðustu áratugi. Það leiddi af sjálfu sér þar sem menn væru ekki eins bundnir frumkvæði og þátttöku framkvæmdavaldsins hverju sinni.

Tillögur stjórnarskrárnefndar hljóða á þá leið að ráðherrar eigi samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Þar er einnig tekið fram að þeir eigi því aðeins atkvæðisrétt að þeir séu jafnframt þingmenn. Sem sagt, þar með er gert ráð fyrir að þeir geti verið þingmenn jafnframt eins og nú er. Í núgildandi stjórnarskrá er gert ráð fyrir að ráðherrar eigi fullgilda aðild að þingstörfum.

Þessi breytingartillaga sem hér er flutt gerir hins vegar ráð fyrir aðild ráðherranna að öllu leyti nema að því er tekur til atkvæðagreiðslu. Ég álít að þetta frv. snerti fyrst og fremst starfshætti þingsins og að þessi breyting, yrði hún samþykkt, mundi án alls efa styrkja að miklum mun löggjafarstarfsemi þingsins og ekki hvað minnst auka á sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdavaldinu. Einnig skapaðist möguleiki á að hin þverrandi virðing fyrir Alþingi — að mörgu leyti verðskulduð hin síðustu ár — gæti farið vaxandi. Alþingi hefði þannig raunhæfa möguleika á að öðlast að nýju það traust og þá virðingu sem slíkum valdþætti ber. Alþingi á að vera traustvekjandi stofnun í þjóðfélaginu. Þess vegna hlýtur það að vera sjálfsögð og eðlileg krafa að virðingu þessarar stofnunar sé í sem fæstu ábótavant.

Samband þessara tveggja valdþátta sem frv. tekur til, löggjafarvalds og framkvæmdavalds, getur ekki talist eðlilegt og hefur m.a. orðið til þess að stuðla að þverrandi virðingu löggjafans. Með frv. er lagt til að um þessi óeðlilegu tengsl verði losað. Lagt er til að bundið verði í stjórnarskrá að gerist alþingismenn ráðherrar gegni þeir ekki þingmennsku samtímis, þ.e. að þeir verði ekki jafnframt ráðherrar.

Það má leiða að því rök að með því að gegna ráðherraembætti jafnframt þingmennsku sýni menn starfi þingmannsins í raun og sannleika lítilsvirðingu. Eða hvernig á að fara að því að skilgreina að hægt sé að sinna þingmennskunni meðfram svo viðamiklu starfi sem embætti ráðherra er? Ég minnist þess einmitt að fyrir skömmu heyrði ég einn af ráðherrum þessarar ríkisstj. geta um það í útvarpsviðtali sem átt var við hann að hann gæti af eðlilegum orsökum ekki sinnt þingmannsstarfi sínu sem skyldi, og í raun og veru engan veginn, kom fram síðar í viðtalinu. Hann vonaðist þó til þess að kjósendur hans fyrirgæfu honum. Þetta er sem sagt mergurinn málsins. Ráðherrar eru og eiga að vera æðstu menn framkvæmdavaldsins og þess vegna er ekkert eðlilegra en að þeir eigi sæti á Alþingi; það skapar einungis eðlileg tengsl á milli löggjafans og framkvæmdavaldsins. En það er að sama skapi óeðlilegt og óæskilegt að þeir hafi þar nokkur áhrif með atkvæði sínu.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu er lagt til að um leið og þingmenn gerast ráðherrar láti þeir af störfum sem alþingismenn. Þeir láti þar með þingsæti sitt til varamanns svo lengi sem ráðherratíðin stendur yfir. Það er einfalt og fullvel skiljanlegt. Ráðherrar geta auðvitað stöðu sinnar vegna aldrei gegnt stöðu þingmanna svo fullnægjandi geti talist meðfram embætti sínu. Í því sambandi nægir að benda á fastanefndir þingsins. Þar eiga ráðherrar ekki sæti. Ekki er gert ráð fyrir þeim, enda þótt þar fari fram afskaplega mikilvægur og tímafrekur þáttur í starfi þm. Ég hef engan heyrt neita því. Ég hef heldur ekki enn þá heyrt neinn þingmann geta um það að hann hafi yfrið nægan tíma til að sinna störfum sínum. Heldur frekar hitt að maður heyri kvartanir um að sólarhringurinn nægi engan veginn til þeirra starfa sem honum eru ætluð. Þess vegna tel ég það vera rökrétta ályktun, að ekki sé á bætandi þó skyldur ráðherra bætist ekki við svona rétt í ofanálag. Þar að auki gæti þetta leitt til þess að fækka mætti aðstoðarmönnum ráðherra en þeim hefur sífellt farið fjölgandi með hverri nýrri ríkisstjórn.

Ég átti í sumar samtal við norska sendiráðsritarann hérlendis, en í Noregi eru alveg skýr ákvæði hvað þetta varðar. Ég var þá m.a. að spyrja hann út í það hvernig þessu væri fyrir komið í Noregi. Hann tíundaði það allt vel og skilmerkilega og tók til ákvæði 12. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir m.a. að sérhver norskur ríkisborgari geti tekið við ráðherraembætti þó því aðeins að hann sé ekki jafnframt þingmaður. Til rökstuðnings þessu sagði hann sem svo: Ja, það er auðvitað alveg ógerlegt að sami maðurinn sé að setja lög á einhverjum ákveðnum tíma dagsins og vasist svo í því að framkvæma þau í annan tíma. Það er alveg augljóst að það gengur ekki, og þar af leiðir að það gilda um það skýr ákvæði að sami maðurinn gegni ekki tveimur svo misvísandi embættum. Mér varð nú að orði: Ja, hvort sem það gengur eða gengur ekki þá er það þannig hérlendis. Vesalings maðurinn vissi ekki hvernig hann átti að snúa sig út úr þessu vonda máli sem hann var greinilega kominn á kaf í og reyndi þess vegna

að koma sér farsællega fyrir horn með því að segja eitthvað á þá leið að það væri nú sambærilegt við það ef þingmenn færu t.d. að eiga sæti í bankaráðum eða eitthvað ámóta.

Virðulegi forseti. Það er aðeins hægt fyrir hv. þingdeild að ímynda sér 'hvernig vesalings manninum leið þegar ég leiddi hann í allan sannleikann um samtvinningu valdþáttanna hérlendis. Það skal tekið fram að maðurinn var rétt nýkominn til landsins og hafði ekki starfað hér áður.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég aðeins segja þetta. Það er trú mín að breyting sem þessi yrði til þess að styrkja löggjafarstarfsemi þingsins og leiddi til aukins og skilvirks eftirlits með því að lögunum væri framfylgt. Auk auðvitað vonarinnar um það að virðing Alþingis færi vaxandi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Sú tillaga sem hér er flutt um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins er um margt athyglisverð. Tillagan er um það að þegar þingmenn taki við ráðherraembætti láti þeir jafnframt af störfum þingmanna og varamenn taki við. Einkum er vísað til fordæmis Norðmanna þar sem þessi háttur er á hafður. Hugmyndin er ekki ný af nálinni. Það sakar ekki að geta þess að hún var verulega til umræðu í störfum stjórnarskrárnefndar meðan hún starfaði dyggilega undir formennsku hæstv. fyrrv. forsrh. Gunnars Thoroddsens. Við fulltrúar Alþfl. í þeirri nefnd lýstum þar áhuga á þessari tillögu þó við hefðum jafnframt gert grein fyrir því að hún væri kannske ekki svo auðveld í framkvæmd ein sér. Ég vek athygli á því að þingmannafjöldi á Íslandi er býsna hár sem hlutfall af íbúatölu. Sjálfsagt mundi Bandaríkjamönnum ofbjóða nokkuð ef þingmannafjöldi þar yrði 60 þúsund og fara að þykja nóg um. Ráðherrafjöldi á Íslandi er sömuleiðis ört vaxandi og er nú kominn upp í töluna 10. Þess eru dæmi að stofnuð hafi verið ný ráðuneyti um málaflokka sem áður voru bréfhausar í öðrum ráðuneytum og allt tilheyrir þetta Parkinsons-lögmálinu.

Ef þessi till., sem hefur margt til síns ágætis, yrði framkvæmd þyrfti það helst að gerast í tengslum við þær breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins að þingmönnum yrði fækkað, en það teldi ég mjög skynsamlega tillögu út af fyrir sig. Þannig að ef við gæfum okkur t.d. að þingmannatala yrði á bilinu 25—30 væri um leið eðlilegra að þessi skipan væri tekin upp, þ.e. að þeir sem yrðu þá handhafar framkvæmdavalds í umboði þings gegndu ekki störfum þingmanna því þessi till. hefur þann ókost að ef hún yrði framkvæmd við óbreyttar aðstæður mundi þingmönnum hér bráðlega fjölga, sennilega í 73, og er nóg komið. Minni ég á t.d. tillögur okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á sínum tíma þegar breytingar á stjórnarskrá voru síðast á döfinni. Þá lýstum við okkur andvíg fjölgun þingmanna og töldum að unnt væri að ná sömu leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar án fjölgunar þingmanna, og vísuðum í því efni til till. sem fulltrúar Alþfl. í stjórnarskrárnefnd höfðu lagt fram á sinni tíð.

Kannske er rétt að nefna annað mál. Ef menn vildu fækka þingmönnum á Íslandi, nota um leið tækifærið til að draga skarpari skil milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, þyrftu líka að koma til ýmsar aðrar breytingar. Ég hef í huga tillögur sem hafa verið fluttar af jafnaðarmönnum í báðum flokkum um þá breytingu á starfskipan þingsins að þingnefndir starfi árið um kring og að þingnefndir fái aukið valdsvið til eftirlits með störfum framkvæmdavaldsins.

Við höfum séð það á afgreiðslu stjórnarskrármálsins, sem margir gagnrýna, að það virðist vefjast ákaflega mikið fyrir hv. þm. að komast að skynsamlegri niðurstöðu um breytingar á þeim leikreglum sem eiga að ráða vali þingmanna. Það sjónarmið hefur sennilega vaxandi fylgi nú um stundir að í raun og veru sé ekki æskilegt að þingmenn setji sjálfir þær leikreglur sem ráða vali þeirra. Þess vegna hafa verið uppi hugmyndir um að stjórnarskrármálið eigi að færa í annan farveg með því að efna til sérstaks stjórnlagaþings sem kosið væri til með sérstökum hætti, gjarnan skv. ákvæðinu einn maður, eitt atkvæði. Síðan yrði það stjórnlagaþings að kveða á um þær leikreglur sem framvegis yrði fylgt við val þingmanna og þá einnig um fjölda þingmanna eins og þessi tillaga víkur að. Þannig að mér finnst fyrir mitt leyti að margt gott sé að segja um þessa tillögu en ég er hræddur um að örlög hennar verði svipuð og annarra tillagna um breytingu á stjórnarskrá að seint verði samstaða um hana milli þingflokka og að því aðeins komi breytingarnar, sem lagt er til að gera, að gagni að þær yrðu liður í róttækari endurskoðun á stjórnskipuninni og kosningalögunum sem miðuðu að því í fyrsta lagi að fækka þingmönnum, í annan stað að bæta starfsaðstöðu þingmanna til þess að framfylgja hlutverki sínu sem eftirlitsaðili með framkvæmdavaldinu, svo sem eins og fælist í auknu valdsviði þingnefnda og því að þær störfuðu allt árið sem og hinu að samstaða næðist um að taka þann beiska kaleik frá þingmönnum sjálfum að þeir kveði á um leikreglur við val þingmanna, þ.e. kosningalög, og að efnt yrði til sérstaks stjórnlagaþings til að lúka því verki sem reyndar var nokkuð á veg komið í tíð stjórnarskrárnefndar Gunnars Thoroddsens, sem ég minni reyndar á að lagði fyrir hv. Alþingi frv. til endurskoðunar á stjórnarskránni þó að, meðal annarra, flokksbræður hans mættu ekki á heilum sér taka að taka efnislega afstöðu til þess af ástæðum sem mér eru kannske ekki endilega best kunnar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel að það frv. sem hér er flutt af hv. þm. Kristínu S. Kvaran sé um margt athyglisvert og verðskuldi athugun af hálfu hv. þingdeildar.

Ég hef íhugað þessi efni nokkuð, sumpart í ljósi eigin reynslu eftir að hafa starfað sem ráðherra og þingmaður um nokkurra ára bil. Ég gæti persónulega tekið undir að slík skipan sem hér er gerð tillaga um væri um margt til bóta, einnig út frá því sjónarmiði sem hv. flm. færir fyrir þessari tillögu sérstaklega, að skilja með skýrum hætti á milli starfa þingmanns sem vinnur að löggjafarstörfum og ráðherra sem handhafa framkvæmdavaldsins.

Ég mæli með því að þetta frv. verði gaumgæft og er reiðubúinn að stuðla að athugun og umræðu um þetta efni í mínum þingflokki, umfram þá sem orðið hefur. Ég vil rifja upp í þessu samhengi að á síðasta áratug — ég hef það ekki nákvæmt en á árabilinu 1971—1978 — flutti Sigurður Blöndal, nú skógræktarstjóri en þá varaþingmaður Alþb., till. til þál. sem varðaði

breytingu á stjórnarskrá. Eitt af þeim atriðum sem tiltekin voru þar var einmitt það sem frv. þetta fjallar um, að ráðherrar láti af þingmennsku þann tíma sem þeir gegna ráðherrastarfi. Hugmyndin er því ekki ný og hefur komið hér inn í þingið og ég mun kanna frekar eftir að þetta frv. hefur komið hér til umræðu hverjar undirtektir voru á þeim tíma þannig að hv. þingnefnd, sem fær þetta mál til umræðu, geti athugað það þegar þetta mál verður þar rætt.

Um fjölda þingmanna ætla ég ekki að ræða mikið af þessu tilefni en benda aðeins á að þó að hugmyndir hafi komið í þá átt að fækka þingmönnum hefur hvorki skapast samstaða um það hér á hv. Alþingi né fundist leiðir, mér vitanlega, til að ná fram því markmiði að jafna þingsætum milli flokka í krafti atkvæðafjölda með öðrum hætti en nú liggur fyrir, og raunar voru uppi hugmyndir um að ganga lengra en lögfest hefur verið til að ná þessu markmiði.

Ég nefni hins vegar af þessu tilefni að ég held að mikil ástæða sé til þess að hv. þingdeild, hv. Alþingi, íhugi meira en verið hefur að bæta aðstöðu þingmanna til að gegna skyldum sínum svo sem vert væri. Ég held að einhver talnalegur samanburður við Bandaríkin eða jafnvel Kína sé nokkuð út í hött í sambandi við framreikning eða samlíkingu á fjölda þingmanna eða þeirri aðstöðu sem þeir búa við. Ég held að margt bólgni meira út í stjórnsýslunni og í okkar þjóðfélagi í einkageiranum sem mætti telja þarfminna en það að bæta aðstöðu löggjafarvaldsins, bæði til þess að sinna almennum verkefnum til lagasetningar en einnig til eftirlits með framkvæmdavaldinu. Þetta nefni ég hér af tilefni frv. hv. þm., sem ég vænti að fái góða meðferð í þingnefnd og komi hér aftur til umræðu.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér í hv. þingdeild. Ég verð að segja að það hefði verið gott að heyra álit einhverra af þeim ráðherrum sem nú gegna embætti á því.

Komið hefur fram hjá þeim tveimur hv. þm. sem tekið hafa til máls að þessi hugmynd er ekki ný af nálinni. Ég vissi ekki að hún væri eldri en frá því í fyrra að hún var flutt þá af hálfu BJ, en það er ágætt að geta rifjað það upp og athugað hver hafa orðið viðbrögð við hugmyndinni þá.

Í tengslum við það að þingmannafjöldi mundi eðlilega við óbreyttar aðstæður verða mun meiri skv. frv., ef það næðist fram, sýnist mér að það yrði aðallega húsnæðisskortur sem mundi hamla því. En skv. frv. er ekki um fjölgun þingmanna að ræða — það verða menn að athuga — vegna þess að vorir hæstv. ráðherrar eiga jú að heita þingmenn meðfram og eru það. Þannig að það er algerlega misskilningur að hér sé um að ræða fjölgun þingmanna. Ég er sjálf mjög andvíg þeirri hugmynd, svo ekki sé meira sagt.

En það er alveg rétt, eins og fram hefur komið, að það er bráðnauðsynlegt að gera aðrar breytingar á stjórnarskránni og mun róttækari en þessa, svo sem á kosningalögunum, og þar var nefnt til stjórnlagaþing. Ég vil minna á hugmynd okkar í BJ frá í fyrra um þjóðfund sem við höfum lagt til að geti fjallað um nýja stjórnarskrá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 12. mál (þskj. 12). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 12, tólfta máli þingsins, sem varðar almannatryggingarnar. Eins og kunnugt er er það svo að ferðakostnaður vegna læknisvitjunar eða sérstakrar meðferðar er greiddur þeim sem fara lengri vegalengd en 15 kílómetra til þess að njóta slíkrar þjónustu. Sé hins vegar um að ræða styttri för er engin greiðsla. Þetta getur leitt til mikils óréttlætis. Það sér hver maður að ef fara þarf mjög margar ferðir, þótt hver þeirra sé stutt, getur orðið af þessu umtalsverður kostnaður.

Ég kann dæmi um aðila sem bjó í tæplega 13 km fjarlægð frá þeim stað þar sem hann átti að njóta læknisþjónustunnar; hann þurfti að fara yfir 100 ferðir og kostnaður hans var á annan tug þúsunda. En vegna þess að hver ferð taldist skemmri en 15 km naut hann einskis þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá Tryggingastofnun ríkisins til að fallast á einhverja þátttöku í kostnaðinum. Á sama tíma fá menn greitt fyllilega ef vegalengdin er 16 km, 17, eða hvað það nú er.

Mér sýnist að um slíkt óréttlæti sé að ræða að það geti ekki fengið að standa óhaggað. Þess vegna flyt ég till. um að þegar um mjög ítrekaðar ferðir er að ræða skuli ferðakostnaður greiddur þótt vegalengdin sem farin er í hverja meðferð sé skemmri en 15 km en set jafnframt það skilyrði að ferðirnar séu fleiri en 30 á 12 mánaða tímabili.

Sá aðili sem ég vitnaði til áðan fór samtals yfir 2000 km í sérstaka þjálfun sem var nauðsynleg og hluti af læknisaðgerðinni en naut í engu styrks frá hinu opinbera á sama tíma og aðili sem fór eina ferð sem var meira en 15 km fékk styrk úr almannatryggingunum.

Vafalaust má deila um hver mörkin skuli vera að því er varðar fjölda ferða á 12 mánaða tímabili. Það má líka sjálfsagt leiða að því rök að kostnaðarhlutdeildin fyrir hverja ferð geti verið einhver önnur en hér er gert ráð fyrir. En mér sýnist að hún eigi ekki að vera síðri en hjá þeim sem fara um eilítið lengri veg í hverri ferð þegar ferðirnar verða svo margar sem raun ber vitni.

Ég hef áður, herra forseti, reifað þetta mál nokkuð á þessum vettvangi og skal því ekki gera það frekar. En um það átakanlega dæmi sem ég vitna hér til vitna ég til greinargerðarinnar. Það varðaði reyndar það að í sundur fór hönd á stúlku sem þurfti að setja saman. Það voru margar aðgerðir sem því fylgdu. En milli aðgerðanna var nauðsynlegt að hún færi í þjálfun, annars var næsta skrefið, næsta aðgerð þar á eftir, ekki möguleg. Hér var því ótvírætt um það að ræða að þjálfunin var hluti af læknisaðgerðinni. Aðgerðin tókst vel í heild sinni en kostnaðurinn var tilfinnanlegur fyrir stúlkuna.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Deildin hefur fyrir 3 mínútum vísað öðru frv. um breyt. á lögum um

almannatryggingalöggjöfina til heilbr.- og trn. Ég tel eðlilegt að þessi frumvörp fylgist að og fari bæði til sömu nefndar. Úr því að nefndin tók þá ákvörðun fyrir stundu legg ég til að sami háttur verði hafður á um þetta frv., að frv. fylgist að og fari bæði í heilbr.- og trn.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Þetta er réttmæt athugasemd. Einhverra hluta vegna hafði forseti skráð hjá sér að flutt væri till. um félmn., en hæstv. forseti sem sat í forsetastól þegar tillaga var um þetta gerð upplýsir að tillaga hafi verið um heilbr.- og trn. þannig að ég ber það upp.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 16. mál (þskj. 16). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um húsnæðissparnaðarreikninga. Í þeim lögum eru ákvæði þess efnis að innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikningi skapi rétt til skattaafsláttar. Í grg. með frv. á síðasta Alþingi kemur fram að meginreglur frv. séu þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapi rétt til skattaafsláttar er nemi fjórðungi árlegs innleggs.

Þann 29. ágúst s.l. skrifaði húsnæðissamvinnufélagið Búseti fjmrn. bréf þar sem óskað er eftir því að fjmrn. veiti félagsmönnum Búseta rétt til að taka þátt i húsnæðissparnaði Alþýðubankans og njóta þeirra kjara sem húsnæðissparnaðarreikningar bjóða upp á, þar á meðal skattafrádrátt. Í bréfi Búseta til fjmrn. kom fram að Búseti hafi hafið samstarf við Alþýðubankann um víðtækan sparnað félagsmanna til kaupa á búseturétti.

Fjmrn. svaraði þessari beiðni húsnæðissamvinnufélagsins Búseta með bréfi dags. 12. sept. s.l. sem ég tel rétt að lesa hér, með leyfi forseta. Bréf fjmrn. hljóðar svo:

„Ráðuneytið vísar til erindis dags. 29. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir áliti á því hvort svokallaðir búsetusamningar teljist jafngilda kaupsamningi eða vottorði byggingarfulltrúa í 3. gr. laga nr. 49/1985 um húsnæðissparnaðarreikninga.

Í fyrsta lagi vill ráðuneytið benda á að ekki er í lögum að finna skilgreiningu á hugtakinu búseturétti. Hins vegar má draga vissar ályktanir af frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem lagt var fyrir 107. löggjafarþing, um hvernig eigi að skýra hugtakið búseturétt.

Af hálfu Búseta hefur ekki verið lagður fram búsetusamningur. Hins vega hefu Búseti fengið Ragnar Aðalsteinsson til að gera skilgreiningu á hugtakinu búseturéttur. Í 1. málsgr. 87. gr. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1984 segir að búseturéttur veiti félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð, enda standi hann skil á gjöldum til félagsins vegna íbúðarinnar. Af 83. gr. og 91. gr. frv. má ráða að það yrði Búseti sem yrði eigandi íbúðarinnar en ekki tilteknir einstaklingar.

Er það því skoðun ráðuneytisins að búsetusamningur, eins og hann er skilgreindur í frv, sé í raun samningur um tiltekin afnot af íbúð, þ.e. afnotasamningur, en eigi kaupsamningur sem felur í sér eignarrétt að tiltekinni eign. Ráðuneytið telur að túlka verði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 49/1985 um húsnæðisreikninga þröngt, þ.e. að innistæða húsnæðissparnaðarreiknings verði aðeins laus þegar reikningseigandi kaupir húsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis, enda séu liðin full þrjú ár frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn.

Þar sem það er skoðun ráðuneytisins að búsetusamningur sé fyrst og fremst afnotasamningur, en ekki kaupsamningur, telur ráðuneytið að búsetusamningur, eins og hann er skilgreindur af Búseta, leysi ekki húsnæðissparnaðarreikninga."

Þetta bréf er skrifað af fjmrn. meðan Albert Guðmundsson var þar fjmrh. Búseta hefur borist annað bréf frá fjmrn. sem ritað er eftir að Þorsteinn Pálsson tók við embætti fjmrh. Það bréf hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið vísar til erindis dags. 20. sept. s.l. þar sem Búseti fer þess á leit að ráðuneytið taki til endurskoðunar bréf ráðuneytisins dags. 12. sept. s.l. varðandi húsnæðissparnaðarreikninga. Í þessu sambandi vill ráðuneytið taka fram að það telur ekki ástæðu til að breyta fyrri afstöðu sinni, enda hefur ekkert nýtt komið fram er gefur tilefni til þess."

Þannig liggur fyrir skilningur fjmrn. á þessu frv. og væri nú fróðlegt að fá fram í þessari 1. umr. um það frv., sem hér liggur fyrir til umræðu um breytingu á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, hvert álit hæstv. félmrh. er á þessari túlkun fjmrn., á því að þeir telja að húsnæðissamvinnufélagið Búseti hafi ekki rétt skv. lögum um húsnæðissparnaðarreikninga og hvort það sé þá einnig álit hæstv. félmrh.

En tilefnið að flutningi þessa frv., sem ég mæli fyrir en flm. ásamt mér eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Kristín S. Kvaran og Guðrún Agnarsdóttir, er einmitt sú synjun sem fram kemur í bréfi fjmrn. sem ég hef hér lesið. Vil ég, með leyfi forseta, lesa þá stuttu grg. sem frv. þessu fylgir. Hún hljóðar svo:

„Í athugasemdum með frv. til laga um húsnæðissparnaðarreikninga, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi í júní s.l., kemur fram að meginreglur frv. séu þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapi rétt til skattafsláttar. Fram kemur einnig í athugasemdum með frv. að nauðsynlegt sé að hvetja til sparnaðar áður en hafist er handa um öflun íbúðarhúsnæðis eða meiri háttar endurbóta auk þess sem almenn þjóðhagsleg rök hníga að auknum sparnaði innanlands.

Ljóst er að það gengur þvert á ofangreind markmið laganna ef túlkun og framkvæmd þeirra er svo þröng að þeim, sem stofna húsnæðissparnaðarreikninga vegna öflunar húsnæðis, er mismunað allt eftir því hvernig eignaraðild eða eignarhaldi húsnæðis er háttað þó að ákvæði laganna sé að öðru leyti uppfyllt. Megintilgangur laganna hlýtur að vera að hvetja til sparnaðar vegna öflunar húsnæðis. Verður að telja að það sé ekki í samræmi við vilja Alþingis eða anda laganna ef útiloka á stóra hópa frá þeim rétti sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita jafnvel þó að eignarhald eða eða ráðstöfunarréttur á húsnæði sé á einhvern hátt takmarkaður eins og oftast er um félagslegar íbúðarbyggingar.

Á þetta hefur þegar reynt því að fyrir liggur að fjmrn. hefur synjað félagsmönnum í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta um þann rétt sem lögin um húsnæð-

issparnaðarreikninga veita þó að ekki verði annað séð en að félagsmenn í Búseta uppfylli ákvæði laganna.

Frv. þetta er flutt til að taka af allan vafa í þessu efni og tryggja að sparnaður vegna öflunar húsnæðis, hvort sem er hjá húsnæðissamvinnufélögum eða öðrum félagslegum íbúðarbyggingum, veiti sama rétt skv. ákvæðum laga um húsnæðissparnaðarreikninga og önnur kaup á húsnæði til eigin nota."

Herra forseti. Þar sem fjmrn. byggir synjun sína um rétt félagsmanna húnæðissamvinnufélagsins Búseta á því að búsetusamningur sé fyrst og fremst afnotasamningur en ekki kaupsamningur tel ég rétt að vitna í grg. Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns um skilgreiningu á búseturétti sem sett er fram að ósk húsnæðissamvinnufélagsins Búseta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Réttarstaða eigenda búseturéttar er réttarstaða þess sem á hluta í íbúð með tilteknum takmörkunum á ráðstöfunarrétti á búseturéttinum. Þessar takmarkanir eru þó ekki svo verulegar að ekki sé um beinan eignarrétt að ræða hjá handhafa búseturéttarins. Sé réttarstaða búseturéttarhafans borin saman við réttarstöðu leigutaka íbúðarhúsnæðis kemur í ljós að um gjörólík réttindi er að ræða. Búseturéttarhafinn getur notað íbúðina eins lengi og honum sýnist á sama hátt og eigandi en leigutaki er háður vilja leigusala um það hversu lengi hann hefur afnot íbúðar. Búseturéttarhafi getur þó ekki ráðstafað rétti sínum til hvaða aðila sem vera skal heldur er hann bundinn reglunum um forkaupsrétt húsnæðissamvinnufélags. Enda þótt búseturéttur sé þannig háður forkaupsrétti húsnæðissamvinnufélags þá breytir það engu um það að um beinan eignarrétt er að ræða."

Síðar í grg. sinni segir Ragnar Aðalsteinsson, með leyfi forseta: „Samningur um búseturétt er því samningur á milli húsnæðissamvinnufélags og félagsmanns um að félagsmaðurinn kaupi hlutdeild í ákveðinni íbúð með því að greiða ákveðið hlutfall af kostnaðarverði íbúðarinnar. Með þessari greiðslu tryggir félagsmaðurinn sér umráðarétt fyrir sjálfan sig og fjölskyldu sína yfir íbúðinni eins lengi og hann sjálfur ákveður. Ráðstöfunarréttur á búseturéttinum er hins vegar takmarkaður með tilliti til markmiða húsnæðissamvinnufélaga sem er öflun íbúðarhúsnæðis fyrir félagsmenn með viðunandi kjörum.

Búseturétt verður að skilgreina með hliðsjón af því sem að framan er sagt og er hann í sem fæstum orðum réttur sem félagi í húsnæðissamvinnufélagi hefur keypt með því að greiða tiltekið hlutfall af verðmæti íbúðar og eignast þar með umráðarétt yfir íbúðinni sem takmarkast þó við afnot af íbúðinni sem íbúðarhúsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína. Í búseturéttinum felst beinn eignarréttur sem gengur að erfðum og vilji eigandinn selja réttinn er rétturinn háður forkaupsrétti húsnæðissamvinnufélags. Gert er ráð fyrir reglum sem kveða á um hvernig ákveða skuli verðmæti búseturéttarins ef forkaupsréttar er neytt.

Af öllu framangreindu er augljóst að eigi er unnt að leiða að því rök að búseturétturinn sé annað en beinn eignarréttur enda hefur hann öll einkenni hans þótt með nokkrum takmörkunum sé."

Ég tel einnig rétt að vitna í grg. Guðjóns Ármanns Jónssonar héraðsdómslögmanns til Alþýðubankans þar sem fram kemur umsögn um réttarstöðu félagsmanna í húsnæðissamvinnufélaginu Búseti með tilliti til laganna nr. 49/1985 um húsnæðissparnað. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ljóst er að eignarhald manna og réttindi yfir húsnæði getur verið með mismunandi hætti og má þar m.a. benda á ýmis form félagslegra íbúðarbygginga. Af orðalagi laganna um húsnæðissparnaðarreikninga og áðurnefndri tilvitnun í athugasemdir með frv. verður að ætla að megintilgangur og markmið lagasetningar sé almennur hvati til sparnaðar og ráðdeildarsemi ásamt fyrirhyggju við öflun eigin húsnæðis.

Í ljósi þessa virðist eðlilegt að skýra ákvæði laganna varðandi kaup á íbúðarhúsnæði ekki of þröngt þannig að öflun íbúðarhúsnæðis til eigin afnota, þar sem rétthafi kaupir sér ótímabundna og óafturkallanlega hlutdeild eða réttindi yfir húsnæði, falli undir ákvæði laganna og það enda þótt eignarhaldið sjálft, skráning eignarheimildarinnar, og ráðstöfunarrétturinn á húsnæðinu sé verulega takmarkaður. Má ráða þennan skilning m.a. af ákvæðum laga um félagslegar íbúðabyggingar eins og þeim er lýst í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 60/1984, en vafalaust verða kaup einstaklinga á slíku húsnæði talin falla undir ákvæði húsnæðissparnaðarlaganna. Af skilgreiningu Ragnars Aðalsteinssonar hrl. á hugtakinu búseturéttur og því sem í búseturétti felst má ætla að kaup á búseturétti í tiltekinni íbúð jafngildi kaupum í skilningi nýju húsnæðissparnaðarlaganna."

Herra forseti. Draga verður þá ályktun af niðurstöðu þessara tveggja lögfræðinga, Ragnars Aðalsteinssonar hrl. og Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl., að þeir telji að húsnæðissparnaður félagsmanna húsnæðissamvinnufélagsins Búseta falli undir ákvæði laganna um húsnæðissparnaðarreikning. Það er og skoðun flm. þessa frv. að fjmrn. túlki ákvæði laganna of þröngt og að félagsmenn Búseta uppfylli þau skilyrði sem til þarf til að öðlast rétt samkvæmt lögum um húsnæðissparnaðarreikninga.

Flm. þessa frv. telja þó nauðsynlegt að Alþingi taki af allan vafa í þessu efni í ljósi túlkunar fjmrn. á umræddum lögum og að Alþingi staðfesti ótvíræðan rétt húsnæðissamvinnufélaga til að njóta réttar skv. ákvæðum laga um húsnæðissparnaðarreikninga, enda hlýtur slíkt að vera í samræmi við vilja Alþingis frá síðasta þingi sem fram kemur í grg. með frv., þ.e. að hvetja til sparnaðar vegna öflunar húsnæðis.

Flm. leggja því til þá breytingu á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, sem fram kemur á þskj. 16, að ótvírætt verði lögfestur réttur húsnæðissamvinnufélaga til að njóta réttar skv. ákvæðum laga um húsnæðissparnaðarreikninga.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mál mitt lengra en ítreka ósk mína til hæstv. félmrh. að hann geri þingheimi grein fyrir því hvort hann sé sammála þeirri túlkun sem fram hefur komið hjá fjmrn. og ég hef hér lýst.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þegar í undirbúningi var frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga var aflað upplýsinga úr næstu nágrannalöndum um það hvernig slíkum reikningum væri fyrir komið þar og ég minnist þess ekki að í þeim upplýsingum hafi legið fyrir að gert

væri ráð fyrir að sparnaður með þeim hætti væri laus þegar um búseturéttaríbúðir væri að ræða. Ég hef ekki fullnægjandi upplýsingar tiltækar til að fullyrða að svo sé hvergi en mér er kunnugt um að svo er ekki t.d. í Svíþjóð. Skv. þeim skilningi, sem þar er á þessum svokölluðu húsnæðissparnaðarreikningum, er því ekki gert ráð fyrir að hægt sé að nota þá í þessu skyni. Ég skal ekki fullyrða hversu því er háttað um önnur lönd en ég minnist þess ekki að hafa séð það og það kom ekki upp í umræðunum um húsnæðissparnaðarreikningana, heldur ekki hér á hinu háa Alþingi á s.l. vori þegar þetta mál var til athugunar í fjh.- og viðskn. Það liggur því alveg ljóst fyrir að þessi hugsun lá ekki að baki þegar þessi löggjöf var sett, hvorki hjá Alþingi né hjá þeim mönnum sem undirbjuggu þetta frv.

Ég vil einnig taka það fram að ekki skiptir máli hvernig lögfræðingar úti í bæ skilgreina það sem þeir kalla búseturétt. Í lögum er engin ákvæði að finna um slíkan rétt og að sjálfsögðu ógjörningur að haga skattalögum svo að frádráttur eða skattahagræði sé gefið vegna réttar sem ekki er skilgreindur í lögum. Þetta held ég að öllum hv. þm. eigi að vera ljóst og ég tel nauðsynlegt að þessi athugasemd komi fram strax við 1. umræðu málsins.

Á hinn bóginn er t.d. svo í Noregi að húsnæðissparnaðarreikningar nýtast þeim sem vilja reisa sér sumarhús eða sumarbústað. Ég minnist þess einmitt að í Alþýðublaðinu fyrir ekki alllöngu var nákvæmlega skilgreint hver hugsun þeirra Alþýðuflokksmanna væri í sambandi við búseturéttaríbúðirnar. Þá var sérstaklega talað um að menn vildu fremur en leggja fé í íbúðir nota peningana til dýrs munaðar eins og lystisnekkja eða sumarbústaða. Skal ég ekki segja hvort það eigi að vera næsta stigið í sambandi við þessi mál.

Hugmyndin á bak við húsnæðissparnaðarreikningana er einmitt sú að reyna að efla almennan sparnað og til þess að gefa mönnum færi á því að eignast nokkurt fé áður en þeir ráðast í kaup á húsnæði, hvort sem það er nýtt eða gamalt. Er sú grunnhugsun í þessum lögum jafnframt því sem gert er ráð fyrir að fólk, sem er aldrað, hefur misst heilsu sína eða með öðrum hætti hefur ekki sömu möguleika og áður til að afla sér tekna, geti fengið fjármagnið laust eftir fimm ár. Sérstaklega er talað um öryrkja og fólk, sem er 67 ára að aldri, í því sambandi.

Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þessi mál séu rædd sérstaklega hér á hinu háa Alþingi. Mér finnst það eðlilegt að þeir menn sem vilja fylgja þessu fram flytji frv. um það og þetta mál mun koma til skoðunar í fjh.- og viðskn. En ég vek athygli á því að mér er ekki kunnugt um að þessi undanþága sé veitt í löndunum í kringum okkur en skal þó ekki um það fullyrða og hef gert ráðstafanir til að það verði kannað.

Ég vil jafnframt taka fram að það er algerlega útilokað, þegar veittur er sérstakur skattafsláttur vegna sparnaðar, að eitthvert félag, hvort sem það heitir Búseti eða eitthvað annað, geti gert um það sérstakan samning við einn banka að sparnaðurinn skuli fara fram í honum. Ef heimild yrði opnuð í lögum fyrir því að þessi afsláttur yrði útvíkkaður hlyti hann að sjálfsögðu að ná til allra lánastofnana jafnt og Alþýðubankinn gæti að sjálfsögðu ekki öðlast neinn einkarétt á slíkum sparnaði. Það kemur ekki til greina.

Ég skal svo ekki á þessu stigi hafa þessi orð fleiri. Ég geri ráð fyrir að frumvörp um búseturétt muni verða lögð fram á þessu þingi og þetta mál hlýtur að fylgja afgreiðslu þeirra og þeim hugmyndum sem menn hafa um þau efni í heild. En eins og sakir standa, þar sem ekki er til nein lagaskilgreining á því hvað búseturéttur er, er að sjálfsögðu tómt mál að tala um það að sá ímyndaði réttur geti verið forsenda fyrir sérstöku skattahagræði.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. En ég er meðflm. að þessu frv. og vil þess vegna að það komi hér skýrt fram hve mjög ég styð það. Sú synjun ráðuneytisins, sem varð tilefni þessa frv. um breytingu á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, er alveg forkastanleg og lýsir fyrst og fremst þeirri þröngsýni sem er alls ráðandi hvað þetta varðar.

Varðandi þau ummæli, sem hér féllu áðan hjá hv. þm. Halldóri Blöndal um að ekki væri hægt að nota húsnæðissparnaðarreikninga á Norðurlöndum skv. hans athugun í þessu skyni, þá getur það allt verið mjög rétt og skal ég ekki draga þá athugun hans neitt í efa. En þegar hann athugaði búseturéttarlöggjöf hinna Norðurlandanna almennt hlýtur hann að hafa getað skynjað það hve miklum mun það er auðveldara almennt að eiga færi á því að komast í húsnæði, á hvern hátt sem það er, á hinum Norðurlöndunum og ekkert sambærilegt við okkar aðstæður hér. Þar er alveg sama hvort talað er um að fá lán til eigin húsnæðis, svokallaðs „selveijer", eða hvort það er fyrir búseturéttaríbúðir eða „borettslag".

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja hér örfá orð vegna fsp. frá hv. 2. landsk. þm. Ég vil byrja á því að lýsa því yfir að lögin um húsnæðissparnaðarreikninga, sem sett voru á síðasta þingi, eru vissulega mjög mikilvæg löggjöf og ég lagði mikla áherslu á það í ríkisstj. að sú löggjöf næði fram að ganga.

Hins vegar reiknaði ég aldrei með því að ástæða væri til að ætla að þessi lög yrðu túlkuð svo þröngt sem úrskurður fjmrn. ber með sér. Ég tel því að vinna þurfi að því að fá þar fram lagfæringar. Mín skoðun er einfaldlega sú að hvers konar sparnaður fólks í bankakerfinu á Íslandi, sem miðar að því að spara fé sem nota skal til að tryggja sér húsnæði, sé jákvæð aðgerð sem löggjafanum beri að styðja.

Hins vegar er það alveg hárrétt, sem hér hefur komið fram, að enn vantar í íslenska löggjöf ákvæði um búseturétt og leigukauparétt í sambandi við íbúðarhúsnæði og að því er verið að vinna. Ég staðfesti það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að reiknað er með því að frv. í þessu efni verði lagt fram á þessu þingi.

Ég ætla ekki að fara út í frekari umræður um þetta mál. Ég vil endurtaka að ég tel að þarna þurfi að gera á lagfæringu. Ég hef í höndum lagaskýringar frá lögfræðingum, m.a. lögfræðingum í félmrn., sem ganga nokkuð á misvíxl við það sem kemur fram í lögskýringu frá fjmrn. Ég ætla ekki að fjalla um það hér. Við notum það við frekari athugun á þessu máli og ég geri ráð fyrir að það verði gert heyrinkunnugt mjög fljótlega.

En ég vil aðeins lýsa því hér yfir að ég tel að hér þurfi að gera lagfæringu því að það eru fleiri en húsnæðissamvinnufélagið Búseti sem þarna geta komið til greina.

Það eru ýmsir aðrir aðilar í þjóðfélaginu sem þurfa á því að halda að eignast húsnæði með sparnaði og allt sem miðar að því að örva slíkan sparnað er jákvæð þróun sem við þurfum að efla.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það datt ekki af mönnum andlitið hér þó að hv. 2. þm. Norðurl. e. lýsti ekki af gleði né ljómaði af samstöðu þegar hann fór að tala um búseturéttarfyrirkomulagið. Við höfum áður orðið vitni að því að sá hv. þm. hefur litla trú á því og greiðir síst götu þess hér á þinginu.

Hv. þm. var óheppinn í samanburði, herra forseti, þegar hann fór að leita til hinna Norðurlandanna um fyrirmyndir í húsnæðismálum. Það er kannske boð um nýja tíma og breytta stefnu hjá Sjálfstfl. að þeir ætli sér í framtíðinni helst að sækja fyrirmyndir til lausnar húsnæðismála til hinna Norðurlandanna. Er það vel og fagna ég því. Ég held hins vegar að hv. þm. fari fjarri raunveruleikanum þegar hann telur það koma í veg fyrir að þeim sem hyggjast afla sér íbúðarhúsnæðis með búseturéttarkjörum gefist kostur á þessum sparnaði að ekki hafa þegar verið sett lög um sjálft fyrirkomulagið. Það er einfaldlega þannig að menn leggja inn á húsnæðissparnaðarreikning á grundvelli þeirra laga sem nú eru um það sparnaðarform og á þeim kjörum sem bankar bjóða og sæta síðan því hvort sú innlögn muni losna þegar og ef þeir fara inn í húsnæði á þessum kjörum. Hver og einn sem leggur inn á þetta sparnaðarform tekur sem sagt þá áhættu að binda fé sitt þarna inni þangað til hann ræðst í að afla sér húsnæðis og skiptir þá ekki máli hvort nú liggur fyrir hvernig hann ætlar að fara að því eða hvort það ræðst seinna. Það er ósköp einfaldlega þannig að hér er um eitt sparnaðarform að ræða sem er í þjóðfélaginu og stendur öllum opið án tillits til þess hvort þeir ætla að ráðast í íbúðarkaup eða húsnæðisöflun á allra næstu árum eða einhvern tíma seinna. Þeir geta engu að síður nýtt sér þetta sparnaðarform. Það getur reyndar Pétur og Páll þó hinum sömu mönnum detti aldrei í hug að koma yfir sig húsnæði. Það er einfaldlega ekki um það að ræða þegar menn leggja inn á þetta sparnaðarform.

Einnig held ég að hv. þm. hafi misskilið samninga eða samstarf Búseta og Alþýðubankans. Að sjálfsögðu er ekki um það að ræða að áðurnefndur banki fái einhvern einkarétt á sparnaði þeirra félagsmanna. Auðvitað getur þetta félag ekki ráðstafað honum með þeim hætti heldur er hér um að ræða samninga þar sem þessi viðkomandi banki býður ákveðið sparnaðarform og ákveðin kjör og þetta stendur félagsmönnum þessa félagsskapar til boða. Að sjálfsögðu er þeim frjálst að fara í aðra banka ef þeir svo kjósa og spara þar. Þetta gefur auga leið, herra forseti, og hv. þm. hlýtur að skilja þetta ef hann hugsar um þetta í ró og næði. Það liggur einfaldlega ekki þannig í málinu. Hvorki Búseti né nokkur annar getur samið um það fyrir hönd einhverra manna að þeir skuli spara á einum stað og aðeins einum stað. Það t.d. liggur í hlutarins eðli að hjón geta stofnað húsnæðissparnaðarreikning sitt í hvorum bankanum ef þau svo kjósa og njóta þar fulls réttar hvort fyrir sig.

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hafði náttúrlega ekki reiknað með þröngri túlkun fjmrn. á þessum lögum. Hann er alltaf fullur bjartsýni, hæstv. félmrh., þegar hann er að bregðast við eða spá í viðbrögð Sjálfstfl. í húsnæðismálum og alltaf kemur Sjálfstfl. honum á óvart. Alltaf er hann á móti, alltaf túlkar hann þröngt o.s.frv., o.s.frv. Og hér stendur hæstv. félmrh. eins og einhver maður úti í bæ og getur ekkert við þessu gert. Þetta eru bara eins og einhver örlög sem yfir hann ganga að allir eru vondir, allir eru á móti honum og allt mistekst í höndunum á honum af því að þetta eða hitt er svona. Hann var einu sinni t.d. á móti háum vöxtum, en hann gat bara ekkert við því gert því að aðrir menn vildu hafa þá o.s.frv. Þetta er óskaplega lágkúrulegur málflutningur, herra forseti, að ráðherra þessara mála komi hér og beri af sér með þessum hætti. Auðvitað á hann að gangast fyrir því að fjmrn. endurskoði hug sinn, og hann á að beita áhrifum sínum innan ríkisstj. til þess að hans vilji og hans stefna í húsnæðismálum nái fram að ganga en ekki skjóta sér endalaust á bak við það að þessi eða hinn flokkurinn eða maðurinn í samstarfsflokknum hafi einhverjar aðrar skoðanir og þar með strandi málið.

En ég vil þá að lokum spyrja hæstv. félmrh. og ég ætla að fara fram á dagsetningar og skýr svör að gefnu tilefni: Hvenær fáum við hér að sjá frv. um búseturétt? Verður það stjfrv. án fyrirvara einstakra hæstv. ráðh. og hv. þm. stjórnarliðsins? Við höfum nefnilega séð þannig pappíra birtast hér og reynast harla lítils virði þar sem viðkomandi ráðherra fær náðarsamlegast leyfi í ríkisstj. og þingflokkunum til að sýna eitthvert mál. Allir hafa síðan á því fyrirvara að þeir muni styðja það og ekkert gerist. Þannig, herra forseti, leið í fyrra heill vetur að það gekk á með yfirlýsingum hæstv. félmrh. um það að nú væri þetta frv. alveg á leiðinni og alveg að koma. Það er verið að vinna í þessu. Það er eins og maður hafi heyrt þessar tilkynningar áður, herra forseti, að þetta frv. sé á leiðinni og það muni koma fram á þessu þingi. Þetta loforð var reyndar gefið fyrst á vormánuðum 1984 og þá var sagt að stjórnarflokkarnir hefðu gert með sér samkomulag um að frv. um búseturétt yrði lagt fram í byrjun næsta þings. Síðan leið sá vetur allur og ekkert stjfrv. birtist um þetta mál. Óþarft er að rekja hvernig þetta hefur leikið þau félög sem búið er að stofna um þetta húsnæðisform. Því er alveg óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félmrh.: Er hann að tala um að frv. líti dagsins ljós t.d. í næsta mánuði þannig að það komist til nefndar fyrir jól og hægt sé að fara að vinna það þar? Er hæstv. félmrh. að tala um desembermánuð? Eða hvenær? Verður það e.t.v. þannig að í kastþröng og tímahraki tveimur eða þremur dögum fyrir þinglok leggi kannske einhver hv. þm. Framsfl. fram eitthvert frv. Fáum við svipaða niðurstöðu í þessu á þessum vetri og við fengum í fyrra? Ég vil lýsa því yfir, herra forseti, að ég uni því ekki að þessum málum verði sífellt drepið á dreif og þau tafin með þessum hætti og ég mun beita mér fyrir því að þetta mál komi hér inn á dagskrá þingsins á allra næstu dögum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Aðeins vegna þess sem hv. 1. landsk. þm. sagði áðan; ég hef ekki fengið fullnægjandi upplýsingar nema frá Svíþjóð varðandi það atriði hvaða stöðu búseturéttaríbúðir hafa í þessum skilningi en hef beðið um upplýsingar um önnur lönd þannig að það sé alveg á hreinu.

Ég vil einnig taka undir það með hæstv. félmrh. að allur sparnaður er jákvæður og einmitt þess vegna voru

lögin um húsnæðissparnaðarreikninga samþykkt til að hvetja til sparnaðar og er sá sparnaður öllum frjáls þannig að ekki er ágreiningur um það atriði. Á hinn bóginn er í þeim lögum gert ráð fyrir að þessi sparnaður sé laus ef menn kaupa eða byggja íbúðarhúsnæði fyrir sjálfa sig að þrem árum liðnum eða leggja í mjög miklar endurbætur og er þá miðað við 20% af fasteignamati húss. Þriggja ára tíminn er við þetta miðaður.

Það sem aftur er efni frv. sem hér er rætt um er að þeir sem njóta 33. gr., og sú hugsun held ég að sé aðallega lögð til grundvallar, að þeir sem njóta c-liðar 33. gr. sem er svo með leyfi hæstv. forseta: „Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja" skuli njóta þeirra skattfríðinda sem í húsnæðissparnaðarreikningum felast.

Ég geri ekki ráð fyrir að nokkrum manni detti í hug þegar talað er um leiguíbúðir fyrir námsmenn sem þeir noti á sínum námstíma að hægt sé að búast við að námsfólk almennt fari að kaupa eignarhluta í íbúð, enda hygg ég að tekjur námsmanna séu ekki það miklar að þeim nýtist húsnæðissparnaðarreikningar á meðan á námi stendur, þau skattfríðindi sem þar eru. Þetta fólk hefur ekki þann afgang að það geti nýtt sér þessa reikninga þannig að ég á ekki von á að Félagsstofnun stúdenta eða framhaldsskólanemendur almennt, sem mundu reyna að sækja á þessa lagaheimild, geri ráð fyrir að námsmenn eignist svo og svo mikinn eignarhluta í þeim íbúðum sem um er fjallað.

Frv. snýst þá um það hvort rétt sé að gefa öldruðu fólki og öryrkjum heimild til þess að losa fé af húsnæðissparnaðarreikningum eftir þrjú ár í staðinn fyrir fimm eins og í lögunum stendur þegar um er að ræða að þetta fólk á kost á að kaupa hluta af íbúð til þess að tryggja öryggi sitt. Um það snýst málið í raun og veru. Mér finnst að vel geti komið til athugunar og vil alls ekki á þessari stundu neita því að vel komi til greina að stytta sparnaðartíma einmitt þessa fólks þegar svo stendur á, þó mér þyki eðlilegt að fimm ára sparnaðartíminn gildi undir öðrum kringumstæðum, en um þetta snýst efni málsins.

Ég var ekki, herra félmrh., þegar ég var áðan að tala um frv. um Búseta að vísa til stjórnarflokkanna sem slíkra heldur var ég einungis að minna á að í síðustu viku þinghaldsins í vor lögðu sömu þm. fram orðrétt frv. í tvennu lagi, tvisvar sinnum tvíbura í tvennu lagi, og bjóst satt að segja við, eins og hamagangurinn var á þessum síðustu þingdögum, að ekki mundi líða langur tími áður en þeir endurflyttu aðra hvora gerðina af þeim frumvörpum sem þeir lögðu fram á vordögum og bjóst við að málið kæmi með þeim hætti inn í þingið. (**Gripið fram í:** Ekki Sjálfstfl.?) Sjálfstfl. hefur mótaðar skoðanir á því hver búseturéttur skuli vera og mun það koma fram á sínum tíma. En ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði hér áðan að ógerningur er í skattalögum að veita skattafslátt skv. rétti sem ekki er til og ekki er skilgreindur í íslenskum lögum. Skv. lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga er gert ráð fyrir eignarhaldi á þeirri íbúð sem í hlut á. Það er alveg öldungis ljóst. Skilgreining eða skilningur fjmrn. er því tvímælalaust réttur, enda í samræmi við álit ýmissa lögfræðinga.

Á hinn bóginn vara ég mjög við því hér í sölum Alþingis að menn telji álitsgerð frá lögfræðingi einhvern endanlegan dómstól á því hvað sé rétt lagatúlkun. Lögfræðinga getur greint á og ekki er hægt að vitna í einhvern einn eða annan lögfræðing og segja: Hann hefur lög að mæla, þegar ágreiningur er um túlkun laga. Annar eins maður og Oliver Lodge fer ekki með neina lygi, sagði Örn Arnarson í frægu kvæði og skírskotaði þar til þess að menn þyrftu ekki að draga í efa hugmyndir Olivers Lodge um framhaldslíf.

Hér hafa verið nefndir tveir lögfræðingar sem eru í sama flokki og Oliver Lodge og maður á að trúa því að þeir hafi lög að mæla einungis með því að nefna nafn þeirra hér í þingsölum. Ég hef séð álitsgerðir eftir lögfræðinga og lögmenn sem ég met jafnmikils og þeir eru annarrar skoðunar. Með því er ég ekki að draga t.d. úr því að Ragnar Aðalsteinsson — tók ég ekki rétt eftir að hann hafi verið annar lögfræðingurinn? — standi undir nafni sem lögmaður. Þvert á móti er hann virtur lögmaður hér í borg og engin ástæða til að draga í efa að hann sé fullgildur maður í lögmannastétt og hafi gert marga hluti vel. Í þessu sérstaka atriði er ég hins vegar ósammála honum og styðst þar við álit lögfræðinga sem ég tel jafningja hans í hópi lögmanna.

Ég ætla ekki á þessu stigi að ræða húsnæðismál almennt. En vegna ummæla hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, um ágæti þess fyrirkomulags sem er á öðrum Norðurlöndum vil ég aðeins skýra frá því að mér er kunnugt um að hingað hafi komið húsnæðisfrömuður sænskur sem mjög kemur við sögu í búsetaíbúðum þar. Hann lét í ljós mikla hrifningu yfir verkamannabústaðakerfinu eins og það er uppbyggt hér á landi og taldi að til langframa væri það betri kostur en sá sem Svíar hefðu tekið upp hjá sjálfum sér. Hann lýsti þeirri almennu skoðun sinni að það mundi hafa sparnað í för með sér og til lengdar vera heppilegra, bæði fyrir þjóðfélagsheildina og einstaklingana, að þeim yrði gefinn kostur á því að eignast sínar íbúðir og bera ábyrgð á þeim. Verkamannabústaðakerfið er einmitt þannig byggt upp að því fólki sem tekjulágt er er gefinn kostur á að komast í slíkar íbúðir. Í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins er sérstakt ákvæði um það að þeir sem verst eru settir geti fengið allt að 90% byggingarkostnaðar að láni þegar í verkamannabústöðum. Þar er einmitt reynt að koma til móts við þá sem verst eru settir.

Ég hef ýmislegt að athuga við verkamannabústaðakerfið og endurkauparéttinn á verkamannabústöðunum eins og frá honum er gengið. Ég hef séð þær hugmyndir sem búsetafélagið hefur sett fram um þetta sama og ég sé ekki annað en það sé með öllum göllum verkamannabústaðanna og þó er ýmsum fleirum bætt við. Ég get fullyrt að margir þeirra sem hafa sótt um íbúð í búsetafélagi munu hverfa frá þegar þeir kynna sér staðreyndir málsins og sjá hvernig frá þessum málum er gengið.

Að síðustu vil ég svo segja: Auðvitað kemur ekki til mála að menn geti öðlast meiri lánsrétt ef þeir ganga í eitt félag heldur en annað. Búseti og búsetaréttarfélög geta ekki fallið undir verkamannabústaðakerfið. Það er algerlega útilokað vegna þeirrar hugsunar sem á bak við það er og vegna þess að bæði hér á Alþingi og innan verkalýðshreyfingarinnar er sú skoðun yfirgnæfandi að það eigi að reyna að auðvelda mönnum að eignast sín híbýli, það er okkar gamla stefna. Alþingi hefur í gegnum áratugina lagt fram verulegt fé til að þeir sem

minnst mega sín í þjóðfélaginu geti líka kallast húseigendur, átt þau híbýli sem þeir búa í. Þetta er kjarni málsins.

Ég skal ekki fara út í þessar umræður nánar en bara ítreka þetta. Það er öldungis ljóst að almennt félag fyrir ríka og fátæka getur ekki notið sérstakra lagafríðinda, sérstakra fjárgjafa úr ríkissjóði umfram aðra, enda er ekki gert ráð fyrir því í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar er gengið út frá þeirri grundvallarreglu að ráðstöfun á slíkum íbúðum skuli fyrst og fremst vera í gegnum verkamannabústaðakerfið. Síðan koma sveitarfélögin þar inn með sínar leiguíbúðir. B-liður 33. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun."

Í c-lið stendur eins og ég sagði áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum eða stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja."

Nú vita þm. að á vegum Öryrkjabandalagsins og líka raunar Sjálfsbjargar fer fram víðtæk athugun meðal félagsmanna á því hvernig halda skuli áfram þeirri starfsemi að þessi heildarsamtök eignist íbúðir sem síðan er hægt að lána þessu fólki, öldruðum og öryrkjum, hreyfihömluðu fólki eða blindu eða fólki sem með öðrum hætti stendur ekki eins vel í lífsbaráttunni og aðrir. Það er skoðun mín að þessi félög, Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg, Blindrafélagið, eigi að sitja fyrir um það fé sem Alþingi vill sérstaklega verja til að koma til móts við þá hópa sem hér ræðir um, aldraða, sjómannadagsráð og ýmsa aðra aðila sem byggja verndaðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

Ég held að alþm. hljóti að geta verið sammála um að Öryrkjabandalagið veit betur um það hvernig ástandið er hjá þeim mönnum sem í því félagi eru heldur en einhverjir aðrir aðilar úti í bæ. Ég held að við hljótum að geta sameinast um að fullnægja fyrst þeim þörfum sem bersýnilega eru fyrir hendi á vegum þeirra líknarfélaga, sem ég hef talið upp, áður en Alþingi fer að ráðstafa þessu fé með öðrum hætti.

Hér er fyrst og fremst um mannúðarmál að ræða. Við erum að tala um að koma til móts við þá sem undir eru í lífsbaráttunni. Það er takmarkað fé til umráða og ég vil vænta þess þegar þm. hafa gert upp hug sinn að lokum að atkvæði þeirra falli á þá lund að við eigum að koma þeim fyrst til aðstoðar sem búa við heilsubrest, af hvaða ástæðu sem sá heilsubrestur er, hvort sem það er ellihrumleiki eða eitthvað annað.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann talaði um gamlar hugmyndir, þær hugmyndir að hver maður skyldi eignast sitt húsnæði. Það er rétt, þetta er gömul hugmynd og hefur verið draumur margra. En þessi hugmynd er á góðri leið með að verða úrelt, ekki síst vegna þess að þeir sem hafa farið þessa leið eru óðum að sligast vegna þess að þessi hugmynd kaffærir venjulegar fjölskyldur í því þjóðfélagi sem við búum í í dag.

Tímarnir breytast og mennirnir með. Það koma nýjar hugmyndir með nýjum tímum. Ein þessara nýju hugmynda er einmitt sú hugmynd sem býr að baki búsetahreyfingunni og er í því fólgin að menn velja sér það hlutskipti að eiga leiguaðild eða forgangsrétt að leiguaðild að íbúð í stað þess að eignast hana á hefðbundinn hátt. Þetta er ekki endilega bara gamalt fólk, öryrkjar, námsmenn, einhverjir þeir sem minna mega sín þó að ég sé fyllilega sammála hv. þm. Halldóri Blöndal, að okkur beri að greiða götu þeirra sem minna mega sín og styðja þá á alla lund. Við verðum líka að hafa vit til þess að koma auga á nýjar hugmyndir og möguleika þeirra og gæði og hafa vit á því að styðja þær. Vegna þess að hv. þm. minntist á Oliver Lodge og framhaldslíf, þá langar mig hreinlega til að spyrja hann: Ætlar hann þessari hugmynd, ætlar hann búsetahreyfingunni framhaldslíf í einhverju formi með einhverjum stuðningi eða ekki?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég er orðinn svo vanur þessum fullyrðingum frá sumum hv. þm. eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. að ég sé ekki ástæðu til að kippast við þó að þær séu endurteknar hér í ræðustól.

Í sambandi við þetta mál vil ég aðeins endurtaka það sem ég sagði hér í fyrri tölu minni að ég tel að sparnaður í bankakerfinu okkar, sem miðar að því að auðvelda fólki síðar að eignast húsnæði, sé af því góða og það eigi að efla það, það eigi ekki að túlka það þröngt í löggjöf og því þurfi að laga þá löggjöf ef hún ber það með sér að takmarka slíkan sparnað og að því er verið að vinna.

Í sambandi við fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e., þar sem hann vildi krefja mig um dagsetningar í sambandi við frv., vil ég rifja það upp sem hann kom raunar sjálfur aðeins inn á. Það var samkomulag sem var birt á s.l. ári í lok þingsins vorið 1984 milli stjórnarflokkanna um að setja löggjöf um búseturétt og leigukauparétt í sambandi við íbúðarhúsnæði. Að því var unnið. Hins vegar náðist ekki samkomulag um að leggja það frv. fram á síðasta þingi. Eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. sjálfsagt veit eru stjfrv. í samsteypustjórn með því formi, eins og allir hv. alþm. vita, að samkomulag þarf að nást um málið í ríkisstjórn og viðkomandi þingflokkum áður en hægt er að leggja slík mál fyrir Alþingi sem stjfrv. Þetta vita menn í stórum dráttum og í deilumálum er þetta staðreynd sem ekki verður gengið fram hjá því að annar stjórnarflokkurinn getur haft neitunarvald í slíkum málum.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan. Það er verið að vinna áfram að þessu máli og ég geri ráð fyrir því að fljótlega verði upplýst hvort hægt verður að leggja slíkt mál fram aftur sem stjfrv. Það verður ekki langt að bíða eftir úrslitum um það. Það er það eina sem ég get sagt hv. þm. á þessari stundu.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að vekja athygli hæstv. félmrh. á því að við höfum séð framan í stjfrv. í tíð þessarar ríkisstj. án þess að fullt samkomulag hafi ríkt um þau þegar þeir pappírar voru sýndir á hv. Alþingi. Nægir að nefna afstöðu stjórnarflokkanna til útvarpslagafrv. í fyrra og ummæli sem hér féllu fyrir nokkrum dögum þegar frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga var lagt fram og ekki færri en tveir hv. þm. Sjálfstfl. komu hér í pontu og lýstu fyrirvörum sínum og síns flokks um ýmis atriði í því frv.

Það er því ljóst að til eru a.m.k. tvær leiðir, hæstv. félmrh., til að leggja fram stjfrv. Önnur er sú að leggja fram venjulegt stjfrv. sem ríkisstjórnin og báðir eða allir aðstandendur hennar styðja og hin leiðin er að leggja fram einhverja pappíra sem menn hafa fulla fyrirvara á um og alveg er undir hælinn lagt hvernig verða afgreiddir.

Það er þá eðlilegt að maður spyrji hæstv. félmrh.: Mun hann ekki grípa til þess, ef ekki dregur saman innan tíðar með stjórnarflokkunum í þessu máli, að leggja hér fram frv. og lofa þá Sjálfstfl. að hafa þá fyrirvara á sem honum finnst eðlilegir eins og alsiða er greinilega hjá hæstv. ríkisstj. að gera?

Ég átti svo sem ekki von á því, herra forseti, að hér kæmi svarið: 23. nóvember kl. 14.35 eða eitthvað svoleiðis. En ég dreg þann lærdóm af svari hæstv. félmrh. að það sé algerlega í óvissu hvenær og hvort eitthvert frv. um búseturétt verður lagt fram á þessu þingi. Ég dreg þann lærdóm af reynslu minni af ummælum, svörum og orðum, sem hér hafa fallið í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. og ráðherratíð hæstv. félmrh. Alexanders Stefánssonar, að það sé gersamlega í óvissu og þoku hvort og hvenær eitthvert frv. lítur dagsins ljós af hálfu ríkisstj. í þessu máli.

Það hefði verið gaman, herra forseti, að taka þátt í þessum hjartnæmu ræðuhöldum hv. 2. þm. Norðurl. e. um verkamannabústaðakerfið. Það var ánægjulegt að heyra þm. Sjálfstfl. tala af slíkri innlifun um það ágæta kerfi og þá mannúðarstefnu í húsnæðismálum sem tengist því m.a. Ég fagna því að sjálfsögðu eins og ég fagna því að þessi hv. þm. og sérstakur talsmaður Sjálfstfl. í húsnæðismálum sækir nú fyrirmyndir sínar til Norðurlandanna án þess að ég sé að segja endilega að þar sé allt gott sem gjört er í húsnæðismálum. En það er vissulega framför að heyra hv. þm. Sjálfstfl. tala með þessu hætti um verkamannabústaðakerfið sem hingað til hefur nú komið fremur í hlut annarra að verja og berjast fyrir.

En ég vil segja í tveimur setningum í lokin, herra forseti, að mannúðarstefna þessarar ríkisstj. í húsnæðismálum birtist öðru fremur þessa dagana í fjölda nauðungaruppboða og sennilega er það viðhorfið til verkamannabústaðakerfisins, sem endurspeglast í niðurskurði fjárveitinga til þess kerfis eins og liggur nú fyrir í fjárlögum, sem mun að líkindum verða til þess, ef það stendur óbreytt, að verkamannabústaðakerfið getur engri nýrri starfsemi hleypt af stað á næsta ári og rétt getur staðið við þegar gerðar og lögboðnar skuldbindingar sínar með því fjármagni sem því er nú ætlað af hálfu hæstv. ríkisstj. Þannig birtist sem sagt velvildin til verkamannabústaðakerfisins og mannúðarstefnan í húsnæðismálum þessarar ríkisstj. sem hv. þm. hafði svo fögur orð uppi um að við lá að menn tárfelldu í salnum, svo hjartnæm var ræða hans, þ.e. í nauðungaruppboðum og niðurskurði á fjárveitingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 20. mál (þskj. 20). -- 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Frv. liggur frammi á þskj. 20 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. mgr. 15. gr. laganna hjóði svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri sínu og eiga lögheimili hér á landi.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Breyting sú sem hér er lögð til er einföld: að greiðsla mæðra- og feðralauna miðist við 18 ára aldur en ekki 16 ára aldur eins og nú er. Meðlög eru nú greidd til 18 ára aldurs, svo og barnalífeyrir ef foreldri er látið eða öryrki, en áður náðu þessar greiðslur til 16 ára aldurs eins og mæðra- og feðralaunin gera nú.

Árið 1971 var sú lagabreyting gerð að meðlagsgreiðslur voru lögbundnar til 17 ára aldurs og með setningu barnalaga nr. 9/1981 lengdist greiðsluskylda meðlaga og barnalífeyris til 18 ára aldurs. Augljósar ástæður lágu til þessarar lagasetningar. Þær eru að með síauknum kröfum um menntun unglinga og starfsþjálfun í æ flóknara þjóðfélagi hefur skólaaldur unglinga lengst til muna og þeir eru mun lengur á framfæri foreldra en áður var. Er óþarft að fjölyrða frekar um þennan þátt málsins.

En þjóðfélag okkar hefur breyst að ýmsu öðru leyti. Ekki er unnt að loka augunum fyrir því að æ tíðara gerist að foreldri séu ein með börnum sínum, hjónabönd leysast oftar upp en áður gerðist og liggja eflaust til þess flóknar ástæður sem að verulegu leyti eiga rætur að rekja til þeirra þjóðfélagsbreytinga sem átt hafa sér stað á síðustu áratugum.

Menn skyldu ævinlega minnast þess þegar pólitískar ákvarðanir eru teknar, t.d. hér á hinu háa Alþingi, að þær hafa víðtæk áhrif á líf manna utan veggja þessa húss. Þó að flestir ef ekki allir stjórnmálaflokkar í landinu leggi áherslu á það í stefnuskrám sínum að stuðlað skuli að vernd og viðgangi fjölskyldunnar sem grunneiningar í þjóðfélaginu hefur pólitísk ákvarðanataka í landinu ekki verið í samræmi við það. Fjölskyldan hefur orðið hart úti í öllum ákvörðunum stjórnmálamanna á síðustu árum, jafnt fjárhagslega sem félagslega. Sú staðreynd stendur því eftir að í októbermánuði á þessu ári tóku 5474 einstæðar mæður mæðralaun hjá Tryggingastofnun ríkisins og 356 einstæðir feður tóku feðralaun á sama tíma. Á framfæri þessara einstæðu foreldra voru nú í október 7674 börn.

Nú er það svo að ákveðið hefur verið að til þess að framfleyta fjölskyldu þurfi báðir foreldrar að hafa atvinnutekjur. Þetta er ekkert sem hefur gerst, heldur hafa verið teknar um það ákvarðanir. Það heyrir nú sögunni til að einar atvinnutekjur nægi til að framfleyta fjölskyldu nema í undantekningartilvikum sem ekki skipta hér máli. Það er löngu ljóst að með aukinni þörf á atvinnuþátttöku kvenna úti í þjóðfélaginu hafa laun lækkað sem tekjum þeirra nemur. Þetta er staðreynd sem verkalýðssamtökin í landinu eru sjálfsagt treg til að viðurkenna, en er sannleikur engu að síður. Dæmin tala sínu máli í öllu þjóðfélaginu hvert sem litið er.

Í barnæsku minni voru kennarar vel launaðir menn sem bjuggu við tryggan og stöðugan fjárhag. Nú duga tvenn kennaralaun varla til framfæris fjölskyldu. Sjómenn unnu einir fyrir stórum fjölskyldum og það var hlutverk konunnar að annast heimilið. Slíkt fjölskyldu-

mynstur er ekki algengt nú. Þannig mætti lengi telja, enda tala tölur um atvinnuþátttöku kvenna sínu máli. Yfir 80% giftra kvenna starfa nú einnig utan heimilis, auk allra einstæðra mæðra eða svo til.

Aðgerðir stjórnvalda á síðustu árum, sem rýrt hafa lífskjör launþega um allt að 45% samhliða því vaxtaokri sem lagt hefur verið á það fólk sem er að koma yfir sig húsnæði, hafa tæplega orðið fjölskyldunni til styrktar. Margfalt vinnuálag beggja foreldra og öryggisleysi um börn og hina öldruðu, sem orðið hafa hreinir útigangsmenn í samfélagi okkar, er ekki líklegt til að stuðla að farsæld fjölskyldunnar í þjóðfélaginu. Þvert á móti hefur öll stefna stjórnvalda miðað beint að upplausn þessarar margnefndu grunneiningar.

7674 börn eru nú í október á heimili annars foreldris. Þessi börn eiga allan sama rétt til vandaðs uppeldis og skilyrða til lífs og starfs og önnur íslensk börn. Til þess að svo megi verða hlýtur að verða að koma til móts við þá foreldra sem eru einir með börn sín. Annars eru þeim beinlínis búin allt önnur lífskjör en öðrum foreldrum í þessu landi. Varla er það vilji hv. alþm. að stór hluti landsmanna, um sex þúsund framfærendur barna í landinu, myndi hóp fátæklinga sem verða að lifa allt öðruvísi lífi en annað fólk í landinu. Og þegar þessi börn, sem þessir einstæðu foreldrar eru að ala upp nú, koma til starfa í þjóðfélaginu er ekki spurt hvernig heimilishögum þeirra var varið í uppvextinum, hvort foreldrar bjuggu saman. Það verður spurt: Hvað geta þau og hvað kunna þau?

Stjórnmálamenn hafa áhrif á alla þætti mannlífsins. Tölur hafa verið birtar nýlega um vaxandi fjölda fóstureyðinga hér á landi. Yfir 700 fóstureyðingar voru framkvæmdar árið 1984. Samkvæmt nýjum mannfjöldaspám sýnist Íslendingum fara fækkandi þegar líða tekur á öldina. Afkoma manna og aðstaða hefur vitanlega áhrif á fjölda barnsfæðinga sem annað og því er tími til kominn að hið háa Alþingi hugi að þessum málum áður en í algert óefni er komið. Íslenska þjóðin hefur ekki efni á að henni fækki.

Það er einfaldlega ekki álitlegt eða aðlaðandi að ala upp stóran barnahóp í landi okkar þessa dagana þegar allt sem lýtur að velferð barna er skorið niður við trog, fæðingarorlof, dagvistarheimili, skólakerfið, heilbrigðisþjónustan, húsnæðiskerfið og laun manna í landinu. Stjórnvöld verða því að axla þá byrði að afleiðing þessa er sívaxandi fjöldi einstæðra foreldra með börn á framfæri sínu sem samfélagið ber ábyrgð á til jafns við önnur landsins börn eigi að viðhalda mannfjölda í landinu sem verið hefur.

Það er óþarft að orðlengja hér um þá staðreynd að konur hafa miklum mun lægri laun en karlmenn og yfirgnæfandi meiri hluti barna einstæðra foreldra er á framfæri móður sinnar. Lífskjör þessara kvenna sýnast vera harla bág og tæplega skiljanlegt hvernig þær reka heimili sín við núverandi aðstæður. Samkvæmt mati neyðarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins er talið nokkuð ljóst að fjölskylda sem hefur 70 þús. kr. á mánuði í tekjur, hvort sem það eru báðir foreldrar eða annað, en skuldar í húsnæði eða húsnæðislán yfir 1 millj. kr., sem ekki er óalgengt, getur ekki haldið húsnæði sínu til lengri tíma með því að lifa eðlilegu lífi. Allar tekjur undir því marki eru því óraunhæfar til reksturs fjölskyldu. Og einstæðar mæður þurfa húsnæði ekki síður en aðrir framfærendur. Tekjur á borð við þær sem að framan var getið eru fátíðar í þeim hópi og að ég hygg nær óþekktar. Þær eru því ofurseldar leigumarkaði og allir þekkja hvernig kjör þar eru, fjárhagslega sem og félagslega. Stöðugir flutningar barna milli skólahverfa eru fæstum börnum hollir né heldur óhóflegt vinnuálag mæðra þeirra.

Við kjarakannanir undrast menn oft hversu háar tekjur margar þessara kvenna hafa þrátt fyrir allt, en skýringin á því er ofureinföld. Þær vinna margar hverjar jafnvel tvo átta stunda vinnudaga á einum sólarhring. Segir sig sjálft hver umhirða barna verður við slíkar aðstæður og ófyrirséð er hver áhrif slíkt líf hefur á allt menningarlíf þjóðar okkar til lengri tíma.

Sannleikurinn er sá að þúsundir íslenskra barna eru ein heima allan daginn eftir að skóla lýkur og gildir þá einu hvort um börn einstæðra foreldra er að ræða eða foreldra í sambúð. Myndböndin verða afþreyingarefni þessara barna sem smám saman staðna í málþroska og þar með öllum þroska sem ástæða er til að óttast að skaði hugsun þeirra þegar fram í sækir. Menn hugsa á móðurmáli sínu og takmörkuðum orðaforða fylgir þrenging á hugsun. Þetta líf er tvímælalaust stórhættulegt þroska þessara barna og þar með þjóðinni allri.

Herra forseti. Ég hef farið almennum orðum um uppeldisskilyrði þau sem íslensk börn búa við í sambandi við frv. það sem hér er á dagskrá. Með því vil ég leggja áherslu á að þau eru ákveðin hér í þingsölum. Þau eru ekkert sem gerist af sjálfu sér. Þau eru gerð. Frv. það sem ég mæli hér fyrir leysir ekki vanda íslensku fjölskyldunnar, en greiðslu mæðra- og feðralauna tveimur árum lengur en nú er tel ég létta undir með þeim þúsundum foreldra sem eru að berjast við að búa börn sín undir að taka við störfum í þjóðfélaginu sem best þeir mega.

Hækkun sú sem hér er lögð til kostar lauslega áætlað, þó trúlega nokkuð rétt, um 30 millj. kr. á ári. Þessa lauslegu áætlun hef ég fengið hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það verður að teljast góð fjárfesting miðað við 815 millj. sem fóru í bifreiðakostnað ríkisins á síðasta ári eða milljóna risnukostnað ráðherra. Heildargreiðsla mæðralauna er nú um 20 millj. á mánuði yfir allt landið og yrði frv. að lögum hækkaði sú upphæð sem sagt um 2,5 millj. kr. á mánuði.

Meginatriði þessa máls er þó kannske að engin rök hníga að því að mæðra- og feðralaun séu greidd tveim árum styttra en meðlög og barnalífeyrir með sömu börnum. Allur andi löggjafans og þeirra laga sem hann hefur sett á undanförnum árum hefur verið sá að eðlilegt sé að greiðslur verði inntar af hendi með börnum þann tíma sem þau eru alla jafna við nám og undirbúning undir lífsstarf. Mæðra- og feðralaun hafa hér orðið eftir af einhverjum ástæðum og ég held að tími sé til kominn fyrir hið háa Alþingi að lagfæra það.

Herra forseti. Ég harma mjög hversu fáir hafa verið hér í salnum og hlýtt á mál mitt. Það er ekki óvenjulegt þegar málefni sem snerta velferð barna eru á dagskrá. Þá tekur hið háa Alþingi að þyrsta. En ég skora á þá þingmenn sem hér eru staddir, um leið og ég þakka þeim fyrir að hlýða á mál mitt, að vinna hver á sínum vettvangi að því að þetta frv. nái fram að ganga. Ég held að eins og málum er komið í þjóðfélagi okkar í dag sé það lágmarksmerki um að Alþingi sé ekki alveg sama um velferð barna í þessu landi og undirbúning þeirra undir lífið.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og skora á hv. þm. að veita því það brautargengi sem þeir mögulega geta.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ef konur á Íslandi gætu almennt lifað af dagvinnulaunum sínum mannsæmandi lífi þyrfti ekki að flytja svona frv., en vegna þess að þær geta það ekki og sá hópur sem hér um ræðir stendur verulega höllum fæti verður að horfast í augu við þann veruleika sem við blasir. Ég tel þetta hið sjálfsagðasta réttlætis- og jöfnuðarmál og ætla ekki að orðlengja um það frekar, en vísa til ágætrar framsögu hv. flm. Ég vil í stuttu máli lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta ágæta mál.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Mér þykir nauðsynlegt að það komi fram í sambandi við umræðu um þetta mál, sem fyrst og fremst byggist á því sem fram kom m.a. hjá síðari hv. ræðumanni, að hér er fyrst og fremst um kjaramál einstæðra foreldra að ræða. Það er engan veginn svo að málefnum þessa hóps hafi ekki verið verulega og sérstaklega sinnt í tíð þessarar ríkisstj. Á þeim tíma sem liðinn er af kjörtímabilinu hafa mæðralaunin margfaldast. Þau hafa margfaldast langt umfram aðrar tryggingabætur. Ég tel ástæðulaust annað en að láta þetta koma fram.

Það má vissulega færa rök fyrir því að haldast eigi í hendur sá aldur barna sem mæðralaunin miðast við og aldurinn sem barnalífeyririnn miðast við, mér þykir það vera rökrétt, en hitt vil ég draga fram að svo stóð á að ég afhenti hæstv. forseta sameinaðs þings í gær skriflegt svar við fsp. hv. forseta Ed., Salome Þorkelsdóttur, þar sem hún spyr einmitt um hækkanir á tilteknum bótaflokkum almannatrygginga frá 1. júní 1982 og til 1. okt. 1985. Athugun ráðuneytisins á þessu máli hefur sýnt að bætur hafa hækkað mjög mismunandi á þessu tímabili. Þannig hefur ellilífeyrir einstaklinga hækkað úr 1992 kr., er hann var, einungis þessi upphæð, 1. júní 1982, í 5354 kr. 1. okt. 1985. Þarna er auðvitað um grunnupphæðina að ræða sem tekjutryggingin kemur ofan á. Þessi hækkun er um 169%. Hins vegar hafa mæðralaunin með einu barni hækkað á þessu tímabili úr 175 kr. 1. júní 1982 í 2055 kr. 1. okt. 1985 eða um 1074%. Þetta er hækkun af því tagi að ég tel nauðsynlegt að láta hennar getið þegar verið er að ræða um það og látið í veðri vaka að ríkisstjórnin eða Alþingi sinni ekki þörfum þess hóps sem hér er um að ræða.

Ég geri ráð fyrir að þessu skriflega svari verði útbýtt á borð þm. fljótlega. Þar kemur fram, auk þeirra upplýsinga sem hér hafa verið nefndar, sem voru að hækkunin á mæðralaunum fyrir eitt barn hefur á þessu tímabili verið 1074%, að hækkun á mæðralaunum fyrir tvö börn hefur verið 467% og á mæðralaunum fyrir þrjú börn eða fleiri 403%.

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram, herra forseti, við umræðu þessa máls.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur fyrir undirtektir við þetta mál. Ég vænti að þögn hinna sé samþykki við svo sjálfsögðu máli.

Því miður var ekki unnt að heyra á máli hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort hún styður þetta mál að öðru leyti en því að hún er sammála því að óeðlilegt ósamræmi sé milli greiðslu meðlaga og barnalífeyris. Um það getum við verið sammála.

Það er öldungis rétt sem hún tók fram hér, þó það mál væri ekki beinlínis á dagskrá og þess vegna sá ég enga ástæðu til að fara út í það, vissulega er það alveg rétt að mæðralaun hafa hækkað verulega, en sannleikurinn er sá að áður en sú hækkun varð voru þau beinlínis hlægileg og allt að því móðgun við þá sem við þeim tóku. Það var því mál til komið að gera þar bragarbót. (**Heilbr.- og trmrh.:** Í stjórnartíð flokksmanna hv. þm.) Meðal annars, hæstv. ráðh. Ég er ekki að flytja þetta mál til að lofa og prísa ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Ég held að hún verði að standa undir því sem hún gerði. Ég sé ekki neina ástæðu til að vera útvörður hennar. Mæðralaun og feðralaun voru jafnt til skammar hvað upphæð snerti í tíð hennar og annarra ríkisstjórna.

En til þess að allur vafi sé af tekinn skal hv. deild upplýst um að mæðralaun með einu barni eru nú 2055 kr. á mánuði, með tveimur börnum 5383 kr. og með þremur börnum og fleiri 9547 kr. Ekkjubætur eru nú fyrstu sex mánuði og tólf mánuði í viðbót ef kona hefur barn á framfæri 6708 kr. á mánuði. Ung ekkja með þrjú börn getur þess vegna fengið 15 000 kr. í stuðning frá ríkinu til þess að ala upp og halda heimili fyrir þrjú börn sín eða fleiri. Það segir sig sjálft að jafnvel þó konan stundi atvinnu er það ekki ýkjamikill stuðningur. Að vísu kæmi þarna barnalífeyrir til, en svo sannarlega mundi þessari fjölskyldu ekki veita af að fá þessa greiðslu tveim árum lengur en nú er, þ.e. að mæðralaun verði greidd jafnlengi og meðlög og barnalífeyrir.

Það sem hér er um að ræða er að við berum jafna ábyrgð á uppeldi allra barna í þessu landi. Eins og ég sagði áðan: Þegar þau koma til starfa í þjóðfélaginu verða þau ekki spurð hvort þau bjuggu hjá báðum foreldrum. Þau eru spurð um hvað þau geti, hvað þau kunni, hvað þau geti lagt af mörkum. Og það er ábyrgð okkar allra að öll börn í þessu landi sitji við sama borð hvað uppeldisskilyrði og menntunarmöguleika varðar. Þess vegna vil ég enn og aftur ítreka að ég treysti því að hið háa Alþingi veiti þessu máli gengi. Það er áreiðanlegt að öðru eins er eytt í hreinan óþarfa eins og þessum 30 millj. kr. sem það mundi kosta á ári að inna þessar greiðslur af hendi til 18 ára aldurs barnanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 10. fundur.

Fimmtudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp að gefnu tilefni. Til að byrja með í máli mínu vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í hans

orð í lok síðasta þings. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi hefur ekki farið varhluta af gagnrýni á vinnubrögð á þessu þingi. Réttmætt aðhald almennings við Alþingi er af hinu góða og ekki til að amast við. Margt í gagnrýninni á við rök að styðjast, annað er byggt á misskilningi. En mest er um vert að Alþingi leitist ávallt við að bæta vinnubrögð sín og halda þeim svo að það megi sem best gegna sínu mikilvæga hlutverki."

Enn fremur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu þingi sem nú er að ljúka hefur meginvandinn verið fólginn í því að af 107 stjfrv. eru 31 lögð fram eftir 10. apríl." En því nefni ég 10. apríl að eftir þann tíma hefði ekki verið heimilt skv. hinum nýju þingsköpum, sem Alþingi hefur nú sett sér, að taka til meðferðar ný þingmál nema með afbrigðum.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá kveð ég hér hljóðs af gefnu tilefni. Þrjár vikur eru nú liðnar af þessu þingi og af þeim tíma hefur Ed. nánast setið aðgerðarlaus. Stjórnarandstöðu var af núv. fjmrh. brugðið um úrræðaleysi, en ég vil benda á að ef ekki hefði komið til málflutningur stjórnarandstöðunnar hefði Nd. og Sþ. líka setið nánast aðgerðarlaus þennan sama tíma. Enn þá hafa ekki verið kjörnir embættismenn allra nefnda þingsins, þó að þrjár vikur séu liðnar af starfstíma þess, og engar skýringar á því að finna. Mér sýnist því allt stefna í þau vinnubrögð sem sumir menn líta hér orðið á sem eðlileg. Því er ástæða til að áminna ráðherra og þingheim um að taka sér tak.

Ein aðalástæðan fyrir þeim álitshnekki sem Alþingi hefur orðið fyrir með þjóðinni tel ég vera þá að þm. hafa ekki gætt virðingar þingsins sem skyldi. Það dylst ekki almenningi, umbjóðendum okkar, að þm. kyngja því æ ofan í æ að þingið sé notað af stjórnvöldum sem afgreiðslustofnun. Almenningur dregur þær ályktanir af þessum geðlurðuhætti þm. að þeir sitji fyrst og fremst á þingi launanna vegna en ekki kjósenda sinna vegna.

Ég fullyrði að þeir þm. sem hér sitja og eru í stjórn eða hafa verið í stjórn, eru ráðherrar eða hafa verið ráðherrar, eru sekir um að hafa beitt þingið þeim bolabrögðum sem duga til að þröngva málum hér í gegn, án tillits til þess tíma sem nauðsynlegur er til að fjalla um jafnafdrifarík mál og lög eru.

Í fylgiskjali með stefnuræðu forsrh. er listi 114 frumvarpa og fjögurra þingsályktunartillagna, þ.e. 118 þingmála, sem flytja á á þessu þingi. Og ég vek athygli á að þrjár vikur eru liðnar af þessu líklega u.þ.b. 24—25 vikna þingi sem við eigum í vændum. Þ.e. 1/8 af vinnutíma okkar er búinn og farinn til einskis. Enn fremur kom fram í fylgiskjali með stefnuræðu forsrh. að ekki væru öll kurl komin til grafar, þannig að við mættum eiga von á fleiri þingmálum en þeim sem þar voru tilgreind.

Ég tel að ríkisstj. hafi haft á tveimur og hálfu ári nægan tíma til að undirbúa þessi mál og ráðherrar hafi enga afsökun fyrir því að vera ekki búnir að leggja þessi mál fram nú þegar. Eða vinna þeir og ráðuneyti þeirra bara á meðan þing stendur?

Ég skora á ríkisstj. að taka sér tak og leggja þau mál fram strax sem mönnum er alvara um að hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Ég skora á samþingmenn mína að taka sér tak og láta ekki eina ferðina enn vaða með skóhlífunum ofan í kokið á sér og hafna þeim vinnubrögðum sem beitt var hér á s.l. vori og útlit er fyrir að séu að verða að sjálfsagðri hefð hér á þessu þingi. Ég skora á samþingmenn mína að vera samtaka að neita að afgreiða mál hér öðruvísi en að þau fái sanngjarnan tíma til umfjöllunar. Ég lýsi því yfir hér sjálfur að ég mun ekki taka þátt í slíkum loddaraleik enn eina ferðina.

Ég vil líka fara fram á það við hæstv. forseta að hann áminni samþingmenn mína opinberlega um að þeir voru kosnir til löggjafarstarfa fyrst og fremst, en ekki til setu í stjórnum, nefndum og ráðum framkvæmdavaldsins. Ég tel þetta nauðsynlegt vegna þess að það er greinilegt að ýmsir þm. láta störf sín í Framkvæmdastofnun, bankaráðum og stjórnarnefndum ríkisstofnana ganga fyrir störfum í þingnefndum og því ekki vanþörf á að áminna þessa menn um að umboð kjósenda þeirra hér á þingi gengur fyrir umboðsstörfum þeirra á vegum Alþingis hjá framkvæmdavaldinu.

Ég vil leyfa mér hér, með leyfi hæstv. forseta, að endurtaka þau orð sem hann viðhafði hér við þingslit í vor: „Mest er um vert að Alþingi leitist ávallt við að bæta vinnubrögð sín og halda þeim svo að það megi sem best gegna sínu mikilvæga hlutverki."

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 8. þm. Reykv. hefur hér farið með þau orð sem forseti Sþ. sagði í þingslitaræðu á síðasta þingi. Það má vera að góð vísa sé aldrei of oft kveðin, en ég hefði ætlað að þm. væri þetta svo í minni að það þyrfti ekki að fara að flytja ræðuna nú aftur.

Það er ákaflega gott að þm. beri fyrir brjósti virðingu Alþingis og vil ég ekki draga úr því að það sé gert. En þá þarf líka að hafa í huga að vera ekki að gera Alþingi upp ávirðingar fram í tímann. Það er ekki til virðingar Alþingi.

Hv. þm. telur að hæstv. ríkisstj. sé aðgerðarlítil að því er varðar flutning stjfrv. á þessu þingi og að þess vegna gæti það leitt til þess að það komi of seint eða síðla á þingi fram stjfrv. sem betur væri að kæmu fyrr og dreifðust jafnara á þingtímann. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. er ekki langur tími frá því Alþingi var sett. Það er ekki að öllu leyti búið að koma Alþingi á laggirnar að því leyti að það er ekki búið að skipta verkum í tveim eða þrem nefndum, en ég ætla að það verði í dag eða á morgun. Ég tel að það sé ekki ástæða til þess að gera þetta að sérstöku ádeiluefni nú í byrjun þings. Ég sé ekki ástæðu til þess að ætla annað heldur en að vinnubrögð ríkisstj. verði með þeim hætti sem við kjósum, þannig að það verði leitast við að dreifa þingmálum sem mest á allan þingtímann. Og ég hef ástæðu til þess að ætla það — og raunar tel mig geta sagt það — að það er vilji hæstv. forsrh. og þá, geri ég ráð fyrir, ríkisstj. í heild.

Hv. 8. þm. Reykv. óskaði eftir því að forseti minnti samþingsmenn sína á að þeir væru ekki kosnir á Alþingi til þess að gegna störfum í ráðum og nefndum heldur á Alþingi. Ég tel mig vita að þm. eru það vandir að virðingu sinni að það er tilefnislaust að vera að áminna þá um þessi efni, svo sjálfsagt sem þetta er.

Jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku, þáltill. 6. mál (þskj. 6). — Fyrri umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef hér á

þskj. 6 leyft mér að flytja till. um stofnun landsnefndar til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hafa frumkvæði að því að komið verði á fót landsnefnd til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar helstu fjöldasamtaka í landinu. Nefndin skal gera tillögur um hvernig Íslendingar geti best orðið við tilmælum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um ýmiss konar refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku. Nefndin skal enn fremur hafa það hlutverk að kynna íslensku þjóðinni ástand og þróun mála í Suður-Afríku og þær hörmungar sem kynþáttaaðskilnaðarstefnan (apartheid) hefur leitt yfir þorra manna þar í landi, svo og að fræða almenning á Íslandi um stöðu Namibíu og þá sjálfstæðisbaráttu sem þar er nú háð gegn ólöglegum yfirráðum Suður-Afríku yfir landinu."

Þess er skylt að geta að tillaga efnislega samhljóða þessari var áður flutt á 104. löggjafarþingi, þ.e. á árinu 1982. Hvatinn eða kveikjan að flutningi þessarar till. var sá að í starfsáætlun, sem hin svokallaða apartheid-nefnd eða sérstaka apartheid-nefnd Sameinuðu þjóðanna samdi um þær mundir, voru löggjafarþing allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hvött til þess að helga sérstaka fundi tilefni þessa árs sem þá var og var helgað afnámi kynþáttamisréttis. Í þessari starfsáætlun var enn fremur óskað eftir því að yfirvöld í hverju landi beittu sér fyrir því að komið væri á fót landsnefndum til þess að auka skilning á þeim hörmungum sem apartheid-stefnan hefur haft í för með sér fyrir hina þeldökku íbúa Suður-Afríku.

Auðvitað þarf ég ekki hér á þessum vettvangi að eyða löngum tíma eða mörgum orðum í það að segja hv. þm. frá ástandinu í Suður-Afríku eins og það er nú. Af því eru fregnir í hverjum einasta fréttatíma fjölmiðla og á síðum dagblaða alla daga, síðast í hádeginu í dag um sigur hægri aflanna, öfgaaflanna í aukakosningum sem þar fóru fram og boða ekki gott um framvindu og framhald.

Við höfum séð í sjónvarpi nær daglega misþyrmingar. Við höfum séð fólki misþyrmt. Fólki sem hefur það eitt til saka unnið að safnast saman til friðsamlegra mótmæla. Ég hef það fyrir satt að á Vesturlöndum séu fregnir af þessu langtum ítarlegri og um þetta langtum meira fjallað heldur en nokkurn tíma er í sjónvarpi í Suður-Afríku. Raunar er nú sú sérstaða þar í landi að það er eitt af fáum ríkjum sem skemur hafa haft sjónvarp en við Íslendingar vegna þess að hinn hvíti minni hluti í landinu taldi að hinum svörtu væri það hvergi hollt að hafa sjónvarp. Það eru því tiltölulega fá ár síðan sá fjölmiðill komst í gagnið þar. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að þessu ástandi. Það er hv. þm. allt of vel kunnugt til þess að um það þurfi að hafa hér mörg orð eða stór.

Tilgangur þessarar till. er fyrst og fremst sá að hæstv. ríkisstj. hafi um það nokkra forgöngu að koma á fót landsnefnd, eins og tillagan getur um, til þess að vera sá aðili er kynnt getur þessi mál og miðlað því mikla magni upplýsinga sem í viku hverri — og kannske á hverjum degi — berst frá ýmsum stofnunum, sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og þá einkum og sér í lagi hinni sérstöku apartheid-nefnd. Mér er um það kunnugt að hún gefur út mikið af gögnum og skjölum sem berast til utanrrn., öruggleg, og berast væntanlega til Landsbókasafns eða Þjóðskjalasafns, sem er vörslustaður fyrir skjöl frá Sameinuðu þjóðunum. En mér segir svo hugur um að ákaflega fátt af þessum skjölum og þeim upplýsingum sem þar er að finna fari yfirleitt nokkuð lengra. Það er sem sagt megintilgangur þessarar till.

Í grg. tillögunnar er rakið hvað gerðist í þessum efnum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrir rúmu ári síðan, en þá voru gerðar sjö ályktanir um kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnar Suður-Afríku. Norðurlandaþjóðirnar höfðu frumkvæði að einni þessara ályktana (ályktun 39/72 G) og fluttu hana ásamt nokkrum öðrum ríkjum. Sú ályktun Norðurlandanna var sú þeirra sem samþykktar voru sem flestir treystust til að styðja og fæstir greiddu atkvæði gegn, þannig að hún naut víðtækasts stuðnings þeirra ályktana sem allsherjarþingið samþykkti um þetta efni.

Nú er það svo að Sameinuðu þjóðirnar hafa árum saman — og öll árin, að ég hygg, síðan samtökin voru stofnuð — fjallað um bæði ástandið í Suður-Afríku og stöðu Namibíu. Þar hefur hins vegar lítt miðað og verður að segjast eins og er að þar hafa Sameinuðu þjóðirnar reynst vanmáttugar til að valda því mikla ætlunarverki sem margir ætluðust til af þeim. Það er staðreynd sem er deginum ljósari að Sameinuðu þjóðirnar hafa reynst vanmáttugar í þessu efni m.a. vegna þess að hjá stórveldunum hefur hugur ekki fylgt máli um að ná fram breytingum í þessum efnum. Einkanlega eru það Bandaríkin og Bandaríkjastjórn, sem þar hafa verið treg í taumi, að ekki sé sterkar að orði kveðið. Þó lítils háttar breyting sé merkjanleg á þeirri stefnu á undanförnum vikum þá er hún hvergi nærri nægileg að mínu mati.

Í þessari ályktun sem Norðurlöndin stóðu að og 146 ríki greiddu atkvæði, tvö greiddu atkvæði gegn, en sex tóku ekki afstöðu, þá voru það Bandaríkin og Bretland sem tóku afstöðu gegn og greiddu atkvæði gegn og kemur það ekkert á óvart. Ég geri ráð fyrir að ýmsir hv. þm. hafi heyrt sendiherra Breta hjá Sameinuðu þjóðunum í gær þegar fluttur var bútur eða kafli úr ræðu hans í fréttatíma sjónvarps. Belgía, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Malawi og Vestur-Þýskaland sátu hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Þrjár síðustu málsgreinar þessarar ályktunar, sem Ísland hafði m.a. frumkvæði að á allsherjarþinginu, eru á þessa leið:

„Allsherjarþingið heitir á allar ríkisstjórnir og samtök að gera viðhlítandi ráðstafanir til að binda endi á öll samskipti á sviði menntamála, menningarmála, vísinda og íþrótta, sem fela í sér stuðning við apartheid-stjórnina í Suður-Afríku, svo og samskipti við einstaklinga, stofnanir og aðra sem styðja eða styðjast við kynþáttaaðskilnaðarstefnuna og hvetur einnig til frekari tengsla við þá sem berjast gegn apartheid-stefnunni.

Allsherjarþingið ítrekar lögmæti baráttu hinnar kúguðu þjóðar Suður-Afríku fyrir algeru afnámi apartheid-stefnunnar og fyrir stofnun lýðræðislegs þjóðfélags þar sem ríki jafnrétti kynþáttanna, þar sem allir menn án tillits til kynþáttar, litar eða trúarbragða geti notið mannréttinda og almenns frelsis.

Allsherjarþingið þakkar og lýsir samstöðu með samtökum og einstaklingum sem berjast gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og fyrir lýðræðislegu þjóðfélagi þar sem ríkir jafnrétti kynþáttanna í samræmi við mannrétt-

indayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna."

Að undanförnu hefur ýmislegt verið að gerast á þessum vettvangi og um þessi mál víða fjallað. Nægir þar að minna á nýgerða samþykkt verkamannafélagsins Dagsbrúnar hér í Reykjavík um að félagsmenn þess ágæta félags starfi ekki að því að skipa upp eða út vörum sem eiga að fara til Suður-Afríku.

Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda hefur fjallað ítarlega um þetta mál og fjallað um norræna áætlun um ráðstafanir gegn Suður-Afríku. Það er vissulega lofsvert að Norðurlöndin hafi þar nokkurt frumkvæði sem þó hefði mátt og mætti vera meira.

Þá er þess að geta að útvarpsstjórar á Norðurlöndum hafa gert samþykkt varðandi útvarps- og sjónvarpsefni sem snertir þetta og með listamönnum sem hafa komið fram og lýst stuðningi við aðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku.

Kirkjuþing, sem nú stendur, hefur gert ályktanir um þetta mál. Norrænir biskupar hafa gert ályktun um málið og sjálfsagt mætti gera þennan lista töluvert og verulega lengri því að þetta er mál sem er engum manni óviðkomandi hvar í veröldinni sem hann býr.

Nú hefur það verið sagt og því haldið fram í hinum virðulegustu blöðum að við eigum ekki að vera að hafa *mörg orð um ástandið í Suður-Afríku vegna þess að það* sé svo margt óréttlætið annars staðar í veröldinni og mörg mannréttindabrot út um allar jarðir. Þetta eru engin rök. Eitt lögbrot getur aldrei afsakað annað. Þess vegna eru þetta ekki rök í þessu máli.

Það hafa orðið hér verulegar umræður um svokallaðan svartan lista sem hin sérstaka apartheid-nefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gefið út með nöfnum ýmissa listamanna sem þar hafa komið fram. Auðvitað hefur engum heilvita manni dottið í hug, þó að sá listi hafi verið gerður og búinn til, að bannfæra beri alla listamenn sem einhvern tímann hafa komið til þessa lands. Það er allt annað sem hér hefur verið um að ræða. Það hefur verið og er um það að ræða að hampa ekki eða hafa sérstök samskipti við þá listamenn sem lýst hafa stuðningi við apartheid-stefnuna og stjórnina í Suður-Afríku.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara mörgum frekari orðum um þetta nema sérstakar ástæður gefist til, en því vék ég að þessu að um þetta hafa orðið blaðaskrif hér og útvarpsstjóri m.a. sætt ámæli fyrir að hafa staðið að samþykkt sem norrænu útvarpsstjórarnir gerðu, sem þó er mjög hógvær og getur engan veginn talist ganga mjög langt í þessum efnum, en er hins vegar í fullu samræmi við þá afstöðu sem ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa haft og sérstaklega í fullu samræmi við þá afstöðu sem ríkisstjórn Íslands hefur haft og sem hæstv. utanrrh. hefur haft forgöngu um og ég get fyllilega tekið undir. Því hefur mér fundist ósanngjarnt það ámæli sem útvarpsstjóri hefur sætt af þessum sökum.

Ég geri ráð fyrir, herra forseti, að um þetta verði nokkrar umræður hér og þeir séu í hópi þm., sem vilja ganga töluvert lengra en þessi till. gerir ráð fyrir og beita sér fyrir algeru viðskiptabanni t.d. við Suður-Afríku. Ég tek undir það, ég er hlynntur því að við gerum það. Að vísu hafa viðskipti okkar við þetta land ekki verið ýkja mikil. Ég held að í fyrra höfum við flutt þaðan inn vörur, einkum ýmiss konar ávexti, fyrir 28 millj. kr. Þeir ávextir eru auðvitað auðfengnir annars staðar og ekkert sem gerir það að verkum að við eigum að halda uppi þessum viðskiptum við þetta land. Við seldum þangað vörur fyrir rúmar 4 millj. kr. í fyrra, einkum veiðarfæri og útgerðarvörur. Þeim útflutningi ætti að vera auðfundinn markaður annars staðar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni en legg til að að þessari umræðu lokinni verði þessari till. vísað til hv. utanrmn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa till. til þál. um stofnun landsnefndar til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku. Það er ekki nema eðlilegt og rétt og fyllilega tímabært að við skipuleggjum með þessum eða svipuðum hætti okkar andstöðu við þessa mannfjandsamlegu aðskilnaðarstefnu stjórnvalda minni hlutans í Suður-Afríku. Eins og öllum má ljóst vera, sem fylgst hafa með málefnum suður þar, er orðið mjög brýnt að knýja á um einhverjar úrbætur í stjórnunarháttum þar ef forða á þessu ríki og reyndar má segja nálægum löndum og þessum heimshluta frá algerri upplausn og borgarastyrjöld sem virðist vera það eina sem geti orðið afleiðing af óbreyttu ástandi þar. Nýlegar kosningar og úrslit þeirra benda heldur ekki til þess að það sé ætlun hvíta minni hlutans að slaka til nema síður sé. Ef marka *má niðurstöður* þessara kosninga hafa þau öfl heldur sótt í sig veðrið sem fylgja vilja harðlínu og beita valdi í samskiptum við hinn svarta meiri hluta þjóðarinnar.

Ég vil einnig, herra forseti, nota þetta tækifæri enn, eins og ég gerði hér fyrir nokkrum dögum síðan á þessum vettvangi, til að hvetja íslensk stjórnvöld, hæstv. ríkisstj., til aðgerða. Ég er þeirrar skoðunar og ég vil láta það koma hér fram að réttlætanlegt sé og í raun og veru sé okkur skylt að grípa til róttækari aðgerða en hingað til hafa verið viðhafðar. Þar er ég sammála hv. flutningsmanni og síðasta ræðumanni Eiði Guðnasyni.

Ég vil einnig hér á þessum vettvangi fagna viðbrögðum íslenskrar verkalýðshreyfingar sem nýlega samþykkti að grípa hér til hliðstæðra aðgerða í Reykjavík og sambærilegar hreyfingar hafa gert í nágrannalöndunum.

Ég vil svo segja það að hvernig sem framvinda þessara mála verður á allra næstu mánuðum þá lítur það því miður þannig út að full þörf verði fyrir nefnd sem þessa og hún hafi verk að vinna þótt maður leyfi sér að vona að það verði ekki um langa framtíð og hún megi standa uppi verkefnalaus innan tiltölulega fárra ára.

Herra forseti. Andstaða smáþjóðar eins og Íslendinga í þessu máli er og getur aldrei verið annað en fyrst og fremst táknræn. Þar með er ekki sagt að ekki sé full ástæða til þess að við höfum skoðun og við látum hana koma fram eins og þær þjóðir sem stærri eru.

Það gefur auga leið að hvorki þýðing þeirra viðskipta sem þessar tvær þjóðir, Ísland og Suður-Afríka, eiga sín í millum né önnur samskipti gera það að verkum að það muni mikið um það þó að þar verði gripið til takmarkandi ráðstafana. Þaðan af síður munum við koma til með að beita afli á nokkurn hátt í bókstaflegri merkingu þess orðs gegn þessari stefnu. Því er það fyrst og fremst táknrænt ef Ísland grípur til aðgerða sem þessara og það er að sama skapi táknrænt ef Ísland gerir það ekki.

Þá hljóta menn að spyrja hvers vegna t.d. við sæjum ekki ástæðu til að koma á fót skipulegri andstöðu með því að mynda slíka nefnd þegar nálægar þjóðir hafa gert

það. Ég held að það sé skynsamleg leið, ein af mörgum sem fær er til þess að skipuleggja okkar andstöðu. Því styð ég þessa till. og vona að framgangur verði hér greiður.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Úttekt á aðstæðum barna, þáltill. 8. mál (þskj. 8). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um úttekt á aðstæðum barna að 12 ára aldri. Flm. eru Kristín S. Kvaran, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka aðstæður barna að 12 ára aldri. Eftirfarandi atriði verði m.a. höfð til hliðsjónar við athugunina:

1. Fyrirliggjandi úttekt á launakjörum forgangshópa sem aðgang hafa að dagvistarheimilum.
2. Gerð verði ítarleg könnun á hlutfalli vinnu beggja foreldra þessara barna utan heimilis.
3. Fram komi í rannsókninni á hve mörgum stöðum (hjá dagmæðrum eða dagvistarheimilum) og hjá hve mörgum aðilum börnin hafa notið umönnunar og uppeldis á meðan vinna foreldra utan heimilis fer fram.
4. Hvort rekja megi hin mörgu slys á börnum í umferðinni til þeirra aðstæðna sem þau búa við á þessu aldursskeiði."

Virðulegi forseti. Það skal fullyrt hér að aðstæður barna hafa gerbreyst á skömmum tíma svo mjög til hins verra að full ástæða er til þess að ráðamenn þessarar þjóðar fái um það örugga vitneskju þannig að þær aðgerðir, sem teljast verða nauðsynlegar í kjölfar athugunarinnar, verði sem raunhæfastar og markvissastar. Best hefði auðvitað verið að um hefði verið að ræða frumkvæði ríkisstj. þannig að það væri alveg á hreinu að það væri raunverulegt markmið hennar að taka tillit til þessara þegna landsins og að það væri raunverulegt markmið hennar og vissa að þessir þegnar hlytu að teljast vera framtíð þessarar þjóðar.

Nú er svo komið að fjölskyldan er í raun og veru orðin að neyslueiningu sem kölluð er, þ.e. að fólk, fullorðnir og börn, sefur og borðar í sama húsi en ekkert endilega á sama tíma og það vantar algerlega einhverja samfellu í samveru þessa fólks. Það að aðstæðurnar hafa breyst svo mjög má e.t.v. að hluta rekja til þeirrar öru þróunar sem orðið hefur á því að konur hafa farið að vinna utan heimilis. Nú vinna u.þ.b. 80% kvenna utan heimilis. Það segir okkur í raun og veru alla söguna um það hvernig aðstæður þeirra barna eru sem áður fyrr nutu samvista við móður sína eftir að skóladegi var lokið og á milli tíma frá skóla þar sem ekki hefur verið um samfelldan skóladag að ræða.

Einnig hefur orðið umtalsverð aukning á fjarveru beggja foreldra frá heimili vegna mikillar aukningar á vinnu foreldra og allri yfirtíð. Þetta er allt saman ótvírætt.

Þar fyrir utan er um að ræða mjög mikla pressu á foreldrum ungra barna alla vega með það að ekki eru til nægilega mörg dagvistarheimili. Það er sífelld breyting sem á sér stað frá einni dagmömmunni til annarrar og eða frá einni fóstru eða starfsmanni til annars á dagvistarheimilum. Þetta hefur í för með sér þvílíkt rót að afleiðingar þess eru ófyrirséðar á barnið á þessum þroskaferli þess.

Sú festa, sem í raun er nauðsynleg í umhverfi barna og var til staðar þar til fyrir u.þ.b. 15 árum er þar fór að verða veruleg breyting á, er alveg að hverfa ef ekki nánast alveg. Það þarf auðvitað að búa aðstæður barna þannig úr garði í þessu þjóðfélagi að börn og foreldrar fái notið nálægðar og samveru í þeim mæli að þau geti haft tækifæri og það raunverulegt tækifæri til að kynnast hvert öðru. Það samband, sem byggist á tryggum grunni, gerir það auðveldara að takast á við og jafnvel rétta af þær misfellur sem hugsanlega geta orðið á og fram kunna að koma í tengslum við unglingsárin.

Foreldrar og börn verða að fá tækifæri til að kynnast og foreldrar verða að fá tækifæri líka til að fylgja þessum kynnum vel eftir. Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er að vekja athygli stjórnvalda á því hve nauðsynlegt það er að bregðast skjótt við þessari öru þjóðfélagsbreytingu og þeirri þróun sem átt hefur sér stað. Það þarf að gera athuganir á þessari þróun og sjá til þess að þar verði allar hugsanlegar breytur teknar með inn í myndina svo að unnt sé að fá út sem heildstæðasta mynd. Ég vil taka alveg sérstaklega til, svo að það komi fram, að þar þarf að koma fram allt sem hugsanlegt er varðandi umferðaröryggi barna.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð til stuðnings þessari till. Hér er að vísu að hluta til um margumtöluð vandamál þessa aldurshóps að ræða. Það er raunar ekkert nýtt en þau eru fjölþættari og þau hafa um leið alvarlegri afleiðingar á ævigöngu þeirra síðar meir. Mér datt í hug þegar ég las þessa till., þó að ég viti að tilgangurinn og athugunin væri söm, að kannske ættu formerkin að vera önnur, úttektin tæki til foreldranna, aðstæðna þeirra og fjárhagsstöðu eins og reyndar kom fram í máli hv. 1. flm., úttekt á erfiðleikum þeirra við að eiga samskipti við börn sín og hverjar ástæður þess eru eins og hér var komið inn á áðan einnig, þ.e. hin aukna þátttaka kvenna á vinnumarkaðinum sem að mörgu leyti ber að fagna þrátt fyrir allt, lífsstíll fólks almennt og lífsgæðakapphlaup þess. Ég er ekki að tala um kapphlaup eftir þeim gæðum sem við teljum varanleg og eðlileg heldur fyrst og fremst tilbúin, uppauglýst gæði sem fólk fer býsna mikið eftir í dag og kannske ekki síður ef það hefur nokkur tök eða efni á því og jafnvel um efni fram.

Það mætti líka hugsanlega gera úttekt á reglusemi foreldra eða kannske óreglu þeirra, leiðsögn þeirra í þeim efnum og lýsandi fordæmi þá um leið og kannske fyrst og síðast hinni ótrúlegu firringu sem orðið hefur milli kynslóðanna, þessu tengslaleysi milli kynslóða sem var áður svo til óþekkt, þannig að við gætum kannske raulað fyrir börnin eitthvað á þessa leið:

Burtu afi og amma
úti pabbi og mamma
ein með sjálfum sér.

Ég held að við eigum að hafa virkilegar áhyggjur af þessu tengslaleysi og við eigum líka að vinna að því að endurbyggja þá brú sem tengdi þessar kynslóðir. Eða hvort halda menn í alvöru að sé betri barnagæsla,

amman eða vídeóið? Ég segi þetta að gefnu tilefni því að ég heyrði unga konu, sem keypti sér vídeó um efni fram á dögunum, segja: „Þetta er besta barnagæslan mín."

Till. er þörf en að ýmsu þarf að huga, ýmsu þarf að breyta, lífsaðstöðu foreldranna kannske fyrst og síðast — þar er komið inn á hið víða kjarasvið — en lífsviðhorfinu kannske fyrst og fremst.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég er meðflm. að þeirri till. sem hv. þm. Kristín Kvaran hefur hér mælt fyrir og mig langar til að segja fáein orð út af þeirri hugmynd sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns um það að e.t.v. væri eðlilegra að sú úttekt, sem hér er lagt til að gerð verði, hefði þau formerki að hún tæki til foreldranna frekar en til barnanna. Ég held að félagslegar og fjárhagslegar aðstæður foreldra hljóti ávallt að vera órjúfanlega tengdar félagslegum aðstæðum barnanna og því hljóta aðstæður foreldranna að verða snar þáttur í þeirri könnun sem hér er lagt til að verði gerð.

Í raun og veru er í þessari till. verið að gera tilraun til að skoða þessi mál út frá sjónarhóli barnanna sjálfra, að setja sig í þeirra spor. Það tel ég mjög verðuga tilraun eins og málum er nú háttað.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt. Ég vil bara þakka þær undirtektir sem till. hefur hlotið og auk þess geta um að ég gleymdi að taka það fram að að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að till. verði vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Nefnd til að kanna rekstur Innkaupastofnunar ríkisins, þáltill. 10. mál (þskj. 10). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Hér er til umræðu 10. mál þingsins, till. um rannsóknarnefnd þm. til að kanna rekstur Innkaupastofnunar ríkisins. Flm. auk mín eru Kristín Halldórsdóttir og Kolbrún Jónsdóttir og tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi samþykkir að kjósa níu manna rannsóknarnefnd, skipaða þm. frá öllum þingflokkum, til að kanna rekstur Innkaupastofnunar ríkisins."

Það sem varð virkilegt tilefni til að setja fram þáltill. um að rekstur Innkaupastofnunarinnar yrði rannsakaður var frétt í Morgunblaðinu þann 1. okt. þar sem greint var frá því að 8 millj. kr. hefðu verið sviknar út úr Innkaupastofnun ríkisins. Þar höfðu verið falsaðar ávísanir sem gefnar voru út fyrir greiðslu verks. Til nánari skilgreiningar þessu vil ég, með leyfi forseta, lesa smákafla úr þessari frétt:

„38 ára gamall framkvæmdastjóri verktakafyrirtækis í Reykjavík hefur viðurkennt að hafa svikið 8 millj. kr. út úr Innkaupastofnun ríkisins með því að falsa ávísanir sem hann fékk sem greiðslur vegna byggingar sundlaugar við Grensásdeild Borgarspítalans í Reykjavík. S.l. laugardag var maðurinn úrskurðaður að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins í gæsluvarðhald til 9. okt. n.k. vegna rannsóknar málsins. Innkaupastofnun ríkisins kærði manninn í síðustu viku þegar í ljós kom að ávísanir, sem greiddar höfðu verið út, höfðu verið falsaðar."

Ávísanirnar höfðu verið falsaðar og maðurinn hafði viðurkennt athæfið og ég hef ekki hugsað mér að setjast í dómarasæti gagnvart því. En það sem fyrst og fremst vekur athygli í þessu sambandi er að svo langur tími skyldi líða frá því að fyrsta ávísunin var fölsuð og fé reitt fram af reikningi Innkaupastofnunarinnar þar til upp komst eða eins og segir í sömu frétt, með leyfi forseta:

„Síðasta ávísunin var gefin út í ágúst s.l., hin fyrsta í febrúar. Það var loks í síðustu viku að svikin komust upp, um átta mánuðum eftir að fyrsta ávísunin var fölsuð og framvísað í banka."

Enn fremur vekur það óneitanlega athygli að ekki skuli hafa verið lagt til að rekstur Innkaupastofnunarinnar yrði rannsakaður í beinu framhaldi af þessum tíðindum. Það var eðlilegt að bókhald mannsins skyldi verða tekið til athugunar og um það var getið í blöðum. En að sama skapi var ekkert getið um að til stæði að kanna rekstur ríkisfyrirtækisins. Til þess hefði þó verið ærin ástæða sé tekið tillit til þess að svo stórar fjárhæðir gátu verið útistandandi án þess að til kæmi að gerðar væru um það athugasemdir af hálfu stofnunarinnar. Mig langar aðeins, með leyfi herra forseta, að fá að lesa hér upp úr grg. með till., en þar segir:

„Það er skylda Alþingis að bregðast skjótt við í máli sem þessu og láta rannsaka fjárhag stofnunarinnar og bókhald ofan í kjölinn. Það verður að koma í ljós í slíkri rannsókn hvernig fjárveitingar til stofnunarinnar nýtast og hvernig stjórn stofnunarinnar almennt er háttað þegar litið er til þess að svo stórar fjárhæðir, sem hér um ræðir, geta verið útistandandi svo mánuðum skiptir án þess að hafa nokkur áhrif á fjárhag stofnunarinnar."

Þessi ríkisstofnun starfar að fyrirmælum þingsins eins og fram kemur af fskj. með till. og þar kemur fram hve viðamikið hlutverk henni er ætlað. Það er þess vegna sem nauðsynlegt er að gengið verði úr skugga um hvort verið geti að stofnunin hafi hugsanlega brugðist því hlutverki sínu á fleiri sviðum.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að till. verði vísað til síðari umræðu og allshn.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. flm. er annað aðaltilefni þessarar till. það misferli sem upp komst varðandi Innkaupastofnun ríkisins og greint hefur verið frá. Vegna þess vil ég taka fram að það er rétt eins og fram hefur komið að á tímabilinu frá því í janúar og til ágústmánaðar á þessu ári voru gefnar út ávísanir, sem Innkaupastofnun ríkisins gaf út vegna greiðslu til verktakafyrirtækis, samtals að fjárhæð 2 millj. 65 þús. kr. Þessum ávísunum var breytt til að svíkja út hærri upphæðir en efni stóðu til. Heildarfjárhæð, sem svikin var með því að breyta upphaflegri fjárhæð á ávísununum, nam 8 millj. kr. Auðvitað er eðlilegt, eins og fram kom í máli flm., að svara sé leitað við því hvernig slíkt getur átt sér stað.

Í fyrsta lagi vil ég taka fram að eðlilegt hefði verið að sú bankastofnun, sem innleysti viðkomandi ávísun, hefði tekið eftir því að um falsaða ávísun var að ræða. Sá banki ber áhættuna af þessu misferli og það er ljóst að Innkaupastofnun ríkisins verður ekki fyrir fjárhags-

legum skaða vegna þessa máls. Þann skaða ber viðkomandi banki.

En í öðru lagi er rétt að það á að vera fyrir hendi innra eftirlit hjá Innkaupastofnun ríkisins sem leitt hefði þennan mismun á fjárhæðum í ljós fyrr en raun varð á. Komið hefur í ljós að þetta innra eftirlit var ekki fyrir hendi hjá Innkaupastofnun ríkisins þannig að þessi mismunur kæmi í ljós á réttum tíma. Núna er verið að vinna að heildarafstemmningu á bankareikningum hjá Innkaupastofnun ríkisins í samráði við ríkisendurskoðun. Stofnuninni hafa verið settar ákveðnar reglur sem eiga að tryggja eðlilegt eftirlit sem hægt er að koma við í þessu sambandi.

Kjarni málsins er sem sagt þessi að það er unnið að því að ljúka heildarafstemmningu á bankareikningum í samráði við ríkisendurskoðun og ákveðnar reglur hafa þegar verið settar sem eiga að tryggja eðlilegt eftirlit.

Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram, vegna þess sem fram kemur í grg. með till. hv. flm., að BJ lagði fram till. á síðasta þingi þess efnis að leggja framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins niður, sem er, að því er mér skilst af grg., annar tilgangurinn með flutningi þessarar till. hér á Alþingi nú. Þá hefur starfað nefnd sem fyrrv. fjmrh. skipaði og hefur fjallað um starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins og framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar. Þessi nefnd hefur skilað áliti sínu. Hún skilaði áliti varðandi Innkaupastofnunina í febrúarmánuði á þessu ári en í júlímánuði að því er varðar þann þátt er lýtur að opinberum framkvæmdum. Þessi skýrsla er nú til athugunar í fjmrn. og þær tillögur sem fram koma í nefndinni um breytingar á verkefnum og hlutverki stofnunarinnar. Og á næstunni verða teknar ákvarðanir um áframhald þess máls og viðhorf til þeirra brtt. sem nefndin leggur til. Ég vænti þess að niðurstöður þessara athugana af hálfu ráðuneytisins og ákvarðanir liggi fyrir innan ekki langs tíma.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli flm. og hæstv. fjmrh. þá lögðum við fram till. á síðasta þingi um að þessari umræddu stofnun yrði lokað. Ég taldi það nægilegt tilefni til þeirrar lokunar að sannað er að þessi stofnun hefur ekki sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum. Hún hefur hreint og beint brotið lög. Í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, stendur, með leyfi hæstv. forseta, í 20. gr. V. kafla:

„Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.

Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það að grg. um skilamat séu lagðar fyrir fjvn. Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila."

Skilamat hafði þá, a.m.k. þegar þessi till. var flutt, aldrei verið gert á einu einasta verkefni sem þessi stofnun hafði séð um. Ég tel með tilkomu þessa máls, sem upp komst um í sumar, enn nægilega ástæðu til hreint og beint að loka þessari stofnun þannig að ekki sé hætta á að upp komi önnur slík atvik sem þetta því enn þá er ekki tryggt að menn séu ekki hreint og beint að raka að sér fé vegna vanhæfni þessarar stofnunar. Þessi stofnun brýtur lög enn þann dag í dag. „Innkaupastofnun ríkisins", segir í 14. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta, „annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ... undirbýr samningsgerð ...". Í 17. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings." Það þýðir að það er þessara manna að vera ábyrgir fyrir reikningshaldi og greiðslum vegna verka eins og framkvæmd verksins sjálfs. Og ef ekki er farið að þessum reglum tel ég að þessi stofnun sé sönn að því að hafa brotið lög. Þess vegna er næg ástæða til þess að loka henni til að koma í veg fyrir að slíkt geti haldið áfram og til þess að tryggja að fjármunum skattgreiðenda sé ekki kastað út um gluggann.

Það er þess vegna að mínu viti ekki nægilegt svar af hálfu hæstv. fjmrh. að unnið sé að því að endurskoða þessa hluti og reyna að koma einhverju betra lagi eða skikki á störf þessarar stofnunar. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. tveggja spurninga.

Í fyrsta lagi: Í sambandi við ávísanagreiðslurnar sem hann nefndi vil ég að fram komi ef þessi athugun á sér stað, og helst án þess, hvort það sé rétt sem ég hef heyrt en hef reyndar ekki sönnun á, því að ég hef ekki aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg væru, er það rétt að opinber fyrirtæki brjóti mörg hver bankalög með þeim hætti að árita ávísanir þannig að í þann reit sem upphæðin er skrifuð í sé hún skráð með tölustöfum og á línuna þar sem skrifa á upphæðina með bókstöfum sé upphæðin rituð með tölustöfum til flýtis fyrir þá sem ávísanirnar reiða af hendi? Mér hefur verið sagt það að þetta gerist með ávísanir einmitt frá þessari stofnun. Ef svo er er þessi stofnun ekki einungis uppvís að því að brjóta lög um opinberar framkvæmdir heldur líka bankalög. Bankar eru þar af leiðandi náttúrlega líka meðsekir ef þeir viðurkenna slík skjöl. Og hins vegar vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji tryggt að slíkir atburðir eins og upp komst um í sumar séu ekki enn þá að gerast í þessari stofnun.

***Fjmrh.* (Þorsteinn Pálsson):** Herra forseti. Vegna þeirra fsp. sem fram komu í máli hv. þm. sem hér talaði á undan vil ég segja að auðvitað geri ég ráð fyrir að á þann veg sé staðið að útgáfu ávísana að það sé í samræmi við lög og með tryggilegum hætti. Ég þori auðvitað ekki að svara fyrir með óyggjandi hætti hvort það á sér stað að ávísanir hafi verið áritaðar á annan veg. Um það get ég auðvitað ekki kveðið upp neinn dóm, enda hefur engin rannsókn farið fram um það atriði.

Spurningu nr. 2 vil ég svara á þann veg að auðvitað er aldrei tryggt að menn reyni ekki að svíkja út fé. Á hinn bóginn hafa verið settar nýjar reglur í samráði við Ríkisendurskoðun um innra eftirlit sem á að tryggja að upplýsingar af þessu tagi fari ekki fram hjá hlutaðeigandi aðilum og stofnunin komist að tilraunum í þessa veru fyrr en raun bar vitni um, þannig að þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar lúta að því að koma í veg fyrir að fjársvik af þessu tagi eigi sér stað. Hitt vitum við að við getum aldrei girt fyrir það með reglum að menn geri tilraunir af þessu tagi.

Hv. þm. fullyrti að vegna þess, eins og hann sagði, að

stofnunin hefði brotið lög ætti að leggja hana niður. Ég held að við hljótum hins vegar að taka afstöðu til þess hvernig stofnunin á að starfa út frá efnislegum forsendum. Ég vil ekki fjalla hér um fullyrðingu hv. þm. þess efnis að stofnunin hafi brotið lög. Fyrir henni verður þm. sjálfur að færa rök. En það er ekki málefnaleg afstaða gagnvart stofnuninni eða tilverurétti hennar hvort fullyrðingin stenst eða stenst ekki. Við getum alveg eins sagt að að banna ætti alla umferð á Íslandi af því að við vitum að menn hafa brotið umferðarlögin.

Kjarni málsins er sá að við verðum að átta okkur á hvaða hlutverki við viljum að þessi stofnun gegni og hvernig við viljum standa að opinberum framkvæmdum og opinberum innkaupum. Sú nefnd sem fyrrv. fjmrh. skipaði í þessu skyni hefur skilað skýrslu og ég hef greint frá því að hún er nú til skoðunar og þær tillögur sem þar eru settar fram og þess mun ekki langt að bíða að ákvarðanir muni verða teknar á grundvelli þessarar skýrslu um endurskipulagningu á störfum þessara stofnana.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þessi umræða minnir mig á sögu sem ég heyrði sem barn af þorpi vestur á fjörðum frá þeim tíma þegar fólk var almennt miklu frómara heldur en nú á sér stað. Þá gerðist það og sætti miklum tíðindum að brotist var inn í hús manns nokkurs sem hét Sigurður og stolið einhverju frá honum. Eftir það var Sigurður aldrei kallaður annað en Sigurður þjófur.

Það sem hér er að gerast er það að segja má að gengið sé í sjóð Innkaupastofnunar ríkisins og síðan óskað eftir því að rannsóknin fari fram hjá stofnuninni sem er þarna komin í hlutverk Sigurðar þjófs.

Í sjálfu sér er mjög eðlilegt að gerðar séu harkalegar athugasemdir eins og gerðar eru í þessari till. til þál. um það hvað hér hefur gerst. En svo vel vill til að einmitt á þessu sviði eru nefndir þingsins þannig að þær eiga einna auðveldast með að framkvæma rannsókn eins og þá sem hér er gerð till. um án þess að fram þurfi að fara sérstök samþykkt um það á þingi. Og þar á ég að sjálfsögðu við þá sérstöku aðstöðu sem fjvn. hefur í þessu sambandi. Fjvn. hefur m.a. sér til aðstoðar hagsýsluna sem á einmitt að svara spurningum og gera úttektir eins og þær sem bent er á í þessari till. Og það er mjög eðlilegt, eins og málum er háttað, að þessi ósk sem till. til þál. er gerð um, þ.e. að skoðun sé látin fram fara á rekstri Innkaupastofnunar ríkisins og fengin sé umsögn óhlutdrægra aðila um þau mál, það er mjög eðlilegt að þessi ósk verði þá sett fram á fundi fjvn. og þess óskað að hagsýslan og fjmrn. láti þessa athugun fram fara og skili um það áliti, annaðhvort skriflegu eða munnlegu, til fjvn. sem er þá að sjálfsögðu skjal eða plagg eða niðurstaða sem liggur fyrir þinginu öllu.

Herra forseti. Þetta er ekki hægt að gera í öðrum nefndum en fjvn. og þess vegna þarf yfirleitt um slíka hluti sérstakar afgreiðslur á þinginu til að svona rannsóknarverkefni megi við koma, en vegna sérstöðu fjvn. er hægt að gera þetta í gegnum hana án þess að til þurfi að koma atbeini Alþingis með þeim hætti sem í tillgr. þessari er gert ráð fyrir.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Vegna orða hv. 3. þm. Vestf. vil ég aðeins leiðrétta þá sögu sem hann sagði hér. Eins og ég man hana hét maðurinn Ólafur og var frá Akranesi.

En hæstv. fjmrh. vék aðeins að mínu máli áðan og taldi kröfur um að þessari stofnun yrði lokað vegna þess að hún hefði brotið lög jafnast á við að vilja banna alla umferð á Íslandi vegna þess að menn brytu umferðarlög. Auðvitað er þetta einstök stofnun og þar af leiðandi einungis sambærileg við einstakan brotlegan aðila í umferð og þegar þeir gerast of brotlegir eru þeir teknir úr umferð. Og það þykir sjálfsagt að framfylgja lögum þegar um slíkt er að ræða.

Hvað viðvíkur orðum hv. 3. þm. Vestf. um það að láta fjvn. eftir rannsókn á þessu máli vil ég benda á að þar getur orðið um dálítið vandasaman hlut að ræða vegna þess að þar blandast hagsmunir. Í lögum um skipan opinberra framkvæmda segir í seinni mgr. 20. gr., eins og ég rakti hér áðan, að Ríkisendurskoðun skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sjá um það að greinargerðir við skilamat séu lagðar fyrir fjvn. Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila. Og nú vill þannig til að í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, framkvæmdadeild Innkaupastofnunar og í fjvn. sitja að nokkru leyti sömu aðilar. Þessir aðilar eru náttúrlega með því að hafa ekki krafist að fá í hendurnar þau gögn sem þeir áttu að fá skv. lögunum að nokkru leyti ábyrgir fyrir þeim slysum sem orðið hafa í rekstri þessarar stofnunar. Þess vegna tel ég ekki eðlilegt að þeirri nefnd sé síðan falið að rannsaka málið því að þá gætu menn verið í vafa um árekstur hagsmuna þar.

Hitt sem hæstv. fjmrh. nefndi í upphafi máls síns um hvaða aðili bæri skaða af þessum glæp sem upp komst um í þessu fyrirtæki er aftur á móti sorgleg saga vegna þess að bankarnir umtöluðu sem bera ábyrgðina og eiga að taka skellinn, þann fjárhagslega, eru auðvitað eins og allir menn vita í eigu ríkisins, í eigu þessarar þjóðar, þannig að það er sama í raun og veru á hvorn veginn þessu máli er velt að sá sem endanlega blæðir er hinn almenni þegn í þessu þjóðfélagi.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. fjmrh. áðan vil ég aðeins koma að orðum hans þar sem mér fannst nánast eins og hann væri að ýja að því að sökin sem þessi till. bendir á sé endanlega bankastofnunarinnar. En sú sök sem ég er að tala um í þessari þáltill. og flm. taka undir er sú sem lýtur að skattgreiðendunum og kom fram í máli síðasta ræðumanns. Það er hún og það er vissulega sorglegt til þess að vita að hæstv. fjmrh. skuli segja úr ræðustól að sökin eða skaðinn sé bankans. Á meðan eða áður en uppvíst varð um verknaðinn er það auðvitað augljóst að féð hefur verið dregið út af reikningum Innkaupastofnunarinnar, jafnvel þó svo að ríkisbankinn hafi síðan aftur borgað inn á reikninginn þegar uppvíst varð um að um misferli var að ræða. Það er aftur annað mál. Tilgangurinn með þessari till. er einmitt sá að koma í veg fyrir að slíkt geti átt sér stað án þess að eftir verði tekið, að tekin sé út hærri upphæð en í rauninni var gefin út ávísun upp á.

Annað sem hæstv. fjmrh. var að ýja að án þess þó í raun að segja það hér úr ræðustól var að tilgangurinn með flutningi tillögunnar væri ekki alveg á hreinu. Tilgangurinn er alveg á hreinu. Tilgangurinn er sá að skipuð verði rannsóknarnefnd þm. til þess að kanna

rekstur Innkaupastofnunarinnar. Hins vegar hefur gagnsemi stofnunarinnar verið dregin mjög í efa, það er alveg rétt. Og það kemur fram í grg. þar sem segir: „Gagnsemi þessarar stofnunar hefur verið dregin mjög í efa og flutt var um það þáltill. af hálfu Bandalags jafnaðarmanna á síðasta þingi að leggja bæri niður starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins."

Mig langar þá til að fá að beina hér að síðustu spurningu til hæstv. fjmrh. um það hvort hann sé mótfallinn því að þingið sinni eftirlitshlutverki sínu og skipi slíka nefnd vegna þess að ég er ansi hrædd um að þó að ekki kæmu til hagsmunaárekstrar milli fjvn. annars vegar og Innkaupastofnunarinnar hafi fjvn. ærið verkefni á sinni könnu þó að ekki kæmi til að farið væri að bæta slíkum verkefnum á hana.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil varpa fram hér lítilli fsp. vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. Hafi ég ekki tekið því verr eftir hefur margverið sagt hér að maður hafi dregið sér fé. Ég vil spyrja hæstv. forseta: Er viðeigandi að í þingsölum sé því haldið fram að maður hafi dregið sér fé meðan hann ekki hefur verið dæmdur fyrir þá sök? **(Gripið fram í:** Hann hefur játað sjálfur.) Ég held, hv. þm., að það skipti ekki öllu máli. Hafi ég lært mína lexíu rétt held ég að óumdeilanlegt sé að maður sé saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Ég vil spyrja herra forseta, því að ég tel að það sé mikilsvert fyrir frekari umræður að þetta sé ljóst hér í þingsölum, hvort þessi þáttur umræðunnar sé viðeigandi.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. 10. landsk. þm. viðurkenni ég að hafa kannske í hvatvísi minni verið einum of harðorður eða tekið einum of djúpt í árinni hvað þessu atriði viðvíkur og biðst þá afsökunar á því að hafa þarna gengið eilítið út fyrir velsæmið.

Forseti (Helgi Seljan): Út af orðum hv. 10. landsk. þm. vil ég taka fram að forseti hefur trúlega ekki hlustað nógu grannt eftir orðum ræðumanna þannig að hann treystir sér ekki til að dæma nákvæmlega um hversu þau voru látin falla. Það mun verða athugað í þingtíðindum. Ég lýsi því hér yfir að ég tel ævinlega að varðandi svona mál verði að fara með hinni mestu varúð og gæta þess að ekki sé ráðist að einstaklingum með óviðurkvæmilegu orðbragði úr ræðustól. En forseti verður að játa að hann tók ekki eftir því að svo væri gert með þeim hætti að hann gæti stöðvað umræður og sagt: Þetta er vítavert.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég vil aðeins vekja á því athygli að hv. 1. landsk. þm. hélt því fram að í mínu máli hefði mátt skilja að sök í þessu efni væri hjá bankastofnuninni. Auðvitað ber bankastofnunin ekki ábyrgð á því misferli sem þarna á sér stað, en hún hlýtur auðvitað að bera ábyrgð á því hvaða ávísanir hún leysir inn og mitt mál verður ekki skilið á annan veg.

Í annan stað talaði hv. 8. þm. Reykv. um að glæpur hefði verið framinn í stofnuninni. Nú hefur hann sjálfur viljað draga úr styrkleika þeirra ummæla, en nauðsynlegt er vegna þessarar umræðu að það sé alveg ljóst að það misferli sem þarna átti sér stað var ekki framið í stofnuninni eða af starfsmönnum hennar. Þvert á móti er misferlið sem hér um ræðir framið af aðilum utan stofnunarinnar og þess vegna alrangt að tala um að misferli hafi átt sér stað í stofnuninni sjálfri. Og þess vegna er niðurstaða mín sú, þegar hv. 3. landsk. þm. spyr hvort rétt sé að Alþingi rannsaki þetta mál sérstaklega, að ítreka það að það hefur komið hér fram að það hafa þegar verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til þess að styrkja innra eftirlit í stofnuninni og setja reglur til þess að koma í veg fyrir að sá dráttur verði á að menn komist að því að misferli af þessu tagi fari fram. Ég tel þess vegna að það sé þegar búið að gera þær ráðstafanir til þess að tryggja betri meðferð sem nauðsynlegt er að gera og þess vegna ekki frekari ástæða til að aðhafast vegna þessa einstaka máls. Hitt er svo annað atriði hvaða umfjöllun við gefum efnislega um hlutverk þessarar stofnunar, en það er síðari tíma umræða.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Vaxtafrádráttur til jöfnunar á húsnæðiskostnaði, þáltill. 13. mál (þskj. 13). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 13 um athugun á vaxtafrádrætti til jöfnunar á húsnæðiskostnaði, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Kjartan Jóhannsson og Karl Steinar Guðnason. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvernig skattfrádráttur vegna vaxtagjalda nýtist húsbyggjendum og íbúðakaupendum til jöfnunar á húsnæðiskostnaði með tilliti til mismunandi tekna og frádráttarbærra vaxtagjalda.

Jafnframt skal á grundvelli könnunarinnar lagt á það mat hvort þennan frádrátt megi nýta betur eftir öðrum leiðum með það að markmiði að ná meiri jöfnun í húsnæðiskostnaði húsbyggjenda og íbúðakaupenda.

Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við upphaf næsta þings."

Þáltill. þessi var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Rétt er að geta þess að umsagnir bárust þá um till. frá ríkisskattstjóra og Alþýðusambandi Íslands sem mæltu með samþykkt hennar. Ríkisskattstjóri mælti með samþykkt till. með brtt. sem tekið hefur verið tillit til nú við endurflutning málsins.

Eins og kunnugt er eru vextir af fasteignaveðlánum til tveggja ára eða lengri tíma, sem tekin eru vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða til endurbóta á því, frádráttarbærir til skatts. Sama gildir um vaxtagjöld af öðrum skuldum sem stofnað er til í sama tilgangi; þau má draga frá á næstu þremur árum frá og með kaupári eða næstu sex árum frá og með byggingarári íbúðarhúsnæðis. Frádráttur þessi takmarkast við þá upphæð sem vaxtagjöld eru hærri en vaxtatekjur. Frádráttur má þó eigi vera hærri en 159 380 kr. hjá einstaklingi og rúmar 318 760 kr. hjá hjónum.

Efni þessarar þáltill. er í stuttu máli það hvort nýta megi þennan vaxtafrádrátt vegn öflunar húsnæðis betur eftir öðrum leiðum til að jafna húsnæðiskostnað. Til

þess er vitnað í grg. með till. að rannsóknir sem farið hafa fram annars staðar á Norðurlöndum vegna skattalækkunar sem leiði af vaxtagjöldum húsnæðislána sýni ótvírætt fram á að þessi óbeina aðstoð við húsbyggjendur og íbúðakaupendur fari að mestu leyti til hátekjufólks. Fram kemur einnig að niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði með skattafslætti sé orðin umfangsmesti liður í aðstoð hins opinbera við íbúðakaupendur og húsbyggjendur.

Í Danmörku var á árinu 1979 niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar með skattalækkun 11 milljarðar og 600 millj. d. kr., í Finnlandi 607 millj. finnsk mörk, í Noregi 3 milljarðar 598 millj. n. kr. og í Svíþjóð 6 milljarðar 400 millj. sænskra kr. Í yfirliti yfir tekju- og frádráttarliði á skattframtölum hér á landi frá ríkisskattstjóra vegna álagningar 1985 kemur fram að vaxtagjöld til frádráttar vegna álagningar 1985 nema samtals rúmlega 1½ milljarði kr. og nær til 16 600 framteljenda. Hér er því um gífurlegar fjárhæðir að ræða og sú spurning hlýtur að vakna hvort þessi aðstoð við íbúðaröflun sé hin hagkvæmasta og réttlátasta eða hvort völ sé á betri leiðum. Til samanburðar við þennan 1½ milljarð sem dregst frá tekjuskattsstofni vegna vaxtagjalda og nær til 16 600 framteljenda má upplýsa að fjöldi þeirra sem nýtir sér fastan frádrátt eða 10%-regluna er 132 725 manns og frádráttur á þeim lið til lækkunar tekjuskatts rúmlega 4 milljarðar og 377 millj. kr. eða að meðaltali um 32 000 kr. á hvern einstakling til frádráttar meðan meðaltal fyrir hvern og einn sem nýtir sér vaxtagjöld til frádráttar er rúmlega 90 000 kr.

Það hlýtur að vera umhugsunarvirði þegar um svo háa fjárhæð er að ræða, eða rúmlega 1½ milljarð sem dregst frá tekjuskattsstofni vegna vaxtagjalda sem þó nær til tiltölulega fárra einstaklinga, hvort ekki sé rétt að kanna hvort nýta megi það fjármagn eftir öðrum leiðum til að jafna húsnæðiskostnað. Ekki síst hlýtur slíkt að vera nauðsynlegt í ljósi þeirra rannsókna sem fram hafa farið annars staðar á Norðurlöndum og sýna að skattalækkanir vegna vaxtafrádráttar renna að mestu til hátekjufólks. Ef sú er einnig raunin hér á landi hlýtur að vera eðlilegt að leita annarra leiða til að nýta þetta fjármagn í því skyni að ná fram meiri jöfnuði í niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar fyrir húsbyggjendur og íbúðakaupendur því hér er um að ræða opinberan stuðning í formi skattalækkunar við þá sem eru að afla sér íbúðarhúsnæðis.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa um þetta mál fleiri orð. Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er augljós: annars vegar að leiddur verði í ljós sannleikurinn um hvernig vaxtafrádráttur nýtist í raun einstökum tekjuhópum og hins vegar til þess að hugað verði að því hvort aðrar leiðir séu líklegri til að skila okkur nær því markmiði, sem stefna ber að, að opinber aðstoð vegna öflunar húsnæðis komi sem réttlátast niður og nýtist sem best til jöfnunar á húsnæðiskostnaði.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, þáltill. 15. mál (þskj. 15). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á Alþingi hafa á undanförnum árum komið nokkrum sinnum fram till. og frv. sem hafa það að markmiði að tryggja lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Þrátt fyrir nokkra umræðu hér á vettvangi Alþingis svo og í þeirri nefnd sem starfað hefur um nærfellt tíu ára skeið til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins hefur engin niðurstaða fengist í því máli enn sem komið er. Ljóst er því að heimavinnandi fólk býr við mikla óvissu og öryggisleysi varðandi lífeyrisgreiðslur og afkomu sína í ellinni. Þeir sem eru heimavinnandi og án lífeyrisréttinda eru að miklum meiri hluta til konur.

Telja verður að flestir séu um það sammála að mikið óréttlæti sé í því fólgið að heimavinnandi fólk búi við slíkt öryggisleysi varðandi lífeyrismál sín og séu án þeirra lífeyrisréttinda sem þeir afla sér sem eru við önnur störf í þjóðfélaginu. Um það eru líka allir sammála að störf heimavinnandi fólks eru þjóðfélaginu mjög mikilvæg þó þau séu ekki að sama skapi mikils metin til að mynda til félagslegra réttinda samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu.

Þingmenn Alþfl. hafa á þessu og síðasta þingi gert um það tillögu að úttekt verði gerð á réttindum heimavinnandi fólks og hvernig ýmsum félagslegum réttindamálum er háttað samanborið við aðra hópa í þjóðfélaginu. Ég skal því ekki á þessu stigi málsins fara mikið út í það hve geysilega skortir á það að heimavinnandi fólk búi við ýmis félagsleg réttindi sem öðrum þykja sjálfsögð. Aðeins örfá atriði vil ég þó nefna hér.

Auk þess að hafa ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi má einnig nefna að almannatryggingalöggjöfin tryggir heimavinnandi fólki ekki sama rétt og öðrum á ýmsum sviðum. Er þar skemmst að minnast að heimavinnandi fólk hefur ekki sama rétt og aðrir til fæðingarorlofs eða sjúkradagpeninga. Einnig má með nokkrum rétti segja að í mörgum tilfellum sé heimavinnandi fólki refsað en ekki umbunað fyrir störf sín. Það lýsir sér einnig best í því að skattbyrði heimilis þar sem annar maki sinnir eingöngu heimilisstörfum er þyngri en heimilis þar sem tekjur eru afrakstur beggja hjóna eða sambúðaraðila, jafnvel þó um sömu heildartekjur heimilis sé að ræða.

Ég held að flestir hljóti að vera um það sammála að ekki verður lengur beðið með að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi. Frá því árið 1976 hefur verið að störfum nefnd til þess að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Á síðasta Alþingi var lögð fram skýrsla fjmrh. um störf þessarar nefndar og verður ekki séð af því sem fram kemur í nefndri skýrslu að á næsta leiti sé að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi á við aðra í þjóðfélaginu.

Ég tel, herra forseti, einnig að enn megi bíða nokkuð eftir því að þessi nefnd skili niðurstöðum um nýskipan lífeyriskerfisins og ekki sé stætt á að bíða þar til niðurstaða liggur fyrir með að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi. Löggjafarvaldinu ber skylda til að taka á þessu máli og marka stefnu um hvernig lífeyrisréttindamálum heimavinnandi fólks verði komið í viðunandi horf.

Nokkuð má nálgast það hvað um stóran hóp er að ræða sem er án lífeyrisréttinda, en í nafnaskrá lífeyris-

sjóða, sem gefin var út í nóvember 1984, koma fram vísbendingar um fjölda þeirra sem eru án lífeyrisréttinda. Þar kemur fram að þeir sem utan lífeyrissjóða standa eru rúmlega 25 000 manns sem fæddir eru 1967 eða fyrr. Þar af er fjöldi kvenna rúmlega 17 000 og karla tæp 8000. Í þessum hópi eru þeir sem nú eru 67 ára og eldri 8723, þar af 6607 konur og karlar 2116. Erfitt er að fullyrða að þessi fjöldi, eða 8723 67 ára og eldri, sé án nokkurs lífeyris nema lífeyris almannatrygginga. Kemur þar einkum til sá hópur sem nýtur makalífeyris, en upplýsingar um þá sem utan lífeyrissjóða standa og fram koma í nafnaskrá lífeyrissjóða eru þannig unnar að borin er saman þjóðskrá og upplýsingar frá lífeyrissjóðum um þá sem einhvern tímann hafa greitt í lífeyrissjóð. Þeir sem eftir standa í þjóðskrá og ekki koma fram í gögnum lífeyrissjóða eru sá hópur sem í nafnaskránni er getið um sem utan lífeyrissjóða. Vera má einnig að nokkur hópur þeirra sem utan lífeyrissjóða standa hafi einnig einhverjar greiðslur úr eftirlaunasjóði aldraðra, auk þess sem einhver hluti þess hóps nýtur makalífeyris.

Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða hjúskaparstétt 67 ára og eldri sem utan lífeyrissjóða standa, en þá kemur eftirfarandi í ljós:

Ókvæntir karlar voru 426 móti því að ógiftar konur voru 1017. Kvæntir karlar voru 1045 á móti giftum konum 2278. Telja verður að þessi hópur, tæplega 1500 karlar og 3300 konur, sem ég hef hér talið, sé að mestu án nokkurra lífeyrisréttinda annarra en lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef litið er á ekkla og ekkjur kemur í ljós að ekklar sem utan lífeyrissjóða standa eru 551 og ekkjur 3070. Telja má nokkuð víst að einhver hluti þessa hóps, án þess að hægt sé að skilgreina það nánar, njóti einhvers makalífeyris. Skilin að borði og sæng utan lífeyrissjóða eru sex karlar og 100 konur, skilin að lögum 79 karlar og 210 konur, samvistum hafa slitið átta karlar og 14 konur. Hér er samtals um að ræða 2116 karlmenn og 6 607 konur 67 ára og eldri sem eru utan lífeyrissjóða og njóta takmarkaðra eða engra annarra réttinda en greiðslna almannatrygginga.

Tillaga sú sem hér er flutt hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að beita sér fyrir því að þeim sem eingöngu sinna heimilisstörfum verði tryggð lífeyrisréttindi eigi síðar en 1. júní 1986. Sérstaklega skal athuga aðild þeirra að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda."

Hér á það bent, herra forseti, að athugun fari fram á því að tryggja heimavinnandi fólki aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda sem stofnaður var með lögum 1980. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda tók við af bókreikningi lífeyrisréttinda, en tilgangur hans er að vera samastaður þeirra sem ekki eiga lögskipaða samningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóði. Það verður því að teljast eðlilegt að heimavinnandi fólk sem er utan lífeyrissjóða fengi aðild að slíkum sjóði.

Ég tel rétt, herra forseti, að sú leið sem hér er bent á verði skoðuð af fullri alvöru og ekki óeðlilegt að a.m.k. mótframlag sem greitt er af atvinnurekanda fyrir þá sem eru á vinnumarkaðnum komi úr ríkissjóði. Það getur varla talist of mikið að halda því fram að heimavinnandi fólk eigi það inni hjá þjóðfélaginu að því séu tryggð lífeyrisréttindi með þessum hætti því allir hljóta að vera sammála um það að störf heimavinnandi fólks hafa með ýmsum hætti, sem hægt er að rökstyðja, leitt af sér ýmsan fjárhagslegan sparnað, bæði beinan og óbeinan, fyrir þjóðfélagið í heild.

Ég tel ástæðu, herra forseti, til að vekja athygli á því og það komi þá fram í Alþingistíðindum að ekki einn einasti þingmaður — utan mín og hæstv. forseta — af þeim 60 sem eiga sæti á Alþingi sér ástæðu til að vera í þingsal og hlusta á umræðu um það þegar verið er að ræða tillögu um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks eða taka þátt í umræðu um það mál. Það lýsir kannske best því skilningsleysi sem er í þjóðfélaginu um félagsleg réttindi þessa fólks.

Ég vænti þess, herra forseti, að þm. séu þó tilbúnir að skoða þetta mál af fullri alvöru og að það fái góða meðferð og umfjöllun í þeirri nefnd sem fær það til meðferðar. Ég er opin fyrir öllum hugmyndum sem fram kunna að koma um aðrar leiðir ef þær ná því markmiði, sem að er stefnt með þessari tillögu, að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram út af ummælum hv. 2. landsk. þm. um fundarsetu meðan á ræðu hv. þm. stóð að forseti tekur undir að það er lítt til sóma að ekki skuli hafa verið fleiri í þingsölum. Þó hygg ég að það hafi ekki verið nákvæmlega rétt tilgreint sem hv. þm. sagði því að ég sá a.m.k. tvo í hliðarsölum sem hlýddu, að ég ætla, með athygli á mál hv. þm. Fleiri eru komnir núna og má ætla að þeir haldi að það verði framhald umræðunnar. En umræðunni er slitið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (12. mál) 308.
Almannatryggingar (20. mál) 321.
Erfðalög (40. mál) 264.
Fræðsla varðandi kynlíf og barneignir (48. mál) 274.
Húsnæðissparnaðarreikningar (16. mál) 309.
Jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku (6. mál) 328.
Kynlífsfræðsla í skólum (47. mál) 269.
Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks (15. mál) 344.
Löggæsla á höfuðborgarsvæðinu (42. mál) 267.
Mat heimilisstarfa til starfsreynslu (11. mál) 279.
Nefnd til að kanna rekstur Innkaupastofnunar ríkisins (10. mál) 335.
Sjóefnavinnslan á Reykjanesi (51. mál) 271.
Stjórnarskipunarlög (9. mál) 303.
Sveitarstjórnarlög (54. mál) 237.
Tollar Efnahagsbandalagsins á saltfiski (36. mál) 261.
Um þingsköp 326.
Umferðarlög (75. mál) 289.
Úttekt á aðstæðum barna (8. mál) 333.
Varamaður tekur þingsæti 237, 260.
Varnir gegn mengun sjávar (73. mál) 283.
Vaxtafrádráttur til jöfnunar á húsnæðiskostnaði (13. mál) 342.
Þinglýsingalög (74. mál) 302.
Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi (7. mál) 278.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 277, 328, 346.
Forseti Sþ. Helgi Seljan 341.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 237.
Forseti Nd. Birgir Ísl. Gunnarsson 309.
Félmrh. Alexander Stefánsson 237, 252, 259, 314, 320.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 336, 338, 341.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 275, 325.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 271, 274.
Landbrh. Jón Helgason 265, 266, 267, 289, 301, 302.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 269, 271.
Samgrh. Matthías Bjarnason 261, 274, 283, 288.
Björn Dagbjartsson 286.
Eiður Guðnason 278, 295, 302, 328.
Guðrún Agnarsdóttir 319, 325.
Guðrún Helgadóttir 264, 265, 321, 325, 341.
Halldór Blöndal 257, 308, 312, 316.
Helgi Seljan 293, 334.
Hjörleifur Guttormsson 248, 258, 306.
Jóhanna Sigurðardóttir 309, 342, 344.
Jón Baldvin Hannibalsson 242, 305.
Jón Kristjánsson 299.
Kjartan Jóhannsson 261, 263, 271, 273, 308.
Kolbrún Jónsdóttir 300.
Kristín Halldórsdóttir 269, 270, 274, 277.
Kristín S. Kvaran 303, 307, 314, 333, 335, 340.
Salome Þorkelsdóttir 267, 268, 290.
Sighvatur Björgvinsson 339.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 279, 335.
Stefán Benediktsson 326, 337, 339, 341.
Steingrímur J. Sigfússon 315, 320, 332.
Sturla Böðvarsson 252.
Svavar Gestsson 244, 256.
Valdimar Indriðason 287.

Efri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 101). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Virðulegi forseti. Um fátt hefur verið meira ritað og rætt innan heilbrigðisþjónustunnar víða um lönd á undanförnum mánuðum en sjúkdóm þann sem á íslensku hefur ýmist gengið undir nafninu ónæmistæring eða alnæmi, AIDS. Hér er um að ræða sjúkdóm sem skotið hefur upp kollinum á allra síðustu árum og með töluverðum hraða. Talið er að fjöldi sjúklinga, t.d. í Bandaríkjunum, muni tvöfaldast á yfirstandandi ári og að hið sama muni gilda um aðrar þjóðir.

Alnæmi, eins og þessi sjúkdómur verður nefndur í mínu máli, er lokastig veirusýkingar sem hefur eyðilagt ónæmiskerfi líkamans og þannig leitt til þess að sjúklingur verður berskjaldaður fyrir ýmsum sýkingum og illkynja sjúkdómum. Veiran getur valdið smiti með ýmsum hætti og ekkert bendir til að myndun mótefna komi í veg fyrir að menn smiti. Að því leyti til er hér um að ræða enn meiri vágest en er um ýmsa aðra sjúkdóma. Því geta allir, sem mótefni mælast í, verið smitberar og sjúkdómurinn því viðsjárverðari fyrir bragðið. Þannig hefur veiran fundist í blóði, sæði, munnvatni, brjóstamjólk og öðrum líkamsvessum. Mestar líkur eru á smiti við blóðblöndun, t.d. við blóðgjöf, þegar eiturlyfjum er sprautað í æð með margnotuðum nálum og við kynmök. Ekki síst vegna hins síðastnefnda hefur alnæmi verið flokkað sem kynsjúkdómur, enda hefur smit í flestum tilvikum átt sér stað við kynmök.

Því er ekki að neita að orðið „kynsjúkdómur" er í hugum margra að ýmsu leyti óheppilegt vegna þess að því kunni að fylgja hleypidómar. Það er þó samdóma niðurstaða þeirra sérfræðinga sem að undirbúningi þessa máls hafa unnið að vegna þess að um þennan sjúkdóm gildi hið sama og aðra sjúkdóma sem felldir eru undir þetta heiti sé skynsamlegt að fella sjúkdóminn undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum og bæta honum við þá upptalningu sem þar er. Ekki sé ástæða til að blekkja sig með því að flokka sjúkdóminn undir annað heiti því að hér er um að ræða sjúkdóm sem ekki er minni kynsjúkdómur en þeir sem taldir eru upp í lögunum.

Lögin kveða á um réttarstöðu sjúklings í þessu sambandi, möguleika til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins, en það er í raun og veru hið eina sem við getum gert á þessu stigi og svo náttúrlega að draga úr vanlíðan þeirra sem honum eru haldnir. Um lækningu er því miður ekki að ræða enn þá en verður vonandi á næstu árum eftir því sem vísindarannsóknunm fleygir fram.

Auðvitað er viss hætta á því að þeir sem hafa grun um að þeir séu haldnir þessum sjúkdómi leiti sér ekki lækninga. Þess vegna hefur verið sérstaklega unnið að því að ná samstarfi um það atriði við þá hópa sem taldir hafa verið áhættuhópar. Sem betur fer hefur nokkuð áunnist í því efni og menn binda vissulega vonir við það að menn ýmist leiti sér lækninga, gangist undir rannsóknir, mótefnamælingar o.s.frv. þó ekki væri nema af tilliti til sinna nánustu og svo einnig af tilliti til umhverfisins og samfélagsins í heild.

Ég vil láta þess getið í þessu sambandi að ég hef sérstaklega beðið um athugun á hvort hugsanlega gæti verið betra að setja sérlög um þennan umrædda hættulega sjúkdóm, en niðurstaðan hefur orðið að svo sé ekki og veldur því tvennt: annars vegar að menn viti ekki nægilega mikið enn þá um þennan sjúkdóm og svo á hinn bóginn að í þeim lögum væru í sjálfu sér sams konar ákvæði og þau sem upp eru talin í kynsjúkdómalögunum. Auk þess má nefna það atriði að sá sem haldinn væri þessum kynsjúkdómi er oft og tíðum einnig haldinn öðrum. Það er því eðlilegt að viðkomandi maður fengi sams konar meðferð og nyti sams konar réttarstöðu og um aðra slíka sjúkdóma væri að ræða eða sjúkdóma sem smitast með líkum hætti.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort hér væri um einhvers konar stimpil að ræða, eins og einhverjir hafa látið í veðri vaka. Ég hygg að svo sé ekki fremur en yfir höfuð ef menn eru haldnir einhverjum sjúkdómi. Ég held hins vegar að það hafi ótvíræða kosti að fella sjúkdóm þennan undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum. Þeim var breytt fyrir nokkrum árum í það horf sem fólk hefur mun betur sætt sig við en áður var og ekki hafa svo að mér sé kunnugt eða þeim sérfræðingum sem ég hef leitað upplýsinga hjá borist neinar kvartanir vegna framkvæmdar þeirra laga. Menn hafa gengið að því vísu að fyllstu þagmælsku væri unnt að treysta. Það er einmitt ekki talið að lögin um varnir gegn kynsjúkdómum, sem nú gilda, hafi á neinn hátt staðið gegn því að menn leituðu sér lækningar, enda er, eins og ég áður vék að, réttur sjúklings vel tryggður bæði hvað snertir læknishjálp og þagmælsku.

Nú er það svo að ríkisstj. telur að það sé nauðsynlegt að bregðast sem fyrst við þessari aðstöðu, sem vissulega getur orðið mjög hættuleg, og við verðum að geta brugðist við með lögbundnum aðgerðum. Að þessu hefur verið unnið í sumar. Það er vissulega von okkar að sjúkdómurinn berist sem minnst hingað til lands og nái hér ekki útbreiðslu, en því miður er ekkert sem bendir til þess að sjúkdómurinn berist ekki hingað. Það eru örfá lönd sem ekki höfðu nýlega enn þá skráð alnæmistilvik. Auk Íslands voru það þá Pólland og Tékkóslóvakía.

Það sem vinnst með lagasetningu er að sjúkdómurinn verður skráningarskyldur. Heimilt er að leita að sýktum einstaklingum og veita þeim meðferð og ráðleggingar og sporna gegn því að þeir sýki aðra. Enn fremur eru lagðar skyldur á lækna að vera vel á verði, fylgjast með sjúklingum og tilkynna til réttra yfirvalda telji þeir hættu á ferðum.

Varðandi rökstuðning m.a. um aðrar breytingar á lögunum, þ.e. um chlamydiae, leyfi ég mér að vísa til athugasemda með frv., bæði hvað snertir tilurð þess og upplýsingar um sjúkdóminn. Frv. er samið að höfðu samráði við landlæknisembættið og þá lækna er annast ónæmis- og smitsjúkdómavarnir og skv. ábendingum þessara aðila fyrr á árinu þess efnis að ekki verði hjá því komist að setja lög um varnir gegn þessum sjúkdómi eins og öðrum sjúkdómum sem smitast með svipuðum hætti.

Rétt er að benda á það hér að margar nágrannaþjóðir

hafa þegar sett varnaðarlög á þessu sviði, síðast Svíar nú fyrir nokkrum dögum. Það er sams konar löggjöf og hér er um að ræða. Þar er sjúkdómurinn flokkaður sem kynsjúkdómur. Lögin voru afgreidd með mjög skjótum hætti á sænska þinginu. Frv. var lagt fram 9. eða 10. okt. og nú fyrir þó nokkrum dögum var það orðið að lögum. Ég held að það hafi verið alger samstaða um þetta mál þar, en eins og mönnum er e.t.v. kunnugt af fjölmiðlum hafa menn ekki verið á eitt sáttir um þetta í Danmörku. Þar hefur heilbrrh. ekki viljað fallast á þá skoðun landlæknisembættisins þar í landi að setja bæri lög með þeim hætti sem hér er gert. Ég er eins og heyra má, hæstv. forseti, ekki sammála kollega mínum í Danmörku að þessu leyti til. Ég held að það sé skynsamleg öryggisráðstöfun gegn þessum vágesti að setja lög og láta þau verða eitt af því mikilvæga sem við þurfum að gera til að grípa til hugsanlegra aðgerða sem við höfum yfir að ráða. Ég er þeirrar skoðunar að einskis megi láta ófreistað í þessu skyni og vil geta þess hér að nú eru á döfinni sameiginlegar ráðstafanir þeirra lækna sem með þessi mál hafa að gera svo og veirurannsóknirnar. Fyrir um það bil tíu dögum fól ég ráðuneytisstjóra ásamt öðrum embættismönnum og fékk í lið með þeim fulltrúa fjmrn. að athuga um húsnæði til þess að fá betri aðstöðu fyrir veirurannsóknirnar í landinu, en þær skipta verulegu máli í þessu sambandi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn. og ég æski þess, ef menn treysta sér til, að farið verði að dæmi frænda okkar í Svíþjóð með afgreiðslu á þessu máli. Ég mun leggja allt það lið sem ég get til þess að fá þá sérfræðinga sem nefndin óskar eftir til viðræðu við hana hið allra fyrsta. Ég hygg að það sé þessu máli til góðs og til hjálpar í baráttunni gegn þessum alvarlega sjúkdómi að menn afgreiði málið sem allra fyrst og leiti allra þeirra faglegu upplýsinga sem við höfum yfir að ráða. Það er auðvitað sjálfsagt að nefndin geri það. En það ætti engu að síður að vera unnt, ef menn eru á annað borð þeirrar skoðunar að setja þurfi löggjöf um þetta, að afgreiða málið nokkuð skjótlega.

Ég þakka fyrir orðið, hæstv. forseti, og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. nefndar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Þetta mál er þess eðlis að það er erfitt að móta sér skoðun með eða móti fyrr en nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir þó að margt hafi fróðlegt komið fram í máli hæstv. ráðherra um þetta, m.a. hvernig aðrar þjóðir hafa tekið á þessu alvarlega máli. Það fær vendilega skoðun í nefnd, þ.e. þessi tiltekna breyting sem ég dæmi ekki um á þessu stigi hversu réttmæt er þó að vel kunni svo að vera að hún sé réttmæt, og af ýmsum rökum, sem hæstv. ráðh. kom hér inn á áðan, kann svo vel að vera.

Hins vegar þætti mér eðlilegt að sá vinnuhópur sérfróðra aðila sem mun vera að fjalla um AIDS alveg sérstaklega verði til kallaður. Það má vera að svo hafi verið gert við framlagningu þessa frv. þó að það verði ekki ráðið beint af grg. Að vísu eru þar ágætis menn sem hafa samið þetta frv., þeir Guðjón Magnússon, settur landlæknir, og Ingimar Sigurðsson, yfirlögfræðingur ráðuneytisins. En ef það hefur ekki verið gert verður að gera það í nefndinni, enda á það síður en svo að tefja fyrir framgangi málsins.

Vissulega er hér mikil alvara á ferð og ég tek undir það með hæstv. ráðherra að full ástæða er til að huga að aðgerðum og það fyrr en síðar. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum svo mikið sem þessi sjúkdómur hefur verið í umræðunni. Ég lýsi því yfir að það er virðingarvert fræðsluritið sem landlæknisembættið hefur gefið út og birt er sem fskj. með þessu frv. Ég spyr kannske um hver dreifing þess hafi verið. Ég reikna með að hún hafi verið með hefðbundnum hætti, að láta rit sem þetta liggja frammi á sjúkra- og heilsugæslustofnunum fyrst og síðast, en kannske ekki mikið meira. Ég veit að það er sú aðferð sem notuð er. Hún gefst að mörgu leyti vel. En ég bendi á að þessir bæklingar vilja gjarnan fara fram hjá jafnvel þeim sem þangað leita, hvað þá hinum sem ekki þurfa blessunarlega að leita þangað en þyrftu kannske á þessu að halda ekki síður en aðrir. Það væri sjálfsagt full ástæða til þess að dreifing á þessu riti færi fram víðar og betur en gert hefur verið.

Ég neita því ekki að mér hefur þótt umræðan um þennan sjúkdóm blandast ýmsum fordómum um of og eins það að fréttir af honum hafa verið í hinum mesta æsistíl. Ekki er það til fyrirmyndar. Ég undrast hins vegar ekki ótta fólks og er þá vonandi að sá ótti endurspeglist í varúð og varkárni sem allra flestra sem gildir auðvitað um þetta.

En í framhaldi af þessu og varðandi þær úmræður sem orðið hafa út frá þessum sjúkdómi alveg sérstaklega vildi ég gjarnan, ef hæstv. ráðherra hefði við því einhver svör, spyrja frekar um þær fyrirætlanir sem eru um aðstæður til rannsókna hér og aðgerðir í því efni. Ég geri þetta alveg sérstaklega með tilvitnun til viðtals í NT 29. okt. s.l. þar sem fyrirsögnin er: „AIDS varpar ljósi á frumstæða aðstöðu til læknisrannsókna". Síðan segir, með leyfi virðulegs forseta, og er haft eftir Helga Valdimarssyni prófessor í veirufræði: „Við stæðum ráðþrota gegn skæðum veirufaraldri."

Síðan er rakið nokkuð í þessu viðtali hversu óttalegur sjúkdómur þetta sé þar sem þjóðir víða um heim óttast hann og segir síðan að svo virðist sem sjúkdómurinn muni að einu leyti hafa jákvæð áhrif hér á Íslandi, hvernig sem ber nú að skilja það á þann veg. En svo segir í viðtali við þennan prófessor í ónæmisfræði, með leyfi virðulegs forseta:

„„AIDS-málið hefur varpað ljósi á þá staðreynd að uppbygging á rannsóknaraðstöðu fyrir læknisfræði og veirufræði á Íslandi hefur legið í láginni. Rannsóknaraðstaða hér á landi í tengslum við læknisþjónustu er afskaplega frumstæð og bágborin."

Þetta sagði Helgi Valdimarsson prófessor í ónæmisfræði í samtali við NT í gær. Hann sagði að þegar mál á borð við AIDS fær jafnmikla athygli fjölmiðla kæmi upp í dagsljósið það sem margir læknar hafa vitað, að við stöndum mjög illa á þessu sviði."

Og enn fremur segir svo: „Það hefur dregist úr hófi að koma upp rannsóknarstofu sem áfram mundi sinna svona rannsóknum meðan flest önnur lönd eiga rannsóknarstofu af þessu tagi."

Það sem ég staldra fyrst og fremst við er svo síðasta setningin í þessu viðtali: „„Ef upp kæmi nýtt tilfelli af mænusótt eða einhver skæður veirufaraldur, sem væri meira smitandi en AIDS, þá værum við ráðþrota," sagði Helgi."

Hér er vitanlega um mikið alvörumál að ræða sem snertir meira en þennan sjúkdóm þó vissulega komi

hann þar inn á. Ég ætla ekki að ræða það neitt frekar hér, en ef á vegum ráðuneytisins væri á einhvern hátt unnið að því að bæta þá aðstöðu sem þarna er verið að fjalla um og talað er um að sé svo óviðunandi sem þarna er lýst væri vissulega ástæða til að fá um það upplýsingar nú, einmitt þegar við erum að fjalla um þetta mál, eða þá í nefndinni sem tekur þetta mál til umfjöllunar. Þar á ég sæti og má auðvitað eins koma þeim upplýsingum þangað eða við síðari umræðu þessa máls hér í deildinni.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Hér er nú fram komið frv. sem tekur á máli sem teljast verður stórmál, þ.e. því hvernig við höfum hugsað okkur að bregðast við þeim ógnarlega sjúkdómi sem nefndur er alnæmi í frv. og kominn er upp í veröldinni.

Ég trúi því að flest okkar hafi fyllst óhug þegar fregnir tóku að berast af þessari nýju pest og að sönnu má líkja henni við nýja drepsótt, jafnvel nýjan svartadauða.

Ef við lítum til sögunnar sjáum við að pestir hafa áður komið fram í skráðri sögu, bæði okkar og annarra Evrópuþjóða, og ef við skoðum söguna grannt sjáum við að áhrif drepsótta eru ávallt víðtæk. Þær ráðast venjulega að undirstöðum samfélags og menningar jafnt sem mannslíkamanum.

Að læra að lifa með ógnvaldi eins og drepsótt kallar því á nýja lífssýn og framkoma slíkra sótta getur því verið umbyltandi í öllu samfélagi manna. Hér er því meira á ferðinni en ógnvænlegur sjúkdómur. Um þær sorgir og þjáningar sem af slíkum sjúkdómi geta hlotist ætla ég hins vegar ekki að fjölyrða, það getum við örugglega öll gert okkur í hugarlund.

Það skiptir því miklu að vel sé hugað að öllum hliðum mála þegar aðgerðir eru ákveðnar í máli sem þessu og þar sem ég á ekki sæti í hv. heilbr.- og trn. langar mig að koma fáeinum athugasemdum á framfæri við 1. umr. málsins.

Í þessu frv., sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur mælt fyrir, er lagt til að sjúkdómurinn alnæmi flokkist með kynsjúkdómum. Hæstv. ráðherra kom inn á það í máli sínu hvort slíkt væri rétt og ég tek undir það með henni að það kann að vera spurning hvort svo sé. Hugsunarháttur manna er venjulega slíkur að telja kynsjúkdóma niðurlægjandi fyrir þá sem þá hafa og þá er það spurningin hvort rétt sé að bæta þeirri niðurlægingu við þá þjáningu sem það hlýtur að vera að hafa sjúkdóminn alnæmi. Um þetta treysti ég mér ekki neitt að fullyrða, en ég nefni þetta hér hv. þdm. til umhugsunar.

Það hvarflaði að mér að það mætti e.t.v. finna aðra leið til að leysa þetta vandamál, ef við getum nefnt þetta vandamál. Hún er sú að það mætti e.t.v. ná yfir sjúkdóminn alnæmi með lögum um eiturlyfjasjúklinga. Mig langar til að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort sá möguleiki hafi verið athugaður, þ.e. hvort ná megi yfir erfiðasta áhættuhópinn hvað alnæmi varðar með lögum um eiturlyfjasjúklinga. Ég hef trú á því að áhættuhópar séu almennt mjög samstarfsþýðir með varnir gegn sjúkdómnum, og vísast meira en það, þannig að í þeim fáu tilfellum sem einhver vandkvæði kunna að verða þar á væri e.t.v. hægt að bregðast við því með þess háttar löggjöf. Því spyr ég hvort sá möguleiki hafi verið athugaður.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort haft hafi verið samráð við svonefndan samstarfshóp um ónæmistæringu við samningu þessa frv. Þessi hópur er samstarfshópur lækna og sérfræðinga á Landspítala og Borgarspítala sem starfað hefur undanfarna mánuði og hefur það hlutverk að samræma aðgerðir hér á landi til varnar þessum sjúkdómi, skipuleggja rannsóknir og þjónustu þar að lútandi. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort haft hafi verið samráð við þennan samstarfshóp um samningu frv. Ég spyr vegna þess að ég tel ákaflega brýnt að við nýtum alla þá krafta sem við höfum yfir að ráða til að takast á við þann vágest sem hér er á ferðinni og það með eins skjótum hætti og mögulegt er.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að bregðast svo skjótt við varðandi flutning þessa frv.

Það þarf e.t.v. ekki mörgu að bæta við þessa umræðu. Það er alveg ljóst að sumir bera jafnvel meiri kvíðboga vegna þessa sjúkdóms en kjarnorkuógnunar sem nú vofir yfir mannkyninu. Margir þeir sem þarna hafa komið að og þykjast hafa vit á hafa látið þau orð falla.

Því hefur löngum verið haldið fram, og ekki vil ég draga það í efa, að heilbrigðiskerfi okkar sé þokkalega og jafnvel mjög vel uppbyggt og ekki síðra en í mörgum af okkar nágranna- og menningarlöndum. Þess vegna hlýtur maður að láta þá von í ljós að heilbrigðiskerfi okkar og skipulag þess sé í stakk búið að fást við þetta mál eins og aðra sjúkdóma sem upp hafa komið.

Ég held fyrir mitt leyti að hér svo alvarlegt mál á ferðinni að jafnvel hefði verið ástæða til setningar sérlaga. Setning sérlaga hefði að mínum dómi ekkert fremur verið af því tagi að einstaklingarnir hræddust umtal um þennan sjúkdóm og af þeim sökum hefði ekki komið til athugunar. Reyndar hefði ég ekki þurft að taka þetta fram því að skoðun mín er sú að vegna þessa sjúkdóms væri full ástæða til að hefja skipulega athugun á því meðal einstaklinga hvort sjúkdómurinn er hér fyrir hendi. Slík skoðun grundvallaðist ekki á frumkvæði einstaklinganna, heldur yrði alfarið um skipulega skoðun að ræða.

Það má vel vera að það sé mjög auðvelt á þeim lagagrunni sem hér er lagður til að koma við verulega skilvirkari aðgerðum í þessu efni en varðandi aðra þá sjúkdóma sem hér eru taldir upp, en mönnum blandast ekki hugur um að hér er miklu hættulegra mál á ferðinni.

Virðulegi forseti. Það má auðvitað segja að okkur hv. alþm. skorti nokkrar forsendur til að fjalla um svona mál af því viti sem þyrfti til, en mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hefði verið hugað að þeim kostnaði sem óumflýjanlegt er að stofna til vegna þeirra rannsókna og þeirra athugana sem fram munu fara í þessu máli. Ég ber ekki fram þessa spurningu vegna þess að ég telji að þar eigi að skera við nögl. Þvert á móti tel ég að í þessu máli megi einskis láta ófreistað og síður en svo eigi að horfa í kostnað, en ekki síður þess vegna er ástæða til að huga að kostnaðarþættinum.

Ég mun að sjálfsögðu sem formaður heilbr.- og trn. leitast við að hraða meðferð þessa máls og ég dreg ekki í efa að meðnm. mínir munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að svo megi verða. En vegna orða hv. 11. þm. Reykv. vil ég geta þess að ekkert er því til fyrirstöðu að sá hv. þm. fái setu í heilbr.- og trn. vegna umfjöllunar um þetta mál.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka undirtektir undir þetta mál og leitast við að svara nokkrum spurningum sem fram voru bornar.

Hv. 2. þm. Austurl. spurði hvort sérfræðingahópur sá sem unnið hefði við rannsóknir á AIDS-sjúkdómnum hefði verið með í ráðum við samningu þessa frv og hins sama spurði hv. 11. þm. Reykv. Svarið er að einmitt þessi hópur hefur verið og er ráðgjafarhópur landlæknis um þessi mál, en það er landlæknisembættið sem hefur unnið að þessu frv., eins og fram kemur í grg., og hefur haft fullt samráð einmitt við þennan hóp.

Að því er varðar aðstöðuna til rannsókna í veirufræði og hin alvarlegu orð sem fram komu í tilvitnaðri grein í NT á sínum tíma er það rétt að aðstaða til rannsókna í veirufræði er hörmulega slæm. Ég hygg að það hafi mönnum e.t.v. verið kunnugt. En niðurstaða fjárveitingavaldsins, sem er í þessu húsi, hefur orðið að það verkefni hafi ekki verið í þeirri forgangsröð sem menn sjá að nú er nauðsynlegt að setja það í.

Það er spurt hvað fyrirhugað sé í ráðuneytinu til að bæta úr þessari aðstöðu. Ég vék lauslega að því í framsöguræðu minni að ég fól ráðuneytisstjóra og embættismönnum ráðuneytisins, ásamt fulltrúa frá fjmrn., að athuga sérstaklega um kaup á húsnæði í þessu skyni. Það mál hefur verið í fullum gangi nú síðustu tíu daga og ég vonast vissulega til þess að við náum árangri í því og samningum sem við ráðum við þannig að þess verði skammt að bíða, ég vona að það líði ekki margir mánuðir þangað til, að aðstaða fyrir þessar rannsóknir verði orðin miklu betri en hún er nú. Þannig horfir þetta mál við. Heilbrrn. eða ríkið hefur nú þegar gert tilboð í húsnæði í þessu skyni. Ég vil því segja að það mál sé verulega á veg komið.

Hv. 11. þm. Reykv. velti upp spurningunni um heiti sjúkdómaflokksins í lögunum eða hvort fella bæri sjúkdóminn undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum eða fara að einhvern veginn með öðrum hætti, hvort það bætti hugsanlegri niðurlægingu á þær þjáningar sem fyrir væru. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Ég held að með þessu sé greiðari leiðin fyrir fólk að snúast gegn þessum vágesti. Að því er varðar hugmynd hv. þm. um að auðvelda að ná yfir þennan sjúkdóm með því að fella það undir lög um eiturlyfjasjúklinga, þá hygg ég að svo yrði ekki. Vissulega væri það líka og ekki síður niðurlægjandi, ef það er það sem menn eru að hugsa um. Ég held að það sé nú ekki það sem hv. þm. var að tala um, heldur hitt að auðvelda að ná tökum á vandamálinu. Ég er þeirrar skoðunar að það mundi ekki auðvelda það með sama hætti og þessi lagasetning vegna þess að í hópi eiturlyfjasjúklinga er aðeins hluti áhættuhópsins og e.t.v. ekki stærsti hlutinn. Það sem um er að ræða er að ná til sem allra flestra, en ekki einungis tiltekins hóps. Við vitum auðvitað ekki hvenær þau hlutföll breytast. Það fer allt eftir því hvað okkur tekst að snúast snögglega við þessu.

Ég hef sem sagt sannfærst um það af viðtölum við sérfræðinga í þessum málum og þá sem um þetta hafa fjallað að það sé skynsamleg ráðstöfun að ganga frá lögunum með þessum hætti og það tryggi svo góða þjónustu sem við yfir höfuð getum látið í té um leið og við höfum líka komið upp betri aðstöðu til að sinna rannsóknunum eins og hér var á bent. Sú aðstaða varðar auðvitað fleiri sjúkdóma en þennan. Það er satt og rétt.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., vék að því að hér væri um svo alvarlegt mál að ræða að það væri tilefni sérlaga. Ég er þeirrar skoðunar að aðalatriðið sé, þegar um svo alvarlegt mál er að ræða, að þau lög sem við setjum séu virk hvort sem þau eru ein lína með breytingu á lögum sem fyrir eru eða nýr bálkur. Eins og áður sagði tel ég að þetta sé einna virkasta leiðin.

Að því er varðar skipulega leit að sjúkdómnum eru það atriði sem vissulega verða sjálfsagt til umræðu síðar og sérstaklega að því er það varðar að öll blóðsýni verði rannsökuð. En sá galli er á þessu máli að í því felst ekkert endanlegt öryggi og ekkert endanlegt svar fyrir einstaklinginn vegna þess að sé gerð mótefnamæling í sýktu blóði er ekki endilega víst að mótefnið mælist fyrr en e.t.v. mörgum mánuðum eftir að smit hefur átt sér stað. Þess vegna er mikilvægt atriði að fólk sé frætt um hættuna sem af þessu stafar, að menn blekki sig ekki með því að það sé augljóst að þeir hafi ekki sýkingu ef mótefni mælist ekki. Eftir því sem sérfræðingar segja er kannske aldrei eins mikil smithætta og á þeim tíma sem líður frá því að maður tekur smit og þangað til mótefnið mælist. Þetta er eitt af því geigvænlega við þetta mál. Engu að síður hefur það mikla þýðingu að gera mótefnamælingar því að það mundi í einhverjum tilfellum efalaust auðvelda þessa leið.

Loks var spurt hvort hugað hefði verið að kostnaði vegna þessa. Svarið er já. Að sjálfsögðu. Annars hefðum við ekki gert tilboð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Iðnaðarlög, frv. 88. mál (þskj. 98). — 1. umr.

Flm. (Björn Líndal): Virðulegi forseti. Í frv. þessu, sem hér er til umræðu, er lagt til að breyting verði gerð á 4. gr. iðnaðarlaga nr. 42 frá 1978 og heimilað að erlendir aðilar geti eignast meiri hluta hlutafjár í iðnfyrirtækjum sem starfrækt eru hér á landi. Skv. gildandi lögum er slíkt útilokað nema með sérstakri lagasetningu í hverju einstöku tilviki. Skiptir í því sambandi engu máli hvort um stórt eða lítið fyrirtæki er að ræða, hvort hlutafé þess er 1 millj. eða 100 millj. kr.

Á liðnum árum hefur lítið verið sinnt þeim möguleikum sem felast í erlendri fjárfestingu á sviði iðnaðar ef undan er skilin stóriðja. Þetta er þó að breytast eins og sést m.a. af samþykkt þáltill. á síðasta Alþingi um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Nauðsynlegt er að halda áfram á þessari braut og því má halda fram með gildum rökum að erlend fjárfesting sé nauðsynlegur þáttur í nýsköpun atvinnulífsins sem ríkisstj. beitir sér nú fyrir.

Erlend fjárfesting í atvinnufyrirtækjum er til þess fallin að auka fjölbreytni íslensks útflutnings, færa nýja þekkingu til landsins, svo sem á sviði tækni, stjórnunar og markaðsmála, og draga úr fjárhagslegri áhættu Íslendinga af rekstri hlutaðeigandi fyrirtækja.

Síðast talda atriðið er sérstaklega mikilvægt. Erlent fé er og verður ein veigamesta forsenda þess að nýsköpun

atvinnulífsins geti átt sér stað. Engu að síður er talið óhjákvæmilegt að stöðva erlenda skuldasöfnun.

Þessar aðstæður kalla á breytta notkun erlends fjár við uppbyggingu atvinnuvega hér á landi. Erlendar lántökur hafa verið meginreglan ef undan er skilin þátttaka erlendra aðila í stóriðju, en eitt af því sem kemur til greina í staðinn er að Íslendingar reyni að örva erlenda fjárfestingu og um leið samstarf innlendra og erlendra aðila um atvinnurekstur hér á landi á öðrum sviðum en stóriðju.

Í iðnaði er að finna ýmsa möguleika til nýsköpunar þar sem erlend fjárfesting og samstarf innlendra og erlendra aðila getur skilað miklum árangri. Iðnaðarlögin, lögin sem gilda um þessa atvinnugrein, skortir hins vegar þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að kostir erlendrar fjárfestingar í iðnaði njóti sín til fulls. Skv. lögunum má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Hyggist hlutafélag leysa til sín iðnaðarleyfi skal það m.a. fullnægja því skilyrði að meira en helmingur hlutafjár sé í eigu manna sem búsettir eru hér á landi. Þetta skilyrði er óundanþægt og hefur í för með sér, eins og áður segir, að meirihlutaeign erlendra aðila í hlutafélagi getur einungis komist á með sérstakri lagasetningu. Skilyrðið hamlar því gegn erlendri fjárfestingu og um leið því samstarfi sem ég gerði að umtalsefni hér áðan.

Hér er ekki um skilyrði að ræða sem Félag ísl. iðnrekenda óskar eftir að haft sé í lögum. Þvert á móti. Í umsögn félagsins um þáltill. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum segir beinlínis að starfsemi erlendra fyrirtækja geti haft jákvæð áhrif á íslenskt atvinnulíf og aukið á fjölbreytni þess. Þá ber þess og að geta að öll nágrannaríki Íslendinga hafa afnumið lagaskilyrði af því tagi sem hér um ræðir og er þar í lagasetningu leitast við að greiða fyrir erlendri fjárfestingu og samstarfi innlendra og erlendra fyrirtækja. Meðal ríkja í þessum hópi eru öll hin Norðurlöndin sem leggja nú sífellt meiri áherslu á þennan mikilvæga þátt atvinnumála.

Verði frv. þetta að lögum skapast auknir möguleikar á að breyta þróun mála hér á landi til samræmis við það sem tíðkast erlendis. Þó verður það áfram meginregla að Íslendingar eigi meiri hluta hlutafjár í hlutafélögum sem reka iðnaðarstarfsemi. Aftur á móti er lagt til að lögleidd verði undanþága frá þessari meginreglu og er hún orðuð á þá leið að þegar sérstaklega standi á geti iðnrh. veitt undanþágu frá skilyrði laganna um að meiri hluti hlutafjár skuli vera í eigu manna búsettra hér. Með þessu er átt við að veiting undanþágu komi fyrst og fremst til greina þegar telja má að starfsemi viðkomandi félags muni fela í sér mikilvægt framlag til þeirrar nýsköpunar sem nú er talað um að þurfi að gera í atvinnulífinu. Hér væri því um undanþáguheimild að ræða vegna iðnfyrirtækja sem hefðu með höndum starfsemi sem líkleg þætti til að auka útflutningstekjur landsins. Frv. miðar m.ö.o. að því að skapa skilyrði er tryggt geta margbreytni íslensks útflutnings, virkni hans og alþjóðlega samkeppnishæfni.

Undanþáguheimild af þessu tagi mun fyrst og fremst gagnast smærri og meðalstórum iðnfyrirtækjum. Þegar um stóriðju er að ræða er ljóst að áfram verður um sérstaka lagasetningu í hvert sinn að tefla, m.a. vegna sérsamninga um raforkuverð og skattgreiðslur.

Að lokum vil ég leggja til við deildina að frv. verði vísað til hv. iðnn. að lokinni þessari umræðu.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er komið að vissu grundvallarmáli. Ég get ekki tekið undir þá ofuráherslu sem af flm. er lögð á nauðsyn og í raun forsendu erlends fjármagns inn í íslenskan atvinnurekstur almennt. Ég hef þar aðrar meginskoðanir og skal ekki fara náið út í það.

Mér dettur kannske í hug að hv. flm. hafi runnið til rifja hversu einkafjármagnið hér á landi hefur brugðist við þróunarfélaginu blessuðu, því félagi sem var boðað sem mikið fagnaðarerindi í vor sem leið, þar sem farvegir fjármagns frá ríki og einkageira yrðu sameinaðir í eina volduga elfi þar sem upp af mundu rísa framtíðarfyrirtæki þjóðarinnar. Hin litlu viðbrögð einkaaðila eru skiljanleg í ljósi þess að þeirra leiðarljós er „bisnissinn" einn, eða virðist vera það, þar sem auðtekinn arður er fljóttekinn af fólkinu í landinu. Af orðum hæstv. forsrh. í vor, þegar þróunarfélagið var lögfest, mátti hins vegar ráða að hér væri brotið í blað, fjármagnið mundi streyma að og ríkisframlagið í upphafi yrði aðeins til þess að starta þessu. Hitt kæmi af sjálfu sér.

Mér hefur reyndar komið á óvart, þó að ég reiknaði ekki með því að þessir aðilar yrðu mjög gráðugir í að leggja þessari nýsköpun atvinnulífsins, eins og það hefur verið kallað, lið, hversu viðbrögðin hafa verið undralítil því að vissulega er það fjármagn til hér á landi. Þeir sem það eiga vilja einfaldlega ekki nýta það þennan veg, enda mun það svo að flestir þeirra eru vanastir því að leita til opinberra aðila ef á bátinn gefur í tilraunum til að skapa atvinnu, reyna eitthvað nýtt og skapandi, ef því fylgir ákveðin áhætta, þó að vissulega séu á því gleðilegar undantekningar sem ég dreg ekkert úr. En það verður ekki séð annað af síðustu fregnum en að þetta þróunarfélag, sem átti að stuðla sérstaklega að nýsköpun í íslensku atvinnulífi, sé andvana fætt nema framlengingarvika hæstv. ríkisstj. skili undraárangri, sú framlengingarvika sem nú mun standa yfir.

Ég vil minna enn einu sinni, þó að það hafi oft verið gert hér, á smæð þjóðfélags okkar áður en langt er gengið á þá braut að erlent fjármagn og erlendir fjármagnseigendur fái hér frekari aðstöðu til ávöxtunar eigin fjár en um leið arðráns á þeirra eigin vegum því að góðgerðaraðilar eru þetta yfirleitt ekki. Það kann að vera að það megi finna einhverja sem virkilega vilji hjálpa okkur Íslendingum til að renna fleiri stoðum undir okkar atvinnustarfsemi, en ég hygg að meiri hluti þeirra sé ekki á þeim buxunum að hugsa fyrst og fremst til okkar í þessu efni, heldur spurning um hversu þeir geti grætt á þeirri fjárfestingu. Ég held nefnilega að því aðeins að þeirra eigin hagnaður sé tryggður án tillits til okkar hagsmuna muni þeir eftir leita og leggja sitt fé að veði. Ég hef ekki trú á öðru. Ég held að hér sé um kaldar staðreyndir að ræða í viðskiptalegu tilliti, hvorki einhverja upphafna þjóðernistilfinningu eða vanmáttarkennd hins smáa og veikburða, þó ekki skuli ég út af fyrir sig gera lítið úr ýmnsum þeim ástæðum sem á þessu sviði eru vissulega til staðar gagnvart smæð okkar þjóðfélags og gagnvart þeim hættum sem af því stafa ef við hleypum erlendu fjármagni allt um of inn í landið.

Hér ætla ég ekki að fara að rekja viðskipti erlends fjármagns við okkur Íslendinga varðandi t.d. stóriðjuna. Það hefur oft verið gert. En ég held að sú saga sé ekki slík að hún hvetji gagnvart íslenskum hagsmunum í þessu efni. En það má kannske geta þess í leiðinni og ekki ástæða til annars en að rifja það upp að ýmis

undarlegheit í þessu hafa verið að gerast eða verið á döfinni a.m.k., Kínverjar komnir í bland við áltröllin í Straumsvík og hæstv. iðnrh. hefur nýlokið að vísu nokkuð endasleppum viðræðum við Rússa. Það vakti hins vegar óneitanlega athygli að helstu talsmenn erlends fjármagns hér með Morgunblaðið í fararbroddi virtust býsna órólegir yfir þessu og heill leiðari og langur í þokkabót var í Morgunblaðinu daginn sem hæstv. iðnrh. var að tala við þessa aðila. Af föðurlegri umhyggju við hæstv. ráðherra voru tíunduð í Morgunblaðinu mörg og þung aðvörunarorð og jafnvel svo að skilja mátti að ekki væri nú allt erlent fjármagn til blessunar svo sem trúarsetning hefur verið á þeim bæ. Brosleg viðbrögð þessara heittrúarmanna við Rússunum voru svo sem í takt við annað. En eitt var ljóst: Ekki er hún gamla Grýla dauð. Það er alveg augljóst.

Ég má kannske, með leyfi hæstv. forseta, vitna smávegis í þessi undarlegheit þar sem greinilega átti að hafa einhvers konar vit fyrir hæstv. iðnrh. svo að hann ekki færi villur vegar í samningum og þessir menn mundu afvegaleiða hann á þessum fundi. Hygg ég að þeir Morgunblaðsmenn hafi sofið rótt nóttina eftir vegna þess hversu til tókst því að í þessum leiðara segir, með leyfi virðulegs forseta: „Auðvitað kemur ekki til greina að hleypa Sovétmönnum inn í atvinnurekstur hér á Íslandi". Hins vegar segir svo síðar í leiðaranum: „Vel má vera að einhverjum detti í hug að segja sem svo, að það sé ekkert óeðlilegra að hleypa Sovétmönnum inn í íslensk fyrirtæki en alþýðulýðveldinu Kína sem rætt hefur verið um sem samstarfsaðila Svissneska álfélagsins í Straumsvík við stækkun þar." — Og vitanlega er svissneska álfélagið með stórum staf til þess að leggja nú áherslu á það. — „Á þessu er þó grundvallarmunur", segir Morgunblaðið. Vitanlega! — „því að í því tilfelli er það Íslenska álfélagið sem mun örugglega passa upp á Kínverjana, en hins vegar óvíst að hæstv. iðnrh. geti passað upp á Rússana." **(Iðnrh.:** Þetta er líklega rétt.) Ja, það kann vel að vera að það sé aldrei þessu vant rétt hjá Morgunblaðinu að hæstv. iðnrh. ráði síður við Rússana en þeir í álverinu við Kínverjana sem þeir eru nú að makka við.

En síðan segir Morgunblaðið og þar er ekki verið að skafa utan af því, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er ekki nóg að hafna tilboði Sovétmanna um aðild að Stálfélaginu. Nauðsynlegt er að kanna það mjög rækilega hvernig þetta tilboð er tilkomið. Í ljós þarf að koma hvort frumkvæðið hefur verið þeirra þótt íslenskt fyrirtæki, sem átt hefur einhver viðskipti við Sovétmenn, hafi verið notað sem milliliður í þessu sambandi. Þetta þarf að kanna því að þetta getur varpað ljósi á vinnubrögð Sovétmanna hér."

Allt er þetta í þessum voveiflega tón sem á að gefa hæstv. iðnrh. til kynna að hann verði verulega að passa sig.

Víða um hinn vestræna heim hafa menn áhyggjur af starfsemi fyrirtækja sem Sovétmenn setja á fót. Tilraun þeirra til þess að koma inn í Stálfélagið gæti verið af sama toga spunnin; það þarf að liggja ljóst fyrir hvort svo sé.

Ekki veit ég hvort hæstv. iðnrh. hefur tekið miklu meira mark á Morgunblaðsfleiprinu í þetta sinn en venjulega því að ég sé það oft mér til ánægju að hann kann að svara þeim fullum hálsi þar á bæ og held reyndar að hann hafi gert það í þessu tilfelli einnig. En það er býsna merkilegt að svo skuli snarlega snúið af braut hjá þeim Morgunblaðsmönnum þegar þessir aðilar eru komnir í spilið þó að ég geti tekið heilshugar undir það sem Morgunblaðið segir að það eru áreiðanlega ekki neinar góðar kenndir sem vaka fyrir þeim Sovétmönnum þegar þeir eru að leita hér að möguleikum til þess að komast inn í íslensk fyrirtæki frekar en hjá ýmsum öðrum þeim sem eru að leita eftir því að hagnýta sér smæð þjóðfélagsins, ódýrt vinnuafl, ódýra orku til þess að ná betri og meiri arði til sín. Það eru ábyggilega ekki betri kenndir á þeim bæ en annars staðar.

Ég skal ekki hafa uppi miklu fleiri orð þó að málið sé vissulega þess vert. Ég vil aðeins víkja að þeim áherslum sem komu fram í nýlegri ræðu fyrrum forseta Landssambands iðnaðarmanna, Sigurðar Kristinssonar, sem lutu fyrst og síðast að eflingu smærri fyrirtækja í atvinnurekstri sem ynnu jafnhliða að úrvinnslu og nýsköpun jafnt að aukinni hlutdeild iðnaðarvara á innlendum markaði sem og til útflutnings. Ég fagnaði þeirri áherslu sem þessi reyndi forustumaður Landssambands iðnaðarmanna lagði hér á um leið og hann vék óbeint og beint að því að menn mættu ekki gera stóriðjuna að trúarsetningu og leggja á hana megináherslu. Ég heyrði ekki betur en hæstv. iðnrh. tæki um margt undir þessar áherslur á eflingu smærri fyrirtækja í atvinnurekstri og ég fagna því einnig að hæstv. iðnrh. er á þeirri braut.

Hins vegar er augljóst og það er mergurinn málsins að að þessu verkefni eða þessum verkefnum getum við sjálf og ein unnið. Við getum sjálf og ein ráðið við þessi verkefni og að þeim ber af alefli að vinna af okkur sjálfum. Ég held að reynsla annarra þjóða sýni og sanni þó að þær séu stærri að slík fyrirtæki eru affarasælust til atvinnusköpunar og arðgefandi framleiðslu um leið. Á hvoru tveggja er þörf og á það þurfum við og verðum að einhenda okkur. Ég treysti að minnsta kosti á að hæstv. iðnrh. leggi því lið umfram annað og láti ekki leiðsögn Moggans, með aðaláherslu á erlenda stóriðju, erlent fjármagn, nema að sjálfsögðu rússneskt, ráða heldur leiti að íslensku hugviti og framtaki og laði það fram og styrki til nýrra átaka í íslensku atvinnulífi.

Meginákersla þessarar tillögu er mér andstæð og ég dreg ekkert úr því að mér þykir þar sem áherslan á hina erlendu forsjá og vantrú á hina íslensku möguleika vera of mikil. Mér þykir hún endurspegla þessar skoðanir og þykir það af hinu verra.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er greinilegt að frjálshyggjan ríður ekki við einteyming. Talsmenn Framsfl. gerast nú harðir í stuðningi við þá hugsun og þykir mér að breyting hafi orðið á í þeim efnum hjá þeim stjórnmálaflokki sem kennir sig við framsókn.

Frv. sem hér liggur fyrir kallar á ýmsar spurningar, spurningar um hvort, ef af þessu yrði, það heimilaði ekki að útlendingar gætu komist á kaf í fiskiðnað hér á landi. Ég veit sjálfur að Þjóðverjar vilja gjarnan komast í slíkt hér á landi sem þýðir það aftur að þeir gætu stýrt því að skip lönduðu svo og svo mikið í Norður-Þýskalandi. Það kallar á hugleiðingar um hvernig farið

yrði með þau mál ef til kæmi. Ég sé ekki annað en að ef þetta frv. yrði samþykkt kallaði það á slík fyrirtæki. Það er líka alveg eins víst að ef þetta væri svo í dag hefðu Rússar ekki þurft að spyrja að því hvort þeir gerðust meirihlutaaðilar í stálveri hér o.s.frv. Ég hygg að hvert mál þurfi að skoða fyrir sig og því sé óþarfi að breyta þessum lögum. Alþingi á að fjalla um það þegar útlendingar sækjast eftir að komast í atvinnurekstur hér á landi. Við verðum að hafa í huga smæð þjóðfélagsins, hversu það er miklu smærra heldur en þau þjóðfélög sem eru í kringum okkur, þjóðfélög sem hafa aðrar reglur en við búum við. Ég tel mjög varhugavert að samþykkja frv. sem þetta einmitt vegna þess að það gæti kallað á það að við misstum stjórn atvinnumála úr höndunum, misstum þau annað, sem aftur yrði til þess að íslenskt þjóðarbú myndi bíða tjón af.

Ég sé ekki fyrir mér hvaða þörf er á þessari breytingu og hef ekki fundið þau rök í grg. heldur. Ég er ekkert á móti því að útlendingar taki þátt í atvinnurekstri með Íslendingum en við Íslendingar verðum að hafa fullt forræði fyrir þeim fyrirtækjum þannig að við sjáum hvert þau leiða okkur.

Það mætti í gamni spyrja hvort þetta er alfarið stefna Framsfl. að opna útlendingum leiðir til atvinnustarfsemi hér á fullu, hvort það er einhuga stefna framsóknarmanna að gera svo. Mér dettur í hug að þm. eins og Páll Pétursson og Davíð Aðalsteinsson gætu svarað þessu og væri gaman að vita hvernig þessi stefnubreyting hefur átt sér stað. Ég vara við þeirri breytingu og sé ekki nein sérstök rök fyrir henni og bendi á þær hættur sem henni eru samfara.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað að hv. 2. þm. Austurl. væri viðstaddur en það skiptir kannske ekki öllu máli. Það er ekki svo áríðandi að það þurfi að sækja hann sérstaklega. Frv. það sem hér liggur fyrir á þskj. 98 og varðar endurskoðun á 2. málsgr. 4. gr. iðnaðarlaga er í sjálfu sér jákvætt, en þrátt fyrir það sem fram hefur komið hjá þeim sem töluðu á eftir hv. flm. tel ég að þetta frv. gangi ekki nógu langt. Ég skal viðurkenna að nauðsynlegt er að endurskoða fleiri greinar iðnaðarlaga út frá því sjónarmiði að örva samstarf innlendra og erlendra aðila um iðnrekstur hér á landi. Í lok grg. með þessu frv. til laga, sem hv. þm. Björn Líndal talaði fyrir, segir, með leyfi forseta:

„Hinn 9. maí á þessu ári var samþykkt á Alþingi þáltill. þar sem Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Sú endurskoðun er hafin en nokkur tími mun án efa líða þar til fullgert frv. um efnið lítur dagsins ljós. Eftir þessu er ástæðulaust að bíða ekki síst með tilliti til þeirrar miklu áherslu sem nú er lögð á að auka framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu."

Ég hefði kosið að hv. þm., af því að hann er stjórnarþingmaður, hefði haft samband við iðnrh. eða iðnrn. til þess að fá betri upplýsingar vegna þess að þáltill. sú sem getið er um var samþykkt á Alþingi 9. maí og frv. í framhaldi af henni hefur legið tilbúið í iðnrn. frá því í október. Það eitt hefur tafið framlagningu þess að viss ráðherraskipti hafa átt sér stað. Þetta frv. mun verða lagt fram í ríkisstjórninni á morgun þannig að ég reikna með að þingflokkarnir ræði það sín á milli næstu daga og síðan mun það verða flutt eins og þingflokkarnir koma sér saman um það. Ég vil taka undir með flm. að þetta frv. er til bóta frá þeim lögum sem eru í gildi. Ég tek undir frv. og styð að því verði vísað til 2. umr. og til iðnn. en óska eftir að væntanlegt stjfrv. og þetta frv. til breytingar á iðnaðarlögum verði rædd sameiginlega á þeim nefndarfundum.

Ég vil lýsa furðu minni á ræðu hv. 2. þm. Austurl. — og þó. Lífsskoðanir manna stangast á og óttinn við samskipti við erlenda menn hefur alltaf verið til í þeim herbúðum sem hann elur manninn í svona utan þingfunda. Hann hefur góð samskipti við aðra og betri menn utan flokksfunda, en ég sé ekkert því til fyrirstöðu að samskipti á milli manna af ólíku þjóðerni eigi sér stað á Íslandi.

Eins og ég veit af eigin reynslu og veit að allir hér hafa kynnt sér hafa íslenskir menn yfirleitt verið vel séðir og þeim hefur verið vel tekið þar sem þeir hafa rutt sér braut bæði sjálfstætt og í þjónustu annarra og ég sé enga ástæðu til að taka útlendingum á annan hátt hér en þeir taka okkur yfirleitt heima fyrir. Hitt er annað mál að sjálfsagt er að vera vel á verði vegna smæðar okkar, en sá varnagli er í frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 98, og ég vil benda hv. 6. landsk. þm. á það líka, að útlendingar geta ekki komið hingað inn án þess að biðja um leyfi. Það þarf leyfi samkvæmt þessu frv. sem við erum að ræða, leyfi iðnrh., og ég held að enginn iðnrh. — það er alveg sama hvar hann er í flokki — mundi veita það leyfi án þess að ríkisstjórnin og þeir meirihlutaflokkar sem standa að ríkisstjórn hverju sinni ræði það mál og samþykki.

Auðvitað fara menn ekki, hvorki íslenskir menn né útlendir, út í neitt ævintýri óðruvísi en með það í huga að báðir aðilar hagnist á þeim samskiptum. Og ef um slíkt samstarf yrði að ræða þá vona ég að bæði útlendingarnir og Íslendingarnir og landið sem slíkt græði á slíku samstarfi. Ég vil ekki segja að sá hagnaður sé eitthvert trúaratriði, heldur er það mannlegt eðli að vinna að því sem gefur eitthvað í aðra hönd og það hef ég ekki fundið að væri neitt séreinkenni á útlendingum. Það er bæði íslenskt fyrirbæri og erlent. Ég veit heldur ekki til þess að stóriðja hafi orðið okkur til bölvunar. Við höfum grætt á henni, við höfum átt í alls konar deilum af því að við töldum okkur eiga að fá meira út úr henni en við höfum fengið, en jafnvel það hefur verið deiluatriði innbyrðis okkar á milli líka.

Aðvörunarorð hv. 2. þm. Austurl. og aðvörunarorð Morgunblaðsins, sem er mitt málgagn og ég er stoltur af, eru af nákvæmlega sama toga spunnin, og ég held að hv. 2. þm. Austurl. geri nákvæmlega það sama og Morgunblaðið. Hann fellur í sömu gryfju og Morgunblaðið og fer að eyða púðri eða eins og ég orðaði það: fer að skjóta flugur úr fallbyssum — spursmál í þessu tilfelli hvort ekki á að tala um að menn skjóti þarna eldflaugum á flugurnar þegar það kemur úr þessum herbúðum sem hv. þm. tilheyrir.

Gamla Grýla er ekki dauð, sagði hv. þm. Ég vissi það ekki, satt að segja. Hún var lifandi í minni barnatrú, en ég vissi ekki fyrr en nú að hún ætti ættingja á Alþingi. Þetta Grýlu-tal, þetta tal og þessi aðvörunarorð um að viðhalda ótta við allt sem útlent er, er löngu útdauð Grýla. Við verðum einhvern tíma að fara að færa okkur inn í nútímann og geta óttalaust staðið á okkar eigin fótum, horft framan í hvaða mann sem er, hvaða

tungumál sem hann talar og hvaðan sem hann kemur, án þess að óttast að hann sé alltaf að reyna að knésetja okkur eða græða á okkur. Við verðum að geta haft eðlilegt samstarf. Veröldin hefur öll breyst síðan þessi Grýlu-trú var við lýði.

Virðulegur þingmaður talar um Sovétmenn. Ég á svo afskaplega erfitt með að tala um þá. Ég hef t.d. aldrei heyrt í neinum áróðri frá þessum herbúðum að þeir væru sérstakir arðræningjar. Ég hef heyrt að þeir væru sérstakir andstæðingar arðræningja í málflutningi Alþb.-manna, en maður lærir frá degi til dags. Kannske er alveg rétt að vara sig einmitt á þeim vegna þess að þeir fela sig á bak við allt sitt tal og eru þá þrátt fyrir allt þessir arðræningjar sem þeir eru alltaf að vara við.

Ég tel ekki rétt, sem ráðherra, að neita nokkrum mönnum eða þjóðum um að ræða um þau mál sem þeir telja sig þurfa að tala um við ráðherra eða ráðuneyti. Að vísu ræddi ég ekki við Sovétmenn sjálfur; það voru ráðuneytismenn sem gerðu það og formaður stóriðjunefndar, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, var þar líka viðstaddur. En þetta var fróðlegt tal, aðvörunarorð hv. 2. þm. Austurl. Gott er að fá upplýsingar frá mönnum sem hafa reynslu af samskiptum sínum við Sovétmenn hér á Alþingi. Ég treysti því að allt sem þar kom fram sé rétt og satt.

Ég vil segja að það var ekki að ástæðulausu sem hv. 2. þm. Austurl. lagði áherslu á það sérstaklega og leit blíðum augum til mín þegar hann sagði: Ég treysti iðnrh. til að styrkja íslenskt hugvit. Þetta er fallega sagt og ég veit að ég hef óskorað traust Alþb. í starfi og þeir reikna með að ég verði lengi við lýði sem ráðherra iðnaðarmála og þeir vita að ríkisstjórnin stendur sterk og að þess vegna þarf að vinna með framtíðarsýn í huga. Það er einmitt það sem við erum að gera. Ég var síðast í morgun að ræða við ákveðna nefnd sem hefur það verkefni að styrkja íslenskt hugvit og þá sérstaklega í iðnaði á þann hátt sem ég sá fyrir nokkrum mánuðum, þ.e. í maí, þegar ég dvaldist þrjá daga í Frakklandi. Þá var verið að sýna í sjónvarpi mynd frá sýningu sem ríkisstjórnin stóð fyrir, og hún var um nýjungar, um uppfinningar. Menn gátu komið á þennan sýningarstað og komið sér þar fyrir með sínar uppfinningar og ríkisstjórnin stóð fyrir því að þangað gátu menn komið og skoðað þessar uppfinningar og gert eins konar markaðssamninga og stofnað fyrirtæki með þessum uppfinningamönnum. Jafnframt var þar á staðnum lögfræðilegur ráðunautur á vegum ríkisstjórnarinnar sem stofnaði hlutafélag á milli þeirra sem vildu markaðshyggju og milli þeirra sem fundu upp það sem sýnt var. Og eftir að þessir samningar voru gerðir voru líka á staðnum í þessum sýningarskála fulltrúar frá öllum helstu bönkum í Frakklandi sem fjármögnuðu framleiðslu og markaðssetningu þangað til viðkomandi uppfinning annaðhvort brást eða komnir voru fleiri en tíu menn í starfið. Þá voru þeir taldir komnir yfir það mark að þeir þyrftu þá aðstoð sem upphaflega var veitt. Ég hef óskað eftir því að til slíkrar sýningar verði efnt, að auglýst verði eftir íslenskum uppfinningum sem verði sýndar hér og síðan verði reynt að fara líkt að og ég held að ég hafi tekið eftir að sýnt var í franska sjónvarpinu sem ég gat um.

Allt þetta er náttúrlega til bóta ef það kemst í framkvæmd, og sumt getur svo sem hugsanlega þurft á erlendu fjármagni að halda, en til þess að fá það fram sem við viljum sjá, það sem menn hafa fundið upp, getur vel verið að opinberir aðilar þurfi að kosta einhverju til að framleiða það sem þeir þurfa að sýna, þ.e. prótotýpuna, til þess að geta sýnt. Það eru ekki allir sem hafa fjármagn til þess og verið getur að erlent fjármagn þurfi til þess. Það á ekkert skylt, hv. 6. landsk. þm., við frjálshyggjuna, eins og það hugtak hefur tekið á sig mynd undanfarna mánuði og ár. Þær umræður sem hafa farið fram um frjálshyggju eru allt annað en það sem hefur viðgengist í gegnum tíðina, í aldaraðir, hugsa ég, samskipti á milli manna af hinum ýmsu þjóðernum í viðskiptum. Ég ber engan ótta við að hingað ryðjist inn Þjóðverjar eða aðrir í fiskiðju eða fiskvinnslu, ekki á meðan iðnrh. þarf að veita leyfi til þess að útlendingar komi inn í samstarf um hlutafélagamyndun á Íslandi. Það er rangt að Rússar hefðu ekki þurft að biðja um leyfi ef þessi breyting væri þegar orðin á lögunum. Þeir hefðu samt sem áður þurft að koma og biðja um heimild til að taka þátt í slíku hlutafélagi.

Ég vil undirstrika það, sem kom bæði fram hjá hv. 6. landsk. þm. og eins 2. þm. Austurl., að okkur ber að fara með gát og hafa það í huga að við erum lítil þjóð og það þarf ekki mikið til þess að sjálfstæði okkar sé ógnað ef við stöndum ekki rétt að málum. En ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi. Ég tel þetta góða breytingu sem hér er lögð til. Ég vil kynna það fyrir flm. að von er á þessu frv. sem ég gat um frá iðnrn. og um leið og ég tek undir að málið fái að sjálfsögðu eðlilega meðferð hér á Alþingi fer ég fram á að iðnn. bíði og kanni bæði frv. samtímis.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég stend hér upp fyrst og fremst vegna þess að mitt nafn var nefnt, raunar í sömu andránni og Framsfl. og þykir nú engum mikið. Að því var spurt hvort einhver þátttaskil eða stefnubreyting hefðu orðið þar á bæ varðandi eignaraðild, eftir atvikum, okkar Íslendinga og útlendinga í atvinnufyrirtækjum. Ég hef ekki nýlega frétt af stefnubreytingu í þessum efnum, en það má vel vera að hún hafi orðið að einhverju leyti. Um það vil ég ekkert fullyrða. Nú er það svo að sjónarmið hljóta ævinlega að einhverju leyti að breytast, enda þótt heiti flokka breytist ekki. Það koma nýir menn og nýir siðir.

Ég hefði ekki þurft að standa hér upp til þess að, ef ég má svo að orði komast, aðstoða hv. flm. við málafylgju í þessu máli, en ef ég skil hv. flm. rétt er hér fyrst og fremst um samræmingaratriði að ræða. Mig langar að fara örfáum orðum um það efni. Raunar er það að hluta til tekið fram í grg. með þessu frv. þar sem vikið er að lögum um verslunaratvinnu. Nú vil ég minna á að þegar atvinnumál ber á góma, stofnun fyrirtækja, ekki síst framleiðslufyrirtækja, er það gjarnan það fyrsta og síðasta sem ræðumenn benda á að markaðsmál og markaðssetning séu þættir sem iðulega séu vanræktir, fyrirtæki séu þokkalega búin til framleiðslu á góðum vörum en síðan ekki söguna meir, það gleymist að búa svo um hnúta að hægt sé að selja þennan ágæta varning.

Einu sinni var því haldið fram að okkar stærsta sjálfstæðismál væri verslunin, að hafa hana í eigin höndum, lúta ekki ráðum eða forsjá útlendinga í versluninni. Ég tek undir það. Eigi að síður er í lögum um verslunaratvinnu ákvæði sem varðar eignaraðild.

Meirihlutaeign innlendra aðila er ekki ófrávíkjanleg regla. „Með orðinu verslun í lögum þessum er átt við heildverslun, umboðsverslun, þ.m.t. umboðasöfnun um vörusölu og vörukaup, og smásöluverslun."

Eins og getið hefur verið um hefur ráðherra heimild til að gera undantekningu frá 1. lið 4. gr. Þar er gert ráð fyrir að einstaklingur fullnægi ákveðnum skilyrðum, hafi íslenskt ríkisfang og heimilisfang á Íslandi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að ráðherra geti heimilað undantekningu frá 5. gr. sömu laga, þ.e. lögum um verslunaratvinnu. Þá vil ég ekki síst benda á þann lið þar sem eftirfarandi stendur: „Sé félag hlutafélag skal hlutafé enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félags er brjóti í bág við íslensk lög."

Framleiðsla og sala eru svo nátengdir og raunar óaðskiljanlegir þættir að ég tel fullkomlega eðlilegt að ekki verði mismunað í löggjöf hvað eignaraðild varðar. Hv. flm. er einfaldlega að leggja til að þarna sé sami háttur á hafður, hvort heldur um væri að ræða framleiðslufyrirtæki eða verslunarfyrirtæki.

Nú skal ég minna á það, og það benti hv. flm. rækilega á að væri að sjálfsögðu meginregla, enda gerir frv. ekki ráð fyrir öðru, að við Íslendingar eigum okkar framleiðslutæki og eigum þau fyrirtæki sem starfi í landinu. Vonandi blandast engum hugur um að það er vilji hv. flm. og þess flokks sem hann er fulltrúi fyrir og ég raunar líka.

Mér sýnist einboðið að það sé hægt að fara á svig við iðnaðarlög ef einhver hefur áhuga á því. Það er hægt að stofna samtímis hlutafélög af tvennum toga, annars vegar fyrirtæki sem hafi framleiðslu að meginverksviði og hins vegar sölufyrirtæki sem heyri undir lög um verslunaratvinnu, og með þeim hætti að opna leið fyrir ráðherra að veita undanþágu sölufyrirtækinu, opna leið erlendra aðila með sitt fjármagn á grundvelli meirihlutaaðildar sem nýtist í raun framleiðslufyrirtækinu. Ég vil aðeins benda á þetta. Og þá er það spurning: Af hverju ekki að gera löggjöfina einfaldari og skilvirkari svo að ekki sé um að ræða einhverjar krókaleiðir í þessu efni?

Ég vona að menn misskilji mig ekki og telji að ég sé hér að gerast talsmaður erlendra aðila í fjárfestingu. Síður en svo. Hins vegar vil ég vera raunsær og segja þá skoðun mína að ég tel fullkomlega eðlilegt að við nýtum, eftir því sem okkur þykir hagkvæmt, erlent fé. Því miður höfum við farið gáleysislega í sakirnar á undanförnum árum og því miður hefur ekki orðið sá arður í þjóðarbúið af erlendum lántökum sem sumir væntu. Því miður hefur svo orðið. Menn neyðast því til að hamla allverulega gegn erlendum lántökum nú um sinn.

Það væri að mörgu leyti æskilegt um þessar mundir að við hefðum þjóðhagslegt svigrúm til að veita, enda þótt erlent fé sé, til framleiðslustarfsemi í landinu að meginhluta til á grundvelli okkar forræðis. Er ég þá ekki að tala um hvert einstakt fyrirtæki, heldur að samanlögðu.

Ég vil minna á XVII. kafla laga um hlutafélög sem þykir afskaplega merkileg löggjöf. Ég veit að hv. flm. er gjörkunnugur þeirri löggjöf. Þessi kafli laganna er um erlend hlutafélög. Að vísu er þar gert ráð fyrir gagnkvæmni, þ.e. að íslensk hlutafélög njóti sama réttar í heimalandi hinna erlendu félaga sem hér kunna að verða sett á fót. Ég vil aðeins minna á þetta.

En um það frv. sem hér er til umræðu verður auðvitað fjallað í iðnn. Komi í ljós við þá umfjöllun að hér sé verið að opna allt upp á víða gátt, eins og hér hefur verið komist að orði, geri ég ekki ráð fyrir að frv. eigi greiða leið í gegnum þingið og ekki einu sinni í gegnum iðnn. En mín skoðun er að svo sé ekki. Hér sé ekki verið að opna upp á víða gátt. Á því sé ekki hætta. Hér sé fyrst og fremst á ferðinni að samræma löggjöf. Ef ekkert nýtt kemur fram í þessu máli frá því sem þegar hefur gerst mun ég styðja þetta frv.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. ráðherra iðnaðarmála má hlýða á mál mitt. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur jafnað sig eftir stólaskiptin svo að nú getur hann aftur slegið á léttari strengi, jafnvel þó að um alvörumál sé að ræða, eins og hann gerði áðan á þann hátt sem hann er kunnur fyrir. Ég fagna því. Hann sneri orðum Morgunblaðsins upp á mig í galsa og kátínu og sagðist hafa trúað á Grýlu í gamla daga. Ég heyrði ekki betur en hann gerði það enn. Ýmislegt kom fram í þeim dúr. Ég tók eftir því að þegar hæstv. ráðherra kom að stoltinu yfir Morgunblaðinu og tvítók það eða þrítók var það allt innan gæsalappa engu að síður. Það var alveg glöggt, enda tók hann það raunar fram síðar í ræðu sinni að hann færi lítið eftir því sem sér væri ráðlagt í þeim efnum. Ég er ekkert hissa á því og tek undir það. Hæstv. ráðherra sagði: Auðvitað eiga báðir aðilar að græða. — Ótti minn er einmitt bundinn því að við lútum þar í lægra haldi, enda sagði hæstv. ráðherra beinlínis varðandi reynsluna af stóriðjunni að við hefðum talið okkur, þó um það væri að vísu deilt, eiga að fá meira út úr því en við höfum fengið. Hann kom glögglega inn á það.

Hitt var svo annað mál, sem ég tek út af fyrir sig ekki nærri mér, að undir yfirskini gamansemi ýjar hæstv. ráðherra að því enn einu sinni hér úr þessum ræðustól að ég og minn flokkur séum hallir undir eitthvert erlent stórveldi og aðgerðir þess. Hann gerir þetta á sinn ljúfmannlega hátt að vísu, en þó á þann veg að ég verð að harma að í þessu skuli hann þó ganga Morgunblaðsgötuna.

Hitt er svo meginmálið í þessu öllu saman að hæstv. ráðherra tók undir meginatriði míns máls þegar útúrsnúningum hans sleppti. Hann tvítók í ræðu sinni að við yrðum einmitt gagnvart erlendum aðilum og erlendu fjármagni að fara að með fullri gát og að við yrðum að taka mið af smæð okkar þjóðfélags. Þetta var meginmálið í því sem ég sagði í fyrri ræðu minni þó ég gæti ekki stillt mig um að fjalla örlítið um Morgunblaðsþáttinn, Sovétmannaþáttinn og hæstv. ráðherra í þeim efnum.

Meginmálið í minni ræðu var hvað þetta snerti og ég kannast ekki við að ég hafi hafnað alfarið öllum viðræðum við útlendinga um þetta eða einhverri þátttöku þeirra í íslenskum atvinnurekstri. Ég fór í raun og veru inn á sömu braut og hæstv. ráðherra undirstrikaði, að við ættum að fara með fullri gát, og ég skildi hv. 5. þm. Vesturl. svo að hann væri einnig á þeirri skoðun og ef svo færi að það kæmi í ljós að flokksbróðir hans, hv. þm. Björn Líndal, væri að opna hér allt upp á gátt ætlaði hann að loka þeim gáttum strax í iðnn. Ed. Ég fagna því að Framsfl. er þó ekki lengra leiddur en þetta.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja hv. deild með langri umfjöllun um þetta frv. Ég lýsi því yfir að ég styð það og tel það mjög eðlilegt eins og það er fram komið. Ég tel þetta mjög brýnt hagsmunamál fyrir fólk í þessu landi því að eins og allir vita stafar sú kreppa sem við búum við fyrst og fremst af því að fé fólks hefur verið veðsett fyrir erlendum lánum sem tekin voru til að fjárfesta í framleiðslu sem ekki skilar arði. Ef svo heldur fram sem horfir er hægt að reikna sér það nokkurn veginn upp á ár hvenær allir peningar, hvenær allar tekjur Íslendinga eru veðsettar í lánum vegna óarðbærra framkvæmda. Þannig er hægt að missa sjálfstæði sitt eins og á svo margan hátt annan.

Að flytja inn erlent fjármagn með þeim hætti sem gert er í dag, þ.e. þannig að þeir erlendu aðilar sem fjármagnið eiga hafi allt sitt á þurru, er okkur bersýnilega mjög til óhagræðis. Það þarf ekki annað en horfa til stöðu þjóðarbúsins til að átta sig á því. Það þarf ekki annað en horfa til stöðu þegna og einstaklinga þessa þjóðarbús til að átta sig á því hvaða áhrif þessi fjármagnssóun eða þessi fjármagnssóunarstefna, sem stunduð hefur verið hér undanfarna áratugi, hvaða afleiðingar hún hefur haft fyrir fólk, einstaklinga í þessu landi.

Það sem hér er verið að tala um er að þeir sem leggi fram erlent fjármagn til framkvæmda hér á landi taki áhættuna með okkur, hafi sitt ekki á þurru með þeim hætti sem þeir hafa haft hingað til, heldur að þeir séu þátttakendur í áhættunni. Það ætti að draga eilítið úr þeirri skuldasúpu sem við búum við og það ætti að gera einstaklingum hugsanlega kleift að eiga vísan aðgang að einhverju meira fjármagni í bönkum og lánastofnunum sem í dag eru nánast þurrausnar.

Við flytjum vinnu til landsins, hugvit, með þeim hætti að við flytjum inn gífurlega mikið magn af neysluvörum og við flytjum út fjármagn með þeim hætti að greiða fyrir þetta hugvit í útlöndum. Ég sé ekkert annað en afskaplega heilbrigða skynsemi í því að flytja áhættufjármagn hingað til landsins og sé ekki nokkra hættu fólgna í því fyrir þjóðarbúið eða einstaklinga þessa lands. Eins og bent hefur verið á í þessari umræðu höfum við öll tök á því að vaka yfir þeirri þróun mála með sama hætti og menn treysta sér nú til að vaka yfir þeirri ógnvænlegu þróun mála sem við horfum upp á í dag. Þess vegna, virðulegi forseti, mun ég styðja þetta frv.

Aftur á móti er ég kannske ekki eins bjartsýnn og hv. flm. um árangur þess því að á meðan afskipti stjórnvalda af efnahagsmálum og atvinnulífi eru með þeim hætti sem þau eru hér á Íslandi í dag á ég ekki von á því að mjög margir fjárfestingaraðilar af erlendum toga taki þá áhættu að fjárfesta í íslenskum atvinnuvegum.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. iðnrh. og hv. 2. þm. Austurl. um hugsanlegan vilja erlendra aðila til reksturs á Íslandi finnst mér ástæða til að auka nokkrum atriðum inn í umræðuna.

Hæstv. iðnrh. talaði um það grundvallaratriði að þegar menn gerðu samninga væri eðlilegt að báðir vildu hagnast og græða. Þetta er rétt. Það er líka einföld skýring og eðlileg hjá hæstv. iðnrh. að Íslendingar eigi að geta horft óttalaust framan í hvern sem er. En gróði og hagnaður geta verið á margan hátt og þau ummæli sem hv. þm. Helgi Seljan hafði um Morgunblaðið voru undarlegur útúrsnúningur.

Það er lögð áhersla á að við veljum okkur vini sjálf. Við veljum okkur bandamenn, við veljum okkur stjórnkerfi, við veljum þá leið sem við viljum fara sjálf. Það er í ljósi þess sem við þurfum sérstaklega að horfa vel til allra atriða þegar komið er að milliríkjasamningum. Það er í ljósi þess sem Morgunblaðið veik að þeim orðum að það væri sérstök ástæða til að skoða hugsanlega þátttöku Sovétmanna í beinum rekstri á Íslandi.

Það er undarlegt með hv. þm. Helga Seljan, með þennan bjarta og fagra svip, að í hvert skipti sem hann tekur sér orð Sovétþjóðarinnar í munn gruggast upp í kringum hann og svipurinn gruggast, þessi heiðríkjusvipur. Það ber að harma. Það er auðvitað í ljósi slíks gruggugs vatns sem hv. þm. segir að Morgunblaðið leggi aðaláherslu á erlend áhrif á stóriðju á Íslandi. Þetta er auðvitað slík fásinna að sem Morgunblaðsegg, gamalt eða nýtt, er ekki hægt að sitja undir slíku.

Það eru liðlega 200 vitar í kringum Ísland. Við getum í samskiptum þjóðanna líkt Íslandi við eina af þessum vitabaujum, sem eru kringum landið, sem hafa sterkar ankerisfestar og eiga að lýsa svo dugi. Auðvitað er Morgunblaðið einn af traustustu ankerisþáttunum í íslensku þjóðfélagi um leið og það er lýsandi. Um þetta er ég viss um að hv. þm. Helgi Seljan er mér sammála þegar á allt er litið. Það er auðvitað þetta ankeri sem stendur vörð fyrst og fremst um íslenskt hugvit, íslenska menningu og íslenskt þjóðlíf. Það er ástæðulaust að snúa þannig ósannindum upp á okkar eigin menn.

Það var hér til umræðu fyrr í dag annað frv., um kynfræðslu, um ákveðna sjúkdóma sem menn óttast. Það er kannske á sama grunni sem menn óttast sum þjóðfélög þó ekki sé líku saman að jafna. Menn treysta misjafnlega mönnum, þjóðum. Við skulum ekki vera þau börn að halda að þarna geti ekki verið um pólitíska ávinning að ræða jafnt sem efnahagslegan og ekki síður þegar slíkar spurningar koma upp. Það er ástæðulaust að fela það á bak við orðskrúð.

Menn eiga að viðurkenna það sem er þó heilt og rétt og það hlýtur hv. þm. Helgi Seljan að geta gert varðandi þann stíl Morgunblaðsins að standa vörð um íslenska hagsmuni.

Einar J. Gíslason, forstöðumaður Fíladelfíusafnaðarins, er frægur ræðumaður á voru landi. Hann vitnar títt í hina helgu bók, Biblíuna, en að öðru jöfnu í Morgunblaðið. Einu sinni varð honum á í messunni og hann vitnaði í Tímann, að það hefði verið rétt sem þar stæði. Honum varð augnablik orðs vant, en sagði síðan: „Ja, þeir verða að eiga það sem þeir eiga.“ Og hversu mikið sem hv. þm. Helgi Seljan hefur Morgunblaðið á heilanum ætti hann að hafa manndóm til að viðurkenna að þar er á ferðinni eitt traustasta ankerið í íslensku þjóðlífi og íslenskri menningu.

Flm. (Björn Líndal): Virðulegi forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður fyrir mig, sem ekki hef setið lengi á þingi, og það er af mörgu að taka.

Ég mundi fyrst vilja víkja máli mínu að ummælum hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar þar sem hann spurðist fyrir um stefnu Framsfl. varðandi fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum.

Í stjórnmálaályktun sem miðstjórnarfundur Framsfl. gerði 19.—21. apríl á þessu ári kemur fram að næstu

skref á sviði nýsköpunar í atvinnulífi séu ein sjö talsins. Það fimmta sem er nefnt lýtur að erlendum fjárfestingum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Leitað verði leiða til að örva samvinnu innlendra og erlendra fyrirtækja í nýjum atvinnugreinum þar sem Íslendingar geta öðlast reynslu og þekkingu á sviði háþróaðra tækni- og markaðsmála."

Til viðbótar við þessa samþykkt miðstjórnarinnar hafa ungir framsóknarmenn tekið dýpra í árinni í sínum málflutningi um þessi mál.

Stefna Framsfl. í dag er því sú sem ég las upp úr stjórnmálaályktuninni. En mér leikur hugur á að vita hver sé eiginlega stefna Alþfl. Mér sýnist að Alþfl. hafi frá árinu 1969 til ársins í ár frekar litið svo á að tíminn gengi aftur á bak en áfram því að árið 1969 var það fyrrv. formaður Alþfl., dr. Gylfi Þ. Gíslason, sem flutti frv. hér á Alþingi um breytingu á lögum um verslunaratvinnu og gerði það frv. ráð fyrir að ráðherra gæti veitt undanþágu frá ákvæðum laganna um ríkisborgara, ríkisfang og búsetu þeirra manna sem verslunarrekstur stunda hér á landi, enda stæði sérstaklega á. Ég get uppfrætt hv. þm. um að það orðalag sem ég hef valið á frv. á þskj. 98 er beinlínis tekið eftir frv. sem þáverandi formaður Alþfl. flutti á þingi. Það stendur því eiginlega nær hv. þm. að skýra stefnu Alþfl., sem tekur greinilega örum breytingum á þessu sviði sem öðrum, en ég sé að skýra stefnu Framsfl. frekar.

Ég vil líka taka það fram að mér er alls ókunnugt um það frv. að nýjum iðnaðarlögum sem hæstv. iðnrh. nefndi að lokið hefði verið við að semja á þessu ári, en það er vissulega jákvætt ef slíkt frv. er á leiðinni og tekur til erlendrar fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum.

Ég vík síðan að því sem hv. þm. Helgi Seljan sagði hér áðan þar sem hann lagðist gegn þeim meginhersl-um sem hann telur að komi fram í frv. Ég vil upplýsa að vinaflokkar Alþb. í Vestur-Evrópu eru annarrar skoðunar en hv. þm. Ef þeir væru starfræktir hér á landi mundi hv. þm. vafalaust kalla þá frjálshyggjuflokka eða einhverju slíku heiti.

Í viðtali sem birtist við franska fjármálaráðherrann í desemberblaði Newsweek 1984 kemur fram — og hér er um að ræða ráðherra í stjórn núverandi Frakklandsforseta — að hann hafi tekið á sínum valdaferli ýmis skref til að greiða fyrir erlendri fjárfestingu í Frakklandi. Hann segir að hann muni halda áfram á þeirri braut.

Annar vinaflokkur Alþb., sænskir sósíaldemókratar, hefur líka verið hlynntur erlendri fjárfestingu í Svíþjóð og gefið út myndarlegan bækling fyrir erlenda aðila þar sem upplýst er um öll þau atriði sem máli skipta til þess að menn geti tekið a.m.k. frumákvarðanir um hvort þeir eigi að fjárfesta í Svíþjóð. Ekki er það því á grundvelli vinstrimennsku sem hv. þm. lætur skoðun sína í ljós á þessu frv.

Það gæti legið hans sjónarmiði til grundvallar ákvæðin þjóðerniskennd, hætta á því að Íslendingar tapi menningu sinni ef þeir umgangist erlenda aðila of mikið. Ég held að þetta sé hræðsla. Ég held að við töpum hvorki menningu okkar né að við missum tökin á okkar efnahag þótt erlendir aðilar taki aukinn þátt í atvinnulífi hér á landi. Efnahagslegt sjálfstæði er nefnilega ekki það sama og efnahagsleg einangrunarstefna. Það sem mér fannst hv. þm. vera að boða bar keim af einangrunarstefnu sem segir allt erlent vera af hinu vonda. Ég held að það gæti mikils misskilnings á þessu sviði. Og ef það er umhyggja fyrir iðnaðinum sem hv. þm. er að ýja að vil ég aftur vísa til þeirrar umsagnar sem Félag ísl. iðnrekenda gaf þegar þáltill. var hér til umræðu um fjárfestingu erlendra aðila. Með leyfi forseta langar mig til að lesa upp úr þeirri tillögu. Þar segir:

„Um þessar mundir setja aukið alþjóðlegt samstarf fyrirtækja, aukin alþjóðaviðskipti, harðnandi samkeppni og ör tæknivæðing mjög svip sinn á efnahagsþróun í heiminum. Þetta felur í sér að tækniþekking, vöruþróun og markaðsmál verða lykilatriði í rekstri fyrirtækja í nánast hvaða atvinnugrein sem er. Íslenskum fyrirtækjum er nauðsynlegt að tileinka sér sem best alla þessa þætti ef þau eiga að standast samkeppni við erlenda keppinauta, hvort sem er á innlendum eða erlendum markaði. Starfsemi erlendra fyrirtækja á Íslandi gæti beint og óbeint fært þekkingu á þessum sviðum til íslenskra fyrirtækja. Að því leyti gæti starfsemi erlendra fyrirtækja á Íslandi haft jákvæð áhrif á íslenskt atvinnulíf, auk þess sem þau gætu aukið á fjölbreytni íslensks atvinnulífs. Æskilegt væri að sem flest erlend fyrirtæki, sem hingað vildu koma, tækju upp samvinnu við íslensk fyrirtæki."

Og í lokin segja þeir: „Félag ísl. iðnrekenda tekur undir efni áðurgreindrar þáltill. og þau sjónarmið sem sett eru fram í greinargerð."

Þetta held ég að sýni vel að það er ástæðulaust að ætla að íslenskir iðnrekendur séu því ósammála að erlendum aðilum verði gefinn kostur á að eignast meira en 49% af hlutafé í iðnfyrirtækjum hér á landi. Það er, eins og komið hefur fram í máli margra hv. þm. hér í þessum umræðum, ekki lagt til í þessu frv. að menn geti komið hér inn án þess að spyrja nokkurn aðila. Það er lagt til að iðnrh. veiti undanþágur frá meginreglunni sem verður áfram að íslenskir aðilar skuli eiga meiri hluta í iðnfyrirtækjum. Að fara fyrir Alþingi í hvert sinn með slík mál er of umfangsmikið, ekki síst ef um er að ræða smá eða meðalstór fyrirtæki sem ég hygg að þetta frv., ef að lögum verður, mundi helst koma að gagni.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um það sem hér hefur komið fram en vísa til þess sem kom fram í minni framsögu og þeim athugasemdum sem fylgja frv. Að lokum vil ég undirstrika það, svo að það fari ekki á milli mála, að vitaskuld mundu þau fyrirtæki sem stofnuð yrðu hér á Íslandi vegna þessa frv., ef það yrði að lögum, og væru í meirihlutaeign útlendinga lúta íslenskum lögum og lögsögu. Um það er engin spurning þrátt fyrir samþykkt frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lögræðislög, frv. 21. mál (þskj. 21). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögræðislögum nr. 68/1984 sem liggur frammi á þskj. 21. Frv. þetta flyt ég ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Einarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Á 106. löggjafarþingi voru samþykkt lögræðislög, lög nr. 68/1984, eftir mjög svo sögulega meðferð hins háa Alþingis.

Frv. til lögræðislaga var borið fram í Ed. og allshn. Ed. samþykkti að leggja til að það yrði afgreitt frá deildinni óbreytt. Var það og gert. Frv. kom þá til Nd. og til umfjöllunar í allshn. Á fund nefndarinnar komu formaður þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem frv. hafði samið, eins og venja er gjarnan, svo og ritari þeirrar nefndar, en bent var á að önnur stjórnskipuð nefnd væri einnig að ljúka störfum, þ.e. nefnd er gera átti tillögur um úrbætur í geðheilbrigðismálum. Þótti rétt að óska eftir að sú nefnd kæmi til fundar við allshn. þar eð nokkur ágreiningur var þar um viðkvæm atriði. Voru það fyrst og fremst ákvæði um vistun manna í sjúkrahúsi gegn vilja sínum, svo og sjálfræðis-, fjárræðis- og lögræðissviptingu.

Í frv. ríkisstj. var gert ráð fyrir að trúnaðarlæknir yrði ráðinn við dómsmrn. og hljóðaði 17. gr. frv. sem hér segir, með leyfi forseta:

„Á vegum dómsmrn. skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum."

Margir þm. töldu hins vegar að óeðlilegt væri að einn aðili færi með úrskurði af þessu tagi og ekki síður að nauðsynlegt væri að fylgst yrði með afnámi sviptingar þegar lækning væri fengin. Eru þess því miður dæmi að dregist hafi úr öllu hófi að svo væri gert.

Ingvar Kristjánsson geðlæknir og formaður nefndarinnar um úrbætur í geðheilbrigðismálum og nokkrir meðnefndarmenn hans komu og lögðu fram brtt. þær sem hér liggja svo til óbreyttar fyrir. Allshn. féllst á brtt. og Nd. einnig.

Frv. fór því aftur til Ed. sem hafnaði brtt. Nd. og samþykkti frv. enn eins og það var lagt fram í upphafi. Einn hv. þm., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, skilaði brtt. um að það yrði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Frv. kom því enn til Nd. Þegar þetta gerðist var kominn 15. maí og vinnuálag því geysilegt hér í þinginu. Var boðað til fundar í allshn. enn á ný, en áður en sá fundur yrði haldinn kom málið á dagskrá og var afgreitt sem lög frá Alþingi áður en nefndin fengi um það að fjalla.

Í umræðum um þingsköp var bent á að nefndin ætti eftir að fjalla um málið og varð nokkur umræða um þessa afgreiðslu og margir þm. voru sammála um að hér hefðu orðið mistök. Forsrh. svo og forseti Nd. hörmuðu mistökin, en ekki þótti gerlegt að ógilda afgreiðslu frv. sem forseti hefði lýst sem lögum frá Alþingi og þar við sat.

Það varð því aldrei ljóst hver vilji meiri hl. þm. var í þessu máli, en Sþ. hefði átt um það að fjalla. Því telja flm. ástæðu til að fá nú úr þessu skorið.

Þótt nú sé liðið á annað ár frá því að lögin voru sett hefur enn ekki verið ráðinn trúnaðarlæknir, heldur hefur þessu starfi verið sinnt í hjáverkum. Má því geta nærri hvernig fylgst er með því að sjúklingur fái mannréttindi sín aftur þegar ástæða er til. Gera má ráð fyrir að í flestum tilvikum sé fyrir því séð af aðstandendum eða sjúklingi sjálfum, en til eru þeir sem svo höllum fæti standa að hvorki eru fyrir hendi aðstandendur sem um þá hirða eða þeir hafa sjálfir þrek til að takast á við dómskerfið. Það er ekki síst fyrir það fólk sem frv. er flutt.

Ég tel rétt að lesa hér, með leyfi forseta, athugasemdirnar við brtt. sem hér eru lagðar fram svo að menn átti sig á um hvað þær snúast.

Við 1. gr. er lagt til að trúnaðarnefnd dómsmrn. fjalli reglubundið um málefni allra þeirra einstaklinga sem sviptir hafa verið sjálfræði, fjárræði eða lögræði eða verið vistaðir gegn vilja sínum í sjúkrahúsi og skuli nefndin sjá til þess að sjúklingur fái mannréttindi sín aftur svo fljótt sem aðstæður leyfa.

Við 2. gr. er lagt til að í stað embættis trúnaðarlæknis við dómsmrn. komi trúnaðarnefnd er starfi á þess vegum. Nefndina skipi lögmaður, og sé hann formaður hennar, geðlæknir, sem jafnframt sé trúnaðarlæknir ráðuneytisins um læknisfræðileg málsatriði, og fulltrúi samtaka um málefni geðsjúkra sem ráðuneytið skipi skv. tilnefningu. Tekið er fram að eðlilegt sé talið að þessi nefnd sé launuð.

Það þarf engum að segja að svipting mannréttinda er einhver erfiðasta ákvörðun sem taka verður, ekki síst fyrir aðstandendur sem oft verða að óska hennar. Það er mikil ábyrgð lögð á herðar einum manni, í þessu tilviki trúnaðarlækni dómsmrn., ef ágreiningur verður og varla unnt að fela honum að fylgjast með hvernig lækningu allra þeirra, sem sviptir eru, reiðir af. Fyrir hefur komið að þeir sem engan eiga að til að fylgjast með þróun mála hafa lifað án mannréttinda áratugum saman, og skal vikið að því síðar í ræðu minni, vegna þess að aldrei var gengið frá því að aflétta sviptingu.

Mál sem þessi eru svo viðkvæm hverri manneskju að tryggja verður að hvert einasta þeirra fái viðunandi afgreiðslu og málalok sem hinum svipta eru fyrir bestu. Og aldrei má til þess koma að unnt sé að beita sviptingu mannréttinda nokkurrar manneskju í þágu annarra en hins svipta. Flm. telja að brtt. nefndar þeirrar sem gert hefur tillögur til úrbóta í geðheilbrigðismálum séu tryggari en þau ákvæði sem nú eru í lögræðislögum og því nauðsynlegt að færa þau til betri vegar.

Eins og áður sagði hefur enginn verið fastráðinn til að gegna stöðu trúnaðarlæknis dómsmrn. enn þá þó að rúmt ár sé liðið frá setningu lögræðislaga. Flm. telja því að þetta ástand sé með öllu óviðunandi og engin von til þess að með málum sé fylgst eins og rétt og skylt væri.

Í Helgarpóstinum var á s.l. sumri nokkur umræða um mál af þessu tagi. Þar var rætt við mann sem hafði verið látinn sæta öryggisgæslu árið 1943. Segir orðrétt í blaðinu, með leyfi forseta:

„Mánudaginn 16. ágúst árið 1943 var kveðinn upp dómur í aukarétti Reykjavíkur yfir 28 ára gömlum karlmanni. Sökum andlegs ástands mannsins þótti ljóst að refsing mundi ekki bera neinn árangur. Í stað hennar var manninum því gert að sæta dvöl á viðeigandi hæli. Dómurinn var ótímabundinn. Maðurinn var fluttur á Litla-Hraun. Þar átti hann eftir að eyða næstu 15 árum ævi sinnar. Að þeim loknum tók við dvöl á tveim hælum til skiptis. Þess á milli gisti hann lögreglustöðina í Reykjavík. Fyrir nokkrum mánuðum var maðurinn svo fluttur frá Gunnarsholti og vistaður á sveitabæ."

Enn segir blaðið, með leyfi forseta:

„„Manninum var skákað á milli þriggja staða eins og oft verður um menn sem enginn veit hvað á að gera við og ekki eru til hæli fyrir í landinu.“ Þetta eru orð Baldurs Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóra dómsmrn., um manninn sem Helgarpósturinn segir nú frá.

Í 42 ár hefur maðurinn farið milli stofnana án þess að yfirvöld hafi getað fundið lausn á málum hans. 16. ágúst 1943 var hann atvinnulaus og heimilislaus fangi í Hegningarhúsinu í Reykjavík. Þann dag var honum gert að sæta öryggisgæslu ótímabundið. Þeim dómi hefur enn ekki verið aflétt.

Saga þessa manns er ekkert einsdæmi, en gerir glögglega grein fyrir hvernig málum þeirra er komið sem slíkan dóm fá. Flestir eru vistaðir á Litla-Hrauni. Viðeigandi stofnun er ekki til í landinu.“

Ástæðan fyrir sviptingu þessa manns er síðan rakin eins og hún gerðist á sínum tíma. Þar var um að ræða það sem við mundum í dag kalla síbrotamann sem lenti upp á kant við lögin fyrir ýmis afbrot, einkum smáþjófnaði, og einu sinni hafði hann farið ógætilega með eld í íbúðarhúsi svo að eldur braust út. En ekkert af þessum afbrotum er neitt í líkingu við þá sök sem til þarf að sitja 15 ár í fangelsi.

Ýmsir aðilar eru spurðir um þetta mál og aðspurður um hagi þessa manns segir Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn í sama blaði:

„Hann átti systkini, en þessi 20 ár sem við höfum haft með hann að gera hef ég ekki orðið var við neina sem vildu af honum vita. Ég vissi að honum var skipaður lögráðamaður á sínum tíma, svo sem vera bar þegar hann var sviptur sjálfræði, en ég get ekki sagt að sú manneskja hafi haft nokkur afskipti af honum.“

Í 42 ár hefur þessi maður verið sviptur mannréttindum, skráður í þjóðskrá sem óstaðsettur í húsi í Reykjavík og sjálfur segir hann: „Ég á lögheimili á lögreglustöðinni.“

Bjarki Elíasson er spurður um hvort ekki sé óeðlilegt að hann skyldi dveljast 15 ár á Litla-Hrauni eða lengur en nokkur sem dæmdur hefur verið í ævilangt fangelsi. Hann segir:

„Ég skal ekki segja um það. Það saknaði hans náttúrlega enginn. Kerfið hefur sjálfsagt verið fegið á meðan hann var þó þarna. Utan múranna var vitað að hann yrði ekki til neins gagns, meira til óþurftar. Dómur hans var ótímabundinn. Það er ekki óeðlilegt. Það er annað þegar menn eru dæmdir í fangelsisvist. Þá er ákveðinn mánaða- og árafjöldi tiltekinn.“

Í viðtali við Þorstein Jónsson deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu segir hann, með leyfi forseta:

„Á síðustu 15 árum hafa um tíu manns verið dæmdir í öryggisgæslu á Íslandi. Þar af hafa þrír karlmenn og ein kona verið send í geðsjúkrahús á Norðurlöndum. Það er fólk sem alvarlegast hefur verið ástatt um.“

Um mál ofangreinds manns segir Þorsteinn: „Ég lít ekki svo á að hann hafi verið vistaður á vegum dómsmálakerfisins undanfarin ár, ekki síðan 1980. Hann er sjúklingur og það er heilbrigðiskerfisins að sjá um hann.“

En í öðru viðtali, við Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra í heilbrigðisráðuneytinu, kveður við annan tón. Hann segir:

„Ég tel að ef dómskerfið ákveður um vist manna eigi það að sjá um þá vist, bera ábyrgð á henni og heilbrigðiskerfið eigi að koma inn í umsjón með þeirri vist sem sérfræðiaðilar. Ég tel ekki að dómskerfið eigi að hafa rétt til að dæma fólk inn á sjúkrahús.“

Og að lokum, herra forseti. Gústaf Lilliendahl, forstöðumaður á Litla-Hrauni, segir í sama blaði, með leyfi forseta:

„Að mínu mati eru þessir menn staðnaðir og ekki sjáanlegt að verið sé að byggja þá upp á einn eða annan máta. Þeir eru afskiptir og lítið hugsað um þeirra hagi nema af okkur.“ — Og þá geri ég ráð fyrir að hann eigi við starfsfólkið á Litla-Hrauni.

Herra forseti. Ég hef fjallað hér nokkuð um verstu tilvikin sem vitað er um í þessum málum þar sem saman fer hirðuleysi um hagi sjúklingsins og ráðleysi varðandi læknismeðferð. Það er sorglegt til þess að vita að annað eins og þetta skuli geta gerst í þjóðfélaginu sem við búum í. Það sýnist því vera full ástæða til að tryggja að aldrei komi annað eins fyrir. Til þess er fullkomlega eðlilegt að ráða þá þriggja manna nefnd sem frv., sem hér er talað fyrir, gerir ráð fyrir þar sem lögfróðum manni, lækni og fulltrúa samtaka um geðhjálp er falið að fylgjast með afdrifum þess fólks sem svipt hefur verið mannréttindum af einhverjum orsökum.

Samkvæmt upplýsingum dómsmrn. líður vart sú vika að ekki þurfi að vista mann í sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Slíkt væri ævinlega vandasöm ákvörðun og mikilvægt að svo sé séð til að hún sé sjúklingnum sjálfum fyrir bestu. En ekki er síður mikilvægt að fylgst sé með að sjúklingurinn fái þá meðferð sem hann þarfnast og mannréttindi sín að nýju þegar henni er lokið. Þau mál eru engan veginn í sæmilegu lagi nú.

Herra forseti. Ég vænti þess að menn taki sér tíma til að kynna sér þetta frv. vandlega og veiti því brautargengi að athuguðu máli. Ég legg til að því verði að þessari umræðu lokinni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. 26. mál (þskj. 26). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á síðasta Alþingi var lagt fram frv. um breytingu á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum. Flm. ásamt mér voru hv. þm. Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir og Gunnar G. Schram.

Frv. þetta kom seint fram á síðasta þingi og náði ekki fram að ganga. Allshn. Nd. hafði frv. til meðferðar og barst nefndinni umsögn frá borgarfógetaembættinu um frv., en efni þess er að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð að því er snertir fjármálauppgjör við sambúðarslit.

Tilefni þess er að margsinnis hefur komið fram mikið misrétti við slíkt uppgjör og oft risið upp vandasöm mál sem mörg ár hefur tekið að leysa vegna þess að alla lagavernd vantar við slit á óvígðri sambúð.

Þegar frv. var lagt fram á síðasta Alþingi var í frvgr. kveðið á um að heimila skiptarétti að skipta búi við slit á óvígðri sambúð. Ef sambúðarfólk verður ekki á eitt sátt um skiptin getur hvort um sig krafist þess að

skiptaréttur fjalli um fjárskipti þeirra. Einnig kom fram í frvgr. á síðasta þingi að skiptarétti beri við skiptin að hafa hliðsjón af fjárhag aðila, hve lengi sambúð hefur staðið og öðru sem varðar hag aðila, m.a. framlagi hvors um sig til sameiginlegs heimilis á sambúðartíma með vinnu, fé til framfærslu eða á annan hátt.

Í umsögn borgarfógetaembættisins á síðasta Alþingi, sem undirskrifuð var af Ragnari Hall borgarfógeta, er gerð athugasemd við frvgr. sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta. Hún hljóðar svo:

„Lög nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., hafa nánast eingöngu að geyma verklagsreglur um skipti á þeim búum er undir lögin falla. Efnisreglur, þ.e. reglur um efnislegan rétt þeirra sem í hlut eiga, eru ekki settar þar fram. Slíkar efnisreglur, sem svara til verksviðs þess sem skiptir búi, er einkum að finna: a) í erfðalögum sem segja til um hvernig skipta skuli í hlutföllum milli erfingja og eftir hverjum sjónarmiðum farið skuli við ákvörðun skiptingar og úthlutun, b) lögum um réttindi og skyldur hjóna sem geyma samsvarandi reglur um búskipti milli hjóna við skilnað og að nokkru við andlát annars hjóna, c) ólögfestum almennum reglum um sameign. Þær reglur varða skipti félagseigna við slit sameignarfélags samkvæmt lögunum og önnur tilvik þar sem um sameign er að ræða og sameigninni verður slitið af skiptaráðanda en ekki með uppboði til slitar sameignar eða með umfjöllun almennra dómstóla."

Síðar segir í umsögn borgarfógetaembættisins: „Vilji löggjafinn taka af tvímæli um skýringu á 90. gr. skiptalaga og lögfesta þá reglu að skiptaréttur skuli skipta búi sambýlisfólks við sambúðarslit að kröfu annars þeirra telur undirritaður ekki óeðlilegt að ákvæði þess efnis sé fellt inn í núgildandi texta 90. gr. Gæti upphaf þeirrar greinar þá t.d. hljóðað þannig: Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t.a.m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, og búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð, fer sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum sem leiðir af eðli þeirra. — Slíkri breytingu þyrfti þá að fylgja skilgreining á því hvað átt sé við með óvígðri sambúð og læt ég liggja á milli hluta hvort sú skilgreining á að vera í því horfi sem sett er fram í 3. mgr. frv.

Að öðru leyti en að framan er getið virðist frv. hafa að geyma hreinar efnisreglur, t.d. fyrirmæli um það hvernig ákvarða skuli hlut hvors aðila í búinu. Ég tel mjög óeðlilegt og óæskilegt að setja slíkar reglur í skiptalögin, en þau hafa eins og áður greinir fyrst og fremst að geyma verklagsreglur um skipti. Þær efnisreglur sem koma til álita við skipti milli sambýlisfólks eru þegar að hluta til fyrir hendi í fordæmisreglum hæstaréttardóma sem gerð er grein fyrir í fylgiskjölum með frv. Eru þar fyrir hendi nægjanlega skýrar grunnreglur um gildandi rétt á þessu sviði sem síðar mundu nánar afmarkast með dómaframkvæmd að óbreyttum lögum. Tel ég þá þróun mála mun heppilegri en lögfestingu efnisreglna, enda ljóst að samning lagareglna sem tækju af tvímæli um einstök tilvik sem upp geta komið yrði vandasöm og tímafrek. Sé það hins vegar vilji löggjafans að lögfesta slíkar efnisreglur eiga þær með engu móti heima í skiptalögum fremur en reglum um lögerfðarétt svo dæmi sé tekið."

Að auki gerði borgarfógetaembættið athugasemd við gildistöku greinarinnar, m.a. þá að lögin tækju aðeins til skipta á búum þeirra er slitið hafa sambúð og ekki hafa komið sér saman um eignaskipti, enda hafi þá ekki þegar verið höfðað mál fyrir almennum dómstóli vegna eignaskiptanna.

Við endurflutning málsins á þessu þingi hafa flm. tekið tillit til þeirra ábendinga sem fram komu í umsögn borgarfógetaembættisins og ég hef hér greint frá. Frvgr. er því nú að efni til þannig að bætt er við heimild fyrir skiptarétt til að skipta búi sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð eða við andlát annars aðilans. Efnisreglum um hvað skiptarétti beri að hafa til hliðsjónar við skiptin er sleppt í frvgr. sjálfri, en þess getið í umsögn um 1. gr. í frv. að eðlilegt verði að telja að skiptaréttur hafi við skipti á búi sambúðarfólks hliðsjón af fjárhag aðila, hve lengi sambúð hefur staðið og öðru er varðar hag aðila, svo sem framlagi hvors um sig til sameiginlegs heimilis á sambúðartíma með vinnu, fé til framfærslu eða á annan hátt.

Auk þess sem í frvgr. er nú eingöngu bætt við heimild fyrir skiptarétt til að skipta búi sambúðarfólks án þess að nánar sé þar farið út í efnisreglur kemur fram í frvgr. skilgreining á því hvað sé óvígð sambúð. Þar er stuðst við þá skilgreiningu sem viðurkennd er í öðrum lögum, t.a.m. almannatryggingalögunum, um hvað telst vera óvígð sambúð.

Fjöldi þeirra sem kjósa að búa í óvígðri sambúð hefur farið vaxandi á undanförnum árum og samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands er fjöldi þeirra sem búa í óvígðri sambúð um 10 600. Börn foreldra sem búa í óvígðri sambúð eru 5147. Hér er einungis um að ræða óvígða sambúð sem skráð er hjá Hagstofu Íslands og því efalítið um að ræða mun fleiri sem búa í óvígðri sambúð.

Nú er því þannig háttað, eins og áður sagði, að það vantar alla lagavernd við slit á óvígðri sambúð. Því hefur margsinnis komið fram mikið misrétti við fjármálauppgjör milli sambúðarfólks og oft risið upp vandasöm mál sem mörg ár hefur tekið að leysa. Alþingi lét þetta mál til sín taka árið 1980, en á árinu 1981 var samþykkt þáltill. frá þm. Alþfl. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Í því skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verður best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignar- og erfðaréttar. Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Þó að fimm ár séu liðin frá samþykkt þessarar tillögu situr allt við það sama í þessu hagsmunamáli fólks í óvígðri sambúð. Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, einkum efnahagsleg, einkennist því áfram af öryggisleysi og óvissu við slit sambúðar.

Eignamyndun er oft sameiginlegt framlag beggja sambúðaraðila, ýmist beint, t.d. ef bæði hafa haft atvinnutekjur, eða þá óbeint þegar konan vinnur á heimili og stuðlar þannig að bættri aðstöðu karlmannsins til tekjuöflunar. Nefna má að stundum stendur sambúð svo áratugum skiptir og allar eignir búsins hafa orðið til á þeim tíma. Ef um eignamyndun á húsnæði er að ræða á sambúðartímanum geta risið upp mikil vandamál við sambúðarslit þegar aðeins annar eigandinn er skráður eigandi fasteigna.

Í hæstaréttardómum má og sjá að oft hefur verið

farin sú leið til að draga úr mesta óréttlætinu að dæma konunni þóknun fyrir störf hennar í þágu heimilisins. Það liggur þó í augum uppi að ef eignamyndunin hefur verið mikil á sambúðartímanum getur slík þóknun verið hverfandi samanborið við eignirnar. Hin síðari ár hefur þó niðurstaða dómstóla um slit óvígðrar sambúðar í auknum mæli verið sú til að koma í veg fyrir ósanngjarna niðurstöðu að farið er að dæma hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum eða viðurkenna sameign aðila. Ljóst er þó að dómstólaleiðin er bæði erfið, dýr og oft seinvirk og það getur því tekið nokkur ár að fá niðurstöðu um fjárskipti við slit á óvígðri sambúð.

Þó að fyrir liggi vilji Alþingis um að tryggja beri réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, sbr. ályktun Alþingis frá í febrúar 1981, er engu að síður ljóst að ekki bólar enn á því að stjórnvöld leggi fram frv. sem tryggi réttarstöðu fólks ef til fjármálauppgjörs kemur vegna slita á óvígðri sambúð.

Flm. þessa frv. telja að mikið sé í húfi að Alþingi taki þegar af skarið til að tryggja eignarrétt í óvígðri sambúð. Frv. er þess efnis, eins og áður greinir, að skiptarétti verði heimilað að skipta búi sambúðarfólks. Með því ynnist hvort tveggja í senn: Það kæmi í veg fyrir tímafrekan málarekstur við slit á óvígðri sambúð og svo hitt, sem ekki er minna um vert, það hindraði að annar sambúðaraðilinn biði mikið fjárhagslegt tjón þegar upp úr sambúð slitnar. Hér er um einfalda lagabreytingu að ræða og verður að vænta þess að samstaða náist á Alþingi um hana, enda varðar það hagsmuni og réttarstöðu fjölda fólks sem er í óvígðri sambúð.

Norrænar sifjalaganefndir bæði í Danmörku og Noregi hafa lagt til að þessi leið verði farin. Í Svíþjóð liggur fyrir frv. þar um.

Í fskj. I með þessu frv. er kafli úr ritgerð Guðrúnar Erlendsdóttur dósents í Tímariti lögfræðinga 3. hefti, nóvember 1981, um fjármál hjóna og sambúðarfólks. Er þar greint frá norrænni samvinnu á þessu sviði og umfjöllun dönsku og norsku sifjalaganefndanna um þetta mál svo og dómum um sameign. Sérstaklega skal bent á álit dönsku sifjalaganefndarinnar sem telur mikilvægt að fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar geti komið fyrir skiptarétt. Að auki má benda sérstaklega á þann kafla í ritgerðinni sem ber heitið „Er þörf á lagareglum um fjármál sambúðarfólks?". Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að breyta skiptalögunum á þann veg að skiptaréttur geti skipt búi sambúðarfólks.

Að lokum, herra forseti, skal bent á athyglisverðar upplýsingar sem koma fram í erindi sem Guðrún Erlendsdóttir dósent flutti á fundi Dómarafélags Íslands 25. okt. 1984 og sýna ljóslega hve brýnt er að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð við sambúðarslit að því er varðar fjármálauppgjör. Þar kemur fram að þingfest mál varðandi fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar í bæjarþingi Reykjavíkur voru á milli 80 og 90 árið 1982, en á milli 90 og 100 á árinu 1983.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. lengra mál. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Barnalög, frv. 27. mál (þskj. 27). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á síðasta Alþingi flutti ég frv. um breytingu á barnalögum þess efnis að ef meðlagsskyldur aðili er ekki á lífi eða af öðrum ástæðum reynist ókleift samkvæmt úrskurði valdsmanns að innheimta framlag samkvæmt ákvæðum barnalaga vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns skyldi lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiða framlögin. Í frv. var einnig kveðið á um að sama gilti varðandi framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni, en ákvæði eru í barnalögunum um heimild forsjárforeldris að leita eftir slíkum framlögum frá meðlagsskyldum aðila. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti síðan brtt. við frv. um að ákvæði frv. næðu einnig til barna örorku- og ellilífeyrisþega sem notið hafa barnalífeyris.

Það er skemmst frá því að segja að lagt var til af hálfu meiri hluta allshn., sem frv. hafði til meðferðar, að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökum að almannatryggingalöggjöfin væri í endurskoðun, en minni hluti nefndarinnar mælti með samþykkt frv.

Þess er nú freistað að flytja málið aftur í nokkuð breyttri mynd, enda verður að segja að rök meiri hlutans fyrir því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar á síðasta þingi hafi verið harla léttvæg.

Almannatryggingalöggjöfin hefur verið mörg undanfarin ár í endurskoðun og ekkert liggur fyrir um hvenær þeirri endurskoðun ljúki. Auk þess voru rök meiri hlutans einkennileg þegar um var að ræða frv. um breytingu á barnalögunum en ekki almannatryggingalöggjöfinni.

Flm. að frv. nú ásamt mér er hv. þm. Guðrún Helgadóttir, en í frv. nú hefur verið felld inn brtt. Guðrúnar Helgadóttur frá síðasta þingi þess efnis að ákvæðið nái einnig til barna elli- og örorkulífeyrisþega sem barnalífeyris njóta, auk þess sem ákvæði frv. nú ná einungis til framlaga vegna menntunar og starfsþjálfunar en ekki til framlaga samkvæmt ákvæðum 19. gr. barnalaganna sem kveða á um sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóma eða af öðru sérstöku tilefni. Þau ákvæði eru vissulega mikilvæg fyrir einstæða foreldra, en líta verður svo á að enn brýnna sé að ná fram breytingu á löggjöfinni að því er snertir menntunarframlög til þeirra sem ekki geta leitað til meðlagsskylds aðila með slík framlög. Þess er því freistað, miðað við fyrri afgreiðslu þá sem frv. fékk, að reyna á nýjan leik að ná samstöðu um það ákvæði sem snýr að framlögum vegna menntunar og starfsþjálfunar eingöngu.

Þegar ákvæði barnalaga voru lögfest, sem kveða á um heimild til framlags vegna menntunar og starfsþjálfunar barns til 20 ára aldurs frá meðlagsskyldum aðila, var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt eða stuðning við einstæða foreldra og börn þeirra ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta meðlag hjá honum. Tilgangur þessa frv. er að leiðrétta þennan augljósa mismun í kjörum og aðbúnaði einstæðra foreldra. Að auki er einnig lagt til, eins og brtt. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur gerði ráð fyrir á síðasta þingi, að börn öryrkja og ellilífeyrisþega, sem ekki hafa annan fram-

færslueyri en bætur almannatrygginga, fái sama rétt.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er um að ræða 1073 einstæða foreldra með 1564 börn á framfæri sínu sem ekki geta leitað til meðlagsskylds aðila með menntunarframlög. Er hér um að ræða 12—13% einstæðra foreldra sem ekki hafa sömu möguleika og aðrir einstæðir foreldrar að leita eftir framlagi vegna menntunar barna sinna. Í grg. kemur einnig fram að yrði frv. þetta að lögum mundu ákvæði þess opna 617 öryrkjum og ellilífeyrisþegum með 967 börn á framfæri sínu rétt til að leita eftir menntunarframlögum vegna barna sinna.

Þegar á heildina er litið gæfu ákvæði frv. 1690 einstæðum foreldrum, öryrkjum og ellilífeyrisþegum með samtals 2531 barn á framfæri sínu möguleika á að leita eftir framlagi vegna menntunar barna sinna frá 18—20 ára. Á hitt ber þó að líta að sjálfsagt yrðu þeir mun færri sem úrskurðuð yrðu menntunarframlög þar sem valdsmaður metur í hverju tilfelli aðstæður þar sem m.a. er tekið mið af efnahag og öðrum aðstæðum meðlagsskylds aðila og þess foreldris sem forsjá barns hefur. Í því sambandi má geta þess að af 617 öryrkjum og ellilífeyrisþegum sem barnalífeyris njóta eru 129 með óskerta tekjutryggingu og hafa því einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. mikið fleiri orð. Það mikilvæga er að með samþykkt þessa frv. yrði tryggt að börn sem aðeins eiga annað foreldri á lífi hafi sömu möguleika og börn annarra einstæðra foreldra þannig að einstæðum foreldrum yrði ekki mismunað að því er varðar þann rétt og stuðning sem 17. gr. barnalaganna veitir einstæðum foreldrum og að auki mundu börn örorku- og ellilífeyrisþega, sem eingöngu hafa sér til framfærslu bætur almannatrygginga, njóta sama réttar.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Fyrir stuttu kom hér svipað mál til umræðu þar sem um var að ræða að styðja við og jafna réttlæti til barna einstæðra foreldra. Þetta er sjálfsagt réttlætismál og ég vil lýsa yfir fullum stuðningi við það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattfrádráttur fyrir fiskvinnslufólk, frv. 28. mál (þskj. 28). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þetta frv. var áður flutt á s.l. vetri, að vísu undir lok þingtímans þá, og þrátt fyrir að verulegur stuðningur kæmi fram við það í þinginu hjá einstökum þm. í ýmsum þingflokkum náði það þó ekki afgreiðslu. Við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson höfum því brugðið á það ráð að flytja frv. nú í upphafi þings þannig að Alþingi geti afgreitt það tímans vegna og í ljós komi hvort það er stuðningur við að fara einhverja leið eins og þá sem við bendum á í frv. þessu til þess sérstaklega að lagfæra kjör fiskverkafólks.

Það kom fram á síðasta vetri stuðningur við málið bæði úr röðum fiskverkafólks og fiskverkenda, enda eðlilegt. Í fyrsta lagi er hér hreyft máli sem oft hefur verið rætt um af ýmsum stjórnmálaflokkum og af aðilum í fiskvinnslu og í öðru lagi er um að ræða mál í þeim anda sem flestallir stjórnmálaflokkar á Íslandi, þar á meðal a.m.k. annar ef ekki báðir núverandi stjórnarflokkar, hafa lýst sig fylgjandi.

Frv. er í sjálfu sér ákaflega einfalt og lýtur að því að fiskvinnslufólk, þ.e. ófaglært verkafólk í fiskiðnaði, faglært starfsfólk í fiskiðnaði, þ.e. fólk með fagmenntun úr Fiskvinnsluskólanum, og fólk við verkstjórn í fiskiðnaði skuli eiga rétt til frádráttar á tekjum sínum við álagningu tekjuskatts sem nema skal 10% af beinum tekjum þess af störfum við fiskvinnslu. Þetta er nákvæmlega sama ákvæði og er í gildandi lögum varðandi fiskimenn og var sett í tekjuskattslögin við sömu aðstæður hvað þá varðar og nú eru ríkjandi hvað varðar fiskverkafólk. Aðstæðurnar voru og eru þær að vegna þess hve launakjör í fiskvinnslu eru orðin slæm og vegna þess hve aðbúnaður að fiskverkafólki er með ýmsum hætti lakari en viðgengst annars staðar í þjóðfélaginu, svo sem á sviði verslunar og þjónustu, sæki fólk í stöðugt vaxandi mæli út úr fiskiðnaðinum og til starfa við annan atvinnurekstur ef möguleiki er á. Þetta hefur skapað mikil vandræði við sjávarsíðuna þar sem skortur er á vinnuafli í fiskiðnaði, jafnvel þó að tveir og þrír séu um hvert starf í þjónustu og verslun sem auglýst er laust til umsóknar.

Fiskvinnslan er að sjálfsögðu undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga sem m.a. öll okkar útflutningsverslun byggist á. Þetta ástand í sjávarútveginum, ásamt því kerfi sem viðgengst í sambandi við stjórnun fiskveiða og er önnur saga, hefur m.a. valdið því að mikill skortur er á ýmsum afurðum sem við höfum selt á erlendum markaði. T.d. hefur verið mikill skortur á blokk á Ameríkumarkaði og fyrirtæki okkar í Bandaríkjunum hafa orðið að fullnægja eftirspurninni eftir unnum fiskafurðum með því að kaupa í sívaxandi mæli fiskafurðir af öðrum en íslenskum frystihúsum en það gæti haft uggvænleg áhrif á gæðamál okkar fiskseljenda á Bandaríkjamarkaði.

Við nákvæmlega sams konar eða sambærilegar aðstæður fyrir nokkrum árum var gripið til þess ráðs að veita fiskimönnum sérstakan skattafrádrátt til að gera fiskimannsstarfið meira aðlaðandi en það þá var og laða fleiri til starfa í fiskveiðum. Þá eins og nú á við um fiskverkafólkið var erfitt að fá menn til sjós og íslensk útflutningsverslun leið undan því. Þetta var ein af þeim aðgerðum sem þá var gripið til til þess að gera starf fiskimannsins meira aðlaðandi. Auðvitað leysti slík aðgerð ein út af fyrir sig ekki málin, en hún varð til hjálpar við þá lausn og varð m.a. til þess ásamt öðru að það jókst aftur eftirsókn eftir störfum í fiskveiðum, uns svo var um tíma að það var jafnvel meira framboð á fiskimönnum en eftirsókn. Ég held að það fari seint þannig um starf í fiskvinnslu að það verði meira framboð af fólki til þeirra starfa en eftirspurninni nemur, en ástandið hjá fiskiðnaðinum nú er orðið til mikilla vandræða, ekki aðeins fyrir fólkið sem þar vinnur heldur ekki síður fyrir framleiðsluna og þjóðarbúið í heild.

Í öðru þingmáli hef ég vikið nokkuð að þeim vandkvæðum sem m.a. fólkseklan í fiskvinnslunni hefur skapað. Það lýsir sér m.a. í því að stöðugt meira af óunnum fiski er nú flutt út á erlenda markaði, ekki aðeins til beinnar neyslu neytenda þar heldur einnig til

frekari vinnslu. Mjög verulegur hluti af þessum útflutningi á rætur sínar að rekja til þess að fiskvinnslustöðvarnar í landi geta ekki unnið aflann vegna skorts á starfsfólki. Fólkið fæst ekki til fiskvinnslunnar vegna þeirra launakjara sem þar er boðið upp á og því miður hefur ekki í frjálsum samningum tekist að semja um meiri kjarabætur til handa fiskverkafólki en raun ber vitni. Ástæðan er m.a. sú, sem ég held að menn verði að viðurkenna hvort sem þeim er það ljúft eða leitt, að mjög stór hluti af okkar launamarkaði sækir núna tekjur sínar ekki samkvæmt samningum um kaup og kjör heldur eftir lögmáli framboðs og eftirspurnar sem gerir það að verkum að launakjör margra starfsstétta eru miklu hagstæðari en fram kemur í gerðum kjarasamningum. Það er t.d. mjög algengt á Stór-Reykjavíkursvæðinu að þar taki fólk í þjónustugreinum og sumum framleiðslugreinunum einnig laun sín nánast eftir lögmáli framboðs og eftirspurnar fremur en eftir niðurstöðum kjarasamninga. Svo rammt hefur að því kveðið að til eru þau félög sem gefa út til viðbótar við launataxta sína sérstakar töflur sem sýna hver launin væru á viku eða unna klukkustund miðað við 5% álag ofan á hæsta umsaminn taxta, 10% álag, 15% álag, 20% álag, 25% álag, 30% álag og 35% álag. Þegar svo er komið að stéttarfélögin sjálf eru farin að viðurkenna þessar umframgreiðslur með því að gefa út við hliðina á umsömdum kauptöxtum slíka handbók fyrir starfsmenn í viðkomandi greinum þannig að þeir þurfi ekki sjálfir að hafa fyrir því að umreikna þær yfirborganir sem samið er um á hverjum vinnustað gefur það auga leið í hvaða átt er verið að sigla.

Þetta kemur svo aftur fram í því að í undirstöðuatvinnugreinunum, þar sem borgað er eftir taxta, er skortur á fólki, í fyrsta lagi vegna þess að þar er um erfið og oft óþrifaleg störf að ræða, í öðru lagi vegna þess að þar er atvinnuöryggi minna en víðast hvar annars staðar og í þriðja lagi vegna þess að þar er borgað umsamið kaup en ekki farið eftir lögmálum framboðs og eftirspurnar eða óskráðum yfirvinnugreiðslum og yfirkaupgreiðslum sem eru orðnar alvanalegar í öðrum atvinnugreinum.

Auðvitað gerum við flm. þessa frv. okkur fyllilega ljóst að sú leið sem við leggjum til að farin verði í málefnum þessa fólks og felst í ákvæðum þessa frv. mun ekki leysa þetta mál. Það er út af fyrir sig engin varanleg eða frambúðarlausn á vandamálum fiskverkafólksins þó svo að þessu fólki verði heimilað að draga 10% af atvinnutekjum sínum frá sköttum. Þetta er hins vegar leið sem gæti með öðru orðið til að leysa vanda fiskverkafólksins og, það er engin launung á því, lyfta kjörum þess meira en unnt væri að gera í frjálsum kjarasamningum og meira en að flm. ætlast til þess að gert sé með ýmsar aðrar stéttir. Þar erum við að sjálfsögðu fyrst og fremst að hugsa um þá staðreynd að hér er um að ræða undirstöðuatvinnugrein sem allar aðrar atvinnugreinar á Íslandi byggja hag sinn á meira og minna. Eins og þar segir: Mestu varðar til allra orða undirstaðan rétt sé fundin. — Undirstaðan er ekki rétt fundin hér á Íslandi þegar svo er að fólkið sækir úr þeim greinum sem gera íslensku þjóðinni fært að lifa menningarlífi í nútímaþjóðfélagi yfir í greinar sem sáralitlu eða engu skila til þess búskapar.

Herra forseti. Það voru á sínum tíma ýmis vandkvæði á því að heimila í skattalögum að veita tilteknum atvinnustéttum skattafrádrátt með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Þær tillögur sem hafa áður komið fram hér á Alþingi um að sinna fiskverkafólki með svipuðum hætti og þetta frv. gerir ráð fyrir strönduðu yfirleitt á því að það var ekki hægt að afmarka þessa hópa frá öðrum. Að tala um fiskvinnslufólk var allt of stórt og viðamikið hugtak til þess að hægt væri að afmarka það við einhverja tiltekna einstaklinga og einhverja tiltekna atvinnustarfsemi í skattalögum. Nú er þetta breytt. Með atvinnugreinamerkingum og atvinnustéttamerkingum sem Hagstofa Íslands hefur upp tekið fer þessi flokkun fram. Með atvinnugreinamerkingunni er án efa skorið úr um til hvaða atvinnugreinar viðkomandi starfsmaður heyrir og með atvinnustéttamerkingunni, sem samhliða hefur verið tekin upp, er einnig skorið endanlega úr um til hvaða atvinnustéttar viðkomandi einstaklingur heyrir. Þau mál eru því ekki lengur á reiki.

Með því að miða þessa viðmiðun, sem frv. leggur til, við atvinnugreinina fiskvinnslu, sem er færð í atvinnugreinamerkingu Hagstofunnar, og tiltaka þær stéttir sem skattfríðindanna eiga að njóta við starfsstéttamerkinguna 35, 34 og 33 eru tekin af öll tvímæli um hvaða aðilar það eru sem lagt er til að hljóti þá skattalegu meðferð sem frv. þetta gerir tillögu um.

Vitaskuld koma ýmsar aðrar úfærslur í skattamálum til greina svo sem eins og það sem við nefnum sérstaklega í grg., að veita fiskvinnslufólki sem skilar tilteknum lágmarksstarfstíma í greininni fastan skattafslátt í krónutölu, og erum við flm. að sjálfsögðu reiðubúnir að skoða allar slíkar ábendingar og ég vænti þess að sú nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar fjalli sérstaklega um slíkar hugmyndir sem fram kunna að koma. Ástæðan fyrir því að við völdum þá leið að heimila 10% frádrátt af beinum tekjum fyrir skattlagningu var einfaldlega sú að fyrir því er fordæmi, það fordæmi sem ég nefndi hér áðan varðandi fiskimenn, og það er komin nokkur reynsla á að framkvæma slíka skattameðferð.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja þetta lengra að öðru leyti en því að ég ítreka að hér er aðeins rætt um einn þátt í þeirri lausn sem verður að nást á vandamálum þessa fólks, þátt til vitnis um það að hið opinbera, þ.e. löggjafinn, vilji leggja eitthvað af mörkum frá sinni hendi til að hefja fiskvinnsluna aftur upp á það stig að það sé líklegt að kaup og kjör þar laði fólk til starfa þannig að það þurfi ekki að vera frambúðarástand að við verðum að flytja hráefni okkar út mikils til óunnið af þeim sökum að við sköpum ekki atvinnugreininni þau starfsskilyrði að hún geti boðið fólki upp á viðunandi lífskjör og viðunandi launakjör.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umræðu lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er ekki laust við að aðrir hv. þm. fyllist afbrýðisemi vegna hins mikla spennings sem ríkir um mál hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Í Þingsjá s.l. föstudag, eins og alþjóð mátti vera vitni að, var kynnt eitt þingmál sem hann *ætlar* að leggja fram og 1. umr. um það mál sem hér er á dagskrá fór fram þá um kvöldið. Þetta er meiri heiður en málum annarra hv. alþm. er sýndur.

En ég er fús til að taka þátt í umræðum um þetta mál á ný og vil eins og á síðasta þingi og ég lýsti 25. mars s.l. segja að ég er andvíg þessu frv. Ég vil enn endurtaka

þær meginástæður sem ég tel mig hafa fyrir því. Þær eru að mér finnst ekki sæmandi að lýsa því beinlínis yfir að það fólk sem vinnur að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, eins og hv. þm. hér hafa sagt, sé gert að yfirlýstum fátæklingum sem ekki geti greitt skatta sína og skyldur til þjóðfélagsins á borð við annað fólk. Ég held að það verði ekki til að efla sjálfsvitund þess og sjálfsvirðingu meðal annarra vinnandi manna í þjóðfélaginu.

Því síður, í öðru lagi, finnst mér ástæða til að sameiginlegir sjóðir fólksins í landinu séu notaðir til að greiða laun fyrir atvinnurekendur. Það eiga atvinnurekendur að gera sjálfir og um það á að semja í frjálsum samningum verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur.

Í þriðja lagi tel ég að þessi svokallaða kjarabót sé svo lítilfjörleg að hún geti ekki skipt fiskverkunarfólk neinu máli. Ég lýsti því yfir við 1. umr. um þetta mál í sjónvarpinu á föstudagskvöldið að ég lét reikna fyrir mig hver þessi kjarabót er fyrir fiskvinnslustúlku sem hefur 240 000 kr. í árslaun. Og það eru áreiðanlega rífleg laun. Þær hafa það ekki allar. Ef þetta frv. verður að lögum fær sú kona 4800 kr. greiddar í neikvæðan tekjuskatt. Hún nær nefnilega nánast engum tekjuskatti. Sú kona mundi hafa í tekjuskatt 750 kr. Ef við tökum annan starfsmann í fiskvinnslu, og við skulum vera nokkuð viss um að hann hljóti að vera karlmaður, og báðir aðilar eru með tvö börn, líka fyrra dæmið. Segjum að hann hafi haft 1984 400 000 kr. í árstekjur. Ef hann fær nú að draga 10% af tekjum sínum til tekjuskatts fær hann 28 940 kr. skattalækkun. Þessi laun, 400 000, eru áreiðanlega nokkuð rífleg líka. Þetta eru þess vegna engar þær kjarabætur sem eru þess virði að brjóta þá órjúfanlegu hefð og allan þann vilja sem margsinnis hefur komið fram í löggjöf landsins að tekjuskattur sé tekjujafnandi. Til þess var hann upphaflega. Ég get hins vegar verið sammála mörgum yfirlýsingum félaga míns, hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, um að tekjuskatturinn sé í raun og veru hættur að gegna hlutverki sínu. Það er svo önnur saga.

Sannleikurinn er sá að laun þessa fólks eru svo fyrir neðan allar hellur og þar í liggur vandinn. Ég vænti þess að hv. þm. viti að fiskverkamaður sem er búinn að vinna í 15 ár hjá fyrirtæki sínu hefur í daglaun 19 446 kr. Byrjunarlaun eru 16 932 kr. Nú skulum við segja að þau þrælalög sem fundin hafa verið upp til að reyna að hækka laun fólksins, bónuskerfið, gefi að jafnaði 30% til viðbótar. Þá getur þetta fólk kannske skriðið upp í 25 þús. kr. á mánuði. Það er þarna sem vandinn liggur. Og það var satt að segja broslegt að heyra hv. 1. flm. lýsa vanda húsbyggjenda, sem við öll þekkjum allt of vel, þar sem ljóst liggur fyrir að verið er að ræna Íslendinga eigum sínum, hreint og beint að stela af þeim því litla sem þeir eiga með þeirri vaxtapólitík sem nú er rekin, en heyra hann svo tala um að annar eins hégómi og þetta breyti einhverju til eða frá um kjör manna í landinu. Ég hlýt að spyrja þessa hv. þm. og flytjendur frv.: Hvers eiga t. d. saumakonur, sem vinna í bónus í verksmiðjum landsins, að gjalda? Hvers vegna er ekki séð til þess að þær fái einhverja ívilnun líka? Það er nefnilega misskilningur, held ég, hv. flm. að þetta frv. sé á nokkurn hátt sambærilegt við þegar tekjuskattslækkun sjómanna var sett í lög. Ég fylgdist að vísu ekki mjög með því máli þegar það var til umræðu, en ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum að sú ívilnun er ívilnun vegna fjarveru frá heimilunum. Hún er tilkomin til að bæta sjómönnum upp það óeðlilega líf að vera fjarri heimilum sínum obbann af árinu. Ég held því að þetta sé ekki á nokkurn hátt sambærilegt. Og ég hlýt að spyrja: Eigum við að fara út á þá hálu braut hér á hinu háa Alþingi að leysa vanda hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins með einhverjum dúsum, sem ég leyfi mér að kalla, í stað þess að reyna að stjórna atvinnulífinu í landinu á þann veg að það sé fært um að greiða fólki laun fyrir störf sín? Mér finnst þetta frv. beinlínis vera uppgjöf verkalýðshreyfingarinnar við að semja um kaup og kjör. Það er verkefni verkalýðshreyfingarinnar að gera utan þingsala. Ég neita að taka þátt í þeirri uppgjöf með því að samþykkja frv. eins og þetta hér.

Ég sé ekki hvernig við, hv. alþm. þjóðarinnar, getum ákveðið að ein stétt sé svo mjög verðugri en aðrar stéttir að það beri að hlífa henni að einhverju leyti við að greiða til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins. Ég tel að það sé næstum því móðgun við þetta sama fólk og ég efast um að það hafi um það beðið. Satt að segja efast ég líka um að það geri sér grein fyrir hvað þetta frv. mundi hafa í för með sér í raun og veru ef það yrði að lögum. Ég vil sem allra lengst halda mig við það, og tala þar bara fyrir mig, að langeðlilegast sé að samið sé um kaup og kjör með viðræðum um frjálsa samninga. Mér finnst þetta frv. bera keim af þeirri þróun, sem virðist vera að verða, að Vinnuveitendasamband Íslands leggi fyrir Alþingi hvað gera skuli í kjaramálum þannig að við getum „unnið okkur út úr vandanum með þjóðarsátt" eins og formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., svo oftlega orðar það.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það má ræða þetta mál býsna ítarlega þó það skuli ekki gert hér í 1. umr. Ég vara við þeirri kenningu, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að bera saman endilega einstakar stéttir. Tekjuskatt má líta á frá öðru sjónarmiði. Tekjuskattur getur verið beint hagstjórnartæki. Svo er háttað á landi hér með t.d. bændur, og tek ég það fram til þess að verða ekki kallaður bændafjandmaður og ítreka það, sem ég hef áður sagt, að meginþorri þeirra er síður en svo ofhaldinn, fjarri því, að skattalöggjöfinni er það snyrtilega fyrir komið gagnvart þeim að það er hrein hending ef bóndi borgar tekjuskatt. Ýmis atriði í tekjuskattslöggjöfinni, afskriftir á bústofni o.s.frv., gera það að verkum að þessi stétt, og það jafnvel í býsna mörgum tilfellum, — þó þeir búi mun betur, einstakir bændur, en almennir launamenn, hafi kannske tvisvar sinnum meiri tekjur, — er tekjuskattslaus. Látum vera hvort þetta er rétt hagstjórnartæki eða hvort þetta þarf að vera svo til þess að bjarga landbúnaði. Engu að síður er þetta staðreynd. Það er ekki til staðar einhver fastur, óumbreytanlegur stóri sannleikur um hverja beri að skattleggja og hvernig og alla eftir sömu reglum. Fyrirtæki hafa fengið hverjar breytingarnar á fætur öðrum. Um það er mjög mikið deilt. Tekjuskattur fyrirtækja hefur lækkað bæði vegna afskrifta, kaupa á hlut í fyrirtækjum o.s.frv. Það er frádráttarbært til skatts upp að einhverri ákveðinni upphæð. Skattalög fyrirtækja hafa verið þeim ákaflega hagstæð. Og þegar farið er innan fyrirtækjanna sjálfra er líkt á komið. Það var t.d. lengi vel þannig í sambandi við launaskatt að útgerð borgaði ekki launaskatt. Sjónarmiðin voru þau að útgerð væri það mikil undir-

stöðuatvinnugrein, stæði það illa, að eðlilegt væri að hún væri undanskilin launaskatti. Við skulum því ekki vera með miklar fullyrðingar um að í þessu felist einhver stóri sannleikur. Fordæmin þarna eru fjöldamörg. Við deilum um skatt í sambandi við bændur. Við deilum um hvort fyrirtæki hafi fengið nægilegan skattfrádrátt. Við getum þó ekki deilt um að það hefur verið liðkað mjög verulega til o.s.frv.

Hv. 10. landsk. þm., sem talaði á undan mér, var að tala um uppgjöf verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við tillögur hv. 5. þm. Vestf. og mínar. Það er sennilega fyrir æsku sakir að hv. þm. er ekki kunnugt um hvernig þessi skattur kom til. Hann kom til 1954 eða 1956, einhvern tíma á þeim áratug, — og hvernig kom hann? Skyldu hafa risið upp einhverjir hv. alþm. eða göfugir ráðherrar? Nei, það var samið um þetta í kjaradeilu og það var sá virðulegi forsrh. Ólafur heitinn Thors sem samdi við sjómenn um þetta. Allar skattabreytingar og launahækkanir sjómanna hafa komið fram og verið umsamdar í kjaradeilum. Síðast á s.l. vetri, þegar beinn skattfrádráttur sjómanna var hækkaður úr 10 í 12, var það þáverandi fjmrh. sem lofaði að flytja það sem stjfrv.

Hvort uppgjöfin hafi verið svo mikil í verkalýðshreyfingunni á þessum árum veit ég ekki. Sjálfsagt er að taka undir að verkalýðshreyfingin hafi aldrei verið nægilega hörð. En sagan um skattafrádrátt sjómanna, sem hefur aukist með árunum og er það vel, er samofin kjarasamningum í öllum tilfellum. Það hafa aldrei staðið upp göfugir fjmrh. eða forsrh. eða þingnefndir og sagt: Nú viljum við breyta þessu. Það fást ekki menn til sjós, í þennan grunnatvinnuveg. — Þetta hefur verið lausn á kjaradeilum, þrýstingur frá samtökum sjómanna sem ríkisstj. hefur látið undan. Ég hygg að það mundi engin stjórnmálaflokkur leggja til að sjómenn væru sviptir þessum skattaívilnunum.

Hvernig er þá ástandið í sambandi við fiskiðnað? Eitt er víst, að ef íslenskur fiskiðnaður dregst meira saman mundi íslenskt efnahagslíf hrynja. Ástandið er þannig nú að þeir sem flýja þessa atvinnugrein eru fyrst og fremst þjálfað og vant fólk. Ef farið er um landsbyggðina t.d. að sumarlagi er það ekki óvanaleg sjón að meiri hluti starfsfólks í frystihúsi sé undir 16 ára aldri. Ef það losnar eitthvert starf í viðkomandi byggðarlagi, meira að segja illa launað starf, er aðsókn mikil. Síðast í fyrravetur eða fyrrahaust, fyrir rösklega ári, var stofnsett nýtt atvinnufyrirtæki á Akranesi, saumastofa. Meira en helmingur umsækjenda, — ég held það hafi verið auglýst eftir fólki í u.þ.b. 20 störf en verið yfir 60 umsækjendur — um 40 af umsækjendunum, voru þrautþjálfaðar fiskverkunarkonur. Nákvæmlega sömu sögu er að segja ef komið er t.d. til Hafnarfjarðar. Að vísu voru þar ákveðnir erfiðleikar. Þar er stór hluti af þjálfaðasta og reyndasta fólkinu í fiskiðnaði kominn í annað. Það er starfsfólk á sjúkrahúsum, dvalarheimili aldraðra o.s.frv. Hver sá sem reynir að mótmæla því að flótti sé úr þessari atvinnugrein er að neita þeim staðreyndum sem blasa við í lífinu. En hver er afleiðingin af þessu? Afleiðingin er sú að mörg gróskufyllstu sjávarpláss á landinu búa við fólksflótta vegna þess að þessi einhæfu störf eru illa launuð. Það eru nokkrir sem ná nokkuð háum launum vegna þess að unnið er í bónus. Það er að vísu rangt hjá hv. 10. landsk. þm. að bónuskerfi sé ekki í iðnaðinum að verulegu leyti líka, en ekki í jafnstórum stíl. En í þessum gróskufullu sjávarplássum, þar sem gjaldeyrisframleiðsla er með eindæmum, fækkar fólki. Ætlum við að horfa upp á það og láta okkur nægja hátíðlegar ræður um vöruvöndun, um að sjávarútvegurinn sé undirstaðan, en horfa á eftir öllu þessu þjálfaða og reynda fólki burtu og láta unglinga, sem er hreint mannréttindabrot, allt niður í 12 ára, það er misjafnt eftir stöðum, vinna 10—12 tíma á dag í bónus í fiski og sjávarafurðum hvers konar? Ef þessir unglingar væru ekki til staðar væri fiskvinnslan meira og minna lömuð í heilum landsfjórðungum. Hvaða þjóð haldið þið að mundi leyfa sér þá ósvinnu að undirstaðan undir gjaldeyrisframleiðslu viðkomandi þjóðar sé þannig að fólk yfirgefi þá atvinnugrein í stórum stíl og velji allt annað en undirstöðuna sjálfa? Þróun sem heldur þannig áfram leiðir ekki nema til eins. Hún leiðir til hruns í gjaldeyrisframleiðslu okkar og hún leiðir til afturhvarfs í atvinnulífi okkar.

Við færðum út landhelgi í 12 mílur, í 50 mílur og 200 mílur og vítt og breitt um landið hefur verið rekin síðan öflug útgerð og fiskvinnsla sem er orðin yfirgnæfandi meginþorri af sjávarframleiðslu Íslendinga. En erum við ekki núna farin að flytja landhelgina að nokkru leyti út í gámum? Ég segi að við séum að flytja landhelgina út í gámum því að við höfum áratugareynslu fyrir því, Íslendingar, að markaður er hvort sem er í Bretlandi eða Þýskalandi. Það vantar ekki að því er slegið upp í fréttum ef eitthvert skip nær hagstæðri sölu. En það hefur aldrei reynst til langframa. Þetta gæti verið aukabúgrein undir vissum kringumstæðum, en til langframa hefur sjávarútvegur aldrei getað byggt afkomu sína, nema einhvern lítinn hluta af árinu, á sölu á ferskum fiski eða ísuðum fiski á Evrópumarkaði. Við höfum hins vegar unnið okkur mjög trausta markaði í Bandaríkjunum og víðar í Evrópu og við stöndum þannig nú að við getum ekki uppfyllt þá samninga.

Vita menn að það sem af er þessu ári höfum við orðið af gjaldeyrisverðmæti, ekki í hundruðum milljóna heldur sennilega milljörðum eða milljarði a.m.k., vegna þess að við höfum orðið að vinna fiskinn á ódýrari og verðminni hátt? Hvar sem komið er í sjávarpláss, ef hæstv. samgrh. og hv. forseti Sþ. koma til Vestfjarða ganga á fund þeirra fjölmennar sendinefndir. Þessir ágætu menn búast við að það sé flokkshylling eða verið að þakka þeim góð störf. Nei, það er þá undirskriftalisti frá fiskverkunarfólki um að það verði ekki skattlagt eftir þeim heimskulegu skattalögum sem nú gilda. Sannleikurinn er sá að samkvæmt þessum skattalögum eru menn komnir í hátekjuskatt ef þeir leggja á sig mikla nætur- og helgidagavinnu, bónusvinnu o.s.frv. og eru þá komnir í 44% tekjuskatt. Þetta fólk er algerlega að gefast upp. Vissulega þarf að skipuleggja þennan atvinnuveg betur, það er ákafleg vanþróun í því, en sjávarútvegur er þannig að það er ekki hægt að reka hann í einu og öllu eins og iðnfyrirtæki þó að það sé hægt í stærri stíl en núna er gert. Ef það kemur aflahrota á vertíð, halda hv. alþm. þá að fólk segi: Nei, ég vinn bara mína átta tíma. Mig varðar ekkert um þó að 100 tonn af spriklandi þorski eyðileggist. Mínum vinnutíma er lokið.? — Öðru nær. Þetta fólk leggur nótt við dag og það lítur á þetta eins og það sé að bjarga sínu eigin skinni. Það er alið upp við að bjarga þessum verðmætum. Krafa þess er sú að eftirvinna, næturvinna og helgidagavinna sé ekki skattlögð. Það boðar að vísu

ákveðnar hættur, að menn stundi minna dagvinnu og meira eftir- og nætur- eða helgidagavinnu. Þess vegna höfum við flm. farið þessa leið. En eins og fyrri flm. tók fram erum við fúsir til að ræða þetta mál. Ef það er einhver ákveðin upphæð sem menn vilja hafa til frádráttar er sjálfsagt að athuga það, ef farnar eru einhverjar aðrar leiðir í sambandi við skattamálin.

Þetta fólk kemst með ærinni vinnu og ótrúlegum þrældómi oft í nokkuð háar tekjur, en þá er það líka komið í hátekjuskatt fyrir það að vilja ekki hlaupa frá síld ósaltaðri, að vilja ekki hlaupa frá óunnum fiski. Engu að síður er ástandið þannig að fleiri hundruð tonn á s.l. sumri, sem hefðu getað farið í gæðapakkningar sem hefðu verið tvisvar, þrisvar sinnum meira gjaldeyrisaukandi, varð að setja í ódýrustu framleiðslu. Það sem hefði verið hægt að setja í neytendaumbúðir var ekki mannafli til að vinna í þær. Þær eru fólksfrekari. Fiskurinn lá í landi og var mokað upp í frystihúsin. Og þó að fólk ynni myrkranna á milli fékkst ekki fólk til þessara starfa þó þeir ynnu lengi sem í því væru. Í staðinn fyrir að hráefnið færi í ákveðnar gæðapakkningar var það saltað rétt áður en það hefði orðið að setja það í gúanó. Úr þessu varð þriðja og fjórða flokks saltfiskur. Slík vinnubrögð, slíkur framleiðslumáti sýnir náttúrlega að kvótinn, þó ég vilji ekki vera að blanda honum hér saman við, hefur alls ekki leyst vandann. Það liggur fyrir og mundi vera viðurkennt, ekki síst af frystihúsaeigendum, og hefur verið sýnt fram á það af ýmsum tæknimönnum sjávarútvegsins, að það borgaði sig að afla minna og fá verðmætari vöru með verðmætari vinnslu vegna þess að það fæst ekki fólk til starfans.

Sem betur fer, þó að það sé of fljótt um það að spá, standa yfir samningaviðræður núna milli Verkamannasambandsins og Vinnuveitendasambandsins um að þetta fólk fái viðurkenningu sem sérþjálfað fiskverkunarfólk og fái ákveðna umbun í launum. Það er líka verið að ræða um að afnema þá ósvinnu að hægt sé að segja fólki upp með viku fyrirvara hvort sem það hefur starfað í þrjá mánuði eða 30 ár í viðkomandi starfsgrein.

Þetta ber allt að sama brunni. Núverandi ástand stenst alls ekki. Það er sagt: Það á að láta atvinnurekendur borga þetta. Jú, gott og vel. Víst er það. En þó svo að ég telji óumflýjanlegt að fólk í fiskverkun verði að fá gerbreytt launakjör skulum við viðurkenna að þeir sem eru í útflutningsframleiðslugreinum geta ekki bara hækkað verðlagið eins og gert er hér í iðnaði, byggingarstarfsemi, verslun og þjónustu hvers konar. Þar eru kauphækkanir oft beinn gróðavegur. Við skulum segja að kaup hækki um 6%, kaupið er 30% af kostnaðinum við framleiðsluna. Þá selja þeir útselda þjónustu með 6% hækkun, en hirða mismuninn í eigin vasa. Sjávarútvegurinn er útflutningsgrein. Hann er háður verðlagi á erlendum mörkuðum og það hjálpar þá til þeirra bráðabirgðaógæfuráðstafana að hann verður að svara þeim með gengislækkun. Mér dettur ekki til hugar að segja að það megi ekki reka sjávarútveg, og það verður að reka hann svo, mörgum sinnum betur, bæði veiðar og vinnslu, en sjávarútvegurinn á engu að síður í erfiðleikum. Hið lága kaup eykur erfiðleika hans. En ríkið kemur þarna á móti. Vandinn er ekki leystur, en ríkisvaldið leysir hann að hluta með því að að hluta til sé dregið úr skatti á þessa miklu vinnu þannig að hin ranglátu skattalög bitni ekki á þessu fólki. Hvað hugsa hv. þm. sér ef vara á þá við að vera að bera saman einstakar greinar? Ef þetta fólk hættir störfum, ef það hættir að vinna í fiskiðnaði, hvað skeður þá? Það skeður einfaldlega einn hlutur. Sjávarútvegur er með yfir 70% af gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar og ekki er nema örlítið brot sem hægt verður að sigla með á erlendan markað. Algert hrun yrði í íslenskri gjaldeyrisframleiðslu og íslenskum þjóðarbúskap. Verða menn ekki hreinlega að viðurkenna þetta?

Ég bind nokkrar vonir við að fyrir tilstuðlan nefndar sem er starfandi, skipuð fulltrúum Verkamannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins og sjútvrn., takist að lengja uppsagnarfrest þessa starfsfólks og að með verklegum og bóklegum námskeiðum sem haldin væru í vinnutíma tækist að lyfta þessari grein upp á hærra stig. Fólk á ekki að taka svona til orða um grunnframleiðslu þjóðarinnar: Ef maður hittir einhverja unga og elskulega stúlku og spyr: Hvað starfar þú í dag? Maður orðar þetta kannske ekki svona hátíðlega. Maður segir: Hvað ert þú að vinna í dag, góða? Þá segir hún afsakandi: Ja, ég er bara í fiski núna, en ég ætla í annað í haust, banka, verslun o.s.frv. Hvað er að ske? Sjá ekki allir á þessum viðbrögðum hvað er að ske? Það er nauðung að vinna við þá grunnframleiðslu sem okkar þjóðartekjur byggjast á.

Ég vil nú spyrja hv. alþm.: Er glóra í þessu? Verður ekki að reyna hvort tveggja í senn: að lyfta verkmenningu í þessum greinum á hærra stig og að gera þessi störf eftirsóttari? Það er þjóðin sem græðir. Framleiðslan verður meiri, framleiðslan verður vandaðri og það fólk sem leggur á sig langan og strangan vinnudag fær einhverja umbun. Ríkið tekur þátt í þessu. Þetta er þáttur í að efla sjávarútveginn. Ég segi aðeins að í sambandi við ást á einhverjum öðrum atvinnugreinum, sem er fjarri mér að leggja eitt eða neitt til, getur sjávarútvegurinn með bættum vinnubrögðum og bættum rekstri borgað betra kaup. En hann keppir ekki við þjónustu og verslun eins og nú standa leikar.

Hafa hv. alþm. áttað sig á að þeir eru að leggja í rúst hægt og sígandi ýmis gróskufyllstu sjávarpláss á landinu? Það er ekki þessu viðkomandi. Ég tek sem dæmi stað eins og Ólafsvík þar sem er geysilega vel vinnandi fólk. Hann verður fyrir áfalli, þ.e. sjávarútvegurinn og togaraútgerð. En fólkið sem í þessu vinnur og hefur lagt á sig ótrúlega mikið starf — hvert flytur það? Er hagkvæmara að hrekja það til Reykjavíkur? Ef togari er seldur frá Húsavík, 2500 manna byggðarlagi, þar sem er ákaflega athyglisverður atvinnurekstur og gróska í atvinnulífi mætti segja mér að þar fækkaði um svona 500 manns. Hvert skyldi fólkið fara? Hingað á höfuðborgarsvæðið. Hvar skyldi vera mest von um laun? Í verslun og þjónustu. Að vísu er ég kominn þarna út í nokkuð annan hlut, þ.e. hvernig útgerð stendur og hvernig búið hefur verið að henni.

Ég er ekki að segja, með því að nota það sem rök að ekki sé hægt að greiða fiskvinnslufólki betri laun, að það hafi orsakað að þessi byggðarlög hafa misst þessa togara. Ég er aðeins að segja og taka undir með samflutningsmanni að þarna er í einum þætti komið til móts við fiskvinnslufólkið. Það er hárrétt að það þarf mikið meira að koma til. En þarna sýnir ríkið þó lit. Í mörgum tilfellum kemst þetta fólk kannske í nokkuð há árslaun. En vinnudagurinn sem er að baki er langur. Fiskverkunarfólk getur ekki sagt: Ég hætti 10 mínútur fyrir 5. Það verður oft að vinna alla nóttina og kannske

langt fram á kvöld dag eftir dag. Við því er ákaflega erfitt að gera — þó að megi stjórna þessu í mörgum tilfellum mikið betur — vegna þess hve afli getur verið misjafn. Þetta er fjarvera frá heimilum líka.

11 þús. ársverkum er reiknað með í fiskiðnaði. Sennilega vinna einhvers staðar milli 6 og 7 þúsund manns við þetta að staðaldri en það koma við í starfsgreininni u.þ.b. 16 þúsund manns. Hefur ekki verið framið meira óréttlæti á Íslandi en að tekið sé tillit til þjóðhagslegs gildis starfs þess fólks sem hlotið hefur þjálfun í þessari starfsgrein, sem kann til verka og hefur í gegnum árin, misjafnlega mörg, lagt á sig langan og strangan vinnudag? Á meðan ekki er hægt — og þó hægt væri — að lyfta launum þess ætti ríkið að koma á einhvern hátt til móts við það. Ég er sannfærður um að það mundi hafa ákaflega örvandi áhrif fyrir fólk sem í þessum störfum vinnur. Ég verð að segja að ef áfram á svo að ganga að þjálfað fólk flýi þessa atvinnugrein og fleiri milljónir eða milljarðar fari í ódýrari vöru og pakkningar vegna skorts á fiskverkunarfólki held ég að það sé endanleg sönnun þess að við kunnum ekki að reka atvinnulíf á Íslandi.

Það er athyglisvert að í mörgum þessum plássum eru meðalárslaun ekki lág. Vinnan er ákaflega einhæf og fólk vinnur undir ákaflega miklu álagi, í bónusvinnu í frystihúsum. Það vinnur óreglulegan vinnutíma. Þess vegna sækir það í önnur störf. Mér er til efs að aðrir vinni öllu meira á Íslandi en fiskverkunarkonur sem vinna í bónus kannske 8—10 tíma og heimilisstörf þar á eftir. Ákveðnar vertíðir á vissum stöðum á landinu þar sem er unninn mjög langur vinnutími í 2—3 mánuði — t.d. síldarvertíð sem nú stendur yfir — færu illa ef fólk segði bara: Ég er ráðinn upp á mína 4 tíma, ég er ráðinn upp á mína 8 tíma, og síldin getur átt sig. Þannig hugsar ekki íslenskt verkafólk. Þess vegna mega alþm. á Alþingi Íslendinga ekki hugsa öðruvísi en þannig. Við verðum að koma á móti þessu fólki. Ríkið þarf að gera sínar ráðstafanir til að tryggja að þessum grunnatvinnuvegi haldist á sínu fólki og að ungt fólk sæki í hann. Hitt er svo annað mál hvort vinnutími þessa fólks er ekki allt of langur og hvort bónuskerfin skapi ekki of mikið álag.

Síðast af öllu skulum við sveifa þessa tillögu eða láta sem allt sé í lagi. Fólk er að streyma frá uppsprettu framleiðslunnar á Íslandi og við skulum ekki láta eins og okkur komi það ekki við. Það er búið að vera þjóðinni dýrt og verður henni enn þá dýrara ef áfram er haldið.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það er mikið að í okkar þjóðfélagi að við skulum ekki telja okkur geta greitt starfsfólki í undirstöðuatvinnuvegi okkar sómasamleg laun, enda þótt sæmandi sé talið að kreista út úr þessu fólki vinnuframlag langt fram yfir það sem eðlilegt og æskilegt getur talist, jafnvel gera það heilsulaust fyrir aldur fram.

Ég tók þátt í umræðum á síðasta þingi um sams konar frv. og hér er á dagskrá og lýsti andstöðu Kvennalistans við það á þeim forsendum að fullkomlega óeðlilegt sé að leysa vanda atvinnurekenda og starfsfólks þeirra á þennan hátt að svo miklu leyti sem hægt er að tala um að hér sé um einhverja lausn á vanda þeirra að ræða. Ég efast ekkert um góðan vilja hv. flm., en aðgerð sem þessi er alröng að mínu mati.

Mér fannst hv. 7. þm. Reykv. vilja halda því fram að vegna klaufalegra skattalaga sem m.a. gerðu bændur nánast tekjuskattslausa væri aðgerð sem þessi réttlætanleg. Sem sagt, ein vitleysan réttlætti aðra að hans dómi. Ég er ekki sama sinnis. Skattalögin eru gloppótt og mættu sannarlega vera einfaldari. Það er allt annað mál.

Sú leið sem hér er lögð til er röng að mínum dómi og er auk þess svo léttvæg að það hvarflar að manni að hér sé um sýndarmennsku að ræða þótt ég vilji ekki bera það upp á hv. flm.

Ég hef við mörg tækifæri varað við því að lengra sé haldið á þeirri braut að greiða niður laun fyrir atvinnurekendur og ég vil ítreka það hér. Ástæða þess að menn sjá tilefni til að koma fram með svona till. er vitanlega að mönnum rennur til rifja hvílíkum kjörum þessu fólki er gert að sæta. Það þarf ekki hástemmdar ræður, a.m.k. ekki í mín eyru, um það. Þetta er mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar og háborin skömm hvernig búið er að þeim sem við hann starfa. Ég vona að við gerum okkur öll grein fyrir því.

En ekki er aðeins um að ræða vanda fiskvinnslufólks. Við erum í raun og veru að tala um vanda sjávarútvegsins í heild. Það er sá vandi sem leysa verður. Við höfum ekkert með töfrabrögð af þessu tagi að gera sem skilar fiskvinnslufólki engu sem gagn er að.

Menn tala um að fólk fáist ekki í fiskvinnslu vegna lélegra kjara og satt er það. Það er mikið áhyggjuefni. Það hefur líka komið í ljós að fiskverkendur hafa orðið að bjóða ýmislegt til þess að fá nægilegt vinnuafl. Hv. 7. þm. Reykv. minnti á að fiskverkendur gætu ekki velt slíkum kostnaðarauka yfir á framleiðsluvöruna, en þeir hafa samt talið borga sig að greiða ferðakostnað fyrir erlent vinnuafl. Greiddur kostnaður vegna barnagæslu þekkist og fleira í þeim dúr. Sú þróun heldur áfram, hygg ég, og ætli hún skili ekki þessu fólki meiru heldur en frv. sem hér er til umræðu.

Ég vil að lokum beina spurningu til hv. flm. um það hvort þeir hafi einhverjar tölulegar upplýsingar um hvað þetta frv. mundi þýða í framkvæmd fyrir alla aðila. Hv. 10. landsk. þm. nefndi athyglisverðar tölur áðan, en hafi t.d. hv. 1. flm. nefnt einhverjar slíkar tölur í sinni framsöguræðu fór það alla vega fram hjá mér.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að setja á langa tölu hér. Ég átti þess ekki kost að vera viðstödd fyrri hluta þessarar umræðu og er þess vegna ekki viss um nema atriðið sem mig langar til að draga fram hafi þegar komið fram í umræðunni, en sjaldan er góð vísa of oft kveðin.

Mér finnst alveg forkastanlegt að lesa þær röksemdir sem fylgja hér í grg. með frv. og vil fá að vitna í það, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur bilið milli tekjuhópa farið breikkandi á Íslandi. Talsvert stórir hópar fólks í landinu geta a.m.k. að verulegu leyti ráðið tekjum sínum sjálfir og er þar í mörgum tilvikum um að ræða sömu aðila og komist geta hjá því að greiða sinn skerf til sameiginlegra þarfa. Þrátt fyrir margumtalaða efnahagserfiðleika þjóðarinnar virðast þessir hópar landsmanna hafa fullar hendur fjár og rúm fjárráð þeirra koma m.a. fram í gífurlegum innflutningi og þenslu."

Að það eigi að vera röksemd fyrir skattafrádrætti stéttar að einhver komist upp með að svíkja undan

skatti finnst mér alveg furðuleg röksemd svo ekki sé meira sagt. Ég veit eiginlega ekki hvernig það á að geta átt sér stað að fara að draga þar eina stétt fram fyrir aðra og segja: Þessi stétt getur ekki svikið undan skatti og þess vegna verðum við að veita henni skattafrádrátt. Hvað ætli séu margar stéttir í landinu sem að sjálfsögðu hafa ekki nokkra möguleika til að fela einn einasta eyri fyrir utan það að þeir hafa ekki löngun til þess né nokkra tilburði uppi um neitt slíkt? Mér finnst þetta nálgast það að verið sé að hvetja til skattsvika. Ég verð að segja það alveg hreint eins og er. Og varðandi það að í grg. er einnig vísað til þess að þetta sé aðgerð sem svipar til fordæmis sem fyrir sé liggjandi í gildandi lögum í sambandi við fiskimannafrádrátt verður að athuga hvers vegna þeim frádrætti var komið á upphaflega. Honum var komið á upphaflega vegna langtíma fjarveru sjómanna og farmanna frá heimilum sínum. Vitaskuld er það alveg rétt að þetta fólk sem vinnur við fiskvinnsluna er langtímum fjarri heimilum sínum. En að það sé svo sólarhringum skipti án þess að koma heim er ekki sambærilegt við hin störfin.

Einnig er þess getið í grg. að þetta geti orðið til þess að gera störf við fiskvinnslu meira aðlaðandi. Því þá ekki að gera önnur störf meira aðlaðandi? Það er ekki hægt að draga eina stétt svona út úr. Hér var á máli hv. 2. flm. að heyra að verslunarfólk væri allt í einu orðið mjög hálaunað. Ég tel að það sé af og frá að vera að draga þá stétt fram hér sem hálaunafólk, fólk sem vinnur frá því eldsnemma á morgnana og fram á kvöld og hefur varla fyrir brýnustu nauðsynjum.

Við þessi störf sem er verið að ræða um að gera meira aðlaðandi — og vissulega er þörf á því — vinna aðallega konur og athuga verður að til þess að þessar konur geti staðið í því að vinna við þessa undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar eru yfirleitt aðrar konur sem annast um börnin þeirra og ekki hafa þær hærri laun. Svo mætti lengi telja. Það er verslunin og það eru þessi þjónustustörf í kringum fiskvinnsluna o.fl. Af mörgum stéttum er að taka þar sem mætti koma til skattafrádráttur.

Ég vil enn og aftur ítreka þá athugasemd sem ég gerði hér í upphafi að mér finnst með ólíkindum að það að vísa til þess að ein stétt eða önnur stétt hafi tækifæri til skattsvika geti verið röksemd fyrir því að koma á skattafrádrætti fyrir fiskvinnslufólk.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er svolítið einkennilegt að kvennaliðið eins og það leggur sig kemur í röð upp í ræðustól til þess að finna að því að konur sem standa undir þessu þjóðfélagi fái einhverjar kjarabætur, jafnvel þó í skattaafsláttarformi sé. Ég held að þessar blessaðar konur ættu að hugsa sig betur um og kannske leggjast undir feld eins og tíðkaðist hér áður fyrr þegar mikið lá við. Auk þess virðast þær ekki einu sinni vita um hvað þær eru að tala, m.a. þegar þær tala um skattaafslátt sjómanna á sínum tíma.

Sá hagur sem sjómenn fengu með 10% skattaafslætti á sínum tíma var veittur í staðinn fyrir annað sem þeir slepptu. Þar var kaup kaups.

Til stendur að leggja niður tekjuskatt í áföngum og ég held að meira að segja þeir sem talið hafa tekjuskatt nauðsynlegan til lífskjarajöfnunar séu uppgefnir vegna þess að við blasir að tekjuskatturinn er eingöngu launamannaskattur. Þetta vita orðið allir. En það er bara ekki búið að fella þennan tekjuskatt niður. Á meðan tel ég að það sé einmitt ágætt ráð til að styðja við láglaunafólkið sem vinnur hin erfiðustu störf í þjóðfélaginu, í fiskvinnslunni, að bæta kjör þeirra með því að leyfa þeim ákveðinn skattaafslátt. Það eina sem mér finnst verulega að þessu frv. er að þar er að mínum dómi alls ekki nógu langt gengið. Í staðinn fyrir 10% hefði ég a.m.k. viljað sjá 20% og helst meira. Raunar eru mörg rök fyrir því að þessar konur sem halda uppi þessu þjóðfélagi ættu að fá alla sína vinnu skattfría.

Hvað eru margar umsóknir um þessi störf þegar þau eru auglýst? Þær eru svo gott sem engar, auðvitað. Ef auglýst eru störf annars staðar í þjóðfélaginu, í þjónustu og verslun, í hinum opinbera geira er slegist um hvert sæti. Bendir það til þess að það fólk sé sambærilega launað og fólkið í fiskvinnslunni? Alls ekki. Staðreyndin er ósköp einfaldlega sú að íslenska þjóðin lifir enn á fiski og á eftir að gera það um langa hríð. Það vantar fólk; það nauðvantar fólk. Það vantar þúsundir manna í þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar svo að þessi þjóð geti lifað. Það þýðir ekkert að halda fram úr þessum ræðustóli, af kvenmannsmunni, að eins illa sé komið fyrir fólki sem er í þjónustu og verslun. Hér væri ósköp einfaldlega engin þjónusta og verslun ef frumframleiðslugreinarnar stæðu ekki undir þeirri þjónustu; svo einfalt er það.

Hvernig á að laða þetta fólk til þessara starfa? Það þarf að gera þessi störf að einhverju leyti eftirsóknarverð og það er auðvitað unnt með ýmsum hætti, með betri aðbúnaði, manneskjulegra vinnuumhverfi og hærri launum. En hvernig er umhorfs í þessum atvinnuvegi þjóðarinnar, í útgerð og fiskvinnslu? Hafa menn og jafnvel konur ekki einnig tekið eftir því að hver togarinn af öðrum er boðinn upp með feiknaskuldir á bakinu? Og hvers konar skip eru þetta? Eru þetta óreiðuskip? Eru þetta skip sem ekki hafa aflað eða hafa þau eytt meiru en búast mátti við við þessi skilyrði? Alls ekki. Vel vinnandi togarar sem hafa aflað meira en í meðallagi fyrir feiknafjármuni eru boðnir upp og rifnir út úr sjávarplássunum og fólkið skilið eftir atvinnulaust. Er það kvótanum að kenna? Nei, það er ekki kvótanum að kenna.

Skipin sem hafa verið á uppboði að undanförnu hafa fiskað mikið, og þeir sem gera þau út hafa borgað samviskusamlega 20%, fimmta hvern fisk í sjóðina. Og sumir miklu meira. En það er ætlast til þess af þeim að þeir greiði 20%. Sumum eru boðin þau ógnarkjör að borga meira. Menn geta auðvitað athugað hvernig sá kostnaður útgerðarinnar skiptist, í vinnulaun, olíu, veiðarfæri, fjármagnskostnað, tæki o.s.frv. Það kemur auðvitað í ljós að kostnaðurinn í prósentum er yfir 100%, þ.e. þessi útgerð er auðvitað rekin með bullandi tapi. Og svo hælast menn af því hér í húsinu hversu dýrðleg vaxtastefnan og fjármagnsstefnan í landinu sé sem er auðvitað að setja þetta beint, lóðbeint, á hausinn.

En hvernig er svo með fiskvinnsluna? Hún er sannanlega rekin með bullandi tapi. Svo augljóst má það vera að gjaldmiðillinn sem fiskvinnslan fær fyrir sína sölu vöru eru jafnmargar krónur fyrir hvern dollar í janúar og í nóvember, kannske heldur færri í nóvember ef eitthvað er. En innlenda þenslan er yfir þriðjung. Hvernig í ósköpunum halda menn að þetta geti gengið? Er það þessi atvinnuvegur sem á að borga þessu fólki hærra kaup? Þeir vildu allir gera það; þeir vita að þeir fá

ekki fólk fyrir þessi laun. Þeir geta bara ekki borgað meira.

Á örfáum undanförnum árum hefur höfuðstóll fiskvinnslufyrirtækja rýrnað um þúsundir milljóna í landinu. Þarna hefur átt sér stað eignaupptaka í svo miklum mæli að enginn á neitt í þessum fyrirtækjum lengur. Auðvitað má ekki við svo búið standa. Það gefur auga leið. Lausnin er auðvitað ekkert auðveld eða einföld. En það þarf að reyna að snúa sér að því að leysa málið. Það þýðir ekki að stinga hausnum undir væng. Ef menn leysa ekki þessi vandamál getum við allir flust beint til Ástralíu ef einhver vill taka við þessu liði.

Það vantar fólk í fiskvinnsluna. Það þarf að laða fólkið til fiskvinnslunnar. Það verður auðvitað ekki gert með öðru en því að bjóða þessu fólki betri kjör. Ef það fær þau ekki inn í peningum verður að láta þetta fólk borga minna. 10% af sköttum er auðvitað allt of lítið. Það á að bjóða þessu fólki þau kjör að það vilji vinna við störfin sem halda uppi öllu mannlífi í landinu.

Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu leggja mitt litla lóð á vogarskálina til þess að þetta frv. megi ná fram að ganga. En ég vil beina því til hv. flm., Sighvats Björgvinssonar, og Guðmundar J. Guðmundssonar, að hækka þessa prósentutölu og vera ófeimnir við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kennsluréttindi kennara í framhaldsskólum, fsp. 41. mál (þskj. 41). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil, með leyfi forseta, hafa aðfaraorð að fyrirspurn minni og vitna til nýútkomins félagsblaðs Bandalags kennarafélaga frá því í október, en þar segir undir fyrirsögninni Erfitt að fullmanna framhaldsskólana:

„Stjórn Hins íslenska kennarafélags hefur látið kanna ástandið í ráðningarmálum framhaldsskólanna. Gerður Guðmundsdóttir annaðist þessa athugun og við tókum hana tali af því tilefni. Gerður sagði að skólameisturum bæri saman um að álíka margir kennarar hefðu horfið frá störfum á þessu sumri og venja væri og hið sama virtist gilda um leyfi frá kennslu. Skólameistararnir óttuðust þó margir hverjir að margir þeirra sem nú væru í launalausu leyfi hygðust ekki hverfa aftur í skólana. Það virtist einnig samdóma álit meistaranna að ástandið nú væri aðeins upphafið að öðru verra. Rektorar við aldnar og virtar menntastofnanir urðu nú í fyrsta skipti fyrir þeirri reynslu að auglýsa ákveðnar stöður margoft án þess að nokkur einasta sála léti svo lítið að spyrjast fyrr um störfin. Nýráðningar gengu alls staðar illa þó ástandið væri að sönnu misjafnlega bágborið eftir námsgreinum. Verst var ástandið í stærðfræði, tölvufræði, viðskiptagreinum, rafeindagreinum og ýmsum öðrum sérgreinum í iðnfræðslu. Kennaraskorturinn gerði það að verkum að fella þurfti nokkra námshópa í skylduáfanga í tölvufræði við Menntaskólann við Hamrahlíð. Í nokkrum öðrum skólum þurfti að grípa til þess ráðs að fresta ákveðnum námsáföngum eða færa þá milli anna. Til að ráða fram úr vandanum var gripið til þriggja gamalkunnra ráða sem öll eru afar slæm: Kennarastöðum var skipt niður á þrjá til fjóra stundakennara, aðrir kennarar leystu málin með því að hlaða á sig yfirvinnu og þegar illilega rak í vörðurnar voru ráðnir réttindalausir stundakennarar með afar takmarkaða menntun, jafnvel nýstúdentar, til að bjarga í horn."

Í framhaldi af þessum orðum og vegna umræðu sem hér hefur orðið í sumar og í haust í þjóðlífinu, þá vil ég leyfa mér að beina fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 41 um kennsluréttindi kennara í framhaldsskólum:

„Hve margar stöður í framhaldsskólum landsins eru skipaðar kennurum með kennsluréttindi og hve margar réttindalausum kennurum miðað við
a. full stöðugildi,
b. fjölda kennara?"

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að geta þess hér að hv. 3. landsk. þm. á einnig fsp., sem er 2. mál á dagskrá, um kennsluréttindi í grunnskólum, en þar sem leita þarf upplýsinga til að svara þeirri spurningu til allra fræðsluumdæma, sem ekki hefur tekist enn, dregst úr hömlu að svara henni. Það er þó sýnt að þær upplýsingar munu liggja fyrir á næsta þriðjudag.

En vegna fsp. hv. þm. nú, þar sem spurt er hve margar stöður í framhaldsskólum eru skipaðar kennurum með kennsluréttindi og hve margar réttindalausum kennurum miðað við a) full stöðugildi og b) fjölda kennara, þá skal fram tekið að skv. starfsmannaskrá ríkisins, útgefinni í nóvember 1984, en skráin fyrir 1985 er enn ekki komin út, eru sem næst 925 stöðugildi í framhaldsskólum. Þá eru ekki taldir með kennarar sem kenna við framhaldsdeildir grunnskóla. Þeir eru allir ráðnir við grunnskólann og geta kennt jöfnum höndum við grunnskóla sem framhaldsdeildir. Skv. athugun á menntun kennara við upphaf skólaárs 1985—1986 eru 588 kennarar með full réttindi eða því sem næst 64% kennara miðað við stöðugildi, en um getur verið að ræða smávegis frávik frá þessari tölu vegna þess að miðað er við stöðugildi í apríl 1984. Sé hins vegar litið á menntun kennara sem eru við kennslu nú og kenna sem svarar hálfri kennslu eða meira, en þarna er dregin línan við hálfa kennslu vegna þess að við höfum ekki nægar upplýsingar um þá sem kenna enn minna, en það eru 986 kennarar, þá hafa full réttindi til embættisgengis skv. lögum nr. 51/1978 rétt um 60% kennaranna. Þetta er nokkuð mismunandi eftir landshlutum. Best er ástandið í Reykjavík, á Reykjanesi og í Norðurlandi eystra. Algengast er að kennarana skorti próf í uppeldis- og kennslufræði, en nú stunda um 50 kennarar nám í þessum fræðum við Kennaraháskóla Íslands og munu ljúka prófi næsta vor og öðlast þá full kennsluréttindi og við Háskóla Íslands stundar álíka stór hópur kennara verklega hluta námsins í uppeldis- og kennslufræðum og hafa sótt fræðilega hluta námsins ýmist að vetrinum eða á sumarnámskeiðum. Ástandið fer því batnandi er varðar menntun kennara á framhaldsskólastigi.

Þá má geta þess að margir kennarar hafa mjög góða menntun í sérgreinum, en eru skráðir réttindalausir vegna þess að þá skortir uppeldis- og kennslufræði. Má í

því sambandi til nefna tæknifræðinga, viðskiptafræðinga o.fl.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra svör hans. En það kemur það sama upp á teninginn og þegar spurt var hér um daginn um réttindi þeirra sem kenna í grunnskólum. Það er hættuleg þróun, sem virðist taka ör skref á þessum síðustu mánuðum, að þeir sem hafa full réttindi flýja úr kennslu, hvort heldur sem hún er í grunnskólum eða framhaldsskólum. Ég vil ítreka orð mín áðan, sérstaklega hvað varðar greinar eins og stærðfræði, tölvufræði, viðskiptagreinar, rafeindagreinar og ýmsar aðrar sérgreinar iðnfræðslu. Þarna er greinilega mikill flótti yfir á einkamarkaðinn.

Áfram vil ég vitna í þá grein sem ég áður gat um, en það eru lokaorð greinarinnar:

„Þótt ekki hafi verið unnið endanlega úr þessari könnun Hins íslenska kennarafélags þykir ljóst að ástandið í ráðningarmálunum er mun alvarlegra en svipurinn á yfirvöldum menntamála þegar þau ræða þessi mál í fjölmiðlum. Smánarlaunin sem kennurum bjóðast fæla þá frá sem auðveldlega ganga í mun betur launaða vinnu annars staðar og hætt er við að ástandið versni enn ef ekki rætist úr kjaramálum stéttarinnar. Þetta virðist vera þar sem meinið liggur, að kjör og vinnuaðstaða kennara eru ekki slík að þeir sæki í kennslu."

Þetta er mjög alvarleg þróun. Og ég vil enn fá að vitna, með leyfi forseta, í ályktun, sem gerð var á fundi fulltrúaráðs Kennarasambands Íslands, þar sem segir:

„Kennarasamband Íslands hefur ítrekað varað stjórnvöld við því að léleg laun kennara stefni skólastarfi og menntun í landinu í verulega hættu. Ekki hefur tekist að ráða kennara í allar lausar stöður við grunnskóla og framhaldsskóla sem mun að líkindum leiða til þess að skerða verður lögboðna kennslu fjölmargra nemenda næsta skólaár. Fjöldi starfandi kennara leitar eftir betur launuðum störfum þannig að búast má við áframhaldandi flótta úr kennslustörfum. Ungt fólk lítur vart lengur á kennslu sem lífvænlegt ævistarf. Til marks um það sóttu nær helmingi færri stúdentar um inngöngu í Kennaraháskóla Íslands í ár en undanfarin ár. Fulltrúaráð Kennarasambands Íslands skorar á ríkisstjórnina, og þá sérstaklega menntmrh. og fjmrh., að bæta launakjör kennara verulega þannig að kennarar fáist til kennslu. Að öðrum kosti er menntakerfið í hættu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum."

Ég vil gera þessi síðustu orð að mínum og lýsa ábyrgð á hendur ríkisstj. og menntmrh. að snúa þessari þróun við.

Fé tannverndarsjóðs, fsp. 29. mál (þskj. 29). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á síðasta þingi, þann 4. desember, bar ég fram fsp. til þáverandi hæstv. heilbrmrh. um það hvernig því fé hefði verið varið sem safnast hefði í tannverndarsjóð frá því hann var stofnaður, í apríl 1975. Þá var gerður samningur milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins, en 8. gr. hans hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tryggingarnar leggja í sjóð sem svarar 1% af kostnaði þeirra við tannlækningar. Sjóðurinn standi undir kostnaði við fræðslu um tannvernd sem trúnaðarlæknir skipuleggur í samvinnu við heilbrrn."

Skv. þessari grein mun hafa safnast í sjóðinn hátt á fimmtu milljón króna frá upphafi, en aðeins hluti þess fjár, eða um 900 þús. kr., verið nýttur til tannverndar. Sjóðnum voru ekki settar reglur fyrr en í apríl 1983 og virðist tilvist hans hafa verið fyrst og fremst bókhaldsleg, en fé hans allt bundið í öðrum rekstri Tryggingastofnunar ríkisins. Á meðan er tannheilbrigði okkar Íslendinga sínu verri en flestra annarra þjóða og tvisvar sinnum fleiri tennur skemmast í okkur en íbúum annarra Norðurlandaþjóða. Samt verjum við álíka stórum hluta opinberra útgjalda til tannlæknisþjónustu og aðrir og erum fimmta best setta þjóðin í heiminum hvað varðar fjölda tannlækna á íbúa. Munurinn virðist einkum vera sá að við reynum að útrýma tannskemmdum með því að gera við skemmdirnar, en nágrannaþjóðir okkar, eins og t.d. hinar Norðurlandaþjóðirnar, hafa lagt megináherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og sýnt fram á að hægt er á þann hátt að koma í veg fyrir tannskemmdir. Á s.l. tíu árum hefur hinum Norðurlandaþjóðunum tekist að draga mjög verulega úr tannskemmdum meðan lítil breyting hefur orðið í þessum efnum hérlendis.

Ein af orsökunum fyrir hinni háu tíðni tannskemmda hérlendis er hin mikla sykur- og sælgætisneysla Íslendinga, en nærri lætur að hver maður neyti að meðaltali um 53 kg af sykri á ári. Til þess að bæta úr þessu þarf fyrst og fremst fræðslu þannig að einstaklingurinn verði sjálfur sem virkastur til þess að viðhalda eigin heilbrigði, þar með talinni tannheilbrigði.

Til þess að ganga úr skugga um það hverjar séu áætlanir heilbrigðisyfirvalda um skipulagningu fyrirbyggjandi aðgerða til tannverndar hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 29 til hæstv. heilbr.- og trmrh. um fé tannverndarsjóðs svohljóðandi: „Hvernig hefur fé tannverndarsjóðs verið varið á s.l. ári og hvernig verður því varið á næsta ári?"

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. um það hvernig fé tannverndarsjóðs hefur verið varið á s.l. ári og hvernig því verði varið á næsta ári má svara svo:

Á árinu 1984 voru tekjur tannverndarsjóðs, þ.e. 1% framlag af tannlæknakostnaði sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, 1 246 500 kr. Gjöld sjóðsins voru þessi: Útgáfustarfsemi á vegum heilbr.- og trmrn. 300 000 kr., styrkir vegna rannsókna 173 600 eða samtals 473 600 kr. Vaxtatekjur voru 330 107 kr. og tekjur umfram gjöld því 1 103 007 kr. Skv. upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, sem hefur vörslu tannverndarsjóðs, var bráðabirgðarekstrarreikningur sjóðsins frá janúar til september 1985 þannig, að framlag úr sjóðnum frá sjúkratryggingadeild var 1 190 330 kr. Gjöld voru þannig, að til heilbr.- og trmrn. vegna útgáfustarfsemi fóru 500 000, til tannlæknadeildar Háskóla Íslands vegna rannsókna og tækjakaupa 299 668 kr. eða samtals úthlutað úr sjóðnum 799 668 kr. Tekjur umfram gjöld áður en vextir eru reiknaðir voru því í byrjun október 390 662 kr. Ákvarðanir hafa ekki enn verið teknar um það hvernig fé sjóðsins verður varið að öðru leyti á þessu eða næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka ráðherra svör hennar. Það er ljóst að þó að meiri nýting hafi orðið á fé sjóðsins og þá til jákvæðari starfa en áður og tilvist hans virðist vera farin að vera ljós og fé hans hreyfanlegra heldur en áður, það er sannarlega jákvæð þróun, þá er ekki nærri nóg að gert. Því að það hefur orðið mjög lítil breyting á tannheilbrigði Íslendinga undanfarin tíu ár.

Ég vil vekja athygli á því, sem kom fram í fsp. minni á síðasta þingi, að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett sér stórhuga áætlun sem nefnist „Heilbrigði fyrir alla árið 2000." Í samræmi við þessa áætlun hafa alþjóðasamtök tannlækna sett sér sérstök markmið til að stuðla að heilbrigði í munnholi fyrir alla árið 2000. Og ég vil undirstrika að við Íslendingar erum aðilar að þessari samþykkt.

Áhugi tannlækna beinist því í auknum mæli að fyrirbyggjandi aðgerðum til tannverndar. Sem dæmi má nefna fund forustumanna tannlækna á Norðurlöndum sem haldinn var hérlendis í júní s.l., en meginviðfangsefni hans voru þær opinberu aðgerðir, og ég vek athygli á því, þær opinberu aðgerðir sem nú er unnið að og dregið geta úr tannskemmdum og munnsjúkdómum. Sömuleiðis var tannvernd meginmál ársþings Tannlæknafélags Íslands sem haldið var nú í október.

Eitthvað hefur verið skrifað í dagblöð um tannlæknaþjónustu og tannvernd á s.l. ári. M.a. kom fram í grein eftir Sigurjón Benediktsson tannlækni á Húsavík að fræðslunefnd tannlækna var neitað um styrk úr tannverndarsjóði með bréfi frá heilbrrn. í júní s.l. Fræðslunefndin ráðgerði herferð gegn ofneyslu sykurs nú í haust og sótti um 1 millj. kr. styrk úr tannverndarsjóði, en tannlæknar og fyrirtæki áttu að leggja fram um 60% kostnaðar.

Ég mundi gjarnan vilja bæta þessari spurningu við fyrri fsp. mína og benda á þarna kjörinn vettvang þar sem hægt væri að verja fé tannverndarsjóðs, því sem er í sjóðnum á þessu ári og bætist við á næsta.

Hlutabréf ríkisins í Flugleiðum, fsp. 34. mál (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ríkið auglýsti hlutabréfaeign ríkisins í Flugleiðum til sölu, lét þau boð út ganga að verðið væri u.þ.b. nífalt nafnverð. Eftir nokkra hríð barst tilboð frá einum aðila, Birki Baldvinssyni. Skömmu síðar barst annað tilboð frá Flugleiðum sem síðar upplýstist að var nánast eins og skildi þar aðeins fáeinar krónur á milli. Það var gengið frá sölunni í snatri. Bréfin voru seld á u.þ.b. fjórföldu eða ekki yfir fjórföldu nafnverði þrátt fyrir að það hefði verið auglýst, opinberlega gert kunnugt að þau ættu að seljast á nífölduð nafnverði.

Engir aðrir fengu að vita um þetta verðfall sem hefði átt sér stað á hlutabréfaeign ríkisins eða að þau væru í boði á meira en helmingi lægra verði en upplýst hafði verið og auglýst í upphafi.

Tilboð Flugleiða var svo grunsamlega líkt tilboði Birkis Baldvinssonar að grunur kom strax upp um að stjórn Flugleiða hefði borist vitneskja um tilboð hans. Þrátt fyrir þessar grunsemdir, en þær fóru ekki lágt, var gengið frá samningum.

Það gerðist enn að hæstv. samgrh. lét þess getið að hann teldi að sá aðili sem fyrr hefði boðið talaði ekki nógu vel um fyrirtækið Flugleiðir og þess vegna vildi hann ekki að honum yrði selt. Ég tel að það eigi ekki að skipta máli í samskiptum við ríkið hvaða skoðanir menn hafa og megi ekki skipta máli vegna þess að þá séu menn að nálgast skoðanakúgum.

Allt er þetta mál að mínum dómi með endemum. Framkoman er siðlaus og minnir á bananalýðveldi. Svo mikill virðist klíkuskapurinn vera.

Ég ritaði forsrh. bréf af þessu tilefni og óskaði eftir því að hann léti fara fram athugun og rannsókn á þessu máli og ýmsum þáttum þess. Á opinberum vettvangi í einu dagblaðanna má nánast segja að forsrh. hafi yppt öxlum yfir þessu. Það barst ekkert svar um það, og hefur ekki borist heldur til mín, hvort forsrh. hyggist framkvæma rannsókn. Það sem helst mátti ráða af svörum ráðherranna var að vitaskuld hefði þetta ekki lekið úr ríkisstj., ekki frá Fjárfestingarfélaginu, ekki frá neinum sem hefði af opinberri hálfu haft vitneskju um það. Þá var einungis einn aðili eftir sem hefði getað lekið því út skv. því og það var sá aðili sem fyrra tilboðinu skilaði. Sem sagt var helst að skilja að Birkir Baldvinsson hefði sagt Flugleiðum frá tilboði sínu. Ekki þykir mér þetta trúlegt eða sennilegt.

En vegna þessa máls alls hef ég borið fram fjórar til forsrh. um nokkur meginatriði þessa máls á þskj. 34.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. 1. liður í fsp. hv. þm. hljóðar svo:

„Telur forsrh. að það samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum af hálfu ríkisins að láta þau boð út ganga að hlutabréfaeign ríkisins í Flugleiðum sé til sölu á u.þ.b. níföldu nafnverði en ganga síðan frá sölu bréfanna á mun lægra verði án þess að gera opinbert að fallið hafi verið frá fyrri verðhugmyndum?"

Út af fyrir sig liggur ekkert fyrir um að fyrrverandi fjmrh. hafi fallið frá sínum fyrri verðhugmyndum. Bréf að nafnverði 4 436 640 kr. voru seld á 48 360 000 kr., sem er reyndar töluvert meira en nífalt nafnverð. Útborgun var 22,5%, en 77,5% voru lánuð til átta ára verðbóta- og vaxtalaust.

Í spurningunni felst einmitt gagnrýni á að selt er verðbótalaust. Ég vil taka það fram að ég hefði af ýmsum ástæðum talið eðlilegra eins og viðskipti eru nú að selt hefði verið með verðbótum og þá frekar að vextirnir hefðu legið á milli hluta, en þó verður að taka fram að það er algerlega undir þróun verðlags á næstu árum komið hvort verðhugmynd fyrverandi fjmrh. um nífalt verð stenst eða stenst ekki. Má kannske vekja athygli á því að fáir eru í betri stöðu til að hafa áhrif á þetta en einmitt fjmrh. Þannig verður ekki fullyrt nú að þessi bréf séu ekki á u.þ.b. níföldu nafnverði.

Í öðru lagi er spurt: „Telur forsrh. að það fái staðist eða samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum af hálfu ríkisins að ganga frá sölu hlutabréfaeignar ríkisins til Flugleiða eins og gert var þegar réttmætur grunur var uppi um að Flugleiðum hefði borist vitneskja frá aðilum innan stjórnkerfis ríkisins um fyrirliggjandi tilboð annars aðila?"

Engar upplýsingar liggja fyrir um það hvaðan Flugleiðum hf. hafa borist fregnir um tilboð annarra aðila. Það hefur, og ég hef athugað það mál allítarlega, ekkert

komið fram sem sannfærir mig um að þessi vitneskja hafi borist úr fjmrn. eða frá ríkisstj. T.d. veit ég að Flugleiðir höfðu einhverja vitneskju um þetta tilboð áður en það var kynnt á fundi ríkisstj. svo að ég efast mjög um að eitthvað hafi kvisast út frá þeim fundi. En ég get ekki neitað því að einhvers staðar frá virðast hafa borist upplýsingar um þetta tilboð. Ég vil taka það fram að þegar um slík tilboð er að ræða er vitanlega eðlilegast að þau séu opnuð á einum og sama stað og á sömu stundu. Hins vegar er þess að gæta að áður hafði verið leitað tilboða í bréfin og þá barst aðeins eitt tilboð, frá starfsmönnunum, í kaup á bréfunum á nafnverði.

Í þriðja lagi er spurt: „Hversu stór fjárhæð nettó mun renna til ríkisins af sölu nefndra hlutabréfa að teknu tilliti til skattalækkunar hjá nýjum eigendum bréfanna skv. hugmyndum Flugleiða um endursölu þeirra?"

Það er alveg ljóst að bréfin seld til einstaklinga leiða til skattafrádráttar skv. gildandi lögum. Það hefði farið svo ef einstaklingar hefðu keypt bréfin beint af Fjárfestingarfélaginu eins og boðið var. Að sjálfsögðu hefði það einnig leitt til skattalækkunar. Munurinn er því enginn að þessu leyti hvort sem þau fara um hendur Flugleiðamanna fyrst og síðan til einstaklinga. Í því verði sem sett var á bréfin þegar þau voru til sölu hjá Fjárfestingarfélaginu fyrir einstaklinga var að sjálfsögðu gert ráð fyrir að ríkissjóður yrði af þeim tekjum sem skattafrádráttur hefði í för með sér.

Hins vegar er útilokað á þessari stundu að svara þessari spurningu nákvæmlega því að ekki er vitað t.d. hvað þessir einstaklingar hafa keypt af öðrum hlutabréfum. Eins og hv. þm. að sjálfsögðu veit er heildarupphæð sem naut skattaívilnunar hjá einstaklingum á síðasta ári 25 000 kr. Þarna verður alveg tvímælalaust einhver frádráttur sem kemur frá ríkinu, en á þessari stundu er ekki unnt að reikna út hve hann verður mikill.

Í fjórða lagi: „Hvenær hyggst forsrh. taka afstöðu til rannsóknar á vinnubrögðum við sölu ofangreindra hlutabréfa ríkisins í Flugleiðum, sbr. erindi fyrirspyrjanda í bréfi til ráðherra dags. 28. ágúst s.l.?"

Þetta bréf var að sjálfsögðu sent fyrrverandi fjmrh. til umsagnar. Hann hefur svarað því og hefur ekkert við það að athuga að slík rannsókn fari fram. Í framhaldi af því bréfi kynnti ég mér þessi mál eins og ég frekast gat með viðræðum við menn og hef þegar greint frá því í mínu svari að ég hef ekki ástæðu til að ætla að upplýsingar hafi borist út af ríkisstjórnarfundi um þetta tilboð. Ég hef hins vegar ástæðu til að ætla að það hafi ýmsir fleiri vitað um þetta tilboð en ráðherrar í ríkisstjórninni. Ég ákvað að svara þessu bréfi í fsp. eins og ég geri núna. Ég sé af þessum ástæðum ekki ástæðu til að ég láti fara fram opinbera rannsókn á þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin.

Mér þykir fráleitt að halda því fram að ekki hafi verið fallið frá þeim verðhugmyndum sem kynntar voru í upphafi, enda liggur það fyrir opinberlega af hálfu stjórnar Flugleiða m.a. að hún telur að það hafi verið gert. Enginn reiknar með engri verðbólgu. Þegar verðið var kynnt í upphafi var talað um „núvirði tekjustraumsins" af þessum eignum. Núvirði skyldi það vera. Þannig voru eignirnar metnar. En eðlilegra telur forsrh. að verðbætur hefðu verið. Hann telur þá að hér hafi ekki verið eðlilega fram gengið.

Í öðru lagi upplýsir forsrh. að það sé líklegast rétt að vitneskja hafi borist til Flugleiða. Ég tel að það sé siðlaust að ganga frá tilboði þegar grunur er uppi um að vitneskja hafi borist. Ég tel að forsrh. eigi ekki að líða það að gengið sé frá sölu þegar slíkur meinbugur er á.

Í þriðja lagi segir hæstv. forsrh. að ef einstaklingar hefðu keypt bréfin beint þá hefðu þau notið skattalækkunarinnar. Svo vill til að bréfin voru öll auglýst í einum pakka þannig að einn einstaklingur hefði ekki getað fengið þann skattafslátt upp á 25 þús. kr., sem forsrh. var að gera að umtalsefni, ef bréfin væru seld með þeim skilmálum sem gert var ráð fyrir í auglýsingunni. Það stenst því ekki.

Ég skal hins vegar taka af forsrh. ómakið. Flugleiðir ætla að selja þessi bréf á tveimur árum. Ef menn eru í hæsta skattþrepi fá menn 44% til baka af þeim peningum sem þeir leggja í hlutabréfin. Ef menn eru í næsta skattþrepi fyrir neðan fá þeir 31% til baka. Við skulum gera ráð fyrir að helmingur geti nýtt sér efsta skattþrep, fjórðungur sé í skattþrepinu þar fyrir neðan og ¼ geti ekkert nýtt. Þá mun það vera svo að útborgun upp á 22,5% af virði bréfanna berst á þessu ári, en á næsta ári og hinu þar næsta munu miðað við þessi hlutföll — og þá er ég ekki að gera ráð fyrir að allt nýtist — 30% af nafnvirði bréfanna vera greidd út úr ríkissjóði með tilliti til skattalækkunar. Þar er heldur halli á og þarf þó nokkra verðbólgu til þess að það standi ekki svo að tveimur árum liðnum að ríkissjóður fari út með fjárútstreymi út af sölunni en ekki innstreymi á árunum 1984—1987.

Herra forseti. Að lokum þetta. Þegar ég ritaði bréf mitt til forsrh. um athugun á þessu máli lét ég þess getið að ég teldi að slík rannsókn hefði ekki einungis gildi varðandi það sem liðið er, heldur líka fyrir framtíðina vegna þess að ef þetta teldust eðlilegir viðskiptahættir, þá mættum við búast við því að ríkið hagaði sér svona gagnvart þegnum sínum í framtíðinni og það vil ég ekki. Það held ég að Alþingi vilji ekki. Ef svo ber að skilja hæstv. forsrh. að ríkið ætli áfram að haga sér með þessum hætti, þá tel ég að þingið eigi að grípa í taumana og setja lög á ríkisstj.

Kjötinnflutningur til varnarliðsins, fsp. 35. mál (þskj. 35). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. uppgötvaði á liðnu sumri að kjötinnflutningur til varnarliðsins bryti í bága við lög. Utanrrh. hefur hins vegar haldið þeirri stefnu að kjötinnflutningur til varnarliðsins skuli heimilaður. Þetta var deiluefni í ríkisstj. Ríkisstj. ákvað að skora á Stéttarsamband bænda að höfða mál á hendur sér, vildi fela dómstólunum að úrskurða um stjórnarstefnuna varðandi þetta atriði, hvort kjötinnflutningur skyldi vera til varnarliðsins eða ekki.

Ég minnist þess að við þetta tækifæri tók hæstv. núv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, svo til orða að það væri hallærislegt hjá ríkisstj. að hafa ekki stefnu en ætla að fá úrskurð dómstólanna. Samt var nú um þennan úrskurð beðið. Og skv. því sem hæstv. núv. fjmrh. hefur upplýst, þá er það svo að eftir að dómstólar höfðu

komist að þeirri niðurstöðu — eða löglærðir menn — að svona málshöfðun gæti ekki gengið, þá er nú nýtt samkomulag í ríkisstj. — ekki um það hver stefnan skuli vera, heldur aftur „hallærislegt", skv. skilgreiningu núv. hæstv. fjmrh., vegna þess að það á að leita úrskurðar löglærðra manna um það hver þeir telji að lögin séu í landinu en stefna ríkisstj. á eftir sem áður að liggja á milli hluta.

Síðan þetta gerðist höfum við búið við það kerfi að kjötinnflutningur er heimilaður með flugvélum en bannaður með skipum. Þetta eru lögin í landinu eins og stendur. Þetta er stefna ríkisstj. og á að standa óbreytt.

Ég vil inna hæstv. forsrh. eftir því hver sé stefna ríkisstj. í þessum málum, ekki bara það að ævinlega eigi að leita úrskurðar þessa eða hins. Fsp. um þetta efni og hvers sé að vænta á næstu misserum er að finna á þskj. 35.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Kjötinnflutningur varnarliðsins hefur alllengi verið deilumál og hafa allar ríkisstjórnir frá því að varnarsáttmálinn var gerður eflaust túlkað hann svo að þessi innflutningur væri heimill. M.a. hafa utanríkisráðherrar Alþfl. gert svo árum saman. Fyrir liggur umsögn eins fyrrverandi hæstaréttardómara sem telur að ef ekki annað þá hafi þessi innflutningur unnið sér hefð. Þessi deila hefur komið upp að nýju og ríkisstj. taldi nauðsynlegt að reyna að fá úr því skorið því að ríkisstj. er ákveðin í að fara að lögum, að sjálfsögðu.

Stéttarsamband bænda samþykkti s.l. vor að fá úr þessu skorið fyrir dómstólum. Þeirra var frumkvæðið að þessu leyti. Um þá samþykkt Stéttarsambandsins var fjallað og ákveðið að hvetja Stéttarsambandið til að fara þá leið eða lýsa yfir við það að það mundi fá gjafsókn ef það kysi að fara þá leið. Stéttarsambandið athugaði síðan nánar þessa leið og komst að þeirri niðurstöðu að hún væri ekki fær. Ég tók því málið upp að nýju því það er nauðsynlegt að fá úr þessum ágreiningi skorið. Og ég ákvað að leita álits lögfræðinga og það hefur verið gert. Þrír lögfræðingar hafa verið beðnir að gefa álit sitt á gildi varnarsáttmálans að þessu leyti. Lögfræðingarnir eru: Arnljótur Björnsson prófessor, dr. Gaukur Jörundsson prófessor og Jóhannes L.L. Helgason hrl.

Það skal tekið fram að fullkomið samkomulag er um það í ríkisstj. að eftir úrskurði þessara manna verði farið. Það hafa utanrrh. og núv. fjmrh. staðfest að eftir þeim úrskurði verði farið í sambandi við innflutning á kjöti til varnarliðsins. Þar til sá úrskurður liggur fyrir standa óbreyttar ákvarðanir fyrrv. hæstv. fjmrh. Ég vil jafnframt taka það fram að fari svo að þessir lögfræðingar telji að ákvæði varnarsáttmálans gildi, þá verða settar mjög strangar reglur um þennan innflutning og þess vandlega gætt að það kjöt fari ekki út af vellinum. Sömuleiðis munu verða hafnar viðræður við varnarliðið um þennan kjötinnflutning og jafnframt um kaup á íslenskum landbúnaðarafurðum öllu fremur en flytja það inn erlendis frá.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta mál er ekki spurning um túlkun á lögum heldur um það hvort ríkisstj. hafi stefnu. Það dugar að ríkisstj. lýsi því yfir hver hennar stefna sé í þessu máli og láti þá endurskoða það sem endurskoðunar þarf við í samræmi við stefnuna eða í þá átt að gera ákvæði skýrari. Þetta er það sem ríkisstj. átti að gera strax í upphafi. Þetta er það sem ætlast er til af ríkisstj. Það að gera ekki þetta sagði hæstv. núv. fjmrh. á sínum tíma að væri hallærislegt. Að það væri hallærislegt af ríkisstj. að hafa ekki stefnu. Hallærislegt var það þá. Hallærislegt skal það verða áfram, skv. samkomulagi núv. ráðherra, þar á meðal þessa fjmrh. Og hallærislegt skal það vera áfram, skv. yfirlýsingu forsrh. nú.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er undarlegt að nú, í eina skiptið sem ég hef látið reyna á það hvort hin nýju þingsköp leyfa að menn verji sig í þeim málum sem þá snerta og málum sem snerta þjóðina alla mikið, þá skuli ný þingskapalög vera orðin þannig að menn hafi ekki tíma til að gera það.

Ég vil þá segja í stuttu máli að innflutningur sá, sem hér um ræðir til Keflavíkurflugvallar, er að mínu mati ólöglegur og hefur verið, hvað lengi sem hann hefur átt sér stað. Vörur hafa komið til landsins. Þær hafa farið ótollskoðaðar í gegn. Viku seinna hafa pappírar komið frá varnarliðinu á dulmáli, þar sem tollyfirvöldum er tilkynnt hvað hefur komið til landsins.

Menn koma hér og fara án eftirlits. En ef Íslendingar, jafnvel sjómenn sem koma til hafna í Bandaríkjunum, ætla í land, þá er þeim bannað á þeim forsendum að þeir tilheyri ekki réttum pólitískum flokkum. Þetta getur ekki gengið. Hér er engin gagnkvæmni.

Kjötinnflutningur hefur verið leyfður en hann er bannaður skv. lögum. Það er ekkert í varnarsamningnum sem segir að lög frá 1928 um innflutning á hráum mat eða matvælum séu ekki í gildi. Það er alveg þvert á móti. Þau lög eru í gildi og eru íslensk lög og eiga að gilda fyrir Keflavík líka, hvort sem vörur koma með flugvélum eða skipum.

Þar sem ég hef ekki tíma til þess að ræða þetta mál, þá vildi ég bara segja að þetta er skömm fyrir íslenska þjóð og blettur að íslensk lög skuli ekki gilda hér á landi fyrir landið allt heldur skuli Keflavíkurbúar vera undanþegnir.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. heyra, þá er skoðanamunur um þetta mál á milli hæstv. fyrrv. fjmrh. og núv. hæstv. utanrrh. Hefur kannske lengi verið skoðanamunur um það innan ríkisstjórna. Úr þessu er ég að reyna að fá skorið og ég tel að sú leið sem nú hefur verið valin, þar sem dómstólaleiðin er ekki talin fær, sé mjög eðlileg. Ríkisstj. vill fá úrskurð um það, hverju lög gera ráð fyrir í þessu sambandi. Ég kalla það ekki hallærislegt. Ég get ómögulega viðurkennt að hallærislegt sé að fá mat viðurkenndra færustu manna á því hvernig túlka beri lög þegar á stangast tvenn lög. Og ég hygg að það hafi verið gert í mjög mörgum tilfellum.

Það kann vel að vera að ríkisstj. síðan ákveði að hún vilji beita sér fyrir breytingu á lögum ef í ljós kemur að úrskurðurinn er á þann veg, en um það er ekki tímabært að taka ákvörðun fyrr en álit löglærðra manna liggur fyrir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil að gefnu tilefni minna á það, sem öllum er raunar ljóst, að þingsköpum hefur verið breytt svo, að það er ekki gert ráð fyrir í fsp.-tíma að aðrir tali en fyrirspyrjandi og

viðkomandi ráðherra. En aðrir þm. geta þó gert stutta athugasemd. Og skv. eðli málsins hlýtur hún að vera mjög stutt, þar sem ræðutími fyrirspyrjanda er tvær mínútur. Það er og gert ráð fyrir að þegar menn gera stutta athugasemd, þá sé það af ríku tilefni, þeir telji sig þurfa að leiðrétta misskilning eða bera af sér sakir, en ekki ætlast til þess að menn stofni til almennra umræðna um málið.

Þetta er ekki sagt í tilefni af því að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur kvatt sér hljóðs. Þetta er sagt í tilefni þess að þetta er í fyrsta sinn, núna við þessar umræður, sem þetta undantekningarákvæði kemur til framkvæmda.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég geri mér góðar vonir um að athugasemd mín geti orðið styttri en ræða virðulegs forseta í tengslum við þessa sömu athugasemd.

Ég vildi vekja á því athygli, sem mér finnst ekki hafa komið fram hér, að þetta mál snýst ekki bara um lög, ekki bara um hallæri, ekki bara um skömm og blett, heldur einnig um sjúkdómavarnir. Fyrir liggur álit færustu sérfræðinga þjóðarinnar á því að hér sé um stórhættulega hluti að ræða, þar sem er eftirlitslaus innflutningur á hrámeti inn í landið, jafnvel frá svæðum þar sem sjúkdómar á borð við gin- og klaufaveiki geisa eða hafa geisað einhvern tíma fyrir stuttu síðan.

Það er greinilegt að hæstv. ríkisstj. hefur ekki neina stefnu í þessu máli. Hún leitar á náðir lögfræðinga sem eru ekki sérfræðingar í sjúkdómavörnum og vita ekkert um gin- og klaufaveiki. Ég held að hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. væri nær að hlýða áliti færustu sérfræðinga okkar á því sviði og banna þennan innflutning. Ég vil svo að lokum gera orð hæstv. núv. iðnrh. að mínum um skömmina og um blettinn.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu fer ég eftir óskum forseta að vanda. En hæstv. forsrh. gat um að lög stangist hér á. Ég vil leiðrétta þetta. Það er ekki svo að lög stangist á. Varnarsamningurinn víkur ekki til hliðar íslenskum lögum nema sérstaklega sé tekið fram í varnarsamningnum að svo sé. Og í þessu tilfelli er það ekki tekið fram að lög um gin- og klaufaveiki frá 1928 skuli víkja fyrir varnarsamningnum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þótt ég beri mikla virðingu fyrir hæstv. iðnrh. sem orðnum mjög lögfróðum manni, þá ber ég meiri virðingu fyrir þeim þremur sem ég hef kvatt til. Og þetta er, má segja, nánast sú spurning sem þeir eru um spurðir. En út af því sem kom fram hér áðan hjá hv. þm. um sjúkdómahættuna, þá var það nú ekki út af fyrir sig á dagskrá. En það eru lög um sjúkdómahættu sem þarna eru til samanburðar og ríkisstj. er ákveðin í því, hver sem verður niðurstaða þeirra hv. lögfræðinga sem eru kvaddir til, að gera þær ráðstafanir sem tryggja að sjúkdómahætta stafi ekki af þessum innflutningi.

Fangelsismál, fsp. 57. mál (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 58 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh. um fangelsismál:

„Hvað líður störfum nefndar um úrbætur í fangelsismálum sem sett var á laggirnar í kjölfar þál. frá Alþingi 20. apríl 1982?"

Á þinginu 1982 fluttum við Guðmundur J. Guðmundsson og Baldur Óskarsson tillögu til úrbóta í fangelsismálum okkar. Í kjölfar hennar var allmikil og um margt ánægjuleg umræða og ýmislegt markvert kom þar fram. Þáltill. var samþykkt, nefnd sett á laggirnar og mér er kunnugt um verulegt starf á vegum hennar. Um verkalok er ekki spurt, en að liðnum meira en þrem árum er eðlilegt að fá vitneskju um það, hvernig horfir og hvað hefur þegar verið gert. Því er fsp. þessi borin fram.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur borið fram til mín fsp. um störf nefndar um fangelsismál.

Þann 20. apríl 1982 var samþykkt á Alþingi svohljóðandi þál. um fangelsismál:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi. Á grundvelli þeirrar úttektar skal nefndin skila áliti jafnóðum og það liggur fyrir, er feli í sér:

1. stöðu fangelsismála,
2. tillögur um brýnar úrbætur,
3. áætlun um æskilega framtíðarskipun fangelsismála.

Dómsmrh. skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna."

Síðar um vorið 1982 skipaði Alþingi eftirtalda menn í nefndina: Braga Jósepsson uppeldisfræðing, Davíð Aðalsteinsson alþm., Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing, Jakob Hafstein lögfræðing, Jósep Þorgeirsson alþm., Ólaf Þórðarson alþm. og Salome Þorkelsdóttur alþm. Páv. dómsmrh. skipaði Jakob Hafstein formann. Sagði hann af sér formennsku á árinu 1983 og var Davíð Aðalsteinsson þá skipaður formaður.

Eins og framangreind þál. ber með sér er nefnd þessi kosin af Alþingi og starfar í umboði og á ábyrgð þingsins. Einu afskipti dómsmrh. af nefnd þessari eru þau að honum bar að skipa formann úr hópi nefndarmanna sem Alþingi kaus og það hefur tvívegis verið gert. Að öðru leyti hefur ráðherra ekki fengið upplýsingar um störf nefndarinnar og veit ég því ekki frekar hvað þeim líður.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Það er greinilegt af svörum hæstv. ráðh. að hann lítur svo á, og má segja kannske réttilega, að það sé Alþingi sem beri ábyrgð á störfum þessarar nefndar og því ætti ég að beina fsp. minni til hæstv. forseta Sþ. um það hvað liði störfum nefndarinnar. Hitt er hins vegar ljóst að formaður nefndarinnar er frá dómsmrn. og ég hafði vænst þess að í tengslum við það hefði ráðuneytið nokkra forustu og forgöngu um það að að þessu nefndarstarfi væri eðlilega unnið.

Ég dreg ekki í efa að nefndin hafi unnið að þessu starfi — og veit það reyndar. Ég veit að þetta er ekki auðleyst mál og það þarf úrbætur í margri grein. Ég hefði vænst þess kannske fyrst og síðast að áfangatillögum yrði skilað hér inn í Alþingi um þennan viðkvæma og margslungna málaflokk.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð nú, en ég treysti samt sem áður hæstv. ráðh., sem skipar formann nefndarinnar, til að sjá svo um að nefndin skili ákveðnum áfangatillögum — og beini þá þeim tilmælum til hæstv. forseta Sþ. að til þess verði séð, ef það er alfarið ljóst að ábyrgðin er á höndum Alþingis — skili af sér áfangatillögum í þessu efni, geri grein fyrir því hvernig að er unnið.

Við vitum að hér er málaflokkur sem vissulega þarf úrbóta og endurskoðunar við. Það er margt sem kemur þar til sem var í umræðunni 1982. Þar var minnst á hið seinvirka dómskerfi okkar og afleiðingar þess. Jafnvel svo að við liggur að önnur persóna, a.m.k. önnur manngerð, er dæmd en sú sem afbrotið framdi. Það var rætt um spurninguna um betrun. Þar er að vísu margt gert, en miklu fleira ógert. Þar var rætt um viðskipti dæmdra aðila og ráðuneytis og um það mun ég þá spyrjast fyrir sérstaklega, ef þess gerist þörf, og kannske fyrst og síðast hverjir möguleikar þeirra sem hefðu þurft að afplána fangelsisvist væru á því að fara út í lífið á ný með eðlilegum hætti. Að þessu öllu vona ég að nefndin sé að vinna, skili tillögum sem fyrst, en vænti þess og vona að hæstv. ráðh. verði ekki skotaskuld úr því að fá upplýsingar hjá formanni nefndarinnar, sem hann skipaði, um það hvernig þessu nefndarstarfi er háttað nú.

Lán Byggðasjóðs til Flugfisks — Flateyri hf., fsp. 68. mál (þskj. 70). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Skiptaráðandinn í Ísafjarðarsýslu, Pétur Kr. Hafstein sýslumaður, hefur kveðið upp gjaldþrotaúrskurð yfir búi fyrirtækisins Flugfiskur — Flateyri hf. á Flateyri. Málið bar að með þeim hætti að framkvæmdastjóri fyrirtækisins óskaði sjálfur eftir því að fyrirtækið yrði lýst gjaldþrota.

Hér er um það að ræða að framkvæmdastjórinn hefur um fárra ára bil stundað plastframleiðslu á Flateyri. 1. febrúar s.l. ár var stofnað hlutafélagið Flugfiskur — Flateyri hf. sem yfirtók þennan rekstur. Félagið var skráð 25. júlí í sumar og stofnendur eru fimm, framkvæmdastjórinn sjálfur, eiginkona hans og þrír einstaklingar á Flateyri. Tilgangur félagsins er framleiðsla og sala vara úr trefjaplasti, bátasmíði og síðan verslun með ýmiss konar vörur.

Félagið var stofnað með 1800 þús. kr. hlutafé og 653 þús. kr. voru greiddar við stofnun með yfirtöku eigna eldra fyrirtækisins. Engin fasteign er þinglýst á þetta hlutafélag. Hins vegar eru þinglýstar eignir framkvæmdastjórans íbúðarhúsið að Hafnarstræti 27, vélsmiðjuhús að Hafnarstræti 27b og iðnaðarhúsnæði að Sólbakka og ég hef leyft mér að dreifa hér myndum af þessum fasteignum. Ljóst er af myndum að eignir þessar eru fremur illa farnar og tæplega mikils virði.

Það sem vekur hins vegar athygli er að stærsta þinglýsta skuldin er við Byggðasjóð, sjö lán frá árunum 1980—1985 alls að fjárhæð 2 millj 570 þús., þar af 2 millj. skv. skuldabréfi útgefnu 31. júlí í sumar. Ýmsar aðrar skuldir hvíla einnig á þessum eignum, svo sem við Útvegsbankann, Iðnlánasjóð, sem eru sjö lán samtals 650 þús. og Sparisjóð Þingeyrar. Útistandandi eru söluskattsskuldir og ýmsar aðrar lausaskuldir.

Það sem vekur athygli er að 25. júlí s.l. er þetta hlutafélag skráð sem hlutafélag. Viku seinna eða 31. júlí eru fyrirtækinu lánaðar úr Byggðasjóði 2 millj. kr. Þegar þessi lántaka fer fram, eða lánveiting, eru engar eignir þinglýstar á hlutafélagið. Þar sem ég tel að það sé nokkuð óvenjulegt að svo háar upphæðir séu lánaðar án veðs hlýt ég að leggja fram þá fsp., sem hér liggur fyrir á þskj. 70, til hæstv. forsrh. um lán Byggðasjóðs til þessa fyrirtækis. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaða lán hefur Flugfiskur — Flateyri hf., sem skrásett var 25. júlí 1985, fengið úr Byggðasjóði og hvenær voru þau lán veitt?

2. Hvaða tryggingar setti hlutafélagið þegar því voru veittar 2 millj. kr. að láni úr Byggðasjóði 31. júlí s.l.?"

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég leitaði eftir upplýsingum frá Byggðastofnun um þessi atriði sem hv. þm. spyr um. Svar Byggðastofnunar er svohljóðandi:

„Á fundi stjórnar Byggðasjóðs hinn 16. júní 1985 var eftirfarandi lánveiting samþykkt samhljóða með atkvæðum sex stjórnarmanna. Einn stjórnarmanna, Ólafur Björnsson, sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

Flugfiskur — Flateyri. Samþykkt heimild til forstjóra að lána fyrirtækinu 1 millj. kr. og 1 millj. kr. til væntanlegra hluthafa til að leggja fram sem hlutafé með þeim veðum sem bjóðast. Fyrsta afborgun 1987. Byggðasjóður og aðrir fjárfestingasjóðir gefi eftir og eða semji um vanskil til fjárhagslegrar endurskipulagningar."

Flugfiskur — Flateyri hf. fékk síðan 31. júlí 1985 lán að fjárhæð 1 millj. kr. úr Byggðasjóði. Þann sama dag, 31. júlí 1985, fengu Hrafn Björnsson og Björk Gunnarsdóttir 1 millj. kr. að láni úr Byggðasjóði til að leggja fram sem hlutafé í Flugfisk — Flateyri.

Spurt er um hvaða tryggingar hlutafélagið setti þegar því voru veittar 2 millj. kr. að láni úr Byggðasjóði 31. júlí s.l. Svarið er svohljóðandi: Til tryggingar báðum ofangreindum lánum, þ.e. til Flugfisks — Flateyri hf. annars vegar og til Hrafns Björnssonar og Bjarkar Gunnarsdóttur til kaupa á hlutabréfum hins vegar, voru 4. og 5. veðréttur í vélsmiðjuhúsi við Hafnarstræti 27b, Flateyri og sömuleiðis til tryggingar á sömu lánum 18. og 19. veðréttur í iðnaðarhúsnæði á Sólbakka, Flateyri.

Það skal tekið fram, af því það kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda réttilega, að lán hafa verið nokkuð meiri til þessara aðila, en ekki til Flugfisks hf. heldur til forvera þess fyrirtækis, samtals, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, u.þ.b. 500 000 kr. Ég hef ekki upplýsingar um það á þessari stundu hvernig veð eru á þessum eignum, en ég held að fullyrða megi að heldur litlar líkur séu til þess að þessi skuld fáist greidd af þessum eignum. Hins vegar er ljóst að það sem lánað er einstaklingunum hvílir að sjálfsögðu áfram á þeim.

Ég hef raunar litlu við þetta að bæta en þó get ég upplýst að skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið gengu ýmsir aðilar í það að endurskipuleggja þetta félag með stofnun nýs hlutafélags. Sú endurskipulagning byggðist m.a. á því að félaginu hafði þá þegar tekist að hefja framleiðslu á bátum sem líkuðu mjög vel, seldust auðveldlega og ýmislegt benti til að sú sala gæti farið vaxandi.

Einnig er mér tjáð að fyrirtækið hafi þá gert samning við Vegagerð ríkisins um framleiðslu á plaströrum í ræsi

í vegi sem þóttu mjög athyglisverð og þóttu lofa góðu. Því miður fór samt svo að þessi fjárhagslega endurskipulagning dugði ekki til. Mér er tjáð að tilraunakostnaður fyrirtækisins með þessi rör hafi orðið mjög mikill og þótt ýmislegt benti til þess að þau mundu fullnægja þeim kröfum sem Vegagerðin gerði hafði fyrirtækið, þrátt fyrir þessa endurskipulagningu, ekki bolmagn til að rétta úr kútnum.

Ég held því að þarna hafi verið gerð athyglisverð tilraun og þarna sé athyglisverð framleiðsla sem er enn þá á tilraunastigi en því miður hafi fjárhagslegur stuðningur ekki orðið nægur og ekki getað orðið meiri því að það vantaði veð eins og greinilega hefur komið fram.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. hans svör. Ég vil taka það skýrt fram að ég get haft fulla samúð með fyrirtækjum sem eru sett niður af eigendum þeirra víðs vegar um landið og eru að basla við að koma upp einhvers konar iðnaði. Það sem ég held að hér skipti máli er að annaðhvort er þá að styðja við bakið á þessum fyrirtækjum eða ekki. En það er alveg ljóst að öll afgreiðsla á þessu máli er til háborinnar skammar og það getur Alþingi ekki látið afskiptalaust.

Í stjórn Framkvæmdastofnunar sátu sex alþingismenn þegar þessi afgreiðsla fór fram og haft er eftir formanni stjórnar Framkvæmdasjóðs, Stefáni Guðmundssyni hv. alþm., að þegar stjórn Framkvæmdastofnunar ákvað í sumar að veita fyrirtækinu og aðaleigendum þess 2 millj. kr. lán úr Byggðasjóði var stjórnarmönnum ljóst að veð fyrir lántökunni voru ekki örugg. Þetta er haft eftir hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og Guðmundi Malmquist sem var lögfræðingur stofnunarinnar. Þeir segja, með leyfi forseta: „Var það sérstaklega bókað að lánið skyldi veitt með þeim veðum sem bjóðast."

2 millj. kr. lánið var veitt út á 18. og 19. veðrétt lýsistanksins sem hv. þm. geta séð á myndinni og 4. og 5. veðrétt í húsinu við hliðina á íbúðarhúsinu. Það sér hver heilvita maður að þetta er bara pappírsgagn, þetta nálgast ekki að vera veð fyrir einu eða neinu.

Stefán Guðmundsson hv. þm. heldur áfram: „Við vissum að veð væru ekki glæsileg en töldum að með þessu láni væri hægt að bjarga fyrirtækinu. Við vissum að fyrirtækið stóð tæpt en álitum að ef framleiðsla þess á plaströrum fyrir Vegagerðina kæmist á legg gæti það rétt við." Hann sagði jafnframt að ekki væri algengt að stofnunin lánaði gegn ótryggum veðum og sagði að í svona tilvikum væri e.t.v. hreinlegast að veita beina styrki.

Í Morgunblaðinu er viðtal við Steingrím Eiríksson lögfræðing Iðnlánasjóðs sem einnig á stórfé hjá fyrirtækinu. Hann sagði að það hefði verið staðfast álit starfsmanna sjóðsins að nægar tryggingar væru fyrir lánum Iðnlánasjóðs til eigenda Flugfisks. Iðnlánasjóður veitti fyrirtækinu sjö lán á árunum 1980—1983, samtals að fjárhæð 654 000 kr. og lánin voru veitt með veði í lýsistanknum. Iðnlánasjóður sendi uppboðsbeiðni á lýsistanknum til sýslumannsins á Ísafirði í ársbyrjun 1984 en af hálfu sjóðsins var þess síðan óskað að beðið yrði með uppboðsaðgerðir og stendur málið þannig enn þann dag í dag. Þá getur það ekki hafa verið neitt leyndarmál að fyrirtækið stóð ákaflega höllum fæti ári seinna þegar Framkvæmdastofnun kom til sögunnar.

Það er kannske óvarlegt að geta þess en sögusagnir ganga um það að Vegagerðin hafi gert samning við fyrirtækið um kaup á plaströrum. Það hef ég ekki getað fengið staðfest en eitt veit ég að Vegagerðin sótti alla vega birgðir af plaströrum sem til voru eftir að búið var lýst gjaldþrota og hefur þrotabúið að sjálfsögðu gert athugasemd við það.

Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað lesa hér, með leyfi forseta, en ég ætla ekki einu sinni að biðja um það því tími minn er búinn, IV kafla laga um Framkvæmdastofnun ríkisins sem hér var farið eftir. Sá fjallar um lánadeild. En þar er gert ráð fyrir að lánadeild hafi með höndum starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs, hún semji árlega áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands og vinni í samvinnu við aðrar stofnanir að því að samræma þessa áætlun lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Síðan er talað um að opinberar stofnanir eigi að hafa samráð um uppbyggingu byggðarlaga og notkun fjár til þess.

Ég er alveg sannfærð um, hv. þm. og herra forseti, að hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða og það er það sem gerir þetta mál alvarlegt. Ég vil taka skýrt fram að þeir sem hér eiga hlut að máli hafa áreiðanlega barist hetjulegri baráttu við að halda fyrirtæki sínu gangandi. En ljóst er að sú aðstoð, sem það fólk hefur fengið úr opinberum sjóðum, er fyrir neðan allar hellur og úr takti við raunveruleikann. Það sem ég er að gera athugasemd við er að svona megum við ekki fara með opinbert fé. Við verðum að sjá til þess að allt það fjármagn, sem lánað er til uppbyggingar atvinnuveganna í landinu, sé lagt í fyrirtæki sem einhver von er um að skili arði og til þess eru hv. alþm. kjörnir, að gæta þessara hagsmuna allrar þjóðarinnar.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi koma hér upp og segja örfá orð. Ég vil staðfesta að það sem ræðumaður vitnaði til mín úr blaðagrein er allt satt og rétt og ég skammast mín ekki fyrir atkvæði mitt til þessa fyrirtækis. Menn tóku vissa áhættu í þessu efni og hún var alveg augljós. Menn töldu að það fjármagn, sem þarna var lánað, þó lítið væri, mætti hugsanlega verða til þess að þetta fyrirtæki kæmist betur á legg en ella. Þingmenn geta síðan skemmt sér við að dreifa myndum af lélegum húsakosti og annað því um líkt, það er önnur saga.

Efni fyrirtækisins voru lítil, það skal skýrt tekið fram. En menn höfðu trú á því að þessir aðilar, sem í þessu basli hafa staðið, hefðu dottið niður á hugmynd sem mætti verða til þess að gera þetta fyrirtæki betur í stakk búið en áður hafði verið. Við erum að tala hér um 2 millj. kr. Það eru nefnilega smáupphæðirnar sem oftast veltast hér fyrir fólki. Ætli það séu ekki hærri tölur, kannske með dálítið fleiri núllum, sem munu koma hér inn í þingsali innan fárra daga og það mun þá trúlega ekki verða stjórn Byggðastofnunar sem mun verða sótt til saka. Vanskil ýmissa fyrirtækja valda okkur vissulega áhyggjum í stjórn Byggðastofnunar. Það vill einmitt þannig til að fyrirtæki í eigu þess sveitarfélags, sem hv. fyrirspyrjandi er þm. fyrir, er í vanskilum við umræddan sjóð. En við skulum vona að þeir verði menn til að borga það.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Enn koma þingsköp í veg fyrir að hægt sé að ræða mál þannig að öll rök með eða á móti komi fram. Það sem ég vil segja er að ég harma það að þingsköp skuli koma í veg fyrir að sú hlið, sem snýr að því unga fólki sem tapað hefur öllum sínum eignum á tilraunum til að auka fjölbreytni í íslenskum iðnaði, kemst ekki á framfæri. Eftir þessa tilraun situr snauð fjölskylda, foreldrar og börn, sem nú þola atvinnuleysi og flótta til nýrra heimkynna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er ákaflega mikill misskilningur — og verður að vekja athygli á því — þegar sagt er að þingsköp komi í veg fyrir að mál séu rædd í þinginu. Þetta er ekki rétt. Hinar nýju reglur um fyrirspurnir eru settar til að tryggja svo sem verða má að fyrirspurnir og svör megi verða í því formi sem hentar fyrir þá umræðu. Bæði þetta mál og hvaða mál sem er, sem miklu varðar að komi til umræðu á Alþingi, eiga að koma til umræðu eftir öðrum ákvæðum þingskapa en ekki með því að teygja ákvæði þingskapa um fyrirspurnir til að rúma slíkar umræður, enda verður það ekki gert svo að vel fari.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil leiðrétta nokkuð af því sem kom fram í máli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Hér er ekki aðeins um að ræða 2 milljónir, á þessum eignum hvíla 5,5 milljónir í veðskuldum — það skiptir ekki miklu máli hvort þar er um að ræða Iðnlánasjóð eða Byggðasjóð eða hvað annað — auk annarra skulda sem á þessu búi hvíla. Það er líka vafasamt að eigendur þessa fyrirtækis breyta því í hlutafélag rétt áður en fyrirtækið verður gjaldþrota. Ég vænti þess að hv. formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar viti að þar með er eigandinn sjálfur ekki ábyrgur fyrir veði vegna þess að það er ekkert veð þinglýst á hlutafélagið. Hins vegar mun hann hafa gefið veðleyfi fyrir 1 millj. kr. veði í margumræddum lýsistank. En þetta er ekki aðalmálið.

Það er ógeðfellt að vera að gera þetta að persónulegu máli. Þetta er harmsaga þeirra sem út í þennan rekstur fóru. Ég hef alla samúð með því og ég hef áður sagt það hér að það hefði þá verið nær að styrkja þetta fyrirtæki þannig að unnt væri að reka það í stað þess að gera þetta jafnkálfalega og gert hefur verið. En svo get ég líka spurt: Eiga aðrir borgarar þessa lands og aðrar fjölskyldur, sem hæstv. iðnrh. finnur svo til með og eru að missa hús sín, að breyta sér í hlutafélag? Geta þeir gert það? Þeir verða að missa húsin sín og það kemur þeim enginn til bjargar. Þetta vil ég minna hæstv. iðnrh. á. Það er fólkið sem er að kikna undan vaxtaokri sem hæstv. ríkisstj. hefur á það lagt. Ég bið svo forseta afsökunar á að hafa teygt hér tíma en ég held að menn ættu að hugsa betur um meðferð opinberra sjóða í framtíðinni en hingað til.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Mér þykir rétt að það komi fram í þessari umræðu að ég held að það sé almennt viðurkennt að Byggðasjóður tekur meiri áhættu en aðrir fjárfestingalánasjóðir og sættir sig oft við sem eru lakari en öðrum sjóðum er heimilt að viðurkenna. Mér er kunnugt af mínu starfi á fyrri árum í Byggðastofnun að þetta var iðulega gert, tekin áhætta, vissulega að vandlega athuguðu máli. Sem betur fer tókst í langflestum tilfellum að bjarga viðkomandi fyrirtæki frá hruni — það er hægt að rekja mjög mörg tilfelli þess eðlis — en að sjálfsögðu ekki öllum. Þetta er eitt af þeim tilfellum þar sem það tókst ekki.

Ég vil jafnframt taka undir það sem kom fram í orðum hæstv. iðnrh. að þeir einstaklingar, sem þarna eiga hlut að máli, hafa hætt öllu sínu, eftir þeim upplýsingum sem ég fæ, þótt þessu hafi verið breytt í hlutafélag. Þessu var breytt í hlutafélag til að reyna að fá aðra hluthafa með. Mér er tjáð að ýmsir hafi verið með það í athugun að gerast jafnframt hluthafar í nýju hlutafélagi, en að sjálfsögðu varð það ekki þegar fljótlega varð ljóst að jafnvel með þessari aðstoð tækist þessum einstaklingum ekki að koma fyrirtækinu á réttan kjöl.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Tvennt tel ég nauðsynlegt að leiðrétta. Það mátti skilja hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur á þann veg að þeir sem átt hefðu þessar eignir hefðu með klókindum breytt einkarekstri yfir í hlutafélagsform til að komast undan með fjármuni. Hér er um mikinn misskilning að ræða. (Gripið fram í.) Það er um mikinn misskilning að ræða að þeir hafi komist undan með fjármuni. (**GHelg:** Það sagði ég ekki.) Það var það sem hv. þm. lét fullkomlega skína í hér áðan og spurði hvort fjölskyldurnar í landinu gætu leikið það sama ef þær ættu í erfiðleikum. Þetta kom fram.

Ég tel að svona rekstur hefði frá upphafi átt að vera rekinn sem hlutafélag og kannske er það eitt af því sem stjórnendur sjóða þurfa að gá að, að félagsformið, sem stendur að svona hlutum, sé á þann veg að takmörk séu fyrir því hvað gerist ef fyrirtæki fara á höfuðið.

Hitt er rétt að komi fram einnig að opinberir aðilar, Vegagerðin, höfðu gert samninga við þetta fyrirtæki, eftir því sem ég best veit, um smíði á ræsum úr plasti. Það var talið mjög álitlegt ef fyrirtækinu tækist að hefja þessa framleiðslu og það var grundvallaratriði ef átti að fá úr því skorið hvort það gæti rétt úr kútnum. Ég tel að þetta lán hafi verið veitt á sínum tíma til að láta á það reyna hvort sú framleiðsla kæmist af stað með eðlilegum hætti eða ekki en kröfuhafar gengu það hart að að ekki hefur fengist nein niðurstaða í því máli.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Sem svar við ummælum tveggja hæstv. ráðherra hérna vil ég benda á að allir Íslendingar hætta yfirleitt öllu sínu til að lifa í þessu landi, þar skera sig mjög fáir úr. Ég vil einnig nefna að ég tel mjög beint samhengi milli þeirrar ábyrgðarlausu sóunar opinbers fjármagns, sem fram kemur í þessu umtalaða máli, og þeirrar stöðu sem komin er upp í húsnæðismálum einstaklinga í þessu þjóðfélagi í dag.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það kom hér fsp. frá fyrirspyrjanda til mín sem varðar kannske ekki beint það mál sem er á dagskrá en inn í þessar umræður kom spurning er varðar vandamál húsbyggjenda. Ég vil svara þessari spurningu með stuttu svari. Ég tel fráleitt að gera ekki ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk missi húseignir sínar. Flestir eru í vanda vegna þess að krónan, sem fólk fær greidd í laun, minnkar að verðgildi milli launagreiðslna til fólks en krónan, sem er föst í lánum sem fólkið á að greiða, er verðtryggð og eykur heldur sitt verðgildi en hitt.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, fsp. 72. mál (þskj. 77). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Það var vissulega ánægjuleg tilviljun að 19. júní s.l. voru samþykkt ný lög á Alþingi um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en einmitt þann dag minntust konur um allt land þess að 19. júní 1915, eða nákvæmlega 70 árum fyrr, öðluðust íslenskar konur full stjórnmálaleg réttindi, þ.e. kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. Þessi lög komu í stað laga um jafnrétti kvenna og karla frá árinu 1976.

Í þessum nýju lögum er nýmæli að finna m.a. í 22. gr. laganna en skv. henni skal félmrh. leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna. Við gerð hennar, þ.e. framkvæmdaáætlunarinnar, skal höfð hliðsjón af áætlun jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 15. gr. laganna sem fjallar um verkefni jafnréttisráðs. 2. tölul. hljóðar svo, með leyfi forseta, þ.e. verkefni jafnréttisráðs eru skv. 2. tölul.:

„Að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna."

Fyrirspurn mín er á þskj. 77 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hefur framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna, verið lögð fram í ríkisstjórn?
2. Hvenær er þess að vænta að ráðherra leggi áætlunina fyrir Alþingi til umræðu?"

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda 4. þm. Reykn. á þskj. 77 vil ég geta þess fyrst að lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, voru staðfest á ríkisráðsfundi þann 28. júní s.l. Það eru því liðnir aðeins fjórir mánuðir frá því að lögin tóku gildi.

Í 13. gr. laganna er kveðið á um skipun jafnréttisráðs. Skv. þeirri grein á jafnréttisráð að annast framkvæmd þessara laga. Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til tveggja ára í senn og skulu þeir skipaðir þannig: Einn skipaður af Hæstarétti, er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félmrh. og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Ég vil geta þess í sambandi við þessa fsp. að þrátt fyrir mikinn eftirrekstur frá hendi félmrn. hefur gengið ákaflega hægt að fá þessa nýju tilnefningu frá þessum aðilum og það stendur þannig í dag að einn aðili, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, er ekki búinn að tilnefna í ráðið en vonandi verður það núna eftir nokkra daga.

Í 15. gr. laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru talin upp verkefni jafnréttisráðs og eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er í 2. tölul. kveðið á um að ráðið skuli vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi og ráðið vinni framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn sem lögð er fyrir félmrh. Í áætlun ráðsins á að kveða á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Í 1. málsgr. 22. gr. þessara laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem er tilefni fsp. hv. þm., segir að félmrh. skuli leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um fyrirhugaðar aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Í 2. málsgr. 22. gr. er tekið fram að við gerð framkvæmdaáætlunar félmrh. skuli höfð hliðsjón af áætlun jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. 15. gr. En sú áætlun liggur ekki fyrir af þeirri ástæðu sem ég hef áður greint frá, að ráðið er ekki enn fullskipað. Af því leiðir að áætlun félmrh. liggur heldur ekki fyrir.

Á þessu stigi máls er að sjálfsögðu ekki hægt fyrir félmrh. að tímasetja nákvæmlega hvenær framkvæmdaáætlun verður lögð fyrir Alþingi. En ég get gefið þá yfirlýsingu að ég mun leggja mjög harða áherslu á að láta hraða þessari framkvæmdaáætlun í samræmi við lögin svo hægt verði að leggja þá áætlun fyrir ríkisstjórn og fyrir Alþingi með eðlilegum hætti eins og stefnt er að með þessum lögum. Ég vona fastlega að svo geti orðið mjög fljótlega því að sú tilnefning, sem þegar er komin í ráðið frá öllum aðilum að undanteknu BSRB, gefur til kynna að þar er mjög starfhæft fólk sem mun ábyggilega ekki liggja á liði sínu að standa að þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Vissulega eru það vonbrigði að heyra að ekki hefur enn tekist að fullskipa í jafnréttisráð og það má furðu vekja að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi ekki fundið fulltrúa til að taka sæti í jafnréttisráði, því að ég er sannfærð um að innan BSRB er um fjölda álitlegra fulltrúa að ræða. En kannske er vafi í huga a.m.k. varaformanns BSRB núverandi um að svo sé eftir því sem fram kom í fréttum þegar hann á sínum tíma taldi að ekki hefði fundist álitlegur kvenfulltrúi til þess að setjast í stjórn BSRB. En ég tek fram að um nægilega marga álitlega kvenfulltrúa er að ræða ef hugsað er að skipa konu í jafnréttisráð af BSRB.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra ýti vel á eftir þessu máli eins og hann reyndar lofaði að hann mundi gera. Það má segja, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, að ekki er langur tími liðinn frá því að samþykkt laganna fór fram hér á Alþingi eða fimm mánuðir, en það er vissulega ekki ráð nema í tíma sé tekið og ástæða er til að fylgja þessu máli eftir, þ.e. framkvæmd laganna, og æskilegt að þessi framkvæmdaáætlun liggi fyrir áður en þessu ári lýkur. Kvennaáratugnum lýkur á árinu 1985. Það er dapurleg staðreynd, svo vægt sé til orða tekið, að á því herrans ári 1985 skuli íslenskar konur búa við slíkt misrétti á vinnumarkaðinum sem raun ber vitni og því verður að vænta þess að hæstv. félmrh. leggi áherslu á að fylgja eftir þeim þáttum laganna, sem fsp. mín fjallar um, þ.e. að leggja fram framkvæmdaáætlunina svo að tækifæri gefist til að fjalla um hana hér á hv. Alþingi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning vil ég geta þess að forusta BSRB taldi rétt að bíða með tilnefningu eftir

landsþingi þeirra og í sambandi við það þing var ákveðið að skipa sérstakt jafnréttisráð eða jafnréttisnefnd á vegum BSRB og sú nefnd átti að gera tillögu um fulltrúa samtakanna í jafnréttisráð. Eftir því sem ég best fylgist með mun það vera um það leyti að komast í höfn að tilnefningin verði tilkynnt og sama dag og það verður gert verður ráðið formlega sett í gang og ég vonast til að fólkið sem þar hefur valist til forustu skilji sitt hlutverk og flýti þeirri áætlun sem hér er talað um og ég efast ekkert um að áhugi er fyrir því að svo verði.

Loðnubræðsla á Reyðarfirði, fsp. 82. mál (þskj. 89). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 89 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„Hvað veldur verkefnaleysi loðnubræðslu á Reyðarfirði meðan löndunarbið er í öðrum höfnum?

Hver er skýring forráðamanna Síldarverksmiðja ríkisins á þessu ástandi?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir úrbótum í þessu efni?"

Þessi fsp. er borin fram að ósk heimamanna og ekki að ófyrirsynju. Í fyrsta lagi spyrja Reyðfirðingar eðlilega hvernig á því geti staðið að jafnhliða tugmilljóna endurbótum á Siglufirði, sem ekki skal dregið úr út af fyrir sig að hafi verið nauðsyn, standi mánuðum saman á einu tæki til bræðslunnar á Reyðarfirði, þ.e. tæki til þurrdælingar loðnunnar.

Hvernig má þetta vera — því að alla vega hamlar almennur fjárskortur ekki þessu fyrirtæki ríkisins? Það sjáum við á þeim risaframkvæmdum sem hafa verið á Siglufirði á þessu ári.

Í öðru lagi spyrja þeir einnig eðlilega hvernig það megi vera að á firði stutt frá, Seyðisfirði, skuli sama fyrirtæki vera búið að bræða loðnu í fleiri vikur, tugþúsundir tonna, en bræðslan á Reyðarfirði hefur allt í allt verið starfrækt í tæpa viku og tekið á móti rúmum 2000 tonnum. Á þetta er bent sérstaklega vegna þess að talað er um fjarlægðir frá miðum í þessu sambandi og þá má kannske geta þess um leið að verksmiðjan á Eskifirði, sem að vísu er í einkaeign, hefur tekið á móti tugþúsundum tonna einnig. Á þessu er rétt og skylt að fá skýringu og í kjölfarið önnur og betri vinnubrögð sem ég treysti engum betur en hæstv. ráðherra að beita sér fyrir. Í kjölfar ákvörðunar um aukinn loðnukvóta, stóraukna veiði, knýr þetta enn frekar á um að eðlileg vinnubrögð verði viðhöfð og þessu ófremdarástandi megi linna.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fsp. þessi er í tveimur liðum. Í fyrri hluta er spurningin: Hver er skýring forráðamanna Síldarverksmiðja ríkisins á því ástandi sem hér er um rætt, og les ég hér upp svar frá Síldarverksmiðjum ríkisins vegna þessa:

"1. Þegar loðna hefur veiðst á sömu slóðum og í haust er mjög sjaldgæft að tekist hafi að fá hráefni til Reyðarfjarðar því fjórar stórar bræðslur á Austfjörðum eru á leiðinni, á Seyðsfirði, Norðfirði og Eskifirði. Og meðan þær ekki fyllast fara skipin ekki lengra en þau þurfa.

2. Hráefni sem borist hefur í tvær næstu bræðslur fyrir norðan verksmiðju SR á Reyðarfirði er nær eingöngu af heima- og eigin skipum ásamt nokkrum sem eru tengd viðkomandi verksmiðjum.

3. Ekkert loðnuskip er gert út frá Reyðarfirði né af Síldarverksmiðjum ríkisins.

4. Í upphafi loðnuvertíðar buðu Síldarverksmiðjur ríkisins loðnuskipum sömu yfirborgun og aðrar verksmiðjur, þ.e. 10% á skiptaverð.

5. Þegar loðnuskip settu löndunarstopp á Siglufjörð og Krossanes í októbermánuði s.l. jókst framboð á Austfjarðahafnir. Þá bárust 2500 tonn af loðnu til Reyðarfjarðar með tveimur skipum. Skipstjóri annars skipsins kvartaði um lélega útkomu og vigtun. Þetta var leiðrétt við útgerð skipsins.

6. Í aprílmánuði s.l. þegar sýnt þótti að fyrirhugaður viðlegukantur fyrir framan verksmiðju SR kæmi ekki fyrir næstu loðnuvertíð var samþykkt á stjórnarfundi hjá SR að koma upp nýjum löndunarbúnaði, þ.e. þurrlöndun, sem notaður yrði þar til breyting yrði á hafnaraðstöðu. Þessi búnaður var pantaður frá Myren í Noregi í maí s.l. og var afgreiðslu lofað í ágúst. Dráttur varð á afgreiðslu og er þessi búnaður nú að koma til landsins 5. nóvember og verður strax tekinn í notkun", þ.e. í dag.

„7. Á síðustu loðnuvertíð var landað 28 þús. tonnum af loðnu á Reyðarfirði og gekk vinnslan vel. Þessari loðnu var landað með dælum veiðiskipanna sjálfra. Engar kvartanir bárust.

F.h. stjórnar SR,
Þorsteinn Gíslason."

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hyggst ráðherra beita sér fyrir úrbótum í þessu efni?

Það er nú svo að Síldarverksmiðjur ríkisins eru ekki undir beinni stjórn sjútvrh. Þær eru í reynd undir stjórn Alþingis því að Alþingi hefur kosið fyrirtæki þessu stjórn. Ég er að sjálfsögðu áhugamaður um það eins og hver annar að hér verði ráðin bót á og hef fyrir allnokkru rætt þessi mál við forráðamenn Síldarverksmiðja ríkisins.

Það er ljóst að mistök hafa orðið því að sá búnaður sem pantaður var var ekki settur upp á þeim tíma sem til stóð og ég ætla ekki að reyna að útskýra það eða taka upp nokkrar varnir fyrir þann atburð, síður en svo. Hér hefur verið um að ræða alvarleg mistök. Auk þess virðist svo sem verksmiðjurnar séu misjafnlega aðgangsharðar í að afla sér hráefnis og má vel vera að þessi verksmiðja hafi ekki verið nægilega aðgangshörð í þeim efnum.

Hitt er svo annað mál að vonandi verður það svo á allra næstu dögum að loðnubræðslurnar fái allar verkefni. Það er mjög mikilvægt fyrir landið í heild. Hins vegar eru veiðarnar mjög vestarlega og um 29 tíma sigling er bæði til Vestmannaeyja og til Seyðisfjarðar. En ég vænti þess að úr þessu muni rætast á næstunni bæði vegna þess búnaðar sem átti að vera kominn upp á staðnum og einnig vegna aukinna loðnuveiða.

Ég tel ekki ástæðu til að fara að blanda inn í þetta mál fjárfestingum fyrirtækisins á Siglufirði. Það hefur verið ákveðið að bæta allar verksmiðjurnar og byggja þær upp. Þær eru allar vanbúnar og byrjað var við verksmiðjuna á Siglufirði. Þeirri uppbyggingu verður haldið áfram eftir því sem efni standa til og ég tel það mál út af fyrir sig vera þessu máli óskylt, en hins vegar er mjög slæmt til þess að vita að ekki skuli hafa orðið af þeim framkvæmdum sem átti að vera búið að koma í framkvæmd.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Heldur þóttu mér nú magrar skýringar hjá þeirri stjórn sem þarna svaraði spurningum hæstv. ráðh. og ber þó svo mikla ábyrgð á þessum málum að hæstv. ráðh. segir að í raun og veru beri hann enga ábyrgð á því heldur þessi stjórn sem svarar svo að miklu leyti út í hött eins og raun bar vitni um.

Það er talað um það t.d. að þegar ljóst hafi verið að viðlegukantur kæmi ekki fyrir framan bræðsluna hafi verið farið í að panta ákveðið tæki, þurrdæluna. Ég sem heimamaður kannast alls ekki við að til hafi staðið nokkurn tíma að þessi viðlegukantur væri byggður á þessu ári, enda ekkert fjármagn til þess, og skil ekki hvaðan stjórn Síldarverksmiðja ríkisins er komin þessi speki.

Ég er ekki að átelja endurbæturnar á Siglufirði. Það tók ég skýrt fram. En það má heita með miklum undrum þegar svo mikið fjármagn er til ráðstöfunar eins og þar er að ekki skuli vera hægt að fá á eðlilegum tíma það eina tæki sem vantaði á Reyðarfjörð. Það er umhugsunarefni svo sannarlega að það skuli ekki hafa verið hægt.

Ég bendi á að vitanlega má segja að Reyðarfjörður liggi ekki vel við miðunum sem stendur. Ég get tekið undir það. En þá er kannske komið að því sem hæstv. ráðherra lét liggja að hér í orðum sínum að það sé ekki gengið nógu vel fram í að afla hráefnis og þá ábyrgð ætla ég stjórn Síldarverksmiðjanna að axla, fyrst og síðast. Það er greinilegt að þær leggja ekki, eða stjórn SR þar af leiðandi ef má taka þessi orð bókstaflega, mikla áherslu á að afla hráefnis til þessa staðar. Og hann skal því skv. þessu mæta afgangi; það er alveg ljóst.

Það hefur verið mjög í umræðunni að hálfopinbert löndunarbann flotans sé komið á í raun og veru — það hefur komið fram í fjölmiðlum m.a. — vegna mistaka og alvarlegs ágreinings um loðnumagn sem hæstv. ráðherra segir að leiðrétt hafi verið. Ekki dreg ég úr því að það hafi haft sín áhrif nú þegar löndunarbið hefur verið, þegar margsinnis hefur verið sagt frá því að um löndunarbið hafi verið að ræða annars staðar. Hér kemur auðvitað inn í ýmislegt annað, t.d. yfirborganir einstakra aðila. Það eru viðkvæm mál sem ég ætla ekki að fara út í hér, en það er rétt sem hæstv. ráðherra kom inn á að Síldarverksmiðjur ríkisins töldu sig verða að greiða hærra fyrir loðnuna heldur en verðákvörðun segir til um og það hefði því átt að koma verksmiðjunni á Reyðarfirði jafnt til góða og öðrum verksmiðjum Síldarverksmiðja ríkisins.

Vel getur verið að það eitt geti bjargað verksmiðjunni á Reyðarfirði að hún fái hráefni, að nógu mikið verði veitt af loðnu og nógu fljótt því að annað virðist ekki í augsýn frá þeim sem þar eiga að stjórna málum.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 5. nóv., að loknum 11. fundi.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks, þáltill. 15. mál (þskj. 15). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Skýrsla fjármálaráðherra um aukafjárveitingar, 23. mál (þskj. 93). — Ein umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Á þskj. 23 kom fram ósk um skýrslu frá fjmrh. um veittar aukafjárveitingar á tímabilinu 16. júlí til 15. okt. 1985. Óskin er borin fram af hv. 10. landsk. þm. ásamt fleiri þm. Alþb. Í beiðninni segir, með leyfi forseta:

„Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþm. eftir því að fjmrh. flytji Alþingi skýrslu um aukafjárveitingar frá 15. júlí s.l. sem ekki eiga rætur að rekja til breytinga á forsendum fjárlaga. Í skýrslunni verði framlögin sundurliðuð og tekið fram hverjum framlögin voru veitt og til hvaða verkefna.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi Sþ. fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þm."

Á þskj. 93 er birt skýrsla sem dreift var á Alþingi fyrir skömmu. Í skýrslunni er ítarleg sundurliðun á aukafjárveitingum á umræddu tímabili og þær jafnframt flokkaðar eftir ráðuneytum og eftir eðli máls. Óþarfi er að fara mörgum orðum þar um til frekari skýringa. Af þessari ástæðu mun ég aðeins draga fram meginlínur í þessari munnlegu greinargerð fyrir skýrslunni.

Veittar aukafjárveitingar á umræddu tímabili námu alls 214 millj. kr. Að því er varðar flokkun aukafjárveitinga má til sanns vegar færa að greining eftir ráðuneytum segir ekki alla sögu. Ástæðan er m.a. sú að útgjöld vegna kjarasamninga eru af tæknilegum ástæðum til að mynda öll talin til aukinna útgjalda fjmrn.

Flokkun aukafjárveitinga með hliðsjón af orsök gefur mun fyllri skýringu á afgreiðslu þeirra. Allstóran hluta veittra aukafjárveitinga má rekja til lagafyrirmæla eða um 60 millj. kr. Þar af eru t.d. 50 millj. kr. framlag til áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs vegna fæðispeninga sjómanna, sbr. lög nr. 12/1985. Aukafjárveitingar vegna ákvæða samninga, sem ríkið er bundið af, nema 18 millj. kr. Þar af má t.d. nefna tæpar 9 millj. kr. vegna bóta fyrir niðurskurð á riðuveiku fé og 5 millj. kr. vegna framkvæmda við mötuneyti að Reykholti.

Veittar aukafjárveitingar til skuldagreiðslna námu 31 millj. kr. sem má rekja að mestu til þyrlukaupa Landhelgisgæslunnar og kaupa á kirkjuhúsi við Suðurgötu. Hér er um að ræða flokk aukafjárveitinga sem mikilvægt væri að geta dregið úr á markvissan hátt. Þá námu aukafjárveitingar vegna ófyrirséðra útgjalda 51 millj. kr. Hér er um fjölmarga liði að ræða og má þar nefna 10 millj. kr. vegna rekstrarerfiðleika Bifreiðaeftirlitsins en aðrar aukafjárveitingar af þessu tagi námu alls 54 millj. kr.

Eins og ég hef þegar sagt sé ég ekki ástæðu til að fylgja þessari skýrslu úr hlaði með langri munnlegri

greinargerð. Hins vegar vil ég taka fram að ég tel þarft verk að athugað verði hvernig haga beri samvinnu framkvæmdavalds og löggjafarvalds í þessum efnum. Það er mitt álit að ógerlegt sé að svipta framkvæmdavaldið allri heimild til fjármálastjórnar og afskipta innan fjárlagaársins. Þar koma til margs konar ófyrirséðar aðstæður. Í því tilliti eru almennar verðlags- og launabreytingar veigamestar. Hitt skiptir vitaskuld meginmáli að með þetta vald sé farið þannig að það raski ekki þeirri stefnumörkun sem fjárveitingavaldið, Alþingi sjálft, hefur ákveðið.

Ég hygg að í tíð flestra fjármálaráðherra hafi komið upp álitaefni að þessu leyti sem taka hefur þurft ákvarðanir um. Í sumum tilvikum er óhjákvæmilegt að taka ákvarðanir með skjótum hætti en í annan tíma gefst ráðrúm til íhugunar og frekara samráðs. Til athugunar er til að mynda hvernig og í hversu ríkum mæli á að hafa samráð við fjvn. Alþingis vegna mála af þessu tagi. Því fylgja auðvitað bæði réttindi og ábyrgð. Birting upplýsinga um aukafjárveitingar er sjálfsögð og eðlileg því að í fjárlagafrv., sem lagt var fram í byrjun þings og unnið var af fyrrv. fjmrh., er gerð grein fyrir aukafjárveitingum frá 1. jan. 1985 til 30. sept. Í þessari skýrslu er því í öllum aðalatriðum um að ræða upplýsingar sem áður voru fram komnar.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir umbeðna skýrslu sem við þm. Alþb. fórum fram á að gerð yrði 14. okt. s.l. Það liggur fyrir að aukafjárveitingar hafa verið á árinu 1 089 919 kr. sem er ærið há tala svo að ekki sé meira sagt.

Ástæðan fyrir því að spurt var sérstaklega um tímabilið frá 16. júlí til 15. okt. var sú að spurnir höfðu borist um óeðlilegan fjölda aukafjárveitinga á þessu tímabili, enda kemur í ljós að þær hafa verið alls 213 971 000 kr. Þetta er allhá tala og tala sem við hv. þm. verðum oft að sætta okkur við að sé ansi miklu lægri þegar um er að ræða ýmis þjóðþrifamál.

Í skýrslu hæstv. fjmrh. er tíundað lið fyrir lið í hvað þessir peningar hafa farið. Margt af því eru að sjálfsögðu hin mætustu málefni og ekkert út af fyrir sig við því að segja að slík málefni séu styrkt. Enda er það ekki aðalatriði í þeim athugasemdum sem ég mun hér gera, heldur það að fjvn. situr svo til allt árið við að reyna að deila út því fé sem til skiptanna er í þjóðfélagi okkar, verður að neita ótal beiðnum um fjármuni og oft er það áreiðanlega þvert um geð fyrir hv. þm. sem þar sitja og síðan flytja hv. þm. hér á hinu háa Alþingi hvers kyns brtt. sem er umsvifalaust hafnað. Ég er alveg sannfærð um að það er stundum gert gegn betri vitund eða vegna þess að peningarnir einfaldlega eru ekki til.

Það hlýtur því að vekja þó nokkra athygli þegar hægt er að finna skyndilega á þremur mánuðum 213 971 000 kr. sem, ég leyfi mér að segja, er skipt af nokkru handahófi og að því er virðist skv. beiðnum hinna ýmsu aðila. Við það hef ég það að athuga að það hlýtur að skiptast nokkuð óréttlátt milli manna því að það er því einu háð að menn hafi farið í fjmrn. og beðið um styrk til hinna ýmsu málefna og verkefna.

Enn þá meiri athygli vekur þó að þegar litið er á þessar tölur reiknast mér til að 44 882 000 kr. hafi farið út úr fjmrn. án þess að nokkur fagráðherra hefði um þær beðið. Það hlýtur að vera dálítið vandræðalegt fyrir viðkomandi ráðherra, sem eflaust hafa hvað eftir annað orðið að neita þessum beiðnum, þegar síðan er hægt, án þess að nokkurt samráð sé við viðkomandi ráðherra haft, að greiða þessa peninga út.

Ég vil taka hér eitt lítið dæmi. Annars geta menn að sjálfsögðu lesið þetta sjálfir. Hér er veitt 1 millj. kr. til útgáfu þriggja ritverka á vegum stofnunar Árna Magnússonar. Ekki skal ég telja þessa milljón eftir þeirri mætu stofnun. En ég hygg að hæstv. fyrrv. menntmrh. hljóti að verða dálítið undrandi þegar slík upphæð er umsvifalaust greidd. Ég efast ekki um að hún hefði gjarnan viljað hafa þessa upphæð inni í fjárlögum. Svona mætti lengi telja.

Mergurinn málsins er sá að við erum oft, hv. þm., að flytja mál sem kosta peninga og ekki nærri eins mikla peninga eins og þetta. Ég vil minna menn á að ég flutti frv. til l. um daginn þess efnis að mæðralaun yrðu greidd til 18 ára aldurs í staðinn fyrir 16 ára aldur. Slíkt kostar 30 millj. kr. á ári. Ég hefði mjög gjarnan viljað sjá þessar 48 millj. kr. fara í t.d. málefni eins og það. Vitaskuld má endalaust deila um hvaða verkefni eru verðugri en önnur í landinu, en fá eru trúlega verðugri en að tryggja afkomu barna í landinu. Ég get vel ímyndað mér að flestir hv. þm. hefðu viljað samþykkja það hér á hinu háa Alþingi að greiða 1,5 millj. kr. í styrk til Ólympíunefndar Íslands. Ég býst við að við hefðum næstum því öll orðið að hafna þessu vegna þess að okkur fyndist þetta ekki sérstakt forgangsverkefni. Þess vegna hlýtur það að koma dálítið annarlega fyrir þegar hægt er að sækja þetta upp í fjmrn. án þess að nokkur hafi um það fjallað.

Þetta er langur og mikill listi og ástæðulaust að vera að tíunda hann, en meginefni málsins er að það liggur við að það sé niðurlægjandi fyrir hv. alþm. að sjá upphæðir eins og þessar sem greiddar eru án alls samráðs við þá. Vissulega skal ég taka undir að hæstv. fjmrh. verður að hafa eitthvert svigrúm til að taka ákvörðun um fjármuni. En ég verð að segja eins og er: Fyrr má nú vera!

Ég held að það hljóti að vera ankannalegt að eftir að hv. fjvn. hefur farið vandlega ofan í allar greiðslur til skólabygginga ár hvert skuli vera veitt fé til skólabygginga fram hjá þeirri áætlun sem fyrir liggur og svo verulega að um umtalsverðar upphæðir er að ræða. Þannig mætti lengi telja. Það er ekki sýnilegt að hæstv. menntmrh. hafi farið fram á neinar breytingar að þessu leyti. Ég held þess vegna að þessar fjárveitingar hljóti að hafa verið töluvert tilviljanakenndar og það sé full ástæða fyrir hv. þingheim að gera nokkuð strangari kröfur til þess að fjárlögum sé fylgt sem mest má vera. Vitaskuld verðum við að sætta okkur við að breytingar á kjarasamningum og annað slíkt veldur óhjákvæmilega aukafjárveitingum, en það hlýtur að vera heldur óviðeigandi að alls kyns aðilar í þjóðfélaginu eigi beina leið að ráðuneytinu sjálfu og fari þaðan út með stórfé, hversu góð mál sem þar annars eru á ferðinni. Það hlýtur að vera verkefni hins háa Alþingis og fjvn. að taka ákvörðun um í hvað þeir fjármunir, sem til skiptanna eru, fara.

Ég vil að lokum þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýrsluna sem ég tel að sé vel og heiðarlega unnin. Þó er erfitt að sjá, og má vera að ég hafi ekki kunnað að leita að þeim liðum, en ég sakna ýmissa stórra upphæða, sem eru einhvers staðar annars staðar í dálkum fjmrn., sem ég hef ekki haft tíma til að gera leit að. Nægir þá að nefna

40 millj. sem fóru í að kaupa hús fyrir Áfengisverslun ríkisins í nýjum miðbæ. Slíkt er á einhverjum eignaskiptareikningum eða jafnvel í reikningum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sjálfrar, ég veit það ekki, en vissulega eru það fjárveitingar líka sem koma einum þegn í landinu betur en ýmsum öðrum. Ég hygg að þegar allt kemur til alls geti fleira heitið aukafjárveitingar en það sem hér er talið, en ég hygg að hæstv. ráðherra hafi gert sem hann gat og þakka fyrir það.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það eru í rauninni tvö plögg sem þm. hafa á borðum sínum varðandi þessar aukafjárveitingar. Annars vegar er sú skýrsla sem hér er til umræðu og hins vegar svar við fyrirspurn frá mér. Munurinn er einungis í tíma, þ.e. að fyrirspurnin tekur til aukafjárveitinga á öllu árinu, en skýrsla sú sem hér er til umræðu tekur til aukafjárveitinga frá 15. júlí til 10. október. Skýringin á þessum mismun er sú að ég lagði inn mína fyrirspurn áður en ljóst varð að það mundi fylgja fjárlagafrv. yfirlit yfir aukafjárveitingar fram til þess tíma sem skýrslan nær til. En það er ekki meginatriði málsins. Mér telst reyndar svo til að hér sé um 201 aukafjárveitingu að ræða á þeim níu og hálfa mánuði sem liðinn var ársins hinn 15. okt. Að jafnaði voru þetta þá 17 aukafjárveitingar á mánuði þangað til í október, en þá urðu þær 45 á hálfum mánuði eða sem samsvaraði því að þær hefðu getað orðið 90 ef mánuðurinn hefði orðið heill. Það var því nokkuð vel að verið þarna seinustu dagana.

Það kemur líka mjög glöggt fram af þessu að það liggja ekki fyrir skriflegar óskir frá ráðherrunum um nema hluta af þeim fjárveitingum sem hér um ræðir og það virðist vera að 60 eða þar um bil hafi verið veittar án þess að viðkomandi fagráðherra hafi óskað eftir því. Það er tæpur þriðjungur sem er af því tagi.

Í þessu yfirliti kemur fram að mjög margar fjárveitingar eru til ýmiss konar líknarfélaga, klúbba og félagasamtaka, áhugasamtaka, og sjálfsagt eru flest þessi félög að fást við mjög áhugaverð verkefni, en menn hljóta að spyrja hvað hafi ráðið því að einmitt þessi félög og þessir klúbbar urðu fyrir valinu. Enn fremur kemur fram að það er veitt til ýmiss konar bygginga, eins og skólabygginga, án þess að fagráðherra hafi um það vitað. Þá kemur fram hvað snertir m.a. kjördæmi formanns fjvn., sem ég þykist vita að hafi gætt ýtrustu aðhaldssemi að því er varðaði fjárveitingar í eigið kjördæmi, Sauðárkrók og Siglufjörð, að ráðherra hefur ekki talið ástæðu til að fara eftir vilja Alþingis í því efni og veitt ríflegar aukafjárveitingar til einmitt skólabygginganna sem ég gerði að umtalsefni og ég veit reyndar að höfðu verið skornar niður í fjvn. Þetta gildir reyndar um fleiri skóla, t.d. Seljaskóla í Reykjavík. Án þess að fagráðherra hafi vitað það eða óskað eftir því skriflega hefur verið veitt sérstaklega til hans aukalega álitlegri upphæð, 2,5 millj. kr.

Eins og ég sagði kennir hér ýmissa grasa, en það er einkennandi að ýmis samtök fá halla frá fyrri árum greiddan. Ég veit ekki hvaða félagasamtök það eru sem mega gera ráð fyrir því, ef þau fara upp í fjmrn. og það reynist hafa verið halli á búskapnum hjá þeim, að þá verði sá halli jafnaður af hálfu fjmrn. Hér er um ýmislegt að ræða. Listahátíð í Reykjavík fær 1658 þús. kr. svo dæmi sé tekið. Þar er halli sem hefur verið jafnaður með sérstakri aukafjárveitingu úr ríkissjóði. Þetta kemur fram víðar. Körfugerð Blindrafélagsins, ágætisverkefni, er rekin með halla 1984, verndaður vinnustaður, Bjarg, er rekinn með halla 1983, Sjálfsbjörg á Akureyri er með halla 1983 og 1984, endurhæfingarstöð Þroskahjálpar er með halla 1984. Þetta eru tölur á bilinu 300 þús. og upp í 1,5 millj. hverju tilviki. Þetta eru þau dæmi sem ég tek eftir af þessu tagi við tiltölulega fljótan yfirlestur. Eins og ég sagði eru þetta ágæt verkefni. Ég hugsa að hjarta flestra þm. slái með ýmsu því starfi sem þarna er unnið. En það eru bara svo mörg félagasamtökin í landinu sem sjálfsagt eru að sinna ekki síður áhugaverðum verkefnum.

Það eru ýmsar aðrar fjárveitingar sem maður hlýtur að spyrja hvers vegna svo brýna nauðsyn bæri til að verja til fé og hvers vegna aukafjárveiting skuli vera sú aðferð sem notuð er. Hér er Friðarhreyfing íslenskra kvenna, hér er Pólýfónkórinn, hér er Úlfljótsvatn, hér er Langholtssöfnuður, hér er MFA, hér er kirkjuviðgerð, hér er heimsframboð fyrir JC, hér eru rekstrarerfiðleikar hjá Vernd, hér er styrkur til ljóðahátíðar, styrkur til Frjálsíþróttasambandsins og vel þekkt upphæð vegna Vesturgötu 3 upp á 2 millj. kr. Hér er Hið íslenska bókmenntafélag, hér er stórstúkan og Hallgrímskirkja, ólympíunefnd og síðan er ÍSÍ, Fram og KR af íþróttafélögum. Kannske eru íþróttafélögin fleiri. M.a. er HSÍ hér vegna þátttöku í heimsmeistaramóti og Bridgesamband Íslands hefur tekið þátt í Evrópumóti. Enn fremur er sérstök fjárveiting til dómara til að fara í kynnisför, væntanlega til útlanda. Ekki hafa þeir verið að kynna sér dómsmál innanlands, trúi ég. Þetta eru dæmi.

Alþingi hefur fjárveitingavaldið. Alþm. setja sig í þær stellingar, venjulega að kröfu ríkisstjórnar, að sýna nú fyllsta aðhald, að skera niður. Við erum búin að hlusta á það, eiginlega frá því á miðju sumri, hvernig þáv. fjmrh. var byrjaður að munda hnífinn í niðurskurði, fjvn. situr nú að störfum í niðurskurði, það er sérstök nefnd á vegum stjórnarflokkanna í niðurskurði, sem í sitja alþm., og ráðherrarnir hafa hver um sig fengið það verkefni að skera niður. En síðan gerist það með aukafjárveitingum að hlutunum er lyft. Hvers virði er þá Alþingi? Til hvers er þá Alþingi? Getum við af þessari skýrslu séð að það hafi verið einhver sérstök, brýn og bráð nauðsyn sem réð hverri einstakri úthlutun þannig að Alþingi gæti ekki einu sinni verið viðræðuhæft um það eða fjvn., að það hafi verið brýn og bráð nauðsyn sem ekki var kannske ástæða til að viðkomandi fagráðherrar vissu um eða formaður fjvn.? Ég fæ ekki séð það. Ég get ekki séð annað en að þessi úthlutun sé ákaflega tilviljanakennd. Ef menn vilja vera með styrki af ýmsu því tagi sem hér er talið upp á það að vera öllum ljóst í þjóðfélaginu að slíkir styrkir séu veittir, að halli sé jafnaður þannig að menn geti gert upp hug sinn um það að sú úthlutun sé þá skynsamlega unnin og réttlátlega unnin. Þetta plagg eins og það liggur fyrir bendir til að tilviljun ráði, að kylfa ráði kasti í ýmsum tilvikum.

Ég veit að aukafjárveitingar hafa tíðkast um þó nokkurt skeið og mér er vitanlega ljóst að þegar óhjákvæmileg og lögbundin útgjöld, geta verið samningsbundin launahækkun, geta verið önnur lögbundin útgjöld, eiga sér stað verði að veita aukafjárveitingu fyrir því. En þá er Alþingi í raun búið að marka stefnuna vegna þess að það hefur sett þau lög sem þar

um ræðir og það hefur gert ráð fyrir þeim mannskap á ákveðnum launum sem í fjárlagafrv. eru og ef launin hafa breyst hefur ekki verið farið út fyrir ákvörðun Alþingis. En þegar tilviljun er farin að ráða úthlutun af þessu tagi og þegar tilviljunin er orðin svo rík að seinustu ráðherradaga einhvers tiltekins ráðherra verði útstreymið ekki þrefalt heldur sexfalt meira en í venjulegum mánuðum er eitthvað meira en lítið að.

Ég tel að Alþingi geti ekki unað slíkum vinnubrögðum. Ég veit að aukafjárveitingarnar eru allar meira og minna lögleysa, en þær eru helgaðar af hefð í vissum greinum. Hér hefur verið farið langt út fyrir það sem getur talist helgað af hefð, eins og lögfræðingarnir segja. Ég tel að það sé nauðsynlegt að Alþingi taki þetta mál fyrir alveg sérstaklega, hvernig með aukafjárveitingavaldið skuli fara, breyti þá þeim lögum sem það varða til þess að hafa ákvæðin skýr og skilmerkileg. Ég ætla að leyfa mér að skilja hæstv. fjmrh. þannig að hann hafi verið að tala í þá veru og fyrir því að þannig yrði að málum staðið þegar hann talaði um að þetta mál væri vandmeðfarið og að ekki mætti raska stefnu fjárlagafrv. Ég held að hann hafi líka gert að umræðuefni að það þyrftu að vera nokkuð skýr mörk í þessum efnum. Ég tel að það sé nauðsynlegt að Alþingi taki þetta mál upp.

Ég ætla ekki að rekja þessar fjárveitingar í öllu fleiri greinum þó að ýmislegt reki á fjörurnar sem mann undrar, en ég skal taka eitt dæmi til viðbótar, kartöfluverksmiðju í Þykkvabæ. Hvers vegna aukafjárveitingu til hennar? Er ekki einhver kartöfluverksmiðja fyrir norðan líka? Fær hún þá kannske aukafjárveitingu á því sem lifir ársins? Hvað er hér á ferðinni? Ég rek líka augun í það að nýr húsaleigusamningur vegna Þroskaþjálfaskóla Íslands á að kosta 350 þús. kr. Ég veit ekki betur til en að Þroskaþjálfaskóli Íslands hafi ekki skipt um húsnæði og sé í nákvæmlega sama húsnæði og áður. Þegar ég kynnti mér málið síðast var það síst lægri húsaleiga sem var greidd fyrir það húsnæði en hliðstætt húsnæði á sömu slóðum og þess vegna engin ástæða, að því að maður getur séð, til að hækka þá húsaleigu sérstaklega nú á útmánuðum og veita til þess aukafjárveitingu. En ég skal ekki rekja þessi dæmi frekar.

Aðalatriðið er að Alþingi getur í fyrsta lagi ekki látið bjóða sér að það sitji hér í einhverju tilteknu aðhaldshlutverki, skeri og skeri, en síðan sé aukafjárveitingum dreift um víðan völl með tiltölulega tilviljanakenndum hætti og þannig að það sé ekki tryggt að allir þeir sem að ágætum málum starfa og menn vildu gjarnan umbuna sitji ekki við sama borð, að það sé tryggt bærilegt réttlæti í úthlutun peninganna. Þetta tvennt verður að gilda. Þess vegna endurtek ég að sú skýrsla sem hér liggur fyrir og það svar við þeirri fyrirspurn sem ég hef lagt fram á að vera tilefni til þess að skýrar reglur verði settar vegna þess að vitaskuld þarf að vera heimild í samræmi við stefnu frv. til að gefa út aukafjárveitingar, en umfram það hefur Alþingi í rauninni ekki afsalað sér neinu valdi og það er meira og minna tekið og helgað af hefð. Um það hvernig með þetta skuli farið eiga að vera skýrar reglur og það er öllum fyrir bestu. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. fjmrh., og reyndar hæstv. fyrrv. fjmrh., hljóti að vera sammála um það og sammála mér um það að um þetta eigi að vera skýr ákvæði. Svo oft hefur hæstv. fyrrv. fjmrh. gert að umtalsefni hversu óæskilegt væri að vera með aukafjárveitingar og látið okkur heyra það hér á þinginu. Á sama hátt tel ég að hæstv. núv. fjmrh. hafi sýnt á því skilning að um þetta þurfi að vera skýrar reglur.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Það er virkilegt umhugsunarefni fyrir hv. Alþingi að lesa þau plögg sem hér liggja fyrir og frétta úr dagblöðum til hvers hæstv. fjmrh. hefur efni á að veita fjármagni og til hvers ekki. Það er líka umhugsunarefni til hvers verið er að samþykkja hér á hæstv. Alþingi skerðingarákvæði sem nefnd eru „þrátt fyrir ákvæði laga" og fylgja yfirleitt á hverju ári lánsfjárlögum. Á hverju ári er það samþykkt þar. En um leið og þau eru samþykkt koma aukafjárveitingar, 10 millj. hér og 10 millj. þar. Og hver hefur ákveðið þessar aukafjárveitingar? Jú, það er fjmrh. Jafnvel hefur það í sumum tilfellum verið kynnt fyrir fjvn. en í sumum tilfellum ekki.

Í þessu sambandi langar mig til að nefna t.d. Kvikmyndasjóð. Það var mikið rætt um það á síðasta þingi að skert var framlag til Kvikmyndasjóðs, en síðan komu 10 millj. þar og þá var því máli bjargað en ekki samþykkt af hæstv. Alþingi. Upp á síðkastið höfum við séð líka framlög til hlutafélaga. Maður veltir því fyrir sér hvern verið sé að styrkja í því sambandi. Ekki eru það félagasamtök.

Ég vil nefna hér t.d. pökkunarverksmiðju í Þykkvabænum. Þar fór heil milljón. Hvern er verið að styrkja? Jú, þá einstaklinga sem eiga þessa pökkunarverksmiðju. Ég er alls ekki að mæla því á mót að það þurfi að styrkja iðnað, en það á þá að vera í formi þess að fella niður söluskatt, aðflutningsgjöld eða lögfesta einhver þau ákvæði sem ganga yfir alla en ekki á að styrkja beint hlutafélög þar sem hluthafarnir hljóta á endanum að vera þeir sem hagnast.

Sama má segja um kvennahús. Ég efast ekki um að hæstv. Alþingi hefði samþykkt að veita einhvern styrk til kvennahúss eða einhverrar starfsemi sem þar ætti að fara fram. En 2 millj. til kvennahúss? Það er virkilega spurning. Hvers vegna á að styrkja það hlutafélag sem þar stendur að baki?

Fleira má til taka. Ég gerði það að gamni mínu að taka hérna saman frá 1. til 15. október hvað hefði farið til íþróttamála. Það eru rúmar 6 millj. Í fjvn. er svo verið að fara fram á 2, 3, 4 eða 5 millj. til að ljúka við byggingu skóla fyrir börn okkar. Því miður verður að segja að það er ekki bjart fram undan því það eru svo fáar milljónir ætlaðar til slíkra framkvæmda á næsta ári. En á sama tíma er hægt að veita 6 millj. til ýmissa íþróttamála. Þar eru Frjálsíþróttasambandið, ÍSÍ, Fram, ólympíunefndin og Knattspyrnufélag Reykjavíkur. Þetta eru þeir útvöldu þetta árið í íþróttamálunum.

Ég vil líka benda á að þessar aukafjárveitingar eru ógreiddar. Það er eftir að hækka skatta til að mæta þessum útgjöldum. Það er bara verið að stækka það fjármálagat sem fyrir er. Og það er engin ábyrgð að baki þessara ákvarðana, ekki nokkur, því að í framtíðinni eigum við eftir að innheimta skatta til að fylla upp í það fjárlagagat sem við stöndum nú frammi fyrir og var talið nógu stórt í upphafi sumars og á liðnu sumri þó að ekki væri bætt um betur. Það er spurning fyrir okkur hv. alþm. til að velta fyrir okkur hvað við erum yfirleitt að gera með að samþykkja fjárlög ef þessu heldur svona áfram. Til hvers sitjum við yfir fjárlagafrv. og deilum niður milljón hér og milljón þar eða 10 milljónum hér og 10 milljónum þar? Við höfum ekki hugmynd um,

þegar búið er að samþykkja þessi fjárlög, hvaða upphæðir endanlega fara til framkvæmda. Við höfum ekkert yfir því að segja, ef marka má það sem skeð hefur þetta árið, ekki nokkurn skapaðan hlut, ef fjmrh. getur í krafti síns embættis leyft sér að skrifa út, ekki tugi milljóna heldur milljarð, hátt í það, því þetta er 1 089 919 000 kr. fram að 15. október, án þess að þetta hafi verið samþykkt á Alþingi, þrátt fyrir að haft hafi verið samráð við fjvn. um hluta af þessu, og hluti af þessu er líka vegna launahækkana og því geri ég mér fulla grein fyrir og hefði örugglega verið hægt að samþykkja það á þinginu og hefði enginn rétt upp hendi á móti því.

Hér er verið að auka við útflutningsbætur sem var ákveðið að skerða en ekki hægt að standa við. Þó var ákveðið á Alþingi að þær yrðu skertar. Þar er um 40 millj. að ræða. Niðurgreiðsla á rafhitun er 51 millj. Síðan eru Ríkisspítalarnir með 40 millj. og Bifreiðaeftirlit ríkisins með 10 millj. Það fer kannske í leigu á því stóra húsi sem stendur ónotað, er notað sem geymsla. Ekki hef ég heyrt um í hvað þessum 10 millj. hefur verið varið. Kirkjuhús við Suðurgötu hef ég aldrei heyrt minnst á í fjvn. Ég hef ekki hugmynd um hvers vegna þetta kirkjuhús er styrkt upp á 10 millj. og rúmlega það. Þetta eru örfá dæmi sem ég tek af handahófi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra. Það getur, eins og hér hefur komið fram áður, hver og einn flett þessu plaggi og séð hvaða tölur það hefur að geyma. En það eru líka takmarkaðar upplýsingar sem koma fram í þessu plaggi varðandi þær ákvarðanir sem liggja að baki þessara talna.

Það er virkilega kominn tími til að hv. þm. staldri við og hugsi sitt mál. Á að halda þessu áfram, á að ganga svo á virðingu Alþingis að ráðherrar, hver og einn fjármálaráðherra geti skrifað út úr tómu tékkhefti og ætlast til þess að skattar verði sífellt hækkaðir á þegnum þessa lands og fjármálagötin stækkuð?

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, og reyndar hefur það margkomið fram hjá mér líka, á þeim tíma sem ég gegndi embætti fjmrh., að það er alveg nauðsynlegt að fjmrh. hafi ekki þá kvöð á herðum, og þá heimild eða það vald, að veita þær aukafjárveitingar sem fjármálaráðherrar hafa í fortíðinni þurft að veita.

Ég vil líka taka það fram að ég er sammála þeim sem hér hafa talað um að Alþingi eigi að vinna fjárlögin og eigi að vinna fjárveitingar almennt miklu betur en það gerir. Ég vil líka taka það fram að það verður að virka í báðar áttir. Ég held að enginn fjmrh. geri það að gamni sínu að fara með þá heimild sem aukafjárveitingar eru. Ekki vegna þess að Alþingi hafi með lögum veitt honum þetta, heldur Alþingi með hefð, með hefð, gert honum þá kvöð að þurfa að gegna því. Hitt er svo annað mál að það er ýmislegt annað sem Alþingi hefur líka gert með opnum augum, það er að samþykkja útgjöldin svo langt, langt umfram tekjumöguleika ríkisins að þjóðfélagið stendur ekki undir því. Er ég þá ekki með erlendar lántökur í huga, því flestar af þeim eru í arðbær fyrirtæki, þó að sjálfsögðu sé hægt að deila hart á sumt af því sem gert hefur verið í erlendum lántökum.

En ég vil taka það líka fram að aldrei fyrr, aldrei fyrr hefur nokkur fjmrh. lagt fram opinberlega lista yfir hverja einustu gjörð sína í peningamálum, fyrr en nú, aldrei. Það er kannske þess vegna sem þetta er líklega í fyrsta skipti sem það liggur fyrir prentað í skjölum Alþingis, tilefni fyrir þingheim allan til þess að ræða með rökum gerðir fjármálaráðherra. Og það er ekki ein einasta, ekki ein einasta gjörð fjmrh., Alberts Guðmundssonar, sem hann treystir sér ekki til þess að verja. Það kom, að mér fannst, afskaplega ljóst fram hjá hv. 3. þm. Reykn. að hann skilur þetta. Og hann skilur að þeir sem hafa fengið fjárveitingar hefðu líklega fengið þær, vegna þess að hann vitnaði til hjartalags þm. og taldi þar upp nokkur atriði sem ekki væri kannske hægt með góðu móti að neita. Ég er honum sammála. En það eru ýmis atriði hér í þessum lista sem að sjálfsögðu eru bundin við einstaklinginn sem gegnir embætti fjmrh. hverju sinni. Það er eflaust ýmislegt á þessum lista yfir aukafjárveitingar sem flestir þm., hefðu þeir gegnt embætti fjmrh. þann tíma sem ég gerði það, hefðu ekki samþykkt. Og það hefði þá komið annar listi, ef sá fjmrh. hefði unnið á sama hátt og ég gerði, að gera þann lista opinberan, til umræðu á Alþingi, vegna þess að ég held að það séu rétt vinnubrögð, og ég er nærri viss um að þessum vinnubrögðum verður ekki hætt. Hér eftir verða allir fjmrh. að leggja fram fjárlög eins skýr og þannig úr garði gerð að allir þm. skilji og viti hvað um er rætt.

Hv. 3. þm. Reykv. talar um miklar aukafjárveitingar síðustu daga míns tímabils í embætti fjmrh. Það er ekkert óeðlilegt. Það er ekkert óeðlilegt við það að ráðherra, fráfarandi ráðherra hverju sinni, við hvaða kringumstæður sem það er að hann fer frá, reyni að klára óafgreidd mál. Ég er sannfærður um það að allir ráðherrar vilja ganga hreint til verks og skila sínum eftirmanni, í hvaða pólitískum flokki sem þeir eru, eins hreinu borði og nokkur leið er. Það er ekki víst að allir menn afgreiði mál á sama hátt eða með sama hugarfari.

Hv. þm. talar um að ⅓ af þeim aukafjárveitingum sem ég hafði veitt hafi verið án beiðni frá ráðherrum. Nú er það svo að oft koma beiðnir frá stofnunum og fyrirtækjum við gerð fjárlaga sem fjmrh. og fjárveitinganefnd hafna. Síðan líður ákveðinn tími og þá kemur kannske í ljós að sá niðurskurður hafi verið of mikill. Einstakar stofnanir og fyrirtæki, einstaka skólar, sem hluti af stærra kerfi, eru komnir í þrot af ýmsum ástæðum. Það er vitnað hér í einn skóla úti á landi, sem var tekinn út öðrum fremur. Það var vegna þess að sá skóli stóð frammi fyrir þeirri staðreynd að það var verið að loka fyrir hita og rafmagn hjá honum.

Það eru skýringar hér sem ég skal reyna að gefa þeim sem vilja við einstaka liði, en það er allt of langt mál að fara í hvern lið fyrir sig. Það er talað um klúbba og félög. Það er alveg rétt. Og af hverju þessir, en ekki einhverjir aðrir? Það er tekinn fyrir Lionsklúbbur. Það er vegna þess að þessi Lionsklúbbur var með ákveðna líknarstarfsemi í huga, eða styrkveitingar til líknarstarfsemi, og hafði þar með ákveðinn kostnað til þess opinbera sem ég hafði ekki heimild til lögum skv. að fella niður. En það var fordæmi fyrir því frá öðrum ráðherrum að aukafjárveitingar hafi verið veittar til sama klúbbs til að mæta þessum aukakostnaði, þannig að heildarárangur af sjálfboðaliðsstarfi félaganna færi í þetta líknarstarf.

Það er talað um íþróttafélögin. Það er hægt að segja að það sé gæluverkefni mitt. Og það er alveg rétt, vegna þess að ég er alinn upp í íþróttahreyfingunni. Ég þekki

starfsemi og innviði íþróttahreyfingarinnar betur en nokkur hér inni. Ég er búinn að vera í íþróttahreyfingunni síðan ég man eftir mér, og ég er búinn að vera forustumaður íþróttahreyfingarinnar. Ég veit að nákvæmlega sama starf er unnið hjá ungmennafélögum og fleiri slíkum samtökum. Það er ekkert starf, sem unnið er hér á landi, meira fyrirbyggjandi fyrir æskulýðinn, og uppbyggjandi fyrir þjóðfélagið, og manndómsskapandi, en einmitt íþróttahreyfingin. En íþróttahreyfingin er gömul í augum þeirra sem ekki þekkja hana, alveg eins og Stórstúkan er að athlægi hjá sumum, vegna þess að hún er gömul og þar sitja gamlir menn, segja sumir, en átta sig ekki á því að þetta er fólk sem hefur eytt æskuárum til elliára í hugsjónir. Og það er bara vegna þess að skilning vantar sem hlegið er að þessum stofnunum í staðinn fyrir að styrkja þær. Það eru komin ný samtök sem eiga að koma í staðinn fyrir þessi gömlu.

Íþróttafélögin sóttu ekki öll um aukafjárveitingar. Það voru tvö. Það var KR og það var Fram. En af hverju sóttu þessi félög um aukastyrk, ekki styrk, heldur flýtingu á framlögum sem þeim ber skv. lögum, en fá ekki vegna þess að framlög til byggingarsjóðanna fyrir íþróttahreyfinguna eru ekki nógu stórir og sterkir? Það var vegna þess að þeir eru á því byggingarstigi í æskulýðsmiðstöðvum að þeir eru komnir í strand í staðinn fyrir að opna.

Hver þm., ef hann hefur tíma til eða nennu, getur gengið hér vestur í KR-hús og séð hvað er að ske þar. Hvað er að ske? Það er uppbygging íþróttafélags í samstarfi við borgarsamfélagið um æskulýðsmiðstöð í hverfinu. Hlutur þeirra sem gefa til félagsins og á að endurgreiðast af opinberum aðilum kemur ekki til baka. Þar með er það ríkisvaldið sem stöðvar framkvæmdir í þessu, má segja, stóra þorpi sem hverfið er, því það er stórt miðað við bæjarfélög utan Reykjavíkur.

Sama á sér stað um knattspyrnufélagið Fram. Það var komið í það mikla þröng með efnisúttöku til þess að halda sjálfboðaliðsstarfi gangandi að starfið var að stöðvast.

Það er talað um Íþróttasambandið. Ég verð að segja að bæði íþrótta- og ungmennasamböndin fá allt of lítinn styrk miðað við það verk sem þau vinna. Íþróttasambandið er með 24 millj. núna á fjárlögum, en leggur samt fram, bara í rekstur, milli 2 og 300 millj. s.l. ár. Allt þetta er unnið í sjálfboðaliðsvinnu og sníkjum. En þetta er rekið skv. lögum.

Það er talað um halla til félaga og síðan minnst á Listahátíð í því sambandi. Það er samkomulag á milli ríkis og Reykjavíkurborgar um að standa undir kostnaði öllum af Listahátíð.

Ég get haldið svona áfram en ég sé ekki ástæðu til þess, enda hefur ekki komið nein sérstök hörð ádeila á neinn einstakan lið, nema framlag til Vesturgötu 3, framlag til menningarmiðstöðvar kvenna. (**Gripið fram í:** Frá konum.) Og sú harða gagnrýni hefur komið frá konum. En hún hefur líka komið víðar að. Í mín eyru hefur hún komið víðar að en frá konum. En konur eru oft grimmar við karlmenn og þær eru enn þá grimmari sín á milli, það er rétt, virðulegur þm.

En ég get útskýrt fyrir ykkur hvers vegna ég lét þessa peninga. Það er hægt að deila á mig fyrir það. Og ég gerði mér það fyllilega ljóst og sagði það við þær: Þetta verður minn „akkillesarhæll", en ég ætla samt að gera það. Vegna hvers? Vegna þess, sem konur ekki skilja sjálfar enn þá, þrátt fyrir það sem þær hafa sagt og koma til með að segja, og karlmenn hér inni, sem ég hef heyrt tala, eru ekki farnir að átta sig á og munu kannske aldrei átta sig á, að konur eru að vakna af þyrnirósarsvefni. Og það pólitíska afl sem gömlu flokkarnir — og á ég við minn flokk ekki síður en aðra — eiga eftir að berjast við er hvorki BJ, né heldur önnur tímabundin fyrirbæri. Það eru ekki þau sem eiga eftir að verða hið nýja afl í þjóðfélaginu. Konur eru að skipuleggja sig. Þær eru að skipuleggja sig. Og við skulum ekki líta á það í einhverju gríni eða gamni. Við skulum taka það afl alvarlega og við skulum reyna að vinna með því. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Vinna með því, en ekki á móti. Saman getum við orðið sterk. En ef við reynum að bæla niður það sem er að ske, í staðinn fyrir að byggja það upp, þá erum við á rangri braut.

Það getur vel verið að ég sé sá eini hér inni sem er þessarar skoðunar. En þetta er mín skoðun. Og þetta eru mín varnaðarorð líka um leið: Reynið ekki, reynið ekki að standa í vegi fyrir þessu afli. Reynið heldur að skilja það og kannske breyta því sem er gamalt og hefðbundið í það framfaraspor sem við verðum að taka ásamt með þessu nýja afli. Þess vegna var það að þegar á fyrsta gjalddaga, á fyrsta galddaga þeirrar menningarmiðstöðvar sem konur standa að baki — ekki pólitískt afl því að þær eru úr öllum flokkum — er þær horfðu framan í það svartnætti að missa úr höndum sér það sem þær bundu vonir við að gæti orðið framtíðarsamastaður, þá fannst mér það ekki mikið framlag í þá framtíðarsýn, sem ég hef fyrir konur, að ríkissjóður léti brot af því sem fer í að kaupa dagblöð og halda þeim við, til að styrkja þá starfsemi sem konur eru að byggja upp. Fyrir þetta var ég viss um að ég yrði dæmdur hvað harðast og það var það sem ég sagði við þær. Því get ég bætt við hér að vandamál þeirra var ekki bara afborgunin, heldur líka kvöð frá fyrstu afborgun, þetta var önnur afborgun, sem var um 500 þús. kr. og það fengu þær með og það er innifalið í þessum 2 millj. Fyrir þetta skal ég hvenær sem er falla eða falla ekki. En hér getið þið beint spjótum ykkar að mér.

Að tala um milljarða í aukafjárveitingu, þegar vitað er að bara ein fjárveiting vegna kjarasamninga var um 800 millj., það er villandi og engum til sóma og að gefa í skyn að þetta sé allt í smásporslum hingað og þangað. Jafnvel stundum hefur mér fundist deilt á mig vegna aukafjárveitinga, vegna þess að ég birti þær fyrstur fjmrh., í þeim tón að ég hafi jafnvel sjálfur verið að auðgast eitthvað. Ég hefði gaman af að vita hvort sú skoðun þekkist hér inni.

Ég er sammála, ég er mjög mikið sammála því að Alþingi getur ekki látið bjóða sér að sitja undir aukafjárveitingunum. En í augnablikinu, eins og kerfið er hjá okkur, virðulegi 3. þm. Reykn., þá býður það ekki upp á annað en að fjmrh. verður að taka ákvarðanir um aukafjárveitingar þó hann vilji það ekki. En hann á ekki að fela það. Hann á ekki að fela það og ég sem þm. í áratug hef aldrei séð aukafjárveitingar fjmrh. fyrr en nú að ég kem í embætti og fer að gera athugasemdir við vinnubrögð.

En við skulum ekki gleyma því, á sama tíma og við gagnrýnum þetta, og ég endurtek það sem ég sagði áðan, að Alþingi sjálft hefur samþykkt meira í útgjöldum en þjóðin hefur efni á, með því að útgjöldin eru meiri og hærri upphæðir en tekjumöguleikar þjóðarinn-

ar eru samtals. Því er það sem ég hef látið virðulegan lögmann hér í bæ, Pál Líndal, sortera lögin eftir málaflokkum. Hann hefur þegar, eins og alþm. vita, klárað landbúnaðarþáttinn, og er nú með fjármálaþáttinn í fjmrn., til þess að þm. geti á einum stað séð virkilega þar spegilmyndina af sjálfum sér. Sem sagt tölurnar yfir það sem þeir hafa samþykkt í hvern málaflokk fyrir sig.

Hér hafa ekki átt sér stað neinar tilviljanakenndar úthlutanir á peningum. En ég tek undir það að hvort sem þær eru tilviljanakenndar eða ekki, hvort sem þær verða tilviljanakenndar eða ekki, þá eiga þær að vera öllum ljósar. Allar úthlutanir eiga að liggja fyrir. Það tel ég að ég hafi lagt á borðið. Ég tel að aukafjárveitingarnar séu öllum ljósar og ekkert falið.

Ég vil líka samþykkja og taka undir að Alþingi breyti lögum, komi í veg fyrir aukafjárveitingar, ef það er hægt. Eða hafi einn lið, hafi einn lið til að ráðstafa fyrir fjmrh. — það er ekkert óeðlilegt heldur — í það sem upp kann að koma. Því mikið kemur upp af aukafjárveitingum sem Alþingi getur ekki ráðið við þó það vildi vegna þess að uppgjör verka er kannske á því stigi rétt fyrir fjárlagagerð að það er ekki tilbúið fyrr en eftir að fjárlög eru gerð og þá þarf að standa í skilum við verktaka og fleiri.

Ég ætla ekki að fara að verja hér einstaka liði því að ég held að það sé erfitt að taka mál Þroskaþjálfaskóla eða eitthvað annað út úr. — Ég trúi því ekki að virðulegur 3. þm. Reykn. hafi tekið það sem var auðveldast fyrir fyrrverandi fjmrh. að svara, eða erfiðast, skulum við segja, með því að taka Þroskaþjálfaskólann. Ég held að það sé alveg óþarft að svara þessu vegna þess að Þroskaþjálfaskólinn er þannig stofnun, og Blindrafélagið og fleiri slíkir aðilar, að þeir koma ekki til fjmrh. með beiðni nema af því að þeir eru í vanda með rekstur eða tækjakaup. Það er óhjákvæmilegt að skoða slík mál með velvilja. Það er alveg sama hvaða ráðherra eða þm. fengi það erindi. Og ég vil taka fram að mörg af þessum erindum hef ég fengið frá þm., erindi um viðkomandi stofnanir hafa verið send til mín af þm.

Ég vil segja það við Guðrúnu Helgadóttur, hv. 10. landsk. þm., og ég er reyndar búinn að segja það áður, að þessar aukafjárveitingar hafa ekki verið af neinu handahófi. Auðvitað er ekki ástæða til að dreifa til allra í hliðstæðum rekstri, eða með hliðstæð vandamál, ef þeir geta leyst það einhvern veginn öðruvísi. En þeir sem koma með vandamál til einstaklinga, til ykkar hvers og eins, gera það af því að þeir hafa trú á að þið getið leyst það, hver og einn. En það eru ekki öll félög sem hafa sama hlutverki að gegna sem koma með þessi vandamál til ykkar vegna þess að þeir treysta ekki allir jafnt sama manninum. Þess vegna dreifist vandinn á marga. Að sjálfsögðu dregur ráðherra í hverjum málaflokki að vissa aðila með vanda. Og síðan verður hann að vega og meta. Ef hann er sannfærður um að vandinn sé mikill, vandinn geti valdið tjóni, eða engin önnur úrlausn sé, þá hugsar hann allt öðruvísi um hann. En þetta er ekki af handahófi gert í einu einasta tilfelli. Ekki einu einasta tilfelli.

Oft er það svo að aðilar — við skulum segja í kerfinu, því að þetta er allt undir ríkisvæng, það er alveg sama hvort það eru íþróttafélög eða annað, það er allt skv. lögum, og ekki að ósk íþróttahreyfingarinnar að það er undir væng opinberra aðila — koma kannske án þess að fagráðherra viti. Það er alveg rétt. En oftastnær er erindið búið að vera hjá fagráðherra við fjárlagagerð og þá að framkvæmdur hefur verið niðurskurður sem hefur kannske verið of mikill. Þá koma þeir beint til fjárveitingavaldsins. Og framan af, fram að sumarleyfum, og m.a.s. í einu eða tveimur tilfellum í sumarleyfunum, hafði ég mjög náið samband við forustu fjárveitinganefndar, svo lengi sem ég gat haft samband við þá af þeirri ástæðu að Alþingi sat ekki, og að sjálfsögðu þurftu menn á sumarfríum að halda og fóru þá í burtu. Eftir að sumarleyfum lauk hef ég minna haft samband við forustu fjárveitinganefndar.

Það er alveg rétt, sem kemur fram hjá virðulegum 10. landsk. þm., að veitt var fjárveiting til Stofnunar Árna Magnússonar. En hún var veitt vegna þess að stofnunin var með verkefni sem gat ekki beðið en hafði verið skorið niður af fjárlögum, en fagráðherra hafði lagt til að stofnunin fengi. Þegar það kom í ljós að þessi niðurskurður á fjárveitingu gat valdið tjóni frekar en hitt, þá var þessi fjárveiting samþykkt. Ég get um þetta af því að hér er talað um þessa fjárveitingu til Stofnunar Árna Magnússonar sérstaklega.

Virðulegur 10. landsk. þm. talar um Ólympíunefnd Íslands, að það sé ekki forgangsverkefni. Er nokkurt æskulýðsstarf forgangsverkefni hér á Alþingi? Eitt er víst að Ólympíunefnd Íslands hefur ákveðnu hlutverki að gegna. Og þegar líður að Ólympíuleikum þá fara opinberir aðilar að styrkja ólympíunefndina, ekki í undirbúningsstarfinu sem sjálfir Ólympíuleikarnir byggjast á, heldur til að sækja fundi sem fer fjölgandi eftir því sem nálgast Ólympíuleikana sjálfa. Fólk hefur ekki haft skilning á því að það þarf að undirbúa þátttöku í þessum leikjum. Það er það sem við höfum verið að styrkja núna. Og það getur vel verið að þar sé ég opinn fyrir ákveðinni ádeilu, vegna þess að skilningur minn sem íþróttamanns er allt annar en sá að byrja að styrkja ólympíunefndina þegar líður að Ólympíuleikum, í staðinn fyrir að styrkja undirbúninginn sem þarf oftast nær, ja, tvö til þrjú tímabil Ólympíuleika. Það þarf svona 8—12 ár til undirbúnings Ólympíuleikum. Og hvers vegna fylgi ég því nú eftir fastar en áður? Það er vegna þess að íslenskir íþróttamenn hafa aldrei, hafa aldrei orðið okkur meira til sóma heldur en á síðustu Ólympíuleikum. Við áttum þar verðlaunahafa. Við fylgdumst með handknattleiksmönnum í sjónvarpi hér, sem er meira virði í auglýsingu fyrir þjóðina, bara þeir leikir í handbolta, en nokkur íslensk fjárlög geta staðið undir í gegnum sjónvarp um víða veröld og skrif og tal. Sundmenn okkar, hver á eftir öðrum, komu heim með nýtt Íslandsmet, betri árangur en nokkur Íslendingur hafði nokkurn tíma náð áður. Og það er hægt að telja þannig á öllum sviðum. Spursmálið er: Viljum við taka þátt í Ólympíuleikum eða ekki? Við erum alltaf að þykjast. Við þykjumst vera fjölskylda með fjölskyldum þjóða. Og svo er verið að tala hér um smáaukafjárveitingu til þess að starfið geti hafist fyrr en á síðasta augnabliki fyrir átök. Við skulum kalla þessar aðgerðir, eins og kom fram hjá hv. 10. landsk. þm., niðurlægjandi aðgerðir fyrir fjvn. Ef svo er, ef fjvn. telur þetta niðurlægjandi fyrir sig bið ég hana afsökunar. En látum fjvn. tala fyrir sig sjálfa.

Það var þó einn ljós punktur í þessu. Það var þakkað fyrir skýrsluna eins og hún lá fyrir. Mér finnst full

ástæða til þess að þakkað sé fyrir skýrsluna. Ég bið hæstv. núverandi fjmrh. að koma því þakklæti til þeirra sem unnu hana faglega í fjmrn. Hún er vel gerð. Hún er gerð á þann hátt að hún veitir meiri upplýsingar á einum stað en áður og spá fram í tímann líka, fyrir utan þessar margumtöluðu aukafjárveitingar.

Ég skal reyna að hafa þetta ekki miklu lengra. En ég vil þó, ef fyrirspyrjendur á tveim þskj. óska eftir, reyna að svara fyrir einstaka liði. Því miður var þessi dagskrárliður settur inn á dagskrána eftir að ég hafði fengið dagskrána senda upp í ráðuneyti þannig að ég er ekki með öll gögn, en það skiptir út af fyrir sig ekki neinu máli.

Eitt vil ég minnast á til viðbótar. Það var talað um framlag til kirkjunnar. Ég held að það hafi verið hv. 8. landsk. þm. sem nefndi kirkjuhús við Suðurgötu. Það er alveg rétt. Þar var aukafjárveiting. En það var heimild til að kaupa skrifstofu fyrir biskupsembættið. Það getur vel verið að það hafi verið rangt að staðið, en þannig var að staðið og þannig er ég hugsandi að á meðan Sjálfstfl. er í ríkisstjórn getur kirkjan ætlast til þess að henni sé hjálpað á sem mestan og bestan hátt. Hún getur ekki ætlast til þess að neinn annar stjórnmálaflokkur geri meira fyrir hana. En hvernig var svo staðið að þessu? Kirkjan var í mjög þröngu skrifstofuhúsnæði við mestu umferðargötu bæjarins, sem er Hverfisgatan, á horni Klapparstígs og Hverfisgötu. (**JBH:** Var þessi aukafjárveiting úr flokkssjóði, herra fyrrv. fjmrh.?) Nei, nei. Hv. þm. minnti mig svo mikið á mann úr biblíusögunni þegar hann rak höfuðið þarna inn að ég var hissa að hann skyldi bera fram þessa spurningu. — En þannig var að staðið ... Af hverju hlær fólk? Hafa þm. ekki séð biblíumyndir? Þannig var að staðið að kirkjan var í þessu litla, allt of litla og þröngu húsnæði og var búið að taka ákvörðun um að hún skyldi fá betri samastað. Þá bauðst til sölu aðstaða þar sem Krabbameinsfélag Íslands hafði áður haft sína rannsóknarstöð við Suðurgötu. Þetta hús, þrátt fyrir vandamál ríkissjóðs, var keypt undir biskupsskrifstofu og borgað út í hönd vegna þess að andvirðið fór í hús og aðstöðu Krabbameinsfélags Íslands. Með þessari aðgerð var verið að hjálpa tveimur stofnunum í einu og ég vona að menn geti samþykkt að það hafi ekki verið slæm ráðstöfun. A.m.k. sparaði það ríkissjóði að uppfylla óskir frá Krabbameinsfélaginu um frekara framlag í það starf sem þeir voru að undirbúa í nýju húsi. Ég vona að hv. 8. landsk. þm. telji því fé ekki hafa verið illa ráðstafað.

Ég vil ekki lengja þessa umræðu frekar, en ég vil reyna eftir minni og eftir þeim plöggum sem ég af tilviljun hafði í skúffunni hér gera grein fyrir einstökum atriðum aukafjárveitinga, einstökum liðum, ef fsp. koma fram. Ég þakka ykkur kærlega fyrir að hafa fengið tækifæri til að ræða þessar fjárveitingar og ég vona að í framtíðinni verði allir fjmrh. með eins gott yfirlit yfir þær og ég hef gert fyrstur fjmrh.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki halda eins langa ræðu og hæstv. iðnrh.

Það var margt athyglisvert sem kom fram í ræðu hæstv. iðnrh. og fyrrv. hæstv. fjmrh. og fyrst af öllu það að ég held að hann misskilji alvarlega vald fjmrh. Hann sagði að vitaskuld mótuðust fjárveitingar, og ekki síst aukafjárveitingar, af þeim einstaklingi sem embættinu gegndi. Þetta er einmitt mergurinn málsins. Til þess að það gerist ekki er Alþingi og fjvn. falið að taka ákvarðanir um fjárveitingar, allar fjárveitingar. Það mætti verða ærið skrýtið á endanum hvernig farið væri með opinbert fé ef það væri háð duttlungum þess fjmrh. sem embætti gegnir hverju sinni. Það er til þess að koma í veg fyrir slíkar geðþóttaákvarðanir sem Alþingi ber að fjalla um fjárveitingar.

Í 15. gr. þingskapa, sem eru lög nr. 52 frá 1985, stendur svo, með leyfi forseta:

„Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga o.s.frv."

Það er hins vegar umhugsunarefni fyrir hv. þm. að fjáraukalög eru venjulega lögð fram löngu eftir að greiðslur hafa átt sér stað. Úr því held ég að þyrfti að bæta. Ég held að sú ætti kannske að vera niðurstaðan sem við kæmust að hér í dag eftir þessa umræðu að úr því yrði bætt og frumvarp til fjáraukalaga yrði lagt fram miklu fyrr en verið hefur.

Það voru ótal atriði sem hæstv. iðnrh. gerði að umræðuefni og er kannske ekki tími til að ræða það ítarlega hér. Hann benti á að honum bæri þökk fyrir og hans starfsfólki að hafa lagt fram þá skýrslu sem hér hefur verið til umræðu. Við erum háttvíst fólk hér á hinu háa Alþingi og þökkum að sjálfsögðu fyrir það sem við fáum ef við um það biðjum. En ég vil benda hæstv. iðnrh. á að 30. gr. þingskapalaga gerir ráð fyrir að níu þm. geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Honum ber þá að leggja þá skýrslu fram og forseta að taka hana á dagskrá sé um það beðið. (**Iðnrh.:** Skýrslan var komin fram þegar þessi beiðni kom fram.) Hér er um opinbert málefni að ræða. Það er nefnilega verið að fjalla hér um opinbert fé, fé skattborgaranna í landinu, en ekki, eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði, flokkssjóð Sjálfstfl. Á tímabili talaði hæstv. ráðherra eins og þar væri verið að fara með fé Sjálfstfl.

Ég get alveg lofað hæstv. iðnrh. að komi það til að ég eigi sjálf eftir að verða fjmrh. og jafnframt þm. Alþb. mun ég ekki ráðast að íslensku kirkjunni. Því má hann alveg treysta. Ég mun nefnilega fara nokkuð að vilja þjóðarinnar í þeim efnum. Ég hygg að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna vilji hafa þjóðkirkju og þess vegna beri að standa vörð um hana. En það er einmitt í þessa veru sem hæstv. ráðherra talaði, að vald fjmrh. hlyti að mótast af áhugamálum hans sjálfs. Það er auðvitað fjarri öllu lagi. Ég ætla að vona að við eignumst ekki fjmrh. sem hefur lagt mikið í að sauma í stramma eða stundað módelsmíði eða safnað leikaramyndum. Það væri tæplega talið rétt af öðrum hv. alþm. að leggja mikið fé í félagsskap sem hefði þau áhugamál.

Ég er alveg sannfærð um að það er rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að hann hefur ekki með þessum aukafjárveitingum verið að auðgast sjálfur, enda held ég að þess gerist engin þörf. Það hefur heldur enginn hér svo mikið semýjað að því og skal það vera alveg ljóst.

Hitt er svo annað mál að við hljótum að eiga rétt á því að gera athugasemdir við svo háa tölu sem 213 millj. á þremur mánuðum í fjárveitingar sem enginn hefur tekið ákvörðun um þegar hér er ekki hægt að fá fé til nauðsynlegustu mála. Ég býst við að munað hefði um þessar 213 millj. í krabbameinslækningar, aðstöðu fyrir þroskahefta, fatlaða af öllu tagi eða hver þau önnur

þjóðþrifamál sem við höfum því miður orðið að skera alvarlega niður. Það er það sem hv. þm. eru að gera athugasemd við. Ég þekki þá illa flokksbróður minn, hv. 5. þm. Reykn., ef honum hefði fundist í fjvn., þar sem hann hefur nú setið í um 20 ár, vera forgangsverkefni að JC-hreyfingin fengi að fara í kosningaferðalag til að fá heimsforseta, með allri virðingu fyrir því annars göfuga verkefni. Þannig má auðvitað lengi telja. Það getur vel verið að hæstv. iðnrh. telji þetta mikið og brýnt forgangsmál, en ég verð að lýsa því yfir að ég er ekki sömu skoðunar og hefði gjarnan séð því fé varið í önnur og þarfari verkefni.

Kvennahús? Nei, ég tel það ekki meðal forgangsverkefna. Mér finnst það afar ánægjulegt ef konur landsins geta eignast menningarmiðstöð, en ég verð að segja hreinskilnislega að ég hefði ekki treyst mér til að gera það að neinu forgangsverkefni meðan mál eru á þann veg í þjóðfélaginu að fjöldi manna, þúsundir manna eru að missa ofan af sér þakið, heimili sín, vegna fjárskorts. Mér finnst sú mynd falleg að sjá hæstv. iðnrh. leika hlut prinsins í Þyrnirósu og hefði gjarnan viljað sjá hinn fræga koss leikinn í kvennahúsinu, en forgangsverkefni held ég að ég geti ekki talið það.

Herra forseti. Ég þakka enn fyrir þessa umræðu. Ég tel að það sé af hinu góða að Alþingi hafi afskipti af öllum aukafjárveitingum og ég vil að lokum leggja á það áherslu að ég held að það væri verkefni hæstv. forseta að ræða það við þá sem það mál varðar hvort ekki sé ráð að frv. til aukafjárlaga verði lagt fram miklu fyrr en verið hefur og aðhald stórlega aukið að fjármálaráðherrum þjóðarinnar varðandi aukafjárveitingar.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorð, enda liðið á dag.

Hæstv. fyrrv. fjmrh. flutti nokkuð sérkennilega ræðu hér áðan. Hann kann svo sannarlega að verja sig. Hann sagði reyndar margt gott, ekki síst í garð kvenna, og margt af því kunni ég ágætlega að meta. Ég kunni að vísu lítt að meta athugasemd hans um grimmd kvenna hverrar í annarrar garð. Það er gamla klisjan „konur eru konum verstar“ sem hv. þm. er ekki sæmandi að fara með að mínum dómi.

Það er umhugsunarvert að engar þessara aukafjárveitinga, sem birtast hér á þskj., hafa vakið meira umtal né athugasemdir en fjárveiting hæstv. ráðherra til húseignarinnar Vesturgötu 3. Það er hins vegar minna talað um það yfirleitt þegar konur safna fyrir þessu og hinu, eins og þær gjarnan gera, og verja til hinna ýmsu líknarmála, lækningatækja o.s.frv. Það er ekki haft hátt um þær gerðir.

En ræðan var allsérkennileg eins og hæstv. ráðherra er von og vísa. Honum er lagið að snúa öllu í hendi sér. Hann er eins og kötturinn sem kemur alltaf standandi niður, eins og einn þm. heyrðist hvísla hér áðan. Hann snýr þessu máli þannig að það sé ekki við hann að sakast. Ónei, það er hv. Alþingi sem ber sökina. Það hefur verið svo vitlaust að treysta hæstv. ráðherra til að fara með þessi mál.

Ég ætla ekki að fjalla um einstakar aukafjárveitingar. Ég hef áður lýst skoðunum mínum opinberlega á þessu háttalagi og þær skoðanir hafa ekkert með það að gera að hér er um mörg hin þörfustu málefni að ræða sem hæstv. ráðherra hefur veitt fé til. Ég segi ekki að mér finnist ég niðurlægð sem fjárveitinganefndarmaður, en það er ekki laust við að örli á gremju og eftirsjá þegar hugsað er til umræðna í fjvn., mikilla umræðna, um hinar smæstu upphæðir í þeirri góðu trú að tekið sé mark á allri vinnunni.

Látum nú svo vera. Segjum að allar aukafjárveitingar hafi verið nauðsynlegar og réttlætanlegar. Eftir stendur að í upphafi ferilsins lýsti hæstv. fyrrv. fjmrh. því yfir að fjárlög yrðu raunhæf í sinni tíð og tími aukafjárveitinga væri liðinn. Þessu marglýsti hæstv. ráðherra yfir og hann lýsti því yfir að ef um slíkt yrði að ræða yrði haft náið samráð við fulltrúa fjvn.

Ég veit ekki betur en svo hafi verið í upphafi, þ.e. að formaður og varaformaður hafi verið til ráðuneytis, og ég spyr hæstv. fyrrv. fjmrh. hvort sá háttur hafi verið hafður á þetta árið að aukafjárveitingar þessar, sem hér eru til umræðu, hafi verið í samráði við formann og varaformann fjvn., og ef svo var ekki hvers vegna sá háttur hafi þá verið lagður niður. Ég get ekki fallist á að sumarfrí afsaki það að hæstv. ráðherra taki sér alræðisvald, einkanlega ekki með tilliti til þess sem hann hafði margsinnis áður sagt.

Ég vona að hann svari þessari spurningu. Og ég tek eindregið undir það með hv. 3. þm. Reykn. og hæstv. iðnrh. að um þetta þurfi skýrari reglur.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Iðnrh. hélt alllanga ræðu. Inntakið í þeirri ræðu var í rauninni þetta: Ég, Albert Guðmundsson, er bandamaður stúkunnar, IOGT, íþróttahreyfingarinnar, Lionsklúbbanna, kvennanna og Guðs almáttugs. Þetta var inntakið í ræðu hæstv. iðnrh. Þm. hafa verið vondir við konurnar, við íþróttahreyfinguna, við stúkuna og við kirkjuna. Þeir hafa skammtað of naumt. Skömmtuðu þeir naumar en það fjárlagafrv. sem fjmrh. lagði fram á sínum tíma? Ég bara spyr. Ég held að þessi einkunnagjöf til þingmannanna sé ekki sanngjörn.

Iðnrh. sagði líka að aldrei áður hefði þetta verið birt. Ég veit nú ekki betur en að fjáraukalög verði að leggja fram hér á þingi og samþykkja og þeirri lagakvöð hafi ævinlega verið fylgt. Ég veit ekki hvort þm. hafa verið svo hæverskir hér á árum áður að þeir hafi aldrei borið fram neinar fsp. um aukafjárveitingar, en ef það hefur ekki verið hefur hæverska þeirra verið mikil. En það hefur þeim ævinlega verið frjálst að gera. Vitaskuld. Þeir hafa þá væntanlega ekki talið ástæðu til þess.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu, herra forseti, aðeins gera eina athugasemd vegna þess að hæstv. iðnrh. gerði að umtalsefni að ég hefði minnst á Þroskaþjálfaskólann. Hann sagði: Þroskaþjálfaskólinn kemur ekki til fjmrh. nema hann sé í vandræðum. En það kemur fram í svari við fsp. að það var ekki Þroskaþjálfaskólinn sem var í vandræðum. Það var sá sem hann leigir af. Kostnaðaraukinn er vegna nýs húsaleigusamnings. Þær fjárhæðir sem þar um ræðir renna til þess sem leigir húsnæði til Þroskaþjálfaskólans.

Aðalatriðið er vitaskuld að það verður ekki annað ráðið af þessari umræðu en að a.m.k. allir þm., hæstv. iðnrh. og ég trúi hæstv. núverandi fjmrh. séu sammála um að um aukafjárveitingar eigi að vera skýrar reglur, þær reglur þurfi að setja og mál þarfnist endurskoðunar af þeim sökum.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að fjmrh. væri líklega í hlutverki prinsins sem hefði komið til þess að

kyssa Þyrnirósu. Ég veit það ekki. En það var líka saga til af gullasnanum sem þurfti ekki annað en að hrista sig og þá hrundu gullpeningarnir úr báðum endum. Kannske er hann hvort tveggja.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Þessar umræður, sem hér hafa farið fram, eru um margt athygli verðar. Að vísu hafa þær mestmegnis snúist um mismunandi mat á einstökum viðfangsefnum sem fyrrv. hæstv. fjmrh. hefur haft við að glíma í þessu efni, en hitt þykir mér vera meginatriði að í þessum umræðum hefur komið fram mjög skýr afstaða allra þeirra sem hér hafa talað um þau meginviðhorf sem ástæða er til að hafa í huga þegar aukafjárveitingar eru samþykktar. Sannleikurinn er sá að umræðurnar leiða í ljós að það er almennt viðurkennt að framkvæmdavaldið verður að hafa heimild til þess að gefa út eða samþykkja aukafjárveitingar í ákveðnum vissum tilvikum þar sem ófyrirséður vandi kemur upp, þar sem stjórnvöld verða að mæta ófyrirséðum launa- og verðlagsbreytingum svo dæmi séu tekin. Menn eru sammála um að þessar ákvarðanir verða að vera í samræmi við þá almennu stefnumörkun sem fram kemur í fjárlögum sem Alþingi hefur samþykkt. Nú má auðvitað um það spyrja hvort ástæða sé til að setja um þetta skrifaðar almennar reglur. Ég hygg að á margan hátt geti það verið erfitt. Svo fjölbreytileg atriði koma hér til álita að það kann að vera erfiðleikum háð. En meginatriðið er að mér sýnist að um grundvallaratriðin í þessu sé fullkomið samkomulag og einn vilji og eftir því verður auðvitað farið hér eftir sem hingað til.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil aftur þakka fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað og að sjálfsögðu geri ég það vegna þess að ég fagna því að hafa getað tekið þátt í umræðum um aukafjárveitingar. En ég vil minnast á nokkra punkta sem fram hafa komið í seinni hálfleik þessara umræðna.

Virðulegur 10. landsk. þm. talaði um að það væri hættulegt ef ákvarðanir fjmrh., hver sem hann er, mótast af einstaklingnum sjálfum. Ég er ansi hræddur um að erfitt verði að koma í veg fyrir það. Að sjálfsögðu verður Alþingi þá og þeir sem kjósa sér ríkisstjórn að kjósa um manninn sem er í framboði, um einstaklinginn sjálfan, og að sjálfsögðu hlýtur svo að vera, hvort sem einstaklingurinn gegnir ráðherraembætti, þingmannsembætti eða nefndarstörfum, að störf hans mótist af eigin persónu. Það hlýtur alltaf að verða svo. Það væri huggulegt ef honum væri skammtaður persónuleiki bara við það að verða þm. eða ráðherra. Ég er hræddur um að það væri erfitt að setja mig í slíkt mót. Ég vona að það eigi aldrei annað eftir að ske en að persónan fái að njóta sín í hvaða starfi sem maðurinn gegnir.

Ég vil líka að það komi hér glöggt fram að fjárlagafrv. sem hér liggur frammi var komið fram áður en nokkrar fsp. um aukafjárveitingar komu fram og það fjárlagafrv. er með upplýsingum um allar þær aukafjárveitingar sem þekktar voru fram að þeim tíma að frv. fór í prentun. Síðan komu að sjálfsögðu til viðbótar þau afgreiðslumál sem ég gat um áðan að ég vildi ekki skilja eftir óafgreidd fyrir eftirmann minn.

Ég vil líka taka undir það í annað sinn í dag, sem kom fram hjá hv. 10. landsk. þm., að skuldir íbúðaeigenda, sem ekki eru á dagskrá þó að ummæli hafi slæðst inn í þessar umræður, eru að verða einstaklingnum um megn og ekki bara einstaklingnum heldur líka fyrirtækjum. Fyrirtæki sem þurfa á veltufé að halda að láni eru líka í auknum mæli að missa tök á sínum eignum vegna þess hve peningar eru orðnir dýrir. Ég tel það alveg óhæfu og getur ekki gengið lengur. Það er í annað sinn í dag sem ég segi það úr þessum hv. ræðustól að krónan sem er greidd í laun er að tapa verðgildi sínu frá degi til dags. Þetta eru hörð ummæli um sjálfan mig og þá sem ég starfa með, en krónan sem felst í lánum til þessara einstaklinga og launin eiga að standa undir annaðhvort heldur verðgildi sínu með vísitölu eða hún eykur það. Það getur ekki gengið og það sjá allir. Það finna allir! Það horfa allir upp á það í þjóðfélaginu hvert stefnir.

Ég vil segja nokkur orð í tilefni af ummælum hv. 7. landsk. þm., sem mikið hefur höggvið að mér frá því fjárlagafrv. kom fram og jafnvel áður í sambandi við aukafjárveitingar, án þess að ég hafi séð ástæðu til þess að svara. Það hefur vakið hvað mesta athygli og hún hefur dregið athygli að því að menningarmiðstöð kvenna að Vesturgötu 3 fékk 2 millj. til að standa í skilum, en ekki er talað um góðgjörðir kvenna. Það er alveg rétt. Það hefur ekki verið gert í þessu sambandi. En svo ung er hv. þm. ekki að hún hafi ekki orðið vör við það í gegnum tíðina og sérstaklega á ákveðnum tyllidögum, afmælisdögum t.d., Vífilsstaða og fleiri, Landspítalans og fleiri staða eða fæðingardeildarinnar, að kvenna hafi verið minnst með virðingu fyrir þau störf sem þær hafa unnið í fjársöfnun og uppbyggingu á þessum stofnunum, bæði byggingunum sjálfum og starfseminni, fyrir utan að styrkja það alla tíð síðan. Kvenfélög Íslands eru ekki bara eitthvað sem á að gleymast vegna þess að nýjar hreyfingar hafa komið upp. Kvenfélög Íslands eru undirrót að öllu sem kvenfólkið er að gera í dag. Við skulum átta okkur á því. Þær hafa unnið mikið og gott starf í gegnum tíðina. En í þessu sambandi er engin ástæða til að minnast á það sérstaklega hvað hinir eða þessir hafa gert í fortíðinni, hvort sem það er kvenfólk eða ekki.

Ég vil leiðrétta það, ef einhver hefur misskilið, að ég hafi verið að snúa sök frá mér og yfir á Alþingi. Það er mesti misskilningur og var ekki ætlunin.

En hv. þm. sagði að skoðanir sínar byggðust ekki á fjárveitingunum. Ég tók ekki eftir að hún héldi áfram að segði þá á hverju skoðanir byggjast. Það er eins og það væri í lausu lofti og hver og einn yrði að giska á á hverju byggðust þá skoðanir þm. Byggjast þær á pólitík eða eru þær persónulegar? Á hverju byggjast þessar skoðanir þá og þau ummæli sem hún hefur látið falla um mig persónulega og gerðir mínar sem fjmrh. og í skrifum dagblaða líka?

Efri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skráning skipa, stjfrv. 84. mál (þskj. 94). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Á

síðasta Alþingi flutti ég frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 53 frá 12. maí 1970. Þetta frv. varð þá ekki útrætt og er nú endurflutt, en auk þess var tíminn notaður í sumar til að fara yfir lögin í heild sinni í samráði við siglingamálastjóra. Þessi yfirferð hafði í för með sér að hér eru gerðar tillögur um nokkrar veigaminni breytingar og lagfæringar á þessum lögum, eins og kemur fram í athugasemdum við einstakar greinar frv.

Meginbreytingin er eftir sem áður í 1. gr. þar sem lagt er til að heimiluð verði undanþága frá kröfunni um íslenskt eignarhald til að unnt sé að skrá skip hér á landi.

Á undanförnum árum hefur það færst mjög í vöxt að skipastóll skipafélaganna hafi verið endurnýjaður með leigu á skipum, aðallega þurrleigu og kaupleigu, en með þurrleigusamningi er átt við leigu á skipi þar sem leigutaki leigir skip til ákveðins tíma, mannar skipið, greiðir allan rekstrarkostnað og ber ábyrgð á öllu viðhaldi, tryggingum og rekstri skipsins. Skipin eru oftast leigð með kauprétti, en fjárhagsleg skuldbinding leigutaka takmarkast af leigugreiðslu á leigutímabilinu.

Skv. 1. gr. gildandi laga um skráningu skipa er nú óheimilt að skrá skip hér á landi nema það sé í eigu íslenskra aðila eða íslensks fyrirtækis þar sem a.m.k. 3/5 hlutafjár séu í eigu íslenskra aðila. Í samræmi við þetta er skip í eigu erlendra aðila, en í leigu íslenskra aðila þess vegna skráð erlendis, en slíkri skráningu erlendis fylgir umtalsverður kostnaður auk annars óhagræðis sem af henni stafar. Íslensk skrásetning skipa í eigu erlendra aðila, en sem rekin eru af íslenskum aðilum, hefur m.a. eftirtalda kosti:

1. Aðrar reglur gilda erlendis um skráningu skipa og getur óhagræði af því hlotist, eins og ég áður sagði.
2. Gera má ráð fyrir auknum atvinnumöguleikum íslenskra sjómanna.
3. Endurnýjun skipastóls verður auðveldari.
4. Minni kostnaður.

Með því að takmarka íslenska skráningu erlendra skipa við undanþágur sem ráðherra veitir og með þeim skilyrðum sem hér er lagt til ættu hagsmunir Íslendinga að vera tryggðir gagnvart þeim erlendu aðilum sem hugsanlega vildu hefja hér kaupskipaútgerð, en rétt er að vekja sérstaka athygli á því að þessi brtt. nær einungis til kaupskipa en ekki fiskiskipa.

Ég vil taka það fram hér að við samningu þessa frv. var höfð hliðsjón af ákvæðum loftferðalaga og skráningu loftfara. Skv. þeim er unnt að skrá hér á landi flugvélar, sem ekki eru í eigu íslensks aðila, með sérstöku leyfi samgrh.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns eru aðrar breytingar á lögunum um skráningu skipa, sem lagðar eru til í þessu frv., minni háttar og fyrir þeim er gerð fullnægjandi grein í athugasemdum við einstakar greinar þess.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Jarðboranir hf., stjfrv. 108. mál (þskj. 118). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstvirtur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Jarðboranir hf., eins og það er kynnt hér í þskj. 118. Frv. gerir ráð fyrir sameiningu Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar annars vegar og Jarðborana ríkisins hins vegar í eitt fyrirtæki, Jarðboranir hf.

Við sameininguna er farið að tillögu sérstakrar nefndar, skipaðri fulltrúum ríkisins og Reykjavíkurborgar, en sú nefnd skilaði áliti 24. jan. 1985.

Hlutafjáreign ríkisins og borgarinnar í hinu nýja fyrirtæki er jöfn, 68 millj. kr. Framlag ríkisins er hluti af eignum Jarðborana ríkisins, framlag borgarinnar helmingur gufuborsins Dofra og verulegt fjármagn. Nánar er fjallað um þetta í fylgiskjali nr. 2 með frv.

Um leið og hið nýja fyrirtæki verður stofnað yfirtekur ríkissjóður skuldir Jarðborana ríkisins. Þær eru aðallega erlend lán til kaupa á bornum Jötni árið 1976, nú að upphæð 121,5 millj. kr., og er upphæðin öll gjaldfallin og í vanskilum. Þarna á móti koma eignir frá Jarðborunum ríkisins og hlutafé frá Jarðborunum hf., eins og rakið er í athugasemdum við 2. gr. frv. Verður að telja þessi viðskipti hagstæð fyrir ríkissjóð.

Við stofnun hins nýja hlutafélags verður engin röskun á ráðningu fastráðinna starfsmanna Jarðborana ríkisins. Atvinnuöryggi þessa fólks er tryggt í sérstakri grein í frv.

Í frv. er leitast við að tryggja sem best hagsmuni annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar, en mörg sveitarfélög eiga veruleg viðskipti við Jarðboranir ríkisins. Um þetta er fjallað í 5. gr. frv., auk ákvæðis til bráðabirgða, en sameiginleg bókun iðnrh. og borgarstjórans í Reykjavík setja rammann um framkvæmd þessa ákvæðis.

Eignaskipti ríkissjóðs við Jarðboranir hf. eru sem hér segir: Inn koma eignir skv. sundurliðun á bls. 3 í frv. að upphæð 84,4 millj. og hlutafé í Jarðborunum hf., sbr. sundurliðun á bls. 9, 68 millj. kr. Samtals 142,4 millj. kr. Út fara skuldir Jarðborana ríkisins, 119,4 millj. kr., og mismunur er ríkissjóði í hag eða 33 millj. kr. Þarna á móti kemur höfuðstóll ríkisins í Jarðborunum ríkisins og Gufuborun. Af þessum samanburði er ljóst að hér er um hagstæð viðskipti að ræða.

Málið hefur tafist nokkuð frá því sem stofnsamningur gerir ráð fyrir eða frá 1. júní 1985, en sá tími hefur verið notaður til að tryggja frekari hagsmuni sveitarfélaga. Má þar benda á 3. og 4. gr. í sameiginlegri bókun iðnrh. og borgarstjórans í Reykjavík sem er fylgiskjal nr. 4 með frv.

Í skýrslu nefndar þeirrar er annast sameiningu fyrirtækjanna er gerð grein fyrir ástæðu þess að Reykjavíkurborg verður 50% eignaraðili að hinu sameiginlega fyrirtæki.

Í fyrsta lagi er Reykjavíkurborg nú þegar helmingsaðili að Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar og hefur samstarf um það fyrirtæki tekist mjög vel.

Í öðru lagi kaupir Reykjavíkurborg og veitustofnanir hennar, þ.e. hitaveita og vatnsveita, mjög mikla þjónustu frá borfyrirtækjunum. Af heildarumsvifum beggja fyrirtækjanna, Jarðborana ríkisins og Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar, er tæpur helmingur tekna árið 1984 vegna verka fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að halda í einu öflugu fyrirtæki þeirri þekkingu og verkkunnáttu sem fyrir er hjá borfyrirtækjunum. Til að tryggja að svo verði er æskilegt að Reykjavíkurborg eigi þar verulega aðild að.

Helstu viðskiptaaðilar jarðborunarfyrirtækjanna eru sveitarfélög og veitufyrirtæki þeirra. Eðlilegt er því að sveitarfélög í landinu geti í auknum mæli yfirtekið þessa starfsemi af ríkinu. Fyrirliggjandi samningur um helmingseignaraðild Reykjavíkurborgar að fyrirtækinu er því farsælt skref í þá átt. Í frv. er jafnframt tryggt að sveitarfélög eigi kauprétt að hlutabréfum ríkisins í hinu nýja félagi.

Í fylgiskjölum frv. er gerð grein fyrir fjárhagsuppgjöri milli samningsaðila. Benda ber á að fjárhagsatriði í lokasamningi milli aðila eru í nokkrum atriðum önnur en nefndin, sem fjallaði um sameininguna, lagði til. Er það niðurstaða beinna viðræðna fulltrúa iðnrn. og borgarinnar um skilmála sameiningarinnar sem fram fóru eftir að skýrsla nefndarinnar var lögð fram í janúar 1985. Felst munurinn aðallega í því að í lokasamningi aðila er nokkrum núverandi eignum haldið utan sameiningarinnar. Þá hafa tæki og áhöld fyrirtækjanna verið endurmetin sem stofnframlög.

Hlutafé félagsins verður því 136 millj. kr. skv. sameiningarsamningnum sem er nokkru lægri fjárhæð en sú sem er lögð til í skýrslu fyrrgreindrar nefndar. Vísast að öðru leyti til fylgiskjala um fjárhagslegt uppgjör og sérstaklega yfirlit Endurskoðunarmiðstöðvarinnar hf. — N. Manscher, eins og kemur fram á fskj. nr. 2.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Frv. þessu var dreift hér síðari hluta dags í gær og ekki hefur unnist mikill tími til að skoða það og gera sér grein fyrir því hvers konar viðskipti eru að eiga sér stað. Ég gerði reyndar ráð fyrir því að þetta frv. mundi koma til þeirrar nefndar sem ég á sæti í, þ.e. iðnn., en svo verður ekki. Þó svo sé ekki verður þetta frv. vitaskuld skoðað vel í nefnd og farið yfir þann þátt sem ég hef hér nefnt, þ.e. þær fjárskuldbindingar og fjármagnstilfærslur sem frv. gerir ráð fyrir.

Frv. þetta er til viðbótar við fyrri frv., sem hér hafa verið til umræðu, um að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélögum. Ýmiss konar rök hafa verið færð fyrir þeirri stefnu ríkisstj. að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög. Nú koma hér ein rökin enn, þ.e. að æskilegt sé að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi þar sem Reykjavíkurborg gerist hluthafi ásamt ríkinu. Áður hafa rökin verið m.a. þau að nauðsynlegt væri að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög til að gefa starfsmönnum tækifæri til að hafa áhrif á reksturinn. Á það er ekki minnst í frv. sem hér er lagt til að starfsmenn eigi neinn sjálfsagðan rétt á að koma þar til stjórnarstarfa eða þátttöku. Það er eins og oftar gripið til breytilegra raka til að réttlæta mál.

Ég lít svo á í fljótu bragði að eðlilegt sé að Reykjavíkurborg hafi aukna stjórnunarmöguleika í sambandi við Jarðboranir ríkisins og að sameining þessara fyrirtækja sé ósköp eðlileg, en fyrir því hvort endilega hefði þurft að stofna hlutafélag í kringum þetta sé ég ekki bein rök. Þarna hefði alveg eins getað verið áframhaldandi sameignarfélag Reykjavíkurborgar og ríkisins eins og er með Gufuborun Reykjavíkurborgar og ríkisins, enda kemur í ljós þegar samningurinn sem fylgir þessu lagafrv. er skoðaður frekar að ekki hefur verið búinn til neinn sérstakur rammi utan um samstarfið eða hlutafélagsuppbygginguna. Það eina sem í samningnum er er um það hvernig stjórnarkjör skuli eiga sér stað. Þar er ekki neitt um hvernig skuli tilnefna fulltrúa á aðalfund, heldur eingöngu um hvernig skuli tilnefna fulltrúa í stjórn. Um það er nokkur klásúla. Þetta sýnir aðeins að hlutafélagsyfirbragðið skiptir þarna óskaplega litlu máli.

Frv. ber einnig með sér að það er ekki frv. dagsins í dag, heldur miklu frekar gærdagsins eða fyrra þings. Ýmsar dagsetningar í frv. eru þannig að þær eru allar aftur fyrir sig. Hið nýja hlutafélag skal taka til starfa 1. júní 1985, ekki einhverja næstu daga eftir að frv. hefur verið samþykkt. Það tel ég að séu alger nýmæli í lagabókstaf eða jafnvel í frv. að ákveðið sé að hlutafélög, sem verið er að samþykkja lög um, skuli taka gildi aftur fyrir sig.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um frv., en vildi aðeins benda á þessa sérstöku þætti, þ.e. þá tilhneigingu að gera öll fyrirtæki að hlutafélögum ríkisins og svo það að frv. er að því leyti einkennilega upp byggt að þegar er búið að ákveða hvað gera skal og dagsetningar þar að lútandi flestar liðnar. Einnig vildi ég benda á að í sérstakri bókun, sem gerð er 8. okt., er 4. liður sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Starfa skal sérstök samráðsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá félaginu og tveimur fulltrúum tilnefndum frá Sambandi íslenskra hitaveitna. Verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs milli Jarðborana hf. og hitaveitna í landinu um fjárhagsleg og tæknileg málefni svo og um almenn samskipti við hitaveitur í landinu."

Ég tel að þetta sé góð tilætlun og hefði miklu frekar átt heima inni í lögunum sjálfum en í sérstakri bókun sem fylgir lagasamþykktinni.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ef ég væri iðnrh. og fengi svo mikið hrós frá Alþb. fyrir frv. sem ég hefði lagt fram mundi ég fara að hugsa mitt ráð.

Mín fyrsta spurning til hæstv. iðnrh. er ekki flókin. Hvers vegna var þetta fyrirtæki ekki selt á opinberum markaði? Þegar menn hlusta á loforð manna um að draga úr umsvifum ríkisins skoðað í ljósi máls eins og þessa sjá þeir það, að því er ég trúi, þannig fyrir sér að ríkið losi sig undan þeim ábyrgðum sem fólgnar eru í því að standa undir fjárfestingu og rekstri fyrirtækja sem hugsanlega eru ákveðinn baggi þó að þau geti komið að gagni inn í milli, en sinni þeim verkefnum eða því verkefnasviði sem hér er um að ræða með þeim hætti að bjóða út þau verk sem til falla hverju sinni og geti þá tekið lægsta tilboði í þau verk og stuðlað þannig að sem minnstum tilkostnaði í framkvæmdum hins opinbera.

Þegar menn töluðu um að draga úr umsvifum ríkisins, þegar menn töluðu um að selja ríkisfyrirtæki held ég að fólk hafi almennt séð þessa hluti einhvern veginn þannig fyrir sér. Ekki þannig að ríkið sameinaðist Reykjavíkurborg til að breyta á einhvern hátt rekstrargrundvelli þessa fyrirtækis sem í sjálfu sér gerir ekkert annað en að breyta að einhverju leyti eignahlutföllum í þeim eignum sem þarna er um að ræða og ábyrgð í rekstri. Ég held að ef menn skoða þetta mál t.d. í ljósi þess dóms sem störf okkar á Alþingi hafa nýlega fengið

í fjölmiðlum, þ.e. að það sé ekkert að marka það sem stjórnmálamenn segja, sé ekki annað hægt en að skilja þá niðurstöðu almennings.

Ég tel ekki að þetta frv. t.d. sé í neinu samræmi við það loforð að draga úr ríkisumsvifum og selja ríkisfyrirtæki. Ég held að við höfum fengið mjög rækilega sönnun þess áðan þegar hv. 4. þm. Vesturl. var hér í stól. Hrifning hans af þessu frv. stóð náttúrlega í beinum tengslum við að það á ekki að breyta neinu í raun og veru. Þetta verður allt saman áfram inni í kerfinu.

Ég fæ nú tækifæri til að skoða þetta frv. í framhjáhlaupi þannig að ég mun kannske koma inn í þessa umræðu seinna, en hefði gjarnan þó viljað fá svar frá hæstv. iðnrh. við því hvers vegna þetta fyrirtæki var ekki selt á opinberum markaði.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram að ég átti von á því eins og hv. 4. þm. Vesturl. að fá að fjalla um málið í iðnn., en ég geri engan ágreining um það, enda lítt til þess bær býst ég við, hvort því er vísað til iðnn. eða fjh.- og viðskn.

Ég vildi þá fyrst taka undir þetta mál. Ég tel að það sé skref í rétta átt. Að því leyti get ég ekki verið sammála hv. 9. þm. Reykv. Málið er vissulega skref í rétta átt þó ef til vill sé skrefið óþarflega stutt.

Af þessu máli fengum við sumir pata í fyrravor, að það væri á döfinni. — Sumir að minnsta kosti. Ég veit ekki um alla. — Það kom upp einhver draugagangur í kringum það. Ég fagna því vissulega að þeir draugar virðast nú hafa verið kveðnir niður með kraftakveðskap, býst ég við.

Þær áhyggjur sem heyrðust í fyrravor í þessu sambandi voru fyrst og fremst þær að hin litlu og vanmáttugu sveitarfélög mundu verða afskipt og ættu lítinn kost á þátttöku í þessu væntanlega fyrirtæki. Nú virðist þeim áhyggjum, að nokkru a.m.k., rutt úr vegi ef lesið er yfir bréf frá Sambandi íslenskra hitaveitna sem fylgir hér með sem fylgiskjal og reyndar sú bókun sem gerð hefur verið sameiginlega milli iðnrh. og borgarstjórans í Reykjavík.

Fyrst málið ekki kemur til iðnn. voru einstök atriði sem ég hefði viljað nefna í sambandi við frv. Mér finnst það nokkur galli í 4. gr. að enn sé verið að tala um að bæta við undanþágum frá söluskatti með lögum. Mér finnst líka gott að fá upplýst, án þess að ég biðji þar um ákveðnar tölur, hvað eðlilegur arður af hlutafé er samkvæmt 5. gr. Eins get ég ekki annað en tekið undir það með hv. þm. Skúla Alexanderssyni, og telja sjálfsagt ýmsir að nú gerist menn allmjög sammála, að mér finnst allóvanalegt að sjá þessar bakdagsetningar dálítið aftur í tímann. Ég veit ekki hversu algengt það er í lagasmíðum.

En að öðru leyti tek ég undir meginefni frv. og fagna því að þessir draugar hafa verið kveðnir niður. Mér dettur í hug í því sambandi að hugsanlega megi kveða niður reimleika sem komu upp í sambandi við Sementsverksmiðju ríkisins í fyrravor.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið hér fram varðandi málsmeðferð. Það er mjög óviðkunnanlegt að Alþingi skuli fá þessa gjörð löngu eftir að hún hefur átt sér stað. Það hefði verið eðlilegra að leggja frv. fyrir Alþingi fyrr, þ.e. á síðasta þingi.

Hv. síðasti ræðumaður ræddi um draugagang allmikið og kraftakveðskap, en þrátt fyrir að hann hafi talið að sá draugagangur hafi verið niður kveðinn leyfi ég mér að benda á að nokkuð var um það á sínum tíma að sveitarfélög, sem þurftu á borunum að halda, fengu þær ekki vegna þess að Reykjavíkurborg var forgangsaðili. Þetta skapaði oft vandræðaástand hjá þeim sveitarfélögum sem um var að ræða, kostnað og erfiðleika. Ég sé ekki að með frv. sé þessu á nokkurn hátt breytt. Ég sé ekki annað en Reykjavíkurborg geti ráðið því alveg hvenær hún sinnir hinum einstöku beiðnum sveitarfélaga um boranir. Ég leyfi mér að ætla að það væri eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga væri spurt um álit á þessu frv. og hvort þau samtök telji að hagur smærri sveitarfélaga sé tryggður sem skyldi — eða er það skilyrði fyrir því að önnur sveitarfélög en eiga aðild að þessu eða vildu eiga aðild að þessu fái notið þessarar þjónustu?

Ég tel eðlilegt, eins og lagt var til, að frv. fari til fjh.- og viðskn., en vildi varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé ástæða til þess að sérstaks álits sé leitað hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Mér sýnist að málið hafi einungis verið rætt við hitaveitustjórnir og aðra ekki.

Hvað varðar formið á þessu held ég að það skipti litlu máli. Þetta er sáralítil breyting, leiktjöld ef svo mætti segja.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. vonaðist til þess að þeir reimleikar sem hér hefðu farið um hús vegna sementsverksmiðjumálsins væru jafnvel fyrir borð bornir. Það má að vissu leyti segja að frv. sem hér er til umræðu sé ekki með öllu ósamlíkjanlegt sementsverksmiðjufrv. Sú starfsemi sem hér er verið að fjalla um varðar langmestan hluta þjóðarinnar, að teknu tilliti til þess að sem betur fer nýtur langmestur hluti þjóðarinnar jarðvarmans. Að því leytinu er þetta málefni hliðstæða við Sementsverksmiðjuna, bæði málin varða stóran hluta þjóðarinnar, en annars ætla ég ekki að fara nánar út í það.

En þó það sé ekki í mínum verkahring að svara hv. þm. Birni Dagbjartssyni, þar sem hann vék að niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts, ætla ég að geta þess að ég hygg að hann hafi ekki lesið frv. nægilega vel yfir, einfaldlega vegna þess að slík ákvæði eru í orkulögum og komu inn í orkulög á vordögum 1983, eins og fram hefur reyndar komið.

Það eru örfá atriði sem ég vildi drepa á varðandi frv. sjálft. Það virðist vera meginástæðan fyrir því að þetta frv. er lagt fram að fremur hafi þrengst um starfsemi á sviði jarðborana á síðari árum samanborið við fyrri tíð. Tölur sýna það og m.a.s. línurit, sem eru fylgiskjal með þessu frv., gefa það til kynna. Þar kemur fram að hlutfall verkefna miðað við heildina vaxa töluvert á vegum Reykjavíkurborgar. Ekki meira um það.

Varðandi 5. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir samráðsnefnd Sambands íslenskra hitaveitna og Jarðborana hf., vil ég láta í ljós efasemdir um virkni slíkrar samráðsnefndar. Ég skal viðurkenna að þetta er spor í rétta átt með tilliti til þess að það er auðvitað bráðnauðsynlegt að sveitarfélög víða um land haldi sínum áhrifum varðandi hugsanleg verkefni, verkefni sem munu verða unnin og þarf að vinna á vegum og fyrir sveitarfé-

lögin á næstu árum. Þau verða vafalaust mikil. Mér blandast ekki hugur um það. Ég hygg að slíkum samráðsnefndum hafi verið komið á fót í nokkrum mæli og við hinar ýmsu aðstæður án þess að þær hafi haft nægileg áhrif.

Ég ætla ekki að gera ágreining um að iðnn. skuli ekki fá þetta mál til umfjöllunar. Ég bjóst reyndar fremur við því. Það er hefð fyrir því að um orkumálefni sé fjallað í iðnn. Ég ætla ekki að gera ágreining um það, en ég mælist til þess að nefndin athugi mjög vel um samráðsnefndina. Reyndar kom hv. þm. Karl Steinar Guðnason inn á þetta og ég tek undir orð hans í því efni. Ég skal ekkert um það segja hvort hugsanlegt er að negla þetta samstarf, ef ég má svo að orði komast, í ríkari mæli niður en gert er hérna. Ég mælist til þess að nefndin, sem um málið fjallar, athugi það.

Í frv. er gert ráð fyrir að nýja fyrirtækið standi síður höllum fæti í þessum rekstri en Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðboranir ríkisins. Gert er ráð fyrir að þetta fyrirtæki standi betur sameinað en áðurnefnd fyrirtæki. Í sjálfu sér vil ég ekki vefengja það. Hins vegar kveður 6. gr. á um, og menn verða að fara að lögum, að fastráðnir starfsmenn verði hinir sömu og þá sama tala starfsmanna og verið hefur. Þegar talað er um hagkvæmni í rekstri, skipulagsbreytingar, til þess að ná hagræðingu og hagkvæmni fram hefur mér sýnst að iðulega væri gripið til þess að segja upp starfsfólki. Ég vildi víkja að þessu ef hæstv. ráðh. vildi vera svo vænn að hafa um það einhver orð hvernig hann liti á þetta mál, hvort óyggjandi verður við það staðið sem er tíundað í frv.

Virðulegi forseti. Í raun er það ekki annað en þetta tvennt sem ég vildi víkja að. Hér er um að ræða sameiningu tveggja opinberra fyrirtækja og enda þótt einhverjir hafi látið frá sér fara einhvern tíma að það væri fyrir þeim heilagt mál að selja helst öll fyrirtæki sem væru á vegum ríkisins finnst mér óþarfi að vera að minna á það hér, enda þótt skref eins og þetta séu tekin um sameiningu opinberra fyrirtækja.

Hvað snertir þær dagsetningar sem eru á samningum hér skal ég taka undir að það væri e.t.v. geðfelldara fyrir Alþingi að fjalla um slík mál í tíma. Hins vegar minnir mig að það séu allnokkrar hliðstæður þess að ríkisstjórnir undirriti samninga með fyrirvara um samþykki Alþingis, m.a.s. stærri samninga en hér er um að ræða. Er þá ekki úr vegi að minna á hvernig var um álsamninginn á sínum tíma.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég þakka þær málefnalegu umræður sem fram hafa farið um þetta frv. til laga um Jarðboranir hf. Það eru ekki margar spurningar sem gefa mér tilefni til að standa hér upp aftur. Ein spurning er nóg til þess. En áður en ég kem að henni vil ég fara yfir punkta sem komu fram hjá þeim sem tekið hafa til máls.

Hjá hv. 4. þm. Vesturl. kom fram að vanalega þegar fyrirtæki væri breytt og stofnað væri hlutafélag væri það til þess að starfsmenn fengju þar eignaraðild. Ég held að það sé alveg tómt mál að tala um að fyrirtæki svo sérhæft sem Jarðboranir eru og það dýrt, bæði í rekstri og ég tala nú ekki um fjárfestingu, geti nokkurn tíma hér á landi orðið hlutafélag einstaklinga. Ég held að það sé alveg útilokað þar sem við tölum í hundruðum milljóna en ekki í nokkrum milljónum eða milljónatugum eins og þegar tiltölulega stór innlend fyrirtæki eru sett á laggirnar. Þannig er ekkert óeðlilegt að stærsti notandinn og ríkið séu saman um slíkt fyrirtæki. (**KSG:** Hlutabréf Flugleiða voru boðin í einu lagi, stór upphæð.) Þar erum við að tala um félag sem er með heildarhlutafé eftir jöfnunarbréf, sem hafa þó ekki verið gefin út lengi, af þeirri stærð að einstaklingar ráða við það og því er dreift niður á stóran hóp manna líka. Þetta kemur vel inn í það sem ég sagði í upphafi.

En ég held líka að um annað hafi ekki verið að ræða vegna stærðar þeirra verkefna sem fram undan eru hjá höfuðborginni. Reykjavíkurborg keypti sjálf tiltölulega nýlega jarðbora. Ég efast því um að verkefni hefðu verið næg fyrir ríkisfyrirtækið eða ríkisborana.

Á þessu frv. skilst mér að hafi orðið breyting frá því að það kom fyrst fram í flokkunum sem eiga aðild að ríkisstjórn í þá veru að samkvæmt ábendingu eiga sveitarfélögin öll aðgang að því að eignast hlut ríkissjóðs í fyrirtækinu. Það er opnara en var í upphaflegum drögum að frv.

Hvað gildistökuna, sem um er getið í frv., varðar er hún ákveðin 1. júní. Ég tek undir að slíkt er að sumu leyti óeðlilegt, en ekki þegar hugsað er um að það er sá dagur sem hlutafélagið átti að taka til starfa. Hið nýja félag átti þá að taka yfir allt sem þurfti að meta og verðleggja samkvæmt þeim vísitölum sem þá voru í gildi og því mati sem var í gildi á þeim degi. Því er haldið til haga og dagsetningunni einnig til þess að endurmat verði léttara. Það verður léttara frá þeim degi til þess dags sem fyrirtækið tekur vonandi til starfa.

Virðulegur 8. þm. Reykv. spyr hvers vegna fyrirtækið ekki var selt. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið einvörðungu vegna þess að það er enginn kaupandi að því. (**Gripið fram í:** Það er hægt að leita tilboða.) Leita tilboða í fyrirtækið? Ég veit ekki betur en að það hafi verið margsagt, bæði af mér og iðnrh. og ríkisstjórnin hefur samþykkt það, að öll fyrirtæki ríkisins eru til sölu. Ef það kemur kaupandi er það athugað. En ég veit að hv. 8. þm. Reykv. hlýtur að vera mér sammála um að stærð fyrirtækisins gerir að verkum að það er miklu þrengri kaupendamarkaður hér á landi en ella væri, ef við værum í öðruvísi landi. Það er líka eignarréttur ríkisins á starfinu sjálfu sem þessi fyrirtæki eiga að láta af hendi. Síðan kemur markaðurinn sem er líka í höndum hins opinbera, sveitarfélaga eða ríkisins. Þannig er hvergi grundvöllur fyrir þessa starfsemi nema á vegum hins opinbera. Ég held að það verði afskaplega erfitt að finna aðila sem vildu fjárfesta í svo dýrum tækjum og starfa á þeim starfsvettvangi sem hv. 8. þm. Reykv. gat um, á útboðsmarkaðnum. Þetta held ég að sé það eina svar sem ég get gefið.

Menn hafa talað hér um draugagang. Ég vona að hann sé horfinn úr frv. Ef ekki, reikna ég með því að honum verði þá útrýmt í nefnd.

Ég vil taka undir það með hv. 5. þm. Norðurl. e. að það er alls ekki geðfellt að veita undanþágur undan sköttum og öðrum opinberum gjöldum, en hérna er um opinber fyrirtæki að ræða. Þetta er spurningin um „inn og út“. Ég vona að það sé næg skýring. En ég verð að segja alveg eins og er að þessar undanþágur og eyrnamerking á opinberum gjöldum eru lítt geðþekkar.

Ég gaf áðan skýringu á bakdagsetningunni sem ég vona að sé líka nægjanleg.

Hv. 6. landsk. þm. talaði um forgang Reykvíkinga og

talar af reynslu sem ég veit að er rétt. En ég veit ekki hvort það er stærð verkefna eða hvort það er eignaraðild Reykjavíkurborgar að fyrirtækinu sem gerir það að verkum að Reykjavíkurborg hefur haft forgang eða þá hvort Reykjavík hefur verið að vinna að verkefnum þegar aðrir aðilar hafa þurft á verkfærunum að halda. Ég hef ekki trú á því að Reykjavíkurborg geti hlaupið inn í verk annarra, ef vélarnar eru uppteknar einhvers staðar, og þær verði teknar úr verki til að sinna Reykjavíkurborg.

Hv. 5. þm. Vesturl. ræddi um 6. gr. Ég verð að sjálfsögðu að svara því þannig að ég get ekki ímyndað mér annað en að Jarðboranir ríkisins hf. standi við þau lög sem samþykkt eru um félagið. 6. gr. er einmitt til þess að tryggja að starfsfólkið missi ekki atvinnu við breytinguna á rekstrarforminu.

Að öðru leyti vona ég að allar upplýsingar komi fram og verði ræddar í nefnd og veit ég að fjh.- og viðskn. gerir sitt besta til að upplýsa málið sem best.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Í svari ráðherra kom fram að þetta fyrirtæki gætu ekki aðrir átt en opinberir aðilar og ég get svo sem fallist á það, en það segir okkur aftur það að veruleg hætta er á því að þau sveitarfélög sem ekki eru aðilar að þessu fyrirtæki beri skarðan hlut frá borði eða þetta eignarform komi niður á þjónustu við þau sveitarfélög. Það er alkunna að verkefni eins og þau sem Jarðboranir sinna, hvert verkefni, tekur langan tíma og kannske ekki hægt að vinna að þeim nema á vissum árstíma. Ég óttast að Reykjavíkurborg hafi allan forgang, aðrir komi þar ekki til greina fyrr en hún hafi sinnt sínum þörfum.

Í öðru lagi vildi ég leiðrétta það, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að öll ríkisfyrirtæki væru til sölu. Ég minni á að Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur sendi erindi til fjmrn. á sínum tíma hvar fram kom ósk um að kaupa hlutabréf í Íslenskum aðalverktökum. Mér var sagt að það félli undir utanrrn. og fjmrn. hefði sent utanrrn. þetta erindi. Ekkert svar hefur borist enn sem þýðir að þetta fyrirtæki virðist ekki vera til sölu. Það er mjög athyglisvert og fróðlegt og væri huggulegt að á því fengjust skýringar eða a.m.k. svar við þeim erindum sem send eru í ráðuneytin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ekki það að ég ætli að gera úr því stórmál, en ég minni á alveg hliðstætt mál sem snertir hlutafélagsstofnun. Þá var um Sementsverksmiðju ríkisins að ræða. (**Gripið fram í:** Og Lagmetisiðjuna.) Já, og Lagmetisiðjuna. Þessum málum var báðum vísað til iðnn. Ekki svo að skilja að ég vanmeti hæfni fjh.- og viðskn. til að fjalla um málið, en ef við ætlum að vera sjálfum okkur samkvæm hefði ég talið mjög eðlilegt að þetta mál færi til iðnn. nema þá að þetta verði héðan í frá reglan og ef um slík mál er að ræða fari þau til fjh.- og viðskn. Ég vil ekki að slík ákvörðun sé svona í dag og hinsegin á morgun, heldur að við séum okkur alveg meðvitandi um hvað við erum að gera.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég er sammála því að hér sé um takmarkað tilfelli að ræða. Það fer ekki á milli mála, held ég, að hérna er nánast um hreint fjárhagsmálefni að ræða, skipulagsbreytingu fjárhagslega. Ég hef borið mig saman við nokkra þingreynda menn. Mér fannst sjálfum fyrst að þetta ætti að fara til iðnn., en hef sannfærst um að eðlilegra sé að það fari til fjh.- og viðskn. Hvort þetta verður eitthvert allsherjar dæmi er annað mál. Engin þau þrjú mál sem hér hafa verið nefnd eru nákvæmlega eins. En ég held að við leysum ekki lífsgátuna í dag. Ég held að það sé rétt að þetta fari til fjh.- og viðskn.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skattfrádráttur fyrir fiskvinnslufólk, frv. 28. mál (þskj. 28). — Frh. 1. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta frv. til l. um skattfrádrátt fyrir fiskvinnslufólk, frádrátt sem skuli nema 10% af beinum tekjum af störfum við fiskvinnslu, er þess eðlis að það verðskuldar vandaða umræðu á hinu háa Alþingi. Þó nokkrar umræður urðu um þetta fyrir tveimur dögum og sumt í þeirri umræðu var þess eðlis að það kallar á nokkrar athugasemdir.

Engum blandast hugur um sem fylgist með í íslensku atvinnu- og efnahagslífi að nú er svo komið vegna skuldasöfnunar í sjávarútvegi, sérstaklega s.l. fjögur ár vegna þess að hann hefur búið við rangskráð gengi árum saman, að flest sólarmerki benda til þess að þessum grundvallaratvinnuvegi sé smám saman að blæða út. Menn greinir ekki á um að um bullandi hallarekstur er að ræða í fiskvinnslu og flestum greinum útgerðar líka. Jafnvel þótt það sé byggt á meðaltölum Þjóðhagsstofnunar breytir það ekki því að um þetta er ekki deilt. Greiðslugeta þessa undirstöðuatvinnuvegar, samkeppnishæfni hans við aðra atvinnuvegi um laun, er m.ö.o. viðurkennt að er orðin allt of lítil.

Á s.l. sumri urðu miklar umræður um það að fólksflótti væri úr fiskvinnslunni og í framhaldi af því fólksflótti af landsbyggðinni. Forsvarsmenn fiskvinnslustöðvanna nefndu mörg dæmi um það að þjóðarbúið og þjóðarframleiðslan yrðu fyrir óbættum skaða vegna þess að ekki væri mannafli til þess að fullvinna afurðirnar, sérstaklega ekki í þær neytendaumbúðir og pakkningar sem skila hæstu verðlagi. Þetta tap er metið upp á mörg hundruð millj. kr. Á sama tíma er það svo að þessi undirstöðuatvinnuvegur getur ekki greitt sambærileg laun við þær greinar sem njóta hagnaðarins af rangskráðu gengi og innstreymi erlends fjár sem opinberi geirinn stendur fyrir. Við skulum hafa í huga að ⅔ hlutar af erlendum lánum Íslendinga eru teknir af opinberum aðilum. Það er efnahagsstefna ríkisstj., — og það er heldur ekkert umdeilt meðal þeirra sem þessi mál ræða — hallareksturinn í ríkisbúskapnum, vitlausar fjárfestingar, linnulaust innstreymi erlends fjármagns, röng gengisskráning, þar af leiðandi dúndrandi viðskiptahalli, sem skilar tekjunum til verslunarinnar, þjónustunnar og framkvæmda, bæði opinberra og

einkaaðila, sem síðan endurspeglast í launaskriði, yfirborgunum og þeim sívaxandi kjaramun sem orðinn er í þjóðfélaginu milli þeirra sem stunda undirstöðuatvinnuvegina og svo hins vegar þjónustugeirans.

Nú eru kannske ekki allir Íslendingar sem vita að við lifum á fiski, en mikið væri það nú æskilegt að menn gerðu sér grein fyrir því. Þjóðfélagsástand sem er niðurstaða og afleiðing af efnahagsstefnu ríkisstj. er leiðir til þessarar stöðu fær ekki staðist; þetta getur ekki staðist til lengdar.

Að vísu má segja að hægt sé að hugsa sér að fara aðrar leiðir en hv. flm., þeir hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Guðmundur J. Guðmundsson, leggja hér til. Þá verða menn líka að hafa í huga að þær aðgerðir verða að vera skjótvirkar og þá verða menn líka að benda á hverjar þær gætu verið.

Það vakti athygli mína við umræðurnar um daginn að þrjár hv. þingkonur, fulltrúar kvennasjónarmiða, andmæltu þessu frv. og út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. Það gerði hv. þm. Kristín Kvaran, fyrir hönd Bandalags jafnaðarmanna, það gerði málsvari Kvennalistans, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, og það gerði hv. þm. Guðrún Helgadóttir, þm. Alþb. Það var dálítið athyglisvert vegna þess að ekki fer á milli mála að við erum að ræða um starfskjör fjölmennustu kvennastéttar í landinu, þeirrar stéttar sem vinnur erfiðustu störfin undir bónusálagi með slíkum hætti að fulltrúar heilbrigðisstétta viðurkenna að atvinnusjúkdómar í þessari starfsgrein eru tíðir eins og allir þekkja sem einhver kynni hafa af. Þess vegna er það athyglisvert að fulltrúar kvenna hér á hinu háa Alþingi skuli ekki hafa tekið undir þetta. En hins vegar er alveg ástæðulaust að ýkja eða gera þeim upp skoðanir af hverju.

Það er nefnilega út af fyrir sig hægt að hugsa sér aðrar leiðir; það er alveg rétt. Hvers vegna völdu flm. þessa leið? Það er auðvitað þeirra að svara því. Þeir geta auðvitað bent á að í gildandi skattalögum á Íslandi, sem að vísu eru engan veginn til fyrirmyndar, hefur hvað eftir annað verið gripið til þess ráðs að leysa vandamál, sem upp koma í þjóðfélaginu eða á vinnumarkaðinum, fyrir sérstaka hópa með afslætti og undanþágum og frádrætti frá skatti. Flm. geta þess vegna vísað til þessarar heiðar og sagt: Hér er um að ræða sértækar aðgerðir í skattamálum; þær varða tiltekinn hóp — og stutt það heiðbundnum rökum um að svona er okkar skattakerfi. Ég nefni dæmi. Kannske er ekki alveg að treysta minni mínu, en mig minnir að þessir frádráttarliðir frá tekjuskatti séu ekki færri en 20, og ég skal telja upp nokkra þeirra:

1. Skyldusparnaður.
2. Helmingur tekna vegna aldurs.
3. Helmingur greiddra meðlaga.
4. Sjómannafrádráttur.
5. Fiskimannafrádráttur.
6. Kostnaður vegna stofnunar heimilis.
7. Námsfrádráttur.
8. Eftirstöðvar námsfrádráttar.
9. Iðgjald af lífeyristryggingum.
10. Stéttarfélagsgjald.
11. Iðgjald af lífsábyrgð.
12. Vaxtagjöld.
13. Gjafir til menningarmála.
14. Helmingur greiddrar húsaleigu,

að svo miklu leyti sem það ákvæði kemst til skila, þ.e. að svo miklu leyti sem leigumarkaðurinn lýtur lögum og reglum, en er ekki undir borðið. Auðvitað geta flm. með nokkrum rétti sagt: Svona eru málin leyst, svona hafa þau verið leyst. — Þetta er þess vegna út af fyrir sig heiðbundin leið og hana er auðvitað hægt að fara.

Hitt er rétt, sem fram hefur komið, að skattakerfi af því tagi sem við höfum, jafnflókið og það er, brýtur í bága við grundvallarreglu við setningu skatta sem er sú að skattakerfið skuli vera einfalt og skilvirkt. Þegar menn bæta undanþágum við undanþágur vill oft fara svo að praxisinn, afleiðingarnar verða aðrar en menn ætluðu. Mér dettur í hug t.d. að nefna liðinn Frádráttur vegna vaxtagjalda. Ætli það geti ekki verið svo að þessi liður m.a. valdi því að húsnæðislánakerfi Íslendinga sé orðið tekjumisjöfnunarkerfi, tekjutilfærslukerfi frá hinum efnaminni í þjóðfélaginu, sem m.a. hafa ekki einu sinni efni á að kaupa íbúðir eða eignast þak yfir höfuðið heldur leigja, til þeirra sem mestu lánin taka og stærstu húsin byggja og fá þess vegna í sinn hlut meginhluta þessa vaxtafrádráttar. Auðvitað eru þetta veigamikil rök út af fyrir sig.

Það er ekki nóg með að margir af hinum efnameiri í þessu þjóðfélagi byggi þá afkomu sína fyrst og fremst á sjálfdæmi um framtöl á tekjum eða aðstöðu til undandráttar frá sköttum. Það er líka á það að líta að skattalöggjöfin á Íslandi mismunar mönnum og tekjum þeirra gagnvart skatti eftir því hvort þeir eru launþegar eða stunda einhvers konar rekstur. Skattaívilnanir til fyrirtækja eru margvíslegar og þær hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Mjög algengt er að þeir sem stunda einhvers konar sjálfstæðan atvinnurekstur geta látið fyrirtæki greiða persónulegan kostnað, þurfa ekki að telja fram allar sínar tekjur eða telja þær fram á tekjulægri meðlimi fjölskyldunnar með þeim afleiðingum sem birtust t.d. í þeirri fréttatilkynningu húsnæðismálastjórnar sem vísað var til þess að sjálfstæðir atvinnurekendur sem hefðu leitað til Húsnæðisstofnunar teldu fram lægri tekjur en einstæðar mæður þeirrar þjónustu.

Það er líka hægt að nefna ótal dæmi í skattalögum um skattaívilnanir til atvinnurekstrar vegna frádráttarliða. Niðurstaðan er sú að reglan í íslensku þjóðfélagi er að fyrirtæki á Íslandi, meira að segja vel stæð fyrirtæki og vel búin eignum, greiða svo til enga skatta.

Sem dæmi um reiknaða frádráttarliði, frádrátt frá tekjum eftir að venjulegur rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá, má nefna fyrir fyrirtækin: 1) Gjaldfærslu skv. 53. gr. Hún gefur kannske dálitla skýringu á því hvers vegna bændastéttin á Íslandi er skattlaus þrátt fyrir þá almennu vitneskju sem við höfum að til eru auðvitað innan bændastéttarinnar grónir bændur sem búa að gamalli afskrifaðri fjárfestingu og eru eins og Björn ríki orðaði það eitt sinn, á Löngumýri, sterkefnaðir menn sem betur fer. Það eru kannske einmitt einkum og sér í lagi hinir efnaðri í bændastétt sem skv. þessari reglu verða skattlausir.

2) Fyrirtæki mega draga frá 5% af útistandandi viðskiptakröfum. 3) Fyrirtæki mega draga frá 10% af matsverði vörubirgða. 4) Fyrirtæki mega draga frá 10% vegna arðgreiðslna, og fyrirtæki skirrast ekki við, stór fyrirtæki eins og t.d. Flugleiðir, að greiða arð jafnvel á sama tíma og fyrirtækið er rekið með halla og þiggur verulega ríkisábyrgð og styrki frá ríkinu. 5) Fyrirtæki mega leggja í fjárfestingarsjóði allt að 40% af hagnaði sínum. 6) Og fyrirtæki mega draga frá

aukafyrningar skv. 44. gr. um tekjufærslu eða vegna söluhagnaðar.

Þannig er alveg augljóst mál að skattakerfið byggir allt á þeirri hugsun að sniðgengnar eru einfaldar reglur. Skattakerfið er ótrúlega flókið. Það er allt gegnumétið af undanþágum og frádráttum. Þegar þetta safnast allt saman verður niðurstaðan sú að tekjuskattskerfið er ónýtt. Það er ekki lengur — engan veginn, eins og allir vita — það sem það átti að vera, tekjujöfnunartæki, alls ekki. Það er þvert á móti dæmi um skattatæki sem löggjafinn er búinn að gera ónýtt með því í tímans rás að stagbæta það út frá einhverjum skammtímasjónarmiðum með þeim afleiðingum að það er aðeins hluti þjóðfélagsþegnanna, launþegar í landinu, þeir sem lifa á að selja vinnuafl sitt, sem greiða tekjuskatt og aðrir nánast ekki. Það er orðið að ójafnaðartæki, tekjutilfærslutæki frá hinum efnaminni til hinna efnameiri og sama má segja um söluskattskerfið og sama má segja um húsnæðislánakerfið og sama er að verða uppi á teningnum um lífeyrisréttindakerfið. Og svo kalla menn þetta velferðarríki.

Mér finnst að þetta eigi erindi inn í þessa umræðu vegna þess að þessi tillaga er um skattamál og það á inn í hana erindi vegna þess að út af fyrir sig er það alveg réttmæt ábending að þegar menn eru að gera svona breytingartillögur af ærnu tilefni og af ærinni nauðsyn er auðvitað æskilegt að hugsa um áhrifin í heild. Auðvitað er hægt að ímynda sér að hægt væri að leysa þetta mál með einfaldari hætti í staðinn fyrir að fara alla þessa frádráttarleið með því að hækka skattfrelsismörk frá tekjuskatti, með því að hækka þau verulega, t.d. upp að mörkunum að 50 þús. kr. laun launþega verði tekjuskattslaus, og þá um leið vera með einfaldan raunverulega tekjujafnandi tekjuskatt á hærri tekjur en fella niður alla frádráttarliði sem nöfnum tjáir að nefna. Einbeita síðan mannafla skattakerfisins að eftirliti með stóru fjárhæðunum í söluskattinum þar sem við erum að tala um þúsundir milljóna. En um leið gera auðvitað á því kerfi þá uppstokkun að taka upp einfalt og skilvirkt kerfi þar sem er raunverulega hægt að gera sér raunsæjar vonir um að eftirlitið skili árangri. Jafnframt verður auðvitað, þegar skattundandrátturinn er kominn á svo sjúklegt stig eins og er í þessu þjóðfélagi, að hafa viðurlög við skattundandrætti og skattsvikum svo hrottafengin að menn læri það í eitt skipti fyrir öll að ef um er að ræða fyrirtæki sem stelur undan söluskatti geri það það ekki aftur.

Út frá þessum sjónarmiðum væri hægt að beina þeirri spurningu til flm.: Fremur en að fara hina hefðbundnu leið undanþáganna, hvers vegna beinið þið því ekki til hins háa Alþingis að byrja heldur á róttækari aðgerð um hækkun á skattfrelsismörkum, þ.e. afnámi á tekjuskatti á laun? En hverju mundu flm. svara? Þeir geta ósköp einfaldlega vísað til þess að fyrir liggur viljayfirlýsing Alþingis um þetta, þáltill. sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi, tillögur okkar jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna og áttu að koma til framkvæmda á þremur árum. Niðurstaðan er hins vegar sú að hæstv. ríkisstj., sem er sjálf uppvís að því að kynda hér elda verðbólgunnar sem mun fara ört vaxandi á næstu mánuðum, hefur í uppgjöf sinni gagnvart því verkefni að reka ríkissjóð án halla gripið til þess ráðs að lappa upp á þetta ónýta skattakerfi, hækka óbeina skatta, hækka söluskatta, sem skila sér ekki nema að minnstum hluta til ríkissjóðs, og falla frá og svíkja gefin fyrirheit og samþykktir Alþingis um afnám á tekjuskatti. Hvað eiga hv. flm. þá að gera? Hvaða von er til þess að hér myndist meiri hluti fyrir svo róttækri aðgerð?

Ég held að menn verði að gera það upp við sig. Tilefni þessarar tillögu er brýnt. Verðmætatapið sem af því hlýst að geta ekki mannað frystiiðnaðinn á Íslandi, beinlínis tekjutapið fyrir þjóðarbúið og þar með fyrir getu okkar til launagreiðslna, er þvílíkt að það má ekki líðast. Auðvitað er þetta ekki nema ábending um einn hluta af því. Ef þetta kæmist til framkvæmda gæti það kannske orðið til þess að létta aðeins undir með þessum fyrirtækjum um samkeppnishæfni gagnvart öðrum greinum þjóðarbúskaparins, en auðvitað er það aðeins einn steinn í þá hleðslu.

Það má vel út af fyrir sig, miðað við þetta ástand mála, taka undir með hv. þm. Garðari Sigurðssyni sem flutti hér tilfinningaheita ræðu og segja: Það er of skammt gengið. En um leið verð ég að lýsa því skýrt og klárt yfir, út frá sjónarmiðum skattakerfis og launþega, að auðvitað er þetta aðeins ný bót á þetta slitna fat. Auðvitað getur þetta ekki orðið lausn til frambúðar. Stóra verkefnið fyrir hið háa Alþingi og fyrir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka hér er að taka þetta gjörsamlega vonlausa, hripleka og himinhrópandi rangláta skattakerfi til endurskoðunar í heild sinni.

Það er alveg ljóst að hæstv. ríkisstj., sem búin er að vera hér við völd í rúmlega tvö ár, mun ekkert byrja á því verkefni. Hún mun halda áfram sínar hefðbundnu leiðir að bæta nýjum og nýjum bótum á þetta útslitna fat. Þetta er þess vegna meiri háttar pólitískt verkefni sem bíður þeirrar tíðar að þessi ríkisstj. fari frá og hér myndist annar meiri hluti á Alþingi sem lætur stjórnast af einhverjum grundvallarsjónarmiðum um tekjujöfnun, um jafnræði í eignaskiptingu og ný hlutaskipti í þessu þjóðfélagi, vegna þess að grundvallarstaðreyndin er sú að það sem þessi ríkisstj. hefur unnið sér til óhelgi er að hún hefur lagt allar byrðarnar á þá sem minnst mega sín, en hún hefur hlíft skjólstæðingum sínum, þeim sem eru hinir raunverulegu fjármagnseigendur á Íslandi, við því að axla neitt af þessum byrðum.

Menn standa frammi fyrir þessum pólitísku staðreyndum. Er ekki önnur leið fær en sú að reyna að rétta hlut vinnandi fólks eftir leiðum eins og þessum?

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og Garðari Sigurðssyni fyrir þann stuðning sem komið hefur fram í þeirra máli við frv. Auðvitað er alveg laukrétt, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson benti á áðan, að það hefur lengi verið stefna og skoðun okkar Alþýðuflokksmanna og raunar fleiri í þinginu að tekjuskattakerfið gegndi ekki lengur upphaflegum tilgangi sínum sem tæki til tekjujöfnunar, heldur jafnvel þvert á móti, þannig að sú röksemd fyrir tekjuskattakerfinu að nota það til þess að jafna tekjur fólks stenst ekki lengur.

Það er einnig rétt hjá hv. þm. að menn hafa í sívaxandi mæli komist á þá skoðun að tilraunir til þess að lappa upp á þetta kerfi og leiðrétta það og reyna að stoppa í götin hafa ekki skilað árangri svo að æskilegast væri að taka þá ákvörðun að leggja þetta kerfi alfarið niður en nota fjölmörg önnur tækifæri sem bjóðast til þess að jafna lífskjörin í landinu, tækifæri sem eru miklu

líklegri til að skila árangri en tekjuskattakerfið.

Það liggur líka fyrir hvert er álit okkar Alþýðuflokksmanna á því hvaða grundvallarkerfisbreytingar við verðum að gera í skattamálunum. En á meðan þær hafa ekki verið gerðar verða menn að sjálfsögðu að lifa við óbreytt kerfi hversu gallað sem mönnum sýnist það svo vera.

Í þessu sambandi rekur mig minni til sögu, sem Jón heitinn Baldvinsson sagði oft á þingum Alþfl., frá því þegar hann vann við það að setja bækur. Þá sagði hann frá því og notaði oft þá sögu að eitt sinn hafi hann verið að setja matreiðslubók sem var fyrir heldri manna húsfreyjur. Þar hefði verið getið sérstaklega um það að taka ætti þetta og þetta margar silfurskeiðar af hveiti eða sykri eða aðskiljanlegum efnum sem átti að nota í baksturinn. Og Jón Baldvinsson sagði: Alþýðan á ekki silfurskeiðar. Hún verður að láta sér nægja sínar teskeiðar. En mér finnst samt ekki ástæða til að hún hætti við að baka.

Þessi röksemd á vissulega við í þessu máli enn. Á meðan við, eins og hæstv. iðnrh. mundi orða það, erum að ná vopnum okkar og meðan við erum að höndla okkar silfurskeiðar held ég að það sé rétt að við brúkum þau áhöld sem við höfum til þess að baka þær kökur sem baka þarf.

Ég verð að taka undir með hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að mér kemur mjög á óvart að þegar lagt er fram á Alþingi frv. um að rétta hlut starfshóps þar sem sennilega flestar konur eru skuli allar þær konur sem til máls hafa tekið til þessa leggjast gegn því, þannig að það sé skráð í þingsögunni að ef þetta frv. um lagfæringu á kjörum fiskvinnslufólks væri samþykkt hefði það verið samþykkt gegn mótmælum þeirra kvenna sem til máls hafa tekið.

Ég vildi gjarnan að þessar konur gerðu grein fyrir máli sínu, ekki bara hér á Alþingi, heldur á fiskvinnslustöðvunum. Og það vekur einnig athygli mína að þær sem komið hafa hingað upp til þess að ræða þetta mál með þessum hætti eru allar héðan úr Reykjavík eða flestar héðan af Reykjavíkursvæðinu a.m.k. (**Gripið fram í:** Háskólaborgarar.) og háskólaborgarar. Ég held að það væri mjög æskilegt að þessar hv. þingkonur kynntu sér t.d. í viðræðum við lækna úti á landsbyggðinni hvaða reynslu þeir hafa af sínum störfum við að hjálpa fiskverkafólki, konunum sem þar vinna. Ég er sannfærður um að þær kæmust að sömu niðurstöðu og flestir sem það hafa gert, að það vinnuálag sem viðgengst í fiskvinnslunni og sem fyrst og fremst bitnar á konum, sem eru það vinnuafl sem heldur þeirri atvinnugrein uppi, sé þess eðlis að raunar sé ekki verjandi að búa við þetta kerfi óbreytt. Auðvitað kemur þetta fram í því að jafnvel þó sæmilegir tekjumöguleikar séu í fiskvinnslu, ef nægileg atvinna er, ef nægilega hart er lagt að sér og ef unnið er nægilega lengi, samt sem áður, bjóðist konunum sem þarna vinna einhver önnur atvinna koma þær í hópum til þess að fá þá vinnu frekar en vinnuna sem þær stunda, fiskverkun, jafnvel þó að það séu störf sem eru lægra launuð.

Þó kemur mér mest á óvart hvaða rökum er beitt við að andmæla þessu máli. Hv. þm. sem hér talaði, Kristín S. Kvaran, komst þannig að orði að hún skildi ekki þann rökstuðning að Alþingi þyrfti að reyna að lagfæra hlut fiskverkafólks vegna þess að aðrar stéttir í þjóðfélaginu hefðu getað velt af sér öllum þeim byrðum sem þjóðfélagsþegnunum er ætlað að bera og launamunur hafi aukist í samfélaginu. Hún skildi ekki slíka röksemd. Hún skildi ekki, sagði hún, þá röksemd að stórir hópar hafa getað haldið sínu og jafnvel sótt sér kjarabætur á þeim tímum þegar aðrir hafa orðið að taka á sig byrðar, hún skildi það ekki, hv. þingmaðurinn, að það væri röksemd fyrir því að reynt væri að hjálpa láglaunafólkinu sérstaklega af löggjafarvaldinu. Ég verð nú að segja að ef slík röksemd gengur ekki upp í hug og hjarta þess sem kennir sig við jafnaðarstefnu, þá eru menn farnir að þokast ansi langt frá upphaflegum markmiðum þeirrar stefnu.

Í annan stað sagði hún einnig að aðferð eins og þessi, að veita fólki frádrátt frá tekjuskatti, væri leið til þess að kenna fólki að svíkja undan skatti, væri leið til þess að ýta undir skattsvik í þjóðfélaginu. Þetta er einnig ákaflega furðuleg röksemd. Ég þarf nú að gæta að því hvort hv. þm. hefur haft þessi rök uppi þegar, á hennar tíð, slík mál hafa komið fyrir til afgreiðslu á Alþingi.

Hinn 6. júní 1985, á s.l. vori, voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Breytingin var nákvæmlega um sömu grein og breytingin sem við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson leggjum til að breytt verði, um 30. gr. laganna, og var á þá leið, eins og segir í lögunum, sem samþykkt voru að helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs megi draga frá. Ég hef reynt að kynna mér það í þingtíðindum hvort hv. þm. hafi lýst þeirri skoðun sinni við þetta tækifæri að þetta væri aðferð til þess að ýta undir skattsvik. Ég hef ekki orðið var við það. Ég sé ekki annað í þingtíðindum en að þessi hv. þm. hafi greitt atkvæði sitt með þessari breytingu.

Í þessari sömu grein laganna er fjöldinn allur af undantekningum eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var að benda á. Þar eru t.d. ákvæði um að það megi draga frá skatti þau hlunnindi sem veitt eru með fatnaði, fæði, húsnæði og öðrum hliðstæðum hætti og eigi eru talin manni til hagsbóta. Er það skoðun þessa hv. þm. að þetta sé aðferð til að kenna mönnum að svíkja undan skatti?

Einnig er í þessari grein heimild til þess að mega draga frá kostnað við stofnun heimilis á því ári sem maður gengur í hjúskap. Er það að áliti hv. þm. inn í lögin sett til þess að ýta undir skattsvik og kenna fólki að stela undan skatti? Í þessu sama ákvæði er líka liður sem heimilar viðkomandi að draga frá þær fjárhæðir sem hann hefur aflað sér á síðustu 12 starfsmánuðum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs, en frádráttur þessi megi þó aldrei vera meira en 800 þús. kr. Er þetta að áliti þm. leið til þess að kenna fólki að svíkja undan skatti? Hvernig stendur á því að hv. þm. hefur ekki komið með þessar ábendingar sínar fyrr?

Á síðasta þingi var einnig samþykkt brtt. við tekjuskattafrv. um að hækka leyfilegan sjómannafrádrátt úr 10% í 12%. Nákvæmlega sams konar tillaga var borin fram hér. Ég hef líka flett upp í umræðum um það mál. Hv. þm. Kristínu Kvaran gafst kostur á því að tala við allar þær þrjár umræður sem urðu um málið hér í þingdeildinni. Ég varð ekki var við það þá að hún hefði komið með þær ábendingar að þarna væri verið að kenna fólki að svíkja undan skatti. Það er fyrst núna sem henni dettur það í hug, hv. þm., þegar verið er að ræða um þá atvinnustétt þar sem konur eru hvað fjölmennastar.

Það er auðséð og auðheyrt á öllu að hinn svokallaði kvennaáratugur er liðinn. En látum það nú vera, þessa röksemd þessa eina hv. andmælanda þessa frv. En það var önnur röksemd sem þær áttu allar sameiginlega, þar sem hver hv. þm. át upp eftir öðrum án þess svo mikið sem sá fyrsti, sem byrjaði á staðhæfingunum, reyndi að afla sér upplýsinga um það hvort hún færi nú með rétt mál. Það var þegar verið var að útlista hvers vegna þessi fiskimannafrádráttur væri til kominn. Þá át hver hv. þm. eftir öðrum það upp að það væri vegna þess að þessir menn væru svo mikið fjarverandi frá heimilum sínum. Það væri ástæðan. Fyrst var það hv. þm. Guðrún Helgadóttir sem tók þetta fram í sinni ræðu og síðan át hver hv. andmælandi þetta upp eftir henni án þess að hafa fyrir því að leita að þessu sjálfur.

Nú vill svo til í þessum lögum, gildandi lögum, að það eru ekki aðeins fiskimenn og farmenn sem er veittur þessi frádráttur. Eins og allir vita þá er stór hópur fiskimanna sem ekki er svo mikið fjarverandi frá heimilum sínum eins og t.d. dagróðramenn, menn sem stunda rækjuveiðar o.fl., og eru heima á hverjum sólarhring eins og aðrir launþegar. Það er ekki aðeins til fiskimanna og farmanna, þ.e. til sjómanna, sem þessi frádráttur er heimilaður, heldur einnig til hluta ráðinna landmanna, manna sem fara aldrei um borð, heldur starfa við beitningu og önnur störf í landi. Skyldi þessum mönnum vera heimilaður 12% sjómannafrádráttur vegna þess að þeir séu svo mikið í burtu frá heimilum sínum? Auðvitað ekki. Þetta er bara fullyrðing sem einn hv. þm. étur upp eftir öðrum án þess að láta svo lítið að gá í lögin til þess að kynna sér lagatextann. En látum það nú liggja á milli hluta.

Við skulum kanna það hvernig þessi sjómannafrádráttur í tekjuskattinum er til kominn og hvernig hann var rökstuddur á sínum tíma til þess að ganga úr skugga um það hversu vandaður málatilbúnaður þeirra kvenna er, sem koma hér upp hver á fætur annarri til þess að andmæla frv. á þessum nótum. Það var fyrst í lögum nr. 46/1954 sem sjómönnum er heimilaður frádráttur frá skatti. Þá var það vegna hlífðarfatakostnaðar. Þá var það vegna kostnaðar sem þeir lögðu út til öflunar hlífðarfata. Þeim var heimilað að draga þann kostnað frá. Þremur árum síðar kemur síðan sá frádráttur sem sjómannafrádrátturinn nú er beint framhald af. Það var í lögum nr. 37/1957 sem fram voru lögð í frumvarpsformi á þinginu 1956. Þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, lagði þá frv. fram um að heimila fiskimönnum, til viðbótar við hlífðarfatafrádrátt fyrir útlagða peninga vegna kaupa á hlífðarfötum, sérstakan fastan sjómannafrádrátt frá tekjuskatti.

Hæstv. þáv. ráðherra, Eysteinn Jónsson, mælti fyrir þessu máli á Alþingi í örstuttri ræðu en rökstuddi tillöguna ekkert frekar sjálfur heldur sagði einungis að það mætti vera hverjum manni auðsætt af hverju þessi tillaga væri lögð fram. En það kom glögglega fram í máli annarra þm. hver var rökstuðningurinn. Með leyfi hæstv. forseta vil ég hér vitna í þingræðu Magnúsar Jónssonar sem tók til máls næstur á eftir ráðherranum:

„Það er auðvitað augljóst hver hugsunin er með þessu frv. og það er að veita sjómönnum nokkur sérfríðindi vegna þeirrar miklu nauðsynjar að fá menn til þess að starfa á fiskiskipaflotanum og hefur sú hugsun sem hér liggur á bak við að sjálfsögðu við full rök að styðjast og mikla nauðsyn.“

Þarna er ekkert verið að tala um fjarvistir frá heimilum eða annað slíkt. Þarna er verið að telja fram rökin fyrir því að þessi frádráttur var fyrst heimilaður. Og rökin voru þau að það væri ekki hægt að manna fiskiskipaflotann. Það var verið að leita leiða af hv. Alþingi til þess að gera einhverjar ráðstafanir til þess að gera sjómannastarfið eftirsóknarverðara. Og það er ekki bara hv. þm. Magnús Jónsson sem ég get leitt hér til vitnis. Hv. þáv. þm., Eðvarð Sigurðsson, framsögumaður þeirrar nefndar í Nd. sem fjallaði um þetta mál, gerði svofellda grein fyrir þessu:

„Í desember s.l., þegar fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar áttu í samningum við hæstv. ríkisstjórn um lausn efnahagsmálanna, voru einnig á dagskrá kröfur sjómanna um nýtt skiptaverð þeim til handa og fleira af því tagi, en samningum þeirra hafði þá verið sagt upp. Fulltrúar sjómanna- og verkalýðsfélaganna gerðu þá m.a. kröfu um aukin skattfríðindi til handa fiskimönnum. Frv. það sem hér er til umræðu er einungis staðfesting á því samkomulagi er varð milli samninganefnda sjómanna- og verkalýðsfélaganna annars vegar og hæstv. ríkisstjórnar hins vegar, varðandi skattafríðindin.“

Hreint og beint, einfalt kjaramál. Ekkert minnst á fjarvistir eða annað slíkt. Og hv. þm. Björn Ólafsson segir við sama tækifæri:

„Ég tel að þau fríðindi sem þeim eru hér gefin við ákvörðun tekjuskatts, 500 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð, séu ekki nægilega mikil. Þessi fjárhæð, þó að hún út af fyrir sig geri nokkurt gagn, nær ekki þeim tilgangi sínum að binda unga menn við sjómannsstörfin. En eins og sakir standa virðast ungir menn, sem leggja fyrir sig sjómennsku, vera að flosna upp frá störfunum. Sést það best á því að nú eru sex eða sjö hundruð Færeyingar hér á togara- og bátaflotanum.“

Og síðan mælir hv. þáv. alþm., Björn Ólafsson, fyrir tillögu um að hækka þennan frádrátt meira en tillaga var gerð um, alveg eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson gerði hér við fyrri umræðu.

Ég ætla að halda áfram að vitna í rökin fyrir því að þetta var gert á sínum tíma. Í framsögu Eggerts G. Þorsteinssonar í Ed. Alþingis um þetta sama mál segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er kunnara en frá þurfi að greina hverjum erfiðleikum það hefur verið bundið að fá menn til þess að stunda hin erfiðu og áhættusömu störf sem unnin eru á íslenska fiskiskipaflotanum. Hjá þjóð eins og okkur Íslendingum, sem byggjum nær alla útflutningsverslun okkar á öflun sjávarafurða, er um geigvænlegt vandamál að ræða. Fjárhagsleg geta þessarar atvinnugreinar virðist hins vegar ekki hafa aðstöðu til þess nú að bæta svo um að ungir og nýir starfskraftar laðist til starfans. Nægir í því sambandi að benda á hina gífurlegu fjárþörf fiskiflotans um hver áramótin á eftir öðrum, ef dæma má eftir því.“

Þessi rök væri hægt að nota óbreytt í dag með því að setja fiskverkafólk í staðinn fyrir fiskimenn. Og þetta eru röksemdirnar sem m.a. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson rakti hér áðan. Ef við höldum síðan áfram, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í framsögu Eggerts G. Þorsteinssonar, þá segir hann:

„Skorturinn á vinnuafli til sjávarstarfa er bersýnilegastur á þeim fjölda Færeyinga og annarra erlendra sjómanna sem ráðnir hafa verið undanfarin ár til starfa

á togurum og vélbátum hér við land.“

Gætu menn ekki sagt það sama um ástandið í fiskvinnslunni? Eru menn ekki að tala um það, bæði hér á Alþingi og annars staðar, hvílíkt ástand það sé orðið þegar þurfi að flytja inn erlent vinnuafl til þess að vinna við fiskvinnslu í íslenskum fiskverkunarhúsum vegna þess að íslenskt fólk fæst ekki þar til starfa? Síðan held ég áfram að vitna í hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson. Hann segir:

„Vegna yfirstandandi vertíðar hefur Sjómannafélag Reykjavíkur veitt leyfi fyrir 183 Færeyingum. Hér er þó aðeins talinn sá fjöldi sem er á skipum sem skráð eru frá félagssvæði Sjómannafélags Reykjavíkur, en auk þeirra eru fjölmargir erlendir sjómenn á togurum og fiskiskipum úr öðrum verstöðvum í landinu. Þetta gerist á sama tíma og vitað er að fjöldi manna er á biðlista við ýmiss konar önnur störf og þjónustu í landi sem fjarlæg eru sjálfum framleiðslustörfunum.“

Herra forseti, eru þetta ekki sömu rökin og við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson höfum verið að flytja? Hvar er í þessum rökum minnst á fjarvistir eða sérstöðu í því sambandi? Hvergi. Rökin sem við flytjum nú fyrir tekjuskattsafslætti fyrir fiskverkafólk eru nákvæmlega þau sömu og flutt voru fyrir skattafslætti fyrir sjómenn, sjómannafrádrættinum svokölluðum, þegar hann var tekinn upp. Enda eru aðstæðurnar nú nákvæmlega eins í fiskvinnslunni og voru í sjómannsstörfunum þá.

Síðan segir Eggert G. Þorsteinsson, hv. þm., svo áfram í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Með frv. því sem hér liggur fyrir er ætlað að stíga enn eitt skref í þessa átt (sem fyrst var stigið í lögum nr. 46 frá 1945) og að sá mismunur, sem áður var gerður á þessum efnum á togarasjómönnum og öðrum fiskimönnum, verði nú jafnaður.“

Herra forseti. Það fer ekkert á milli mála að það er rétt sem við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson höfum bent á og leyft okkur að nota. Það er sami rökstuðningur sem fylgir þessu frv. okkar og fylgdi frv. því sem hæstv. þáv. ríkisstj. lagði fram á sínum tíma á árinu 1956 um skattfríðindi sjómanna. Og það á ekkert skylt við það sem hér hefur verið fullyrt af hverjum hv. þm. á fætur öðrum, og að sjálfsögðu byggt á því að þessir hv. þm. hafa ekki einu sinni hirt um að kynna sér málið áður en þeir fóru að fullyrða, gátu ekkert byggt á því, þeirri sérstöðu sem sjómenn vissulega hafa varðandi langa fjarveru frá heimilum sínum, heldur á þeim rökum að hér er um undirstöðuatvinnuveg að ræða sem hlýtur að varða alla, og ekki síst Alþingi Íslendinga, að sé hægt að starfrækja með eðlilegum hætti.

Síðan var þessi frádráttur, sem var í föst krónutala, hækkaður. 850 kr. var hann árið 1958 og stóð þannig sem hlífðarfatafrádráttur og fastur frádráttur pr. lögskráningarmánuð þangað til árið 1972 að lögunum var breytt og þessi frádráttur felldur niður en í staðinn tekinn upp frádráttur í formi 8% afsláttar af tekjum. Hver var ástæðan fyrir því? Ég ætla ekki að þreyta þingheim með því að fara að vitna í umræðurnar þá. Menn geta flett því upp sjálfir. Ástæðan var sú að páv. ríkisstjórn gerði þá breytingu á skattvísitölu að hagur sjómanna af föstum krónufrádrætti stórlega minnkaði. Til þess að ganga til móts við þá rýrnun á skattalegri stöðu sjómanna var tekin sú ákvörðun af þáverandi ríkisstjórn að fella niður hinn fasta krónutölufrádrátt en taka upp prósentufrádrátt í staðinn.

Ef þm. mundu nú leggja þá vinnu í sinn málflutning að reyna að kynna sér sögu þessara mála þá ættu þeir að fletta þessu upp sjálfir. Ég hef satt að segja annað við minn tíma að gera en að gera það fyrir þá. En það er guðvelkomið ef hv. þm. hafa ekki tíma til þess. Ég vildi samt sem áður gjarnan geta gert það án þess að þurfa að standa upp í ræðustól og gera það fyrir framan þá. Ég skal hins vegar gjarnan vísa þeim á þau þingtíðindi, hefti, árgang, blaðsíðu o.s.frv. ef þeir kæra sig um. En að standa hér uppi í ræðustól, farandi hver á fætur öðrum með svona rangfærslur sem byggjast ekki bara á misskilningi, ekki bara á vanþekkingu, heldur á því að nenna ekki að kynna sér mál, það er fyrir neðan allar hellur.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég á að fara nokkuð nánar út í þau orð sem féllu hjá þessum hv. þm. hér þegar málið var áður á dagskrá vegna þess að því miður verður að segja um flest það sem þar var sagt að eitt rekur sig þar á annars horn, eins og hefur komið fram í þessu.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði að andstaða Kvennalistakvenna byggðist á því að það væri óeðlilegt að leysa vandamál launþega og atvinnurekenda á þennan hátt. Jæja, var það afstaða Kvennalistakvenna við hækkunina á sjómannafrádrættinum í fyrra? Eða er þetta afstaða sem allt í einu er fædd nú í dag? Hver er þá ástæðan fyrir því? Hversu oft hefur Alþingi ekki þurft — m.a.s. á þeim tíma sem liðið hefur af þessu kjörtímabili þegar þær Kvennalistakonur hafa átt fulltrúa á Alþingi — að grípa inn í mál með þessum hætti? Halda menn að það sé ekki hægt að segja slíkt og hið sama um allar félagslegar aðgerðir sem Alþingi gerir, sem eru í því fólgnar að reyna að rétta hlut hins smáa? Halda menn að það sé ekki hægt að fullyrða um allar slíkar aðgerðir að verið sé að hafa afskipti af málum launþega og atvinnurekenda og leysa þeirra vandamál? Hvar eru mjúku gildin hjá Kvennalistanum? Hurfu þau kannske líka þegar kvennaáratugurinn rann í aldanna skaut? Er það ekki einmitt þetta sem segja má að Alþingi sé að gera með annarri eða þriðju hverri löggjöf sem það setur? Að reyna að rétta hlut hins smáa? Reyna að hafa afskipti af málum, sem frjálshyggjumenn segja að eigi ekki að koma löggjafanum við heldur sé einkamál atvinnurekandans og launþegans, hvað hann ber úr býtum, hvernig hann lifir í þessu landi? Hvað er Alþingi annað að gera meginhlutann af sínum starfstíma en að hafa afskipti af þessu? Hvers konar röksemd er það frá þingmannahópi, sem kennir sig við hin mjúku gildi, að segja að löggjafarsamkomu eigi ekki að koma slík mál við? Þetta getur Thatcher sagt, Reagan, Hannes Hólmsteinn, jafnvel Þorsteinn Pálsson. En að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir skuli segja að þetta sé mál sem eigi ekki að koma Alþingi við, það verð ég að segja að kom mér á óvart.

Ég er alveg sannfærður um það, til allrar hamingju, að fjölmörg mál þeirra Kvennalistakvenna, sem þær flytja á Alþingi, eru einmitt um þessi efni. Einmitt um það að reyna að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu umfram það sem aðilar vinnumarkaðarins ráða við og hafa gert. Öll félagsmálalöggjöf Alþingis, jafnvel hin mislukkaða skattalöggjöf, hefur þetta að takmarki sínu.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði: „Mér er ekki

kunnugt um að neinn hafi beðið um þetta.“ Það er algerlega rangt. Ég skal útvega henni lista með nöfnum fleiri tuga fiskverkunarkvenna, og karla líka, sem hafa skrifað undir áskorun til Alþingis um nákvæmlega þetta sem við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson erum að leggja fram. (Gripið fram í.) Þær gerðu það í fyrra og afhentu forseta Sþ., Þorv. Garðari Kristjánssyni, þann lista. (**GHelg:** Eftir að frumvarpið kom fram.) Það er ósatt. Ég get líka afhent (Gripið fram í.) — enn kemur fullyrðing sem byggist á því að annaðhvort nennir hv. þm. ekki að kynna sér mál eða hann vill það ekki. Og ég hef það álit á hv. þm. að hið fyrra sé rétt. Ég hef það álit á hv. þm. að hún vilji gjarnan kynna sér málin, þannig að eina skýringin hlýtur að vera sú að hún gefur sér ekki tíma til þess. (Gripið fram í.) Í bréfasafni þingsins er bréf t.d. frá Verkakvennafélaginu Snót í Vestmannaeyjum, sem er, að ég held, þriggja ára gamalt — löngu áður en þessum frv. var hreyft — þar sem Verkakvennafélagið Snót fer fram á að svona aðgerðum verði beitt af hálfu ríkisvaldsins. Þannig að það er líka röng fullyrðing hjá hv. þm., eins og allar fullyrðingar hennar í þessu máli, að þessar óskir hafi ekki komið fram fyrr en eftir að við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson fluttum frv. okkar í fyrra. Það er líka rangt. Ég ætla að leiðrétta það strax til þess að þær komi nú ekki í röð hér konurnar hver á fætur annarri og éti þessa sömu röngu fullyrðingu upp. (**HBl:** Er þetta ekki gamalt mál hér í deildinni?) Sjálfsagt er þetta líka gamalt mál hér í deildinni, eins og glöggur maður, Halldór Blöndal, kallar hér fram í.

Ég veit ekki við hvað hv. þm. Guðrún Helgadóttir miðar þegar hún gefur þær upplýsingar að fiskverkamanni með 400 þús. kr. árstekjur muni þetta frv. færa 28 940 kr. í aðra hönd. Og hv. þm. segir síðan: Ja, hvað er það? Þetta er svo lítið að það tekur því ekki að tala um það. Ég verð nú að segja eins og er að flest það verkafólk sem ég þekki til telur tæplega 29 þús. kr. vera talsverða peninga. Ég held að það vildi gjarnan frekar hafa þá á milli handanna heldur en hafa þá ekki. Þetta er hvorki meira né minna fyrir fólkið á hinu lága kaupi, sem fiskverkafólk þarf að lifa af, en ígildi þess að greiða því 13. mánuðinn, að greiða því 13. mánuðinn! Og ég held að því muni ekki finnast það vera svo lítið og óverulegt að það taki því ekki einu sinni að taka við því. Það er háskólaborgarasjónarmiðið. En það er ekki sjónarmið fólksins sem vinnur við fiskverkunina.

Menn skulu gæta þess (Gripið fram í.) að þessi peningur sem þarna er um að ræða eru fjármunir sem verðbólgan getur ekki af þessu verkafólki tekið. Það eru fjármunir sem ávallt munu halda gildi sínu. Þetta er verðtryggð kjarabót. Þetta er kjarabót sem enginn annar þrýstihópur — eða enginn þrýstihópur í þjóðfélaginu vegna þess að það er ekki hægt að segja annar þrýstihópur í þessu sambandi því að fiskverkafólkið er ekki þrýstihópur — en þetta er fjárhæð og kjarabót sem enginn þrýstihópur í þjóðfélaginu gæti af því tekið með því að koma eftir á, eins og þessir hópar gera gjarnan, og taka í sinn hlut í almennum kjarasamningum margfaldar kauphækkanir á við þá lægst launuðu, það sem þeir fá.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði mig hvort ég gæti ekki lagt fram útreikninga um það hvað þetta mundi þýða fyrir einhverja ákveðna tekjuhópa í fiskvinnslu. Það get ég að sjálfsögðu ekki gert. Ég hef engar aðstæður til þess. Ég get komið með fjölmörg dæmi, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi, ef um væri að ræða einhvern Jón Jónsson sem hefði þetta mikið í kaup og hefði svona og svona stóra fjölskyldu og hefði þetta og þetta mikið í vaxtafrádrátt og þetta og þetta mikið í skuldir o.s.frv., o.s.frv. þá mundi það gefa þessa og þessa niðurstöðu. Slík dæmi eru bara gersamlega merkingarlaus eins og allir vita sem hafa eitthvað um skattamál fjallað vegna þess að þegar menn eru að búa til svona hugmyndir þá eru menn að tala um kannske einn, tvo eða þrjá menn sem falla undir þá skilmála sem svona eru settir upp. Réttasta dæmið er auðvitað að fá það áætlað hjá skattyfirvöldum hvað hér er um að ræða mikið tekjutjón fyrir ríkissjóð og hvað um er að ræða stóran hóp skattgreiðenda sem líklegt er að fái og njóti þessarar ívilnunar. Að reyna að reikna út einstök dæmi í þessu sambandi er algerlega misvísandi og út í hött.

Að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því, og við flm. báðir, að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar vinni þetta verk. Það er hennar hlutverk að vinna þetta verk í samráði við hv. fjmrn. (**GJG:** Og skili áliti.) og skili að sjálfsögðu áliti og taki afstöðu til þess, hvort hún vill að þetta frv. verði samþykkt, hvort hún vill að því verði breytt, og þá hvernig, eða hvort hún vill að málinu verði alfarið vísað frá.

Ég vil benda á það, herra forseti, og láta það verða mín lokaorð í þessu máli, a.m.k. að sinni, að þeir sem hafa komið hingað upp til þess að gagnrýna þetta frv., ýmist á þeim forsendum að það mismuni fólki, eins og sumir segja, eða á þeim forsendum að það mismuni ekki nógu mikið, eins og sömu aðilar segja, vegna þess að í öðru orðinu eru þeir sem andmæla þessu frv. að tala um að verið sé að mismuna stéttum, í hinu orðinu er verið að tala um að þetta sé svo lítilvægt, sem þarna sé um að ræða, að það skipti engu máli. M.ö.o. eru það orðin rök í málinu, bæði að hér sé verið að mismuna stéttum og að stéttunum sé ekki mismunað nógu mikið. Hvernig á einhver vitglóra að fást út úr svona röksemdafærslu?

Nei, gott og vel. Þeir sem hafa komið hingað upp til þess að gagnrýna þetta frv. en engu að síður lýst sig samþykka mati okkar hv. meðflm. míns, Guðmundar J. Guðmundssonar, á því að eitthvað þurfi að gera fyrir þetta fólk, hafa menn tekið eftir því að það hefur ekki ein einasta tillaga komið frá þessum gagnrýnendum (Gripið fram í.) um það hvað þeir vilja þá láta gera í staðinn. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir er að kalla hér fram í úr hliðarherbergi milli þess sem hún er vonandi að fletta upp frásögnum í Alþingistíðindum um hvernig þessi mál hafi áður verið afgreidd, eins og ég hef ráðlagt henni að gera áður en hún tekur aftur til máls. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það er ekki hlutverk Alþingis að ákvarða kaup eða hafa afskipti af kaupi. Það eru atriði sem eiga að ákvarðast í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. En við erum bara ekkert að fjalla um það hér. Það er ekkert verið að létta neinni kaupgreiðslu af atvinnurekendum í þessu sambandi. Frv. fjallar ekkert um það að í staðinn fyrir þær kjarabætur, sem veittar eru með frv., verði t.d. kaup lækkað í fiskiðnaði eða verði komið í veg fyrir að kaup hækki. Við erum bara ekkert að fjalla um þau mál.

Staðreyndin, sem Alþingi stendur frammi fyrir, er þessi: Í sívaxandi mæli þurfum við að flytja okkar fisk út

óunninn vegna þess að ekki fæst fólk í fiskvinnsluna til að vinna þennan fisk. Þetta ástand hefur orðið til þess að söluaðilar okkar á erlendum mörkuðum hafa orðið uppiskroppa með afurðir sem við Íslendingar höfum hingað til getað útvegað þeim. Þjóðarbúið hefur þar af leiðandi orðið af stórum tekjum. Þetta er staðreynd sem við horfumst í augu við.

Við horfumst líka í augu við þá staðreynd að fólkið, sem eftir er í fiskvinnslunni, hópast til að sækja um önnur störf ef slík störf eru í boði, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson nefndi dæmi um þegar málið var hér til umræðu fyrir helgi. Þetta fólk sækir út úr fiskvinnslunni, hver sem betur getur, til annarra starfa. Samdrátturinn í fiskvinnslu, sem hafinn er, heldur því áfram. Alþingi þarf náttúrlega sem stjórnvald að svara þeirri spurningu: Er þetta æskilegt? Viljum við reyna að sporna við þessari þróun eða viljum við láta hana ganga fram? Alþingi hlýtur nú, eins og 1956, þegar fiskimennirnir áttu í hlut en ekki fiskverkafólkið, að komast að sömu niðurstöðu og menn komust að árið 1956 í, herra forseti, vinstri stjórn. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir, í vinstri stjórn. (**Gripið fram í:** 1956?) Já, 1956.

Herra forseti. Á ég að trúa því að hv. þm. viti ekki hvaða ríkisstjórn var í landinu árið 1956? Viti ekki að frsm. meiri hl. árið 1956 í Ed. var Alþýðuflokksmaður? (**Gripið fram í:** Ég var bara 15 ára.) Hún var bara 15 ára, hv. þm. Í fyrsta lagi held ég að það geti varla verið og jafnvel þó svo geti verið trúi ég því ekki að nokkur þm. á Alþingi Íslendinga viti ekki hvaða ríkisstjórnir sátu í landinu fyrir þrjátíu árum. (Gripið fram í.) Auðvitað skiptir það máli með hvaða hugarfari svona tillaga er gerð. Ég verð að segja eins og er, að fá svona frammíkall: Hvaða ríkisstjórn sat í landinu árið 1956? af alþm. á löggjafarsamkomu Íslendinga — (Gripið fram í.) '56 sat engin ríkisstjórn á Íslandi vegna þess að þá var landið ekki numið. Það hlaut því að vera 1956 sem ég talaði um, ekki '56.

Herra forseti. Ég veit satt að segja ekki hvort við eigum að standa í svona umræðum mikið lengur. Því að þetta er svo gjörsamlega fjarri því sem hér er til umræðu og þeim tillögum sem hér eru fluttar að það væri að æra óstöðugan að halda því áfram að eiga að ræða málin á þessum grundvelli, við þessar aðstæður og við svona frammíköll.

Niðurstaða mín, sem ég ætlaði að reyna að koma að áðan, er þessi: Aðstæðurnar núna og þegar fiskimannafrádrátturinn var veittur árið 1956 eru nákvæmlega þær sömu. Þá fékkst ekki fólk á fiskiskipaflotann og varð að reyna að afla sjómanna erlendis frá, þannig að ekki var hægt að stunda þær veiðar sem þurfti að stunda. Núna fæst ekki verkafólk í fiskvinnslu, það verður að reyna að afla þess erlendis frá og jafnvel þó að það sé gert dugar það fólk, sem til starfa fæst, ekki til þess að hægt sé að vinna þann þó takmarkaða afla sem kemur að landi.

Nú eins og þá á okkur að vera það ljóst að hér er um að ræða þá undirstöðuatvinnugrein sem allt efnahagslíf á Íslandi byggist á. Ef sjósókn og fiskvinnsla getur ekki gengið er alveg tilgangslaust að vera að tala um önnur atvinnutækifæri á Íslandi. Það er alveg fráleitt í þessu sambandi að vera að tala um að það sé einhver röksemd fyrir því að ekki sé komið sérstaklega til aðstoðar við konur í fiskverkun að það hafi ekki verið gert við konurnar sem passa börnin þeirra. Þetta er út í hött.

Alþingi hlýtur að svara sömu spurningu og við blasti árið 1956: Hvað vill löggjafinn gera í þessu ástandi, löggjafinn sem ekki á að hafa afskipti af beinum kaupákvörðunum, sem eru samningsatriði vinnumarkaðarins, en hefur auðvitað afskipti, bæði bein og óbein, af fjölmörgum öðrum kjaralegum atriðum? Niðurstaða Alþingis árið 1956, vinstri stjórnarinnar sem þá sat, var sú að rétt væri að ganga til móts við hagsmuni fiskimanna með skattalegum ívilnunum og leggja þannig sitt af mörkum til að gera fiskimannsstarfið meira aðlaðandi en það hafði verið og reyna með þeim hætti að fá fleiri til starfa á þeim vettvangi.

Nákvæmlega sömu niðurstöðu höfum við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson komist að, að Alþingi verði að leggja eitthvað af mörkum, verði að sýna hvernig það vill svara þeim aðstæðum sem hafa skapast í fiskiðnaðinum, sambærilegum aðstæðum og sköpuðust hjá fiskimönnum árið 1956. Það er ekkert óeðlilegt þó að við höfum komist að sömu niðurstöðu nú, við hv. þm., og flokksbræður okkar komust að árið 1956 og var þá studd af þm. allra flokka. Því ég vil taka það fram að allir flokkar, sem þátt tóku í þeim umræðum, lögðu með því að þessi leið yrði farin. Og allir flokkar, sem þátt tóku í umræðunum í fyrra, þegar til stóð að hækka fiskimannafrádráttinn úr 10% í 12%, lögðu sitt lóð á sömu vogarskál. Það kemur mér því mjög á óvart að þegar verið er að tala um fiskverkafólkið nú skuli fólk hér vera búið að breyta afstöðu sinni. Mest kemur mér þó á óvart að það skuli vera fólk sem telur sig vera málsvara hinna mjúku gilda.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég er innilega sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að sú lýsing, sem hann gaf af ástandi sjávarútvegs, bæði til sjós og lands, er mjög alvarlegt. Og sú þróun, sem fram hefur farið á undanförnum árum, er mjög alvarleg og við því þarf eitthvað að gera. En ég er ekki endilega sammála hv. þm. að við þurfum að komast að sömu niðurstöðuu 1985 eins og við gerðum 1956, fyrir 30 árum. Ég vil biðja hv. þm. að staldra við í salnum vegna þess að ég er að svara máli hans. Ég ætla að bíða, herra forseti, þar til að þm. kemur í salinn aftur. Ég vil endurtaka fyrir hv. þm. Sighvat Björgvinsson að mér finnst það ekkert sjálfgefið, eins og hann sagði — að: Við hljótum endilega að komast að sömu niðurstöðu 1985 og við gerðum 1956. Ég sé ekkert sjálfgefið við það. Og ég ber sömuleiðis engan kinnroða fyrir því að hafa ekki vitað 15 ára gömul né munað það nú hvað Alþýðuflokkurinn var að gera fyrir 30 árum.

Ég vil líka segja við hv. þm. Sighvat Björgvinsson að jafnvel háskólaborgarar geta haft þann metnað fyrir hönd fiskverkafólks að þeim finnist ekki nóg gert að bjóða þeim einungis skattalækkun sem svarar einum mánaðarlaunum. Þetta gæti nefnilega hæglega leitt menn til að halda að nú væri nógu vel gert. Þetta gæti hæglega kastað ryki í augu einhverra. Og það er ekki nógu gott.

Ágreiningurinn sem kvennaliðið gerir í þessu máli, eins og komið hefur fram, er ekki um mikilvægi fiskvinnslukvenna. Við Kvennalistakonur a.m.k. værum fyrstar til að viðurkenna að Íslendingar lifa á fiski öðru fremur og af fiski. Enn fremur að þessi undirstöðuatvinnuvegur er bæði vanvirtur og vanræktur og ekki síst þær konur sem vinna í fiskvinnslu. Það er rétt

að hlutur þeirra er hvergi nógu góður, einkum ef tekið er tillit til hins afleita og slítandi bónuskerfis sem þær neyðast til að vinna eftir.

Ágreiningurinn er kannske fyrst og fremst vegna þess að það er ekki gert nógu vel við þessar konur og þessi leið, sem hér er boðið upp á, er ekki nógu góð, ekki nógu árangursrík. Það er alveg rétt að hún er viðleitni, hún er virðingarverð viðleitni. En að okkar dómi þá missir hún marks vegna þess að það eru ekki tekjur þessara kvenna og skattur af þeim sem þjaka þær mest. Það er fyrst og fremst skortur á mannsæmandi tekjum sem fiskvinnslufólki er erfiðasti bagginn og það, hve lengi það þarf að vinna við erfiðar aðstæður til þess að komast af, aðstæður sem síðan bjóða heim heilsuleysi. Það er ekki verjandi, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Þess vegna er miklu vænlegra að bjóða fiskvinnslufólki betri laun fyrir minni vinnu. Það væri skynsamlegra og fyrir því ættu þm. að beita öllum áhrifum sínum án þess þó að fara að blanda sér beint í kjarasamninga sem er ekki hlutverk löggjafans.

Ég vil benda hv. þm. Garðari Sigurðssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni og öðrum þeim, sem hafa fylgst með þessum umræðum, að kynna sér málflutning þeirra kvenna úr þremur stjórnmálasamtökum sem hér hafa hver á sínum forsendum orðið sammála um að styðja ekki þessa leið til úrbóta eða alla vega hvetja ekki til hennar. Ég vil jafnframt taka hv. þm. vara við því að leggja þannig út af þessum málflutningi að konur á þingi vilji ekki bæta kjör þeirra kynsystra sinna sem vinna í fiskvinnslu. Það er ekki rétt, þvert á móti.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Örstutt athugasemd vegna langrar ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði í mjög stuttri og skýrri ræðu við 1. umræðu þessa máls. Ég nefndi þar þær þrjár meginástæður fyrir því að ég er andvíg þessu frv. og tvær þýðingarminni ástæður. Ég ætla ekki að endurtaka það hér.

En mig langar að spyrja hv. þm. Sighvat Björgvinsson: Hvaða stétt í landinu ætlar hann að taka að sér að greiða þessa skattaívilnun fiskvinnslufólks? Ætlar hann það iðnverkafólkinu? Tæplega. Ekki taka það að sér okurkarlar. Ekki heldur blásnauðir sjálfstæðir atvinnurekendur. Hverjir eiga að greiða þetta? Kennararnir sem hafa nefnilega ekki einu sinni 29 þús. kr. á mánuði heldur líklega nú í kringum 26 þús. Eiga þeir að greiða þessar skattaívilnanir? Ég held að þm. og þeir flm. frv. hljóti að hafa gert ráð fyrir því að einhvers staðar að kæmu þessar tekjur. Á að draga úr ellilífeyrisgreiðslum? Hvar á að finna þessa peninga?

Ég held að sannleikurinn sé sá að launamálum í þessu landi er komið svo að allt launafólk er með laun langt undir eðlilegri framfærslu. Núna þegar vaxtamálin og verðtrygging lána eru eins og þau eru eru þessi laun gjörsamlega hlægileg. Lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins, sem var 40 000 kr. upphaflega, árið 1981, er nú, þótt búið sé að borga af því allan tímann, 154 000 kr. Ég leyfi mér því, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að halda því fram að jafnvel tiltölulega hálaunaðan fiskverkamann frá dæminu um 400 þúsundin muni tiltölulega lítið um 28 000 kr. skattaafslátt. Ég tala nú ekki um einstæðu konuna sem fær 4800 kr. til baka yfir árið. Þetta er ekkert sem breytir neitt kjörum þessa fólks. Það er það sem ég vil leggja áherslu á og jafnframt fá svar við því: Hvaða stétt í þessu landi, hvaða launamenn eiga að borga þetta öðrum fremur?

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég kæri mig ekki um að liggja undir þeim hálfsögðu og alsögðu ásökunum að við talsmenn kvenna viljum standa gegn því að kjör kvenna séu bætt. Það finnst mér rangtúlkun. Ég hef reyndar ekki enn þá vanist því á þeim skamma tíma, sem ég hef setið á hv. Alþingi, hve fúsir menn eru að misskilja og rangtúlka það sem sagt er. Vitanlega viljum við leiðrétta kjör fiskvinnslukvenna. Við viljum stórbæta kjör þeirra. Ég lagði einmitt áherslu á það að það væri mikið að í okkar þjóðfélagi að starfsfólki í undirstöðuatvinnuvegi okkar skuli ekki vera greidd sómasamleg laun og að við skulum láta viðgangast að fiskvinnslufólk sé tilneytt að leggja á sig ofurmannlega vinnu til að hafa í sig og á, sem gerir það oftlega heilsulaust löngu fyrir aldur fram.

Ég sagði þetta í ræðu minni s.l. mánudag, að vísu í miklu færri orðum en hv. karlkyns þm. sem hér hafa talað — ég veit ekki hvort þetta er vísbending þess að þeir skilji ekkert nema það sé sagt í þeim mun lengra máli. Ég er ekki jafnfljúgandi mælsk og sumir hv. þm. hér en ég hlýt að gera þá kröfu að þeir skilji fáorðar yfirlýsingar þótt þeir þurfi sjálfir mörg orð til að skýra mál sitt.

Mér finnst ekki skipta nokkru máli hvort fólk, sem hér starfar á hv. Alþingi, er háskólaborgarar eða ekki. Ég tel fólki það heldur til tekna ef það hefur aflað sér menntunar en ég skammast mín heldur ekkert fyrir að vera ekki háskólaborgari, því að það er ég reyndar ekki. Og mér finnst ekki verra að hafa reynt það á eigin skrokki hvernig er að vinna hin algengustu störf í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, m.a. í frystihúsi og við síldarsöltun. Mér þætti reyndar gaman að vita hvort hv. flm. þessa frv. hafa reynslu af algengustu störfum kvenna í fiskvinnslu.

Ástæða þess að ég lýsti andstöðu við þá leið sem lögð er til í þessu frv. er þessi og þessi ein: Ég tel óeðlilegt og óæskilegt að ríkið greiði niður laun fyrir atvinnurekendur og þeirri skoðun hef ég lýst áður. Ég hafna algerlega þeirri túlkun að þessi afstaða sé andstaða gegn bættum kjörum kvenna. Ég frábið mér slíka einkunnagjöf. Mér finnst fáránlegt að þeir sem hér tala rjúki upp með rifrildistón, fólk sem hefur nákvæmlega sömu markmið þótt það greini lítillega á um leiðir. Ég viðurkenni fúslega og lýsi því hér yfir að ég gæti aldrei greitt atkvæði gegn þessu frv. þótt ég lýsi andstöðu við þessa leið, það er annað mál. (Gripið fram í.) Ég er sannarlega sammála því að okkur beri að hækka skattleysismörkin almennt. Það er m.a. leið — vegna þess að ég heyrði eitthvert hljóð hér úr horni.

En kaup fiskvinnslufólks verður að hækka og það hefur sýnt sig að fiskverkendur telja það borga sig að bjóða ýmsar kjarabætur til að fá konur til fiskvinnslu, jafnvel um hálfan hnöttinn. Þess vegna ættu þeir líka að sjá sóma sinn í að greiða íslenskum konum betri laun.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal reyna að halda mig við reglur hér, þ.e. að vera ekki mjög langorður þótt ærin ástæða væri til eftir þann málflutning sem hér hefur verið við hafður og olli mér ákaflega miklum vonbrigðum. Hér hafa verið settar fram alls konar fullyrðingar. Þær hafa verið hraktar vel

og skilmerkilega af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Ég get ekki álasað hv. þm. þótt hann hafi verið nokkuð langorður vegna þess að ekki hefur verið hrakið eitt einasta orð sem hann setti fram. Ég held að hann hafi tætt í sundur þennan málflutning og þær fullyrðingar sem settar voru fram.

Ég vil þó bæta einu við og það er í sambandi við skattafrádrátt sjómanna. Það mundi vera hægt að mistúlka það ef einhver væri á þeirri skoðun að þetta ógnaði eitthvað þeirra skattafrádrátti. Því hef ég vissu fyrir að sjómenn og m.a.s. er einn af þeirra fulltrúum, hv. þm. Pétur Sigurðsson, einn af fjölda forustumanna úr sjómannastétt sem hafa lýst því yfir að þeir styðji algerlega skattafrádrátt fiskvinnslufólks því að það komi engum verr en þeim ef ekki sé hægt að vinna aflann og það sé á engan hátt frá þeirra hendi tekið sem aðför að sér. Ég vil þess vegna ítreka að skattafrádráttur sjómanna stendur fyrir sínu. Hann á sér ákaflega djúpan rétt, eins og sést á því að gripið hefur verið til þess að hækka hann, sem betur fer, þing eftir þing, síðast í fyrravetur ef ég man rétt, af hæstv. þáv. fjmrh.

Eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson tók fram hét þetta upphaflega hlífðarfatakostnaður. Það kostaði ákaflega langa baráttu fyrir sjómannasamtökin að fá þetta fyrir farmenn líka. Það var ekki fyrr en þó nokkru síðar að þetta náðist fyrir farmenn. Upphaflega var þetta fiskimannafrádráttur sem styður það enn betur að höfuðröksemdin hafi ekki verið fjarvera frá heimili. Að vísu eru það ákaflega sterk rök fyrir kröfum sjómanna og skilyrði allra góðra hluta í þessu þjóðfélagi að góðir menn fáist til þeirra starfa.

Það er ákaflega furðulegt að heyra því mótmælt að hér hafi komið undirskriftir og ályktanir í þessum efnum. Það er sennilega fyrir æsku sakir. En hér hafa verið samþykktar í hverju verkalýðsfélaginu á fætur öðru um árabil áskoranir til Alþingis um að yfirvinna í fiskvinnslu væri skattfrjáls. Ég álít það nokkuð hæpna leið. Ekki nóg með það, heldur hefur þetta verið samþykkt á þingum Alþýðusambandsins sem áskorun til Alþingis, á þingum Verkamannasambandsins og, eins og ég segi, fjölmargra verkalýðsfélaga.

Hér hafa verið flutt frv. — og þau meira að segja verið samþykkt þó að þau hafi verið síðan afnumin áður en að þau komu til framkvæmda — um að yfirvinna hjá fiskverkunarfólki væri frádráttarbær frá skatti. Ég man ekki betur en þessi till. hafi verið samþykkt og flm. hafi verið m.a. Karl heitinn Guðjónsson og Gunnar heitinn Jóhannsson. Málið er ekkert að koma hér inn í þingsali. Það er allt of mikið haft við okkur Sighvat Björgvinsson að þetta sé einhver frumsmíð okkar og ríkt hugmyndaflug okkar. Þetta er krafa úr tugum verkalýðsfélaga, samþykktir aðalfunda, samþykktir fjórðungssambanda verkalýðsfélaga, samþykktir þinga verkalýðsfélaga sem hlut eiga að máli.

Svo er verið að tala um að við höfum ríkt hugmyndaflug þegar við tökum upp þessar kröfur sem hafa verið uppi um árabil og hér hafa áður verið flutt hliðstæð frv. um sem eru efnislega þau sömu, að vísu meira í því formi að yfirvinna yrði skattfrjáls. Sjómenn háðu ákaflega harða baráttu fyrir þessu. Ég þekki töluvert til sjómanna og er af þeim kominn. Ég minnist þess að fjölmargir sjómenn, sem ég hef rætt við, töldu það bestu samninga, sem gerðir hefðu verið, þegar sjómannasamtökin — og þá ekki síst Sjómannafélag Reykjavíkur — náðu fram þessum skattafrádrætti. Undir öllum kringumstæðum var þetta lausn sem þeir mátu til kjarabóta. Ef ætti að afnema þennan frádrátt mundi verða alger mannekla á fiskiskipa- og farmannaflotanum, þetta þykja það sjálfsagðir hlutir.

Um skattkerfið yfirleitt skal ég vera fáorður. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerði því góð skil. Það þarf ekki að hafa um það mörg lýsingarorð. Allt sem sagt hefur verið um þetta, mismunun í því, frádráttarliði, bót ofan á bót, mismunun þegna, virðist ekki snerta fólk nema mjög takmarkað fyrr en komið er að þessu fiskverkunarfólki. Vitanlega þarf að taka öll skattalögin og endurskoða þau með það fyrir augum að almennt launafólk væri ekki með tekjuskatt nema þá að bæði kæmu ný skattalög og skattaeftirlit sem væri virkt. Vitanlega yrðu þá að vera viðurlög við skattsvikum.

Ég get ekki stillt mig um að skjóta því hér inn í ræðu mína að ég hef löngum verið undrandi á vinnubrögðum bæði skattstofu Reykjavíkur og annarra skattstofa á landinu. Það henti mig um daginn að ég þurfti að biðja um skattaframtal hjá ungum verkamanni sem hafði unnið sem daglaunamaður og hafði átt við veikindi að stríða. Skattaframtal hans fannst ekki. Hvernig má á því standa? Jú, ég fékk svörin. Það er í rannsókn. Það voru einhverjir kontóristar á skattstofunni að rannsaka skattaframtöl. Er orlof rétt framtalið hjá þessum manni? Ég held að hann hafi varla náð 200 000 kr. í tekjum vegna veikinda. Er orlof rétt fram talið? Yfir þessu sitja skrifstofumenn. Hér var verið að upplýsa okurmál nýlega sem skiptir hundruðum milljóna og hefur verið almannarómur í þessum bæ að það sé búið að vera gegnumgangandi í fjármálakerfinu í lengri tíma. Ég held aldrei hafi verið litið á þessa aðila. Ég er ákaflega hræddur um að skattstofur í landinu þyrfti hreinlega að taka fyrir og rannsaka þeirra vinnubrögð, ekki vegna þess að það sé ásetningur starfsmanna að hlífa einhverjum einstaklingum. Að hverju er þessum vinnukrafti beint? Er honum beint að því að rannsaka þar sem verulega er von á skattsvikum eða er verið að elta uppi einhverja einstaka verkamenn af því að þeir hafa haft frekar litlar tekjur? Ég leyfi mér að draga mjög í efa stjórn á þessum stofnunum og vinnubrögðum öllum. Mér sýnist allt þetta, ekki einungis skattalögin, heldur framkvæmd öll og eftirlit algjört hneyksli.
attstofa á landinu. Það henti mig um daginn að ég þurfti að biðja um skattaframtal hjá ungum verkamanni sem hafði unnið sem daglaunamaður og hafði átt við veikindi að stríða. Skattaframtal hans fannst ekki. Hvernig má á því standa? Jú, ég a. Jú, ég

Snúum okkur aftur að fiskverkunarfólki. Það var verið að tala um Færeyinga á sínum tíma sem björguðu okkur í sjómannsstörfum. Það er fyrirsjáanlegt að nákvæmlega sama þróun er að ganga yfir hér. Hér er verið að sækja um vaxandi fjölda starfa fyrir erlent vinnuafl og það er hægt að greiða því ferðakostnað frá London (**SighB:** Sem gert var fyrir Færeyinga líka á sínum tíma.) og það var gert fyrir Færeyinga líka. Það er frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Það er vitað mál líka að hluti af þessu fólki — hluti af því, það er dálítið misjafnt — fær greiddan hluta af fæðiskostnaði og í mörgum tilfellum ókeypis húsnæði. Ég man eftir að ein fiskverkunarkona sagði við mig að það sem hún ætlaði sér að gera væri bara að fara til London og ráða sig þar í frystihús á Íslandi. Þá mundi hún stórhækka í kaupi.

Svona vinnubrögð og að geta ekki horft á hvernig ástandið er, að þetta fólk vinnur, það er rétt og satt að kaup þess er allt of lágt, en það ræður ekki sínum vinnutíma eins og ég var að segja í fyrri ræðu minni. Það leggur oft á sig nótt og dag og óhemju langan vinnutíma. Tillit verður að taka til þeirra hluta ef borin eru saman mánaðarlaun hjá kennurum og þessu fólki; sé ég þó engum ofsjónum yfir launum kennara. Hvað skyldu margar vinnustundir liggja á bak við það að ná 400 000 í fiskvinnslu? Ef þessu fólki heldur áfram að fækka höfum við ekki efni á að hafa hér neinn kennara, ekki nokkurn, og það er rétt sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði: Haldi þessi þróun áfram með vaxandi hraða er annaðhvort að verða bara fylki í Bandaríkjunum eða flytja til Ástralíu. Átta þm. sig ekki á því, þó ungir séu, að ekki verður lifað í þessu landi án vinnu þessa fólks? Það er tekið undir það; sjálfur stend ég í samningum um kjarabætur fyrir þetta fólk og ég skal segja ykkur það að það er ekki jafnerfitt að semja fyrir neina aðila og þetta fólk. Vegna hvers? Það er mun auðveldara að semja við t.d. iðnmeistara sem selja út vinnu viðkomandi sveina, viðkomandi verkamanna. Við skulum segja að kaupið sé 150 krónur. Þeir leggja 35% ofan á það eða einhverja ákveðna prósentutölu. Af hverju skyldu þeir ekki alveg eins samþykkja að kaupið væri 200 krónur og að þeir fengju að leggja sín 35% ofan á það?

Gagnvart sjávarútveginum hljóta menn að átta sig á að er sú staða að ekki er hægt að velta þessu út í verðlagið. Ég tók fram í fyrri ræðu minni að ég teldi að það væri skammsýni ríkjandi að ganga ekki betur á móti kröfum þessa fólks, en engu að síður verður að viðurkenna einföldustu staðreyndir eins og þær að útflutningsatvinnuvegir geta ekki velt þessu jafnlétt út í verðlagið og þeir sem selja vinnu.

Ég skal ljúka máli mínu. Ég fór yfir þetta í fyrri ræðu og ekkert nýtt hefur komið fram sem meðflutningsmaður minn hefur ekki þegar hrakið.

Ég vil vara við því að menn komi með einstök dæmi eins og hv. 10. landsk. kemur með. Ég gæti komi með dæmi sem eru allt öðruvísi. Það er rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson segir. Um þetta á þingnefnd að fá nákvæma umsögn frá viðkomandi skattayfirvöldum. Ég get svo af heilum hug tekið undir það, ítrekað afstöðu mína til þess, að tekjuskattur er orðinn launamannaskattur. Ég held að þetta yrði m.a. til þess að velta því skrímsli úr sessi.

Ef sjómenn hafa metið skattafrádrátt sem einar þær bestu kjarabætur sem þeir hafi fengið þegar atvinnulíf á Íslandi var hreinlega að lognast út af vegna þess að engir fengust til sjómannsstarfa, hví skyldi það þá ekki líka vera með fiskverkunarfólk þar sem fiskiðnaður í landinu er að hrynja niður vegna þess að fólk fæst ekki til þessara starfa? Þeir hv. þm. sem tala á móti þessu eru þá ósammála verkakvennafélögum hvar sem er á landinu sem leggja gífurlegt kapp á þessar kröfur. Mér kæmi það ekki á óvart, vegna þess að samstaða fiskvinnslufólks er að batna, að það ættu eftir að koma, þó ég ætli mér ekki að skipuleggja það, undirskriftir frá hundruðum og þúsundum fiskverkunarfólks. Þar mun ábyggilega kveða við annan tón en kemur fram hjá virðulegum konum hér á Alþingi, kveða þar við annan tón!

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég tók til máls fyrr í þessum umræðum, sagði nokkur orð, og ég hélt að ég hefði talað skýrt. Þær Kvennalistakonur og aðrar konur hér í hv. deild sem hafa að undanförnu lagt sig í líma við að reyna að koma þessu góða frv. fyrir, sem fjallar einfaldlega um það að reyna að bæta örlítið kjör þessa láglaunafólks, þær hafa auðvitað ekki hlustað á önnur rök en sín eigin. Þær hlusta eingöngu á sjálfar sig og hafa þess vegna af eðlilegum ástæðum lítið upp úr krafsinu. Það er ekki nóg með að í ræðum þessara kvenna hafi komið fyrir alls kyns þvæla sem þær hafa borið fram fyrir fákunnáttu sakir, en þær halda áfram að endurtaka sama ruglið og taka hvorki sönsum né rökum, því miður. Hversu oft hafa ekki þessar konur, sem hafa einar allra þingmanna reynt að berjast á móti kjarabótum þessara kvenna, ekki talað um hina lægstlaunuðu? Og hversu oft hefur vinkona okkar, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, ekki skrifað upp á hvert plaggið af öðru þar sem lögð er sérstök áhersla á að bæta einmitt kjör hinna lægstlaunuðu? En þegar möguleikinn er til, þó að í litlu sé, haga þær sér þvert ofan í það sem þær segja.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði að fiskvinnslan er erfið og sú vinna unnin við erfiðar aðstæður, og bónuskerfið er vissulega slítandi. Ég gat ekki heyrt betur á þessum hv. þm. en að hún vildi leggja bónuskerfið niður. Ekki gat ég skilið hennar orð öðruvísi. Hún vill sem sagt hafa af þeim þann tekjumöguleika líka og þá verður lítið eftir. Þetta er ósköp einfaldlega það sem sagt er. (**GA:** Þetta sagði ég ekki.) Fólk verður að átta sig á hvað það þýðir sem það er að segja. (**Gripið fram í:** Gott að hafa kennslustund í því.) Já, það er vissulega kominn tími til að hafa nokkrar kennslustundir fyrir þetta fólk á nær öllum sviðum.

Hvernig stendur á því að þetta fólk heldur ræður um að það vilji bæta kjör fiskverkunarfólks en stendur svo gegn þeim kjarabótum sem í boði eru. Hvað segir ekki í heilagri bók: „Það góða sem ég vil gjöri ég ekki, en hið illa sem ég ekki vil það gjöri ég.“ Mér er nær að halda að það hafi verið Páll sem sagði þetta í einu af sínum bréfum, svo skynsamlegt er það.

Umræðan um kjaramál er dálítið sérkennileg. Hér er verið að tala við fólkið sem stendur undir lífi í þessu landi og allt er of gott fyrir það, en þegar hálaunahópar koma með sín mál inn á þingið standa upp þær sömu konur og segja að 60 eða 65 000 kr. á mánuði sé bara lítið sem ekki neitt og enginn sé ofhaldinn af því og vilja gráðugar hækka það í 100 000 kr. á sama tíma og þær veitast þannig með ósæmilegum hætti að þessu fólki sem vinnur í fiskvinnslu. Það er kominn tími til þess að upplýsa þjóðina um það til hvers þetta fólk er komið hingað á þing.

Í sambandi við kvennadaginn, kvennaverkfallið, eða hvað það hét — það er kannske skömm að því að vera að nefna það hér — var því mikið haldið á lofti að konur ættu í styrjöld við karlpeninginn í landinu, það væri karlmönnunum að kenna hvernig launakjörum þeirra væri nú komið og hefði verið lengi. En það er auðvitað rangt. Þeir sem konur þurfa nú að berjast við eru þær konur sem hafa verið kosnar á þing. Svo hörmulegt er það. Það er auðvitað staðreynd. (Gripið fram í.) Það er ekki nóg að segja eitt og gera annað.

Ég talaði um það fyrr í umræðunni hvernig möguleika fiskvinnslan hefur til að greiða sínu fólki. Sú staða er

afar erfið eins og stendur. Undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar er rekinn með bullandi halla og það er auðvitað stjórnvalda að koma því svo fyrir að undirstöðuatvinnuvegurinn hafi einhvern rekstrargrundvöll. Aldrei hefur maður heyrt þessa þm. nefna slíkt. Hvað varðar þá um staðreyndir?

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það eru örfá atriði sem mig langar til að gera að umtalsefni í þessu máli sem hér er til umræðu. Í fyrsta lagi vil ég segja að það er ekkert óeðliegt að mál af þessu tagi rekist inn í sali Alþingis, ekki síst vegna þess að fiskvinnslufólk hefur barist í þessu máli og ég kannast við að í röðum þess og í félögum verkalýðsins um land allt hefur verið beðið um slíkar skattaívilnanir eins og hér er verið að fara fram á.

Ég kem hér aðallega til þess að fjalla um eitt atriðið í grg. sem fylgir þessu frv., en á bls. 2 í grg. neðst segir, með leyfi forseta: „Í stað aukinnar vinnslu hráefnis frá sjávarútveginum í landinu sjálfu hefur verið um að ræða samdrátt í vinnslu en vaxandi hráefnisútflutning, jafnvel til samkeppnisaðila í fiskvinnslu sem selja síðan þennan afla af Íslandsmiðum verkaðan í samkeppni við fyrirtæki Íslendinga sjálfra. Þannig má segja að Bretar séu að hefja á ný sínar gömlu úthafsveiðar á Íslandsmiðum til verkunar heima fyrir; að vísu undir íslensku flaggi svona að nafninu til. Þessi öfugþróun, sem á rætur sínar að rekja til lélegra launakjara í fiskverkun samanborið við önnur störf, er ekki aðeins hættuleg sjávarútveginum heldur og þjóðarbúskapnum í heild“ o.s.frv., o.s.frv.

Það vill svo til að ég þekki nokkuð til þessarar greinar, ekki síst í kjördæmi hv. 1. flm., og staðan er sú í fæðingarbæ hans að skip sem eiga að sjá frystihúsum fyrir hráefni hafa sent fiskinn til útlanda og atvinnuleysi er í fiskvinnsluhúsi dag eftir dag og fólk á atvinnuleysisskrá, m.ö.o. nægt fólk er til að vinna úr meira hráefni heldur en því sem berst á land vegna þess að fiskurinn er seldur til Bretlands, m.a. Og hvers vegna skyldi þetta vera gert? Er það af þeirri mannvonsku sem menn gætu ímyndað sér eftir að hafa lesið það sem segir í grg.? Ég held ekki. Ástæðan er einfaldlega sú að vegna aflabrests á miðunum við Bretland hefur fengist óvenjulega gott verð fyrir ferskfisk á þessu ári. Það gott verð að ekki borgar sig í mörgum tilvikum, þrátt fyrir nægt vinnuafl, að fara með hráefnið í gegnum frystihúsið, skera hráefnið í sundur, vinna úr því með þessu ódýra vinnuafli sem stundum er sagt frá í frystihúsunum, setja það í dýrasta rafmagn á Íslandi til geymslu og fá ekki greiðslur fyrir þetta fyrr en eftir 2—3 mánuði. Ég hef unnið við að stýra frystihúsi á sumrin, undanfarin sjö sumur, og ég hef nokkuð fylgst með þessari grein og veit að það er ósköp einfalt reikningsdæmi að sjá út að það borgar sig að draga saman seglin frá fyrirtækjunum séð, vinna fiskinn í dýrustu pakkningar á Bandaríkjamarkað en vara sig á að leggja ekki svo mikið upp hjá frystihúsunum að fiskurinn skemmist. Það er miklu betra að útgerðin sendi þennan fisk til útlanda, þar á meðal til Bretlands og fái þar fyrir hann tvö- til þrefalt verð.

Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt að sjómenn á þessu svæði, þ.e. á Ísafjarðarsvæðinu, hafa fengið verulegar kauphækkanir frá síðasta ári af þessari ástæðu. Sú tíð var að það var miklu minni vandi að taka við miklum afla þegar hægt var að hengja hluta hans upp og Nígeríumarkaðurinn var í lagi, en við verðum að átta okkur á að það er ekki allt sem sýnist í sjávarútvegi og það kann að vera heppilegra nú um stundarsakir að selja ferskan fisk heldur en fá minna verð fyrir fiskinn eftir að við höfum reynt að vinna úr honum hérna heima. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að þessi kafli í grg. bendir til annarra hluta. (**GJG:** En frv. sjálft?)

Ef við víkjum síðan að frv. sjálfu sem leggur til að reynt sé að bæta kjör fiskvinnslufólks með þeim hætti sem þar segir, þá held ég að við verðum fyrst aðeins að átta okkur á því vandamáli sem við er að glíma, þ.e. hvernig á því stendur að fólk fæst ekki til starfa í frystihúsum. Ég held að ein meginástæðan sé sú að fólk getur fengið vinnu mjög víða annars staðar og það er keppt um þetta vinnuafl sem vinnur við tiltölulega óörugg störf, eins og hv. 7. þm. Reykv. veit best því að hann flutti frv. á síðasta þingi sem veit að því máli. Ástæðurnar fyrir því að hægt er að fá mörg önnur störf eru einmitt þær, sem hér hafa verið nefndar, að það er þensla í þjóðfélaginu. Þenslan stafar fyrst og fremst af því að við rekum þetta þjóðarbú með miklum halla, tekjur og gjöld standast ekki á og við söfnum erlendum skuldum.

Eigi stjórnvöld að sinna þessu máli af einhverju viti þá á að taka á því máli fyrst og fremst. Það á að koma í veg fyrir að þenslan leiði til þess að vinnuaflið, fólkið, sem starfar í útflutningsgreinunum, hverfi úr þeim og yfir í aðrar greinar, t.d. í verslun og þjónustu, bæði í einkaþjónustu og opinbera þjónustu.

Í öðru lagi skulum við viðurkenna það fyrir okkur að erfiðleikarnir í sjávarútvegi stafa af því að þegar landhelgin var færð út í 200 mílur héldu menn í einlægni sinni — og ég held að ekki sé hægt að segja að það hafi verið gert af neinum öðrum ástæðum — að hægt væri að sækja í sjóinn nánast án takmörkunar. Það reyndist ekki rétt. Menn eru almennt sammála því í dag að fiskiskipaflotinn, sem gerður er út frá Íslandi, sé of stór miðað við þann afla sem taka má úr sjó.

Það gerðist jafnframt í fiskvinnslunni að menn trúðu því að ekki væri hægt að selja fisk á Bandaríkjamarkað nema að breyta frystihúsum í stórum stíl og gífurlegar fjárfestingar fóru í þessa hluti sem hafa skilað sér seint og illa.

Stundum er talað um „strúktúr-vandamál“ þegar svona hlutir koma upp og er ekki góð íslenska. En þetta leiðir til þess að sjávarútvegurinn, bæði fiskvinnslan og eins útvegurinn, á í framtíðinni og á næstu mánuðum eftir að lenda í erfiðleikum sem eru óhjákvæmilegir og lýsa sér m.a. í því að fyrirtæki geta ekki haldið áfram rekstri, verða gjaldþrota og til uppboða kemur. En menn mega ekki gleyma því að uppboð á atvinnufyrirtæki þýðir ekki að fyrirtækið haldi ekki áfram að starfa síðar, það þýðir einfaldlega að menn viðurkenna þann raunveruleika að fjármagnskostnaðurinn var orðinn of mikill. Þetta er önnur saga. En á þetta vildi ég benda því að þetta kemur málinu við, þetta kemur því máli við að sjávarútvegurinn og fiskvinnslan eru ekki samkeppnisfær við aðrar atvinnugreinar. Nú hef ég nefnt tvær ástæður.

Þá er spurningin: Á maður að leysa þetta með skattfrádráttarreglunni? Það er auðvitað hægt að hugsa sér það. En þá verða menn að átta sig á því: Ætla þeir að gera það með því að lækka gjöld sem renna til

ríkisins eða ætla þeir að varpa byrðinni yfir á aðra, jafnvel aðra sem eru að vinna óþægileg, erfið og ekki eftirsóknarverð störf? Þessu verða menn að svara. Mér finnst menn ekki hafa svarað þessum spurningum sem hafa komið hér frá ýmsum hv. þm., þar á meðal þm. Kvennalistans.

Eða ætla menn að orða þetta þannig að það eigi að lækka tekjur ríkisins yfir höfuð? Ef menn meina það þurfa þeir líka að svara því hvað þeir ætla að skera niður í staðinn.

Við þurfum enn fremur að hafa í huga að tekjur fiskvinnslufólks eru ákaflega misjafnar frá einum stað til annars. Á því svæði sem 1. flm. þekkir mjög vel eru tekjur ekki afleitar, hvorki hjá körlum né konum. Þar eru möguleikar miklir en vinnan auðvitað mjög erfið. En annars staðar, þar sem vinnan er stopulli, hafa menn verulega minni tekjur. Þá komum við að því sem skiptir ákaflega miklu máli við þessa aðferð sem þarna er um að ræða, þ.e. að þeir tekjuminnstu fá engan skattfrádrátt vegna þess að þeir borga ekki skatta.

Nú skal þess getið, sem kemur fram í grg., að flm. benda á að hægt sé að fara aðrar leiðir eins og t.d. að nota krónutöluleiðina og það er ugglaust betri leið. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að fremur en að fara þessa leið fyrir einstaka hópa þegar upp koma vandamál af þessu tagi, þá eigum við að stefna að því að lækka tekjuskatta yfir höfuð. Að því held ég að við ættum að stefna. Ég veit að Alþfl. er þeirrar skoðunar og ég býst við að flestir séu þeirrar skoðunar í dag vegna þess að tekjuskatturinn er ranglátur launamannaskattur eins og margoft hefur komið fram í þessum umræðum. Ég held að það eigi fremur að stefna að því heldur en að gera þetta kerfi, sem við búum við, enn þá vitlausara en það er í dag.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 13. fundur.

Fimmtudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Töf á brottför sovéska utanríkisráðherrans, beiðni um skýrslu, 107. mál (þskj. 117). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Heimildin samþ. með 35 shlj. atkv.

Réttarstaða heimavinnandi fólks, þáltill. 14. mál (þskj. 14). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Sjálfsagt mælir því enginn í mót að störf þeirra sem eru heimavinnandi eru þjóðfélaginu, heimilinu og fjölskyldunni mjög mikilvæg þó þau séu ekki að sama skapi metin að verðleikum. Á herðum þeirra sem sinna eingöngu heimilisstörfum, sem oftast eru konurnar, hvílir meginþunginn af öllum daglegum heimilisrekstri og uppeldi uppvaxandi kynslóðar, en það er eins og ávallt sé litið á hin mikilvægu störf inni á heimilum sem sjálfsagðan hlut sem engin réttindi fylgja er öðrum þykja sjálfsögð sem önnur störf vinna. Já, sumir líta meira að segja svo á að ekki sé hægt að telja heimilisstörfin til vinnu.

Hér skulu sagðar ein eða tvær dæmisögur:

Á ráðstefnu sem Samband Alþýðuflokkskvenna gekkst fyrir á árinu 1983 var fulltrúi vinnuveitenda, sem þar var mættur til að sitja fyrir svörum um launamál kvenna, spurður að því hvort hann teldi ekki réttlætanlegt að meta bæri starfsreynslu við heimilisstörf meira til launa þegar um skyld störf á vinnumarkaðnum væri að ræða. Fulltrúi atvinnurekenda taldi sig til að svara þessu fyrst þurfa að vita hversu myndarleg húsmóðirin væri. Hann þyrfti að sjá heimilið og vita hvernig hún skilaði því af sér, og hann bætti við: Sú kona sem verið hefur heima, ég vil segja í iðjuleysi, ein kona sem er að væflast á heimili, e.t.v. með öldung eða eitthvað slíkt, ætli hún geri mikið? sagði þessi fulltrúi vinnuveitenda. Jafnframt taldi hann að ekki ætti að meta mikið starfsreynslu sem lítið álag fylgdi.

Annað dæmi sem sýnir mat uppvaxandi kynslóðar á heimilisstörfum ætti að vera okkur umhugsunarefni. Kona nokkur úti á landi hafði haft það að starfi á sinni ævitíð að hugsa um heimili og ala upp sex börn. Á heimilinu var oft mannmargt því jafnframt því að ala upp sín sex börn og hugsa um öll venjuleg heimilisstörf hafði hún iðulega gegnum árin í fæði og húsnæði bæði unglinga sem ekki áttu heima á staðnum en sóttu skóla þar á veturna og aðkomumenn sem stunduðu tímabundna vinnu á staðnum. Nú er orðið rólegra hjá þessari konu, börnin komin til manns og ára og barnabörnin orðin fjölmörg. Barnabörnin koma í heimsókn til ömmu sinnar og ræða við hana um sín áhugamál, heiminn og tilveruna. Og eitt af því sem amman verður að svara barnabörnum sínum oft og iðulega þegar þau koma í heimsókn er spurning sem segir meira en margt annað um viðhorfin til starfa heimavinnandi fólks: Af hverju hefur þú aldrei unnið, amma? spyrja börnin í forundran. Af hverju þarft þú ekki að vinna eins og aðrir?

Till. sú sem hér er mælt fyrir á þskj. 14 um réttarstöðu heimavinnandi fólks, sem ég flyt ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni og Jóni Baldvin Hannibalssyni, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sjö manna mefnd sem hafi það verkefni að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Skulu niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 1986."

Með leyfi forseta vil ég lesa þá stuttu grg. sem till. fylgir, en hún hljóðar svo:

„Öllum er ljóst í orði þjóðhagslegt gildi starfa heimavinnandi fólks. Má í því sambandi benda á ummönnun ungra barna og aldraðra á heimilunum sem ella tækju pláss á stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka. Einnig má benda á uppeldislegt gildi sem ekki verður metið til fjár þegar til lengri tíma er litið. Störf heimavinnandi fólks hafa því í för með sér beinan fjárhagslegan sparnað fyrir þjóðfélagið.

Ýmis félagsleg réttindi, sem öðrum þykja sjálfsögð, eru ýmist mjög takmörkuð fyrir heimavinnandi fólk eða alls engin.

1. Ekki liggur ljóst fyrir um hve stóran hóp þjóðfélagsþegna er að ræða sem eingöngu vinnur heimilisstörfin, en á árinu 1982 voru 80% kvenna 16 ára og eldri með einhverja vinnu utan heimilis.

2. Heimavinnandi fólk hefur ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi.

3. Störf heimavinnandi fólks eru eina vinnuframlagið í þjóðfélaginu sem ekki eru greidd laun fyrir og sjálfsögð félagsleg réttindi eins og orlof, lögskipaður hvíldartími o.fl. fyrirfinnst ekki.

4. Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð hvað varðar skattlagningu og aðrir þegnar þjóðfélagsins, og lýsir það sér m.a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja.

5. Heimavinnandi fólk þarf að tryggja sérstaklega á skattskýrslu og er eini hópur þjóðfélagsins sem slíkt gildir um.

6. Heimavinnandi fólk hefur ekki sama rétt til sjúkradagpeninga og aðrir.

7. Hafi einstaklingur varið mestum hluta ævi sinnar til heimilisstarfa en kýs síðan að halda út á vinnumarkaðinn að nýju er fyrra starf mjög lítils metið í launum eða starfsaldurshækkunum.

8. Heimavinnandi konur sitja ekki við sama borð og útivinnandi hvað varðar fæðingarorlof sem greitt er úr almannatryggingum. — Hér er hið opinbera að skipta konum í verðflokka.

9. Heimavinnandi fólk, sem er í hlutastarfi á vinnumarkaði, missir einnig ýmis félagsleg réttindi.

Hér að framan hafa verið nefnd nokkur atriði sem sýna ljóslega réttleysi heimavinnandi fólks sem vert væri að hafa í huga við úttekt þessa. Auðvitað kemur margt annað til greina, svo sem menntunarmál heimavinnandi fólks, en staðreynd er að atvinnumöguleikar kvenna eru takmarkaðri en annarra þegar þær koma á vinnumarkaðinn eftir langa fjarveru við heimilisstörf og barnauppeldi. Mikið skortir á að þessu hafi verið mætt með skipulagðri fullorðinsfræðslu, endurmenntun og starfsþjálfun sem opni heimavinnandi fólki fleiri möguleika til atvinnu."

Í sjálfu sér, herra forseti, mætti hafa mörg orð um hvern þessara liða sem ég hef hér tilgreint og fram koma í grg. með þáltill. Ég tel þó, herra forseti, að þeim skamma tíma sem ég hef hér til umráða til að mæla fyrir þessari þáltill. sé best varið með því að gefa orðið konu sem í 40 ár hefur verið heimavinnandi húsmóðir, konunni sem ég greindi frá hér áðan og þarf nú að svara spurningum barnabarnanna sinna sem spyrja í forundran: Amma, af hverju hefur þú aldrei unnið? Þessi kona hélt stutta ræðu á ráðstefnu sem Samband Alþýðuflokkskvenna gekst fyrir á s.l. ári um réttindaleysi heimavinnandi fólks. Með leyfi forseta vil ég lesa stutta ræðu hennar sem hún hélt á þessari ráðstefnu. Orð hennar skulu vera mín lokaorð í framsögu fyrir þessari till. um réttarstöðu heimavinnandi fólks því ég tel rétt að reynslusaga konu með 40 ára störf að baki sem heimavinnandi húsmóðir, við störf sem ekki eru virt eða metin á borði í þjóðfélaginu, verði skráð í Alþingistíðindi. En hún sagði svo, með leyfi forseta:

„Rauður þráður þeirra hugleiðinga sem fara hér á eftir er þessi spurning: Er heimavinnandi fólk réttindalaus þjóðfélagshópur? Heimili, hvað er heimili? Það má e.t.v. líkja því við fyrirtæki þar sem tveir starfa, þ.e. annar á heimavígstöðvum, hinn úti að afla fyrirtækinu misjafnlega mikilla tekna. Þar sem ég hef unnið á heimaslóð eins þessara fyrirtækja í 40 ár, eða eins og sagt er með munnherkju „heimavinnandi húsmóðir", hlýtur að liggja nær mér að tala um húsmóður, enda koma heimavinnandi heimilisfeður vart við sögu fyrr en á síðari árum eða með jafnréttishreyfingunni. En hvað hefur nú kona, húsmóðir, þ.e. ég, gert heima í 40 ár? Það er ekki að furða þó einhver spyrji, enda spyrja nútímabörnin: Hefur þú aldrei unnið neitt?

Fyrir 40 árum, þegar ungar stúlkur gengu í það heilaga, voru þær þar með komnar í hóp hinna heimavinnandi húsmæðra. Annað þekktist ekki í þá daga nema við sérstaklega erfiðar aðstæður. Já, en hefur þá nokkur tekið eftir verkum húsmóðurinnar? Hefur nokkur veitt eftirtekt ómældum vinnutíma þar sem hvorki er greitt skv. eftir- eða næturvinnutaxta, vökunóttum yfir veikum börnum, matseld, þvottum, uppþvottum, saumaskap, oft úr gömlum flíkum þegar efni voru lítil, hefur nokkur tekið eftir strauningu, bakstri, gólfþvotti, bóningu, ryksugun, innkaupum, líka hjá þunguðum húsmæðrum og hvort sem borið er barn á armi eða það hangir í pilsi? Svo skyldu menn spyrja hvort menn hafi veitt eftirtekt allsherjarhreingerningunum sem fóru fram á hverju vori og öllu var bylt og borið út svo að lemja mætti úr því rykið. En þótt enginn hafi tekið eftir þessu, þá voru þessi verk á ábyrgð og á herðum húsmóðurinnar og svo er enn. Og þó hef ég aðeins talað um brot af húsverkunum. Flest ykkar gætu vafalaust bætt tugum og hundruðum atriða við þessa bunu. Við skulum t.d. ekki gleyma umsjá aldraðra inni á heimilunum, móttöku gesta eða áhyggjum þegar auraleysi steðjaði að. Og hvað hefur svo hin heimavinnandi húsmóðir borið úr býtum? Lítið er það á stundum nema kannske sú ánægja ein að fá að sjá heilbrigð börn sín vaxa úr grasi. En þið skuluð ekki ætla eitt augnablik að orð þessi séu mælt af einhverri biturð. Ég er aðeins að draga fram örfáar staðreyndir.

Nú skulum við aðeins líta á hvernig ríkisvaldið hegðar sér gagnvart húsmóðurinni. Það lætur ekkert heimili í friði og sækir sitt. Þegar fyrirvinnan er búin að mata apparatið er oft ansi lítið eftir handa húsmóðurinni og í flestum tilvikum verður hún út undan. Hún er ekki með í köldum útreikningum hagfræðinga og fjármálaspekúlanta. Þjóðfélagið hefur líklega gleymt hinum heimavinnandi því að húsmæður verða að sækja allt til fyrirvinnunnar. En réttlætinu vil ég fullnægja, gleyma því ekki að húsmóðirin fær þriggja mánaða fæðingarorlof, en lægstu fáanlegu upphæð ef hún hefur unnið það til saka að starfa bara heima.

Einhver nefndi það einhverju sinni að það ætti að greiða húsmóðurinni kaup. En hver á að gera það? Ríkissjóður í gegnum almannatryggingar? Ætli sú hugmynd dytti ekki niður um götin á fjárlagadæminu? Kannske á fyrirvinnan að greiða þetta kaup eftir að búið er að greiða skatta, hita, rafmagn, síma, útvarp, sjónvarp, bensín á bílinn, svo að ég tali nú ekki um húsaleigu. Auðvitað er sannleikurinn sá að húsmæður hafa þurft og þurfa enn að neita sér um fleira en almennt gerist þegar peningar eru ekki til nema fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, eins og t.d. grjónum í grjónagraut, sleppum rúsínunum. Og hvað er svo gert þegar börnin biðja um aura fyrir bók eða bíó?

Enn er ekki komið að því að svara spurningunni: Er

heimavinnandi fólk réttlaust í þjóðfélaginu? En nú skal ég gera það. Heimavinnandi fólk er algerlega réttlaust í þjóðfélaginu eða í sjóðakerfinu almennt. Það hefur engin samtök, nýtur nánast engra trygginga nema ef fyrirvinnan kaupir t.d. heimilistryggingu og tryggir húsmóðurina eins og hvert annað húsgagn. Þessar konur eru ekki til fyrr en þær slasast eða veikjast og einhver saknar heimilisverkanna eða verður að fara að vinna þau sjálfur eða sjálf. Eða greiðir kannske tryggingakerfið húsmóðurinni sem veikist eða slasast? Það fer lítið fyrir því, en sá sem kemur í hennar stað getur fengið greitt.

Ég fletti bæklingum frá Tryggingastofnun ríkisins um sjúkrabætur fyrir þá sem eingöngu — takið eftir — eingöngu stunda heimilisstörf. Falli störf á eigin heimili niður vegna veikinda skal greiddur ¼ hluti fullra dagpeninga, auk þess ¾ hlutar af kostnaði við aðkeypta heimilishjálp skv. kvittuðum reikningi. Á reikningi skal vera nafnnúmer og heimilisfang þess sem greiðslu fær. En sjúkrasamlag má ekki greiða hærri fjárhæð en nemur óskertum dagpeningum ásamt barnabótum. Þessar fjárhæðir mætti kannske leggja saman og þá fengju menn séð hvers virði líf og heilsa húsmóður er talið í krónum í velferðarsamfélagi nútímans. Sem sagt: það er hægt að fá bætur frá Tryggingastofnuninni út á örorku, slys, veikindi, fæðingarorlof, til ekkna, ekkla og einstæðra foreldra, svo og ellilífeyri, en á meðan heimavinnandi fólk er heilt heilsu og stendur sig fær það ekkert í sinn hlut, er launa- og réttindalaust. Ef þetta fólk hins vegar stígur aðeins léttilega á hinn almenna vinnumarkað opnast möguleikar á ýmsu, aðgangur að sjóðum og félagasamtökum.

Þessu til viðbótar má nefna að fái kona, sem hefur unnið að heimilisstörfum í 20—30 ár, kann vel til margvíslegra verka, a.m.k. til eldhússtarfa, starfa t.d. í mötuneyti, þar sem reynsla hennar nýtist vel, lendir hún ávallt í lægsta launaflokki. 30 ára reynsla og þekkingarsöfnun er ekki metin eyris virði. Þetta er einn þátturinn í þeirri staðreynd hve launalágar konur eru.

Mig langar um leið að skjóta því að ykkur að ríki og sveitarfélög greiða hundruð millj. kr. á hverju ári til dagvistarstofnana, barnaheimila og leikskóla af öllu tagi, en að þeim detti í hug að greiða heimavinnandi húsmæðrum fyrir að gegna sama hlutverki er fjarlægt eins og norðurpóllinn. Þessar konur spara þó ríkinu miklar fjárhæðir með því að vera „bara húsmæður".

Mig langar enn að víkja að konum sem hafa verið heimavinnandi í 20—30 ár. Þegar börnin hafa flogið úr hreiðri þessara kvenna og hjónakornin orðin ein eftir langar konuna kannske á vinnumarkaðinn — og hvernig gengur henni, kominni yfir fimmtugt? Hún reynir kannske að bæta stöðu sína með því að fara á endurmenntunarnámskeið hjá Námsflokkunum. Ríkið hefur ekki séð ástæðu til að lögbinda slíka endurmenntun. Síðan sækir hún um vinnu full bjartsýni. Nafnið er skrifað niður og biðin hefst, en það hringir hvorki síminn né berst bréf. Hún hefur verið dæmd úr leik. En kannske á hún smugu að komast í fisk eða vera á símaborði. Í fiskinum tekur við áframhaldandi réttindaleysi og öryggisleysi. Það má senda hana heim með viku fyrirvara. Kannske er henni bara sagt að fara í spilaklúbb eða hún sé liðtæk í góðgerðarfélag. Ekki geri ég lítið úr því. En hver er uppskera allra áranna? Hvar er rétturinn til þess sem er afrakstur ævistarfs? Líti hver og einn í eigin barm. Kannske má dunda í garðinum, ef eignin leyfir slíkt. Svo má sitja og prjóna og láta útlendinga græða á vinnunni og þannig dútla ýmislegt þangað til þjóðfélagið loks veitir heimavinnandi húsmæðrum athygli og fer að senda þeim ellistyrkinn. Um þetta leyti fer hringurinn að lokast.

Meira var það ekki frá mér. Ég vona aðeins að fyrr en síðar verði staða okkar hóps þannig að þjóðfélagið minnist okkar áður en við komumst á ellilaun eða í minningargrein í Mogganum."

Ég legg til, herra forseti, að till. þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins koma hér til að lýsa yfir stuðningi okkar Kvennalistakvenna við þessa till. og fagna því að hún er hér fram komin. Sérstaklega vil ég fagna því að hér er lagt til að gerð verði úttekt á því hvernig félagslegum réttindum heimavinnandi og mati á heimilisstörfum er háttað og hvernig þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa er metið.

Það er ekki vanþörf á því að slík úttekt sé gerð því að sannleikurinn er sá að þeir aðilar í þessu þjóðfélagi sem heimilisstörf stunda eru nokkurs konar huldufólk. Það er fólk, oftast konur, sem hvergi eru til í reikningum, á plöggum og koma hvergi fram í þeim gögnum sem við alþm. t.d. vinnum úr þegar við setjum saman tillögur til að bera fram hér á hv. Alþingi. Á það hef ég oft rekið mig við tillögu- og frumvarpasmíð að það er mjög erfitt að ná til þessa þjóðfélagshóps, til þeirra sem heimavinnandi eru, vegna þess að þessi hópur kemur hvergi fram í opinberum gögnum sem slíkur. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að hér skuli lagt til að gerð verði úttekt á því hversu fjölmennur þessi hópur er og hvernig mati á störfum hans er háttað. Það ætti að auðvelda alla vinnu sem hv. þm. vilja leggja af mörkum í þá átt að bæta réttarstöðu þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Ég vil einnig benda á að ýmislegt af því sem fram kemur í grg. með þessari till. hefur komið fram hér á hv. Alþingi, bæði á þessu þingi og á síðasta, mér liggur við að segja nýliðnu þingi því að það var stutt á milli þinga í ár. Ég vil t.d. minna á að fyrir um það bil tveimur vikum mælti ég fyrir þáltill. um að meta störf heimavinnandi til starfsreynslu þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Einnig höfum við Kvennalistakonur lagt fram á tveimur umliðnum þingum frv. til l. um lengingu fæðingarorlofs þar sem gert er ráð fyrir því að sú skerðing sem heimavinnandi búa við í dag hvað varðar fæðingarorlofsgreiðslur verði afnumin á þann veg að heimavinnandi konur njóti fullra fæðingarorlofsgreiðslna.

Einnig gerðum við Kvennalistakonur í umræðum og við afgreiðslu síðustu skattalaga skömmu fyrir jól á síðasta þingi tillögu um að í staðinn fyrir að mökum heimavinnandi væri veittur nokkurs konar afsláttur fyrir að hafa heimavinnandi á framfæri, þ.e. að svokölluð samsköttun yrði tekin upp, fengju heimavinnandi greiddar þær krónur sem um væri að ræða beint úr ríkissjóði og hefðu þannig sjálfar umráðarétt yfir þeim krónum sem þarna væru á ferðinni.

Þannig hefur ýmislegu af því sem tiltekið er í greinargerðinni hefur því verið hreyft hér á hv. Alþingi. Það hefur stundum verið töluvert erfitt að smíða

frambærilegar tillögur um þetta, m.a. vegna þess að svo margt er á huldu um þennan hóp, og þess vegna fagna ég því sérstaklega að þessi till. gerir ráð fyrir því að upplýsingum verði safnað og mat lagt á þau störf sem heimavinnandi inna af höndum.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, þáltill. 25. mál (þskj. 25). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á síðasta Alþingi var flutt þáltill. um umbætur í málefnum aldraðra sem ekki náði fram að ganga. Þessi till. er nú flutt á nýjan leik á þessu þingi. Er hún flutt nokkuð breytt að teknu tilliti til sjónarmiða og umsagna sem fram komu í allshn. við umfjöllun um málið á síðasta þingi.

Flm. ásamt mér að þessari till., sem ég mæli nú fyrir á þskj. 25 um umbætur í málefnum aldraðra, eru hv. þm. Pétur Sigurðsson, Guðrún Helgadóttir og Kjartan Jóhannsson. Meginmarkmið till. er að fram fari ítarleg úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra hér á landi og slík úttekt verði síðan grundvöllur að skipulegri áætlanagerð um umbætur í hagsmunamálum aldraðra á næsta ári.

Í lögum um málefni aldraðra er það eitt af verkefnum samstarfsnefndar um málefni aldraðra að annast áætlunargerð um málefni þeirra fyrir landið í heild. Nokkur könnun hefur farið fram á vegum nefndarinnar að því er varðar húsnæðis- og vistunarmál. Ljóst er þó að ef gera á áætlun og stefnumótun í málefnum aldraðra fyrir komandi ár, þar sem lagður er grunnur að heildaráætlun um skipulegt átak og forgangsverkefni í hagsmunamálum aldraðra, verður slík áætlun að byggja á heildaryfirsýn yfir alla þætti sem lúta að velferð og hag aldraðra í þjóðfélaginu.

Flm. þessarar till. telja rétt að tengja þá áætlunargerð og úttekt, sem hér er lögð til, því starfi sem unnið er á vegum samstarfsnefndar um málefni aldraðra og hún verði einnig unnin í samráði við Tryggingastofnun ríkisins, en tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að í áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild skv. ákvæðum 4. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 91 1982, verði lögð til grundvallar úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra sem nái til eftirtalinna þátta:

1. húsnæðis- og vistunarmála,
2. félagslegrar stöðu,
3. framfærslukostnaðar og fjárhagslegrar afkomu,
4. atvinnu með tilliti til hlutastarfa.

Úttekt þessi skal unnin af samstarfsnefnd um málefni aldraðra í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Á grundvelli hennar skal leggja fram heildaráætlun um skipulegt átak og forgangsverkefni í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum sem tryggi betur en nú er félagslegt öryggi og fjárhagsafkomu aldraðra, sem og húsnæðisaðstöðu og atvinnu við hæfi aldraðra sem þess óska. Kostnaður greiðist af Tryggingastofnun ríkisins og Framkvæmdasjóði aldraðra að fengnu samþykki heilbrrh., sbr. 6. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra."

Á síðasta þingi, þegar tillaga um umbætur í málefnum aldraðra var til umfjöllunar hér í Sþ., fór ég ítarlega yfir stöðuna í málefnum aldraðra sem ég skal ekki endurtaka nú en vísa í því sambandi til greinargerðar með þessu frv. og umræðna um þetta mál hér í Sþ. á síðasta þingi. Ég vil þó draga fram mikilvægar upplýsingar, sem fram koma í grg. með þessari þáltill., sem snerta fjárhagslega stöðu aldraðra og vistunarmál.

Í fyrsta lagi er ljóst að fjárhagsleg staða margra er mjög bág því að skv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins eru um 8200 aldraðir á landinu eða um 40% aldraðra sem einungis hafa sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga.

Í annan stað er óhætt að fullyrða að hreint neyðarástand ríkir í vistunarmálum aldraðra. Í till. kemur fram að um 900 aldraðir bíða eftir vistunarrými á höfuðborgarsvæðinu og 300 af þeim eru í mjög brýnni þörf fyrir úrræði sem enga bið þolir.

Athyglisvert er einnig að 150 af þeim sem eru á biðlista eru 86 ára og eldri. 320 þeirra sem eru á biðlista búa í leiguhúsnæði og tugir af þessu aldraða fólki búa við það öryggisleysi að eiga það sífellt á hættu að verða sagt upp húsnæði. Telja má nokkuð víst að við þennan langa biðlista eða 900 manns hafi enn bæst, en þessi tala, 900 manns, snertir þörf fyrir vistrými á s.l. ári og engin ný vistheimili hafa við bæst og mjög fá pláss hafa losnað.

Nokkrar umsagnir bárust um þetta mál á síðasta þingi sem ég vil að lokum gera örstutta grein fyrir.

Þórir S. Guðbergsson, ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar, sendi ítarlega umsögn þar sem hann bendir á ýmis atriði í málefnum aldraðra sem brýn séu og rökstyður um leið að slík heildarúttekt fari fram sem tillagan gerir ráð fyrir. Þórir Guðbergsson segir m.a., með leyfi forseta:

"Margt hefur áunnist á þessu sviði í sveitarfélögum, en nauðsynlegt er að gera ítarlega áætlun um framtíð þessara mála og kanna þróun með tilliti til fjölda aldraðra, þarfa þeirra, t.d. hvaða tegund húsnæðis og vistunar er þörf í umdæminu, hvernig staða dagvistarmála, heimilisþjónustu, heimaþjónustu o.s.frv. er."

Og síðar í sinni umsögn segir Þórir:

„Alkunna er t.d. að á höfuðborgarsvæðinu ríkir mikil neyð meðal margra aldraðra í húsnæðis- og vistunarmálum, en hve mikil er hún, hversu mörg rúm á hjúkrunarheimilum vantar til þess að sinna eftirspurn eða eftir hvaða upplýsingum á að fara og hvernig á að meta þörfina?"

Að lokum segir Þórir Guðbergsson í sinni umsögn: „Að ofansögðu vil ég leggja áherslu á að þáltill. fái afgreiðslu sem allra fyrst."

Í umsögn frá Tryggingastofnun ríkisins sagði, með leyfi forseta:

„Eins og segir í grg. er meginmarkmið þáltill. það að fram fari ítarleg úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra hér á landi og slík úttekt verði síðan grundvöllur að skipulagðri áætlanagerð um umbætur í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum. Á grundvelli úttektarinnar verði síðan unnið að því að bæta kjör aldraðra í landinu. Lífeyrisdeildin telur að mikill fræðilegur fengur verði að slíkri úttekt. Niðurstöðurnar verði síðan notaðar við endurskoðun á lífeyristryggingakafla almannatryggingalaga."

Í umsögn frá Samtökum aldraðra segir svo, með leyfi forseta:

„Við höfum móttekið bréf ykkar dags. 4. desember þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka aldraðra um till. til þál. um að fela ríkisstjórn að láta nú þegar fara fram ítarlega úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra og nái hún a.m.k. til fjögurra mikilvægra þátta sem fram eru dregnir. Við höfum nú rætt ítarlega um tillöguna ásamt grg. hennar, mælum eindregið með henni og væntum að hún verði sem fyrst samþykkt og nái fram að ganga. Teljum við þá öruggt að í málefnum aldraðra mundi brátt horfa betur á ýmsum sviðum.

Tvennt er það sem við viljum gjarnan mega bæta hér við. Hið fyrra er um starfslok og hlutastörf sem vikið er ágætlega að í grg. á bls. 4. Stjórn okkar hefur einmitt oft rætt um þessi atriði og telur að eitt af því allra mikilvægasta sem vinna þarf markvisst að fyrir alla ellilífeyrisþega sem heilsu hafa og þess óska sé að tryggja þeim hlutastörf við hæfi.“

Í umsögn Húsnæðisstofnunar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Í tillögunni er lagt til að ítarleg úttekt verði gerð á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra, m.a. á sviði húsnæðis- og vistunarmála. Sjálfsagt hafa ýmsar sveitarstjórnir vitneskju um stöðu þessara mála hver hjá sér, en tæpast þekkja þær allar til hlítar hver staðan er í húsnæðis- og vistunarmálum aldraðra. Mikið vantar á að ríkisvaldið hafi fullkomnar upplýsingar þar að lútandi. Það er hins vegar mikilsvert á þessu sviði húsnæðismálanna sem öðrum að sem fullkomnastar upplýsingar liggi fyrir bæði vegna þess fólks sem í hlut á og eins vegna þeirra miklu fjármuna sem tengjast því og mikilvægt er að ráðstafað sé með sem hagkvæmustum hætti. Með tilliti til þess er mælt með samþykkt tillögunnar.“

Að lokum, herra forseti, vil ég vitna í umsögn frá Öldrunarráði Íslands, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að undanförnu hafa allmargar staðbundnar kannanir verið gerðar á högum aldraðra að frumkvæði sveitarstjórna eða félaga, t.d. Rauða krossins og nú síðast Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Enda þótt kannanir þessar eigi margt sameiginlegt eru frávik þeirra svo mikil að af þeim væri naumast unnt að draga glögga heildarmynd. Vegna þess er nú mjög æskilegt að gerð verði samtímis á öllu landinu heildarkönnun á nægilega fjölmennu úrtaki aldraðra til þess að niðurstöður geti gefið glögga vísbendingu um kjör þeirra.“

Og síðar í umsögninni segir, með leyfi forseta: „Það er einnig ljóst að þrátt fyrir þær afmörkuðu kannanir, sem gerðar hafa verið á ýmsum tímum, á félagslegri stöðu aldraðra er nú tími til þess kominn að heildarkönnun verði gerð þar sem reynt verði að fá óyggjandi svör við þeim fjórum meginatriðum sem flm. till. nefna, auk annarra sem einnig hlýtur að vera fróðlegt að fá vitneskju um frá hinum öldruðu sjálfum.“

Herra forseti. Ég vil einnig vitna í það sem fram kemur í grg. með þessari till. sem er varðandi úttekt sem gerð var á Norðurlöndum í málefnum aldraðra, en í grg. segir, með leyfi forseta:

„Ástæða er til að geta þess að á s.l. ári kom út skýrsla um málefni aldraðra á Norðurlöndum, en það er fyrsta skýrslan af þremur um víðtæka athugun á málefnum aldraðra á Norðurlöndum. Skýrsla þessi er unnin á vegum Norðurlandaráðs og stjórnað af embættismönnum í heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytum viðkomandi landa. Í fréttatilkynningu sem gefin var út á s.l. ári, þegar fyrsta skýrslan kom út, kemur eftirfarandi fram:

„Í þessari skýrslu er lýst ástandi í húsnæðismálum aldraðra, fjölskyldugerð hjá þessum aldurshópi, á þjónustu innan og utan stofnana. Þetta er fyrsta athugun sinnar tegundar á þessu sviði þar sem gerður er samanburður á heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu fyrir aldraða á Norðurlöndum. Niðurstöður skýrslunnar sýna að talsverður munur er á öldrunarþjónustu á Norðurlöndum. Hvað Ísland varðar kemur fram að mjög skortir á allar upplýsingar um þau atriði sem athuguð voru og gerir það allan samanburð mjög erfiðan.“

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því, sem þarna kemur fram, að mjög skorti á allar upplýsingar um þessi mál hér á landi.“

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að vitna aðeins í umsagnir frá síðasta þingi og þá skýrslu, sem ég hef hér getið, sem sýnir fram á að nauðsynlegt er að slík heildarúttekt fari fram sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leggja til að till. verði vísað til hv. félmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Þessi tillaga spannar vítt svið, flesta þá þætti sem snerta lífsafkomu og aðstöðu aldraðra. Þar kallar margt á. Hækkandi meðalaldur hefur sín áhrif, breyttar fjölskylduaðstæður og breytt fjölskylduform kallar á viðbrögð og þótt margt hafi verið gert er enn fleira óunnið. Ég lýsi fullum stuðningi við þessa tillögu, vænti þess aðeins að sú könnun sem er aðalatriði hennar verði ekki að velkjast of lengi í meðförum og niðurstöður megi liggja fyrir sem fyrst og að í framhaldi af því verði þá unnt að taka til hendi sem fyrst og best jafnhliða þessu og í framhaldi af því.

Ég vildi koma aðeins tvennu að við þessa umræðu. Annars vegar tillöguflutningi sem ég hef verið með uppi um ákveðna lausn fyrir aldrað búandfólk, lausn sem reynd hefur verið á Norðurlöndum með góðum árangri og sem raunar er komin í framkvæmd hér á Suðurlandi fyrir framtak einnar konu og hefur reynst með miklum ágætum. Hér á ég við tillögu mína, sem ég hef flutt nokkrum sinnum án þess að hún fengi hér undirtektir, undirtektir að vísu í umræðum en ekki á þann hátt að hún væri samþykkt, tillögu um að nýta bújarðir, vel hýstar, m.a. og sér í lagi í eigu ríkisins, jarðir í nánd við heilsugæsluþjónustu, þar sem búandfólk gæti dvalið í ellinni, haft smábúskap og notið þar til vissrar aðstoðar, en yfirbygging í mannahaldi yrði í lágmarki, enda hugsað fyrir sæmilega fríska fólk. Ég hef m.a. bent á að margt fólk býr lengur og heldur lengur í óeðlilega stóran bústofn vegna óttans við hin algeru umskipti. Þetta fyrirkomulag er hugsað sem aðlögun fyrir það fólk um leið og því væri séð fyrir verkefnum við hæfi. Ég hef ekki trú á því að lausn af þessu tagi, ef að henni væri skipulega unnið, yrði mjög dýr, a.m.k. ekki eins dýr og margar þær lausnir sem hingað til hafa verið reyndar. Þessa hugmynd á ég ekki sjálfur. Þessari hugmynd var að mér skotið af öldruðu sveitafólki eystra sem þarf að dveljast í þéttbýli og hefði gjarnan viljað hafa annað umhverfi og annað við að vera en það hefur nú. Ég held að ómaksins vert væri að kanna þessa leið

til hlítar og líta þá m.a. austur til Blesastaða á Skeiðum og hagnýta þá góðu reynslu sem húsfreyjan þar býr yfir af því myndarheimili sem þar er rekið fyrir aldraða á hennar eigin vegum.

Hitt atriðið, sem ég vildi koma að enn einu sinni, lýtur að möguleikum eldra fólks og aðstandenda þess til að aldraðir megi búa sem lengst að sínu eða hjá sínum. Ég veit að með heimilishjálp og umönnunargreiðslum frá tryggingunum hefur þetta verið auðveldað mjög, en betur má ef duga skal. Ég hef oft sagt það og segi það enn úr þessum ræðustól, og ég fullyrði það, að það er með ólíkindum hvað mín kynslóð t.d., ef ég tæki hana út úr, hún er manni næst, er gjörn á að vilja sem fyrst losna við gamla fólkið á stofnanir og heimili, óeðlilega gjörn á það að vilja losna við gamla fólkið á stofnanir og heimili og þurfa ekki að annast það. Ég held að þetta fari ekki batnandi með nýrri kynslóð eða öðrum kynslóðum sem á eftir koma nema síður væri. Það er að vísu rétt, og það skal tekið fram sem viss afsökun og ekkert úr því dregið, að lífsbaráttan er hörð hjá mörgum, báðir heimilisaðilar útivinnandi og lengur oft en venjulegan lögboðinn vinnutíma, mikil ósköp. En inn í þetta mál kemur yngsta kynslóðin líka, umönnun hennar og lifandi samband við þá sem nenna að hlusta og segja frá og vera hlíf og skjól þegar á bjátar einnig. Þessi þáttur gleymist mörgum, allt of mörgum að ég hygg. Ég held því að enn betur eigi að huga að því af samfélagsins hálfu, bæði sveitarfélaga og ríkis, að tryggja gamla fólkinu sem best að það geti sem lengst, eins og ég hef sagt, búið að sínu eða hjá sínum. Inn í þetta koma fjölmörg atriði sem snerta þetta fólk, einsemdin máske verst, öryggið eða öryggisleysið kannske og lífshamingjan sjálf vitanlega, ekki aðeins þá fyrir þennan aldurshóp heldur ef vel er að staðið fyrir alla aldurshópa. Þetta er spurning um lífsfyllingu fyrir alla aldurshópa og ekki yngstu kynslóðina þá síst.

Á þetta vildi ég leggja áherslu enn einu sinni. Ég tala af eigin reynslu sem ég hygg að sanni mál mitt mjög vel og það eru ábyggilega fleiri sem geta sagt af svipaðri reynslu sem hefur verið þeim á sama jákvæða veginn.

Um meginþætti tillögunnar skal ekki frekar fjölyrt hér, en aðbúnaður og kjör þessa fólks segja kannske meira en flest annað um samfélagsgerð, áherslur samfélagsins, bæði í fjármagni sem öðru, en ekki síður það hugarfar sem kannske skiptir mestu.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég fagna þessari tillögu og að hún skuli vera hér fram borin. Ég held að ekki sé vanþörf á að kanna aðstæður aldraðra hér á landi. Það þarf ekki síst, eins og síðasti ræðumaður kom að, að athuga hvernig má búa að öldruðum í heimahúsum, hvort þar megi ekki bæta um betur og gera fólki kleift, bæði aðstandendum að hafa gamla fólkið heima og gamla fólkinu að dvelja á sínum heimilum sem vill það fremur en fara á stofnanir. Ég hef kynnst því af eigin reynslu að það er mjög ríkt í mörgu gamalmenninu að fá að búa heima eða hjá sínum. Það færi vel á því ef boðið væri upp á meiri og betri heimilisaðstoð og ekki síst jafnvel að létt vinna væri borin heim til fólksins, ef svo mætti segja. Ýmis störf í þessu þjóðfélagi mætti inna af hendi í heimahúsum. Þar má nefna t.d. spyrðubönd, hæklabönd og ýmislegt í plastiðnaði sem gamla fólkið gæti dundað sér við. Það þyrfti ekki að fara heim til þess nema einu sinni í viku. Ég átti þess einu sinni kost að gera könnun sjálf á vegum félagasamtaka og fara þess vegna í hvert hús á staðnum og ræða við gamalt fólk, auk þess sem ég hef í mörg ár unnið á stofnun fyrir aldrað fólk. Það var einmitt viðhorf hjá mjög mörgum að geta gert eitthvert gagn þrátt fyrir að þeir hefðu ekki heilsu til að fara frá sínum heimilum til vinnu, auk þess sem upp á lítið var boðið á vinnumarkaðnum fyrir þessa aldurshópa. En það var oft erfitt þessu fólki að drepa tímann og vita að það gæti gert gagn en hafa ekkert á milli handanna. Ég held að sá þáttur þyrfti að vera með í þessari könnun hvernig hægt væri að mæta vilja gamla fólksins til þess að inna létt störf af hendi, ekki aðeins hálfsdagsstörf eða hlutastörf.

Margt mætti eflaust nefna í þessu sambandi varðandi framfærslukostnað og fjárhagslega afkomu. Þar er ýmislegt sem þarf úr að bæta. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu með því að fara nánar út í þá sálma. Í nokkrum orðum vildi ég þó taka undir það sem síðasti ræðumaður kom að varðandi tilraun um stofnun fyrir gamalt fólk í sveitum. Ég held það væri vert að reyna slíkt. Á minni stöðum úti á landi getur gamalt fólk jafnvel haft sínar kindur í smákofum ekki það langt frá elliheimilinu að það getur stundað þann búskap. Það er ótrúlegt hvað þetta fólk er gott til heilsunnar ef það getur starfað við eitthvað sem það lifir og hrærist fyrir. Þessu hef ég líka kynnst, að maður gat stundað sínar kindur þrátt fyrir að hann byggi á elliheimili. Hann gat gengið til þeirra á hverjum degi. En þessum manni varð varla misdægurt. Hugmynd hv. 2. þm. Austurl. er því virkilega skoðunarverð og ég held að þegar upp væri staðið hefði slík tilraun, ef svo má kalla, ekki orðið þjóðfélaginu mjög dýr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Frestun nauðungaruppboða, þáltill. 104. mál (þskj. 114). — Fyrri umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Þingforseti. Á þskj. 114 leyfi ég mér að flytja ásamt þm. Alþfl. tillögu til þingsályktunar um frestun nauðungaruppboða, neyðaraðstoð og ráðgjöf við húsbyggjendur. (**Menntmrh.:** Það var búið að flytja framsögu fyrir þessu máli í útvarpi og sjónvarpi.) Eins og hæstv. fyrrv. iðnrh., núverandi menntmrh. og væntanlegur ég veit ekki hvaða ráðherra tók fram hefur málið áður verið kynnt í opinberri umræðu og er það út af fyrir sig alveg rétt. Ástæðan fyrir því að það var kynnt í opinberri umræðu með þeim hætti er m.a. sú að hæstv. ríkisstj. sem átti að leysa þetta mál og hafði lofað að gera það hefur ekki hafst að enn. Það er enn beðið eftir því að hæstv. ríkisstj. efni þau fyrirheit sem hún hefur gefið húsbyggjendum um að leysa úr þessum vandamálum.

Bara sem dæmi um neyðina sem ríkir í þessum málum get ég sagt ykkur frá því að fyrir réttum tveimur klukkutímum var ég að ræða við fulltrúa lítils sveitarfélags í mínu kjördæmi á Vestfjörðum. Þeir skýrðu mér frá því að á aðeins einu ári hefði íbúum í þessu litla sveitarfélagi fækkað úr 460 niður í 420. Talsverður hópur þeirra, sem flust hefur í burtu á þessu eina ári, hefur orðið að skilja eignir sínar eftir án þess að geta

selt og nokkur hópur manna hefur misst allt það sem þeir áttu á nauðungaruppboði. Lífeyrissjóðir, bankar og aðrar lánastofnanir eiga nú þó nokkrar íbúðir á þessum litla stað sem þessir aðilar hafa leyst til sín á nauðungaruppboði þar sem boðnar hafa verið upp eigur fólks og það hefur síðan flutt í burtu eignalaust, eignalausara en það var þegar það kom á staðinn. Þetta hefur gerst á því eina ári sem nú er liðið frá því að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um að leysa vandamál þessa fólks. Þetta fólk reyndi að hanga á sínum íbúðum eins lengi og það gat í þeirri von að hæstv. ríkisstj. stæði við loforð sín. Það varð eins og fleiri að gefast upp. Fyrst ástandið er orðið svona í litlu sjávarþorpi úti á landi, hvernig halda menn þá að það sé orðið ef litið er á landið í heild?

Það vildi svo til að sama dag og þessi þáltill. var lögð fram á Alþingi kom út sérstök aukaútgáfa af Lögbirtingablaðinu. Hvers vegna? Var það vegna þess að uppboð var í aðsigi á eigum einhvers atvinnufyrirtækis? Nei, það var vegna þess að uppboðsauglýsingar voru orðnar svo margar á íbúðarhúsnæði einstaklinga að það varð að gefa út sérstaka aukaútgáfu af Lögbirtingablaðinu til þess að koma nauðungaruppboðsauglýsingum fyrir. Og ýmis Reykjavíkurblöðin hafa af þessari neyð miklar tekjur í formi auglýsingatekna af nauðungaruppboðsauglýsingum af eigum einstaklinga.

Fjöldinn allur af fólki sem tekið hefur lán til íbúðakaupa eða íbúðabygginga á síðari árum hefur átt og á enn við sívaxandi greiðsluerfiðleika að etja. Þetta á bæði við um þá sem tekið hafa íbúðalán hjá opinberum lánastofnunum og hálfopinberum stofnunum, svo sem eins og lífeyrissjóðum, en ekki síst hina sem tekið hafa til viðbótar skammtímalán hjá bönkum og öðrum lánastofnunum. Hvers vegna skyldi fólk hafa verið neytt til að taka þessi skammtímalán? Það var neytt til þess vegna þess að ekki var staðið við þau fyrirheit og þær ákvarðanir, sem teknar voru í sambandi við verðtryggingu lána, að slíkri aðgerð yrði að fylgja lánalenging þannig að fólki væri gert kleift að standa undir greiðslubyrði þeirra lána sem þannig hafði verið breytt úr óverðtryggðum lánum í verðtryggð. Þau fyrirheit voru ekki efnd og hafa ekki enn verið efnd og það er meginskýringin á því að húsbyggjendur og húskaupendur hafa orðið að vera á höttunum eftir skammtímalánum hjá bönkum og öðrum aðilum, en það hefur orðið til þess að smátt og smátt hefur greiðslugetu þeirra verið ofboðið uns svo er komið að hundruð fólks eiga á hættu að missa allar sínar.

Það er e.t.v. einkennandi fyrir afstöðu hæstv. ríkisstj., sem glögglega kemur fram í dag í umræðu um þetta mál, að þegar málið kom á dagskrá var einn ráðherra í salnum. Þegar umræða hófst um það gekk hann úr sal. Meiri er ekki áhugi hæstv. ríkisstj. á að leysa þessi vandamál. Eina skiptið sem þessari hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar brugðið í brún út af þessum málum var þegar samtök húsbyggjenda tóku sig til og birtu heilsíðuauglýsingar í dagblöðum landsins. Og hvað skyldi hafa verið auglýst í þessum auglýsingum? Það var hvorki meira né minna en ríkisstjórnin sjálf. Þessi auglýsing var einnar síðu myndbirting af hæstv. ríkisstj. með ábendingum um að þessir menn, sem þarna voru myndaðir, hefðu ekki staðið við þau fyrirheit sem þeir gáfu. Það hafa þeir ekki gert enn. Sennilega er ráðið til þess að láta þá kippast aðeins við að birta eina auglýsinguna enn með myndum af þessum heiðursmönnum. Hætt er við því, ef heldur fram sem horfir, ef marka má allar þessar uppboðsauglýsingar um nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði einstaklinga, að innan tíðar standi fjölmargar fjölskyldur uppi eignalitlar eða eignalausar og breytir þá engu fyrir þessar fjölskyldur þótt þær hafi lagt nótt við dag í vinnu.

Slíkur vinnuþrældómur hefur ekki einu sinni getað komið í veg fyrir að þær eignir sem sumar fjölskyldur lögðu upp með þegar þær hófu húsbyggingu sína hafa rýrnað á þeim tíma sem liðinn er síðan. Það er ekki aðeins að fólk eigi í erfiðleikum með að standa undir greiðslubyrði afborgana og vaxta, það þarf einnig að horfast í augu við þá staðreynd að þó það hafi tekist, þó fólk hafi getað staðið undir greiðslum afborgana og vaxta, þá hefur eignarhlutur margra í íbúðarhúsnæði sínu samt sem áður stöðugt farið minnkandi. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að skuldirnar, og hvaða aðferð notuð er til að verðtryggja þær, hafa vaxið langt umfram markaðsverð og matsverð íbúðarhúsnæðisins, þannig að hlutur einstaklinganna í íbúðareigninni fer stöðugt minnkandi, jafnvel þó að viðkomandi aðilar hafi getað staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta.

Það er m.a.s. svo komið að mörg lán sem veitt hafa verið eru orðin svo há og hafa hækkað svo mikið umfram matsverð íbúðanna að veð sem upphaflega var veitt í íbúðunum dugar ekki lengur. Lánið er komið að verðmæti umfram þau mörk sem sett hafa verið til þess að íbúðarhúsnæði teljist veðhæft. Og margir sem óska eftir því að breyta lánum til skamms tíma í lengri lán gegn fasteignartryggingu geta það ekki lengur — ekki vegna þess að þeir hafi ekki burði til að standa undir afborgununum, heldur vegna hins að stefna ríkisstjórnarinnar hefur valdið því að það er ekki lengur til veð, það er ekki lengur hægt að bjóða upp á það veð í íbúðareign viðkomandi manns að það dugi til þess að standa undir frekari lánveitingum þó í boði væru og þó að skuldunauturinn gæti staðið undir greiðslunni.

Veð sem upphaflega nam kannske 30% af verði fasteignar er núna hækkað upp í yfir 50% og slíku fólki eru allar bjargir bannaðar. Eignarhluti þess í viðkomandi íbúð brennur upp frá degi til dags og frá mánuði til mánaðar uns svo verður komið að fólkið stendur uppi eignalítið eða jafnvel eignalaust.

Slæmt er þetta ástand hér á höfuðborgarsvæðinu en miklum mun verra er það þó úti á landsbyggðinni þar sem svo háttar til að ekki aðeins matsverð íbúðanna hefur hlutfallslega farið lækkandi, heldur er markaðsverð þeirra nánast núll vegna landflóttans frá þessum smærri stöðum til höfuðborgarsvæðisins, sem veldur því að það eru ekki lengur neinir til þess að kaupa íbúðarhúsnæðið, jafnvel þó reynt væri að selja það. Þannig er ástandið hjá mörgum húsbyggjendum úti á landi orðið svo að þeir rísa ekki lengur undir greiðslubyrði af lánunum sem þeir hafa tekið. Þeir eiga ekki lengur veð til þess að geta framlengt þessi lán, jafnvel þó lánaframlenging væri í boði, og þeir geta ekki heldur selt eignina, jafnvel þó þeir vildu, til þess að losa sig þá út úr vandanum með eitthvað í aðra hönd. Þeir verða hins vegar að standa hjá og horfa í vonleysi sínu upp á eignina verða nákvæmlega að ekki neinu án þess einu sinni að geta bjargað sé undan vandanum með því að selja eign sína og halda þó einhverju eftir.

Þetta er slíkt neyðarástand að það er ekki hægt að lýsa því með orðum. Og þeir sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál, hafa horfst í augu við skelfilegan mannlegan vanda sem ekki aðeins lýsir sér í eignatjóni og eignatapi heldur í hjónaskilnuðum, upplausn fjölskyldna, vonleysi og örvæntingu einstaklinga sem hlut eiga að máli. Það er lærdómsríkt. Og ég endurtek það að þegar umræða fer fram um svona mál þá er kaldhæðið að hún skuli hefjast að viðstöddum einum ráðherra og um leið og umræðan hefst þá skuli sá ráðherra ganga úr salnum.

Herra forseti. Við höfum tíu ráðherra hér sem nú eru allir þingmenn. Hæstv. forseti hefur gert ítrekaðar tilraunir til þess að koma málum í gegnum afgreiðslur, gegnum atkvæðagreiðslur hér á þessum fundi og öðrum fundum. Mér finnst ekki hlýða að ræða þessi mál án þess að geta lagt svo mikið sem eina spurningu fyrir svo mikið sem einn ráðherra. Því vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta að hann kanni: Er hæstv. forsrh. tiltækur? (**Forseti:** Hæstv. forsrh. boðaði fjarvist og það var tilkynnt í upphafi fundarins.) Er hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. tiltækur? (**Forseti:** Forseti ætlar sér ekki að standa endalaust fyrir svörum í þessu efni vegna þess að hann getur ekki svarað. Við sjáum að þessir menn eru ekki í þingsalnum. Hins vegar skal athugað hvort fjmrh., — hann er ekki í húsinu, hann tjáði mér rétt áðan að hann þyrfti að sinna áríðandi starfi og tilkynnti að hann færi af fundi. Hver var þriðji ráðherrann, með leyfi?) Það eru tveir ráðherrar sem þetta mál varðar sérstaklega fyrst að þessir hvorugir eru viðstaddir, formenn stjórnarflokkanna, það er annars vegar hæstv. félmrh. og hins vegar hæstv. dómsmrh. Ætli annar hvor þeirra sé tagltækur? (**Forseti:** Ég skal athuga hvort þessir menn eru í húsinu og hv. ræðumaður getur gert hlé á ræðu sinni á meðan ef hann óskar. — Það er upplýst að bæði dómsmrh. og félmrh. hafa yfirgefið húsið.)

Hæstv. forseti. Forseti hefur marguppálagt þm. að það hafi verið gert samkomulag um gang þingstarfa sem geri ráð fyrir því að hér séu menn að störfum frá klukkan tvö til klukkan fjögur þegar fundir Sþ. standa yfir og undirbúi sig þá undir það að þingið geti starfað á þeim tíma. Það er alger ógerningur að ræða þetta mál að fjarverandi formönnum beggja stjórnarflokkanna og að fjarverandi báðum þeim ráðherrum sem málið heyrir undir, annars vegar hæstv. félmrh. og hins vegar hæstv. dómsmrh., sem á m.a. að gæta þess að lögum um bann við töku okurvaxta sé framfylgt. En menn hafa lesið það núna í blöðum hvernig að þeim málum er staðið af hálfu framkvæmdavaldsins og þeirra sem eiga að hafa eftirlit með þeim málum.

Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að ég fái að gera hlé á ræðu minni og taka aftur til þar sem ég hverf frá nú, á þá væntanlega næsta fundi Sþ. og þá verði reynt að sjá til þess að a.m.k. þessir tveir hæstv. ráðherrar verði viðstaddir svo hægt sé að bera fram við þá eðlilegar spurningar um þetta mál.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er hverju orði sannara sem hv. ræðumaður sagði að hv. þm. og þar með ráðherrum ber að sækja þingfundi. Hins vegar geta verið augljósar ástæður fyrir því að einstaka þingmaður eða ráðherra hafi lögfullar ástæður til þess að vera ekki viðstaddir.

Þegar framsögumaður í máli sem þessu óskar sérstaklega eftir að ákveðnir ráðherrar séu við þá er það venjulega að viðkomandi þm. tjáir forseta það og það er athugað áður en umræður hefjast. Þá fer það eftir vali viðkomandi þm. hvort hann vill fresta umræðu eða hafa umræðuna þó að þeir menn sem hann óskaði að væru viðstaddir séu fjarverandi. Nú lít ég svo á að það sé vilji hv. 1. flm. þessa máls að umræðunni sé frestað, þ.e. hann hefur lokið sinni fyrri ræðu og umræðunni verður frestað. Umræðunni er frestað.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég skal alveg fallast á réttmæti þessa sjónarmiðs hæstv. forseta, en vil leyfa mér að benda á að hér er um að ræða 15. mál á dagskrá og ég held að þetta sé fyrsti þingfundur sem hægt er að taka málið fyrir á og enginn, hvorki ég né hæstv. forseti, átti von á því að málið kæmi nú á dagskrá. Ég féllst hins vegar á þau tilmæli forseta, vegna þess að ég tel að það sé skylda mín að vera hér reiðubúinn til starfa hvenær sem á þarf að halda, ég féllst á þau tilmæli hæstv. forseta að taka málið fyrir þótt svo háttaði og gerði að sjálfsögðu ráð fyrir því að þessir ráðherrar eins og aðrir þm. væru þá tiltækir vegna þess að þeir höfðu ekki fjarvistarleyfi og mér vitanlega hafa þeir það ekki enn.

Ég óska eftir því við hæstv. forseta, og bið hann að endurskoða ákvörðun sína, að mér verði við framhaldsumræðu málsins heimilað að halda áfram ræðu minni þar sem frá var horfið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Málinu hefur verið frestað, en hv. 3. þm. Vestf. talaði um þingsköp. Það er rétt eins og hann sagði að forseti hefði mælst til þess við hann að mæla fyrir þessu tiltekna máli sem er 15. mál á dagskrá. Og það var vel gert af hv. 3. þm. Vestf. að verða við þessum tilmælum. En það mátti gera ráð fyrir því fyrir fram að undir venjulegum kringumstæðum kæmi þetta mál ekki til umræðu af því að það er síðasta málið á dagskránni. Kann að vera að það sé einhver ástæða fyrir því að þeir sem hefðu átt að vera viðstaddir þessa umræðu eru farnir af fundi.

Hv. 3. þm. Vestf. óskaði eftir að halda ræðu sinni áfram. Hann hefur lokið ræðutíma sínum sem eru 15 mínútur í þessari umferð. Og það sem hann hefur talað um þingsköp er þá ekki með talið þessum 15 mínútum né sú töf sem hefur orðið á umræðunni.

Könnun á launum og lífskjörum, þáltill. 49. mál (þskj. 49). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni, till. á þskj. 49 um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum. Ég vil, með leyfi forseta, lesa texta till. sem er stuttur. Hann er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að kanna hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari

á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar eru orsakir þess.

Nefndin skili athugun sinni fyrir árslok 1986."

Hér er um að ræða tillögu sem flm. er ég nefndi fluttu á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Hún er hér flutt aftur vegna þess að skoðun flm. er að hér sé um það mikilvægt mál að ræða að þeir telja brýnt að sú könnun á lífskjörum hér á landi og samanburður við nágrannaþjóðirnar eigi sér stað.

Svo sem fram kemur í þessum tillögutexta sem ég las hér er það meginatriði tillögunnar að það verði framkvæmd könnun á því hvernig á því stendur að þótt Íslendingar séu með þeim þjóðum sem einna hæstar þjóðartekjur hafa á mann í veröldinni, 6. í röðinni eins og að undanförnu, eða jafnvel ofar á þeim lista sum árin — hvernig á því stendur að slík þjóð býr ekki við betri lífskjör en raun ber vitni og hver maður þekkir af eigin hag. Þurfum við Íslendingar þó ekki að standa undir neinum herkostnaði svo sem aðrar þjóðir, svo dæmi sé tekið, en til slíkra hluta fer allverulegur hluti ríkisútgjalda flestra þjóða, þar á meðal allra Norðurlandaþjóðanna annarra en okkar.

Það hefur vafist nokkuð fyrir mönnum að komast að niðurstöðu um það hver sé orsök þessa. Umræður um það hafa verið ákaflega pólitískar oft og tíðum og mótast af því í hvaða flokki menn eru sem þátt hafa tekið í umræðunni. Það er skoðun okkar flm. tillögunnar að það sé hins vegar kominn tími til þess að gerð verði hlutlaus og hlutlæg athugun í þessum efnum á orsökum þess sem hér um ræðir. Á grundvelli þeirrar rannsóknar og þeirra ábendinga um orsakirnar, sem hér er kallað eftir, geti stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins, sem nú eru einmitt að byrja að tala saman, stjórnmálaflokkarnir og Alþingi, og raunar allir aðrir aðilar sem þetta mál snertir, gert ráðstafanir sem eru í samræmi við þær niðurstöður sem við væntum að þá muni liggja fyrir.

Það fer ekki á milli mála, herra forseti, að hér á landi hafa lífskjörin versnað á undanförnum árum. Það þekkja allir og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Kaupmáttur kauptaxta hefur minnkað um fimmtung á síðustu þremur árum og er nú svipaður því og hann var árið 1971. Töflu um þessa þróun er að finna í grg. með þáltill. þannig að allir sem fá sér texta hennar geta séð það þar með eigin augum hvernig þær hagtölur líta út.

Nú er það svo að kaupmáttur kauptaxta er vitaskuld ekki algildur mælikvarði á lífskjör launafólks þó hann veiti þar mjög þýðingarmiklar upplýsingar. Oft er bent á að nær væri að líta fyrst og fremst á ráðstöfunartekjurnar frekar en á taxtalaunin. En aðrir mælikvarðar sýna einnig alldökka mynd þó mismunandi sé eftir því hvaða stærðir eru hér skoðaðar.

Ef við lítum á þjóðartekjurnar er það alkunna að þær hafa minnkað verulega á síðustu þremur árum. Eitt árið hvorki meira né minna en um 5,5% sem er gífurlega mikil minnkun. Þjóðartekjurnar í dag eru á svipuðu stigi og árið 1973 eða fyrir 12 árum og þær hafa dregist saman nú þrjú ár í röð nema hvað á þessu ári munu þær væntanlega lítillega aukast. Það má einnig nefna ráðstöfunartekjurnar sem ég gat um. Þær voru svipaðar í fyrra, árið 1984 og þær voru upp úr miðjum áratug síðustu aldar. Glæsilegri eða bjartari er nú myndin ekki.

Þetta er alvarleg þróun og ég held að engum blandist hugur um það, ekki síst með hliðsjón af því að þær þjóðir sem við berum okkur gjarnan saman við, hafa nú komist út úr þeirri kreppu sem einkennt hefur alþjóðaefnahagsstarfsemi og efnahagslíf í heiminum á árunum 1979—1982, þ.e. í olíukreppunni.

Við erum meðlimir í bandalagi OECD-þjóðanna, Efnahagssamvinnustofnun Evrópuþjóða, þó að fleiri séu þar aðildarríkin en Evrópuríki. Þess vegna er nærtækt að bera þróun mála í þessum efnum hér á landi saman við þróun OECD-ríkjanna. Hagvöxtur í þeim ríkjahópi var árið 1983 að meðaltali 2,6%, tæplega 5% 1984, og gert er ráð fyrir því að hagvöxtur verði í þessum ríkjum á milli 3 og 4% í ár. Samfara þessum hagvexti fara lífskjör batnandi í flestum nálægum löndum meðan lífskjörum hefur farið hrakandi hér á landi. Tölurnar sem birtar eru í nákvæmri og ítarlegri töflu með grg. gefa allgóða vísbendingu um lífskjörin hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir. Og þótt ýmislegt þurfi að athuga nánar, m.a. áhrif örra breytinga á gengi gjaldmiðla, einkum á síðustu árum, bera þó þær tölur með sér að lífskjör á þennan mælikvarða hafa verið almennt góð í OECD-ríkjunum og yfir meðaltal í löndum eins og Danmörku en lélegri þó þar en í Svíþjóð og Noregi sem eru hér mun ofar á listanum.

Fram til ársins 1982 er samanburður við OECD-ríkin á margan hátt ekki óhagstæður okkur Íslendingum. En sama verður ekki sagt um framhaldið. Þjóðartekjur á mann hér á landi eru nú um 10 þús. dollarar, sem er að vísu hátt, eða 97% af því sem þær voru 1982, og 96% af þjóðartekjunum 1981. Að vísu veldur hér allmiklu um hve staða dollarans hefur styrkst mjög á undanförnum árum en þessar tölur tala engu að síður sínu máli. Það virðist liggja fyrir svo ekki þurfi að fara um það í grafgötur hver launaþróunin hefur verið á undanförnum árum miðað við þann stóra hóp þjóða sem ég gat um. Þær staðreyndir liggja allljóslega fyrir.

En það eru fleiri atriði sem þarf að kanna en þjóðartekjur á mann á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Sú nefnd sem fær það verkefni að fylgja fram þessari þáltill. mun að sjálfsögðu leggja mat á hvaða þættir skipta mestu máli í lífskjörum hér á landi og á hvern hátt unnt er að bæta þau miðað við þjóðartekjurnar. Það er rétt að nefna þar nokkur atriði. Eitt þeirra — og það er kannske viðamest og mikilvægast — er vitanlega hlutur launþega í þjóðartekjunum. Í öðru lagi er það breyting á kauptaxta- og launaþróun bæði almennt og eftir atvinnugreinum. Það þarf að líta á atvinnutekjur, heildartekjur og ráðstöfunartekjur og enn fremur vægi annarra tekna en launa, t.d. tilfærslutekjur og eignatekjur. Það þarf að líta á vinnutíma hér á landi og atvinnuöryggi. Vinnutíminn er vitanlega mun lengri hér en í flestum Evrópuríkjum, ef ekki öllum. Það þarf að líta á óbeina skatta og beina skatta og hvað felst í hugtakinu opinber þjónusta. Þá þarf einnig að athuga greiðslubyrðina, í hve ríkum mæli hún er gagnvart öðrum löndum. Fjárfestingaþróunin, hver hefur hún verið? Fjárfest hefur verið miklu meira hér en í nágrannalöndunum. Hvernig hefur gengisþróunin verið, ekki síst gagnvart dollaranum? Og einnig þarf að taka hagsveiflur hér með í reikninginn.

Eftir að allt þetta liggur fyrir er komið að kjarna málsins, því sem þessari nefnd er ætlað að vinna að. Henni er ætlað að gera þessa launakönnun en henni er einnig ætlað að skýra niðurstöður sínar að því er varðar

lífskjaraþróunina hér á landi í samanburði við löndin þau sem ég nefndi. Hverjar eru orsakir þessarar þróunar, þeirra tiltölulega bágu lífskjara sem við Íslendingar búum við og höfum búið við?

Þá má spyrja meðal annars: Hafa ytri ástæður ráðið mestu um þessa þróun, aflabrögð sem hafa verið misjöfn — að vísu var þriðja besta aflaárið á síðasta ári — eða er það staða alþjóðlegra efnahagsmála sem hér ræður mestu? Eða er kannske skýringarinnar e.t.v. að leita í okkar eigin efnahagslífi, skipan þess og stjórn? Þá kemur vitanlega upp í hugann: Hvernig höfum við hagað okkar fjárfestingum hvað varðar arðsemina? Hver er arðsemin af þeim fjárfestingum sem íslenska þjóðarbúið hefur staðið í síðustu árin? Er sú arðsemi meiri eða minni en af fjárfestingum nágrannaríkjanna, sem þau hafa lagt í? Er það kannske ein meginástæðan fyrir því hve illa hefur gengið að ná fram bættum lífskjörum þrátt fyrir tiltölulega háar þjóðartekjur?

Það er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að draga lærdóm af reynslunni í þessari stöðu sem hér blasir við. Ef mistök hafa orðið, ef okkur hafa orðið á mistök, stjórnvöldum, samtökum vinnumarkaðarins og öðrum, þá ber vissulega að koma í veg fyrir þau og viðurkenna þau og einbeita kröftunum að því að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Þá ber að taka upp nýja stefnu hvað varðar vinnuaðferðir í kjarabaráttunni, í fjárfestingarmálum og á öðrum sviðum. Við eigum m.ö.o. að reyna að læra af reynslunni, læra af sögunni í þessum efnum.

Herra forseti. Það er skoðun flm. þessarar tillögu að það verkefni sem hér liggur fyrir sé afar brýnt með tilliti til þess að hætt er við að Íslendingar fari í vaxandi mæli m.a. að setjast að þar sem betri kjör bjóðast, ef bilið heldur áfram að breikka milli lífskjara hér á landi og í nágrannalöndunum. Það er m.a. brýnt að slík könnun sé framkvæmd ekki síst vegna aðila vinnumarkaðarins sem nú eru að leggja út í nýjar viðræður og gerð nýrra kjarasamninga. Þar virðast mál ætla að taka nokkuð aðra stefnu en verið hefur á undanförnum árum. Út af fyrir sig eru það mjög ánægjuleg tíðindi og lofsvert framtak hjá þeim mönnum sem þar hafa borið fram nýjar hugmyndir. Þar er um að ræða meiri áherslu á bót lífskjaranna og aukningu kaupmáttarins en verið hefur að undanförnu.

Slík hlutlæg könnun sem hér er fjallað um yrði einmitt mjög mikilvægt innlegg, mikilvægt framlag til umræðna milli aðila vinnumarkaðarins og við ákvarðanatöku. Því fyrr sem við getum greint þær orsakir sem liggja til grundvallar þeirri þróun lífskjara, þeirri neikvæðu þróun lífskjara, sem ég hef lýst, því fyrr getum við gripið til þeirra úrræða sem úr munu bæta.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Mismunun gagnvart konum hérlendis, þáltill. 64. mál (þskj. 66). — Fyrri umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis, en flm. að þessari till. er ásamt mér hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir. Efni tillögunnar er eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. og jafnréttisráði í framhaldi af fullgildingu samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum að gera á því úttekt:

a. hvað einkum skorti á að Íslendingar uppfylli þau ákvæði sem í samningnum felast;

b. hvort og þá hvað það er í starfi skóla og annarra uppeldisstofnana, svo og fjölmiðla, sem einkum vinnur gegn jafnri stöðu kvenna og karla;

c. hvað einkum torveldar konum á vinnumarkaði að ná jafnræði á við karla og hvað veldur því að svokölluð kvennastörf eru ekki metin með eðlilegum hætti til launa;

d. hvaða breytingar á lögum, reglugerðum og öðrum opinberum tilskipunum sé rétt að gera til að markmið samningsins verði að veruleika;

e. hvaða ráðstafanir aðrar sé æskilegt að gera af hálfu löggjafar- og framkvæmdavalds og í dómskerfinu til að öll mismunun gagnvart konum hérlendis heyri sem fyrst fortíðinni til.

Til að fylgjast með þessari úttekt verði skipuð samráðsnefnd með fulltrúum frá öllum þingflokkum á Alþingi.

Félmrh. skili fyrir árslok 1986 grg. til Alþingis um þessa úttekt og tillögum af sinni hálfu til úrbóta.

Kostnaður við þessa úttekt greiðist úr ríkissjóði."

Með þessari þáltill. fylgir grg. þar sem vitnað er til margra atriða í þeim alþjóðasamningi sem var til umræðu hér á síðasta þingi og Alþingi samþykkti 13. júní s.l. og staðfestur var af ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd þann 18. júní s.l. Einnig fylgja með till. nokkur fskj., sjö talsins, þar sem er að finna ýmsar upplýsingar um stöðu mála að því er varðar konur og mun ég lítillega fjalla um þau efni hér síðar í ræðu minni.

Í athugasemdum með samningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum skv. þessum samningi skuldbinda aðildarríkin sig til að gera ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum á hinum ýmsu sviðum.

Skv. 2. gr. samningsins er m.a. gert ráð fyrir því að aðildarríkin hlutist til um það án tafar „að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að afnema misrétti gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja" og „að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til að breyta eða afnema gildandi lög, reglugerðir, venjur og starfshætti sem fela í sér mismunun gagnvart konum".

Ég vek athygli á því, herra forseti, að hér er ekki aðeins vikið að opinberum aðilum heldur stofnunum og fyrirtækjum og einnig vísað til venja og starfshátta sem vinna beri að að breyta og afnema.

Skv. 3. gr. ábyrgjast þeir sem fullgilda þennan samning „fulla þróun og framfarir til handa konum til að tryggja að þær geti á grundvelli jafnréttis við karla framfylgt eða notið mannréttinda og grundvallarfrelsis".

Skv. 4. gr. samningsins eru ákvæði sem heimila aðildarríkjunum svonefnda „jákvæða mismunun" sem „sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miði að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist".

Í 5. gr. samningsins segir m.a. að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir „til að breyta félags-

legum og menningarlegum hegðunarvenjum karla og kvenna með það fyrir augum að takast megi að uppræta fordóma og venjur sem byggjast á hugmyndinni um vanmátt eða ofurmátt annars hvors kynsins eða á viðteknum hlutverkum karla og kvenna".

Í II. hluta þessa samnings er fjallað um ráðstafanir á stjórnmálavettvangi og opinberum vettvangi og í III. hluta hans um aðgerðir í menntamálum, atvinnumálum, á sviði heilsugæslu o.fl. Vikið er að ýmsum þáttum eins og t.d. varðandi menntamálin, endurskoðun kennslubóka og námsáætlana og aðlögun kennsluaðferða. Þar er kveðið á um að unnið skuli að því „að lækka hlutfall þeirra stúlkna sem hætta námi og skipuleggja beri námsáætlanir fyrir stúlkur og konur sem ótímabært hafa hætt námi".

Þá eru ákvæði í samningnum, sem ekki eru minnst virði, um að gera skuli ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum á sviði atvinnu til að tryggja m.a. „rétt til sömu atvinnutækifæra, þar með talið að beitt sé sama mælikvarða við val starfsmanna" og „rétt til sömu umbunar, þar með talið fríðinda, og sömu meðhöndlunar gagnvart vinnu sem er jafngild", eins og þar segir, „og sömu meðhöndlunar við mat á gæðum vinnu".

Til að koma í veg fyrir mismunun gagnvart konum vegna hjúskapar eða móðurhlutverksins og framfylgja raunverulegum rétti kvenna til vinnu eiga aðildarríkin að gera allar viðeigandi ráðstafanir, „m.a. sérstaklega með því að stuðla að stofnun og þróun sem flestra barnagæslustofnana".

Í grg. er vikið að því hvernig með þennan samning skuli farið á vegum Sameinuðu þjóðanna, en þar er sérstök nefnd, skipuð 23 fulltrúum frá aðildarríkjum, sem á að fylgjast með og fjalla um framkvæmd samningsins og gefa árlega skýrslu til allsherjarþingsins. Þau ríki, sem fullgilt hafa samninginn, skulu skila inn skýrslu innan eins árs frá gildistöku samningsins og síðan a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Sú úttekt, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir, getur þannig orðið undirstaða að greinargerðum skv. ákvæðum samningsins um leið og henni er ætlað að skapa sem fyrst grundvöll og samstöðu um breytingar sem gera þarf á fjölmörgum sviðum hér innanlands til að afnema mismunun gagnvart konum.

Það virðist eðlilegt að félmrn. og jafnréttisráð hafi forustu um þá úttekt sem till. gerir ráð fyrir og leiti álits þeirra mörgu aðila sem láta sig varða réttindamál kvenna. Um leið og gert er ráð fyrir því að úttektin verði unnin í nánum tengslum við jafnréttisráð er nauðsynlegt að heimild sé fyrir hendi til að greiða fyrir vinnu að henni með sérstöku framlagi úr ríkissjóði. En sem kunnugt er eru framlög til jafnréttisráðs mjög skorin við nögl miðað við þau miklu verkefni sem fyrir ráðinu liggja. Framlög á þessu ári til jafnréttisráðs nema aðeins um 1,5 millj. kr.

Til að tryggja samstarf við Alþingi um þessa úttekt gerir till. ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem í eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum. Gefa á nefndinni tækifæri til að fylgjast með — það er hugmynd flm. — vinnu að úttektinni frá byrjun og ætti það m.a. að greiða fyrir æskilegum lagabreytingum til að afnema mismunun gagnvart konum.

Ég held að það skipti mjög miklu að tengja vinnuna að jafnréttismálum og að því er varðar að leiðrétta hlut kvenna sérstaklega við störf Alþingis þannig að auðveldara verði af hálfu löggjafans að grípa inn í þau svið þar sem leiðrétta þarf lög og reglugerðir í sambandi við stöðu kvenna. Sú er alveg sérstaklega ætlan flm. að með samráðsnefnd, sem fylgist með þessari úttekt, verði auðveldara og fyrr brugðist við á þessum sviðum en ella væri.

Segja má að með lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985 séu jafnréttisráði lagðar á herðar marghátttaðar skyldur til að fylgjast með þróun jafnréttismála og gera tillögur og áætlanir m.a. til félmrh. um það hvernig á þeim málum skuli tekið. Þar er einnig gert ráð fyrir sérstakri ráðgjafarnefnd, sem jafnréttisráði er ætlað að skipa, en ekkert er kveðið á um hvaða sjónarmið skuli höfð í huga við skipun nefndarinnar.

Mér þykir í rauninni nokkuð á það skorta í sambandi við þessi nýsettu lög, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, að þar séu tryggð nægilega skilvirk tengsl við Alþingi og ég vænti þess að ef till. þessi verður samþykkt og samráðsnefnd verður skipuð með þeim hætti sem hún gerir ráð fyrir verði úr þessu bætt varðandi þau efni sem till. gerir sérstaklega ráð fyrir.

Herra forseti. Í fylgiskjölum með þessari till. er að finna, eins og ég gat um, marghátttaðar upplýsingar um stöðu kvenna í þjóðfélaginu, þar á meðal og ekki síst að því er varðar launamál og atvinnumál og möguleika kvenna til atvinnuþátttöku. Í fskj. I, sem er tafla sem sýnir ársverk og meðallaun eftir kyni á árinu 1983 og er frá Framkvæmdastofnun, kemur það í ljós, sem væntanlega er nú orðið á vitorði margra eftir þá umræðu sem fram hefur farið, að gífurlega mikið skortir á að konur á heildina litið njóti jafnréttis á við karla í launum þrátt fyrir öll ákvæði laga. Þar kemur fram að meðallaun karla á þessu ári, 1983, fyrir ársverk voru 308 þús. kr. en meðallaun kvenna aðeins 200 þús. kr. Munurinn er því yfir 50%. Þessi efni eru rakin enn frekar í fskj. II og fskj. III sem eru staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum þar sem sérstaklega er fram dregið vinnuframlag kvenna, það launamisrétti sem konur búa við og þær hindranir sem þeim mæta í sambandi við atvinnuþátttöku.

Ég ætla hér ekki að fara langt út í að rekja eða vitna til efnis þessara fskj. en vil þó nefna í sambandi við fskj. III um stöðu kvenna á vinnumarkaðinum að „skv. jafnréttiskönnun í Reykjavík veturinn 1980—1981 kom fram að þegar lagður var saman vinnutími fólks heima og heiman var heildarvinnutíminn síst styttri hjá konum en körlum. Þar kom einnig fram að þáttur karla í heimilisstörfum var litlu meiri þegar konurnar voru í fullu starfi eða hálfu en þegar þær voru alveg heima." Þetta er tilvitnun í þetta fskj. um stöðu kvenna á vinnumarkaði. Hér kemur fram m.a. hversu ríkar venjurnar og hefðirnar eru í sambandi við heimilisstörfin sem valda því að þrátt fyrir minni þátttöku kvenna á vinnumarkaði er vinnuframlag þeirra síst minna en karla á heildina litið og vafalaust í mörgum tilvikum mun meira þegar litið er á hlutdeild þeirra í heimilisstörfum.

Í þessu yfirliti kemur einnig fram að kröfurnar til hinna hefðbundnu kvennastarfa annars vegar og karlastarfa hins vegar eru í rauninni meiri, en framavonirnar og launin, umbunin fyrir unnin störf, minni. Þar er einnig að finna yfirlit varðandi það hvernig þessi

mismunun kemur fram í sambandi við laun. Það gildir nánast um öll störf í þjóðfélaginu, sem konur sinna, að þar eru þær lakar settar launalega séð. Það á við um verkakonur en það á einnig við um konur sem vinna í hjúkrunarstörfum, svo að dæmi séu tekin, verslunarstörfum, störfum hjá ríkinu og hjá konum sem hafa langskólamenntun að baki.

Það er líka athyglisvert þegar litið er til dulinna launagreiðslna eða fríðinda hversu konur fara halloka. Fram kemur í nefndri könnun að árið 1982 voru konur 15% þeirra opinberra starfsmanna sem fengu greidda fasta yfirvinnu, en fengu að meðaltali 13 þús. kr. fyrir slíka fasta yfirvinnu en karlar 25 þús. kr. Á þessu ári, 1982, voru konur 13,7% þeirra opinberu starfsmanna sem fengu greiðslu vegna bifreiða sinna, konur að meðaltali 6 þús. kr. en karlar 15 þús. kr. Þessi dæmi sýna með skýrum hætti um hvernig mismunun er að ræða, einnig á þessu sviði dulinna launa sem bætist við þá mismunun sem er skv. launatöxtum.

Í fskj. V er að finna fréttabréf kjararannsóknarnefndar fyrir annan ársfjórðung 1985 þar sem fram kemur hversu hallað hefur á konur launalega séð nú milli ára á síðasta ári hins svonefnda kvennaáratugar, hvernig launaskriðið hefur lyft körlum verulega umfram konur og það nánast í öllum þeim störfum sem þar eru mæld. Hjá verkamönnum er hækkunin 30,9% miðað við tímakaup en hjá verkakonum 26,3%. Varðandi afgreiðslustörf er hækkunin hjá körlum á þessu tímabili 36,9% en hjá konum aðeins 30%. Þetta eru dæmi um það sem hefur verið að gerast núna alveg upp á síðkastið í þessum efnum.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að með till. eru einnig fskj. sem sýna könnun jafnréttisnefndar Akureyrar sem unnin var í maímánuði 1984 og veitir innsýn inn í þann vanda, félagslega vanda og vanda á mörgum öðrum sviðum, sem konur eiga við að búa. Í fskj. VI með till. er að finna yfirlit um hlut kvenna á opinberum vettvangi, í sveitarstjórnum, á Alþingi og í áhrifastöðum innan stjórnmálaflokkanna. Allar sýna þessar tölur hversu mjög hallar á konur í félagslegum efnum og hvað snertir hlutdeild þeirra í áhrifastöðum og vísa ég til þess sem þar kemur fram.

Með nýútgefinni bók, sem hafin var sala á 24. okt. s.l., „Konur, hvað nú?", höfum við fengið í hendur mjög vandaða úttekt og góðar upplýsingar um stöðu jafnréttismálanna og þróun þeirra á liðnum kvennáratug. Þar er að finna í 14 ritgerðum yfirlit yfir stöðu kvenna á þessu tímabili varðandi atvinnumál, félagsmál, þátttöku og hlutdeild í listsköpun og á mörgum öðrum sviðum. Ég vek athygli m.a. á mjög fróðlegri úttekt og vandaðri sem þar er að finna um atvinnu og laun kvenna eftir Guðrúnu Guðmundsdóttur viðskiptafræðing. Þar er einnig að finna ritgerð um félagslegar aðstæður kvenna eftir Erlu Þórðardóttur félagsráðgjafa þar sem dregið er fram hver staðan er í sambandi við dagvistunarmálin og hversu gífurlega hallar þar á.

Herra forseti. Ég lýk senn máli mínu. Ég vil að endingu draga fram í sambandi við þetta mál, þá úttekt sem hér er lögð til á mismunun gagnvart konum hérlendis, að í þingræðisríkjum Vestur-Evrópu og víðar eru það markaðsöflin, hin kalda gróðahyggja, og rótgróið forræði karla á flestum sviðum sem eru meginhindranir gegn frelsisbaráttu og réttlæti konum til handa. Auðvitað verður þetta misrétti, sem ég hef gert hér að umtalsefni, hvergi leiðrétt nema með virkri baráttu kvenna sjálfra og samstöðu þeirra. Hinu megum við karlar, sem teljum okkur vinstri sinnaða og stuðningsmenn jafnréttis, ekki gleyma að árangur þessarar baráttu er einnig að verulegu leyti kominn undir okkar liðveislu.

Mér er það ljóst og það er ofureðlilegt að konur treysta ekki körlum allt of vel sem liðsmönnum í sinni baráttu. Fyrir því eru sögulegar ástæður og það er vissulega skiljanlegt. En ég tel að bæði kynin og þeir sem af einlægni vilja vinna að leiðréttingu á hlut kvenna þurfi að ná saman í þessari baráttu, vinna saman að leiðréttingum. Við skulum vera þess minnug, herra forseti, að það er ekki síður frá konum en körlum sem stuðnings er að vænta við þau mannlegu gildi sem nú eiga í vök að verjast hér á Íslandi og víða um heimsbyggðina.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Hér er að sönnu á ferðinni till. til þál. sem hreyfir á stóru máli, á því máli hvernig vinna megi að því að allt misrétti gagnvart konum hér á landi verði einn góðan veðurdag, vonandi sem allra fyrst, úr sögunni.

Ég vil þó leyfa mér að láta í ljós örlitlar efasemdir um það hversu raunhæf sú till. er sem hér er fram borin, en vil taka fram í leiðinni að ég efast ekki um þann góða hug sem liggur að baki flutnings hennar af hálfu 1. flm. sem hér hefur mælt fyrir henni og að fleiri eru tilbúnir að vinna málefnum kvenna en konur einar þótt ég taki einnig undir það með hv. flm. að að sjálfsögðu er það verkefni kvenna sjálfra.

Það sem hér er verið að leggja til er að Alþingi hlutist til um að skipuð verði samráðsnefnd með fulltrúum frá öllum þingflokkum á Alþingi sem gera á úttekt á því hvað þurfi til að koma til þess að öll mismunun gagnvart konum megi teljast úr sögunni hér á landi og í leiðinni líka af hverju hún kann að stafa.

Ég vil benda hv. flm. á að í nýsamþykktum jafnréttislögum er það beinlínis bundið í lögum að jafnréttisráð hafi því hlutverki að gegna, eins og segir í 15. gr., 5. lið laganna sem prentuð eru sem fskj. með þessari till., að „fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m.a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna". Og í 7. lið: „Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar."

Þarna er jafnréttisráði falið það verkefni að gera úttekt á þeirri mismunun sem er á stöðu karla og kvenna hér á landi. Jafnréttisráð er sjö manna nefnd — ég minni á það ef einhver skyldi hafa gleymt því. Það sem hér er því í rauninni verið að leggja til er að sett verði á stofn önnur nefnd til að sinna því verkefni sem með réttu er hægt að ætlast til að jafnréttisráð sinni.

Hitt er svo aftur annað mál hvort jafnréttisráð er fjárhagslega í stakk búið til að sinna þessu verkefni. Sýnast mér fjárreiður jafnréttisráðs vera á þann veg að vera kunni að svo sé ekki. Mér fyndist því í þessu sambandi miklu viturlegra — og legg það til við hv. flm. — að flytja brtt. við fjárlög þess efnis að jafnréttisráði verði gert kleift að ráða starfsmann til að sinna því verkefni að fara í gegnum ákvæði þessa samnings og sjá hvernig þau ríma við þau lög sem fyrir hendi eru í landinu og þær aðstæður sem konur búa við að svo miklu leyti sem slíkt er hægt.

Hitt er svo aftur enn annað mál að sú úttekt, sem hér er verið að leggja til, er afskaplega víðtæk. Í a-lið tillögunnar leggur flm. til að athugað verði „hvað einkum skorti á að Íslendingar uppfylli þau ákvæði sem í samningnum felast", eins og þar segir, með leyfi forseta.

Eins og hv. flm. kom inn á í ræðu sinni er þetta mjög víðtækur samningur. Hann nær til nærfellt allra sviða þjóðfélagsins og ekki einungis það, heldur til alþjóðamála líka. Ég hef því miður ekki samninginn hér við höndina en ef ég man rétt er í inngangi að samningnum tekið fram að ein forsenda friðar í heiminum sé sú að jöfnuður ríki meðal karla og kvenna.

Ef á að gera viðunandi könnun á því hvað einkum skortir á að Íslendingar uppfylli þau ákvæði sem í samningnum felast, eins og segir í a-lið, þá er sú könnun svo umfangsmikil að hún hlýtur að vera heildarúttekt a.m.k. á íslensku samfélagi. Ég hef ekkert á móti því að slík úttekt sé gerð með þessi sjónarmið í huga eða að fé sé veitt til slíkra sjónarmiða, en ég held að rétt sé að hv. þm. sé þá ljóst að sú könnun, sem hér er gert ráð fyrir að gerð verði, sé frá félagsvísindalegu sjónarmiði óhjákvæmilega þetta umfangsmikil.

Hvað b- og c-lið till. varðar vil ég benda hv. flm. á að þeir liðir eru háðir mati hverju sinni, um þá er ekki hægt að fjalla óháð mati. Oft hafa heyrst skýringar hér á hv. Alþingi um það hvað torveldar konum að ná jöfnuði á við karla á vinnumarkaðinum og hvað það kunni að vera í starfi skóla og annarra uppeldisstofnana sem vinnur gegn jafnri stöðu kvenna og karla. Reyndar væri mjög gott að safna saman á einn stað öllum þeim hugsanlegu skýringartillögum sem fram hafa komið. En að ímynda sér að hægt sé að skýra það þannig að allir megi vel við una án þess að um mat sé að ræða, það tel ég vera fásinnu.

Ef ég má segja fáein orð um d- og e-lið þá er þar lagt til að gerðar verði tillögur um hvaða breytingar, bæði formlegar og aðrar, sé rétt að gera til að ná markmiðum samningsins. Nú er það ekki svo einfalt mál að hægt sé einfaldlega að útbúa lista yfir t.d. lög sem þyrfti að setja eða lög sem þyrfti að breyta til að ná markmiðum samningsins vegna þess að það er hverju sinni pólitískt mál. Það er háð pólitísku mati hverju sinni hvernig við viljum ná markmiðum þessa samnings. Svo að ég taki eitt dæmi eru t.d. skoðanir manna skiptar um það hvernig haga beri fæðingarorlofi hér á landi þótt ekki sé nokkur vafi á því að skipan fæðingarorlofsmála taka til barnsfæðingarhlutverks kvenna, eins og það heitir í samningnum. Það er háð kvennapólitískum skoðunum hverju sinni hvaða lagabreytingar er rétt að gera að mati þeirra sem í hlut eiga. Það er því ekki mál sem nefnd getur lagt óhlutdrægt mat á hvernig sé best háttað.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma þessum athugasemdum á framfæri varðandi þessa till. Eins og ég sagði í upphafi efast ég ekki um að að baki liggi góður hugur og hér er svo sannarlega stórt mál á ferðinni, en ég dreg í efa að þessi till. sé raunhæf.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi míns máls nú koma því til skila, sem mér láðist í lok fyrri ræðu minnar, að ég legg til að till. þessari verði að lokinni umræðu vísað til hv. félmn. Sþ.

Ég vil víkja nokkrum orðum að þeim sjónarmiðum sem fram komu í máli hv. 11. þm. Reykv. í sambandi við þessa till. Mér var það ljóst áður en hv. þm. kvaddi sér hér hljóðs að hún var ekki sérlega hvetjandi þess að þessi till. næði fram að ganga eða á málinu yrði tekið með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég er ekki sammála hv. 11. þm. Reykv. um þetta efni og þeim athugasemdum sem hún kom hér fram með í sínu máli. Ég átta mig satt að segja ekki alveg á því hvaða rök þm. finnur fyrir þeirri staðhæfingu að slík úttekt sé betur óunnin en unnin, þ.e. að það verði lagt í hlut jafnréttisráðs að meta það með hvaða hætti verði tekið á þessum samningi og ákvæðum hans sérstaklega en ekki hvatt til þess og tryggt fjármagn til þess af Alþingi að slík úttekt fari fram eins og gert er ráð fyrir hér í till.

Ég vil rökstyðja þetta ögn nánar en fram kom í máli mínu hér áðan með því að vitna til og rifja upp fyrir hv. þingmönnum, þó þess ætti kannske ekki að gerast þörf, hvernig jafnréttisráð er skipað. Skv. 13. gr. laga nr. 65 1985 skal ráðið skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara, einn er skipaður af Hæstarétti og er sá formaður, einn skipaður af félmrh. og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Eins og fram kemur hér eru vissulega til kvaddir fulltrúar í jafnréttisráð frá mörgum stórum heildarsamtökum. Ætla ég ekki að gera við það athugasemdir enda lögfest og stóð ég að samþykkt þessara laga. En það sem ég legg áherslu á með þessari till. og við hv. 10. þm. Reykv., sem er meðflm. minn, er að með samþykkt till. verði komið á beinum tengslum við þingflokka til að fylgjast með þeirri úttekt sem lagt er til að hér verði unnin í nánum tengslum við jafnréttisráð og félmrn. sem fer með þennan málaflokk af hálfu stjórnarráðsins. Ég tel að það skipti mjög miklu að inn í þingflokkana komi milliliðalaus tengsl því að ég teldi einsýnt að þingflokkarnir mundu kveðja til þingmenn til að taka sæti í þessari nefnd eða alla vega aðila mjög tengda þingflokkunum. Með þeim hætti bærust boð inn í þingflokkana um það hvað það er sem einkum á skortir og þetta knýr þingflokkana til að setja sig inn í efni þess víðtæka samnings sem við heimiluðum ríkisstj. s.l. vor að staðfesta.

Því miður er það svo með ýmsa alþjóðasamninga að þeir vilja rykfalla og ekki allt of mikið gerast á grundvelli þeirra nema ýtt sé öfluglega á eftir því að við ákvæði þeirra sé staðið. Á það ekki síst við um þau efni sem hér er um að ræða. Ég held að það gæti verið mikilvægt fyrir þingflokkana á Alþingi að fá í hendur og fá aðstöðu til að fylgjast með úttekt af því tagi sem hér er gert ráð fyrir að unnin verði. Þar með yrðu þeir m.a. knúnir til að fara yfir þau fjölmörgu gögn sem fyrir liggja, m.a. í því riti, sem ég vitnaði hér til áðan, „Konur, hvað nú?", sem er ritstýrt af Jónínu Margréti Guðnadóttur og hafin var dreifing á 24. okt. s.l. Ég held að það gæti ekki orðið annað en til bóta að þingflokkarnir ættu þess kost að fylgjast með slíkri úttekt.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir áttar sig á því að jafnréttisráð býr við þröngan fjárhag og hefur ekkert bolmagn, eins og fjárhag þess nú er háttað, til að leggja fram þá vinnu sem þarf til að ýta á eftir að við ákvæði þessa samnings verði staðið. Ég ræddi efni þessarar till. við framkvæmdastjóra jafnréttisráðs,

Elínu Flygenring. Hún tjáði mér að vonlítið ef ekki vonlaust væri, eins og fjárhag jafnréttisráðs hefur verið háttað til þessa, að ráðið geti beitt sér fyrir verkefni af því tagi sem lagt er til með þessari till. Án þess að ég ætli að fara að rekja það samtal sem okkur fór á milli, þá kom það fram í máli hennar að ekki gæti verið nema til bóta að fá slíka samþykkt frá Alþingi með fyrirheiti um framlag úr ríkissjóði til að greiða kostnað af þessari úttekt.

Hv. þm. telur að efni þáltill. sé mjög víðtækt og reyni á fjölmörg matsatriði. Það er alveg rétt. Hér er vísað á mjög viðamikið verkefni. Það er um þetta mál sem annað að niðurstaðan í úttekt sem þessari er í mörgum tilvikum háð pólitísku mati og verður það. Svo er um fjölmörg mál. Hitt liggur einnig fyrir að margt af því, sem varðar mismunun gagnvart konum hérlendis, er hægt að sýna fram á tölfræðilega og liggur sumpart fyrir í ýmsum greinargerðum og skýrslum sem m.a. er vísað til í fskj. og tekin eru inn sem fskj. með þessari till.

Ég get líka ímyndað mér að það sé ekkert auðvelt verk — og það veit hv. þm. — að fá menn til að viðurkenna þær staðreyndir sem liggja fyrir í þessum efnum og taka tillit til þeirra. Það er vissulega pólitískt viðfangsefni.

Þm. vék að stafliðum b og c í till. og taldi að þau atriði væru sérstaklega háð mati og að fásinna væri að vænta þess að slíkt mat væri hægt að leggja á þessi efni þannig að allir megi vel við una. Ég geri ráð fyrir því að nokkur tími geti liðið áður en allir átti sig á þeim þáttum sem þarna er um að ræða. En það getur ekki sakað að atrenna sé gerð að þessu máli með þeim hætti sem þáltill. kveður á um og felur félmrh. og jafnréttisráði að beita sér fyrir og gefur þingflokkunum kost á að fylgjast með í þeirri samráðsnefnd sem gert er ráð fyrir að skipuð verði skv. tillögunni.

Hér er á engan hátt verið að grípa fram fyrir hendurnar á jafnréttisráði heldur gert ráð fyrir því að þessi úttekt verði unnin í nánum tengslum við jafnréttisráð eins og skýrt er kveðið á um í tillögunni og í grg. með henni. En það sem væri fengur að er að fyrir lægi vilji Alþingis til að fylgja á eftir staðfestingu þessa samnings með þeirri úttekt sem hér er lagt til og tryggt að kostnaður við það verði greiddur úr ríkissjóði.

Ég er þess fullviss að milli okkar hv. 11. þm. Reykv. er ekki efnislegur ágreiningur um nauðsyn þessa verks sem hér er verið að leggja til. Ég vænti þess að hér sé fyrst og fremst um að ræða spurningu um farsælar leiðir að marki. Ég hvet hv. þm. til að endurskoða afstöðu sína til þessa máls í ljósi þess sem ég hef hér rakið og kæmi mér satt að segja á óvart ef hv. þm. Kvennalista ekki vilja greiða götu þessa máls hér í gegnum Sþ. til að ýta á eftir ákvæðum samnings sem ég veit að hv. þm. báru mjög fyrir brjósti að staðfestur yrði á s.l. vori.

Ég vona, herra forseti, að þrátt fyrir þær athugasemdir, sem hér hafa komið fram, fái þáltill. góðar undirtektir hér í hv. þingdeild og vinna af því tagi, sem hér er lagt til að unnin verði, geti hafist sem fyrst að samþykktri þessari þáltill.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt, enda liðið að lokum fundartíma. Ég vildi aðeins taka af öll tvímæli um það að það stendur ekki á okkur Kvennalistakonum að ýta á eftir því að ákvæði þess samnings, sem hér var samþykktur 13. júní s.l., komist til framkvæmda. Höfum við m.a. í þeim tilgangi þegar lagt fram fsp. til hæstv. forsrh. um það, hvernig ríkisstj. hyggist ná fram markmiðum þessa samnings, enda hljótum við að ganga út frá því að þegar þessi samningur er fram lagður af hæstv. ríkisstj. á síðasta þingi og hér samþykktur með öllum greiddum atkv. að hugur fylgi máli, að til standi að gera eitthvað til að framfylgja ákvæðum þessa samnings.

Það hefur ekki enn komið fram í máli hv. flm. hvernig hann hefur í raun hugsað sér þá könnun sem þessi tillaga kveður á um. Ég sagði ekki hérna áðan að ég teldi þessa könnun betur ónunna en unna. Ég sagði einfaldlega að það sem hér væri verið að leggja til væri svo gríðarlega stórt viðfangsefni að það þyddi nokkurn veginn heildarúttekt á íslensku samfélagi. Þetta er margra manna vinna í langan tíma.

Það hefur ekki enn komið fram í máli hv. flm. að hann geri sér grein fyrir að þetta er það sem hann er að gera tillögu um að verði greitt úr ríkissjóði. Ég skal ekki standa í vegi fyrir að slík könnun verði gerð. Svo sannarlega ekki. Það væri mér mikil ánægja. Ég sagði einfaldlega að ég teldi það ekki raunhæft málinu til framgangs og að raunhæfara væri að leggja fram tillögu um beina fjárveitingu til jafnréttisráðs, þannig að jafnréttisráð gæti ráðið sér starfsmann sem gæti gert skyndikönnun á því hvernig þessi samningur rímar við ástandið hér á landi.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna athugasemdar hv. þm. vil ég benda á að ég tel mjög brýnt að þessi úttekt verði gerð þó verkefnið sé viðamikið — og kannske alveg sérstaklega vegna þess að verkefnið er viðamikið — úttekt á íslenska þjóðfélaginu með tilliti til mismununar gagnvart konum hérlendis. Ég tel það vera mjög brýnt verkefni og sé ekki eftir fjármagni til þess að í það verði ráðist þó þar sé um að ræða margra manna verk. Það hlýtur að verða verkefni þeirra sem yrði falin þessi vinna, félmrn. og jafnréttisráðs, sem mundi skipuleggja þetta verk, að móta rammann um verkefnið á grundvelli þeirra atriða sem hér eru lögð fram.

Hv. þm. vék að því að hún tryði ekki öðru en hugur fylgdi máli hjá þeim sem stóðu að samþykkt þessa samnings og hlutirnir mundu þá gerast. Ég er ekki jafnsannfærður um það þó ég vefengi út af fyrir sig ekki almennt góðan hug þm. í sambandi við efni af þessu tagi. Ég held að það þurfi talsvert til að hreyfa heilafrumurnar, einnig hér innan veggja Alþingis, í sambandi við þau gífurlega stóru verkefni sem varða réttindamál kvenna. Og ég held að hv. alþm., karlar ekki síður en konur — ég geri ráð fyrir því að þörfin sé meiri þeirra megin — hefðu gott af því að fá í hendur, þó í áföngum væri, þá úttekt sem hér er lagt til að gerð verði.

Mér datt í hug gamalt orðtæki undir orðum hv. 11. þm. Reykv. um trúna á þennan góða hug. Einhvers staðar var sagt: Mikil er trú þín, kona. — Ég get í rauninni vísað til þessa gamla orðtækis sem ég einhvern tíma heyrði. Ekki skal standa á mér að leggja til aukningu á fjárráðum jafnréttisráðs í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Það veitir sannarlega ekki af að jafnréttisráð geti fjárráðanna vegna farst það í fang sem lög kveða á um að það skuli sinna og önnur verkefni sem ráðið á að geta sinnt að eigin frumkvæði.

Ég vona að við hv. 11. þm. Reykv. stöndum saman að því þegar til fjárlagaafgreiðslu kemur að reyna að leiðrétta þann hlut, en einnig þar hef ég mínar efasemdir um stuðning hér á hv. Alþingi þegar til kastanna kemur, til fjármálanna. Það er m.a. ástæðan fyrir flutningi þessarar till., þar sem lagt er til að kostnaður við þessa úttekt verði greiddur úr ríkissjóði, að ég stend hér og mæli fyrir þessu máli.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Eg þakka hæstv. forseta að lofa mér að koma hér og gera örstutta athugasemd. Ég vildi aðeins árétta það, sem hv. flm. virtist hafa gleymt frá því að ég kom hér fyrst í stólinn, að auk umfangs rannsóknarinnar sem ég gerði að umtalsefni þegar ég kom hér í stólinn í annað sinn, þá færði ég rök fyrir því í upphafi máls míns hér áðan að efnislega væri þessi rannsókn einnig óraunhæf eins og hún væri fram sett. Það er ekki aðeins umfangið sem ég hef hér sett út á, heldur líka til hvers hún á að taka og hvernig.

Ég trúi ekki staðfastlega á góðvilja þeirrar hæstv. ríkisstj. sem nú situr að völdum á Íslandi. Það er nú eitthvað annað, og annað kom ekki fram í máli mínu hér áðan. Ég lýsti því hins vegar yfir að ég mundi knýja á um það við hvert hugsanlegt tækifæri að þessi ríkisstj. stæði við þau fyrirheit sem hún hefur gefið með samþykkt þessa samnings.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Barnalög (27. mál) 378.
Fangelsismál (57. mál) 403.
Fé tannverndarsjóðs (29. mál) 395.
Frestun nauðungaruppboða (104. mál) 478.
Hlutabréf ríkisins í Flugleiðum (34. mál) 397.
Iðnaðarlög (88. mál) 356.
Jarðboranir hf. (108. mál) 436.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (72. mál) 411.
Kennsluréttindi kennara í framhaldsskólum (41. mál) 393.
Kjötinnflutningur til varnarliðsins (35. mál) 400.
Könnun á launum og lífskjörum (49. mál) 482.
Lán Byggðasjóðs til Flugfisks — Flateyri hf. (68. mál) 405.
Lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks (15. mál) 416.
Loðnubræðsla á Reyðarfirði (82. mál) 413.
Lögræðislög (21. mál) 370.
Málefni aldraðra (25. mál) 473.
Mismunun gagnvart konum hérlendis (64. mál) 485.
Réttarstaða heimavinnandi fólks (14. mál) 467.
Skattfrádráttur fyrir fiskvinnslufólk (28. mál) 379, 444.
Skipti á dánarbúum og félagsbúum (26. mál) 374.
Skráning skipa (84. mál) 434.
Skýrsla fjármálaráðherra um aukafjárveitingar (23. mál) 416.
Töf á brottför sovéska utanríkisráðherrans (107. mál) 467.
Um þingsköp 482.
Varnir gegn kynsjúkdómum (91. mál) 349.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 402, 409, 481, 482.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 398, 401, 402, 403, 406, 409.
Félmrh. Alexander Stefánsson 411, 412.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 416, 433.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 349, 355, 396.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 361, 402, 403, 409, 410, 423, 433, 436, 441.
Landbrh. Jón Helgason 404.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 394.
Samgrh. Matthías Bjarnason 434.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 413.
Árni Johnsen 367.
Björn Líndal 356, 368.
Björn Dagbjartsson 439.
Davíð Aðalsteinsson 354, 364, 440.
Eyjólfur Konráð Jónsson 443.
Friðrik Sophusson 465.
Garðar Sigurðsson 391, 463.
Guðmundur J. Guðmundsson 384, 460.
Guðrún Agnarsdóttir 379, 393, 395, 397, 458.
Guðrún Helgadóttir 371, 382, 405, 407, 409, 417, 429, 459.
Gunnar G. Schram 482.
Helgi Seljan 351, 358, 366, 403, 404, 413, 415, 476.
Hjörleifur Guttormsson 485, 491, 494.
Jóhanna Sigurðardóttir 374, 378, 467, 473.
Jón Baldvin Hannibalsson 444.
Karl Steinar Guðnason 360, 439, 443.
Kjartan Jóhannsson 397, 399, 400, 401, 419, 432.
Kolbrún Jónsdóttir 422, 477.
Kristín Halldórsdóttir 389, 431, 460.
Kristín S. Kvaran 390.
Ólafur Þ. Þórðarson 410.
Salome Þorkelsdóttir 411, 412.
Sighvatur Björgvinsson 379, 448, 478, 482.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 353, 472, 490, 493, 495.
Skúli Alexandersson 437.
Stefán Benediktsson 367, 410, 438, 443.
Stefán Guðmundsson 408.
Steingrímur J. Sigfússon 403.

Efri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 11. nóv. 1985.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Guðmundur Búason kaupfélagsstjóri í Vestmannaeyjum, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Helgason,
5. þm. Suðurl."

Þá hefur borist annað bréf:

„Reykjavík, 7. nóv. 1985.

Vegna mikilla anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi í fjarveru Jóns Helgasonar ráðherra.

Böðvar Bragason."

Guðmundur Búason hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hans því verið rannsakað. Hann er boðinn velkominn til starfa á ný.

Neðri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 11. nóv. 1985.

Þar sem Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kr. Guðfinnsson stjórnmálafræðingur, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Einar Kr. Guðfinnsson hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans hefur verið rannsakað og tekur hann nú sæti í dag sem varamaður Matthíasar Bjarnasonar 1. þm. Vestf. Býð ég Einar velkominn til þingstarfa.

Skattfrádráttur fyrir fiskvinnslufólk, frv. 28. mál (þskj. 28). — Frh. 1. umr.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Það er frv. til l. um skattfrádrátt fyrir fiskvinnslufólk sem ræða skal. Þegar þetta frv. var síðast á dagskrá lagði ég til málanna nokkur orð. En nú er svo komið að ég verð víst að fara út í þá sálma, sem ég raunar kann heldur illa við, að taka ræðu eða orðaflaum hv. þm. og 1. flm. Sighvats Björgvinssonar og rekja lið fyrir lið það sem hann hafði um það að segja sem ég sagði við fyrri umræðu um frv. Annað er ekki gerlegt þegar um svo augljósar rangtúlkanir er að ræða sem komu fram í máli hans síðast þegar þetta frv. var hér á dagskrá. Hins vegar á ég slíku og þvílíku ekki að venjast, þ.e. að það sem ég segi úr þessum ræðustól sé tekið og því umsnúið á þann hátt sem umræddur hv. þm. hefur orðið fyrstur til að gera.

E.t.v. má virða honum það til vorkunnar að hann hefur ekki verið mikið inni á þingi samhliða svo mörgum kvenkyns þm. og þess vegna óvanur þessu. Honum er auðvitað ekki kunnugt um þá staðreynd að það er alveg óþarfi að vera að geta sér til um merkingu þess sem við konur segjum úr ræðustól. Við erum ekkert að tala undir rós eða í tvíræðri merkingu, að ég hygg. Það virðist hins vegar vera orðið þessum hv. þm. svo tamt að reyna að ráða í merkingu þess sem sagt er héðan að hann getur ekki látið vera.

Mér sýnist svo sem hann hafi reynt að meira eða minna leyti að rangtúlka eða a.m.k. snúa út úr flestu því sem við þessar konur, hv. kvenkyns þm. sem tekið hafa til máls við þessa umræðu, höfum haft til málanna að leggja. Það er vissulega leitt til þess að vita ef svo forpokaðar aðferðir fara að taka megintíma þingsins. Mér finnst ekki veita af því almennt að taka til við að ræða þau mál, sem lögð hafa verið fram hér, á málefnalegan hátt í stað þess að eyða stórum hluta af tímanum í að rakka niður málflutning hvers annars eins og hér hefur átt sér stað.

Það er þá best að byrja á byrjuninni og taka til þar sem hv. flm. og þm. Sighvatur Björgvinsson segir, með leyfi forseta:

„Ég vildi gjarnan að þessar konur gerðu grein fyrir máli sínu, ekki bara hér á Alþingi, heldur á fiskvinnslustöðvunum."

Ég vil aðeins víkja að þessum þætti sérstaklega, en mun gera það um leið og ég rek þá hlið málsins almennt síðar.

En áfram heldur svo þm., með leyfi forseta:

„Og það vekur einnig athygli mína að þær sem komið hafa hingað upp til að ræða þetta mál með þessum hætti eru allar héðan úr Reykjavík eða flestar héðan af Reykjavíkursvæðinu a.m.k. og háskólaborgarar."

Hvað tengist þetta innskot umræðum um hvort fiskvinnslufólk skuli njóta skattfrádráttar umfram aðra eða ekki? Ég get ekki séð að þó að hv. þm. hefði rétt fyrir sér værum við betur í stakk búnar til þess að taka þátt í umræðunni né það skipti máli hvort við erum háskólaborgarar eða ekki eða hvort við erum af Reykjavíkursvæðinu eða ekki. Er það talið ámælisvert? Ég verð hins vegar að upplýsa hv. þm. um að þar fer hann villur vegar og ég skal með ánægju leiða hann á rétta braut fyrst þetta skiptir máli. Ég er alveg örugglega ekki háskólaborgari og er ekkert sérlega leið yfir því heldur. Þá finnst mér vera heldur farið að syrta í álinn fyrir þm. vegna þess að nú höfum við komið tvær upp til að tjá honum að þetta mikilsverða innlegg hans í umræðuna er rangt. Við höfum tjáð okkur fjórar þingkonur í þessu máli og fram hefur komið að a.m.k.

tvær hafa ekki umrædda menntun sem mér heyrðist einna helst á þm. að væri jafnvel ámælisvert að hafa aflað sér. Þá er lítið eftir af þeirri röksemdinni í málinu, hvað sem hún svo annars átti skylt við og erindi inn í umræðuna. Ef hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur tekið jafnvel eftir öllu sem sagt var og gert sér jafnvel grein fyrir öllu og hann hefur upplýsingar um menntunarmál okkar þingkvenna verð ég að segja að það stendur ekki mikið eftir og það gerir það heldur ekki.

Önnur sönnun um eftirtektarleysi þm. kom glögglega fram síðar í ræðu hans þegar hann sagði, með leyfi forseta:

„Þó kemur mér mest á óvart hvaða rökum er beitt við að andmæla þessu máli. Hv. þm. sem hér talaði, Kristín S. Kvaran, komst þannig að orði að hún skildi ekki þann rökstuðning að Alþingi þyrfti að reyna að lagfæra hlut fiskverkafólks vegna þess að aðrar stéttir í þjóðfélaginu hefðu getað velt af sér öllum þeim byrðum sem þjóðfélagsþegnunum er ætlað að bera og launamunur hafi aukist í samfélaginu. Hún skildi ekki slíka röksemd. Hún skildi ekki, sagði hún, þá röksemd að stórir hópar hafa getað haldið sínu og jafnvel sótt sér kjarabætur á þeim tímum þegar aðrir hafa orðið að taka á sig byrðar, hún skildi það ekki, hv. þingmaðurinn, að það væri röksemd fyrir því að reynt væri að hjálpa láglaunafólkinu sérstaklega af löggjafarvaldinu." (**Gripið fram í:** Hv. þm. er farinn.) — Virðulegi forseti. Ég held að ég verði að biðja um að hv. þm., sem er flm. þessa frv., haldi sig í salnum á meðan ég er að tala um hans eigin málflutning síðast við umræðurnar. (**Gripið fram í:** Eða verða sviptur kaupi ella.) Já, eða það. (**Forseti:** Ég skal verða við þessari ósk hv. ræðumanns.)

Þá gengur þm. í salinn. Ég ætla samt ekki að lesa fyrir hann aftur það sem ég er búin að segja vegna þess að það voru hans eigin orð og ég reikna með að hann muni þau.

Það er alveg ótrúlegt að nokkrum manni skuli vera gefin svo lítil eftirtekt að það skuli geta komið fyrir að þetta hendi hann eða e.t.v. liggur hér önnur ástæða að baki. En ég ætla ekki að fara að gera hv. þm. upp einhverjar ástæður eins og hann ætlar öðrum. Ég tek bara fram þá sem er greinileg og sýnileg, sem sagt: eftirtektarleysið er algert.

Vegna þessa er óhjákvæmilegt að leyfa hv. þm. að heyra hvað það var sem ég sagði í raunveruleikanum. Ég þyrfti e.t.v. að gefa honum afrit af því. Það var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Mér finnst alveg forkastanlegt að lesa þær röksemdir sem fylgja hér í grg. með frv. og vil fá að vitna í það, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur bilið milli tekjuhópa farið breikkandi á Íslandi. Talsvert stórir hópar fólks í landinu geta a.m.k. að verulegu leyti ráðið tekjum sínum sjálfir og er þar í mörgum tilvikum um að ræða sömu aðila og komist geta hjá því að greiða sinn skerf til sameiginlegra þarfa. Þrátt fyrir margumtalaða efnahagserfiðleika þjóðarinnar virðast þessir hópar landsmanna hafa fullar hendur fjár og rúm fjárráð þeirra koma m.a. fram í gífurlegum innflutningi og þenslu.""

Þetta las ég upp úr frv. við 1. umr. og undraðist mjög að þetta skyldi notað sem röksemd, að það skyldi notað sem röksemd með frv. um skattfrádrátt fyrir fiskvinnslufólk að einhverjar stéttir svíki undan skatti. Það er það sem er það óskiljanlega í þessu máli. Ekki að það sé óskiljanlegt að það þurfi að sjálfsögðu að lagfæra kjör bæði fiskvinnslufólks og annarra láglaunahópa í landinu. En að það eigi að vera rök fyrir að létta byrðar einnar stéttar að aðrir hópar hafi getað velt af sér byrðunum á ólöglegan hátt, sú röksemd fær ekki staðist.

Í því tilefni sagði ég, með leyfi forseta:

„Ég veit eiginlega ekki hvernig það á að geta átt sér stað að fara að draga þar eina stétt fram fyrir aðra og segja: Þessi stétt getur ekki svikið undan skatti og þess vegna verðum við að veita henni skattfrádrátt."

Enn fremur sagði ég, með leyfi forseta: „Hvað ætli það séu margar stéttir í landinu sem að sjálfsögðu hafa ekki nokkra möguleika til að fela einn einasta eyri fyrir utan það að þær hafa ekki löngun til þess né nokkra tilburði uppi um neitt slíkt. Mér finnst þetta nálgast að það sé verið að hvetja til skattsvika."

Út úr þessu fær hv. þm. þann skilning, ef ég má aðeins vitna í orð hans aftur, með leyfi forseta:

„Í annan stað sagði hún einnig að aðferð eins og þessi, að veita fólki frádrátt frá tekjuskatti, væri leið til þess að kenna fólki að svíkja undan skatti, væri leið til þess að ýta undir skattsvik í þjóðfélaginu."

Þetta eru öll trúverðugheitin í málflutningi þm. En hann var ekki þar með hættur útúrsnúningunum. Nei, aldeilis ekki. Með leyfi forseta les ég áfram upp úr ræðu hans. Þar var komið máli hans að hann sagði:

„Hinn 6. júní 1985, á s.l. vori, voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Breytingin var nákvæmlega um sömu grein og breytingin sem við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson leggjum til að breytt verði, um 30. gr. laganna, og var á þá leið, eins og segir í lögunum, sem samþykkt voru, að helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs megi draga frá. Ég hef reynt að kynna mér það í þingtíðindum hvort hv. þm. hafi lýst þeirri skoðun sinni við þetta tækifæri að þetta væri aðferð til þess að ýta undir skattsvik. Ég hef ekki orðið var við það. Ég sé ekki annað í þingtíðindum en þessi hv. þm. hafi greitt atkvæði sitt með þessari breytingu."

Ég sé nú að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur lagt sig í líma við að lesa þingtíðindi frá því í fyrravor, en þar kemur aftur fram þessi skortur á eftirtekt. Hann hefur ekki lesið frv., grg. né ræðuna með frv. í Alþingistíðindum sem hann er að tala um. Þar kemur nefnilega ekkert fram sem gefur tilefni til þess að ætla flm. þeirrar tillögu að nota sömu röksemdir sem grundvöll fyrir flutningi hennar og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson notar sem röksemd fyrir sinni tillögu eða það að af því að hópar í þjóðfélaginu komast upp með skattsvik verði að sjá til þess að aðrir fái frádrátt frá skatti. Í framsöguræðu með þessari umræddu tillögu, sem haldin var 29. okt. 1984, sagði flm., sem var Jóhanna Sigurðardóttir, með leyfi forseta:

„Í tekjuskattslögunum, 8. tölul. 30. gr., er ákvæði sem kveður á um að helmingur greiddra meðlaga, sem meðlagsskyldur aðili innir af hendi með barni til 17 ára aldurs, sé frádráttarbær frá tekjum til skatts. Þetta frv. felur í sér að meðlagsgreiðslur verði frádráttarbærar til 18 ára aldurs og ef um er að ræða framlengingu á framfærsluskyldu til 20 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar verði frádráttur einnig heimilaður til

jafnlangs tíma."

Ekkert í þessari tillgr. felur í sér ábendingu um að það sé verið að heimila skattfrádrátt vegna þess að aðrir hópar fái tækifæri til þess að svíkja undan skatti, ekki neitt, ekkert.

Enn fremur segir Jóhanna þegar hún er að mæla með þessu frv. við umræður:

„Markmið þessa frv. er að samræma ákvæði barnalaga um framfærsluskyldu því ákvæði skattalaga sem kveður á um frádrátt meðlagsgreiðanda á helmingi greiddra meðlaga með barni.

Barnalögin voru samþykkt á Alþingi 1. apríl 1981. Í þeim eru ákvæði um að lengja framfærsluskyldu meðlagsgreiðanda úr 17 í 18 ár, svo og það nýmæli að framfærsluskylda getur staðið til 20 ára ef þörf krefur vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns.

Lögum um tekju- og eignarskatt, sem heimila meðlagsgreiðendum frádrátt frá skatti sem nemur helmingi greiddra meðlaga með barni til 17 ára aldurs, var þó ekki breytt til samræmis við þessa breytingu á framfærsluskyldu.

Það verður að teljast rétt og eðlilegt, þar sem löggjafinn hefur þegar samþykkt að helmingur meðlagsgreiðslna sé frádráttarbær frá skatti til 17 ára aldurs, að það ákvæði taki einnig breytingum til samræmis við lengri framfærsluskyldu. Í þeim tilgangi er frv. þetta flutt."

Eins og ég sagði áðan get ég ekki séð neitt sem bendir til þess í grg. eða málflutningi til stuðnings frv. að þar hafi verið notuð sú röksemd að einhverjir hópar í þjóðfélaginu hafi getað svikið undan skatti og þess vegna bæri að ívilna öðrum hópi. Hér er einfaldlega talað um að samræma þurfi ákvæði. Ég get hins vegar upplýst þm. um að ég hafði verulega gott af því að lesa yfir þetta merka mál í Alþingistíðindum vegna þess að, eins og fram kom í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, tók ég ekki þátt í umræðum um þetta mál, mikið rétt. Ég var að vísu komin heim af fæðingardeildinni frá því að ala þar barn mitt, en ég var ekki mætt í þingsali til að fylgjast með og taka þátt í umræðum um þetta mál. Það er rétt. En það er auðvitað ekki nokkur von til þess að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi orðið var við það eða tekið eftir því, frekar en það hafi verið nokkur von til þess að hann tæki þátt í þeirri umræðu hér á þingi vegna þess að hann var ekki hér þá.

Það er nú svo, þegar svo er komið að farið er að grípa til málflutnings af því tagi sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson notar, að það hvarflar óhjákvæmilega fyrst og fremst að manni að rökin séu svo léleg að það þurfi að grípa til einhvers sem hægt sé að nota sem yfirbreiðslu yfir þessi lélegu rök, enda eru það léleg rök þegar löggjafinn er farinn að nota skattsvik, lögbrot, sem röksemd fyrir því að setja lög. Ekki sem röksemd fyrir því að setja lög er mæli fyrir um aðgerðir til að koma í veg fyrir að lögbrotið eigi sér stað, þ.e. að setja lög til að koma í veg fyrir skattsvik allra þeirra hópa í *þjóðfélaginu sem komast upp með að svíkja undan* skatti. Nei, sem röksemd fyrir því að í staðinn skuli annar hópur fá frádrátt frá skatti. Þetta er kjarni málsins. Og það má auðvitað aldrei rífa það sem sagt er svo rækilega úr samhengi að það sé gert að andhverfu sinni. Það er á engan hátt hægt að túlka orð mín svo við 1. umr. þessa frv. að ég sé því andsnúin á nokkurn hátt að fiskverkunarfólk, sem réttilega er flest konur, fái bætt launakjör og að snúa orðum okkar þingkvenna almennt upp í það að við séum að veitast gegn láglaunafólki. Orðum okkar var snúið upp í það að við vildum ekki kjör þess betri og það er auðvitað fáránlegt.

Gagnrýni minni er beint gegn röksemdinni sem notuð er í grg. fyrir því að fiskverkunarfólki skuli veittur skattfrádráttur. En það er alveg sama hvers konar orðaflaum hv. þm. Sighvatur Björgvinsson setur á við þessar umræður.

Þá vil ég ítreka rétt enn eina ferðina að ég get ekki fallist á þá röksemd, sem sett er fram í grg. með þessu frv., að það eigi að vera forsenda fyrir skattfrádrætti einnar stéttar að einhverjir hópar í þjóðfélaginu komist upp með að svíkja undan skatti. Það er alveg sama hvernig hv. flm. þessa frv. fer að því að snúa málflutningi mínum fram og til baka. Hann skal ekki geta komist að þeirri niðurstöðu að ég hafi verið að leggjast gegn lagfæringu á kjörum fiskverkunarfólks.

Og þá er komið að því sem ég gat um nánast í upphafi máls míns er ég sagðist mundu víkja nánar að því atriði í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar er hann sagðist gjarnan vilja að við þingkonur gerðum grein fyrir máli okkar ekki bara hér heldur á fiskvinnslustöðvum. Það vill svo til að ég hef einmitt borið þessa röksemd, sem beitt er í þessu frv., upp við fólk á fiskvinnslustöðvunum. Ég hef ekki getað heyrt að fólkið þar sé par ánægt með að heyra þessa röksemd. Eins og ein mæt kona tók til orða: Ég kæri mig nú ekkert um að fá einhvern skattfrádrátt á þeim forsendum að einhverjir aðrir borgi ekki til samfélagsins sem þeim ber. Nei, takk. Ég held þeim væri nær að reyna að einbeita sér að því að ná til þeirra sem sleppa við að borga það sem þeim ber til samneyslunnar en nota hana samt í botn.

Ég vil taka undir orð þessarar mætu konu og gera þau að mínum. Það þýðir ekkert að vera að reyna að slá ryki í augu fiskverkunarfólks með því að beita þeirri röksemd sem ég hef gert að umtalsefni hér og gagnrýnt. Það er einungis sýndarmennska og ekki nokkur hætta á því að það verði ekki séð í gegnum hana.

Að síðustu, til þess enn og aftur að undirstrika það sem ég hef sagt hér þó nokkrum sinnum, og verð nú að gera um það kröfu að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skilji í eitt skipti fyrir öll, undirstrika ég að ég er ekki að snúast gegn því að fiskverkunarfólk fái bætt launakjör. Ég snýst hins vegar gegn því að það geti verið á nokkurn hátt sanngjarnt að nota þá röksemd að það verði gert vegna þess að einhverjir hópar í þjóðfélaginu svíki undan skatti.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég hélt satt að segja að allir þm. vissu að þegar lagt er fram þingmál, hvort sem það er frv. eða þáltill., eru það efnisatriðin sem koma til atkvæðagreiðslu en ekki grg. Með því að greiða atkvæði með tilteknu þingmáli eru menn að samþykkja efnisatriði málsins en ekki grg. sem *málinu fylgir. Það er m.a.s. mjög alvanalegt* að flm. taki það fram að þó að þeir séu sammála tillgr. skrifi þeir endilega ekki undir allt sem í grg. standi.

Auðvitað er það heimskuleg afsökun að vera að nota einhvern útúrsnúning á grg. sem ástæðu fyrir því að vilja ekki samþykkja tiltekna efnislega tillögu. Það er slíkt rugl að það tekur því varla að fara að svara því að hengja hatt sinn á það að neita eða vilja ekki standa að

afgreiðslu skattfrádráttar fyrir fiskverkafólk á þeim grundvelli að í grg. standi einhverjar setningar sem viðkomandi hv. þm. sé ekki sammála. Ég hef aldrei heyrt svona röksemdafærslur fyrr. Ég vildi gjarnan að hv. þm. reyndi að afla sér einhverra frekari upplýsinga um hvernig menn greiða atkvæði í þinginu áður en hún ber svona lagað á borð. Auðvitað fer atkvæðagreiðsla í þinginu og afstaða manna til mála eftir efnisatriðum málsins, eftir þeim tillögugreinum sem fram eru lagðar, annaðhvort í frumvarpsformi eða í þingsályktunartillögu, en það er ekki verið að leggja hér til samþykktar eða synjunar einhverjar greinargerðir. Þó að hv. þm. sé allsendis ósammála þeim rökstuðningi sem hafður er í grg. fyrir þessu frv. er það engin átylla til að vera andvígur efnisatriði málsins.

Ég hef satt að segja aldrei heyrt annað eins rugl og hér var farið með áðan. Hér er búið að ræða þetta mál í tvo daga. Hvar í ósköpunum hefur það komið fram, það er ekki einu sinni hægt að lesa það út úr grg. með góðum vilja, að rökstuðningurinn fyrir þessu máli sé sá að aðrar stéttir í þjóðfélaginu svíki undan skatti og þess vegna eigi að heimila fiskverkafólki skattafrádrátt? Þetta er hreint rugl. Í grg. með frv. er bent á það sem staðreynd, ekki sem rökstuðning með þessu máli, heldur bara bent á það sem staðreynd, sem allir vita, að tekjuskattakerfið er orðið þannig að skatturinn er ekki lengur tæki til tekjujöfnunar, heldur tæki til mismununar. Það mismunar fólki. Það er bent á þetta sem staðreynd í grg. Hv. þm. sagði hér áðan sjálfur að það megi ekki taka einstakar setningar upp og slíta þær úr samhengi við allt annað en það er einmitt það sem hún hefur gert. Hún tekur þarna eina setningu út úr. Hún hefur sennilega ekki lesið lengra því að þrátt fyrir tveggja daga umræður eða meiri um þetta mál er hv. þm. ekki enn þá búinn að átta sig á því hver er forsendan fyrir því að málið er flutt. Það er alveg sjálfsagt að reyna að gera henni grein fyrir því í mjög stuttu máli. Hún á kannske auðveldara með að skilja það þannig fram sett.

Í fyrsta lagi er það alveg ljóst að launabilið í þjóðfélaginu hefur stöðugt verið að vaxa og með ýmsum aðgerðum og aðgerðaleysi hefur skapast hér þjóðfélag tveggja þjóða sem eiga næstum því ekkert sameiginlegt nema tungumálið.

Í öðru lagi hafa þeir sem sjóinn stunda orðið fyrir sérstökum viðbótarkjaraskerðingum umfram aðra, m.a. vegna kvótakerfis og annarrar stjórnunar í sjávarútvegi. Þetta hefur komið niður á fiskimönnum og af þeirri ástæðu var m.a. samþykkt í fyrra á Alþingi að hækka fiskimannafrádráttinn úr 10% í 12,5%. Ég varð ekki var við það í svarræðu hv. þm. hér áðan að hún hefði nokkuð við þann málflutning minn að athuga, að ekki hefði hún þá komið auga á þá röksemd gegn slíkri afgreiðslu fyrir sjómennina að þar væri verið að kenna fólki að svíkja undan skatti. Þetta er bara rugl.

Í þriðja lagi er vandinn orðinn sá hjá fiskvinnslustöðvunum að þar skortir fólk. Þar er ekki fólk til starfa. Alþingi verður auðvitað að horfast í augu við það vandamál, ekki vegna þess að þetta sé eitthvert sérstakt vandamál fyrirtækjanna sem þarna eiga hlut að máli eða fiskverkafólksins, heldur vegna þess að þetta er vandamál þjóðfélagsheildarinnar. Þegar fólk fæst ekki til þess að vinna í undirstöðuatvinnugreinunum, sem öll önnur atvinnustarfsemi byggist á, þá er það vandamál Alþingis en ekkert prívatmál þessara aðila.

Það hefur þótt vandamál á Alþingi þegar t.d. fóstrur hafa farið í verkfall eða þegar kjör fóstra hafa ekki þótt nægilega góð. Vissulega skal ég ekki gera lítið úr því. Það er ástæða til að ræða það líka og að Alþingi hafi einhverja skoðun á því. En hér ætlar allt af göflunum að ganga þegar á að fara að reyna að leiðrétta kjör þess fólks sem vinnur við fisk. Hér eiga sér stað umræður dag eftir dag eins og þetta væri meiri háttar pólitísk ákvörðun sem væri verið að taka. Og umræðan gengur út á það að reyna með einhverjum hætti að tefja framgang þessa máls, með alls konar útúrsnúningum og rugli.

Niðurstaðan er svo sú af þessum röksemdum að það er ósköp eðlilegt að Alþingi íhugi hvort það eigi ekki að leysa málið eða hvort það vilji ekki eiga þátt í lausn málsins á sama grundvelli og gert var á sjötta áratugnum þegar upp var tekin sú regla í skattalög að heimila sjómönnum 8% skattafrádrátt við nákvæmlega sömu aðstæður og hér eru, þær aðstæður að vegna kjaralegs áfalls var ekki lengur hægt að fá menn á fiskiskipin heldur varð að treysta á útlendinga eða láta skipin liggja í landi vegna mannaskorts. Þetta er ákaflega einföld röksemd og ákaflega einföld röksemdafærsla sem ég held að hver einasti maður geti skilið sem er læs. En þeir sem eru á móti því að svona afgreiðsla sé gerð geta auðvitað haft uppi alls konar forheimskandi upphrópanir eins og þær að það sé verið að færa rök að því í þessu máli að veita fiskimönnum og fiskverkunarfólki svona frádrátt til þess að kenna þeim að stela undan skatti. Auðvitað er þetta hreint rugl. Að nota svona lagað sem afsökun fyrir því að mæla gegn frv. af þessu tagi er alveg út í hött og raunverulega, herra forseti, til skammar þeim sem grípa til slíks málflutnings.

Ég skal hins vegar fúslega taka það á mig og biðjast afsökunar á því að hafa orðað þær ágætu konur, sem hafa tekið til máls um þetta mál, við háskólaborgara. Þær eru það ekki allar. Ég skal fúslega biðjast afsökunar á því. En hinu, herra forseti, gerði ég alveg fastlega ráð fyrir, þangað til núna rétt áðan, að þær hefðu allar skilið þær röksemdir sem fyrir frv. liggja og það er ég sannfærður um að þær hafa allar gert nema e.t.v. sá hv. þm. sem lauk máli sínu hér áðan.

Ég vil líka biðjast afsökunar á því að þegar ég hlustaði fyrst á ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, þar sem hún lýsti því yfir að Kvennalistakonur væru andvígar þessari leið, þá gerði ég ráð fyrir því að hún ætti við það að þær mundu greiða atkvæði gegn frv., þær væru andvígar málinu og mundu greiða atkvæði gegn því. Í seinni ræðu hv. þm. kom hins vegar fram að þær eru andvígar málinu en munu ekki greiða atkvæði gegn því. Ég mundi nú helst vilja óska eftir því að þær endurskoðuðu afstöðu sína og gerðust andvígar málinu en greiddu atkvæði með því. Það væri svona öllu mýkri afstaða og skynsamlegri eins og að málum er staðið.

Að lokum þetta, herra forseti. Þegar sambærilegt mál var afgreitt fyrst á Alþingi á sínum tíma þá mælti fyrir nál. í Ed. Eggert G. Þorsteinsson sem þá sat á Alþingi sem fulltrúi Alþfl. Um þá afgreiðslu sem þar fór fram og laut að því að veita sjómönnum nokkurn skattafslátt sem lið í lausn á þeim kjaravanda og atvinnuvanda sem við þeim blasti sagði hann svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég vil engu um það spá hvort hér er nægjanlega

langt gengið um þessi sjálfsögðu hlunnindi nú til lausnar þessum vanda, en fagnaðarefni ætti það að vera öllum réttsýnum mönnum að með samþykkt þessa frv. hefur Alþingi viðurkennt þessi nauðsynlegu framleiðslustörf og stigið enn eitt spor í þá átt að viðurkenna fólkið sem þessi störf leysir af hendi."

Þessi lokaorð hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar eiga við í dag um þetta mál eins og þau áttu við fyrir rúmum 20 árum um það mál sem þá var til umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv. 65. mál (þskj. 67, n. 121). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Hv. félmn. Nd. hefur fjallað um þetta mál og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Stefán Valgeirsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins, hafði reyndar veikindaforföll.

Málið er einfalt. Landshlutasamtökum hefur fjölgað og þess vegna er lagt til að ráði Sambands ísl. sveitarfélaga að hærri hluti en nú af jöfnunarsjóðsframlagi gangi til landshlutasamtakanna en áður var.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Endurmenntun vegna tæknivæðingar, frv. 55. mál (þskj. 55). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga, 55. máli þingsins um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu, sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og Kjartani Jóhannssyni.

Efni þessa frv. er að komið verði á samræmdri og skipulagðri endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og að skapa öllum skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar.

Frv. þetta var einnig til umfjöllunar á síðasta Alþingi. Örlög þess þá voru að því var vísað til ríkisstj. Meiri hl. hv. félmn. deildarinnar hafði mælt með slíkri afgreiðslu með þeim rökum að á vegum ríkisstj. hefði verið unnið að þeim málum sem frv. fjallaði um og gert var ráð fyrir að skýrsla um endurmenntunarmál yrði lögð fyrir á yfirstandandi þingi. Minni hl. nefndarinnar mælti með samþykkt frv. með nokkrum brtt.

Nú þegar málið er endurflutt eru tillögur minni hl. teknar upp í frv. en með þeim er tekið tillit til sumra þeirra sjónarmiða sem fram komu í umsögn ýmissa aðila á síðasta þingi um málið.

Ég tel, herra forseti, rétt þar sem við erum að fjalla um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu, og vegna þess nál. meiri hl. hv. félmn., sem lagt var fyrir á síðasta þingi, að beina orðum mínum til hæstv. menntmrh. og óska eftir því að hann verði viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Það skal athugað hvort menntmrh. er í húsinu.)

Hæstv. menntmrh. gengur í salinn. Við erum hér að fjalla um frv. til laga um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Ég var að lýsa því hér að á síðasta þingi var þessu frv. vísað til ríkisstj. með þeim rökum meiri hl. hv. félmn., sem fjallaði um málið, að í ríkisstj. væri unnið að þeim málum sem frv. fjallaði um og gert væri ráð fyrir því að skýrsla um endurmenntunarmál yrði lögð fyrir nú á þessu þingi. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh.:

Hvað líður framlagningu þessarar skýrslu um endurmenntunarmál? Hvenær má hv. Alþingi eiga von á því að slík skýrsla verði lögð fram?

Þar sem rök meiri hl. á síðasta þingi voru í fyrsta lagi að unnið væri að þessu máli á vegum ríkisstj. og í annan stað að skýrsla um endurmenntunarmál yrði lögð fram á þessu þingi, þá vil ég, með leyfi forseta, rifja upp nokkur orð úr ræðu minni á síðasta Alþingi við 2. umr. málsins, þegar fyrir lá nál. meiri hl. og rökstuðningur um að vísa málinu til ríkisstj. En þá kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Sá rökstuðningur, sem er að finna í nál. meiri hl. fyrir að vísa málinu til ríkisstj., finnst mér ansi léttvægur. Vitnað er til þess í nál. að á vegum ríkisstj. hafi verið og sé unnið að þessu máli. Vænti ég þá þess að meiri hl. eigi við þær stjórnskipuðu nefndir sem starfað hafa í þessum málum, önnur á vegum menntmrn. og hin á vegum félmrn.

Í annan stað er til þess vitnað í nál. meiri hl. að gert sé ráð fyrir að skýrsla um endurmenntunarmál verði lögð fram á næsta þingi.

Ég vil fyrst segja það varðandi þær tvær stjórnskipuðu nefndir sem starfað hafa á vegum þessara tveggja ráðuneyta að það er mitt mat að lítils sé að vænta varðandi endurmenntunarmálin í niðurstöðum þessara nefnda þegar þær liggja fyrir. Á fund félmn. mættu báðir formenn þessara nefnda, en Ingvar Ásmundsson, skólastjóri Iðnskólans er formaður þeirrar nefndar sem starfar á vegum félmrn. og sérstaklega skal athuga hvernig vinnumarkaðurinn getur aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu. Í þeirri áfangaskýrslu, sem fram kom í júní 1984, er lítið að finna varðandi endurmenntunarmálin utan þess sem almennum orðum er talað um nauðsyn endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Ég spurði formann þessarar nefndar, Ingvar Ásmundsson skólastjóra, sérstaklega eftir því þegar hann kom á fund félmn. hvort þess væri að vænta að fram kæmu tillögur frá þessari nefnd, sem starfað hefur á vegum félmrn., um endurmenntunarmál. Ingvar Ásmundsson tjáði félmn. að þessi nefnd mundi fljótlega skila af sér, en orðrétt sagði hann að hann ætti ekki von á því að dýpra yrði farið í endurmenntunarmálin en væri í áfangaskýrslunni. Það væri því hans skoðun að ekki væri ástæða til að bíða með afgreiðslu þessa frv. þar til niðurstaða og skýrsla nefndarinnar lægi fyrir.

Að því er varðar þá nefnd sem starfar á vegum menntmrn. til að kanna tengsl atvinnulífs og skóla, þá mætti á fund félmn. Halldór Guðjónsson, kennslustjóri Háskóla Íslands, sem er formaður þeirrar nefndar. Svipaða sögu var að segja af störfum þessarar nefndar. Halldór Guðjónsson bjóst ekki við því að neinar

tillögur yrðu í niðurstöðum eða skýrslum þeirrar nefndar að því er varðar endurmenntunarmál vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Það eina sem fram kom hjá Halldóri Guðjónssyni var að e.t.v. yrði að finna eina eða tvær setningar um endurmenntunarmál vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu og nefndi hann mikilvægi þess að horfa á endurmenntunarmál út frá sjónarhóli atvinnulífs og atvinnurekstrarins.

Það er nú allt og sumt sem ég tel að vænta sé frá þessum nefndum og ekki komi þær fram með neinar tillögur eða beinar úrlausnir á því hvernig taka eigi á þessum endurmenntunarmálum.

Það er gott og vel að hæstv. menntmrh. eða félmrh. gefi Alþingi skýrslur á næsta þingi um endurmenntunarmálin. En ég tel að við höfum ekki efni á því að bíða eftir neinum skýrslum, ekki síst í ljósi þess að lítilla tillagna er að vænta frá þeim stjórnskipuðu nefndum sem starfað hafa í lengri tíma að þessu máli. Mín skoðun er reyndar sú að sú skýrsla, sem hér er sett fram um endurmenntunarmál og fram á að koma á næsta þingi eins og fram kemur í áliti meiri hl., sé nokkurs konar hálmstrá sem meiri hlutinn hefur fundið upp í samráði við ráðherra til að komast skammlaust frá afgreiðslu þessa máls og þurfa ekki að fella frv. hér í atkvgr."

Nú liggur fyrir niðurstaða og skýrsla þess starfshóps, sem hér hefur m.a. verið vitnað til og starfað hefur á vegum félmrn., sem sérstaklega átti að athuga hvernig vinnumarkaðurinn getur aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu. Ég held, herra forseti, að óhætt sé að segja að sú skýrsla staðfesti það, sem ég sagði um þessi mál á síðasta þingi þegar vísa átti málinu til ríkisstj., að ekkert nýtt kemur fram í þessari skýrslu umfram það sem fyrir lá á þeim tíma þegar meiri hl. félmn. ákvað að leggja til að málinu yrði vísað til ríkisstj., m.a. af því að stjórnskipaðar nefndir væru að störfum um þessi mál.

Ég verð að segja það sem mína skoðun, herra forseti, eftir að hafa farið yfir þessa skýrslu starfshópsins, sem starfað hefur um tveggja ára skeið og m.a. hafði það verkefni að gera tillögur um hvernig vinnumarkaðurinn gæti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi væri stefnt í hættu, að mér finnst lítið markvert koma út úr starfi þessarar nefndar. Þar er í raun og veru engar tillögur að finna um stefnumörkun í þessu mikilvæga og brýna máli og í það heila tekið er í skýrslunni fyrst og fremst í almennum orðum tekið undir nauðsyn þess að Íslendingar nýti sér tækniþróun til aukinnar framleiðni og hagvaxtar og til þess þurfi að efla menntun og rannsóknir og treysta fjárhagsstöðu atvinnuveganna.

Í skýrslunni er síðan í tíu liðum bent á atriði, sem hafa ber í huga vegna tækniþróunar, sem ég vil, með leyfi forseta, lesa hér:

„1. Árangur af nýrri tækni er mjög kominn undir skilningi og jákvæðri afstöðu þeirra sem hún kann að hafa áhrif á. Óvissa og þekkingarskortur leiðir af sér tortryggni og hræðslu en hvoru tveggja vinnur gegn góðum árangri. Því er upplýsingamiðlun forsenda árangurs. Reynsla sýnir að því fyrr sem hafist er handa um fræðslu starfsmanna um væntanlegar tæknibreytingar, eðli þeirra og áhrif, þeim mun betri árangurs er að vænta. Því er mikilvægt að stjórnendur kynni starfsmönnum svo fljótt sem verða má fyrirhugaðar breytingar.

2. Til þess að skapa jákvæð viðhorf til nýrrar tækni þurfa allir þegnar þjóðfélagsins að njóta góðs af.

3. Í hverju fyrirtæki þarf að skapa traust milli aðila og jákvæðan starfsanda. Æskilegt er að fyrirtæki setji sér langtímamarkmið sem kynnt eru öllum starfsmönnum. Kjör starfsmanna, aðbúnaður og atvinnuöryggi ráðast af árangri fyrirtækisins. Virkja þarf starfsfólk sem best og leita eftir hugmyndum þess um úrbætur í rekstrinum. Til þessa má m.a. hvetja með því að verðlauna góðar hugmyndir.

4. Samfara tæknivæðingu þarf að fylgjast grannt með atvinnustigi og hvetja í tíma til atvinnuuppbyggingar. Ávinning framleiðniaukningar ber að nýta í þessum tilgangi.

5. Til að sporna við tímabundnum vandamálum þarf að stuðla að sem mestum sveigjanleika í atvinnulífinu og sjá til þess að ýmiss konar hömlur leiði ekki til stöðnunar.

6. Aðlögun vinnumarkaðarins að nýrri tækni kemur misjafnlega niður á starfsgreinum og störfum. Þess vegna þarf að tryggja starfsmönnum eftirmenntun og þjálfun sem geri þeim kleift að laga sig að tæknibreytingum. Slíkum stuðningi þarf að fylgja skilningur á aðlögunarvanda eldri starfsmanna.

7. Sérstök ástæða er til að hyggja að stöðu kvenna. Þær gegna í ríkari mæli en karlar einhæfum störfum sem líklegra er að leggist af eða breytist. Til að bæta stöðu kvenna þarf að stuðla að því að atvinnuþátttaka þeirra verði fjölþættari og hvetja konur til að haga menntun sinni í samræmi við það.

8. Mikilvægt er að möguleikar nýrrar tækni verði nýttir til þess að gera vinnutíma sveigjanlegri, þannig að foreldrar eigi þess kost að skipta með sér tekjuöflun og umönnun barna, eftir því sem best hentar hverju sinni.

9. Rétt er að vekja athygli á því forskoti á vinnumarkaði sem karlmenn fá við brotthvarf kvenna af markaðinum vegna meðgöngu og barnauppeldis á árum sem karlmenn fá tíðum mikilvæga þjálfun á vinnustað. Þessu vandamáli má m.a. mæta með því að tryggja örugga uppeldisaðstöðu barna og jafna þátttöku foreldra í því starfi.

10. Loks er ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að ungu fólki með litla menntun kunni að reynast erfitt að komast á vinnumarkaðinn. Því þarf að fylgjast með fjölda og stöðu þessa hóps."

Ég tel, herra forseti, að hér sé í raun ekkert nýtt lagt fram umfram það sem þegar var vitað í þessu máli. Það sem vantar er fyrst og fremst stefnumörkun og tillögur um aðgerðir. Vil ég í framhaldi af því beina fyrirspurn til hæstv. félmrh., hvaða tillögur hann hefur uppi í þessu máli og hvernig hann muni haga vinnu í sambandi við þetta mál í framhaldi af niðurstöðu af skýrslu þessa starfshóps.

Á ýmsum stöðum í skýrslunni er ítrekuð nauðsyn menntunar og endurmenntunar vegna tæknivæðingar og um það segir m.a.:

„Sérstök ástæða er til þess að huga að fjárfestingu í ýmsum undirstöðuþáttum atvinnulífsins. Má þar m.a. nefna menntun, samskiptakerfi og rannsóknir."

Enn fremur segir: „Bæði opinberir aðilar og einkaaðilar verja nú verulegum fjármunum í menntun og þjálfun. Báðir þurfa að gera miklu betur. Til þess að laga sig að tæknimenningunni þarf menntakerfið að taka nýja stefnu."

Og síðan segir: „Í raun þarf að endurskipuleggja allt menntakerfi þjóðarinnar með hliðsjón af þeim öru tæknibreytingum sem nú ganga yfir heiminn. Menntaleiðirnar verði markvissari og miðaðar í ríkari mæli við framtíðarþarfir atvinnuveganna."

Og í kafla um menntun, þjálfun og rannsóknir segir m.a., með leyfi forseta:

„Öflugt og árangursríkt menntakerfi er forsenda þess að tækninýjungar verði hagnýttar eins og kostur er. Efla þarf hvers konar eftirmenntun, með það meginmarkmið að auka starfshæfni hvers nemanda. Tryggja þarf öllum starfsmönnum, sem kunna að missa atvinnu sína vegna tæknibreytinga, starfsmenntun við hæfi þeirra."

Í stuttu máli sagt um þessa skýrslu er tekið undir nauðsyn tækniþróunar og endurmenntunar án þess að starfshópurinn leggi fram neinar ákveðnar tillögur um hvernig eða með hvaða hætti það skuli gert og það tel ég vera mikinn galla á störfum þessarar nefndar. Verð ég að segja að það er lítil uppskera af tveggja ára starfi sjö manna nefndar að komast að þeirri niðurstöðu, sem flestir vita, að nauðsynlegt er fyrir atvinnuvegina að aðlagast nýrri tækni og að menntun og starfsþjálfun starfsmanna sé brýn og nauðsynleg til að það geti orðið og nauðsynlegt sé að tryggja atvinnuöryggi launafólks vegna tæknivæðingar.

Ég fagna því að þessi skýrsla starfshópsins undirstrikar þó á margan hátt nauðsyn þess að komið verði á samræmdri og skipulagðri endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og nauðsynlegt sé að skapa öllum skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar. En það er einmitt tilgangur þessa frv. sem ég mæli fyrir og meiri hl. félmn. lagði til á síðasta þingi að yrði vísað til ríkisstj.

Kjarni málsins er sá að það er ekki lengur hægt að bíða með að taka á þessu máli og skipa bara starfshópa til að athuga og kanna málið. Það sem vantar í þessu máli, sem svo mörgum öðrum, er framkvæmdin, að stjórnvöld hafi dug í sér til að taka á þessu máli og Alþingi marki þá stefnu sem nauðsynleg er. Um er að ræða mál sem ekki einasta getur skipt sköpum um atvinnuöryggi fjölda launþega í landinu, heldur og haft áhrif á atvinnuuppbygginguna, aukna framleiðni og hagvöxt og í reynd skipt sköpum um hve hratt við tökum tækninýjungar í þjónustu okkar.

Þegar alþm. gera upp hug sinn um það mál sem ég hér mæli fyrir er brýnt að þeir geri sér ljóst að undirstaða tæknivæðingar í atvinnulífinu er að við höfum á að skipa starfsfólki sem vald hefur á tækninýjungunum og sem hefur verið gert kleift með eftir- og endurmenntun að takast á við breytta atvinnuhætti samfara tækninýjungum.

Flm. þessa frv. leggja til ákveðna leið og skipulagningu á því brýna máli sem er endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Í því sambandi skal undirstrikað að við flm. þessa frv. erum opin fyrir öllum breytingum á frv. sem samræmast því markmiði sem að er stefnt, þ.e. að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun hér á landi vegna tækniþróunar í atvinnulífinu. Við leggjum á það megináherslu að Alþingi ýti þessu máli ekki til hliðar, heldur verði á því tekið þannig að Alþingi móti stefnuna nú þegar í þessu máli því það er deginum ljósara að það getur orðið dýrkeypt fyrir þjóðina ef löggjafarþingið hefur ekki skilning á því hve brýnt er orðið að marka skýra og markvissa stefnu sem tryggi atvinnuöryggi starfsfólks, en menntun þess og aðlögun að nýrri tækni er forsenda þess að við tökum tækninýjungar með eðlilegum hætti í þjónustu okkar.

Ef menn sjá einhverjum ofsjónum yfir því fjármagni sem nauðsynlegt er að verja í endurmenntun starfsfólks þá mun framtíðin örugglega staðfesta það að í þessu efni getur orðið dýrt að spara.

Á síðasta Alþingi ræddi ég mjög ítarlega um þetta frv. bæði í framsögu fyrir málinu og við 2. umr. þess, þar sem ég sýndi fram á og rökstuddi nauðsyn þess að samþykkja löggjöf í þessu efni. Ég tel því ekki, herra forseti, nauðsyn á að ég hafi nú langa framsögu um þetta frv., en vísa til umræðna um þetta mál á síðasta þingi og ítarlegrar grg. sem frv. fylgir. Ég vil þó hér í lokin, herra forseti, gera grein fyrir einstökum greinum frv.

Ég hef þegar gert grein fyrir 1. gr., um markmið frv. Með endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu er átt við þann þekkingarauka sem nauðsynlegt er að starfsmenn í fyrirtækjum fái til þess að fyrirtækið geti nýtt sér þá möguleika sem fólgnir eru í nýrri tækni. Þekkingarauka þennan er hægt að byggja upp á marga vegu, svo sem með því að senda starfsmenn á námskeið innanlands eða erlendis, fá ráðgjafa eða starfsþjálfa til að kenna starfsmönnum á vinnustað eða með því að gefa starfsmönnum kost á skipulögðu starfsnámi.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um sjö manna endurmenntunarráð en verkefni þess er síðan skilgreint í 3. gr.

Með skipan ráðsins er leitast við að tryggja aðild stærstu heildarsamtaka á vinnumarkaðnum auk þess sem tryggð er aðild menntakerfisins að ákvörðunum um alla framkvæmd endurmenntunar sem tengist tæknivæðingu í atvinnulífinu.

Þar sem endurmenntunarmálum hefur verið skipað með lögum á Norðurlöndum er algengt að þau mál heyri undir atvinnumálaráðuneyti. Sjálfstætt atvinnumálaráðuneyti er ekki fyrir hendi hér og því er lagt til að yfirstjórn þessara mála sé í höndum félmrh. sem fer með vinnumarkaðsmál, sbr. reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, en fram kemur í 4. gr. hennar að félmrn. fari með mál sem varða vinnu, þar á meðal stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, svo og skráningu atvinnulausra, vinnumiðlun, atvinnujöfnun og hagræðingu á vinnumarkaði.

Í 3. gr. er fjallað um hlutverk endurmenntunarráðs. Í þessari grein kemur fram skilgreining á hlutverki endurmenntunarráðs en a-, b- og c-liðir byggjast á því meginmarkmiði sem fram kemur í 1. gr. frv., þ.e. að komið verði á samræmingu og skipulagi á endurmenntun sem tengist tæknivæðingu í atvinnulífinu og að forgangsverkefni á því sviði taki markvisst mið af því að tryggja atvinnuöryggi starfsmanna sem í hættu er vegna tæknivæðingar í einstökum greinum atvinnulífsins.

Nauðsynlegt er einnig að það verkefni falli í hlut endurmenntunarráðs að gera árlega kostnaðaráætlun enda ráðið sá aðili sem gleggsta yfirsýn hefur um þörfina hverju sinni.

Ljóst er að eitt vandmeðfarnasta verkefni ráðsins er úthlutun styrkja úr endurmenntunarsjóði enda ræðst af henni röðun forgangsverkefna á sviði endurmenntunar

vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Nauðsynlegt er því að tryggja úrskurðarvald ráðherra í þessum lögum komi til ágreinings í endurmenntunarráði.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. er hlutverk endurmenntunarsjóðs þríþætt.

Í fyrsta lagi að veita styrki til starfsmanna sem sækja endurmenntunarnámskeið eða starfsþjálfunarnámskeið sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði. Eðlilegt þykir, og auðvelt í allri framkvæmd, að miða upphæð styrkveitingar við atvinnuleysisbætur eins og þær eru á hverjum tíma. Benda má einnig á að t.a.m. í Danmörku eru atvinnuleysisbætur notaðar til viðmiðunar þegar greiddir eru styrkir vegna endurmenntunar starfsmanna.

Ljóst er þó að sú upphæð er ekki nægjanlegur hvati til að starfsfólk sæki sér endurmenntun því að í allflestum tilfellum verður um nokkurn eða töluverðan tekjumissi að ræða. Hagur launþega og atvinnurekenda er augljós ef átak verður gert á sviði endurmenntunar starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu; því er eðlilegt að kanna grundvöll þess að atvinnurekendur greiði starfsmönnum mismun á launum þeirra og atvinnuleysisbótum á meðan á starfsþjálfun stendur, svo og að aðilar vinnumarkaðarins greiði hluta af námskeiðsgjöldum. Styrkir úr endurmenntunarsjóði eru forsenda þess að endurmenntunarráð geti stuðlað að því að framboð og eftirspurn eftir endurmenntun séu nægjanleg og því mikilvægt að víðtæk samstaða náist um alla framkvæmd málsins og að samningar takist við aðila vinnumarkaðarins um hlutdeild í kostnaði við endurmenntun starfsfólks.

Í þessari grein er kveðið á um að nánari ákvæði um skilyrði fyrir styrkveitingum og hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun skuli sett í reglugerð, að uppfylltu ákvæði til bráðabirgða, en eðlilegt verður að telja að endurmenntunarráð hafi möguleika til að setja það skilyrði fyrir stykjum og framlögum til endurmenntunar að mótframlag komi frá atvinnurekanda eða sjóðum atvinnurekenda og launþega.

Í öðru lagi er lagt til að endurmenntunarsjóði verði heimilt að greiða að fullu námskeiðsgjöld fyrir þá sem ekki hafa verið á vinnumarkaðinum um lengri eða skemmri tíma. Ekki síst er þetta ákvæði sett fram til að stuðla að endurmenntun þeirra sem koma á vinnumarkaðinn að nýju eftir stutta eða langa fjarveru.

Í þriðja lagi eru síðan ákvæði um að styrki megi veita til námsgagnagerðar, námskeiðshalds og starfsþjálfunar á sviðum sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði.

Nauðsynlegt er einnig að frekari ákvæði verði sett í reglugerð að því er varðar viðmiðunarákvæði um forgangsröðun verkefna.

Má þar nefna:

í fyrsta lagi gildi verkefnisins fyrir starfsmenn,

í öðru lagi gildi verkefnisins fyrir atvinnulífið og einstök fyrirtæki,

í þriðja lagi hvort verkefnið hefur gildi fyrir fleiri en eina atvinnugrein.

Í 5. gr. er kveðið á um framlag ríkissjóðs til endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu og gert ráð fyrir að á fjárlögum ár hvert verði sjóðnum lagt til fé sem samsvarar a.m.k. 50% af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Miðað við frv. til fjárlaga sem nú hefur verið lagt fram yrði um að ræða 80 millj. kr., en það er jafnhá upphæð og nemur framlagi atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í ákvæði til bráðabirgða er síðan kveðið á um að félmrh. hefji þegar í stað viðræður við aðila vinnumarkaðarins þar sem leitað verði eftir samvinnu um þátttöku í kostnaði við endurmenntun starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Með lögum þessum er hlutur aðila vinnumarkaðarins tryggður varðandi allar ákvarðanir um skipulag endurmenntunar. Ljóst er að hlutdeild þessara aðila í kostnaði þeim sem af endurmenntun leiðir mun tvímælalaust flýta fyrir endurmenntun starfsfólks í flestum atvinnugreinum og því að markmiðum laganna verði náð. Vart þarf að tíunda að það er jafnt til hagsbóta fyrir atvinnurekendur sem og launþega. Skilyrði fyrir styrkveitingum, sem sett verða í reglugerð skv. 4. gr. frv., hljóta síðan að taka mið af þeim niðurstöðum sem fást úr viðræðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu um þetta mál og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef ekki svör við þeim fsp., sem hv. þm. beindi til mín, hvenær væntanleg væri skýrsla um endurmenntunarmálin, en með vísan til þess að að því væri starfað og að slík skýrsla yrði gefin var þessu máli vísað til ríkisstj. á liðnu þingi. Ég mun beita mér fyrir því og sjá svo um að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar fái svör bréflega, skriflega við þessari fsp. framsögumanns málsins.

Ég hef á þessu stigi máls ekkert fleira um þetta að segja. Þetta er ekki nýr kunningi í sölum hins háa Alþingis. Víst eru endurmenntunarmálin eitt það mikilvægasta sem við þurfum að taka til höndum í og lengi var það svo að á vegum fyrrverandi menntmrh. voru fluttir fram lagabálkar um fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Ég hygg að það hafi verið í upphafi stjórnar 1971, nýrrar ríkisstjórnar, að skipað var fjölmennt ráð sem skyldi hafa með höndum tillögugerð og samningu frv. um fullorðinsfræðslu og endurmenntun, eins og það var orðað. Ýmsir þeir sem hér skal kveðja til voru tilnefningaraðilar að þeirri nefnd. Þessi nefnd setti saman frv. og ég hygg að það hafi verið flutt árið 1974, en náði ekki fram að ganga, og það muni hafa verið flutt á einum þremur öðrum þingum fram eftir öllum áttunda áratugnum, en náði aldrei fram að ganga.

Ég veiti því auðvitað athygli að hér er gert ráð fyrir að þetta heyri til friðar félmrh. og ég hef fyrir fram enga fordóma eða neikvæða afstöðu til þess. Ég finn til þess að það má mjög gjarnan gefa ýmsum fagráðuneytum meiri áhrif á ýmis kennslu- og menntunarmál en nú er gert. Ég hef áhuga á því til að mynda hvað varðar fiskvinnsluskóla að þar komi til skjalanna frekar áhrif og aðild fagráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytisins, í framtíðinni. Sömuleiðis hef ég áhuga á því vegna iðnfræðslunnar. Því er það að við tillögugerð þar sem þessum málum er komið fyrir undir hatti félmrn. hef ég ekkert að athuga fyrir fram.

Ég sé að hér er lagt til að stofna endurmenntunarsjóð sem skuli sjá fyrir þessum málum. Ég hef fyrir fram ekki trú á að það sé rétta aðferðin, en það er kannske von til að hv. þm. reyni að finna þessu eitthvað fast undir fætur eins og hefur gengið treglega að ná þessum

miklu nauðsynjamálum fram til framkvæmda.

En ég endurtek að ég held að okkur sé hin mesta nauðsyn á endurmenntuninni og þá einnig og ekki síður fyrir kennarastétt okkar. Á hinni hraðfleygu stund sem við lifum og breytingatímum er þetta mjög mikilvægt mál og ég vona að í ljósi þeirrar skýrslu, sem ég mun beita mér fyrir að verði gefin svo fljótt sem kostur er um endurmenntunarmálin, getum við gert nýja aðsjón í málinu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirrar fsp. sem hér kom fram.

Ég vil rifja upp að það varð fljótlega 1983, þegar ríkisstjórnin var mynduð, að fram kom áhugi aðila vinnumarkaðarins á að eitthvað yrði gert til að kanna áhrif nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi og það yrði reynt að gera sér grein fyrir því hvernig þau áhrif yrðu og gera á því úttekt þannig að það mætti mæta slíkum áhrifum með aðgerðum á réttan hátt. Það var þess vegna ákaflega mikilvægt að koma til móts við þennan áhuga aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna varð að ráði að ríkisstj. samþykkti að stofnað yrði til starfshóps sem hefði það markmið að framkvæma könnun á áhrifum nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi í næstu framtíð.

Þessi nefnd var skipuð og í henni áttu sæti aðilar frá vinnumarkaðnum. Þeir eru Haukur Helgason skólastjóri og Hilmar Jónasson, formaður verkalýðsfélagsins Rangæings, eftir tilnefningu launþegasamtakanna, Magnús Gústafsson forstjóri og Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, eftir tilnefningu samtaka atvinnurekenda, og Ingvar Ásmundsson skólastjóri sem var skipaður formaður starfshópsins af félmrh.

Ég vil undirstrika að hér var um merkilegt starf að ræða í fyrsta lagi vegna þátttöku aðila vinnumarkaðarins og enn fremur að allir aðilar urðu sammála um þær niðurstöður og þá vinnu sem liggur fyrir. Ég vænti þess að allir hv. alþm. hafi fengið þessa skýrslu sem kom út í októbermánuði s.l. og var dreift til allra þm.

Það er enginn vafi á að hvað sem menn vilja segja um það sem kemur fram í skýrslunni sjálfri er hún leiðbeinandi fyrir bæði stjórnvöld og aðra sem fást við þessi mál. Það hefur verið lögð gífurleg vinna í þessa skýrslu og nefndarstarfið, eins og sjá má í skýrslunni þar sem heimildaskrá er á hvorki meira né minna en þremur eða fjórum blaðsíðum þar sem tekin er upp bæði innlend og erlend atriðaskrá um það sem nefndin hefur farið yfir og haft til leiðsagnar. Sömuleiðis hafa nefndarmenn farið um erlendis og kynnt sér þessi mál, á Norðurlöndunum ekki síst, og víðar farið til að átta sig vel á þessu máli í heild.

Ég vil segja það við hv. flm., 2. landsk. þm., að auðvitað hafa þm. áttað sig á því, sem kemur fram og kom fram strax á síðasta þingi, að mikið af því sem er rökstuðningur fyrir þessu frv. er til orðið vegna nefndarstarfsins og er það vel.

Ég tel víst að niðurstöðurnar, sem koma fram í þessari skýrslu, verði ræddar. Þær hafa þegar verið ræddar á byrjunarstigi í ríkisstj. og munu verða ræddar áfram þar og eins með aðilum vinnumarkaðarins. Hvaða tillögur verða gerðar skal ég ekki segja á þessari stundu, en alla vega verður þetta haft til viðmiðunar. Ég vil benda hv. þm. á að það var sérstaklega kannað meðal tveggja starfsstétta hver yrðu áhrif nýrrar tækni á þeirra sviði, þ.e. fiskvinnslu og bankastarfsemi, og kom þar margt fróðlegt fram sem ástæða er til að glöggva sig á.

Lokaorð þessa starfshóps eru þau að hann væntir þess að þær ábendingar og tillögur sem settar eru fram í þessari skýrslu nýtist við stefnumörkun stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í þessum málum. Það er einmitt aðalatriðið.

Ég vænti þess þegar vinnu þessa starfshóps er nú lokið verði hægt að taka ákvörðun um með hvaða hætti er hægt að flýta aðgerðum í þessu máli. Það liggur fyrir eftir að þessi skýrsla hefur verið lögð fram á hvað okkur ber að leggja aðaláhersluna í þessu máli. Ég ætla ekki að tefja umræður, herra forseti, með því að lesa það upp, en það liggur alveg ljóst fyrir og það vil ég undirstrika.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Orka fallvatna, frv. 59. mál (þskj. 61). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga, sem er á þskj. 61, um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923. Flm. ásamt mér að þessu frv. eru hv. þm. Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir og Kjartan Jóhannsson.

Frv. þetta hefur tvívegis verið flutt hér í hv. þingdeild. Fyrst mælti ég fyrir því 28. mars 1984 í allítarlegu máli og síðan 24. október sama ár að það var endurflutt. Þá komst málið einnig til nefndar, en hlaut ekki afgreiðslu frá nefnd. Hér mæli ég fyrir þessu máli hið þriðja sinn.

Ég ætla því að hafa fá orð um þetta annars stóra mál, aðeins að rifja það upp að skv. frv. er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar.

Skv. frv. er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til að nýta hana. Frá þessari meginreglu eru þó gerðar undantekningar, sem snúa að virkjunarréttindum, og koma þær undanþágur fram í 2. gr. frv. Meginatriði í því sambandi er að kveðið er á um að réttur landeigenda haldist til virkjunar allt að 200 kw. Þeir sem hafa þegar nýtt heimildir til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti, sem sjálfsagt má telja, og þeir sem hafa hafið framkvæmdir við slíkt verk. Einnig er þeim sem veittar hafa verið virkjunarheimildir gefinn tíu ára aðlögunarfrestur til að nýta sér þær. Það kemur því fram mikill sveigjanleiki í þessu frv. gagnvart þeim sem þegar hafa fengið heimildir til virkjunar.

Í frv. er einnig kveðið á um skilyrði sem nauðsynleg þykja til þess að ráðherra geti veitt leyfi til virkjunar fallvatna, m.a. varðandi uppgræðslu lands vegna gróðurspjalla sem hljótast af virkjunarframkvæmdum og að áður en virkjunarleyfi er veitt verði leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Þetta mál var upphaflega undirbúið í nefnd sem skipuð var af iðnrh. árið 1979, í aprílmánuði. Nefndin varð ekki sammála. Einn nm. af fimm skilaði minnihlutaáliti. Frv. eins og það kemur hér fram og meginefni grg. er álit fjögurra manna sem sátu í þessari

nefnd, en minni hlutinn, Páll Pétursson, hv. 2. þm. Norðurl. v., var á öðru máli og skilaði séráliti. Er álit hans og grg. ásamt lögfræðilegu áliti birt með frv. til að öllu sé til haga haldið um þetta efni.

Við flm. þessa frv. berum hér fram þá stefnu og tökum undir þá stefnu að náttúruauðlind eins og orku landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar og er það raunar stefna sem fram kemur í fleiri þingmálum sem liggja fyrir hv. Nd., m.a. í frv. til laga um jarðhitaréttindi sem ég mælti nýlega fyrir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð í framsögu að þessu sinni. Ég vænti þess sannarlega að hv. þingdeild og sú þingnefnd sem fær þetta mál nú til meðferðar sjái sóma sinn í því, svo ég kveði þó það fast að orði, að taka á þessu máli og tryggja að það komi til hv. þingdeildar til afgreiðslu. Það gildir um þetta sem önnur mál af sama toga, sem liggja fyrir hv. þingdeild og sem væntanlega ganga til nefndar, að það er brýnt að á þeim verði tekið. Þau hafa allt of lengi legið hjá garði hjá löggjafanum.

Ég hef komið því á framfæri við formenn þingflokka að athugað verði að kosin verði sérstök nefnd, svokölluð sérnefnd skv. 15. gr. þingskapa, sem hafi það verkefni að fjalla um og skila áliti um mál eins og þetta, mál sem varða eignar- og umráðarétt auðlinda og landsvæða eða hafsbotns innan íslenskrar lögsögu. Mun það vera þriðja mál hér á dagskrá. En mér er ekki kunnugt um að þingflokkar hafi tekið afstöðu til málsins enn þannig að það er til athugunar. Ég teldi það vera skynsamlega málsmeðferð varðandi þessi þingmál, sem varða nefnd efni, að um þau verði fjallað alveg sérstaklega, og þá meiri von til þess að á þeim verði tekið eins og nauðsyn ber til.

Ég legg því til að þetta mál fari til slíkrar nefndar, en tel raunar nauðsynlegt að málin verði í öllu falli samferða í sambandi við nefndavinnu á vegum hv. þingdeildar.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa áhyggjum mínum yfir því að hér eru nú í salnum staddir fjórir þdm., en hafa lengst af verið jafnvel færri. Hér er einungis einn úr stjórnarliði og það er forseti sjálfur en enginn ráðherra. Löggjafarsamkundan eða þessi deild hennar er tæpast starfhæf í þessu formi. Ég bið forseta að gefa mér skýringu á því, ef hann getur, hvers vegna svo fáir telja ástæðu til að mæta til starfa í þeirri stofnun sem þeir berjast fyrir að komast inn í.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Forseti getur ekki gefið aðra skýringu á því en þá að óvenjulega margir þm. hafa fjarvistarleyfi í dag úr þessari hv. deild. Það eru sjö þm. sem hafa fjarvistarleyfi og er það óvenjulega há tala. Þar á meðal eru þeir sem starfa í Norðurlandaráði og eru í embættiserindum á vegum þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkulög, frv. 67. mál (þskj. 69). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Skv. því frv. sem ég hér mæli fyrir er sú stefna mörkuð að orka fólgin í háhitasvæðum sé sameign þjóðarinnar, þ.e. djúphitinn yrði almannaeign, en jarðvarmi á lághitasvæðum og yfirborðshiti yrði hvarvetna háður einstaklingsrétti landeigenda.

Alþfl. hefur lengi haft það á stefnuskrá sinni að landið, gögn þess og gæði, væri sameign þjóðarinnar. Þm. flokksins hafa oft áður verið meðal flm. lagafrumvarpa um almannaeign á jarðhita. Þetta frv., sem hér er flutt, er í stórum dráttum samhljóða fyrri frv. um þetta efni. Hér er gert ráð fyrir því, það er rétt að taka fram, að sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem hafa keypt sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu fyrir gildistöku laganna, haldi rétti sínum óskertum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara nánar út í efnisatriði þessa frv. Það hefur áður verið flutt eins og ég hef getið um og ég geri ráð fyrir að flestum þm. sé kunnugt efni þess eða a.m.k. þeim þm. sem hér eru staddir núna og sýna þessum málum þess vegna sérstakan áhuga.

Ég hef áhuga á því að þetta frv. fari til sérstakrar skoðunar ásamt þeim hugmyndum öðrum sem uppi eru varðandi þetta sérstaka mál og tel að það sé eðlilegast að til að fjalla um þessi atriði öll verði kosin sérstök nefnd á vegum þingsins. Ég geri tillögu um að þessu frv. verði vísað til þeirrar nefndar sem mundi fjalla um eignarréttarmál hvort heldur væri á landi eða á náttúruauðlindum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 76. mál (þskj. 83). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að óska eftir því að hæstv. forsrh. verði viðstaddur umræðu um þetta mál ef hann er hér í húsinu. (**Forseti:** Hann mun vera farinn.) Ég tel þá rétt, herra forseti, að óska eftir því að umræðu um þetta mál verði frestað.

Umr. frestað.

Barnalög, frv. 27. mál (þskj. 27). — Frh. 1. umr.

ATKVGR. —

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Ég vek athygli á því að 3. mál á dagskrá þessa fundar er kosning sérnefndar skv. 15. gr. þingskapa, þ.e. sérnefnd til að fjalla um frv. til l. um breyt. á kosningalögum sem liggur fyrir og hefur verið rætt. Þetta hefur verið á dagskrá á nokkrum fundum, en ég bið hv. þdm. að vera við því búna að kosning þessarar nefndar fari fram á miðvikudaginn kemur þannig að þingflokkar séu þá tilbúnir með tillögur um menn í þessa nefnd.

Sameinað þing, 14. fundur.

Þriðjudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1986, stjfrv. 1. mál (þskj. 1). — 1. umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Á þessum fundi verður 1. umr. fjárlaga. Það hafa komið fram tilmæli frá Ríkisútvarpinu um að útvarpa þessari umræðu frá byrjun í um tvo klukkutíma. Þessi tilmæli verða nú borin undir atkvæði.

ATKVGR.

Beiðnin samþ. með 43 shlj. atkv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Fjárlög eru ein veigamesta undirstaðan í efnahagsstjórn ríkisins. Niðurstöðutölur þeirra í heild og einstökum atriðum hafa ómæld áhrif á allt gagnverk þjóðlífsins. Þau snúa ekki einvörðungu að efnahagsstarfsemi í þröngri merkingu þess orðs. Fjárlög ríkisins eru með beinum og óbeinum hætti hluti af heimilishaldi hverrar einustu fjölskyldu í landinu og hvers einstaklings. Í þeim er fólgin engu minni fjölskyldupólitík en efnahagspólitík ef menn vilja greina viðfangsefnið þannig sundur. Afgreiðsla fjárlaga á Alþingi markar því hverju sinni ákveðin þáttaskil.

Fjárlögin eru allt í senn spegilmynd af efnahagslegum aðstæðum, ákvörðunum fyrri þinga og pólitík þeirrar ríkisstjórnar er í hlut á. Þannig eru fjárlögin mikilvægur áttaviti. Fólkið í landinu, atvinnufyrirtækin eiga að geta ráðið nokkuð af þeim hvert stefnir, tekið ákvarðanir um eigin fjárhagsmálefni með tilliti til þess. Nauðsynlegt er að slíkur áttaviti taki rétt mið af umhverfi öllu og aðstæðum. Þannig verður frv. til fjárlaga jafnan að gefa sem skýrasta mynd af raunverulegri stöðu ríkisfjármálanna þegar það er lagt fram. Nauðsynlegt getur síðan verið að frv. taki breytingum í meðförum Alþingis til samræmis við það sem vitað er nýjast um stöðu og horfur í efnahagsmálum áður en það er samþykkt sem lög frá Alþingi.

Breyting til bóta hefur orðið á vinnubrögðum í þessum efnum undanfarin ár og með því frv. sem lagt var fram af fyrrv. fjmrh. og ég mæli hér fyrir í dag urðu enn viss þáttaskil bæði að formi og efni. Formbreytingunum hyggst ég víkja að síðar, en efnislegu markmiðin, sem sett voru fyrir fjárlagagerðina, voru í aðalatriðum þau að erlendum lántökum hins opinbera skyldu settar þær skorður að eigi skyldi tekið meira af erlendum lánum en sem næmi afborgunum af eldri lánum og sem næst jöfnuður skyldi vera milli tekna og gjalda ríkissjóðs.

Miðað við þann þrönga stakk sem þjóðarbúskapnum og ríkissjóði er sniðinn náðist því verulegur árangur með gerð frv. Hitt var ljóst að ef ganga ætti að marki í skrokk á þeim viðskiptahalla sem við blasir á árinu 1986 yrði að koma til veruleg lækkun útgjaldaáforma ríkis og þjóðar. Sýnt var og að frumkvæði og fordæmi í því efni varð að koma frá ríkinu sjálfu. Þyngri byrðar verða ekki lagðar á launafólk í því skyni að ná þeim markmiðum. Einnig var ljóst að hluti af þeirri nýju skattheimtu sem ráðgerð er í frv. var ótryggur. Ástæða var því til að leita annarra leiða til að jafna reikningana.

Skömmu eftir að ríkisstj. gekk frá frv. um miðjan september urðu miklar hræringar á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Flest bendir til að þær leiði til versnandi viðskiptakjara eða minni kaupmáttar útflutningstekna. Með hliðsjón af þessum breyttu aðstæðum var ljóst orðið að öll rök hníga að því að draga enn frekar saman seglin í ríkisbúskapnum á næsta ári en ráð var fyrir gert. Um þetta urðu ríkisstj. og stjórnarflokkar fljótt sammála og hefur síðan verið unnið að þeirri endurskoðun, sem nauðsynleg var í þessu skyni, á vegum sérstakrar nefndar stjórnarflokkanna og fjmrn.

Það verður ekki með sanni sagt að almennar efnahagshorfur hér á landi séu sérlega bjartar um þessar mundir. Sjávarútvegurinn býr enn við erfið rekstrarskilyrði þrátt fyrir tiltölulega góð aflabrögð á þessu ári. Sæmileg velgengni er eigi að síður á ýmsum sviðum atvinnurekstrar. Þær ákvarðanir sem stjórnvöld taka um efnahagsstjórn á næstu vikum, svo og ákvarðanir annarra, ekki síst um launa- og kjaramál, geta skipt sköpum um hvort þjóðin ratar út úr efnahagsþrengingunum á næstu misserum eða ekki. Verði ekki gripið á þessum viðfangsefnum af bæði lipurð og festu gæti gangverk efnahagslífsins farið að snúast öndvert við hagsmunum launafólks og atvinnufyrirtækja eins og síðustu misserin áður en núv. ríkisstj. tók við völdum vorið 1983. Við eigum alla möguleika á að byggja upp og treysta undirstöður hagsældarríkis á Íslandi. Því megum við ekki missa tökin á verkefnum okkar við svo búið.

Verðbólgan innanlands er nú um það bil 35% og gæti, ef illa tekst til, orðið enn verri viðureignar en nú. Viðskiptajöfnuðurinn við útlönd er með þeim hætti að ekki verður við unað til lengdar, enda skuldir þjóðarbúsins erlendis allt of miklar og greiðslubyrði erlendra lána of þung. Hér má ekkert út af bregða ef ekki á illa að fara. Meiri halli á viðskiptum við önnur lönd og meiri verðbólga mundu smám saman grafa undan lánstrausti þjóðarinnar og gera henni erfiðara fyrir að standa við skuldbindingar sínar út á við. Slíkt ástand mundi einnig kippa stoðunum undan nýju hagvaxtarskeiði og vonum um bætt lífskjör. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir þeirri alvöru sem þeirri afturför hlyti að fylgja.

Mjög mun reyna á þrek og styrk ríkisstj., þingsins og þjóðarinnar við að afstýra því að svo illa fari. Meginatriðið er að treysta viðskiptajöfnuðinn, takmarka skuldasöfnunina erlendis og koma böndum á verðbólguna þannig að varanlegt verði. Á þann veg einan plægjum við jarðveginn svo að hann gefi af sér betri ávöxt fyrir alþýðu alla.

Það er alveg ljóst að í þeirri glímu er hlutur ríkisfjármálanna afar veigamikill. Raunar er það grundvallaratriði að stefnan í fjármálum hins opinbera sé með þeim hætti að hún dragi úr þenslu og eftirspurn í hagkerfinu. Sama máli gegnir um peningamálastjórnina. Á þessum viðkvæmu tímum skiptir höfuðmáli að ekki verði hvikað frá markaðri stefnu í þeim efnum. Raunar verður að beita öllum tiltækum ráðum til að draga úr umframeftirspurninni í efnahagslífinu og mun í því efni ekki síst reyna á ábyrgðartilfinningu og lagni þeirra sem semja munu um kaup og kjör á hinum almenna vinnumarkaði nú eftir áramótin. Þar verður að sigla krappan sjó milli

skers og báru. Annars vegar að reyna að tryggja launþegum viðunandi kaupmátt á næsta ári, hins vegar að reyna að halda kostnaðarhækkunum atvinnuveganna í lágmarki til að koma í veg fyrir nýja verðbólguöldu og meiri viðskiptahalla.

Verðlagsbreytingar á næsta ári munu að talsverðu leyti byggjast á niðurstöðu kjarasamninga í ársbyrjun. Það er yfirlýst stefna ríkisstj. að beita ekki kaupskerðingu í því skyni að hafa hemil á þeirri þenslu sem nú á sér stað í hagkerfinu. Að svo miklu leyti sem verðmætasköpunin vex á næsta ári og næstu árum þurfum við að hagnýta hana jöfnum höndum til þess að verja kaupmátt launafólks og greiða niður erlendar skuldir. Á miklu veltur því hvernig staðið verður að samningsgerð. Fram hafa komið hugmyndir um eins konar allsherjarsáttmála launafólks, atvinnurekenda og ríkisvalds. Ég ætla ekki að fjalla um þær í einstökum atriðum við þetta tækifæri. En markmiðið með slíkum hugmyndum hlýtur að vera í aðalatriðum tvenns konar:

1. Að þeir aðilar sem hlut eiga að máli nái samkomulagi um kaupmátt eða lífskjarastig sem þeir reyna að verja með tilteknum aðgerðum.
2. Við það yrði miðað að kjarasamningar yrðu ekki til þess að auka verðbólgu og skuldasöfnun.

Bæði þessi meginmarkmið skipta sköpum þegar til lengri tíma er litið fyrir afkomu heimila og þjóðarbúsins í heild. Með hliðsjón af þessum aðstæðum tel ég að ríkisstj. sé bæði rétt og skylt að hlusta á hugmyndir sem fram eru settar um einhvers konar allsherjarsáttmála af þessu tagi. Þetta hefur verið gert áður í meira og minna mæli.

Í þessu sambandi á ekki að útiloka tilraun til ákveðins tíma og að þeim tíma liðnum yrði unnt að meta árangurinn og ákveða hvort unnt væri að semja til lengri tíma með þessumn hætti.

En áður en bollaleggingar um þessar hugmyndir halda áfram er nauðsynlegt að gera skýra grein fyrir því að ríkisstj. getur ekki gengið til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins á grundvelli sem þessum nema samstaða sé milli stærstu heildarsamtaka launþega þar að lútandi. Í þessu efni getur ekki eitt gilt fyrir launafólk á almennum vinnumarkaði og annað fyrir opinbera starfsmenn.

Enn hefur ekki komið í ljós hvort raunverulegur vilji og samstaða eru um hugmyndir sem þessar. Komi það hins vegar á daginn er ríkisstj. fyrir sitt leyti reiðubúin til viðræðna.

Mun ég nú víkja nokkrum orðum að launamálum opinberra starfsmanna.

Um komandi áramót renna út kjarasamningar opinberra starfsmanna innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Kjarasamningar starfsmanna innan Bandalags háskólamanna gilda hins vegar til loka febrúar. Kjarasamningar stærstu launþegasamtakanna á almennum vinnumarkaði renna einnig út um áramótin. Búast má við að um það leyti og á fyrstu vikum hins nýja árs verði ljóst hvert horfir í gerð kjarasamninga fyrir það ár, bæði hjá opinberum starfsmönnum og öðrum launþegum.

Meðallaun opinberra starfsmanna hafa hækkað um 35—40% á milli áranna 1984 og 1985. Í heild hefur launaþróun hjá opinberum starfsmönnum verið mjög áþekk því sem orðið hefur hjá öðrum launþegum þótt á ýmsu hafi gengið varðandi forustu um breytingar og tímasetningu á þeim. Kaupmáttur launa opinberra starfsmanna á árinu 1985 virðist ætla að verða eitthvað hærri en hann var á árinu 1984 og í heild hefur tekist að ná því markmiði, sem sett var í upphafi árs 1984, að kaupmáttur færi ekki niður fyrir það sem hann var á 4. ársfjórðungi 1983. Hollt er að minnast þess að á samningstímabilunum á fyrri hluta árs 1984, eftir að hætt var að semja um sjálfvirka verðtryggingu launa, hefur tekist betur að viðhalda þeim kaupmætti sem um var samið en á fyrri samningstímabilum þegar vísitölubinding var allsráðandi í launasamningum og reyndar bundin í lögum.

Kjarasamningar ríkisins við starfsmenn sína, sem gilda eiga frá upphafi næsta árs, munu vafalaust mótast af þeim sjónarmiðum sem hér greinir að framan, auk þess sem þróun launamála á almennum vinnumarkaði mun að sjálfsögðu hafa veruleg áhrif þar á. En eins og ég hef þegar lagt svo ríka áherslu á er það meginverkefni ríkissjóðs við núverandi aðstæður að rifa seglin í eigin útgjöldum, láta öðrum eftir stærri hlutdeild í þjóðarkökunni. Í því efni koma bæði við sögu rekstrar- og framkvæmdaútgjöld sem unnt er að lækka þegar á næsta ári, en ekki síður ýmsar kerfis- og skipulagsbreytingar hjá hinu opinbera sem miða að því að hamla gegn vexti ríkisútgjalda til lengri tíma. Í þessu efni verður að líta fordómalaust á alla helstu útgjaldaþætti og málefnasvið, en þó þannig að tryggt sé að ekki sé hróflað við öryggi og velferð þeirra sem hafa úr minnstu að spila. Einnig koma hér við sögu ýmis atriði er varða skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga er verið hafa til umræðu árum saman og ástæðulaust er að draga lengur að hrinda í framkvæmd.

Ég mun nú gera grein fyrir þeim breytingum sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa orðið ásátt um að leggja til við Alþingi að gerðar verði á frv. Breytingarnar ná til tekju-, gjalda- og lánaþátta frv. Stefnt er að nokkurri lækkun tekna frá því sem kynnt er í frv. eða um 300 millj. kr. og gjöld verði lækkuð um 574 millj. kr. Rekstrarafkoma ríkissjóðs verður því 397 millj. kr. sem er nokkuð betra en fram kemur í frv. sjálfu. Auk þessa er ráðgert að lækka erlendar lántökur ríkissjóðs um 500 millj. og er þetta gerlegt vegna bættrar rekstrarafkomu og einnig með aukinni innheimtu afborgana og lækkun lánveitinga og hlutafjárframlaga. Þessu til viðbótar er samkomulag um að lækka erlendar lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs um 300 millj. kr. Með þessum hætti næst það markmið að dregið verður úr eftirspurn og erlendar lántökur lækka um 800 millj. kr. samtals.

Ákveðið hefur verið að hverfa frá fyrri áformum um að leggja söluskatt á ýmsar vörur og þjónustu sem ekki hefur verið söluskattsskyld. Nemur þetta um 400 millj. kr. Af öðrum breytingum á tekjuhlið er lagt til að aflað verði 100 millj. kr. tekna, aðallega með því að fella niður undanþágur til niðurfellingar á aðflutnings- og sölugjaldi. Þyngst í þessu vegur gjaldfrelsi á innflutningi ýmiss konar þjónustu og framkvæmdavörum til Pósts og síma.

Lagt er til að útgjöld ríkisins verði lækkuð um 574 millj. frá því sem greinir í frv. Ráðgert er að af sparnaði í rekstrarútgjöldum náist tæplega 50 millj. kr. með lækkun einstakra rekstrarverkefna eða frestun þeirra um stundarsakir, en 120 millj. kr. náist með sérstökum sparnaðaraðgerðum á vegum ráðuneyta og stofnana ríkisins. Er fyrirhugað að setja ákveðin mörk á fjár-

veitingar til einstakra útgjaldaliða, m.a. ferða- og bílakostnað, risnu og aðkeypta þjónustu af ýmsu tagi.

Ætlunin er að lækka launaútgjöld um 130 millj. með því að endurráða ekki strax í störf þeirra sem hætta, draga úr yfirvinnu og ráðningu afleysingafólks. Nú er unnið að gerð ítarlegra tillagna um framkvæmd þessa atriðis. Rétt er að fram komi að sá sparnaður í launaútgjöldum, sem hér er um rætt, svarar til heilsárskostnaðar við um 230 stöðugildi hjá ríkinu af þeim 10 þús. stöðugildum sem fyrir hendi eru hjá A-hluta aðilum. Launakostnaður vegna þeirra er í frv. áætlaður um 8 milljarðar kr. þannig að hér er í raun verið að tala um mjög lítinn sparnað miðað við heildarlaunakostnað ríkisins.

Tillögur um lækkun framkvæmdaframlaga skiptast á marga liði. Áformað er að dregið verði úr framlögum til ýmissa málaflokka og fresta verður nokkrum þörfum verkefnum. Framlög til sjúkrahúsabygginga lækki um 35 millj. kr. Áformum um innréttingar Víðishúss og húsnæðis Hollustuverndar ríkisins verði frestað, en við það sparast 44 millj. Þá nefni ég framlag til byggingar Listasafns Íslands, en það lækkar um 15 millj. kr. Að auki eru nokkrir liðir lækkaðir, t.d. styrking dreifikerfa í sveitum um 10 millj., bygging íþróttamannvirkja um 6 millj. kr., þjóðarbókhlaða um 4 millj. og Háskóli Íslands og Raunvísindastofnun um 11 millj. kr. Þá er frestað áformum um nýja símstöð stjórnarráðsins sem sparar um 10 millj. kr. Ýmsir smærri framkvæmdaliðir nema 10 millj. kr.

Varðandi framlög til sjóða er ætlunin að framlög ríkisins til Kvikmyndasjóðs lækki um 16 millj., Félagsheimilasjóðs um 6 millj. og Iðnlánasjóðs um 12 millj. kr. Alls lækka sjóðaframlög því um 34 millj. frá því sem ráð er fyrir gert í fjárlagafrv.

Ekki er ráðgert að skerða framlög til vegaframkvæmda. Aftur á móti er talið gerlegt að lækka fjárfestingaráform áhaldahúss Vegagerðarinnar um 30 millj., en þar er um að ræða endurnýjun tækja og véla. Verkefni Vegagerðarinnar hafa í auknum mæli verið boðin út á almennum markaði og tækjaþörf stofnunarinnar ekki eins og áður var.

Hvað B-hlutann snertir er ljóst að þau ríkisfyrirtæki sem höfðu áformað nokkra fjárfestingu verða nú að rifa seglin. Ýmis þessara fyrirtækja hafa haft mjög rúman fjárhag undanfarin ár og getað ráðist í miklar fjárfestingar. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr framkvæmdum og endurnýjun búnaðar hjá Pósti og síma, Ríkisútvarpinu, Áburðarverksmiðju ríkisins og Rafmagnsveitum ríkisins, auk fleiri aðila sem smærri eru í sniðum.

Sérstaklega ætla ég að fara nokkrum orðum um málefni Pósts og síma. Fjárhagur stofnunarinnar er nú betri en oft áður. Áætlaðar tekjur skv. gjaldskrá fyrirtækisins eru taldar verða hærri en fyrirhugað er að ráðstafa í fjárfestingu. Þrátt fyrir það að um 200 millj. kr. af tekjuafgangi Pósts og síma verði með einu eða öðrum hætti ráðstafað til lækkunar á erlendum skuldum og fjárfestingarútgjöldum verður hægt að halda verulega aftur af gjaldskrárhækkun á árinu 1986.

Lækkun útgjalda hjá ríkisfyrirtækjum er því í senn til að draga saman fjárfestingu opinberra aðila og til að halda aftur af hækkunarþörf á gjaldskrám þeirra.

Ég gat þess að ákveðið væri að draga úr lántöku fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs um 300 millj. kr. Lántaka til framkvæmda Landsvirkjunar lækkar um 250 millj. kr. og nemur hún því samtals 490 millj. Í þessu felst m.a. frestun á gangsetningu Blönduvirkjunar til ársins 1990. Þá er jafnframt ráðgert að lækka lántöku Þróunarfélagsins um 50 millj. kr. og verður hún því 100 millj. kr. Samtals er því um að ræða samdrátt í umsvifum og erlendum lántökum hins opinbera um 1,2 milljarða, en þar af fara um 800 millj. kr. til að draga úr erlendum lántökum.

Ég fagna því að um þessar breytingar skuli hafa náðst samstaða innan stjórnarflokkanna. Ríkisstj. mun óska eftir því við fjvn. að hún leggi fram brtt. hér á Alþingi við fjárlagafrv. til samræmis við það sem hér hefur verið greint frá.

Mun ég nú víkja að fjárlagafrv. fyrir árið 1986 eins og það var lagt fram.

Skv. frv. er ráð fyrir því gert að rekstrarafgangur ríkissjóðs nemi 123 millj. kr. á næsta ári. Rekstrarafkoman er betri sem nemur 300 millj. kr. vegna breyttrar framsetningar þar sem fjármagnstekjur og gjöld endurlánareiknings eru nú talin með A-hluta ríkissjóðs. Með uppsetningu fyrri ára væri því u.þ.b. 180 millj. kr. halli á frv. Eins og ég gat um hér að framan munu þær breytingar sem áformaðar eru á frv. leiða til þess að rekstrarafgangur verður tæpar 400 millj. kr. í stað 123 millj. kr. eins og frv. gerði ráð fyrir.

Heildartekjur skv. frv. eru áætlaðar 33,5 milljarðar kr., en verða 33,2 milljarðar kr. þegar tekið hefur verið tillit til fyrirhugaðra breytinga. Heildarútgjöld skv. frv. nema 33,4 milljörðum kr., en verða 32,8 milljarðar kr., lækka um tæpar 600 millj. kr. eða ½% af þjóðarframleiðslu.

Breytingar af lánahreyfingum, hlutafjárframlögum og viðskiptareikningum sýna minni fjárþörf að fjárhæð um 200 millj. kr. Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er nú áætluð 4 milljarðar kr. sem er lækkun um tæpar 500 millj. frá frv. Fyrirhugað er að lækkun þessi komi öll fram í minni erlendum lántökum á árinu 1986.

Fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 byggja í meginatriðum á samræmdum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis. Við frumvarpsgerðina var áætlað að meðaltalshækkun verðlags milli áranna 1984 og 1985 yrði 31—32% og verðbreyting frá upphafi til loka þessa árs næmi 30%. Hins vegar gera nýjar spár um verðlagshorfur ráð fyrir að verðlagsbreytingar verði nokkru meiri. Nú er spáð að hækkun framfærsluvísitölu milli ára verði allt að 33% og verðbreyting innan ársins 1985 nánast það sama. Gengisforsenda frv. er sú að erlendir gjaldmiðlar hækki um tæp 11%, en nýjar spár sýna hækkun um 15% frá upphafi til loka þessa árs.

Af þessu má ljóst vera að verðlagsforsendur frv. eru nokkuð aðrar en raun verður á. Nauðsynlegt er því að tekið verði tillit til þessa þegar verðforsendur fyrir árið 1986 verða ákveðnar og frv. samræmt þeim við lokameðferð málsins á Alþingi.

Í þjóðhagsáætlun er spáð 2% hagvexti árið 1986 sem er heldur minna en talið er að verði í ár. Þjóðarframleiðsla yrði þá um 1½ til 2% meiri en hún var 1980. Til samanburðar má nefna að á þessu tímabili hafa þjóðartekjur ýmissa iðnríkja vaxið um 15—30%. Og þótt tekist hafi að snúa vörn í sókn nú á síðustu árum dugar það ekki til að bæta svo lífskjörin hér á landi að nægi til að vinna það upp sem við höfum dregist aftur úr öðrum þjóðum. Með átaki í atvinnumálum og auknum hagvexti verður að reyna að brúa það bil.

Tekjuhlið frv. einkennist öðru fremur af tveimur meginþáttum. Annars vegar af lækkun tekjuskatts og umfangsmiklum breytingum á sviði tollamála, hins vegar af ráðstöfunum til þess að mæta tekjutapi vegna þessara skatt- og tollabreytinga svo og til að koma í veg fyrir halla á ríkissjóði á næsta ári.

Með lækkun tekjuskatts er fram haldið þeirri stefnu ríkisstj. að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum sem felur í sér 400 millj. kr. lækkun álagðs tekjuskatts einstaklinga á næsta ári frá því sem ella hefði orðið. Við ríkjandi aðstæður þykir ekki unnt að stíga stærra skref í þessa átt. Lauslega áætlað virðist skattbyrði einstaklinga til ríkisins af beinum sköttum nema 3,8% á árinu 1986 miðað við tekjur greiðsluárs, en í ár er hún talin vera um 4,4%. Á árunum 1981—1983 nam þetta hlutfall um 5,5% í stað 3,8% sem áætlað er á næsta ári.

Tollalöggjöf, sem fyrirhugað er að taki gildi frá og með næstu áramótum, mun hafa í för með sér að aðflutningstekjur ríkissjóðs munu lækka um 250 millj. kr. Til að mæta þessum tekjumissi, svo og vegna lækkunar tekjuskatts ásamt því að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum, hefur verið ákveðið að leggja fram frv. um breytta tilhögun núgildandi vörugjaldsinnheimtu. Hækkun tekna ríkissjóðs vegna breytts vörugjalds er áætlað rúmlega 1 milljarður kr. Verðlagsáhrif þessarar auknu skattheimtu eru áætluð þau að framfærsluvísitala hækki um 1%, en byggingarvísitala lækki um 0,5% vegna lækkunar tolla á byggingarvörum.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir að ýmsar þjónustutekjur ásamt skilum og hagnaði frá Seðlabanka Íslands auki tekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr.

Í fjárlagafrv. er ætlað að afla aukinna tekna af söluskatti að fjárhæð 400 millj. kr. með því að afnema undanþágur frá söluskatti. Frá þessu hefur verið fallið eins og áður er komið fram.

Heildargjöld ríkissjóðs eru talin verða 33,4 milljarðar kr. í frv. Útgjöld til samneyslu, þ.e. launa og reksturs ríkisstofnana, hækka um 11,3% frá fjárlögum, vaxtakostnaður um 28,9% og ýmsar rekstrar- og neyslutilfærslur til atvinnuvega og einstaklinga um 9,1%.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mjög mörgum orðum um einstaka útgjaldaliði frv., enda eru þeim gerð greinargóð skil í frv. og athugasemdum með því. Nokkra útgjaldaliði vil ég þó draga hér fram:

Í fyrsta lagi eru framlög til vegamála áætluð rúmir 2 milljarðar kr. eða um 400 millj. kr. lægri fjárhæð en vegáætlun, sem samþykkt hefur verið af Alþingi, gerði ráð fyrir.

Í öðru lagi fer nú til húsnæðismála mun hærri fjárhæð en 1985 eða alls 1600 millj. kr. Þar af er sérstök fjáröflun 665 millj. kr., en að auki leggur ríkissjóður fram 935 millj. kr. Auk þess er ráðgerð 1200 millj. kr. lánsfjáröflun hjá lífeyrissjóðum.

Í þriðja lagi þarf vegna fyrrnefndra tveggja verkefna að takmarka framlög til annarra framkvæmda. Því mun yfirleitt ekki fallist á að hefja nýjar byggingarframkvæmdir. Áherslan hvílir á því að koma áfram og ljúka verkum sem unnið er að.

Í fjórða lagi nemur fjárútvegun til Lánasjóðs ísl. námsmanna skv. frv. 1100 millj. kr. Þar af eru 750 millj. kr. fjárveiting og 350 millj. kr. lántaka. Sjóðurinn er orðinn annar stærsti lánasjóður í fjárlögum á eftir Byggingarsjóði ríkisins. Ljóst er að fyrirhuguð fjárútvegun til sjóðsins kallar á endurskoðun á reglum um úthlutun námslána. Menntmrh. hefur ákveðið að fjármál sjóðsins verði endurskoðuð.

Í fimmta lagi eru niðurgreiðslur á vöruverði og raforku miðaðar við að niðurgreiðslur í krónutölu verði óbreyttar. Alls er fyrirhugað að verja til þessa 1000 millj. kr.

Í sjötta lagi eru 600 millj. kr. ætlaðar til Aflatryggingasjóðs sem er endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í útgerð og fiskvinnslu. Sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1985 er 430 millj. kr.

Í sjöunda lagi eru framlög til almanna- og atvinnuleysistrygginga við það miðuð að lækka megi útgjöldin um 250 millj. kr. frá því sem væri að óbreyttu. Gera þarf sérstakar ráðstafanir á þessum sviðum til að ná fram þessum sparnaði.

Þegar litið er á framlög til svonefndra velferðarmála síðustu fjögurra ára kemur í ljós að framlög til menntaog tryggingamála eru svo til óbreytt sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Hins vegar hefur orðið aukning á framlögum ríkisins til heilbrigðis- og félagsmála. Aukningin nemur um 1% af þjóðarframleiðslu til hvors málaflokks frá árinu 1982. Sú aukning mæld í fjárhæðum á núverandi verðlagi nemur rúmlega 2 milljörðum kr.

Í síðasta lagi vek ég sérstaka athygli á fjármagnsútgjöldum ríkissjóðs. Í fjárlögum 1975 námu vaxtagreiðslur 1,5% af heildargjöldum. 1980 námu þær 3,5%, 4,6% 1984, 5,4% 1985 og eru áætlaðar 6,2% 1986 eða 2006 millj. kr. skv. eldri framsetningu fjárlaga. Miðað við þá framsetningu sem nú er á fjárlögum nema vaxtagreiðslur 3244 millj. og er það um 9,6% af heildarútgjöldum. Í langtímahorfum um fjárhag ríkissjóðs er talið að þetta hlutfall geti orðið 12% árið 1988.

Ég gat þess áður að frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun eru nú lögð fram sem hluti af fjárlagafrv. og samtímis því. I VI. kafla fjárlagafrv. er lánsfjáráætlun skýrð og gerð grein fyrir horfum í helstu þáttum hennar, þ.e. heildarfjárfestingu, ráðstöfun lánsfjár og hvernig ríkisvaldið hyggst afla þess. Ég ætla nú að gera nokkra grein fyrir helstu atriðum:

Fjárfesting sem hlutfall af þjóðarframleiðslu stefnir í það að verða heldur minni 1986 en 1985. Þetta hlutfall hefur farið stöðugt lækkandi á undanförnum áratug eða úr rúmum 30% af vergri þjóðarframleiðslu 1984 í um 21% á árinu 1986 skv. því sem ráðgert er. Hins vegar virðist ekkert lát á viðskiptahallanum við útlönd, enda áhyggjuefni hve innlendur sparnaður hefur dregist saman. Innlendur sparnaður var um og yfir 25% á síðasta áratug, en hefur farið lækkandi hin síðari ár og er nú áætlaður aðeins tæp 18% á árinu 1986. En í þessu sambandi er þó rétt að minna á að peningalegur sparnaður í bankakerfinu hefur aukist og eru það verulegar framfarir á þessu sviði og góð batamerki.

Áætlað er að fjármunamyndun í landinu muni dragast saman um 2,5% á árinu 1986, framkvæmdir atvinnuvega eru taldar dragast saman um 2,7% og opinberra aðila um 4,2%. Hins vegar er gert ráð fyrir óbreyttu umfangi í íbúðabyggingum, en útlit er fyrir að þær dragist saman um 10% í ár. Samdráttur í opinberum framkvæmdum var talinn verða um 4,2%. Með þeim tillögum sem ég hef kynnt dregur enn frekar úr opinberum framkvæmdum. T.d. er milli þriðjungs og

helmings samdráttur í framkvæmdum Landsvirkjunar.

Við gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1986 var stefnt markvisst að takmörkun erlendrar lántöku. Óhjákvæmilega komu slíkar ráðstafanir niður á mikilvægum framkvæmdaliðum og seinka verklokum framkvæmda. Á árinu 1984 nam hlutdeild lánsfjár í opinberum framkvæmdum 31%. Horfur eru á að þetta hlutfall lækki í 24% í ár. Í frv. er stefnt að enn frekari lækkun þessa hlutfalls eða í um 19% og með þeirri lækkun sem ég hef kynnt hér verður hlutfallið komið niður í 16%.

Hér að framan hefur verið dregin upp gróf mynd af fjárfestingaráformum á árinu 1986 og er þá komið að fjáröfluninni.

Lánsfjáráætlun, sem fram kemur í frv., gerir ráð fyrir að heildarlántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja nemi 11,5 milljörðum kr. Þar af er ráðgert að afla 3,6 milljarða kr. innanlands og 7,9 milljarða kr. með erlendum lántökum. Ekki er ætlunin að fjalla um lántökur og lánsfjárráðstöfun allra þessara aðila að þessu sinni, heldur takmarka umfjöllunina við ríkissjóð. Lánsfjármál annarra aðila munu fá viðeigandi umfjöllun þegar mælt verður fyrir frv. til lánsfjárlaga 1986.

Lántökur ríkissjóðs eru áætlaðar 4,6 milljarðar kr., en þar af renna 920 millj. kr. til ráðstöfunar B-hluta fyrirtækja og 3654 millj. kr. til eigin þarfa A-hluta ríkissjóðs. Ráðgert er að afla 1850 millj. kr. innanlands með sölu spariskírteina og 2724 millj. kr. með erlendum lántökum.

Í sem skemmstu máli er nú stefnt að lækkun erlendrar lántöku til A-hluta ríkissjóðs um 500 millj. kr. þannig að alls verði aflað erlendis frá 2224 millj. kr. Með þessum hætti er gengið lengra en svo að erlendar lántökur samsvari afborgunum af erlendum lánum. Helst hefði ég kosið að lækka erlendar lántökur ríkissjóðs enn frekar, en það verður ekki unnt á árinu 1986.

Sérstaklega vil ég leggja áherslu á að lánsfjár á ekki að afla til hvaða verkefna sem er. Í rauninni er með öllu óverjandi að taka erlent fé að láni til reksturs hins opinbera. Miðað við að raunvextir á erlendu lánsfé eru nú á bilinu 5—6% segir það sig sjálft að þau verkefni sem fjárins er aflað til verða að vera arðsöm.

Að ýmsu leyti hefur innlendur lánsfjármarkaður undanfarin tvö ár ekki verið í því jafnvægi sem skyldi. Eftirspurn einkaaðila og hins opinbera eftir lánsfé hefur verið umfram framboð. Afleiðingarnar hafa komið fram í alvarlegu misvægi á lánamarkaði og þurrð á sparifé til varanlegrar fjárfestingar. Snúist hefur verið gegn þessum vanda með raunhæfari ávöxtunarkjörum af hálfu hins opinbera og auknu frjálsræði. Aukin og harðnandi samkeppni um sparifé, sem af þessu hefur leitt, hefur um sinn gert opinberum aðilum sérstaklega erfitt fyrir um innlenda lánsfjáröflun. Ástandið virðist þó smám saman vera að færast til betri vegar með betra jafnvægi milli innlána og útlána, bæði á vegum bankakerfisins og almennt á lánamarkaði.

Ég tel ekki ástæðu til langrar umfjöllunar um lánsfjármálin fyrr en mælt verður fyrir lánsfjárlagafrv. Hitt sýnist mér þó einsýnt að stjórnvöld þurfa að halda fast við þá stefnu að auka ekki skuldir þjóðarbúsins og okkur er bráðnauðsynlegt að beina lánsfénu til arðsömustu framkvæmda, hvort heldur þær eru á vegum hins opinbera eða hjá atvinnuvegunum sjálfum.

Allir sem komið hafa að opinberum fjármálum vita að ýmsar þær breytingar sem hugur manna og rök standa til taka nokkurn tíma í framkvæmd. Það reynir því stundum á þol og þrautseigju. Ég ætla nú að gera grein fyrir nokkrum málum er ég mun beita mér fyrir. Sum þessara mála eru þegar vel á veg komin í undirbúningi, en önnur skemmra.

Áætlun frv. um tolltekjur á næsta ári tekur mið af breytingum á skipan tollamála sem gert er ráð fyrir að geti tekið gildi um næstu áramót. Breyting á tollum og öðrum aðflutningsgjöldum er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um gagngera endurskoðun á ríkisfjármálum. Í því sambandi er fyrirhugað að skipan tolla og tengdra gjalda verði einfölduð, uppsöfnunaráhrifum eytt og gjöld felld niður eða lækkuð. Gert er ráð fyrir að samfara nýrri tollalöggjöf verði gerðar skipulagsbreytingar á yfirstjórn tollamála. Felast þær m.a. í því að skipan tollumdæma verði breytt, yfirstjórn tollamála verði að hluta til færð frá ráðuneytinu til embættis tollstjórans í Reykjavík. Enn fremur er fyrirhugað að embættið yfirtaki vissa þætti tollendurskoðunar sem nú fara fram hjá Ríkisendurskoðun.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja á ný fram frv. til laga um virðisaukaskatt er komi í stað gildandi söluskatts. Eins og Alþingi er kunnugt var frv. þessa efnis lagt fram á fyrsta starfsári þessarar ríkisstjórnar og þá einkum til kynningar. Frv. var síðan endurflutt í fyrra nær óbreytt, en það dagaði uppi án þess að rækilega væri um það fjallað.

Tillögur um grundvallarbreytingar á langstærsta tekjustofni ríkissjóðs hljóta að teljast meðal mikilvægustu viðfangsefna þessa þings. Eins og flestum má vera kunnugt er núverandi söluskattskerfi að mörgu leyti stórgallað. Ber þar helst að nefna uppsöfnunaráhrif söluskattsins, en þau hafa m.a. óeðlilega mismunun á samkeppnisstöðu hinna ýmsu atvinnugreina í för með sér. Þá hafa hin fjölmörgu og oft og tíðum flóknu undanþáguákvæði reynst mikill dragbítur á trygga og snurðulausa framkvæmd og eftirlit með réttum skilum á skattinum. Því má segja að það liggi í augum uppi að við núverandi söluskattskerfi verði ekki búið öllu lengur. Ógerningur er að koma við þeim róttæku breytingum á því er gerðu það viðunandi og sæmilega réttlátt. Af þeim sökum verður ekki undan því vikist að byggja upp nýtt kerfi.

Ljóst er að virðisaukaskattur, er kæmi í stað núverandi söluskatts, leysir sjálfkrafa úr ýmsum helstu göllum söluskattskerfisins. Þó er ljóst að kerfisbreyting af þessu tagi mun valda tilflutningi á skattbyrði milli vöruflokka og þjónustu og þar með á milli þjóðfélagshópa. Hér er um að ræða viðkvæmasta atriðið varðandi upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts. Óvissan í þessum efnum mun einkum hafa átt sök á því að frv., sem lagt var fram í fyrra, fékk ekki nauðsynlega umfjöllun.

Í þessum efnum koma ýmsir kostir til greina og eru þeir nú til athugunar og úrvinnslu. Ríkisstjórnin mun að þessari athugun lokinni gera ákveðnar tillögur til lausnar þessum vanda og um gildistöku laganna 1. janúar 1987 og falla þá niður endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti til atvinnuveganna.

Um árabil hefur þótt skorta á að fjárlög gæfu nægilega skýra mynd af heildarumfangi ríkisfjármálanna. Með lögum nr. 84/1985, sem fyrrv. fjmrh. beitti sér fyrir, um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð

ríkisreiknings og fjárlaga, var rutt úr vegi lagaákvæðum sem komu í veg fyrir breytta framsetningu fjárlaga. Áður voru almannatryggingar og endurlánareikningur ríkissjóðs bundinn í B-hluta fjárlaga, en hafa nú verið flutt í A-hlutann. Í sömu lögum segir að efni fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar skuli teljast hluti af grg. fjárlagafrv.

Lánsfjárlagafrv. sjálft er lagt fram sem sjálfstætt frv. til umfjöllunar í deildum, en öll efnisatriði þess frv. fá umfjöllun í grg. fjárlagafrv. og verða þar af leiðandi skoðuð í fjvn. Alþingis og í nefndum þingdeilda. Verulegur árangur hefur þannig náðst í því að bæta framsetningu og umfjöllun um opinber fjármál. Í framhaldi af þessu þurfa að koma til athugunar atriði er varða vinnubrögð við undirbúning og framkvæmd fjárlaga og eftirlit Alþingis. Til álita kemur að auka ábyrgð og sjálfstæði einstakra ráðuneyta með því að ákveða þeim heildarútgjaldaramma svo þau hefðu meira svigrúm en nú er til að ráðstafa sjálf til verkefna ráðuneytanna.

Rétt er að fara örfáum orðum um horfur og mat á ríkisfjármálum til lengri framtíðar. Fjmrh. ber skylda samkvæmt lögum að leggja fram með fjárlagafrv. áætlun um horfur í ríkisfjármálum til næstu ára. Í þeirri áætlun ber að sýna meginstefnu í ríkisfjármálum og samhengi fjármálastefnunnar við efnahags- og atvinnumálin í heild. Unnið hefur verið að mótun þessarar áætlunar. Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum með frv. eru horfurnar í mjög fáum orðum þær að erfitt mun reynast að lækka skatttekjur ríkissjóðs nema til komi lækkun ríkisútgjalda.

Samkvæmt niðurstöðunum eru horfur á að rekstrarhalli ríkissjóðs geti numið um 1,6% af þjóðarframleiðslu 1988 sem er ekki óveruleg fjárhæð í efnahagslegu tilliti. Jafnframt bendir margt til þess að lánsfjárþörf ríkissjóðs fari enn vaxandi. Fyrir árið 1986 var hún metin 3,9% af þjóðarframleiðslu, en samkvæmt langtímaáætlun gæti hún numið 5,1% 1988. Allar spár eru að vísu ótryggar, en ég tel að ríkisfjármálahorfurnar til næstu ára sýni að útgjaldaáform og stöðu ríkissjóðs þurfi að endurmeta með hliðsjón af þessum viðhorfum.

Ríkið er stærsti vinnuveitandinn í landinu. Afkoma ríkissjóðs er þó með allt öðrum hætti tengd launagreiðslum ríkisins en afkoma atvinnufyrirtækja tengist launagreiðslum þeirra. Þessi staðreynd gerir þá kröfu til ríkisins að starfsmanna- og launastefna sé mörkuð. Gera þarf starfsmannahald ríkisins og opinberra stofnana markvissara en verið hefur. Starfsmannahald og eftirlit með því er nauðsynlegur liður í því útgjaldaeftirliti sem viðhafa verður til þess að draga úr aukningu ríkisútgjalda. Enn fremur þarf að stefna að því með öllum tiltækum ráðum að bæta og auka virkni opinberrar þjónustu án þess að til þurfi að koma fjölgun ríkisstarfsmanna. Endurskoða þarf starfsmannahald ríkisstofnana með tilliti til heimilda og fjárveitinga og gera ráðstafanir til þess að ekki verði farið umfram þær ákvarðanir í þessu efni sem teknar eru af Alþingi og ríkisstjórn.

Það er ríkinu ekki síður en öðrum vinnuveitendum kappsmál að hafa í þjónustu sinni hæfa og dugandi starfsmenn. Því kemur til skoðunar hvort ríkinu beri ekki að halda uppi virkri starfsmannastefnu. Hér er ég með í huga endurmenntun starfsmanna, hreyfingu þeirra milli starfa og stofnana og hvatningu af ýmsu tagi til starfa.

Ég mun nú í örfáum orðum greina frá afkomuhorfum ríkissjóðs 1985 og niðurstöðu síðasta árs. Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs fyrstu níu mánuði þessa árs sýnir greiðsluhalla að fjárhæð 2,8 milljarða kr. sem er 3,9 milljörðum kr. verri afkoma en var á sama tíma í fyrra. Rekstrarafkoma ríkissjóðs er um 2,8 milljörðum kr. verri en var á sama tímabili 1984. Gjöld hafa hækkað um 47%, en tekjur aftur á móti um 27%.

Spár um afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1985 sýna að hagur ríkissjóðs mun versna verulega frá því sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Fjárlög þessa árs áformuðu að rekstrarhalli yrði um 750 millj. kr. Nú er hins vegar áætlað að hann verði um 1,9 milljarðar kr. Þá er talið að aukin fjárþörf vegna láns- og viðskiptareikninga sé um 660 millj. kr. þannig að viðbótarfjárþörf A-hluta ríkissjóðs vegna ársins 1985 nemur alls 1,8 milljörðum kr. Heildarfjárþörf A-hluta ríkissjóðs á árinu 1985 verður því 3,3 milljarðar kr.

Meginskýringarnar á auknum rekstrarhalla frá fjárlögum ársins eru:

1. Áhrif kjarasamninga ríkisstarfsmanna og hækkun lífeyris- og sjúkratrygginga vega þyngst í auknum útgjöldum eða tæpum 1,5 milljörðum kr.

2. Komið hafa til ákvarðanir um viðbótarútgjöld að fjárhæð 1,4 milljarðar kr. Þar valda mestu hækkun framlaga til húsnæðismála, útflutningsbóta, niðurgreiðslna og fjárframlaga til Áburðarverksmiðju ríkisins.

3. Tekjur ríkissjóðs aukast á árinu aðeins um 1,8 milljarða kr. eða um 7% frá fjárlögum 1985 meðan útgjöldin hækka um 11% mæld á sama hátt. Aukin fjárþörf vegna lána- og viðskiptareiknings frá fjárlögum nemur alls 660 millj. Meginástæða þess er sú að í fjárlögum var gert ráð fyrir að greiða afborganir til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 160 millj. kr. Í endurskoðaðri áætlun er hins vegar áformað að greiða umsamdar afborganir, sem nema alls 690 millj. kr., til bankans á þessu ári.

Til að mæta viðbótarfjárþörf A-hluta ríkissjóðs í ár er leitað lántökuheimilda til langs tíma í lánsfjárlögum fyrir árið 1986 allt að 1,5 milljarði kr. Það sem á vantar er gert ráð fyrir að taka í ár sem skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands sem greiðist á árinu 1986. Er sú fjárhæð 860 millj. kr. eins og fram kemur í fjárlagafrv. því sem hér er til umræðu.

Ríkisreikningur A- og B-hluta fyrir árið 1984 hefur verið afhentur alþm. og jafnframt yfirskoðunarmönnum Alþingis til meðferðar. Afkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu 1984 varð hagstæðari en ráð var fyrir gert. Þegar litið er til áranna 1983 og 1984 kemur glöggt í ljós hve afkoma ríkissjóðs er sveiflukennd og háð þróun annarra efnahagsþátta utan ríkiskerfisins. Afkoma A-hluta ríkissjóðs skv. rekstrarreikningi fyrir árið 1984 var jákvæð um 1,6 milljarða kr. Það er betri afkoma sem nemur 3 milljörðum kr. frá árinu 1983. Gjöld reyndust 20,5 milljarðar kr. sem er hækkun frá fyrra ári um tæp 23% þegar tekið hefur verið tillit til óreglulegra gjalda sem færð voru í ríkisreikningi á árinu 1983. Tekjur urðu 22,1 milljarður kr. og höfðu hækkað frá árinu 1983 um tæp 36%. Lántökur A-hluta ríkissjóðs til lengri tíma námu á árinnu 1984 2 milljörðum kr. Þar af voru 370 millj. endurlánaðar ýmsum aðilum.

Herra forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir

frv. til fjárlaga fyrir 1986 ásamt þeim breytingum sem ráðgerðar eru. Meginatriðin í því efni eru þessi:

1. Frv. fól í sér jöfnuð milli tekna og gjalda. Það er verulegur ávinningur sem náðist með aðhaldssemi í útgjaldaákvörðunum og aukinni tekjuöflun.

2. Gerðar hafa verið breytingar eða tillögur um breytingar á frv. er fela í sér: að dregið er enn frekar úr útgjöldum, að fallið er frá áður ákveðinni viðbótarskattheimtu að hluta til um leið og framkvæmd eru fyrirheit um áframhaldandi lækkun tekjuskatts af almennum launatekjum, að erlendar lántökur verða minni en ráð var fyrir gert, að ekki er raskað við velferðarkerfinu.

3. Mikilvægt er að endurmeta sjálfvirk útgjöld ríkissjóðs til þess að koma í veg fyrir stóraukna skattheimtu á næstu árum sem ella er óumflýjanleg.

4. Rétt er að minna á að við blasa ýmsir hættuboðar að því er varðar almenna efnahagsstjórn í landinu. Með frv. og þeim breytingum, er ákveðið hefur verið að gera á því, er af ríkisins hálfu reynt að stuðla að betra jafnvægi.

Við fjárlagagerð er togað úr ýmsum áttum og ólíkir hagsmunir vegast á. Flestir hafa áhuga á margs konar verkefnum er auka útgjöld, en fæstir eru talsmenn aukinnar skattheimtu. Aðstæður í þjóðarbúskapnum kalla svo einatt á að fjárlögin séu á hverjum tíma þáttur í að ná fram heildarmarkmiðum í efnahags-, kjara- og atvinnumálum sem að er keppt. Með tilliti til þeirra ólíku hagsmuna, sem hafa verður í huga í þessu sambandi, er þetta frv. auðvitað ekki gallalaust, en á móti því verður þó ekki mælt að í því felst ríkisfjármálastefna er miðar að útgjaldaaðhaldi án þess að rýra kaupmátt og velferð. Það hlýtur að teljast mikilsverður árangur.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Það svokallaða frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1986, sem hér er á dagskrá, á sér einstæða sögu. Þegar hæstv. fyrrv. fjmrh. hafði komið saman frv. var afstaða ráðherra Sjálfstfl. sú að Framsfl. var hótað stjórnarslitum ef þinglið hans samþykkti frv. ekki sem grundvöll fjárlagagerðar fyrir næsta ár. En eftir að Framsfl. hafði samþykkt efni frv., eins og krafist var, gerist það að á fundi, sem tveir ráðherrar Sjálfstfl. ásamt þingflokki og miðstjórn héldu í Stykkishólmi, var þessu sama fjárlagafrv., að viðlögðum stjórnarslitum, hafnað sem ónothæfum grundvelli til að byggja á fjárlög. Þetta gerðist á meðan hæstv. þáv. fjmrh. var að lesa síðustu próförk þessa frv. sem hann lagði síðan fram á Alþingi.

Umræðan á Stykkishólmsfundinum um fjárlagagerð ríkisstjórnarinnar var að sögn hæstv. núverandi menntmrh. bullandi vantraust á ríkisstjórnina, enda var í kjölfar hennar samþykkt að fjárlagafrumvarpið væri óhothæft sem grundvöllur fjárlagagerðar og að algert endurmat yrði að fara fram á útgjaldaáformum í ríkisbúskapnum.

Í leiðara Morgunblaðsins 2. október s.l. er tekið undir þessa skoðun með svofelldri athugasemd, með leyfi hæstv. forseta:

„Væntanlega geta flestir ef ekki allir sjálfstæðismenn tekið undir þessi orð, en sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna þingmenn Sjálfstfl. tóku þessi erindi ekki til umfjöllunar áður en fjárlagafrv. var endanlega samþykkt í þingflokknum og milli stjórnarflokkanna. Ekki er ólíklegt að samstarfsflokkurinn telji þetta undarleg vinnubrögð gagnvart sér".

Og síðar í leiðaranum segir Morgunblaðið:

„Hvernig var eiginlega staðið að afgreiðslu fjárlagafrv. í þingflokki Sjálfstfl.?"

Ekki eru undur að spurt sé. Morgunblaðið taldi síðan í sama leiðara að eðlilegasta ályktunin, sem ráðherrarnir hlytu að draga af því bullandi vantrausti sem umræðan um fjárlagagerðina hefði verið á ríkisstjórnina, væri sú að þeir segðu af sér.

Það varð því miður ekki niðurstaðan, en í framhaldi af þeim dómi að fjárlagafrv. væri ekki nothæfur grundvöllur til fjárlagagerðar fyrir næsta ár var gripið til þess ráðs að láta alla ráðherra Sjálfstfl. skipta um stóla svo að hæstv. fyrrv. fjmrh. kæmi engum vörnum við þegar honum var með þessum hætti ýtt úr stóli sínum. Til þess var allur stólaleikurinn settur á svið. Hann hefur nú ekkert lengur með fjárlagafrv. sitt að gera. Fjárlagafrv. er að dómi Sjálfstfl. ónothæft og það er nú einnig umkomulaust og því ekki vert raunverulegrar umræðu hér á hv. Alþingi. Það frv. sem hér er á dagskrá er því ekki annað en pappírsgagn sem lagt hefur verið á borð þingmanna til að uppfylla að forminu til þau ákvæði stjórnarskrárinnar að frv. til fjárlaga skuli lagt fram í upphafi þings. Umræða um slíkt plagg getur því enga merkingu haft á þessu stigi málsins. Fjvn. hefur nú í mánuð unnið að gerð fjárlaga fyrir næsta ár, en þar til í morgun ekkert haft í höndum annað en það sýndarplagg sem Sjálfstfl. hefur lýst ónothæft sem grundvöll að fjárlagagerð fyrir næsta ár, enda verið dubbaður upp nýr fjmrh. til þess að reyna að koma einhverju öðru efni saman.

Um nokkurt skeið hafa tveir fulltrúar meiri hluta fjvn. átt sæti í sex manna nefnd stjórnarflokkanna sem kölluð hefur verið nefnd sláturleyfishafa, en hún hefur átt að leita eftir samkomulagi um nýjar hugmyndir um útgjaldahlið fjárlagafrv. Fjórir nefndarmenn af sex fulltrúum stjórnarflokkanna í fjvn. koma þar hvergi nærri og hafa ekkert fengið að fylgjast með störfum sláturleyfishafanna og hafa beðið eins og fulltrúar stjórnarandstöðunnar eftir því að fjvn. geti farið að fjalla um annað en marklaust og afhrópað fjárlagafrv.

Í ríkisfjölmiðlum hefur verið greint frá flugufregnum um ákvarðanir sláturleyfishafanna, en fyrir fjvn. eða þingflokka stjórnarandstöðunnar hafa fyrir þá umræðu, sem hér ætti að fara fram ef allt væri með felldu, ekki verið lagðar neinar upplýsingar sem varpað gætu ljósi á fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í fjárlagagerð, fyrr en loks nú í morgun. Þá loks hefur hæstv. fjmrh. sýnt það sem sjónvarpið kallar „útlínur að tillögum" um nokkrar tilteknar breytingar sem stendur til að gera við endursmíði fjárlagafrv.

Þessar takmörkuðu og afar síðbornu hugmyndir, sem loks í morgun var skotið inn á fund fjvn. sem stóð nærri til hádegis, breyta engu um að enginn grundvöllur er til að ræða hið afhrópaða fjárlagafrv., hvorki í dag né eftir tvo daga. Þessar tillögur breyta útgjaldahlið um 1,7% og gjaldahlið um 0,9%. Slík vinnubrögð, að leggja fram fjárlagafrv. sem flokkur fjmrh. hafði afneitað og draga síðan að leggja fram boðaðar breytingar þar til daginn sem fjárlagaumræða hafði verið ákveðin, eru með öllu ótæk og óþekkt svo langt aftur sem ég man. Raunveru-

leg umræða um fjárlagafrv. hlýtur því að bíða 2. umr. þegar svo er að málum staðið af hálfu hæstv. ríkisstj.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ekki dettur mér í hug að eyða mörgum orðum að fjárlagafrumvörpunum. Hv. þm. Geir Gunnarsson hefur þegar sagt það sem segja þarf um þau mál af okkar hálfu. Í stað þess ætla ég að víkja að öðrum viðburði íslenskra stjórnmála síðustu dagana, þ.e. landsfundi Alþb. og þeim kaflaskiptum sem hann getur boðað í íslenskum stjórnmálum á næstunni. Þar kom fram allt í senn ný sókn, ný von og nýtt afl til að gera þær vonir að veruleika.

Andstæðingar okkar voru að gera sér vonir um að Alþb. yrði í tætlum eftir þennan landsfund. Gleggsta heimildin um það er t.d. leiðari DV daginn eftir að landsfundurinn var settur. Útkoman er sú að andstæðingar okkar hafa orðið fyrir vonbrigðum. Alþb. er sterkur, samhentur flokkur. Það var viljinn til samstöðu sem einkenndi landsfundinn og stjórnmálaályktun okkar var samþykkt samhljóða. Sömuleiðis ítrekaði fundurinn stefnu flokksins í utanríkismálum: Ísland úr NATO — herinn burt. Á landsfundinum sýndi Alþb. líka að það hefur þrek til að gera upp mál með eindregnum hætti, enda þótt í þeim felist uppgjör við fyrri áherslur. Alþb. er flokkur sem þorir að gera upp málefni og kemur fram sterkari en áður þar sem samstaða um hugsjónir þjóðfrelsis og lýðræðis og jafnréttis, hugsjónir sósíalismans, er ofar öllu öðru.

Í samþykktum sínum tók landsfundur Alþb. á mörgum þeim málum sem brenna á alþýðuheimilunum um þessar mundir:

Hann vill að okurlánastöðvarnar verði bannaðar með lögum og fundinn annar verðtryggingarmælir en ránskjaravísitalan. Hann vill að tekin verði upp ný skattastefna, skattsektir margfaldaðar og meðferð skattamála bætt. Fundurinn samþykkti að skattar skuli hækkaðir á eignum umfram almenna húsnæðisþörf og að skatteftirlit yrði hert verulega frá því sem nú er. Þá verði meðferð skattafbrotamála flýtt í dómskerfinu. Fundurinn krafðist aukinnar samneyslu og félagslegrar þjónustu þannig að skattstefnan verði forsenda betra velferðarþjóðfélags en áður. Jafnframt samþykkti fundurinn að fela flokknum að vinna að því að skattfríðindi fyrirtækja og stóreignamanna og hátekjufólks verði afnumin.

Þannig samþykkti landsfundur Alþb. róttæka stefnu í skattamálum til þess að skapa forsendur fyrir aukinni velferð, bættri félagslegri þjónustu, betra velferðarþjóðfélagi.

Þá samþykkti fundur okkar ályktun í húsnæðismálum þar sem meginhersla er lögð á það að verja fólkið tafarlaust fyrir okurlánurunum með því að öll skuldabréf verði skráð á nafn og þau framtalsskyld. Þannig verði gróðaveitum neðanjarðarhagkerfisins lokað. Alþb. vill koma á heilsteyptu húsnæðislánakerfi þar sem bankar, opinberir sjóðir og lífeyrissjóðir myndi eina heild, en forsendan verði að hver einstaklingur þurfi ekki að verja meiru en fjórðungi dagvinnutekna í húsnæðiskostnað. Það væri bylting í húsnæðismálum á Íslandi. Það dugir heldur ekkert minna. Og tafarlaust verður að koma til móts við þá sem nú eru að verða gjaldþrota. Alþingi má ekki sitja aðgerðarlaust meðan heimilin eru á gjaldþrotabálinu.

Landsfundur Alþb. samþykkti sérstaka ályktun um kjaramál þar sem lýst er stuðningi við baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir kaupmáttartryggingu. Þá var samþykkt ályktun um að endurmat verði að fara fram á störfum kvenna sem búa við enn verri kjör en aðrir á vinnumarkaði.

Í stjórnmálaályktun landsfundar Alþb. var enn fremur samþykkt að berjast fyrir nýrri byggðastefnu með auknu valdi heimamanna, m.a. til þess að ráðstafa opinberum fjármunum til samfélagslegra verkefna. Þessi samþykkt um nýja byggðastefnu tekur mið af þeirri hrikalegu byggðaröskun sem hefur átt sér stað og að forsenda þess að snúa fólksflóttanum við sé önnur byggðastefna þar sem vald og frumkvæði heimamanna leysa allsherjarmiðstýringu af hólmi.

Landsfundurinn lét sér ekki nægja að samþykkja ályktanir um félagslegar umbætur og nýja skattastefnu. Hann samþykkti einnig ályktanir um nýja sókn í atvinnulífinu sem forsendu batnandi lífskjara til frambúðar.

Í hinni íslensku atvinnustefnu er bent á margþætta möguleika íslensks þjóðarbús á öllum sviðum, en sérstaklega í sjávarútvegi og hátæknigreinum til þess að auka verðmæti þjóðarframleiðslunnar svo nemur milljörðum króna. Þannig vísaði landsfundurinn til bjartari framtíðar út úr kreppu hægri stjórnarinnar.

En flokkurinn benti einnig á leiðir til þess að bæta kjörin hér og nú með því að skipta því jafnar sem þegar er til. Fundurinn vísaði til þess að við lifum nú metaflaár og þar með stórauknar þjóðartekjur. Það á því að vera unnt að knýja fram kröfur um hærra kaup og kaupmáttartryggingu eins og bent var á í samþykktum 7. landsfundar Alþb.

Vissulega er það þó talið nærtækasta og brýnasta verkefnið í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir að koma ríkisstjórninni frá. Í stjórnmálaályktuninni er því slegið föstu að stærsta efnahagsvandamál heimilanna og framleiðsluatvinnuveganna á Íslandi sé ríkisstjórnin og efnahagsstefna hennar. Nú er verið að sauma svo að fjárhag heimilanna að fjölskyldurnar eru þúsundum saman í hættu fyrir gróðahyggjunni og afleiðingunum af stefnu hennar og framleiðsluatvinnuvegirnir, hin efnahagslega undirstaða, eru reknir með stórkostlegum halla þrátt fyrir metafla og hækkandi verð á erlendum mörkuðum fyrir útflutning okkar. Vítahring stjórnarstefnunnar verður að brjóta niður og það strax. Annars er Ísland í hættu sem sjálfstætt þjóðríki. Landflóttinn er til staðfestingar um það. Viðbrögðin við stefnu ríkisstjórnarinnar eru því ekki aðeins spurningin um betri lífskjör í bráð, heldur einnig spurning um þjóðlega reisn og sjálfstæði þjóðarinnar í lengd.

Alþb. boðar nýja sókn. En í stefnu landsfundar Alþb. birtist líka sú von sem getur breytt sókninni í batnandi lífskjör. Það kemur fram í því að unga fólkið er með okkur, hefur aldrei verið eins sterkt og fjölmennt á landsfundum Alþb. og nú. Það kemur fram í því að við ætlum að gera flokkinn að betra baráttutæki fyrir alþýðu þessa lands og síðast en ekki síst kemur það fram í mjög myndarlegri aðild forustumanna úr verkalýðshreyfingunni að forustusveit flokksins.

Á landsfundinum kom Alþb. fram sem frískur baráttuflokkur sem sameinar kynslóðir og strauma í öfluga fylkingu.

Það er að vísu ekki nýtt að stjórnmálaflokkar geri

samþykktir á landsfundum sínum um stefnumál og starfshætti, en það sem ræður úrslitum er aflið, hið þjóðfélagslega afl til að hrinda hinni nýju sókn af stað til þess að breyta vonum í veruleika. Það afl er í Alþb. Þess vegna eiga nú að vera forsendur til að skapa einingu hinnar faglegu og pólitísku baráttu til þess að hefja hina nýju sókn til þess að breyta vonum í veruleika.

Það sem hefur háð verkalýðshreyfingunni og stjórnarandstöðunni á undanförnum tveimur árum er einmitt skortur á slíkri heildarsamstöðu. Nú er tækifæri til að efla hana og styrkja. Reynslan sýnir að þetta sameinaða afl og ekkert annað getur brotið niður múra afturhaldsins. Þeir umlykja nú alþýðuheimilin í landinu og skapa svartsýni og landflótta. En þessa múra er hægt að brjóta niður ef við stillum saman í eina fylkingu hina faglegu og pólitísku baráttu. Í samþykktum landsfundar Alþb. birtast því ekki aðeins óskir heldur kemur fram í landsfundinum ein órofa heild stefnu og starfs og loks afl til að hrinda stefnunni í framkvæmd og það er aðalatriðið.

Herra forseti. 14 ár eru til nýrrar aldar. Við þurfum nú að undirbúa það að næstu ár skapi vissu fyrir því að sjálfstætt þjóðfélag á Íslandi taki af bjartsýni, sigurvissu og gleði á móti nýrri öld. Eftir landsfund Alþb. hafa andstæðingar okkar orðið fyrir vonbrigðum. Í Alþb. *birtist allt í senn: ný sókn, ný von og nýtt afl. Þar er* sigurbraut fólksins.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fjárlagafrv. sem ekki finnst neinn tillögumaður að er vitaskuld ekki merkilegt plagg. Slíkt þingskjal getur ekki lagt neinn grundvöll að umræðu um fjármál hins opinbera. Hún verður því að eiga sér stað eins og ekkert fjárlagafrv. liggi fyrir.

Ef á að ná betri árangri í stjórn ríkisfjármála verður það ekki gert nema með grundvallarbreytingum á sjálfri fjárlagagerðinni. Sá háttur að reyna að ná fram lækkun útgjalda með því að sneiða af lítið eitt hér og lítið eitt þar, eins og hæstv. fjmrh. er enn að reyna að gera, skilar ekki árangri. Sama máli gegnir raunar um þær tilhneigingar undanfarinna ára að bæta á skattabaggann ýmsum smápinklum með aðskiljanlegum nöfnum. Þetta gerir skattheimtuna í senn óþarflega flókna og afskaplega óbeinskeytta og svarar auk þess oftast ekki kostnaði.

Í staðinn fyrir þessar eilífu uppsuður og naglasúpugerð verða menn að gera sér ljóst að um tvennt er að ræða: Annars vegar að halda áfram með ríkisbúskapinn á óbreyttum grundvelli sem óhjákvæmilega hlýtur að kalla á verulega aukna skattheimtu. Sú aðferð stjórnvalda að halda ríkissjóði og ríkisstofnunum gangandi með síauknum lántökum innanlands og erlendis getur að sjálfsögðu ekki gengið til eilífðarnóns. Hinn kosturinn er svo sá, að gerbreyta sjálfri fjárlagagerðinni og þar á meðal stjórn ríkisfjármálanna og það er einmitt slík breyting sem við Alþýðuflokksmenn leggjum áherslu á.

Ég mun nú hér á eftir víkja að nokkrum meginatriðum í slíkri umsköpun á sviði ríkisfjármála og í rekstri ríkisins og stofnana þess sem verður að gera til þess

1. að ná árangri,
2. að ná nýtingu þeirra fjármuna sem fólkinu í landinu er ætlað að greiða til samfélagsþarfa,
3. að komast hjá því annaðhvort að halda áfram að hlaða upp skuldum vegna hallareksturs í ríkisbúskapnum eða að þurfa að mæta þeim fyrr eða síðar með stóraukinni skattheimtu.

Vík ég þá fyrst að tekjuhlið ríkisbúskaparins, skattheimtunni. Lykilorðin þar eru tvö, einföldun og réttlæti.

Grundvallaratriði allrar skattheimtu er að fólki sé hún ljós og skýr og að framkvæmd hennar sé einföld. Slíku er ekki til að dreifa. Stærstu tekjuliðir ríkisins eru hvorki einfaldir í framkvæmd né einfaldir til skilnings. Tollamálin eru slíkur frumskógur að ekki er á valdi nema örfárra að rata þar réttan veg. Með margbrotnum undanþágum hefur söluskatturinn verið gerður svo ruglingslegur og innheimta hans svo örðug að víða er engu eftirliti hægt að koma við. Þriðji stóri tekjustofninn, tekju- og eignarskattur, er orðinn svo flókinn að ekki er lengur á færi nema sérfróðra manna að ganga frá skattframtali fyrir venjulegt launafólk.

Nátengt þessu er svo réttlætið eða öllu heldur óréttlætið í skattamálum. Öllum landsmönnum er ljóst hvernig háttað er skilum á söluskatti og eru ástæður fyrst og fremst þessar:

Skatturinn er orðinn svo hár og svo stórt hlutfall af verði vöru og þjónustu að miklu máli skiptir fyrir hagsmuni bæði kaupenda og seljenda að skatturinn komi ekki fram.

Allur þessi hái skattur er innheimtur í einu lagi af verði vöru og þjónustu og er því þeim mun meiri freisting fyrir bæði kaupanda og seljanda að sniðganga skattheimtuna.

Hinar fjölmörgu undanþágur gera eftirlitið með skattskilunum afskaplega örðugt, jafnvel óframkvæmanlegt.

Þessi undandráttur í söluskatti kemur svo aftur fram sem undanskot í tekjuskatti, en tekjuskatturinn er löngu orðinn launamannaskattur og þá fyrst og fremst gagnvart þeim launþegum einum sem engin áhrif geta haft á það sjálfir hvernig og hvort grein er gerð fyrir tekjum þeirra til opinberra aðila.

Það sem þarf að gera er þetta:

1. tillaga. Gera þarf algjöran uppskurð á tollamálum til einföldunar og fella niður eða fækka tollflokkum þannig að þeir verði ekki fleiri en tveir, í hæsta lagi þrír.
2. tillaga. Stórfækka þarf undanþágum frá söluskatti og helst fella þær alfarið niður. Slíkt mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkað vöruverð á sumum nauðsynjum svo sem eins og matvöru. Þeim áhrifum þarf að svara með eftirfarandi aðgerðum:

Með því að hækka bætur almannatrygginga og lífeyristrygginga.

Með lágmarkstekjutryggingu.

Með greiðslu sérstakra framfærslubóta, sem er nýjung, þar sem niðurgreiðslur í núverandi mynd væru afnumdar en meira fjármagni veitt til framfærslubóta með beinum niðurgreiðslum til neytenda þannig að hver og einn ráði því sjálfur hvaða lífsnauðsynjar hann hyggst niðurgreiða.

Einnig þarf að breyta innheimtufyrirkomulagi söluskattsins þannig að hann verði ekki allur innheimtur í einu lagi og á síðasta stigi viðskipta. Koma þar ýmsar leiðir til álita, t.d. virðisaukaskatturinn, en einnig sú leið að innheimta söluskatt að hluta eða öllu leyti af innfluttum vörum við tollafgreiðslu og af vörum fram-

leiddum í landinu sjálfu við heildsöluafgreiðslu.

Allar þessar kerfisbreytingar á söluskattsheimtunni mundu skila stórauknum ríkistekjum svo næmi a.m.k. 10—11 milljörðum kr. Þetta gæfi svigrúm til þess að lækka söluskattsprósentuna um helming eða til þess að gera sambærilegar ráðstafanir í ríkisfjármálum.

3. tillaga. Sú skoðun Alþýðuflokksins er alþekkt að leggja beri niður tekjuskatt nema af allra hæstu tekjum. Alþingi hefur þegar samþykkt tillögu frá Alþýðuflokksmönnum og sjálfstæðismönnum um að afnema tekjuskatt einstaklinga í áföngum, en við þá afgreiðslu hefur hæstv. ríkisstj. ekki staðið. Þessi loforð ber að efna.

4. tillaga. Í skjóli óverðtryggðra lána og óðaverðbólgu frá árunum áður en lán voru verðtryggð hafa fjölmargir safnað að sér stóreignum og þá oftast í skjóli aflafjár sem aldrei var skattlagt. Þeir aðilar sem hlut eiga að máli verða auðvitað að taka þátt í því með öðrum að bera byrðarnar af rekstri þjóðfélagsins og því leggur Alþýðuflokkurinn til að þessi stóreignasöfnun verði skattlögð með stighækkandi tekjuskatti. Frumvarp um þetta efni er væntanlegt frá Alþýðuflokknum.

5. tillaga. Í vaxtakapphlaupinu sem ríkisstj. hefur átt drýgstan hlut í að hleypa af stað hefur þróast margvísleg spillingar- og okurstarfsemi sem er að verulegu leyti grundvölluð á skattsviknu fé í neðanjarðarhagkerfi. Þarna er um að ræða auðsöfnun sem gengur á snið við öll lög, allan rétt og allt siðgæði. Þessi gróðamyndun getur m.a. þrifist af því að ekki er svo fyrir mælt að skuldabréf skuli skráð á nafn eða öll verðbréfaviðskipti séu skráð, en það er forsenda þess að hægt sé að fylgjast með þessari starfsemi, stöðva hana og sjá síðan svo um að þessir aðilar greiði sömu gjöld til hins opinbera af fjármunum sínum og öðrum þegnum þjóðfélagsins er ætlað að gera.

6. tillaga. Að síðustu þarf svo með skattalagahreinsunum að fella niður þá smáskammtaskatta sem úir og grúir af í fjárlögum.

Þetta eru kerfisbreytingarnar sem gera þarf varðandi tekjuhlið fjárlaganna, en með sama hætti þarf að takast á við gjaldahlið þeirra.

Meginatriðið í því sambandi er að í umræðum um ríkisfjármál og hlut hins opinbera í þjóðarbúskapnum mega menn ekki einskorða sig við að ræða aðeins ríkissjóð einan. Hinar voldugu stofnanir, bæði alopinberar og hálfopinberar, skipta orðið meira máli þegar á heildina er litið en ríkissjóður einn. Á sama tíma og reynt hefur verið með misjöfnum árangri að klípa af rekstri ríkissjóðs hefur sömu aðhaldssjónarmiða ekki gætt hjá mörgum ríkisstofnunum sem sumar eru sjálfstæðar og starfa eins og ríki í ríkinu. Það er algjört grundvallaratriði í allri ríkisfjármálapólitík að hér verði á viðhorfsbreyting og menn gefi í meira mæli en gert hefur verið gaum að hinum opinberu stofnunum og rekstri þeirra.

Þá verða menn einnig í þessu sambandi að vera opnir fyrir nýjum hugmyndum, þar á meðal hugmyndum um að nálgast viðfangsefnin úr átt gerólíkri þeirri sem menn hafa áður átt að venjast. Ég skal hér á eftir nefna nokkur dæmi um þessi breyttu vinnubrögð.

Þeirri vinnureglu er víðast fylgt um framkvæmdir opinberra aðila að þeir sjálfir taka allar ákvarðanir um hönnun og gerð mannvirkja og hafa þeir með þeim ákvörðunum sínum þegar stórfækkað kostum á ódýrri en gagnlegri framkvæmd. Um það eru mörg dæmi að ákvarðanir slíkar um mannvirkjagerð hins opinbera og þá ekki hvað síst á sviði húsbygginga eru meira í ætt við minnismerkjagerð en viðhorf hins hagsýna húsbyggjanda. Verktakar og framkvæmdaaðilar með reynsluþekkingu koma hvorki til sögu né áhrifa fyrr en ákvarðanir um gerð og búnað hafa þegar verið teknar og þá er svigrúm þeirra takmarkað.

Þegar menn velta því fyrir sér hvernig best megi nýta það fé sem í boði er fer ekki hjá að menn komist að þeirri niðurstöðu að a.m.k. í mörgum tilvikum sé æskilegt að framkvæmdaaðilarnir hafi meira frjálsræði um hvernig verk er hannað og unnið. Sem dæmi má nefna að vegáætlun er unnin til nokkurra ára, en verkin sjálf eru síðan ýmist framkvæmd af Vegagerðinni eða einstökum framkvæmdaaðilum samkvæmt útboði frá ári til árs þar sem verkáfangar hafa verið ákveðnir í smæstu atriðum af Vegagerð og Alþingi. Væri ekki miklu nær að gera þær breytingar á þessum vinnubrögðum að gefa framkvæmdaaðilunum kost á að gera tilboð í heildarframkvæmdir við vega- og slitlagsgerð á áætlunartímabilinu svo fyrir geti legið:

1) Hvaða framkvæmdamagn þessir aðilar geta boðið fyrir það fé sem til ráðstöfunar er fremur en, eins og gert hefur verið, að leita eftir því á hvaða verði þeir bjóðast til að taka að sér framkvæmdir sem Vegagerð og Alþingi hafa þegar ákveðið í einstökum smáatriðum.

2) Hvernig eðlileg áfangaskipti eru að mati þeirra sem þurfa að framkvæma verkin fremur en að slíkt sé lagt á vald Alþingis sem hefur þekkingu í löggjafarstörfum en ekki á vegavinnu?

Með sama hætti mætti nálgast fjölmargar aðrar framkvæmdir sem kostaðar eru með fjárframlögum úr ríkissjóði eða af opinberum stofnunum. Einnig kæmi vel til greina að hluti af því fjármagni sem varið er til húsnæðismála af opinberu fé yrði þannig notaður að framkvæmdaaðilar væru látnir gera tilboð í hversu miklar framkvæmdir á sviði íbúðarhúsabygginga þeir treystu sér til að ráðast í fyrir þetta fé með hliðsjón af áætlunum Húsnæðisstofnunar ríkisins um íbúðaþörf í landinu og fengju þá sjálfir að gera tillögu um hvernig byggja skuli og hvað. Væri áhugavert að sjá slíkar hugmyndir og tillögur sem framkvæmdaaðilarnir kæmu sjálfir með um framkvæmdirnar og tilhögun þeirra.

Með sama hugarfari verða menn að nálgast opinberar stofnanir. Frá sjónarmiði þegnanna í landinu getur engin stofnun verið heilög í sjálfu sér. Meginatriðin eru að tryggt sé að viðfangsefnin séu unnin og að þau séu unnin með þeim hætti sem komi sem best að gagni og fyrir sem minnst fé. Þó niðurstaðan hafi verið sú fyrir 15 eða 20 árum að slík viðfangsefni séu best komin hjá opinberum stofnunum er ekki endilega víst, eftir allar þær breytingar sem orðið hafa síðan, að sú hin sama niðurstaða sé sjálfgefin núna.

Meðal þeirra stofnana sem þarna koma til álita eru t.d. húsameistari ríkisins, Póstur og sími, Rafmagnsveitur ríkisins, Ríkisskip, Bifreiðaeftirlit ríkisins, svo nokkrar séu nefndar.

Þá er einnig rétt að spyrja sig að því hvort ástæða sé til þess að ríkissjóður kosti starfsemi sem alfarið er á vegum og í þágu tiltekinna atvinnugreina. Á ég hér við stofnanir eins og t.d. Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, en starfsemi þessara stofnana er alfarið á sviði viðkomandi atvinnuvega og í þágu þeirra.

Með sama hætti er óeðlilegt að ríkissjóður beri

kostnað af gæðamati á framleiðslu sjávarútvegsins, en ríkissjóður ber t.d. ekki nema óverulegan hluta kostnaðar af gæðamati á afurðum landbúnaðarins. Meginkostnaðinn ber atvinnugreinin sjálf; sama ætti að sjálfsögðu að gilda um fiskmatið. Einnig er sjálfsagt og eðlilegt að opinberar stofnanir svo sem eins og Siglingamálastofnun, er annast skoðun á sjóhæfni skipa, og rannsóknastofnanir, sem annast skoðun og eftirlit með tækjum og vélum og öðrum búnaði, þar á meðal gæðamat, taki fullt verð fyrir þá þjónustu sína, enda er hún alfarið nýtt af þeim sem hennar njóta og í þeirra þágu og óeðlilegt að þessi starfsemi sé kostuð af fé skattborgara.

Sú grundvallaruppstokkun á fjármálum ríkisins og *stofnana þess og sú viðhorfsbreyting til þeirra mála* sem ég hef gert hér að umtalsefni er miklu stærra mál og skilar miklu meiri og varanlegri árangri en þau vettlingatök sem menn hafa verið að beita á umliðnum árum. Þetta er sú gerbreytta stefna sem við Alþýðuflokksmenn teljum að þurfi að marka í ríkisfjármálum og ég hef notað þetta tækifæri til að fjalla um.

Á vegum ríkisstj. er fjárlagagerðin byggð á grundvelli gamla kerfisins og er komin í strand. Fremur en að reyna að ýta því hripleka hrófatildri aftur á flot, eins og fjmrh. er að reyna að gera, með tuskum troðið upp í stærstu fjárlagagötin og áhöfnina alla með austurtrogin í höndunum, ættu menn heldur að leggja kjölinn að nýju og byggja traustari farkost úr valdari viði.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að það frv. sem er til umræðu í dag á Alþingi er hreinasta vanvirða við þjóð og þing. Það er til háborinnar skammar að hér skuli vera lagt fram frv. til fjárlaga af fyrrv. hæstv. fjmrh. með fororði núverandi hæstv. fjmrh. um að það sé ekkert að marka það.

Sjónvarpið ber það inn í stofu í fyrrakvöld að hugsanlega verði um að ræða niðurskurð á þessu frv. sem nemi einum milljarði króna og því næst kemur Dagblaðið í gær og ber að enn þá vanti 6—700 milljónir á að endar nái saman. Ég vek athygli á því að enn þá er ekki haft samráð við stjórnarandstöðuna. Svo er það ekki fyrr en klukkan er langt gengin í eitt í nótt að inn um bréfalúguna er laumað niðurskurðarplaggi hæstv. fjmrh.; það kemur rétt eins og þjófur að nóttu. Þetta er e.t.v. gert til þess að hægt sé að segja sem svo að samráð hafi verið haft og breytingarnar lagðar fyrir alþingismenn í gær.

Ekki veit ég hvað lá að baki þessa skrípaleiks, en það er annað sem mig fýsir að fá svör við. Er meiningin að ræða þetta plagg í þátíð eða nútíð? Eða eigum við e.t.v. að reyna að horfa til framtíðar? Er það hægt með þetta plagg, sem á að heita fjárlagafrv. ársins 1986, í höndunum? Frv. um það hvernig fjárlögin okkar líta út næsta fjárhagsár. Frv. sagði ég, en verst er að það vantar allan frumleika í þetta plagg; það vantar allan ferskleika. Þetta er sama plaggið og við fjölluðum um í fyrra og árið þar áður. Bara með framreiknuðum tölum. Átti ekki fólk svona frekar von á því að fá að líta nýjan og ferskan stíl nú þegar við höfum fengið nýjan og ungan fjmrh. við völd? En hvað skeður? Hann apar allt vendilega upp eftir fyrrv. fjármálaráðherrum þessa lands og það eina sem gerst hefur er framreikningur.

Bandalag jafnaðarmanna hefur margoft bent á hve hættuleg þessi þróun er sem viðgengist hefur þar sem er sjálfvirknin í gerð fjárlaganna. Hér tíðkast það sem sagt að fjárlög fyrra árs eru tekin og með einföldum framreikningi látin sýna tölur sem gilda eiga næsta ár. Í besta falli er dregið lítils háttar úr framkvæmdum við stóra pósta eða þeim frestað. Síðan eru aðrir bráðnauðsynlegir liðir teknir út að vanda. Það er lífsspursmál fyrir fólkið sem byggir þetta land að staðinn sé dyggur vörður um það kerfi sem varðar velferð einstaklinga og fjölskyldna þeirra og menntun og heilbrigði. Með þeim stjórnarháttum sem nú eru efst á baugi hefur okkur verið ýtt út í þær þrengingar sem einkenna samfélagið.

BJ vill benda á og vara við hverjir það eru sem eru fórnarlömb þessarar stjórnarstefnu. Það er fólkið sem er að missa allt sitt á nauðungaruppboðunum; það eru *menntastofnanir* og dagvistarheimili sem eru unnvörpum að missa hæfileikaríkt fólk til starfa á hinum frjálsa vinnumarkaði sem í öllum tilfellum borgar betur; það eru fjölskyldurnar sem lifa harmleikinn í kringum vímuefnaneyslu ástvina sinna sem eykst stöðugt og óhugnanlega — harðsvíraðir kaupsýslumenn á því sviði versla í rólegheitum með mannlíf á meðan lítið sem ekkert er aðhafst af hálfu ríkisstj. til að koma í veg fyrir glæpinn — það eru aldraðir sem margir hverjir verða að búa við slíka vesöld að þeir eiga ekki aura fyrir brýnustu nauðsynjum.

Er þetta til sóma okkur Íslendingum? Nei, segi ég. Þetta er til háborinnar skammar fyrir þjóð sem á fengsælustu fiskimið heimsins og auðlindir aðrar allt um kring. Þetta ástand, örbirgð aldraðra og aleigumissir húsbyggjenda, á sér stað á því ári sem stefnir í að verða mesta aflaár Íslandssögunnar.

Þær þrengingar sem einkenna samfélagið enn fremur koma m.a. fram í að öryrkjar og fatlaðir eru niðurlægðir með því að framkvæmdasjóður þeirra er stórlega skorinn niður ár eftir ár. Það er að mati ríkisstj. fólkið sem liggur vel við höggi. Þetta er nefnilega fólk sem ógjarnan ber hönd fyrir höfuð sér og getur illa komið því við að víkja sér undan höggi. Þessar þrengingar koma enn fremur fram í því að okurlánastarfsemi af ólöglega taginu þrífst vel og dafnar. En við verðum að átta okkur á að undir þessa okurlánastarfsemi er kynt með því að hér þrífst viðurkennd okurlánastarfsemi, viðurkennd og samþykkt af stjórnvöldum. Það viðgengst löglegt okur á Íslandi. Það er okrið sem snýr að verðlagsmynduninni í þessu landi. Og við verðum að vera vel meðvituð um það áður en lengra er haldið að okur er farvegur verðbólgu.

Þegar ég segi að okur sé löglegt á Íslandi þá á ég við að allar reglur vantar um verðtryggingu og verðmyndun. Hér eru einungis til slíkar reglur hvað varðar bankaviðskipti og á meðan blómstrar og viðgengst okrið sem aftur blæs duglega á verðbólgubálið. Á meðan ekki er tekið svo um munar til hendinni á þessu sviði er ekki nokkur von til þess að takist að koma í veg fyrir verðbólgufyrirbærið.

Við verðum að sjálfsögðu að greiða til baka það sem við fengum að láni, það sama og við fengum að láni en hvorki meira né minna. Það er hins vegar svo að það er verðbótaþáttur vísitölu sem hefur hleypt hér öllu í algjöra vitleysu og kynt undir verðbólgubálið.

Það eitt er víst og öruggt að þegar framkvæmdaliður fjárlaga er reiknaður samkvæmt frv. og verður talinn í heild sinni u.þ.b. 33 milljarðar króna getum við reiknað með að samkvæmt núgildandi aðferðum við útreikning

þessara þátta skili hann sér ekki eins og til er ætlast. Mismunurinn verður á þessu eina dæmi fjárlaganna um 10% eða hvorki meira né minna en 3,3 milljarðar. Það eru svona grundvallaratriði sem skipta máli og verður að taka með í reikninginn þegar verið er að tala um stóra pósta.

Það sem hér er fyrirliggjandi til umræðu er ekkert annað en veikburða yfirlýsing og sýndarmennska. Þetta er marklaust plagg sem þegar er í endurskoðun og á örugglega eftir að breytast mikið frá því sem við erum að ræða núna og þó svo það yrði samþykkt í núverandi gerð er eitt víst að það lítur ekki svona út við endurskoðun þess á sama tíma að ári. Þá verða væntanlega komnar inn í dæmið allar aukafjárveitingarnar sem nú til dags eru orðnar daglegt brauð.

Uppáhaldsmáltæki fyrrv. fjmrh. var að hafa skyldi samráð og sníða sér stakk eftir vexti. Hann sneið stakkinn að vísu en án samráðs bæði við þing og þjóð, og sjá, stakkurinn varð heldur rosalegur að vexti sem helst hefur sýnt sig í aukafjárveitingunum.

Fjárlögin sem samþykkt voru á þinginu s.l. ár voru sem sagt á engan hátt raunhæf. Það var skorið niður hér og það var skorið niður þar. Svo sá maður þessar tölur birtast aftur í formi aukafjárveitinga síðar á árinu.

Til þess að nefna eitt lýsandi dæmi eru mér afar minnisstæðar miklar umræður sem áttu sér stað hér á hv. Alþingi, umræður um fjárlög yfirstandandi árs. Þá höfðu framlög til Kvikmyndasjóðs verið skorin niður eða hlutur sjóðsins skertur um sem svarar 10 millj. kr. En ekki stóð á því að þessu máli væri bjargað fyrir horn og sjóðurinn fékk, þrátt fyrir áður harðorðar yfirlýsingar af hálfu ráðherra um neitun, aukafjárveitingu og fékk sínar 10 milljónir. Var Alþingi spurt þá? Var leitað eftir viljayfirlýsingu Alþingis? Nei. Fyrrv. fjmrh. varð einnig mjög tíðrætt um endurreisnarstarf. En það vill svo til að sú endurbygging hefur verið reist á sandi ef ekki á kviksyndi þar sem í sökkva t.d. þeir sem hafa verið að streða við, samkvæmt fyrirmælum ríkisstj., að koma yfir sig þaki. Allir verða jú að eiga sitt; það heitir sjálfseignarstefna.

Ef að einhverju leyti má marka þær tölur sem fram koma í frv. er sá kafli sem snýr að húsnæðismálum alveg lýsandi fyrir það ráðaleysi og dáðleysi sem störf ríkisstj. einkennast helst af. Það kemur fram að til húsnæðismála er í heildina lögð til hækkun frá síðustu fjárlögum sem aðeins nemur 26 millj. þrátt fyrir að sérstök fjáröflun til húsnæðismála skili samkvæmt frv. 655 millj. kr. með hækkuðum sköttum á landsmenn. Í þeim efnum hefur ríkisstj. helst getað fundið það úrræði við neyðarástandi því sem ríkir í þessum málaflokki að setja á laggirnar nefnd sem virðist byggja tilveru sína einna helst á því að sefa almenning og láta líta svo út sem eitthvað sé verið að aðhafast. Þessi nefnd, milliþinganefnd sem sett var á stofn, var skipuð fulltrúum allra þingflokka og með því virtist ætlunin einnig hafa verið sú að kaupa sér frest, að kaupa sér frið fyrir stjórnarandstöðunni. Þá var hún lokuð inni í nefnd sem auðvitað var aldrei ætlunin að skilaði árangri.

Nei, alls staðar ber fyrir augu úrræðaleysi, sama hvert litið er, og augljóst er að hver framsóknaráratugurinn leysir annan af hólmi. Fólki er boðið upp á framhaldssögu framsóknar og íhalds hvort sem er í nútíð eða þátíð. Ef þetta er það sem á að benda okkur á framtíðina er greinilega boðið upp á sama réttinn áfram, sama réttinn sem verið hefur á matseðlinum undanfarna áratugi og er nú orðinn hálfleiðigjarn. Auk þess sem hann er orðinn óætur vegna þess að hráefnið sem notað er í hann er með eindæmum lélegt.

En núverandi framsóknarstjórn er að verða einhver hrikalegasta auðsöfnunarstjórn sem komið hefur fram á sjónarsviðið. Og hverjir eru það nú sem safna auði? Eru það þeir sem eru að missa allt sitt á nauðungaruppboðum? Eru það þeir sem hrakist hafa út í það neyðarúrræði að taka lán á okurlánamarkaðinum? Eru það aldraðir eða e.t.v. öryrkjar og fatlaðir? Nei. Það eru dekurbörn hæstv. ríkisstj. sem safna auði þessa dagana. Það eru þeir sem hafa tök á því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum sem ríkisstj. hefur boðið út og selt með afföllum. Það er þetta sem við höfum upp úr krafsinu með frjálshyggjunni.

Það hefur nú átt sér stað að hæstv. fjmrh. hefur ákveðið að ríkisskuldabréfin skuli seld með afföllum. Það er vitað mál að það eru engir atvinnuvegir til í landinu sem bera uppi slíka ávöxtun. En ríkisstj. gengur á undan og ætlar að leysa vandamál fortíðarinnar með því að draga til sín fjármagn frá atvinnuvegunum með tælandi gylliboðum og greiða með því gamlar syndir. Nú á að leysa það sem aflaga hefur farið með því að kynda undir enn verri lífskjörum en þekkst hafa til þessa. Versnandi lífskjör koma auðvitað fyrst og fremst fram hjá þeim sem ekki geta tekið þátt í þessum darraðardansi og keypt ríkisskuldabréf og á þann hátt ávaxtað í okrinu. Framsókn færir með sér vandamálin sem hún skóp í fyrri ríkisstjórnum áfram inn í þessa ríkisstj. Og nú á að leysa vandann, syndaregistrið, með þessu móti.

Þessa dagana talar hæstv. forsrh. um að vaxtafrelsið hafi verið mikil mistök. Hann verður auðvitað að gera sér grein fyrir því að það frelsi er einn af meginkjörnunum í stefnu þessarar ríkisstj. Og svo talar hæstv. forsrh. rétt eins og hann hafi ekkert með þetta allt að gera, eins og hann hafi ekki komið nálægt þessu öllu saman.

Þessi ríkisstj., sem hefur vogað sér að leggja fyrir þingið svo kolómögulegt frv. sem raun ber vitni, ætti auðvitað að sýna og sanna hvort það þor og sá kjarkur býr með henni sem hún er sífellt að stæra sig af að búa yfir. Hún ætti auðvitað að hafa burði til þess að gera uppskurð á þessu þrælstaðnaða kerfi þar sem allir liðir þess eru ár eftir ár einungis framreiknaðir. Til þess ætti hún að hafa burði miðað við fjölda stjórnarliða. Þessi ríkisstj. ætti auðvitað að setja stopp og byrja á núllpunkti, hætta þessari sjálfvirkni og gefa sér að það náist skynsamlegri útkoma út úr stærstu liðunum.

Að síðustu er auðvitað óhjákvæmilegt að koma lítillega að því í hverju fjárveitingavald þingsins er fólgið. Er það fólgið í að veita fjmrh. óskorað vald til þess að deila út fjármunum að eigin hentisemi? Það virðist í það minnsta vera skilningur hæstv. fyrrv. fjmrh. á valdi sínu að hann geti leyft sér að skrifa út úr annars tómu ávísanahefti ríkissjóðs og dreift á báðar hendur að eigin geðþótta ekki bara milljónum heldur milljarði upp á eigið einsdæmi. Með slíkum og þvílíkum aðferðum fer maður nú verulega að efast um gagnsemi þess að vera að halda gangandi svona sýndarmennskuleiksýningu eins og þeirri sem hér fer fram.

Virðulegi forseti. Það er kominn tími til fyrir þing og þjóð að staldra við og hugsa sitt ráð. Er það þetta sem er framtíðin? Virðingu Alþingis er stórlega misboðið.

Alþingi hefur sett niður við þetta framferði hæstv. ríkisstj. Er nokkuð í þessu frv. eða framferði ríkisstj. yfirleitt sem gefur tilefni til þess að ætla að slíkt endurtaki sig ekki? Því að auðvitað er það sök allrar ríkisstj. og stjórnarliða að þessi austur skuli hafa verið látinn óátalinn.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Með fjárlögum hvers árs ákveður Alþingi hve miklu fé skuli varið til þeirra sameiginlegu útgjalda sem ríkissjóði er ætlað að standa straum af. Auk ríkissjóðs sjá sveitarfélögin um verulegan hluta sameiginlegra útgjalda þjóðarinnar, samneyslunnar, eins og þau eru oft nefnd. Í viðbót við þetta hafa svo lántökur ríkis og sveitarfélaga veruleg áhrif á opinber umsvif, einkum á sviði fjárfestinga. Endurgreiðslur þessara lána svo og vaxtagreiðslur af þeim verða síðar verulegur hluti af árlegum útgjaldaliðum á fjárlögum og fjárhagsáætlunum þessara aðila.

Opinberar lántökur þrengja að lánamöguleikum atvinnuveganna og getu þeirra til að byggja sig upp ef of langt er gengið eða of djúpt seilst í þá sjóði sem veita vilja. Sé svo komið má líkja opinberum aðilum við bónda sem selur frá sér mjólkurkúna, eða sjómann sem heggur bát sinn í eldivið til að geta kynt bálið ögn lengur. Gangi ekki atvinnulíf með eðlilegum hætti og hafi mögulega til að skapa arð í íslenskt þjóðarbú ganga ekki heldur opinberir aðilar og verða fljótt ófærir um að sinna hinum margvíslegu sameiginlegu verkefnum sem ætlast er til af þeim.

Því nefni ég þessa þætti í upphafi máls míns um fjárlagafrv. fyrir árið 1986 að mjög hefur verið rætt og ritað um erlendar skuldir þjóðarinnar, nauðsyn á sparnaði og aðhaldi og brýna þörf fyrir nýsköpun atvinnulífs. Vissulega verður að telja að erlendar lántöku séu komnar í hámark þegar vaxtagreiðslurnar einar, sem inntar eru af hendi til útlanda, eru áætlaðar 5,8 milljarðar kr., eða einum milljarði kr. hærri upphæð en ætlað er að verja til allra fjárfestingaliða skv. fjárlagafrv. næsta árs að framlögum til vega- og húsnæðismála meðtöldum. Hér hljóta allir að sjá að mál er að linni og þó fyrr hefði verið.

Í fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun kemur fram sú stefna sem ríkisstjórnin hefur markað sér í ríkisumsvifum, fjárfestingum og rekstrarútgjöldum á næsta ári. Meginatriðin í þessari stefnumótun má segja að séu:

1. Að draga úr þenslu í þjóðarbúskapnum. Hér þarf að gæta þess að betra jafnvægi skapist en ríkt hefur að undanförnu bæði milli landshluta og einstakra atvinnugreina. Stjórnvöld verða að beita þeim aðferðum sem þau hafa yfir að ráða til að draga úr óhóflegri þenslu í verslunar- og þjónustugreinum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og rétta á þann hátt hlut annarra atvinnugreina svo sem sjávarútvegs og landbúnaðar.

2. Að draga úr viðskiptahalla og verðbólgu. Beita þarf öllum tiltækum ráðum til að skapa svo fljótt sem auðið er jöfnuð í viðskiptum við önnur lönd. Ljóst er að gengisskráning ræður hér miklu um. Gjaldeyrir má ekki verða það ódýr að hann örvi úr hófi innflutning, sé „á útsölu“ eins og stundum er sagt. Hann verður einnig að skapa útflutningsatvinnuvegunum tekjur til að standa undir tilkostnaði og svigrúm til að byggja sig upp til aukinnar gjaldeyrisöflunar.

Heyrst hafa þær hugmyndir að gjaldeyrissala ætti að vera frjáls svo að þeir sem afla geti selt þeim sem eyða á því verði sem markaður skapar hverju sinni. En á þessu máli eru fleiri hliðar og einkum þá sú sem ég nefndi áðan, að draga enn frekar úr verðbólgu. Gengisbreytingar hafa fljótt áhrif á vöruverð og verði því mætt með hækkuðum launum erum við skjótt komin aftur í vítahring víxlhækkana sem án tafar mundu leiða til efnahagslegs öngþveitis. Einnig má minna á margumræddar erlendar skuldir sem hækka við gengislækkanir og herða snöru að hálsi skuldugu atvinnulífi. Því tel ég að áfram verði að ætlast til þess af stjórnvöldum að þau feti þann meðalveg sem nauðsynlegur er þeim markmiðum að draga úr viðskiptahalla og verðbólgu og halda jafnframt gangandi útflutningsatvinnuvegunum sem svo miklu ráða um tilvist okkar þjóðfélags.

3. Að stöðva erlenda skuldasöfnun. Erlendar skuldir þjóðarinnar vaxa enn á þessu ári og í árslok er útlit fyrir að þær nemi um 53% af áætlaðri landsframleiðslu. Þegar vaxtagreiðslur til útlanda nema orðið nær 6 milljörðum kr. eða ⅕ hluta af heildarútgjöldum ríkissjóðs er mál að linni. Hér verða allir að leggjast á eitt, ríki, sveitarfélög og einkaaðilar. Halda verður aftur af þjóðarútgjöldum í heild sinni, draga úr innflutningi en örva svo sem hægt er útflutning og auka gjaldeyristekjur.

4. Að ná jafnvægi í ríkisútgjöldum. Halli á fjárlögum er ávísun á þenslu og verðbólgu og verður þar að auki ekki brúaður með öðru en erlendum lántökum sem er brot á fyrri markmiðum. Ríkissjóður má ekki heldur, frekar en aðrir aðilar í þessu þjóðfélagi, lifa um efni fram eða eyða meiru en aflað er.

Varðandi sjálfa fjárlagafrumvarpsgerðina hefur ríkisstj. sett sér ákveðin markmið sem þar koma fram og taka mið af þeim meginatriðum sem ég hef talið upp hér á undan.

Ákveðið er að erlendar lántökur ríkissjóðs og annarra opinberra aðila fari ekki fram úr afborgunum af erlendum lánum. Skuldasöfnun ríkisins er því stöðvuð. Við þetta markmið verður að standa. Þá var ákveðið að ríkissjóður verði án rekstrarhalla á næsta ári. Við þetta er einnig mjög mikilvægt að standa af þeim ástæðum sem ég hef áður lýst. Þá er stefnt að því að hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu hækki ekki á næsta ári frá því sem það er í ár. Þessi markmið settu frumvarpsgerðinni mjög þröngar skorður.

Þrátt fyrir fyrirheit og ætlanir um að gæta fyllsta aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstrinum eru umsvifin sífellt að aukast og rekstrarútgjöldin verða stöðugt hærra og hærra hlutfall af fjárlögum. Nýjar stofnanir og ný starfsemi af ýmsu tagi er sett á laggirnar. Bætt er við nýjum deildum á sjúkrahúsum, nýjar heilsugæslustöðvar taka til starfa, stofnanir fyrir fatlaða eru opnaðar á nýjum stöðum, almannatryggingakerfið er stöðugt aukið og endurbætt.

Allt þetta hefur gerst á undanförnum mánuðum og misserum og allt eru þetta þarfar og góðar stofnanir eða nauðsynleg starfsemi. Þetta segir okkur einnig að núverandi ríkisstj. hefur haldið áfram að auka og bæta samfélagslega þjónustu og það velferðarþjóðfélag sem við viljum búa þegnum þessa lands. Allur málflutningur stjórnarandstöðu í þá veru að svo sé ekki og að ráðist hafi verið á samneysluna og velferðarmálin er því algjörlega úr lausu lofti gripinn. Velferðarkerfið hefur verið varið og svo mun verða áfram. Á það munum við framsóknarmenn leggja mikla áherslu.

Hins vegar er nauðsynlegt að leita allra leiða til að gæta ýtrasta sparnaðar og aðhalds í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana og reyna að sporna gegn hvers konar óhófi og bruðli. Á það munum við framsóknarmenn einnig leggja mikla áherslu.

Þessi auknu rekstrarútgjöld, sem ég hef hér gert að umtalsefni, hafa smám saman valdið því á undanförnum árum að minnkandi hlutfall fjárlaga hefur gengið til fjárfestingar og framkvæmda. Vissulega er erfitt að sætta sig við þessa niðurstöðu en þegar þjóðartekjur dragast saman eins og gerst hefur á undanförnum árum má öllum vera ljóst að það kemur einhvers staðar niður. Við höfum valið þann kostinn að verja heilbrigðis- og menntakerfið og ýmsa aðra félagslega þætti en láta samdráttinn bitna á fjárfestingunni þótt það þýði að fresta verði um sinn ýmsum þörfum, jafnvel brýnum verkefnum, sem æskilegt hefði verið að geta hrint í framkvæmd.

Nauðsynlegt hefði verið, jafnhliða þessum samdrætti á fjárfestingaliðunum, að reyna að raða brýnum framkvæmdum í forgangsröð og gera um þetta nokkurra ára áætlun sem staðfest væri af Alþingi líkt og gert er í sambandi við vegamálin. Ég hef áður hreyft þessari hugmynd við umræður um fjárlög og ítreka þessa skoðun mína nú.

Það er óskynsamlegt að skipta 100 millj. kr., sem verja á til grunnskólabygginga, á u.þ.b. eitt hundrað verkefni. Nær hefði verið að hafa færri verkefni í gangi í einu og veita hærri upphæðum til hvers og eins. Enda er afleiðingin sú að ríkið er orðið stórskuldugt hinum ýmsu sveitarfélögum sem hleypt hefur verið af stað með framkvæmdir án þess að séð væri fyrir mótframlagi ríkisins eða gerðir um verkið formlegir samningar milli ríkis og sveitarfélags. Þetta nefni ég hér til áréttingar og áminningar um að úrbóta og stefnubreytingar er þörf en ekki til að varpa sök á neinn einstakan á því ástandi sem nú ríkir í þessum efnum.

Í framhaldi af þessu vil ég nefna þá merku nýjung að nú er sett fram í grg. fjárlagafrv. áætlun um horfur í fjármálum ríkisins fyrir árin 1986—1988. Byggir áætlun þessi á ákvæðum í lögum frá s.l. vori um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þar er m.a. kveðið á um að fram skuli koma:

1. Meginstefnan í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
2. Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.
3. Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
4. Stefnumótun um framlög í fjárlögum til fjárfestingar ríkisins, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

Hér er gerð tilraun til að draga fram útlínur af ástandi og horfum í þjóðarbúskapnum sem síðan er hægt að fylla upp í til að skapa enn þá heilsteyptari og betri mynd af þeim möguleikum sem fyrir hendi eru til hvers konar umsvifa í þjóðfélaginu, hvort heldur það varðar tekjur eða gjöld hins opinbera, lántökur eða afborganir lána, svigrúm til fjárfestingar eða frekari rekstrarútgjalda. Þetta tel ég vera mikilvægt skref til nákvæmari og markvissari efnahagsstjórnunar.

Nú hefur orðið samkomulag um það milli stjórnarflokkanna að leita leiða til enn frekari aðhaldsaðgerða og sparnaðar í ríkisútgjöldum en boðaðar hafa verið í fjárlagafrumvarpinu og þjóðhagsáætlun, m.a. vegna þeirra upplýsinga sem fram koma í framtíðarspánni sem ég hef gert að umtalsefni hér á undan.

Fjmrh. gerði í ræðu sinni hér áðan rækilega grein fyrir þessum breytingum og því ekki ástæða til að fara um þær mörgum orðum. Ég vil þó árétta að þar er gert ráð fyrir lækkun á tekjuhlið frumvarpsins um 300 millj. kr. en á gjaldahlið um 574 millj. og með því reynt að tryggja enn betur en í fjárlagafrv. sjálfu tekjuafgang sem skv. þessu ætti að nema tæplega 400 millj. kr. Tekjulækkunin stafar af því að fallið er frá fyrri hugmyndum um álagningu söluskatts á ýmsa þætti sem undanþegnir hafa verið. Gjaldalækkunin felst hins vegar mest í auknu aðhaldi í almennum rekstrar- og launaútgjöldum. Gert er ráð fyrir verulega auknu aðhaldi á öllum sviðum og ekki síst hvað varðar utanlandsferðir, ferða- og bifreiðakostnað, risnu og fleira í þeim dúr og hvað launaliði varðar er áætlað að draga úr yfirvinnu og álagsgreiðslum, sumarafleysingum, að endurráða ekki án ítarlegrar athugunar í störf sem losna og reyna að hleypa ekki af stað nýjum verkefnum eða ráða í nýjar stöður.

Meginatriðið er þó að ekki er ráðgert að draga úr þeirri þjónustu sem ríkið veitir á sviði menntamála, félagsmála, heilbrigðismála eða tryggingamála. Allir þessir mikilvægu þættir velferðarþjóðfélagsins verða í eðli sínu óbreyttir en vissulega verður reynt að leita þar rekstrarlegrar hagræðingar og sparnaðar eins og í öðrum þáttum ríkisfjármálanna.

Þá má og geta þess að gert er ráð fyrir að draga verulega úr erlendum lántökum eða sem svarar 800 millj. kr. Mun hluti af þeim koma niður á framkvæmdum við Blönduvirkjun en meðan ekki eru í augsýn nýir stórir orkunotendur verður ekki séð að sú frestun, sem af þessu leiðir, muni koma að sök. Auk þess má minna á að verulegur hluti af erlendum skuldum er einmitt vegna framkvæmda á sviði orkumála og verður því að teljast bæði skynsamlegt og nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum á því sviði meðan ekki rætist úr markaðsmálum orkugeirans.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um einstaka þætti fjárlagafrv. en vil þó aðeins minna á að þrátt fyrir lítil framlög til ýmissa fjárfestingaþátta er þó áætlað að verja verulegu fé til vegamála og hækkar sú upphæð að raungildi frá þessu ári. Þó ekki sé að fullu staðið við áætlað framlag sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er þó gert ráð fyrir að með því fé, sem skv. frumvarpinu er ætlað til vegamála, megi standa við áður fyrirhugaðar framkvæmdir skv. vegáætlun. Verður það að teljast viðunandi árangur miðað við fjárveitingar til ýmissa annarra málaflokka.

Til húsnæðismála er nú áætlað framlag á fjárlögum samtals 1600 millj. kr. Er hér um að ræða verulega hækkun á ríkisframlaginu til byggingarsjóðanna en á þessu ári mun samsvarandi upphæð nema um 1260 millj. kr. Þess ber þó að geta að inni í þessari tölu er sérstök fjáröflun skv. lögum sem samþykkt voru á s.l. vori. Að þeirri fjáröflun frádreginni er ríkisframlagið nánast óbreytt milli ára. Þessari sérstöku fjáröflun er hins vegar ætlað að gefa 665 millj. kr. á næsta ári.

Þó ríkisframlagið hækki verulega eykst ekki ráðstöfunarfé sjóðanna að sama skapi þar sem dregið er úr áætluðum lántökum þeirra. Er þar einkum um að ræða niðurfellingu á erlendum lánum og er það í samræmi við

meginstefnu frv. Einnig er ljóst að stóraukið ríkisframlag en minni lántökur styrkja eiginfjárstöðu sjóðanna verulega. En hins ber að geta að í grg. með frv. til laga um þessa sérstöku fjáröflun til húsnæðismála er áætlað að ráðstafa henni:

1. Til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunarinnar sem hefur það hlutverk að leiðbeina, aðstoða og lána þeim sem komnir eru í greiðsluerfiðleika.

2. Til greiðslujöfnunar vegna fasteignaveðlána einstaklinga.

3. Til að auka áherslu á lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Vitað er að fjöldi húsbyggjenda og íbúðarkaupenda á við verulega erfiðleika að stríða og í verkefnaskrá ríkisstj. í húsnæðismálum hefur hún gefið ákveðin fyrirheit um frekari stuðning við þetta fólk. Því tel ég ljóst að hluta af þessu sérstaka fjármagni verði að verja til stuðningsaðgerða við þá sem erfiðast eiga.

Ljóst er einnig að það fé, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir til byggingarsjóðanna, gefur ekki mikið svigrúm til að lána út á ný verkefni. Þó svo að reynt yrði að draga úr því að fólk hefji nýframkvæmdir við íbúðarbyggingar er vitað að byggingarsjóðirnir eiga enn eftir að úthluta verulegum upphæðum til þeirra sem þegar hafa lagt út í fjárfestingu.

Mér sýnist því að erfitt verði að ná endum saman varðandi fyrirhuguð og nauðsynleg verkefni byggingarsjóðanna. Ríkisstj. verður að leggja enn harðar en hingað til að lífeyrissjóðunum og bankakerfinu um lánveitingar til húsnæðismála og semja við bankana um enn frekari lengingu skammtímalána. Fimm ára lán eru skammtímalán þegar um húsnæðismál er að ræða, enda veldur glíman við þessi lán langsamlega mestum erfiðleikum hjá húsbyggjendum í dag.

Herra forseti. Það er auðvelt að vera með yfirboð á hvorn veginn sem er. Sumir hefðu viljað ganga enn lengra í sparnaði og niðurskurði sem þá hefði hlotið að bitna á velferðarkerfinu. Á það getum við framsóknarmenn ekki fallist. Aðrir vilja auðvitað ganga lengra í hina áttina og auka útgjöld hins opinbera enn meir. Slíkt er óraunhæft eins og nú er ástatt.

Nýjasta dæmið um slíkan málflutning og yfirboð kemur auðvitað úr herbúðum Alþb., ber yfirskriftina „Brýnustu hagsmunamál bænda" og er eignað hv. þm. Ragnari Arnalds. Í þessum „Arnaldspésa" er kjarni málsins talinn vera:

— hærri niðurgreiðslur,
— áfram útflutningsuppbætur,
— uppbygging sveitavega,
— lægri vextir,
— lægra raforkuverð,
— lægra áburðarverð.

Skyldi ekki höfundur, fyrrv. fjmrh., og flokkur hans bera einhverja ábyrgð á t.d. raforku- og áburðarverði? Svona tillögur eru óábyrgar miðað við núverandi aðstæður og gott dæmi um óábyrgan málflutning Alþb.

Við framsóknarmenn höfum unnið af fullri ábyrgð að því verkefni sem hér er glímt við. Reynt er að fella ríkisfjármálin sem best að þeim markmiðum sem ríkisstj. hefur sett sér í stjórn efnahagsmála. Reynt er að gæta fyllsta aðhalds og sparnaðar á öllum sviðum án þess að draga úr fjárveitingum til velferðarmálanna. Nauðsynlegt reynist að fresta ýmsum þörfum, jafnvel brýnum viðfangsefnum.

Þetta er skynsamlegasta leiðin sem hægt er að fara til að draga úr erlendum lántökum, gæta aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstri og skapa svigrúm fyrir þá nýsköpun atvinnulífsins sem nauðsynleg er til að auka hagsæld og velferð í þjóðfélagi okkar.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Þessi umræða, sem kölluð er 1. umræða um frv. til fjárlaga 1986, er einkennileg sviðsetning og stjórnarflokkunum til lítils sóma. Segja má þó að hún sé í samræmi við það sem á undan er gengið. Síðari hluta sumars og í haust birtust stöðugar fréttir af gerð fjárlagafrv. eins og framhaldssaga í dagblöðunum, sem er alger nýlunda því að yfirleitt er frumvarpsgerðin á fárra vitorði fyrr en plaggið er lagt fram á Alþingi á fyrsta starfsdegi þingsins.

Öllum var ljóst að mikill ágreiningur var í stjórnarflokkunum um gerð frv. Engu að síður þóttu það mikil tíðindi þegar yfirlýsingar tóku að berast frá hinum og þessum fundum Sjálfstfl. um að fjárlagafrv. væri ónýtt plagg sem yrði að endurskoða frá grunni, aðeins örskömmu eftir að þingflokkar beggja stjórnarflokkanna höfðu lagt blessun sína yfir það. Fréttir bárust af hótunum um að stjórnarsamstarfið yrði rofið ef frv. yrði ekki gjörbreytt. Það var því með litlum áhuga sem þm. blöðuðu í þskj. 1 sem búið var að stimpla í bak og fyrir sem marklausan pappír.

Fjvn. lenti í undarlegri aðstöðu. Sú mikla vinna, sem hún verður að inna af höndum, getur ekki dregist von úr viti. Nm. hafa því setið á daglegum fundum og hlýtt á erindi fulltrúa sveitarstjórna, ríkisstofnana og félagasamtaka þar sem fram koma óskir um þeirra hlutdeild í hinum ýmsu liðum fjárlaga sem enginn hafði hugmynd um hvernig líta mundu út í endanlegri mynd.

Á sama tíma hefur setið að störfum önnur nefnd með það að verkefni að skera niður fjárlagaliði með öllum hugsanlegum ráðum. Nýjustu tölur fengum við að heyra fyrst í dag, sama dag og okkur er ætlað að fjalla um þetta frv. í 1. umræðu hér í þinginu. Svo mikið er viðhaft að alþjóð er gefinn kostur á áheyrn.

Kvennalistinn mótmælir þessum vinnubrögðum harðlega. Þau opinbera ekki aðeins ráðleysi og sundurlyndi stjórnarflokkanna heldur einnig yfirgangssemi þeirra og tillitsleysi við stjórnarandstöðuna og síðast en ekki síst virðingarleysi við útvarpshlustendur sem áreiðanlega hafa margt þarfara að gera en að hlusta á orðaflaum þingmanna um óunnið þingmál.

En með tilliti til þeirra sem kunna að vera að hlusta vil ég ítreka þetta: Allan tímann frá því fjárlagafrv. var lagt fram var vitað að því yrði breytt verulega. Allan þann tíma vissu þm. að þetta frv. var ómark. Um breytingar var það eitt vitað að niðurskurður vofði yfir. Fyrst nú í dag sáum við þær tölur sem hæstv. fjmrh. kynnti í ræðu sinni áðan. Snemma í morgun kom hann ásamt föruneyti á örstuttan fund með fjvn. og skýrði þessar tölur í örfáum orðum.

Það er táknrænt að næstu gestir á fund nefndarinnar komu til að kynna óskir um fjárveitingu til að halda áfram byggingu sjúkrahúss norður í landi. En ein þeirra frétta, sem hæstv. fjmrh. færði okkur, var einmitt um 35 millj. kr. niðurskurð í framlögum ríkissjóðs til bygginga sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Margir fleiri eiga eftir að verða fyrir vonbrigðum með þennan niðurskurð sem m.a. bitnar á menningar- og menntastofnunum og

sjóðum eins og Kvikmyndasjóði og Iðnlánasjóði og hann bitnar á Þróunarfélaginu sem verið hefur helsta skrautfjöðrin í hatti ríkisstj.

Enginn tími hefur gefist til að átta sig á því hvað þessar nýju tölur hafa í för með sér í raun og veru. Skýringar hæstv. fjmrh. eru ekki til mikils gagns með þessari fljótaskrift. Ég vil þó óska honum og öðrum ráðherrum góðs gengis við niðurskurð í almennum rekstri sem hann sagði einkum verða fólginn í hertum reglum varðandi risnu og ferðakostnað og fleira af því tagi. Kvennalistinn hefur æ ofan í æ og alveg frá upphafi bent á þessa sparnaðarleið og styður það eindregið ef nú á að ráðast gegn þeirri óráðsíu af einhverri alvöru.

Vissara er þó eflaust að lofa það framtak ekki um of fyrr en séð verður hvernig til tekst. En ástæða er til að ætla að ríkisstj. sé alvara með slíkar aðgerðir þegar hæstv. forsrh. er farinn að barma sér opinberlega yfir fjáraustri í risnu og ferðalög á vegum ríkisins og m.a. að gagnrýna eigin flokksmenn fullum hálsi. Var athyglisverð frétt um slík orðaskipti í Morgunblaðinu nýlega, en því miður gat sá, sem einkum hlaut gagnrýnina, ekki svarað fyrir sig þar sem hann var nýlagður af stað í enn eina utanlandsferðina.

Einnig er að finna í þessum nýjustu tölum, sem fjmrh. kynnti hér áðan, niðurskurð í virkjanaframkvæmdum sem eru samhljóða hugmyndum Kvennalistans í þeim efnum. Að öðru leyti sé ég ekki efni til að tjá mig um þessar nýjustu tölur. Enginn tími hefur gefist til að kynna þær þingflokki Kvennalistans hvað þá að fjalla um þær á breiðari grundvelli. Engin trygging er fyrir því að þetta séu endanlegar tölur eða haldbetri en fyrri tölur frá þessum aðilum sem réttast væri að kalla áhugahóp um gerð fjárlagafrv. og virðist helst ætla að gera þetta eina frv. að ævistarfi. Engar ákvarðanir liggja fyrir um nýjar verðlagsforsendur né heldur hvort þær verða látnar ná til allra liða frv. eða bara sumra.

Af þeim ástæðum, sem ég hef nú rakið, er enginn grundvöllur til að fjalla um einstaka liði þessa frv. Það hlýtur að bíða 2. umræðu ef áhugahópurinn um gerð fjárlagafrv. verður þá orðinn nokkru nær um markmið og leiðir í sameiginlegum heimilisrekstri okkar landsmanna.

Herra forseti. Umbúðirnar um þetta frv., sem hér á að heita til umræðu, eru að sönnu laglegar. Ýmsu hefur verið breytt um ytra form þess sem gerir það skiljanlegra en áður og sýnu betra yfirlit yfir fjárhagsáætlun ríkisins í heild. En laglegar umbúðir megna ekki að fela kreppusvip og kolrangar áherslur sem einkenna innihaldið, hverjar svo sem endanlegar tölur verða. Verra er þó, og verst af öllu, að spámenn ríkisstj. vilja ekki gefa fólki neina von um betri tíð. Ef marka má spána, sem fram kemur í VII. kafla grg. frv. um horfur í fjármálum ríkisins 1986—1988, sér núverandi ríkisstj. engin ráð til að bæta hag ríkissjóðs og þar er engar vísbendingar að finna um breyttar áherslur eða sókn fram á við. Stefna þessarar ríkisstj. í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt er stórhættuleg. Hún grefur undan afkomuöryggi fólks í landinu og sviptir það allri trú á framtíðina.

Kvennalistinn hélt landsfund um síðustu helgi. Engum tíma var þar eytt í deilur, hvorki um menn né málefni, heldur unnið markvisst og með jákvæðu hugarfari. Ályktanir voru samþykktar í ýmsum málaflokkum. Þær innihéldu ekki aðeins harða gagnrýni á stefnu og vinnubrögð núverandi ríkisstj., heldur bentu einnig á úrræði og leiðir. Í ályktun fundarins um efnahagsmál var varað eindregið við afleiðingum af stefnu núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum. Þar sagði enn fremur, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hælir sér af því að hafa náð niður verðbólgunni en ágæti þess árangurs er í raun mikil blekking. Verðbólgan náðist að vísu niður með stórkostlegum fórnum launafólks en er nú aftur komin á flug og er nálægt 40%. Það kann að hljóma vel í eyrum þeirra sem kynnst hafa yfir 100% verðbólgu en hafa ber í huga að aðstæður eru nú svo gjörólíkar að 40% verðbólga nú hefur aðrar afleiðingar en hún hafði fyrir nokkrum árum þar sem skuldir einstaklinga og fyrirtækja eru nú verðtryggðar og með háum vöxtum. Við þessar aðstæður verða stórkostlegar eignatilfærslur og ástæða er til að óttast þær afleiðingar að innan fárra mánaða standi skuldugt fólk uppi eignalaust og fyrirtæki, sem standa undir afkomu okkar, verði gjaldþrota.

Hugmyndir ríkisstj. í skattamálum virðast fela í sér að enn eigi launafólk aðallega að bera byrðarnar. Hún stefnir að því að koma á flötum neyslusköttum, en slíkir skattar leggjast þyngst á þá sem enga skatta ættu að bera. Kvennalistinn andmælir slíkum hugmyndum og leggur áherslu á að hinir vel stæðu beri stærri hluta af byrðum samfélagsins.

Við þær aðstæður upplausnar og óöryggis í efnahagslífi okkar sem nú ríkja er illmögulegt að byggja upp traust atvinnulíf og tryggja örugga afkomu fólks í landinu. Kvennalistinn leggur áherslu á að frekari lausnir í efnahagsmálum verði ekki með þeim hætti að þær grafi undan afkomuöryggi íslenskra heimila.

Kvennalistinn styður hugmyndir um veltuskatta og stighækkandi eignarskatta.

Kvennalistinn leggur þunga áherslu á að lögum um bann við vaxtaokri sé framfylgt og skorar á stjórnvöld að stuðla að almennri lækkun vaxta. Þó raunvextir séu eðlilegir eru okurvextir óþolandi."

Í ályktun landsfundar Kvennalistans um húsnæðismál segir m.a., með leyfi forseta: „Fjölmörg heimili í landinu eru á barmi gjaldþrots sem rekja má til efnahagsráðstafana ríkisstj. Núverandi ríkisstj. virðist hvorki hafa vilja né getu til að leysa þennan vanda. Það virðist nú gert ráð fyrir að viðbótarskattlagning vegna sérstakrar fjáröflunar til húsnæðismála eigi öll að renna til hefðbundinna útlána á vegum Húsnæðisstofnunar. Ekkert á að fara til að leysa vanda þess fólks sem nú á í mestum erfiðleikum. Það á að auka vandann en ekki að leysa hann.

Nú þegar verður að grípa til ráðstafana. Frestun nauðungaruppboða og breyting skammtímalána til lengri tíma eru aðgerðir sem hægt er að grípa til strax. Framlag ríkissjóðs í gegnum skattakerfið í formi vaxtafrádráttar þarf að renna til þeirra sem eiga í mestum erfiðleikum en ekki til þeirra sem mestar eignir eiga og eru tekjuhæstir.

Við viljum breytta stefnu í húsnæðismálum þar sem fólki verði tryggt húsnæði án þess að það þurfi að leggja á sig ok vinnu og skuldaklafa. Endurskoða verður lánakjör þeirra sem eignast vilja húsnæði til eigin afnota. Við viljum stórauka byggingu leiguhúsnæðis og styðjum búseturéttarhugmyndina. Það má öllum vera ljóst að lausn á húsnæðisvandanum kostar peninga. Húsnæðismálin og önnur mál, er varða mannlega

velferð, verða að koma framar í forgangsröðina en nú er."

Á bls. 303 í grg. fjárlagafrv. geta menn fræðst um vilja ríkisstj. og áhuga á þessum málaflokki. Þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Framlög til íbúðarlánasjóða lækka um tæp 22% á milli áranna 1986 og 1987 en lög um sérstaka fjáröflun til sjóðanna taka aðeins til áranna 1985 og 1986. Í spánni fyrir 1987 og 1988 er gert ráð fyrir að heildarframlag til íbúðarlánasjóðanna lækki úr 1600 millj. kr. 1986 í 1250 millj. kr. 1987 og 1988."

Þetta er stefna stjórnarflokkanna í húsnæðismálum. Man nú enginn lengur loforð þeirra fyrir síðustu kosningar þegar digurt var talað um 80% húsnæðislán til 44 ára? Þetta eru efndirnar.

Í atvinnumálum er stóriðjumartröðin enn fyrirferðarmikil í stefnu þessarar ríkisstj. Þó virðist hún nú vera að átta sig á því, að vissu marki a.m.k., að helsta auðlind okkar er fólkið sem byggir þetta land, hugvit þess og þekking. Það veldur hins vegar áhyggjum að um leið og farið er að tala af alvöru um tækniþekkingu sem leið í uppbyggingu atvinnulífs heyrast hugmyndir úr herbúðum stjórnarliðs um það að Íslendingar nýti sér hugvit sitt í þágu vígbúnaðar og taki þátt í vopnaframleiðslu.

Slíkum hugmyndum mótmælir Kvennalistinn harðlega. Íslendingar hafa aldrei borið vopn á aðrar þjóðir og mega aldrei gerast þátttakendur í gjöreyðingaráformum sem vopnaframleiðslu fylgja.

Í ítarlegri ályktun landsfundar Kvennalistans um atvinnumál er lögð áhersla á að Íslendingar eru fyrst og fremst matvælaframleiðendur og eiga ýmsa ónýtta möguleika á því sviði þar sem taka ber mið af vaxandi kröfum um ómengaða framleiðslu. Smáfyrirtæki eru og verða kjölfestan á sviði iðnaðar og í orkukerfi landsins er mikil umframorka sem nýta ber til eflingar smáiðnaði, t.d. með því að bjóða framleiðslufyrirtækjum lágt verð utan álagstíma.

Herra forseti. Við höfum heyrt fréttir af stórkarlalegum yfirlýsingum á stjórnmálafundum úti um landið þar sem menn hrósa sér af því að vera blóðugir upp að öxlum í niðurskurði og hafa sparað þjóðinni milljarða á milljarða ofan. Ekki sér þess nú stað í búskapnum okkar. En betur værum við stödd nú ef farið hefði verið af meiri gát í virkjanaframkvæmdir, flugstöðvarbyggingu og aðrar slíkar framkvæmdir strax í upphafi þessa samdráttartímabils. Og betur yrðum við sett í lok þessarar aldar ef stjórnvöld skildu að það er alls ekki sama hvort við segjum: „Efling afvinnulífs og hagsældar þjóðarinnar er grundvöllurinn að eflingu menntunar og þekkingar í landinu", eða: „Efling menntunar og þekkingar er grundvöllurinn að uppbyggingu atvinnulífs og hagsældar þjóðarinnar."

Útvarpsumræðum lokið og umr. frestað.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en lengra verður haldið verður nú snúið sér að viðfangsefnum sem ekki vannst tími til að sinna í byrjun fundarins.

Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 12. nóv. 1985:

Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á leið til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Ólafur Ragnar Grímsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Ólafur Ragnar Grímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Fjárlög 1986, stjfrv. 1. mál (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Þessar umræður hafa verið athyglisverðar á marga lund. Meginniðurstaða þeirra er sú að það er í reynd viðurkennt að náðst hefur verulegur árangur í stjórn ríkisfjármála með því frv. sem hér liggur fyrir til fjárlaga og þeim brtt. sem kynntar hafa verið hér við umræðuna. Það er athyglisvert að talsmenn Alþb. og annarra stjórnarandstöðuflokka hafa lýst því yfir að þeir treysti sér ekki að ræða efni frv. við þessa umr. Í því felst viðurkenning á því að ríkisstj. hefur náð því meginmarkmiði, sem hún setti sér í upphafi, að tekjur skyldu mæta gjöldum og að erlend lán yrðu ekki meiri en sem nemur afborgunum af eldri lánum. Þetta voru meginmarkmiðin og þeim tókst að ná með því fjárlagafrv. sem fyrir liggur.

Því hefur verið haldið fram í þessari umræðu, fyrst af hv. 5. þm. Reykn., að því hafi verið lýst yfir af hálfu sjálfstæðismanna að frv. væri ónothæft og marklaust plagg. Þetta er auðvitað rangt. Þetta hefur aldrei verið sagt af hálfu ríkisstj. eða Sjálfstfl. Þetta eru orð stjórnarandstæðinga sjálfra sem þeir leggja öðrum í munn.

Ég vil af þessu tilefni rifja upp hvers vegna ákveðið var að gera tillögur um breytingar á fjárlagafrv. Á sameiginlegum fundi miðstjórnar og þingflokks sjálfstæðismanna í Stykkishólmi var, með leyfi forseta, gerð svofelld bókun:

„Vegna ábendinga og tillagna, sem fram komu á fundunum, ítrekaði formaður flokksins þá stefnu Sjálfstfl. að utanríkisviðskipti verði sem næst hallalaus og að skuldasöfnun erlendis verði stöðvuð. Hann taldi nauðsynlegt að efnahagsstefna ríkisstj. þjónaði þessu markmiði, þar á meðal gerð fjárlaga, lánsfjárlaga og þjóðhagsáætlunar. Drög að þjóðhagsáætlun, sem fyrir liggja frá Þjóðhagsstofnun, þyrfti því að endurskoða til samræmis við þessa yfirlýstu stefnu. Vegna breytinga sem af því kunna að leiða væri því einnig nauðsynlegt að móta tillögur um sparnað og niðurskurð ríkisútgjalda við meðferð Alþingis á fjárlagafrv. og munu ráðherrar flokksins leggja því starfi lið þannig að unnt verði að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár án rekstrarhalla. Formaður taldi að með samdrætti opinberra útgjalda væri best stuðlað að jafnvægi á vinnumarkaði og þannig skapað skilyrði fyrir því að þensla og launaskrið spillti ekki viðleitni til að bæta kjör hinna lægst launuðu."

Ástæðan fyrir því að menn töldu nauðsynlegt að ná

frekari árangri en að var stefnt voru þær breytingar sem þá höfðu orðið á erlendum gjaldeyrismörkuðum og settu okkur sem þjóð auðvitað í nýja aðstöðu. Á grundvelli þessarar bókunar var ákveðið að gera tillögur um frekara aðhald í ríkisútgjöldum. Að því hefur verið unnið. Sá árangur hefur náðst á mjög skömmum tíma með markvissum vinnubrögðum og þær niðurstöður hafa verið kynntar hér.

Árangurinn er sá að það hefur tekist með þessu að lækka lántökuáform um 800 millj. kr. Það hefur tekist að ná meiri og betri jöfnuði í rekstri ríkissjóðs en að var stefnt og tekin hefur verið ákvörðun um að falla frá 400 millj. kr. áður fyrirhugaðri skattlagningu í formi söluskatts. Þetta er umtalsverður árangur. Ég skil mætavel að stjórnarandstaðan treysti sér ekki til þess að viðurkenna að svo sé, a.m.k. ekki frammi fyrir þjóðinni, og ég er viss um að íslenska þjóðin hefur meðaumkun með þeirri stjórnarandstöðu sem ekki vill viðurkenna það að ríkisstj. hefur að þessu leyti náð árangri, en ég hygg líka að afstaða þjóðarinnar sé bundin við þá meðaumkun.

Það hefur verið rækilega á það bent að í ýmsum efnum er þetta frv. nú betur úr garði gert en áður, m.a. vegna þeirra breytinga sem fyrrv. fjmrh. beitti sér fyrir. Það gefur nú skýrari og gleggri mynd af heildarstöðu fjármála ríkisins.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um ræðu hv. 5. þm. Reykn. Gífuryrði hans um nefnd sláturleyfishafa og annað í þeim dúr lýsa því best hversu mikil málefnafátækt er í herbúðum stjórnarandstöðunnar, hversu fátt þeir hafa fram að færa til gagnrýni á þetta frv.

Hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson, lýsti því yfir að hann gæti ekki fjallað um frv. Þess í stað fjallaði hann um landsfund Alþb. Mér skilst af fréttum að þar hafi tekist á lýðræðiskynslóðin innan flokksins og flokksræðiskynslóðin sem hann er fulltrúi fyrir. Krafa lýðræðiskynslóðarinnar var sú að fá völdin í flokknum. Vandamál flokksins væru í því fólgin að flokksræðiskynslóðin, sem á fulltrúa sína hér á Alþingi, réði of miklu og vandamálin væru í því fólgin að það væru forustumennirnir og þingmennirnir sem tækju ákvarðanir og töluðu fyrir hönd flokksins. Til þess að koma flokknum á réttan kjöl á nýjan leik þyrfti lýðræðiskynslóðin að fá að taka ákvarðanir og tala fyrir hönd flokksins. Mér skilst að það sé einmitt lýðræðiskynslóðin sem hafi unnið á þessum fundi og nú sé það hún sem eigi að taka ákvarðanir og afstöðu til mála og tala fyrir hönd flokksins.

Það er auðvitað skýringin á því að hv. 3. þm. Reykv., formaður Alþb., lýsti því hér yfir að hann gæti ekki talað um efni frv. Nú eru það aðrir en formaðurinn sem eiga að taka ákvarðanir og fjalla um þessi mál og lýsir kannske best þeim vanda sem Alþb. er í. Þess í stað las hann upp lofgjörðarlista, lofgjörðarlýsingu um sjálfan sig og flokkinn að hætti Kim Il Sung.

Hann drap þó á eitt atriði í stefnuyfirlýsingu Alþb. að því er varðar húsnæðismál. Það er kannske rétt að rifja upp í því sambandi að á 4. ársfjórðungi 1981 námu lán frá Húsnæðisstofnun 19,4% af kostnaðarverði staðalíbúðar, en þá var hv. 3. þm. Reykv., ef ég man rétt, félmrh. og bar ábyrgð á þeim málaflokki. Á 4. ársfjórðungi þessa árs, 1985, námu lán frá Húsnæðisstofnun 29,1% af kostnaðarverði. Þau hafa með öðrum orðum hækkað um 50%. Lánsfjárhæð til nýbygginga staðalíbúðar er í dag 916 þús. kr. Ef sama hlutfall af kostnaðarverði hefði gilt í dag og 1981 ætti lánsfjárhæð að vera 611 þús. kr., en það felur í sér að lánin hafi í reynd verið hækkuð um 50%. Þetta er það sem hv. 3. þm. Reykv. getur stáð af og ætli nokkur trúi því, eftir þann viðskilnað sem raun varð á í félmrn. þegar hann fór, að Alþb. undir hans forustu geti bætt um betur í því efni? Ég hef litla trú á því.

Hv. 3. þm. Vestf. vék að ýmsum athyglisverðum atriðum í sinni ræðu. Hann gat þess að það væri um tvennt að velja: að halda áfram að óbreyttu og horfast í augu við stóraukna skattheimtu ella yrðum við að gerbreyta fjárlagagerðinni. Það voru einmitt þessi atriði sem ég vakti athygli á í ræðu minni fyrir fjárlagafrv. og ég tel að við höfum með þeim brtt. sem hér voru kynntar stigið skref í því að breyta fjárlagagerðinni. Við höfum horfst í augu við að það verður að spyrna við fótum eigi að koma í veg fyrir stóraukna skattheimtu. Að þessu leyti falla sjónarmið okkar saman.

Hann benti einnig á að kerfi óbeinnar skattheimtu er á ýmsan hátt hrunið og þar verður að byggja upp frá grunni. Að hans mati á að endurbyggja söluskattskerfið. Ég hef um það verulegar efasemdir og tel meiri líkur á því að með raunhæfum hætti verði staðið að þessu verki með því að koma á virðisaukaskatti.

Það kom einnig fram að hann og hans flokkur eru sammála því sem unnið hefur verið að um lækkun tekjuskatts af almennum launatekjum. Að þessu hefur verið unnið. Fyrsti áfanginn kom til framkvæmda á þessu ári og með þessu frv. er ákveðið að stíga annað skref á næsta ári.

Hann vék einnig að því að Alþfl. teldi nauðsynlegt að stórauka eignarskatt með stighækkun eignarskatts. Í þessu sambandi vil ég benda á að dreifing eigna í landinu er býsna jöfn. Staðan er sú að innan við 1% framteljenda eiga eignir sem eru yfir 4 millj. kr., en þeir greiða 25% af eignarskattinum. Ég hygg að þessi einfalda staðreynd lýsi því best hversu erfitt er að ná inn umtalsverðum tekjum með stighækkandi eignarskatti. Ef það markmið ætti að nást yrði að leggja skatt á almennar eignir undir 4 millj. kr. Ég tel ekki að það sé skynsamlegt við þessar aðstæður að leggja auknar byrðar á venjulegar fjölskyldur í landinu sem eiga eignir undir 4 millj. kr. Þess vegna er ég ekki sammála þessum þætti í tillögugerð þeirri sem hv. 3. þm. Vestf. lýsti hér fyrir hönd síns flokks.

Hann gat þess einnig að það yrði að horfa á breytingar á útgjaldahlið frv. Í því efni yrði m.a. að taka meira tillit til sjálfstæðra stofnana ríkisins en ekki einungis að horfa á A-hluta frv. Þær brtt. sem lýst hefur verið og ríkisstj. hefur samþykkt að leggja til taka einmitt á þessu verkefni. Þar er verið að taka á sjálfstæðum stofnunum utan við A-hluta ríkissjóðs og draga úr útgjöldum þeirra þannig að í þessu efni er þegar verið að framkvæma það sem hv. 3. þm. Vestf. taldi að menn ættu að stefna að.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þau atriði sem fram komu í þessari umræðu. Hún var um margt athyglisverð. Meginatriðið er að þrátt fyrir skamman tíma hefur tekist að gera tillögur um breytingar á þessu frv. sem gera það að virkara tæki til þess að við náum efnahagslegum markmiðum, getum lækkað erlendar skuldir án þess að höggva í velferðarkerfið og án þess að skerða kaupmátt launa sem ég tel að sé mjög mikilvægt grundvallaratriði þegar við glímum nú við

þau verkefni sem óleyst eru á sviði efnahags-, kjara- og atvinnumála. Frv. með þeim breytingum sem hér hefur verið lýst miðar að því að við náum betra jafnvægi í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Efri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1986, stjfrv. 2. mál (þskj. 2). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 sem liggur frammi á þskj. 2.

Íslenska efnahagslífið einkennist um þessar mundir af mikilli eftirspurn og of miklum viðskiptahalla. Það eru þó batamerki að framleiðsla og útflutningur sjávarafurða hefur verið að aukast, en hitt er ljóst að óheft eftirspurn innanlands leiðir til aukinnar verðbólgu og það á sinn hátt til aukins viðskiptahalla sem aftur leiðir til aukinnar skuldasöfnunar þjóðarbúsins erlendis.

Ég mælti í gær fyrir frv. til fjárlaga. Þá voru kynntar ýmsar aðhaldsaðgerðir á sviði opinberra fjármála sem ætlað er að draga úr þenslu í hagkerfinu. Dregið verður úr eftirspurn til opinberra nota, bæði samneyslu og fjárfestingar. Með þeim aðgerðum, sem kynntar hafa verið og Alþingi hefur fengið til meðferðar, verður dregið úr erlendum lántökum um 800 millj. kr. Þar af leiðir að gera þarf nokkrar breytingar á því frv. til lánsfjárlaga, sem hér er til umræðu, í samræmi við þessar breyttu forsendur.

Ég ætla nú að fjalla um lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga í stuttu máli eins og það liggur fyrir sem hluti af heildarumfjöllun um opinber fjármál.

Það er ljóst að fjárfesting í hlutfalli af þjóðarframleiðslu stefnir í það að vera heldur lægri 1986 en hún var 1985. Þetta hlutfall hefur stöðugt farið lækkandi á undanförnum áratug eða úr rúmum 30% af vergri þjóðarframleiðslu í um 21% á árinu 1986 eftir því sem nú er ráðgert. Viðskiptahalli er eigi að síður orðinn viðvarandi. Of hægt hefur gengið að lækka hann þó svo fjárfesting hafi með þessum hætti dregist saman.

Ég tel það líka vera umhugsunarefni hversu langt megi ganga á þeirri braut að draga úr fjárfestingu. Í flestum tilvikum er fjárfesting undirstaða verðmætasköpunar í framtíðinni, enda skili hún eðlilegum arði. Fjárfesting hér hefur ekki að mínu mati skilað sambærilegum arði og þekkist hjá þeim þjóðum sem við viljum jafna okkur við um lífskjör, en það hlýtur að vera höfuðatriði að stuðla að því að fjárfestingin gefi af sér sambærilegan ávöxt og hjá öðrum þeim þjóðum sem við viljum jafna okkur til og því meir sem við þurfum á lánum að halda til fjárfestingar, því arðbærari verður fjárfestingin að vera.

Fjárfesting í landinu hefur um árabil í ríkum mæli verið fjármögnuð með erlendum lántökum. Það er því sannarlega áhyggjuefni hvað innlendur heildarsparnaður hefur dregist mikið saman. Hann var um 25% á síðasta áratug, en er nú áætlaður tæp 18% á árinu 1986, mældur á mælikvarða þjóðarframleiðslunnar. Á hitt er þó að líta að peningalegur sparnaður í bankakerfinu hefur í kjölfar breyttrar peningastefnu aukist á þessu ári og þar er um ótvírætt batamerki að ræða, enda má öllum vera ljóst að sparnaður er forsenda fyrir því að okkur takist að vinna okkur út úr þeim örðugleikum sem við höfum verið að glíma við og vaxandi peningalegur sparnaður í bankakerfinu er góð vísbending um árangur í þessu efni.

En skv. lánsfjáráætlun er talið að fjárfesting í landinu dragist saman um 2,5% árið 1986 frá því sem verður í ár. Framkvæmdir atvinnuvega eru taldar dragast saman um 2,7% og opinberra aðila um 4,2%. Hins vegar er gert ráð fyrir óbreyttu umfangi í íbúðabyggingum, en útlit er nú fyrir að þær dragist saman um 10% í ár.

Í fjárfestingaráformum atvinnuveganna vegur þyngst fjórðungssamdráttur í kaupum á flutningatækjum. Þar koma fyrst og fremst til álita minni kaup á flutningaskipum og flugvélum.

Á flestum sviðum opinberrar mannvirkjagerðar er fyrirhugaður mikill samdráttur nema í samgöngumannvirkjum og hitaveituframkvæmdum. Samgönguframkvæmdir munu aukast allt að 6,8% á árinu 1986 frá fyrra ári. Þar vega þyngst auknar framkvæmdir við flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli og aukin vegagerð. Þá munu á vegum Hitaveitu Reykjavíkur verða umfangsmiklar framkvæmdir, en áætlað er að raforkuframkvæmdir dragist þó saman. Þar munar mest um samdrátt í framvæmdum Landsvirkjunar.

Í ljósi þeirra brtt. sem ég kynnti í framsögu með fjárlagafrv. í gær er talið að opinberar framkvæmdir dragist saman um 10% árið 1986 í stað 4,2% eins og áður var áætlað.

Við gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1986 var markvisst stefnt að takmörkun erlendrar lántöku. Óhjákvæmilega koma slíkar ráðstafanir niður á mikilvægum framkvæmdaliðum og seinka verklokum einstakra framkvæmda. Ég nefni í þessu sambandi flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, ýmsar framkvæmdir á sviði orkumála og framkvæmdir atvinnuveganna sem hið opinbera hefur meðalgöngu um varðandi fjárútvegun. Ákveðið er að lækka lántöku til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs um 300 millj. kr. Lántaka til framkvæmda Landsvirkjunar lækkar um 250 millj. og nemur hún því 490 millj. kr. Að athuguðu máli er talið gerlegt að fresta Blönduframkvæmdum og gera því ráð fyrir gangsetningu virkjunarinnar fyrst árið 1990. Takist samningar hins vegar um orkusölu til stórnotenda, sem jafnframt kunna að kalla á að framkvæmdum verði flýtt, er talið heppilegt að heimild verði til aukinnar lántöku 1986 eins og fram kemur í lánsfjárlagafrv.

Þá er ákveðið að lækka lánsfjáröflun til Þróunarfélagsins um 50 millj. kr. og verður hún því um 100 millj., en að auki verður til ráðstöfunar fé sem heimilað var að taka að láni árið 1985 svo og hlutafé félagsins.

Með aðhaldi og beinni lækkun á framkvæmdum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja er stefnt að tvennu: lækkun á fyrri áformum um erlenda lántöku og því að eigin fjármögnun ríkisfyrirtækja verði meiri en verið hefur undanfarin ár.

Á árinu 1984 nam til að mynda hlutdeild lánsfjár-

mögnunar í opinberum framkvæmdum 31%. Horfur eru á að þetta hlutfall lækki í 24% á þessu ári, en með því frv. sem nú er til umræðu er að því stefnt að enn frekari lækkun verði á þessu hlutfalli og það fari í um 19% og það verði 16% eftir þær breytingar sem tillaga hefur verið gerð um varðandi aðhald í umsvifum opinberra aðila.

Hér að framan hefur verið dregin upp gróf mynd af fjárfestingaráformum á árinu 1986 og kem ég þá að fjáröflunarþættinum.

Lánsfjáráætlun sú sem fram kemur í fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að heildarlántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja nemi 11 526 millj. kr. Þar af er ráðgert að afla 3590 millj. kr. innanlands og 7936 millj. kr. með erlendum lántökum. Lántökur ríkissjóðs eru áætlaðar alls 4574 millj. kr. Þar af renna 920 millj. kr. til ráðstöfunar B-hluta fyrirtækja og 3654 millj. kr. til eigin þarfa A-hluta ríkissjóðs. Ráðgert er að afla um 1850 millj. kr. innanlands með sölu spariskírteina og 2724 millj. kr. með erlendum lántökum, en þessi fjárhæð lækkar síðan um 500 millj. í samræmi við þær brtt. sem kunngerðar hafa verið.

Til húsbyggingarsjóðanna er ráðgert að afla 1200 millj. kr., en lántökum hjá þessum sjóðum hefur nær eingöngu verið beint til húsnæðislánakerfisins. Til lánastofnana, þ.e. Framkvæmdasjóðs, Byggðastofnunar, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Iðnþróunarsjóðs, er ráðgert að afla alls 2212 millj. kr. Þar af eru 1672 millj. kr. fengnar með lánsfjáröflun erlendis og 540 millj. kr. með lánsfjáröflun hér innanlands.

Að síðustu er að nefna erlendar lántökur atvinnufyrirtækja sem ráðgert er að nemi 2535 millj. kr. á næstu árum.

Tilhögun innlendu lántökunnar er í öllum meginatriðum eins og verið hefur undanfarin ár. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fjalla um sérhvern lið hennar, en ræða hana því meira almennum orðum.

Að ýmsu leyti hefur innlendur lánsfjármarkaður undanfarin tvö ár ekki verið í því jafnvægi sem skyldi. Eftirspurn einkaaðila og hins opinbera eftir lánsfé hefur verið umfram framboð. Afleiðingarnar hafa komið fram í alvarlegu misvægi á lánamarkaði og þurrð á sparifé til varanlegrar fjárfestingar. Snúist hefur verið við þessum vanda með raunhæfari ávöxtunarkjörum af hálfu opinberra aðila og auknu frjálsræði til samkeppni um kjörin. Aukin og harðnandi samkeppni um sparifé hefur um sinn gert opinberum aðilum sérstaklega erfitt fyrir um lánsfjáröflun. Ástandið virðist þó smám saman vera að færast til betri vegar með vaxandi peningalegum sparnaði og betra jafnvægi milli innlána og útlána bæði á vegum bankakerfisins og almennt á lánamarkaði.

Á yfirstandandi ári hefur markaður fyrir spariskírteini ríkissjóðs einkennst af mikilli innlausn eldri skírteina með óhagstæða ávöxtun. Er reiknað með að svo verði áfram á árinu 1986, en þó er talið að afla megi 350 millj. kr. sem nýrrar lántöku þrátt fyrir 1500 millj. kr. innlausn eldri bréfa. Með þessu er jöfnum höndum gert ráð fyrir því að spariskírteinin verði látin bera þá ávöxtun sem dugir í samkeppni við önnur ávöxtunarkjör og að kynning þeirra takist svo sem efni standa til.

Verðbréfakaup bankakerfisins voru áður fyrr mun veigameiri en þau eru áætluð á árinu 1986. Upphaflega námu þau 10% af innlánaaukningu viðskiptabankanna en lækkuðu síðan í 4%. Á yfirstandandi ári skyldi miðað við 5%, en í reynd hefur framkvæmdin verið sveigjanleg. Ríkissjóður hefur sleppt tilkalli til þessa fjár og hefur það upp á síðkastið runnið eingöngu til Framkvæmdasjóðs.

Ég nefni þetta atriði hér því um er að ræða stjórn á peningamálum bankakerfisins þó í smáum stíl sé. Það er deginum ljósara að eigi efnahagsstefnan að vera árangursrík þarf fjármála- og peningastefnan að vera ein samræmd heild. Í því efni þurfa menn auðvitað að vera samstiga.

Ég tel ekki ástæðu til lengri framsögu fyrir því lánsfjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Ég treysti því að í góðri samvinnu við hv. fjh.- og viðskn. megi ljúka meðferð og afgreiðslu frv. sem fyrst hér í hv. deild þannig að það geti orðið að lögum fyrir jólaleyfi þm. Reynsla undanfarinna ára sýnir að það er í senn mjög bagalegt og kostnaðarsamt þegar afgreiðsla frv. dregst fram á fjárhagsárið sem lögin eiga að taka til.

Frú forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á þessi ávarpsorð mín vegna þess að ég kann ekki að meta ávarpsorð hæstv. fjmrh. til forseta.

Hér hefur verið lögð fram lánsfjáráætlun og viðeigandi frv. til lánsfjárlaga. Frv. var lagt fram á réttum tíma í samræmi við nýsett lög þar um og er það sannarlega góðra gjalda vert. Hitt er öllu lakara að framlagning fjárlaga og lánsfjáráætlunar reynist að þessu sinni hafa verið algert ómark eða öllu heldur feilskot út í bláinn og verður þá að segjast að til lítils er barist og lítið unnið ef þau plögg sem lögð eru fram á tilsettum tíma reynast alls ekki þau skjöl sem Alþingi er ætlað að leggja til grundvallar við umræðu mála. Á seinustu vikum hefur það verið að koma í ljós að fjárlög og lánsfjáráætlun eiga að taka verulegum breytingum frá því sem ákveðið hafði verið fyrir tveimur mánuðum af stjórnarflokkunum, samþykkt af þeim, og svo ótrúlegur er þessi hringlandaháttur allur að í einni setningu hjá hæstv. fjmrh. í ræðu hans hér í gær var þjóðinni tilkynnt að einar litlar 400 millj., sem ætlunin hefði verið að afla með hækkun söluskatts, hverfa út úr myndinni og eitthvað allt annað kemur í staðinn án þess að það sé nú mikið frekar útskýrt.

Ég vil leggja á það áherslu þegar í upphafi, þegar ég ræði þennan dæmalausa hringlandahátt núverandi stjórnarflokka, að það er ekki að sjá að hæstv. fyrrv. fjmrh. beri hér fyrst og fremst ábyrgð á. Sökin er bersýnilega hjá þingflokki Sjálfstfl. sem virðist samþykkja eitt í dag og annað á morgun. Þegar við nú tökum afstöðu til fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunar er okkur því engin leið að átta okkur á því hvort hér sé enn um marktækt plagg að ræða, hvort ekki kemur einhver önnur vending upp á næstunni þannig að þessu verði öllu velt við.

Í þeim símskeytastíl um stórákvarðanir sem einkenndi ræðu hæstv. fjmrh. í gær kemur m.a. fyrir þessi ágæta setning: „Hækkun tekna ríkissjóðs vegna breytts vörugjalds er áætluð rúmur 1 milljarður kr.“ Takk fyrir. 1000 millj. kr. nýjar álögur í formi vörugjalds. — En hvers konar álögur eru þetta? Hvað felst á bak við þessa setningu? Það fengu hv. þm. auðvitað ekki að vita og enn síður stjórnarandstæðingar. Það á bara að leggja 1 milljarð, 1000 millj. kr., á í formi breytts vörugjalds og

meira þurfum við ekki að vita.

Auðvitað eru þetta dæmalaus vinnubrögð og svo forkastanleg að engin viðeigandi orð hæfa sem hægt er að flytja af ræðustóli Alþingis.

Ég hef sterkan grun um að lánsfjáráætlun eigi enn eftir að taka verulegum breytingum. Ég hef sterkan grun um að fjárlagafrv. eigi enn eftir að taka verulegum breytingum. Enn er gert ráð fyrir mjög stórfelldum halla í fjárlagadæminu þótt annað sé látið líta út á yfirborðinu. Hæstv. fjmrh. veit það alveg jafnvel og aðrir þm. að það vantar geysilega stórar summur í fjárlagadæmið og þar eru margar tölur verulega vanáætlaðar. Þessar upphæðir kalla annað tveggja á nýja fjáröflun eða nýjar erlendar lántökur sem auðvitað munu breyta í grundvallaratriðum lánsfjáráætlunardæminu. En þetta fáum við þm. ekkert að vita um og erum hér að ræða um lánsfjáráætlun sem engin leið er að botna í hvað raunverulega á að merkja.

Mér er sagt að það vanti raunverulega upp undir milljarð enn í fjárlagadæmið. Ég hygg að flestum stjórnarþm. sé kunnugt um að sú umræða sem hér fer fram nú um fjárlög annars vegar og lánsfjáráætlun hins vegar er ekkert annað en sýndarmennska, yfirvarp til þess að uppfylla formsatriði þannig að hægt sé að vísa þessum málum til fjvn. og halda þar áfram vinnu, en öll hin talnalega umræða er í lausu lofti og byggir ekki á neinum föstum staðreyndum því að allt á þetta eftir að breytast í grundvallaratriðum.

Þó er ljóst af því sem fram hefur verið lagt að áfram mun stefna í erlenda skuldasöfnun þrátt fyrir loforð um hið gagnstæða. Erlendar skuldir þjóðarinnar út á við hafa hækkað mjög verulega í tíð þessarar ríkisstj. Það þekkja allir og þarf ekki að gera hér grein fyrir. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu nemur hækkun erlendra skulda um 29% í tíð þessarar stjórnar. Talan er sem sagt komin langt yfir 60% miðað við útreikningsmáta sem gilt hefur um margra ára skeið og er sá eini útreikningsmáti sem er sambærilegur við það sem var hér fyrr á árum og miðað var við, en ríkisstj. hafði einmitt gefið það loforð, hæstv. fyrrv. fjmrh. fyrir hennar hönd, að erlendar skuldir skyldu ekki fara yfir 60%. Það er kunnugt af umræðu undanfarinna ára að þetta loforð er löngu svikið og það eru engar horfur á því að þetta skuldahlutfall lækki niður fyrir 60% með samþykkt þessa lánsfjárlagafrv.

Ein helsta ástæðan fyrir þessum miklu lántökum er eins og kunnugt er verulegar orkuframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar. Nú væri það auðvitað í lagi ef þar væri um að ræða framkvæmdir sem skiluðu þjóðinni arði að skömmum tíma liðnum. En eins og hv. þm. þekkja afar vel er svo ekki. Orkuframkvæmdir seinustu tveggja ára eru langt umfram þarfir. Það er verið að fjárfesta í orkumannvirkjum bæði norðan heiða og sunnan heiða án þess að fyrir liggi markaður fyrir þá orku. Það er leikur stjórnarflokkanna, áróðursleikur þeirra, að kenna Alþb. um í þessu sambandi, segja í einni setningu: Auðvitað er þetta allt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að kenna. Það var hann sem stóð fyrir þessum framkvæmdum. Það var hann sem tók þessar ákvarðanir og nú er verið að súpa seyðið af ákvörðunum hans. — En þetta er áróður. Þetta er falsáróður sem auðvelt er að lýsa í gegnum með örfáum ábendingum.

Í fyrsta lagi var það aldrei ætlun fyrri ríkisstjórnar, þegar hún setti fram sínar orkuáætlanir, að orkuframkvæmdir yrðu umfram þarfir ef annað kæmi í ljós. Því er auðvitað ekki að leyna að orkuspá hefur verulega breyst. Hún fór að gera það þegar fyrir tveimur árum. Þá hlaut að vera nauðsynlegt að breyta framkvæmdaáætlunum frá því sem Alþingi hafði áður gert ráð fyrir.

Í öðru lagi reiknaði fyrri ríkisstjórn, þar á meðal hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem þá var ráðherra, með því að íslenska ríkið stæði fyrir byggingu kísilmálmverksmiðjunnar á Reyðarfirði og stæði ekki eins og þvara í því máli, bíðandi eftir að einhver draumaprins kæmi úr útlöndum til að frelsa ríkisstj. frá því að hafa frumkvæði í því máli. En það er einmitt það sem gerst hefur að núverandi ríkisstj. hefur ekki viljað láta Íslendinga sjálfa byggja þessa verksmiðju og reka hana heldur beðið eftir að það kæmi erlendur auðhringur og tæki að sér þetta verk. Þess vegna hefur verksmiðjan ekki verið byggð og þess vegna er sú orka, sem ætluð var í þessa verksmiðju, umfram í kerfinu. Sem sagt, ríkisstj. ber alfarið ábyrgð á þeirri umframorku í kerfinu sem má rekja til þessarar ástæðu. Ekkert hefur orðið af framkvæmdum í stað þess að þegar um þessi mál var rætt í fyrri ríkisstjórn var gert ráð fyrir því að þessi verksmiðja tæki til starfa á árinu 1985 eða 1986.

spá hefur verulega breyst. Hún fór að gera það þegar fyrir tveimur árum. Þá hlaut að vera nauðsynlegt að breyta framkvæmdaáætlunum frá því sem Alþingi hafði áður gert ráð fyrir.

Í öðru lagi reiknaði fyrri ríkisstjórn, þar á meðal hv. þm. . . . þm.

Í öðru lagi hefur núverandi ríkisstj. mænt vonaraugum til svissneska álhringsins, að hann tæki sér fyrir hendur að stækka álbræðsluna í Straumsvík um 50% og þar yrði verulegur orkumarkaður fyrir hendi. Af þessari ástæðu hefur Landsvirkjun haldið áfram framkvæmdum, bæði norðan heiða og sunnan heiða, í þeirri von að álhringurinn yrði kaupandi að verulegu orkumagni. Sem betur fer hefur þetta brugðist því að þjóðin hefði svo sannarlega stórtapað á þeim viðskiptum.

Svissneski álhringurinn hefur aldrei verið reiðubúinn til að kaupa orku af okkur Íslendingum öðruvísi en verðið væri langt undir kostnaðarverði. Sú afstaða er óbreytt. Það hefur eitthvað staðið í núverandi stjórnvöldum að gera slíkan samning við svissneska álhringinn enn sem komið er, en þó má greina það af áróðri stjórnarsinna, sérstaklega fyrrverandi orkuráðherra Sverris Hermannssonar og leiðaraskrifum Morgunblaðsins, að þessir aðilar séu að búa þjóðina undir að hún verði að taka því að orkan verði seld á miklu lægra verði en þjóðin verður að greiða í kostnað vegna framleiðslu orkunnar.

Tölur, sem áður þóttu sjálfsagðar og óhjákvæmilegar sem viðmiðun við orkusölu til erlendra aðila, þ.e. 18—20 mill, eru nú taldar fjarstæða af talsmönnum stjórnarflokkanna, m.a. af hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni sem hefur látið hafa það eftir sér að ekki sé raunhæft að selja orkuna á þessu verði og við verðum að sætta okkur við eitthvað miklu lægra verð.

Það er sem sagt ýmislegt að gerast í þessum málum þessar vikurnar og mánuðina. Núverandi stjórnarflokkar eru greinilega að búa sér til nýja víglínu. Þeir eru að búa sig undir að hörfa með sitt lið frá þeirri víglínu sem þeir höfðu áður skapað sér, að það yrði að selja orkuna á kostnaðarverði, og eru að búa sig undir að hrekjast í

að gera samninga um orkusölu þar sem yrði um stórkostlegt tap að ræða fyrir þjóðina.

Nú veit ég að sjálfsögðu ekki hvert er viðhorf núverandi iðnrh. til þessara mála. En af því að hann er hér nærstaddur og heyrir mál mitt verð ég aðeins að segja það að við hv. þm. yrðum honum þakklátir ef hann gæti eitthvað upplýst okkur um það hver séu áform hans í þessum efnum. Því að sannarlega ber ég þá von í brjósti fyrir hönd þjóðarinnar og hagsmuna hennar að hann muni stinga hér við fótum og neita að gera samninga við svissneska álhringinn á þeim nótum sem maður hefur orðið var við að væru áform ýmissa í hans flokki. Ef hann gæti upplýst okkur eitthvað um þá hlið málsins yrðum við þakklátir honum því að það hlýtur að skipta ákaflega miklu máli í þessu samhengi öllu hvort til stendur að gera nýja orkusölusamninga eða ekki.

En sem sagt, þetta eru aðalástæðurnar fyrir því að orkuframboð í orkukerfi landsmanna er langt umfram þarfir:

Í fyrsta lagi að ríkisstj. hefur ekki viljað byggja kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði á vegum Íslendinga sjálfra heldur beðið eftir erlendum auðhring til að standa fyrir þeirri nýbyggingu og hann hefur enn ekki komið fram í dagsljósið. Svo er hin ástæðan, að beðið hefur verið eftir nýjum orkusölusamningi við svissneska álhringinn.

Vegna þess að hv. stjórnarliðar halda uppi þessum falsáróðri í garð Alþb. og fyrri ríkisstjórnar vil ég minna á það enn einu sinni að við Alþýðubandalagsmenn höfum lagt á það áherslu við afgreiðslu lánsfjáráætlunar aftur og aftur að ekki yrði varið eins háum fjárhæðum til orkuframkvæmda og ríkisstj. hefur ráðgert. Við höfum talið að þarna væri um offjárfestingu að ræða og höfum eindregið mælt með því að orkuframkvæmdirnar yrðu skornar niður. Þetta kemur ljóslega fram í umræðum um lánsfjáráætlun á árunum 1983 og 1984.

Enn er það skoðun okkar að miðað við ríkjandi aðstæður sé engin ástæða til að verja hálfum milljarði kr. til orkuframkvæmda eins og núverandi ríkisstj. virðist gera ráð fyrir. Við höfum að vísu ekki fengið sundurliðun á lántöku Landsvirkjunar og má vera að lántaka hennar upp á hálfan milljarð sé hvort tveggja í senn ætluð til fjárfestinga og til afborgana af fyrri lánum, vegna þess að hún sé að framlengja lán, ekki skal ég um það fullyrða því að ég hef ekki séð neinar tölur um það. En ég segi það hins vegar að niðurskurður á lántökum til Landsvirkjunar upp á 250 millj. kr., sem er áform núverandi fjmrh. og ríkisstj., er allt of lág upphæð og þar mætti skera miklu meira niður.

Að öðru leyti er augljóst mál af þessu frv. að á nokkrum sviðum félags- og menningarmála verður um allheiftarlegan og miskunnarlausan niðurskurð að ræða. Eins og fram kemur í frv. eru Lánasjóði íslenskra námsmanna ekki ætlaðar nema 1100 millj. kr. og það er sérstaklega tekið fram að sjóðurinn fái alls ekki meira fjármagn. Ég hef ekki séð neina útreikninga á því hversu langt þetta fé dregur miðað við þarfirnar, miðað við útlánaáform sjóðsins að óbreyttum lánareglum. En vissulega væri þörf á því að hæstv. fjmrh. eða hæstv. menntmrh. gerðu þm. einhverja grein fyrir því hvort þarna verður um stórfelldan niðurskurð á lánveitingum til námsmanna að ræða, því að það er mín skoðun og okkar Alþýðubandalagsmanna að síst megi námsmenn við því að verða fyrir stóráföllum nú með verulegri skerðingu námslána þegar það bætist við þá kjaraskerðingu sem þeir og allir aðrir landsmenn hafa orðið fyrir og þeir hafa svo miklu minni möguleika til að afla sér tekna en áður var.

Ég vildi sem sagt óska eftir því að annaðhvort fjmrh. eða menntmrh. gerðu hér einhverja grein fyrir því hvað þessi tala, 1100 millj., felur í raun og veru í sér og hvort breyta þarf lánareglum í stórum stíl til að þessi upphæð geti fullnægt útlánaáætlunum sjóðsins og hvort þar verður þá um verulega skerðingu að ræða á kostnað námsmanna.

Ekki fer á milli mála að það svið, sem sérstaklega hefur orðið fyrir barðinu á niðurskurði fjmrh., er menningarsviðið að þessu sinni. Það var vissulega búið að skera félagsmálin mjög verulega niður. T.d. verður Framkvæmdasjóður fatlaðra fyrir mjög verulegri skerðingu í þessum lánsfjárlögum og mun hv. þm. Helgi Seljan víkja að því hér á eftir.

Það er eftirtektarvert að á menningarsviðinu eru valin nokkur verkefni sem skorin eru mjög hressilega niður við trog. Við samþykktum ný lög um Kvikmyndasjóð fyrir einu og hálfu ári síðan. Þar var gert ráð fyrir tilteknum fjárveitingum til kvikmyndamála og því var mjög fagnað af talsmönnum allra flokka þegar sú lagabreyting átti sér stað. En síðan höfum við horft hér upp á einn samfelldan skrípaleik í sambandi við málefni Kvikmyndasjóðs því að til skiptis er hann með allt sitt á hreinu eða skorinn niður við trog. Í fyrra var lagt fram fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun þar sem sjóðurinn var skorinn niður við trog aðeins hálfu ári eftir að svo ágætlega hafði verið gengið frá hans málum hér í þinginu. Síðan var gefinn slaki í fjvn. að nokkru leyti og svo kom fyrrv. fjmrh. Albert Guðmundsson eins og frelsandi engill þegar á leið veturinn og bjargaði þessum málum alfarið og allir máttu vel við una. En svo á þessi skollaleikur að byrja á nýjan leik alveg nákvæmlega eins og í fyrra, sjóðurinn skorinn niður við trog.

Á þessu stigi málsins vil ég ekkert segja um það hvernig seinasti þáttur þessa gamanleiks verður á þessum vetri en ég verð að vona að þetta verði leikur sem endi vel og flokkist undir kómedíu en ekki tragedíu því að sannarlega vænti ég þess að þessi ríkisstj. gangi ekki af íslenskri kvikmyndalist dauðri með því að skera þar allar fjárveitingar niður.

Kvikmyndamálin hafa lengi verið herfilega vanrækt hjá okkur Íslendingum. Þar hafa stórmerkilegir hlutir verið að gerast á seinustu árum með stuðningi allra flokka. Svo er eins og komi einhver dularfull svört hönd sem gerir tilraun til þess annað veifið að lífláta þessa listgrein hér á landi, kremja hana til dauða. Og svo aftur einn og einn frelsandi engill sem breytir málunum á þann veg að allir geti vel við unað. Við skulum sannarlega vona að hann verði til í stjórnarliðinu einnig á þessum vetri.

Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um þessar skerðingar að öðru leyti. Þær voru ræddar hér í gær. Mjög eftirtektarverð er sú árás sem gerð er á íslenska menningu í þessu fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun þar sem á að skera niður við trog í fyrsta lagi Þjóðarbókhlöðuna, í öðru lagi Listasafn Íslands, í þriðja lagi framkvæmdir Háskóla Íslands, í fjórða lagi Raunvísindastofnun og í fimmta lagi Kvikmyndasjóð.

Þessi vinnubrögð virðast vera svo handahófskennd að

þau minna mann einna helst á refsiaðferðir rómverskra herforingja hér áður fyrr. Þegar einhverjir hópar manna höfðu hagað sér illa að þeirra dómi voru þeir ekki að refsa mönnum hæfilega og láta jafnt yfir alla ganga. Þeir notuðu þá aðferð sem kölluð var að „desimera". Þeir stilltu mönnum upp í einfalda röð og tóku af lífi tíunda hvern mann. Það er kannske svolítið svipuð aðferð sem hefur verið notuð í sambandi við niðurskurðinn hér í menningarmálunum. Ráðist er hér og hvar á einn og einn lið og hann skorinn niður án þess að mikil hugsun virðist vera þar á bak við. Sá er þó munurinn að dauðir menn verða ekki lífgaðir aftur en hægt er að taka til baka það sem hér er lagt til og við skulum sannarlega vona að á því fáist gerðar breytingar.

Ég álít að þessi drög að lánsfjárlögum séu óraunsæ með ýmsum hætti. Það er bersýnilegt að innlend lánsfjáröflun er ofmetin en erlendar lántökur atvinnuveganna eru vanmetnar. Það er líka augljóst, eins og ég hef þegar rakið, að þessi áætlun er ómarktæk á þessu stigi málsins og ætti alls ekki að koma til umræðu nú. Ég hef lagt hér áherslu á að orkuframkvæmdir ætti að skera miklu meira niður en gert er ráð fyrir í þessari lánsfjáráætlun og ég hef harmað þá árás á félags- og menningarmál sem hún felur í sér. Ég læt þessar ábendingar nægja við 1. umræðu málsins.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að taka til máls hér við 1. umræðu um lánsfjárlög og koma inn á þær meginlínur sem fram koma í frv. Frv. fer að venju að lokinni þessari umræðu til fjh.- og viðskn. til skoðunar í einstökum atriðum. Við 2. umræðu gefst því vafalaust tækifæri til að fjalla nánar um einstaka þætti ef þurfa þykir. Lánsfjárlög eru nú lögð fram samhliða fjárlögum og er það mikið framfaraspor frá því sem var á síðasta þingi. Þá var verið að fjalla um lánsfjárlög þegar komið var fram á vor og er það að sjálfsögðu aldeilis óhæft vegna þess hve þessi lagasetning kemur inn á marga þætti í efnahagslífinu og hefur áhrif á ýmsar framkvæmdir í landinu. Framkvæmdaaðilar þurfa að gera áætlanir og leita til ýmissa fjárfestingarlánasjóða sem geta ekki gert áætlanir um útlán fyrr en þessi lagasetning liggur fyrir. Það er vonandi að nú takist að afgreiða lánsfjárlög á skikkanlegum tíma.

Það sem er einkennandi fyrir frv. til lánsfjárlaga nú er að dregið er úr erlendum lántökum. Það er framhald á þeirri stefnu sem var tekin með lánsfjárlögum síðasta árs. Eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. hér áðan lækkar hlutfall erlendra lána í opinberum framkvæmdum verulega á tveggja ára tímabili ef þetta frv. verður samþykkt eins og það liggur hér fyrir. Það má því segja að ríkissjóður gangi á undan í því að lækka erlendar lántökur en auðvitað mun það þýða að draga verður saman á ýmsum sviðum. Það er því ekki úr vegi að drepa í örfáum orðum á það hvað stöðug aukning erlendra skulda þýðir fyrir þjóðarbúskapinn.

Við höfum hingað til haft sæmilegt lánstraust erlendis. Skiptir þar áreiðanlega mestu máli að þrátt fyrir allt höfum við staðið í skilum við lánastofnanir og *haldið uppi öflugri framleiðslu og útflutningi*. Hins vegar eru ýmis hættumerki á lofti og þar getur komið að lánstraustið minnki eða þrjóti og erlendar lánastofnanir hafi úrslitaáhrif á ákvarðanir okkar í efnahagsmálum. Þá er styttra í það en margir hyggja að við töpum okkar efnahagslega sjálfstæði. Ég trúi því ekki að nokkur stjórnmálamaður vilji bera ábyrgð á slíkri þróun og að ég vil heldur þola þau óþægindi sem verða af samdrætti en bera þá ábyrgð.

Mönnum hefur orðið tíðrætt hér um ýmsa liði og hefur verið vikið sérstaklega að því að svartar hendur niðurskurðarmanna hafi skorið niður tíunda hvern lið eða svo í félags- og menningarmálum og sveiflað öxinni yfir menningunni í landinu. Það er vissulega rétt að menn hafa þurft að ráðast að ýmsum liðum. Það er ekki létt verk að gera það og það eru margir fleiri sem hafa orðið að þola niðurskurð. En þó er það ekki nema smáræði hjá því sem við yrðum að þola ef erlendar lántökur vaxa okkur yfir höfuð. Það er miklu betra að fresta einhverjum framkvæmdum um sinn en að erlendar lántökur verði úr hófi fram í þjóðfélaginu.

Það er í tísku núna að tala um ægivald Seðlabankans og einstakra bankastjóra hans í fjármálum okkar Íslendinga, með réttu eða röngu, ég leiði það alveg hjá mér í þessum orðum. En það er þó smáræði að eiga við þá hérna niðri í Seðlabankanum hjá því að sú stund kæmi að bankastjórar í New York eða einhverjum öðrum fjármálamiðstöðvum heimsins hefðu úrslitaáhrif í efnahagsmálum okkar Íslendinga.

Erlendar skuldir þjóðarinnar nema nú skv. nýrri reiknireglu 53% af landsframleiðslu og þær nema í krónum á meðalgengi ársins 1985 rúmlega 58 milljörðum kr. Það er alveg sama hvaða reiknireglur menn nota í þessu sambandi, þetta er hættulega mikið. Það lætur nærri að ein króna af hverjum fjórum, sem við öflum í gjaldeyristekjum, fari til að greiða vexti og afborganir af þessum skuldum. Vaxtakjör á fjármagnsmörkuðum heimsins hafa orðið veruleg áhrif á vaxtastefnuna hérlendis vegna þess hve stór hluti af því fjármagni, sem er í umferð, er erlent lánsfé. Í ljósi þessa er það grundvallaratriði að erlent lánsfé þarf að nota til að auka framleiðsluna og þar með útflutningstekjurnar og það fé sem við höfum til ráðstöfunar.

Það mætti tala langt mál um ráðstöfun erlends fjármagns á undanförnum árum en ég læt það liggja á milli hluta að sinni. Því miður hefur orðið misbrestur á að ráðstöfun þess væri nógu markviss. Ég held að ekki verði hjá því komist að nefna þær gífurlegu lántökur sem varið hefur verið til orkuframkvæmda. Erlendar skuldir orkugeirans nema nú 70% af skuldum opinberra aðila og um 47% af skuldum þjóðarbúsins í heild. Ég vil síður en svo halda því fram að þessu fé hafi öllu verið varið í óráðsíu því að það er ekki rétt. Og áreiðanlega mun öll þessi fjárfesting koma okkur til góða, þótt síðar verði. En við höfum farið hratt í þessum efnum. Við gerðum stórátak í því að nýta innlenda orkugjafa í kjölfar olíuverðshækkana, m.a. með því að byggja hitaveitur um land allt. Það mun koma okkur til góða þrátt fyrir tímabundna erfiðleika sumra hitaveitna.

Við þurfum auðvitað að nýta okkar vatnsafl en það ber að undirstrika að orkusala verður að fylgja virkjunarframkvæmdum. Þessir tveir þættir verða að fylgjast að. Við höfum rekið harða virkjunarstefnu án þess að nógu vel væri frá því gengið hvers konar orkunýting fylgdi í kjölfarið. Hér þarf að verða breyting á og í raun varð stefnubreyting í þessum efnum á síðasta ári. Það var fyrsta árið sem Landsvirkjun fékk ekki allar sínar óskir uppfylltar í lánsfjáráætlun.

Það er rétt að ekki er fyrirséð við óbreyttar aðstæður

að þörf sé fyrir orku Blönduvirkjunar það sem eftir lifir af þessum áratug. Hins vegar er það grundvallaratriði að leita að sölumöguleikum fyrir orku því að vatnsaflið í landinu er auðlind sem okkur ber að nýta fordómalaust.

Sjónarmið Alþb. í þessum efnum komu vel fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. hér áðan þar sem hann sagði um umleitanir um orkusölu til álversins í Straumsvík: „Sem betur fer hafa þessi áform brugðist." Þessi orð segja meira en löng ræða. Við verðum að ganga fordómalaust að því verki að leita að erlendum aðilum til að selja orku ef við ætlum að virkja í stærri stíl. Við getum ekki gengið að þessu efni með fordómum um erlent fjármagn og fordómum um samninga við útlendinga og þátttöku þeirra í atvinnumálum hér á Íslandi þó að auðvitað verðum við að hafa virkt forræði í þeim efnum.

Ég mun ekki fara lengra út í þessa sálma núna. Oft hefur verið rætt um undirstöðuatvinnuvegina í sambandi við erlenda skuldasöfnun, einkum sjávarútvegsinn. Skuldir hans eru þó smáræði miðað við skuldir í orkugeiranum. Og því verður þó engan veginn á móti mælt að við lifum fyrst og fremst á sjávarafla og tökum yfir 70% af útflutningstekjunum frá þessum atvinnuvegi.

Erlendar lántökur þurfa nú fyrst og fremst að ganga til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu og leggja grunn að því velferðarþjóðfélagi sem við viljum lifa í, leggja þann grunn að við þurfum ekki að skera niður, hvorki til Kvikmyndasjóðs, Þjóðarbókhlöðu eða annarra slíkra málefna sem okkur langar til að sinna. Það væri vissulega gaman að geta gert það allt saman, en við höfum því miður ekki efni á því eins og er eins og svo fjöldamörgu öðru sem ég gæti talið upp. Ég gæti lesið upp langan lista og haldið ræðu það sem eftir er af tíma okkar í dag um verkefni sem mig langar til að vinna að og taka lán til, en ég ætla að láta það liggja á milli hluta. Staða okkar núna er einfaldlega þannig að efnahagur okkar leyfir ekki slík verkefni.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það fer ekki milli mála að hæstv. fjmrh. nýbakaður kann sitt fag þegar hann er að leggja fyrir landslýð þann boðskap að allt sé svo erfitt og því verði fólk að una. Ég tók eftir því í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir fjárlagafrv., þessari ómynd sem má kannske kalla tilraunaútgáfu með afbrigðum, sem fjárlagafrv. er núna, að þá sagði hann að nú væru tiltölulega góð aflabrögð, daginn eftir að flokksbróðir hans, sá ágæti maður fiskimálastjóri, sagði okkur frá því að það stefndi í nýtt Íslandsmet í sjávarfangi okkar. Þetta er auðvitað réttlæting þess enn einu sinni að við lifum á erfiðum tímum og þrengingar alþýðuheimilanna, neyð þeirra sem verið er að bjóða aleiguna ofan af, válegt ástand víða á landsbyggðinni sé eðlilegt og í órofa samhengi við eðlilega tíma þegar m.a.s. Íslandsmet í aflabrögðum okkar á sjávarfangi er túlkað á þann hátt að aflabrögðin séu svona sæmileg, tiltölulega góð. Það er greinilegt að hæstv. fjmrh. kann að snúa eymdarsnældunni sinni bærilega þegar hann er að tala til fólksins í landinu.

Annars áttu þetta ekki að vera neinar almennar hugleiðingar um það stóra mál sem hér liggur fyrir því að því hafa þegar verið gerð góð skil af hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég get hins vegar ekki stillt mig um að vekja athygli á því sem hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan um stefnu okkar Alþýðubandalagsmanna í orkumálum og það hvernig ætti að koma fram við útlendinga. Hann lýsti stefnu framsóknarmanna á þann hátt að þegar selja á orkuna á algjöru undirverði til erlendra auðhringa og fólkið, almenningur í landinu, á að borga fyrir auðhringana kallar hann það að ganga fordómalaust að verki. Þetta er alveg dæmalaust framsóknarlegt og þarf ekki fleiri orð þar um. En fólkið í landinu, sem nú þegar borgar fyrir þessa auðhringa og sem á eftir að borga fyrir þessa auðhringa, tekur áreiðanlega eftir þessu algjöra fordómaleysi framsóknarmanna.

Ég ætla að víkja hér að tveimur atriðum sem ég hef áður vikið að við umræðu um lánsfjárlög. Það er í fyrsta lagi um að ræða II. kafla frv., skerðingarákvæðin svokölluðu, sem hvergi nærri eru ný af nálinni en hefur aldrei verið beitt jafnharkalega og freklega og af þessari hæstv. ríkisstj. Hér eru samþykkt lög á Alþingi, sum mjög nýlega, sem kveða á um ákveðið árlegt framlag ríkissjóðs til ýmissa þarfra málaflokka. Hæstv. fyrrv. fjmrh. hefur lýst því yfir, hæstv. núv. iðnrh., að hann hafi verið að láta gera úttekt á því hvað öll þessi samþykktu lög hefðu í raun og veru að segja og hvað menn hefðu verið að gera mikið að þessu á undanförnum árum og gert mikinn usla í ríkisfjármálunum með þessum hætti. Ég held að það hafi ekki komið mikið að sök hjá hæstv. núv. ríkisstj. því hún hefur séð svo rækilega til þess að lögbundin framlög til hinna ýmsu þörfu málaflokka hafi verið skorin það rösklega niður að það þarf ekki undan því að kvarta.

Ég staldra alveg sérstaklega við 16. gr. því þar er niðurskurðurinn að mínum dómi alvarlegastur. Þar eru tveggja ára gömul lög um málefni fatlaðra þverbrotin. Það er málaflokkur, eins og allir þm. vita, sem lengi var illa vanræktur en hvarvetna kallar á um framkvæmdir, framkvæmdir sem í framtíðinni verða þjóðhagslega arðbærar. Ég undirstrika að þær framkvæmdir verða þjóðhagslega arðbærar með tímanum þó að þær kosti mikið í upphafi því að þar verður niðurstaðan sú að hugvit og verklagni fatlaðra ná fram til verðmætasköpunar af margvíslegu tagi í stað stofnanavistunar sem áður gilti hér um mikinn fjölda þessa fólks, að ekki sé nú um mannlega þáttinn rætt í þessu sambandi. Sameiginlegt fjármagn þessa sjóðs á þessu ári er 80 millj., en það skal tekið fram að það er með þeirri 15 millj. kr. aukafjárveitingu sem óhjákvæmilega varð að veita og hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. hæstv. iðnrh., á vissulega miklar þakkir skildar fyrir. Við ræddum þessi mál hér í fyrra og fékkst þá þegar á nokkur leiðrétting og enn frekari síðar þegar sýnt var að útilokað væri annað en að standa þannig að máli. Hæstv. núv. iðnrh. var þá ljóst þá, þegar hann fór að skoða þennan málaflokk betur, að það var útilokað annað en verja þessu fjármagni til sjóðsins. Núna kemur í ljós að upphæðin er sú sama og var í fyrra og raungildið þaðan af minna að sjálfsögðu, þ.e. þegar öll kurl eru til grafar komin varðandi þessa upphæð.

Bæði Öryrkjabandalagið og Landssamtökin Þroskahjálp hafa bent á hversu stórkostleg skerðing hér er á ferðinni. Samkvæmt þeirra útreikningi, sem hvergi hefur verið vefengdur, ætti þessi fjárhæð, ef farið væri að lögum, ekki að vera 80 millj. heldur 180 millj. svo allri sanngirni sé beitt. Þannig er farið með þessi lög og aldrei verið jafnlangt gengið og nú í þessari skerðingu.

Ég bendi á þetta líka í órofa tengslum við það að ekki

er sama hvernig aðhafst er í hinum ýmsu málaflokkum. Á sama tíma og hæfilegt þykir að verja til allra framkvæmda í þágu fatlaðra 80 millj. er framlag inni á fjárlögum, í formi lántöku að vísu, til frægrar flugstöðvarbyggingar, eftirlætis þessarar ríkisstjórnar, samtals 300 millj. Næstum fjórum sinnum hærri upphæð á að verja til gæluverkefnis þeirra og Kananna, fjórum sinnum hærri upphæð en til allra framkvæmda í þágu fatlaðra. Þetta segir í raun og veru meira um hugarfar og stefnu en flest annað hjá hæstv. ríkisstj.

Að sjálfsögðu mun verða leitast við að fá hér leiðréttingu fram. Mér er ekki alveg ljóst, af því að þessi lög verða líklega afgreidd nokkuð samhliða fjárlögum, hvort það á að gerast með því að flytja brtt. eins og ég gerði í fyrra um hækkun skv. 16. gr. eða hvort á að fara með það beint inn á fjárlög. Trúlega er eðlilegast að leitað sé til fjvn., enda veit ég að Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp munu ganga á fund fjvn. og gera tilraun til að fá leiðréttingu þar. Þannig er kannske eðlilegast að það fari í gegnum fjárlagaafgreiðsluna sjálfa.

Það mætti fleiri nefna hér til. Eitt atriða í fagnaðarerindi hæstv. fjmrh. í gær var um 6 millj. kr. skerðingu til Félagsheimilasjóðs. Þá er hann kominn niður í 12 millj. miðað við það sem 21. gr. og fjárlögin segja annars til um. Ég þykist vita að framsóknarmönnum, og heyrði það reyndar á hv. 4. þm. Austurl., er það ekki einskært fegins- og fagnaðarefni, enda hafa þeir verið allra manna iðnastir hér í þingi við að flytja tillögur um stórkostlega eflingu Félagsheimilasjóðs. Félagsheimilin gegna nú einu sinni því hlutverki, þó þau gegni því misjafnlega vel, að vera athvarf fyrir æskuna. Það er þess vegna verðugt á ári æskunnar að skera þetta allrösklega niður, sérstaklega ef ætti nú að fara út í það að Félagsheimilasjóður styrkti í auknum mæli félagsmiðstöðvar sem sérstaklega eru hugsaðar fyrir æskulýðinn.

Ég vildi svo í lokin víkja að máli sem er mér mjög hugleikið, en það snertir mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum. Við afgreiðslu lánsfjárlaga í fyrra flutti ég brtt. um lánsútvegun í þessu skyni því vandkvæði þeirra sem vilja bæta ástandið í verksmiðjunum eru bundin því að ekki fæst lánsfjármagn sem til þarf. Batnandi staða verksmiðjanna í kjölfar aukinnar vinnslu ætti hér að hjálpa til, en víst er að aðgerðir allar eru mjög kostnaðarsamar. Hins ber að geta að frambúðararður er ærinn, bæði í betri nýtingu og gæðum og orkusparnaði einnig. Þetta er tvímælalaust fjárfesting sem borgar sig í framtíðinni, auk þess sem mengunarvandinn er víða orðinn algerlega óviðunandi og hefur raunar verið svo og mættu menn gjarnan heyra og hlýða á raddir þess fólks sem býr við þennan ófögnuð mikinn hluta ársins.

Nú er enn frekari ástæða til þess að fylgja þessu eftir þar sem Alþingi samþykkti í fyrra svohljóðandi ályktun um þessi mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við eigendur og samtök þeirra svo og yfirvöld heilbrigðismála.

Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir verði fullnægt í öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum og feli jafnframt í sér mat á fjárþörf og þeim tíma sem slíkar aðgerðir tækju. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bætta nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum."

Alþingi hefur því ótvírætt lýst yfir vilja sínum í þessu efni og þá er ótækt annað en fylgja þessu eftir. Annað er ekki sæmandi. Því mun ég endurflytja till. um nýja grein, 11. gr., þessara lánsfjárlaga, sem komi á eftir 10. gr. og orðist svo, með leyfi forseta:

„Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til þess að endurlána Fiskveiðasjóði vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum."

Af hógværð og í heldur miklum takt við eymdarstefnu ríkisstjórnarinnar er þetta sama upphæð og í fyrra, en því auðveldara ætti að vera að samþykkja hana í ljósi mikillar nauðsynjar, í ljósi þess að þetta er arðbær aðgerð, í ljósi þess að Alþingi hefur lýst vilja sínum til að vinna að þessu máli og í ljósi vaxandi vinnslu í náinni framtíð og betri stöðu verksmiðjanna til að taka á þessu vandamáli.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Mér finnst eðlilegast að við ávörpum forseta vorn með þessu gamla góða ávarpi úr þingsögunni, hæstvirtur forseti, hvorki virðulegur forseti, þó forseti vor sé það vissulega, né frú forseti, þótt forseti vor sé líka frú. Ég held að við ættum að tileinka okkur það sem er gamalt og gott úr þingsögunni, hæstvirtur forseti, úr því við notum ekki í þessari deild herra forseti. Þetta var nú útúrdúr, en þó af tilefni.

Ég ætla ekki að fara að stofna hér til mikilla deilna eða almennra stjórnmálaumræðna, en get þó ekki orða bundist þegar hv. síðasti ræðumaður, Helgi Seljan, heldur því fram að hæstv. fjmrh. hafi verið með mikinn barlóm og jafnvel málað þann gamla á vegginn. Ég gat ekki heyrt að svo væri. Hitt er auðvitað ljóst mál að allir fjármálaráðherrar vara við of mikilli eyðslusemi og eru kannske nokkuð íhaldssamir. Það held ég að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi verið allra manna mest þegar hann var fjmrh. og er það honum kannske til hróss. En þegar svo er farið að blanda inn í skuldastöðu Íslendinga og ætla að kenna núv. hæstv. ríkisstj. um hana er það auðvitað alveg fráleitt og nefna þar sérstaklega til að nú sé aflamet, metár í aflaföngum. Það er ekki orðið það enn þá. Metárin voru 1981 og 1982 og á þeim árum, í mesta góðæri í allri Íslandssögunni, stofnuðum við til allra þeirra skulda sem við nú búum við nema kannske einhverra örlítilla viðbótarvaxtagreiðslna. Ég held að við megum ekki gleyma þessu.

Ég er hins vegar ekki svo svartsýnn á að við vinnum okkur út úr þessum skuldum. Ég held að við gerum kannske of mikið að því að mikla þær fyrir okkur og sérstaklega að vera alltaf að bera erlendu skuldirnar saman við þjóðarframleiðslu þegar hún minnkar, þegar slæmt árferði er. Auðvitað ættu erlendar skuldir þá að aukast en greiðast niður á góðu árunum. Það held ég að allar fjölskyldur séu dæmdar til að gera. Það er líka hyggilegt að reyna að beina auknu fjármagni inn í fjárfestingu einmitt á sviði atvinnulífsins þegar á móti blæs og við verðum að breyta til í atvinnuháttum.

Ástæðan til þess að ég kveð mér hér hljóðs er einmitt að vekja athygli á þeirri prýðilegu ræðu sem hv. þm. Jón Kristjánsson flutti. Þar benti hann einmitt á þetta með hógværum orðum og benti líka á að auðvitað verðum við að hagnýta þá orku sem við þegar höfum virkjaða. Þó að ég sé kannske enginn sérstakur baráttu-

maður fyrir að fara hratt í stóriðjumálum núorðið, þó ég væri það vissulega þegar brjóta þurfti ísinn og leggja inn á nýjar atvinnugreinar, er það alveg ljóst að við verðum að reyna að hagnýta þessa orku, og af því að núv. hæstv. iðnrh. er hér inni langar mig að vekja athygli á tillögu, sem ég setti fram við fyrirrennara hans, hæstv. fyrrv. iðnrh., þegar talað var um orkuveislurnar í þessari hv. deild í fyrravetur, að mér sýndist að ætti að kanna það, og það held ég nú að fyrrv. iðnrh. hafi að einhverju leyti gert, hvort ekki væri hægt að veita þessari orku, sem nú rennur til sjávar og hverflarnir eru stoppaðir, sem endast að mér skilst lengur ef þeir eru látnir rúlla en ef sífellt er verið að stoppa og keyra af stað, — dæla þessari orku inn á þær línur sem við höfum í landinu, a.m.k. tímabundið þangað til við getum selt hana til annarra nota, þannig að t.d. öll smáiðjuver, frystihús og hús sem eru nú hituð með olíu yrðu neytendur að þessari orku sem kostar ekkert að dæla inn á það línukerfi sem við höfum, að reyna að finna nú út hvort við getum ekki hagnýtt þessa orku *tímabundið og einnig til ýmiss konar nýiðnaðar*, auðvitað helst í höndum Íslendinga, kannske að einhverju leyti í höndum útlendinga. Það mætti gera tiltölulega skamma orkusölusamninga, til nokkurra ára, og hafa þá þessa orku til að selja á hærra verði þegar fram í sækti. Einhvers staðar stendur nú að neyðin kenni naktri konu að spinna. Við erum sem betur fer ekki nakin, en höfum átt við erfiðleika að stríða. Hvers vegna þá ekki tímabundið að nota þessa auðlegð sem látin er renna til sjávar og enga fjárfestingu kostar að hagnýta? Ég er alveg viss um að hæstv. iðnrh. vill skoða þetta mál með einhverjum sérfróðum mönnum.

Það eru kannske engar stórkostlegar upphæðir sem spöruðust með þessum hætti, en það mundi sparast mikið fyrir ýmsa einstaklinga sem kynda nú með olíu, til dæmis iðnfyrirtæki, sem eiga í harðri samkeppni við innflutning, ef þau gætu fengið orku, þó ekki væri nema í nokkur ár á lægra verði en nú er, og kannske mundi þetta hafa einhver áhrif á verðlagið og draga úr verðlagshækkunum ef orkuverð gæti lækkað til almenningsnota frekar en hækkað.

Ég veit ósköp vel að ég er ekki að segja neina stórvisku hér, en mér finnst að við eigum að skoða alla þessa hluti af hógværð og ræða þá af þeirri hógværð sem hv. þm. Jón Kristjánsson gerði og treysti því að ráðherra geri það.

Við skulum ekki endilega fara að rífast svo mikið um hvers vegna við erum komin í þessa aðstöðu, en ég get ekki sætt mig við að taka ekki til máls og mótmæla því að það sé hæstv. núv. ríkisstj. að kenna að þessi vandi hafi skapast og að hún auki á hann núna þegar aflafengur er sæmilegur, það er ekkert undan því að kvarta. Allur þessi vandi skapaðist einmitt í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég get ósköp vel sagt þetta vegna þess að ég hef varað við því í blaðaskrifum í ein sjö ár, allt frá 1978, að það væri fylgt rangri stefnu og látið vaða á súðum. Ég hef ekki breytt mínum sjónarmiðum í því. Ég tel kannske að þessi ríkisstj. hafi ekki gert nægilega mikið til að stinga við fótum og reyna að aflétta sköttum í staðinn fyrir að hækka o.s.frv. Það vita allir sem vilja vita um mín sjónarmið í því. En það er ekki hægt að ásaka þessa ríkisstjórn fyrir að hún hafi aukið okkar skuldir og hún hafi gert það í mesta góðæri. Það voru fyrri ríkisstjórnir sem það gerðu. — Ja, ég kalla síðustu ríkisstjórn vinstristjórn af því að hún var það. Öll hennar stefna var í beinu framhaldi af þeirri stjórnarstefnu sem tekin var upp 1978 þegar gengið var fellt og bætt á gífurlegum sköttum í leiðinni og verðbólguhjólinu sleppt lausu. Þetta hafa menn mátt búa við. Það hefur nokkuð tekist að vega á móti þessari þróun, ekki nægilega mikið, en ég treysti núv. hæstv. fjmrh., sem er nýtekinn við, til þess að vinna áfram á þeirri braut eins og hann hefur verið að gera þessar fáu vikur og vona svo að flestir, a.m.k. í þessari hv. deild, muni vilja styðja hann í því. T.d. fyrrv. fjmrh. Ragnar Arnalds. Ég held að hann vilji styðja hæstv. fjmrh. í því að reyna að stinga við fótum þar sem það er hægt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að ræða þetta plagg, þetta frv. til lánsfjárlaga, efnislega við 1. umr. einfaldlega vegna þess að stórar tölur í fjármálum ríkisins eru á ferð og flugi þessa dagana. Ég tel ekki vera raunverulegar forsendur til efnislegrar umræðu hér og nú. Við getum vissulega *efnt hér í hv. Ed. til almennra pólitískra* umræðna um hvernig fjármálum ríkisins væri best háttað, en efnisleg, vitræn umræða um þetta frv. til lánsfjárlaga er ekki möguleg eins og ástandið er nú í fjármálum og áætlanagerð ríkisins.

Ég kem hér í stólinn fyrst og fremst til að benda á vinnubrögð sem sífellt eru að færast í aukana hér á hæstv. Alþingi og það eru þau vinnubrögð að ætlast er til þess af hæstv. ríkisstj. að mál séu unnin í auknari mæli í nefndum þingsins en áður hefur tíðkast.

Fyrir fáeinum vikum mælti hæstv. dómsmrh. fyrir frv. til umferðarlaga sem einnig var flutt á síðasta þingi og var því endurflutt. Þetta er stór og mikill lagabálkur í mörgum greinum og um hann höfðu borist á síðasta þingi mjög viðamiklar umsagnir á tugum blaðsíðna. Það kom á daginn við umræðu þess máls að dómsmrn. hafði ekkert gert til þess að endurskoða þennan lagabálk á milli þinga. Hann var lagður fram óbreyttur á þessu þingi og til þess ætlast að hv. allshn. Ed. ynni það verk sem með réttu hefði átt að vinna í ráðuneytinu.

Mér sýnist sömu vinnubrögð vera upphöfð hér og nú í fjármálum ríkisins. Hæstv. fjmrh. lét þess getið í lok ræðu sinnar hér áðan, þegar hann mælti fyrir þessu lánsfjárlagafrv., að hann vonaðist til þess að þetta mál ynnist vel í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Nú er það svo að í þeirri nefnd er afskaplega góður vinnuandi og henni vel og röggsamlega stjórnað af hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni þannig að ekki er það það sem gæti staðið því máli fyrir þrifum, heldur það að við fáum hér í hendurnar frv. sem við megum gera ráð fyrir að þurfa að taka upp í nokkrum grundvallaratriðum.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það og allri ríkisstj. að þm. eru ekki í vinnumennsku hjá hæstv. ríkisstj., a.m.k. ekki stjórnarandstöðuþingmennirnir. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og set fram þá lágmarkskröfu að fá málin í sæmilegu ástandi til meðferðar í nefndum þingsins.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég vil strax segja það að ég harma að ég hafði ekki tækifæri til að mótmæla þeim málflutningi um framlagningu fjárlagafrv. sem viðhafður var í gær í sameinuðu Alþingi af þeirri einföldu ástæðu að ég tel mig vera þó nokkuð ábyrgan fyrir því frv. sem lagt var fram og mælt var fyrir

og var hart deilt á af flestum. Við skulum orða það þannig að ég harma að hafa að vera útilokaður frá því að geta varið það frv. og mig sem fyrrv. fjmrh. um leið.

Ég sé ekki í hverju það getur legið að flestir ef ekki allir þeir þm. stjórnarandstöðunnar sem tóku til máls segja að fjárlagafrv. sé marklaust plagg, tölur á ferð og flugi o.s.frv. Ég veit ekki hvaða orð hafa verið notuð áður. Ég held þó að alltaf hafi stjórnarandstaðan, hver sem hún er, talið það plagg sem hefur komið frá fjmrh. marklaust, einskis virði og tæplega þess virði að ræða málin. En það vill svo til í þessu tilfelli að fjárlagafrv. er betur unnið og skýrara fram lagt og gefur meiri upplýsingar en nokkru sinni fyrr. Þetta fjárlagafrv. er tvímælalaust unnið af þeim mönnum í þjóðfélaginu sem eru hvað fullkomnustum tækjum og hugviti búnir til að vinna frv. Þetta frv. er lagt fram eftir meiri samvinnu við ráðuneyti, ráðherra og ríkisstjórn en ég veit til að áður hafi verið og með meiri hörku framfylgt niðurskurði en ég þekki til að áður hafi verið gert. Það eru meiri og betri upplýsingar á einum stað í niðurstöðutölum, meiri skýringar með þeim og t.d., sem er nýjung og enginn fjmrh. hefur nokkurn tíma gert áður, er gefið sundurliðað yfirlit yfir aukafjárveitingar og framtíðarspá til viðbótar. Þetta hefur aldrei verið gert. En síðan er fjárlagafrv. sem slíkt tætt í sundur af óábyrgri stjórnarandstöðu sem augsýnilega hefur ekki litið í frv. nema með öðru auganu. Nógu lengi er það þó búið að liggja frammi. Á sama tíma, og það er til viðbótar við það sem ég hef nú sagt, er lánsfjárlagafrv. líka til sýnis, skoðunar og umhugsunar fyrir stjórnarandstöðuna. Síðan verða mannaskipti í ríkisstjórninni og hæstv. núv. fjmrh. mælir með þessu frv. Hann leggur ekki fram nýtt frv. Frv. sem hann mælir fyrir er það frv. sem ég hafði lagt fram og með þeim niðurskurði, með þeim árangri sem náðst hafði þá með samþykki allra, bæði ríkisstj. og beggja þingflokka sem að henni standa.

Þegar mannaskipti verða nær hæstv. fjmrh. betri og meiri árangri í niðurskurði en ég hafði gert. Það getur vel verið að það sé vegna þess að hans ákvörðun og hans persóna vegi þyngra í þeirri vinnu sem við báðir höfðum unnið. Það er alveg augljóst. En eitt get ég sagt, að sá niðurskurður sem ég hafði farið fram á sem fjmrh. við fyrrv. iðnrh. er nú orðinn að veruleika eftir að ég tók við iðnaðarráðherrastarfinu, enda kom það fram hjá hæstv. fjmrh. í gær að hann fylgir sínum brtt. úr hlaði með þeirri ósk að fjvn. geri þær að sínum tillögum. Og ég stend heils hugar að öllu því sem hæstv. fjmrh. hefur lagt til.

Það er eins með fjárlagafrv. og önnur frumvörp að þau eru öll til umræðu, öll til skoðunar í nefndum og auðvitað er nefndum og öðrum þm. frjálst að gera breytingar á þeim, annaðhvort með niðurskurði eða til hækkana. Það er svo með öll frv., og þetta frv. er ekkert öðruvísi en öll önnur fjárlagafrv. sem lögð hafa verið fyrir Alþingi frá upphafi, að þau taka að sjálfsögu mismunandi miklum breytingum. Ég vil segja það eitt að hæstv. fjmrh. hefur náð alveg frábærum árangri sem ég heils hugar styð.

Ég veit ekki hvort það hefur áður skeð að með fjárlagafrv. hafi lánsfjárlagafrv. komið fram líka. Oft hafa þau komið fljótt — a.m.k. nokkrum sinnum fljótt á eftir fjárlagafrv. — en samtímis, ég veit ekki hvort það hefur skeð. Það held ég ekki. Hér er því ekki, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, marklaust plagg sem væri feilskot út í bláinn til einskis að ræða því það væri ómerkt plagg. Það er langt frá því að þessi fjárlög eigi skilið þau ummæli frá hæstv. fyrrv. fjmrh. sem lagði fram fjárlög byggð á 42% verðbólgu þegar verðbólgan var um 80%, og það vil ég segja að hafi verið marklaus fjárlög, enda stefndi verðbólgan í 130—140% þegar þessi ríkisstj. tók við. Og öll ráðuneyti voru um mitt ár peningalaus vegna þessa.

Um söluskattshækkun, að hún hafi verið afnumin. Söluskattshækkun var aldrei til umræðu, aldrei. Aftur á móti var rætt um að fella niður þær undanþágur sem nú eru í gildi, en þegar til kom þurfti þess ekki vegna þess að hæstv. núv. fjmrh. hefur náð þeim góða árangri sem raun ber vitni, enda hafa það verið tillögur stjórnarandstöðunnar í þann tíma sem ég hef verið fjmrh. að fella niður þessar undanþágur þó að þeir snúist eins og vindhanar þegar svo á að framkvæma jafnvel þeirra eigin tillögur. (**RA:** Ekki tillaga Alþb.). Ef nokkurs staðar er hringlandaháttur sem hægt er að segja að sé dæmalaus hringlandaháttur er það í málflutningi Alþb. Enda kom það fram í gær þegar umræðum er útvarpað og þeim er sjónvarpað. Allir dýrustu mátar, þ.e. þeir dýrustu fyrir ríkið, voru settir í gang til að koma boðskap stjórnmálaflokkanna á framfæri við þjóðina alla, um fjármálin. Hvað skeður? Alþb. notar sinn tíma sem auglýsingatíma fyrir fyrrverandi eða nýafstaðinn landsfund sem enginn hafði áhuga fyrir. En þetta var sterkasta innlegg fyrir einmitt fjmrh., sem stóð í að kynna fjárlög, að fá svo gjörsamlega handónýta stjórnarandstöðu að þeir höfðu ekkert um frv. að segja sem þó hafði legið frammi frá fyrsta degi Alþingis. Og frv., eins og öll önnur frv., liggur frammi til þess að vera rætt, til þess að taka breytingum til eða frá.

Talað er um 1000 millj. kr. hækkun vörugjalds og það er mælt í þeim tón að nýi fjmrh. sé að bæta við sköttum. Þetta er rangt. Þetta er niðurstaða af mikilli og góðri vinnu forvera míns í embætti fjmrh. sem ég tók við og reyndi að klára og núv. fjmrh. kemur vonandi í verk endanlega. Hún er fólgin í að lækka tolla og samræma tolla en tapa ekki tekjum við þá aðgerð heldur reyna að halda í þær tekjur sem fengust áður með tollum og vörugjöldum. Hér er ekki verið að tala um 1000 millj. kr. hækkun. Þetta er rangt og það veit hæstv. fyrrv. fjmrh. Síðan kallar hann þetta allt forkastanleg vinnubrögð. Ég vil segja að bæði forveri minn í embætti fjmrh., ég og núv. fjmrh. höfum unnið gott starf. En það er kannske ekki svo mikið okkur að þakka heldur þeim fagmönnum í ráðuneytinu sem eru að samræma það sem hefur verið unnið á alþjóðavettvangi.

Ég veit ekki hvort það er sagt til þess að gera fjárlagadæmið tortryggilegt þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. talar um að enn vanti 1 milljarð upp á fjárlagadæmið. Ég hefði gjarnan viljað fá það betur sundurliðað áður en hann kallar það sýndarmennsku. Eða er það bara sýndarmennska að tala fyrir þá sem ekki trúa að unnið sé samviskusamlega að gerð fjárlaganna? Hér er verið að reyna að skapa tortryggni gagnvart þeim sem eru að störfum, eru í þeim trúnaðarstörfum að heita ráðherrar, sem ég held að fyrrv. ráðherrar a.m.k. ættu síst að dunda sér við.

Erlenda skuldahlutfallið er líka gert tortryggilegt. Það var í frv. eins og ég lagði það fram undir 60% af vergri þjóðarframleiðslu og ég er sannfærður um að það hefur ekki versnað við niðurskurð. Og að tala um að

niðurskurður Landsvirkjunar frá þeim tölum sem Landsvirkjun taldi vera lágmarksfé til framkvæmda og til starfsemi sinnar, 888 millj., sem ég hafði skorið niður í 740 millj. og hæstv. núv. fjmrh. hefur skorið niður í 490 millj. — hann hefur skorið það sem sagt um 250 millj. umfram það sem mér tókst að gera — geti skapað verri hlutföll á milli erlendra skulda og vergrar þjóðarframleiðslu er að sjálfsögðu tómt rugl. Það hlýtur að virka alveg þveröfugt.

Þá vék hv. 3. þm. Norðurl. v. að öðrum fyrrv. iðnrh. og taldi að honum hafi verið kennt um hina miklu erlendu skuldasöfnun Landsvirkjunar vegna orkuframkvæmda sem eru umfram þörf. Ég vil ekki ætla forvera mínum í núverandi embætti að hann hafi viljandi gert eitthvað rangt. Ég hef ekki heyrt ásökun í hans garð fyrir þessa hlið orkumála þannig að flokksbróðir hans, hv. 3. þm. Norðurl. v., er að búa til nýja ásökun og nóg var nú fyrir. Ég hef ekki tekið þátt í þeim leik, en nóg var nú fyrir. Ég trúi því tæplega að hæstv. fyrrv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, hafi reiknað með að íslenskir aðilar, íslenskt þjóðfélag, stæðu einir undir byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði vegna þess að það getur ekki verið að á sama tíma og hæstv. fyrrv. samráðherra fyrrv. iðnrh. er að kvarta undan erlendri skuldasöfnun hafi hann ætlað iðnrh. að koma með alíslenskt fjármagn til kísilgúrverksmiðju á Reyðarfirði. Því trúi ég alls ekki. Það hefði kostað stórauknar erlendar lántökur fyrir utan annað, og mér er ekki kunnugt um að sú verksmiðja mundi hafa þann trygga sölumarkað sem þarf til þess að standa undir slíkum mannvirkjum sem raforkuframkvæmdir eru sem þurfa að eiga sér stað vegna slíkrar verksmiðju.

En ég ætlaði að svara hv. 3. þm. Norðurl. v.; hann spurði hvort samningar hefðu tekist við Alusuisse og ég svara því játandi. Ég sé ekki ástæðu til að eyða tímanum í að lesa upp fréttatilkynningar sem þegar hafa verið birtar. Ég reikna með að þm. hafi fylgst með því að þeir samningar sem hæstv. fyrrv. iðnrh., núv. menntmrh., gerði við Alusuisse s.l. sumar — mig minnir að það hafi verið í júlí — voru endanlega frá gengnir 11. þ.m. þannig að í því góða andrúmslofti sem hæstv. fyrrv. iðnrh. Sverrir Hermannsson skapar þrátt fyrir alla erfiðleikana, sem á undan hafa gengið yfir bæði land og þjóð og okkar viðsemjendur, eru þessir samningar þegar undirskrifaðir og frv. þeim til staðfestingar mun verða lagt fram — ég þori ekki að lofa í þessari viku vegna þess að greinargerð er ekki tilbúin, en alla vega í næstu viku, ég reikna með því.

En ég segi við hv. 3. þm. Norðurl. v. alveg eins og ég sagði við útvarpsmann sem var á staðnum þegar samningarnir voru gerðir: „Var það blekking", spurði útvarpsmaðurinn, „þegar þú lést hafa eftir þér í gær eða fyrradag að koma dr. Ernst til Íslands nú væri eingöngu kurteisisheimsókn til að heilsa upp á nýjan iðnrh.?" Ég sagði: „Nei, það var engin blekking. Það stóð ekki til þá að ljúka þessum samningum." Þá spyr hann: „Hvernig stendur þá á því að það er hægt að ljúka þessum samningum á svona stuttum tíma eftir að þið hittist í fyrsta sinn?" Ég svaraði: „Það er bara vegna þess að Sverrir Hermannsson, forveri minn í embætti, hafði skapað það andrúmsloft og gengið það langt til undirbúnings lokaundirskriftum samninganna að það var lítið eftir." „Það var ekki nóg; það hlýtur að vera eitthvað annað." Þá sagði ég: „Það getur verið vegna þess að andrúmsloftið var það gott að það má kalla þetta ekki „ást við fyrstu sýn" heldur „traust við fyrstu sýn"." Og þannig andrúmsloft vona ég að ríki á milli bæði þessara viðmælenda okkar og samningsaðila og annarra sem við eigum eftir að semja við í framtíðinni. En til þess að svo geti orðið er alveg nauðsynlegt að Alþb. komi hvergi nálægt. Það er nú svo auðvelt.

Ég skal ekki segja hvort það eru draumórar eða hvort það er raunverulega hægt að fá 18—20 mill fyrir okkar raforku í dag. Það er hátt. Ég hef rætt við forustumenn í frönskum alúmíníumiðnaði, og þeir borga ekki nærri svo mikið fyrir þá raforku sem þeir nota. Ég segi það alveg eins og er að ég held að það sé rangt af okkur að halda verðinu það háu að við getum ekki selt það sem við viljum selja. Við getum verið með bestu vöru sem til er í veröldinni. Ef við geymum hana í hillu og segjum engum að við eigum hana til sölu seljum við hana aldrei, töpum á henni. En aftur á móti mun ég leggja mikla áherslu á það, jafnframt því að ná samningum við þá sem við okkur vilja semja, ef um stóriðju er að ræða, að full vinnsla komi við hliðina þannig að hér verði sköpuð fleiri ný atvinnutækifæri. Og ég held að það sé miklu, miklu meira virði fyrir okkur og gefi okkur meira í aðra hönd en að standa eins og múlasni, sem ekki er hægt að draga áfram, á einhverju ímynduðu orkuverði sem við fáum hvergi, enginn vill kaupa, bara af því að það er íslensk orka úr hreinu fjallavatni og er þess vegna aristokratisk orka. Hún er einhvern veginn öðruvísi orka en sú sem fólk kaupir annars staðar. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki jökuláin.) Þetta er myndin af Alþb. eins og hún kemur mér fyrir sjónir.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en vil ítreka — ég hef gert það áður úr ræðustól hér á hv. Alþingi og ég geri það aldrei nógu oft — að kannske ætti ég að vera þakklátur fyrir það sjálfur að hafa fengið tækifæri til þess að starfa með því fólki sem hefur undirbúið fjárlögin. Og hæstv. fyrrv. fjmrh. veit fullvel að ég tala þar af mikilli sanngirni til þess fólks sem vinnur í fjárlaga- og hagsýslunni og í fjmrn. Og það skal enginn hér segja án þess að ég andmæli því að þau gögn sem koma þaðan séu ekki vel unnin og af fullri fagmennsku og samviskusemi. Þetta plagg, sem þið kallið hér marklaust, er það ekki. Það er góð undirstaða undir framtíðarfjárlög fyrir utan að vera marktækt við fjárlagagerðina í ár. (**RA:** Það er ríkisstj. sem tekur ákvarðanir.) Ríkisstj. tekur ákvarðanir, það er rétt. En ákvarðanir hennar eru byggðar á því sem hún hefur til að vinna úr og það er fortíðin. Við byggjum ekki neitt, hvorki fjárlög né annað, nema hafa einhverja undirstöðu. Og það er undirstaðan sem ég er að tala um.

Ég get verið sammála hv. 2. þm. Austurl. um 16. gr. Ég er dálítið veikur fyrir þeim lið og það er rétt hjá honum að það kom fram í aukafjárveitingum síðast. Það var að hans beiðni og fyrir hans áhuga á málaflokknum að hann sannfærði mig á tiltölulega stuttum tíma, og þar af leiðandi reyndi ég að bæta þar úr sem mér fannst sanngjarnt. Ég er veikur fyrir þeim lið og tel að ég þurfi ekki hafa fleiri orð um það.

Hv. þm. gat um úttektina sem væri verið að gera á lagasafni til þess að hafa á einum stað yfirlit yfir hvern málaflokk og hvað Alþingi hefði samþykkt í hverjum málaflokki til þess að við þm. gerum okkur grein fyrir því, sem ég hef margendurtekið hér, að við höfum samþykkt meiri útgjöld fyrir ríkissjóð heldur en tekju-

möguleikar okkar leyfa. Þar af leiðandi er það eðlilegt að ekki bara núv. fjmrh. heldur ég sem fyrrv. fjmrh. og allir fyrrv. fjmrh., geri ég ráð fyrir, hafi beitt skerðingarákvæðum, eins og hv. 2. þm. Austurl. gat um, og er að finna í II. kafla þessa frv. til lánsfjárlaga á þskj. 2. Svona verður það vegna okkar vinnubragða, ekki vegna mannvonsku, eins og mér fannst skína í gegn í ræðu hv. 2. þm. Austurl.

Ég held að ég hafi ekki þessi orð lengri. Ýmislegt af því sem fram hefur komið sem ádeila frá þeim kvennaframboðskonum og þá sérstaklega í þessari hv. deild frá hv. 11. þm. Reykv. er ágætar tillögur en eiga meira heima í sveitarstjórnarmálum og ég held að ég taki jafnvel sumt af því upp þar. En að tölur séu á ferð og flugi — einhver önnur ástæða hlýtur að vera fyrir því að tölurnar dansa fyrir augum hv. 11. þm. Reykv. en sú að hún hafi lesið eða hafi fjárlagafrv. fyrir framan nefið.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég vil í örfáum orðum fjalla um nokkrar þeirra athugasemda sem fram hafa komið hér í umræðunni. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hélt áfram þeim fullyrðingum sem talsmenn Alþb. hófu í gær að frv. til fjárlaga og frv. til lánsfjárlaga væru marklaus plögg og bæru vott um hringlandahátt og þeir gætu af þeim sökum ekki tekið þátt í þeirri umræðu.

Allt er þetta nú heldur barnalegt og slagorðakennt. Sannleikurinn er auðvitað sá, eins og hefur verið bent á, að frv. er í vandaðri búningi og betur úr garði gert en áður hefur átt sér stað. Þær breytingar sem nauðsynlegt var talið að gera til þess að ná betri markmiðum hafa verið kynntar og skýrðar með mjög glöggum og ákveðnum hætti og það liggur ljóst fyrir að þær munu skila árangri og gera það að verkum að við náum betur tökum á verkefnum okkar en áður. Það er fyrst og fremst þessi staðreynd sem stjórnarandstaðan undir forustu talsmanna Alþb. þorir ekki að viðurkenna.

Það væri líka hollt fyrir hv. 3. þm. Norðurl. v. að rifja upp tíð sína í fjmrn. og hvernig hann stóð að verki þá. Gerðar hafa verið tillögur um ákveðnar breytingar á fjárlagafrv., lagt fram nákvæmlega hvernig hugmyndir eru uppi um breytingar í einstökum atriðum. Árið 1982 lagði hv. 3. þm. Norðurl. v. sem fjmrh. fram frv. og í því var almenn heimild til að lækka útgjöldin um 50 millj. kr. Árið áður hafði hann lagt fram frv. og í því var almenn heimild til þess að lækka útgjöldin um 3000 millj. kr. Hvað höfðu þm. að fjalla um með svona almenna heimild? Hvers konar plagg var það sem hann lagði fram með almennri heimild af þessu tagi og án nokkurra skýringa? Ég held að það liggi í augum uppi að hér er hv. þm. að kasta steinum úr glerhúsi.

Þm. minntist á að með einfaldri yfirlýsingu hefðu 400 millj. kr. horfið úr tekjuöflun vegna þess að ákveðið hefði verið að falla frá því að auka söluskattstekjur með því að falla frá undanþáguákvæðum sem verið hafa í gildi og með öllu hefði verið óskýrt og óútskýrt hvað koma ætti í staðinn. Auðvitað er þetta rangt. Það hefur verið gerð mjög nákvæm grein fyrir því hvað kemur hér á móti og hvernig útgjöld hafa verið dregin saman til að ná þessum árangri.

Þm. minntist einnig á að í einni setningu hefði það komið fram í gær að viðbótartekjuöflun kæmi fram með nýrri skipan vörugjalda og það væri m.a. af þeim sökum ekki hægt að ræða þetta frv. í dag því að fyrst með einni setningu í framsöguræðu fyrir fjárlagafrv. í gær hefði þetta komið fram. Á síðu 208 í fjárlagafrv. og í athugasemdum með því segir svo, með leyfi forseta:

„Skattar af framleiðslu eru taldir munu nema 1754 millj. kr. á þessu ári eða 27,5% hærri en 1984. Er hér um að ræða álgjald, vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald. Tvö hin síðarnefndu verða felld niður í tengslum við framlagningu nýs tollskrárlagafrv. Í stað þeirra verður tekið upp nýtt vörugjald. Áformað er að þetta nýja vörugjald mæti því tekjutapi sem af tolla- og öðrum skattbreytingum hlýst, jafnframt því að afla ríkissjóði sérstakra tekna í því skyni að draga úr rekstrarhalla á næsta ári. Til þess að þau áform nái fram að ganga þarf vörugjaldið að skila allt að 2800 millj. kr. á árinu 1986."

Þessar upplýsingar hafa legið fyrir í frv. frá því að það var lagt fram. Ummæli hv. þm. benda til þess að ástæðan fyrir því að hann getur ekki um það rætt sé sú að hann hafi ekki lesið það, og þá á hann að kenna sjálfum sér um en ekki ríkisstj.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um erlenda skuldasöfnun, hún hefði stóraukist sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Það er rétt að vekja athygli á því, sem hér hefur komið fram áður í umræðunni, að skuldasöfnunarstefnan hófst undir hans forustu í ríkisstj. þegar aflabrögð voru með besta móti. Þá hófst sú skuldasöfnunarstefna sem við erum að glíma við í dag. En í þessu sambandi er rétt að hér komi fram að áætlað hafði verið að skuldirnar mundu lækka á næsta ári úr 54,8% af landsframleiðslu niður í 54,4%. En með þeim breytingum sem hefur verið gerð tillaga um fer þetta hlutfall væntanlega niður í um það bil 51%. Þessar ákvarðanir munu því væntanlega skila verulegum árangri í þessu efni. En auðvitað horfir hv. þm. fram hjá því og vill ekki viðurkenna þá staðreynd.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það sem hv. þm. sagði um orkuframkvæmdir. Auðvitað er öllum ljóst að sá vandi sem við er að glíma í þeim efnum á rætur að rekja til þeirra ákvarðana sem teknar voru í iðnrn. meðan Alþb. og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson höfðu þar forustu. Það er meginástæðan fyrir þeirri orkuveislu sem við erum að súpa seyðið af og það kom reyndar fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. Hann lýsti því beinlínis yfir að hann fagnaði því að ekki skyldu hafa náðst samningar um aukna orkusölu til ÍSALs; hann fagnaði því. Orkuframkvæmdirnar sem settar voru af stað í tíð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar miðuðu auðvitað að því að þessum markaði væri hægt að fullnægja, en samt fögnuðu þeir því að ekki var hægt að selja orkuna. Þannig rekur sig hvað á annars horn.

Í þeim aðhaldsaðgerðum sem kynntar hafa verið hefur verið tekið mjög ákveðið mið af þessum aðstæðum og 250 millj. kr. skornar niður af fjárfestingaráformum Landsvirkjunar í ljósi þeirra aðstæðna að við þurfum að selja þá orku sem við framleiðum, en á þessu var skortur meðan Alþb. hafði forustu þessara mála.

Hv. þm. taldi að lengra væri hægt að ganga í þeim efnum. Ég vil vekja hér athygli á því að um 260 millj. kr. af þeim fjármunum sem Landsvirkjun hefur til ráðstöfunar eftir þennan niðurskurð munu fara til greiðslu á vöxtum þannig að ég hygg að ekki verði lengra gengið á þessu sviði. Og mitt mat er það að um hafi verið að ræða nauðsynlega aðgerð, mjög umfangsmikla og rétta við þessar aðstæður.

Auðvitað er öllum ljóst að við aðstæður eins og við búum við þarf aðhald í útgjöldum ríkisins og það kemur víða við. Það er rétt sem komið hefur fram í máli nokkurra hv. þm. að við hefðum sjálfsagt allir kosið að geta gengið lengra í framlögum til þarfra og mikilvægra málefna. En mestu skiptir þó auðvitað að fjármálastjórn ríkisins í heild sé með þeim hætti að við getum bætt aðstöðu þjóðarbúskaparins, skapað skilyrði fyrir hagvexti og aukinni verðmætasköpun til þess að standa undir þeim útgjaldaáformum sem við kjósum með raunverulegum verðmætum. Það gerum við ekki með erlendum lánum. Það gerum við ekki með erlendri lántökustefnu eins og hafin var í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstj.

Frú forseti. Ég þarf ekki á þessu stigi að fara fleiri orðum um þau atriði sem fram hafa komið í umræðunni.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Hæstv. fyrrv. fjmrh. hélt býsna skrautlega ræðu áðan og þar sem hlutirnir fara stundum dálítið á flot í skrautlegum ræðum þessa hæstv. ráðherra langar mig aðeins til að árétta það sem ég sagði áðan.

Ég var ekki að gera athugasemdir við vinnu starfsfólks Fjárlaga- og hagsýslustofnunar eða annarra starfsmanna sem unnið hafa að framsetningu fjárlagafrv. eða lánsfjárlagafrv. Ég var að gera athugasemdir við vinnubrögð hæstv. ráðherra. Það er þeirra að taka ákvarðanir um hvaða tölur standa á hvaða póstum í þessum frumvörpum báðum en ekki starfsmanna hagsýslunnar eða annarra þeirra sem koma nálægt vinnu við þessi frv. Og það eru vinnubrögð við hina pólitísku ákvarðanatöku sem ég hef hér gagnrýnt en ekki vinnubrögð títtnefndra starfsmanna.

Ragnar Arnalds: Virðulegi hæstvirti forseti. Ég held að það sé varla ómaksins vert að vera að standa í rökræðum við hæstv. ráðherra um hringlandahátt núv. ríkisstj. Ég þarf ekki á því að halda að sannfæra þjóðina um að þingflokkur Sjálfstfl. og ríkisstj. í heild hefur sýnt af sér hringlandahátt sem er með slíkum eindæmum að það verður að fara býsna langt aftur í íslenskri sögu til að sjá nokkuð sambærilegt. Og það er alveg sama hvað ég segi hér eða hvað ég sanna hér, þetta veit öll þjóðin og hefur horft á það núna í tvo mánuði, allan þennan skopleik. Og hæstv. fyrrv. fjmrh. þarf auðvitað síður en svo að taka það nokkuð nærri sér þó þessi vinnubrögð séu harðlega gagnrýnd vegna þess að þjóðin öll veit að þetta er ekki fyrst og fremst honum að kenna heldur miklu frekar þingflokki Sjálfstfl. sem samþykkir eitt í dag og annað á morgun. Að því hafa menn orðið vitni nú í haust og það skrifast svo sannarlega ekki á ábyrgð eins manns heldur miklu frekar á ábyrgð formannsins, hæstv. núv. fjmrh., sem sjálfur samþykkti fjárlögin í septembermánuði eins og þau lágu þar fyrir og stóð síðan fyrir uppreisninni frægu sem beindist fyrst og fremst að því að breyta fjárlögunum og lánsfjárlögunum. Það er þessi hringlandaháttur sem er verið að gagnrýna. Og auðvitað skiptir engu máli hvort við stjórnarandstæðingar segjum fleira eða færra um það mál. Þetta þekkir öll þjóðin.

Ég harma það að hæstv. iðnrh. skyldi ekki svara því í neinu hvort hann væri reiðubúinn til þess að selja íslenska orku til erlendra auðhringa langt undir kostnaðarverði. Hann treysti sér greinilega ekki til að svara neinu þar til um og er það verr. Í þessu sambandi skiptir ekki neinu máli hvort þessi orka er framleidd úr tæru og fögru lindarvatni eða grútdrullugu jökulvatni. Í báðum tilvikum er um að ræða óforsvaranlega athöfn fyrir íslenska hagsmuni, að framleiða hér, að leggja hér árlega í stórfellda fjárfestingu til orkumannvirkja og selja svo orkuna langt undir kostnaðarverði. Það er það sem málið snýst um og ekkert annað. Hæstv. iðnrh. hefur staðfest það hér í umræðunni að fjárfestingar Landsvirkjunar eiga að vera upp á 230 millj. kr. á næsta ári, það gerði hann einmitt hér áðan. Hann sagði að lántökurnar yrðu 490 millj. og þar af færu í vexti 260 millj. (**Iðnrh.:** Ég sagði þetta ekki.) Nei, það var fjmrh. sem gerði það. Hann sagði að 260 millj. færu í vexti og við drögum þá ályktun af því að framkvæma eigi fyrir 230 millj. kr. En eins og ástandið er á orkumarkaðinum hljóta allir að sjá að þetta er upphæð sem er allt of há. Þarna er um að ræða offjárfestingu enn um sinn og það gagnrýnum við stjórnarandstæðingar með fullum rökum. Það má vissulega kalla það gott verk að skera þessar tölur eitthvað niður, en þarna hefur bara ekki verið gengið nógu langt.

Og auðvitað er það hrein blekking hjá hæstv. fjmrh., og er ekki svaraverð, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem áður var iðnrh., hafi gert ráð fyrir því í sínum áætlunum um orkuframkvæmdir að um yrði að ræða orkusölu til svissneska álhringsins og stækkun álversins. Hann hefur aldrei verið inni á því. Alþb. hefur varað við þeim samningum vegna þess að það veit að álhringurinn er ekki reiðubúinn til þess að greiða nægilegt verð fyrir orkuna. Og auðvitað voru orkuframkvæmdir á sínum tíma ekki miðaðar við að selja þessum svissneska álhring orku undir kostnaðarverði. Það er því alger blekking að halda slíku fram. Hitt er allt annað mál að áætlanir fyrir þremur árum síðan, sem voru ræddar á Alþingi, miðuðust við aðra og meiri neyslu innanlands en reynslan sýnir að ætlar að verða og þess vegna þurfti að draga úr orkuframkvæmdum þegar fyrir tveimur árum síðan. Það er um þetta sem málið snýst og þýðir ekki fyrir hæstv. fjmrh. að reyna að flækja málin með útúrsnúningum af því tagi sem hann bauð upp á hér áðan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Að gefnu tilefni, sem hefur nokkrum sinnum komið fram á þessum fundi í tilefni þess að nýr hæstv. fjmrh. hefur ávarpað forseta sem frú forseta, vil ég taka það fram að ég skil það svo að með því vilji hæstv. fjmrh. leggja áherslu á að það sé kona í forsetastóli, þ.e. frú en ekki herra eða karl, og er það vissulega metið af forseta og þakkað. Hins vegar vil eg taka undir það sem kom fram hér hjá m.a. hv. 4. þm. Norðurl. v. að hæstv. forseti væri gamalt og gott ávarpsorð. Framhaldið læt ég svo hv. þm. um en þakka þeirra umhyggju fyrir ávarpi á forseta hér í þessum stóli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv. 65. mál (þskj. 67). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Land í þjóðareign, frv. 66. mál (þskj. 68). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Fyrir þessari hv. deild liggja nú nokkuð mörg þingmál sem fjalla um svipuð eða sambærileg efni, þ.e. um eignarráð á landi og landréttindum, þar á meðal náttúruauðlindum í einni eða annarri mynd. Ég reikna með því að hugmyndin að þessum frumvarpsflutningi sé sú að leita nú eftir því hvort ekki geti fengist afgreiðsla hjá hv. Alþingi á þessum málum, hver sé sá stærsti samnefnari sem allir þm. geti komið sér saman um að afgreiða.

Það er ekki æskilegt að mál af þessu tagi bíði mjög lengi og séu flutt ár eftir ár án þess að úr því fáist skorið um hvað Alþingi getur orðið ásátt. Það er ekki æskilegt og ekki eðlilegt að málin séu ekki afgreidd. Þvert á móti er bæði æskilegt og nauðsynlegt að afgreiðsla eigi sér stað og menn verða þá að sætta sig við það, bæði þeir sem lengra vilja ganga og eins hinir sem e.t.v. vilja ekkert aðhafast í málinu, að meirihlutaviljinn ráði. Það er mjög óeðlilegt, eins og tekið hefur verið fram í umræðum um svipuð mál áður, að minni hluti hér í þinginu geti komið í veg fyrir það ár eftir ár að þingvilji komi fram í þessum málum og afstaða þingsins, hver séu eðlileg mörk einkaeignarréttar og almannaeignarréttar á landi og landgæðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð fyrir þessu frv. því það hefur svo oft áður verið flutt hér á þingi að flestallir þm. þekkja efnisatriði málsins. Þau eru einfaldlega að kveða svo á að það land skuli teljast þjóðareign sem enginn annar getur sannað eignarheimildir sínar á. Með þessu frv. er sem sé ekki stefnt að því að taka réttindi af einum eða neinum, heldur aðeins að gengið sé endanlega svo frá að þau landsvæði sem enginn getur gert lögmætt tilkall til, hvorki einstaklingur, félög né sveitarfélag, skuli skoðast ríkiseign.

Það er ekki að ástæðulausu sem slíkt frv. er flutt og vil ég í því sambandi benda mönnum á grg. sem fylgir frv. en það hefur komið fram í dómsúrskurði frá Hæstarétti að hann bókstaflega kallar eftir því að slík ákvæði eins og hér um ræðir séu í lög leidd, þannig að það sé ótvírætt skorið úr um hvar mörk einkaeignarréttarins og almannaréttarins liggja. Það er náttúrlega mjög óeðlilegt þegar Hæstiréttur fellir slíkan dómsúrskurð að þá skuli Alþingi láta líða mörg ár án þess að kveða upp úr um þessa takmörkun.

Ég vil aðeins í því sambandi benda mönnum á hversu miklu betra það væri fyrir alla aðila að legið hefði fyrir, áður en hinar miklu virkjanaframkvæmdir hófust á voru landi, hvar þessi mörk milli almannaeignarréttarins og einkaeignarréttarins liggja. Þetta var eitt af því fyrsta sem Norðmenn gengu frá áður en þeir hófu sínar miklu virkjunarframkvæmdir þar í landi, þ.e. þeir byrjuðu á því að setja niður sérstaka nefnd sem hafði það verkefni að safna saman öllum eignakröfum einstaklinga, félaga og sveitarfélaga á landi og landgæðum, úrskurða síðan hvar mörkin skyldu liggja milli almannaeigunnar og einkaeignarréttarins og ganga síðan á vit dómstóla til að fá endanlegan úrskurð ef ekki næðist samkomulag á milli aðila um að draga þessi mörk. Þannig lá fyrir, áður en hinar fjárfreku virkjanaframkvæmdir hófust í Noregi, eftir hvaða bótum hver og einn gæti kallað og hver mörkin væru á milli eignarréttar viðkomandi einstaklinga, sveitarfélaga eða félaga annars vegar og almannavaldsins hins vegar.

Ég vil aðeins í þessu sambandi geta þess að það þarf ekki endilega að vera að þessi eignarmörk, hvað land varðar og landgæði, liggi alls staðar og í öllum tilvikum eftir sömu landfræðilegu mörkum. T.d. getur mætavel verið og er eðlilegt að beitarréttindi og réttur til þess að nytja afréttarlönd þurfi ekki endilega að vera jafntakmarkaður gagnvart einkaaðilanum, félögum eða sveitarfélögum eins og sjálfur yfirráðarétturinn á námum, jarðhita og öðru slíku. Það er mjög eðlilegt að menn hafi beitarréttindi — þó þeir hafi e.t.v. ekki getað sannað lögformlega eign sína á landinu öllu þá hafi þeir beitarréttindi, rétt til þess að beita fé á landi sem þeir hafa nýtt með þeim hætti í mörg ár, kannske um aldir — og það er líka eðlilegt að slíkum aðilum séu greiddar bætur fyrir því að slíkum réttindum sé spillt. En það þarf ekki endilega saman að fara þó einstaklingar, upprekstrarfélög eða sveitarfélög eigi slíkan nýtingarrétt, eins og t.d. beitarréttindi eða veiðirétt, að þá geti þeir gert kröfu um það að geta notið allra þeirra landréttinda sem um er að ræða þarna, þar á meðal námuréttinda og jarðhitaréttinda.

Ég vil aðeins ítreka, herra forseti, að áður en við höldum mikið lengra en við höfum gert í okkar virkjunarmálum þá ber brýna nauðsyn til þess að það liggi alveg ótvírætt fyrir hvernig þessi eignarréttarskipti eru svo það sé alveg ljóst fyrir hvað er hægt að krefjast bóta af landeigendum, hvort sem um er að ræða einkaaðila, upprekstrarfélög eða sveitarfélög, og hvað teljist vera ríkiseign.

Herra forseti. Mér finnst það eðlilegt — og er bókstaflega að því stefnt með framlagningu þessara frv. allra saman nú — að reyna að fá Alþingi til þess að taka afstöðu til málanna, reyna að fá því framgengt hér á Alþingi að úr því verði skorið hver meirihlutaviljinn sé. Það er því mjög eðlilegt að öll þessi mál fari til einnar og sömu nefndarinnar. Það er einnig mjög þörf ábending, sem fram hefur komið, að þetta séu svo yfirgripsmikil og umfangsmikil mál að það orki a.m.k. tvímælis hvort eðlilegt sé að leggja þau öllsömul til skoðunar hjá einni af hefðbundnum fastanefndum þingsins, sem hefur auk þess fjölmörg önnur mál á sinni könnu. Þess vegna held ég að það gæti verið eðlilegt, án þess þó að ég vilji gera um það tillögu á þessu stigi málsins, að notuð yrðu ákvæði hinna nýju þingskapa sem heimila deildum þingsins, og sameinuðu þingi raunar út af fyrir sig einnig, að setja niður sérstakar þingnefndir sem þær síðan fela úrlausn og vinnslu ákveðinna mála.

Þau mál sem hér hafa verið rædd, þ.e. eignarrétturinn á landi og landgæðum, í þeim fjölmörgu frv. sem

fram hafa verið lögð hér í deildinni eru einmitt dæmigert slíkt mál. Þetta er dæmigert mál sem ætti að leysa þannig að fela sérstakri þingnefnd skv. heimildum hinna nýju þingskapa að taka þessi mál öllsömul til sérstakrar athugunar og reyna að ná þeirri niðurstöðu sem ætla má að meirihlutavilji sé fyrir hér á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég vil ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Miðað við það sem ég hef áður sagt ítreka ég að ég geri að svo stöddu ekki tillögu um að þetta frv. fari til neinnar ákveðinnar nefndar að lokinni 1. umr. um málið. Ég vil áskilja mér rétt til að gera þá tillögu síðar, en óska eftir því við hæstv. forseta að atkvæðagreiðslum að lokinni 1. umr. um þetta mál sé frestað um sinn, eins og varðandi þau önnur mál af svipuðum toga sem búið er að mæla fyrir, á meðan menn eru að athuga hvort ekki sé eðlilegt og rétt að þessi mál fari öll í eina og sömu nefndina og hvort ekki sé eðlilegt og rétt að nýta hin nýju ákvæði þingskapa um að setja niður sérstaka nefnd til að fjalla um þessi mál öll.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef á fyrri þingum við umræðu um þetta mál sem hér hefur verið endurflutt, frv. til l. um land í þjóðareign, tekið undir meginstefnu þessa frv. en lýst fyrirvara við einstök útfærsluatriði, sem ég ætla ekki að öðru leyti að gera að sérstöku umræðuefni.

Það er vissulega matsatriði hvaða ráðuneyti er falin framkvæmd laga og umsjón og eftirlit. Hér er lagt til að það sé fjmrn. Ekki vil ég gera neina sérstaka athugasemd við það á þessu stigi máls. En meginstefna frv. er samhljóða tillögum sem við Alþýðubandalagsmenn höfum flutt um land í þjóðareign á fyrri þingum, raunar alllangt síðan að þau mál voru flutt inn á Alþingi af Alþb.

Þannig var það á árinu 1976 að nokkrir þm. flokksins með Ragnar Arnalds í fararbroddi fluttu sérstakt frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins, 67. gr., til að taka af tvímæli um rétt Alþingis til að skipa lögum varðandi land og auðlindir og auðæfi í jörðu, svo sem jarðhitann, með sérstökum lögum. Þingflokkur Alþb. hefur tekið um það ákvörðun að slíkt frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni verði flutt hér á þinginu innan tíðar til þess að Alþingi gefist kostur á að breyta eða gera ótvíræð ákvæði stjórnarskrárinnar að þessu leyti, telji menn vafa leika á því að heimilt sé að setja sérlög varðandi náttúruauðlindir, eins og t.d. jarðhita, eins og heyrst hefur í umræðum um þessi mál.

Ég hef áður reifað hér við umræðu um 1. og 2. mál á dagskrá deildarinnar í dag hið sama og fram kom í máli frummælanda hér fyrir þessu frv., að æskilegt væri að setja á fót á vegum hv. þingdeildar sérnefnd skv. 15. gr. þingskapa til þess að fjalla um þessi mál sem hér koma enn og aftur á dagskrá þingsins vegna þess að Alþingi hefur ekki fengist til þess á undanförnum árum að taka ákvarðandi á þeim málum, leggja í það nauðsynlega vinnu. Ég vil enn taka undir þetta sjónarmið, sem ég raunar hef ámálgað við formenn þingflokka, að slík sérnefnd verði sett á fót til þess að leita samstöðu um afgreiðslu þessara mála, eða láta á það reyna með skilmerkilegri vinnu að sett verði lög, eða látið á það reyna með lagasetningu um þessi efni.

Á næstu dögum mun bætast í það safn þingmála sem varða þessi efni. Við Alþýðubandalagsmenn hér í hv. þingdeild munum flytja frv. um eignar- og umráðarétt auðlinda hafsbotnsins; um það að auðlindir á og í hafsbotni verði lýstar með lögum eign ríkisins með ótvíræðum hætti. Skiptir það vissulega miklu að á því máli sé tekið þó óvissa sé um hvort og í hve miklum mæli auðlindir er að finna á og í hafsbotni innan íslensks yfirráðasvæðis. Það vantar því ekki málin fyrir Alþingi til að taka á í þessum efnum og ég á bágt með að trúa öðru en það sé meiri hluti fyrir því hér á hv. Alþingi að taka á þessum málum út frá víðtækum almannasjónarmiðum og almannahag.

Fyrir því var mælt fyrir löngu síðan af áhrifamiklum forustumönnum í Sjálfstfl. og Framsfl., þeim Bjarna heitnum Benediktssyni og Ólafi Jóhannessyni, formönnum sinna flokka og þingskörungum hér á árum áður, að langt beri að ganga í að lýsa náttúruauðlindir á íslensku yfirráðasvæði þjóðareign, almannaeign. Sjónarmið okkar Alþýðubandalagsmanna til þessara mála hafa lengi legið fyrir og sama má segja um Alþfl. Þarna ber lítið sem ekkert á milli í þessum efnum og ég vænti að þessi sjónarmið fái hér byr í þinginu en auðvitað þurfa menn að leggja vinnu í að skoða þessi mál sem best.

Varðandi land í þjóðareign sérstaklega, og þetta frv., er rétt að ítreka það sjónarmið okkar Alþýðubandalagsmanna að jarðir geti verið í einkaeign ef bændur kjósa, svo og að þeir haldi hefðbundnum réttindum í sambandi við búskap utan landareigna sinna; réttindum sem hefð hefur komist á með nýtingu um aldir. Mér heyrist að það sé svipað sem hv. 1. flm. þessa máls mælir hér fyrir þannig að einnig í þeim efnum virðist ekki vera ágreiningur milli Alþb. og Alþfl. um þessi sjónarmið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 80. mál (þskj. 87). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Kjartani Jóhannssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Markmið þessa frv. er að létta undir með þeim sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Lagt er til að skattstjóri veiti sérstaka skattívilnun þegar svo stendur á að gjaldþol skerðist verulega af þeim sökum.

Hér er á ferðinni mál sem er ekki nýtt í þingsölum og á sér reyndar allsérstæða sögu hér á hv. Alþingi svo ekki sé meira sagt. Það er auðvitað mjög freistandi nú þegar mælt er fyrir málinu á nýjan leik að rifja upp þá sögu, svo sérkennilegur sem gangur þessa máls hefur verið hér á hv. Alþingi. Ég held, herra forseti, að ég leyfi mér að rifja upp í mjög stórum dráttum feril þessa máls á þingi því eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér á þingi fyrir tveim árum síðan þegar mál þetta var þá til umræðu: „Saga þessa máls er orðin öll hin skemmtilegasta“, sagði hv. þm.

Þó það sé út af fyrir sig rétt að sumir hv. þm. og ráðherrar hafi orðið ýmsum skemmtiefni hér í þingsölum og breytt afstöðu sinni til og frá í þessu máli þá er það á hinn bóginn ekki eins skemmtilegt að hv. þm. sjái

ekki hvað hér er brýnt mál á ferðinni sem getur haft afgerandi áhrif á fjárhag margra heimila sem lent geta í miklum tímabundnum útgjöldum vegna mikils tannlækniskostnaðar. Ljóst er þó að útgjöld ríkissjóðs geta aldrei orðið mikil þó frv. þetta verði að lögum. Hér er um að ræða heimildarákvæði í 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en ákvæði þetta veitir skattstjóra heimild til þess að taka til greina umsókn manna um lækkun tekjuskatts af ýmsum ástæðum sem tilgreindar eru í 66. gr. tekjuskattslaga.

Á undanförnum þingum eða allt frá árinu 1980 hef ég hreyft nokkrum málum hér á þingi sem bæði snerta útgjöld einstaklinga vegna tannlækninga og hvernig koma megi á betra eftirliti með því fjármagni sem nú rennur úr ríkissjóði vegna tannlæknakostnaðar.

Í fyrsta lagi má nefna frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar en þar var ákvæði þess efnis að skylt væri tannlæknum að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun í því formi sem Tryggingastofnun ríkisins óskar eftir þegar greiðsla er innt af hendi. Markmið þeirrar tillögu var að ná fram virku eftirliti með greiðslum fyrir tannlæknaþjónustu en í því sambandi var nauðsynlegt að skylda tannlækna til að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun þannig að á greiðslukvittun fyrir tryggða sjúklinga komi skýrt fram fyrir hvers konar þjónustu greitt er. Sú greiðslukvittun sem hingað til hefur gilt fyrir þá sem greiðslu fá í gegnum almannatryggingakerfið er ekki í því formi að hægt sé að hafa virkt eftirlit með gjaldtöku tannlækna því að verkþættir aðgerða eru ekki flokkaðir í núgildandi kvittanaformi. Það kvittanaform hefur því ekkert raunhæft upplýsingagildi til að hafa efirlit með gjaldtöku tannlækna eins og mikilvægt er þegar þjónustan er greidd af opinberu fé.

Þegar ég lagði þetta frv. fram 1980 náði ákvæði þess ekki fram að ganga en sambærilegt ákvæði kom síðan fram í stjfrv. árið 1984 og var þá samþykkt. Þrátt fyrir þetta ákvæði, sem nú er komið í almannatryggingalöggjöfina, gengur mjög erfiðlega að fá tannlækna til að hlíta því að framvísa reikningum í því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður.

Í öðru lagi vil ég nefna frv. um breytingar á verðlagslöggjöfinni sem kvað á um að gjaldskrár og verðtaxtar sem settir væru einhliða af einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, skyldu vera undir sérstöku eftirliti. En tannlæknar eru einmitt einn af þeim þjónustuaðilum sem eru undir litlu sem engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun. Þetta frv. náði fram að ganga fyrir um tveim árum síðan og varð að lögum að mig minnir á árinu 1983. Þrátt fyrir ákvæði þeirra laga hefur Verðlagsstofnun engu að síður litlu getað sinnt því að rannsaka gjaldskrár eða verðtaxta tannlækna og er ástæðan sú, eftir því sem mér er sagt, að Verðlagsstofnun hafi ekki yfir nægilegum mannafla að ráða til að takast á við það verkefni.

Í þriðja lagi flutti ég á Alþingi frv. á árinu 1981 sem kvað á um aukna hlutdeild almannatrygginga í tannlækningum, þ.e. að greiða skyldi 25% af tannlæknakostnaði þeirra sem tryggingarnar höfðu ekki áður greitt fyrir.

Og að síðustu má nefna það frv. sem ég hér mæli fyrir um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem hefur það að markmiði, eins og ég greindi áður frá, að létta undir með þeim sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga.

Meginmarkmið og tilgangur með flutningi allra þessara frv. er tvíþættur. Í fyrsta lagi að létta útgjöldum af einstaklingum og fjölskyldum með þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði og skattívilnun, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, og í öðru lagi að herða eftirlit með gjaldtöku tannlækna og koma á betra eftirliti með því fé sem rennur úr opinberum sjóðum í útgjöld vegna tannlækninga.

Ég sagði, herra forseti, í upphafi míns máls að ég gæti ekki á mér setið að rifja upp í örfáum orðum sérkennilega sögu þessa máls hér á hv. Alþingi sem ég mæli nú fyrir.

Í stuttu máli er ferill þessa frv. sá að á árinu 1981, þegar ég lagði fram frv. um aukna hlutdeild almannatrygginga í tannlækningum, hafði þáv. heilbr.- og trmrh. þá athugasemd við það frv. að gera að skynsamlegra væri að fara aðra leið sem væri í því fólgin að menn fengju skattafslátt vegna tannlæknaþjónustu út á þær kvittanir sem þeir leggja fram fyrir hana. Taldi ráðherra að með því væru slegnar tvær flugur í einu höggi því jafnframt væri stuðlað að öruggari framtölum fyrir þá þjónustu sem hér er verið að greiða fyrir, eins og ráðherra orðaði það.

Frv. um aukna hlutdeild almannatrygginga í tannlækningum náði ekki fram að ganga árið 1981. Taldi ég því skynsamlegra árið 1982 að leggja fram frv. sem fól í sér skattívilnun til þeirra sem hafa mikil útgjöld vegna tannlækninga í samræmi við þá leið sem þáv. heilbr.- og trmrh. hafði mælt með á þinginu árið áður.

Frv. um skattafslátt hlaut allgóðar undirtektir hér á Alþingi árið 1982 og var m.a. mælt með samþykkt þess af heilbr.- og trn. sem hafði málið til umfjöllunar. En svo bregður við þegar málið kemur úr nefnd að við 2. umr. lýsir þáv. heilbr.- og trmrh. því yfir að hann telji nú skynsamlegra að almannatryggingarnar taki þátt í að greiða fyrir tannlæknaþjónustu og tilkynnti hann að með reglugerðarbreytingum mundi hann leggja til að sjúkrasamlögin greiddu 20% kostnaðar við tannlæknaþjónustu. Þessi yfirlýsing þáv. ráðherra, sem ári áður hafði mælt með skattafslætti vegna útgjalda við tannlækningar, varð til þess að nokkrir nm. í heilbr.- og trn., sem mælt höfðu með skattafsláttarleið vegna útgjalda við tannlækningar, breyttu afstöðu sinni og greiddu atkvæði gegn frv. þegar það kom til atkvæðagreiðslu þó þeir í nefndaráliti hefðu mælt með því. Breytt afstaða þeirra byggðist á yfirlýsingu ráðherra um reglugerðarbreytingu um aukna hlutdeild tryggingana í tannlæknakostnaði. Margir efuðust um heimild ráðherra til þess að ákveða slíkt með einfaldri reglugerðarbreytingu og var því lagt fram frv. um 20% þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði sem samþykkt var í Nd. en varð ei útrætt í Ed. á því þingi. Heilbrrh. gaf síðan út sína reglugerð sem aldrei kom til framkvæmda því að nýr heilbr.- og trmrh. tók við skömmu síðar og felldi reglugerðina úr gildi.

Þar sem allt stóð við það sama árið 1983 flutti ég því aftur frv. það sem ég nú mæli fyrir um skattívilnanir vegna mikilla útgjalda vegna tannlæknakostnaðar. Taldi ég að þeir þm., sem hlynntir hefðu verið skattafslætti á þinginu áður en breytt höfðu afstöðu sinni vegna tilkynningar ráðherra um setningu reglugerðar um aukna hlutdeild tryggingana í tannlæknakostnaði, sem aldrei kom til framkvæmda, mundu í ljósi þess geta fallist á að veita skattívilnanir vegna útlagðs

tannlæknakostnaðar.

Ekki tókst þó betur til en svo að hv. fjh.- og viðskn., sem þá fékk málið til umfjöllunar, þríklofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. lagði til að frv. yrði vísað til ríkisstj. 1. minni hl. lagði til að frv. yrði samþykkt. 2. minni hl., sem m.a. var skipaður fyrrv. heilbr.- og trmrh. Svavari Gestssyni sem á árinu 1981 hafði mælt með skattaívilnun vegna útgjalda við tannlæknakostnað, sagðist nú í sínu nál. ekki telja eðlilegt að koma til móts við fólk vegna mikils tannlæknakostnaðar með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt. Kom fram í nál. að réttara væri að breyta lögum um almannatryggingar á þann veg að skylt væri að greiða hluta tannviðgerðarkostnaðar almennt og boðaður var slíkur frumvarpsflutningur þó að örfáir dagar lifðu þá af þinginu. Þetta var svar 2. minni hl. fjh.- og viðskn. við frv. þá um skattaívilnun. Frv. um skattaívilnun var á því þingi, 106. þingi, vísað til ríkisstj.

Herra forseti. Enn á nýjan leik er þess freistað að leggja fram þetta frv., sem svo erfiða göngu hefur átt hér í gegnum þingið, og þess freistað að reyna að ná samstöðu um málið. Ég bendi á tvíþættan tilgang frv. sem er í fyrsta lagi að létta undir með þeim sem hafa haft veruleg útgjöld vegna tannlækninga og í annan stað mun frv. tryggja betra eftirlit með gjaldtöku tannlækna.

Ýmsir þm. hafa í rökstuðningi gegn þessu máli og þegar til atkvæðagreiðslu kom á fyrri þingum greitt atkvæði gegn því í ljósi þess að skynsamlegra væri að samþykkja að almannatryggingar tækju almennt þátt í tannlæknakostnaði. Út af fyrir sig get ég verið sammála þessum sjónarmiðum, enda bendi ég á ítrekaðar tilraunir mínar til að fá frv. samþykkt um það efni hér á þinginu. Ég geri mér ljóst að það er lítil von til þess, eins og reyndar var á 106. löggjafarþingi, að fá slíkt frv. samþykkt. Verður að draga í efa að slíkt frv. ætti meirihlutastuðning á Alþingi nú. Því teljum við flm. þessa frv. rétt að láta reyna á það hvort þetta frv. hafi ekki nú stuðning á hv. Alþingi þannig að létt sé undir með þeim sem veruleg útgjöld hafa vegna tannlæknakostnaðar. Þetta er tvímælalaust ódýrasta leiðin fyrir ríkissjóð ef þm. eru á annað borð hlynntir því að létta undir með þeim sem eiga í miklum fjárhagserfiðleikum vegna útgjalda við tannlækningar.

Það hefur verið gagnrýnt að frv. þetta nái ekki til þeirra sem engan tekjuskatt greiða og því ekki til lægst launuðu hópanna. Flm. telja að úr þessu megi bæta ef ónýttur persónuafsláttur yrði borgaður út líkt og á sér stað um barnabætur, en þm. Alþfl. hafa flutt frv. um það efni.

Einnig má benda á að jafnvel þó að sú skipan kæmist á að aukin yrði þátttaka almannatrygginga í tannlæknakostnaði, þá er eðlilegt að þetta ákvæði væri einnig í skattalögum og því beitt þegar um veruleg útgjöld vegna tannlækninga væri að ræða, eins og kveðið er á um í þessu frv. Það er alkunna að meiri háttar tannviðgerðir geta kostað tugi þúsunda eða margföld verkamannalaun.

Sambærilegt ákvæði er í 66. gr. skattalaganna þar sem bæði er greitt af almannatryggingum auk þess sem um er að ræða skattaívilnanir af sama tilefni. Í þessu sambandi má t.d. benda á 1. tölul. 66. gr. skattalaganna, en þar segir að skattstjóri hafi heimild til að lækka tekjuskattsstofn ef gjaldþol skattaðila skerðist verulega vegna ellihrörleika, veikinda, slysa eða mannsláts. Benda má á að kostnaður við tannlækningareikninga gæti verið rýmri meðan þátttaka almannatrygginga er ekki fyrir hendi en mætti þrengja þegar og ef til þess kemur að almannatryggingar taki frekar þátt í tannlæknakostnaði.

Skv. 66. gr. skattalaganna er það skattstjórinn sem tekur ákvörðun um skilyrði fyrir ívilnun skv. ákvæðum þessarar greinar. Sú tilhögun yrði einnig á framkvæmd þess ákvæðis sem hér um ræðir.

Ég minnist þess að þegar frv. þetta var til umræðu í heilbr.- og trn. fyrir 3—4 árum síðan taldi fulltrúi skattstjóra að ákvæði þessa frv. væru ekki erfiðari í framkvæmd en önnur ákvæði 66. gr. skattalaganna sem kveða á um heimild skattstjóra til að lækka tekjuskattsstofn ef skattaðilar verða fyrir þungum búsifjum og gjaldþol þeirra skerðist verulega af þeim sökum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta öllu fleiri orð. Með þessu frv. er reynt að létta undir með því fólki sem hefur þungar fjárhagslegar byrðar vegna mikilla útgjalda vegna tannlækninga. Þó að ég styðji vissulega þá leið að auka þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði, eins og ég hef sýnt fram á með því að leggja fram a.m.k. tvívegis frv. þar að lútandi, tel ég vera raunhæft mat í stöðunni nú að leggja þessa leið til og þetta sé það skref sem við eigum að stíga núna í þessu efni.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 76. mál (þskj. 83). — Frh. 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Mál þetta var tekið fyrir á fundi deildarinnar s.l. mánudag. Ég óskaði þá eftir að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur umræðuna. Ástæða þess er í fyrsta lagi að ég tel að mál þetta snerti verkefni þeirrar nefndar sem forsrh. skipaði í mars s.l. til að gera úttekt á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og í öðru lagi tel ég að þetta mál snerti einnig það verkefni sem forsrh. hefur fallist á að beita sér fyrir og snertir samanburðarkönnun á launum og kjörum kvenna og karla í þjóðfélaginu. Ég tel því eðlilegt að við 1. umræðu um þetta mál kæmi fram skoðun hæstv. forsrh. á þessu máli sem ég tel að snerti mjög þau tvö verkefni sem ég hef greint frá og forsrh. hefur beitt sér fyrir að unnið verði að.

Ég teldi það brýnt ef fram kæmi til að mynda stuðningur hæstv. forsrh. við þetta frv. sem hér liggur fyrir. Það mundi auðvelda mjög þau verkefni sem hæstv. forsrh. hefur beitt sér fyrir að hrundið verði af stað.

Hér á Alþingi hefur iðulega farið fram umræða þess efnis að brýnt sé að fram fari ítarleg úttekt á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Í því sambandi skal minnt á till. til þál. sem samþykkt var á Alþingi 1980 um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum, en í þeirri till. var í tólf liðum útfært hvaða leiðir þyrfti að fara og hvaða upplýsingum þyrfti að ná fram til að fá heildaryfirsýn yfir raunverulega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Í framhaldi af umræðum, sem orðið hafa um þetta mál á Alþingi, hefur, eins og ég greindi frá, verið skipuð nefnd til að gera úttekt á tekjuskiptingunni. Einnig nefndi ég að forsrh. hefur samþykkt að beita sér fyrir að ítarleg samanburðarkönnun verði gerð á launakjörum kvenna og karla í þjóðfélaginu. Af því tilefni var þess óskað, m.a. af framkvæmdanefnd um launamál kvenna, að í þeirri könnun verði gerð ítarleg úttekt á samsetningu launa og kjara í heildartekjum.

Í viðræðum framkvæmdanefndar um launamál kvenna við forsrh. um það mál kom ljóslega fram að ýmsum vandkvæðum er bundið að styðjast við skattframtöl við úttekt á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Er þar einkum til að taka að upplýsingar úr skattframtölum gefa litla mynd af samsetningu launatekna eða vinnutíma í einstökum greinum atvinnulífsins.

Í þeirri stjórnskipuðu nefnd, sem fengið hefur það verkefni að kanna þróun tekjuskiptingar á undanförnum árum, hefur komið fram að gögn, sem fyrir hendi eru varðandi tekjuskiptingu og tekjudreifingu, séu fyrst og fremst árlegar skýrslur ríkisskattstjóra um tekjur einstaklinga og fyrirtækja. Bendir margt til þess að tekjuskiptingarnefndin muni í störfum sínum styðjast að verulegu leyti við tekjuskiptingu og tekjudreifingu sem fram kemur í skattframtölum.

Ljóst er einnig að skattskýrslur eru undirstaða tekjuskýrslna sem Þjóðhagsstofnun gerir og að áætlunardeild Framkvæmdastofnunar ríkisins styðst mikið við upplýsingar úr skattframtölum í þeim skýrslum sem hún hefur gefið út, m.a. um mannafla og tekjur. Það er því ljóst að þegar kannanir eru gerðar um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu er í töluverðum mæli stuðst við upplýsingar úr skattframtölum. Þó er ýmsum vandkvæðum bundið að fá fram marktækar upplýsingar um tekjuskiptinguna, sérstaklega að því er varðar samsetningu launa og vinnutíma.

Skattframtölin geta þó, ef betur væri að staðið, þjónað þýðingarmiklu hlutverki til að upplýsa tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Úr skattframtölum er unnt að afla mun ítarlegri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert, m.a. með því að óska sundurliðaðrar skýrslu frá atvinnurekendum um launagreiðslur til starfsmanna til að ná fram gleggri upplýsingum um samsetningu launanna.

Megintilgangur þess frv., sem ég hér mæli fyrir, er að hagkvæm og fljótvirk leið verði valin til að fá fram úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Halldórsdóttir og Guðmundur J. Guðmundsson.

Í frv. er lagt til að kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum um kjaramál úr skattframtölum auk þess sem kjararannsóknarnefnd hafi áhrif á hvort, og þá með hvaða hætti, óskað væri ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattyfirvöldum gert skylt að veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslu í því formi er þessir aðilar ákveða um framtaldar tekjur og eignir. Kjararannsóknarnefnd gegnir ekki síður en þessir aðilar mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlendis. Ber því nauðsyn til að veita kjararannsóknarnefnd einnig aðgang að upplýsingaöflun úr skattframtölum, auk þess sem kjararannsóknarnefnd gæti haft áhrif á — og það er mikilvægt — í samráði við ríkisskattstjóra hvernig skýrslur atvinnurekenda um launagreiðslur til starfsmanna skuli úr garði gerðar. Með þessari breytingu væri opnaður möguleiki á að kjararannsóknarnefnd hefði áhrif á hvort, og þá með hvaða hætti, óskað væri ítarlegri upplýsinga en nú er gert um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum.

Með þessu fyrirkomulagi eru hagsmunir hins opinbera í þessu efni engu lakar tryggðir en nú gerist, en kjararannsóknarnefnd og þar með hlutaðeigandi aðilum vinnumarkaðarins gefið tækifæri til að móta upplýsingaöflun. Við alla kjarasamningagerð er notagildi þeirra upplýsinga, sem þar fengjust, mjög mikið.

Frv. þetta hefur áður verið flutt á tveim þingum en ekki hlotið afgreiðslu. Það er vandséð af hverju Alþingi ætti að leggjast gegn því að kjararannsóknarnefnd fái aðgang að skattframtölum til að auðvelda nefndinni störf sín, en kjararannsóknarnefnd gegnir þýðingarmiklu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlendis. Það ætti að vera í þágu allra aðila, bæði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, að nýta betur þau stjórntæki sem fyrir hendi eru til að fá fram sem gleggstar upplýsingar um tekjuskiptingu og launakjör í þjóðfélaginu. Minni ég í því sambandi enn á þá stjórnskipuðu nefnd sem nú hefur það verkefni með höndum að gera úttekt á þróun tekjuskiptingar hér á landi, nefnd sem að öllum líkindum kemur til með í starfi sínu að styðjast sem mest við skattskýrslur í sínu verkefni. Ekki verður annað séð en það ætti að vera útlátalaust fyrir stjórnvöld og að það væri til hagsbóta fyrir alla að kjararannsóknarnefnd hefði, ef hún svo kysi, aðgang að ítarlegum upplýsingum úr skattframtölum.

Eins og nú er er einungis unnt að fá úr skattframtölum upplýsingar um heildarlaunagreiðslur en ekki sundurgreindar upplýsingar um laun fyrir dagvinnu, yfirvinnu, bónus, greiðslur fyrir vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum eða sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af framantöldu, svo sem yfirborganir og þess háttar. Til þess að svo verði er eðlileg leið að opna kjararannsóknarnefnd aðgang að skattframtölum og að kjararannsóknarnefnd hafi þá áhrif á hvort, og þá með hvaða hætti, óskað væri ítarlegri upplýsinga um samsetningu launagreiðslna og vinnutíma á launaseðlum.

Ég legg áherslu á, herra forseti, að hér er um einfalda lagabreytingu að ræða sem mikla þýðingu hefði fyrir kjararannsóknir hér á landi, breytingu sem í einu og öllu er útgjaldalaus fyrir stjórnvöld en gæti haft mikil áhrif og verið mikils virði fyrir samtök vinnumarkaðarins að því er varðar upplýsingaöflun um samsetningu launatekna og vinnutíma í einstökum greinum atvinnulífsins. Sú breyting, sem hér er lögð til, gæti líka haft mikið notagildi fyrir stjórnvöld að því er varðar ákvarðanatöku um ýmis félagsleg úrlausnarefni sem miða að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. Ég ítreka það, sem fram kom í upphafi míns máls, að ég teldi eðlilegt að hæstv. forsrh. greindi hér frá skoðun sinni á því frv. sem hér liggur fyrir vegna þeirra tveggja verkefna sem nú eru á döfinni varðandi úttekt á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu.

Einnig vil ég nota þetta tækifæri til að beina fsp. til

hæstv. forsrh. um það hvort hann gæti upplýst þingheim um það hvar á vegi er stödd sú samanburðarkönnun á launum og kjörum kvenna og karla í þjóðfélaginu sem hann hefur upplýst að hann muni beita sér fyrir.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. flm. er nú unnið að tveimur könnunum á vegum forsrn. Önnur er samanburður á launum karla og kvenna í þjóðfélaginu og hitt er athugun á launaskiptingu í þjóðfélaginu. Það er hárrétt, sem kom fram hjá hv. flm. að hvort tveggja hefur þetta reynst töluvert erfiðara viðfangs en a.m.k. sumir töldu í upphafi. Það er hárrétt, sem kom fram, að sundurliðaðar upplýsingar liggja ekki svo ítarlegar fyrir að unnt hafi reynst að vinna þetta verk á skammri stundu.

Ég hef einmitt nýlega kynnt mér stöðu þessara verkefna beggja og niðurstaðan er sú að athugun á launamisrétti í þjóðfélaginu er hægt að ljúka hjá Þjóðhagsstofnun á skömmum tíma. Þar er að vísu töluverð tölvuvinna eftir en þeir segjast helst vera í vandræðum með að fá aðgang að tölvunni til þeirrar úrvinnslu. Ég vona þó að Þjóðhagsstofnun geti skilað sínum hluta innan skamms. Ég þori ekki að segja nánar um það en ég hef lagt á það áherslu við Þjóðhagsstofnun og rætt við forstjóra stofnunarinnar um að svo verði.

Í því bréflega svari, sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun, kemur hins vegar fram að stofnunin telur að nauðsynlegt muni verða að fylgja þessu eftir með áframhaldskönnun, m.a. ef til vill úrtakskönnun sem bæði kosti peninga og taki tíma, vegna þess að glöggar upplýsingar liggja ekki fyrir í skýrslum. Ég get ekki sagt meira um þessa könnun á þessu stigi. Við skulum sjá hvort ekki tekst að fá þennan áfanga, sem Þjóðhagsstofnun vinnur að, fljótlega og þá þurfum við að meta hvernig framhaldið verði unnið. En ég hef fullan hug á því að þessu verki verði haldið áfram og því hraðað eins og frekast er kostur.

Ég hef einnig rætt við formann þeirrar nefndar sem fjallar um tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Það er hagstofustjóri. Hann tjáir mér að m.a. vegna þess að nefndarmenn óski eftir ákaflega margvíslegum og fjölbreyttum upplýsingum, sem ekki liggja nægilega vel fyrir, telji hann að þetta starf verði miklu viðameira en í upphafi var reiknað með. Hagstofustjóri nefndi að vísu ekki að upplýsingar væru óaðgengilegar en ég hygg þó að það muni vera rétt hjá hv. flm. að sundurliðun er ekki nægileg til að unnt sé að vinna það verk með skjótum hætti. Þetta er það sem ég get sagt um þetta hvort tveggja.

Um frv. vil ég segja að ég er sannfærður um að svo sundurliðaðar upplýsingar, sem þar er beðið um, yrðu til að auðvelda allt slíkt starf og að því leyti er það hiklaust af hinu góða. Ég legg til að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, kanni hvort einhverjir tæknilegir erfiðleikar eru á því að skylda atvinnuvegina til að skila slíkum upplýsingum. Ég þekki það ekki. Tvímælalaust er það nokkur pappírsvinna. Útbúa þarf eyðublöð sem sýna mönnum hvernig sú sundurliðun á að vera. En þetta hvort tveggja kann að vera lítil fyrirstaða. Í fljótu bragði óttast ég að vanhöld kunni að verða á slíkum upplýsingum ef ekki er því harðar eftir þessu gengið og það kann að vera að þetta íþyngi sumum minni atvinnurekendum sem ekki eru með nægilegt skrifstofulið og ekki hafa tölvur til að vinna slíkt. En ég legg til að nefndin skoði þann þátt mjög vandlega.

Ég hef að öðru leyti engar athugasemdir við frv. að gera. Ég tek undir það að ef, að vel athuguðu máli, það reynist ekki íþyngja atvinnuvegunum á umtalsverðan hátt og það er sæmilega auðvelt í framkvæmd, þá er þetta tvímælalaust til bóta fyrir þá vinnu sem nú er t.d. að unnið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 80. mál (þskj. 87). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 89. mál (þskj. 99). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 60 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta er 89. mál og er á þskj. 99 og borið fram á því ári sem 1055 eru liðin frá stofnun Alþingis.

Þetta mál er þekktara þó undir nafninu Búsetamálið eða Búsetafrv. til þess að hv. þm. og hæstv. ráðherrar átti sig þegar í upphafi á því hvaða mál hér er á ferðinni. Saga þessa máls er allfræg og mun ég nokkuð rifja hana hér upp sem eðlilegt er, enda tel ég mig ekki þurfa að hafa ýkjalangt mál um sjálft frv. jafn vel kynnt og þetta mál er með þjóðinni og get enda vísað í framsöguræðu fyrir þessu sama frv. frá síðasta þingi sem ég flutti hér á næstsíðasta degi þinghaldsins í júnímánuði s.l.

Við flm., fulltrúar stjórnarandstöðuflokka hér á Alþingi, höfum aftur valið þá leið að leggja hér fram þetta frv. til að koma þessu máli á dagskrá. Frv. er lagt fram óbreytt eins og það kom frá starfshóp sem skipaður var til að semja frv. um þetta efni. Áskilja einstakir flm. sér eðlilega fyrirvara á um einstakar greinar frv.

Til að skýra í örfáum orðum hvað átt er við með húsnæðissamvinnfélagi og búseturétti, þá er hér á ferðinni félagslegt húsnæðisform sem byggir á því að íbúðarhúsnæði er í eigu félagsskapar sem á, hefur umsjón með og rekur húsnæðið, eins og segir í 1. gr. þessa frv., en félagsmönnum er síðan látið í té þetta húsnæði með búseturétti sem þeir kaupa sér og eiga. Sjálft húsnæðið er því ekki selt heldur er í eigu þessa félagsskapar og einungis búseturétturinn gengur þá kaupum manna í millum ef til kemur.

Það er skoðun mín að betur þurfi að skilgreina en nú liggur fyrir aðild og þátt þessa húsnæðisforms innan hins félagslega íbúðakerfis enda er kveðið á um það í frv. þessu að sett skuli reglugerð um nánari útfærslu þeirra mála. En þetta frv. gerir ráð fyrir aðild húsnæðissamvinnufélaganna að Byggingarsjóði verkamanna

sem eðlilegt er og að lánað verði skv. 33. og 58. gr. gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í þessu frv. er valin sú aðferð að afmarka rétt húsnæðissamvinnufélaganna innan þess ramma, eins og segir orðrétt, að líta skuli „til skilyrða 33. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins í heild sinni og taka mið af meginmarkmiðum þeirrar greinar". Síðan segir að félmrn. skuli „kveða nánar á um þessi skilyrði í reglugerð". Ég tel eðlilegt og vil láta það koma fram, herra forseti, að leita beri sem víðtækasts samkomulags um þessa aðild og með hvaða hætti aðild húsnæðissamvinnufélaganna verði skilgreind út frá meginmarkmiðum 33. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ég tel einnig eðlilegt og vil láta það koma fram hér í upphafi máls míns að það yrði í mínum huga óhjákvæmileg afleiðing af samþykkt þessa frv. að efla þyrfti Byggingarsjóð verkamanna til að hann væri í stakk búinn til að þjóna því aukna hlutverki sem slíkt frv. mundi leggja honum á herðar. Reyndar hefur Byggingarsjóður verkamanna þegar fengið aukin hlutverk á síðustu árum og hefur ekki enn verið séð fyrir fjármögnun þannig að viðunandi sé til að hann geti staðið í stykkinu.

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að víkja fáeinum orðum að aðdraganda þessa máls hér á Alþingi og reyndar hér á Íslandi, svo skrautlegur sem sá ferill er nú orðinn. Þá er rétt að byrja á því þegar þessi mál komast í raun fyrst á dagskrá hér á Íslandi svo að um muni, þ.e. á fyrri hluta árs 1983. 22. júní 1983 er kjörin nefnd á aðalfundi Leigjendasamtakanna sem var falið það verkefni þar að vinna að stofnun húsnæðissamvinnufélags á Íslandi. Ekki er óeðlilegt að tímasetja upphaf þessarar hreyfingar við þann atburð. Í þessa nefnd voru kjörnir Jón Rúnar Sveinsson félagsfræðingur, Jón Ásgeir Sigurðsson blaðamaður og Reynir Ingibjartsson þáverandi starfsmaður Landssambands ísl. samvinnustarfsmanna.

Herra forseti. Ég mun síðan styðjast við ritið Búseta þar sem birtur er annáll húsnæðissamvinnu á Íslandi sem skráð hefur Reynir Ingibjartsson og einnig við skriflegt minnisblað og þingtíðindin og fleiri prentaðar heimildir, með leyfi forseta. Ég vona að mér leyfist að lesa upp úr þessu til skiptis án þess að óska formlega leyfis í hvert og eitt skipti. (**HBl:** Það væri fróðlegt að vita hvar hverja tilvitnun um sig er að finna. Ég óska eftir því.) *Ég mun verða við óskum, ef fram koma, um* að vitna í hvert skipti í þau plögg sem út hafa komið á prent, svo sem þingsköp gera ráð fyrir. (**HBl:** Það er eðlilegt, þegar vitnað er í skriflegar heimildir, að það liggi fyrir. Um það eru þingsköp.) Við skulum, hv. skrifari, fara bara rólega í gegnum þetta saman.

Í ritinu Búseta, sem er málgagn húsnæðissamvinnufélaga á Íslandi, er þessi annáll birtur í 6. tbl., 2. árg., 1984. Útgefandi er Búseti, Landssamband húsnæðissamvinnufélaga, sími 25262, til heimilis að Hávallagötu 24, 101 Reykjavík. Ábyrgðarmaður þessa rits er Jón Ásgeir Sigurðsson. *Þetta var prentað í Prentsmiðju* Árna Valdimarssonar hf. Og á bls. 18 er fyrsta tilvitnun. Með leyfi forseta segir að 15. des. 1983 hafi lokið skráningu stofnfélaga í Búseta í Reykjavík. „Alls skráðu sig fyrir 15. desember 2140 manns í félagið en skráning hófst 15. október. Þeir teljast fullgildir stofnfélagar sem greiða stofnfélagsgjaldið kr. 500.00 fyrir 1. febrúar 1984."

Á árinu 1983 kemst þessi hreyfing á laggirnar og fyrir árslok er kominn þarna á fót öflugur félagsskapur með þúsundum félagsmanna. Það má segja að málið komi síðan til kasta stjórnvalda í framhaldi af þessu og með leyfi forseta vitna ég aftur í sama rit:

„20. janúar 1984. Félmrh., Alexander Stefánsson, lýsir því yfir á fundi með fulltrúum frá Búseta að það verði opnuð leið til lána úr Byggingarsjóði verkamanna skv. frv. því sem hann lagði fram í byrjun desember um Húsnæðisstofnun ríkisins", en þá hafði hæstv. félmrh. lagt fram frv. sem að stofni til voru þær breytingar sem gerðar voru á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins snemma á næsta ári.

Strax 26. janúar 1984 skilaði Búseti ítarlegri umsögn um þessi frumvarpsdrög til formanns félmn. Nd. Alþingis, sem þá var hv. þm. Þorsteinn Pálsson, nú hæstv. fjmrh., og þar lögðu þeir til að húsnæðissamvinnufélögin eða búseturéttaríbúðir féllu undir c-lið 33. gr., um félagslegar íbúðabyggingar, en einnig að sérstakur kafli yrði saminn um búseturétt.

Síðan líður tíminn, herra forseti, og 14. maí 1984 átti sér stað hér á hinu virðulega Alþingi 3. umr. um húsnæðisfrumvarpið í Nd. Alþingis. Það er enn hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., sem talar fyrir málinu og flutti einnig brtt. þar sem búseturéttaríbúðirnar voru í raun útilokaðar frá frv. Áður hafði hv. þm. Halldór Blöndal haft framsögu fyrir meiri hl. félmn. og lýst þar þeim skilningi sínum að Búseti hefði ekki rétt til lána úr Byggingarsjóði verkamanna. Þá gerðist reyndar sá atburður hér á hv. Alþingi að hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson stóð upp og mótmælti túlkun frsm. meiri hl., en engu að síður varð niðurstaðan sú, sem raun ber vitni, að þann 14. maí afgreiðir hv. þm. Þorsteinn Pálsson málið með þeim hætti að Búseti eigi þarna ekki aðild. Hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson hafði þá bognað þannig á þessum örfáu dögum að hann sættir sig við að stjórnarflokkarnir hafi komist að þeirri niðurstöðu að leysa ágreining um afgreiðslu þessa frv. með því að skipa nefnd til að semja sérstakt lagafrv. um búseturétt og kaupleigusamninga. Síðan voru hv. þm. fullvissaðir um að meiningin væri að leggja slíkt frv. fram þegar í byrjun næsta þings, þ.e. strax haustið 1984.

Þá var sagt frá því í dagblaðinu NT, með leyfi forseta, 27. júní 1984, að félmrh. hafi skipað umrædda nefnd og nefndarmenn eru taldir upp. Það kom einnig fram í áðurnefndri frétt í NT að nefndin eigi að ljúka störfum fyrir þingbyrjun næsta haust, þ.e. fyrir þingbyrjun haustið 1984.

Síðan líður tíminn og þing kemur saman, en 19. október 1984 er formaður Búseta, landssambands húsnæðissamvinnufélaganna, kallaður fyrir þessa nefnd til að skýra þar málstað og málefni Búseta. Reyndar fór að hans sögn tíminn að mestu leyti í útskýringar á kenningum Friedmans, en það er annað mál og kemur ekki við þessa sögu.

Næst gerist það að 6. nóvember árið 1984, tæpum *mánuði eftir* að frv. átti að liggja fyrir Alþingi skv. loforðum hæstv. félmrh. og formanns Sjálfstfl. frá fyrra þingi, flytur hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson fsp. á Alþingi um búseturéttaríbúðir. Í svari hæstv. félmrh. kom þá fram að umrædd nefnd væri enn að störfum, enda verkið umfangsmikið, en hann vænti þess þá að hún mundi ljúka störfum fljótlega, enda kvaðst hann hafa óskað eftir því, ef ég man rétt, við nefndina að hún hraðaði mjög störfum sínum.

Ef ég má vitna í Alþingistíðindi sagði hæstv. félmrh. eitthvað á þá leið að hann teldi fulla ástæðu til að ætla að það mundi ekki dragast lengi úr þessu að niðurstöður kæmu frá nefndinni. Þetta var 6. nóvember 1984.

Síðan kom frétt í dagblaðinu Vísi þann 12. nóvember 1984, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um þennan seinagang í starfsnefndinni. Þar kom jafnframt fram að félmrh. hefði margítrekað, eins og þar er sagt, við nefndina að hraða nú störfum. Aðspurður sagði Jóhann Einvarðsson, sem mun hafa veitt nefndinni forstöðu, að sumarfrí og kjarasamningar og fleiri óviðráðanlegar ástæður hefðu tafið störf nefndarinnar, en hann taldi, þ.e. Jóhann Einvarðsson, ástæðulaust að óttast að nefndin kæmist ekki að sameiginlegri niðurstöðu.

Enn líður tíminn, herra forseti, og upp rennur árið 1985. 31. janúar það ár lýsti hæstv. félmrh. því yfir á opnum fundi um húsnæðismál á Hótel Hofi, sem mun vera hof þeirra framsóknarmanna hér í borg, að umrædd nefnd hraði nú mjög störfum og hann vonist til þess að frv. muni liggja fyrir á næstu vikum.

Nú líður tæpur mánuður. 27. febrúar árið 1985 rennur upp. Þá ganga fulltrúar búsetahreyfingarinnar á fund félmrh. til að ræða þetta væntanlega frv. og inna hann eftir því hvað störfum nefndarinnar líði nú. Fulltrúar Búseta lýstu þar mjög áhyggjum sínum yfir því að nefndin kæmi sér ekki saman um lagafrv. og lýstu því hvernig það kæmi við hreyfinguna að bíða í þessari óvissu. Þá hafði einn af fulltrúum í nefndinni, Magnús L. Sveinsson, látið þau orð falla á opinberum vettvangi, nánar tiltekið í borgarstjórn Reykjavíkur ef ég man rétt, að búsetukerfið væri ein blekking. Morgunblaðið birti síðan þetta eftir nefndarmanninum. Áhyggjur Búseta á þessu stigi málsins voru því ofur eðlilegar.

14. mars 1985 héldu búsetamenn enn fund og þá með Jóhanni Einvarðssyni og komu á framfæri eindregnum óskum um að nefndin skilaði frv. af sér. Þá vildi hann engar dagsetningar nefna, en upplýsti, eins og reyndar var búið að gera þá í næstum hálft ár, að nefndin ynni af kappi og mundi skila af sér mjög fljótlega.

Þegar svo var komið tók kurr að fara vaxandi í öllum þeim aðilum sem létu sig þetta mál varða og niðurstaðan varð sú að sá óvenjulegi atburður gerðist að aftur var lögð fram fsp. til hæstv. félmrh. á hv. Alþingi um þetta sama málefni, þ.e. um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir. Það gerðu fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokka hér á Alþingi. Sú fsp. var tekin á dagskrá þriðjudaginn 16. apríl, nánar tiltekið eftir kl. 14.00, og svaraði þá hæstv. félmrh. þeirri fsp. Fsp. var svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var með bréfi 27. júní s.l. til að vinna að frv. um búseturéttaríbúðir og kaupleiguíbúðir?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir setningu laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir á yfirstandandi þingi?“

1. flm. fsp., hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fór yfir aðdraganda málsins og rifjaði m.a. upp svar hæstv. félmrh. við fsp. frá Jóni Baldvini Hannibalssyni mörgum mánuðum áður á Alþingi, en þá hafði hæstv. félmrh. upplýst að nefndin hefði haldið marga fundi um málið, stjórnarflokkarnir stæðu einhuga að starfi hennar og að hann hefði, með leyfi forseta, „fulla ástæðu til að ætla að það mundi ekki dragast lengi úr þessu að niðurstöður komi frá nefndinni“.

Það var sem sagt 6. nóv., herra forseti, sem hæstv. félmrh. svaraði að hann hefði fulla ástæðu til að ætla að niðurstaða kæmi nú mjög fljótlega frá nefndinni. En nú var runninn upp 16. apríl á næsta ári og enn voru svör hæstv. félmrh. mjög í sama dúr. Hann sagði að störf þessarar nefndar tækju lengri tíma en ætlað hefði verið. Nefndin hefði safnað miklum gögnum og leitað fanga erlendis. Síðan reyndi hann að útskýra með ýmsu móti hvernig á því stæði að allar hans fyrri yfirlýsingar og öll hans fyrri loforð voru nú ómerk orðin. Þannig átti það yfir hæstv. félmrh. að ganga að standa aftur á Alþingi frammi fyrir því að orð hans frá því nokkrum mánuðum fyrr voru öll dauð og ómerk orðin.

Heldur var þetta nöturleg uppákoma fyrir hæstv. félmrh. og jók ekki tiltrú manna á því að eitthvað yrði úr efndum þeirra loforða sem gefin höfðu verið tæpu ári áður af hæstv. félmrh., framsóknarmanninum Alexander Stefánssyni, og formanni Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteini Pálssyni.

Stjórnarandstaðan lýsti því þá og reyndar síðar á næstu vikum að hún mundi ekki una því að þetta mál kæmist ekki á dagskrá þingsins. Niðurstaða þess varð sú að fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðu fram frv., reyndar óbreytt það frv. sem komið hafði frá stjórnskipaðri nefnd. Sama dag lögðu tveir hv. þm. Framsfl. einnig fram það frv. Þá var ljóst orðið, þá var búið að fullreyna að ríkisstj., hæstv. félmrh. og formaður Sjálfstfl. mundu svíkja margítrekuð loforð sín um að leggja þetta mál fyrir þingið, þeir hæstv. félmrh. og hv. þm. Sjálfstfl. kæmu sér ekki saman, og þá væri ekki eftir neinu að bíða. Niðurstaðan varð sú að tveir þm. Framsfl., sem áhuga höfðu á þessu máli, treystu sér ekki til að flytja frv. með stjórnarandstöðunni heldur lögðu fram sérstakt frv. Fyrir þessu máli var talað á næstsíðasta degi þinghaldsins og reyndar brást hv. skrifari og hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal ókvæða við, að málið skyldi yfirleitt komast á dagskrá, og bar þar fyrir sig hina ólíklegustu hluti. Engu að síður var þetta svo langt sem málið komst á síðasta þingi.

Það var ekki langt liðið af þinghaldinu þetta árið, herra forseti, þegar farið var að inna eftir því hvernig gengi nú með málið, enda eðlilegt. Svörin voru alveg eins og þau hafa alltaf verið, herra forseti. Það var verið að vinna að málinu, menn höfðu góða von um að fljótlega mundi eitthvað koma hér fram o.s.frv. Þetta kunna menn auðvitað orðið utanað, enda hefur þetta allt saman komið á prent, ýmist í blöðum, ritum eða Alþingistíðindum, og þarf ekki um að deila það sem skrifað stendur.

Ég sagði þá, herra forseti, að við í stjórnarandstöðunni mundum ekki líða hæstv. ríkisstj. að leika sama leikinn með þetta mál allan þennan þingvetur og mundum sjá til þess að málið kæmist inn á dagskrá þingsins á næstu dögum, hvað við og gerðum. Hér liggur það nú fyrir og er til umræðu. Það er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu, ef þau ólíklegu tíðindi gerðust nú á næstu dögum að hæstv. ríkisstj. kæmi sér saman í málinu, að hún komi þá með sína útgáfu, sína niðurstöðu frá því hér inn og málin gætu þá orðið samferða í vinnslu í þinginu.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég bíð þess með hóflegri eftirvæntingu að sá atburður gerist að hæstv. félmrh. fái fram málið fyrir Sjálfstfl.

Þáttur Sjálfstfl. í þessu máli er alveg með sérstökum

hætti og þyrfti sérstakan kafla um það í þessari sögu þegar hún verður skráð, svoleiðis hefur flokkurinn og einstakir talsmenn hans þvælst fyrir í þessu máli með öllum tiltækum ráðum og komið í veg fyrir það með ýmsum ráðum að þetta mál fengi hér nokkurn framgang. Er það hreint með ólíkindum. Það er ekki alveg útilokað að einhver hv. þm. Sjálfstfl. kveðji sér hljóðs á eftir og láti eitthvað í sér heyra, m.a. lýsi afstöðu sinni til þessa frv., lýsi kannske afstöðu sinni til þess hvort Sjálfstfl. vill yfirleitt einhver húsnæðissamvinnufélög á Íslandi, hvort hann vill yfirleitt einhverja löggjöf um það húsnæðisform og þá hvers vegna ef svo er að hann vill það ekki.

Ég hef þegar lýst þeirri afstöðu minni, herra forseti, að ég tel að það sé verið í raun að breikka hið félagslega íbúðakerfi með því að taka hér einnig upp og lögbinda húsnæðissamvinnufélög. Ég sé það ekki sem samkeppni eða í andstöðu við það félagslega íbúðarkerfi sem fyrir er, heldur sem útvíkkun og breikkun á því kerfi og styrkingu í raun. Sú hefur orðið raunin á í nálægum löndum að húsnæðissamvinnufélög og búseturéttaríbúðir hafa komið með eðlilegum hætti sem viðbót og sem hluti af hinum félagslega íbúðakerfi og leyst þar úr ákveðinni þörf.

Ég vil sérstaklega nefna það samstarf sem tekist hefur t.a.m. í Noregi milli sveitarfélaga og húsnæðissamvinnufélaga þar sem þau fyrrnefndu, þ.e. sveitarfélögin, hafa séð sér mikinn hag í því að ganga til samstarfs við húsnæðissamvinnufélögin og leysa þannig skyldur sínar um leiguíbúðir. Það er, eins og ugglaust margir vita sem þekkja til ástands á leigumarkaðnum hér á Íslandi, ófagurt ástand og ég segi það hér hiklaust að mjög mörg sveitarfélög hafa ekki staðið í stykkinu hvað varðar það að tryggja eðlilegt framboð á leiguhúsnæði. Ég held því að það gæti verið mjög farsæl lausn ef húsnæðissamvinnufélög kæmu inn í þá mynd og báðum aðilum til hagsbóta að þetta fyrirkomulag kæmi inn á húsnæðismarkaðinn og leysti þar úr brýnni þörf.

Það er einnig annar þáttur, sem iðulega er rangtúlkaður og affluttur, sem snertir þessi húsnæðissamvinnufélög. Það er sú hagkvæmni sem felst í því fyrir húsnæðislánakerfið, fyrir fjármögnunarkerfið að leggja féð í búseturéttaríbúðir. Sá er munur á að til búseturéttaríbúða er einungis lánað einu sinni, í eitt skipti fyrir öll, og síðan eru þær íbúðir í eigu eins og sama aðilans, þ.e. félagsskaparins sem um þær er stofnaður og þær rekur. Þannig þarf ekki að lána endurtekið til þessara íbúða þó að eigendaskipti verði á sjálfum búseturéttinum. Þetta er munur sem getur skipt sköpum fyrir fjáröflunarkerfi húsnæðismála verði þetta húsnæðisform verulega gildur þáttur hér á húsnæðismarkaðnum.

Ég vil nefna, herra forseti, í því samhengi að það hefur komið út úr könnun á því hversu oft íbúðir hér í Reykjavík skipti um eigendur að að meðaltali sé hver einasta íbúð seld áttunda hvert ár, þ.e. að einu sinni á hverjum átta árum geti húsnæðislánakerfið staðið frammi fyrir því að lána í eina og sömu íbúðina þegar hún skiptir um eigendur. Það gefur auga leið að þó að það sé ekki ýkjahátt hlutfall af verðmæti íbúðarinnar í hvert skipti sem lánað er safnast þegar saman kemur. Ef um búseturéttaríbúð væri að ræða væri, eins og ég áður sagði, er lánað til hennar í upphafi og síðan ekki söguna meir.

Þennan mun held ég að menn ættu að athuga þegar þeir gagnrýna þetta fyrirkomulag m.a. út frá sjónarmiði fjáröflunar til húsnæðismála. Ég vona að það hafi alveg skilist af mínu máli hvernig meiningin er að koma þessu fyrir.

Það mætti nefna ótalmargt fleira sem mælir með húsnæðissamvinnufélögunum. Ég vil sérstaklega tiltaka einn þátt sem er sparnaður í byggingum. Það gefur auga leið að með því að hanna skynsamlegt húsnæði af mátulegri stærð og byggja það í nokkuð stórum áföngum er unnt að ná fram miklum sparnaði í byggingarkostnaði. Það kemur einnig til góða, þegar lánað er, í formi minni fjárútgjalda. Reynslan frá nálægum þjóðum hefur einnig sýnt að meðferð þessa húsnæðis er allt önnur og betri en er í hinum almennu leiguíbúðum. Eins og menn vita hafa leiguíbúðir sveitarfélaga m.a. verið erfiðar og þungar þeim sem þær reka vegna þess að meðferð húsnæðisins hefur verið slæm. Þess vegna hefur hlaðist á þetta mikill viðhalds- og endurbótakostnaður. Reykjavíkurborg hefur m.a. slæma reynslu af þessu. Reynslan frá Noregi sýnir að það er mjög hagkvæmt, m.a. að þessu leyti, báðum aðilum að ganga þarna til samstarfs vegna þess að í húsnæðissamvinnuforminu er íbúðin á ábyrgð þeirra sem þar búa og það er einnig þeirra hagur að hafa viðhaldskostnaðinn sem minnstan. Þannig hefur þetta í reynd þýtt gerbreytta og betri meðferð á húsnæði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu öllu lengri. Eins og ég áður sagði held ég að þetta form sé mönnum allvel kynnt og það ætti ekki að þurfa að hafa um það langt mál. Þetta frv. gengur út á það, sem eðlilegt má telja, að inn í lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins komi nýr kafli um húsnæðissamvinnufélög og verði IX. kafli þeirra laga. Ég tel mig hafa gert hér þá grein fyrir þessu sem þurfa þykir.

Ég legg svo til að að aflokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég kem hér upp til að styðja þetta mál eða reyndar ítreka stuðning við þetta mál sem við þm. Kvennalista höfum stutt við frá byrjun vegna þess að okkur þykir þetta, eins og áður hefur komið fram, vænlegur kostur og auka fjölbreytni félagslegra íbúðabygginga.

Á þessum síðustu og verstu tímum eru vandræðin í húsnæðismálum almennt orðin það mikil að það er jafnvel brýnni ástæða en áður að huga að því formi sem búsetahreyfingin býður upp á. Mig langar til að vitna í tvær blaðagreinar þessu máli mínu til stuðnings.

Í fyrsta lagi er stutt fréttayfirlýsing úr NT frá því í morgun. Það er reyndar yfirlýsing frá áhugamönnum um úrbætur í húsnæðismálum með fyrirsögninni Þingmenn nú verður fylgst með ykkur:

„„Þingmenn nú verður fylgst með ykkur. Það er kominn tími til þess að almenningur komi siðferðilegum böndum á svikula stjórnmálamenn.“

Þetta er yfirlýsing áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum sem kynntu viðhorf sín á fundi með fréttamönnum í gær. Húsbyggjendur gera þá kröfu til stjórnmálamannanna að þeir efni þegar fjölmörg loforð sín um úrbætur þeim til handa. M.a. vilja þeir fara að sjá eitthvað af þeim peningum sem aflað var með söluskattshækkun s.l. vor sem ekki kom síst niður á lántakendum. Tillögur húsnæðishópsins eru þær að leiðréttingar á greiðslubyrði húsbyggjenda umfram for-

sendur þegar lánin voru tekin verði með tvennum hætti: annars vegar með skattafslætti og hins vegar með skuldbreytingum á almennum bankalánum. Varðandi síðari tillöguna er farið fram á að ríkisvaldið sjái til þess að lánum húsbyggjenda og kaupenda í bönkum verði skuldbreytt til a.m.k. 15 ára og/eða að Húsnæðisstofnun veiti aukin skuldbreytingalán til sama tíma. Húsnæðishópurinn bendir á hve gífurleg áhrif hækkun raunvaxta hafi á greiðslubyrði af lánum, sérstaklega langtímalánum. Sem dæmi er tekin afborgun af 1 millj. kr. láni til 20 ára með 50 þús. kr. afborgun á ári. Væru vextir 2,5% eins og þeir voru á árunum 1980—1982 væri afborgun og vextir 75 þús. kr. á ári. Með 5% vöxtum eins og nú tíðkast fer afborgunin upp í 100 þús. kr., þ.e. hækkar um þriðjung. Færu vextirnir í 10% yrði ársgreiðslan 150 þús. kr. eða tvöfalt hærri en með 2,5% vöxtunum. Bent er á að fjölgun nauðungaruppboða og nýuppkomin okurgæpamál sýni svart á hvítu að ríkisstj. hafi engan vanda leyst. Þvert á móti hafi í skjóli hennar dafnað okurlánamarkaður og af fréttum megi ráða að ríkisstj. stefni að enn frekara vaxtaokri á almenningi. Húsnæðishópurinn tekur því undir fram komna tillögu á Alþingi um frestun nauðungaruppboða og gerir þá kröfu til þm. að þeir hætti ábyrgðarlausu orðagjálfri og snúi sér að alvörulausn þessa vanda."

Þessi hópur lýsir vanda sínum í þessari stuttu blaðagrein. Og það er víst að fjöldi nauðungaruppboða eykst með viku hverri og degi hverjum og eitt er líka víst að margir þeir sem fóru út í það að byggja sér hús á s.l. 5—10 árum standa nú uppi í gífurlegum erfiðleikum. Hugmyndirnar að baki Búseta leiða til annarra lausna og í síðustu fréttum sem bárust frá Húsnæðisstofnun kom í ljós að eitthvað átti að gera til þess að auðvelda Búseta aðgang að lánakerfum Húsnæðisstofnunar. En ég vil vitna núna í grein í DV í dag. Þar segir:

„Búseti í klípu — fær aðeins lán fyrir 15 íbúðum.

Hrakförum Búseta virðast engin takmörk sett. Þó að búið sé að samþykkja lán til Búseta virðist vera langt frá því að björninn sé unninn. Lán það sem Búseti hefur fengið vilyrði fyrir í húsnæðisstjórn hljóðar upp á lán til byggingar 15 íbúða á 15 mánuðum. Með slíku framhaldi tæki það Búseta fjögur ár að byggja hina 46 íbúða blokk sem Búseti hefur í hyggju að byggja.

„Þetta er ákaflega einkennileg staða og við sitjum í algjörri gildru", segir Reynir Ingibjartsson starfsmaður Búseta. „Eftir að hafa staðið í þessu ströggli um að fá þessa lánveitingu sitjum við uppi með þetta sem er krækiber í helvíti miðað við samtök sem í eru 2500 manns."

Hann segir að Búsetamenn viti ekki sitt rjúkandi ráð þessa stundina. Búseti hafi nokkra valkosti. Einn er að hætta öllu saman, annar að byggja og hanna nýtt hús, þriðji að fara út í þessar framkvæmdir upp á von og óvon og fjórði að byggja þessar íbúðir og hreinlega selja síðan eins og hvert annað byggingarfélag gerir. Ef Búseti ætlar aðeins að byggja þessar 15 íbúðir er fyrirsjáanlegt að það þurfi að hanna nýtt hús því 46 íbúða blokkin er þannig hönnuð að illmögulegt er að byggja hana í áföngum. „Svo sitjum við með gatnagerðargjöldin á herðunum og allan þann kostnað sem verktakinn hefur þegar eytt í undirbúningsvinnu fyrir væntanlegar framkvæmdir í Grafarvoginum", segir Reynir."

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort hann ætli að láta þar við sitja.

En að lokum, herra forseti, langar mig til þess að vitna í ályktun landsfundar Kvennalistans, sem haldinn var í Gerðubergi um s.l. helgi, þá ályktun sem fjallar um húsnæðismál:

„Landsfundur Kvennalistans telur að vandi fólks vegna húsnæðismála sé svo gífurlegur að ekki verði horft fram hjá honum. Fjölmörg heimili í landinu eru á barmi gjaldþrots sem rekja má til efnahagsráðstafana ríkisstj. Núverandi ríkisstj. virðist hvorki hafa vilja né getu til að leysa þennan vanda. Það virðist nú gert ráð fyrir að viðbótarskattlagning vegna sérstakrar fjáröflunar til húsnæðismála eigi öll að renna til hefðbundinna útlána á vegum Húsnæðisstofnunar. Ekkert á að fara til að leysa vanda þess fólks sem nú á í mestum erfiðleikum. Það á að auka vandann en ekki að leysa hann. Nú þegar verður að grípa til ráðstafana. Frestun nauðungaruppboða og breyting skammtímalána til lengri tíma eru aðgerðir sem hægt er að grípa til strax. Framlag ríkissjóðs í gegnum skattakerfið í formi vaxtafrádráttar þarf að renna til þeirra sem eiga í mestum erfiðleikum en ekki til þeirra sem mestar eignir eiga og eru tekjuhæstir. Við viljum breytta stefnu í húsnæðismálum, þar sem fólki verði tryggt húsnæði án þess að það þurfi að leggja á sig ok vinnu og skuldaklafa. Endurskoða verður lánakjör þeirra sem eignast vilja húsnæði til eigin afnota. Við viljum stórauka byggingu leiguhúsnæðis og styðjum búseturéttarhugmyndina. Það má öllum vera ljóst að lausn á húsnæðisvandanum kostar peninga. Húsnæðismálin og önnur mál, er varða mannlega velferð, verða að koma framar í forgangsröðina en nú er."

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu á sér skrýtna sögu. Tvíburabróðir þess eða systir var lagt fram hér á síðustu dögum þingsins í vor með sérstöku málanúmeri, en áður en maður vissi af þá var kominn köttur í ból bjarnar. Þá var búið að skipta um og ófrýnilegri angi kominn í staðinn. Þetta er eins og í huldusögunum, að móðirin þykist hafa alið af sér fagurt barn en víkur sér frá því og þegar hún kemur aftur þá er búið að skipta um barnið. Annað barn komið í staðinn sem ekki er af þessum heimi, ekki er veraldlegt. Eins var um þetta að við fengum að sjá m.a.s. tvöfalt, tvö frv. með sömu villunni og leiðrétt með sama hætti. Að vísu voru flm. aðrir og við munum að hæstv. forseti gaf mjög hæpna yfirlýsingu eða hæpinn úrskurð um það á þessum vordögum þegar hann úrskurðaði að þar væri um sama frv. að ræða þótt mjög mikill efnismunur væri á frv.

Ég hef nú borið saman það frv. sem hér liggur fyrir og sýnist það vera nokkurn veginn orðrétt, vonandi a.m.k. Mér sýndist síðari gerðin vera orðrétt, það frv. sem síðar var lagt fram og var að sjálfsögðu við því að búast.

Ég vil fyrst vekja athygli á því, herra forseti, að tveir af flm. þessa frv. hafa nú gert grein fyrir viðhorfi sínu til þess, án þess með nokkrum hætti að skýra afstöðu sína til búsetaréttarhugmyndarinnar yfirleitt, án þess að færa nokkur rök fyrir því hvers vegna búsetarétturinn er skilgreindur í þessu frv. eins og þar er gert, án þess að færa nokkur rök fyrir þeirri uppbyggingu sem hér er lagt til að verði í húsnæðissamvinnufélögunum, og án þess með nokkrum hætti að gera tilraun til þess að skýra fyrir þingheimi hvers vegna hér sé valið samvinnu-

formið — ég held að það sé alls ekki með sama hætti og á öðrum Norðurlöndum, ég held t.d., eða mér hefur verið sagt, að í Finnlandi sé um hlutafélög að ræða sem eigi búsetaréttarhugmyndir og hef það eftir manni sem ég hef ekki ástæðu til að draga í efa að fari þar með rétt mál — m.ö.o. hefur ekki verið gerð nein tilraun til þess að færa rök fyrir því hvers vegna hér þurfi að vera um samvinnufélag að ræða en ekki annað félagsform. Það vekur líka athygli, úr því að samvinnufélag var valið, hvers vegna hvorugur þessara flm. frv. gerði hina minnstu tilraun til að rökstyðja það hvers vegna þessi mikla lánafyrirgreiðsla, sem hér er gert ráð fyrir, skuli ekki einnig taka til byggingarsamvinnufélaga.

Síðast en ekki síst — og nú verð ég að játa að ég man ekki alveg efni frv. vegna þess að það er það langt síðan ég fór rækilega yfir það og hafði ekki skenkt því þanka fyrr — ég man ekki hvort þetta búsetasamvinnufélag eða húsnæðissamvinnufélag, hvort því sé heimilt að selja þær íbúðir sem það byggir eða kaupir. Hvað segja hv. þm., flm., svona mér til aðstoðar? Er í þessu frv. eitthvert ákvæði um það að húsnæðissamvinnufélaginu sé heimilt að selja þær íbúðir sem það nýtur sérstakrar lánafyrirgreiðslu til skv. verkamannabústaðakerfinu og er þá gert ráð fyrir að um sölu íbúðanna fari eins og um sölu á íbúðum í verkamannabústöðum? Ég man þetta ekki gjörla. Úr því að hvorugur flm. gerir athugasemd við þetta þá leyfi ég mér að fullyrða að ekki eitt einasta ákvæði í frv. hnígi að þessum þætti málsins, sem út af fyrir sig sýnir að frv. er ekki gjörhugsað. (Gripið fram í.) Já, það er ekkert um það þar. Í 86. gr. er einungis talað um sölu á búsetarétti. Það er þess vegna að minni hyggju alveg ljóst að þetta frv. er ekki gjörhugsað.

Nú veit ég raunar ekki hvernig maður á að byrja að tala um þetta frv. og þá miklu vinnu sem liggur að baki samningu þess en ég vil til að byrja með vekja athygli á því og spyrja hv. flm. að því og, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér smákafla úr grg. frv.:

„Með bréfi dagsettu 27. júní 1984 skipaði Alexander Stefánsson félmrh. nefnd til að semja frv. til l. um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Í nefndina voru skipaðir Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður félmrh., formaður, Friðrik Friðriksson hagfræðingur, Magnús L. Sveinsson skrifstofustjóri, Páll R. Magnússon húsasmiður og Stefán Guðmundsson alþm. Sigurður Magnússon kjarneðlisfræðingur tók sæti Friðriks Friðrikssonar 19. febrúar s.l.

Nefndin hefur fjallað um málið á allmörgum fundum og rætt við ýmsa aðila, svo sem fulltrúa frá húsnæðissamvinnufélögum, ASÍ og BSRB. Þá hefur nefndin aflað sér allnokkurra upplýsinga erlendis frá en þetta byggingaform er allmikið notað á Norðurlöndum og í Vestur-Þýskalandi.

Nefndin fól síðan Helga V. Guðmundssyni hdl., lögfræðingi Húsnæðisstofnunar ríkisins, að semja á grundvelli starfs nefndarinnar frv. til breytinga á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkins.

Samkvæmt frv. er nýr kafli felldur inn í lög nr. 60 1984 er ber nafnið Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur. Þessi kafli verður nr. IX. Við þessa breytingu verður núverandi IX. kafli nr. X og númer lagagreinanna í þeim kafla breytast jafnframt."

Síðan kemur athugasemd við einstakar greinar frv.

Eins og þetta stendur hér er engin ástæða til að ætla annað en þeir menn sem áttu sæti í þessari nefnd hafi í stórum dráttum skilað nefndaráliti, drögum að frv. sem var samhljóða.

Nú langar mig að spyrja flm. um það hvort þeir nefndarmenn, sem þeir vitna hér til, hafi verið sammála í afstöðu sinni til þess nefndarálits sem skilað var, hvort þeir hafi tekið sömu efnisafstöðu til hugmyndarinnar um búsetasamvinnufélag. Það er vissulega gefið í skyn í grg. frv. að svo hafi verið og ég þori að fullyrða að þm. sem ekki vita betur dragi ósjálfrátt þá ályktun að þessi hópur hafi verið á einu máli um búsetaréttinn og að þessi nöfn birtist þarna sem nokkurs konar stuðningsyfirlýsing þessara manna við frv. eins og það er lagt fram. Nú bið ég hv. flm. þessa frv., sem hér hafa talað, að gera grein fyrir því við deildina hvort svo sé. Ef svo er ekki — og ég hef ástæðu til að ætla að svo sé alls ekki; ég hef ástæðu til að ætla að nefndin hafi klofnað í málinu — þá bið ég flm. að gera grein fyrir því í hverju ágreiningurinn var fólginn innan þessarar nefndar úr því að þeir setja þetta í inngang sinnar grg. og ekki verður séð af frágangi grg. að nokkur fyrirvari sé þar á um að það orðalag sem þar er haft sé frá flm. sjálfum komið. Þar eru engin tilvitnunarmerki og ber því ekki að skilja svo að þessi texti sé frá öðrum kominn. Mér finnst þetta vera mjög brýnt, herra forseti, að þau þingskjöl sem hér eru lögð fram gefi ekki villandi upplýsingar um afstöðu manna úti í bæ. Þetta er nú það fyrsta.

Nú skulum við aðeins byrja á því að velta fyrir okkur hver sé hin fjárhagslega undirstaða, hinn fjárhagslegi grundvöllur, sem rekstur þessa búsetusamvinnufélags byggist á. — Mér finnst það nú ekki prýða orðið að nota þetta u, mér finnst fallegra að segja búsetaréttur heldur en búseturéttur, en það er smekksatriði og ég skal ekki fara út í það; mér er tamara að tala um búsetarétt, en við skulum hafa þetta — hersetu, búsetu — jú, við skulum láta það standa. — Við skulum þá byrja á því að reyna að átta okkur á þeirri fjárhagslegu, rekstrarlegu undirstöðu sem hugmyndin um húsnæðissamvinnufélögin byggist á. Og þá hef ég skrifað mér hér til minnis þau gjöld sem manni í húsnæðissamvinnufélagi er ætlað að standa skil á. Það er stofnsjóðsgjald, það er búseturéttargjald, það er búsetugjald, það er viðhaldssjóðsgjald búsetufélags, það er rekstrarsjóðsgjald húsnæðissamvinnufélags og það er aukagjald í stofnsjóð húsnæðissamvinnufélags. Þetta er auðvitað flókin uppsetning og það er þá eins gott að ekki sé blandað saman fjárreiðum einstakra sjóða og tekur töluverðan tíma að átta sig á hvaða hugsun liggur því til grundvallar að hafa fjárhaginn skiptan með þessum hætti. Nú hafði ég vonast til þess að flm. frv. mundu nú við 1. umr. málsins gera þingheimi grein fyrir því hvers vegna sá kostur var tekinn að hafa öll þessi gjöld og alla þessa sjóði með mismunandi markmiðum, alls konar aðgreiningu og þar fram eftir götunum. En engin sérstök skýring kom fram á því.

Nú veit ég ekki raunar hvernig rétt er að byrja. Kannske er rétt að fikra sig áfram grein eftir grein. En ég vil þó fyrst vekja athygli á öðru, þegar talað var hér almennt um húsnæðismál áðan, það var sú sterka áhersla sem báðir flm. þessa frv. lögðu einmitt á það að Búseti, það félag sem til er með nafninu Búseti, skuli sitja fyrir nú um lánsfyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði verkamanna. Nú vil ég segja það fyrst að ég tel að fé Byggingarsjóðs verkamanna sé ekki vel varið með þeim hætti að hafa það í reglu þegar byggðir eru eða reistir

verkamannabústaðir að bygging þeirra megi ekki taka skemmri tíma en 1½ ár. Það held ég að sé algjörlega úrelt regla. Ég held þvert á móti að til þess að svara húsnæðisþörfinni, til þess að mæta því fólki sem er illa statt og á nú í erfiðleikum, þá sé fyrsta skynsamlega skrefið sem við getum stigið það að stytta byggingartíma verkamannabústaðanna. En þá spyrja menn: Hvernig stendur á því að ekki hefur verið undan því kvartað að verkamannabústaðirnir skuli hafa lengri byggingartíma en rétt er og hentugt er? Svarið við því er einfalt: Skýringin er sú að vextir eða fjármagnskostnaður á byggingartíma er greiddur beint úr ríkissjóði. Það er skýringin. Og vegna þess að fjármagnskostnaðurinn af verkamannabústöðunum er greiddur beint *úr ríkissjóði þá hefur enginn neitt við það að athuga* þótt byggingartími verkamannabústaðanna sé kannske 50% lengri en sambærilegra íbúða hjá t.d. Byggung.

Það er líka athyglisvert að velta því fyrir sér hvernig á því stendur að verkamannabústaðirnir skuli þrátt fyrir þetta vera dýrari, dýrari til kaupenda en t.d. íbúðir hjá Byggung og hvernig á því getur staðið að verkamannabústaðir skulu kannske á einum stað vera 50—60% dýrari en öðrum, þótt þessir bústaðir séu byggðir á sama tíma. Þetta er mikið umhugsunarefni. Ég held að það sé alveg ljóst, ef við viljum ráðast gegn húsnæðisvandanum nú með því fjármagni sem við höfum tiltækt, að við eigum að leggja höfuðáherslu á að hraða byggingu verkamannabústaðanna. Og ég held líka að við eigum að efna til samkeppni um það með hvaða hætti hægt sé að gera verkamannabústaðina einfaldari, hentugri og ódýrari. Ég hef verið talsmaður þess að efnt verði til útboðs á samkeppni á vegum Byggingarsjóðs verkamanna meðal arkitekta þar sem þeim verði gefinn kostur á að taka þátt í samkeppni um það hvernig hægt sé að byggja ódýrustu, hentugustu, smekklegustu og bestu verkamannabústaðina fyrir mismunandi fjölskyldur, eftir þörfum þeirra og aðstæðum, eftir því hvort um barnafólk eða kannske aldrað fólk er að ræða. Á þetta vil ég leggja áherslu.

Ég vil líka vekja athygli á því að hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi um það hér í máli sínu að nauðsynlegt væri að leggja meira fjármagn fram til Byggingarsjóðs verkamanna til þess auðvitað að hann geti haldið áfram með fullri ferð eins og markmið er sett um í lögunum varðandi verkamannabústaðina og til þess að hann geti til viðbótar svarað þeirri eftirspurn sem frá Búseta kemur.

Ég tók eftir hjá öðrum flm. sem hér talaði eða báðum að í Búseta séu 2500 manns. 2500 manns. Ber að skilja það svo að allir þessir 2500 menn og þær fjölskyldur sem þeir eiga fyrir að sjá bíði raunverulega eftir því að fá íbúð í búsetafélagi? Og ber þá einnig að skilja þetta svo að þessir 2500 menn séu húsnæðislausir? Eða ber að skilja þetta svo að þessir 2500 menn séu kannske fólk sem alls ekki er í þeim hugleiðingum að eignast þennan búsetarétt, *nema þá til þess að selja sína eign í staðinn*, losa fjármuni til þess að geta veitt sér ýmsa hluti sem þeir ella ekki gætu?

Ég vil í þessu samhengi, með leyfi forseta, vitna í grein sem kom í Alþýðublaðinu, nafnlaus, og hlýtur því að teljast birt á ábyrgð ritstjóra. Ég veit ekki hvort maður má ganga lengra í þeirri ályktun að segja að skoðun ritstjóra sé um leið skoðun Alþýðuflokksins. Ég skal ekki um það segja. Það liggur ekki beint fyrir. En þessi tilvitnun sem ég vil vitna í er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Búseturéttarhugmyndin er komin til Íslands frá Norðurlöndum, borin hingað af fólki sem þar hefur verið í námi eða atvinnu um tíma. Þannig er allt í einu risin upp sú krafa hérlendis að fólk fái sjálft að ákveða hvort það vill fjárfesta í steinsteypunni eða greiða leigu fyrir hana í einhverju formi. Þetta er ekki lengur spurning um að byggja yfir þá sem ekki geta keypt sér eigið húsnæði, heldur er nú líka komið upp úr kafinu að til er fólk sem ekki vill leggja fjármuni sína í slíkt." Orðin „geta" og „vill" eru undirstrikuð í þessum texta. Síðan segir síðar í greininni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef Norðurlandabúar eru spurðir hvers vegna þeir kaupi sér ekki eigin íbúðir fremur en „hírast" í leiguhúsnæði ár eftir ár er svarið gjarnan á þá lund að þeir kjósi einfaldlega heldur að verja peningunum í það að eiga seglbát eða sumarbústað eða þá einhverja kostnaðarsama tómstundaiðju." Svo mörg voru þau orð.

Ekki verður nú sagt um þann málflytjanda sem þetta skrifar að hann hafi þá helst í huga sem verst eru settir. Ekki er hægt að draga þá ályktun af þessum orðum. Enda held ég að það sé á fáum stöðum hægt að finna það í málflutningi þeirra manna sem oftast og mest tala um búsetahugmyndina að þeir vilji gera ráðstafanir í því sambandi, strangar ráðstafanir til að tryggja að Búseti, eins og þeir hugsa hann, nýtist þeim helst sem verst eru settir. Það er t.d. ekki gert ráð fyrir því skv. þeim samþykktum sem ég hef séð varðandi þetta og ég hygg að standi í þessu frv. líka að þeir skuli sitja fyrir íbúðum hjá Búseta sem verst eru settir, sem við mesta erfiðleika búa í mestu þröngbýli, kannske í heilsuspillandi húsnæði. Það er ekki gert ráð fyrir að slíkir menn eigi að sitja fyrir þótt búsetaréttaríbúðirnar eigi að njóta meiri fyrirgreiðslu en aðrar íbúðir í þessu landi, heldur er gert ráð fyrir að menn skrifi sig á einhvern lista sem er í vörslu úti í bæ og síðan eigi þessi listi að ráða því hverjir eigi að njóta þeirra fríðinda, þeirra forréttinda sem í þessu frv. er gert ráð fyrir í sambandi við Búsetann.

Þegar ég er spurður að því hvernig á því standi að ég taki verkamannabústaðina fram yfir, af hverju ég vilji ekki skipta á verkamannabústöðunum og Búseta er það einmitt vegna þess að í verkamannabústöðunum eru það stéttarfélögin og sveitarstjórnirnar sem hafa mest um það að segja hverjir fara í hinar félagslegu íbúðir. Ég segi fyrir mig að ég treysti betur stjórnum stéttarfélaganna, starfsmönnum stéttarfélaganna, bæjarstjórnunum og þeirra starfsmönnum til að meta það hverjir helst eigi að njóta þess að sitja fyrir félagslegum íbúðum heldur en einhverjum mönnum úti í bæ, sem þurfa ekki að sækja traust til almennings, til kjósenda í sínu sveitarfélagi, eins og bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þurfa að gera, eða til félaga í því stéttarfélagi þar sem þeir eru kjörnir til forustu.

Við skulum ekki gleyma því að rökin með félagslega kerfinu, baráttan fyrir verkamannabústöðunum var hafin innan verkalýðshreyfingarinnar. Við getum sagt að menn hafi á mismunandi tímum haft mismunandi skoðanir á því hversu langt skyldi ganga. En við skulum ekki gleyma því að þetta kerfi var byggt upp og ákvæði laga um þetta kerfi og þau réttindi og þær skyldur, þær kvaðir sem löggjöfin geymir um það er meira og minna sett í lögin í samráði við og í samningum við verkalýðshreyfinguna og oft og tíðum í sambandi við kjarabaráttu

verkalýðshreyfingarinnar. Það er þess vegna eðlilegt í þessu samhengi að einmitt innan verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar skuli vera uppi mikil tortryggni í garð þessarar nýju hugmyndar og augljóst að hin frjálsa verkalýðshreyfing er mjög hikandi í þessu máli að ekki sé meira sagt. Ég vil raunar segja að flestir þeir menn sem til forustu eru í hinni frjálsu verkalýðshreyfingu vilja ekki skipta á verkamannabústaðakerfinu og búsetaréttinum.

Ég vil líka bæta því hér við að á þessu ári kom hingað til lands sænskur maður sem hefur með þessi mál að gera í Svíþjóð. Eftir að hann hafði kynnt sér verkamannabústaðakerfið eins og það er byggt upp hér á landi þá hafði hann mörg orð um það að við hefðum valið betri kostinn. Og af hverju? Vegna þess að þeir sem í verkamannabústöðunum búa eiga þessar íbúðir. Þær eru eign þeirra sjálfra og þess vegna er það þeirra hagur að þeim sé vel við haldið en ekki látnar drabbast niður. Og það var einmitt þetta atriði sem hinn sænski maður lagði mest upp úr. Það er sá mikli sparnaður sem í því felst að menn eigi þær íbúðir sem þeir búa í og það er það mikla framlag sem kemur frá öllum íbúðareigendunum um allt land einmitt til þess að ganga sjálfir í það að halda við eignum sínum og verðmætum, fylgjast með að allir hlutir séu ekki aðkeyptir.

Mér var raunar sagt frá því af manni sem sérstaklega hefur kynnt sér búseturéttarfélögin eins og þau eru uppbyggð í Svíþjóð að á s.l. ári, eða fyrir mjög skömmu a.m.k., voru byggðar búseturéttaríbúðir í miðborg Stokkhólms og úthlutað eftir réttum reglum. Skömmu síðar kaus einn aðilinn, sem hafði fengið þennan búsetarétt afhentan, að selja sinn búsetarétt og fékk margfalt verð fyrir, margfalt verð fyrir, þannig að hann hagnaðist þar verulega einmitt með því að selja búseturéttinn.

Og þá komum við að einu atriði enn. Það er mjög í þessu frv. vitnað til þess hvernig búsetarétturinn sé. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá hefur nefndin aflað sér allnokkurra upplýsinga erlendis frá, en þetta byggingarform er allmikið notað á Norðurlöndum og í Vestur-Þýskalandi."

Þessi ummæli gefa tilefni til að spyrja um þessar upplýsingar. Ég sakna þess að í ræðu hvorugs frsm. þessa frv. skuli hafa verið vikið að því hvernig staðið er að búsetaréttinum á öðrum Norðurlöndum. Er t.d. sami háttur hafður á í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Vestur-Þýskalandi, Danmörku? Er það rétt, sem mér skilst, að búseturéttur gangi kaupum og sölum í þessum löndum og að stjórnendur húsnæðissamvinnufélagsins komi ekki nálægt þeim eignaskiptum? Hvernig er farið með búsetaréttinn á öðrum Norðurlöndum í sambandi við uppboð og erfðir?

Það eru margar spurningar sem vakna. Er gert ráð fyrir þeim aðskilnaði milli húsnæðissamvinnufélags og búsetafélags á þessum Norðurlöndum sem gert er ráð fyrir í þessu frv.? Um það væri líka fróðlegt að fá glöggar upplýsingar. Ef svo er ekki, ef hér er valin önnur leið en í öðrum Norðurlöndum þá er spurningin: Hvernig stendur á því að flm. frv. að vel athuguðu máli, eftir að hafa flutt frv. í vor, endurflytja það nú — og hljóta að hafa notað tímann til þess að fara betur í gegnum einstök efnisatriði frv. Ef hér er ekki gert ráð fyrir að fara sömu leið í þessum mikilvægu atriðum, af hverju er þá breytt út af?

Þetta eru allt spurningar sem maður hlýtur að spyrja sjálfan sig um.

Áður en ég kem að einstökum atriðum vil ég, herra forseti, fá að varpa einni fsp. til flm. svo að þeir geti búið sig undir svar á næsta fundi, þannig að ég komi ekki aftan að þeim með þá spurningu mína. Hér segir í 1. málsgr. 87. gr.:

„Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð enda standi hann skil á gjöldum til félagsins vegna íbúðarinnar."

Þetta þykir mér afskaplega undarleg skilgreining á orðinu „búseturétti" og átta mig ekki alveg á hvaða hugsun liggur þarna til grundvallar. Ég hef sjálfur velt fyrir mér hvernig rétt sé að skilgreina þetta hugtak, ef á annað borð þykir rétt að taka það í lög, og hef kosið annað orðalag sem er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Búseturéttur veitir eiganda hans rétt til afnota af íbúð húsnæðissamvinnufélags" — þar geri ég ráð fyrir þeirri hugsun — „eins og hann eigi hana sjálfur með þeim takmörkunum sem eru í lögum þessum og samþykktum húsnæðissamvinnufélagsins."

Nú tek ég það fram í þessu sambandi að ég vil ekki, ef búsetufélag er stofnað, binda það við húsnæðissamvinnufélag. Það vil ég alls ekki gera. Ég vil að félagsformið sé frjálst. En ég vil biðja hv. flm., til þess að flýta fyrir þessari umræðu og greiða fyrir afgreiðslu málsins, að gera grein fyrir nákvæmlega þeirri hugsun sem liggur að baki skilgreiningarinnar á orðinu búseturéttur í frv. eins og það liggur fyrir og vil þá fá að gera hlé á ræðu minni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Fimmtudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kennsluréttindi í grunnskólum, fsp. 30. mál (þskj. 30). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 30 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um kennsluréttindi kennara í grunnskólum og er hún svohljóðandi:

„1. Hvert er hlutfallið milli fjölda kennara með kennsluréttindi og réttindalausra kennara í grunnskólum:

a. í 1.—6. bekk,

b. í 7.—9. bekk,

c. í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?

2. Hve margar stöður í grunnskólum eru skipaðar eða settar kennurum með kennsluréttindi?

3. Hve margir stundakennarar við grunnskóla eru með kennsluréttindi?"

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Mér hafa nú loks borist upplýsingar nokkurn veginn eins og spurt er um, en ekki er það nú alveg. Ekki er til fullnustu hægt að svara fsp. En varðandi 1. lið fsp. er

þess að geta varðandi a- og b-lið að ekki er unnt að sundurliða eins og beðið er um í þessum liðum þar sem ekki eru skörp skil milli kennara 1.—6. bekkjar annars vegar og 7.—9. bekkjar hins vegar, þ.e. sömu kennarar kenna víða bæði í 1.—6. bekk og eins 7.—9. bekk.

Varðandi c-lið 1. liðar fsp. er þetta að segja: Yfirlit um kennslu skv. stundaskrá í grunnskólum skólaárið 1985—1986 og skiptingu kennslunnar milli kennara með réttindi og þeirra sem ekki hafa full kennararéttindi eru með þessum hætti:

Í Reykjavík: Fjöldi kennara með full réttindi 830. Stöðugildin eru talin 688,30 og stöðugildi í prósentum 37,29. En öll kennsla er talin í stöðugildum og er miðað við að í hverju stöðugildi séu 29,63 kennslustundir í viku. Án fullra réttinda eru kennarar í Reykjavík 33, stöðugildin 19,20 og stöðuugildi í prósentum 2,71%.

Reykjaneskjördæmi: Kennarar með full réttindi 559, stöðugildin 489,98 og í prósentum 88,19%. Án fullra réttinda 92. Stöðugildi 65,61 og í prósentum 11,81.

Vesturlandsumdæmi: Kennarafjöldi með full réttindi 169, stöðugildin 144,30 og í prósentum 70,46. Kennarar án fullra réttinda 80. Stöðugildin alls 60,50 og stöðugildi í prósentum 29,54%.

Vestfjarðaumdæmi: Kennarar með full réttindi 83, stöðugildin eru 76,76 og í prósentum 55,53. Kennarar án fullra réttinda 83 eða jafnmargir, en stöðugildin hins vegar 61,47 og í prósentum 44,47.

Norðurlandsumdæmi vestra: Kennarar með full réttindi 107, stöðugildin 93,04 og í prósentum 64,20. Án fullra réttinda 96. Stöðugildi 51,87, 35,80%.

Norðurlandsumdæmi eystra: Fjöldi kennara með full réttindi 275, stöðugildi alls 237,27, í prósentum 71,23%. Án fullra réttinda 146. Stöðugildi 95,83, samtals í prósentum 28,77.

Austurlandsumdæmi: Kennarar með full réttindi 111, stöðugildi alls 95,46, 55,86%. Án fullra réttinda 104. Stöðugildi 75,43, í prósentum 44,14.

Suðurlandsumdæmi: Kennarar með full réttindi 237, stöðugildi alls 150,12, í prósentum 74,45. Án fullra réttinda 92. Stöðugildi 51,53, í prósentum 25,55.

Landið allt: Kennarar samtals með full réttindi 2371. Stöðugildin 1975,23, 80,40%. Fjöldi kennara samtals án fullra réttinda 726. Stöðugildin 481,44 og stöðugildi í prósentum 19,60.

2. liður fsp. hljóðaði svo: „Hve margar stöður í grunnskólum eru skipaðar eða settar kennurum með kennsluréttindi?“ 1975,23 stöður við grunnskóla eru skipaðar kennurum með kennsluréttindi.

Í þriðja lagi er spurt: „Hve margir stundakennarar við grunnskóla eru með kennsluréttindi?“ Þeir eru alls 144. Það er tekið fram að kennarar við héraðsskóla eru ekki taldir með í þessari upptalningu og enn fremur að stjórnunarstörf eru ekki meðtalin í stöðugildum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka ráðherra svör hans. Þessi fsp. er reyndar nokkuð flókin, enda tók talsverðan tíma að safna saman svörunum, og hefði ég e.t.v. átt að bera hana fram skriflega. Ég mun íhuga þessi svör og velta fyrir mér hinum ýmsu hlutföllum, en það sem fram kemur virðist svipað og það, sem kom fram sem svar við fyrri fsp. um sama efni á þessu þingi. Réttindalausum kennurum hefur fjölgað og þeir eru nú allt að 40% og er það mikið áhyggjuefni. Sömuleiðis að það eru mun fleiri réttindalausir kennarar úti á landsbyggðinni en hér í Reykjavík. Það vekur upp spurningar í sambandi við jafnrétti dreifbýlis og þéttbýlis til menntunar, jafnrétti barnanna sem búa í þessu landi. Ég vek athygli á því líka að það er ekki bara spurning um kennarana. Það er líka spurning um aðrar aðstæður og aðbúnað skólanna, eins og t.d. námsefni og öll kennslugögn sem eru líka af skornari skammti úti á landsbyggðinni en hér í Reykjavík.

Aðalástæðan fyrir því að það hefur reynst erfitt að fá til kennslu eða til starfa kennara með tilskilin kennsluréttindi, bæði við grunnskóla og framhaldsskóla, því hæstv. menntmrh. svaraði hér fsp. minni um daginn, sem fór nokkuð á sama veg, um kennara í framhaldsskólum landsins, — þetta stafar náttúrlega fyrst og fremst af því að launakjör, vinnuaðstaða og sú virðing sem kennurum er boðin fer þverrandi. Þess vegna leita fullmenntaðir kennarar í önnur störf. Þeir una ekki lengur í þeim störfum sem þeir menntuðu sig til að stunda. Ég lýsi yfir miklum áhyggjum, bæði áhyggjum mínum og annarra þm. Kvennalistans, yfir því að núverandi stjórnvöld virðast hvorki hafa vit né vilja til að búa þessa þjóð undir framtíðina eins og hún á skilið því að menntun er ein af grundvallarundirstöðum þessarar þjóðar fyrir framtíðina.

Einkarekstur á heilsugæslustöðvum, fsp. 38. mál (þskj. 38). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. 38. mál þessa þings er fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um einkarekstur á heilsugæslustöðvum sem er borin fram af mér og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og Guðrúnu Helgadóttur. Fyrirspurnin er á þessa leið:

„Hver er afstaða heilbr.- og trmrn. til áforma borgaryfirvalda í Reykjavík um einkarekstur á heilsugæslustöðvum?“

Ástæðan til þess að fsp. er borin fram er sú að 13. sept. s.l. var gerð í heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar samþykkt sem var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisráð samþykkir að fengnu leyfi heilbrrh. að bjóða út rekstur fyrirhugaðrar heilsugæslustöðvar við Drápuhlíð. Starfssvæði stöðvarinnar afmarkast af Miklubraut að norðan, Flugvallarbraut að vestan og Kringlumýrarbraut að austan.“

Í framhaldi af þessari samþykkt heilbrigðisráðs, sem var gerð með 4 atkvæðum gegn 3 í ráðinu, var fjallað um málið í borgarráði. Þar var því vísað frá á grundvelli minnisblaðs frá borgarritara, en í því segir:

„Skv. lögum verður ekki séð að ráðherra hafi lagaheimild til þess að fallast á útboð rekstrar heilsugæslustöðvarinnar við Drápuhlíð 14 eins og gert er ráð fyrir í samþykkt heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar frá 13. þessa mánaðar.“

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir, og hefði auðvitað átt að liggja í augum uppi fyrir formann heilbrigðisráðs Reykjavíkur þegar í upphafi, ákvað hæstv. fyrrverandi heilbr.- og trmrh. að leyfa rekstur heilsugæslustöðvar í Drápuhlíð á grundvelli gildandi laga um heilbrigðisþjónustu. Þar með má segja að þetta upphlaup einkarekstursmannanna í borgarstjórn Reykjavíkur hafi verið stöðvað af flokksbróður þeirra, hæstv. ráðh. Matthíasi Bjarnasyni. Engu að síður er nauðsynlegt að fsp. sé borin fram um þetta efni til núverandi hæstv. ráðh. og

þó er sérstaklega nauðsynlegt að fá eftirfarandi upplýst: Hvað ætlar hæstv. ráðh. að gera þar sem undanþáguákvæði laga um heilbrigðisþjónustu renna út um áramótin og þá er ljóst að heilsugæslukerfið á að taka gildi í landinu öllu, einnig á undanþágusvæðunum? Ef það er ætlun hæstv. ráðh. að viðhalda undanþáguástandi í þessum efnum áfram verður hún að flytja lagafrv. um það efni vegna þess að lagaheimildir mun ella eftir áramót skorta fyrir því að þessu blandaða kerfi verði haldið áfram hér í Reykjavík svo sem verið hefur.

Þess vegna vil ég leyfa mér, enda hafði ég nefnt það við hæstv. ráðh., að bera fram þessa viðbótarfyrirspurn: Hvað gerist um áramótin þegar undanþáguákvæði laga um heilbrigðisþjónustu renna út?

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. hv. þm. hljóðaði svo:

„Hver er afstaða heilbr.- og trmrn. til áforma borgaryfirvalda í Reykjavík um einkarekstur á heilsugæslustöðvum?"

Að nokkru leyti svaraði hv. þm. fsp. sjálfur með því að greina frá afgreiðslu heilbr.- og trmrn. á sérstöku máli sem þetta varðaði, en það leiðir í ljós að það hefur verið mat heilbr.- og trmrn. að samkvæmt gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu sé einkarekstur á heilsugæslustöðvum ekki heimill því að lögin geri ráð fyrir að sveitarfélög reki heilsugæslustöðvar.

Ég er sammála fyrirrennara mínum um þessa túlkun og vil sérstaklega taka það fram í þessu sambandi að túlkun núgildandi laga á annan veg teldi ég vera það hæpna að ég vil ekki standa að ákvörðunum á þeim grundvelli.

Hins vegar liggur það fyrir nú þegar í áliti nefndar sem ráðherra skipaði á árinu 1984 til að endurskoða ákvæði laga nr. 59/1983, um skipulag heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu, en það eru lögin um heilbrigðisþjónustu, að þar eru gerðar tillögur um lagabreytingar. Einnig hefur það álit komið fram áður, að ég tel í ráðherratíð hv. fyrirspyrjanda, að nauðsynlegt sé og skynsamlegt að gera vissar lagabreytingar sem opni möguleika fyrir fleiri rekstrarform á sviði heilsugæslunnar. Að sjálfsögðu yrði þá gert ráð fyrir að fullnægt yrði öllum hinum faglegu og löglegu kröfum svo og kröfum um eftirlit með þessari starfsemi.

Þær tillögur, sem unnið hefur svo verið að í framhaldi af þessu nál. og hafa verið að taka form sem lagafrv., gera ráð fyrir að í þéttbýli sé heimilt að semja við sjúkrahús, heilsugæsluhóp eða einstaka heilbrigðisstarfsmenn um rekstur heilsugæslu eða vissa þætti hennar.

Þetta frv. lá fyrir að mestu fullsmíðað þegar ég tók við embætti ráðherra, en ég tel þó að þurfi að vinna betur úr ýmsum þáttum sem í því eru, m.ö.o. að það þurfi að vinna betur að prófarkalestri og ýmsu slíku í því frv. Ég tel því að þessu verki sé ekki fullokið.

Það liggur þess vegna fyrir að það er ekki endanlega og formlega hægt að svara því sem hv. fyrirspyrjandi er að leita eftir, en ég tel að það sé ekkert því til fyrirstöðu, ef Alþingi samþykkir lagabreytingu í þessa veru, að reyna fleiri rekstrarform heilsugæslustöðva en nú er lögum samkvæmt. Mér er vel kunnugt um að ýmsir flokksmenn hv. fyrirspyrjanda og ráðgjafar í heilsugæslumálum eru þeirri ráðabreytni hlynntir.

Það segir sig auðvitað sjálft að það verður að taka á því máli sem hv. þm. spurði um þegar bráðabirgðaákvæðið tímabundna rennur út. Það er auðvitað ágætt að fá hans ábendingu um það. Það var reyndar ljóst fyrir alllöngu og hefur verið unnið að undirbúningi viðbragða gagnvart því einmitt með frv. sem í smíðum er. Undir eins og frá því plaggi er gengið mun það að sjálfsögðu verða kynnt þm. Ég vona að það verði nú mjög fljótlega.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin.

Það sem er ljóst af svörum hennar er að það er ætlunin að gera Reykvíkinga að tilraunadýrum fyrir einkarekstur í heilbrigðisþjónustu. Það er stefna ráðherrans, virðist mér vera á yfirlýsingum hennar hér áðan, og það er einkar athyglisvert. Það er einnig ljóst að það er ætlun hæstv. ráðh. að leggja fram tillögu að lagabreytingu núna á næstu vikum varðandi þetta mál og hyggst hún knýja á um afgreiðslu málsins á næstu vikum.

Ég vil taka það fram að frv. af því tagi getur ekki farið átakalaust í gegnum þingið. Hér er um að ræða svo mikla breytingu á grundvallaranda laganna um heilbrigðisþjónustu að þetta hlýtur að kalla á mjög verulegar umræður.

Í því frv. sem hæstv. ráðh. var að vitna til er gert ráð fyrir því, eins og ráðherrann gat um, að það verði opnað fyrir að einstakir heilbrigðisstarfsmenn fái heimild til að reka heilsugæslustöðvar. Það mun ekki hafa verið skilgreint enn þá, að því er fram kom í máli ráðherrans, hverjir „einstakir heilbrigðisstarfsmenn" þurfa að vera eða hvort endilega þarf að vera um menntaðar heilbrigðisstéttir að ræða, hvort hér getur jafnvel verið um að ræða almenna verktaka sem taka að sér að reka heilsugæslustöð þá og þá eftir útboðum og tilboðum og því sem hagstæðast kann að reynast á hverjum tíma. Verður þá auðvitað skammt orðið í huga manna að minnast þess þegar uppboð fór fram á þeim sem þurftu á félagslegri þjónustu að halda í sveitum landsins fyrir allnokkrum áratugum. Það fer að líkjast því kerfi sem var hér í byrjun aldarinnar og sést á þessu hvað frjálshyggjan er frumleg þegar allt kemur til alls.

Það er einnig rétt að leggja á það áherslu að ef lögin um heilbrigðisþjónustu yrðu framkvæmd í Reykjavík væru þau ódýrari fyrir ríkið en núverandi kerfi. Hins vegar kom það fram í máli formanns heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar að hún taldi að þó að heilsugæslukerfið væri ódýrt ætti samt að fara út í einkarekstur, jafnvel þó að það mundi kosta aukið fé. Hér er því ekki verið að spyrja um hagkvæmni, heldur fyrst og fremst að hrinda í framkvæmd hugmyndum sem þetta lið hefur gert sér varðandi nauðsynlegar breytingar á heilbrigðisþjónustunni. Það agnúast út í hana af því að hún er félagsleg, en ekki af því að hún sé dýrari fyrir fólkið.

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að það komi mjög glöggt fram að breyting á grundvallaranda laganna um heilbrigðisþjónustu getur ekki farið hér í gegnum þingið átakalaust og það er nauðsynlegt að frv. um þetta efni komi hér til meðferðar hið allra fyrsta ef hæstv. ráðherra ætlar að ná afgreiðslu á því fyrir áramót. Hins vegar væri það alveg skaðlaust af minni hálfu að þetta mál dagaði uppi og lögin um heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu tækju að fullu gildi einnig í Reykjavík frá og með 1. janúar n.k.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Tarna var heldur skrýtin þula. Mig undrar það nú ekki að gert sé ráð fyrir að jafnsjálfsögð breyting og hér er verið að tala um að gerð verði á lögunum um heilbrigðisþjónustu fari ekki í gegn umræðulaust ef skilningurinn á málinu er af því tagi sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Ég vil eindregið ráðleggja honum að leita ráða hjá þeim flokksmönnum sínum sem mest afskipti hafa haft af heilbrigðisþjónustunni, auk hans sjálfs vitaskuld, og einkanlega í borginni. Þetta vil ég ráðleggja honum áður en hann flytur næstu ræðu um grundvallarsjónarmiðin í þessu.

Skringilegt þykir mér að heyra hv. þm., sem vafalaust vill láta álíta sig nokkuð ábyrgan, halda því fram eftir að því er lýst yfir að möguleiki fyrir breytt rekstrarform yrði einungis opnaður að því tilskildu að hinum fullkomnustu faglegu kröfum um þjónustu verði fullnægt, að faglegu eftirliti verði beitt og fullnægt verði öllum þeim kröfum sem lögin setja almennt. Þetta opinberaði þvílíkar kreddukenningar, sem Alþb. hefur enn á sinni könnu þrátt fyrir þennan merkilega landsfund sem haldinn var um daginn og er óðum að hrista af þeim fylgið. Menn sjá ekki þar í sveit annað en eitthvað sem líkist uppboði á fólki hér fyrr á tíð eins og það var kallað eða kannske jafnvel hreppaflutninga eða eitthvað slíkt, ég veit ekki hvað hv. þm. var helst í huga, eftir að talað var um að nýta á allan hátt hina mestu faglegu þekkingu. Með hvaða rekstrarformi það svo er, það er ekki aðalatriðið. Frá mínu sjónarmiði er það heilbrigðisþjónustan sjálf sem er aðalatriðið, þjónusta við fólkið og bætt heilbrigðisástand landsmanna, en ekki hitt hvaða rekstrarform er. Það er hagfræði en ekki heilbrigðismál.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Af því að hæstv. ráðh. vitnaði til þess frv. sem mun liggja fyrir frá nefnd um þetta mál er ljóst að í þeim frumvarpsdrögum sem ég hef undir höndum er ekki nákvæmlega tiltekið hvers konar heilbrigðisstarfsmenn er hér um að ræða. Þar er einungis talað um heilbrigðisstarfsmenn. Það er vafalaust hægt að túlka það mjög vítt ef sú afstaða er ríkjandi hjá þeim sem fer með valdið í heilbrrn. á hverjum tíma.

Ég þakka einnig hæstv. ráðh. fyrir ábendingar hennar til mín um að leita til sérfróðra aðila um þessi mál og vildi benda ráðherranum á það sama. T.d. teldi ég athyglisvert ef ráðherrann vildi bera sig saman við einn af höfundum laganna um heilbrigðisþjónustu, dr. Tómas Helgason yfirlækni.

Leit að brjóstakrabbameini, fsp. 45. mál (þskj. 45). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á síðasta þingi fluttu þm. Kvennalista svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á heilbrmrh. að tryggja að komið verði á kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini hjá konum með brjóstamyndatöku (mammografi). Hópskoðun þessi verði hafin eins fljótt og unnt er."

Till. var afgreidd frá hv. allshn. með lítillega breyttu orðalagi þar sem skorað var á ríkisstj. í stað heilbrmrh. og var till. samþykkt þannig samhljóða þann 9. maí s.l.

Mælt var fyrir till. í október 1984 og hún kom aftur til umræðu þann 7. maí 1985, en í apríl s.l. voru birtar niðurstöður sænskrar langtímarannsóknar á gildi skipulegrar leitar að brjóstakrabbameini með röntgenmyndatöku af brjóstum. Þessar niðurstöður hvetja mjög til þess að slík leit verði hafin sem fyrst. Um var að ræða skipulega skoðun á 135 þúsund sænskum konum á aldrinum 40—75 ára sem skoðaðar voru einungis með röntgenmyndatöku af brjóstum á tveggja til þriggja ára fresti á átta ára rannsóknartímabili. Meginniðurstaða þessarar rannsóknar er sú að slík skoðun leiddi til 31% lækkunar á dánartíðni þessa aldurshóps kvenna úr brjóstakrabbameini. Fram hjá slíkum niðurstöðum verður ekki gengið.

Í umræðum þann 7. maí s.l. kom fram í orðum hæstv. þáv. ráðherra um þetta mál að hann hafði greinilega bæði skilning á mikilvægi þessa verkefnis og fullan hug á því að koma því í framkvæmd. Ég hygg að hæstv. núv. heilbrmrh. hafi jafnvel enn betri skilning á mikilvægi þessa máls fyrir konur og væntanlega enn meiri vilja til að beita sér í þessu máli, ekki síst nú í lok kvennaáratugarins, og því vil ég spyrja: Hvað líður undirbúningi að skipulegri leit að brjóstakrabbameini meðal kvenna með röntgenmyndatöku (mammografi)?

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta er mjög mikið nauðsynjamál, sem hér er hreyft, hvort sem kvennaáratugur er eða ekki. Það er auðvitað eitt af mikilvægum verkefnum heilbrigðisþjónustunnar að reyna að koma í veg fyrir alvarlega sjúkdóma eftir því sem kostur er og nú er sem betur fer til mikilvæg tækni til að hjálpa í því máli, sem er röntgenmyndataka á brjóstum, en krabbamein í brjóstum hefur eins og kunnugt er verið dánarorsök allt of margra kvenna vegna þess að ekki var unnt að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins mjög snemma eftir að hann kom til.

Það þarf að sjálfsögðu engar brýningar um þetta mál því að það var ljóst bæði í fyrra og nú og eins í vor, þegar fsp. var um þetta upp borin við þáv. heilbrrh., að ráherra heilbrigðismála hefur að sjálfsögðu fullan hug á því að koma þessu á, ekki síst vegna þess að nú er mjög fullkominn búnaður til í þessu skyni. Það er bæði búnaðurinn og aðstaðan sem til er nú hjá Krabbameinsfélagi Íslands og sérfræðiþekking er til í landinu til þess að hrinda slíkri rannsókn af stað.

Í tillögum heilbrrn. við undirbúning fjárlagafrv. nú í haust var farið fram á fjárveitingu í þessu skyni, en á það var ekki fallist þannig að það er ekki inni í frv. En það er að sjálfsögðu ljóst að það kemur í hlut Alþingis að taka ákvörðun um hvort og hvenær skipuleg leit að brjóstakrabbameini hefst hér á landi. En það er fullur stuðningur við það af hálfu heilbrrn. að sjálfsögðu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka ráðherra svör hennar og viljayfirlýsingu. Ég vil vekja athygli á því að þetta er algengasti illkynja sjúkdómur meðal kvenna og tíðnin eykst stöðugt. Á Íslandi greinast nú um 70—90 konur á hverju ári. Þrettánda hver kona fær þennan sjúkdóm á lífsleið sinni. Bætt meðferð síðustu ára hefur því miður ekki aukið batahorfur verulega, en úrslitaþýðingu virðist hins vegar hafa stærð æxlis við greiningu og hvort það

hefur náð að breiðast út. Lítil æxli og staðbundin bjóða upp á bestu batahorfur. Öruggasta aðferð til að finna slík æxli á byrjunarstigi er einmitt röntgenmyndataka af brjóstum.

Ég vil leggja mikla áherslu á að við verðum að fara að hafa efni á því að beita fyrirbyggjandi aðgerðum. Það er ábyrgðarhlutverk að bíða. Það deyja nú þegar 25 konur af þessum sjúkdómi árlega. Og ég vil í þessu sambandi minna á forvarnarverkefni á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem fyrrv. heilbrmrh. undirritaði fyrir Íslands hönd í fyrra. Þetta er samvinnuverkefni Evrópuþjóða um varnir gegn ýmsum sjúkdómum, m.a. krabbameini.

Ég vil enn fremur ítreka að heilbrigðisþjónusta nútímans og framtíðarinnar ekki síður stefnir sífellt meira frá því að vera dýr viðgerðarþjónusta í þá átt að koma í veg fyrir sjúkdóma með fræðslu og heilsugæslu eða að greina og meðhöndla á byrjunarstigi.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði. Nauðsynlegur tækjabúnaður, sem þarf við þessa leit, hefur þegar verið gefinn. Húsnæði eða aðstaða er enn fremur þegar fyrir hendi hjá Krabbameinsfélaginu þannig að hlutur ríkisins er ekki stór. Það er einungis að leggja fram rekstrarfé. Og ég vil minna á að kostnaðurinn sem þessi hópskoðun jafngildir er það sem kostar að reka um 5—10 sjúkrarúm á ári. Það er ekki meira.

Enn fremur vil ég leggja mikla áherslu á það í sambandi við heilsugæslu og fyrirbyggjandi aðgerðir að í sumar eða haust var sú breyting gerð að konur sem koma í leghálskrabbameinsleit greiða nú fullt gjald fyrir slíka skoðun, sem mun nema allt að 670 kr., í stað 200—300 kr. áður. Ég vil jafnframt leggja ríka áherslu á það að þetta hefur þegar leitt til þess að dregið hefur úr aðsókn. Þetta er mjög alvarlegt þegar um fyrirbyggjandi heilsugæsluaðgerðir er að ræða. Ég vil því ekki bara skora á hæstv. ráðherra. Ég vil höfða til hennar að hún beiti sér fyrir því að fjárveiting fáist fyrir þessu verkefni því að það er alls ekki dýrt.

Athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur, fsp. 46. mál (þskj. 46). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Í byrjun síðasta þings fluttum við þm. Kvennalista svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að skipa þriggja manna nefnd sem leggi fram ákveðnar tillögur um það hvernig best sé að veita athvarf og heilbrigðislega og félagslega þjónustu þeim börnum og unglingum yngri en 18 ára sem eru illa haldin andlega og líkamlega vegna fíkniefnaneyslu.“ Farið var fram á það að nefndin skilaði niðurstöðu fyrir 1. maí 1985.

Tillaga þessi var flutt til að leita úrbóta á vanda tiltölulega fámenns hóps barna og unglinga sem eru illa stödd vegna fíkniefnaneyslu. Aldurs síns vegna eiga þau ekki greiða leið inn á meðferðarstofnanir og í reynd er ekki til stofnun sem hentar þeim. Meðferðarúrræði þarf að finna, bæði vegna þessara einstaklinga sjálfra og eins vegna þess að þeir mynda svokallaðan harðan kjarna neytenda sem síðan laða að sér aðra einstaklinga. Því má ekki gleyma að margir nýir neytendur fíkniefna verða til vegna þrýstings þeirra sem fyrir eru.

Þann 27. mars s.l. kom svo tillagan frá hv. allshn. Sþ. og var nefndin einhuga um að mikil nauðsyn sé á athvarfi fyrir unga fíkniefnaneytendur og öllum þeim aðgerðum sem til lausnar megi verða á vanda þeirra sem hafa ánetjast vímuefnum. Hins vegar taldi nefndin ekki rétt að skipa þriggja manna nefnd, eins og kveðið var á um í þáltill., vegna þess að stjórnskipuð nefnd ynni nú þegar að því að endurskoða öll geðheilbrigðismál hér á landi. Þessi nefnd var skipuð í júlí 1981 og valdi hún sér undirnefnd sem fjalla átti sérstaklega um geðheilbrigðismál barna og unglinga. Undirnefndin hugðist ljúka verki sínu og skila heildartillögum fyrir 1. apríl s.l. Því þótti hv. allshn. réttara að bíða eftir tillögum hennar og vísa málinu til ríkisstj.

Þingmönnum Kvennalista þótti rétt að spara nefndarstörf þar sem þeirra væri ekki bein þörf og sættu sig vel við þessa afgreiðslu málsins þar sem almennur skilningur og vilji til þess að leysa þennan vanda virtist ríkja meðal hv. nm. og reyndar þeirra hv. þm. sem tóku til máls þegar mælt var fyrir þáltill.

Nú er kominn nóvember og því rúmt hálft ár síðan umræddar niðurstöður undirnefndarinnar áttu að liggja fyrir. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.:

1. Hefur undirnefnd þeirrar nefndar um geðheilbrigðismál, er skipuð var af heilbr.- og trmrh. 15. júlí 1981 og hefur fjallað sérstaklega um geðheilbrigðismál barna og unglinga, m.a. vandamál vegna fíkniefnaneyslu, skilað heildartillögum eins og áætlað var?
2. Hverjar eru tillögur hennar til úrbóta varðandi athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögum undirnefndarinnar í þessum efnum?

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. 1. liður fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur undirnefnd þeirrar nefndar um geðheilbrigðismál, sem skipuð var af heilbr.- og trmrh. 15. júlí 1981 og hefur fjallað sérstaklega um geðheilbrigðismál barna og unglinga, m.a. vandamál vegna fíkniefnaneyslu, skilað heildartillögum eins og áætlað var?“

Því er til að svara að þessi nefnd hefur ekki skilað til ráðuneytisins þeim tillögum sem hér er um rætt. En af viðtali við formann nefndarinnar um það leyti sem þessi fsp. var lögð fram í októbermánuði kom fram að nefndin gerði ráð fyrir að skila þessum tillögum sínum um næstu mánaðamót sem þá voru, þ.e. um s.l. mánaðamót. Það hefur ekki verið gert enn þá. Ég held því að tillögurnar hljóti bara að vera í vélritun og vera á næsta leiti. Ég hef ekki fengið skýringu á því hvers vegna tillögurnar eru ekki komnar inn til ráðuneytisins.

Aðrir liðir fsp. falla að sjálfsögðu niður að fengnum þessum upplýsingum því að þeir vísa til tillagna þessarar nefndar. Hitt er ljóst að aðalatriði og stefnumál ráðuneytisins á forgangslista þess í nokkur ár hefur verið unglingageðdeild. Heimild er til makaskipta á eignum í því skyni í fjárlögum þessa árs. Samningur um það atriði stendur nú alveg fyrir dyrum og þá vona ég að hægt verði að leysa úr því máli þannig að slík stofnun kæmist í gagnið á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðh. svör hennar þykir mér leitt að heyra að enn liggja ekki fyrir tillögur um það hvernig megi bæta úr vanda ungra fíkniefna-

neytenda. Meðan við bíðum og höfumst ekki að eykst þessi vandi og reyndar vímuefnaneysla almennt. Innflutningur vímuefna fer vaxandi og er furðulegustu aðferðum beitt við að koma þeim til landsins. Sömuleiðis eykst fjölbreytni efnanna og margir óttast að hættumeiri efnin, eins og heróín, fari að berast á íslenskan markað.

Áhyggjur alls þorra fólks vegna vímuefnavandans fara vaxandi og stjórnvöld geta ekki setið aðgerðarlaus í þessum efnum. Á þessum vanda þarf að grípa með ýmsum aðgerðum. Fræðsla og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir eru nauðsynlegar, svo og hertar og markvissar aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning. Jafnframt má ekki gleyma eða vanrækja það að sinna þeim sem þegar hafa ánetjast vímuefnum því að það er í senn sjálfsögð mannúð og fyrirbyggjandi aðgerð.

Lengi hefur verið ætlað að sinna geðheilbrigðismálum barna og unglinga með því að byggja sérstaka unglingageðdeild. Það er kostnaðarsamt og verður varla á dagskrá á næstunni. Hins vegar þola vandamál þessa fámenna hóps ungra fíkniefnaneytenda ekki að bíða slíkrar lausnar. Ég álít að þessi mál megi leysa með góðum vilja, samræmingaraðgerðum og tiltölulega litlum kostnaði miklu fremur en með fjárfrekum meðferðarúrræðum sem krefjast byggingar á nýju húsnæði.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á áskoranir til Alþingis um þessi efni frá ýmsum félagasamtökum kvenna og þeirra sem fara með mál unglinga. Enn fremur vil ég minna hæstv. ráðh. á nýlegan borgarstjórnarfund æskunnar sem haldinn var 24. okt. s.l. Þar beindi borgarstjórn æskunnar þeirri spurningu til kjörinna borgarfulltrúa: „Til hvers er að tilnefna þetta ár æskunnar og gera svo ekki neitt?“

Ég tek undir þessa spurningu um leið og ég bendi heilbrigðisyfirvöldum á að það er verðugt verkefni að koma á fót athvarfi fyrir unga fíkniefnaneytendur á alþjóðaári æskunnar, sem nú er senn á enda, til að leggja fram skerf til lausnar þess mikla vanda sem fíkniefnaneysla er.

Ég heyri að það er góður vilji og þarf varla að skora á hæstv. heilbrrh. að fylgja því eftir að tillögum nefndarinnar verði senn skilað og í framhaldi af því að leitað verði árangursríkra leiða til að lækna og endurhæfa unga fíkniefnaneytendur til heilbrigðari lífshátta. Vegna þess, hæstv. forseti, að ekki liggur fyrir svar við fsp. minni þá vil ég fara fram á það að hún verði látin liggja frammi áfram þangað til skýrslu verður skilað.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er afbrigðileg meðferð að láta fsp. liggja áfram eftir að umræðum er svo til lokið um hana og það verður ekki gert. Ef þetta er ekki fullnægjandi, þá er leið fyrir hv. þm. að bera fram aðra fsp. og það verður tekið til athugunar.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að gera tvær athugasemdir við ræðu hv. 3. landsk. þm. Í fyrsta lagi vil ég andmæla þeim ummælum að það sé beðið og ekki hafst að á meðan tillögur þessarar umræddu nefndar liggja ekki fyrir. Ég lét þess getið í svarræðu minni, sem ég vil ítreka, að það er einmitt verið að vinna að þessu máli. Vinna að þessu máli er í fullum gangi hvað sem líður tillögum þessarar nefndar.

Það er verið að vinna að því að ganga frá samkomulagi við borgina um húsnæði, um möguleika til að reka unglingageðdeild. Nánar tiltekið, það stendur í 6. gr. fjárlaganna, sem við meðhöndluðum hér í fyrra, að heimilt sé fyrir ríkið að gera makaskipti við Reykjavíkurborg, annars vegar um jörðina Úlfarsá í Mosfellssveit og hins vegar húseign á Dalbraut, til að reka þar unglingageðdeild. Það er því einmitt í samræmi við það sem hv. þm. var að nefna. Það er ekki verið að tala um að bíða eftir kostnaðarsamri nýbyggingu heldur þvert á móti. Verið er að tala um að taka til notkunar húsnæði sem til er og framkvæma þessa heimild sem er í fjárlögum.

Málið er því að mínu viti mjög skammt undan og alrangt, sem hv. þm. segir, að menn bíði og hafist ekki að eða ætli að bíða eftir kostnaðarsamri nýbyggingu. Mér þykir fyrir því, herra forseti, að vera að flytja sama svarið tvisvar en ég tel það nauðsynlegt þegar svo er að heyra sem fyrirspyrjandi hafi ekki heyrt það sem sagt var.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra að þessar fyrirætlanir eru komnar svo langt á veg. Ég veit enn fremur til þess að það á að setja á stofn neyðarathvarf hér í Reykjavíkurborg sem rekið verður á vegum Rauða krossins og þá vantar í framhaldi af því langtíma meðferðarheimili sem e.t.v. er þegar fyrirhugað. Ég vænti, eins og ráðherra, að þetta sé skammt undan og fagna því að málin skuli vera komin á hreyfingu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, fsp. 85. mál (þskj. 95). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Á þskj. 95 hef ég borið fram fsp. til hæstv. félmrh. er varðar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og er hún í tveimur liðum.

„1. Hversu mikil skerðing verður á ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 1985 vegna greiðslna til Innheimtustofnunar sveitarfélaga? Hver hefur skerðingin verið tímabilið 1980—1984?

2. Hyggst ráðherra breyta þeim reglum sem nú gilda um greiðslur á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þannig að sömu reglur gildi um hreppa og kaupstaði?“

Í örstuttu máli vil ég gera grein fyrir þessum fsp. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa verið eini verðtryggði tekjustofn sveitarfélaganna í landinu. Sveitarstjórnarmenn hafa því lagt ríka áherslu á það að framlög sjóðsins væru ekki skert, enda eru jöfnunarsjóðsframlögin allt að 20% tekna sumra minni sveitarfélaga.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur nú látið sveitarstjórnir vita um að horfur séu á því að framlög Jöfnunarsjóðs verði verulega lægri en áætlað var á þessu ári. Sveitarstjórnir eiga hins vegar fárra kosta völ um tekjuauka eða niðurskurð til að mæta tekjutapi þegar svo langt er liðið á árið og er vandséð hvernig við því verður brugðist. Vitað var að Jöfnunarsjóður yrði að standa undir verulegum greiðslum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í kjölfar breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Hins vegar var ekki

búist við því að sjóðurinn skertist svo sem allt bendir til að verði.

Því spyr ég hæstv. félmrh. um það hversu mikil skerðingin verði vegna Innheimtustofnunar í ár og hvernig hún hafi verið næstliðin fimm ár. Á grundvelli þeirra upplýsinga verður væntanlega unnt að meta á hvern veg brugðist skuli við til að styrkja sjóðinn og koma í veg fyrir að ráðstöfunarfé hans skerðist svo mjög.

Í síðari lið fsp. er óskað svars við því hvort hæstv. félmrh. hyggist breyta þeirri skipan sem verið hefur á greiðslu framlaga til sveitarfélaganna úr Jöfnunarsjóði. Um það hefur sú regla gilt að kaupstaðir fá greiðslurnar beint mánaðarlega en framlög hreppa eru greidd til sýslumannsembætta. Með þessari skipan er gert upp milli sveitarfélaga án þess að sambærilegar ástæður séu fyrir hendi. Vænti ég þess að hæstv. félmrh. hafi góðan skilning á þessu svo vel sem hann þekkir til um þörf hreppanna fyrir það að greiðslur úr Jöfnunarsjóði berist milliliðalaust.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. á þskj. 95 varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vil ég taka eftirfarandi fram:

Skv. lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971 með síðari breytingum er hlutverk hennar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra og endurgreiða Tryggingastofnuninni innheimtuféð. Er þetta hlutverk nánar skilgreint í lögunum.

Í lögunum er ákveðið að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar. Einnig ber Jöfnunarsjóðnum að greiða reksturskostnað Innheimtustofnunarinnar.

Greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Innheimtustofnunarinnar vegna meðlagsgreiðslna hennar til Tryggingastofnunar ríkisins hafa frá 1980 verið sem hér segir: 1980 6 millj., 1981 7,7 millj., 1982 9,7 millj., 1983 18,2 millj., 1984 82,8 millj. og 1985 142,8 millj. Rétt er að útskýra þessar tölur nokkru nánar.

Í lögunum um Innheimtustofnun sveitarfélaga frá 1971 voru ákvæðin um greiðslur Jöfnunarsjóðs þannig að Innheimtustofnunin átti að láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. júní ár hvert reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið reikningsár. Jöfnunarsjóður átti síðan að gera fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar fyrir 1. október ár hvert miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.

Með lögum nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, voru ákvæðin um endurgreiðslur Innheimtustofnunarinnar til Tryggingastofnunar ríkisins hert verulega. Skal Innheimtustofnunin nú skila Tryggingastofnuninni innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist. Það sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnunin greiða innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt. Greiðslur Jöfnunarsjóðs skulu inntar af hendi það tímanlega að Innheimtustofnunin geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum.

Þessi lagabreyting leiddi af sér svo mikla hækkun á framlagi Jöfnunarsjóðsins til Innheimtustofnunarinnar 1984 að ekki þótti rétt að Jöfnunarsjóðurinn tæki þá skerðingu á sig alla á einu ári. Með tilvísan til heimildar í þessum sömu lögum tók því Jöfnunarsjóðurinn lán að upphæð 4 621 600 Bandaríkjadollara, upphaflega ísl. kr. 138 372 000. Lán þetta átti að endurgreiðast á næstu fimm árum með sex jöfnum misserislegum afborgunum þann 15. júní og 15. desember ár hvert, í fyrsta sinn 15. júní 1987. Vextir greiðast einnig tvisvar á ári og voru greiddir í fyrsta sinn 15. júní á þessu ári. Var sú upphæð 23 442 400 kr. Ekki liggur fyrir hver þessi greiðsla verður í desember n.k. en líklegt er að upphæðin verði svipuð og í júní.

Þessar vaxtagreiðslur skerða að sjálfsögðu greiðslur Jöfnunarsjóðsins til sveitarfélaganna til viðbótar við beinu greiðsluna til Innheimtustofnunarinnar. Reksturskostnaður Innheimtustofnunar sveitarfélaga, sem Jöfnunarsjóðurinn hefur greitt, hefur frá árinu 1980 verið sem hér segir: 1980 396 800 kr., 1981 484 700, 1982 834 814 kr., 1983 1 460 500 kr., 1984 2 721 000 kr. Upphæðin 1985 liggur að sjálfsögðu ekki fyrir.

Í seinni lið fsp. er spurt hvort væntanlegar séu breytingar á þeim reglum sem nú gilda um greiðslur á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þannig að sömu reglur gildi um hreppa og kaupstaði. Ég vil taka fram að 1976 var ákveðið að greiða beint þessar upphæðir til sveitarfélaganna skv. stjórnvaldsákvörðun en þetta var tekið til baka vegna harðorðra mótmæla innheimtumanna ríkissjóðs og Ríkisendurskoðunar. Þá var kveðið svo á að þetta mundi ekki getað hentað því innheimtuformi sem þá var notað.

Síðan þetta var gert, sem var miður, hefur staða þessara mála mjög breyst. Innheimtumenn ríkisins fá nú persónuafslátt og barnabætur, sem falla til greiðslu, beint til sín og hafa þannig allt aðra stöðu gagnvart minni sveitarfélögum eða sveitarfélögum yfirleitt. Sömuleiðis er áformað — og ég hef þá stefnu — að réttarstaða allra sveitarfélaga verði sú sama gagnvart öllum málum og þar af leiðandi varðandi tekjustofna einnig.

Ég hef látið athuga þetta mál í félmrn. sérstaklega með tilliti til þeirra mótmæla sem komu upp þegar þessi breyting var gerð á sínum tíma og tekin aftur. Þeirri könnun er nú senn að ljúka og ég mun örugglega tilkynna ákvörðun mína um þetta mál fyrir n.k. áramót.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir hans svör. Sérstaklega vil ég lýsa ánægju með það að hann skuli hafa í hyggju að breyta greiðslufyrirkomulagi á framlögum úr Jöfnunarsjóði eða láta kanna hvort unnt sé að breyta því til þess sem áður hafði verið gert. Vænti ég þess að hæstv. ráðh. fylgi því eftir.

Hvað varðar svar við 1. lið fsp. minnar um skerðingu á tekjum eða ráðstöfunarfjármagni Jöfnunarsjóðsins, þá kom greinilega fram að skerðingin er veruleg, enda mun framlag Jöfnunarsjóðs m.a. vegna þessara greiðslna til Innheimtustofnunar einungis verða 2700 kr. á íbúa en var áætlað að yrði 2900. Allt bendir því til að lækkunin verði veruleg.

Ljóst er, eins og kom fram hjá hæstv. félmrh., að breyttar skilareglur Innheimtustofnunar til Tryggingastofnunar ríkisins valda meiri fjárþörf en innheimta meðlaga stendur undir. Af þeim sökum hefði þurft að tryggja tekjur Jöfnunarsjóðs betur eftir gildistöku þeirra breytinga sem áttu sér stað með lögunum nr. 43/

1984 svo að breyttar skilareglur leiddu ekki til jafnmikillar skerðingar eins og raun ber vitni um.

Ég vænti þess að hæstv. félmrh. taki þetta mál upp á næsta samráðsfundi með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, en skv. 5. gr. samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga er gert ráð fyrir því að fjallað sé um fjármál sveitarfélaganna á samráðsfundum. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lýst sérstökum áhyggjum sínum vegna þessarar þróunar hvað varðar jöfnunarsjóðsframlögin og gert fjvn. Alþingis sérstaka grein fyrir þessu máli.

Ég vil endurtaka þakkir til hæstv. félmrh.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess að endanlegt uppgjör á Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga liggur náttúrlega ekki alveg fyrir enn þá. Það er ekki hægt að fullyrða nákvæmlega upp á krónu hvað það verður en það liggur mjög fljótlega fyrir þegar kemur fram yfir mánaðamótin.

Ég get tekið undir það að vissulega er áhyggjuefni í sambandi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hvernig á að tryggja tekjur hans. Ég vil geta þess að nú stendur yfir endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og það er vissulega athugandi mál. Ég veit að sú endurskoðunarnefnd kannar hvort ekki er nauðsynlegt að breyta verulega þeim tekjumöguleikum sem þessi sjóður fær. Sú athugun er í gangi.

Ég vil einnig minnast á Innheimtustofnun sveitarfélaga. Það vita allir, sem nálægt sveitarstjórnarmálum hafa komið, hvaða gildi sú stofnun hefur fyrir sveitarfélögin og hún hefur sannað það í gegnum árin. Af því að hér hefur verið borinn saman árangur Innheimtustofnunarinnar frá ári til árs finnst mér ástæða til að geta þess að þeim meðlögum, sem Innheimtustofnunin hefur verið krafin um, og þeim meðlögum, sem hún hefur innheimt, hefur verið breytt í svokölluð ársmeðlög. Hvert ársmeðlag er þá það sem greitt er með einu barni yfir árið.

Það yfirlit yfir árin 1980—1984, sem hér var til umræðu, er þannig að 1980 voru krafin ársmeðlög 8208, innheimt af stofnuninni 4911 eða 59,8%. 1981 voru ársmeðlögin krafin 8288 og innheimt 5343 eða 64,4%. Árið 1982 voru krafin ársmeðlög 9045, innheimt ársmeðlög 5499 eða 60,8%. 1983 voru krafin ársmeðlög 9387, innheimt 6056 eða 64,51%. 1984 voru krafin meðlög 9636 en innheimt 5874 eða 60,96%. Yfirlit yfir árið 1985 liggur að sjálfsögðu ekki fyrir enn.

Ég vil geta þess til glöggvunar að í þessari stofnun er stjórnin þannig skipuð að einn fulltrúi er skipaður af félmrh., tveir kjörnir af fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga. Í stofnuninni hefur verið unnið að tölvuvæðingu og talið er að þessi innheimta muni mjög breytast við þá endurhæfingu.

Ég vil aðeins geta þess að í dag eru aðeins 7% vextir af þessum gjöldum og engin verðtrygging. Stofnunin á þess vegna í vök að verjast hvað þetta snertir og þetta þýðir þyngingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég tel að þarna þurfi að gera á breytingu og hef falið endurskoðunarnefndinni um tekjustofna sveitarfélaga að taka þetta ákvæði sérstaklega til skoðunar og hvort rétt væri að gera á þessu lagabreytingu um leið til að tryggja Innheimtustofnunina sjálfa og eins til að draga úr álögum á sveitarfélögin.

Sameinað þing, 16. fundur.

Fimmtudaginn 14. nóv., að loknum 15. fundi.

Raforkuverð til álversins í Straumsvík, beiðni um skýrslu. 111. mál (þskj. 122). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Heimildin samþ. með 34 shlj. atkv.

Mismunun gagnvart konum hérlendis, þáltill. 64. mál (þskj. 66). — Framhald fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur verið óskað eftir umræðum utan dagskrár á þessum fundi um stöðu Útvegsbankans vegna viðskipta hans við Hafskip hf. Þessi umræða utan dagskrár fer nú fram skv. 2. málsgr. 32. gr. þingskapa.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Tilefni þess að ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár er eftirfarandi:

Á undanförnum vikum og mánuðum hafa öðru hverju birst í blöðum og síðar öðrum fjölmiðlum upplýsingar eða fullyrðingar um stöðu Útvegsbanka Íslands vegna viðskipta við Hafskip hf.

Þessar upplýsingar eru af ýmsu tagi. Komið hafa fram fullyrðingar um að svo sé komið að skuldir umræddsfyrirtækis við Útvegsbankans séu langt umfram veðhæfi eigna umræddsfyrirtækis. Í annan stað að þessar skuldir séu orðnar svo miklar að með hliðsjón af eiginfjárstöðu bankans sé staða bankans komin í algert óefni. Fyrir nú utan ýmsar aðrar upplýsingar sem ég læt liggja milli hluta að svo stöddu.

Mér sýnist augljóst að umræðan sé nú komin á það stig, þegar þessar fréttir eru líka fluttar í ríkisfjölmiðlum og þegar fram koma á sjónarsviðið forsvarsmenn bankastjórnar bankans og láta frá sér fara yfirlýsingar sem gefa til kynna að þessar fréttir séu að meira eða minna leyti á rökum reistar, að óhjákvæmilegt sé orðið að Alþingi láti þetta mál til sín taka. Það er alveg ljóst þegar birtast yfirlýsingar í ríkisfjölmiðlum og í blöðum frá bankastjórum Útvegsbankans þar sem þeir viðurkenna þetta fullum fetum, eins og gert er á forsíðu Alþýðublaðsins í dag í viðtali við Halldór Guðbjarnason bankastjóra undir fyrirsögninni: „Óhjákvæmilegt að bankinn tapi einhverjum fjárhæðum á viðskiptunum við Hafskip hf. — en bankinn fer ekki á hausinn, né verður hann gerður upp.“ Eða í fyrirsögn á forsíðu Dagblaðsins: „Bankastjóri Útvegsbankans: „Töpum verulegu fé

á Hafskip."" Þegar svo er komið þá er eiginlega eitt aðeins sem ég iðrast og það er að hafa ekki vakið máls á þessu máli fyrr. Og kannske er það fyrsta gagnrýnisefnið að hæstv. ráðh. banka- og viðskiptamála, sem að sjálfsögðu hlýtur að hafa vitað gjörla um stöðu þessa máls miklu fyrr, skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að koma hér fram á hinu háa Alþingi og gefa alveg ótvírætt réttar upplýsingar um stöðu þessa máls og sér í lagi, ef ástæða er til, að leiðrétta löngu fram komnar fullyrðingar og staðhæfingar.

Það fer ekki milli mála, og það vita allir menn hér inni, að það getur verið viðurhlutamikið mál að ræða opinberlega viðskiptamál fyrirtækja. Undir vissum kringumstæðum getur það verið rétt þó að í löndum sem kenna sig við ærlegan kapítalisma séu menn ekki með slíkan kveifarskap. En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá að við erum að ræða um ríkisviðskiptabanka, banka sem er í eigu þjóðarinnar, banka sem rekinn er undir stjórn og á ábyrgð þingkjörins bankaráðs, banka sem heyrir beint undir stjórn ráðherra og er á ábyrgð hans. Ef þær fullyrðingar, sem fram hafa komið í fjölmiðlum og eru nú staðfestar af fulltrúum bankastjórnarinnar sjálfrar, eru á rökum reistar kemur einfaldlega upp þessi spurning: Hvað er tap þjóðarinnar mikið? Hverjir borga þetta tap aðrir en skattgreiðendur? Og hvað hefur verið gert af hálfu löglegra yfirvalda og hæstv. ráðherra, bankaráða, Seðlabanka og bankaeftirlits til þess að stemma stigu við þessu ástandi í tæka tíð og koma í veg fyrir tap verulegra fjármuna skattgreiðenda áður en í óefni var komið?

Þegar svo er komið að bankastjórnarmenn viðurkenna hluti sem fram koma í þessum blöðum er alveg augljóst mál að það er orðið hættuástand. Allur sá fjöldi fólks, sem á beinna hagsmuna að gæta, innistæðueigendur, viðskiptavinir bankans, hljóta að sjálfsögðu að vera mjög kvíðnir. Þeir hljóta að taka mikla áhættu þrátt fyrir allt. Og það gæti skapast það ástand, sú panik, að það leiddi til fjöldauttekta á innistæðum í bankanum þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um ríkisábyrgð, einfaldlega af þeim ástæðum að það er engan veginn ljóst, þrátt fyrir allt, að þeirri vitneskju sé 100% treyst né heldur að hún sé á vitorði allra.

Herra forseti. Ég biðst leyfis til þess að mega kynna hér þingheimi ummæli bankastjóra úr þessum blaðaviðtölum í dag. Upplýsingarnar sem fram koma í viðtölum við bankastjóra Útvegsbankans í þessum blöðum eru þessar:

Bankastjóri segir í DV, með leyfi forseta: „Þetta er vafalaust pólitískt mál."

Í viðtali Alþýðublaðsins segir: „"Mér þykir það mjög miður að Útvegsbankinn skuli dragast inn í pólitísk átakamál, sem hafa verið búin til vegna viðskipta Hafskips hf. við bankann. Við viljum ekki vera ein skúringatuska stjórnmálamanna", sagði Halldór Guðbjarnason, bankastjóri Útvegsbankans". Athyglisvert.

Í viðtali við DV segir bankastjóri: „En hverjar skuldir Hafskips eru við Útvegsbankann kemur engum við." Ég endurtek, herra forseti: Kemur engum við. Síðan bætir hann við, með leyfi forseta: „Auðvitað komum við til með að tapa verulegu fé á þessum viðskiptum ... „ Auðvitað. En það kemur engum við, allra síst Alþingi Íslendinga, þingkjörnu bankaráði, þjóðinni, skattgreiðendum, sem eiga að borga þetta „auðvitaða" tap.

Bankastjórinn viðurkennir að honum sé ekki ljóst hvert hámarkstapið geti orðið. Það er ekki ljóst. Kannske hæstv. bankamálaráðherra viti betur, bankaeftirlit eða Seðlabanki. Bankastjórinn heldur áfram og segir: „Það hefur mjög borið á hraðslu meðal viðskiptavina bankans vegna þessa máls, sérstaklega þeirra sem eiga sparifé í bankanum." Hvað staðfestir þetta? Það staðfestir það að þrátt fyrir ákvæðið um ríkistryggingu, baktryggingu, er fólk hrætt, ýmist af þeim ástæðum að það veit ekki af þessari tryggingu eða það telur samt sem áður um áhættu að ræða, staðfestir það m.ö.o. að það var knýjandi nauðsyn, kannske fyrir löngu, að hæstv. ráðherra kæmi fram, ef hann sá ástæðu til, til að leiðrétta fullyrðingar sem birst hafa vikum saman, viku eftir viku, sem nú hafa verið staðfestar meira eða minna, þótt með óskýrum hætti sé, af bankastjórninni sjálfri.

Bankastjórinn segir í þessum viðtölum og í viðtölum við ríkisfjölmiðla: Menn eiga ekkert að óttast. Ríkisábyrgð er að baki rekstri bankans. — Ríkisábyrgð. Mikið tjón, verulegt tjón, kemur engum við. Auðvitað verulegt tap, en það er allt í lagi; það er ríkisábyrgð. Hvað er ríkisábyrgð, herra forseti? Innistæður hverra eru á bak við þetta? Ábyrgðin er mín og þín. Ábyrgðin er skattgreiðenda þessarar þjóðar. Og ég spyr: Eiga skattgreiðendur og eigendur þessa banka enga heimtingu á að fá að vita sannleikann í þessu máli? Og ef það eru rétt rök að ríkisábyrgðin sé, og hún er þeirra, er þá ekki kominn tími til að þeir sem ábyrgðina eiga að bera fái að vita sannleikann í málinu?

„Það er stórhættulegt", segir bankastjórinn, „að opinbera rekstur einstakra fyrirtækja." Já, það getur verið stórhættulegt. Það getur verið alveg sérstaklega stórhættulegt ef sannleikurinn er slíkur að hann þoli ekki að koma fram í dagsljósið. En menn skulu samt sem áður átta sig á því að það er allt annar hlutur hvort um er að ræða einkafyrirtæki úti í bæ, ef það stendur og fellur með afleiðingum gerða sinna, eða ríkisrekið fyrirtæki í eigu þjóðarinnar ef áfallið lendir af fullum þunga á herðum þeirra eigenda bankans, almennings og skattgreiðenda í landinu. Við þá verður ekki talað með þessum hrokatón að þeim komi þetta ekki við, að auðvitað sé mikið tap, en sem betur fer sé ábyrgð skattgreiðenda bak við allt saman. Svona tón á Alþingi Íslendinga ekki að láta bjóða sér hjá embættismönnum. Og það þætti skrýtið í ærlegum kapítaliskum löndum ef bankastjórnarmenn eða aðrir forráðamenn fyrirtækja, sem búa við þau kjör yfirleitt að hafa hlutabréf sín skráð í opinberum kauphöllum og búa við það að upplýsingar, jafnvel rangar í sumum tilvikum, geta haft gífurleg áhrif á skráningu á verðbréfum þar sem upplýsingastreymi til hluthafa er alger krafa, og þeirra sem kaupa bréf á opnum mörkuðum, að fá að vita sannleikann, en ekki einhvern tilbúinn sannleika, ekki tilbúnar ársskýrslur. Ég er hræddur um að bankastjórnarmenn, sem svona hugsa þrátt fyrir allt, megi gjarnan líta svolítið út fyrir landsteinana. Og ég held að þeir ættu að hugsa dálítið til þess að það er ábyrgðarstarf að vera bankastjóri í ríkisbönkum, það er ábyrgðarstarf að vera þar í bankaráðum. Og sú ábyrgð er frammi fyrir þessari þjóð, frammi fyrir þessu þingi sem kýs þessum banka stjórn. Og krafan um upplýsingar er alveg ótvíræð, krafa eigenda þessa fyrirtækis, krafa þeirra sem að lokum

bera ábyrgðina á áfallinu, sem nú er búið að viðurkenna, en væntanlega verður upplýst í þessum umræðum hversu alvarlegt það er, hversu mikið það er og hvernig á því stendur að það er til komið og hvað hefur verið gert lögum samkvæmt af hálfu rétt kjörinna stofnana til þess að koma í veg fyrir þetta ástand.

Herra forseti. Að lokum segir í viðtali við umræddan bankastjóra: „Það væri einnig spurning hvort ríkissjóður myndi auka eigið fé í bankanum, sem í raun hefur búið við mjög erfiða rekstrarfjárstöðu allt frá því að hann tók við þrotabúi Íslandsbanka."

M.ö.o., það er ríkisábyrgð, það er ábyrgð skattgreiðenda. Það fer ekki milli mála. Og það er ástæða til að koma því á framfæri í viðtölum við blöð að nú sé enn ástæða til fyrir skattborgara að leggja fram aukið fé í þennan banka vegna þess hversu komið er.

Af því tilefni, herra forseti, er rétt að rifja upp að þetta er í annað skipti á fáum árum sem upp kemur mál um að gera verður út björgunarleiðangur vegna þessa banka, þessa ríkisbanka, þjóðbanka í eigu þjóðarinnar. Hið fyrra sinnið var í upphafi árs árið 1981. Það var í framhaldi af stjórnarmyndunarviðræðum. Það var í framhaldi af því að í upphafi árs, nánar tiltekið á fundi 15. janúar, tók við nýkjörið bankaráð undir nýrri formennsku. Það var eitt fyrsta verk nýkjörins bankaráðsformanns og nýkjörins bankaráðs að ganga með formlegum hætti frá hlutum sem um hafði verið samið, milli stjórnarflokka væntanlega, að leggja fram af almannafé 5 milljarða gamalla króna til þessa banka ásamt með því að felldur var niður 1 milljarður gkr. af refsivaxtaskuld Útvegsbankans við Seðlabanka, 6 milljarðar gkr., 60 millj. nýkr., framreiknað á mælikvarða framfærsluvísitölu til nóvemberverðlags í ár 360 millj. kr., án vaxta. En ef þessi upphæð væri framreiknuð á raunvöxtum sem gengið hafa í gildi síðan erum við farnir að tala um upphæðir sem eru ekki lægri en svona ca. 700 millj. kr. Eitt blaðanna hefur haldið því fram, herra forseti, að heildarskuldir þessa eina fyrirtækis, sem hér hefur verið nefnt, við Útvegsbankann sé svipuð upphæð. Og af þessu tannfé, sem ný bankaráðsstjórn fékk á sínum tíma í gjöf, að sjálfsögðu með erlendum lánum, er ríkið, skattgreiðendur, að borga vexti og afborganir enn þann dag í dag. Frá þessu samkomulagi var gengið milli bankaráðsins og páv. fjmrh. Ragnars Arnalds og ástæða er til að ætla að páv. viðskrh., Tómas Árnason, hafi haft milligöngu um þetta mál.

M.ö.o., herra forseti: Bankastjórn eða bankastjóri fer nú á flot með þá hugmynd að nú sé komin ástæða til að skattgreiðendur, sem hann öðrum þræði segir að komi þetta mál ekkert við, geri nú út björgunarleiðangur í annað skipti og forði þessum ríkisbanka frá skakkaföllum, þ.e. taki á sig og sínar herðar og sína pyngju afleiðingar af því hvernig þessum banka hefur verið stjórnað í annað sinn á fáum árum. Og síðan fáum við þau svör, í fyrsta lagi: Ykkur kemur þetta ekkert við. — Og við eigum vafalaust eftir að heyra einhverja taka undir þau sjónarmið bankastjórnarmanna að þetta mál sé einkamál eða að þetta mál sé á svo viðkvæmu stigi vegna erfiðra samningaumleitana sem nú standa yfir við annað fyrirtæki úti í bæ um að reyna að forða — af því að bankastjórinn sagði að þetta væri pólitískt mál — pólitískum ábyrgðaraðilum þessa máls frá því að það verði endanlega opinbert og forða skattgreiðendum frá því að vita nákvæmlega sannleikann í þessu máli.

Herra forseti. Það er alveg óhjákvæmilegt þegar svona er komið að hæstv. viðskrh. gefi Alþingi Íslendinga sannar og réttar upplýsingar um þetta mál. Þær spurningar sem upp koma eru margar, en þær varða fyrst og fremst málefni ríkisbankans, ekki hins fyrirtækisins.

Ég spyr, herra forseti: Hefur Seðlabanki Íslands gert í tæka tíð athugasemdir við viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., með vísan til 3. gr. laga frá 1961 um Seðlabankann, um eftirlitsskyldu hans með bankastarfsemi?

Í annan stað spyr ég, herra forseti: Hefur bankaeftirlit sömu stofnunar tilkynnt ráðherra athugasemdir sínar við viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. í tæka tíð með hliðsjón af skyldu þess til þeirra hluta í IV. kafla, 10. gr. sömu laga um heimild þess til að gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnana óheilbrigðan og skyldu þess að tilkynna ráðherra athugasemdir sínar í framhaldi af því?

Í þriðja lagi spyr ég: Er hæstv. ráðherra reiðubúinn að staðfesta það hér og árétta úr þessum ræðustól á Alþingi Íslendinga að lögboðin skylda ríkissjóðs til þess að ábyrgjast allar skuldbindingar þessa ríkisviðskiptabanka, hverju nafni sem þær nefnast og hverjar svo sem þær verða og með hvaða hætti þær eru til komnar, til þess að firra viðskiptavini og innistæðueigendur bankans áhættu, fjártjóni og áhyggjum? Úr því að farið er af hálfu bankastjórnarinnar að viðurkenna í blöðum að hér sé um verulegt fjármunatap að ræða er líka orðið tímabært — þá er málið komið á annað stig — að hæstv. ráðherra gegni einfaldlega þeim skyldum sínum við eigendur bankans, þjóðina og skattgreiðendur, að leggja nauðsynlegar upplýsingar á borðið vegna þess að hér eftir getur það engan skaðað. Hér eftir er það bara einfaldlega embættisskylda að veita þau svör.

Bankastjórnin hefur viðurkennt að um verulegt tjón verði að ræða. Herra forseti. Treystir hæstv. ráðherra sér til þess að upplýsa eigendur bankans um það hversu mikið það tjón er? Hversu mikið er það tap sem skattgreiðendur, ríkisbankinn, við, höfum orðið fyrir vegna þessara viðskipta?

Ég spyr enn fremur: Liggur það fyrir eftir rannsókn og úttekt Seðlabanka og bankaeftirlits hvernig á þessum málum hefur verið haldið innan ríkisbankans? Er eitthvað hæft í þeim fullyrðingum að Útvegsbankinn hafi sniðgengið bankareglur og hefðir um greiðslutryggingar útlána? M.ö.o. er svo komið að líka verði að viðurkenna það, sem haldið var fram í blaðaumræðum í sumar, að svo sé komið að þessar skuldir séu miklu meiri en nokkurt raunsætt mat á veðhæfi eigna á bak við þær gefi til kynna?

Það er ástæða til að spyrja líka ef þessar upplýsingar fást: Hvað er þetta tap mikið í hlutfalli við raunsætt mat á eigin fé Útvegsbankans?

Herra forseti. Það er líka óhjákvæmilegt að taka undir með bankastjóranum þegar hann segir: Þetta er pólitískt mál. — Vissulega er það það. Við skulum játa það, viðurkenna það. Með hvaða skilningi er þetta pólitískt mál?

Það vill svo til í fyrsta lagi að málefni bankans eru í þeim skilningi pólitísk að til stjórnar hans er kjörið pólitískri kosningu hér á Alþingi Íslendinga og hann er undir pólitískri stjórn.

Í annan stað vill svo til að við erum að tala um mál banka þar sem það gerðist að á sama tíma, frá því í janúarbyrjun 1981 og fram til 2. júní 1983, gegndi sami maðurinn störfum sem stjórnarformaður umræddra fyrirtækis og formaður bankaráðs þessa umræddra banka. Hér er ekki um neinn pólitískan viðvaning að ræða. Hér er um að ræða hæstv. fyrrv. fjmrh., hæstv. núv. iðnrh. Þess vegna spyr ég og vænti svars: Hvaða breyting varð á skuldastöðu Hafskips hf. við Útvegsbankann, eign þjóðarinnar, á tímabilinu frá 15. jan. 1981 til 2. jan. 1983? Ég spyr og ég vænti svars og ég fullyrði að eigendur bankans, skattgreiðendur, þjóðin, eiga rétt á að fá það svar.

Ef litið er á lög um Útvegsbanka Íslands, þau gömlu lög sem í gildi eru, sérlög um hvern banka, má margt að þeim finna. Þau eru um margt loðin og óskýr, t.d. um skyldur bankastjórnar og bankaráða, um upplýsingaskyldu bankastjórnar gagnvart bankaráðum, og um innra eftirlitskerfi. Hins vegar, eins og ég hef áður vikið að, er að finna lagaákvæði og lagaskyldu um Seðlabanka og bankaeftirlit í þessu efni. Það er auðvitað meginkjarni málsins, vegna þess að við erum hér að fjalla um opinber fyrirtæki og opinbera stjórnsýslu, að fá svör við þeim spurningum sem ég nefndi áðan um það hvað hefur verið aðhafst af hálfu þessara aðila, Seðlabanka og bankaeftirlits, til þess að fylgjast með þessum viðskiptum, sem voru í opinberri umræðu a.m.k. frá því 6. júní og vafalaust mörgum kunn áður í viðskiptalífinu, vegna þess að nú er höfð uppi sú meginskýring að allt sé þetta mál til komið vegna verðfalls á alþjóðlegum markaði á skipum. Augljóst er við yfirborðslega skoðun málsins að sú skýring stenst ekki. Það verðfall, sem þarna er vitnað til, hefur átt sér stað lengi og a.m.k. í þrjú ár, fyrir utan það að það er ekki meginskýring þessa máls enda þótt ég ætli ekki að afneita henni. Auðvitað hefur hún aukið á erfiðleikana. Auðvitað hefur hún gert það.

En fyrst og fremst verður það alvarlegt mál ef verðfall eigna gerist á þeim tíma þegar upp kemur að fyrirtækið er svo yfir sig hlaðið af lánum, því að ég bendi á: verðfall eigna á ekki bara við um þetta tiltekna fyrirtæki. Það á við þessa atvinnugrein á alþjóðlegum mælikvarða og það á ekki síður við um Eimskip, það á ekki síður við um önnur skipafélög. En það verður fyrst alvarlegt þegar svo er komið af öðrum ástæðum að farið er að leita eftir tryggingum þessara eigna sem stafar þá líka af öðrum ástæðum.

En það er ástæða til þess að minna hv. alþm. á það að á hinu háa Alþingi voru á seinasta vetri afgreidd ný lög um viðskiptabanka, lög nr. 86/1985, sem taka gildi núna um áramót. Það var talsverð vinna lögð í það að ná samkomulagi um þessi lög og ég sé ástæðu til að rifja upp nokkur meginatriði þess, vegna þess að ef þessi lög væru í gildi nú en ekki hin gömlu sérlög um bankana væri það algerlega ótvírætt að krafan um frumkvæði um eftirlit, að því er varðar mál sem upp hafa komið af þessu tagi, er svo afdráttarlaus og hvílir á svo margra herðum að það væri á grundvelli þessara nýju laga með öllu óverjandi ef yfirvöld bankamála hefðu ekki gripið í taumana fyrir lifandi löngu og eytt þeirri óvissu sem hér hefur skapast og gert skýra og skilmerkilega grein fyrir niðurstöðum af rannsóknum þeirra eftirlitsstofnana sem hér er kveðið á um að fylgist með bankastarfsemi ríkisbanka.

Ég nefni aðeins örfá dæmi: „10. gr. Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans. 13. gr. Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og útibússtjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans." Eða sú grein sem kveður á um að bankastjórnarmönnum sé óheimilt að vera umboðsmenn annarra fyrirtækja, koma fram fyrir hönd annarra fyrirtækja í samskiptum sínum við bankann. Þetta ákvæði kveður á um bankastjóra, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra. Ég spyr að gefnu tilefni af því að við spyrjum um lagalega ábyrgð: Væri ekki ástæða til þess fyrir hv. alþm. í ljósi þess máls sem við nú ræðum að skoða þessa grein og hvort það er viðhlítandi og nægilegt að þetta ákvæði eigi aðeins við embættismennina? Er ekki ástæða til að gera hér breytingu á og ganga tryggilega frá því að þetta ákvæði eigi einnig við þá sem fara með æðstu stjórn bankans, þ.e. bankaráðsmenn og formenn bankaráða?

„33. gr. Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, skoðunarmenn og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn." Hér er þetta ákvæði, 33. gr. Ef þetta hefði verið í gildi, hefði það samrýmst þessum lögum að valdamikill stjórnmálamaður gegndi samtímis formennsku í stjórn einkafyrirtækis af því tagi sem hér um ræðir og stjórn ríkisbanka? Auðvitað ekki. Það hefði verið brot á þessari grein laga ef þessi lög hefðu þegar verið komin í gildi.

Síðan eru hér mjög ítarleg ákvæði um hvernig tryggja megi í fyrsta lagi að eigið fé bankans sé nægilegt undir öllum kringumstæðum, að nægar veðtryggingar séu undir öllum kringumstæðum fyrir hendi að því er varðar útlánapólitík, að bankaráðin setji almennar reglur að því er varðar útlánastarfsemi, um skyldu bankastjórnarinnar til þess að ræða reglulega og gefa reglulegar upplýsingar til bankaráðanna. Ég spyr að gefnu tilefni af því að hér eru inni hv. alþm. sem gegna störfum sem bankaráðsmenn í umræddum banka og ég hef hér fyrir augunum hv. 3. þm. Vesturl. Valdimar Indriðason sem jafnframt er formaður bankaráðs Útvegsbankans: Ef þau lög hefðu verið í gildi nú, þau ákvæði er ekki að finna í gömlu lögunum, hefði það verið ótvírætt skylda bankastjórnarinnar með reglulegum hætti skv. þeim útlánareglum sem þið hefðuð sett að leggja fyrir bankaráðið allar upplýsingar um þetta mál. En það er eitt af því sem þarf að upplýsa og ég vænti þess að hv. þm. upplýsi það hér á eftir: Gegndi bankastjórnin skyldum sínum? Vissi bankaráðið frá upphafi vega hvert stefndi? Var hinu pólitískt kjörna bankaráði kunnugt um að það stefndi í verulegt fjárhagslegt tjón fyrir umbjóðendur þess og eigendur, skattgreiðendur í landinu? Hvaða ráðstafanir gerði bankaráðið? Sér í lagi spyr ég um: Hvaða ráðstafanir gerði bankaráðið eftir að upplýst var þann 5. júní, skömmu fyrir aðalfund Hafskips, í grein í Helgarpóstinum, ég segi ekki upplýst var, en settar fram fullyrðingar sem voru af því tagi að hver einasti aðili í eftirlitskerfi bankaráða hlaut að bregðast við og reyndar hefði hann átt vegna innri upplýsinga að hafa brugðist við miklu fyrr?

Ég nefni sérstaklega 45. gr., herra forseti, þar sem segir:

„Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 1. mgr. að eigið fé ríkisviðskiptabanka fullnægi ekki ákvæðum 36. gr. skal banakeftirlitið tafarlaust krefja bankaráð um greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana

það hyggst grípa. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni. Skal ráðherra síðan leggja fyrir Alþingi tillögur um ráðstafanir er grípa skuli til af þessu tilefni."

Ég tek það fram að þessi lög eru ekki í gildi, en þau ættu að vera í gildi, og ef þau væru í gildi værum við að tala um lagabókstaf með mörgum skylduákvæðum um frumkvæði og eftirlit Seðlabanka, bankaeftirlits, bankastjórnar, bankaráða, ráðherra og reyndar Alþingis.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Mig langar einungis til þess að lokum að draga saman niðurstöður máls míns.

Tilefni þessarar umræðu er ærið. Þau rök verða ekki tekin góð og gild að þetta mál sé þess eðlis að það megi ekki ræða. Það er þegar komið á það stig að bankastjórnarmenn hafa upplýst að um verulegt fjárhagstjón er að ræða. Það fjárhagstjón er þegar fallið á herðar eigenda bankans sem eru skattgreiðendur og þjóðin. Þau rök eru þess vegna ekki gild lengur að það sé háskalegt að upplýsa þetta mál. Upplýsingarnar eru þegar í umræðu í þjóðlífinu. Við bönnum það ekki. Við stöðvum það ekki. Við búum ekki í einræðisþjóðfélagi. Það verða allir aðilar í þessu þjóðfélagi að búa við það aðhald að ef maðkar eru í mysunni er eðlilegt og beinlínis hlutverk fjölmiðla sem annarra og svo stjórnmálamanna að reyna að fá það upplýst þegar almannahagsmunir eru í húfi. Það er beinlínis lagaskylda, ekki aðeins alþm. heldur bankaráðsmanna og yfirmanna bankamála, að gegna þessu eftirlitshlutverki og kveða niður rangfærslur og rangar upplýsingar ef um slíkt er að ræða, og að gefa þeim sem eiga þetta fyrirtæki, þennan þjóðbanka, eins og þeir eiga rétt á, réttar upplýsingar og svara afdráttarlaust þeirra spurningum, t.d.: Hvað hefur verið gert af hálfu Seðlabanka? Hvenær var hafist handa á því verki? Til hvaða niðurstöðu hefur það leitt? Hefur komið fram rækileg skýrsla bankaeftirlits? Er hún í höndum ráðherra? Og að lokum: Hvað hyggst ráðherra gera til þess að koma í veg fyrir að þetta fjárhagstjón lendi með fullum þunga á almenningi í landinu?

Ég tek það fram að bregðist ráðherra við þessum fsp. á þann veg að hann neiti af einhverjum ástæðum að svara hlýtur Alþingi Íslendinga að endurskoða sinn hug vegna þess að það er ekki fullnægjandi úr því að svona er komið að neita að svara. Þetta mál er á byrjunarstigi, herra forseti. Við erum að byrja að ræða þetta mál. Þeim umræðum er ekki lokið. Og það er lýðræðisleg skylda okkar að upplýsa það og draga af því réttar ályktanir.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur flutt hér langt mál og auglýst mjög rækilega að hann mundi tala hér í dag utan dagskrár, bæði í ríkisfjölmiðlum og sérstaklega í stærsta dagblaði landsins sem birtir ítarlegt samtal við þm. um að hann muni opna sinn munn í dag utan dagskrár. Þetta er mjög eftirtektarvert út af fyrir sig og sjaldan sem menn benda svo rækilega á sjálfa sig til þess að það sé eftir tekið, enda stendur sjaldan á sjónvarpinu að mæta þegar þessi hv. þm. hefur upp raust sína sem og nokkrir aðrir úr hans þingliði.

Þegar hv. þm. hafði fyrst samband við mig í fyrradag um það að vilja ræða þessi mál utan dagskrár á Alþingi sagði ég við hann, sem ég mun koma betur að síðar, að þessi mál væru á mjög viðkvæmu stigi og ég teldi ekki mikið gagn að því að ræða þau hér á Alþingi, en benti honum á að bíða fram í næstu viku eða leggja fram beiðni um skýrslu í sambandi við þetta mál allt. Það vildi hann ekki því að það lá mikið á. Hér hefur hann lagt fram nokkrar spurningar til mín sem hann fékk forseta Sþ. í gær og sagði mér frá. Þeim ætla ég að leitast við að svara. Hins vegar held ég að hann sé búinn að leggja fram nokkra tugi annarra spurninga, m.a. hvernig skuldastaða eins fyrirtækis hafi verið á hverjum tíma við bankann þegar tiltekinn maður hafi verið þar í bankaráði. Þó að ég væri allur af vilja gerður og hefði starfað um langt skeið í Útvegsbankanum gæti ég ekki svarað þeirri spurningu nema fara inn í bankann og vinna að slíku svari sem og svari við ótalmörgum öðrum fsp. frá þessum hv. þm.

Skuldamál Hafskips hafa lengi verið vandamál fyrir Útvegsbankann. Í fyrsta lagi vegna þess að það voru há lán lengi vel og hefur nokkrum sinnum verið um þau fjallað í skýrslum bankaeftirlitsins á liðnum árum. Eftir endurskipulagningu félagsins 1979 og aukningu hlutafjár fóru hagur félagsins og umsvif vaxandi allt til ársins 1984, en þá versnaði afkoma Hafskips verulega. Voru málefni þess nokkrum sinnum rædd á fundum bankastjórnar Seðlabankans og Útvegsbankans og taldi bankastjórn Útvegsbankans þá vonir standa til þess að ráðstafanir Hafskips mundu nægja til að tryggja hag félagsins og hagsmuni Útvegsbankans, en þar var m.a. um að ræða aukinn rekstur á erlendum flutningsleiðum og aukningu hlutafjár.

Í júnímánuði á þessu ári fékk Seðlabankinn skv. beiðni upplýsingar um stöðu Hafskips gagnvart Útvegsbankanum, sem dagsettar voru 3. júní, en þar kom fram að nokkuð vantaði til þess að tryggingar bankans nægðu fyrir heildarskuldbindingum Hafskips gagnvart bankanum að meðtöldum víxlum vegna annarra ábyrgða. Í framhaldi af þessari skýrslu var bankaeftirlitinu falið að gera athugun á viðskiptum Hafskips við Útvegsbankann og í skýrslu um málið, sem dagsett var 25. júlí, en hún var síðan send viðskrh. til upplýsingar með bréfi dags. 30. júlí, kom fram að tryggingastaða bankans var mun veikari en talið hafði verið. Ljóst var þó að málið þyrfti mun nánari athugunar við, einkum að því er varðaði möt á eignum sem bankinn hefur veð í.

Að lokinni frekari gagnaöflun um það mál voru endurskoðaðar tölur sendar ráðuneytinu með bréfi dags. 9. sept. s.l., en þar kom fram enn frekari rýrnun á tryggingum Hafskips gagnvart Útvegsbankanum. Jafnframt hafði bankaeftirlitið þá hafist handa um upplýsingasöfnun um skuldbindingar stærstu lánþega bankans og var ítarlegri skýrslu um það efni lokið um miðjan október s.l. Í skýrslunni er gerð grein fyrir stöðu þessara lánþega gagnvart bankanum miðað við 30. júní, en grein er gerð fyrir stöðu Hafskips allt fram til 30. október. Skýrsla þessi var afhent mér sem viðskrh. 22. október s.l., en degi síðar bankastjórn Útvegsbankans.

Rétt er að taka fram að allan þann tíma sem athuganir þessar stóðu yfir fylgdist bankastjórn Útvegsbankans með framvindu þeirra og lögð var af hálfu Seðlabankans áhersla á að allra leiða yrði leitað til að ráða bót á þeim mikla og vaxandi vanda sem Útvegsbankinn stóð frammi fyrir vegna fallandi verðgildis þeirra trygginga sem bankinn hafði frá Hafskipi hf. og

vegna hækkandi skulda fyrirtækisins við bankann.

Seðlabankanum var kunnugt um þær viðræður, sem stofnað var til í þessum tilgangi milli Hafskips hf. og Eimskipafélags Íslands hf., og þátttöku Útvegsbankans í þeim viðræðum. Einnig var málið rætt við viðskrh., þar á meðal á sameiginlegum fundi hans og bankastjórnar Seðlabankans og Útvegsbankans snemma í september. Eftir að ég tók við embætti viðskrh. hef ég rætt við fulltrúa frá Útvegsbankanum. Sömuleiðis hafa fulltrúar frá Eimskipafélagi Íslands óskað eftir því að skýra stöðu sinna mála og hafa þeir fundir allir verið mjög gagnlegir.

Ég get mjög vel skilið áhyggjur þeirra sem eiga fjármuni inni í banka sem er þannig kominn inn í umræður í fjölmiðlum, en ég vil í tilefni af þeim skrifum og í tilefni af fsp. hv. síðasta ræðumanns um málefni Útvegsbanka Íslands vekja athygli á ákvæðum 2. gr. laga nr. 12 frá 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands, en þar segir m.a.:

„Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands."

Þetta lagaákvæði tryggir sparifjáreigendur og aðra kröfuhafa sem eiga kröfur sínar á hendur bankanum fulltryggðar og geta krafist þess að við þær verði staðið.

Ég vil líka í sambandi við þetta minna á lögin um viðskiptabanka sem afgreidd voru hér í júnímánuði á þessu ári og hv. fyrirspyrjandi gerði nokkuð að umræðuefni. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, og var einnig tekið undir það atriði af minni hl. fjh.- og viðskn., að hann væri sammála því, segir, jafnframt því sem frsm. nefndarinnar Þorsteinn Pálsson gerði grein fyrir þegar hann fylgdi nál. úr hlaði:

„Í nefndinni hefur verið rætt um hvernig beri að skýra síðari málslið 2. málsgr. 2. gr. frv. sem fjallar um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna. Í álitsgerð, sem dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, ritaði um lagaheimild ríkisbankanna til lántöku erlendis, skýrir hann þetta ákvæði. Er niðurstaða hans sú að ákvæði þetta feli í sér takmörkun á ábyrgð ríkissjóðs að því er varðar lántökur ríkisviðskiptabanka erlendis þegar lagaheimild til lántöku liggur ekki fyrir og lán eru tekin án þess að hlutaðeigandi banki veiti tryggingu í sjálfs sín eigum."

Þetta álit á við gildandi bankalöggjöf um þessa banka og áfram verður það gildandi þegar sú löggjöf tekur gildi sem hv. fyrirspyrjandi gerði nokkuð að umræðuefni. Síðar segir í nál.:

„Nefndin tekur undir þessa skýringu dr. Ármanns og telur jafnframt að erlendar lántökur ríkisviðskiptabanka séu háðar ákvæðum 12. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. þó 10. gr. sömu laga."

Frá því í júnímánuði og fram í október, mig minnir að það sé til 9. okt. á þessu ári, hefur mat á veðum bankans í Hafskipi rýrnað yfir 20%. Þetta sýnir betur en nokkuð annað hversu ör þessi rýrnun hefur verið og það er vegna þess fyrst og fremst að kaupskip almennt í heiminum hafa fallið mjög í verði og sérstaklega þegar þau eru komin nokkuð til ára sinna. Það mál deila um hvort það hafi verið rétt á sínum tíma að lána svo mikið frá þessum banka þessu fyrirtæki eða öðrum, en um hitt verður ekki deilt að það voru tryggingar fyrir hendi fram á þetta ár. Það er talið af þeirri skýrslu sem fyrir liggur að þetta hafi breyst mjög á síðustu mánuðum ársins 1984. Bæði verða kaupskipaútgerðir í landinu fyrir verulegum skakkaföllum vegna gengislækkunar, vegna verkfalla á síðasta ársfjórðungi ársins 1984 og þar við bætist svo sú mikla rýrnun sem hefur orðið á verðgildi kaupskipa. Það á ekki við eingöngu um þetta félag heldur öll önnur, bæði utanlands og innan. En kannske er rýrnun einna mest þarna vegna þess að þetta félag á ekkert af nýjum skipum, en rýrnun þeirra hefur orðið minni en annarra.

Ég furða mig ekkert á því að ekki sé hægt að fá upplýsingar frá bankaráðsmönnum, bankastjórum og öðrum starfsmönnum viðskiptabanka um skuldir einstakra fyrirtækja, hvort sem það er þetta fyrirtæki eða annað, því að í lögum sem hæstv. Alþingi hefur sett, lögum frá 1961, segir í 17. gr.:

„Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankanna eru bundnir þagnarskyldu um allt það er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra."

Í nýju lögunum, sem afgreidd voru í lok síðasta þings og taka gildi um næstu áramót, er þessum ákvæðum haldið við því að það segir í 25. gr. þeirra laga:

„Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna bankans og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi."

Þetta er í nýju lögunum. Það er því engin furða að menn fái ekki tölulegar upplýsingar í þessu máli.

Og nú vil ég koma að því sem ég tel mikils virði. Það er það hvernig til tekst. Hv. þm. spyr: Hvert verður tap bankans? Ég held að enginn geti svarað þessari spurningu á þessari stundu. Það fer eftir ýmsu. Það fer eftir því hvort fyrirtækið verður tekið til gjaldþrotaskipta. Þá verður tap bankans vafalaust mjög mikið. Ef samningar nást við annan aðila, t.d. Eimskipafélag Íslands eða einhvern annan, verður tapið mun minna. Ég þori að segja að ljóst er að það verður nokkurt tap, en í svo stórum rekstri eru aldrei öll kurl komin til grafar fyrr en uppgjör fer fram. Við skulum vona að það versni ekki, en þó má alltaf búast við því, þegar rekstrarstaða er erfið, að þá geti alltaf eitthvað nýtt komið upp á. Þess vegna held ég að það sé ekkert fengið með því að fara að kasta fram einhverjum tölum sem enginn getur staðið við á þessu stigi.

Menn spyrja: Af hverju er Eimskipafélag Íslands að hugsa um þetta? Eru stjórnvöld að þrýsta á Eimskipafélag Íslands? Ég vil lýsa því hér yfir að ríkisstj. hefur enga ástæðu til að þrýsta á stjórn Eimskipafélags Íslands að kaupa eignir Hafskips fyrir milligöngu Útvegsbankans. Ríkisstjórn Íslands ætlast auðvitað til þess að bæði Útvegsbankinn og stjórn Eimskipafélags Íslands geri það upp við sig hvort það sé álitið hagkvæmt að fara út í þessi kaup eða ekki. Þess vegna er málið nú á mjög viðkvæmu stigi. Hins vegar get ég auðvitað látið í ljós mína skoðun. Ég tel að Eimskipafélag Íslands ætli ekki að auka við sinn flota ef úr kaupum verður. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að það verður um sölu

á skipunum að ræða. Þar með fær Eimskipafélag Íslands betri nýtingu á sínum skipum og betri viðskiptaaðstöðu ef úr kaupum verður.

Þann tíma sem ég hef haft þetta mál sem viðskrh. til upplýsingar hef ég notað vel til þess að ræða við alla aðila og þar með Seðlabankann og bankaeftirlitið sem ég hef þegar skýrt frá hvernig unnið hefur. Ég tek líka fram að ég tel eðlilegt að bankaeftirlitið fylgist einnig með öðrum bönkum, bæði ríkisbönkum og einkabönkum, kanni skuldir fyrirtækja og hvernig hagur fyrirtækja er. Við vitum að á mjög breytilegum tímum breytast mjög tryggingar banka sem og allar tryggingar og það hefur gerst fyrst og fremst í þessu máli. En samhliða þessu hefur orðið geysilegur samdráttur í flutningum. Inn í þetta mál koma flutningar sem áður voru fyrir varnarliðið t.d. Hérna er um margar samverkandi aðgerðir að ræða.

Þá kem ég að spurningunni: Hverju þjónar það á þessu stigi að brjóta allar fyrri hefðir og romsa hér upp úr sér skuldum og eignum, mati sem er að breytast frá degi til dags og segja við þjóðina: Þetta er allt ein kaos, við getum ekki staðið að neinu — eða vill fyrirspyrjandi eða einhver annar að viðskrh. og Seðlabanki láti bara loka þessum banka? Það er ekki svo einfalt mál og það yrði gífurlegt áfall fyrir þjóðina ef þessi banki riðaði til falls. Þessi banki hefur þjónað atvinnuvegunum alveg frá stofnun og það mjög vel að mínum dómi. Hann hefur oft orðið að taka á sig skakkaföll fyrr. Það hafa aðrir bankar líka þurft að gera. Ef þessi banki hættir starfrækslu er eftir að leysa erfitt og mikið mál. Hvar á að koma öllum þeim viðskiptamönnum fyrir sem eru þar núna í viðskiptum og hafa verið jafnvel í tugi ára? Það er ekkert auðvelt að koma þeim öllum inn í hina bankana, sem fyrir eru, sem þykja sínar skuldbindingar ærið nógar. Við skulum taka einn blómlegasta útgerðarstað landsins, Vestmannaeyjar. Þessi banki hefur verið aðalviðskiptabanki Eyjamanna frá upphafi og er með svo að segja yfirþyrmandi meiri hluta af öllum viðskiptum. Það væri það sama og að leggja þann stað niður ef Útvegsbankinn hætti starfrækslu.

Vandinn er því miklu meiri en svo að við getum rætt hann til hlítar á Alþingi Íslendinga eða í blöðunum. Við leysum ekki viðkvæm eða erfið mál nema með samtölum þar sem menn geta talast við í trúnaði. Á þessari stundu leyfi ég mér ekki að fullyrða hver verður niðurstaðan af þessu máli vegna þess að ég veit það ekki, en það væri innileg ósk mín að það tækjust samningar um kaup á þessum eignum þannig að eiginfjárstaða Útvegsbankans yrði fyrir sem minnstum skaða.

Hitt er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það er sjáanlegt að Útvegsbankinn verður fyrir fjárhagslegu skakkafalli, en á þessari stundu treysti ég mér ekki, eins og ég sagði áðan, að nefna neina upphæð. Ég held að það sé það besta sem við gerum í þessu að leita þeirra leiða sem nú er verið að leita að og reyna að bjarga því sem bjargað verður.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem mig langar til að koma á framfæri við þessa umræðu.

Fyrir um það bil viku var í blaði, Helgarpóstinum, spurt: Hvenær skyldi Útvegsbankamálið svokallaða koma fyrir Alþingi? En áður en þetta kom fram í Helgarpóstinum fyrir rúmri viku hafði birst fullyrðing varðandi þetta mál m.a. þann 6. júní í Helgarpóstinum og í Morgunblaðinu 12. júní. Með leyfi forseta langar mig að vitna í það blað frá þeim tíma. Þetta er grein eftir Halldór Halldórsson sem er ritstjóri Helgarpóstsins. Hann skrifar í Morgunblaðið miðvikudaginn 12. júní:

„Nokkrum dögum fyrir aðalfund Hafskips hf. á föstudaginn ákvað undirritaður ritstjóri Helgarpóstsins að fjalla um fyrirtækið í blaðinu í tilefni af þessum fundi. Á aðalfundi er farið yfir rekstur, lagðir fram reikningar og gætt að horfum í framtíð. Helgarpósturinn hafði heimildir fyrir því að ekki væri allt með felldu hjá Hafskipi hf. og þar með var komin rík ástæða fyrir fréttamann að kanna sjálfstætt stöðu fyrirtækisins og önnur mál því tengd."

Það verður að segja það alveg eins og er að það er virkilegt umhugsunaratriði að þessi umræða hefði e.t.v. alls ekki mátt dragast mikið lengur, þ.e. það hefði ekki mátt dragast á langinn að þessu máli hefði verið hreyft hér inni og skýr svör þá fengin við þeim spurningum sem liggja þungt á t.d. sparifjáreigendum í bankanum og svo auðvitað öðrum þeim skattborgurum sem gera sér grein fyrir því að fyrir dyrum stendur hugsanlega samkvæmt fullyrðingum að láta þá borga brúsann í formi aukinnar skattheimtu. Það er líka alveg óþarfi að láta slíka umræðu dragast á langinn, í það minnsta ef enginn er með óhreint mjöl í pokanum. Það verður að koma hreint fram hér hvort um er að ræða fullyrðingar úr lausu lofti gripnar eða hvort það sé einhver fótur fyrir þeim.

Í þeirri grein sem ég vitnaði í áðan, í Morgunblaðinu var enn fremur sagt, með leyfi forseta:

„Það sem hér hefur verið sagt er nauðsynlegt að komi fram. Ekkert blaðanna skýrði frá umræðum og öll frásögnin miðaðist við að segja frá sjónarmiðum Hafskipsmanna um það að Helgarpósturinn hefði farið með meiðandi ummæli og róg. Hins vegar var látið liggja milli hluta að skýra frá því hvað sagt hefði verið í grein Helgarpóstsins um Hafskip."

Það er einmitt þetta sem ég held að við verðum að gera okkur fulla grein fyrir, hvort þarna sé um að ræða fullyrðingar sem hafi verið slegið fram í blaðafregn eða hvort það geti verið að blaðið hafi farið með rétt mál upphaflega í byrjun júní. Þeir sem fara með valdið í þessu máli eru auðvitað ríkisstjórnin öll og hún ætti auðvitað að vera fegin að fá tækifæri til að koma fram með réttar upplýsingar og fá með því möguleika til að hreinsa sig af þeim áburði sem títt hefur verið nefndur „rógur Helgarpóstsins". Þess vegna ætti það að vera öllum kærkomið tækifæri að láta hið sanna koma fram í málinu. En það er fleira sem er nauðsynlegt að hreingera. Það er nauðsynlegt að breyta því andrúmslofti eða þeim hugsanagangi, sem virðist vera ríkjandi í bankastofnuninni, vonandi bara þessari einu, að þar sé allt í lagi, að fólk geti bara slakað á, það sé engin áhætta að vera með fé sitt, sparifé sitt inni á reikningi hjá Útvegsbankanum vegna þess að það sé ríkisábyrgð á bak við allt saman. Hvað heldur þessi bankastjóri eiginlega að almenningur sé? Heldur hann að almenningur sé skynlausar skepnur? Heldur bankastjórinn að það sé nóg að róa fólk með því að koma fram í fréttatíma sjónvarpsins og segja því að það sé allt í himnalagi, bankinn fari ekkert á hausinn, það sé öruggt vegna þess að bankinn hafi alltaf baktryggingu þar sem

ríkisábyrgðin sé og það sé allra meina bót að ríkið borgi brúsann?

Ég vil þá aftur vitna til greinarinnar í Morgunblaðinu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hins vegar er Útvegsbankinn ríkisbanki og slíkar stofnanir eru ekki látnar fara á hausinn. Þá kemur til kasta skattgreiðenda að borga brúsann."

Þetta var sem sagt í júní og það er að koma fram núna að hugsast getur að eitthvað af þessu sé rétt. Getur verið að þessi bankastjóri og e.t.v. fleiri gangi með þá firru í maganum að almenningur sé svo skyni skroppinn að hann viti ekki hvað ríkiskassinn er, að almenningur viti ekki hvaða fé það er sem er uppistaðan í ríkiskassanum? Auðvitað er það það sem fólk hefur áhyggjur af í þessu máli og það réttmætar áhyggjur. Það kemur fyrst og fremst fram í aukinni skattbyrði á landsmenn ef ríkissjóður þarf að standa við ríkisábyrgðina. Bankastjóranum hefði e.t.v. verið nær að láta þessi orð falla í tíð fyrrv. hæstv. fjmrh. sem ýmist mokaði út úr ríkiskassanum beint í formi aukafjárveitinga eða óbeint í formi fyrirgreiðslu.

Hlutur Útvegsbankans í þessu máli er að því er virðist með ólíkindum. Það virðast allar líkur benda til þess að þarna hafi verið um að ræða afar óeðlilega fyrirgreiðslu af hálfu bankans. Þess vegna er nauðsynlegt að fá mjög ítarleg svör og skýringar um þetta mál allt saman í heild sinni. Ég vil fá að vísa í þessu sambandi í Helgarpóstinn þann 31. október, en þar segir, með leyfi forseta:

„En hvernig svo sem menn leysa Hafskipsvandamálið breytir það engu um að Útvegsbankinn hefur teygt sig út yfir öll eðlileg mörk vegna fyrirgreiðslu til handa Hafskipi. Bankinn tapar stórfé á þessum viðskiptum og raunar munu dæmin fleiri, en samt verður þessi banki áfram starfandi. Það er vegna þess að hér er um að ræða ríkisbanka og láni pólitískt skipaðir bankastjórar of mikið eða vitlaust og vanhugsað er rokið til og vitleysan falin. Í þessu dæmi má heldur ekki gleyma hlutverki fyrsta formanns bankaráðs Útvegsbankans. Þetta var Albert Guðmundsson sem þá var jafnframt formaður stjórnar Hafskips. Í alvörulandi hefði sami maður aldrei gegnt þessum tveimur störfum á sama tíma. Í alvörulandi hefði það verið kallað hagsmunaárekstur."

Þess vegna er alveg nauðsynlegt að fram komi um hve mikið lán var að ræða og hvernig tryggingar það voru sem settar voru fyrir þessum lánum. Komi það fram og reynist rétt vera, sem fram hefur komið í blaðafréttum, að þær eignir sem settar hafa verið til tryggingar fyrir lánum bankans til Hafskips hafi á lánstímanum rýrnað yfir 20%, sem mér heyrðist nú helst hér áðan á hæstv. viðskrh. að rétt væri, hvað er þá líklegt að bankinn hafi í heildina tapað miklu? Þetta vildi hæstv. viðskrh. ekki tjá sig um að svo stöddu. Það er að vísu búið að telja upp slíkar tölur í blaðafréttum, hvort sem þær eru réttar, þær upplýsingar sem koma þar fram, fáum við sjálfsagt ekki að vita í dag.

Fékk Hafskip ný lán eftir að eignir þess tóku að falla í verði á almennum markaði? er mér spurn. Það voru tryggingar fyrir hendi fram á síðasta ár, sagði hæstv. viðskrh. Matthías Bjarnason áðan. Fékk Hafskip ný lán eftir að eignir þess tóku að falla í verði á almennum markaði? er mér þá aftur spurn. Ef svo er, var þá krafist nýrra trygginga? Var þá krafist nýrra veðbókarvottorða? Var þá krafist yfirlits yfir stöðu fyrirtækisins, reikningsyfirlits? Var krafist nýrra trygginga ef í ljós kom að hinar fyrri stóðu ekki lengur undir lánunum sem veð? Þær tryggingar sem settar höfðu verið voru greinilega mjög háðar breyttum aðstæðum í milliríkjaviðskiptum. Þær breytingar sem urðu vegna utanaðkomandi aðstæðna sköpuðust vegna gildandi markaðslögmála í heildarviðskiptum milli þjóða.

Erlendis er venjan sú að þar er fylgst með skráningu skipa og verðmæti þeirra á almennum markaði. Þá er það einnig regla að verðmæti þeirra og skráning eignahlutfalls eigenda er látið uppi við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta, t.d. við þá aðila sem standa í útlánum til eigenda skipa. Hérlendis virðist ekki vera um að ræða neinn slíkan aðila. Enginn virðist fylgjast með og gæta hagsmuna bankanas hvað þetta varðar. Það er e.t.v. full ástæða til fyrir yfirmenn slíkra stofnana hérlendis að láta sér þetta mál að kenningu verða og gaumgæfa þetta atriði vel og vandlega. Það hlýtur einhver ákveðinn aðili að fylgjast með verðlagsþróun og markaðsverði skipanna og, allt eftir þróuninni, að færa til tryggingar fyrir útlánum yfir á veðhæfar eignir, eignir sem standa undir veðum.

Það virðist vanta eins konar loftvog í þessi viðskipti. Í það minnsta virðist það augljóslega vanta þegar um er að ræða að lánað er út á eignir sem eru þesslegar að matshlutfall eða matsverð þeirra á það á hættu að falla eða stíga sitt á hvað eftir því hvaðan vindurinn blæs. Það er þess vegna nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvað það er sem er á seyði. Það verður að koma fram á hvaða tíma lánin voru veitt. Það verður líka að koma fram hvort þá voru fengin ný veðbókarvottorð þannig að veðhæfi eignanna væri þar með endurmetið. Er það ekki þannig að öll viðskipti bankans eru tryggð af hálfu ríkisins og því eðlilegt að tryggingar fáist að nýju?

Nú vill það svo til að það dæmi sem hér er til umræðu í dag er komið fram á sjónarsviðið vegna þess að blaðamenn hafa komist á snoðir um að ekki virtist allt með felldu. Samt sem áður hafa liðið heilir fimm mánuðir frá því að fréttir fóru að birtast um þetta mál í blöðunum þar til það virkilega kemst upp á yfirborðið. Gerðu þingkjörnir bankaráðsmenn sér enga grein fyrir því hvað málið var alvarlegt? Höfðu þeir ekki fengið réttar upplýsingar? Létu bankaráðsmenn e.t.v. ekki allar upplýsingar ganga áfram til sinna flokka, hverja þeir voru fulltrúar fyrir í bankaráðinu? Eitt er víst og öruggt. Alþingismenn hafa þegar komið hér í ræðustól og afneitað því á síðasta þingi eftir að blaðafréttir fóru að berast að nokkuð gæti verið athugavert. Það bendir til þess að réttar upplýsingar hafi ekki borist — eða er það samtryggingin sem þarna er á svo yfirgengilega háu stigi? Nú er það hins vegar upplýst að lántaka eða megnið af lántöku Hafskips átti sér stað á meðan verðgildi skipafélagsins á almennum markaði var miklu hærrra og stöðugra en það er í dag. En gefur það ekki einmitt ástæðu til að spyrja: Hvað með það skipafélag sem hefur á að skipa margfalt stærri skipastól en Hafskip hefur? Getur það átt sér stað að Eimskip hafi þurft að fá lán einhvers staðar? Hefur ekki skipastóll Eimskipafélagsins að sama skapi rýrnað að verðgildi? Og ef rétt reynist, hvað þá með tryggingar, veðhæfi eigna Eimskipafélagsins fyrir þeim lánum?

Nú hefur einnig verið upplýst að Eimskipafélagið hefur hug á að kaupa eignir Hafskips og skipaleiðir. Það gefur tilefni til þess að spyrja: Þarf Eimskipafélagið e.t.v. að taka lán til þeirra kaupa? Hvernig er með

verðmæti eigna Eimskips? Hafa eignir þess félags ekki fallið í verði líkt og eignir Hafskips?

Í Helgarpóstinum 3. október er grein sem mig langar til að vitna í. Þar eru hugleiðingar einmitt hvað þetta varðar, en þar segir:

„Þarna var stigið fyrsta skrefið í átt til samvinnu, en ef af sameiningu hefði orðið hefði það kostað Eimskip yfirtöku á öllum skuldum Hafskips og jafnvel Eimskip hefði ekki ráðið við þær. Fyrst ekki tókst að koma á samvinnu hvað þá sameiningu skipafélaganna tveggja virðist aðeins eitt blasa við Hafskip, þ.e. að félagið verði gert upp. Raunar eru margir undrandi á því að félagið skuli enn vera í rekstri, fyrirtæki sem skuldar langt umfram eignir, og sá galli er á gjöf Njarðar að tíminn vinnur ekki með Hafskip. Hins vegar má vera að hann vinni með tilteknum einstaklingum hjá Hafskip og öðrum sem tengjast fyrirtækinu frá fyrri tíð og má þar nefna Albert Guðmundsson fjmrh."

Og áfram vil ég vitna, með leyfi forseta, í þessa grein:

„Albert Guðmundssyni er í mun að bjarga Hafskipi frá því að sökkva vegna afskipta hans af fyrirtækinu og lánafyrirgreiðslum Útvegsbankans til þess á sínum tíma, en þær voru ótæpilegar. Sumir ganga svo langt að segja að pólitísk framtíð fjmrh. sé í veði. Fari Hafskip á hausinn, eða verði réttara sagt leyft að fara á hausinn, komi upp á yfirborðið staðreyndir um fyrirgreiðslu ráðherrans og fyrrv. bankaráðsformannsins sem taki út yfir allan þjófabálk. Að auki skjótist svo upp á yfirborðið ýmsir göróttir hlutir úr rekstri Hafskips sem kunni að kalla á sérstaka rannsókn."

Það virðist vera svo að Eimskipafélagið hafi vart næg verkefni fyrir þau skip sem það á þegar og þá spyr ég: Hvað hefur Eimskip að gera við að kaupa upp eignir Hafskips? Ég vil einnig spyrja: Fær ekki Eimskipafélagið skipaleiðir Hafskips hvort eð er ef Hafskip hættir siglingum um þær leiðir sem það hefur nú? Er þetta allt saman gert til þess hugsanlega að bjarga andliti Útvegsbankans og stjórnenda hans?

Það kemur einnig upp í hugann þegar þetta mál er grannt skoðað hve háum fjárhæðum nemi útlán bankans til annarra fyrirtækja og þá til hverra. Hvert er hlutfallið af lánafyrirgreiðslu Útvegsbankans annars vegar til Hafskips og hins vegar til einstakra annarra fyrirtækja? Einnig vaknar spurningin um hvort Hafskip hafi ekki einnig fengið lán annars staðar. Hvaða tryggingar hafa þá verið settar fyrir þeim lánum? Auðvitað hlýtur bankinn að meta hve miklu hann mundi tapa við að stoppa þessi viðskipti og láta Hafskip fara á hausinn. Hann hlýtur að vega og meta þá möguleika sem séðir verða í stöðunni. Bankinn getur auðvitað tekið þá ákvörðun út frá einhverjum gefnum líkum að það geti verið hagstæðara allra hluta vegna að láta fyrirtækið rúlla áfram. Bankinn getur út frá þessum líkum metið stöðuna sem svo að tapið verði minna en ella hjálpi hann til við að fyrirtækið rúlli áfram og eygi með því möguleika í framtíðinni til að greiða upp skuldir sínar.

En þessi atburður, sem nú hefur átt sér stað og kominn er upp á yfirborðið, virðist undirstrika það, sem Bandalag jafnaðarmanna hefur hvað eftir annað bent á og gagnrýnt, að bankakerfið er með öllu óhæft til að takast á við aðstæður sem þessar. Þegar slíkar aðstæður hafa þróast getur núgildandi fyrirkomulag orðið til mestu óþurftar. Þetta fyrirkomulag er þannig að fámennisvaldið, sem skapast hefur, er með ólíkindum og miðstýringin er alger. Með þessu fyrirkomulagi hljóta hagsmunir bankans og þeirra sem aftur eiga hagsmuna að gæta í formi inneigna o.s.frv. ætíð að víkja fyrir hinu almenna efnahagsástandi. Hagsmunir þeirra hljóta samkvæmt þessu að verða að víkja fyrir hinu almennu efnahagsástandi hins miðstýrða ríkiskerfis. Með þessu móti er bankinnn notaður sem tæki í eða við stýringu eða stjórnun og þar með látinn venda allt eftir því hvernig vindar blása í peningamálum þjóðarinnar og eftir almennu efnahagsástandi. Á Vesturlöndum tíðkast, alveg þveröfugt við þá bankapólitík sem hér er rekin, að þar eru það bankarnir sjálfir sem eru sjálfstæðir gagnvart ríkisvaldinu og þar með eru það þeir sem spyrna við fótum þegar efnahagspólitíkin hefur farið úr böndunum. Ef eitthvað hefur verið farið að fara verulega úrskeiðis verka bankarnir sem bremsa á framhald slíkrar þróunar. Hérlendis hefur einmitt tíðkast hið gagnstæða. Hér eru það hinir pólitísku flokkar sem eiga sína menn í bankaráðunum og í flestum tilfellum sömu mennina og jafnframt eiga sæti á vegum flokkanna á Alþingi.

Ég vil þá fá að vitna aftur í Morgunblaðið þann 12. júní þar sem Halldór Halldórsson segir svo:

„Á aðalfundinum á föstudaginn, eftir birtingu Helgarpóstsgreinarinnar, var mikið í húfi fyrir stjórnendur fyrirtækisins og stjórn þess að fram kæmi gífurleg samstaða á fundinum. Vegna rekstrarerfiðleikanna var þetta raunar bráðnauðsynlegt hvort sem var. En nú skyldi blásið í herlúðra. Á þessum fundi var stigið fyrsta opinbera skrefið til þess að berja niður sannleika þann sem Helgarpósturinn hafði birt. Í þetta verk var fenginn önnum kafinn þingmaður, Friðrik Sophusson varaformaður Sjálfstfl. Hann flutti kröftuga kosningaræðu, „peppræðu" eins og það er kallað, og hljóp svo strax af fundi niður á þing. Efnislega sagði Friðrik ekkert um greinina í Helgarpóstinum, heldur talaði hann um sorprit sem lifði á því að segja gróusögur. Það er þeirra „bissniss", sagði varaformaðurinn sem ósjaldan hefur verið viðmælandi HP og raunar ekki verið tregur til þess að úttala sig einmitt í Helgarpóstinum. Hingað til hafa samskipti ritstjóra HP og varaformannsins verið með ágætum og einkennst af gagnkvæmri kurteisi, en nú hefur Friðrik Sophusson því miður tekið það að sér að vera fyrsti flutningsmaður fyrir fyrirtæki þar sem ekki er allt sem sýnist og er það spá mín að hann eigi síðar eftir að óska þess að hann hefði aldrei orðið við ósk Hafskips um að halda „peppræðuna".

Friðrik tók pólitíska áhættu. Öðru máli gegnir um fjármálaráðherra Íslands því hann hefur verið viðriðinn Hafskip og Útvegsbankann um hríð. Hann var búinn að taka sína áhættu og því gat hann umhugsunarlítið tekið að sér að stjórna þessum aðalfundi og sjá um annan þátt í sýningunni á honum. Albert bað nefnilega fundarmenn að standa upp alla sem einn til þess að sýna samstöðu með stjórn og stjórnendum fyrirtækisins."

Það er þess vegna sem ég segi að hérlendis hefur einmitt tíðkast hið gagnstæða við það sem tíðkast erlendis, að hér eru það hinir pólitísku flokkar sem eiga sína menn í bankaráðunum og í flestum tilfellum sömu mennina og jafnframt eiga sæti á vegum flokkanna á Alþingi. Þar með hafa flokkarnir verið komnir svo rækilega báðum megin við borðið að kerfinu hefur ekki verið til að hagga. Allir eiga hagsmuna að gæta og kyrja

einum rómi: Samtryggingin lifi! Vegna þess, sem fram hefur komið í fréttum og haft var eftir einum bankastjóra Útvegsbankans, að tryggingar fyrir lánum bankans til Hafskips séu nægar, ef ekki í eigum Hafskips þá í eigum hluthafa, er nauðsynlegt að fram komi hve margir hluthafar í Hafskipi hafa lagt eignir sem tryggingu fyrir lánum til Hafskips. Eru það allir hluthafar sem um ræðir? Er þar með trygging fengin í eignum hæstv. fyrrv. fjmrh. og núv. iðnrh.? Ef svo er verð ég að segja alveg eins og er að það er það siðlausasta af öllu sem ég get hugsað mér.

Í bréfi til ritstjórnar Helgarpóstsins segir svo, með leyfi forseta:

„Útvegsbankinn og Hafskip. Eftirfarandi athugasemd birtist í Morgunblaðinu þann 16. júní 1985. Bankastjórn Útvegsbanka Íslands vill taka það fram að fullyrðingar sem koma fram í blaði yðar þann 12. þ.m. í grein Halldórs Halldórssonar ritstjóra Helgarpóstsins um tryggingar bankans vegna skuldbindinga Hafskips hf. eru úr lausu lofti gripnar. Tryggingar bankans eru í eignum fyrirtækisins og hluthafa.

Undir þetta rita fyrir hönd bankastjórnar Útvegsbanka Íslands Lárus Jónsson og Ólafur Helgason."

Með leyfi forseta er spurt í svari við þessu bréfi:

„En þá vakna spurningar: Hvaða hluthafar hafa gengist í ábyrgð, hvaða eignir er verið að tala um og hvaða upphæðir? Á ársreikningi Hafskips hf. fyrir 1984 má sjá að áhættan sem hvílir á Útvegsbankanum er fyrst og fremst tengd erlendum veðskuldum upp á rúmlega 549 milljónir. Þar að auki er félagið með yfirdrætti hjá bankanum upp á 37 milljónir króna. Útvegsbankinn er einnig ábyrgur fyrir þeirri upphæð. Samtals er hér um að ræða 586 milljóna króna áhættuupphæð sem hvílir á Útvegsbankanum (sem vitað er um). Hvaða veð hefur Hafskip hf. upp á að bjóða?. Fyrst og fremst skipaeign."

Í framhaldi af þessu, hvaða eignir hluthafa það séu sem eru trygging fyrir veðum bankans, vil ég segja sem svo: Sé það virkilega tilfellið að maður gangi undir mann við að bjarga einkaeignum ráðherrans undan hamrinum eða til þess að bjarga einkaeignum ráðherrans frá því að lenda til bankans, þá er dæmið orðið mun svartara en mann óraði nokkurn tíma fyrir. Það er ekki nóg með að þarna eigi sér stað það siðleysi, sem gagnrýnt hefur verið mörgum sinnum af hálfu Bandalags jafnaðarmanna, að ráðherrann eigi þarna tryggt sæti báðum megin við borðið með því að vera á sama tíma formaður bankaráðsins og stjórnarformaður Hafskips ofan á allt saman eins og til þess að kóróna þetta.

Ef ætlunin er að pína Eimskipafélagið til að kaupa eignir Hafskips og skipaleiðir þess, nokkuð sem þeir virðast ekkert hafa við að gera, til þess að bjarga andliti Útvegsbankans og e.t.v. einnig til þess að bjarga einkaeignum Alberts ráðherra Guðmundssonar, held ég að það sé kominn tími til þess að fara að hrista duglega upp í því spillta kerfi sem býður upp á slíka kosti. Er það svo að það sé fullt af fólki sem fer á hausinn og missir allt sitt vegna þessa máls eða er e.t.v. svo tryggilega frá hnútunum gengið að það verði ekki gengið að því fólki sem sett hefur veð og tryggingar í eignum sínum fyrir lánum Hafskips? Er svo frá málum gengið að það verði bara gengið eftir ríkisábyrgðinni og þar með verði farið í það að skattleggja hinn almenna borgara fyrir greiðann? Það verður líklegast það næsta sem þörf er að gera og það nærtækasta að setja upp námskeið fyrir bankastjórana og kenna þeim að segja nei í svona tilfellum. Þeir sem ekki kunna slíkt eru greinilega óhæfir og má til furðu teljast að þeir skuli hafa verið svo lausir á kostunum — eða jáunum í þessu tilfelli.

Mér sýnist alveg augljóst að bankaráð Útvegsbankans hafi verið yfirmáta bláeygt og látið segja sér allt mögulegt án þess að krefjast sannana fyrir því að upplýsingar sem voru fyrirliggjandi reyndust réttar. Það er auðvitað ótækt að það ráð sem er kosið af Alþingi skuli ekki reynast vandanum vaxið þegar til kastanna kemur. Þarna hefur bankaráðið greinilega fengið í hendurnar gögn, upplýsingar, sem að meira eða minna leyti hafa verið sett fram í tölulegu formi. Þær upplýsingar hafa auðvitað verið skýrðar fyrir bankaráðsmeðlimum sem að sjálfsögðu hefur einnig um leið verið gerð grein fyrir því að þarna var háalvarlegt mál á ferðinni.

Það hefur komið til tals í bankaráðinu eftir heimildum blaðsins, sem ég hef tíðast vitnað í hér, að bankaráðið hefði átt að biðja um skýrslu, þ.e. úttekt á samskiptum bankans og Hafskips á þeim tíma sem Albert var bankaráðsformaður og stjórnarformaður Hafskips. Efasemdir höfðu einnig komið fram á þessum fundi um að Hafskip hefði reitt fram réttar upplýsingar til bankans, þ.e. að hugsanlegt hafi verið að Hafskip hafi blekkt bankann.

Það kemur einnig fram samkvæmt heimildarmanni að þarna virðist vera um að ræða að í gangi hafi verið tvö „sett" af stöðuyfirliti fyrirtækisins, þ.e. hver staða fyrirtækisins væri. Annað „settið" eða önnur útgáfan hafi verið fyrir innanhúsnotkun, þ.e. fyrir Hafskip, og hin útgáfan, glæsta myndin, fyrir Útvegsbankann. Er þarna ekki um að ræða fölsun eða blekkingu gagnvart bankanum og ef rétt reynist að ársskýrslan hafi verið blekking í þrjú til fjögur ár er það enn svartara. Hver er þá þáttur endurskoðanda fyrirtækisins?

Vil ég þá vitna aftur í Helgarpóstinn þann 31. október 1985, með leyfi forseta:

„Í þessu samhengi má geta þess að í Útvegsbankanum hefur sérstaklega verið ræddur hlutur löggilds endurskoðanda Hafskips, en í ljós hefur komið að hann hafi ekki alltaf beitt sömu reikningsskilavenjunni ár frá ári og virðast frávikin miðast við að fram komi hagstæðari ársreikningur."

Þau dæmi sem hér hafa komið fram eru auðvitað stór og ljót, en hið sama er auðvitað að eiga sér stað allt um kring. Hvað með alla togarana sem eru á nauðungaruppboðum? Þetta eru allt saman skip sem eru með lán langt umfram veð. Hvað með húsbyggjendurna? Eru þeir ekki líka komnir með lán langt umfram veðhæfi húsa sinna?

Að lokum, virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg ljóst að framkvæmdavaldið, ríkisstjórnin ber ábyrgð á þeim fyrirtækjum, sem rekin eru af því eða af hálfu þess, gagnvart löggjafanum. Þess vegna er nauðsynlegt að hér sé gerð gagnger og nákvæm grein fyrir því hvað það er sem er á seyði. Það er alveg ljóst að gera verður um það kröfu að ríkisbankarnir ásamt öðrum ríkisfyrirtækjum verði hafnir yfir slíka gagnrýni og að komið verði í veg fyrir hana með því að gera nauðsynlegar breytingar á þeim og starfsemi þeirra. Starfsemi og starfshættir þeirra eru með þeim hætti nú að sífellt fleiri

ástæður skapast og lag gefst til að gagnrýna og til að efast um að rétt sé að málum staðið. Það verður fyrir það fyrsta að skera upp herör gagnvart þessu samkrulli valdþáttanna og taka fulltrúa flokkanna út úr bankaráðunum og það verður að gera bankana óháða ríkisvaldinu *með því að hlutur ríkisins í viðskiptabönkunum* verði að engu gerður og sjálfstæði þeirra verði þar með algert gagnvart ríkisvaldinu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er margt athyglisvert við þetta mál, sem hér er nú til umræðu utan dagskrár, og margt af því sem fram hefur komið í ræðum þeirra hv. 5. þm. Reykv. og 1. landsk. þm. þarfnast ítarlegri umræðu en kostur er á að hefja hér. Ég ætla að fara yfir nokkra þætti málsins, en sérstaklega ætla ég að víkja að ummælum, sem fram koma í einu dagblaðanna í dag, sem höfð eru eftir bankastjóra Útvegsbankans. Þar kemst hann svo að orði að í þessu máli sé verið að nota Útvegsbankann sem pólitíska gólftusku. Það er einkar athyglisvert þegar einn af æðstu starfsmönnum Útvegsbankans skynjar stöðuna þannig að það sé verið að knýja hann og hans samstarfsmenn til að haga sér með þeim hætti sem hann þarna lýsir og bendir til þess að það séu víða maðkar í mysunni og nauðsynlegt að fá þetta mál algerlega á hreint.

Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar að það ætti að vera þessi ríka bankaleynd á öllum sviðum sem hér er og er samkvæmt lögum og menn verða auðvitað að hlíta *meðan þau eru í gildi. Ég hef verið þeirrar skoðunar* og flutt um það tillögur aftur og aftur að þessu verði breytt, en ég legg á það áherslu að staðan er þannig núna að það er brýn nauðsyn fyrir Útvegsbankann, brýn nauðsyn fyrir Alþingi Íslendinga að þetta mál verði gert upp og því verði komið á hreint lið fyrir lið og allir þeir sem tengjast þessu máli, bæði stjórnmálaaðilar og aðrir, geri grein fyrir sínum samskiptum í þessum efnum. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að þarna verði öllum misskilningi eytt þannig að skýrt verði hvað hefur hér raunverulega verið að eiga sér stað.

Það er ekki nýtt að Útvegsbankinn lendi í miklum vanda. Það hefur komið fyrir áður, t.d. á árinu 1979 eins og hæstv. viðskrh. vitnaði til áðan. Og það er ekki nýtt að gælufyrirtæki Sjálfstfl. hafi u.þ.b. verið að koma Útvegsbankanum aftur og aftur á kné. Shell, Hafskip, Olíuföll, öll þessi fyrirtæki tengjast sterkum forustumönnum í Sjálfstfl., hæstv. utanrrh., hæstv. iðnrh. og hv. formanni þingflokks Sjálfstfl. Aftur og aftur hafa stjórnvöld þess vegna orðið að grípa til sérstakra aðgerða til þess að tryggja stöðu bankans og þar með viðskiptamanna hans, sparifjáreigenda og annarra. Þess vegna var um það fullt samkomulag hér á Alþingi, ég hygg á árinu 1981 eða 1982, 1981 líklega, að það þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að styðja við Útvegsbankann. Og ég segi fullt samkomulag vegna ummæla hv. 5. þm. Reykv. áðan. Sú samþykkt var gerð hér á Alþingi með 27 shlj. atkv. í Nd. og enginn þm., ekki heldur úr Alþfl., mótmælti þeim ráðstöfunum sem *þá var verið að grípa til.*

Ég held að það sé nauðsynlegt í framhaldi af þessari umræðu að átta sig á því að Útvegsbankinn er og hefur *verið mjög veikur banki miðað við þær miklu skyldur* sem hafa hvílt á honum. Svarið við þeim vanda sem núna er kominn upp er fyrst og fremst eitt og það er: að knýja fram sameiningu banka, Útvegsbankans og Búnaðarbankans, eða með öðrum hætti að tryggja að Útvegsbankinn geti komið hlutum þannig fyrir að viðskiptamenn hans verði tryggðir. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegur lærdómur af vandamálum Útvegsbankans, sem eru að koma upp aftur og aftur, að það er sameining hans við aðra banka sem verður að vera svarið, með því að skipta viðskiptum bankans niður á aðra banka, Landsbankann eða aðra slíka, eins *og oft hefur verið rætt um.* Það er ekkert annað svar til og það væri vitleysa í stöðunni núna að Alþingi færi að hlaupa til og taka ákvarðanir varðandi Útvegsbankann án þess að verulegt skref væri stigið í átt til sameiningar.

Nú vill svo til að á Alþingi í vor var hafnað tillögum um sameiningu bankanna. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hins vegar: Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem á að vinna að sameiningu bankanna og starfar undir forustu Gylfa Þ. Gíslasonar fyrrv. formanns Alþfl.? Er ekki brýnt að sú nefnd fari nú að senda frá sér álit og knýja það fram að niðurstaða fáist þannig að það verði hægt að standa betur að málum í framtíðinni og varanleg lausn fáist á þessum málum en ekki einhver bráðabirgðaredding sem engu skilar nema áframhaldandi óvissu fyrir bankann og þá sem að honum standa?

Ég tel að sameining Útvegsbankans við aðra banka sé með þessu máli á dagskrá og jafnframt auðvitað það, sem hæstv. viðskrh. gat um áðan, að það verður að ganga þannig frá hnútunum í þessu Hafskipsmáli að þjóðin verði ekki fyrir tjóni af því sem hér hefur verið að gerast.

Ég vil í tengslum við þetta mál benda á að þagnarskyldan, sem er í bankalögunum nýju, er jafnvel *strangari en í gömlu bankalögunum.* Ég tel þetta mjög alvarlegt og greiddi atkvæði á móti því á Alþingi í vor og flutti tillögu um annan hátt mála, að bönkum væri skylt að birta lista yfir sína stærstu viðskiptamenn. Þeirri tillögu var hafnað á hv. Alþingi. En nú er þannig um hnútana búið varðandi þagnarskylduna og bankaleyndina í nýju bankalögunum að upplýsingar er ekki hægt að láta af hendi nema með dómi. Þess vegna dugir ekki að mínu mati að fara fram á að Alþingi krefjist skýrslu af hæstv. ráðh. sem er þó góð hugmynd. Ég held að hæstv. Alþingi eigi að hugleiða mjög alvarlega að það verði gerð krafa um kosningu sérstakrar rannsóknarnefndar í þetta mál á grundvelli ákvæða stjórnarskrárinnar, rannsóknarnefndar sem þar með getur fengið allar upplýsingar um málið undanbragðalaust.

Ég vil einnig benda á það, herra forseti, í tilefni af tilvitnun hv. 5. þm. Reykv. í nýju bankalögin að við meðferð þeirra flutti ég tillögu um að bankaráðin ættu að senda viðskrh. reglulega skýrslu um afskipti þeirra af málefnum bankanna og viðskrh. ætti síðan að fara með þá skýrslu árlega fyrir Alþingi þannig að Alþingi gæti fylgst með þróun peninga- og bankamála með eðlilegum hætti. Því miður var þessi tillaga felld, en það sést af þessu máli hvað hún hefði verið þörf í framkvæmd.

Ég vil einnig í tilefni af þessu, herra forseti, benda á hvað það er alvarlegt hvað Alþingi hefur í raun og veru litla möguleika til að taka beint á ýmsum ríkisfyrirtækjum. Ég tel að það eigi að hugleiða mjög vandlega að setja ákvæði í lög um yfirheyrslur og rannsóknir á *slíkum fyrirtækjum, nákvæmar yfirheyrslur* með svipuðum hætti og tíðkast t.d. í Bandaríkjunum. Það væru opnar yfirheyrslur sem ekki aðeins alþm. heldur einnig *almenningur ætti möguleika til* að taka þátt í. Ég er hér

ekki bara að tala um Útvegsbankann. Ég er að tala um bankana yfirleitt og t.d. fyrirtæki eins og Landsvirkjun sem óhugnanlegur leyndarhjúpur hvílir yfir að ekki sé meira sagt.

Ég tel í framhaldi af þessu, herra forseti, rétt að spyrja hæstv. viðskrh.: Hvenær lét bankaeftirlitið fyrst í sér heyra út af þessu máli? Var það ekki fyrr en í júní í sumar og er þá ekki þar með ljóst að hafi bankaeftirlitið ekki brugðist fyrr við hefur það sofið á verðinum eða hvað? Skyldur bankaeftirlitsins eru algerlega ótvíræðar samkv. 2. málsgr. 10. gr. gömlu seðlabankalaganna.

Ég vil einnig spyrja hæstv. viðskrh. um hvort hugsanlegt sé að Útvegsbankinn hafi fengið rangar upplýsingar frá fyrirtækinu Hafskipi hf., hvort menn hafi þar verið að fela staðreyndir, moka yfir hlutina til þess að fegra myndina frammi fyrir Útvegsbankanum. Ég tel að þetta skipti mjög miklu máli fyrir Alþingi verandi aðili að yfirstjórn Útvegsbankans eins og annarra ríkisbanka.

Ég vil í þriðja lagi spyrja hæstv. viðskrh.: Mun hann beita sér fyrir því í framhaldi af þessu máli að Útvegsbankinn verði sameinaður öðrum banka, að það verði tekið á skipulagsmálum bankanna?

Og ég vil í fjórða lagi og að síðustu, herra forseti, benda á það siðleysi sem fram kemur í þessu máli. Það er bersýnilega ætlunin að láta þjóðina borga tapið af vitlausri fjárfestingu og eyðslu nýríku kapítalistanna í þessu landi. Þjóðinni er gert að borga okrið í bönkunum, okrið á okurlánastöðvunum. En þegar kemur að því að hreinsa upp draslið eftir íhaldsöflin í gælufyrirtækjum þeirra á þjóðin að borga það líka. Þetta er siðlaust, herra forseti.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu utan dagskrár snýst um það að Útvegsbanki Íslands hefur lánað einum viðskiptavini gífurlega mikið fjármagn sem er langt umfram eiginfjárstöðu bankans. Afleiðingar þess eru nú að koma í ljós. Gjaldþrot blasir við fyrirtækinu og útlit er fyrir að bankinn tapi miklum fjárhæðum. Í þessu tilfelli er um að ræða ríkisbanka þannig að hér er ekki eins mikil hætta á ferðum gagnvart þeim sem eiga sparifé sitt eða innistæður í bankanum þar sem ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans.

Í því sambandi er vissulega vert að hugleiða hver staða innistæðueigenda væri ef um væri að ræða aðra banka en ríkisbankana þar sem innistæður sparifjáreigenda eru ótryggðar. Hér verður ekki annað sagt en að um vítavert gáleysi og mistök sé að ræða af hálfu Útvegsbankans og ljóst að þótt bankinn sleppi frá gjaldþroti vegna þessara mistaka hlýtur hann út í frá að bíða alvarlegan álitshnekki sem veruleg áhrif getur haft á hag bankans í framtíðinni.

Þetta mál hlýtur líka að vekja upp áleitna spurningu: Er bankalöggjöfinni hér á landi eða eftirliti svo ábótavant að sú hætta sé ávallt fyrir hendi sem nú hefur komið upp í Útvegsbankanum? Hafa bankar hér á landi of frjálsar hendur? Er eftirlitið ekki nægjanlega virkt? Veitir löggjöfin bönkum ekki nægjanlega mikið aðhald? Þetta eru þættir sem nú þarf að taka föstum tökum í kjölfar þessa máls, það er deginum ljósara, því að það varðar hag alls almennings og þjóðfélagsins í heild hvernig lánastofnanirnar eru reknar og starfsemi þeirra háttað.

Í framhaldi af þessum spurningum og því máli sem hér er til umræðu, þar sem einn ríkisbankinn er uppvís að því að lána einum viðskiptavini svo mikið fjármagn að það hefur stefnt rekstri bankans í mikla hættu og væri ekki um ríkisábyrgð á skuldbindingum bankans að ræða ætti fjöldi sparifjáreigenda yfir höfði sér að tapa gífurlegum fjármunum, þá vil ég rifja upp umræðu sem varð hér í þingsölum fyrr á þessu ári. Ég lagði þá fram fsp. til hæstv. þáv. viðskrh. um útlán banka og sparisjóða þar sem spurt var um heildarfyrirgreiðslu viðskiptabanka og þriggja stærstu sparisjóða til fimm stærstu lántakenda einstakra banka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984. Ég spurði líka hvert væri hlutfall heildarfyrirgreiðslu hvers lánþega um sig af eigin fé stofnunarinnar. Hér var um að ræða spurningar sem varða aðhald og eftirlit með bönkum til að vekja athygli á því að ekkert ákvæði væri til í bankalöggjöfinni sem tryggði að sú staða gæti ekki komið upp sem við nú stöndum frammi fyrir.

En hver voru svörin? Bankarnir allir með tölu og sparisjóðirnir töldu sig ekkert eiga vantalað við Alþingi í þessu efni, Alþingi kæmi málið hreint ekkert við. Meira að segja ríkisbankarnir skýldu sér á bak við bankaleynd og þagnarskyldu. Þó var ekki verið að spyrja um nöfn heldur heildarfyrirgreiðslu innlánsstofnana til stærstu lántakenda. En samtrygging bankanna var alger í þessu máli. Alþingi kæmi það ekki við þó að til að mynda ríkisbankarnir tækju ákvarðanir um að lána einum aðila svo mikið fjármagn að rekstri bankans væri stefnt í hættu með því. Og meira að segja sagðist hæstv. þáv. viðskrh. engar athugasemdir hafa við það að gera að bankarnir neituðu að gefa Alþingi þessar sjálfsögðu upplýsingar. Það lítur út fyrir að sumir bankarnir a.m.k. hafi haft einhverju að leyna og bankaleyndin og þagnarskyldan hafi verið fyrirsláttur.

Ég held að sú staða sem nú er komin upp í Útvegsbankanum staðfesti svo að ekki verði um villst að grípa verði til harðra ráðstafana sem komi í veg fyrir að svona nokkuð geti gerst aftur. Í bankalögum hjá nágrannaþjóðum okkar eru ákvæði sem tryggja eiga að bankarnir láni ekki einum viðskiptamanni eða einu fyrirtæki, sem eru fjárhagslega tengd hvort öðru, óhæfilega mikið fé, til að mynda miðað við eiginfjárstöðu bankanna.

Þegar frv. um viðskiptabanka var til umfjöllunar á Alþingi í apríl s.l. gerði ég tilraun til að fá lögfest hér á hv. Alþingi slíkt ákvæði. Þar var lagt til að lögfest yrði að innlánsstofnunum yrði bannað að lána einum viðskiptaaðila meira en nam ákveðnu hlutfalli af bókfærðu eigin fé bankans. Þessi till. var felld og greinilega ekki talin ástæða til að lögfesta slíkt ákvæði. En ég spyr: Hvað staðfestir betur en það mál sem nú er komið fram í Útvegsbankanum að nauðsynlegt var að lögfesta slíkt ákvæði?

14. mars á þessu ári kom fram í þingsölum svar viðskrh. við fsp. minni um eiginfjárstöðu banka og sparisjóða. Þá kom fram að bókfært eigið fé Útvegsbanka Íslands 31. des. 1983 var 359 millj. 222 þús. kr. Það virðist í þessu ákveðna máli þó vera svo að ekki sé einungis um að ræða að allt eigið fé bankans sé undir, heldur hefur því verið haldið fram að bankinn hafi lánað einum og sama aðila, Hafskipi, 300 millj. kr. umfram eigið fé bankans og verður þá að áætla að lánveitingar til Hafskips séu um 700 millj. kr.

Hæstv. viðskrh. talaði áðan um mikla rýrnun á eignum Hafskips og það sé þá væntanlega skýring á því

að eignir Hafskips standi ekki undir skuldum við bankann. En er þetta skýringin? Því hefur verið haldið fram að eignir Hafskips hafi verið metnar á 400 millj. kr., en vegna mikillar verðrýrnunar séu þær nú metnar á 250 millj. kr. Ef skuldir Hafskips við bankann eru um 700 millj. kr. er ljóst að rýrnun eigna skýrir ekki þann mun sem er á heildarlánum og tryggingum eða veði fyrir þeim lánum. Meira að segja virðist útlitið þannig að Hafskip hafi fengið lánaðar um 300 millj. umfram upphaflegt mat á eignum fyrirtækisins. Bankastjóri Útvegsbanka Íslands lætur samt hafa eftir sér í DV í dag að það komi engum við hverjar skuldir Hafskips við Útvegsbanka Íslands séu.

Það vantar ekki heldur að forsvarsmenn bankanna setji sig á háan hest. Þeir neita að gefa Alþingi upplýsingar, sem beðið er um, um heildarfyrirgreiðslur bankanna til stærstu viðskiptaaðila og bera fyrir sig bankaleynd. En þegar fyrir liggur svart á hvítu að forsvarsmenn eins bankans eru staðnir að vítaverðri fyrirgreiðslu til eins aðila, sem er langt umfram eiginfjárstöðu bankans, segja þeir, eins og fram kemur í DV, að engum komi við hverjar skuldir þessara aðila eru við Útvegsbankann. Hvað meina þessir menn? Er það virkilega skoðun þeirra að Alþingi eða ríkissjóði, sem ábyrgð ber á fjárskuldbindingum bankans, komi ekki við hvað þessir menn setja bankann í mikla fjárhagslega hættu með slíkum ákvörðunum?

Það er mín skoðun að þeir sem ábyrgð bera á því að skuldbinda bankann með þessum hætti, sem haldið hefur verið fram, þannig að fyrir liggur mikið fjárhagslegt tap hjá bankanum, sé það rétt, hafi gerst sekir um vítaverða vanrækslu og mistök í starfi. Þeir eru þá ekki starfi sínu vaxnir og þá ber að leysa frá störfum.

Ég sagði á Alþingi fyrr á árinu, þegar til umræðu var fsp. mín um heildarskuldbindingar fimm stærstu aðila við innlánsstofnanir, sem allar innlánsstofnanir með tölu neituðu að gefa upp, að hér væri verið að skjóta sér á bak við bankaleynd og slík leynd yfir starfsemi bankanna gerði auðvitað ekkert annað en að skapa tortryggni. Þetta mál, sem hér er til umræðu, eykur auðvitað á þá tortryggni því að hvaða tryggingu hafa innistæðueigendur fyrir því að slík staða sé ekki uppi hjá öðrum innlánsstofnunum, kannske innlánsstofnunum þar sem innistæður eru ótryggðar og hafa ekki ríkisábyrgð eins og ríkisbankarnir? Ég skora á hæstv. viðskrh. í kjölfar þessa máls hjá Útvegsbankanum að gera þegar í stað þær ráðstafanir sem þarf til að herða allt eftirlit með starfsemi banka og sparisjóða og að tryggar skorður verði settar við því hvað innlánsstofnun geti veitt einum aðila mikla fyrirgreiðslu. Það er hreint óþolandi að nokkrir menn innan bankakerfisins fái að ráðskast með slíkt sjálfir og tefli með því í mikla tvísýnu fjármunum sem þeim er treyst fyrir.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Hér hafa mörg orð verið látin falla um málefni Útvegsbankans og Hafskips og þau rædd þannig að mikill ókunnugleiki ríkir og ætla ég ekki að fara út í sérstakar leiðréttingar í þeim efnum.

Það kemur kannske spánskt fyrir eyru að ég vil þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir að koma þessu máli á dagskrá vegna þess að þá fá sparifjáreigendur, sem skipta við Útvegsbankann, staðfestingu á því frá hv. Alþingi að þeirra mál séu tryggð þar. Það hefur borið of mikið á því í umræðunni undanfarið að lætt sé inn þeim grun hjá ýmsum aðilum að Útvegsbankinn sé svo illa kominn að hann sé að fara á hausinn og þess vegna sé varhugavert fyrir sparifjáreigendur að eiga fé sitt geymt þar. Stuðlar þetta að því að stofnunin *fái einhverju áorkað í sinni* starfsemi? Þess vegna ítreka ég að ég þakka umræður vegna þess arna. Hér er búið að undirstrika á sjálfu hv. Alþingi að sparifjáreigendur, sem eiga sín viðskipti við Útvegsbankann, þurfa engu að kvíða. Þeir eru tryggðir.

Ég vil einnig í leiðinni minnast á þann ókunnugleika að tala alltaf um geysileg útlán Útvegsbankans til Hafskips. Hver eru þau í peningum? Það sem skeð hefur er ekkert leyndarmál. Skipin sem hafa verið í eigu Hafskips hafa rýrnað verulega í verði þannig að veðhæfnin sem þar hvílir bak við hefur rýrnað verulega. Annars skal ég ekki fara frekar út í þau mál að sinni, en stikla á þessu máli í nokkrum punktum ef það gæti orðið til einhverra upplýsinga.

Í fyrsta lagi: Hafskip hf. hefur starfað í rúmlega 27 ár og rekstur þess hefur oft gengið erfiðlega, eiginfjárstaða því lengst af verið slæm og lánsfjárþörf mikil eins og sagt er. Gagnger endurskipulagning var gerð á rekstrinum árið 1977. Engu að síður hafði ekki tekist fram til s.l. árs að tryggja nægilega styrka eiginfjárstöðu félagsins. Þau gífurlegu áföll sem fyrirtækið varð fyrir á árinu 1984 og það sem af er yfirstandandi ári urðu því félaginu þung í skauti þrátt fyrir hlutafjáraukningu á síðasta vetri sem nam 80 millj. kr.

Tvennt hefur einkum komið til sem gerbreytt hefur eiginfjárstöðu fyrirtækisins til hins verra síðustu misseri, en hún var sem áður segir slæm fyrir. Annars vegar var stórfelldur taprekstur á fyrirtækinu á árinu 1984 sem að hluta stafaði af óviðráðanlegum ástæðum. Jafnframt hefur mikill hallarekstur haldið áfram á yfirstandandi ári þvert ofan í áætlanir stjórnenda um bata. Hins vegar hafa skip félagsins fallið í verði vegna markaðsaðstæðna, eins og ég sagði áðan.

Talið er að flutningaskip hafi yfirleitt lækkað í verði á alþjóðamarkaði um 15—20% á s.l. þremur árum. Enn þá meiri verðlækkun hefur orðið á skipum sem voru um 12—15 ára, eins og þau skip eru sem eru í eigu Hafskips. Um áramótin voru þau sex, en það er búið að selja tvö þeirra. Það eru fjögur núna í eigu fyrirtækisins.

Það var metið í reikningunum 1984 að skipaeign félagsins, sex skip, væri upp á 6,8 millj. dollara. Það er held ég raunsætt mat eins og það var þá. En þó við tökum mið af lækkuðu skipaverði á heimsmarkaði er ljóst að þetta verð er í það hæsta miðað við verð á slíkum skipum sem þarf oft að selja með skjótum hætti.

Á árinu 1983, það er rétt að ég komi því að, var hagnaður á rekstri Hafskips.

Í þeim ummælum sem komu fram áðan vegna stöðu hæstv. iðnrh., sem þá var í bankaráði Útvegsbankans, var látið liggja að því að hann hafi verið viðriðinn vafasamar aðgerðir vegna sinnar stöðu sem formaður bankaráðs Útvegsbankans og jafnframt formaður stjórnar Hafskips. Það mál þekki ég ekki og ég hef ekki séð nein dæmi um slíkt í rekstri bankans. Það má dylgja um slíka hluti, en ég hef engin dæmi séð um það. Það má ætla slíka hluti, en þá er eins gott að við slíkar dylgjur sé staðið. Það var hagnaður af rekstri Hafskips síðasta árið sem núverandi hæstv. iðnrh. sat sem formaður bankaráðs Útvegsbankans. Ég tók við því hlutverki í ársbyrjun 1984 og þá versnaði dæmið, og það

má hver kenna mér um það sem vill þó að ég telji mig sjálfur ekki eiga þar sök á.

En dæmið snarversnar hjá Hafskipi 1984 og þá gerðist margt sem hafði óhjákvæmilega verulega neikvæð áhrif á rekstur skipafélagsins. Það var stórfelldur samdráttur í flutningum til varnarliðsins. Þetta höfum við heyrt hér í þingsölum. Gengislækkun varð meiri en yfirvöld, ég segi yfirvöld, stefndu að og áætlun var gerð um. Verkfall BSRB s.l. haust hafði veruleg áhrif á rekstur félagsins.

Á s.l. ári hóf Hafskip vöruflutninga yfir Atlantshafið til og frá Bandaríkjunum og Evrópu á leiguskipum — ég tek það fram að það eru leiguskip sem þar eru í förum, og þau eru leigð til skamms tíma í senn. Fyrsta skrefið til undirbúnings þessara Atlantshafsflutninga var stofnun umboðsskrifstofa erlendis eða dótturfélaga. Miklar vonir forráðamanna Hafskips voru bundnar við þessa flutninga. Gert var ráð fyrir að þeir mundu tvöfalda veltu fyrirtækisins — ég vil láta þetta koma fram hérna; það er engu að leyna í þessum efnum — gert var ráð fyrir að þeir mundu tvöfalda veltu fyrirtækisins og nýta betur þá fjárfestingu og mannafla sem þegar var fyrir hendi hjá félaginu.

Áætlanir um þessi efni sýndu góðan afrakstur af starfsemi sem einkum kæmi sér vel til að vega á móti tapinu sem varð þegar flutningar fyrir herinn féllu niður. Gert var ráð fyrir að flutningar fyrir varnarliðið — það var ein áætlunin hjá þeim — til og frá Bandaríkjunum hæfust að nýju snemma á yfirstandandi ári, og féllu þeir vel inn í siglingaáætlanir yfir Atlantshafið. Eins og kunnugt er hefur ekki orðið af þessu vegna málaferla í Bandaríkjunum og siglinga Rainbow Navigation-félagsins. Þá verður að segjast að vonir um bættan hag Hafskips hf. vegna Atlantshafsflutninganna hafi fram til þessa brugðist.

Á það skal minnt að í upphafi ársins 1985 var hlutafé aukið um 80 millj. kr., eins og fram hefur komið hjá mér áður. Það var gert að kröfu Útvegsbankans, vegna þess að bankastjórar Útvegsbankans og bankaráð fylgdust mjög nákvæmlega með þessum málum, og þeir gerðu það að kröfu sinni til viðskiptanna að hlutafé yrði aukið. Það var gert og eftir þá ráðstöfun var félagið orðið jákvætt efnahagslega. Ég vil að lokum — ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að hafa mörg orð um þessi mál — leggja áherslu á eftirfarandi atriði af hálfu Útvegsbankans varðandi Hafskipsmálið:

Í fyrsta lagi: Stórfelldur taprekstur Hafskips hf. árið 1984 varð að verulegu leyti vegna snöggra breytinga á ytri aðstæðum. Tapið kom ekki endanlega í ljós fyrr en við reikningsuppgjör í maí s.l. vor. Bankastjórnin setti það skilyrði í byrjun árs 1985 að hlutafé yrði aukið. Í öðru lagi var þess mjög vænst að Hafskip gæti haslað sér þann völl í Atlantshafssiglingunum sem áætlanir voru gerðar um. Og í þriðja lagi var það von skipafélagsins fram á síðustu mánuði að flutningar fyrir varnarliðið hæfust að nýju á svipaðan hátt og áður var því þeir höfðu gefið góðar tekjur.

Ómögulegt var að sjá fyrir svo mikið verðfall á flutningaskipum eins og raun hefur borið vitni um og þar með verulega skerta raunverulega eiginfjárstöðu fyrirtækisins eins og það er í dag. Eins og ég sagði áðan barst vitneskjan um mikið tap fyrstu fjóra mánuði þessa árs bankastjórn 17. júlí s.l.; allt var talið með felldu um afkomu þá mánuði í áætlun sem barst um miðjan maí með ársreikningum félagsins.

Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir var tekin ákvörðun á sameiginlegum fundi bankastjórnar og Hafskips um að selja eignir og viðskiptasambönd félagsins. Forráðamenn Hafskips ræddu í u.þ.b. tvo mánuði við Eimskip um hugsanleg kaup þess félags á Íslandssiglingum Hafskips. Jafnframt standa yfir sölutilraunir á Atlantshafssiglingum félagsins. Bankastjórn Útvegsbankans hefur um nokkurt skeið verið í beinum viðræðum við Eimskip um þá þætti í yfirtöku lána sem hlytu að fylgja slíkum kaupum. Þær viðræður eru nú á lokastigi.

Um viðræður þessar, fjárhæðir, skuldastöðu og hugmyndir til lausnar er ekki hægt að ræða hér eins og hefur margoft komið fram í sambandi við þau lög sem í gildi eru. Það er kallað bankaleynd og fleiri slíkum nöfnum. Ef hv. Alþingi vill breyta lögunum sem það hefur sett um bankana er því rétt að gera það, en á sama tíma mótmæli ég því algjörlega að sömu aðilar séu að biðja um að brjóta þau lög sem þeir eru til þess að gera nýbúnir að setja sjálfir. Það eru ekki vinnubrögð sem hægt er að mæla með. Og það er sama hvernig reynt er að særa út úr okkur ýmsar tölulegar upplýsingar þessu viðkomandi, við gefum þær ekki vegna þess að við erum bundnir af þeim lögum sem sett hafa verið í þessum efnum. Það er ráðist á bankaráðsmenn og sagt að þeir séu í einhverri sérstakri tryggingu, þori ekki að segja sannleikann, og þeim er ögrað af fjölmiðlum með því að þeir þori ekki að segja um hvað efnið snýst tölulega. Ég bið ekki afsökunar á að við gerum það ekki, og ég mun ekki gera það meðan þau lög eru í gildi sem hér er fjallað um og bankamálaráðherra fór yfir áðan og ég ætla ekki að fara að tvítaka þá hluti.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessi mál. Ýmsar spurningar hafa komið fram sem ég tel ekki svaraverðar og lesið hefur verið upp úr mörgum blaðagreinum og hafðar uppi ýmsar dylgjur í þessum efnum sem engar sannanir eru fyrir. Ég segi ekki meira en það — maður kveður ekki fastara að orði. En það er hvers og eins að sanna eða afsanna í þeim efnum.

Fyrst og síðast vil ég benda á að þetta mál, Hafskipsmálið, Útvegsbankamálið, er til umfjöllunar á viðskiptalegum grundvelli. Ógætileg opinber umræða gæti hæglega torveldað hugsanlega lausn á þessu máli þannig að það gæti valdið miklum skaða.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er ekki vegna orða málshefjandans sem ég hef ákveðið að taka til máls. Ræða hans gaf ekki tilefni til þess. En þar sem hv. 1. landsk. þm. Kristín S. Kvaran hefur lesið úr Morgunblaðinu þar sem nafn mitt ber á góma tel ég mér skylt að segja nokkur orð og fjalla um atriði sem ég held að sé hollt að komi fram í þessari umræðu.

Hv. þm. Kristín S. Kvaran vitnaði til greinar í Morgunblaðinu eftir Halldór Halldórsson, ritstjóra Helgarpóstsins, en í þessari grein segir Halldór Halldórsson réttilega frá því að ég hafi tekið til máls á aðalfundi Hafskips sem haldinn var um mánaðamótin maí—júní s.l. Hann segir reyndar að sá sem hér stendur hafi flutt kröftuga kosningaræðu, „pepp"-ræðu, eins og það er kallað o.s.frv., o.s.frv.

Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. þá einkunn sem hann gefur minni ræðu. Það er verst að sá sem semur þessa grein var ekki viðstaddur. Það sést síðar í

greininni að hann hefur það eftir öðrum sem fór fram á þessum fundi eins og reyndar margt annað sem á við fyrirtækið sem á í hlut. Þar á meðal heldur greinarhöfundur því fram, eins og reyndar kom fram í upplestri hv. þm. Kristínar S. Kvaran, að ég hafi á þessum fundi ekkert um greinina í Helgarpóstinum talað heldur kallað Helgarpóstinn sorprit sem lifði á því að segja „gróusögur" o.s.frv., o.s.frv.

Það er alveg rétt hjá þeim sem skrifar þessa grein í Morgunblaðið 12. júní að ég talaði ekki um efni greinar í Helgarpóstinum. Hins vegar er það alrangt, og að því eru allmörg vitni, að ég hafi kallað Helgarpóstinn sorprit. Ég vék þeim einum orðum að Helgarpóstinum að ég mun hafa sagt í minni ræðu, ég held ég fari orðrétt með: „Eitt af blöðum bæjarins sem aðallega lifir á slúðursögum" o.s.frv., o.s.frv. Ritstjóri Helgarpóstsins kýs að setja samasemmerki við það sem ég sagði þarna og hugtakið „sorprit". Það er auðvitað hans hugarsmíð og lýsir kannske hans hugmyndum um það hvað séu sorprit. En ég notaði orðið slúðursögur og slúður einfaldlega vegna þess að ritstjórinn sem þarna á í hlut hefur sjálfur talað um að Helgarpósturinn lifi á slúðri og hefur t.a.m. kallað á þann sem hér stendur í útvarpsþátt til að fjalla um slúður og þar var sérstaklega minnst á slúður Helgarpóstsins, en Helgarpósturinn er eins og menn vita einn af brautryðjendum slúðurdálka í íslenskum blaðaheimi, og legg ég engan dóm á hvort þetta er góð eða vond blaðamennska.

Hitt er annað mál, og það stendur, að Helgarpósturinn og ritstjórar hans hafa hælt sér af því að hafa haldið úti þætti sem er vinsæll hjá lesendum og þeir kalla sjálfir slúðurdálka og hafa gert það margsinnis.

Það er þess vegna alrangt, sem kemur fram í þessari grein, að ég hafi kallað Helgarpóstinn sorprit. Það er fjarri mér að gera það, og mér þykir leitt að ritstjóri blaðsins hafi sett samasemmerki á milli slúðurdálkanna og þess sem í almennu tali er kallað sorprit. Hitt er svo annað mál að ég hringdi í þennan ágæta ritstjóra, sem er góður kunningi minn, og benti honum á að þarna hefði eitthvað skolast til og bað hann um að leiðrétta þetta. Sú leiðrétting hefur enn ekki komið fram og er nú liðinn dágóður tími. Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram þar sem einn ágætur hv. þm. taldi sig þurfa að vitna í þessa grein ritstjóra Helgarpóstsins.

Það sem ég hins vegar sagði á þessum aðalfundi Hafskips var — ég tek það fram að ég er einn af hluthöfum fyrirtækisins og hef verið það um nokkurra ára skeið — að það sem skipti máli nú fyrir þetta fyrirtæki væri að viðurkenna þau vandamál sem við blöstu og reyna að taka á þeim með þeim hætti að viðunandi væri. Þessi ræða var flutt vegna þess að fyrir þessum fundi lá tillaga þess efnis að auka hlutafé fyrirtækisins um 80 millj. kr. og ég var að hvetja fundarmenn til þess að leggja fram fé, gerði það reyndar sjálfur, og gera þannig úrslitatilraun til þess að fyrirtækið gæti lifað af. En þetta er eitt af þeim fyrirtækjum sem séð hafa til þess að næg samkeppni hefur verið á flutningaleiðum til og frá Íslandi. Tillagan um 80 millj. náði fram að ganga. En það er rétt að því miður dugði það ekki til og þess vegna erum við að ræða þetta mál hér í dag.

En það er ekki úr vegi, herra forseti, að fjalla örlítið um þetta mál í nokkuð víðara samhengi en hér hefur verið gert. Í fyrsta lagi vil ég rifja það upp, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að veðhæfni eigna fyrirtækisins minnkaði frá í júní og fram í október um 20%. Þetta hlýtur að vekja upp þær spurningar hvort hér sé um einangrað fyrirbæri að ræða. Ég held að það sé fullkomin ástæða fyrir okkur hv. þm. að kanna það rækilega hvort þetta sé einstakt fyrirbrigði. Ég held að svo sé ekki.

Sannleikurinn er nefnilega sá að á undanförnum misserum hefur gengið yfir einhver mesta kreppa frá því í heimsstyrjöldinni í alþjóðlegri kaupskipaútgerð. Það má gera ráð fyrir því að verðfall á matsverði skipa á undanförnum misserum hafi verið um 70—80% og til eru dæmi um að verðfall á þessu ári, aðeins á þessu ári, sé 40%. Ef þetta er fært yfir á íslenska kaupskipaflotann í heild má telja að orðið hafi 2500—3000 millj. kr., tveggja og hálfs til þriggja milljarða verðrýrnun á íslenska kaupskipaflotanum. Hlutur Hafskips í þessu dæmi er líklega um 10% eða 200—300 millj. kr. Það voru nokkrar vonir bundnar við það um síðustu áramót, seint á síðasta ári og eins í upphafi þessa árs, að á þessu ári mundi skipaverð hækka aftur. En þær vonir hafa algerlega brugðist.

Til þess að benda á dæmi hefur því jafnframt verið haldið fram — ég get ekki sannað það heldur hef þessar upplýsingar frá öðrum en það er til umhugsunar — að nýtt skip skipadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, sem var afhent úr skipasmíðastöð í Bretlandi í upphafi ársins og var að byggingarverðmæti milli 8 og 9 millj. dollara eða 330—370 millj. íslenskra króna, sé nú metið á kannske 4 millj. dollara eða um 170 millj. íslenskra króna. Ef þetta er rétt er auðvitað um gífurlegt eignatap að ræða.

En hér er ekki nema hálf sagan sögð. Það hefur ekki einungis orðið hrun á kaupskipaflotanum. Það hefur jafnframt gerst varðandi fiskiskip að alheimsverð á fiskiskipum hefur stórkostlega lækkað á undanförnum misserum. Þetta hefur ekki komið fram á íslenskum markaði vegna þess að við lifum í einangruðu hagkerfi þegar um fiskiskip er að ræða. Við seljum skipin innanlands og það er bannað að flytja ný skip til landsins. Ef hins vegar væri skyndilega opnað fyrir innflutning fiskiskipa má gera ráð fyrir því að raunverulegt markaðsverð fiskiskipanna í landinu mundi stórkostlega rýrna. Ég giska á 30—40%. Og þá má spyrja spurningar og hún er sú: Hvað verður þá um veðhæfni fiskiskipaflotans? Hvað verður um þær tryggingar sem lánardrottnar hafa? Og hvað verður um eigur þeirra manna sem hafa verið að gera út að undanförnu? Þetta er alvarleg spurning. Og ég held að það sé ástæða til þess, þegar við fjöllum um eitt afmarkað svið þessara mála, að gera sér grein fyrir því að þetta er ekki mál sem varðar eitt fyrirtæki, heldur alla þá þjóð sem lifir mestmegnis á því að gera út. Íslenska þjóðin stundar sem aðalatvinnuveg fiskveiðar sem byggjast á fiskiskipastóli og hún verður að afla sér aðdrátta með kaupskipaflota. Það hlýtur þess vegna að vera stórkostlega alvarlegt mál þegar þessi verðrýrnun ríður svona yfir. Ekki síst ef um miklar skuldir er að ræða. Þetta þyrftu menn að ræða og það ætti kannske að þakka málshefjendunum fyrir að koma inn á hv. Alþingi með þessi mál til þess að okkur gefist tækifæri til að ræða umræðuefnið í víðara samhengi en hér hefur verið gert.

Það er hins vegar alveg ljóst að það er ekki einungis verðrýrnun eignanna sem hér er um að kenna. Áhrif

Rainbow Navigation-málsins svokallaða og skaðinn sem nýjar vonir og tilheyrandi vonbrigði hafa valdið hefur auðvitað verið tilfinnanleg. Það má gera ráð fyrir að tekjutap íslenskra skipafélaga á 20 mánuðum nemi brúttó um 600 millj. kr. Það má gera ráð fyrir því að nettó sé tapið 300—400 millj. kr., m.a. vegna þess að allur fastur kostnaður var fyrir hendi á siglingaleiðinni til Bandaríkjanna og nægt rými til að veita þjónustuna.

Taprekstur varð líka á síðari hluta ársins 1984 vegna verkfalls sem þá stóð yfir. Skip stöðvuðust sem gátu verið í flutningum annars staðar. Og þó að það komi málinu ekki vitundar ögn við held ég að það sé ástæða fyrir okkur að rifja upp umræður sem þá fóru fram í þessum þingsal um milliliðagróðann í verkfallinu sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja átti í fyrir ári. Þá sagði formaður Alþb., Svavar Gestsson, að það væri kominn tími til þess að taka þennan mikla gróða, sem hefði myndast hjá skipafélögunum, og átti þá við Hafskip og Eimskip. Auðvitað sagði hv. þm. þetta vegna þess að hann trúði því einlæglega að þessi gróði væri fyrir hendi. Menn höfðu ekki nýrri upplýsingar og þeim er auðvitað vorkunn þess vegna. Það er rétt, sem mér heyrist hv. þm. vera að segja, að gróði var 1983. En það var ljóst í október 1984 að það hafði hallað á hinn bóginn, að það hafði komið fram verulegt tap. Ég benti hv. þm. á þetta þá. Svo brá við að hann hefur ekki minnst á þetta síðan, hvort sem það er vegna minna ummæla eða ekki, og er ég þakklátur fyrir að hann sýnir þessu máli þó þann skilning að hætta að fara með rangt mál. Það er ekki alltaf sem okkur tekst svo vel upp sem erum á öndverðum meiði við hann í pólitík.

Þess er enn fremur rétt að geta að erfið fjárhagsstaða þess fyrirtækis sem hér er rætt um hefur háð fyrirtækinu verulega í samkeppni í erlendu starfi og á Atlantshafssiglingunum. Eins og fram hefur komið í þessum umræðum hefur velta félagsins þrefaldast í ár og tekjuáætlanir hafa nokkurn veginn staðist. En það er líka rétt að það komi fram að það reyndist vera yfir 10% skekkja í kostnaðaráætlunum og það hefur að sjálfsögðu sett það strik í reikninginn sem gert hefur útslagið.

Að minni hyggju er það sorglegt vegna þess að það var verið að gera tilraun til þess að flytja út þjónustu á þessu sviði. Það var verið að gera tilraun til þess af hálfu skipafélagsins að flytja út þjónustu sem Íslendingar eru sérfræðingar í, en það eru siglingar. Þetta höfum við gert í okkar flugmálum. Við höfum stundað leiguflug annars staðar með ágætum árangri. Þarna var gerð úrslitatilraun sem vonir voru bundnar við eins og hv. síðasti ræðumaður gat um í sinni ræðu. Það tókst ekki, því miður. En tilraun var gerð og nú hefur málið orðið með þeim hætti sem við öll þekkjum.

Til fróðleiks má benda á það jafnframt að við rekum skipafélag, íslenska ríkið, Skipaútgerð ríkisins. Velta Skipaútgerðar ríkisins árið 1983 var 170 millj. kr. Þar af kom 51 millj. úr ríkissjóði. Á næsta ári er veltan áætluð 283 millj. kr. Yfir 100 millj. kr. eiga að koma úr ríkissjóði. Það er talsvert meira en nemur öllum launagreiðslum fyrirtækisins. Við höfum því vitandi vits og í okkar fjárlagagerð frá ári til árs verið að greiða niður starfsemi skipafélags sem við rekum en ugglaust aðrir gætu gert. Meira að segja kom það til greina á sínum tíma að önnur skipafélög tækju þennan rekstur yfir og hefði það ugglaust verið hagstæðara. Á þetta minni ég því að það eru og hafa verið erfiðleikar hjá skipafélögunum.

Mér finnst það vera aðalatriðið í þessum umræðum, sem hafa orðið vegna erfiðleika Hafskips, að menn átti sig á því að það hefur orðið verðrýrnun á eignum og þar með er veðhæfni minni á öllum íslenska skipastólnum. Þetta hefur verulega þýðingu fyrir lánardrottna og eigendur.

Veik eiginfjárstaða Hafskips frá upphafi vega leiðir til þess að líklega er sögu þessa fyrirtækis lokið, a.m.k. í óbreyttri mynd. En ég vona það, bæði vegna þess fólks sem vinnur hjá fyrirtækinu og eins vegna allra annarra sem hlut eiga að máli, þar á meðal bankans og sparifjáreigenda, að sem heppilegust lausn fáist á þessu máli. Hún verður ekki til í þingsölum Alþingis, en hún verður vonandi til á næstu dögum þar sem verið er að leysa þetta mál.

Herra forseti. Ég kaus að gefnu tilefni að þessi fáeinu atriði fengju að koma fram í þessum umræðum.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Margt hefur verið sagt í umræðum um þetta Útvegsbanka- og Hafskipsmál sem spunnist hafa út af saklausri fsp. hv. 5. þm. Reykv. sem ég veit að er fram sett til að finna lausn á alvarlegu vandamáli sem steðjar bæði að einum þjóðbankanna og öðru stærsta flutningafélagi þjóðarinnar.

Mér dettur ekki í hug eitt augnablik, eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh., að þessi virðulegi forustumaður Alþfl. hafi borið upp þessa fsp. sérstaklega til að draga athygli að sjálfum sér. Mér finnst það svo ótrúlegt, þekkjandi manninn. Ég held að við verðum að ræða þetta mál á allt öðrum nótum og taka virkilega alvarlega allt það sem frá honum kom. Vandamál bæði Útvegsbankans og Hafskips, sem ég hafði þá ánægju af að vera forustumaður fyrir um tíma, eru eldri en ég hef þekkt bæði þessi fyrirtæki, bæði bankann og Hafskip. Ég kem ekki að bankanum fyrr en 1981, þá kjörinn sem trúnaðarmaður Alþingis og skömmu áður orðinn formaður stjórnar Hafskips. Og vandamálin voru mikil. En áður en ég kom til bankans var búið að taka ákvörðun um að bankanum skyldi hjálpað vegna þeirrar slæmu eiginfjárstöðu sem hann var í. Ég gekk svo mjög fast fram í því að staðið yrði við það loforð eftir að ég varð bankaráðsformaður.

Ég kom til Hafskips eftir að ný stjórn hafði tekið við fyrirtækinu, sem þá hafði verið í vandræðum, miklum vanda, um langan tíma, og ég verð að segja það alveg eins og er að ég veit ekki um hæfari unga menn til forustu í einu fyrirtæki en þá tvo sem ég hafði til samstarfs meðan ég var þar stjórnarformaður. Stjórn Hafskips samanstóð þá — og ég held að hún geri það enn þá — af þeim ungu mönnum sem hvað mest áberandi hafa verið með vel rekið fyrirtæki hér á landi.

Það getur verið rétt að síðlaust sé að nota þá sem slæðast inn á Alþingi, kjörnir af fólkinu, að mér skilst vegna mistaka þess, og hafa reynslu í atvinnulífinu til að gegna trúnaðarstörfum á þeim vettvangi sem þeir hafa vit á. Ég er alveg sannfærður um að athuga þarf þá hugmynd mjög vel, sem formaður Alþb. setti hér fram, að sá sem tæki að sér trúnaðarstöðu, eins og aðild að bankaráði, ætti ekki að vera reynsluríkur maður á sviði viðskipta og helst ekki að hafa neitt samband við viðskipti. Það þarf að kjósa menn í þannig stöður sem

ekki hafa nein tengsl við atvinnulífið til að koma í veg fyrir að hugsanlega eigi þeir vini sem væri hægt að nota sem tortryggileg tengsl á milli bankaráðsmanna og þm. eða trúnaðarmanna Alþingis. Helst þyrftum við kannske að vera vinalausir og munaðarlausir líka til að hafa alla þá hæfileika og uppfylla þær kröfur sem hv. formaður Alþb. gaf í skyn að þeir menn þyrftu að standast sem koma nálægt peningamálum hins opinbera.

Mér dettur nú allt í einu í hug þegar ég lít yfir hópinn að ég sé ekki marga sem ég gæti hugsað mér í þessa stöðu. Það er þó til einn en ég ætla ekki að segja ykkur hvaða eina mann ég er með í huga. Það hlægir mig líka en ég ætla ekki að segja það.

Ég vil hryggja þá, sem hafa höggvið hér bæði að mér og öðrum, með því að segja að ég hafði engin bein afskipti af samskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips meðan ég var þar stjórnarformaður á báðum stöðum. Enda vita þeir hv. þm., sem gegna trúnaðarstöðum í bankaráðum, að dagleg störf bankans og útlán eru ekki verkefni bankaráðsmanna og þau eru aðgreind með lögum.

Gefið er í skyn oftar en einu sinni að ég hafi viðhaft óheiðarleg vinnubrögð, eins og ég skrifaði orðrétt eftir hv. 5. kollega mínum frá Reykjavík. Þetta eru stór orð og mér dettur ekki í hug að maðurinn geti ekki staðið við sín stóru orð. Hann er þekktur fyrir það að fara rétt með eða a.m.k. ekki viljandi rangt með. Hann segir sjálfur — það eru ekki mín orð, það eru hans orð — að hann sé eini háskólagengni forsætisráðherrann, með próf upp á það að hann sé lærður til forsætisráðherra. **(SvG:** Forsætisráðherra Breta.) Hann gæti jafnvel orðið forsætisráðherra Breta, það er rétt, hv. 3. þm. Reykv., vegna þess að hann tók prófið úti í Bretlandi.

Ég vil þó segja það, áður en ég kem að kjarnanum í þessum orðum mínum, að enginn banki getur nokkurn tíma tryggt það að viðskiptavinir hans komist ekki í vanda. Það er aldrei hægt að tryggja það heldur að þeir sem eru vinir í dag, þegar allt gengur vel, verði vinir þegar allt blæs á móti. En það er óeðlilegt ef vinir fara að nota sér ógæfu annarra.

Öll viðskipti bera í sér áhættu, hver sem þau eru. Það er afskaplega auðvelt að deila á þegar illa gengur. En það er öllu erfiðara að finna lausnir. Hér hefur verið hart deilt á duglega, unga, framsýna menn sem hafa bryddað upp á mörgum nýjungum í samskiptum Íslands við aðrar þjóðir með sínu skipafélagi og mjög athyglisverðum nýjungum á mörgum sviðum. En engin lausn hefur legið í loftinu neins staðar, það hefur ekki verið gerð tilraun til að ræða málið sem vandamál sem þarf að leysa. En það hefur verið rætt sem vandamál sem verið sé að koma yfir á þjóðina alla. Það getur vel verið að svo fari.

Að mér læðist sá grunur — ég vona að hann sé rangur — að hv. 5. þm. Reykv. sé að nota þetta vandamál Hafskips í pólitískum tilgangi, að gera vandamálið sjálft að pólitískum leiksoppi. En hann hefur ekki reynt — það hefur ekki komið fram enn þá — sem ábyrgur pólitískur leiðtogi að finna lausn á þessu vandamáli sem hann segir þó að blasi við að nú muni skella með öllum sínum þunga á sparifjáreigendur, fólkið í landinu. Hver er þá ábyrgð okkar hér? Hvert er þá hlutverk okkar? Er það bara að nota vandamál annarra í pólitískum tilgangi? Mér dettur ekki í hug að hann sé að gera það. Þetta er rangt, það er illa gert af mér að hugsa svona. En svona læðist að manni grunur.

Þetta ásamt því sem kom fram hjá hv. 1. landsk. þm. eru alvarlegar ásakanir. Ég ætla ekki að ásaka Helgarpóstinn. Ég hef aldrei haft ástæður til að ásaka Helgarpóstinn. Ég hef haft mikið gaman af Helgarpóstinum. Ef ég hefði fundið til sektarkenndar vegna skrifa Helgarpóstsins eða annarra, þá gerði ég ekki annað en svara. Ég hef ekki gert það nema í einu eða tveimur tilvikum.

En hv. 1. landsk. þm. talaði um að einhver hefði óhreint mjöl í pokanum. „Í alvörulandi hefði Albert Guðmundsson aldrei gegnt báðum störfum.“ Nú þekki ég ekki nema svona fimm eða sex lönd. Það er þá ekkert þeirra alvöruland. „Erlendis er fylgst með verðmætum skipa.“ (Gripið fram í.) Erlendis, það er eflaust alveg rétt. Það er líka gert hérna.

„Tíminn vinnur með Albert Guðmundssyni, hæstv. iðnrh.“ — Ég ætla að vona að hann vinni með hv. 1. landsk. þm. líka. En ég veit ekki hvað hún er að gefa í skyn með þessu. Vinnur tíminn með mér til þess að hylma yfir eitthvað sem ég hef gert? Hef ég gert eitthvað óheiðarlegt? Felst það í orðunum?

„Ótæpileg afskipti Alberts Guðmundssonar af málinu.“ — Þetta skrifaði ég orðrétt. Hvernig þá? Hvað hef ég gert af mér? Var það hluti af glæp að taka við kjöri frá Alþingi til að gegna stöfum úti í þjóðfélaginu? Átti ég að hafna því á þeim forsendum að ég hef tekið þátt í atvinnulífinu? Átti ég að hafna því vegna þess að Útvegsbanki Íslands er upphafsbanki Tollvörugeymslunnar t.d. sem er ágætis fyrirtæki? Ég var stjórnarformaður Tollvörugeymslunnar þegar ég tók þetta starf að mér. Það hefur ekki komið fram hérna. Átti ég að gera það? Hvað er svona ótæpilegt og „kann að kalla á sérstaka rannsókn“?

Ég er alveg sammála því. Við skulum segja að þetta sé allt rétt hjá hv. 1. landsk. þm. Við skulum segja að það sé allt saman rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. En viljum við þá ekki láta finna það út hvort það er rétt? Viljið þið þá ekki gera mér það sem félaga og samþingmanni, kosnum af Alþingi til að gegna ákveðnum trúnaðarstörfum sem ég hef brugðist á þennan hátt, að biðja mig um að afsala mér þinghelgi svo að þið getið á réttan hátt látið rannsaka þessar ásakanir eða þennan glæp eða guð almáttugur veit hvað það er sem verið er að tala um?

Hér er mikið um fullyrðingar en engar sannanir. Ég tek alveg undir það með þessum tveimur hv. þm. að þetta kallar á rannsókn. Ég er reiðubúinn til að taka þátt í þeirri rannsókn og ég er reiðubúinn til með höfuðið hátt að segja hverjum sem er að ég er stoltur af því að hafa fengið að vinna með þessum ungu mönnum sem nú eru í vanda.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að hér væri verið að hjálpa þeim nýríku. Getur engum ykkar virkilega dottið í hug að menn, sem reyna að verða sjálfstæðir atvinnurekendur og nota til þess allt sem þeir eiga að byggja upp fyrirtæki og skapa atvinnutækifæri, geti með tímanum orðið nýfátækir? Það er eins og að ef maður kemur nálægt fyrirtæki sé hann stimplaður. Við skulum átta okkur á því að það eru kannske fleiri sem hafa orðið fátækir af því að reyna að verða sjálfstæðir atvinnurekendur en þeir nýríku sem alltaf er talað um.

Hv. 3. þm. Reykv. hafði ummæli eins bankastjóra Útvegsbankans yfir. Hann segir að verið sé að nota

Útvegsbankann sem pólitíska gólfþurrku. Þetta er alvarlegt fyrir okkur öll sem erum í stjórnmálum. Þetta kallar líka á rannsókn. Er það virkilega rétt að einn þjóðbankinn, sérstaklega þessi sem hér er á dagskrá, sé notaður í pólitískum tilgangi sem pólitísk gólfþurrka. Það er alveg nýtt fyrir mér. Þetta er stór fullyrðing.

Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. að nauðsynlegt er að gera þetta mál upp, að rannsaka það og vita hvort þessi fullyrðing á sér nokkrar stoðir.

Það er líka rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að Útvegsbankinn er veikur banki vegna þeirrar skyldu sem á honum hefur hvílt. Þetta er alveg rétt. Þegar ég tók við bankaráðsformennsku í Útvegsbankanum var eitt af mínum fyrstu verkum að hreinsa burtu átta eða tíu byggðarlög á landinu úr viðskiptum hjá bankanum vegna þess að bankinn hafði engin útibú þar, hafði engan aðgang að sparifé fólksins á stöðunum. En heima fyrir voru hinir bankarnir, annaðhvort Landsbankinn eða Búnaðarbankinn eða sparisjóðir. Útvegsbankinn var látinn fjármagna bara af því að það var útvegur á stöðunum. Hann hafði engan aðgang að sparifé fólksins. Þetta hefur verið mjög íþyngjandi fyrir Landsbankann og er eitt af vandamálum Landsbankans núna. Það er engin furða. Búið er að mergsjúga Útvegsbankann á þennan hátt í gegnum tíðina. Þess vegna og í samhengi við þessar ráðstafanir var bankanum síðan hjálpað um eigið fé. Það var ekki að ástæðulausu. Það var ekki verið að gefa bankanum fimm milljarða á sínum tíma bara í afmælisgjöf eða vegna góðmennsku, hlýhugar til bankans. Það var ástæða fyrir því.

Meðan ég var stjórnarformaður Hafskips, sem ég var lengur en ég var bankaráðsformaður Útvegsbankans, var vikulega fylgst með öllum peningamálum Hafskips af aðallögfræðingi Útvegsbankans og ég veit ekki annað en að það sé gert enn þá. Það er þá hægt að fá það upplýst. En meðan ég var þar og frá þeim tíma sem þessir ungu og duglegu menn, sem nú eru í vanda, hófu uppbyggingu Hafskips var fylgst með öllu sem gert var í fyrirtækinu vikulega. Og það var ekki bara það heldur voru reglulegir fundir með verkamönnunum, með skrifstofufólkinu og með hluthöfunum til að ræða um hvernig hægt væri að gera hlutina betur. Tillögurnar komu frá viðkomandi faghópum í fyrirtækinu og voru flestar samþykktar og var unnið eftir þeim. Þessi vinnubrögð eru ný.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri. En ég verð að óska eftir því í ljósi þess sem hér hefur komið fram að þetta mál verði rannsakað, sérstaklega það sem snertir mig. Ég er ekki að kalla rannsókn yfir neinn annan, bara þær fullyrðingar sem hafa komið hér fram. Ég hef aldrei verið talinn óheiðarlegur neins staðar þar sem ég hef verið og mér er heldur illa við að vera kallaður það hér á hv. Alþingi. En hvað gera menn ekki í pólitík, sérstaklega þegar þeir eru gersamlega snauðir í málflutningi sínum? Þá grípa menn til ýmissa ráða. Það vil ég endurtaka til hv. 5. þm. Reykv. að ég er reiðubúinn til að afsala mér þinghelgi ef það stendur í vegi.

Flutningar Hafskips eru nýr þáttur í siglingasögu Íslands, að flytja á milli annarra landa, milli heimsálfa. Önnur lönd gera það, Norðmenn eru þekktir fyrir það. En sú tilraun er nýlega hafin. Ég efast um að hún sé orðin ársgömul. Það er eftir mína daga hjá Hafskip. En bara af því að fyrirtækið sýnir ekki gróða, sýnir ekki þann árangur sem allir vilja, þ.e. að sjá peningana, á að brjóta það niður. Það á ekki að gefa því tækifæri til að þróast og verða arðbært. Fyrirtækið er á því augnabliki í sínu lífi að það verður að hætta við það og við vitum kannske aldrei hvort íslenskt hugvit nær út fyrir skerin til að vinna eitthvað meira nema þá að bora holur í jörðu einhvers staðar annars staðar.

Ég vil endurtaka, virðulegi forseti, að ég tel sjálfsagt að allar þær rannsóknir, sem hv. þm., sem hér hafa talað á undan mér, hafa minnst á, verði látnar fara fram. Það mun ekki standa á mér að afsala mér þeim hlífðarskjöldum sem Alþingi veitir hverjum og einum okkar, óski hv. 5. þm. Reykv. eða hv. 1. landsk. að svo verði gert.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það var galli á fjaðrafoki hv. málshefjanda, Jóns Baldvins Hannibalssonar, að hann gerði ekki greinarmun á lágkúrulegum vangaveltum og alvöruhugmyndum í harðskeyttum viðskiptum á alþjóðavettvangi sem þetta mál snýst um fyrst og fremst. Allt í einu á að fara að hrópa út bankastjóra þótt gefi á bátinn.

Auðvitað eiga bankar að taka áhættu og það er vert að slíkt komi fram í umræðunni sem hér á sér stað. Bankar eiga að taka áhættu alveg eins og fiskiskipið á að taka áhættu og tekur áhættu og hvert það fyrirtæki sem sinnir rekstri. Þetta ætti ekki að koma fólki á óvart í veiðimannasamfélagi eins og við búum í. En það vill oft gleymast að það er grunnurinn í okkar samfélagi, veiðimennska, sem vissulega fylgir ætíð mikil áhætta.

1981 og 1982 voru útflutningsverðmæti af sjávarafla u.þ.b. 700 millj. dollara. 1983 og 1984 hlaupa þessar tekjur niður í 500 millj. dollara. Það er mikil áhætta fyrir þjóðfélag að búa við slíkar sveiflur. En þannig getum við einnig reiknað með sveiflum hvort sem er í bankakerfi eða í öðru í okkar rekstri í okkar landi.

Það er veruleg áhætta fyrir stjórnvöld að treysta á þjóðhagsáætlun, treysta á aflaspá, treysta á gengismál og markaðsstöðu. En það er engin massíf miðstýring sem við getum reiknað með í þessum efnum frekar en í öðru þar sem á að reikna með lífi og titringi.

„Aftur og aftur," sagði hv. þm. Svavar Gestsson, „hefur þurft að koma Útvegsbanka Íslands til hjálpar." Þetta var merkileg yfirlýsing. Í framhaldi af því sagði hv. þm. að oft hefði Útvegsbanki Íslands verið í vandræðum vegna gæludýra Sjálfstfl. Það er allt í lagi að kalla blómlegt athafnalíf í öllum þáttum á Íslandi gæludýr Sjálfstfl. og ég get verið sáttur við það. Ég veit hins vegar að hv. þm. Svavar Gestsson, formaður Alþb., á sér eitt gæludýr. Hann var á fundi með þeim gæludýrum á landsfundi flokksins fyrir stuttu, öllum voffunum sínum, og var meira að segja drifinn í bað, hreinsun með gæludýrunum, hvort sem hann vill kalla þá kynslóð lýðræðiskynslóð eða lýðæðiskynslóð. Ég er ekkert viss hvað hv. þm. vill meina í þeim efnum.

En það minnir líka á að þegar óværa kom upp á slíkum dýrum í sveitinni tíðkaðist lengst af að baða tvisvar. Það virðist ekki hafa dugað að halda einn landsfund til að ná óværunni út miðað við málflutning hv. 3. þm. Reykv. hér fyrr vegna þess að þegar sagt er að aftur og aftur hafi þurft að koma Útvegsbanka Íslands til hjálpar, þá er það rangt. Ég mun víkja að því aðeins síðar.

Það var hins vegar skemmtilegt að heyra hv. þm. Svavar Gestsson taka svo afdráttarlaust undir hug-

myndir Þorsteins Pálssonar um sameiningu banka. En það er í rauninni allt annað mál og er óþarfi að rugla öllu saman í þessu tilviki. Nær væri að þeir, sem kasta hér fram gífuryrðum og annarri hverri setningu sem er ekkert nema ef, skiptu sér í ríkara mæli af þeim þjóðmálum sem tímabært er að tala um.

Það er alltaf matsatriði hvar á að leggja mál fram, hvar á að leggja spil á borðið. En við erum að fjalla hér um mál sem að mínu mati er ekki tímabært að fjalla um með slíkum gífuryrðum sem hér hefur verið gert af nokkrum ræðumönnum. Alþm. eiga ekki að vera sjálfskipaðir dómarar. Fyrst skulu staðreyndir koma á borð áður en menn fara að dæma. En það undirstrikar hina miklu málefnafátækt stjórnarandstöðunnar að blása hér út og suður í máli sem er unnið að af fullum krafti af réttum aðilum. Ætli það sé ekki hyggilegt að leyfa flugvél að lenda eða bát að koma í höfn áður en menn fara að argast út í eitthvað sem hefur bjátað á í ferðinni? Það er hyggilegt að kanna á réttum tíma hvort um afla eða aflatjón er að ræða, að láta staðreyndir liggja fyrir. Auðvitað koma þessar staðreyndir á borðið hjá stjórnendum þess banka sem hér um ræðir.

Það er líka hæpið í slíkum ræðuflutningi að vitna sífellt í fréttasamtöl þar sem augljóst er að viðmælendur telja ekki tímabært að tjá sig um staðreyndir málsins og fara undan í flæmingi. Síðan eru þessi fréttasamtöl hnýtt upp í ræðum hér á hv. Alþingi. Það er ekki til mikillar fyrirmyndar. Það er eðlilegt að blaðamenn rói fast í hverju máli sem upp kemur og titringi veldur. En hv. þm. ættu að hafa einhverja möskvastærð á þeim gífuryrðum þar sem ruglað er saman orðrómi, almennum vangaveltum og öðru sem hér hefur komið í einn pott.

Áhætta banka er mikil og hún á að vera mikil. Auðvitað þurfa bankar, ef menn tala í alvöru, að hafa hagnað. Auðvitað þurfa bankar að geta afskrifað. Annars er hætta á að bankakerfið verði aðallega fjárvana sparisjóðir sem geta ekki staðið undir neinum hryggmiklum framkvæmdum sem ávallt kosta áhættu.

Sem betur fer getum við státað af því að mörg íslensk fyrirtæki hafa staðið sig vel á alþjóðavettvangi. Hafskip er eitt þeirra en hefur lent í áföllum. Einn af traustustu þáttum íslensks sjálfstæðis er Eimskip um áratuga skeið, sem hefur staðið fyrir siglingum heiman og heim. Þetta eru þættir sem við verðum að vera tilbúin að standa við bakið á þegar á gefur ef við ætlum að lifa sjálfstæðu lífi í þessu landi.

Það hefur staðið tæpt hjá Flugleiðum og þeir hafa rétt úr kútnum vegna þess að þar, eins og í flestum öðrum stórfyrirtækjum landsins, eru hæfir menn, dugmiklir og áræðnir. Vert er að þakka fyrir að eiga slíka menn í umræðu þar sem aðallega er lögð áhersla á að höggva niður þótt pusað hafi yfir.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði að 1981 hefði ríkissjóður afhent Útvegsbanka Íslands 60 millj. kr. Þetta er rangt. Þetta voru 50 millj. kr. Við skulum hafa það sem sannara reynist. (Gripið fram í.) Það var ekki aðeins ríkissjóður sem afhenti þetta heldur einnig Seðlabanki Íslands. Fara með rétt mál.

Þá vitna ég aftur til orða hv. 3. þm. Reykv. þar sem hann sagði að ríkissjóður hefði oft þurft að koma til hjálpar Útvegsbanka Íslands. Þetta er í eina skiptið í sögu bankans sem ríkissjóður leggur fé í Útvegsbanka Íslands. Þá skulum við líka minnast þess að Útvegsbanki Íslands var stofnaður úr rústum Íslandsbanka árið 1930, ef ég man rétt, og vel að merkja með öfugum höfuðstól. Það var vöggugjöfin hjá þeim banka sem nú var verið að hreyta skítyrðum í.

Það mætti nefna t.d. á móti, svo að dæmi sé tekið, að ekki er nú allt illt fyrir ríkissjóð sem þessar stofnanir hafa gert. Nefna má að aðeins fyrir leyfi á gjaldeyrissölu hafa Landsbanki Íslands og Útvegsbanki greitt til ríkissjóðs um 2 milljarða kr. á núvirði. Þarna á Landsbanki Íslands stærri hlut, einn og hálfan milljarð, og Útvegsbanki 500 millj. En það eru þessir tveir bankar sem hafa staðið undir nær öllum atvinnurekstri landsins um áratuga skeið. Auðvitað hlýtur því að fylgja mikil áhætta.

Sem betur fer hafa að öllu jöfnu verið hæfustu menn við stjórn í okkar bankakerfi þótt oft komi upp atriði sem menn sjá ástæðu til að gagnrýna og fjalla um. En þá er vert að gera það á málefnalegan hátt en ekki með skætingi.

Það er vissulega mikið áfall þegar einstaklingur eða fyrirtæki verður fyrir skakkaföllum í okkar litla þjóðfélagi. Við eigum að vera menn til að horfast í augu við slíkt og vinna það út úr máli sem eðlilegt er, leggja staðreyndir á borðið, fá það fram á réttan hátt en ekki í gegnum fjölmiðlabransa og meta síðan með tilliti til þess hvernig niðurstaðan er þegar upp er staðið frá könnun máls. Með tilliti til þess hve þetta mál er margslungið, hvernig saman spila erlend og innlend umsvif, hreyfingar á milli í viðskiptum, harðskeytt samkeppni á alþjóðavettvangi þar sem oft er stutt bilið á milli gæfu og ógæfu, þá ættu menn að varast slúðrið en byggja á staðreyndum.

Réttir aðilar í þessari stöðu sem nú er eru stjórnendur Útvegsbanka Íslands. Það er rétt að þeir fái tækifæri til að leggja spilin á borðið í þessu máli eins og eðlilegt er á viðskiptalegum grunni, eins og hv. 3. þm. Vesturl., formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands, sagði hér áðan. Í stuttu máli hefur hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson því miður flogið nokkuð hátt í sínum málflutningi, eins og reyndar í fleiri málum sem hann tekur oft á, þar sem tærnar snýta skýjum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég skal játa að ég gerði ekki ráð fyrir því að þessi umræða hér í þessari lotu eða þær fyrirspurnir sem hér voru lagðar fram mundu leiða til þess að kjarni þessa máls upplýstist betur en þegar hefur verið gert af hálfu fjölmiðla af þeirri einu ástæðu að svo lengi geta menn borið fyrir sig bankaleynd að það sé hættulegt að ræða málið, að það sé óviðurkvæmilegt að gefa upplýsingar og það er niðurstaða málsins.

Upplýsingarnar hafa ekki fengist. Hins vegar hafa menn hlaupið hér út um víðan völl og hann dálítið kostulegan. Við skulum taka dæmi af ræðu hv. skrifara, Árna Johnsens, hér áðan. Þetta er einn af glókollum Sjálfstfl. og væntanlega ábyrgur málsvari frjálshyggjutrúboðsins og fór nú með ræðuna sína. Hún var þessi: „Menn eiga ekki að úthrópa bankastjóra. Auðvitað eiga bankar að taka áhættu. Auðvitað eiga fyrirtæki að taka áhættu. Auðvitað eiga eigendur Hafskips að taka áhættu. Auðvitað eiga bankastjórar og bankaráðsmenn Útvegsbankans að taka áhættu. Auðvitað eiga allir aðilar í viðskiptalífinu að taka áhættu."

Hæstv. iðnrh. sem fór með píslarvottsræðuna sína hérna áðan — við höfum heyrt hana áður — hvað sagði

hann? Hann hefur varla kynnst snjallari ungum mönnum en hann hefur kynnst í Hafskip. Þetta eru duglegir menn. Auðvitað getur enginn banki tekið ábyrgð á því að viðskiptavinir hans lendi ekki í vanda. Auðvitað eru viðskipti áhætta. Ég sem hinn reyndi maður í viðskiptalífinu veit það, ég tek stóra áhættu í lífinu. Það er nú líkast til.

Hver er svo kjarninn í öllu þessu tali? Hann er þessi: Öll áhættan er með ríkisábyrgð! Allt heila málið áhættulaust kjaftæði, vegna þess að það sem mennirnir eru að tala um er ósköp einfaldlega áhættulaust. Við erum að tala hér um ríkisrekinn banka, við erum að tala hér um banka í eigu þjóðarinnar, við erum að tala hér um banka með ríkisábyrgð á öllu saman. Spurningin er ósköp einfaldlega sú: Hvað eru þessir menn að tala um áhættuna sína? Hver er áhætta Alberts Guðmundssonar? Hver er áhætta bankastjóranna? Hver er áhætta Hafskips? (Gripið fram í.) Jú, það er einmitt það. En hvað er verið að gera í þessu máli? Ef það eru staðreyndirnar í málinu, sem ekki hefur fengist upplýst, að þessi ríkisábyrgði banki með sparifé landsmanna er búinn að lána hundruð milljóna króna — segjum á bilinu 7—800 milljónir — og ef það er staðreynd málsins að þessi pólitískt ríkisrekni banki með ríkisábyrgðinni hafi lánað þetta þessu eina fyrirtæki sem aldrei átti nothæf veð — löngu fyrir rýrnun — fyrir þessari lánsupphæð — síðan kemur til frekari rýrnun — og gerum nú ráð fyrir því að staðreyndirnar um eigið fé þessa ríkisrekna banka séu raunsætt metnar afar lágar, þá er niðurstaða málsins einfaldlega þessi: Hæstv. ráðh. viðurkenndi, þegar spurt var um tap sem lendir á þjóðinni en ekki á „bissnessmönnunum", vinum litla mannsins, að þá yrði það tap mikið fyrir ríkið, ríkissjóð, skattgreiðendur, hina íslensku endurtryggingu þessa auma pilsfaldakapítalisma sem enga áhættu tekur, ef ekki er hægt að semja um að koma því yfir á aðra.

Hvers vegna er svona nauðsynlegt að koma þessu tapi yfir á aðra? Það er út af þessum pólitíska skúringabissness. Það er nefnilega út af því að það væri ekkert smámál ef niðurstaða þessa máls yrði sú að þannig hafi verið haldið á málum þessa ríkisbanka með ríkisábyrð að hann stæðist það ekki. Það verður ekki og liggur ljóst fyrir. Fari svo, sem við skulum vona þrátt fyrir allt að gerist ekki, þá verður áhættan af því og skaðinn af því ekki á herðum duglegu drengjanna í Hafskip og ekki á herðum hæstv. iðnrh. sem enga áhættu hefur tekið í þessu máli heldur einungis farið með annarra fé. Spurningin er einungis um það: Hver var hlutdeild hans í því og hver er ábyrgð hans svo að lokum á því? En ábyrgðin á áhættunni er nefnilega að lokum engin hjá þessum privatkapítalistum með ríkisábyrgð í bak og fyrir. (Gripið fram í.) Já, það gæti komið að því, hæstv. iðnrh., að það þyrfti að gera það, það er þingsins að taka afstöðu til þess.

Hæstv. iðnrh., vinur litla mannsins, sem er hér að grípa fram í og tala um kjark — nú skal ég segja honum dæmisögu sem hefur bein tengsl við þetta mál og er spurningin um samanburð á því hvort saman fer og eins eru meðhöndlaðir í þessu þjóðfélagi Jón og séra Jón.

Árið 1975 kom upp kvittur um það í þessu þjóðfélagi að lítil bankastofnun, sem var þá ekki í miklum metum í kerfinu og heitir Alþýðubankinn, hefði lánað nokkuð ótæpilega einum einkaaðila, Ferðaskrifstofunni Sunnu einkum og sér í lagi, reyndar öðru fyrirtæki líka sem kennt var við Cudo-gler. Þetta var árið 1975. Hvað gerðist? Var umræðan vikum og mánuðum saman í blöðum? Þurfti einhver hv. þm. að beita sér á Alþingi til að fá það mál upplýst? Hvað gerðist?

Það sem gerðist var einfaldlega þetta: Yfirvöld bankamála með Seðlabankastjórn í fararbroddi kölluðu fyrir bankastjóra og bankaráð þessa litla banka — reyndar á helgum degi — og tóku ákvörðun um það að þannig væri komið að bankastjórarnir og bankaráð væri sett af og Seðlabankinn yfirtók stjórn þessa banka á staðnum og stundinni.

Tilefnið var nákvæmlega það sama eins og hér er nú. Því var haldið fram að bankinn hefði lánað umfram getu og veð væru ótrygg. Hvað sögðu þeir sem voru í forsvari fyrir bankann? Þeir sögðu: Það sem hefur gerst er að veðið hefur rýrnað skyndilega vegna þess að þessi eina flugvél, sem um var að ræða, þurfti að fara í stóra skoðun.

Þetta er nákvæmlega sambærilegt mál. En viðbrögðin eru ekki sambærileg, hæstv. ráðherrar. Viðbrögðin voru þá þau að Seðlabanki og bankaeftirlit brugðust við hart og skjótt, töluðu mikið um þá áhættu sem væri í höndum sparifjáreigenda, þeirra sem ættu fé þarna inni, og sögðu: Bankastjórnin hefur brugðist, hún hefur ekki farið eftir venjulegum reglum og heföum um bankastarfsemi. Við setjum þá af, við skiptum um bankaráð og við skiptum um bankastjórn. Nákvæmlega sambærilegt mál. Hvað geta svo þessir menn sagt í raun og veru um áhættu og hins vegar um að menn séu jafnir fyrir lögum og rétti í þessu þjóðfélagi?

Þessi dæmisaga af Alþýðubankanum segir nefnilega meira um þetta mál en nokkuð annað. Hún segir að ekki er sama hver á í hlut. Málin eru hliðstæð en nú er ekki brugðist við með þeim hætti að krefjast þess að kalla bankaráð og bankastjórn Útvegsbankans fyrir sig upp í Seðlabanka og segja: Þið hafið því miður, herrar mínir, brugðist, ekki vegna þess að þið hafið tekið eigin persónulega áhættu, þið hafið brugðist þeirri ábyrgð sem ykkur var falin með pólitískum hætti og vegna gæslu á almannafé. Vegna þess að það hefur aldrei þótt neitt sérstaklega merkilegt, hæstv. iðnrh., að vera örlátur á annarra fé og um það ættu forsvarsmenn Sjálfstfl. að læra sínar lexíur af hugmyndafræðilegum boðbera þeirra, Hannesi Hólmsteini af framsóknarkyni.

Herra forseti. Í tilefni af píslarvottsræðu verndarengils litla mannsins þegar hann kemur fyrir hér í ræðustól og segir: Ég er, eins og þið vitið, ágætur bissnessmaður og hef mikla reynslu í bissness. Síðan segir hann: Það er eilíf krafa annarra að setja til pólitískrar ábyrgðar menn sem hafa enga reynslu í bissness. Ég sé hérna engan sem hefur virkilega reynslu í bissness. — Ég veit ekki betur en hæstv. viðskrh. hafi a.m.k. rekið Djúpbátinn. Kannske var hann opinbert endurtryggður líka. Vitað er að Egill bóndi á Seljavöllum rekur bissness, hann er að vísu ríkistryggður líka, hann rekur bú. Fleiri munu þeir vera sem reka bissness.

En þegar hæstv. iðnrh. var búinn að tala um reynslu sína af atvinnulífinu og allri áhættunni sem menn verða að taka á sig þar segir hann: Svo eru menn að segja að það sé siðlaust að menn með reynslu úr öllu þessu áhættusama atvinnulífi séu settir til ábyrgðarstarfa í bankakerfinu. — Hann minnti á að hann hefði verið formaður stjórnar Hafskips miklu lengur en í banka-

ráðinu. Þá var nú aldeilis röð og regla á hlutunum, vikulegir fundir með ungu og duglegu strákunum og mikið talað við starfsfólkið, starfsfólkið vel upplýst um allt.

Vitið þið t.d. — af því það hefur ekki komið inn í þessa umræðu — hver er hlutur starfsfólksins, 300 starfsmanna í Hafskip, hver er þeirra áhætta? Þeir óskuðu eftir því fyrir þremur vikum að fá forstjóragengið, ungu duglegu strákana með áhættuna, fyrir sig á fund meðal starfsmanna niður í skemmu til að útskýra hvað væri hæft í þessari sögu, hvort þetta fyrirtæki væri virkilega orðið gjaldþrota. Nei, nei, nei, nei, nei, elsku vinir, allt saman ómerkilegur kommúnistaáróður, voru svör forstjóranna. En þeir eru litlu bættari, starfsmennirnir, þegar að lokum reynir á.

Herra forseti. Halldór Guðbjarnason, bankastjóri Útvegsbankans, segir:

„Mér þykir það mjög miður að Útvegsbankinn skuli dragast inn í pólitísk átakamál.“ Og hann segir: „Við viljum ekki vera nein skúringatuska stjórnmálamanna.“

Hvað skyldi nú bankastjórinn eiga við? Hver hefur gert þetta að pólitísku átakamáli og hver er að gera það? Það er ekki pólitískt átakamál þó að umboðsmenn almannahagsmuna á Alþingi gegni þeirri skyldu sinni að leita eftir upplýsingum um stöðu bankans vegna þess að menn hafa þakkað hér fyrir að vakið er máls á þessu og menn hafa tekið undir það að réttur almennings sé meiri en enginn þrátt fyrir hrokafullt svar bankastjórans. Um það deila menn ekki lengur. Almenningur á rétt á því, þingið á rétt á því að fá upplýsingar um stöðu bankans. — En hinar pólitísku skúringatuskur. Ef staðreyndirnar eru eitthvað nærri lagi um það sem komið hefur fram í opinberri umræðu um stöðu Útvegsbankans og Hafskips liggur alveg ljóst fyrir hverjar hinar pólitísku skúringatuskur eru. Þær eru þessar: Það vill svo til að ábyrgðin á þessum útlánum Útvegsbankans hlýtur að hvíla á þeim sem formennsku gegna í bankaráði og formennsku hafa gegnt í bankaráði og bankastjórninni sjálfri. Það er líka vitað að Hafskip sem fyrirtæki hefur notið sérstakrar pólitískrar velvildar. Og það er ekkert launungarmál og við skulum bara segja frá því að framkvæmdastjórar fyrirtækisins eru innstu koppar í búri Sjálfstfl. Annar þeirra er t.d. fyrrv. framkvæmdastjóri Sjálfstfl., en hinn er fyrrv. formaður Varðar. Látum það nú vera. Auðvitað hafa allir menn rétt á sínum stjórnmálaskoðunum og ekkert við því að segja. En það vill svo til að tilraunin til þess að koma þessu áfalli yfir á herðar Eimskips er m.a. partur af þessu pólitíska skúringadóti. Ef það mál væri hreint viðskiptalegs eðlis liggur í augum uppi að það er ekki í þágu Eimskips að hlaupa hér undir bagga. Hvað á Eimskip að kaupa? Verðfelld skip? Hvað eru þeir að kaupa? Viðskiptavelvild á alþjóðlegum mörkuðum? Jesús Kristur! Hvað eru þeir að kaupa? Þeir liggja undir linnulausum pólitískum þrýstingi úr innsta hring Sjálfstfl. við að bjarga hvoru tveggja, því ástandi sem búið er að kalla yfir sig í Útvegsbankanum, ríkisbankanum, og því ástandi sem skapast ef Hafskip verður að taka að lokum áhættu. Það er Eimskipafélagið sem á að bjarga þessu.

En það er fleira sem hangir á spýtunni. Það er nefnilega altalað að einn af skilmálum Eimskips, en forusta þess á viðskiptalegum grundvelli er auðvitað treg til samninga og hefur sett ákveðin skilyrði, að hinn ríkisrekni og ríkistryggði Útvegsbanki tryggi Eimskipafélaginu að 50—75% af viðskiptum við Hafskip fylgi með í kaupunum; að bankinn skili viðskiptaaðilum Hafskips á fæti til Eimskipafélagsins vegna þess að það vita það allir menn, að þeir aðilar sem þarna eru í forsvari hafa sagt að fremur fari þeir yfir til SÍS en að láta bjóða sér að Eimskip yfirtaki þetta. En það er líka spurning um hvaða peningar það eru. Hvaða verði getur Eimskip keypt þetta? Og ef bankinn getur nú ekki skilað viðskiptamönnunum á fæti, hvað þýðir það þá? Það þýðir að áfallið fyrir Útvegsbankann, hinn ríkisrekna verður þeim mun meira. Það er ástæða til að leggja áherslu á það sem hæstv. viðskrh. sagði: Tapið er mikið og það verður auðvitað fyrst og fremst enn þá meira ef ekki næst samningar. Ég sem hluthafi í þessu óskabarni þjóðarinnar, í Eimskipafélaginu, mótmæli því.

Svo er spurt um siðgæðið: Og vinur litla mannsins fer með rórillið sitt og píslarvættisræðuna. Ég hef ekki verið að tala neitt um siðgæði í þeim efnum. Ég var að vitna til þess að ef lög væru í gildi, samþykkt hér á Alþingi, þar á meðal væntanlega með atkvæði núv. hæstv. iðnrh., ef þau lög væru nú þegar í gildi, þá bryti vera hans á undanförnum árum sem formanns í hinum ríkistryggða og ríkisrekna banka og formennska í einu helsta viðskiptafyrirtæki bankans í bága við lög. Það er ekki spurning um rétt eða rangt í því. Það er spurning um lög eða ekki lög. Þessi lög eru ekki í gildi, en þessi lög hafa verið samþykkt á hinu háa Alþingi. Auðvitað er til eitthvað sem heitir hagsmunaárekstur í „bissness“. Það ætti maður með svo mikla reynslu í viðskiptum að vita og ég veit að hæstv. iðnrh. þekkir slíka hluti mætavel. Hagsmunaárekstur er svo alvarlegt mál í „bissness“ að það eru yfirleitt víðast hvar annars staðar settar um það ákveðnar starfsreglur að forða slíkum hagsmunaárekstri.

Nú svarar vinur litla mannsins í píslarvættisræðunni: Ég hafði engin afskipti af málefnum Hafskips meðan ég var formaður bankaráðs Útvegsbankans. Hver á nú að trúa slíkri jólasveinasögu? Á ég að trúa því að formaður bankaráðs Útvegsbankans hafi gert sig sekan um þau afglöp að hafa engin afskipti af viðskiptamálum stærsta viðskiptafyrirtækis bankans? Ég trúi því ekki. Því miður. Sorry Stína.

Það er ástæða til að leggja áherslu á að áhættan í þessu máli, sem við erum hér að ræða, er ekki „bissnessmannanna“. Hún er almennings í landinu. Hún er sparifjáreigenda og hún er skattgreiðenda. Og menn sem hafa það hlutverk, eru kjörnir til þess að vera trúnaðarmenn almennings og fara með almannafé eiga ekkert að vera að láta digurbarkalega um það að þeir séu að taka einhverja áhættu.

Ég gerði ekki mikið að umtalsefni mál Hafskips sem slíks og ég sé ekki ástæðu til þess. Meginkjarni þessa máls er staða Útvegsbankans og almannahagsmunir. Ég bendi þeim sem vilja vita á að það hefur margt komið fram í hinni opinberu umræðu um Hafskip sem slíkt, stjórnun þess, sem er á allt annan veg en hér hefur verið látið í veðri vaka. Svo mikið er orðið upplýst um réttmæti gagnrýninnar á stöðu Útvegsbankans að ég hef ástæðu til þess að ætla að það sé líka mjög mikið til í málefnalegri gagnrýni á það hvernig þessu fyrirtæki hefur verið stjórnað. Það liggur t.d. alveg ljóst fyrir að upplýsingar sem frá fyrirtækinu hafa komið til Útvegs-

bankans hafa reynst rangar. Þeir eru enn í dag með bjartsýnisáætlun um hagnað á árinu 1985. Tölurnar sem gefnar voru á aðalfundi Hafskips um hagnað 1984 voru rangar, rangar svo skakkaði tugum milljóna. Það er vitað að afkoma fyrirtækisins á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1985 var hrikaleg þrátt fyrir að bankaráð sæti uppi með í höndunum skýrslu um að allt væri með góðum hagnaði, og áætlanirnar liggja enn fyrir um góðan hagnað af Atlantshafssiglingum og góðan hagnað til ársloka 1985. Allt hefur þetta reynst rugl. Og skýringin er ekki rýrnun á eignum. Við erum hér að tala um rekstraráætlanir.

En það er ekki aðalmálið sem við erum að fjalla um. Við erum að fjalla um Útvegsbankann. Ég tók eftir því í svörum hæstv. ráðh. að hann vakti athygli á ákvæðinu um ríkisábyrgðina og rifjaði þá upp túlkun Ármanns Snævars á takmörkun þeirrar ríkisábyrgðar og vísaði til nefndarálits með lögunum, sem samþykkt voru í fyrra, þar sem fram kemur að meiri hluti og reyndar minni hluti eru sammála um að þessi ábyrgð er takmörkuð. Og hvernig er hún takmörkuð? Hún er takmörkuð í fyrsta lagi við það að ef um er að ræða erlend lán, sem ekki eru tryggð í eigin eignum bankans og ekki eru studd sérstökum lagaheimildum, þá er ekki um ríkisábyrgð að ræða. Þá er ekki um ríkisábyrgð að ræða samkvæmt þessari túlkun.

Ég ætla að staldra við þetta vegna þess að auðvitað var einn vandinn í umræðunni um þetta mál og einn tilgangurinn með henni að fá hæstv. ráðh. til að lýsa því yfir þrátt fyrir allt að það væri óyggjandi og það bærist héðan út að það væri ábyrgð, og hún er auðvitað, ég vefengi það ekki, á innistæðum og sparnaði. En staða bankans gagnvart fullkominni ríkisábyrgð er alls ekki ljós, vegna þess að það liggur fyrir og það vita menn, sem þekkja til málefna Útvegsbankans, að eigið fé hans er ákaflega lítið. Og það hafa engar lagaheimildir verið lagðar fyrir hér á Alþingi vegna þeirra erlendu ábyrgðarlána, langtímalána, sem bankinn er í ábyrgð fyrir.

Aðeins að lokum, herra forseti, eitt mál. Það kemur venjulega fram í máli þeirra í Bandalagi jafnaðarmanna að þeir telja það hið versta kerfi að pólitískir fulltrúar sitji í bankaráði. Nú hef ég oftsinnis haldið því fram og held því fram af einlægni að við séum í stórum dráttum sammála um þetta og við séum kannske 90% sammála um slíka hluti, t.d. í afstöðu til ríkisbáknsins á Íslandi, fyrirferðar þess, nauðsynjar á því að minnka það, nauðsynjar á því að breyta þar starfsreglum, nauðsynjar á því að gera menn ábyrgari orða sinna og gerða þar. Og ég er líka sammála því sem lærdómi af þessu máli, sem umhugsunarefni fyrir Alþingi, að við eigum í raun og veru ekki að hafa hér nema einn ríkisbanka. Við eigum að fækka ríkisbönkum. Að því leyti tek ég t.d. undir með hv. 3. þm. Reykv. um það að það er ein af lexíum þessa máls að hraða þeirri þróun. Hér á ekki að vera nema einn ríkisbanki. Að öðru leyti á að gera bankana að einkabönkum vegna þess að bankarnir eiga ekki að vera ríkisreknar úthlutunar- og skömmtunarskrifstofur og ekki heldur góðgerðarstofnanir og það á ekki að nota þær eins og „dirigentar" Sjálfstfl. í Útvegsbanka hafa notað Útvegsbankann sem pólitíska skömmtunarskrifstofu. Og bankar eiga að vera ábyrgir, standa og falla með því. Meðan þetta kerfi er er ég hins vegar ósammála að einu leyti. Þó að það sé fásinna og ósvinna að mínu mati að alþm. séu í bankaráðum og sjóðsstjórnum, ég er sammála Bandalagsmönnum um það, tel ég að meðan þetta kerfi er við lýði sé þó skömminni til skárra að stjórnmálaflokkar hafi þarna fulltrúa. Ég nefni eitt dæmi: Skýrslan um þetta mál væri ekki á dagskrá og hefði ekki verið lögð fram í bankaráði Útvegsbankans á hádegi í gær nema vegna þess að það var að frumkvæði okkar Alþýðuflokksmanna í okkar þingflokki. Þegar við vorum farnir að fá af því raunverulegar fregnir, sem við tókum mark á, í septembermánuði að þarna stefndi allt í ógæfu ræddum við þetta mál við fulltrúa okkar í bankaráði, spurðumst fyrir um hvaða upplýsingar hefðu verið lagðar fram í bankaráðinu, fengum þau svör að þær væru nánast engar og fórum þess á leit við umræddan fulltrúa að hann krefðist slíkrar skýrslu. Þess vegna var skýrslan lögð á borðið. Þangað til hafði bankaráðið verið meira eða minna utanveltu og ókunnugt um hversu alvarlegt ástandið var.

Herra forseti. Þetta getur ekki verið seinasta orð Alþingis um þetta mál. Við höfum beðið um upplýsingar. Það má segja að í þessum umræðum hafi Alþingi þó gert hreint fyrir sínum dyrum að nokkru leyti og nokkrar upplýsingar hafi komið fram. Það er viðurkennt að þetta er mjög alvarlegt mál. Tölulegar nákvæmar upplýsingar hafa ekki komið fram. Þær munu ekki fást með þessum hætti vegna tilvísunar til ákvæða um bankaleynd. Þá er eftir að meta það: Getur Alþingi látið þar við sitja? Hér er um að ræða ríkisbanka. Hér er um að ræða banka sem lýtur þingkjörinni stjórn. Hér er um að ræða banka sem hefur verið stýrt með þeim hætti að það var alvarlegur hagsmunaárekstur þegar sami maður gegndi formennsku bankaráðs og var jafnframt stjórnarformaður þess viðskiptafyrirtækis sem er stærsti viðskiptaaðili bankans og er núna kominn í gífurleg vandræði sem enginn skyldi auðvitað hlakka yfir en er engu að síður staðreynd og verður að taka á. Ég tek undir með hv. 3. þm. Reykv. um það, og er ekki nýtt — við höfum flutt slík mál áður, Alþýðuflokksmenn — að auðvitað er þetta málefni fyrir þm. til þess að komast í botns í. Auðvitað eiga þingnefndir að starfa árið um kring. Auðvitað eiga þingnefndir að hafa rannsóknarvald í auknum mæli. Það verður að vera eitt af meginhlutverkum Alþingis, ekki aðeins að setja lög heldur líka að fylgja eftir í framkvæmd og fylgjast með framkvæmd laga, ekki síst þegar ríkisíhlutun í fjármála- og bankastofnunum er jafnríkuleg og hún er í þessu þjóðfélagi. Þess vegna geri ég ráð fyrir því að niðurstaða þessara umræðna verði að því er okkur varðar að við munum kanna mjög gaumgæfilega að flytja hér tillögu um að þingnefnd verði falið að kanna þetta mál ofan í kjölinn, leiða í ljós allar staðreyndir málsins, vegna þess að hún getur gert það þrátt fyrir ákvæði um bankaleynd. Ég tel að dæmisaga af þessu tagi sé af því tagi að þingið geti ekki látið sér það í léttu rúmi liggja eða látið það fram hjá sér fara.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég vil gera að umræðuefni orð hv. 3. þm. Suðurl. þegar hann talaði um að hér væri um lágkúrulegar vangaveltur að ræða. Ég held að ég hafi skrifað þetta alveg rétt eftir honum svo að ekkert fari á milli mála. Og hann sagði enn fremur að fyrst skuli staðreyndir koma fram áður en farið verði að dæma í málinu og nefndi í líkingum að við skyldum leyfa flugvélinni að lenda áður en væri farið að

athuga hvort eitthvað hefði verið að fluglaginu. Það er einmitt það sem verið er að biðja um hér. Þm. virðist alls ekki geta skilið það.

Einnig sagði hann, ef ég man rétt: Það er þarna sem er ruglað saman staðreyndum, gífuryrðum og flugufregnum. En sú er einmitt ástæða þess að hafið er máls á þessu máli hér, að reyna að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað. Það er einmitt kjarni málsins.

Ég tek að vísu ekki orð hv. þm. Árna Johnsen beinlínis til mín að því leyti til að ég hafi verið að fara með gífuryrði eða fleipur. Ég las að vísu upp fullyrðingar úr blöðum. Að öðru leyti voru orð mín hvorki gífuryrði né fleipur. Og til þess að fyrirbyggja að nokkuð fari á milli mála af því sem ég sagði hér áðan ætla ég að drepa á það aftur svo að það sé alveg á hreinu. Ég sagði, með leyfi forseta:

„Auðvitað hlýtur bankinn að meta hve miklu hann mundi tapa við að stoppa þessi viðskipti af og láta Hafskip fara á hausinn. Hann hlýtur að vega og meta þá möguleika sem séðir verða í stöðunni. Bankinn getur auðvitað tekið þá ákvörðun út frá einhverjum gefnum líkum að það geti verið hagstæðara allra hluta vegna að láta fyrirtækið rúlla áfram. Bankinn getur út frá þessum líkum metið stöðuna sem svo að tapið verði minna en ella hjálpi hann til við að fyrirtækið rúlli áfram og eigi með því möguleika í framtíðinni til að greiða upp skuldir sínar."

Enn fremur sagði ég, með leyfi forseta:

„Þær tryggingar, sem settar höfðu verið, voru greinilega mjög háðar breyttum aðstæðum í milliríkjaviðskiptum. Þær breytingar sköpuðust vegna utanaðkomandi aðstæðna, sköpuðust vegna gildandi markaðslögmála í heildarviðskiptum milli þjóða."

Ég get ekki betur séð en ég reyni að hafa fullan skilning á því í hverju vandamálið er fólgið, en það breytir ekki því að ástæðan til þess að farið var fram á að þetta mál skyldi rætt hér utan dagskrár er sú að það þarf að fá við þessu skýr svör, ekki endilega einmitt núna vegna þess að það virðist greinilegt að þau svör verði ekki gefin. En ég tek undir þá tillögu, sem fram hefur komið hér, að þingskipuð nefnd verði látin rannsaka þetta mál ofan í kjölinn. Það virðist greinilega ekki veita af.

Ég taldi einnig mjög mikilvægt að það væri athugað, miðað við á hvaða tíma lánin voru veitt, hvernig veðhæfni eignanna hafi verið á þeim tíma og hvort þar hafi verið um að ræða endurmat á hverjum tíma þegar ný lán voru veitt.

Eftir stendur auðvitað og fer ekki á milli mála að það er alveg ljóst að framkvæmdavaldið, ríkisstj., ber ábyrgð á þeim fyrirtækjum, sem rekin eru af því eða af hálfu þess, gagnvart löggjafanum. Það er þess vegna að það er nauðsynlegt að hér sé gerð gagngerð og nákvæm grein fyrir því hvað það er sem er á seyði. Það er alveg ljóst að það verður að gera þá kröfu, sem ég talaði um áðan, að ríkisbankarnir ásamt öðrum ríkisfyrirtækjum verði hafnir yfir slíka gagnrýni og að komið verði í veg fyrir hana með því að gera nauðsynlegar breytingar á þeim og starfsemi þeirra. Og þar er ég ósammála hv. 5. þm. Reykv. sem taldi að upplýsingarnar mundu ekki hafa komið fram ef bankaráðsmaður, og það bankaráðsmaður á vegum flokka, hefði ekki beðið um skýrslu. Þetta var allt að meira eða minna leyti komið fram í blöðunum. Við höfum alveg eins getað hafið þessa umræðu hér þó að það hefðu ekki verið bankaráðsmenn á vegum flokkanna inni í bankaráðunum.

Ég ætla ekki að fara að rengja orð hæstv. iðnrh., en reynist þau orð hans rétt að hann hafi sem formaður bankaráðs Útvegsbankans ekki haft nein afskipti af málefnum Hafskips finnst mér það beinlínis vera ámælisvert að hann skuli ekki hafa gert það á þeim tíma. Auðvitað átti hann að hafa glöggt yfirlit yfir stöðuna og gera athugasemdir þær sem nauðsynlegar voru á hverjum tíma og bregaðst við og gefa skýrslu og helst að koma hér inn á Alþingi og gefa þá skýrslu.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það hefur verið beint til mín nokkrum fsp.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði hvað liði störfum bankanefndarinnar eða hinnar svokölluðu Gylfanefndar sem Gylfi Þ. Gíslason er formaður fyrir. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum. Ég mun eiga viðræður við formann nefndarinnar á morgun eftir hádegi.

Ég vil bæta því við að ég mun leggja mig fram um að þessi nefnd ljúki störfum. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisbönkunum beri að fækka. Þeir verða stærri og sterkari einingar eftir því sem þeir verða færri. En eins og jafnan áður verður að nást um það nokkuð breið samstaða hér á hv. Alþingi. Ég man ekki hversu mörg ár eru síðan alvarlegar viðræður áttu sér stað um sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka, en um það náðist ekki pólitísk samstaða eins og þm. eflaust rekur minni til.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði að bankarnir lánuðu sérstökum gæludýrum og nefndi einkum þrjú fyrirtæki. Eitt þeirra var Hafskip sem hér hefur verið mjög til umræðu. Annað var Skeljungur sem ég held að sé nú með betri fyrirtækjum á landinu. Þriðja er sálað. Það hét Olíumöl og hefur oft komið á dagskrá. Minntist hv. þm. á forustumann í því félagi, formann þingflokks Sjálfstfl., og sagði að þetta hefði verið eitt af gæludýrum Sjálfstfl. Mig skortir þá mjög minni ef það er ekki rétt munað hjá mér að framkvæmdastjóri þessa félags hafi verið einn af frammámönnum Alþb. í nágrannakaupstað höfuðborgarinnar sem ég held að hafi aldrei brugðist Alþb. Mér þykir ansi hart af hv. 3. þm. Reykv., formanni Alþb., að segja um þennan ágæta Alþýðubandalagsmann að hann hafi verið gæludýr Sjálfstfl.

Hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagðist treysta því að það yrði aukið eftirlit með bönkum og bankastarfsemi í landinu. Vitaskuld má alltaf um það deila á hverjum tíma hvort eftirlitið sé nógu gott og eftirlit þarf víða, það vitum við. En vegna þess sem hún sagði og sömuleiðis hv. 3. þm. Reykv. varðandi eftirlit, þá tók ég fram í yfirliti mínu að það hefði verið lagt fram fyrsta bréfið fyrir viðskrh. varðandi Hafskip á þessu ári 30. júlí. Þar kemur fram að tryggingastaða bankans var veikari en talið hafði verið áður. „Það er ljóst", segir hér, „að málið þurfti mun nánari athugunar við, einkum að því er varðaði möt á eignum sem bankinn hefur veð í." Síðan eru þessar tölur endurskoðaðar og sendar ráðuneytinu 9. sept. og loks berst þessi ítarlega endurskoðun, sem ég gerði að umræðuefni og er miðuð við 30. júní en staða Hafskips við 30. okt., mér í hendur 21. okt. s.l.

Ég vil út af þessum athugasemdum hv. 3. þm. Reykv. minna á að athuganir hafa verið gerðar af bankaeftirlit-

inu hjá Útvegsbanka Íslands á undanförnum árum sem hér segir: 31. mars 1975, 14. okt. 1977 og 7. nóv. 1977. Þessar tvær athuganir eru sérstök athugun á Hafskipi hf. Síðan er aftur athugun 30. nóv. 1978 og því næst 25. apríl 1980, þ.e. frá lánadeild og bankaeftirliti, og sú athugun sem er núna miðuð við 30. júní 1985 og ég var að skýra frá.

Þessar sérstöku athuganir hafa verið gerðar, en vitaskuld hafa verið gerðar margvíslegar athuganir innan hagdeildar bæði þessara banka og annarra.

Menn eru eitthvað að furða sig á þeim miklu breytingum sem hafa orðið á rekstri Hafskips, en þá er á að líta að á árinu 1984 verður mikil raunlækkun farmgjalda hjá íslensku skipafélögunum. Raunlækkun farmgjalda tel ég að hafi fyrst og fremst orðið vegna hinnar miklu samkeppni. Ég hygg að svo sé þó að ég geti ekki dæmt um það. Það verður um leið, eins og allir vita, stórfelldur samdráttur á flutningum fyrir varnarliðið. Það verður gengislækkun krónunnar um haustið, meiri gengislækkun en stjórnvöld höfðu reiknað með í kjölfar samninga eins og allir vita og að lokum tefur verkfall BSRB siglingar og afgreiðslu á flutningi vara. Allt þetta er talið að hafi kostað þetta eina fyrirtæki á árinu hvorki meira né minna en nokkuð á þriðja hundrað milljónir. Og mér þykir líka rétt að geta þess til þess að varpa enn skýrara ljósi á það sem hefur verið að gerast í sambandi við mat og matsreglur að þrjú skip félagsins, Selá, Skaftá og Rangá, voru metin á 6 millj. bandaríkjadala fyrir um það bil tveimur árum, en þegar verið er að ræða og endurskoða þetta mat er það núna innan við þriðjung af þessu mati. Og er þá að furða þó að hafi orðið allsnögg umskipti á þessum árum? Ég held að menn verði að taka þetta allt með í reikninginn þegar þeir tala um þessa stöðu. Ég sé enga ástæðu til annars en að ítarleg skýrsla verði gefin um viðskipti banka almennt.

Ég vil að fram komi út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. ræddi um, að viðskrh. fengi reglubundnar skýrslur frá bankaráði, að þetta er tryggt þegar nýju lögin koma til framkvæmda um næstu áramót. Þá er gert ráð fyrir að viðskrh. skipi sérstakan löggiltan endurskoðanda við hvern ríkisviðskiptabanka. Þessir endurskoðendur verða því trúnaðarmenn viðskrn. til hliðar við bankaeftirlitið. Þessi ákvæði laganna eiga að tryggja aukið upplýsingastreymi beint frá endurskoðendum til ráðuneytis og bankaeftirlitið kemur til með að starfa áfram. Því er með þessu lögð áhersla á vilja nokkurra þeirra hv. þm. sem hér hafa talað.

Það sýnir afskaplega mikinn ókunnugleika, eins og hjá hv. 1. landsk. þm., þegar talað er um þetta eins og komið sé fyrir togurum og hvort það séu einhverjar tryggingar til. Við vitum að þróun gengismála á undanförnum árum hefur verið með þeim hætti að þegar dollarinn hækkaði einu sinni á milli ára um 127 eða 128% þýddi það að skuldir hækkuðu um sömu upphæð, eigið fé þeirra manna sem áttu fiskiskipin brann upp á nokkrum mánuðum. Hvað átti þá að gera? Átti strax að stöðva útgerðina og bjóða upp skipin? Nei, það voru settar skrúfur á menn að borga til stofnlánasjóðsins meira af bráttóafla. Útgerð þessara dýru innlendu skipa, skipa sem byggð voru hér heima, fékk ekki staðist. Þess vegna hafa farið fram þau uppboð þar sem Fiskveiðasjóður hefur boðið í þessi skip og fengið þau, en aðrir sjóðir hafa tapað sínu. Á að reka alla sem hafa stjórnað þessum sjóðum og hafa lánað vegna þessa atburðar? Er þetta fyrir slæman rekstur? Er þetta fyrir óaðgæslu? Hvað hefði verið gert? Þetta er fyrir það að við höfum lifað í það mikilli verðbólgu að við höfum ekki náð tökum á gengisskráningunni á þessu tímabili fyrr en nú að það hefur nokkuð rofað til. Þetta finnst mér að allir verði að hafa í huga.

Mér fannst ansi mikil fullyrðing hv. 5. þm. Reykv. um pólitíska skömmtunarskrifstofu Sjálfstfl. í bönkum. Ég veit ekki til að það sé nema einn maður af þremur bankastjórum í bönkum sjálfstæðismaður. Það er verið að gera lítið úr þeim hinum ef þeir sem eru sjálfstæðismenn eiga öllu að ráða þar. Ég held að þeir séu töluvert fyrir sér hinir líka. En vitaskuld vil ég ekki hugsa svona. Ég hef talað við bankastjóra á liðnum árum og áratugum og það fyrir fleiri fyrirtæki en hv. 5. þm. Reykv. sagði mig hafa rekið. Ég hef líka rekið sjálfstæða útgerð o.fl. o.fl. Ég hef ekkert síður átt góð samskipti við bankastjóra sem hafa verið pólitískir andstæðingar mínir. Þeir hafa metið og vegið það sem maður hefur komið með á hverjum tíma. Mér finnst leiðinlegt að svona fullyrðing komi fram og ég mótmæli algerlega þeirri fullyrðingu hv. 5. þm. Reykv. að það sé lagður pólitískur þrýstingur á Eimskipafélag Íslands eða stjórnendur þess félags að kaupa Hafskip. (Gripið fram í.) Ég verð að segja að stjórn Eimskipafélags Íslands verður ein og sjálf að ákveða hvort hún vill ganga inn í þessi kaup eða ekki. Ég segi fyrir mitt leyti: Ekki vil ég taka neina ábyrgð á því sem viðskrh. að ég hafi þrýst á stjórnendur Eimskipafélagsins að ganga lengra en þeir telja sér fært að ganga. En við megum ekki heldur gleyma því, eins og ég sagði hér áðan, að auðvitað ætla þeir að selja þennan flota, telja hann úreltan. Eimskipafélagið hefur rekið þá stefnu að endurnýja mjög oft sín skip.

Eimskipafélagið hefur oft orðið fyrir þungum búsifjum á langri starfsævi þess félags, en þetta félag hefur verið þróttmikið og hefur mikið lagt til þjóðarbúsins og það var mikill fengur þegar það var stofnað og það hefur verið fengur í því allan þann tíma sem það hefur verið rekið.

Við skulum ekki heldur líta fram hjá því að Hafskip hefur verið rekið í 27 ár. Það er margfalt yngra félag en Eimskipafélagið og það hefur aldrei náð traustleika í eiginfjárstöðu neitt á við Eimskip. En Hafskip hefur líka, eins og Eimskip, skilið mikið eftir sig. Það hefur haldið uppi atvinnu fyrir marga. Það hefur borgað sína skatta og skyldur til samfélagsins á hverjum tíma. Allt þetta er mikils virði. Þess vegna finnst mér leitt að hv. 5. þm. Reykv., sem sagðist vera hluthafi í Eimskipafélaginu, — ég veit ekki hversu mikið hann á, enda varðar mig ekkert um það, en sennilega er hann ekkert mjög stór, þó vil ég alls ekki gera mjög lítið úr hans hlutafjáreign, — skuli segja alveg skilyrðislaust: Ég vil ekki að Eimskip kaupi. Mér finnst það ansi hart gengið. Ég á smáhlut, ábyggilega bara 1/10 á við formann Alþfl., í Eimskip. Ég vil ekki segja við stjórnendur Eimskips: Þið eigið ekkert að hugsa um það. Ef stjórnendur Eimskips telja það heppilegt vegna viðskipta verð ég að treysta þeim. Þeir hafa verið kjörnir í stjórn þessa félags og þetta eru reyndir menn og með duglegan og þróttmikinn forstjóra sem hefur sýnt að hann stendur fyrir sínu. Þess vegna vil ég sem lítill hluthafi á við 5. þm. Reykv. ekki taka svona upp í mig alveg á stundinni eins

og hann gerði.

Ég held að ég hafi ekki alveg farið með réttar dagsetningar þegar ég sagði að mat trygginga hefði lækkað. Ég held að ég hafi sagt í byrjun júní. Það var frá 28. júní til 9. okt. ef ég hef ekki farið alveg með rétta dagsetningu. En það rýrnaði yfir 20%. Á þessu sjá menn hvað rýrnun trygginga hefur verið ör.

En umfram allt ætla ég, áður en ég lýk máli mínu, að segja að ég tel að það sé miklu meira í húfi en það hvort Útvegsbankinn starfi áfram sem sjálfstæð stofnun eða ekki. Útvegsbankinn hefur lagt þessu þjóðfélagi mikið og gott til á liðnum árum. Hann hefur oft orðið fyrir skakkaföllum, en hann hefur líka oft gert vel. Og hvað sem verður um hann getur ekkert okkar á þessari stundu, þó öll gögn væru í höndunum, sagt: Hvað verður tapið mikið? Það liggur ljóst fyrir að það verður töluvert. En hitt er mitt höfuðáhyggjuefni, ef þessari lánastofnun verður lokað, hvað á að gera við alla viðskiptamenn Útvegsbankans, útgerð, iðnað, verslun, sveitarfélög og fjölmarga einstaklinga. Það mundi verða stórfelld stöðvun atvinnutækja í landinu og stórfellt atvinnuleysi af völdum þess vegna þess hversu erfiðlega gengur að komast í viðskipti hjá öðrum bönkum sem telja sig ekki vera aflögufæra. Þetta finnst mér vera langstærsta og mesta málið. Hin málin eru nógu stór og erfið. En ég skal heita því sem viðskrh. að fylgja eins og mögulegt er þessum málum eftir, bæði við Útvegsbankann og sömuleiðis í samvinnu við Seðlabanka og bankaeftirlit. Ég vona sem sagt að það verði úr samningum við Eimskipafélag Íslands, en ég geri mér grein fyrir að þar getur oltið á ýmsu og það er ekkert hægt að fullyrða í þeim efnum. Það verður fyrst og fremst að vera ákvörðun stjórnar Eimskipafélags Íslands hvort það fari út í þessi kaup eða ekki.

Efnisskrá.

Athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur (46. mál) 609.
Barnalög (27. mál) 516.
Einkarekstur á heilsugæslustöðvum (38. mál) 604.
Endurmenntun vegna tækniviðingar (55. mál) 505.
Fjárlög 1986 (1. mál) 517, 550.
Húsnæðisstofnun ríkisins (89. mál) 588.
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga (85. mál) 612.
Kennsluréttindi í grunnskólum (30. mál) 602.
Land í þjóðareign (67. mál) 577.
Lánsfjárlög 1986 (2. mál) 553.
Leit að brjóstakrabbameini (45. mál) 607.
Mismunun gagnvart konum hérlendis (64. mál) 616.
Orka fallvatna (59. mál) 514
Orkulög (67. mál) 515.
Raforkuverð til álversins í Straumsvík (111. mál) 616.
Skattfrádráttur fyrir fiskvinnslufólk (28. mál) 497.
Tekjuskattur og eignarskattur (76. mál) 516, 584.
Tekjuskattur og eignarskattur (80. mál) 580, 588.
Tekjustofnar sveitarfélaga (65. mál) 505, 577.
Umræður utan dagskrár (viðskipti Hafskips og Útvegsbankans) 616.
Varamaður tekur þingsæti 497, 549.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 517, 549, 611, 616.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 497, 576.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 497.
Forseti Nd. Birgir Ísl. Gunnarsson 515, 516.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 587.
Félmrh. Alexander Stefánsson 513, 613, 615.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 517, 550, 553, 573.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 605, 607, 608, 610, 611.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 568, 646.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 512, 602.
Samgrh. Matthías Bjarnason 623, 660.
Árni Johnsen 650.
Eyjólfur Konráð Jónsson 566.
Friðrik Sophusson 505, 642.
Geir Gunnarsson 529.
Guðmundur Bjarnason 541.
Guðrún Agnarsdóttir 515, 594, 602, 603, 607, 608, 609, 610, 612.
Halldór Blöndal 596.
Helgi Seljan 563.
Hjörleifur Guttormsson 514, 579.
Jóhanna Sigurðardóttir 505, 516, 580, 584, 637.
Jón Kristjánsson 561.
Jón Baldvin Hannibalsson 616, 652.
Kjartan Jóhannsson 515
Kristín S. Kvaran 497, 537, 627, 658.
Kristín Halldórsdóttir 546.
Ragnar Arnalds 556, 575.
Sighvatur Björgvinsson 502, 533, 577.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 568, 575.
Steingrímur J. Sigfússon 588.
Sturla Böðvarsson 612, 614.
Svavar Gestsson 531, 604, 606, 607, 635.
Valdimar Indriðason 639.

Efri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Stefán Benediktsson): Deildinni hafa borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 18. nóv. 1985.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Kristjana Milla Thorsteinsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Salome Þorkelsdóttir,
4. þm. Reykn."

Kristjana Milla Thorsteinsson hefur setið áður á þingi á þessu kjörtímabili. Kjörbréf hennar hefur þegar verið rannsakað og bjóðum við hana velkona til starfa.

Enn fremur hefur borist annað bréf:

„Reykjavík, 18. nóv. 1985.

Þar sem ég af heilsufarsástæðum get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Helgi Seljan,
2. þm. Austurl."

Sveinn Jónsson verkfræðingur hefur setið á þingi þetta kjörtímabil. Kjörbréf hans hefur verið rannsakað og samþykkt. Það er eingöngu því um að kenna að hv. þm. varð fyrir töfum í flugi að hann er ekki mættur þegar á þennan fund, en hann mun vera væntanlegur þar sem flugvél hans mun vera að lenda í þessu augnabliki.

Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv. 65. mál (þskj. 67). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73 frá 26. nóv. 1980. Hér er um að ræða frv. sem miðar að því að hækka framlag til landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem hefur verið til þessa 1% af vergum tekjum sjóðsins, og hækka það í 1,16% vegna þess að hér er um að ræða að landshlutasamtökunum, sem hafa skipt þessu á milli sín, hefur nú fjölgað. Þau voru áður sex að tölu, en það breyttist með skiptingu landshlutasamtaka hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu því að nú er búið að stofna Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum hins vegar. Þessi tvenn samtök hafa ekki fengið nema sem svarar hálfu framlagi á við önnur landshlutasamtök til þessa. Það hefur verið samdóma og sammála ósk Sambands ísl. sveitarfélaga og samtakanna allra að þetta yrði leiðrétt og þess vegna er þetta frv. nú flutt. Um þetta er ekki ágreiningur meðal samtaka sveitarfélaga og þar af leiðandi er eðlilegt að verða við því sem frv. fjallar um.

Frv. var til meðferðar í hv. Nd. sem varð sammála um afgreiðslu þess. Það kemur óbreytt frá Nd. til Ed. Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta meira mál. Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. alþm. að landshlutasamtökin hafa unnið sér fastan sess á sviði sveitarstjórnarmálefna hér á landi. Þau gegna þýðingarmiklu hlutverki til að vinna að svæðisbundnum verkefnum fyrir sveitarfélögin í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga. Framlag það sem hér um ræðir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur ásamt beinum framlögum sveitarfélaganna sjálfra skapað landshlutasamtökum þann fjárhagslega grundvöll sem þeim er nauðsynlegur.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þetta frv. sem ég tel mikið réttlætismál. Lögin sem nú gilda gerðu ráð fyrir þeim samtökum sveitarfélaga sem þá voru til. Síðan voru Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum stofnuð og urðu þau til vegna þess að byggðarlögin þar syðra töldu sig eiga meira sameiginlegt innbyrðis en með höfuðborgarsvæðinu. Þessi landshlutasamtök, Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, hafa gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki. Þau hafa beitt sér fyrir hinum ýmsu málum sem hafa horft til heilla fyrir Suðurnesjabyggðir og náð samkomulagi um rekstur hitaveitu, sorpeyðingarstöðvar, sjúkrahúss o.fl. o.fl.

Svo er komið að margir taka þessi samtök til fyrirmyndar um hvernig eigi að vinna saman. Jafnvel er um það talað nú að hugsanlegt sé að sameina öll sveitarfélögin á Suðurnesjum í eitt sveitarfélag, en sjálfsagt verður tíminn úr því að skera.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh. að sveitarfélögin á Suðurnesjum eða samtök þeirra og samtökin á höfuðborgarsvæðinu hafi skipt framlaginu á milli sín. Það hefur verið svo síðustu árin, en í upphafi tók Magnús H. Magnússon, sem þá var félmrh., þá ákvörðun að Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum fengju jafnt og önnur samtök sveitarfélaga. Síðan var það af tekið þar sem talið var að það hefði ekki stuðning í lögum. Því er nauðsynlegt að leiðrétta þetta misrétti, leiðrétta misrétti sem ótækt er að verði látið viðgangast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Hitaveita Reykjavíkur, frv. 105. mál (þskj. 115). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er á dagskrá, lagði ég fram á seinasta þingi, en það hlaut þá ekki ýkjamikla umfjöllun, enda seint fram komið. Vildi ég nú hafa varann á og koma þessu máli fram eilítið fyrr í þeirri von að það fengi þar með meiri umfjöllun en gafst á seinasta þingi.

Hér er um að ræða breytingu á lögum nr. 38 frá 12. febr. 1940, um Hitaveitu Reykjavíkur. Þessi lög eru,

eins og dagsetningar segja til um, nokkuð öldruð orðin og sniðin að eilítið öðruvísi aðstæðum en nú ríkja. Eins og menn vita hafa þær hitaveitur sem stofnað hefur verið til síðar, eins og t.d. Hitaveita Suðurnesja, ekki eingöngu fengið heimild til þess að selja heitt vatn til upphitunar heldur líka til þess að framleiða og selja rafmagn. Nú stendur fyrir dyrum hjá Hitaveitu Reykjavíkur gífurlega mikil aukning í öflun heits vatns. Því tel ég ráðlegt að menn hafi í hendinni þann möguleika að geta nýtt það vatn sem upp kemur, ekki eingöngu til þess að selja það og dreifa því til þess að hita upp hús, heldur líka, ef möguleiki er á, til þess að framleiða og selja rafmagn. Þar sem ég tel að ekki sé ráð nema í tíma sé tekið finnst mér ekki úr vegi að þessum lögum sé breytt nú þegar til þess að opna fyrir þennan möguleika.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki nema í fjórum greinum og er þar um að ræða lítils háttar breytingar á þremur greinum núgildandi laga.

Fyrsta og stærsta breytingin er á 1. gr. núgildandi laga þar sem orðalagi verði breytt. Hætt yrði að tala um bæjarstjórn Reykjavíkur, en talað um borgarstjórn. Greinin mun þá hljóða svo eftir breytinguna, ef af yrði:

„Borgarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu er nefnist Hitaveita Reykjavíkur. Verkefni fyrirtækisins er að virkja jarðhita í þeim tilgangi að selja heitt vatn til upphitunar og framleiða og selja rafmagn."

Eins og áður sagði hljóða núgildandi lög öll upp á bæjarstjórn Reykjavíkur sem nú er orðin borgarstjórn. Er það í sjálfu sér ekki alvarlegt atriði eða mikilvægt, en eðlilegt að breyta því þar sem á annað borð er verið að gera breytingar.

Einnig er í 1. gr. laganna, þeim sem nú gilda, kveðið mjög skýrt á um rétt eða einkaleyfi Hitaveitu Reykjavíkur til að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið. Þarna mun hafa verið á ferðinni ekkert ósvipaður hugsunarháttur og upp hefur komið í umræðunni um boðveitur í dag. Á þessum tíma voru allir möguleikar til í því hver eða hvaða aðili annaðist dreifingu heits vatns um bæjarlandið og gat alveg eins farið svo að það gerðu einkaaðilar. Þessum lögum var ætlað að koma í veg fyrir það. Þeim var ætlað í raun og veru að leggja ábyrgðina á dreifingu heits vatns um bæjarlandið algerlega á herðar eins aðila og þar af leiðandi ábyrgðina á því að fullnægja eftirspurn um leið. Ég tel ekki ástæðu til þess lengur að halda þessu ákvæði í lögunum, ekki vegna þess að ég vilji þar með opna leið til þess að aðrir aðilar geti farið að selja og dreifa heitu vatni hér á bæjarlandinu heldur einfaldlega vegna þess að það er ekki lengur um það að ræða að nokkur aðili hafi áhuga á slíku eins og málum er nú fyrir komið.

Í 2. gr. þessa frv., sem fyrir liggur, er brtt. við 5. gr. núgildandi laga og þar segir:

„Hitaveita Reykjavíkur setur gjaldskrá um verð þeirrar raforku er hún selur. Gjaldskráin öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnrh. og birt í Stjórnartíðindum."

Þessi grein er algerlega samhljóða að öðru leyti en því að talað er um Hitaveitu Reykjavíkur en ekki annan aðila. Hún er í samræmi við 10. gr. laga nr. 100 frá 1974, lögin um Hitaveitu Suðurnesja.

Í 3. gr. frv., sem hér liggur fyrir, segir:

„Á eftir 9. gr. núgildandi laga komi ný grein er orðist svo:

Af efni, tækjum og vélum til þeirra orkuvera, sem Hitaveita Reykjavíkur reisir, skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt."

Þetta er efnislega í samræmi við gildandi lög nr. 21 1974, lög nr. 100/1974 og lög nr. 105/1974, þ.e. lögin sem varða Kröflu, Hitaveitu Suðurnesja og Bessastaðaá. Er hér í raun og veru ekki ætlast til neins annars en að það sama gildi um þetta orkusölufyrirtæki og önnur orkusölufyrirtæki á landinu.

Hvað viðkemur 2. gr. frv., þ.e. að gjaldskrá öðlist ekki gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnrh. og birt í Stjórnartíðindum, er þetta, eins og ég sagði áðan, til samræmis við núgildandi lög um orkusölufyrirtæki sem til eru. Ég verð að viðurkenna að sjálfur sé ég ekki neinn beinan tilgang eða beint markmið í því að iðnrh. samþykki gjaldskrár fyrirtækja sem þessara, en það hlýtur að vera eðlilegt að jafnt gangi þarna yfir alla.

Heildarmarkmið þessa frv. er í sjálfu sér mjög einfalt. Það er eingöngu að afla Hitaveitu Reykjavíkur sams konar heimildar til raforkuframkvæmda og önnur sambærileg orkuver hafa og þá er ég að horfa til framtíðarvirkjunar á hendi Hitaveitu Reykjavíkur.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og iðnn. þessarar deildar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín nú að fara að ræða þetta frv. efnislega. Það kemur væntanlega í nefnd sem ég á sæti í. En mér þykir eðlilegt að heyra í þessari umræðu, áður en frv. verður vísað til iðnn., hvað hæstv. iðnrh. hefur fram að færa í þessu máli. Ég stend því hér upp af formsástæðum, ef svo mætti segja, og vildi gera það að tillögu minni að umræðunni yrði ekki lokið nú þannig að iðnrh. hefði tækifæri til þess að tjá sig um málið við 1. umr.

Forseti (Stefán Benediktsson): Til upplýsingar fyrir hv. þdm. og þá einnig hv. síðasta ræðumann, 4. þm. Vestf., skal það upplýst að eftir þeim upplýsingum sem fyrir mér liggja er iðnrh. á leiðinni og ég á sterklega von á því að hann verði kominn áður en þessari umræðu lýkur. Í þeirri von hóf ég umræðuna.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. E.t.v. hefði ég getað sparað mér sporin hingað í ræðustólinn, fyrst og fremst vegna þess að ég á sæti í iðnn. þessarar deildar, en ég vildi þó ekki láta hjá líða að standa upp og segja nokkur orð.

Það er rétt hjá hv. flm. þessa frv. að lögin um Hitaveitu Reykjavíkur eru orðin ævagömul, eða frá því um 1940, þannig að ljóst er að þau lög eru að ýmsu leyti úrelt. Hins vegar megum við ekki gleyma því að löngu eftir að þau lög voru sett voru sett orkulög og felldur inn í orkulög sérstakur kafli um hitaveitur. Fjölda hitaveitna hefur verið komið á fót og þær hafa tekið til starfa og þeirra starfsemi grundvallast m.a. á þeim kafla um hitaveitur sem ég gat um og er í orkulögum.

Hv. flm. gat um að ein meginbreytingin, sem er í 1. gr. frv., felur í sér að borgarstjórn komi í stað bæjarstjórnar, ásamt með því að þar er gert ráð fyrir að hitaveitan öðlist rétt til þess að framleiða og selja rafmagn. En hitt er ljóst að í velflestum greinum laganna um Hitaveitu Reykjavíkur frá 1940 er getið um

bæjarstjórn en ekki borgarstjórn. Á þessu sjáum við að það hefur verið ástæða til að taka þessi lög til athugunar, endurskoðunar og umorðunar.

Ef ég skil hv. flm. rétt er meginefni þessa frv. að Hitaveitu Reykjavíkur verði veittur réttur til að framleiða og selja rafmagn. Nú leikur mér forvitni á að vita hvort slíkar tillögur — fyrir það fyrsta hugrenningar og í öðru lagi tillögur — eru uppi af hálfu forsvarsaðila Hitaveitu Reykjavíkur, bæði þeirrar stofnunar sem rekin er á sérstökum reikningi og hins vegar í borgarstjórn Reykjavíkur. Ég tel að hér sé lögð til svo mikil breyting að því er varðar 1. gr. frv. að hjá því verði ekki komist að leita upplýsingar frá hv. flm. um hvort slíkar óskir liggja fyrir af hálfu borgaryfirvalda.

Hvað snertir 1. gr. þykir mér nokkuð einkennilegt, og þá vísa ég til samanburðar við til að mynda Hitaveitu Suðurnesja, að í þessari grein er ekki gert ráð fyrir neinum skorðum að því er varðar orkumagn, framleiðslu hennar eða sölu. Þá er ég með rafmagn í huga. Þar eru engar skorður. Er það fyrirhugað af hálfu flm. að þessi heimild verði ótakmörkuð? Að vísu koma orkulög þarna til skjalanna.

2. gr. er að mínum dómi gersamlega óþörf vegna þess að í orkulögum stendur, með leyfi forseta, þ.e. í kaflanum um hitaveitur:

„Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að starfrækja hitaveitu skv. lögum þessum og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá er ráðherra staðfestir."

Eftir því sem ég veit best setja í raun allar orkuveitur landsins gjaldskrá sem er háð staðfestingu ráðherra. Að vísu er Landsvirkjun ekki háð slíkum ákvæðum. Menn minnast frv. sem hér var til umfjöllunar líklega á haustdögum 1983. Út voru gefin brbl. fyrir tilstilli hæstv. fyrrv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar um að gjaldskrár Landsvirkjunar þyrftu að hljóta staðfestingu iðnrh. Við munum það allir, hv. alþm., að þau lög fengu ekki staðfestingu á hv. Alþingi.

Varðandi 3. gr. er það alveg ljóst að a.m.k. síðan 1981 hefur Hitaveita Reykjavíkur notið eftirgjafar að því er varðar aðflutningsgjöld og söluskatt af efni og tækjum og vélum sem talist hafa nýbúnaður. Það hefur ekki verið um það að ræða að niður hafi verið felld aðflutningsgjöld og söluskattur vegna lagnanna sjálfra.

Hv. flm. gat um að á vegum Hitaveitu Reykjavíkur væri í þann mund verið að ráðast í mjög miklar framkvæmdir. Því miður er hæstv. iðnrh. ekki hér og eru margir sem harma það og ég er einn þeirra. Hins vegar má vel vera að hv. flm. hafi kynnt sér málefni Hitaveitu Reykjavíkur svo vel að hann geti upplýst mig um hvort til orða hafi komið á vegum borgarinnar og á vegum Hitaveitu Reykjavíkur að kaupa raforku af Landsvirkjun við góðu verði til upphitunar vatns, einfaldlega vegna þess að það er mikil raforka umfram í orkukerfinu, eins og kunnugt er, og hvort slík ráðstöfun gæti hugsanlega byggt undir það að hægja á og seinka framkvæmdum þeim sem hv. flm. þessa frv. drap á. E.t.v. hefur hv. flm. eitthvað að segja okkur deildarmönnum um þetta efni.

En aðalatriðið varðandi frv. er í mínum huga þetta: Eru uppi óskir af hálfu borgaryfirvalda í Reykjavík þess efnis að Hitaveita Reykjavíkur stofni til raforkuframleiðslu og raforkusölu í náinni framtíð?

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar ekki um marga þætti. Það er um *nafnbreytingu* og það að Hitaveita Reykjavíkur megi framleiða rafmagn og selja það. Það er atriði sem má teljast stórt. Það er svo háttað með Hitaveitu Suðurnesja að sú hitaveita framleiðir rafmagn og það var ekki átakalaust að það leyfi fékkst. Það voru alls konar mótbárur gegn því í embættismannakerfinu að leyfi til þess fengist og það mál leystist ekki fyrr en Bragi Sigurjónsson, sem var um skamman tíma ráðherra, ráðherra Alþfl., gaf út brbl. til að heimila þessa raforkuframleiðslu sem hefur orðið til mikilla heilla fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Sú hitaveita getur framleitt rafmagn á margfalt ódýrara verði en Landsvirkjun framleiðir.

Þessa raforku notar hitaveitan til eigin þarfa, en það sem umfram er verður hún að selja til Landsvirkjunar og síðan verða Suðurnesjamenn að kaupa raforkuna miklu dýrara verði en hægt væri að selja Suðurnesjamönnum hana á. Slíkt er ótækt og óréttlátt og þarf að breyta.

Ég sé ekki af hverju byggðir, sem hafa tækifæri á að framleiða rafmagn, mega ekki gera það, rafmagn sem er margfalt ódýrara en það rafmagn sem menn þurfa að kaupa af Landsvirkjun sem er eitthvert það dýrasta rafmagn sem til er í veröldinni. Ég sé ekki að sé rétt að skylda menn til að nota það. Ef menn geta gert hlutina ódýrari eiga menn að fá leyfi til þess. Ríkið á ekki að þvælast fyrir í þeim efnum. Það er skiljanlegt að ríkið vilji vernda sína hagsmuni og selja mönnum þetta dýra rafmagn þannig að þessar byggðir gjaldi fyrir offjárfestingu eða vitlausa fjárfestingu ríkisins í orkumálum. Ég er andvígur því og tel að það sé mjög réttlátt að hitaveitur, ef þær geta það, fái að framleiða rafmagn og selja til sinna notenda. Þess vegna tel ég þetta frv. mjög athyglisvert.

Ég verð að játa að ég hef ekki þekkingu á því hvort Hitaveita Reykjavíkur hefur möguleika á að framleiða rafmagn, en mér þykir það mjög líklegt. Vafalaust kemur það fram í iðnn. við frekari skoðun hvort svo er.

Að síðustu vil ég lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. og vænti þess að í iðnn. getum við fengið allar fyllstu upplýsingar í þessum efnum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Þegar flm. þessa frv., hæstv. forseti Ed. Stefán Benediktsson, flutti framsöguræðu sína fannst mér að þetta mál væri sjálfsagt og þyrfti ekki mikilla umræðna við. Ég bjóst því við að hér yrðu litlar umræður eftir hans framsöguræðu þar sem hann skýrði þetta mál og benti á hvað þetta væri í eðli sínu sjálfsagt, en sú hefur ekki orðið raunin á. Vera má að þær umræður, sem hér hafa farið fram, séu ákveðin vinnuskipulagning forsetanna. Ég á við að varaforseti hafi séð að eyða var að skapast í starfsemi deildarinnar og hann hafi þá stutt aðalforsetann í því að halda áfram störfum deildarinnar um tíma þar til ráðherra hefði tíma til að mæla fyrir sínum málum. Þetta er í eðli sínu góð skipulagning og til hennar gripið til þess að missa ekki þm. af vinnustaðnum.

Ég vildi fylgja eftir öðrum nm. úr iðnn., sem voru búnir að koma upp hver á fætur öðrum, og lýsa yfir stuðningi mínum við þetta mál. Ég tel það alveg sjálfsagt að lögum um Hitaveitu Reykjavíkur verði breytt á þann veg að ekki standi þar lengur bær heldur

borg og einnig tel ég að það sé ekki neitt því til fyrirstöðu að Hitaveitu Reykjavíkur verði leyft að framleiða rafmagn ef borgarstjórn dytti einhvern tíma slíkt í hug í samkeppni við Reykjavíkurborg sem er einn af aðaleigendum Landsvirkjunar.

Málið verður sjálfsagt grandskoðað og rætt eins vel í iðnn. og í stefnir að það verði rætt hér. Ég efast ekki um að frv. fái eðlilegan og góðan gang í gegnum þingið.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Vesturl., til varnar hv. 5. þm. Vesturl. vil ég benda á að öll verksummerki bentu til þess að hann mætti mjög vel lesinn til þessarar umræðu. Ég held því að það sé ekki hægt að halda því fram að til hennar hafi verið stofnað af tilviljun, eingöngu til þess að fylla upp í eyður.

Ég verð aftur á móti að lýsa yfir undrun minni á skyndilega upp kominni stofnanaþægð hv. 5. þm. Vesturl. sem spurði ítrekað eftir því hvort Hitaveita Reykjavíkur eða borgaryfirvöld Reykjavíkur hefðu æskt eftir þessari breytingu. Ég verð að minna hann á í framhjáhlaupi að ég er 8. þm. Reykv. og tel mig fulltrúa þeirra allra en ekki aðeins stofnana Reykjavíkurborgar. Í raun og veru skiptir því kannske engu máli hvort Hitaveita Reykjavíkur eða borgaryfirvöld hafa yfirleitt áhuga á þessu máli ef borgarbúar hafa áhuga á því.

Aftur á móti get ég upplýst hv. 5. þm. Vesturl., ef það róar hans geð eitthvað, um að forráðamenn Hitaveitu Reykjavíkur hafa áhuga á að hafa þessa möguleika eða þessa heimild og borgaryfirvöld einnig, að svo miklu leyti sem þau hafa um málið fjallað, en hnífurinn stendur náttúrlega þar í kúnni að borgaryfirvöld hafa ekki möguleika á að breyta landslögum. Til þess þarf atfylgi þingmanna.

Hv. 5. þm. Vesturl. spurði einnig hvort heimildin væri ótakmörkuð. Svarið við þeirri spurningu er já, að svo miklu leyti sem önnur landslög ekki koma í veg fyrir ótakmarkaða orkuframleiðslu. Að mínu viti sé ég ekki neina ástæðu til þess að þingið sé með lögum að binda á einn eða annan hátt hversu mikil þessi raforkuframleiðsla yrði.

Þá spurði hv. þm. einnig hvort rætt hefði verið um að kaupa umframorku Landsvirkjunar. Ef ég hef skilið hann rétt er hann hér að tala um það, ef ég umorða hans ræðu, hvort nokkur ástæða sé til þess að Hitaveita Reykjavíkur sé að framleiða raforku þegar hvort eð er er hægt að kaupa hana á lágu verði frá Landsvirkjun.

Ég skal ekki segja neitt ákveðið um hversu mikið þetta hefur verið til umræðu hjá yfirvöldum borgarinnar. Mér er ekki kunnugt um að slík umræða hafi farið fram. Aftur á móti er mér það nýlunda að heyra það frá hv. 5. þm. Vesturl. að raforka sé allt í einu orðin ódýr. Ég hafði það á tilfinningunni í umræðum sem hér fóru fram á síðasta þingi, m.a. um verðjöfnunargjald á raforku, að það gengi m.a. sá sjúkdómur að raforkuframleiðslusviðinu öllu að raforka væri allt of dýr.

En sem svar við þeirri spurningu sem fólst í orðum hv. 5. þm. Vesturl. vil ég eingöngu segja að það verður að virkja til að auka framboð á heitu vatni á hitaveitusvæði Reykjavíkur og þar sem þessa virkjun verður að byggja og fjármagna á næstu árum tel ég eðlilegt að menn hafi þann möguleika uppi í erminni að geta nýtt sér þá orku, sem þarna kemur upp úr jörðinni, til þess að framleiða rafmagn og draga þannig hugsanlega líka eilítið úr þeim framleiðslukostnaði sem hér verður um að ræða.

Að öðru leyti þakka ég fyrir þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Að vísu hefði verið, eins og fram kom, æskilegt að hæstv. iðnrh. hefði verið viðstaddur þessa umræðu, en við vitum líka að þegar málið kemur til 2. umr. geta menn rætt það og kynnt viðhorf sín til málsins. Auðvitað verður í nefndinni haft samband við þá aðila sem málið snertir hvað mest.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Það er þá fyrst til að taka vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. um að forsetar þessarar hv. deildar séu að skipuleggja einhvers konar maraþonumræður meðan beðið er eftir ráðherrum að það má vel vera að eitthvað sé til í því, en ekki er það svo alfarið.

Hv. flm. viðhafði þau orð úr ræðustól að honum sýndist hv. 5. þm. Vesturl. sýna af sér dæmalausa stofnanaþægð, eins og hann orðaði það. Það var helst á honum að skilja að honum fyndist sem ég hefði hagað orðum mínum þannig að mér finnist eðlilegt að flytja þingmál eftir pöntun hinna ýmsu stofnana í landinu. Mínu hugarfari er síður en svo þannig farið. Hins vegar tel ég mjög eðlilegt með tilliti til þessa máls, sem hér er á ferðinni, að inna hv. flm. eftir því hvort þessi mál hefði borið á góma meðal forsvarsmanna hitaveitunnar, æðstu stjórnenda hennar, og taldi mjög eðlilegt að kalla eftir slíkum upplýsingum.

Ég vísa því alfarið á bug að það sé mín skoðun að þm. eigi að flytja mál eftir pöntun og ekki ætla ég að efast um góðan hug hv. flm. til kjósenda hans hér í Reykjavík.

Ég fullyrti ekkert um það í minni ræðu að Hitaveita Reykjavíkur ætti kost á ódýru rafmagni. Ég varpaði því fram hvort hv. flm. væri kunnugt um umræður af því tagi hvort hitaveitan ætti kost á ódýru rafmagni. Það var það sem ég sagði.

Ég vil taka fram að þegar rætt er um ódýrt rafmagn er það afstætt og þá eru menn auðvitað með í huga ódýrara rafmagn en almennt gerist hérlendis. Við erum ekki að tala um orkuverð í öðrum löndum. Þetta er afstætt innanlands fyrst og fremst.

Til að fyrirbyggja allan misskilning lýsi ég ekki á þessari stundu yfir eindregnum stuðningi við þetta frv. Ég vil geta þess sérstaklega vegna þess að í orðum hv. 4. þm. Vesturl. fannst mér það koma fram. Ég held að ég muni það rétt að hann hafi sagt sem svo að hér hefðu menn komið hver á eftir öðrum í virðulegan ræðustól og lýst yfir fylgi, eindregnum stuðningi, við frv. Því er ekki þannig farið af minni hálfu. Ég áskil mér allan rétt til að inna aðstandendur þessa fyrirtækis eftir þeirra viðhorfum. Eftir þeim viðhorfum verður að sjálfsögðu leitað við umfjöllun málsins í iðnn. Og hef ég þessi orð ekki fleiri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, stjfrv. 119. mál (þskj. 132). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Með

lögum nr. 100 frá 31. des. 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja sem hafa skyldi það markmið að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi.

Með lögum, sem samþykkt voru á Alþingi í árslok 1974, var mælt svo fyrir að ríkissjóður og sjö sveitarfélög á Suðurnesjum skyldu setja á stofn Hitaveitu Suðurnesja. Hitaveitan átti að virkja jarðhitann í Svartsengi, reisa þar varmaskiptistöð, leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda.

Árið 1975 var Hitaveita Suðurnesja formlega stofnuð og var eignarhluti ríkissjóðs 40%, en sveitarfélaganna 60% eins og fyrir var mælt í þeim lögum.

Uppbygging hitaveitunnar fór að mestu fram á árunum 1975—1982 og þá lokið við að leggja dreifikerfi í sveitarfélögunum sjö og á Keflavíkurflugvöll, en gerður var samningur við varnarliðið um sölu á heitu vatni til hitunar húsa á vellinum. Nú njóta um 15 þús. íbúar á Suðurnesjum heita vatnsins frá Svartsengi, en þar er nú uppsett afl 125 mw. í varmanotkun og 8 mw. í raforku.

Vorið 1984 samþykkti Alþingi breytingu á áðurnefndum lögum frá 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, þar sem kveðið er á um að iðnrh. veiti hitaveitunni sérstakt einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði hennar. Það féll í hlut Sverris Hermannssonar fyrrv. iðnrh. að veita leyfið og undirrita samning milli ríkisstjórnar Íslands og Hitaveitu Suðurnesja um sölu á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum. Með samningi, dags. 17. maí á þessu ári, var samið um kaup Hitaveitu Suðurnesja á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum og fór yfirtaka eignanna fram 1. júlí s.l.

Þann 5. júlí var undirritað samkomulag milli Hitaveitu Suðurnesja og sveitarfélaga á Suðurnesjum um yfirtöku fyrirtækisins á öllum rafveitum á Suðurnesjum. Samið var um að eignir rafveitna sveitarfélaganna yrðu lagðar fram sem stofnframlög og að eignarhlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja minnkaði þar með þannig að ríkissjóður eigi 20% og sveitarfélögin 80% eignarhluta í hitaveitunni. Enn fremur er gert ráð fyrir að stjórn Hitaveitu Suðurnesja verði skipuð níu mönnum í stað fimm eins og nú er þannig að öll sveitarfélögin eigi alltaf fulltrúa í stjórninni.

Með lögum þessum kemst öll orkuvinnsla á Reykjanesi í umsjá eins og sama fyrirtækis. Eru þá mál komin í svipað horf á Reykjanesi og þau eru á Vestfjörðum. Það er almenn skoðun að með þessu fyrirkomulagi sé stuðlað að sjálfstæði sveitarfélaga í orkumálum og þeim veitt sjálfstæði í orkudreifingu innan eigin héraðs. Með því er stuðlað að hagkvæmni og bættri nýtingu orkulinda heima í héraði.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Frv. þetta er samkomulagsmál milli sveitarstjórna á Suðurnesjum og ríkisstjórnar og fjallar um það að auka eignarhlut sveitarfélaganna í Hitaveitu Suðurnesja sem kemur til af því að sveitarfélögin hafa lagt til þær eignir sem voru í rafmagnsveitum þeirra.

Sú breyting sem nú hefur átt sér stað í þessum efnum hefur valdið því að nú er rafmagn ódýrara á Suðurnesjum en áður þó það sé vissulega nógu dýrt.

Hitt er annað mál, sem stingur í augu, að í þessu samkomulagi felst það að ríkissjóður á að hafa tvo fulltrúa í stjórn. Ríkissjóður með 20% eignarhlutfall á að hafa tvo fulltrúa í stjórn, en Keflavíkurkaupstaður, sem er með 38,68% eignarhluta, á að hafa einn. Ég verð að játa að mér finnst að þessu ætti að vera öfugt farið og Keflavíkurkaupstaður ætti að hafa tvo fulltrúa en ríkissjóður einn. Það eru helstu athugasemdir mínar við þetta frv. og reyndar þær einu og tel ég rétt að breyta því.

Þessu frv. verður vafalaust vísað til iðnn. þar sem það fær umfjöllun og þar mun ég gera grein fyrir þessu sjónarmiði mínu.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstvirtur forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil byrja á að lýsa fylgi mínu við þetta frv. Það er aðeins varðandi 3. gr. frv.sem ég vil gera athugasemd, þar sem fjallað er um afgreiðslu mála og gert er ráð fyrir að að jafnaði sé viðhöfð hlutfallsleg atkvæðagreiðsla miðað við eignarhlutfall samkvæmt 2. gr., enda komi fram ósk a.m.k. eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið."

Það er spurning af minni hálfu af hverju taka þarf þetta fram í lok greinarinnar þegar áður hefur verið sagt að 60% atkvæða þurfi til þess að mál teljist samþykkt. Þar sem talað er um meiri hluta stjórnar, er þá átt við meiri hluta sem grundvallast á meirihlutaeign? Nú er mér ekki alveg ljóst hvar þessi skil kunna að vera, þ.e. hvenær mál eru afgreidd á grundvelli meiri hluta stjórnarmanna, þ.e. fimm greiða atkvæði með einhverju máli og fjórir á móti, einfaldlega tala stjórnarmanna, og hins vegar hvenær um væri að ræða atkvæðagreiðslu í krafti óska eins stjórnarmanns á grundvelli eignarhluta.

Ég hefði í sannleika sagt haldið að eðlilegast væri að hafa það sem reglu að eignarhlutur lægi ævinlega á bak við ákvarðanir. Það er alveg greinilegt að andi frv. gerir ráð fyrir því og þar með að Keflavíkurkaupstaður hafi allveruleg áhrif, ef hann óskar, áhrif á grundvelli síns eignarhluta. Það má svo sem vel vera að í einhverju minni háttar máli, sem e.t.v. engu máli skiptir fyrir veituna, verði ekki beðið um að afstaða verði tekin á grundvelli eignarhluta.

Um þetta verður að sjálfsögðu fjallað í nefnd, en ég vildi heyra frá hæstv. ráðh. um hvort þar sem getið er um undirskrift meiri hluta stjórnar sé ekki óyggjandi átt við meiri hluta á grundvelli eignaraðildar.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem kemur til umfjöllunar nefndar sem ég á sæti í, þ.e. iðnn., og ég geri ráð fyrir að við gefum okkur góðan tíma til að skoða það. Hér er enn verið að leggja til ansi miklar breytingar á uppbyggingu Rafmagnsveitna ríkisins. Enn er tekinn ákveðinn landskiki frá því fyrirtæki og gerður að sjálfstæðri rekstrareiningu og kannske einn af bestu bitunum. Þá kemur til umræðu og umhugsunar hver verður staða þess hluta sem eftir stendur.

Þetta verður allt skoðað í nefndinni og sjálfsagt er þetta frv. mál sem frá er gengið og mun fá afgreiðslu á þinginu nú. Ég geri ekki ráð fyrir að þar verði neinar breytingar.

En stjórnarfyrirkomulag og atkvæðagreiðsla í þessu

sameignarfyrirtæki kemur mér spánskt fyrir sjónir. Við vorum fyrir nokkrum dögum að fjalla um frv. um sameignarfyrirtæki Reykjavíkurborgar og ríkisins og þar var höfuðáherslan lögð á að stofnað yrði hlutafélag með þessum tveimur aðilum. Það væri grundvöllur þess að hægt væri að byggja upp reglulega skemmtilegt og rekstrarhæft fyrirtæki. Hér er síðan komið með frv. þar sem búið skal til sameignarfyrirtæki, en samt í hlutafélagsmynd að vissu marki, þó ekki alveg fullkomlega. Mér sýnist gæta hér ansi mikils ósamræmi í stefnu iðnrn. í uppbyggingu fyrirtækja.

Hv. 6. landsk. þm. benti á að ríkissjóði væru ætlaðir tveir fulltrúar í stjórn með 20% eignaraðild á sama tíma og Keflavíkurkaupstaður hefði 38% og hverjum og einum hreppnum eða sveitarfélaginu er ætlaður fulltrúi í stjórn, burtséð frá því hvað eignarhlutfallið er mikið. Aftur á móti er atkvæðaréttur þessara aðila takmarkaður í sambandi við ákvörðun innan stjórnar og innan félagsins. Þetta bendir okkur reyndar á að ýmis þau félög sem verið er að stofna og mynda á samstarfsgrundvelli sveitarfélaga eru að verða einkennileg í uppbyggingu. Þetta er farið að byggjast á fulltrúastjórnum. Það skiptir ekki miklu máli hvað félagseiningin er stór sem stendur á bak við. Hún verður alltaf að eiga einn fulltrúa í viðkomandi fyrirtæki. Þannig er þetta á ýmsum sviðum í þjóðfélaginu núna fyrir áhrif frá t.d. samtökum sveitarfélaga og ýmsum öðrum stofnunum sem lifa góðu lífi.

Ég vil aðeins benda á þetta, en þennan þátt sem og, eins og hv. 5. þm. Vesturl. benti á, atkvæðastyrkleika og fyrirkomulag atkvæðavalds í stjórn fyrirtækisins held ég að þurfi að skoða. Við verðum náttúrlega að meta hvort við teljum æskilegra að hafa fyrirtækin sameignarfélög eða hlutafélög. Nú verðum við með tvö mál frá hæstv. ríkisstj. í iðnn. Annars vegar er lögð höfuðáhersla á að það verði búið til hlutafélag tveggja aðila, en hér er lögð áhersla á að búið verði til sameignarfélag átta aðila.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram langar mig að segja nokkur orð, fyrst út af athugasemd hv. 6. landsk. þm. Ég bendi á að til þess að öll sveitarfélög fengju fulltrúa er farið inn á fjölgun úr fimm í níu. Ég hefði vel getað skilið að hefðu verið aðeins fimm stjórnarmenn áfram hefði ríkissjóður orðið að láta sér nægja að hafa einn stjórnarmann, en ef við lítum á sveitarfélögin sem eina heild eru þau sjö og þá er meðaltal sveitarfélaga ca. 11,4 en meðaltal ríkisins 10% á hvern stjórnarmann. En þarna eru mannfáir hreppar sem fá fulltrúa, eins og Hafnahreppur sem er með 0,69% eignaraðild og Vatnsleysustrandarhreppur, Gerðahreppur og Miðneshreppur sem allir hafa á milli rúmlega 3,5% og 7%.

Hins vegar hefur mér verið sagt að ákvæði 3. gr. hafi komið inn til að tryggja frekar hina stærri hreppa ef til einhvers ágreinings kemur. Þá kemur athugasemd hv. 5. þm. Vesturl. eiginlega úr hinni áttinni. Ég tel líka eðlilegt að það sé tekið meira tillit til þeirra sem eru stærri eignaraðilar. Fyrir því er nokkurn veginn séð með ákvæðinu í 3. gr. En þó er sagt hér að undirskrift meiri hluta stjórnar bindi fyrirtækið. Ég lít svo á að það þurfi tölu meiri hluta til að binda fyrirtækið, þ.e. að t.d. tveir stærstu aðilarnir geti ekki bundið það og þar með þrír stjórnarmenn af níu. Það tel ég alveg útilokað. Ég held að skýring lögfróðra manna hljóti að vera í svipuðum dúr og mín. Það kemur í veg fyrir að stærstu aðilarnir geti gersamlega ráðskast með og bundið fyrirtækið. Þeir stærri hafa með ákvæði 3. gr. meiri ítök, en þeir geta ekki gert það einir. Þetta er mín skoðun. Hins vegar skoðar nefndin þetta ákvæði.

Ég bendi á að hér er um samning að ræða sem ríkissjóður eða iðnrh. fyrir hönd ríkisstjórnar gerði við sveitarfélög á Suðurnesjum, auðvitað að því tilskildu að Alþingi samþykkti, eins og alltaf er gert í þessum efnum. En ég treysti nefndinni til að ræða ítarlega þessar athugasemdir.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er greinilegt að frv. er til mikilla bóta. Ég vil taka það fram aftur. Ég bendi á að þegar aðeins voru fimm stjórnarmenn hjá hitaveitunni hafði næststærsti eigandinn, Keflavíkurkaupstaður, einn fulltrúa en ekki nærri því alltaf. Árum saman hafði þessi aðili ekkert um það að segja hvernig hitaveitunni væri stjórnað og það olli vissulega mikilli óánægju. Það er breyting á þessu nú þannig að allir eigendur fá aðild að stjórninni, en ég er þeirrar skoðunar að ríkið eigi smám saman að hverfa út úr þessum rekstri og það sé nægilegt fyrir ríkið að vera með einn fulltrúa. Ríkissjóður hjálpaði mikið til þegar hitaveitan var stofnuð og það var mikils virði að hafa ríkið með í að stofna hitaveituna. Sjálfsagt hefur það ekki getað orðið öðruvísi. En þegar því er lokið sýnist mér að rétt sé að ríkið hverfi smám saman út úr þessum rekstri og sveitarfélögin taki hann alfarið til sín. Þess vegna er ég á þeirri skoðun að sem fyrsta skref væri nægilegt fyrir ríkið að hafa einn fulltrúa, en Keflavíkurkaupstaður, sem er með næstum helmingi meiri eignaraðild en ríkissjóður, fái annan fulltrúann.

Það kom fram í ræðu áðan að það væri umhugsunarefni að RARIK eða Rafmagnsveitur ríkisins misstu einhvern besta bitann með því að Hitaveita Suðurnesja tæki yfir orkusöluna á Suðurnesjum. Vissulega hlýtur það að vera áhyggjuefni fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, en það er ekki mikið áhyggjuefni fyrir íbúana á Suðurnesjum sem hafa mátt greiða hæsta verð fyrir rafmagn sem fundist hefur á Íslandi. Þannig hefur málum verið háttað á undanförnum árum í næsta nágrenni við Reykjavík og Hafnarfjörð sem hafa selt eitthvert ódýrasta rafmagnið á landinu. Það hefur oft verið kvartað yfir því hvað rafmagn Vestfirðinga hefur verið dýrt, en það er gott að menn viti að rafmagn til Suðurnesjamanna hefur verið dýrara. Okkur þykir mjög eðlilegt, sem þar búum, að hitaveitan eða orkuveita Suðurnesja, sem væri réttnefni á þessu fyrirtæki, yfirtaki dreifingu og sölu á rafmagni frá Rafmagnsveitum ríkisins sem í raun hafa á engan hátt komið nálægt þessum rekstri að öðru leyti en því að hirða peninga af Suðurnesjamönnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 117. mál (þskj. 129). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Á þskj. 129 flytjum við þrír þm. Alþb., Helgi Seljan og Skúli Alexandersson auk mín, frv. um stjórnarskrárbreytingu. Það er 67. gr. stjórnarskrárinnar sem við gerum tillögu um breytingu á, en hún fjallar um eignarrétt. Við gerum ráð fyrir að við greinina bætist þrjár nýjar málsgreinar.

Það er 1. málsgr. sem felur í sér meginstefnuna í þessari tillögugerð, en hún hljóðar svo:

„Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi."

Í 2. málsgr. er síðan vikið að tengslum þessarar stjórnarskrárgreinar við almenn lagaákvæði því að þar er gert ráð fyrir að eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni sé að öðru leyti skipað með lögum. Þó er það stefnuákvæði í 2. málsgr. að í almennum lögum eigi að tryggja landsmönnum öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu og síðan svohljóðandi viðmiðunarákvæði varðandi eignarnám:

„Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar."

Loks er vikið að rétti landeigenda, og þá sérstaklega bænda, í lokamálsgreininni með því að því er slegið föstu að með þeim takmörkunum sem hér koma fram skuli við það miða að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

Þessi stefnumótun okkar Alþýðubandalagsmanna hefur stundum verið mistúlkuð í fjölmiðlum á þann veg að við séum hér að gera eina geysimikla og stóra þjóðnýtingartillögu. Því hefur jafnvel verið haldið fram að með þessari tillögu sé verið að skerða eignarrétt bænda eða takmarka hann. Ég vil láta það í ljós strax í upphafi minna orða að frásagnir af þessu tagi af stefnu okkar Alþýðubandalagsmanna eru mjög villandi. Með þjóðnýtingu er auðvitað átt við að eign færist úr einkaeign og yfir í ríkiseign, en hér er ekki um það að ræða. Hér er einungis verið að festa það í stjórnarskrá að þau réttindi og þær eignir sem verið hafa sameign þjóðarinnar verði það örugglega áfram. Það er sérstaklega tekið fram, eins og ég gat hér um, í lok frumvarpsgreinarinnar að bændur skuli halda eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. Það er sem sagt ekki verið að okkar viti að taka neitt af bændum sem þeir hafa átt, heldur einungis að lögfesta og koma á hreint hvað verður að telja að sé þeirra lögmæta eign og hvað ekki.

Það verður að viðurkennast að í þessum efnum hefur ýmislegt verið fljótandi og menn hafa ætlað sig eiga miklu meira en þeir hafa raunverulega átt. Eignir hafa stundum gengið kaupum og sölum án þess að menn hafi verið að selja eign sína og þá enn síður að eignast neitt. Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið nokkurn tímann sannanlega um lögmæta eign einstakra manna að ræða þegar afréttir hafa gengið kaupum og sölum og hefur því ekki viljað móta dómsniðurstöðu á grundvelli eignarréttar. Um þetta eru mörg dæmi á seinni áratugum, eins og flestir þekkja.

Í þessari tillögu er miðað við þá grundvallarreglu að eignir sem enginn hefur sannanlega átt fram að þessu og eru þess eðlis að þær þurfa að nýtast þjóðarheildinni verði lýstar sameign þjóðarinnar allrar. Í öðru lagi verði mörkin milli einkaeignar og sameignar þjóðarinnar ákveðin með löggjöf þar sem hagsmuna þéttbýlisbúa sé fyllilega gætt og þeim sé tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu og til lands undir húsbyggingar á sanngjörnu verði. Í þriðja lagi sé staða bænda ekki skert og þeir haldi þeim hlunnindum sem hafa fylgt íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

Það er einkenni á þjóðlífi okkar Íslendinga að þjóðin er lítil en landið er stórt. Hér á Íslandi eru íbúar aðeins tveir á hvern ferkílómetra lands, en annars staðar í Evrópu eru lönd yfirleitt 7—100 sinnum þéttbýlli en hér. Kannske er þetta skýringin á því að eignarréttarákvæði eru óljósari hér en víðast annars staðar. Einnig er á það að líta að alveg fram á þessa öld var litið svo á að landið væri ekki aðeins fámennt heldur einnig fátækt og hrjóstrugt og hér væri ekki önnur umtalsverð auðæfi að finna en fiskinn í sjónum og grasið á grundunum. En í upphafi þessarar aldar fóru þessi viðhorf að breytast með miklum tækniframförum og vísindalegum uppgötvunum og menn áttuðu sig smám saman á því að þetta fátæka, fámenna og hrjóstruga land var uppfullt af ónotuðum orkulindum.

Það er alveg ljóst að verðmæti í sjó og á sjávarbotni, svo að við víkjum fyrst að þeim eignum, gætu orðið bitbein einstakra manna síðar meir ef séreignarstefna yrði ofan á í íslenskri löggjöf. Það er skoðun okkar flm., þó ekki hafi mikið reynt á þetta enn sem komið er, að það sé fyrir framtíðina brýn nauðsyn að taka af allan vafa um að öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögunnar séu sameign þjóðarinnar allrar.

Svo að við víkjum næst að almenningum og afréttum er ljóst að þær eignir eru þegar orðnar bitbein manna á milli. Þó hefur það verið almennt álit íslenskra lögfræðinga að einstakir menn ættu ekki beinan eignarrétt á landi í óbyggðum. Í þessu sambandi mætti nefna dóm Hæstaréttar árið 1955, á bls. 108 í dómabókum Hæstaréttar frá því ári, þar sem fjallað var um eignarhald á landi á Landmannaafréttum, og einnig mætti minna á hæstaréttardóm frá árinu 1969, bls. 510 í dómabókinni, þar sem fjallað var um deilur Skagfirðinga og Eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétt. Undirréttur dæmdi Skagfirðingum eignarrétt á afréttarlandi í samræmi við afsal frá árinu 1464, en Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að hvorugur aðilinn hefði „fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um er að tefla í máli þessu", eins og sagði í dómsorðum.

„Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar," svo að enn sé vitnað í dómsorðin, „sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðila í málinu teknar til greina."

Þetta er sem sagt dæmi um mikið ágreiningsmál

varðandi eignarrétt á afrétt þar sem báðir aðilar töldu sig eiga þessa eign og sögðust báðir hafa bréf upp á það, eignin hafði gengið kaupum og sölum um margra alda skeið, en Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir öll þessi skriflegu eignarskjöl væri alls óvíst að mennirnir hefðu nokkru sinni átt það sem þeir þóttust eiga og taldi það ósannað með öllu að land af þessu tagi hefði verið undirorpið eignarrétti einstakra manna.

Sem betur fer hafa íslenskir lögfræðingar fylgt frjálslyndri stefnu að þessu leyti og hana má glöggt greina hjá helsta fræðimanni Íslendinga á þessu sviði, Ólafi Lárussyni, og reyndar einnig hjá öðrum helsta sérfræðingi okkar, Ólafi Jóhannessyni, sem báðir létu þær skoðanir í ljós, bæði varðandi eignarrétt á afréttum og óbyggðalöndum og ekki síður varðandi jarðhita í jörðu, að það yrði að líta svo á að eignarréttur manna á þessum sviðum væri mjög takmarkaður.

Eins og hér hefur komið fram er mikið vafamál hvar á að draga mörkin milli heimalanda og óbyggðra landa sem teljast eign almennings, en í grófum dráttum má skipta landi á Íslandi í þrennt. Í fyrsta lagi eru það heimalöndin, í öðru lagi afréttalöndin og í þriðja lagi almenningarnir.

Fram á þessa öld hefur það verið óumdeilt að heimalönd væru háð eignarrétti landeigenda og í þeim fælust almennar eignarréttarheimildir, þ.e. réttur til hvers konar nýtingar landsins og réttur til sölu. Ég segi: Fram á þessa öld hefur þetta verið óumdeilt því að með aukinni tækni koma upp álitamál, t.d. það einfalda álitamál hvort landeigandi í Borgarfirðinum á allt sem er undir jörð hans allt niður að miðpunkti jarðar eða hvort einhvers staðar verður að draga mörkin og segja að hans eignarréttur nái ekki nema takmarkaða vegalengd niður í jörðina. En að þessu vík ég betur á eftir.

Í öðru lagi hefur verið litið svo á að á afréttum ættu menn einungis óbein eignarréttindi, þ.e. rétt til vissra sögulegra afnota, t.d. einkarétt til beitar og til veiði, og að þessi réttindi hafi getað fylgt ákveðnum jörðum eða ákveðnum hreppsfélögum, jafnvel fleiri en einu.

En í þriðja lagi er svo að líta á allt það svæði sem talið verður til miðbiks landsins og er í hringnum inn af afréttum landsins. Það hefur verið talið sameign allra landsmanna, sameign sem enginn ætti öðrum frekar, hvorki beint né óbeint. Það eru einmitt þessir almenningar sem við Alþýðubandalagsmenn teljum rétt að tekinn sé af allur vafi um að tilheyri þjóðinni allri, en um leið gert ráð fyrir því að bæði í afréttarlöndum og öðrum óbyggðum löndum geti bændur átt óbein eignarréttindi, þ.e. afnotarétt af grasinu sem þar vex og veiðirétt í vötnunum sem þar liggja.

Um námur í jörðu hefur gilt sú stefna hér á landi að landeigandi telst eigandi námunnar. Sums staðar gildir reyndar sú regla í öðrum löndum að finnandi námunnar teljist eigandi, en mjög víða og m.a. í mörgum kapítalískum ríkjum er talið sjálfsagt að þjóðin öll tileinki sér slík auðæfi og hefur þá ríkið umráð þessara réttinda og selur vinnsluaðilum leyfi til námugraftar. Sjálfsagt verður að teljast að landeigendum sé bætt tjón sem þeir verða fyrir af námugreftri eða annarri efnistöku, en að öðru leyti virðist eðlilegast að þjóðin í heild tileinki sér þessi verðmæti.

Um eignarrétt að orku í rennandi vatni hefur lengi verið deilt á Íslandi. Það er óumdeilt að land sem þarf undir orkuver beri að þjóðnýta. Ef þetta land er háð eignarrétti einstakra manna, er í heimalöndum, verður að þjóðnýta það og taka eignarnámi til að ríkið geti reist þar orkuver. Það er líka óumdeilt að bændur, sem verða fyrir tjóni af þessum sökum, eiga t.d. rétt á bótum vegna lands sem þeir missa undir byggingu orkuversins eða önnur mannvirki, stíflur, spennistöðvar, háspennulínur. Þeir eiga sem sagt sinn rétt á bótum. Þeir eiga einnig rétt á bótum ef beit á afréttarlandi rýrnar vegna orkuframkvæmda, veiði spillist eða almenn búskaparhlunnindi fara forgörðum. En að þessu slepptu virðist fráleitt að einstaklingar geti átt orkuna í rennandi vatni og selt hana öðrum.

Orkumálin voru mjög á dagskrá á Alþingi fyrir 60—70 árum. Þá gerðist það að vatnsréttindi í Þjórsá og þverám hennar, Tungnaá, Fossá, Geldingaá og Köldukvísl, voru seld fossafélaginu Titan sem var að miklum meiri hluta í eign erlendra manna. Þegar þetta gerðist reis upp þm. Vestur-Skaftafellssýslu, Gísli Sveinsson, og bar fram tillögu þar sem skorað var á landsstjórnina að gæta hagsmuna þjóðfélagsins og réttar landssjóðs til fossa og annarra verðmæta í almenningum landsins og afréttum. Var samþykkt á Alþingi að kanna það mál sérstaklega.

Um þetta leyti kom einnig fram svonefnt Sogsfossafrv. þar sem fossafélaginu Íslandi, sem var eign erlendra aðila, skyldi veitt heimild til 99 ára til að byggja Sogsvirkjun og reka hana. Íslendingar sjálfir áttu ekki að fá möguleika til þess að eignast þessa virkjun fyrr en árið 1973. Það munaði ekki miklu að þetta yrði að veruleika og að Sogsfossar yrðu afhentir útlendingum. Heimastjórnarflokkurinn sótti þetta fast og vildi veita útlendingum þennan rétt ásamt stórkostlegum skattfríðindum í tengslum við það, en forustumenn Sjálfstæðisflokksins gamla snerust hart á móti, nutu stuðnings framsóknarmanna hér í þinginu og komu í veg fyrir að Sogsfossafrv. fengist afgreitt. En í kjölfar þess var sett á stofn fimm manna nefnd til að gera allsherjarúttekt á fossamálum.

Fossanefndin réði sér lögfræðilegan ráðunaut sem var Einar Arnórsson þáv. prófessor, síðar hæstaréttardómari. Hann komst að þeirri meginniðurstöðu að vatn ætti ekki að vera undirorpið eignarrétti þeirra er land ættu undir því. Á lögfræðilegri niðurstöðu þessa merka lögfræðings byggði meiri hluti Fossanefndar, Bjarni frá Vogi, Jón Þorláksson síðar forustumaður Sjálfstfl. og Guðmundur Björnsson landlæknir, þá kenningu sían að orka í vatnsföllum landsins væri almenningseign.

Það verður að viðurkennast að þm. sem sátu á þingi fyrir 60—70 árum tókst ekki að útkljá þetta mál og því er eignarréttur að orku í rennandi vatni enn nokkuð umdeilanlegur. Eins og ég hef sagt er það ekki umdeilt að landeigandi sem verður fyrir tjóni vegna virkjunarframkvæmda á rétt á bótum, eins ef land hans er tekið eignarnámi. Hitt er ekki nægilega ljóst að orkan í vatninu sé almenningseign, en það hefur verið álit mjög margra og er m.a. stefna og sjónarmið okkar Alþýðubandalagsmanna. Við leggjum sem sagt til að það sé tekinn allur vafi af um þetta með því að orka í rennandi vatni á Íslandi teljist sameign þjóðarinnar allrar.

Sama gildir um jarðhita djúpt í jörðu. Því miður er mikill vafi ríkjandi um hver er réttur eigandi að orku djúpt í jörðu. Það er sennilega óumdeilt að orka sem er grunnt í jörðu eða vatn sem er sjálfrennandi og kemur

ekki af miklu dýpi er eign landeigenda. Fyrir því er löng hefð. Hins vegar er það álit margra fræðimanna, eins og ég nefndi áðan, að það sé útilokað með öllu að landeigandi geti átt réttindi til jarðhita, bókstaflega talað niður á hvaða dýpi sem vera skal, allt inn að miðpunkti jarðar. Því er það skoðun mjög margra að nauðsynlegt sé að takmarka þennan eignarrétt með einhverjum ákveðnum skýrum hætti.

Fyrir nokkrum árum voru flutt hér frv. um að dregin yrðu skil á milli lághitasvæða og háhitasvæða, háhitasvæðin teldust sameign þjóðarinnar en lághitinn væri undirorpinn eignarrétti einstakra manna að svo miklu leyti sem hann væri í heimalöndum. Þetta mál fékk ekki framgang hér í þinginu og því er enn ríkjandi vafi í þessu efni. Við Alþýðubandalagsmenn teljum réttast að slá því föstu að jarðhiti neðan við 100 m dýpi sé sameign þjóðarinnar.

Ég vil láta þess sérstaklega getið að við höfum flutt einstök mál í Nd. sem snerta þessa stefnumótun, bæði varðandi eignarrétt innan efnahagslögsögunnar og eins eignarrétt að jarðhita. Þar er fyrst og fremst um almenna lagasetningu að ræða. Hér er aftur á móti farið öðruvísi að vegna þess að hér er lagt til að sett verði almenn stjórnarskrárákvæði um málið.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að fjölyrða mikið frekar um þetta mál. Þetta er mjög stórt mál sem varðar alla landsmenn. Það er nauðsynlegt að kveða sem skýrast á um það nú þegar hvað sé raunverulega eign einstaklinga og hvað sé og hafi verið sameign þjóðarinnar. Land á Íslandi er með því ódýrasta sem þekkist nokkurs staðar í Evrópu. Hitt er óljóst hversu lengi það verður. Það er áreiðanlega ekki seinna vænna að við förum að móta skýra stefnu í eignarréttarmálum til að forða okkur frá þeirri hættu að einstaklingar sölsi undir sig eignir, sem enginn einstaklingur hefur í raun og veru átt fram að þessu, heldur tryggjum hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hér hefur borist bréf til forseta Nd.:

„Reykjavík, 18. nóv. 1985.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Kristín H. Tryggvadóttir fræðslufulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Kjartan Jóhannsson,
3. þm. Reykn."

Kristín H. Tryggvadóttir hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili. Kjörbréf hennar hefur verið kannað og þarf ekki að kanna það að nýju. Ég býð Kristínu H. Tryggvadóttur velkomna til starfa.

Jarðhitaréttindi, frv. 5. mál (þskj. 5). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til sérnefndar felld með 16:11 atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Ég bið nú afsökunar, herra forseti, að ég gáði ekki að því að biðja um orðið fyrr um þingsköp um þetta mál. En ég skil þetta mál svo að eðlilegast sé að vísa því til hv. allshn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í ljósi þess að hér er fyrst og fremst um eignarréttarmál að ræða taldi ég eðlilegt að því yrði vísað til allshn., og það liggur fyrir tillaga um að þessu máli verði vísað til allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Í ljósi þess að þetta mál hefur — og hliðstæð — verið til meðferðar í iðnaðarnefndum þá sé ég ekki ástæðu til þess að breyta því.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er rétt sem fram kom hér hjá hv. síðasta ræðumanni að þetta mál var til umræðu hér í fyrra og þá var því vísað til iðnn. Og reyndar mun það hafa komið fyrir oftar að þessu máli hafi verið vísað til iðnn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér eru á dagskrá atkvæðagreiðslur í fjórum málum sem eru skyld. Þ.e. frv. um jarðhitaréttindi, orku fallvatna, orkulög og land í þjóðareign. Ég held að það væri eðlilegur hlutur að á þessum málum yrði tekið í samhengi eins og mun hafa verið rætt hér við umræður um málið. Þess vegna vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta að hann fresti atkvgr. um þessi mál og það verði kannað hvort ekki er unnt að ná samkomulagi um meðferð þeirra hér í þinginu. Það teldi ég að gerðist best með því að þessu yrði vísað til sérstakrar nefndar til þess að fjalla um eignarrétt á landi og náttúrugæðum. En það er alla vega ljóst að miðað við þær umræður sem hér hafa farið fram þá er ekki samkomulag um að þessum málum verði öllum, eða að verulegu leyti, vísað t.d. til hv. iðnn.

Ég vil þess vegna leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta að hann fresti þessum atkvgr. og beiti sér síðan fyrir því að kanna hvort ekki er samkomulag um það að setja niður sérnefnd skv. 15. gr. þingskapa til að fjalla um þessi mál.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er auðvitað sjálfsagt að standa vel að vinnslu mála, en við þessu atriði er séð í þingsköpum og það er tiltekin nefnd í þinginu, sem mér virðist eiga að fjalla um öll þessi mál, og það er allshn. Þetta er mín skoðun og ég sé ástæðu til að lýsa henni hér. Hitt er svo annað mál að ég mun sætta mig við úrskurð hæstv. forseta í þessu efni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Í sjálfu sér væri möguleiki á því að fresta enn þá atkvgr. um þetta mál, en forseta deildarinnar er kunnugt um að þessi mál hafa verið tekin fyrir í þeim flokki sem hann tilheyrir og þá var því nú hafnað að vísa þessu máli til sérstakrar nefndar. En skv. þessari beiðni þá skal forseti verða við því og málinu frestað á þessum fundi. Við getum tekið þetta fyrir á næsta fundi, en þá þurfum við endilega að reyna að ljúka þessu.

Umr. frestað.

Kosning sérnefndar skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu í nefndina komu fram fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Forseti lýsti því yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Friðrik Sophusson (A),
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (A),
Geir Gunnarsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (C),
Kristín Halldórsdóttir (D).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 89. mál (þskj. 99). — Frh. 1. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og ég tók fram á síðasta fundi þá verður að líta svo á að frv. það sem hér liggur fyrir sé vel hugsað, skv. þeim hugmyndum sem hv. flm. leggja til grundvallar framlagningu þess, þó svo ég á stundum eigi hálförðugt með að átta mig á hvernig þeir komast að þeirri niðurstöðu sem í frv. greinir. Og skal ég nú víkja nokkrum orðum að einstökum greinum frv.

Í 83. gr. segir í 1. málsgrein, með leyfi hæstv. forseta, m.a.:

„Félögin skulu stuðla að hagkvæmni í rekstri og að sparnaði og reka lánastarfsemi fyrir félagsmenn sína."

Nú átta ég mig ekki á hvað hv. flm. eiga við með orðunum „lánastarfsemi fyrir félagsmenn sína"; mér hefur að vísu dottið í hug að þarna kunni að vera um pennaglöp að ræða og þarna ætti kannske að standa „vegna" en hvernig sem um það er þá þurfa þau orð sem þarna standa frekari skýringa við. Það er augljóst að þessi orð geta ekki staðið eins og þarna stendur, sé hugmyndin sú að húsnæðissamvinnufélög eigi fyrst og fremst að huga að húsnæði eða byggingu íbúða eða kaupum á íbúðum fyrir félagsmenn sína. Hér er því þvert á móti slegið föstu að húsnæðissamvinnufélögin eigi að vera banki, kannske innlánsdeild eins og við þekkjum í kaupfélögunum. Mér er ekki alveg ljóst hvaða hugsun liggur til grundvallar þessum orðum flm., hvort það sé e.t.v. það að þeir hugsi sér að reka innlánsdeild kaupfélaganna í tengslum við þessi húsnæðissamvinnufélög sem hafi þá slíkar innlánsdeildir. Nú hefur reynslan af innlánsdeildunum verið mjög misjöfn og þess eru dæmi við gjaldþrot kaupfélags — a.m.k. eins og kannske fleiri — að innleggjendur hafa tapað sínu sparifé, þannig að ég hygg að ef þessi er hugmyndin þá þurfi miklu, miklu ítarlegri ákvæði í frv. til þess að tryggja rétt félagsmannanna.

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk ofangreindra höfuðmarkmiða fellur einnig undir markmið húsnæðissamvinnufélaga:

a. að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til kaupa á búseturétti."

Þetta virðist vera fyrir utan hina almennu lánastarfsemi.

„b. að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð eins og samvinnusamböndum skv. lögum um samvinnufélög og hlutafélögum enda starfi þau fyrirtæki að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir húsnæðissamvinnufélög,

c. að útvega lán til byggingarframkvæmda og rekstrar sem félögin annast."

Nú kann að vera að þessi orð hljómi eðlilega í eyrum einhvers. En svo er nú alls ekki hvað mig varðar. Ég vil sérstaklega gera b-lið 83. gr., eins og lagt er til að hún verði í frv., að umræðuefni.

Ég hélt þegar hugmyndin um húsnæðissamvinnufélög var sett fram að það ætti að vera eina markmið og eini tilgangur þess félags að reyna að tryggja félagsmönnum sínum eins ódýrt húsnæði og kostur væri á. Hvernig er reynslan? Hvað kennir hún okkur um það hversu auðvelt það sé að byggja ódýr hús, byggja hús með ódýrum hætti? Ég hygg að samdóma álit margra sé að einfaldasta leiðin og sú tryggasta til að ná því markmiði sé að byggingaraðilinn — ekki byggingaraðilinn; það þýðir nú annað skv. íslenskum lögum — sá sem lætur byggja fyrir sig sé óháður hinum ýmsu byggingarverktökum og þeim verslunum sem hafa byggingarvörur á boðstólum.

Ég held að það sé síður en svo heppilegt að opinbert bákn, eða hálfopinbert eins og hér er stefnt að — eða eins og þessi samvinnufélög verða í raun — að slíkt félag fari að vefja fjármál sín inn í margvíslegan áhætturekstur. Það held ég að geti alls ekki staðist. Ég held að reynslan bæði af samvinnufélögum og hlutafélögum kenni okkur það að miklir viðskiptavinir slíkra félaga verða fyrir þungum áföllum ef slíkur rekstur stendur höllum fæti. Og ég held það sé alveg augljóst ef húsnæðissamvinnufélag er stofnað skv. þeim hugmyndum sem hér er lýst að eignir þess verða settar í óþarfa áhættu með því að blanda því með þessum hætti inn í rekstur óskyldra aðila, jafnvel þó svo að gert sé ráð fyrir að þeir aðilar eigi viðskipti við húsnæðissamvinnufélagið. Ég held að þeir menn sem gerast aðilar í slíku félagi séu alls ekki að hugsa um það að þeir með þeim hætti verði óbeinir hluthafar að margvíslegum öðrum rekstri eða vefji sér inn í samvinnurekstur óskyldum þeim sem — eða sérstöku markmiði í húsnæðissamvinnufélögunum, eins og þeim er hér lýst.

Það er auðvitað ljóst að það að eiga aðild að fyrirtæki hlýtur að kosta fé. Það er ekki hægt að eignast hlut í hlutafélagi án þess að leggja fé fram til hlutafélagsins. Og ég held að það samrýmist ekki þeim hugmyndum sem hér eru lagðar til grundvallar að gera ráð fyrir slíku. Allra síst ef hugmyndin er að viðkomandi félag eigi að njóta sérstakrar fyrirgreiðslu af opinberri hálfu. Skal ég þó ekki gera þetta að sérstökum ásteytingarsteini, heldur óska eftir frekari skýringum á þessu atriði.

Varðandi 85. gr., herra forseti, segir svo í niðurlagi 1. málsgr.: „Þegar litið er til skilyrða 33. gr. þessara laga

skal tekið mið af meginmarkmiði þeirrar lagagreinar í heild sinni. Félmrn. skal kveða nánar á um þessi skilyrði í reglugerð."

Nú hef ég, herra forseti, aldrei séð fyrr í lagatexta að taka eigi mið af meginmarkmiði lagagreinar annarra laga. Ég held að óhjákvæmilegt sé að flm. skýri nánar hvað fyrir þeim vakir með þessari undarlegu setningu og ég held að það sé jafnframt nauðsynlegt að sú nefnd sem fær þetta frv. til meðhöndlunar — ef nefndin á annað borð kýs að láta þetta frv. frá sér — reyni að koma einhverjum böndum á þá hugsun sem þarna á að vera lögð til grundvallar. Ég held að það sé algerlega útilokað að hugsa sér í lagatexta að taka mið af meginmarkmiði annarrar lagagreinar í heild sinni. Þetta er túlkunaratriði. Orðalag af þessu tagi getur verið í greinargerð, getur komið fram í ræðu þess manns sem fyrir frv. mælir, en ég held það sé með öllu óhugsandi að slíkt geti verið í beinum lagatexta. Raunar sýnist mér þessi setning geti dottið út án þess að það breyti í neinu merkingu greinarinnar eins og hún er sett fram.

Í 2. málsgr. þessarar gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar félagsmaður notar rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna ákveðið búseturéttargjald af hendi. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. málsgrein."

Eins og frv. er hugsað þá erum við enn að fjalla um það hvaða skilyrði eigi að vera fyrir hendi, hvaða skilyrði menn þurfi að uppfylla til að njóta sérstakra kjara af opinberri hálfu, eins og ég mun síðar gera grein fyrir. Frv. gerir ráð fyrir gífurlegum fjárhagslegum stuðningi við þá aðila sem eiga að njóta kjara Búseta skv. þessu frv. Þess vegna er brýnt að menn skilji til fullnustu hvað við er átt þegar um það er að tefla að svipta menn þeim forréttindum sem hér á að veita. Þess vegna spyr ég varðandi þetta atriði: Um hvaða tíma er verið að tala? Hver ákveður þennan tíma? Og síðast en ekki síst: Hvað er átt við með búseturéttargjaldi? Er t.d. gert ráð fyrir því að hægt sé að leggja búseturéttargjald á árlega eða á búseturéttargjaldið að greiðast í eitt skipti fyrir öll? Hver er hugsunin á bak við þetta gjald? Um það kemur ekkert fram í frv. og væri þó full ástæða til þar sem svo viðurhlutamikið er, eins og ég hef áður lýst, að það sé ekki greitt.

Hér er talað um að búseturéttargjald sé tiltekið hlutfall af verðmæti þess húsnæðis sem búseti vill tryggja sér rétt til. Þetta hlutfall ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði og hins vegar af lánsfjármagni til langs tíma. Nú skil ég ekki alveg. Er átt við með þessu t.d. — við skulum hugsa okkur það að félag af þessu tagi hafi starfað í 30 ár og búið sé af þeim sökum að greiða verulega niður þau lán sem hvílt hafa á íbúðinni, og fylgja íbúðinni, eins og það er hugsað af flm. Hér er gert ráð fyrir að lánin séu veitt til jafnlangs tíma og íbúðir verkamannabústaða. Ber að skilja þetta svo að búseturéttargjaldið eigi að hækka eftir því sem lán í Byggingarsjóði verkamanna greiðast upp? Er það hugsunin á bak við þessa undarlegu setningu: „Þetta hlutfall ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði og hins vegar af lánsfjármagni til langs tíma."

Ég fletti upp í skýringum með einstökum greinum og þar segir um 86. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í greininni er að finna skilgreiningu á búseturéttargjaldi og hvernig það skuli ákveðið. Í 3. málsgrein er ákvæði um ákvörðun endursöluverðs þegar búseturéttur gengur til annars félagsmanns."

Þetta er ekki fullnægjandi. Alls ekki fullnægjandi. Ég held þess vegna að flm. verði að skýra miklu, miklu betur hvað þeir eigi við með þessari setningu: „Þetta hlutfall ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði og hins vegar af lánsfjármagni til langs tíma."

Hér er síðar talað um endursöluverð búseturéttar og segir í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú gengur búseturéttur kaupum til annars félagsmanns og skal þá ákveða endursöluverðið eftir upphaflegu verði að viðbættri hækkun skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Þá skal bæta við kostnaði seljanda vegna endurbóta á húsnæðinu en draga frá kostnað við að bæta úr göllum á íbúðinni allt skv. samkomulagi eða mati."

Eins og ég gat um áðan er engar skýringar að finna í athugasemdum við frv., hvers vegna þessi leið er valin. Eins og þm. er á hinn bóginn kunnugt fylgja margvíslegir framkvæmdaörðugleikar þeirri reglu sem með núgildandi lögum var tekin upp varðandi endursölu á íbúðum í verkamannabústaði. Þau ákvæði sem þar er að finna eru þó að því leyti öðruvísi en hér að gert er ráð fyrir í lögum um verkamannabústaði að markaðurinn komi inn í endursöluverðið. Það er gert ráð fyrir því. En eins og þessi grein er hugsuð þá er ekki gert ráð fyrir því að markaðurinn komi með einum eða neinum hætti inn í endursöluverðið og jafnframt er afskaplega óljóst hvernig gert er ráð fyrir að mat á göllum íbúðar fari fram. (**SJS:** Það er ekki búið að ákveða hvernig þær eiga að vera á litinn heldur.) Nei, það er ekki búið að ákveða hvernig þær eiga að vera á litinn, flm. Hins vegar er það nú svo að þegar verið er að tala um að rétta mönnum mikla fjármuni úr ríkissjóði umfram aðra þá ætlast maður til þess að menn hafi í stærstu atriðum gert sér grein fyrir því hvernig kerfið á að verka. Ég segi í stærstu atriðum, vegna þess að það vita þeir sem um verkamannabústaðakerfið hafa fjallað að eitthvert flóknasta og erfiðasta viðfangsefni þeirra laga er einmitt með hvaða hætti skuli ákveða endursöluverð íbúða í verkamannabústöðum. Það er afskaplega flókið mál og margþætt og margra sjónarmiða sem þar þarf að gæta.

Ég skal taka bara eitt atriði. Hér segir t.d., með leyfi hæstv. forseta: „Þá skal bæta við kostnaði seljanda vegna endurbóta á húsnæðinu en draga frá kostnað við að bæta úr göllum á íbúðinni, allt skv. samkomulagi eða mati." Nú getur verið um byggingargalla eða skemmdir á íbúðinni að ræða af þeim sökum. Þá er spurningin: Á hverjum á sá byggingargalli eða þær skemmdir að lenda, kaupanda eða seljanda eða húsnæðissamvinnufélaginu í heild? Þannig eru ótal, ótal atriði sem koma hér inn í og hafa verið rædd í þessum þingsölum í öðru samhengi.

Ég hef áður, herra forseti, vakið athygli á hinni óljósu skilgreiningu í 87. gr. á búseturéttinum og skal ekki gera það að umtalsefni nú, nema vekja athygli á þeim hörðu viðurlögum sem gert er ráð fyrir að beita ef félagsmenn brjóta gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum húsnæðissamvinnufélags eða búsetafélags. Hér er talað um að gefa félagsmanni eina skriflega aðvörun áður en hann er sviptur búseturétti nema um alvarlegt eða ítrekað brot sé að ræða, þá er gert ráð fyrir að hægt sé að svipta mann búseturéttinum, eða húsnæð-

inu, án þess að nokkur aðvörun komi til. Þetta er auðvitað mjög harkalegt og ég átta mig ekki á hvers vegna nauðsynlegt er að gera ráð fyrir svo mikilli hörku og því síður þar sem löggjafinn hefur enga tryggingu fyrir hvernig sá hópur er valinn sem úrskurðarvald á að hafa um það hvort félagsmaður er rekinn út úr íbúð sinni eða ekki.

Ég vil einnig varðandi 87. gr. vekja athygli á því vandamáli sem upp kemur þegar um skilnað er að ræða, hvernig þá eigi að fara um búseturéttinn, og í því samhengi einnig vekja athygli á óljósu orðalagi um eðli búseturéttarins í 88. gr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðissamvinnufélagið hefur jafnan forkaupsrétt að búseturétti félagsmanna. Um ráðstöfun búseturéttarins getur farið eftir ólíkum reglum eftir því hvernig til þess kom að forkaupsréttarins var neytt. Meginreglan er sú að sá sem eignast hefur búseturétt með kaupum, við skipti á búi, sem arf eða á annan sambærilegan hátt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseta enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu og fullnægi skilyrðum þessara laga til þess."

Hér rekur maður sig aftur á orðið „meginreglan" í lagatexta og ég held einnig í þessu tilviki eins og áður sé nauðsynlegt að flm. skýri fyrir þingheimi hvað átt sé við með orðalaginu „meginreglan er sú" o.s.frv. Ég er að vísu ekki lögfróður maður en ég á erfitt með að hugsa mér á hverju dómstólar ættu að fóta sig ef það yrði meginregla hér á Alþingi að nota orðið „meginregla" sem víðast í sínum lagatexta. Ég held að lagatextinn verði að vera skýr þannig að menn geti áttað sig á rétti sínum og til þess líka að Alþingi ræki þá skyldu sína að ákveða hver séu lög í landinu en láti það ekki dómstólunum eftir.

Það er auðvitað auðvelt að slá því föstu — hér kemur sama hugsun fram einnig, með leyfi hæstv. forseta: „Ef eftirlifandi maka eða börnum er ekki til að dreifa og sé um marga erfingja að ræða skal að jafnaði greiða búseturéttinn út og ráðstafa honum til næsta félagsmanns." Það er heldur ekki ljóst hvað átt er við með orðunum „að jafnaði" og þarf nánari skýringar við.

Í þriðju málsgr. þessarar greinar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við nauðungaruppboð að undangenginni aðför að lögum í búseturétti félagsmanns skal að jafnaði greiða út andvirði búseturéttarins þegar forkaupsréttar er neytt og ráðstafa honum til næsta félagsmanns."

Nú skil ég ekki alveg hvað átt er við heldur þarna með „að jafnaði". Ef við gerum ráð fyrir því að búseturétturinn sé aðfararhæfur að lögum og við ætlum með heim hætti að auðvelda handhafa búseturéttar t.d. að njóta þeirra lána sem lífeyrissjóðir veita, eða með öðrum hætti, eða afla sér fjár til kaupa á búseturéttinum, þá hlýtur það að vera mikilsvert fyrir handhafa búseturéttar að skýrt sé kveðið á um það í lögum hvernig með skuli farið ef gengið er að eigandanum og búseturéttur seldur á uppboði.

En nú er spurningin: Ef maður sem eignast búseturétt með einhverjum hætti — annaðhvort í gegnum fjárnám, ríkið í gegnum lögtak eða þá með venjulegri veðsetningu — ef einhver eignast búseturéttinn og kærir sig ekki um að búa í viðkomandi íbúð og húsnæðissamvinnufélag vill ekki kaupa íbúðina, hversu skal þá farið um búseturétt? Er það hugmynd flm. að leggja þá kvöð eða skyldu á húsnæðissamvinnufélagið að það kaupi þann búseturétt sem er sleginn hæstbjóðanda á opinberu uppboði? Hver er hugmyndin á bak við það að gera ráð fyrir því yfirleitt að þessi réttur sé aðfararhæfur hjá handhafa búseturéttarins? Og er það ekki óeðlilegt, ef á annað borð er gert ráð fyrir því að búseturétturinn sé aðfararhæfur, að hinn nýi eigandi hans geti ekki ráðstafað honum eins og best hentar hans eigin hagsmunum? Ég held að nauðsynlegt sé að athuga þetta mál nánar og reyna að gera sér grein fyrir því hvaða hugsun liggur þarna að baki.

90. gr. þessa frv. þarfnast ekki skýringa, segir í athugasemdum með einstökum greinum frv. en ég er nú ekki sammála því. Til skýringar á mínum athugasemdum tel ég nauðsynlegt, herra forseti, að lesa greinina upp í heild sinni til þess að efni hennar sé nýtt fyrir þm.:

„Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að fulltrúar handhafa búseturéttar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir sem þar hafa keypt sér búseturétt mynda með sér sérstakt samvinnufélag innan húsnæðissamvinnufélagsins sem nefnist búsetufélag. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrr eða fljótlega eftir úthlutun óski handhafar búseturéttar eftir því í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélag og félmrn. að staðfesta. Félmrn. setur reglur um form samþykkta búsetufélaga."

Síðar segir í 1. málsgr. 91. gr.:

„Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald."

Það sem mér finnst athyglisvert í þessari grein er að það er m.ö.o. ekki gert ráð fyrir því að félagar í Búseta, þeir sem njóta Búsetaíbúða, greiði samsvarandi gjöld til þess að standa undir íbúðunum. Við getum t.d. hugsað okkur það að íbúð af þessu tagi sé reist nú. Við skulum hugsa okkur að 30 ár líði þangað til að búseturétturinn verður aftur falur. Þá er augljóst eins og þetta frv. er byggt upp að þann búseturétt sem falur er á að ákveða með hliðsjón af upphaflegu kaupverði búseturéttarins að teknu tilliti til endurbóta eða skaða sem á íbúðinni hafa orðið á tímabilinu — eða þannig skil ég það mál. Hinn nýi handhafi búseturéttarins tekur við þeim fjárskuldbindingum, þeim lánum sem upphaflega hvíldu á íbúðinni. Hann þarf m.ö.o. ekki að greiða niður nema kannske eins og nú er ¼ þess sem upphaflega var tekið að láni til þess að byggja viðkomandi íbúð. Ef við hugsum okkur að eignaskiptin gerist 10 árum síðar, eða eftir 40 ár, þá getur viðkomandi komist inn í slíka íbúð án þess að leggja fram eina einustu krónu í fjármagnskostnað fram yfir það sem felst í kaupum á búseturéttargjaldinu eins og það er skilgreint hér í 89. gr. — nema hugsunin sé önnur.

Og þá spyr ég enn: Hversu miklu ætli slíkur maður þurfi að verja til húsaleigu ef húsið er vel byggt í upphafi? Er það verjandi að með opinberum aðgerðum sé gert ráð fyrir að menn komist yfir kannske rúma og góða íbúð og leggi ekki meira á sig en sem svarar þessu? Og hvers vegna, eftir 40 ár, ætti þá annar maður sem gengur í það sama búsetufélag að þurfa að sæta því að standa undir fjármagnskostnaði af verðtryggðu láni með vöxtum til 40 ára? M.ö.o. af hverju eiga eftir 40 ár, ef þetta gengur fram, sumir kaupendur búseturéttar að geta gengið inn í sína íbúð án þess að þurfa að standa skil á neinu af fjárfestingarkostnaði íbúðarinnar en aðrir kannske að greiða fjárfestingarkostnaðinn að fullu? Og af hverju er sú hugsun lögð til grundvallar að fjármagnskostnaður í einu búsetufélagi komi öðrum búsetufélögum ekki við? Hvers vegna er gert ráð fyrir því að ef eitt slíkt slíkt félag verður fyrir verulegum óhöppum þannig að eigendur búseturéttarins tapa öryggi og fjármunum skuli aðrir í því húsnæðissamvinnufélagi vera lausir undan öllum slíkum ábyrgðum? Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir því að ábyrgðir húsnæðissamvinnufélagsins nái til allra jafnt, að menn í þessu samvinnufélagi beri hina sömu ábyrgð á gerðum þess?

Og ég spyr líka hverjar ábyrgðir einstakra búsetufélaga séu gagnvart skuldbindingum húsnæðissamvinnufélagsins, ekki síst vegna þeirra mjög svo umfangsmiklu umsvifa sem gert er ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélagið geti haft skv. 83. gr.

Ég vil líka vekja athygli á því að mikil vinna hefur verið lögð í að finna alls konar refsiákvæði gagnvart því fólki sem yrði svo óheppið að ganga í þessi búsetufélög. Hér er talað um að beita félagsmann sem eigi sinni reglum félagsins um framleigu þeim viðurlögum við sölu búseturéttar hans að fella niður verðbætur, skv. 3. málsgr. 86. gr. o.s. frv., og refsingin ákveðin með þeim undarlega hætti að það fer eftir verðbólgustiginu í landinu hvort refsingin er þung eða ekki. Það fer ekki eftir eðli málsins, þeim fjárhagslegu skuldbindingum eða hagsmunum sem í húfi eru, heldur eftir hinu, hvert verðbólgustigið í landinu er á þeim tíma sem um ræðir, sem að sjálfsögðu er með öllu óeðlilegt, fyrir svo utan það að orðið „framleiga" er rangt orð í þessu samhengi, svo maður víki aðeins ögn að íslenskunni. Það á að tala um „leigu" vegna þess að búseturéttur er ekki leiga og þess vegna ekki hægt að tala um framleigu í því sambandi, heldur er verið að tala um að leigja íbúð sem kvaðir búseturéttar hvíla á, sem alls ekki eru venjulegir leiguskilmálar og er ekki hægt að skilja sem svo.

Í 95. gr. er talað um sérstakan viðhaldssjóð sem skuli standa straum af ytra viðhaldi fasteignar sem félagið annast og innra viðhaldi íbúðar sem búseti einstakrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Og enn fremur að félagsmaður geti fengið fé úr viðhaldssjóðnum vegna innra viðhalds skv. nánari reglum þar um sem aðalfundur félagsins setur. Ég held að þetta ákvæði sé almennt óheppilegt, ég held það geti ekki verið heppilegt að skattleggja handhafa búseturéttar almennt til þess að einstakir menn geti gengið í sjóðinn til viðhalds á íbúðum sínum innan dyra. Eðlilegra væri auðvitað — og sýndi meiri ábyrgð — ef gert væri ráð fyrir að hver maður bæri ábyrgð á því sem gerðist innan sinnar íbúðar.

96. gr. er mjög athyglisverð. Þar er gert ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélagi skuli aflað fjár með lánum skv. 33. og 58. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og er nauðsynlegt að rifja upp hvað í þessum greinum stendur. Í 33. gr. c-lið segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagslegar íbúðir teljast skv. lögum þessum leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja."

Það er auðvitað rétt hjá flm. að þessi grein tekur ekki til búseturéttar, þar sem talað er um útleigu á íbúðum, og er það réttur skilningur flm. Á hinu vil ég vekja athygli að sá þanki kom ekki upp, hvorki í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. né 3. landsk. þm., að ekki væri nægilega vel séð fyrir húsnæðismálum aldraðra og öryrkja og raunar námsmanna einnig. Ég geri ráð fyrir því vegna hins mikla áhuga sem báðir þessir þm. hafa sýnt á húsnæðismálum að þeim sé það kunnugt að félög sem vinna að húsnæðismálum aldraðra og eins félög sem vinna að húsnæðismálum öryrkja hafa sent inn umsókn í Byggingarsjóð verkamanna nú fyrir 1. nóv. vegna íbúða sem hefja á framkvæmdir við á næsta ári og búast við því að sitja fyrir þeim lánum sem ætlað er að veita skv. c-lið þessarar greinar. Ég nefni sérstaklega Öryrkjabandalagið í því sambandi, sem hefur lagt inn umsókn um nokkra tugi íbúða. Og við vitum hvernig ástandið er hjá öldruðum og við vitum að ekki er vanþörf á miklum byggingarframkvæmdum til þess að svara þeirri þörf sem er fyrir það sem kallað hefur verið verndað húsnæði aldraðra.

Ég er alveg sannfærður um að báðir flm. frv. eru sammála mér um að þessir aðilar eigi að sitja fyrir á næsta ári, sem hafa sérstaklega helgað krafta sína því að létta lífsbaráttu þessa fólks. Það fer ekki svo lítill tími hér á hinu háa Alþingi einmitt í það að reyna að stuðla að því með margvíslegum hætti að öryggi öryrkja og aldraðra sé tryggt. Auðvitað myndi það sýna að annarleg sjónarmið réðu gerðum stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna ef þessir aðilar, ef Hrafnista, ef Öryrkjabandalagið, ef félag á borð við Blindrafélagið, ef Sjálfsbjörg, ef félög sem vinna að málefnum vangefinna yrðu sett á annan bekk við úthlutun á fjármagni næsta árs, þegar kemur að því að bæta úr húsnæðisskorti þeirra sem eru öryrkjar eða aldraðir.

Ég spyr t.d. í þessu samhengi: Hverjir ætli viti það best hvar skórinn kreppir hjá þessu fólki? Ætli við getum búist við því að það séu þau félög sem vinna að málefnum þessa fólks eingöngu sem um það vita? Hvert fer öryrki sem vantar húsnæði, þarf á aðstoð að halda til þess að tryggja sér það? Ætli hann fari ekki í Öryrkjabandalagið? Ætli hann myndi ekki þekkja þá miklu vinnu sem þar hefur verið unnin af mörgum óeigingjörnum höndum. Og hvert ætli sá maður leitaði sem hefur misst heilsu sína vegna aldurs? Ætli hann mundi ekki velta því fyrir sér hvaða aðilar það eru í sveitarfélaginu þar sem hann býr sem öðrum fremur hafa þar byggt upp og unnið að málefnum aldraðra. Þess vegna er alveg ljóst og ég er alveg sannfærður um að ekki einn einasti alþm. — ekki heldur flm. — vill leggja á það áherslu nú, eins og séð er fyrir þörfum þessa fólks, að aðrir eigi að sitja fyrir ef fé yrði afgangs í hinn félagslega þátt íbúðarbygginganna. Alveg sérstaklega veit ég að þetta á við um 4. flm. þessa frv., hv. 3. landsk. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, vegna þess að í ræðu sinni lagði

hann sérstaklega áherslu á mannlega þáttinn í húsnæðismálunum þegar hann sagði: „Það má öllum vera ljóst að lausn á húsnæðisvandanum kostar peninga. Húsnæðismálin og önnur mál er varða mannlega velferð verða að koma framar í forgangsröðina en nú er", segir hv. þm., og auðvitað hefði hann viljað bæta við: og þeim á að sinna fyrst sem verst eru settir. — Og hann sem læknir veit auðvitað hvað það bagar fólk í lífsbaráttunni ef það gengur ekki heilt til skógar, hvort sem það er af völdum sjúkdóma, ellihrörleika, blindu eða hvað það nú er sem því eða slíku veldur.

Þriðji hópurinn sem hér er tilgreindur er námsmenn. Nú er það auðvitað ljóst að búsetaréttur er ekki hugsanlegur vegna námsmanna. Íbúðir fyrir námsmenn eru leigðar til þess tíma sem nám stendur til þess að draga úr námskostnaði viðkomandi unglinga eða þess unga fólks sem nám stundar, og ég geri ekki ráð fyrir að ég og hv. 1. flm., Steingrímur Sigfússon, hv. 4. þm. Norðurl. e., munum eiga kappræður um það, varðandi okkar umbjóðendur fyrir norðan, hversu þýðingarmikið það er að létta undir með húsnæðiskostnaðinn hjá því fólki sem fer suður til mennta hverju sinni. Auðvitað erum við að hugsa um að hjálpa unga fólkinu í Háskólanum, í Tækniskólanum, í Stýrimannaskólanum eða hvar sem þetta unga fólk er á meðan það stundar námið.

Herra forseti. Ég hef hér minnst á nokkur atriði í frv. til breytinga á lögum nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ástæða væri til að ræða einstök atriði þess frv. ítarlegar en ég hef gert en þar sem ég vil ekki teygja umræður um of skal ég að því leyti stilla máli mínu í hóf. Ég vil þó í lokin aðeins varðandi einstök atriði frv. vekja athygli á því ákvæði 84. gr. að gert er ráð fyrir því að um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðisamvinnufélaga skuli fara, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga um samvinnufélög eins og þau eru á hverjum tíma. Þetta tel ég afskaplega hæpið lagaákvæði og ítreka fyrra sjónarmið mitt þess efnis að auðvitað hljóti búsetafélög, ef stofnuð verði, að geta verið undir fleiri formum en samvinnufélögum einum. Ég vek líka athygli á að flutningsmenn gera ekki ráð fyrir því að byggingarsamvinnufélög eigi að njóta sama réttar og húsnæðissamvinnufélög sem er íhugunarvert og segir kannske einhverja sögu.

En nú held ég, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að rifja upp hvað það er sem verið er að fara fram á þegar frv. af þessu tagi er sett fram. hvað það er sem verið er að rétta fólki, einhverjum ákveðnum tilteknum einstaklingum á kostnað annarra. Ég tók þetta saman um daginn og vil vitna í blaðagrein í Morgunblaðinu 9. október s.l. þar sem ég vík að því atriði. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um verkamannabústaði gildir sú regla að við byggingu þeirra er hver verkþáttur tekinn út um mánaðamót og 80% kostnaðar greiddur úr Byggingarsjóði verkamanna og viðkomandi bæjarfélagi og er þetta fé vaxtalaust á byggingartíma. Þessara forréttinda vill Búseti njóta.

Ég fékk þær upplýsingar á skrifstofu Verkamannabústaða í Reykjavík að 100 fermetra íbúð kostaði nú 2,6 millj. kr. Lán úr Byggingarsjóði verkamanna næmi 2080 þús. kr., en lán úr Byggingarsjóði ríkisins yrði að núvirði 820 þús. kr. til þeirra sem enga íbúð eiga fyrir. Þessara forréttinda, rúmlega 1,2 millj. kr. á íbúð, vill Búseti líka njóta.

Búseti hefur sótt um lán úr Byggingarsjóði verkamanna vegna 116 íbúða. Ég hygg að ekki sé fjarri lagi að það sé um fjórðungur þeirra íbúða sem fokheldar verða á þessu ári og byggðar eru af ungu fólki sem enga á fyrir. Lánsumsókn Búseta vegna 116 íbúða nemur 241 millj. kr., en vegna 348 íbúða ungs fólks í Byggung og víðar 285 millj. kr. Það þýðir m.ö.o. að hægt yrði að hækka hin almennu íbúðarlán um 300 þús. kr. eða úr 820 þús. kr. í 1135 þús. kr. ef allir ættu að sitja við sama borð og því fé yrði skipt jafnt milli allra, sem Búseti ætlar sér umfram aðra."

Ég tek fram að í þessum tölum hef ég reynt að átta mig á hvert sé raunvirði lánsfjárhæða og þær verða að skoðast sem slíkar.

„Síðast en ekki síst eru greiddir 3,5% vextir af lánum í Byggingarsjóði ríkisins en 1% í Byggingarsjóði verkamanna. Sá mismunur nemur 500 þús. kr. á lánstímanum samkvæmt því dæmi sem ég hef hér tekið. Þessa litlu hálfu milljón biður Búseti líka um sér til handa og ætlar hinum að greiða með hærri sköttum sem hafa brotist í því að eignast þak yfir höfuðið."

Svo mörg voru þau orð, en þau orð segja þá skýru sögu að í þessu frv. felst ekki lítil mismunun milli þegnanna. Og hvernig á að mismuna þegnunum? Hver á að fylgjast með því eða hvaða reglur eiga að ráða þessari mismunun? Á það að vera efnahagur? Á það að vera menntun? Á það að vera hvort viðkomandi sé einhleypur eða ekki? Nei; það sem á að ráða þessari nýju mismunun á að vera listi sem orðið hefur til hjá stjórn Búseta þar sem ekkert tillit er tekið til heimilisaðstæðna og heimilisástæðna að einu eða neinu leyti. Engu leyti. Það á bara að vera röð, hvernig menn sóttu um í stjórn félags úti í bæ, hverjir eigi að njóta þessara forréttinda. Og hverjir eiga að borga? Þeir sem eiga að borga eru aðrir skattborgarar. Og til hvers? Til þess, eins og segir í Alþýðublaðinu, að Búsetamenn geti varið peningunum „í það að eiga seglbát eða sumarbústað eða þá einhverja kostnaðarsama tómstundaiðju." (**Gripið fram í:** Hvaða heimildarmaður er þetta?) Nafnlaust, þetta er í Alþýðublaðinu. Það er sennilega á ábyrgð formanns Alþfl. eða ritstjóra. Þetta verður að skoðast sem ritstjórnargrein en þarna er lýst þeim hugmyndum sem liggja til grundvallar hjá þeim talsmanni Búseta sem tók til máls í Alþýðublaðinu á þeim drottins degi, þriðjudeginum 1. október s.l.

Herra forseti. Í ræðu sinni sagði hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Húsbyggjendur gera þá kröfu til stjórnmálamannanna að þeir efni þegar fjölmörg loforð sín til úrbóta þeim til handa. M.a. vilja þeir fara að sjá eitthvað af þeim peningum sem aflað var með söluskattshækkun s.l. vor sem ekki kom síst niður á lántakendum."

Ég skil ekki þann þanka sem þarna liggur til grundvallar. Ég held að hv. þm. hljóti að hafa mismælt sig. Hin sérstaka skattheimta var einmitt til þess að létta undir með mörgum húsbyggjendum og var gerð grein fyrir því í grg. með frv. til laga um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986 en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að unnt sé að taka á brýnasta vanda húsbyggjenda og húskaupenda er með þessu lagafrv.

gerð tillaga um sérstaka fjáröflun til þeirra viðbótarráðstafana sem stjórnarflokkarnir hafa gert og munu beita sér fyrir á þessu ári. Í því efni er einkum um þrennt að ræða:

1. Ráðgjafarþjónusta hjá Húsnæðisstofnun ríkisins sem hefur það hlutverk að leiðbeina, aðstoða og lána þeim sem komnir eru í greiðsluerfiðleika. Útlán í tengslum við ráðgjafarþjónustuna eru áætluð um 200 millj. kr.

2. Greiðslujöfnun vegna fasteignaveðlána einstaklinga sem talin er fela í sér um 100 millj. kr. minni endurgreiðslur lána til byggingarsjóða ríkisins í ár.

3. Aukin áhersla á lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Tekin hefur verið ákvörðun um að hækka hámark svonefndra G-lána þannig að það verði komið í 50% af nýbyggingarláni (F-láni) á 1. ársfjórðungi 1986.

Í þessu skyni er gert ráð fyrir 70 millj. kr."

Það liggur þess vegna alveg á borðinu að þessi sérstaka skattheimta var vegna húsbyggjenda og þess vegna óskiljanlegt að Landsfundur Kvennalistans skuli í ályktun sinni í Gerðubergi fyrir átta eða níu dögum komast þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Núverandi ríkisstjórn virðist hvorki hafa vilja né getu til að leysa þennan vanda," nefnilega vanda húsbyggjenda." Nú væri fróðlegt ef hv. þm. vildi upplýsa mig um hvaða fordæmi hann hefur sérstaklega í huga varðandi aðrar ríkisstjórnir sem hafi komið til móts við þá húsbyggjendur sem lent hafa í vandræðum vegna ónógrar lánafyrirgreiðslu Byggingarsjóðs ríkisins.

Ég vek athygli á því að á árinu 1984 var aukning lánveitinga úr Byggingarsjóði ríkisins 83,8% að raungildi, ekki krónum, að raungildi. Það er ekki lítið. Og hvernig stóð nú á þessu? Í fréttabréfi Húsnæðisstofnunar ríkisins frá því í júlí í sumar er þessi mikla aukning útborgaðs lánsfjár Byggingarsjóðs ríkisins skýrð með þessum hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi jókst eftirspurn eftir lánum sem leiddi til verulegrar fjölgunar þeirra svo sem lýst var hér að framan. Í öðru lagi voru fjárhæðir lána hækkaðar um allt að 50% þann 1. janúar 1984 í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 23. september 1983. Í þriðja lagi komu 161 milljón króna til greiðslu á árinu 1984 vegna sérstakra viðbótarlána er ákveðin voru 1983. Ef útborguð viðbótarlán eru frátalin nam aukning lánveitinga Byggingarsjóðs ríkisins árið 1984 samtals 64,7% að raungildi."

Það er sem sagt ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki einu sinni heldur tvisvar á sínum stutta ferli beitt sér fyrir sérstökum ráðstöfunum, sérstakri útvegun fjármagns í Byggingarsjóð ríkisins, til þess að koma til móts við þá húsbyggjendur sem átt hafa í erfiðleikum með að standa undir skuldbindingum vegna íbúðabygginga.

Í þessu sambandi vil ég að það komi fram að ekki eiga allir íbúðabyggjendur sem byggðu á þeim árum sem oft er vitnað til, 1981, 1982 og 1983, sömu sögu. Gerð var úttekt á því hver væri stærð þeirra íbúða sem byggðar voru á þessum árum og lán fékkst til úr Byggingarsjóði ríkisins. Þá kom í ljós að meðal fermetrafjöldi á einstakling var yfir 50 m^2, mig minnir 56 m^2. Það þýðir að fjögurra manna fjölskylda gat ekki látið sér nægja minna heldur en 226 m^2 til að hafa nægilega rúmt um sig. Menn þurfa náttúrlega ekki að velta því lengi fyrir sér að svo óhóflegar byggingaframkvæmdir hljóta að koma við fólk þegar lánum húsnæðisstjórnar og bankakerfis hefur verið breytt á þann veg að allar fjárskuldbindingar eru verðtryggðar. Ég get vel tekið undir það, og sagði það raunar í þeim svifum sem verðtrygging fjárskuldbindinga almennt var tekin upp í tíð síðustu ríkisstjórnar, að umskiptin hefðu orðið allt of snögg, í fyrsta lagi vegna þess að almennri upplýsingastarfsemi um mismunandi eðli lánveitinga og lántöku fyrir og eftir breytingarnar var ekki sinnt. Það hefði verið nauðsynlegt að ekki aðeins bankar, heldur líka skólar, ríkisfjölmiðlar og aðrir, hefðu sinnt þeirri upplýsingaskyldu miklu betur, varað menn við á þeim tíma að taka að láni sömu fjárhæðir og áður vegna þess hversu erfiðara yrði að standa undir skuldbindingunum. Því til viðbótar kom svo að lífskjör versnuðu verulega síðari hluta árs 1982 fram á mitt ár 1983 sem einnig varð til þess að þyngja róðurinn.

Ríkisstjórnin hefur síður en svo látið sem ekkert sé. Í fyrra fallinu var sú ákvörðun tekin að veita 50% lánsuppbót á öll lán Byggingarsjóðs ríkisins á árunum 1981—1983, og á s.l. vori beittu stjórnarflokkarnir sér fyrir sérstakri skattheimtu til þess í annað sinn að auðvelda mönnum að standa undir sínum fjárskuldbindingum, annars vegar með lánsfyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins og hins vegar með því að lán í bankakerfinu yrðu lengd. Og enn er það til umræðu hvort rétt sé að halda áfram þessari starfsemi um leið og ákveðið er að miklu, miklu ríkari áhersla verði lögð á það eftirleiðis en hingað til að á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins starfi upplýsingaþjónusta er geri væntanlegum húsbyggjendum grein fyrir því fjármagni og þeirri vaxtabyrði sem það hefur í för með sér að ráðast í byggingu á húsnæði.

Herra forseti. Að síðustu vil ég aðeins segja að ég hygg að allir hv. þm. séu sammála um að höfuðvandinn í húsnæðismálunum sé sá að fé í byggingarsjóðunum brann upp vegna rangrar stefnu á síðasta áratug, sem ákveðin var á árunum á milli 1971 og 1974 og við erum að súpa seyðið af enn í dag; þá brann ekki aðeins féð í byggingarsjóðunum upp heldur líka fé sparifjáreigenda. Þetta er gífurlega mikið vandamál sem kallar á nýtt fé inn í húsnæðiskerfið í miklu, miklu stærri mæli heldur en nokkurn óraði fyrir og nokkur þorði að gera sér grein fyrir. Ég veit að allir þingmenn eru sammála um að vandinn í húsnæðismálunum er fyrst og fremst þessi: skortur á fjármagni.

Það er mín skoðun og míns flokks að við verðum að leysa þetta með því að láta það fólk sem er heilbrigt, gengur heilt til skógar, hefur atvinnu og býr við venjulegar heimilisaðstæður, sitja við sama borð. Sjálfstfl. hefur verið fylgjandi því að verkamannabústaðakerfið sé áfram, séreignarfyrirkomulag verkamannabústaðakerfisins, og við tökum það fram yfir hugmyndir eins og Búseta vegna þess að við vitum að starfsmenn og forystumenn stéttarfélaganna og starfsmenn og forystumenn sveitarfélaganna fylgjast betur með og eru í betri færum en aðrir til að meta hvar skórinn kreppir helst hjá þeim einstaklingum sem í vandræði komast og líka vegna þess að verkamannabústaðakerfið hefur unnið sér þann sess í þessu þjóðfélagi að engum getur lengur fundist minnkun að því að sækjast eftir íbúð í verkamannabústöðum. Reynslan af kerfinu mætti kannske vera betri en erlendir menn sem hingað koma og þekkja önnur félagsleg kerfi öfunda

okkur þó af þeim árangri sem hefur náðst.

Gagnvart fjöldanum, hinum almenna manni, höfum við þá stefnu að styrkja grundvöll og fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins. Við viljum beita okkur fyrir því að hann hafi meira fjármagn til ráðstöfunar þannig að hinn almenni húsbyggjandi geti vænst meiri fyrirgreiðslu en ella. Okkur þykir það mikill ávinningur að sú regla var tekin upp að þeir sem ekki eiga íbúð fyrir fái fyrr fyrirgreiðslu en aðrir. Við viljum halda áfram á því sviði og erum sannfærðir um að einmitt þetta, að menn sitji við sama borð hvar sem þeir búa á landinu, heilbrigt fólk, sé hið eftirsóknarverða og um leið að sú fyrirgreiðsla sem veitt er sé viðunandi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vona að mér fyrirgefist að segja að það er ekki andskotalaust að eiga að svara þessari ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., jafnlöng og hún var og jafnvíða og hann kom við, því að inn á milli blandaði hann efnislegum spurningum sem ég vil gjarnan reyna að svara að svo miklu leyti sem þær eru svaraverðar og það er hægt. Auðvitað má deila um hvort það er skynsamleg nýting á tíma hv. þingdeildar að við höldum fræðslufund um búseturéttarfyrirkomulagið, ég og hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég hef með mér talsverðan gagnabunka. Út af fyrir sig væri að mörgu leyti þægilegra að ég tæki hv. þm. í einkatíma en hafi forseti og aðrir menn í deildinni þolinmæði til að hlusta skal ég reyna að fræða hann svolítið.

Ég vísaði í minni framsögu til ræðu sem ég flutti hér í fyrra og til þeirrar umfjöllunar sem Búseti hefur fengið og ég vísaði til þess almenna fróðleiks sem ég gerði ráð fyrir í þjóðfélaginu um þetta mál eftir þá víðtæku fjölmiðlakynningu sem það hefur fengið. En það sýnir sig auðvitað að stundum er þar til of mikils mælst. Sá fróðleikur hefur ekki komist alls staðar til skila og menn eru ótrúlega illa að sér um hluti sem jafnvel hafa verið árum saman til umræðu og efst á baugi. Og þá er ekkert nema að taka því og reyna að bæta úr því.

Ég ætla ekki að lesa hér upp úr öllum þessum gögnum. Hér eru blaðaúrklippur um þetta mál í tveimur bindum, sitt hvort árið, og má þar finna margvíslegan fróðleik. Ég bendi hv. þm. á að kynna sér það og ég bendi honum á — **(HBl:** Hvar er þetta falt, ég hef ekki séð þetta fyrr.). Þetta getur hv. þm. útvegað sér m.a. hjá Búseta. Ég bendi á Alþjóðasamvinnusambandið sem gefur út rit um húsnæðismál á sínum vegum. Þar er að finna fróðleik um þessi mál í einum 100 þjóðlöndum eða svo þar sem samvinnuform er nýtt í húsnæðismálum. Ég er hér t.d. með nýlega bók sem gefin er út af Alþjóðasamvinnusambandinu um „co-operative housing" eins og það heitir á enskri tungu. Þar er stuttur kafli um stöðu þessara mála og fyrirkomulag í hverju landi fyrir sig, þar á meðal í hinum norrænu löndum, en það er misskilningur sem sumir virðast halda að búseturéttarfyrirkomulag sé eingöngu bundið við Skandinavíu eða norðanverða Evrópu; það finnst um allan heim og er víðtækt í mörgum heimsálfum, m.a. Ástralíu og Suður-Ameríku svo dæmi séu nefnd. Og það er mjög víða með svipuðu sniði eins og sést best á því að Alþjóðasamvinnusambandið hefur innan sinna vébanda þetta mörg lönd sem það telur til sem sína aðildarmenn. Á Norðurlöndunum er samstarf, sérstakur félagsskapur, með húsnæðissamvinnufélögum, og þau gefa líka út upplýsingar, og ég hef þær hér í höndum, sem ábyggilega væri fróðlegt fyrir hv. þm. að kynna sér. Því miður vantar Ísland enn þá inn í þennan bunka, en hér eru nokkuð ítarlegar upplýsingar um stöðu þessara mála á hinum Norðurlöndunum. Þessum málum er þannig sinnt þar að verið er nú á þessu ári sem er að líða og á næstu árum sem liðið hafa hér á undan að gefa út bækur um stöðu húsnæðismálanna árið 2000 og hvernig beri að bregðast við nú til þess að þau mál séu í góðu horfi þegar ný öld gengur í garð. Væri betur að við tækjum okkur slík vinnubrögð til fyrirmyndar.

Ég ætla þá, herra forseti, að reyna að svara nokkuð þeim efnislegu spurningum sem ég náði að greina í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., eitthvað af þeim kann nú að hafa horfið ofan í þann vaðal sem hann hélt uppi almennt um þessi mál.

Ég vil segja það um spurningarnar fyrst áður en ég svara þeim að þeim má skipta í þrjá flokka, þ.e. í fyrsta lagi þær spurningar sem bornar eru fram af hreinni fákunnáttu og vegna þess að hv. þm. hefur ekki lesið það mál sem hér er til umfjöllunar. Nokkrar af þeim spurningum sem hann ber fram svara sér sjálfar ef menn lesa frv. vandlega í gegn og ég get þá gert það á þeim stöðum þar sem honum hefur greinilega láðst að gera það. Í öðru lagi er um misskilning að ræða í nokkrum tilfellum, hreinan misskilning á eðli búseturéttarfyrirkomulagsins og spurt vegna þess misskilnings, en í þriðja lagi — og það tek ég sérstaklega fram — eru auðvitað eðlilega málefnalegar spurningar sem sjálfsagt er að reyna að svara að svo miklu leyti sem ég get það og mun ég reyna að verða við því.

Þm. nefndi oft í sínu máli þá gífurlegu mismunun sem ætti að eiga sér stað með tilkomu búseturéttarformsins, þau sérstöku forréttindi sem ætti að veita ákveðnum hópum og, ef ég man hans óbreytt orð í því efni, þann gífurlega fjárhagslega stuðning — eins og hann orðaði það hér áðan, hv. þm., — og þau miklu forréttindi sem Búseti ætti að fá. Nú vill svo skemmtilega til að þessi miklu forréttindi og þessi gífurlegi fjárhagslegi stuðningur er nokkurn veginn nákvæmlega óbreytt kosningaloforð Sjálfstfl. til almennra húsbyggjenda í þessu landi fyrir síðustu kosningar. Einhverja hér rekur eflaust minni til þess að þessi nefndi flokkur, Sjálfstfl., lofaði almennum húsbyggjendum í landinu fyrirgreiðslu upp á 80% löng lán til allra þeirra sem væru að byggja í fyrsta sinn. Þetta er nákvæmlega það sama og reiknað er með að Búseti fái út úr Byggingarsjóði verkamanna. Þannig að loforðin eru nú ekki hinn gífurlegi fjárhagslegi stuðningur og hin óeðlilega fyrirgreiðsla er nú ekki annað en það að efna þá þessi kosningaloforð Sjálfstfl. fyrir þennan tiltekna hóp í landinu.

Það er auðvitað misskilningur og rangt að hérna sé um gífurlegan fjárhagslegan stuðning að ræða. Hér á ekki að gefa neinum neitt, hv. þm., hér er um að ræða lán, verðtryggð lán með vöxtum sem verða endurgreidd og þar með er ekki að mínu viti verið að styrkja neinn í góðri merkingu þess orðs. Hv. þm. hefur greinilega ekki náð að skilja eðli búseturéttarins og þess fyrirkomulags sem þar er því aftur og aftur fellur hann í þá

gryfju að ræða um endursölu íbúða í verkamannabústaðakerfi og endursölu á búseturétti sem sérstakt vandamál í þessum efnum. En það er nefnilega svo, hv. þm., og nú bið ég þig að taka vel eftir og reyna að skilja þetta í eitt skipti fyrir öll, að það er ekki gert ráð fyrir því að íbúðirnar í búseturéttarfyrirkomulagi sem slíkar gangi kaupum og sölum. Það er einungis búseturétturinn sem gerir það. Íbúðirnar eru og verða í eigu þess félagsskapar sem fer með búseturéttinn á viðkomandi svæði eða viðkomandi byggingum. Þar af leiðandi koma þau vandamál sem kunna að vera og sannanlega eru í verkamannabústaðakerfinu um endursölu íbúða þessu máli ekki við, hv. þm., því það er ekki gert ráð fyrir því, a.m.k. ekki í sjáanlegri framtíð, að þessi félagsskapur muni verða aflögufær um íbúðir og fara að selja þær á almennum markaði. Þess vegna eru öll ræðuhöld um þetta efni ástæðulaus, koma þessu máli ekki við, byggjast á misskilningi og þarf þá ekki að ræða það frekar.

Hvað varðar hins vegar búseturéttinn sjálfan og þann möguleika að hann gangi kaupum og sölum milli manna þá eru í frv. og einnig í samþykktum húsnæðissamvinnufélaganna, t.d. húsnæðissamvinnufélagsins Búseta, skýr, einföld, ljós og fullnægjandi ákvæði um það hvernig það verður meðhöndlað. Þau eru á þá leið að í upphafi er búseturéttargjaldið ákvarðað á grundvelli þeirra langtímalána sem félaginu standa til boða og byggingarkostnaðarins. Þetta eru eðlilega þær tvær stærðir sem menn taka þarna til greina. Mismunurinn á þessu tvennu, nokkurn veginn, verður þá búseturéttargjaldið. Það er greitt í eitt skipti, í upphafi og aðeins í upphafi og kemur ekki inn í þetta mál að öðru leyti, vegna þess að gangi síðan búseturétturinn kaupum og sölum milli manna þá er það sá sem við honum tekur sem greiðir hann út til þess sem áður átti. Ósköp einfaldlega eins og um hver önnur kaup og sölu sé að ræða.

Ákvæðin um framreikning búseturéttarins eru ósköp einfaldlega þau að það er hið upphaflega gjald, framreiknað á grundvelli byggingarvísitölu, sem er stofninn að því gjaldi. Og það er alveg nauðsynlegt að hv. þm. hafi það á hreinu að búseturéttargjaldið sem slíkt er einungis reiknað upp í eitt skipti og síðan er það sú upphæð framreiknuð í hvert sinn, og er ekki greidd árlega eða einu sinni í mánuði eða eitthvað slíkt eins og mér fannst jafnvel hv. þm. hafa misskilið hlutina.

Það er hins vegar búsetugjald sem er í raun og veru leiga þess sem er í búseturéttarhúsnæðinu og hún skiptist í nokkra undirflokka sem þessi leiga er eyrnamerkt og ég ætla að reyna að útskýra það einnig fyrir hv. þm. hvernig þetta er hugsað og hvers vegna það er hugsað svo sem raun ber vitni. Jú, það er vegna þess að auðvitað þarf að greiða fjármagnskostnað af þessu húsnæði; það þarf að reka þetta húsnæði og það þarf að halda því við. Og eitt af aðalsmerkjum búseturéttarfélaganna, húsnæðissamvinnufélaganna, er það að þeirra hús marka sig yfirleitt skýrt og greinilega frá öðrum húsum í þeim hverfum þar sem þau eru vegna þess að þeim er vel við haldið, þeim er vel við haldið, þeim er reglulega við haldið og þau eru endurnýjuð og þau eru í góðu ásigkomulagi. Þetta getur hver skoðað fyrir sjálfan sig sem fer um nálæg lönd og athugar þetta. Og hvers vegna er nú þetta? Jú, þetta er vegna þess að þegar í upphafi, á fyrsta ári, strax og tekið er til við að greiða leiguna, þ.e. búsetugjaldið, er eyrnamarkaður af því ákveðinn hluti sem fer í viðhalds- og rekstrarsjóð. Þessi viðhalds- og rekstrarsjóður er tvískiptur — þ.e. viðhaldssjóðurinn — annars vegar ytra viðhald sem er á vegum búsetufélagsins og svo innra viðhaldið sem er sjálfstæður sjóður og stendur hverjum og einum íbúðareiganda til boða til að halda við sinni íbúð ef hann svo óskar. Geri hann það hins vegar ekki safnast þessi upphæð fyrir og er eign þess búseturéttar þannig að gangi hann kaupum og sölum til næsta manns fylgir sú innistæða í kaupunum og verður þar af leiðandi eign þess sem við tekur og honum frjáls til áframhaldandi ráðstöfunar. Þannig ræður sá sem býr í húsnæðinu á hverjum tíma því innan vissra marka að hve miklu leyti hann endurnýjar sína íbúð að innanverðu á hverjum tíma eða að hve miklu leyti hann leggur þá fjárhæð fyrir. Ytra viðhaldið er hins vegar á vegum félagsskaparins og þannig er fyrir því séð, eins og ég sagði, að þessi hús eru yfirleitt í hópi þess allra besta sem finnanlegt er hvað varðar viðhald og þeim er sem sagt reglulega og vel við haldið.

Þetta tók ég reyndar fram í minni framsöguræðu sem rök fyrir þessu fyrirkomulagi. Það hefur hvarvetna reynst þannig að búseturéttarfyrirkomulagið er miklu heppilegra í þessu tilliti heldur en t.d. leiguíbúðaeign sveitarfélaga og það hefur, eins og ég nefndi, t.d. í Noregi farið í þann farveg að sveitarfélögin ganga yfirleitt til samvinnu við húsnæðissamvinnufélögin um að leysa þær skyldur sem þeim ber að inna af hendi í sambandi við leiguíbúðir vegna þess að leiguíbúðir sveitarfélaganna eru miklu þyngri og erfiðari í rekstri og ganga fyrr úr sér, og fylgja því auðvitað ýmsir vankantar sem allir geta séð, en íbúðir í eigu húsnæðisamvinnufélaga.

Þannig er það ekki rétt sem hv. þm. Halldór Blöndal hélt fram í fyrri hluta ræðu sinnar, sem flutt var hér fyrir nokkrum dögum síðan, að þessi gjaldheimta væri flókin og illskiljanleg. Hún er þvert á móti einföld og mjög góð rök eru fyrir því að hafa hana einmitt eins og hún er, mjög góð rök og studd jákvæðri reynslu frá þeim löndum þar sem þetta fyrirkomulag er við lýði, hv. þm.; þannig er nú það.

Hv. þm. ræddi einnig um að ekki hefði komið fram í máli okkar flm., þeirra sem hér hafa talað, að við vildum veita þeim sem búa nú við verst og hvað mest óviðunandi ástand, ef lengur er hægt að tala um einhverja afmarkaða hópa í þeim efnum í dag, sérstaka úrlausn; við værum í raun og veru að tefla búseturéttarforminu fram gegn þeim hópum í þjóðfélaginu. Þetta er auðvitað alrangt og þetta tók ég fram í mínu máli í upphafi. Auðvitað er það svo að það ber að leysa úr vandanum þar sem hann brennur mest á og þar sem ástandið er í raun hvað mest óviðunandi, en ekki er þar með sagt að menn eigi að láta þar við sitja, að láta það duga. Ég skildi í raun og veru hv. þm. Halldór Blöndal svo að honum fyndist ekkert annað aðkallandi í húsnæðismálum en að leysa húsnæðisvanda öryrkja og aldraðra og það væri í raun og veru það sem þyrfti að gera á næstu árum og jafnvel áratugum. Ég er ekki sammála þessu. Ég vil einnig leysa vanda almennings í landinu, ungs fólks almennt sem ekki getur með neinum venjulegum ráðum komið yfir sig húsnæði eins og að þessum málum er búið í dag. Og þegar hv. þm. og talsmaður Sjálfstfl. er að tala um þessi sérstöku forrétt-

indi og sérstakan stuðning við þennan hóp er hann auðvitað að gefa sér að það verði áframhaldandi óviðunandi ástand á hinum almenna markaði, að sjálfsögðu, vegna þess að annars væri hér ekki um óeðlilega fyrirgreiðslu að ræða. Hann er m.ö.o., hv. þm., að bjóða upp á áframhaldandi neyðarástand, neyðarástandsstefnu Sjálfstfl. í húsnæðismálum um næsta árabil og hann gefur sér það, hv. þm., í máli sínu að það verði áframhaldandi forréttindi að fá að komast inn í viðunandi húsnæði á Íslandi á næstu árum, og hann sér sjálfan sig og ákveðna aðra aðila í þjóðfélaginu sem skömmtunarstjóra þeirra forréttinda, og þess vegna talar hann, eins og raun ber vitni, um það sem sérstök forréttindi.

Reyndar er það svo að fyrir liggja upplýsingar um að það fólk sem gekk inn í húsnæðissamvinnufélögin er í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella mjög illa statt í þessum efnum, og ég mun koma að því síðar í máli mínu, herra forseti, hvernig það ástand er. Það er m.ö.o. ekki það fólk sem væri líklegt til þess að eiga seglskútur suður við Miðjarðarhaf eða á Karíbahafi eða einhvers staðar annars staðar sem gekk almennt inn í húsnæðissamvinnufélögin og treystir á þá leið til að leysa sín húsnæðismál. Því miður er það ekki svo. Ef allir hefðu verið það vel staddir að þeir hefðu ætlað að komast inn í húsnæðissamvinnufélög til þess að geta síðan keypt lystisnekkjur eða einkaflugvélar eða eitthvað slíkt væri þetta auðvitað allt í lagi á Íslandi, en þannig er það bara ekki, hv. þm.. Ég veit ekki hvaða fólk hv. þm. umgengst og ræðir við húsnæðismál, en það er greinilega ekki hinn almenni félagsmaður í Búseta; það get ég alveg borið vitni um vegna þess að meðal þess fólks er ekki svona ástatt.

Hv. þm. vitnar hér í nafnlausar greinar í Alþýðublaðinu og ég ætla reyndar ekki að fara að eiga í þeim orðaskiptum þegar 2. þm. Norðurl. e. talar við Alþýðublaðið eða Alþfl. eða nafnlausar greinar sem einhvern tíma hafa birst í Alþýðublaðinu um þetta tiltekna mál. Ég vil hafa þennan málflutning örlítið rismeiri en svo, herra forseti, en þessi mál eru ekki komin frá opinberum talsmönnum Búseta og þeir geta varla frekar en aðrir svarað fyrir nafnlaus skrif í Alþýðublaðinu.

Hins vegar var gerð könnun á því hvernig högum þeirra sem gengu inn í Búseta í Reykjavík, félagsskapinn Búseta, á fyrsta árinu væri háttað, hvernig þeirra ástand væri í sambandi við húsnæðismál, þeirra efnahagur, og síðan voru, eins og eðlilegt er, kannaðar aðrar almennar aðstæður eins og aldursdreifing o.s.frv. Vegna þess að hv. þm. spurði í fyrri hluta ræðu sinnar hvers konar eiginlega félagsskapur þetta væri, hvers konar fólk þessar 2500 sálir væru nú ætla ég að reyna að svara því ofurlítið með því að vitna til þessarar könnunar, og til að hafa heimildirnar á hreinu fyrir hv. þm. var þessi könnun unnin af Elíasi J. Héðinssyni sem er lektor við Háskóla Íslands. Hún liggur einnig frammi og er eflaust fáanleg hjá félagsskapnum Búseta. Auðvitað kom í ljós, sem engum þurfti að koma á óvart, að aldursdreifing þessa hóps, þessara líklega liðlega 2000 manna sem þá voru gengnir í félagsskapinn Búseta, en um 570 þeirra tóku þátt í þessari könnun eða um fjórðungur sem er mjög marktækt úrtak, var þannig að 66% rúm voru innan við 35 ára aldur, þ.e. mikill meiri hluti ungt fólk, þar af á aldrinum 16—20 ára 13%, 21—25 ára 24%, tæpur fjórðungur, eða langstærsti hópurinn í einum aldursflokki í þessum félagsskap og síðan minnkandi niður í 45 ára aldur en þá fara reyndar aldurshóparnir aftur stækkandi. Þannig að það er akkúrat kynslóð hv. skrifara sem er sjaldséðust í félagsskapnum Búseta. Fólk á aldrinum — ég hygg ég fari rétt með og meiði ekki hv. skrifara þó ég vitni til aldurs hans svona u.þ.b. — 40—50 ára er áberandi langfæst í félagsskapnum Búseta og síðan eru stærri aldurshópar eftir því sem nálgast sjötugsaldurinn.

Stéttarstaða félagsmanna Búseta er síðan sú, og það kann einnig að vera fróðlegt, að verkafólk er þar langstærsti hópurinn eða 28%, síðan kemur faglært verkafólk 7%, þjónustufólk 24%, og síðan koma skilgreiningar sem ég kann ekki alveg að útskýra út í hörgul. Ef hv. þm. óskar þess verður hann að tala við þann sem framkvæmdi könnunina. En svokallaðir lægri millihópar eru 12%, hærri millihópar 6%, nemar, þ.e. námsmenn, eru tæp 20%, húsmæður 1% og öryrkjar og ellilífeyrisþegar 4%. Og síðan eru aðstæður félagsmanna Búseta á þessum tíma þannig í húsnæðismálum, gróft séð, að leigjendur, þ.e. þeir sem eru í leiguhúsnæði, eru tæplega 60%. Aðeins 11% félagsmanna búa á þessum tíma í eigin húsnæði og 30% búa hjá foreldrum eða skyldmennum og það vill segja að tæp 90% félagsmanna í Búseta, og ég bið hv. þm. að taka eftir þessari tölu, búa á þessum tíma, í árslok 1984, í leiguhúsnæði eða heima hjá foreldrum.

Síðan eru upplýsingar um leigukjör sem þessir menn búa við og væri út af fyrir sig fróðlegt að fara aðeins ofan í það. Ég ætla þó ekki að gera það tímans vegna, en það er enn ein sönnun á því neyðarástandi sem ríkir á leigumarkaðinum og almennt í húsnæðismálum. Rúm 10%, eða 54 af þeim sem tóku þátt í þessari könnun, voru algerlega húsnæðislausir á þeim tíma sem hún fór fram, þ.e. rúm 10% félagsmanna voru á götunni eins og það er orðað.

Bágar aðstæður þessa fólks komu í ljós með ýmsu öðru móti svo sem eins og því að þetta fólk margt bjó í algerlega ófullnægjandi húsnæði, það bjó í óstandsettum kjöllurum og nýbyggingum, það bjó í köldum sumarbústöðum, það bjó jafnvel í húsnæði algerlega án hreinlætisaðstöðu. Nokkur hluti þessa hóps bjó í íbúðarhúsnæði þar sem engin hreinlætisaðstaða var innan veggja. Menn ættu að hugsa augnablik um það. Og þetta skiptist þannig að nær þriðjungur Búsetafélaga bjó í kjöllurum og/eða risíbúðum. Nærri helmingur bjó í tveimur herbergjum eða minna. Nærri helmingur af þessum hópi, þessum 570 sem svöruðu í könnuninni, bjó í tveimur herbergjum eða minna húsnæði. Og áfram mætti halda um það hvernig ástand þessa hóps lýsti sér í þessari könnun. Þessi könnun varð gerð í lok ársins 1984 af Elíasi J. Héðinssyni lektor við Háskóla Íslands svo hv. skrifari fái það nú aftur.

Síðan var spurt hvers vegna þetta fólk gengi inn í búsetuhreyfinguna og það kann að vera fróðlegt fyrir hv. deildarmeðlimi að heyra það einnig. Í ljós kom að um tvær meira og minna samtvinnaðar ástæður var að ræða í afgerandi meiri hluta tilfella. Annars vegar sú að þetta fólk vildi búa sér og sínum öryggi í húsnæðismálum, öryggi sem það taldi óhugsandi að búa sér með öðru móti eins og staðan væri í þessum málum á leigumarkaðinum í dag. Hin ástæðan, sem gjarnan var samtvinnuð hinni, var sú að meginþorri félagsmanna í Búseta taldi sig ósköp einfaldlega ekki hafa ráð á að

fara hefðbundnar leiðir hvað varðar húsbyggingar eða húskaup á Íslandi á þessum tíma, eða 75%. 75% töldu sig ekki hafa ráð á, ekki hafa efni á, ekki geta komist í húsnæði með hinum hefðbundnu leiðum sem standa til boða og stóðu til boða í árslok 1984.

Ég ætla ekki að vitna meira í þessa úttekt á högum og samsetningu þeirra sem gengu í húsnæðissamvinnufélagið en vona að hún hafi að einhverju leyti svarað ræðuhöldum hv. þm. um þennan félagsskap og eðli hans eins og hann spurði um í fyrri hluta sinnar ræðu. Og, herra forseti, ég mun reyna að fara að stytta þetta enda tími vor til deildafunda senn úti.

Hv. þm. hóf reyndar fyrri hluta ræðu sinnar á því að gefa aftur út þá skoðun sína að forseta Nd. hefði orðið á við fundarstjórn á vordögum s.l. þegar hann felldi ákveðinn úrskurð í sambandi við frv. Ég ætla ekki að fara ofan í það karp aftur, en ég harma það að hv. þm. skuli enn vera við sama heygarðshornið og vanvirða með þessum hætti virðulegan forseta Nd. og þann úrskurð sem hann gaf sem var að mínu viti hárréttur og maklegur.

Hv. þm. hefur spurt hvers vegna menn hafi valið samvinnufélagsformið en ekki hlutafélagsform. Ég gæti út af fyrir sig rökstutt það mjög ítarlega, en ég held ég láti nægja að benda á það, sem augljóst má vera hverjum manni, að á þessum tveimur félagaformum er grundvallarmunur. Búseturéttarfyrirkomulagið er í raun sjálfseignarfyrirtæki, í raun sjálfseignarfyrirkomulag, og þess vegna er nokkuð augljóst að samvinnufyrirkomulagið hentar því miklu betur. Hlutafélag byggir á einstaklingseign og væntanlega mundi hlutafjáreign í slíku félagi fylgja ýmis annar réttur um ráðstöfun húsnæðisins, sem ekki er talið æskilegt að einstakir búseturétthafar hafi í þessu fyrirkomulagi, t.d. eins og sá réttur að veðsetja viðkomandi eign og fara með hana að því leyti til. Sú leið er sem sagt valin að félagsskapurinn skuli fara með það vald, ekki einstaklingarnir sem eiga búseturéttinn, og þar af leiðandi held ég að það liggi nokkuð í hlutarins eðli að samvinnufyrirkomulagið henti miklu betur þessu formi. Það er auk þess sú leið sem í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella hefur verið valin, reyndar einnig í Finnlandi eins og hv. þm. spurði um. Þó er það rétt að hitt finnst þar einnig og þá er það í þeim tilfellum þar sem um mjög lítil samvinnufélög eða lítil félög fárra einstaklinga er að ræða. Þá rúmast innan ramma þess kerfis sem þar er það fyrirkomulag að um takmarkaða hlutafjáreign í viðkomandi félagsskap sé að ræða og hann er þá skráður sem kompaní eða fyrirtæki en ekki sem félagsskapur eða samvinnufélag. Þannig að það er hvorki alveg rétt né alveg rangt sem hv. þm. spurði um skipan þessara mála í Finnlandi.

Svo ég vitni nú aftur í þessa gagnmerku bók, sem ég legg til að hv. skrifari fái sér við tækifæri, þ.e. „Co-operative housing" sem gefin var út af Alþjóðasamvinnusambandinu, þá segir þar um Finnland á bls. 194, og ætla ég að leyfa mér, með leyfi forseta, bæði að lesa upp prentaðan texta og sletta ensku því ég treysti mér ekki til að þýða þetta alveg án þess að hafa smáumþóttunartíma til þess.

En þarna segir efst á bls. 194 og þar er form þessara mála í Finnlandi skýrgreint: „The larger HAKAS which may expect to have scope for continuous development are registered as co-operatives", þ.e. samvinnufélög. „The smaller selfcontained projects with a limited number of owners are registered as companies", fyrirtæki, og ég vona að þetta skýri ofurlítið stöðu þessara mála fyrir hv. fyrirspyrjanda, hvernig þessu er hagað í Finnlandi.

Ég hef reyndar einnig frá Húsnæðisstofnun ríkisins greinargerð sem tekin var saman vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um skipan þessara mála á hinum Norðurlöndunum og þar er auðvitað búseturéttarfyrirkomulagið einnig skýrt ekkert síður en annað og ég bendi hv. skrifara á að kynna sér það. Það mundi einnig svara einhverjum af hans spurningum.

Hv. þm. spurði einnig hvort kvaðir yrðu á endursölu íbúða út úr búseturéttarfyrirkomulaginu og út á hinn almenna markað. Í frv. er það sagt um þetta, og það ætla ég að skýra fyrir hv. þm., að óheimilt sé að selja þessar íbúðir út úr búseturéttarfyrirkomulaginu á meðan á þeim hvíla lán frá Byggingarsjóði verkamanna og það yrði þá væntanlega í þau 30 eða 33 eða 35 ár sem þau lán entust. Síðan liggur það í hlutarins eðli, m.a. liggur það í samþykktum húsnæðissamvinnufélaganna, að þau munu ekki selja frá sér íbúðir meðan skortur er á þeim til þeirra verkefna sem þau eru stofnuð til að sinna. Þetta ætti að liggja í hlutarins eðli þannig að ég held að hv. þm. geti sparað sér áhyggjurnar af því að þessar íbúðir muni streyma út á hinn óháða markað og það er einmitt sá grundvallarmunur sem ég legg til grundvallar þeirri afstöðu minni að ég tek búseturéttar- og húsnæðissamvinnufyrirkomulagið fram yfir byggingarsamvinnufélögin m.a. vegna þessa. Í byggingarsamvinnufélögum fara íbúðirnar gjarnan út á hinn almenna markað þegar búið er að byggja þær, en þarna er sem sagt allt annar háttur á.

Hv. þm. gerði því skóna að við værum með þeirri grg. sem fylgir þessu frv. í raun og veru að falsa afstöðu þeirra manna sem unnu í nefndinni sem samdi frv. Hér er aftur á ferðinni sú ástæða að hv. þm. hefur ekki lesið viðkomandi frv. Og það er auðvitað hvimleitt, herra forseti, að þurfa að standa í því aftur og aftur að útskýra og leiðrétta hv. þm. þegar þeir koma upp og gera sig bera að því að hafa ekki lesið þau mál sem til umfjöllunar eru sæmilega ef þeir eru þá að taka til máls um þau á annað borð. Í þessu frv. segir nefnilega á bls. 6 í grg., þegar við erum búin að útskýra hvernig við stöndum að því að leggja þetta frv. fram og þá fyrirvara sem við höfum, með leyfi forseta:

„Hér fara á eftir skýringar þær sem fylgdu frv. er það kom frá nefndinni." M.ö.o., herra forseti: Við prentum óbreyttar þær skýringar sem nefndin sjálf sendi frá sér. Þetta eru orð nefndarinnar sjálfrar; þetta eru þær skýringar sem hún sendi frá sér um sína afstöðu og hvernig hún hefði staðið að því að semja frv. til hæstv. félmrh. á sínum tíma. Þannig verðum við ekki sökuð um það, sé yfirleitt um það að ræða, að hafa með nokkru *móti gert nefndarmönnum órétt til þó að nöfn* þeirra standi þarna í þessari grg. Það eru þeirra eigin orð sem þar liggja til grundvallar. Og hef ég þá svarað því.

Ég hef gert grein fyrir því hvernig gjöldin sem reiknað er með að lögð verði á, þ.e. annars vegar búseturéttargjaldið sem greitt er í eitt sinn og rennur til að tryggja búseturétt viðkomandi, síðan stofnsjóðsgjald sem er einnig upphafsgjald og greitt einu sinni og síðan ekki söguna meir, og hvernig síðan búsetugjaldið, þ.e. leigan sem ég vil gjarnan kalla svo ef það má skýra

ofurlítið eðli málsins, skiptist niður í nokkra mismunandi þætti, og þarf ég þá ekki að hafa fleiri orð um það og vona að öllum sé það ljóst.

Ef tími hefði leyft hefði ég farið aðeins út í það sem hv. þm. sagði um byggingartíma, í verkamannabústöðum og auðvitað á það einnig við um búseturéttaríbúðir, og bent á það hvernig meðferðin á Búseta nú er einmitt að lengja byggingartíma þeirra íbúða eða mundi lengja byggingartíma þeirra íbúða sem þeir ætla að byggja og þar af leiðandi gera þær bæði dýrari og óhagkvæmari heldur en þær þyrftu að vera. Ég hefði talið eðlilegt að Búseti hefði fengið fullt lán til að byggja þann fjölda íbúða sem samkomulag hefði náðst um á sem allra stystum tíma. Það liggur fyrir mjög hagstætt tilboð og það liggur fyrir að þeir gætu byggt þessar íbúðir á sextán til átján hundruð þúsund krónur og það er jú miklu lægra verð en víðast annars staðar um þessar mundir en þetta grundvallaðist auðvitað á því að þeir fengju lán, full lán, til að byggja þennan áfanga í einu lagi á stuttum tíma.

Og auðvitað er hægt að hafa mörg orð um það, ég tek undir það, að margt gott má um íslenska verkamannabústaðakerfið segja og ég endurtek að það er ánægjulegt að heyra talsmann þess allt í einu kominn í raðir Sjálfstfl. og hefði fyrr mátt vera.

Um skilgreiningu á búseturéttinum, þ.e. hvernig hann er skilgreindur í frv., er ég algerlega ósammála hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég tel að orðalagið eigi að vera eins og það er í frv., þ.e. eins og það er í 87. grein: „Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð enda standi hann skil á gjöldum til félagsins vegna íbúðarinnar.“ Það orðalag sem hv. skrifari lagði til, þ.e.: „Búseturéttur veitir eiganda hans rétt til afnota af íbúð húsnæðissamvinnufélags eins og hann eigi hana sjálfur, með þeim takmörkunum sem eru í lögum þessum og samþykktum húsnæðissamvinnufélagsins“ er miklu lakara og óskýrara orðalag að mínu viti m.a. vegna þess, eins og ég áður sagði, að ég tel að búseturétturinn sé umráðaréttur. Hann veitir t.d. handhafa ekki rétt til að veðsetja eignina en það mundi mega misskiljast ef menn notuðu orðalag það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. lagði til.

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti. Ég vil að síðustu segja vegna þeirrar miklu áherslu sem hv. skrifari hefur aftur og aftur lagt á það í máli sínu að reyna að stilla búseturéttarfyrirkomulaginu upp sem einhverri andstæðu verkamannabústaðakerfisins, sem andstæðu félagslegra lausna í húsnæðismálum, að það er ósköp einfaldlega ekki rétt. Þetta er hluti af hinu félagslega íbúðabyggingakerfi og á að vera það. Þetta er útvíkkun á því formi og þannig skil ég hana og þannig held ég að allir líti á hana. Það að hann fjallar síðan jafnmikið um neyðarástand ákveðinna hópa í þjóðfélaginu í húsnæðismálum lýsir best húsnæðismálastefnu *hans sjálfs og hans eigin flokks*. Það lýsir einnig því að hann gefur sér það að þetta neyðarástand verði viðvarandi á Íslandi. Það er það sem ég ekki vil og það er það sem búsetuhreyfingin ekki vill og þess vegna er gerð sú tilraun að koma á nýju og hentugra og ódýrara fyrirkomulagi sem þetta sannanlega er. Ég er sannfærður um að verði þessi hreyfing ekki kæfð, ekki drepin eins og nú bendir margt til því miður, gæti hún á fáum árum orðið gildur liður í því að leysa úr því ófremdarástandi sem ríkir og ríkt hefur reyndar lengi í húsnæðismálum á Íslandi, sérstaklega á leigumarkaðinum, og væri mál til komið að því linnti.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín fleiri nema tilefni gefist aftur til.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu 1. flm. virðist hann þeirrar skoðunar að þetta frv. sé eins og nefnd sú er hæstv. félmrh. skipaði skilaði því. Það er misskilningur; nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls og ekki er hægt að líta á þetta frv. sem skilgetið afkvæmi þeirrar nefndar sem vitnað er til í inngangi grg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 17. fundur.

Þriðjudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 7. þm. Reykv. hefur óskað umræðu utan dagskrár. Það verður orðið við þeirri ósk og fer umræðan fram skv. 1. málsgr. 32. gr. þingskapa.

Með því að þetta er í fysta sinn sem beitt er þessum nýju ákvæðum þingskapa um umræður utan dagskrár skal vakin athygli á því að málshefjandi má ekki tala lengur en í þrjár mínútur og aðrir, þar með taldir ráðherrar, eigi lengur en í tvær mínútur. Enginn má tala oftar en tvisvar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í samræmi við ný ákvæði þingskapa, sem hæstv. forseti hefur vitnað til, kveð ég mér hljóðs utan dagskrár til að ræða hvernig Íslendingar geti látið í té sérstaka aðstoð vegna *hörmunganna sem orðið hafa af völdum eldgosa í* Kólumbíu. Rúmlega 20 000 íbúar hafa látið lífið, mörg byggðarlög hafa grafist undir gjósku og leir, farsóttir hafa brotist út, neyðarástandi hefur verið lýst á stórum svæðum, tugþúsundir hafa slasast, misst heimili sín eða glatað nánustu ættingjum. Eldgosin í Kólumbíu eru meðal hinna mannskæðustu á síðustu 2000 árum. Aðeins eitt annað á þessari öld hefur valdið slíku tjóni.

Við Íslendingar þekkjum hörmungar af völdum eldgosa. Saga okkar geymir mörg dæmi um miskunnarlausa glímu við heljaröfl náttúrunnar. Skaftáreldar 1783 eru á skrá yfir röskan tug mestu eldgosa mannkynssögunnar og í kjölfar þeirra komu móðuharðindin. Þá missti okkar litla þjóð um 10 000 manns vegna hungurs eða sóttar. Eins og öllum er í fersku minni lamaði gosið í Vestmannaeyjum blómlegustu verstöð landsins fyrir röskum áratug þótt blessunarlega týndi enginn lífi, en mikið tjón varð á eignum. Þá barst okkur Íslendingum mikil aðstoð frá öðrum löndum.

Við Íslendingar ættum því að skilja betur en flestir aðrir ógnir eldgosa. En okkur hefur einnig verið falinn sérstakur trúnaður á alþjóðavettvangi hvað snertir þekkingaröflun á þessu sviði. Hér er starfandi jarðhita- og eldfjalladeild Háskóla Sameinuðu þjóðanna og nor-

rænar þjóðir hafa reist hér sérstaka rannsóknastöð á þessu sviði.

Herra forseti. Það er því við hæfi að Íslendingar leggi nú fram myndarlega og sérstaka aðstoð í þágu þjóðar Kólumbíu. Sú aðstoð gæti verið bæði í formi fjármuna og tækniaðstoðar, gagna og þjónustuhjálpar. Ég vil því beina þeirri hugmynd og þeirri fsp. til bæði forsrh. og forystumanna allra þingflokka hér á Alþingi hvort ríkisstj., þingflokkar hennar, sem og aðrir þingflokkar hér á Alþingi geti myndað nú þegar samstarfsnefnd sem á næstu dögum skili tillögum um sérstaka og myndarlega aðstoð Íslendinga vegna eldgosanna í Kólumbíu. Verði þá í þessu efni einnig leitað álits og aðstoðar almannasamtaka utan þings og stofnana sem starfa á þessu sviði.

Herra forseti. Það hafði verið ákveðið í gær að þessi umræða færi hér fram í dag, en nú bárust í hádeginu fréttir af því að ríkisstj. hefði áður en mál voru rædd hér ákveðið á fundi sínum í morgun að verja 1 millj. kr. til þessarar neyðaraðstoðar. Þó að sú upphæð geti vissulega verið byrjun er hún ekki stór. Hún nær ekki einu sinni árslaunum eins ráðherra og getur varla talist myndarlegt framlag af hálfu okkar Íslendinga með tilliti til sögu okkar, aðstæðna og alþjóðlegra skuldbindinga á þessu sviði.

Ég vona því, herra forseti, að hæstv. forsrh. sem og forystumenn allra þingflokka hér á Alþingi taki vel þeirri hugmynd að við myndum í sameiningu samstarfsnefnd sem á næstu dögum komist að niðurstöðu um myndarlegt framlag Íslendinga í þessum efnum sem er í senn í samræmi við sögu okkar og reynslu á sviði eldgosa og í ætt við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum tekið að okkur á þessu sviði.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og kom fram í orðum hv. fyrirspyrjanda ákvað ríkisstj. á fundi sínum í morgun að veita aukafjárveitingu að upphæð 1 millj. kr. vegna hörmunganna í Kólumbíu. Ákveðið var á þeim fundi að biðja Rauða kross Íslands að hafa milligöngu um ráðstöfun þess fjár. Sá háttur mun vera á á Norðurlöndunum að Rauðakrossdeildir þar hafa annast slíka fyrirgreiðslu og Rauði kross Íslands mun vera til þess búinn.

Það var einnig ákveðið í morgun á fundinum að athuga hvort sú þekking sem Íslendingar hafa á eldgosum og því sem þeim fylgir gæti orðið að liði í þessu sambandi og mun það verða gert.

Það er rétt að þetta er ekki mikil upphæð og gæti vel orðið meiri út af fyrir sig, enda veit ég að Rauði krossinn mun vera með það í athugun. Bæði Rauði krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar hafa í fyrri slíkum tilfellum lagt þess háttar málum lið og auðnast að ná saman verulegu fjármagni. Ég er því þeirrar skoðunar að Rauða krossi Íslands sé mjög vel treystandi til þess að hafa með höndum samræmingu á þeirri aðstoð sem héðan kemur.

Rauði krossinn upplýsir að áætlað sé að 180 millj. kr. þurfi í hjálparaðstoðina. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hafa Finnar ákveðið að veita 1 millj. marka af ríkisfé í þessu skyni.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil taka eindregið undir með hv. 7. landsk. þm. að okkur beri að leggja myndarlega af mörkum í þessum efnum. Við höfum sérstæða reynslu sem er frábrugðin t.d. hinum Norðurlöndunum þannig að við erum um margt aflögufærari. Við erum jafnframt aflögufær hvað varðar fjármuni þegar svona stendur á. Ég legg því eindregið til að þessi aðstoð verði myndarleg og það verði kannað á hvern hátt við getum lagt fram sérstaka aðstoð í sambandi við reynslu okkar af eldgosum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að hafa tekið þetta mál upp með þessum hætti og jafnframt fagna því að hæstv. ríkisstj. skuli hafa ákveðið að láta nokkurt fé af hendi rakna til hjálparstarfsins sem þarna á sér nú stað. Ég vil sömuleiðis lýsa fullum stuðningi þingflokks Alþfl. við þá hugmynd að sett verði á laggirnar samstarfsnefnd til að kanna með hverjum hætti við getum veitt annars konar aðstoð og þar á meðal nýtt okkur þá miklu sérfræðiþekkingu sem okkar ágætu vísindamenn á þessum sviðum búa yfir. Ég hika ekki við að fullyrða að þeir vísindamenn séu meðal þeirra fremstu á sínu sviði í veröldinni og hafa langa reynslu og mikla í þessum efnum. Okkur ber skylda til að sjá til þess að þeirra þekking, þeirra vitneskja og kunnátta komist á framfæri. Mér sýnist þetta vera nokkuð góð leið til að byrja á því að menn ræði hér saman um þetta, fulltrúar allra þingflokka á Alþingi. Af hálfu Alþfl. er hér með lýst stuðningi við þá hugmynd.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir af hálfu þingflokks BJ að við erum því mjög fylgjandi að taka þátt í slíkri samstarfsnefnd, sem hér hefur verið hafið máls á, þar sem kannað verði hvernig við getum best orðið að liði í þeim hörmungum sem hafa átt sér stað að undanförnu í Kólumbíu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég fagna ákvörðun ríkisstj. og ég vil líka þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að hefja máls á þessu hér á Alþingi. Ég lít svo á að sú ákvörðun sem ríkisstj. hefur tekið sé allmyndarlegt fyrsta skref í þessu máli. Mér finnst að ástandið sé þarna mjög óljóst og mjög óljóst hvers þarf með. Þetta er fyrsta aðstoð. Mér sýnist, a.m.k. í samræmi við það sem Finnar gerðu, að þetta sé myndarlegt skref í sjálfu sér.

En það getur vel verið að þarna þurfi miklu meira og við komum til með að fylgjast með þessu máli. Að sjálfsögðu er eðlilegt að hafa um það samráð á Alþingi meðal stjórnar og stjórnarandstöðu hver framvindan verður. Við höfum verulega sérfræðiþekkingu hér á Íslandi sem e.t.v. getur komið þarna að notum og er sjálfsagt að kanna og fylgjast með því með hverjum hætti við getum orðið að enn meira liði ef á þarf að halda.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það á vissulega erindi hér inn á Alþingi að ræða hinar miklu hörmungar sem dunið hafa yfir Kólumbíu.

Ríkisstj. hefur þegar ákveðið að verja 1 millj. kr. til hjálparstarfsins. Um þá upphæð má vissulega deila, en þetta hefur ríkisstj. ákveðið og jafnframt falið Rauða krossi Íslands að hafa milligöngu um ráðstöfun þessa fjár.

Ég get tekið undir hugmyndir hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um að komið verði á fót sérstakri sam-

starfsnefnd sem hefði þá til athugunar frekari aðstoð sem hin íslenska þjóð gæti látið í té og þar á meðal miðlun þeirrar þekkingar sem íslenskir vísindamenn hafa á eldgosum.

Ég lýsi sem sagt stuðningi mínum við þessa hugmynd, en tel jafnframt eðlilegt, eins og ríkisstj. hefur þegar ákveðið, að Rauði krossinn hafi þar forustu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem þessi hugmynd hefur fengið frá fulltrúum Alþfl., Bandalags jafnaðarmanna, Kvennalistans og Sjálfstfl. og vona einnig að þau orð sem fram komu hér frá formanni þingflokks Framsfl. og hæstv. forsrh. megi skilja á þann veg að þingið geti allt sameinast um að taka ákvarðanir um það hér á næstunni með hvaða hætti Íslendingar geti sérstaklega, til viðbótar við þá 1 millj. sem ríkisstj. hefur þegar falið Rauða krossinum að koma á framfæri, lagt til myndarlega til þessarar aðstoðar.

Það er rétt. Við höfum um margt sérstöðu á þessu sviði umfram frændur okkar á Norðurlöndum. Hér á Íslandi er mun meiri tæknikunnátta og verkþekking við að glíma við eldgos og varnir vegna þeirra. Við getum ekki síður lagt fram hugvit og mannafla til þeirrar þjóðar sem nú á í hörmungum en beina fjármuni. Þegar um er að ræða eitthvert mesta eldgos og mannskæðasta á þessari öld held ég að það sé óhjákvæmilegt að við Íslendingar látum að okkur kveða með sérstökum hætti. Ég held að það sé málefni einnig þeirrar tegundar að um það eigi að ná samstöðu allra hér á Alþingi og þjóðarinnar í heild. Ég vona að hæstv. ríkisstj. og aðrir þingflokkar geti í framhaldi af þessum umræðum mjög fljótlega komið í gang þeirri vinnu sem allir virðast sammála um að hefja eigi í þessum efnum.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég fagna þeirri ákvörðun ríkisstj. að veita ákveðinni peningaupphæð til hjálparstarfs í Kólumbíu. Það er engin regla um það hvenær Íslendingar hafa gripið inn í hörmungar víða um heim, hvort sem um er að ræða hungur, fárviðri, eldgos eða aðrar hörmungar, en það er vel þegar gripið er til og sýnd samúð á þann hátt sem nú hefur verið ákveðið.

Það er ástæða til að benda á að það eru alltaf takmörk fyrir því hvað hægt er að láta af peningum í slíka aðstoð þótt hver einasta upphæð sé ávallt lág þegar um manntjón er að ræða. Slíkt verður ekki bætt. Mér finnst hafa verið tekið vel á þessu máli með ákvörðun ríkisstj.

Það var minnst á Vestmannaeyjagos og skaða sem það olli. Það eldgos olli tjóni sem nam um það bil 8 þús. millj. kr. gömlum og erlendis frá komu styrkir sem námu um 1000 millj. eða 10 millj. nýkr. Það nýttist vel, má segja, en það má líka benda á að af því hafði ríkissjóður verulegar tekjur sem ekki er ástæða til að fjalla sérstaklega um hér.

Það er eðlilegt að Rauði krossinn hafi frumkvæði og forustu um frekari fjársöfnun til Kólumbíu að mínu mati. Þegar rætt er um að bjóða sérfræðiþekkingu í sambandi við eldgosið og eldfjallið sem hefur gosið í Kólumbíu að þessu sinni er það að mínu mati ekki ýkjamikið sem Íslendingar geta boðið upp á eins og eðli þess goss er. En slíkt er sjálfsagt að skoða. En fyrst og fremst tel ég að fólkið í landinu muni svara kalli þegar Rauði krossinn tekur frekar upp þetta mál til söfnunar Kólumbíu vegna.

Páll Pétursson: Herra forseti. Út af ræðu hv. málshefjanda vil ég taka af öll tvímæli ef þau hafa fólgist í ræðu minni. Ég er auðvitað hlynntur samstarfi þm. um þetta mál og tel það sjálfsagðan hlut.

Það liggur ekki fyrir á þessari stundu svo að ég viti hversu mikillar hjálpar endanlega verður þörf þarna, en það er sjálfsagt að fylgjast með því og líka á hvern hátt hún getur hagkvæmast orðið látin í té. Við höfum yfir sérfræðiþekkingu að ráða sem e.t.v. er ekki til taks hjá öllum öðrum og ég geri ráð fyrir að söfnun hljóti að fara í gang meðal fólksins í landinu, en mér finnst að ríkisstj. hafi brugðist rétt og drengilega við í fyrstu lotu og því fagna ég.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið verður til dagskrár skal þess getið að á síðari fundinum í dag fer fram umræða utan dagskrár skv. 2. málsgr. 32. gr. þingskapa.

Almenn stjórnsýslulöggjöf, fsp. 83. mál (þskj. 90). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Á Alþingi var þann 20. júní í sumar samþykkt eftirfarandi þál., en ég var 1. flm. hennar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að semja frv. að almennum stjórnsýslulögum og leggja það fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má."

Ég hef borið fram hér fsp. um hvað líði framkvæmd þessa máls. Hér er um mikið réttaröryggisatriði að ræða fyrir borgarana. Það var ástæðan til þess að þáltill. var flutt á síðasta þingi.

Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnsýslu íslenska ríkisins eru nauðsynlegar til að tryggja réttaröryggi borgaranna, sérstaklega í skiptum þeirra við yfirvöld. Hér á landi eru þó ekki til nein almenn stjórnsýslulög sem m.a. hefðu að geyma reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni. Einnig reglur varðandi undirbúning mála og úrlausn þeirra, þar á meðal um rétt borgaranna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma þar að sjónarmiðum sínum og andmælum.

Sem dæmi má taka útgáfu ýmiss konar leyfa, en um það skortir alveg skráðar stjórnsýslureglur í okkar löggjöf. Oftast er ekki að finna þar neinn lagabókstaf og það eru engar reglur um að stjórnvöld verði að rökstyðja synjun um leyfi sem sótt er um. Það er ekki heldur að finna neinar ótvíræðar reglur um hvort stjórnvaldi á Íslandi sé skylt að veita umsækjanda aðgang að upplýsingum sem synjun byggist á.

Hið sama gildir í öðrum tilvikum, að reglur skortir um skyldur stjórnvalda til að rökstyðja almennt úrskurði sína.

Þetta eru nokkur efnisatriði sem lúta að þessu máli. Ég nefni þau hér til að sýna hve hér er pottur brotinn að því er löggjöf okkar varðar.

Okkur skortir einnig í íslenskum stjórnsýslu- og stjórnarfarsrétti almennar reglur um heimild manna til þess að koma að andmælum við meðferð máls sem þá varðar og er til úrskurðar hjá yfirvöldum. Sama má segja um hæfi stjórnvalds til þess að fjalla um mál. Flestir virðast að vísu sammála um að samkvæmt

íslenskum lögum megi enginn taka þátt í meðferð máls í stjórnsýslunni ef úrslit málsins varða verulega hagsmuni hans, en þessi réttarregla hefur verið margbrotin í íslenskri stjórnsýslu þrátt fyrir þá hættu sem það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér.

Að lokum þetta, herra forseti: Þeir gallar, sem hér hefur verið vikið að, varða ekki einungis stöðu borgaranna gagnvart yfirvöldum, heldur einnig starfsskilyrði stjórnsýslunnar sjálfrar. Skortur á skýrum og ljósum réttarreglum er þar mjög til baga þegar yfirvöld þurfa að leysa úr stjórnarfarslegum álitaefnum á margvíslegum sviðum og hætta er á að úrlausnir verði þar handahófskenndar og skilvirkni mun minni en æskilegt verður að telja.

Því er þessi fsp. fram borin að flm. bentu á það á síðasta þingi að nauðsynlegt væri að setja slíka löggjöf sem allra fyrst, sem þegar hefur verið sett í nágrannalöndum okkar. Vænti ég því svara þar um frá hæstv. forsrh.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Þess vegna fól ég þeirri stjórnkerfisnefnd, sem ég skipaði 18. ágúst 1983, að kanna einnig þetta mál. Til að hraða meðferð málsins ákvað ég að fela þremur lögfræðingum, sem í nefndinni eiga sæti, að gera drög að frv. til stjórnsýslulaga. Þessir þrír lögfræðingar eru: Eiríkur Tómasson hrl., Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og Helga Jónsdóttir aðstoðarmaður forsrh. Þau hafa tjáð mér að þau geri ráð fyrir að drög að frv. verði tilbúin í desembermánuði. Þá hafði ég ákveðið að biðja um fulltrúa frá öllum þingflokkum til að fjalla um það mál. Ég geri síðan ráð fyrir að unnt verði að leggja fyrir Alþingi frv. til almennra stjórnsýslulaga þegar þingið kemur saman að nýju eftir áramótin. Þetta er að vísu mikill lagabálkur og kannske miklu lofað þegar þetta er sagt, en ég tek undir það með hv. þm. að þetta er ákaflega mikilvægt mál.

Ég vil upplýsa að í frv. er gert ráð fyrir þremur meginköflum, kafla um almenna meðferð mála hjá öllum stjórnvöldum, kafla þar sem ítarlega verður fjallað um meðferð mála í Stjórnarráði Íslands og kafla þar sem gert er ráð fyrir að sett verði á stofn embætti umboðsmanns Alþingis og reglur um starfsháttu hans og verksvið.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans við fsp. þeirri sem hér er fram borin. Af svörunum má sjá að verið hefur vel og skjótt brugðist við samþykkt þessarar þáltill. þann 20. júní s.l. Það er ástæða til þess að þakka fyrir svo góðar undirtektir.

Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að væntanlegt er frv. um þessi efni strax og þing kemur saman að loknu jólaleyfi. Er ekki að efa að þm. muni kynna sér efni þess með nokkurri eftirvæntingu.

Ég vil sérstaklega fagna því sem kom fram í niðurlagi máls hæstv. forsrh. þar sem hann lýsti því yfir að hluti þessa frv. fjallaði um nýtt starf, þ.e. umboðsmann Alþingis. Frv. hafa oftar en einu sinni á liðnum árum verið lögð fyrir Alþingi um umboðsmann þess. Hér er um að ræða starf sem alllengi hefur tíðkast í ýmsum Norðurlandanna og raunar nú í fleiri ríkjum. Mjög góð raun hefur verið af starfi slíks umboðsmanns.

Hlutverk hans er í stuttu máli að taka við kvörtunum og kærum frá borgurunum vegna misfellna sem þeir telja að hafi átt sér stað á ráði stjórnvalda, hvers konar yfirvalda, og er vettvangurinn þar mjög víður. Umboðsmaðurinn kannar síðan hvort slíkar kærur eða kvartanir eru á rökum reistar og óskar eftir leiðréttingu mála fyrir hönd hlutaðeigandi komist hann að þeirri niðurstöðu að þess sé þörf.

Ég fagna því að málið er komið á þennan rekspöl og þakka þær upplýsingar sem komu fram í máli hæstv. forsrh.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð. Ég fagna því að hér skuli komin á dagskrá enn einu sinni sú staða sem við þekktum hér áður á Alþingi, umboðsmaður Alþingis. Ég minnist þess að ég flutti þáltill., sem var samþykkt, þess efnis að unnið yrði að frv. til l. um það starf. Ég tók þá tillögu upp eftir að Einar Ágústsson, núverandi sendiherra í Kaupmannahöfn, hvarf af þingi, en hann hafði flutt hana áður. Ríkisstjórnin í þann tíma gerði ekki meira en að láta vinna frv. Ég flutti það einu sinni, en það kom aldrei úr nefnd. Ég fagna því ef málið er komið á það umræðustig a.m.k. nú að við fáum að heyra meira um það á yfirstandandi þingi og ég tek undir það með þeim, sem hér hafa talað, því að ég tel þetta bráðnauðsynlegt nú eins og þá og kannske ekki síst nú.

Vímuefnasjúklingar, fsp. 94. mál (þskj. 104). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 104 um úrræði fyrir vímuefnasjúklinga. Þar spyr ég hvort ríkisstj. hafi gert áætlun um læknisaðstoð og meðferðarúrræði fyrir þá sem ánetjast hafa vímuefnum.

Ég spyr þessarar spurningar vegna þess að það er talið að allt að 20% af einstaklingum á aldrinum 15—30 ára neyti kannabisefna, þ.e. hass og marijúana, í mismiklu magni. Annað og sterkara efni er einnig til neyslu hérlendis, sem er kókaín, en það er ákaflega vanabindandi efni. Til marks um fíknina er það ekki óheyrður atburður að menn sem komið hafa sér vel fyrir á veraldlega sviðinu og hafa verið það sem kallað er ábyrgir allt sitt líf hafa misst allt sitt, hús, bíl, innbú, allt lausafé, ásamt fjölskyldu og vinum, á nokkrum mánuðum. Svo mætti lengi telja. T.d. fyrirfinnst LSD á markaðnum og svokölluð pappasýra, einnig englaryk, ópíum, morfín og heróín.

Þessi upptalning er sett hér fram til þess að það sé alveg ljóst að við stöndum frammi fyrir geigvænlegu vandamáli sem því miður virðist aðeins verða stærra og meira að umfangi eftir því sem lengra líður. Angar þess teygja sig inn í fjölmargar fjölskyldur nú þegar og hafa haft þar óbætanleg áhrif.

Þó að mikilvægt og ómetanlegt atriði sé fræðsla og allt fyrirbyggjandi starf verður því í litlum mæli við komið þar sem skaðinn er þegar skeður. Þar er það einasta sem að gagni má koma meðferð og læknisaðstoð. Þess vegna spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hefur ríkisstj. gert áætlun um læknisaðstoð og meðferðarúrræði fyrir þá sem ánetjast hafa vímuefnum?“

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. var svohljóðandi:

„Hefur ríkisstj. gert áætlun um læknisaðstoð og meðferðarúrræði fyrir þá sem hafa ánetjast vímuefnum?"

Þeir sem leita aðstoðar vegna vímuefnanotkunar, hvort sem um er að ræða áfengi eða önnur vímuefni, fá læknismeðferð og aðra þjónustu annars vegar á geðdeildum ríkisspítalanna og hins vegar á Vogi, áfengismeðferðardeild SÁÁ.

Langmestur hluti vímuefnaneytenda sem leita læknishjálpar er ofneytendur áfengis og margir þeirra hafa einnig neytt ólöglegra efna. Á síðustu 4—5 árum hefur sjúkrarými fyrir þessa tegund sjúklinga aukist mjög verulega og hefur bæði komið til hin nýja geðdeild Landspítala með göngudeild og legudeild og hið nýja húsrými í sjúkrastöðinni í Vogi þar sem nú eru legurými fyrir 60 sjúklinga.

Enginn einstakur þáttur innan heilbrigðisþjónustunnar hefur vaxið jafnört hin síðustu 5—6 ár og meðferðarmöguleikar vímuefnaofneytenda og segja má að það sé ekki lengur forgangsverkefni að auka rými fyrir áfengissjúklinga svo að dæmi sé nefnt um það.

Hins vegar hefur það verið forgangsverkefni nú um nokkur ár að fá sérstaka unglingageðdeild. Á fjárlögum ársins er einmitt heimild til makaskipta á jörðinni Úlfarsá í Mosfellssveit og húsnæði barnageðdeildar við Dalbraut, en leigusamningur þar rennur út um miðjan næsta mánuð. Takist þessi kaup var það hugmynd ráðuneytisins að setja í þessu húsnæði á stofn unglingageðdeild. Slík deild mundi að sjálfsögðu vista þá sem eru geðveikir sökum ofneyslu vímuefna eða ef þeirra sjúkleiki tengist vímuefnanotkun á einhvern hátt. Það mundi að sjálfsögðu verða til verulegra bóta í þessu efni og mundi fást læknismeðferð sem þessi aldursflokkur þyrfti mjög á að halda.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. svörin.

Það er nú svo að mér hefur hreinlega láðst að geta þess að með vímuefnum á ég eingöngu við ólöglega vímugjafa. Ég á ekki við lögleg vímuefni eins og áfengi og tóbak og annað slíkt. Það sem ég á við eru ólögleg efni.

Það er gleðilegt til þess að vita að það skuli vera í burðarliðnum að koma á fót svokallaðri unglingageðdeild því að ekki mun af veita, en það ber að athuga það auðvitað að neysla örvandi og róandi lyfja og annarra efna er síður en svo einskorðuð við unglinga.

Það er umhugsunarvert í þessu sambandi að nú er svo komið að hreinræktaðir áfengisneytendur eru að verða sjaldgæf sjón á Vogi t.d. Þar eru t.d. fertugir hassneytendur mjög algeng sjón. Þess vegna er athugunarvert fyrir yfirvöld, og þess vegna er þessi fsp. hér fram komin m.a., að vandamálið virðist fara svo mjög ört vaxandi.

Vaxtaálagning banka á veðskuldabréf, fsp. 44. mál (þskj. 44). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Á síðasta löggjafarþingi vakti ég athygli á því að veðskuldabréf, sem greiðast eiga með hæstu leyfilegum fasteignalánavöxtum, voru innheimt með mismunandi háum vöxtum eftir því hvaða banki annaðist innheimtuna. Beindi ég því fsp. til þáv. hæstv. viðskrh. sem skilaði skriflegu svari. Fyrri liður spurningar minnar var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Geta bankar og sparisjóðir krafið viðskiptamenn um mismunandi vexti af veðskuldabréfum sem til innheimtu eru?"

Í svari hæstv. ráðh. segir m.a., með leyfi forseta:

„Skv. 13. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, hefur Seðlabankinn rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánum og útlánum. Þetta vald bankans nær einungis til að ákveða hámarksvexti skv. lögum nr. 58 frá 1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl."

Með vísan til þessa sendi ráðuneytið Seðlabankanum orðrétta fsp. og óskaði eftir að hann tæki saman drög að svari. Annað svar fékkst ekki en svar Seðlabankans. Þar segir m.a.:

„Með kerfisbreytingu þeirri sem gerð var með ákvörðun Seðlabankans frá 2. ágúst 1984 var innlánsstofnunum m.a. heimilt að ákveða vaxtakjör nýrra útlána" — og nýrra er hér undirstrikað — „að uppfylltri ákveðinni tilkynningarskyldu til Seðlabankans. Breyting þessi tók gildi hinn 11. ágúst s.l."

Í lok svars Seðlabankans segir svo, með leyfi forseta:

„Frá og með 1. jan. 1985 hafa gilt ákvæði auglýsingar Seðlabankans um meðaltal vaxta nýrra almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum í hverjum mánuði um vexti óverðtryggðra skuldabréfa sem gefin hafa verið út fyrir 11. ágúst 1984 með ákvæðum um breytanlega vexti. Vextir þessir hafa verið og eru sem hér segir" og síðan eru taldir vextir eins og þeir eru í janúar til júní 1985.

Því næst segir, með leyfi forseta:

„Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið, svo og að framangreindar auglýstar ákvarðanir um vexti gilda bæði utan og innan innlánsstofnana, en um þessi atriði hefur vart verið ágreiningur, verður að telja að bankar og sparisjóðir geti ekki krafið viðskiptamenn um önnur og þyngri vaxtakjör í þessu efni en Seðlabankinn hefur auglýst frá einum tíma til annars."

Af þessu sýnist ljóst vera að bönkum er heimilt að innheimta veðskuldabréf, sem gefin voru út eftir 11. ágúst 1984, með vöxtum skv. eigin ákvörðun. Þetta er að vísu einungis svar Seðlabankans en ekki viðskrn. Jafnljóst má vera að eigendur skuldabréfa eiga nokkurra hagsmuna að gæta við ákvörðun um það í hvaða banka þeir leggja bréf sín til innheimtu.

Nokkur blaðaskrif urðu um þetta mál og er því forvitnilegt að vita hvernig staða málsins er nú. Það getur hver sagt sér sjálfur að eigendur skuldabréfa hljóta að hafa hugsað sinn gang þegar það varð ljóst að þeir sem höfðu lagt bréf sín til innheimtu í Verslunarbanka og Samvinnubanka fengu mun lægri vexti en þeir sem höfðu lagt bréf sín í Landsbanka og Iðnaðarbanka.

Ég hef því leyft mér, herra forseti, að leggja hér fram fsp. til hæstv. viðskrh. Hún liggur frammi á þskj. 44 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hverjir voru vextir hverrar einstakrar bankastofnunar í landinu hinn 1. október s.l. af skuldabréfum

í innheimtu sem bundin eru hæstu lögleyfðum fasteignalánavöxtum?

2. Hyggst viðskrh. beita sér fyrir samræmingu vaxtaálagningar ef í ljós kemur að vextir af ofangreindum veðskuldabréfum eru enn misháir eins og fram kom á síðasta Alþingi?"

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svarið við fyrri fsp.: Samkvæmt upplýsingum frá bankaeftirlitinu hafa vextir af óverðtrtyggðum innheimtuskuldabréfum í bönkum og sparisjóðum með ákvæði um hæstu breytanlega vexti verið teknir misháir allt frá því í ágúst 1984. Sé einungis litið til ársins 1985 má draga saman eftirfarandi:

Búnaðarbanki Íslands, Samvinnubanki Íslands hf. og allir sparisjóðir reikna vexti af umræddum bréfum eins og þeir eru ákveðnir af hlutaðeigandi banka hverju sinni af almennum skuldabréfum. Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands hf. og Alþýðubankinn hf. reikna vexti af greindum skuldabréfum eins og þeir eru ákveðnir hæstir af viðskiptaskuldabréfum hjá þeirri innlánsstofnun sem hefur ákveðið þá hverju sinni. Verslunarbanki Íslands hf. reiknar vexti af áðurgreindum innheimtuskuldabréfum skv. því sem greinir í texta skuldabréfanna. Sé þar vísað til þeirra vaxta sem Verslunarbankinn hefur hæsta ákveðið af skuldabréfum eru þeir vextir reiknaðir. Að öðrum kosti eru reiknaðir vextir skv. auglýstum ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

1. okt. s.l. voru vextir af óverðtryggðum skuldabréfum, sem voru til innheimtu hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og voru með ákvæði um hæstu leyfilega vexti, eftirfarandi: Búnaðarbanki Íslands, Samvinnubanki Íslands hf., Verslunarbanki Íslands hf. og allir sparisjóðir 32% per annum, Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands hf. og Alþýðubankinn hf. 33,5% per annum.

Af verðtryggðum skuldabréfum miðað við lánskjaravísitölu eru vextir ákveðnir af Seðlabanka Íslands og gilda fyrir allar innlánsstofnanir. Af þeim bréfum sem eru til innheimtu hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eru innheimtir vextir þeir sömu hjá öllum á árinu 1985. 1. okt. s.l. voru vextir verðtryggðra skuldabréfa miðað við lánskjaravísitölu allt að 2,5 ár 4% per annum og verðtryggðra lána minnst 2,5 ár 5% per annum.

Svar við seinni spuningunni: Á þessu þingi verður lagt fram frv. til l. um Seðlabanka Íslands. Að svo komnu máli er ekki rétt að fjalla nánar um einstök efnisatriði frv., en vísa má til þess sem fram kemur í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er lögð var fram af forsrh. 15. þessa mánaðar. Þar segir orðrétt:

„Í fyrra komst á nokkurt vaxtafrelsi banka og sparisjóða. Um næstu áramót, er lög um viðskiptabanka og sparisjóði ganga í gildi, verða ákvarðanir um vexti við þessar stofnanir í þeirra höndum. Innan skamms verður lagt fram frv. að nýjum lögum um Seðlabanka þar sem þessi stefna er staðfest. Þá er unnið að frv. um breytingu laga nr. 58 frá 1960, um bann við okri, og frv. um dráttarvexti þar sem mið er tekið af breyttum aðstæðum í vaxtamálum. Breytingar í vaxtamálum eru liður í áformum stjórnvalda um að veita aðhald. Ljóst er að Seðlabankinn mun aðeins hafa óbein áhrif á vextina, m.a. með viskiptum sínum á verðbréfaþingi sem tekur til starfa innan skamms."

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör sem voru svo sannarlega svör og því ber að fagna. Ég hef fengið svör við því sem ég spurði um og veit nú að vextir eru enn misháir. Ástæðan fyrir því er auðvitað ákvörðun Seðlabankans frá því 2. ágúst um að gefa bönkum og sparisjóðum heimild til að taka misháa vexti.

Ég fagna því einnig að ráðherra hefur lýst því yfir að lagt verði fram frv. til l. Það segir sig sjálft að vandi húsbyggjenda og húskaupenda er ærinn þó að bönkum og sparisjóðum leyfist ekki að leggja vexti á skuldir þeirra eftir eigin geðþótta.

Það er hins vegar stundum erfitt að fá botn í hvernig mál ganga fyrir sig í þessu landi. Hér er ég með í höndunum plagg frá Seðlabanka Íslands, sem er útgefið 1. okt. 1985, og það heitir: „Helstu vextir við banka og sparisjóði (% á ári)." Hér eru upp taldar hinar ýmsu skuldir manna og m.a. er einn dálkurinn almenn skuldabréf. Þar er talið upp hverjir eru vextir Landsbanka, Útvegsbanka, Búnaðarbanka, Iðnaðarbanka, Verslunarbanka, Samvinnubanka, Alþýðubanka og sparisjóða. Þar er sama talan alls staðar, 32%. En eins og ráðherra segir: þeir sem eru mjög vel að sér geta komist að því að öllum bönkunum er heimilt að hafa þessa prósentu hærri.

Til þess að menn skilji hverju þetta getur munað lýsti ég því hér á þingi í fyrra að maður nokkur keypti íbúð af sex eigendum. Að útborgun lokinni voru gefin út sex veðskuldabréf til fjögurra ára með hæstu leyfilegum fasteignalánavöxtum. Þegar maðurinn fór að borga bréf hinna ýmsu eigenda, sem voru í hinum ýmsu bönkum, munaði hvorki meira né minna en 2900 kr. á vöxtum milli þessara bréfa sem öll voru jafnhá og gefin út á sama degi. Þetta er auðvitað enn ein hringavitleysan í vaxtamálum þjóðarinnar og ég treysti því að með hinu nýja frv., sem ráðherra lýsti hér áðan, verði þessari vitleysu hætt. Það er auðvitað alveg fráleitt, bæði vegna þeirra sem bréfin eiga og þeirra sem bréfin eiga að greiða, að þessar upphæðir séu misháar sem þessu munar. Á því tímabili, það var í júní í sumar, sem þessar skuldir voru greiddar, voru vextir Landsbanka og Iðnaðarbanka 28,286%, en Verslunarbankans og Samvinnubankans 25,7%.

Það sem hins vegar vakti athygli mína við könnun á þessu máli er hvernig bankakerfið tekur á viðskiptavinum sínum. Starfsmenn Seðlabankans fullyrtu við mig að talan 25,7 væri rétt. Þannig ættu vextir að vera af þessum umræddu bréfum. Lögfræðingar Landsbankans sögu að þeim kæmi ekkert við hvað Seðlabankanum fyndist. Þeir skyldu bara gefa út betri reglur sem væri hægt að skilja. Þannig stóð þessi vesalings húsgreiðandi varnarlaus frammi fyrir kerfiskörlunum og einasta ráðið sem hann fékk var: Þú getur farið í mál. — Og ég held að það sé tími til kominn, með tilliti til þess að hér var áðam verið að ræða um nauðsyn þess að borgararnir fengju umboðsmann, að hann verði ráðinn. Það er ekki aðgengilegt að hefja málsókn á hendur Landsbankanum og ég geri ráð fyrir að húsbyggjendur og íbúðakaupendur hafi annað þarfara að gera við tíma sinn en það.

Ég vil sem sagt lengstra orða biðja hæstv. viðskrh., sem ég er sannfærð um að er hjartanlega sammála mér í þessu máli, að beita sér fyrir því að þessi ákvörðun verði

tekin aftur og raunar öll samskipti ríkisstj. og Seðlabanka endurskoðuð. Ég held að það sé kominn tími til. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. félmrh., sem ábyrgð ber á húsnæðismálum þjóðarinnar, að því hvað hann hafi gert, því að í umræðunni á síðasta hv. Alþingi hafði hann stór orð um að þetta næði ekki nokkurri átt og hann mundi beita sér fyrir því að þetta yrði lagfært. Ekki hef ég orðið mikið vör við efndir þess.

En ég set að þessu sinni traust mitt á hæstv. viðskrh., sem málið heyrir undir, og vænti þess að þetta þing líði ekki svo að ekki verði úr þessu bætt.

Dráttarvextir o.fl., fsp. 93. mál (þskj. 103). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þessi fsp. tengist að nokkru leyti þeirri fsp. sem var mælt fyrir áðan. Þó er sá munurinn á að svo virðist vera sem aðilar hafi nú heimild til að ákveða með nokkru frjálsræði vexti sína, en sama máli á ekki að gegna varðandi dráttarvexti vegna þess að þar eru ákveðin fyrirmæli sem mönnum ber að fara eftir miðað við auglýsingu Seðlabankans um útreikning dráttarvaxta.

Hins vegar hefur komið í ljós að útreikningur dráttarvaxta er mjög á reiki og er þess skemmst að minnast að Seðlabanki Íslands taldi fyrir nokkru ástæðu til að kæra viðskiptabanka vegna rangra vaxtaútreikninga þeirra á víxlum og verðbréfum sem hjá þeim voru í innheimtu. Ef ástandið er svona hjá viðskiptabönkunum, að Seðlabankinn telur ástæðu til aðgerða, hvernig halda menn þá að ástandið sé á hinum frjálsa markaði?

Athuganir hafa einnig leitt það í ljós að þar eru margar reglur í gangi um útreikning á dráttarvöxtum. Jafnvel eru þess dæmi að bæði fógetar og aðrir, sem hafa fjallað um mál manna sem hafa verið krafnir um skuldir sem þeir hafa ekki getað greitt, hafa rekið sig á dráttarvaxtaútreikning sem hefur verið þannig framkvæmdur að hafi afborgun fallið í gjalddaga og ekki verið greidd eins og til stóð hefur heildarfjárhæð lánsins verið gjaldfelld, ofan á hana reiknuð full verðtrygging og síðan fullir dráttarvextir þar ofan á sem samsvarar því að jákvæðir raunvextir á höfuðstól skuldarinnar séu milli 45 og 50% á ári. Þetta er auðvitað algerlega fráleitt og hrein fjarstæða að gert sé og þeir aðilar hjá því opinbera sem hafa rekið sig á slíkt hafa auðvitað reynt að leiðrétta það, en þess eru dæmi að menn hafi greitt slíkar kröfur í góðri trú.

Sama máli gegnir um kostnað sem lögmenn reikna sér við innheimtu. Hann er sjaldnast sundurliðaður. Þess eru einnig dæmi að þar hafi verið krafist greiðslu á liðum sem út af fyrir sig ætti ekki að vera unnt að gera kröfu um greiðslu á. Með þessum hætti tel ég að hafi verið haft stórfé af skuldendum því þegar menn fá slíkan dráttarvaxtaútreikning, svo að ekki sé talað um það þegar hann er gerður af aðilum sem menn telja að fari rétt með, þá eru flestir sem taka slíkan útreikning sem eðlilegan og gefinn hlut sem ekki þurfi athugunar við, en bæði lögfræðingar og fógetar hafa fullyrt við mig að þarna sé pottur brotinn og þarna séu verulegar fjárhæðir hafðar af skuldendum á hverjum mánuði.

Með vísan í þessar upplýsingar hef ég leyft mér á þskj. 103 að spyrja hæstv. ráðh. þriggja spurninga:

1. Hvort verið sé að vinna að samningu frv. um dráttarvexti og hvernig þá skuli reikna og sé svo, hvernig þeim störfum þá miði.
2. Eftir hvaða meginreglum viðskrh. telji að fara eigi við ákvörðun og útreikning dráttarvaxta og hvaða viðurlög ráðherrar telji að við eigi ef út af er brugðið.
3. Hvort ráðherra telji ástæðu til þess að mæla fyrir um með ákveðnu lagaboði hvaða kostnað lögmenn megi reikna sér við innheimtu fjárskuldbindinga.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við 1. lið fsp.: Hjá viðskrn. er unnið að samningu frv. um dráttarvexti sem m.a. mun hafa að geyma ákvæði um hvernig reikna skuli vextina. Mér er sagt að samning frv. gangi allvel og að frv. verði lagt fram á þessu þingi og hugsanlega fyrir jólaleyfi þm., en þó þori ég ekki að fullyrða það á þessu stigi.

Svar við 2. lið: Með samningu frv. um dráttarvexti er unnið að setningu meginreglna um þau atriði sem þessi liður fsp. lýtur að. Ég tel því ekki rétt að svo stöddu að lýsa þeim meginreglum sem að mínu mati eiga að gilda í þessu efni því að það mun koma í ljós þegar frv. verður lagt fram á Alþingi og verður mælt fyrir því.

Um 3. og síðasta lið: Ég tel mig þess ekki umkominn að svara honum því að þetta mál heyrir alfarið undir dómsmrh. og við erum svo formfastir í þessari ríkisstj. að við göngum aldrei hver inn á annars verksvið.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég ætlaði að á meðan menn væru ekki búnir að fá formlega lausn úr sínum gömlu ráðuneytum og formlega skipun í sín nýju væri óhætt að beina þessari fsp. til hæstv. viðskrh. því ómögulegt væri að segja um hvar hann mundi enda í lokin ef svo heldur fram sem horfir. Það er að vísu rétt hjá honum að það ber að beina þessari fsp. til hæstv. dómsmrh. og þá er að gera það.

Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég lýsi ánægju minni með að frv. skuli vera í smíðum og skuli vera svo langt komið að þess megi vænta að það komi hingað á borð þm. jafnvel fyrir jólaleyfi. Ég vil mjög eindregið hvetja hæstv. ráðh. til þess að sjá um að svo verði og bendi enn og einu sinni á þá staðreynd að vegna þess að slíka löggjöf vantar, og vegna þess að eftirlit vantar þarna af hálfu hins opinbera, og vegna þess að allt of mikið ber á því að almenningur greiði þær kröfur sem á hendur honum eru gerðar í góðri trú, er með því reiki sem er á lögleyfðri útreikningu dráttarvaxta haft stórfé af skuldendum á hverjum einasta mánuði. Eins og ég sagði áðan eru dæmi um að þess sé krafist að þeir greiði ofan á verðtryggingu 45—50% vexti af vanskilum. Slíkt gengur að sjálfsögðu ekki. Það er ástæða fyrir Alþingi til að taka á þessum málum. Ég mundi einnig óska þess sérstaklega, af því að hæstv. félmrh. er hér viðstaddur, að hann veiti stuðning sinn til þess að sú deild, sem nýlega hefur verið endurvakin við Húsnæðisstofnun ríkisins að hans frumkvæði, veiti mönnum ráðgjöf í svona málum og yfirfari kröfur um útreikning dráttarvaxta sem gerðar eru á hendur skuldurum sem kunna að óska eftir aðstoð deildarinnar við að yfirfara hvað er rétt og eðlilegt í þessu sambandi.

Tóbaksvarnir, fsp. 97. mál (þskj. 107). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti.

Ég hef leyft mér á þskj. 106 að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um framkvæmd tóbaksvarnalaga.

Öllum hér inni er víst enn í fersku minni sú umræða sem átti sér stað hér á hv. Alþingi umleikis setningu nefndra laga. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. ræðumanns á því að á dagskrá er 10. dagskrármálið, tóbaksvarnir, fsp. 97. mál Sþ., þskj. 107.) (**Menntmrh.:** Hún er að flytja það.) Nei. Ég bið innilegrar afsökunar á þessu, en þetta er hér allt saman. (**Gripið fram í:** Þetta hefur komið fyrir áður.) Já, mér hefur heyrst það. (**Forseti:** Það er ekkert að afsaka. Þetta getur hent alla, stundum meiri yfirsjónir en þetta.) Mér datt ekki annað í hug en að þetta væri tekið svona nokkurn veginn eftir röð. En ég ætti að vita betur.

Ég hef leyft mér að bera líka fram fsp. á þskj. 107 til hæstv. menntmrh. um tóbaksvarnir. Lög um tóbaksvarnir nr. 74/1984 kveða skýrt á um fræðslustarfsemi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Menntmrn. skal í samráði við heilbr.- og trmrn. sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu." Þar er tekið til að hún skuli í fyrsta lagi fara fram í skólum landsins og í öðru lagi í ríkisfjölmiðlum. Þar er tekið til að sérstaka áherslu skuli leggja á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum. En um 14. gr. segir svo í frv. til laga um tóbaksvarnir, sem ég vitnaði til hér áðan, með leyfi forseta:

„Í 14. gr. er kveðið á um fræðslustarfsemi varðandi skaðsemi tóbaksneyslu. Skipuleg fræðslustarfsemi á þessu sviði er nú eingöngu í höndum Krabbameinsfélags Reykjavíkur sem sinnir þessu starfi að eigin frumkvæði en að vísu með nokkrum fjárstyrk frá heilbrrn. og Reykjavíkurborg. Er það að mestu bundið við grunnskóla. Svo virðist sem fræðsluyfirvöld telji sig ekki hafa skyldum að gegna varðandi slíka fræðslu. Hér er um að ræða undirstöðuþáttinn í öllu tóbaksvarnastarfi, og tryggja verður að hann sé ekki vanræktur. Því er lagt til að menntmrn. skuli í samráði við heilbr.- og trmrn. sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu í skólum landsins og ríkisfjölmiðlum. Auk grunnskóla er lagt til að áhersla sé lögð á slíka fræðslu í skólum sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum, því að þau störf fela í sér mikilvægt hlutverk í tóbaksvörnum.

Lagt er til að skylt sé að almenningsfræðsla fari fram í ríkisfjölmiðlunum. Er það í samræmi við ákvæði í umferðarlögunum um umferðarfræðslu."

Það er með vísan í IV. kafla laganna þar sem þessi ákvæði eru tiltekin að ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.: Hvernig er háttað þeirri reglubundnu fræðslu um skaðsemi tóbaksneyslu sem kveðið er á um í IV. kafla laga um tóbaksvarnir nr. 74/1984?

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Eins og lögin mæla fyrir um hefur menntmrn. haft samráð við heilbr.- og trmrn., einkum skólayfirlækni, um skipulagningu fræðslu um skaðsemi tóbaksneyslu eins og aðra fræðslu um ávana- og fíkniefni. Þeirri stefnu hefur verið fylgt af menntmrn. á undanförnum árum að æskilegast sé að fræðsla um öll ávana- og fíkniefni, þar með talið tóbak, verði sem eðlilegastur hluti náms í þeim greinum sem það á við, einkum líffræði, samfélagsfræði og siðfræði.

Við ráðuneytið starfar námsstjóri í fíkniefnafræðslu sem hefur forgöngu um skipulagningu fræðslustarfsins í grunnskólum. Fíkniefnafræðsla er mjög vandasamt verkefni og reynsla annarra þjóða sýnir að námsefni og kennsla sem ekki taka mið af þroska nemenda getur valdið skaða. Þess vegna verður að vanda allan undirbúning.

Í menntmrn. er nú unnið að undirbúningi reglubundinnar fíkniefnafræðslu í skólum landsins og er sá undirbúningur að komast á lokastig. Fyrir liggur í ráðuneytinu skýrsla um forsendur, markmið og leiðir í fíkniefnafræðslu og á grundvelli hennar verða gerðar tillögur um frekari framkvæmd þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Það sem varð tilefni þessarar fsp. er m.a. það að nú er liðið um eitt og hálft ár frá setningu þessara laga og ekki nema eðlilegt að spurt sé hvort ekki standi til að fara að flýta því að þessi fræðsla komist á. En það gleður mig að heyra að undirbúningur sé langt á veg kominn og að kennsla skuli fara fram sem eðlilegasti hluti annars náms. Ég er sammála því sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að hér er auðvitað um mjög svo vandasamt starf að ræða, að þetta fari vel fram og að þetta verði til þess þroska sem til er ætlast hjá nemendunum hverju sinni.

Þátttaka Íslands í vísindasamstarfi Evrópuþjóða, fsp. 98. mál (þskj. 108). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 108 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um þátttöku Íslands í svonefndu Eureka-vísindasamstarfi Evrópuþjóða. Það eru nokkrar ástæður fyrir því að ég valdi þann kostinn að beina þessari fsp. til hæstv. forsrh.

Í fyrsta lagi er hér spurt um afstöðu ríkisstj. Í öðru lagi þá heyra þessi mál undir a.m.k. — ja, hugsanlega þrjá til fjóra ráðherra sé allt skoðað grannt. Og í þriðja lagi hefur hæstv. forsrh. sýnt framtíðartækni ýmiss konar verulegan áhuga í orði a.m.k. og skipað sérstaka nefnd til að gera eins konar framtíðarspá fyrir þróun mála í íslenska þjóðfélaginu næstu árin bæði á sviði vísinda og tæknimála.

Þess vegna er sú fsp. hér fram borin hvort ríkisstj. hafi tekið afstöðu til þátttöku Íslands í svonefndu Eureka-vísindasamstarfi Evrópuþjóða. Það er nefnilega svo, að 18 Evrópulönd hafa tekið höndum saman um þetta vísindasamstarf. Þeirra á meðal eru öll Norðurlöndin en einhverra hluta vegna er Ísland ekki þar með. Það er greinilegt af blaðaskrifum um þetta mál að menn stefna þarna hátt og hugsa til stórra hluta á sviði nýtækni ýmiss konar. Það hafa verið haldnir ráðherrafundir um þetta mál, m.a. norrænir ráðherrafundir, en einhverra hluta vegna hefur Íslands aldrei þar að neinu verið getið og Ísland tekur ekki þátt í þessu samstarfi. Þess vegna hef ég spurt hvort ríkisstj. hafi tekið afstöðu til þátttöku Íslands í þessu vísindasamstarfi.

Þess má geta hér að lokum að þetta samstarf á að ná til upplýsingatækni af ýmsu tagi, þess sem kallað er gervigreind, fjarskiptatækni, gagnasendinga, líftækni,

þeirrar tækni sem fæst við nýjar efnisgerðir af ýmsu tagi og raunar er þetta samstarf Evrópuþjóðanna hugsað með nokkrum hætti sem svar þeirra við hinni vísindalegu og rannsóknatæknilegu hlið þess sem kallað hefur verið stjörnustríðsáætlun Reagans Bandaríkjaforseta, en skýrt skal tekið fram að þetta samstarf Evrópuþjóðanna tengist ekki neins konar hernaðartækni.

Meðal Norðurlandaþjóðanna ríkir mikill áhugi á þessu samstarfi og mér er kunnugt um það af blaðaskrifum að í Danmörku hafa komið fram a.m.k. hundrað hugmyndir um verkefni sem dönsk fyrirtæki og danskir framkvæmdaaðilar vilja vinna að innan þessa samstarfs.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á fundi ríkisstj. 5. nóv. s.l. var fjallað um þessa svonefndu Eureka-áætlun eða European Research Coordination Agency og var á þeim fundi ákveðið að kanna möguleika á því að Íslendingar tækju þátt í þessu sameiginlega vísinda- og rannsóknastarfi Evrópulandanna. Þessi áætlun á nokkurn aðdraganda, þó ekki mjög langan. Ég hygg að það sé vorið 1985 að franska ríkisstjórnin leggur til að samstarf Evrópulandanna á þessu sviði verði kannað og einkum þó á sviði hátækniiðnaðar og þróunar. Var fundur um það haldinn í París 17. júlí s.l. Hæstv. menntmrh. mætti síðan á fundi um þessi mál 31. október og kynnti sér þá ítarlega hugmyndir Norðurlandanna um samstarf á þessu sviði. Lagði hæstv. menntmrh. fyrir ríkisstj. skýrslu um það mál sem var grundvöllur að þeirri ákvörðun sem ég gat um í upphafi míns máls.

Á þessum fundi, sem hæstv. menntmrh. sótti í Marienborg, var fjallað um liði eins og t.d. skrifstofu fyrir áætlunina, þátttöku Efnahagsbandalagsins sem slíks í þessari áætlun og undirbúning allan sem yrði fyrir opnum tjöldum og með þátttöku sem flestra iðnaðarfyrirtækja í viðkomandi löndum og rannsóknastofnananna. Um fjármögnun var á þessum fundi ítarlega rætt og möguleika norrænna iðnaðarfyrirtækja til að taka virkan þátt í þessu samstarfi. Ég get síðan upplýst að í framhaldi af þessari ákvörðun situr hæstv. iðnrh. nú fund með iðnaðarráðherrum Norðurlanda þar sem fjallað er um samræmingu á þátttöku Norðurlandanna í þessari áætlun. Þannig að þó að við kæmum aðeins seinna til þessa en sumar aðrar þjóðir þá erum við nú að kanna þessi mál og reyndar orðnir þátttakendur.

Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að fyrir okkar þróun á þessu sviði getur orðið mjög mikilvægt að taka þátt í þessu og ég held að það hljóti að verða mikilvægt því þó við séum litlir á þessu hátæknisviði þá þarf oft ekki mikið til þess að valda hér tímamótum í slíkum greinum.

Þarna er gert ráð fyrir því að fjalla um upplýsingatækni, fjarskipti, framleiðslutækni, líftækni, ýmis konar ný efni, „optronic" sem svo er kallað — og er víst ekki til í íslenskri þýðingu — aflmikla lasergeisla, hugbúnað, stórar tölvur o.s.frv., sem of langt mál yrði hér að telja.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég vænti góðs af þessu og meira heldur en í orði, einnig í verki. Og af því að hv. fyrirspyrjandi komst svo að orði þá þykir mér ástæða til að vekja athygli á því að þær 50 millj. kr. sem ákveðið var af ríkisstj. að veita til rannsókna á ýmsum sviðum hafa sýnt það mikla þörf, og annað sem er enn þá ánægjulegra, sýnt að hér á landi eru mjög margir aðilar að vinna að ýmiss konar ákaflega athyglisverðum hugmyndum um nýsköpun og nýja þróun á ýmsum sviðum atvinnuveganna. Þessu fjármagni hefur verið úthlutað og athugun á umsóknunum leiddi þetta tvímælalaust í ljós. Ég held að það sé satt að segja brotið blað með úthlutun þess fjármagns til fjölmargra, bæði rannsóknastofnana og einstaklinga á ýmsum sviðum vísinda. Það er von mín að við getum gerst virkir þátttakendur í þessu samstarfi, bæði lagt þar nokkuð til mála og ekki síður hlotið verulega hagsbót af.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Hér er vissulega merkilegt mál á ferðinni, mál sem við höfum ekki sýnt þá athygli sem skyldi vegna þess að það er ekki fyrr en eftir að hæstv. menntmrh. hefur sótt fund í Marienborg um þetta sem ríkisstj. fjallar um málið. Það er búið að vera að skrifa um þetta mál í blöð og tímarit í Evrópu í allt sumar og haust. Mér er næst að halda að ráðherrarnir hafi ekki gefið sér tíma til að lesa sér til um þessi efni og fylgjast með og raunar að heilu ráðuneytin hafi ekki gert það heldur, fyrst það er fyrst farið að tala um þetta mál af alvöru núna 5. nóvember.

16.—17. október var ráðherrafundur um þetta. Síðan var embættismannafundur í Bonn. Síðan var fundur í Hannover um þetta mál. Og það hefur verið fjallað um þetta mál mjög víða bæði í norrænu samstarfi og Evrópusamstarfi. Mér þykir illa komið ef menn fylgjast ekki betur með því sem er að gerast en raun ber vitni hér. Þetta er stórmál. Það starfa þegar hér á landi sjálfsagt um 400 manns við gerð ýmiss konar hugbúnaðar fyrir tölvur. Ég hef a.m.k. séð því haldið fram í tímaritsgrein um þetta. Þetta er mál sem við verðum að fylgjast með, jafnvel þó að það kosti nokkur ferðalög. Við höfum ekki efni á að horfa fram hjá þessu samstarfi og þetta getur verið okkur verulega mikils virði eins og hæstv. forsrh. minntist réttilega á. Og ég heyri að hann hefur fullan skilning á þessu máli.

Í norrænu menningarmálanefndinni, þar sem sá er þetta mælir gegnir formennsku, hafa þessi mál verið kynnt og voru kynnt núna á fundi í síðustu viku. Ég gerði mér far um að afla upplýsinga um það hvers vegna Íslendingar hefðu ekki verið þar með og verður að segjast eins og er að þar varð harla fátt um svör. Hitt veit ég að Finnar voru eitthvað svolítið seinir á sér, þó miklu, miklu fljótari en við, og þeir áttu í erfiðleikum með að komast inn í þetta samstarf vegna þess hve seint þeir voru á ferðinni.

Mér segir svo hugur um að úr því sem komið er þá sé ekkert auðhlaupið að því fyrir okkur að gerast aðilar að þessu samstarfi, því miður, vegna þess hvernig á málum var haldið. En við skulum vona að þar takist þó betur til og svo vel að við getum gerst þátttakendur í þessu samstarfi sem ég held að sé ákaflega mikilvægt.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er alveg óhjákvæmilegt að ég eigi hér hlut að máli — raunar hefði þessi fsp. átt frekar heima hjá mér en hæstv. forsrh. En ég sótti fund norrænna menningarmálaráðherra í Kaupmannahöfn, 30. október hygg ég að það hafi verið, eins dags fund sem boðað var til af menntmrh. Dana, Bertel Haarder, þar sem þessi mál voru sérstaklega rædd og með hvaða hætti Norðurlandaþjóðirnar stæðu að verki. Nokkru áður hafði ég

lesið mér til um þetta mál, Eureka-málið, og hafði þá skrifað bréf til utanrrn. þar sem ég óskaði eftir að gerð yrði athugun á með hvaða hætti við gætum verið aðilar að Hannover-ráðstefnunni um málið.

Á þessum fundi með menntmrh. Norðurlanda var málið reifað og þar varð það niðurstaðan að ég óskaði eftir því við danska ráðherrann sérstaklega að hann sæi okkur fyrir öllum upplýsingum um niðurstöður Hannover-ráðstefnunnar, sem ég vænti hvern daginn sem líður, en Haarder, hinn danski menntmrh., hefur verið í heimsókn í Bandaríkjunum þessa dagana. Það varð niðurstaðan að ekki var sótt fast eftir því að við ættum fulltrúa á Hannover-ráðstefnunni en haft var samband við sendiráð okkar í París um málið þannig að fylgst er með þessu. Og eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram náðu Finnar þátttöku og það er mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að halda vöku sinni í þessu efni.

Það var um það rætt á þessum ráðherrafundi að við e.t.v. kæmum til þessara skjala með þeim hætti að beita stofnunum okkar sem fyrir eru í málinu, eins og Norræna iðnþróunarsjóðnum, ekki Íslenska iðnþróunarsjóðnum, heldur hinum norræna, og það er vissulega mjög athyglisvert fyrir okkur þar sem hér er um mjög mikinn kostnað að tefla við hin ýmsu rannsókna- og þróunarverkefni sem yrðu okkur einum ofviða, en með þeim hætti — eins og menn hafa fitjað upp á — með þessum hætti gæti það orðið mjög álitlegt. Og víst er um það að þessi rannsókna- og þróunarsamtök sem verið er að stofna til, við þurfum að ná aðild að þeim því að hér er um eitt mikilvægasta málefni að tefla vegna t.d. hinnar miklu upplýsingatækni, örtölvubyltingar og alls þess sem bíður okkar. (Forseti hringir.) — Þessi umræða hefði verið alveg ónýt ef ég hefði ekki fengið að gera þessa athugasemd, hæstv. forseti. (**Forseti:** Umræðan á að vera þannig að það sé gagn að hverri einustu ræðu.)

Páll Pétursson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. tók nú af mér ómakið að hluta til. Það væri gott ef við gætum haft gagn af þessu samstarfi. Ég óttast þó að þetta verði okkur of dýrt, þ.e. ég hygg að vegna kostnaðar sem þarna er lagt í höfum við ekki þau fyrirtæki sem geti borið þann kostnað. Og þetta er fyrst og fremst — og það vil ég undirstrika — samstarf stórfyrirtækja sem leggja þarna sameiginlega peninga til vísinda- og rannsóknastarfsemi. Af íslenskum fyrirtækjum sé ég ekki mörg sem réðu við að gerast þarna beinir aðilar að, jafnvel ekki SÍS. Ég hef rætt þetta mál t.d. við sendiherrann okkar í Genf, Hannes Hafstein, og hann var þessarar sömu skoðunar.

Það er sjálfsagt að fylgjast með þessu samstarfi. En ég á ekki von á beinni þátttöku okkar eða að skilyrði skapist fyrir beinni þátttöku okkar, þá þegar af kostnaðarástæðum — og þá er ég ekki að tala um ferðalög, heldur rannsóknakostnað — nema þá í samstarfi við aðra. Það held ég að sé einmitt sú leið sem við eigum að reyna að fara og sem mér fannst hæstv. menntmrh. vera inn á.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það hjá hv. fyrirspyrjanda að ekki hafi verið fylgst með þessu máli nokkurn veginn frá upphafi. Þetta mál á ekki uppruna sinn á Norðurlöndunum heldur, eins og ég sagði áðan, þá eru það Frakkar sem hófu máls á þessu og þetta hefur verið rætt innan OECD eða Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Við erum þátttakendur í vísindanefnd þeirrar stofnunar í gegnum Rannsóknaráð ríkisins og það er alllangt síðan að ég fékk upplýsingar þar frá um þessar hugmyndir. Það var hins vegar talið óhjákvæmilegt að kanna hvort við hefðum yfirleitt fjárráð til að taka þátt í þessu svo marktækt væri. Og ég hygg að leið til þess kunni helst að opnast í gegnum svona samstarf Norðurlandanna, eins og m.a. hæstv. menntmrh. lýsti hér áðan, svo þetta hefur haft nokkurn aðdraganda, verið í könnun. Ég legg áherslu á að við viljum ekki reisa okkur hurðarás um öxl og gerast þátttakendur og geta ekki staðið við okkar skuldbindingar.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Hæstv. forsrh. segir að það hafi verið fylgst með þessu máli lengi. Það má vel rétt vera. En mér þykja nú svona heldur rasshandarleg vinnubrögðin í sambandi við þetta allt saman. En það vildi ég taka undir með hæstv. menntmrh. að auðvitað væri það mjög ákjósanleg leið að við værum aðilar að þessu samstarfi í gegnum norrænar stofnanir eins og hann hér nefndi. Ég vil hins vegar vara við þeim hugsunarhætti að við horfum fram hjá þessu og tökum ekki þátt í þessu vegna þess að þetta sé eingöngu fyrir stórfyrirtæki, og jafnvel ekki SÍS, eins og hér var sagt í þessum ræðustól áðan, sé af þeirri stærðargráðu að það geti ekki tekið þátt í þessu. Ég vil bara benda á að við eigum frambærilega vísindamenn og við eigum fólk sem hefur náð langt í gerð hugbúnaðar á ýmsum tölvusviðum og það er kannske hægt að leggja til fleira en fé. Þó við höfum ekki mikið fé þá höfum við bæði hugvit og þekkingu og vel menntað fólk og það geta líka verið framlög í þessu máli.

Tóbaksvarnalög, fsp. 96. mál (þskj. 106). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 106 að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um framkvæmd tóbaksvarnalaga.

Öllum hér inni er víst enn í fersku minni sú umræða sem átti sér stað hér á hv. Alþingi umleikis setningu þessara laga. Í þeim eru ýmis ákvæði sem kveða á um að „bannað sé„ og ákvæði sem hefjast á orðunum „ekki má". Það er mikið sem er bannað skv. þessum lögum og þar er einnig kveðið nánar á um eftirlit og viðurlög við brotum. Það er jafnvel kveðið svo sterklega að orði að sá sem brjóti gegn ákvæðum skuli sæta sektum eða varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekuð. Við umræður um þetta mál á sínum tíma voru m.a. hafðar uppi efasemdir um að unnt reyndist að fylgja eftir lögum af þessu tagi og einnig að við værum að setja lög sem væru mjög vel fallin til þess að brjóta þau. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt nú einu og hálfu ári seinna að spyrjast fyrir um það hvernig framkvæmd þessara laga hafi gengið fyrir sig.

Ég spyr þess vegna:

1. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksneyslu í samræmi við lög um tóbaksvarnir, nr. 74 1984?
2. Er bann það við auglýsingum, sem lögin kveða á um, í heiðri haft?
3. Hafa komið fram kærur vegna meintra brota á 8.

gr. laganna? Eru t.d. brögð að því að börnum yngri en 16 ára sé selt tóbak?

4. Hafa verið sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð, sbr. heimild í 16. gr.?

5. Hvaða sektum sætir sá sem brýtur gegn ákvæðum 6.—11. gr. og 13. gr. laganna?

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrsta spurningin hljóðaði svo: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksneyslu í samræmi við lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984?" Svarið er svofellt:

Frá gildistöku nýju tóbaksvarnalaganna hinn 1. janúar s.l. hefur á vegum heilbr.- og trmrn. og tóbaksvarnanefndar verið unnið markvisst að því að draga úr reykingum. Áætlanir þessar eru að vísu ekki að fullu mótaðar og ekki komnar til framkvæmda nema að litlu leyti þar sem mestur tíminn hefur farið í kynningu á lögunum í fjölmiðlum og á annan hátt t.d. á vegum heilbrigðisnefnda, Hollustuverndar ríkisins, að ógleymdu Krabbameinsfélaginu sem rekur öflugt varnarstarf m.a. í skólum landsins.

Þær áætlanir sem hér um ræðir beinast í fyrstu að því að draga úr reykingum barna og unglinga og reykingum á vinnustöðum. Enn fremur að byggja upp á vegum heilsugæslunnar varnarstarf og verður í samráði við héraðslækna lögð fram áætlun þar að lútandi innan tíðar. Reiknað er með að frá og með næstkomandi áramótum öðlist gildi reglugerð um reykingar á vinnustöðum, þ.e. þeim vinnustöðum sem lögin sjálf kveða ekki beinlínis á um. Drög að slíkri reglugerð eru nú til umsagnar hjá tóbaksvarnanefnd eftir ræki lega umfjöllun í stjórn Vinnueftirlits ríkisins.

Þótt aðeins fátt eitt hafi verið nefnt hér á undan er margt annað á döfinni sem m.a. mun taka mið af þeirri reynslu er fæst af reykingavarnastarfi á yfirstandandi ári.

Því er ekki að neita að það er skoðun margra sérfróðra aðila að það sem ráði úrslitum um tóbaksneyslu sé verð á tóbaksvörum þar sem öllum séu þegar ljósar hætturnar af tóbaksneyslu eftir það öfluga fræðslustarf sem rekið hefur verið á undanförnum árum. Í þessu tilviki skal það nefnt að árið 1977 settu Finnar sín tóbaksvarnalög og telja þeir reynsluna hafa sýnt að ekki sé að vænta verulegs árangurs nema með verðstýringu þar sem heilbrigðisyfirvöld hafi áhrif. Þennan þátt þarf sérstaklega að kanna í samráði við fjármálayfirvöld þótt ekki megi gera lítið úr þeim árangri sem náðst hefur á yfirstandandi ári en hann er merkjanlegur í minnkaðri tóbakssölu.

Önnur spurningin hljóðaði svo: „Er bann það við auglýsingum, sem lögin kveða á um, í heiðri haft?" Og svarið er svo:

Ráðuneytinu hafa borist nokkrar kvartanir vegna meintra brota með óbeinum auglýsingum en lögin taka jafnt til þeirra sem og annarra. Vegna þessa hefur ráðuneytið haft samband við hlutaðeigandi umboðsmenn og telur að í dag hafi náðst samkomulag um þessa þætti og vill koma því á framfæri hér að mjög góð samvinna hefur náðst við umboðsmenn tóbaksvara um að halda auglýsingabann laganna.

Þriðja spurningin hljóðaði svo: „Hafa komið fram kærur vegna meintra brota á 8. gr. laganna? Eru t.d. brögð að því að börnum innan 16 ára sé selt tóbak?" Og svarið er svona:

Ráðuneytinu hafa ekki borist neinar kærur vegna meintra brota á 8. gr. laganna. Hins vegar skal ekki farið í grafgötur með það að töluverð brögð eru að því að börnum yngri en 16 ára sé selt tóbak eða svo mun vera. Eftirlit með þessu sölubanni er í höndum heilbrigðiseftirlits í landinu. Á fundi Hollustuverndar ríkisins með heilbrigðisfulltrúum og héraðslæknum í lok þessa mánaðar mun ráðuneytið taka þetta mál sérstaklega fyrir og brýna fyrir heilbrigðisfulltrúum eftirlitsskyldur sínar á þessum vettvangi.

Fjórða spurningin: „Hafa verið sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð, sbr. heimild í 16.gr.? Svarið er: Engin reglugerð hefur verið enn þá sett, enda tæplega komin sú reynsla á lögin að slíkt sé ráðlegt.

Fimmta spurningin: „Hvaða sektum sætir sá sem brýtur gegn 6.—11. gr. laganna og 13. gr. laganna?" Svarið: Þessu er ekki hægt að svara þar sem það er dómstóla að ákvarða innan ramma almennra hegningarlaga upphæðir sekta hverju sinni.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. svörin og er nú þess fróðari að af hálfu ráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að því að draga úr tóbaksneyslu. Af svarinu við 1. spurningunni að dæma virðist vera aðallega um að ræða kynningu á þeim lögum sem sett voru 1984.

Það ber að fagna því að reglugerð er væntanleg um reykingar á vinnustöðum vegna þess að mér er kunnugt um að einmitt það atriði hefur valdið mörgum mjög miklum óþægindum.

Einnig fagna ég því að heyra hug hæstv. ráðh. um áhrif verðstýringar í þá veru að draga úr reykingum.

Það er einnig gott að heyra að bann verður haldið af hálfu innflytjenda og seljenda þessarar vöru vegna þess að ekki mun af veita.

Er þá komið að því að óska þess að af hálfu ráðuneytisins og í samráði við alla þá aðila, sem að þessu máli standa, verði unnið markvisst áfram að útfærslu laganna.

Fræðsla til varnar vímuefnaneyslu, fsp. 103. mál (þskj. 113). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 113 til hæstv. menntmrh. um fræðslu til varnar vímuefnaneyslu.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum þeim, sem að einhverju leyti hefur litið til þessa málaflokks, að hér eru á ferðinni mjög alvarlegir atburðir sem geta haft ófyrirséðar afleiðingar. Þegar svo er komið fyrir fjölda fólks að vímuefni eru farin að ráða eða stjórna gerðum þess að meira eða minna leyti er ástandið orðið mjög alvarlegt. Þess vegna er ljóst að brýn þörf er á því að líta til uppvaxandi æskufólks í þessu tilliti og athuga hvað það er sem helst er hægt að gera til að koma í veg fyrir að það ánetjist vímuefnum.

Af öllum þeim hættum sem steðja að samfélaginu almennt, en þó unglingum sérstaklega, er líklega engin svo eyðileggjandi sem notkun vímuefna. Slík notkun hefur í för með sér margþætt vandamál. Afleiðingar slíkrar notkunar hafa auðvitað fyrst og fremst eyðileggj-

andi áhrif á notandann og fjölskyldu hans, en valda um leið minnkandi afkastagetu á vinnustað og í skóla. Það er útbreiddur misskilningur að unglingum og reyndar öllum öðrum sé óhætt að fara út í notkun vímuefna, svo sem marijúana, kókaíns og heróíns, í þeirri fölsku trú að slík efni megi nota áhættulaust. Reynslan hefur sýnt að hafi fólk einu sinni skilið hættuna á heilsutjóni, sem slík efni leiða af sér, er það líklegra til að taka upp ábyrgari afstöðu gegn þeim. M.a. þess vegna er svo mikilvægt að efla fræðslu til varnar því að börn og unglingar ánetjist vímuefnum. Með því eykst möguleikinn til þess að afstýra óbætanlegum andlegum og líkamlegum skaða og verja með því þjóðfélagið gegn þeirri þungbæru byrði sem slík neysla er.

Það ber bráða nauðsyn til þess að við rekum af höndum okkar hina eyðileggjandi notkun vímuefna unglinga hérlendis. Ef við berum ekki gæfu til þess mun umtalsverður hluti heillar kynslóðar lifa við skertan andlegan og líkamlegan þroska. Þess vegna er nauðsynlegt að ráðast gegn því ört vaxandi vandamáli sem notkun vímuefna er.

Þetta eru ástæðurnar sem liggja að baki því að ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 113 og er hún svohljóðandi:

„Hefur ríkisstj. í hyggju að efla fræðslu til varnar því að börn og unglingar ánetjist vímuefnum?"

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Fyrr í þessum mánuði stóð menntmrn. að dagskrá um heilbrigðisfræðslu og heilsuvernd í skólum og var einn dagur helgaður fíkniefnafræðslu í skólastarfi. Verður tekið mið af niðurstöðum ráðstefnunnar við skipulagningu fræðslustarfsins í grunnskólum, en í skólaþróunardeild menntmrn. fer fram stefnumótun fyrir ávana- og fíkniefnafræðslu í grunnskólum.

Ekki hefur verið unnið skipulega að námsefnisgerð fyrir grunnskóla um ávana- og fíkniefni, en til er í kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar nokkurt safn námsefnis sem grunnskólakennarar geta fengið til afnota. Kennaranemar vinna enn fremur að námsefnisgerð á þessu sviði.

Menntmrn. gaf út fyrir nokkrum árum kennsluleiðbeiningar fyrir grunnskóla um bindindisfræðslu. S.l. vor kom út á vegum Námsgagnastofnunar bókin Fíkniefni, ný viðhorf til vandans, eftir Helen Nowlis. Bókin er einkum ætluð kennurum, foreldrum og stjórnmálamönnum. Þar er m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að sem flestir aðilar vinni saman að fræðslu og fyrirbyggjandi starfi til að sporna við fíkniefnaneyslu. Við stefnumótunina, sem nú fer fram í skólaþróunardeildinni í menntmrn., hefur verið og verður haft samráð við heilbr.- og trmrn., sérstaklega skólayfirlækni og aðra aðila sem eiga aðild að starfi grunnskólanna í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Það er gott að heyra að stefnumótun á sér stað í ráðuneytinu og á vegum þess, en að sama skapi er leitt að vita til þess að ekki skuli vera farið að nálgast það að um reglubundna fræðslu verði að ræða á næstunni úti í skólunum.

En það ber e.t.v. að einbeita sér að þeim sem eiga að fræða börn og unglinga. Mér dettur í hug: Hvað er fyrirbyggjandi starf? Það er ekki nóg að koma á laggirnar viðeigandi meðferð fyrir þá sem þegar hafa dottið í brunninn. Markmið okkar hlýtur að verða að koma í veg fyrir að nokkrum þyki eftirsóknarvert að kanna botninn á brunninum.

Fræðsla um afleiðingar vímuefnaneyslu hefur takmarkast við afmarkaða atburði. Undanfarin ár hefur fræðslan mestmegnis verið í því formi að 1—2 daga á vetri hafa fræðslufulltrúar frá SÁÁ farið í skóla og gert grein fyrir þróun alkóhólisma. Þess ber að geta að þróun fíknar er nokkuð svipuð hver sem vímugjafinn er, nema þróunin fer hraðar niður á við þegar í hlut eiga lyf eða fíkniefni.

Ég ætla að gera grein fyrir þeim rökum sem eru með og á móti þessu fyrirkomulagi. Sé tekið mið af gamla forminu, þar sem fulltrúar Góðtemplarareglunnar komu í heimsókn einu sinni á vetri og veittu fræðslu um skaðsemi áfengis og tóbaks, eins og við flest kannske munum eftir sem hér erum inni, er núverandi form hreint himnaríki. Gamla formið var stirt og þurrt og leiðinlegt og náði eyrum fárra. Heimsóknir SÁÁ-manna hafa alla jafna vakið mikla athygli, vakið margar spurningar og leitt til líflegra umræðna. Auk þess hafa þessar heimsóknir oftlega vakið hlustendur til umhugsunar um eigin neyslu.

En neikvæðu þættirnir eru þessir og vil ég sérstaklega vekja athygli á þeim: Hér er á ferðinni afmarkaður atburður sem hugsanlega veldur hræringum einn dag eða svo og fellur síðan í gleymsku. Fræðslufulltrúarnir hafa jafnan verið óvirkir alkóhólistar sem segja sögu sína og viðbrögð geta verið þau að hlustendur hugsi sem svo: Vá, þessi gæi hefur upplifað margt og spennandi og hann er kominn út úr þessu. Ég vil prófa þetta líka og slepp örugglega líka.

Í grunnskólalögunum er kveðið á um að skylt sé að uppfræða nemendur um skaðsemi áfengis og tóbaks og spurningin er hvort setja þurfi nú sérstaklega í þessa grein ákvæði sem varðar fræðslu um vímuefni.

Stefna í málefnum vímuefnaneytenda, fsp. 109. mál (þskj. 119). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Hæstv. forseti. Ég hef á þskj. 109 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um stefnu í málefnum vímuefnaneytenda.

Tilefni þess að ég ber fram þessa spurningu er, eins og reyndar er fram komið hér áður vegna þeirra fyrirspurna sem ég hef áður beint til heilbr.- og trmrh. og annarra ráðherra, að orðið hefur gífurleg aukning þeirra sem talist geta neytendur vímuefna. Sú aukning er ógnvekjandi og enn þá meira ógnvekjandi er það hversu auðvelt virðist vera að verða sér úti um slík efni.

Það segir sig sjálft, þegar litið er á verðlagningu þessara efna, að sjaldnast verður staðið undir neyslu þeirra með venjulegri atvinnu. Oftast grípa neytendur til ólöglegs athæfis og afbrota hvers konar til fjármögnunar neyslunni. Þrátt fyrir að auknar aðgerðir yfirvalda komi til, svo sem auknar refsingar vegna vímuefnaafbrota, þjálfun sérstakra lögreglu- og tollsveita, stofnun upplýsingamiðstöðva og í formi bættrar aðstöðu rannsókna í viðeigandi opinberum stofnunum, er hætt við að aukning verði áfram á neyslu vímuefna um einhverja ótiltekna framtíð. Það stafar m.a. af því

að þar með er ekki nóg að gert.

Ég tel að það verði að snúa sér í æ ríkara mæli að því að virkja hinn almenna borgara í baráttunni við þennan ógnvald. Það þarf einnig að virkja kennara og aðra þá aðila sem hafa með að gera uppeldislegt og mótandi starf með börnum og unglingum. Þá geta þessir aðilar unnið að þessum markmiðum, þ.e. baráttunni gegn notkun vímuefna, í tengslum við starfið og þar með haft varanlegri mótandi áhrif til lengri tíma. Þessir aðilar eiga oftast auðveldara með að ávinna sér traust þessa hóps og þeir eru innan þess ramma að hafa áhrif á tómstundir þeirra.

Þeir eru einnig í þeirri aðstöðu að hafa áhrif á að styrkja sjálfstraust þessa hóps og möguleika hans til þess að takast á við óvænta atburði og vandamál sem ella hefðu orðið til að ýta undir þá freistingu að falla fyrir vímuefnum og byrja að neyta þeirra. Það er þess vegna, herra forseti, mikið kappsmál að tekið verði á þessum málaflokki af mikilli einurð og að skilningur komi skýrt fram á því hve mikið er í húfi að vel takist til um samvinnu allra þeirra aðila sem óhjákvæmilega koma til með að standa að þessu stóra vandamáli sem slegið hefur sér niður í þjóðfélagi okkar í æ ríkara mæli.

Þess vegna leyfi ég mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um það hvort ríkisstj. hafi markað stefnu í málefnum fíkniefnaneytenda.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Spurt er:

„Hefur ríkisstj. markað stefnu í málefnum vímuefnaneytenda?"

Ég vil geta þess að þegar ég ræði um vímuefni í þessu svari á ég bæði við hið löglega vímuefni, áfengi, og hin ólöglegu efni sem geta verið af mörgum toga.

Engum blandast hugur um að sérhver ríkisstj. hefur stefnu í vímuefnamálum því að um þau gildir margvísleg löggjöf. Það eru í gildi sérstök áfengislög sem hafa að megintilgangi að vinna gegn misnotkun áfengis og að útrýma því böli sem er samfara áfengisneyslu. Jafnframt eru ströng ákvæði um innflutning áfengis, um tilbúning þess, sölu og veitingu. Þá er í áfengslögum sérstakur kafli um ölvun. Þar kemur í ljós að engum er heimilt að neyta áfengis í þeim mæli að hann verði ölvaður ef hann á ekki að brjóta lög landsins.

Hvað öðrum vímuefnum viðkemur er innflutningur, sala og notkun þeirra óheimil og erum við þá komin inn á svið dómsmrh. Þá er eðlilegt að minnt sé á þáltill., sem samþykkt var hinn 7. maí 1981, um opinbera stefnu í áfengismálum, þar sem Alþingi lagði til grundvallar stefnu sína í þessum málum á eftirfarandi hátt:

að draga úr heildarneyslu vínanda,

að stórauka skipulagðar rannsóknir, fræðslu og umræðu um áfengismál,

að auka stuðning við áhugamannasamtök um áfengismál,

að skilgreina eðlilega meðferð áfengissjúklinga og kveða á um flokkun meðferðarstofnana,

að leggja ríkisvaldinu, sem verslar með áfengi, þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu áfengis með fyrirbyggjandi starfi, t.d. fræðslustarfsemi, svo og að liðsinna þeim sem eiga við áfengisvandamál að stríða.

Frumtillögur þeirrar nefndar sem um þetta fjallar voru lagðar fram haustið 1983, en lokatillögur nefndarinnar eiga að koma fram á næsta ári skv. skipunarbréfi hennar. Í þeim tillögum um vímuefni önnur en áfengi sem fyrrv. heilbrrh. tók við 27. febr. 1984 var því lýst sem skoðun nefndarinnar að útilokað sé að fjalla um vímuefnin nema sem heild, því að kannanir sýni að áfengi sé algengast og undantekningarlítið fyrsta vímuefnið sem ungt fólk reynir, en önnur og ólögleg vímuefni fylgi síðan oft í kjölfarið. Það virðist því almenn skoðun að bæði varnir og meðferðarúrræði verði að vera sameiginleg fyrir öll vímuefni.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svörin. Það er rétt að um vímuefnaneyslu gilda lög, þ.e. að efnin eru ólögleg, þau sem hér um ræðir og ég spyr sérstaklega um, en mér finnst rétt að taka af öll tvímæli um að það er skoðun mín og reyndar mjög margra fleiri að öll umræða um vímuefnaneyslu unglinga hafi einkennst af tvískinnungshætti. Af og til eru umræðuþættir, ráðstefnur og hvað þetta heitir allt saman þar sem menn ræða vítt og breitt um þennan gífurlega vanda. Menn ræða þar af alvöruþunga og eru fullir vandlætingar um þetta voðaástand og þar með er búið að hreinsa samviskuna. Síðan gerist ekkert fram að næsta umræðuþætti eða ráðstefnu. Það er býsnast yfir því að unglingarnir skuli leita á þessa glapstigu og sækja í þessi vímuefni. Þess vegna finnst mér vera mikilsvert, og það er þess vegna sem þessi fsp. kemur hér fram, að stjórnvöld komi fram með skýrt markaða stefnu í þeim málum sem varða ólögleg vímuefni þó svo að auðvitað verði að hafa mjög góða samvinnu við alla þá aðila sem hafa með að gera fræðslu og löglegar aðgerðir varðandi varnir í þessum málum.

Sameinað þing, 18. fundur.

Þriðjudaginn 19. nóv., að loknum 17. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið verður til dagskrár er þess að geta að farið hefur verið fram á utandagskrárumræðu. Það verður orðið við þeirri ósk og umræðan fer nú þegar fram skv. 2. mgr. 32. gr. þingskapa.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til að ræða þá okurvexti og þá okurlánastarfsemi sem á sér nú stað bæði leynt og ljóst í þjóðfélaginu, löglega og ólöglega, um þessar mundir með margvíslegum afleiðingum. Ég þakka virðulegum forseta fyrir að leyfa þessa umræðu. Ég held að það sé fyllilega tímabært og mál til komið að þetta komi inn á vettvang Alþingis, jafnmikið og það er rætt úti í þjóðfélaginu um þessar mundir og eins miklum örlögum og þessi atriði skipta.

Ég vil í þessu sambandi leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. viðskrh., ráðherra bankamála með meiru, og einnig fyrir hæstv. forsrh. og hæstv fjmrh. af sama tilefni. En áður en ég kem að spurningum mínum beint vil ég fara nokkrum orðum um tilefnið, þ.e. það ástand

sem ríkir í þessum málum, um orsakir þess og afleiðingar.

Þá er óhjákvæmilegt að líta fyrst til stefnu ríkisstj. í vaxtamálum, þeirra áhrifa sem sú stefna hefur og þeirrar ábyrgðar sem hæstv. ríkisstj. óumdeilanlega verður að axla í þessum málum. Tvennt skiptir þar mestu máli að mínu mati:

Í fyrsta lagi stefna ríkisstj. almennt í efnahags- og vaxtamálum, ákvörðun ríkisstj. frá sumri 1984 um að gefa vexti frjálsa og þær kollsteypur sem síðan hafa fylgt í kjölfarið, m.a. með þeim afleiðingum að almenningur hefur misst fótanna og menn gera sér litla sem enga grein fyrir því hvað sé sanngjarnt og eðlilegt í þessum efnum lengur.

Í öðru lagi lífskjörin í landinu. Sú gífurlega kjaraskerðing sem almennt launafólk hefur mátt þola, ekki síst húsbyggjendur, liggur sannanlega að baki mörgum ljótustu dæmunum sem er að finna á spjaldskrám okraranna, sbr. eitt sem rakið hefur verið í fjölmiðlum undanfarið í tengslum við nauðungaruppboð á húseign þar sem fullyrt hefur verið að íbúðarkaupandi hafi tekið okurlán með 300% ársvöxtum til að reyna að bjarga og halda íbúð sinni.

Það er samspil þessara tveggja þátta, annars vegar fullkomins athafnafrelsis okraranna í krafti stefnu ríkisstj. og hins vegar neyðar almennings, samfara því að fólk er ringlað og fákunnugt um þennan vítahring okursins, sem hefur hér skapað gróðrarstíu óhugnanlegs okurs. Í fjölmiðlum er nú talað opinskátt um hvít, grá og svört svæði í þessum viðskiptum. Lögleg, hálflögleg og ólögleg eða ofanjarðar, hálfniðurgrafin og neðanjarðar viðskipti. Ríkisstj. gefur tóninn með auglýsingum sem glatt hafa eða meitt eftir atvikum augu og eyru þjóðarinnar undanfarið um kostaboð ríkisins á skuldabréfamarkaðnum.

Af grárri lit eru síðan þau gylliboð ýmissa aðila þar sem boðin er ársávöxtun á sparifé allt að bilinu 75—85%. Ýmiss konar viðskipti með háum vöxtum og miklum afföllum eru á óljósum mörkum þess löglega og ólöglega og kjörin eru það sem í daglegu máli er kallað okur hvað sem lagalegu hliðinni líður.

Síðan eru það hinir óhreinu eða neðanjarðarstarfsemin þar sem ávöxtun fjár er mæld í hundruðum prósenta á ársgrundvelli. Þar er einnig upplýst að velt sé hundruðum milljóna eins og dæmin úr dagblöðum síðustu dagana geta um, þ.e. heil skuttogaraverð ganga þar milli manna.

Það má einnig spyrja í þessu sambandi: Hvar liggja viðskipti bankanna í þessum hópi þegar þeir t.d. taka fulla mánaðarvexti, 3,5% að mér skilst, fyrir víxil sem fer fáeina daga fram yfir gjalddaga. Í mig hringdi í gærkvöld kaupsýslumaður hér í borg, einn margra sem hafði við mig samband og hafði heyrt að til stæði umræða um þessi mál á vettvangi virðulegs Alþingis. Hann spurði: Er þetta ekki einnig okur? Og hvar stendur Seðlabankinn með sína yfirdráttarvexti gagnvart hinum bönkunum?

Tímamótaákvörðun um vaxtafrelsi, sem formaður Sjálfstfl. og núv. hæstv. fjmrh. kallaði svo, er að mínu viti fyrst og fremst merk og tímamótavarði vegna þess að þangað má rekja að nokkru leyti upphaf þeirrar martraðar sem við nú upplifum. Ég fullyrði að jafnvægi sé nú fjær sanni á hinum íslenska peningamarkaði en það var þá. Heildarsparnaður þjóðarinnar hefur ekki aukist þrátt fyrir hina háu vexti, sbr. nýlegar niðurstöður Seðlabankans þar um. Einhver sparnaður hefur flust til í þjóðfélaginu og bönkunum hefur með ærnum tilkostnaði tekist að draga til sín eitthvað stærri hlut, en heildarsparnaður þjóðarinnar hefur ekki vaxið. Sú nöturlega staðreynd blasir við og verður ekki hrakin. En afleiðingarnar af þessu eru hins vegar stórfelld vandræði og eignaupptaka framleiðsluatvinnuveganna, húsbyggjenda og annarra þeirra sem þurfa að taka lán og auðvitað að sama skapi stórfelld auðsöfnun hinna sem eiga fjármagnið. Þetta er frelsi fárra útvaldra til að græða, helsi, örbirgð og örvinglan fjöldans. Þeir ríku verða ríkari. Hinir snauðu enn snauðari. Þetta er stefna þessarar ríkisstjórnar, frjálshyggju- og afturhaldsaflanna í Sjálfstfl. og Framsfl., í hnotskurn. Hún birtist þjóðinni skýrt í þessu máli.

Því spyrja menn og nú spyr íslenska þjóðin og það skal verða mín fyrsta spurning til hæstv. ráðh. og ég vona að þeir svari því allir hver fyrir sig: Hvað á þetta að ganga langt? Ætlar ríkisstj. að grípa til aðgerða og láta loka okurbúlunum eða ætlar hún ekki að gera það? Á að koma einhverjum böndum á þá okurvexti sem eru að tröllsliga framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar og mynda hyldýpisgjá milli ákveðinnar okurhirðar og almennings í þessu landi? Á að framfylgja lögum um þessi viðskipti, eða setja þá önnur sem duga ef þau sem fyrir eru gera það ekki, eða verður þetta okursvínarí, sem nú er í rannsókn, þæft í kerfinu í nokkur ár og blinda vanganum snúið að hinum sem halda okrinu áfram?

Sjávarútvegurinn, húsbyggjendur, húsmæður og aðrir sem finna nú snöruna þrengja að hálsi sér eiga heimtingu á svörum og þá meina ég svörum. Ekki um kannanir, ekki um athuganir heldur hvort eitthvað verði gert strax eða ekki.

Í framhaldi af þessu, herra forseti, vil ég beina eftirtöldum spurningum til hæstv. viðskrh.:

Í fyrsta lagi vil ég spyrja um eftirlit í þessu sambandi. Hvernig er reynt að framfylgja ákvæðum laga nr. 58 frá 1960 um bann við okri o.fl., ákvæðum um að vextir af skuldum, hvort sem um fasteignaveð eða handveð er að ræða, skuli ekki vera hærri en hæstu lögleyfðir bankavextir? Er þessi lagagrein dauður bókstafur eða er hún það ekki? Og hvernig er eftirliti með þessum hlutum háttað ef það er satt, sem haldið er fram, að dæmdur okrari hafi samtímis dómi sínum og í marga mánuði síðan haldið áfram umfangsmiklum fjármálaumsvifum á þessu sviði?

Ég spyr í öðru lagi hæstv. viðskrh. um hlutverk Seðlabankans og bankaeftirlits í þessu sambandi. Hvernig er eftirliti þessara aðila háttað, en í lögum segir að Seðlabankinn skuli hafa með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar sem tekur við innistæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans? Er þessi klásúla í lögum nr. 10 frá 1961 dauður bókstafur? Er það rétt að Seðlabankinn hafi fengið ítrekaðar aðvaranir um okurstarfsemi í því tilfelli sem nú er sérstaklega til rannsóknar, en starfsemin haldið áfram engu að síður mánuðum og misserum saman?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. viðskrh. um hlut og um tengsl og um samspil bankakerfisins við hinn almenna fjármálamarkað og við hina ólöglegu okur-

starfsemi. Er það svo að viðskiptakóngar neðanjarðarhagkerfisins velti stórum fjárhæðum gegnum bankana, viðskiptareikninga þar, og noti jafnvel ávísanir frá bönkunum sem þrep í viðskiptakeðjunni í okurhringnum, og gengur það mánuðum og jafnvel árum saman athugasemdalaust af hálfu bankaeftirlits og bankanna?

Ég spyr í fjórða lagi hæstv. viðskrh. um viðskipti með afborgunum almennt og eftirlit með þeim lánskjörum sem þar bjóðast. Hvernig er háttað eftirliti á því sviði eða er það ef til vill ekki fyrir hendi?

Í fimmta lagi vil ég spyrja hæstv. viðskrh. um það ákvæði svonefndra Ólafslaga, laga nr. 13 frá 1979, að verðtryggðar fjárskuldbindingar skuli ætíð skráðar á nafn, en í 39. gr. þeirra laga segir, með leyfi forseta:

„Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum: ... að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn".

Er það svo að það sé nánast reglan í almennum viðskiptum að þetta ákvæði sé hundsað eða að menn komi sér hjá því með vafasömum hætti? Er þess að vænta að reynt verði að framfylgja ákvæðum þessara laga?

Ég vil í sjötta lagi spyrja hæstv. viðskrh. um afstöðu hans til túlkunar nýrra laga um viðskiptabanka og um sparisjóði sem samþykkt voru á Alþingi 21. júní s.l., en í 26. gr. þessara laga segir, með leyfi forseta:

„Starfsemi viðskiptabanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Viðskiptabönkum og öðrum sem til þess hafa sérstaka lagaheimild er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar." Ég endurtek, herra forseti: er einum heimilt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Og hliðstætt ákvæði er í lögum um sparisjóði. Sér hæstv. ráðherra bankamála enga vörn í þessu lagaákvæði gagnvart okurbúlunum og skyldri starfsemi? Er ekki hægt á grundvelli þessara laga að ganga að ýmsum og loka hjá þeim sjoppunum? Eða er þarna á ferðinni enn einn dauður bókstafurinn sem allir eiga að fá að vaða yfir?

Herra forseti. Ég vil þá spyrja hæstv. forsrh. í fyrsta lagi hvað ríkisstjórnin hyggist gera nú, ekki á morgun og ekki hinn daginn, heldur nú og þegar í stað til þess að koma skikk á þessi mál. Er að vænta aðgerða eins og til dæmis þeirra, sem við í Alþb. höfum lengi barist fyrir, að öll skuldabréf skuli skrá á nafn og vera framtalsskyld? Er slíkra aðgerða eða annarra hliðstæðra að vænta af hálfu hæstv. ríkisstjórnar? Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh. um möguleikann á því að taka sérstaklega á vanda húsbyggjenda og íbúðarkaupenda sem eru að missa eignir sínar á nauðungaruppboðum þessa dagana. Er þess t.d. að vænta að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir tímabundinni stöðvun nauðungaruppboða hjá þessum aðilum? Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh. hver sé afstaða hans sjálfs, hans persónulega afstaða sem honum er gjarnan títt að vitna til, til þess vaxtastigs sem er á Íslandi í dag? Er hæstv. forsrh. sáttur við það? Er hæstv. forsrh. ánægður með stöðu þessara mála á Íslandi í dag?

Og hæstv. fjmrh. vil ég í fyrsta lagi spyrja hins sama, þ.e. um hans skoðun og afstöðu til vaxtanna á Íslandi í dag. Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. fjmrh. um stefnu ríkissjóðs í vaxtamálum, eins og hún birtist m.a. í því vaxtastigi sem nú er boðið á ríkisskuldabréfum. Er það stefna hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að halda áfram að kynda undir vaxtabálinu með þeim hætti sem hann hefur gert undanfarið? Og í þriðja lagi væri fróðlegt að heyra sérstaklega skoðun hæstv. fjmrh. og formanns Sjálfstfl. á þeirri staðreynd að allt vaxtaokrið hefur ekki leitt til aukins heildarsparnaðar með þjóðinni.

Herra forseti. Ég lýk nú senn máli mínu og vænti þá svara af hálfu hæstv. ráðherra. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að það er fyllilega tímabært að mínu mati að við á hv. Alþingi skiptumst á skoðunum um vaxtamálin, um okurmálin og um afleiðingar þeirra. Þessi mál eru og hafa verið mikið til umfjöllunar bæði í fjölmiðlum og manna á meðal.

Það er mín skoðun að ástand þessara mála nú sé nátengt sjálfri stjórnarstefnunni og ríkisstjórnin verði að axla ábyrgð og svara til um það undanbragðalaust hvað hún hyggst gera. Spjótin standa á ríkisstjórninni og oddarnir fara fyrir. Hæstv. fyrrv. iðnrh. ræddi á einni tíð um orkuveislu; við erum hér að ræða um okurveislu, okurveislu sem þessi ríkisstjórn hefur boðið til í nafni frelsisins. Fámenn hirð okurmangara situr við veisluborð stjórnarinnar meðan almenningi og atvinnulífi blæðir.

Úti í þjóðfélaginu er uppi krafa um lög og rétt í þessum málum. Það er ekki aðeins málróf stjórnarandstöðu heldur almenn og víðtæk krafa um hóflegri vexti, um lög og um réttlæti í þessum málum. Í því sambandi nægir að vitna í fjölda ályktana frá stéttarfélögum og hagsmunafélögum í atvinnulífinu. Krafan stendur á hæstv. ríkisstjórn um að slíta okurveislunni og því er spurning spurninganna í raun sú: Hvort metur hæstv. ríkisstjórn meir hagsmuni almennings og atvinnulífs eða félagsskap okurmangaranna við veisluborðið?

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að mikill peningalegur sparnaður hefur orðið af þeirri vaxtastefna sem núv. ríkisstj. hefur haldið uppi og innlán hafa aukist. En til þess að skapa möguleika fyrir lánastofnanir í landinu á að lána þarf að auka innlán. Og ef við spyrjum hverjir eigi innlánsféð í lánastofnunum: Eru það braskararnir eða eru það þeir sem eru að lána með ólögmætum hætti? Innlánsféð er að verulegu leyti í eigu almennings í landinu, er í eigu þeirra sem leggja fjármuni til hliðar, sem leggja fé á vöxtu.

Sú breyting hefur orðið að í stað þess sem var, þ.e. að gera peninga verðlausa áratugum saman fyrir öllum almenningi í landinu, gera fjármuni þeirra sem verða gamlir og hafa aurað saman til elliáranna svo að segja að engu, hefur á undanförnum árum og lengur en í tíð þessarar stjórnar verið tekin upp ný stefna. Og þegar menn tala um okur og okurlánastarfsemi mega þeir ekki gleyma að þetta er undirstaða þess sem til verður til að lána og það kemur frá almenningi. Braskararnir leggja ekki fé inn á innlánsreikninga bankanna, hverju nafni sem þeir nefnast, og sama er að segja um mörg fyrirtæki í landinu. Þau byggja upp með öðrum hætti; þau byggja fyrst og fremst upp með endurnýjun húsa, véla, áhalda og öðru slíku. Þetta eru fyrst og fremst fjármunir sem almenningur er að leggja inn og ég held að bæði fyrirspyrjandi og aðrir ættu að hafa það í huga.

Ég spyr: Ef við lækkuðum vexti af öllu innlánsfé í

bönkum og sparisjóðum landsins, mundi það verða til þess að okurlánastarfsemi legðist niður? Nei, þá fyrst mundi hún blómgast; þá fyrst færðist líf í starfsemina því eftir því sem vaxtastefnan verður lægri verður hægt að fara með meiri fjármuni á þennan markað.

Ég vil líka láta það koma fram að okurlánastarfsemi hefur verið til í þessu landi svo lengi sem elstu menn muna, og það er ekki stjórnvalda að sjá um að koma í veg fyrir að hún sé til. Það verður auðvitað, þegar um ólögmæti er að ræða, að kæra það til viðkomandi yfirvalda. Ég get alveg svarað hv. fyrirspyrjanda því að ríkisstjórnin mun ekki á nokkurn veg leggjast á þá rannsókn sem núna er í hinu svokallaða okurmáli heldur mun hún með öllum ráðum reyna að hraða rannsókninni sem mest má verða svo að hægt sé að koma lögum yfir þá sem brjóta þau.

Þegar hv. fyrirspyrjandi óskaði eftir þessari umræðu lagði hann fram þrjár spurningar til mín; sumar þeirra kom hann varla inn á. Í bréfi spurði hann hvert sé eftirlit með verðbréfaviðskiptum. Ég vil svara því þannig að það komi líka fyrir almenningssjónir. Ekkert eftirlit hefir verið haft með verðbréfaviðskiptum til þessa í þessu landi hverjir sem hafa verið í stjórn. Í nágrannalöndum okkar er slík starfsemi yfirleitt háð leyfum og eftirliti. Fyrrv. viðskrh. skipaði nefnd sem hefur undanfarna mánuði unnið að undirbúningi lagasetningar um verðbréfaviðskipti og gert er ráð fyrir að hægt verði að leggja fram frv. til laga um þetta efni áður en Alþingi fer í jólaleyfi. Í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að leyfi ráðherra þurfi til að stunda verðbréfaviðskipti og verði það aðeins veitt að uppfylltum kröfum um menntun og reynslu, settar verði starfsreglur sem stuðli að meira öryggi í viðskiptum og betri upplýsingagjöf um verðbréf þau sem verslað er með en nú er. Jafnframt verði bankaeftirliti Seðlabankans falið að hafa eftirlit með starfsemi verðbréfasala.

Einhvern næstu daga mun starfsemi Verðbréfaþings Íslands hefjast. Þar geta verðbréfaviðskipti átt sér stað milli nokkurra tiltekinna verðbréfasala eftir ströngum reglum og undir eftirliti bankaeftirlitsins. Yfirlit um söluverð og ávöxtun verður birt opinberlega. Á verðbréfaþinginu verður eingöngu verslað með stöðluð verðbréf sem gefin eru út í stórum flokkum eins og spariskírteini en ekki einstök fasteignatryggð skuldabréf. Reglur um verðbréfaþing voru gefnar út á s.l. sumri og eru allítarlegar, um stofnun og hlutverk, stjórn og fundi þingaðila, skráningu verðbréfa, viðskiptakerfið og önnur ákvæði. Það má því segja með sanni að gerðar hafi verið verulegar breytingar í þá átt að koma fastari skipun á peningamál en verið hafa í þessu landi.

Með lögunum um viðskiptabanka, sem taka gildi núna um n.k. áramót, er á margan hátt brotið í blað í bankaviðskiptum. Vitaskuld ber að fara að lögum. Fyrirspyrjandi spyr: Hvað hefur bankaeftirlitið gert? Bankaeftirlitið hefur starfað með sama hætti og það hefur gert á undanförnum árum.

Hins vegar sýnir reynslan okkur margoft að það er ýmislegt sem miður fer og þarf því að bæta. Það sem við fyrst og fremst hljótum að vera sammála um og við stefnum að er að koma í veg fyrir að brotin séu lög og fylgja því eftir. Það er ekki á valdi ríkisstjórnar eða ráðherra að vita um alla þá sem lögin brjóta. Það er fyrst og fremst þeirra sem eru að leita til þessara lögbrjóta að gefa upp og láta vita um þá.

Ég hef ekki mikla samúð með mönnum sem fara og taka sér lán með 300% vöxtum til þess að bjarga fasteignum sínum. Ég held að hver sæmilega gefinn maður hljóti að geta sagt sér sjálfur að það sé alveg vonlaus björgun, í upphafi. Þá sé nú betra að missa eignina þegar í stað heldur en taka lán með 300% vöxtum. Mér finnst eiginlega ekki neinum manni greiði gerður með því að segja að hann sé svo illa að sér og svo gersamlega úti að aka að hann taki lán með 300% vöxtum. Mér finnst sá ekki eiga skilið að eiga eign sem það gerir.

Ég finn aftur mjög til með þeim sem eru að berjast við að halda eign sinni og vantar eitthvað upp á. Ýmislegt hefur gerst, eins og í húsnæðismálum, sem ég ætla ekki að koma frekar inn á. En það er hlutverk þeirra sem eiga að sjá um að lög séu haldin að fylgja því eftir að dæmdur okrari haldi ekki starfsemi áfram, og ég held að það hafi verið gert í mörgum tilfellum þó að meira samræmi og betri samvinnu þurfi á milli þeirra sem eru að að rannsaka starfshætti þeirra sem leita inn á þessa ólöglegu markaði.

Ég held að ástæðulaust sé að ráðast að viðskiptabönkunum eða sparisjóðunum í landinu. Við höfum tekið upp þá stefnu að hvetja almenning til sparnaðar og eitt af því fáa sem hefur vel tekist er að inneignir hafa aukist í innlánsdeildum banka og sparisjóða og þannig hafa safnast meiri fjármunir en áður til útlána. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. En þessi mál verða mjög til umræðu síðar í vetur, bæði þegar frv. um Seðlabanka Íslands verður lagt fram og sömuleiðis önnur þau frv. sem hafa verið kynnt, m.a. í fyrirspurnatíma á hv. Alþingi fyrr í dag.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ekki er óeðlilegt að um þessi mál sé spurt og þá sérstaklega hvað ríkisstjórnin hyggst og reyndar hefur gert til að sporna gegn okurstarfsemi. Ríkisstjórnin hefur fjallað um peningamálin ítarlega og ákvað m.a. á s.l. vetri ýmsar aðgerðir sem sumar hverjar eru komnar til framkvæmda eða eru að koma til framkvæmda.

Ákveðið var að breyta lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins og dómstóla og setja þar á fót sérstakt svið þannig að hraða mætti mjög allri meðferð á fjársvikamálum. Hæstv. dómsmrh. lagði fram frv. til laga um þetta efni sem hlaut samþykki Alþingis og þá hröðu meðferð sem umrætt okurmál fær nú má ekki síst og reyndar fyrst og fremst rekja til þessara breytinga á starfsaðstöðu rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar starfar nú allmikill fjöldi manna með þá frumskyldu að hraða allri slíkri meðferð. Og af því að það mátti skilja á hv. fyrirspyrjanda að slíkt mál kynni að týnast í kerfinu vil ég fullvissa hann um að svo verður ekki. Máli þessu verður hraðað mjög og það fær meðferð við dómstóla eins og þessi lög gera ráð fyrir, enda hygg ég að flestum muni vera ljóst að þannig er að þessu máli unnið nú.

Það hefur einnig verið ákveðið af ríkisstjórninni eða stjórnarflokkunum að koma á fót kaupþingi við Seðlabanka Íslands og hæstv. viðskrh. hefur lýst því að sú framkvæmd er nú að sjá dagsins ljós.

Það var einnig ákveðið að undirbúa það að stórherða öll viðurlög við fjársvikum, sérstaklega skattsvikum og er fjmrh. með það mál í athugun.

Einnig var ákveðið að setja á fót nefnd til að

undirbúa lög um verðbréfamarkaðinn. Hæstv. viðskrh. kom að því máli og ég mun ræða það aðeins nánar hér á eftir. Frv. um það er tilbúið á borðum ríkisstj. og er til umsagnar hjá viðkomandi aðilum.

Ég hef einnig látið vinna töluvert í sumar sjálfstætt að ýmiss konar athugunum á þessum málum og tók saman og lagði fyrir ríkisstj. tillögur um þetta efni 14. þ.m. Í þeim tillögum er lagt til að hraðað verði löggildingu þess frv. sem unnið hefur verið um verðbréfamiðlun. Eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh. hefur af einhverjum ástæðum ekki verið talin þörf á slíkum lögum sem eru þó tvímælalaust mjög nauðsynleg. Eins og viðskrh. gat um er gert ráð fyrir að verðbréfamiðlun verði háð leyfi viðskrh. og fleira sem hann nefndi. Það er einnig gert ráð fyrir því í þessu frv. að krafist verði nafnskráningar allra bréfa sem ganga kaupum og sölum hjá verðbréfamiðlurum og eftirlitsskylda í því efni lögð á verðbréfamiðlara. Án þess að ég fari að rekja fjölmörg atriði þessa frv. get ég fullvissað hv. þm. um að þarna eru sett ákvæði um strangt eftirlit með þessari starfsemi, með starfsemi sem í sjálfu sér er ákaflega eðlileg. Verðbréfasala er eðlileg í hverju þjóðfélagi en með henni þarf að hafa strangt eftirlit; hún á að vera háð leyfum og þess er alls gætt í því frv. sem um er að ræða.

Einnig er athyglisvert að hér á landi eru engin lög um skuldabréf almennt, um útgáfu þeirra, en þau eru til alls staðar annars staðar á Norðurlöndum. Ég hef látið kanna það mál og lagt til að samið verði frv. um skuldabréf, t.d. þá aftur um nafnskráningarskyldu skuldabréfa almennt, reglur um gjaldfellingu skuldabréfa, sem eru ekki til hér á landi, reglur um vistun skuldabréfa, sem er ekki að finna hér, og ákvæði um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum svo eitthvað sé nefnt af fjölmörgum atriðum sem er að finna t.d. í dönskum lögum um útgáfu skuldabréfa. Ég geri fastlega ráð fyrir að drög að slíkum lögum verði samin á vegum ríkisstjórnarinnar.

Í þriðja lagi hef ég lagt til — sem reyndar hefur oft verið lögð áhersla á — að frv. til vaxtalaga verði lagt fram. Þegar er búið að vinna mjög að slíku frv. Þarna er einkum um að ræða ákvæði um töku dráttarvaxta sem um hafa verið nokkuð skiptar skoðanir.

Þá er rétt að geta þess að í lögum um stjórn efnahagsmála segir að Seðlabanki Íslands skuli setja reglur um verðtryggingu utan bankakerfisins. Seðlabankinn hefur litið svo á að honum bæri eingöngu að setja reglur um verðtryggingu þegar um fjárskuldbindingar er að ræða en t.d. ekki um verðtryggingu í kaupsamningum eða verksamningum eða fleiru þess háttar. Hér tel ég að málum sé mjög ábótavant. Segja má að ýmis þau ákvæði um verðtryggingu, sem verksalar hafa gengið undir, nálgist okur. Verðtryggingin er þannig útfærð að hvergi nærri samræmist þeim hugmyndum sem menn hafa almennt um verðtryggingu án þess að ég fari að nefna dæmi þar um.

Með tilliti til þessa hef ég lagt til að sett verði lög um verðtryggingu sem tryggi bæði hag verkkaupa og verksala. Um slíkt gilda ákveðnar reglur. Meira að segja Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt fram tillögur um reglur sem gildi um verðtryggingu á milli aðila í mismunandi löndum og stofnanir í nágrannalöndum okkar hafa sett reglur um það hvernig verðtrygging skuli reiknuð t.d. þegar samið er um byggingu húsnæðis eða yfirleitt aðrar framkvæmdir í þeim þjóðfélögum. Þarna getur munað mjög stórum upphæðum eftir því hvernig verðtrygging er útfærð í slíkum verksamningum.

Ég er líka þeirrar skoðunar að í fimmta lagi beri að setja reglur um greiðslukort. Þetta má gera með sérstökum lögum um greiðslukort og frv. um það er nú fyrirliggjandi. Hins vegar má einnig setja slíkar reglur með tilvísun til ákvæðis í lögum um verðlagseftirlit og ég hygg að hæstv. viðskrh. sé nú með það í athugun hvort það megi ekki gera fljótt og á viðunandi máta.

Ég vil að lokum geta þess að í þeim hugmyndum, sem skoðaðar voru s.l. vetur, var athugað hvort ekki væri rétt að taka þrýstinginn af mjög þröngum innlendum peningamarkaði með því að leyfa íslenskum einkaaðilum, fyrirtækjum, að taka lán beint erlendis frá án ríkisábyrgðar og án bankaábyrgðar en að sjálfsögðu eftir ákveðnum reglum sem um það yrðu settar. Þetta hefur verið í athugun og ber að skoða nánar. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að það beri að fara þessa leið og það muni taka þrýstinginn verulega af innlendum peningamarkaði og verða til að lækka vexti innanlands því að margir af þessum aðilum sækja á innlendan peningamarkað með útgáfu skuldabréfa t.d. sem hafa orðið til að halda afföllum af skuldabréfum uppi.

Ég hef farið hér fljótt yfir mörg mjög stór mál sem sum hver eru komin til framkvæmda, sum í burðarliðnum og önnur verða tekin til meðferðar í ríkisstj. alveg á næstu dögum. Ég er sannfærður um að ef þessi mál öll verða framkvæmd eins og stjórnarflokkarnir hafa verið sammála um og ég hef lagt til í minni samantekt, þá þýðir það gjörbreytingu á hinum svokallaða frjálsa verðbréfa- og ávöxtunarmarkaði, ekki til að koma í veg fyrir þann markað — því að því er ég ekki hlynntur — heldur til að færa hann undir nauðsynlegt eftirlit, leyfi o.s.frv.

Hv. fyrirspyrjandi ræddi um vanda húsbyggjenda og stöðvun nauðungaruppboða. Ég vil ekki gera lítið úr vanda húsbyggjenda. Hins vegar held ég að þau mál séu hvergi nærri nægilega skoðuð þrátt fyrir mikla umræðu um þau. Mér hefur virst sú umræða vera alleinhliða og oft hafa farið inn á vafasamar brautir.

Mér er fyllilega ljóst að vandi sumra húsbyggjenda er vegna þess misgengis sem varð á launum og lánskjörum frá miðju ári 1982 til miðs árs 1983 og ekki geri ég lítið úr þeim vanda. Hins vegar hygg ég að vanda húsbyggjenda megi í mjög mörgum tilfellum ekki síður rekja til þess að verðfall hefur orðið á fasteignum. Fasteignir hafa lækkað verulega í verði og það hefur verið ákaflega treg sala á húseignum. Mjög margir húsbyggjendur, sem hafa leitað til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar t.d., hafa bent á þennan þátt í sínum vanda sem er ákaflega mikill þegar húsbyggjandi gerir ráð fyrir því að geta selt fyrra húsnæði, ekki bara á ákveðnu verði heldur fljótt og vel og hvort tveggja bregst. Ástæða er til að skoða nánar þennan þátt í vanda húsbyggjenda.

Einnig er það staðreynd og hefur líka komið fram, bæði í ráðgjafarþjónustu og athugun sem ég hef látið gera í einstökum svona tilfellum, að í mjög mörgum dæmum er vandi húsbyggjandans ekki vegna þeirra lána sem hann hefur tekið til að koma sér upp húsnæði, heldur vegna alls konar annarra fjárskuldbindinga og það eru ótal dæmi um fjárnám í íbúðarhúsnæðinu af slíkum fjárskuldbindingum sem ég held satt að segja að margar hverjar séu nokkuð vafasamar. Og af því að mikið er gert úr þeim nauðungaruppboðum sem nú er

talað um, án þess að hægt sé að fara þar út í einstök dæmi, þá er það staðreynd að mörg þessi nauðungaruppboð stafa af fjármálum viðkomandi aðila sem í raun eru bara óbeint tengd húsbyggingunni.

Af því að hv. fyrirspyrjandi nefndi eitt dæmi sem hefur verið mjög í fjölmiðlum upp á síðkastið þá hefur þess reyndar verið getið í dagblöðum að sá vesalings maður dró sér fé frá sínum vinnuveitanda, 3 milljónir króna, og vinnuveitandinn fór í þessar aðgerðir til að reyna að ná þessu fjármagni til baka og náði því þó ekki öllu. Þó sjálfsagt hafi í mörgum tilfellum tekist að koma í veg fyrir nauðungaruppboð með þeirri aðstoð sem ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar hefur veitt þá hygg ég varla að nokkur ætlist til þess að af opinberri hálfu sé reynt að stöðva eðlilegan framgang slíkra mála hjá dómstólum og því kerfi sem um það fjallar.

Ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar veitti viðbótarlán, u.þ.b. 250 milljónir, á næsta ári og það er fullur vilji, og reyndar ákveðið af hálfu stjórnvalda og ráð fyrir því gert í fjáröflun, að veitt verði aðstoð áfram þeim húsbyggjendum sem í vandræðum eru af eðlilegum sökum eða af því að misgengi hefur orðið með launum og lánskjörum o.s.frv., sem þessir aðilar hafa ekki fengið ráðið við. Hins vegar er eins og ég sagði í mörgum tilfellum um ýmislegt fleira að ræða í þessu sambandi.

Ég er þeirrar skoðunar að meðferð fjölmiðla á þessum málum hafi verið ákaflega vafasöm og yfirleitt ætíð reynt að draga fram tilfelli sem ég hygg að megi segja að orki mjög tvímælis, eins og það tilfelli sem ég var hér að nefna áðan, þar sem viðkomandi aðili er gerður að píslarvotti og alls ekki krufið til mergjar hvernig því máli var háttað. Það er satt að segja umhugsunarefni að fjölmiðlar virðast hafa nokkuð frjálsar hendur um mótun skoðana almennings í slíkum tilfellum og ástæða til þess að upplýsa málin betur. Í mörgum tilfellum er það erfitt. Í mjög mörgum tilfellum eiga stjórnvöld erfitt með að leggja fram um einstaklinga, sem lenda í slíkum vandræðum, upplýsingar sem veittar eru í fullkomnum trúnaði. En þau mál öll þarf þó að skoða sem best og upplýsa það sem þar er um að ræða.

Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi að ég tel sjálfsagt að þeim húsbyggjendum verði hjálpað sem orðið hafa í vandræðum af því sem má kalla eðlilegum ástæðum — og teygt sé langt í því sambandi — og það mun vissulega verða gert.

Hver afstaða mín sé til vaxtastigs í dag, ég skal svara því og ég hef aldrei farið leynt með mínar skoðanir eins og hv. fyrirspyrjandi sagði. Ég tel að vextir mættu vera nokkuð lægri en þeir eru í dag, raunvextir t.d. 2—3 af hundraði. Ég mæli alls ekki með neikvæðum vöxtum. Það getur ekkert þjóðfélag búið til lengdar við neikvæða vexti. Vextir í dag eru af verðtryggðum bréfum 4—5 af hundraði og þegar menn tala um það að vextir séu frjálsir þá er það mikill misskilningur því að útlánsvextir eru ekki frjálsir. Útlánsvöxtum hefur ekki verið breytt lengi. Þeir eru eins og þeir voru ákveðnir fyrir mörgum mánuðum, 4—5 af hundraði. Innlánsvextir hafa hins vegar að hluta verið gefnir frjálsir enda hygg ég nú satt að segja að fáir hv. þm. amist við því þó að sparifjáreigendur fái í bönkum sæmilega ávöxtun síns fjár. En aðalatriðið er vitanlega að halda útlánsvöxtum eins lágum og við treystum okkur til.

En hvers vegna eru útlánsvextir þá 4—5 af hundraði, raunvextir, en ekki 2—3? Því er tiltölulega einfalt að svara. Hér í þjóðfélaginu er nú u.þ.b. helmingur útlánsfjár — og reyndar rúmlega það — erlent fé. Ég hygg að nálægt 55 af hundraði af því fjármagni sem lánað er í íslenska peningakerfinu í dag muni vera erlent fé. Sjávarútvegurinn er svo að segja allur með erlent fé í sinni starfsemi. Við vexti af þessu erlenda fé ráðum við ekki. Vextir af því eru um 9—10 af hundraði og þetta er að sjálfsögðu gengistryggt fé sem nálgast það sem verðtryggingin er; getur verið breytileg á einu ári en á öðru ári getur hún verið miklu hærri en verðtryggingin og næsta ári kannske lægri.

Það orkar vitanlega nokkuð tvímælis að hafa mjög mikinn mun á þeim vöxtum sem við greiðum erlendum fjármagnseigendum, og einstakar atvinnugreinar verða að bera, og þeim vöxtum sem við greiðum innlendum aðilum af útlánuðu innlendu fé. Ég held ég fari rétt með að innlent fé sem lánað er í gegnum bankana muni aðeins vera um 22 af hundraði þess fjármagns sem hér er lánað út í dag. Svo koma lífeyrissjóðirnir og svo það sem fer í gegnum verðbréfamarkað og þess háttar leiðir. Lífeyrissjóðunum er að sjálfsögðu mikið nauðsynjamál að geta ávaxtað sitt fé með sæmilegum vöxtum. Þar eru miklir erfiðleikar fram undan vegna mikils útstreymis sem þar verður á næstu árum og mjög nauðsynlegt að lífeyrissjóðirnir geti ávaxtað sitt fé með sæmilegum vöxtum.

Þær fréttir berast nú af fjármagnsmarkaði erlendis að vextir eru á niðurleið og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið af verðbréfamarkaði hér — og þá á ég við verðbréfamarkað sem er löglegur, að vísu eru ekki til um hann lög í dag en hann er alls ekki ólöglegur, og ég held að menn geti sagt að hann hafi lengi viðgengist og ekki verið beinlínis kallaður okurlánamarkaður — hafa vextir og afföll farið lækkandi úr u.þ.b. 18 af hundraði niður í u.þ.b. 12—13 af hundraði. Mér segja menn sem fróðir eru á þessum markaði að það sé töluvert framboð af fjármagni og vextir fari heldur lækkandi.

Ég geri mér því góðar vonir um að vextir hér muni fara lækkandi á næstunni og geti á næstu tveimur, þremur árum farið að nálgast það sem ég nefndi hér áðan eðlilega ávöxtun fjár. Ég vek athygli á því að ef skoðuð er ávöxtun fjármagns yfirleitt í heiminum hefur það aldrei staðið mjög lengi að vextir hafi verið svo gífurlega háir sem þeir hafa verið núna.

Það eru sem sagt ýmsar ástæður fyrir því að það er erfitt fyrir okkur að halda vöxtum langt fyrir neðan það sem er í kringum okkur. Þess má til viðbótar geta að af þjóðarframleiðslu okkar Íslendinga er helmingurinn innflutningur og útflutningur sem allt er meira eða minna tengt þeim fjármagnskostnaði sem er erlendis því svo mikið er keypt á alls konar vörulánum.

Af því að hv. þm. taldi að sparnaður hér hefði á engan máta aukist, að vísu kom hæstv. viðskrh. aðeins inn á það, held ég að ég megi fullyrða að hv. þm. fór þar ekki með réttar upplýsingar. Peningalegur sparnaður

hér á landi hefur aukist á þessu ári meira en öll ár síðan 1972 eða 1973. Innlán í bönkum hafa aukist um 45 af hundraði og stefnir í að svo verði á þessu ári sem þýðir að innlán verða orðin á þessu ári um 31 af hundraði af landsframleiðslu. Það er hærra hlutfall af landsframleiðslu í bönkum landsins og í peningalegum sparnaði en verið hefur síðan 1973. Hins vegar má deila um heildarsparnað vegna fjárfestingar einstaklinga o.fl., íbúðarhúsnæði o.s.frv., en ég held að ég megi fullyrða að einnig þar er nokkur breyting á og meiri áhersla lögð á að afla sér eigin fjár til framkvæmda en áður var. Það er mjög æskileg þróun.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi vék nokkrum spurningum, einum þremur spurningum, til mín í þeirri umræðu sem hann hóf hér. Ég ætla fyrst að víkja að þeirri spurningu hans sem lýtur að ríkissjóði.

Fyrirspyrjandi spurði hver væri stefna ríkissjóðs í vaxtamálum og hvort halda ætti áfram að kynda undir vaxtabálinu, eins og hann orðaði það. Af orðalagi fyrirspurnarinnar má glöggt merkja, eins og ég hygg að flestir hv. alþm. geri sér grein fyrir, að fyrirspyrjanda er ekki nægjanlega vel kunnugt um með hvaða hætti hefur verið staðið að sölu spariskírteina og að vaxtaákvörðunum ríkissjóðs, en telur sig eigi að síður umkominn þess að fella um það þunga dóma og má auðvitað margt af því læra. Af þessu tilefni vil ég taka það fram hver aðstaða var uppi þegar ákvörðun var tekin nú fyrir skemmstu að selja um stundarsakir skuldabréf á lægra gengi en áður var.

Frá því í ársbyrjun og til loka ágústmánaðar voru innleyst spariskírteini fyrir 1094 millj. kr. Á sama tíma voru seld spariskírteini fyrir 850 milljónir. Sala spariskírteina í hlutfalli við innlausn var 77,7%. Á þessu tímabili var m.ö.o. verið að greiða meira út úr ríkissjóði vegna innlausnar á spariskírteinum en fékkst inn fyrir sölu á nýjum spariskírteinum. Síðan þróuðust þessi mál til verri vegar. Frá septemberbyrjun til 29. október voru innleyst spariskírteini fyrir 495 millj. kr., en seld spariskírteini námu 182 millj. kr. Sala spariskírteina í hlutfalli við innlausn var á þessum tíma komin niður í 36,8% og má öllum vera ljóst að við svo búið varð ekki unað. Það var nauðsynlegt að bregðast við með einum eða öðrum hætti. Fyrir því var ákveðið að selja spariskírteini um stundarsakir á lægra verði til að örva söluna. Fyrst í stað voru bréfin seld á genginu 94, en síðan var það hækkað og frá og með deginum í gær var aftur tekið við að selja spariskírteini á nafnverði þó að hv. fyrirspyrjanda hafi ekki verið um það kunnugt. Eigi að síður hafði það verið tilkynnt opinberlega og auglýst með mjög ákveðnum og skýrum hætti. Þessi aðgerð hafði það í för með sér að spariskírteini voru á þessu tímabili seld fyrir u.þ.b. 300 millj. kr., en innlausn á sama tímabili nam um 56 milljónum. Innstreymi í ríkissjóð af þessum sökum var um 244 milljónir.

Frá upphafi árs til 8. nóvember hafði þannig alls verið innleyst af spariskírteinum fyrir 1645 millj. kr., en sala nýrra spariskírteina var þá orðin 1332 millj. Salan í hlutfalli við innleyst spariskírteini var orðin 81%. Með þessum ráðstöfunum, sem gerðar voru um stundarsakir, ákveðnar sem skammtímaaðgerð, tókst þannig að rétta nokkuð við þetta óhagstæða hlutfall. Niðurstaðan er eigi að síður sú að á þessu ári verður meira útstreymi úr ríkissjóði vegna innlausnar á spariskírteinum en ríkissjóður fær fyrir sölu nýrra skírteina. Það verður því ekki sagt með neimum sanni að ríkissjóður hafi verið að seilast um of inn á hinn almenna lánsfjármarkað í landinu.

Það hefur verið gagnrýniefni ýmissa aðila að þessi ákvörðun um tímabundna sölu á lægra gengi hafi leitt til hækkunar vaxta. Ég fullyrði að þessi skammtímaráðstöfun hefur ekki haft áhrif í þessa veru. Það má vel vera að aðgerðin hafi leitt til þess að um tíma hafi menn velt því fyrir sér hvort sú þróun, sem átt hefur sér stað upp á síðkastið, lækkun vaxta, breyttist, en þegar upp er staðið hygg ég að komi í ljós að vextir hafa farið lækkandi og munu væntanlega fara lækkandi þrátt fyrir þessa aðgerð. Fullyrðingar í þá veru að með þessum ráðstöfunum hafi vaxtastig verið hækkað fá ekki staðist.

Hitt er svo alveg augljóst mál og þarf ekkert um að deila að því meir sem ríkissjóður þarf að ganga inn á hinn almenna lánamarkað, því meiri er hættan á því að stjórnvöld séu að ýta undir vexti og hækka vaxtastigið. Við tökum ákvarðanir um þetta efni við afgreiðslu fjárlaga og það skiptir þess vegna ákaflega miklu máli að þeirri stefnu sé fylgt að jöfnuður sé á milli tekna og gjalda ríkissjóðs og hann þurfi þess vegna ekki að leita fanga á hinum almenna lánamarkaði og fara þannig í samkeppni við atvinnulíf og einstaklinga og með þeim hætti að hækka vaxtastig.

Um alllangt skeið hafði ríkissjóður forréttindi á þessu sviði. Hann gat boðið út spariskírteini með betri ávöxtun en aðrir höfðu heimildir til og á þeim tíma var með mjög ótvíræðum hætti verið að mismuna aðilum í þjóðfélaginu og ríkissjóður var að skara til sín fjármagni, skara eld að sinni köku, með forréttindum á lánamarkaðinum. Það hlaut að halla á atvinnufyrirtæki og einstaklinga í þeirri samkeppni. Með breyttri stefnu í peningamálum hefur verið stuðlað að auknu jafnvægi í þessum efnum þannig að ríkissjóður hefur nú engin forréttindi umfram aðra aðila. Það tel ég vera mjög mikilvægt. Ég tel líka vera mjög mikilvægt að ríkissjóður geti komist hjá því í sem ríkustum mæli að ganga of langt í lántökum, bæði erlendis og innanlands. Það er þáttur í því að ná hér auknu jafnvægi og lækka vaxtastig.

Ég tel að með þessum upplýsingum hafi ég svarað fsp. hv. þm. um þetta efni og allar ásakanir af hans hálfu og ýmissa annarra fá í ljósi þeirra ekki staðist.

Hv. fyrirspyrjandi innti eftir því hvort ég liti svo á að vextir á Íslandi væru of háir eins og sakir standa. Mín skoðun er sú að í mörgum efnum sé óhætt að segja að vaxtastig sé of hátt. Hitt er þó staðreynd að vextir eru æðimisjafnir og í sumum greinum eru vextir allnokkuð fyrir neðan verðbólgustig. Eigendur almennra sparisjóðsbóka fá t.a.m. ekki í dag raunávöxtun á sínu sparifé. Það tel ég vera óréttlæti. En þessi álitaefni eru auðvitað afstæð og kjarni málsins er með hvaða hætti við getum lækkað vexti. Ég tel nauðsynlegt að við búum við raunvexti, en það er æskilegt að þeir séu sem lægstir. Og eftir hvaða leiðum getum við náð því marki?

Í fyrsta lagi tel ég brýnt að það sé jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum þannig að í sumum greinum hans séu ekki neikvæðir vextir meðan þeir eru mjög jákvæðir í öðrum greinum fjármagnsmarkaðarins. Mín skoðun er sú að vaxtastig verður ekki lækkað með einföldum pennastriksákvörðunum. Við verðum að taka tillit til

þess og gera okkur grein fyrir því hvers vegna vaxtastigið er svo hátt sem raun ber vitni almennt. Á það hefur verið bent í þessari umræðu að mikill meiri hluti þess lánsfjármagns sem er í umferð á Íslandi kemur erlendis frá. Við höfum neyðst til þess að taka of mikið af erlendum lánum og þeir skulu íhuga það sem hófu þá efnahagsstefnu á Íslandi að taka erlend lán og gera tilraun til þess, þó fyrir fram hafi verið séð að hún yrði misheppnuð, að halda uppi lífskjörum með erlendum lánum. (**JBH:** Hefur hæstv. forsrh. svarað þessari spurningu?) Þeir skulu svara því sem að þessari stefnu stóðu í upphafi. Við getum auðvitað ekki vænst þess að vextir lækki niður fyrir það stig sem er á erlendum fjármagnsmörkuðum meðan við þurfum í svo ríkum mæli að taka erlend lán. Menn hljóta að spyrja að því hvort réttlátt sé að við greiðum lægri vexti til þeirra sem spara á Íslandi en til hinna sem spara í útlöndum og hafa lánað okkur fé. Ég segi: Það er ekkert réttlæti í því.

Í annan stað hljótum við að huga að því að verðbólgan hefur áhrif á vexti. Þess vegna er það eitt af höfuðmarkmiðunum að lækka verðbólgu. Það er þáttur í því að lækka vaxtastigið.

Í þriðja lagi hefur halli á ríkissjóði áhrif hér á.

Við verðum þess vegna að mínu mati að leggja allt kapp á að reka ríkissjóð hallalaust, að koma böndum á verðbólguna og stemma stigu við erlendri lántöku. Þetta eru leiðirnar til að lækka vexti og það er að þessum markmiðum sem verið er að vinna. Það hafa verið kynntar hér og ræddar ákvarðanir sem miða markvisst í þessa veru og að því er unnið. En þeir sem upp hófu erlendu skuldasöfnunarstefnuna lögðu ekkert af mörkum til þess að lækka vexti á Íslandi. Þvert á móti bera þeir kannske meiri ábyrgð en nokkrir aðrir á því hversu málum er komið og hversu háir vextir eru á Íslandi.

Hv. fyrirspyrjandi vék einnig að því hvort ég væri ánægður með árangurinn af þeirri breytingu sem varð við vaxtaákvarðanir á síðasta ári. Það hefur komið fram í þessari umræðu og reyndar oft áður að þessi breyting hefur haft í för með sér með alveg ótvíræðum hætti að peningalegur sparnaður í bankakerfinu hefur aukist. Það er auðvitað forsenda fyrir því að við vinnum okkur út úr erfiðleikunum að við getum fjármagnað framkvæmdir að stærri hluta til með eigin fé og að minni hluta til með erlendu lánsfé. Þetta er alveg ótvíræður árangur og ég tel þess vegna að sú breyting sem varð á í þessu efni í fyrra hafi sannarlega verið tímamótaákvörðun. Hitt er satt og rétt að heildarsparnaður í þjóðfélaginu hefur ekki aukist, m.a. vegna þeirrar stefnu, sem Alþb. upphóf hér meðan það réði sem mestu um stjórn landsmála, að fjármagna framkvæmdir með lánum og með erlendum lántökum. Það er ein meginástæðan fyrir því að heildarsparnaður í þjóðfélaginu hefur ekki aukist. Það er út úr þessum ógöngum sem við erum að vinna okkur. Nú bendir flest til þess að okkur sé að takast að snúa því blaði við og fjármagna framkvæmdir að auknum hluta með eigin fjármagni og minni hluta með lánsfé. Þetta er kjarni málsins að því er þetta atriði varðar.

Ég tel rétt að sú stefnumörkun sem mótuð var í fyrra varðandi vaxtaákvarðanir verði fest í sessi. Það hefur að hluta til verið gert með nýrri löggjöf um viðskiptabanka. Það er ætlunin að gera það enn frekar og með tryggari hætti með nýrri löggjöf um viðskiptabanka. Ég tel líka að það sé mjög mikilvægt að sett verði almenn löggjöf um verðbréfamarkaði. Það kom fram hjá hæstv. viðskrh. að um allnokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi slíkrar löggjafar. Verðbréfamarkaðir eru eðlilegir og sjálfsagðir í hverju þróuðu þjóðfélagi, en um þá þurfa að gilda almennar reglur. Við þurfum auðvitað að geta áttað okkur á því hvaða sauðir eru hvítir og hverjir svartir í þeim efnum. En það er í fyrsta skipti í tíð núverandi ríkisstj. að það er hugað að því að setja löggjöf um þessi efni. Það tel ég vera brýnt og mikilvægt, enda verður það gert í samræmi við þá yfirlýsingu sem hæstv. samgrh. hefur gefið á þessum fundi.

Við verðum m.ö.o. að byggja hér upp fjármagnsmarkað sem er í eðlilegu samræmi við það sem gerist með þeim þjóðum sem við viljum jafna okkur til. Þau skref sem við höfum stigið í þá veru eru í fullu samræmi við það sem gerist með helstu viðskipta- og nágrannaþjóðum okkar. Þær ákvarðanir sem teknar hafa verið varðandi aukinn sjálfsákvörðunarrétt banka um vaxtaákvarðanir eru mjög á sömu lund og um langt árabil hafa viðgengist t.a.m. á Norðurlöndum. Þar hafa sósíaldemókratar, fyrir áratugum að ég hygg, beitt sér fyrir breytingu á vaxtaákvörðunum og skipun vaxtaákvarðana með svipuðum hætti. Við eru því ekki að feta inn á ókunnar brautir, heldur þvert á móti inn á brautir sem þær þjóðir hafa farið sem við viljum gjarnan jafna okkur til að því er varðar lífskjör í landinu. Sannleikurin er sá að við verðum að hafa hér fjármagnsmarkað sem eykur líkur á því að við fáum þann ávöxt af fjárfestingarfjármagninu sem getur leitt til bættra lífskjara. En því miður hefur ávöxtur af fjárfestingarfjármagni á Íslandi ekki verið sá sami og hjá þeim þjóðum sem við höfum jafnað okkur til um lífskjör. Þess vegna þurfum við að ná meiri árangri á þessu sviði. Þetta er þáttur í þeirri viðleitni að skapa hér meiri hagvöxt.

Ég hygg að því meiri sem skömmtunarstjórnin er í þessu efni, því meiri hætta sé á að hér myndist neðanjarðarhagkerfi. Ég hygg að því ákveðnari reglur sem yrðu settar um að sparifjáreigendur fengju t.a.m. ekki raunávöxtun af sínu fjármagni, því meiri hætta væri á því að hér myndaðist neðanjarðarhagkerfi í ríkari mæli en þó er.

Hér hefur verið minnst á okurlánastarfsemi. Því hefur verið haldið fram að hún hafi verið með öllu óþekkt á Íslandi þangað til breytt var um stefnu í peningamálum og hér hafi það aldrei gerst að upp hafi komist um okurlánara. Þeir sem svona tala hafa annaðhvort ekki fylgst með, lesið sér til, eða eru vísvitandi að reyna að blekkja fólk í umræðu um það alvarlega mál sem nú hefur komist upp um. Auðvitað hljótum við að ætlast til þess að það sé tekið með mjög föstum og ákveðnum tökum á svo alvarlegu máli sem nú hefur verið upplýst og allmikið fjallað um í blöðum. Það er alvarlegt áfall þegar upp kemst um starfsemi af þessu tagi. En því miður er þetta ekki nýtt af nálinni. Ég las það í einu dagblaði fyrir nokkrum dögum að sami aðili og nú er til meðferðar af þessum sökum hafi orðið uppvís að sams konar misferli fyrir nokkrum árum, það var í tíð fyrri ríkisstjórnar, og verið dæmdur fyrir það. Engum datt í hug að halda því fram að það væri sérstök sök þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat.

Hv. fyrirspyrjandi og málshefjandi í þessari umræðu sagði að nú ríkti okurveisla í nafni frelsisins. Þegar upp

komst um þennan aðila að því er varðar okurlánastarfsemi í tíð fyrri ríkisstjórnar, var það einhver okurveisla í nafni sósíalismans? (Gripið fram í.) Ég dreg í efa að það þjóni nokkrum tilgangi að fjalla um svo alvarleg mál með þessum hætti. Ég dreg mjög í efa að það leiði til þess að við náum tökum á þessu efni. Auðvitað er alvarlegt þegar atburðir af þessu tagi gerast. Ég hef fulla vissu fyrir því að rannsóknarlögregla og dómskerfi muni taka á þessu máli af fullri festu og einurð og það skiptir miklu máli fyrir réttaröryggi í landinu að það sé gert. En að blanda því saman við stjórnarstefnu hvort menn falla í þá freistni að brjóta lög landsins, það þykir mér býsna kynlegt og býsna kynlegt í því ljósi að hér er einmitt um að ræða aðila sem fyrir fáum árum undir fyrri ríkisstj. varð uppvís að hinu sama.

Aðalatriðið er að um þessi efni þurfa að gilda skýr lagaákvæði. Því hefur verið lýst hér að unnið hefur verið að verulegum umbótum í því efni með setningu nýrra bankalaga, með undirbúningi að nýrri viðskiptabankalöggjöf og nýrri löggjöf sem á að fjalla um verðbréfamarkaði. Ég vænti þess að með öllum þessum aðgerðum skapist meiri festa og meira öryggi og meiri trú á okkar peningamarkað, því að þeir atburðir, sem fjallað hefur verið um upp á síðkastið, hafa auðvitað veikt trú manna á þennan markað. Þess vegna skiptir miklu máli að mál sem þessi séu tekin föstum og alvarlegum tökum.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Ég vil við þessa umræðu um okur gjarnan vekja athygli á því að vildarkjör eru auglýst af miklu kappi þessa dagana hvað varðar bifreiðakaup. Nú er hægt að verða sér úti um bíl með lánskjörum. Sérstakur greiði. Loksins getur þú eignast bíl. Þetta þýðir að ef bíll er keyptur á lánskjörum hjá umboði sem býður slík vildarkjör, þá borgar viðkomandi bifreiðakaupandi 23% ofan á lánskjaravísitöluna. Þetta er blekking. Það er auglýst að þetta sé vaxtalaust lán en búið er að reikna vextina inn í kaupverðið og sá höfuðstóll er svo notaður sem grundvöllur við útreikning verðbóta. Þetta er blekking.

Það fyrirfinnast a.m.k. tvær leiðir til að fara út í bílakaup fyrir utan þá sem fæstir virðast kunna eða geta í dag, að spara. Annars vegar er sá möguleiki fyrir hendi að fara til slíkra umboða og semja um þau kjör sem ég nefndi áðan og fá peninga að láni hjá slíku bifreiðaumboði. Hins vegar er sá möguleiki fyrir hendi að fara í banka og fá lán þar með þeim kjörum sem þar bjóðast, þ.e. greiða þá vexti sem viðgangast í bönkum. Svo er hægt að fara og kaupa bíl gegn staðgreiðslu og þá býðst í flestum tilfellum afsláttur, heilmikill meira að segja.

Þá erum við komin að aðalatriði þessa máls, en það er hve mikilsvert það er að eiga aðgang að peningum í banka. Þeir sem eiga aðgang að peningum í banka geta tekið út peninga í bankanum og farið með þá yfir í verðbréfamarkað og fjárfest og ávaxtað sína aura. Sá markaður getur svo þess vegna farið og lánað bifreiðaumboðinu peningana aftur til þess svo aftur að þetta sama bifreiðaumboð geti lánað þeim sem ekki hefur aðgang að peningum í banka. Lán með vildarkjörum — það er það sem það heitir.

Tveir menn geta sem sagt farið sama daginn í bankann til að reyna að fá lán. Báðir hafa þeir sömu tryggingar á bak við sig. Eins og gengur fær annar þeirra lán en hinn ekki og framhaldið getur verið eins og það sem ég hef greint frá hérna að framan.

Þetta hefur verið auglýst sem eitthvað afskaplega jákvætt og gott. Þó að í einu og öllu sé farið að lögum ber að athuga hvers vegna svona tilboð verða til. Það er vegna þess að vöntun er á fjármagni til almennra útlána í bönkunum. Undirrótina að þessu öllu saman má nefnilega rekja til rangra og óeðlilegra fjárfestinga sem stjórnmálamenn hafa staðið fyrir í löngum bunum. Þeir sitja, stýra og stjórna nánast öllu fjármagni sem er í umferð í þessu þjóðfélagi. Þeir sitja í nær öllum sjóðum og *ráðum sem stýra peningastreymi þjóðarinnar.* Reyndin er því sú þegar upp er staðið að það eru stjórnmálamenn sem ráða 80—90% af öllu fjármagni sem til er í landinu.

Búið er að veita og binda u.þ.b. milljarð í ónýtt fyrirtæki, svo að eitt dæmi sé tekið, þ.e. Hafskip. Maður spyr: Hvers lags fyrirgreiðslu er það eina fyrirtæki búið að fá í kerfinu? Svo þegar allt er farið á hausinn, eins og nú er orðið, þá er bara flúið undir verndarvæng framsóknar. Eina von Hafskips er sem sagt orðin að flýja á náðir hátinds einokunarfyrirbærisins þar sem er SÍS-veldið.

Það er einsýnt að losa verður bankakerfið undan krumlu stjórnmálamannanna sem hefur orðið til þess að draga fjármagn frá eðlilegri starfsemi og viðskiptum. Það verður að gera til þess kröfu að um verði að ræða eðlilega fyrirgreiðslu í bankakerfinu sjálfu. Við verðum að spyrja okkur: Hver er leiðin til varnar okurlánum? Það er til einfalt svar við þeirri spurningu. Það er hægt með því að minnka eftirspurnina eftir okurlánum.

Eins og ástandið er í dag er ljóst að slík viðskipti blómstra og að auðvelt er að stunda slík viðskipti. Ég segi að auðvelt sé að stunda slík viðskipti þó að ekki sé nema vegna þess að fólk á mjög oft ekki annarra kosta völ. Eftirspurnin eftir fjármagni er gífurleg og bankakerfið getur á engan hátt staðið undir þeirri eftirspurn. Auk þess er ríkiskerfið hálflamað, þ.e. kerfið er seint í vöfum og úrelt. Það fylgir ekki eftir kröfum tímans. En þar fyrir utan er augljóst að bankarnir hafa einfaldlega *ekki það fé undir höndum sem þarf til almennra útlána* til að svara eftirspurn. Það er þessi staðreynd sem orðið hefur til þess að hrekja fjölda fólks út í rándýr viðskipti af því tagi sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

Gera verður þær kröfur að um sé að ræða eðlilega fyrirgreiðslu í almennum viðskiptabönkum og *nægir þá* að taka til að fullnægja þarf þörfum fólks fyrir lánafyrirgreiðslu vegna húsnæðis og án þess þá að fólk sökkvi upp fyrir haus í skuldum. Einnig þarf að vera hægt að leysa einföldustu tegund af uppbyggingu í atvinnurekstri án þess að sama sagan endurtaki sig.

Hverjum er fórnað í þessu sambandi? Og hverjir eru það sem eiga sök á því hvernig komið er? Enginn þeirra flokka, sem tekið hafa þátt í ríkisstjórnum undanfarinna ára, hefur hreinan skjöld í þessu máli. Þeir bera þar allir sök. En endanlega er þetta þó dómur yfir núverandi ríkisstj. sem hefur gengið út yfir öll mörk hins ýtrasta velsæmis hvað varðar þrengingar sem komið hefur verið á hjá hinum almenna launamanni. Það siðleysi, sem stjórnin hefur gengið fremst í flokki fram í með því að kippa verðbótum á laun úr sambandi á meðan áfram er haldið að mæla verðbætur á lán, er m.a. forsenda fyrir því hvernig komið er.

Hér er verið að fórna einum og öðrum. Hverjum er

fórnað? Um það þarf varla að spyrja. Nóg er að lesa tilkynningar um nauðungaruppboðin. Það er nóg að lesa frétt þar sem greint er frá þeirri ógnvekjandi staðreynd að sextándi hver íbúi í Reykjavík hafi sagt sig til sveitar. Í því sambandi er vert að hafa til hliðsjónar að nú nýlega hefur framtíðarspánefnd ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar falið félagsvísindadeild Háskóla Íslands að komast að því hver sé hugmynd unga fólksins um framtíðina.

Það sem vantar eru upplýsingar í fskj. með þessum spurningalistum. Upp á hvaða framtíð hyggst ríkisstj. bjóða? Hvað hyggjast menn bjóða upp á? Það þarf að vera á hreinu hvernig lífskjörin eru í dag og það þarf líka að koma fram sá vanmáttur sem falist hefur í aðgerðaleysi ríkisstj. fram til þessa.

Í þessum spurningalistum, sem nú er verið að senda út, gæti verið ágætt að hafa spurningar eins og: Viltu gull og græna skóga? Ætli það gætu ekki verið nokkuð margir sem vildu krossa jákvætt við slíka spurningu.

Önnur spurning í framtíðarspáleiknum gæti þá hljóðað svona: Viltu fara á hausinn fyrir eða eftir 1990? Ef svarið er jákvætt, þá skaltu bara endilega koma þér þaki yfir höfuðið.

Enn ein hugmynd að spurningu, sem á vel við ástandið sem boðið er upp á í framtíðarríkinu, gæti verið eitthvað á þessa leið: Viltu að börnin þín og/eða barnabörnin þín hafi í húsnæði að venda árið 2000, eða á að leggja stóraukna áherslu á uppbyggingu iðnaðar þar sem framleidd eru tjöld í stórum stíl?

Það eru alveg hreinar línur að í þjóðfélagi þar sem auglýsingar dynja í eyrum daglangt um að maður gæti ávaxtað fé upp á 70—80% er alveg víst að sú ávöxtun verður til af því að einhverjir eru til í að greiða þessa vexti. Ávöxtunin verður ekki bara til sisvona hókus pókus úti í þjóðfélaginu. Það er einhver sem borgar fyrir þessa verðmyndun.

Herra forseti. Vegna þess sem fram hefur komið þykir mér sýnt að það verður að stöðva þetta okur. Það er líka alveg dagljóst að það verður ekki stöðvað nema því aðeins að bankakerfið verði losað undan hælunum á ríkiskerfinu. Gera verður bankana óháða ríkisvaldinu með því að hlutur ríkisins í ríkisbönkunum verði að engu gerður. Því má til sanns vegar færa að okrið verður til undir verndarvæng ríkisvaldsins. Það er ríkisstj. sem rutt hefur brautina fyrir það siðleysi sem viðgengist hefur. Það segi ég vegna þess að búið er svo um hnútana að það er þetta sama ríkisvald sem situr ofan á um 80—90% af fjármagninu sem er í umferð í landinu og stýrir því beint eða óbeint.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Nýlega gerðist það að maður nokkur kom í einn af ríkisbönkunum til að greiða þar af skuldabréfi sem bankinn hafði tekið í innheimtu. Honum var gert að greiða upphæð í vexti — þetta voru ekki mjög háar tölur, tæpar 22 þús. kr. og í verðbætur eitthvað tæplega 33 þús. kr. eða samtals tæpar 80 þús. kr.

Nú vildi svo til að þessi maður er bókhaldskennari að starfi. Honum komu þessar tölur spánskt fyrir sjónir og fór að kanna málið. Það kom á daginn að ríkisbankinn var að krefja þennan mann um að greiða verðbótaþátt miðað við lánskjaravísitölu frá upphaflega útgefna bréfinu án tillits til þess að af því hafði verið greitt oftar en einu sinni og munaði þar verulega. Í annan stað kom á daginn að bankinn áskildi sér rétt til að krefjast greiðslu á forsendum breytilegra vaxta þótt á bréfinu stæði að það bæri 3% vexti.

Á þessum forsendum var maðurinn krafinn um verðbótagreiðslu upp á 178 þús. og eftirstöðvar hækkaðar upp í 346 þús. Alls var hann krafinn um greiðslu vaxta og verðbóta upp á 80 þús. Þegar maðurinn fór að leggja þetta mál niður fyrir sér og leita leiðréttingar kom á daginn að þetta hafði allt saman verið kolvitlaust gert í bankanum. Viðmiðun lánskjaravísitölunnar var röng, vaxtaútreikningurinn var rangur. Eftir mikið japl og jaml og fuður kom á daginn að í stað 22 þús. kr. vaxtagreiðslu bar manninum að greiða 9 þús. kr. Bankinn hafði því haft af manninum 57% hærri upphæð í vexti en vera átti. Verðbætur áttu í sama stað ekki að vera 33 þús. kr. heldur 20 þús. kr. Ríkisbankinn hafði því tekið af manninum 40% hærri upphæð en vera bar. Til greiðslu voru þess vegna ekki 80 þús. kr. heldur 29 þús. kr. Og alvarlegast var þó að eftirstöðvar með verðbótum áttu ekki að vera 346 þús. kr. heldur 270 þús. kr. Þannig hafði maðurinn verið skuldfærður fyrir 76 þús. kr. meira en vera bar. Þetta var í einum ríkisbankanum. Ég tek það fram að þessi maður er bókhaldskennari og hefur það að starfi daglega að kenna börnum og unglingum reikningsdæmi af þessu tagi.

Á hverjum degi berast gluggaumslög til borgara þessa lands í tuga og þúsunda tali frá þessum sömu ríkisbönkum, þetta er rútínumál. Ég spyr: Í hve mörgum tilvikum eru þessar greiðslukröfur kolrangar vegna þess að hér er um rútínumál að ræða? Ef þetta getur hent í einum af ríkisbönkunum með svona hætti er ástæða til að spyrja: Er ekki óvissan, flækjan, kunnáttuleysið í þessum málum orðið slíkt að það sé nánast stórhættulegt? Má það vera að allflestir, sem taka við þessum gluggaumslögum og þessum reikningsfærslum athugasemdalaust í ofurtrú á bankakerfið, séu að greiða þarna sem svarar kannske tugum og hundruðum þúsunda umfram það sem þeim ber?

Hvað er okur? Almenna reglan er sú að ekki er heimilt að taka hærri ársvexti en sem svarar þeim vöxtum er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum.

Hvað er okur? Það er okur hafi maður nokkur notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það að hann var honum háður til að afla sér hagsmuna eða tekna.

Hvað er okur? Er þetta dæmi um okur þó að það sé okur fyrir mistök? Er refsivaxtataka Seðlabankans okur? Er sjálfvirk refsivaxtainnheimta ríkisbankanna af innistæðulausum ávísunum upp á 835% á ári okur? Er gengisvaxtapraxís, þ.e. affallasala einkabankanna sem nú er orðin regla og Seðlabankinn hefur ekkert aðhafst um, það að selja viðskiptavíxla á kaupgengi sem samsvarar affallasölu og þýðir 55% vexti í staðinn fyrir rúm 30%, okur? Er okur stundað í bankakerfinu? Er óvissa manna um það hvað er okur orðin slík að við séum ekki bara að tala um menn sem stunda okurlán sín í skjóli leyndar? Það er orðið mikið álitamál hvað okur er og hvað er leyfilegt í þessum efnum.

Ég tók eftir því í umræðum um stefnuræðu forsrh. að í þjóðhagsáætlun stóð, ef mig misminnir ekki, að það væri eitt af stefnumálum núv. hæstv. ríkisstj. að fella úr gildi núgildandi lagaákvæði um okur. Nú leyfi ég mér

að spyrja: Hvað líður þeim áformum? Og hvað er á bak við þau áform? Er það sá skilningur hæstv. ríkisstj. að lögin hamli nú þegar algildum praxís og þess vegna beri að fella þau úr gildi? M.ö.o., er þess að vænta að t.d. innan mánaðar, upp úr áramótum, verði þessi lög numin úr gildi og þá taki gildi önnur lög sem þýði að þeir okurlánarar, sem nú hafa verið teknir, megi vænta þess að starfsemi þeirra verði framvegis lögleg?

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði áðan í tilefni af affallasölu hans á spariskírteinum ríkissjóðs að því færi víðs fjarri að það mundi leiða til hækkunar vaxta. Engu að síður er það nú staðreynd að fyrir bankaráðum ríkisbankanna liggja tillögur seðlabankastjórnar um hækkun á vöxtum, ekki bara að tryggja sparifjáreigendum það sem þeim að sjálfsögðu ber, fulla verðtryggingu til samræmis við verðbólgustig, 37% á innlánum, heldur líka vaxtahækkun á útlánum, bæði verðtryggðum og óverðtryggðum. Hvaða rökum er þetta stutt? Þetta er stutt þeim rökum af hálfu bankastjóra ríkisbankanna að þetta sé algerlega nauðsynlegt fyrir bankakerfið til að mæta vaxandi samkeppni af hálfu hæstv. fjmrh.

Ákvarðanir hafa ekki verið teknar en því er borið við að það sé ekki gerlegt vegna þess að innan hæstv. ríkisstj. sé ríkjandi þessi venjulegi ágreiningur um það hver sé rétt vaxtastefna. M.ö.o., því er haldið fram að sumir a.m.k. í þingflokki Framsfl. andæfi og þess vegna hafi ekki fengist tekin ákvörðun.

Að öðru leyti skal ég taka fram að ég var að mörgu leyti sammála almennum hugleiðingum hæstv. fjmrh. um vaxtastig og hvernig gera megi sér vonir um að keyra niður vexti. Við erum í allt öðrum sporum nú árið 1985 að því er varðar möguleika okkar til vaxtapólitíkur en við vorum þegar samstarfsflokkur hæstv. fjmrh., Framsfl., kom til valda 1971 og setti þetta efnahagskerfi svo gersamlega úr skorðum að það hefur ekki beðið þess bætur síðan. Við erum mörgum tugum þúsunda milljónum fátækari en við vorum. Okkur hefur síðan verið sökkt svo gersamlega í skuldir. Það er rétt. Hlutfall erlends fjármagns á mjög háum raunvöxtum er orðið svo gífurlega hátt. Búið er að sökkva sjávarútveginum okkar sérstaklega í slíkt skuldafen erlendra skulda að honum er um megn að standa undir ávöxtunarkröfum þess fjármagns. Allt er þetta satt og rétt og auðvitað hefur þetta veruleg áhrif á getu ríkisstjórnar til að móta vaxtastefnu.

En ég verð að bæta hinu við, hæstv. fjmrh., að það hafi alls ekki orðið þau umskipti í tíð núv. ríkisstj. sem hann hefur stundum verið að gefa í skyn og jafnvel verið að guma af. Það er alveg augljós staðreynd að í tíð þessarar ríkisstj. hefur orðið um stórkostlega aukningu að ræða á erlendum skuldum þrátt fyrir þá staðreynd að vextir hafa farið þar hækkandi. Það er staðreynd að ríkissjóður hefur lengst af í tíð þessarar ríkisstj. verið rekinn með dúndrandi halla, þ.e. hann hefur verið rekinn með seðlaprentun sem þýðir innstreymi erlends fjármagns. Það er líka staðreynd að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur haldið hér uppi röngu gengi sem hefur þýtt gífurlegar byrðar á sjávarútveginn og um leið ýtt undir spákaupmennsku, innflutningsæði og þenslu.

Þetta ber öllum saman um og þetta hafa hagfræðingar Vinnuveitendasambandsins farið svo oft með yfir hæstv. fjmrh. að hann mun kunna það. Stefna núv. ríkisstj. er ein aðalorsök verðbólguþenslu í íslensku þjóðfélagi. Það er stefna núv. hæstv. ríkisstj. sem veldur þrýstingi í þá átt að halda uppi of háum vöxtum og þessu fræga misgengi milli atvinnuveganna í leiðinni. Þenslan, sem birtist í miklum innflutningi, nýtur góðs af þessari efnahagsstefnu. Hrun sjávarútvegsins stafar að verulegu leyti — fyrir utan aðrar sögulegar forsendur — af þessari efnahagsstefnu.

M.ö.o., það sem núv. ríkisstj. hefur gert er sannanlega ekki að stefna í rétta átt. Að vísu var það til bóta að bera fram vantraust í Stykkishólmi á hæstv. fyrrv. fjmrh. sem að sönnu skv. öllum staðreyndum reyndist óhæfur fjmrh. Enn vil ég gera mér vonir um að arftaki hans bæti ögn um betur. Þó vil ég leyfa mér að lýsa efasemdum um það, ekki vegna mannsins sjálfs heldur fyrst og fremst vegna þess að ég hef afar litla trú á því að hægt sé að endurreisa efnahagskerfi Íslendinga í samstarfi við flokk hæstv. forsrh. sem hæstv. fjmrh. rifjaði upp að ber höfuðábyrgð á hversu illa er fyrir okkur komið.

Sérstaklega hef ég ástæðu til að ætla að ekki verði næg umskipti í tíð núv. hæstv. fjmrh. vegna þess að þó að hann hafi nokkuð góðan almennan skilning á rökréttu samhengi efnahagsmála virðist mér hann ekki gera sér grein fyrir því hversu illa er komið í þessu þjóðfélagi að sumu leyti. Hann talaði um þá hættu sem gæti skapast af neðanjarðarhagkerfinu. Guð minn almáttugur! Við erum að tala um okur. Okurpraxísinn hér, sem er ekkert nýr af nálinni en hefur áreiðanlega vaxið stórlega, er önnur hlið á því sem við köllum skattsvik. Skattsvik eru orðin svo útbreidd í þessu þjóðfélagi sem afleiðing af efnahagsóstjórn undanfarandi ára að þau nálgast hrikalegar stærðir. Ég tel alveg tvímælalaust að ekki sé ofætlað að 10—15% af íslenskri þjóðarframleiðslu séu með einum eða öðrum hætti stungið undan skatti, löglega eða ólöglega. Þetta eru hrikalegar upphæðir. Og ég segi: Okur er hin hlið þessa máls vegna þess að það fé, sem ávaxtað er fram hjá bankakerfi á okurmörkuðum eftirlitslaust, er að verulegu leyti skattsvikið fé.

Ég vil líka minna á að það er ekki aðeins að löggjöf um þessi efni sé ekki til, og það er ekki nóg í því efni að vísa almennt til nauðsynjar á því að hún sé sett, það er langt síðan það var alveg augljóst mál að þörf var á að setja sérstaka löggjöf um verðbréfamarkað. En það er ekki bara það. Fyrst hitt. Hér segir: Meginið af þessu skattsvikna fé, sem ávaxtað er á okurmörkuðunum, er ekki einu sinni skattskylt skv. lögum. Við erum með skattalöggjöf sem er hriplek og himinhrópandi ranglát — þetta kunna allir hv. þm., bæði að því er varðar tekjuskatt og söluskatt. En nú er komin upp sú staða að hagnaður manna vegna raunvaxta umfram verðbólgu á verðbréfamörkuðum, sem lúta engum lögum og nánast engu eftirliti, er ekki framtalsskyldur og ekki skattskyldur.

Þess vegna er það fyrsta mál á dagskrá, ef menn vilja koma lögum yfir þennan markað, að setja lög um verðbréfamarkaðinn þar sem skilmerkilega sé tekið fram að réttinum til þessarar verslunar fylgi skyldur. Þær skyldur eiga að vera ósköp einfaldlega að öll verðbréfaviðskipti af hvaða tagi sem er eiga að vera skráð og framtalsskyld. Það er fyrsta mál.

Í annan stað kemur til álita — en ég veit að hæstv. fjmrh. hefur lýst sig andvígan því — að leiðrétta þá misvísun skattalaga að tekjur manna séu meðhöndlaðar á mismunandi hátt gagnvart skatti eftir því hvernig þær

eru fengnar. Ég tel alveg augljóst mál að tekjur af ávöxtun fjár, vaxtatekjur umfram raunvexti, verði að vera hvort tveggja framtalsskyldar og skattskyldar í einhverjum mæli. Það hefur ekki komið fram hér í umræðunum að það sé stefna hæstv. ríkisstj. þótt þeir hafi að vísu talað um nauðsyn þess að setja hér einhver almenn lög. Mér finnst aðalatriðin vera þessi: Skyldan til að gera þetta fé og þessi viskipti framtalsskyld og í annan stað að hægt sé að gera upp á milli tekna manna eftir því hvernig þeirra er aflað sérstaklega þegar vitað er um þá himinháu raunávöxtun umfram verðbólgu sem gildir á þessum mörkuðum.

Herra forseti. Stundum er um það rætt að aðalmálgagn hæstv. ríkisstj. sé nú orðið Lögbirtingablaðið. Útgáfudögum þess hefur verið fjölgað til að gera því kleift að birta allan þann gífurlega fjölda nauðungaruppboða sem þar þarf að birtast. Ef fram heldur sem horfir stefnir að því að Lögbirtingablaðið bætist í hóp dagblaða þjóðarinnar. Hvað táknar það? Hvað táknar *öll þessi gífurlega fjölgun nauðungaruppboða?* Hún snertir auðvitað að nokkru leyti þessa okurumræðu en er þó kannske ekki beinlínis inntak hennar. Hún snertir annað, vaxtastefnuna, húsnæðispólitíkina.

Að því er varðar starfsemina og okurvextina þá er bara ein spurning sem rétt er að nefna: Hverjir greiða að lokum þessa okurvexti? Ef það er rétt, sem almennt hefur verið haldið fram í umræðum um þessi mál, að það séu einkum efnamenn sem hafa sérstaka aðstöðu til skattundandráttar sem ávaxta sitt fé þarna og það séu einkum og sér í lagi innflutnings- og að nokkru leyti þjónustufyrirtæki sem hafa mjög öra veltu og leita þarna eftir fjármögnun skammtímalána til að fínansera vörubirgðir, þá liggur það augljóst fyrir hverjir það eru sem borga þetta. Þessum okurvöxtum er jafnharðan velt út í verðlagið og þeir sem greiða þetta erum við sem erum almennir neytendur í landinu. En vaxtapólitíkin og húsnæðispólitíkin er svo dálítið sér á parti. Er það virkilega svo að vegna þess að það er búið að sökkva okkur í erlendar skuldir eigum við engra annarra kosta völ að því er varðar vaxtastig en að það ákvarðist af frjálsum heimsmarkaði? Ef það er staðreynd að 50—55%, kannske upp í 60%, af því fjármagni sem er hér til ráðstöfunar til fjárfestingar og reksturs í atvinnulífi sé erlent fé og ber mjög háa vexti, ef ég tók rétt eftir sagði hæstv. forsrh. 9—10%, er þá enginn kostur annars en að bjóða öllum landsmönnum, undir hvaða kringumstæðum sem er og af hvaða toga sem lánin eru, til *hversu langs tíma* sem þau eru, *hversu mikil eða lítil* áhættulán sem þetta eru og hversu vel þau eru veðtryggð í fasteignum, sömu vexti? Að sjálfsögðu er það ekki svo. Þrátt fyrir allt er vitað að við bjóðum lántakendum Húsnæðisstofnunar ríkisins 3½% vexti og vaxtastig er ákveðið í lögum 1% á langtímalánum vegna húsnæðislána til verkamannabústaða. Auðvitað felur *þetta í sér niðurgreiðslu á vöxtum og er um leið svar við* því að þrátt fyrir allt er hægt að hugsa sér að skilja að hina tvo lánsfjármarkaði, þ.e. hér er unnt, og Alþingi getur tekið um það ákvörðun, að lækka vexti í tilteknum tilvikum og þá verður það náttúrlega að heita ákveðin félagsleg aðgerð af hálfu Alþingis. En er þetta ekki nóg? Af hverju er þá neyðarástand í húsnæðismálum eða er kannske ekkert neyðarástand í húsnæðismálum? Lögbirtingur segir það. Dæmin sem fólk er að koma með úr uppboðsbransanum og dæmin sem menn leggja á borðið í almennri umræðu um eignaupptökuna virðast benda til þess að þetta neyðarástand sé mikið. Mér virðist að málsvarar hæstv. ríkisstj., þótt þeir jánki því í einu orðinu, aðhafist lítið í þeim málum og kannske skilji þau ekki og hafi jafnvel ekki trú á því að hér sé um réttar upplýsingar að ræða. Ég nefni sem dæmi að til þeirra ráða var gripið í vor að leggja aukna skatta á almenning í landinu með hækkun söluskatts og sérstökum eignarskattsauka og því lýst yfir að þessu fé ætti að verja til þess að leysa neyðarástandið hjá húsbyggjendum og lántakendum, en við það er ekki staðið þegar fjárlagafrv. er lagt fram og á því virðast ekki eiga að verða *neinar breytingar.*

Neyðarástandið í húsnæðismálum sem tengist þessari vaxtaumræðu stafar að mínu viti af fimm ástæðum:

Í fyrsta lagi er það að sjóðakerfi Húsnæðisstofnunar ríkisins, eigin fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, varð fyrir hrottalegum áföllum í tíð fyrrv. ríkisstj. Fyrst og fremst vegna þess að *hann var sviptur föstum tekjustofnum og í annan stað* vegna þess að honum var vísað á lánamarkað þar sem lánin sem inn voru tekin voru gífurlega óhagkvæm og til stutts tíma, en útlánin aftur á móti til lengri tíma með lægri vöxtum þannig að fjármunir sjóðsins brunnu upp í óðaverðbólgu, enda hefur það verið lagt fram hér á Alþingi að eiginfjárstaða byggingarlánasjóðanna er nú *mjög dapurleg. Síðan bættist við í tíð núv. ríkisstj.* að farið var að fjármagna þessa sjóði með erlendum lánum sem er eins og hver önnur skemmdarverkastarfsemi í efnahagsmálum.

Aðra meginástæðuna tel ég vera það misgengi launa og lánskjara, sem menn tala um, sem byrjaði að myndast með hrottafengnum hætti strax á árinu 1982, *einfaldlega vegna þess að verðbólga fór þá upp í* himinhæðir en um leið hafði vísitölutrygging launa verið skert hvað eftir annað, enda ber samanburður á töflum um lánskjaravísitölu og kaupgjald frá þessari tíð það með sér að það misgengi varð gífurlegt og hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Þriðja meginástæðan var sú gífurlega vaxtahækkun sem *hlaust af frumkvæði* hæstv. *fjmrh. sumarið* 1984 um takmarkað frelsi bankastofnana til samkeppni um vaxtahækkanir og þá sérstaklega vegna þess að þar sem sjóðirnir duga ekki til langtímafjármögnunar í húsnæðismálum hefur fólk neyðst til að reyna að bjarga eignum sínum með því að leita á náðir íslenska bankakerfisins með skammtímalánum á ávöxtunarkjörum sem eru *langt umfram það sem húsbyggjendur* geta staðið undir. Manni telst til að niðurstöður ráðgjafarstofnunar Húsnæðisstofnunar séu þær að a.m.k. 50% þeirra lána, sem beinlínis valda því að húsbyggjendur eru að kikna undan byrðum sínum, séu þessi bankalán. Og ég vil staldra við það.

Íslenska bankakerfið hefur á margan hátt brugðist og *það hefur sérstaklega* brugðist skyldum sínum við húsbyggjendur. Það er hægt að leggja fram ótal dæmi um það. Ef bankarnir hefðu ætlað að gera skyldu sína áttu þeir í mjög mörgum tilvikum beinlínis að ráðleggja fólki að taka ekki þessi lán vegna þess að af reynslu sinni og skilningi á því hvað væri að gerast í íslenskum bankamálum og vaxtamálum átti þeim að vera ljóst að mjög mikill fjöldi íbúðakaupenda mundi aldrei rísa undir því að greiða af þessum lánum. Banki sem skiptir sér ekki af greiðslugetu og fjárhag lántakanda og lætur

hann einan um þá áhættu er ekki banki. Bankastofnanir erlendis hegða sér ekki þannig. Ég tel því að bankakerfið hér hafi brugðist á alla vegu.

Í fyrsta lagi hefur það ekki sinnt skyldum sínum við einstaklinga, sem eiga meginið af því innlánsfé sem þarna er, vegna þess að þeir lána allt of lítið og til allt of skamms tíma til húsbyggjenda og sér í lagi vegna þess að ráðgjöf bankanna er verri en engin, lítil sem engin. Að því leyti er hægt að nefna dæmi um það að verðbréfafyrirtækin hafa í sumum tilvikum staðið sig betur með raunsærri ráðgjöf um greiðslugetu byggjenda.

Ég nefni þessar þrjár ástæður, hrun á eiginfjárstöðu byggingarlánasjóðanna, misgengi launa og lánskjara, hina gífurlegu hækkun vaxta sem átt hefur sér stað eftir 1984, og svo að sjálfsögðu síðast en ekki síst þá miklu kaupmáttarskerðingu sem átt hefur sér stað hjá meginhluta launþega eftir 1983 og að lokum það verðfall fasteigna sem átt hefur sér stað ekki hvað síst úti á landi á undanförnum misserum og nú er að verða mjög alvarlegt í Reykjavík líka. Þegar þessar ástæður eru allar teknar saman hefur það leitt til þess sem kalla má eignaupptökustefnu hjá þeim árgöngum fólks sem eru með hvað þyngstar skuldabyrðar á tímabilinu frá 1980, gróflega, einkum og sér í lagi 1982, til dagsins í dag.

Þegar rætt er um vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar er spurningin: Eru skilaboð hæstv. ríkisstj. til þess fólks, sem lent hefur í fjárhagslegum ógöngum og í raunverulega alvarlegri hættu á því að missa eignir sínar, engin önnur en þau að við eigum engra kosta völ í að breyta þessu, að við höfum raunverulega ekki svigrúm eða vald á því að breyta vaxtastefnu í landinu vegna þess hvað mikið er um erlent fjármagn? Hefur ríkisstjórnin engin skilaboð til þessa fólks önnur en þau að leggja á aukna skatta eins og gert var í vor, en sýna hins vegar í verki algjört skilningsleysi sitt með því að verja þeim skattpeningum til annarra hluta. Auðvitað má segja að þessi umræða sé komin út á nokkuð annað svið, þ.e. hún heyrir þá væntanlega aðallega undir félags- og húsnæðismálaráðherra. Engu að síður er þetta sá partur vaxtastefnunnar sem birtist okkur bak við nauðungaruppboðin, bak við eignaupptöku fjölda einstaklinga og er að sumu leyti kveikjan að þessari umræðu um okurvexti.

Ég geri ekki endilega ráð fyrir því í þessari umræðu að fá svör við því, en ég vil árétta það út frá almennum umræðum um vexti að þegar þjóð skuldar um eða yfir 60% af sinni þjóðarframleiðslu í erlendum skuldum, er farin að greiða sem samsvarar 15—17 000 árslaun verkamanna bara í vexti af erlendum skuldum og situr uppi með þá staðreynd að ⅔ af allri þessari hrikalegu langtímaskuldasúpu eru á vegum opinberra aðila, er svigrúm hennar til breytinga að því er varðar vaxtastefnu auðvitað orðið takmarkað. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. Það er mjög takmarkað. Þess vegna er þeim mun brýnna að hæstv. fjmrh. beini sjónum sínum að því hvað hann geti gert og ríkisstjórnin og stjórnmálaöflin í landinu til að breyta eigna- og tekjuskiptingunni innbyrðis vegna þess að sá hluti þjóðarinnar sem ber mestan hluta af þessum byrðum og hefur borið á undanförnum árum er beinlínis þegar kiknaður undan sínum byrðum.

Hæstv. fjmrh. hlýtur að viðurkenna að þessi okurumræða upplýsir m.a. að þarna er um að ræða forréttindahóp í þjóðfélaginu sem í skjóli hins hripleka skattkerfis fær aðstöðu til að ávaxta fé og eignir með hæstu raunvöxtum í heimi á sama tíma og hin hlið þess sama máls er að sá hluti þjóðarinnar sem verst er settur ber allar byrðarnar, verðhækkanirnar sem af þessu leiðir og allar byrðarnar af þessum gífurlega háu vöxtum.

En menn spyrja: Getum við horfið aftur til fyrri tíðar, fyrir 1979, og tekið aftur upp neikvæða vexti í stórum stíl eins og tíðkaðist lengst af í stjórnartíð framsóknar og Alþb.? Svarið er auðvitað augljóst. Það getum við ekki. Það getur ekki þjóð sem er sokkin í skuldir. Við verðum að gera það sem okkur ber að gera að lágmarki til að tryggja innlendan sparnað og tryggja hagsmuni sparifjáreigenda. Frá því er ekki hægt að hverfa. Það þýðir að mínu mati einhvers konar verðtryggingu langtímafjárskuldbindinga. Það er ekki þar með sagt að núverandi vaxtastefna sé þar af leiðandi rétt. Þessir vextir, svo háir sem þeir eru umfram verðtryggingu, eru allt of háir og það ber að gera, og gera nokkuð hratt, sem hægt er að gera til að keyra þessa vexti niður. T.d. er alveg augljóst mál að mínu mati að aðgerð hæstv. fjmrh. nú í haust að því er varðaði affallasölu á spariskírteinum ríkisins var röng og hún hefur afdráttarlaus áhrif og veldur þrýstingi í átt til hækkunar vaxta. Ég held að það sé algjör misskilningur, miðað við hvernig þetta hagkerfi er enn í algjöru jafnvægisleysi, að ný skref í átt til frjálsræðis vaxtaákvörðunar á grundvelli samkeppni banka geti leitt til annars en frekari ójafnaðar og mismununar þegnanna sem mun enda með pólitískri sprengingu. Ég held þess vegna að menn eigi að fara sér mjög hægt í því. Ég held við verðum að átta okkur á því að fyrsta skilyrðið til þess að slíkt verði gert sé að leiðrétta það misvægi sem nú er og er búið að vera allt of lengi milli undirstöðuatvinnuveganna og annars vegar innflutnings og þjónustu. Það er allt of mikið og það verður að leiðrétta. Og í annan stað: Áður en til slíks kemur verður að vera búið að binda tryggilega um alla hnúta að því er varðar verðbréfamarkaðinn, réttindi og skyldur þeirra aðila sem selja og kaupa verðbréf. Í þriðja lagi verður að vera búið að stokka upp hið hripleka skattakerfi og gera ákveðnar ráðstafanir til þess að koma lögum yfir lúxusklassann og forréttindahópana. Fyrr en það hefur verið gert hefur allur almenningur enga trú á góðum vilja stjórnvalda til að vinna bug á undirstöðuvandamálunum sem eru að vinna okkur frá skuldasúpunni og byrja að greiða hana niður kerfisbundið samkvæmt áætlun til nokkurra ára, en sjá þá til þess að þær byrðar verði ekki aftur og enn lagðar á þann hóp landsmanna sem minnsta hefur greiðslugetuna.

Að lokum, herra forseti. Í tilefni af umræðum um okrið og það ástand sem nú er í vaxtapólitíkinni rifja ég upp þá till. til þál., sem þegar liggur fyrir á hinu háa Alþingi frá þm. Alþfl., um frestun nauðungaruppboða, neyðaraðstoð og ráðgjöf við húsbyggjendur. Sú tillaga er ekki útrædd, en hún tengist þessu máli alveg skýrt og afdráttarlaust. Þar höfum við lagt fram tillögu um hvað þurfi að gera strax, þegar í stað, til að stöðva þessi nauðungaruppboð og hafa frumkvæði að því að bjarga því sem bjargað verður varðandi fjárhag þeirra fjölskyldna sem nú standa frammi fyrir því að missa aleiguna, eins og húsnæðið oftast er. Ég ætla hins vegar ekki að ræða hana frekar hér og geymi mér það til betri tíma.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal vakin athygli á því að þó að okkur miði allvel áfram í þessari umræðu fjölgar þeim sem eru á mælendaskrá. Nú hefur verið gert ráð fyrir að þessari umræðu ljúki í dag. Það væri ekki óeðlilegt að láta sér koma til hugar að umræðunni gæti lokið fyrir kvöldmat. En ef henni verður ekki lokið fyrir kvöldmat og ef það á að ljúka henni í dag verður kvöldfundur. Ég vek athygli á þessu þannig að við séum okkur öll meðvitandi hvernig málin standa. Þar er ekki verið af hálfu forseta að takmarka umræður.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. beindi fsp. til þriggja ráðherra. Þeir svöruðu þeim fsp. með þeim hætti sem þingheimur veit um og ég tel að mjög margir þm. þurfi að ræða við þessa hæstv. ráðherra áfram. Nú er það svo að hæstv. viðskrh. er löngu farinn af fundi og hafði hann þó uppi þau orð um það fólk sem hefur orðið að sæta þeim kjörum sem bjóðast á okurmarkaðnum að það er brýnt að eiga orð við þann hæstv. ráðherra. Í annan stað mun hæstv. forsrh. vera að fara af fundi. Ég tel að það sé algerlega óeðlilegt að þm. geti ekki áfram átt orðastað við þessa ráðherra og rætt þau alvarlegu mál sem hér eru uppi. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé algjörlga fráleitt að gera tilraun til að ljúka þessari umræðu á knöppum tíma, eins og hæstv. forseti hefur hugsað sér að gera, og þess vegna væri langeðlilegast að þessi umræða héldi ósköp einfaldlega áfram á morgun, það yrði umræða í sameinuðu þingi um þessi mál á morgun.

Það er ekkert sem rekur svo á eftir að það sé ekki hægt að ræða þessi alvarlegu mál þar áfram. Það þarf auðvitað að fást botn í það hér og nú hvað ríkisstjórnin ætlar að gera gagnvart því fólki sem er að missa eigur sínar á nauðungaruppboðum því það er fólkið sem hér skiptir máli. Spurningunum sem snúa að þessu fólki og það beinir til Alþingis Íslendinga hefur enginn ráðherra gert tilraun til að svara í dag. Þess vegna hlýtur þessi umræða að halda áfram og ég mótmæli því að hún fari fram með þeim hætti að ráðherrar séu fjarstaddir. Ég skora á hæstv. forseta að tryggja að þeir séu hér á fundi þannig að unnt verði að eiga orðastað við þá. Annað er að mínu mati algerlega ólíðandi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það gætir nokkurs misskilnings í orðum hv. 3. þm. Reykv. Forseti lét ekki liggja orð að því að það ætti að ljúka þessari umræðu, eins og hv. þm. sagði, á knöppum tíma. Forseti lét orð liggja að því að stefnt væri að því að ljúka þessum umræðum í dag. Enn eru sex klukkutímar til miðnættis og það hefur ekki þótt goðgá og ekkert óeðlilegt við það að ætlast til þess, ef á þarf að halda, að þm. séu á fundi um mikilvægt mál til miðnættis.

Hitt atriðið er að ráðherrar eru farnir og þau ummæli að forseta beri að tryggja að ráðherrar séu til staðar við þessa umræðu. Það getur forseti ekki tryggt því hann hefur ekki tök á því að skipa þessum mönnum að vera við umræðu hvað þá heldur að gera ráðstafanir til þess að flytja þá á þennan fund. Þetta er komið undir ráðherrunum sjálfum. Því verðum við að hlíta með ráðherra eins og með þm. raunar líka. Við getum ekki skipað þeim að vera á þingfundum þó að það sé mjög æskilegt að þeir séu til staðar.

En í tilefni af þessu tali um ráðherrana er rétt að það komi hér fram að hæstv. viðskrh. tjáði mér þegar hann gekk af fundi að hann væri nauðbeygður til þess að fara af fundi af sérstökum ástæðum. Og þegar menn eru nauðbeygðir til einhvers og þurfa þess vegna að fara af fundi verður að líta svo á að þeir hafi lögmæta ástæðu til að fara af fundi. En hæstv. viðskrh. tjáði mér að hæstv. fjmrh. mundi í öllu standa í fyrirsvari fyrir hans málum hér á fundinum.

Hins vegar er hæstv. forsrh. hér á fundi. Það var líklegra að hann væri ekki búinn að yfirgefa okkar vettvang fyrst hann hafði ekki tjáð mér það. Og ég vænti nú þess að það séu ekki mótmæli gegn því að það sé haldið áfram þessari umræðu þegar forsrh. er við, svo og fjmrh., þ.e. formenn beggja stjórnarflokkanna og svo félmrh.

En það skal endurtekið, sem sagt var hér áður og var tilefni til þessara orðaskipta, að það er ekki ætlun forseta að takmarka þessar umræður. Ég vil að menn hafi það í huga. Við sjáum hverju fram vindur. Og nú höldum við áfram umræðunni.

Svavar Gestsson: Ég tek það að sjálfsögðu gilt, eins og hv. þm. væntanlega yfirleitt, að hæstv. fjmrh. sé í fyrirsvari fyrir viðskrh. sem brá sér frá af persónulegum og óhjákvæmilegum ástæðum. Hins vegar hafði ég upplýsingar um að hæstv. forsrh. væri á förum úr þessum sal og mundi yfirgefa þennan fund um sexleytið. Nú hefur hins vegar komið í ljós að hæstv. forsrh. ætlar allra náðarsamlegast að vera hérna til hálfsjö. Þá er a.m.k. hægt að halda umræðunni áfram svo lengi. Hins vegar hefur það komið fram í frammíkalli hjá hæstv. forsrh. að hann telur ekki óeðlilegt á neinn hátt að þessari umræðu sé frestað t.d. þangað til á morgun þannig að það sé hægt að ljúka henni á venjulegum tíma. Venjan hefur verið sú að þegar kvöldfundir hafa farið fram hefur það verið tilkynnt með nokkrum fyrirvara og menn hafa búið sig undir kvöldfundinn. Það hefur hins vegar ekki verið gert í þetta skipti. Ég hef ekkert á móti því að vera á fundi í kvöld, en ég teldi það sjálfsögð liðlegheit við þm. af hæstv. forseta að þessi umræða gæti farið fram á morgun á venjulegum fundartíma þannig að þeir sem kunna að hafa bundið sig í öðrum verkum í kvöld geti einnig tekið þátt í umræðunni þegar hún færi fram hér á morgun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það er venja að tilkynna með nokkrum fyrirvara ef það eru kvöldfundir. Hins vegar er það venja ef umræður eru utan dagskrár að ljúka þeim samdægurs. Það er venjan. En við skulum sjá, eins og sagt var hér áðan, hverju fram vindur. Við skulum ekki fara að neinu óðslega í þessu efni. Ég hef ekki trú á öðru en við finnum hina réttu og sanngjörnu lausn í þessu máli og færi nú best á því að umræðan héldi áfram.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Við erum hér í utandagskrárumræðum um okurmál. Ég vil byrja á því að taka undir við hv. upphafsmann þessarar umræðu því að það var tími til kominn að Alþingi léti þessi mál með einhverjum hætti til sín taka.

Ég vil líka taka undir þau orð hv. 3. þm. Reykv. að þessum málum má virkilega ætla gott rými á fundum

okkar því að fá mál eru örugglega svo brennandi að þau megi ekki víkja fyrir þessu mikla alvörumáli.

Ég get ekki hjá því komist að lýsa því að mér varð ósjálfrátt dálítið hverft við þegar ég hlustaði á ræður hæstv. ráðherra. Þeir töluðu hér þrír og það var alveg greinilegt að sá forarpyttur sem við erum að horfa hér ofan í var þeim allt of óviðurkvæmilegur til þess að þeir treystu sér til að dýfa hendinni ofan í hann, hvað þá einu sinni að kíkja ofan í hann. Hæstv. fjmrh. gekk reyndar svo langt að hann kom nánast ekkert nálægt þeirri umræðu sem hér fór fram. Hann þuldi upp tölur um viðskipti hægri handar ríkisvaldsins við þá vinstri og talaði um jafnvægi í stjórnun peningamála eins og það snerti raunverulega það skítuga mál sem hér er til umfjöllunar.

Við erum að tala um sjúkdóm. Við erum að tala um sjúkdóm sem er afskaplega útbreiddur. Hann er ekkert sérístenskt fyrirbæri. Þessi sjúkdómur er alls staðar til, í öllum þjóðskipulögum, hverju nafni sem þau nefnast, svo fremi sem þau hafi einhverja gjaldmiðla í fórum sínum. Okurlánamál og hneyksli eru ekkert einkamál þeirrar ríkisstj. sem nú situr. Það er alveg rétt. Það var það næsta sem hæstv. fjmrh. komst í þessari umræðu. Þetta hefur gerst á öllum tímum. Það verður í raun og veru ekki hægt að kenna mönnum eða einstaklingum beinlínis um að þetta ástand hefur skapast. Aftur á móti er hægt að finna orsakir þessa sjúkdóms og að því ber að beina okkar umræðu.

Ástæðan fyrir því að nauðsynlegt er að leita orsakanna að þessum sjúkdómi er þau hroðalegu einkenni þessa sjúkdóms sem eru að koma upp á yfirborðið núna og koma alltaf upp á yfirborðið þegar hans verður vart. Þessi einkenni eru líka í sjálfu sér alþjóðleg. Þau eru ekkert sérístenskt fyrirbæri.

Á okurlánamarkaði fara fram viðskipti sem yfirleitt þola ekki að sjá dagsins ljós. Það er áberandi að í ljós kemur núna að okurlánamarkaður á Íslandi tengist einmitt sömu þjóðfélagsmeinum og hann tengist annars staðar í veröldinni. Það hefur þegar verið upplýst t.d. að okurlánamarkaður á Íslandi tengist eiturlyfjainnflutningi og sölu á Íslandi. Þess vegna og þó ekki væri nema þess vegna er nauðsynlegt að ráðast að þessum óheillavænlega þætti í okkar þjóðlífi af allri þeirri hörku sem fyrirfinnst.

Okurlánamarkaður er um leið ákveðinn mælikvarði á siðleysi. Því útbreiddari sem hann er, því meira áberandi sem hann er, því meira siðleysi viðgengst í viðskiptum manna með peninga. Peningar hafa í sjálfu sér engan móral. Það er fólkið sem handleikur þá sem verður að hafa þá siðferðiskennd til að bera sem til þess þarf að hægt sé að tala um heiðarleg og eðlileg viðskipti manna í milli.

Við getum líka horft á það fólk sem tengist orðið okurlánamarkaði á Íslandi. Erlendis er hægt að afmarka þetta svið tiltölulega auðveldlega við þá stétt manna í þjóðfélaginu sem kallast glæpamenn. Það má minna á að aðalumsvif mafíunnar í Bandaríkjunum eru okurlán og eiturlyfjasala.

Aftur á móti hefur það gerst hér á Íslandi, sem minna er um erlendis, að það sem við mundum kalla í venjulegu tali heiðarlegt fólk hefur tengst þessum viðskiptum úr báðum áttum. Fólk hefur verið óvanalega opið í viðtölum við mann eftir að farið var að ræða um þessi mál í blöðum og eftir að upp komst um þetta eina mál sem nú er til rannsóknar. Í ljós kemur að fjöldi fólks, dagfarsprútt fólk, hefur verið að ávaxta fé hjá þeim mönnum sem við köllum okurlánara. Þetta fólk fyllist hryllingi þegar það áttar sig á því að fé þess hefur verið notað með þeim hætti sem gert hefur verið og hugsanlega tengst mjög alvarlegu glæpsamlegu athæfi.

Hins vegar er líka um fjölda fólks að ræða sem hefur hrakist — og það er engin bábilja að tala um það — út í að taka lán hjá okurlánurum í þeim eina tilgangi að reyna að standa skil að einhverju leyti á þeim skuldbindingum sem það hefur gengist undir eða tekist á hendur. Þetta fólk hefur síðan ekki uppburði í sér af eðlilegum orsökum til að kæra þessa menn af því að það hefur með opnum augum gengið til viðskipta við þá. Heildaráhrifin eru þau að fólk hefur tapað áttum. Það hefur misst skynbragð á það hvað er siðferðilega réttlætanlegt og hvað ekki á þessu sviði.

Menn grípa til alls kyns tillagna til að leggja í þann pott sem á að einhverju leyti að skapa úrræði til lausnar á þessum vanda. Ég verð að viðurkenna að ég trúi ekki með öllu á þær hugmyndir sem enn þá alla vega hafa verið uppi hér um það hvernig eigi að leysa þennan vanda. Eða trúa menn því virkilega t.d. að binding vaxta eða lækkun vaxta stöðvi okurlán? Allir menn vita að vextir hafa áður verið lægri í þessu þjóðfélagi en þeir eru í dag. Samt voru til okurlánarar.

Trúa menn því að skráning skuldabréfa komi í veg fyrir okurlán? Menn vita að skráning skuldabréfa er víða annars staðar framkvæmd og samt sem áður eru þar til okurlán.

Halda menn að framtalsskylda skuldabréfa stöðvi endanlega okurlán? Ég held að ef menn skoða hug sinn í því máli átti þeir sig á því að það er ekki aðgerð sem endanlega stöðvar okurlánastarfsemi.

Halda menn að lokun verðbréfamarkaða stöðvi okurlánastarfsemi? Mjög stutt er síðan verðbréfamarkaðir urðu hér til. Samt voru til okurlán áður en þeir hófu starfsemi sína.

Ekki skal ég neita því að þessar aðgerðir allar mundu hafa sín áhrif á starfsemi okurlánara. Það sem þær mundu gera væri einfaldlega það að sökkva þeim dýpra, sökkva þeim neðar í það svartamyrkur sem menn kalla neðanjarðarhagkerfi eða svart hagkerfi. Það mundi eingöngu gera þeim að einhverju leyti erfiðara fyrir og þeir þyrftu að finna sér aðrar leiðir til að stunda sín viðskipti en þeir fara nú.

Hvers vegna þrífast okurlánarar? Þeir þrífast vegna þess að peningar á þeim stað og þeirri stundu eru hörgulvara. Þeir þrífast vegna þess að eftirspurn er eftir peningum. Útbreiðsla okurlánastarfseminnar í dag, svo víðtæk sem hún virðist vera, stafar af því að mjög mikil eftirspurn er nú eftir peningum í þessu þjóðfélagi.

Upplýst er að veltan hjá þeim aðila, sem nú er verið að rannsaka, virðist vera um 200 millj. Það er líka vitað og er ekkert leyndarmál að þessi sami einstaklingur á sér eitthvað um 10 eða 12 starfsbræður hér á höfuðborgarsvæðinu. Ef hver þessara manna er með veltu ámóta og þessi maður virðist vera með — af því að hann er ekki viðurkenndur stórlax í þessum málefnum — þá þurfum við ekkert annað en margfalda þessa tölu til að átta okkur á því að við erum hugsanlega að tala um eitthvað í kringum tveggja milljarða veltu sem fer fram utan lögsögu alls venjulegs eftirlits.

Hvers vegna er svona mikil eftirspurn eftir peningum

á Íslandi? Hvers vegna eru peningar svona mikil hörgulvara á Íslandi? Hver skyldi vera hin raunverulega ástæða fyrir því? Ég veit að ég þarf í raun ekki að svara þeirri spurningu. Það gera sér allir grein fyrir því. En mig langar þó að spyrja þeirrar spurningar hvort þeir menn, sem á sínum tíma stóðu að hinum miklu framkvæmdum í sambandi við Kröflu og aðrar virkjanir hér á landi, hafi gert sér grein fyrir því hvað þeir voru að binda fé landsmanna til langs tíma, taka það raunverulega úr umferð og gera þeim það óaðgengilegt, hvort þeir menn, sem stóðu að framkvæmdum eins og steinullarverksmiðju, saltverksmiðju, togarakaupum og þar fram eftir götunum, hafi gert sér grein fyrir því að þeir voru að fjárfesta án þess að skila arði og þar með að binda fé landsmanna um mjög langan tíma og gera þeim það óaðgengilegt til annarra nota.

Í dag er þessum málum þannig fyrir komið, eins og minnst var á áðan, að ríkisvaldið stjórnar og handleikur um 80—90% alls þess peningamagns sem fyrir hendi er í landinu. Það peningamagn, sem að einhverju leyti stendur almenningi til boða án þess að þurfa að leita til hins pólitíska skömmtunarvalds, er það sem út af stendur. Þessu litla horni peningamarkaðarins er í raun og veru gert að standa undir ávöxtun að meira eða minna leyti allrar heildarinnar. Þess vegna eru vextirnir m.a. að verða svona háir.

Hæstv. fjmrh. lýsti hér nokkuð fjálglega skuldabréfaviðskiptum ríkisins. Þróunin var sú að á tímabilinu janúar til ágúst var greiddur út 1 milljarður og inn kom 0,8. Þróunin var enn þá óhagkvæmari og enn þá örari í næsta mánuði á eftir. Það þýddi að ríkið varð að hlaupa til og selja skuldabréf á uppboði eða útsölu til að reyna að stoppa í þetta gat.

Greinilegt er að ríkið hefur ekki lengur neinn ábata af skuldabréfaviðskiptunum sem slíkum. Það stendur bara í því púlsveitt að viðhalda einhverri hringrás bara til að viðhalda henni. Það er spurning hvort virkilega sé nauðsynlegt að ríkið standi í þess háttar viðskiptum.

Fjmrh. talaði líka um að innlán hefðu aukist. En hann viðurkenndi líka að heildarsparnaður þjóðarinnar hefur ekki aukist. Það dregur úr honum. Það þýðir á mannamáli að fjárfestingar skila ekki arði. Það þýðir líka á mannamáli að verið er að brenna upp því sparifé sem verið er að auka í bönkunum, þ.e. árangurinn er sama sem núll og minna en það.

Ég tel að menn finni ekki lausn á okurlánamálinu nema með tveimur að vísu nokkuð alvarlegum aðgerðum. Fyrri aðgerðin er sú að draga úr hinni gífurlegu eftirspurn eftir fé, eftir peningum, með því að auka framboð þeirra, þ.e. að draga úr miðstjórn, að auka framboð peninga í bönkum, að ríkið afsali sér réttinum til að skammta þetta fé. Með þessu er hægt að draga úr sókn fólks og fyrirtækja á okurlánamarkað.

Ef menn vilja virkilega uppræta okurlánarana verður sá björn hins vegar ekki unninn öðruvísi en með því að beina einfaldlega lögregluvaldi að þessum mönnum. Það er ekki þannig að menn viti ekki hvað flestir þessara manna heita. Menn vita að þess er ekki að vænta að viðskiptavinir þeirra kæri þá einfaldlega vegna þess að viðskiptavinir þeirra skammast sín fyrir að hafa átt viðskipti við þá í flestum tilfellum. Það er því ekki við því að búast að menn fái fram kærur á alla þessa aðila. Aftur á móti hefur ákæruvaldið heimild til að rannsaka starfsemi manna ef grunur leikur á að þar sé um ólöglega viðskiptahætti eða ólöglegt athæfi að ræða.

Ég sé í raun og veru ekki hvað það er sem tefur orminn langa. Ég sé ekki hvers vegna menn ætla að láta sér nægja að taka einn aðila fyrir og hugsanlega ganga frá honum, hugsanlega ganga ekki frá honum. Hugsanlega verður árangurinn ekkert meiri en hann varð í viðskiptum við dómsvaldið 1982 og 1983. Hvað um alla hina sem eru meira og minna nafnkunnugir menn? Hvers vegna er ekki gengið að þessum mönnum og viðskipti þeirra skoðuð ofan í grunninn?

Hér hefur líka verið talað um nauðungaruppboð og hörmungar húsbyggjenda á Íslandi. Ég held reyndar, guði sé lof, að ekki séu margir húsbyggjendur fastir í klóm okurlánara. Húsbyggjendur hafa á síðustu árum ekki haft það mikið umleikis að þeir hafi í raun og veru á nokkurn hátt getað treyst sér til að hafa viðskipti við þá.

Aftur á móti er vitað mál að mjög stór hluti viðskiptaheimsins, verslunar og þjónustu, á mjög mikil viðskipti við okurlánara. Það segir sig sjálft að þau dýru viðskipti borga þeir sem njóta verslunar og þjónustu, þ.e. neytendurnir. Það segir sig þá líka sjálft að við höfum verið að borga þessum mönnum í gegnum kaup á vöru og þjónustu núna í gegnum árin álitlegar upphæðir í vöxtum. Það út af fyrir sig er mjög mikið umhugsunarefni fyrir ríkisstjórnir, sem telja sig nú bera hag atvinnulífs fyrir brjósti, hvernig í ósköpunum þeir hafa getað komið peningamálum landsins í það mikið hallæri að venjulegar verslanir og þjónustufyrirtæki skuli þurfa að leita til okurlánara til að fjármagna sína verslun og innflutning. Hvað kemur til að þessir menn geta ekki sótt þjónustu til venjulegra viðskiptabanka hér á landi?

Ég tel að okurlánarar séu í sjálfu sér afskaplega léleg einkunn fyrir stjórnvöld, ekki frekar þessi stjórnvöld en önnur stjórnvöld. Þó að ekki væri nema til að hreinsa sitt mannorð og fá betri einkunn ætti það að vera kappsmál þessarar ríkisstj. eins og annarra að hreinsa af sér þennan smánarblett sem okurlánarar eru.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði fyrir ríkisstj. nokkrar spurningar. Ráðherrarnir gerðu tilraun til að svara þessum spurningum. Svörin voru ákaflega óskýr og ófullnægjandi að mínu mati. Hér dugir ekki að vera með mál í athugun. Hér dugir ekki að menn séu að kanna frumvörp. Hér dugir ekkert annað en aðgerðir strax í dag. Ríkisstj. ætti nú að leggja fram frv. til laga á Alþingi um að stöðva okurlánastarfsemina, sem yrði afgreitt hér dagfari, náttfari í báðum deildum þingsins og yrði að lögum fyrir helgi. Auðvitað dugir ekkert annað í þessu efni. Það liggur ljóst fyrir hvaða efnisatriði ættu að vera í slíku frv.

Í fyrsta lagi á þar að segja: Skuldabréf verði öll skráð á nafn. Í öðru lagi á að vera skýrt ákvæði þar um að þeir sem starfrækja verðbréfamiðlun hér á landi þurfi til þess sérstakt leyfi frá bankaeftirlitinu. Í þriðja lagi á að vera þar ákvæði um að engir kröfupappírar séu gildir af neinu tagi öðruvísi en þeir hafi áður hlotið viðurkenningu opinberra aðila. Í fjórða lagi á þar að vera ákvæði um að vaxtatekjur séu skattskyldar. Og í fimmta lagi á að setja um það reglur að samræma öll útlánaform banka og annarra aðila hér í þjóðfélaginu.

Það liggur algerlega í augum uppi að þetta er hægt að gera og ákveða hér og nú. Menn eiga ekki að vera að

dunda sér við að bíða eftir einhverjum frumvörpum meðan staðan er svona á heimilunum í landinu, meðan sameiningartákn ríkisstj., Lögbirtingablaðið, kemur út á hverjum einasta degi og tilkynnir dóm yfir fólki sem er að missa eignir sínar í stórum stíl.

Það var hlálegt þegar hæstv. forsrh. var að reyna að skjóta sér á bak við það að einhver maður, sem nefndur hefði verið í sambandi við nauðungaruppboð, hefði *misfarið með fé*. Með *umræðum* af þessu tagi eru ráðherrarnir að drepa málinu á dreif. Hér er um að ræða vandamál sem snertir fjölskyldurnar í landinu þúsundum saman þessa dagana og það dugir ekkert annað en að Alþingi svari kröfunni hér og nú og þegar í stað, hér fari í gegn lagafrv. um að stöðva þetta svínarí. Þegar staðan er orðin þannig að fólki er hótað líkamsmeiðingum eins og hjá maffunni í Bandaríkjunum ef það segir frá því hvernig viðskipti það hefur átt við þessa aðila og þegar upplýsingar um það koma fram í Ríkisútvarpinu á Alþingi að grípa í taumana og það strax. Það er í raun og veru ekkert annað líðandi.

Þess vegna voru þessi svör ráðherranna eða tilraun til svara, sem að mörgu leyti er einfaldast að lýsa með íslenska orðinu „þvæla", eins og blaut tuska framan í þetta fólk og sýndi skilningsleysi þeirra og tilfinningaleysi gagnvart þeim mannlegu vandamálum sem hér er við að stríða og koma niður á fjölskyldunum og börnunum með þeim hætti að óvíst er hvort það verði nokkurn tíma bætt. Þetta grundvallaratriði ætti að liggja í augum uppi.

En í stað þess að grípa til aðgerða þegar í stað horfa menn á þetta aðgerðarlausir, m.a. það að það eru ekki einasta Íslendingar sem eru að bauka við okurlánastarfsemina hér á landi heldur birtast um það upplýsingar í blöðum að verið sé að stofna fyrirtæki í London til að geta komið erlendu fjármagni inn á okurlánamarkaðinn hér á Íslandi.

Sleipnir Ltd. heitir fyrirtæki í London sem hefur tekið upp samstarf við tvö norsk fyrirtæki sem heita Nevi og Investa. Þessi fyrirtæki ætla sér að fara inn á íslenska verðbréfamarkaðinn með sitt fé til að ávaxta það hér í gegnum íslensk fyrirtæki, lepp sem stofnaður yrði fyrir þessi erlendu fyrirtæki.

Á sama tíma og þetta er að gerast og liggur fyrir hér í blöðum og er búið að gera um margra vikna skeið hreyfa menn sig ekki, menn haggast ekki og segja hér í yfirlýsingum á Alþingi að þeir vorkenni ekki því fólki sem er svo vitlaust að taka lán með 300% vöxtum. Halda menn virkilega í ríkisstjórn Íslands að þetta sé spurning um vit eða ekki vit? Það er örvinglan sem leiðir þetta fólk fram fyrir okurlánarana. Það er að bjarga gjaldföllnu matarreikningunum sínum með því að selja skuldabréf með afföllum. Halda menn að menn geti hrist þetta af sér hér, ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, með einhverjum almennum lýsingum á sölu skuldabréfa út og inn úr ríkissjóði? Það er ekki hægt. Það er ekkert svar gagnvart þessu fólki og það er ekki líðandi af Alþingi að hlusta á slíkan málflutning, hvað þá heldur að láta hann nægja. (**Gripið fram í:** Það var spurt um það, hv. þm.)

Þessir erlendu aðilar, Sleipnir Ltd., Sleipnir hf., eru sérstaklega hrifnir af hinum íslenska verðbréfamarkaði. „Verðbréfamarkaðurinn er miklu vænlegri kostur í dag," segir í viðtali þessara aðila við Morgunblaðið. „Þróun verðbréfamarkaðarins er auðvitað af hinu góða," segir hér líka. „Hér þarf að þróa ýmis svið fjármálastarfseminnar. Hér á Íslandi eru stórkostlegir möguleikar fyrir þessa aðila." o.s.frv. Þetta er tilkynnt hér í blöðum, málgögnum ríkisstj., og menn aðhafast ekki neitt.

Það er þetta sem nú brennur á fólki og það á ekki að líða það að Alþingi sitji hér á fundum dag eftir dag meðan eignir fólks brenna upp á verðbólgubálinu án þess að tekið sé á þessu máli. Ríkisstj. á að beita sér fyrir því. Til þess hefur hún afl og vald — ef hún vill. Þá er einmitt komið að kjarna málsins. Samkvæmt hinum ofstækisfullu kennisetningum hægri stefnunnar, sem þessi stjórn stjórnar eftir, má ekki skerða hár á höfði markaðarins þó að markaðurinn sé að kreista fé undan nöglunum á fólki. Það er hin heilaga kennisetning formanns Sjálfstfl., yfirlýsing hans hér áðan. Það má ekki hrófla við markaðnum. Það má ekki hrófla við forsendum markaðarins vegna þess að þá hrynur módelið mikla sem Hannes Hólmsteinn og félagar og Þorsteinn Pálsson, hv. formaður Sjálfstfl., eru að innleiða hér á landi. Þessir menn eru fangar pólitískrar stefnu sem kemur niður á lifandi fólki. Það er grundvallaratriði. Það er þetta sem hér liggur fyrir. Þess vegna voru svör ráðherranna út í hött.

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að þessi *umræða* um okurlánin haldi áfram hér á hv. Alþingi. Ég ætla ekki að fara að halda hér neina langa ræðu að þessu sinni þó að það væri fjöldamargt, sem kom fram í ræðum ráðherranna, sem var svo ósmekklegt og svo fráleitt að full ástæða væri til að fara yfir það hér í mjög löngu og ítarlegu máli. Eiga þeir þá allir svipaðan hlut, forsrh., fjmrh. og viðskrh.

Ég ætla ekki að þessu sinni, herra forseti, að fara að svara þessum ráðherrum hér og nú í einstökum atriðum. Til þess er ekki tími vegna þess að hæstv. forsrh. verður ekki hér til að svara nema núna smástund í viðbót og hæstv. viðskrh. hefur af ástæðum sem kynntar hafa verið þurft að fara af fundi. (**Gripið fram í:** Hvað er forsrh. að gera?) Það er rétt að hann svari því sjálfur.

Ég held að málið sé svo alvarlegt að það sé óþolandi annað en að á því verði hér tekið og það verði rætt mjög rækilega.

Í ræðu hæstv. fjmrh. komu fram fjöldamörg efnisatriði sem væri ástæða til að svara, sömuleiðis í ræðu hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. Það sem var athyglisverðast við þessar ræður var að það var samnefnari í þeim öllum, það var skilningsleysi á hinum mannlegu vandamálum sem stjórnarstefnan er að leiða yfir fjölskyldurnar í landinu. Það var tilfinningaleysi og um leið ábyrgðarleysi alþm. sem hér og nú eiga að taka á málum af þessu tagi. Það getur enginn þm. setið rór á þessari samkomu meðan heimilin eru að fara, eins og kunnugt er, á gjaldþrotabálið. Og það á enginn maður að leyfa sér, sem kosinn er hér inn á þessa stofnun, það kæruleysi gagnvart fólkinu í landinu að hann ekki krefjist aðgerða og létti ekki þeim kröfum fyrr en þær *aðgerðir hafa verið ákveðnar hér í þessari* virðulegu stofnun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram, sem forseti hefur áður lýst, að það væru eðlileg vinnubrögð og gott verklag að ljúka þessari umræðu á þessum degi. Forseti útilokaði því ekki þann möguleika hér áður.

En síðan það var mælt hefur forseti fengið upplýsingar, sem honum voru ekki kunnar þá, á þann veg að enginn af þeim þrem ráðherrum, sem koma mest við sögu þessarar umræðu, geta mætt á fundi hér eftir kvöldmat og allir hafa lögfulla ástæðu fyrir því.

Með því að svo er þykir rétt að fresta þessari umræðu. Henni verður væntanlega haldið áfram n.k. fimmtudag.

Umr. frestað.

Efri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Sala Kröfluvirkjunar, stjfrv. 121. mál (þskj. 134). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ástæða sölunnar er margþætt. Í fyrstu var gert ráð fyrir að Kröfluvirkjun yrði byggð af Norðurlandsvirkjun og var ákvæði þess efnis í lögum frá 1974 sem heimilar byggingu virkjunarinnar. Norðurlandsvirkjun hefði að stofni orðið til við samruna Laxárvirkjunar og smærri virkjunarfyrirtækja á Norðurlandi. Af stofnun hennar varð ekki en Laxárvirkjun gekk í þess stað inn í Landsvirkjun og var heimild fyrir þessu í lögunum um Landsvirkjun frá upphafi vega. Þegar Laxárvirkjun var orðin hluti af Landsvirkjun og hlutverk Landsvirkjunar sem virkjunaraðila nær yfir það hlutverk sem upphaflega var ætlað Norðurlandsvirkjun er það í anda laganna frá 1974, laga nr. 21/1974, að Landsvirkjun taki við Kröfluvirkjun. Þetta er nánar rakið í grg. með frv.

Kaupverðið og kaupskilmálar allir miðast við að raforkuverð til almennings þurfi ekki að breytast frá því sem verið hefði ef Landsvirkjun keypti ekki Kröfluvirkjun. Kaupverð þannig fundið er 1170 millj. kr. og greiðist með skuldabréfi til 25 ára. Ríkissjóður yfirtekur skuldir Kröfluvirkjunar sem voru alls 3207 millj. kr. eða 2037 millj. kr. umfram kaupverð.

Það þarf ekki að tíunda fjárhagslegt tjón ríkissjóðs af framkvæmdum enda ástæðulaust að vekja upp þær deilur sem staðið hafa um Kröflu í meira en 10 ár. Á hitt ber að líta að jafnvel þótt hærra verð hefði fengist fyrir virkjunina er Landsvirkjun fyrirtæki allra landsmanna sem ekki getur greitt hærra verð fyrir einstakar virkjanir en orkuvinnslan stendur undir öðruvísi en með því að senda landsmönnum reikninginn fyrir það verð sem umfram er í formi hærra raforkuverðs. Strax í upphafi þessarar samningagerðar sem nú er lögð fyrir Alþingi var það meginforsenda að hækka ekki raforkuverð til almennings.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi framsöguorð fleiri, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Landsvirkjun Kröfluvirkjun. Söluverðið er 1171 millj. kr. Hins vegar er vitað að skuldir virkjunarinnar eru miklu hærri; þær eru þrefalt hærri. Og mismunurinn á að lenda á ríkissjóði.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að rifja upp að við alþm. höfum tvívegis fengið upplýsingar um möguleika Kröfluvirkjunar til að standa sjálf undir greiðslu þeirra lána sem tekin hafa verið henni til handa. Í skýrslu sem samin var í maí 1983 og dreift var til alþm. á því ári kom fram eins og segir í niðurstöðu þeirrar skýrslu, með leyfi forseta: „Ef miðað er við skuldastöðu í dag og núverandi samning um orkusölu ætti Kröfluvirkjun að geta greitt sjálf niður skuldir sínar u.þ.b. skömmu eftir aldamót og miðast niðurstaða þessi við að afl yrði aukið í 60 mw.“ Og á öðrum stað í niðurstöðunum sagði: „Orkukostnaður við að auka afl virkjunarinnar úr 20 mw. í 60 mw. virðist svipaður og framleiðslukostnaður frá hagkvæmustu vatnsaflsvirkjunum landsmanna.“ Þess var reyndar getið að ef virkjunin væri ekki stækkuð úr 30 mw. í 60 mw. gæti virkjunin eftir sem áður greitt niður allar sínar skuldir miðað við að hún fengi aðstöðu til að selja þessi 30 mw. en það tæki 5 eða 6 árum lengri tíma.

Áður en ég held lengra áfram er rétt að rifja upp að það er ekki aðeins þessi skýrsla sem okkur hefur borist um skuldastöðu Kröfluvirkjunar heldur barst okkur skýrsla á s.l. hausti, í formi svars iðnrh. við fsp. frá Steingrími J. Sigfússyni, um sama efni. Í því svari var að vísu talið að möguleikar Kröfluvirkjunar til að greiða niður skuldir væru aðeins lakari en talið hafði verið árið áður, en þó var það niðurstaðan að miðað við 60 mw. framleiðslu gæti virkjunin greitt niður allar sínar skuldir, að vísu á mismunandi tíma, miðað við mismunandi forsendur. Þó er upplýst að eftir að sú skýrsla var gefin hafa möguleikar Kröfluvirkjunar til þessa aukist og batnað vegna þess að Landsvirkjun fékk verulega hækkun á töxtum sínum eftir að skýrslan var samin.

Hvað veldur þá þessum gríðarlega mikla mismun þar sem annars vegar er talað um að hægt sé að láta virkjunina standa alla undir sínum skuldum og hins vegar að ríkið selur virkjunina fyrir þriðjung af þeim skuldum sem á henni hvíla?

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst umræður um þessa hlið málsins hafa verið einkennilega litlar og að landsmenn og alþingismenn hafi haft litla möguleika til að átta sig á hvar hnífurinn stendur í kúnni og hvernig stendur á þessum gífurlega mun. Ég held að almennt sé viðurkennt af forráðamönnum Landsvirkjunar, það hefur t.d. komið skýrlega fram í samtölum mínum við ýmsa aðila sem tengdir eru Landsvirkjun, að þessi samningur er ákaflega hagstæður fyrir Landsvirkjun. Og ég veit að forráðamenn Reykjavíkurborgar eru mjög ánægðir með þennan samning vegna þess að Reykjavíkurborg er aðili að Landsvirkjun. Og ég veit að forráðamenn Akureyrar eru líka mjög ánægðir með þennan samning. En minna heyrist frá eigandanum sem er að selja eign sína, ríkissjóði, sem ætlar að taka á sig þessa stóru byrði. Það er eins og þar hafi málum ekki mikið verið velt fyrir sér, hvort þetta væri hagstæður samningur eða ekki, því að sjálfsögðu er sá útreikningur sem hér liggur fyrir og fylgir þessu frv. gerður af Landsvirkjun, af kaupandanum, án þess að nokkuð liggi fyrir um að samsvarandi útreikningar hafi verið gerðir af söluaðila, af stjórnendum Kröfluvirkjunar eða stjórnendum Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég vil leitast við að útskýra í hverju þessi gífurlegi

munur er fólginn því ég vona að með þeim orðum mínum átti menn sig á því að ekki er verið að meta í þessu söluverði hvers virði Kröfluvirkjun raunverulega er heldur er eingöngu verið að svara þeirri spurningu hvers virði virkjunin er fyrir Landsvirkjun. Og staðreyndin er auðvitað sú að Landsvirkjun hefur enga þörf fyrir þessa virkjun. Landsvirkjun hefur orku langt umfram þörf. Það er veruleg umframorka í orkukerfinu eftir byggingu Hrauneyjafossvirkjunar, eftir framkvæmdir við Kvíslaveitur, framkvæmdir við Sultartangastíflu, og verður bersýnilega áframhaldandi offramboð á orku, enda kemur Blönduvirkjun bráðlega inn í myndina.

Þegar Landsvirkjun telur sig ekki geta greitt meira fyrir þessa virkjun er hún að meta hverjar séu hennar þarfir. Hún miðar bara við ástandið eins og það er; hún miðar einungis við aðra vél virkjunarinnar, ekki báðar og virðist fá seinni vélina, sem þó er búið að kaupa, í kaupbæti án þess að nokkurn tíma sé reiknað með nokkrum ávinningi af henni.

Til að útskýra þetta betur er rétt að rifja upp að núverandi afl Kröfluvirkjunar er 30 mw., þ.e. ein vél, en eftir að seinni vélin hefur verið tekin í notkun er grunnafl stöðvarinnar 60 mw., getur reyndar farið upp í 70 mw. á mesta álagspunkti. En í útreikningunum sem eru hér á bls. 11 er einungis miðað við 20 mw. til að byrja með sem smám saman er hækkað upp í 30 mw. og fer aldrei hærra á 25 ára tímabili.

Sé talað í orkueiningum verður munurinn enn meiri vegna þess að skv. upplýsingum framkvæmdastjóra Kröfluvirkjunar gæti hún framleitt í dag 220 gwst. á ári. Það þýðir að tvær vélar gætu framleitt 440 gwst. En ef menn skoða þessa töflu um orkusölu frá Kröfluvirkjun á næstu 25 árum munu menn sjá í 4. dálki, orkusala gwst., að orkusalan verður aldrei meiri en 170 gwst. og til að byrja með er hún aðeins 125 gwst. eða rétt u.þ.b. ⅓ af orkuvinnslugetu stöðvarinnar.

Ég er ekki hér að vefengja rétt Landsvirkjunar til að reikna þetta dæmi út frá sínum sjónarmiðum. Og ég vefengi ekki að rétt er reiknað. Forsendur þessara útreikninga eru þær að Landsvirkjunarmenn telja sig hafa sáralitla þörf fyrir þessa virkjun á næstu árum. Og þeir hugsa sér ekki að nýta hana nema að sáralitlu leyti eða, eins og ég hef þegar sagt, aðeins að ⅓ hluta miðað við orkuvinnslugetu virkjunarinnar til að byrja með, og aldrei meira en 170 gwst. af þeim 440 sem virkjunin gæti framleitt.

Menn geta rétt ímyndað sér hvers virði einstakar virkjanir hér á landi yrðu taldar ef þær væru reiknaðar út frá samsvarandi forsendum. Við skulum t.d. hugsa okkur að Sigölduvirkjun hefði verið byggð af ríkinu en ekki af Landsvirkjun eða Rafmagnsveitum ríkisins, væri sem sagt eign annarra aðila en Landsvirkjunar, og svo hygðist Landsvirkjun kaupa þá virkjun núna. Hvað ætli kaupverðið yrði þá talið stór hluti af raunverulegu kostnaðarverði virkjunarinnar ef reiknað væri á svipaðan hátt og hér er gert? Öllum er kunnugt um að Sigölduvirkjun hefur reynst okkur afar dýr. Þar voru gerð mikil mistök og þau hafa kostað Landsvirkjun geysilegt fé. Það er alveg ljóst að á margan hátt væri afskaplega dýrt fyrir Landsvirkjun að eiga að reikna það dæmi og borga þá upphæð og einkum og sér í lagi að bera hana síðan saman við raunveruleg not af virkjuninni á næstu árum og hvað sá skuldabaggi hefur þá í för með sér fyrir reikningslega útkomu virkjunarinnar þegar vextir hlaðast upp og fjármagnskostnaður.

Ég er sem sagt sannfærður um að þetta dæmi má reikna út á marga vegu aðra en gert er hér. Ég er sannfærður um að ef t.d. ríkið hefði sagt sem svo: Við erum hér með Rafmagnsveitur ríkisins; Rafmagnsveitur ríkisins eiga sér allstóran orkumarkað. Við byggjum Kröfluvirkjun upp, ætlum henni þann orkumarkað sem rafmagnsveiturnar m.a. hafa og nýtum Kröfluvirkjun til fulls — ja, þá kæmi dæmið vafalaust út á þann veg að virkjunin borgaði sínar skuldir upp að fullu. Auðvitað þýddi það að einhver annar aðili tapaði. Í þessu tilviki mundi sem sagt Landsvirkjun ekki fá jafnmiklar tekjur af orkusölu eins og hún ella mundi fá. Það er alveg rétt. En það vill nú einu sinni svo til að Landsvirkjun annars vegar og ríkissjóður hins vegar eru ekki alveg sami hluturinn. Á þessu tvennu er verulegur munur þar sem Landsvirkjun er sameignarfélag margra aðila. Og það er enginn vafi á því að dæmið hvað snertir Kröflu kæmi út á allt annan veg.

Ég get upplýst til bráðabirgða að ef þetta dæmi væri reiknað á annan veg en hér er gert, t.d. bara með því að miða við fulla nýtingu þessarar einu vélar nú þegar og það væri ekki beðið allt til ársins 1992 að nýta þessa einu vél heldur væri byrjað að nýta hana strax, mundi það skila í tekjum og gera kaupverð Kröfluvirkjunar skv. þessum útreikningum 200 millj. kr. hærra, bara þetta eina atriði. Ef aftur á móti væri miðað við að virkjunin væri rekin með 220 gwst. afli fljótlega, t.d. frá árinu 1988, að nýtingin væri smám saman aukin allt til ársins 1988, að um fulla nýtingu væri að ræða á þessari einu vél, 220 gwst., yrði söluverð virkjunarinnar, reiknað á nákvæmlega sama hátt, einhvers staðar á milli 300 og 800 millj. kr. hærra eftir því hvernig orkan væri verðlögð. Ef hins vegar seinni vélin er tekin inn í myndina breytist auðvitað allt dæmið og mestar líkur væru á að þá gæti virkjunin staðið að fullu undir öllum sínum skuldbindingum með söluverði virkjunarinnar einu.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þessa sálma að sinni. Ég álít að nefndin sem fær þetta mál til athugunar verði að gefa sér ráðrúm til að kanna þessa hlið málsins. Þetta dæmi verði að reikna út frá öðrum forsendum en gert er í þessu dæmi hér á bls. 11 þar sem söluverðið er fundið. Og gjarnan mætti leita álits framkvæmdastjóra Kröfluvirkjunar eða Rafmagnsveitna ríkisins á þessari sölu. Því að menn hljóta auðvitað að spyrja sig: Hver er það sem óskar eftir þessari sölu? Er það Landsvirkjun sem óskar eftir að kaupa Kröfluvirkjun? Ég get alveg hiklaust svarað neitandi. Landsvirkjun kærir sig ekkert um að eignast þessa virkjun. Og það er einmitt þess vegna sem verðið er svona lágt að hún telur sig ekki vera í neinni þörf á að kaupa virkjunina. Er það þá Reykjavíkurborg eða Akureyrarbær sem hafa áhuga á því að kaupa þessa virkjun? Auðvitað ekki. Eru það þá Rafmagnsveitur ríkisins sem hafa svona mikinn áhuga á að láta virkjunina frá sér? Ég er sannfærður um að þessi sala á sér ekki stað að beiðni þeirra. Er það þá ríkissjóður sem vill selja og til hvers? Til þess að taka á sig þessa miklu skuld? Ég trúi því varlega. Ég trúi því helst að þeir sem skrifuðu undir þennan samning af hálfu ríkisvaldsins hafi í raun og veru ekki áttað sig til fulls á því hvað þeir voru að gera. Og þess vegna er þeim mun meiri ástæða fyrir alþm. til að átta sig á þessu

dæmi og leita álits fleiri aðila en Landsvirkjunar á þessari sölu.

Ég er ekki með þessum orðum mínum að áfellast Landsvirkjun fyrir að vilja ekki greiða hærra verð fyrir virkjunina. Ég skil þá afskaplega vel. Auðvitað reyna þeir að komast að sem allra hagkvæmustum samningum. Auðvitað reyna þeir að reikna sitt dæmi þannig að það komi sem allra best út fyrir þá. Það er skiljanleg afstaða. Og kannske geta menn sagt að þetta skipti ekki öllu máli þar sem Landsvirkjun er annars vegar og ríkið hins vegar og ríkið á langstærsta hlutinn í Landsvirkjun. Þó er þarna munur á því að það eru bara tvö sveitarfélög í landinu sem eiga í Landsvirkjun. Og þá er spurningin hvort þessi samningur er ekki í eðli sínu afskaplega óhagstæður fyrir önnur sveitarfélög í landinu en Reykjavíkurborg og Akureyrarbær. Það er spurningin.

Fyrir svo utan hitt að ég hygg að heimaaðilar séu ekkert allt of hrifnir af þessum samningi. Það væri fróðlegt að leita álits heimaaðila á þessari sölu því að menn sjá af þessum útreikningum hver áform Landsvirkjunar eru. Það á sem sagt alls ekki að reka Króflufvirkjun eins og venjulega virkjun. Það á ósköp einfaldlega að reka hana sem toppstöð sem er í gangi svona öðru hvoru og framleiðir ekki nema ⅓ af því afli sem hún getur framleitt. En það verða vatnsaflsvirkjanir Landsvirkjunar sem hafa allan forgang í þessu dæmi og Króflufvirkjun er þá slík aukageta í kerfinu að ekki er talið taka því að gefa henni möguleika til að greiða niður sínar skuldir.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem um þetta fær væntanlega að fjalla en finnst þó ekki úr vegi að segja nokkur orð við 1. umræðu. Ég efast ekki um að nefndin vinni mjög vandað starf eins og hennar er von og vísa. En það eru auðvitað um þetta þó nokkuð skiptar skoðanir og hef ég ekki farið varhluta af því að heyra þær.

Þar er fyrst til að taka að mér finnst það að staðsetja Króflufvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu eilítið ónákvæmt. Það væri svipað og að staðsetja Austurvöll í Gullbringu- og Kjósarsýslu en látum það vera. Sömuleiðis Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta er sjálfsagt rétt en að sjálfsögðu mætti staðsetja það nákvæmar í Mývatnssveit.

Ég segi fyrir mig að ég fagna því, og ég veit að ýmsir heimaaðilar sem voru nefndir áðan gera það líka, að þetta mál er til lykta leitt. Meðgöngutími er orðinn alllangur og menn hafa vitað eða gert sér grein fyrir því hvað til stæði, að þessi sala eða yfirtaka mundi eiga sér stað og það hefur verið illt fyrir starfsmenn og ýmsa íbúa að bíða eftir því. Auðvitað heyrast gagnrýnisraddir á það að verðið sé allt of lágt, að þetta sé gjöf. Það er nú oft svo að þegar um einn einasta kaupanda er að ræða fer þetta svona.

Ég skal ekki segja um þessa útreikninga hv. þm. Ragnars Arnalds sem hann var með áðan. Ég hef að vísu heyrt að 220 gwst. sala væri möguleg ef ein vél væri keyrð á fullu eða rúmlega ein vél væri keyrð á rúmlega 30 megawatta afli í, að mig minnir, nærri 350 daga á ári. En það er nokkuð sem er rétt aðeins tæknilega mögulegt. Mér skilst að hún þurfi vissa yfirferð og það sé tæplega mögulegt. Hitt er svo annað mál að væri leitað eftir meiri gufu, væri farið út í boranir, sem kosta auðvitað ærið fé, þá getur hugsast — og rétt er að loka ekki augunum fyrir því — að þarna komi upp hagkvæmur virkjunarkostur ef vantar rafmagn til sölu. Ef þetta allt saman gengur eftir hlýtur það að koma landsmönnum öllum til góða að þarna fáist hagkvæmur virkjunarkostur með ódýru rafmagni og væntanlega þá í lækkuðu rafmagnsverði frá Landsvirkjun.

Svo að ég vitni í núverandi aðstoðarmann iðnrh., sem nýlega tók við því starfi, minnist ég þess að hann flutti margar ræður fyrir svona 8—10 árum síðan sem enduðu flestar á þessu: „Auk þess legg ég til að Króflufvirkjun verði lögð niður," eða hætt við Króflufvirkjun. Sami maður, Jónas Elíasson verkfræðingur, sagði líka setningu, sem ég man eftir, einu sinni: „Hver segir að þótt borað sé við Króflu þá komi endilega upp gufa?" Sannast að segja verðum við að viðurkenna að þar eru yfir tíu steindauðar holur. Þær eru ekki allar dauðar af jarðraski heldur vegna þess að menn vissu einfaldlega ekki hvað undir var. Mér dettur ekki í hug að álykta að með þessari yfirtöku eða sölu sé um aldur og ævi hætt við þess háttar virkjanir á Íslandi eða þessa virkjun yfirleitt. En menn þurfa að vita meira hvað undir er og það að menn bori þýði að upp komi gufa.

Auðséð er á töflunni sem fylgir frv. að ekki er gert ráð fyrir stækkun eða öllu heldur ekki gert ráð fyrir að hin vélin verði tekin inn í myndina, sett niður. Að vísu er hvergi sagt að þarna sé 20 megawatta afl heldur er sölutíminn sennilega þeim mun styttri á ári hverju eins og reyndar hefur verið raunin á.

Ég hef líka heyrt þær gagnrýnisraddir af heimaaðilum — og þekki það allvel — að reksturinn hefði getað verið betri og hagkvæmari. Auðvitað getur það hafa verið mælt af þekkingarleysi og ég skal ekkert um það dæma. En mér finnst að því leyti gott að fyrirtækið Landsvirkjun, sem þekkt er fyrir ráðdeild, skuli taka þetta yfir og færa til betri vegar.

Ég tel sem sagt að með þessu sé engan veginn verið að slá striki undir það að Krafla verði lítið eða ekkert notuð. Mér finnst einmitt koma vel til greina að með þessu móti geti það orðið hagkvæmt fyrir hinn nýja eiganda, ef þarna er hagkvæmur virkjunarkostur, ef skyndilega vantar orku eða afl, að hefjast handa á nýjan leik.

Minnst hefur verið á að hugsanlega mætti flytja túrbínuna annað. Ég held ekki. Ég held að þessasr túrbínur séu hannaðar fyrir ákveðnar aðstæður, ákveðið mettunarstig af gufu, ákveðinn þrýsting og samsetningu gufunnar yfirleitt. Ég á von á því að það gæti verið hreint tap fólgið í því að fara að færa hana eitthvað annað og að hún mundi alls ekki henta aðstæðum á öðrum háhitasvæðum landsins.

Ég skil það vel að móðureyra hv. þm. Ragnars Arnalds sé nokkuð þunnt þegar um þessa virkjun er rætt en ég tel að áhyggjur hans um afkomu þessa afkvæmis séu að miklu leyti ástæðulausar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég held að ég hafi áreiðanlega heyrt rétt hér áðan þegar hv. 5. þm. Norðurl. e., síðasti ræðumaður, lét svo um mælt að nú væri þessu fyrirtæki aldeilis borgið þegar það væri komið upp á arma ráðdeildarfyrirtækisins Landsvirkjunar. Það er alltaf gaman þegar menn eru skemmtilegir hér í ræðustól, hvort sem það er viljandi eða óviljandi. Ég veit ekki til þess að Landsvirkjun hafi verið talin

neitt sérstakt ráðdeildarfyrirtæki í sínum rekstri, heldur kannske þvert á móti. Má því kannske segja að hæfi skel kjafti þegar Kröfluvirkjun er flutt yfir til Landsvirkjunar.

En ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta mörg orð. Þetta er enn eitt dæmi þess að alþm. eru settir hér andspænis samningi sem gerður var um mitt s.l. sumar, þ.e. um yfirtöku Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun.

Nú skal það játað hispurslaust að ég er enginn sérfræðingur í þessum málum. Þetta eru flókin mál, flóknir útreikningar sem þarna liggja á bak við. En það sem við blasir og allir geta skilið er að að nafninu til yfirtekur Landsvirkjun þetta fyrirtæki fyrir 1170 millj. kr. en eftir standa hjá ríkissjóði skuldir að upphæð rúmlega 2000 millj. kr. Þetta eru kjarnaatriði málsins.

Ég skil þó vel að hv. 3. þm. Norðurl. v. skuli hafa hér um þetta mál býsna mörg orð, enda honum málið skylt. Hann var einn í þeirri frægu nefnd sem bar ábyrgð á Kröfluævintýrinu frá upphafi til enda og ofur eðlilegt að hann skuli þurfa að hafa um þetta ýmis orð hér.

Það var auðvitað fyrirsjáanlegt að þær skuldir sem til urðu vegna þessa gönuhlaups, sem að sumu leyti varð vegna óheppni, að sumu leyti vegna óforsjálni, að sumu leyti vegna náttúruhamfara, lentu á þjóðinni með einhverjum hætti fyrr eða síðar, þær skuldir sem Kröflunefnd stóð að því að stofna til með þeim endemum sem allir þekkja og þeirri frábæru fjármálastjórn sem einkenndi starf þeirrar ágætu nefndar og víða hafa verið gerð skil og ég ætla ekki að fara sérstaklega út í hér. Vitað var að allar þessar skuldir mundu lenda á skattþegnum þjóðarinnar fyrr eða síðar. Það má segja sem svo að það skipti kannske ekki höfuðmáli — þó að það skipti auðvitað nokkru — hvort þetta er tekið í hærra orkuverði eða hvort þetta er tekið bara úr hinum sameiginlega sjóði allrar þjóðarinnar eins og nú á að gera, 2000 millj. takk.

Ég er alls ekki þeirrar skoðunar að rétt sé að leggjast gegn þessu. Hér er ekki um raunverulega sölu að ræða eins og menn skilja það orð í daglegu lífi. Hér er eitt ríkisfyrirtæki, Landsvirkjun — sem að vísu er ekki hreint ríkisfyrirtæki heldur í eigu tveggja bæjarfélaga líka — að taka við þessu úr höndum ríkisins. Ég er ekkert frá því að það geti verið hagfelldara að ýmsu leyti — án þess að ég ætli sérstaklega að hrósa Landsvirkjun fyrir ráðdeild — að þetta sé á þessari sömu hendi frekar en að af hálfu ríkisins sé verið að reka þetta orkuver sér.

Ljóst er að þarna verður ekkert hlaupið í að auka orkuframleiðsluna í Kröflu á næstunni. Það væri öldungis rangt eins og nú háttar. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna til þess sem stendur hér á bls. 9 í fskj. 2, „Fjárhagslegt mat Kröfluvirkjunar — reikniaðferðir og forsendur". Þar stendur:

„Dálkur 4, orkusala. Á síðasta ári var aflgeta Kröfluvirkjunar aukin úr 20 í 30 MW og orkugeta þar með úr 125 í 170 gWh/ár. Fyrir þessari aukningu lágu engin markaðsrök, enda ekki þörf á meiri orku inn á landskerfið sem stendur. Það eru því engin rök til að Kröfluvirkjun fái í sinn hlut það af markaðnum sem nemur fullri orkugetu hennar fremur en aðrar framkvæmdir sem hafa verið gerðar á síðustu árum, en reikna má henni markaðshlutdeild frá 1986 skv. eftirfarandi reglum" — og síðan eru þær reglur taldar upp.

Það er alveg rétt og ljóst að Kröfluvirkjun á ekki að hafa neinn forgang í þessu kerfi, það eru alveg hreinar línur. Það má segja sem svo að það sé viss hreinsun og samræming að færa Kröfluvirkjun til Landsvirkjunar ef menn líta á málin af sanngirni og láta ekki blandast inn í þau tilfinningahita frá fornu fari vegna allrar þeirrar gagnrýni sem þessi virkjun varð fyrir á sínum tíma, að langmestu leyti réttmætrar gagnrýni. En um það skal svo sem ekki fjölyrt hér.

Ég ítreka að vitað var að bakreikningurinn, sem Kröflunefnd átti sinn þátt í að búa til, mundi lenda á þjóðinni og hann er að gera það. Hitt er svo annað mál, sem sagt hefur verið og sjálfsagt er rétt, að engin virkjun er svo vitlaus að hún borgi sig ekki einhvern tíma seint og um síðir. En það er ekkert útséð um það með Kröfluvirkjun hvort hún gerir það endanlega þó að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi vitnað hér í tölur býsna langt fram í tímann. En við skulum vona að Kröfluvirkjun borgi sig einhvern tíma og sjálfsagt eru yfirgnæfandi líkur á því að hún geri það. En það er hins vegar engan veginn tryggt. Það eina sem var tryggt í þessu máli var að reikningnum yrði vísað til skattgreiðenda. Nú er komið að þeim skuldadögum þó að kannske sé þar aðeins um formbreytingu að ræða frá því sem áður hefur verið.

Sveinn Jónsson: Virðulegi forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir deildinni, er fyrst og fremst til staðfestingar á orðnum hlut. Ég get þó ekki látið hjá líða að koma hér aðeins inn í umræðuna þar sem ég hef átt sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undanfarin ár. Þar hefur þetta mál nokkuð komið til umfjöllunar, þó aðeins með þeim hætti að stjórn hefur verið gerð grein fyrir framvindu þess og stöðu án þess þó að ætlast væri til þess á nokkurn hátt að hún væri um það umsagnaraðili eða hefði af málinu afskipti hin minnstu.

Það eru því fyrst og fremst stjórnvöld sem hafa mælt fyrir um það að þessi sala skuli eiga sér stað og á þeirra vegum hefur síðan verið ákveðið það söluverð sem einna helst hefur verið hér til umfjöllunar og staðið nokkuð í mönnum. Í því sambandi er rétt að ég láti þá skoðun í ljós að það hafi verið mat stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins og forsvarsmanna Rafmagnsveitna ríkisins að hér mundi vera um mjög góðan samning að ræða fyrir kaupaðila, þ.e. Landsvirkjun. Það var jafnvel haft í flimtingum hvort ekki væri ráð að bjóða eins og 100 millj. betur og vita hvort Rafmagnsveitunum stæði þá til boða að eiga þarna hlut að máli. En það varð aldrei að neinum veruleika heldur aðeins rætt manna á milli.

En svo sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði hér grein fyrir í sinni ræðu átti sér stað á vegum Rafmagnsveitnanna á sínum tíma allítarleg athugun á því hvort fyrirsjáanlegt væri að Kröfluvirkjun gæti með tímanum skilað aftur þeirri fjárfestingu sem þar var til orðin. Sú niðurstaða fékkst að svo mundi vera þó að þar skipti nokkru máli hversu mikið afl væri sett á vélar virkjunarinnar og með hvaða hætti rekstrinum væri fyrir komið. Til þessa hefur aðeins önnur vél virkjunarinnar verið starfrækt og það er sennilega stór spurning hvort hin vélin verði nokkru sinni starfrækt. Það er m.a. vegna þess að hún hefur að nokkru leyti verið notuð til viðhalds og varahluta í þá vél sem starfrækt hefur verið. Hversu langt sú slátrun er komin veit ég ekki en vafalaust er það ekki svo að þar megi ekki úr bæta ef mönnum þykir ástæða til. En svona hefur alla vega

verið að þessu staðið að mér er tjáð.

Ég vil meina að allvel hafi verið að rekstri Kröfluvirkjunar staðið á þeim árum sem hún hefur verið starfrækt og ég efast um að það sé íbúum þess byggðarlags, sem hlut á að máli, nokkurt fagnaðarefni í sjálfu sér að þessir samningar hafi átt sér stað nú þar sem þeir munu tvímælalaust leiða til þess að draga mun úr rekstri og þeim rekstraráformum sem eitt sinn hafa verið uppi um þessa verksmiðju. Það mun þar af leiðandi leiða til þess að atvinnutækifærum þarna nyrðra mun fækka og þar af leiðandi að einhverju leyti draga úr afkomu og vaxtamöguleikum þess byggðarlags sem þar um ræðir.

Þetta atriði kemur reyndar að nokkru leyti fram hér í samningnum sjálfum, þ.e. í 8. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun mun gera þær breytingar á skipulagi og rekstri og starfsmannahaldi við Kröfluvirkjun sem hún telur nauðsynlegar til hagræðingar á starfrækslunni og samhæfingar við annan rekstur Landsvirkjunar. Starfsmönnum Kröfluvirkjunar verður gefinn kostur á endurráðningu í þær stöður, sem haldið verður áfram eftir 1. jan. 1986, og skal gengið frá þeim málum fyrir 1. sept. 1985." Það þýðir m.ö.o. að þessum málum hefur væntanlega nú þegar verið ráðið þó að ég viti annars ekki um niðurstöðu þess.

Ég vil svo aðeins ítreka það sem ég sagði áðan, að Rafmagnsveitunum hefði ekki verið gefinn kostur á því að hafa nokkra aðild að þessu máli þó svo að þeim hefði á sínum tíma verið treyst fyrir rekstri þessa verkefnis sem er kannske meira umdeilt en nokkurt annað í nútímaframkvæmdasögu þjóðarinnar. Það má vel vera að það sé niðurstaða einhverra að þar hafi verið svo illa að staðið að ekki væri við hæfi að ræða við Rafmagnsveiturnar þar um. En ég dreg alla vega í efa að svo sé og vil fullyrða að Rafmagnsveiturnar og framkvæmdastjórn virkjunarinnar hafi verið vanda sínum vaxin og reynt að leysa þar sem best úr öllum málum.

En vegna þessa og þeirrar umræðu, sem átti sér stað á vettvangi Rafmagnsveitnanna, held ég að vel væri við hæfi að þegar þetta mál kemur til umfjöllunar í iðnn. verði leitað eftir því t.d. að fá Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra til viðræðna svo að hann geti þar gert grein fyrir viðhorfum þeim sem uppi voru innan veggja Rafmagnsveitnanna.

Það má svo alltaf deila um það hvers virði Kröfluvirkjun er landskerfinu. Því var hér velt upp áðan hvort þessi virkjun, eins og allar virkjanir, mundi ekki borga sig er fram líða stundir. Vafalaust gerir hún það með einum eða öðrum hætti. Kannske sýndi þessi athugun, sem gerð var á sínum tíma, fyrst og fremst að hún borgi sig aftur vegna þess háa raforkuverðs sem er í landinu. Ef svo væri ekki væri augljóst mál að það tæki alla vega miklu lengri tíma fyrir virkjunina að borga sig ef hún þá gerði það nokkurn tíma. Það er aðeins það að raforkuverðið er svo hátt sem gerir það að verkum að þetta dæmi gengur upp.

Rafmagnsveiturnar töldu og telja væntanlega að staðsetning Kröfluvirkjunar skipti miklu máli fyrir landskerfið í heild. Hún er þannig staðsett að hún skiptir miklu máli fyrir orkuflutning til Austur- og Norðurlands, dregur úr töpum á þeim löngu flutningsleiðum sem eru frá virkjunarsvæðunum við Þjórsá. Við höfum mjög nýlegt dæmi um þetta mikilvægi hennar þegar rafmagnstruflanir urðu á byggðalínuhringnum í óveðrinu sem gekk yfir nú fyrir síðustu helgi. Þegar loðnubræðslur eru víðast hvar í fullum gangi norður í landi sáust ljósin varla flökta á meðan sló þó út hér á suðvesturhorninu. Þar kom því til bæði staðsetning þessarar virkjunar og hringtengingin sem einnig hefur verið mjög umdeild í þeirri orkuumræðu allri sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Þetta sýnir okkur aðeins að mikilvægt er fyrir okkur að dreifa virkjunum sem mest um landið þannig að kerfið sé tilbúið til að mæta þeim áföllum sem hugsanlega verða á hverjum tíma og mæta þeirri orkuþörf sem er á hverjum stað á hverjum tíma án þess að truflanir verði óviðunandi í rekstri þeirra fyrirtækja sem þá eru í gangi hverju sinni.

Ég hef svo ekki um þetta mál fleiri orð en vildi aðeins koma þessu að hér á þessari stundu þar sem ég á aðeins sæti hér um skamman tíma og hef ekki möguleika á því að hafa frekari áhrif á gang þessa máls. En eins og ég sagði í upphafi er hér aðeins um að ræða staðfestingu á orðnum hlut.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Það verður ekki annað sagt en hljótt hafi verið um Kröflumál síðustu misseri þar til nú, að þetta frv. er lagt á borð þm., frv. þess efnis að Kröfluvirkjun verði seld.

Nokkuð hefur borið á því í allri umræðu um Kröfluvirkjun að ræðumenn hafa — og er ég nú ekki einvörðungu að tala um þessar umræður hér heldur almennt úti í samfélaginu — skellt skuldinni, ef ég má svo að orði komast, á svokallaða Kröflunefnd. Nú ætla ég ekki að fara í þessum ræðustóli að ganga erinda Kröflunefndar. Hins vegar vil ég minna á að þegar stofnað var til Kröfluævintýrisins upp úr 1974 var það í kjölfar mikillar olíuverðsprengingar og sannleikurinn er sá að það komst ekkert annað að með þessari þjóð en að virkja og virkja fljótt, auka við uppsett afl í landskerfinu.

Með tilliti til þessa og ákvarðana stjórnvalda í þessum efnum, ákvarðana Alþingis, hlýtur maður að líta svo á, að vegna ákvarðana og ábyrgðar allra ráðamanna beri þjóðin öll sína ábyrgð. Fram hjá því verður ekki litið. Skuldinni verður því ekki skellt á Kröflunefnd að mínum dómi. Hitt er það að e.t.v. hefur sú ágæta nefnd með köflum sýnt af sér á sínum langa starfsferli, meðan hann var og hét, of mikinn dugnað. Nú er ég ekki að segja að hún hafi í ákvörðunum sínum gengið út á ystu nöf varðandi valdsvið sitt, ég vil ekkert fullyrða um það.

Eins og hér hefur verið vikið að í umræðunni markast þetta mál af nokkrum þáttum fyrst og fremst. Það er auðvitað augljóst að það verð sem hér er nefnt og greitt skal fyrir Kröfluvirkjun er fundið út frá meðalorkuverði frá Landsvirkjun. Þá er miðað við forgangsorku. Ég skal út af fyrir sig ekki fetta fingur út í að svo er. Þegar talað er um ábyrgð, þegar talað er um að einhverjir hafi ekki sést fyrir í málafylgju eða ákvörðunum — Kröflunefnd og í víðari skilningi stjórnvöld stóðu að þeim málum — fer ekki hjá því að í sömu andránni verði manni litið til Landsvirkjunar. Það hefur verið hart deilt á Landsvirkjun. En hvernig hefur Landsvirkjun fengið í raun sínar heimildir? Ekkert gerir Landsvirkjun öðruvísi en að hafa heimildir til lántöku, fjáröflunar til framkvæmda. Hvar eru þær ákvarðanir teknar? Hvergi annars staðar en á þessum stað hér. Auðvitað berum við alþm. fulla ábyrgð á því sem stundum hefur verið kallað, og var nefnt síðast í gær, orkuveisla.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvað Landsvirkjun ætlast fyrir þrátt fyrir allt. Það er gert ráð fyrir að heimildir til orkuöflunar á svæðinu séu allt að 70 mw. af uppsettu afli. Hins vegar, eins og hér hefur komið fram og er að sjálfsögðu tíundað í samningnum, er gert ráð fyrir að uppsett afl verði ekki meira en 30 mw. allt til ársins 2010. Forvitnilegt væri að vita hvort einhverjar leynifyrirætlanir séu til um að auka uppsett afl frá því sem þarna segir. Við skulum gá að því að framsetningin með frv. varðar aðeins þennan kaupsamning. Landsvirkjun er því í lófa lagið að stofna til frekari orkuöflunar á svæðinu og frekari uppsetningar aukins afls.

Hvort heppilegra er að landsmenn greiði orkuna, sem beisluð hefur verið, í formi skatta eða með orkureikningum getur verið matsatriði. Mín skoðun er þó sú að skynsamlegra sé að vera ekki að fela hið raunverulega orkuverð. Það sé þegar á allt er litið skynsamlegra. Að vísu eru skattgreiðendur heldur fleiri en þeir sem fá sendan orkureikning. En um þetta má deila. Ég viðurkenni það. Ég er frekar á því að það sé af því tagi að stinga höfðinu í sandinn, fremur óskynsamlegt sem sagt, að skattgreiðendur borgi meiri hlutann af kostnaði með þeim hætti sem hér er lagt til.

Eitt finnst mér ekki hafa komið nægjanlega vel fram, hvorki í þessari umræðu né heldur í rökstuðningi með frv., *og það er hversu mikill hluti af þeim liðlega* 2 milljörðum sem út af standa er í raun rannsóknarkostnaður. Mér finnst vanta mikið á að það fylgi rökstuðningur og útlistun hvað snertir það fé sem út af stendur. Nú ætla ég að viðurkenna, með tilliti til þeirra vangaveltna minna hvort raforka á að greiðast af skattfé eða þegar almenningur borgar sína orkureikninga, að það er eðlilegra að greiða rannsóknir sem nýtast e.t.v. miklu víðar, eins og má til sanns vegar færa með ýmsar þær aðgerðir sem stofnað hefur verið til við Kröflu. Þær nýtast e.t.v. víðar. Þá er afsakanlegt að skattborgarar landsins greiði þær. Hitt má ljóst vera, og deili ég þá jafnt á alla sem báru og bera ábyrgð á Kröfluvirkjun, að auðvitað var ráðist allt of fljótt í virkjunina sjálfa. Auðvitað eru fleiri en færri sammála um að það hefði verið skynsamlegra og hefði raunar átt að rannsaka svæðið miklu betur. En allir æptu: Meiri orku!

Því miður er hæstv. iðnrh. ekki viðlátinn þessa umræðu. Mér gefst að sjálfsögðu tækifæri til að ræða málið og spyrja í iðnn. Til viðbótar við að ekki liggur fyrir útlistun á því hver er raunverulegur rannsóknarkostnaður liggur ekkert fyrir um hvað kostar í raun að afla þeirrar orku sem þarf til að bæta við um 30 mw. í uppsettu afli. Ekkert liggur fyrir um það. Ekki hef ég séð það. Væntanlega kemur það fram í umræðum og þeim upplýsingum sem vonandi berast til nefndarinnar.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. taldi að nú væri þetta mál til lykta leitt. Ég ætla að vona að hann hafi fyrst og fremst átt við að þessi samningur, sem hann telur eftir atvikum góðan, sé í höfn. Við erum sáralitlu og líklega engu nær um heildarráðstafanir vegna okkar orkukerfis, vegna þess umframafls sem fyrir hendi er í landinu. Það er okkar mikli höfuðverkur.

Það hefði svo sem verið fróðlegt, þegar verið er að ræða öðrum þræði um orkunýtingu, enda þótt það sé með tilliti til þessa frv., sem varðar ekki nema hluta af landskerfinu, að heyra frá hæstv. iðnrh. hvað liði hugsanlegum samningum við erlenda aðila um sölu raforku til stóriðju. Eftir því sem manni skilst standa samningaviðræður yfir, einhverjar þreifingar, einhverjar vonir eru uppi, en lítið hefur verið upplýst um þau mál. Það má vel vera að óhjákvæmilegt sé að yfir því *hvíli einhver leyndarhjúpur. Mál kunna að vera á* viðkvæmu stigi. En öll þessi umræða skarast. Hún hlýtur að gera það.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég mun fyrst og fremst leggja áherslu á það við umfjöllun í iðnn. að Landsvirkjun og aðrir aðilar, sem þarna hafa komið nálægt, gefi upplýsingar, ekki síst varðandi rannsóknarþáttinn, að hve miklu leyti má meta hann til verðs í fyrsta lagi og í annan stað hvort fyrirætlanir, enda þótt þær komi ekki fram hér, liggi fyrir um frekari orkuöflun á Kröflusvæðinu og frekari uppsetningu aukins afls.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég hefði helst viljað að hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason hefði verið nærstaddur. Hann gengur nú í deildina svo að það er í lagi.

Ég vildi fyrst segja að ég tel að það hafi verið mjög gott að fá það staðfest í ræðu Sveins Jónssonar, sem ég gaf í skyn áðan, að fleirum en mér þætti nokkuð sérkennileg verðlagning hér á ferðinni og að umræður innan Rafmagnsveitna ríkisins hefðu kannske nokkuð *gengið í þá áttina.*

Um ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar verð ég fyrst að segja að það var greinilegt að hann hafði ekki hlustað mikið á það sem ég hafði fram að færa í upphafi umræðunnar. Hann hafði ekki gert neina tilraun til að setja sig inn í kjarna málsins sem er auðvitað sá hvort hér er verið að gefa eignir ríkisins eða hvort virkjunin gæti hugsanlega staðið undir öllum þessum lánum. Raunar sagði hv. þm. í upphafi að það hefði alltaf verið fyrirsjáanlegt að þessi virkjun gæti ekki staðið undir lánum sem tekin væru til hennar, en seinna sagði hann aftur á móti að það gæti vel verið að virkjunin ætti eftir að borga sig að svo og svo mörgum árum liðnum. Auðvitað getur þetta aldrei gengið upp hvort tveggja. Ef það hefur alltaf verið fyrirsjáanlegt að virkjunin borgaði sig ekki *þýðir það væntanlega að hún gæti* aldrei staðið undir kostnaðinum. Staðreyndin er sú að ef virkjunin stæði undir þeim kostnaði sem af henni er orðinn hefði hún gert þjóðarbúinu býsna mikið gagn vegna þess að eins og kom fram hjá hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni hafa þessar framkvæmdir, þær rannsóknir sem henni tengjast og sú gífurlega þekking sem af þeim hefur hlotist fært okkur Íslendingum mikil verðmæti í aðra hönd. Ég hygg að allir þeir sem nálægt þessu máli hafa komið viðurkenni að það eru ómetanleg verðmæti fólgin í þeirri þekkingu og þeirri reynslu sem við höfum fengið af því að glíma við þetta erfiða verkefni.

Hv. þm. vitnaði í eina klausu í grg. frv. þar sem tekið er fram að engin markaðsrök hafi legið fyrir aflaukningu hjá virkjuninni úr 20 mw. í 30 mw. Ég vil ósköp hógværlega benda hv. þm. og öðrum þm. á hver voru rökin fyrir því að þessi aflaukning átti sér stað. Rökin voru einfaldlega þau að vélarnar hefðu legið undir skemmdum ef aflaukningin hefði ekki átt sér stað. Það kemur ekki fram í textanum, en það liggur á bak við hann. Það var nauðsynlegt að reka stöðina og knýja vélarnar áfram með meira afli en gert hafði verið um nokkurra ára skeið. Verksmiðjurnar töldu sig geta

tekið ábyrgð á því að vélin væri rekin með litlum afköstum í tiltölulega skamman tíma, en voru alfarið á móti því að það væri gert um langt árabil. Þess vegna var óhjákvæmilegt að auka afköst vélarinnar.

Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að mér fannst afskaplega vond sagnfræði fólgin í máli þm. því að hann vildi, eins og margir flokksmenn hans hafa áður reynt að láta líta út, að það væri á ábyrgð nokkurra einstaklinga í Kröflunefnd hvernig fór um þessa virkjun. Ég vil minna á það, eins og reyndar hv. þm. Davíð Aðalsteinsson gerði áðan, að lögin um byggingu Kröfluvirkjunar voru samþykkt hér á Alþingi án mótatkvæða, með stuðningi allra þingflokka, m.a. með stuðningi Alþfl., og fjárveitingar til byggingar þessa mannvirkis komu ekki með einhverjum dularfullum hætti í gegnum ávísanahefti eða leynireikninga Kröflunefndar og voru svo skrifaðar eftir á á reikning ríkisins. Öll framlög komu til Kröfluvirkjunar á fjárlögum, þar á meðal var auðvitað vitað fyrir fram hvað ætti að gera við þessa fjármuni. Það var gerð grein fyrir því við umræður hér á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni hvað ætlunin væri að gera og Alþingi tók sjálft ákvörðun um framkvæmdir.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir það ekki sanngjarnt þegar ég er sérstaklega gerður ábyrgur fyrir þessum framkvæmdum umfram kannske flesta aðra þegar haft er í huga að ég var ekki í stjórn á þessum tíma og studdi ekki þáverandi ríkisstjórn. Ég var í stjórnarandstöðu. Það var þáverandi ríkisstj. sem tók allar ákvarðanir varðandi byggingu Kröfluvirkjunar, vissulega með ráðleggingum frá Kröflunefnd, og þáverandi þingmeirihluti á Alþingi sem tók ákvarðanir um það hversu mikið fé ætti hverju sinni að renna til virkjunarinnar, að vísu með fullum stuðningi stjórnarandstöðunnar á sínum tíma, m.a. mínum og m.a. með stuðningi flokks Eiðs Guðnasonar. Ég er ekki með þessu að segja að það hafi engin mistök verið gerð í Kröflumálinu. Ég viðurkenni það, eins og sjálfsagt allir aðrir, að gerð voru ýmis mistök í byggingu þessarar virkjunar. Og hver voru þessi mistök?

Ég vil í fyrsta lagi segja að það hafi verið mistök Alþingis að gera ráð fyrir að Kröfluvirkjun yrði byggð og rekin af stofnun sem þá var ekki til og varð aldrei til. Það var nefnilega gert ráð fyrir því í lögunum um Kröfluvirkjun að hún yrði byggð í þágu Norðurlandsvirkjunar, en Norðurlandsvirkjun varð aldrei til. Þess vegna var gerð sú bráðabirgðaráðstöfun að setja á laggirnar Kröflunefnd sem stóð svo lengi, miklu lengur en nokkur reiknaði með. Það er mjög óheppilegt að láta aðila byggja virkjun sem ekki ræður yfir þeim orkumarkaði sem virkjunin á að sinna. Þetta voru fyrstu mistökin. En ég ætla ekki að taka á mig neitt sérstaklega ábyrgð á þessu, nema þá bara í félagi við alla 60 þingmenn á Alþingi sem studdu þetta á sínum tíma.

Í öðru lagi voru það mistök að reisa þessa virkjun á eldfjalli. Það er augljóst. Það voru mikil mistök að staðsetja virkjunina á eldfjalli. En það er síður en svo að Kröflunefnd hafi verið ábyrg fyrir þeirri ákvörðun. Hún var aldrei spurð um hvar Kröfluvirkjun skyldi staðsett, hafði aldrei neitt með það að gera hvað þá meir. Það voru allt aðrir aðilar sem tóku ákvörðun um það. Kröflunefnd réð því ekki hvar var borað eftir gufu eða með hvaða hætti var borað. Hún hafði ekkert með þau mál að gera og var ekkert falið að hugsa fyrir þeirri hlið eða taka neinar ákvarðanir að því lútandi. Þess vegna er allt þetta tal um Kröflunefnd að þessu leyti algjörlega út í bláinn. Það reyndust vera mistök að trúa þeim orðum jarðfræðinga að litlar líkur væru á eldgosi við Kröflu. Þm. var sagt á sínum tíma að það væru 300 ár síðan gosið hefði seinast við Kröflu. Venjulega liðu í kringum 1000 ár milli gosa. Þess vegna væri ekki mjög líklegt að við yrðum þar fyrir neinu áfalli. En það fór nú á annan veg. Kannske er erfitt að gera nokkurn ábyrgan fyrir því.

Í þriðja lagi voru það mistök að í upphafi skyldu einungis boraðar rannsóknarholur sem voru 1200 m djúpar í stað þess að bora 2000 m holur, bora niður á það dýpi sem vinnsluholurnar áttu að ná og fá þannig fullnægjandi vitneskju um hvert væri ástand svæðisins. Hins vegar var á þeim tíma trúað að það nægði að bora rannsóknarholur og þær mundu gefa okkur fullnægjandi upplýsingar um svæðið. Því var trúað á þeim tíma. Það hafði gefist ágætlega hér á Íslandi fram að því. Rannsóknarholur höfðu sagt mönnum það sem þeir þurftu að vita um ástand jarðhitasvæða. Það voru boraðar tvær slíkar rannsóknarholur áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar, en þær holur voru 1200 m djúpar en ekki 2000 m djúpar eins og vinnsluholurnar urðu síðar. Þetta má flokka undir mistök. Það kom allt í einu í ljós að eiginleikar svæðisins voru allt aðrir en rannsóknarholurnar gáfu til kynna og þess vegna tóku menn ákvarðanir of fljótt. En þetta vil ég ekki skrifa á reikning Kröflunefndar alfarið því hún hafði sem sagt ekki með rannsóknarþáttinn að gera og ekki með orkuöflunina að gera að einu eða neinu leyti. Það má hins vegar vel vera að hún hefði átt að hafa hyggjuvit til þess að átta sig á því að þannig væri í pottinn búið, en hún gerði það ekki frekar en allir aðrir. Ég hygg nefnilega að það sé ekki alveg rétt, sem fram kom hjá hv. þm., að þegar teknar voru ákvarðanir um Kröfluvirkjun og að byggt skyldi á niðurstöðum rannsókna sem fyrir lágu hafi þau aðvörunarorð komið fram sem hann var að gera grein fyrir áðan. Ég hygg að þau hafi komið langtum seinna.

Í fjórða lagi voru það mistök, ef mistök skyldi kalla, að orkuöflunin dróst svo úr hömlu að þegar Kröfluvirkjun verður loksins tilbúin er ekki lengur þörf á orkunni. Þá er búið að byggja hér aðra virkjun, Hrauneyjafossvirkjun, sem yfirmettar svo markaðinn af orku að ekki verður jafnmikil þörf á orkunni og áður var. Þetta er auðvitað hlekkur í þessari keðju sem skipt hefur ákaflega stóru máli eins og ég rakti í upphafi.

Kannske eru meginmistökin í sambandi við Kröfluvirkjun einmitt þau að gagnrýnendur málsins þögðu mjög lengi, komu ekki fram með sínar skynsamlegu ábendingar fyrr en eftir að allt var komið í óefni, urðu vitrir eftir á. Ef þeir hefðu orðið vitrir fyrir fram, ef þeir hefðu orðið vitrir á réttum tíma og ef þeir hefðu getað bent Alþingi og ríkisstjórn, Kröflunefnd og Orkustofnun á hvaða mistök væri verið að gera hefði margt farið á annan veg. En þeir reyndust bara mannlegir eins og aðrir. Þeir voru ekki búnir spásagnaranda og komu ekki fram með gagnrýni sína fyrr en eftir á. Það eru kannske mestu mistökin. En ekki ætla ég að áfellast þá fyrir það.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Aðeins örfá atriði. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög.

Hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um það mikið hér síðast að menn hefðu orðið vitrir eftir á. Satt er það að vísu. Hins vegar man ég mætavel hvenær þessi orð voru sögð sem ég hafði eftir aðstoðarmanni ráðherra, Jónasi Elíassyni. Þau voru sögð á fundi um sjávarútvegsmál í ársbyrjun 1976. Þá var Króflufirkjun ekki mjög langt komin og engar byggingar hafnar og sennilega hægt, að mér er sagt, að afturkalla kaup á túrbínum. En hvað um það. (**RA:** Þá var stöðvarhúsið risið, hv. þm.) Stöðvarhúsið var ekki risið þá.

Hér kom fram áðan að slátrun hefði átt sér stað á túrbínu 2. Svo er ekki að ég síðast vissi. Ég spurðist sérstaklega fyrir um það fyrir ekki mjög löngu og mér var sagt að það væri til í hana svo til allt sem með þyrfti. Ég hafði heyrt þetta líka og hafði áhyggjur af því, en það mun ekki vera ástæða til að hafa áhyggjur af því. Hún mun vera nokkurn veginn í lagi.

Auðvitað er ljóst að það fækkar atvinnutækifærum á þessu svæði við þetta. Ég reikna með að það fækki þarna fólki. Mér skilst að nú sé búið að endurráða 11 manns af u.þ.b. 17 sem fyrir voru. Hitt er svo annað mál að heimamenn í Mývatnssveit eru svo sem ekkert að kæra sig um að haldið sé uppi þar atvinnubótavinnu fyrir einhvern ákveðinn mannfjölda ef það er hagkvæmt að reka þetta fyrirtæki með minni mannafla.

Annað varðandi heimaaðila, Mývetninga. Þeim var sérstaklega tryggt að við alla samninga yrði staðið og það var þeim mikils virði, sérstaklega í sambandi við gufusölu til Hitaveitu Mývatnssveitar sem nú á haustdögum hefur verið stækkuð um þriðjung. Þá var það mjög mikils virði fyrir þá að við þá samninga yrði staðið.

Varðandi eitt atriði enn sem hv. þm. Sveinn Jónsson nefndi áðan, að hvað snerti svokallaða leiðréttingu kósínus pí, sem er verkfræðilegt hugtak, sé Króflufirkjun ákaflega vel staðsett. Það er rétt eins og er, en þessi kostur við virkjunina mun minnka með tilkomu Blönduvirkjunar af eðlilegum orsökum.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson talaði um að ræðumenn hefðu skellt skuld á Króflunefnd. Ég kannast ekki við að ég hafi gert það, en hann hefur sennilega tekið það svo. Ég veit ekki hvaða ræðumenn hann átti við að öðrum kosti í fleirtölu.

Hann vildi fá að vita um rannsóknakostnað, hvað væri eiginlegur rannsóknakostnaður. Það er áreiðanlega mjög erfitt að meta það. Það verður sjálfsagt aldrei hægt að meta t.d. hvað snertir svokallað Sjálfskaparvíti hversu mikið rannsóknargildi sú hola hafði, en hún kostaði milljón dollara eða meira. Eins og menn kannske muna sprakk hún í loft upp og myndaðist leirhver þar sem hún var. Eitt er þó öruggt, að Króflufirkjun hefði orðið dýrari og skuldirnar meiri ef eigendur hefðu gert jafnstrangar kröfur til jarðhitaréttinda og þeir hafa gert sums staðar annars staðar á landinu.

Ég skildi ekki heldur eða öllu heldur fannst mér það ekki koma málinu beint við þegar hv. þm. fór að tala um hvernig stæði með sölu á orku til annarra hluta, til álvers og þar fram eftir götunum. Ég held að það hafi kannske ekki átt heima í þessari umræðu þó að það megi vel vera.

Þetta var það sem ég vildi hafa tekið fram í þessari umræðu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Við hv. 3. þm. Norðurl. v. höfum áður átt hér nokkur orðaskipti einmitt um þessi mál og það verð ég að segja að ólíkt þótti mér sú ræða sem hann flutti nú þekkilegri en sumar þær sem ég hef heyrt hann flytja hér um sama mál í þessum ræðustól.

Hann talaði um þá samfelldu keðju mistaka sem átti sér stað í sambandi við þessa stóru framkvæmd og rakti það mjög ítarlega, enda þekkir hann vel til þessa máls í hvívetna. Víst skal viðurkennt og hefur aldrei staðið á því að Króflunefnd verður aldrei kennt um öll þau mistök sem þarna voru gerð. Það dettur engum lifandi heilvita manni í hug. En hitt er svo það, sem ekki verður breytt og er gagnrýni vert, að af hálfu Króflunefndar og þó kannske einkum af hálfu formanns Króflunefndar var þetta mál nær ævinlega rekið meira af kappi en forsjá.

Ég ætla ekki að fara að tala um ávísanahefti Króflunefndar, hætta mér út á þann hála ís. Ég hygg að við hv. 3. þm. Norðurl. v. getum verið sammála um að fjármálastjórn var þarna ekki alltaf sem skyldi, kostnaðargát eða eftirlit með eðlilegum hætti.

Þetta var gagnrýnt. Að sumu leyti var þetta gagnrýnt eftir á einfaldlega vegna þess að upplýsingarnar lágu ekki fyrir og það var ekki auðhlaupið að þeirri nefnd sem rak þessar framkvæmdir. Það var fimm manna nefnd sem rak þessar framkvæmdir áfram af miklum þunga og hún var ekkert aðgengileg almenningi. Sumt var gagnrýnt eftir á og af eðlilegum ástæðum. Það er alltaf ágætt að geta verið vitur eftir á, en það á bara ekki við um allt það marga sem þarna var gagnrýnt.

Hv. þm. sagði að ég hefði ekki hlustað á hans mál. Ég held að hann hafi kannske ekki heldur hlýtt nægilega vel á mitt mál. Hann vék að því að ég hefði talað um söluna. Ég hef kannske ekki látið það koma nægilega skýrt fram að ég veit ekki hversu rétt er að tala um sölu í tilviki sem þessu. Þetta er ekki eiginleg sala. Þarna er eitt fyrirtæki í almannaeigu, í eigu ríkisins og í eigu tveggja sveitarfélaga, að taka við eign frá ríkinu. Það er í rauninni verið að færa á milli mjög skyldra aðila. Þetta er í mínum huga ekki raunveruleg sala. Þarna eru gerðar tilfæringar með tölur þar sem talað er um kaupverð annars vegar og síðan eftirstandandi skuldir sem verða eftir hjá fyrri eiganda. Eins og hv. 5. þm. Vesturl. benti á áðan, að ég hygg, er auðvitað með þessum hætti verið að fela hið raunverulega orkuverð, hvað orkan raunverulega kostar. Þetta er ein leið til að niðurgreiða orku. Það mætti auðvitað fara þessa leið í miklu stærri mæli og kannske verður það einhvern tíma gert, láta bara ríkissjóð yfirtaka svo og svo mikið af skuldum Landsvirkjunar o.s.frv. til að greiða niður orkuverðið.

Ég hygg líka að hann hafi kannske misskilið mín orð. Ég vitnaði til þeirra orða að svo hefði verið sagt að það væri engin virkjun svo vitlaus að hún borgaði sig ekki einhvern tíma í hinni óendanlegu framtíð sem vonandi blasir við okkur öllum. (**Menntmrh.:** Hver sagði þetta?) Þetta eru fleyg orð. (**Menntmrh.:** *Voru þau mín?*) Nei, það held ég ekki. Þó að hæstv. fyrrv. iðnrh. hafi látið mörg fleyg orð falla veit ég ekki hvort er hægt að eigna honum þessi.

Það er rétt að við höfum öðlast verðmæta reynslu í sambandi við Króflufirkjun, en sú reynsla hefur líka orðið afar dýrkeypt.

Það var vikið að því hér líka, hv. þm. Ragnar Arnalds gerði það, að þessi lög hefðu verið samþykkt samhljóða. Auðvitað er það rétt. En lögin eru eitt, framkvæmdin og framgangsmáti framkvæmdanna er annað. Þarna verða menn auðvitað að greina á milli.

Það er líka svo að enginn talar um það hér að gera hv. þm. Ragnar Arnalds sérstaklega ábyrgan fyrir öllu því sem gerðist þar. Það dettur mér ekki í hug þó við höfum sitt hvað sagt um þetta í gegnum árin. En auðvitað ber Kröflunefnd þarna nokkra ábyrgð. Auðvitað ber formaður þeirrar nefndar og ýtustjóri þessa verks, sem ég hygg að hann hafi verið, Jón Sólnes, mikla ábyrgð. Auðvitað ber Alþingi líka allt ábyrgð. Það má sjálfsagt um það deila í það endalausa hvernig þessi ábyrgð á að skiptast, ef menn fara út í það, en ég hygg að það verði ekki aftur snúið með að ábyrgð Kröflunefndar og hennar formanns var í þessu máli býsna mikil. En ég skal líka fúslega viðurkenna að sumt af því sem þarna gerðist verður Kröflunefnd ekki með neinum rétti sökuð um, það sem kom í ljós seinna.

Ég ítreka að þarna var ýmislegt ámælisvert, ýmislegt athugavert, málið var sótt og því ýtt áfram af feiknalegu kappi og kannske ekki alltaf, og alls ekki eftir á að hyggja, nægilegri forsjá. En frv. sem hér um ræðir sýnist mér ekki hafa neinar stórbreytingar í för með sér þó það nái fram að ganga. Það er kannske svolítið öðruvísi ástatt á því borði þar sem orkumálin liggja, ef þannig má taka til orða, en í grundvallaratriðum breytir þetta í rauninni engu.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Því miður er hv. 5. þm. Norðurl. e. ekki hér í salnum.

Það var eitt, sem hann vék að, sem ég get ekki annað en haft örfá orð um. Hann undraðist það í minni ræðu þegar ég minntist á orkusölu til stóriðju og í sömu andránni minntist ég á erlenda aðila. Ég veit ekki betur en allverulegur hluti þessara umræðna byggist m.a. á því hversu stór hluti af orkuframleiðslu okkar er ekki nýttur og fjárhagur Landsvirkjunar mótast ekki síst af því. Lagt hefur verið í miklar fjárfestingar, eins og kunnugt er, sem ekki nýtast. Að mínum dómi er því augljóst að eftir því sem orkunýtingin er betri og meiri, þeim mun meiri líkur eru á því að byggt verði undir góðan fjárhag Landsvirkjunar og þar með landsmanna allra. Af þessum sökum ekki síst taldi ég eðlilegt, m.a.s. við þessa umræðu, að fram kæmu einhverjar upplýsingar um hvað næst stæði um frekari orkunýtingu, hvað væri fram undan.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins drepa á þetta og tel fullkomlega eðlilegt að á það sé minnst við þessar umræður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, stjfrv. 127. mál (þskj. 140). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, en frv. um það efni hefur verið lagt fram á þskj. 140.

Eins og þingheimi er kunnugt var þessi skattur fyrst á lagður á árinu 1979. Skatturinn hefur síðan verið við lýði í nær óbreyttri mynd þó svo honum hafi í fyrstu aðeins verið ætlað að greiða úr tímabundnum fjárhagsvanda ríkissjóðs. Í umræðum um fjárlagafrv. fyrir næsta ár hefur komið fram að nauðsynlegt er, með tilliti til þess vanda sem við blasir í efnahagsmálum þjóðarinnar, að seinka a.m.k. ýmsum fyrri áformum um lækkun skatta þar sem svigrúm til slíks er ekki fyrir hendi við þessar aðstæður. Með hliðsjón af þessu, svo og í samræmi við fyrri forsendur fjárlagafrumvarpsins, verður ekki hjá því komist að leggja til að framhald verði á sérstakri skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Samkvæmt fjárlagafrv. er áætlað að álagning skattsins nemi um 110 millj. kr., en innheimta nemi um 100 millj. kr. á næsta ári.

Frv. er efnislega eins og lög nr. 130/1984 er fjölluðu um álagningu og innheimtu skattsins á þessu ári. Lagt er til að skatthlutfallið verði óbreytt frá fyrri lögum eða 1,1% af skattstofni sem er fasteignamatsverð í árslok 1985.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, að fara frekari orðum hér um. Þetta mál liggur ljóst fyrir og hefur verið endurnýjað árlega síðan 1979. Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég kann ekki við annað en óska hæstv. fjmrh. til hamingju með það mál sem hann flytur hérna. Það er öllum kunnugt að Sjálfstfl. hefur barist af miklum þrótti gegn þessari skattlagningu og þegar ég var fjmrh. flutti ég aldrei framsöguræðu fyrir þessu máli svo að ekki stykki í stól nokkur stykki sjálfstæðismanna og hallmæltu þessum skatti og særu þess dýran eið að hann skyldi afnuminn þegar þeir kæmu til valda. Ég get því ekki látið hjá líða að óska hæstv. ráðh. til hamingju með sinnaskiptin, sem ég tel af hinu góða, þó vissulega hefði ég getað hugsað mér að skatturinn væri hærri en hann er því að fyrirrennari hans í embætti lækkaði þennan skatt verulega. Það er hins vegar skref í rétta átt að koma nú með skattinn óbreyttan frá því sem áður var þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar og aldrei að vita nema ráðherrann fengist til að bæta einhverju ofan á. Að vísu mætti hugsa sér máltækið: Batnandi ráðherra er best að sitja. Ég vil þó ekki gera það að mínum orðum í þessu sambandi vegna þess að það er ýmislegt annað sem hæstv. ráðh. hefur á prjónunum og ég er ekki sérlega hrifinn af. En þetta er sem sagt merkur áfangi í störfum þessa ráðherra og sýnir í öllu falli að hann á það til að koma með góða hluti hér.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það er að sönnu rétt að það hefur verið stefnumið Sjálfstfl. að komast hjá því að leggja á þennan skatt. Í sjálfu sér er það auðvitað ósæskilegt að mismuna með skattheimtu, eins og í raun og veru er verið að gera með þessum skatti þar sem lagður er eignarskattur á eina tegund atvinnurekstrar með öðrum hætti en á aðrar. Það verður hins vegar ekki hjá því komist vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru og þess mikla fjárhagsvanda sem við er að etja að framlengja þennan skatt í eitt ár til viðbótar og við erum reiðubúnir að axla þá

ábyrgð í ljósi þeirrar þröngu stöðu.

Vegna ummæla hv. þm. Ragnars Arnalds um lækkun þessa skatts, þá eru það nokkuð misvísandi ummæli vegna þess að þar var fyrst og fremst um það að ræða að lækka skattprósentu til samræmis við lækkandi verðbólgu þannig að greiðslubyrði skattsins yrði sem næst óbreytt þrátt fyrir lækkun verðbólgunnar á milli ára. Það var meginástæðan fyrir þeirri breytingu sem gerð var. Mér þykir rétt að þetta komi hér skýrt og skilmerkilega fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 17. fundur.

Miðvikudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Jarðhitaréttindi, frv. 5. mál (þskj. 5). — Frh. 1. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því sem ég hef raunar gert hér fyrr í hv. deild að af minni hálfu var um það tillaga, sem ég kom á framfæri við formenn þingflokka, að þeim málum sem varða eignar- og umráðarétt á auðlindum, náttúruauðlindum, landi og hafsbotni og eru hér á dagskrá deildarinnar, verði vísað til sérnefndar á grundvelli 15. gr. þingskapa. Tillagan var sem sagt um það að kosin yrði skv. heimild í þingsköpum sérstök þingnefnd til þess að fara yfir þessi mál sem hafa verið í meðförum þingsins á fyrri stigum, á fyrri þingum, oftar en einu sinni og oftar en tvisvar sum hver, en ekki hlotið afgreiðslu. Hér er um að ræða mál sem öll eru skyld í eðli sínu. Hér er um sama „prinsippið" að ræða, svo ég noti það orð, sömu meginsjónarmiðin að ræða hjá flm. og því væri eðlilegt að þessi mál fengju hliðstæða meðferð í þinginu. Auðvitað er hægt að gera það innan þingnefnda sem við höfum kosið en hitt tel ég þó miklu vænlegra, að á þessu máli sé tekið sérstaklega og þingflokkum gefist kostur á að kjósa menn til þeirra verka í sambandi við sérstaka nefnd sem þingdeildin setti á fót til að fjalla um þessi efni.

Mál nr. 1, nr. 2 og nr. 3 á dagskrá hafa áður komið til iðnn. þessarar deildar á fyrri þingum. Mál nr. 4, Land í þjóðareign, og mál nr. 8, Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, hafa verið til meðferðar í allshn., sumpart í Nd., sumpart í Ed., fyrir nokkrum árum. Ég legg á það áherslu að þessi mál verði samferða í athugun á vegum þingdeildarinnar og því er það mín tillaga, ef ekki verður fallist á aðaltillögu mína um að sett verði á laggirnar sérnefnd til að fjalla um þessi mál, að þá verði þessum málum öllum vísað til allshn. og mæli ég þar sérstaklega fyrir varðandi þau mál sem ég er 1. flm. að, 1., 2. og 8. mál á dagskrá þingdeildarinnar í dag.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil vegna þessara athugasemda minna á að deildin tók afstöðu til þeirrar megintillögu sem hv. þm. gerði í máli sínu um að vísa þessu máli til sérstakrar nefndar; tók afstöðu til þess með því að fella þá hugmynd með atkvæðagreiðslu. En eins og þetta mál liggur nú fyrir og eftir að við höfum velt þessu mjög fyrir okkur og hv. þdm. vita um skoðanir flm. 1. dagskrármálsins og þetta hefur verulega verið rætt hér, bæði í deildinni og í þingflokkum, þá sér forseti ekki annan kost vænni eða eðlilegri heldur en að bera þessi mál nú undir atkvæði hvert af öðru. Og þá er tekið fyrir, eins og kynnt var, 1. dagskrármálið, Jarðhitaréttindi, og það er atkvæðagreiðsla við 1. umr. sem nú fer fram.

Það hafa komið fram og liggja fyrir nú tvær gildar tillögur um meðferðina, annars vegar að vísa málinu til iðnn., hin er sú að vísa málinu til allshn. Ég ber upp þá tillögu að málinu verði vísað til iðnn. (**Gripið fram í:** Frá hverjum er sú tillaga?) Sú tillaga er frá hv. 2. þm. Norðurl. v. (**Menntmrh.:** Er það ekki til 2. umr. kannske?) Jú, jú. Það er líka reyndar. En sem sagt þessar tvær tillögur eru uppi og nú verða greidd atkvæði hér.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Mér var ekki ljóst þegar ég mælti umrædd orð hér áðan að á fundi Nd. á mánudag hefði verið útkljáð varðandi tillögu mína um sérnefnd, en ég hafði fjarvist á þeim fundi. En tillaga mín, sem ég lýsti hér áðan, að þeirri tillögu felldri, er um að þessum málum, sem ég er 1. flm. að, verði vísað til allshn. og mér finnst óeðlilegt að sú tillaga sé ekki borin upp fyrst þar sem ég er flm. þessara mála og legg til allshn. í þessu sambandi. Ég tel óeðlilegt annað en að á það verði látið reyna fyrst, áður en borin er upp tillaga um aðrar þingnefndir.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það hefði vissulega komið til greina að kjósa sérnefnd til þess að fjalla um öll þessi mál, 1., 2., 3. og 8. sem hér eru á dagskránni, en sú tillaga hefur þegar verið felld. Upphafleg tillaga hv. flm. 1. málsins, Hjörleifs Guttormssonar, var að það færi til sérnefndar. Hér hefur verið lýst að hliðstætt mál hefur verið til meðferðar hjá hv. iðnn. þegar það hefur komið fyrir á fyrri þingum. Ég get ekki fallist á það að þessi mál öll skuli fara til umfjöllunar í allshn. og lýsi þeirri skoðun minni að 1., 2. og 3. málið skuli fara til iðnn. en 4. og 8. málið til allshn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er slæmt að ekki hafi náðst samstaða um að skoða öll þessi mál í einni heild. Hefði nú mátt vænta þess að þingið, sem samþykkt hefur ný þingsköp til þess að tryggja betri og virkari vinnubrögð, ætti að vera reiðubúið til þess að fallast á jafnskynsamlega aðferð og hér hefur verið lögð til. Það hafa ekki hér og nú komið fram skýrar ástæður fyrir því hvers vegna þessari beiðni var hafnað. Væri æskilegt að þær kæmu hér fram á nýjan leik. Hitt hefur svo verið venja hér í þinginu almennt að taka tillit til óska flm. um það til hvaða nefnda málum er vísað. Flm. þessa máls hefur óskað eftir því að því sé vísað til allshn. og það er einsýnt að það er tillaga sem fyrst á að bera upp. Hæstv. forseti ætlaði hins vegar að fara að bera upp tillögu um að þessu yrði vísað til iðnn. og ég vil gjarnan spyrja hæstv. forseta: Hver er flm. þeirrar tillögu að þessu máli verði vísað til iðnn.?

Forseti (Ingvar Gíslason). Ég hef þegar upplýst það að tillaga er um það frá hv. 2. þm. Norðurl. v. að málið gangi til þessarar nefndar og hann grípur nánast á lofti þá tillögu sem fyrst var borin fram um þetta mál af flm. Þetta er hins vegar að verða svo langt mál að það er kannske vafi hvort allir muna lengur hver gangurinn hefur verið í þessu máli. En ég vil endurtaka það að deildin sker úr um þetta. Og nú verða þessar tillögur bornar upp og ég ber fyrst upp eins og ég hef áður kynnt 1. dagskrármálið, Jarðhitaréttindi, og þeir hv. þdm. sem vilja vísa málinu til 2. umr. gjöri svo vel að gefa merki. (**HBl:** Því hefur þegar verið vísað til 2. umr.) Er það klárt mál? (**HBl:** Já, það er bókað hér í málaskrá.) (**Gripið fram í:** Það er ekki verra að gera það aftur.) Ekki getur prótókollinn blekkt okkur. Það er þegar búið að vísa því til 2. umr. og þá verður borin upp tillaga um að vísa málinu til iðnn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta eru auðvitað algjörlega óeðlileg vinnubrögð af hæstv. forseta. Ég vona að hann sjái það í hendi sér þegar hann hugleiðir málið augnablik. Flm. málsins hafði lagt til í upphafi að málið færi til sérnefndar — og sérstaklega lagt áherslu á að málið færi til sérnefndar. Því var hafnað. Flm. leggur síðan til að málið fari til allshn. Síðan kemur einhver þm., að vísu formaður hv. iðnn., og leggur til auðvitað að málið fari til sinnar nefndar. En þó að á bak við þá kröfu sé kannske býsna mikill þungi þar sem þetta er hans eigin nefnd, og það er skiljanlegt að hann leggi kapp á það, þá er hans tillaga brtt. við tillögu flm. og því eðlilegt að bera það fyrst upp hvort málinu verði vísað til allshn. Ég fer þess eindregið á leit við hæstv. forseta að hann láti atkvæðagreiðslur ganga í þeirri röð.

Forseti (Ingvar Gíslason): Í sjálfu sér skiptir þetta ekki mjög miklu máli og ekki mundi forseti vilja standa hér í stórræðum eða illdeilum við hv. þdm. út af þessu efni vegna þess að deildin sker úr um það og ég vona að hv. þdm. hafi skoðun á þessu og þrek til að greiða atkvæði eftir sannfæringu sinni í hvaða röð svo sem slík tillaga er borin upp. En ég vil þó taka það fram, í sambandi við það sem hv. síðasti ræðumaður var að segja hér um þetta efni, að hv. flm. þessa máls, 5. þm. Austurl., bar fyrst upp tillögu um að þessu máli yrði vísað til iðnn. Síðan kom annar hv. þm., 5. þm. Vestf., með þá hugmynd að rétt væri að vísa þessu máli til allshn. Síðan kemur þriðja tillagan eftir mjög langan tíma um það að eðlilegast væri að þessu máli yrði vísað til sérnefndar. Þannig að hugmyndirnar hafa verið ýmiss konar í þessu. Og um það að rangt sé að bera fyrst upp þá hugmynd, um iðnn., þá lítur forseti svo á að svo þurfi hreint ekki að vera vegna þess að þar er tekin upp sú fyrsta uppástunga sem kom um nefnd í þessum umræðum og því er hún nú borin fram. En til þess að ekki fari á milli mála — og við þurfum ekkert að vera að deila um þetta öllu lengur — þá er forseti margfús til þess nú að bera það upp að þessu máli verði vísað til allshn. og það skal nú gert. (**FrS:** Það er óskað skýringa á því um hvað atkvæðagreiðslan er.) Jú, það verður gert, að sjálfsögðu. Það fer nú fram atkvæðagreiðsla um að vísa 1. dagskrármálinu til allshn. Og 1. dagskrármálið er Jarðhitaréttindi, 5. mál Nd., þskj. 5.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til allshn. felld með 15:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GeirG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HBl, HG, JS, SighB, KHT, KH, ÓÞÞ, SJS, SvG.

nei: BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, EKG, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, StG, SV, SvH, ÞP.

IG greiddi ekki atkv.

7 þm. (AS, EBS, JBH, KSK, RH, StH, ÞS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þar sem þetta mál hefur verið flutt tvívegis áður, þá verið sent til hv. iðnn., og einkum og sér í lagi vegna þess að 1. flm. málsins á sæti í iðnn. tel ég ástæðu til þess að málið fari þangað og segi því nei.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í ljósi þess að hér er um eignarréttarmál að ræða og það hefur verið flutt alloft án þess að komast lengra en til iðnn. og eins hins að 1. flm. situr í iðnn. og ekki er sanngjarnt að hann sé umsagnaraðili um eigin mál tel ég rétt að vísa málinu til allshn.

Frv. vísað til iðnn. með 20:2 atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það liggja fyrir tvær bækur með upplýsingum um það hvort þessu máli hafi verið vísað til 2. umr. eða ekki. Önnur bókin er undirrituð af forseta og skrifara deildarinnar, öðrum. Hin undirrituð af aðeins öðrum skrifara deildarinnar. Nú þykir mér sanngjarnt að fá úr því skorið hvort mér beri sem skrifara að bóka það að þetta mál hafi verið afgreitt til 2. umr. og þá með hve mörgum atkvæðum því ella gæti svo farið að niðurstaðan yrði sú að það kæmi í ljós að samkvæmt þeim bókum sem skrifstofan fer eftir hefur málinu aldrei verið vísað til 2. umr. og óvíst hvort það fer þá nokkuð lengra.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er bókað í málaskrá Nd. Alþingis að hinn 18. nóvember hafi það gerst að máli þessu hafi verið vísað til 2. umr. en fellt að vísa tillögunni til sérstakrar nefndar. Ég vil biðja skrifara, hv. þm. Ólaf Þórðarson, að hlusta á segulbandsupptökur af nefndum þingfundi og athuga hvers hann verður vísari eftir þá hlustun.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mér þykir komið í hið mesta óefni hér. Skrifarar deildarinnar eru komnir í hár saman og þurfa að hlusta á segulbandsupptöku til þess að komast að niðurstöðu um það hvor hafi á réttu að standa í sambandi við bókun málaskrár þingsins. Þar utan fáum við áskorun frá hæstv. forseta um að hafa þrek til að taka afstöðu til máls en hann einn situr hjá og hefur enga afstöðu. Þetta er hið mesta og versta mál.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er nú þegar upplýst að samkvæmt málaskrá voru greidd atkvæði um þetta efni og málinu þá vísað til 2. umr. og um það verður ekki þráttað meir.

Orka fallvatna, frv. 59. mál (þskj. 61). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og forseti greindi frá hér úr forsetastóli þá kom fram tillaga við umræðu um málið að vísa málinu til allshn. Það var eina tillagan sem kom fram í umræðum um málið. Hún er eina gilda tillagan sem hér hefur verið flutt um hvernig eigi að vísa þessu máli til nefndar. Þótt formaður iðnn. kalli fram í hér í salnum í þann mund sem atkvæðagreiðsla er að hefjast að hann vilji láta vísa þessu til sinnar eigin nefndar þá er það ekki gild tillaga. Hæstv. forseta ber þess vegna að bera fram þá einu tillögu sem flutt var úr ræðustól þingsins, að málinu sé vísað til allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hef ekkert á móti því að flytja tillögu mína um að vísa málinu til iðnn. hér úr ræðustólnum. Þetta mál hefur verið til meðferðar í iðnn. og við höfum á því víðtæka þekkingu og mikla reynslu í meðhöndlun málsins og ég vona að hún komi að gagni við framhaldandi umfjöllun málsins. Ég geri þess vegna tillögu um að þessu máli verði vísað til iðnn.

Hins vegar, herra forseti, hef ég ekkert á móti því að tillaga flm. um allshn. verði borin undir atkvæði fyrst.

Till. um að vísa frv. til allshn. felld með 16:14 atkv.

Frv. vísað til iðnn. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, EKG, MÁM, ÓE, PP, PJ, PS, StG, SV, SvH, ÞP, BÍG, IG.

GeirG, ÓRG, GA, GHelg, HG, JS, SighB, KHT, KH, ÓÞÞ, SJS, SvG greiddu ekki atkv.

9 þm. (EBS, GSig, GE, JBH, KSK, RH, StH, ÞS, AS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég tel vafa á að sú tillaga sem hér er verið að bera upp sé rétt fram borin. Eins og lýst var áðan kom ekki fram nein tillaga á meðan umræður fóru fram um að vísa málinu til iðnn. og umræðu lauk á þann veg að aðeins ein tillaga var fyrirliggjandi, þ.e. tillaga um allshn.

Hins vegar kom formaður iðnn. hér upp í ræðustólinn undir öðrum dagskrárlið, þ.e. umræðu um þingsköp, og orðaði þá hugsun sína í tillöguformi að þessu máli yrði vísað til iðnn. Ég tel mikinn vafa leika á, þó ég ætli ekki að lengja fundartíma deildarinnar með því að deila við hæstv. forseta um það, að sú till. sé í raun og veru rétt fram borin þar eð hún hafi verið of seint fram komin vegna þess að umræðu var lokið og búið að vísa málinu til 2. umræðu þegar hugmyndin um iðnn. kom fram. Ég greiði þess vegna ekki atkvæði.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég hygg að þessi túlkun sé ekki rétt hjá hv. þm. Samkvæmt dagskrá er málið til framhalds 1. umræðu, atkvgr., og að sjálfsögðu hefur ætíð verið svo að á því stigi komi upp hugmyndir manna um nefndir og ég held því að það sé ekkert efamál að þessi tillaga er rétt fram komin.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í 15. gr. þingskapa segir svo orðrétt, með leyfi forseta: „Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess" þannig að það er mín skoðun að hæstv. forseti hafi fullan rétt til þess að taka upp eða bera fram till. eins og hann hefur gert. Ég vil hins vegar taka fram að ég vona að kapp formanns iðnn. Nd. á að fá þessi mál til nefndar sinnar beri vott um það að hann ætli sér að reyna að afgreiða þessi mál á þessu þingi.

Ég vil einnig vísa til þess, herra forseti, að ein af starfsskyldum forseta er að sjá til þess að nefndir ljúki afgreiðslu þeirra mála sem þær taka að sér. Ég sé samt sem áður ekki ástæðu til þess að greiða atkvæði um þetta mál og mun ekki gera það, en hins vegar vil ég koma þeirri eindregnu ósk á framfæri við hæstv. forseta að hann sjái til þess að þessi ákafi nefndarformaður standi sig þá betur í sambandi við málið núna á þessu þingi en hann hefur gert á undanförnum þingum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti mun gera sitt allra besta til þess að þessu máli verði lokið og koma þeim boðum til hv. formanns iðnn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég tel það í raun og veru með öllu tilgangslaust að senda mál þetta til hv. iðnn., sem í þessu tilfelli væri e.t.v. betur nefnd nefnd sláturleyfishafa eins og önnur slík fékk heiti hér um daginn. Það liggur nokkuð ljóst fyrir hver muni vera tilætlan virðulegs formanns þeirrar nefndar. Hún mun vera svipuð og undanfarin ár að sveifa þetta mál svefninum langa í djúpfrystinum á Höllustöðum og það væri mér því skapi næst að segja nei, herra forseti, en vegna þess að ekki liggur fyrir tillaga um neina aðra nefnd á þessu stigi málsins greiði ég ekki atkvæði.

Orkulög, frv. 67. mál (þskj. 69). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil benda hv. Alþingi á að orkufrv. sem liggur fyrir á þskj. 69 fjallar um eignarrétt á landi. Slík mál heyra undir dómsmrn. eða forsrn. Það leiðir af sjálfu að það er ákaflega óvanalegt að slíku máli sé vísað til iðnn. jafnvel þótt formaður þess sé hv. þm. Páll Pétursson.

Ég vil vara menn við þessum leik með vísun mála til nefnda og mig undrar að hv. 2. þm. Reykn., prófessor í lögum og formaður allshn., skuli ekki benda hv. þingheimi á þessa vitleysu. Og ég vil vara menn við að vera með svo gáleysislegar tillögur sem hér á sér stað. Það gæti farið svo að ég færi fram á að málinu yrði vísað til heilbr.- og trn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur þegar bent á alvarlegan annmarka þess að vísa þessu máli til hv. iðnn. Ég vil auk þess vekja athygli hæstv. forseta á því að þegar hefur komið fram í dag frá mönnum sem gjörkunnugir eru störfum þessarar deildar, m.a. öðrum hv. ritara deildarinnar Ólafi Þ. Þórðarsyni, að formaður iðnn. hefur ekki stýrt nefndinni með þeim hætti á undanförnum árum að frumvörp þau sem verið er að fjalla um og önnur lík hafi

komið til deildarinnar aftur. Bæði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og ýmsir aðrir hafa dregið mjög í efa að iðnn. sé þannig ákjósanlegur vettvangur til þess að fá málin aftur hér inn í deildina, en það hlýtur að vera markmið þingsins að fá málin til afgreiðslu en ekki svæfa þau.

Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir í garð hv. formanns iðnn., Páls Péturssonar. Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta að þessari atkvæðagreiðslu um nefnd verði frestað og tekin fyrir á næsta fundi. Tíminn verði notaður til þess að forseti deildarinnar afli sér upplýsinga um það hvaða málum iðnn. skilaði frá sér á síðasta þingi, hvaða mál sátu eftir í nefndinni, hvenær þeim var vísað til nefndarinnar og hve lengi þau voru þar óafgreidd, þannig að deildin geti fengið greinargerð um störf iðnn. áður en atkvæðagreiðsla fer fram. Ég tel það nauðsynlegt til þess að deildin hafi möguleika á að vega það og meta hvort iðnn., með tilliti til þeirra upplýsinga og skoðana sem hér hafa komið fram, sé treystandi fyrir málinu ef markmið okkar er að fá það aftur til umfjöllunar. Ég vil því, herra forseti, bera fram þá formlegu ósk að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað þar til á næsta fundi deildarinnar og þessara upplýsinga aflað til næsta fundar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér þykir það nú vera fullmikil tilætlunarsemi hjá hv. stjórnarandstöðu ef hún býst við að iðnn. deildarinnar sé einhver sjálfsafgreiðslustofnun. Það er unnið þar í málum og það er farið vandlega yfir þau. Fjallað er um þau á mörgum fundum; sum eru afgreidd og sum ekki eftir því sem efni standa til.

Við höldum samviskusamlega fundi og það er mikið mannval í þessari nefnd því að það er ekki það að ég eigi þar einn sæti heldur sitja miklu fleiri góðir menn í deildinni. Ég nefni af handahófi hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson, hv. þm. prófessor Gunnar G. Schram, hæstv. fyrrv. iðnrh. Hjörleif Guttormsson, hæstv. fyrrv. sjútvrh. Kjartan Jóhannsson, hæstv. forseta deildarinnar Ingvar Gíslason. (Gripið fram í.) Forseti deildarinnar. Það er fljótlegt að skera úr því. Ég beini því til forseta deildarinnar hvort ég muni það ekki rétt að hann eigi sæti í iðnn. Ég held að enginn vafi leiki á því. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í hv. iðnn. áður og eins og með fleiri mál höfum við á því víðtæka þekkingu og mikla reynslu í meðferð málsins og þess vegna tel ég að eðlilegt sé að það sé þar niður komið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sú ræða sem formaður iðnn., hv. þm. Páll Pétursson, flutti var sterkur rökstuðningur fyrir beiðni minni, sem ég setti fram áðan, um að þetta mál verði kannað nánar til næsta fundar. Það hefur þegar komið í ljós að hv. þm. Páll Pétursson veit ekki hverjir eru í þessari nefnd. Hann gleymdi t.d. að nefna hér Friðrik Sophusson, varaformann Sjálfstfl. og einn höfuðtalsmann hans í þessum málaflokki hér á Alþingi. Það eru alvarleg mistök hjá formanni nefndarinnar að gera sér ekki grein fyrir að sjálfur varaformaður Sjálfstfl. situr með honum í nefndinni.

Það er í öðru lagi rangt með farið hjá formanni nefndarinnar að Kjartan Jóhannsson sitji í nefndinni. Hann situr ekki í nefndinni. (**PP:** Það var rangt með farið.) Já, það var rangt með farið. (**PP:** Það er Guðrún Agnarsdóttir sem situr í nefndinni.) Formaður nefndarinnar hefur ruglast á Kjartani Jóhannssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur í lýsingu sinni á því hverjir eru í nefndinni og er þess vegna nokkuð ljóst að formennskan fer honum ekki vel úr hendi. Það er grunnatriði að formenn í nefndum séu nokkurn veginn klárir á því í fyrsta lagi hverjir eru í nefndinni og hvers kyns þeir eru, en verði ekki á þau mistök sem fram hafa komið hjá formanni nefndarinnar Páli Péturssyni.

Öll þessi umræða sem við vöktum um þetta mál, hv. þm. Guðrún Helgadóttir og ég, hefur orðið til þess að upplýsa fyrir deildinni allri að mjög mikið skortir á að formennskan í iðnn. sé með slíkum glæsibrag að það sé réttlætanlegt að deildin taki heilan klukkutíma í að vísa hverju málinu á fætur öðru til þessarar nefndar. Ljóst er að forseti deildarinnar verður að láta það verða sitt fyrsta verk að kynna fyrir formanni nefndarinnar nú, einum og hálfum mánuði eftir að þing hefur hafist eða svo, hverjir eru í nefndinni. Ég vil þess vegna ítreka þá formlegu beiðni mína til hæstv. forseta að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað og að gerð verði gangskör að því að kynna fyrir formanni nefndarinnar hverjir sitja í nefndinni og kannað rækilega hvenær hún eigi að halda fundi og með hvaða hætti. Einnig, eins og ég lagði fram ósk umn áðan, að kynnt verði fyrir deildinni hvað nefndin hefur verið virk í því að skila málum frá sér á síðasta þingi, hve marga fundi hún hefur haldið og annað í þeim dúr.

Ég vil svo að lokum leiðrétta enn einu sinni hv. þm. Pál Pétursson þegar hann gat þess að það væri stjórnarandstaðan sem sérstaklega væri að hafa orð á þessum vanköntum á formennsku hans í nefndinni. Það var enginn annar en samflokksmaður hans, hv. ritari þessarar deildar Ólafur Þ. Þórðarson, sem rakti sérstaklega í greinargerð fyrir atkvæði sínu að á tveimur þingum hefði formanni nefndarinnar ekki tekist eða hann ekki viljað skila þessum málum frá sér. Þess vegna ákvað ritari deildarinnar, framsóknarmaðurinn hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, að standa með stjórnarandstöðunni í afgreiðslu á fleiri málum hér á fundinum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem mig langar til þess að vekja athygli á. Í fyrsta lagi er það rangt hjá hv. þm. Páli Péturssyni að við höfum áhyggjur af því að iðnn. sé sjálfsafgreiðslustofnun. Við höfum áhyggjur af hinu þveröfuga, sem sé því að nefndin afgreiði ekki.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli formanns iðnn. á því sama og kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að það er ekki bara stjórnarandstaðan sem hefur áhyggjur af hvernig nefndin hefur starfað undir hans stjórn heldur, eins og komið hefur fram í atkvæðagreiðslu, stjórn þingdeildarinnar, því að báðir þingritararnir hafa greitt atkvæði með því að 1. dagskrármálið færi til annarrar nefndar en þeirrar sem hv. þm. Páll Pétursson veitir forstöðu og forseti deildarinnar sat hjá við atkvæðagreiðslu um málið þannig að áhyggjurnar yfir störfum nefndarinnar sem hv. þm. veitir forstöðu ná alla leið upp fyrir stjórn þessarar hv. þingdeildar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að mín afstaða í þessu máli, sem birtist í umræðum um málið, var á þá leið að ég taldi að öll þessi mál sem fjölluðu um eignarrétt ættu að fara til allshn. af efnisástæðum. Ég hef ekki fellt neinn dóm um störf

manna í formennsku í nefndum og þó að vissulega sé rétt að nefndum ber að hafa það sem meginreglu að skila frá sér málum er þó betra að sitja á þeim en að láta þau fara frá sér vanhugsuð.

Hitt sýndist mér í þessu máli að komin væri alllöng bið og ég taldi að það væri ekki óeðlilegt miðað við efnisatriði málsins að vísa því til allshn. þó að ég ætli ekki að fara í neinn mannjöfnuð á milli nefndanna en hygg að hv. 2. þm. Reykn. hljóti að vera jafn að mannkostum í hvorri nefndinni sem hann situr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það kann að vera að fullmikið sé búið að tala um þetta mál, til hvaða nefndar á að vísa þessu máli. Ég vil í fyrsta lagi vegna þess að ég ber nokkra ábyrgð á hv. formanni iðnn., stakk upp á honum á fyrsta fundi og boðaði þann fund saman, lýsa því yfir sem einn af nefndarmönnum í hv. iðnn. að hann hefur starfað þar með ágætum og kvartanir ekki heyrst fyrr en nú frá utannefndarmönnum þannig að þetta eru ómaklegar árásir á formann iðnn. (**PP:** Fjórmenningar.) Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir er líka frænka formanns nefndarinnar og ég býst við að hann hafi ekki nefnt okkur tvö vegna þess að hann taldi ástæðulaust að nefna frændfólk sitt þegar hann var í ræðustólnum og ég þakka honum þá tillitssemi að láta ekki nokkurn mann vita af því að hann sé skyldur okkur báðum.

Það liggur fyrir í þessu máli að þegar er búið að fella tillögu þess efnis að kosin verði sérstök nefnd skv. þingsköpum til að taka á einum fimm málum sem hér eru á dagskrá. Meirihlutavilji deildarinnar liggur ljós fyrir. Þegar svo er komið kýs ákveðinn hópur þm. hér í hv. deild að reyna til þrautar hvort hægt sé að sameina málin, sem eru vissulega skyld að hluta, í allshn. Það hefur ekki tekist varðandi tvö fyrstu mál á dagskrá þannig að nú liggur fyrir hreinn og skýr meiri hluti fyrir því að málin fari til iðnn. eins og þau fóru á síðustu þingum. Þetta eru endurflutt mál og ekkert hefur komið fram sem hefur breytt afstöðu meiri hlutans til þess arna.

Ég tel, herra forseti, að það sé alveg ljóst að efni þeirra frv. sem eru 1., 2. og 3. mál á dagskrá eru iðnaðar- og orkumál og það er regla í þessari hv. deild að vísa málum sem snerta iðnrn., en það gera öll þessi mál óneitanlega, til iðnn. Þegar af þessum ástæðum tel ég algerlega út í bláinn að fresta þessari atkvæðagreiðslu. Það liggur fyrir skýr meirihlutavilji og ég bið um það að þessu máli verði ekki frestað heldur verði gengið til atkvæða og málið afgreitt þegar á þessum fundi þannig að iðnn. geti haldið áfram að starfa sleitulaust að þessum málum.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður tók nú af mér ómakið að mestu leyti. En ég get ekki orða bundist vegna þeirra röksemda sem hér hafa verið færðar fram. Hjá þeim sem hafa talað fyrir því að þetta mál færi til allshn. hefur það sérstaklega verið fært fram að það séu efnisatriði málsins sem kalli á það að málið fari þangað. Nú er allt í einu komin fram beiðni um frestun á málinu frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og röksemdafærslan er sú að hv. formaður iðnn. hafi staðið sig svo illa á síðasta þingi í að afgreiða hliðstæð mál sem þá voru fyrir nefndinni að það sé ástæða fyrir hæstv. forseta að kanna hvernig vinnubrögð hv. formanns hafi verið þá. Og ef sú yrði niðurstaðan að hann hafi unnið frekar slælega þá séu komin upp allt í einu rök fyrir því að málið skuli fara til einhverrar allt annarrar nefndar. Þá eru efnisatriði frv. sem sagt einskis virði. Ég vek athygli á þessu.

Mér sýnist málið hins vegar vera komið á það stig að það hljóti að vera spurning fyrir okkur þm. hvort við eigum yfirleitt að vera að vísa þessu máli til nefndar. Það er búið að fella að vísa málinu til sérnefndar. Og nú eru menn í deilu um það hvort eigi að vísa því til hv. iðnn. eða allshn. Ég er alveg tilbúinn að ræða það hvort það eigi yfirleitt að fara til nefndar og greiða bara atkvæði um málið nú þegar, ef umræðan er komin á svo lágt stig sem mér finnst hún vera. En ég ætla nú samt að greiða atkvæði með því að málið fari til hv. iðnn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil minna á að það er tillaga um það að vísa þessu máli til allshn. og um það á atkvæðagreiðsla að fara fram um 3. dagskrármálið. Ég vona að menn séu ekki orðnir svo ruglaðir í sínum eigin ræðum hér að menn átti sig ekki á því.

En út af því sem hér hefur verið talað og ekki síst vegna þess sem hv. 7. þm. Reykv. hefur sagt hér og farið fram á, að frestun fari fram á þessu máli, þá vill forseti minna á að þessi mál hafa mjög lengi verið til umræðu hér og menn hafa haft nægan tíma til að taka afstöðu til málsins efnislega, til hvaða nefndar þetta mál og mörg önnur fari. Af þeim ástæðum sér forseti enga ástæðu til þess að fresta þessu máli nú.

Ég vil líka minna á að þó að þetta mál kunni að hafa verið fyrir iðnn. í fyrra og ekki verið afgreitt þar þá er það út af fyrir sig engin sönnun þess að slælega hafi verið unnið í málinu eða í nefndinni yfirleitt. Einnig vill forseti minna á að það hefur engu máli enn verið vísað til hv. iðnn. (Gripið fram í.) Að því leyti til hefur naumast gefist tækifæri til þess fyrr en nú í dag, rétt er það, þannig að það hefur varla gefist tími til þess að nefndin kæmi saman nema til allra fyrsta fundar. Þannig að ég vona nú að það geti orðið gott samkomulag um það að við ljúkum þessu nú, þessum atkvæðagreiðslum, og ég ber upp tillögu um að vísa málinu til iðnn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Vill nú ekki forseti vera sanngjarn við deildina og fresta þessari atkvæðagreiðslu? Það er engin ástæða til annars en að verða við því, þegar beiðni kemur fram um það frá þm., að atkvæðagreiðslu sé frestað. Það er yfirleitt alltaf gert. Það væri sérkennilegt að taka upp þau vinnubrögð einmitt núna að keyra yfir sanngjarnar óskir sem fram koma í þeim efnum. Ég mælist til við hæstv. forseta, sem hefur jafnan sýnt sanngirni í störfum sínum, einnig við stjórnarandstöðuna, að hann komi til móts við menn og fresti þessari atkvæðagreiðslu þannig að unnt verði að skoða málin fram að næsta fundi. Ég beini þessu eindregið til hæstv. forseta, að hann sýni þá tillitssemi í störfum sínum sem forseti svo sem hann hefur jafnan gert, einnig í þetta skipti, í meðferð þessara mála og endurtek þá ósk sem hér hefur verið flutt af hv. 7. þm. Reykv. og ég er sannfærður um að margir aðrir þm. taka undir.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þegar svona einstaklega vel er að forseta farið verður hann við því að þessu máli

verði frestað til næsta fundar, en það eru líka eindregin tilmæli að við getum þá lokið þessu máli og deildin taki um það ákvörðun til hvaða nefndar þessi mál gangi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek athygli á því að það hefur nú tekið heila klukkustund af störfum deildarinnar að koma frv. stjórnarandstöðunnar í þingnefnd. Það hefur ekki tekist nema með nafnakalli og þm. stjórnarandstöðunnar hafa setið hjá við lokaafgreiðslu þessa máls. Þetta er mjög óvenjulegt í sölum Alþingis. Ég man ekki eftir því áður að stjórnarandstaðan hafi lagst gegn því að mál stjórnarandstöðunnar fengju þinglega meðferð. Ég vil, herra forseti, vekja athygli á þessu og ég vil jafnframt beina því til hæstv. forseta hvort nauðsynlegt sé að taka þessi mál á dagskrá deildarinnar yfirleitt, nema þá að sérstakri beiðni stjórnarandstöðunnar, til þess að störf deildarinnar geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það geta alltaf komið upp á smáviðburðir í starfi deildar okkar af og til. Ég held að þetta hafi ekki tafið þingstörfin neitt óskaplega. En þessari umræðu er nú frestað.

Páll Pétursson: Út af fyrir sig er ég ekkert að mótmæla þeim úrskurði forseta að fresta málinu. Ég vek athygli á því að það var að ósk stjórnarandstöðunnar sem þessu máli var frestað. Ég vek athygli á því að það kemur til með að stórtefja málið. A.m.k. verður okkur ekki unnt að vinna í því á morgun á fundi sem ég hafði hugsað mér að halda í nefndinni. Ég lýsi allri ábyrgð á hendur stjórnarandstöðunni fyrir tafir á þessu máli.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir það hvernig hann tók í þær óskir sem ég bar hér fram áðan. Jafnframt vil ég mótmæla þeim ummælum sem fram komu hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. vegna þess að hann var að hóta því að afgreiða ekki þessi mál. Það liggur fyrir frá undanförnum þingum að hv. þm. hefur bersýnilega viljað leggjast á þessi mál, bersýnilega viljað koma í veg fyrir að það kæmi fram að Framsfl. er sennilega minnihlutaaðili á hv. Alþingi í þessum málum, a.m.k. samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið frá hæstv. menntmrh. Ég kann illa þeim hótunum sem hv. 2. þm. Norðurl. v. hafði í frammi áðan. Það er ekki venja að formenn nefndarinnar vinni með þessum hætti. Og hafi einhverjir tafið mál í dag eru það m.a. stjórnarliðar sem hafa reynt að koma í veg fyrir að þessi mál færu til eðlilegrar þingnefndar og fengju eðlilega meðferð. Hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur sem formaður iðnn. beitt sér af offorsi fyrir því að fá þessi mál og knúið fram þingflokkssamþykktir í stjórnarflokkunum til að verja sig fyrir því að meiri hluti deildarinnar tæki þá ákvörðun að málin færu til allshn. Ég vil mótmæla þessum hótunum, sem hér komu fram, og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur formanni iðnn. fyrir vinnubrögðin í þessu máli svo og á hendur 9. landsk. þm., formanni þingflokks Sjálfstfl. Þeir hafa beitt sér hér í dag með algerlega ósæmilegum hætti, að mínu mati, gagnvart þeim upplýsingum, kröfum og óskum sem fram hafa komið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau mótmæli, sem hér voru fram borin af hv. 3. þm. Reykv., og ég vil lýsa furðu minni á þeirri ræðu sem ritari deildarinnar, hv. þm. Halldór Blöndal, flutti áðan þar sem hann ætlar að fara að kenna okkur stjórnarandstæðingum um það að tekið hefur allnokkurn tíma að fjalla um þessi mál hér við lok 1. umr. í deildinni. Við höfum gert okkar tillögur um nefndir. Við þeim hefur ekki verið orðið og stjórnarliðið hér hefur verið að knýja það fram að koma þessum málum í þingnefndir andstætt okkar sjónarmiðum. Það er það sem hér er um að ræða. Og hv. þm. Páll Pétursson hefur í hótunum um málsmeðferð innan iðnn. Ég er aldeilis hissa á hv. þm. Ég hef ekki reynt hann af öðru en sanngirni yfirleitt í málsmeðferð í tengslum við iðnn. þó ég hefði sannarlega kosið að hann hefði tekið meira á í sambandi við þau mál sem hér er verið að vísa til nefndar, og að því er virðist lenda þau í iðnn., þrjú þeirra, eftir að hafa legið þar án þess að komast út úr nefnd á einum þrem þingum til þessa, sum hver a.m.k. Ég vona að það verði breyting á þessu og fari svo sem horfir, að hv. iðnn. fái þessi mál, sjái formaður nefndarinnar til þess að þau fái þinglega meðferð og þau komi hér inn í þingdeildina aftur í tæka tíð til þess að hægt sé að taka afstöðu til þeirra á þessu þingi.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég lofa engu um hvort orðin verða mörg. Hins vegar bað ég um orðið eins og aðrir. Ég verð að segja að ég á ekki orð yfir þær umræður sem hér hafa farið fram í dag. Nú er nánast hálfur starfstími þingsins liðinn í dag. (Gripið fram í.) Menn eiga að hætta þessu snakki. Þær umræður sem hér hafa verið verða ekki til þess að auka hróður Alþingis. Ég bið menn að athuga að þessar umræður, sem hér hafa farið fram, verða ekki til þess að auka hróður Alþingis. Ég bið þess vegna menn að sitja á strák sínum, en bregðast manneskjulega við og afgreiða þessi mál og hætta öllu snakki.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það hafa fleiri tekið til máls en þm. Norðurlands vestra. Það hefði verið hægt að ganga svo frá að á fimm eða tíu mínútum hefði þessum málum öllum verið rennt til nefndar, jafnvel þó að fleiri en ein tillaga hefði legið fyrir um til hvaða nefndar þrjú eða fjögur af þeim hefðu farið. Ég legg til, herra forseti, að prófað verði hvort átök þurfi að verða um að senda til nefndar 4. dagskrármálið, land í þjóðareign, sem ég tel einsýnt að eigi heima í allshn. deildarinnar, Húsnæðisstofnun ríkisins, sem ég tel einsýnt að eigi að fara til félmn., og síðan um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins sem ég tel einsýnt að eigi að fara til allshn. Það er fjarri lagi að ég hafi haft í nokkrum hótunum, en ég vakti athygli á því að það er komið í veg fyrir að iðnn. fái til meðferðar eitt af dagskrármálunum á þessum degi og fær það þá væntanlega ekki fyrr en a.m.k. eftir næsta fund. Það flýtir að sjálfsögðu ekki fyrir afgreiðslu málsins.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að stjórnarandstaðan hafi staðið fyrir einhverjum óþarfaumræðum hér. (**StG:** Ég nefndi ekki stjórnarandstöðuna, fyrirgefðu.) Þá hefur hv. þm. kannske með réttu átt við Framsfl. (**StG:** Ekki síður.) Nei, það er alveg rétt hjá hv. þm. Það er nefnilega fyrst og fremst af völdum

Framsfl. sem þetta hefur orðið. (**ÓÞÞ:** Ert þú genginn í hann aftur?) Nei. Ég er ekki genginn í hann aftur, en hins vegar sýnist mér að ýmsir séu komnir hálfir út úr honum ef marka má ræður þær sem ritari deildarinnar flutti í dag.

Ég vil vekja athygli á því að það var hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., sem við tvö af þessum þremur málum flutti tillögu um iðnn. hér úr salnum eftir að atkvæðagreiðsla um málið var hafin. Þegar atkvæðagreiðslan byrjaði lágu ekki fyrir neinar tillögur um iðnn. Ef hv. þm. Páll Pétursson hefði ekki verið að gjamma þessar tillögur sínar fram í úr sæti sínu í salnum hefði deildin fyrir löngu verði búin að afgreiða þetta. Ef hv. þm. Páll Pétursson hefði hagað sér samkvæmt þinglegri venju og lýst skoðunum sínum við umræður um málið en ekki notað frammíköll í salnum til að flytja tillögu sína væri fyrir löngu búið að afgreiða málið. Það er, eins og hér hefur komið fram, alveg sérstök óbilgirni af hálfu formanns þingflokks Framsfl. og formanns iðnn. sem hér veldur mestu í þessu máli og hlýtur að eiga sér stórar pólitískar orsakir. Það getur ekki verið nein önnur skýrnig á því hvers vegna hv. þm. Páll Pétursson er að beita sér með þeim hætti sem hann hefur gert hér í dag. Hann er að reyna að nota vald sitt sem formaður hv. iðnn. til að koma í veg fyrir að vilji þings og þjóðar nái fram í þessum málum. Það verður rækilega fylgst með því á þessu þingi og af hálfu þjóðarinnar hvort hv. þm. Páll Pétursson skilar þessum frv. út úr nefndinni eða ekki svo að vilji Alþigis fái að koma fram. Minnihlutaítök Framsfl. á Alþingi koma ekki í veg fyrir að þjóðin fái að móta stefnu í slíkum grundvallarmálum eins og hér eru til umræðu.

Ég vil svo þakka hæstv. forseta fyrir að hafa samþykkt ósk um að fresta þessari atkvæðagreiðslu. Sú ósk var fram borin til þess að fram gæti farið könnun á því hve mörgum málum var skilað út úr iðnn. á síðasta þingi og hvernig nefndin hefði starfað. Það er þess vegna ánægjulegt að hæstv. forseti hefur núna skapað aðstöðu til þess að sú könnun á störfum formanns iðnn. geti farið fram og þegar deildin tekur málin aftur til *meðferðar geti þessar upplýsingar legið fyrir.* Það hlýtur að vera skylda þeirra sem kjörnir eru til formennsku í nefndum að tryggja að þær starfi vel. Sú hótun, sem vissulega var hótun hjá hv. þm. Páli Pétursyni, að málið mundi tefjast í nefndinni var gersamlega út í hött. Hann hefur þegar beitt sér fyrir því á þessum fundi að fá tvö stórmál til nefndarinnar sem hann hefur nú þegar fengið. Fyrr má nú vera annríkið í nefndinni ef hún ætlar að ljúka meðferð þessara tveggja stórmála, sem hún hefur nú þegar fengið, á næstu dögum. Miðað við eðlilegar þingvenjur getur ekki falist neitt annað í þeim orðum sem hann flutti áðan en hótun. Vonandi lætur hv. þm. Páll Pétursson af þessum hótunum sínum í garð deildarinnar og þingmanna hennar.

Umr. frestað.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminum Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Með frv. er lagt til að lögfest verði samkomulag sem tekist hefur milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um tilteknar breytingar á aðalsamningi þeirra frá 28. mars 1966, um álbræðslu við Straumsvík. Breytingar þessar eru settar fram í svonefndum 4. viðauka við aðalsamninginn, dags. 11. nóv. 1985, sem iðnrh. hefur undirritað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með fyrirvara um staðfestingu af hálfu Alþingis. Er viðaukinn lagður fram sem hluti af frv.

Með gerð þessa 4. viðauka við aðalsamninginn er lokið þeim viðræðum sem ríkisstjórnin og Alusuisse urðu sammála um að taka upp um endurskoðun á gildandi ákvæðum aðalsamnings varðandi skattamál Íslenska álfélagsins hf. Hefur endurskoðun þessi haft þann megintilgang að gera reglur um framleiðslugjald ÍSALs skýrari og öruggari í framkvæmd, þannig að síður verði hætta á deilum í því efni, og tryggja eðlilegar skatttekjur af starfsemi félagsins.

Viðræðurnar hafa farið fram á grundvelli bráðabirgðasamnings frá 23. sept. 1983, sem kynntur var á Alþingi sama haust, og hafa verið leiddar til lykta í framhaldi af undirritun 3. viðauka við aðalsamninginn frá 5. nóv. 1984 sem staðfestur var af Alþingi með lögum nr. 104 frá 30. nóv. 1984.

Sameiginleg niðurstaða um meginatriði endurskoðunarinnar náðist milli aðila á liðnu sumri og var staðfest með skriflegu samkomulagi 18. júlí á þessu ári. Batt núverandi iðnrh. Albert Guðmundsson endahnútinn á það starf og er samningurinn nú lagður fyrir Alþingi til staðfestingar.

Efni 4. viðauka er í þremur meginþáttum.

Í fyrsta lagi er samið um nýja tilhögun á framkvæmd þeirra reglna er fjalla um mat á hráefniskostnaði álbræðslunnar og verðlagningu afurða hennar með tilliti til skatts. Reglan um viðskipti óháðra aðila verður áfram grundvallarregla, en verður hér eftir framkvæmd þannig að tekin er upp ákveðin viðmiðun sem ætlað er að gefa sem besta mynd af viðskiptum á hverjum tíma. Hvað álverið varðar er tekin upp ný formúla um skilgreiningu á heimsmarkaðsverði á áli hliðstæð þeirri formúlu sem byggt er á varðandi orkuverð samkvæmt hinum breytta rafmagnssamningi frá liðnu ári. Verður allt ál, sem ÍSAL selur til Alusuisse, verðlagt til skatts samkvæmt þessari formúlu sem styðst við markaðsverð bæði austan hafs og vestan og bæði í frjálsri sölu og við kaup frá framleiðendum.

Mati á verði súráls verður hagað þannig að kostnaðarverð ÍSALs á súráli til Alusuisse verður metið til skatts eftir ákveðnu vöruskiptahlutfalli milli súráls og áls. Er hlutfallið, sem ákveðið er með samningnum, þannig að verð hverrar einingar af súráli verður 12,50% af sömu einingu af áli á heimsmarkaðsverði.

Verð ÍSALs á rafskautum verður ákveðið til skatts samkvæmt samningsbundnu verði milli Alusuisse og ÍSALs á viðkomandi ári með þeim fyrirvara að það verð sé ekki hærra en meðalverð í sölum Alusuisse á rafskautum til þriðja aðila á sama ári. Reglurnar um hin sérstöku viðmiðunarverð verða háðar endurskoðun á fimm ára fresti.

Í öðru lagi er samið um nýjar reglur varðandi fyrningar á fastafjármunum ÍSALs, í tengslum við aukningu á eigin fé fyrirtækisins, og reglur um endur-

mat á bókfærðu verði eigna og skulda. Varðandi fyrningu hefur verið samið um tiltekið endurmatsverð á núverandi fastafjármunum ÍSALs, sem óafskrifaðir eru, með hliðsjón af raunvirði þeirra í ársbyrjun 1985. Verður það fyrningargrunnur í framtíðinni og fjármunirnir fyrndir á næstu tíu árum. Samkvæmt eldri reglum hefði fyrning þeirra átt að dreifast á næstu fjögur til sex ár að mestum hluta.

Við fyrninguna verður tekið tillit til endurmats sem miðast við erlenda mynt, en fyrning vegna gengistapa af lánum fellur hins vegar niður. Með nýju reglunum verða afskriftir hjá ÍSAL lægri en ella næstu árin, en hærri í staðinn þegar lengra líður og afskriftastofninn hækkar nokkuð.

Á móti þessu síðast nefnda kemur að samkvæmt samkomulagi aðila hefur Alusuisse lagt fram nýtt eigið fé til ÍSALs á yfirstandandi ári að upphæð 40 milljónir bandaríkjadollara. Hefur eiginfjáraukningin verið notuð til að lækka núverandi skuldir ÍSALs og þar með til beinnar lækkunar á vaxtagjöldum. Þessi ráðstöfun hefur í för með sér grundvallarbreytingu á efnahag og rekstrarafkomu fyrirtækisins og mun vaxtasparnaður nema mun hærri fjárhæð en hækkun fyrninga.

Í þriðja lagi er samið um að ákvæðin um lágmarksskatt ÍSALs verði óbreytt þannig að félagið greiði framleiðslugjald sem nemur 20 bandaríkjadollurum á hvert tonn af framleiddu áli án tillits til tekna. Á hinn bóginn verður gerð breyting á því framleiðslugjaldi sem er umfram lágmarksgjald þannig að árleg fjárhæð þess fari eftir nettóhagnaði á undanfarandi ári samkvæmt ákveðnum skattstiga á bilinu 35 — 55%. Þessi viðbótarskattur verður greiddur í dollurum eins og verið hefur og hagnaður umreiknaður í dollara með tilliti til skattstigans.

Áður en gerð er nánari grein fyrir samningnum og einstökum atriðum hans er rétt að rifja í stuttu máli upp aðdraganda samnings þessa.

Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var mynduð sumarið 1983 höfðu um nærri þriggja ára skeið staðið yfir alvarlegar deilur milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og Alusuisse hins vegar um skattamál Íslenska álfélagsins.

Fljótlega eftir að Sverrir Hermannsson tók við embætti iðnrh. skipaði hann sérstaka nefnd, samninganefnd um stóriðju, til þess að annast viðræður og samninga um orkufrekan iðnað. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að hefja viðræður við Alusuisse með það fyrir augum að komist yrði að samkomulagi um meðferð deilumála fyrirtækisins og íslenska ríkisins og að orkuverð yrði hækkað.

Haustið 1983 tókst bráðabirgðasamningur milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse og var hann undirritaður 23. sept. 1983. Með bráðabirgðasamningnum var lagður grundvöllur að heildarviðræðum um málefni álversins í Straumsvík. Í honum var, auk áfangahækkunar raforkuverðs, samið um að taka upp viðræður um eftirfarandi atriði: Lausn deilumála varðandi skattgreiðslur ÍSALs 1976 — 1980, endurskoðun orkuverðs, endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSALs í þeim tilgangi að gera ákvæðin skýrari og tryggari og draga úr hættu á deilum um skattgreiðslur, og möguleika á stækkun álversins.

Með undirritun 3. viðauka við aðalsamninginn og fylgisamninga hans, sem staðfestir voru á Alþingi 30. nóv. 1984, voru fyrstgreindu atriðin tvö leidd til lykta. Í framhaldi af staðfestingu 3. viðaukans var hafist handa um þriðja meginatriðið, heildarendurskoðun á samningssambandi ríkisstj. og Alusuisse, þ.e. endurskoðun reglna um framleiðslugjald ÍSALs.

Í sumar tókst síðan samkomulag um meginatriði endurskoðunar á skattareglum ÍSALs sem áður er getið og undirritað var 18. júlí í sumar. Samkomulagið var kynnt á ríkisstjórnarfundi hinn 18. júlí og í samræmi við ákvæði þess var lögfræðingum aðila falið að vinna að gerð endanlegs texta að formlegum samningi þar sem efni samkomulagsins yrði fellt inn í gildandi aðalsamning, en sá breytingarsamningur yrði síðan lagður fyrir aðilana til samþykktar og jafnframt fyrir Alþingi til staðfestingar.

Samkomulag náðist um endanlegan texta hinn 11. nóv. 1985 og var viðaukinn undirritaður af Albert Guðmundssyni iðnrh. og dr. Dietrich Ernst, framkvæmdastjóra Alusuisse, í Reykjavík þann dag.

Í viðræðum aðilanna var í upphafi fjallað um helstu kosti, sem almennt kæmu til greina varðandi skipan skattlagningar á fyrirtæki eins og ÍSAL, og um bókhaldsaðferðir, markaðsaðstæður og annað sem líta þyrfti til. Voru m.a. athugaðir möguleikar á að breyta núverandi skattkerfi með eftirfarandi hætti:

Í fyrsta lagi með því að leggja aukna áherslu á skattgreiðslur án tillits til nettóhagnaðar, t.d. að taka upp hreinan veltuskatt.

Í öðru lagi með því að hverfa í auknum mæli að sköttum á nettóhagnaði, en með nýjum eða breyttum aðferðum, svo sem með því að taka upp svonefnda heildarsköttun þar sem skattskyldar tekjur einstakra starfsdeilda fjölþjóðafyrirtækis eru ákvarðaðar sem hlutfall af heildarhagnaði fyrirtækisins er svarar til hlutfallsins milli veltu þeirrar starfsdeildar af heildarveltu fyrirtækisins. Þessi aðferð hefur m.a. verið reynd í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna, en er umdeild og óvíst um frekari útbreiðslu hennar. M.a. hefur þetta leitt til deilna milli bresku ríkisstjórnarinnar og Bandaríkjastjórnar um skattlagningu á breskum fyrirtækjum í Bandaríkjunum.

Í þriðja lagi með því að taka upp gildandi skattakerfi á Íslandi.

Í samningaviðræðunum kom fljótt í ljós að ekki voru tök á að fara fyrstnefndu leiðina og taka upp hreinan veltuskatt. Töldu forsvarsmenn Alusuisse útilokað að leggja aukna fastaskatta á ÍSAL í teljandi mæli, m.a. með tilliti til þess erfiða árferðis sem væri í áliðnaðinum. Yrði sjónarmiðið fremur að vera á þá leið að fyrirtækið greiddi skatta í hlutfalli við afkomu á hverjum tíma. Það ber að hafa í huga í þessu sambandi að veltuskattar í nágrannalöndunum eru yfirleitt lægri en það lágmarksgjald sem ÍSAL greiðir nú þegar.

Enn fremur kom í ljós að ekki yrðu tök á að fella ÍSAL undir íslensk skattalög eins og nú er ástatt og ýmsir erfiðleikar samfara þeirri ráðstöfun. Á hinn bóginn kæmi til greina að taka aukið tillit til reglna íslenskra skattalaga.

Að athuguðu máli varð niðurstaðan sú að rétt væri að beina endurskoðuninni í þá átt að endurbæta núverandi skattkerfi ÍSALs með áherslu á því að tryggja eðlilega skatta af hagnaði hjá fyrirtækinu á hverjum tíma eins og viðaukasamningurinn ber með sér.

Í samræmi við þetta meginmarkmið hefur í samningi

þessum verið lögð áhersla á að treysta framkvæmd í skattamálum ÍSALs vegna núverandi álbræðslu. Teknar verða upp nýjar reglur í því skyni er verða munu til mikillar einföldunar og sparnaðar á fyrirhöfn og kostnaði við skattheimtu gagnvart fyrirtækinu. Jafnframt munu þær draga stórlega úr líkum á deilum eins og þeim sem orðið hafa á liðnum árum.

Skal nú vikið að veigamestu breytingunum á einstökum greinum þessa 4. viðauka við aðalsamninginn. Í athugasemdum með frv. er gerð ítarleg grein fyrir samningsbreytingunum og vísast til grg. um skýringar á einstökum ákvæðum umfram það sem gert er í þessari framsögu.

Þær textabreytingar á aðalsamningi sem um er að ræða eru settar fram í 2. gr. 4. viðauka og er þeim ætlað að gilda frá og með 1. janúar 1985. Í 3. gr. viðaukans er síðan staðfest að Alusuisse hafi lagt fram jafnvirði 40 millj. bandaríkjadala til fjármögnunar ÍSALs, eins og um var samið í viðræðunum, og er það meðal forsendna þess að nýjar fyrningarreglur voru samþykktar. Um þau ákvæði aðalsamningsins sem breytt er með 2. gr. 4. viðauka er rétt að taka fram eftirfarandi:

Í málsgr. 25.03 er kveðið á um fjárhæð framleiðslugjaldsins miðað við magn frá og með þessum tíma og er grunntaxti gjaldsins 20 bandaríkjadollarar á tonn eins og verið hefur. Jafnframt er því slegið föstu að framleiðslugjald skv. grunntaxta af útskipuðu áli á tilteknu almanaksári skuli vera lágmarksframleiðslugjald vegna þess almanaksárs.

Í málsgr. 25.04 er síðan mælt fyrir um framleiðslugjald af nettóhagnaði ÍSALs fyrir hvert almanaksár. Er gjaldið reiknað sem hundraðshluti af nettóhagnaði umreiknuðum í bandaríkjadollara eftir meðalgengi ársins skv. skattstiga sem lýst er í greininni. Framleiðslugjaldið af hagnaði er til viðbótar grunngjaldinu þannig að það greiðist að því marki sem það er umfram lágmarksframleiðslugjald fyrir viðkomandi almanaksár.

Í 26. gr. verða ákvæðin um það heimsmarkaðsverð á áli sem við á að styðjast í sambandi við framleiðslugjaldið. Koma þau í stað fyrri ákvæða um heimsmarkaðsverð. Á það ber að minna að upphafleg ákvæði um heimsmarkaðsverð í 26. gr. urðu óvirk í nóvember 1984 þegar kanadíska álfyrirtækið ALCAN hætti að birta listaverð sitt fyrir Evrópumarkað er áður var haft til viðmiðunar. Hefðu aðilar því þurft að taka upp viðræður um nýtt heimsmarkaðsverð jafnvel þótt engin önnur endurskoðun hefði komið til.

Hið nýja heimsmarkaðsverð er sett fram í bandaríkjacentum á pund af áli, eins og áður var, og styðst við ferna viðmiðun, þ.e. skráð verð í viðskiptum á álmarkaði í London; skráð viðskipti um ál í Bandaríkjunum, samkvæmt birtingu í tímaritinu Metals Week; verð samkvæmt alþjóðlegri verðvísitölu franska álfyrirtækisins Pechiney; og söluverð í viðskiptum Alusuisse við óháða aðila. Eru hin tvö fyrrnefndu leiðbeinandi um verð á opnum markaði austan hafs og vestan en hin síðarnefndu eru framleiðendaverð.

Ljóst er að með notkun ofangreindra verðtilgreininga fæst traust og hagkvæm viðmiðun við mat á verði áls frá Straumsvík með tilliti til framleiðslugjalds miðað við þær aðstæður sem ríkt hafa í áliðnaði um nokkurt skeið. Hitt er og ljóst að breyting getur orðið á aðstæðum og með tilliti til þess er svo um samið að heimsmarkaðsverðið geti sætt endurskoðun á 5 ára fresti.

Í 27. gr. er ákvæði um nettóhagnað ÍSALs og útreikning á honum með tilliti til framleiðslugjalds og er greinin umskrifuð í heild. Inngangskafli málsgreinar 27.01 er óbreyttur frá því sem verið hefur frá upphafi. Þar er sett fram hin almenna regla um að útreikning á nettóhagnaði ÍSALs beri að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki á borð við ÍSAL og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, svokölluð armslengdarverð. Hinar nýju reglur um ákvörðun á álverði og hráefniskostnaði með tilliti til framleiðslugjalds eru ekki ætlaðar til að breyta þessari grundvallarreglu heldur eru til að ná þeim markmiðum sem í henni felast.

Í málsgr. 27.02 eru settar fram nýjar reglur um fyrningu hjá ÍSAL er taka til fastafjármuna fyrirtækisins. Í a-lið er mælt fyrir um fyrningu allra núverandi fastafjármuna, þ.e. venjulegs verksmiðjubúnaðar, sem fyrna átti á 15 árum frá gangsetningartíma hinna ýmsu áfanga bræðslunnar, og mengunarvarnabúnaðar, sem fyrna skyldi á 8 árum frá uppsetningartíma. Í stað þeirrar fyrningar sem eftir var samkvæmt þessum reglum og tilheyrandi reglum um fyrningu á eignfærðum gengistöpum hjá félaginu skal nú fyrna afgangsverðmæti fjármunanna á næstu 10 árum út frá núverandi raunvirði þeirra.

Fyrningarstofninn er og hærri en áður var, aðallega vegna þess að endurmat eigna hjá ÍSAL vegna verðlagsbreytinga var áður einskorðað við afleiðingar gengistaps á skuldum og tók ekki tillit til hækkunar á verðmæti þeirra eigna sem fjármagnaðar voru með hlutafé. Þessi eldri tilhögun er gagnstæð því sem nú gildir almennt hér á landi, einkum eftir tilkomu nýrra tekjuskattslaga árið 1978. Þessu verður nú breytt og tekin upp almenn regla um endurmat allra fastafjármuna eins og um getur hér síðar. Þeirri ráðstöfun fylgir sú mikilvæga breyting að gengistap á skuldum hefur ekki lengur áhrif á fyrningu hjá ÍSAL heldur fer hún eingöngu eftir endurmati fastafjármunanna sjálfra. Hækkun fyrningarstofnsins með tilliti til þessa nemur 25 millj. bandaríkjadollara og er gerð með hliðsjón af sérstöðumati þannig að afskrifa megi. Fastafjármunir ÍSALs eru nú taldir vera 89 millj. bandaríkjadollara í stað andvirðis 64 millj. bandaríkjadollara áður. Bókfært verðmæti fastafjármuna ÍSALs í reikningum fyrirtækisins er hins vegar hærra en þetta eða 105 millj. bandaríkjadollara. Gengistöp af lánum, sem áður komu til hækkunar fastafjármuna, verða nú ekki færð til frádráttar á rekstrarreikningi heldur koma beint inn á gengismunarreikning sem færður verður með eigin fé á efnahagsreikningi. Frádráttur sem fyrirtækið gat nýtt sér með gengistöpum af háum erlendum lánum án tillits til afskriftartíma fastafjármuna mun þannig hverfa af rekstrarreikningi.

Erfitt er að meta áhrif breyttra fyrningarreglna og hækkunar á mati fastafjármuna á arðsemi og skattgreiðslu fyrirtækisins vegna þess að þróun ytri skilyrða, árferði og afkomusveiflur í áliðnaði munu þar hafa úrslitaáhrif. Fullyrða má þó að mæling á arðsemi og skattgreiðslu félagsins muni í framtíðinni verða meira í samræmi við það sem gerist um íslensk fyrirtæki.

Í b-lið málsgr. 27.02 eru settar reglur um fyrningu á nýjum fastafjármunum en um hana voru ekki bein ákvæði í fyrri samningi. Er þar settur mismunandi fyrningartími eftir tegundum eigna, hinn sami og nú

gildir skv. íslenskum skattalögum.

Í c-lið er síðan gengisákvæði um fyrningar þar sem mælt er um að þær skuli fara eftir meðalgengi hinnar erlendu myntar, sem fyrning er miðuð við, eins og fyrning væri færð til gjalda mánaðarlega.

Í stafliðum d, e og f eru settar nýjar reglur um endurmat á eignum ÍSALs með tilliti til verðlagsbreytinga. Um þetta voru ekki bein ákvæði í fyrri samningum önnur en hin almenna regla um viðurkenndar bókhaldsreglur. Kom það ekki að sök í sambandi við veltufjármuni en hins vegar var eignfærsla fastafjármuna í öðru fari en almennt er orðið hér á landi, eins og fyrr var á minnst. Var talið rétt að taka upp ákvæði er heimila ÍSAL að endurmeta alla fastafjármuni eins og um ræðir í d-lið og farið í því efni eftir viðmiðun við erlenda mynt í stað innlendrar vísitölu.

Í f-lið kemur fram að endurmetnar fjárhæðir færast í endurmatsreikning, er sé hluti af eigin fé ÍSALs, og hefur endurmat ekki áhrif á færslur í rekstrarreikningi nema að því leyti sem fyrning samkvæmt a- og b-lið er undir því komin. Gengistöp vegna skulda færast þannig ekki í rekstrarreikning heldur í endurmatsreikning eingöngu, svo sem fyrr var getið.

Í málsgr. 27.03 er sett fram hin nýja regla um kostnað af súrálskaupum með tilliti til framleiðslugjalds sem verið hefur eitt vandasamasta viðfangsefnið við mat á tekjum ÍSALs undanfarin ár. Er nú fengin föst viðmiðun um þetta til næstu 5 ára þannig að súrál við hafnarbakka í Straumsvík kosti 12,50% af verði sömu þyngdar í álhleifum komnum á land í Rotterdam. Þetta svarar til þess að fyrir 1 tonn af áli fást 8 tonn af súráli.

Vegna samninga um viðmiðunarverð á súráli til skatts var aflað upplýsinga um verð í viðskiptum óháðra aðila, auk þess sem viðamiklar upplýsingar um súrálsviðskipti lágu fyrir vegna endurskoðunar á ársreikningum ÍSALs fyrir árin 1980—1984 og vegna lausnar á deilu um skattgreiðslur ÍSALs árin 1976—1980.

Algeng verðlagning á súráli að undanförnu í sölusamningum milli óskyldra aðila til lengri tíma var á bilinu 1 á móti 7,5 til 1 á móti 8,5. Samningar tókust um að miða verð á súráli til ÍSALs vegna skatts við verðhlutfallið 1 á móti 8. Tekinn var sá kostur að miða við cif-verð á súráli til að komast hjá deilum um flutningskostnað og aðra kostnaðarþætti á verði súráls til ÍSALs.

Í málsgr. 27.04 er ný regla um mat á kostnaði af rafskautum til ÍSALs. Ekki voru tök á að semja þar um jafnákveðna viðmiðun og varðandi súrálið, m.a. af því að rafskaut eru ekki markaðsvara í sama mæli og súrál. Er því eðlilegt að líta til kostnaðarverðs ekki síður en markaðsverðs þegar meta skal gildi rafskauta í viðskiptum milli óháðra aðila. Hins vegar er ljóst að sala á rafskautum til þriðja aðila frá rafskautaverksmiðjum Alusuisse er orðin mikilvægur þáttur í starfsemi þessara verksmiðja, þannig að marktækt er og hagfellt að styðjast við verð til þessara aðila sem hámark þess verðs er setja megi upp gagnvart ÍSAL.

Í málsgr. 27.05 er mælt svo um að nota skuli hið umsamda heimsmarkaðsverð skv. 26. gr. til að ákvarða söluverð á því áli sem Alusuisse kaupir af ÍSAL með tilliti til framleiðslugjalds. Er þannig leyst úr vandasömu viðfangsefni sem jafnframt skiptir mestu máli um afkomu ÍSALs þar sem söluverð áls er stærsti einstaki liðurinn í rekstrarreikningi fyrirtækisins.

Í sjálfu sér ættu hin nýju ákvæði varðandi útreikning á söluverði á áli og verðlagningu á rafskautum og súráli ekki að hafa áhrif á arðsemi fyrirtækisins því hér er um það að ræða að aðilar hafa komið sér saman um þrengri skilgreiningu á verðlagningu í viðskiptum á milli óháðra aðila. Þó er ekki óeðlilegt að álykta að með ákvæðunum um endurskoðun á viðmiðunarstærðum á fimm ára fresti og því að samið hefur verið um þessar viðmiðanir við íslensk stjórnvöld þá sé líklegt að í heild muni hin nýju ákvæði hafa áhrif til aukinnar arðsemi. Um einstök tilvik má benda á eftirfarandi:

Að því er varðar tekjur af sölu á áli til Alusuisse og dótturfyrirtækja þess verður nú tekjufært á verði sem er samsett bæði af frjálsum og opinberum markaðsverðum í Bandaríkjunum og annars staðar, auk verða sem gefin eru upp og skráð af framleiðendum. Þessi breyting mun hafa í för með sér að reiknaðar sölutekjur verða óháðar innanfélagsverði hjá Alusuisse, en ein afleiðingin verður væntanlega að fram kemur mismunur miðað við fyrri tíð, þannig að þegar verð á álmörkuðum fer hækkandi verða reiknaðar sölutekjur skv. samningnum hærri en ella hefði orðið, en dæmið snýst við þegar verðlag fer lækkandi á mörkuðum. Þetta byggist á því að slík reikniverð frameiðenda breytast yfirleitt síðar en verðin á hinum frjálsa markaði.

Gerður hefur verið samanburður á sölutekjum samkvæmt hinni nýju formúlu og raunverulegum sölutekjum fyrir árin 1983 og 1984. Þar sýnir sig að fyrir árið 1983 hefðu komið út hærri tekjur en árið 1984 lægri og er það í samræmi við markaðsþróunina því álverð var á uppleið á árinu 1983 en fór lækkandi allt árið 1984. Nettóhækkun samkvæmt hinni nýju formúlu fyrir þessi tvö ár hefði orðið um 130 millj. kr.

Varðandi verð á rafskautum verður ekki fullyrt að reglurnar hafi í för með sér breytingu á arðsemi þar sem þær leiða til svipaðrar niðurstöðu og verið hefur í rekstri ÍSALs undanfarin þrjú ár. Verðið frá Alusuisse til ÍSALs hefur staðist samanburð við rafskautaverð til þriðja aðila og endurskoðendur ríkisstj. hafa í auknum mæli tekið tillit til þeirra við mat á seilingarverði. Er það ein af ástæðunum til þess að unnt þykir að hafa þau til viðmiðunar á næstunni. Um súrál má hins vegar ætla að reglurnar auki arðsemi hjá ÍSAL. Með þeim er gerður beinn samningur um hagstætt vöruskiptahlutfall miðað við súrálsviðskipti milli óháðra aðila.

Benda má á að nýgerður samningur hafði þau áhrif að súrálsverðið til ÍSALs lækkaði allverulega á þessu ári. Ekki er fært að tilgreina verðið nánar hér þar eð verðlagning afurða ÍSALs og verð á hráefnum til félagsins er viðskiptaleyndarmál.

Í málsgr. 27.07 eru ákvæði um reglubundna endurskoðun á ákvæðum málsgreina 26.01 um heimsmarkaðsverð á áli, um verð á súráli, um verð á rafskautum, svo og fyrningar. Verður endurskoðun á 5 ára fresti frá 31. des. 1984 að telja. Er hvorum aðila um sig heimilt að krefjast þessarar endurskoðunar ef breyting verður á aðstæðum er hafi teljandi áhrif á hinar efnahagslegu forsendur er liggja til grundvallar þessum ákvæðum.

Í 29. gr. aðalsamningsins verða ákvæði um greiðslu og uppgjör framleiðslugjaldsins, eins og verið hefur. Er hún hins vegar umskrifuð í heild vegna þeirra formbreytinga um álagningu skattsins sem fylgja hinum nýju ákvæðum.

Í málsgr. 29.01 og 29.02 er þannig aðeins um að ræða

minni háttar orðalagsbreytingar. Á mgr. 29.03 eru breytingarnar víðtækari en eru þó fyrst og fremst til komnar fyrir þá sök að ekki er lengur nauðsynlegt að láta ÍSAL skila sérstöku yfirliti um framleiðslugjald af útskipuðu áli annars vegar og síðan tekjuframtali skv. endurreikningsskýrslu hins vegar. Nú verður unnt að sameina þessi gögn í einni framleiðsluskýrslu. Jafnframt verður óþarft að senda ríkisstj. ársreikninga ÍSALs sérstaklega á undan framleiðslugjaldsskýrslunni eins og áður var.

Samkvæmt nýrri málsgr., 29.03, á ÍSAL að leggja fram eina tæmandi framleiðslugjaldsskýrslu með upplýsingum um framleiðslu og hagnað ekki síðar en 1. júní næsta árs á eftir árinu sem skattur er goldinn fyrir. Er 1. júní jafnframt gjalddagi framleiðslugjalds af nettóhagnaði ársins.

Í málsgr. 29.04 koma síðan óbreytt ákvæði um að Alusuisse hafi byrðina af að sanna nettóhagnað ÍSALs fyrir viðkomandi ár og í málsgr. 29.05 eru óbreytt ákvæði um endurskoðun af hálfu ríkisstj.

Í mgr. 29.06 koma svo ákvæðin um hvenær endurskoðun skuli lokið og verður nú miðað við 1. október sama árs. Ákvæðin um skattinneign ÍSALs eru óbreytt að öðru en því að bætt er inn nýjum málslið þess efnis að eftir 1. janúar 1985 skuli ekki nota nema helming af framleiðslugjaldi umfram lágmarksgjald til skuldajafnaðar við skattinneignina eins og nú hefur verið um samið.

Í 4. viðauka eru loks ákvæði um nokkrar orðalagsbreytingar í 30. og 33. gr., þar sem tilvísanir í greinunum og orðalag í málsgr. 30.11 eru færð til samræmis við hina nýju skipan á framleiðslugjaldinu. Efnislega eru ákvæði 30. gr. hins vegar óbreytt.

Vandasamt er að meta töluleg áhrif endurskoðunar aðalsamningsins á arðsemi, hagnað eða skattagreiðslur ÍSALs. Eigi að síður er ljóst að ýmis ákvæði hins nýgerða samnings munu hafa áhrif á arðsemi og hagnað fyrirtækisins og þar með skattgreiðslur þess, þó svo að önnur atriði, svo sem rekstrarumhverfi fyrirtækisins, markaðsástand, þróun helstu kostnaðarliða og því um líkt, ráði þar úrslitum.

Þegar tillit er tekið til allra atriða hins nýgerða samnings er óhætt að fullyrða að áhrif samningsins á rekstur fyrirtækisins verði þau að arðsemi fyrirtækisins muni aukast og þar með líkindin á hagnaði af rekstri. Um skattgreiðslur má fullyrða að þær verða aldrei minni en verið hefur, en líkindi eru til þess að þær muni aukast í framtíðinni umfram það sem verið hefði, þegar jafnvægi kemst á álmarkaði í heiminum.

Fyrirtækið hefur fram til þessa dags ekki notfært sér þau ákvæði sem í samningum aðila hafa verið um varasjóðstillag. Verði þau notuð í framtíðinni þá mun það óskattlagða eigið fé fyrirtækisins sem þannig myndast verða með viðauka þessum verðtryggt með gengisviðmiðun, þannig að hinn óskattlagði hluti eigin fjárins mun ekki minnka með verðbólgu heldur haldast og þar af leiðir að hærri skatttekjur munu fást ef þessi varasjóður verður leystur upp einhvern tímann í framtíðinni.

Svo sem áður er vikið að náðist ekki samkomulag um hækkun lágmarksskatts. Aftur á móti er gerð veigamikil breyting á skattstiganum þar sem horfið er frá breytilegum tonnataxta miðað við álverð, þó með ákvæði um 35% lágmark og 55% hámark af hagnaði, en í staðinn tekin upp hrein hagnaðarviðmiðun um viðbótarframleiðslugjald umfram 20 bandaríkjadollara lágmarksgjald.

Athugun sem gerð var á líklegum framleiðslugjaldstekjum miðað við hinn breytilega tonnataxta skv. fyrri samningi sýndi að yfirleitt myndi viðbótargjaldið ákvarðast af ákvæðinu um lágmark 35% af hagnaði. Þessi niðurstaða byggðist í meginatriðum á tvennu: Annars vegar verðbólguþróun og breytingum á markaðsverði á áli og aðföngum áliðnaðar; hins vegar að tonnataxtinn sem um var samið hækkaði ekki í beinu hlutfalli af hækkun álverðs.

Með hinum nýju ákvæðum breytist lágmarksgjaldið ekki og skattstiginn byrjar í 35% af hagnaði en getur farið allt upp í 55% af hagnaði ef afkoma fyrirtækisins verður mjög góð á einhverju tilteknu ári. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að fyrirtækið hefur ekki heimild til þess að færa tap á milli ára eins og önnur fyrirtæki hér á landi.

Niðurstaðan af þessari breytingu á skattstiga er því sú að tekjur af framleiðslugjaldi geta ekki lækkað, en ef afkoma fyrirtækisins batnar þá verða tekjur af framleiðslugjaldinu hærri en verið hefði með hinu gamla tonnagjaldi. Þessa niðurstöðu má lesa af samanburði sem fram kemur síðast í grg. með frv.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir helstu atriðin í frv. því sem hér er mælt fyrir. Ég vil leggja áherslu á að með samningagerð þessari er lokið alllöngu tímabili deilna milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse. Tekist hefur að semja um óháða utanaðkomandi mælikvarða um innanfélagsviðskipti Alusuisse við ÍSAL þannig að komast má hjá kostnaðarsömum deilum um það mál.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á áhrif þeirrar aukningar á eigin fé sem fram fer í tengslum við hina nýju samninga. Langtímaskuldir ÍSALs 31. des. 1984 námu um 100 millj. bandaríkjadollara. Breyting skulda í eigið fé að jafngildi 40 millj. bandaríkjadollara bætir því verulega eiginfjárstöðu fyrirtækisins og hefur í för með sér mikinn vaxtasparnað í rekstri. Miðað við núverandi markaðsvexti í Bandaríkjunum er varlega áætlað að hinn beini sparnaður í vaxtagjöldum nemi um 4 millj. bandaríkjadollara á ári sem afkoma fyrirtækisins batnar og það mun að sjálfsögðu hafa áhrif á skattgreiðslu í meðalárferði.

Ég legg til, herra forseti, að eftir að þessari umræðu lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil nota þennan skamma tíma sem eftir er af reglulegum fundartíma deildarinnar aðeins til þess að koma á framfæri ábendingum varðandi framhald þessarar umræðu og einstaka málsþætti. Við erum hér í alleinkennilegri aðstöðu í þingdeildinni til að fjalla um þetta stóra mál, sem hér er lagt fyrir okkur, þar sem hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson er fjarstaddur og hér er mælt fyrir málinu af hæstv. samg.- og viðskrh., sem gegnir störfum fyrir iðnrh. þessa stundina.

Ég geri að sjálfsögðu ekki athugasemd við það að starfandi iðnrh. flytji mál sitt og standi hér fyrir máli, en hitt er jafnljóst að við verðum að ætlast til þess að við framhaldsumræðu um málið verði hæstv. iðnrh. hér viðstaddur umræður og geti svarað fyrir um þann gjörning sem hann ber pólitíska ábyrgð á með undirskrift sinni þann 11. nóvember s.l.

Mál þetta ber auðvitað einnig svip af þeim stóla-

skiptum sem urðu í ríkisstj. í byrjun þings. Sá aðili sem ber meginábyrgð á þessu máli skipar nú embætti menntmrh., hæstv. núv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, sem gekk frá samkomulagi um meginatriði þessa máls með undirritun á pappíra þar að lútandi þann 18. júlí s.l. Því má segja að það sé kannske ekki síst til hans sem við hljótum að beina máli okkar hér í umræðu um þessi efni, þó ég ætli ekki að vanþakka þau svör sem hæstv. starfandi iðnrh. væntanlega gefur við þeim fsp. sem ég mun bera fram hér við framhald umræðunnar.

Ég vek einnig athygli á því, og vil vekja athygli hæstv. forseta deildarinnar á því, að hæstv. fjmrh. hefur verulegan veg og vanda af því máli sem hér er um að ræða, þar sem er skattamál, og ég treysti því að hann verði viðstaddur hér framhaldsumræðu um málið. Og ekki hefði sakað, og getur reyndar talist mjög æskilegt að hæstv. forsrh. væri hér einnig viðstaddur á þingfundi eða a.m.k. að einhver af ráðherrum Framsfl. sé hér viðstaddur til þess að svara fyrir sinn flokk og fyrir ráðherralið Framsfl. í ríkisstj. í sambandi við þennan samning. Þessum ábendingum kem ég hér á framfæri vegna þess að fundi verður nú senn frestað.

Ég hef látið berast til fréttamanna nokkrar upplýsingar sem ég mun koma að síðar í máli mínu og gera aðgengilegar hv. þdm. hér á framhaldsfundi, upplýsingar sem snerta þetta mál. Það er annars vegar bréf sem ég hef fengið frá Ríkisendurskoðun til staðfestingar á útreikningum sem ég fékk unna á áhrifum þess samnings, sem hér er lagður fyrir, á skattgreiðslur ÍSALs miðað við annars vegar núgildandi kerfi og hins vegar nýjar reglur sem hér er ætlunin að lögfesta.

Ég vil vekja athygli á því og mun ræða það nánar á framhaldsfundi að sú staðhæfing, sem hér er borin fram af ríkisstj. og sem fram kom í máli hæstv. ráðh. hér áðan — og það má líka lesa í athugasemdum með þessu frv. — að tekjur samkvæmt þessu nýja kerfi sem hér er hugmyndin að lögleiða geti ekki orðið lægri en með hinu eldra kerfi. Þetta er alger fjarstæða. Þetta er úr lausu lofti gripið og alveg stórundarlegt að ríkisstj. skuli leggja hér fyrir Alþingi mál með þessum hætti í orðum og tölum þar sem misvísandi og ranglega er farið með áhrif þessara samninga. Ég hef hér töflur sem ég mun gera aðgengilegar þdm. á framhaldsfundi um þessi atriði; útreikninga sem staðfestir eru af Ríkisendurskoðun með bréfi til mín í gær.

Ég vek einnig athygli á því, þó að það snerti ekki þetta mál með jafnafdráttarlausum hætti og þessir útreikningar í sambandi við breytingu á skattkerfi og reglum þar að lútandi, að erlendis, nánar tiltekið í Ástralíu, eiga sér nú stað miklar umræður á þjóðþingi og í fjölmiðlum um skattadeilu, meint skattsvik dótturfyrirtækis Alusuisse í Ástralíu, sem er 70% eigandi að Gove-verksmiðjunni í Norður-Ástralíu, en sú verksmiðja sér álverksmiðjunni í Straumsvík fyrir súráli. Þar fer fram vinnsla á báxít og súráli og ég mun koma á framfæri við hv. þingdeild og hef afhent fréttamönnum nokkur ljósrit sem sýna umfang þeirra deilna sem þetta félag, Alusuisse, eða dótturfélag þess í Átralíu sem heitir Austrasuisse, á nú í við áströlsk skattyfirvöld og má það vera til umhugsunar fyrir okkur þegar fjallað er um þennan samning, sem hér er um að ræða. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég hóf mál mitt áðan með örfáar mínútur til umráða ræddi ég sérstaklega um svip á þessari umræðu um stærsta mál sem lagt hefur verið fyrir þingið það sem af er, að mér sýnist, þar sem mælt er fyrir því af staðgengli núv. hæstv. iðnrh., hæstv. samgrh. og viðskrh., og hæstv. iðnrh. staddur erlendis. Ég vakti einnig athygli á því að hæstv. fráfarandi iðnrh., núv. menntmrh., bæri öðrum ráðherrum fremur ábyrgð á þeim málatilbúnaði sem hér liggur fyrir.

Ég gat þess og hafði raunar rætt það í gær við formann þingflokks Sjálfstfl., þegar mér var greint frá því að þessi umræða mundi fara fram hér í dag, að ég mundi ekki leggjast gegn því ef þeir ráðherrar sem málið snertir, þar á meðal hæstv. núv. menntmrh., gætu verið viðstaddir umræður til þess að ljá hæstv. starfandi iðnrh., Matthíasi Bjarnasyni, lið í sambandi við þetta mál og svör við fsp. sem kannske þarf fleiri en einn ráðherra til að greiða úr. Mér var tjáð að hæstv. menntmrh. mundi geta verið viðstaddur umræðuna.

Ég hafði talið það nokkuð sjálfgert að hæstv. fjmrh. mundi einnig vera viðstaddur þessa umræðu þar sem um stórfellt hagsmunaatriði fyrir íslenska ríkið og ríkissjóð sérstaklega er að ræða, skattamál, sem fellur stjórnarfarslega undir fjmrn., og því eðlilegt að hæstv. fjmrh. fylgist hér með og svari fyrir um það sem til hans er beint og varðar hans starfssvið.

Ég vil inna hæstv. forseta eftir því til viðbótar við það sem ég nefndi áðan hvort þessir hæstv. ráðherrar eru ekki væntanlegir í þingsal þannig að umræðan geti haldið áfram eins og um hafði verið talað.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil af þessu tilefni upplýsa að ég hef gert reka að því að hæstv. fjmrh. yrði hér viðstaddur. Hann hefur sent mér boð um að hann hafi verið búinn að binda sig og ekki átt von á því að þessi fundur yrði nú haldinn. Ég get því ekki tryggt það að hæstv. fjmrh. verði hér. En ég hef einnig gert reka að því að hæstv. menntmrh. verði hér viðstaddur og ég vona að svar við því berist mjög fljótlega.

Hjörleifur Guttormsson: Ég held, hæstv. forseti, að við verðum að fá úr því skorið hvort þessir hæstv. ráðherrar koma hingað í þingsal og legg ég sérstaklega áherslu á að hæstv. fráfarandi iðnrh. sjái sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu. Mér finnst algerlega óviðunandi fyrir okkur, sem er ætlað að taka þátt í þessum framhaldsfundi nú, að ræða málið án þess að þessir aðilar séu viðstaddir, og ég hafði sérstaklega gert grein fyrir ósk minni um nærveru hæstv. menntmrh. þegar rætt var um þessa umræðu við mig í gær og taldi tryggt að hann yrði hér viðstaddur.

Ég tek það fram að í þessu felst ekkert vanmat af minni hálfu á hæstv. starfandi iðnrh. En ég held að ég kjósi að gera hlé á máli mínu á meðan úr því fæst skorið hvort hæstv. menntmrh. kemur hér. (**Forseti:** Ég vil upplýsa að ég hef þegar sent hæstv. menntmrh. boð um að sækja fundinn og ég bíð svars núna.) Ég geri hlé á máli mínu, hæstv. forseti, þangað til úr því fæst skorið hvort hæstv. ráðh. kemur til að vera viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Ég vænti að hv. 5. þm. Austurl. bíði andartak. Ég vona að ég fái svar við þessari spurningu, sem á okkur brennur núna, innan mjög stutts tíma.) Já, virðulegur forseti. Mér er ekkert að vanbúnaði að hinkra við um stund og sjá hvort úr rætist. (**Forseti:** Það er upplýst að hæstv. menntmrh. er ekki í húsinu og það

hefur ekki náðst til hans enn þá, en það verður gert fundarhlé um það bil 5 mínútur.). — [Fundarhlé.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Fundinum er fram haldið. Hæstv. menntmrh. virðist ekki vera neins staðar í sjónmáli og það hefur ekki náðst í hann í síma. Þess er ákveðið óskað að hann sé hér viðstaddur og verður þess freistað að hann verði hér á næsta fundi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 19. fundur.

Fimmtudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs á þriðjudaginn var vonaðist ég eftir því að geta þá komist að. Það er nokkuð umhendis að hefja þessa umræðu enn á ný en ég býst samt við og vona að mönnum séu í fersku minni þau orðaskipti sem urðu s.l. þriðjudag.

Ég held að hér sé nefnilega um mikilsvert málefni að ræða og þessi umræða hjá okkur sé tímabær og ég vil þakka það sem af henni komið er. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda, hv. þm. Steingrími Sigfússyni, sem ég sé að vísu ekki í salnum núna og þætti betra að heyrði mál mitt — ef forseti vildi gera ráðstafanir til að hv. þm. Steingrímur Sigfússon væri viðstaddur þessa umræðuna. (**Forseti:** Ég veit ekki annað en hv. þm. hafi ætlað að vera viðstaddur umræðuna.) Þó að hv. þm. sé ekki orðinn ráðherra hlýtur honum að bera skylda til að fylgjast með hér í þinginu. (**Forseti:** Það er upplýst að hv. 4. þm. Norðurl. e. er ekki staddur í þinghúsinu.) Mér þykir leiðinlegt að heyra þetta og varla vansalaust af honum að hefja hér umræðu án þess að fylgja henni þá eftir og fylgjast með því sem skeður.

En allt um það, þá ætlaði ég að þakka málshefjanda fyrir að hefja umræðuna og fyrir að leggja fram afmarkaðar spurningar sem hæstv. ráðherrar gátu svarað með skilmerkilegum hætti. Ég vil líka þakka þeim fyrir sín svör sem mér þóttu vera skilmerkileg. Ekki það að ég sé að fullyrða að ég sé sammála öllu sem hæstv. ráðherrar sögðu eða þá að ég sé sammála þeim spurningum sem málshefjandi lagði fram. Mér fannst sem sagt það nást með þessari umræðu að málshefjandi setti sitt mál skipulega fram og ráðherrar lýstu skoðun sinni skipulega. Það er lofsvert þegar svo er hér í hv. sameinuðu þingi.

Ríkisstj. hefur flest tekist vel. Þó hefur orðið nokkur misbrestur á. Stjórn peningamála hefur farið úrskeiðis og vextir í landinu eru of háir. Hæstv. viðskrh. taldi í fyrradag að hinir háu vextir hefðu stuðlað að miklum peningalegum sparnaði. Það er að vissu leyti rétt. En það eru ekki braskararnir sem geyma fé í bönkum og háu vextirnir freista þeirra ekki til að leggja fé inn. Háu vextirnir í bönkunum eru stökkpallur fyrir okrarafélögin sem nota þá sem afsökun til að krefjast æ hærri vaxta af skuldunautum sínum. — Ég býð hv. þm. Steingrím Sigfússon velkominn í salinn þótt seint sé og átel það harðlega að hann skuli ekki fylgjast hér betur með þingstörfum, sérstaklega þar sem hann hefur hafið þessa umræðu.

Ég tel eðlilegt að það sé nokkur hvati til að fólk geymi fé í bönkum en ávöxtun svona langt umfram raunvexti er allt of há. Lánsfé er of dýrt í landinu, bæði fyrir atvinnureksturinn og fyrir einstaklinga, og okurlánastarfsemi blómstrar þegar fólk er komið í peningavandræði.

Komið hefur verið inn á það hér í þessari umræðu að okur hafi þrifist hér á landi áður en núverandi vaxtastefna var innleidd og það er sjálfsagt rétt. En ég held að okur sé almennara og þróaðra nú en það hefur verið nokkru sinni áður. Það gerist í kjölfar þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið eða er m.ö.o. afleiðing vaxtastefnunnar. Okurlánarar blómstra vegna þess að fólk er komið í mikil peningavandræði. Það er ákaflega nauðsynlegt að koma á eftirliti með verðbréfaviðskiptum.

Hæstv. viðskrh. sagðist ekki hafa samúð með mönnum sem taka lán með 300% vöxtum. Ég læt það liggja milli hluta. En ég hef samúð með mönnum sem gera fjárskuldbindingar sem þeir sannanlega ráða við við ríkjandi aðstæður en síðan breytast aðstæðurnar án tilverknaðar þeirra og án þess að þeir kannske hafi beinlínis getað gert ráð fyrir því. Þá hef ég samúð með lántakanda sem skyndilega einn góðan veðurdag stendur uppi sem vanskilamaður, hvort sem það er húsbyggjandi eða atvinnurekandi, og missir eignir sínar af því að lánsfé er orðið of dýrt. Hæstv. ríkisstj. var ekki mynduð til að reglusamir, vinnusamir og sæmilega skynsamir húsbyggjendur misstu hóflegar eignir sínar.

Margt hefur verið gert af hálfu ríkisstj. til að leysa vanda húsbyggjenda. Því gleyma menn oft í dagsins önn. En mjög erfitt er að finna viðhlítandi lausnir þegar fjármagnskostnaðurinn er svo hár sem raun ber vitni. Þegar fólkið er komið í vandræði sjá „gróðapungarnir", sem hæstv. viðskrh. kallaði svo, sér leik á borði og nota sér neyð eða heimsku annarra.

Ég legg á það hina þyngstu áherslu að flett verði ofan af okrarahyskinu hvort sem þessi félög eru fleiri eða færri og ekkert til sparað. Það er alger krafa okkar framsóknarmanna að svo verði gert. Það er höfuðnauðsyn að setja lög um verðbréfaviðskipti og gefa verðbréf út á nafn þannig að eftirlit sé hægt að hafa með viðskiptunum. Ég tel líka að eðlilegt sé að hugleiða í peningavandræðum ríkissjóðs hvort þarna er ekki skattstofn sem eðlilegt er að nýta.

Það er hárrétt hjá hæstv. viðskrh. að peningar hafa vaxið í bönkum, þ.e. þeim hefur fjölgað. En það stoðar lítið að fjármagn í bönkunum vaxi ef atvinnulífið rekur í strand. Við rekum ekki þjóðfélagið á vaxtatekjum. Við lifum á því sem framleitt er í landinu. Lögmál samkeppninnar er tvíeggjað í okkar samfélagi og það hentar víða alls ekki og getur jafnvel orðið stórhættulegt. Þetta litla þjóðfélag þarfnast stjórnunar vegna þess að það stjórnar sér ekki sjálft. Stærð þjóðfélaga er sjálfsagt ekkert einhlít heldur. Hið frjálsa hagkerfi Bandaríkjanna á nú við verulega erfiðleika að etja og það er sjúkt. Þar eru ofboðslegir erfiðleikar fyrir stafni, erfiðleikar sem kunna að hafa veruleg áhrif um allan heim ef það hrynur, ekki bara hjá okkur og Bandaríkjamönnum og Vestur-Evrópubúum heldur um alla veröldina.

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að minnka þarf verðbólguna. Megi honum lukkast vel á sínum nýja glímuvelli. En það er ekki hægt að láta fara saman vaxtastig dagsins, þessa hávaxtastefnu eða frjálsvaxtastefnu, og að lækka verðbólgu.

Svo má líka geta þess að of margt fólk er komið í þessi peningaviðskipti. Það væri miklu betur komið í arðbærari störfum, margt af því fólki sem nú annast bankaviðskipti. Það eru engin eðlilegheit á því að bankamenn á Íslandi séu jafnmargir eða hér um bil jafnmargir og fiskimenn á Íslandi.

Það er sjálfsagt rétt að ekki er unnt að greiða vexti almennt niður. En það er sanngjarnt að reyna að greiða raunvexti, a.m.k. að mestu þegar til lengri tíma er litið. Það þarf að stjórna efnahagskerfinu, það þarf að stjórna peningamálum og samræma þau og átta sig á hvaða markmiðum á að ná. Ríkisstj. ætlar að draga úr verðbólguhraða og ríkisstj. ætlar að reka ríkissjóð hallalaust. Ríkisstj. ætlar að stöðva erlenda skuldasöfnun. Þetta eru allt saman verðug og mjög mikilvæg markmið. En þetta tekst ekki nema með hóflegri vaxtastefnu og mjög mikilli aðgát varðandi gengisbreytingar.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur verið efnt til. Ég vil taka undir þakkir til upphafsmanns þessara umræðna fyrir að hafa lagt fram skýrar og greinilegar spurningar og eins vil ég þakka ráðherrum fyrir skilmerkileg svör þótt maður hljóti á hinn bóginn að undrast dálítið þá furðulegu rósemi sem hæstv. ráðherrar sýndu gagnvart því mikla máli sem hér er á ferðinni. Því að hér er nefnilega ekki um neitt smámál að ræða, ekki einhvers konar pólitískt bitbein sem hægt er að velta sér upp úr í 2—3 daga með gagnkvæmum ásökunum um hvort þessi stjórnin eða hin hafi verið betri eða verri. Hér er um að ræða miklu alvarlegra og stærra mál en svo.

Hér er um að ræða grundvallaratriði í íslensku þjóðfélagi. Hér er um að ræða hvort við erum að fást við samfélag sem er þegar orðið það sjúkt að einhvers konar hrossalækningar til skamms tíma duga skammt eða ekki. Ég held að ríkisstj. og Alþingi og reyndar þjóðin öll verði að gera sér grein fyrir því að vandinn er ekki bara nokkrir okurlánarar. Vandinn nær miklu lengra. Hann nær inn á langflest svið íslensks þjóðfélags, ekki bara efnahagslífs heldur einnig allra samskipta, allra krafna, allra þeirra atriða sem gera þjóðfélag að þjóðfélagi. Hér er um að ræða eitt af því sem hvað mest sundrar í samfélagi sem hér hefur verið reynt að byggja upp á lýðveldistímanum, samfélagi þar sem jöfnuður og réttsýni hefur verið a.m.k. í orði kveðnu haft að leiðarljósi.

Fyrir nokkrum vikum átti ég tal við einn af reyndustu bankastjórum þessa lands, mann sem hefur í áratugi haft mjög náin samskipti við fólk af öllum stéttum og af öllum landshornum. Við vorum að ræða um þær fullyrðingar að hér væru komnar tvær þjóðir, hinir ríku og hinir fátæku. Hann sagði: „Þetta er ekki rétt. Það eru ekki tvær þjóðir í landinu, það eru ekki tveir hópar, þeir eru þrír. Í fyrsta lagi höfum við hóp sem ég met“ — og ég vitna til orða hans — „á u.þ.b. fimmtung þjóðarinnar. Sá hópur hefur það mjög gott. Hann hefur peninga í ríkum mæli, hann nýtur friðinda og aðstöðu og hann hefur yfirleitt tögl og hagldir á mörgum sviðum fjármálalífs þjóðarinnar.

Síðan höfum við 20% sem eru öreigar, algerir öreigar, fólk sem á ekki neitt. Þær eignir, sem það á, eru svo langt frá því að duga fyrir skuldum. Þetta er sá hópur sem mest er um talað. Hann er fjölmennur. Fimmtungur þjóðarinnar er enginn smáhópur og þennan hóp erum við að fást við. Það er þessi hópur sem kemur til okkar bankamannanna. Það er þetta fólk sem leitar til okraranna. Það er þetta fólk sem er í stöðugum vandræðum með eigur sínar eða kannske ættum við heldur að orða það eignaleysi.

Loks er afgangurinn, sem sagt um 60%. Það er launafólk landsins. Það er það fólk sem er milli fátæktar og bjargálna. Það er það fólk sem borgar skattana, það er það fólk sem heldur gangandi hinum ríku og að nokkru leyti hinum fátæku. Þetta er sá hópur sem byrðarnar ber, þar eru breiðu bökin, þ.e. fjöldi launafólks í landinu.“

Þegar fréttist um þá víðtæku og næstum því ótrúlega víðtæku okurstarfsemi sem fram fer hér í landinu kom mér þetta í hug. En það er fleira sem þarf að athuga í því sambandi. Í fyrsta lagi: Hverjir eru það sem fá slík lán? Nú veit ég ekki og hef ekki nákvæmar fregnir af einstökum viðskiptavinum þess aðila sem einkum er verið að rannsaka og ég held eingöngu verið að rannsaka nú. En samkvæmt fréttum í fjölmiðlum eru það aðallega tveir hópar. Það er annars vegar fólk í vandræðum, það er fólk úr þessum þriðja hópi, þessum lægsta fimmtungi þjóðarinnar. Fólk sem er í algerum vandræðum grípur til hverra örþrifaráðanna á fætur öðrum, fólk sem kannske á ekki „skilið“ að eiga neitt, en alla vega reynir eftir megni að halda í þá sjálfsvirðingu sem er fólgin í því að vera ekki á bænum. Hinir, sem þangað leita, eru þá minni atvinnurekendur, innflytjendur af ýmsu tagi, menn sem í góðæri hafa möguleika á því að umsetja vöru mjög hratt þannig að hægt er að greiða háa vexti með því að leggja þeim mun meira á vöru. Í því tilfelli eru það neytendur sem borga og væri fróðlegt að vita hvaða áhrif slík lánaviðskipti hafa á verðlag í landinu.

En þá vaknar sú spurning í sambandi við innflutning hvort ekki sé næsta óeðlilegt að leita þurfi til aðila sem lána upp á 100—150 og jafnvel 200% og menn taki þau lán í þeirri von að unnt sé að ná því inn á skömmum tíma. Það hlýtur að stafa af því að annar lánamarkaður er óhagstæður eða lokaður. Ég held að reglur um vörukaupalán þurfi að taka til athugunar, hvort þær eru með þeim hætti að ýmsar vörutegundir og ýmsir aðilar, sem þurfa á því að halda að leysa út vörur, eigi ekki kost á slíkum lánum. Það held ég að sé mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi að athuga hvernig þeim málum er háttað.

Svo að ég taki nú upp þráðinn frá upphafinu lít ég á þetta sem merki um sjúkt samfélag, ég lít á þetta sem merki um sjúkt efnahagslíf og við hljótum að spyrja okkur: Er ekki full ástæða til að taka á þessu máli? Og ekki bara með því að elta einhverja seka. Það er svo auðvelt í þjóðfélagi að grípa einhvern sem er sekur, dæma hann og síðan er málið búið. Í svona tilvikum þýða ekki nein slík brögð. Í svona tilvikum hlýtur ríkisvaldið að grípa í taumana og spyrja sjálft sig: Hvað getum við gert til að koma í veg fyrir þetta? Hvað getum við gert til að koma á heilbrigðu efnahagslífi og þar með heilbrigðu þjóðlífi?

Ég fagna þeim upplýsingum sem fram komu um aðgerðir sem í undirbúningi eru og þeim frumvörpum sem boðuð eru varðandi t.d. verðbréfa- og skuldabréfasölu og viðskipti með það. Það er enginn vafi á því að slíkar reglur þarf að herða og þær geta haft veruleg áhrif.

En það er ekki nóg. Ég held að samfara þessu verði að búa svo um hnútana að arður af fé, sem er fram yfir eðlilega og lögfesta vexti, sé framtalsbær og skattlagður. Það er næsta óeðlilegt að maður þurfi að greiða af launum fyrir hverja einustu vinnustund sem hann vinnur en geti hins vegar haft fjármagn í umferð sem veitir honum kannske margföld laun, margfalda umbun, og eigi það skattfrjálst. Þetta hlýtur að teljast mjög óeðlilegt fyrirkomulag. Ég held að þetta hljóti að teljast ákaflega skammsýn stefna, svo að ekki sé meira sagt.

Stephan G. talaði einhvern tíma um að

> iðjulaust fjársafn á féleysi elst,
> eins og fúinn í lifandi trjám.

Og hvað er hér um að ræða annað en iðjulaust fjármagn sem elst á féleysi annarra? Ég sé enga ástæðu til annars en að taka skattamálin í sambandi við verðbréf og skuldabréf til rækilegrar athugunar með það fyrir augum að menn greiði eðlilegan skatt af þeim tekjum sem þeir hafa af því sem öðru.

Það hefur verið komið hér inn á vaxtamálin í þessu sambandi. Í sjálfu sér sé ég ekki að hækkun vaxta um 2% hækki vexti á okurmarkaðinum kannske um 50%. Ég sé ekki alveg sambandið þar á milli. Sannleikurinn er sá að það er of lítið fjármagn, það er of mikil eftirspurn eftir fjármagni. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram m.a. hjá hv. 8. þm. Reykv., hvort ekki sé ástæða til að athuga hvort ekki er of mikið af fjármagni bundið, eyrnamerkt, bundið til ákveðinna hluta. Í bankakerfinu hefur verið unnið geysilega að því og við höfum fjölda sjóða og stofnana sem hafa ákveðið fjármagn til úthlutunar. Ástæða er til að athuga hvort ekki verði að slaka á þessu.

Þó að ég sjái ekki beint samband á milli okurlána, okurvaxta, og vaxtastigs í landinu er ég þeirrar skoðunar að þau mistök hafi orðið á s.l. ári að vextir voru að nokkru gefnir frjálsir og það hafi haft óheppileg áhrif, svo að ekki sé meira sagt. Ég held að það hafi vakið ákveðinn hugsunarhátt, ákveðna afstöðu, sem ríkisstj. þarfnaðist síst af öllu á þeim tíma þegar fram undan voru allmiklar kröfur launþegahreyfinganna í landinu og næsta óskiljanlegt að farið skyldi út í slíka aðgerð með alla samninga lausa fram undan.

Nú ætla ég ekki að ræða vexti. Það verður kannske ástæða til þess síðar að ræða þau málefni. Ég vil einungis að lokum skora á ríkisvaldið, skora á Alþingi og skora á dómsmálavaldið í landinu að nota þá glufu, sem nú hefur opnast niður í það neðanjarðarhagkerfi sem hér hefur verið að þróast undanfarin ár, til að gera nú tilraun, virka tilraun, eins og það heitir á fjölmiðlamáli og reyndar þingmannamáli, til að útrýma þessu — kannske ekki að fullu og öllu. Það er alveg hárrétt bæði hjá hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. að þessu verður aldrei útrýmt með öllu.

Í Reykjavík var vitað hér áður fyrr, þegar ég var hér við nám, um 2—3 menn sem stunduðu slík viðskipti. Þau viðskipti voru kannske ekki mjög umtalsverð. Þau voru með dálítið sérstæðum hætti. M.a. var þar aðili sem var þjóðsaga á margan hátt og viðskipti hans hafa nú varla numið nema eins og kannske vikuviðskiptum ýmissa þeirra sem núna eru að fást við þetta.

Núna erum við komin með ekki einn, ekki tvo og ekki þrjá, ekki neinar goðsagnaverur, heldur fjölda manna sem annaðhvort eru milliliðir í slíkum viðskiptum eða leggja til allverulegt fjármagn til slíkra viðskipta. Ég skora á ríkisstj. og alþm. að taka þessi mál til alvarlegrar umhugsunar, ekki gera úr þessu pólitískt þrasmál — það er engin ástæða til þess, allir hljóta að vera sammála um að hér sé um hættulegt mál að ræða — heldur sameinast um að reyna eftir megni að hreinsa til með því að koma hér upp heilbrigðara efnahagslífi og þar með heilbrigðara þjóðlífi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að taka þetta mál til umræðu hér á hv. Alþingi. Það var kominn tími til að Alþingi léti sig þessi mál nokkru skipta því að það er mikil nauðsyn að upplýsa frekar og uppræta okurlánastarfsemi. Ég undrast þó hve litlu hæstv. ráðherrar svöruðu þeim spurningum sem fyrir þá voru lagðar og hve auðveldlega þeir varpa því frá sér, sem hv. þm. Páll Pétursson hefur séð og viðurkennt, að sú efnahagsstefna sem ríkisstjórn þeirra rekur hafi einmitt hvatt til þess að okurlánastarfsemi dafnar betur en áður. Vitanlega varð hún ekki til í tíð þessarar stjórnar. En hitt er jafnvíst að slík starfsemi færist í aukana eftir því sem neyð manna og þörf fyrir fjármagn eykst.

Öll vitum við hver fjárhagsstaða húsbyggjenda er svo mikið sem um hana hefur verið rætt. Auglýst nauðungaruppboð fleiri en nokkur man eftir og háværari kröfur húsbyggjenda og íbúðarkaupenda um leiðréttingu sinna mála, leiðréttingu á þeim okurlánum sem ríkisstj. hefur varpað á þá með því að verðbinda laun en ekki lán og hækka jafnframt vexti.

„Hvað er okur?“ var spurt hér fyrr í umræðunni. Það mætti segja margar daprar sögur af reynslu fólks sem tók lán miðað við greiðslugetu án þess að reisa sér hurðarás um öxl, án þess að renna grun í fyrirætlanir ríkisstj. í efnahagsmálum. En það örlaði lítið á samúð hæstv. ráðherra með þessu fólki.

Það er rétt sem hæstv. viðskrh. og fjmrh. sögðu. Okurlánastarfsemi hefur alltaf verið til. En hæstv. viðskrh. sagði líka að það væri ekki stjórnenda að koma í veg fyrir að hún þrífist. Hvað er hæstv. ráðherra að meina? Hlýtur það ekki að vera hlutverk stjórnenda að reyna að koma í veg fyrir að það ástand myndist í þjóðfélaginu sem hvetji til okurlánastarfsemi? Hver er ábyrgð þeirra sem fara með stjórn gagnvart þeim sem þá velja inn á löggjafarsamkomuna? Það er afleitt að ekki skuli enn hafa verið sett eftirlit eða lög með starfsemi eins og verðbréfasölu, ekki síst vegna þess hve umsvifamikil hún er orðin. Allur opni verðbréfamarkaðurinn er talinn vera með seld skuldabréf upp á 1,5—2 milljarða. Það er óeðlilegt að svo mikið fé skuli hringla eftirlitslaust, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að stór hluti þess er skattfrjáls, svikinn undan skatti. Það er rétt sem hér var sagt áðan. Þetta er í raun ein tegund skattsvika. Það er því löngu tímabært að lagt verði fram frv. til l. um verðbréfaviðskipti.

Bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. segjast vilja vaxtalækkun, en hvorugur þeirra né heldur hæstv. viðskrh. virðist skilja eða vilja viðurkenna að efnahagsaðgerðir þeirra hafa leitt til þess að vaxtaútreikningar

eru orðnir svo flóknir að almenningur er vanmáttugur, botnar hvorki upp né niður og borgar þegjandi. Þess vegna dugar ekki minna en kennari í bókfærslu til þess að koma auga á mistökin sem verða. Þar dugar tæplega venjulegt fólk eins og kom fram í umræðum. Þetta minnir á bónusútreikningana sem eru svo flóknir að þær konur sem eftir þeim vinna þurfa að fara á námskeið til að skilja þá svo að þær séu ekki hlunnfarnar.

En það var fleira sem hæstv. ráðherrar virtust heldur ekki skilja. Það er örvænting þeirra sem eru að reyna að bjarga húsnæði sínu, húsnæði sem oftast er eina eign þeirra. Örvænting getur brenglað skynsemi manna og örvænting þeirra sem nú eru að missa eigur sínar er ekki síst að kenna efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar. En hæstv. viðskrh. virtist hvorki hafa skilning né samúð með þeim sem haldnir eru örvæntingu og grípa til örþrifaráða né heldur með þeim sem eru ekki nógu vel gefnir. Mér skildist á honum að þeir ættu ekki skilið að eiga sér þak yfir höfuðið.

Bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. héldu því fram að sparifé landsmanna hefði aukist og hæstv. forsrh. gaf upp tölur upp á 31% af landsframleiðslu og ekki verið hærri síðan 1973. En heildarsparnaður hefur ekki aukist og það er sýnu mikilvægara og alvarlegra.

Það brenglaða verðmætamat sem hér hefur ríkt vegna langvarandi verðbólgu hefur getið af sér siðleysi sem nú opinberast t.d. í því okurlánamáli sem hér er til umræðu, siðleysi sem stýrist af sterkri og tillitslausri sjálfsbjargarhvöt og virðist eiga litla samfélagskennd. Sá okurlánamarkaður sem okkur hefur opinberast nú er líklega aðeins hluti þeirrar starfsemi sem þrífst hér, en hann hefur þegar sýnt sig að hafa svipuð tengsl og okurlánamarkaðir hafa erlendis, þ.e. tengsl við fíkniefnasölu þar sem menn þurfa að komast yfir mikið fjármagn á stuttum tíma. Vaxandi umsvif fíkniefnasölu og aukin neysla slíkra efna hefur vakið ugg meðal alls þorra almennings. Það er alvörumál fyrir ríkisstjórn ef stefna hennar hvetur og rekur venjulega borgara með viðskipti sín til okurlánara og þannig heldur þeim gangandi svo að þeir dafni, en það er ekki síður alvarlegt ef fíkniefnasala dafnar í því neðanjarðarhagkerfi sem stefna ríkisstj. hvetur til. Það er eins og þeim sem stjórna gleymist að stefna þeirra svífur ekki laus og hrein í tómarúmi þar sem hagfræðikenningar einar rætast og dafna. Stefna stjórnenda bitnar á fólki, lifandi fólki af holdi og blóði sem finnur til, og það finnur ekki síst til núna vegna skammsýni og tillitsleysis þeirra sem móta og framkvæma stefnuna.

Efnahagsráðstafanir þessarar stjórnar hafa leitt öngþveiti og örvæntingu yfir talsverðan hóp manna í þessu þjóðfélagi. Kannske eru þeir 20% okkar, öreigarnir sem bankastjórinn, viðmælandi hv. þm. Haraldar Ólafssonar, nefndi. Ég vil spyrja: Er það ætlun ríkisstj. að strika yfir þetta fólk eins og truflandi tölur í dæmi, dæmi sem hún vill láta ganga upp á blaði? Er það ætlun ríkisstj. að fórna þessu fólki eða ætlar þessi ríkisstj. að sýna þann manndóm að axla ábyrgð af eigin stefnu?

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að þeningamál eru alltaf í sviðsljósinu því að þau koma inn á alla hluti í þjóðfélaginu, bæði hjá einstaklingum, hinum almenna borgara, atvinnufyrirtækjum, sveitarfélögum og ríkisvaldi, og við erum þjóðfélag sem hefur farið út í miklar framkvæmdir á liðnum árum og við viljum halda áfram framkvæmdum og uppbyggingu, en við verðum einnig að gæta okkar á hinum slæmu hliðum sem peningamálin sýna oft.

Því er ekki einfaldlega hægt að koma upp í ræðustól á Alþingi og segja að vextir séu svona og svona háir, það vanti aukna peninga í þetta og hitt, koma svo aftur upp í öðrum málum og biðja um meiri framkvæmdir og meiri útgjöld hjá ríkinu, eins og ákveðin nöfn hérna á Alþingi hafa tileinkað sér, og spyrja þá ekkert hvernig eigi að afla fjár til hlutanna. Það eru þessi ábyrgðarlausu öfl sem takast ekki á við nein vandamál eða neina ábyrgð heldur gaspra og gaspra um þetta og hitt eins og fram kom hjá sérstaklega síðasta ræðumanni hér áðan. Enda er sá flokkur, eða þau samtök sem þm. er fulltrúi fyrir, dæmigerður fyrir ábyrgðarleysi því að aldrei hefur komið fyrir að þessi samtök hafi sýnt neina ábyrgð, heldur fullkomið ábyrgðarleysi og gaspur og lágkúru. Skal ég koma nánar inn á það síðar. (**ÓRG:** Það er munur að vera svona heilagur eins og ráðherrann.) Ja, var friðarhöfðingi Alþb. að grípa fram í núna? (**ÓRG:** Við höfum bara sjaldan heyrt svona lýsingu frá ráðherra áður.) (**GA:** Þau tíðkast nú hin breiðu spjótin.) (**ÓRG:** Það er greinilegt að síðasti ræðumaður kom illa við ráðherrann.) Forseti, á ég ekki að fara úr stólnum svo að friðarhöfðingi Alþb. komi í staðinn eða er hægt að láta fyrir túlann á honum svolítið, svolitla stund? (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. hefur orðið. Ég bið menn að virða það.) (**ÓRG:** Það er auðheyrt að menn eru orðnir viðkvæmir.) Ja, það er von að þessi þm. eða varaskeifa formanns Verkamannasambandsins sé eitthvað viðkvæm núna. Hann hagaði sér það skemmtilega hérna í deildinni í gær því að óskemmtilegri vinnubrögð hafa ekki verið viðhöfð hér lengi eins og þessi maður og fleiri höguðu sér í gær. En hér er verið að ræða um önnur mál og ég ætlast til þess að þessi þm. kunni að hlusta og biðji svo um orðið þegar að honum kemur.

Innlánsfé er eign almennings í landinu. Það vita allir menn og það þýðir ekkert að fara fram hjá því. Eftir því sem innlánsfé eykst þess meira er til útlána í þjóðfélaginu. Ég spyr: Vilja þm. almennt lækka vexti langt niður fyrir raunvexti eins og var hér áður fyrr? Hvað verður þá um þetta innlánsfé? Á að vera með vexti, eins og gert var lengi, sem brunnu upp í verðbólgu? Þetta var gert áratugum saman í þessu landi og margur sem nú er kominn undir græna torfu hafði aurað í gegnum árin inn á sparisjóðsbækur sem ekki varð neitt úr vegna verðbólgunnar sem geisaði. Þeir sem notuðu sér það að fá óverðtryggð lán, fóru út í að byggja bæði íbúðarhús, verslunarhús og annað, urðu ríkari á þeim árum. Það var fyrst og fremst fyrir þá gert á sama tíma og sá sem sparaði í þessu þjóðfélagi varð fátækari.

Þegar brotið er blað í þessum efnum er sagt: Ja, hver sá sem er í vandræðum er í vandræðum vegna þess að hann borgar svo háa vexti. Vitaskuld verður að vera hóflegt bil á milli innláns- og útlánsvaxta þannig að bankarnir taki ekki neitt óhóflegan gróða. Hins vegar verða bankar auðvitað að lána til atvinnulífs til uppbyggingar, lána til samfélagsins o.fl. og þar verða þeir auðvitað oft fyrir skakkaföllum eins og hefur komið hér á daginn og er ekkert nýtt í þessu þjóðfélagi.

Hitt tek ég alveg undir að okurlánastarfsemin blómstrar auðvitað fyrst og fremst ef fólk tekur fé út úr innlánsdeildunum því að þá lækka útlánin að sama skapi. Það lánar enginn banki ef hann hefur ekki fé til

að lána. Þá fyrst fara okrararnir að blómstra og þessi okurlánastarfsemi. Þetta hélt ég að hver og einn skildi.

Hv. síðasti ræðumaður sagði að ég hefði sagt að ég hefði enga samúð með þeim sem tækju okurlán. Ég sagði að ég hefði ekki samúð með þeim sem tækju okurlán með 300% ársvöxtum sem sá sem hóf umræðuna nefndi í sinni ræðu. Og ég stend við það. Það er vonlaust fyrir hvern og einn að taka lán með 300% vöxtum. Ef hann stendur illa að vígi sekkur hann bara *dýpra við það. En að ég hafi sagt almennt eru hrein* ósannindi hjá þm., hrein ósannindi og er engum tilgangi þjónað nema lágkúrunni með svona málflutningi, ekki nokkrum tilgangi öðrum.

Nú spyr ég þennan þm. eða fleiri: Hvað viljið þið lækka vextina? Hvaða áhrif teljið þið að verði í peningastofnunum með lækkun innlána? Hvað verður þá til útlána, til atvinnulífs, til einstaklinga? Hér er úr vöndu að ráða. Eðlilega verður að fara eftir því sem skynsamlegt er. Við megum ekki fara í sama farið og gert var frá styrjaldarbyrjun og lengi vel þegar var verið að eyðileggja sparifé þeirra sem höfðu eitthvað aurað saman.

Það þýðir ekki að slá á viðkvæma strengi þeirra sem eru í erfiðleikum. Og það er líka ástæða til fyrir okkur, fyrir þjóðina, að hafa það hugfast að förum við út í fjárfestingar, hvort sem það er á sviði atvinnurekstrar eða einstaklinga, verðum við að gera okkur grein fyrir hvað maður getur staðið við og hvað eru möguleikar á að standa við. Í nágrannalöndum okkar gera menn þetta yfirleitt og menn fá ráðgjöf í lánastofnun um hvað þeir þola.

Það er alveg rétt hjá þeim sem hér hafa talað að binding hefur verið sett á laun en ekki á lánskjaravísitölu. En það er annað sem við verðum líka að muna. Töluverðar launahækkanir hafa orðið á þessu tímabili. Það hafa orðið verulegar hækkanir t.d. hjá opinberum starfsmönnum. Það hefur orðið flutningur á milli launaflokka svo að ekki er hægt að líta alveg fram hjá þessu. En það hefur líka orðið hækkun á framfærslu svo að menn geta ekki talað alltaf um þetta frá annarri hliðinni en sleppt hinni.

Það er ekkert nýtt sem er komið upp í sambandi við húsnæðislánin. Mesta ógæfan varð á seinni hluta þess tímabils sem fyrrv. ríkisstj. fór með völd. Það hafa aldrei verið látnir aðrir eins fjármunir til húsnæðismála og í tíð þessarar stjórnar. En annað hefur líka skeð. Byggingar hafa verið það miklar að breyting hefur orðið á verði fasteigna, meira að segja á markaðinum hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, það verulegar breytingar að íbúðir hafa ekki hækkað. Þær hafa í mörgum tilfellum lækkað í verði. Þetta gerir það að verkum að vonir margra hverra sem eru að byggja hafa brugðist um góða sölu á íbúðum sem þeir áttu fyrir. Þarna er verulegur hluti af vandamáli margra sem eiga í erfiðleikum. Hafa menn heyrt fulltrúa stjórnarandstöðunnar nefna þetta? (**Gripið fram í:** Já.) Hér í dag? Það kom ekki mikið frá þm. sem var að ljúka máli sínu í þessum efnum. Það var bara frá einni hlið, allt frá einni hlið. Get ég komið því frá mér að það sé bara stjórnvöldum að kenna að allt sé svona komið og blessað fólkið sem þarf lánsfé þurfi lægri vexti? Og ég ætla ekkert að koma að því að um leið þurfi að lækka vexti fólksins sem á sparifé eða innlánin í bönkum og lánastofnunum landsins og þar með minnka ávöxtunarmöguleika. — En þetta er bara ekki svona einfalt. Og það er kominn tími til fyrir það fólk sem er kjörið á Alþingi að líta raunsætt á málin en ekki frá einhverjum sérstökum eftirlætismálum og aðeins því sem snýr að því sem það telur vinsælt hverju sinni. Ég hef ekki heyrt þennan þm. t.d. tala um nauðsyn þess að setja lög um verðbréfamarkað. Það er ekki fyrr en núna þegar þm. veit að þetta frv. er að koma og búið er að vinna lengi að samningu þess. Ekkert af þessu hefur verið til fyrr en *núna að það er að sjást.*

Formaður þingflokks Framsfl. tók dálítið undir í Kvennalistastíl svona öðru hvoru. En ég vil minna hann á að Framsfl. er aðili að þessari ríkisstj. og meira að segja er formaður flokksins forsrh. þessarar ríkisstj. Stefna ríkisstj. er stefna beggja flokkanna og um vaxtastefnuna, sem hefur verið framkvæmd til þessa, hefur verið tekin ákvörðun af báðum flokkum. Það er því ekkert auðvelt fyrir formann þingflokksins að sigla fram hjá því að þetta hafa verið ákvarðanir beggja stjórnarflokkanna. Það er verst að hæstv. forsrh. er á ferðalagi en formaður þingflokksins heima.

Það kom fram áðan að ég hefði sagt að ekki væri hlutverk stjórnvalda að koma í veg fyrir okurlán. Ég sagði að það væri hlutverk lögreglu og dómstóla að taka þá sem yrðu uppvísir að lögbrotum. En hins vegar er það hlutverk stjórnvalda að reyna að koma í veg fyrir eftir fremsta megni að þessi brot verði til. En þá sem verða uppvísir að brotum er hlutverk dómstóla að taka til bæna. En hitt er kannske miklu meira atriði að koma í veg fyrir brot og þar get ég loksins orðið sammála hv. þm. um að mikið atriði er að koma í veg fyrir slíkt.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel að framfylgja verði af fullri hörku þeirri rannsókn sem nú stendur yfir og ég treysti þeim embættismönnum sem það gera fyllilega til þess. Þeir munu kanna og eru að kanna mjög ítarlega gang þessara mála. Það getur líka orðið til þess að svolítið fari að skjálfa hjarta annarra sem stunda svipaða starfsemi, sé tekið fast og ákveðið á, og þeir dragi úr þessum umsvifum sínum og lögbrotum.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði að ég hefði kallað þetta lið gróðapunga á sínum tíma og það er rétt og ég stend við það. Ég tel að þeir sem eru að reyna að gera sér erfiðleika annarra að féþúfu með ólögmætum hætti eigi að fá makleg málagjöld. Og ég tel að það eigi að vera sameiginlegur vilji bæði stjórnar og stjórnarandstöðu að reyna að finna leiðir og standa saman í því að koma í veg fyrir slíka starfsemi þó seint verði komist fyrir öll mein. Það er mér alveg ljóst. En höfuðatriðið er að reyna að uppræta það sem hægt er að uppræta og það mun ekki standa á mér eða á ríkisstjórninni að taka þátt í að gera það með öllum hugsanlegum ráðum.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem fram hafa komið í þessari umræðu. Hún er á margan hátt gagnleg og fyllilega þarft fyrir Alþingi að ræða þessi mál og jafnvel í svo víðu samhengi sem þessi umræða ber vitni um, ekki einungis afmarkað það brotamál sem varð kveikja þessarar umræðu, heldur líka ýmis önnur mál, og á þann veg hefur þessi umræða orðið eins konar almenn stjórnmálaumræða.

Ég vara hins vegar við því, sem tilhneiging hefur orðið til í þessari umræðu, að tengja saman afmarkað brotamál og margs konar erfiðleika og viðfangsefni sem við glímum við í stjórn landsins á ýmsum sviðum

efnahags-, atvinnu- og félagsmála. Sannleikurinn er auðvitað sá að brotamál af þessu tagi geta átt sér stað og komið upp á yfirborðið hver svo sem stjórnarstefna er á hverjum tíma, eins og dæmin sanna, og auðvitað fjarri lagi að tengja þetta einstaka afbrot við stjórnarstefnu. Á það hef ég bent fyrr í þessari umræðu. Það er fráleitt að gera það. En hitt er auðvitað að hér hefur verið vakið máls á fjölmörgum atriðum, bæði í húsnæðismálum og almennri stjórn peningamála, sem þarft er að ræða.

Brotamál af því tagi sem er kveikja þessarar umræðu, okurlánastarfsemi sem verið hefur til rannsóknar, er mjög alvarlegt mál og býsna mikil ástæða til að taka það föstum tökum. Það hlýtur að grafa undan trausti og tiltrú almennings þegar upp kemst um slíkt mál og menn fá vissu fyrir því að starfsemi af slíku tagi á sér stað í okkar þjóðfélagi. Fyrir þá sök er mikilvægt að á málinu sé tekið af festu, bæði að því er varðar rannsókn málsins sjálfs og eins auðvitað af hinu, að við reynum með almennum aðgerðum að fyrirbyggja að slíkt gerist og slíkt grafi um sig í þjóðfélaginu. Það hlýtur að vera markmið okkar allra, hvaða stjórnmálahugmyndum sem við annars fylgjum. Þar hygg ég að við getum staðið saman því að starfsemi af þessu tagi kemur jafnilla við hvort sem menn fylgja einni stjórnmálastefnu eða annarri.

Ég ætlaði að víkja að nokkrum atriðum sem þegar hafa komið fram í þessum umræðum. Hv. 5. þm. Reykv. vék að því að þær ákvarðanir sem teknar voru fyrir skömmu varðandi sölu á spariskírteinum ríkisins hefðu leitt til þess að vextir hækkuðu og hann fullyrti beinlínis að bankarnir hefðu rökstutt óskir sínar um hækkun vaxta með tilvísun til þeirrar ákvörðunar sem tekin var um tímabundna aðgerð til þess að auka sölu þessara bréfa. Ég hef þegar rakið það mál við þessa umræðu og ætla ekki að endurtaka það hér og nú, en minna á að sú fullyrðing, sem ég færði fram fyrr við umræðuna, stenst, að þessi einstaka aðgerð hefur ekki haft nein áhrif til hækkunar almennt á vöxtum og hún hefur ekki verið grundvöllur að óskum banka um hækkun vaxta.

Ég hef óskað eftir vitneskju um það frá Seðlabankanum á hvern veg bankarnir hafa rökstutt óskir sínar um hækkun vaxta. Svarið er þetta: Almennar sparisjóðsbækur hafa verið með vöxtum upp á síðkastið langt fyrir neðan verðbólgustigið. Vextir á almennum sparisjóðsbókum voru ákveðnir 22% þegar verðbólgan var 20%. Það er m.ö.o. verið að ganga mjög á rétt hins almenna sparifjáreiganda í landinu þegar vextir af sparisjóðsbókum eru neikvæðir með þessum hætti. Þetta er meginrökstuðningur bankanna fyrir óskum um breytingar hér á og rétt að það komi hér skýrt fram. Hitt mun vera rétt að einn sparisjóður og samband sparisjóða vísuðu til þessarar sérstöku aðgerðar ríkissjóðs varðandi sölu á spariskírteinum í rökstuðningi sínum fyrir óskum um hækkun á vöxtum á almennum sparisjóðsbókum. En ég hygg að flestir geri sér ljósa grein fyrir því að þessi tímabundna aðgerð hafi engin almenn áhrif í þessu efni og óskir bankanna hér að lútandi voru komnar fram áður en þessi aðgerð varðandi spariskírteinin var ákveðin.

Fullyrðing hv. 5. þm. Reykv. á því við engin rök að styðjast að þessu leyti. En við getum sjálfsagt verið sammála um það, ég og hv. 5. þm. Reykv., að almennt séð er óheppilegt að ríkissjóður sé háður mikilli lántöku á innlendum markaði þegar hann er þröngur. Það hlýtur að ýta frekar undir vexti og hafa áhrif til þess að hækka vaxtastig en hitt. Þessu verðum við hins vegar að gera okkur grein fyrir þegar við samþykkjum fjárlög, ákveðum útgjöld og tekjur ríkissjóðs. Um leið og við höfum gert það og ætlað ríkissjóði að afla tekna með þessum hætti er honum rétt og skylt að leita þeirra leiða sem Alþingi hefur ákveðið í þessu skyni. En ég vil fyrir mitt leyti leggja mikið af mörkum í þeirri baráttu að koma í veg fyrir að ríkissjóður þurfi að taka í of ríkum mæli lán á innlendum markaði og ég tala nú ekki um erlend lán, einmitt í því skyni að hafa áhrif í þá veru að lækka vexti. Það er ein af þeim leiðum sem við verðum að hafa í huga í baráttu okkar fyrir því að lækka vaxtastigið í landinu. Það væri hollt og rétt fyrir Alþingi að hafa það í huga við umræður um útgjöld og tekjuöflun til ríkissjóðs að of mikil sókn inn á lánamarkaðinn kyndir undir vaxtastiginu, kyndir undir vöxtum. Það er ekki of oft á það minnst að þessa verður að gæta við fjárlagagerðina.

Hv. 5. þm. Reykv. vék hér, eins og nokkrir fleiri hv. þm., að húsnæðismálum í tengslum við þessa umræðu. Hann sagði að ríkisstj. hefði lítið aðhafst í þeim efnum. Hann greindi frá því að að hans mati væri ástæðan fyrir þeim erfiðleikum sem nú er við að etja í húsnæðismálum í meginatriðum fólgin í fimm þáttum. Hann benti í fyrsta lagi á að eiginfjárstaða húsnæðislánasjóðanna hefði orðið fyrir hrottalegum áföllum, eins og hann orðaði það. Í annan stað minnti hann á að það hefðu verið tekin of mikil erlend lán til húsnæðislánakerfisins. Í þriðja lagi benti hann á það misgengi milli launa og lánskjara sem varð um tíma. Hann benti á of háa vexti í fjórða lagi og verðfall fasteigna í fimmta lagi.

Við skulum aðeins huga að þessum þáttum og við skulum fyrst víkja að því sem hv. þm. nefnir hrottaleg áföll sem byggingarsjóðirnir hafa orðið fyrir vegna rýrnandi eiginfjárstöðu. Það er rétt að hafa í huga í því sambandi ummæli hv. 3. þm. Reykv. í þessari umræðu sem sagði að hér kæmi fram og hefði komið fram „skilningsleysi stjórnvalda á hinum mannlegu vandamálum sem stjórnarstefnan hefði leitt yfir heimilin í landinu.“ Við skulum huga að þessu tvennu í sömu andránni.

Það er rétt að miklir erfiðleikar eru í húsnæðislánakerfinu, en við skulum huga að því hver ástæðan er og hvar ræturnar liggja, ekki síst í ljósi þess sem formaður Alþb., hv. 3. þm. Reykv., sagði í tilvitnuðum ummælum fyrr í þessari umræðu.

Hv. 3. þm. Reykv. var fyrir fáum árum félmrh. og á sama tíma var fyrrv. formaður Alþb. fjmrh. Þá námu framlög ríkisins sem hlutfall af heildarlánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins 17%. Framlög ríkisins voru 17% af lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins. Á þessu ári er áætlað að framlög ríkisins til byggingarsjóðsins séu 45% og það er ráðgert, miðað við þá áætlun sem gengið er út frá í dag, að þetta hlutfall fari yfir 60% á næsta ári. Hvernig fer þetta saman við fullyrðingu hv. 5. þm. Reykv. um að lítið hafi verið að gert? Og hvernig fer þetta saman við þá fullyrðingu hv. 3. þm. Reykv. að stjórnarstefnan hafi leitt ógæfu yfir heimilin í landinu og sýni skilningsleysi á hagsmunum heimilanna? Hvernig getur maður, sem bar ábyrgð á því að framlög til byggingarsjóðsins námu aðeins 17% af útlánunum, sagt

þetta þegar þessari ríkisstjórn hefur á jafnskömmum tíma og raun ber vitni tekist að snúa því þannig við að horfur eru á að þetta hlutfall geti farið yfir 60% á næsta ári? Hvaða tilgangi þjónar að tala með þessum hætti og reyna að blekkja fólkið í landinu á þennan veg? Hvernig geta þeir menn sem öðrum fremur bera ábyrgð á þeim miklu erfiðleikum sem húsnæðismálin eru í og það fólk sem er að byggja og koma sér þaki yfir höfuðið á nú við að stríða? Það eru fyrst og fremst þeir menn sem komu húsnæðislánakerfinu í þá aðstöðu að það fékk ekki meira eigin fjármagn út úr ríkissjóði en raun ber vitni um.

Og við skulum horfa á fleiri tölur í þessu sambandi. Hvert var lánahlutfall til staðalíbúðar meðan hv. 3. þm. Reykv. var félmrh. og hv. þm. Ragnar Arnalds var fjmrh.? Þá var hlutfall lána úr byggingarsjóði til staðalíbúðar 19% af kostnaðarverði, en það er nú komið í 29% eða þar um bil. Það hefur sennilega farið neðar en í 19%. Það hefur sem sagt hækkað um 50%. Svo standa þessir menn upp á hinu háa Alþingi og fullyrða að það sé stjórnarstefnan sem hafi leitt þessa erfiðleika yfir þjóðina — stjórnarstefna sem hefur breytt útlánahlutfalli úr 14 eða 19% í 30%, hefur aukið útlánin um 50% eða hækkað útlánin til einstakra aðila um 50%.

Og við skulum horfa á þriðju tölulegu staðreyndina í þessu sambandi. Árið 1980 voru útlán byggingarsjóðsins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 1,6%. Útlán byggingarsjóðsins voru 1,6% af þjóðarframleiðslu. Þegar hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Ragnar Arnalds höfðu setið í tvö ár í ríkisstjórn var þetta hlutfall komið niður í 1,3%, en á þessu ári er það komið í 2,8%. Það hefur verið meira en tvöfaldað á þeim skamma tíma sem þessi stjórn hefur setið við völd. Og svo koma þessir hv. þm. og halda því fram að það sé þessi stjórnarstefna, sem hefur meira en tvöfaldað útlán byggingarsjóðanna sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, sem hafi leitt ógæfu yfir húsbyggjendur! Það tekur auðvitað engu tali að hlusta á fullyrðingar af þessu tagi. Það tekur engu tali að hlusta á slíkar fullyrðingar.

En við skulum gera okkur alveg fulla grein fyrir því að eins og þetta kerfi hafði verið brotið niður í stjórnartíð þeirra tveggja þm., sem ég hef hér nefnt til, er enn við mikla erfiðleika að etja og margir þeir sem standa í húsbyggingum í dag og margir þeirra sem réðust í þær framkvæmdir meðan þeir félagar voru við völd eiga enn í miklum erfiðleikum. Það getur tekið nokkurn tíma að leysa þau vandamál þó að svo myndarlega hafi verið tekið á málum sem þessar tölulegu staðreyndir bera vitni um. Við þurfum enn að bæta um betur, fyrst og fremst fyrir þá sök hvernig forusta Alþb. í ríkisstjórn fór með Byggingarsjóð ríkisins. Það er meginástæðan og það skulum við hafa í huga í allri þessari umræðu.

Hv. 5. þm. Reykv. nefndi einnig til að vandi byggingarsjóðsins stafaði af því að til hans hefði verið tekið of mikið af erlendum lánum. Undir það skal ég taka og að svo miklu leyti sem það hefur verið gert í tíð núverandi ríkisstjórnar og núverandi stjórnarflokka skal fyllilega viðurkennt að það er óhyggileg stefna. Við getum ekki fjármagnað Byggingarsjóð ríkisins með erlendum lántökum og frá því hefur nú verið horfið. Við verðum að byggja þennan sjóð upp af innlendum sparnaði og framlögum ríkissjóðs svo sem nú er stefnt að og verið að gera.

Hv. þm. minntist einnig á misgengi milli launa og lánskjara. Það hefur margsinnis verið á það bent hversu mikla erfiðleika það hefur haft í för með sér þegar þetta misgengi átti sér stað, en staðreyndin er auðvitað sú að meginhlutinn af þessu misgengi átti sér stað á óðaverðbólgutímanum á síðustu misserum fyrri ríkisstj. Nú um allnokkurt skeið hefur verið jafnvægi á milli launaþróunar og lánskjaravísitölu og það er auðvitað mjög mikilvægt atriði. Vegna breyttrar stjórnarstefnu tókst að ná þessu jafnvægi, en því miður eru margir enn að glíma við þá erfiðleika sem forusta Alþb. í síðustu ríkisstjórn í þessum málum hefur leitt yfir marga húsbyggjendur í þessu landi. Sem betur fer hefur okkur þó tekist að ná jafnvægi á milli launa og lánskjara og það er auðvitað höfuðatriði. Við höfum enn fremur sett löggjöf sem á að koma í veg fyrir að hugsanlegar sveiflur af þessu tagi íþyngi greiðslubyrði þeirra sem greiða þurfa reglulega af húsnæðislánum.

Fjórða atriðið sem hv. þm. minnti á voru of háir vextir. Nú skulum við hafa í huga að vextir af lánum húsnæðismálastjórnar eru niðurgreiddir í raun og veru miðað við hið almenna vaxtastig í landinu. Ég tel það vera eðlilegt og rétt. Hér er um félagslegt verkefni að ræða og það er eðlilegt að umtalsverðir fjármunir komi úr ríkissjóði, eins og nú á sér stað, til þess að vextir af þessum lánum geti verið nokkru lægri en almennir vextir í landinu. Og sú er líka raunin á. Það tel ég vera eðlilegt og skynsamlegt félagslegt verkefni.

Í fimmta lagi minntist þm. á verðfall fasteigna. Það er að sönnu rétt að verð á fasteignum hefur farið nokkuð lækkandi. Það er ekki langt síðan menn kvörtuðu mikið yfir of háu fasteignaverði á notuðum íbúðum, ekki síst hér í Reykjavík. Ein af ástæðunum fyrir því að verð á fasteignum var svo hátt að menn settu á langar ræður til að gagnrýna það var lóðaskortur, ekki síst hér í höfuðborginni, um langt árabil, en keyrði þó um þverbak á síðasta kjörtímabili. Í upphafi þessa kjörtímabils sveitastjórna í landinu var gert verulegt átak hér í höfuðborginni til að breyta þeirri stefnu sem fylgt hafði verið og með stórátaki var lóðaeftirspurn fullnægt. Framboð af lóðum var aukið þannig að eftirspurninni var fullnægt. Það var vitað mál að þetta hlaut að vera ein leið til að lækka óhóflega hátt verð á fasteignum sem menn höfðu áður kvartað undan. Ég lít svo á að það því leyti sem þessi aðgerð hefur haft áhrif til þess að ná betra jafnvægi á fasteignamarkaðinum hafi hún verið skynsamleg. Auðvitað er það svo í þessum efnum að vandséð er hvar jafnvægi skapast, en flestir hygg ég að geti verið sammála um að fasteignaverð var orðið óhóflega hátt og eðlilegt var að reyna að ná þar betra jafnvægi með auknu framboði á lóðum.

Hv. 3. þm. Reykv. flutti í fyrri hluta umræðunnar á marga lund mjög kynlega ræðu sem var laus við að koma nálægt efni þessa máls, laus við það að víkja nokkurs staðar að staðreyndum. Hún var hins vegar uppfull af slagorðum og innantómum fullyrðingum. Ein fullyrðingin var sú að núv. ríkisstj. vildi ekki skerða hár á höfði markaðsveldisins, eins og hann komst að orði, vegna þess að hún lifði samkvæmt ofstækisfullum hagstjórnarkenningum og átti hann þá við það takmarkaða sjálfstæði sem bankar hafa fengið til að ákveða vexti. Nú er það svo að það sjálfstæði sem bankarnir fengu til að ákveða vexti er mjög takmarkað, háð eftirliti Seðlabanka, og sannleikurinn er sá að

vextir til að mynda á almennum sparisjóðsbókum, eins og hér hefur verið vitnað til, eru nú verulega neikvæðir þrátt fyrir það sjálfstæði sem bankarnir fengu í þessum efnum. Sannleikurinn er sá að það ákvörðunarkerfi, ef svo má að orði komast, sem unnið hefur verið að í þessum efnum, er mjög á sama veg og til að mynda sósíaldemókratar á Norðurlöndum beittu sér fyrir fyrir áratugum, eins og margsinnis hefur verið vakin athygli á. Er það þetta sem Alþb. kallar ofstækisfullar efnahagskenningar, það sem sósíaldemókratar á Norðurlöndum hafa talið sjálfsagðan hlut í áratugi? Ég furða mig á ummælum eins og þessum og það eru fleiri sem gera það. Það eru ekki bara andstæðingar Alþb. sem furða sig á slíkum slagorðum, á slíkri umræðu um þau viðfangsefni sem við erum að fjalla um og þau vandamál sem við er að glíma. Það eru ekki bara andstæðingar Alþb. sem furða sig á slagorðum forustumanna Alþb. í þessari umfjöllun. Það eru býsna margir fleiri sem hafa komið fram í opinberri umræðu upp á síðkastið og vakið á því athygli að forustumenn Alþb. geta ekki fjallað málefnalega og hreinskilnislega og með hliðsjón af staðreyndum um þessi mál. Allur þeirra málflutningur byggist á slagorðum og innantómum fullyrðingum.

Ég ætla að vitna, eins og ég hef stundum gert áður, í gamla kennarann minn, Hörð Bergmann, með leyfi hæstv. forseta. Fyrir ekki löngu skrifaði hann grein í Þjóðviljann. Greinin hefst á tilvitnun í formann Alþb. þar sem formaðurinn segir: „Lífskjörin eru léleg, kaupið lágt og erfitt að lifa vegna þess hvernig fólkið kaus í síðustu kosningum." Og hvað segir þessi óbreytti liðsmaður í Alþb. um þetta meginstef flokksforustunnar? Hann segir svo:

„Boðskapur sem þessi þjónar greinilega ekki þeim tilgangi að skýra raunverulegt samhengi hlutanna fyrir fólki, bæta lífskjör þess í raun og vekja þannig tiltrú þess og traust. Hann ruglar fólk og leiðir hugsun þess til hæpinna ályktana. Í honum birtist einnig hættulegt vanmat á upplýstu fólki."

Þetta eru ummæli flokksmannanna í Alþb. um málflutning forustunnar. Og ef ég má, með leyfi forseta, halda áfram að vitna í þessa athyglisverðu grein segir þar:

„Samhengið er þetta: Lántaka í offjárfestingu sem leiðir til sóunar og lakari lífskjara. Lífskjaraskerðingin birtist í hækkun raforkuverðs heimilanna, hærra vöruverði í vissum tilvikum." Og hann heldur áfram: „Það er ekkert leyndarmál að Alþýðubandalagið átti sinn þátt í að rýra lífskjör fólksins í landinu með þessum hætti."

Það er ekkert leyndarmál að Alþýðubandalagið átti sinn þátt í að rýra lífskjör fólksins í landinu með þessum hætti! Þetta eru nú hugsanir hins óbreytta flokksmanns í Alþb., mat hins óbreytta flokksmanns á þeim málflutningi sem hv. 3. þm. Reykv. hafði í fyrri hluta þessarar umræðu.

Það er hins vegar vert að hafa í huga að þau mál sem hér hafa verið til umræðu koma umróti af stað í þjóðfélaginu og hljóta að skapa og leiða til nokkurrar lausungar og það er áhyggjuefni. Fyrir því er ástæða til að taka þau föstum tökum, leiða hugann að því hvernig spyrnt verði við fótum og gera allt sem unnt er, ekki bara að taka á þeim sem brotlegir eru og upp hefur komist um, heldur að freista þess að girða fyrir að slík starfsemi geti grafið um sig í þjóðfélaginu.

En allar þessar umræður leiða til lausungar á ýmsum sviðum og það hefur komið fram upp á síðkastið að menn eru orðnir býsna kærulausir, ekki bara í því ljósi sem fram hefur komið í því máli sem hér er til umfjöllunar, heldur ýmsum öðrum efnum. Mér sýnist til að mynda að sumir blaðamenn fari býsna ógætilega í allri þessari umræðu. Það er auðvitað mikil hætta á ferðum þegar mál af þessu tagi eru til meðferðar og menn geta misstigið sig og það er hægt að skaða réttaröryggið í landinu ef menn gæta sín ekki í umræðum um þau mál sem hér hafa verið til umfjöllunar, bæði þetta og eins annað alvarlegt mál sem hér hefur líka komið til umræðu á hinu háa Alþingi og tengist fjárhagserfiðleikum eins skipafélagsins og erfiðleikum eins ríkisbankanna af þeim sökum. Ég ætla vegna þessa að draga fram í umræðunni blaðafrétt sem birtist ekki alls fyrir löngu sem fimm dálka frétt á forsíðu eins dagblaðanna. Hún kom í dagblaðinu Þjóðviljanum og með leyfi forseta ætla ég að fá að lesa þessa frétt, hún er ekki löng. Þar segir:

„Samkvæmt heimildum sem Þjóðviljinn telur áreiðanlegar hefur tekist samkomulag á milli stjórnarflokkanna um að ríkissjóður hlaupi undir bagga með Útvegsbanka Íslands og greiði að hluta skuldir Hafskips hf., en á móti verði kaffibaunamál SÍS látið eyðast út. Skuldir Hafskips umfram veð nema nú fast að 500 millj. kr. Mun Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra hafa knúið framsóknarráðherrana til þessa gjörnings gegn því að sjálfstæðismenn sæju til þess að SÍS yrði bjargað út úr kaffibaunamálinu.

Fyrir rúmu ári fór fram hlutabréfaútboð hjá Hafskip hf. til að reyna að bjarga fyrirtækinu frá gjaldþroti. Aðeins 80 millj. kr. söfnuðust frá nokkrum fjármálamönnum. Staða Hafskips nú var því orðin slík að allt útlit var fyrir að þetta fé svo og lán Útvegsbankans væri tapað. Sjálfstæðismenn lögðu allt kapp á að ríkissjóður hlypi undir bagga, en framsóknarmenn stóðu í veginum. Þá voru þeir minntir á kaffibaunamál SÍS og þar með voru hrossakaup stjórnarflokkanna ráðin.

Innan Sjálfstæðisflokksins hafa verið uppi tvenns konar hópar í þessu máli. Annars vegar þeir sem vildu að ríkissjóður hlypi undir bagga, en hins vegar Eimskipafélagsmenn sem vildu hirða Hafskip fyrir lítið fé. Þessa tvo hópa hefur Þorsteini Pálssyni tekist að sameina með fyrrgreindum hætti. Eimskip mun í staðinn að öllum líkindum fá í sinn hlut Íslandssiglingar Hafskips. Fléttan snýst því um það að fjármálamennirnir sem lögðu fram 80 milljóna hlutafé í fyrra fái sitt til baka. Útvegsbanki Íslands taki á sig skuldir Hafskips sem svo ríkissjóður greiði til baka. Eimskip fái einokun í Íslandssiglingum, en framsóknarmenn mýldir með því að lofa þeim stuðningi við að þagga niður hið óþægilega kaffibaunamál."

Ég vek athygli á þessu hér vegna þess að þetta er eitt af dagblöðum þjóðarinnar sem birtir fimm dálka fyrirsögn. Í henni felst í raun og veru þetta: Fjmrh. þjóðarinnar er sakaður um að hafa gert hrossakaupasamning við annan stjórnarflokkinn um að greiða fé úr ríkissjóði til að bjarga tilteknum hluthöfum í Hafskip gegn því að tryggja það að tiltekið sakamál verði látið niður falla. Hér er um býsna grófar ásakanir að ræða. Ég hafði tal af viðkomandi blaðamanni og benti honum á að þetta væri tilhæfulaust með öllu og óskaði eftir að

hann bæðist afsökunar eða drægi fullyrðingar sínar til baka. Því var neitað af hans hálfu og blaðsins.

Nú er það svo að það er orðinn nokkuð alvarlegur hlutur ef það er orðin regla í þessu þjóðfélagi að dagblöð geti birt upplýsingar og ásakanir, svo grófar ásakanir á menn sem gegna opinberum trúnaðarstörfum, í því trausti að það réttarkerfi eða réttarfar ríki orðið á Íslandi að þeir sem þannig eru bornir sökum í blöðum verði að sanna sakleysi sitt.

Ég hygg að þessi frétt og sú afstaða sem hún skapar hljóti að verða okkur umhugsunarefni í öllum þessum umræðum. Hvers konar réttarfar er það sem borgarar, þeir sem starfa í opinberum trúnaðarstörfum, þurfa að búa við ef þetta á að viðgangast? Ég hef orðið var við það að enginn af forustumönnum Alþb. hefur tekið þetta mál upp. Ef einhver fótur væri fyrir frétt af þessu tagi þá hefði verið eðlilegt að taka það upp hér á hinu háa Alþingi með býsna alvarlegum hætti. Enginn af forustumönnum Alþb. hefur gert það. Það er í fullu samræmi við það sem ég hef fundið, að fæstir taka mark á skrifum sem þessum. Kannske er þetta bara lína lýðveldiskynslóðarinnar, sem hefur tekið völdin í Alþb., en ekki flokksforustunnar. Um það skal ég ekki dæma. En ég vildi vekja á þessu athygli hér vegna þess að þetta tengist allri þessari umræðu.

Um leið og lausung skapast í þjóðfélaginu sjá menn tækifæri til þess að koma hér á því réttarfari að blöð geti með þessum hætti borið sakir á menn í því trausti að mál séu komin í þann farveg að menn verði að sanna sakleysi sitt. Þá væri illa komið, ef við misstum stjórn á okkar þjóðfélagsmálum með þeim hætti.

Það eru ýmis fleiri atriði sem við þurfum að huga að. Það hefur oft verið að því vikið að skattkerfi landsins sé ekki nógu traust. Hvorki tekjuskattur né söluskattur sé með þeim hætti að fólkið í landinu geti treyst því að byrðar séu lagðar á landsmenn með réttilegum hætti og á sanngjarnan hátt eins og málum er komið. Ég hef tekið undir þá skoðun að bæði þessi kerfi séu orðin meingölluð og það verði með öllum tiltækum ráðum að byggja upp tekjuöflunarkerfi ríkisins þannig að við getum lagt gjöld á þá sem greiða eiga til ríkisins á sem sanngjarnastan og réttlátastan hátt og þannig að fólkið í landinu, þeir sem skattana eiga að greiða, geti treyst því að það kerfi sem við styðjumst við deili þessum byrðum nokkuð réttlátlega. Að þessu er unnið á ýmsan hátt. Við höfum unnið að því að lækka tekjuskatt af almennum launatekjum og erum nú að vinna að því að byggja upp nýtt kerfi í staðinn fyrir söluskattskerfið.

Ég vil í þessu sambandi minna á það að fyrir ári síðan var samkvæmt ályktun frá Alþingi skipuð sérstök nefnd sem fékk það verkefni að gera úttekt á umfangi skattsvika; kanna umfang þeirra hér; kanna sérstaklega hvort rekja megi skattsvik til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina og helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir séu vænlegastar til úrbóta. Ég hafði fyrir skömmu samband við formann þessarar nefndar, Þröst Ólafsson hagfræðing. Hann tjáði mér að þess væri að vænta að nefndin gæti lokið störfum nú um næstu áramót, öðru hvoru megin við næstu áramót.

Ég hef eins og fyrirrennari minn, sem skipaði þessa nefnd, lagt á það áherslu að hún flýti störfum sínum. Ég held að þetta verkefni sé eitt af þeim sem við þurfum að huga að og taka á og ég vænti þess að umræður um þau efni geti skýrst og geti byggst á haldbetri upplýsingum til frekari ákvarðanatöku þegar niðurstöður þessarar nefndar liggja fyrir. Meginatriðið er að allt það sem við segjum og ákveðum til þess að koma hér á meiri festu, skapa hér meira öryggi og meiri trú á það sem við erum að gera, uppræta þær meinsemdir sem grafið hafa um sig og kunna að hafa grafið um sig, bæði umræður og ákvarðanir þurfum við að byggja á haldgóðum upplýsingum og styðja þær skýrum rökum.

Þetta vildi ég að fram kæmi hér í þessari umræðu, herra forseti, og hef ekki að sinni meira um það að segja.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil taka fram hér í upphafi, vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. v., að ég feilreiknaði mig um fáeinar mínútur og mætti örlítið of seint á fund í upphafi, en ég var þó í landinu og eigi fjarri. Annars vil ég svo þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir hans skeleggu orð hér áðan. Það var ánægjulegt að heyra mann úr stjórnarliðinu, og það m.a.s. formann annars þingflokkins sem stendur að þessari ríkisstj., viðurkenna svo hreinskilnislega að hann væri á móti stefnu stjórnarinnar í vaxtamálum, ekki meira né minna. Sömuleiðis er ástæða til að þakka Haraldi Ólafssyni orð sem féllu mjög á sama veg.

Ég er sammála hæstv. fjmrh. að því leyti, sem hann vék að hér í upphafi síns máls, að það er ekki ástæða til og ekki til eftirbreytni að draga einstök sakamál eða einstök meint afbrotamál inn í umræður hér á hv. Alþingi um viðkvæm mál, enda hef ég ekki gert það, herra forseti, einungis vitnað til ákveðinna upplýsinga sem komið hafa fram í tengslum við rannsókn á því máli og það tel ég út af fyrir sig ekki óeðlilegt.

Það er einnig rétt að það er ekki sanngjarnt í garð hæstv. ríkisstj. að draga einstök afbrotamál beint inn í samhengi við stjórnarstefnuna eins og það líti þannig út að maður ákæri hæstv. ríkisstj. um leið og viðkomandi afbrot er til umfjöllunar. Hinu verður ekki neitað að hið almenna ástand í þessum málum er að verulegu leyti á ábyrgð ríkisstj. vegna þeirrar stefnu sem hún hefur í þessum málum. Undan því fær hún ekki flúið og ég vitna aftur til orða hv. þm. Páls Pétursson og Haraldar Ólafssonar hér áðan, en þeir sáu þetta í glöggu samhengi.

Hæstv. fjmrh. endurflutti að hluta til með nokkrum þrótti reyndar, ánægjulegum og óvenjulegum þrótti, ræðu sem hv. þm. Halldór Blöndal flutti hér í fyrra um húsnæðismál. Það var ræðan um hið ofurmannlega afrek sem þessi ríkisstj. hafði unnið í húsnæðismálum. Þetta var efnislega mjög svipuð ræða hjá hæstv. fjmrh., ræða um hið ofurmannlega átak sem þessi stjórn hefði beitt sér fyrir í húsnæðismálum. Það virðist þó vera svo að þjóðin sé á öðru máli, að þjóðin hafi ekki áttað sig á þessu gífurlega átaki. Og það er óneitanlega nokkuð skrautlegt, herra forseti, að heyra talsmenn flokka sem lofuðu þjóðinni, lofuðu almennum húsbyggjendum í landinu 80% lánum til bygginga, koma hér í ræðustól og hælast um af því að lánin séu nú 29%, að lánin til einungis hluta þeirra sem byggja hús séu nú 29%. (**Fjmrh.:** Þorir þm. að svara fyrir stefnu Svavars Gestssonar í húsnæðismálum?) Ég þori að svara fyrir það hvernig þessi stjórn hefur leikið húsbyggjendur. Ég þori að ræða það. Ég þori einnig að viðurkenna það, hæstv. fjmrh., að ýmislegt hefði betur mátt fara í tíð fyrrv. ríkisstj. og næstu ríkisstj. þar á undan í húsnæðismálum

og er ófeiminn við það. Við getum alveg farið út í þennan samanburð ef hæstv. fjmrh. óskar. Þá vil ég spyrja hæstv. fjmrh. t.d.: Hefur hann kynnt sér tölur — af því að hann fór með slíkar hér — um greiðslubyrði almenns launamanns á Íslandi við það að afla sér íbúðarhúsnæðis í dag og borið hana saman við greiðslubyrðina í sama tilfelli fyrir nokkrum árum síðan? Það er nefnilega þannig, þrátt fyrir allt, þrátt fyrir hið ofurmannlega átak hæstv. ríkisstj. og þrátt fyrir lánshlutföll sem hæstv. fjmrh. stærir sig hér af, að það er miklu erfiðara fyrir venjulegan launamann að komast yfir íbúð í dag heldur en það var fyrir 3—4 árum síðan. Hann þarf að vinna mun lengur. Um þetta liggja fyrir óyggjandi tölur og ég hvet hæstv. fjmrh. til að kynna sér þær einnig úr því að hann er farinn að skoða tölur á annað borð. Hann á þá ekki að velja sér einungis þær tölur sem hann getur notað til að afsaka stöðu húsnæðismálanna og framgöngu hæstv. ríkisstj. í þeim efnum.

Hæstv. fjmrh. vék einnig að lóðaframboði Davíðs konungs hér í borg og taldi það hafa verið til hins mesta framdráttar. Ég vil segja það eitt um það mál, þó að það sé kannske ofurlítið utan við efnið, að borgarstjórinn í Reykjavík hefur jú beitt sér fyrir því að auka framboð á einbýlishúsalóðum. Það hefur haft viss áhrif á fasteignamarkaðinn. Það er auðvitað alveg rétt. En það hefur ekki haft áhrif á hann þar sem mest var þörfin, þ.e. það hefur ekki leitt til þess að raunhæfara verð kæmist á minni íbúðir. Þar er verðið hvað hæst og hvað óraunhæfast og það er akkúrat þar sem vantar húsnæði. Það er akkúrat húsnæði af þeirri gerð sem sárlega vantar hér inn á húsnæðismarkaðinn til að koma á eðlilegu ástandi. Og hvað gerir Davíð konungur, frjálshyggjufélagi hæstv. fjmrh.? Hann sér um það að ekkert standi til reiðu nema einbýlishúsalóðir. Þegar svo samtök, frjáls félagasamtök, sem Sjálfstfl. hefur nú einhvern tíma þóst styðja, eins og Búseti koma fram og vilja auka framboð af íbúðarhúsnæði af hóflegri stærð, tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðum, þá er það kæft í fæðingunni en reynt að ýta undir það að menn byggi einbýlishús. Þetta hefur auðvitað þveröfug áhrif á markaðinn. Þetta hefur áhrif, en öfug áhrif. Ég vil að þetta komi hér fram úr því að hæstv. fjmrh. hóf hér nokkurn eldhúsdag um húsnæðismál.

Ég vil, herra forseti, þakka þeim hæstv. ráðh. sem hér svöruðu þeim spurningum sem ég bar upp í upphafi þó ég leyni því ekki að mín vegna hefðu þau svör gjarnan mátt vera svolítið efnismeiri. Ég ætla út af fyrir sig ekki að gera lítið úr því sem hæstv. forsrh., sem nú er erlendis, upplýsti að ýmis mál væru í skoðun, að ýmis lög væru í undirbúningi, að þetta og hitt væri í athugun og ef þetta allt saman, sem hann hefði nú hugsað sér að væri hægt að gera einhvern tíma í framtíðinni, kæmist til framkvæmda þá mundi það sennilega stórlega laga ástandið. Þetta getur út af fyrir sig allt saman verið rétt og ég ætla ekki að gera lítið úr því. En það gefur hverjum manni augaleið að þetta lagar ekki ástandið í dag og ekki á morgun. Hér eru framtíðarvangaveltur hæstv. forsrh. á ferðinni, en það voru því miður einu svörin sem hann treysti sér til að gefa fyrir hönd hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Það er ekki skörungsskapur, herra forseti, sem lýsir sér í þeim svörum. Þetta eru einfaldlega svör um það að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki — og það er nauðsynlegt að það liggi hér fyrir og það fari ekki fram hjá mönnum — að stjórnin ætlar ekki að grípa til neinna róttækra ráðstafana til þess að laga ástandið. Það er það sem liggur fyrir eftir svör hæstv. ráðh.

Svo fáum við hér ræðuhöld um að gamla fólkið í landinu eigi peningana. Maður fékk það eiginlega á tilfinninguna að það væri af sérstakri greiðasemi við ekkjur og munaðarlausa og alla þá sem bágt eiga sem vextirnir væru hafðir svona háir. Það væri alveg með sérstöku tilliti til þessa fólks, gamla fólksins og ekknanna og munaðarlausra og annarra slíkra sem vextirnir væru svona háir til að það fengi nú eitthvað fyrir sinn snúð. Það væri nefnilega það sem ætti peningana í bönkunum. Það eru m.ö.o. ekki peningamennirnir, það eru ekki Íslenskir aðalverktakar eða aðrir slíkir sem græða á hinum háu vöxtum. Auðvitað er ekki um það deilt hér að það fólk sem leggur inn sparifé þarf að geta tryggt það fé og þarf að fá einhverja hóflega ávöxtun fyrir það. Það hefur enginn maður talað um annað hér, svo að ég hafi heyrt, í allri þessari umræðu en að það væri eðlilegt markmið í sjálfu sér að tryggja sparifé landsmanna og á því einhverja hóflega ávöxtun.

En hvernig er þá ástandið í dag? Er séð fyrir þessu með hinum háu vöxtum? Svarið er nei. Almenningur í landinu, sem á meginhlutann af því sparifé sem veltur inn í bankana í gegnum ávísanareikninga og sparisjóðsbækur, er akkúrat það fólk sem fær minnst fyrir sinn snúð, sem líður fyrir ástandið í dag, sem leggur bönkunum til fé undir raunvöxtum. En það eru peningamennirnir og grósserarnir og gróðapungarnir, eða hvað sem við viljum kalla þá, sem hafa frelsi og svigrúm og njóta góðs af og njóta hinna háu vaxta. Fyrst og fremst síðan húsbyggjendur, atvinnulífið, framleiðsluatvinnuvegirnir alveg sérstaklega, sem þurfa að hafa allt sitt rekstrarfé að láni, sem líða fyrir hina háu útlánsvexti, þannig að þessi vaxtastefna stjórnarinnar er svo glórulaus í öllu tilliti og ekki síst því að hún tryggir engan veginn hag hins almenna launamanns, hag hins almenna sparifjáreiganda — eins og reyndar hv. talsmenn stjórnarinnar hafa sjálfir lýst hér úr þessum ræðustóli.

Herra forseti. Vegna þeirra smekklegu ummæla sem hæstv. viðskrh. hafði hér um gáfnafar ákveðinna einstaklinga sem hefðu ratað í mál í tengslum við okur, þá vil ég segja og endurtaka það að ég gerði mér ekki mat úr einstökum meintum afbrotamálum í þessum efnum. Ég vitnaði hins vegar til upplýsinga sem komið hafa fram við rannsókn þeirra eins og þess að það er staðhæft að lán hafi verið þar á ferðinni með um 300% ársávöxtun. Það voru þær upplýsingar sem ég leyfði mér að nota út úr þessari umræðu, aðrar ekki. Ég frábið mér ræðuhöld eins og þau að það sé vegna þess að þetta fólk sé svo heimskt og eigi ekki betra skilið sem það rati í þessa ógæfu.

Ég vil segja það, herra forseti, þótt það þyki kannske barnalegt að segja það hér, að þessir 2—3 síðustu sólarhringar, meðan þetta mál hefur verið á dagskrá, hafa verið mér mikil lífsreynsla vegna þess að til mín hefur leitað fjöldi fólks, bæði fórnarlömb, þeir sem lagt hafa fram féð, lögfræðingar og ýmsir aðrir sem hafa viljað koma sínum skoðunum á þessum málum á framfæri. Gjarnan hafa þeir þakkað fyrir það að Alþingi skyldi taka upp þessa umræðu. Að ræða við þetta fólk hefur verið mér mikil lífsreynsla. M.a. vegna þeirra samtala sem ég hef átt við fjölmörg fórnarlömb þessa ástands vil ég sérstaklega harðlega fordæma þau

ummæli sem hæstv. viðskrh. lét sér um munn fara um það hvers vegna einstakar ógæfumanneskjur lenda inn í þennan vítahring.

Ég spurði hæstv. viðskrh. hins vegar efnislegra spurninga, nákvæmra efnislegra spurninga. Þær hafa nú legið fyrir og birst í blöðum og hæstv. viðskrh. hefði getað fengið afrit af ræðu minni hér hjá ræðuritun Alþingis í gær og reynt að bæta um betur og svara því sem ég spurði hann um betur en hann gerði í fyrstu tilraun. Hann sýndi ekki lit á því, hæstv. viðskrh. Hann reyndi það ekki. Ég spurði hann t.d. efnislega um það hvernig hann liti á stöðu okurlaganna, þeirra laga, sem eru í gildi og helst er hægt að styðjast við í þessum efnum. Ég spurði hann út í textaskýringar á einstökum málsgreinum okurlaganna og hann svaraði því ekki einu orði. Hann hafði ekki uppi tilburði til að svara því, hæstv. viðskrh. Hefði hann þó, a.m.k. í dag, með samstarfi við sitt starfsfólk átt að geta skoðað þetta lítillega og komið því frá sér.

Það er nefnilega svo, herra forseti, að margir lögfræðingar telja að miklu meiri stoð felist í okurlögunum heldur en menn hafa viljað vera láta og það sé í raun og veru hægt að hafa miklu meiri hemil á þessari starfsemi á grundvelli okurlaganna en gert er í dag. Ég get ekki nafngreint einstaka lögfræðinga sem sett hafa fram þessa skoðun en ég fullyrði að þeir eru margir. Þeir eru margir, bæði löglærðir menn og lögfróðir menn, sem hafa kynni af þessum viðskiptum, sem fullyrða að á grundvelli okurlaganna sé hægt að ganga að þessum viðskiptum og hafa á þeim hemil. Í þessum okurlögum, lögum nr. 58/1960, eru ákvæði sem banna hærri ávöxtun á lánsfé heldur en þá sem nemur hæstu lögleyfðum vöxtum, eins og gefið er út af Seðlabanka.

Þessi lög gera meira. Þau tala einnig um annað endurgjald fyrir lán. Ekki aðeins vextir heldur hvert annað endurgjald sem fyrir lánið kemur heyrir einnig undir þessi lög. Og þar með vilja mjög margir lögfræðingar og lögskýrendur meina að þar undir sé hægt að flokka afföll eða önnur slík endurgjöld sem af bréfunum koma. Það er í öllu falli ljóst að skilningur manna er sá að eigi slík viðskipti sér stað milli tveggja aðila millilíðalaust þá sé um okur að ræða. Þetta getur hver og einn sannfært sig um, sem ekki trúir, með því að fara til verðbréfasölu og biðja þar um lán. Verðbréfasalinn kann að segja: Ég get veitt þér lán. Þú, herra minn, — einstaklingur sem við getum kallað A — getur fengið hér lán á þessum kjörum, sem eru auðvitað langt yfir þessum lögleyfðu vöxtum Seðlabankans, en ég get ekki átt við þig viðskiptin millilíðalaust því þá er það okur. Hins vegar bendi ég þér á það — kann einhver verðbréfasali að segja — að fá til liðs við þig annan einstakling. Farðu til B og biddu hann að taka þitt skuldabréf, útgefið af þér, koma með það til mín en framselja mér það. Ég get átt viðskipti við B. Það er ekki okur, segir verðbréfasalinn.

Síðan gerist þetta gjarnan og það gerist þannig að þeir A og B, sem geta verið bræður, sem geta verið frændur eða eitthvað þar fram eftir götunum, þeir fara saman til verðbréfasalans. Þeir hafa ekki einu sinni fyrir því að fara hvor í sínu lagi, þeir fara gjarnan saman og A, þ.e. sá sem gaf út bréfið, stendur við hliðina á B þegar peningarnir koma yfir borðið og A tekur þá og stingur þeim í vasann. Og hvert er þá hlutverk millilíðarins? Hvaða tilgangi þjónar B í þessum viðskiptum? Þeim einum að gera þau að nafninu til lögleg. Eða ég vil orða það svo, herra forseti, að gera þau ekki alveg eins augljóslega lögbrot eins og þau annars væru.

Ég vil, herra forseti, til að skýra mál mitt nánar skipta um nöfn á A og B og taka hér annað dæmi. Ég ætla að setja Mjólkursamsöluna í Reykjavík í staðinn fyrir A og ég ætla að setja Mjólkurbú Flóamanna í staðinn fyrir B og ég get sett Landsbankann í staðinn fyrir verðbréfasalann. Það gerist, og gerðist í haust, að Mjólkursamsalan í Reykjavík gaf út verðbréf, 100 þús. kr. hvert stykki. Mjólkursamsalan í Reykjavík endurseldi eða framseldi ekki þessi bréf. Hvers vegna ekki? Ég tel að það hafi verið vegna þess að það hefði ekki verið löglegt ef hún hefði gert það sjálf með þeim kjörum sem þau voru auglýst á, þ.e. hæstu lögleyfðum vöxtum, sem skv. pappírum frá Seðlabanka Íslands, dags. 1. okt., voru 4% á verðtryggðum skuldabréfum með lánstíma allt að 2½ ári eða 5% á verðtryggðum lánum til lengri tíma. Það var auglýst að þessi lánskjör væru langt, langt, langt þarna fyrir ofan, 12—13—14% eða svo, ef ég man rétt. Og hvað gerist svo? Það gerist að Mjólkurbú Flóamanna framselur þessi bréf. Landsbankinn tekur þau í umboðssölu fyrir umboðsþóknun 1,5% og síðan eru þau seld einstaklingum á vegum fjármáladeildar Landsbanka Íslands. Landsbankinn gerir reyndar meira. Hann skuldbindur sig til að kaupa þessi bréf aftur af viðkomandi og áskilur sér þó til þess eins mánaðar frest, ef þeir vilja innleysa þau á hvaða tíma sem er.

Þetta er fróðlegt dæmi, herra forseti, vegna þess að ég talaði hér í ræðu minni fyrr í þessari umræðu um grá svæði í þessum viðskiptum og mjög margir lögskýrendur telja þetta vera á hinum gráu svæðum. Og þetta er ekkert leyndarmál lengur þegar stórir aðilar eins og Mjólkursamsalan í Reykjavík og Mjólkurbú Flóamanna setja nöfnin sín í staðinn fyrir A og B frammi fyrir augum alþjóðar.

Við skulum aðeins hugleiða þetta lengur. Hver ætlar að taka á sig afföllin í þessu dæmi? Hver ætlar að taka á sig afföllin? Ætlar Mjólkurbú Flóamanna að gera það? Hvers vegna er það að því? Það er Mjólkursamsalan sem er að ná sér í pening. Hvaða skyldu ber Mjólkurbúi Flóamanna til að vera að taka á sig þarna gífurleg afföll? Ætla þeir að telja þetta þannig fram til skatts? En ef það gerist ekki, ef Mjólkursamsalan tekur á sig afföllin, er þá Mjólkurbú Flóamanna að okra á Mjólkursamsölunni? Þetta er fróðlegt dæmi, herra forseti. Ég held að það væri ástæða til þess að ríkissaksóknari færi ofan á saumana á svona málum og það yrði fengið á hreint í eitt skipti fyrir öll: Er þetta löglegt eða er þetta ekki löglegt? Ég vona að menn taki mig ekki svo að ég sé að ráðast sérstaklega á þessi tvö fyrirtæki eða þessa aðila því það væri hægt að taka fjöldamörg slík dæmi, fjöldamörg, en ég tók þau einungis hér vegna þess að stutt er síðan að þau hafa staðið í þessum verkum.

Ég ætlaði reyndar, herra forseti, að fá ljósrit eða staðfestar upplýsingar um þessi bréf frá fjármálasviði Landsbanka Íslands, en þá brá svo við að það fannst ekki einn einasti snepill. Hvers vegna? Jú, vegna þess að bréfin höfðu öll selst á augabragði og voru ekki til lengur. Þau finnast ekki í Landsbankanum. Þau voru svo vinsæl. En í öllu falli var það staðfest — og ég hef það reyndar eftir fleiri heimildum — að Mjólkurbú Flóamanna hafi verið framsalsaðili í þessu tilfelli þannig

að ég leyfi mér að fullyrða að ég fari hér með rétt mál.

Ég átti engar 100 þús. kr., herra forseti, þannig að þó ég hefði viljað og þó að einhver bréf hefðu verið til, þá hefði ég ekki getað keypt þau til þess að leggja þau hér fram sem gögn í þessu máli. En svona eru nú þessi viðskipti. Fjöldamargir sem nálægt þeim koma eða til þeirra þekkja segja að þeir eigi í raun og veru enga ósk heitari en að úr þessum málum verði skorið; því verði komið á hreint hvort þessi viðskipti séu lögleg eða ólög eða hvar þau liggi þar á milli. Og lög eru nú einu sinni lög, herra forseti, og meðan lög um okur frá 1960 eru í gildi á annaðhvort að fara eftir þeim eða breyta þeim þá ef menn treysta sér ekki til að framfylgja þeim lengur. Þess vegna spurði ég hæstv. viðskrh., sem nú gengur í salinn — okkur öllum til mikillar ánægju efalaust, að því hvernig hann skildi þessi lög, hvernig hann kysi að túlka þau, hvort hann teldi að ekkert hald fælist í þessum ákvæðum okurlaganna.

Það er ekki nema rétt og skylt, herra forseti, að ég lesi hérna viðkomandi greinar úr okurlögunum fyrir hæstv. viðskrh. til þess að það liggi nú alveg á hreinu hvað er til umfjöllunar. Í 1. gr., með leyfi forseta, segir:

„Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera jafnháir vöxtum af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum.

2. gr. Ef skuld er tryggð í veði með fasteign eða í handveði, er heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæsta fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, er til skuldar er stofnað."

Og síðan segir í 4. gr.:

„Nú er áskilið annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar en vextir af henni, og má það aldrei vera hærra en svo, að endurgjaldið alls svari til þeirrar vaxtahæðar af höfuðstól skuldarinnar, er getur um í 2. og 3. gr."

Og ég vil lesa lengra vegna þess m.a. að hv. 2. þm. Reykv. hristi sinn dökka koll þegar ég spurði um afföllin, hvar þau stæðu í þessu sambandi. Þá vil ég lesa 6. gr., með leyfi forseta. Þar segir:

„Ef samið er um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er skv. lögum þessum, eru þeir samningar ógildir". Síðan kemur ákvæði um hvernig það skuli uppgert og segir svo enn fremur í 2. málsgr.: „Sá, sem áskilur sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er skv. lögum þessum, svo og sá, sem er milligöngumaður við slíka samninga, skal sæta sektum." Ég ætla að fá að endurtaka þetta, herra forseti: „svo og sá sem er milligöngumaður við slíka samninga."

Og ég spyr hæstv. viðskrh.: Hvað er t.d. Mjólkurbú Flóamanna annað en milligöngumaður um ákveðna samninga þegar það tekur að sér að framselja skuldabréf Mjólkursamsölunnar í Reykjavík? Er það þessi milligöngumaður sem okurlögin kveða á um eða er það hann ekki? Hver er skilningur hæstv. ráðh. á því?

Ég teldi það ekki óeðlilegt, eins og ég sagði hér í upphafi, að fram færi opinber rannsókn á þessum málum. Það er í raun og veru furðulegt að öll þjóðin skuli hafa talað um það mánuðum saman að þessir hlutir séu að eiga sér stað og annar hver lögfræðingur í bænum liggur andvaka yfir því á nóttunni að velta því fyrir sér hvort þetta sé löglegt eða ekki, en ekkert skuli hafa gerst, að ríkissaksóknari skuli hafa það svona náðugt og aðrir þeir aðilar sem hér gætu til komið skuli ekki lyfta litla fingri. Svör hæstv. ráðherra hér eru enn þá kostulegri í þessu ljósi.

Herra forseti. Ég vonast til að hæstv. viðskrh. eða þeir hæstv. ráðherrar aðrir sem kjósa reyni að svara þó ekki væri nema þessari spurningu sérstaklega, þ.e. um stöðu okurlaganna. Ég spurði reyndar efnislega um ákvæði fleiri laga, t.d. Ólafslaga, og hvers vegna sífellt væru brotin ákvæðin um nafnskráningu verðtryggðra gjörninga, en Ólafslög fjalla einmitt um það. Ég á svo sem ekki frekar von á því að þeir reyni aftur að svara því. En þessa einu spurningu endurtek ég hér og ítreka. Það sætir nokkurri furðu, finnst mér, herra forseti, að þeir reyni ekki að gera betur en þeir gerðu síðast við að svara henni.

Ég veit ekki hvað maður á eiginlega að segja um svör hæstv. ráðherra almennt. Mér fundust nú röksemdir hæstv. fjmrh. ekki mjög miklar þegar hann var nánast farinn að segja að vegna þess að okur hefði þekkst áður, væri ekkert nýtt af nálinni, væri þetta allt í lagi núna. Einhvern tíma ætlaði einhver hæstv. ráðherra að fara að rökstyðja ákveðin lögbrot hér í bænum fyrir eins og ári síðan með því að aðrir menn hefðu framið lögbrot, það væru svo mörg lög brotin þessa dagana að það væri allt í lagi. Þetta er svipaður málflutningur.

Auðvitað hefur okur alltaf viðgengist í einhverjum mæli. Hver hefur borið á móti því? Ég man ekki betur en að það sé eitthvað um okur í Biblíunni og sjálfsagt í enn þá eldri ritum. En það er ekki þar með sagt að það sé eitthvað betra fyrir það. Það sem liggur á borðinu er að okur hefur farið stórkostlega vaxandi, það er okurvertíð, það er okurveisla, þetta liggur fyrir. Þetta er a.m.k. skoðun hv. þm. Framsfl., Haraldar Ólafssonar og Páls Péturssonar. Ég tel að hún sé alveg rétt, ég er þeim alveg sammála. Þetta eru því heldur léleg svör og lélegar röksemdafærslur, að ætla að bjarga hæstv. ríkisstj. á þurrt í málinu með því að segja að það hafi einhvern tíma áður verið okrað.

Herra forseti. Það mun liggja fyrir innan tíðar að Alþb. mun ekki una því að Alþingi taki ekki á þessum málum með einhverjum markvissum hætti. Eftir þau svör, sem hér liggja fyrir frá hæstv. ríkisstj., er ekki annað að gera en að stjórnarandstaðan eða aðrir þeir sem vilja taka á þessum málum sýni það í verki. Þess vegna hefur þingflokkur Alþb. samþykkt á fundi sínum í gær drög að frv. um að stöðva okurlánastarfsemi. Þetta frv. verður lagt hér fram í þinginu á allra næstu dögum. Um efni þess vil ég vísa til ræðu sem hv. 3. þm. Reykv., formaður Alþb., flutti hér í umræðunum á þriðjudaginn var þar sem hann vék að nokkrum meginhlutum sem gera þyrfti til að koma böndum yfir þessa starfsemi. En þetta frv. mun, eins og ég áður sagði, liggja hér frammi á Alþingi innan tíðar. Það reynir þá á það, herra forseti, hverjir eru tilbúnir til að grípa til aðgerða og það skjótt og tafarlaust til að stöðva þessa okurlánastarfsemi, til að koma eðlilegum böndum á verðbréfaviðskipti og til að taka upp eftirlit, sem greinilega er orðið nauðsynlegt, með þessum viðskiptum. Það er mat þeirra sem til þekkja að slíkt sé hægt og auðvitað er það hægt. Það er gert í nálægum löndum og hefur verið gert lengi.

Þegar þessi starfsemi tekur jafnmiklum stakkaskiptum og hún hefur gert núna á síðustu mánuðum og í tíð þessarar ríkisstj. er óhjákvæmilegt að setja um hana lög og reglur og leyfisbinda slíka starfsemi. Það gengur ekki að einhverjir einstaklingar í einni skrifstofukompu úti í bæ velti hundruðum milljónum króna handa á milli í hverjum mánuði án þess að þurfa til þess nokkurt einasta leyfi og jafnvel vera dæmdir afbrotamenn á sama tíma. Það ætti hverjum manni að vera ljóst að svoleiðis ástand gengur ekki.

Herra forseti. Ég vil í lokin áður en ég lýk máli mínu þakka virðulegum forseta fyrir að hafa leyft þessa umræðu síðustu dægur. Þátttaka hv. þm. hefur sannfært mig um að hún var orðin tímabær og margir væntu þess að Alþingi léti þessi mál með einhverjum hætti til sín taka. Það er að vísu mín tilfinning að mörgum þyki svör hæstv. ráðherra rýr, að margir hefðu vænst þess að meira væri í sekknum hjá hæstv. ríkisstj., að hún væri tilbúin til að taka á þessum málum, að hún yppti ekki öxlum eins og ég tel að hún hafi gert. Í raun og veru mundu krakkar lýsa því svo að ríkisstj. hefði yppt öxlum þegar vaxtaokrið og vaxtaokurlánastarfsemin kom til umræðu á Alþingi. Það eru ekki merkileg viðbrögð að mínu mati, herra forseti, í slíkum alvörumálum. Þetta er alvörumál.

Ég tek undir orð hæstv. fjmrh. um að aðgát skal höfð í nærveru sálar. Það á ekki að fjalla um mál, sem valda jafnmiklum örlögum með almenningi og þessi, af lausung. Ég held að það eigi sæmilega við, herra forseti, að vitna hér í nokkuð gamlan kveðskap, eða brot úr kveðskap eftir Einar Benediktsson. Hann átti nú sinn feril, hann Einar Benediktsson, eins og allir vita og eitthvað gæti hann hafa komist í kynni við okurlánastarfsemi með einhverju móti. Alla vega varð honum það að yrkisefni á einni tíð og þó að þetta kvæði beri kannske merki síns tíma finnst mér það eiga býsna vel við. Þeir munu að vísu vera fáir í dag sem veðsetja hörpur, eins og hér er ort um, en við getum sett eitthvað í staðinn fyrir hörpuna og þá á það kannske betur við. Með leyfi forseta ætla ég að ljúka máli mínu með því að lesa brot úr Skriflabúðinni eftir Einar Benediktsson:

> Okrarans höfuð, hrokkið og grátt,
> hvimaði um syllur og snaga.
> Melrakka-augað var flóttaflátt,
> flærðin rist í hvern andlitsdrátt
> og glottið ein glæpasaga. —
> Hann hafði ævinnar löngu leið
> leikið sér frjáls að tárum og neyð
> og óheftur ginið við gróðans veið,
> geymdur helvítis aga.
>
> Í horninu einu harpa stóð
> með hangandi, slaka strengi, —
> svo drúpandi hljóð með sín dánu ljóð.
> Við dyrnar hikaði unglegt fljóð
> og horfði til hörpunnar lengi. —
> Inni var prangarans auður og glys,
> úti var strætisins glaumur og þys
> með léttúðarsælu, sorgir og slys,
> með syndir og stundargengi.
>
> Kvöldljósin tendruðust eitt og eitt,
> frá erfiði dagsins reis borgin,
> lauguð og smurð og skrauti skreytt,
> í skuggana flúði allt tötrað og þreytt,
> í barmana byrgði sig sorgin.
> Enn leit hún í refsaugað hart og hvasst.
> Hönd hennar kreppti einn skilding fast.
> Harpan var veðsett, er hamingjan brast,
> en hjartað ei sett á torgin. — —

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Þær umræður, sem hér hafa farið fram í dag, hafa farið fram af ærnu tilefni. Tilefnið er það að þau mál, sem nú hafa verið rædd hér í sölum Alþingis, hafa mjög verið til umræðu manna á meðal úti í þjóðfélaginu og mörgum spurningum er ósvarað. Það er því þess vegna mjög að gefnu tilefni að þessi mál eru tekin hér upp á hinu háa Alþingi og ég tek undir þakkir til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem var upphafsmaður þessara umræðna.

Þessar umræður hafa líka verið á margan hátt athyglisverðar, ekki bara fyrir það að hér hefur verið flutt ljóð eftir Einar Benediktsson heldur líka fyrir það að þær hafa leitt ýmislegt í ljós sem ekki var kunnugt fyrir. Það sem mér hefur fundist einkar athyglisvert í þessum umræðum er að hlýða á málflutning fulltrúa Alþb. og hvað hann hefur haft að geyma. Það sem var sérstaklega eftirtektarvert var það þegar fulltrúar Alþb. lýstu afstöðu sinni til vaxtastefnunnar.

Það var einkanlega athyglisvert að heyra hv. 4. þm. Norðurl. e. taka hér af öll tvímæli um að Alþb. hefur snúið frá sinni fyrri stefnu í vaxtamálum, það er hætt að hafa í stöðugum hótunum við sparifjáreigendur í landinu, eins og var landlægt í málflutningi þessa flokks, og hefur nú snúist á sveif með nánast öllum öðrum í landinu í þeim efnum að styðja eðlilega ávöxtun sparifjár. Þetta eru mikil tíðindi og eru kannske afleiðing af þeirri pólitísku hundahreinsun sem átti sér stað í flokknum fyrir örfáum dögum eða vikum síðan. Kannske er þetta hin nýja lína Alþb., að hverfa frá sinni gömlu stefnu í vaxtamálum, þeirri stefnu sem lýst var hér áðan, sem gekk öndvert hagsmunum sparifjáreigenda, fólksins í landinu, en kom sér sérstaklega vel fyrir skuldara og stórskuldara þessa lands.

Þó ekki væri nema fyrir þessara hluta sakir eru þessar umræður merkar. Svo rækilega hafa verið tekin af tvímæli um það að Alþb. hefur skipt um stefnu í þessum málaflokki að það hljóta að teljast tíðindi.(**Gripið fram í:** Það er langt síðan.) Það er gripið hér fram í og sagt að það sé langt síðan, en þá verð ég að játa að það hefur gleymst að tilkynna þjóðinni um þessa stefnubreytingu. En það skiptir út af fyrir sig ekki máli. Aðalatriðið er að þessi stefnubreyting hefur átt sér stað.

Það leikur ekki á tveimur tungum að miklar breytingar hafa orðið á fjármagnsmarkaði hér innanlands. Mikilvægasta breytingin átti sér stað í kjölfarið á því skrefi sem stigið var í átt til frjálsræðis við ákvörðun vaxta og hefur skilað ótvíræðum árangri. Það var minnt á það hér fyrr í umræðunum að innlán í bönkum hafa á síðustu misserum vaxið mjög verulega. Þessu hefur ekki verið mótmælt.

Ljóst er að þegar innlán voru hvað lægst, á árinu 1983, námu þau, miðað við verðlag í október s.l., um 120 þús. kr. á mann. Um þessar mundir er talið að þessi innlán séu reiknuð á sama verðgildi u.þ.b. 150 þús. kr. á mann. Það er augljóst að þetta er mjög mikill og mikilvægur árangur, þetta þýðir um 25% hækkun. Það

kom mér þess vegna nokkuð á óvart að hlýða á málflutning sumra þeirra ræðumanna sem hér töluðu áður og reyndu að gera lítið úr þessu máli, reyndu að draga fjöður yfir það að þessi mikli árangur hefði náðst. Ætti þó þingmönnum að vera ljóst að þessi mikli aukni sparnaður í bankakerfinu hlýtur að hafa og hefur komið mjög til góða.

Ætli það sé ekki forsenda þess að hægt sé að lengja lán, t.a.m. húsbyggjenda sem eru með lán í bönkum, að þar séu fyrir einhver innlán? Ætli það sé ekki forsenda þess að atvinnufyrirtækin í landinu geti fengið lán með eðlilegum kjörum til eðlilegs tíma að þar séu fyrir innlán?

Hv. 4. þm. Norðurl. e. varð tíðrætt um vanda framleiðsluatvinnuveganna. Hann talaði um þá vaxta- og fjármagnsbyrði sem þeir væru að kikna undan og kenndi þar um vaxtastefnu ríkisstj. Það vekur mikla athygli að hv. þm. skuli ekki gera sér ljóst að rekstrar-, fjárfestingar- og afurðalán framleiðsluatvinnuveganna eru í erlendri mynt, að þessi lán, t.a.m. sjávarútvegsins, eru að öllu leyti í erlendri mynt. Eða er hv. þm. ekki ljóst að það eru hin erlendu lán sem eru að kaffæra togara út um allt land? Það er ekki vaxtabyrði innlends lánsfjárkostnaðar, það eru hin erlendu lán. Það er ekki hin innlenda vaxtastefna ríkisstj. sem ræður þar neinu. Það er kjarni þessa máls.

75% afurðalán eru veitt í sjávarútvegi. Skyldu þau vera í innlendri mynt? Þau eru í erlendri mynt. Af hverju skyldu þau vera í erlendri mynt? Það er vegna þess að áður en Alþb. skipti um skoðun ríkti sú vaxtastefna sem olli því að hér brann upp bókstaflega allt sparifé landsmanna. Þetta gerði það að verkum að bankakerfið var þess vanmegnugt að lána fé út í innlendri mynt.

Hafi hv. þm. fylgst með því sem efst er á baugi nú meðal samtaka í sjávarútvegi ætti þeim að vera það mætavel kunnugt að það er grundvallarkrafa þessara samtaka nú að horfið verði frá því að binda öll afurðalán í erlendri mynt og sjávarútveginum veitt aukin hlutdeild í þeim innlenda lánsfjármarkaði sem er hér að myndast. Þetta er mjög mikilvægur árangur af vaxtastefnu og peningamálastefnu hæstv. ríkisstj.

Ef við berum þau lánakjör, sem ríkja hér innanlands og eru afleiðing af vaxtastefnu ríkisstj., saman við lánakjörin sem hafa verið á erlendum lánum upp á síðkastið kemur í ljós að langhagstæðustu lánin hafa þó verið hin innlendu lán. Ef skoðað er tímabilið frá upphafi árs 1980 og væntanleg þróun til ársloka þessa árs kemur í ljós — og þá er ég að tala um meðalvexti verðtryggðra lána sem eðlilegt er að miða við — að raunvextir þessara lána í innlendri mynt voru að meðaltali 3,63%. Ef hin alræmdu dollaralán eru hins vegar tekin sem dæmi, þá voru raunvextir þeirra 16,52%. Ætli það sé ekki dálítill munur þarna á? Ætli það sé ekki eftir nokkru að slægjast að reyna að auka þann innlenda fjármagnsmarkað, sem er hér að byrja að myndast, til að fleiri geti notið þó þessara ávöxtunarkjara sem ýmsum þykja allt of þung?

Það er að vísu rétt, sem fram kom í máli nokkurra þeirra hv. þm. sem hér töluðu, að sparnaður þjóðarinnar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu í heild sinni hefði ekki aukist heldur minnkað. Þessi þróun er að vísu ekki að byrja að gerast nú heldur hefur hún verið að eiga sér stað á mörgum undangengnum árum. En ég held að nú væri kominn tími til að við færum okkur ögn gætilega og gættum aðeins að hvað við værum í rauninni að tala hér um. Það er einatt þannig að mörgum hefur orðið hált á því að fara með hugtök án þess að skoða dálítið hvað þau þýða.

Þegar við erum að tala um að sparnaður þjóðarinnar í heild hafi aukist, þá erum við að tala um sparnað sem þann hluta tekna þjóðarinnar sem ekki rennur til samneyslu eða einkaneyslu. Þegar við erum nú að tala um að þessi sparnaður hafi minnkað, þá erum við að tala um að annað tveggja hafi gerst, að samneysla og einkaneysla í heild sinni eða annaðhvort einkaneysla eða samneysla hafi aukist umfram það sem nemur aukningu sparnaðar í innlánsstofnunum.

Ég fékk ekki skilið af ræðum hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 3. landsk. þm. hvort þau teldu hér um að ræða háskalega þróun, að þessi heildarsparnaður væri að minnka, eður ei. Það var ekki hægt að ráða það af orðum þeirra hver skoðun þeirra væri. En sé svo að þau telji þetta alvarlega þróun og að við henni þurfi að sporna hlýtur sú spurning að vakna: Á hvern hátt á að standa að þessu, með því að auka sparnaðinn enn, t.d. með því að hækka vexti? Eða er það skoðun þeirra að draga þurfi úr samneyslunni í landinu? Munu þau þá ekki í samræmi við það flytja hér brtt. til lækkunar á fjárlögum og lánsfjárlögum? Eða munu þau vilja keppa að því að einkaneyslan í landinu, lífskjörin, dragist saman? Þetta eru knýjandi spurningar sem við þurfum að fá svör við ef það er skoðun þessara hv. þm. að það sé áhyggjuefni að sparnaður í landinu sé að dragast saman.

Sannleikurinn er sá að skýringin á því að sparnaður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu í heild sinni er að dragast saman er fyrst og fremst sá að neyslan hefur verið að aukast. Sá hluti af vergri þjóðarframleiðslu okkar, sem nú fer til neyslu, er einfaldlega meiri en hann var t.d. á árinu 1982. Sá hluti var 80,1% árið 1982 en er nú talinn 82,6%. Þetta er skýringin, hv. þm.

Sparifjáreigendur, þeir sem leggja fé á bók, þeir sem leggja fé fyrir, þeir sem kjósa að spara og geta það með einhverjum hætti, eru, hvað sem öðru líður, fyrst og fremst almenningur í landinu. Skv. upplýsingum frá innlánsstofnunum liggur það fyrir að 75% innlána eru í eigu einstaklinga. Það er því ótvírætt þeirra hagur að þannig sé um hnútana búið að ávöxtunarkjör sparifjár séu með eðlilegum hætti. Þess vegna vil ég ítrekað fagna því að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur lýst yfir stuðningi við þessa sjálfsögðu og eðlilegu stefnu.

Á hitt er svo einnig að líta að þegar við skoðum aftur á móti útlánin liggur það líka fyrir skv. upplýsingum útlánastofnana að u.þ.b. fimmtungur til fjórðungur útlána fer til einstaklinga. Afgangurinn, 75—80%, fer til fyrirtækja. Það eru því fyrirtækin fyrst og fremst sem hafa verið að bera byrðarnar af hærri fjármagnskostnaði í landinu. Þetta er kjarni þessa máls. (**JBH:** Við höfum misjafna aðstöðu til að velta því út í verðlagið.) Rétt er það. Ég geri síst af öllu lítið úr því að hækkandi raunvextir hafi valdið vandræðum. Það er staðreynd að á ákveðnu tímabili hækkuðu raunvextir hér í landinu, þeir hækkuðu stanslaust á árunum 1980 fram til ársloka 1984. Hér var um að ræða samfellda þróun sem hófst í tíð hv. fyrrv. ríkisstjórnar. Hvenær skyldi það hafa gerst aftur að þessir raunvextir hafi farið að lækka? — Hér er ég enn að tala um meðalvexti verðtryggðra lána. — Jú,

það gerðist á þessu ári. Raunvextir eru núna 1,26 prósentustigum lægri en þeir voru að meðaltali á árinu 1984.

Vissulega er hér um að ræða árangur. Hér er einmitt að koma fram árangur þeirrar peningamálastefnu sem núv. ríkisstj. hefur fylgt. Þessi árangur kemur reyndar víðar í ljós. Það hefur komið fram í blaðaskrifum í málgagni hæstv. forsrh., NT, fyrir nokkrum dögum að vextir á verðbréfamörkuðum hefðu farið hríðlækkandi upp á síðkastið. Í frétt þessa blaðs segir svo, með leyfi forseta:

„Vextir á verðbréfamarkaðinum hafa stöðugt verið á niðurleið allt frá síðustu áramótum að því er fram kom í samtali við forstjóra Kaupþings, Pétur Blöndal. Hann kvaðst ekkert sjá sem mælti á móti því að þeir lækki enn frekar. Vextir á þessum markaði séu háðir framboði og eftirspurn og enn þá sé mikið framboð á peningum en fremur lítið á bréfum. Viðskiptin séu að færast meira yfir í bréf sem bæði séu öruggari og með lægri vöxtum."

Hér hef ég m.ö.o. sýnt fram á með ótvíræðum hætti að raunvextir í landinu eru að lækka fyrir tilstilli peningamálastefnu núv. ríkisstj. (**JBH:** Það liggur fyrir krafa um hækkun.) Það liggur fyrir krafa, rétt er það, um hækkun til að mynda á sparisjóðsbókum. Það liggur líka fyrir sérstök traustsyfirlýsing og stuðningsyfirlýsing hæstv. málshefjanda þessa máls, 4. þm. Norðurl. e., við það að vextir á tilteknum bókum í innlánsstofnunum séu hækkaðir. Ég tek undir það með hv. þm. að óeðlilegt er að fólk, sem þarf einhverra hluta vegna að ráðstafa fé sínu og ávaxta það til skamms tíma, hafi ekki til þess eðlilegar aðstæður. Vitaskuld er þetta eðlileg krafa.

Það leikur enginn vafi á því að margt er það sem betur má fara varðandi ýmislegt í peningamálum okkar þjóðar. Það kom fram í ræðum hæstv. ráðherra að ýmislegt er á döfinni til að bæta hér úr. Þess vegna er það óneitanlega furðulegt að hlýða á þann málflutning sem gengur út á það að í ræðum hæstv. ráðherra hefði ekkert komið fram sem benti til að þeir höfðu nokkrar minnstu áhyggjur af ástandi mála.

Það kom fram t.d. í ræðum hæstv. ráðherra að væntanlegt er frv. varðandi verðbréfamarkað, frv. varðandi Seðlabanka Íslands. Það kom fram og var rifjað upp að á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um sparisjóði og banka og ég vek athygli á því að lögin um sparisjóði t.d. fengu stuðningsyfirlýsingu hér úr ræðustóli frá hv. formanni Alþb. Það kom jafnframt fram að unnið sé að frv. um bann við okri og frv. um dráttarvexti. Það kom m.ö.o. fram í þessari umræðu að að mjög mörgu er hugað nú varðandi þessi mál. Það veltur væntanlega á viðtökum hv. þm. hversu vel gengur að koma þessum málum fram.

Meginatriði varðandi peningamálastjórnunina er að skapa hér jafnvægi á lánamarkaðinum þannig að fólk geti fengið með viðunandi og eðlilegum ávöxtunarkjörum að leggja fé sitt fyrir og geti fengið fé að láni með viðunandi og eðlilegum ávöxtunarkjörum til langs tíma. Það tekur vitaskuld tíma að byggja upp þennan lánamarkað úr þeim rústum sem hann var kominn í að undangengnu því stjórnleysisástandi sem hér hafði ríkt í þessum efnum. Þetta tekur tíma og því fylgja erfiðleikar. Á þessum tíma, sem verið er að byggja upp, gefur það auga leið að ekki verður hægt að gera allt í einu. En það leikur ekki á tveimur tungum að árangur hefur orðið umtalsverður hvað varðar innlánaaukningu og þessi árangur hlýtur að skila sér.

Það hefur líka komið ótvírætt í ljós að meðalraunvextir af verðtryggðum lánum hafa verið að lækka á þessu ári. Það liggur líka fyrir að vextir á verðbréfum hafa verið að lækka. Þetta er að sjálfsögðu árangur sem meta ber þó að vitaskuld megi margt betur fara.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég tel ástæðu til að koma hér aðeins inn í þessar umræður, var raunar búinn að biðja um orðið síðast þegar hér var opnuð mælendaskrá.

Mér finnst ástæða til að taka undir það sem hér hefur komið fram í sambandi við efni þessara umræðna sem er fyrst og fremst sú okurlánastarfsemi sem er augljóslega hér í þjóðfélaginu. Nú er m.a. einn angi af henni í fullri rannsókn. Þetta er að mínu mati þjóðarmein sem verður að uppræta. Ég tel því að ekkert megi til spara til að herða aðgerðir á þessu sviði, herða viðurlög.

Eitt vil ég segja strax sem ég vil láta koma fram í þessum umræðum: Ég tel ástæðu til að vara við því að þeir aðilar, sem verða uppvísir að slíkri starfsemi og væntanlega dæmdir, verði verðlaunaðir með því að fá að starfa áfram að opinberum málum og ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu. Mér finnst ástæða til að það sé undirstrikað hér til að gera þetta mál enn þá fyrirferðarmeira.

Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég tel að það þurfi einnig að taka miklu harðar á þeim glæpalýð sem dreifir fíkniefnum hér á landi. Að mínu mati á að gera þetta á þann hátt — við erum það fámenn þjóð — að það á hiklaust að birta á eftirminnilegan hátt nöfn og myndir af slíkum óþurftarmönnum í þjóðfélaginu.

Ég þarf ekki að ræða meira um þetta mál sérstaklega því að við erum öll væntanlega sammála um það hér á hv. Alþingi að hér er um slíkt vandamál að ræða í okkar þjóðfélagi, bæði að því er varðar okurlánastarfsemina og eiturlyfjadreifinguna, að ekki er hægt lengur að horfa fram hjá því að hér þarf raunhæfar aðgerðir og ekki á að hika við að birta nöfn og leggja dóm á þá aðila sem að þessu standa. Þetta er það alvarlegt fyrir okkar þjóðfélag, ekki síst vegna smæðar okkar.

Það sem kom mér til að biðja hér um orðið var að mig langar til að fara nokkrum orðum um húsnæðismálin. Þau hafa nokkuð spunnist inn í þessar umræður þó að ekki hafi komið fram beinar fyrirspurnir í sambandi við þau mál. Það vita allir hv. þm. að húsnæðismálin eru í sérstakri meðferð. Milliþinganefnd er að störfum sem á eftir að vinna í samráði við ríkisstj. frekar að þessum málum.

Ég verð að segja það hér af þessu tilefni að það er ákaflega leiðigjarnt hvað hin opinbera fréttamiðlun í sambandi við húsnæðismálin er neikvæð. Reynt er að velta sér upp úr erfiðleikum fólks á þessu sviði og telja fólki trú um að ekkert sé reynt til að greiða úr erfiðleikunum hjá hinum ýmsu aðilum í þjóðfélaginu sem öllum er kunnugt um.

Hæstv. fjmrh. fór nokkrum orðum um þetta mál hér áðan og rakti rækilega nokkrar tölulegar staðreyndir. Ég get því sparað mér það. Við vitum að sá áróður, sem hafður hefur verið í frammi, hefur verið einstrengingslegur og ekki stuðst við nein eðlileg rök. Það vita allir sem vilja vita — hv. alþm. hafa haft þau gögn fyrir framan sig á hverjum degi — að útlán byggingarsjóð-

anna hafa aukist gífurlega. Ef við tökum Byggingarsjóð verkamanna með, sem hefur þó haft meira jafnræði á þessu árabili, frá 1980—1985, var hlutfallið 1980 1,7% af þjóðarframleiðslu til beggja sjóðanna, 1985, þ.e. í ár, 3,6% og verður yfir 4% á næsta ári miðað við framlagt fjárlagafrv.

Sú erlenda lántaka, sem vitnað var til að þurfti að grípa til, ekki síst á síðasta ári og þessu ári, var eingöngu neyðarráðstöfun sem varð að gera til að leysa brýnasta vanda fyrir húsbyggjendur sjálfa. Þetta var gert til að styrkja stöðu sjóðanna sem þurfa lengri tíma til að byggja sig upp miðað við þá stefnu sem farið hefur verið eftir síðan 1980.

Þrátt fyrir það að ég ætla ekki að ræða fjárlagafrv. nú í sambandi við húsnæðismálin vil ég láta það koma hér fram að í fjárlagafrv. er framlag ríkisins 1,6 milljarðar kr. í beinu ríkisframlagi sem er langt umfram það sem nokkurn tíma áður hefur verið og mun eðlilega styrkja mjög hlutfall byggingarsjóðanna og starfsemi þeirra.

Um vaxtamálin mætti að sjálfsögðu tala langt mál hér. Ég ætla ekki að gera það en í sambandi við byggingarsjóðina vil ég undirstrika það sem raunar hv. alþm. vita: Ekki hefur verið hreyft við vöxtum byggingarsjóðanna í sambandi við húsnæðislánin, þeir eru óbreyttir 1985 frá því sem þeir voru 1984 og síðari hluta árs 1983, þ.e. niðurgreiddir vextir, 1% af lánum Byggingarsjóðs verkamanna, og 3½% af lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Auðvitað væri æskilegt að geta komið þeirri stöðu á í okkar þjófélagi að lán til húsnæðismála, a.m.k. til þeirra sem mest þurfa á slíkum lánum að halda, væru niðurgreidd meira en þetta. En ég vil vekja athygli á því að þetta eru engar smáupphæðir. Eftir nokkra daga liggur fyrir ítarlegur útreikningur frá Þjóðhagsstofnun um það hvaða gildi þetta hefur í raun og veru fyrir þá sem njóta þessara lána. Það verður fróðlegt að birta þá töflu og það verður gert.

Mér finnst ástæða til að kema hér inn á annað mál í sambandi við húsnæðismálin, þ.e. að lýsa því að nokkru hvað hefur verið gert til að aðstoða það fólk sem hefur verið í vanda, ekki síst á þessu ári. Í byrjun þessa árs var sett við stofnunina sérstök ráðgjafarþjónusta sem hefur það hlutverk að fjalla um þessi mál og reyna að greiða götu fólks. Í byrjun þessa árs var stofnaður sérstakur lánaflokkur til að fylgja þessu eftir. Í sambandi við þessa ráðgjafarþjónustu hafa verið afgreidd yfir 2000 lán að fjárhæð rúmlega 250 millj. kr.

En það sem er þó jákvæðast við þessa starfsemi, sem er ný í húsnæðismálum, er að tekið var upp virkt samstarf við viðskiptabanka og sparisjóði um að vera þátttakendur í þessari ráðgjafarstarfsemi. Það hefur komið fram áður að viðskiptabankar og sparisjóðir tóku þessu mjög jákvætt og voru aðilar að úthlutun aðstoðarlána og aðstoðarfyrirgreiðslu sem var veitt á þennan hátt. Ég tel að þetta hafi verið mjög jákvæð starfsemi í sambandi við húsnæðismálin og hefur örugglega orðið til þess að fjöldi fólks hefur vegna þessarar fyrirgreiðslu komist hjá því að lenda í miklum vandræðum.

Það er einnig athyglisvert að í könnun, sem sérstök nefnd sem hefur verið að störfum um úttekt á fasteigna*viðskiptum og fasteignamarkaði gerði í samvinnu við* félagsvísindadeild Háskóla Íslands, svöruðu tveir af hverjum þremur, sem spurðir voru, að aðalatriði í sambandi við húsnæðismálin og þennan vanda og það ráðleysi sem grípur fólk í sambandi við þau mál væri að geta leitað til slíkrar ráðgjafarþjónustu.

Þessi ráðgjafarþjónusta er nú orðin fastur liður í starfsemi Húsnæðisstofnunar. Það er orðin sérstök ráðgjafarstofnun sem hóf starfsemi að nýju með skipulögðum hætti í byrjun októbermánuðar s.l. Henni er ætlað mjög stórt hlutverk. Henni er í fyrsta lagi ætlað að veita ráðgjöf þeim sem hyggjast kaupa eða byggja húsnæði. Ráðgjafarþjónustan hefur þegar skipulagt sig þannig að hún á að geta veitt fólki upplýsingar, ekki aðeins um gerð húsnæðis og lánamöguleika heldur einnig reiknað út fyrir fólk greiðslubyrði af væntanlegum lánum. Hefur hún sett upp sérstakt reiknilíkan í því skyni.

Í öðru lagi er reiknað með því að þessi ráðgjafarstofnun aðstoði fólk með ráðgjöf um það hvernig það á að reyna að leysa þennan greiðsluvanda sem það er komið í.

Það sem er einnig mikilvægt er að þegar fyrir liggur að bankakerfið, þ.e. viðskiptabankar og sparisjóðir, er reiðubúið til samstarfs um að gera þessa starfsemi þannig úr garði að það komi hinum almenna borgara í landinu, sem þessi mál snerta, að verulegum notum. Meiningin er að móta þetta starf þannig að það geti stuðlað að skynsamlegum aðgerðum bæði til að ráðleggja fólki sem ætlar að fara að hefjast handa og einnig að veita þá ráðgjöf sem er nauðsynleg til að leiðbeina fólki sem lendir í erfiðleikum með sína fjárfestingu.

Ég tel ástæðu til að nota þetta tækifæri til að leggja hér fram þessar upplýsingar og jafnframt að benda mönnum á að hvetja fólk til að hafa beint samband við þessa ráðgjafarstofnun sem er að mínu mati starfsemi sem er með því jákvæðasta og árangursríkasta í þessum málum eins og ástandið er yfirleitt í þjóðmálum.

Til að undirstrika hvað verið er að gera vil ég minna á það, sem ekki hefur verið getið um í þessum umræðum, að sett voru ný lög hér á hv. Alþingi í vor um greiðslujöfnun vegna lána til húsnæðismála. Þetta er komið í framkvæmd. Þó að lögin hafi verið þannig að þau ná ekki nema til hinna opinberu sjóða, þ.e. byggingarsjóðanna, hafa lífeyrissjóðirnir tjáð sig fúsa til samkomulags eða samninga um að beita þessu atriði í sambandi við lán lífeyrissjóðanna. Þetta er ákaflega mikilvægt mál og ég hef vissu fyrir því að þetta skiptir verulegu máli fyrir það fólk sem þarf að standa í skilum með þessi opinberu lán.

Æskilegast væri ef hægt væri að vinna þannig í framhaldi af þessari ákvörðun Alþingis að hið almenna bankakerfi yrði einnig fúst til samninga um þessi mál. Þetta er miklu jákvæðara mál en menn gera sér grein fyrir og það er furðulegt að í allri umræðu um húsnæðismál er eins og menn vilji ekki vita af þessum þætti. Þetta er tilraun gerð að mjög vandlega yfirveguðu ráði í samráði við verkalýðshreyfinguna um það að finna leið til að jafna greiðslubyrði fólks.

Ég get ekki heldur látið hjá líða í þessari umræðu að vitna til þeirrar úttektar á fasteignaviðskiptum og fasteignamarkaði sem er búin að vera í gangi núna í tvö ár. Aðaltilgangurinn með þeirrar nefndar sem það verk var falið var að finna leið til að lækka útborgun í *fasteignaviðskiptum. Í þeirri könnun, sem ég vitnaði í* fyrr og félagsvísindadeild Háskólans annaðist, kemur í ljós að flestir, sem spurðir voru og tóku þátt í þessari

könnun, telja að lækkun útborgunar á fasteignum væri mest aðkallandi mál. Það hefur miklu meiri áhrif en menn gera sér grein fyrir.

Ég vil geta þess að frv. um fasteignasölu, sem setur þeim viðskiptum strangar skorður og stuðlar að aðhaldi, er væntanlegt inn á Alþingi næstu daga. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það verður að hraða hér á hv. Alþingi lagasetningu um verðbréfaviðskipti, skuldabréfaviðskipti, verðtryggingamál og eins vaxtamál. Þetta hefur komið hér skýrt fram í ræðum þeirra hæstv. ráðh. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. En þetta er miklu þýðingarmeira mál þegar farið er að skoða það í samhengi við þær umræður sem hér hafa farið fram um okkar viðskiptamarkað en menn hafa almennt gert sér grein fyrir áður.

Ég vil geta þess hér að eins og allir vita er starfandi milliþinganefnd sem hefur tvíþætt verkefni. Eins og kom fram hér í umræðum á síðasta vetri kom fram tilboð frá stjórnarandstöðunni sem var í því fólgið að menn vildu lyfta húsnæðismálunum yfir hið pólitíska þras, taka höndum saman um að finna skynsamlegar leiðir í þeim málum til að gera þennan málaflokk aðgengilegri fyrir fólkið í landinu. Það var sjálfsagt að grípa þessa viljayfirlýsingu flokkanna um samstöðu um stefnumótun í húsnæðismálum til frambúðar. Ég vil aðeins geta þess að í því bréfi, sem ég skrifaði stjórnmálaflokkunum í júnímánuði s.l., tók ég fram að þegar núgildandi húsnæðislög voru sett árið 1984 voru opnaðir ýmsir nýir möguleikar í húsnæðismálum sem hafa verið að mótast hjá Húsnæðisstofnun. Hins vegar er ljóst að aðkallandi er að skapa sterkari grundvöll hvað varðar fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Ýmsar nýjar hugmyndir hafa komið fram í umræðum og samþykktum allra stjórnmálaflokkanna í húsnæðismálum og er því hægt að draga þá ályktun að allir flokkar virðast sammála um að bæta húsnæðislánakerfið með það meginmarkmið að tryggja fólki húsnæði við hóflegu verði án þess að einstaklingar og fjölskyldur þurfi að leggja á sig varanlegt ok vinnu og skuldaklafa til að komast yfir húsnæði umfram það sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

Með tilliti til þessa hafði ég með samþykki ríkisstj. skipað níu manna nefnd frá öllum stjórnmálaflokkunum sem hafi það hlutverk að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi. Jafnframt þessu fékk nefndin það hlutverk að gera ákveðnar tillögur um ráðstöfun á því sérstaka fjármagni sem Alþingi ákvað með 1% söluskattsstigi og eignarskattsauka á síðasta Alþingi. Tilgangurinn með öllu þessu er að reyna að ná samkomulagi um skynsamlega leið í þessum málum. Ég vænti þess að núna næstu daga komi frá þessari milliþinganefnd ákveðnar tillögur sem ríkisstj. mun áreiðanlega taka til athugunar í sambandi við endanlega mótun útlánastefnunnar í húsnæðismálum fyrir næsta ár.

Ég vil leggja áherslu á að við eigum að hefja húsnæðismálin upp úr pólitísku þrasi og ásökunum sem ganga gjarnan í gegnum fjölmiðla vítt og breitt um að þessir og þessir séu óvinir fólksins o.s.frv. Ég held að ástæða sé til að vekja athygli á því að núna hefur alþm. verið boðið að mæta uppi í Háskóla Íslands til að hlýða þar á niðurstöður könnunar sem félmrn. og Húsnæðisstofnun lét félagsvísindadeild Háskólans framkvæma hjá ungu fólki í landinu um það hvað það vill gera í húsnæðismálum og hvernig það lítur á nútíð og framtíð í þeim málum.

Ég held að það sé mjög æskilegt að þátttaka hv. alþm. verði góð í þessari fundarboðun og menn taki þær niðurstöður, sem þar koma fram, alvarlega. Hvað sem við segjum um daginn í dag er framtíðin í þessum málum aðalatriðið, hvernig við ætlum að byggja ungu fólki framtíðina í sambandi við húsnæðismál og ekki síður hvernig við ætlum að búa að eldra fólki í sambandi við lausn þessara mála. Þetta tengist að sjálfsögðu saman og ég á von á því að þegar hv. alþm. eru búnir að átta sig á þessum málum og fara að tala um það með rólegri íhygli finnist betri flötur á að leysa þessi mál. En um það hljótum við öll að vera sammála.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal nú vakin athygli á því að þessi utandagskrárumræða hefur nú staðið um sjö klst. í tvo daga. Þetta er ekki vegna þess að þingið hafi ekki haldið sér vel að verki, ekki verður annað sagt. Hins vegar sér ekki högg á vatni. Þegar við hófum þessa umræðu í dag voru fimm á mælendaskrá, nú eru níu á mælendaskrá. Af þessu má marka að við skulum ekki gera ráð fyrir því að á þessum fundi verði unnt að snúa sér að dagskrá fundarins og taka fyrir merk mál sem þar eru. Hins vegar hefði mátt vænta þess að þessari umræðu gæti lokið fyrir kvöldmat því að ef svo yrði ekki gæti þurft að hafa kvöldfund til að ljúka umræðunni í dag. Þessi orð eru ekki mælt í þeim tilgangi að forseti lýsi yfir takmörkun umræðna. Hins vegar er með þessum orðum vakin athygli á stöðu umræðna ef hv. þm. vildu taka mið af því í ræðum sínum hér á eftir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vona að mitt mál verði ekki til þess að lengja verulega þessar umræður. Ég minni á að tilgangurinn var greinilega sá hjá þeim sem hófu þessar umræður að klekkja á hæstv. ríkisstj., reyna að sýna fram á að okurmál, sem í gangi hafa verið, væru afleiðing af stjórnarstefnunni. Til þess var notað það tækifæri að upp hefur komist um okurmál fyrir skömmu. Það verður þó að segja til hróss hv. málshefjanda að ræða hans í dag var stórum skárri en í fyrradag og fagna ég því að sjálfsögðu (**Gripið fram í:** Dagbatnandi.) að hv. 4. þm. Norðurl. e. skuli hafa tekið þessum framförum á einum sólarhring. Ég tel, herra forseti, það vera þess virði að eyða sjö klukkutímum af tíma Sþ. ef það verður til þess að menn fara dagbatnandi eins og hv. frammíkallandi orðaði það hér.

Þegar rætt er um okur er venjulega átt við okur skv. svokölluðum okurlögum, en í lögum nr. 58/1960 er bannað að taka hærri vexti en sem nemur hæstu lögleyfðu vöxtum eins og þeir eru ákvarðaðir af Seðlabankanum á hverjum tíma. En Seðlabankinn hefur skv. lögum nr. 10/1961 heimild til að ákveða vexti.

Það er auðvitað alveg út í bláinn, eins og hefur verið margsýnt fram á í þessum umræðum, að okur og þau brot á okurlöggjöfinni, sem hafa komist upp, séu afleiðing af stjórnarstefnunni. Reyndar hefur málshefjandinn, sem ekki er staddur hér í salnum af einhverjum ástæðum, dregið þessi ummæli sín til baka í ræðu sinni hér í dag. Fagna ég því að sjálfsögðu.

Lög um okur hafa verið þekkt um alllangt skeið. Má geta þess fyrir þá sem hafa áhuga á sögu að til eru lög um okur allt frá tímum Hammurabis. Allar götur síðan í

mannkynssögunni má finna í lögum mismunandi þjóða ákvæði um okur. Okur er þess vegna ekkert nýtt fyrirbrigði sem tilheyrir stjórnartíð einnar stjórnar. Það hefur verið rifjað upp í þessum umræðum að sá maður, sem nú liggur undir grun að hafa stundað okurstarfsemi, var dæmdur vegna okurs sem átti sér stað árið 1982 og fyrripart árs 1983 þegar hann m.a. var dæmdur fyrir að hafa tekið 203% vexti. Þetta var í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar þegar hv. þm. Ragnar Arnalds og Svavar Gestsson áttu sæti í ríkisstjórn. Mér er ekki kunnugt um að þessir hv. þm. hafi beitt sér fyrir því þá af því tilefni að sett yrðu sérstök lög um verðbréfamarkað hér á landi sem þeir nú krefjast eftir að ljóst er fyrir nokkrum mánuðum að ríkisstj. hefur í undirbúningi slíka löggjöf.

Herra forseti. Áður en ég held lengra þykir mér eðlilegt að hv. málshefjandi sé viðstaddur því að ég er að fjalla hér um kafla í ræðu hans fyrr í dag. Ég óska eftir því að hann verði viðstaddur þessa umræðu ef mögulegt er. (**Forseti:** Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur tjáð mér að hann sé á fundi í Þórshamri en biður um að hann verði sóttur ef um er beðið og verður orðið við þeirri ósk, bæði frá hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Reykv. Hv. 2. þm. Reykv. gerir hlé á ræðu sinni í bili. Við frestum ekki fundinum, en dokum við því að hv. 4. þm. Norðurl. e. hlýtur að koma á hverri stundu.)

Mér þótti, herra forseti, til hlýða að a.m.k. einn fulltrúi Alþb. sæti hér í salnum á meðan ég flytti mína ræðu, ekki síst vegna þess að mig langar til að fjalla hér um eitt efnisatriði sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði að umtalsefni í sinni ræðu. Hann velti því fyrir sér hvað væri okur samkvæmt íslenskum lögum og spurðist fyrir um það m.a. hvort það væri ekki okur þegar skuldabréf, eða kröfur á þriðja mann, þ.e. kröfuréttindi, væru seld með afföllum.

Það er alveg ljóst að í norrænum rétti þá er aðalreglan sú að fara skal með kröfuréttindi eins og lausafé. Menn hafa frelsi til að selja kröfur á því verði sem eigandi telur vera rétt og eðlilegt ef kaupandi finnst að slíkum kröfuréttindum. M.ö.o. afföll eru þess vegna lögleg og eru ekki okur. Þetta vildi ég að kæmi hér fram og þetta er viðurkennd skoðun, ekki einungis hér á landi heldur einnig í norrænum rétti, t.a.m. norskum rétti, en íslensk okurlög eru nánast þýðing — a.m.k. að hluta — á lagaákvæðum sem gilda annars staðar á Norðurlöndum.

Það skal hins vegar viðurkennt að í vissum tilvikum er um vafaatriði að ræða og til þess að fræða hv. þm. um *það hve erfitt er að finna mörkin, þá tíðkast það* t.d. í dag í bankakerfinu, í flestöllum bankastofnunum, bæði ríkisbönkum og eins í hlutafélögum sem reka bankastarfsemi, t.d. Alþýðubankanum, að keypt eru skuldabréf með afföllum. Það er löglegt. Þetta eru skuldabréf, skuldaviðurkenningar á þriðja mann. En það er hins vegar spurning um lögmætið þegar um sjálfskuldarábyrgð framseljandans er að ræða, þ.e. að menn, sem hafa víxlakvóta eða skuldabréfakvóta í bönkum, selja banka kröfuréttindi sem þeir hafa eignast vegna viðskipta og síðan kaupir bankinn viðkomandi skuldabréf með afföllum en áskilur sér síðan rétt til þess að gjaldfella bréfin ef greiðslufall verður á reikning sem seljandi kröfunnar á í viðkomandi banka.

Ég vona að þetta hafi komist til skila því að hér er um takmarkatilvik að ræða. Kann að vera, um það hefur ekki gengið dómur að ég viti, að þarna sé um vafatilvik að ræða. En um afföll og sölu á kröfuréttindum gilda sömu meginreglur og um sölu á lausafé og þegar einhver maður selur t.a.m. bíl eða einhvern annan hlut þá þarf hann ekki á þeirri stundu að gera sér hugmyndir um endursöluverð slíkra hluta.

Einnig má geta þess að nota má kröfuréttindi að sjálfsögðu ef þau eru skjalfest sem handveð, svo ég minnist á aðrar líkar réttarreglur sem gilda um kröfuréttindi og lausafé.

Fræðilega séð er okur einnig í verðlagslöggjöfinni þegar um það er að ræða að menn brjóta verðlagsákvæði þar sem verðlagsákvæði gilda. Sem betur fer hefur orðið nokkur breyting á íslensku verðlagslöggjöfinni að undanförnu og í stað opinberrar verðlagsákvörðunar hefur komið samkeppni sem yfirleitt leiðir til lægra vöruverðs eða verðs á þjónustu. Þegar við síðan berum saman það sem getur gerst á slíkum viðskiptamarkaði og hins vegar ef um er að ræða kröfuréttindi vegna peningafyrirgreiðslu, þá getum við séð að það væri mjög óeðlilegt ef sumir seljendur sömu vöru yrðu að vera háðir verðlagsákvæðum en ekki aðrir. Í raun og veru er það þetta ástand sem ríkir á lánsfjármarkaðnum í dag, að í sumum tilvikum ákveður Seðlabankinn að vextir séu með einhverjum ákveðnum hætti en annars staðar er það frjálst. Og nú er skekkjan orðin svo mikil að innlánsvextir á almennum sparisjóðsbókum, sem eru 22% skv. ákvörðun Seðlabankans, eru, ef við tölum um raunvexti, neikvæðir um 12%. Á sama tíma eru aðrir vextir, sem eru verðtryggðir í lánskjaravísitölu, að meðaltali um 5% jákvæðir raunvextir.

Það hefur nokkuð verið rætt hér um húsnæðismál og blandað inn í þessar umræður og um það er óþarfi að hafa mörg orð. Hæstv. félmrh. gerði grein fyrir stöðunni í húsnæðismálum og reyndar ræddi hæstv. fjmrh. húsnæðismálin mjög ítarlega í sínu máli hér fyrr í dag.

Það er almennt viðurkennt, bæði af stjórn og stjórnarandstöðu, að *ákveðinn hópur húsbyggjenda* hefur farið illa út úr þeirri þróun í efnahagsmálum sem hefur orðið á undanförnum árum vegna lækkandi íbúðarverðs, sem varð fyrst og fremst í óðaverðbólgunni sem ríkti hér á árunum 1982—1983, og eins vegna þess að í óðaverðbólgunni kom fram mikill munur á launum og lánskjörum.

Það hefur verið dregið inn í þessar umræður að mikið sé um nauðungaruppboð. Mér er sagt að í Reykjavík séu nauðungaruppboð á einkahúsnæði nú — það hafa farið fram 21 uppboð — af ýmsum ástæðum og ekki *nándar nærri alltaf vegna* þess að fólk hafi lent í vandræðum vegna húsbyggingar. Það er ekki í öllum þessum tilvikum. Og mér þykir það afar sorglegt þegar sjónvarpið reynir að vekja samúð vegna nauðungaruppboðs af ástæðum sem voru þær fyrst og fremst að viðkomandi aðili hafði dregið sér fé með ólögmætum hætti og þar var um sakamál að ræða. Þetta lýsir því kannske betur en flest annað hve hæpið er að draga ályktanir af því þegar fjölmiðlar fara af stað og reyna að vekja samúð með fólki sem hefur gerst brotlegt við lögin. En því má allra síst má blanda inn í umræður á borð við þessa.

Það eru erfiðleikar í íslenskum efnahagsmálum vegna gengis- og verðbreytinga og hv. 1. þm. Vestf. gerði glögga grein fyrir því hvernig hefur farið fyrir eigendum sumra fiskiskipa af þessum ástæðum. Það mætti auk þess benda á það sem hefur gerst varðandi kaupskip að

undanförnu, en einmitt þau mál voru fyrir skömmu til umræðu hér á hv. Alþingi.

Vegna umræðna sem hafa orðið hér um vexti langar mig til að spyrja fulltrúa Alþb. hvernig þeir vilji leysa vanda lífeyrissjóðakerfisins. Það liggur nú fyrir að ef menn vilja varðveita lífeyrissjóðina með þeim hætti að þeir geti orðið við þeim kröfum sem á að gera til þeirra, þ.e. að standa undir eðlilegum lífeyri þess fólks sem hverfur af vinnumarkaðinum, þá þarf annað tveggja að koma til: Hærri vextir, hærri útlánsvextir til þess að hækka höfuðstólinn, eða hærri iðgjöld, sem auðvitað þýðir það að aukinn hluti iðgjaldanna verður tekinn af launum fólks. Mig langar til þess að spyrja fulltrúa Alþb. hvora leiðina þeir vilja fara, því ef þeir velja hvoruga leiðina þá eru þeir með öðrum orðum að viðurkenna það að lífeyrissjóðirnir eigi í framtíðinni að tapa höfuðstólnum og þeir verði þess vegna ófærir um að standa undir þeim skyldum sem þeim ber að gegna í framtíðinni.

Mig langar líka til að spyrja fulltrúa Alþb. hvað þeir segi um almennu sparisjóðsbækurnar. Telja þeir eðlilegt, og að með því sé verið að verja alþýðu þessa lands, þegar almennir sparisjóðsvextir eru ákvarðaðir 22% í verðbólgu sem er milli 30 og 35%? Er þetta vörn fyrir alþýðu þessa lands? Eru þessar vaxtaákvarðanir Seðlabankans vörn fyrir alþýðu þessa lands? Það væri athyglisvert ef hægt væri að fá svör við þessum spurningum.

Ef litið er áfram til vaxta þá held ég að mjög varhugavert sé að draga ályktun af mjög stuttu tímabili. Ég hef hér fyrir framan mig útreikning á vöxtum í íslenskum krónum annars vegar og í bandarískum dollurum hins vegar. Ef tekið er tímabilið frá 1. janúar 1980 til 31. október 1985 og vaxtastigið er borið saman á lánum í dollurum samkvæmt LIBOR-vöxtum í upphafi hvers tímabils, og hins vegar í íslenskum krónum, og þá er miðað við meðalvexti verðtryggðra útlána, þá kemur í ljós að á þessu tímabili sem ég nefndi áðan þurftu þeir að greiða í raunvexti sem fengu íslensku lánin 3,63% en þeir sem greiddu lán í erlendum gjaldmiðli, þ.e. í bandarískum dollurum, þurftu að greiða 16,52%. Þetta eru meðaltalstölur yfir þetta tímabil. Það eru „peninga- og gróðamennirnir" í atvinnulífinu fyrst og fremst sem hafa þurft að standa undir þessari vaxtabyrði og hún er miklu meiri en á innlendu lánunum. Og hún var hæst árið 1982 þegar raunvextir, þ.e. vextir umfram verðbólgu, voru yfir 45% af lánum sem voru í bandarískum dollurum en á sama tíma 2,85% í íslenskum krónum. Hitt er svo annað mál að þetta hefur gerbreyst á þessu ári sem nú er að líða því að nú eru raunvextir á lánum í íslenskum krónum, mælt á sömu mælistiku, 5% en mínus 13% af dollaralánum, vegna þróunar dollarans.

Það kemur líka í ljós að vextir af lánum sem eru í dollurum frá Iðnþróunarsjóði, sem er stofnlánasjóður, hafa á þessu sama tímabili verið 14,6%, raunvextirnir að meðaltali, en af innlendu afurðalánunum hefur meðaltalið á sama tímabili verið mínus 13,24%. Þar munar 28% og þá er ég að tala um liðið tímabil. En eins og fram hefur komið í þessum umræðum þá eru afurðalán núna, t.d. til fiskvinnslunnar, í dollurum með álagi sem íslenskir milliliðir í bankastarfseminni taka og þess vegna horfir málið nú öðruvísi við. Þetta eru auðvitað erfiðleikar sem hafa orðið til vegna þess að á okkar lánsfjármarkaði er mikið erlent fjármagn.

Hér hafa talað í þessari umræðu, herra forseti, tveir hv. þm. Framsfl., auk ráðherra, í dag og ég verð að segja að ég varð allundrandi að hlýða á hv. formann þingflokks Framsfl. því á honum var að skilja að hann styddi ekki vaxtastefnu ríkisstj. Ég leyfi mér að halda því fram að hann hafi mismælt sig í þessari umræðu vegna þess að Steingrímur Hermannsson, hæstv. forsrh., segir frá því í blaðaviðtali í dag að það sé enginn ágreiningur í þingflokki Framsfl. í vaxtamálum og hæstv. forsrh. hefur margoft látið það koma fram að hann styðji stjórnarstefnuna í vaxtamálum. Ég vona því að þetta hafi verið mismæli hjá hv. þm. Páli Pétursyni en ekki dæmi um það að mýsnar séu að leika sér þegar kötturinn er ekki heima. Ég stend a.m.k. í þeirri trú þar til ég staðreyni annað að annar stjórnarflokkurinn, þ.e. Framsfl., styðji stjórnarstefnuna í þessum efnum.

Það er auðvitað sameiginlegt áhugamál okkar allra hv. þm. að hægt sé að lækka vexti og þá er spurningin: Hvernig getur það gerst? Að minni hyggju getur það fyrst og fremst gerst ef okkur tekst að draga úr lánsfjárþörfinni en besta ráðið til þess er að draga úr þörf þeirra sem langmest erlendu lánin hafa tekið, en það eru aðilar í eigu íslenska ríkisins. Og þar komum við að ábyrgð okkar stjórnmálamanna. Ef okkur tekst að draga saman seglin þá minnkar eftirspurn eftir lánum og vaxtastigið lækkar. En ef við hins vegar könnum það hvers vegna vaxtastigið er hátt þá er augljóst að það á rætur að rekja til þess tíma, fyrst og fremst á árunum 1981 og 1982, þegar erlend lán stórjukust.

Í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár sem hefur verið dreift á hv. Alþingi er tafla á bls. 21 sem sýnir glögglega hvað gerðist á þessum tíma sem var einhver mesti uppgripatími í sögu íslenska ríkisins. Á þessum tíma, þegar afli var mikill, hækkuðu erlendu skuldirnar miðað við verga landsframleiðslu úr því að vera árið 1980 — svo ég taki það ártal — 30% upp í það að vera í lok árs 1983 51,3%. Það er frá þessum tíma sem skýringanna er að leita. Þarna liggja ræturnar. Við lifðum um efni fram en af því leiddi að við þurftum að taka inn í landið á lánsfjármarkaðinn erlent fjármagn. Og það er nú einu sinni þannig að þeir sem lána okkur peninga hingað til landsins, eigendurnir sem eru búsettir í útlöndum, vilja fá sína peninga til baka. Það er þetta sem auðvitað markar vaxtastigið á íslenska lánsfjármarkaðnum.

Það er einnig frá þessum tíma — og það er sama rótin — að launamisréttið varð til í landinu. Það var vegna þess að búin var til svo mikil þensla í þjóðfélaginu að sumar stéttir gátu orðið sér úti um launahækkun en þeir sem voru aðeins á kauptöxtum gátu það ekki. Þarna liggja rætur þeirrar stjórnarstefnu sem þá var fylgt og þá voru í ráðuneytinu engir aðrir en hv. Alþýðubandalagsþingmennirnir Svavar Gestsson og Ragnar Arnalds.

Herra forseti. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því hvernig hægt sé að uppræta spillingu og lögbrot á íslenska lánsfjármarkaðnum. Í fyrsta lagi held ég að nauðsynlegt sé að settar verði reglur um verðbréfamarkað. Það hefur komið fram að það er ætlunin að gera. Það kom fram reyndar strax í haust við upphaf þings.

Í öðru lagi er bráðnauðsynlegt að hætta miðstýringu á vaxtaákvörðunum sem nú tíðkast með því að breyta Seðlabankalögunum og að því mun hæstv. ríkisstj. standa, bæði Framsfl. og Sjálfstfl., ef marka má yfirlýsingar þessara tveggja flokka og formanna þeirra. Ég

vona að þau orð sem þeir hafa látið falla um þetta atriði standi enn, jafnvel þótt annar þeirra sé ekki staddur á landinu. Staðgengill hans, hv. formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, getur án efa staðfest það hér í ræðustól á eftir, en ég veit að hann á eftir að tala í þessari umræðu. Ef þetta er gert þá komum við í veg fyrir það að fjármagnið leiti í óhóflegum mæli út úr bankakerfinu.

Ég var að rifja upp söguna hér fyrst í minni ræðu og benda á þær staðreyndir að lög um okurstarfsemi hafi verið til hjá mannkyninu allt frá því að Hammurabi setti sín lög. Því má bæta við að á síðari miðöldum, þegar kaþólska kirkjan bannaði vaxtatöku af trúarlegum ástæðum, gerðist það að Gyðingar, sem voru landflótta og höfðu ekki sömu trúarbrögð, gátu tekið vexti. Og það var leitað til Gyðinganna. Þeir voru okrarar á þeim tíma vegna þess að þá var til fólk sem vildi taka fé á þeim kjörum sem þá buðust; átti ekki annan kost. Þetta er eitt af því sem hefur gert Gyðinga óvinsæla t.d. í kaþólskum löndum. Þetta viðhorf breyttist en að vísu ekki mikið í rás tímans. Það sem skiptir þó máli er að átta sig á því að kirkjan hvarf auðvitað frá þessu og vextir voru gefnir frjálsari síðar meir. En að koma svo hér í ræðustól og tala um það að okur sé afleiðing af stjórnarstefnu sem hér hefur verið fylgt er náttúrlega gjörsamlega út í bláinn því að okur hefur fylgt mannkyninu frá því að sögur hófust.

Í þriðja lagi held ég að ástæða sé til að nema úr gildi okurlögin, nr. 58 frá 1960, um leið og Seðlabankalögunum er breytt. Við þurfum hins vegar að halda 7. gr. okurlaganna, sem stundum er kölluð misneytingargreinin, annaðhvort í sérstökum lögum eða setja þá grein inn í kaupalög eða aðra löggjöf, en það er það lagaákvæði sem ásamt 253. gr. almennra hegningarlaga skiptir máli varðandi misneytingu. — Svo ég upplýsi hv. þm. þá er misneyting það þegar menn nota sér bágindi eða einfaldleik annars til þess að ná fram samningi sér í vil, t.d. í okurstarfsemi. — Það þarf auðvitað að tryggja það að slíkt sé ekki hægt. Þetta held ég, herra forseti, að skipti máli ef menn vilja í alvöru tala um það hér í sölum hv. Alþingis hvernig eigi að bregðast við okurlánastarfsemi.

Ég vara við því að menn kenni hér í ræðustól einni stjórnarstefnu um þetta frekar en annarri því það er hægt að færa sönnur á það að okur hefur viðgengist í marga áratugi á Íslandi og í margar aldir og árþúsundir þegar við tölum um aðrar þjóðir. Við skulum þess vegna í sameiningu, hvort sem við erum nú í stjórn eða stjórnarandstöðu, reyna að finna réttláta lausn á þessu máli. Ég hef hér lýst þeim viðhorfum sem ég held að séu réttust og ég skora á þá menn sem hófu þessa umræðu vegna þess að þeir ætluðu að klekkja á ríkisstj., hafa nú reyndar dregið þó nokkuð í land í dag, að komast nú niður á jörðina og tala um þetta mál af einhverju viti.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessa umræðu sem er orðin alllöng og að mörgu leyti athyglisverð. Það má segja að hún hefjist vegna þess að hér koma upp mál í þjóðfélaginu, svokölluð okurmál, sem er í sjálfu sér ekkert nýtt og í kringum þetta mál verður mikið fjölmiðlafár sem er í sjálfu sér mjög eðlilegt og menn spyrja sig hver sé ástæðan fyrir því að svona lagað gerist í okkar þjóðfélagi. Hefur það átt sér stað á undanförnum árum eða undanfarna áratugi og hvað getum við gert til þess að koma í veg fyrir það?

Ég er ekki í nokkrum vafa um að mál af þessu tagi hafa lengi verið við lýði í okkar þjóðfélagi. Ástæðan er sú að hér hefur ríkt lengi mikið fjármagnsleysi á fjármagnsmarkaði. Þar er mikil samkeppni. Það eru ávallt í þjóðfélaginu einstakir aðilar sem hafa möguleika til að setja slíka vexti umfram aðra út í verðlagið. Það eru erfiðleikar fyrirtækja, það eru erfiðleikar einstaklinga sem verða til þess að einn og einn aðili getur notfært sér slíkar aðstæður sér til ávinnings. Hitt er svo annað mál að mér finnst það í sjálfu sér mjög ánægjulegt að mál sem þetta skuli hafa verið upplýst. Það sýnir að okkar réttarkerfi og dómgæsla er e.t.v. sterkari en margur hyggur. Því hefur verið haldið fram á undanförnum árum að í okkar þjóðfélagi eigi sér stað ýmsir hlutir sem ekki séu uppgötvaðir, en ég er alveg viss um að þetta mál verður til þess að fæla almenning, fyrirtæki og aðra frá því að notfæra sér slíka þjónustu. Þess vegna tel ég að mál þetta hafi að mörgu leyti orðið til góðs því ef það hefði ekki verið upplýst þá er hætt við að þessi starfsemi hefði haldið áfram að vinda upp á sig.

Það sem einkum hefur samt komið fram í þessari umræðu er almenn umræða um peningamál og ríkisfjármál. Því er haldið hér fram, m.a. af hv. þm. Steingrími Sigfússyni, að ekki sé verið að gera nokkurn hlut, ríkisstj. ætli sér ekki að grípa til neinna ráðstafana og þetta er allt ómögulegt í hans huga. (**Gripið fram í:** Nei.) Hann sér ekkert nema svart (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa.) og rautt inn á milli og þrátt fyrir það að upplýst hafi verið í þessum umræðum að það er mjög margt á döfinni í þessum málum, margt sem hefði mátt vera búið að gera fyrir löngu, hvort sem við erum að tala um þessa ríkisstj. eða aðrar og fyrir því eru ýmsar ástæður. En að halda því fram að ekki sé verið að grípa til neinna ráðstafana, það er að sjálfsögðu út í hött.

Hins vegar er það ljóst að aðalástæðan fyrir okkar erfiðleikum í peningamálum er almennur efnahagsmálavandi. Að halda því fram að hér starfi ríkisstjórn með efnahagsstefnu sem leiði til þess að slík mál sem þetta komi upp er annaðhvort vanþekking eða menn eru þá vísvitandi að reyna að villa fólki sýn. Það fer ekkert á milli mála að hér er mikill efnahagsvandi og langt í land að hann verði leystur.

Það munu verða mikil erfiðleikaár í íslensku þjóðfélagi á næstunni og jafnvel þó að hv. 5. þm. Reykv., Jóni Baldvini Hannibalssyni, takist að mynda þá ríkisstjórn sem hann hefur boðað að hann ætli sér að mynda eftir næstu kosningar — hvort sem mönnum líki það betur eða verr — með Sjálfstfl. og Alþb., þá er ég viss um að hann mun verða í miklum vandræðum með að stýra þeirri ríkisstjórn sem hann hefur boðað þjóðinni. Það mun hvorki verða auðvelt fyrir hann að ráða við peningamál né fjármál ríkisins og hann mun þurfa að draga ýmislegt af því til baka sem hann hefur verið að segja hér á undanförnum mánuðum, síðan hann byrjaði að tala með allmiklum árangri.

Það er langt í land með að þessi mál verði leyst. Þegar þessi ríkisstj. tók við völdum var hér mikill efnahagsvandi; þá var mikil verðbólga. Við blasti stöðvun atvinnuvega, það var halli á ríkissjóði og það var mikil skuldasöfnun við útlönd. Það er ekki búið að leysa þessi mál og ef við erum að tala um peningamálin almennt, þá er innlent fé í útlánum 72 milljarðar liðlega eða svo,

67 hef ég skrifað hér á öðrum stað. Það eru útlán. Innlent fé, þ.e. sparnaður, er 72,3 milljarðar en erlend lán 56 milljarðar þannig að í útlánum eru á landi hér 123,3 milljarðar og um 45% af því eru erlent fé. Ég man eftir því að hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson — hann er því miður ekki staddur hér en hv. málshefjandi Steingrímur Sigfússon mun örugglega geta upplýst hann um það frekar — sagði einu sinni í ræðustól, ég býst við að sú stefna sé enn við lýði hjá Alþb., að það ætti að segja þessum herrum fyrir verkum, það ætti að tukta bankastjórana til, eins og hann gerði þegar hann var viðskrh., vænti ég, á sínum tíma. En eitt er víst. Þótt Alþb. gæti tuktað bankastjóra til í væntanlegri ríkisstjórn Jóns Baldvins er ég alveg viss um að þeir hafa ekki það gott samband við erlenda bankastjóra að þeir geti tuktað þá til. Ég býst ekki við að þeim takist neitt betur að komast í samband við þá en þeim tókst að komast í samband við aðila í samningum almennt á erlendum vettvangi. Það hafa þeir aldrei ráðið við og ég á ekki von á að svo verði. En um þetta snýst málið, að við höfum bærilegt traust út á við. Og við getum því miður ekki ráðið algerlega vöxtunum innanlands. **(Gripið fram í:** Það voru nú góð lán sem Ragnar tók.) Já, en ég man eftir því að hv. þm. Ragnar Arnalds, með mikilli virðingu fyrir honum, hélt því fram að það ætti að taka sem mest af lánum því að menn græddu svo mikið á verðbólgunni og þess vegna væri tóm vitleysa að hafa á móti mikilli erlendri lántöku, það ætti að gera sem mest af því. Ég býst við að hann hafi breytt um skoðun eftir að þau eru orðin svo mikil.

En það er út af fyrir sig fróðlegt að líta á gagnrýni þá sem hér hefur verið borin fram á Alþingi annars vegar og hins vegar þá gagnrýni sem erlendir aðilar halda fram gagnvart okkur Íslendingum. Sú gagnrýni sem kemur hér fram er almennt sú að ríkisstj. taki allt of harkalega á peningamálum og allt of harkalega á ríkisfjármálum og þar eigi að sýna lausari tök, það eigi að gera meira fyrir almenning á ríkisfjárlögunum og það eigi að leggja á lægri skatta. Það er hinn almenni málflutningur. Og enn fremur að aðhald í peningamálum sé of mikið, m.a. með háum vöxtum.

Það voru hérna nýlega menn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þeir munu áreiðanlega birta skýrslu sína fljótlega. Ég er alveg viss um hver verður þeirra umsögn. Hún verður fyrst og fremst sú að það sé ekki nægilegt aðhald í peningamálum. Annaðhvort verði að hækka vexti meira eða takmarka útlán meira. Hún verður á þá leið að fjármál ríkisins séu ekki nægilega traust, þ.e. útgjöldin séu of mikil eða skattar of lágir. Það mun áreiðanlega koma fram hjá þessum aðilum að ef úr þessu sé ekki bætt sé hætta á því að Íslendingar haldi áfram að safna erlendum skuldum og traust þeirra út á við muni rýrna. Málflutningur fer þarna ekki saman. Meðalveg þarna einhvers staðar á milli eru menn að reyna að rata, vissulega með misjöfnum árangri. Ef gagnrýna ætti þessa ríkisstj. fyrir eitthvað, sem vissulega er ástæða til, það er allt gagnrýni vert, er það kannske að hér hefur verið of mikil þensla m.a. vegna þess að útlán til húsnæðismála hafa verið stóraukin og aðstoð við húsbyggjendur, sem vissulega hefur valdið þenslu í þjóðfélaginu. Það hafa verið hér miklar framkvæmdir, m.a. í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er fróðlegt að líta á þær tölur aftur í tímann. Árið 1980 eru verslunar-, skrifstofu- og gistihús o.fl. byggð í landinu fyrir 870 millj., 1008 millj. 1981, 1285 millj. 1982, 1329 millj. 1983, 1220 millj. 1984. Þetta eru um 4—7% af heildarfjárfestingu í landinu. Þetta hefur skapað mikla þenslu og ýmsar aðrar opinberar framkvæmdir hafa valdið vandræðum.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að lengja þessa umræðu. Hún lýsir á vissan hátt þeim vanda sem við eigum við að glíma. Það hefur ekkert komið fram í máli stjórnarandstöðunnar annað en að hún vill gjarnan auka þennan vanda með aðhaldsleysi á öllum sviðum. Það má gagnrýna þessa ríkisstj. og á að gagnrýna hana fyrir það að ekki hefur verið nægilegt aðhald. En ef hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ætlar að safna þessu liði saman í væntanlegri ríkisstjórn sinni, þar sem hann telur öllu verða borgið ef Framsfl. verði ekki með, þá muni þjóðinni loksins vera borgið, sem er alveg ný stefna hjá Alþfl. og verður honum sennilega ekki til mikils framdráttar þegar til lengdar lætur, væri út af fyrir sig fróðlegt að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson upplýsti þá fáu menn sem eru eftir í þingsalnum um hvers konar peningapólitík hann ætlar að reka þegar hann kemur saman þessari dæmalausu ríkisstjórn sinni, sem ég hef út af fyrir sig ekki trú á að honum takist. Það væri mjög ánægjulegt fyrir okkur, sem erum að fást við þetta frá degi til dags, ef Jón Baldvin mundi vilja upplýsa okkur um þetta þannig að við mættum eitthvað af því læra. Það mundi trúlega auðvelda honum að taka við þegar þar að kemur.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það eru örfá atriði sem hafa komið fram í máli manna sem mig langar til að gera athugasemdir við eða árétta.

Hæstv. viðskrh. spurði eftir því, sem ég reyndar tók fram í ræðu minni, hverja vaxtastefnu ég vildi, hvort ég vildi ekki raunvexti. Ég tel nauðsynlegt, a.m.k. þegar til lengri tíma er litið, að hafa raunvexti og til viðbótar kannske 1—2% fram yfir raunvexti í vaxtatekjur. En vaxtatekjur langt umfram raunvexti, eins og nú er í mörgum tilfellum, eiga engan rétt á sér og alls ekki ef þær eru skattfrjálsar.

Ákvarðanir um vexti eru teknar af stjórnarflokkunum sameiginlega og segja má að það sé stefna ríkisstj. Hæstv. ráðh. spurði hvort ég væri á móti stefnu Framsfl. þar með. Stefna ríkisstj. er málamiðlun á milli stefnu Framsfl. og stefnu Sjálfstfl., þ.e. málamiðlun sem stjórnarflokkarnir komast að. Hins vegar vil ég upplýsa að Framsfl. hefur ekki einn markað stefnu ríkisstj. í vaxtamálum. Stefna Framsfl. er mörkuð á flokksþingum flokksins og áréttuð á miðstjórnarfundum og þingflokki er falið að hrinda henni í framkvæmd að svo miklu leyti sem mögulegt er. Við höfum bara ekki komist lengra en þetta. Stjórnarsáttmáli og seta í samsteypustjórn gerir það að sjálfsögðu ekki að verkum að Framsfl. og Sjálfstfl. hafi sömu stefnu í þjóðmálum. Það er fjarri því, guði sé lof.

Hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson mótmælti því, og það hafa reyndar fleiri ráðherrar gert, að okrið tengdist vaxtastefnunni. Ég er ekki sammála um þetta. Ég held að vaxtastefnanýti undir okur og okrarar noti hina háu vexti sem stökkpall til að krefjast enn þá hærri ávöxtunar. Okrarar yfirbjóða bankakerfið. Okrarar yfirbjóða bankakerfið með vexti og af því hve vextirnir eru háir sækja þeir stöðugt í sig veðrið. Okrarafélögin myndast af mönnum sem vilja hærri ávöxtun af fjármunum en

bankakerfið býður. (**Gripið fram í:** Væri ekki besta leiðin til að útýma okri að hafa neikvæða vexti?) Ég tel að það sé eitthvert hlutfall á milli vaxtastigs í landinu og vaxtastigs okraranna. Þeir eru eins og tröppunni fyrir ofan.

Hv. þm. Einar Guðfinnsson taldi að samneyslan kæmi niður á lífskjörunum. Ég tel að samneysla sé hluti af lífskjörunum. Samneysla á Íslandi er langtum minni hluti tekna en á öðrum Norðurlöndum. Einkaneyslan er hins vegar langtum stærri hluti hér af þjóðartekjum en á öðrum Norðurlöndum. En ég tel að lífskjörin séu ekki tilsvarandi betri hér. Samneyslan er og á að vera ráðstöfun á hluta handbærra þjóðartekna til að auka velferð og bæta lífskjör og lífsaðstöðu þegnanna. Það er leiðinlegt að heyra þetta svartagallsraus um samneysluna því að vissulega þarf hún að vera talsvert mikil.

Hv. þm. Friðrik Sophusson taldi að ég hlyti að hafa mismælt mig. Ég hef ekki rekist á nein mismæli í ræðu minni. Stjórnarstefnan hvað varðar stjórn peningamála hefur farið úrskeiðis. Þetta þarf nauðsynlega að laga. Úrbóta á þessu sviði er mikil þörf og er reyndar forsenda þess að okkur takist að ná settum markmiðum með lækkun verðbólgu, stöðvun erlendrar skuldasöfnunar og hallalausan ríkisbúskap sem eru verðug markmið og mikilsverð og við erum sammála um að reyna að ná. Það er alltaf eitthvað sem fer úrskeiðis í hverju stjórnarsamstarfi og það er mjög mikilvægt að sjá hverju er áfátt og reyna þá að laga það en ekki að búa við ástand sem maður sér að er vont.

Ég hef sem alþm. stutt ég held einar fjórar ríkisstjórnir og hjá öllum þessum ágætu ríkisstjórnum hefur verið eitthvað sem betur hefði mátt fara. Á misfellurnar hef ég reynt að benda, hafi ég komið auga á þær, og stundum fengið þær lagfærðar.

Hvað varðar ummæli hæstv. forsrh. um einingu í Framsfl. um vaxtamál er ég sammála honum þegar hann margsinnis hefur lýst því yfir að hann sé ekki hávaxtamaður. Forsrh. er einnig oft búinn að lýsa því yfir að hann sé ekki kvótamaður. En við munum báðir styðja kvótann næstu tvö ár og ég a.m.k. með góðri samvisku.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég held að í ljósi þess sem hér var sagt væri þeim nær framsóknarmönnum, hæstv. sjútvrh. og hv. þingflokksformanni, að bera saman bækur sínar um vaxtastefnu þeirra eigin flokks áður en efnt er til yfirheyrslna yfir öðrum, enda fljótsagt að því er varðaði fyrirspurn hæstv. sjútvrh. að sú pólitík er öll skilmerkilega skráð. Til að spara tíma skal ég einfaldlega koma henni beint á framfæri við hann þannig að hann geti lesið sér til um þessa stefnu væntanlegrar ríkisstjórnar.

Ég hef þegar tekið þátt í þessum umræðum og gert grein fyrir minni afstöðu og þarf kannske ekki miklu við að bæta, en hér talaði áðan hæstv. húsnæðismálaráðherra og hann kvartaði aðallega undan hinni neikvæðu umfjöllun um húsnæðismál í fjölmiðlum. Það mun mála sannast að enginn af ráðherrum hæstv. ríkisstj. hefur komið jafnoft fram í ríkisfjölmiðlum en haft jafnlítið að segja um húsnæðismálin, þannig að sú neikvæða mynd sem fjölmiðlar hafa dregið upp af húsnæðisfáránleikanum er mikið til komin vegna þess að það hafa verið gefin mörg og stór loforð, vaktar upp miklar væntingar, en illa við staðið. Og einhvern veginn er það svo að þrátt fyrir tölur sem hæstv. ráðherrar hafa farið með um verulegt fjármagn í húsnæðismálum, ég neita því ekki, sérstaklega ekki að í næstu fjárlögum er gert ráð fyrir að beina verulegu fjármagni til húsnæðismála, sýnist mér ekki líklegt að þeir leysi þau vandamál sem erfiðust eru viðfangs.

Ég nefni dæmi úr hinni neikvæðu fjölmiðlaumræðu.

Maður nokkur fékk íbúð hjá verkamannabústöðum í apríl á síðasta ári. Hún var metin á 2,9 millj. kr. Hann lagði fram eigið fé 400 þús. kr. Hann skrifaði undir skuldabréf að fjárhæð 2,5 millj. Um síðustu áramót eða átta mánuðum síðar var upphæð skuldabréfsins 3,3 millj. Hún hafði hækkað um 800 þús. á átta mánuðum eða um 100 þús. kr. á mánuði. Skuldin var orðin 400 þús. kr. umfram matsverð íbúðarinnar. En því er svo við að bæta að verðfallið á þessum íbúðum er svo hrikalegt að þegar það bætist við 800 þús. kr. hækkun skuldabréfsins er alveg ljóst að þessi maður er dæmigerður að því leyti fyrir húsbyggjendur áranna 1980 til dagsins í dag að hann stefnir í eignamissi.

Þessi dæmi má hafa fleiri. Ungur maður á Raufarhöfn segir frá því að hann flutti til Reykjavíkur. Hann átti 120 fermetra einbýlishús á Raufarhöfn. Honum buðust 260 þús. kr. fyrir einbýlishús á þeim stað. Í Reykjavík þurfti hann að koma sér upp íbúð sem kostaði hátt á þriðju milljón, þriggja herbergja íbúð í fjölbýli.

Þriðja dæmið úr Grafarvogi í borg Davíðs. Ung hjón réðust í að reisa einbýlishús samkvæmt lóðapólitík borgarstjórnarmeirihlutans í Grafarvogi. Það kom á daginn að þau höfðu reist sér hurðarásinn um öxl, þann hinn fræga. Þau gátu ekki staðið í skilum með afborganir og þau vildu selja áður en þau sæju fram á að þau hefðu misst þessa eign sína. Þau hafa ekki getað selt enn þó þessi eign sé búin að vera á söluskrá núna í fimm mánuði. Skuldirnar hlaðast upp. Þær eru þegar orðnar miklu hærri en verðmæti þessarar eignar og þau eru nú búin að fara á fund fógeta með beiðni um gjaldþrot.

Menn eru að ræða hér um vexti og gantast með það inni í Framsfl. að Framsfl. hafi auðvitað enga vaxtastefnu. Formaður þingflokksins er að reyna að slá sig til riddara með því að hann sé óánægður með þetta. Hvers konar pólitík er það?

Þetta er hin hliðin á vaxtaumræðunni. Stjórnarliðar hæla sér af því að vaxtastefnan, sem nú er rekin, hafi borið árangur. Hún hafi skilað sér í meiri sparifjármyndun, í auknum innlánum í bönkum. Það er dálítið til í því, þó að það hvíli reyndar á mjög ótraustum grunni, og menn skulu fara varlega í að slá því föstu að þessi árangur sé varanlegur vegna þess að hann byggir að sumu leyti á fölskum forsendum, á fölskum forsendum um gengi, verðlagsþróun og verðbólguþróun sem getur fyrirvaralítið leitt til þess að þetta snúist gersamlega við. Fyrirsjáanleg gengisfelling t.d. mun verðfella þetta sparifé og viðbrögð sparifjáreigenda geta orðið margvísleg af þeim sökum. En látum það vera. Þeir segjast hafa náð einhverjum árangri.

Spurningar: Hefur aukin sparifjármyndun komið til skila í bankakerfinu? Hefur hún ekki beinst að verulegu leyti fram hjá bankakerfinu? Er ekki fjölgun ávöxtunarfyrirtækja einkageirans fram hjá bankakerfinu dæmi um það? Hvað er það mikill hluti af hinni raunverulegu sparifjármyndun sem leitar annað en til bankakerfisins? Hvaða áhrif hefur spariskírteinasala ríkissjóðs á það

hvert þetta sparifé beinist? Hverjir eru viðskiptaaðilar okraranna? Það eru aðallega fyrirtæki sem velta sínum fjármunum hratt. Halda menn að fyrirtækin standi undir þessum vöxtum? Nei. Þeim er velt út í verðlagið. Hefur þessi vaxtapólitík þá verðbólguhvetjandi áhrif? Já, að verulegu leyti. Er aukin verðbólga líkleg til þess að auka sparifjármyndun? Nei.

Ég held að þessi vaxtapólitík gangi ekki upp. Það er auðvitað staðreynd að það er vandasamt að taka við pólitísku efnahagslegu þrotabúi Framsfl. Það hefur aldrei farið fram hjá neinum manni. Við erum ekki að neita þeim staðreyndum að þessi þjóð er sokkin í skuldir og það er mótandi staðreynd á alla vaxtapólitík á Íslandi. Það erlenda fjármagn sem hér er í umferð ber þessa raunvexti, kannske á bilinu 7—10%. Við niðurgreiðum þá vexti ekki. Það er ekki á okkar færi. En spurning að því er varðar innlenda sparifjármyndun og innlendan fjármagnsmarkað: Með hvaða rökum verður því haldið fram að erlendur fjármagnsmarkaður, þ.e. stjarnfræðilegur hallarekstur Reagans Bandaríkjaforseta á bandarískum ríkisbúskap, eigi að móta vaxtastig á Íslandi? Mundu breytingar á vöxtum, þ.e. lækkun raunvaxta, miðað þó við áframhaldandi verðtryggingu fjárskuldbindinga til langs tíma, endilega leiða til hruns í sparifjármyndun? Nei. Ef það væri liður í samfelldum aðgerðum sem stuðluðu að lækkun verðbólgu.

Hver er undirrót þenslunnar í þessu þjóðfélagi? Milli mín og hæstv. fjmrh. er enginn ágreiningur um það. Undirrót hennar er ábyrgðarleysi, skussaháttur, hallarekstur og subbuskapur í ríkisfjármálum. Ríkisfjármálakerfið hefur gengið sér til húðar á alla kanta. Núna eru menn smám saman að byrja að taka undir það, sem við höfum hamrað á á hinu háa Alþingi í tvö ár, að skattakerfi okkar er ónýtt og hriplekt þannig að tekjuöflunarkefi ríkissjóðs er hrunið. Það þarf að breyta því frá grunni.

Útgjaldahliðin er með sama hætti. Það er ekkert að marka fjárlög ríkisins, ekki neitt. Þau eru tómt rugl í fjögur ár. Það var sannað af formanni Sambands ungra sjálfstæðismanna með mjög eftirtektarverðum dæmum á ráðstefnu hagfræðinga nú nýlega. Hann sýndi fram á það ár fyrir ár hvernig allar tölur fjárlagafrumvarpa höfðu reynst vera tóm óskhyggja, skrum og rugl og höfðu ekkert gildi, enga merkingu. Frá hausti að fjárlagafrv. er lagt fram og fram eftir árinu munar þúsundum milljóna á hverju einasta ári og þá er ég að tala um raunveruleg verðmæti, ekki bara verðbólgutölur.

Kjarni málsins er hins vegar, og það er laukrétt hjá hæstv. sjútvrh., að peningamálastjórnun hér er algerlega í molum og hefur verið í háa herrans tíð. Seðlabankinn er ákaflega ómerkilegt hagstjórnartæki. Þau tæki sem hann á að hafa til að stjórna peningamagni í umferð eru nánast engin. Seðlabankinn er orðinn að valdamafíu í þessu þjóðfélagi, hefur sölsað undir sig gífurleg efnahagsleg völd. Hann er orðinn að miklu stofnanabákni. Það er auðvitað alveg ljóst að það er með öllu óhæft að seðlabankastjóri landsins sé um leið stjórnarformaður stærsta ríkisfyrirtækis og stærsta viðtakanda allra erlendra skulda, kannske 30 þús. millj., eða hann sé vörslubanki hvers kyns sjóða eða stundi almenn bankaviðskipti eins og afurðalán, en það er að vísu að breytast. Allt þetta bákn þarf að stokka upp. Seðlabankinn á að hafa mjög skýrt afmarkaðar, vel skilgreindar en takmarkaðar skyldur. Banki bankanna, ráðgefandi í vaxtapólitík, milligönguaðili um lántökur og síðan á hann að hafa einhver stjórntæki til að beita efnahagsúrræðum í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstjórna, ef þær hafa einhverja, til þess að hafa taumhald á peningamagni í umferð. Það mun vera leitun að jafnvitlausu fyrirbæri og því að taka með bindiskylduákvæðum svo og svo mikinn hluta af innlánsaukningu og frysta í Seðlabanka undir því yfirskini að verið sé að hafa áhrif á peningamagn í umferð, en veita þessu sama peningamagni út með afsláttarkjörum í formi afurðalána. Þetta er tómt rugl. Ef það á raunverulega að laga peningamálastjórn og reyna að hafa eitthvert taumhald á peningamagni í umferð þarf til þess alveg ný tæki sem Seðlabankinn ræður ekki yfir. Meginkrafan í því efni er auðvitað að setja stranga löggjöf um verðbréfamarkað og gera báða aðila, bæði hið opinbera og þá aðila sem fengju leyfi til að versla með verðbréf, háða ströngum löggjafarákvæðum. Um þetta fjallaði ég í ræðu minni áður og þarf ekki að endurtaka. Það er mjög brýnt og það þarf að vera niðurstaða þessarar umræðu, og undir það hafa menn tekið, að það þurfi að setja slík lög. Og það á ekki að dragast.

Það er tiltölulega mjög einfalt sem þar þarf að gera. Þeir sem hafa rétt til að versla með verðbréf verða að hafa skyldur og þær skyldur eru númer eitt, tvö og þrjú að öll þessi viðskipti skulu vera framtalsskyld og skattskyld. Það er m.a. frumforsendan fyrir því að hægt sé að taka á okurvandanum og það er líka forsenda fyrir því að hægt sé að stýra sparifjármynduninni, fjármagninu til annarra þarfa og nytsamlegri en brasks, okurvaxtatöku í formi skammtímalána til fyrirtækja sem síðan velta þessu jafnóðum út í verðlag.

Hvað ætla hæstv. ráðherrar að gera við vanda þeirra húsbyggjenda sem ég var að lýsa hérna áðan? Hvaða svör fengu þessir húsbyggjendur? Engin. Ekki nokkur. Það var bara sagt hvernig vandinn hefur komið til. Um það liggja fyrir allar upplýsingar. Spurningin er: Hvað svo sem menn hafa hér sagt um auknar fjárveitingar til húsnæðismála, og ég ætla ekkert að eyða tíma í að ræða þær í smáatriðum, látum það gott heita, hverju eru húsbyggjendur nær? Hvað er það sem er að sliga þessa húsbyggjendur? Af hverju stafar verðfall fasteigna aðallega? M.a. stafar það af því að ávöxtunarkjör á verðbréfamarkaði, miðað við þessa himinháu raunvexti, eru slík að hver sá maður sem eitthvert fjármagn á væri í meira lagi vitlaus ef hann ætlaði að festa það í steinsteypu í staðinn fyrir að ávaxta það þarna.

Það eru engar horfur á því að óbreyttri stefnu að breytingar verði á fasteignaverðlagi. Þar að auki koma fleiri ástæður til. Verðtrygging til langs tíma getur líka haft sitt að segja í þessu efni. En spurningin er þessi: Hver eru skilaboð hæstv. ríkisstj., fyrir utan það, sem við vitum, að eins og venjulega tala framsóknarmenn tungum tveim og hafa enga stefnu í vaxtamálum, hver eru skilaboðin til húsbyggjenda? Vandi þeirra er að þeir eru að reyna að fjármagna húsnæðiskaup með skammtímalánum vegna þess að þrátt fyrir peningaaustur mikinn í húsnæðismálum er það fjármagn illa nýtt og lánin eru ekki hærri en 29% af byggingarkostnaði. Hitt er brúað í allt of miklum mæli með skammtímalánum vegna þess að bankakerfið hefur brugðist. Ef sparifjármyndun hefur aukist svo mikið, er þá ekki hægt að breyta því, hæstv. húsnæðismálaráðherra? Við erum

með ríkisbankakerfi. Það er hægt að koma þessu bankakerfi undir lög. Við sjáum að vísu, og höfum rætt hér um viðskipti Útvegsbanka og Hafskips, hversu ábyrgðarlaust þetta kerfi getur verið. Það ber enga ábyrgð á því þótt það misfari með almannafé svo nemi hundruðum milljóna kr. Hvað ætlar hæstv. húsnæðismálaráðherra að gera í þessu? Á hvaða skoðun er hann? Er hann ekki sömu skoðunar og hv. þm. Páll Pétursson að það eigi að vera lágir raunvextir? Þetta er aðalmálið sem brennur á húsbyggjendum og íbúðakaupendum og unga fólkinu í landinu. Fólkið er búið að heyra öll loforð ráðherrans. Hvað ætlar hann að gera? Hvenær ætlar hann að gera það?

Ég held að það séu gild rök fyrir því að menn þurfi ekki að óttast að breytingar á núverandi vaxtastefnu þurfi að þýða afturhvarf til vitleysisgangsins undir stjórn framsóknar á vitlausa áratugnum, þ.e. neikvæðra vaxta. Auðvitað dettur engum það í hug lengur. Alþfl. galt þess að verulegu leyti í fylgi þegar hann barðist fyrir verðtryggingunni. Hann sýndi hins vegar þá ábyrgð í stjórnarandstöðu að berjast fyrir því og hefur aldrei neitað þeirri ábyrgð. Og við erum ekki fallnir frá því að því er varðar langtímaskuldbindingar. En við höfum aldrei tekið á okkur ábyrgð af þessari vaxtastefnu, aldrei, enda ástæðulaust. Hún er mótuð af þessari ríkisstj. og hún verður að bera ábyrgð á henni. Meðan þessir tveir flokkar sitja saman í ríkisstjórn er það þeirra mál og ef Framsfl. meinar eitthvað sem hann segir, ef einstakir þm. Framsfl. eru að meina það sem þeir segja, að þeir séu ósáttir við þessa stefnu, ber þeim skylda til að standa við þau orð og beita sér fyrir lækkun raunvaxta og öðrum þeim hliðarráðstöfunum í efnahagsmálum sem eiga að tryggja að það leiði ekki til hruns í sparifjármyndun. Við erum að tala um tvo aðskilda markaði. Annars vegar erlenda fjármagnið, hins vegar innlenda sparifjármyndun.

Og eitt gætu hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstj. líka gert. Þeir eru að tala um aukningu innlána með auknum sparnaði. Það er þá líka ástæða til að minna á hvað um útlánahliðina er að segja því að hún hefur sín áhrif. Ef innlánsaukningin væri svo mikil að hún væri eitthvað nærri því að koma á jafnvægi á peningamarkaði ætti þróunin að vera í átt til lækkunar vaxta, ef menn eru svo trúaðir á að lögmálið „fúnkeri". Að vísu er þessi innlánsaukning ekki svo geysilega mikil. En það er annað. Í þjóðhagsáætlun stendur um peningamál á bls. 12:

„Önnur lán bankakerfisins [þá er ég að tala um útlán], þ.e. lán Seðlabankans til ríkisins og erlend lán, sem bankar hafa endurlánað, hafa hins vegar aukist mjög verulega að undanförnu. Þannig óx skuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann um nær 2½ milljarð kr. á tólf mánuðum til ágústloka."

Hvaða áhrif hefur þetta? Hvaða áhrif hefur það þegar hallarekstur ríkisins er fjármagnaður með seðlaprentun í Seðlabankanum? Var ekki einhver að tala um peningamálastjórn? Áhrifin eru auðvitað margvísleg. Áhrifin eru í fysta lagi þau að með þessum hætti er aukið peningamagn í umferð. Með þessum hætti er kynt undir verðbólgu. Með innstreymi erlendra lána til þess að „fínansera" þennan halla er verið að „fínansera" eða fjármagna þensluna í þeim geirum efnahagskerfisins sem bæði eru að notfæra sér ávöxtunarkjörin og velta fjármunum hraðar, kynda undir verðbólgu o.s.frv. Um þetta er út af fyrir sig enginn ágreiningur. Þetta stendur hér í þjóðhagsáætlun. Hvað ætla menn að gera? Hæstv. sjútvrh. sagði að það hefðu verið menn hjá honum frá Alþjóðabankanum og þeir færu auðvitað með rulluna sína. Auðvitað fara þeir með þá rullu. Það er engin peningamálastjórn í þessu landi. Hún er í molum. Hún hefur verið það allan þennan tíma. Framsfl. er búinn að vera við völd í 15 ár og hefur aldrei gert neitt nema tómar vitleysur í efnahagsmálum. Alþjóðabankafulltrúarnir munu vafalaust líka segja: Það er algert sjúsk og subbuskapur í ríkisfjármálum. Það er líka rétt. Hvoru tveggja þarf að breyta og hvorugu verður auðvitað breytt af Framsfl. Hann er búinn að hafa 15 ár til þess. Og hann er búinn að koma þessu hagkerfi á höfuðið. Og auðvitað er það rétt hjá hæstv. forseta Nd. þegar hann tekur loksins undir að það á að setja þennan flokk í endurhæfingu. Hann á að fara í langa endurhæfingu. Hann á að fá frí. Hann er búinn að hafa sín tækifæri og hann er búinn að misnota þau hroðalega. Það þarf nýja stefnu í ríkisfjármálum. Það þarf nýja peningamálastefnu. Það þarf nýja vaxtastefnu. Fyrirgefðu. (**ÓRG:** Þú skalt nú passa að það fari ekki fyrir þér eins og Haraldi.) Haraldi? (**ÓRG:** Guðmundssyni.) Já, já. Við skulum passa það vandlega, félagi Ólafur Ragnar.

Hver er niðurstaðan af þessum umræðum? Jú, það eru gefin loforð um að menn séu með í undirbúningi eitt og annað. Það er verið að undirbúa eitthvert frv. um verðbréfamarkað. Enginn hefur lýst hvaða hugmyndir eiga að koma fram í því frv. Hvað á að kveða á um þar. Framsóknarmenn hafa afneitað ríkisstjórninni í þýðingarmesta þættinum í efnahagspólitíkinni sem er vaxtastefnan. En hvað ætla þeir að gera? Eigum við alltaf að horfa á Framsfl. talandi tungum tveim? Og duga þar steinar fyrir brauð? Dugar það að við skiptum liði og segi einn hópurinn: Við þvoum hendur okkar af þessu. Húsnæðismálaráðherrann engist undan þessu, en það er ekkert gert.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það liggur við að maður sé hálffeiminn að koma í ræðustól eftir að hafa hlustað á umræðuna í dag. Hér hefur verið talað svo gáfulega að maður verður orðið viskuna upp í klof. En ég er ekki sammála hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Reykv., um að við höfum fengið einhverja niðurstöðu úr þessari umræðu. Það er langt því frá. Það kann líka að vera vegna þess að ég er ekki alveg sammála því að það sé einhver niðurstaða í þessari umræðu, sem byrjaði hér á þriðjudaginn, að það eigi að setja lög um verðbréfamarkað. Ég skildi það svo á hæstv. forseta og upphafsmanni þessara umræðna að hér væri verið að tala um okurlánastarfsemi þá sem komist hefði upp um nýlega. Ég tók það þannig að allir menn vissu að þröngt væri á íslenskum peningamarkaði. Ég tók það þannig að það þættu engar fréttir í þessum ræðustól að dýrt væri að taka lán á Íslandi í dag.

Ég held að menn hafi farið mjög út um víðan völl hér í þessari umræðu og blandað málum æðimikið saman. Ég fyrir mitt leyti vil greina á milli okurs og lánastarfsemi. Auðvitað er lánamarkaðurinn hér ekki þannig að maður sé sáttur við hann. Auðvitað er framboð á peningum allt of lítið. Auðvitað finnast manni vextir allt of háir. Ég er aftur á móti ekki þeirrar skoðunar að það sé í raun og veru það mál sem hér átti að tala um. Við erum að tala hér um okur og okur er ekki hluti af efnahagsvanda þessarar þjóðar. Okur er glæpastarfsemi sem stunduð er í þessu landi, glæpastarfsemi sem er

stunduð í þessu landi í skjóli mjög brenglaðrar siðferðiskenndar, bæði ráðamanna og almennings. Ráðamenn skyldu ekki reyna að bera blak af sér hvað það snertir að þeir hafi átt sinn þátt í því að brengla siðferðiskennd fólks. Hvað höfðingjarnir hafast að o.s.frv. er mjög gamall málsháttur og hann er ekki út í bláinn.

Ég hlustaði á bæði ráðherra og þm. Stjórnarliðar, hvort sem þeir eru þm. eða ráðherrar, hæla sér mjög af árangri vaxtastefnu sinnar. Ég verð að viðurkenna að mér finnst allt í lagi að þeir stæli um það við stjórnarandstöðuþm. eða aðra hvort þeir hafi náð árangri með sinni vaxtastefnu, en mér finnst mjög hæpið að drepa á það í umræðu um okurlánastarfsemi, þ.e. glæpastarfsemi í þessu landi. Það á ekkert skylt við það, vona ég. Þar erum við að tala um allt annað. Menn skyldu átta sig á því að okur verður ekki til af engu. Ég nefndi í fyrri tölu minni að upplýst er og vitað að okurlánastarfsemi hér tengist eiturlyfjanotkun. Það er ekki einfaldlega þannig að einhverjir vesalings eiturlyfjasmyglarar fari til okurlánara af því að þeir fá ekki lán í banka og sæti þar þeim hræðilegu kjörum sem okurlánarar bjóða upp á. Eiturlyf eru ekki á markaði hér á Íslandi frekar en annars staðar vegna fíknar einhvers ungs fólks. Þau eru á markaði hér vegna þess að einhverjir menn vilja græða peninga. Þannig tengjast þau okri.

Til okurlánara fer fólk af tveimur tilefnum aðallega. Það er af neyð og það er af því að sú starfsemi sem það stundar þolir ekki dagsins ljós, þ.e. sem glæpamenn. Því miður hefur það gerst hér á landi, sem ég held að eigi sér ekki margar hliðstæður, að okurlánastarfsemi hefur verið fjármögnuð af fólki sem ég held að almennt vilji telja sig heiðarlegt fólk — ekki að öllu leyti en að hluta til fjármögnuð af slíku fólki. Ég hef ekki heyrt neinn mann hér, þm. eða ráðherra, tala til þessa fólks. Þetta fólk ber ekki litla ábyrgð, á ekki litla sök í þessu máli. Ég vildi fá að nota tækifærið hér til þess að skora á þetta fólk, fólk sem vill teljast heiðarlegt fólk en hefur glapist vegna þeirrar brengluðu siðferðiskenndar sem ég talaði um hér áðan, hefur glapist til þess að ávaxta fé sitt hjá okurlánurum, að innkalla fé sitt strax og hætta þannig þátttöku í glæpastarfsemi. Það getur vel verið að það kosti þetta fólk að það tapi fé eða vöxtum, en ég held að það sé betra en að tapa ærunni sem það annars tapar af að eiga viðskipti við þessa menn.

Hæstv. viðskrh. Matthías Bjarnason talaði um að hér færu menn með tómt gaspur. Ég get að vissu leyti tekið undir það því að ég held að menn hafi í raun og veru brugðið hulu yfir það mál sem raunverulega skiptir öllu hér, en það eru þeir glæpir sem tengjast okri og sá glæpur sem okur er. Það er ekki hægt að tala um venjulega bankastarfsemi í landinu né verðbréfamarkað í sama mund og talað er um okur.

Matthías Bjarnason hæstv. viðskrh. spurði þeirrar spurningar: Hvers vegna er innlánsfé hjá okurlánurum en ekki í bönkum? Ég skal ekki svara þeirri spurningu. Ég hef þegar svarað henni, að ég tel. En ég held að þessi spurning hafi líka komið fram vegna þess að hæstv. ráðh. hafi að ýmsu leyti fallið í sömu gryfju og aðrir þm. hér, að rugla saman okurlánurum og öðrum aðilum sem stunda lánastarfsemi innan ramma laganna. Ég lít svo að t.d. verðbréfamarkaðirnir, sem nýlega hafa sprottið upp hér eins og gorkúlur, séu vantraustsyfirlýsing sparifjáreigenda á stjórn peningamála í landinu. Þeir treysta ekki stjórnvöldum fyrir sparifénu sínu. Þess vegna fara þeir með það eitthvað annað. Það er vegna þess að stjórnvöld eiga bankana sem annars ættu að ávaxta fé þessa fólks.

Það er kannske orðið ótímabært að gera athugasemdir við ýmislegt sem hér hefur til fallið. Ég get þó ekki látið hjá líða að segja að ég vorkenni meira því fólki sem glapist hefur á því að eiga viðskipti við okrara en Þorsteini Pálssyni þó hann verði fyrir einhverjum ásökunum í Þjóðviljanum, ásökunum sem tíminn getur leitt í ljós hvort eru réttar eða rangar. Hann þarf ekki annað en bíða eftir að tíminn geri það — og þá á ég ekki við Nútímann heldur tímann sjálfan.

Ég tek undir orð hv. 2. þm. Reykv. að það þarf að uppræta lögbrot og spillingu á íslenskum lánamarkaði, en aftur á móti tek ég ekki undir þau með þeim hætti að ég vilji rugla þar saman okri og annarri lánastarfsemi. Okur, það er starfsemi sem byggir á neyð og glæpum, verður ekki upprætt öðruvísi en með banni við okri, með baráttu gegn okri, upplýsingu og fræðslu um samhengi okurs og glæpa yfirleitt. Ég verð að viðurkenna að ég er eiginlega hissa á því hvað menn hafa verið feimnir hér í ræðustól að nefna hlutina sínu rétta nafni. Fyrsta stig í átt til siðleysis er kannske það að hrista af sér vitneskju um hluti sem eru svo óþrifalegir að maður vill ekki vita af þeim.

Við hjá BJ höfum reyndar oft — stundum svo oft að menn hafa orðið mjög pirraðir á því — gagnrýnt stjórnkerfið fyrir að það sé ekki þess megnugt, vegna þeirra djúpu hjólfara vana og hagsmunatengsla sem það er sokkið í, að stjórna þessu landi. Þá höfum við venjulega verið að tala um það sem lýtur að stjórn efnahagsmála og þeim samfélagsmálum öðrum sem stjórnvöldum eru falin. Nú horfum við upp á annað mál sem komið er upp á yfirborðið, mjög alvarlegt mál, mál sem tengist miklu fleiri vandamálum í okkar þjóðfélagi, vandamálum sem menn hafa margoft talað um að þeir vildu berjast á móti. Þá á ég við alla þá neyð sem tengist okurlánastarfseminni. Ég hef nefnt fíkniefni og aðrar tegundir glæpa sem því tengjast. Nú reynir á hvort það stjórnkerfi, hvort það flokkakerfi, kosningafyrirkomulag og það framsal valda sem við búum við í þessu landi nú er þess megnugt að framkvæma vilja fólksins og uppræta þessa glæpi. Ef það er óhæft til að ná árangri, ef því tekst ekki að hreinsa út þennan óþverra, sem okurlánastarfsemin er, álít ég að það hafi fellt dóm yfir sjálfu sér.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hefja þessa umræðu sem er sannarlega tímabær og nauðsynleg þótt hún hafi nú teygst víða og lengi. En það þarf engan að undra þótt hún spanni víðara svið en það sem almennt er meint með okurlánaviðskiptum, vegna þess að þótt okurlánaviðskipti og það mál sem er kannske megintilefni þessarar umræðu sé sannarlega hrikalegt mál og andstyggilegt eru þau mál ekki síður alvarleg sem eru alveg á mörkunum. Eins og hér hefur raunar áður komið fram hefur sú vaxtastefna, sem núverandi ríkisstj. ber ábyrgð á fyrst og fremst, nú þrengt svo að fóki að það upplifir hana hreinlega sem okur. Það er mergurinn málsins og þess vegna hefur þessi umræða farið töluvert út um víðan völl.

Hér hefur margt mjög athyglisvert komið fram sem vert væri að ræða nánar, m.a. í ræðu hv. síðasta ræðumanns, en það er orðið töluvert áliðið dags og ekki ætlun mín að lengja þessa umræðu um of.

Það sem rekur mig hingað er skætingur hæstv. viðskrh. í garð Kvennalistans fyrr í dag. Sá skætingur kom mér reyndar ekki sérstaklega á óvart þótt hann ofbyði augljóslega mörgum hér inni. Þessi hæstv. ráðh. er þekktur fyrir stóryrði ef komið er við snögga bletti þótt það sé vissulega umhugsunarefni hvað hv. þm. telja sér sæmandi í málflutningi. Kannske hefur hæstv. ráðh. fylgst með sjónvarpsþætti s.l. þriðjudagskvöld og heyrt einn af „uppum" Sjálfstfl. spá Kvennalistanum sæti í ríkisstjórn og ákveðið að nú þyrfti að brýna brandinn og reyna að stöðva þessa óhugnanlegu sókn kvenna. Hann ætti að ræða málið við hæstv. iðnrh. sem telur sig einan karlmanna hér á hv. Alþingi skilja það afl sem leynist með konum og gaf reyndar til kynna að rétt væri að bregðast við því með töluvert öðrum hætti en hæstv. viðskrh. virðist ætla að gera.

En hæstv. ráðh. lét ýmis orð falla í garð Kvennalistans, talaði um ábyrgðarleysi o. fl. í þeim dúr. Um það mætti lengi tala og mörg dæmi taka frá fyrri árum, dæmi sem er erfitt að bendla Kvennalistann við eða konur yfirleitt. Við gætum áreiðanlega rætt það utan dagskrár í tvo daga og óvíst að það dygði til.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á að við höfum sem betur fer nokkurt fé til skiptanna í þessu þjóðfélagi og Kvennalistinn hefur fyrst og fremst lagt áherslu á breytta forgangsröðun verkefna. Það hefur ekki skort að við höfum bent á sparnaðarleiðir, sem hæstv. ríkisstj. hefur reyndar sem betur fer tekið tillit til, og vil ég þar nefna t.d. samdrátt í virkjanaframkvæmdum sem við höfum alla tíð talað fyrir. Við höfum líka margsinnis krafist aðhalds varðandi ferða- og risnukostnað hins opinbera sem á reyndar að gera tilraun til að draga saman samkvæmt síðustu fréttum og betur að farið hefði verið að ráðum Kvennalistans þegar í upphafi þessa kjörtímabils svo og fleiri ráðum í þessum dúr. Ég vil einnig benda hæstv. ráðh. á að við höfum haft tillögur um tekjuöflun beinlínis í tengslum við ákveðin þingmál, eins og frv. okkar um fæðingarorlof, en fylgifrv. með því tryggir fjármögnun þess, og er það meira en oftast sést á borðum þm. Síðast en ekki síst eru þingmál Kvennalistans ekki eyðslumál, heldur sparnaðarmál. Flest okkar mála eru þess eðlis að þau munu spara meira til lengri tíma en þau kosta. Þetta ætti fyrrverandi hæstv. heilbrrh. að skilja manna best a.m.k. þar sem um er að ræða mál á því sviði. Nægir þar að nefna leit að krabbameini í brjóstum.

En aðeins meira um ábyrgðarleysið. Mig langar að spyrja hæstv. ráðh. hvort það flokkist ekki alltaf undir ábyrgðarleysi í hans huga þegar samþykkt eru lög eða framkvæmdir á vegum hins opinbera án þess að negla það í bak og fyrir hvernig eigi að fjármagna hlutina — eða er ekki sama hver á í hlut? Er það bara ábyrgðarleysi ef Kvennalistinn leggur til útgjöld án þess að benda á ákveðinn tekjustofn á móti, en hreint ekkert ábyrgðarleysi þegar stjórnvöld beita sér fyrir lagasetningu eða framkvæmd, sem hefur kostnað í för með sér, án þess að gera grein fyrir tekjum á móti? Reyndar veit ég ekki betur en að það sé beinlínis bundið í lögum að stjórnvöld skuli gera grein fyrir fjármögnun þegar þau leggja til lagabreytingar, en á það skortir svo sannarlega. Og svo aftur sé vitnað til málsháttarins góða: „Hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það."

Það má heita daglegt brauð að á fund fjvn. komi forráðamenn hinna ýmsu stofnana ríkisins, sem eru að kynna óskir sínar um hækkun til hinna ýmsu þátta þeirrar starfsemi sem þeir eiga að halda utan um, og þeir segja gjarnan: Þið settuð lög, þ.e. þm., settuð lög í mars 1984 eða maí 1985 eða hvenær það hefur nú verið, en það hefur gleymst að gera ráð fyrir því hér í fjárlagafrv. Ég get nefnt framleiðsluráðslögin frá s.l. vori og ég get nefnt lög um almannavarnir o.fl. Þessi upptalning gæti orðið lengri, en bæði er nú að ég átti ekki von á því að taka til máls hér í dag og svo hitt að þetta kemur ekki við því efni sem hér er til umræðu utan dagskrár. En tilefnið gaf hæstv. viðskrh. svo að ég vona að hæstv. forseti beri ekki þungan hug til mín þótt ég hafi tekið örfáar mínútur í að svara ásökunum hans svo smekklega sem þær voru nú bornar fram.

Herra forseti. Stöku sinnum leyfist þm. að fara með skáldskaparmál hér í ræðustól og því freistast ég til að vitna hér í þingeyskan hagyrðing, Steingrím í Nesi, en eftirfarandi vísa hans kom mér í hug þegar hæstv. viðskrh. talaði hér áðan og skal tekið fram að það er ekki í fyrsta skipti sem manni dettur eitthvað svipað í hug þegar hlustað er á umræður hér á Alþingi. En þessi litla vísa hljóðar svo, með leyfi forseta:

> Varla er hægt upp úr vaðlinum hér
> vitinu höfuð að teygja.
> Algengust heimska í heiminum er
> að hafa ekki vit á að þegja.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt hér, en ég kem upp af sama tilefni og hv. 7. landsk. þm., því tilefni sem hæstv. viðskrh. gaf. Mér þykir að sumu leyti vænt um það að undir hrjúfu yfirborði hæstv. ráðh. leynist viðkvæmur strengur sem hægt er að snerta þegar réttmæt gagnrýni höfðar til hans og mér þykir heldur ekki verra að það skuli vera rödd Kvennalistans sem vekur hann til viðbragða. En hæstv. ráðh. verður líka að muna að hlutverk stjórnarandstöðu er ekki hvað síst að gagnrýna og sýna stjórninni aðhald. Sú gagnrýni getur verið uppbyggileg eða neikvæð, allt eftir málefnum og aðstæðum hverju sinni. Ég er ekki sammála hæstv. ráðh. um það að málflutningur minn eða annarra hv. þm. Kvennalistans sé ábyrgðarlaust gaspur og vitna til orða hv. 7. landsk. þm. á undan mér, en sínum augum lítur auðvitað hver á silfrið.

Auðvitað á þessi ríkisstj. ekki sök á öllu illu sem hendir í íslensku þjóðfélagi og eins og ég sagði oftar en einu sinni í máli mínu: Okurlánastarfsemi varð ekki til í tíð þessarar ríkisstj. Hv. 2. þm. Reykv. hefur meira að segja vitnað í lögbók Hammúrabís og Biblíuna því máli til sönnunar að okurlánastarfsemi er gömul. Hitt er annað mál og fram hjá því getur hæstv. ráðh. og aðrir ráðherrar ekki litið að það þurfa að ríkja í þjóðfélaginu ákveðnar lágmarksaðstæður til þess að okurlánastarfsemi geti þrifist. En til þess að hún geti blómstrað þurfa líka að ríkja ákveðnar aðstæður og þær aðstæður hljóta að ríkja í dag því að nú erum við einmitt að ræða áhyggjur okkar af umsvifamikilli okurlánastarfsemi. Og því spyr ég og það er ekki af ábyrgðarleysi sem ég spyr: Hverjir stjórna þeim aðstæðum sem ríkja í þjóðfélaginu í dag og hverjir hafa stjórnað þjóðfélaginu undanfarin ár og þannig haft aðstöðu til að hafa áhrif á þær aðstæður sem upp eru komnar? Hæstv. ráðh., það er því miður ekki Kvennalistinn þó að „venjulegur maður" úr Sjálfstfl. hafi lýst því yfir í sjónvarpsþætti um daginn

að þangað mundi Kvennalistinn þurfa að fara til að sýna hvað í honum býr. Nei, það er núverandi ríkisstj. og þar á meðal hæstv. ráðh. sem hafa stjórnað og stjórna enn. Og því má hæstv. ráðh. ekki gleyma að þótt enginn hafi borið ríkisstj. þeim sökum að henni einni sé um að kenna búum við í þjóðfélagsgerð þar sem hvað tengist öðru, eins og kona orðaði það í ágætri blaðagrein nýlega: „Þjóðfélaginu má líkja við þéttriðið net sem hreyfist allt þegar togað er í einn möskva.“ Þess vegna verka aðgerðir stjórnvalda víðar en þar sem þeim er beitt. Og á því hljóta stjórnvöld að bera ábyrgð hverjar afleiðingar gerðir þeirra hafa fyrir hina ýmsu hópa þjóðfélagsins.

Ríkisstjórnin hælir sér mjög af því að hafa náð niður verðbólgunni. En ágæti þess árangurs er í raun blekking því að verðbólgan náðist að vísu niður með stórkostlegum fórnum launafólks en er nú aftur komin á flug og er nálægt 40%. Það kann að hljóma vel í eyrum þeirra sem kynnst hafa yfir 100% verðbólgu, en við skulum hafa í huga að aðstæður nú eru svo gjörólíkar að 40% verðbólga hefur aðrar afleiðingar nú en hún hafði fyrir nokkrum árum þar sem skuldir einstaklinga og fyrirtækja eru nú verðtryggðar og með háum vöxtum. Við þessar aðstæður verða stórkostlegar eignatilfærslur og ástæða er til að óttast þær afleiðingar að innan fárra mánaða standi skuldugt fólk uppi eignalaust og fyrirtæki, sem standa undir afkomu okkar, verði gjaldþrota.

Hæstv. ráðh. spurði um vexti, hvaða vexti menn vildu hafa. Því má ekki gleyma að vextir eru tvíbent vopn. „Kvennalistinn leggur þunga á að lögum um bann við vaxtaokri sé framfylgt og skorar á stjórnvöld að stuðla að almennri lækkun vaxta. Þó raunvextir séu eðlilegir eru okurvextir óþolandi.“ Þetta var tilvitnun, með leyfi forseta, í ályktun frá landsfundi Kvennalistans.

Ég tek undir það, sem fram hefur komið, að þessi mál þarf að kanna og það þarf að taka þau föstum tökum. Síðan ætla ég ekki að eyða meiri tíma í þessar umræður.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð nú í lokin á þessari umræðu sem mér skilst að séu upp að renna.

Ég þakka forseta enn fyrir röggsamlega og sanngjarna fundarstjórn í allri þessari miklu umræðu og fyrir það að leyfa hana. Ég þakka einnig hv. 2. þm. Reykv. sem tók sig til og fræddi hv. þingdeild og mig um nokkrar grundvallarstaðreyndir í sambandi við vaxtamál og okurmál og lög sem að þeim lúta. Margt af því var mér reyndar kunnugt eftir sjálfsnám mitt undanfarna daga, en það sakaði ekki að rifja það upp og fá það skýrt af lögglöggum manni eins og hv. 2. þm. Reykv. er.

Hv. 2. þm. Reykv. beindi spurningum til Alþb. Ég vona að hann fyrirgefi mér þó að svörin hér og nú verði í styttra lagi vegna þess að ég vil ekki níðast á góðvild forseta sem er að leyfa mér að tala í þriðja sinn. Hann spurði út í vanda lífeyrissjóðanna og hvaða stefnu Alþb. hefði gagnvart því máli. Ég get í sjálfu sér ekki svarað alveg fyrir Alþb. í þeim efnum. Ég tel mig ekki hafa til þess umboð á þessari stundu og mig rekur ekki minni til þannig stefnumarkandi samþykkta um það mál að ég geti svarað því hreint út. En ég bendi á að vandi lífeyrissjóðanna er ekki eingöngu bundinn við vexti og ávöxtun fjár. Hann er ekki síður bundinn við þá aldursdreifingu sem er í þjóðfélaginu og þá aldursdreifingu sem menn spá að verði hér á nokkrum næstu áratugum. Það er í raun og veru miklu stærri hluti vandans sem liggur þar vegna þeirra auknu byrða sem lagðar verða á lífeyrissjóðina sjáanlega í framtíðinni af þessum sökum. Það eru sem sagt fólksfjöldatölur og spár um fólksfjölda sem gera að verkum að menn þykjast sjá að þarna stefni í óefni. Þetta verður ekki leiðrétt. Fyrir þessu verður ekki séð með einum saman vöxtunum, það er alveg ljóst.

Hitt er annað mál og það er einnig stefna Alþb. að nauðsynlegt er að þessir sjóðir eins og aðrir slíkir geti tryggt stofnfé sitt og varðveitt það þannig að það brenni ekki upp. Um það er held ég ekki deilt í íslensku þjóðfélagi í dag og hefur ekki verið um nokkurt árabil þó að hv. þm. Vestfjarða hafi haldið því fram hér áðan að einhver merkileg stefnubreyting hefði uppgötvast í umræðunni.

Ég tel mig hafa skýrt afstöðu mína í það minnsta til vaxta á almennum sparisjóðsbókum og ávísanareikningum. Ég benti einmitt á að þar væri sá hópur fólks sem verst færi út úr ástandi mála í dag og ég er ósáttur við það. Það er eitt af því sem er stórlega rangt í vaxtamálunum í dag hvernig sá fjölmenni hópur fer út úr þessu og á hversu fáránlega lélegum ávöxtunarkjörum það mikla fé sem þar fer í gegn er miðað við ýmislegt annað fjármagn í landinu.

Ég held að ég fari ekki nánar út í ýmsar þær spurningar og athugasemdir sem gerðar voru við mál mitt og málflutning okkar Alþýðubandalagsmanna hér, en vil í lokin segja það, herra forseti, að ég er ekki sammála hæstv. sjútvrh. sem segir að stjórnarandstaðan hafi í þessari umræðu einungis verið með nöldur og viljað auka vandann með því að leggja til aðhaldsleysi á öllum sviðum. Þetta er alrangt. Ég kynnti einmitt í umræðunni fyrr í dag þau áform Alþb. að leggja fram frv. á allra næstu dögum þingsins þar sem okkar tillögur að aðgerðum í þessum málum eru settar fram. Það er okkar tilboð til hv. alþm. og til ríkisstj. um þær aðgerðir sem við erum reiðubúin að taka þátt í. Þar koma inn í þættir eins og eftirlit með þessum hlutum, leyfisskráning og ýmislegt fleira. Ég vil því segja, herra forseti, að í þessari umræðu hafi stjórnarandstaðan, ég tel mig a.m.k. hafa gert það, bæði gagnrýnt málsmeðferð ríkisstj. og ýmislegt í sambandi við hennar meðhöndlun á þessum málum, það er rétt, en við höfum einnig sett fram okkar tillögur og lagt til úrbætur og gert kröfur um úrbætur. Ég tel það vera málefnalegan málflutning, herra forseti.

Að síðustu þetta: Ég hvet menn til að gleyma sér ekki í fortíðinni í þessum efnum. Það er auðvitað alveg rétt að áður hefur pottur verið brotinn og okur hefur áður viðgengist. En menn mega hvorki dvelja um of við Biblíusögutímana né heldur við okurmálalöggjöf Hammúrabís þó að hún sé að sjálfsögðu gagnmerk. Við lifum í nútíðinni, herra forseti, og við þurfum að takast á við vandamál nútímans fyrst og fremst. Við leysum hvort sem er ekki úr þessu þau vandamál sem Hammúrabí var að glíma við á sínum tíma í sambandi við okur.

Efnisskrá.

Almenn stjórnsýslulöggjöf (83. mál) 708.
Álbræðsla við Straumsvík (134. mál) 791.
Dráttarvextir o.fl. (93. mál) 715.
Fræðsla til varnar vímuefnaneyslu (103. mál) 724.
Hitaveita Reykjavíkur (105. mál) 666.
Hitaveita Suðurnesja (119. mál) 672.
Húsnæðisstofnun ríkisins (89. mál) 683.
Jarðhitaréttindi (5. mál) 682, 779.
Kosning sérnefndar skv. 15. gr. þingskapa 683.
Orka fallvatna (59. mál) 783.
Orkulög (67. mál) 784.
Sala Kröfluvirkjunar (121. mál) 761.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (127. mál) 777.
Stefna í málefnum vímuefnaneytenda (109. mál) 726.
Stjórnarskipunarlög (117. mál) 677.
Tekjustofnar sveitarfélaga (65. mál) 665.
Tóbaksvarnalög (96. mál) 722.
Tóbaksvarnir (97. mál) 716.
Umræður utan dagskrár 704 (eldgos í Kólumbíu); 728, 803 (okurmál).
Varamaður tekur þingsæti 665, 681.
Vaxtaálagning banka á veðskuldabréf (44. mál) 711.
Vímuefnasjúklingar (94. mál) 710.
Þátttaka Íslands í vísindasamstarfi Evrópuþjóða (98. mál) 718.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 704, 708, 728, 753, 754, 760, 836.
Forseti Ed. Stefán Benediktsson 665, 668.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 681, 682, 779, 781, 782, 783, 784, 788, 789, 802, 803.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 705, 709, 719, 721, 734.
Félmrh. Alexander Stefánsson 665, 832.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 739, 777, 778, 812.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 682, 711, 723, 727.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 717, 720, 725.
Samgrh. Matthías Bjarnason 672, 675, 713, 716, 732, 761, 791, 809.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 841.
Árni Johnsen 707.
Björn Dagbjartsson 765, 774.
Davíð Aðalsteinsson 668, 672, 674, 770, 777.
Eiður Guðnason 706, 718, 720, 722, 766, 776.
Einar Kr. Guðfinnsson 828.
Friðrik Sophusson 782, 787, 836.
Guðrún Agnarsdóttir 705, 808, 854.
Guðrún Helgadóttir 711, 714, 784.
Gunnar G. Schram 708, 709.
Halldór Blöndal 683, 704, 782, 789.
Haraldur Ólafsson 805.
Hjörleifur Guttormsson 779, 780, 789, 800, 802.
Jón Baldvin Hannibalsson 745, 845.
Karl Steinar Guðnason 666, 670, 673, 676.
Kristín S. Kvaran 706, 710, 711, 716, 718, 722, 724, 725, 726, 728, 743.
Kristín Halldórsdóttir 852.
Ólafur Þ. Þórðarson 682, 782, 786.
Ólafur Ragnar Grímsson 704, 707, 780, 783, 784, 785, 790.
Ólafur G. Einarsson 706, 780, 787.
Páll Pétursson 682, 706, 708, 721, 783, 785, 789, 790, 803, 844.
Pétur Sigurðsson 710, 782.
Ragnar Arnalds 677, 761, 772, 778.
Sighvatur Björgvinsson 715, 716, 783, 786.
Skúli Alexandersson 670, 674.
Stefán Benediktsson 666, 671, 754, 850.
Stefán Guðmundsson 790.
Steingrímur J. Sigfússon 695, 728, 784, 820, 855.
Svavar Gestsson 682, 753, 754, 758, 781, 788, 789.
Sveinn Jónsson 768.
Þorv. Garðar Kristjánsson 668.

Sameinað þing, 20. fundur.

Mánudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrverandi þingmanns.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Jón Kjartansson, forstjóri og fyrrv. alþingismaður, varð bráðkvaddur s.l. fimmtudag, 21. nóvember, 68 ára að aldri. Hann var þá staddur á heimili sonar síns í Hamborg.

Jón Kjartansson var fæddur í Siglufirði 5. júní 1917. Foreldrar hans voru Kjartan byggingarmeistari þar Jónsson, síðast prófasts að Hofi í Vopnafirði, og kona hans Jónína Tómasdóttir prests á Hvanneyri í Siglufirði, síðar að Barði í Fljótum, Bjarnarsonar. Hann lauk prófi frá Samvinnuskólanum vorið 1935 og fór náms- og kynnisför til Danmerkur og Noregs 1938. Verkstjóri við Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði var hann 1935—1942. Hann var 1943—1946 skrifstofustjóri Þormóðs Eyjólfssonar, hlutafélags sem annaðist skipaafgreiðslu og hafði umboð tryggingafélaga. Þá var hann umboðsmaður Samvinnutrygginga, Flugfélags Íslands og fleiri félaga 1947—1949 og rak jafnframt eigin söltunarstöð og útgerð í félagi við annan Siglfirðing 1947—1948. Hann var bæjarstjóri á Siglufirði 1949—1958, forstjóri Áfengisverslunar ríkisins 1957—1961 og síðan forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins frá 1961 til dánardags.

Jón Kjartansson var í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, ýmist sem aðalmaður eða varamaður frá 1947. Hann var vararæðismaður Finnlands á Norðurlandi 1953—1958 og aðalræðismaður Finnlands á Íslandi 1965—1968. Formaður stjórnarnefndar Hjálparstofnunar kirkjunnar var hann 1969—1979, í stjórn stofnunarinnar Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin frá 1971 og kjörinn endurskoðandi Útvegsbanka Íslands árið 1971. Frá 1977 var hann í fulltrúaráði sjálfseignarstofnunarinnar umr rekstur Landakotsspítala.

Hann var 1. varamaður þingmanna Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra frá 1959 og tók sæti á Alþingi tímabundið í fjarveru aðalmanna á öllum þingum nema einu til vorsins 1969, á níu þingum alls. Við fráfall Skúla Guðmundssonar skömmu fyrir þingsetningu haustið 1969 hlaut hann fast sæti á Alþingi það sem eftir var kjörtímabilsins og sat þá á tveimur þingum til vorsins 1971.

Jón Kjartansson átti heima á Siglufirði fjóra fyrstu áratugi ævi sinnar. Hann hóf störf sem sendisveinn hjá Síldarverksmiðju ríkisins, var verkstjóri þar innan tvítugs og síðast lengi í stjórn verksmiðjanna. Í störfum sínum þar og margs konar umboðsstörfum og félagsstarfsemi hlaut hann náin kynni af málum bæjarfélags og bæjarbúa. Hann var ráðinn bæjarstjóri á tíma síldarleysis og erfiðleika bæjarfélagsins af þeim sökum. Í störfum sínum þar sýndi hann dugnað, árvekni og fyrirhyggju og hafði forgöngu af hálfu bæjarfélagsins um nýjar atvinnugreinar, togararekstur og fiskvinnslu.

Bæjarfélagið á Siglufirði átti löngum hug hans þótt hann flytti brott þaðan til nýrra starfa. Hann sinnti ekki síst málefnum þess þann tíma sem hann sat á Alþingi og hann var árum saman formaður Siglfirðingafélagsins í Reykjavík. Hér syðra stjórnaði hann lengi og vel viðamikilli ríkisstofnun.

Við skyndilegt fráfall hans er á bak að sjá mikilhæfum manni sem um ævidagana var kvaddur til forustu á ýmsum sviðum þjóðmála og félagsmála og skilaði giftudrjúgu ævistarfi.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Jóns Kjartanssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv. 126. mál (þskj. 139). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar sem lagt hefur verið fram á þskj. 139. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru hinn 20. september s.l.

Eins og fjárlagafrv. fyrir árið 1986 ber með sér er gert ráð fyrir verulegum samdrætti á nær öllum sviðum opinberra framkvæmda á næsta ári. Þessi almenni samdráttur er þó ekki látinn ná til framlaga til vegamála. Þvert á móti gerir fjárlagafrv. ráð fyrir aukningu á framlögum til þess málaflokks frá því sem er á þessu ári. Þetta er í samræmi við þá ákvörðun, sem ríkisstj. tók við fjárlagagerðina, er fól í sér að þrátt fyrir minni framlög til opinberra framkvænda almennt skyldu framlög til vegamála ekki minnkuð að raungildi.

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga nemur aukning framlaga til vegamála um 6,8% á milli áranna 1985 og 1986, andstætt 2,4% samdrætti að meðaltali á öðrum sviðum opinberra framkvæmda. Þessi auknu framlög þýða að framkvæmdir í vegamálum munu að líkindum aukast um 15% frá því í ár. Framlög til vegamála skv. fjárlagafrv. eru áætluð rúmir 2 milljarðar kr. og nemur það því um 2% af vergri þjóðarframleiðslu eins og hún er áætluð á næsta ári skv. eldri grunni þjóðhagsreikninga. Þrátt fyrir þetta er ljóst að framlög til vegamála verða 400 millj. kr. lægri á næsta ári en vegáætlun gerði ráð fyrir.

Ríkisstj. gerði sér ljósa grein fyrir því að til þess að standa undir hinum auknu framlögum til vegamála kæmu aðeins tvær leiðir til greina, aukin erlend lántaka eða aukin tekjuöflun af umferð. Eins og margoft hefur komið fram að undanförnu er ríkisstj. staðráðin í að draga svo sem kostur er úr erlendum lántökum. Fyrirliggjandi fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun bera þessari stefnu ríkisstj. glöggt vitni. Í ljósi þessa og stöðu ríkisfjármálanna að öðru leyti var síðari kosturinn valinn, þ.e. ákveðið var að hækka með brbl. skattheimtu af bifreiðanotkun með sérstakri hækkun markaðra tekjustofna Vegasjóðs, en þeir eru eins og kunnugt er bensíngjald og þungaskattur. Þessi leið var valin ekki síst með tilliti til þess að eðlilegast er að sá þjóðfélagshópur sem fyrst og fremst hefur hag af umbótum í vegamálum beri kostnaðinn af þeim. Á móti

var engu að síður ákveðið að lækka tolla af fólksbifreiðum úr 90% í 70% og minnka þannig nokkuð þann útgjaldaauka sem fyrirsjáanlegt er að bifreiðaeigendur verða fyrir í kjölfar brbl.

Eins og áður sagði er reiknað með að framlög til vegamála á næsta ári nemi rúmum 2 milljörðum kr. Ljóst var að tekjustofnar Vegasjóðs mundu einungis skila 1550 millj. kr. á næsta ári ef ekki kæmi til sérstök hækkun þeirra. Því blasti við að afla þyrfti viðbótartekna að fjárhæð u.þ.b. 400 millj. kr. ætti ríkissjóður ekki að leggja sjálfur fram fé.

Með hliðsjón af því hvernig innheimtu bensíngjalds og þungaskatts er háttað varð ekki komist hjá því að grípa þegar í september s.l. til nauðsynlegra ráðstafana með brbl. svo tryggt væri að hækkun skattteknanna skilaði sér að fullu á næsta ári. Hér á eftir mun ég víkja nánar að þessu atriði:

Skv. 1. gr. brbl. hækkaði bensíngjald úr 6,80 kr. í 9,54 kr. af hverjum lítra frá og með 1. október s.l. Þessi hækkun bensíngjaldsins leiddi til þess að tekjur ríkissjóðs af söluskatti vegna bensínsölu hækkuðu úr 6,28 kr. í 7,00 kr. af hverjum seldum lítra. Samtals hækkuðu tekjur ríkissjóðs vegna brbl. af hverjum seldum bensínlítra úr 13,08 kr. í 16,54 kr. eða um 26,45%. Áætlaður tekjuauki Vegasjóðs vegna þessara hækkunar nemur 230 millj. kr. á næsta ári.

Bensíngjald er innflutningsgjald að formi til, en það skilar sér þó í ríkissjóð með svipuðum hætti og söluskattur, þ.e. olíufélögunum er heimilt að gera það upp miðað við sölu hvers mánaðar og skila því innan mánaðar frá lokum sölumánaðar. Af þessu leiðir að hið hækkaða gjald byrjar ekki að skila sér í ríkissjóð fyrr en í desember.

Á sama hátt var nauðsynlegt að hækka þungaskatt. Þungaskattur er aðeins innheimtur af dísilbifreiðum, enda verður innheimtu bensíngjaldsins eðli máls samkvæmt ekki komið við af dísilbifreiðum.

Skv. 2. og 3. gr. brbl. hækkar þungaskattur mun meira en bensíngjaldið eða um 56,25% frá áður gildandi gjaldskrá. Til þess að glöggva sig á ástæðunum fyrir þessum mun verða menn að gera sér grein fyrir þeim eðlismun sem er á innheimtu þessara gjalda. Eins og áður segir innheimtist bensíngjald með svipuðum hætti og söluskattur. Það er því staðgreiðsluskattur ef svo má að orði komast. Bensíngjald hækkar samkvæmt heimildum í gildandi lögum að jafnaði ársfjórðungslega í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Þungaskattur er hins vegar í tvenns konar mynd. Annars vegar er um að ræða árgjald, þ.e. fast gjald sem greiðist einu sinni á ári. Þetta gjald er einungis greitt af bifreiðum sem eru léttari en 4 tonn að eigin þyngd. Hins vegar er um að ræða kílómetragjald, þ.e. sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra, sem greiða skal vegna allra dísilbifreiða sem eru 4 tonn eða þyngri. Eigendur bifreiða sem eru léttari en 4 tonn geta þó valið að greiða kílómetragjald í stað árgjalds. Árgjaldið greiðist fyrir fram fyrir hvert ár í ársbyrjun. Kílómetragjaldið greiðist hins vegar þrisvar á ári. Gjaldtímabilin þrjú eru febrúar—maí, júní—september og október—janúar. Skatturinn er ákvarðaður í samræmi við ekinn kílómetrafjölda á hverju gjaldtímabili og skal hann greiddur í síðasta lagi einum og hálfum mánuði eftir að því lýkur.

Þungaskatt er heimilt að hækka í samræmi við byggingarvísitölu eins og bensíngjald. Hins vegar verður þessi heimild að jafnaði aðeins nýtt einu sinni á ári og þá í ársbyrjun, andstætt því sem gildir um bensíngjaldið, sem hækkar að jafnaði ársfjórðungslega í samræmi við verðþróun.

Síðast hækkaði þungaskattur í byrjun þessa árs og þá sem nam hækkun byggingarvísitölu á árinu 1984. Við setningu brbl. varð því að hækka grunn þungaskatts upp í samræmi við verðlagsþróun áður en hin sérstaka hækkun var reiknuð út. Því var þungaskattur fyrst hækkaður um 23,57% eða sem nam hækkum byggingarvísitölu frá 1. janúar til 1. október s.l. Hér var því aðeins um verðlagsuppfærslu að ræða. Henni til viðbótar var skatturinn síðan hækkaður um jafnmikið og bensíngjaldið, þ.e. 26,45%.

Eins og áður segir er kílómetragjaldið greitt eftir á. Akstur sem á sér stað á tímabilinu október til janúar greiðist ekki fyrr en í mars. Af þessum sökum var talið nauðsynlegt að hækka gjaldið strax í september þannig að hækkunin tæki til komandi gjaldatímabils og skilaði sér þannig að fullu á næsta ári. Árgjaldið sem minni bílarnir greiða hækkar svo jafnframt frá og með næstu áramótum samkvæmt lögum.

Vegna brbl. aukast tekjur Vegasjóðs á næsta ári vegna hækkunar kílómetragjalds um 100 millj. kr., vegna hækkunar árgjalds þungaskatts um 25 millj. kr. Samtals aukast tekjur Vegasjóðs að meðtaldri bensíngjaldshækkuninni um 355 millj. kr. á næsta ári. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að með brbl. er kílómetragjald loks lögbundið, sbr. 3. gr. þeirra. Til þessa hefur ákvörðun þessi alfarið verið í höndum ráðherra samkvæmt ákvæðum þar að lútandi í lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Telja verður að jafnvíðtækt framsal löggjafans á ákvörðun um gjaldskrá sem þessari sé óeðlilegt. Í ljósi þessa voru ákvæði reglugerðar um innheimtu gjaldsins, sem gilt hafa óbreytt í áraraðir, lögfest og hækkunarheimildir ráðherra jafnframt takmarkaðar við hækkun byggingarvísitölu með sama hætti og gilt hefur varðandi bensíngjald og árgjald þungaskatts.

Annað nýmæli er að tekið er af skarið um að útsöluverð á bensíni skuli hækka sem nemur bensíngjaldi. Ákvæði þetta er sambærilegt við ákvæði söluskattslaga og er ætlað að tryggja að seljendum sé heimilt að breyta útsöluverði til samræmis við breytingar sem verða kunna á bensíngjaldi.

Að lokum vil ég láta í ljós þá skoðun mína að nokkuð brýnt sé að endurskoða gildandi reglur um innheimtu þungaskatts. Að mínu mati er æskilegra að skattleggja orkugjafa dísilbifreiða fremur en að innheimta skattinn með þeim hætti sem nú er gert, þ.e. sem gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt sérstökum ökumæli sem þessar bifreiðar eru búnar. Bæði er að kerfi þetta er þungt í vöfum og dýrt fyrir báða aðila, auk þess sem það er ótryggt þar sem það stendur og fellur með virkni ökumælanna. Þeir vilja bila eins og annað og eftirlit með því að þeir verki eins og til er ætlast er oft og tíðum erfitt. Þá fylgir því verulegur kostnaður fyrir gjaldendur að koma til álesturs af þeim hjá innheimtuaðilum og eftirlitsaðilum, auk þess sem viðhaldskostnaður getur verið verulegur. Af þessum sökum hef ég ákveðið að láta gera athugun á því hvort skattlagning á orkugjafa þessara bifreiða sé ekki fýsilegri kostur en núverandi skattheimtuaðferð.

Til greina kemur að leggja sérstakt gjald á gasolíu,

sem ökutæki nota, með sama hætti og tíðkast varðandi bensín. Til þess að aðgreina þessa olíu frá annarri kemur til greina að lita annaðhvort gjaldfrjálsa eða gjaldskylda olíu. Með þessum hætti ætti að vera hægt að hafa eftirlit með réttri notkun hennar. Ljóst er að endurskoða þyrfti dreifikerfið á gasolíu í kjölfar breytinga sem þessara.

Tekið skal fram að ýmsir talsmenn hagsmunasamtaka bifreiðaeigenda hafa lýst yfir áhuga á breytingum í þessa veru.

Að svo mæltu, herra forseti, tel ég ekki ástæðu til að fara frekari orðum um efni þessa frv., en legg til að því verði vísað að lokinni þessari umræðu til hv. fjh.- og viðskn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umræðu, er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út í haust og heita því góða nafni: Frv. til laga um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar.

Þegar ríkissjóður hugsar sér að ná í aukna peninga eru slíkum sköttum oft og tíðum gefin skemmtileg nöfn. Þetta frv. er einmitt tengt vegagerð og hæstv. fjmrh. sagði í ræðustólnum áðan að með því ætti að fjármagna vegaframkvæmdir til þess að niðurskurður sá er ríkisstj. stendur nú fyrir á ýmsum opinberum framkvæmdum næði ekki til framkvæmda í vegamálum. Síðar í ræðu hæstv. fjmrh. kom reyndar í ljós að þrátt fyrir þessa skattlagningu mundi framlag til vegagerðar lækka um 400 millj. kr. frá því sem samþykkt var í lok þings í vor með vegáætlun. Og ekki eingöngu það. Í sömu andránni nefndi hæstv. fjmrh. að miðað við þá skattlagningu sem er ætlað að standa straum af vegagerð mundu framlög til vegagerðar hækka um 15% miðað við árið í ár.

Þegar verið var að ræða um vegáætlun í vor og hún var samþykkt, að sumu leyti kannske með glæsibrag, var því heitið að í framkvæmdum ársins 1986 og 1987 yrði staðið við loforð langtímaáætlunar um að fjármagn til vegagerðar skyldi vera 0,2% af þjóðarframleiðslu, en aðeins í ár skyldi þetta verða á annan veg. Út frá því var fé til vegaframkvæmda lækkað að því mig minnir um 500 millj. kr. frá því sem verið hefði ef átt hefði að standa við fyrirheit langtímaáætlunar.

Ég vildi koma hér upp og benda á að það er langt frá því að verið sé að auka framlög til vegagerðar frá því sem áætlað hefur verið. Það er mikið frekar á hinn veginn. Það er verið að skerða þau.

Fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. nun sjálfsagt fjalla frekar um þetta við 2. umr., en því miður var hann forfallaður og gat ekki mætt á þessum fundi. Umræðan er því sjálfsagt nokkuð öðruvísi en ef hann hefði verið hér mættur.

Ég vil einnig benda á að með þessari skattlagningu er verið að leggja ákveðinn skatt á atvinnuvegina, færa til og gefa eftir gjöld í sambandi við fólksbílakaup, skatta á fólksbílum, en leggja þau á atvinnufyrirtæki eins og vörubifreiðir og tæki sem notuð eru beint við atvinnuvegina. Ekki léttir þessi skattlagning, þó að hún geri lítið í sambandi við útreikning vísitölu, byrðar sjávarútvegsins eða annarra atvinnuvega í landinu. Þar mun hún þyngja og mun meira en það sem útreiknaðar tölur um verðlagsþróun gefa tilefni til.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vek athygli á því að ef einhver annar ráðherra en ráðherra Sjálfstfl. væri að setja á þennan skatt mundi fyrirsögn í Morgunblaðinu hljóða eitthvað á þennan veg: 56,25% hækkun á þungaskatti. Mikið yrði gert úr því hversu gífurleg skattahækkun væri á ferðinni, óbærileg fyrir þá aðila sem það þyrftu að þola.

Ég verð að játa að mér finnst þetta ansi mikið stökk og þau voru ekki sannfærandi rökin sem ráðherra tilgreindi fyrir þessum hækkunum. Ég lýsi því yfir að ég er andvígur þessum hækkunum og tel að til þess að tryggja fé Vegasjóðs ætti að standa við stóru orðin með að spara betur í ríkisrekstri, minnka báknið, sem sumir tala stundum um, en ekki hefur verið gert á síðustu árum.

Aftur á móti má segja að seinni hluti ræðu fjmrh. var mér mjög að skapi. Þar lýsti hann því yfir að hann vildi athuga að breyta þessum skatti og leggja skatt á orkugjafann sjálfan. Ég tel að það sé rétt leið. Ég tel að það sé vitlausasta leiðin, sem valin hefur verið, að nota þá aðferð sem hér er í frammi höfð. Ég tel það mjög mikils virði að þessi athugun fari fram og skattlagningunni verði breytt á þann veg að orkugjafinn verði viðmiðunin.

Annað er það, og hef ég það eftir þungavinnuvélaeigendum, það eru margir verktakar í þeirri grein smáatvinnurekendur, menn sem eru einyrkjar ef svo mætti segja, og þeir fullyrða við mig að það fari reyndar lítið fyrir söluskattsskilum oft og tíðum — hjá „hinum", segja þeir þegar þeir eru að tala við mig.

Mér finnst að samhliða þessari athugun væri vert að skoða hvort ekki er rétt að hafa þann skatt sem merktur er söluskatti tengdan orkugjafanum. Ég er þeirrar skoðunar, og reyndar mengaður af þeim viðræðum sem ég hef átt við þessa einyrkja, að það væri besta leiðin til að ná þessu inn. Kannske yrði það til þess að lækka skattana. Kannske yrði það til þess að meira innheimtist. Ég er sannfærður um að svo yrði og yrði um leið réttlátara.

Þessu frv. verður vafalaust vísað til fjh.- og viðskn. þar sem félagi minn Eiður Guðnason mun gera því betri skil hvernig afstaða okkar Alþýðuflokksmanna er gagnvart þessum skatti. En ég endurtek að ég er andvígur þessu formi á skatti og tel rökin fyrir hækkuninni alls ekki sannfærandi. Öðru nær.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég ætla að byrja á að lýsa andstöðu við þessa skattahækkun. Við getum farið aðrar leiðir. Margar leiðir er hægt að fara í sparnaði í ríkisrekstri. Við þurfum ekki alltaf að fara þá leiðina að hækka skatta. Þrátt fyrir að nauðsynlegt sé að standa við áætlun um vegagerð verðum við líka að líta á að hækkun þungaskatts kemur misjafnlega niður á landsmenn. Með hækkun þessa skatts hækkum við verð á nauðsynjavöru út um landið og þykir nú þegar nægilegur munur á því. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort það hafi verið gerð einhver úttekt á því hvaða áhrif þessi 56,26% hækkun hefði á vöruverð á landsbyggðinni. Ég vil taka sem dæmi að ef 12 tonna bíl er ekið frá Reyðarfirði til Reykjavíkur mun það kosta rúmar 12 000 kr. bara í þungaskatt. Þetta hlýtur, það sér hver og einn, að leggjast ofan á vöruverð og hlýtur að hafa talsverð áhrif á lág laun í landinu.

Fleira vil ég spyrja hæstv. ráðh. um. Hvað mun þetta

gjald skila miklu frá því það var sett á í september og fram til ársloka? Mun það sem það skilar í ríkissjóð renna óskipt til vegagerðar það sem eftir er þessa árs?

Og í annan stað: Það varð hækkun á bensíngjaldi og lækkun á tollum. Þetta hefur þau áhrif að það mun skila, ef ég man rétt, 350 millj. kr. í hreinar tekjur í ríkissjóð, en það gerir sama prósentustigið í hækkun á framfærsluvísitölu. Er þessu ekki hagað þannig að það sama komi út fyrir framfærsluvísitöluna svo að þetta mælist ekki í framfærslu en gefi meira af sér í ríkissjóð? Er þetta ekki reikningsfals til að halda vísitölunni í stað álíka og gert er varðandi niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum? Er ekki bara verið að finna fleiri leiðir til að falsa þessa blessuðu framfærsluvísitölu? Það kemur samt sem áður út í auknum útgjöldum fyrir einstaklingana því að einhver greiðir þær 350 millj. sem þarna er um að ræða.

Það hefur ekki mikið upp á sig að halda langar ræður um eitthvað sem er þegar komið í framkvæmd. En ég vil lýsa minni skoðun. Ég er mótfallin þessari hækkun. Ég tel þetta vera eina björgunaraðgerðina til að stoppa upp í þau margfrægu göt sem myndast á hverju ári. Veitir svo sem ekkert af að slaga eitthvað upp í þá gleði sem fyrrverandi ráðherra hafði af að veita aukafjárveitingar. Þetta fyllir kannske eitthvað upp í.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það gæti allt saman verið hér til umræðu og álita út af fyrir sig hvort hér er verið að leggja á skatt eða hækka gjöld ef maður hefði á tilfinningunni að hér væri verið að fjalla um einhverja stefnumótun eða stefnumörkun sem skilaði endanlega einhverjum árangri.

Út af fyrir sig er það kannske jákvætt að fara að huga að því að skattleggja það eldsneyti sem menn nota með einhverjum kúnstum eins og þeim að lita það eða eitthvað því um líkt til þess að elta þá menn uppi sem eiga að greiða það gjald sem hér um ræðir. En það er samt sem áður eins og ekki sé beint samhengi þessara hluta við afskipti ríkisvaldsins í heild af því sem við mundum kalla flutningamál á þessu landi, þ.e. gerð vega og skipulag annars flutnings eftir öðrum leiðum, þá í lofti eða á sjó, eða hér sé einhver heildarmynd á ferðinni þar sem ákveðnar tekjur innan þessa geira eiga að skila ákveðnum árangri innan sama geira.

Ég get ekki látið hjá líða að benda á að það stingur óneitanlega mjög í augu þegar maður er að skoða og áætla þær tekjur sem yrðu af þessu gjaldi, og þá á ég eingöngu við hækkun þungaskattsins á næsta ári, að það er nánast upp á krónu sama upphæð og fer til að greiða niður rekstur Ríkisskips. Þá fer nú að kárna gamanið, sérstaklega fyrir það fólk sem býr úti á landi því að þá er aðallega verið að seilast ofan í þess vasa til að halda úti útgerð á því vonlausa fyrirtæki sem Ríkisskip er og telja fólki á landsbyggðini trú um að þar sé verið að gera eitthvað því til hagsbóta á meðan það gengur þess dulið að það greiðir reksturinn á Ríkisskipi niður beint með þeirri hækkun sem verður á vöruverði úti á landi við tilkomu þungaskattsins og afleiðinga hans fyrir langferðaflutninga á landi.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég þykist skilja það af máli hv. þm. sem hér hafa tekið til máls að þeir séu sammála því að rétt sé að haga framkvæmdum í vegamálum eins og ráð er fyrir gert og draga ekki úr þeim í sama mæli og öðrum framkvæmdum. Auðvitað er það rétt að þessar framkvæmdir eru áætlaðar minni en ráð var fyrir gert í vegáætlun, en eigi að síður verður um aukningu að ræða frá því sem er á þessu ári og fjármagn til þessara framkvæmda hefur nýst betur en áður vegna stóraukinna útboða við þessar framkvæmdir.

Komið hefur fram hjá bæði hv. þm. Karli Steinari og hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur að þessir hv. þm. eru andvígir skattheimtunni til þessara framkvæmda og telja að skera eigi niður á öðrum sviðum til að mæta þessum kostnaði. Og ég geri ráð fyrir að í meðferð frv. í hv. fjh.- og viðskn. komi fram tillögur af hálfu þeirra flokka um þetta atriði sem þá verða metnar.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir spurði hvaða áhrif þessi skattheimta hefði á vöruverð í landinu. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. hefur þessi aðgerð í heild sinni ekki teljandi áhrif á framfærsluvísitölu, en auðvitað er mjög erfitt að segja nákvæmlega til um það hvaða kostnaðaráhrif þessi bensínhækkun og þungaskattshækkun hefur í einstökum atriðum.

Þm. spurði einnig hvað þetta gjald mundi skila miklu til áramóta. Eins og fram kom í framsöguræðu skila þessar tekjur sér á næsta ári í ríkissjóð, og þær renna allar í vegasjóð til þeirra framkvæmda sem áætlaðar eru í þeim efnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera fleiri athugasemdir vegna þeirra ummæla sem fram hafa komið í þessari umræðu, herra forseti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá, stjfrv. 128. mál (þskj. 141). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, á þskj. 141. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. nr. 89/1985 sem sett voru 20. september s.l.

Lög þessi voru liður í þeim ráðstöfunum í ríkisfjármálum sem ríkisstj. gerði nú í haust, og hafa þær ráðstafanir verið skýrðar í framsögu fyrir öðrum málum sem hér hafa verið til umfjöllunar á hv. Alþingi.

Frumvarp þetta fjallar um aðflutningsgjöld af ökutækjum og er tollur af ökutækjum lækkaður úr 90% í 70%. Skv. frv. því um fjáröflun til vegagerðar sem lagt hefur verið fram í þessari hv. deild hækkuðu gjöld af bensíni og tekjur af þungaskatti. Lækkun tolla af bifreiðum gerir þá skattheimtu mildari en ella en jafnframt mun tollalækkunin hafa í för með sér eðlilegri og jafnari endurnýjun á bifreiðaeign landsmanna en verið hefur. Tekjuskerðing ríkissjóðs af þessari lækkun tolla er áætluð 200 millj. kr.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 10:1 atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 25. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Yfirlýsing frá forseta Nd.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hefur smátilkynningu að flytja. Forseti hefur þá leiðu en nauðsynlegu yfirlýsingu að flytja að í ljós kom við nánari könnun á þingmálinu Jarðhitaréttindi, 5. mál Nd., þskj. 5, að því var í raun ekki með réttum hætti vísað til 2. umr. samtímis því sem málinu var vísað til nefndar á síðasta fundi hv. þingdeildar. Forseti telur nauðsynlegt að úr þessum annmarka verði bætt og væntir góðs samstarfs við hv. þingdeild um að slíkri úrbót verði fram komið.

Forseti tekur á sig þau mistök sem hér hafa orðið og væntir þess að um úrbót þessa ríki fullur skilningur og samstarf hv. þingdeildar við forseta. Forseti mun því kveðja til nýs fundar að loknum þessum fundi og taka þá á dagskrá meðal annarra mála þingmálið Jarðhitaréttindi, 5. mál Nd., þskj. 5, frh. atkvgr. um þá till. að vísa málinu til 2. umr.

Málaskrá þessarar hv. deildar hefur að sjálfsögðu verið leiðrétt í samræmi við það sem hér liggur nú fyrir. Þetta kom í ljós við nánari athugun á bókunum og með því að hlusta á segulbandsupptöku af fundinum.

Neðri deild, 19. fundur.

Mánudaginn 25. nóv., að loknum 18. fundi.

Jarðhitaréttindi, frv. 5. mál (þskj. 5). — Frh. 1. umr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Eins og lýst hefur verið hér áður úr forsetastóli urðu forseta á mistök, sem hann tekur á sig, og væntir þess að orðið geti samkomulag um að þessu máli verði réttilega og með eðlilegum hætti vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar atkvæðagreiðsla átti að fara fram á síðasta fundi þessarar hv. deildar um þá nefnd sem vísa skyldi málinu til kallaði hv. þm. Páll Pétursson, formaður iðnn. þessarar hv. deildar, úr sæti sínu að hann óskaði eftir því að fá málinu vísað til sinnar nefndar. Þá gerðum við ýmsir athugasemd við að þessu máli væri vísað til iðnn. þar eð hægt væri að draga mjög í efa að málið fengi eðlilega og rétta meðferð þar í nefndinni. Sú umræða hafði einnig farið fram varðandi tvö önnur mál, sem voru til umræðu eða atkvæðagreiðslu réttara sagt á sama fundi, þar sem sami hv. þm., Páll Pétursson, sótti mjög fast að fá þeim einnig vísað til sín, en gat ekki fallist á að málunum yrði vísað til þeirrar nefndar sem flm. óskaði eftir.

Þegar hér var komið sögu óskaði ég eftir því við hæstv. forseta að atkvæðagreiðslu um nefnd varðandi þetta frv. til orkulaga yrði frestað til þessa fundar svo að hægt væri að láta fara fram könnun og úttekt á því hvernig hv. þm. Páll Pétursson hefði sinnt formennsku sinni í iðnn. þessarar hv. deildar. Þar með yrði deildinni sköpuð aðstaða til að vega það og meta hvort rétt væri að verða við hans eigin tillögu um að vísa málinu til iðnn. eða hvort ætti að fara að tillögu flm. frv. um að vísa því til allshn.

Herra forseti. Þessi athugun og úttekt á formennskustörfum í iðnn. hefur nú verið gerð. Mér finnst nauðsynlegt að skýra hv. deild frá því hvaða niðurstöður þar komu í ljós vegna þess að þær skapa ærna ástæðu til að verða við tillögu flm. um að vísa þessu máli til allshn., en láta nú staðar numið við að vísa málum sífellt til iðnn. undir formennsku hv. þm. Páls Pétursonar. Það er alveg ljóst á þessari úttekt og niðurstöðum hennar að formennska hv. þm. Páls Pétursonar, annaðhvort vísvitandi eða óafvitandi, ég skal ekkert um það segja, er með þeim hætti að hún miðast öll við það málin séu ekki afgreidd.

Á síðasta þingi, þinginu 1984—1985, liðu fjórir mánuðir frá því að fundur var haldinn í iðnn. í desember og þar til fundur var haldinn í lok mars, 27. mars. Það var 1. fundur nefndarinnar á árinu 1985 og höfðu þá liðið fjórir mánuðir frá því að síðast var haldinn fundur í nefndinni. Þar á eftir var ekki haldinn fundur í nefndinni fyrr en tveimur mánuðum seinna eða í síðustu viku maímánaðar, 22. maí. Í tæplega hálft ár, á mesta annatíma síðasta þings, heldur hv. þm. Páll Pétursson einn fund í iðnn. þessarar deildar.

Hvernig er svo farið með þau mál sem vísað er til þessarar nefndar, þau mál sem hér eru til umræðu og voru til umræðu á síðasta fundi þessarar deildar? Ég vil lýsa því hér, herra forseti.

Frv. um jarðhitaréttindi barst nefndinni 24. október. Hv. þm. Páll Pétursson tekur það ekki á dagskrá nefndarinnar fyrr en fimm mánuðum síðar eða 27. mars. Það líða fimm mánuðir þangað til hann fær málið til nefndarinnar og þar til hann tekur það í fyrsta sinn þar á dagskrá.

Næsta frv. er frv. um orku fallvatna. Þar líða einnig rúmir fimm mánuðir frá því að málinu er vísað til nefndarinnar og þar til það er tekið þar á dagskrá.

Frv. um Landsvirkjun gildir hið sama um. Þar líða rúmir fimm mánuðir þangað ti formaðurinn tók málið þar á dagskrá.

Flm. að þessum þremur frv. voru m.a. Hjörleifur Guttormsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir og Kjartan Jóhannsson.

Frv. til orkulaga, sem Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson og aðrir þm. Alþfl. voru flm. að, var ekki tekið fyrir fyrr en rúmum fjórum mánuðum eftir að því hafði verið vísað til nefndarinnar. Sama gilti um frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Um fimm veigamikla lagabálka, sem fluttir voru á síðsta þingi, líða ýmist rúmir fimm mánuðir eða rúmir fjórir mánuðir frá því að málinu er vísað til nefndarinn-

ar og þar til það er tekið fyrir. Þremur þessara mála var vísað frá þessari hv. deild til nefndar í lok októbermánaðar eða á fyrstu vikum þingsins og tveimur upp úr miðjum nóvembermánuði, en það er ekki fyrr en í lok marsmánaðar næsta ár sem þessi mál eru tekin fyrir á fundum nefndarinnar og þá aðeins í eitt sinn og greinilega haldið þannig á málum að ekki gefist tími til að vísa þeim til umsagnar hjá stofnunum og fara þinglega séð með málin. Það er því alveg ljóst, ef litið er yfir þennan lista, að með því að vísa þessu máli til iðnn. enn á ný á sama hátt og hinum frumvörpunum, sem hér voru til umræðu á síðasta fundi nefndarinnar, er verið að stuðla að sams konar vanrækslu og svæfingu á málum og gert var síðast. Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm. Páls Pétursonar, sem er sjálfur flm. að till. um að fá þetta til sín enn á ný, hvort hann sé reiðubúinn að breyta vinnubrögðum í nefndinni, að taka upp allt önnur vinnubrögð í þessari nefnd en tíðkast hafa til þessa.

Ég vil svo láta það koma fram hér einnig að á þinginu 1983—1984 var greinilega nákvæmlega sami svipur á störfum þessarar hv. nefndar. Hv. þm. Páll Pétursson hélt ekki nema þrjá fundi í nefndinni frá því að þing var sett 1983 og fram að áramótum og síðan liðu fjórir mánuðir á mesta annatíma þingsins þar til nýr fundur var haldinn í nefndinni í apríl. Það var enginn fundur haldinn í þessari nefnd á því þingi frá desember og fram í apríl. Svo að ég gefi þetta nákvæmlega: Frá 16. desember til 13. apríl var enginn fundur haldinn í nefndinni. Reyndar aðeins einn fundur í október, einn fundur í nóvember, einn fundur í desember og síðan ekki fyrr en í apríl. Þó hafði verið vísað til þessarar nefndar mörgum veigamiklum frumvörpum.

Það er því alveg ljóst, hæstv. forseti, að sú gagnrýni sem sett var fram á síðasta fundi á að vísa þessum málum til hv. iðnn. á fyllilega rétt á sér. Það er alveg nauðsynlegt, þegar þessi athugun, sem stuðlað var að að færi fram með því að fresta atkvæðagreiðslunni til þessa fundar, leiðir þessar niðurstöður í ljós, að hv. deild fái skýringar og helst loforð frá hv. þm. Páli Pétursssyni um að stórbæta nú ráð sitt og taka upp allt önnur vinnubrögð en tíðkast hafa á tveimur undanförnum þingum. Það er alveg ljóst að hann er með þessu að nota formennsku sína í nefndinni til þess að leggjast á mál, til þess að koma í veg fyrir að þau séu afgreidd, mál sem hann og Framsfl. eru ósammála. Með slíkum starfsháttum er verið að koma í veg fyrir að meiri hluti þings og þjóðar nái fram að ganga í þessum málum. Þess vegna er nauðsynlegt að hv. þm. Páll Pétursson gefi yfirlýsingar um það hér og nú að hann muni stuðla að því að þessum frumvörpum verði skilað út úr nefndinni fljótlega eftir áramót svo að þingið geti fengið að taka afstöðu til þeirra þegar það kemur saman á ný að loknu jólaleyfi.

Það er svo rétt í þessu samhengi, hæstv. forseti, að rifja upp að hv. ritari þessarar deildar, Ólafur Þ. Þórðarson, reyndist hafa rétt fyrir sér hvað bókanir deildarinnar snerti, en Halldór Blöndal rangt, eins og hér kom fram áðan. Það er rétt að rifja upp einnig að hv. ritari Ólafur Þ. Þórðarson stóð að því ásamt okkur ýmsum öðrum að leggja til að málum þessum væri vísað til allshn., a.m.k. einu þeirra, en ekki til iðnn.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt, fyrst orðið var við þeirri ósk að fresta þessari atkvæðagreiðslu, að láta þessar upplýsingar koma fram og óska eftir greinargerð frá hv. þm. Páli Pétursssyni áður en atkvæðagreiðslan fer fram.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ekki hefur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson séð að sér síðan á síðasta fundi og hefur nú leikinn aftur. Það var auðvitað fullmikil bjartsýni að búast við því að hann hætti þeim kjánalátum sem hann tamdi sér á þeim fundi. Það er ekki einungis að hann sé að flytja hér vantraust á nefndarformennsku mína, heldur er hann jafnframt að kasta steini að öðrum nefndarmönnum og þá ekki síst ágætum nefndarmönnum, stjórnarandstæðingum í nefndinni, Hjörleifi Guttormssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Í iðnn. var ágæt samstaða. Það er ekki óeðlilegt og hefur iðulega tíðkast að stjfrv. eru látin sitja fyrir við afgreiðslu. Ég hef kappkostað, bæði í þessari nefnd og fjh.- og viðskn. deildarinnar, sem ég stýri einnig, að hafa gott samstarf við stjórnarandstöðuna og taka til greina þær hugmyndir um málsmeðferð sem stjórnarandstæðingar leggja til ekkert síður en stjórnarsinnar, yfirheyra menn skilmerkilega og afla upplýsinga þannig að um vönduð vinnubrögð geti verið að ræða.

Ég verð að eyða örlitlum tíma í það vegna þeirra orða sem féllu hér áðan um starfsleysi iðnn. að vitna til þess hvernig nefndin hefur unnið á undanförnum árum. Þessi gerðabók, sem ég hef hér í höndum, hefst á 1. fundi iðnn. 23. okt. 1972. Á þingi 1972—1973 var formaður nefndarinnar Eðvarð Sigurðsson og hélt sex fundi. 1973—1974 var hv. þm. Eðvarð Sigurðsson einnig formaður nefndarinnar og hélt níu fundi. Á aukaþingi 1974, sumarþinginu, voru haldnir þrír fundir. Þá var formaður hv. þm. Ingólfur Jónsson. 1974—1975 voru haldnir 16 fundir. Formaður nefndarinnar var þá hv. þm. Ingólfur Jónsson. 1975—1976 voru haldnir sjö fundir í nefndinni. Þá var formaður hv. þm. Ingólfur Jónsson. 1976—1977 voru haldnir 13 fundir. Formaður var hv. þm. Ingólfur Jónsson. 1977—1978 voru haldnir 11 fundir. Þá var formaður hv. þm. Ingólfur Jónsson. 1978—1979 voru haldnir 11 fundir og þá var formaður nefndarinnar hv. þm. Kjartan Ólafsson. 1979—1980, þ.e. veturinn 1979—1980, voru haldnir alls fimm fundir og formaður nefndarinnar var kjörinn hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Ég var hins vegar varaformaður nefndarinnar og stýrði sumum þessum fundum eftir að hv. þm. Hjörleifur varð ráðherra. 1980—1981 voru haldnir 12 fundir og formaður nefndarinnar var hv. þm. Skúli Alexandersson. 1981—1982 var haldinn 21 fundur og formaður nefndarinnar var hv. þm. Skúli Alexandersson. 1982—1983 voru haldnir átta fundir. Þá var formaður nefndarinnar hv. þm. Skúli Alexandersson. 1983—1984 voru haldnir 12 fundir í nefndinni og ég var formaður hennar. 1984—1985 voru líka haldnir 12 fundir í nefndinni og ég var formaður nefndarinnar.

Ég held að það sé fullmikið sagt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni þegar hann talar hér um slóðaskap í vinnubrögðum eða vanrækslu. Þetta er eðlileg fundatíðni, eðlileg málsmeðferð í hvívetna og gott samstarf í nefndinni. Ég er að vísu ekki að fullyrða að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi ekki ýtt á að þessi mál væru tekin fyrir. Ég man það ekki svo gjörla og hef ekki í höndum málaskrána sem færð var. Ég hef einungis í höndum fundargerðabókina þannig að ég get ekki fullyrt um það og hef ekki heldur í höndum þingskjölin

þar sem við merktum á athugasemdir okkar í nefndinni.

Hins vegar get ég fullyrt að ég mun kappkosta að hafa góð vinnubrögð í þessari nefnd, eins og áður, nú í vetur og gott samstarf við hv. stjórnarandstæðinga ekki síður en stjórnarsinna. Ég get rifjað það upp fyrir hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að á síðasta þingi var tæplega hægt að tala um mikinn annatíma frá jólum og fram eftir vetri. Hins vegar var mikill annatími á s.l. vori. Ég tel að ekkert hafi komið hér fram sem réttlæti ásakanir hv. þm.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vænti þess að þessar umræður þurfi ekki að lengjast mjög. Nú hefur hv. 2. þm. Norðurl. v., formaður iðnn., gert nokkra grein fyrir því hvað hann hyggst starfa í vetur og ég vona að orð hans verði tekin alvarlega um það að hann muni vinna vel og skipulega og leysa sem allra best úr málum sem til nefndar hans kunna að berast. Ég vil líka geta þess að samkvæmt nýrri 11. gr. þingskapa er forsetum ætlað að hafa umsjón með starfi þingnefnda. Það er nýtt ákvæði í þingsköpum að svo ákveðið sé til orða tekið um völd forseta. Ég vona að það verði einnig til þess að forsetar neyti þessa valds síns og hafi sem allra mest eftirlit með nefndum og viti hvernig þingmálum reiðir af í hverri nefnd.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Málið snýst ekki fyrst og fremst um hversu marga fundi hv. þm. Páll Pétursson heldur í iðnn. Það snýst ekki síður um til hvers þeir eru haldnir. Ég vil taka fram í þessu sambandi að það var ekki skortur á því að haldnir væru fundir í nefndinni sem orsakaði það að á sjötta mánuð voru þessi mikilvægu mál ekki tekin fyrir. Það voru haldnir hvorki meira né minna en sjö fundir í iðnn. þessarar hv. deildar eftir að t.d. frv. um jarðhitaréttindi var vísað til iðnn. og þangað til hv. þm. Páli Pétursyni þóknaðist að taka málið fyrir sem hafði verið vísað til nefndarinnar. Hann hélt sjö fundi í iðnn., án þess að taka málið fyrir, án þess að taka málið á dagskrá, eftir að því hafði verið vísað til hans. Það er ekki einu sinni afsökun sem kemur að gagni í þessu sambandi að það hafi skort á fundi í nefndinni.

Það var haldinn fundur 9. nóv. Þá var þetta mál ekki tekið fyrir. 22. nóv., 23. nóv., 26. nóv., 27. nóv. og 18. des. og 14. des. Allan þennan tíma, í öll þessi sjö skipti lágu þessi mál fyrir hv. iðnn. án þess að formaðurinn sæi ástæðu til að taka þau á dagskrá. Það þarf ekki aldeilis að gera ráð fyrir að á fyrsta fundi fari mikill vinnutími nefndarmanna í að fjalla um mál sem til þeirra er vísað, heldur er afgreiðslan venjulega sú, eins og allir þm. vita, að á 4-5 mínútum er ákveðið hvert eigi að senda þessi erindi til umsagnar. Það var því ekki tímaskortur sem háði hv. þm. Páli Pétursyni í þau sjö skipti sem nefndin fundaði, heldur eitthvað annað, sem sé sú ákvörðun hans að taka málin ekki fyrir, sem þýddi að það var ekki fyrr en að vori sem umsagnaraðilum gafst kostur á að taka málin til umsagnar frá nefndinni. Að hugsa sér að leggja fram mál í upphafi þings, eins og gert er í fyrra, mál sem búið er að flytja hvað eftir annað hér á þingi, og að nefndinni skuli aldrei, allan veturinn gefast kostur á að taka þessi mál til efnislegrar umræðu! Efnisleg umræða um málið fer að sjálfsögðu ekki fram fyrr en umsagnir eru komnar frá umsagnaraðilum. Slík efnisleg umræða fór aldrei fram, þrátt fyrir að haldnir voru nógu margir fundir í nefndinni til þess að hægt væri að ræða málið sjö sinnum á þeim fimm mánuðum sem liðu. Sök sér ef þetta væri einsdæmi í fyrra, en nákvæmlega það sama gerðist á Alþingi í hitteðfyrra. Þá liðu þrír mánuðir, frá einum og hálfum og upp í þrjá mánuði frá því að málunum var vísað til iðnn. og þangað til nefndinni þóknaðist að taka málið fyrir og ekki heldur þá átti sér stað nein efnisleg umræða um þessi mál á fundum iðnn. Hvorki í fyrra né í hitteðfyrra var fjallað um þessi mál á fundum iðnn. með efnislegum hætti. Sú umfjöllun hefur aldrei farið fram.

Því miður vannst mér ekki tími til þess að fá upplýsingar um hvernig skil hefðu orðið og hvert formaðurinn hefði sent þessi erindi til umsagnar, ekki fullnægjandi, en þó er mjög athyglisvert að einu almannasamtökin sem óskað er eftir að gefi umsagnir og sent hafa umsagnir um jarðhitaréttindi, orku fallvatna og orkulög — hvaða samtök skyldu það vera? Jú, Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands. Það er ekki verið að spyrja Alþýðusambandið, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sveitarfélög. Nei. Í öllum tilvikum, hvort sem fjallað er um jarðhitaréttindi, orku fallvatna eða orkulög, er sótt eftir upplýsingum til Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands. Síðan er aldrei fjallað efnislega um þessar umsagnir hvað þá heldur annað.

Þessi háttur í iðnn. í þessari hv. deild, bæði í fyrra og nú, er til skammar, er nefndinni og formanninum til vansa og það er engin afsökun í þessu máli þó ekki hafi verið haldnir nema tólf fundir í nefndini annað árið og átta fundir í henni hitt árið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta þessarar deildar fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf hér áðan með því að vísa til ákvæða þingskapa og taka það sérstaklega fram að á grundvelli nýrra ákvæða þingskapa mundi hann hafa eftirlit með því að hv. þm. Páll Pétursson breytti starfsháttum sínum í formennsku iðnn. þessarar hv. deildar. Ég tel að þessi yfirlýsing hæstv. forseta þessarar deildar um að beita nýjum ákvæðum þingskapa til að knýja formann iðnn. til að breyta starfsháttum sínum sé afar mikilvæg. Það hafa kannske verið starfshættir í iðnn. á undanförnum tveimur þingum sem m.a. hafa leitt til þess að talið var nauðsynlegt að setja inn ákvæði í þingsköp um það sérstaka hirtingarvald og eftirlitsvald sem hæstv. forseti var að vísa til.

Því miður voru svör hv. þm. Páls Pétursssonar engan veginn nægilega skýr áðan. Sú talnaþula sem hann flutti um fundi í nefndinni sagði ósköp lítið. Auðvitað verður að dæma fjölda funda í nefnd í fyrsta lagi eftir fjölda þeirra mála sem til nefndarinnar er vísað, í öðru lagi eftir mikilvægi þeirra mála og í þriðja lagi eftir því hve títt og hvenær á þingtímanum málum er vísað til nefndarinnar. Það sem er verið að gagnrýna hér er að með viðamikil mál, mál sem snerta afdrifaríka þætti í efnahagskerfi þessa lands, mál sem eru meðal grundvallaratriða í meðferð orkumála og jarðhitamála og teljast þannig til einhverra stærstu mála sem þingið getur fjallað um, sé farið eins og reynslan sýnir að hv. þm. Páll Pétursson hefur farið með þau í nefndinni. Hann lætur líða upp undir hálft ár og heldur marga fundi í nefndinni án þess einu sinni að taka þau fyrir á dagskránni. Það sýnir að það er verið að nota for-

mennskuna í nefndinni til þess að reyna að knýja fram pólitíska vilja, til að drepa mál sem er meiri hluti þjóðar og þings fyrir að samþykkja. Það er verið að gagnrýna að það sé verið að nýta formennskuna í iðnn. til að koma í veg fyrir að þjóðarviljinn varðandi þessi mál nái fram að ganga. Það eru menn sem eru hræddir við þjóðarviljann sem nota formennsku sína með þessum hætti.

Það er svo rétt að geta þess, vegna þess að hv. þm. gerði mikið úr því að á fyrsta árinu sem hann hafði formennsku í þessari nefnd, á þinginu 1983—1984, hefði hann haldið tólf fundi, að átta af þessum fundum voru haldnir á dögunum frá 3.—15. maí, í lok þingsins. Frá upphafi þings, 10. október og til 3. maí, tókst formanninum að halda fjóra fundi í nefndinni. Það er rétt að horfa á þessa tólf funda tölu í því ljósi. Þessir átta fundir, sem eru haldnir frá 3.—15. maí þingið 1983—1984, eru haldnir til að afgreiða minni háttar mál sem ríkisstjórnin var sein með að leggja fram og taldi nauðsynlegt að fá afgreidd. Þannig er t.d. stjfrv. um Iðnaðarbanka lagt fram 2. maí og þá hleypur formaðurinn til og heldur fund 3. maí. Sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum er vísað til nefndarinnar 2. maí og formaðurinn hleypur aftur til og heldur fund 3. maí. Það er flutt stjfrv. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og formaðurinn hleypur einnig til og heldur fund daginn eftir í nefndinni, 11. maí. Ég hefði í sporum formannsins ekki verið að þylja sérstaklega þessa talnaþulu áðan og einfaldlega tekið málinu þannig að lofa bót og betrun varðandi störf nefndarinnar.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur rakið hér að hluta til með hvaða hætti með málin var farið í nefndinni. Það er rétt að fram komi að í bréfi frá Búnaðarfélagi Íslands var ekki talin ástæða til að taka afstöðu til frv. um breytingu á lögum um Landsvirkjun. Ekki hefði því andstaða Búnaðarfélagsins átt að standa í vegi fyrir því að það mál væri afgreitt.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka þakkir mínar til hæstv. forseta fyrir það fyrirheit sem hann gaf um að beita nýju eftirlitsákvæði þingskapa og vænti þess svo að á þessu þingi muni ekki líða fimm mánuðir, eins og á síðasta þingi, frá því að frv. þessu er vísað til hv. iðnn. og þar til formaðurinn sér ástæðu til að taka það fyrir í nefndinni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er farinn að hafa hv. þm. grunaða um að þeir séu að tefja dagskrá fundarins þar sem þeir með tilefnislausum árásum og þvættingi héðan úr ræðustólnum koma í veg fyrir að tekið verði til umræðu 5. mál fundarins, álbræðsla í Straumsvík, og 6. mál, stjórnun fiskveiða, sem bæði eru yfrið efni til töluverðra umræðna.

Ég tek öllum upplýsingum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og Sighvats Björgvinssonar, bæði tölulegum og öðrum upplýsingum, með fyllsta fyrirvara. Þeir voru í fyrsta lagi ekki hér á þinginu í fyrravetur og fylgdust lítið með gangi mála. (**ÓRG:** Hér er nákvæm skrá um þetta mál.) Ég tek ekkert mark á skrám frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. (**ÓRG:** Þessar skrár eru frá skrifstofu þingsins.) Það er gott. Ég tek mark á skrám frá skrifstofu þingsins.

Það er ekki óvanalegt að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson brúki dónaskap eða kjánaskap eða hvort tveggja. Það er venjan þegar hann skýst hér inn. Mér bregður ekkert við það. Ég vil taka fram að bæði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hafa fullan íhlutunarrétt um hvert mál eru send til umsagnar, í hverja er kallað. Ég vona að við eigum ekki eftir að lenda í neinum árekstrum út af því. Ég held að það hafi verið fullt samkomulag í nefndinni um hvert mál voru send til umsagnar á síðasta þingi.

Af því að hv. þm. vilja láta líta svo út, hv. varaþingmenn, að hér sé um óvanalega meðferð á þmfrv. eða frv. að ræða, að þau verði ekki útrædd í nefndinni, þá er ég hér með málaskrá síðasta þings og þar kemur í ljós að það þing stóð í 216 daga alls. Afgreidd sem lög voru 87 stjfrv. og 15 þmfrv. Hins vegar urðu ekki útrædd 58 þmfrv. og 18 stjfrv. Í Sþ. og Ed. voru bornar fram samtals 139 þáltill., ekki útræddar 104. Það er því altítt að mál verði ekki útrædd á þingum. Þetta mundu hv. þm. geta kynnt sér ef þeir læsu nægilega vel bækur þingsins.

Orkulög, frv. 67. mál (þskj. 69). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til allshn. felld með 18:12 atkv.

Frv. vísað til iðnn. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKG, MÁM, ÓE, PP, RH, StG, SV, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, IG, ÓÞÞ, SJS, SvG, GSig, GeirG, ÓRG, GHelg, HG, JS, JBH, SighB, KHT, KH greiddu ekki atkv.

8 þm. (PJ, PS, StH, BÍG, EBS, GE, GA, KSK) fjarstaddir.

Land í þjóðareign, frv. 66. mál (þskj. 68). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 89. mál (þskj. 99). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26:1 atkv. og til félmn. með 22:1 atkv.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það var hugmyndin hjá forseta á tímabili í dag að halda fund síðar í dag, þ.e. eftir venjulegan þingfundartíma, en af því getur ekki orðið af ýmsum ástæðum sem óþarfi er að rekja. En meginástæðan er sú að ákaflega margir þm. verða þá fjarverandi. Auk þess stendur líka þannig á, þegar á reynir, að forseti getur sjálfur ekki sinnt forsetastarfi óslitið. Varaforseti er enginn í deildinni og þannig stendur á fyrir forseta sjálfum að hann þarf að sinna

verki nokkru sem ekki getur dregist. En meginástæðan hlýtur þó að vera sú að vegna fjarvista svo margra þm. er þess enginn kostur að halda fund hér eftir kl. 4. Hins vegar verður farið fram á það af minni hálfu við hæstv. forseta Sþ. að haldinn verður fundur í deildinni á morgun, og einnig gerir forseti ráð fyrir að alllangir fundir verði á miðvikudag í hv. þingdeild.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148). — Frh. 1. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hafði rétt byrjað ræðu mína hér um daginn á síðasta fundi hv. Nd. þegar ég gerði á henni hlé og hæstv. forseti tók ákvörðun um að slíta þá fundi. Ástæðan fyrir þessu var sú, eins og hv. þdm. minnast, að hér voru ekki til staðar þeir ráðherrar sem fyrst og fremst bera pólitíska ábyrgð á því samkomulagi sem hér er leitað staðfestingar á af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hæstv. iðnrh. var erlendis í skylduerindum og fyrir málinu mælti staðgengill hans, hæstv. samgrh., en hæstv. menntmrh., sem öðrum ráðherrum fremur ber pólitíska ábyrgð á þessu máli á undirbúningsstigi öllu og raunar fram undir lokaþátt þess, sá ekki ástæðu til þess að vera hér viðstaddur til að fylgjast með umræðu og svara fyrir sig í sambandi við sinn þátt í þessu máli. Hafði þó fram komið degi fyrr að eftir nærveru hans væri óskað. Það er því ekki sá sem hér stendur sem ber ábyrgð á því að ekki var fram haldið fundi til þess að áfram þokaði umræðu um þetta mál heldur þær ástæður sem ég hef hér greint.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar því að hæstv. iðnrh. er nú kominn og hæstv. menntmrh. er viðstaddur þingfund þannig að ekki þarf undan því að kvarta og hæstv. fjmrh., sem þetta mál varðar vissulega, er hér einnig viðstaddur.

Ég vil byrja á því að fara hér nokkrum orðum um málsmeðferð. Það er um þennan þátt álmálsins sem hér er lagður fram eins og með þann þátt sem var til umræðu í þinginu fyrir réttu ári að stjórnarandstaðan var í engu höfð með í ráðum og fékk lítið sem ekkert að fylgjast með gangi mála á undirbúningsstigi þessa máls frekar en þegar þriðji viðauki við álsamninginn var á undirbúningsstigi.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið þann hátt upp í sambandi við viðræður við Alusuisse að útiloka stjórnarandstöðuna frá því að fylgjast með málum og frá því að eiga nokkurn þátt í eða geta átt þess kost að hafa áhrif á gang mála á undirbúningsstigi. Þessu mótmælti þingflokkur Alþb. sérstaklega þegar þriðji viðauki var til umræðu hér 28. nóvember 1984 með svofelldri bókun: „Þingflokkur Alþýðubandalagsins mótmælir því að haldið verði áfram samningaviðræðum við Alusuisse með þeim hætti sem verið hefur í tíð núv. ríkisstj. Gerir Alþýðubandalagið kröfu um að stjórnarandstaðan fái að þeim óskoraða aðild." Við þessari kröfu hefur í engu verið orðið og það var ekki fyrr en meginefni samkomulags lágu fyrir þann 17. júlí s.l. að hæstv. páv. iðnrh. kvaddi á sinn fund fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna og afhenti þeim sem trúnaðarmál efnislega lýsingu á því samkomulagi sem þá lá fyrir og undirritað var af honum og forstjóra Alusuisse degi síðar, þann 18. júlí. Í fjölmiðlum sáu hæstv. ráðherra og fleiri talsmenn ríkisstj. hins vegar ástæðu til þess að lýsa yfir sérstakri ánægju með þann þátt samkomulagsins sem þarna var undirritaður og láta þess getið að um væri að ræða lendingu í þessum þætti málsins sem væri Íslandi ótvírætt til hagsbóta og ástæða til þess að fagna.

Við þekkjum slíkar yfirlýsingar frá hæstv. fyrrv. iðnrh. í sambandi við samninga við Alusuisse. Hann taldi það samkomulag sem gert var á árinu 1984 mikinn ávinning, stórkostlegan sigur fyrir íslenskan málstað. En þegar málið var síðan lagt fyrir þingið var það ekki aðeins að stjórnarandstaðan lýsti yfir vanþóknun á þessari samningagjörð — BJ lenti málinu sín megin að vísu þannig að greiða atkvæði með þrátt fyrir efnislega óánægju með samninginn — aðrir stjórnarandstöðuflokkar voru þar á móti og það var með semingi að sumir stjórnarliðar tóku undir þennan samning ef marka mátti nefndarálit og ummæli í ræðum.

Þetta trúnaðarmál sem hæstv. fyrrv. iðnrh. kynnti í júlímánuði var hins vegar komið inn í ÍSAL-tíðindi, heimilisrit álbræðslunnar í Straumsvík, í síðasta mánuði, löngu áður en búið var að leggja málið fyrir þingið. Í 3. tbl. ÍSAL-tíðinda er þetta samkomulag rakið og lýst yfir ánægju þeirra ÍSAL-manna með þetta samkomulag. Og ég verð að vænta þess að ekki aðeins hæstv. núv. iðnrh. svari fyrir um þetta mál heldur einnig að sá sem ber á því sýnu meiri ábyrgð á undirbúningsstigi, hæstv. menntmrh., hann láti einnig í ljós sitt álit og svari fyrir um einstaka þætti eftir því sem ástæða er til í umræðum í þinginu. Raunar er full ástæða til þess að spyrja hver var afstaða ráðherra í ríkisstjórn til þessa máls, t.d. í júlímánuði þegar meginatriðin voru lögð fyrir. Hver var afstaða einstakra ráðherra til málsins? Var full samstaða í ríkisstjórninni um málið á því stigi? Og hver var afstaðan í ríkisstjórn á lokastigi þessa máls? Ég tel nauðsynlegt að inna eftir því þannig að það liggi fyrir hvort eða að hve miklu leyti einhugur var um þetta mál í ríkisstjórn landsins.

Eins og ég gat um er rétt um ár liðið, rétt tæplega ár, frá því Alþingi staðfesti þriðja viðauka við álsamninganna. Meginatriði þess samkomulags var talið snúast um orkuverð, breytingu á rafmagnssamningi, og það var fyrirferðarmesti þátturinn í umræðu um málið, svo og sú sáttargerð, svokölluð, eða syndakvittun sem fylgdi með vegna skattadeilnanna við Alusuisse. Hins vegar er nauðsynlegt að rifja upp, þegar breytingar á skattareglum liggja fyrir í samningi frá ríkisstjórninni og Alusuisse, að í fyrra voru einnig önnur þýðingarmikil atriði með í samningnum, atriði sem snerta náið þann þátt málsins sem hér er lagður fyrir, breytingar á skattakerfi, breytingar á aðalsamningi og öðrum samningum um álverið í Straumsvík.

Í fyrra voru lagðar fram breytingar á skattaákvæðum aðalsamnings og það eru þær breytingar sem verður að hafa í huga einnig nú þegar rætt er um niðurstöðu í þessu máli. Einnig voru í samningnum í fyrra fleiri þættir eins og sá að búið var í haginn fyrir Alusuisse til að stækka álverið í Straumsvík. M.a. var Alusuisse veitt heimild til að selja þriðja aðila 50% hlutafjár í álverinu.

En það sem ég túlkaði fyrir ári síðan sem mestu mistökin samningslega af Íslands hálfu í sambandi við meðferð málsins var að Alusuisse tókst þar að skipta málinu upp, skipta samningapakkanum sem rammi var dreginn um með bráðabirgðasamkomulagi 23. september 1983. Í því samkomulagi var gert ráð fyrir að samið yrði um endurskoðun álsamningsins í heild sinni og

jafnhliða voru deilurnar um skattana settar í sérstakan farveg. En Alusuisse tókst á þeim tíma sem síðan er liðinn að koma ár sinni vel fyrir borð, einnig hvað snerti samningsstöðuna gagnvart Íslandi og íslenskum aðilum. Þeim tókst að kljúfa málið upp, þeim tókst að flétta saman hluta af þeim breytingum sem til umræðu voru og skattadeiluna, losa sig undan þrýstingi skattadeilunnar, því mikilvæga tæki af Íslands hálfu til þess að knýja fram viðunandi samningsniðurstöðu, og skilja eftir þýðingarmikla þætti málsins sem nú koma til umræðu og verið hafa viðfangsefni samninganefnda ríkisstjórnarinnar og Alusuisse á því ári sem liðið er frá því að þriðji viðaukinn var samþykktur.

Alusuisse hafði sem sagt niðurstöðu bráðabirgðasamkomulagsins frá 23. september 1983 að engu í mikilsverðum atriðum og tókst að knýja ríkisstjórnina til þess að fallast á vilja sinn í því efni. Þeir byrjuðu á því að flétta saman endurskoðun aðalsamninga og kröfuna um lausn á skattadeilunni frá 1980. Eftir að íslenska ríkisstjórnin hafði fallist á það tókst þeim enn að skipta upp samningaþáttunum eins og ég hef getið um, láta syndakvittunina hafa forgang og tryggja sér forgjöf á mörgum atriðum skattamála með samkomulaginu frá 5. nóvember 1984, þ.e. áður en raunverulega efnislegar umræður hófust um endurskoðun á skattareglum aðalsamnings. Þeim tókst sumarið 1984 að tefla íslensku samninganefndinni og íslensku ríkisstjórninni í tímaþröng. Gert var ráð fyrir að samningsleg niðurstaða samkvæmt bráðabirgðasamningi lægi fyrir 1. apríl 1984 og það var eðlilega farið að spyrja, ekki bara af stjórnarandstöðu heldur líka í stjórnarherbúðum: Hvað líður samningagerðinni við Alusuisse? Ætla menn að láta þá hafa að engu þau tímamörk sem dregin höfðu verið í bráðabirgðasamningi? Þannig var ríkisstjórnin komin í tímaþröng þegar sumarið 1984. Og það er við þær aðstæður sem íslensku samninganefndinni var stillt upp gagnvart því að breytingar á skattareglum aðalsamnings yrðu út undan eða allt málið drægist mjög á langinn. Þeim tókst á þessum tíma að leika sér að íslenskum samningamönnum — nánast eins og köttur að mús — og hæstv. þáv. iðnrh., allt til loka samningaviðræðnanna í fyrrahaust.

Ég ætla ekki að rifja upp efnisþætti sem gengið var frá hér með lögum í nóvember í fyrra, raforkuverðið og sáttargerðarsamninginn svokallaða, að öðru leyti en því sem það frv. og samningur sem hér liggur fyrir gera nauðsynlegt. En varðandi þær breytingar sem þá voru gerðar á skattamálunum voru þær afdrifaríkastar að Alusuisse knúði fram breytingar á aðstoðarsamningi um rekstur ÍSALs þannig að ákvæðið um að Alusuisse skuli tryggja ÍSAL bestu kjör á hráefnum var fellt út að því er varðar innkaup frá móðurfyrirtækinu en það tekur til um 98% af aðföngum miðað við reynslu liðinna ára. Þessi breyting, sem Alusuisse knúði fram aðeins fáeinum klukkustundum áður en Sverrir Hermannsson, hæstv. þáv. iðnrh., átti að stíga upp í flugvél til Zürich til að undirrita samkomulag þann 5. nóvember 1984, breytti taflstöðunni í framhaldsviðræðum um skattamál með afdrifaríkum hætti Alusuisse í vil. Það er m.a. sú niðurstaða sem endurspeglast í þeim samningi sem hér liggur fyrir og óskað er staðfestingar Alþingis á.

Fyrir iðnn. Nd. Alþingis í nóvember í fyrra, ég hygg að það hafi verið 23. nóvember, viðurkenndi hæstv. ráðh. Sverrir Hermannsson að um hafi verið að ræða „stóra veikingu á þessum ákvæðum", eins og ég tók það niður orðrétt eftir honum, stóra veikingu á þessum ákvæðum skattalaga með þeirri breytingu sem hann þó lét hafa sig til að fallast á nóttina áður en hann flaug til Zurich til undirritunar á samkomulaginu. En það var fleira sem þarna var tekið inn sem forgjöf í þeim viðræðum um skattareglur sem fram hafa farið síðan og ég vil aðeins rifja hér upp í örstuttu máli. Alusuisse tryggði sér þar ýmsar mikilvægar breytingar á samningum til viðbótar í samningunum sem staðfestir voru í nóvember í fyrra og allar voru þær breytingar Alusuisse í vil.

Í fyrsta lagi voru það ákvæði um fyrningar. Þar var afskrift á mengunarvarnarbúnaði ÍSALs, afskriftatími, styttur — þar var hann ákveðinn 8 ár í stað 15 ára. Tekjutap eða tilfærsla á sköttum vegna þessara breytinga var að mati Ríkisendurskoðunar talin hafa numið, miðað við ársreikninga ÍSALs eins og þeir voru leiðréttir fyrir árið 1980, tæplega einni milljón bandaríkjadala — eða 900 þúsund bandaríkjadala — samkvæmt bréfi sem iðnn. barst frá Ríkisendurskoðun um þetta atriði.

Annað sem ég nefni hér er ákvæði um varasjóð og viðurlög. ÍSAL fékk með þeirri breytingu sem gerð var í fyrra fullt frelsi varðandi varasjóð upp að 20% markinu svipað og gerist hjá íslenskum fyrirtækjum. Notkun slíkrar heimildar hefði að mati ríkisendurskoðunar þýtt um einni milljón bandaríkjadala lægri skatta árið 1980 og þá að teknu tilliti til leiðréttinga endurskoðendanna Coopers & Lybrand. Jafnframt var ÍSAL fríað af því að sæta viðurlögum vegna óframtalins og ógreidds framleiðslugjalds og er eini skattþeginn hérlendis sem nýtur slíkra fríðinda. Með þessum breytingum fær ÍSAL og Alusuisse fríðindi samkvæmt íslenskum skattalögum þar sem það þeim hentar en hins vegar eru önnur mikilvæg atriði ekki samkvæmt íslenskum skattalögum og er skattalögsagan þar ljósasta dæmið.

Ég nefni í þriðja lagi ákvæði varðandi endurskoðun ársreikninga ÍSALs. Reynt var, og reynt er með afdráttarlausu orðalagi að útiloka að íslensk skattyfirvöld geti leiðrétt ársreikninga ÍSALs að því er varðar skattbyrði aftur í tímann miðað við 1. september á endurreikningsárinu, eins og segir í samkomulaginu í fyrra. Með þessu ákvæði afsalaði íslenska ríkið þeim rétti sem felst í skattmati en sá réttur verður að teljast hluti af fullveldisrétti hvers ríkis.

Í fjórða lagi var það niðurstaðan varðandi skuldjöfnun við skattainneign, en sáttagreiðslan vegna skattadeilunnar upp á 3 milljónir bandaríkjadala var dregin frá skattainneign sem ákveðin var á árinu 1975 með öðrum viðauka og síðan hafði safnað á sig hæstu dollaravöxtum. Þessa eftirgjöf í skattaákvæðum má meta á margar milljónir bandaríkjadala samanlagt og þá einnig breytinguna á aðstoðarsamningi um rekstur miðað við afkomu eins og hún var hjá ÍSAL t.d. á árinu 1980. Afdrifaríkust var breytingin, sem ég hef nefnt hér, breytingin um bestu kjör á aðföngum en hin atriðin voru að mati ríkisendurskoðunar talin nema nálægt 2 milljónum bandaríkjadala í lægri skatta eða tilfærslu á skattgreiðslum samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar miðað við niðurstöðu ársins 1980.

Ég ætla þá, herra forseti, að víkja að því samkomulagi sem hér liggur fyrir, samkomulagi sem dagsett er 11. nóvember 1985, en grunnurinn var lagður í júlí s.l.

með undirritun samkomulags um meginatriði endurskoðunar á skattareglum aðalsamnings um álbræðsluna í Straumsvík þann 18. júlí 1985. Þetta samkomulag var, eins og ég hef þegar getið, blásið út í fjölmiðlum á þeim tíma af fyrrv. hæstv. iðnrh. sem hagstæður gjörningur fyrir Ísland, sem tryggja muni ríkissjóði auknar skatttekjur af álverinu, verði hagnaður af rekstri, og aldrei minni skatta en nú gerist. Þessar staðhæfingar komu fram í sambandi við undirritun þessara meginatriða í júlí s.l. en ég túlkaði niðurstöðuna þá, eins og ég hafði séð í því trúnaðargagni sem ráðherra þá afhenti, að hér væri á ferðinni sýnd veiði en ekki gefin. Og ég mun rökstyðja að það álit mitt er enn óbreytt og mætti raunar fastar að orði kveða. Það kemur nefnilega á daginn nú, þegar samningurinn liggur fyrir í endanlegu formi, að innihaldið er allt annað og verra en gefið var í skyn í júlí s.l.

Yfirlýst markmið þessarar endurskoðunar á skattaákvæðum átti jú að vera það að tryggja betur en áður að Alusuisse stæði við gerða samninga og að hækka skatttekjur íslenska ríkisins af rekstri ÍSALs. Slíkt hlýtur að hafa verið meginmarkmið íslenskra samninganefndarmanna. Einnig var um það rætt að dregið yrði úr líkum á deilum um gjaldstofna með því að einfalda reglur og taka upp aðgengilegar viðmiðanir. Því miður eru ekki líkur á að breytingarnar í heild sem hér á að lögfesta tryggi þessi markmið með skárri hætti en eldri samningur sem enn er í gildi og í mörgum greinum horfir til verri vegar.

Ég tek hér eitt dæmi til að byrja með. Dæmi um rafskautin og hvaða ákvæði er að finna í sambandi við verðviðmiðun og verðlagningu rafskauta, þ.e. anóður eða forskaut, sem eru ein af mikilvægustu aðföngum til álbræðslunnar. Alusuisse hefur flutt rafskautin inn frá eigin rafskautaverksmiðju í Hollandi og svindlað á verði þeirra svo nemur háum fjárhæðum eins og ítrekað hefur komið fram við endurskoðun fyrirtækisins Coopers & Lybrand. Að mati þeirra endurskoðenda nam yfirverð á rafskautum til ÍSALs á árunum 1975—1981 um 14 milljónum bandaríkjadala eða nálægt 575 milljónum íslenskra króna á núverandi gengi. Á árinu 1980 einu saman var yfirverðið á rafskautum yfir 3 milljónir bandaríkjadala að mati sömu aðila. Þetta ásamt yfirverði á súráli lá raunar skjalfest fyrir í réttarhöldunum fyrir gerðardómi í New York, eða gerðardómsnefndinni í New York, á síðasta ári áður en ríkisstjórnin hopaði og féllst á sáttargerðina frægu gegn 3 millj. dollara greiðslu frá Alusuisse.

Hvernig á nú að búa um hnútana varðandi rafskautin? Um það geta menn lesið í greinum 27.04 og 29.04 í fyrirliggjandi samningi. Afhending rafskauta skal fara fram á grundvelli rafskautasamnings milli Alusuisse og ÍSALs og heildarkostnaðarverð þeirra á ári má ekki vera hærra en meðalverðið á rafskautum sem Alusuisse selur til óháðra viðskiptavina samkvæmt sölusamningum, öðrum en um einstakar sölur, eins og þar segir. Óháðir teljast viðskiptavinir í þessu sambandi þótt þeir eigi allt að 15% í rafskautaverksmiðju Alusuisse í Rotterdam, þá skulu þeir samt teljast óháðir viðskiptavinir. Samkvæmt þessari skilgreiningu væri Sumitomo, japanska fyrirtækið sem nú á 15% í íslenska Járnblendifélaginu, óháður aðili gagnvart íslenska Járnblendifélaginu.

Hvernig á að sannreyna verðið sem ÍSAL sýnir vegna rafskauta á ársreikningum sínum? Um það segir stutt og laggott í grein 27.04 c-lið: „Verð á rafskautum til óháðra viðskiptavina Alusuisse á viðkomandi ári skal fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem Alusuisse tilnefnir og hefur aðgang að bókum Alusuisse, staðfesta gagnvart ríkisstjórninni eftir lok ársins.“ Þetta var tilvitnun í 27.04 c-lið.

Og hver er endurskoðunarréttur íslenskra stjórnvalda samkvæmt þessum nýja samningi? Um hann má lesa í grein 29.05 eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin skal á eigin kostnað skipa alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa framleiðslugjaldsskýrsluna og slíka reikninga og ársreikninga ÍSAls fyrir hvert ár. Heimilast endurskoðendum þessum að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum ÍSALs, sem þeir kunna að telja nauðsynlega, í samræmi við alþjóðlegar venjur og íslensk lög.“

Hér er vandlega og ótvírætt búið um hnútana. Enginn íslenskur aðili, hvorki ráðherra né ríkisstjórn eða tilkvaddur trúnaðaraðili á vegum íslenskra stjórnvalda, fær að sjá þau gögn sem rafskautaverðið sem kostnaðarliður hjá ÍSAL byggir á. Með lagasetningu á Alþingi Íslendinga á samkvæmt þessu að samningsbinda ákvæði sem útiloka íslensk skattyfirvöld frá því að sannreyna mikilvæga útgjaldaliði hjá stærsta einstöku fyrirtæki í landinu. Ég vænti að hæstv. fjmrh. heyri þessi orð og bregðist við þeim ef hann túlkar það með öðrum hætti.

Slík tilhögun getur ekki tíðkast í löndum sem hafa stjórnarskrárbundinn rétt til skattlagningar. Ef þetta er ekki að afsala fullveldi sínu þá er verið að tala um fullveldi í allt annarri merkingu en við höfum gert hingað til. Ég hygg að lengi megi leita að því ríki á Vesturlöndum sem gert hefur samning af þessu tagi um langt árabil. Hér á að færa Ísland formlega niður á stig hálf-nýlendu, eins konar bananalýðveldis í skattalegu tilliti eins og gerðist hjá þriðja heims ríkjum fyrir nokkrum áratugum.

Vondur var fyrri samningur um þessi efni en verri er sá sem hér er lagður fyrir í þessu tilliti. Fram til þessa var þó á grundvelli samninga, m.a. ákvæðisins um bestu kjör á hráefnum, hægt fyrir alþjóðlega endurskoðendur á vegum íslenskra stjórnvalda að krefjast upplýsinga frá Alusuisse um kostnað á aðföngum til ÍSALs og grafast fyrir um slíkan kostnað í viðskiptum annarra aðila í álframleiðslu. Nú er ákvæðið um bestu kjör úti og skilja menn nú kannske betur en fyrir ári það ofurkapp sem Alusuisse lagði á að koma því fyrir kattarnef.

Rétt er að minna hér á þá miklu sérstöðu sem Alusuisse hefur tryggt sér í skattalegu tilliti samkvæmt upphaflegum samningi og ákvæðum sem enn eru í gildi. Í stað þess að lúta íslenskum skattalögum og lögsögu eins og eðlilegt væri hefur auðhringurinn tryggt sér hér margháttuð sérréttindi. Þannig eru engin viðurlög áskilin vegna skattsvika eins og gildir um íslensk fyrirtæki t.d. gagnvart söluskattssvikum. Þannig þurfa þeir sem svíkja undan söluskatti að reikna með að þurfa að greiða margfalda þá upphæð sem upp kann að komast um. Um ekkert slíkt er að ræða hjá ÍSAL. Þannig er boðið upp á það að fyrirtækið reyni að hlunnfara stjórnvöld í skattgreiðslum og nánast vís vegur til fjár eins og glöggt kom fram í niðurstöðu skattadeilunnar með sáttargerðinni sem ríkisstjórnin

stóð að í fyrra.

Með þessum samningi er verið að selja Alusuisse nánast sjálfdæmi um verðlagningu á rafskautaaðföngum sem þeir hafa sannarlega hagrætt verði á stórlega til þessa sér í hag. Þeir hafa jafnframt beitt íslensk stjórnvöld svikum og prettum varðandi verðlagningu á þessari afurð og lagt fram rangar upplýsingar um það árum saman, að líkindum allt frá því að rekstur álversins hófst, fyrir rúmum 15 árum. Alþingi er hér boðið upp á það eitt að samþykkja þennan samning í heild eða synja honum. Þó ekki væri nema vegna ákvæðanna um verðlagningu á rafskautum og það sem þeim tengist ber að hafna þessum gjörningi.

Ég vil spyrja þá hæstv. ráðherra sem hér eru og fallist hafa á þennan samning í ríkisstj.: Gerðu þeir sér ljóst hvað hér var á ferðinni um verðlagningu rafskauta eða yfirsást þeim hvernig þetta er í pottinn búið af þeim Jóhannesi Nordal, Guðmundi G. Þórarinssyni og Gunnari G. Schram, samninganefndarmönnum íslensku ríkisstjórnarinnar eða skilja þeir, hæstv. ráðherrar, þessi ákvæði með allt öðrum hætti en ég hef hér túlkað? Þá væri gott að heyra þær útlistanir hér á eftir áður en málið fer til nefndar.

Þá vík ég að verðlagningu á súráli. Um það gegnir á margan hátt öðru máli en varðandi rafskautin. Það verðhlutfall sem upp er tekið, 12,5% af heimsmarkaðsverði á áli að viðbættum löndunarkostnaði á álhleifum í Rotterdam, ætti að tryggja skaplegri verðlagningu á súráli í reikningum ÍSALs en Alusuisse hefur ástundað á liðinni tíð. Hins vegar er þetta hlutfall sem hér um ræðir mun lægra en það hlutfall sem löndin í International Bauxit Association eru að sækjast eftir. Gífurlegt yfirverð á súráli á árunum 1975—1980 frá Alusuisse til ÍSALs var það sem sýnt var fram á og sannað með hækkun í hafi á leiðinni frá Gove í Ástralíu til Straumsvíkur samtals að upphæð 47,5 millj. bandaríkjadala á þessu tímabili. Rétt er hins vegar að hafa í huga að fast ál/súráls skiptahlutfall dregur mjög úr líkum á miklum hagnaði hjá álverinu og þar með á háum skatttekjum til ÍSALs þegar söluverð á áli er hátt, þannig að ekki er þetta einhlítt sem hér er sett inn í samninga. Líkur benda til að þessi tilhögun dragi úr skatttekjum af rekstri ÍSALs þegar litið er til lengri tíma. Þetta á bæði við um núgildandi skattkerfi og það sem felst í samkomulaginu sem hér liggur fyrir en þó enn frekar samkvæmt þeim breytingum sem hér er stefnt að að lögfesta.

Svipuð breyting var gerð varðandi verðlagningu á áli, skv. 26. gr., í tengslum við útreikninga á nettóhagnaði ÍSALs. Í staðinn fyrir þau tengsl á milli framleiðslugjalds og álverðs sem giltu í gamla samningnum er hér búin til sérstök formúla til að skilgreina heimsmarkaðsverð á áli ársfjórðungslega eftir á, þ.e. vegið meðaltal úr mánaðarlegum verðskráningum hjá London Metals Exchange, Metals Week í Bandaríkjunum og hjá Pechiney í Frakklandi, svo og úr sölu hjá Alusuisse og tveimur þýskum álbræðslum í eigu Alusuisse til óháðra viðskiptavina. Hér er á ferðinni sama formúlan og tekin var upp til viðmiðunar vegna orkuverðs til álversins á bilinu 12,5 til 18,5 mill, skv. rafmagnssamningi við Landsvirkjun í fyrra, þar sem stigið var ákvarðandi skref í að tengja raforkuverðið við afkomu í áliðnaði með þeim afleiðingum að raforkuverðið hefur síðan verið í algjöru lágmarki miðað við þennan samning.

Álverðið hjá Alusuisse er það sem óvissa mun ríkja um inni í þessari nýju verðviðmiðun um ál og er í grein 26.02 fjallað um hvernig sannprófa eigi þann þátt álversins sem að Alusuisse snýr.

Ég vek athygli á því fyrirkomulagi sem þar á að taka upp. Í stað alþjóðlegs endurskoðanda, sem ríkisstjórnin hefur verið einráð um að velja hingað til og greitt kostnað af, á nú að fá samþykki Alusuisse fyrir því hvaða endurskoðandi er ráðinn. Það er ekki lengur ríkisstjórnarinnar að ákvarða það, heldur þarf samþykki Alusuisse. Hins vegar á íslenska ríkið að sitja uppi með kostnaðinn í öllum tilvikum nema þegar athugasemdir eru gerðar. Þá skal — eins og segir í samningi — Alusuisse bera þann hluta kostnaðarins af þeirri endurskoðun sem heimfæra má til þess ársfjórðungs er mismunurinn varð á. Orðrétt tilvitnun í samkomulagið.

Með því að taka upp það viðmiðunarverð á afurðum og mikilvægustu aðföngum sem í samningnum felast og ég hef hér gert að umtalsefni er hér í raun horfið frá þeim skilyrðum fyrri samninga að Alusuisse beri skylda til að selja afurðir ÍSALs á svokölluðu „armslengdarverði“ og að útvega ÍSAL aðföng með bestu fáanlegum kjörum, a.m.k. að því er snertir skattskyldan hagnað.

Hér er í raun fallið frá einu helsta undirstöðuatriði upphaflegu samninganna. Þótt „armslengdarákvæðunum“ sé haldið að nafninu til í texta sem meginviðmiðun þá er þetta bundið hér í fastar verðviðmiðanir. Rauði þráðurinn í samningunum á sínum tíma var að vegna stærðar sinnar, þekkingar og ítaka á markaðnum væri Alusuisse sérstaklega vel í stakk búið að tryggja ÍSAL mikinn skattskyldan hagnað með hagkvæmum innkaupum og háu söluverði afurða. Fyrir þessa væntanlegu þjónustu var Alusuisse veitt sérstök sölu- og tækniþóknun, sem nemur föstu hlutfalli af veltu ÍSALs, samtals 3,7% af veltu.

Með hinum nýju samningum er ofangreindum skyldum að mestu velt af Alusuisse með því að fella niður bestukjaraákvæðin og binda þetta í fastar verðviðmiðanir. Var það raunar gert strax í fyrra þegar fallist var á að fella út bestukjaraákvæðin. Þrátt fyrir þetta er ekki hróflað hið minnsta við þeirri þóknun sem Alusuisse fær áfram og sem á sínum tíma var réttlætt m.a. út á þá kvöð að útvega aðföng á sem bestu verði og tryggja sem hagkvæmasta sölu á áli. Það verður að teljast óhæfa að greiða áfram þessar þóknanir upp á 3,7% af veltu ÍSALs eftir að samningum hefur verið breytt að öðru leyti.

Rétt er að vekja á því athygli að því fer fjarri að með samkomulaginu hafi verið sett viðmiðunarverð fyrir öll aðföng ÍSALs þótt það gildi um verð á hrááli, súráli og rafskautum að verulegu leyti.

Önnur mikilvæg efnisleg aðföng sem Alusuisse hefur auðvitað milligöngu um að útvega eru t.d. flúoríð, bakskaut, eða katóður, og efni til þurrhreinsibúnaðar. Um þau er ekkert fjallað í samkomulaginu og falla þau væntanlega undir gr. 27.01 um armslengdarviðmiðun.

Eitt af þýðingarmestu aðföngum ÍSALs miðað við útgjöld er lánsfé. Það er allt útvegað fyrir milligöngu Alusuisse, oftast frá dótturfyrirtækjum þess eða hluthöfum. Í samkomulaginu er hins vegar ekkert fjallað um armslengdarverð eða magn á lánsfé í þessum mikilvæga þætti í afkomu ÍSALs; það er utan við slíkar viðmiðanir. Jafnvel þótt gert væri ráð fyrir verðlagningu

á súráli og rafskautum með eðlilegum hætti er langt frá því að það nægði til að tryggja sanngjarnt verð á aðföngum í heild. Alusuisse hefði eftir sem áður næg tækifæri til að haga afkomu ÍSALs eftir eigin þörfum.

Ég kemst ekki hjá því að nefna að í þessu samkomulagi er raunar gengið fram hjá öðrum þáttum aðfanga en þeim sem tími vannst til í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens að fara í saumana á, þ.e. súrál og rafskaut. Og ég hlýt líka að vekja athygli á því að um raforkuverðið eru ekki teknar inn viðmiðanir af því tagi sem hér er gert um aðföngin að öðru leyti. Það er ekki Alusuisse í hag að taka upp slíkar viðmiðanir við heimsmarkaðsverð á raforku til áliðnaðar, því það hefði gefið aðrar niðurstöður en lögfestar voru hér í fyrra.

Ég kem þá að ákvæðunum um varasjóð sem fjallað er um í grein 27.01. Á núgildandi varasjóðsákvæðum er gerð sú mikilsverða breyting að ÍSAL er nú heimilt að ráðstafa hagnaði í skattfrjálsan varasjóð eftir að viðkomandi rekstrarári er lokið, eða allt til þess tíma er ríkisstjórnin og Alusuisse hafa náð endanlegu samkomulagi um skattskyldar tekjur viðkomandi árs. Jafnframt er ÍSAL heimilt að eyða þessum varasjóði — ég bið ykkur um að veita því athygli sérstaklega — á hvaða ári sem er, að því einu tilskildu að hann bætist við skattskyldan hagnað á því ári. Þar sem rekstrarafkoma jafnvel best reknu álvera er tíðum verulega neikvæð í vissum árum getur ÍSAL auðveldlega flutt varasjóðinn til móðurfyrirtækisins á þeim árum sem svo háttar til um að rekstur er neikvæður, eða tap er á rekstri, án þess að greiða af honum skatt.

Hin nýju varasjóðsákvæði eru þess eðlis að fullvíst má telja að ÍSAL muni notfæra sér þau. ÍSAL hefur hins vegar aldrei notað núgildandi ákvæði um varasjóð. Hin nýju varasjóðsákvæði munu e.t.v. lækka skatttekjur ríkisins af rekstri ÍSALs verulega miðað við það sem að öðrum kosti hefði orðið.

Um afskriftir vil ég nefna þetta. Samkomulagsdrögin fela í sér veruleg afskriftafríðindi ÍSAL til handa. Skv. samkomulaginu fær ÍSAL leyfi til viðbótarafskrifta upp á 25 millj. bandaríkjadala. Þetta er í raun leyfi til tvöfaldra afskrifta því að umræddir fjármunir hafa verið afskrifaðir áður skv. sérstökum afskriftafríðindum ÍSALs í upphaflegum samningi. Auk þess er afskriftatíminn nú lengdur sem er einnig í samræmi við hagsmuni Alusuisse því ólíklegt verður að teljast eins og nú horfir að hagnaður ÍSALs á allra næstu árum, þegar afskriftum ætti að ljúka skv. gildandi samningi, verði mikill. Í gildandi samningum eru afskriftir ÍSALs bundnar við tiltekna áfanga í byggingu verksmiðjunnar. Í fyrirliggjandi viðauka virðist hins vegar gert ráð fyrir margvíslegum auknum afskriftaheimildum eins og í grein 27.02 b-lið, sem gætu hæglega lækkað skattskyldan hagnað ÍSALs á komandi árum.

Um endurfjármögnun, skv. 3. gr. frv., vil ég segja að mikið er gert úr því í aths. með frv. að Alusuisse er gert að leggja ÍSAL til eigið fé að upphæð 40 millj. bandaríkjadala og lækka skuldir álbræðslunnar sem því nemur. Hér er um að ræða aðgerð sem Alusuisse var skylt að framkvæma skv. gildandi samningum, en á undanförnum árum hefur rækilega verið vakin athygli á vanefndum varðandi eiginfjárstöðu, sem hefur beinlínis verið gerð af hálfu móðurfyrirtækisins til að útiloka hagnað og þar með skattgreiðslur umfram samningsbundið lágmark. Hér er því verið að setja inn í samning ákvæði sem Alusuisse bar að standa við skv. gildandi samningi og er að því leyti ekki mikið gefandi fyrir þó að vissulega sé það í rétta átt að herða að framkvæmd þessa ákvæðis.

Telja verður að Alusuisse hafi orðið að bæta úr í þessu efni án nýrra ákvæða í samningi. Þá skulum við varast að leggja of mikið upp úr þessari aðgerð sem nú hefur verið framkvæmd í eitt skipti fyrir öll þar eð Alusuisse er í lófa lagið að endurheimta þetta fé sem lagt hefur verið til ÍSALs a.m.k. að verulegu leyti með fjármálalegum aðgerðum, svo sem lántökum og greiðslufresti eftir því sem fyrirtækinu býður við að horfa. Ef breyttar afskriftareglur eru vegnar á móti aukningu hlutafjár kemur í ljós að ekki er um stórvægilega breytingu að ræða á heildina litið úr þessum tveimur þáttum. Bætt afkoma vegna hlutafjáraukningar gæti verið á bilinu 2—4 millj. bandaríkjadala eftir því við hvaða vexti er miðað en afkomurýrnun vegna aukinna afskrifta er hins vegar nálægt 2,5 millj. bandaríkjadala, þannig að þessir þættir gætu auðveldlega vegið hvor annan upp.

Ég kem þá að endurskoðunarákvæði samningsins og styttingu á endurskoðunartíma fyrir íslensk stjórnvöld. Heimild er til endurskoðunar á vissum ákvæðum samningsins á 5 ára fresti og er það góðra gjalda vert svo langt sem það nær. Vert er að hafa í huga að endurskoðunarrétturinn byggist einvörðungu á breytingu á aðstæðum í áliðnaði, en þau ákvæði snúa þannig einvörðungu að þeim heimi sem annar aðilinn, þ.e. Alusuisse, hrærist í og hljóta því frekar að vera þeim aðila hagstæð.

Varðandi endurskoðun á liðnum tíma var réttur Íslands stórlega þrengdur með samkomulaginu fyrir ári síðan og nú bætast við enn frekari takmarkanir í þessum samningi. Svigrúm Íslands til endurskoðunar á ársreikningum liggur nú aðeins innan fjögurra mánaða, þ.e. frá 1. júní til 1. október ár hvert vegna næsta árs á undan. Allur réttur til endurskoðunar eða upptöku mála aftur í tímann, eins og gert var á grundvelli ítarlegra athugana á árinu 1980 vegna áranna 1975—1979, er gefin eftir án þess nokkuð komi á móti. Öll aðstaða Íslands til að sannreyna upplýsingar er þannig takmörkuð enn frekar en áður.

Virðulegi forseti. Eitt helsta yfirlýst markmið með þeirri endurskoðun samninga, sem birtist í þessum fjórða viðauka við álsamningana upphaflegu, er, skv. aths. með þessu frv., að tryggja eðlilegar skatttekjur af starfsemi ÍSALs, eins og þar segir.

Þegar meginatriði þessarar endurskoðunar lágu fyrir með undirritun samkomulags 18. júlí s.l. var staðhæft af þáv. hæstv. iðnrh. að samkomulag þetta fæli í sér skattalegar hagsbætur fyrir Ísland og að skatttekjur skv. þessu nýja samkomulagi geti aldrei orðið lægri en skv. gildandi samningum — geti aldrei orðið lægri. Á þessari staðhæfingu er enn hnykkt í lok aths. með þessu frv. þar sem segir, með leyfi forseta, á bls. 36:

„Niðurstaðan af þessari breytingu á skattstiga er því sú að tekjur af framleiðslugjaldi geta ekki lækkað, en ef afkoma fyrirtækisins batnar með bata í áliðnaðinum, þá verða tekjur af framleiðslugjaldinu hærri en verið hefði með hinu gamla tonnagjaldi."

Þetta segir í aths. með sjálfu frv.

Illur fengur illa fram gengur, segir gamalt máltæki og það ætlar að sannast á þessu afkvæmi ríkisstj. Steingríms Hermannssonar. Núv. forsrh. hæstv. hefur

fylgt samningagerð við Alusuisse eins og skuggi í full 20 ár og sama máli gegnir um formann samninganefndar ríkisstj., Jóhannes Nordal. Forsrh. hæstv. er orðinn vanur því að vera plataður sem kunnugt er, og seðlabankastjórann munar ekki um það að ljá nafn sitt við enn einn gjafasamninginn við Alusuisse. Saman stóðu þeir að öðrum viðauka við álsamningana árið 1975, sem menn þá hældu sér af sem ávinningi en reyndist að athuguðu máli sex árum síðar hafa verið verra, minna en slétt skipti, þar sem hallaði verulega á íslenska hagsmuni þegar allt var saman lagt. Því miður stefnir í það sama með fyrirliggjandi þriðja og nú fjórða viðauka sem hér liggur fyrir.

Sá talnalegi samanburður sem birtur er í töflu á öftustu síðu þessa þskj. er bæði villandi og rangur. Með honum er reynt að sanna það í tölum, sem staðhæft er í orðum og ég hef vitnað til, að tekjur af framleiðslugjaldi geti ekki lækkað frá núverandi fyrirkomulagi. Staðreyndirnar eru aðrar.

Ég hef fengið útreiknaðan samanburð núgildandi og nýrra reglna miðað við 85 000 tonna ársframleiðslu, annars vegar miðað við að ÍSAL hagnýti sér 20% varasjóðsheimild í báðum tilvikum. Það er dregið saman í sérstakri töflu 1 sem ég dreifði hér í hv. þingdeild á miðvikudaginn var. Einnig hef ég fengið samanburð þar sem miðað er við að ekkert sé lagt í varasjóð eins og verið hefur í reynd hingað til, skv. þeim samningi sem enn er í gildi, og hins vegar 20% skv. nýjum reglum. Yfir þessa útreikninga sem hv. þingdeild fékk í hendur hefur Ríkisendurskoðun farið og segir í bréfi hennar til mín frá 19. nóvember, með leyfi forseta:

„Að beiðni yðar, herra alþm., hefur Ríkisendurskoðunin yfirreiknað tvær töflur varðandi skattgreiðslur ÍSALs, samanburður á þeim reglum sem gilt hafa og þeim sem nýlega hefur verið samið um að gilda eigi frá og með 1. janúar 1985. Ekki verður annað séð en að útreikningur í nefndum töflum sé réttur. Mismunur sá sem er á þessum útreikningum og á útreikningi sem fylgdi minnisblaði ríkisstj. frá 17. júlí í sumar er ekki skýrður, nema verið geti um mismunandi upphækkanir á aukastöfum að ræða.“ Undir þetta rita fyrir hönd ráðherra Halldór V. Sigurðsson og Sveinn Arason.

Þetta var bréf Ríkisendurskoðunar vegna þeirra útreikninga sem ég lagði hér fram og gerði hv. deild aðgengilega í síðustu viku, og ég vil aðeins tæpa þar á helstu þáttum.

Ef litið er á töflu 1 og miðað er við afkomu á bilinu frá því að vera óhagstæð um mínus 2,5 millj. bandaríkjadala upp í það að vera jákvæð svo nemur 17,5 millj. bandaríkjadala og mismunandi álverð, sem þarna er miðað við, frá 50 sentum á pund og upp í 70, 100 og 200 sent á pund. — Það gildir raunar um báðar töflurnar að þar er miðað við mismunandi verð á áli. — Í fyrra tilvikinu, töflu 1, sést að skattgreiðslur eru hinar sömu miðað við gildandi kerfi og þá breytingu sem hér er lögð til, á afkomubilinu frá mínus 2,5 millj. bandaríkjadala upp í plús 2,5 millj. bandaríkjadala, þ.e. um 1,7 millj. dala í skattgreiðslu skv. núgildandi og því kerfi sem hér er lagt til að innleitt verði. Miðað við hins vegar 5 millj. bandaríkjadala hagnað gefur það kerfi sem gilt hefur í öllum tilvikum hærri skatta, hvort sem miðað er við álverð frá 50 sentum á pund eða upp í 200, eða 2,1—2,2 millj. bandaríkjadala í stað 1,7 millj. dala.

Með vaxandi hagnaði og háu álverði frá 70 til 200 sent á pund fást einnig hærri skattar skv. núgildandi samningi eins og lesa má út úr töflu 1, sem ég nefndi hér áðan og hv. þm. hafa aðgang að. Þessir útreikningar sem Ríkisendurskoðun staðfestir að séu rétt reiknaðir, séu réttir útreikningar miðað við þær forsendur sem fyrir lágu 17. júlí s.l., liggja hér fyrir og í töflu 2, þar sem dregið er fram tilvikið að ekkert sé lagt í varasjóð skv. núgildandi reglum en hins vegar 20% samkvæmt nýjum reglum, fást alltaf hærri, og oftast verulega hærri skattar skv. núgildandi kerfi þegar hagnaður hefur náð 5 millj. bandaríkjadala eða meira. Þetta er hér lagt fyrir sem athugasemd, svo ekki sé fastar að orði kveðið, við þá staðhæfingu þeirra sem leggja þetta frv. fyrir að tekjur af framleiðslugjaldi geti ekki lækkað við þessa breytingu á skattkerfi en verði oftast hærri að henni gerðri. Sá mismunur, sem er að finna í síðasta dálki í nefndum töflum í frv. og hins vegar í þeim útreikningi sem ég lagði fyrir, er ekki verulegur en á að vera réttur í þeim töflum sem ég lagði hér fram.

Ég vil biðja hv. þingdeild og hv. nefnd sem væntanlega fær þetta mál til umræðu að skoða þessar tölur vandlega í ljósi staðhæfinga sem fylgja þessu frv. um að tekjur af framleiðslugjaldi geti ekki lækkað við breytinguna frá því sem er skv. núgildandi samningi og reglum um útreikning.

Menn hljóta að spyrja hér á Alþingi: Hvað veldur þeim firnum að slíkar staðhæfingar eru lagðar hér fram til stuðnings þessu frv. og samningi sem ríkisstjórn hefur undirritað? Telur ríkisstj. nauðsynlegt að reyna að gylla þetta mál fyrir Alþingi með röngum upplýsingum og með því að fela staðreyndir um grundvallaratriði eins og væntanlegar skatttekjur af ÍSAL? Það er hins vegar annað og fleira en þessi neikvæðu áhrif á skatttekjur til íslenska ríkisins sem ég hef dregið fram í gagnrýni minni á þennan endemis samning sem Albert Guðmundsson, hæstv. iðnrh., undirritaði 11. nóvember s.l. en sem hæstv. fyrrv. iðnrh., nú menntmrh., verður að teljast bera meginábyrgð á umfram aðra ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

Ég vil árétta nokkur slík atriði, herra forseti. Ábyrgðarmenn þessa frv., þar á meðal hv. 2. þm. Reykn. Gunnar G. Schram, töldu sig hafa að leiðarljósi að gera reglur um skatta af álverinu skýrari og öruggari í framkvæmd, þannig að síður verði hætta á deilum í því efni, eins og lesa má í aths. með frv. Hverjum er slíkt öryggi í hag og hvaða verði er það keypt af hálfu íslenska ríkisins að komast hjá deilum við þennan skattþega ÍSALs, alias Alusuisse? Svarið blasir við í grein eftir grein í samningnum sem fylgir þessu frv. og í samningsákvæðunum er varða skattamál og sem fylgdu frv. um þriðja viðauka fyrir réttu ári. Það felst í eftirgjöf á eftirgjöf ofan fyrir kröfum gagnaðilans. Bestukjaraákvæðin burt í fyrra; rétturinn til lágmarkseftirlits með aðfangaverði til bræðslunnar er saminn af okkur í ár, þannig að Ísland setur sig hér á bekk með bananalýðveldum eins og þau voru leikin fyrir nokkrum áratugum. Er mönnum sem bera slíkt fram í raun sjálfrátt? Ætlast Sverrir Hermannsson, hæstv. menntmrh., til þess að nokkur taki hann lengur alvarlega ef einhverjir finnast enn sem ekki hafa þegar séð í gegnum galgopann og skynjað tómið á bak við stóryrtar fullyrðingar og yfirlýsingar þessa hæstv. ráðh., m.a. um samningagerð

við Alusuisse? Við þurftum sannarlega á endurbótum að halda í skattalegu tilliti en ekki afturför eins og hér blasir við sem heildarniðurstaða.

Það er sérstaklega athyglisvert hvernig Alusuisse hefur tekist að tína út úr gildandi samningum þau atriði sem auðhringnum reyndust skeinuhættust við gerðardómsmeðferðina í New York á síðasta ári, þar sem þetta fjölþjóðafyrirtæki stóð uppi berstrípað, sannað að sök um stórfellt yfirverð, „transfer pricing", á aðföngum til ÍSALs og tilheyrandi skattsvik. Þá hlupu íslenskir stjórnmálamenn undir bagga og forðuðu Alusuisse mildilega frá dómi. Alusuisse vill ekki taka slíka áhættu aftur og þá er bara að hreinsa út agnúana í samningnum sjálfum svo að fyrirtækið sé úr allri hættu þótt það kosti íslenska ríkið ómældar upphæðir og lítillækkun í ofanbót þar sem fullveldisrétturinn er boðinn falur, sbr. ákvæði um verðlagningu á rafskautum. Öryggi fyrir Alusuisse er viðlag þessa samnings sem hér á að hespa í gegn á Alþingi í trausti þess að þm. hafi ekki ráðrúm til að setja sig inn í málavöxtu.

En er ekki sá sem hér talar tortrygginn úr hófi, kann einhver að spyrja, jafnvel haldinn ofsóknartilhneigingum í garð þessa fyrirtækis í Straumsvík og þeirra er að baki standa í Sviss og víðar? Slíkum ásökunum, sem ég hef raunar heyrt, vísa ég á bug. Hér stendur spurningin einvörðungu um eðlilega hagsmunagæslu, kröfu um að samningar séu haldnir og réttur tryggður til eftirlits og ákvarðana af hálfu fullvalda ríkis gagnvart fjölþjóðafyrirtæki. Ég geri ekki upp á milli slíkra fyrirtækja né heldur þótt í hlut ættu Rússar eða Kínverjar, en þeir síðast töldu eru nú helsta haldreipi stóriðjupostulanna í Sjálfstfl.

Deilur ríkja við slík erlend fyrirtæki vegna skatta og skattsvika eru langt frá því að vera nýlunda eins og reynt er að telja fólki trú um hérlendis. Alusuisse á t.d. í hörkudeilum um skatta, skattgreiðslur við stjórnvöld í Ástralíu um þessar mundir og þau mál hafa m.a. verið til umræðu í ástralska þinginu síðustu vikur og raunar á síðustu árum. Bakgrunnur þessara átaka er um margt svipaður því sem við höfum mátt reyna í samskiptum við Alusuisse hérlendis. Þetta er raunar hinn endinn á vinnslurásinni, arðurinn af báxítnámunni og súrálsvinnslunni í Gove í Norður-Ástralíu, sem leggur til hráefnið í bræðsluna í Straumsvík. Það er þetta hráefni sem Alusuisse þóknaðist að hækka í hafi svo um munaði hér á árum áður en lækkaði á sama tíma landmegin í Ástralíu til að draga úr bókhaldslegum hagnaði og skattgreiðslum í báðum ríkjunum, Íslandi og Ástralíu. Í Ástralíu standa nú spjótin á þessum ómaga, kröfur um skatta upp á milljónir dollara allt aftur til áranna 1978—1979, en skattyfirvöld í Ástralíu hafa sent Alusuisse, eða dótturfyrirtæki þess Austrasuisse í Ástralíu, bakreikning upp á 15 millj. dollara vegna vangoldinna skatta á þessum tveimur árum. Og auðvitað ber Alusuisse sig illa undan óbilgirni þeirra áströlsku ekki síður en undan vondum ráðherrum á Íslandi hér á árum áður. Ég get vísað til blaðaummæla og skrifa um þessi mál og umræðna í ástralska þinginu sem ég gerði hv. þingdeild aðgengileg hér í síðustu viku í ljósriti. En hver veit nema að einnig í Ástralíu berist þeim svissnesku bjarghringur með sáttargerð og þriðja og fjórða viðauka við aðalsamning svipað og kastað hefur verið út hér við ystu höf.

Herra forseti. Í samningnum í fyrra sem lögfestur var hér fylgdi sáttargerðarsamningur, sérstakur sáttargerðarsamningur. Eitt ákvæði í þeim sáttargerðarsamningi varðaði túlkun á sáttargerðinni. Um það var fjallað í 9. tölusettum lið þessa sáttargerðarsamnings með þessum hætti: „Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans", segir þar. Nú hefur það gerst að forstjóri Austrasuisse í Ástralíu hefur í skriflegri orðsendingu til ástralska þingsins túlkað þennan samning sem gerður var við íslensk stjórnvöld í fyrra með svofelldum hætti — hv. þdm. hafa fengið aðgang að ummælum hans, en í minni þýðingu er það svo, punktur átta í skjali sem sent var öllum þingmönnum á ástralska þinginu:

„Vísað er til skattakröfu íslensku ríkisstjórnarinnar á árinu 1980 á hendur móðurfélagi okkar, Alusuisse. Sú staðreynd að íslenska ríkisstjórnin samdi um þessa kröfu á hendur Alusuisse með því að taka við 3 millj. bandaríkjadala greiðslu út í hönd fremur en að halda við kröfur sínar er vísbending um að ekki var hægt að rökstyðja kröfurnar. Alusuisse greiddi þessa upphæð út í hönd vegna þess að lögfræðikostnaður fyrirtækisins var að fara yfir 3 millj. bandaríkjadala og sættir voru skynsamlegar út frá viðskiptalegu sjónarmiði."

Þetta er í bréfi undirrituðu af forstjóra dótturfyrirtækis Alusuisse í Ástralíu, orðsending til ástralska þingsins, útlegging og túlkun á þeim sáttargerðarsamningi sem gerður var við íslensku ríkisstjórnina þar sem sérstaklega var kveðið á um að aðilar skuli forðast að túlka þennan samning með fréttatilkynningum eða öðrum svipuðum tilkynningum. Hér hafa menn það. Hér sjá menn hvers virði Alusuisse metur íslenska ráðamenn, núverandi íslenska valdhafa sem samið var við í fyrra. Menn hafa það hér svart á hvítu. Ég þarf ekki að eyða fleiri orðum að því í bili.

Herra forseti. Ég ætla senn að ljúka máli mínu. Ég vil hér að lokum ítreka fram komnar fyrirspurnir til hæstv. ráðh. varðandi þennan samning og bæta nokkrum við sem hæstv. ráðh. geta þá tekið heim með sér, en ég vænti að fá svör við þegar umræðu heldur hér fram.

1. Hafa þm. Framsóknar- og Sjálfstfl. skuldbundið sig til að styðja þennan samning? Hver var afstaða ráðherra þessara flokka í ríkisstjórn til þessa samnings í júlí 1985 og nú í nóvembermánuði?

2. Hvað veldur því að settar eru fram villandi upplýsingar og rangar staðhæfingar um áhrif þessa samnings á skatttekjur af álverinu á komandi árum og reynt er að styðja það með tölum sem eru rangar og villandi?

3. Hafa ráðherrar gert sér ljóst að stigin eru afdrifarík skref til baka varðandi endurskoðunarrétt Íslands á aðföngum til álversins, svo sem rafskautum, þar sem Alusuisse er selt sjálfdæmi um verðlagningu?

4. Hvert er það rafskautaverð sem gert er ráð fyrir að komi út úr samningsákvæðum skv. gr. 27.04? Er það verð hærra eða lægra en það rafskautaverð sem upplýst var sem kostnaðarverð frá rafskautaverksmiðju Alusuisse í Rotterdam fyrir gerðardómi í New York sumarið 1984, og raunar áður í endurskoðun fyrirtækisins Coopers & Lybrand?

5. Hvernig má það gerast að felldar eru niður kvaðir gagnvart Alusuisse um bestu kjör á aðföngum til ÍSALs og um sölu afurða, en Alusuisse heldur áfram óskertri sölu- og tækniþóknun, samtals 3,7% af veltu

ÍSALs, sem dregið er frá hagnaði fyrir skatta?

6. Hvernig stendur á því að skattalögsagan gagnvart ÍSAL er enn ekki í íslenskum höndum? Hvaða tilraunir voru gerðar til þess að breyta því ákvæði við þessa samningsgerð?

7. Hvernig dettur ráðherrum og ríkisstj. í hug að leggja nú fyrir þingið samning sem að líkindum á eftir að færa Íslandi verulega minni skatttekjur af ÍSAL en var skv. þeim ákvæðum sem í gildi voru fyrir samþykkt þriðja viðauka og með þeim breytingum sem felast í því samkomulagi sem hér er leitað eftir staðfestingu Alþingis á? Ber að skoða þetta sem sérstök verðlaun til Alusuisse vegna samskipta í skattamálum á liðinni tíð?

8. Til hvaða aðgerða mun hæstv. iðnrh. grípa í ljósi einhliða túlkana starfsmanna Alusuisse og dótturfélaga þess á sáttargerðarsamningnum frá 5. nóvember 1984?

9. Má vænta þess að breyting verði af hálfu Alusuisse á færslu ársreikninga ÍSALs þannig að þar komi fram hvað raunverulega er greitt fyrir aðföng og afurðir, þannig að trúnaðarmenn íslensku ríkisstj. í stjórn ÍSALs fái aðgang að slíkum reikningslegum niðurstöðum?

10. Hvernig stendur á því að lágmarksskatturinn 20 dollarar á tonn er óverðtryggður skv. samkomulaginu? Hvert er raungildið á þeim lágmarksskatti nú miðað við það sem var fyrir 10 árum þegar um sömu upphæð var samið í dollurum sem lágmarksskatt þegar annar viðauki við aðalsamninginn gekk í gildi? Hvernig lítur það raunverð út?

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég rifjaði það upp í umræðum um þriðja viðaukann við álsamninginn í fyrra hér í hv. þingdeild að í tengslum við aðalfund ÍSALs sumarið 1983 hafi forsrh. landsins, Steingrímur Hermannsson, sem þá var nýlega búinn að mynda ríkisstj., boðið til veislu. Þar voru auk forráðamanna Alusuisse mættir ekki færri en fjórir íslenskir ráðherrar ásamt fleiri fyrirmönnum íslenskum. Hermt er að framan af borðhaldi hafi dr. Muller, sem enn var þá í forsvari fyrir Alusuisse, verið nokkuð hugsi enda *orðinn óvanur slíkri tilbreytingu af hálfu íslenskra* stjórnvalda næstliðin þrjú ár. Eftir að hafa hlýtt á hjartnæma skálaræðu íslenska forsætisráðherrans hóf dr. Muller sig úr sæti til þess að þakka fyrir sig og sína. Það var inntak ræðu hans að Alusuisse fagnaði mjög myndun nýrrar ríkisstjórnar á Íslandi og taldi fyrirtæki hans tilkomu hennar vera sér til augljósra hagsbóta — „very much to the benefit of Alusuisse." Eitthvað sló þögn á veislusalinn eftir þessar yfirlýsingar. Síðan eru liðin rúm tvö ár. Mér virðist að sá tími hafi rennt ótvíræðum stoðum undir orð *hins aldna forstjóra* Alusuisse sem nú hefur snúið sér að því að vísa Kínverjum veginn í gullkistuna hér í útnorðri.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknir við Mývatn, fsp. 50. mál (þskj. 50). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 50 lagt fram svohljóðandi fsp. til menntmrh.:

„Hyggst menntmrh. fyrir hönd Náttúruverndarráðs höfða mál gegn iðnrh. vegna útgáfu námaleyfis og forræðis um rannsóknir við Mývatn?"

Til að gera býsna langa sögu stutta eru helstu atriði þessa máls þau að í lögum um verndun Laxár og Mývatns frá 1974, 3. gr., er tekið þannig til orða að leyfi Náttúruverndarráðs þurfi til hvers konar mannvirkjagerðar og jarðrasks við Mývatn. Það kemur fram í grg. með lagafrv. frá þessum tíma að augljóst er að tilgangur löggjafans er að taka af skarið um forræði náttúruverndaryfirvalda á þessu svæði. Raunar hefur nýlega komið fram í grg. frá Gauki Jörundssyni prófessor að hann er þar sammála. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þar sem einn megintilgangur umræddra laga er verndun lífríkis Mývatns er að mínum dómi ekki neinum vafa bundið að nám kísilgúrs úr botni Mývatns fellur undir jarðrask í skilningi ákvæðis 3. gr."

M.ö.o. er álit lagaprófessorsins að það þurfi leyfi Náttúruverndarráðs til að taka kísilgúr úr vatninu.

Síðan gerðist það í málinu að í janúar s.l. gaf páv. hæstv. iðnrh. út námaleyfi til Kísiliðjunnar án leyfis Náttúruverndarráðs. Náttúruverndarráð mótmælti eðlilega. Iðnrh. stóð fastur á sínu og síðan gerðist það að þann 28. maí s.l. fór Náttúruverndarráð fram á það við páv. hæstv. menntmrh. að hann höfðaði mál gegn iðnrh. til að fá úrskurð um lagatúlkun í þessu máli. Páv. hæstv. iðnrh. hafði raunar á blaðamannafundi 22. maí haft einhver þau orð að það væri kannske eðlilegast að þetta mál færi fyrir dómstóla og þannig fengist úrskurður.

Stjórn Rannsóknarstöðvar við Mývatn ályktaði í sömu veru þann 13. sept. s.l., þ.e. að Náttúruverndarráð færi fram á það við hæstv. menntmrh. að mál yrði höfðað til að fá úrskurð í þessu máli.

Það er mjög mikilvægt að fá um þetta úrskurð, bæði *vegna þessa tiltekna máls og ekki síður vegna framtíðar*lagasetningar um náttúruvernd og umhverfisvernd á Íslandi. Ég dreg ekki dul á að ég tel að það hefði verið betur að niðurstaðan hefði fengist þannig að fram kæmi viðurkenning iðnrn. á forræði náttúruverndaryfirvalda á þessu svæði og tel það betri kost en að til málsóknar þurfi að koma. En ég hef borið þessa fsp. fram vegna þess að ég tel að nauðsynlegt sé að fá botn í þetta mál.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. beinir til mín þeirri fsp. hvort menntmrh. hyggist fyrir hönd Náttúruverndarráðs höfða mál gegn iðnrh. vegna útgáfu námaleyfis og forræðis um rannsóknir við Mývatn. Nei er svarið. Það stendur ekki þann veg á.

Af ýmsu sem fram hefur komið og einnig í ræðu hv. fyrirspyrjanda nú má helst ráða að hér sé raunar átt við hvort núv. menntmrh. hyggist lögsækja fyrrv. iðnrh. Ef við það er átt, þá stendur heldur ekki þann veg á, enda veit ég ekki til þess að sá maður hafi brotið neitt af sér.

En hér er um hina svokölluðu Mývatnsdeilu að tefla sem þetta mál snertir. Ég vil benda hv. fyrirspyrjanda á að Gaukur Jörundarson er ekki dómstóll í landinu

þannig að þótt álitsgerð hans liggi fyrir liggur ekkert fyrir um niðurstöður um forræði Náttúruverndarráðs á svæðinu né heldur hans álit sjálfs, hv. fyrirspyrjanda.

En það er frá því að segja að það hafa að kalla tekist sæmilegar sættir í þessu máli við Mývatn norður. Aðalmálið er að menn hafa orðið sammála um að rannsaka hið fyrsta áhrif kísilgúrnámsins og starfrækslu Kísiliðjunnar við Mývatn og fá niðurstöður um hvort starfsemin er skaðvænleg lífríkinu við Mývatn. Ég held að allir sem eiga hlut að þessu máli séu einhuga um að komi það í ljós að starfsemi Kísiliðjunnar sé hættuleg vegna lífríkis Mývatns og Laxársvæðisins verði Kísiliðjan að víkja með starfsemi sína.

En eins og ég segi: ég held að kalla megi að nú sé sæmileg kyrrð yfir þessum vötnum, að þeir ungu menn sem til þess hafa verið kvaddir af hálfu iðnrn. og einnig Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn hafi náð höndum saman. Með því sem boði Náttúruverndarráðsins um tilnefningu manna í verkefnisstjórn rannsóknarstöðvarinnar var tekið og tveir ungir menn, Tumi Tómasson og Hákon Aðalsteinsson, hafa tekið sæti í þeirri nefnd, held ég að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af að þessir aðilar vinni ekki vel saman. Og það er aðalatriði að rannsóknum þessum skili hratt fram. Menn ætla að þeim ætti að verða lokið innan þriggja ára og beinast, eins og ég sagði, að því fyrst og fremst að fá vísindalega niðurstöðu um starfsemi Kísiliðjunnar.

Það tókst, sem ekki hafði áður tekist, að fá fjármuni til framkvæmda þessara, rannsóknanna, fjárhæð sem nemur um 2,7 millj. kr. árlega, þ.e. gengistryggt fé þar sem miðað er við 2 bandaríkjadollara af hverju framleiddu hráefnistonni frá Kísiliðjunni sem hefur verið 25—27 þús. tonn árlega. Í ellefu ára starfssögu rannsóknarstöðvarinnar höfðu smámunir einir hrotið af borðum fjárveitingavaldsins til verkefnisins, en nú er þetta fjármagn tryggt. Og það er tryggt. Enda þótt í ljós komi að Kísiliðjan hafi ekki skaðvænleg áhrif á lífríkið verður henni gert að greiða áfram þessa fjármuni og munu þeir þá renna til áframhaldandi rannsókna sem stunda verður á Mývatns- og Laxársvæðinu. Þannig hefur það hafst upp úr krafsinu í fyrsta skipti að nokkrir fjármunir, allverulegir fjármunir, eru til verkefna tryggðir, fyrir utan að Náttúruverndarráð fékk aukafjárveitingu til að sinna þessum verkefnum einnegin á þessu ári.

Málaferli fyrir mitt frumkvæði koma ekki til neinna greina þarna. Ég skal ekkert um það segja hvort Náttúruverndarráð sjálft hefur efni og aðstæður til að hefja málsókn þessa vegna. Ég held að aðalatriðið sé að menn hafi orðið ásáttir um hvernig að þessu mikilvæga verkefni skuli unnið, en ætli nú að varpa fyrir róða öllum þrætum um aukaatriði í þessu sambandi.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það kemur mjög á óvart þegar hæstv. ráðh. lýkur ræðu sinni með því að lýsa því yfir af tilefni fsp. sé aukaatriði í þessu sambandi. Hér er nefnilega alls ekki um neitt aukaatriði að ræða. Ég tel að menntmrh. sé skylt að leita eftir framkvæmd laganna frá 1974 á þann hátt að úrskurður fáist í þessu efni. Annaðhvort á að *gera það með því að leita eftir lagaúrskurði, eins og ég* lýsti hér að framan, þó tel ég að það sé raunar vondur kostur, eða að fara hina og betri leiðina, að það fengist viðurkenning iðnrh. á forræði Náttúruverndarráðs nú. Hún fengist þá með því að gefið yrði út nýtt námaleyfi sem yrði gefið út með leyfi og samþykki Náttúruverndarráðs. Á annan hvorn þennan háttinn tel ég að verði að fást niðurstaða í þessu máli. Og þetta er hreint ekki aukaatriði, hæstv. ráðh. Þó að menn berist kannske ekki á banaspjótum út af þessu núna og um málið ríki kyrrð er málið óútkljáð. Ég tel að það sé alvarlegt bæði fyrir þetta tiltekna mál og önnur þau mál sem upp kunna að rísa af svipuðu tilefni og á ég þá við lög um náttúru- og umhverfisvernd.

Hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni rannsóknir við vatnið og taldi að þær væru á hinum besta rekspöl. Svo er ekki. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Rannsóknamálið er nefnilega, að því er ég tel, í sjálfheldu. Þar kemur tvennt til.

Í fyrsta lagi eru nú tveir húsbændur þar um. Það er í fyrsta lagi nefnd iðnrh., sem sett var upp með námaleyfinu sem var gefið út í janúar, og síðan er nefnd Náttúruverndarráðs og Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn sem starfar samkvæmt reglugerð frá 1978. Þessar tvær nefndir eru starfandi um þessi mál og það kann ekki góðri lukku að stýra þegar þannig er að málinu staðið, enda hefur lítið miðað í þessu máli. Það hefur verið lögð fram rannsóknaráætlun sem kostar líklega einar 6 millj. kr., iðnaðarráðuneytisnefndin hefur 2,5 millj., en Náttúruverndarráðsnefndin hefur 1,2 millj. og það er enn þá fjárvöntun upp á milli 2,5 og 3 millj. kr. til þess að viðunandi rannsóknir geti farið fram. Því er ekki rétt að rannsóknaþátturinn standi þannig að honum sé borgið. Ég vil þess vegna ítreka að ég tel óviðunandi annað en að niðurstaða fáist í málinu. Helst ætti það að gerast með því að núverandi hæstv. menntmrh. sannfæri iðnrh. um að það sé skynsamlegt og rétt að gefa út nýtt námaleyfi þar sem leyfi Náttúruverndarráðs verði fengið. Ef sú leið fæst ekki farin tel ég að það verði að leita úrskurðar dómstólanna í þessu efni.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Athugasemdin skal vera örstutt, einungis til þess að leiðrétta tvennt sem mér fannst koma fram í máli hv. fyrirspyrjanda.

Annað varðaði hugsanlega málsókn á hendur iðnrn. Það er mikill misskilningur að ég hafi hvatt til þess. Það er vegna þess að sakarefni er ekki fyrir hendi. Það þarf að vera tiltekið efni sem stefnt er til dómstóla út af. Það liggur ekki fyrir nú. Það sem var verið að ræða um var hvað gæti hugsanlega gerst í framtíðinni.

Það sem svo gerðist í framhaldi af þessu var það að reynt var af hálfu beggja ráðuneyta að ná samkomulagi um þau atriði sem ella gætu orðið tvísýn eða vafi um síðar og ég tel að það hafi tekist. Það náðist samkomulag um staðarmörk kísilgúrvinnslunar á þann veg að báðir aðilar gátu við unað. Enn fremur hefur náðst samkomulag um samstarf þessara nefnda.

Þetta var það sem máli skipti af hálfu Náttúruverndarráðs og fyrrverandi menntmrh. Ég hygg því að þessi fyrirspurn sé kannske ekki rétt tímasett. Ef hún hefði komið fram þegar enn þá meiri vafi var um málið hefði kannske gegnt öðru máli, en núna er í raun og veru *niðurstaða fengin um það sem fyrirspyrjandinn er að* leita eftir.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. heilbrrh. segir, að það ríkir um þetta mál sæmilegur friður, enda þótt hv. fyrirspyrjandi kjósi að það sé á annan veg og tali um tvo húsbændur á svæðinu. Ég tók það fram í svari mínu að þeir hefðu náð höndum saman um samvinnu sem allar líkur benda til og engin ástæða er til að óttast um annað en að verði góð og skili nægjanlegum árangri.

Hv. fyrirspyrjandi Guðmundur Einarsson varpar því fram að það séu tvær leiðir til, að fá úrskurð dómstóla og hefja lagaþrætu um málið, sem ekki verður gert, ekki a.m.k. ef minn vilji fær að ráða, eða að gefið verði út nýtt námaleyfi þar sem farið verði að þeim vilja sem fram kom í áliti Náttúruverndarráðs frá því í desember trúi ég 1983. En hefði svo verið gert hefði það þýtt ákvörðun um að stöðva fljótlega starfsemi kísilgúrvinnslunnar við Mývatn. Það eru áreiðanlega ekki réttar aðfarir að byrja fyrst á því að stöðva fyrirtækið, án þess að menn hafi gengið úr skugga um hvort starfsemi verksmiðjunnar hefur skaðvænleg áhrif eða ekki.

Fimm ára starfstímabil frá því í ágúst 1986 hefði þýtt stöðvun á rekstrinum vegna þess að fljótlega hefði verksmiðjan misst markað sinn og eigendur hennar hefðu ekki lagt til hennar til viðhaldsframkvæmda, sem eru allfjárfrekar framkvæmdir frá ári til árs, ef leyfið hefði hljóðað upp á fimm ára starfrækslu.

Hitt kann að vera, og við það bind ég fullar vonir, að ef í ljós kemur að hér er um hættulega starfsemi að ræða kunni ekki að líða fimm ár þar til við stöðvum verksmiðjuna, heldur aðeins þrjú ár. Það vantar kannske einhverja fjármuni til að framkvæma á fullri ferð rannsóknirnar eins og þeir náttúruverndarráðsmenn hafa gert áætlun um. Það kann vel að vera. En eins og fjármunir eru taldir hrökkva til í dag gera menn sér samt fyllstu vonir um að úrskurður fáist um það vandamál sem þarf að fá lausn á nú, starfsemi Kísiliðjunnar, innan þriggja ára. Það er meginmál.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Þá hefur komið fram að tveir hæstv. ráðherrar, sem um þetta mál fjalla, hafa fjallað og fjölluðu og væntanlega munu fjalla, telja orðalag laganna frá því 1974 um þetta mál engu skipta, heldur gera að uppistöðu í sínum málflutningi hvernig hafi síðan tekist til með skipun nefnda og framlag fjármuna í þessum efnum til þess að koma á lappirnar einhvers konar viðunandi rannsóknastarfsemi. Um það snýst ekki málið. Við erum að tala um hvort lögin frá 1974 standi eða ekki. Ég skora hér með á hæstv. ríkisstj. að leggja fram stjfrv. um breytingu á orðalagi 3. gr. laganna frá 1974 þar sem felld verður niður sú kvöð að Náttúruverndarráð samþykki framkvæmdir eða mannvirkjagerð eða rask á þessu svæði vegna þess að öðruvísi get ég ekki túlkað orð hæstv. ráðherra sem hér hafa komið fram.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka þessa sérkennilegu áskorun hv. fyrirspyrjanda til greina að athuga um að leggja slíkar brtt. fram, en ég vil síður en svo lofa neinu nú og strax um það efni.

Það kann vel að vera að lög um verndun Mývatns og Laxársvæðisins krefjist endurskoðunar, ég hef ekki leitt hugann að því nú, en vil sem sagt víkjast undir það að athuga málaleitan hv. fyrirspyrjanda þótt sérkennileg sé á þessu stigi máls og ég efist reyndar um að slíkar athafnir af hálfu ríkisvalds nú yrðu sérstaklega til þess að lægja öldur í málinu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, herra forseti, af minni hálfu í tilefni þeirra orðaskipta sem hér hafa farið fram, sem eru í framhaldi af utandagskrárumræðum um Mývatnsmálið í fyrra, að ég er ekki hvetjandi þess að vald Náttúruverndarráðs verði skert með lagabreytingum.

Afnám mismununar gagnvart konum, fsp. 60. mál (þskj. 62). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Þann 13. júní s.l. var samþykktur hér á Alþingi alþjóðasamningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Í umræðum um þennan samning kom fram að þótt engar formlegar hindranir stæðu í vegi fyrir fullgildingu samningsins skorti mikið á að ákvæðum hans væri í raun framfylgt hér á landi. Kynbundið launamisrétti, vanmat á barnsfæðingarhlutverki kvenna, eins og það heitir í samningnum, og bág fjárhagsleg og félagsleg staða kvenna var meðal þess sem nefnt var að leiðrétta þyrfti ef þessi samningur ætti að verða eitthvað annað en orðin tóm. Þess vegna hef ég á þskj. 62 spurt hæstv. forsrh. að því, með leyfi forseta: „Hvernig hyggst ríkisstj. ná markmiðum samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem samþykktur var á Alþingi 13. júní s.l.?“ Hefði ég þá ekki síst hug á að vita hvernig ríkisstj. hefur hugsað sér, t.d. í kjarasamningum við opinbera starfsmenn, að taka á því launamisrétti og því vanmati á störfum kvenna sem þar blasir við rétt eins og annars staðar á vinnumarkaðnum. Og ef ríkisstj. ætlar að hafa afskipti af komandi kjarasamningum annars launafólks, hvernig hefur hún þá hugsað sér að taka á þessu misrétti þar?

Ég nefni þetta sérstaklega, en auðvitað hef ég hug á að vita um mörg fleiri atriði sem samningurinn tekur til. T.d. hvernig ríkisstj. hefur hugsað sér að taka tillit til barnsfæðingarhlutverks kvenna og skapa aukið rúm fyrir börn í þessu þjóðfélagi. Ætlar hún að lengja fæðingarorlofið, byggja fleiri dagvistarheimili, stytta vinnutímann? Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera til að ná markmiðum þessa samnings? Um það er spurt.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í 1. gr. samnings um afnám misréttis gagnvart konum er það skilgreint sem hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði og hefur þau áhrif eða markmið að takmarka eða gera að engu að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.

Ríkisstj. hefur fullan hug á því að laga það misrétti sem hér kann að vera. En mér þykir þó rétt, áður en ég kem að því hvernig sú framkvæmd stendur nú, að hafa nokkur frekari orð um aðdraganda þessa máls.

Í þessum samningi eru ákvæði sem skuldbinda aðildarríkin til að gera ráðstafanir til að afnema misrétti

gagnvart konum á hinum ýmsu sviðum sem ég rakti áðan. Með lögum nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla, var tryggð framkvæmd helstu meginreglna samningsins og enn frekar með lögum nr. 65/1985, sem ég hygg að hv. fyrirspyrjandi hafi vísað til, en það eru lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna sem samþykkt voru á Alþingi 19. júní s.l.

Tilgangur þeirra laga er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum og markmið þeirra því hin sömu og alþjóðasamningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd á ráðstefnu um kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn hinn 24. júní 1980 og þá með fyrirvara um fullgildingu. Þá lá fyrir að breyta þyrfti íslenskum lögum til að geta framfylgt ákvæðum 2. tölul. 9. gr. um jöfn réttindi kvenna og karla varðandi þjóðerni barna þeirra. Það var gert með lögum nr. 49/1982, um breytingu á lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt.

Sérstök ástæða er til að benda á 4. gr. samningsins. Þar segir:

„Geri aðildarríki sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist skal það ekki talið misrétti eins og það er skilgreint í samningi þessum, en skal ekki á neinn hátt hafa í för með sér að ójöfnum eða ólíkum skilyrðum sé viðhaldið. Ráðstafanir þessar skulu felldar niður þegar markmiðunum um sömu tækifæri og meðferð hefur verið náð."

Í lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985, sem ég hef áður vísað til, segir í 3. gr. að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil. Þó teljist „sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum."

Þarna er sem sagt komið í íslenska löggjöf ákvæði sem heimilar beinlínis tiltekna mismunun til þess að stuðla að því að jafna stöðu kvenna og karla.

Framkvæmd laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ber Jafnréttisráði að annast, sbr. 13. gr. laganna. Nýtt Jafnréttisráð hefur ekki verið skipað. Skv. lögunum skal það vera sjö manna, formaður skipaður af Hæstarétti, varaformaður af félmrh. og fimm af félagssamtökum. Þrátt fyrir ítrekaðan eftirrekstur er ráðið enn ekki fullskipað en mikil áhersla lögð á það af hálfu félmrh. og ríkisstj. að það gerist fljótlega. (**HG:** Er ekki búið að kippa því í liðinn?) Ja, það er þá eftir að ég fékk þessar upplýsingar ef ég má svara því. Það er vonandi. Ég fagna því ef svo er.

Í 15. gr. laganna eru verkefni Jafnréttisráðs tilgreind. Í 2. tölulið segir að ráðið skuli „vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi." Ráðið skuli „vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh." Þar skuli „kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna." Í 1. mgr. 22. gr. laganna segir að félmrh. skuli „leggja fyrir ríkisstj. framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn." Þar skuli „kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar" séu „til að ná fram jafnrétti kynjanna." Í 2. mgr. 22. gr. er tekið fram að við gerð framkvæmdaáætlunar félmrh. skuli höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tölul. sem ég nefndi áðan.

Eins og áður er greint var — a.m.k. þegar þessara upplýsinga var aflað — nýtt Jafnréttisráð ekki fullskipað. Að sjálfsögðu hefur það bundið hendur ráðherra og ríkisstj. að ganga frá þeirri framkvæmdaáætlun sem á er kveðið um í þessum lögum. En ég vil fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að það er ætlun ríkisstj. að framkvæma það sem lögin ætlast til.

Margt í þessum málum verður að meta og af því að hv. fyrirspyrjandi kom inn á það vil ég nefna þann launamismun sem áreiðanlega er víða ríkjandi í þjóðfélaginu. Fram hefur farið nokkuð lengi — og reyndar tekið of langan tíma — athugun á launamismun kynjanna. Skv. þeim upplýsingum sem ég hef mun reynast nauðsynlegt að kanna það mál miklu betur en gert er ráð fyrir í verki Þjóðhagsstofnunar. M.a. er áreiðanlega nauðsynlegt að kanna af hvaða sökum þessi launamunur er. Ég vek athygli á því að slíkar kannanir hafa farið fram erlendis og leitt í ljós ýmislegt sem er umhugsunarvert einnig fyrir okkur Íslendinga.

En ástæðan fyrir því að þetta er ekki komið lengra er sú að Jafnréttisráð var ekki fullskipað. Ef það er nú fullskipað tekur það eflaust skjótt til starfa og leggur fyrir ríkisstj. þá framkvæmdaáætlun sem því er ætlað að gera.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því í tengslum við þessa fsp. að ég hef ásamt hv. 10. þm. Reykv. flutt þáltill. um að félmrh. og Jafnréttisráði verði falið að gera sérstaka úttekt á jafnréttisstöðu kvenna hérlendis með tilliti til alþjóðasamningsins sem samþykktur var og staðfestur á liðnu sumri.

Gert er ráð fyrir því skv. till., sem hefur verið vísað til félmn. Sþ., að ráðherrar skili álitsgerð, greinargerð til þingsins og tillögum sínum til að bæta úr því sem á vantar að Ísland uppfylli þennan samning fyrir lok næsta árs. Ég vona að þessi tillaga nái fram að ganga. Ég tek skýrt fram að hún er ekki til þess ætluð að binda hendur eins eða neins að kippa því í liðinn sem augljóslega vantar á í þessum málum, t.d. lögum samkvæmt, en hitt er ljóst að það er nauðsynlegt að vita hvað greinir á milli samnings og framkvæmdar hér. Þar kunna að vera matsatriði og úr því verður væntanlega skorið með athugun mjög fljótlega á vegum Jafnréttisráðs og félmrn.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Ég þakka hæstv. forsrh. svörin, en heldur þóttu mér þau rýr. Ég lagði fram þessa fsp. vegna þess að okkur Kvennalistakonum er ákaflega umhugað um að þessi alþjóðasamningur verði ekki látinn rykfalla eða daga uppi í eilífðarathugun einhvers staðar í kerfinu. Við viljum sjá þessum samningi fylgt eftir með aðgerðum en ekki með eilífum og endalausum athugunum.

Hæstv. forsrh. vísaði til framkvæmdaáætlunar Jafnréttisráðs og heyrðist mér á honum að þessari framkvæmdaáætlun væri ætlað að leysa þann vanda að gera tillögur um hvernig uppræta megi kynbundið misrétti hér á landi. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er Jafnréttisráð ekki einu sinni fullskipað í dag, hvað þá heldur að það sé byrjað að vinna að þessari áætlun. Nú sé ég að hæstv. félmrh. biður um orðið og kann að vera að Jafnréttisráð sé þá loksins fullskipað, en í svari hæstv. félmrh. til hv. þm. Salome Þorkelsdóttur á Alþingi 5. nóv. s.l. kom fram að Jafnréttisráð var þá ekki fullskipað.

Auk þess sem ekki er byrjað á þessari framkvæmda-

áætlun leysir hún í sjálfu sér ekki vandann, enda var ekki spurt um þessa framkvæmdaáætlun. Það var spurt um pólitíska vilja til að leiðrétta þá mismunun gagnvart konum sem við blasir hér á landi. Sú mismunun er augljós og okkur er ekkert að vanbúnaði að hefja framkvæmdir nú þegar til að taka á þessu misrétti. Sá pólitíski vilji kom ekki fram í svari hæstv. ráðherra. Það kom ekki fram að til stæði að hefjast þegar handa og gera eitthvað í þessum málum. Hæstv. forsrh. talaði um ný jafnréttislög sem sett voru hér 19. júní s.l. og vil ég benda honum á að slík lög afnema í sjálfu sér ekki það kynbundna launamisrétti sem hér ríkir. Þau endurmeta ekki störf kvenna. Þau byggja ekki dagvistarheimili og þau lengja ekki fæðingarorlof svo að eitthvað sé nefnt. Þetta og margt fleira er hins vegar nauðsynlegt ef jafnréttislögin og þessi alþjóðasamningur um afnám allrar mismununar gegn konum eiga að vera eitthvað annað og meira en orðin tóm. Þess vegna þykir mér einsýnt að ef ekki verður strax gripið í taumana verði þessi plögg ekkert annað en fögur en innantóm orð í höndum þessarar ríkisstj.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið varðandi Jafnréttisráð vil ég geta þess, sem hefur komið fram, að það dróst að skipa Jafnréttisráð vegna þess að tilnefningar í ráðið bárust seint. Það stóð lengi á BSRB sem hafði sínar afsakanir fyrir því en sendi tilnefningu í síðustu viku. Og núna 20. þ.m. var ráðið skipað og var gefin út um það opinber tilkynning. Það er þannig skipað að Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari hafði verið skipuð af Hæstarétti og hún er formaður ráðsins. Varamaður hennar er Guðjón Steingrímsson hrl. Aðrir í ráðinu eru Gerður Steinþórsdóttir sem er skipuð af félmrh. og varamaður hennar Ingibjörg Pálmadóttir hjúkrunarfræðingur á Akranesi. Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur er skipuð af Alþýðusambandi Íslands og varamaður hennar Jóhannes Sigurgeirsson framkvæmdastjóri. Sigurveig Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur er skipuð af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og varamaður hennar Guðrún Árnadóttir meinatæknir. Ingibjörg Magnúsdóttir húsmóðir er skipuð af Kvenfélagasambandi Íslands og varamaður hennar Magdalena Ingimundardóttir gjaldkeri. Esther Guðmundsdóttir þjóðfélagsfræðingur er skipuð af Kvenréttindafélagi Íslands og varamaður hennar Arndís Steinþórsdóttir viðskiptafræðingur. Og Kristján Þorbergsson lögfræðingur er skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands og varamaður hans er Guðrún Lárusdóttir útgerðarmaður.

Mér þótti rétt að þetta kæmi fram í umræðu til þess að taka af allan misskilning.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli hæstv. ráðherra á að mér finnst að þeir hafi sýnt vilja sinn í verki til þess að framkvæma það mál sem hér er á ferðinni, þ.e. afnám mismununar karla og kvenna. Ef við flettum upp í frv. til fjárlaga stendur hér á bls. 254, með leyfi forseta:

„Jafnréttisráð. Fjárveiting til Jafnréttisráðs hækkar úr 1573 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 2251 þús. kr., eða um 43,1%." Síðar segir neðst í sömu grein, með leyfi forseta: „Veittar eru 95 þús. kr. til kaupa á smátölvu."

Mér þykir þetta segja allt um vilja ríkisstj. til þess að Jafnréttisráð geti gert nokkurn skapaðan hrærandi hlut í að afnema mismunun karla og kvenna. Það segir sig auðvitað sjálft að þessir peningar eru ekki neitt. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og leyfa mér í leiðinni að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað annað er í fjárlögum að finna sem mætti verða til þess að minnka þann hróplega mismun sem er á kjörum karla og kvenna í þessu þjóðfélagi? Ég hef farið nokkuð vel yfir frv. til fjárlaga og hef ekkert fundið.

En svo, herra forseti, vil ég nota tækifærið til þess að árna stærsta stjórnmálaflokki landsins til hamingju með niðurstöðu prófkjörs í Reykjavík þar sem af átta fulltrúum í öruggu sæti er ein kona. Ég held að það segi líka nokkuð um viðhorf þess góða stjórnmálaflokks til íslenskra kvenna.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í svari mínu áðan lagði ég á það áherslu að ríkisstj. hefur fullan hug á að framvæma þann samning sem fullgiltur hefur verið og þau lög sem samþykkt voru á Alþingi 19. júní s.l.

Ég var að segja að mér finnst ekki óeðlilegt að framkvæmdir ríkisstj. og Alþingis á þessum sviðum byggist á því sem lög og samningur gera ráð fyrir. Mér finnst gæta óþolinmæði þegar þess er krafist að framkvæmd sé lokið við að útrýma ýmsum óréttí sem, eins og ég sagði, því miður eflaust ríkir og lög frá 19. júní s.l. eiga að ráða að einhverju leyti bót á.

Jafnréttisráð kemur að vísu aldrei til með að þurrka út þann mismun sem er á milli kynjanna. Það er alveg ljóst. Það getur í besta lagi gert tillögur um slíkt sem ríkisstj. og fjárveitingavald og ekki síður atvinnurekendur og fjölmargir aðrir í þjóðfélaginu þurfa síðan að framkvæma. Það verður ekki gert á einni nóttu, það er alveg ljóst. Það tekur lengri tíma.

Ég nefndi áðan að ýmsar upplýsingar liggja ekki fyrir hér. Ég heyrði nýlega á fundi þar sem m.a. málsvari Jafnréttisráðs talaði og fleiri og upplýstu að athuganir sem gerðar hafa verið erlendis hafa leitt í ljós atriði sem við þurfum að kanna. Þar var t.d. upplýst að könnun í Svíþjóð hefði sýnt að launamisrétti þar stafaði að langmestum hluta af því að konur hefðu ekki hlotið þá menntun sem oft væri krafist í ýmsar stöður. Hins vegar var tekið fram að þetta væri að breytast og það er að breytast líka hér því að konur leita sér stöðugt meira og meira æðri menntunar og verða þess vegna betur gjaldgengar í ýmsar þær stöður sem um er að ræða. Ég held að það séu svona atriði sem krefjast nokkurs tíma til að ná settu markmiði og fleira þess háttar þurfum við vitanlega að kanna og stúdla að.

Ég skal ekki, tíminn leyfir það ekki, rekja fleira sem fróðlegt hefur komið fram um þessi mál á undanförnum vikum og mánuðum. En ég endurtek það að ríkisstj. hefur fullan hug á að gera það sem í hennar valdi er til að þetta hreyfist og það fljótt í rétta átt.

Spurningu hv. síðasta ræðumanns um fjárveitingar get ég litlu svarað. Ég hef ekki farið yfir þær eins og hún, en ég er sannfærður um að Jafnréttisráð, þegar það er skipað, gerir áætlanir um fjárþörf og þá verður vitanlega fjárveitingavaldið að skoða þær tillögur þegar þær koma fram.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Hæstv. forsrh. kom hér í stólinn aftur og endurtók það að hann hefði fullan hug á að framfylgja

þessum samningi og nýsamþykktum jafnréttislögum. En það er ekki nóg að segjast hafa fullan hug á að gera slíkt, hafa fullan hug á að kanna, rannsaka og láta gera tillögur. Það þarf að framkvæma. Hæstv. forsrh. sagði að sér fyndist gæta óþolinmæði í málflutningi þar sem fram hefði komið að menn vildu strax láta framkvæma það sem hefði verið samþykkt 19. júní s.l.

Ég vil benda hæstv. forsrh. á að misrétti kynjanna varð ekki til á s.l. vori. Það hefur verið við lýði hér í langan aldur og það hefur verið bent á það ekki árum heldur áratugum saman að þetta þurfi að leiðrétta. Það er því ekki undarlegt þótt konur knýi fast á um það nú að þessum málum verði fylgt eftir. Ég vil að lokum uppfræða hæstv. forsrh. á því að þolinmæði kvenna er að bresta. Við viljum ekki fleiri kannanir, ekki fleiri athuganir, heldur viljum við framkvæmdir og aðgerðir í þessum málum.

Rannsókn vímuefnamála, fsp. 95. mál (þskj. 105). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 105 fsp. til hæstv. dómsmrh. um rannsókn og úrslit vímuefnamála. Af yfirvöldum í Noregi er talið að það sem lagt er hald á af *vímuefnum sé um það bil 5% af heildarmagni þeirra* efna sem eru í umferð. Varðandi það hvort ástæða er til þess að ætla að við getum borið okkur saman við frændþjóð okkar að þessu leyti er þess að geta að ekki er til nein athugun hér sem sannar eða afsannar neitt í því sambandi. En það er þó mjög líklegt að við liggjum ekki svo órafjarri þeim hvað þetta varðar.

Við þyrftum ekki frekar vitnanna við þegar það magn sem fundist hefur fram að 1. nóv. 1985 er af hassi 8000 grömm, af amfetamíni 660 grömm, kókaíni 27 grömm og 2216 stk. af LSD. Ef staðreyndin er hins vegar sú að þetta magn er aðeins 5% af því sem er í umferð getum við rétt ímyndað okkur hvernig ástandið er í raun og veru.

Hvernig er búið að hinni íslensku fíkniefnalögreglu? Að því er ég best veit býr hún við mikinn fjármagnsskort og manneklu. Og ég hygg að samvinna við lögreglu og hina ýmsu aðila sem við meðferð fást sé nánast engin. Það hefði verið fróðlegt að hafa lagt þá spurningu fyrir hvaða úrræði lögreglan í raun hafi og hvort hún geti tryggt öryggi hugsanlegra uppljóstrara. Vissulega lesum við oft um fund á smygluðum fíkniefnum og gerast þær fregnir nokkuð algengar á síðum dagblaðanna og í fréttum annarra fjölmiðla. En það er spurningin hvort hér sé um að ræða aukið smygl eða hvort aðferðir tollgæslunnar séu farnar að reynast árangursríkari. Það er þess vegna alveg ljóst að rannsóknarvald það sem til þarf til rannsóknar á umfangsmiklum málaflokki, sem rannsókn vímuefnamála er, þarf auðvitað að vera afar sveigjanleg og í senn yfirgripsmikil. Það er auðvitað óþolandi að rannsóknarlögreglan þurfi að hlusta á sögur þess eðlis að hér og þar sé svo og svo mikið magn af efnum í gangi án þess að geta nokkuð að gert. Í fyrsta lagi vegna þess að það vantar rýmri túlkanir og heimildir til rannsóknar vímuefnamála og svo þar að auki hamlar mannekla og fjárskortur því að nokkuð sé aðhafst.

Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh.: „Hefur ríkisstj. í hyggju að rýmka heimildir til rannsóknar vímuefnamála?" Í öðru lagi spyr ég: „Hefur svokölluðum sáttamálum (þ.e. að málum ljúki með sektum) vegna vímuefna fækkað?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 105 hefur hv. 1. landsk. þm. borið fram fsp. til mín um rannsókn og úrslit vímuefnamála. Fyrri spurningin hljóðar svo: „Hefur ríkisstj. í hyggju að rýmka heimildir til rannsóknar vímuefnamála?" Þessu er til að svara:

Ef fyrirspyrjandi á við hvort fyrirhugað er að breyta ákvæðum laga um meðferð opinberra mála í þá veru að setja sérstakar og víðtækari heimildir í réttarfarslög til rannsókna fíkniefnamála en annarra sakamála er því til að svara að svo er ekki. Þetta hefur verið til athugunar sérstaklega í ráðuneytinu og m.a. rætt við réttarfarsnefnd. Niðurstaðan varð sú að almennt væri óheppilegt að setja sérstakar heimildir í lög til að rannsaka einstaka brotaflokka. Því má síðan við bæta að það hefur ekki komið fram að lagaheimildir hafi skort til þess að hægt væri að sinna rannsóknum á þessu sviði eins og æskilegt væri.

Ég vil einnig andmæla því að engin samvinna sé í þessum málum milli aðila sem að þessu vinna. Skipuð var nefnd til að fjalla um bætt skipulag á þessum málum og hún skilaði áliti fyrir nokkru síðan. Í samræmi við það var komið á skipulagðara samstarfi á milli aðila, bæði á milli lögregluumdæma og tollgæslu og ég hygg að þann árangur sem hefur orðið af starfi lögreglunnar að undanförnu megi að nokkru leyti rekja til þess samstarfs.

Síðari spurningin hljóðar svo: „Hefur svokölluðum sáttamálum (þ.e. að málum ljúki með sektum) vegna vímuefna fækkað?" Svarið er: Undanfarin fimm eða sex ár hefur fjöldi mála hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum sem lokið hefur verið með dómsátt verið svipaður, þ.e. frá 220—260 málum hefur verið lokið með dómsátt á ári. Raunar má segja að fjöldi dómsátta hafi verið svipaður frá árinu 1977 að árinu 1979 undanskildu þegar dómsáttir voru aðeins 185. Í dag hafa á þessu ári verið gerðar 250 dómsáttir vegna fíkniefnamála þannig að reikna má með að fjöldi þeirra á þessu ári verði mjög svipaður og hann var árið 1977.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Hér var nýlega á hinu háa Alþingi mikil umræða um eitt umsvifamesta okurlánamál sem upp hefur komið á síðustu árum. Um það lesum við í blöðum að það fé sem rænt hefur verið af íslenskri alþýðu og nú er í gangi hjá okurkörlum sé að verulegu leyti notað til fíkniefnakaupa. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh.: Hefur hann í hyggju að leggja ofurkapp á að upplýsa það mál með tilliti til allra annarra þátta en ekki síst þess hvort þetta fé sé notað til fíkniefnakaupa erlendis? Og ætlar hann þess vegna að leggja sitt af mörkum til þess að stöðva slíkt, að leggja allt kapp á að þetta mál upplýsist sem allra, allra fyrst svo að það liggi ljóst fyrir hverjir það eru sem fjármagna eyðileggingu á íslenskum ungmennum?

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin þó að ég verði að segja að mér finnst þau heldur rýr og það verður að segjast eins og er að í mörgu tilliti hef ég aðrar upplýsingar en fram koma frá honum, en ég get víst

ekki gengið til úrslita um það hvort rétt reynist hér.

En í tengslum við það sem hv. 10. landsk. þm. sagði áðan er kannske rétt að vekja athygli á því að það virðist ekki vera mikið þegar talað er um það að t.d. árið 1983 voru tekin í vörslu yfirvalda hérlendis 0,3 grömm af heróíni. En jafnframt ber að hafa það í huga að eitt gramm af slíkum varningi er talið kosta á markaðinum um 40 þús. kr. íslenskar. Þess vegna finnst mér mjög mikils virði að fá að heyra eitthvað nánar um það í tengslum við þetta mál frá dómsmrh.

Það er gott að heyra að þetta sé á misskilningi byggt hjá mér. Um sé að ræða aukið samstarf þeirra aðila sem hafa með þessi mál að gera. En mér þykir leitt til þess að vita að ekki skuli vera á döfinni neinar sérstakar og jafnframt víðtækar heimildir til handa þeim sem hafa með þessi mál að gera í rannsókn. Vegna þess að það sem er verst af öllu saman er að það virðist vera að lögreglan geti orðið sökudólgur í málum af því að hana bráðvantar þessar rýmri heimildir til rannsókna. En skv. þeim upplýsingum sem ég hef frá Arnari Jenssyni rannsóknarlögreglumanni hefur sáttamálum fækkað þvert á það sem hæstv. dómsmrh sagði, þ.e. að þau væru mjög svipuð. En það ber að vekja athygli á því líka að þegar ég segi að sáttamálunum hafi fækkað þýðir það ekki að um sé að ræða færri mál. Það þýðir þvert á móti að um er að ræða mun stærri mál og meira umfang og málið því mun alvarlegra heldur en virðast mætti í fyrstu.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á síðast liðnum vetri var gerð nokkur skipulagsbreyting á rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar var skipuð sérstök deild til þess að fjalla um efnahagsbrot og bætt við starfsmönnum í hana. Hún tók þegar til starfa og hefur unnið ötullega að slíkum málum síðan og kann orðið vel til verka að því er mér er tjáð. Þetta samhenta starfslið fékk þegar í stað þetta svokallaða okurmál, sem mest hefur verið rætt um að undanförnu, til meðferðar og komið hefur fram í fjölmiðlum að þar hafi verið rösklega unnið. Ég óskaði eftir að fá rannsóknarlögreglustjóra á minn fund fljótlega eftir að starfið byrjaði til þess að fá upplýsingar um hvernig horfur væru á að þetta verk ynnist. Hann hafði góðar vonir um að því yrði lokið fyrir áramót. Nú í dag ræddi ég aftur við vararannsóknarlögreglustjóra. Hann staðfesti að málið gengi vel og líkur væru til þess að unnt væri að ná þessu marki, að því væri að mestu leyti lokið fyrir áramót. Það sýnir ótvírætt að þarna er vel að verki staðið, þegar um er að ræða sennilega á annað hundrað manns sem þarf að yfirheyra.

Ég hef ekki fengið frekari upplýsingar um það hvort þessu fjármagni hefur verið varið til fíkniefnanota eða kaupa, en það mun vitanlega koma í ljós þegar þessari rannsókn er lokið, sem ég hygg að við hljótum öll að vera sammála um að horfur eru á að ljúki fyrr en við höfum þorað að vona, vegna þess hvernig þarna var búið að skipuleggja starfsemina hjá rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ég veit ekki hvernig á því stendur að hv. 1. landsk. þm. segist ekki trúa mínum orðum um þær opinberu tölur sem ég las hér upp um dómsáttir. Og þegar ekki hafa borist kvartanir um að það vanti lagaheimildir til þess að standa að rannsókn mála þá sé ég ekki hver ástæða er til að fara að breyta þar um. Hins vegar get ég bætt því við að í ráðuneytinu hefur verið rætt um að reyna að lagfæra að einhverju leyti skipulag á gangi fíkniefnamála þannig að þau gætu gengið hraðar og beinna fyrir sig, án þess vitanlega að þar verði nokkuð um lakari vinnubrögð að ræða.

Húsnæðislán vegna einingahúsa, fsp. 102. mál (þskj. 112). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 112 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. svohljóðandi:

„1. Hvenær tóku gildi breyttar reglur um úthlutun húsnæðislána vegna einingahúsa?

2. Hvers vegna samþykkti ráðherra þessar breytingar þegar fyrir lá eindregin andstaða við þær innan allra þingflokka á Alþingi, sbr. þáltill. á þskj. 135 á síðasta þingi?

3. Hefur verið tekin ákvörðun um endurskoðun núgildandi úthlutunarreglna með tilliti til fenginnar reynslu?"

Forsaga þessa máls er í örstuttu máli sú að árið 1977 voru teknar upp úthlutunarreglur húsnæðislána sem miðuðu að því að jafna aðstöðumun þeirra sem kaupa einingahús og þeirra sem byggja á hefðbundinn hátt. En eins og flestum er kunnugt eru þessar tvær byggingaraðferðir um margt ólíkar. Tímans vegna verður að nægja að nefna að byggingartími einingahúsa er í flestum tilfellum mun skemmri en byggingartími húsa með hefðbundnum hætti. Nú og enn fremur að fokheldisstig eru engan veginn sambærileg þar eð einingahús eru mun lengra á veg komin þegar þau teljast fokheld en hús byggð með hefðbundnum hætti. Í september 1984 samþykkti svo húsnæðismálastjórn að úthlutun lána vegna einingahúsa skyldi breytt frá síðustu áramótum og yrðu þau greidd út á jafnlöngum tíma og lán vegna hefðbundinna húsa. Virtist þá sem menn væru alveg búnir að gleyma ástæðunum fyrir þeim reglum sem gilt höfðu í rúm sjö ár og höfðu að flestra mati reynst vel og m.a. átt sinn þátt í uppbyggingu einingahúsaiðnaðar um allt land.

Ég kynnti mér þessi mál eftir ábendingu og spurðist fyrir um þau hér á þingfundi fyrir rúmu ári. Við umræður þá kom í ljós mikill áhugi á þessu máli í öllum þingflokkum og eindregin andstaða við það að úthlutunarreglunum yrði breytt. Virtist hæstv. félmrh. fús til þess að beita áhrifum sínum til þess að svo yrði ekki. Til þess að undirstrika enn frekar vilja Alþingis í þessu máli lögðum við þm. úr öllum þingflokkum fram till. til ályktunar um það að fela félmrh. að sjá til þess að samþykkt húsnæðismálastjórnar næði ekki fram að ganga. Meðflutningsmenn mínir voru hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Helgi Seljan og Kolbrún Jónsdóttir. Þetta er sem sagt á engan hátt flokkspólitískt mál.

Tillagan kom raunar aldrei úr nefnd enda þrýstum við ekkert sérstaklega á að svo yrði, töldum raunar víst að málinu væri borgið. En viti menn, í sumar fréttist svo að nú hefðu menn drifið í því að breyta reglunum og því miður láta áhrifin ekki á sér standa. Samdráttur í framleiðslu einingahúsa hefur orðið langt umfram það sem eðlilegt má teljast.

Herra forseti. Enda þótt tillaga okkar væri ekki

samþykkt formlega á þingfundi tel ég að í þessu máli hafi verð breytt gegn vilja Alþingis og óska skýringa á því.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil leitast við að svara þessari fsp. á þskj. 112.

Eins og fram hefur komið þá gerði Húsnæðisstofnun ákveðna samþykkt 19. september 1984, þannig að þeir kaupendur einingahúsa sem gera fokhelt frá og með 1. janúar n.k. fá sömu lánafyrirgreiðslu og aðrir húsbyggjendur. Samþykkt þessi hjá húsnæðisstjórn var rökstudd þannig að talið var að þá hefði þegar tekist með hinni sérstöku fyrirgreiðslu, svo og afurðaláni í Seðlabanka að koma einingahúsaiðnaðinum það vel á laggirnar að hann gæti spjarað sig eftir það án aðstoðar Húsnæðisstofnunarinnar. Ákvörðun þessa tilkynnti stofnunin öllum einingahúsaframleiðendum með bréfi.

Á fundi húsnæðismálastjórnar 21. desember samþykkti stjórnin eftir kröfu félmrh. að fresta þessari ákvörðun, þessari samþykkt sinni, til að byrja með til 1. apríl 1985 og síðan til 1. maí sama ár, jafnframt því að tíminn yrði notaður samkvæmt kröfu ráðherra til að undirbúa framtíðarskipan þessara mála. Þá hafði verið ákveðið að setja á fót sérstakan starfshóp er skyldi hafa umsjón með þeirri úttekt á húseiningaframleiðslunni sem ákveðið var að stofna til og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skyldi annast í samráði við Húsnæðisstofnun og samtök einingahúsaframleiðenda. Þessi starfshópur hafði enn fremur það hlutverk að útbúa nýjar lánareglur sem m.a. tækju einnig mið af annarri sérhæfðri framleiðslu á íbúðarhúsnæði. Þessi starfshópur, sem hér um getur, gat ekki skilað umbeðinni úttekt eða tillögum um nýjar lánareglur fyrir tilskilinn tíma. Stjórn Húsnæðisstofnunarinnar tók hins vegar þá ákvörðun að lán til kaupenda einingahúsa skyldu verða með sama hætti og önnur nýbyggingalán frá 1. maí s.l., sem rökstutt var frá stofnuninni vegna fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins.

Ráðherra hefur ekki samþykkt þessar breyttu reglur og mun ekki gera, en lítur á þessa ákvörðun Húsnæðisstofnunar frá 1. maí sem tímabundna ráðstöfun vegna vöntunar á lánsfé.

Og sem svar við 3. lið, þá er þessi endurskoðun og samræming í fullum gangi á vegum Húsnæðisstofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og framleiðenda einingahúsa, sem eru tvenn samtök, annars vegar framleiðendur venjulegra einingahúsa — þ.e. aðallega timbur — og svo hins vegar framleiðendur annarra einingahúsa sem byggja þetta í hlutum. Þessir aðilar eru að vinna þetta verk.

Og ég vil geta þess, sem er kannske þýðingarmesta atriðið að mínu mati, að til þessa verks hefur einnig komið Landssamband íslenskra iðnaðarmanna sem óskaði sérstaklega eftir því með bréfi til ráðherra að vera þátttakandi í að koma nýju fyrirkomulagi á útborgun lána vegna íbúða hjá framleiðendum íbúðarhúsnæðis.

Þeir lögðu til nýjan tón í þetta því að þeir töldu að markmið nýrra útborgunarreglna þyrfti að vera með öðrum hætti. Í fyrsta lagi það að stuðla að bættu framleiðsluskipulagi í byggingariðnaðinum, skemmri byggingartíma og þar með lægri byggingarkostnaði. Í öðru lagi að fela ekki í sér mismunun milli byggingar- og framleiðsluaðferða. Í þriðja lagi að styrkja samkeppnisstöðu húseiningaframleiðenda og annarra innlendra framleiðenda gagnvart erlendri framleiðslu. Og í fjórða lagi sanngjarnar reglur gagnvart almennum húsbyggjendum þótt þær feli í sér nokkurn forgang sérhæfðra framleiðenda til að ná því markmiði sem fyrst er talað um.

Þeir lögðu fram ákveðnar tillögur í þennan starfshóp um hvernig þeir vildu haga þessum útlánum. Ég sé ekki ástæðu til að lesa það hér því þetta er í vinnslu. Niðurstaðan af þeirra máli er að þeir leggja áherslu á að þessu máli verði hraðað og eru komnir í þessa nefnd með því fororði að vinna hratt, þannig að nýjar útlánareglur í samræmi við þá allsherjarúttekt sem er í gangi taki sem fyrst gildi.

Í þessu starfi starfshópsins með Landssambandi iðnaðarmanna er einnig athugað á hvern hátt bankakerfið ásamt Byggingarsjóði ríkisins geti aukið fyrirgreiðslu til byggingariðnaðarins með það höfuðmarkmið að hann geti þróast sem raunverulegur framleiðsluiðnaður hér á landi. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á þetta atriði því fram hefur komið ýmis gagnrýni á þessa framleiðslu hjá okkur sem upprunalega var reynt að vernda gagnvart innflutningi. Það er ákaflega mikilvægt að þarna takist á breiðum grundvelli raunhæft samstarf og að út úr því komi heilsteyptar reglur sem allir geta verið sammála um, sem enginn getur sagt að misbjóði öðrum í þessari grein.

En aðalatriðið er það að ég hef trú á því núna að það verði hægt að fá heilsteypta samþykkt sem verður grundvöllur fyrir þeim nýju útlánareglum sem Húsnæðisstofnun verður látin samþykkja.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin sem ég var bæði ánægð með og undrandi yfir reyndar líka, því mér heyrðist hann lýsa því yfir að þarna hefðu tekið gildi reglur sem hann hefði ekki samþykkt og mundi ekki gera. Ég átta mig nú ekki á því hvers vegna þær reglur, sem í gildi voru og áttu að vera í gildi, eru þá ekki í gildi enn þá úr því að ráðherra hefur ekki samþykkt nýjar reglur.

Það þarf varla að minna hv. þm. á að hér er um nokkuð margslungið mál að ræða. Þessi byggingarmáti hefur auðveldað mörgum að koma sér upp húsnæði einmitt vegna hins skamma byggingartíma. Hér er þó ekkert síður um atvinnumál og byggðamál að ræða. Einingahúsin eru framleidd á mörgum stöðum á landinu og sá samdráttur sem þegar er orðinn, m.a. að margra mati vegna þessara breyttu reglna sem hafa dregið kraft úr starfseminni, er verulegt áhyggjuefni, eins og ráðherra kom inn á hér áðan. Mér er sagt að mörg þeirra fyrirtækja sem undanfarin ár hafa verið að byggjast upp úti um land séu nánast lokuð og eygi lítið fram undan, búið sé að segja upp starfsfólki og fleiri uppsagnir yfirvofandi.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh. að þetta mál væri í athugun. Ég vil hvetja til þess að þeirri athugun verði mjög hraðað, því það virðist sem skaði sé þegar skeður. Ég samsinni því að það er nauðsynlegt að ná góðu samkomulagi um þessi mál og það þarf auðvitað ekkert endilega að binda sig við þessar sömu gömlu reglur ef menn eru ekki sáttir við þær. En það verður þá að finna nýjar sem taka fullt tillit til sjónarmiða allra þeirra sem hér hafa hagsmuna að gæta. Ég vil hvetja til þess að þetta mál fái mjög gaumgæfilega og skjóta athugun.

Þjóðminjalög, fsp. 147. mál (þskj. 161). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á þskj. 161 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. menntmrh. um frv. til þjóðminjalaga:

„Hvað veldur því að frv. til nýrra þjóðminjalaga, sem boðað var að flutt yrði á 106. löggjafarþingi 1983—84, hefur ekki enn verið lagt fram?"

Á nefndu þingi, nánar tiltekið þann 27. mars, mælti ég fyrir fsp. til hæstv. þáv. menntmrh. um stöðu endurskoðunar þjóðminjalaga og hvort vænta mætti þess að frv. til nýrra þjóðminjalaga yrði þá flutt á því þingi. Hæstv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, svaraði þessu þá á þennan veg m.a.:

„Frv. til nýrra þjóðminjalaga verður væntanlega lagt fram á yfirstandandi þingi, en frv. er nú til athugunar í ráðuneytinu. Um allmikinn lagabálk er að ræða, þannig að einhvern tíma mun taka að kanna hina ýmsu þætti frv. til nokkurrar hlítar, en því er langt komið og ég á von á að það verði búið mjög fljótlega."

Hæstv. ráðh. greindi þá í svari sínu frá nokkrum þáttum þess frv. sem unnið hafði verið á vegum menntmrn. af þriggja manna nefnd og skilað til ráðuneytisins í desember 1983, nefndarálit ásamt tillögum að þjóðminjalögum og ég fagnaði því að von skyldi á því að frv. skyldi lagt fram.

Nú hefur það ekki gerst enn þá og því spyr ég nú nýjan hæstv. menntmrh. að því hvenær vænta megi að flutt verði stjfrv. til þjóðminjalaga.

Mér er málið nokkuð skylt. Ég hygg að það hafi verið safnamenn á Austurlandi sem fyrstir ýttu á eftir endurskoðun af þessu tagi 1976. Og þegar 1977 skipaði þáv. hæstv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, nefnd í þetta mál en hún komst ekki á skrið og málið var endurvakið af Ingvari Gíslasyni, hæstv. menntmrh., 1981 og afraksturinn barst ráðuneytinu í desember 1983. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er ekki að vænta þess að við förum að sjá þetta mál hér á Alþingi?

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Nefnd sem menntmrh. skipaði í desember 1981 til að endurskoða þjóðminjalög skilaði í desember 1983 nefndaráliti ásamt tillögum að þjóðminjalögum eins og fram hefur komið.

Samband íslenskra sveitarfélaga, sem fékk tillöguna til umsagnar, lagði til í bréfi, dagsettu 30. nóvember 1984, að frumvarpsdrögin yrðu tekin til, eins og þar sagði, endurskoðunar og einföldunar áður en frv. yrði lagt fram á Alþingi. Í drögum að umsögn, eins og það hét, frá formanni sambandsins Birni Friðfinnssyni, gerði hann ýmsar athugasemdir einkum um mikla yfirbyggingu, eins og þar sagði, er gert sé ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Með hliðsjón af framangreindum brtt. fól fyrirrennari minn Þór Magnússyni þjóðminjaverði og Birni Friðfinnssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, með bréfi dagsettu 27. ágúst s.l. að endurskoða frv. nefndarinnar. Það er stefnt að því að þeirri endurskoðun verði lokið innan tíðar og ég mun kappkosta að þetta frv. fái að sjá dagsins ljós á hinu háa Alþingi svo fljótt sem kostur er.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. upplýsingarnar. Ég vona að það verði ekki sá dráttur á þessu máli eins og orðið hefur frá því ég síðast bar fram fyrirspurn um þetta efni.

Staða okkar þjóðminjaverndar er alls ekki í því horfi sem skyldi og skortir þar bæði á lagafyrirmæli og fjármagn til þessara mála. Við erum þarna miklir eftirbátar grannþjóða okkar, hinna Norðurlandaþjóðanna, í þessum efnum og er mjög illt til þess að vita í landi þjóðar sem öðru fremur vill láta kenna sig við sögu sína og uppruna og er hreykin af.

Ég get út af fyrir sig skilið það að ráðuneyti vilji athuga álitsgerð sem berst frá nefnd áður en frv. er fram lagt. Hinn hátturinn er þó stundum á hafður að flytja frv., þó ekki væri nema til kynningar á Alþingi, senda það ýmsum til umsagnar er málið varðar, og þingnefnd gerir síðan upp hvað samstaða getur orðið um hér í þinginu. Ég vil ekki hafa neinar hrakspár uppi um endurskoðun þessa máls frá upphaflegum tillögum en vænti þess að þær berist okkur sem fyrst.

Ég nefndi fjárskort fyrir þjóðminjavernd í landinu. Það hefur nýlega komið fram að höfuðsafn þjóðminja okkar, Þjóðminjasafn Íslands, er mjög illa statt hvað snertir aðbúnað og húsnæði. Þar er húsleki mikill að því okkur er tjáð og er það vandamál sem auðvitað verður að glíma við. En hér er hins vegar um að ræða lagaramma um þjóðminjavernd um land allt. Eins og ég frétti af þessum tillögum á sínum tíma þá leist mér vel á þær, m.a. vegna þess að þar var stefnt að valddreifingu yfirstjórnar. Ég vænti þess að sú breyting eða breytingarhugmyndir, sem formaður stjórnar Sambands sveitarfélaga hefur í huga, stefni ekki að því að þjappa yfirstjórn þessara mála saman í einn punkt hér á höfuðborgarsvæðinu eins og allt of mikið hefur verið um á liðinni tíð. Þetta er verkefni sem þarf að leysa í öllum landshlutum með skynsamlegu fyrirkomulagi og á ekki út af fyrir sig að hljótast af óeðlilegur kostnaðarauki.

Umræður utan dagskrár.

Árni Johnsen: Herra forseti. Alvarlegir atburðir eiga sér stað um þessar mundir vegna veiðistöðvunar smábátaflota landsmanna. Trillukarlar lokuðu Reykjavíkurhöfn og gamalgróinn trillukarl á Akranesi, sem reri í banni, braut lög í nauðvörn gegn aðför að lífsafkomu trillukarla, eins og hann orðaði það í samtali við Morgunblaðið í dag.

Það er engin tilviljun að slík atvik komi upp því hundruð fjölskyldna í landinu eiga afkomu sína undir trilluútgerð og veiðibann í margar vikur og jafnvel mánuði er alvarlegt fyrir afkomu þessa fólks, að ekki sé talað um að jólamánuður er nú að ganga í garð.

Smábátar undir 10 brúttólestir eru nú liðlega 1000 talsins, þar af um 850 opnir og 150 dekkbátar, þilfarsbátar. Láta mun nærri að 400 einstaklingar og fjölskyldur hafi framfæri sitt að langmestu leyti af trilluútgerð, eða 3—4000 manns þegar allt er í fullum gangi. Smábátum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum, úr 600 árið 1979 í liðlega 1000 nú. Aflahámarkið sem smábátaflotanum var ætlað á þessu ári, 10 000 tonn, er nú komið í 22 000 tonn af þorski, en reglur fyrir

trillusjómenn hafa verið mjög illa samræmdar miðað við annað í þeim efnum. T.d. hefur ekki verið gerður greinarmunur á atvinnumönnum og áhugamönnum, ekki heldur á netaveiði smábáta og veiði á krók og mikil aukning smábátaflotans hefur lækkað verulega viðmiðun afla hvers báts.

Reglugerð um stjórnun fiskveiða þessa árs hefur gert ráð fyrir 10 tonna meðalafla á hvern bát yfir árið. Engin fiskveiði er hins vegar eins háð veðri og trilluútgerð og allar reglugerðir um stjórnun á sókn slíkra báta eru í rauninni ómarktækar vegna þess hve veðrið spilar inn í. Þess vegna er eðlilegt að taka mun meira tillit til trilluútgerðar en gert hefur verið við skerðingu á aflamagni á meðan við búum við það neyðarbrauð. Auðvitað er óhjákvæmilegt að klípa af þeim eins og öðrum, en það þarf að gera á þann hátt að aðgengilegt sé fyrir þau hundruð fjölskyldna landsins sem málið varðar mest.

Stöðvun á veiði smábáta í allt að þrjá mánuði gengur einfaldlega ekki upp. Í Grímsey, svo dæmi sé nefnt, er 21 bátur. Þar af er einn 29 tonn, þrír 11 tonn og hinir undir 10 tonnum. Trillusjómenn um allt land telja sjálfsagt að lúta takmörkun meðan afli er ónógur þótt það sé almenn skoðun víða að veiðar á krók eigi að vera undanþegnar kvóta.

Vandinn sem blasir við í dag er atvinnuleysi trillukarla en að mínu mati hefur hæstv. sjútvrh. svigrúm til þess að leysa að hluta þann vanda. Í reglugerð um stjórn botnfiskveiða 1985 í III. kafla, þar sem fjallað er um botnfiskveiðar minni báta, segir á eftir töflu um áætlaðan afla á fjórum veiðitímabilum ársins, með leyfi forseta:

„Fari afli báta undir 10 brúttólestum fram úr ofangreindum mörkum á ákveðnu tímabili er ráðuneytinu heimilt að stöðva veiðar þeirra um sinn.

Hafi veiðar báta verið stöðvaðar á síðasta tímabili, sbr. 1. mgr., getur ráðherra leyft flutning á aflamarki af bátum 10 brúttólesta og stærri til báta minni en 10 brúttólestir samkvæmt reglum 20. gr., eða úthlutað ákveðnu aflamarki til þeirra, þó ekki meira en 1000 lestum samanlagt, enda sé viðkomandi bátum haldið úti til veiða í atvinnuskyni allt árið."

Hvorugt þessara ákvæða hefur ráðherra notað, hvorki að leyfa smábátum að nýta ónotaðan kvóta stærri báta, né að taka sérstakt tillit til báta sem gerðir eru út í atvinnuskyni allt árið. En þetta ákvæði kom inn í lögin í sjútvn. Ed. á síðasta þingi með tilliti til munar á atvinnumennsku og áhugamennsku í smábátaútgerð. Auk þessara möguleika tel ég vel athugandi að leyfa smábátum að sækja sjó í 10—12 daga sjálfvalda fram til áramóta með því að tilkynna sig í upphafi og enda róðurs. Slíkt myndi leysa margra vanda en þýða litla aflaaukningu, en reikna má með að aðeins 30—40% trillusjómanna myndu nýta slíkar heimildir.

Mér finnst ástæða til þess að biðja hæstv. sjútvrh. í erfiðri stöðu að athuga þetta mál á þessum nótum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Í reglugerð um stjórn botnfiskveiða fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir því að heildarafli þessarar bátastærðar sé 11 120 lestir.

Á fyrsta tímabili var gert ráð fyrir 1630 lestum en veiðar voru samtals 5253 lestir. Var það mjög gagnrýnt, sérstaklega á þeim svæðum á landinu þar sem veiðar eru tiltölulega litlar á þessum tíma, á Vestfjörðum og norðanverðu landinu, að veiðar skyldu ekki hafa verið stöðvaðar mun fyrr á þessu tímabili.

Á næsta tímabili voru veiðar 7272,7 lestir en gert var ráð fyrir í reglugerð 2910.

Á tímabilinu júlí—ágúst, þ.e. þriðja tímabili, voru veiðar 8126 lestir en gert ráð fyrir að veiðar væru 3800 lestir.

Á síðasta tímabilinu var gert ráð fyrir því að veiðar væru 1780 lestir en þær veiðar eru nú orðnar u.þ.b. 3500 tonn.

Á s.l. vori var í samráði við smábátaeigendur farið út í það að auglýsa eftir umsóknum um veiðar á síðasta tímabilinu og þar með gerð tilraun til þess að skilja að annars vegar atvinnumenn og hins vegar þá sem stunda þessar veiðar sem áhugamenn. Þá var einnig hafið verulegt samráð við smábátaeigendur og þeir hvattir af sjútvrn. til þess að stofna samtök, þannig að við gætum haft við þá eðlileg samráð um þessi mál eins og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Það var hafinn undirbúningur að því af þeirra hálfu. Þegar umsóknarfrestur var útrunninn 15. ágúst var kallaður saman fundur með fulltrúum þessara aðila. Það sem þeir voru allir sammála um á þeim fundi — menn voru nú ekki sammála um allt á þeim fundi — en menn voru þó sammála um að það væri algjörlega útilokað að skilja á milli áhugamanna og atvinnumanna, en borist höfðu rúmlega 800 umsóknir, ef ég man rétt. Í framhaldi af því var ákveðið að veiðar væru stöðvaðar í tiltekinn tíma í september og tiltekinn tíma í október og síðan stöðvaðar eftir 15. nóvember.

Út af fyrir sig má ávallt um það deila með hvaða hætti þessar takmarkanir skuli vera, en aðalatriðið er að það verður að vera jafnræði milli skipa og skipaflokka. Næsti flokkur fyrir ofan eru bátar af stærðinni 10—20 tonn sem hafa einnig búið við verulegar takmarkanir. Það má segja að þessir bátar veiða í heildarkvóta og það er erfitt að taka tillit til hvers og eins eða nánast ekki hægt vegna þess. Þar er samkeppni um ákveðið magn, en við það hefur ekki verið staðið af ýmsum ástæðum. En það má gera ráð fyrir að veiðar þessara báta séu um 24 þús. tonn á þessu ári. Margir þessara aðila hafa gert það mjög gott og hafa haft ágætar tekjur. Aðrir hafa orðið fyrir óhöppum eins og gengur. En þegar veiðar eru úr heildarkvóta leyfir kerfið ekki að tekið sé tillit til einstakra manna og einstakra aðstæðna.

Af þeim ástæðum, sem ég hef hér áður greint, að ekki var talið mögulegt að skilja á milli annars vegar atvinnumanna og hins vegar þeirra sem stunda þetta í sínum frístundum, var ákveðið í ágúst að nýta ekki þessa heimild, heldur láta hana renna inn í heildina, enda má segja að þetta magn hafi þegar verið veitt því að veiðar á síðasta tímabilinu eru um það bil 3500 lestir, en áætlað var að veiða 1780.

Í því frv. sem nú hefur verið lagt fram er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að heimila línuveiðar þessara báta á því tímabili sem þar er tilgreint. Ef það verður samþykkt og sú heimild veitt hef ég gert ráð fyrir að þessir bátar geti hafið línuveiðar strax eftir áramót.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Hér hefur verið vakið máls á vandamáli sem hefur verið mjög í brennidepli um tíma. Við getum deilt um eða verið sammála um kvóta, en eitt held ég að við séum öll sammála um

og það er að við höfum ekki gengið þannig frá leikreglum í ríkjandi fiskveiðistjórnun sem stærri hluti smábátaeigenda getur unað við. Nokkuð bar á þessu haustið 1984, síðasta mánuð ársins, þegar trillubátum var haldið í landi í blíðskaparveðri. Við mörkun þeirrar fiskveiðistefnu sem ákveðin var fyrir yfirstandandi ár var tekið mið af þessari reynslu og lagt til og samþykkt í sjútvn. Ed., þar sem frv. var lagt fram, að setja undir þennan leka eins og hægt væri í reglugerð með því að sjútvrh. væri heimilað að veita þessari bátastærð, sem veiddi úr sameiginlegum kvóta, heimild til að útvega sér kvóta allt að 1000 tonnum frá bátum sem höfðu aflamark og voru aflögufærir. Í þeirri reglugerð segir svo í III. kafla, 5. gr.:

„Fari afli báta undir 10 brúttórúmlestum fram úr ofangreindum mörkum á ákveðnu tímabili er ráðuneytinu heimilt að stöðva veiðar þeirra um sinn." Þetta hefur verið gert. „Hafi veiðar báta verið stöðvaðar á síðasta tímabili, sbr. 1. málsgr., getur ráðherra leyft flutning á aflamarki af bátum 10 brúttórúmlestum og stærri til báta minni en 10 brúttórúmlesta skv. reglum 20. gr. eða úthlutað ákveðnu aflamarki til þeirra, þó ekki meira en 1000 lestum samanlagt, enda sé viðkomandi bátum haldið úti til veiða í atvinnuskyni allt árið."

Mér sýnist að þessi reglugerðarákvæði gefi hæstv. ráðh. fulla heimild til að heimila bátum undir 10 lestum að afla sér kvóta allt að 1000 tonnum. Þessi heimild mundi leysa verulegan vanda í þessum efnum. Auðvitað er rétt að þessi bátastærð hefur fiskað umfram það magn sem hún mátti samkvæmt reglum sem settar voru í byrjun árs, en það sem eftir stendur er að sé farið fram yfir á síðasta tímabilinu er heimildin miðuð við það tímabil. Þess vegna, án þess að orðlengja um þessi mál, hvet ég hæstv. sjútvrh. til að endurskoða afstöðu sína í þessu máli.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Menn standa nú frammi fyrir því hér á Alþingi, sem átti að vera ljóst þegar mál þessi voru til umræðu í sambandi við lagasetningu í fyrra um stjórnun fiskveiða, að í hreint óefni gæti stefnt með veiðar smábáta sem ætlað var að veiða úr óskiptum kvóta. Ég spurðist fyrir um þessi mál og hvað fyrirhugað væri haustið 1984 og varaði þá þegar mjög við óbreyttri stefnu í þessum efnum. Við Alþýðubandalagsmenn lögðum mörg orð í belg í umræðum um þessi mál, ég hygg í báðum þingdeildum, til þess að koma í veg fyrir að lögbundið yrði það kerfi nánast óbreytt sem í gildi var árið 1984 um þessi efni. Hæstv. sjútvrh. varð þá ekki þokað og brtt. okkar Alþýðubandalagsmanna í báðum þingdeildum um að undanskilja handfæra- og línuveiðakvóta voru felldar af stjórnarliðinu sem tók þátt í því, ég held mestan partinn óskipt eða alveg óskipt.

Nú hefur komið í ljós að þetta kerfi hæstv. sjútvrh., sem hann vill ekki þoka neinu til um, hefur sprungið, það hefur reynst gersamlega ónothæft í reynd þrátt fyrir tilraunir ráðherrans til að stýra eftir þessu kerfi. Þeir eru fjölmargir í kringum landið sem hafa verið þolendur þessa allt þetta ár, bæði þá daga sem þeim hefur verið ætlað að geta stundað veiðar en verið hindraðir í því, m.a. vegna gæftaleysis, og þá daga sem þeir hafa verið stöðvaðir frá að stunda sinn rekstur sem nú er alfarið frá 15. nóv. til áramóta. Á þessu ber stjórnarliðið á Alþingi og hæstv. sjútvrh. ábyrgð. En hann hefur möguleika til að bæta enn ráð sitt og ég hlýt að taka eindregið undir þau orð, sem hér féllu hjá hv. síðasta ræðumanni, að það verði gert.

Mér er ekki fyllilega ljóst hvernig slíkt á að framkvæma á grundvelli samþykktar sjútvn. Ed. um að flytja þarna til aflamagn, til báta sem ekki hafa neinn tilgreindan kvóta. Þeir verða þá væntanlega að sameinast um að kaupa slíkan kvóta og mynda um það einhvers konar samtök. Mér líst sem það geti verið nokkuð umhendis á þeim skamma tíma sem raunar enginn er af því að nú er veiðibann í gildi. En hjá sjútvrn. liggja umsóknir þeirra sem líta á sig sem atvinnumenn í þessum efnum, þ.e. hafa þetta að lífsframfæri. Þær upplýsingar liggja fyrir hjá sjútvrn. Ég hvet hæstv. ráðh. til að taka þær upp úr skúffum sínum, fara yfir þær og heimila þeim mönnum sem um það sóttu að stunda áfram veiðar frá septembermánuði, sem þá var um að ræða, og heimili þeim það til áramóta. Þar mun ekki vera um stóra hluti að ræða í afla á þessum skammdegisdögum, en það væri þó bætt ögn úr því óréttlæti sem yfir þennan hóp manna var látinn ganga með lagasetningu hér á Alþingi á síðasta vetri.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ábyrgð Alþingis er öll í því sem hér hefur átt sér stað og það má aðeins þakka furðulegri löghlýðni sjómanna hringinn í kringum landið að þeir atburðir sem gerðust uppi á Skaga hafa ekki almennt verið að gerast.

Ég undirstrika að ég tel það fráleita lagasetningu og taldi það fráleita lagasetningu að setja lög sem fyrst og fremst afhentu ráðherra vald til að framkvæma það sem honum dytti í hug. Hitt er svo annað mál hvort framkvæmdin stenst 69. gr. stjórnarskrár Íslands því að ráðherrar eins og aðrir eru eiðsvarnir menn að því að virða stjórnarskrána. Með leyfi forseta vil ég lesa 69. gr. stjórnarskrárinnar:

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til."

Er svo illa komið fyrir þorskinum að sjötugir karlar á trillum séu líklegir til að útrýma honum við Íslandsstrendur? Er ástandið svo slæmt? Fær það staðist að ákvörðun um þau bönn sem sett hafa verið standist skv. 69. gr. stjórnarskrárinnar? Það fer aftur á móti ekki milli mála að það er heimilt samkvæmt stjórnarskránni að setja um það lög og framfylgja þeim að hráefnið sem veitt er sé ekki gert að skít. Hefur því verið framfylgt? Nei. Það þarf ekki annað en skoða hvernig útkoman hefur verið á hinum ýmsu stöðum á landinu gagnvart gæðum þess afla sem þar hefur verið unninn.

Ég undirstrika að ég tel að þetta mál eigi að fara fyrir Hæstarétt. Ég tel að það eigi að fást úr því skorið hvort almenningsheill á Íslandi séu þau að sjötugir trillukarlar skuli hætta sjósókn. Það er ekkert um það í 69. gr. stjórnarskrárinnar að það lið sem byggir lýðræðið á tonnalýðræði, eins og LÍÚ, eigi að hafa einhvern forgang í þessu þjóðfélagi. Það er ekki ein einasta grein um það, herra forseti, í allri stjórnarskránni.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég tala að vísu ekki af sömu þekkingu um þessi mál og margir aðrir sem hér koma í stól, en þó veit ég að sé litið yfir aflatölur s.l. ára hefur afli handfæra- og línubáta aldrei farið yfir 15% af heildarafla sem veiddur hefur verið. Sama er hvernig aflinn sveiflaðist. Hlutfall veiða á þessi

veiðarfæri var alltaf það sama. Það þýðir að þessum veiðum þarf alls ekki að stjórna.

Hér erum við eingöngu að upplifa það gamla dæmi að þm. búa sér til vandamál til að leysa. Lögin búa til vandamál handa stjórnmálamönnum til að leysa. Síðan geta menn rifist um hvort eigi að heimila svo og svo mörgum eða svo og svo fáum að veiða svo og svo marga fiska. Það er verið að ræða um þann hluta heildaraflans sem breytist ekki og litlu sem engu máli skiptir því að mestur hluti aflans er veiddur á önnur veiðarfæri.

Ég tek hjartanlega undir orð hv. síðasta ræðumanns. Mér finnst að þetta mál, eins og kannske mörg fleiri, sé vel þess virði að menn láti reyna á það fyrir dómstólum hvort stjórnmálamenn raunverulega hafa rétt til að leika sér með hagsmuni manna.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þessu ári hafa mönnum mjög vaxið í augum aflabrögð á smábátum hér við land, sérstaklega sums staðar. Af orðum hæstv. sjútvrh. kom fram að nokkuð hefur verið hugað að þessu máli í ráðuneytinu. Hæstv. ráðh. sagði m.a. að útilokað væri að skilja á milli atvinnumanna og áhugamanna í smábátaútgerð.

Nú liggur fyrir frv. um stjórn fiskveiða sem væntanlega kemur til umræðu í dag eða næstu daga hér í hv. deild. Gefst þá betra tækifæri til að ræða þessi mál en nú.

Það vita allir að engar veiðar eru jafnháðar veðri og vindum og veiðar smábáta undir 10 tonnum. Það viðurkenna allir að það þarf að hafa einhverja heildarstjórn á aflabrögðum. En vandamál þessara svokölluðu trillukarla eru það mikil að ég tel að þeim hafi ekki verið nægur gaumur gefinn.

Hæstv. ráðh. gaf í skyn að þessir bátar gætu hafið línuveiðar strax eftir áramót. Ég fer þess á leit við hæstv. ráðh. að hann nýti nú þegar allar þær heimildir sem gefast í fiskveiðilöggjöfinni til að rétta nokkuð hlut þessara manna í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Og það verði ekki beðið með þetta, heldur hverfi hæstv. ráðh. að því, sem honum ber samkvæmt lögum, að hafa náið samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis, skipaðar hinum hæfustu mönnum á þessu sviði og nýta heimildir til hagsbóta þessum smábátaútgerðarmönnum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Mönnum hefði sjálfsagt þótt skrýtið á þeim tíma sem landhelgisgæslan okkar var að slást við Bretann að það mundi verða hlutskipti hennar að fara inn í Hvalfjarðarmynni og sækja þangað trillu og færa hana til hafnar og leita síðan eftir því að eigandi hennar og skipstjóri verði sóttur til saka og sé færður sem glæpamaður fyrir rétt. Það er ansi mikil öfugþróun sem hér hefur átt sér stað.

Ég held, eins og hv. þm. Stefán Benediktsson sagði áðan, að það hafi verið búið til vandamál með þeirri lagasetningu og reglum sem hér hafa verið settar í sambandi við veiðar smábáta.

Ég vil mótmæla aðgerðum eins og banninu á smábátana sem beitt er án þess að í einu eða neinu hafi verið haft samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Þó er skýrt tekið fram í lögunum um stjórn fiskveiða að það skuli gert. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki haft fyrir því seinni hluta árs að ræða þessi mál í einu eða neinu við sjútvn. Alþingis.

Það er eins og tíðarfarið sé að leika sér eða gera grín að þeim samþykktum sem gerðar hafa verið á hv. Alþingi. Yfirstandandi ár hefur verið sérstakt gæftaár. Vestur á Hellissandi fór trilla 25 róðra stanslaust í febrúar. 25 róðra! Hvenær ætli það hafi skeð áður? Fyrir það að í ákveðnum landshlutum eru gæftir og góður afli skal taka aðra landshluta og dæma þá úr leik og einnig þá menn sem hafa notið þeirra kjara að geta stundað sjó eins og var í fyrravetur vegna góðra gæfta. Það er skrýtið. Á síðustu vikum, meðan smábátarnir höfðu heimild til að sækja sjó með allra mildilegustu leyfi hæstv. sjútvrh., voru ekki nema mjög fáir gæftadagar. Þessum mönnum, sem voru skammtaðir ákveðnir dagar, var sem sagt meinað að stunda sjó og í vissum tilfellum sóttu þó sjó við mjög erfiðar aðstæður og hættulegar vegna þess skipulags sem var búið að ákveða og binda þá við.

Hvað skeður svo eftir að búið er að setja bann á þennan kvóta? Það er eins og máttarvöldin séu að gera grín að hv. þingi og ráðherranum. Það er blíðuveður dag eftir dag og smábátarnir gætu sótt fisk í sjó nú á hverjum einasta degi, en þeir eru dæmdir úr leik vegna þeirra laga og þeirra reglna sem hér hafa verið sett.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. sjútvrh., sem hann lét falla í lok ræðu sinnar áðan, að það mundu verða heimilaðar línuveiðar á smábátum strax eftir áramót, en ég minni á og tek undir orð hv. þm. Valdimars Indriðasonar að í reglunum frá fyrra ári er einmitt svipuð heimild, heimild til smábátanna að mega kaupa kvóta. Það hefði verið æskilegt að gefið hefði verið loforð á sama tíma í fyrra um að við það yrði staðið. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að standa við þá heimild og gefa smábátunum tækifæri til að halda áfram að fiska fram eftir mánuðinum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Jörundur hundadagakonungur lýsti því á sinni tíð að hann væri hæstráðandi til sjós og lands. (**Gripið fram í:** Afturkallaði hann það nokkuð?) Nei. Samkvæmt kvótalögum er svo komið að það er hæstv. sjútvrh. sem er hæstráðandi til sjós.

Hér áður fyrr, þrátt fyrir lög og mannasetningar, var það almættið og skaparinn allra góðra hluta sem réði gæftum og fiskigengd. Spurningin er, út af ummælum hv. 5. þm. Vestf., sem telur veiðibann á trillukarla brot á stjórnarskránni og vill fara með málið fyrir Hæstarétt, gott ef ekki með ráðherrann fyrir landsdóm, hvort þetta sé ekki brot á guðs og manna lögum.

Forsendur fyrir kvótakerfi eru fiskifræðilegar forsendur, að fyrirbyggja of mikla sókn í nytjastofna, þannig að hætta stafi af. Það eru engin fiskifræðileg rök fyrir því að leggja slíkar takmarkanir eða kvaðir á trillukarla. Af þeirri einföldu ástæðu að af þeim stafar fiskistofnum engin hætta. Hlutur þeirra í heildarafla réttlætir ekki slíka gjörninga. Skaparinn allra góðra hluta, sá sem stýrir veðri og vindum, þrátt fyrir mannasetningar, bindur þeim nægar takmarkanir um sókn. Það eru engin vandkvæði á því í raun og veru, ef vilji er fyrir hendi, að greina í sundur þá sem stunda þessa atvinnu sem aðalatvinnu og hina sem stunda þetta sem tómstundagaman. Svo ég ekki tali um þá sem stunda handfæraveiðar sér til heilsubótar — eða í megrunarskyni. Þess vegna eru engar forsendur fyrir því að setja mannalög um takmörkun á sókn trillukarla.

Það er eins og sagt hefur verið: Með því að gera það eru menn aðeins að búa sér til vandamál sem verða illskýranleg og óleysanleg. Þess vegna á að láta af því. Ég tek undir áskoranir sem hér hafa fram komið um að hæstv. ráðh., hæstráðandi til sjós, endurskoði hug sinn í þessu máli.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú er liðinn allt að hálftími sem þessi umræða hefur staðið yfir og skv. 1. málsgr. 32. gr. þingskapa er ekki gert ráð fyrir að þessar umræður verði nema um hálftíma. En við skulum freista að koma þeim að sem hafa beðið um orðið.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég kem hingað til að mótmæla þessari aðgerð gegn smábátaeigendum. Það er sérkennilegt að hæstv. ráðh. skuli koma hér í stól og gefa yfirlýsingu um hvernig þessu verði háttað á næsta ári. Ég hélt að einmitt ætti að fara að ræða frv. til l. um hvernig fiskveiðistjórnun skuli vera háttað á næsta ári. Þar sem ég hlustaði ekki sjálf á þessi ummæli hans, en margir hv. þm. vitnuðu í þessi orð, gat ég ekki orða bundist og hlaut að gera athugasemd við slíka yfirlýsingu.

Ég vil líka ítreka það, sem kom fram hjá Stefáni Benediktssyni, að þetta er mjög lítill hluti af þeim heildarafla sem við erum að veiða við Ísland. Það eru í kringum 9% af aflanum veidd á línu og í kringum 3% á handfæri. Ég tel að það sé alveg óhætt að gefa þessi veiðarfæri algerlega frjáls. Ég tel að afli sem veiðist á þessi veiðarfæri skipti engu í heildaraflanum. Lítum til ársins 1983. Þá mátti veiða 320 þús. tonn, en veiddust ekki nema 290 þús. tonn. Þá var allt frjálst. 1984 átti að veiða 220 þús. tonn, en fór upp í 270 eða 290 þús. Ég er ekki með þessar tölur hjá mér, en ég held að ég fari nálægt þeim. Við erum alltaf með ansi mikil skekkjumörk. Þetta, sem er aðeins um 12% af heildaraflanum, getur ekki hleypt þessu upp nema sem nemur 1—2% af öllum veiðum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er gleðilegt fyrir þá sem hafa mælt með kvótareglunni að andstæðingar hennar skuli nú ekki rífast um annað en trilluveiðar. Það er svo í þessu máli að menn hafa tekið mjög stórt upp í sig í ræðum og blaðagreinum og nota hin stóru orðin. Forustumenn stjórnmálaflokka hafa meira að segja sagt að með þessum reglum sé verið að rústa lífsafkomu trillukarla í landinu og þeir séu beittir gífurlegu óréttlæti, eins og heyrðist frá einum spekingnum áðan, og óskaplega illa með þá farið. Hvernig hefur verið farið með þá? Þeim var áætlaður kvóti upp á 11 þús. tonn, en þeir eru búnir að fiska 24 þús. tonn. Svo djöfullega er farið með þetta fólk. Ég er viss um að menn sem stunda aðrar veiðar hefðu verið ánægðir með að hækka kvóta sinn um 140%. Menn eru bara að reyna að nudda sér utan í væntanleg atkvæði úr trillukarlahópnum og annað ekki.

Og þegar menn fara að tala um varðskip og þorskastríð, nú sé varðskipaflotinn hafður til þess að leita eftir trillupungum inni á Hvalfirði! Svona lagaður málflutningur kemur hlutunum hreint ekkert við og er ósköp væminn og ekki sæmandi svo góðum manni sem hafði hann uppi áðan. Af hverju þurftu varðskipsmenn að hafa afskipti af þessum manni? Ósköp einfaldlega vegna þess að hann hafði brotið þær reglur sem settar höfðu verið. Erum við að hvetja til lögbrota hér á hinu háa Alþingi? Hversu mikið sem menn langar mega þeir ekki gera það.

Það finnst fleirum en þeim sem veiða á trillum að þeir búi við takmarkanir. Allir sjómenn á Íslandi hafa búið við takmarkanir og þurfa að sætta sig við það og þeir gera það. En þessi frekjuhundahópur sættir sig aldrei við nokkurn skapaðan hlut. **(ÓÞÞ:** Hvaða hundar eru það?) Ég á alls ekki við hv. þm. Ólaf Þórðarson. **(Gripið fram í:** Á ekki að senda þá í hreinsun?) Ég var ekki á þeim fundi sem hv. þm. vitnar til.

En ég vil að marggefnu tilefni mælast til þess að menn geri þessa hluti ekki að aðalatriðum. Þetta er tiltölulega lítið mál og menn eiga ekki að gera þetta að aðalatriði. Aðalatriðin sjálf eru nægilega erfið fyrir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú er að ljúka þeim tíma sem við höfum til umráða til þessarar umræðu. En áður en henni er lokið verður frummælanda og hæstv. sjútvrh. gefinn kostur á að tala, ef þeir óska.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. að þarna væri miðað við að svo fremi að tillögur næðu fram að ganga um frv. um stjórn fiskveiða á næsta ári hefjist línuveiðar eftir áramót. Nú er stöðvun frá 15. nóvember. Það var takmörkuð veiðisókn vegna veðurs fyrir þann tíma. Við vitum ekkert hvernig veðrið verður eftir áramót. Það er einmitt þetta óvissuástand sem stöðugt reynir á hjá smábátaflotanum og við erum að tala um og er kjarni málsins sem blasir við.

Það er að mínu mati stórhættulegt að smábátum sé ætlað að stunda veiðar eftir dagatali, burtséð frá veðri og veiðihorfum. Þeir menn verða að fá svigrúm til að gá til veðurs. Annað er stórhættulegt og verður að koma í veg fyrir að slík þróun geti átt sér stað.

Það má benda á að ýmsar fisktegundir eru utan kvóta í almennu reglunni, en hjá smábátum er allt í einum potti. Þannig mætti lengi telja upp mörg atriði þar sem er misræmi milli smábátanna annars vegar og hinna bátaflokkanna sem hæstv. sjútvrh. vék einmitt að. Hann talaði um að það ætti að vera jafnræði milli báta og bátaflokka og það er rétt, en það er ekki milli smábátanna. Það má nefna að netabátar, netatrillur, voru með allt að 400 tonna afla meðan aðrar kannske eru með 10—20 tonn. Þetta gengur ekki og er misræmi sem skapar þetta ástand.

Hitt er annað að sjútvrh. hefur stjórnað lipurlega að mörgu leyti, hvað svo sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði, og það sýnir aflamarkið í þessu, en nú erum við að ræða vanda sem blasir við, sem er staðreynd og er stöðvun hjá fólki á erfiðum árstíma. Það er með tilliti til þess sem ég tel að eigi að taka á þessu máli og sveigja aðeins til.

Þarna er um að ræða menn sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur með mikilli áhættu. Þúsundir landsmanna hafa afkomu sína af smábátaútgerð. Þarna er líka einn þáttur sem hefur ekki verið ræddur. Grunnskóli sjómennskunnar í landinu er smábátaútvegurinn um allt land, að maður tali nú ekki um að að mörgu leyti eru trillumiðin „heiðmörk" þeirra plássa sem eru víða um landið og menn vilja nota þau og hafa aðgang að.

En ég vil undirstrika og árétta að þarna sé reynt að sveigja til, endurskoða það sem hefur verið ákveðið og stefnt að. Ég veit að hæstv. ráðh. er tilbúinn að skoða það af velvild og takast á við þann vanda sem við blasir.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil benda á að fjölmargir sjómenn um allt land og allmörg skip hafa þegar lokið við að veiða heimilt magn og hafa þess vegna þurft að sæta verulegum stöðvunum.

Nú er það svo að í þessu máli eru mjög skiptar skoðanir og það heyrir maður mjög gjarnan í viðræðum við trillusjómenn. Það fer mjög eftir landshlutum. T.d. er yfirleitt aldrei róið á litlum bátum á Vestfjörðum á bilinu nóvember–desember–janúar–febrúar. Það kemur nánast ekki fyrir. Ef einhver landshluti hefur farið illa út úr þessu að því er varðar trilluútgerðina er það Norðurland. Þar hefur afli verið miklu minni en alls staðar annars staðar. Aðrir landshlutar hafa haft verulega meira magn en á s.l. ári þannig að Norðlendingar hafa farið langverst út úr þessu. Þar af leiðandi hefði ekki verið síður ástæða til að fella niður áður ákveðnar stöðvanir í sumar á Norðurlandi, t.d. um verslunarmannahelgina. Ég vil benda á þetta.

Eitt vil ég einnig benda á, að það er þrátt fyrir allt mikil ásókn í þessa útgerð. Það eru margir að smíða báta og þar ríkir mikil bjartsýni. Það kemur ekki heim og saman við þau ummæli að verið sé að leggja allt í auðn í þessari útgerð. Það er mikil fjölgun báta og það eru margir sem hringja þessa dagana og spyrja hvort það sé ekki alveg öruggt að menn geti smíðað þennan flokk báta sem var uppistaðan í okkar flota, þessi stærð báta, fyrir eins og 40 árum. Eftir þær tækniframfarir sem hafa orðið með rafmagnshandfærarúllur o.s.frv. hafa þessir bátar meiri möguleika en af er látið.

Einnig vil ég geta þess að þeir bátar sem stunda veiðar hér á Faxaflóa sækjast fyrst og fremst eftir því að stunda netaveiðar. Það eru mörg dæmi þess að net lágu úti í óveðrinu fyrir stuttu og það var ekkert geðslegt sem upp úr þeim kom eftir það óveður. Það er erfitt að stunda netaveiðar af þessari stærð báta á þessum tíma.

Ég veit að hér er um umdeilt mál að ræða, en aðalatriðið er að sjómenn sitji við svipað borð og það sé jafnræði í þeim takmörkunum sem menn þurfa að sætta sig við meðan á takmörkunum stendur. En auðvitað er best ef til þeirra þyrfti alls ekki að koma.

Sameinað þing, 22. fundur.

Þriðjudaginn 26. nóv., að loknum 21. fundi.

Samstarfssamningur Norðurlanda, stjtill. 149. mál (þskj. 163). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Með þáltill. þessari fer ríkisstj. þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samkomulags frá 6. maí 1985 um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda frá 23. mars 1962.

Á 30. þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors árið 1982 var rætt um hugsanlegar breytingar á starfsemi þeirra stofnana sem starfa á grundvelli Helsingforssamningsins til þess að gera norræna samvinnu virkari. Sérstakri nefnd, Benkow-nefndinni svokallaðri, var falið að gera tillögur um þessi mál. Í framhaldi af skýrslu hennar og viðræðum samstarfsráðherra voru samþykktar á 35. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík fyrr á þessu ári tvær ályktanir, nr. 16 og 17 frá 1985, um skipulag norrænnar samvinnu.

Tillögur sem settar voru fram í ályktununum voru teknar upp í samkomulagi um breytingu á Helsingforssamningnum. Matthías Á. Mathiesen, viðskrh. og samstarfsráðherra um Norðurlandamálefni þá, undirritaði samkomulagið fyrir Íslands hönd í Lundi 6. maí 1985. Samkomulagið er prentað sem fskj. I með þáltill. þessari.

Með þáltill. fer ríkisstj. þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samkomulagsins eins og áður er sagt.

Í tengslum við breytingar á Helsingforssamningnum voru einnig gerðar breytingar á samningi frá 15. mars 1971 um samstarf á sviði menningarmála. Matthías Á. Mathiesen undirritaði einnig þennan samning um breytingu á fyrri samningi í Lundi 6. maí 1985. Samningurinn er prentaður sem fskj. II með þáltill. þessari. Að fenginni heimild til fullgildingar breytingar á Helsingforssamningnum mun ríkisstj. einnig láta fullgilda breytingu á menningarmálasamningnum.

Breytingar þær sem hér um ræðir miða að því að gera starfsemi á grundvelli norrænnar samvinnu virkari eins og fyrr er á drepið. Í því skyni verður skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs í Osló flutt til Kaupmannahafnar og sameinuð skrifstofu þeirri í Kaupmannahöfn sem annast hefur sérstaklega Norðurlandasamvinnu á sviði menningarmála. Enn fremur verða fjárlög vegna menningarmála felld inn í sameiginleg fjárlög Norðurlandaráðs, en menningar- og menntamálaráðherrar gera áfram tillögur um fjárveitingar á þessu sviði og eru í forsvari um þau efni.

Með breytingum á 52. gr. samstarfssamningsins verður fulltrúum í stjórnarnefnd Norðurlanda fjölgað úr fimm í tíu. Svo er ráðherranefndinni gert að leggja fjárhagsáætlun vegna norrænnar samvinnu fyrir þing Norðurlandaráðs. Að lokum má nefna tillögur sem varða skipulag skrifstofu stjórnarnefndarinnar og ritaranefnd, sbr. breytingu á 54. gr. samstarfssamningsins.

Ég vil taka það fram að svo er ráð fyrir gert að þessir samningar komi til framkvæmda frá og með 1. janúar n. k., en þar sem áskilið er að fullgilding fari fram mánuði áður en samningurinn kemst til framkvæmda er nauðsynlegt að afgreiða þessa þáltill. fyrir lok mánaðarins og ætti það að vera hægt svo kunnug sem þáltill. eða efni hennar er hv. þm.

Ég vænti þess að þessari þáltill. verði vel tekið og leyfi mér, herra forseti, að leggja til að till. þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til utanrmn. og seinni umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 34 shlj. atkv.

Efri deild, 18. fundur.

Þriðjudaginn 26. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Stefán Benediktsson): Ástæða þess að boðað var til fundar var að forseti hafði í hyggju að reyna að ljúka þeirri umræðu sem hér var hafin um 2. dagskrármálið, en þannig háttar til að þeir aðilar sem að þeirri umræðu standa eru ekki til staðar svo að ekki er hægt að taka þetta mál á dagskrá. Mun ég þá taka út af dagskrá 1.—3. dagskrármálið.

Neðri deild, 20. fundur.

Þriðjudaginn 26. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148). — Frh. 1. umr.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu við Straumsvík. Hér er um mikið mál að ræða og er verið að hnýta endahnútinn í því máli með lagasetningu þess frv. sem hér er á dagskrá. Um er að ræða síðasta þátt málsins, þ.e. 4. viðaukasamning við aðalsamning milli Íslands og Swiss Aluminium, sem fjallar um framleiðslugjald og skattamál.

Það er rétt að rifja upp að þegar núv. ríkisstj. tók við sumarið 1983 skipaði hún samninganefnd um stóriðju, síðari hluta júnímánaðar það ár, og var verkefni hennar að fjalla um samninga við Alusuisse, fyrst og fremst vegna deilna sem staðið höfðu um framleiðslugjaldið, skattlagningu fyrirtækisins ÍSALs, og önnur tengd atriði. Mikil deila hafði staðið árin áður sem hafði valdið því að málinu hafði verið skotið til alþjóðlegs dómstóls. Sviguryrði gengu milli aðila og málið var raunar komið í hina verstu og mestu sjálfheldu. Niðurstaðan af starfi hinnar nýju samninganefndar um stóriðju, sem skipuð var í upphafi starfstímabils núv. ríkisstj., var að í september sama ár, þann 23. dag septembermánaðar 1983, var gerður bráðabirgðasamningur um leiðir til lausnar, eins og það hét, „á yfirstandandi deilu milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um ráðstafanir (að hluta tímabundnar) varðandi starfsgrundvöll og framtíðarþróun álbræðslunnar í Straumsvík".

Í þessu bráðabirgðasamkomulagi var orkuverðið, sem ÍSAL greiddi til Landsvirkjunar og íslenska ríkisins, hækkað verulega. Í öðru lagi var samið um á hvern hátt skyldi staðið að frekari samningaumleitunum um þau atriði sem á milli bar. Hér er nú á dagskrá í dag í deildinni síðasta ágreiningsefnið, þ.e. skattlagning og skattamál.

Í bráðabirgðasamkomulaginu frá því í september 1983 var um það samið að fjalla skyldi síðar um ákvæði aðalsamningsins. — Ég les orðrétt: „ákvæði aðalsamningsins varðandi ákvörðun á framleiðslugjaldi ÍSALs í því skyni að gera þau skýrari og betur aðlögunarhæf að verðbólgukenndu efnahagsástandi í heiminum og til að stuðla að því að komast megi hjá deilum í framtíðinni er spillt geti góðri sambúð milli aðilanna."

Það er niðurstaða samningaviðræðnanna um þetta atriði sem hér liggur fyrir.

Í hinum almennu endurskoðunarviðræðum við Alusuisse og fulltrúa ÍSALs voru það tvö atriði sem hæst bar. Í fyrsta lagi að ná fram verulegri hækkun orkuverðsins og í öðru lagi að setja niður deilur liðins tíma milli málsaðila. Þegar viðræður hófust sumarið 1983 við fulltrúa Alusuisse var orkuverðið til álversins tæplega 6,5 mill.

Með bráðabirgðasamkomulaginu sem náðist þann 23. september, eftir aðeins þriggja mánaða viðræður, fékkst þetta verð hækkað um tæplega 50% eða í 9,5 mill, en sú verðhækkun jafngilti um 140 millj. kr. tekjuauka fyrir Landsvirkjun á einu ári. Af hálfu íslenskra stjórnvalda var þessi orkuverðshækkn þó ekki talin fullnægjandi þrátt fyrir að hér hefði náðst fram svipað orkuverð og álver greiða í Noregi sem er eitt elsta samkeppnisland okkar á þessu sviði. Því var haldið áfram viðræðum og samningum. Eins og menn vita, og hér var til umræðu í þessari deild fyrir um það bil ári, náðist á öðru stigi þessara samningaviðræðna samkomulag um nýtt og miklum mun hærra orkuverð, þ.e. verð sem er á bilinu 12,5 mill til 18,5 mill, meðalverð 15 mill. Hér er bæði um lágmarksverð og hámarksverð að ræða sem er að meiri hluta til tengt álverði í heiminum. Þegar verðið á áli er lágt, eins og nú standa sakir, er orkuverðið nálægt neðri mörkunum, en fer síðan hækkandi með hækkuðu álverði.

Það verð sem álverið í Straumsvík hefur greitt samkvæmt þessum nýja samningi er lágmarksverðið, um 12,5 mill, en engu að síður, og á það er rétt að leggja áherslu, er þar um að ræða nær 100% hækkun frá því verði sem í gildi var áður. Ef litið er á allt árið 1984 hefði nýi samningurinn gefið orkuverð að upphæð 13,8 mill. Af þessu sést að það lágmarksverð, sem samið var um af hálfu ríkisstj. í fyrra, felur í sér a.m.k. tvöföldun orkuverðsins frá því sem verið hafði. Jafnframt getur orkuverðið allt að því þrefaldast, ef álverð fer hækkandi í heiminum eins og spár standa reyndar til, en eins og menn vita hefur álverðið verið í lágmarki. Raunar er ekki gerlegt að spá hvenær, í hvaða mánuði eða á hvaða misseri, á því verður breyting, enda skal ekki gerð tilraun til þess hér.

Hér var vitanlega um allmikil tíðindi að ræða og þessi 3. viðauki við samninginn, sem um orkuverðshækkunina fjallaði, var lögfestur hér á Alþingi á síðasta ári eins og ég vék að og alkunna er.

Það fer vitanlega ekki milli mála að það var meginatriðið í endurskoðun álsamningsins að ná fram verulegri hækkun á orkuverðinu, helmings hækkun að lágmarki til, sem getur orðið með hækkandi álverði allt að þreföldun. Að því hafði verið unnið af fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. iðnrh., hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni, ötullega og ósleitilega í allt að fimm ár að reyna að ná fram slíkri hækkun á orkuverðinu. Það er

ekki að efa að menn lögðu sig í líma við þá vinnu, en því miður tókst það ekki á öllum þeim tíma. Það var enn sama verðið þegar af þeim tilraunum var látið 1983 og í upphafi þegar þær tilraunir hófust. En nú brá til betri vegar eins og ég hef þegar lýst.

Þar sem hér er um annað meginatriðið að ræða, þ.e. hækkun orkuverðsins, (hitt var að setja niður deilur) virðist kannske ekki úr vegi á þessum stað og þessari stundu að rifja upp í örstuttu máli hver hagurinn var af hinum nýja samningi fyrir íslenskan þjóðarbúskap, fyrir Landsvirkjun, íslenska ríkið og raunar landsmenn alla.

Þessi nýi samningur felur í sér að reiknað er með að viðbótartekjur Landsvirkjunar vegna nýja samningsins verði á næstu fimm árum, til 1989 frá 1984, þegar samningurinn var gerður, 2 milljarðar 750 millj. kr. Þetta kom fram í frv. því til staðfestingar á þessum viðaukasamningi sem lagt var fyrir Alþingi á síðasta ári. Það eru um það bil 550 millj. kr. á ári. Hér er m.ö.o. um þann aukalega hagnað að ræða sem hinn nýi samningur getur fært íslensku þjóðinni á þessum árum fram að 1989 og líklegt er að hann geri.

Ef þetta nýja samkomulag, sem staðfest var í lok síðasta árs, hefði verið í gildi 1979—1984 hefði orkuverðið verið á bilinu 12,5 mill til 16,5 mill. Það er einfalt að reikna. Viðbótartekjur Landsvirkjunar frá ÍSAL á þessum sex árum hefðu numið 55 millj. dollara eða um 3 milljörðum 200 millj. kr. með vöxtum eða u.þ.b. 530 millj. kr. á ári. Þetta er raunverulega sú fjárhæð sem ekki rann til íslenska þjóðarbúsins en hefði getað komið í þess hlut ef sambærilegur samningur hefði náðst árið 1979 og náðist fyrir forustu og atbeina núv. ríkisstj. 1984. Þetta er mikið fé sem hefði verið unnt að nota til að lækka raforkuverðið í landinu til hins almenna neytanda eða greiða niður hinar miklu fjárfestingarskuldir Landsvirkjunar sem stefnir að sama markmiði.

Þegar bent er á hvaða tekjur samningurinn hefði sannanlega gefið aukalega frá 1979 er þó ekki verið að kasta neinni rýrð á þá sem með samningamálin við Alusuisse fóru á þessu árabili. Eins og ég sagði áðan lögðu þeir sig tvímælalaust alla fram en höfðu ekki árangur sem erfiði. Í sjálfu sér sýnir það ekki annað en það hve erfitt er að ná hagstæðum samningum við erlent fjölþjóðafyrirtæki. Þar er kálið ekki sopið þó í ausuna sé komið. En eins og ég hef rakið tókst núv. ríkisstj. það og þessi áfangi var staðfestur hér á síðasta ári.

Nú liggur hins vegar fyrir Alþingi lokaþáttur þessa máls. Hinn meginþátturinn hefur verið farsællega til lykta leiddur með hinni svokölluðu dómssátt sem gerð var á síðasta ári og ég vík örlítið frekar að á eftir. En það eru skattamálin sem hér eru nú á dagskrá og um þau fjallar það frv. sem hér liggur fyrir.

Eins og fram kom í orðalagi bráðabirgðasamkomulagsins og eins og alkunna er hafa staðið illvígar deilur vegna framleiðslugjaldsins og reyndar ekki að ósekju. Það er alveg ljóst að Alusuisse fór þar ekki að réttum ákvæðum og varð brotlegt á einn og annan hátt. Um það er ekki að efast eins og ítarlega hefur fram komið bæði innan og utan þings. Þess vegna var brýn nauðsyn á því að settar yrðu skýrar reglur sem tækju af allan vafa í þessum efnum og kæmu í veg fyrir að slíkar deilur gætu haldið áfram á komandi árum. Það er meginmarkmið þessa frv., þessa nýja viðaukasamnings sem hér liggur nú fyrir.

Þegar litið er á efni þeirra samningsákvæða sem hér eru í frumvarpsformi er í meginatriðum þar um þrjú atriði að ræða. Það fyrsta er það að í stað þess að deilur stóðu sífellt milli aðila um heimsmarkaðsverð á áli sem grundvöll skattlagningar á fyrirtækið ÍSAL er nú í hinum nýja viðaukasamningi tekin upp ný skilgreining á heimsmarkaðsverði á áli þannig að um það þurfi ekki að standa deila milli aðila í framtíðinni. Hér er þetta nýja heimsmarkaðsverð byggt á sams konar formúlu, ef svo má kalla, og nú gildir varðandi orkuverðið skv. hinum breytta rafmagnssamningi frá liðnu ári. Þar verður málum svo háttað að allt ál, sem ÍSAL selur til Alusuisse, skal vera verðlagt til skatts skv. þessari nýju formúlu. Það veitir tvímælalaust mikið öryggi þar sem þessi forskrift styðst við markaðsverð á áli, sannreynanlegt markaðsverð bæði austanhafs og vestan, í frjálsri sölu og einnig við kaup frá framleiðendum. Þessi forskrift samanstendur af fjórum mismunandi álverðum, helstu markaðsálverðum í heiminum. Með því að taka upp slíka fasta viðmiðun er því gerð tilraun til að útiloka deilur um heimsmarkaðsverð á áli sem skattlagningargrunn.

Í öðru lagi fjallar þetta samkomulag um súrálið, en þar er um að ræða eitt megindeiluatriðið. Þar komum við að „hækkun í hafi" og þarf ekki að fara frekari orðum um það. Þær deilur, sem um það efni stóðu, eru alkunna, þ.e. vantreyst var upplýsingum Alusuisse um það verð sem Alusuisse seldi ÍSAL súrálið á erlendis frá. Þar stóðu fullyrðingar gegn fullyrðingu og það var eitt meginefni dómsmálsins sem ég gat um hér áðan. Til að koma í veg fyrir slíkar deilur og til að tryggja að ekki geti eða þurfi til ágreinings um það að koma í framtíðinni og jafnframt til að tryggja réttar upplýsingar frá söluaðila verður nú kostnaðarverð ÍSALs á súráli metið til skatts eftir ákveðnu vöruskiptahlutfalli milli súráls og áls. Álið verður þá reiknað á því heimsmarkaðsverði, sem ég vék að, eins og það er á hverjum tíma og er fastsett, og súrálsverðið einfaldlega ákveðið tiltekið hlutfall af heimsmarkaðsverði á áli. Það hlutfall er ákveðið í samningnum, sem hér liggur fyrir, sem 8:1. Verð hverrar einingar á súráli verður 12,5% af sömu einingu af áli á heimsmarkaðsverði. Þessi fasta ákvörðun verðs súráls á þar af leiðandi að geta útilokað deilur og undanbrögð í þessu efni á komandi árum.

Í þriðja lagi verður kostnaðarverð ÍSALs á rafskautum ákveðið til skatts skv. samningsbundnu verði milli Alusuisse og ÍSALs á viðkomandi ári með þeim fyrirvara að það verð sé ekki hærra en meðalverð í sölum Alusuisse af rafskautum til þriðja aðila á sama ári. Fram til þessa hefur hvað rafskautin varðar verið miðað við framleiðslukostnaðarverð. Hér er tekin upp ný viðmiðun, þ.e. verðið sem gildir í viðskiptum milli óháðra aðila, en það er meginregla í öllum samningnum að hér er miðað við viðskipti milli óháðra aðila. Nú verður miðað við viðskipti milli óháðra aðila, þ.e. það verð sem Alusuisse selur á til þriðja aðila.

Þetta eru meginreglurnar sem er ætlað að tryggja það — eftir er að sjá hvernig framkvæmdin reynist — að ekki þurfi til slíkra deilna að koma sem við höfum fyrir okkur í fortíðinni.

Þá má nefna að samið er um nýjar reglur varðandi fyrningar á fastafjármunum ÍSALs og loks er ákveði um lágmarksskatt til ÍSALs en jafnframt um nýtt skattakerfi, þ.e. horfið er frá tonnaskattinum en tekinn

upp skattur á hagnað.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja hér mjög um efnisatriði þessa frv. Það liggur hér fyrir. En ég vil víkja lítillega að nokkrum þeim atriðum sem komu fram í máli hv. 5. þm. Austurl. hér í deildinni í gær. Þar var málið eftir mætti afflutt og út úr því snúið á ýmsan veg. Þó svo að sá hafi e.t.v. ekki verið ásetningur hv. þm. er engu að síður óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um málflutning hans og gera við hann athugasemdir eins og þar var í stakk búið.

Það er kannske rétt að byrja á því að nefna rafskautin sem ég vék hér lauslega að. Þar var því haldið fram að réttur til eftirlits með aðföngum væri brott felldur og ákvæði um bestu kjör á aðföngum felld niður. Hér er það að segja að upp er tekin ný aðferð við að meta þessi aðföng til skatts, sem eru fyrir utan súrálið meginaðföng álbræðslunnar, þ.e. rafskautin. Það er alveg rétt að verðlagning rafskauta er vandasamt mál. Viðskipti með rafskaut til álframleiðslu voru til skamms tíma mjög takmörkuð.

Það er einnig vandasamt að meta framleiðslukostnað á rafskautum en sú aðferð hefur verið notuð hingað til. Ef við lítum á alþjóðlegar réttarreglur um mat á verðlagningu aðfanga eða afurða á milli skyldra aðila þá eru þær í stuttu máli þannig að ef finna má verð í frjálsum sölum milli óskyldra aðila í svipaðri aðstöðu ber að leggja slíkt verð til grundvallar. Ekki er gerð athugasemd við verð sem er innan algengra efri og neðri marka í slíkum viðskiptum.

Í öðru lagi, ef sambærilegar óháðar tölur eru ekki tiltækar, og aðeins í því tilviki, er gripið til þeirrar nálgunar að reikna út framleiðslukostnað og bæta við eðlilegum hagnaði. Það er síðari leiðin sem hér hefur gilt.

Viðskipti með rafskaut voru á árunum 1975—1980 lítil eða engin og var verðlagning rafskauta í skattarannsókn Coopers & Lybrand á því tímabili grundvölluð á athugun á framleiðslukostnaði rafskauta í rafskautaverksmiðju Alusuisse í Hollandi. Á þessu hefur orðið breyting. Frá árinu 1980 hafa viðskipti með rafskaut aukist svo að nú er svo komið að allmargir aðilar, meðal þeirra álfyrirtækin norsku og stærri bandarísku álfyrirtækin, kaupa rafskaut af Alusuisse vegna álbræðslna sinna í Evrópu.

Coopers & Lybrand hafa vegna endurskoðunar á ársreikningum ÍSALs 1981, 1982, 1983 og 1984 í auknum mæli stuðst við verðlagningu í þessum sölum vegna viðmiðunar til skatts. Eftir athugun Coopers & Lybrand á gildandi viðskiptasamningum um sölu á rafskautum Alusuisse á næstu fimm árum lögðu endurskoðendurnir til að þessi viðmiðun yrði tekin upp. Studdust þeir í því efni við leiðbeiningarreglur OECD um „transfer pricing" svokallað, þar sem sú regla er orðuð að aðeins beri að miða við framleiðslukostnað ef upplýsingar um sambærilegar óháðar sölur eru ekki tiltækar, en slíkar upplýsingar fyrirfinnast nú.

Hér hefur því verið farið inn á þá braut sem á að gefa betri raun að ráði endurskoðunarfirmans Coopers & Lybrand þar sem nú tíðkast viðskipti við þriðja aðila. Þeir samningar eru ekkert leyndarmál, þeir eru í vörslu Coopers & Lybrand sem gerðir hafa verið og hafa verið grandskoðaðir.

Það þýðir ekki að bera því við, eins og gert var hér í deildinni í gær, að Alusuisse loki sínum bókum í þessu efni. Það er ekki rétt vegna þess að hér er samið við þriðja aðila. Þeir samningar og þau verð liggja fyrir og eru á lausu.

Þar að auki er rétt að undirstrika það að ríkisstj. getur vitanlega endurskoðað verðlagninguna á rafskautum, það söluverð sem ákveðið er, skv. þeim almennu endurskoðunarákvæðum sem er að finna í þessum samningi í lið 29.05 en þar er fjallað um árlega endurskoðun þar sem ríkisstjórn Íslands skipar „alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa framleiðslugjaldsskýrsluna og slíka reikninga og ársreikninga ÍSALs fyrir hvert ár." Þessari endurskoðunarheimild er því jafnan og ætíð hægt að beita komi upp einhver vafi að verðið á rafskautunum frá Alusuisse til ÍSALs sé óeðlilega hátt. Allar vangaveltur um að hér sé ekki nægilega vel um hnútana búið eru því á sandi byggðar, en þær heyrðust hér í gær.

Það má einnig nefna að hér var gagnrýnt að í þessu samkomulagi væri um breytt ákvæði um varasjóð að ræða. Það er rangt. Í þessu samkomulagi er engin breyting gerð á varasjóðsákvæðum fyrri samnings nema sú ein að nú er varasjóðurinn verðtryggður. Og á það má benda að vitanlega greiðist af honum skattur ef og þegar hann er leystur upp.

Því var einnig haldið hér fram af hv. 5. þm. Austurl. í umræðunum í gær — og reyndar er það ekki í fyrsta skipti sem það heyrist — að Alusuisse hefði verið bjargað á flóttanum af íslensku ríkisstj. Því hefði verið forðað frá dómi, og þá var náttúrlega ekki vafi á því að mati ræðumanns að Alusuisse hefði verið sakfellt í þeim dómi. (**Gripið fram í:** Ekki að mati þingmannsins?) Ég hafði ekki orð um það, ég var að tala um hv. 5. þm. Austurl. (**Gripið fram í:** Ég var að spyrja þig að því.) Ég er ekki forspár.

Það er undarlegt að sjá þessa afturgöngu enn hér á ferðinni í þingsölum. Svo oft hefur verið á það bent og fram tekið að sú dómsátt, sem gerð var á síðasta ári, m.a. gegn greiðslu 3 millj. dollara af hálfu Alusuisse, var til komin fyrst og fremst skv. tillögu og að ráði Charles Liptons, hins bandaríska lögfræðings sem fyrrv. iðnrh. réði sem sérstakan ráðunaut í álmálinu, málsókninni gegn Alusuisse, og var aðallögfræðingur í gerðardómsmálinu sem þá var alllöngu áður hafið. Þessi meginráðunautur fyrrv. iðnrh. í álmálinu gerði það að eindreginni tillögu sinni í bréfi til fyrrv. iðnrh. Sverris Hermannssonar að gerð yrði dómsátt eins og málið hafði fram gengið. Þar að auki bárust einnig tillögur í bréfi frá endurskoðunarfirmanu Coopers & Lybrand þar sem þeir lögðu einnig eindregið til að dómsátt yrði gerð í málinu. Bæði þessi bréf — (**Gripið fram í:** Hvenær var það dagsett?) Ég hef ekki þessi bréf hér fyrir framan mig á ræðupúltinu. Bæði þessi bréf voru kynnt hér í deildinni á síðasta ári í umræðunum um síðasta viðbótarsamninginn. Það ætti því ekki að þurfa að endurtaka það en ég neyðist til þess í ljósi þeirra ummæla sem féllu hér í gær af hálfu hv. 5. þm. Austurl.

Því var einnig haldið fram að ákvæðin um bestu kjör á aðföngum væru felld niður. Það var ákvæði sem var að finna um bestukjarameðferð í aðstoðarsamningnum og það var einmitt það ákvæði sem umdeildast var í gerðardómsmálinu. Það er nú ekki lengur í texta samningsins en hins vegar breytir það því ekki að meginregluna er þar að finna, þ.e. um viðskipti milli

óháðra aðila. Á því hefur engin breyting orðið og það er meginatriði og kjarni málsins.

Bestukjaraákvæðið var eitt megintilefni gerðardómsmálsins. Það hefur einnig orðið tilefni dómsmáls í Ástralíu, vegna þess að mjög umdeilt er hvernig því ákvæði skuli beita. Segja má að kjarni þess felist í ákvæðunum um viðskipti óháðra aðila sem áfram er grundvallarreglan í öllum viðskiptum okkar við Alusuisse. Hér er um það að ræða að frá öndverðu hefur verið byggt á almennri viðmiðun skv. meginreglunni um þessi viðskipti, eða svokölluðum „arm's length dealings", og hún er áfram meginreglan. Það þýðir að öll aðföng og önnur viðskipti verða að eiga sér stað eins og um viðskipti óskyldra eða óháðra aðila sé að ræða. Það út af fyrir sig er hér nægileg trygging eftir að unnt hefur verið að sannreyna á hvaða grundvelli ber að beita þeirri reglu, en það er einmitt gert með þeim föstu viðmiðunum sem upp eru teknar í samkomulaginu, bæði varðandi heimsmarkaðsverð á áli og einnig að því er varðar súrálsverðið. Hér er því engu tapað þótt þm., sem ég nefndi, hafi viljað láta svo líta út. Reglan um viðskipti óháðra aðila er sú regla sem hér skiptir máli en ekki hin umdeilda bestukjararegla sem reyndar aldrei hafði á reynt í þessu efni.

Jafnframt því sem hv. þm. gagnrýndi að hinar föstu viðmiðanir skyldu hafa verið teknar upp á heimsmarkaðsverði á áli og á súrálinu gagnrýndi hann að að því er önnur atriði snerti væri ekki um fasta viðmiðun að ræða og var þar í rauninni kominn í algera mótsögn við sjálfan sig. M.a. fannst honum það aðfinnsluvert að lánsfé væri utan við viðmiðunarverð. Þetta er rangt vegna þess að ákveðnar reglur er að finna í samkomulaginu um lánsfé. Þær er að finna í gr. 27.01. Í c-lið þeirrar greinar segir:

„Vaxtakjör gefi til kynna fyrsta flokks lánstraust og fjármögnunarkostnaður og skuldagreiðsluáætlanir af hálfu ÍSALs séu með eðlilegum hætti."

Hér er beinlínis gerð krafa um að vaxtakjör gefi til kynna fyrsta flokks lánstraust. Ég veit því ekki hvaða viðmiðun menn vilja fremur hafa en þetta skýra orðalag um lánsféð sem er hér að finna í samningnum.

Einnig var því haldið fram að enga viðmiðun væri að finna um raforkuverðið. Það er ekkert fjallað um raforkuverðið í þessum viðaukasamningi. Hins vegar er vitanlega föst viðmiðun um raforkuverðið í þeim samningi sem þessi deild samþykkti hér í nóvember í fyrra, þ.e. sú forskrift byggð á fjórum heimsmarkaðsverðum áls sem ég vék að hér áðan. Það er því út í hött að halda öðru fram.

Þá var því haldið fram að ekki væri um nein viðurlög að ræða varðandi ÍSAL og Alusuisse vegna skattsvika af hálfu ÍSALs. Ég vil aðeins rifja það upp hér enn einu sinni — og reyndar las ég þá grein áðan — að ríkisstj. hefur rétt til þess að láta endurskoða reikninga ÍSALs árlega. Það er nú nýmæli að „það skal gert árlega". Áður var ekki ákvæði um slíka árlega endurskoðun enda fórst það því miður fyrir hjá hv. fyrrv. iðnrh., 5. þm. Austurl., að láta endurskoða reikninga ÍSALs 1978 og 1979 með þeim afleiðingum sem menn þekkja hér í deildinni.

Það endurskoðunarákvæði, sem ég nefndi, er hér í fullu gildi. Ef í ljós kemur að um refsiverðan undandrátt er að ræða af hálfu ÍSALs að því er varðar skattamál er bein og greið leið skv. íslenskum lögum til að höfða refsimál gegn ÍSAL og fá forustumenn þess fyrirtækis dæmda fyrir skattsvik. Ef ekki er um refsivert athæfi að ræða er unnt að leggja málið fyrir gerðardóm ef mönnum sýnist svo, endurskoðunarákvæðið býður upp á það.

Það er ástæðulaust að teygja hér allt of lengi lopann. En því var einnig haldið fram af hv. þm. að í þessum viðaukasamningi fælist afsal á fullveldisrétti Íslendinga. Ég veit ekki hvert menn þurfa að teygja sig til að finna slíka lögskýringu bak við ákvæði þessa samnings. Ég hefði einmitt haldið að hann sýndi hið gagnstæða, að hér er sjálfstætt ríki beinlínis að beita fullveldisrétti sínum með því að semja við erlendan aðila. Fullvalda ríki hefur fullan rétt til þess, það er kjarni fullveldisréttarins að semja, hvort heldur er við erlend ríki eða erlendar lögpersónur, um mál á þann veg sem því ríki sýnist að best gagnist hag sínum. Það er einmitt það sem hér hefur gerst. Það er ekki hægt að benda á eitt einasta atriði í þessum samningi þar sem um er að ræða eitthvað sem nálgast mundi það að vera kallað afsal fullveldis eða sjálfræðis.

Hér má síðan undir lokin, herra forseti, víkja nokkrum orðum að hinum nýja skattstiga. Hér hefur verið samið um breytingu á skattakerfinu. Það má segja að vonbrigðum olli í þessum samningaviðræðum að ekki tókst að fá fram hækkun á hinu svonefnda grunngjaldi. Það skal fúslega játað. Grunngjaldið er eftir sem áður 20 dollarar á tonnið sem tekið er af óskiptu og rennur til ríkisins. Það er alveg rétt, sem fram kom í máli hv. 5. þm. Austurl. hér í gær, að þessir 20 dollarar hafa rýrnað í tímans rás og þess vegna hefði verið mjög æskilegt að hækka það gjald. Það náðist hins vegar ekki fram. Í því sambandi er þó ástæða til að benda á að 20 dollarar á tonn eru í sjálfu sér ekki óveruleg upphæð heldur verulegar tekjur.

Þessi skattur, sem raunverulega er veltiskattur þar sem hann er lagður á hvert framleitt tonn, jafngildir u.þ.b. 1,5% veltuskatts í meðalári og u.þ.b. 1,8% veltuskatts í slæmum árum álbræðslunnar. Þessu til samanburðar má nefna að veltuskattur á Járnblendifélagið er innan við 1%, þ.e. landsútsvarið 0,5% og fasteignaskattur ca. 0,45% af veltu. Hér er því um verulega mikið hærri veltuskatt á álbræðsluna að ræða en Járnblendifélagið. Algengur veltuskattur í grannríkjum okkar er um og innan við 1%, svo að menn hafi þær tölur til samanburðar.

Þar að auki er hér aðeins um fyrsta gjald að ræða, grunngjald. Þessu til viðbótar greiðist nú skattur af hagnaði álversins. Fallið er frá fyrri skattstiga. Hér er um breyttan skattstiga að ræða, skattstiga sem á að gefa að öllu jöfnu heldur meiri skattatekjur íslenska ríkinu í aðra hönd en hið fyrra skattakerfi þó svo að meginatriði þessarar endurskoðunar hafi fyrst og fremst verið að fá fram skýrari og ljósari reglur til að forðast deilur um þessi mál í framtíðinni.

Hér er m.ö.o. horfið frá breytilegum tonnataxta miðað við álverð, þó með ákvæðum 35% lágmarksskatts og 55% hámarks af hagnaði og í staðinn tekin upp hrein hagnaðarviðmiðun til viðbótar við framleiðslugjaldið. Aðalgalli gamla tonnataxtans var sá að hann hækkaði ekki í beinu hlutfalli við hækkun álverðs heldur fór það hlutfall, þ.e. skatturinn, lækkandi niður í 60% af hækkun álverðs þegar það var orðið 70 sent á pund og þar fyrir ofan. Verðið er að vísu ekki nálægt

þeirri upphæð í dag. Hann var því óhagstæður og því hefur nú verið samið um nýjan skattstiga. Lágmarksgjaldið er óbreytt. Skattstiginn byrjar nú í 35% af hagnaði en getur farið allt upp í 55% ef afkoma fyrirtækisins verður mjög góð á einhverju tilteknu ári. Í þessu sambandi er rétt að minna á að fyrirtækið hefur nú ekki heimild til að færa tap milli ára eins og önnur fyrirtæki hér á landi.

Ég sagði að sennilegt væri að hinn nýi skattstigi mundi í vissum tilvikum gefa heldur meiri skattatekjur en sá gamli. Það er rétt að geta þess að á síðustu síðu frv., síðu 36, er birt tafla. En inn í þá töflu hafa slæðst villur í þeim útreikningum og á það var réttilega bent af hv. 5. þm. Austurl. í gær. Sú tafla er í nokkrum atriðum röng. Þess vegna lét hæstv. iðnrh. dreifa leiðréttingu hér í deildinni í gær, þ.e. nýrri töflu um samanburð skattgreiðslna Íslenska álfélagsins hf. við mismunandi hagnað. Hún liggur hér á borðum deildarmanna.

Ef litið er á þá töflu — en þar er um að ræða samanburð á skattgreiðslunum miðað við 20% framlag í varasjóð við mismunandi mikinn hagnað — kemur í ljós að skattlagningin er hin sama, frá 2,5 til 7,5 millj. bandaríkjadala, eftir hinum eldri skala og hinum nýja. Þegar komið er hins vegar að 10 millj. dollara hagnaði álversins og síðan gefur hið nýja samkomulag heldur hærri skattgreiðslur. Ég ætla ekki að fjölyrða um það. Hér er sem sagt um leiðrétta töflu að ræða sem ég hygg að verði ekki vefengd, en væri kannske ekki úr vegi að fá ríkisendurskoðanda til að líta á og staðfesta að rétt sé reiknað.

Ég hef hér gert nokkur atriði þessa nýja samkomulags að umræðuefni og jafnframt vikið að nokkrum þeim atriðum sem hér bar á góma í gær. Það má kannske bæta því við að lokum að nú er ekki aðeins um að ræða heimild eða öllu heldur skyldu til árlegrar endurskoðunar á reikningum ÍSALs og öllum viðskiptum ÍSALs við Alusuisse heldur var sú breyting gerð á aðalsamningnum 4. nóv. 1984 að unnt er að endurskoða öll þessi ákvæði á fimm ára fresti. Þá er sem sagt unnt að óska endurskoðunar á öllum ákvæðum aðalsamnings og viðaukasamninga. Í því felst auðvitað verulegt öryggi ef reynslan leiðir í ljós að það er til hags fyrir Ísland og íslenska aðila sem hér eiga hlut að máli, Landsvirkjun og aðra, að breytingar verði gerðar á þessum samningsákvæðum. Þetta er þess vegna mikilvægt ákvæði en ekki síður það ákvæði, sem kom inn á síðasta ári, um hina árlegu óháðu endurskoðun á ársreikningum ÍSALs af hálfu ríkisstj. En hún var valkvæð fyrir þann tíma eins og ég vék hér að.

Það mætti ugglaust tala miklu lengra mál um þessi efni en ég skal hér láta staðar numið. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hér er um framför að ræða frá því sem verið hefur. Hér er um æskilegar breytingar að ræða. Ef til vill er þó kjarni málsins sá að þær breytingar, sem hér hafa verið gerðar, horfa allar í átt til þess að útiloka deilur svipaðar þeim sem staðið hafa í fortíðinni og satt að segja hafa hvorugum aðila verið til mikillar ánægju eða mikils gagns.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Í fyrstu umræðu vil ég hafa örfá orð um þetta mál. Hér liggur nú fyrir Alþingi frv. til laga um lagagildi fjórða viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Sviss Aluminium Ltd.

Í síðustu lotu langrar glímu okkar Íslendinga við Golíatinn Alusuisse fór allt á sama veg og áður. Álrisinn náði þeim undirtökum sem hann hefur ævinlega áður náð, að sveigja samningagerðina í þá átt að tryggja hagsmuni sína langt umfram hagsmuni Íslendinga. Auk ýmissa ívilnana tókst Alusuisse að ná afdrifaríkri stöðu í samningsmálinu. Hún var sú að kljúfa tvö nátengd atriði þessa máls í aðskilda þætti sem samið sé um hvorn í sínu lagi, og er hér átt við megintekjustofna Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse, þ.e. raforkuverð annars vegar og skattlagningu hins vegar. Þó eru þessir þættir í órjúfanlegum tengslum hvor við annan og virðist ótækt að semja um annan án tillits til hins. Þessu fylgdi svo uppgjöf saka og hreint siðgæðisvottorð vegna meintra skattsvika fyrirtækisins. En þau mál voru á viðkvæmu stigi fyrir gerðardómi og stutt í dómsúrskurð. En staða okkar þótti sigurstrangleg að mati ýmissa þeirra er komu á fund iðnn. þegar þetta mál var til umfjöllunar á s.l. ári. Því stöndum við mun verr að vígi hvað skattamálin snertir nú, að við höfum misst þá viðspyrnu sem hefði getað knúið Alusuisse til að virða hagsmuni Íslendinga.

Öll fyrri reynsla Íslendinga af viðskiptum við þetta fjölþjóðafyrirtæki hefur verið með þeim hætti, samningagerð á samningagerð ofan allt frá 1966, að fjölþjóðafyrirtækið hefur haft tögl og hagldir og knúið fram vilja sinn af ófyrirleitni.

Í síðustu viku var dreift meðal þm. ljósritum af blaðagreinum frá Ástralíu þar sem uppi eru deilur milli ástralskra skattayfirvalda og dótturfyrirtækis Alusuisse í Ástralíu vegna meintra skattsvika. Er hér fyrst og fremst um útflutning á súráli að ræða sem verður fyrir mikilli hækkun í hafi, t.d. á leið sinni til Íslands. En skattsvik Alusuisse gagnvart Íslendingum, sem lágu fyrir gerðardómi, voru einmitt vegna hækkunar í hafi á súráli og tilheyrandi bókhaldsbrellna. Fjölþjóðafyrirtækið Alusuisse virðist því leika sinn undanbragðaleik bæði við Ástrali og Íslendinga og svíkur báða.

Með leyfi forseta langar mig að vitna hér í álit meiri hluta álbræðslunefndar, sem var dags. 28. apríl 1966, þar sem sagði m.a.:

„Hinar frjálsu þjóðir heims gera sér ljóst hver þörf er á alþjóðlegri samvinnu um efnahagslegar framfarir og hvern þátt alþjóðleg einkafjárfesting getur átt í bættum lífskjörum þjóða. Alþjóðleg samvinna, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst fólgin í því að lönd“ — og ég endurtek, herra forseti, hér stendur „lönd“ — „sem hafa fjármagn aflögu láta það öðrum löndum í té til uppbyggingar á arðvænlegum atvinnuvegum viðkomandi lands, m.a. í formi fjárfestingar í viðkomandi landi.“

Herra forseti. Fjölþjóðafyrirtæki eru einmitt ekki lönd og þar liggur stór og ljótur hundur grafinn. Fjölþjóðafyrirtæki byggjast að vísu á fjármagni sem er falt til fjárfestingar, en þau eru í eðli sínu landlaus og gegna ekki sömu samskiptareglum og lönd gera jafnan sín á milli. Þess vegna geta þau verið hættuleg viðskiptis og ekki síst fyrir fámennar þjóðir.

Það er því ekki einungis með mikilli varfærni að ég geng að því að skoða þennan nýja samning, heldur af þó nokkurri tortryggni sem byggð er á reynslu fyrri ára. Og síðast en ekki síst, þá ber ég kvíðboga fyrir velferð og hagsmunum Íslendinga í þessu máli.

Stefna Kvennalistans í stóriðju- og stórvirkjanamál-

um hefur frá upphafi haft nokkra sérstöðu hér á Alþingi en samt hefur hún vafist fyrir mönnum og því vil ég ítreka hana nú. Í stefnuskrá Kvennalistans stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Við viljum ekki frekari stóriðju, hvorki innlenda né erlenda. Stóriðja hefur kostað okkur hundruð milljóna í rekstrarstyrkjum, erlendum lánum og fríðindum ýmiss konar og hefur ekki skilað okkur arði. Stóriðju fylgir byggðaleg og félagsleg röskun og mengun af ýmsu tagi. Hvort tveggja hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir land og þjóð. Stóriðja er ekki atvinnuskapandi miðað við þann fjármagnskostnað sem henni fylgir. Fram til aldamóta er búist við því að a.m.k. kosti 25 þúsund manns komi út á vinnumarkaðinn. Stóriðjuuppbygging í samræmi við stóriðjuáætlanir til sama tíma mundu aðeins veita tæplega 6% af því fólki atvinnu. Við viljum því ekki frekari stórvirkjanir heldur virkjanastefnu sem miðar við okkar eigin þarfir. Við viljum ekki frekari erlendar lántökur til rekstrar óarðbærra fyrirtækja."

Þessi stefna hefur ekkert breyst nema þá að hún hafi styrkst með aukinni reynslu. Og því vil ég áfram vitna, með leyfi forseta, í nýgerða ályktun, sem samþykkt var á landsfundi Kvennalista um atvinnumál, þar sem segir m.a.:

„Menntun, hugvit og þekking er grundvöllurinn að uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu. Því ber að leggja megináherslu á menntun og rannsóknarstarfsemi, ekki síst með tilliti til vöruvöndunar og markaðsöflunar. Auðlindir landsins eru ekki aðeins fiskimið, jarðvarmi og fallvötn, heldur einnig og ekki síður hreint loft, tært vatn og ómengað land. Það eru nú orðin ómetanleg auðæfi í iðnvæddum heimi.

Íslendingar eru fyrst og fremst matvælaframleiðendur og eiga ýmsa ónýtta möguleika á því sviði þar sem taka ber mið af vaxandi kröfum um ómengaða framleiðslu. Stóriðjustefnan hefur gengið sér til húðar. Smáfyrirtæki eru og verða kjölfestan á sviði iðnaðar. Þar geta konur sótt fram með áherslu á umhverfisvernd og mannleg sjónarmið. Í orkukerfi landsins er mikil umframorka sem nýta ber til eflingar smáiðnaði, t.d. með því að bjóða framleiðslufyrirtækjum lágt orkuverð utan álagstíma."

Að síðustu, herra forseti, vil ég taka það fram að ég mun ekki fara út í efnislega umræðu í þessu máli nú heldur mun ég geyma mér það þar til málið hefur verið nánar upplýst og unnið í hv. iðnn. þar sem ég á sæti. Því áskil ég mér allan fyrirvara um afstöðu til þessa samnings þar til það starf hefur farið fram.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hver var megintilgangur með þeirri endurskoðun á samningum ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium að því er varðar skattamál ÍSAL. Um það segir í grg.:

"Hefur endurskoðun þessi beinst að framleiðslugjaldi ÍSALs og haft þann megintilgang að gera reglur um framleiðslugjaldið skýrari og öruggari í framkvæmd, þannig að síður verði hætta á deilum í því efni, og tryggja eðlilegar skatttekjur af starfsemi félagsins."

Þetta var megintilgangurinn. Því næst er kveðið nánar á um með hvaða hætti það er gert og aðalbreytingarnar eru þessar:

Í fyrsta lagi er samið um nýja tilhögun á framkvæmd þeirra reglna er fjalla um mat á hráefniskostnaði álbræðslu og verðlagningu afurða hennar með tilliti til skatts. Og þetta er gert með eftirfarandi aðferðum:

a. Tekin er upp ný skilgreining á heimsmarkaðsverði á áli.

b. Kostnaðarverð ÍSALs á súráli verður metið til skatts eftir ákveðnu vöruskiptahlutfalli milli súráls og áls þannig að verð hverrar einingar af súráli verður 12,50% af sömu einingu af áli á heimsmarkaðsverði.

Í þriðja lagi eru ákvæði sem varða kostnaðarverð ÍSALs á rafskautum, en það verður ákveðið til skatts skv. samningsbundnu verði milli Alusuisse og ÍSALs á viðkomandi ári með þeim fyrirvara að það verð sé ekki hærra en meðalverð í sölu Alusuisse á rafskautum til þriðja aðila. Loks er þarna um að ræða endurskoðunarákvæði.

Annað meginatriðið varðar síðan reglur um fyrningar á fastafjármunum. Þar er einkum athyglisvert að við fyrninguna verður tekið tillit til endurmats, en fyrning gengistaps af lánum fellur niður. Skv. þessum nýju reglum hins vegar verða afskriftir frá ÍSAL lægri en ella næstu árin en hærri þegar frá líður og þegar afskriftastofn hækkar. Til þess að vega upp á móti þessu er kveðið á um með samkomulagi aðila að Alusuisse leggi fram nýtt eigið fé til ÍSALs á yfirstandandi ári sem nemur um 1700 millj. kr. Það verður til þess að lækka núverandi skuldir og þar með til lækkunar á vaxtagjöldum. Hér er því haldið fram að vaxtasparnaður muni nema hærri fjárhæð en hækkun fyrninga.

Þriðja meginákvæðið varðar síðan það sem var meginmarkmið endurskoðunarinnar, þ.e. ákvæðin um lágmarksskatt ÍSALs. Eins og fram hefur komið í máli flm. veldur það miklum vonbrigðum að þau verða óbreytt. Framleiðslugjaldið er enn ákveðið 20 dollarar á tonn af framleiddu áli. Síðan er gerð breyting á því framleiðslugjaldi sem er umfram lágmarksgjald þannig að árleg fjárhæð þess fari eftir nettóhagnaði á skalanum 35—55%. Að því er þessi ákvæði varðar sýnist mér mikilvægust ákvæðin um skuldajöfnun framleiðslugjalds við skattinneign ÍSALs frá fyrri árum. Það verður ekki notað til skuldajafnaðar nema að helmingi til af því framleiðslugjaldi sem er umfram 20 bandaríkjadali á tonn. En áður bar að nota alla viðbótarfjárhæðina í þessu skyni, sem þýðir þá að helmingur viðbótargjaldsins, ef eitthvert verður, kemur þá til útborgunar.

Að því er varðar þessi ákvæði er þó það að athuga að þótt lágmarksgjaldið breytist ekki og skattstiginn verði áfram á þessum skala, 35—55% hagnaðar, er það svo að fyrirtækið hefur ekki heimild til þess að færa tap á milli ára, eins og önnur fyrirtæki hér á landi, sem gæti orðið verulega til bóta. Því er haldið fram að niðurstaðan af þessari breytingu á skattstiga sé sú að tekjur af framleiðslugjaldi geti ekki lækkað. En ef afkoma fyrirtækisins batnar með ábata í áliðnaði, þá verði tekjur af framleiðslugjaldinu hærri en verið hefði.

Þetta skilst mér vera meginatriðin til þess að meta árangur samningsins. Með fyrirvara um nánari skoðun málsins í nefnd sýnist mér niðurstöðurnar vera þessar: Það er megingalli á þessum samningi að fastagjaldið skuli ekki hafa fengist hækkað, þessir 20 dalir á tonn, einfaldlega vegna þess að þetta ákvæði er berskjaldað fyrir öllum sviptivindum alþjóðlegrar verðbólgu og gengissveiflum. Það hefði þess vegna verið meginatriði að fá það annars vegar hækkað eða varið fyrir slíkri verðmætisrýrnun með verðtryggingarákvæðum. Þetta þarf að kanna sérstaklega áður en menn taka endanlega

afstöðu til samningsins, hversu veigamikil þau rök eru að ekki hafi fengist hækkun að því er þetta varðar. Þar kemur auðvitað til álita samanburður á þeim almennu reglum sem gilda í skattlagningu slíkra fyrirtækja á alþjóðlegum markaði og samanburður á því hversu hár þessi veltuskattur raunverulega er í samanburði við það sem tíðkast í öðrum löndum. Þetta tel ég vera megingalla samningsins og hefði eindregið og auðvitað óskað eftir því að sjá hér betri árangur.

Hitt sýnist mér hins vegar ljóst að margt í þessum samningi að öðru leyti horfir til bóta, bæði viðmiðunarreglur og endurskoðunarákvæði. Ég tel mikilvægt að ÍSAL getur ekki flutt tap milli ára við skattlagningu, þannig að í góðum árum komi hagnaður betur til skattlagningar. Ég tel að fyrningarreglubreytingar séu til bóta og eins aðlögun að almennum skattareglum hér á landi. Þá er það mitt mat að endurmatsreikningur útiloki að hægt sé að gjaldfæra gengistap af lánum. En þar á móti fær fyrirtækið að endurmeta fastafjármuni. Ákvæðin í heild eru þannig til hagsbóta fyrir ríkið.

Eiginfjáraukning fyrirtækisins þýðir minni vaxtafrádrátt á næstunni. Í heild sýnist mér að þessi ákvæði endurskoðunarinnar hafi verið til bóta. En ég áskil mér rétt til þess að bíða með endanlega afstöðu til þess sem meginmáli skiptir, þ.e. hvort ekki hefði verið unnt undir eðlilegum kringumstæðum að ná meiri árangri, að því er varðar fastagjaldið, þangað til málið hefur fengið rækilega umfjöllun í iðnn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var ánægjulegt að sjá hv. síðasta ræðumann í ræðustól í þessu máli. Hann þorði aldrei að ræða málið á síðasta þingi og var fjarverandi þegar atkvæðagreiðsla um það fór fram. Nú hefur honum aukist svo kjarkur að hann þorir að stíga í stólinn í málinu en afstaða hans til samningsins á síðasta þingi kom aldrei fram og hann gat hennar ekki heldur núna þannig að það væri fróðlegt ef hann léti það koma fram í þessari umræðu hvaða skoðun hann hefði á þeim samningi sem þá var gerður og atkvæði greiddu gegn allir þm. stjórnarandstöðunnar nema Bandalags jafnaðarmanna, þar á meðal þm. Alþfl. nema hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sem var fjarverandi þegar nafnakall fór fram um málið. (**Gripið fram í:** Hann var í Vestmannaeyjum.) Nú, í Vestmannaeyjum var hann, já. (**PP:** Ekki í Stykkishólmi.) Ekki í Stykkishólmi, nei. — Hann komst reyndar að niðurstöðu árið 1980 um það hvert verðið ætti að vera á rafmagninu til álversins í Straumsvík. Hann skrifaði um það forystugrein og hafði í því máli eins og öðrum fundið hinn endanlega sannleika sem er gott að vera vopnaður ævinlega. Það var 7,5 mill. Sem betur fer var þessi hv. þm. ekki látinn í samninganefndina við Alusuisse vegna þess að þá sætum við jafnvel uppi með verri afkomu og niðurstöðu þessara mála heldur en þrátt fyrir allt varð. Einnig hefði verið fróðlegt ef hann hefði rökstutt þá afstöðu sína og gert grein fyrir því hvort hún hefur breyst og hvort hann er með kröfu um að raforkuverðið til álhringsins verði lækkað í samræmi við leiðara Alþýðublaðsins sem mig minnir að hafi verið skrifaður í desember 1980 merktur höfundarstöfum þessa hv. 5. þm. Reykv.

Ég kom hér ekki síst upp, herra forseti, til að vekja athygli á því, sem hefur verið rætt um af hv. 5. þm. Austurl., að í þeirri töflu sem ríkisstj. dreifir hér á hv. Alþingi er eftirfarandi slegið föstu á bls. 36: „Niðurstaðan af þessari breytingu á skattstiga er því sú að tekjur af framleiðslugjaldi geta ekki lækkað," og síðan er bætt við „en ef afkoma fyrirtækisins batnar með bata í áliðnaðinum, þá verða tekjur af framleiðslugjaldinu hærri en verið hefði með hinu gamla tonnagjaldi." Og síðan er birt tafla þessu máli til rökstuðnings og hún er í raun og veru undirstaðan undir öllum málflutningi þeirra manna sem mæla fyrir þessum samningi, bæði hér og á undanförnum mánuðum. Þeir telja að þarna sé þetta ljóst að verið sé að auka tekjur íslenska ríkisins, bæta stöðu Íslendinga gagnvart þessum auðhring og þar af leiðandi þurfi ekki frekar vitnanna við. Hérna sé komin hin endanlega rétta gulltrygga niðurstaða.

Síðan gerist það að dreift er einhverju fjölriti á borð hv. þm. Ég veit ekki hvort þess var einu sinni getið sem þskj., a.m.k. er það ekki merkt þannig, og hefði auðvitað verið eðlilegt að deildin hefði fengið þetta sem beina leiðréttingu á plagginu sem er á dagskrá á þskj. 148. En aldrei þessu vant hefur iðnrn. svo lítið við eða stjórnarráðið að dreift er svona ljósriti eins og lítið sé og litlu breyti. En í þessu ljósriti er engu að síður um það að ræða að útreikningar sem fram hafa komið frá ráðuneytinu um þessi mál hrynja gjörsamlega. Fullyrðingin reynist rugl og ráðuneytið hefði auðvitað átt eða hæstv. ráðherra og ríkisstj. að láta prenta þingskjalið upp og biðja deildina og Alþingi afsökunar á því að verið er að dreifa hérna plöggum sem styðjast ekki við neinn veruleika eins og hér hefur verið rakið. Og hv. þm. Gunnar Schram, sem hefur fylgt þessu máli á undanförnum árum talsvert og fylgst með því, heldur í raun og veru áfram að berja höfðinu við steininn þó að staðreyndirnar séu komnar á borðið, að hérna sé um að ræða giska góða niðurstöðu og fullyrðir í þeim efnum að hún sé að öllu leyti í samræmi við það sem gert hafi verið ráð fyrir þó að nú hafi verið sannað af sjálfu iðnrn. að rökin fyrir samningnum standast ekki.

Það eru ekkert lítil tíðindi, herra forseti, að það gerist að heilt ráðuneyti gerir samning við erlendan aðila, byggir þann samning á tilteknum útreiknuðum forsendum, og svo gerist það eftir að búið er að undirrita samninginn, eftir að búið er að ganga frá honum gagnvart hinum erlendu aðilum, að svona ljósrit kemur á borð þm. þar sem það er leiðrétt og allt hrynur sem ráðuneytið hefur byggt sína vinnu á. Það væri fróðlegt að vita hvort hv. þingflokkar stjórnarliðsins hafa farið yfir þetta mál og gert sér grein fyrir því að í rauninni hefur allri röksemdafærslu þessa viðaukasamnings verið kollvarpað af ráðuneytinu sjálfu eftir að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði afhjúpað það í fyrsta hluta þessara umræðna. Ja, hvað hefur þá ekki farið á milli mála hjá þessum samningamönnum ef þeir geta ekki einu sinni reiknað þetta út nokkurn veginn rétt? Ef þeir bera á borð endileysu, staðleysustafi í sambandi við þetta — ja, hvað hefur þá ekki farið úrskeiðis hjá þeim í hinum flóknari efnum þegar um er að ræða jafneinfalda hluti og þennan sem er hægt fyrir hvern sæmilegan mann í reikningi að reikna á hnjánum á sér? Ég er ansi hræddur um að ástæða sé til að ætla að fleira hafi misfarist í þessum álsamningum þegar upp er staðið og jafnvel fleira en þegar hefur komið í ljós þó að það sé ærið eftir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

Það liggur sem sagt fyrir að í fjölmörgum tilvikum gefur þessi nýi samningur minna en gamli samningurinn

í framleiðslugjald; hann gefur minna. Það liggur t.d. fyrir að ef hagnaður af álverinu er upp á 5 millj. dollara gefur nýi samningurinn 1,7 millj. dollara en sá gamli 2,1 millj. dollara. Það munar þarna 0,4 millj. dollara, ef um er að ræða álverð upp á 50 sent hvert pund. Ef álverðið er aftur á móti 70 sent pundið munar þarna enn þá meiru. Og ef við förum yfir þessa töflu t.d. allt upp í það að hagnaður af álverinu væri 15 millj. bandaríkjadollara og álverðið færi upp í 200 sent pundið, þá er mismunurinn á hinum nýja og hinum gamla samningi kominn upp í 1,5 millj. dollara sem þessi samningur er verri en hinn og þótti flestum nóg um gamla samninginn í þessu efni. Svo birta þessir menn þingskjal á ábyrgð hæstv. ríkisstj. þar sem stendur: „Niðurstaðan af þessari breytingu á skattstiga er því sú að tekjur af framleiðslugjaldi geta ekki lækkað."

Ég tel við hæfi að hv. þm. Gunnar G. Schram og hæstv. fjmrh. og hv. þm. Páll Pétursson, sem er einn aðili að þessu máli, biðjist afsökunar á þessum vinnubrögðum ríkisstj. Það er reynt að blekkja þingheim, villa um fyrir þingheimi og blekkja fjölmiðla og þar með þjóðina í þessu efni. Hverju sætir svona blekkingarstarfsemi? Hvað á þetta að þýða? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að menn biðjist afsökunar a.m.k. á þessum vinnubrögðum í stað þess að berja höfðinu við steininn eins og hv. 2. þm. Reykn. gerði áðan.

Á árinu 1980 var hagnaður af álverinu talinn um 14 millj. dollara. Þá var verðið á hverju pundi 80 sent um það bil. Það er ljóst að á því ári hefði hinn nýi samningur gefið um 400 þús. dollurum lægra framleiðslugjald en hinn gamli samningur svo að við reiknum þetta aftur í fortíðina, eins og þegar hv. þm. Gunnar Schram er að reikna raforkuverðið aftur í árin. Ég held að hérna sé um að ræða svið þar sem er alveg óhjákvæmilegt að iðnrn. og ríkisstj. geri hreint fyrir sínum dyrum. Getur það verið að forsendur samningsins séu hrundar, að formaður þingflokks Framsfl. telji og aðrir í þingliði stjórnarinnar að hér sé svo langt gengið í að villa um fyrir þingheimi að sporna verði við fótum og gera samningsmenn íslenska ríkisins, Jóhannes Nordal og Gunnar G. Schram og þá félaga alla, afturreka með plaggið, að þeir reyni að fara til Sviss á ný eða kalla þá fyrir sig, þessa sveina sem þar eru í fyrirsvari? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að stjórnarliðar geri í þessum efnum hreint fyrir sínum dyrum og komi heiðarlega fram gagnvart þjóðinni og segi við þessa samningamenn: Þetta gengur ekki. Þið eruð búnir að gera tilraun til að villa um fyrir þingheimi, fyrir stjórnarliðinu og fyrir þjóðinni og þið verðið að fara aftur og gera betur. Þetta gengur ekki svona. Og þegar menn vinna illa á að reka þá í verkið aftur. Það er það sem á að gera. Skynsamlegast væri auðvitað að skipta um áhöfn, gefa þeim félögum Jóhannesi og Gunnari frí og senda aðra menn í að semja — og senda þá ekki hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sem taldi raforkuverðið eiga að vera 7,5 mill; hann ætti ekki að vera í þeim hópi heldur.

Ég held að hérna sé um að ræða svo alvarlegt mál, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að hv. Alþingi veiti því mjög glögga athygli og að forsetar þingsins taki á þessu máli. Ég held að rétt væri að forsetar þingsins, Nd. og Sþ., menn sem mega ekki vamm sitt vita í þingstjórninni, setji ofan í við ríkisstj. fyrir þær tilraunir sem stjórnin gerir til þess að villa um fyrir þingheimi í sambandi við þetta mál. — Gengur nú í salinn sá maður sem gekk frá þessu á sínum tíma á miðju sumri, gekk frá hlutunum þannig að hinn nýi samningur gæfi meira en hinn gamli. Niðurstaða iðnrn. í dag er sú að forsendur hæstv. menntmrh. hafi verið vitleysa. Hæstv. núv. iðnrh. hefur ákveðið að leiðrétta þetta og lagt fram ljósrit til að sýna að rökin eru hrunin fyrir þeim samningi sem hæstv. núv. menntmrh. gerði. Ég held að það væri mjög æskilegt að hæstv. menntmrh. gerði einnig grein fyrir sínum málum og jafnframt því hvort þetta er ekki efni til þess að taka samninginn allan upp vegna þess að gerð hefur verið tilraun til þess að villa um fyrir þingi og þjóð í þessu máli. Þetta finnst mér í rauninni einn ljótasti þáttur þessa máls vegna þess, herra forseti, að ekki er sæmandi að koma með þessum hætti fram við þing og þjóð þegar verið er að leggja fram tillögu að staðfestingu á samningi við erlenda aðila.

Þessi mál hafa verið alllengi til umræðu, um nokkurra ára skeið, eftir að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók þessi mál upp sem iðnrh. Auðvitað er alveg ljóst að aldrei hefði náðst nein hækkun á raforkuverðinu í Straumsvík ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði sem iðnrh. ekki beitt sér fyrir því að fletta ofan af viðskiptum við þessa aðila þannig að það sem þrátt fyrir allt hefur náðst í þessu máli er verk iðnrh. Alþb. á sínum tíma. En það var athyglisvert að í sumar kallaði hæstv. fyrrv. iðnrh. okkur fyrir, fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna, og lét okkur hafa blað. Hann greindi jafnframt frá því að um væri að ræða algert trúnaðarmál og við vorum beðin um að fara með þetta þannig að segja engum manni frá því. Það má segja að við höfum asnast til þess að verða við þeirri beiðni. Ég segi það vegna þess að varla var búið að skrúfa frá fjölmiðlum einhvern tíma næstu sólarhringana þegar ráðherrann var sjálfur hlaupinn með verulegan hluta af efnisatriðum þessa plaggs í fjölmiðla, að ekki sé nú minnst á það að innanhússmálgagn Íslenska álfélagsins, ÍSAL-tíðindi, birti þetta plagg og fagnaði því alveg sérstaklega fyrir nokkrum dögum og áður en málið var kynnt Alþingi.

Í þessu og hinum vitlausu töflum kemur auðvitað fram þessi gegndarlausa fyrirlitning núv. ríkisstj. og álfurstanna á Alþingi, löggjafarsamkomu þjóðarinnar, sem hæstv. núv. menntmrh. hafði reyndar forustu um þegar hann neitaði stjórnarandstöðunni um aðild að þessu máli, þ.e. að hún fengi að fylgjast með, en það hefði bersýnilega verið til bóta því að þá hefði stjórnarandstaðan sjálfsagt getað leiðrétt eitthvað af þeim vitleysum sem hér liggja fyrir í útreiknuðum töflum. Málið var síðan blásið út í fjölmiðlum af iðnrh. sem sérstaklega hagstæð niðurstaða fyrir Ísland sem tryggði ríkissjóði auknar skatttekjur af álverinu ef um hagnað yrði að ræða og aldrei minni skatta en núna, aldrei minni. En síðan liggur það fyrir í staðfestum töflum frá Ríkisendurskoðun að þetta er rangt. Þannig er allt geipið og sjálfshólið um kraftaverkin sem hæstv. núv. menntmrh. hafði hæst um í fyrra og á þessu ári. Allar forsendur fyrir því eru gjörsamlega hrundar og hæstv. menntmrh. ætti auðvitað að biðja Alþingi, þingheim og þjóðina afsökunar á vinnubrögðum sínum í þessu efni.

Það sem er ekki síst alvarlegt eru svo þau efnisatriði sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur rakið mjög ítarlega, t.d. varðandi rétt til endurskoðunar á verði

rafskauta. Það er alveg bersýnilegt samkvæmt orðalagi þessa plaggs að Íslendingar eiga ekkert að koma þar nálægt. Það er alveg ljóst. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Gunnar G. Schram að vera að reyna að halda einhverju öðru fram vegna þess að það stendur í textanum að Alusuisse ræður þessu í rauninni meira og minna. Hér stendur í textanum 27.04: „Verð á rafskautum til" óháðra viðskiptavina Alusuisse „á viðkomandi ári skal fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem Alusuisse tilnefnir og hefur aðgang að bókum Alusuisse, staðfesta gagnvart ríkisstj. eftir lok ársins." Og endurskoðunarréttur stjórnvalda kemur fram í greininni 29.05 þar sem þannig er um hnútana búið að enginn íslenskur aðili, hvorki ráðherra, ríkisstj. í heild né trúnaðaraðili sem tilkvaddur er á vegum ríkisstj. getur fengið að sjá þau gögn um rafskautaverðið sem kostnaðarþættir ÍSALs byggjast á.

Ef þessi samningur verður að lögum er þar með verið að útiloka að íslensk skattyfirvöld geti sannreynt stóra útgjaldaliði hjá stærsta einstöku fyrirtæki hér á landi. Það er verið að koma í veg fyrir að íslensk skattyfirvöld hafi þessa heimild, nema málið sé komið á það stig að íslensk skattyfirvöld telji rétt að höfða refsimál. En til þess að höfða refsimál þurfa menn auðvitað að hafa haft aðstöðu til að sannreyna hlutina. Þannig er það auðvitað rétt, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti áðan, að fyrirtækið er tekið út úr íslenskri skattlögsögu að þessu leytinu til. Hér er verið að afsala fullveldisrétti íslensku þjóðarinnar. Hér er verið að setja íslensku þjóðina á sama bekk og bananalýðveldin. Og ég spyr: Ætla hv. þm. stjórnarliðsins, Páll Pétursson, Ingvar Gíslason og aðrir stjórnarliðar t.d. í marknefndri iðnn., að samþykkja umyrðalaust þetta afsal á fullveldisrétti íslensku þjóðarinnar að því er skattamál varðar?

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að fram komi í þessum umræðum svar við því hvort Framsfl. ætlar að gleypa þetta mál alveg hrátt. Ætlar hann að láta hér við sitja og gleypa þetta hrátt eða er hugsanlegt að hann taki í taumana og segi hingað og ekki lengra? Ég geri mér engar vonir lengur um Framsfl. í neinu máli yfirleitt af því að hann er alltaf í vinnu hjá íhaldinu og gerir það sem íhaldið segir. Engu að síður er það svo að hv. þm. Páll Pétursson hefur beðið um orðið. Það er vegna þess að hann telur sig vera að svara fyrir þá þm. sem Framsfl. enn þá hefur og það er skylda hans sem formanns þingflokks að gera það.

Varðandi þessi mál að öðru leyti ætla ég í þriðja lagi að nefna að þegar álsamningarnir voru gerðir á sínum tíma var samþykkt gegn mótmælum á Alþingi að Alusuisse fengi ákveðna prósentu vegna sölu- og tækniþjónustu. Þar var um að ræða fast hlutfall af veltu ÍSALs. Samkvæmt þeim samningum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að ÍSAL eða Alusuisse haldi prósentunni. Það heldur prósentunni fyrir sölu- og tækniþjónustu, en það losnar við skyldurnar. Hvað á að þýða að ganga svo frá hnútunum? Hvaða rök eru fyrir því að fella niður af Alusuisse þessar skyldur en borga fyrirtækinu samt, án þess að það þurfi neinar skyldur eða nein verk að inna af hendi? Ég hefði gjarnan viljað hæstv. iðnrh. greindi frá því hvaða rök eru fyrir þessu af hálfu ráðuneytisins, hvaða rök eru fyrir þessum vinnubrögðum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Mér finnst þetta atriði í rauninni vera nægilega slæmt til þess að þeir Jóhannes, Gunnar og félagar verði gerðir afturreka með þennan samning. Þeir hafa létt skyldunni af auðhringnum, en auðhringurinn fær áfram tekjur eins og hann væri að inna þessar skyldur af hendi. Ég held að hæstv. iðnrh. ætti að láta blaða í minnisblöðum frá samningafundunum í Alusuisse og fara yfir hvaða rök eru fyrir þessum vinnubrögðum. Þetta þætti sérkennilegt í almennum samningum hér innanlands a.m.k., sérkennilegur lúxus. Það er ekki svona mild höndin hjá ríkisstjórninni þegar kemur að samningum við verkalýðinn í landinu. Þannig hefur það a.m.k. ekki verið.

Ég vil sem sagt í þriðja lagi spyrja ríkisstjórnina og hæstv. iðnrh. hverju það sæti að þessi mál eru áfram þannig að fyrirtækið fær þóknunina en sleppur við skyldurnar.

Hv. þm. Gunnar G. Schram, sem mun vera prófessor í stjórnlagarétti, — er það ekki rétt hjá mér, stjórnlagaréttur trúi ég að það heiti — er það í eins konar aukavinnu héðan frá þinginu, í sérfræðistörfum ýmsum, og hefur fyrir það eitthvert lítilræði, heldur því fram að Ísland hafi ekki verið með unnið mál fyrir gerðardómnum. Í rauninni hafi Ísland ekki verið með unnið mál og þar af leiðandi væntanlega tapað mál eða tapaða stöðu. (**GGS:** Það er rangt, hv. þm.) Þá er komin skýringin á því af hverju þeir sömdu af sér. (**GGS:** Því var aldrei haldið fram.) Þeir voru og töldu sig vera með tapaða stöðu. Þeir mótmæla því að Ísland hafi verið með vinningsstöðu, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur haldið fram. (**GGS:** Aldrei verið mótmælt.) Þeir mótmæla því, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur haldið fram, að Ísland hafi verið með unnið mál. Þetta er kallað gamall draugur sem gengur aftur í þingsölunum, þessi fullyrðing hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Af þessu er ekki hægt að draga nema eina ályktun, sem sé þá ályktun að einn af fulltrúum Íslands í viðræðunefndinni við Alusuisse telji að Ísland hafi verið með tapað mál. (**GGS:** Röng ályktun.) Þá skal hv. þm. gera grein fyrir sínu máli nánar á eftir í umræðum um þetta vegna þess að umræður geta sjálfsagt staðið í rúmlega klukkustund í viðbót. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hv. þm. Gunnar G. Schram komi upp og staðfesti að Ísland hafi í rauninni verið með unnið mál. Það er eins gott að það komi hér fram.

Mér fannst öll hans umræða um vinnubrögð ÍSALs, orðalag og annað, krókloppið áðan. Hann segir t.d.: ÍSAL fór ekki að réttum ákvæðum. — Telur hv. þm. að ÍSAL hafi þá brotið lög? Ég spyr hv. þm. að því hvort hann telji að ÍSAL hafi brotið lög. Það er mjög mikilvægt að hv. þm. Gunnar G. Schram svari þessu og geri grein fyrir sínum sjónarmiðum. Hann er fulltrúi á löggjafarsamkomunni, kosinn af fjölda kjósenda. Þeir eiga rétt á því að vita hver er hans skoðun í þessu efni. Ég skora á hv. þm. að koma upp og gera gleggri grein fyrir sjónarmiðum sínum en hann gerði áðan.

Það sem hins vegar gaf tilefni til þessara fullyrðinga minna var m.a. orðalag hv. þm. um dómsáttina. Ég geri ráð fyrir að fleiri þm. hafi tekið eftir því en ég hvernig hv. þm. Gunnar G. Schram orðaði það. Hann sagði: Það var gerð dómsátt gegn greiðslu 3 milljóna dollara. — Það var verðlagningin á dómsáttinni, upp á 3 milljónir dollara. Mig hefur reyndar lengi grunað að menn hafi látið sér detta í hug að vera að braska með stöðu Íslands í þessu máli. En þá er fróðlegt að vita á hverju hv. þm. byggði það að dómsáttin var verðlögð á

3 milljónir dollara.

Þessi atriði, herra forseti, vildi ég nefna hér. Síðan vildi ég minna á þau atriði, sem fram hafa komið hjá hv. 5. þm. Austurl. og ég ætla ekki að endurtaka, varðandi afskriftir og varasjóði.

En að lokum ætla ég að spyrja hæstv. iðnrh. spurningar sem snertir þetta mál. Þannig er að á Alþingi 1966 eða 1967, þegar samningurinn við álverið var gerður, mótmæltu honum þm. Alþb. og Framsfl. á þeim tíma. Þá kom það upp að til stæði að ÍSAL gengi í Vinnuveitendasambandið. Forustumenn Alþfl., annars stjórnarflokksins, lýstu því þá yfir að þeir teldu að þar með væri fallin forsendan fyrir stuðningi þeirra við álsamninginn. Það hefur reyndar ekki komið fram hvort hv. þm. Alþfl. eru þessarar skoðunar enn þá og séu þar með á móti álverinu vegna þess að þessi forsenda er niður fallin. Það er ekki hægt að draga aðrar ályktanir af þeirra fyrri afstöðu. En núverandi ríkisstjórn undir forustu fyrrv. iðnrh. tók ákvörðun um að keyra álverið inn í Vinnuveitendasamband Íslands, svo og fleiri fyrirtæki, og þar með að skipa álverinu innst á bekk. (**Iðnrh.**: Er það núverandi iðnrh.?) Ég sagði fyrrv. iðnrh. Sverrir Hermannsson menntmrh. situr stundum þarna ekki langt frá þér. — Fyrrv. iðnrh. tekur ákvörðun um að keyra álverið inn í Vinnuveitendasambandið. Ég spyr hæstv. núv. iðnrh. hvort hann sé sammála því sjónarmiði sem þarna kom fram eða hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að álverið verði tekið aftur út. Ég held að það væri mjög æskilegt að fá fram svör í þessu efni.

Að lokum, herra forseti, vil ég leyfa mér að taka undir þá sérstöku gagnrýni, sem hér hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Austurl., varðandi það að stjórnarandstöðunni hefur verið haldið fyrir utan þetta mál algerlega. Það er í rauninni alger óhæfa hvernig stjórnarliðið hefur nálgast þetta mál, ekki þorað að setja aðra menn í þessi mál en úr sínum innsta hring, eins og hv. 2. þm. Reykn. Þó er t.d. ekki hægt að væna stjórnarandstöðuna um trúnaðarbrot þegar um hefur verið að ræða beiðni um trúnaðarmál frá ríkisstjórninni. Þá hefur reynslan verið sú að undanförnu að ríkisstjórnin hefur farið út með þau mál sem áttu að vera trúnaðarmál en ekki stjórnarandstaðan. Ég held að það sé alveg augljóst mál, herra forseti, að það væri eðlilegt að forsetar þingsins og formenn þingflokka tækju á því máli að ríkisstjórnin vinni ekki þannig framvegis, heldur sé gætt venjulegra þingræðislegra reglna þannig að fulltrúar stjórnarandstöðu fái möguleika til að fylgjast með málum rétt eins og var í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar um þessi mál var fjallað. Ég minni hæstv. forseta Nd. á að með því að þannig væri tekið á málum mundi það auðvelda meðferð þeirra á hv. Alþingi og skapa möguleika til þess að á málum væri jafnvel tekið með skipulegri hætti en þegar er gert, m.a. í hv. iðnn. þessarar deildar, þar sem komið hefur til tals að það þurfi alveg sérstaklega að setja ofan í við formann nefndarinnar. Ég held að það væri eðlilegt verkefni þingstjórnarinnar að beita sér fyrir hönd stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Þingstjórnin á að hafa yfirlit yfir allt sviðið. Forsetar deildanna eru líka forsetar okkar sem erum í stjórnarandstöðunni og ég tel að þeir hafi sýnt að þeir vita að þeir hafa skyldur gagnvart okkur eins og öðrum. Ég tel þetta einmitt vera mál sem er ástæða til að læra af og geri kröfu til þess að stjórnarandstaðan fái aðild að undirbúningi mála af þessum toga ekki síður en stjórnarliðið.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég byrja á að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir hans ágætu ræðu. Hv. 3. þm. Reykv. kemur varla í ræðustól án þess að tala best sjálfur máli andstæðinga sinna og ekki brást hann sjálfum sér í þetta sinn frekar en áður.

En það er margt, sem kom fram í hans ræðu, sem ég vil þó taka undir. Ég tek undir að það eru t.d. afskaplega óheppileg mistök að tafla sú sem hann gat um, á bls. 36, skyldi ekki hafa verið að öllu leyti rétt út reiknuð. Hann óskaði eftir að einhver ábyrgur aðili kæmi upp og bæði afsökunar á þessum mistökum. Það geri ég hér með sem iðnrh. því það er enginn annar ábyrgur fyrir því skjali sem hér hefur verið lagt fram, eins og hæstv. fyrrv. iðnrh. veit sem er ákaflega nákvæmur maður í öllum sínum vinnubrögðum, flokksfélagi hv. 3. þm. Reykv.

Ég vil aftur á móti mótmæla því að hér sé um blekkingarstarfsemi að ræða. Það veit hv. 3. þm. Reykv. að er ekki og er óþarfi fyrir hann að nota slík orð til að leggja áherslu á sitt mál. Hann er nægilega vel máli farinn til að nota aðrar leikreglur.

Ég vil ekki taka undir það að reka samninganefndina aftur til Sviss. Ég vil aftur á móti segja að ég er mjög ánægður með að samninganefndin hefur unnið ágætisstarf og ég hef ekki séð neina ástæðu til annars en að þakka henni vel unnin störf fyrir bæði þing og þjóð.

En það er eitt í viðbót sem ég vil leyfa mér að biðja hv. 3. þm. Reykv. afsökunar á og kannske þá Alþýðubandalagsmenn alla. Þeirri samninganefnd sem ég er nú ábyrgur fyrir hefur tekist að eyðileggja gott stríð sem þeir Alþýðubandalagsmenn höfðu gert sér vonir um að geta viðhaldið í lengri tíma en raun ber vitni. Ég skil vel að þeim sé illa við frið. Friður er bölvað vandamál fyrir þá. Nú er kominn friður og það er ekki nema eðlilegt að þá komi enn stærri vandamál. En ég bið Alþb. afsökunar á því fyrir mína hönd og fyrir hönd samninganefndarinnar að þetta þeirra persónulega stríð við Alusuisse hafi nú tekið enda.

Ég skal líka viðurkenna að þetta stríð er ekki bara til að skemmta sjálfum sér í Alþb. Ég veit að forveri minn í embætti, hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, gerði allt sem hann gat til að ljúka þessu stríði, en hans kröfur og hans stolt fyrir hönd Íslands í þessu máli voru meiri en hægt var að ná samkomulagi um. Ég skal viðurkenna að þrátt fyrir að ég sé ánægður með það samkomulag sem hefur náðst og að vandamál sem uppi var er nú leyst hefði ég, og það er alveg sama hver útkoman hefði verið, gjarnan viljað fá meira út úr því. En það þarf að ná góðu meðaltali út úr öllu því sem á að heita samkomulag, annars er það skömmtunarseðill frá öðrum aðilanum. Við því tókum við ekki, langt frá því. Hvorugur aðilinn vann sigur og hvorugur aðilinn tapaði. Það náðist einfaldlega samkomulag og það náðist friður. Það held ég að sé stórt atriði.

Ég vil leyfa mér að svara hv. 3. þm. Reykv. að lokum, síðustu spurningu hans er varðar inngöngu ÍSALs í VSÍ. Ég hef ekki hugsað mér að leggja til að álverið fari úr VSÍ, einfaldlega vegna þess að ég hef ekkert hugsað það mál. Þessi spurning eða önnur tengd álverinu annars vegar og VSÍ hins vegar hefur ekki komið á mitt borð þannig að ég hef ekki haft neina

ástæðu til að leggja vinnu í að kanna það mál og hef ekki hugsað mér að gera það. Þó útiloka ég ekki að slík staða gæti komið upp.

Ég vil þá fara nokkuð í efnispunkta í ræðu hv. 5. þm. Austurl. sem hann hélt hér síðast þegar þetta mál var á dagskrá, að ég held í gær, en hæstv. viðskrh. Matthías Bjarnason gerði í framsöguræðu með frv. þessu, sem flutt var í forföllum mínum vegna setu minnar á fundi iðnaðarráðherra Norðurlanda á Álandseyjum í síðustu viku, ítarlega grein fyrir frv., aðdraganda þess og helstu nýmælum í 4. viðaukasamningnum. Ég skal því víkja stuttlega að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í ræðum um málið og nokkrum efnisatriðum sem rétt þykir að fjalla um af því tilefni.

Vil ég þá byrja á meginreglu um „arm's length". Meginreglan um stöðu ÍSALs í skattalegu tilliti hefur ávallt verið sú að meta eigi öll viðskipti félagsins eftir þeim mælikvarða er gildir um viðskipti óháðra aðila, þ.e. „arm's length", milli aðila í seilingarfjarlægð. M.ö.o. á að líta á ÍSAL eins og það sé sjálfstætt fyrirtæki en ekki einungis sem deild í Alusuisse og meta frammistöðu þess út frá hagsmunum rekstursins hér á landi en ekki einungis út frá heildarhagsmunum Alusuisse. Í samræmi við þetta hefur það verið annað aðalatriði samningsins, sem nú liggur fyrir, að tryggja eðlilega framkvæmd þessarar meginreglu með því að gjaldaliðir allir og tekjuliðir séu sem næst eðlilegu heimsmarkaðsverði á hverjum tíma. Verður vikið nánar að einstökum liðum hér á eftir í þessu sambandi.

Hitt aðalatriðið er að tryggja eðlilega skattbyrði á fyrirtækinu miðað við þá afkomu sem þannig er meint. Í samningnum hefur þetta verið gert með því að halda núverandi veltuskatti óbreyttum, þ.e. lágmarksgjaldi á tonn, en hafa skattlagninguna að öðru leyti samkvæmt tilteknum skattstiga á nettótekjur, auk þess sem settar eru nýjar reglur um fyrningu og endurmat eigna. Með þessu eru skattlagningarreglur varðandi ÍSAL færðar nær því sem venjulegast er að beita við sköttun fyrirtækja og nær því sem almennt gildir samkvæmt íslenskum skattalögum.

Um þetta síðarnefnda meginatriði er það að segja að á sama hátt og einstakir kostnaðarliðir til skatts eru færðir á grundvelli eðlilegs „armslengdarverðs", þ.e. heimsmarkaðsverðs, verður skattbyrðin sjálf að vera sambærileg og gerist í þeim löndum sem við helst miðum okkur við, auk þess sem tekið er mið af íslenskum aðstæðum.

Ég vil þá ræða lítillega um veltuskattinn.

1. Eins og tekið var fram í framsöguræðu með frv. er veltuskattur í grannlöndum okkar nokkru lægri en gildandi veltuskattur hjá ÍSAL. Veltuskattur að fjárhæð 20 bandaríkjadollarar á tonn jafngildir nú um 1,4% veltuskatti í meðalári, þ.e. ef álverð er um 1400 dollarar á tonn, en getur verið um eða yfir 1,7% í slæmu árferði, þ.e. ef álverð er um 1200 dollarar á tonn eða lægra. Í góðæri, þ.e. ef verð á áli er um 1700 dollarar og yfir, jafngildir þetta um 1,2% veltuskatti.

2. Veltuskattur, þ.e. skattur annar en launatengd gjöld, er fyrirtæki greiða hér á landi, er aðstöðugjald sem er um 1% af aðstöðugjaldsstofni og auk þess fasteignaskattur. Um Íslenska járnblendifélagið hf. hefur sú sérregla verið sett að félagið greiðir 0,5% af aðstöðugjaldsstofni í landsútsvar, auk fasteignaskatta sem hafa numið u.þ.b. 0,45% af veltu á liðnum árum.

Samanburður á skattbyrði milli ríkja er vandasamur og margs að gæta í því sambandi, en varðandi veltuskatta hafa Coopers & Lybrand sett fram það mat að veltuskattar í Evrópu séu um helmingur af núverandi grunngjaldi, þ.e. umræddum 20 bandaríkjadollurum á tonn. Með þessa staðreynd á borðinu var ekki unnt að ná fram kröfum um hækkun grunngjaldsins þrátt fyrir ítarlegar viðræður um það atriði.

Þá vil ég koma að tekjuskattsþættinum. Tekjuskattsstigi sá sem samið er um er á bilinu 35—55% eftir hagnaði á hverju ári. Hér hefði komið til greina að nota eina tekjuskattsprósentu, eins og nú er um íslensk fyrirtæki, þar sem hún er nú um 51%. Hins vegar kemur tvennt til um ÍSAL er skýrir þetta frávik frá umræddri prósentu. En það er:

1. Í gildandi aðalsamningi eru tekjuskattsmörkin frá 35—55% af hagnaði og því núverandi samningsréttur ÍSALs sem hafa varð til hliðsjónar.

2. ÍSAL hefur ekki yfirfæranlegt tap og því er ljóst að í góðæri verður skattstiginn nýttur til fulls. Hefði ÍSAL yfirfæranlegt tap jafnaðist hagnaðurinn á móti tapi og þá hefðu efri þrep skattstigans ekkert gildi. Yfirfæranlegt tap hefur mjög mikið gildi fyrir álfyrirtækin þar eð sveiflur í áliðnaði hafa reynst mjög miklar. Í Bandaríkjunum er ekki aðeins um yfirfæranlegt tap að ræða. Þar má enn fremur nota tap seinni ára og fá endurgreiddan skatt frá fyrri árum. Um það má eflaust deila hvort tekjuskattsþrepin innan markanna 35—55% hefðu átt að vera hærri eða lægri, en í samningnum voru þau ákveðin með tilliti til þess að skattbyrði ÍSALs yrði ekki lægri en hún hefði verið samkvæmt eldri reglum við venjulegar aðstæður, heldur yrði hún hærri við þær aðstæður sem líklegastar mætti telja. Algengur tekjuskattur á fyrirtæki í Evrópu er samkvæmt upplýsingum Coopers & Lybrand á bilinu 40—50%. Þó eru í flestum Evrópuríkjum sérstakir skattahvatar fyrir atvinnurekstur eða nýfjárfestingu sem þýðir í raun lægri skattamörk.

Í gögnum sem hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson dreifði á Alþingi miðvikudaginn 20. þ.m. var gerð athugasemd við töflu sem birtist á bls. 36 í grg. með frv. Við endurreikning hefur komið í ljós reiknískekkja sem veldur því að skattgreiðslur samkvæmt nýju samkomulagi eru ofreiknaðar lítillega. Munurinn er stigvaxandi í töflunni og er 0,1 milljón bandaríkjadollarar miðað við 7,5 milljón dollara hagnað, en verður mestur 0,6 milljónir dollara miðað við 30 milljón dollara hagnað. Leiðrétt tafla verður send iðnn. deildarinnar til athugunar.

Þessi leiðrétting breytir í engu þeirri niðurstöðu sem áður hafði verið komist að, þ.e. að sá skattstigi sem um var samið mundi að jafnaði gefa sömu eða hærri skatttekjur en fyrri samningur við þær efnahagslegu aðstæður sem líklegar mættu teljast. M.a. benti athugun til þess að framleiðslugjaldstekjur samkvæmt hinum breytilega tonnataxta mundu að verulegu leyti ráðast af ákvæðinu um 35% af hagnaði sem lágmark viðbótarskatts. Það væri aðallega á tilteknu þröngu hagnaðarbili og þá miðað við tiltekið álverð sem ólíklegt þótti að farið gæti saman á sama tíma að hinn breytilegi tonnataxti mundi hafa veruleg áhrif til hækkunar á skatti.

Í viðræðum um skattstigann kom í ljós að ekki væri grundvöllur til að ákvarða hann þannig að hann gæfi í öllum tilvikum hærri skatttekjur en fræðilega væri hægt

að ná með hinu breytilega tonnagjaldi. Hins vegar væri það ekki nema í fáum ólíklegum tilfellum sem hið gagnstæða mundi verða. Á það er líka rétt að benda að þessi samanburður á milli hins gamla og nýja samnings er ekki alveg raunhæfur vegna þeirra breytinga sem náðst hefur samkomulag um varðandi útreikning á afkomu fyrirtækisins, en nánast er útilokað að vinna út raunhæfan samanburð sem tæki mið af afkomuforsendum miðað við hinn gamla og nýja samning. Þær töflur sem hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson dreifði á Alþingi draga einmitt fram þessi fræðilegu tilvik þar sem tonnagjaldið gæti hugsanlega orðið hærra en viðbótarskattur samkvæmt hinum nýja samningi.

Um töflu 2 í gögnum hv. 5. þm. Austurl. gegnir allt öðru máli, en þar er í forsendum, sem Ríkisendurskoðun hefur ekki tekið neina afstöðu til, enda einungis athugað útreikning, gefið í skyn að samkvæmt hinum eldri reglum hafi ekki mátt leggja í varasjóð heldur einungis samkvæmt hinum nýju reglum. Þessi staðhæfing er röng og gerð til þess að fá út hagstæðan samanburð því að að sjálfsögðu gilti 20% ákvæðið um varasjóð einnig áður. Ef gera ætti samanburð þar sem gert væri ráð fyrir að fyrirtækið kysi að leggja ekkert í varasjóð hlýtur þá að eiga að reikna skattana út frá slíkri forsendu einnig að því er varðar tekjur samkvæmt hinu nýja samkomulagi. Ef það er gert breytist hin mjög svo misvísandi tafla verulega.

Við athugun á helstu verðmiðunum á áli varð fljótlega ljóst að verðformúla orkusölusamningsins frá 5. nóv. 1984 þótti gefa góða mynd af stöðu áliðnaðarins á hverjum tíma. Þá var í formúlu þessari hæfileg blanda af álviðskiptum, bæði hvað varðar verðlagningu framleiðenda á áli og verðlagningu í frjálsum sölum. Jafnframt var kosturinn sá að sama viðmiðun um verð á áli er notuð bæði vegna þróunar orkuverðs og vegna tekna til skatts. Kosturinn við verðformúlu þessa er enn fremur sá að verðviðmiðanir eru ekki háðar breytingum vegna aðgerða á valdi aðilanna sjálfra.

Aflað var upplýsinga um stöðu súrálsmarkaðar og kom fram að verðlagning súráls umreiknuð sem hlutfall milli óskyldra aðila í sölusamningum til lengri tíma var á bilinu 1:7,5 til 1:8,5. Samningar tókust um að miða skattlagningu ÍSALs við verðhlutfallið 1:8, þ.e. 12,5% af álverði.

Markaður fyrir súrál er mjög viðkvæmur og á síðustu 2—3 árum hefur hann breyst mjög. Vandasamt er að halda birgðir af súráli sem vill taka í sig raka. Auk þess er kostnaðurinn við birgðahald mikill. Því er oft hægt að fá einstaka farma af súráli fyrir mjög lágt verð eða sem svarar hlutfallinu 1:10, en það getur jafngilt rúmlega 100 dollurum fyrir tonnið. Framleiðslukostnaður súráls er um 150 dollarar á tonnið í eldri verksmiðjum en yfir 200 dollarar á tonn í nýjum verksmiðjum, svo sem í súrálsverksmiðjunni sem nýlega var reist á Írlandi. Súrálssamningar til lengri tíma eru því á bilinu 1:7,5—1:8,5 þótt lægri hlutföll, t.d. 1:6,5, séu einnig þekkt. Súrálshlutfallið í samningnum er miðað við súrál frá Gove í Ástralíu sem er hágæða súrál og því verðlagt lítið eitt hærra en það sem lægst er í langtímasamningum.

Á árunum 1975—1984 gat eðlilegt heimsmarkaðsverð súráls að mati Coopers & Lybrand verið allt frá 10% af raunvirði áls upp í rúm 18% þannig að hér er gerður samningur um að binda verðið við lægri mörk þess sem verið hefur á liðnum árum. Þetta verðhlutfall er sambærilegt því sem kröfur ríkisstjórnarinnar voru um í gerðardómsmáli því sem rekið var um hráefnaverð í New York á árinu 1984.

Verðlagning rafskauta er vandasamt mál. Eins og kunnugt er eru alþjóðlegar réttarreglur um mat á verðlagningu aðfanga eða afurða á milli skyldra aðila þannig:

a. Ef finna á verð í frjálsum sölum milli óskyldra aðila í svipaðri aðstöðu ber að leggja slíkt verð til grundvallar. Ekki er gerð athugasemd við verð sem er innan algengra efri og neðri marka í slíkum viðskiptum.

b. Ef sambærilegar óháðar tölur eru ekki tiltækar og aðeins í því tilfelli er gripið til þeirrar nálgunar að reikna út framleiðslukostnaðinn og bæta við eðlilegum hagnaði.

Þar eð óháð viðskipti með rafskaut voru óveruleg á árunum 1975—1980 var verðlagning rafskauta í skattarannsókn Coopers & Lybrand á því tímabili grundvölluð á athugun á framleiðslukostnaði þeirra í rafskautaverksmiðju Alusuisse í Hollandi. Frá árinu 1980 hafa viðskipti með rafskaut aukist og nú er svo komið að allmargir aðilar, og meðal þeirra álfyrirtækin norsku og stærri bandarísku álfyrirtækin, kaupa rafskaut af Alusuisse vegna álbræðslna sinna í Evrópu. Coopers & Lybrand hafa vegna endurskoðunar á ársreikningum ÍSALs 1981, 1982, 1983 og 1984 í auknum mæli stuðst við verðlagningu í þessum sölum vegna viðmiðunar til skatts. Verð á rafskautum til ÍSALs hefur farið lækkandi á liðnum árum og hafa Coopers & Lybrand ekki gert athugasemd við verðlag allra síðustu ára.

Hafa ber í huga að árleg endurskoðun ársreikninga ÍSALs hefur að sjálfsögðu leitt til þess að skoðanir aðila á framkvæmd skattakaflans hafa skýrst og sjónarmið verið samræmd. Ekki verður heldur dregið í efa að virkt skattaeftirlit þýðir betri skattaskil.

Eftir athugun Coopers & Lybrand á gildandi viðskiptasamningum um sölu á rafskautum Alusuisse á næstu fimm árum lögðu endurskoðendurnir til að þessi viðmiðun yrði tekin upp. Studdust þeir í því efni við leiðbeiningarreglur OECD um „transfer pricing", en sú regla er svo orðuð að aðeins beri að miða við framleiðslukostnað ef upplýsingar um sambærilegar óháðar sölur eru ekki tiltækar.

Reynt hefur verið að tryggja reikningsskil sem gefa raunsanna mynd af afkomu fyrirtækisins og er það nauðsynlegt, ekki aðeins vegna skatta heldur og til að meta afkomumöguleika fyrirtækisins. Fyrningar hafa verið færðar sem næst raunverulegum fjárhæðum. Varast ber að ræða það sem eftirgjöf eða því um líkt. Gera verður þá kröfu að mæling afkomu sé sem réttust.

Gengisákvæðin í viðaukanum eru í aðalatriðum þessi: Allar stærðir í rekstrarreikningi eru færðar til tekna eða gjalda mánaðarlega eða á meðalgengi. Er það í samræmi við það sem raunverulega gerist. Fjárhæðir í efnahagsreikningi eru færðar á árslokagengi, enda á efnahagsreikningur að gefa rétta mynd af stöðu fyrirtækisins í árslok. Þetta eru eðlilegar reglur sem rétt þótti að taka inn í samning milli aðila þannig að ekki yrðu um þetta deilur.

Með samningsbreytingu þeirri sem gerð var á aðalsamningi 5. nóv. 1984 var lögfest árleg óháð endurskoðun á ársreikningum ÍSALs af hálfu ríkisstjórnarinnar. Slík endurskoðun var valkvæð fyrir þann tíma. Er ákvæði þetta óbreytt í þessum viðauka. Leggja verður

ríka áherslu á þýðingu þessa ákvæðis. Er ljóst að heppilegra er að skattþegi viti af reglulegu eftirliti, auk þess sem auðveldara er að leysa vandamálin árlega frekar en láta hugsanleg deiluefni magnast í mörg ár. Gagnstætt því sem haldið hefur verið fram breyta ákvæðin um upplýsingar frá Alusuisse vegna verðlagningar rafskauta í engu almennum rétti ríkisstjórnar til skattaeftirlits samkvæmt reglum aðalsamningsins.

Í umræðunni hefur verið vikið að þeirri breytingu sem gerð var í fyrra á orðalagi greinar 2.03, staflið c í aðstoðarsamningi, varðandi útvegun hráefna, og því haldið fram að breytingin skerði rétt okkar í skattalegu tilliti. Hér er hins vegar um misskilning að ræða. Þetta ákvæði í aðstoðarsamningnum var aðeins þáttur í þeirri stefnumörkun samninganna að meta ætti viðskipti ÍSALs eins og hjá sjálfstæðu fyrirtæki með sjálfstæða hagsmuni en ekki einungis út frá heildarlegum hagsmunum Alusuisse. Meginreglan um þetta var sett fram í grein 27.03, nú 27.01, í aðalsamningnum og ákvæðið í aðstoðarsamningnum átti að falla undir þá reglu en ekki að hafa sjálfstætt gildi í skattalegu tilliti. Rétta aðferðin samkvæmt samningnum var að reyna að meta á hverjum tíma hvaða viðskipti óháðra aðila væru sambærilegust við viðskipti ÍSALs og Alusuisse og líkust þeim aðstæðum sem þar væri um að ræða. Ákvæðið í aðstoðarsamningnum gat verið til leiðbeiningar við þann samanburð sem gera þurfti í þessu sambandi en átti ekki að hafa neina úrslitaþýðingu. Raunverulegar kröfur á hendur Alusuisse voru fyrst og fremst byggðar á þessu sjónarmiði. Grundvöllurinn til raunhæfrar kröfu á hendur Alusuisse var því hinn sami og áður hafði verið og samningarnir nú í sumar um ný viðmiðunarverð á hráefni og áli hafa verið gerðir með þann grundvöll í huga.

Í umræðunni hefur það borið á góma að Alusuisse muni nú eiga í deilum við stjórnvöld í Ástralíu vegna skatta þar í landi og að stjórnvöldin séu að leggja viðbótarskatta á dótturfélagið Austrasuisse á þeirri forsendu að verðið á súráli út úr Ástralíu hafi verið of lágt. Að svo stöddu sýnir deilan að umræðan um svokallaða hækkun í hafi gaf ekki rétta mynd af skattskyldu Alusuisse á Íslandi þar sem það getur ekki farið saman að öllu leyti að súrálsverð sé of lágt í Ástralíu og of hátt á Íslandi. Væntanlega var eðlilegt heimsmarkaðsverð einhvers staðar þarna á milli, eins og menn hér á landi gerðu sér ljóst.

Þessar upplýsingar frá Ástralíu gefa ekki tilefni til neins endurmats á þeirri sáttargerð sem gerð var við Alusuisse 5. nóv. 1984. Það mál var ítarlega rætt á Alþingi í fyrravetur og óþarft að fjalla aftur um það núna. Einungis er rétt að undirstrika að fyrir þeirri sátt voru gildar forsendur og að niðurstaða málsins var Íslendingum hagfelld. Eflaust voru forsendur í Ástralíu að ýmsu leyti ólíkar og óvíst hvort möguleikar á annarri lausn málsins en fyrir dómi séu þar raunhæfir, en það er þeirra mál.

Fullyrt hefur verið að rangt hafi verið að skipta samningunum upp og skilja skatta eftir. Endurskoðun skatta sem og orkuverðs eru sjálfstæðir þættir sem standa á eigin fótum, byggja hvor í sínu lagi á traustum forsendum. Gerðardómsmöguleiki er alltaf fyrir hendi, einnig vegna rafskautaverðs. Greinar um skattaeftirlit eru óbreyttar. Á grundvelli þeirra náðist mjög góður árangur um framlagningu skjala frá Alusuisse vegna deilumálsins. Endurskoðun byggð á staðreyndum í áliðnaði er mjög eðlileg. Endurskoðun varðar álverð og hráefni til álframleiðslu. Því er nauðsynlegt að endurskoðun taki mið af áliðnaði.

Ég vona að ég hafi náð niður á blað öllum þeim spurningum sem hv. 5. þm. Austurl. beindi til mín við umræðurnar sem áttu sér stað um sama mál í gær og ef ég fer ekki rétt með bið ég hv. þm. velvirðingar á því.

Fyrsta spurningin sem hann lagði fyrir mig og ég mun reyna að svara er svohljóðandi: Hafa þingmenn stjórnarflokkanna skuldbundið sig til að styðja samningana og hver var afstaða ráðherra til samningsdraganna í júlí og nú í nóvember?

Svarið er: Þingflokkar stjórnarflokkanna hafa samþykkt að flutt verði stjfrv. um þetta mál. Ráðherrar og ríkisstjórn voru efnislega sammála samningnum við meðferð í ríkisstjórn bæði í júlí og nóvember.

2. Hvað veldur því að settar eru fram rangar upplýsingar?

Svarið er: Rætt hefur verið um villu í útreikningi á töflu sem byggðist á skekkju í útreikningi og er það leitt. Fullyrðing um að nýr skattstigi muni leiða til hækkunar á skatti er byggð á athugun á þeim tilvikum sem líklegust eru. Í grg. er um þetta fjallað. Um þessa villu hef ég ekki meira að segja en ég hef þegar að ósk hv. 3. þm. Reykv. beðist afsökunar á þessari villu. Hún hefur þegar verið leiðrétt hér til bráðabirgða, en mun verða leiðrétt á annan hátt fyrir Alþingi innan nokkurra daga.

3. spurningin: Spurt er hvort ráðherrar geti gert sér grein fyrir að nýju ákvæðin feli í sér afsal á fyrra rétti til endurskoðunar t.d. vegna rafskauta.

Svarið er: Með samningnum er reynt að skilgreina betur en áður „armslengdarverð" á aðföngum og áli. Er því um að ræða að auka áhrif ríkisstjórnarinnar á mat á „armslengdarverðum". Vísað er á bug staðhæfingu sem í spurningunni felst um að hér sé um eftirgjöf að ræða.

Hvað upplýsingar vegna rafskauta varðar er aðeins um að ræða aðferð við að láta tilteknar upplýsingar í té. Ákvæðin um árlega almenna endurskoðun eru óbreytt.

4. spurning: Hvert er rafskautaverð sem kemur út úr samningnum?

Svarið: Verð á hráefnum til ÍSALs er viðskiptaleyndarmál og því ekki hægt að tilgreina verð hér. Þó má upplýsa að verð á rafskautum hefur farið lækkandi á árunum 1981—1984. Einnig hefur komið fram opinberlega áður að Coopers & Lybrand hafa ekki gert athugasemdir við það verð á allra síðustu árum.

5. spurningin er svohljóðandi: Því er sölu- og tæknigjald óbreytt?

Svarið er: Skyldur Alusuisse um að ná góðu söluverði á áli frá ÍSAL hafa ekki breyst frá því sem nú er og álverð samkvæmt formúlum leiðir frekar til hækkunar. Tækniaðstoðargjald er óbreytt, 2,2%. Sú prósentutala jafngildir hlutfalli af veltu Alusuisse til rannsóknar- og þróunarstarfa. Miklu skiptir fyrir hagsmuni ríkisstjórnarinnar að Alusuisse sé tæknilega sterkt fyrirtæki.

6. spurning: Hvers vegna er skattalögsaga ekki í íslenskum höndum og voru tilraunir gerðar til að breyta því?

Svarið: Tekið skal undir það sjónarmið að farsælt væri að fella fyrirtækið alfarið undir íslensk skattalög og lögsögu. Sú breyting náðist ekki fram að þessu sinni. Hins vegar er mjög virkt skattaeftirlit samkvæmt

ákvæðum aðalsamnings þannig að þetta er ekki mjög knýjandi breyting. Um þetta atriði var ítrekað rætt í viðræðunum milli aðilanna.

7. spurning: Eru menn að lækka skattana? Eru þetta verðlaun til Alusuisse fyrir frammistöðuna í skattamálum?

Svarið er: *Fullyrðingin sem í spurningunni felst er* röng. Aðeins í tilteknum fræðilega mögulegum tilfellum geta nýju ákvæðin leitt til lækkunar á skatti. Þau tilvik sem raunhæft er að reikna með leiða til hærri skatta. Réttur til endurskoðunar á ársreikningum ÍSALs er óbreyttur.

8. spurning: Hvaða aðgerðir verða gerðar vegna túlkunar forstjóra Austrasuisse á sáttargjörð frá 5. nóv. 1984?

Svar mitt er: Ég mun ræða þetta mál við forráðamenn Alusuisse og fá skýringar þeirra á þessu áður en eitthvað verður aðhafst í þessu máli.

Ég vil taka það fram að í þessu sambandi voru það ekki fyrstu upplýsingar sem ég fékk frá hv. 5. þm. Austurl. Þann sama morgun og hann dreifði sínum gögnum hér bárust mér frá Íslendingi erlendis, hann heitir Elías Davíðsson og virðist búa í Basel í Sviss, upplýsingar um sama efni. En ég mun ræða þetta mál við forráðamenn Alusuisse og fá skýringar þeirra á þessu áður en ég aðhefst eitthvað í málinu.

9. spurning: Verður breyting á ársreikningi ÍSALs þannig að hægt verði að meta tilkostnað Alusuisse á hráefnum er það lætur ÍSAL í té?

Svar mitt er: Ekki verða aðrar breytingar á ársreikningum ÍSALs en þær er leiða af hinum nýgerðu samningum. Slík breyting felst ekki í samningnum að skylt verði að hafa þessar upplýsingar í ársreikningi.

10. spurning: Hvers vegna er skatturinn óverðtryggður og hvert er raunverð 20 dollara veltuskattsins, sem samið var um árið 1975, í dag?

Og svarið er: Ekki náðist fram breyting á veltuskattinum, t.d. með að tengja hann álverði eða verðtryggja hann, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af Íslands hálfu. Næsta heildarendurskoðun á skattakaflanum, þar með talin fjárhæð veltuskattsins, fer fram miðað við 1. okt. 1994. 20 bandaríkjadollarar árið 1975 jafngilda 11,45 bandaríkjadollurum reiknað samkvæmt heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum. Taka ber tillit til þess að álverð hefur ekki hækkað í takt við heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir helstu atriði í frv. því sem hér er mælt fyrir. Ég vil leggja áherslu á að með samningsgerð þessari er lokið alllöngu tímabili deilna milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse. Tekist hefur að semja um óháða utanaðkomandi mælikvarða um innanfélagsviðskipti Alusuisse við ÍSAL þannig að komast má hjá kostnaðarsömum deilum um það mál.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á áhrif þeirrar aukningar á eigin fé sem fram fer í tengslum við hinn nýja samning. Langtímaskuldir ÍSALs 31. des. 1984 námu um 100 millj. bandaríkjadollara. Breyting skulda í eigið fé að jafngildi 40 millj. bandaríkjadollara bætir því verulega eiginfjárstöðu fyrirtækisins og hefur í för með sér mikinn vaxtasparnað í rekstri. Skyldur Alusuisse um að halda ákveðnu hlutfalli eigin fjár og skulda hefðu ekki leitt til þessarar innborgunar eins og haldið hefur verið fram.

Loks er rétt að árétta viðskiptalega viðkvæmni þeirra upplýsinga sem sumar ákvarðanir um verð og viðmiðanir byggjast á. Hugsanlega verður hægt að fjalla nánar um það í meðförum málsins hjá hæstv. iðnn.

Ég held að ég hafi þá farið yfir þetta mál að svo miklu leyti sem ég taldi nauðsyn á miðað við þær umræður sem fram hafa farið frá því að hæstv. viðsk.- og samgrh. *flutti framsögu fyrir mína* hönd við framlagningu frv. og sé ekki í þeim punktum sem ég hef skrifað niður ástæðu til þess að hafa mál mitt mikið lengra. En ég harma að menn skuli, þrátt fyrir pólitíska ágreining okkar á milli, ekki sjá hag í því að þeirri deilu, sem hefur verið í gangi í nokkur ár við þennan stóra viðskiptaaðila ríkisstjórnarinnar í raforkukaupum, er nú lokið eða á lokastigi. Ég held að það sé pólitískum deilumálum ofar og þó að ég skilji vel að það þarf að halda uppi pólitískum ágreiningi milli flokka, ég tala nú ekki um stjórnar og stjórnarandstæðinga, finnst mér oft ekki *nógu mikið tillit tekið til hagsmuna þjóðarinnar út á* við. Allir viljum við vel og á þessu síðustu tímum og nokkur síðari ár höfum við reynt að laða hingað aðila sem geta samið við okkur um kaup raforku, en ég er ansi hræddur um að það verði erfiðara og erfiðara eftir því sem fleiri og lengri og flóknari deilumál eru í gangi við þá sem hingað hafa þegar komið með starfsemi sína.

Ég vil þó að lokum segja að ég mun sem iðnrh. að sjálfsögðu fagna komu stóriðjuvera eða stórra orkukaupenda, en ég mun jafnframt leggja á það megináherslu, eins og kom fram hjá hv. 3. landsk. þm., að fullvinnslufyrirtæki fylgi með. Eg held að það sé mikið atriði að fá hingað eins mikið af smáiðnaði, hvort heldur það er á vegum útlendinga eða innlendra aðila, og mögulegt er. Ég held að sá iðnaður sé undirstaðan að meiru en stóriðja getur nokkru sinni verið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég skil vel að forseti hafi áhuga á að geta lokið þessum þingfundi og ekki ætla ég að bregða fæti fyrir það, enda hafa engin tímamörk verið sett um þessa umræðu. Hér hafa hæstv. ráðherrar talað í þessu máli nú við 1. umr. langt mál, sem ég ekki lasta, og hér hefur hv. 2. þm. Reykn. flutt ítarlegt mál við umræðuna sem ég tel heldur ekki óeðlilegt vegna ábyrgðar hans í þessu máli sem samninganefndarmanns. Ég hef vissulega ástæðu til að bæta allmiklu við það sem fram kom hjá mér fyrr við þessa umræðu, en með tilliti til þess að ég á sæti í iðnn. þessarar hv. deildar mun ég leitast við að þjappa saman þeim atriðum helstum sem ég vildi koma að á þessu stigi málsins þannig að mál þetta komist til nefndar. Ég hef enga ástæðu til að standa í vegi fyrir því, en taldi nauðsynlegt fyrr við umræðuna að bera fram ýmsar fyrirspurnir og athugasemdir við málsmeðferð og framlagningu málsins og túlkun málsins eins og fram hefur komið. Ég treysti því að hv. iðnn. taki á þessu máli sem vera ber með vönduðum vinnubrögðum því að það eru sannarlega mörg atriði sem óljós eru á þessu stigi máls, eins og fram hefur komið bæði vegna þeirra fyrirspurna sem ég hef þegar lagt hér fram og eins þrátt fyrir þau svör sem fram hafa komið frá hæstv. ráðh. þar að lútandi.

Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hann veitti við spurningum mínum þó að ég telji þau í ýmsum tilvikum engan veginn fullnægjandi eða skera úr um ágreiningsefni eða vafaatriði sem geta varðað matið á þessum samningi og einstök samningsákvæði.

Ég vil draga það fram hér í upphafi að þegar hefur komið fram að í þingskjali á bls. 36 kemur fram talnaleg villa, sem varðar mat á þessum samningi miðað við 35% ákvæðið um nettóskatt, og hæstv. iðnrh. hefur þegar beðist velvirðingar á því, beðist afsökunar á því að þetta mál skuli þannig fyrir lagt.

Ég nefndi í ræðu minni að þetta væri byggt á þeim tölum sem stjórnarandstaðan fékk sem trúnaðarmál í júlímánuði frá hæstv. fyrrv. iðnrh. og eru þær óbreyttar í þessari töflu, þannig að menn virðast ekki hafa haft fyrir því að reikna þetta dæmi út síðan, þó að auðvelt sé á grundvelli þeirra ákvæða og forsendna sem liggja til skattlagningar skv. þessu nýja samkomulagi.

Í öðru lagi hefur það komið fram að þær töflur, sem ég kom hér á framfæri við hv. þingdeild á miðvikudaginn var, að ég hygg, og yfirfarnar höfðu verið af Ríkisendurskoðun, hafa ekki verið vefengdar hér hvað útreikninga snertir. Hæstv. ráðh. talar um það með varfærnislegu orðafari, sem eðlilegt er, að um fræðileg tilvik sé að ræða í þessum útreikningum. Það gera menn eðlilega til að bera af sér blak, sem standa fyrir þeim ótvíræðu staðhæfingum í þskj., að skattar skv. þessu nýja kerfi, sem hér er hugmyndin að lögleiða, geti ekki lækkað frá því kerfi sem enn heldur gildi sínu og ekki hefur verið breytt. Það er reynt að draga fjöður yfir þessa staðhæfingu — og ég skil það ofurvel — og halda því fram að í þeim töflum, sem ég lagði hér fyrir, væri aðeins um fræðileg tilvik að ræða sem ólíkleg teljist miðað við rekstrarhorfur hjá fyrirtækinu og verð á áli, sem ég hygg að sé aðallega verið að tala um í þessu tilviki, og þar með hagnaðarvon ÍSALs í því tilliti.

Þetta er ekki fræðilegra en svo, eins og hver maður getur séð sem fer ofan í þessar töflur, að þarna er miðað við tilvik, bæði um hagnað og verðlag á áli, sem gengur inn í gildandi kerfi og þá kemur í ljós að í mörgum tilvikum — og þá er ég að tala um töflu 1 sem dreift var til hv. þm. — eru skattarnir skv. gildandi kerfi hærri. Þá eru hærri skattgreiðslur miðað við tiltekinn hagnað og tiltekið verð á áli. Þetta varðar ekki aðeins eitt hagnaðarbil, eina hagnaðartölu. Þetta er á öllu bilinu sem ég hef látið reikna miðað við hagnað frá 5 millj. bandaríkjadala og upp í 17,5 millj. bandaríkjadala hagnað. Þá reynast skattgreiðslur skv. gildandi kerfi hærri en það sem á að innleiða. Þetta gildir um verðbil á áli miðað við 5 millj. dollara hagnað, sem hefði nú þótt dálítið hjá ÍSAL miðað við afkomu síðustu ára, þá gildir þetta um álverðið frá 50 sentum á pund og upp í 200 sent, allan skalann. Eru þetta einhver fræðileg tilvik, hæstv. ráðh.? Eru þetta einhver fræðileg tilvik? Mér þætti fróðlegt að fá betri rökstuðning við slíkum staðhæfingum.

Eru það einhver fræðileg tilvik að hagnaður geti verið 7,5 millj. bandaríkjadalir hjá fyrirtækinu og álverðið nálægt 70 sent á pund, sem gefur 2,7 millj. bandaríkjadala í skatt í staðinn fyrir 2,1 millj. skv. gildandi kerfi? Ég man ekki betur hér í fyrra þegar við vorum að ræða um raforkuverðið og þá viðmiðun við álverð sem þar var innleidd en að álverðið á bilinu 70—80 sent á pund væri ekki ólíklegt tilvik í álverði. Það var svona verð sem menn voru að vænta að héldist a.m.k. og síðan færi það hækkandi upp í 100 sent á pund. Og þau tilvik, 100 sent á pund miðað við 10 millj. dollara hagnað, sýna einnig verulega hærri skatt skv. gildandi kerfi en skv. því sem á hér að lögleiða. 3,5 millj. bandaríkjadala í staðinn fyrir 2,9 millj. Eru þetta einhver fræðileg tilvik? Hvers konar málflutningur er þetta? Þurfa menn að vera að rökstyðja þennan samning, sem hér á að lögleiða, með því sem ekki er hægt að kalla öðru nafni en falsanir eins og málið var hér fyrir lagt? Með þeim orðum, sem í grg. standa og útreikningum sem þar eru fram bornir, er ekki hægt að kalla þetta öðru nafni.

Síðan koma ábyrgðarmennirnir sem að baki standa. Auðvitað er það ekki hæstv. ráðh., þann skamma tíma sem hann hefur verið í embætti, sem hefur setið með þetta reiknandi á hnjánum. Hann hefur sko haft alveg nóga hjálparmenn, þar með talinn hv. 2. þm. Reykn., sem hefur verið í þessu starfi, sem metið hefur verið til launa á við þingmannsstarf, undanfarin ár. Hann hefur verið að fást við þessi efni og væntanlega verið að reikna — með ekki betri árangri en hér kemur fram.

Þetta eru svo alvarlegir hlutir að það þýðir ekki að reyna að fela þessi efnisatriði hér með því að vísa til fræðilegra tilvika. Ég vil biðja hv. 2. þm. Reykn. að koma hér í ræðustól á eftir og greina frá því hvar þessi rammi sé sem hann er að tala um að sé líklegur. Hvar eru þessi ólíklegu tilvik í verði á áli? Eru þau á bilinu 70—80 sent á pund? Er hann að gera ráð fyrir því að álverðið fari upp í 100—200 sent á pund á næstunni? Ég get vel skilið það á grundvelli þess raforkusamnings, sem hv. þm. stóð að í fyrra, að hann hafi slíka óskhyggju uppi. Ég vil ekki fullyrða að það geti ekki gerst tímabundið að álverð skjótist upp í 100 sent á pund. En ég hef ekki mikla trú á að það verði meðalverð næstu ára, hvað þá þaðan af meira. Ég hef ekki mikla trú á því, því miður, getum við sagt, miðað við þá hagsmuni sem hér er um að ræða og þá afleitu samninga sem gerðir hafa verið í voninni um að álverð margfaldaðist frá því sem nú gildir. En þetta eru alvarlegir hlutir sem hér koma fram og þeir standa óhaggaðir, þó að reynt sé að draga fjöður yfir.

Varðandi töflu 2, sem dregur fram tilvik sem ég tók fram í ræðu minni um daginn að ekki eru eins líkleg til samanburðar en þó möguleg — og þar get ég notað orðið fræðilega möguleg — að ÍSAL hagnýti sér ekki ákvæði um varasjóð skv. gildandi samningi, til þess hefur ÍSAL ekki séð ástæðu fram að þessu — það er nú ekki fræðilegra tilvik en svo — en hins vegar að þeir geri það skv. nýju samkomulagi, og þá kemur fram að mjög miklu munar á skatttekjum allt frá 5 millj. dollara hagnaðarbili og svo langt sem ég lét reikna, upp í 15 millj. bandaríkjadala, og vil ég ekki fullyrða um það hver þróunin er þar fyrir ofan, en hún er trúlega í sömu átt.

Þetta læt ég nægja í bili um þessi efni því að sjálfsagt er að þau verði athuguð í iðnn. og reynt að leggja þar mat á, þannig að menn fái það kvitt og klárt hvað er rétt í þessu efni, og ég er ekkert hræddur um þá niðurstöðu miðað við þær forsendur og útreikninga, sem ég lagði fram hér fyrr við þessa umræðu, og sem staðfestir hafa verið réttir af Ríkisendurskoðun.

Þá vil ég nefna hér sem þriðja atriði mat á þessum samningum og endurskoðunarákvæði þeirra. Bæði hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykn. telja að engu hafi verið breytt sem máli skipti í sambandi við endurskoðunarákvæði þessara samninga, og eru þá að tala um bæði samninginn sem gerður var í fyrra og þann samning sem hér liggur fyrir, því að endurskoðunarákvæði hefur í engu verið breytt þar á milli í sambandi við samninginn í fyrra. En hins vegar eru tekin inn ný

ákvæði sem varða verðlagningu í tengslum við skatta á þeim þáttum sem tengjast þessum samningi, aðföngum til ÍSALs og seldum afurðum.

Ég vil spyrja þessa hv. þingbræður, hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykn.: Er það engin þrenging á endurskoðunarákvæðum að nú afsala íslensk stjórnvöld sér með öllu að endurskoða ársreikninga ÍSALs aftur í tímann hafi engar athugasemdir komið fram til 1. september árið eftir? (Gripið fram í.) Af hverju er hv. þm. að kalla hér fram í? Ræðustóllinn er opinn. Vill hann ekki skýra sitt mál hér á eftir? — Þá hefur Ísland afsalað sér rétti til þess að fara ofan í saumana á reikningum fyrri ára. Það er verið að útiloka tilvik eins og þau sem við þekkjum úr sögu síðustu ára þar sem íslensk stjórnvöld drógu fram upplýsingar með mikilli fyrirhöfn sem vörðuðu langt árabil aftur í tímann. Farið var ofan í saumana aftur til ársins 1975, og halda menn ekki að þær upplýsingar hafi styrkt samningsstöðu Íslands í sambandi við endurskoðun samninga sem staðið hafa yfir undanfarin ár?

Á hvaða bili liggur endurskoðunarréttur Íslands? Hvaða möguleika hafa menn þar? Jú, það eru fjórir mánuðir, frá 1. júní að telja líklega til 1. október varðandi þau atriði sem hér um ræðir í þessum samningi. Fjórir mánuðir og ekki meira. Ja, það má halda á spöðunum til þess að draga fram þætti sem snerta rekstur þessa fjölþjóðafyrirtækis, til þess að vera viss um að mönnum hafi tekist að fara þar ofan í saumana, á fjögurra mánaða bili frá því að ÍSAL skilar sínum skýrslum um framleiðslugjald og ársreikningar liggja fyrir, aðeins fjórir mánuðir. Síðan geta þeir verið rólegir því að hafi ekki komið fram athugasemdir eftir þann tíma, þá hefur Ísland engan rétt.

Hér er uppi mismunandi mat á ákvæðum þessa samnings frá 11. nóvember varðandi rafskaut og endurskoðunarákvæði um rafskaut. Ég hef vakið athygli á grein 27.04, þar sem fram kemur að verð á rafskautum skuli ákvarðað af Alusuisse og yfirfarið af endurskoðendum sem Alusuisse velur, yfirfarið og staðfest fyrir ríkisstjórnina. Ég mun í iðnn. fara ofan í það með lögfræðingum hvernig endurskoðunarákvæði skv. 29.04 í þessum samningi tengist þessu og aðrir þættir, sem snúa að endurskoðunarrétti, því að ég fékk ekki betur séð við yfirlestur á þessum samningi en að staða Íslands væri meira en tvísýn í sambandi við endurskoðun á rafskautaverði. En við skulum geyma okkur frekari umræðu um þau efni þar til iðnn. hefur farið vandlega ofan í saumana á þessu mikilsverða ákvæði sem aðstandendur samningsins túlka hér svo að ótvíræð séu, þá þannig að Ísland og gæsluaðilar af Íslands hálfu geti farið ofan í rafskautaverðið eins og hvern annan þátt, tekið það til endurskoðunar þrátt fyrir ákvæði 27.04 c-lið.

Ég vek athygli á því í tengslum við þessi efni jafnframt, að komið hafa fram nokkuð mismunandi framsetningar, svo að ekki sé meira sagt, mismunandi staðhæfingar, annars vegar hjá hæstv. iðnrh. og hins vegar hjá hv. 2. þm. Reykn. í sambandi við samninga um rafskaut, sem lagðir séu til grundvallar. Ég býst við að þeir mörgu hv. þdm. sem hlýða á mál okkar hafi tekið eftir að hæstv. ráðh. sagði að rafskautasamningarnir væru viðskiptaleyndarmál — hann sagði það hér í stólnum áðan — og því gæti hann ekkert sagt um hvaða verð það raunverulega er sem menn eru að tala um nema hann sagði almennt: Jú, það mun hafa lækkað verðið á rafskautum frá árinu 1981 að telja; það mun hafa farið lækkandi. En hvað sagði hv. þm. Gunnar G. Schram? Hann sagði að þetta væru opinber gögn, þessir samningar væru ekkert leyndarmál, þeir væru opinber plögg og lægju á lausu. Hefur hv. þm. Gunnar G. Schram vanrækt að upplýsa hæstv. iðnrh. um það og afhenda honum þessa samninga? Ég er aldeilis hissa á að hæstv. ráðherra skuli ekki betur fóðraður af því liði öllu sem hann hefur á jötu í sambandi við þetta mál. Við í iðnn. munum að sjálfsögðu taka fegins hendi við þeim samningum, sem hv. þm. Gunnar G. Schram lýsti sem galopnum opinberum plöggum sem liggi á lausu, og líta á þá. En þeir varða auðvitað liðinn tíma kannske meira en framtíðina en geta þó haft gildi fram í tímann ef um langtímasamning er að ræða. Og ég fagna því að hv. þm. mun leggja fram væntanlega í þingdeildinni líka þessi opinberu plögg, þessa samninga um rafskaut sem þannig liggja á lausu, því að ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi í rauninni ekki fengið upplýsingarnar frá þessum samningamanni sínum og því verið að lýsa þessa samninga viðskiptaleyndarmál.

Ég ætla ekki að ræða frekar um rafskaut. Ég ætla aðeins að koma að súrálinu og því sem fram kom um verðhlutfallið þar og upplýsingar sem hér voru uppi hafðar í sambandi við þetta hlutfall og verðlagningu á súráli. Ég tók svo eftir að hæstv. ráðherra teldi að súrálsverð á bilinu 140 dollarar á tonn og upp í svona 200 væri ekki fjarri lagi. (Gripið fram í.) Einmitt, á því verðbili, og í því sambandi vil ég greina frá því að að undanförnu hafa súrálssamningar verið boðnir út. Það er sérstakt fyrirtæki í Egyptalandi sem hefur leitað tilboða til lengri tíma í súrál og það liggur fyrir og hefur m.a. komið fram í Metal Bulletin en ég hef einnig séð það frá forstjóra Austrasuisse í Ástralíu að þessi egypski aðili hafi fengið mjög hagstæð súrálstilboð frá óháðum súrálsframleiðendum, á bilinu frá 129 bandaríkjadölum á tonn og upp í 146 dali á tonn, fob. En síðan er einnig greint frá því af Powell forstjóra Austrasuisse í fréttatilkynningu sem ég hef fengið í hendur frá honum, sem er dags. 17. okt. 1985, að kaupendurnir hafa leitað samninga um lækkun á þessu verði niður í um það bil 85 dollara á tonn, 85—90 dollara á tonn. Og hann segir, þessi ástralski forstjóri, að verðbilið í þessu tilviki sé frá 85 dollurum á tonn upp í a.m.k. 146 dollara á tonn, súrálið, í langtímasamningum skv. útboði sem stór verksmiðja í Egyptalandi, álbræðsla, er að leita tilboða í. Svo eru menn að hæla sér af samningi sem byggir á verðhlutfallinu 12,5% af álverði fyrir tonnið af súráli. Ég held að menn ættu að bíða með að hafa uppi hólið um þau efni þó að ég ætli heldur ekki að vera með neinn stóradóm í sambandi við það hlutfall án þess að kanna þessi mál frekar. En ég mun veita hv. iðnn. aðgang að þessum upplýsingum sem forstjóri Austrasuisse dregur fram í fréttatilkynningu 17. okt. s.l. Til hvers haldið þið? Til að réttlæta lága útflutningsverðið frá Ástralíu frá sínu fyrirtæki þar sem hann hefur verið að draga undan skatti. Þetta er svolítið vandmeðfarið spil að svindla á báðum endum. Og ef menn eru kappsfullir eins og forstjórar dótturfyrirtækja Alusuisse, hvort sem það er í Gove eða Straumsvík, getur þeim orðið fótaskortur af því að báðir vilja sýna fram á réttmætið hjá sér á sínum enda.

Þá vildi ég ræða svolítið um bestukjaraákvæðin sem

báðir hv. talsmenn þessa samnings, hæstv. iðnrh. og hv. 2. þm. Reykn., vilja gera lítið úr að Ísland hefur samið af sér þó að fyrir liggi yfirlýsing hæstv. fyrrv. iðnrh. — sem toguð var upp úr honum í iðnn. Nd. í fyrra, fyrir réttu ári — um að brottfall þessa ákvæðis, sem hann var knúinn til á elleftu stundu að fella út úr aðstoðarsamningi um rekstur, hafi verið „veruleg veiking" á ákvæðum varðandi skattamálin. Því er þarna um að ræða stórkostlega alvarlega forgjöf í þessu máli um það leyti sem pakkanum var skipt og framhald málsins sett í allt aðra stöðu af þeim sökum. — Mér þætti vænt um, virðulegi forseti, ef hv. þm. hefðu fyrir því, ef þeir ekki sitja í þingsal, hæstv. ráðherra og hv. 2. þm. Reykn., að þeir a.m.k. hlýði á mál mitt og trufli ekki ræðuhöld með orðræðum. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. sem sitja þarna í hliðarherbergi að hafa lágt svo að heyrist.) — Og ég vil draga það fram í þessu samhengi að það er einmitt bestukjaraákvæðið í aðstoðarsamningi um rekstur sem gerði stöðu Íslands sterka fyrir dómstóli, fyrir gerðardómsnefndinni í New York, gerði hana verulega sterka og gerði kleift þetta samningsákvæði að knýja Alusuisse til að leggja þar fram skjöl að lokum sem sýndu raunverulegt kostnaðarverð á aðföngunum til ÍSALs og staðfestu yfirverðið á aðföngum sem haldið var fram af íslenskum málafærslumönnum fyrir þessum gerðardómi. Svo leyfa menn sér að koma upp í þennan ræðustól og sá maður sem hældi sér af því eftir þennan gerðardóm í blaðaviðtölum að hafa verið helsti tengiliður iðnrn. við gerðardómshópinn íslenska, sem vann að þessu máli, kemur og segir sem svo: Þessi ákvæði skipta ekki nokkru máli í sambandi við skattlagningu. Það gerir sko ekki nokkurn skapaðan hlut til að þau voru niður felld.

Ég verð að segja að ég tel það mjög sérkennilegan málflutning af hálfu hv. 2. þm. Reykn. sem hann hefur hér uppi, að gera lítið úr stöðu Íslands fyrir þessum gerðardómi, gera lítið úr þeim útlistunum sem fram hafa komið frá forstjóra Austrasuisse í Ástralíu, túlkun sem hann auðvitað hefur uppi að höfðu samráði við móðurfyrirtækið um það að ekki hafi verið hægt að rökstyðja kröfur Íslands. Þess vegna hafi Ísland fallist á dómsátt. Hæstv. ráðherra hafði þó skynsemi til þess að viðhafa ekki ummæli í þá átt sem hv. 2. þm. Reykn. gerði í þessu efni. Hann hafði fyrirvara og sagðist mundu taka þetta efni upp við Alusuisse, við ÍSAL og Alusuisse. Og ég verð að segja það að mér þótti gott að heyra þó það frá hæstv. ráðherra að hann hygðist ekki hlaupa fram hjá þessu máli eins og hann hefði ekki eftir því tekið, jafnaugljóst brot og hér er um að ræða á sáttargerðarsamningi aðila frá í fyrra. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, hvort sem hann svarar því við þessa umræðu eða 2. umræðu: Er hann reiðubúinn til þess, í ljósi þeirra ummæla sem starfsmenn Alusuisse hafa haft uppi eða túlkanir á sáttargerðarsamningnum, að leysa gerðardómsmenn Íslands undan þagnarheiti í sambandi við tiltekin atriði fyrir gerðardómi í New York? Er hann að öðrum kosti reiðubúinn sjálfur að upplýsa þau efnislegu atriði sem þar komu fram og snertu stöðu Íslands á þessu þýðingarmikla viðkvæma augnabliki fyrir gerðardómsnefndinni þar?

Ég hefði ástæðu til, herra forseti, að fara út í mörg atriði úr máli hæstv. iðnrh. og ekki síður hv. 2. þm. Reykn. umfram það sem ég hef gert. Ég ætla ekki, með tilliti til aðstæðna í deildinni og vegna þess að ég hef ekki á móti því að mál þetta komist til nefndar, að taka nema eitt atriði til viðbótar sem ég vil leggja áherslu á og gera um leið sterka athugasemd við á þessu stigi máls. Talsmenn þessa samkomulags lýsa því sem sérstökum kosti þess að *með því sé verið að girða fyrir* deilur, að það dragi mjög úr líkum á deilum í framtíðinni um skattamál. Og hæstv. iðnrh. lauk máli sínu á því að tala um að gott væri að deila væri á lokastigi. Það má kannske segja að endurskoðun á aðalsamningi sé deila. En þegar rætt er um deilur í tengslum við þennan samning hef ég skilið það svo að menn ættu við deilur um uppgjör skatta, skattskil fyrirtækisins. Um það var gert hvað fortíðina snertir samkomulag í fyrra, sáttargerðarsamningur, því miður á því stigi máls, því að það var ekki *réttur tími til að létta af Alusuisse þrýstingnum* og gera fyrirtækinu kleift að semja um framhald málsins sem hér liggur fyrir án þess að þeir hefðu hitann í haldinu í sambandi við skattadeilu að því er fortíðina snertir. Þar var illa haldið á íslenskum hagsmunum. Þar var rangt staðið að máli. En ég er síður en svo að *mæla* með því að deiluefni sé eitthvert atriði sem aðilar sem ganga til samstarfs eigi að hafa uppi eða viðhalda, síður en svo. En spurningin er: Hver brýtur á hverjum og hvernig er gengið frá samningsákvæðum? Það þarf ekki út frá íslenskum hagsmunum að vera eitthvað sjálfgefið að þannig sé gengið frá samningum að ekki geti orðið um þá deilur. Ef gagnaðilinn er það ósvífinn og óprúttinn í samskiptum að hann kýs að ganga á rétt gagnaðilans — það er það sem Alusuisse hefur gert hér líkast til allan þann tíma sem fyrirtækið hefur hér starfað, a.m.k. verulegan hluta þess tíma — hvernig bregðast menn þá við? Þá hlaupa íslenskir samningamenn upp til handa og fóta til þess að breyta samningsákvæðum, hvort sem það er varðandi aðföng og skilyrði um bestu kjör og annað þess háttar eða hvort það eru ákvæði um endurskoðun samninga, þeir hlaupa til og breyta þessum ákvæðum út frá óskum Alusuisse eða út frá forsendum sem Alusuisse hlýtur fyrst og fremst að horfa á að líkur minnki á því að deilur verði uppi. Það er réttur Íslands sem er verið að semja af sér með samkomulaginu í fyrra og með þessu samkomulagi. Þannig geta menn vissulega komið upp í ræðustól á Alþingi og haldið því fram að þeir séu að ná mikilvægu markmiði, að draga úr líkum á deilum. Ég vek athygli á þessum mjög sérkennilega málflutningi sem gengur eins og rauður þráður í gegnum ræður talsmanna þessa samkomulags.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara yfir fjölmörg atriði önnur sem ég hef ekki nefnt hér en sem mikil ástæða er til að taka fyrir síðar við umræðu um *þetta mál og líta á í* nefnd. Það geri ég fyrst og fremst með tilliti til aðstæðna í hv. þingdeild og þess að æskilegt er að mönnum gefist tími til að skoða þetta mál vel í hv. iðnn. Ég ætla þannig ekki að fara að etja kappi við hv. 2. þm. Reykn. um það *samkomulag sem við ræddum um í fyrra* varðandi raforkuverð og hann kaus að gera að meginefni í fyrri hluta ræðu sinnar. Hann kastaði þar fram framreiknuðum tölum um hinn gífurlega hagnað af samkomulagi um raforkuverð og hvernig að því öllu saman var staðið og dró þar til *vitnis Coopers & Lybrand og bréf sem* skrifuð höfðu verið til að sannfæra íslenska samningamenn um að þeir mættu semja á þessum nótum.

Ég nefni hér eitt atriði, sem ekki er stórvægilegt, en af því að ég kallaði fram í fyrir hv. þm. Hann nefndi

yfirlýsingar frá Coopers & Lybrand. Þær yfirlýsingar komu fram 28. júlí 1983 í bréfi frá Don Chilvers, starfsmanni Coopers & Lybrand, til Jóhannesar Nordals sem viðbrögð við símtali frá seðlabankastjóranum í sömu viku. Þetta bréf, eins og hálfs árs gamalt þegar samningurinn var gerður í nóvember 1984, var lagt fram sem eitthvert mikilvægt málsgagn í því samhengi. Það er langt seilst í sambandi við þetta mál í fyrra og við eigum eftir að sjá hvort reynt verður að renna álíka stoðum undir málflutning manna hér í framhaldsviðræðum um þetta efni.

Um raforkumálið og þróun þess mun okkur gefast tækifæri til að ræða því að við Alþýðubandalagsmenn í þessari þingdeild höfum óskað eftir skýrslu frá hæstv. iðnrh. um þróun þess. Mun hún væntanlega liggja fyrir áður en langt um líður þannig að þá getum við rætt um þau alvarlegu efni.

En að endingu nefni ég aðeins eitt sem fram kom hér í máli hæstv. ráðherra, þ.e. þróunin á verðgildi þess lágmarksskatts sem var lendingin í þessum samningaviðræðum sem staðið hafa um skattamálin ein í heilt ár. Hver hefur þróunin orðið á raungildi þess verðs skv. upplýsingum hæstv. iðnrh.? Það hefur breyst að raungildi. 20 bandaríkjadalir nú eru að raungildi 11,45 bandaríkjadalir miðað við það þegar þetta lágmarksgjald var upp tekið 1975. Þessi niðurstaða um lágmarksgjaldið segir talsvert um það efni sem hér liggur fyrir í þessum samningi sem reynt er að gylla með þeim hætti sem við höfum gert hér að umtalsefni og fram hefur komið þar sem upplýsingar í frumgögnum reynast rangar og staðhæfingar reynast í mörgum tilvikum vera rangar. Um þau efni gefst okkur væntanlega færi á að ræða síðar við síðari umræðu málsins.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. beindi til mín einni spurningu. Ef ég náði henni rétt þá hljóðaði hún svo: „Er iðnrh. tilbúinn til að leysa samninganefnd frá þagnarskyldu?“ Svar mitt verður að vera það að þegar tveir aðilar eða fleiri bindast þagnarskyldu tel ég mig ekki geta með einhliða ákvörðun leyst viðkomandi aðila undan þeirri þagnarskyldu sem í gildi er og á þeim hvílir. Svar mitt er því: Nei.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta frv. efnislega hér við þessa umræðu. Ég kem hér í ræðustól til að upplýsa háttvirta þingmenn, sérstaklega hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson og hv. 5. þm. Austurl. Hjörleif Guttormsson, um að við munum að sjálfsögðu athuga þetta mál mjög ítarlega í iðnn. deildarinnar, eins og við reyndar athugum öll mál þar, og upplýsa það að fullu þannig að hv. þingdeild þurfi ekki að ganga að því gruflandi til hvers hún er að taka afstöðu þegar málið kemur hér til annarrar umræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv. 65. mál (þskj. 67, n. 146). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta mál sem varðar tekjustofna sveitarfélaga.

Þetta frv. er afskaplega einfalt í sniðum. Það fjallar um það að af vergum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði greitt 1,16% til landshlutasamtaka sveitarfélaga í stað 1% eins og hingað til hefur verið. Meginástæðan fyrir því að þessi breyting hefur verið gerð er að sjálfsögðu sú að landshlutasamtökunum hefur fjölgað um eitt og því meiri fjárþörf en áður var, en gert ráð fyrir sömu fjárhæð til þeirra allra.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, kom á fund félmn. Hann gaf okkur ýmsar upplýsingar sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér. M.a. kom fram í hans máli að fjárhagsstaða sveitarfélaganna er mjög misjöfn, eins og hún hefur raunar verið oft áður, en þó taldi hann að á undanförnum allra síðustu árum hefði fremur verið dregin burst úr nefi dreifbýlissveitarfélaganna, þ.e. að þau ættu örðugra með en áður var að standa umdir ýmsum lögboðnum kostnaðarþáttum, svo sem eins og skólahaldi. Fjárhagur dreifbýlissveitarfélaganna hefur sem sagt farið versnandi, því miður, samanborið við önnur sveitarfélög á undanförnum árum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Félmn. varð sammála um að þoka þessu máli áfram og raunar samþykkja það óbreytt. Undir nál. rita allir nm. í félmn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sóknargjöld, stjfrv. 150. mál (þskj. 164). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

Í athugasemdum frv. kemur fram að ríkisskattstjóri telur að ekki séu nægilega skýr ákvæði í fyrrnefndum lögum til að leggja á sóknargjöld fyrir næsta ár. Lögin eiga að taka gildi um næstkomandi áramót, 1. janúar 1986, en gjaldið skal miðast við tekjur frá fyrra ári, þ.e. frá árinu 1985. Ríkisskattstjóri telur að það þurfi skýrari ákvæði um að nota megi viðmiðun frá árinu 1985 á árinu 1986. Þess vegna er lagt til með 2. gr. þessa frv. að ótvíræð heimild sé fyrir slíku, eins og Alþingi mun að sjálfsögðu hafa ætlast til.

Í 1. gr. er einnig smávægileg breyting á lögunum, þ.e. að í stað þess að sóknargjöld verði birt á sama hátt og útsvar sé eðlilegra að hafa sama hátt á og um þinggjöld þar sem við innheimtu er miðað við ákvæði laga um tekju- og eignarskatt.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Miðvikudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, stjfrv. 145. mál (þskj. 159). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða 1986—1987 og ætla að reyna að gera grein fyrir frv. þessu í ekki allt of löngu máli.

Fyrsta spurningin, sem frv. þetta vekur, er sú hvort almennt sé nauðsynlegt að stjórna okkar fiskveiðum. Þar koma til margvísleg sjónarmið, aðallega að því er varðar fiskistofnana sjálfa, að því er varðar okkar markaði og svo ýmis þjóðfélagsleg rök. Við mótun fiskveiðistefnu í upphafi yfirstandandi árs var tekið mið af tillögum fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunar er ákveðin voru hámörk þess afla sem veiða mætti úr einstökum nytjastofnum. Ég hygg að við núverandi skilyrði séu það einkum slík rök sem rétt er að hafa efst í huga vegna þess að almennt eru okkar markaðsaðstæður góðar og segja má að þjóðfélagsaðstæður séu þannig að við þurfum á öllum þeim afla að halda sem við getum með hæfilegu móti tekið úr okkar fiskistofnum.

Í maímánuði var síðan aukið við þorskkvóta skipa um 5% en ljóst varð að vegna betri skilyrða í hafinu varð þyngdaraukning nokkru meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Endanlegur þorskkvóti varð því u.þ.b. 267 þús. lestir. Flest bendir nú til þess að þorskveiðin á árinu verði u.þ.b. 315 þús. lestir. Ástæður þess að afli fer yfir áður sett viðmiðunarmörk eru þrjár:

1. Heimild til millifærslu milli tegunda hefur leitt til aukningar þorskveiði og má gera ráð fyrir því að það geti verið u.þ.b. 20 þús. lestir.

2. Bátar undir 10 brúttólestum hafa farið verulega fram yfir viðmiðunarmörk eins og skilmerkilega hefur komið fram.

3. Sóknarmarksskip hafa haft möguleika til aukningar þorskafla. Þó er ekki fullljóst nú hve þungt þetta vegur en það gæti verið milli 15 og 20 þús. tonn.

Í september s.l. sendi Hafrannsóknastofnun frá sér árlega skýrslu sína um ástand nytjastofna og aflahorfur á næstu árum. Skýrsla þessi er óvenju snemma fram komin, sem er til mikilla bóta og þar af leiðandi mögulegt að vinna markvissara að undirbúningi fiskveiðistefnu fyrir næsta ár.

Einnig hefur verið gert verulegt átak í að kynna hugmyndir stofnunarinnar um land allt. Hefur þessi nýjung mælst mjög vel fyrir og er að mínu mati til mikilla bóta vegna þess að venjulega hafa tillögur stofnunarinnar ekki legið fyrir fyrr en um þetta leyti.

Í þessari skýrslu Hafrannsóknastofnunar kemur fram að umhverfisskilyrði í hafinu eru óvenju góð, t.d. hefur útbreiðsla hlýsjávar verið með mesta móti miðað við undangengin 20 ár. Einnig kemur fram að magn plöntusvifs og dýrasvifs virðist hafa verið yfir meðallagi. Þessi atriði ásamt mjög góðum gæftum víðast hvar um landið eru talin hafa stuðlað að nokkru betri aflabrögðum, einkum við þorskveiðar, en gera hefði mátt ráð fyrir í meðalárferði. Stofnunin telur erfitt að spá fyrir um framvindu umhverfisskilyrða í sjó enda hefur reynsla fyrri ára sýnt mjög skyndilegar breytingar þar á.

Af einstökum nytjastofnum hafa þorskinum verið gerð sérstök skil í skýrslu stofnunarinnar — en þessi skýrsla er prentuð með því frv. sem ég hér mæli fyrir — bæði vegna mikilvægis hans fyrir landið allt og einnig vegna þess að þorskveiðar hafa gengið öllu betur en á horfðist. Skv. nýjustu úttekt stofnunarinnar hefur sókn togara í þorsk verið áþekk og á árinu 1984. Árið 1985 er þorskafli á sóknareiningu hins vegar um 10% meiri. Nýja stofnmatið bendir til þess að veiðistofninn, þ.e. fiskur sem er fjögurra ára og eldri, hafi í upphafi ársins 1985 verið um 940 þús. tonn, sem er um 10% meira en fram kom í spá í okt. 1984. Þennan mismun má fyrst og fremst rekja til þess að mun meira hefur veiðst af sex ára fiski á þessu ári en búist hafði verið við. Hvað varðar aðra þorskárganga er spáin í okt. 1984 og núverandi mat hins vegar mjög líkt. Vegna þessa árgangs frá 1979 er nú gert ráð fyrir að hrygningarstofn í ársbyrjun 1985 hafi verið 320 þús. tonn miðað við 260 þús. tonn í síðustu skýrslu.

Í framreikningum stofnstærða er gert ráð fyrir að þorskaflinn í ár verði 310 þús. tonn, en líklegt er að hann verði lítið eitt meiri. Meðalþyngd og kynþroskaaldur þorsks verði óbreytt næstu árin. Með hliðsjón af þessu m.a. leggur Hafrannsóknastofnun til að þorskveiðar á árunum 1986 og 1987 verði takmarkaðar við 300 þús. tonn. Með því móti muni veiðistofninn vaxa nokkuð á árunum 1986—1988 vegna þess að góðir árgangar frá árunum 1983 og 1984 byrja að koma inn í veiðina.

Fyrstu sex mánuði ársins 1985 var ýsuaflinn um 13% minni en á sama tíma 1984. Eftir lélega byrjun hafa aflabrögð þó heldur glæðst er liðið hefur á árið. Við áframhald núverandi sóknar, þ.e. 45 þús. tonna afla á ári, mun bæði veiðistofn og hrygningarstofn vaxa á næstu árum. Við 55 þús. tonna afla er því spáð að veiðistofninn fari lítið eitt vaxandi en hrygningarstofn minnki enn frekar en orðið er. Hafrannsóknastofnun leggur til að ekki verði veitt meira en 50 þús. tonn af ýsu, en þeim afla verður ekki náð í ár.

Hafrannsóknastofnun vekur athygli á minnkandi karfaafla á sóknareiningu og telur flest benda til þess að um 23% minnkun á karfaafla verði að ræða á milli áranna 1984 og 1985, sem er að vísu að hluta til vegna minni sóknar. Hafrannsóknastofnunin varar við að haldið verði áfram að veiða meira úr karfastofninum en Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur lagt til. Leggur stofnunin til að ekki verði veitt meira en 85 þús. tonn af karfa 1986 og hvetur til að samkomulag náist um nýtingu karfastofna við þær þjóðir sem úr þeim veiða.

Ástæða er til að hafa áhyggjur af karfastofninum ekki síður en öðrum. Þar er um annað ástand að ræða en var hér fyrir nokkrum árum þegar það stjórnunarform, sem kallað hefur verið „skrapdagakerfi", var tekið upp. Ég ætla ekki að ræða frekar um ástand botnfisksstofnanna en það kemur allskilmerkilega fram í fskj. við þetta frv.

Um humarstofninn er það að segja að veiðar á þeim fiski hafa verið nokkuð svipaðar undanfarin ár og jafn afli. Nú er áætlað að stofninn sé heldur að vaxa og lagt til að þær veiðar verði lítið eitt auknar.

Að því er varðar loðnu- og síldveiðar þá hafa síldveiðar verið mjög jafnar á undangengnum árum, á bilinu 45—55 þús. lestir, og hefur tekist vel til um nýtingu þess stofns. En segja má að markaðsaðstæður hafi einkum hrætt menn frá því að minnka veiðarnar nokkru frekar. En svo virðist sem nú muni takast að selja við bærilegu verði þær afurðir sem framleiddar eru í ár jafnvel þótt það hafi lækkað frá fyrra ári.

Um loðnuveiðarnar hefur það komið skilmerkilega fram að undanförnu að þar er nú mjög góð veiði og má búast við því að þetta verði ein besta vertíð sem verið hefur í loðnuveiðunum. Hins vegar eru menn alláhyggjufullir vegna næsta árs.

Þegar spurt er um hvaða kostum það stjórnkerfi, sem notað er við fiskveiðarnar, þurfi að vera búið má vissulega telja fram mörg atriði. En þau atriði, sem einkum hafa verið höfð til viðmiðunar að undanförnu, eru eftirfarandi:

1. Aflinn verði innan ákveðinna marka, að stjórnkerfið bjóði upp á það að halda aflanum innan tiltekinna marka.
2. Að réttlát skipting sé milli skipa og byggðarlaga.
3. Að reynt sé að skapa eins tryggt atvinnuástand um land allt og nokkur kostur er.
4. Að það sé hvati í stjórnkerfinu til bættrar meðferðar og aukinnar verðmætasköpunar.
5. Að það sé hvati til lækkunar tilkostnaðar.
6. Að það sé stöðug þjónusta við markaði.
7. Að það sé lágmarksskerðing á athafnafrelsi.

Það hafa einkum verið tvö stjórnunarform sem hafa verið til umræðu að undanförnu þó að mörg önnur séu vissulega hugsanleg, þ.e. núverandi stjórnunarform sem byggir á því að viðmiðun sé við hvert einstakt skip, annars vegar aflamark viðkomandi skipa, að skipin fái úthlutað tilteknum afla, hins vegar sóknarmark þar sem kveðið er á um hámark þorskafla og tiltekinn dagafjölda sem viðkomandi skip má vera á sjó. Einnig einkennist núverandi stjórnunarform af heildarkvótum hjá smábátum og í fjórða lagi er lokun svæða, möskvastærð o.fl. sem lítill ágreiningur er um og allir viðurkenna að um slíka stjórnun þurfi að vera að ræða.

Annað stjórnunarform, sem einkum hefur verið til umræðu, er það sem kallað hefur verið „tegundamark", „skrapdagakerfi" eða ýmsum öðrum nöfnum. Aðaleinkenni þess stjórnunarkerfis er það að þar sé engin viðmiðun við einstök skip. Í fyrsta lagi skuli nota skrapdagakerfi sem byggir á því að þorskveiðar eru bannaðar tiltekinn dagafjölda á ári á ákveðnu tímabili og skipunum þá heimilað — venjulega er átt við togarana — að ganga í aðra stofna eins og karfa, ufsa, ýsu og annað sem gefst.

Í öðru lagi einkennist þetta stjórnunarform af því, skv. þeim tillögum sem fram hafa komið, að það séu heildarkvótar fyrir ákveðna flokka skipa. Þegar þessir heildarkvótar hafa verið veiddir skulu veiðar stöðvaðar.

Spyrja má margra spurninga um það hvort stjórnunarformið sé hæfara til að ná þeim markmiðum sem ég gat hér um áðan. Því hefur t.d. verið haldið fram að ekki hafi tekist að ná fyrsta markmiðinu, að aflinn verði innan ákveðinna marka, með núverandi stjórnunarformi. Ég tel að það sé rangt. Það hefur alltaf verið ljóst að þetta kerfi mundi bjóða upp á allmikla sveigju þannig að ef þorskafli væri góður gæti hann orðið meiri en kvótarnir gefa tilefni til. Það er það sem hefur gerst í ár að þorskveiðin hefur verið allgóð en veiðar úr öðrum stofnum fremur lakar. Þess vegna hefur þorskveiðin orðið meiri en hins vegar veiðar á öðrum botnfiski tilsvarandi minni og munar þar ekki mjög miklu á að því er varðar tonnafjölda.

Að því er varðar annað atriðið, þ.e. að réttlát skipting sé milli skipa og byggðarlaga og þá einnig tryggara atvinnuástand, þá fer það að sjálfsögðu mjög eftir því hvort menn ætla sér að stöðva veiðarnar þegar heildarkvótar eru ákveðnir, að það sé raunverulega hugmynd manna að veiðarnar verði stöðvaðar þegar þessu tiltekna marki sé náð. Sem dæmi má nefna að það gæti vel komið fyrir að vertíðaraflinn hjá bátunum væri búinn 1. apríl. Þá kæmi í ljós hvort það yrði svipuð umræða hér utan dagskrár á stöðvunardegi og var hér í þinginu í gær. Ég er ekki viss um að menn hefðu nægilega sterk bein til að þola að veiðarnar væru stöðvaðar á vertíðarsvæðinu þegar þessum heildarkvóta væri náð án tillits til þess hvernig aflabrögð hefðu verið í einstökum verstöðvum. Ég er helst á því að það mundu ýmsir rísa upp og spyrja hvort ætti nú að vega sérstaklega að þessu byggðarlaginu eða hinu eða þessu skipinu eða hinu. Þetta er mikill ókostur á stjórnunarkerfi sem byggir á heildarkvóta.

Í þessu sambandi má einnig taka fram að því er varðar hvata til bættrar meðferðar og aukinnar verðmætasköpunar og hvata til lækkunar tilkostnaðar að heildarkvótar leiða til enn meiri samkeppni í veiðunum. T.d. ef fiskur gefst vel á Breiðafirði er mjög líklegt að vertíðarflotinn muni streyma þangað í auknum mæli til að taka þátt í samkeppninni og vera með í því að ljúka við heildaraflann og ná sem mestu til sín. Ef hins vegar hvert og eitt skip hefur sína viðmiðun, annaðhvort heildarkvóta fyrir hvert skip eða svokallaða „þorskbremsu" í sóknarmarki, eru menn mun rólegri og tilbúnari til að bíða eftir að fiskurinn gangi á þau mið sem eru heföbundin fyrir viðkomandi skip. Ég er því fullviss um að það stjórnunarform, sem nú er notað, hefur yfirburði í þessum atriðum.

Varðandi síðasta atriðið sem ég nefndi, þ.e. lágmarksskerðingu á athafnafrelsi, er það einkum notað gegn núverandi stjórnunarkerfi að þar sé verið að skerða athafnafrelsi manna um of og skerða möguleika þeirra til að taka þátt í samkeppni um veiðarnar. Um þetta má vissulega deila. En það liggur hins vegar fyrir að um skerðingu á athafnafrelsi er að ræða í öllum tilvikum. Það má hugsa sér að gera það með ýmsum hætti. Það má gera það með því að fækka fiskiskipunum. Það er einnig skerðing á athafnafrelsi. Þegar upp er staðið er spurning hvers virði athafnafrelsið er ef mönnum tekst að eyðileggja eða stórskemma okkar fiskistofna. Það er ekki meginmarkmið okkar heldur að auka afrakstursgetu þeirra sem mest.

Við undirbúning þess frv., sem hér er mælt fyrir, hafa

einkum þrjú atriði verið lögð til grundvallar. Það er í fyrsta lagi að byggja á þeirri reynslu sem við höfum öðlast á undanförnum tveimur árum og að mörgu leyti hefur gefist vel og farið betur en margur spáði í upphafi. Þessi reynsla er dýrmæt og þess vegna er rétt að byggja á henni en taka tillit til ýmislegs sem betur má fara eins og ávallt verður í allri stjórnun sem þessari.

Það hefur einnig verið haft til viðmiðunar að taka meginatriði reglugerðar inn í löggjöfina en margar gagnrýnisraddir heyrðust hér á Alþingi um það atriði. Menn töldu óeðlilegt að svo mikilvæg atriði væru ákveðin með reglugerð. En um atriði þeirrar reglugerðar var haft náið samráð við sjávarútvegsnefndir þingsins í upphafi. Það er vissulega mjög eðlilegt að slík gagnrýni komi fram. Með því að setja meginatriði þessarar reglugerðar inn í frv. er beinlínis verið að taka tillit til þess sem hefur komið fram í umræðum á Alþingi þegar þessi mál hafa hér áður verið til meðferðar.

Einnig hefur verið reynt að draga úr ókostum núverandi stjórnunar eftir því sem nokkur kostur er og vildi ég aðeins nefna þau gagnrýnisatriði sem einkum hafa komið fram.

Í fyrsta lagi hefur verið talið að stjórnunin sé ósveigjanleg, erfitt sé að taka tillit til nýrra aðstæðna. Sú sveigja, sem er fyrir hendi, er millifærsluheimild milli skipa. Aðilar geta valið á milli sóknarmarks og aflamarks. Spurningin er með hvaða hætti hægt er að auka þessa sveigju enn frekar. Það hefur verið gert með því m.a. að heimila millifærslu milli ára, þ.e. ef eitthvert skip einhverra hluta vegna telur sér ekki hagstætt að ljúka við aflamagn á árinu 1986 hefur það heimild til að færa 10% af þeim afla yfir á næsta ár. Þetta getur verið á margan hátt mjög hentugt en fram að þessu hefur þó viðkomandi skip þurft að færa aflann yfir á önnur skip. Væntanlega mundi þá draga úr millifærslum milli skipa við þessa heimild.

Einnig er aðilum heimilt að taka 5% af afla ársins á eftir á árinu 1986. Það getur einnig verið mjög hentugt. Ef skip vill fremur afla meira í nóvember og desember en minna í janúar og febrúar getur verið hentugt að geta gert slíkt. Einnig mun það væntanlega draga úr þeirri hættu sem er augljóslega á því að skip fari fram úr í veiðum og mun þá draga úr upptökum.

Eitt atriði hefur verið mjög gagnrýnt, þ.e. millifærslur á milli skipa. Fram kemur í þessu frv. að þar er raunverulega núverandi ástand sett í lög. Áfram er heimilt að færa á milli skipa innan tiltekinna marka. Þetta atriði hefur verið mikið gagnrýnt og verður mikið gagnrýnt áfram, það er mér alveg ljóst. Ef menn hins vegar hætta við það munu menn draga úr verulegri hagkvæmni sem hægt hefur verið að koma á á undanförnum árum.

Það hefur einnig verið gagnrýnt að of mikið magn hafi komið á land á ákveðnum tíma og orsakað slæma nýtingu hráefnis. Þetta er atriði sem hver og einn verður að reyna að ráða við og erfitt að gera það með reglugerðum og ráðuneytisskipunum í meira mæli en orðið er.

Einnig hefur verið gagnrýnt mjög að það væri óvissa um framtíðina. Við erum mikið um það spurðir hvað gerist á næsta ári og það er erfitt fyrir aðila sem eru að reyna að skipuleggja sína útgerð til nokkurra ára að vita ekkert um það með hvaða hætti veiðunum verði stjórnað á næstu árum. Ástæðan fyrir því að lagt er til að frv. gildi til tveggja ára, en áður hafði verið gert ráð fyrir þremur árum, er einmitt sú að með því er verið að draga úr óvissu um framtíðina og menn geta þá betur skipulagt sinn rekstur. Önnur ástæða fyrir því að lagt er til að lögin gildi í tvö ár er sú að með því er hægt að vinna sig út úr viðmiðun svokallaðra viðmiðunarára, sem getur ekki gengið til lengdar, en það er engin leið að komast frá þeirri viðmiðun nema lögin gildi til lengri tíma en eins árs. Þessi viðmiðun hefur verið mjög gagnrýnd og þeir sem vilja stuðla að því að komast frá henni hljóta að viðurkenna þá nauðsyn að lögin gildi til lengri tíma en eins árs.

Það atriði sem einnig hefur valdið mikilli gagnrýni eru veiðar smábáta og hefur farið mikill tími í umræður um þau mál. Þar er um marga báta að ræða og ég er helst á því að ef tegundamark svokallað yrði tekið upp gæti það þýtt nýja smábátaumræðu að því er varðaði flesta flokka skipa. Veruleg óþægindi fylgja því að vera með öll skip í einum flokki með tiltekið aflamagn og þess vegna er eðlilegt að nokkur umræða sé að því er varðar þessa báta og skal ég koma að því nánar síðar.

Það má segja að frv. hafi mótast í samspili milli ráðuneytis og svokallaðrar ráðgjafarnefndar þar sem eiga sæti fulltrúar allra hagsmunaaðila. Mikil vinna var lögð í frv. og tók það ýmsum breytingum í meðferðinni. Síðan var það lagt fyrir hina ýmsu fundi, hina ýmsu hagsmunaaðila í landinu, og má segja að almennt séð hafi það hlotið þar góðar viðtökur, ekki endilega vegna þess að allir væru svo hrifnir af því að viðhalda stjórnun sem þessari heldur einkum vegna þess að menn sjá ekki betri leið til þess að gera það sem gera þarf. Hagsmunaaðilarnir hafa séð það fyrir löngu að það eru þeirra hagsmunir að reynt sé að byggja stofnana upp og halda flotanum í skefjum og til þess þurfi að finna góða leið sem sem flestir geta sætt sig við. Eiga hagsmunaaðilar í sjávarútvegi miklar þakkir skilið fyrir það hvað þeir hafa lagt sig fram um að reyna að hjálpa til við að móta stefnu sem sem mestur friður gæti orðið um.

Meginatriði þessa frv. eru að vísu allmörg, en ég ætla rétt að fara yfir þau án þess að fara yfir einstakar greinar.

Í fyrsta lagi er meginatriði frv. það að það gildir til tveggja ára. Í því felst málamiðlun og í ljósi m.a. ályktana hagsmunasamtaka sem flest ályktuðu að lögin giltu ekki lengur en í tvö ár. Það má segja að þessi gildistími sé nægilega langur til að ná öllum meginmarkmiðum og þess vegna dregur hann úr óvissu og skapar möguleika á sveigjanleik.

Í öðru lagi er sveigjanleikinn aukinn almennt eins og ég gat um áðan. Það er fyrst og fremst með nýrri viðmiðun með sóknarmarki, millifærslu milli ára og í þriðja lagi að halda 10% millifærslu milli tegunda.

Þriðja meginatriði þessa frv. er að meginreglur eru nú settar í löggjöf, eins og ég kom að áðan.

Í fjórða lagi er það áfram meginregla að val er milli aflamarks og sóknarmarks eins og fram kemur í 4. gr.

Í fimmta lagi, eins og fram kemur í 3. gr., að fiskiskipastóll landsmanna stækki ekki. Það er almennt álit manna að fiskiskipastóllinn sé nægilega stór og engin þörf sé á að bæta við hann. M.a. telur svokölluð skipastólsnefnd — sérfræðingar, m.a. við Háskólann, hafa reiknað það út — að fiskiskipastóllinn sé 10% of stór jafnvel þótt hámarksafrakstri stofnanna sé náð. Ég skal ekki fullyrða um hvort þetta er talin góð niður-

staða, en hins vegar er ljóst að fiskiskipastóllinn er of stór. Við þyrftum ekki að vera með allar þessar takmarkanir sem nú eru á ef hann væri minni. Hins vegar verðum við Íslendingar að hafa það í huga að við búum fá í stóru landi og það eru mörg byggðarlögin sem þarf að huga að og margar fisktegundir sem einnig þarf að huga að þannig að fiskiskipastóllinn hlýtur alltaf að verða stærri en bestu hagkvæmnisútreikningar benda til með tilliti til okkar aðstæðna.

Í sjötta lagi geta menn skapað sér nýja viðmiðun með sóknarmarki eins og ég kom að áðan, en um þetta atriði er fjallað í 7. gr.

Í sjöunda lagi er flutningur milli tegunda á milli ára í 8. gr. og í áttunda lagi er í 9. gr. fjallað um reglur smábátanna sem hafa komið til umræðu. Með þessum ákvæðum er reynt að festa í löggjöf alveg ákveðnar reglur um veiðar smábátanna. Þessi bátafloti hefur farið stækkandi og það er alveg ljóst að það þarf að vera á honum einhvers konar stjórnun. Menn gera gjarnan lítið úr því, segja að þessi floti geti ekki aflað mikið. En ég held að fullyrða megi að hann getur tekið um 30 þús. tonn af þorski sem eru 10% af þorskaflanum eins og nú er. Út af fyrir sig má halda því fram að það skipti engu máli. En einnig má halda því fram að veiðar ýmissa annarra báta skipti litlu máli o.s.frv. Aðalatriðið er að takmarkanir þurfa að vera á öllum þeim aðilum sem stunda þessar veiðar svo að t.d. verði ekki óeðlileg aðsókn í þennan flokk skipa. Ef eingöngu eru takmarkanir á öllum öðrum skipum er hætt við að það verði til þess að inn í þennan flokk streymi ýmsir aðilar sem telji sig verða fyrir allt of miklum takmörkunum annars staðar.

Hvort það er ástæðan fyrir því að þessum bátum hefur mjög fjölgað skal ég á engan hátt fullyrða, en það er hins vegar ljóst að það þarf að finna reglur sem þessir aðilar geta bærilega sætt sig við. Það má segja að við í sjútvrn. höfum haft mjög gott samráð og samstarf við flesta hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Hins vegar hafa smábátaeigendur ekki átt sér nein samtök sem auðvelt hefur verið að snúa sér til. Við höfum mjög hvatt þá til að stofna slík samtök og þeir hafa reynt það. En það ætlar að reynast erfiðara en ætlað var í fyrstu. Menn heyra gjarnan frá smábátaeigendum víðs vegar um landið að þeir menn sem eru að reyna að brjótast í því að stofna þessi samtök hafi ekkert umboð frá þeim. Það er ljóst að hér er mikill fjöldi manna sem hefur sjálfstæðar skoðanir og þeir eru ekkert fyrir það að hlíta neinum fyrirmælum, hvorki frá ráðuneytum eða einstökum félögum sínum.

Þær reglur sem hér eru settar eru að mínu mati allbærilega ásættanlegar fyrir flesta þessara manna nema að því er varðar stöðvun á tímabilinu 15. nóv. til 9. febr. En það kemur fram í þessu frv. að þrátt fyrir ákvæði a- og c-liðar getur ráðherra heimilað línuveiðar báta undir 10 brúttólestum á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 9. febr. og 16. nóv. til og með 31. des. ár hvert. Þetta ákvæði ætti að geta leyst vanda allmargra þessara aðila. Hins vegar er ljóst að t.d. hér við Faxaflóa stunda þessir minni bátar ýsuveiðar á haustin í net og sú heimild leysir ekki þeirra mál. Hitt er svo annað mál að þessi stærð af bátum ræður ekki mjög vel við netaveiðar á þessum tíma. Það var ekki fallegt í öllum netunum hér úti á flóa eftir vonda veðrið um daginn.

Vilji menn ganga enn frekar til móts við þessa aðila tel ég fyrst og fremst eina leið koma til greina. Hún er sú að hafi menn fulla atvinnu af veiðum sem þessum á minni bátum en 10 tonn hafi þeir möguleika á að velja sér sóknarmark með svipuðum hætti og stærri bátarnir, þ.e. á bilinu 10—20 tonn.

Ljóst er að við munum ekki ráða við það stjórnunarlega séð að hafa alla þessa rúmlega 1000 báta í sóknarmarki. Það er algerlega vonlaust að ráða við það og fylgjast með róðrardagafjölda hvers og eins. Hins vegar er það áreiðanlega vel framkvæmanlegt að ákveðinn fjöldi komist í sóknarmark með venjulegum hætti og hlíti þá þeim reglum sem aðrir verða að gera.

Ég segi þetta í tilefni þeirrar umræðu sem hefur orðið að undanförnu. En sannleikurinn er sá að margar leiðir hafa verið ræddar og menn hafa oft komist að þeirri niðurstöðu að betra sé að hafa þetta með þessum hætti eða hinum, en sjónarmiðin eru, ég segi ekki eins mörg og mennirnir, en a.m.k. eins mörg og landshlutarnir og einstök byggðarlög. Það sem þykir góð regla fyrir smábáta í ákveðnum landshluta þykir vond regla fyrir smábáta í öðrum. Það fer allt eftir því hvort um er að ræða atvinnumann eða svokallaðan „hobby"-mann, en það má segja að það hafi reynst mjög erfitt að skilja þar í milli. Við gerðum tilraun til þess, að ég tel mjög heiðarlega tilraun. Það komu rúmlega 800 umsóknir og það voru hin ólíklegustu tilvik sem þar hefðu þurft að koma til úrskurðar. Ég er viss um að ef slíkt ætti að gilda mundi mikill styrr geta staðið einnig um slíka úrskurði, hver væri talinn atvinnumaður í smábátaveiðum og hver ekki og hvaða eiginleika menn þyrftu að hafa til að bera til þess að geta fengið það sæmdarheiti.

Ég hef aðeins komið að smábátareglunum. Ég tel nauðsynlegt að menn fari enn betur yfir þær reglur í meðferð þingsins. Það er sjálfsagt að reyna að bæta enn um. En aðalatriðið er þó að þær reglur séu í samræmi við það sem annars staðar gildir og að þessir aðilar þurfi að sæta sambærilegum takmörkunum og aðrir sjómenn. Ef menn geta ekki fallist á það er hætt við að mikill ófriður skapist meðal annarra sjómanna því að þeir eru allmargir sem hafa þurft að hlíta þar miklum takmörkunum, t.d. að því er varðar 11—12 tonna báta, sem margir hafa talið að hafi búið við kannske mestu takmarkanirnar af öllum þeim bátum sem þurfa að sætta sig við þessa stjórnun. Þess eru dæmi að 8 og 9 tonna bátar hafa veitt 300—400 tonn þó að það sé mjög fágætt á sama tíma og bátar við hliðina á þeim máttu sætta sig við að fá ekki að veiða nema rúm 100 tonn. Slíkt ójafnræði er ekki þolanlegt og það er mjög eðlilegt að menn séu óánægðir með það. Sú óánægja kom fyrst og fremst fram á s.l. vetri og vori og hafði við mjög góð rök að styðjast.

Ég hafði ekki hugsað mér, herra forseti, að hafa mjög ítarlegt mál um þetta frv. Það hefur hlotið mikla umræðu að undanförnu og ég tel mikilvægast að koma því til nefndar þannig að það geti hlotið bærilega meðferð í þinginu. Það er slæmt að frv. skuli ekki vera komið fram fyrr. Það er mjög stuttur tími til stefnu og því er mikilvægt að það komist sem fyrst til nefndar. Það er ljóst að enn eru nokkur atriði sem binda þarf í reglugerð sem ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um. Ég ætla að nefna þau helstu.

Það er í fyrsta lagi varðandi rækjuskipin. Núverandi

stjórnunarreglur setja engar takmarkanir á rækjuveiðar á úthafinu. Ákveðið var í upphafi að reyna að hvetja sem flest skip til rækjuveiða. Það voru ekki allir bjartsýnir á að það mundi vel takast. Niðurstaðan er hins vegar sú að þar hefur aflaverðmætið aukist um á að giska 700—800 millj. kr. Ekki er það allt komið til væntanlega vegna breyttrar stjórnunar, en þó tel ég að fullyrða megi að það sé að allverulegu leyti. Mörg skipanna, sem ekki stunduðu rækjuveiðar áður, hefðu ekki farið til þeirra veiða nema vegna þeirra takmarkana sem voru í öðrum veiðum. Nú eru uppi raddir um að skerða beri botnfiskkvóta þessara skipa að einhverju marki vegna aukinnar rækjuveiði. Slíkar hugmyndir voru ræddar á s.l. ári og ég skal segja það í fullri hreinskilni að ég taldi réttlætanlegt að gera það í einhverjum mæli. Hins vegar tel ég að menn eigi að fara varlega í þeim efnum því að hætt er við að með því að skerða botnfiskheimildir skipanna um of verði dregið úr þeirri hagkvæmni sem þegar hefur skapast og einnig dregið úr áhuga þeirra sem vilja stunda þessar veiðar. Enn sem komið er hefur Hafrannsóknastofnunin ekki lagt fram neinar tillögur um takmarkanir á þessum veiðum. Það er því vart tímabært að taka afdrifaríkar ákvarðanir í þessu efni. Rækjuveiðarnar hafa verið mikil búbót fyrir einstök byggðarlög. Ég nefni sem dæmi að þær hafa aukið atvinnu verulega, t.d. á Norðurlandi og Vestfjörðum, og orðið til þess að bátar sem voru e.t.v. seldir á síldarleysisárunum til annarra byggðarlaga eru nú að hverfa aftur til sinna fyrri heimkynna og taka þar upp rækjuveiðar. Þessar auknu veiðar hafa því orðið til mikillar bjargar mjög víða.

Í öðru lagi þarf að taka ákvörðun um loðnuskipin. Nú hafa loðnuveiðarnar verið auknar allnokkuð frá því sem var í fyrra, en sum þessara skipa hafa nokkurn botnfiskafla og þarf að taka ákvarðanir um það. Sum af þessum skipum hafa einnig farið til rækjuveiða og m.a. hefur verið um það rætt hvort ekki sé rétt að þau loðnuskip sem fari til rækjuveiða fái ekki botnfiskleyfi. Slíkt er mjög hreinleg regla og þarf að taka ákvörðun um hana í reglugerð.

Í þriðja lagi hefur mikið verið rætt um línuveiðar. Í 4. gr. er eftirfarandi heimild: „Ráðherra getur ákveðið að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur sem veiðist í ákveðin veiðarfæri skuli ekki talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips."

Á þessu ári var fiskur veiddur á línu að hálfu utan kvóta í janúar og febrúar. Einnig var þá mjög rætt um að það mundi einnig gilda um nóvember og desember. Þetta eru atriði sem þarf að taka ákvörðun um. Ég tel fullvíst að menn vilji halda áfram því sama sem var, að fiskur veiddur á línu væri að einhverju leyti utan kvóta í janúar og febrúar og mér finnst mjög koma til greina að einhver sambærileg regla gildi að því er varðar nóvember og desember. En þá ákvörðun verður að taka strax í upphafi árs. Það er mjög mikilvægt að reglurnar séu skýrar strax í upphafi þannig að hver og einn megi vita að hverju hann gengur. Hver og einn þarf á því að halda að skipuleggja sínar veiðar og það er engin leið að vera að hlaupa með slíkar ákvarðanir fram og til baka.

Í fjórða lagi þarf að fara betur ofan í sóknardagana. Það má segja að sóknardagar togaranna hafi reynst allvel en komið hafa ábendingar frá hagsmunaaðilum um að það þurfi að rýmka nokkuð sóknardaga báta og er það til athugunar. Hitt er svo annað mál að ég tel að of mikið hafi verið úr því gert að sóknarmark fyrir bátana sé óaðgengilegt. Hins vegar voru menn hræddir við að fara út í það og má vera að þurfi að rýmka það lítillega til þess að gera það aðgengilegra. En um það hafa komið ábendingar frá allmörgum aðilum.

Ég vil einnig geta þess að í 3. gr. er eingöngu reiknað með því að þau skip fái veiðileyfi sem stunduðu veiðar á árinu 1985 og „ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, enn fremur ný og nýkeypt skip hverfi önnur sambærileg skip úr rekstri." Það er vitað mál að hér hafa verið fiskiskip í smíðum, svokölluð raðsmíðaskip, sem eru orðin afar dýr. Ætli smíðaverð þeirra fjögurra fari ekki að nálgast 600 millj. kr.? Það er enginn aðili hér í landinu sem treystir sér til að gera þau út á því verði, enda ekki eðlilegt, og það er einnig ljóst að ekki er þörf fyrir þessi skip í botnfiskveiðunum. Þau munu eingöngu taka fisk frá öðrum. Þarna er um vandamál að ræða sem með einhverjum hætti þarf að leysa. Til þessara smíða var stofnað með óvenjulegum hætti. Fyrst og fremst var um iðnaðarverkefni að ræða og er það dæmi um hvernig ekki á að standa að endurnýjun fiskiskipaflotans. Vissulega væri gott að geta haft þessar tæplega 600 millj. eða 500—600 millj. í ýmis önnur vandamál sem steðja að sjávarútveginum í dag. Og það er áreiðanlegt að mikið af þeim peningum sem menn hafa notað til ýmissa hluta á undanförnu árum væri betur komið í bankabók í dag eða í minni erlendum skuldum til þess að hafa meira svigrúm til að takast á við þann vanda sem nú er við að etja.

Herra forseti. Ég hef vissulega aðeins farið lauslega yfir þetta stóra mál. Ég legg á það áherslu að þetta mál komist sem fyrst til nefndar og sé ekki ástæðu til við 1. umræðu að fara nánar út í einstakar greinar frv. Ég vænti þess að þar sé mál sett það skýrt fram að einstakir þm. átti sig fljótt á því enda hefur mikið verið um þetta mál fjallað opinberlega að undanförnu. Margir þm. hafa tekið þátt í þeirri umræðu og ætti það að auðvelda að þessi 1. umræða gæti orðið styttri.

Ég vil að lokum leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Stundum heyrast fullyrðingar um að Kvennalistakonur hafi hvorki áhuga né skoðanir á stjórnun fiskveiða né sjávarútvegsmálum yfirleitt, okkar áhugi sé einskorðaður við kvennamál. Þetta er vitanlega hinn mesti misskilningur því eins og við höfum margsinnis sagt eru öll mál kvennamál ef grannt er skoðað. Sjávarútvegurinn er undirstaða efnahags- og atvinnulífs okkar og verður svo lengi enn. Vandi hans er vandi okkar allra.

Hitt er svo þm. kunnugt að vegna smæðar þingflokksins okkar eigum við ekki aðild að öllum þingnefndum, þar á meðal hvorugri sjútvn., og höfum þar af leiðandi ekki haft jafngóða aðstöðu og aðrir þingflokkar til að fylgjast með þeim málum, því að það er fyrst og fremst í nefndunum sem málin ráðast. Rétt er að taka fram að hæstv. sjútvrh. hefur gert sér far um að láta okkur ekki gjalda þessa aðstöðumunar og boðið okkur alla þá aðstoð og upplýsingar sem við teldum okkur vanta. Það er því hreint ekki við hann að sakast í þessum efnum né svo sem nokkurn annan, en það væri mjög æskilegt að Kvennalistinn fengi áheyrnaraðild að hv. sjútvn. og ég hef reyndar þegar óskað eftir því og rætt málin við formann nefndarinnar sem tók því mjög vel fyrir sitt

leyti. Nú er reyndar mikill annatími og sérstaklega þá í fjvn. svo að ekki er víst að hægt verði að nýta þennan möguleika, en ég vildi gjarnan að hann væri fyrir hendi og mun sækja eftir því.

Herra forseti. Sá tími er löngu liðinn að náttúran var einráð um stjórnun fiskveiða. Mannleg stjórnun hefur nú gilt árum saman, aflahámark á fisktegundir og takmarkanir af ýmsu tagi og misjafnlega vel þokkaðar. Kvótakerfið, sem nú hefur fengið tveggja ára reynslutíma, var eitt helsta ágreiningsmálið á haustþingi 1983 og fékk einnig mikla umfjöllun hér fyrir ári og það hefur sannarlega ekki legið í láginni þetta ár þó það sé fyrst nú til umræðu hér í þinginu. Við getum nú litið til baka og metið hvernig til hefur tekist og hagað framhaldinu í samræmi við niðurstöður af því mati.

Við 1. umræðu um þetta mál í desember 1983 lýsti ég þeirri afstöðu Kvennalistans að líklega væri kvótaskipting á skip skásti möguleikinn til að ná tökum á sókninni í einstaka fiskistofna og vinna gegn ofveiði eins og málum var þá komið. Töldum við slíkt fyrirkomulag líklegast til að stuðla að bættri meðferð aflans þar sem magnið er gefinn hlutur en gæðin ráða tekjum. Einnig töldum við að með þessu fyrirkomulagi ætti að vera unnt að koma á betri samræmingu í veiðum og vinnslu og tilkostnaður útgerðar mundi verða minni þegar kapphlaupið á miðunum væri úr sögunni. Meginmarkmiðið var að okkar mati að draga úr kostnaði við veiðarnar og auka verðmæti aflans. Spurningin er því nú hvort það hafi tekist sem skyldi. Því miður er það ekki að öllu leyti. Raunin virðist sú að fiskveiðistefna síðustu tveggja ára hafi fyrst og fremst verið rekin með tilliti til ástands fiskistofnanna og með hag sjómanna og útgerðar í huga en síður tekið mið af fiskvinnslunni og þannig ekki leitt til þeirrar hámarksnýtingar aflans sem stefnt skyldi að. Þessi niðurstaða veldur vonbrigðum og hlýtur að verða að taka mið af henni því okkur er brýn nauðsyn að auka verðmæti framleiðslunnar til hins ýtrasta. Það er það eina sem nokkurt vit er í.

Öll vinnutilhögun verður að miða að því að nýta sem best þann fisk sem veiddur er og vinna hann í þær umbúðir sem gefa mestan hagnað. Til þess að það sé unnt þarf mjög markvissa stjórnun á dreifingu aflans. Og það er rétt, sem hæstv. ráðherra sagði áðan, að þetta er atriði sem hver og einn verður að leggja sig fram um að hafa stjórn á. Vissulega eru dæmi um aðila sem hafa gætt þessa vel og uppskorið samkvæmt því. Á því hagnast ekki aðeins viðkomandi aðilar heldur þjóðarbúið í heild.

Kvótakerfið leiðir til fækkunar útivistardaga sem kemur að sjálfsögðu útgerðinni til góða. Hins vegar er það hagur vinnslunnar að aflinn dreifist sem jafnast yfir árið. Það er hagur fiskvinnslufyrirtækjanna og það er hagur starfsfólksins í fiskvinnslunni. Á þessu hefur orðið nokkur misbrestur sem að nokkru leyti má rekja til kvótakerfisins. Það virðist t.d. ljóst, þegar litið er á tölur um afladreifingu, að hlutfallsleg aukning sumarafla hafi orðið mjög mikil. Árið 1983 veiddust um 36% af heildarþorskafla togaranna fyrstu átta mánuði ársins í júlí og ágúst, en sumarið 1984 var þessi hlutfallstala komin í 45%. Þessi þróun í afladreifingu er óhagstæð með tilliti til vinnslunnar, fyrst og fremst vegna þess að einmitt þessa mánuði er vanasta og besta starfsfólkið í fríi. Við vitum öll hverjar það eru sem standa undir fiskvinnslunni í landinu. Þær konur eru ýmist í eigin sumarfríi eða heima vegna lokunar barnaheimila yfir þessa tvo sumarmánuði. Fiskvinnslan er því yfir hásumarið að miklu leyti í höndum óvanara fólks, skólafólks og erlendra starfskrafta sem ekki hafa tök á að skila jafngóðri vöru og unnt væri. Gegn þessari þróun er náttúrlega ekki einfalt að vinna því enginn hefur áhuga á að auka aftur tilkostnað útgerðarinnar né minnka öryggi sjómannanna.

Við hljótum m.a. í þessu efni að líta vonaraugum til nýrrar tækni og nýrra aðferða og þá fyrst og fremst tvífrystingar aflans sem þýðir nánast byltingu í þessari atvinnugrein ef vel tekst til. Einnig þarf að taka þetta sjónarmið inn í verðlagskerfið og reyna að nota það til stýringar á þessu sviði.

Það er mín skoðun að fiskverð endurspegli ekki nægilega gæði aflans og mætti vera miklu meiri munur á flokkum. Sá munur verður að vera nægilega mikill til að sjómenn sjái sér verulegan hagnað í því að færa sem bestan fisk að landi. Þá finnst mér vel athugandi að hafa verðið breytilegt eftir árstíðum og stuðla með þeim hætti að meiri og jafnari dreifingu aflans. Við megum ekki einblína á verðmæti upp úr sjó. Það þarf ekki síður að leggja áherslu á verðmæti aflans þegar hann selst úr landi. Aukin nýting og aukning verðmæta er höfuðmarkmiðið og er vert í því sambandi að minna á mikilvægi fiskileitar og rannsókna í hafinu umhverfis landið svo og rannsókna og tilrauna með vannýtta fiskistofna og tilrauna til betri nýtingar þeirra stofna sem veiddir eru. Í rauninni veitum við furðulitlu fé til slíkra rannsókna með tilliti til þeirrar staðreyndar að við fáum 70—80% útflutningstekna okkar úr sjávarútveginum.

En þetta frv. er ekki um fiskverð né rannsóknarstarfsemi heldur hvernig skipta eigi væntanlegum fiskafla sem réttlátast á milli skipa og byggðarlaga. Það er reyndar margra álit, eins og hæstv. ráðh. minntist á áðan, að fiskiskipaflotinn sé of stór og segja má að þær leiðir sem farnar hafa verið og fyrirhugaðar eru áfram í stjórnun fiskveiði séu að því leyti gallaðar að þær bera ekki í sér nægan hvatningu til fækkunar skipa. Það er alveg rétt og vel má vera að auðveldara væri að treysta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins með skipulegri fækkun skipa og fiskvinnslustöðva. Það gæti áreiðanlega gefið okkur betri tölur á pappírnum. En beinharðar tölur eru eitt og mannleg sjónarmið oft allt annað. Ef út í beina fækkun væri farið yrði að búa svo um hnútana að um leið og úrelding færi fram væri tryggt að útgerðin missti ekki þar með allan aflakvóta skipsins sem hætt er rekstri á heldur gæti jafnað honum á önnur skip og haldið kvótanum í byggðarlaginu. Eins og 13. gr. hljóðar missir útgerðin kvóta þess skips sem tekið er úr rekstri nema nýtt skip komi í staðinn. Með því er því síður en svo hvatt til fækkunar í skipastóli landsmanna. Þetta finnst mér rétt að taka til athugunar.

Um þær reglur við skiptingu aflans sem þetta frv. byggist á er það að segja að hér er vitanlega um málamiðlun mismunandi sjónarmiða að ræða. Kvótakerfið kemur niður á öllum hvort sem um aflamark eða sóknarmark er að ræða. Allir eru sammála um að stjórnunar sé þörf og slík stjórnun verður að taka mið af hagsmunum þjóðarinnar allrar sem auðvitað geta rekist á hagsmuni einstakra byggðarlaga eða landshluta. Reynt er að draga úr slíkum árekstrum með möguleikum á vali milli aflamarks og sóknarmarks með hámarki á þorskafla. Sá sveigjanleiki hefur þegar gefið

allgóða reynslu þar sem í ár mun meira en fjórðungur skipa hafa notfært sér möguleika á sóknarmarki.

En það er eitt atriði sem veldur áhyggjum og ég sé ekki að tekið sé á í þessu frv. Ég sé ekki að tekið sé á þeim vanda sem skapast hefur víða þar sem skip hafa verið seld milli landshluta og flutt með sér aflakvóta. Margir vilja halda því fram að slík séu lögmál markaðarins og þeim beri að lúta möglunarlaust, en ástæður geta verið ýmsar og alls ekki endilega þær að óhagkvæmt sé að stunda útgerð og vinnslu í því byggðarlagi sem um er að ræða í hverju tilviki. Slík dæmi höfum við líklega gleggst frá Suðurnesjum þar sem fólk horfir í skelfingu á eftir fiskiskipum sínum til annarra landshluta og er afkoma fjölda heimila í voða af þeim sökum. Með engu móti verður þó sagt að þar séu ekki hagstæð skilyrði fyrir sjávarútveginn frá náttúrunnar hendi.

Öllum hér ætti að vera kunnugt um hvers vegna Suðurnesjabyggðir voru verr undirbúnar að mæta þeim vanda sem skapast hefur í sjávarútvegi nú. Suðurnesin guldu nálægðar sinnar við höfuðborgarsvæðið þegar byggðastefnan var rekin af mestum móði og nutu ekki sömu lánskjara og fyrirgreiðslu og önnur byggðarlög úti um landið. Því varð öll uppbygging og endurnýjun í sjávarplássum Suðurnesja erfiðari og hægari sem sýnir sig nú m.a. í því að meðalaldur skipa er hvergi hærri en þar.

Mér hefði fundist eðlilegt að búa svo um hnúta að seld skip færu ekki með allan sinn kvóta burt úr byggðarlaginu, en að auki þarf að leita leiða til að draga úr áhrifum þess þegar stór skip eru seld burt með því t.d. að leita verkefna fyrir minni skipin og setja ekki smærri bátum svo þröngar skorður að illþolanlegar séu.

Þá erum við komin að reglunum fyrir smábátana sem flestir eiga erfitt með að sætta sig við. Er ótrúlegt annað en að þær reglur taki breytingum í meðferð hv. sjútvn. Ég ætla ekki að vera margorð um þau atriði, enda hefur þegar töluvert verið um þau fjallað bæði hér í þinginu og úti í þjóðfélaginu. Við getum ekki lokað augunum fyrir því að aðstæður þeirra sem eiga allt sitt undir þessum veiðum eru mjög sérstakar. Við getum nefnt sem dæmi Grímsey þar sem byggðarlagið í heild á mestallt sitt undir veiðum af þessu tagi. Slík byggðarlög þola ákaflega illa langtíma stöðvun sem verður þegar gæftir og sóknarleyfi fara ekki saman eins og iðulega hendir. „Það er nóg sem náttúran skikkar okkur í land þó ráðherra sé ekki með nefið á kafi í þessu", sagði einn þessara sjómanna við mig. Þessir menn eru ekki að heimta ótakmarkaðan afla þótt augljóst sé að of naumt var skammtað í ár miðað við fjölgun báta í þessum stærðarflokki. Þeir vilja hins vegar rýmri ramma, meira frelsi til að ákveða hvenær þeir sæki þennan tiltekna afla, og virðist það ekki ósanngjörn krafa.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Samkvæmt 1. gr. frv. skal sjútvrh. ákveða heildaraflamagn hvers árs að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í fylgiskjali II á bls. 14—29 um ástand nytjastofna og aflahorfur næstu ár er að finna tillögur Hafrannsóknastofnunar sem m.a. gera ráð fyrir að þorskveiðar verði takmarkaðar við 300 000 tonn á ári næstu tvö árin sem er þó hærra en skynsamlegast væri með tilliti til stofnsins. En það þarf að taka tillit til fleiri þátta og Hafrannsóknastofnun viðurkennir það með tillögu um 300 000 tonna markið. Ef að líkum lætur verður fast sótt að hæstv. ráðh. að fara verulega yfir þau mörk og hafa þegar heyrst kröfur um allt að 400 000 tonn á ári eða jafnvel meira, ef ég man rétt. Um þetta er aðeins það að segja að skammtíma sjónarmið mega aldrei hafa forgang í þessum efnum. Afkomendur okkar ætla líka að lifa á fiski.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Við höfum kynnst afleiðingum kvótakerfis, skömmtunarstjórnar stjórnmála- og embættismanna í heilum atvinnuvegi, býsna vel á undanförnum árum í landbúnaði. Í íslenskum landbúnaði er vandamálið offramleiðsla og hefur verið lengi. Kvótakerfinu er þar ætlað að takmarka heildarframleiðslu. Aðferð kvótakerfisins er sú að skipta framleiðslumagninu niður á jafnmarga bændur, bara í smærri skömmtum. Afleiðingin er minni framleiðsla sem deilist niður á jafnmarga bændur með auknum tilkostnaði, minni framleiðni, dýrari framleiðslu, minni arðsemi og hærra verði. Hin leiðin hefði verið sú að leyfa frjálsum framleiðendum í bændastétt að laga sig á umþóttunarskeiði að eftirspurn á markaðnum eftir þeirra framleiðsluvörum. Þeir sem sitja gróin bú með afskrifaða fjárfestingu gætu annað eftirspurninni með minni tilkostnaði og á lægra verði. Hinir fengju umþóttunartíma til að snúa sér að öðrum og arðbærari störfum.

Þannig er reynslan af kvótakerfi í landbúnaði ekki góð. Reynsla af kvótakerfi er reyndar yfirleitt ekki góð og reyndar er kvótakerfi af þessu tagi neyðarúrræði sem aldrei getur staðist til langframa. Er ástæða til að ætla að það geti til frambúðar orðið betra í sjávarútvegi? Um það hef ég miklar efasemdir.

Vandinn í sjávarútvegi undanfarin ár er ekki of mikil framleiðsla í sama mæli og í landbúnaði heldur telja menn að um sé að ræða of mikla sókn í takmarkaða auðlind helstu nytjastofna. Í fljótu bragði virðist manni að rétt viðbrögð væru að takmarka sóknina og þá með almennum aðgerðum, reyna að stefna að aflanýtingarstefnu og veiðistýringu í aðrar tegundir en þær sem helst eru ofnýttar og gera þetta fremur en að úthluta fyrirskipuðum heildarafla í smærri skömmtum á jafnmörg skip, og ég tala nú ekki um ef þau eru fleiri.

Hringinn í kringum landið er verið að bjóða upp ný, afkastamikil og dýr fiskiskip. Miðað við gildandi aflatakmarkanir geta þessi skip ekki staðið undir óeðlilega háum fjármagns- og útgerðarkostnaði sem reyndar var fyrirséður þegar til þessarar fjárfestingar var stofnað. Hvers vegna ekki að leggja þessum skipum í bili með vísan til þess kvótakerfis sem við höfum búið við, en endurúthluta kvóta þeirra á önnur skip og báta í sama byggðarlagi? Spurningin er: Mundi það ekki draga úr sóknarkostnaði, en um leið samræmast þörfum byggðarlaga og sjónarmiðinu um að halda uppi atvinnu og nýta afla og afkastagetu fiskvinnslufyrirtækjanna í viðkomandi byggðarlögum?

Forsendur aflatakmarkana eru niðurstöður og forspár fiskifræðinga um veiðiþol helstu nytjastofna. Það er alkunna af nokkurra áratuga reynslu að forspár fiskifræðinga hafa staðist ákaflega misjafnlega dóm reynslunnar. Þetta þarf ekki að koma mönnum á óvart og er engin gagnrýni á fiskifræðinga sem slíka eða þeirra hlutverk, þeir eru ómissandi, en hitt er staðreynd að fiski- og sjávarlíffræðinga greinir mjög mikið á sín í milli um veigamikil undirstöðuatriði. Það er margt sem bendir til þess að áhrif lífsskilyrða í sjónum, sjávarhita

og átumagns, hafi verið vanmetin í áætlunum og forspám fiskifræðinga. Það er líka margt sem bendir til þess, þegar litið er yfir veiðar og afrakstur helstu nytjastofna á Íslandsmiðum til langs tíma, að lífsskilyrði í sjónum ráði meiru en ætlað hefur verið hlutfallslega og samanborið við sóknargetu veiðiflotans. Þannig virðist manni að reynsla þaulreyndra sjómanna á Íslandsmiðum hafi oft og tíðum reynst vera réttari en ýmsar forspár fiskifræðinga. Þetta þarf ekki heldur að koma á óvart því að fiskifræðin er þrátt fyrir allt, eins og margt annað sem við köllum vísindi, ekki nógu nákvæm vísindi. Það verða að fara saman vísindalegar tilgátur og reynsla þeirra sem sjómennskuna stunda og verður að taka tillit til beggja.

Svör við þessum spurningum fást hins vegar engin óyggjandi. Þrátt fyrir efasemdir um þessar meginforsendur fiskveiðistjórnunar erum við öll sammála um að það sé skynsamlegt að láta sér fremur skjátlast réttu megin við mörkin, þ.e. taka ekki áhættu af of mikilli sókn því að mistök, sem kunna að vera gerð, verða í versta falli ekki aftur tekin. Um þetta er þess vegna ekki ágreiningur. Það er á þessum tiltölulega veiku forsendum sem menn eru þrátt fyrir allt sammála um að reyna að koma sér upp einhvers konar stefnu og einhvers konar kerfi til að takmarka sókn í helstu nytjastofna, a.m.k. til skamms tíma. Jafnvel þótt hagsmunasamtök sjávarútvegsins, eins og t.d. fiskiþing og Landssamband ísl. útvegsmanna, hafi með hangandi hendi *stutt tillögur hæstv. sjútrh. staðfestir það að mínu mati* engan veginn að hér sé um að ræða einhug sjómanna og útvegsmanna, jafnvel hugsanlega ekki alveg ótvíræða meirihlutaskoðun. Á þessum vettvangi er það nefnilega svo að tiltölulega fáir menn greiða þarna atkvæði og þeir greiða atkvæði í samræmi við þann tonnafjölda sem þeir hafa yfir að ráða. Tólf tonna bátur hefur eitt atkvæði, 499 tonna skip hefur 27 atkvæði. Þannig er það að fáir en stórir geta ráðið samþykktum fyrir margfalt fleiri en smærri útgerðarmenn ef metið er í tonnatali eignar.

Á seinni árum hefur þótt ástæða til að spyrja, herra forseti: Hverjir eiga Ísland? Það er ekki síður ástæða til að spyrja: Hverjir eiga fiskinn í sjónum? Ég vék að því í utandagskrárumræðu í gær að sá maður sem nú er nýbúið að gefa út bók um og frægur er í Íslandssögu undir nafninu Jörundur hundadagakóngur lýsti sig hæstráðanda til sjós og lands. Skv. þessu frv. til laga fer ekki milli mála að hæstv. sjútvrh. er hæstráðandi til sjós. Samkvæmt því á hann að ákveða hver má veiða hvað, hvar og hvenær. Þetta hlutverk var áður fyrr í höndum Guðs almáttugs, skapara allra lífsins gæða. En nú er þetta í höndum hæstv. sjútvrh. Þetta vekur upp spurninguna um hvort við ættum ekki þessu til samræmis að taka upp nýtt tímatal í Íslandssögunni, þ.e. að atburðir hafi gerst ekki fyrir eða eftir Krist heldur fyrir eða eftir kvóta eða fyrir eða eftir Halldór. Halldór á sem sé fiskinn í sjónum, herra forseti, en útgerðarmenn mega hirða hann í umboði hans. Sjómenn hins vegar, þeir sem draga fiskin á land, eiga engan fisk. Þeir bara vinna þarna, eins og sagt er. Ef útgerðarmenn geta ekki náð sínum kvóta, ef útgerðarmenn geta ekki gert út, ef útgerðarmenn leggja sínum skipum, ef útgerðarmenn leggja sínum bátum upp á græn grös og fara að búa eiga þeir samt sem áður sinn kvóta og geta selt hann hæstbjóðanda á uppsprengdu verði í umboði hæstv. ráðh. Þar eiga sjómenn engan hlut.

Einn hv. þm. Framsfl. vék að þeirri spurningu í umræðum utan dagskrár í gær hvort það stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar þótt Alþingi framselji með þessum hætti til eins pólitísks ráðherra umráðarétt yfir einni helstu auðlind þjóðarinnar. Þetta er ekkert vitlausara fyrir það þó að tillagan hafi verið borin fram af hv. þm. Framsfl. Ég tek að vissu leyti undir að það væri mjög athyglisvert prófmál. Það er nú einu sinni svo að stjórnarskráin kveður þarna á um veigamesta atriði eignarréttar og atvinnufrelsis. Oft hefur verið farið út í mál af minna tilefni en umráðarétti yfir aðalauðlind þjóðarinnar.

Herra forseti. Mig langar til að spyrja: Hver er reynslan af kvótakerfinu hingað til? Trúa menn því virkilega að hægt sé að stunda fiskveiðar til langframa, árum saman, innan ramma skömmtunarkerfis sem miðast við meðalafla skipa á tilteknum þremur árum, fyrir allmörgum árum — ég tala nú ekki um ef menn hafa í huga að festa þetta í sessi með lögum til margra ára? Trúa menn því virkilega að hægt sé að gera út á slík meðaltöl?

Sjávarútvegur er mikill áhættubúskapur. Allar aðstæður í þessari grein eru síbreytilegar og breytast oft og snöggt og þær geta breyst fyrirvaralítið. Það er ekki á mannlegu valdi að breyta því, hindra það né sjá það fyrir. Það á við um náttúrleg skilyrði sjávar, fiskigengd og aflabrögð, veðurfar og gæftir, markaði og verðlag. *M.ö.o. allt sem ræður afkomu manna í þessari grein,* stórt og smátt, svo ekki sé minnst á ófyrirsjáanlegar kollsteypur innlendrar efnahagsóstjórnar eins og hún hefur birst okkur á lýðveldistímanum. Halda menn svo að einhver reglustikuregla um meðaltal skipa fyrir einhverjum árum geti staðið af sér áhlaup svo gjörsamlega ófyrirsjáanlegra og síbreytilegra kringumstæðna? Ég hef ekki trú á því. Í besta falli geta menn sagt, ef menn ekki koma með tillögur um annað betra, að við getum sætt okkur við þetta sem algert neyðarúrræði til skamms tíma, en til frambúðar sýnist mér augljóst að þetta kerfi geti ekki staðist. Í þessu kerfi er innbyggð náttúra til ofstjórnar, sbr. t.d. umræðuna sem fram fór í gær um trillukarlinn. Ég hef ekki nokkra trú á því að embættismenn í ráðuneyti, hversu góðir og gegnir sem þeir eru, eða einn ráðherra, hversu góður og gegn sem hann er, og ég er margbúinn að taka fram að ég hef mætur á þessum manni sem stjórnmálamanni, geti til lengdar tekið að sér hlutverk Guðs almáttugs og útdeilt lífsbjörg þjóðarinnar til verðugra og óverðugra samkvæmt meðaltölum allra meðaltala. Ég held einfaldlega að eðli veiðimennskunnar og mannlegt eðli hljóti fyrr en síðar að brjóta af sér slíkt kerfi.

Herra forseti. Ég spyr enn: Hver er reynslan af kvótakerfinu hingað til þótt skömm sé? Hvers vegna fylgir ekki þessu frumvarpi ítarlegri greinargerð um fram komna og sannaða kosti og galla, samanburður á markmiðum sem menn settu sér í upphafi og fenginni reynslu, ég tala nú ekki um fyrst það var ætlun hæstv. ráðh. að fara fram á allsherjarvald í þessum málum frá Alþingi til þriggja ára? Er það rétt, sem haldið hefur verið fram, að tilkostnaður við veiðarnar í heild hafi minnkað? Þessu halda margir fram. Ég hef hvergi séð það sannað með tölulegum rökum og ég er alls ekki sannfærður um að svo sé. Hafa meðhöndlun og gæði afla um borð, þess afla sem á land berst, batnað svo

umtalsvert sé? Sumir segja það. Að hluta til kann það að vera rétt. Að hluta til held ég að það sé alls ekki rétt. En að hluta til held ég að það skýrist fyrst og fremst af bættum skilyrðum og bættum aðstæðum.

Hefur heildarverðmæti sjávarafurða per tonn og kíló batnað af þessum sökum? Höfum við aukið framleiðni í greininni? Hefur afrakstur greinarinnar batnað? Það sýnist mér ekki. Það sýnist mér reyndar engan veginn. Að hve miklu leyti kemur kvótakerfið þar við sögu? Að hve miklu leyti er þar fyrst og fremst um aðra þætti að ræða? Hefur framleiðni í greininni aukist? Þetta eru sjálfsagðar spurningar sem maður spyr með beiðni um úttekt á þessari reynslu og þetta eru allt saman álitamál. Auðvitað er hægt að nálgast réttar niðurstöður með rækilegri könnun.

Hvernig hefur tekist til með samhæfingu veiða og vinnslu? Voru það ekki ein meginrökin fyrir kvótakerfinu og eru það ekki ein meginrökin fyrir kvótakerfinu nú, þegar menn vilja lögfesta það til lengri tíma, að það sé höfuðnauðsyn þessari reglubundnu grein að framkvæmdaaðilar í henni viti fyrir fram að hverju þeir ganga, ekki bara út árið heldur jafnvel næstu ár? Ef það er svo að menn eigi að vita að hverju þeir ganga, hvernig stendur þá á því að ástandið var eins og það var s.l. sumar, m.ö.o. að í hefðbundnum aflatoppum togaraflotans barst að landi landburður af fiski og síðan upphófst hinn hefðbundni kórsöngur um að þessi landburður af fiski væri allt of mikill miðað við vinnslugetuna í landi og þarna færu verðmæti í súginn svo næmi hundruðum ef ekki þúsundum milljóna? Auðvitað spyr maður: Þýðir þetta ekki að gefin forsenda um að menn geti geymt fiskinn í sjónum og að menn geti stjórnað innan þessa kvótakerfis ef þeir sjá nógu langt fram í tímann og vita hvar þeir mega veiða, að þeir geti stýrt þeim afla sem á land berst til samræmis við vinnslugetu í landi í hverjum tíma, hefur ekki staðist? Hún hefur bara alls ekki staðist.

Aðalatriðið í málinu er auðvitað að við eigum ekki bara að líta á veiðarnar einar. Við hljótum að verða að líta á þennan undirstöðuatvinnuveg okkar í heild og við hljótum að verða að spyrja spurninga um afkomu hans í heild: Hvernig samræmist þetta kerfi við veiðarnar því vinnslukerfi sem í landi er og hverju skilar það að lokum í verðmætum, í nýtingu?

Hvernig stendur á því að útgerðarfyrirtækjunum virðist ganga svo illa, að vísu misjafnlega illa, að dreifa aflanum sem á land berst yfir árið til einhvers samræmis við vinnslugetuna? Þetta er ein af lykilspurningunum.

Af hálfu sjómanna á Íslandi er oft sagt: Þetta er dæmi um ofstjórnartrúna. Menn halda að hægt sé að geyma fiskinn í sjónum. Sumir segja: Það er ósköp einfaldlega ekki svo. Aðrir vilja hins vegar taka undir að hinu grimmilega samkeppniskerfi, sem við höfum haft með allri þeirri hvatningu sem í því hefur falist til aðsópsmikilla skipstjórnarmanna og aflamanna að beita sér af öllu afli að sækja fiskinn meðan hann fæst og taka ekkert tillit til vinnslugetunnar í landi, þurfi að breyta. Það er kannske dálítið til í því að 1000 ára veiðimennskuuppeldi Íslendinga þurfi að breyta og það þurfi að fara að stunda sjávarútveg eins og stóriðju. En hefur það tekist, ef þetta hefur verið markmiðið? Mér sýnist ekki. Ég held að það sé ein meginveilan að það sem við helst þurftum að gera í sambandi við veiðarnar var að stjórna toppunum, en það hefur ekki tekist.

Hvernig hefur gengið að tryggja sem jafnasta atvinnu fiskvinnslufólks í sjávarútvegsbyggðum landsins? Jú, nokkuð misjafnlega. Að vísu skulum við athuga að þetta ár ætlar að verða annaðhvort annað besta eða mesta aflaár Íslandssögunnar og það er búið að veiða talsvert umfram leyfileg kvótamörk. Misbresturinn hefur fyrst og fremst verið staðbundinn. Kvótakerfið sem slíkt væri auðvitað löngu sprungið ef það væri þá ekki á því sá ventill að þar sem útgerðir hafa lent í því að vera búnar að veiða sinn kvóta að fullu og öllu hafa þær getað keypt kvóta eða, og það er kannske þýðingarmesta atriðið, stærri útgerðarfyrirtæki í landinu, sem gera út fleiri en eitt skip, allmörg skip og til kannske ólíkra veiða, geta flutt kvóta fyrirhafnarlítið milli skipa. Ef þessi ventill væri ekki væri kvótakerfið löngu sprungið. Hitt er annað mál að gagnrýnin á það með hverjum hætti kvótar ganga kaupum og sölum er líka alvarlegs eðlis, sérstaklega út frá því sjónarmiði að hlutur sjómanna í þeim efnum er enginn. Þarna er verið að úthluta einhverjum aðilum í þjóðfélaginu, kannske með brotum á stjórnarskrá, eignarrétti á óveiddum auðlindum sem ekkert liggur fyrir um að þeir eigi neitt í.

Ég tel að að svo miklu leyti sem unnt er eigi svörin við þessum spurningum ekki að vera álitamál, það eigi að leggja fram verulega vinnu í að reyna að komast að niðurstöðu um þessar spurningar og leggja fyrir Alþingi skýrslu, úttekt á niðurstöðum af reynslunni af kvótakerfinu, og það sé forsenda fyrir því að hægt sé að biðja Alþingi um að taka afstöðu til þess hvort það kerfi sem við nú höfum reynt til skamms tíma með kostum þess og göllum eigi að framlengjast til lengri tíma.

En það eru fleiri spurningar sem þarf að svara í slíkri úttekt og hlýtur þá að vera verkefni sjávarútvegsnefnda þingins að svara. Hvernig hafa aflamörkin staðist sem kvótakerfið gefur sér í upphafi árs? Verður ekki að reyna að meta það? Hafa lífsskilyrði í sjónum ráðið meiru þrátt fyrir allt en tölur fiskifræðinga á blaði? Eins og ég vék að áðan: Hvernig hefur gengið að stýra fram hjá hefðbundnum aflatoppum í ljósi reynslunnar frá s.l. sumri?

Í ljósi slíkra spurninga vaknar ein lykilspurning: Eigum við ekki fyrst og fremst að reyna að móta okkur eitthvað sem við gætum kallað aflanýtingarstefnu, m.ö.o. leggja til grundvallar vali okkar á sóknarkerfi í veiðunum niðurstöður um bestu nýtingu á þeim afla sem á land berst, þ.e. bestu verðmætasköpuninni, og spyrja þannig að leikslokum? Hver eru heildaráhrif þessa stjórnkerfis á afkomu greinarinnar í heild, bæði veiða og vinnslu, út frá sjónarmiðum sóknar og vinnslukostnaðar, nýtingar, gæða, söluverðmætis og afkomu í heild? Vantar ekki einmitt grundaðri hagfræðilega úttekt á áhrifum og afleiðingum kvótakerfisins áður en Alþingi réttir upp höndina til þess að samþykkja framlengingu þess? Er valið milli aflamarks og sóknarmarks fullnægjandi til þess að sníða af verstu reglustikuagnúana á kvótakerfinu og skapa nægilegan sveigjanleika, eins og hæstv. sjútvrh. gjarnan orðar það, innan ársins til þess að bregðast við ófyrirséðum hlutum eins og t.d. of mikilli sókn og of miklum landburði afla á topptímum, langt umfram vinnslugetu í landi? Ævinlega þegar kvótakerfið sem slíkt er gagnrýnt heyrist mér svar hæstv. sjútvrh. vera: Já, en mennirnir geta valið sér sóknarmark. Þá er spurningin: Er það gilt svar? Gefur sóknarmarkið þeim sem af ýmsum ástæð-

um, t.d. vegna bilana, gæftaleysis, óheppni margvíslegri, sem ekki er fyrir séð í þessari grein, gefur sóknarmarkið þeim sem reyndust vera undir meðaltali á viðmiðunarárunum nægilegt svigrúm til að sanna aflagetu sína og bæta afkomumöguleika sína, þ.e. svigrúm til þess að verða ekki dæmdir til dauða í greininni af ástæðum sem þeir réðu ekkert við? Ég held að sóknarmarkið dugi ekki til þess.

Ein spurning: Er ekki hugsanlegt að reyna að draga úr aflatoppum eins og t.d. á s.l. sumri með öðrum aðferðum, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, talsmaður Kvennalistans í sjávarútvegs- og atvinnumálum, vék reyndar að? Er ekki hugsanlegt að reyna að ráða við þessa aflatoppa með öðrum aðferðum, þá á ég við fiskverðsákvarðanir?

Ég held að við séum komnir að leiðarlokum í þeim aðferðum sem við nú notum við fiskverðsákvarðanir. Ég hugsa að það kerfi sé orðið úrelt. Ég held að við gætum mikið lært af Færeyingum í því efni. Færeyingar ákvarða fiskverð miklu oftar en við gerum og þeir gera það á grundvelli einhvers konar veginnar gengiskörfu, svo að maður noti þetta asnalega mál. (**Sjútvrh.:** Og á fjárlögum líka.) Og fjárlögum, já. En þeir miða sitt fiskverð miklu meir og í beinni tengslum við raunverulegt fiskverð á mörkuðum og gera það oftar. Ég held að við þurfum að gera það líka, að reyna að nálgast þær forsendur með svipuðum hætti og Færeyingar gera. Það er reyndar margt sem við gætum lært af Færeyingum í þessum málum.

Við ættum líka að gera, held ég, tilraun með því að koma upp fiskmarkaði, í fyrsta lagi hér í Reykjavík eða á Faxaflóasvæðinu og á einum eða tveimur öðrum stöðum á landinu, og kanna hvernig framboð og eftirspurn getur við núverandi aðstæður og líka við bein fjölmiðlunartengsl við fiskmarkaði í Evrópu og annars staðar haft meiri áhrif á fiskverðsákvarðanir. Það getur haft gífurlegt gildi fyrir viðleitni okkar til að auka gæði og verðmæti þess fiskjar sem við öflum. Það er ekki hending ein að fiskmarkaðsreglan er almenna reglan við kaup og sölu á ferskum fiski og hefur verið lengi og er hefðbundin aðferð sjávarútvegsþjóða í Evrópu.

Þetta er ekkert byltingarkennd hugmynd. Þetta er gamalkunn hugmynd hér allt í kringum okkur. Hins vegar þekki ég þær röksemdir sem menn hafa fært fyrir því að þetta gangi ekki hér, þ.e. lítill hluti af okkar fiskafla fer til innanlandsneyslu en meginhlutinn fer til útflutnings og þetta land er stórt og dreifbýlt og innanlandsmarkaðurinn smár. Þetta eru ekki gild rök lengur. Það er vel hægt að hugsa sér slíkan fiskmarkað, bæði á Faxaflóasvæðinu í tilraunaskyni og einnig að taka beint mið af skjótum boðmiðlunum um fiskverð á erlendum mörkuðum og laga þannig verðlagsákvörðunina meira að eftirsóknarverðum gæðum. Þá mundi verðlagið fara að stýra meira sókn okkar í fiskistofna og ekki hvað síst meðhöndlun og vinnslu miðað við raunverulegar eftirspurnarþarfir markaðar.

Það væri hægt að hugsa sér, fyrir þá sem finnst þetta of byltingarkennt, og þetta er voðalega íhaldssamt þjóðfélag eins og við vitum, með þeim íhaldssömustu í Evrópu, að hafa á reynslutímanum einhvers konar sambland af slíkum kerfum, t.d. með því að lækka verðið sérstaklega þegar sóknin er of mikil á vissum tímum, eins og t.d. á aflatoppum togaranna á sumrin, til þess að draga úr hvatanum til að sækja aflann á allt of skömmum tíma þrátt fyrir að vinnslan ráði ekki við að skila þeim afla með hámarksgæðum og hámarksverði.

Herra forseti. Ég hef leyft mér fyrst og fremst að vekja upp ýmsar óþægilegar spurningar sem varða kvótakerfið. Ég hef ekki svarað þessum spurningum öllum sjálfur, enda er það kannske ekki á mínu valdi að gera það og kannske ekki á valdi neins nema að undangenginni mjög vandaðri athugun. Ég er hins vegar fyrst og fremst að vekja máls á þessum spurningum til að færa rök fyrir þeirri skoðun minni að Alþingi getur ekki leyft sér það með hangandi hendi eða hálfsofandi að lyfta upp hendinni og greiða atkvæði með einhverju kerfi, sem búið er að reyna hér, er gagnrýnanlegt og umdeilanlegt, án þess að krefjast þess að gerð verði rækileg úttekt á því hvernig reynslan hefur verið. Það er alveg lágmark. Ég gagnrýni að þetta frv. skuli vera lagt fram án þess að því fylgi nægilega grunduð greinargerð um kosti og galla og reynslu. Það er ekki nóg að hver hafi upp eftir öðrum almennar athugasemdir um þetta. Það eru sjálfsögð vinnubrögð að slík úttekt verði gerð. Úr því að hún liggur ekki fyrir nú er lágmarkskrafa að sjávarútvegsnefndir þingsins krefjist þess að slík úttekt fari fram.

Sjálfur hef ég lýst ýmsum grundvallarviðhorfum. Það er alveg ljóst að ég hef ekki trú á þessu kvótakerfi til frambúðar og ég tel að gallar þess séu mjög margir og sumir þeirra reyndar þess eðlis að það geti ekki staðist til lengdar. Þegar til lengri tíma er litið held ég að kvótakerfi af þessu tagi, reglustikuúthlutun miðað við meðaltöl einhvern tíma aftur í tímann og bundinn kvóti á skip, kalli algera stöðnun yfir sjávarútveginn. Það er ekki hægt að stunda útgerð undir þessum reglum þegar til lengdar lætur. Þegar skipstjórnarmenn og sjómenn fá ekki að spreyta sig, fá ekki að sýna fram á getu sína til að sækja afla, bæta stöðu sína endar það að lokum í stöðnun.

Mér sýnist alveg augljóst í öðru lagi að með þessu kvótakerfi hafi ekki tekist, sem hlýtur að hafa átt að vera eitt meginmarkmiðið, að afstýra of mikilli sókn í aflahrotum með þeim afleiðingum sem það hefur um lélega nýtingu og verðmætatap.

Í þriðja lagi sýnist mér alveg augljóst að það hafi ekki tekist nægjanlega vel að samræma veiðar og vinnslu né heldur að koma á nauðsynlegri og æskilegri sérhæfingu innan vinnslunnar. Þess vegna finnst mér þeirri spurningu ósvarað hvort kvótakerfið muni ekki þegar til lengdar lætur hafa sömu áhrif í sjávarútvegi og í landbúnaði, nefnilega að auka tilkostnað úr hófi fram í stað þess að draga úr honum og að koma í veg fyrir nauðsynlega endurnýjun og nýjungar í greininni þannig að smám saman leiði það til stöðnunar.

Auðvitað vita allir menn að fiskveiðar eru allt annað en einhver verksmiðjurekstur. Sú grein er allt annars eðlis. Þegar veiðihæfni skiptir orðið litlu máli, bestu mennirnir í greininni eru dregnir niður á reglustikumeðaltal og tekjur raunverulega ákveðnar fyrir fram samkvæmt pólitísku skömmtunarkerfi, einhvers konar ráðstjórnarhagfræði, verður afleiðingin að lokum atgervisflótti úr sjómannastéttinni í aðrar og áhættusamari en erfiðisminni greinar. E.t.v. er þetta aðalhættan sem felst í kvótakerfinu þegar til lengri tíma er litið.

Herra forseti. Ég vék áðan að þeirri spurningu hvort gild væru þau rök hæstv. sjútvrh. að hægt sé að sníða helstu agnúa af kerfinu með því að segja við sjómenn,

skipstjórnarmenn: Þið getið valið milli aflamarks og sóknarmarks, og það gefi þeim þar með nægilegt tækifæri sem telji sig misrétti beitta því að þeir hafi of lítið svigrúm til að bæta sig. Þetta er lykilspurning fyrir þá sem vita og eru sammála mér í stórum dráttum um þessa greiningu á kvótakerfinu en segja sem svo: Ja, þetta val yfir sóknarmarkið setur undir mikinn leka. Ég er ekki alveg viss um að svo sé. Ég hef þegar nefnt nokkur rök fyrir því og vil gjarnan nefna nokkur önnur.

Nú þekkja menn ráðgjöf fiskifræðinga um hverju sé ráðlegt að mæla með sem hámarki í aflakvóta fyrir þorsk á næsta ári. Lítum á þessi frumvarpsdrög og gefum okkur ákveðnar forsendur um þorskúthlutun á togara. Lítum fyrst á árið 1985 og tökum togara sem fekk kvótaskammt upp á 2000 tonn og 1500 tonn í öðrum tegundum. Síðan mátti hann bæta sig um 20%, þ.e. fá 2400 tonn + 1500 tonn, og veiðidagar á ári eru 270. Ef við gefum okkur þessar forsendur samkvæmt frv. og lítum á árið 1986 gæti þessi togari búist við að fá í þorskúthlutun 2340 tonn + 20%, þ.e. 2800 tonn rúmlega og önnur 1200 líklega, það er líkleg tala, áætlunartala, og alls kannske um 4000 tonn, þar af 2808 tonn í þorski. Það er samdóma álit þeirra skipstjórnarmanna sem ég hef rætt við að úthlutaðir veiðidagar, 270 fyrir þennan togara, á árinu 1986 yrðu allt of fáir. Þá gefa menn sér þá forsendu að gert er ráð fyrir því að ná um 15 tonna dagsafla. En því er haldið fram að einungis tæplega þriðjungur togaraflotans nái þeim afla. Þá spyr ég: Er líklegt að menn telji þetta fýsilegan kost ef þeir eiga að velja á milli aflamarks og sóknarmarks? Er líklegt að menn telji þetta fýsilegan kost ef þeir þykjast sjá það fyrir að þetta sé sýnd veiði en ekki gefin? Ég vek athygli á því að í þeim tillögum sem samþykktar voru á farmanna- og fiskimannasambandsþingi að tillögu ágætra Vestfirðinga er gert ráð fyrir því að hafa þetta öðruvísi. Þeir gera ráð fyrir 295 veiðidögum á ári, m.ö.o.: frjálsar veiðar á þessum 295 dögum, en að sett verði það algera lágmark að þessi floti verði að ná 30% af heildarafla sínum í öðrum tegundum en þorski. Þetta eru fleiri sóknardagar, en hins vegar er þarna um að ræða veiðistýringu í aðrar veiðitegundir en þorsk og það er hægt að koma því svo fyrir að sú veiðistýring fari fram ekki hvað síst á topptímanum, þ.e. að togarar, t.d. hér syðra, á Reykjanessvæðinu svo að ég taki dæmi, sem auðvitað hafa ekki eins mikla kunnáttu og ekki eins mikla reynslu, eru ekki eins sérhæfðir á Vestfjarðamiðum þar sem toppaflinn er mikið til sóttur, séu ekki endilega að leggja á sig gífurlegan kostnað og gífurlega eyðslu af hverju tagi til að sækja þorskafla sinn í toppum. Það væri samkvæmt þessari reglu hægt að halda Vestfjarðaflotanum t.d. frá slíkum toppum samkvæmt þessum sjónarmiðum. Þetta nefni ég sem dæmi um að ég held að þarna sé, þegar menn spyrja um hvað eigi að koma í staðinn, komin fram skynsamleg tillaga um að ná æskilegum markmiðum eftir öðrum leiðum.

Svo er annað. Ég veit ekki hvort allir hafa áttað sig á því, þegar menn bera saman aflamark og val um sóknarmarkið miðað við gefnar forsendur um æskilegan heildarkvóta upp á 300 þús. tonn, að inni í þessum reglum eru raunverulega allra handa frávikspættir sem benda til þess að veiðimagnið verði í reynd miklu meira. Ef það verður ákveðið 300 þús. tonn gæti það orðið í reynd allt að 360 þús. tonn. Ástæðurnar eru m.a. eftirtaldar: Ef útgerð velur aflamark má bæta við þorskkvótann 10%, en minnka þar á móti sókn í ufsa, ýsu, karfa, grálúðu eða aðrar tegundir. Þetta þýddi að skip með 400 tonna þorskkvóta gæti aukið hann í 440. Velji útgerðin sóknarmark er heimilt að afla 20% umfram meðalkvóta. Dæmi: Ef helmingur flotans velur sóknarmark hækkar heildarmagnið um 30 þús. tonn. Hafi bátur haft kvóta undir meðaltali verður að auki aukning sem nemur þeim tonnum sem hann er undir meðalkvóta. Sú stærð er óþekkt, en gæti orðið allveruleg.

Sjálfur hefur sjútvrh. bent á það, núna seinast í umræðum utan dagskrár um trillukarla, að frávikspáttur samkvæmt þessu í umframafla smábáta á þessu ári sé orðinn 12 þús. tonn.

Fleiri dæmi má nefna. Helmingur af þorskafla á línu í janúar og febrúar er fyrir utan kvóta. Það þýðir að frávikspættir sem hann er óþekkt. Því er haldið fram með réttu eða röngu að kvótakerfið ýti undir að undirmálsfiski af togurum og netabátum sé hent í sjó. Auðvitað þekkja menn þetta og það er reynt að setja undir þann leka með því að fá skipið til að koma með undirmálsfisk að landi. Hann er væntanlega utan kvóta ef með hann er komið sem er auðvitað ekki í öllum tilvikum. En svo er þorskur af yfirstærð í flökunarvélar frystitogara. Það er vitað mál og er ekki umdeilt að honum er fleygt líka. Þar er líka um að ræða frávik. Á þessu ári hafa reknetabátar fengið leyfi til að breyta veiðikvóta sínum fyrir síld, sem er umfram snurpukvóta, í veiðileyfi fyrir þorsk í hlutfallinu 3 tonn af síld fyrir 1 tonn af þorski. Þetta er líka frávik sem hefur einhverja merkingu.

Eins og ég vék að áðan fá togarar 270 sóknardaga á ári. Þeir verða hins vegar misjafnir hjá bátum eftir flokkum báta, en þó aldrei fleiri en 215 og skipt í fjögur tímabil. Það er aðeins heimilt að flytja þrjá veiðidaga á milli tímabila og ekki tekið tillit til þess þó að þrálátar brælur útiloki margfalt fleiri veiðidaga. Þriggja ára viðmiðunarreglan miðast við afla á árunum 1981—1983 og átti að gilda samkvæmt upphaflegu, miðað við þriggja ára regluna, til 1988. Það eru auðvitað ótal ástæður sem geta verið fyrir lélegum kvótum, tíðarfar, fiskigengd, óheppni með veiðarfæri, vélarbilanir og endalaust. Auðvitað stríðir það gegn réttlætiskennd manna að festa slíka óáran í sessi með lögum frá Alþingi, binda það í lög að menn skuli gjalda óhappa og óáranar sem bitnar auðvitað verst á þeim sem mest þurfa á því að halda að rétta sinn hlut, að geta sýnt að þeir geti það! Í frv. er gert ráð fyrir því, og ég er að tala hér um valið milli aflamarks og sóknarmarks, að skip geti unnið sig upp með því að taka sóknarmarkið. En hvað munar þetta miklu? Tökum dæmi. Skip með meðalkvóta, 200 tonn, gæti samkvæmt þessu hækkað á þremur árum upp í 288 tonn.

Talandi um misnotkunina á kvótakerfinu. Auðvitað er það rétt, sem menn segja, að ekkert kerfi er fullkomið og ekkert kerfi þannig að ekki verði fram hjá því gengið. Fyrir hverja eina reglu sem er sett finna útsjónarsamir menn aðrar tvær til að fara fram hjá henni. En ég er ekki að tala um þess konar misnotkun. Það er dæmi, sem sjómenn eiga ákaflega bágt með að líða en er réttlætanlegt í þessu kerfi, að samkvæmt þessari þriggja ára meðaltalsreglu er einhverju skipi úthlutað vænum kvóta og viðkomandi útgerðarmaður heldur þessum kvóta þó að skipið sé fúnandi uppi í naustum, uppi á grasbala og enginn geri það út.

Mönnum er samkvæmt þessu kerfi raunverulega eignaður óveiddur fiskur í sjó, veitt lagaheimild með umboði hans hátignar, hæstráðanda til sjós, til þess að selja óveiddar guðsgjafir. Hvers konar eiginlega lagasetning er þetta?

En eins og ég segi er aðalatriðið, þegar dæmi af þessu tagi eru nefnd, að ef veiðihæfni manna skiptir orðið ekki máli í kerfinu, en kerfið er orðið svo sjálfvirkt og svo gelt skriffinnskukerfi að veiðihæfni manna dugar ekki til að gefa þeim svigrúm til að rétta sinn hlut ef þeir hafa lent illa út úr upphaflegum viðmiðunarárum, þá gengur það ekki, og ef sóknarmarkið, sem þá er svarið sem val við hinu, dugar ekki heldur, eins og dæmið af bátnum, þar sem menn geta bætt upp á þremur árum, er of lítið til þess að það skipti máli eru það gallar á kerfinu.

Til þess að draga þetta saman: Tilgangurinn með kvótakerfi er sá að takmarka heildarsókn. Þess vegna eru fiskifræðingar að mæla með 300 þús. tonnum. Ef hins vegar er verið að kynna 300 þús. tonn og það er hægt að áætla að í reynd þýði það 380 þús. tonn, hvar eru þá fiskifræðirökin? Skiptir það kannske engu máli hvort þetta hleypur á 100 þús. tonnum til eða frá? Er þá fiskifræðin ekki nákvæmari en þetta? Ef aflamark getur hækkað um 15 þús. tonn, ef sóknarmarkið getur hækkað um 30 þús. tonn, ef umframveiði smábáta getur farið 12 þús. tonn umfram kvóta eru komin 60 þús. tonn. Og ef til viðbótar kemur helmingur þorskafla á línu í janúar og febrúar: óviss stærð, síldarkvóti umbreytt í þorskkvóta: óviss stærð, mismunur á kvóta báta sem eru undir meðalkvóta en velja sóknarmark: óviss stærð, nokkur hundruð þúsund tonn, fiskur sem hentar ekki til vinnslu, t. d. fiskur af yfirstærð í flökunarvélar frystitogara sem er hent, hvað erum við þá komnir upp í mikið? Hvað er þá 300 þús. tonna kvótinn orðinn mikill og hvað er þá orðið eftir af nákvæmninni í röksemdafærslu *fiskifræðinganna um að við verðum* að halda okkur innan gefinna marka?

Herra forseti. Að lokum örfá orð um trillukarla. Allt sem ég hef verið að segja sem gagnrýni á meginreglurnar í þessu kvótakerfi er um leið rökstuðningur fyrir því að vera ekki með þessa ofstjórnaráráttu sem mér finnst felast í gildandi reglum um trillumenn. Auðvitað eru þessi rök almenns eðlis og þau hafa almennt gildi, en þau hafa alveg sérstakt gildi að því er þessa menn varðar. Forsendur fyrir kvótakerfi yfirleitt eru að við erum að koma í veg fyrir að veiðiþoli fiskistofna verði ofboðið. Ef þau rök eru ekki í gildi eru engin rök í gildi fyrir því að stýra sjávarútvegi með skömmtunarstjórn. Það er ósköp einfaldlega svo að handfæraveiðar Íslendinga hafa aldrei ofboðið veiðiþoli fiskistofnanna og munu aldrei gera. Þar breyta tilfærðar tölur um fjölgun trillumanna engu. Hlutur þeirra í heildarbotnfiskveiði er það lítill.

Handfæramenn. Um þá má það segja: 1. Fiskifræðileg rök hrína ekki á þeim. Þeir eru ekki að ofbjóða fiskistofnum. 2. Sá hlutur sem þeir bera á land er svo *lítill* að hann skiptir ekki máli í þeim efnum. 3. Tilkostnaður við þessar veiðar, út frá bæði rekstrarlegu og þjóðhagslegu sjónarmiði, er svo lítill að þessar veiðar verða að teljast hagkvæmar. 4. Gæði þess afla sem þessir menn koma með að landi eru að öðru jöfnu óvenjulega góð. *Þess vegna er það að mínu mati dæmi* um ofstjórnaráráttu að ætla að fara að setja þessa menn undir kvóta.

Lokarökin eru þau að þeir eru að stunda handfæraveiðar á opnum, litlum bátum og það hefur svo verið í 1000 ár og það verður svo þrátt fyrir allt, allar mannasetningar og öll lög, að gæftum þessara báta er stjórnað af almættinu. Við getum með allri virðingu fyrir hæstv. sjútvrh. alveg treyst guði almáttugum til að standa sig jafnvel og ráðherrann sjálfur, jafnvel kannske ögn betur svo að ég fari vægilega í sakirnar í gagnrýni á ráðherrann. Þó að meiri hluti Alþingis Íslendinga fallist á að hæstv. ráðh. eigi að vera umboðsmaður guðs almáttugs hér á jarðríki, hvernig væri þá að þeir hefðu a.m.k. samvinnu um málið og það væri hægt að ná einhvers konar samkomulagi við hæstv. ráðh. um að guð fengi að stjórna að hluta, en hæstv. ráðh. að hluta? (**Gripið fram í:** Hver getur haft miðlun?) Hvernig væri að formaður Alþfl. reyndi það? (**Sjútvrh.:** Það væri mjög ánægjulegt.) Þetta finnst mér vera mál af því tagi að sé prófsteinn á vilja hæstv. ráðh. til að sýna nú þann sveigjanleika sem hann viðurkennir að þurfi að vera á þessu kerfi. Ef þessu er synjað erum við komnir út í þvílíka ofstjórn og slík ofstjórn mun búa til svo mörg vandamál, svo illleysanleg mannleg vandamál að ég öfunda engan sem í því þarf að lenda.

Herra forseti. Ég sleppi því að gera grein fyrir smávægilegum brtt. sem ég mundi leggja fram til þrautavara ef ekkert *tillit* er tekið til hinnar meiri háttar gagnrýni á þetta kvótakerfi. Þær eru nokkrar sem við vildum koma á framfæri og varða eftirlitskerfi með kvótakerfi, takmarkanir á flotvörpuveiði, fiskverðsákvarðanir og breytingar á sóknarmarksleiðinni að því er varðar það að gefa *þeim mönnum sem velja* sóknarmarkið svigrúm til að bæta sig betur og hraðar en ráð er fyrir gert í þessu frv. Þessum tillögum er hægt að koma á framfæri í nefnd og læt ég það nægja. — [Fundarhlé.]

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er komið til deildar okkar í þriðja sinn, þriðja þingið í röð, frv. til l. varðandi stjórnun fiskveiða, nú fyrir árið 1986—1987. Ég ætla hér við 1. umræðu þessa máls að lýsa nokkrum almennum viðhorfum til þeirrar tilhögunar, sem hér er lögð til og verið hefur í gildi með svipuðum hætti í aðalatriðum undanfarin tvö ár, svo og að gefa nokkrar ábendingar varðandi einstaka þætti frv. og víkja að nokkrum áhyggjuefnum sem varða sjávarútveginn almennt og tengjast þeim málum sem við erum hér að fást við.

Ég vil í byrjun rifja það upp að við Alþýðubandalagsmenn vorum að miklum meiri hluta til andvígir þeirri lagasetningu um stjórnun fiskveiða sem innleidd var fyrir árið 1984 og aftur fyrir árið 1985. Raunar var aðeins einn þm. úr okkar liði sem greiddi þessari *lagasetningu atkvæði*. Þessi afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna byggðist á ýmsum forsendum. Afstaða okkar var ekki byggð á sömu ástæðum en leiddi þó til sömu niðurstöðu, að vera andvígir þessari lagasetningu tvö næstliðin ár.

Ég er í hópi þeirra sem hafa lýst fylgi við þá tilhögun, sem þarna var innleidd, efnislega séð, en aðrir þm. í okkar röðum hefðu kosið að taka á stjórnun veiðanna með allt öðrum hætti og hafa gert grein fyrir því við umræður um þetta mál hér á fyrri þingum og á yfirstandandi ári í fjölmiðlum. Ætla ég ekki að fara að tala hér fyrir munn þeirra því að þeir munu að

sjálfsögðu gera grein fyrir sinni skoðun út frá þeim forsendum sem þeir leggja til grundvallar afstöðu sinni til þessa mikilvæga máls.

Áður en ég vík nánar að þessu vil ég að fram komi að ég tel það til bóta að þetta frv. varðandi stjórnun fiskveiða kemur nú mun fyrr til þingsins en var á s.l. tveimur árum. Hæstv. ráðherra hefur gert það aðgengilegt þingflokkum fyrir nokkru síðan í drögum. Málið hefur verið til meðferðar hjá samtökum hagsmunaaðila í sjávarútvegi og verið rætt mikið og kynnt. Við stöndum því betur að vígi hvað þetta snertir en t.d. á síðasta þingi og á haustdögum 1983 ekki síst þegar þetta kerfi var innleitt í fyrsta sinn. Þetta er til bóta.

Ég vil einnig taka fram að ég tel að sá búningur, sem þetta mál er hér fært í, sé til talsverðra bóta frá því sem var þegar frv. um svipað efni var lagt hér fyrir þingið síðustu tvö þing og á þar við að þetta frv. er mun ítarlegra og hér eru tekin inn mörg ákvæði sem ekki voru í hinu fyrra frv. og gildandi lögum um þessi mál heldur tekið á því á grundvelli reglugerða af hæstv. ráðherra. Það gildir um margar greinar í þessu frv. að hér eru inn í frumvarpstextann tekin ákvæði sem stýrt hefur verið með reglugerðarákvæðum af hæstv. sjútvrh. á undanförnum árum. Ég tel það vera til verulegra bóta í málsmeðferð að fyrir Alþingi skuli þannig lagt að taka efnislega afstöðu til ákvæða sem ráðherra hafði áður í hendi sér að langmestu leyti, að ákvarða á grundvelli þess mjög svo einfalda lagatexta sem samþykktur var hér í fyrra og hittifyrra og hægt væri í rauninni að þjappa saman í eina setningu, eins og fram var tekið við umræður hér í fyrra af flokksbróður hæstv. sjútvrh., að ráðherrann fari með málefni sjávarútvegsins og setji reglugerðir þar um.

Ég mun víkja að einstökum þáttum hér á eftir en ég vil gera grein fyrir afstöðu minni til þessa stjórnunarkerfis, sem hér er til umræðu, með því að vitna til orða minna hér í umræðunni í fyrra til að það liggi alveg fyrir að andstaða mín við lagasetninguna í fyrra og raunar í hittifyrra einnig byggðist ekki á því stjórnkerfi, sem þarna var verið að innleiða í aðalatriðum varðandi botnfiskveiðarnar, heldur á aðferðinni við lagasetninguna og einstökum þáttum sem þarna var verið að lögleiða, m.a. í sambandi við veiðar minnstu báta undir tíu brúttórúmlestum og fleiri efnisþætti sem þar komu til. Um þetta efni sagði ég í umræðum hér í fyrra:

„Ég vil ítreka það, sem áður hefur komið fram af minni hálfu, að ég er fylgjandi stjórnun á íslenskum fiskveiðum. Ég var og er hlynntur meginstefnumiðum í sambandi við þá fiskveiðistjórnun sem mörkuð var fyrir síðasta ár, þ.e. að miða við aflamark á einstök veiðiskip aðalhluta flotans. Ég er því efnislega hlynntur og samþykkur og talaði fyrir þeirri stefnu þegar málið var hér til umræðu í fyrra. Ég gagnrýndi það þá að of lengi hefðu menn haldið við stjórnunarform sem engan veginn skilaði þeim árangri sem ég hygg að menn hafi ætlast til sem við það héldu, hið svokallaða „skrapdagakerfi", sérstaklega varðandi togarana.

Ekki var tekið undir tillögur, sem fram komu m.a. frá sérstökum starfshópi á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, sem starfaði á árunum um og fyrir 1980, og lagðar voru fyrir þáv. hæstv. sjútvrh. Steingrím Hermannsson, um að taka upp breytta stjórnun. Ég held að við hefðum verið í mun betri sporum ef þá hefði verið lagt inn á nýjar brautir og farið hægar í sakirnar og reynt að breyta til, ekki síst í sambandi við togveiðarnar, með því að reyna aflamark á togarana eina sér til að byrja með og safna þar reynslu.

Ég er þeirrar skoðunar að aflamarksleiðinni geti fylgt ýmsir kostir til bættra útgerðarhátta og aukinnar hagkvæmni eins og leiddar hafa verið líkur að að tekist hafi á síðasta ári. En ég hlýt að viðurkenna að sú reynsla er mjög stutt og það er hæpið að draga nokkrar algildar ályktanir af þeirri reynslu sem komin er vegna þeirra mörgu óvissuþátta sem þar koma við sögu."

Þetta læt ég nægja til upprifjunar á máli mínu um þessi efni hér í fyrra til að undirstrika að það er ekki aðferðin við stjórnun veiðanna, sem hefur valdið ágreiningi mínum við hæstv. sjútvrh., heldur aðrir þættir.

Af þeim atriðum, sem nú blasa við, vil ég í fyrsta lagi nefna það — sem er raunar sama eðlis og lá fyrir af minni hálfu og frá okkur flestum Alþýðubandalagsmönnum í fyrra — að við hefðum kosið að Alþingi fjallaði meira með stefnumarkandi hætti um einstaka þætti en gert er ráð fyrir í gildandi lögum og enn í þessu frv. varðandi fiskveiðistefnuna. Við gerðum það að tillögu okkar í fyrra að framkvæmd meginatriða fiskveiðistefnunnar yrði mörkuð með þál. af hálfu Alþingis sem ráðherra síðan útfærði á grundvelli slíkrar viljayfirlýsingar Alþingis í formi reglugerða. Ég er enn þeirrar skoðunar að það væri eðlilegt af hálfu þingsins að taka á ýmsum þáttum sem ekki er kveðið á um í þessu frv. og enn er á valdi ráðherra að taka á með setningu reglugerða.

Ein af stóru spurningunum, sem við okkur blasa, er um heildaraflamark fyrir þorskstofninn, mikilvægustu botnfisktegundina. Hér liggja fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunar um 300 þús. tonna heildarársafla fyrir komandi ár og árið 1987. Ég teldi eðlilegt að Alþingi segði álit sitt á þessu heildaraflamarki, að hér yrði fjallað um það og ákveðið innan ramma þáltill. hvert vera skuli heildaraflamagn botnfisktegundanna, sem háðar eru aflamarki, og á því tekið í ljósi bestu fáanlegra upplýsinga vegna þess að hér er um pólitískt matsatriði að ræða, pólitíska ákvörðun, sem eðlilegt er að þingið hafi skoðun á en láti ekki einvörðungu í hendur hæstv. sjútvrh. að taka ákvörðun um, svo gífurlega þýðingarmikill sem þessi þáttur er fyrir afkomustærðir í okkar þjóðarbúskap.

Við þekkjum það frá síðustu tveimur árum að verulega hefur verið farið fram úr því hámarki þorskafla sem gert var ráð fyrir í byrjun hvers árs. Við getum í rauninni sagt: Sem betur fer hefur það gerst — og á raunar sérstaklega við um yfirstandandi ár að svo hefur farið. Þannig má segja að þessu marki hafi ekki verið haldið til streitu miðað við áform og ákvarðanir í upphafi árs. Þannig má segja að það geti verið æskilegt og eðlilegt að hafa ákveðinn sveigjanleika í sambandi við ákvörðun á slíku heildaraflamarki.

En það munar ekki litlu hvort við það er miðað þegar upp er lagt hvort veidd skuli 300 þús. tonn af þorski yfir árið eða segjum 350 þús. tonn sem ýmsir, sem um þessi mál hafa fjallað og skoðað niðurstöður fiskifræðinga og reynslu af aflabrögðum, telja að komið gæti til greina. Ég vil ekki kveða neitt á um það hér á þessu stigi máls hvað teldist eðlileg viðmiðun í þessu efni. Ég er þess hvetjandi að menn hafi vaðið frekar fyrir neðan sig í sambandi við sóknina í okkar þýðingarmestu fiskstofna.

En ég hygg þó að varðandi þetta heildaraflamark, sem hér er miðað við af hálfu Hafrannsóknastofnunar og gert er ráð fyrir skv. fylgiskjölum með þessu frv., séu menn vel varúðarmegin í þessum efnum og það sé því pólitískt viðfangsefni og matsatriði hvort markið yrði sett nokkru hærra. Það hefði ég talið koma til greina og teldi að ætti að vera viðfangsefni Alþingis að fjalla um í sambandi við ákvarðanir um fiskveiðistefnu og stjórnun fiskveiða fyrir næstu tvö ár, vilji þingið taka á þessu máli ákvarðandi til tveggja ára tíma eins og hér er lagt til.

Ég vil þá víkja að einstökum atriðum hér í frv. sem hér eru tekin inn og ég tel vera til bóta að fá inn í frumvarpstexta fyrir utan það sem ég nefndi hér að í 1. gr. er það verkefni sjútvrh. að ákveða með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári. Ég hef þegar bent á að ég teldi eðlilegt að Alþingi tæki afstöðu til tillagna um þessi efni.

Í 2. gr. eru tekin inn ákvæði sem áður voru í reglugerð. Það tel ég vera til bóta. Sama er að segja um ákvæði 4. gr. í sambandi við leyfi til botnfiskveiða og skilgreiningu á þessari tvenns konar tilhögun, annars vegar með aflamarki og hins vegar með sóknarmarki. Það er jákvætt að þessi atriði eru hér tekin inn. Í þessari gr. er að finna ákvæði um að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur sem veiðist í ákveðin veiðarfæri skuli ekki talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips og er í síðara tilvikinu um að ræða línuveiðarnar. Horfir það í rétta átt að mínu mati og mætti lengra ganga í þeim efnum. Við Alþýðubandalagsmenn gerðum um það tillögu þegar mál þetta var til meðferðar á þinginu haustið 1983 að línuveiðum væri haldið utan við aflamark ásamt handfæraveiðum. En síðan hefur það í reynd orðið þannig að hluti af línuafla hefur verið tekinn undan aflamarki í janúar og febúar í samræmi við ábendingar sjútvn. sem um þetta mál hafa fjallað.

Það er á sama hátt í fleiri frumvarpsgreinum, eins og í 5. og 7. gr., að finna ákvæði sem ég tel horfa til betri vegar, ekki síst ákvæði í 7. gr. þar sem möguleikar eru opnaðir fyrir útgerðir og sjómenn að vinna sig út úr þeirri þröngu viðmiðun sem gilti í sambandi við útreikning á aflamarki — og raunar einnig á sóknarmarki — miðað við árin 1981—1983 upphaflega. Hér er opnað fyrir möguleika til þess að vægi áranna 1986 og síðan vegna ársins 1987 vegi verulega þyngra en viðmiðanir fyrri ára. Þetta tel ég horfa til rétts vegar og vera þannig til bóta.

Skv. 8. gr. eru tekin inn ákvæði sem auka sveigjanleika í þessu stjórnkerfi. Þar er tekið fram að heimilt sé að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni fisktegund allt að 10% af heildarverðmæti aflaúthlutunar og einnig möguleiki á að flytja á milli ára, sem ég tel fyllilega koma til greina og auka sveigjanleika í þessu kerfi. Ég er ekki þar með að taka undir þá hugmynd, sem hæstv. sjútvrh. setti fram á miðju þessu ári, að taka upp slíka heimild varðandi yfirstandandi ár. Ég skildi í rauninni aldrei hvernig hæstv. ráðherra gat hugsað sér að hægt væri að hrófla við því kerfi sem njörvað hafði verið niður að þessu leyti. Sú hugmynd fékk enda mjög bágar viðtökur svo sem eðlilegt var. En öðru máli gegnir þegar horft er til næstu ára að þessu leyti og ég tel það ekki óeðlilegt að á slíkt sé litið með jákvæðum hætti.

Í fleiri frumvarpsgreinum er að finna ákvæði sem inn eru tekin en áður voru reglugerðarákvæði, bæði í 12. gr. frv. og í 14. gr. þar sem stefnt er að að lögfesta ákvæði um samráðsnefnd sem sett var á laggirnar með reglugerð 1984.

Þessi atriði nefni ég hér, herra forseti, til að vekja athygli á því að hæstv. sjútvrh., sem okkur hefur þótt vera ansi fastur fyrir, svo ekki sé meira sagt, í sambandi við hugmyndir um breytingar á þeim frumvörpum sem hér lágu fyrir á fyrri árum um stjórnun fiskveiða, hefur tekið svolítið sönsum í þessum efnum. Honum er ekki fyrirmunað að læra og taka tillit til ábendinga sem settar hafa verið fram og rökstuddar í sambandi við lagasetningu á fyrri þingum. Þá reyndist hann ófáanlegur til að breyta stafkrók í lagasetningu vegna þessa árs. Við stóðum hér í ræðustól á stífum fundum, næturfundum, til að láta á það reyna hvort ráðherrann væri ekki reiðubúinn til að gera breytingar á því frv. sem þá var endurflutt nánast óbreytt frá árinu 1983. En þar varð engu um þokað. Nú hefur ráðherrann breytt til til bóta í ýmsum greinum að þessu leyti. Ég tel það vera jákvætt og þannig sé þetta frv. í mun aðgengilegri búningi en var hér vegna fyrri ára og yfirstandandi árs.

Auðvitað er spurning hvort lögfesta skuli ákvæði um stjórnun fiskveiða til eins árs eða tveggja ára í senn. Mér finnst ekki óeðlilegt að menn reyni að taka stefnumarkandi ákvarðanir til lengri tíma en til ársins þegar um svo þýðingarmikil atriði er að ræða og finnst eðlilegt að fjallað sé um þetta mál með það í huga að þetta kerfi, sem menn hyggjast lögfesta, geti gilt til tveggja ára með þeim endurskoðunarákvæðum og möguleikum til endurskoðunar sem gert er ráð fyrir hér í ákvæði til bráðabirgða.

Þó að ég hafi hér tekið jákvætt undir þær breytingar ýmsar sem orðið hafa í þessu máli bið ég um að mál mitt sé ekki skilið þannig að ég telji að við séum hér komin með einhverja fullkomna smíð í hendur sem hægt sé að skrifa upp á án athugasemda eða án þess að breytingar fáist fram. Ég hef fullan fyrirvara á afstöðu minni til þessa frv. í heild og mun sjá til hvaða meðferð það fær í höndum sjútvn. þessarar hv. deildar, áður en ég tek endanlega afstöðu til þess.

Það eru margir þættir, sem snerta þetta stjórnkerfi, sem ástæða væri til að fá skýrð betur og önnur sem nauðsynlegt er að breyta. Eitt af þeim ákvæðum, sem snertir úthlutun á aflamarki til skipa eða sóknarmarki og erfiðleikum veldur, er spurningin um tilfærslu á fiskiskipum milli byggðarlaga. Hv. 7. landsk. þm. Kristín Halldórsdóttir vék réttilega að því í máli sínu hér fyrr í dag við þessa umræðu að það er mikill vandi sem steðjar að byggðarlögum sem eiga á hættu að missa fiskiskip og þar með möguleikann á afla sem er víða undirstaðan undir atvinnu og afkomu manna. Að mínu mati er nauðsynlegt að leitað verði leiða til að koma í veg fyrir að slíkar sveiflur gerist með skjótum hætti með sölu fiskiskipa, sem mörg hver eru nú á uppboðslista í byggðarlögum víða um landið með viðeigandi óvissu fyrir fjölda fólks sem á afkomu sína undir útgerð þeirra. Þetta er atriði sem nauðsynlegt er um að fjalla og einnig spurninguna um framsal á kvóta, sölu á kvóta, sem við höfum sett stórt spurningarmerki við, Alþýðubandalagsmenn, í umræðum um þessi mál.

Það er eðlilegt að spurt sé: Hver á fiskinn í sjónum? Eru það útgerðarmennirnir, sem fá úthlutað kvótanum,

sem eru eignaraðilar að þessari auðlind? Eða ber ekki að taka á þessu máli með öðrum hætti? Við höfum gert um það tillögu hér við meðferð sama máls í tvígang, Alþýðubandalagsmenn ásamt fleiri þm. úr stjórnarandstöðu, að því sé slegið föstu að fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar séu þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Ég held að fyllsta ástæða sé til að taka það mál hér enn upp til umræðu og sé ekki vilji til að lögfesta það í tengslum við þetta frv. hér um stjórn fiskveiða, þá sé tekið á málinu með öðrum hætti af Alþingi, þannig að ótvírætt sé hver teljist vera eignaraðili að þessari undirstöðuauðlind í okkar þjóðarbúskap.

Annað atriði sem ég vil nefna hér sérstaklega og gera athugasemdir við eru ákvæði 9. gr., um botnfiskveiðar báta minni en 10 brúttórúmlestir. Það mál var hér til umræðu í gær með tilliti til ákvæða vegna þessa árs og þeirrar veiðistöðvunar á smábátum sem nú hefur verið ákveðin skv. reglugerð hæstv. sjútvrh. Í þessum frumvarpstexta kemur enn tillaga um það, að vísu með nokkuð öðrum hætti en gert var ráð fyrir á síðasta ári, að takmarka veiðar báta undir 10 brúttórúmlestum og stöðva veiðar þeirra miðað við ákveðna tiltekna daga á komandi ári, samtals 120 daga, sem gert er ráð fyrir að veiðar þeirra verði stöðvaðar, þó með þeirri undantekningu sem hæstv. sjútvrh. gat um í sinni framsögu, að hann gerði ráð fyrir að heimilaðar yrðu — og reyndar kemur fram í texta þessarar frumvarpsgreinar að möguleiki sé á að heimila þessum smábátum línuveiðar á tímabilinu frá 1. jan. til 9. febr. og 16. nóv. til og með 31. des.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum verið þeirrar skoðunar að ástæðulaust væri að setja kvóta á smábáta. Og ég er enn þeirrar skoðunar að ástæðulaust sé að vera að setja trillurnar undir kvótann. Vissulega hefur sú þróun orðið frá því þetta kerfi fyrst var innleitt vegna ársins 1984 að smábátum hefur fjölgað mjög verulega. Afli þeirra hefur aukist mikið á yfirstandandi ári, eins og fram hefur komið, en þetta er ekki síst vegna þess að bátunum hefur fjölgað mjög verulega og tæknibúnaður þeirra vissulega einnig batnað á þessum tíma, þannig að afköstin hafa orðið meiri þrátt fyrir takmarkanir. Þarna koma einnig til, sennilega á heildina litið, betri gæftir á yfirstandandi ári en á síðasta ári. Ég tel að það hefðu verið eðlileg viðbrögð í sambandi við smábátana að setja takmarkanir á fjölgun þeirra á þessum tíma, ekki ósvipað og gilt hefur um aðrar fleytur í fiskveiðiflota okkar. En það hefur ekki verið gert heldur hefur verið reynt af hæstv. ráðh. með mjög gagnrýnisverðum hætti að hneppa smábátana í viðjar kvótakerfis, sem er algerlega óhæft til stjórnunar og óboðlegt þeim sem fást við þessar veiðar.

Ég tel því að ef ekki er meirihlutavilji fyrir því hér á Alþingi nú að undanskilja smábáta undir 10 brúttórúmlestum kvóta með öllu, þá beri að taka á þessu máli með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í 9. gr. Megintillaga af minni hálfu er sú að trillurnar verði undanþegnar kvóta með öllu, en til vara nefni ég það að sveigjanleiki til veiða á smábáta verði mun meiri en gert er ráð fyrir hér í 9. gr. þessa frv. og bendi þar á í fyrsta lagi að sá tími sem gert er ráð fyrir að stöðva úthald þeirra er óhóflega langur og auk þess er óréttmætt og ástæðulaust að setja smábáta um land allt undir stöðvun tiltekna daga á árinu.

Ég tel að það beri að skoða að veita þeim kost á sóknarmarki, eða réttara sagt að sækja sinn afla með sveigjanlegum hætti á mismunandi árstímum eftir landshlutum og eftir verstöðvum. Vilji menn takmarka sóknina við ákveðinn dagafjölda á árinu þá geti menn valið úr hvenær þeir taki á sig þá stöðvun, t.d. innan sömu verstöðvar. Ég viðurkenni að ef menn eru með stjórnun á veiðar þessara báta þá er það erfitt að hafa eftirlit með hverjum einstökum bát af þessari stærð. En ég hygg að sjómenn, sem þessa útgerð stunda, væru reiðubúnir til þess að bindast samtökum um að samræma sín sjónarmið í hverri verstöð og velja sér þá daga sem þeir safna í stöðvun, því það háttar svo misjafnt um aðstæður á landinu, en sem kunnugt er í sambandi við þetta væri slíkur sveigjanleiki mjög til bóta.

Ég skildi það svo hér í máli hæstv. sjútvrh. áðan þegar hann mælti fyrir þessu frv. að hann væri reiðubúinn til þess að skoða hugmyndir af því tagi og ég hvet hv. sjávarútvegsnefndarmenn til að gera það, að leita leiða til þess að skapa slíkan sveigjanleika í sambandi við smábátana, sé ekki vilji til þess að taka undir þá megintillögu að þeir séu undanþegnir kvóta.

Þetta eru þau atriði, herra forseti, sem ég vildi koma að sérstaklega í tengslum við þetta frv. sem hér liggur fyrir og ætla í framhaldi af því aðeins að víkja nokkrum orðum að öðrum þáttum sem tengjast sjávarútvegium og skipta í rauninni meira máli en spurningin um stjórnkerfi eða stjórnun veiðanna, svo þýðingarmikil þó sem hún er.

Hér talaði á undan mér við umræðuna hv. 5. þm. Reykv., formaður Alþfl. Hann gagnrýndi marga þætti í sambandi við það stjórnkerfi sem við höfum búið við undanfarin tvö ár, en mér þótti það nokkur ljóður á máli hans að hann benti í rauninni ekki á neitt með marktækum hætti sem ætti að taka við. Það var ekki annað að heyra á hans máli en hann teldi að innleiða ætti lögmál markaðarins í sambandi við sóknina í mjög auknum mæli, stöðva útgerð skipa í ríkum mæli og láta þau sigla í strand sem hafa átt við erfiðleika að etja rekstrarlega. Ég skildi heldur ekki ýmsa þætti sem hv. þm. vék að í sambandi við þá stjórnun sem hann var að nefna sem hugsanlega af sinni hálfu. Hann kom að því að leggja mætti skipum í einstökum verstöðvum og endurúthluta kvóta til báta og skipa í sama byggðarlagi, ekki eingöngu innan sömu útgerðar. Þetta er erfitt í framkvæmd og ég tek mjög vara við því að menn ætli sér að hleypa lögmálum markaðarins lausum í auknum mæli í sambandi við útgerð í landinu. Sérstaklega vara ég við því að menn hleypi þar fram með skjótum hætti breytingum sem leitt geta til stórkostlegra vandkvæða og sóunar á verðmætum í raun, þó að einstaka reiknimeistarar telji sig geta reiknað út einhvern þjóðhagslegan hagnað af því eftir tölvuútskriftum. Ég held að fyllsta ástæða sé til þess að vara við slíkum hugmyndum.

En það eru önnur vandamál í okkar sjávarútvegi, sem ég kemst ekki hjá að nefna hér, sem ég tel vera í rauninni mun stærri heldur en spurningin um aðferð við stjórnun á hinum takmarkaða afla. Það er í fyrsta lagi þau almennu rekstrarskilyrði sem okkar sjávarútvegur nú býr við undir efnahagsstefnu þessarar ríkisstj. og þá m.a. og ekki síst á ábyrgð núv. hæstv. sjútvrh. Þar horfir í mikið óefni og hefur verið þröng fyrir dyrum um langt skeið og ég hlýt að gagnrýna það hér mjög harðlega hvernig á þessum málum hefur verið haldið,

málefnum sjávarútvegsins, vegna þess að það er ekkert eins afdrifaríkt í sambandi við stöðu sjávarútvegsplássanna í landinu og raunar heilu landshlutanna, landsbyggðarinnar, heldur en sú rekstrarlega staða sem þar blasir við.

Þessu tengist einnig vinnuaflsskorturinn í fiskvinnslunni. Sú mynd sem blasir við með hálftóm frystihús víða um landið og sú staðreynd að þjálfað vinnuafl hefur flúið úr þessum fyrirtækjum vegna þeirra launakjara og annarra aðstæðna, sem fólk þar býr við, vegna bónuskerfis og afleiðinga af því og hins lága fastakaups og ótryggrar vinnu, sem fólk í fiskvinnslunni býr við. Þetta eru aðstæður sem ekki ættu að ríkja í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna.

Ég bendi einnig á það, sem raunar hefur verið vikið að hér við þessa umræðu, að gæðamál í fiskvinnslunni eru í mesta ólestri, en þar er út af fyrir sig ekki hægt að kenna því stjórnkerfi um sem innleitt hefur verið, heldur miklu frekar því að ekki hefur verið gripið á þeim þáttum sem leiða til þess að afla er mokað á land á stuttum tíma og miklu meir heldur en unnt er að koma í verðmæta vöru. Það hefur verið vanrækt að taka á þeim þáttum stjórnunarlega séð og auðvitað má kenna fleirum en stjórnvöldum um það sem úrskeiðis hefur farið í þeim efnum. En ég er þeirrar skoðunar að fyrir löngu hefði átt að vera búið að taka þar á með takmarkandi hætti, hvað hægt er að draga á land til einstakra verstöðva af afla í svokölluðum aflahrotum. Hér er ekki um einkamál einstakra verstöðva að ræða eða þeirra sem vinna í viðkomandi fyrirtækjum hjá útgerð og fiskvinnslu. Hér er um að ræða slík stórmál þjóðhagslega séð að það er eðlilegt að taka á þeim og setja um ákveðnar reglur. Gæðamálin eru þannig í miklum ólestri víða í okkar sjávarútvegi og þar eru stórar upphæðir á ferðinni.

Ég vil svo að endingu í sambandi við þá alvarlegu stöðu sem við blasir í sjávarútveginum vekja athygli á þeirri þróun sem nú er í gangi í sambandi við að flytja fiskvinnsluna á haf út, uppbyggingu frystitogaranna, sem stefnir í það að vinnslugeta þeirra verði við lok næsta árs um þriðjungur af þeim þorskafla sem hér er gert ráð fyrir að heimilað verði að afla. Skv. upplýsingum frá Framkvæmdastofnun ríkisins er gert ráð fyrir því að vinnslugeta þeirra frystitogara, sem komnir verða í gagnið við lok ársins 1986, nemi um 100 þús. lestum. Hér er á ferðinni þróun sem fyllsta ástæða er til að fjalla um og að menn átti sig á því hér á Alþingi hvaða afleiðingar muni hafa og hvort skynsamlega sé þar á málum haldið.

Stefna núv. hæstv. ríkisstj. gagnvart sjávarútveginum og útgerð í landinu sérstaklega hefur nefnilega leitt til þess að fyrirtæki í útgerð hafa séð þann kost helstan að breyta skipum eða kaupa skip með vinnslugetu, frystitogara, til þess að láta vinna aflann um borð á vöktum allan sólarhringinn. Slíkur rekstur er afkomulega séð frá sjónarhóli einstakra fyrirtækja arðbærari heldur en samrekstur útgerðar og fiskvinnslu með þeim hætti sem að honum er staðið, og því hafa fyrirtæki í útgerð verið knúin til þess að leggja út á þessa braut. Við hljótum að spyrja: Hvar ætla menn að enda að þessu leyti? Ég held að þetta mál þurfi sérstakrar umræðu við og sé síst minna mál en spurningin um stjórnun veiðanna.

Menn eru að tala um samræmingu veiða og vinnslu. Það má segja að það sé ákveðin samræming veiða og vinnslu sem fari fram um borð í frystiskipum eða frystitogurum, en ég er ekki viss um að það sé það sem skynsamlegast er fyrir okkar þjóðarbúskap og bendi á þann gífurlega vanda sem blasir við í landi þar sem aflinn er unninn um borð eða siglt með hann ferskan til útlanda eins og gerst hefur í mjög auknum mæli.

Herra forseti. Ég ætla ekki hér við 1. umr. þessa máls að lengja mál mitt frá því sem orðið er. Ég sá ástæðu til þess að víkja hér almennt að því stjórnkerfi sem er efni þessa frv. Ég hef tekið það fram að ég tel að þetta kerfi sé hægt að nota sem meginaðferð með lagfæringum og undir það hefur verið tekið af flestum hagsmunasamtökum í sjávarútvegi, þó með Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sem undantekningu. Ég er ekki með þessu að segja að ekki væri unnt að taka á málum með öðrum hætti og önnur stjórnkerfi geti ekki verið til álita. Það er sjálfsagt að skoða allar leiðir í þeim efnum, en ég tel þó að það væri engan veginn til bóta að hverfa til baka til þess kerfis sem kallað hefur verið skrapdagakerfi og við bjuggum við hér á árum áður.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Það mál sem nú er komið á dagskrá hv. Alþingis er eitthvert hið mikilvægasta sem hér hefur verið lagt fram. Það mál snertir í rauninni alla þjóðina og getur örugglega haft úrslitaþýðingu um afkomu okkar, lífsskilyrði, tekjur almennt og búsetu í þessu landi um fyrirsjáanlega framtíð.

Þetta mál hefur nú þegar hlotið allmikla umræðu og mikla kynningu víðs vegar um landið og enn fremur í hagsmunasamtökum sjávarútvegsins. Við erum því flestöll kunnug þeim meginrökum sem liggja að baki þeim hugmyndum sem uppi eru um fiskveiðistjórnun í landinu, þar með taldar vitaskuld þær hugmyndir sem liggja að baki því frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur hér fylgt úr hlaði.

Engu að síður er það mjög mikilvægt að hér á hinu háa Alþingi fái þetta mál eðlilega meðferð og um það verði fjallað af yfirvegun og íhygli og allar leiðir skoðaðar. Þetta mál er vitaskuld afar flókið og alls ekkert einhlítt í þessum efnum.

Ég tel að það sé mikilvægt þegar við skoðum þessi mál að við reynum að setja umræðuna sem nú hefur hafist hér í sölum Alþingis í nokkurt samhengi við það sem fyrr hefur gerst í þessum málum.

Það var um það talað hér áðan af hv. 5. þm. Reykv. að almættið hefði áður og fyrr stjórnað fiskveiðunum. Þegar almættið hætti að stjórna um miðjan síðasta áratug og sjávarútvegsráðherrar þessa lands tóku við þá blöstu við ákveðnar staðreyndir. Það er í fyrsta lagi það að þetta var um það leyti sem við vorum að hrinda af höndum okkar útlendingum af miðunum í kringum landið og rétt um það leyti kom fram ákaflega alvarleg skýrsla frá Hafrannsóknastofnun á árinu 1975, hin svokallaða svarta skýrsla, sem dró upp ákaflega dökka mynd af ástandi lífríkisins í sjónum í kringum landið. Það var m.a. á grundvelli þessarar skýrslu og með þessa skýrslu í bakgrunni sem Alþingi setti lög nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Það er á grundvelli þessara laga sem fiskveiðum í kringum landið var stjórnað allt fram á árið 1984.

Ég vil minna á að á grundvelli þessara laga var beitt víðtækum almennum aðgerðum til þess að stýra og stjórna veiðunum og takmarka sóknina í fiskstofnana.

Ég vil einnig minna á í fyrsta lagi að á grundvelli þessara laga var beitt lokun á hrygningarsvæðum landsins. Það er enginn vafi á því að þessar heimildir til lokunar á hrygningarsvæðum höfðu jákvæðar og mikilvægar afleiðingar í för með sér. Um þetta deilir enginn nú í dag, þó einatt sé það þannig að menn greinir á um framkvæmdina í smáatriðum hvað þetta varðar.

Svipaða sögu er að segja um annað ákvæði, sem beitt var á grundvelli þessara sömu laga, en það var lokun uppeldissvæða fyrir norðan og vestan landið. Ég vil t.d. nefna svæðið út af Kögrinum við Vestfirði. Auðvitað greindi menn á um framkvæmdina í þessum efnum líka í smáatriðum. En í meginatriðum hefur samt sem áður ríkt um það einhugur að á grundvelli þessara laga beri að beita lokun á uppeldis- og hrygningarsvæðum. Sama er auðvitað að segja um svæðisbundnar lokanir sem sífellt er verið að beita fram á þennan dag á svæðum þar sem upp kemur of mikill smáfiskur í afla togara.

Ég vil enn fremur minna á að á þessum árum var líka tekin sú ákvörðun, sem þá olli nokkrum titringi en er nú almennt viðurkennd, að auka möskvastærð í botnvörpu togara fyrst úr 120 mm í 135 og loks í 155. Allar þessar aðgerðir sem ég hef hér nefnt höfðu augljóslega jákvæð áhrif í för með sér og hafa t.d. augljóslega dregið mjög úr smáfiskaveiði við landið.

En mikilvægasta atriðið í þessu sambandi er þó enn ótalið. Það lýtur að sjálfri grundvallarstjórnuninni sem átti sér stað á fiskveiðum okkar frá árinu 1976 og byggðist á þeim lögum sem ég hef nú þegar margoft nefnt. Hér á ég við þá aðferð sem við notuðum allt frá árinu 1976 og fram til ársins 1984 og byggðist á tegundamarki, skrapdögum eða þorskveiðibanni sem stóð í allt að 150 daga á ári. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að um þetta mál ríkti í meginatriðum friður á meðan sú framkvæmd stóð. Í meginatriðum ríkti um þetta friður sem er auðvitað grundvallaratriði þegar við erum að tala um fiskveiðistjórnun, svo flókin sem hún er í allri framkvæmd. Að þessu stóðu sjávarútvegsráðherrar úr þremur stjórnmálaflokkum sem unnu heils hugar að framkvæmd þessara laga og þessara aðferða.

Ég vil í fyrsta lagi minna á að lögin voru sett að frumkvæði og undir forustu Matthíasar Bjarnasonar, sem þá var sjútvrh. Þeim var enn fylgt af Kjartani Jóhannssyni, þáv. sjútvrh. og loks af núv. hæstv. forsrh., þáv. sjútvrh., Steingrími Hermannssyni. Ég held það sé mjög mikilvægt að við höfum þetta í huga og minnumst þess, þegar við erum að tala hér nú um kvótaskiptingu á afla, að ekki er langt síðan hér var framkvæmd allt önnur veiðistjórnun í sæmilegum friði af mönnum með svo gerólíkar stjórnmálaskoðanir, sem ég hef þegar rakið hér. Mér finnst nefnilega að þrátt fyrir að ekki séu nema tvö ár síðan að lög, sem gerbreyttu fiskveiðistjórnuninni, voru sett, þá sé farið að fyrnast yfir það að við höfðum þá áður komist af með fiskveiðistjórnun sem fór fram með allt öðrum hætti og hægt var að beita í sæmilegum friði af mönnum úr þremur mismunandi stjórnmálaflokkum í landinu.

Það var hins vegar á árinu 1983 að talið var nauðsynlegt að gerbreyta hér um aðferð, að hverfa frá tegundamarkinu en hverfa að kvótafyrirkomulagi og síðan þá hefur það verið við lýði. Því var að vísu mjög haldið á lofti um það leyti sem farið var að impra á þessari hugmynd að hér ætti fyrst og fremst að vera um að ræða skammtímaaðgerð og enn þá heyri ég að menn eru að gæla við að hægt verði að hrinda þessari framkvæmd af höndum sér að ári og að samþykkja þennan kvóta einungis til eins árs. En ég minni á að verði það fyrirkomulag ofan á þá verður búið að hafa kvóta hér við lýði í þrjú ár.

Þegar farið var að impra á því að taka upp breytt fyrirkomulag á stjórnun fiskveiða þá var enn í bakgrunninum ákaflega svört skýrsla frá Hafrannsóknastofnun. Í þeirri skýrlsu var lagt til að einungis yrðu veidd á árinu 1984 um 200 þús. tonn af þorski. Við skulum hafa í huga þegar þetta er nefnt að einungis örfáum árum áður, árið 1981, höfðu veiðst hér af Íslendingum sjálfum 461 þús. tonn af þorski. Hér var því verið að leggja til meira en helmings niðurskurð á þorskafla landsmanna með þeim afleiðingum sem það nú hefði haft fyrir efnahagslíf þjóðarinnar. Það var með þennan dökka bakgrunn að fiskiþing samþykkti að kvótafyrirkomulag skyldi tekið upp á fiskveiðum til eins árs, en með miklum semingi þó.

Nú er þetta mál enn á dagskrá þrátt fyrir að aðstæður hafi mjög breyst í lífríkinu í sjónum í kringum landið. En við stöndum að því leytinu nú í allt öðrum sporum að nú að þessu sinni erum við reynslunni ríkari. Við getum borið þessa fiskveiðistjórnun saman við það ástand sem ríkti hér á árum áður og við getum reynt að átta okkur á því hvort við höfum í þessum efnum gengið götuna fram eftir veg til góðs eða hvort við höfum yfir höfuð eftir nokkru að slægjast í þeirri aðferð sem ríkt hefur við fiskveiðistjórnunina síðustu tvö árin.

Augljóslega eru menn ekki á eitt sáttir í þessu mikilvæga, flókna og stóra hagsmunamáli. Augljóslega eru uppi mjög mismunandi viðhorf, guði sé lof, því hvernig væri nú komið fyrir okkar þjóð og okkar lýðræði, ef menn hefðu ekki ólíkar skoðanir í svo veigamiklu atriði. En þrátt fyrir það vil ég fullyrða að í raun og veru ríkir meðal allra þeirra, sem um þessi mál þurfa að fjalla, megn óánægja með þá skömmtun sem í núverandi kerfi er innbyggt. Þetta kann að hljóma dálítið mótsagnakennt í ljósi þess að sífellt er til þess vitnað að hagsmunasamtökin hafi lýst yfir velþóknun sinni á núverandi fiskveiðistjórnunaraðferð.

Í fyrsta lagi vil ég gera þá athugasemd við þá fullyrðingu að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, hvorki meira né minna, stéttarfélag skipstjóra og stýrimanna í landinu einfaldlega hafnaði núverandi kerfi. Það hafnaði núverandi kerfi og lagði til allt aðra stjórnunaraðferð. Hér er um að ræða þá menn sem kannske hvað helst starfa í návígi við þessa aðferð, ef þannig má að orði komast. Sjómannasamband Íslands hélt ekki þing sitt á þessu ári, en Farmanna- og fiskimannasambandið gerði það hins vegar og samþykkti með umtalsverðum meiri hluta að hafna þessu kerfi.

Í öðru lagi kom það fram, bæði á fiskiþingi og á þingi Landssambands ísl. útvegsmanna, að það er ríkjandi mikil óánægja með núverandi fyrirkomulag og það mátti jafnvel heyra og lesa í blaðaviðtölum við þá sem harðast gengu fram um það að fá þetta kerfi samþykkt að þar var óánægja ríkjandi. En hitt er rétt, sem fram kom í ræðu hæstv. sjútvrh., að því miður hefur ekki tekist að sameina alla þá sem óánægðir eru í hjarta sínu um eina tillögu, um annan valkost og því fór sem fór á þessum þingum. (**Forseti:** Ég vil nú leyfa mér að ónáða hv. ræðumann. Ég sé að hann mun eiga allmikið eftir af

ræðu sinni og nú er hugmyndin að gera fundarhlé í 1½ klst. og byrja hér aftur kl. 8.30.) — [Fundarhlé.]

Ég held nú áfram máli mínu þar sem frá var horfið. Ég hafði nýlokið við að lýsa því að í raun og veru væri, þrátt fyrir ályktanir tveggja hagsmunasamtaka, ríkjandi talsverð óánægja með kvótafyrirkomulagið, með aflamarksleiðina, og því væri það ekki alls kostar rétt að halda því fram að um væri að ræða einhuga stuðning hagsmunasamtakanna í landinu við þessa aðferð.

En nú er rétt að hyggja að sjálfu frv. og líta á einstakar efnisgreinar þess. Ég vil þá byrja á því að skoða nokkuð 1. efnisgr. frv. sem hljóðar svo, fyrri hlutinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir 1. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar, ákveða með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein, enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl."

Ég held að hér sé um að ræða ákaflega óheppilega aðferð við að ákveða hámarksafla fyrir ár hvert. Ég er þeirrar skoðunar að óheppilegt sé í sjálfu sér að leggja allt þetta vald í hendur ráðherra þrátt fyrir að hann muni styðjast við tillögugerð Hafrannsóknastofnunar. Ég er þeirrar skoðunar og sú skoðun á fylgi að fagna víða að hér þurfi að setja upp ákveðið kerfi, hafa ákveðnar almennar reglur um ákvörðun á hámarksafla þannig að allt þetta vald sé ekki saman komið í höndum ráðherra. Ef við lítum á árin 1950—1983 var þorskafli á Íslandsmiðum að meðaltali tæp 400 þúsund tonn eða 397 þúsund tonn svo ég sé ögn nákvæmari. Mestur varð þorskaflinn á þessu árabili árið 1954 eða 548 þúsund tonn en minnstur á árinu 1983 294 þúsund tonn.

Það er auðvitað algjört grundvallaratriði til þess að hægt sé að halda uppi sæmilegu atvinnuöryggi í þessari grein að hún búi við vissa festu. Þessi festa þarf meðal annars að koma fram í því að menn viti nokkuð að hverju þeir gangi, lengra en part úr ári fram í tímann. Það er þess vegna að því leytinu rétt hugsun hjá hæstv. sjútvrh. þegar hann leggur til að mótuð skuli fiskveiðistefna til lengri tíma. Þessi mikla óvissa sem greinin hefur búið við ár frá ári er að mínum dómi ein mesta ógæfa sjávarútvegsins. Þess vegna væri eðlilegt að móta fiskveiðistefnuna til lengri tíma og þegar ákvörðun um hámarksþorskafla er tekin að miða við reynslu fyrri ára. Ég vil benda á í þessu sambandi að það liggur fyrir mat og skoðun á því hvernig þorskafli á Íslandsmiðum hefur þróast á árunum 1976 til 1985 í samanburði við tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla á þessum sama tíma. Þegar þessi mynd er skoðuð kemur glögglega í ljós að tillögur Hafrannsóknastofnunar elta meira og minna þá þróun sem varð í þorskafla næstu árin á undan. Það er af þessum sökum sem ýmsir í þessari grein hafa komist þannig að orði að svo megi segja að tillögur Hafrannsóknastofnunar megi fremur skoða sem sagnfræði heldur en vísindalegan spádóm fram í tímann.

Ég held sem sagt að það sé höfuðmál fyrir þessa grein að hún fái að búa við það starfslega öryggi sem felst í því að fiskveiðistefna sé mótuð til lengri tíma og að farið sé að almennum reglum þegar verið er að ákveða hámarksafla á botnlægum tegundum. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega minna á orð hæstv. sjútvrh. sem hann viðhafði í ræðu í hæstv. Ed. Alþingis 19. desember 1983, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig er rétt að taka fram að sveiflur í tekjum sjávarútvegsins hafa mikil áhrif. Þessar tekjur eru uppistaðan í okkar útflutningstekjum og hafa ekki eingöngu áhrif á afkomuna í greininni sjálfri heldur hafa þær áhrif á allan þjóðarbúskapinn. Stuðla verður að sem mestu jafnvægi þannig að jafnar framfarir verði í hagkerfinu. Mikil veiði eitt árið sem getur orsakað mun minni veiði annað árið veldur því að okkar hagkerfi verður í stöðugum sveiflum."

Þetta held ég að sé einmitt grundvallaratriði og í þessu sambandi vil ég minna á að á árabilinu 1981—1984 drógust saman útflutningstekjur sjávarútvegsins um sem svaraði 200 milljónum bandaríkjadala sem jafngildir því á verðlagi dagsins í dag að vera nálægt 8,5 milljarðar króna. Ég fullyrði að sjávarútvegurinn hefur svo sannarlega fengið að finna af fullum þunga fyrir þessum skelli en hið sama verður því miður ekki sagt um ýmsar aðrar greinar í landinu sem hafa getað haldið uppi gegndarlausri þenslu, launaskriði og þar fram eftir götunum í krafti erlends lánsfjár og valdið þar af leiðandi sjávarútveginum beinlínis miklum búsifjum.

Ég vil í þessu sambandi jafnframt biðja hv. þm. að leiða rétt aðeins hugann að því hvað hefði gerst ef hæstv. sjútvrh. hefði í einu og öllu farið að tillögum Hafrannsóknastofnunar um ákvörðun hámarksþorskafla landsmanna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að hann styðjist við tillögur Hafrannsóknastofnunar. Við skulum gefa okkur það að hann hefði farið í einu og öllu að þessum tillögum og ákveðið að í ár og í fyrra yrðu veidd um 200 þúsund tonn af þorski. Ég vil benda á að nógu illa gengur okkur að lifa með því að veiða 300—320 þúsund tonn þó við færum ekki í þá stöðu að vera með um 200 þúsund tonna þorskafla. Hvernig halda hv. þingmenn að væri umhorfs í okkar þjóðfélagi ef við byggjum við það að þorskaflinn sem dreginn var á land hefði einungis verið 200 þúsund tonn? Hvernig ætli væri umhorfs í þessum litlu sjávarþorpum, þessum plássum úti á landi þar sem allt byggist á þessari veiði? Hvernig ætli væri hljóðið í hv. þingmönnum nú við gerð fjárlaga ef þjóðarframleiðslan væri sem þessu næmi minni? Hvernig ætli væri umhorfs á vinnumarkaði okkar? Hvernig væri komið fyrir launakjörum opinberra starfsmanna o.s.frv., o.s.frv.? Og hvernig ætli væri komið fyrir afkomu okkar fiskiskipastóls, okkar fiskvinnslustöðva? Nógu bág er hún samt.

Í 7. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvörðun aflamarks og þorskaflahámarks 1986 fyrir fiskiskip þau sem stunduðu botnfiskveiðar með sóknarmarki 1985 gilda eftirfarandi reglur:

A. Aflamark af einstökum fisktegundum skal ákveðið þannig að afli þeirra á árinu 1985 vegi þriðjung en reiknað aflamark þeirra fyrir 1985 tvo þriðju.

B. Þorskaflahámark skal ákveðið þannig að það sé, hvort sem hærra reynist, meðalþorskaflamark báta í hverjum flokki, stærð og veiðisvæði með 20% álagi, eða reiknað þorskaflamark viðkomandi skips samkvæmt lið A með 20% álagi.

Við úthlutun botnfiskveiðileyfa fyrir árið 1987 skal endurmeta aflamark og þorskaflahámark þeirra fiskiskipa, sem botnfiskleyfi hafa með sóknarmarki árið

1986 með sama hætti og að ofan greinir, þó þannig að afli árið 1986 vegi helming við ákvörðun aflamarks eða þorskaflahámarks og vægi aflamarks á fyrra ári sbr. og 5. gr. minnki að sama skapi."

Til þessarar greinar hefur nokkuð oft verið vitnað í umræðunum í kvöld og þessi grein verið talin til sérstaks marks um það frjálslyndi sem ríkti í tillögugerðinni varðandi ákvörðun aflamarks fyrir árið 1986. Ég held hins vegar að þessi tillögugrein eins og hún liggur fyrir feli í sér jafnmargar hættur og sá vandi sem henni er í rauninni ætlað að leysa. Þessi tillögugrein hefur það að markmiði að auðvelda þeim skipum sem það kjósa að vinna sig út úr reynslunni, aflareynslunni, sem þeim var úthlutað á árinu 1984. Henni er sem sagt ætlað að leysa þau skip úr ákveðnum viðjum og gætu þannig síðar unað við þá úthlutun sem þau fengu á grundvelli reynsluáranna um áramótin 1983—1984.

Gott og vel. En hver er vandi sá sem þessi tillögugrein skapar? Hann er auðvitað sá að þau skip sem ekki munu velja sóknarmark munu sitja eftir við aflamarkið, að hlutur þessara skipa mun rýrna að sama skapi. Eftir því sem hlutur sóknarmarksskipanna eykst — að því gefnu vitaskuld að úthlutun þorskaflamarksins sé gefin stærð — mun hlutur aflamarksskipanna rýrna, dragast saman. Menn sem einhverra hluta vegna, af gildum ástæðum væntanlega, neyðast til eða munu velja aflamarkið, sitja eftir í farinu og geta sig hvergi hreyft. Skip sem hafa drjúga úthlutun þorskkvóta munu smám saman verða að meðaltalsskipum án þess að geta komið nokkrum vörnum við.

Þá segja menn: Af hverju velja þá þessir útgerðarmenn ekki bara sóknarmarkið? Það er ekki jafnauðvelt og virðast kann við fystu sýn. Ég hef í huga dæmi af útgerð einni þar sem ég þekki örlítið til og þar er því þannig háttað að um er að ræða tvö skip hjá sömu útgerð. Annað skipið er gamalt og afskrifað, hitt skipið er nýtt og dýrt og ber mikinn fjármagnskostnað. Útgerðarmaðurinn þarna hefur tekið þann kostinn — til þess að tryggja það að nýja skipið geti staðið í skilum við fjárfestingasjóðina — að láta eldra skipið á rækjuveiðar og nýta botnfiskkvóta þess skips á hinu nýja. Með þessu móti hefur hann getað staðið í skilum. Þessi maður á í raun og veru engra kosta völ annarra en þeirra að halda áfram sömu aðferð ef hann ætlar sér að standa í skilum. Hann getur auðvitað reynt að fara á sóknarmarkið í því skyni að vinna sér inn nýja reynslu, brjótast úr þessum frægu viðjum, en það mun leiða til þess að hann getur ekki staðið í skilum. Þetta vil ég benda á vegna þess að þessi grein eins og hún er sett fram þarna mun með öðrum orðum skapa ný vandamál jafnframt því sem hún kann að leysa einhver sem fyrir eru.

Í þeim umræðum sem fram hafa farið um fiskveiðistjórnina upp á síðkastið hefur mjög mikið verið gert úr vanda þeirra báta sem eru innan við 10 tonn. Út af fyrir sig ætla ég ekki að orðlengja þessa umræðu. Að mínum dómi hefur hún farið úr öllum böndum og vandi þessara skipa verið á margan hátt blásinn upp og umræðan dreifst út um víðan völl m.a. vegna þess. Ég er þeirrar skoðunar í raun og veru — og það má kannske segja að liðsaukinn komi nú úr óvæntustu átt — að á margan hátt sé komið mjög til móts við sjónarmið útgerðarmanna minni bátanna í því frv. sem hér er lagt fram; þá er ég að tala um bátana fyrir neðan 10 tonn. Á hinn bóginn sé ég ekki betur en að eftir séu skildir úti í kuldanum þeir útgerðarmenn og sjómenn sem ég álít að hafi farið verst út úr þessari aðferð við stjórnun fiskveiða og það eru útgerðarmenn og sjómenn á bátum sem eru á stærðarbilinu ca. 10—20 tonn. Þessir bátar hafa á margan hátt litla aðra möguleika en þá sem bátarnir innan við 10 tonnin hafa en er samt gert að hlíta miklu strangari stjórnunaraðferðum við fiskveiðar. Ekki er talað um það að tugir ef ekki hundruð manna af þessum bátum hafa orðið að mæla göturnar í allt sumar eða fá sér aðra vinnu. Útgerðarmenn þessara báta hafa ekki getað skaffað þeim verkefni. Ég vil beina því til sjútvn. og hæstv. sjútvrh. að sérstakur gaumur verði gefinn að vanda þessara báta því hann er ærinn og hann er mjög alvarlegur. Ég held að við gerðum góðan hlut í því að beina sjónum okkar nú um stund fremur að vanda þessara báta en eingöngu að einblína á þá báta sem eru innan við 10 tonn og fer nú ört fjölgandi.

Í 12. gr. frv. í lokakafla segir svo, með leyfi forseta: „Heimilt er að takmarka framsalsheimild þeirra skipa er sérleyfisveiðar stunda." Ég vil sérstaklega vara við þessu ákvæði frv. Mikið er talað um það að útgerðarmenn tiltekinna báta leggi þeim upp á fjörukamb, láti þá grotna þar niður, selji kvótana sér til skemmtunar og fari síðan í sólarlandaferðir til útlanda. Þessar staðhæfingar eru byggðar á einhverjum rokufréttum nokkurra dagblaða en skipta í raun og veru engu máli. Hér er ekki um að ræða almenna misnotkun á þessu kerfi heldur fyrst og fremst einstök tilvik sem oft á tíðum eru orðum ýkt og standast tæpast frekari skoðun. Ég vil benda á að í raun og veru er ekki með þessu ákvæði — þar sem gert er ráð fyrir einhverri takmörkun á framsalsheimild — verið að reyna að ná þessum einstaklingum enda held ég að slík leit væri álíka vonlaus og leitin að nálinni í heystakknum. Hins vegar er gert ráð fyrir því beinlínis í grg. frv. að heimilt sé að takmarka framsalsrétt skipa sem hafa sérveiðileyfi og eru m.a. hafðir í huga þeir bátar sem stunda úthafsrækjuveiðar allt árið. Ég bendi á í þessu sambandi að árin 1984 og 1985 voru engan veginn reynsluár hvað þetta snertir. Hafi þau átt að vera reynsluár hefði verið eðlilegur hlutur að tilkynna um það fyrir fram svo menn áttuðu sig á því að sú aðferð sem þeir höfðu við veiðarnar væri metin sem einhvers konar reynsla. Það er alveg ljóst að hafi menn það í huga að takmarka framsalsheimildir einhverra skipa, sem byggja á því að þau nýti ekki sinn kvóta, er eingöngu hægt að líta til ársins sem nú fer í hönd, 1986, og áranna þar á eftir, en engan veginn hægt að líta á árin 1984 og 1985.

Ég vil biðja hv. þingmenn að hafa í huga hvað væri líkleg atburðarás í þessu sambandi. Í fyrsta lagi bendi ég á að hér er um að ræða ákaflega fá skip. Afli þeirra skiptir nánast engu og væri honum dreift niður á þau skip sem fyrir eru í veiðinni býst ég við að hvert skip, hver meðaltogari fengi svona 10—15 tonn út úr þeirri úthlutun og á ég ekki von á að neinn telji sig muna mikið um það. Það sem hins vegar mundi gerast á næsta ári er að útgerðarmenn þessara skipa mundu haga þannig veiðum sínum að þeir misstu ekki þennan kvóta sinn. Ég held að það sé ákaflega mikið ofmat á góðmennsku þessara útgerðarmanna, og þekki ég þar nokkuð til, að ímynda sér að þeir mundu láta kvótann úr höndum sér á svo auðveldan hátt. Það er enginn vandi fyrir þessi skip að fiska; þetta eru flest ágætlega

búin togskip. Það er enginn vandi fyrir þessi skip að sópa upp þessum nokkrum hundruðum þorskígilda sem þau hafa á sumarmánuðunum júní, júlí og ágúst þegar mestur afli er. Það væri enginn vandi að koma þessum afla undan í gáma til útlanda og það væri enginn vandi sem sagt fyrir þessi skip að nýta þennan afla og halda síðan á rækjuveiðar. Og hvað hefðum við upp úr þessu? Jú, við hefðum haft það upp úr þessu að vísu að koma í veg fyrir að þau væru að braska með þennan kvóta en annað væri það að við hefðum staðið að þessum veiðum með dýrari hætti en ella. Við hefðum minnkað heildarafrakstur sjávarútvegsins í landinu því á meðan þessi skip væru að fiska þennan botnfiskafla sinn gætu þau ekki verið á rækjuveiðum og við skulum muna að þessi afli hefði í öllum tilvikum verið veiddur af öðrum skipum. Við værum að minnka heildartekjur íslenskra sjómanna. Við værum að koma í veg fyrir að nýta þá fjárfestingu sem við hefðum fyrir í landinu á hagkvæmasta hátt sem okkur ber. Er það markmiðið með þessum lögum? Er það markmiðið með málflutningi þeirra manna sem hafa talað og varað við framsalshugmyndinni og vilja takmarka hana? Ég vil spyrja að þessu.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega vitna til þess að í Degi, fyrir ekki löngu, var vitnað til þeirra orða hæstv. sjútvrh. að rækjuveiðar hefðu aukist mjög mikið í kjölfar breyttrar fiskveiðistjórnunar á árinu 1984 og sú aukning næmi u.þ.b. 7—800 milljónum króna. Ég hefði haldið að þessi aukning skilaði nokkru fyrir þjóðarbú okkar og væri þess eðlis að við teldum ástæðu til þess að viðhalda henni. Ég er þeirrar skoðunar að yrði þessu heimildarákvæði beitt gengi það öndvert við þá hugmynd að efla hagræði í sjávarútvegi okkar og auka hámarksafrakstrargetuna og vil ég sérstaklega minna á orð hv. 5. þm. Reykv., formanns Alþfl., sem spurði knýjandi spurninga í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir frv. ekki mjög ítarlega en komið inn á nokkur þeirra atriða sem ég tel vera gagnrýnisverð í frv. sjálfu. Ég vil þó leggja höfuðáherslu á að ég tel að sú aðferð við fiskveiðistjórnun sem við erum að tala um nái ekki þeim meginmarkmiðum sem hæstv. ráðherra talaði um í ræðu sinni og hefur raunar lagt áherslu á eftir því sem ég best veit á öllum þeim fundum sem hann hefur haldið vítt og breitt um landið og fyrir þá fundi vil ég sérstaklega þakka honum; það voru fundir sem voru til fyrirmyndar.

Hver voru þessi markmið? Í fyrsta lagi takmörkun heildarafla, í öðru lagi að tryggja réttláta skiptingu milli skipa og byggðarlaga, í þriðja lagi að atvinnuöryggi verði ekki stefnt í hættu, í fjórða lagi að keppa að því að minni tilkostnaður yrði í veiðum, í fimmta lagi að auka nýtingu og bæta hráefni og í sjötta lagi er spurningin um athafnafrelsi í greininni.

Það er alveg ljóst og það hefur margkomið fram að núverandi kvótakerfi tryggir ekki takmörkun heildarþorskafla. Menn segja sem svo: Þetta er ekki sanngjörn ályktun vegna þess að hér er um að ræða stjórnvaldsákvörðun um það að hundsa tillögur Hafrannsóknastofnunar. Það sem ég vil leggja áherslu á er það að núverandi kerfi býður sem sagt upp á að ekki sé farið eftir tillögum Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla og þar af leiðandi er alveg ljóst að þetta kerfi í sjálfu sér tryggir alls ekki neitt í þessum efnum. Ég fagna því að vísu, eins og ég gerði fyrr í ræðu minni, að hæstv. sjútvrh. hafði til að bera þá viðsýni að gera kerfið þannig úr garði að það byði upp á það að fara allt að 60% fram yfir tillögur Hafrannsóknastofnunar. Í þessu sambandi vil ég minna á að þrátt fyrir þetta leggur Hafrannsóknastofnun til 50% magnaukningu frá tillögum sínum fyrir árið í ár þannig að ekki sýnist hafa verið teflt þar í neina tvísýnu.

Í öðru lagi vil ég víkja að hugmyndinni um réttláta skiptingu milli byggðarlaga og skipa. Ég verð að játa að þetta finnst mér vera háleitasta markmiðið sem býr að baki þessum kvótahugmyndum. Menn hafa í árþúsundir verið að reyna að dunda sér við að finna út hvað sé réttlæti og skylt er að geta þess að enginn hefur komist að endanlegri niðurstöðu. Um þetta hafa heimspekingar þráttað og skrifað langar bækur og þrátta víst enn. Þess vegna finnst mér ánægjulegt að í sjútvrn. skuli menn taka til við svo heimspekilegt og háalvarlegt viðfangsefni sem það að skilgreina réttlæti þó í fiskveiðum sé. En sennilega hefur ekki tekist heldur í sjútvrn. að finna hinn endanlega sannleik í þessu viðkvæma og erfiða, flókna, tæknilega máli því að svo bregður við að jafnvel bestu vinir kvótans sjá sérstaka ástæðu til þess í blaðaviðtölum að setja út á réttlætiskenndir ráðuneytisins og ráðherrans og vil ég þá sérstaklega í þessu sambandi vitna til orða Gísla Jónassonar, forstjóra Samtogs í Vestmannaeyjum, sem er eitt stærsta útgerðarfyrirtæki landsins, og hann er mikill stuðningsmaður núverandi kvótakerfis en hann segir svo í nýlegum Fiskifréttum, með leyfi forseta:

„Við Vestmanneyingar erum í höfuðdráttum sammála frv. sjútvrh. um fiskveiðistjórnun. Þó eru náttúrlega agnúar á því sem við vildum sníða af. T.d. var gott karfafiskirí á þeim árum sem höfð voru til viðmiðunar þegar kvótinn var ákveðinn á sínum tíma og við vorum þá meira í karfaveiðum en þorskveiðum. Þess vegna fáum við mjög skertan kvóta af þorski", sagði Gísli. Og enn bætir hann við: „Núna á þessu ári erum við með öll skipin á sóknarkvóta og ég er óhress með að skip sem eru á sóknarkvóta fái ekki jafnmikinn þorsk hvort sem þau eru skráð í Vestmannaeyjum eða á Akureyri. Togari í Vestmannaeyjum fær 800 tonn en togari fyrir norðan 1500 tonn." Ég skal játa að ég er ekki heldur ýkja hrifinn af réttlætiskenndinni sem þarna birtist, en vek athygli á þessu fyrst og fremst til þess að sýna að í þessu háleita markmiði hefur ráðherrann ekki einu sinni getað sannfært sína einlægustu stuðningsmenn í þessu máli.

Þá er komið að spurningunni um atvinnuöryggi. Það er rétt að merkilega vel hefur tekist að tryggja atvinnuöryggi í landinu þrátt fyrir þær miklu takmarkanir sem verið hafa á þorskafla á árinu. Þetta hefur fyrst og fremst gerst vegna þess rýmis sem menn þó hafa til framsals og vil ég biðja menn að hafa þetta sérstaklega í huga þegar verður farið að fjalla um þennan hluta aflamagnsfrumvarpsins. En þó eru blikur á lofti og í einkamálgagni hæstv. forsrh. á Vestfjörðum, blaðinu Ísfirðingi, birtist ákaflega lýsandi frásögn af framkvæmd kvótakerfisins og hvernig það kemur við hinar smærri byggðir í landinu. Ég vildi fá að lesa þessa stuttu grein, með leyfi hæstv. forseta. Þetta er fréttafrásögn vestan frá Patreksfirði í þessu einkamálgagni hæstv. forsrh.; hún hljóðar svo:

"Hin hefðbundna haustvertíð línubáta hófst með

seinna móti þar sem kvótinn var búinn að mestu strax í vor hjá flestum bátunum. Reynt hefur verið að fá keyptan kvóta, sem gengið hefur erfiðlega. Menn sjá fram á áframhald niður á við í útgerðarmálum staðarins þar sem afli er tregur og gæftir slæmar og auk þess dregur staða kvótamála kjark úr mönnum. Togarinn Sigurey lýkur kvóta sínum í þessari viku, þ.e. um miðjan nóvember, og er þar ekkert fram undan annað en lega við bryggju fram til áramóta. Hið sama á við um línubátinn Þrym sem einnig er í eigu HP, Hraðfrystihúss Patreksfjarðar, en hann er að ljúka við sinn kvóta þrátt fyrir að hann hafi einungis stundað bolfiskveiðar í tæpa fjóra mánuði á árinu."

Ég vil í þessu sambandi, herra forseti, einkanlega leggja áherslu á tvö atriði. Hið fyrra er það að í einkamálgagni hæstv. forsrh. sjá menn sérstaka ástæðu til að tala um að „staða kvótamála dragi kjark úr mönnum". Hér held ég að sé einmitt komið að kjarna þessa máls og einum alvarlegasta þætti núverandi fiskveiðistjórnunar, þ.e. þessi kvíði sem víða hefur gert vart við sig og kom fram svo oft á þessu ári þegar menn hvað eftir annað stóðu frammi fyrir því að vita ekki þegar togarinn lagði út í veiðiför hvort hann gæti fengið að fara út í aðra vegna kvótaleysis. Sem betur fer tókst oft að ráða fram úr þessu, en ég vil leggja áherslu á þann kvíða sem þetta skapaði í þessum litlu plássum og hefur örugglega átt sinn þátt í því að fólk hefur ekki laðast að störfum í þessari atvinnugrein.

Það ber að vísu að játa, vegna þessa sérstaka tilviks á Patreksfirði, að togarinn Sigurey er núna að veiða fisk fyrir Vestmanneyinga og hefur þar með verið hægt að skapa skipinu verkefni. En það er náttúrlega lítil stoð fyrir vinnufúsar hendur vestur á Patreksfirði.

Mikið er talað um að kvótakerfið hafi dregið úr öllum tilkostnaði við veiðarnar. Þetta er vitaskuld mikið deilumál og álitamál og verður sennilega seint nokkuð fullsannað í þessum efnum. Það ber að vísu að játa að líklega er kostnaður við þorskveiðar togara minni á þessu ári en oft áður. Það byggist fyrst og fremst á þeirri mikil aflasamþjöppun sem varð nú í sumar og ég mun koma að síðar. Það er ódýrara — það gefur auga leið — að moka upp fiskinum í júlí en að skarka á þessu við verstu skilyrði yfir vetrarmánuðina.

En það er fleira sem ber að hafa í huga. Á fiskiþingi á síðasta ári flutti Jón Páll Halldórsson varafiskimálastjóri erindi þar sem hann m.a. vék að þessu og sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Talsmenn breytingarinnar" — þ.e. breytingarinnar í kvótakerfi — „hafa bent á að veiðafærakostnaður netabáta hafi verið minni á síðustu vertíð en áður, en aðrir telja að hann sé miklu fremur afleiðing af hagstæðara tíðarfari. Sama er að segja um hráefnisgæði netafisks, þau voru betri en árið áður, sérstaklega vegna hagstæðara tíðarfars á vetrarvertíðinni."

Ég hygg, herra forseti, að nákvæmlega sama megi segja um árið í ár, að það sé fráleitt að líta eingöngu til þess að kvótakerfið hafi haft í för með sér hugsanlegan sparnað í sóknartengdum kostnaði. Ég held nefnilega að þarna komi margt fleira til og ég hef þegar bent á tvö mjög mikilvæg atriði.

En það er líka talað um að kvótakerfið hafi stuðlað að betri nýtingu veiðanna, betri nýtingu á hráefni og verðmætara hráefni. Í þessum efnum held ég að álitamálin séu enn þá fleiri. Við getum að vísu reynt að skoða þessi mál með því að bera saman gæðaskýrslur þær sem Fiskifélag Íslands gefur út á grundvelli gæðamats Ríkismats sjávarafurða. En ég held að það séu tölur sem er ákaflega varlegt að treysta. Ég skoðaði nýjustu gæðamatsskýrsluna fyrir tímabilið janúar—maí á þessu ári. Þar kemur m.a. í ljós að u.þ.b. 80 línubátar á allri vetrarvertíðinni skiluðu að landi algerlega gallalausu hráefni skv. þessari skýrslu. Ég vil bara beina þeim orðum til þeirra sem þekkja til hvort þeim þyki þetta líkleg niðurstaða, hvort þeim þyki líklegt að þetta komi heim og saman við raunveruleikann, að 80 línubátar, sem fiskuðu vísast þúsundir tonna, hafi komið með hvert gramm af fiski algerlega gallalaust. Þrátt fyrir að við öll viðurkennum gæði línufisksins vitum við vel að hér er ekki um að ræða neinar raunhæfar tölur, hér er maðkur í mysunni og hér er alls ekki um að ræða neinar tölur sem á er byggjandi. Því vara ég mjög við því að fara út í samanburð á gæðum fisksins á þessum grundvelli.

Ég vil hins vegar benda á að fjölmargir þeir, sem gleggst þekkja til, eru þeirrar skoðunar að í raun og veru hafi ástand fiskjarins síst batnað við tilkomu kvótakerfisins. Í þessu sambandi langar mig til að vitna til álits tveggja manna sem eru báðir þaulkunnugir daglegu starfi í þessari grein, tveir vel menntaðir menn, fisktæknar frá Fiskvinnsluskóla Íslands sem starfa við sjávarútveg, Einar Garðar Hjaltason hjá Hraðfrystihúsinu hf. í Hnífsdal og Hörður Geirsson hjá Pólnum hf. á Ísafirði. Þeir segja svo í grein, sem birtist í Ægi 4. tölublaði 1985, með leyfi hæstv. forseta:

„Greinilegt er að sumarveiðin hefur aukist ískyggilega á milli þessara ára og var þó ekki á bætandi. Besta starfsfólk við snyrtingu og pökkun eru útivinnandi húsmæður og hvorki erlendur starfskraftur né skólafólk í sumarafleysingum standast þeim snúning. Það er því augljóst að ekki getur gefið góða raun að veiða mestan afla í júlí og ágúst þegar flestar húsmæðranna taka sér sumarfrí eða þurfa að vera heima vegna lokunar dagheimila og skóla. Afleiðingin af því að hrúga fiski á land þegar flestir vanir starfsmenn eru fjarverandi hlýtur að vera að verkstjórar neyðast til að láta vinna fiskinn í hraðvirkustu pakkningar til þess einfaldlega að hafa undan togurunum. Þá geta menn lent í þeirri aðstöðu að vinna í pakkningar sem gefa mjög lítið af sér."

Því hefur verið haldið fram hér í þessum umræðum að þessi staðreynd, að afla hafi verið hrúgað í land í júlímánuði, eigi ekkert skylt við stjórnun fiskveiða. En hver er skoðun þessara manna, sem starfa í greininni sjálfri frá degi til dags, hafa þessa reynslu af sjálfum sér? Þeir segja svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir eru sannfærðir um að kvótakerfið í núverandi mynd hafi ekki aukið gæði aflans og ekki stuðlað að því að samræma veiðar og vinnslu við afrakstursgetu fiskstofna."

Þetta er sem sagt mat þeirra. Ef við skoðum enn fremur hvernig þróunin hefur verið frá því að núverandi fiskveiðistjórnunarfyrirkomulag var tekið upp kemur í ljós að verið hefur jöfn og stöðug þróun í þessum efnum. Í júlí á þessu ári bárust á land alls 42 263 tonn. Hér er um að ræða bráðabirgðatölu Fiskifélags Íslands sem kann að breytast eitthvað örlítið en það skiptir ekki máli. Ég hef hér í höndunum tölur 20 ár aftur í tímann sem sýna okkur að aldrei á þessu tímabili hefur borist annar eins þorskafli á land. Meira að segja árið 1981,

hið fræga metaflaár, bárust einungis á land í júlímánuði 34 371 tonn. Miðað við áætlanir Fiskifélags Íslands um fiskveiðar á þessu ári má búast við að júlíaflinn verði u.þ.b. 13—14% af heildarafla ársins í ár. Árið 1981 var hann 7,5%.

Ef við skoðum þróunina aftur í tímann er ljóst að umtalsverð breyting verður á árinu 1984. Enginn fær mig til að fallast á að þetta sé alger tilviljun, að skyndilega hafi menn misst allt úr böndunum og þetta eigi ekkert skylt við kvótakerfið, núverandi aðstæður við fiskveiðistjórnun. Ég held að það þurfi ærið mikla tilviljun til að svo kunni að vera.

Varðandi sjötta atriðið í markmiðum um fiskveiðistjórnun, þ.e. spurninguna um athafnafrelsið, þá þarf náttúrlega ekki vitnanna við. Það liggur fyrir að eitt markmiðið með núverandi fyrirkomulagi við stjórnun fiskveiða er nákvæmlega það að stýra og stjórna, að takmarka og koma í veg fyrir. Þetta getur varla talist mikilvægt framlag til athafnafrelsisins í landinu.

Herra forseti. Það eru fjölmörg atriði sem ég hefði viljað koma hér inn á í ræðu minni en mál er brátt að linni. Ég vil benda á að að því er stefnt með þessu kvótafrumvarpi að kvóti verði við lýði þriðja árið í röð. Nú eru aðstæður í þjóðfélaginu, í lífríkinu í sjónum allt aðrar en þær voru þegar aflamarksleiðin var fyrst valin í árslok 1983. Ég er þeirrar skoðunar að í fyrsta lagi séu fjölmargir gallar við núverandi frv. og í öðru lagi að núverandi aðferð við stjórnun fiskveiða hafi ekki náð þeim markmiðum sem að var stefnt. Það er á þessum grundvelli sem ég hef lýst andstöðu minni við þessa leið.

Ég vil í lokin taka undir þau orð hv. 5. þm. Austurl. þegar hann sagði að við ættum að hafa það í huga að þrátt fyrir mikilvægi þessa máls séu ýmis önnur mál enn mikilvægari fyrir sjávarútveginn í heild. Þar á ég fyrst og fremst við þá alvarlegu afkomu sem nú er í þessari grein. Ég er þeirrar skoðunar að það sé frumskylda Alþingis að láta þessi mál til sín taka með miklu beinskeyttari hætti en gert hefur verið. Sú þróun, sem hófst reyndar af sérstökum krafti í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. átti aðild að, getur ekki gengið lengur að eigið fé sjávarútvegsfyrirtækjanna sé að brenna upp, að greiðslustaða þeirra sé í núlli, að dag eftir dag þurfi forustumenn þessara fyrirtækja að verða að ómerkingum í viðskiptum sínum við viðskiptamenn sína, að staða sé þannig í þessari undirstöðuatvinnugrein að fólkið flýi hana, að víða um landið séu togarar á uppboði og annars staðar sé þannig komið að þeir séu að fara á kaf í skuldir.

Ég er þeirrar skoðunar að þrátt fyrir mikilvægi fiskveiðistjórnunarinnar fyrir efnahagslíf okkar allt og fyrir starfshætti atvinnugreinarinnar séu þessi afkomumál greinarinnar enn þá mikilvægari. Ég vil árétta það sjónarmið hv. þm. að þessi mál verði tekin til sérstakrar meðferðar hér á Alþingi.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Við höfum hér hlýtt á verulega gagnrýni frá hv. þm. Einari Guðfinnssyni. Það er ekki nema eðlilegt að slíkar raddir heyrist úr þessum ræðustól vegna þess að lengi hefur verið ljóst, allt frá áramótum 1983—1984, að um kvótann var ekki eining. Hins vegar verður að líta svo á — og reynslan rökstyður þá skoðun — að hér höfum við í framkvæmd, og höfum nú haft brátt í tvö ár, það kerfi sem skárst er til að stjórna fiskveiðum. Það var ekki undirbúningslaust sem þessu fyrirkomulagi var komið á, þessari skipan varðandi stjórn fiskveiða og það er óhjákvæmilegt að minna á, sérstaklega með gagnrýni þá sem hér hefur heyrst í dag í huga, að mikill meiri hluti hagsmunaaðila í sjávarútvegi, hvort heldur er í veiðum eða vinnslu, hefur léð jáyrði sitt að því er þetta fyrirkomulag varðar. Er þar skemmst að minnast samþykkta og ályktana Landssambands íslenskra útvegsmanna og fiskiþings nú fyrir nokkrum dögum þó svo að önnur niðurstaða yrði á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins.

En þetta fyrirkomulag, þetta kerfi, er vitanlega ekki gallalaust frekar en önnur mannanna verk. Það hefur réttilega verið bent á hverjir eru megingallar þess, m.a. í umræðunum hér í dag. Ekki hefur tekist sem skyldi og eins og vonir stóðu til að samræma veiðar og vinnslu. Það hefur ekki heldur tekist að sníða af aflatoppana þegar allt of mikill afli berst á land. Afleiðingin er að hann er verkaður í ódýrustu umbúðir, það skortir vinnuafl til að vinna hann og hluti hans verður einfaldlega ónýtur og honum verður að fleygja.

Í því formi sem frumvarpið nú liggur fyrir hafa verið gerðar á því nokkar breytingar sem grein er gerð fyrir í upphafi grg. frv. Það verður að segjast að þær eru til bóta frá upphaflegri gerð frv. M.a. er gildistími styttur úr þremur árum niður í tvö ár. Það var eitt umdeildasta atriðið og að mínu mati var óhjákvæmilegt að sá tími yrði styttur. Margir hafa viljað hafa þann tíma aðeins eitt ár. En vitanlega fylgja því ýmsir kostir, m.a. með yfirfærslu á kvóta, að hafa tímabilið tvö ár og það er viðsættanlegt í ljósi þess að í árslok 1986 skal hafa farið fram ítarleg endurskoðun á lögunum í samráði við sjútvn. Alþingis, þær sem hér sitja í Ed. og Nd., og er kannske ekki vanþörf á í ljósi reynslunnar, og þá ekki síður í nánu samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þegar á heildina er litið held ég því að ekki fari á milli mála og sé tvímælalaust að hér er um að ræða bestu leiðina til að stjórna fiskveiðum sem við þegar höfum nokkra og alldýrmæta reynslu af.

En ekki verður hjá því komist þegar rætt er um stjórnun fiskveiða að minna á mál sem í rauninni er miklu stærra en það mál sem hér liggur fyrir þessari deild í frumvarpsformi. Það er rekstrargrundvöllur þessarar atvinnugreinar sem er tvímælalaust mikilvægasta atvinnugrein landsins og reyndar máttarstólpinn undir okkar þjóðarbúskap. Það er kunnara en frá þurfi að segja, og ég ætla ekki að rekja það hér í löngu máli, hvernig afkomu sjávarútvegsins er háttað um þessar mundir. Þar hefur á síðustu árum — og reyndar hófst sú þróun alllöngu fyrir feril núverandi ríkisstjórnar — sigið mjög á ógæfuhliðina. En sjaldan hefur útlitið verið jafndökkt fram undan og einmitt um þessar mundir.

Fiskvinnslufyrirtæki um land allt eru rekin með tapi. Bátar og togarar eru komnir í þrot og hverfa hver á fætur öðrum úr byggðarlögunum. Útgerðarmenn, eigendur fiskvinnslustöðva eyða mestum hluta af sínum tíma í að afla lánsfjár til að standa undir afborgunum í næstu viku. Segja má að að mörgu leyti sé stór hluti þessarar atvinnugreinar u.þ.b. að komast á vonarvöl. Það er greinilegt að svona getur ekki öllu lengur fram haldið og ég held að það sé frumskylda Alþingis og ríkisstj. og annarra stjórnvalda, sem hér eiga hlut að máli, að gera hér bragarbót á og þó fyrr hefði verið.

Miklum tíma hefur verið eytt í að fjalla um kvótamálið hér innan veggja Alþingis sem utan. Mikilli orku hefur einnig verið eytt í það mál og umræður miklar farið fram. Það fer ekki hjá því að þær miklu umræður hafa að vissu leyti komið niður á því máli sem hér er miklu stærra og ég nefndi áðan, þ.e. afkomugrundvöllur þessarar atvinnugreinar. Það er orðið tímabært að hér fari fram umræða á Alþingi um þau efni. Ég vil taka undir þau orð hv. tveggja síðustu ræðumanna sem þeir létu fjalla í þá átt. En það er fyrst og fremst hlutverk ríkisstj. að gera hér þá bragarbót sem ég nefndi.

Ekki þarf langt að fara til að sjá hvernig ástandið er. Ég nefni Suðurnes sérstaklega í því efni. Þar höfum við á síðustu mánuðum og misserum horft upp á hvern togarann á fætur öðrum hverfa burt úr byggðarlögunum á aðra staði. Atvinnutækin fara og ekkert verður eftir. Þar hefur hvert frystihúsið á fætur öðru lokað dyrum sínum. Þar hafa fyrirtæki í fiskvinnslu nýlega orðið gjaldþrota. Ástandið versnar dag frá degi. Hvergi er meðalaldur fiskiskipa hærri en einmitt á þessu svæði, því svæði sem hingað til hefur verið talið einna vænlegast til útgerðar á öllu Íslandi.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að að lokinni afgreiðslu kvótafrv., þessa frv. um stjórn fiskveiða, taki ríkisstj. sér fyrir hendur sem algert forgangsverkefni — og reyndar þó fyrr hefði verið — að fjalla um vanda útgerðar og fiskvinnslu og koma þar fram með tillögur og úrræði sem betur mega duga en þau sem hingað til hafa sést.

Það vantar ekki að viðvörunarorð hafa mörg verið mælt í þessu efni. Ég hef hér fyrir framan mig ályktun aðalfundar Sambands fiskvinnslustöðvanna árið 1985 sem gerð var 25. október s.l. Ég ætla ekki að lesa hana hér en nefni aðeins eina setningu, með leyfi forseta. Þar stendur:

„Frá árslokum 1980 hefur eigið fé í sjávarútvegi rýrnað svo milljörðum skiptir. Jafnvel er talið að það geti samsvarað andvirði 30 skuttogara. Þetta fé er glatað."

Hér eru um fullyrðingu að ræða sem hefur verið vefengd, að ég hygg m.a. af hæstv. sjútvrh., og ég hygg að hér sé nokkuð ofmælt. En það er ekki ofmælt þegar sagt er að gífurlegt fé í sjávarútvegi er glatað. Það hefur rýrnað á liðnum árum, skuldirnar hafa vaxið, eigið fé í sjávarútveginum hefur skroppið verulega saman, því er ómótmælt. Þessa þróun verður að stöðva.

Að því er sjálft frv. varðar væri hægt að tala hér langt mál og koma með margar ábendingar um það sem betur mætti fara og sýnist þar ugglaust sitt hverjum. Það var út af fyrir sig ánægjulegt að heyra að sjútvrh. gat um það í framsöguræðu sinni hér í dag að ástæða væri til að auka heimildir til línuveiða utan kvóta. Línuveiðar eru nú að hálfu leyti frjálsar fyrstu tvo mánuði ársins en ég held að full ástæða sé til að auka mjög þær heimildir og að þær veiðar verði að öllu leyti utan kvóta í upphafi árs og þá í árslok einnig þar sem hér er um besta hráefnið að jafnaði að ræða.

Einnig held ég að mikil ástæða sé til þess — að því vék raunar ráðherrann sem möguleika í sinni framsöguræðu — að rýmka allverulega eða allnokkuð um sóknardagafjölda báta. Þá vildi ég segja: Sérstaklega á vertíðinni þannig að þeim væru heimilaðar veiðar alla vega tíu til fimmtán dögum lengur en er skv. núgildandi ákvæðum sem eru fyrst og fremst reglugerðarákvæði.

Einnig er ástæða til að líta á það atriði hvort ekki er rétt að heimila þeim, sem hafa sérleyfi til veiða og aflamark og hafa nú í tvö ár í röð orðið að kaupa sér kvóta, á grundvelli þess að vinna sér hærri kvóta á komandi tveimur árum í ljósi þess að þar er um að ræða útgerðir sem hafa orðið nú í tvö ár að afla sér utanaðkomandi kvóta, að taka tillit til þess við hækkun næstu tvö árin.

Að því er sérveiðarnar snertir — ég nefni þá sérstaklega rækjuna og skarkolann — er það mikil spurning hvort það er skynsamlegt kerfi, sem við höfum búið við, að veita einstökum vinnslustöðvum einkaleyfi til að vinna sjávarafla sem úr þessum sérveiðum berst í stað þess að hafa þar meira frelsi og meira svigrúm fyrir vinnslustöðvar á stöðunum almennt sem þarna eiga hlut að máli.

Það mætti í sjálfu sér tala langt mál hér um vanda smábátanna. Hann var hér á dagskrá í þinginu það nýlega — utan dagskrár reyndar — að ég ætla ekki að fara að fjölyrða um hann. En ljóst er að það vandamál, þótt á eigendum þeirra brenni, er ekki mestur vandinn sem hér er við að fást. Ugglaust væri besta lausn þess máls sú sem sjútvrh. hefur hér oftar en einu sinni talið óframkvæmanlega og ekki skal ég í sjálfu sér vefengja að hún sé erfið framkvæmdar, en það þarf að gera greinilega mun á þeim sem hafa atvinnu af trillubátaútgerð og þeim sem stunda þetta sem sport.

Fiskifélag Íslands og fulltrúar þess í hverri verstöð eiga að hafa mjög glöggt og gott yfirlit yfir málin að því er trillubátaútgerðina snertir. Ég held að kanna mætti til hlítar þann möguleika að gera greinarmun á mönnum á þennan hátt. Eins og fyrir liggur í frv. er hér að vísu um nokkra rýmkun að ræða en engu að síður verulegar takmarkanir í lok árs og upphafi árs til 9. febrúar. Þar þyrftu menn að hafa meira svigrúm og meira frelsi án þess að það væru lögbundin dagamörk heldur að þeir mættu róa þegar gefur.

Ég vil, herra forseti, ekki láta hjá líða í þessu sambandi að minnast á annað mál sem kvótinn leysir ekki. Kvótinn leysir ekki rekstrarvanda sjávarútvegsins í dag, hann leysir ekki heldur úr öðru máli sem í sjálfu sér er kannske ekki síður mikilvægt og lýtur reyndar að því markmiði sem sett hefur verið efst á blað þegar rætt er um stjórn fiskveiða. Það lýtur að nýtingu fiskistofnanna, skynsamlegri og betri nýtingu. Í því efni verður ekki öllu lengur litið fram hjá því gífurlega smáfiskadrápi sem á sér stað í fiskveiðum Íslendinga. Hér er að vissu leyti um erfitt og viðkvæmt mál að ræða. Hér er um mál að ræða þar sem sannanir eru jafnan erfiðar. Hér er hins vegar einnig um mál að ræða sem hefur komið til tals og verið upp borið af framkvæmdastjóra Landssambands ísl. útvegsmanna ekki fyrir alllöngu, mál sem hefur verið rætt í fjölmiðlum oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, mál sem útvegsmenn og sjómenn vitanlega þekkja manna best til.

Því hefur verið haldið fram að kvótakerfið og heimildir til að koma með í afla að landi smáfisk utan kvóta hafi valdið því að mjög hafi dregið úr smáfiskadrápi. Það er mjög til efs. Ég hygg að með sömu rökum megi einnig segja að það hafi haldið áfram og jafnvel frekar aukist ef nokkuð er. En eins og ég sagði áðan er erfitt um allar sannanir í þessu efni. Hins vegar er full ástæða til að láta fara fram rannsókn sem leiði í ljós hvert

ástandið er að þessu leyti. Við getum sett okkur aflamark að því er þorskstofninn varðar og aðra fiskistofna og skrifað þau niður á blað. En hvað stoðar það ef ekki er tekið tillit til þeirra fiska sem út um lensportin fara?

Sennilega er engin önnur leið til að fást við þetta vandamál en einfaldlega að auka verulega friðun á uppeldisstöðvum þorsksins fyrir Norðurlandi og Norðausturlandi. Það er augljóst mál að sá fiskur, sem ekki gengur til hrygningar en er drepinn ungur, gagnast þjóðarbúinu lítt og sjávarútveginum. Aukin friðun á uppeldisstöðvunum held ég að sé eitt það mikilvægasta mál í þessum efnum sem nú bíður úrlausnar og væri vissulega full ástæða til að sjútvrh. gæfi því sérstakan gaum ásamt þeim málum sem hér hafa borið á góma í umræðunum í dag og eru þau reyndar æði mörg.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í athugasemdum við lagafrv. þetta um stjórn fiskveiða 1986—1987 segir að tilgangur þess sé að færa undirstöðuatriði og meginreglur um stjórn fiskveiða úr reglugerðum í löggjöf. Bent er á að hér sé um svo mikilvægar ákvarðanir að ræða að æskilegt sé að Alþingi taki þær og festi með lögum. Lagt er til og að meginreglur þessar gildi í tvö ár.

Allir viðurkenna að nauðsynlegt sé eins og nú horfir að hafa ákveðna heildarstjórn á fiskveiðum hér við land. Á hinn bóginn greinir menn á um hvernig þeirri stjórn skuli hagað og hvaða meginstefna skuli höfð að leiðarljósi. Er það síst að undra þegar þess er gætt að hér er um mikilvæg og viðkvæm hagsmunamál að ræða fyrir alla þá sem starfa við sjávarútveg og fiskvinnslu og svo þjóðarbúskapinn í heild.

Fyrir nokkrum árum, þegar Íslendingar unnu fullnaðarsigur í landhelgismálinu og fiskveiðilögsagan stækkaði úr 75 þús. km^2 í 758 þús. km^2, fagnaði öll þjóðin. Hinn mikli fjöldi erlendra fiskiskipa sem árum saman hafði fiskað að vild á hafsvæðinu umhverfis landið varð að víkja og hverfa út fyrir 200 mílna mörkin, út úr efnahagslögsögu landsins. Og hafréttarsáttmálinn er einhver allra stærsti og merkasti áfangi sem náðst hefur nokkru sinni í heiminum í alþjóðasamvinnu með friðsamlegum hætti. Engan skyldi undra þó að íslenska þjóðin fylltist bjartsýni á slíkum tímamótum, við slík aldahvörf, þegar hún sá og fann framtíðardrauma sína rætast að þessu leyti, í raun og veru fyrr en nokkur hafði þorað að vona í alvöru. Nú var sú langþráða stund upp runnin að landsmenn gátu fiskað að vild, óáreittir af þegnum annarra þjóða og setið einir að auðlindum hinna gjöfulu fiskimiða umhverfis landið.

Þessi saga er öllum kunn. En von bráðar kom á daginn hin gamalkunna kalda staðreynd að það er jafnvel enn erfiðara að gæta fengins fjár en afla þess með langri og harðri baráttu. Og nú hafa íslenskir fiskimenn orðið að búa við margháttaðar takmarkanir við sjósókn og aflabrögð hin síðustu ár og eru það næsta mikil viðbrigði og lífsreynsla fyrir menn sem hafa alist upp við þá hörðu kröfu að róa til fiskjar hvern færan dag og draga sem mesta björg í bú sér og sínum til framfæris og í þágu allrar þjóðarinnar.

En auðvitað skilja menn og viðurkenna að engin auðlind er ótæmandi og alla rányrkju ber að varast. Þess vegna eru menn nú reiðubúnir til þess að sætta sig við hóflega og sanngjarna heildaryfirstjórn í þessum málum. En slík stjórnun má ekki hefta athafnafrelsi manna um of né draga úr sjálfsbjargarviðleitni þeirra og framtaki. Stjórn þarf á fiskveiðum en ekki ofstjórn.

Nú segir í athugasemdum við frv. þetta að reynslan sem fengist hafi síðustu tvö árin af kvótakerfinu svonefnda sé undirstaða frv., m.ö.o. að kvótakerfið skuli áfram lagt til grundvallar löggjöf um þessi efni á næstu árum. Vera má að margir landsmenn geti samþykkt kvótakerfið svokallaða áfram og svo er að sjá að það njóti stuðnings eða meirihlutafylgis í heildarsamtökum hagsmunaaðila í sjávarútvegi. En þar er þó um að ræða veigamiklar undantekningar. Á ég þar við m.a. hvassa gagnrýni og raunar eindregna andstöðu margra Breiðfirðinga og Vestfirðinga við kvótakerfið sem hvað eftir annað hefur komið í ljós í fundarsamþykktum og fjölmiðlum og er á allra vitorði.

Það skal sérstaklega tekið fram að hér er ekki um að ræða gaspur óábyrgra hávaðamanna, heldur gagnrýni dugmikilla sjómanna og athafnamanna sem eru þaulkunnugir sjávarútvegsmálum frá blautu barnsbeini og búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á þessu sviði sem ekki verður dregin í efa. Það væri því næsta mikið ábyrgðarleysi að skella með öllu skollaeyrum við þeim aðvörunum og ábendingum sem þessir menn hafa sett fram hvað eftir annað af fullri einurð og drengskap.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að hafa yfir tvær glefsur eða svo, sýnishorn úr blaðaviðtölum frá s.l. sumri sem gefa nokkra hugmynd um afstöðu þessara manna:

„Ólafsvík 19. júlí. Sjómenn eru æfir út í kvótakerfið og segja það vera að drepa hér allt niður. Þetta stjórntæki komi afar hart við Breiðfirðinga sem bjuggu við mögur viðmiðunarár og veiddu þá flestir hverjir nær eingöngu þorsk.“

„Grundarfirði 14. september. „Kvótamálin eru að sliga sameiginlega útgerð og fiskvinnslu. Ég mun róa að því öllum árum að kvótinn verði felldur niður, en eitthvað tekið upp í staðinn sem er mannlegt.““

Þó að hér hafi verið tekin dæmi af ummælum Breiðfirðinga fyrst og fremst er þó hægt að nefna næg dæmi úr öðrum byggðarlögum sem ganga í svipaða átt. Þau sýna ljóslega að um þessi málefni öll eru skiptar skoðanir víða um land og sýnist þar sitt hverjum.

Að sjálfsögðu er mjög erfitt að móta meginreglur í þessum efnum í löggjöf, sem allir geti bærilega við unað, og auðvitað ekki unnt að leggja nein sérstök sjónarmið í einstökum byggðarlögum landsins þeim til grundvallar að öllu leyti. Rétt er þó og óhjákvæmilegt að hlusta á raddir og skoðanir manna og rök með og móti þeim reglum sem ætlað er að gilda um svo viðkvæm hagsmunamál og stefnumörkun í þeim til frambúðar.

Þáttur smábáta undir 10 tonnum í þessu frv. er kapítuli út af fyrir sig. Það var nokkuð rætt um þau mál í gær. Að sönnu er hér sem oftar að erfitt er að draga skarpa markalínu milli báta eftir því hvort þeir eru undir eða yfir 10 tonnum að stærð, en það hefur þó lengi tíðkast að flokka báta nokkuð niður eftir stærð og setja þá sér í hóp sem minnst eiga undir sér og háðastir eru veðri og vindum í sjósókn. Ég hygg að eigendur smábáta, hinir svokölluðu trillukarlar, séu eins og aðrir sjómenn reiðubúnir til þess að lúta ákveðnum veiðireglum og sanngjarnri heildarstjórn á fiskveiðum, en sérstaða þeirra er óneitanlega allmikil og þeir geta ekki

sótt sjó í hvaða veðri sem er eins og allir vita — eða hver skyldi hafa trúað því um það leyti sem stærstu sigrar unnust í hafréttarmálum á Íslandsmiðum að ekki mundu líða nema fá ár þar til þessum mönnum væri meinað að róa á trillu sinni með handfæri eða línu í góðviðri eftir langan ógæftakafla á þeim forsendum að þeir væru með því að ganga á stofn nytjafiska um of og jafnframt á rétt annarra fiskimanna og sjósóknara?

Marga fleiri mætti nefna og það mætti spyrja hverjir hafi skaðast á kvótanum eða orðið fyrir barðinu á honum. Hv. 1. þm. Vestf. nefndi hér áðan eigendur báta frá 10 og upp í 20 tonn að stærð. Ég get vel fallist á þessa athugasemd hv. 1. þm. Vestf. og vildi raunar mælast til þess mjög eindregið að allar leiðir væru kannaðar til að rétta hlut þessara manna að nokkru.

Þessar almennu hugleiðingar og athugasemdir hefur mér þótt rétt að láta koma fram við 1. umr. málsins í þessari hv. þingdeild. Mér er fullljóst að mörg einstök atriði mætti nefna í frv. og rekja efni þess í heild, en það mun ég ekki gera að þessu sinni. Ég dreg ekki í efa að mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning og samningu þessa frv., enda er hér um vandaverk að ræða. Ég efast heldur ekki um að frv. muni fá vandaða meðferð í sjútvn. þingsins þó að skammur tími sé raunar til stefnu.

Ég gat þess í upphafi og vitnaði þar til athugasemda við frv. að tilgangur þess væri að færa undirstöðuatriði og meginreglur um stjórn fiskveiða úr reglugerðum í löggjöf. Þetta sjónarmið er góðra gjalda vert að vissu marki. Ég tel þó að þessi löggjöf eigi að vera sem viðaminnst. Það verður aldrei hjá því komist að stjórna þessum málum að ýmsu leyti, að miklu leyti verð ég að segja, með reglugerðum og öðrum ákvörðunum og heimildum í lögum og reglugerðum. En það er ekki sama hvenær og hvernig þeim heimildum er beitt. Þar verður að viðhafa mikinn sveigjanleika og sanngirni. Löggjöf þessi á að vera stutt og helst gagnorð, gilda sem skemmst og stefna í frelsisátt. Hún verður að vera í stöðugri endurskoðun meðan hún er í gildi. Ákvæði til bráðabirgða gefur nokkra von um að svo verði, en þar segir m.a. að sjútvrn. skuli fyrir 1. nóvember 1986 láta endurskoða lög þessi og skal hafa samráð við sjútvn. Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

Allir landsmenn, sem hafa þekkingu, vit og vilja til þess að marka ásættanlegar heildarreglur í þessum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, þurfa og verða að vinna saman að þessu marki til frambúðar svo að Íslendingar geti haldið áfram að stunda fiskveiðar af kappi með forsjá og unað glaðir við sitt hér eftir sem hingað til.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er held ég við hæfi að rifja upp sögu þessa máls. Það hófst, eins og menn muna, haustið svarta 1983 þegar það gerðist að sjútvrh. tók sér alræðisvald um að úthluta fiski til landsmanna. Þá fór fram algert valdaafsal þingsins. Alþingi samþykkti ramma sem rúmaði eina setningu: Hæstv. sjútvrh. má gera hvað sem hann vill í úthlutun sjávarafla við Ísland. — Það var nefnilega trú manna að Alþingi væri alls ekki treystandi til að fjalla um þessa hluti. Það var farin sú leið að ríkisstj. tók höndum saman við hagsmunaaðila. Málið var rætt víðs vegar úti í samfélaginu og þegar best lét fékk Alþingi nokkurs konar ráðgjafar"status" sem það hefur náðarsamlegast fengið að halda síðan þannig að í seinni útgáfum frumvarpsins hefur samviskusamlega verið tekið fram að samráð verði haft við sjútvn. Alþingis. Ætli ég mæli ekki fyrir munn allra hv. alþm.: Við þökkum náðarsamlegast að fá á þann hátt að koma nálægt þessu máli.

Það hefur líka verið býsna skemmtilegt pólitískt séð að fylgjast með viðbrögðum sjálfstæðismanna við því þegar þeir hafa ár eftir ár orðið bandingjar ráðherrans. Þetta verður held ég að teljast frábær pólitískur árangur hæstv. sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar. Honum hefur hvað eftir annað tekist að slá á þingflokk sjálfstæðismanna böndum. Þetta hefur farið fram þannig að þeir æmta svolítið og skræmta einhvern tíma meðan hagsmunaaðilarnir eru að fjalla um málið, viðhafa stór orð um frelsisskerðingu og að verið sé að taka fram fyrir hendurnar á mönnum og þess háttar. En þegar á hólminn er komið, þegar búið er að samþykkja málið þar sem það skiptir mestu, þ.e. hjá hagsmunasamtökunum, koma þeir í stólinn og þakka fyrir það sem þeim hefur verið rétt. Nú síðast heyrðum við í kvöld að einn hv. þm. Sjálfstfl. þakkaði náðarsamlegast fyrir að gildistími frv. hafi verið styttur úr þremur árum niður í tvö ár. Litlu verður Vöggur feginn.

Það er líka fróðlegt að rifja upp viðbrögð sömu sjálfstæðismanna haustið 1983 þegar þeir sóru og sárt við lögðu hver um annan þveran að þetta væru nauðungarviðbrögð vegna þess að fiskistofnarnir væru að hrynja og sjórinn væri svo ískaldur að það lifði ekki í honum nokkur fiskur og þetta mundi einungis gilda í ár. Aldrei meir, aldrei meir. Nú höfum við allhlýjan sjó og aldrei hefur litið björgulegar út með allt lífið þar og fiskstofnarnir fara stækkandi. Og hvað blasir við okkur? Það er verið að færa þessi mál í framtíðarbúning kvótakerfis. Við munum aldrei fara úr þessu kvótakerfi. Ég held að það sé alveg ljóst mál. Það er stórkostleg sjálfsblekking hjá Sjálfstfl. að ímynda sér að nokkurn tímann verði losað um þetta. Það verður aldrei losað um þetta vegna þess að nú er þetta einmitt orðið eins og menn eru ánægðastir með. Nú eru allir mjög ánægðir. Útgerðarmenn eru t.d. mjög ánægðir vegna þess að nú eiga þeir fisk undir koddanum sínum. Ég þekki útgerðarmann sem gengur um í janúarmánuði á ári hverju nú orðið með 3—4% heildarafla Íslands í vasanum og honum liggur ekkert á að fara að veiða. Hann á þetta úti í sjó. (**ÓÞÞ:** Og vill fá að ala þá í tvö ár núna.) Hann er auðvitað hæstánægður. Hann er laus við samkeppni. Það getur enginn tekið þetta frá honum. Hann getur haft þetta nákvæmlega eins og hann vill. Við getum ímyndað okkur hvort verslunareigendur í Reykjavík yrðu ekki ánægðir ef einn daginn kæmi kvóti, engar fleiri verslanir í Reykjavík. Ég veit um ýmsa sem yrðu býsna ánægðir. Þetta er auðvitað afskaplega þægilegt. Það er lítið sem raskar ró manna þegar þannig er búið að búa um hnútana.

Útgerðarmennirnir eru ánægðir. Hagfræðingarnir eru líka mjög ánægðir. Það hefur verið allerfitt á undanförnum árum í öllu meðaltalsbaslinu hjá þeim að þessi árans ársafli var nokkuð breytilegur og menn gátu aldrei reiknað þetta alveg út í ysta æsar vegna þess að það var aldrei að vita hvað veiddist. Þess vegna voru meðaltölin alltaf svolítilli óvissu háð. Nú er hægt að gera fín módel. Nú fá menn aflamagnið í ráðuneytinu, menn fá gæðin í Ríkismatinu og menn fá verðmætin í verðlagsráðinu. Það er hægt að reikna þetta alveg til hlítar. Engin óvissa! Þetta er pottþétt! Auðvitað vilja

menn hafa það þannig. Hagfræðingarnir eru ánægðir. Þetta hentar mjög vel meðaltalsmaskínunum. Þetta útrýmir óþekktu stærðunum, eins og okkur var kennt í barnaskóla að einangra x-ið. Þetta er upplagt.

Menn höfðu af því svolitlar áhyggjur haustið 1983 að þetta væri kannske skrýtið og umdeilanlegt varðandi eignarréttinn, að einn hæstv. framsóknarráðherra fengi þannig einkaleyfi, „monopoly" til að útdeila 70—80% af eignum þjóðarinnar á ári. Menn veltu fyrir sér hvort þeir ættu að leita að stjórnarskránni og fletta upp í henni. En menn eru flestir hættir að hafa áhyggjur af því. Þó blakti á einum hv. þm. frá Vestfjörðum um daginn þar sem það rifjaðist upp fyrir honum að kannske gæti verið athugunarefni að fá mönnum þannig vald í hendur. Það er alltaf von þegar þannig blaktir á skarinu.

Menn höfðu af því svolitlar áhyggjur líka haustið 1983 að það gæti tekið á sig einkennilegar myndir þegar eignirnar væru þannig teknar og þeim væri þannig úthlutað, en síðan væri farið að skipta á þeim, það væri farið að selja þær, það væri farið að færa þær til. Fleytur sem kannske voru varla á sjó setjandi voru skyndilega orðnar gífurlega verðmætar vegna þess að þær áttu kvóta. Menn eru hættir að hafa áhyggjur af þessu vegna þess að þetta hentar svo vel meðaltalsbaslinu. M.a.s. sjálfstæðismennirnir, þessir andans frelsingjar, þora ekki út úr þessu kerfi. Í þessum rólegheitum hafa þeir fundið náðina. Í þessu hafa þeir fundið rólegheitin. Það er ekkert sem ógnar. Það er ekkert sem á þá sækir. Nú geta menn spurt: Hvað hefur svo batnað? Menn geta velt fyrir sér, eins og hér hefur reyndar verið gert í kvöld og stutt ýmsum mjög athyglisverðum tölum, gæðum, samstillingu veiða og vinnslu, úthaldskostnaði og því allra mikilvægasta, sem er hámarksaflinn, og menn geta spurt: Hafa þarna náðst þau markmið sem menn settu sér? Það eru verulegar efasemdir um að það hafi gerst. Við höfum nýlega heyrt upplestur varðandi gæðin. Við höfum fengið upplýsingar um hvernig hefur gengið að samstilla veiðar og vinnslu. Við höfum engin gögn í höndunum sem benda til þess að þetta hafi lækkað úthaldskostnað.

Aflahámarkið fer 20—30% fram úr á ári hverju. Hverju er verið að stjórna? Eftir allt reglugerðabaslið, lagasetninguna, skýrsluhöldin og allt, hverju er þá verið að stjórna? Ég held að ástæðan fyrir því að menn hafa þó ekki farið meira en 30% fram úr settum mörkum sé að þeir höfðu ekki tíma til að veiða meira því að þeir voru alltaf að fylla út skýrslur. Það er kannske ágætt að halda sjómönnum landsins uppteknum við að fylla út plögg til ráðuneytisins þannig að þeir komist ekki á sjó.

Ef maður skoðar kerfi sem þarf að stjórna held ég að rétt sé að velta fyrir sér í fyrsta lagi: Hvernig, hvar og hvenær eru stærstu sveiflurnar, óvissurnar í þessu kerfi? Í öðru lagi: Hverjir eru stærstu áhrifavaldarnir í þessu kerfi? Ef við lítum á þetta þannig sjáum við að stærstu sveiflurnar, þegar mest hættan er á að þetta fari úr böndum, eru toppar á vetrarvertíð og sumri. Ef litið er á áhrifavaldana og borin saman stærð þeirra og áhrif spyr maður: Hvers vegna er verið að elta smábátana sem eru kannske með 9 eða 10% af þessum afla? Eigum við að beina stjórninni að öðru en þessu, beina stjórninni að stærstu áhrifavöldunum og að þeim árstímum þegar hætta er á að eitthvað fari úr skorðum?

Ég vek athygli á hugmyndum Guðjóns Kristjánssonar, forseta Farmanna- og fiskimannasambandsins. Þó þær séu kannske ekki útfærðar í lagaparagröf eru þær býsna athyglisverðar vegna þess að þar er viss tærleiki hugsunar sem ekki er í ráðuneytisplöggunum sem við erum að fjalla um hér.

Mér sýnist þessi smábátaeltingarleikur fiskveiðistjórnunarinnar, svo við tökum hann sem dæmi, líkastur því að menn settu sérstakan skatt á orf og ljá til að minnka offramleiðslu í landbúnaði. Ég get ekki séð að þetta skipti verulegu máli fyrir stofna.

Hins vegar viðurkenni ég þau rök að ef menn á annað borð gefa sér að það eigi að nota kerfi eins og hæstv. ráðh. vill nota þarf kannske að hafa þessa hemla á smábátunum til þess að mönnum finnist „einhvers réttlætis gætt". (**JBH:** Það er ráðuneytisréttlæti.) Þannig er líklega þörf á smábátaeltingarleiknum til þess að fullnægja einhvers konar réttlæti innan kerfisins, en það er engin þörf á þessu til að að koma í veg fyrir ofveiði. Ég hafna þeim rökum algerlega.

Eins og ég sagði áður lítum við á útkomuna eftir allt skýrsluhaldið, refsingarnar, sviptingarnar, plöggin í þríriti og allt, og hvað gerist? Við förum verulega fram úr settum mörkum, allt að milli fjórðungs og þriðjungs fram úr settum reglum. Mér sýnist einfaldlega svo mikill breytileiki í þessu kerfi varðandi skipin og alls kyns þætti sem hafa áhrif þar á, varðandi fiskstofnana sjálfa, að þessu verði aldrei almennilega stjórnað. Þessu verður ekki stjórnað af neinni verulegri nákvæmni og þess vegna á ekki að nota kerfi sem eltir menn upp á þriðja aukastaf. Það er út í hött.

Ég get fallist á að það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir ofveiði og eins og ég benti á áðan held ég að menn eigi að líta aftur á þetta dæmi, einangra stærstu áhrifavaldana, stærstu sveiflurnar og finna leið til að hafa þar stjórn á án þess að farið sé svo langt að menn hremmi strákana sem sitja á bryggjusporðinum og reyna að fiska á öngul. (**Gripið fram í:** Það eru ekki heimildir til þess.) Ég fellst þess vegna ekki á notkun þessa kerfis. Mér sýnist það ekki ná þeim markmiðum sem til er stofnað. Það eru t.d. engin merki um að það minnki svo mikið samkeppni að afli batni. Einnig sýnist mér vanta allar gildar tölulegar upplýsingar um að þetta hafi náð markmiðum og að réttlætanlegt sé að setja þetta á til tveggja ára í viðbót. Ég held að slíkar upplýsingar, sundurgreindar eins og óskað hefur verið eftir fyrr í dag, hljóti að verða að koma fram, ekki síst til þess að gera lífið bærara þeim sjálfstæðismönnum sem mér sýnist að eigi býsna erfitt með sig þessa dagana. Ég held að það verði að gefa þeim einhverja betri réttlætingu fyrir því að samþykkja þetta mál en hingað til hefur komið fram. Ég hef aldrei séð menn eiga erfiðara með sig en þingmenn Sjálfstfl. núna. Þeir kyngja hverri kennisetningunni á fætur annarri og koma hér svo eins og prestar í stól og flytja langar ræður og maður veit ekkert hvað þeir meina.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Svo hart hafa trippin verið rekin á þessum degi að formanni þingflokks Framsfl. og meðstjórnanda þótti hlíta að hafa fundi samtímis, annar í þingflokknum, hinn í deildinni. Þegar þannig er staðið að málum er erfitt að tara út í mjög efnislega umræðu þar sem ógjörningur er að fylgjast nægilega vel með því sem sagt er í salnum á sama tíma og maður situr á þingflokksfundi. Það sem

gerir þetta enn alvarlegra er að á þennan þingflokksfund var boðið allmörgum gestum og þess vegna mjög óviðeigandi ef allir hefðu farið að fordæmi forseta og vikið af fundi. En hvað um það.

Hér hafa farið fram umræður og m.a. flutti hér mál sitt hv. 2. þm. Reykn. Það vill svo til að hv. 2. þm. Reykn. hefur verið sérfræðingur í stjórnarskrárnefnd. Hann hefur einnig verið boðberi þess mjög ákveðið að þannig skuli staðið að skipun fulltrúa á Alþingi Íslendinga að eitt atkvæði skuli vera jafnt að þyngd hvar sem það er á landinu og í hvaða flokki sem er. Það blasir við að þeim vilja hefur tekist að ná með þeirri skipan sem á er komið. Hins vegar lætur hann sér sæma að telja að það sé þá eðlilegur umsagnaraðili um þetta frv. þing þar sem eins manns atkvæði getur vegið 500-falt eða meira á við þess næsta. Og ég verð að segja eins og er að ég sakna þess mjög að hv. þm. skuli vera farinn úr salnum. Ég sakna þess mjög.

Til grundvallar eru ekki lögð þau verðmæti sem viðkomandi skip koma með að landi. Nei, tonnafjöldinn, stærð skipsins er það sem ræður. Þetta leiðir hugann að því að í skjóli þessa kerfis getur það verið nokkuð auðvelt hjá ráðherra að reikna það út með aðstoð tölvu hversu stórum hóp þurfi að hygla til að hafa meiri hlutann í LÍÚ. Þetta er ekki svo flókið reikningsdæmi. Loðnuflotinn t.d. er ákaflega myndarlegt búsílag og sé gefið vel á garðann á haustdögum þá er hugsanlegt að þeir makki rétt. Það þarf ekki mikið klækjavit til að sjá þetta.

Auðvitað þýðir þetta það að einhverjir aðrir lenda undir. Það er þá hægt að nota varðskipin. Það er ekki vandamál núna að fást við Bretann og eins og allir vita þá þarf að halda þessu liði í þjálfun. Spurningin er aðeins sú hvort hæstv. sjútvrh. gerir sér grein fyrir því að grundvallaratriðið fyrir allri lagasetningu er það að lögin beri með sér það réttlæti að almenningsvitundin í landinu, sú vitund sem hefur mótast af sögulegri hefð, af menningu þjóðarinnar, hvort sú vitund slær í takt við þau lög sem eru sett.

Stundum gerist það að þarna verður þverbrestur. Mönnum sýnist að lögin séu svo fráleit að þeir vilja ekki una þeim. Þá fer fyrir mönnum eins og Guðmundi hinum góða þegar hann boðaði að nauðsyn væri lögum ríkari. Og það er nú svo að það gerðist eitt sinn í Ísafjarðarsýslu að bóndi norður frá var kærður fyrir að hafa skotið nokkrar kollur og sýslumaður neitaði að taka málið fyrir af því að hann taldi líf fuglanna minna virði en barnanna sem þessi maður átti. Og þar við sat. Jafnvel í þeirri stétt var sú hugsun til að nauðsyn væri lögum ríkari.

Nú er það svo að í fornum lögum íslenskum eru vissar heimildir sem voru tryggðar þeim manni sem ferðaðist um landið þó hann hefði ekkert eignarhald á því landi sem hann fór yfir. Þar var áskilið m.a. í óbyggðum að menn mættu veiða fisk sér til matar. Grágásar höfundar létu sér ekki detta í hug að þann veg gæti farið að sá sem ferðaðist yfir fjörð hefði ekki heimild til að veiða fisk sér til matar á leiðinni. Og lái þeim hver sem vill þó að svo framsýnir væru þeir ekki. Ef ég man það rétt þá var líka heimilt að maður mætti tína ber á leið sinni og hafa beit fyrir hesta sína þar sem hann ferðaðist um.

Við sjáum svo sjaldan í okkar eigin þjóðfélagi með nægilega mikilli eftirtekt þá þróun sem er að gerast. Hins vegar skynjum við þetta oft betur þegar við horfum á stærri samfélög. Í því sambandi langar mig að minnast á hlutskipti indíánanna í Ameríku. Indíánarnir höfðu stundað veiðar. Þeir vissu nokkurn veginn mörk sinna veiðisvæða og þeirra líf byggðist á þessu. Svo komu hvítir menn — Bob Dylan taldi að þeir hefðu drepið 10 milljónir indíána með guð sér við hlið, eins og hann orðaði það svo fagurlega — og hvítu mennirnir útbjuggu verndarsvæði fyrir indíánana svo þeir yrðu ekki fyrir og þeirra athafnafrelsi yrði ekki til að skerða möguleika á framþróun hvíta mannsins til athafna í landinu.

Þegar við horfum á þá sjónvarpsfrétt að Flatey á Breiðafirði sé að fara í eyði þá spyrjum við okkur: Jæja, eru það nú samgöngurnar sem endanlega eru að leggja þennan stað í eyði? Er það læknisþjónustan? Eru það skólamálin? Nei, það er ekki einu sinni prestleysið. En það fannst leið til þess að koma í veg fyrir að hægt væri að verja með svipuðum hætti þá byggð og hafði tekist þó á undanförnum árum, með því að meina Breiðfirðingum aðgang að þessari gullkistu sem Breiðafjörðurinn er yfir hábjargræðistímann. Sjá menn ekki hvað þetta minnir á þessa snyrtilegu meðferð sem indíánarnir fengu?

Í okkar þjóðfélagi má segja að trillukarlarnir séu í þeirra sporum. Þeir hafa ekki haft þann styrkleika til að mynda þann þrýstihóp sem dugir til þess að íslenskir valdhafar vilji umgangast þá með þeim hætti að réttlætisvitund þeirra sé ekki stórkostlega misboðið. En hitt blasir við og er kannske athyglisvert einnig, að fari svo að trillubátaflotinn allur fari í stríð við landhelgisgæsluna íslensku þá liggur alveg fyrir hvor aðilinn tapar. Fjárlaga- og hagsýslustofnun mun sjá til þess að trillukarlarnir vinna. (**Gripið fram í:** Þeir lifa ekki á olíu.) Þeir lifa ekki á olíu, og annað hitt að ef þeir hafa aðeins með sér gamaldags færi og veiða aðeins einn fisk, þá er skaðinn sá að afli og veiðarfæri verða gerð upptæk. Og ég hefði gaman af að sjá Landhelgisgæsluna standa í því að elta þessi skip inn um allan Breiðafjörð á grynningunum og sjá hvernig gengi.

En erum við ekki með þessu að vanvirða þá menn sem börðust hvað best fyrir Íslands hönd í landhelgisstríðinu? Haldið þið að það sé eitthvert skemmtiefni fyrir Landhelgisgæsluna að eiga yfir höfði sér að fá svona verkefni til að fást við? Þvílík vanvirða við þessa menn er að menn láti sér detta í hug að standa svona að málum.

Allt til þessa hefur verið litið svo á að fiskurinn í hafinu væri sameign Íslendinga. Með þeirri ákvörðun að taka upp kvótakerfi er hann ekki lengur orðinn sameign Íslendinga. Það hefur þó verið þannig þar sem þetta var gert, og hafði verið áður eins og t.d. varðandi rækjuveiðar, að sala á þessum réttindum á milli skipa var óþekkt. Og að mönnum dytti í hug að svo gæti farið að útgerðarmenn hættu að gera út skip sitt, seldu bara kvótann, eða þá það sem var enn þá lygilegra og gerðist á þessu ári, að útgerðarmaður keypti heilan togara með því að fá að geyma ávísun í fimm daga! Ávísunin var andvirði kvótans sem hann átti eftir. Og þegar hún var innleyst þá var hann búinn að kaupa kvótann og leggja peningana inn á banka. Svo var farið að undirbúa það að breyta skipinu í rækjuskip.

Ég held að hvar sem við förum, ef menn nenna að setjast niður og hugsa, sem því miður verður æ sjaldgæfara í þjóðfélagi mötunar, þá misbjóði salan á kvóta svo

réttlætisvitund Íslendinga að menn spyrja: Hvar er hægt að framkvæma þann heilaþvott að menn komi það illa leiknir út úr meðferðinni að þetta samrýmist þeirra réttlætisvitund? Og hvar er hægt að framkvæma þennan heilaþvott? Það vill svo til að það var einn hagfræðingur núna í haust sem flutti erindi um sjávarútvegsmál og stefnur. Hann hét Bjarni Bragi. Og þetta er ekki hagfræðingur hjá einhverjum sparisjóð úti á landi, þetta er hagfræðingur Seðlabanka Íslands. Að vísu bar það við að Þjóðviljinn kvartaði undan því að orðfærið væri ekki við alþýðuhæfi og þeir birtu vissa klausu í Þjóðviljanum þar sem vitnað var í ræðu þessa ágæta hagfræðings. Og það skal viðurkennt að ég skildi ekki heldur hvað hann var að tala um, en var nú samt ekki viss hvort það væri af því að maðurinn hefði virkilega sagt þetta eða Þjóðviljinn tekið svona illa eftir þegar hann skrifaði þetta í sitt blað. En þessi hagfræðingur gat þess að kvótinn væri að sjálfsögðu aðeins áfangi að auðlindaskattinum. Að auðlindaskattinum. Skattinum sem væri úthugsaður á þann veg að fiskimönnum þessa lands væri seldur aðgangurinn að hafinu. Og svo væru aðrir sem sætu í landi og ráðstöfuðu því fé.

Hugsunin á bak við þetta, sem þarna gægist fram, er að tvenns konar gengi eigi að hafa á erlendum gjaldeyri í landinu. Annars vegar gengi sem byggt er upp á auðlindaskattinum og sjávarútvegurinn sæti uppi með og hins vegar gengi sem aðrir atvinnuvegir landsins sætu með. Hugsunin er 100% klár. Þetta er ekki eitthvert kjaftæði út í loftið sem manninum datt í hug af því að hann hefði fengið sér í glas eða eitthvað svoleiðis. Það er misskilningur. Því síður að hann hafi náð sér í bjór. Nei, nei, nei, þetta er úthugsuð speki sem hefur verið tölvukeyrð í Seðlabanka Íslands og virðist hafa verkað inn í raðir bankaráðsmanna við bankann. (**Gripið fram í:** Og Framsóknarflokksins.) Og Framsóknarflokksins. Það ber svo við að ég get tekið undir með hv. 5. þm. Austurl.

Það er nú svo að þeir Seðlabankamenn hafa vit á mörgu. Þar eru menntaðir menn, margir fluggáfaðir, lesnir og umfram allt þá hafa þeir mjög mikil völd. En samt mun það nú svo að indverska heimspekin „sérhver er mikill á sínum stað" á við þá sem aðra. Ég er nefnilega sannfærður um að hvort heldur sem þeir yrðu settir um borð í trillubát eða þeim yrði stillt upp við almenna fiskverkun í landi þá kæmi í ljós að þeir sem ynnu þessi störf að staðaldri væru þeim hæfari. Þó er svo komið að áhrifanna frá Seðlabankanum gætir á þann veg að það er fráleitt að íslenskir fiskimenn eigi lengur að fara eftir því sem skaparinn hefur ætlað þeim hvað gæftir snertir. Það má leggja Veðurstofuna niður þess vegna. Hún á ekki að segja fyrir um það hvort eigi að fara á sjó eða ekki. Það er löngu liðin tíð. Það á að fara eftir því hvað sjútvrn. leggur til í þessum málum. Það er nú svo.

Það er stundum talað um stjórn og ofstjórn. Ég verð að segja það eins og er að þegar ég núna hlusta á það í fréttum að Rússar séu að fara af stað með fimm ára áætlun, fimm ára efnahagsáætlun, og jafnframt hef horft á það að sjútvrh. hæstv. hefur bakkað frá því að vera með þriggja ára áætlun niður í tveggja, þá hefði mér eiginlega fundist að það væri öllu rökréttara að framsókn væri nú í stjórn með Alþb. — og ég vona nú að hv. 5. þm. Austurl. sé mér sammála. (**HG:** Þetta verður þú að rökstyðja nánar.) En það er nú svo að hann mun ekki lærður í Rússlandi heldur Austur-Þýskalandi og í því getur misskilningurinn legið.

Ég held aftur á móti að það sé kannske skýringin á því að sjálfstæðismenn fjölmenna nú ekki við þessa umræðu að það sé dálítið erfitt að útskýra stefnuna um einstaklingsfrelsið, um atvinnufrelsið og kenninguna um það að nú skuli menn hætta að hugsa til sjós. Það sem hugsað sé það sé í sjútvrn. Það sé alveg nóg. Veðurstofan úr sögunni hvað upplýsingar snertir. Það hlýtur að vera gaman að vera fulltrúi einstaklingsframtaksins hér á Alþingi. Eða eru skollin á herlög í landinu? Það er nefnilega staðreynd að hvar sem er í heiminum hafa menn samþykkt það þegar styrjaldir hafa geisað að þá skyldu sett á herlög og þá skyldi ýtt til hliðar öllum kennisetningum. En ægilega væri nú gaman ef ungir sjálfstæðismenn settu þetta upp á blað þannig að maður hefði það alveg á hreinu hvernig þetta er túlkað, hvernig þetta er hugsað af þeirra hendi, hvernig þetta passar við stefnuna. Það vill svo til að varaformaður Sjálfstfl. er hér í hliðarsölum. Púar þar stórum og maður sér ekki annað en maðurinn sé í góðu jafnvægi þannig að ekki hefur þessi hugmynd um fiskveiðarnar neitt raskað hans ró. Þetta passar alveg inn í kennisetningar Sjálfstfl. um einstaklingsfrelsið. (**Gripið fram í:** Hann er að hugsa um Hafskip.) Hann á að fá leyfi hjá Halldóri, það er bara að breyta til. Einstaklingsfrelsi, þ.e. að því viðbættu að menn fái leyfi hjá hæstv. sjútvrh.

Nú, þetta er ekkert nýtt í Íslandssögunni. Ég veit að allir sem hér eru inni muna eftir bænarskjölunum. Það fóru ógrynni af pappír hjá Íslendingum, og bleki, fyrir utan tímann og miðað við erfiðar póstsamgöngur, í að koma þessu á framfæri, bænarskjölum til kóngsins. Ja, það er ekkert spaug að vera búinn að fá innlendan fulltrúa í staðinn fyrir kónginn til að leysa þetta af hendi. Mig skal ekki undra þó að þeim líði vel sjálfstæðismönnum, þessum baráttumönnum fyrir einstaklingsfrelsinu.

NT er ekkert að hika við túlkunina á þessu. Þeir geta um það í leiðara að það eigi bara að berja þá til hlýðni! Ég veit nú ekki hvar það fer fram. Það fer ekki fram í þingsölum því þeir eru nú það sleipir að þeir halda sig utan þingsalanna. En gaman væri að fá það upplýst, ef einhver vissi, hvar það stendur til að berja sjálfstæðismenn til hlýðni í þessu máli. Ég vænti þess að varaformaður Sjálfstfl., hv. 2. þm. Reykv., hafi fylgst með þeim boðskap að nú ætti að berja sjálfstæðismenn til hlýðni. Það er ekkert smáræði sem hérna er á dagskrá. Það var talið nóg í gamla daga að berja einn og einn snærisþjóf, en að taka stærsta stjórnmálaflokkinn fyrir og foringja hans og hýða þá alla, það eru tíðindi. En auðvitað tek ég fullt mark á NT í þessum efnum og ég sé að formaður þingflokks framsóknarmanna er ekkert að bera til baka að þetta standi til.

En hvernig ætli þeim þætti, þessum fulltrúum frelsisins og einkaframtaksins, ef hæstv. viðskrh. tæki sig nú til og setti upp kvótakerfi? Kæmi hér fram grafalvarlegur og tilkynnti: Það er orðin svo mikil offjárfesting í versluninni að þetta verður ekki liðið lengur. Við höfum ákveðið að setja það inn í tölvur hve mikil matvælaþörfin er í landinu, hve mikið af skóm þarf að flytja inn og bifreiðum. Og svo verður kosin nefnd, auðvitað að hluta til skv. tilnefningu hagsmunaaðila, en formanninn skipar viðskrh., og hún mun útdeila leyfum

á innflutninginn. Leyfum á innflutninginn. Ég er eiginlega á því að fulltrúar Alþb. mundu allir greiða atkvæði með þessu. Og það er ekkert víst að mjög erfitt yrði að koma þessu í gegnum þingið. Nú, verslunarhallirnar rísa. Menn sjá það. Þessi offjárfesting gengur ekki. Vita menn ekki að þjóðin er að sökkva í erlendar skuldir? Hvað dvelur hæstv. viðskrh. í því að taka þetta mál fyrir og koma kvótakerfinu á? Það yrði kannske einhver ágreiningur um kartöflurnar en það er nú varla á öðrum sviðum sem menn mundu standa í neinum deilum.

Nei, það er merkilegur hlutur að í þessu máli eru menn svo skemmtilega rökheldir að það væri alveg sama hvað væri sagt í þessum ræðustól. Það væri alveg sama hvaða gögn væru kynnt, það breytti ekki nokkrum sköpuðum hlut. (**PP:** Þó fjallræðan væri flutt.) Hæstv. forseti mundi ekki hika við það að halda hér fund á sama tíma og hv. 2. þm. Norðurl. v. teldi nauðsynlegt að hafa þingflokksfund. Það mundi ekki hvarfla að honum að breyta neinu. Það er nefnilega búið að ljúga því að þjóðinni að þetta séu fyrst og fremst átök á milli landsfjórðunga. Þetta séu fyrst og fremst átök á milli landsfjórðunga. Þ.e. að það séu einhverjir Vestfirðingar sem séu á móti þessu og kannske örfáir menn við Breiðafjörð. Er svo komið fyrir einkaframtakinu og atvinnufrelsinu að sú hugsun að einhverju máli skipti hvernig skipulag sé við sjávarútveginn sé bara á þessu svæði á landinu?

Ég minnist þess að vísu að sýslumaður Barðstrendinga varð svo óheppinn á sínum tíma að taka trú á Jörund hundadagakonung. Og þegar Jörundur yfirgaf landið var ekki friður fyrir hann lengur í sýslumannsstarfinu og hann sneri sér að því að hefja skútuútgerð við Breiðafjörð (Gripið fram í.) sneri sér að því. Og að því leyti gerði Jörundur mikið gagn að hann hefði sennilega komið þjóðinni að litlu gagni í sýslumannsembættinu en varð þó nokkuð merkur á þessu sviði.

Það er búið að ljúga því að þjóðinni að þetta sé nánast stríð á milli landshluta. Og menn trúa. Það er alveg sama þó að menn loki Reykjavíkurhöfn, trillukarlar hér, þá eru þetta allt saman frekir Vestfirðingar á bak við. (**JBH:** Þeir eru margir að vestan.) Hér talar sá sem ætlar sér stóra hluti í íslenskri pólitík eins og allir vita, hv. 5. þm. Reykv., lærður upp á það að verða forsrh. Og hann fer ekki með neina vitleysu í þessum efnum, fæddur í Alþýðuhúsinu á Ísafirði, hv. 5. þm. Reykv.

Þegar Vestmanneyingarnir sigldu út með pomp og prakt og komu í hóp að landi, trillurnar, þá voru auðvitað frekir Vestfirðingar þar á ferðinni, hvað annað. Hvað annað? Enda þm. þeirra, hv. 4. þm. Suðurl., eins og allir vita, vestfirskur að ætt. (**JBH:** Fiskinn líka.) Já, ekki efa ég að það sé rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. Það er nú svo að gegn þessu kerfi, sem hér er búið að setja upp, er dálítið af Vestfirðingum sem ekki vilja samþykkja þetta og það er eiginlega alveg sama hvaðan mótmælin koma, það er ekkert um annað að ræða. Mig undrar það að íslenska Ríkisútvarpið hefur stundað þann fréttaflutning af þessu að það hefur mjög alið á þeirri kenningu að þannig sé þetta. Það hefur mjög alið á þeirri kenningu.

Ég efa það ekki að Alþingi muni samþykkja þessi lög. Ég efa það ekki. Ég efa það ekki að ráðherra muni framfylgja þessum lögum — þ.e. ég veit ekki hvort hæstv. núv. ráðh. situr í stólnum svo lengi, mér er það ekki ljóst. En hér hafa menn tekið nýja trú, efnahagstrú á kvótakerfi. Þó kemur það fram eins og var með kristnina, á frumdögum hennar í landinu, að það brá fyrir heiðni af og til. Menn blótuðu á laun. Og hv. 2. þm. Reykn. lýsti því yfir héðan úr ræðustól að þrátt fyrir þetta fullkomna kvótakerfi, bestu aðferð til stjórnunar fiskveiða, þá væri ekki nógu gott ástand í sjávarútvegi á Suðurnesjum. Þetta er nú athyglisvert. Varla getur það nú verið út á það að það sé röng gengisskráning eða neitt slíkt sem er að plaga þá Suðurnesjamenn frekar en aðra, þegar 1. þm. þeirra Reykn., hæstv. viðskrh. fyrrv., fór með þau mál. Getur það hugsast að þetta sé rétt, að kvótakerfið hafi ekki skilað 100% rekstrargrundvelli fyrir útgerðina í landinu? Menn eru farnir að spara svo í veiðarfærum, menn eru farnir að spara svo í olíu, ef trúa má nýjustu fréttum. Ja, ég verð nú samt að segja eins og er að ég hef ekki reynt þennan hv. þm., 2. þm. Reykn., að því að vísvitandi sé hann að gera grín að atvinnuvegunum þarna suður frá.

En hvernig er þetta með kvótakerfið sem á að tryggja jafna atvinnu alls staðar? Ef skipin fara nú burtu, verður þá kvótinn eftir í byggðarlögunum? Nei, kvótinn fer með. Kvótinn fer með og ég gat um það hér áðan að kvótinn, sem var eftir á einu skipinu, var notaður til þess að kaupa skipið burtu úr kjördæmi hv. þm. með því að geyma ávísunina í fimm daga þar til að viðkomandi kaupandi var búinn að selja kvótann. E.t.v. hefur þetta áhrif. Væri nú ekki ráð að menn færu að hugleiða það hvort þetta er í samræmi við þeirra réttlætisvitund? Skipið fór til Siglufjarðar. Það er hárrétt. Þannig að hér hafa engin mistök átt sér stað, hv. 2. þm. Norðurl. v., enda geri ég ráð fyrir því að hv. þm. sé dyggur stuðningsmaður frv. Spurningin er hvort hv. 2. þm. Reykn. sé jafnsannfærður um það að þetta kvótakerfi færi bara blessun yfir Reykjanes. Ég hygg að það væri vel þess virði hjá honum, með fullri virðingu fyrir hans þekkingu á þessum málum, að kanna það hvort sagan um skipakaupin sé ekki rétt.

Herra forseti. Það er rétt að við Vestfirðingar höfum oft verið sérlundaðir. Við höfum oft verið sérlundaðir og frægustu orð sem fallið hafa í þingsögu Íslands voru sögð í óþökk forseta. Þá var það boðað að verslunarfrelsið væri meira virði fyrir Íslendinga en flest annað. Þá var það boðað að atvinnufrelsi væri undirstaða undir efnahagslegum framförum í landinu. Samt er það svo að við teljum okkur í dag hafa svo miklu meiri þekkingu á þessum hlutum að við fótumtroðum þessar kenningar. Verslunarfrelsi viðurkennum við ekki. Af og frá. Við bönnum innflutning eftir ýmsum leiðum á því sem við viljum að sé ekki flutt inn í landið. Atvinnufrelsi. Er það atvinnufrelsi sem ríkir í sjávarútvegi þegar mönnum er skipað að selja ákveðnum aðila þau verðmæti sem berast að landi, eins og t.d. á sér stað með rækjuveiðina í Arnarfirðinum? Einn kaupandi á að kaupa það sem kemur upp úr firðinum. Og þetta dæmi er ekki tekið sérstaklega vegna hans, heldur vegna þess að þetta er kerfið sem við köllum atvinnufrelsi. Þetta er gamla einokunarkerfið, nákvæmlega eins og þegar fiskimönnum suður með sjó var bannað að versla við nema einn kaupmann. Það eina sem hefur breyst eru refsiákvæðin. Hýðingarnar eru aflagðar. Það stendur ekki til að berja á þessum mönnum. Það er aðeins á þm. Sjálfstfl. sem ætlunin er að berja og berja þá til hlýðni í þessu máli, ef trúa má NT. En reglurnar sem giltu á

gamla einokunartímanum er það sem við teljum rétt í dag í þessum efnum. Hver hefði trúað þessu?

Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustól að frásögnin af Hólmfasti, sem var hýddur vegna örfárra fiska sem hann seldi til rangs aðila, og notuð er í Íslandssögunni í dag til að gera grín að því hvernig þetta kerfi var, ætti að strikast út úr sögunni vegna þess að við notum sama kerfið. Auðvitað er einokunarkerfið það eina rétta. Sjá menn það ekki? Er nokkur sem efast um það að þetta gamla einokunarkerfi sé það eina rétta? Það er í það minnsta sjaldgæft hér í þingsölum að menn efist um slíka hluti.

Hvað með útflutninginn á fiskinum? Er hann frjáls? Er frelsið sem menn tala um í versluninni til staðar þarna? Eiga ungir og efnilegir menn í þessu landi, sem eiga verslunarsambönd vegna síns innflutnings, eiga þeir möguleika á því að flytja til ákveðinna landa fisk? Af og frá. Eru mennirnir orðnir ruglaðir. Nær nokkurri átt að fara að blanda því saman? Kemur til greina að það sé hagkvæmt fyrir þjóðina að mennirnir vinni að útflutningi um leið og þeir vinna að innflutningi? Er þetta kerfi ekki það eina rétta, að hafa bara örfáa menn í því að selja verðmætin úr landi, en heila herdeild til að flytja inn? Er þetta ekki það eina rétta? Efast nokkur? Hvarflar það að nokkrum manni að það sé hugsanlegt að viðskiptahalli Íslendinga stafi m.a. af því að við höfum of marga við að flytja inn, en of fáa við að flytja út og beinlínis bönnum mönnum að standa í slíku? Nei, auðvitað erum við með það eina rétta kerfi í þessum efnum. Er nokkur vafi á því?

Þetta frv. á eftir að koma til almennrar umræðu aftur hér í deildinni og ég ætla ekki að misbjóða þolinmæði manna með því að þreyta þá með lengri tölu í kvöld.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs í kvöld var fyrst og fremst ræða hv. 2. þm. Reykn. og það hvernig hann lýsti ástandinu í sjávarútveginum. Hann sagði: Ástandið í sjávarútveginum að því er reksturinn varðar hefur sjaldan verið eins hrikalegt og um þessar mundir. — Hann sagði: Útgerðarmenn eyða mestöllum sínum tíma á biðstofum bankastjóranna. Stór hluti atvinnugreinarinnar er að komast á vonarvöl. Hvert húsið af öðru lokast.

Þetta er sú einkunn sem er gefin eftir fimm ára samfellda stjórn Framsfl. á sjútvrn. Þetta er sú einkunn sem er gefin eftir að núv. ríkisstj. hefur setið að völdum í hálft þriðja ár. Og það er fróðlegt í þessu sambandi að íhuga hvernig þessi stjórnarstefna hefur leikið einstaklingsfrelsið í sjávarútveginum. Það er fróðlegt í framhaldi af ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hér áðan að velta því fyrir sér hvaða rök það séu, sem hugsanlegt er að þeir Sjálfstæðisflokksmenn finni, til þess að standa að því kerfi sem hér er verið að gera tillögu um í þriðja sinn. Er reynslan kannske svo góð? Er rekstrarstaðan svo góð og trygg að ástæða sé til að fagna, að ástæða sé til þess að menn láti nauðugir beygja sig til þess að styðja þetta eins og mér heyrðist á hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni og hv. þm. Gunnari G. Schram?

Hvernig er staðan hjá sjálfu flaggskipi íhaldsins í einkarekstri í sjávarútvegi á Íslandi, flaggskipinu, sem um hafa verið skrifaðar heilu síðurnar í Morgunblaðið fyrir hverjar einustu kosningar undanfarin ár ef ekki áratugi — fleiri, fleiri síður upp og síður niður, um einkaframtakið og dásemd þess í Ísbirninum — hvernig önnur útgerðarfyrirtæki í landinu mættu læra af þessu stórkostlega framtaki, einkaframtaki sem þar var um að ræða? Hvernig er komið fyrir þessu kompaníi, þessu fyrirtæki, þessu flaggskipi, þessari fyrirmynd eftir þennan tíma?

Ísbjörninn er búinn að segja sig á hreppinn. Sjálfur Ísbjörninn, stolt íhaldsins í einkarekstri í sjávarútvegi er búinn að segja sig á hreppinn. Hreppurinn, Reykjavíkurborg, ætlar að yfirtaka góssið. Er hægt að finna í rauninni stórkostlegra dæmi um niðurlægingu Sjálfstfl. varðandi framleiðslu og rekstur í sjávarútvegi? Er hægt að finna gleggri heimild um það hvað íhaldið er í rauninni djúpt sokkið í þessum efnum? Er nokkurs staðar ljósari vottur til um það að í Sjálfstfl. er í rauninni enginn talsmaður lengur til fyrir framleiðsluna í landinu, í hinu fasta þingliði Sjálfstfl.? Þar eru einvörðungu þeir sem leggja áherslu á að efla hag verslunar og viðskipta. Ég undanskil í þessu efni hv. 1. þm. Vestf. sem talaði hér í kvöld, Einar Guðfinnsson, sem talaði um þessi mál af skilningi og bersýnilega betri þekkingu en iðulega hefur heyrst áður frá talsmönnum Sjálfstfl. hér að undanförnu. M.a. hefur sá maður sem hann er staðgengill fyrir, hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason, lítið látið í sér heyra um þessi mál. Þó hefur hann haft það við orð að þetta kvótakerfi sem hér er á dagskrá væri slæmt. En hann hefur þó ekki sagt eins og hæstv. forsrh. sagði eftir frægan fund á Vestfjörðum hérna fyrir nokkrum mánuðum, með leyfi hæstv. forseta: „Ég er enginn kvótamaður."

Það var hæstv. forsrh. landsins, sem tvisvar sinnum hefur knúið þetta frv. í gegnum þingið ásamt hæstv. sjútvrh., sem lýsti því yfir á miðju sumri að hann væri enginn kvótamaður. Og nú er ástæða til þess að spyrja, af því að hæstv. forsrh. mun hafa heiðrað Alþingi Íslendinga með nærveru sinni á þessari kvöldstund, það er rétt að spyrja hann að því: Styður hann þetta frv.? Er hann kannske orðinn kvótamaður aftur? Var hann ekki kvótamaður aðeins um nokkurra daga skeið meðan hann var á kjördæmisráðstefnunni á Vestfjörðum? Hefur hann síðan skipt um skoðun eftir síðustu ferðalög sín, ekki til Vestfjarða heldur til annarra staða á hnettinum? Ég vænti þess að hæstv. forseti þessarar deildar vildi vera svo vinsamlegur að hóa í hæstv. forsrh. vegna þess að ég vildi gjarnan spyrja hann þessarar spurningar: Er hann kvótamaður eða er hann enginn kvótamaður? Það er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. svari þessari spurningu, þessari knýjandi spurningu. Ef hann er enginn kvótamaður, eins og hann sagði í sumar, þá er auðvitað augljóst mál að það er kominn talsverður brestur í stjórnarliðið.

Nú kann hins vegar svo að vera að hæstv. forsrh. hafi enn skipt um skoðun. — En hann skiptir eins og kunnugt er iðulega um skoðun og jafnvel í sömu málsgreininni í sömu ræðunni, því að málsgreinarnar eru oft langar hjá honum en framsóknarlegar, þannig að endirinn er iðulega alveg þversum á upphafið. — Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. sjútvrh. og varaformaður Framsfl. hefur beygt formanninn í þessu máli, hefur beygt formann Framsfl. í þessu máli þannig að hann sé neyddur til þess að styðja þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sjái sér fært að svara þessari brennandi spurningu.

Ég vil einnig í sambandi við þetta mál, herra forseti, benda á að það er í rauninni umhugsunarvert hvernig

með þetta mál allt er farið, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson benti hér á áðan. Það eru hagsmunasamtökin, m.a. útgerðarmanna, sem eru látin tala. Það er ekki þorskhausalýðræði, eins og það var kallað stundum hér áður, það er lýðræði stálsins, tonnatölunnar, sem er látið tala í LÍÚ. Og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson spurði að því áðan: Hve stórum hópi þarf að hygla innan LÍÚ til að hafa þar meiri hluta? Hve stórum hópi þarf að hygla þar til að hafa þar meiri hluta? Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. svari flokksbróður sínum í þessu efni. Þetta er mjög alvarleg ásökun sem fram kemur hjá hv. 5. þm. Vestf. og er nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. svari. En það er umhugsunarvert fyrir Alþingi hvernig þessi samtök atvinnurekenda, LÍÚ, hafa fengið að ráða lögum og lofum í þessu máli, þó svo að draga verði í efa að í raun tali LÍÚ fyrir útgerðarmenn eins og þeir vilja vera láta í þessu máli. Það verður að draga í efa.

Ég vil í sambandi við þetta mál, herra forseti, taka undir þær ábendingar sem fram komu hjá hv. 5. þm. Austurl. varðandi frv. sem hér liggur fyrir og þær óhjákvæmilegu brtt. sem hann nefndi að rétt væri að gera við þetta frv.

Varðandi framkvæmd þessa máls vil ég einnig inna hæstv. sjútvrh. eftir því hvaða rök séu fyrir því að á s.l. sumri er togurum fyrir Vestfjörðum hleypt inn á hefðbundin línusvæði í mjög stórum stíl, sem hefur orðið til þess að línubátar, sem hafa gjarnan verið á svæðinu milli 8 og 12 mílna, hafa hrakist af svæðum sem þeir hafa lengi verið á fyrir miklum skara togara.

Ég held að það væri nauðsynlegt í tengslum við þetta frv. að ræða einmitt um reglugerðarsetningarnar og hvernig að þeim hefur verið staðið og að sjútvn. þessarar deildar aflaði sér upplýsinga um reynsluna af þeim í einstökum greinum. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. um þetta mál sérstaklega vegna þess að ég hef orðið var við það vestur á fjörðum að menn telja að þarna hafi verið þrengt að þeim með óeðlilegum hætti.

Ég vil einnig benda á það í þessu sambandi, herra forseti, að talað er um að nauðsynlegt sé að ná fram réttlætinu sem, eins og hv. 1. þm. Vestf. benti á hér fyrr í kvöld, hefur verið glímt við af mannkyninu núna um nokkurra árþúsunda ára skeið. Ég held að varðandi þessi mál eigum við að hugleiða það mjög vandlega hvort við séum hér í rauninni ekki með of þröngt svið undir, hvort ekki sé nauðsynlegt að móta hér fyrir þjóðina, landið og fiskimiðin heildarauðlindastefnu þar sem tekið er tillit til allra aðstæðna, bæði að því er varðar sjóinn og landið. Það er kannske engin tilviljun að einn landshluti hefur að því er þetta mál varðar skorið sig alveg úr með afstöðu. Það eru Vestfirðir og Snæfellsnes að hluta til. Ástæðan er m.a. sú að þessir landshlutar hafa ekki átt kost á því að bæta sér upp síðasta hluta ársins með veiðum á loðnu og síld eins og sumir aðrir landshlutar. Ég held að það væri eðlilegt ef við gætum náð að horfa á þessi mál í stærra heildarsamhengi en gert hefur verið á undanförnum árum.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmilegt að setja takmarkanir varðandi sókn í okkar viðkvæmustu fiskistofna. Ég hef hins vegar á undanförnum þingum greitt atkvæði gegn þeirri leið sem hér hefur verið lögð til. Ég hef talið að þannig væri að málum staðið af hæstv. ríkisstj. að mér væri það alla vega ekki kleift að taka undir með henni í þessum efnum, þó ég viðurkenni og fallist á að það sé rétt að hafa almennar takmarkanir af einhverju tagi. En ég hef verið, og lýsi því enn yfir, til viðtals um það að öðrum aðferðum verði beitt til þess að ná sama marki, jafnvel betur en hér eru uppi tillögur um. Ég met það þó nokkurs við hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. í þessu efni að að sumu leyti hefur í þessu frv. verið komið til móts við þá gagnrýni sem fram hefur verið flutt hér á síðustu tveimur þingum.

Ég bar fram eina fsp. áðan, herra forseti, til hæstv. forsrh. Hann var þá ekki í salnum en er nú kominn í salinn. Ég hlýt þess vegna að endurtaka spurningu mína. Þannig var að á s.l. sumri barst sú frétt á öldum ljósvakans, höfð eftir hæstv forsrh., að hann væri enginn kvótamaður. Og þetta var haft eftir ráðherranum í öðrum fjölmiðlum, látið á þrykk út ganga. Ég man ekki hvort það var í málgagni hæstv. forsrh., en það kom fram eftir kjördæmisþing framsóknar á Vestfjörðum að hann væri enginn kvótamaður.

Nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi skipt um skoðun síðan á kjördæmisþinginu fyrir vestan, hvort hann ætli sér að styðja það frv. sem hér liggur fyrir eða hvort hann ætli að vera á móti því í samræmi við þá yfirlýsingu sem hann gaf eftir kjördæmisþing framsóknarmanna á Vestfjörðum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að þetta komi fram. Jafnframt er nauðsynlegt að ganga eftir því hér við frekari umræður um málið hver sé afstaða annarra þm. sem hafa haft við orð að þeir teldu að ekki ætti að framlengja þetta kvótakerfi óbreytt og hafa lýst því yfir með opinberum hætti á undanförnum mánuðum. Eru þeir allir runnir af hólminum, vinir einstaklingsframtaksins, sem kalla sig svo? Eru þeir uppteknari af öðrum útgerðum? Eru þeir svo uppteknir af öðrum útgerðum að þeir telji enga ástæðu til að huga að útgerð fiskiskipa hér í þessu landi? Eru þeir svo önnum kafnir við þau vandamál sem herja nú á farskipaútgerðina, að þeir komist ekki nálægt sjálfum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna? Fróðlegt væri að fá svar við því. (**FrS:** Hvaða skoðun hefur Alþb. á frv.?) Og einkum og sér í lagi þó þessari afstöðu forsrh. sem ég spurði um hér áðan.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur skyndilega vaknað til lífsins, hefur nú verið heldur daufur hér í sölunum í kvöld og fölur á vangann, en hefur núna vaknað til lífsins og vill fá að vita hvaða skoðun ég hafi á þessu frv. (**FrS:** Alþýðubandalagið.) Ég hef gert grein fyrir því hvaða skoðun ég hef haft á þessu frv. á undanförnum árum. Við höfum Alþýðubandalagsmenn, flestallir hér í þinginu á undanförnum árum eins og þm. veit, greitt atkvæði gegn þessu fyrirkomulagi. Við höfum áskilið okkur rétt varðandi afstöðu okkar endanlega til þessa frv. þegar við sjáum hvernig því fram vindur á þessu þingi, því að auðvitað er ekki útilokað að meiri hlutinn hugleiði málin og komi til móts við eitthvað af þeim skynsamlegu brtt. sem væntanlega verða fluttar af stjórnarandstöðunni við meðferð málsins á þingi. Hv. 2. þm. Reykv. þarf þess vegna að bíða varðandi hina endanlegu niðurstöðu. En hann getur kannske haft áhrif á hana með því að fallast á eitthvað af brtt. Alþb. Til þess er hann vís og ég hlakka til að njóta liðsinnis hans í þeim efnum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég get ekki orða bundist yfir frammistöðu og ástandi Sjálfstfl. hér í kvöld. Bestu ræðu kvöldsins og líklega bestu ræðu þessarar umræðu allrar og náttúrlega bestu ræðu þeirra

sjálfstæðismanna flutti hv. 1. þm. Vestf. Hann er bara í andstöðu við þetta frv., en manni skilst að hinn breiði massi Sjálfstfl. styðji það allur. Samt er ekki búið að fá almennilega skýringu á því máli. Þeir talsmenn þessa stóra flokks, sem hafa komið hér upp í kvöld og við eigum líklega að skilja sem svo að þeir séu að flytja okkur skilaboð úr þingflokksherbergi Sjálfstfl., hafa alls ekki flutt sannfærandi stuðningsræðu fyrir þessu ágæta frv. Það fer ekki hjá því að menn velti fyrir sér hvaða geðklofi sé hugsanlega þar á ferðinni vegna þess að ef menn líta í helgustu bækur þessa flokks og á þá hornsteina sem þeir hafa byggt sín stefnumál á, frelsi einstaklings, framtak hans o.fl. sem er góðra gjalda vert, er þetta í hrópandi mótsögn.

Maður getur, eins og ég gerði hér í ræðu minni fyrr í kvöld, hugsað til baka til haustsins 1983. Þá voru þeir þó sæmilega borubrattir og sögðu: Þetta er nú bara í eitt ár, strákar. — Ég man meira að segja eftir að þeir skrifuðu langhunda í Moggann og sögðu: Við erum í nauðvörn, sjórinn er svo kaldur og svo er svo lítið af fiski í honum. Þetta er nauðvörn, strákar, í eitt ár. En þetta verður ekki lengi vegna þess að það er ekki hægt að hefta frelsi einstaklingsins svona lengi, það sjá allir. — Nú líða árin og maður hefði kannske haldið að þeir gerðu þá harðari kröfur, kannske bara sex mánaða gildistíma. En nú vilja þeir hafa það í tvö ár. Næst samþykkja þeir það örugglega í tíu ár. Nú flytur enginn borubrattar ræður um að hér sé á ferðinni tímabundið ástand. (**JBH:** Það hefur hlýnað í sjónum.) Nú er sjórinn orðinn svo yndislega hlýr að hann er orðinn fullur af fiski og nú kemur í ljós að bandinginn hræðist frelsið, þeir gætu lent í samkeppni og guð veit hvað.

Maður hélt á tímabili seinni partinn í sumar að þeir væru kannske að vakna til lífsins, einhver hefði kannske flett upp í bókunum, það hefði kannske verið hnippt í einhvern og hann spurður hvort hann ætlaði að láta þetta viðgangast. Manni skildist jafnvel á tímabili í haust að allur þingflokkur Sjálfstfl. mundi mótmæla vegna þess að það var helst að skilja dag eftir dag að það stæði ekki steinn yfir steini í þessu frv. Menn ætluðu aldeilis að breyta þar ýmsum málum, sögðu þeir. Hvað kemur svo í ljós? Það kemur í ljós að eftir standa tveir óbeygðir menn. Ég verð líklega að kalla þá báða hv. 1. þm. Vestf., einn hefur talað hér í kvöld og við höfum heyrt í öðrum áður. En hinir koma nú eftir allt og lofa og prísa frv.

Það kemur í ljós að hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson hefur gert svona „barbabrellu". Hann setti inn öngul, þriggja ára gildistími, og þingflokkur Sjálfstfl. hefur náð þeim stórkostlega árangri að stytta gildistímann niður í tvö ár og nú eru þeir allir ánægðir. Ég held að aldrei hafi einn framsóknarmaður gert jafnmikið grín á jafnstuttum tíma að jafnmörgum sjálfstæðismönnum.

Það kom meira að segja einn þeirra upp í kvöld, hv. þm. Sjálfstfl., og lýsti svæði sem áður var mesta útgerðarsvæði landsins og þar sem nú er svo komið að sjávarútvegur er kominn á byggðasafn. Síðan lýsti hann hörmungum þeirra sem vinna í þessari grein og sagði síðan: Þetta er besta leiðin, hallelúja, amen.

Það fer svo á endanum að maður spyr sig hvort það væri kannske ekki ráðlegt að menn gerðu eins og skandinavísku félagsfræðingarnir segja: Talið þið bara út um þetta, strákar. Talið um þetta í botn. Segið hvað ykkur finnst um þetta — vegna þess að ég verð ekki almennilega var við nema einn mann sem ég held þó að í hjarta sínu sé fylgjandi þessu frv. og það er hæstv. sjútvrh. Mér virðist allir hinir einhvern veginn tala sér þvert um hug á einn hátt eða annan. Alla vega eru sjálfstæðismennirnir nógu bognir til þess. Hæstv. forsrh. styður ekki stefnu frv. en styður væntanlega frv., eða hvað? Maður spyr á endanum: Hver styður í raun og veru þetta blessaða frv.? Eða eins og Kojak sagði: „Who loves you, baby?" Ég get ekki séð annað en þeir menn séu teljandi á fingrum annarrar handar sem eru kannske í hjarta sínu sannfærðir um að þetta sé rétt. En samt ætla þeir allir að samþykkja þetta. Niðurlæging löggjafarsamkundunnar getur ekki orðið öllu meiri.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. spurði mig spurningar. Ég skal með ánægju svara þeirri spurningu sem þm. beindi til mín. Það var rétt tekið eftir hjá hv. þm. að ég hef aldrei talið mig kvótamann og er ekki enn kvótamaður eins og ég orða það. Ég er hv. þm. að þessu leyti sammála, mér skildist að hann væri heldur ekki kvótamaður. En ég er einnig sammála hv. þm. um að það verður að hafa stjórn á veiðum í okkar mikilvægustu fiskistofna, eins og hann orðaði það. Reyndar hygg ég að fáir fiskistofnar séu undanteknir.

Ég reyndi á mínum tíma sem sjútvrh. að bæta það kerfi sem hlotið hefur nafnið „skrapdagakerfi". Ég minnist þess að vísu mjög vel að það var ekki mikil ánægja með það og það var harðlega gagnrýnt. Ég gæti reyndar nefnt ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem töldu að það ætti að taka kvótakerfi til athugunar.

Ég er jafnframt mjög eindregið þeirrar skoðunar, sem ég hygg að allir hv. þm. geti tekið undir, að það verður ein stjórnunaraðferð að gilda fyrir landið allt. Það er ekki hægt að hafa kvótakerfi í einum landshluta og skrapdagakerfi í öðrum.

Ég vek einnig athygli á því að allir sjútvrh. hafa lagt á það mjög mikla áherslu að hafa samráð við aðila sjávarútvegsins um stjórn fiskveiða. Ég hygg að í slíkri atvinnugrein sem sjávarútvegi sé annað nánast óframkvæmanlegt. Það verður að ná þar breiðri samstöðu. Ég lagði þess vegna mikla áherslu á í minni tíð að ná samstöðu við aðila sjávarútvegsins um það stjórnkerfi sem þá var beitt. T.d. kom fram á fiskiþingi 1981 tillaga um að taka upp kvótakerfi. Hún var flutt þá af Vestmanneyingum. Samkomulag varð á milli mín og fiskiþings um að sú tillaga yrði sett í nefnd. Það var gert, kosin 13 manna nefnd 13. nóv. 1981, ef ég man rétt, og ég lét sjútvrn. vinna með þeirri nefnd við að skoða þær hugmyndir. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki ætti að taka upp kvótakerfi.

Nú hefur hins vegar meiri hluti hagsmunaaðila í sjávarútvegi — fyrst nokkurn veginn eindregið í árslok 1983 — mælt með því að tekið verði upp kvótakerfi. Það verður að viðurkennast að með þeirri mjög miklu takmörkun á veiði, sem augljóslega var nauðsynleg á s.l. ári ef fylgja átti tillögum fiskifræðinga, þurfti að gera enn verulegar takmarkanir í gegnum skrapdagakerfið í viðbót við það sem áður hafði verið gert. Ýmsar þær takmarkanir voru erfiðleikum háðar þó vitanlega væri hægt að gera það með því að stöðva togara lengur um helgar o.s.frv., sem ég er ekki viss um að hefði

orðið mjög vinsælt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er búið að fá mjög ítarlega meðferð og umfjöllun á þingum hagsmunaaðila. Þó að þeir eigi að sjálfsögðu ekki að ákveða það sem Alþingi síðan ákveður í þessum málum hygg ég, með tilliti til þess samstarfs sem verður að leggja áherslu á við þessa aðila, að rétt sé að hlusta á þeirra álit. Álit þriggja þinga er að miklum meiri hluta að halda eigi áfram kvótakerfinu í tvö ár. Aðeins eitt þing, með þó ekki miklum meiri hluta, lagðist gegn því. Það eru fleiri en Landssamband ísl. útvegsmanna sem mæla með frv. Það gera einnig sjómannasamtökin og fiskiþing þar sem um blandaða samkomu fleiri aðila er að ræða.

Ég hef því ákveðið að fylgja þessu frv. í þeirri trú að þannig náist breiðust samstaða yfir landið um mjög mikilvæga stjórn fiskveiða. Þess vegna fylgi ég frv. Ég skammast mín alls ekki fyrir það þótt ég sé ekki kvótamaður. Ég tel svo mikilvægt að ná sem breiðastri samstöðu yfir landið. Ef nú yrði ákveðið hér á hinu háa Alþingi að taka upp skrapdagakerfið að nýju, þrátt fyrir þessar samþykktir hagsmunaaðila, hygg ég að fram undan væri stríð, sem við sæjum ekki fyrir endann á, í þessum málum.

Ég vek einnig athygli á því að það hafa verið gerðar ýmsar breytingar á þessu kerfi frá því að það var tekið upp á síðasta ári. T.d. er nú boðið upp á sóknarmark sem að mínu mati er miklu aðgengilegra en kvótakerfið. Ég get nefnt dæmi um menn úr mínu kjördæmi sem hafa kosið sóknarmarkið og eru tiltölulega ánægðir með það. Ég vildi nota tækifærið og mæla með því hér að sem flestir útvegsmenn, sem kunna að frétta af mínum orðum, skoði sóknarmarkið. Ég held að það sé athyglisverð leið sem er að nokkru leyti á milli kvótakerfisins og skrapdagakerfisins.

Einnig hafa á því frv., sem hér liggur nú fyrir, verið gerðar nokkrar mikilvægar breytingar. T.d. hefur 1. gr. frv. verið breytt frá því sem hún var í sinni upphaflegu mynd og er núna að mínu mati miklu aðgengilegri en þar var gert ráð fyrir. Sömuleiðis eru í frv. heimildir til að auka frjálsræði til veiða í ýmsum greinum eins og t.d. með línu og það tel ég mikilvægt að verði gert. Ég held að það eigi sem sagt að leita leiða innan ramma þessa frv. til að auka frjálsræði til veiða á ýmsum sviðum.

Ég vona að ég hafi gert grein fyrir minni afstöðu til þessa máls.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umræðu þótt full ástæða væri til að hafa mjög langa umræðu um þetta mikilvæga mál. Það hefur margt komið fram í þessari umræðu og ég hygg að full ástæða hefði verið til að margir hefðu heyrt hana. Ég býst við að hún hefði á margan hátt verið fróðleg fyrir marga sjómenn sem fylgjast mjög vel með þessu máli. Ég verð að segja það alveg eins og er að í orðum sumra, sem hér hafa talað, er ekki mjög mikill vilji til málamiðlunar í þessu máli og ekki mikill skilningur á því hvað hér er um erfitt mál að ræða og hversu nauðsynlegt er að ná fram málamiðlun í því. Menn töluðu um, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að hér væri eitthvert reglustikumeðaltal og hér væri verið að binda óáran í lög. Allt eru þetta slagorð og sleggjudómar sem ekki eiga við nein rök að styðjast og þetta mál verður ekki leyst með þeim hætti.

Það er búið að breyta ýmsu í þessari stjórnun frá því að fyrst var lagt af stað sem eðlilegt er. Menn telja hér upp marga aðila sem fara illa út úr þessu kerfi. Menn nefna smábátaeigendur og menn nefna ýmsa fleiri. En hverjir eru það þá sem hagnast svona óskaplega á þessari stjórnun? Þeir hafa ekki verið nefndir, enda hafa þeir almennt ekki verið nefndir í mín eyru. Hverjir eru það sem hafa hæstu aflakvótana í landinu? Það eru togarar, t.d. á Vestfjörðum. Eru þeir menn mjög ánægðir með sinn hlut? Nei, þeir telja að þeir hafi meiri möguleika en aðrir í samkeppninni og beri að fá meira í sinn hlut.

Auðvitað er það þannig með þetta mál, eins og tekjuskiptingarvandamálið í þjóðfélaginu almennt, að öllum finnst að þeir eigi meiri rétt og þeir eigi að fá meira. Það er það vandamál sem menn eru að glíma almennt við í þjóðfélaginu.

Ég vænti þess að hér geti orðið bærileg samstaða á Alþingi og niðurstaða í málinu. En ég fyrir mitt leyti er alveg viss um hver yrðu úrslit þessa máls ef það færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Menn hafa verið að efast um það hér að fylgi væri meðal þjóðarinnar við það að hafa svipaða stjórn á veiðunum og hér er lagt til. Ég tel mig hafa talað við svo margt fólk og verið á svo mörgum fundum að ég viti nokkuð um það.

En auðvitað eru andstæðar skoðanir um málið og það mun alltaf verða og það var einnig um aðrar stjórnunaraðferðir sem hafa verið viðhafðar. Það hefur komið í ljós að verulegur hagur hefur verið af þessari stjórnun. Það er alveg rétt að illa er komið í sjávarútveginum. Þar er alvarlegt ástand. En það væri enn þá verra ef þetta hefði þó ekki verið tekið upp.

Eru menn ekki almennt að halda því fram hér á Alþingi að stefna beri að betri kjörum fyrir þessa þjóð? Menn verða þá að sýna það í verki að menn vilji eitthvað á sig leggja í þeim efnum og taka upp stjórnun og stýringu á okkar grundvallaratvinnuvegi sem leiðir til þess að kjörin geti orðið betri en þau annars hefðu orðið. Það er ekki þar með sagt að þau séu nægilega góð, það er allt annað mál.

Það eru aðeins nokkur atriði sem ég ætlaði að minnast á. Það eru í fyrsta lagi þau ummæli að illa hafi tekist að draga úr aflatoppum og þeir hafi fremur aukist við þessa stjórn. Nú er það svo að aflatoppar hafa alltaf verið. Ef við lítum í gegnum tíðina hefur mesti aflatoppurinn á undanförnum árum verið í apríl 1981. Þá komu á land tæp 109 þús. tonn. Árið áður var mesti aflatoppurinn í mars. Það voru tæp 95 þús. tonn. Á árinu 1978 var aflinn tæp 320 þús. tonn, eða verður nokkuð svipaður og hann gæti orðið í ár, þó heldur meiri væntanlega á árinu 1978. Þá var mesti aflatoppurinn í apríl, 60 þús. tonn, og minnst í október, 8500 tonn. Í ár er aflatoppurinn í mars, 51 þús. tonn, en í október er aflinn tæp 14 þús. tonn. Hann er einnig lægstur í þeim mánuði.

Það er alveg rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni, að aflatoppurinn í júlí var 42 þús. tonn en í júlí 1978 var hann 39 þús. tonn. En aflinn í ágúst var hins vegar 24 þús. tonn í ár en 31 þús. 1978, eða heldur minni í ár í mánuðunum júlí/ágúst en á árinu 1978 sem er svipað aflaár. En þá áttum við eitthvað færri fiskiskip.

Það liggur fyrir að aflabrögðin í sumar hefðu getað orðið mun betri og hægt hefði verið að ná meiru á land.

Það hefði hins vegar verið hægt að taka minna og menn gátu bjargað aflanum í júlí m.a. með því að flytja hann út í gámum. Menn segja hér að ekki hafi verið tekið á gæðamálum o.s.frv. Menn vilja sem sagt stöðva veiðarnar á þessum tíma, hvort sem það er mönnum hagkvæmt eða ekki. Ég tel eðlilegt að menn fái að ráða því hvort það er hagstætt á þessum tíma. Það eru margir sem stöðvuðu veiðarnar á þeim tíma að nokkru leyti og það eru enn aðrir sem hefðu getað dregið verulega úr veiðunum. Ég býst við að menn geri það í meira mæli á næsta ári, nái betri stjórn á sinni vinnslu og sínum veiðum. Það verður aldrei lag á því nema þar verði verulegt sjálfræði og frelsi innan þessara marka. Það er engin leið að stjórna þessu upp á hvern dag með reglugerðum úr einu ráðuneyti. Ég tel því að þessar fullyrðingar, sem hér hafa komið fram, séu ekki alls kostar réttar og ekki sanngjarnt að taka aðeins þennan eina mánuð, það sé rétt að taka einnig aðra mánuði til viðmiðunar.

Hitt er svo annað mál að í apríl 1981 fór afli forgörðum, fór mikið í skreið o.s.frv. í þessum aflatoppi þá. Ég býst við því að aprílmánuður í ár gæti orðið mikill aflamánuður eða marsmánuður ef einn kvóti væri fyrir bátana og þeir væru allir í samkeppni að reyna að klára aflann. Ég býst við að þeir yrðu margir sem ætluðu sér að moka miklu á land til að ná sem bestum hlut úr kökunni.

Einnig hefur komið hér fram að ekki liggja fyrir hugmyndir um afla á næsta ári. Ég bið velvirðingar á því en ég hafði hugsað mér að nefna það að þorskúthlutunin í ár er 267 þús. lestir. Ég hef áður nefnt að ég sé þeirrar skoðunar að rétt sé að hækka þessa þorskúthlutun um 10% þannig að úthlutunin sé tæp 300 þús. tonn. En sú sveigja, sem er í stjórnuninni, getur leitt til allnokkru meiri veiði. T.d. gæti átt sér stað að veiðin yrði 330—340 þús. lestir. Síðan mun fara fram allumfangsmikil rannsókn á þorskstofninum nú í vetur. Eftir þá rannsókn liggja fyrir nýjar niðurstöður og þá ættu menn að fá enn betri upplýsingar um þorskstofninn til viðbótar þeim upplýsingum sem við höfum fengið á þessu ári. Þá tel ég rétt að taka ákvörðun að nýju í ljósi þeirra upplýsinga.

Það hefur verið lagt til að úthlutunin á öðrum tegundum verði sú sama og í fyrra. En það veldur verulegum vonbrigðum hvað lítið aflast af ýmsum öðrum tegundum en þorski. Útlit er fyrir að afli í þeim tegundum, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu, verði u.þ.b. 60 þús. tonnum minni í ár en gert var ráð fyrir og úthlutað aflamagn var. En þorskaflinn eykst. Oft er gert mikið úr því að þorskveiðin hafi eflst og aukist verulega. En þar á móti kemur að aflaminnkunin í öðrum tegundum er mjög veruleg og er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af karfastofninum í því sambandi. Hins vegar hafa þau skip, sem hafa fengið úthlutaðan karfa, í nokkru getað bætt sér upp þá aflaminnkun með því að sækja nokkuð í þorsk. Þegar talað er um skrapdagakerfi verða menn því að hafa þessa staðreynd í huga, að hér er ekki um endalausa auðlind að ræða.

Ég vildi aðeins geta þess í sambandi við millifærslu milli skipa og útgerðaraðila, sem mjög hefur verið gagnrýnd af ýmsum aðilum, að á tímabilinu 1. jan. til 30. sept. hafa verið færðar á milli skipa í eigu sama útgerðaraðila 6000 lestir, milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð 12 þús. lestir rúmar, milli skipa þar sem skipt er á jöfnu um 4 þús. lestir og milli byggðarlaga tæpar 9 þús. lestir.

Auðvitað geta menn bannað þetta og hætt við þetta, eins og gjarnan hefur komið hér fram í ræðum manna. En það kom mjög skýrt fram í máli hv. 1. þm. Vestf. hvað þá væri verið að gera. Þá væri verið að koma á óhagkvæmni fyrir þjóðarbúið, draga úr sparnaði og tekjumöguleikum þjóðarinnar í heild. A.m.k. þýðir ekkert fyrir þá menn, sem eru að prédika slíka hluti, að halda því fram að það sé þeirra einlægur ásetningur að bæta kjörin hjá þjóðinni. Það er alveg út í hött fyrir þá að halda slíku fram. Auðvitað fylgja þessum millifærslum margvísleg óþægindi og árekstrar, það er alveg rétt. En það er nú svo með marga hluti að það er ekki allt saman þægilegt.

Að lokum vildi ég aðeins svara þeirri fsp., sem hv. þm. Svavar Gestsson kom með hér, þótt hann væri aðallega með fsp. til forsrh. Það er eins með hann og marga aðra þm. að þeir eru alltaf að velta sér upp úr ýmiss konar smámunum, hvort menn hafi verið í útlöndum til að sinna skyldustörfum sínum o.s.frv. Það er aðalmálflutningurinn hjá þessum ágætu mönnum. Að gera t.d. mikið úr því að forsrh. landsins skuli sinna ýmsum erindum. Ég veit ekki betur en hv. þm. sé einnig að fara að sinna mikilvægum erindum á ráðstefnu erlendis. (**SvG:** Er ráðherra reiður?) Ég er ekki mjög reiður, en mér finnst þetta svo ómerkilegur málflutningur af þm. sem er búinn að vera hér til margra ára og gegna alls konar skyldustörfum að ég get ekki orða bundist. Að menn skuli þurfa á því að halda í íslenskri pólitík sjálfum sér til framdráttar að vera að velta sér upp úr svona málum. (**SvG:** Hvað með Pál Pétursson?) Já, já, það má endalaust tala um þessa hluti, hv. þm. Svavar Gestsson, en ég tel að það sé fyrir neðan þína virðingu og margra annarra þingmanna að tala með þessum hætti. Ég er svo sem ekkert reiður yfir þessu, en mér finnst þetta vera ómerkilegur leikur og sýna málefnafátækt. Það kemur að vísu ekkert á óvart frá þeim flokki sem hv. þm. er í forustu fyrir.

En ég skal svara þeirri fsp. sem hv. þm. bar fram. Það var varðandi veiðar á Vestfjarðamiðum. Ég býst við að þm. hafi verið á fundi á Patreksfirði, ég gæti trúað því, því að þar hefur málið valdið verulegum ágreiningi. Það er um það að ræða að 1984 var ákveðið að opna ákveðin svæði til þess að auka skarkolaveiðar vegna þess að menn vildu aukna nýtingu á þeim stofni. Þetta var strax umdeilt mál og fór fyrir marga og það svæði var minnkað og því breytt. Það var borið undir Fiskifélagið, það var borið undir sjómannasamtökin og það var borið undir hagsmunaaðila á Vestfjörðum líka. Niðurstaðan varð sú að þarna var opnað ákveðið svæði. Um þetta var fjallað í ráðgjafarnefnd o.s.frv. Hitt er svo annað mál að auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt að taka þetta atriði til endurskoðunar í ljósi reynslunnar. Það er með þetta svæði eins og mörg önnur að reyna þarf að skapa sem mesta samstöðu. En þetta á víða við umhverfis landið. Trillumenn þola ekki að sjá togarana, netabátar vilja ekki sjá togara, togarar vilja ekki sjá að bátar séu að þvælast með netadræsur í námunda við þá, hvað þá trillur. Hér er því vissulega um mikla hagsmunaárekstra oft og tíðum að ræða og skiptar skoðanir.

Í slíkum málum reyna menn að finna ásættanlega leið og einhverja málamiðlun milli hagsmunahópa og það mun verða áfram gert að því er varðar þetta atriði.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Af því að hæstv. ráðh. lauk máli sínu með siðferðisprédikun úr púlti ætla ég fyrir mitt leyti að gefa eina slíka. Ég kann því illa þegar hæstv. ráðh. heldur því hér fram að þeir sem hafa gagnrýnt þetta frv. vilji ekki stefna að betri kjörum fyrir þessa þjóð. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Ég tel að það sé algerlega órökstuddur málflutningur. Ég tel að hann sé ómaklegur. Sem nýorðnum siðferðispostula ferst hæstv. ráðh. ekki að viðhafa þessi orð hér. Þeir sem hafa mælt gegn þessu frv. hafa lagt fram fyrir máli sínu margvísleg rök. Það sem einfaldlega hefur gerst er að ekki hefur tekist að sýna að þetta frv. bæti kjör þjóðarinnar. Ég vildi koma þeirri örstuttu athugasemd að að ég tel það ómaklega niðurstöðu þessarar umræðu að þeir sem tala á móti þessu máli séu að tala gegn því að lífskjör séu bætt í landinu. Það hefur ekkert komið fram í dag sem bendir til þess að frv. bæti kjör.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að ræða það mál sem er á dagskrá, en vegna ummæla hv. þm. Guðmundar Einarssonar í tveimur ræðum í kvöld tel ég ástæðu til að fram komi örfá atriði.

Hann hefur haldið því fram að Sjálfstfl. sé að ganga gegn sinni stefnu með því að stærsti hluti þingflokksins styður það frv. sem hér er til umræðu og hefur líkt þessu við það að Sjálfstfl. sé á móti verslunarfrelsi. Hann tók dæmi af því hér í Reykjavík. Hið sama gerði reyndar hv. 5. þm. Vestf.

Í þessu sambandi er rétt að taka það fram að kvótakerfið byggir á því, eins og reyndar stjórn fiskveiða hlýtur að gera, að innflutningur fiskiskipa er bannaður — bannaður vegna þess að stjórnvöld og flestir í landinu hafa talið að um offjárfestingu sé að ræða í íslenskum fiskiskipastól miðað við það aflamagn sem ráðlagt er að taka úr sjó. Það er af þessum ástæðum sem íslenska þjóðin neyðist til að stýra sókninni í fiskistofnana. Ef menn halda fram áróðri eins og komið hefur fram hjá hv. þm. Guðmundi Einarssyni verða menn líka að svara þeirri spurningu hvort þeir vilja opna fyrir innflutning og smíðar á nýjum skipum og þannig stórauka sóknina. Við getum því aðeins talað um fullkomið frelsi í þessum efnum að svo verði gert.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að skýra frá þessu. Það hefur aldrei verið annað sagt af hálfu sjálfstæðismanna en að meginþorri þingflokksins styðji frv. Við vitum um andstöðu í þingflokknum. Sú andstaða er ekki ný. Hún var einnig þegar þetta mál var síðast til umræðu. Það eru skiptar skoðanir í öllum þingflokkunum á þingi nema í BJ sem hefur haft það til siðs að vera á móti málum þegar þeir telja sig græða á því pólitískt. En allir þeir flokkar sem hafa einhverja reynslu af þessum málum hafa mismunandi sjónarmið innan sinna veggja.

Þetta, herra forseti, taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram í þessari umræðu.

Guðmundur Einarsson: Ég ætla að gera örstutta athugasemd. Ég mundi ekki telja, alla vega ekki samkvæmt síðustu skoðanakönnunum, að við höfum haft af því einhvern pólitískan ábata að vera gegn þessu frv. Ég vil einnig taka fram að innflutningur fiskiskipa og þetta kvótafrv. og smábátaeltingarleikur, sem hefur verið hér til umræðu í kvöld, eru tvö gjörólík mál. Það er hægt að banna innflutning fiskiskipa, það er hægt að banna nýsmíði fiskiskipa án þess að ganga til verks eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 23. fundur.

Fimmtudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 28. nóv. 1985.

Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á Alþingi taki 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Grétar Þorsteinsson, formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Grétars Þorsteinssonar og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til athugunar, en á meðan verður fundi frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til meðferðar kjörbréf Grétars Þorsteinssonar, 2. varamanns G-listans í Reykjavíkurkjördæmi, og hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið og leggur samhljóða til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Grétar Þorsteinsson, 3. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Grétar Þorsteinsson hefur nú unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Samstarfssamningur Norðurlanda, stjtill. 149. mál (þskj. 163, n. 177). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur haft mál þetta til athugunar og mælir einróma með samþykkt till. Fund nefndarinnar sátu Guðmundur Einarsson og Eiður Guðnason og eru þeir samþykkir áliti þessu.

Þessu máli hafa verið gerð skil hér í fyrradag af hæstv. utanrrh. og raunar er allítarleg grg. með því eða athugasemdir og sé ég því ekki ástæðu til að ræða málið efnislega, enda er það í sjálfu sér einfalt í sniðum.

Hins vegar langar mig að nota þetta tækifæri til þess að víkja að einni hlið samstarfs eða samráðs Norðurlandanna sem við Íslendingar tökum þátt í og fram kemur í þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi 23. maí 1985. Það er 6. liður till. þar sem fyrst er fjallað um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, en síðan segir:

„Því felur Alþingi utanrmn. að kanna í samráði við utanrrh. hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985."

Hv. utanrmn. hefur að sjálfsögðu haft mál þessi til umfjöllunar. Seinna hefur gengið að vinna verkið en menn vonuðu, en engu að síður hefur utanrrn. safnað miklum gögnum og menn vinna nú sem óðast að því að skoða þau og vinna úr þeim og hafa notið aðstoðar öryggismálanefndar einnig.

Eins og fram kemur í þessum orðum er hér um það að ræða að kanna frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Svo vill einmitt til að það er verið að gera þessa dagana og þm. frá öllum þingflokkum verða á þingmannafundi um þetta efni í Kaupmannahöfn á morgun og laugardag. Þó að nefndin hafi þannig ekki beint komið frá sér áliti verður að játa að það hefur að málunum verið unnið og verður unnið næstu dagana og vona ég að menn geti sætt sig við það. Hins vegar hljótum við auðvitað að keppa að því að koma áliti frá okkur, en það er hreint ekki vandalítið verk og upplýsingarnar gífurlega miklar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 178).

Fylkisstjórnir, þáltill. 17. mál (þskj. 17). — Fyrri umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að hér er um að ræða till. sem varðar stjórnskipunarlög og gilda því ekki venjulegar takmarkanir á umræðu um þáltill. við fyrri umr. um þetta mál.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um gerð frv. til stjórnarskipunarlaga um fylkisstjórnir sem ég flyt ásamt hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur, Kristínu S. Kvaran og Stefáni Benediktssyni. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela stjórnarskrárnefnd að semja frv. til stjórnarskipunarlaga sem feli í sér eftirfarandi meginatriði:

1. Landinu verði skipt í fylki. Skiptingin taki einkum mið af hefðbundnum samskiptum fólks, en einnig náttúrulegum staðháttum.
2. Í hverju fylki verði kosin fylkisstjórn í almennum kosningum á fjögurra ára fresti. Um kosningarrétt og kjörgengi gildi sömu reglur og við alþingiskosningar.
3. Fylkisstjórnir hafi víðtæk völd er efli sjálfsforræði íbúanna, styrki heimastjórn þeirra og vinni gegn núverandi miðstýringu efnahagslífs. Þær hafi fjárveitingavald, bæði af eigin skattfé og fjárframlögum frá Alþingi.
4. Hvert fylki verði sjálfstætt lögsagnarumdæmi og komið verði á embættum fylkisdómara og fylkislögreglustjóra.

Frv. fylgi nánari tillögur um framkvæmd einstakra atriða sem að framan greinir."

Þessi till. var flutt á síðasta Alþingi en kom þá ekki til afgreiðslu og er því endurflutt nú.

Á landsfundi BJ í nóvember 1983 var samþykkt till. þess efnis að taka skyldi upp fylkjaskipulag á Íslandi. Þessi stefna var síðan ítrekuð á landsfundi Bandalagsins í febrúar 1985. Við teljum þetta eitt brýnasta verkefni íslenskra stjórnmála í dag.

Um allan hinn vestræna heim er fólk nú að krefjast þess að endurheimta völd sín og forræði úr höndum hinna gömlu stjórnvalda. Þessi viðleitni birtist á mörgum sviðum. Íbúasamtök vilja ráða meiru um skipulag síns nánasta umhverfis. Foreldrar vilja ráða meiru um starfsemi skóla. Verkafólk vill ráða meiru um starfsháttu fyrirtækja og um sín eigin kjör. Íbúar á tilteknum landsvæðum vilja meiri völd um eigin hagi. Þannig sækir fólkið forræði sem verið hefur hjá ríkisstjórn og ráðuneytum hennar eða öðrum stjórnvöldum sem flest eiga sér áratuga gamla sögu.

Hin pólitísku markmið þessarar hreyfingar eru þau að auka áhrif og þátttöku fólks í stjórnkerfum og færa ákvarðanatökuna nær þeim sem ákvarðanirnar varða sérstaklega. Röksemdirnar fyrir hinni auknu þátttöku almennings eru ýmsar. Þar má nefna:

1. Menn telja valddreifingu vera til varnar borgurunum, þ.e. gegn ágangi eða aðgerðarleysi embættismannaveldis.
2. Menn telja að því fleiri sem eiga þátt í að taka ákvörðun þeim mun betri verði hún og þeim mun líklegra verði að íbúarnir virði afleiðingar hennar og niðurstöður.
3. Talið er að slík þátttaka fólks í stjórnun þroski. Fólk finnur til aukinnar ábyrgðar og öðlast meiri þekkingu og skilning á málefnum samfélags síns ef það á aukinn þátt í að ráða því.
4. Segja má að aukin þátttaka borgaranna sé í sjálfu sér bæði réttur þeirra og skylda og þurfi ekki neinnar sérstakrar réttlætingar við, hvorki efnahagslegrar né annarrar.

Við teljum, eins og ég sagði í byrjun, að það sé eitt mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnmála í dag að brjóta upp áratuga gamla hefð miðstýringar. Í stað þess að treysta einstaklingum, fyrirtækjum eða landshlutum til eigin stefnumörkunar og sjálfsbjargar er efnahagslífi stjórnað með almennum stórvirkum ráðstöfunum sem ekki taka nægilegt tillit til raunverulegra aðstæðna í landinu. Að baki þessum ákvörðunum eru lífvana reiknitölur úr meðaltalsmaskínum ríkisstofnana sem koma hvergi nærri kviku þjóðlífsins. Þannig hefur fólk

verið svipt völdum yfir lífi sínu og afkomu. Það má rekja um þetta fjöldamörg dæmi:

Bændur eiga t.d. stærð búa sinna undir útreikningum einnar nefndar í höllinni við Hagatorg og verðlag afurðanna undir ákvörðunum annarrar. Sjávarútvegurinn, sem verið hefur til umræðu hérna undanfarin dægur, sækir aflamagn sitt í ráðuneytið, vörugæðin í ríkismatið og verðmætin í verðlagsráðið. Áhugafólk um nýsköpun í atvinnuháttum um allt land þarf að fara bónarveg að vörslumönnum sjóða eða stofnana og sveitarstjórnarmenn þurfa árlega að sækja sporslur í ríkissjóðinn og útskýra þarfir hundraða og þúsunda sveitunga sinna á 15 mínútum fyrir alþm. sem sitja víðs fjarri verkefnunum og hvorki geta né eiga að fylgja skattfénu eftir út í smæstu verkefni.

Afleiðingar þessarar stefnu eru margvíslegar. Þær sem sérstaklega varða sveitarstjórnir og landshluta eru t.d. að miðstýring drepur fjölbreytileika, frumkvæði og tilraunastarfsemi. Hún hefur gert sveitarfélögin allt of háð duttlungum ríkisvalds um smáa hluti og stóra. Hún veldur því að ríkisstjórn og stofnanir hennar einbeita sér um of að lausn smáverkefna í stað þess að móta heildarstefnu og langtímaaðgerðir. Þetta veldur því að ákvarðanir eru gjarnan teknar af embættismönnum sem sitja fjarri kjósendum og sitja fjarri verkefnum og eru aldrei gerðir ábyrgir gagnvart fólkinu, gagnvart kjósendunum. Það eru sem sé að okkar mati ærnar ástæður til að flytja völd og verkefni til fólks á heimaslóð.

Mörg viðfangsefni eru þess eðlis vegna umfangs eða kostnaðar að til þeirra þarf stærri einingar en sveitarfélögin eru nú. Menn hafa reynt að leysa þetta mál með sameiningu sveitarfélaga. Það hefur ekki tekist. Til þess liggja ýmsar ástæður, sögulegar og félagslegar eða jafnvel landfræðilegar. Menn hafa reynt að leysa þetta með samstarfi sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga reynast í mörgum tilfellum notadrjúgur vettvangur til samráðs ýmiss konar. En þegar kemur að því að takast á við verkefni sem mörg hver kosta mikið fé koma ýmsir brestir þessa fyrirkomulags í ljós. Þessi samtök eru ekki lýðræðislega uppbyggð. Stjórnir þeirra eru gjarnan skipaðar embættismönnum úr sveitarstjórnum, þ.e. embættismönnum sem eru ekki beint ábyrgir gagnvart kjósendum. Kjósendur hafa heldur ekki fjallað um þau verkefni sem þessi samtök sveitarfélaga geta verið að fást við á hverjum tíma. Það er grundvallaratriði að stjórnir, sem eru skipaðar á þann hátt, geta aldrei komið í stað kjörins stjórnvalds sem er að framkvæma vilja kjósenda og er ábyrgt gagnvart kjósendum.

Því teljum við að þriðja stjórnvaldið, fylkið, þurfi að koma til. Í fyrsta lagi verður það nægilega stórt og öflugt til að taka þessi verkefni. Í öðru lagi losar það okkur út úr þeim erfiðleikum sem sameiningarstefnan hefur lent í, þ.e. að sameina sveitarfélög. Í þriðja lagi munu kjósendur þannig fá miklu beinni áhrif á völd og verkefni á heimaslóð. Kjósendur geta fjallað um stefnumálin, um þau verkefni sem til stendur að vinna, og þeir geta gert kjörna fulltrúa í fylkisstjórnum ábyrga gagnvart kjósendum fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist. Þannig teljum við að fylkisstjórnirnar verði leið til að brjóta upp það kerfi sem ég hef lýst hér að framan og við teljum að hafi allt of lengi verið við lýði.

Það má líka telja að þetta er ein leiðin til að auka áhrif fólks í landinu um sína hagi. Ég nefndi hér að framan ýmislegt sem þarf að gera. Það má auka áhrif fólks t.d. með því að fjölga skoðanakönnunum eða með því að fjölga kosningum um tiltekin stefnumál, hvort sem það er á landsvísu eða héraðavísu. Það á að auka áhrif fólks, eins og ég sagði áðan, á skóla, í sveitarfélögum og miklu víðar.

Fylkisstjórnahugmyndin leiðir til þess að til verður annars konar pólitík í landinu, það verða til héraðsstjórnmál þar sem menn takast á um verkefni sem þeir eru kunnugir. Þeir bera fram stefnur og fá þær ræddar í héruðunum. Þetta veldur því líka að stjórnmálaumræða á Alþingi breytist vegna þess að hún færist þá frá smáverkefnaþvarginu og væntanlega meira til þess að móta heildarstefnu í stjórnmálum, viðra hugmyndir um hvert menn telji að þjóðin eigi að stefna og skiptast á skoðunum um hvernig mönnum þyki framkvæmdin takast.

Það er hægt að velta fyrir sér ýmsum leiðum til að skipta landinu á þennan hátt upp í fylki. Um það hafa raunar komið fram ýmsar hugmyndir. Til þess að fylkin myndi þær stjórnmálalegu heildir, sem til er ætlast, er nauðsynlegt að svæðaskiptingin tengist á einhvern hátt þeim heildum sem þegar eru fyrir í samskiptum íbúa. Reynsla frá öðrum löndum bendir til þess að ný héraðsskipan, sem ekki styðst við neinar eldri forsendur, félagslegar eða landfræðilegar, mæti yfirleitt tortryggni hjá fólki.

Til þess að ákvarða meginlínur í fylkjaskiptingu er rétt að leggja meiri áherslu á lífs- og atvinnuhætti í landinu en gömul landfræðileg mörk, hvort sem það eru ár eða fjöll. Þau gömlu landfræðilegu mörk miðast gjarnan við gamla farartálma, ár eða fjallvegi sem ekki eru neinum til trafala lengur.

Eins og ég sagði áðan eru ýmsir möguleikar til að skipta landinu í fylki. Fylki þurfa að vera nægilega stór til að standa undir nýju valdi og verkefnum. Þau mega hins vegar ekki vera svo stór að stjórnvöld verði fjarlæg fólki.

Í grg. með þessu frv. er rakið eitt dæmi um svona skiptingu. Ég ætla ekkert að vera að telja það upp, menn geta lesið það þar. Eins og ég segi hafa komið fram ýmsar tillögur. Menn tala ýmist um fjórðunga eða stærri svæði.

Varðandi völd og verkefni er mjög mikilvægt að gera glöggan greinarmun á dreifingu valds annars vegar og dreifingu verkefna hins vegar. Það er ekki markmið þessara tillagna að ríkisvald framselji verkefnin ein til nýrra stjórnvalda eða hinna gömlu sveitarstjórna heldur verða hin nýju stjórnvöld að fá til þess vald að ákveða sjálf stefnu í þeim. Vald og verkefni verða því að fara saman. Þannig er dreifing valdsins aðalmarkmið þessara tillagna og í þeim felst að okkar dómi hin stórvirka stjórnarfarslega breyting.

Möguleikar á vald- og verkefnaflutningi til fylkisstjórna eru margir og í mörgum málaflokkum. Það má nefna t.d. málaflokkinn atvinnumál sem mönnum er kannske efst í huga víða. Þar er kannske öllum flokkum fremur rúm fyrir eigin hugmyndir og sjálfstæða stefnumörkun í héraði í samræmi við möguleika, staðhætti og óskir íbúanna. Við getum nefnt ýmis dæmi um það. T.d. á Reykjanesi er forræði heimamanna yfir vatnsbúskap svæðisins frumskilyrði fyrir skynsamlegri nýtingu bæði heita vatnsins og kalda vatnsins. Ef við tökum dæmi að norðan er löngu tímabært að Akureyringar og

nærsveitamenn þeirra taki sjálfir frumkvæði í atvinnumálum. Þeir hafa beðið þess í áratug að björgin bærist að sunnan. Þeir hafa beðið nú eftir álverksmiðju. Á meðan láta menn ganga hjá garði verkefni sem þeir gætu kannske sjálfir snúið sér að og haft af sjálfbjörg í stað þess að bíða eftir þessum aðfengnu möguleikum. Þessi langdregna stóriðjuumræða sem hefur orðið á Akureyri hefur að mínu mati stórlega skaðað svæðið þar sem vegna hennar hefur minna orðið úr framkvæmdum á ýmsum sviðum. Nú er raunar svo komið að Akureyringar flytja í stórum stíl í burt í atvinnuleit.

Við getum nefnt austfirskt forræði í atvinnumálum. Austfirðingar eru í þann veg að lenda í sömu löngu biðinni og Akureyringar. Austfirðingar bíða kísilmálmverksmiðju og guð einn veit hversu lengi þeir þurfa að bíða, en það er illa farið ef sú bið verður til þess að austfirskt forræði og austfirskt framtak bíður skaða af.

Sé hugað að fjármálum er augljóst að leggja þarf fjárhagslegan grundvöll fyrir þessi nýju stjórnvöld. Það þarf að tryggja nægilegt fé þannig að þau geti staðið undir tiltekinni þjónustu í mikilvægustu málaflokkum. Þar með þarf að gefa heimamönnum meiri möguleika, meira frelsi til þess að ákveða sjálfir ýmsa tekjustofna eins og skattstofna, hvort sem það er útsvar eða fasteignagjöld. Þannig er nauðsynlegt að fylkisstjórnin ráði sjálf yfir tekjustofnum óháðum ríkisstj. og Alþingi, en það er um leið grundvallarskilyrði að breytt verði um stefnu í almennri efnahagsstjórn ríkisins, t.d. með frjálsari gengisskráningu, gjaldeyrismarkaði, að þeim aðferðum miðstýringarinnar sem ég lýsti áðan í sambandi við peningamál verði aflétt þannig að heimafólk hafi möguleika á að taka meira að sér völdin sjálft. Þessar breytingar þurfa þá að ná t.d. til banka og peningastofnana.

Ég ætla ekki að hafa þessa framsögu lengri. Þau atriði sem ég hef drepið á eru flestöll í grg. með þessari þáltill. og ég hef talið þau upp er ég tel varða mestu.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að leggja nokkur orð í belg undir þessum dagskrárlið þar sem hér er á ferðinni athyglisvert mál og athyglisverð hugmynd á þskj. 17 sem hér er flutt af hv. 4. landsk. þm. Guðmundi Einarssyni.

Þessi hugmynd um að skipta landinu í fylki er raunar ekki ný. Hana hefur alloft borið á góma í stjórnmálaumræðu hér á landi síðustu áratugina og jafnvel lengur en liggur nú fyrir þingi í þessu þingsályktunartillöguformi. Samkvæmt henni er stjórnarskrárnefnd falið að gera frv. til stjórnskipunarlaga um fylkisstjórnir. Þetta mál hefur lítillega borið á góma í stjórnarskrárnefnd sem starfað hefur undanfarin ár en eitt af þeim atriðum sem þar eru órædd að mestu eru einmitt málefni sveitarstjórna, málefni héraðsstjórna og valddreifingarmál. Um þau er sáralítið og á mjög ófullkominn hátt fjallað í stjórnarskrá landsins. Að þeim efnum er vikið í 76. gr. þar sem segir aðeins, og ég les hér orðrétt, herra forseti:

„Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum."

Að stofni til er þetta ákvæði frá 1874 og ber þess glögg merki. Þess vegna er það mjög ofarlega á lista stjórnarskrárnefndar yfir þau mál, sem raunar eru ekki mörg, er nefndin á eftir að fjalla um og semja um uppkast að nýjum stjórnarskrártexta. Ég vildi gjarnan að þetta kæmi hér fram við þessa umræðu.

Ef við lítum á sjálfa tillöguna, sjálfa hugmyndina um að skipta landinu upp í fylki, vakna vitanlega ýmsar spurningar í því efni. Ég hygg að það sé ákaflega óráðlegt fyrir Alþingi að ganga frá mótuðum tillögum eða lagasetningu í formi breytinga á stjórnlögum um þetta atriði án þess að kynna sér til hlítar hver er vilji landsmanna í þessum efnum. Það er vegna þess að hér er rætt um að skipta öllu landinu upp á nýjan hátt og gera hér gjörbreytingu og raunar byltingu á stjórnsýslu og því stjórnarfyrirkomulagi sem til þessa hefur ríkt. Þar á ég við hreppana allt frá því skömmu eftir að Ísland byggðist. Það er þess vegna mjög nauðsynlegt að hafa um þetta mjög náið samráð við sveitarstjórnir um gjörvallt land.

Fyrir Alþingi sem nú situr liggur frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga. Í því frv. hefur verið gert ráð fyrir þriðja stjórnsýslustiginu, þ.e. sérstökum héraðsnefndum, sem gengur að vissu leyti í sömu átt og þessi till. Bandalags jafnaðarmanna. Það er athyglisvert og rétt að rifja upp í þessu sambandi að sennilega hefur ekkert ákvæði þess frv. valdið jafnmiklum efasemdum og jafnvel andmælum og þetta atriði, þ.e. þriðja stjórnsýslustigið, héraðsnefndirnar.

Ég er með þessu ekki að leggjast gegn fylkishugmyndinni sem ég tel vissulega athyglisverða og vel geta komið til greina. En ég vil benda á nauðsyn þess að um þetta verði haft mjög náið samráð við sveitarstjórnir og raunverulega væri æskilegast að visst frumkvæði kæmi fram af þeirra hálfu og þá fyrst og fremst fyrir atbeina Sambands ísl. sveitarfélaga og einstakra sveitarstjórna.

Í till., eins og hún liggur fyrir, er mjög óljóst hvert yrði samband sveitarstjórnanna og Sambands ísl. sveitarfélaga og fylkjanna. Að vísu er minnst á það í grg. að verkefni hinna nýju stjórnvalda, þ.e. fylkjanna og fylkisstjórnanna, muni koma „bæði frá sveitarstjórnum og ríki", eins og hér stendur. Það er greinilega, eftir þessu að dæma, gert ráð fyrir að sveitarstjórnirnar starfi áfram, sennilega í óbreyttri mynd, en þessu þriðja stjórnsýslustigi yrði skotið inn. Og á öðrum stað í grg. segir:

„Valddreifingarstefnan þarf einnig að ná til sveitarstjórna."

Ugglaust hafa flm. ætlast til þess að betur væri úr því atriði unnið í tillögum þeim sem stjórnarskrárnefnd er falið að gera í þessu efni, og þá í síðari lagasetningu um málið, vegna þess að auðvitað er augljóst að þó stjórnarskrárákvæði sé samið yrði það stutt og gagnort um meginmálið, en ítarlegri löggjöf yrði auðvitað að fylgja í kjölfarið. En þetta er vitanlega eitt af þeim atriðum sem þarf að hyggja að. Hætt er við að mjög yrði farið að sneyðast um vald og verkefni sveitarstjórnanna, eins og þær starfa í dag, ef til kæmu fylki. Það þarf í sjálfu sér ekki að vera óæskilegt, ef það er vilji heimamanna að svo verði gert; það er spurning um hver yrði tilveruréttur sveitarstjórna eftir slíka breytingu.

Sú grundvallarhugsun sem kemur fram í þessari till. er vitanlega mjög af hinu góða, þ.e. aukin valddreifing og um leið aukið lýðræði, ekki síst utan hinna stærstu þéttbýlisstaða, þ.e. Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins. Það er mjög lofsverð stefna sem í þessu felst. Nú er tvímælalaust um mikla miðstýringu og samþjöppun valdsins að ræða — ekki síst fjár-

málavaldsins, fjárveitingarvaldsins, bæði að því er varðar bankavald og það vald sem í höndum Alþingis liggur. En fyrst og fremst er það framkvæmdavaldið sem ég á hér við. Menn hafa velt því fyrir sér á hvern hátt væri unnt að draga úr þessu. Landshlutasamtökin voru viss tilraun í þá átt. Ég held að segja megi að sú tilraun hafi mistekist, m.a. vegna þess að þar var ekki nógu mikill og eindreginn vilji heimamanna fyrir hendi.

Fjárhagslegt sjálfstæði héraðanna, byggðanna, ber að sjálfsögðu að auka þannig að tekjustofnarnir yrðu tekjustofnar sem skapast heima í héraði, eins og útsvör, aðstöðugjöld og annað slíkt, en einnig kæmi til fjármagn á fjárlögum frá allsherjarvaldinu. En það er vitanlega eitt mesta áhorfsatriðið í þessu efni, þ.e. hver verða völd og verkefni fylkisstjórna, ef til koma.

Í frv. felst einnig veruleg uppstokkun á stjórnsýslukerfinu því að eins og þar kemur fram myndu núverandi embætti sýslumanna verða aflögð. Að sumu leyti eru þau embætti orðin úrelt í dag og þess vegna kannske ekki undarlegt að um það sé gerð tillaga. Alla vega er tímabært að endurskoða þau embætti þó svo að fylkisstjórnin komist ekki á, sérstaklega með tilliti til þeirra réttarfarslegu atriða sem að sýslumannsembættinu lúta.

Í framhaldi af þessu vildi ég minnast á annað atriði, þegar við erum að ræða um valddreifingu og stofnun fylkja, sem er þessu raunverulega náskylt. Það er jafnt vald íbúa landsins til þess að kjósa sér fulltrúa á löggjafarsamkundunni. Ef af slíkri grundvallarbreytingu í stjórnsýslu yrði held ég að væri mjög tímabært að jafnhliða yrði um að ræða breytingu á þá lund að hver landsmaður hefði yfir einu atkvæði að ráða, atkvæðisréttur yrði jafn án tillits til búsetu.

Eins og menn vita er enn verulegur munur á vægi atkvæða í þéttbýli landsins og í dreifbýlinu þrátt fyrir nýlega breytingu á kosningalögum. Ég ætla ekki að rekja sögulegar ástæður sem að baki því liggja né heldur þau rök sem fram má færa fyrir því að einhver mismunun sé eðlileg. Um það hafa verið haldnar langar ræður á Alþingi og ég ætla ekki að fara að vekja það mál upp aftur. Ég vil þó aðeins minna á að eðlilegt er og æskilegt að þá yrði sporið stigið til fulls, sem stigið var að nokkru leyti með breytingunni 1984, og kosningarréttur í landinu yrði þá jafn án tillits til búsetu. Þetta er vitanlega grundvallaratriði í stjórnarfari og stjórnskipan.

Hér er um mál að ræða sem mikið hefur verið rætt og leiðréttingar og lagfæringar hafa verið gerðar á, eins og ég vék að, en þyrfti þá jafnframt að koma heilu í höfn þannig að hver íbúi landsins, hver kjósandi, færi með jafnan og sama atkvæðisrétt án tillits til búsetu.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en vildi aðeins lýsa því aftur yfir að hér er um athyglisvert mál að ræða sem nauðsynlegt er og æskilegt að þingið kanni til hlítar og veiti það brautargengi sem þm. vilja.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um gerð frv. til stjórnarskipunarlaga um fylkisstjórnir. Að sjálfsögðu má alltaf um það deila hvernig mál eigi að bera að höndum og í þessu sambandi blasir það við að endanlega afstöðu til málsins yrði í sjálfu sér ekki hægt að taka fyrr en slíkt frv. lægi fyrir, þ.e.: Hvað eru menn að tala um? Hvað er það nákvæmlega sem menn vilja gera? Hvernig vilja menn hafa þetta skipulag?

Ég vil aftur á móti, þrátt fyrir að mér sýnist að umræða um mál eins og þetta hljóti fyrst og fremst að fara fram í umræðum um lög, taka til efnislegrar umræðu þær hugmyndir sem eru settar fram og ætlaðar sem þáltill.

Hugmyndin á bak við fylki er einfaldlega sú að með því formi sé hægt að tryggja íbúum ákveðinna svæða sjálfsstjórn þeirra málefna sem eru í dag að verulegum hluta helmingaskiptamálefni á milli ríkisvalds og sveitarfélaga og segja má að undir mörgum kringumstæðum hafi gefist illa. Í sumum tilfellum er líka verið að tala um málefni sem eru hrein málefni ríkisvaldsins í dag. Ég lít svo á að með umræðunni um fylki sé ekki verið að tala um málefni sem eru hrein málefni sveitarstjórna í dag. Ég lít svo á að þau málefni velflest verði áfram hrein málefni sveitarfélaga. Að þessum orðum sögðum vil ég reyna að nálgast það hvaða verkefni það eru sem hljóta að eiga fullt erindi undir fylkisstjórnir og skal þá fyrst byrja á heilsugæslunni.

Það er ekkert sem mælir með því formi að uppi er málamyndastjórn yfir sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum úti á landi en svo skuli ríkið aftur á móti greiða. Það er ekkert samband raunverulega á milli fjárhagslegrar ábyrgðar og valdsins. Tengslin eru rofin. Menn gætu hugsað sem svo að það væri miklu skynsamlegra hjá slíkri stjórn að eyða hálfum mánuði í að herja á ríkisvaldið og styttri tíma í að endurskipuleggja hvað þeir eru að gera. Þeir væru nær því að láta fjármálin ná saman með því fyrirkomulagi.

Ég tek heilsugæsluna sem dæmi vegna þess að hún er eitt af því sem er mjög stórt í þessu landi og hefur veruleg áhrif á það hvaða fjármuni við höfum og hefur veruleg áhrif á það líka hvar menn hafa búsetu. Ef menn taka t.d. atvinnuuppbyggingu þessa svæðis sem við erum á núna blasir það við að ekkert vit er í að biðja um álver. Það er aftur á móti skynsamlegt að biðja um sjúkrahús ef menn fara í að telja starfsliðið.

Og þannig er líka hægt að taka menntakerfið og skoða það. Það skiptir ekki aðeins máli hvar fræðslan fer fram heldur einnig hitt hvar mennirnir sem standa að fræðslunni eru búsettir vegna þess að þeir munu taka þátt í samfélaginu í kringum sig í verulegum mæli. Menntaskólinn á Akureyri hefur t.d. ekki bara verið spurningin um það að norðlenskir unglingar ættu kost á því að vera í menntaskólanámi á Akureyri heldur hefur þetta einnig verið spurningin um það að Norðlendingar héldu á Akureyri þó nokkrum hóp af vel menntuðum mönnum sem ynnu við þennan skóla og hefðu áhrif á samfélagið og þróun þess í kringum sig.

Mönnum finnst kannske dálítið kaldranalegt að tala t.d. um sjúkrahús eins og venjulegt fyrirtæki sem hafi starfslið. Það er yfirleitt aldrei gert. Menn líta gjarnan svo á að það sé allt annað hvort menn séu að framleiða einhvern varning, reka hótel eða hvort menn starfræki sjúkrahús. Samt er það svo að í báðum tilfellum er um atvinnufyrirtæki að ræða, hreint atvinnufyrirtæki, sem selur ákveðna þjónustu hvort sem þeir sem hennar njóta greiða fyrir hana eða það er ríkisvaldið sem greiðir fyrir þjónustuna.

Við höfum dreift valdinu innan Vegagerðarinnar á þann veg að komnir eru umdæmisstjórar. Ég sé t.d. titilinn héraðsstjóri á starfsmönnum sem þar eru. Það væri fróðlegt fyrir útlending sem skildi svona hófsamlega mikið í íslensku ef hann fletti nú upp í orðabók og

kæmist að hvað héraðsstjóri væri. Hann mundi náttúrlega ganga að því vísu að hann stæði næst landshöfðingjanum að völdum á viðkomandi svæði.

En kjarninn er sá að fylkjakerfi sem stjórnskipulag á að tryggja að völdin yfir embættismönnum hvers svæðis séu innan svæðisins, ekki fyrir utan það. Þeir embættismenn sem eru á Vestfjörðum eða Norðurlandi væru þá undir stjórn Norðlendinga. Þeir embættismenn sem væru á Suðurlandi væru undir stjórn Sunnlendinga, kannske með örfáum undantekningum. Það væri sem sagt heimastjórn yfir þessu liði og menn fengju það ekki á trýnið, þegar verið væri að tala við þessa aðila að þeim kæmi ekkert við hvað fólkið í nánasta umhverfi teldi að ætti að gera, þeir tækju völd sín annars staðar.

Ég er þess vegna ekki í neinum vafa um að sú grunnhugsun, sem liggur á bak við að skipta landinu í fylki, er rétt. Hún er einnig eini fræðilegi möguleikinn til þess að hægt sé að tala um að einhver sanngirni væri í 100% jöfnu atkvæðavægi í landinu. Hún er eini fræðilegi möguleikinn fyrir því að einhver sanngirni sé í slíku. Að vísu er búið að útbúa nú kosningalög þar sem eftir þreföldu leikreglukerfi er búið að tryggja jafnan atkvæðisrétt stærðfræðilega í flestum kringumstæðum. Í það minnsta er ákaflega erfitt að átta sig á því þegar seinasta uppbótarþingsætinu verður úthlutað hvaða atkvæði standa 100% á bak við það. Verða það ekki atkvæði af öllu landinu og verða þau ekki öll jöfn sem standa þar á bak við?

Ég held að það sé líka rétt, sem fram kom hjá flm., að þetta stjórnsýslufyrirkomulag að hafa fylki fær ekki staðist nema fylkismörkin séu í samræmi við vitund manna, þ.e. til hvers hluta þeir teljast. Þess vegna verður Skagfirðingur ávallt Norðlendingur. Það er gjörsamlega vonlaust að nota annað heiti yfir hann en Norðlending. Þó við setjum fylki við Skagafjörð gerum við hann ekki að Vestlendingi eða Vestfirðingi. (**HG:** Ekki ef hann er fluttur til Reykjavíkur.) Jafnvel þó að hann sé fluttur til Reykjavíkur verður hann Norðlendingur. Það er nú svo að Íslendingar eru Vestur-Íslendingar þó að þeir fari til Vesturheims og menn gleyma engu þó að þeir fari hér yfir heiðar.

Ég heyrði einu sinni Þingeying lýsa þessu eitthvað á þann veg að þegar hann væri erlendis væri hann Íslendingur. Þegar hann væri fyrir sunnan væri hann Norðlendingur. Þegar hann væri á Akureyri væri hann Þingeyingur, en svo þegar hann kæmi í Þingeyjarsýsluna væri hann Norður-Þingeyingur.

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr er þetta svo innprentað í þjóðarvitundina að við verðum að virða þessi landamæri. Samkvæmt hinu forna skipulagi voru hér fjórir fjórðungar. Og það þótti ekki vera búið að ganga nægilega tryggilega frá yfirráðum erlendra konunga yfir þessu landi fyrr en fulltrúar fyrir hvert svæði voru búnir að sverja hollustu. Ég held þess vegna að allar hugmyndir um fylkisstjórnir sem taka ekki tillit til þessa strandi á því sem fram kom hjá flm.: Það verður að vera til staðar í vitund fólksins eitthvað sem segir að þessi hópur eigi samleið. Ég hygg að hægt sé að sýna fram á að nútímasamgöngur hafi sums staðar rofið hin landfræðilegu mörk sem voru. Það er engin mannhætta við Hrútafjarðará eins og var á Sturlungaöld. Og auðvitað má segja að báðum megin við hana séu íbúar sem líti fyrst og fremst á sig sem íbúa Húnaflóasvæðisins. Samt er það svo að það er ríkt á öllu svæðinu að miða við hin fornu mörk.

Menn geta sett fram ýmsar hugmyndir um það hvernig eigi að koma á því skipulagi sem verið er að tala um. Ég er þeirrar skoðunar að fyrst eigi að tryggja ákveðið skipulag í stjórnarskrá Íslands. Þar eigi að setja það fram í vissum áföngum hvernig yfirtaka hinna ýmsu verkefna á sér stað. Ég er sannfærður um að við aukum verulega aðhald með öllu opinberu framkvæmdafé með því að fara þessa leið. Mér er líka ljóst að í sumum tilfellum yrði að meta hversu langt hin ýmsu svæði væru komin á veg með ýmsa hluti sem ríkið hefur veitt fjárframlög til og í sumum tilfellum yrði að gera um það sérstaka samninga hvernig staðið yrði að vissri grunnjöfnun áður en yfirtakan færi fram.

En við skulum snúa okkur örlítið að því hvað gerist ef við veljum ekki þessa leið og ef við förum eftir sérfræðingi stjórnarskrárnefndar, hv. 2. þm. Reykn., og höfum hér hnífjafnan atkvæðisrétt. (**GGS:** Hann er ekki sérfræðingur nefndarinnar heldur situr í nefndinni.) Afsakið, ég vildi nú ekki segja þetta í neinu niðrunarskyni heldur hitt að ég hef litið svo á að hans þekking á þessum málefnum hefði verið notuð sem sérfræðiþekking hjá þessari nefnd. Ef við gerum þetta og horfum á staðsetningu íbúanna, skoðum það, eitt atkvæði hnífjafnt, skiptum þingmönnunum upp í samræmi við þetta, þá sjáum við náttúrlega í hendi okkar að við erum búnir að flytja allt valdið á Stór-Reykjavíkursvæðið. Það skiptir ekki svo miklu máli, ef þetta væri gert, hvort menn tækju þátt í kosningum á annnesjum Íslands. Menn mundu gera það kannske af vináttu við lýðræðið að mæta á kjörstað, en þeim væri ljóst að það væri mest til skrauts. Þær hræringar sem ættu sér stað hér mundu öllu ráða. Og þá spyrjum við: Haldið þið að yfirstjórn Reykjavíkur og uppbygging hér hefði verið framkvæmd með jafnskynsamlegum hætti og raun ber vitni á hinum ýmsu sviðum, t.d. uppbygging hitaveitunnar svo ég taki dæmi, ef allar ákvarðanir um slíkt hefðu verið teknar austur á fjörðum? Trúa menn því að þá hefði verið jafnskynsamlega að verki staðið? Ég segi nei. Ég er sannfærður um að svo hefði ekki verið og er þó ekki að lýsa neinu vantrausti á Austfirðinga þegar ég segi þetta. Ég er aftur á móti sannfærður um að það var skynsamlega að verki staðið vegna þess að mennirnir sem tóku þær ákvarðanir bjuggu í nágrenni við ákvarðanatökuna og verkefnið.

Við verðum þess vör mjög víða að brosað er að því hvernig staðið er að opinberum framkvæmdum úti á landi. Vegagerðin telur sig sjaldnast þurfa að hlusta á sveitarstjórnarmenn til að fá úr því skorið hvar skynsamlegast sé að leggja veg til þess að hann væri snjóléttur, svo maður taki dæmi. Verkfræðingar Vita- og hafnamálastofnunar töldu sig ekki hafa þörf fyrir neina vitneskju frá íbúunum í Grímsey um hvar hafnargarðurinn ætti að standa. Þannig getum við tekið ótal dæmi og afleiðingarnar blasa alls staðar við. Það er sóað opinberu fé.

Þó að það heyrist raddir um að ekki sé rétt að skipta þessu landi upp og háðsglósur muni vafalaust hljóma á þann veg hvort menn vilji nú fara að stofna mörg ríki í þessu litla landi, þá er ég sannfærður um að í þeirri blindgötu sem íslenska lýðveldið er á núna, þeirri blindgötu að það er að breytast í borgríki frá því að vera lýðveldið Ísland, sé ekki nema ein sanngjörn lausn á málinu, þ.e. að hvert svæði fyrir sig fái að ráða sínum

málefnum. En vel að merkja. Það þýðir að ekki verður hægt að réttlæta að vissar ákvarðanir í landinu séu teknar samkvæmt meirihlutavilja Íslendinga. Eitt af því er ákvörðunin um gengisskráningu. Annaðhvort yrði það að gerast að gengi íslensku krónunnar yrði skráð eftir markaðsverði, eins og hér er verið að tala um, eða þá að framleiðslusvæðin, sem skapa þennan gjaldeyri, yrðu að hafa eitthvað að segja um hver gengisskráningin ætti að vera. Ef svo væri ekki og eitt svæðið ætti ávallt tök á því að rétta mönnum seðla yfir borðið, seðla sem hefðu ekkert verðgildi á bak við sig miðað við þá seðla sem þeir tækju á móti, mundi hugmyndin um fylki og sjálfsstjórn þessara svæða, fjárhagslega sjálfsstjórn, hrynja eins og spilaborg. Það yrði hlegið að framkvæmdinni. Þarf ekki að ræða það frekar, tómt mál um það að tala að nokkur möguleiki væri að hafa fjárhagslega sjálfsstjórn á Snæfellsnesinu fyrir Vesturland ef sá gjaldeyrir sem kæmi til landsins yrði verðlagður allt of lágt. Þá væri enginn efnahagslgur grundvöllur til fyrir starfseminni.

Hver og einn sem kynnir sér sögu þessarar þjóðar og ástæðuna fyrir því hver þróunin hefur orðið kemst að sömu niðurstöðunni. Annars vegar var það erlendur her, sem tók hér land, sem raskaði allri uppbyggingu í landinu og hins vegar var það viðleitni stjórnvalda á hinum ýmsu tímum til að skrá gengi krónunnar mun hærra en raunverulegt gat talist. Þannig hefur fjármagnið verið flutt til í landinu miskunnarlaust og „gjaldþrotalýð" sagt að hann hafi ekki stjórnað sínum málefnum nógu vel. Reyndar segja útgerðarmenn á Suðurnesjum að allt frá því um 1500 hafi afurðir landbúnaðarins verið verðlagðar of hátt miðað við verðmæti sem komu frá sjávarsíðunni og halda því fram að kaupmenn hafi gert þetta með ráðnum hug, m.a. til að halda niðri kaupgjaldinu við ströndina. Ég ætla ekki að dæma um það, en hitt er víst að á þeim árum hófust skipulegar aðgerðir á þann veg að reyna að skipta við kirkjuna á jörðum þannig að kóngurinn fengi þær sem lægju að hafi en kirkjan héldi þeim sem væru til heiða.

Mér er ljóst að settar eru fram líka í þessari till. ákveðnar hugmyndir eins og þær að það eigi að ráða fylkisstjóra. Það er eitt af því sem líka væri mikið álitamál. Væri raunhæft að ráða fylkisstjóra? Ég held ekki. Ég held að það yrði að kjósa fylkisstjóra. Ég held að það væri eina leiðin til þess að þar ætti sér stað nægilega mikil endurnýjun og fylkin sætu ekki uppi með æviráðinn embættismann sem hætti 67 ára gamall.

Það er eitt og annað í þessu sem kallar á spurningar um lýðræðið, eins og embætti fylkisdómara, fylkislögreglustjóra. Á að kjósa þessa menn eða á að ráða þá? Þetta eru spurningar sem menn mundu hljóta að vilja velta fyrir sér.

Mér sýnist að í dag blasi við að andstæðingar fylkjaskipunar í landinu hafi hreiðrað um sig í samtökum sem kalla má landssamtök af öllu tagi. Þessi landssamtök, það er eiginlega sama hvaða nafni þau nefnast, hvort sem við tökum Samband ísl. samvinnufélaga, ASÍ eða góðgerðarsamtök sem senda happdrættismiða, öll þessi samtök fjárfesta í steinsteypu. Hvar? Í Reykjavík. Ekki er það nú sett upp sem sameiginlegt markmið í stefnuskránni hjá þeim, en það hefur verið niðurstaðan. Þessi samtök horfa öll fram á það að ef þetta yrði gert er hætt við að þeirra skipulag mundi riðlast. Þá yrði trúlega fjárfest í steinsteypu af hálfu þessara samtaka á einum stað í hverju einasta fylki. Á einum stað í hverju einasta fylki! Nú er til viss sjálfsstjórn. Þannig hefur Alþýðusamband Norðurlands t.d. verið að byggja hús á Akureyri. En það er samt meginreglan sem ég var að tala um áðan.

Ég er líka sannfærður um að ef ákvörðun eins og þessi næði fram að ganga mundu þeir hlutir gerast að mjög víða á landinu mundu yngri menn veljast til valda. Gömlum stofnunum fylgir mjög oft að þar situr öldungaráð. Nú eru undantekningar á þessu sem öðru. En ég held að það nýja blóð sem kæmi inn í yfirstjórn málefna í landinu mundi verða kveikjan að nýrri framfarasókn þar sem þessir menn mundu horfa á möguleika síns svæðis og mundu þannig vera í meira nábýli við verkefnið. En kannske er það þó annað sem mundi skila mestum árangri og er sjaldnast rætt um. Öllum er ljóst að það er alvarlegur atgervisflótti fyrir þetta land ef hæfustu einstaklingarnir sem farið hafa í gegnum háskólanám flytja af landi brott og setjast að erlendis. En hvaða blóðtaka hefur það ekki verið fyrir hinar breiðu byggðir að þannig hefur verið staðið að atvinnuuppbyggingunni að störf fyrir háskólamenntaða menn hefur fyrst og fremst verið að fá á þessu svæði hér? Ef við gætum tryggt að stór hluti þeirra æskumanna dreifbýlisins sem í dag stunda langskólanám ætti atvinnumöguleika í sínum heimabyggðum værum við búnir að koma af stað þróun sem þyddi gífurlegar framfarir.

Herra forseti. Ég gæti haft hér nokkuð langt mál, m.a. minnt á hin fornu ömt sem voru hér við lýði. Sumir segja að þegar þau voru lögð niður hafi raunveruleg heimastjórn brostið á þessum svæðum. Það blasir við að þriðja stjórnsýslustigið er viðurkennt af flestum þeim sem hugsa um þessi mál. Menn telja að stjórnsýslustigin *í landinu verði að vera þrjú. Það er vitað að sýslunefndirnar* í núverandi formi valda því ekki að vera það stjórnsýslustig á milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna sem þau eiga að vera. Ástæðurnar fyrir því eru margar. M.a. þær að blómlegustu byggðirnar hafa undir mörgum kringumstæðum sagt sig úr lögum við sitt samfélag. Þetta er þó ekki alls staðar.

Akranes tilheyrir ekki Borgarfjarðarsýslu, heldur er sjálfstætt. Borgarnes tilheyrir aftur á móti Mýrasýslu. Hvílíkur styrkur hefði það ekki verið fyrir Borgarfjörð ef Akranes hefði tilheyrt Borgarfjarðarsýslu. Bolungarvík tilheyrir ekki Norður-Ísafjarðarsýslu í stjórnsýslulegu tilliti. Þar með fór aðalkjarninn í því svæði út. Ísafjörður var farinn áður. Þannig er hægt að halda áfram. En það þýðir ekki að harma það sem orðið hefur. Það verður að setjast niður og skoða hvað við getum gert til að gera þriðja stjórnsýslustigið sterkt og ábyrgt í landinu. Það er það sem þarf að gera ef menn vilja ekki horfa upp á hitt, að Ísland breytist nánast í eitt stjórnsýslustig, þ.e. ríkisvald sem stjórnað verður héðan, byggir vald sitt á atkvæðum héðan og drottnar nánast yfir öllum sveitarfélögum landsins þannig séð að sjálfstæði þeirra er lítið í raun, það fer mest eftir því hvað sveitarstjórnarmenn eru duglegir að ná út opinberu fé hvað þeir geta framkvæmt á hinum ýmsu stöðum.

Ég hef ekki hugsað mér að hafa lengra mál um þetta stóra málefni þó að vissulega væri það hægt og vel þess virði. Ég geri ráð fyrir að þetta komi til allshn. Mér sýnist að það sem hér er verið að fjalla um sé nánast

sama verkefnið — eða í það minnsta að hluta til — og falið var í þeirri nefnd sem stjórnmálaflokkarnir skipuðu og starfar undir stjórn Lárusar Jónssonar og átti að vinna að ákveðnum verkefnum eftir seinustu stjórnarskrárbreytingu.

Ég held aftur á móti að stjórnarskrárnefndin sem slík sofi. Hvort hún vaknar er annað mál. Það er ákaflega slæmur siður íslenskur að gera nefndir að eilífðarnefndum og ætla þeim aldrei að klára sín verkefni. Það verður nánast að vana að nefndin starfar, í henni eru ágætismenn, en þeir líta ekki á það sem sitt verkefni að skila niðurstöðu. Það má vel vera að þeir hugsi sem svo að þá verði þeir atvinnulausir. (**GGS:** Nefndin er búin að skila áliti í veigamiklum þáttum stjórnarskrármálsins og leggja fyrir Alþingi 1983.) Ég hafði grun um að e.t.v. vöknuðu menn sem heyrðu þessi ummæli þó að hinir svæfu. Og það er vel. En það þarf að klára verkið því að stjórnarskrá er ekki hlutur sem menn eru alltaf að fást við. Um leið og búið er að samþykkja slík lög ber að rjúfa þing og efna til kosninga. (**GGS:** Það ber að vanda verkið.) Þess vegna er ekki hægt að afgreiða það mál í áföngum. Og það ber einnig að vanda verkið. En það er engin afsökun fyrir því hvað þetta hefur dregist. Og ég tel að þegar sé ærinn skaði af því orðinn að menn hafa ekki *náð samstöðu um að setja nýja stjórnarskrá fyrir* lýðveldið Ísland.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sú till. sem hér er til umræðu um að gert verði frv. til stjórnarskipunarlaga og um fylkisstjórnir er allrar athygli verð, og ég get tekið undir og hef reyndar tekið undir þær hugmyndir sem þar er að finna um aukna sjálfsstjórn og valddreifingu í landinu með ákveðnum hætti.

Ég flutti á síðasta þingi ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þáltill. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Þegar þessi mál eru borin saman, sem hér eru til umræðu, er vissulega á þeim nokkur munur og talsverður munur þar sem í þeirri þáltill., sem ég mælti fyrir fyrr á þinginu og var 3. mál þessa þings, er tekið víðtækar á ýmsum þáttum og hugmyndin um valddreifingu tengd nauðsyninni á nýrri byggðastefnu, nýrri stefnumörkun í byggðamálum til að koma í veg fyrir þann fólksflótta utan af landi hingað til höfuðborgarsvæðisins fyrst og fremst, sem er í fullum gangi og vaxandi síðustu ár, og að íbúum landsbyggðarinnar verði tryggð eðlileg hlutdeild í þeim arði sem þeir leggja til þjóðarbúsins.

Ég er þeirrar skoðunar, og það er engin frágengin skoðun í mínum flokki út af fyrir sig, mál eru þar á umræðustigi, að til þess að spyrna við þeirri óheillaþróun sem í fullum gangi er þurfum við ný tök á stjórnsýslunni í landinu og aðsetri og uppruna valds. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að stofnun nýs stjórnsýslustigs milli ríkis og sveitarfélaga geti verið mjög mikilvægt tæki í því sambandi ef vel tekst til um útfærslu á slíku stjórnsýslustigi.

Í þeirri þáltill. sem ég flutti ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. á síðasta þingi og aftur í haust gerum við ráð fyrir að komið verði á meiri valddreifingu en nú er með því að flytja heim í héruð verkefni og ákvarðanir til lýðræðislega kjörinna stjórna og til sveitarfélaga um leið og þeim verði tryggðir nýir og sjálfstæðir tekjustofnar. Í till. okkar er lögð mikil áhersla á varðandi slíkar stjórnir — hvort menn kalla þær héraðsstjórnir eða fylkisstjórnir er spurning um orð má segja — að grundvallarnauðsyn sé að þær séu lýðræðislega kjörnar í beinum kosningum á viðkomandi svæði. Það er meginhugsun hjá okkur flm. þess máls að fjármagn fylgi slíkum aðgerðum, tekjustofnar verði tryggðir. Við erum fyrst og fremst að tala um að verkefnin flytjist frá ríkisvaldinu út um landið. Megináherslan er lögð á það í okkar till. að það verði um dreifingu á valdi og verkefnum að ræða sem nú eru í höndum ríkisins. Hitt getur einnig verið til álita og hlýtur að verða það, ef og þegar slíkt stjórnsýslustig verður stofnað, að sveitarfélögin vísi ákveðnum verkefnum, sem falla til sem samstarfsverkefni innan viðkomandi svæðis, til hinna nýju héraðsstjórna eða fylkisstjórna, hvað sem menn kjósa að kalla slíka yfirstjórn.

Við höfum í umræddu þingmáli, sem ég leyfi mér að tengja við umræðu um þetta mál lítillega, bent á tiltekna málaflokka sem þarna sé eðlilegt að flytja þannig út til héraðsstjórna, sem við köllum svo, og nefnum þar dæmi eins og húsnæðismál, almannatryggingar, skipulagsmál, menntamál og byggðamál og eigum þá við málefni Byggðastofnunar og það fjármagn sem gert er ráð fyrir að dreifa til sérstakra byggðaráðstafana í landinu, að því verði ekki skipt í miðstýrðri stofnun undir stjórn eins og nú hefur verið sett yfir Byggðastofnun, heldur verði slík dreifing fjármagns til byggðamála og styrktar byggðar í landinu verkefni slíkra héraðsstjórna eftir því sem við getur átt. Við gerum ráð fyrir að þessar héraðsstjórnir fái ákvörðunarvald í málum sem varða viðkomandi svæði og þar á meðal skiptingu fjármagns sem Alþingi veitir nú til tiltekinna málaflokka, eins og fræðslumála, samgöngumála og heilbrigðismála svo dæmi séu tekin um málaflokka þar sem hið opinbera, ríkisvaldið, leggur til fjármuni, að vísu í allt of skornum skammti og í minnkandi mæli nú hin síðustu ár.

Héruð í þeirri mynd sem hér er verið að tala um eða fylki geta vissulega einnig orðið ráðgefandi vald í ýmsum málum sem sameiginleg eru með ríki og sveitarfélögum, en ég legg áherslu á það *sjónarmið mitt að hér* er fyrst og fremst um það að ræða að flytja verkefni frá ríkisvaldinu út til héraða, út til svæðisstjórna.

Spurningin um fjármagn hlýtur að vera uppi í þessu samhengi og ég hef vísað til margra möguleika til að færa til tekjustofna frá hinu opinbera út til slíkra sjálfstæðra eininga og að bæta við nýjum tekjustofnum þar sem tekið verði tillit til verðmætasköpunar á viðkomandi svæðum og með þessum hætti verði flutt fjármagn í auknum mæli út til landsbyggðarinnar þar sem undirstöðuverðmæti í þjóðarbúskap okkar nú falla til, verðmæti sem í allt of ríkum mæli sogast nú inn í hið miðstýrða kerfi á höfuðborgarsvæðinu og þó ekki síður til þjónustuverkefna, bæði opinberra aðila og einkaaðila, á þessu svæði.

Spurningin um viðgang landsins alls, og ég er ekki hér að mæla gegn viðgangi höfuðborgarinnar og næsta nágrennis í eðlilegum mæli, er um það hverjir eru farvegir fjármagnsins. Hún er um það hver verður atvinnuþróunin í framtíðinni í einstökum landshlutum og landinu sem heild, hvar á sér stað nýsköpun í atvinnumálum. Og hún er ekki síst spurningin: Hvar vex upp þjónustustarfsemin, viðskipti, verslun, opinber stjórnsýsla og annað sem við tengjum við þjónustustarfsemi, hvar vex hún í framtíðinni? Hvar fellur hún til?

Hvar verða þau störf til sem nú eru vaxtarbroddurinn í nýjum störfum og að flestra mati verða það áframhaldandi. Það mun ráða úrslitum um þróun byggðar í landinu a.m.k. á næstu áratugum og svo langt sem við fáum séð.

Eins og stendur, litið til síðustu átta ára eða svo sem við höfum tölulegt yfirlit yfir, falla til níu störf í þjónustu hér á höfuðborgarsvæðinu á móti u.þ.b. einu starfi sem fellur til í þjónustustörfum utan höfuðborgarsvæðisins. Slíkt er misvægið í sambandi við þennan vaxtarbrodd í nýjum störfum og viðfangsefnum í okkar þjóðfélagi. Menn sjá í hversu hrópandi ósamræmi það er við þá verðmætasköpun í undirstöðugreinum sem til fellur í okkar landi.

Ég ætla hér ekki, herra forseti, að hafa mörg fleiri orð um þau mál sem hér eru til umræðu en ég tel þau sannarlega umræðuverð, tímabært umræðuefni fyrir Alþingi. Ég er þeirrar skoðunar að það skipti mjög miklu um þjóðfélagsþróun hér í landinu í framtíðinni hver verður niðurstaðan úr þeirri umræðu sem nú er í gangi.

Ég er ekki á neinum stífum gormum í sambandi við útfærslu í einstökum atriðum varðandi þetta mál. Þar geta menn hugsað sér tilhögun af ýmsu tagi, t.d. varðandi markalínu milli héraða eða fylkja og varðandi einstaka tekjustofna og annað sem snertir þær hugmyndir sem menn gera sér um uppbyggingu slíkra eininga. En ég tel þó að vænlegast til að koma þessum málum í höfn fyrr en seinna sé að tengja héruðin, fylkin, við núverandi kjördæmi í landinu eftir því sem hægt er að ná samkomulagi um. Ég tel að í rauninni geti núverandi kjördæmaskipan verið grundvöllur slíkra eininga nema í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi þar sem nokkuð augljóst er að annað fyrirkomulag væri skynsamlegra, að sameina höfuðborgarsvæðið í þeirri merkingu sem menn almennt ræða um það og taka Reykjanes eða Suðurnes sér sem einingu vegna þeirrar sérstöðu sem það svæði hefur að mörgu leyti. Menn geta svo rætt og velt fyrir sér, sem áhuga hafa á þessum hugmyndum, hvort æskilegt og nauðsynlegt sé að deila höfuðborgarsvæðinu sem slíku upp í slíkar einingar til að auka áhrif og vald fólksins umfram það sem ella væri í því mikla þéttbýli á íslenskan mælikvarða sem hér er á Reykjavíkursvæðinu.

Ég er með þessum jákvæðu orðum í garð þeirra hugmynda, sem mælt er fyrir í þessari þál. og ég hef tekið undir í þingmálum, ekki að gefa einkunn einstökum útfærsluatriðum í grg. með þessari tillögu eða orðum sem þar standa sem mörg eru umdeilanleg út af fyrir sig og eiga kannske ekki endilega erindi inn í þetta efni. Ég sé að í sambandi við fylkjaskipulag er tæpt á mörgum hugmyndum og í aðra átt en ég hef hér nefnt um stærð svæða, a.m.k. varðandi það sem líta verður á sem aðalhugmynd flm. um fjögur svæði, þó að nefnd séu dæmi um annað sem möguleika.

En ég tek að endingu undir það, sem hér hefur komið fram, að mikil nauðsyn er á því að umræða um þessi mál haldi áfram og menn leiti möguleika á samstöðu, ásættanlegri niðurstöðu, í sambandi við þessi mál. Þær vanburða hugmyndir, sem komu fram í frv. ríkisstj. til sveitarstjórnarlaga, eru þess efnis að þær hafa lítinn byr fengið hér í umræðum á Alþingi a.m.k. og engan veginn þannig að ég geti undir þær tekið, hugmyndirnar um héruð í IX. kafla þess frv. Það þarf að taka með allt öðrum hætti á þessum málum, lýðræðislegum hætti, sem ekki er gert þar í sambandi við þær hugmyndir um héruð sem leysa eigi sýslur af hólmi og fram koma í því frv.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það væri sjálfsagt hægt að nefna nokkra tugi ástæðna fyrir því að þetta málefni, sem hér er til umræðu, væri þarft málefni og mjög brýnt að vinda sér í að koma því í kring. Það nægir kannske að benda á að það stjórnkerfi, sem við búum við í dag, hefur greinilega sín takmörk ef við horfum á þann árangur sem það skilar. Ekki er hægt að halda því fram af neinni sanngirni að það skili nægilega góðum árangri fyrir alla landsmenn. Hægt er að benda á að mjög margir landsmanna eru nú þegar komnir á þá skoðun að það færi betur á því að þeir hefðu sjálfir meira um sín málefni að segja, að þeir réðu einfaldlega meiru í sínum eigin málefnum. Það væri snöggtum happadrýgra en að viðhalda því fyrirkomulagi sem við búum við í dag.

Þessi ósigur okkar stjórnkerfis er ekkert séríslenskt fyrirbæri, hann á sér hliðstæður í mörgum nágrannalanda okkar. Ef litið er til þessarar aldar, sem við nú lifum á, aldar lýðræðisins og aldar stjórnmálamannanna — því að aldrei hafa stjórnmálamenn verið fleiri en á þessari öld síðan sögur hófust — þá er það mjög áberandi í samkeppni hagkerfanna að því miðstýrðari sem hagkerfin eru því verr gengur þeim að uppfylla óskir þegna sinna. Þannig hljóðar nánast slagorð eða mottó dagsins í dag: „Frá miðstýringu til valddreifingar." Þessi hugmynd um þriðja stjórnsýslustigið er eitt af þeim skrefum sem þarf að stíga til aukinnar valddreifingar.

Menn geta líka bara horft á það ástand sem við búum við í dag. Við höfum örlítinn vísi að þriðja stjórnsýslustiginu milli landsstjórnar og sveitarstjórna, þ.e. sýslunefndirnar sem, eins og hér hefur verið getið, eru mjög óburðugt stjórnsýslustig og lítils megnugt. Til að friða menn, til þess hreint og beint að láta þá fá það á tilfinninguna að þeir hafi eitthvað um eigin málefni að segja, hefur á undanförnum áratugum verið byggt upp hér valdalaust kerfi samtaka sveitarfélaga og landshluta. Þessi samtök kosta okkur landsmenn þó nokkuð mikið. Þeir sem þátt taka í þeim líta þannig á málið að þessi landshlutasamtök geri raunverulega gagn. En það er mjög áberandi að þessi landshlutasamtök hafa ekkert vald. Tilvist landshlutasamtakanna sannar okkur engu að síður að það er ekki bara nauðsynlegt að hafa samráð við menn um það hvernig málum þeirra er stjórnað heldur enn þá nauðsynlegra að menn fái að taka þær ákvarðanir, sem þá sjálfa snerta, hver fyrir sig.

Það hafa líka verið gerðar tilraunir hér, sérstaklega á vegum samtaka sveitarfélaga, til að færa sig nær þessu millistigi stjórnsýslu með því einu að sameina sveitarfélögin. Sú tilraun hefur strandað einfaldlega á því að menn eru ekkert áfjáðir í að gefa upp sitt sjálfstæði. Jafnvel þó að hægt sé að færa sönnur á að einhver ákveðin hagkvæmni fylgi slíku meta menn þetta sjálfstæði sitt svo mikils að þeir eru ekki reiðubúnir til að láta það af hendi, ekkert frekar en við erum reiðubúin til að safnast saman í stórar fjölskyldur og kokka öll í einu eldhúsi þó að sannanlega sé hægt að sýna fram á að því fylgi mjög mikil hagkvæmni.

Það frv. til laga um sveitarstjórnir, sem nú liggur

fyrir, gerir mjög máttlausa tilraun til að svara að einhverju leyti þeirri kröfu, sem er orðin mjög hávær út um allt land, um þriðja stjórnsýslustigið. Þessi hugmynd er máttlaus sérstaklega vegna þess að þriðja stjórnsýslustigið verður aldrei fugl eða fiskur fyrr en að lýðræðislega er kjörið til þess. Þannig gefa íbúarnir þessu stjórnsýslustigi vald sitt, framselja þessu stjórnsýslustigi vald sitt. Þar af leiðandi er hægt að krefjast þess að taka verkefni frá ríkinu og að hluta til kannske af sveitarfélögum að svo miklu leyti sem þau eru samþykk og sinna þeim á þessu stjórnsýslustigi.

Í raun og veru erum við að tala um að koma hér á nútímalegu stjórnkerfi, stjórnkerfi sem svarar þörfum og kröfum þegnanna hraðar en það miðstýrða stjórnkerfi gerir sem við búum við í dag. Það er kannske einföld samlíking en í raun og veru er álíka vitlaust að vera að keyra á jafngömlu stjórnkerfi og við gerum hér í dag eins og það ef einhver maður ætlaði sér að fara út á göturnar í dag með bíl frá 1937. Hann fengi aldrei skráningu einfaldlega vegna þess að hann uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til bifreiða á götunum í dag.

Hv. 5. þm. Vestf. minntist hér á eitt atriði sem ég tel reyndar að sé algert kjarnaatriði í þessu máli, þ.e. nauðsyn þess að koma hér upp frjálsri gjaldeyrisverslun, að menn séu ekki bundnir af skráningu stjórnvalda þegar gjaldeyrir er verðlagður. Þetta þýðir einfaldlega að ef maður ætlar að kaupa gjaldeyri verður hann að kaupa hann því verði sem það kostaði að skaffa þennan gjaldeyri. Í þessu fælist gífurleg aukning á styrkleika landsbyggðarinnar þar sem menn fengju þá raunverulega þau verðmæti í hendurnar sem þeir eru að skapa.

Ég var rétt áðan að lesa smáfréttaklausu sem sýnir manni hvernig Íslendingar geta lifað á þessu landi þegar þeir fá það fyrir fiskinn sinn sem hann raunverulega kostar. Útgerðarfélag fyrir norðan tekur sig til og býður 60 starfsmönnum til ferðar til London í heila viku. Þetta er fyrirtæki sem ber sig greinilega mjög vel einfaldlega vegna þess að það selur afurðir sínar á alvörumarkaði. Með því að nota aðrar leiðir hefur því tekist að komast fram hjá því miðstýrða kerfi í verðlagningu og sölu sjávarafurða sem við búum við í dag með þeim afleiðingum sem við þekkjum út um allt land.

Þetta eru örfá atriði, herra forseti, sem menn skyldu hugleiða þegar frekar verður fjallað um þetta mál. Ég er sammála hv. 5. þm. Vestf. um það að sem flest af verkefnum sveitarfélaga skyldu haldast þar. En við vitum líka báðir af þekkingu okkar á málefnum sveitarfélaga að það eru mörg verkefni sem sveitarfélög mundu leggja í hendurnar á þriðja stjórnsýslustiginu sem þau eru ekki reiðubúin að afhenda nágrannasveitarfélagi sínu. Í þessari hugmynd er líka þannig um annan anda stjórnskipunar að ræða en þann sem mönnum hefur staðið til boða í dag.

Hér hefur starfað nefnd að verkefni sem ríkisstj. fól henni eftir myndun hennar 1983. Þetta verkefni tengist þeirri stjórnarskrárbreytingu sem Íslendingar kusu um 1983. Ég minni á það að gefnu tilefni að ég held að þeir Íslendingar, sem vissu að þeir voru að kjósa um stjórnarskrárbreytingu, hafi verið afskaplega fáir. Ég tek þar með líka undir þá skoðun að þetta er ekki hin rétta leið til að koma stjórnarskrárbreytingum í gegn. Stjórnarskrárbreytingar eiga að gerast sjaldan og vera þá að einhverju marki þegar um þær er að ræða. Þessi nefnd hefur fjallað um aukna valddreifingu og þar hafa verið ræddar og viðraðar hugmyndir um héraðs- eða fylkjastjórnir. Þar hefur verið safnað þó nokkru af upplýsingum og tel ég sjálfsagt að sú nefnd, sem um þetta mál mun fjalla, geti leitað í gagnabanka þeirrar nefndar ef með þarf.

Þá erum við komnir að stjórnarskrárnefndinni. Auðvitað verður það endanlega hennar hlutverk að fjalla um tillögugerðir í þessu máli ef það næði fram að ganga. Ég hef einhvern veginn séð það fyrir mér þannig að fram undan, eftir 15 eða 16 ár eftir því hvernig menn vilja reikna það, er árið 2000. Ég held að það væri allsendis óvitlaust — og þá jafnvel að gera það í formi þáltill. — að setja sér verkefnaskrá til aldamóta. Takmarkið yrði það að gefa Íslendingum nýja stjórnarskrá aldamótaárið 2000. Þá væri búið á þessum eina og hálfa áratug að taka fyrir stjórnarskrána, þ.e. þá kafla hennar sem menn telja brýnt að taka upp. Þá er ég ekki bara að tala um þann kafla sem lýtur að dreifingu valdsins. Mjög margir telja að stjórnarskrá okkar sé mjög ábótavant í mörgum öðrum atriðum, hún sé afskaplega lélegur grunnur t.d. fyrir dómsvald, hún hafi mjög fátækleg mannréttindaákvæði án þess að ég sé þar með að halda því fram að þau þurfi að vera mörg eða stór en þau þurfa að vera þess afdráttarlausari.

Herra forseti. Þar sem stjórnarskrármálin hafa verið hér til umræðu samtímis því að við ræddum um þetta þriðja stjórnsýslustig vildi ég einungis viðra þá hugmynd hvort menn hefðu yfirleitt hér í þessum sal áhuga á því að taka sér tak með því markmiði, eins og ég sagði, að afhenda þjóð vorri eftir einn og hálfan áratug — það er sæmilega góður vinnutími — nýja stjórnarskrá í tilefni aldamóta.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Af hverju skyldi sú umræða, sem hér hefur átt sér stað um till. til þál. um gerð frv. til stjórnskipunarlaga um fylkisstjórnir svo og fyrri umræða og reyndar umræðan hér á fundinum um tillögu þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, vera til komin? Ég held að það sé fyrst og fremst af tvennu. Það er í fyrsta lagi af því að á undanförnum árum og áratugum hafa sveitarfélögin í landinu orðið veikari og veikari, annað stjórnsýslustigið okkar hefur orðið veikara og veikara. Á síðustu þremur árum hefur síðan sá háttur verið á hafður að þær tekjur, sem runnið hafa til þessa stjórnsýslustigs og þessa hluta framkvæmdavaldsins, ef orða mætti það svo, hafa verið minnkaðar og minnkaðar hér á hv. Alþingi. Lausnin og andófið gegn þessu kemur fram í þessum tillögum.

Ég er ekki á því að styrking sveitarfélaga og aukin valddreifing eigi sér stað með því að myndaðar verði fylkisstjórnir í landinu. Ég held að þar sé verið að fara öfuga leið og við séum að flýja frá þeim verkefnum sem þarf að taka sér fyrir hendur nú. Þau verkefni eru fyrst og fremst þau að styrkja það stjórnsýslustig sem við höfum fyrir, þ.e. sveitarstjórnirnar. Við þurfum að vinna að því að litlu sveitarfélögin okkar vítt um landið verði sameinuð og gerð að öflugum stjórnsýslueiningum. Með því móti komum við á valddreifingu. Við gerum það ekki með því að mynda svæðisstjórnir eða fylkjastjórnir. Þar erum við aðeins að búa til eitt miðstjórnarvaldið enn.

Sú tillaga sem hér er til umræðu um stjórnskipunarlög um fylkisstjórnir er í fjórum liðum. Fyrsti liðurinn er um það að landinu skuli skipt í fylki, skiptingin taki

einkum mið af hefðbundnum samskiptum fólks og einnig náttúrlegum staðháttum. Það kemur og fram í grg. hvernig flm. telja æskilegt að skiptingin verði. Hún er sú að landinu verði skipt í fjögur svæði. Fyrsta svæðið skuli ná frá Hvalfirði að sýslumörkum Eyjafjarðar og Skagafjarðar, það verði fylki um vestur- og norðvesturhluta landsins.

Hvar skyldu þær stofnanir, sem verið er að tala um að fylkin skuli taka að sér, verða staðsettar? Ég geri ráð fyrir því að leitað verði eftir því að þetta verði sett á einn stað að meginhluta til. Greinilegt er að það væri æskilegt að það væri á fjölmennasta staðnum á þessu svæði. Hann er í örskotsleið frá Reykjavík, þ.e. Akranes. Við getum kannske farið með það vestur á Stapa, þar var amtmaðurinn einu sinni. Ég held að það væri ansi lítið unnið við það, því miður. Eru líkur fyrir því að það yrði ekki sviðuð miðstýringarþróun í kringum fylkisstjórn fyrir Norðvesturland, sem staðsett yrði á Akranesi eða jafnvel Sauðárkróki, og við höfum hér í Reykjavík og er víst nógu mikið af henni fyrir?

Ég held að það sé slík bábilja að fara að skipta landinu niður í svona fylki að það sé varla hægt að hugsa sér að það sé byggt á öðru en því að reyna að draga umræðuna frá vandamálunum sem við blasa, að við þurfum að fá aukna valddreifingu, við þurfum að styrkja annað stjórnsýslustigið okkar, við þurfum að styrkja þá aðila sem raunverulega fást við verkin, sem eru næstir vandamálunum. Það er það sem við þurfum að gera.

Sem betur fer er í gangi þó nokkuð mikil umræða um þessi mál vítt um landið. En vilji stjórnvalda hefur verið sáralítill og enginn. Hann hefur ekki sýnt sig. Á því frv., sem hæstv. félmrh. hefur lagt hér fram um sveitarstjórnir, kemur ekkert fram sem orð er á gerandi um það að vinna skuli að því að efla þetta stjórnsýslustig sem við höfum fyrir, og kannske ekki mikill vilji í þeim herbúðum, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, til að breyta í einu eða neinu því stjórnsýslustigi sem við höfum eða styrkja grunneiningarnar og auka valddreifinguna.

Tökum aftur dæmið um Akranes eða Sauðárkrók í þessu dæmi. Verið er að tala um að flytja skuli ýmiss konar verkefni til þessara stofnana, m.a. frá sveitarfélögunum. Hv. 8. þm. Reykv. nefndi hér áðan að það lægi nokkurn veginn fyrir að sum sveitarfélög vildu færa ýmis verkefni til slíkrar fylkisstjórnar. Er nú líklegt — svo að ég taki mína heimabyggð — að sveitarstjórnin á Hellissandi hafi áhuga fyrir því að flytja eitthvað af þeim málefnum, sem hún hefur milli handanna, til fylkisstjórnar sem sæti annaðhvort á Sauðárkróki eða Akranesi?

Óskaplega mikil valddreifing ætti sér stað í sambandi við slíkt! Ja, hún yrði mikil! Aftur á móti eru miklar líkur fyrir því að íbúar utanverðs Snæfellsness, þar sem Hellissandur mundi teljast í, hefðu áhuga fyrir að efla sitt sveitarfélag með því að stækka það og gera það að öflugri einingu og ná einhverju af því valdi sem er meðal annars verið að byggja upp í ýmsum stærri kaupstöðunum úti um land og hér í Reykjavík, ná því valdi beint til þeirra aðila sem þurfa að sjá um framkvæmd þjónustuverkefnanna. Slíkri valddreifingu eigum við að vinna að en ekki búa til neitt nýtt millistig og nýja miðstýringarstofnun.

Annar punkturinn hljóðar svo: „Í hverju fylki verði kosin fylkisstjórn í almennum kosningum á fjögurra ára fresti. Um kosningarrétt og kjörgengi gildi sömu reglur og við alþingiskosningar.“

Þessi grein þarf sjálfsagt frekari útskýringar við en að alveg sömu reglur skuli gilda og við alþingiskosningar. Nema hugsunin sé sú að í Norðvesturlandsfylkinu verði kosin á einum lista fylkisstjórn. Ég held að hér séu ekki nefndar tölur um hvað margir skuli vera í fylkisstjórninni en ég get látið mér detta í hug að það væru kannske 30—40 manns, kannske 50 á einum lista. Ég óska ýmsum áhugahópum til hamingju með að loksins fái þeir möguleika á að komast á góð þing, málskrafsþing. Þeir sem vilja ganga mjög nærri beit á Auðkúluheiði gætu boðið fram og hefðu kannske von um það að fá mann á þingið o.s.frv. Og hinir sem vilja drepa hval í Hvalfirði gætu líka boðið fram og hefðu von um að fá mann. Ekki er talað um hvernig á að fara að því að kjósa til þessara fylkisþinga. Kannske eigum við að skipta þessu niður aftur í kjördæmi — þetta eru þrjú kjördæmi — láta hvert kjördæmi kjósa fyrir sig á þetta fylkisþing. Um það eru engar tillögur. En fer þá ekki þetta nýja ríki að verða svolítið skrýtið hvernig sem það verður byggt upp?

Þriðji punkturinn er svona, með leyfi forseta: „Fylkisstjórnir hafi víðtæk völd er efli sjálfsforræði íbúanna, styrki heimastjórn þeirra og vinni gegn núverandi miðstýringu efnahagslífs.“ Ég held ég bæti við: og auki núverandi miðstýringu efnahagslífs af því að slík stofnun sem þessi getur ekkert gert annað en það. — Áfram er þessi grein svohljóðandi: „Þær hafi fjárveitingavald, bæði af eigin skattfé og fjárframlögum frá Alþingi.“ Og jæja þá.

Á þá miðstýringarvaldið á Alþingi að hafa áhrif á hvernig miðstýringarvaldið í fylkisstjórnunum á að geta ráðstafað peningum? Það gæti átt sér stað að miðstýringarvaldið á Alþingi gerði það sem það hefur gert á undanförnum þremur árum, að minnka framlög til sveitarfélaga, hlut ríkisskatts til sveitarfélaga, um 30, 40, 50%. Hvað verður þá úr þessum stofnunum? Og á hinn veginn: Jú, þessu er ætlað að leggja á skatt. Frá hverjum á að taka þennan skatt? Kannske frá sveitarfélögunum? Frá einhverjum á að taka hann. Það er engin útskýring um það. En sá aðili sem fær vald til þess að leggja á skatt leitar alltaf til aukinnar skatttöku og til aukins miðstýringarvalds. (**Gripið fram í:** Þá verður slæmt að búa á Snæfellsnesinu.) Þetta mun seint verða samþykkt sem betur fer og er ekkert annað en útópía hjá hv. flm.til þess að draga athyglina frá aðalatriðunum í þessu máli.

Svo er nú aðalatriðið eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan og að mig minnir einnig hv. 5. þm. Vestf. Aðalatriðið felst í 3. gr. sem ég var að fjalla um hér áðan og það er með gengisskráninguna og gengisvaldið. Við höfum heyrt heilmikla umræðu um það á síðustu mánuðum að nauðsynlegt væri að færa gengisráðstöfunina heim í héruð og menn fengju að ráðstafa genginu hver fyrir sig.

Já, það er sjálfsagt mikil þörf á því að gengið sé skráð rétt og hver maður fái borgað eftir því raunverulega sem hann er að afla. En hugmyndina um það hvernig á að færa gengissöluna eða gengisráðstöfunina heim í héruð hef ég aldrei heyrt útskýrða. Ég hef heyrt ágæta höfðingja á LÍÚ-fundi og Sölumiðstöðvarfundi og víðar tala um þetta og þá hafa þeir hugsað sem svo: Ja, við

fáum bara gjaldeyrinn í okkar hendur. Það erum við sem eigum hann síðast, seljum afurðirnar. Það erum við sem eigum hann. Frystihúsamennirnir eiga hann eða bátarnir eiga hann sem selja. Hvað er þá um verkafólkið? Hvað er þá um sjómennina, en það eru þeir sem hafa búið til þennan gjaldeyri? Það er búið að búa til einhverja útópíu um það að auðvelt sé að færa gjaldeyrinn út til landshlutanna og jafnvel verið að tala um að búa til landshlutabanka sem ráðstafi þessu á einhvern sérstakan máta. En það hefur enginn útfært það hvernig þessir fjármunir eigi raunverulega að ganga til þess fólks sem framleiðir hann.

Það er verið að ræða um þessa hluti fyrst og fremst til þess að leiða hjá sér aðalatriðin í sambandi við það hvernig sjávarútvegurinn á Íslandi er nú kominn, hvernig farið hefur verið með sjávarútveginn á síðustu þremur árum. Það er alveg upplagt að koma með svona málefni til þess að láta aðalatriðin týnast og gleymast. Ég er alveg hissa á því að það skuli vera stjórnarandstæðingar sem leggja svona plögg fram til umræðu hér á hv. Alþingi, fyrst og fremst til þess að draga athyglina frá aðalatriðum um málið.

Aðalatriði í sambandi við valddreifingu og stjórnsýslustig á Íslandi er að styrkja sveitarfélögin. Ég nefndi áðan að á Vesturlandi og víðar er umræða um sameiningu sveitarfélaga. Það hefur verið umræða um sameiningu sveitarfélaga milli Ólafsvíkur og Hellissands og reyndar hefur sú umræða tekið þar yfir stærra svæði. Það hefur verið rætt um sameiningu sveitarfélaga í Dölum. En það er enginn hlutur sem býður upp á þann möguleika, það er enginn þáttur í stjórnkerfinu, sem aðstoðar við það að þetta geti orðið að veruleika. Það er frekar á hinn veginn að það séu erfiðleikar að koma þessu í kring.

Það sem þarf að gera, og ég vænti að verði gert, er að fluttar verði brtt. við þau sveitarstjórnarlög sem nú eru hér til umræðu á hv. Alþingi, að inn í þau lög verði sett ákvæði um það að stuðla að sameiningu sveitarfélaga og aðstoða beint þau sveitarfélög sem að því stefna að sameinast. Það verði gert með beinum fjárframlögum og öðrum aðgerðum sem hvetja til þess og auðvelda sameiningu. Með því móti mundi eiga sér stað valddreifing, með því móti kæmi valdið til þess fólks sem þjónustunnar þarf að njóta. En með því að færa stjórnsýsluna af utanverðu Snæfellsnesi norður á Sauðárkrók yrði ekki valddreifing. Það eru einhverjir allt, allt aðrir hlutir sem verið er að stefna að með því. Og jafnvel þó að eigi að færa stjórnsýsluna á Akranes fyrir þá Snæfellinga, þá væri heldur ekki um neina valddreifingu að ræða. Það væri aðeins verið að búa til nýtt bil miðstýringar til þess að efla þá miðstýringu sem á sér stað í Reykjavík.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa til máls um þessa þáltill. Hér hafa ýmsar hugmyndir komið fram. Ég nefni t.d. hugmynd Ólafs Þ. Þórðarsonar um að kjósa í almennum kosningum fleiri af þeim embættismönnum sem koma við sögu stjórnsýslunnar á heimavettvangi, hvort sem þar er um að ræða stjóra einhverja, dómara eða aðra. Ég held að það sé mjög athyglisverð hugmynd og hef raunar lýst því einhvers staðar áður að ég telji að svo eigi að vera.

Hv. þm. Gunnar G. Schram, Ólafur Þ. Þórðarson og Hjörleifur Guttormsson tóku svona í það heila tekið undir þær almennu hugmyndir sem þessi tillaga er til kynningar á, og ég tel það gott dæmi um að þessi hugmynd, gömul og ný, á sér mjög víða fylgi, vegna þess að menn eru sem betur fer býsna margir albúnir að velta fyrir sér róttækum hugmyndum til þess að leita lausnar á alvarlegum vanda.

Ég ætla ekki að gera þetta mál mitt langt. Mig langar aðeins að víkja að ýmsu sem kom fram í máli hv. þm. Skúla Alexanderssonar. Ég held raunar að ástæðan fyrir því að sú lausn sem hv. þm. hafði helst á orði, þ.e. sameining sveitarfélaga, hefur alls ekki gengið, sé einmitt sá hrepparígur sem einmitt kemur fram í máli hv. þm. þegar hann ræðir um Hellissand. Hann minntist lítið á Ólsara í þessu sambandi, en ræddi um utanvert Snæfellsnes og Hellissand. Það eru einmitt, eigum við að segja þessi félagslegu vandamál sem hvað eftir annað hefur sýnt sig að standa í vegi fyrir því að sveitarfélögin úti um allt land sameinist í stærri heildir. Eitt af því sem gerir fylkjahugmyndina athyglisverða er að hún stýrir fram hjá þessum vanda og við skulum ekkert gera lítið úr honum. Þetta eru mjög eðlilegar mótbárur sem fólk ber í mörgum tilfellum við þegar rætt er um sameiningu sveitarfélaga. Um er að ræða sveitarfélög sem eiga sér gamla sögu og ýmislegt í sambandi við þau er fólkinu dýrmætt og það er ástæðulaust að hrófla þar við.

Það sem skiptir líka máli, hv. þm. Skúli Alexandersson, er það að sameining sveitarfélaganna leysir ekki þau vandamálin sem víðast eru, vandamál hinna dreifðu byggða, sem eru einfaldlega fjarlægðirnar. Þar sem eru stórir fámennir hreppar, þar sem eru erfiðleikar á þjónustu og slíku, þar eru það fjarlægðirnar sem ekki breytast þó að menn sameini þessi sveitarfélög. Og jafnvel þótt menn sameinuðu sveitarfélögin í stærri einingar þá stæði eftir sú staðreynd að ákveðnir málaflokkar, t.d. atvinnumál, féllu eftir sem áður ofan í milli þar sem til ákvarðana í þeim efnum þarf enn þá stærri einingar en sveitarfélögin gætu nokkurn tíma orðið. Það þarf enn þá stærri einingar þar sem menn geta í fyrsta lagi kosið um hugmyndir, menn geta kosið um fólk, um frambjóðendur, og gert þá ábyrga á lýðræðislegan hátt fyrir þeirri stefnu sem borin er fram og fyrir framkvæmd hennar. Þannig að þó ég sé alveg sammála hv. þm. um það að í mörgum tilfellum sé skynsamlegt, ef það getur orðið, að sameina sveitarfélög, þá standa enn þá eftir málaflokkar þar sem þarf enn þá meiri samstöðu, enn þá stærra stjórnvald. Og einmitt í samtökum sveitarfélaganna, eins og þau hafa verið reynd núna á undanförnum árum, kemur fram að menn gera sér grein fyrir því að það þarf stóra heild til að standa að þessum verkefnum og miklu stærri einingu en sveitarfélögin gætu nokkru sinni orðið.

Hv. þm. vék að ýmsum atriðum. Hann vék t.d. að því á hvern hátt yrði hægt að kjósa til svona fylkisstjórnar. Við getum hugsað okkur að fylkisstjórn sé samsett af sjö eða níu mönnum og það er einfaldlega borinn fram listi. Það er nú alls ekki flóknara en það. Og svo gæti jafnvel farið að hvalveiðimenn eða bændur kæmu þar mönnum að. Það er þá hin lýðræðislega niðurstaða þessarar kosningar. Ef hv. þm. Skúli Alexandersson vill ekki una slíkum niðurstöðum þá á hann náttúrlega við ýmsa mjög djúpstæða erfiðleika að etja í sambandi við skilning sinn á lýðræði.

Málið er einfaldlega þetta að það sem er aðkallandi

að gera er að auka og bæta við þær leiðir sem fólk hefur til þess að koma hugmyndum sínum að og til þess að hafa áhrif á aðgerðir stjórnvalda, hvort sem það er á þeirra næsta heimavelli, þ.e. í sveitarfélaginu sjálfu, eða að það er á héraðsgrundvelli eða landsgrundvelli. Það er mjög mikilvægt.

Annað sem ég vildi segja í sambandi við sameiningu sveitarfélaga er það að mörg sveitarfélögin eru nú mjög ákjósanlegar þjónustuheildir fyrir ýmsa þá þjónustu sem þar fer fram, m.a. ýmiss konar félagslega aðstoð. Við getum nefnt sorphreinsun o.fl. þar sem sveitarfélögin eru af hentugri stærð og það væri enginn ávinningur að sameiningu. Við vitum t.d. hvað gerðist á Norðurlöndum. Ég hygg að það hafi verið í Svíþjóð. Þar var hér á árunum hafin mjög víðtæk sameining sveitarfélaga. Það sem hefur gerst síðan er að í þessum stóru sveitarfélögum sem upp voru sett er búið að koma upp embætti valddreifingarmálaráðherra. Menn eru aftur farnir að búta sig niður í minni einingar vegna þess að menn sáu að hin dæmigerðu verkefni sveitarstjórnanna eiga að vinnast í litlum einingum. Menn eiga að skipta upp þeim verkefnum sem eðlilegast er að vinna í litlum einingum á heimavelli, taka síðan verkefni millistigsins eins og amtanna eða hvað sem þau eru kölluð, sem geta verið skólamál, heilbrigðismál, samgöngumál, atvinnumál og ýmis slík, og halda þessu vel aðskildu. En það er grundvallaratriði í báðum tilfellum að að þeim sé lýðræðislega staðið, að menn kjósi um stefnur og verkefni í almennum kosningum og að það séu þannig lýðræðislega kjörnir aðilar sem standa að þessu en ekki embættismenn eins og orðið hefur í samtökum sveitarfélaga hjá okkur.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um gengisskráningu þá má hann nú ekki láta hugfallast þó hann sjái ekki fyrir sér neina lausn á frjálsari aðferð í þeim efnum. Það eru til hugmyndir. Það er t.d. ágætlega hægt að hugsa sér framkvæmd þessa máls þannig að þeir sem gjaldeyri hafa í höndunum geti selt hann til banka, en þeir sem gjaldeyris njóta, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki, sæki þennan gjaldeyri síðan til bankanna, þ.e. það sé skráð gengi í peningastofnunum, en þessar peningastofnanir kaupi síðan gjaldeyri á frjálsum markaði. Þannig yrði til ákveðin gengisskráning sem menn mundu náttúrlega ákveða að halda innan ákveðinna marka. Menn mundu ákveða að halda þar litlum sveiflum, svipað og gerðist erlendis, svipað og menn eru að hugsa um núna í sambandi við meðferð verðbréfa. Að það sé komið upp kauphöll fyrir verðbréf þar sem er skráð gengi verðbréfa og menn geta gengið þar inn og keypt eða selt eftir því sem þeim hentar. Það er enginn að tala um að fara að selja gjaldeyri á götuhornum. Við erum ekki að tala um að hverfa til þess ástands sem ríkti hér á stríðsárunum. Alls ekki. (**Gripið fram í:** Hver á gjaldeyrinn? Hver getur þetta?) Ef við hugsum okkur að svona framkvæmd væri nú, þá væru það þeir sem flytja framleiðsluna út sem hefðu gjaldeyrinn og við erum líka að tala um breyttar aðstæður sem gætu orðið í þessu sambandi, t.d. við skipulag verkalýðsfélaga. Við erum að tala um hugsanlega breytingu, sem gæti komið samfara þessu á launasamningum, þar sem frá því væri gengið tryggilega að arður fyrirtækisins kæmi alltaf fram í launum til fólksins. Þetta eru menn farnir að gera líka, hv. þm. Skúli Alexandersson. Um þetta eru til hugmyndir.

En það sem er nú kannske aðalatriðið í þessu máli er það að þessi hugmyndafræði mun aldrei komast til skila nema meiri hluti þjóðarinnar sé fylgjandi hugmyndum um valddreifingu, hugmyndum um það að menn séu ábyrgir gerða sinna, hugmyndum um það að saman fari ákvörðunarvald og fjárhagsleg ábyrgð. Þessu verður ekki komið á nema með meirihlutavilja þjóðarinnar og það þýðir að þessi hugmynd verður einungis framkvæmd í því umhverfi sem vill fá hana. Þessu verður aldrei komið þannig á að það verði rekið þvert ofan í kokið á fólki, hvorki hv. þm. Skúla Alexanderssyni né öðrum. En það gæti vel farið svo að þeim sem nú eru fórnarlömb hrepparígsins fari fækkandi þannig að einhvern tíma (Gripið fram í.) við erum að tala um það sem gæti gerst í framtíðinni, að einhvern tíma yrði hérlendis það sama andrúmsloft sem hefur leyft sambærilegar breytingar erlendis, þannig að fólk og embættismenn og stjórnmálamenn taki því sem sjálfsögðum hlut að fólk fái meiru að ráða um sitt nánasta umhverfi. Um það snýst þetta mál. Og um það á þessi umræða hér að snúast, ekki það nákvæmlega um hvaða læk héraðsmörkin verði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefnumörkun í skólamálum, þáltill. 148. mál (þskj. 162). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín H. Tryggvadóttir): Hæstv. forseti. Ég hef á þskj. 162 leyft mér ásamt öðrum hv. þm. Alþfl. að flytja till. til þál. um stefnumörkun í skólamálum, en till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nú þegar níu manna nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun í málum grunnskólans og framhaldsskólans fram til aldamóta.

Nefndin verði skipuð þannig: Samtök kennara tilnefni þrjá menn, samtök foreldra tilnefni einn, Kennaraháskóli Íslands tilnefni einn og Alþingi kjósi fjóra. Menntmrh. skipi formann nefndarinnar.

Í störfum sínum fjalli nefndin einkum um eftirtalda þætti:

Innra starf skólans.
Námsgögn og búnað skóla.
Skólasöfn.
Skólatíma.
Námsefni.
Skólahúsnæði og leikvelli.
Menntun kennara.
Réttindi til kennslu.
Tengsl við atvinnulífið.
Samstarf við heimilin.
Félagsstarf nemenda.
Skólaskipan (dreifbýli, þéttbýli).
Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

Nefndin hafi víðtækt umboð og geti m.a. skipað undirnefndir til að vinna að afmörkuðum þáttum.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Tillaga að mestu leyti samhljóða þessari var lögð fram í sameinuðu þingi í apríl 1984, en náði þá eigi fram að ganga. Því er hún nú endurflutt hér með aðeins breyttri nefndarskipun, svo og viðbót við greinargerð.

Ég tel það mál sem hér er á dagskrá ákaflega brýnt því hver vika, hver mánuður, hvað þá hvert ár sem líður með stöðugt auknum kröfum til skólans annars vegar en skorti á menntuðum kennurum hins vegar, án þess að Alþingi fjalli um þessi mál í heild, getur gert svo mikinn skaða að ekki verði bættur í nánustu framtíð. Skólinn er jú fyrir nemendur, alla nemendur.

Nokkur dæmi um kröfur:

Stóraukin fíkniefnafræðsla, stóraukin umferðarfræðsla, stóraukin tölvufræðsla, stóraukin íslenskukennsla, stóraukin sögukennsla. Skólinn á að sjá um *jafnréttisfræðslu*, hann á að sjá um *heimilisfræðslu*, hann á að sjá um uppeldi barnanna.

En samt eiga nemendur að standa sig á samræmdum prófum í erlendum tungumálum og stærðfræði og verða við kröfu framhaldsskólans jafnt sem áður. Í engu er látið af fyrri kröfum, bara bætt ofan á.

Hvernig á að bregðast við? Hefur skólatíminn lengst? Hefur kennurum fjölgað eða hafa þeir fengið aukna aðstoð í hlutverki sínu, t.d. frá heimilunum við meira heimanám eða meiri sinningu fjölskyldunnar og yfirleitt því nauðsynlega aukna samstarfi við heimilið? Við munum ætíð þarfnast færni fólks í ákveðnum greinum, ákveðinnar grunnmenntunar og því er ekki spurning að leggja þarf áherslu á lestur, skrift og reikning, svo og að geta tjáð sig í talmáli og myndmáli. En hvaða rúnir þarf að lesa til að sjá hvers konar þjóðfélag verður hér árið 2000? Þurfum við ekki að bregðast við breytingum í skólanum eins og í fyrirtækjunum og efnahagslífi með vel menntuðu fólki og aðlögun að nýjum tímum?

Börnin sem nú hefja skólagöngu sex ára gömul verða um tvítugt árið 2000 og koma þá væntanlega á vinnumarkaðinn, eitthvað af þeim a.m.k. Hvers konar þjóðfélag verður þá? Verður tæknin alls ráðandi? Hvers konar fólk viljum við að þau verði? Hvað þurfa þau að kunna? Hvaða hæfileika eða eiginleika þurfum við að rækta til að búa þau undir framtíðina? Allir finna að skólinn þarf að koma meira til móts við nemendur, bæði í menntun og uppeldi. Hann þarf að sinna þeim meira en gert er. Það sýna m.a. þessar kröfur. Nemendur finna það, foreldrar finna það og kennarar finna þetta líka. Kennarar eygja leið til að sinna öllum þessum kröfum og leitast við í samræmi við grunnskólalögin að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins með svokölluðu sveigjanlegu skólastarfi. Tekið er tillit til einstaklingsins ekkert síður en hópsins að leitast við að haga störfum þannig að alið er á ábyrgð nemandans til að taka ákvarðanir, þar sem honum er einnig veitt hlýja og öryggi. Skólinn þarf nefnilega að keppa við ýmsa dulda uppalendur, sjónvarp, myndbönd, auglýsingar, fíkniefni. En þetta sveigjanlega starf kostar gífurlega vinnu.

Þú þarft sem kennari fjölbreytt námsgögn. Þú þarft að hafa næg verkefni við allra hæfi, bæði þá duglegu og þá seinfæru. Þú þarft að skipuleggja hvern dag mjög nákvæmlega. Þú þarft að fara yfir ólík verkefni hjá hverjum nemanda — áður voru allir 30 með sömu verkefnin. Þú þarft að skipuleggja samvinnu við aðra kennara sama bekkjar um verkefni, t.d. í listgreinum eða á skólasafni eða verkefni með kennurum í öðrum bekkjum e.t.v. í sama árgangi í stærri skólunum. Til þessa starfs þarf allt aðrar forsendur en voru í skólunum fyrir 10—15 árum. Þá lærðu allir 30 nemendurnir það sama á sama tíma og hlutverk kennarans var nánast að hlýða yfir og tala sjálfur.

Það starf sem fram fer í skólunum í anda sveigjanlegra einstaklingsbundinna vinnubragða er háð því skilyrði að kennarar, hver einstakur kennari og allir sameiginlega í hverjum skóla, séu nægilega starfslega menntaðir sem kennarar til þess að skynja og meta þroska og þarfir hvers nemanda. Þess vegna er kennarinn, kennaraleg starfshæfni hans og nærgætni, úrslitaatriði ef búa skal nemendum og kennurum manneskjulegan vinnustað í skólum. Aðhald og vinnuagi eru ávallt nauðsyn.

Gerðar eru miklar kröfur til kennarans í dag, næmleika hans og skilnings á nemanda, leikni hans við verkstjórn, skipulagningu og uppfærslu námsefnis og loks krefst námsmat og eftirlit mikillar vinnu af kennara. Hæfni hans og þar með menntun hans eru því úrslitaatriði í menntastefnu hverrar þjóðar. Þess vegna skal vanda vel menntun kennarans og gera starfskjör hans góð. Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum áratugum og allt fram á þennan dag vanrækt og vanmetið þátt kennarans við mótun menntastefnu. Nemandinn temur sér ekki sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum nema kennara hans séu þeir starfshættir eðlilegir. Og lítill skilningur á þörf menntunar yfirleitt í þetta starf kemur fram, eins og nýjustu tölur sem hæstv. menntmrh. gaf upp hér fyrir hálfum mánuði sýna, í fjölda „réttindalausra kennara" sem eru komnir yfir 700 í grunnskólum.

Með þeim breyttu kennsluháttum sem ég hef lýst er skólasafnið grundvallaratriði í starfi grunnskólans. Það þjónar bæði nemendum og kennurum, stuðlar að fjölbreyttara námi og sjálfstæðum vinnubrögðum einstaklingsins, svo og hópvinnu nemenda og möguleikum þeirra til að miðla öðrum af sinni þekkingu. En þegar grunnskólalögin voru sett var enn lítill skilningur á skólasöfnum hér, enda segja þau lítið sem ekkert um starfshætti skólasafna, aðeins að þau eigi að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu. En skyldi hið daglega líf í skólanum endurspegla þá mynd af skólasafninu að það sé miðstöðin sem leitað er til í kennslunni til að kenna nemendum að afla sér þekkingar, eins og segir í 2. gr. grunnskólalaga? Misskilningur virðist ríkja á milli skólamanna og yfirvalda um það hvað skólasafn sé í raun og veru og er hér um að ræða einn mesta muninn í aðstöðu og búnaði í skólum á landinu. Í könnun, sem gerð var fyrir fjórum árum síðan, kom í ljós að af 168 skólum, sem svöruðu fyrirspurn um bókakost skóla, voru 42 skólar með 0—2 bækur á nemanda. Í Reykjavík og næsta nágrenni er þessu vissulega á allt annan veg farið. En ekki dugar það fyrir landsbyggðina.

Við skulum hafa hugfast að skóli getur haft mikil áhrif á búsetu fólks eins og raunar kom hér fram áðan. Hvernig er komið fyrir bókaþjóðinni? Ætlum við að loka nemendum leiðina að því að verða bókavinir, að bókin verði ómissandi þáttur í námi og tómstundum? Þessi mikilvægi þáttur í skólastarfinu hefur ekki hlotið eðlilegan sess í fjármagni og starfsliði. Á meðan skólar út um allt land tölvuvæðast í stórum stíl eru ekki til peningar til bókakaupa inn á skólasafn. Í mörgum skólum hafa verið keyptar tölvur í tuga tali á meðan ekki er til nokkur fræðibók sem gæti komið að gagni við námið og yngri börn en ellefu ára eiga ekki rétt á aðgangi að skólasafni.

Mörg atriði enn væri vert að benda á, en ég ætla aðeins að koma hér að einu enn. Það er uppeldislegi þátturinn sem ekki er sá sísti í starfi skólans í dag. Samstarf við foreldra og heimili getur haft úrslitaáhrif á nám barnsins. En hvar og hvernig á að hlúa að því samstarfi? Það kom fram á dagskrá um heilsugæslu í skólum í kennslumiðstöð nú nýlega, þ.e. 9. nóvember, að skólinn er eini fasti punkturinn í lífi mjög margra fjölskyldna í þéttbýlinu. Þó er hann aðeins starfandi frá kl. 8—4 fimm daga vikunnar í 8—9 mánuði á ári. Það virðist því brýnt að auka félagsaðstöðu nemenda í skólanum því ná þarf til þeirra nemenda sem eru í mestri hættu að verða fórnarlömb ýmissa slæmra áhrifavalda. Bara öryggi, hlýja og væntumþykja foreldra og kennara, sem verður víst seint bundin í lögum, hjálpar börnum til að öðlast það sjálfstraust sem nægir til að segja nei við slæmum tilboðum, og ef skólinn á að veita og veitir þetta öryggi þarf hann að geta annast unglingana lengri tíma á dag.

Hvernig á góður skóli að vera? Hvernig á góður kennari að vera? Þetta eru spurnignar sem oft hefur verið spurt og reynt að leita svara við og verður vonandi enn um langan tíma. Dr. Wolfgang Edelstein sagði í erindi sínu um íslenska skólastefnu þann 31. ágúst s.l. að aldrei í sögunni hafi verið jafnmikil þörf fyrir menntun fólks til að lifa af. Og menntun skilgreinir hann sem undirbúning undir lífið í heimi sem maðurinn hefur að mestu leyti búið sér til sjálfur. Án menntunar sé maðurinn vanbúinn til að lifa af. Góður skóli hlýtur því að vera staður þar sem nemendur menntast. Góður kennari er svo sá sem kemur menntuninni til skila, sem tekst að vekja áhuga nemenda sinna allra á þeim verkefnum sem þeir eru að vinna að, og að sá áhugi vari þótt út úr skólastofnunni sé komið, þannig að barnið afli þekkingarinnar sjálft, læri að læra. Til þess þarf vel menntaðan kennara sem er vel undirbúinn að takast á við dagleg verkefni.

Það er því miður oft mikill misskilningur, ekki síst hjá ráðamönnum fjármagns, að kennarar séu eingöngu að hugsa um sjálfa sig þegar þeir eru að berjast fyrir bættri aðstöðu og bættum kjörum. Það eru nefnilega nemendurnir sem allt snýst um, skólinn er fyrir þá. Það vill gleymast að ef nemendurnir hafa ekki góða skóla, góðan vinnustað og góða kennara geta þeir tæplega orðið góðir, jákvæðir nemendur í sífelldri þekkingarleit.

Sumir spyrja: Höfum við nokkuð til sparað? Sjáið byggingarnar. Hvað um sálfræðiþjónustuna, akstur og heimavistir? En það dugar ekki að veita eingöngu meira fjármagni í skólann. Það þarf líka að marka stefnu. Hún er ekki sjálfvirk.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til að að fyrri umræðu lokinni verði þessari tillögu vísað til hv. allshn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég er hingað komin til að taka undir þessa tillögu hv. þm. Kristínar H. Tryggvadóttur og þeirra Alþýðuflokksmanna. Ég held að það sé afskaplega brýnt að nú þegar verði farið að vinna við stefnumörkun í málefnum grunnskólans og framhaldsskólans og þó fyrr hefði verið.

Ég vil byrja með því að benda á að árið 1981 flutti ég hér frv. á þingi um að gerð yrði námsáætlun fyrir dagvistarstofnanir. Það frv. varð að lögum nr. 40 frá árinu 1981 og nú s.l. laugardag var þessi námsáætlun kynnt. Að gerð hennar unnu fjölmargir færustu uppeldisfræðingar þjóðarinnar og þetta plagg sem hér er heitir „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir". Og á 300 manna fundi með fóstrum s.l. laugardag fór það ekki fram hjá neinum hversu mikil ánægja ríkti með að þetta verk hefði verið unnið. Það er einmitt unnið eins og hv. þm. Kristín Tryggvadóttir var að lýsa, það er sveigjanlegt, það veitir stuðning starfsfólki sem í æ meira mæli tekur að sé uppeldi barna, en bindur ekki á þann veg að hver starfsmaður og hver forstöðumaður hafi ekki nokkurt svigrúm til þess að vinna að þeim markmiðum sem sett eru á sinn hátt. Ég held að slíkt hið sama þurfi svo sannarlega að gera með málefni grunnskólans og framhaldsskólans. En það verður því miður að segjast eins og er að áhugaleysi á þeim málum — og ég vil segja alger blinda á mikilvægi þeirra er alvarlegt mál í þessu þjóðfélagi.

Ég býst við að við myndum öll segja í hátíðarræðum að börnin og unglingarnir væru fjöregg þjóðarinnar, undir framtíð þeirrar væri framtíð þjóðarinnar komin. En það er eins og menn haldi að hlutir gerist af sjálfu sér. Heimurinn breytist frá degi til dags. Ótal þættir bætast inn í líf manna sem lítið sem ekkert hefur verið sinnt og þjóðfélagið krefst æ meiri þekkingar, ekki bara tækniþekkingar eins og menn halda gjarnan, heldur ekki síður húmanískrar menntunar, því tæknin er komin á það stig að slíka menntun þarf til að ráða við hana og stýra henni. Þetta er svo sem ekki mikil speki og allir skólamenn vita þetta, en það menntakerfi sem blasir við okkur á Íslandi í dag er, eins og hv. þm. og frsm. sagði, 700 réttindalausir kennarar og þeir illa launaðir og óánægðir með sín kjör, að sjálfsögðu. Þegar spara þarf í þjóðfélaginu er sparað þar sem enginn hagsmunaaðili á mikið undir. Sem sagt, það er gengið að menntun og menningu í landinu.

Fyrir tveimur dögum átti ég þess kost að ræða við sex unglinga í útvarpsþætti, skýra og fallega krakka, en aðspurð sögðu þau öll einum rómi að þau læsu aldrei bækur nema rétt nauðsynlegustu skólabækur. Ég held að hið háa Alþingi ætti að gera sér ljóst hvað það þýðir þegar unglingar hætta að lesa bækur. Börnin báru því við að þau skildu ekki orðin í alvarlegum skáldskap. Þegar börn hætta að skilja sína eigin tungu og lesa hana þá erum við komin í ákveðið ólæsisvandamál, og þegar manneskja kann ekki að lesa þá hættir hún líka að kunna að tala og þá hættir hún líka að kunna að hugsa. Ég held að þetta sé vandamál sem við verðum að bregðast við. Ég held að manneskjunni sé eðlilegt að tjá sig í máli og þess vegna sé það afskaplega mikilvægt að um tungu hverrar þjóðar sé staðinn vörður.

Ræða mín getur ekki orðið nema lausir punktar, rétt til að sýna þessu máli stuðning minn. En mér satt að segja óar það áhugaleysi sem virðist ríkja hér í þingsölum um allt sem lýtur að skólakerfi landsmanna. Það er látið afskiptalaust að mestu og reynt að leggja til þess eins lítið fé og hugsanlegt er og ég er hrædd um að þegar til lengdar lætur eigi þetta eftir að hefna sín. Nærvera hv. þm. hér í salnum er nú e.t.v. ljós vottur um áhuga á þessum málaflokki. Mér telst til að við séum fjögur stödd hér inni. (**Gripið fram í:** Fimm.) Fimm þó og skal ég ekki gleyma hæstv. forseta. En þetta er auðvitað meginmál að það takist að lyfta þessum málaflokki úr þeirri lægð sem hann virðist vera í hér. Það er nefnilega ekki rétt að menntun og andleg iðja sé ekki arðbær. Það

er e.t.v. fátt arðbærara en vel menntuð og vel upplýst þjóð á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra, en ég vænti þess að hv. allshn. Sþ. taki þetta mál til alvarlegrar umfjöllunar og veiti því brautargengi hér í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárhagsvandi vegna húsnæðismála, þáltill. 62. mál (þskj. 64). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég sé að nokkuð er liðið á þingtíma og ég mun mjög stytta mál mitt, enda til lítils að halda hér ræðu þar sem fæstir þm. eru hér í salnum, en ég mun leggja á það áherslu að koma þessu máli til nefndar. Það mál sem ég mæli fyrir er till. til þál. um könnun á fjárhagsvanda vegna húsnæðismála sem liggur hér frammi á þskj. 64, og er 62. mál þingsins.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar fara fram könnun á fjárhagsvanda þeirra sem byggt hafa eða keypt íbúðarhúsnæði á s.l. fimm árum.

Eftirfarandi þættir skulu rannsakaðir:

A. Umfang vandans:

1. fjöldi þeirra sem skulda svo háar upphæðir að óviðráðanlegt sýnist í hlutfalli við tekjur og tekjumöguleika,
2. fjöldi þeirra sem nú þegar eru í vanskilum vegna húsnæðislána,
3. fjöldi þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með að standa í skilum á húsnæðislánum,
4. hvenær bygging hófst eða kaup áttu sér stað,
5. fjöldi þeirra sem ætla má að lendi í erfiðleikum með greiðslur húsnæðislána á næstu missirum að launum og lánskjörum óbreyttum,
6. fjöldi auglýstra og framkvæmdra nauðungaruppboða á íbúðarhúsnæði á síðustu fimm árum,
7. áhrif þróunar lánskjaravísitölu og launa á síðustu fimm árum á greiðslubyrði vegna húsnæðislána.

B. Hvaða þjóðfélagshópar eiga í mestum erfiðleikum:

1. hvaða starfsstéttir eiga í mestum greiðsluvanda vegna húsnæðislána og
2. hvaða aldurshópar,
3. hvaða þjóðfélagshópar eru líklegastir til að eiga í erfiðleikum með að afla viðunandi húsnæðis á næstu árum miðað við núverandi aðstæður,
4. hvaða tekjur eru nauðsynlegar fjölskyldu til að raunhæft sé að ætla henni að eignast hæfilegt íbúðarhúsnæði miðað við núgildandi lánskjör og greiðsluskilmála.

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands verði falið að annast könnunina og ljúka henni fyrir 1. mars 1986. Niðurstöður verði tafarlaust lagðar fyrir Alþingi.

Ríkissjóður greiði kostnað við könnunina."

Herra forseti. Þessu máli fylgir grg. sem ég held að segi það sem um þetta mál er að segja. Ég vil þó aðeins bæta við, vegna hinna fáu hv. þm. sem hér eru staddir, að ég tel að svo beri oft við í okkar þjóðfélagi að menn séu að tala um lausnir á vanda sem þeir hafa ekki skilgreint og skilja ekki. Það skiptir nefnilega töluverðu máli að vita hver vandinn er til þess að geta komið með tillögur til að leysa hann. Húsnæðisvandi eins er oft á engan hátt sambærilegur við húsnæðisvanda annars.

Við erum öll sammála um að hverjum einasta manni beri réttur til að hafa þak yfir höfuðið og Ísland er í þeirri sérstöðu að eðlilegast er talið að hver eigi sitt húsnæði sjálfur. Ekki skal ég hafa á móti því og vel má vera að það sé Íslendingum eðlilegast, þó að hugsa mætti sér aðrar leiðir. En miðað við nýlega athugun á áhuga manna á svokölluðum búseturéttaríbúðum sýnist eignarhúsnæði sannarlega eiga meiri vinsældum að fagna hér á landi. Og við notum opinbera sjóði til þess að lána fólki til húsnæðiskaupa og þyrfti það að vera miklu meira. Hins vegar er lítið tillit tekið til þarfa þeirra sem húsin eru að byggja eða kaupa, og allt of lítil áhersla er lögð á að mínu viti að gera fólki kleift að eignast húsnæði í fyrsta sinn. Mér finnst koma til greina að hafa reglur miklu strangari um húsnæði á síðari stigum. Það er ekki nokkur vafi á því að fjölmargir okkar ágætu landa eru að byggja allt of stórt húsnæði, enda húsnæði samanlagt á Íslandi meira en nokkurs staðar annars staðar gerist.

Það sem er hins vegar alvarlegt eins og nú standa sakir er það að fjöldi manna er á gjaldþrotsbarmi og er að missa eignir sínar. Við höfum talað um þetta hér fram og aftur og er óþarfi að endurtaka það að svo hlaut auðvitað að fara þegar allt er verðtryggt í landinu nema laun manna. Hér á sér nú stað hrein eignaupptaka þar sem eignir manna lækka í verði vegna þess einfaldlega að framboð er orðið mikið og erfitt að selja fasteignir og á sama tíma hefur vaxtastefnan valdið því að menn grynna á engan hátt á skuldum sínum þó þeir borgi og borgi í sífellu.

Hvernig ríkisstj. ætlar að láta það viðgangast að fjöldi manna standi uppi eignalaus eftir margra ára strit til þess að koma yfir sig þaki er mér hulin ráðgáta, og satt að segja hef ég enga trú á því að það takist, en andvaraleysi ríkisstj. undrar mig þeim mun meira. Ég held að við þurfum að setja þetta mál í forgang og hleypa þessari könnun af stað áður en í gjörsamlegt óefni er komið, því að allar þær tillögur sem lagðar hafa verið fram eru gjörsamlega út í hött. Það skiptir í raun og veru ekki öllu máli hvort settar verða 200 millj. til eða frá í húsnæðiskerfið, það kemur nákvæmlega engum að gagni. Það er alveg ljóst og vitað að þær 150 millj. sem fóru sem aukatillag á þessu ári hafa einungis leyst til örfárra mánaða vanda örfárra húsbyggjenda og húskaupenda. Vandamálið er jafnóleyst eftir 6 mánuði eða svo.

Það er t.d. vitað að fjölskylda sem skuldar 1,2 millj., sem er ekki óalgengt, þó að hún hafi 70 000 kr. á mánuði — sem er ekki algengt jafnvel þó bæði hjón afli tekna — getur ekki staðið straum af þessum skuldum. Það er alveg vitað. Og það er hægt að reikna það ósköp einfaldlega út að á annað hundrað þús. kr. á ári vantar til þess að dæmið gangi upp. Þá getum við hugsað okkur hvernig önnur og verri dæmi líta út. Það er því alveg ljóst að hér verður að bregðast við vegna þess að fjárhagsvandi þessa fólks er ekki lengur einkamál þess. Það er ekki einkamál þess. Þetta er að verða þjóðfélagsvandi. Og til þess er Alþingi Íslendinga að bregðast við slíkum vanda.

Ég ætla ekki að fara að koma hér með frekari tölur. Við vitum öll að frá árinu 1979 er mismunur á vísitölu launa og lánskjaravísitölu orðinn sá að ef við miðum við að hvort tveggja var 100 árið 1979, þá er lánskjaravísi-

talan nú 119. Þetta getur auðvitað ekki gengið. Menn hafa rætt hér í löngum tölum um okur og okurkarla, en við skulum bara horfast í augu við að verstu okrararnir í þessu landi eru ríkisstj. sjálf og bankakerfið sem hún stýrir.

Ég vil leggja á það áherslu að til þess að geta komið með raunhæfar tillögur til úrbóta verðum við að fá að vita: Hvar er þessi vandi verstur? Hjá hverjum er hann verstur? Það er ekki tilviljun að ég hef lagt hér til að félagsvísindadeild Háskólans verði falið að annast þessa könnun. Það er vegna þess að ég veit að hún getur leyst þetta verkefni fyrir 1. mars. Ég hef rætt við menn þar og þeir treysta sér léttilega til að ljúka þessari könnun fyrir 1. mars. Þeir hafa nú þegar töluverðar upplýsingar af því sem hér er um beðið. Og vitaskuld er tekið fram hér í grg. að þeir hafi samvinnu og samráð við þá milliþinganefnd um úrbætur í húsnæðismálum sem nú situr og aðra þá aðila sem upplýsingar hafa er nýst gætu í könnuninni.

Ég held að ef við eigum ekki að standa frammi fyrir verulegum fólksflótta úr landinu og algjörri uppgjöf, bæði félagslega og menningarlega, þá verði að bregðast við þessu. Það er alveg ljóst að námsfólk erlendis sem hér fyrr á árum skilaði sér næstum allt til landsins er nú í stórum hópum ákveðið í því að verða kyrrt þar sem það hefur verið að læra. Fólki einfaldlega fallast hendur við að eiga eftir að koma inn í þessa svikamyllu sem hér á sér stað í húsnæðismálum og vitaskuld til þeirra launakjara sem upp á er boðið.

Maður getur rætt um þetta mál frá mörgum hliðum en ég skal reyna að stytta mál mitt eins og ég get, herra forseti. Það segir sig sjálft að hér er ekki bara um fjárhagsvandamál að ræða, hér er líka um félagslegt vandamál að ræða. Því er ekki mótmælt á geðsjúkrahúsum borgarinnar — og því tek ég svo til orða að það er orðrétt það sem yfirlæknar sögðu, sem eru almennt orðvarir menn og ekki þess fýsandi að upplýsa um sjúklinga sína af eðlilegum ástæðum — en þeir sögðu að því yrði ekki mótmælt að um verulega aukningu hefði verið að ræða á innlögnum á fólki sem brotnað hefði saman vegna erfiðleika í húsnæðismálum. Og við getum sagt okkur sjálf hvernig það vinnuálag er og sú streita sem fylgir því að vera að horfa á eftir eignum sínum á nauðungaruppboð, hver áhrif slíkt hefur á börn og unglinga og þvílíka vanrækslu það hefur í för með sér á litlum börnum. Því það getur hver sagt sér sjálfur að þegar foreldrar vinna fram á nætur eru það börnin þau sem borga brúsann. Og það er auðvitað fullkomið ábyrgðarleysi af hinu háa Alþingi að vera ekki fyrir lifandi löngu búið að bregðast við þessu ástandi eins og það er í dag.

Herra forseti. Ég get ekki séð að þetta mál sem hér liggur fyrir sé í eðli sínu flokkspólitískt. Ég held að það hljóti að vera hagur allra landsmanna og Alþingis alls að eitthvað vitrænt og raunhæft verði gert í þessum málum. Það hlýtur að vera hverjum alþm. ljóst að þetta ástand getur ekki haldið áfram eins og nú horfir, því að þá er sýnt að hundruð manna í landinu, hundruð fjölskyldna hreinlega missa húsnæði sitt sem oft er afrakstur margra ára mikillar vinnu og þrotlausrar tekjuöflunar. Ég vil því, herra forseti, óska eftir því að þetta mál fari til hv. félmn. Sþ. og skora á nefndarmenn þar að greiða fyrir því að það verði afgreitt fljótt svo að þessi könnun geti farið í gang og henni skilað inn til hins háa Alþingis fyrir 1. mars á næsta ári.

Ég held að öll þau úrræði sem hingað til hafa verið borin fyrir okkur, og eru raunar ekki mörg, þau séu að mestu leyti byggð á litlum, röngum eða engum upplýsingum. Og ég tel að það sé ekki vænlegt að koma með tillögur til úrbóta sem byggðar eru á svo lítt rannsökuðum grunni.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Afnám mismununar gagnvart konum (60. mál) 892.
Álbræðsla við Straumsvík (134. mál) 873, 915, 951.
Drengskaparheit unnið 1020.
Fjárhagsvandi vegna húsnæðismála (62. mál) 1049.
Fjáröflun til vegagerðar (126. mál) 858.
Fylkisstjórnir (17. mál) 1021.
Húsnæðislán vegna einingahúsa (102. mál) 900.
Húsnæðisstofnun ríkisins (89. mál) 872.
Jarðhitaréttindi (5. mál) 865.
Land í þjóðareign (66. mál) 872.
Minnst látins fyrrverandi þingmanns 857.
Orkulög (67. mál) 872.
Rannsókn kjörbréfs 1020.
Rannsókn vímuefnamála (95. mál) 897.
Rannsóknir við Mývatn (50. mál) 887.
Samstarfssamningur Norðurlanda (149. mál) 913, 1021.
Sóknargjöld (150. mál) 950.
Stefnumörkun í skólamálum (148. mál) 1044.
Stjórn fiskveiða (145. mál) 951.
Tekjustofnar sveitarfélaga (65. mál) 950.
Tilhögun þingfunda 872, 915.
Tollskrá (128. mál) 864.
Um þingsköp 865.
Umræður utan dagskrár (veiðar smábáta) 904.
Yfirlýsing frá forseta Nd. 865.
Þjóðminjalög (147. mál) 903.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 857, 911, 912, 1020, 1021.
Forseti Ed. Stefán Benediktsson 915.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 865, 869, 872.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 892, 896, 1014.
Félmrh. Alexander Stefánsson 895, 901.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 858, 863, 864.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 890.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 934, 949.
Landbrh. Jón Helgason 898, 899, 950.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 888, 891, 903.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 905, 913, 951, 1015.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 913.
Árni Johnsen 904, 912.
Davíð Aðalsteinsson 950.
Einar Kr. Guðfinnsson 982.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1021.
Friðjón Þórðarson 909, 997.
Friðrik Sophusson 1019.
Garðar Sigurðsson 911.
Guðmundur Einarsson 888, 889, 891, 999, 1012, 1019, 1021, 1041.
Guðrún Agnarsdóttir 923.
Guðrún Helgadóttir 895, 898, 1047, 1049.
Gunnar G. Schram 915, 993, 1025.
Haraldur Ólafsson 1020.
Hjörleifur Guttormsson 873, 894, 903, 904, 907, 942, 974, 1033.
Jón Baldvin Hannibalsson 910, 925, 964.
Karl Steinar Guðnason 862.
Kolbrún Jónsdóttir 862, 911.
Kristín Halldórsdóttir 900, 902, 960.
Kristín S. Kvaran 897, 898.
Kristín H. Tryggvadóttir 1044.
Ólafur Ragnar Grímsson 865, 870.
Ólafur Þ. Þórðarson 908, 1002, 1027.
Páll Pétursson 868, 871, 949.
Sighvatur Björgvinsson 869.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 892, 894, 896.
Skúli Alexandersson 861, 909, 1038.
Stefán Benediktsson 863, 908, 1036.
Svavar Gestsson 892, 927, 1009.
Valdimar Indriðason 906.

Efri deild, 20. fundur.

Mánudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. 117. mál (þskj. 129). — Frh. 1. umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Nokkur tími er nú liðinn síðan frv. þetta var síðast á dagskrá og fyrir því var mælt, en það gerði 1. flm., hv. 3. þm. Norðurl. v. Nú er þetta frv. svo sem ekki nýtt hér á borðum. Ég hygg að það sé býsna langt síðan það var fyrst flutt, kannske komið á annan áratug eða meira. En hér er auðvitað fjallað um stórmál, breytingu á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins í þá veru að við bætist þrjár málsgreinar um að öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teljist sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti fyrir neðan 100 m dýpi. Þá er ákvæði um að tryggja landsmönnum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu o. fl.

Þetta mál eða mál svipuð þessu hefur borið á góma á Alþingi í ýmsum öðrum myndum. Ég minni á að fyrir þinginu liggja núna tvö frv. sem þm. Alþfl. hafa flutt, annars vegar um land í þjóðareign og hins vegar um eignarrétt á jarðvarma neðan við ákveðið dýpi, sem taka til sömu hluta, og það eru ekki heldur ný mál vegna þess að þm. Alþfl. hafa flutt þau mál á hinu háa Alþingi árum og ég leyfi mér að setja jafnvel áratugum saman, bæði í formi þáltill. um eignarráð þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum, í formi lagafrv. um eignarráðin á landinu og einnig varðandi jarðhitann.

Því er hins vegar ekki að fagna að þessi frv. okkar Alþýðuflokksmanna hafi notið sérstaks stuðnings annarra flokka nema þá með undantekningum. Alþýðubandalagsmenn hafa t.d. ekki sýnt þeim málum sérstakan stuðning þegar við höfum flutt þau.

Ég minnist þess að eitt ákvæði þessa frv. hér, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins, tekur til eignarnáms á landi og segir þar m.a.: „skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum og öðrum ytri aðstæðum.“ Við höfum flutt ár eftir ár Alþýðuflokksmenn frv. til laga um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms. Því hefur jafnan verið vísað til nefndar og það hefur verið sent Sambandi ísl. sveitarfélaga til umsagnar. Það hefur fengið mjög jákvæðar umsagnir, en það hefur aldrei fengist afgreitt. Og við höfum ekki orðið varir við að við hefðum sérstakan stuðning af öðrum flokkum í því máli.

Í öðru lagi hefur hugmyndum okkar um land í þjóðareign, sem falla að mjög mörgu leyti saman við efni þessarar till., verið afar illa tekið hér af fulltrúum landeigenda. Þetta eru nánast frv. hinna landlausu. Hæstv. núverandi iðnrh. hefur kallað frv. í þessa veru ógrímubúinn kommúnisma, hreinan kommúnisma og fleiri afar stór orð hefur hann haft um það. Fulltrúar landeigenda, einkum úr hópi bænda í báðum framsóknarflokkum þessa lands, hafa lagst mjög hatrammlega gegn þessu máli og haldið uppi löngu málþófi um það. Ég minnist þess líka að hv. þm. Alþb. höfðu þau rök uppi hér, sem voru auðvitað hreinn og klár útúrsnúningur en rök sem þeir beittu árum saman, að með þessu ætti að svipta bændur bújörðum sínum. Ekkert slíkt var til umræðu, ekkert slíkt var nefnt, ekkert slíkt kom til tals. Það datt engum heilvita manni í hug. Hins vegar eru til fjölmargir bændur sem telja það ekki skipta sköpum eða neinu höfuðmáli hver eigi þá landareign sem þeir búa á svo lengi sem þeir fái að nýta hana. Þeir bændur eru til sem eru þessarar skoðunar og þá hef ég hitt fleiri en einn og fleiri en tvo.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur nú gengið úr salnum. Ég ætlaði að beina til hans nokkrum spurningum. Vonandi kemur hann í salinn aftur.

Það er orðið mjög brýnt að setja reglur um eignarrétt á landinu utan hefðbundinna heimalanda. Það er orðið mjög brýnt og hefði auðvitað átt að vera búið að gera fyrir löngu. Auðvitað gengur það gegn réttlætisvitund allra manna að einstakir jarðeigendur skuli getað helgað sér landsvæði, sem skipta kannske þúsundum ferkílómetra, sem þeir hafa engar beinar eignarheimildir að.

En það eru ákvæði í þessu frv. sem er ástæða til að spyrja um. Það segir hér: „Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti fyrir neðan 100 m dýpi.“

Það kann að orka tvímælis með þær námur sem hér skipta máli, t.d. í sambandi við malarnám og byggingarefni, hvort það er ævinlega á hreinu og skýrt hver eigi og hver megi með fara, og sömuleiðis orku í rennandi vatni. Það er ekkert skilgreint. Eftir orðanna hljóðan í frv. er öll orka í rennandi vatni sameign þjóðarinnar.

Ég geri ekki ráð fyrir, herra forseti, að þetta frv. í formi breytingar á stjórnarskrá verði samþykkt á þessu þingi. Ég held að það sé miklu vænna til árangurs á þessu sviði sem stendur að samþykkja þau frv. sem fyrir liggja frá Alþfl. og fjalla ekki um breytingar á stjórnarskránni. Að þeim frv. samþykktum væri eðlilegt að beita sér fyrir þessari breytingu. Ég held að það sé eðlilegri framgangsmáti að byrja á því að samþykkja þau frv. Ég get tekið undir þann anda og þá meginhugsun sem er í þessu, enda geri ég ekki ráð fyrir að þá tvo flokka, sem einkum hafa flutt þetta mál hér á þingi, greini á í höfuðatriðum. Það væri held ég vel athugandi að leita leiða til þess hvort menn geti ekki orðið sammála um þau meginsjónarmið sem hér eru sett fram í stað þess að þegar við höfum flutt okkar frv. hefur Alþb. ævinlega fundið þeim allt til foráttu. Við höfum líka sett ýmislegt út á þeirra frv. og ekki fengið stuðning við okkar mál úr þeirra herbúðum, því miður, heldur fyrst og fremst útúrsnúninga og ekki mjög háreistan málflutning.

Ég tek undir þau meginatriði sem fram koma í þessu frv. og lýsi stuðningi við þau, en efasemdum um að þetta sé rétta leiðin í upphafi til að vinna þessu máli fylgi og framgang. Ég held að menn ættu að íhuga að reyna að ná samkomulagi um lagafrv. sem liggja hér fyrir og stefna að nákvæmlega sama markmiði.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti sem er jafnframt hæstv. Það er nokkuð langt síðan hv. 1. flm. mælti

fyrir þessu frv. til stjórnarskipunarlaga.

Mig langar til þess í upphafi míns máls að minna á störf stjórnarskrárnefndar sem eitt sinn sat á rökstólum. Ég hef í höndum eitt af hennar álitum. Það álit var birt í janúar 1983. Eftir því sem ég veit best áttu sæti í þessari nefnd fulltrúar allra stjórnmálaflokka og þá jafnframt fulltrúi Alþb. Gott ef 1. flm. 117. máls, sem hér er til umræðu, sat ekki í þeirri nefnd. (**RA:** Og situr enn.) Og situr enn. Þá er það fram komið og ekki um deilt.

Það voru fjölmargar greinar stjórnarskrárinnar teknar til athugunar, raunar allar, og tillögur til breytinga gerðar á allmörgum þeirra. Hins vegar er ljóst af lestri álitsins og tillagna þar að nefndin var síður en svo samstiga í þeirri tillögugerð. Fram kemur að Alþýðubandalagsmenn voru stundum með sínar sérstöku tillögur og það kom fyrir að Alþýðubandalagsmenn og Alþýðuflokksmenn stóðu saman að tillögum sem ekki voru samhljóða tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Ég minni á að meiri hluti stjórnarskrárnefndar lagði til að 67. gr. stjórnarskrárinnar yrði óbreytt frá því sem áður var. Fulltrúar Alþb. og Alþfl. lögðu hins vegar til að 67. gr., sem þá yrði 70. gr. því það bættust við greinar, yrði orðuð þannig, með leyfi forseta:

„Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi sanngjarnt verð fyrir."

Það voru sem sagt lagðar til breytingar í tvennum skilningi. Það var fellt út að eignarrétturinn væri friðhelgur, eins og stendur í núverandi 67. gr. stjórnarskrárinnar, og í staðinn fyrir „að fullt verð kæmi" var bætt inn að sanngjarnt verð komi fyrir. Að vísu hafa menn lengi deilt um þessi hugtök. Fleiri en færri sem ég a.m.k. hef rætt þessi mál við telja að orðfærið „sanngjarnt verð" þýði í raun ekkert annað en fullt verð. Þegar grannt er skoðað er e.t.v. ekki um annað að ræða en orðaleik í þessu efni, en fer nokkuð eftir því hvað síðar kemur varðandi eignarrétt.

Stjórnarskrárnefnd lagði til að við bættust tvær greinar, inn kæmu tvær nýjar greinar sem vörðuðu í sjálfu sér báðar eignarrétt, annars vegar um umgengni og vernd náttúrunnar og hins vegar um eign þjóðarinnar á náttúruauðlindum landsins.

Stjórnarskrárnefnd lagði til að greinin sem yrði 78. gr. orðaðist þannig: „Vernda skal náttúru landsins og auðlindir þess svo ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu."

Meiri hl. stjórnarskrárnefndar lagði til að inn kæmi ný grein, þ.e. 79. gr., sem orðaðist þannig: „Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Eignarrétti að öðrum náttúruauðæfum skal skipa með lögum."

Fulltrúar Alþb. virðast í sjálfu sér hafa verið á því að hafa um eignarréttinn þrjár greinar. Í fyrsta lagi, eins og ég vék að, 67. gr., að vísu með breytingum, en síðan kæmu inn tvær nýjar greinar sem vörðuðu annars vegar vernd náttúrunnar og hins vegar eign á náttúruauðlindum. Ég hirði ekki um að fara yfir hvernig þetta er orðað, en sannleikurinn er sá að það orðfæri sem er í frv. sem verið er að fjalla um er svo að segja nákvæmlega eins og í tillögum Alþb. í stjórnarskrárnefnd. Að vísu er ekki tekinn nema einn málsliður úr 78. gr. eins og þeir lögðu til að hún yrði, þ.e. málsliðurinn „landsmönnum öllum skal tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu", og orðfæri er örlítið breytt í frv. frá því sem stendur í tillögum Alþýðubandalagsmanna í stjórnarskrárnefnd.

Ég vek athygli á þessu einmitt og ekki síst vegna þess að mér finnst það ekki hafa komið fram í máli flm. af hverju þessi breyting hefur orðið á viðhorfum Alþýðubandalagsmanna til málsmeðferðar, þ.e. sú breyting að hafa 1. gr. stjórnarskrárinnar óbreytta eins og hún er, láta hana standa, en bæta við nokkrum málsgreinum sem eru ígildi tillagna þeirra í stjórnarskrárnefnd. Mig langar að heyra hvaða rök liggja þarna að baki því að ég tel að að mörgu leyti geti verið skýrara að hafa þessa þætti afmarkaða. En ekki meira um það.

Eins og fram hefur komið hafa verið flutt frv. í þinginu á undanförnum árum og hafa verið flutt það sem af er þessu þingi, m.a. frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er 1. flm. að og var að sjálfsögðu flutt í Nd. og varðar jarðhitaréttindi. Nú er mér ekki alveg ljóst hvert samhengi er í þessum tillöguflutningi. Ég vil minna á að í frv. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því, eins og stendur þar, að neðan við 100 m dýpi teljist „sameign þjóðarinnar" hvað sem það er nú í nánari skilgreiningu. Það er sem sagt fortakslaust. En í frv. því sem ég minntist á áðan og liggur fyrir Nd. er gert ráð fyrir að í ýmsum undantekningartilvikum, þ.e. þegar nýting á þessum verðmætum er hafin á ákveðnu dýpi og þá langt neðan við 100 m, að svo langt sem nýting hefur hafist verði áfram tryggður réttur þeirra sem þegar hafa hafið þessa nýtingu. Ég minni á þetta með tilliti til þess að mér finnst erfitt að átta sig á því hvað hv. Alþýðubandalagsmenn vilja í raun þegar um sitt hvort þingmálið er að tefla. Mér finnst að þetta þurfi að koma fram af hálfu hv. flm.

Það þarf ekki að minna á að fjölmörg lög byggja á eignarréttarákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. eignarréttinum, friðhelgum grundvallarréttindum.

Frv. sem hér er til umfjöllunar er alls ekki fyrirferðarmikið á þingskjali, en varðar mjög flókið og umfangsmikið efni og hefði í för með sér, að mínum dómi, grundvallarbreytingar ef að lögum yrði. Ég skil að vísu nokkurn veginn hvað vakir fyrir flm. þótt ég sé þeim ekki sammála. Hins vegar skortir allmikið á rökrétt samhengi, hvort heldur litið er til frv. sjálfs eða grg. sem fylgir frv. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, eins og ég hef vikið að áður, að 67. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún er orðuð nú, standi áfram óbreytt. 67. gr. stjórnarskrárinnar er þannig og sakar ekki að minna á það einu sinni enn:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Í 2. mgr. frv. stendur:

„Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þess háttar aðstæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar."

En hvað stendur þarna? Fyrst er sem sagt gert ráð fyrir því að greitt sé fullu verði samkvæmt núverandi ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar sem haldast óbreytt, en síðan eru sett inn ýmis takmarkandi atriði sem eru að mínum dómi mjög óljós, en eigi að síður

viðmiðanir sem augljóslega er ætlað að hafa þau áhrif að ekki verði greitt fullu verði. Þá er spurning hvort þetta orðfæri um takmarkanir sé eins konar hugleiðing um það sem kalla mætti fullt verð — eða hvað er eiginlega átt við? Ég held að það geti enginn mótmælt því að þarna sé ósamræmi á ferðinni.

Það eru enn fremur ýmis atriði í frv. sem mér finnst óljós og þar af leiðandi erfitt að átta sig á í sumum tilvikum hvað átt er við. Auk þess koma sum atriði í frv. ekki heim og saman við sumt það sem í grg. stendur. Það mætti nefna nokkur atriði sem væri eðlilegt að fá nánari skilgreiningu á svo að ekki fari milli mála hvað átt er við með þeim hugtökum sem notuð eru í frv. Hvað eiga flm. t.d. við með „óbyggðum löndum utan heimalanda"? Hver er skilgreining á „sameign þjóðarinnar", „þéttbýlissvæði í næsta nágrenni", að „bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum"? Og hvað er átt við með „beitirétti í óbyggðum"?

T.d. eru óbyggð lönd utan heimalanda, m.a. afréttarlönd, samkvæmt núgildandi lögum oft háð eignarrétti sveitarfélaga eða jarðeigenda. Að mínum dómi ganga því ákvæði 1. gr. lengra en að lýsa sameign þjóðarinnar lönd sem enginn hefur sannanlega átt fram að þessu.

Í grg. segir að staða bænda sé ekki skert. Þetta stangast að mínum dómi algerlega á við það sem fram kemur í frv. því sumt af því sem þar er sett fram er í raun ekkert annað en eignaupptaka. Ég nefni námur í jörðu, jarðhita og orku í rennandi vatni. T.d. hygg ég að flestir séu á því að vatnalög hafi tekið af skarið um vatnsréttindi, að eignarréttur í rennandi vatni hafi verið ljós síðan.

Sú eignaupptaka, sem ég nefndi áðan og frv. felur í sér, varðar að sjálfsögðu fyrst og fremst þau verðmæti sem nýtt hafa verið til þessa.

Ég tel að þegar slík tillögugerð er á ferðinni væri ekki úr vegi að gera athugun á því, þótt ekki vilji ég fullyrða neitt í því sambandi, hvort tillögurnar eru í takt við þá mannréttindasáttmála sem við Íslendingar erum aðilar að. Í frv. er gert ráð fyrir að við eignarnám í þéttbýli sem dreifbýli skuli almennt ekki, eins og það er orðað, taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni o.s.frv. Sem sagt: engin skýr regla.

Í þessu sambandi mætti spyrja af hverju menn megi þá selja aðrar eignir sínar á frjálsum markaði, svo sem íbúðarhús sem eru mjög misjöfn að verði og húseigandinn getur í mörgum tilvikum að engu leyti þakkað sér. Húseignir geta verið miklum mun hærri í verði í einu hverfi en öðru, svo að dæmi sé nefnt, sem á rætur að rekja til legu hverfisins eða utanaðkomandi atriða sem íbúðareigandinn hefur ekkert með að gera, en byggingarkostnaður að sjálfsögðu mjög áþekkur. Og hvað með mismunandi söluverð íbúða í hinum einstöku byggðarlögum og ástæður þess?

Í grg. með frv. er vikið að skoðun fræðimanna varðandi jarðhita. Þar er vitnað til Ólafs Lárussonar og Ólafs Jóhannessonar, þeirra skoðun hefði verið sú að landeigandi ætti ekki rétt til jarðhita niður á hvaða dýpi sem væri og þá mætti með lögum takmarka rétt hans við ákveðið dýpi, t.d. 50—100 m. En þá er það spurning í mínum huga: Hvers konar rök liggja hér að baki?

Álit Ólafs Lárussonar og Ólafs Jóhannessonar miðaðist við allt aðrar aðstæður. Þá var þjóðin að sjálfsögðu á allt öðru tæknistigi en hún er nú á tímum. Þá var nýting á verulegu dýpi ekki orðin raunhæf og orðin snar þáttur í verðmæti lands. Mér finnst þess vegna býsna langt seilst að vitna til kenninga sem settar voru fram fyrir svo löngu, eins og hv. 1. flm. þessa frv. hefur raunar vikið að.

Í mínum huga hlýtur að vakna sú spurning: Af hverju má ekki einstaklingurinn eins og samfélagið í heild njóta aukinna möguleika vegna tækniframfara?

Í síðustu málsgr. frv. segir:

„Með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miða að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum."

Ég staðnæmist sérstaklega við það að bændur haldi „öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum." Er hér í raun átt við eignarrétt eða afnotarétt og þá í hve miklum mæli? Mér finnst ekki koma fram nein skýr regla þarna. Hugtakið „hlunnindi" getur raunar átt við flest þau atriði frv. sem fjallað er um. Og þar sem stendur „á liðnum öldum", þ.e. að bændur haldi „öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum", er alls ekki ljóst hvort átt er við til síðustu aldamóta eða allt til þessa dags, miðað við orðfæri frv.

Ég segi alveg eins og er að vegna þessa og miklu fleiri þátta, sem ég hef raunar þegar vikið að, er ekki nema von að venjulegum mönnum geti skotist við yfirlestur frv.

Þegar eignarréttarákvæði stjórnarskrár okkar og eignarrétt yfirleitt ber á góma er stundum vitnað til hliðstæðra laga í öðrum löndum og er þá ekki síst vitnað til hinna Norðurlandanna. Í þessu sambandi sakar ekki að minna á að bæði Danir og Svíar hafa gætt þess við setningu námulaga t.d. að skerða ekki raunhæf réttindi landeigenda, þ.e. skerða ekki réttinn til raunhæfrar nýtingar sem hafin var við setningu viðkomandi laga. Eignarréttarákvæði dönsku stjórnarskrárinnar hafa í gegnum tíðina staðið að mestu leyti óhögguð, þ.e. varðandi vernd eignarréttarins.

Herra forseti. Ég hef drepið á nokkur atriði þessa frv. Ég geri ráð fyrir að hv. 1. flm. muni vegna þeirra umræðna sem orðið hafa gefa enn fyllri skýringar á einstökum efnisatriðum frv. svo að við hin þurfum ekki að velkjast í neinum vafa um hvað er átt við, ekki síst varðandi hin einstöku hugtök í frv. sjálfu.

Ég sagði í upphafi máls míns að hér væri um flókið mál og umfangsmikið að ræða. Ég hygg að 1. flm. sé mér sammála um það. Af þeim sökum væri vafalaust ástæða til að gera frv. miklu betri skil en ég hef leitast við, en ég læt eigi að síður máli mínu lokið.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Það frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér liggur fyrir er það viðamikið að ástæða væri til að fjalla mjög rækilega um það. Það hefur nú þegar verið drepið á mörg þau atriði sem ég hefði kosið að ræða og ætla ég ekki að endurtaka það. Ég vil einungis segja örfá orð vegna þess hve málið er mikilvægt og stórt. Ég held að í raun og veru sé það allt of stórt til þess að unnt sé að afgreiða það á nokkrum dögum. Þetta er reyndar mál sem snertir það starf sem fram fer að endurskoðun stjórnarskrárinnar og þar af

leiðandi hljóta umræður í þinginu og umfjöllun um það í nefnd að vera til góðs eins, en ég vil taka það strax fram að ég er ekki tilbúinn að afgreiða þetta mál frá þinginu. Ég held að þetta sé eitt af þeim málum sem rétt sé að ræða, en síðan liggi það í salti og gerjist með mönnum. Vonandi verður hafist handa um að koma saman stjórnarskrá fyrir lýðveldið og þá hlýtur endurskoðun á 67. gr. og lögum sem tengd eru henni að koma til rækilegrar athugunar.

Það eru þó nokkur atriði hér sem ég vil minnast á og tel þess eðlis að rétt sé að íhuga miklu betur og útfæra miklu nánar en gert er í frv. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur þegar bent á ýmis þau atriði, en ég held að það séu fleiri sem þyrfti að taka til skoðunar.

Það er í fyrsta lagi varðandi skilgreiningar á hugtökum. Þær virðast vera nokkuð óljósar í 1. gr. Það er talað um að öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teljist sameign þjóðarinnar allrar. Eins og þegar hefur verið bent á er um að ræða það víðtæka skilgreiningu að ég held að ekki verði komist hjá því að fara lagaleiðina að því að afmarka t.d. hvað verðmæti eru, afmarka svæðið utan heimalanda. Það er einnig um að ræða ekki aðeins séreign bænda á jörð eða annarra einstaklinga, heldur einnig og ekki síður yfirráðarétt, nytjarétt og í mörgum vafaatriðum eignarrétt byggðarlaga, hreppa og upprekstrarfélaga.

Þá er einnig spurning varðandi verðmæti á þessum slóðum. Er t.d. átt við að náttúruminjar, sérkennilegir steinar, jafnvel jurtir, hugsanlega fuglar, fuglsegg og annað slíkt, séu þjóðareign? Er hugsanlega átt við að það sé ríkið eitt sem fái að nytja slíkt utan mjög afmarkaðra heimalanda, jafnvel svo að slíkar eignir gætu orðið hagur ríkisins? Ég minnist þess að fyrir þremur árum var unnið talsvert að því að undirbúa menningarmálastefnu Framsfl. og þá kom fram sú hugmynd að ýmiss konar náttúruminjar, t.d. steinar, væru þjóðareign og ríkið hefði einkarétt á vinnslu og sölu slíkra steina. Þetta kom upp í sambandi við hið mikla steinanám sem erlendir ferðamenn hafa stundað hér á landi undanfarin ár. Einnig hefur komið fram sú hugmynd að ríkið t.d. tæki að sér sölu fálkaeggja og annaðist jafnvel uppeldi fálka til sölu. Mér finnst full ástæða til að íhuga slík atriði í sambandi við þetta mál.

En það er þó fyrst og fremst það að þó svo að grein eitthvað í þessa átt verði samþykkt er alls ekki búið að ganga frá afmörkunum þeirra landa sem um er að ræða. Það eru fjölmörg svæði á landinu sem deilt er um og ef slík grein yrði samþykkt á ég von á að hæfust mjög langar deilur og mikil málaferli um hvernig háttað væri eignarrétti á einstökum svæðum.

Þá er einnig eitt atriði sem tengist þessu og það er varðandi nytjaréttinn, t.d. beitarrétt sem ég vil kalla svo. Beitiréttur er orð sem mér fellur ekki alls kostar. Beitarrétturinn er vissulega nytjaréttur og það er spursmál hvort hann er ekki einhvers virði, eins og t.d. hefur komið í ljós í sambandi við virkjanir. Ég held að það hefði engu breytt hver talinn hefði verið eiga landið. Ég held að bætur fyrir slíka skerðingu á hlunnindum hljóti alltaf að koma upp. Það verða alltaf mjög óglögg mörk á milli nytjaréttar og eignarréttar.

Þá má einnig benda á að margs konar reglur um umgengni á landi þurfa alls ekki að vera háðar eignarréttinum. Það er langt frá því að setja þurfi almennar reglur um slíkt út frá eignarréttarsjónarmiðum. Það skiptir í sjálfu sér engu máli hvort um einkaeign er að ræða eða almenningseign. Það gilda þar ákveðnar reglur. Hvað snertir náttúruvernd og annað sem henni tengist skiptir það t.d. engu máli hver talinn er eigandi þess svæðis sem um er að ræða.

Ég held að það sé ekki komið að því að samþykkja slíka tillögu. Ég get í sjálfu sér fallist á að setja þurfi reglur um þessi efni, t.d. um námarétt og orku í fallvötnum. Ég tel sjálfsagt að mjög rækilega verði athugað með að setja mörk um hvert „eignarréttur" á heitu vatni nær og ég get vel hugsað mér að sama verði gert um námarétt og það séu settar þrengri reglur um hann en nú eru í gildi. En þar sem þetta mál tengist endurskoðun stjórnarskrárinnar og ófrágengin eru fjölmörg atriði, og raunar vekur þessi grein, ef að lögum yrði, tvímælalaust fjölmargar spurningar sem eftir er að svara, þá treysti ég mér ekki til að styðja frv. og teldi best að það yrði rætt en ekki afgreitt.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka þeim þm. sem tekið hafa til máls við þessa umræðu fyrir ábendingar þeirra og málefnalegar umræður.

Það kom fram í upphafi hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, sem því miður er ekki staddur í salnum, að Alþýðubandalagsmenn og Alþýðuflokksmenn hefðu ekki borið gæfu til að standa saman um flutning mála af þessu tagi, enda mátti helst skilja á honum að við Alþýðubandalagsmenn hefðum verið með óeðlilegar, ótímabærar og lítilfjörlegar athugasemdir við málflutning þeirra á þessu sviði og af einhverjum einkennilegum ástæðum hefði okkur ekki litist vel á tillögur Alþfl.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um ágreining Alþfl. og Alþb. á þessu sviði. Hann hefur verið fyrir hendi, en er kannske minni nú en áður var. Þegar þetta mál var flutt á sinni tíð, ég hygg að það hafi verið á þinginu 1976 í fyrsta sinn, hafði þáv. þm. Bragi Sigurjónsson flutt frv. um eignarhald á landi. Í þessu fyrsta frv. sem Alþfl. flutti um þetta mál var gert ráð fyrir að ríkið yrði eigandi allra jarða í landinu. Það var að vísu ekki gert ráð fyrir að ríkið tæki jarðirnar þannig af bændum að þeir fengju ekki að nytja þær, en það var gert ráð fyrir því að ríkið yrði eigandi allra jarða. Ég hygg að tillaga okkar á sínum tíma hafi kannske verið komin fram ekki síst til þess að gera alveg ljóst hver væri stefna okkar Alþýðubandalagsmanna í þessu máli. Hún er ekki og hefur aldrei verið sú að ríkið eigi að eignast allar jarðir í landinu. Við vildum einmitt hafa alveg á hreinu að við fylgdum ekki þeirri stefnu Alþfl. að þjóðnýta allt land því að það teljum við alls ekki vera æskilegt viðfangsefni ríkisins, a.m.k. ekki eins og mál standa og hafa staðið. Það er ekkert sem rekur okkur til að standa í slíku. Þvert á móti hyggjum við að fjármunum ríkisins væri miklu betur varið til ýmissa nýtilegra hluta annarra en að kaupa upp jarðir í landinu. Við töldum þetta óskynsamlegar tillögur, gagnrýndum þær verulega, en vegna þess að stefna okkar er eftir sem áður allt önnur en Sjálfstfl. og Framsfl. í þessu máli töldum við nauðsynlegt að gera sem skýrasta grein fyrir henni og því var þetta stjórnarskrárfrv. flutt í fyrsta sinn.

Hv. þm. Eiður Guðnason taldi að það væri kannske eðlilegra að flytja lagafrv. og fá þau í gegnum þingið áður en farið væri að hreyfa við stjórnarskránni. En

ástæðan fyrir því upphaflega að við kusum að flytja þetta stjórnarskrárfrv. og gerum það enn er sú að því hefur verið haldið fram að í þessum aðgerðum gæti falist eignarnám, þ.e. það væri hugsanlegt að verið væri að taka af mönnum eitthvað það sem þeir teldu sig hafa átt. Því teljum við nauðsynlegt og eðlilegt að skipa þessum málum í stjórnarskrá og að þjóðin taki sér þennan rétt í heild á þeim málefnalega grundvelli að hún hafi átt þennan rétt nokkurn veginn allan og Alþingi marki stefnuna í þágu þjóðarinnar með breytingu á stjórnarskránni.

Það er að vísu alveg rétt, sem kom fram hjá hv. seinasta ræðumanni, að hægt er að halda því fram að verið sé að svipta bændur einhverjum rétti með samþykkt þessa stjórnarskrárfrv. T.d. er ljóst að það er umdeilt hversu langt jarðhiti nær niður í jörðina. Það má hugsa sér að bændur haldi því fram að þeir eigi jarðhita fyrir neðan 100 m dýpi. Sé svo telja þeir vafalaust að það sé verið að taka af sér ákveðinn rétt með því að ákveðið sé að þjóðin eigi rétt fyrir neðan 100 m dýpi.

Nákvæmlega það sama gildir um orku í rennandi vatni. Þetta er umdeilt. Réttur til orku í rennandi vatni er umdeildur. En áreiðanlega eru þeir menn til sem telja sig eiga meiri rétt en þann sem í þessu frv. felst.

Það atriði sem hins vegar er kannske einna mest takmarkandi eru námurnar í jörðu. Þar er um að ræða augljósa og skýra breytingu á eignarrétti miðað við það sem er í gildandi lögum.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson hélt því fram að frv. sem hér er flutt væri með öðrum hætti en tillögur sem ég og meðnm. minn í stjórnarskrárnefnd, Ólafur Ragnar Grímsson, höfum flutt í nefndinni og gerð hefur verið grein fyrir hér á Alþingi og í plöggum frá stjórnarskrárnefnd. Þetta er hins vegar misskilningur. Þetta er nákvæmlega sama tillagan. Hún er nokkurn veginn alveg eins orðuð, eins og reyndar kom fram hjá hv. þm. Munurinn felst m.a. í því að stjórnarskrárnefnd í heild tekur þarna upp eina setningu sem var í okkar stjórnarskrárfrv., þ.e. um það að landsmönnum sé öllum tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Eftir að búið er að taka þá tillögu inn í sameiginlegu tillöguna fellur hún auðvitað út í tillögum okkar Alþýðubandalagsmanna.

Annar munur sem er á tillögunum er sá að í tillögunum frá stjórnarskrárnefndinni er bara talað um eignarrétt á jörðum, að eignarréttur á jörðum haldist, en í þessari tillögu talað um að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum. Þetta er auðvitað bita munur en ekki fjár, orðalag sem engu breytir. Ég hygg að það sé rétt athugað hjá hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni að orðalagið sé betra í tillögunum sem við lögðum fram í stjórnarskrárnefndinni. Ástæðan fyrir því að við höldum ekki því orðalagi í þessari tillögu er ósköp einfaldlega sú að við erum að flytja óbreytta tillögu sem við fluttum fyrir nokkrum árum. En efnismunur er enginn þannig að þetta skiptir ekki neinu máli.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson lagði áherslu á, og það kom reyndar fram hjá hv. seinasta ræðumanni, Haraldi Ólafssyni, að hugtök í frv. væru óljós og þyrftu nánari skilgreiningar við. Ég bendi hv. þm. á það, þó að ég vilji ekki kasta neinni rýrð á ábendingu þeirra, að í stjórnarskrá landsins er alltaf töluvert af hugtökum sem eru ekki fullkomlega skýr og ljós ein sér. Þau eru ekki skýrð í stjórnarskrá. Þau eru þar. Síðan er það löggjafans að túlka þau og setja lög á grundvelli stjórnarskrárinnar og dómstólanna, ef ágreiningur kemur upp, að dæma um hvort hugsanlegt er að orðalag laga brjóti í bága við þau hugtök sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Þetta stafar af þeirri einföldu ástæðu að stjórnarskráin inniheldur meginatriði og gefur sér ekki tóm til að skilgreina eða útskýra einstök hugtök.

Ég nefni hugtak eins og „fjárreiður ríkisins" sem kemur fyrir í stjórnarskránni. Er ekki alveg ljóst að þar er um nokkuð teygjanlegt hugtak að ræða, hugtak sem verður að skilgreina í lögum? Eða hugtakið „náttúra landsins" sem kemur fyrir í tillögum stjórnarskrárnefndarinnar. Það er svo sannarlega mjög teygjanlegt hugtak og ekki fullkomlega ljóst hvar markalínur liggja þar. En þannig verður þetta að vera í plaggi sem ekki er ætlast til að sé mjög smáatriðakennt.

Ég tek enn eitt dæmi. Það segir í stjórnarskránni og hefur staðið þar frá 1974: „Heimilið er friðheilagt." En hvað er heimili? Ekki fer stjórnarskráin út í að útskýra það. Er það bílskúrinn? Er það heimilið? Er það litla kjallaraherbergið þar sem eintómt drasl er geymt? Er það sorptunnugeymslan? Er það garðurinn fyrir utan hjá mönnum? Auðvitað getur stjórnarskrárgjafinn ekki farið í að útskýra þetta í smáatriðum. Það er löggjafans og dómstólanna að skýrgreina hugtök af þessu tagi.

Eða hugtakið „vopnlaus". Menn eiga rétt til þess að koma saman vopnlausir. Hvað er að vera vopnlaus? Er maður vopnlaus ef hann er með vasahníf í vasanum o.s.frv.?

Þetta eru allt hugtök sem eru þess eðlis, og af þeim úir og grúir í stjórnarskránni, að löggjafinn verður að skilgreina þau betur. Þess vegna segir einmitt í þessari till.:

„Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum."

Þá er sem sagt ekki átt við það að önnur atriði en þau sem nefnd eru í tillgr. skuli háð lagasetningu, heldur einnig að um þessi atriði öll skuli sett lög í samræmi við þá stefnumörkun sem í tillgr. felst.

Virðulegi forseti. Ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem hér hafa komið með nokkrar ábendingar. Ég tel að þær beri þess vott að menn eru reiðubúnir að ræða málið frekar, viðurkenna að hér er um stórmál að ræða, viðurkenna að á þessu sviði er mikil réttaróvissa, að það ber brýna nauðsyn til að koma þessum málum betur á hreint en gert hefur verið. Ég fagna því að í ummælum manna, sem um málið hafa rætt, kemur fram að menn skilja nauðsyn þess að þessi mál séu tekin föstum tökum. Því vona ég sannarlega að málið verði nánar rætt í þingnefndinni sem málið fær til meðferðar. Ég hef þegar lagt til, forseti, að málinu verði vísað til allshn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hv. 1. flm. hefur komið inn á nokkur þau atriði sem ég vék að í minni ræðu, en þó ekki nándar nærri öll. Hins vegar er ég ekki viss um að ég hirði um að elta ólar við þau atriði eða fá frekari skýringar af hálfu 1. flm. og frsm. á þeim atriðum.

Þegar hv. þm. Ragnar Arnalds víkur að því að mörg atriði í stjórnarskrá verði fremur skýrð í lögum en annars staðar vil ég ítreka það, sem ég átti fyrst og fremst við um skýringar hugtaka, að hv. flm. leitaðist við í sínum málflutningi þótt ekki væri nema að viðra að

hluta til skýringar á hugtökum. Mér dettur ekki í hug að ætlast til þess að hv. flm. setji fram skilgreiningar á einstökum efnisatriðum. Þó tel ég nauðsynlegt, ekki síst til þess að átta sig á samhengi frv., að ákveðin atriði séu nokkuð ljós. Það er einmitt þess vegna og ekki síst þess vegna sem ég spurði um nokkur atriði. Ég hefði kosið að hv. 1. flm. og frummælandi hugleiddi t.d. hér í pontu hvað væru „þéttbýlissvæði í næsta nágrenni".

Nú hefur verið að því vikið af öðrum en mér að þetta frv. ætti að koma til umfjöllunar, sem það hefur þegar gert, og ætti að fjalla um það í nefnd, en síðan eigi það að liggja í salti. Ég geri ráð fyrir að hv. 1. flm. sé á öðru máli um það. Ég hygg að menn flytji þingmál í því augnamiði að þau nái eitthvað lengra. (**RA:** Þetta orð skýrir sig alveg sjálft.) Já, það má vel vera.

Enn fremur stendur hér „óveruleg áhrif til verðhækkunar". Þetta er þannig orðað: „Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þess háttar aðstæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar."

Ég minnti á í minni fyrri ræðu atriði sem að nokkru leyti gæti talist hliðstæða í þessu efni. Ég minnti á misjafnt íbúðarverð í landinu, ekki einasta milli landshluta, milli byggðarlaga, heldur jafnvel t.d. á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þessar eignir ganga kaupum og sölum og er ekkert við því að segja. Ég fullyrði að í mjög mörgum tilvikum nýtur einstaklingurinn við sölu á íbúð eða íbúðarhúsi verðhækkunar á sinni íbúð m.a. með tilliti til staðsetningar íbúðarinnar sem hann í sjálfu sér hefur ekkert haft með að gera. Ýmis atriði önnur geta að sjálfsögðu valdið breytilegu verði á íbúðum sem íbúðareigandinn hefur ekkert haft um að segja, t.d. uppbygging mikilvægra þjónustumiðstöðva í nágrenni við viðkomandi íbúð sem leiðir til allverulegrar verðhækkunar. Og eins og ég minntist á áðan: Hvað um mjög mismunandi verð íbúða milli byggðarlaga? — Nú víkur 1. flm. úr salnum og er þá erfiðara að ræða frv.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð. Ég tek undir það sem hv. þm. Haraldur Ólafsson vék að. Auðvitað verður fjallað um þetta í nefnd. Hins vegar væri æskilegra að þegar slík stórmál eru á dagskrá létu fleiri þm. til sín taka við umfjöllun þeirra. Hér er ekkert smámál á ferðinni heldur mál sem varðar að mínum dómi grundvallarréttindi manna.

Því miður eru enn ýmis atriði frv. óljós og ég hygg að þau séu óljós fyrir fleirum en mér. En ég læt þetta nægja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 2. des., að loknum 20. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv. 65. mál (þskj. 67). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 179).

Neðri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 114. mál (þskj. 125). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 125 um endurmat á störfum láglaunahópa. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristín S. Kvaran, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Bjarnason og Pétur Sigurðsson.

Markmið þessa frv. er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að hafa langt mál um þetta frv. Það er þekkt hér í þingsölum og hefur verið til umfjöllunar á þingi 1983 og 1984.

Tilgangurinn með flutningi frv. ætti öllum að vera augljós. Við búum við mikið óréttlæti í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Í kjarasamningum og allri umræðu um kjaramál vantar alla yfirsýn yfir tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu og í raun er iðulega reynt að leiða hjá sér að tala um kjarna þess vandamáls sem við er að glíma. Þó tekjujöfnun virðist iðulega vera aðalatriðið í kjarasamningum þá er umræðan og niðurstaðan oft sú að deilt er um örfá prósentustig til eða frá en aldrei rætt um kjarna vandans.

Það sem einkum hefur þróað óþolandi tekju- og launamismun milli þeirra hæst launuðu og láglaunahópanna er einkum það að ákvörðunarvaldið um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu er meira og meira farið að færast einhliða yfir á atvinnurekendaborðið. Staðreyndin er sú að aðeins er tekin ákvörðun um hluta þess sem til skiptanna er við kjarasamningaborðið. Stór hluti tekjuskiptingarinnar er ákvarðaður einhliða af atvinnurekendum og þegar málum er þannig háttað er ljóst að láglaunahóparnir í þjóðfélaginu verða þar út undan.

Annað gerist einnig. Enginn þekkir í raun hina eiginlegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Því eru það meira og minna handahófskenndar ákvarðanir sem teknar eru varðandi launamálin og þegar upp er staðið eru það oftast þeir sem lægst hafa launin sem undir verða. Það virðist vanta allar forsendur, þekkingu og yfirsýn yfir þann frumskóg sem kjaramálin og launamálin almennt eru komin í og ákvarðanir um tekjuskiptinguna byggjast á.

Verkalýðshreyfingin virðist gera sér grein fyrir þess-

ari þróun en það er eins og forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar séu feimnir við að ræða hana, feimnir við að ræða það að þeir kauptaxtar sem um er samið í samningum, sem oft tekur langan tíma að ná fram og iðulega með verkföllum, eru kauptaxtar um kjör þeirra allra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Aðrir semja um sín kaup og kjör sjálfir við sína atvinnurekendur.

Þegar svo er komið er það hlutverk stjórnvalda, eins og hér er lagt til, að benda á eins og kostur er staðreyndir í þessu máli og leggja grunn að þeim upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að stokka launakerfið upp á nýtt. Slík rannsókn og könnun, sem lagt er til með þessu frv. að fari fram, hlýtur að vera forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að taka á þessum málum. Slík rannsókn og könnun hlýtur að hafa mikið upplýsingagildi fyrir aðila vinnumarkaðarins og vera leiðbeinandi um það hvernig best sé að haga samningum um kaup og kjör og rétta hlut þeirra sem lægst hafa launin. Með þessu frv. er einnig hægt að fá fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stjórnvöld því á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir hvaða aðferðum sé hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá fram mat sérfróðra aðila á því hvort störf láglaunahópanna, og þá ekki síst hefðbundin kvennastörf í þjóðfélaginu, séu óeðlilega lágt metin miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Sérstaklega skal athuga hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ýmissa krefjandi eðlisþátta í vinnuframlagi láglaunahópanna við ákvörðun á kauptöxtum og flokkaröðun.

Nauðsynlegt er einnig að fá fram samanburðarmat á því hvort ekki hafi þróast hér óeðlilegt tekjubil milli starfsstétta í þjóðfélaginu eða hvort launakjör einstakra hálaunastétta eða hærra launaðra stétta í þjóðfélaginu séu í eðlilegu samræmi við laun láglaunahópanna og vinnuframlag þeirra til þjóðarbúsins.

Til þess að hægt sé að leggja á það réttlátt mat þarf að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Ég hef ítrekað bent á það hér á hv. Alþingi að nauðsynlegt sé að fá fram hvað yfirborganirnar, kaupaukarnir, ómælda yfirvinnan, bílastyrkirnir og duldu greiðslurnar á vinnumarkaðinum séu mikill hluti af raunverulegum vinnutekjum í þjóðfélaginu, hver sé hlutur láglaunahópanna í því sem greitt er fram hjá kjarasamningum og hvort reyndin sé ekki orðin sú að að stærstum hluta sé það ófaglærða verkafólkið og konurnar sem sitja eftir á töxtunum og hlutdeild þeirra í yfirborgunum og kaupaukunum sé lítil.

Forsenda þess að hægt sé að koma á sanngjarnri tekjuskiptingu er að fá þessar upplýsingar fram. Á annan hátt sé ég ekki að hægt sé að jafna með skynsamlegum hætti tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Ég tel, herra forseti, að ég sé komin að kjarnanum varðandi misréttið í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og hvers vegna hlutur láglaunahópanna sé fyrir borð borinn. Í hverjum einustu kjarasamningum er um það rætt og lögð á það höfuðáhersla að rétta þurfi sérstaklega hlut þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. En hver er staðreyndin sem við blasir? Hún er sú að það eru fyrst og fremst láglaunahóparnir í þjóðfélaginu, launþegarnir sem síst skyldi sem lifa hafa þurft á strípuðum kauptöxtum sem samið er um við samningaborðið, sem hafa þurft að bera gífurlegar byrðar vegna kjaraskerðinga undanfarinna ára. Þær fréttir sem nýlega komu fram í fjölmiðlum staðfesta þetta. Þar kom fram að miðað við kauptaxta hafi orðið 8—9% kaupmáttarrýrnun, að mig minnir, frá 1983, en sé miðað við launaskriðið, kaupaukana og yfirborganirnar hafi orðið 2—3% kaupmáttaraukning hjá þeim sem þess njóta.

Hvað segir þetta okkur? Fyrst og fremst það að það er markleysa sem atvinnurekendur halda fram að atvinnuvegirnir þoli ekki að greiða launafólki hærra kaup. Það er hrein markleysa miðað við það að yfirborganir og launaskrið hefur aukist samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar.

Þetta segir okkur líka aðra sögu og staðfestir það, sem ég hef haldið látlaust fram í sölum Alþingis á undanförnum árum, að sú tilhögun sem viðhöfð er varðandi tekjuskiptinguna og í samningum kemur verst niður á þeim sem síst skyldi, láglaunafólkinu. Upp úr hverjum manni stendur í öllum samningum að bæta eigi nú sérstaklega kjör láglaunahópanna. Kannske er niðurstaðan sú að samið er um einhverjar sérstakar láglaunabætur, einhverja nánös, kannske 2, 3, 4% umfram almennar launahækkanir.

En hvað skeður svo? Atvinnurekendurnir barma sér sáran yfir því að þurfa að greiða hærri laun og allt á að fara norður og niður í þjóðfélaginu ef minnst er á að rétta hlut láglaunafólksins. Dregnar eru fram skýrslur hvers hagspekingsins á fætur öðrum, hagspekinga Vinnuveitendasambandsins og ríkisstjórnarinnar, um afleiðingar þess að bæta kaupmátt launþega: Verðbólgan á að rjúka upp úr öllu valdi og ekkert blasa við annað en gjaldþrot atvinnuveganna ef bæta á kjör láglaunafólksins við samningaborðið. Forkólfar Vinnuveitendasambandsins birtast ábúðarfullir í fjölmiðlum og lýsa fyrir láglaunafólkinu hvernig það leiki atvinnureksturinn ef hækka eigi laun þeirra. Ráðherrar birtast í fjölmiðlum og tala um hvernig hækkun launa muni leika efnahagslífið og með kröfum launafólks sé líka atvinnuöryggi þess og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í voða. Þennan söng hefur láglaunafólkið þurft að hlusta á ár eftir ár, láglaunafólkið sem ekki á fyrir brýnustu nauðþurftum frá degi til dags. Það er ekki til meira til skiptanna, segja atvinnurekendur og ríkisvaldið. Verðbólgan fer í 100% ef gengið er að kröfunni um að þið haldið kaupmætti ársins 1982 eða 1983. Og hvað skeður? Verkalýðsforustan lúffar fyrir þessum áróðri og samið er um einhverja nánös, einhver örfá prósentustig fyrir láglaunafólkið.

Síðan fer hjólið að snúast. Atvinnurekendur, sem trúverðugir hafa komið fram í fjölmiðlum og sagt að það sem til skiptanna sé verði að fara til láglaunafólksins, það eigi að hafa forgang, þeir virðast allt í einu aflögufærir og greiða launaauka og yfirborganir, duldar greiðslur, bílafríðindi og allt hvað heiti hefur eftir sínum eigin geðþótta til einhverra útvaldra starfsmanna. Staðreyndin er nefnilega sú að verkalýðsforustan lætur það þegjandi yfir sig ganga að atvinnurekendavaldið er einhliða farið að ráða stærstum hluta tekjuskiptingarinnar í þjóðfélaginu. Verkalýðsforustan lætur það þegjandi yfir sig ganga að í þessum skrípaleik um tekjuskiptinguna ræður hún minnstu um það hvernig því er skipt sem til skiptanna er til launafólks í þjóðfélaginu. Það eru atvinnurekendurnir en ekki verkalýðsforustan sem ræður ferðinni.

Og hver er afleiðingin? Jú, láglaunafólkið verður

undir og verkalýðsforustan, sem á að vera umbjóðandi og samningsaðili launafólks í landinu, er í raun og veru aðeins samningsaðili fyrir láglaunastéttirnar í landinu, fólkið sem lifa þarf af hungurtöxtunum sem samið er um við samningaborðið. Aðrir, þeir betur settu í þjóðfélaginu, semja um sín kjör sjálfir.

8—9% kaupmáttarrýrnun á undanförnum tveimur árum hjá þeim sem lifa þurfa af kauptöxtunum og síðan 2—3% kaupmáttaraukning hjá þeim sem njóta yfirborgana og annars slíks umfram taxta er staðfesting á því í fyrsta lagi að tilhögun samninga, vinnubrögð í samningum og baráttuaðferðir verkalýðshreyfingarinnar eru ónýt tæki í baráttunni fyrir bættum kjörum láglaunafólksins. Í öðru lagi: Verkalýðshreyfingin er aðeins samningsaðili fyrir þá allra lægst launuðu í landinu, fólkið sem lifa þarf af kauptöxtunum. Í þriðja lagi: Það er hrein markleysa að ekki sé meira til skiptanna en samið er um við samningaborðið; það staðfestir launaskriðið. Í fjórða lagi: Atvinnurekendavaldið er farið að ráða einhliða að eigin geðþótta stærstum hluta af því sem til skiptanna er í þjóðfélaginu. Og í fimmta lagi: Það er láglaunafólkið, láglaunastéttirnar, verkamennirnir, verkakonurnar, ófaglærða fólkið á kauptöxtunum sem fyrst og fremst hefur mátt þola hrikalega kjaraskerðingu og á það hafa verið lagðar þyngstar byrðar vegna efnahagsóstjórnar undanfarinna ára. Aðrir, sem náðar njóta hjá atvinnurekendum, hafa fengið sína kjaraskerðingu bætta með yfirborgunum, launaaukum, duldum greiðslum, sem ekki virðast þola dagsins ljós.

Spyrja má í framhaldi af þessu þegar atvinnurekendur og stjórnvöld eru samdóma í því áliti að eigi að bæta launafólki upp kjaraskerðingu liðinna ára þá fari efnahagslífið úr böndum og verðbólgan æði yfir 100%: Er það eingöngu það sem samið er um yfir samningaborðið sem veldur aukinni verðbólgu? Ekki þær ómældu fúlgur sem greiddar eru undir borðið, sem þola ekki dagsljós og enginn má segja frá, upphæðirnar sem fara í launakostnað hjá atvinnurekstrinum í formi yfirborgana, launaauka, bílafríðinda og þess háttar? Spyrja má: Veldur launaskrið ekki verðbólgu? Hve mikil er sú verðbólga sem rekja má til launaskriðs, til þess hluta af tekjuskiptingunni sem atvinnurekendur ráða einhliða að eigin geðþótta? Spyrja má þegar atvinnurekstrinn er að réttlæta verðhækkunarbeiðnir sínar á vöru og þjónustu: Er þá launaskriðið, yfirborganirnar, sem þeir ráða einhliða, inni í þeim útreikningum sem valda verðlagshækkun á vöru og þjónustu? Er staðreyndin sú að launafólk, sem lifa þarf af kauptöxtunum, standi síðan frammi fyrir því að bera uppi launaskriðið, yfirborganirnar, duldu greiðslurnar og fríðindin, sem atvinnurekstrinn ákvarðar einhliða, að láglaunafólkið á töxtunum þurfi líka að standa undir launaskriðinu í formi hækkunar á vöru og þjónustu?

Við skulum líka átta okkur á því hvaða hópar það eru sem lifa þurfa á kauptöxtunum eingöngu. Það er ófaglærða fólkið, verkamennirnir og verkakonurnar, konurnar í heilbrigðisstéttunum, Sóknarkonurnar á spítölunum, Iðjukonurnar, konurnar í Framsókn, kennararnir, konurnar í uppeldisstéttunum. Enda er svo komið að í mörgum af þessum láglaunastéttum er orðið erfitt að fá fólk til starfa. Fólkið sem stundar þessi störf er farið að flýja stéttirnar.

Í hnotskurn er það fyrst og fremst ófaglærða fólkið og konurnar sem þurfa að bera byrðarnar. Mikið er talað um launamisrétti kynjanna sem er staðreynd. Hvaða afleiðingu hefur það haft að atvinnurekstrinn hefur einhliða komist upp með að ráða stórum hluta tekjuskiptingarinnar? Við getum litið á upplýsingar frá kjararannsóknarnefnd og borið saman hreint tímakaup kvenna og karla í ýmsum starfsgreinum. Hreint tímakaup ætti að gefa rétta mynd af launamisréttinu því hreint tímakaup er laun án orlofs fyrir dagvinnu að viðbættum hvers kyns aukagreiðslum svo sem yfirborgunum, fæðis-, ferða-, fata- og verkfærapeningum. Þessi stærð, eins og segir í fréttabréfi kjararannsóknarnefnar, er hlutur dagvinnu í meðaltímakaupi.

Hvað kemur í ljós ef hreint dagvinnukaup kvenna og karla er borið saman? Jú, eftirfarandi kemur í ljós: Konur sem vinna við almenn afgreiðslustörf í dagvöruverslunum þurfa að vinna 444 dagvinnustundum lengur á ári til að ná ársdagvinnutekjum karla fyrir almenn afgreiðslustörf. Konur í vefjariðnaði þurfa að vinna 252 dagvinnustundum lengur á ári til að ná ársdagvinnutekjum karla í vefjariðnaði. Konur sem eru verslunarstjórar þurfa að vinna 1056 dagvinnustundum lengur á ári til að hafa sömu árstekjur í dagvinnu og karlar sem eru verslunarstjórar. Konur við almenn skrifstofustörf þurfa að vinna 480 dagvinnustundum lengur á ári til að ná ársdagvinnutekjum karla við almenn skrifstofustörf. Ófaglærð saumakona þarf að bæta við sig 444 dagvinnustundum á ári til að ná ársdagvinnutekjum ófaglærða trésmiðsins. Þetta dæmi lýsir vel hvernig hefðbundið kvennastarf er vanmetið til launa. Konur í verksmiðjuvinnu þurfa að vinna 264 dagvinnustundum lengur á ári til að ná dagvinnutekjum karla við verksmiðjuvinnu. Konur í pakkhúsum þurfa að vinna 192 dagvinnustundum lengur á ári til að ná ársdagvinnutekjum karla við pakkhúsvinnu. Kona í byggingarvöruverslun þarf að vinna 552 aukadagvinnustundir á ári til að ná árstekum karlsins sem vinnur við hlið hennar í byggingarvöruverslun.

Í þessum samanburði er tekið hreint tímakaup í dagvinnu á öðrum ársfjórðungi 1985 samkvæmt upplýsingum og útreikningum frá kjararannsóknarnefnd. Ef reiknað er út meðaltal launamismunar hjá samtals átta konum, þ.e. einni úr hverri þeirra starfsgreina sem ég hef hér tilgreint, hafa þessar átta konur samtals 480 þús. kr. minni árstekjur en átta karlar sem vinna við hlið þeirra í sömu starfsgrein. Meðaltalið er því um 60 þús. kr. launamismunur á hverja konu á ári. Ef við gerum ráð fyrir að ofangreindar forsendur endurspegli meðaltal af þeim launamismun sem ríkir milli kynjanna á vinnumarkaðinum og reynum að nálgast eftir þeirri leið um hve háa fjárhæð er að ræða í launamismun hjá konum og körlum á hverju ári í þjóðfélaginu er hægt að gefa sér þá forsendu að nú eru í fernum stærstu heildarsamtökum launafólks 40 000 konur. Ef við gefum okkar að fjórði hluti þeirra, 10 000 konur, búi við launajafnrétti er meðaltal launamismunar hjá þeim 30 000 konum, sem eftir standa, það sem að ofan greinir. Lætur þá nærri að hafðar séu af konum á hverju einasta ári um 1800 millj. kr.

Ég tel að þessar tölur gefi nokkuð sterka vísbendingu um það í fyrsta lagi, að það eru himinháar fjárhæðir sem hafðar eru af konum árlega vegna þess að launajafnréttið er ekki virt í þjóðfélaginu. Í annan stað segja þessar tölur okkur hver er afleiðing þess að atvinnurek-

endur eru jafnt og þétt að sölsa til sín einhliða ákvörðunarvald yfir hvernig því sem til skiptanna er er skipt í þjóðfélaginu. Verkalýðshreyfingin verður að horfast í augu við það að hún ræður þar orðið litlu um. Verkalýðshreyfingin, sem á að vera sterkt og kröftugt baráttutæki launafólks í landinu, lokar augunum fyrir þessari þróun; hún horfir aðgerðarlaus upp á þá þróun sem átt hefur sér stað.

Á undanförnum árum hef ég gert ýmsar tilraunir hér á Alþingi með flutningi þáltill., frumvarpsflutningi og fleiru til að fá menn til að takast á við þann vanda að leiðrétta tekjuskiptinguna. Að vísu viðurkenna ýmsir nauðsyn þess að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu og á Alþingi var m.a. samþykkt tillaga þar að lútandi. En þegar til framkvæmdanna kemur draga menn lappirnar. Bæði stjórnvöld og verkalýðshreyfingin hafa verið mjög lin í þessu máli. Ég minnist þess t.d. ekki að hafa séð í ályktunum heildarsamtaka launafólks kröfuna um að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Það er athyglisvert að í umsögnum sem borist hafa félmn. Nd., sem haft hefur þetta frv., sem hér er til umræðu, til umfjöllunar á síðasta þingi og þinginu þar áður, eru það einkum láglaunahóparnir í þjóðfélaginu sem leggja höfuðáherslu á samþykkt frv. Þar má nefna verkakvennafélagið Framsókn, starfsmannafélagið Sókn, Fóstrufélag Íslands, Félag íslenskra sjúkraþjálfara og fleiri aðila. Sjö stéttarfélög, sem umsagnir hafa sent um þetta mál, lýsa jákvæðri afstöðu til efnis frv. og mæla með samþykkt þess, en þó að í umsögnum heildarsamtaka launafólks eins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þá sérstaklega Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands sé lýst nauðsyn á að fram fari ítarleg úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu hafa sérstaklega VSÍ og ASÍ efasemdir um einstakar greinar frv. Eins er á það að benda að kvennasamtökin í landinu, svo sem Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Framkvæmdanefnd um launamál kvenna svo og Jafnréttisráð, lýsa öll jákvæðu viðhorfi til efnis frv. og mæla með samþykkt þess, svo og Farmanna- og fiskimannasambandið.

Hvort sem það er vísvitandi eða ekki tel ég að í umsögnum ASÍ og VSÍ gæti verulegs misskilnings varðandi efni þessa frv. og tilgang þess. Þess misskilnings virðist gæta í umsögnum þessara aðila að fari slík úttekt fram á tekjuskiptingu og launakjörum, eins og frv. gerir ráð fyrir, og í kjölfar þess endurmat á störfum láglaunahópanna, sem framkvæmt yrði af sérfróðum aðilum í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati, verði slíkt starfsmat ákvarðandi um launakjör fyrir aðila vinnumarkaðarins. Þetta er alrangt, eins og fram kemur í grg. með frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Hér er vissulega um erfitt, viðkvæmt og vandasamt verkefni að ræða, en engu að síður er orðið knýjandi og brýnt að í það sé ráðist. Ef vel tekst til hjá nefndinni gætu niðurstöður hennar orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf. Auk þess hefði niðurstaða nefndarinnar mikið upplýsingagildi og gæti verið leiðbeinandi" — leiðbeinandi, segir í grg. — „við gerð kjarasamninga og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta kjör hinna lægst launuðu."

Hér er beinlínis tekið fram að endurmat það sem fram á að fara eigi að vera leiðbeinandi við gerð kjarasamninga en ekki að niðurstaða nefndarinnar skuli gilda sem ákvörðun um launahlutföll í landinu.

Herra forseti. Á tveim síðustu þingum þegar frv. þetta var til fyrstu umræðu í hv. deild hafði ég mjög ítarlega framsögu um frv. Ég tel því ekki ástæðu til þess að hafa um málið ítarlegri framsögu nú en vísa þess í stað til þeirra umræðna sem orðið hafa um þessi mál hér á þinginu áður.

Frv. þetta hefur ekki hlotið afgreiðslu úr nefnd. Ég ítreka hve brýnt er orðið að Alþingi taki afstöðu í þessu máli. Tel ég, miðað við það öngþveiti sem kjaramálin eru komin í, að það sé beinlínis skylda og hlutverk stjórnvalda að upplýsa eins og kostur er um staðreyndir varðandi tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu og leggja grunn að þeim upplýsingum sem þurfa að vera fyrir hendi til að hægt sé að stokka upp launakerfið að nýju og bæta kjör láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég mun ekki fara út í efnislega umræðu um þetta mál sem nú er flutt á Alþingi þriðja árið í röð en vísa í ræður okkar Kristínar Halldórsdóttur hv. þm. síðastliðin tvö ár í þessu máli.

Þetta mál er svo sjálfsagt að kanna og upplýsa að það er með eindæmum undarlegt að það skuli ekki hafa fengið framgang hér á þingi, hvað þá komist úr nefnd, og ég velti því fyrir mér af hverju þessi fyrirstaða stafar. Vilja þingmenn ekki stuðla að því að leiðrétta það launamisrétti sem konur búa við? Hvað óttast þeir? Hvaða tregðulögmál ræður hugsunum þeirra og gerðum? Ég skora á hv. þm. að vakna nú af hægum blundi sínum svo að þeir geti orðið vitni að þeirri hreyfingu í þjóðfélaginu sem er meðal kvenna og þeim háværu kröfum sem þær gera um leiðréttingu á kjörum sínum og stöðu. Hv. þm. eru fulltrúar nútímans, ekki fortíðarinnar. Þeir hljóta því að verða að svara kröfum tímans. Því hvet ég þá til að tryggja þessu máli brautargengi í þinginu. Allt er þá þrennt er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Geislavarnir, stjfrv. 151. mál (þskj. 165). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Á árinu 1982 var þess farið á leit við Sigurð M. Magnússon, þáv. forstöðumann Geislavarna ríkisins og núv. forstöðumann geislavarnadeildar Hollustuverndar ríkisins, að hann gerði tillögur að nýrri löggjöf um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum eða geislatækjum en gildandi lög eru frá árinu 1962. Síðan þá hafa breytingar orðið örar á þessu sviði, ekki síst eftir aukna notkun annars konar geisla en jónandi geisla en þeir geislar hafa verið nefndir, eins og að líkum lætur, ekki-jónandi geislar. Sem dæmi um slíka geisla má nefna þá er fylgja notkun sólarlampa og örbylgjuofna en notkun þessara tækja hefur stóraukist á undanförnum árum eins og öllum er kunnugt. Enn fremur hefur mjög fjölgað tækjum er framleiða jónandi geisla, ekki síst við ýmiss konar styrktarmælingar á

mannvirkjum, en þar er um að ræða svonefnd nifteindatæki sem gefa frá sér miklu meiri geisla en áður þekktust. Er því fyllsta þörf á aukinni aðgát og auknu eftirliti á þessu sviði enda víst að geislavirk tæki eiga í auknum mæli eftir að ryðja sér til rúms hér á landi. Þótt gildandi lög verði varla talin gömul í árum talið fer samt ekki á milli mála að þau eru á margan hátt orðin úrelt ef sérstaklega er litið til þeirra þátta sem þau fjalla um og gera þau frábrugðin öðrum lögum. Því er brýnt að endurskoða þau í heild. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um sjálft þetta frv. sem hér liggur fyrir, en því fylgja mjög skilmerkilegar athugasemdir, frv. er samið í ráðuneytinu að höfðu samráði við forstöðumann deildarinnar, Sigurð M. Magnússon. Eigi að síður vil ég drepa sérstaklega á eitt atriði en það snertir framkvæmd geislavarnaeftirlitsins.

Með gildistöku laga nr. 50 frá 1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, voru Geislavarnir ríkisins lagðar niður sem sérstök stofnun og mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins falin verkefni stofnunarinnar. Þetta reyndist misráðið eins og fljótlega kom í ljós. Þetta leiddi til lagabreytinga vorið 1984 þar sem kveðið var á um að stofnunin skyldi falin sérstakri deild, einni af fjórum deildum, en þetta frv. gengur feti lengra. Hér er lagt til að geislavarnir verði í höndum sérstakrar stofnunar enda er starfsemin að verulegu leyti frábrugðin annarri starfsemi Hollustuverndar ríkisins eins og raunar glöggt má sjá í athugasemdum með þessu frv. Það eru annars konar rannsóknir sem þar fara fram og fleira er ólíkt þannig að mjög örðugt er að koma við samnýtingu á ýmiss konar aðstöðu fyrir þessa starfsemi og aðra á vegum Hollustuverndar.

Eitt veigamesta atriðið sem greinir þarna á milli snertir sjálfa eftirlitsstarfsemina. Hollustuvernd ríkisins er að lögum ekki ætlað frumeftirlit, eða það sem kallað hefur verið beint eftirlit, í upphafi starfa nema í undantekningartilvikum. Heilbrigðiseftirlitið er í höndum sveitarfélaganna á þeirra kostnað og ábyrgð undir yfirumsjón og samhæfingu Hollustuverndar ríkisins. Geislavarnaeftirlitið er hins vegar í höndum Geislavarna Hollustuverndar ríkisins og að verulegu leyti kostað af sértekjum, þ.e. eftirlitsgjöldum sem lögð eru á eftirlitsskylda starfsemi. Þetta eftirlit, sem er mjög sérhæft og krefst sérkunnáttu, mun um ófyrirséða framtíð vera í höndum stofnunar sem er aðgreind frá öðrum stofnunum og óraunhæft að ætla að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna geti annast það eftirlit.

Með vísun til þess sem ég hef sagt tel ég ekki ástæðu til að hafa þessa starfsemi innan Hollustuverndar ríkisins og legg þess vegna til að Geislavarnir ríkisins verði endurvaktar sem sérstök stofnun. Það skiptir nokkru máli ef unnt væri að afgreiða þetta mál fljótlega eða fyrir jólahlé þingsins. Það er vegna þess að líklegt er að fyrir dyrum standi að Hollustuvernd ríkisins fari í nýtt húsnæði. Það er ekki sjálfsagður hlutur að Geislavarnir séu endilega í sama húsnæði. Þess vegna getur verið hagræði að því að hafa lokið við að afgreiða þetta mál áður en að þeim húsnæðisskiptum kemur.

Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og leyfi mér að vonast til þess að það takist að afgreiða þetta mál nú á þessu ári, þannig að starfsemi í sjálfstæðri stofnun geti hafist á nýju fjárlagaári. (**Forseti:** Ef ekki kveðja sér fleiri hljóðs þá er umræðu lokið — hæstv. ráðherra tekur aftur til máls.) Ja, ég veit ekki hvort ég á að kveðja mér hljóðs um þingsköp en það er nú eiginlega um efnislegt atriði. Ég veit að ég verð krafin um greinargerð frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem auðvitað á að fylgja frv. Ég vil taka það fram að hún fylgir og mun verða lögð í hendur nefndarinnar, en kostnaður af frv. er enginn, það er ekki nein ný starfsemi sem upp verður tekin í þessu sambandi. Kostnaðurinn verður ef til vill launaflokkshækkun fyrir einn eða tvo menn sem getur auðvitað gerst alveg að óbreyttu ástandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stöðvun okurlánastarfsemi, frv. 152. mál (þskj. 166). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stöðvun okurlánastarfsemi. Þetta er 152. mál á þskj. 166. Frv. þetta er flutt, eins og reyndar segir í grg., til að setja þegar í stað skorður við ört vaxandi okurlánastarfsemi. Að hluta til eru hér á ferðinni tillögur sem Alþb. hefur áður flutt á hv. Alþingi, t.d. ákvæðin um nafnskráningu skuldabréfa og eftirlit á þessu sviði og má í því sambandi minna á frv. okkar þm. Alþb. í Nd. á síðasta þingi um verndun kaupmáttar og viðnám gegn verðbólgu o.fl.

Þetta frv. er einnig lagt fram í kjölfarið á þeirri miklu umræðu sem fram fór hér á hv. Alþingi að forgöngu okkar Alþýðubandalagsmanna fyrir skömmu um vaxtamál og okurvexti og okurlánastarfsemi o.fl. í þeim dúr. Þá gafst tækifæri til að spyrja hæstv. ríkisstj. um fyrirætlanir hennar í þessum málum og í ljós kom að engar aðgerðir voru á næsta leiti frekar en ráðherrar hér í hv. þingdeild í dag, herra forseti, af hálfu hæstv. ríkisstj. Þetta teljum við flm. frv. óviðunandi, eins og ég tel það óviðunandi, herra forseti, að hér skuli engir hæstv. ráðherrar vera viðstaddir á fundi deildarinnar. Þess vegna leggjum við þetta frv. fram nú þegar í stað og leggjum á það áherslu að gangur þess hér í gegnum þingið verði greiður.

Við viljum sem sagt að sett verði þegar í stað lög sem tryggi að þessi viðskipti lúti ákveðnum lágmarksreglum og lög sem auðveldi eftirlit með hvers kyns skuldabréfaeða verðbréfaviðskiptum, en slík lög eru eins og alkunnugt er ekki fyrir hendi í dag. Þar af leiðandi er öll þessi starfsemi án nokkurrar lagastoðar og gerir það þeim aðilum sem ella gætu hugsanlega haft eftirlit á þessu sviði ókleift að gera svo.

Ég ætla ekki að flytja langa ræðu, herra forseti, jafnmiklar umræður og orðið hafa þegar um ástand þessara mála. Við flm. leggjum, eins og ég sagði áðan, áherslu á að málið fái hér sem greiðastan framgang og sem fyrst megi á það reyna hvort eða hvað hv. Alþingi er tilbúið að leggja af mörkum í þessum efnum. Ég mun nú renna yfir einstakar greinar frv., herra forseti, og geta helstu skýringa þar við.

1. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Öll skuldabréf, sem gefin eru út eftir gildistöku laga þessara, skulu skráð á nafn og nafnnúmer. Handhafaskuldabréf útgefin fyrir gildistöku laganna skulu skráð á nafn á næsta gjalddaga eftir að lög þessi taka gildi."

Í athugasemdum við 1. gr. segir: „Greinin er nokkurn

veginn samhljóða 2. tölul. 9. gr. frv. þingmanna Alþb., um verndun kaupmáttar o.fl., sem flutt var snemma á síðasta þingi og gerði ráð fyrir því að öll skuldabréf yrðu framvegis skráð á nafn og handhafaskuldabréf þar með afnumin. Þetta efnisatriði er hér með endurflutt. Jafnframt er lagt til að þau handhafaskuldabréf, sem nú eru í umferð, verði skráð á nafn næst þegar greitt er af þeim eftir gildistöku laga þessara."

Í 2. gr. segir: „Þegar veðskuldabréfi er þinglýst skal fógeti senda viðkomandi skattstofum upplýsingar um skuldabréfið, kaupanda þess og seljanda."

Og þetta er eins og skilja má ákvæði sérstaklega sett inn til þess að skattstofur landsins fái tafarlaust allar upplýsingar um ný skuldabréf, um kaupendur og seljendur. Þar með á skattyfirvöldum í landinu að vera kleift að fylgjast með þessum viðskiptum, fylgjast með bréfum og krefja eigendur þeirra á hverjum tíma um allar upplýsingar varðandi tekjur af þessum bréfum. Þetta ákvæði er forsenda þess að hægt sé að skattleggja vaxtatekjur eða tekjur af slíkum viðskiptum, auk þess sem það er veigamikill liður í öllu skatteftirliti að þessi viðskipti séu uppi á yfirborðinu.

Í 3. gr. segir: „Þeir, sem starfrækja verðbréfamiðlun eða fasteignasölu, skulu hafa sérstök leyfi til starfseminnar. Leyfi til verðbréfamiðlunar skulu gefin út af viðskiptaráðuneyti en leyfi til fasteignasölu af félagsmálaráðuneyti. Leyfin skulu gilda til tveggja ára í senn."

Um 3. gr. segir í skýringum: „Gert er ráð fyrir því að til þess að starfrækja verðbréfamiðlun og fasteignasölu þurfi leyfi frá viðkomandi ráðuneytum og séu þau aðeins gefin út til tveggja ára í senn."

Þetta er svipaður háttur og hafður er á í nálægum löndum þar sem öll slík starfsemi er háð leyfum og okkur þykir eðlilegt að í þessu tilfelli sé það viðkomandi ráðuneyti, viðskrn. og félmrn., sem fylgist með þessari starfsemi og gefi út leyfi og endurnýi þau síðan á tveggja ára fresti ef ástæða þykir til. Það er eðlilegt að leyfin séu gefin út til takmarkaðs tíma. Það má deila um það hvort það ætti að vera eitt, tvö, þrjú ár eða eitthvað af því tagi.

Í 4. gr. segir: „Bankaeftirlitinu er heimilt að rannsaka fjárhag og rekstur þeirra aðila sem leyfi hafa hlotið til verðbréfamiðlunar skv. 3. gr. Form viðskiptaskjala, sem fela í sér skuldbindingar og geta gengið kaupum og sölum hjá verðbréfamiðlunum, skulu hafa hlotið samþykki bankaeftirlitsins. Félmrn. skal setja sambærilegar reglur um fasteignasölur og getur ráðuneytið samið við bankaeftirlitið um eftirlit með þeim."

M.ö.o.: Bankaeftirlitið tæki sjálfkrafa upp og fengi eftirlit með þeim aðilum sem leyfi hlytu frá viðskrn. og félmrn. gæti samið um slíkt hið sama.

Í skýringum við 4. gr. segir: „Með ákvæðum þessarar greinar verður bankaeftirlitinu heimilt að hafa reglulegt eftirlit með þeim fyrirtækjum sem hér um ræðir. Þá er gert ráð fyrir því að form skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga verði samþykkt af bankaeftirlitinu. Sambærileg regla hefur verið lögleidd í grannlöndum okkar."

Hér er um tiltölulega einfalt ákvæði en mjög þýðingarmikið að ræða, þ.e. að engin form skuldabréfa eða annarra viðurkenninga, sem gengið geta kaupum og sölum, skuli teljast lögleg nema þau hafi áður fengið samþykki og viðurkenningu bankaeftirlits. En þessu er ekki til að dreifa í dag og nánast má gefa út slík bréf eða slíkar skulda- eða viðskiptaviðurkenningar á hvaða sneplum sem vera skal. Það er auðvitað ótækt og gefur auga leið að allt eftirlit er mun auðveldara ef hér er um stöðluð og samræmd skuldabréfaform að ræða.

Í 5. gr. segir: „Skuldabréf, sem ekki eru í samræmi við ákvæði laga þessara, eru ógild. Á nafnlausum bréfum verða því ekki reistar innheimtukröfur af neinu tagi."

Þetta miðar þá við þann tíma þegar skuldabréf hafa komið til innborgunar eftir að lög þessi hafa tekið gildi, þá skulu þau frá og með þeim tíma vera skráð á nafn eða ógild ella.

Í skýringum við 5. gr. segir: „Sett er inn í frv. öryggisákvæði um að skuldabréf eða hliðstæð kröfubréf falli úr gildi ef þau fullnægja ekki skilyrðum þessara laga. Þar með verða ekki reistar innheimtuaðgerðir, fjárnám, lögtök né nauðungaruppboð á grundvelli slíkra bréfa."

Með tilliti til þess að mikill fjöldi bréfa er í gangi án þess að fullnægja skilyrðum þessa frv., ef að lögum yrði, þá er nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði til að kveða upp úr um það að slík bréf teldust ólögleg, frá og með þeim tíma sem þau hafa komið inn til afborgana, yrðu þau ekki skráð á nafn í það skipti.

Í 6. gr. segir: „Bankar og innlánsstofnanir, svo og verðbréfafyrirtæki og fasteignasölur sem hlotið hafa leyfi skv. 3. gr., skulu senda skattstofum allar upplýsingar um kaup og sölu verðbréfa og greiðslur inn á verðbréf fyrir 20. janúar ár hvert fyrir viðskipti næstliðins árs."

Þetta er hliðstætt ákvæði því sem er í 2. gr. og lýtur að skatteftirliti og til að auðvelda allt skatteftirlit með starfsemi verðbréfa, fyrirtækja og fasteignasala.

Í skýringum við 6. gr. segir: „Ákvæði greinarinnar miða að því að auðvelda allt skatteftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja og fasteignasala. Þannig verður þeim skylt að gera skattyfirvöldum grein fyrir öllum viðskiptum sínum. Hið sama gildi um banka og þar með felld niður bankaleynd að hluta til. Ástæðan til þess að fasteignasölur eru hafðar með í lagafrv. þessu er sú að þær gefa út og ganga frá skuldabréfum í stórum stíl. Verði þetta frv. samþykkt eiga þessir aðilar að senda frá sér skrá yfir viðskiptamenn sína til skattstofanna á svipaðan hátt og nú gerist með launamiða.

Í 7. gr. segir: „Nú selur aðili skuldabréf og skal hann þá tilkynna um söluna og nafn kaupanda bréfsins til viðkomandi skattstofa. Vanræki seljandi skuldabréfs að tilkynna söluna skal hann bera skatt af þeim tekjum sem bréfið gefur af sér."

Um 7. gr. segir: „Lögð er sú skylda á eigendur skuldabréfa að þeir tilkynni skattstofum um sölu bréfanna. Vanræki seljandinn að tilkynna söluna ber hann skaðann í formi skatta sem honum er gert að greiða af þeim tekjum sem bréfið skilar af sér."

Og 8. grein: „Seðlabankinn skal birta reglulega tilkynningu um leyfilega hámarksvexti í lánsviðskiptum. Berist bankaeftirlitinu upplýsingar um að einhver aðili taki hærri vexti en Seðlabankinn leyfir eða afföll af skuldabréfum skal bankaeftirlitið tafarlaust rannsaka málið og taka afstöðu til þess hvort viðkomandi skuli halda starfsleyfi sínu áfram. Ráðherra getur þá, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, svipt hann starfsleyfi án frekari viðvörunar."

Um 8. grein segir í skýringum: „Nú ríkir algjör óvissa um vexti og þar með réttarstöðu fólks á peningamarkaðnum. Hér er lögð sú lagaskylda á Seðlabankann að hann gefi út tilkynningu um hámarksvexti. Ef bankaeftirlitinu berast upplýsingar um vaxtatöku eða afföll umfram leyfilegt hámark skal eftirlitið án tafar hefja rannsókn málsins. Telji bankaeftirlitið ástæðu til skal það leggja til við ráðherra að viðkomandi aðili verði sviptur starfsleyfi. Ráðherra getur þá, ef honum sýnist svo, afturkallað starfsleyfið án viðvörunar."

Hér eru tiltölulega ótvíræð ákvæði um réttarstöðu bankaeftirlitsins og reyndar valdsvið ráðherra í viðkomandi tilfellum.

9. gr. er svohljóðandi: „Bankaeftirlitið getur frá og með gildistöku laga þessara, og þrátt fyrir lög um Seðlabanka Íslands, starfað sem sjálfstæð stofnun og án þess að leita leyfis Seðlabankans fyrir aðgerðum sem byggjast á lögum þessum. Heyrir þá bankaeftirlitið beint undir viðskrh."

Um 9. gr. segir í athugasemdum: „Lögin um Seðlabanka Íslands kveða á um starfsskyldur bankaeftirlitsins. Þar er eftirlitið sett undir bankastjórn Seðlabankans. Hér er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir þessi lagaákvæði um Seðlabankann eigi bankaeftirlitið að vera sjálfstæð stofnun að því er tekur til starfsemi sem byggist á lögum þessum. Þarf bankaeftirlitið ekki að leita samþykkis bankastjórnar Seðlabankans við aðgerðum sem það telur nauðsynlegar og samrýmast ákvæðum laganna."

Þetta skýrir sig sjálft, herra forseti, og þarf ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Síðan segir í 10. gr.: „Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara." Og þarfnast það ekki skýringa.

11. og síðasta gr. frv. er svohljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi en skulu endurskoðuð fyrir árslok 1986. Skal þá viðskrh. leggja nýtt frv. fyrir Alþingi að fenginni reynslu af lögum þessum."

Og í skýringum við 11. gr. segir: „Gert er ráð fyrir því að lögin gildi aðeins um skamma hríð óbreytt enda komi önnur lagaákvæði og fyllri þegar reynsla liggur fyrir af lögum þessum.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir öðrum viðurlögum en þeim sem almenn hegningarlög kveða á um. Sjálfsagt er að Alþingi athugi við meðferð málsins hvort rétt sé að ganga lengra varðandi viðurlög við brotum á lögum þessum."

Herra forseti. Ég vil leggja sérstaka áherslu á 11. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að lög þessi, ef verða, skuli endurskoðuð fyrir árslok 1986 og þá í ljósi reynslunnar af framkvæmd þeirra og með hliðsjón af öðrum atriðum sem menn vilja taka tillit til við framtíðarskipan þessara mála. Ég er reyndar nokkuð sannfærður um það, herra forseti, að efnisinntak þessa frv. mun verða gilt til lengri tíma, miklu lengur en þetta frv. kynni að vara, og ég byggi það á því að hér er í flestum tilfellum um hliðstæð ákvæði að ræða, t.a.m. um leyfisbindingu og eftirlit, og eru í gildi þegar hjá nálægum þjóðum.

Ugglaust munu einhverjir finna á þessu agnúa, þessari framkvæmd, og telja á þessu ýmis tormerki. Því má svara til að ástæðulaust er að ætla að það geti tekist alveg fyrirhafnarlaust að koma á eftirliti og tryggja að ákveðnum lágmarksreglum sé framfylgt á þessu sviði þar sem engar hafa verið fyrir. Það væri mikil bjartsýni ef menn héldu að slíkt gæti tekist án einhverra örðugleika. En það er samdóma álit þeirra sérfróðu aðila sem við höfum leitað til, flm., í sambandi við vinnu að þessu frv. að allt sé þetta nú framkvæmanlegt og hægt og fyrst og fremst spurning um vilja, um vilja til þess að grípa til ráðstafana en ekki um það hvort það sé framkvæmanlegt eða gerlegt. Það á sér ugglaust einhverja formælendur, þó þeir séu kannske ekki staddir hér, herra forseti, að hafa þennan arfahaug bara óbreyttan eins og hann er og setja engar reglur og engin lög um þessi viðskipti yfirleitt og hafa þetta sem sagt án allrar lagastoðar og eftirlitslaust. En hinir eru vissulega margir, og miklu fleiri að mínum dómi, sem sjá nauðsyn þess að koma hér á reglum og eftirliti og tryggja eftirlitsaðilum, bankaeftirliti eða skattyfirvöldum, aðgang að upplýsingum og það mun frv. þetta alveg tvímælalaust gera verði það að lögum. Ég hygg að staða bankaeftirlits og skattyfirvalda yrði sterk skv. lögum þessum til að afla upplýsinga og hafa á reiðum höndum allar upplýsingar á hverjum tíma um þessi viðskipti, yrði frv. þetta að lögum og gætu þessir aðilar starfað í krafti þeirra.

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð mín fleiri m.a. í ljósi þess sem ég sagði hér í upphafi að við flm. leggjum mikla áherslu á það að þetta mál fái greiðan framgang hér í þinginu og því ekki ástæða til að tefja það mjög með miklum málalengingum í framsögu. Við rökstyðjum þessa ósk okkar og þennan áhuga okkar á því að frv. vegni hér vel með því að úti í þjóðfélaginu ríkir ófremdarástand og þetta frv. er lagt fram og það er ætlað til þess að bæta þar úr. Það er sannfæring okkar að það mundi gera svo ef það yrði að lögum og þá helst sem allra fyrst.

Það verður án efa eftir því tekið hvernig þessari tilraun okkar reiðir af eða þá hvort eitthvað annað lítur hér dagsins ljós á hv. Alþingi sem gengur til sömu áttar. Að lokinni umræðunni, herra forseti, legg ég svo til að frv. þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frv. 116. mál (þskj. 128). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á þskj. 128 flyt ég ásamt öðrum þm. Alþb. hér í Nd. frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Meginefni þessa frv. kemur fram í fyrstu grein þess sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Auðlindir samkvæmt lögum þessum taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum."

Síðan er í einstökum greinum frv. vikið nánar að meðferð þessa máls, eins og í 2. gr. þar sem skylt er að leita leyfis iðnrh. til hagnýtingar í eða á hafsbotninum og skv. 3. gr. þarf slíkt skriflegt leyfi til þess að hefja nýtingu efnis af hafsbotni. Í 4. gr. frv. eru ákvæði um gildistíma slíkra leyfa og kveðið á um að hann megi ekki vera lengri en 30 ár. Jafnframt að í leyfisbréfi skuli m.a.

ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Þá er að finna skv. 5. gr. heimild til reglugerðar um nánari framkvæmd og brot gagnvart lögum þessum og í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skuli innan 6 mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

Þetta frv. var upphaflega unnið á árunum 1981 og 1982 af nefnd sem starfaði á vegum iðnrn. og hafði á hendi skipulagningu og ráðgjöf um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir. Í hópi nefndarmanna var m.a. Benedikt Sigurjónsson, fyrrv. hæstaréttardómari. Frv. þetta var síðan lagt fyrir Alþingi haustið 1982 og vísað til allshn. Ed. en þar var frv. fram lagt. Allshn. Ed. vísaði málinu til ríkisstjórnarinnar með áliti þar sem m.a. sagði að það væri gert til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga og nefndin lagði áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála yrði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. Álit nefndarinnar frá 9. mars 1983 er birt í heild sem fylgiskjal með þessu frv. þannig að hv. þm. eigi auðvelt með að sjá hvernig undir þetta mál var tekið.

Allshn. taldi að hér væri þýðingarmikið mál á ferðinni og lagði til skjóta frekari úrvinnslu þess þannig að það kæmi á ný fyrir þingið. Hins vegar hefur svo farið að engin hreyfing hefur verið á þessu máli svo mér sé kunnugt á vegum núv. hæstv. ríkisstj. og því er mál þetta nú lagt fram sem þingmannafrv.

Fyrir liggur í lögum nr. 41 frá 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, að þar eru settar reglur um fullveldi Íslands yfir hafinu og hafsbotninum umhverfis landið. Í 2. gr. þeirra laga segir að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar og hafsbotnsins innan hennar. Og í 6. gr. þeirra laga segir að fullveldisrétturinn yfir landgrunninu taki til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum sem þar eru. Þó settar hafi verið slíkar lagareglur um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum skortir reglur um eignarrétt og nýtingarrétt af auðlindum sem þar kunna að finnast, a.m.k. á svæðum utan netlaga, en varðandi svæði innan netlaga og á landi geta gilt ákvæði námulaga í sambandi við verðmæt efni. Töldu flm. að athuguðu máli ekki rétt að fara að kveða á um netlög sérstaklega í tengslum við þetta frv. þó að ekki sé óeðlilegt að á það atriði verði einnig litið af þeirri þingnefnd sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar.

Í grg. með frv. er gefið stutt yfirlit yfir helstu athuganir og rannsóknir sem fram hafa farið á hafsbotninum í kringum landið. Hingað til eru það aðeins fá efni sem hafa verið numin af hafsbotni, einkum möl og sandur, og rannsóknir nokkrar farið fram í þeim efnum. Rannsóknir sem tengjast setlögum og hugsanlegum kolvetnum í setlögum á hafsbotni hafa farið fram, þó í takmörkuðum mæli. Á árunum 1972—1973 voru gerðar nokkrar slíkar rannsóknir, þyngdar-, segul- og dýptarmælingar, á landgrunninu og raunar hafði fyrr verið aflað gagna með þyngdarmælingum bandarískra sjóhersins, á árunum 1967—1969.

Á árinu 1978 hófust fyrstu mælingar sem vörðuðu setlög á hafsbotni innan íslenskrar lögsögu í verulegum mæli. Þá var veitt heimild til slíkra mælinga frá yfirborði, frá rannsóknarskipi, og þær fóru fram í nóvember- og desembermánuði 1978. Í þeim athugunum kom fram að allmikil setlög væru úti fyrir Norðurlandi sem ekki var vitað um, setlagadæld úti fyrir Skjálfanda og mynni Eyjafjarðar. Í framhaldi af þessum mælingum var ákveðið að ráðast í borun í Flatey á Skjálfanda sem liggur á þessu setlagabelti. Þar var boruð ein hola og gerðar á henni athuganir. Borunin varð ekki það djúp að þær upplýsingar fengjust sem æskilegt hefði verið, en unnið var úr borkjarna og fundust ekki vísbendingar um olíumyndun í þeim borkjarna né heldur um lífræn efni sem gætu ummyndast í olíu við hagstæðari skilyrði. Æskilegt var talið að halda þessari borun áfram, en úr því hefur ekki orðið. Talið var að setlög þessi væru um 4 km á þykkt, en borholan var aðeins á sjötta hundrað metra.

Síðan hefur það gerst í framhaldi af samningi sem gerður var milli Íslands og Noregs í tengslum við Jan Mayen í október 1981, þar sem ákveðið var m.a. að Íslendingar og Norðmenn skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar reglur um hvernig háttað skuli olíuleit á þeim ef til kæmi, að fram hafa farið mælingar, raunar á síðasta sumri, 1985, á Jan Mayen-hryggnum innan íslenskrar lögsögu með samkomulagi milli Orkustofnunar og norska jarðeðlisfræðifyrirtækisins Geco. Í tengslum við þær mælingar var einnig með sérstöku samkomulagi bætt við mælingum úti fyrir Norðurlandi frá rannsóknarskipi og mældar línur alls 230 km að lengd. Ekkert óvænt mun hafa komið fram í þessum rannsóknum, að mér er tjáð, enn sem komið er, en niðurstöður úrvinnslu munu fyrst liggja fyrir á næsta ári, 1986.

Þetta eru þær helstu athuganir og rannsóknir sem varða landgrunnið og hafsbotninn sem ég hef hér getið um. Þess má geta að á svæðum utan 200 mílna lögsögunnar liggja nú fyrir hugmyndir um athuganir á hinu svokallaða Hatton-Rockall-svæði, vísindalegar athuganir, en það hafa enn ekki verið teknar fullnaðarákvarðanir um þau efni. En allt sýnir þetta okkur að vitneskjan um þær stóru lendur sem Íslandi tilheyra eða Ísland gerir tilkall til er ófullkomin og hér liggur fyrir geysilega mikið verk í að kortleggja hafsbotninn og þær hugsanlegu auðlindir sem hann kann að hafa að geyma og síðan í framhaldi af því að rannsaka nánar eftir því sem upplýsingar falla til.

Það er brýn nauðsyn, herra forseti, vegna slíkra rannsókna að setja sem fyrst lagareglur um hvernig háttað skuli eignarrétti að þessum hugsanlegu auðlindum og nýtingu þeirra. Það er ekki vafa undirorpið að ríkið sem slíkt er eigandi að auðlindum þeim sem á hafsbotni kunna að finnast og ræður yfir nýtingu þeirra. Það er í samræmi við viðurkenndar skoðanir manna, einnig í nágrannalöndum okkar.

Hér hefur verið valinn sá kostur að setja almenn lög um þessi efni þar sem ákveðnar verði meginlínur í stefnu þeirri sem tekin er. Um einstök svið hagnýtra rannsókna og vinnslu má síðar setja ákvæði í lögum og með reglugerðum eftir því sem þurfa þykir, m.a. um umhverfisvernd sem sérstaklega verður að sjálfsögðu að að hyggja í sambandi við hugsanlega nýtingu efna á hafsbotni, ekki síst ef um olíuleit er að ræða, svo viðkvæm sem fiskimið okkar geta verið fyrir mengun af þeim sökum.

Athugasemdir fylgja varðandi einstakar greinar frv. til skýringar og fylgiskjöl þar sem meðal annars er að finna uppdrætti sem sýna Ísland og hafið umhverfis og helstu mælingar sem fram hafa farið og ég gat um

norðan landsins sérstaklega, en ekki voru teknar með upplýsingar um mælilínur á Jan Mayen-hrygg sem unnar voru á síðasta sumri og falla utan þeirra korta sem birt eru sem fylgiskjöl með þessu frv.

Herra forseti. Ég vænti þess að þetta frv., svo brýnt sem efni þess er og ætti ekki að vera deilumál hér á hv. Alþingi, fái skjóta og þinglega meðferð, athugun í allshn. sem ég legg til að fái mál þetta til meðferðar og að við getum náð því á þessu þingi að ganga frá lagasetningu um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Kennsla í útvegsfræðum, fsp. 112. mál (þskj. 123). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Hinn 19. maí 1981 samþykkti Alþingi þáltill. um að fela menntmrh. að skipa nefnd sem undirbúi og skipuleggi kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands. Menntmrh. skipaði nefnd þriggja manna þann 16. apríl 1982 og skilaði hún áliti og grg. um málið í nóvember 1983. Nefndin varð sammála um að óraunhæft væri á þessu stigi málsins að hefja sérnám í sjávarútvegsfræðum sem yrði sameiginlegt fyrir alla. Hins vegar lagði hún til að athuguðu máli að kjörsviði í sjávarútvegsfræðum sem svaraði einu ári verði bætt við þriggja ára grunnnám í viðskiptafræði, vélaverkfræði og rafmagnsverkfræði.

Þörf okkar Íslendinga fyrir samræmt og skipulegt nám á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu er orðin afar brýn. Okkur er það lífsnauðsyn að geta rekið hér útgerðarfyrirtæki sem bera sig og ekki síður að bjóða til sölu úrvalshráefni og unna vöru. Til þess að svo megi verða á tímum harðnandi samkeppni erlendis er okkur nauðsyn að búa þannig að sjávarútvegi okkar og fiskvinnslu, bæði hvað varðar menntun starfsfólks og laun, að þangað leiti áfram úrvalsfólk, en ekki síður að það uni við störf sín.

Til að kanna hug og fyrirætlanir hæstv. menntmrh. í þessum efnum hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. á þskj. 123:

„Hyggst menntmrh. beita sér fyrir því að kennsla í útvegsfræðum verði hafin við Háskóla Íslands á þessu eða næsta ári?"

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda skipaði fyrrv. menntmrh. Ingvar Gíslason nefnd í apríl 1982 til þess að undirbúa og skipuleggja kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands samkvæmt ályktun Alþingis um það efni frá 19. maí 1981.

Nefndin skilaði áliti í nóvember 1983. Var hún sammála um að óraunhæft væri á þessu stigi málsins að hefja sérnám í sjávarútvegsfræðum sem yrði sameiginlegt fyrir alla þó síðar gæti komið til þess. Þessi niðurstaða byggðist á því að sjávarútvegurinn hefði þörf fyrir starfslið með margs konar sérmenntun, auk þess sem fjárráð væru takmörkuð. Þess vegna taldi nefndin eðlilegra að byrja nám sem væri byggt við grunnnám í viðskiptafræði og verkfræði.

Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1985 var af hálfu Háskóla Íslands og menntmrn. lagt til að veitt yrði fé til nýrra kennarastarfa til að unnt yrði að hefja kennslu í útvegsfræðum á framangreindum grundvelli. Fé fékkst þó ekki að því sinni. Með fjárlagatillögum Háskólans fyrir næsta ár, sem studdar voru af menntmrn., var að nýju lögð fram fjárhagsáætlun vegna kennslu og rannsókna í útvegsfræðum við viðskiptadeild og verkfræði- og raunvísindadeild. Námi þessu er ætlað að ná yfir líffræði vatns og sjávar, veiðar, eldi, vinnslu og sölu afurða. Náminu yrði að stórum hluta bætt við það námsefni sem þegar er fyrir hendi í deildunum. Nýtt efni í viðskiptafræði, verkfræði og raunvísindum mundi að magni samsvara námsefni tveggja ára.

Til þess að nám í sjávarútvegsgreinum geti hafist við Háskóla Íslands á þeim sviðum sem lagt hefur verið til er af hálfu Háskólans farið fram á að ráðnir verði fimm nýir kennarar, einn við viðskiptafræðideild, tveir við verkfræðideild og tveir við raunvísindadeild, frá 1. júlí 1986, miðað við að nám hefjist strax árið 1986.

Miðað við verðlag í maí 1985 er reiknað með að kostnaður við þetta nám verði um 10 millj. kr. árið 1986 í launum og rekstrargjöldum, en stofnkostnaður vegna rannsóknatækja verði um 6 millj. kr. á ári fyrstu fjögur árin. Enn fremur þarf að útvega húsnæði fyrir verklega kennslu. Við kaup á rannsóknatækjum er reiknað með að samvinna náist um afnot af tækjum og aðbúnaði milli Háskólans og rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Nú þegar er samvinna þessara stofnana allnáin, sérstaklega milli verkfræði, matvælafræði og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Sá nauðsynlegi tækjabúnaður sem lagt er til að kaupa er ekki til á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en reiknað er með að báðar stofnanirnar muni verða samhentar í að nota öll rannsóknatæki sameiginlega.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til nýrra kennarastarfa er bundin séu við kennslu í útvegsfræðum. Hins vegar er þar ætlað fé fyrir einni nýrri prófessorsstöðu í viðskiptadeild, í markaðsmálum, og gert er ráð fyrir fimm tímabundnum kennarastöðum sem ráðstafað verði til brýnustu þarfa að mati stjórnenda Háskólans. Eðlilegt er að kannað verði hvort nýta megi þessar stöðuheimildir að einhverju marki til að hrinda af stað kennslu í útvegsfræðum haustið 1986.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að það skuli vera kominn skriður á þessi mál, en ég vil jafnframt vekja athygli á því að þessarar menntunar er þörf á mörgum öðrum sviðum. Það þarf víðtæka skipulagningu í þessum efnum. Ég vil minna hæstv. ráðherra og aðra þm. á tvær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram, önnur á þinginu í fyrra um námskeið fyrir fiskvinnslufólk og aukna verkmenntun og hin um skipulagningu námsbrauta á sviði sjávarútvegs sem liggur fyrir þessu þingi.

Ég vil jafnframt vekja athygli alþm. og hæstv. ráðh. á erindi frá fagfélagi fiskiðnaðarins, sem sent var alþm. í lok októbermánaðar, þar sem lýst er yfir neyðarástandi

í fræðslumálum fiskiðnaðarins.

En að lokum: Ég vil ítreka ánægju mína með að það skuli vera kominn skriður á þessi mál sem ég spurði ráðherra um.

Aðgangur skóla að náms- og kennslugögnum, fsp. 138. mál (þskj. 152). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á síðasta þingi var flutt svohljóðandi þáltill., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna hvernig best væri að haga samstarfi við samtök sveitarfélaga um að koma á fót kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum. Kennslugagnamiðstöðvar hafi það meginverkefni að lána skólum námsgögn, kennslutæki og hjálpargögn þannig að öllum nemendum verði tryggður aðgangur að fjölbreyttum kennslugögnum hvar á landinu sem þeir búa."

Till. þessi var flutt af þm. fimm flokka og var endurflutt frá árinu áður. Eftir umfjöllun í hv. allshn. Sþ. var till. samþykkt með eftirfarandi breytingum:

Í fyrsta lagi var fyrirsögn tillögunnar breytt þannig að hún hét „Tillaga til þingsályktunar um aðgang að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum."

Í öðru lagi var tillgr. breytt þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna í samstarfi við samtök sveitarfélaga og fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur hvar sem þeir búa á landinu geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi."

Till. þessi var flutt vegna þess hve aðstaða barna til náms er misjöfn eftir búsetu og vegna þess hve afdrifarík slík mismunun er fyrir framtíð manna í þjóðfélagi sem gerir sífellt meiri kröfur, bæði um fjölbreytta og sérhæfða menntun. Því er mikilvægt að hefjast þegar handa við að jafna það órétti sem ríkir í þessum efnum milli dreifbýlis og þéttbýlis. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 152:

„Hvað líður framkvæmd könnunar á því hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum í öllum fræðsluumdæmum, sbr. ályktun Alþingis frá 13. júní s.l.?"

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Í fsp. þeirri sem hv. 3. landsk. þm. beinir til mín vísar hann til ályktunar Alþingis frá 13. júní s.l. sem hv. þm. mun hafa haft forystu um flutning á á sínum tíma ef mig misminnir ekki. En í þeirri ályktun skorar Alþingi á ríkisstj. að láta kanna í samstarfi við samtök sveitarfélaga og fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur hvar sem þeir búa á landinu geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi.

Menntmrn. sendi vegna þessarar ályktunar bréf öllum fræðslustjórum, fræðsluráðum og stjórn samtaka sveitarfélaga. Nokkur svör hafa þegar borist með athyglisverðum tillögum. Enn vantar þó á að allir hafi svarað og verður ekki tekin lokaafstaða til málsins fyrr en fleiri svör liggja fyrir. Þegar er þó ljóst að takmarkið hlýtur að vera að allir nemendur hafi jafngreiðan aðgang að námsgögnum og skólar að kennslutækjum án tillits til búsetu og staðsetningar.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Það hefur greinilega lítið skeð í málinu enn meðan beðið er eftir svörum. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra að ítreka beiðni um svör frá þeim sem þegar hefur verið skrifað. Málið er mjög brýnt. Þetta er eitt af þeim mörgu atriðum sem vantar til þess að leiðrétta það misrétti sem ríkir milli dreifbýlis og þéttbýlis. Kennaramálin eru önnur hlið þess sama máls.

Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á samþykktum sem gerðar hafa verið á fulltrúaráðsþingi kennarasamtakanna, a.m.k. árið 1984 og jafnvel fyrr, sömuleiðis áskorunum frá fræðslustjóra Austurlandsumdæmis sem hefur á prjónunum ýmsar tillögur um að koma slíkri kennslugagnamiðstöð í framkvæmd og ég vil skora á ráðherra að láta þetta mál ekki dragast úr hömlu vegna þess að málum er þannig háttað á landsbyggðinni að þau þola enga bið.

Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, fsp. 137. mál (þskj. 151). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 151 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. þess efnis hvort íslenska ríkisstjórnin hafi hugað að þeim möguleika að Ísland segi sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Alþjóðahvalveiðiráðið er eins og allir vita orðið ein allsherjarskrípasamkunda og hefur raunar lengi verið þar sem menn geta næstum því keypt sér aðgöngumiða og atkvæðisrétt eins og inn á hverja aðra leiksýningu.

En tilefni þessarar fsp. er fyrst og fremst það að í norska fiskimálablaðinu Fiskaren birtist þann 12. nóv. s.l. stutt frétt sem í lauslegri og frjálslegri þýðingu hljóðar svo, með leyfi forseta:

„„Af Íslands hálfu erum við afar óánægðir með Alþjóðahvalveiðiráðið. Hingað til höfum við samt haft þá afstöðu að við munum ekki segja okkur úr ráðinu, en ég held að við hér á landi mundum vera ákaflega fúsir til að ræða önnur stjórnunarform," segir ráðuneytisstjórinn í íslenska sjávarútvegsráðuneytinu, Árni Kolbeinsson.

Tilefni þessa er að Norges Fiskarlag hefur beint því til norskra yfirvalda að taka frumkvæði með tilliti til þess að komið yrði á fót slíkri stjórnunarstofnun sem gæti haft hönd í bagga með nýtingu hvalastofna á Norður-Atlantshafi. „Eins og Alþjóðahvalveiðiráðið starfar í dag er það algjörlega ófullnægjandi", segir ráðuneytisstjóri íslenska sjávarútvegsráðuneytisins."

Mér leikur því hugur á að vita í framhaldi af þessari frétt hvort verið sé að huga að þeim málum að við segjum okkur úr þessari skrípasamkomu og eigum þátt í því og frumkvæði ásamt öðrum að koma hér á einhvers konar öðru stjórnunarfyrirkomulagi sem a.m.k. gæti þá verið valkostur andspænis Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti.

Ríkisstj. hefur enn sem komið er ekki rætt þann möguleika að Ísland segi sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu enda tel ég fremur ólíklegt að sá kostur mundi bæta stöðu Íslands gagnvart öðrum þjóðum sem aðild eiga að ráðinu og láta sig vernd og stjórnun hvalastofnanna skipta.

Meginmarkmið okkar í þessu máli er að mínu mati að bæta við þekkingu okkar á nýtanlegum hvalastofnum hér við land og rannsaka almennt þau áhrif sem hvalir hafa á lífríki sjávar umhverfis landið. Að þessu ber að vinna á skipulegan hátt þannig að við verðum í betri aðstöðu til að móta af skynsemi framtíðarstefnuna í hvalveiðum okkar þegar sá tími kemur að Alþjóðahvalveiðiráðið skal endurmeta hvort veiðar í atvinnuskyni verði teknar upp á ný eða ekki. Samkvæmt ákvörðun ráðsins skal það gert ekki síðar en árið 1990.

Við höfum þegar kynnt sjónarmið okkar og rannsóknaráætlun fyrir Alþjóðahvalveiðiráðinu og farið í einu og öllu eftir gildandi reglum sem að þessu snúa. Ljóst er að innan ráðsins meðal hvalfriðunarríkja er mikil andstaða gegn hvers konar rannsóknum sem tengjast hvalveiðum á einn eða annan hátt. Sama er að segja um viðhorf til milliríkjaviðskipta með hvalaafurðir þann tíma sem veiðibann varir.

Á ársfundi ráðsins s.l. sumar var samþykkt að setja á fót sérstaka vinnunefnd á vegum ráðsins til að fjalla um og setja fram tillögur um málefni varðandi hvalveiðar í vísindaskyni fyrir næsta ársfund ráðsins sem haldinn verður í Malmö í Svíþjóð næsta sumar. Þá verður nauðsynlegt að ítreka afstöðu okkar til hvalveiða í vísindaskyni og kappkosta að vinna henni fylgi innan ráðsins eftir því sem unnt er. Ég tel rétt að sjá til hvað gerist á þeim fundi og vita hvað fram undan verður áður en við ræðum frekar um hugsanlega úrsögn úr ráðinu.

Varðandi seinna atriðið í fsp., um að Ísland beiti sér ásamt öðrum fyrir því að komið verði á fót nýrri alþjóðastofnun á þessu sviði, get ég verið stuttorður.

Alþjóðasáttmálinn um skipan hvalveiða, sem er frá árinu 1946, gekk í gildi hinn 10. nóv. 1948. Ísland tilkynnti þátttöku sína hinn 10. mars 1947 og hefur verið aðili að samningnum alla tíð frá gildistöku hans. Í 65. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna kemur fram að ríkin skuli starfa saman að verndun sjávarspendýra og skuli hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim.

Eins og staðan er núna virðist mér hugmynd um nýja alþjóðastofnun ekki tímabær. En auðvitað getur afstaðan breyst ef Alþjóðahvalveiðiráðinu mistekst ætlunarverk sitt. Það mun væntanlega koma í ljós á næstunni, ekki síst á ársfundinum 1986 í Malmö.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég fagna svörum ráðherra við þessari undarlegu spurningu sem hv. þm. Eiður Guðnason hefur lagt fram. Ég minni á að Ísland undirritaði hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna 1982. Öll sú vinna sem að baki því verki lá er auðvitað tilkomin vegna sameiginlegs áhuga allra jarðarbúa á viðhaldi og verndun auðlinda sinna sem er ekki hagsmunamál einnar þjóðar fremur en annarrar.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að minna á að 2. febr. 1983 voru greidd atkvæði á Alþingi um svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. sept. 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu."

Þar með þykir mér það varla vera á dagskrá að Alþingi hafi svo mjög skipt um skoðun nú, að það telji ekki að Alþjóðahvalveiðiráðið sé marktæk stofnun. Því miður gefst ekki tími til umræðna og stundum ber að harma það, vegna þess að ég held að bæta mætti inn verulegri upplýsingu um störf Alþjóðahvalveiðiráðsins, en til þess gefst ekki tími.

Ég vil leggja á það mikla áherslu að sú lítilsvirðing sem stundum gætir hjá Íslendingum þegar þeir tala um aðrar þjóðir sem aðild eiga að Alþjóðahvalveiðiráðinu kemur úr hörðustu átt. Þeir tala jafnvel um smæð þeirra og þýðingarleysi. Ég held að Íslendingum fari illa að ræða á þann hátt um smáþjóðir.

Víst skil ég áhuga hv. þm. Vesturl. að setja það ofar því þýðingarmikla máli sem verndun auðlinda jarðarinnar er að halda þingsæti sínu fyrir kjördæmi sitt, en merkileg pólitík getur það ekki talist. Mér er fullljóst að Eiður Guðnason veit betur. Ég skora þess vegna á hæstv. sjútvrh. að halda fast við sitt í þessu máli.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil taka það fram í sambandi við form þessara fyrirspurnatíma að hér er eingöngu um það að ræða að viðkomandi geri stutta athugasemd. Að öðrum kosti fer svo að viðkomandi sem fara fram yfir þau tímamörk tala lengur en fyrirspyrjandi og það er ekki góð latína.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Þau ummæli sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir viðhafði um mig áðan og afstöðu mína til þessa máls segja kannske meira um hana en mig. Þau eru með einkennilegri ummælum sem ég hef heyrt viðhöfð úr þessum ræðustóli.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svar hans. Ef Norðmenn segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, eins og þeir íhuga, hlýtur það mál að koma til athugunar og endurskoðunar af okkar hálfu. Það hlýtur að gera það. Við eigum sameiginlegra hagsmuna að gæta og þessi mál skipta okkur mjög miklu. Vissulega tók Alþingi sína ákvörðun fyrir tveimur árum en hún var tekin með mjög eftirminnilegum hætti og þar var afar mjótt á munum. Og ég hugsa að sumir þm. kæri sig ekki allt of mikið um að vera minntir á þá atkvæðagreiðslu. Það var ekki svo hátt á henni risið. Menn komu í þennan ræðustól og sögðu: Ég beygi mig fyrir hótunum um ofbeldi og kúgun.

Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans, en ég ítreka að það hlýtur að koma til greina að við íhugum að endurskoða afstöðu okkar til þessarar samkomu þar sem viðurkennt er og margsagt á prenti að menn hreinlega geta keypt sig inn og keypt sér atkvæðisrétt. Það ber ekki að sýna slíkum stofnunum mjög mikla virðingu. En þessi mál hefur borið á góma á fundum norrænna þingmanna, afstöðuna til þessara mála, og mig langar í því sambandi, herra forseti, að minna á tillögu sem samþykkt var á fundi vestnorræna þingmannaráðsins á stofnfundi þess í Nuuk á Grænlandi í september. Þar segir:

„Fundur vestnorræna þingmannaráðsins haldinn í Nuuk 24. september álítur nauðsynlegt fyrir Færeyjar, Ísland og Grænland að efna til öflugs samstarfs í því

skyni að upplýsa um rétt landanna til hagnýtingar náttúruauðlinda í Norður-Atlantshafi. Á seinni árum hafa ýmsir hópar í síauknum mæli beint starfsemi sinni að þessum löndum. Grænlendingar hafa þegar orðið fyrir verulegu tjóni og nú beina þessir hópar starfsemi sinni að Færeyingum og Íslendingum. Ráðið telur algjöra nauðsyn bera til þess að þessar þrjár þjóðir vinni ötullega að því að kynna aðstæður í löndunum og draga þannig úr tjóni sem orðið hefur vegna misskilnings sem starfsemi ýmissa umhverfissamtaka hefur valdið."

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef fylgst nokkuð náið með störfum Alþjóðahvalveiðiráðsins og hef ýmislegt við starfsemi þeirrar stofnunar að athuga. Hins vegar kom fram á síðasta ársfundi verulegur vilji til að breyta starfi þeirrar alþjóðastofnunar, m.a. með tilliti til þess að ýmsir sjá fram á það að ef menn misbeita svo valdi sínu innan þeirrar stofnunar geti hún hrunið. Ég tel rétt að láta á það reyna hvort ekki muni takast að bæta starfsemi stofnunarinnar. Væntanlega mun það koma í ljós á fundinum á næsta ári eins og ég gat um áður.

Varðandi það starf sem ýmis friðunarsamtök hafa haft í frammi að undanförnu er það að segja að um nokkra stefnubreytingu er að ræða. Ég vek athygli á að nýlega var fellt hjá samtökunum Greenpeace að beita sér af fullri hörku gegn loðskinnaframleiðslu, sem áformað hafði verið, með þeim afleiðingum að nokkrir forustumenn þar sögðu af sér. Þar er vaxandi tilhneiging til að beita sér nær eingöngu að baráttunni gegn kjarnorkuvá. Vænti ég þess að þau samtök muni ná saman um það. Ef svo er býst ég við að flestir Íslendingar muni geta gengið í þau.

Ákvörðun um hollenskt herlið á Keflavíkurflugvelli, fsp. 139. mál (þskj. 153). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hinn 19. júlí gaf utanrrn. út fréttatilkynningu þar sem fram kom að hollenskri hersveit hefði verið veitt varanleg aðstaða á Keflavíkurflugvelli. Í þessari hersveit er kafbátaleitarflugvél af gerðinni Orion P-3, áhöfn og viðgerðarlið, samtals um 30 manns. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem herlið annarrar þjóðar en Bandaríkjanna fær varanlega aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, hernaðarumsvif í landinu eru ekki lengur í höndum Bandaríkjanna einna. Þessi ákvörðun vekur margvíslegar spurningar bæði um töku ákvörðunarinnar, afleiðingar hennar og þau stefnurök sem henni eru samfara. Ég hef á þremur þingskjölum borið fram fyrirspurnir um þessa þrjá aðgreindu þætti, formið, afleiðingarnar og stefnuna, og verða þær ræddar hér hver á eftir annarri.

Sú hin fyrsta felur í sér spurningar um hvenær beiðnin hafi borist frá hollenskum stjórnvöldum, hve oft hún hafi verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar og hvenær ríkisstjórnin formlega samþykkti þessa beiðni, hvenær hún hafi verið kynnt fyrir utanrmn., hvort það hafi verið áður en ákvörðunin var tekin og áður en hersveitin kom hingað því samkvæmt lögum á utanrmn. að vera ríkisstj. til ráðuneytis á sviði utanríkismála.

Þá er einnig spurt um hvort utanrrh. teldi að hann, utanrrh., hafi formlega séð einn heimild til að taka ákvörðun af þessu tagi án þess að formlegt samþykki, í fyrsta lagi ríkisstjórnar, í öðru lagi utanrmn. Alþingis og í þriðja lagi Alþingis sem heildar, liggi fyrir. Þessar spurningar munu væntanlega varpa ljósi á hvort hér er í íslenskri stjórnskipan alvarlegt gat — gat sem er þess eðlis að utanrrh., hver svo sem hann er, geti einn út af fyrir sig gjörsamlega stokkað upp bandaríska herliðið hér á landi með þeim hætti að herlið frá öllum öðrum þjóðum Atlantshafsbandalagsins, þar á meðal tyrkneskt herlið, grískt herlið, portúgalskt eða norskt, komi til landsins. Þannig sé hernum í raun og veru skipt út smátt og smátt í áföngum á þess að nokkur annar stjórnkerfisaðili komi þar við sögu en utanrrh. einn.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Á þskj. 153 er fsp. frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni í fjórum liðum.

Svar við 1. lið fsp. er að sendiherra Hollands minntist óformlega á málið við mig er hann kom í heimsókn til Reykjavíkur í maí 1984 og fylgdi því síðan eftir með formlegri beiðni um viðræður á fundi í Reykjavík í janúar 1985. Viðræður þessar fóru fram í Reykjavík 17. og 18. apríl 1985. Formleg beiðni Hollendinga er dagsett 10. júní 1985 og 21. júní 1985 samþykkti ég beiðnina fyrir hönd Íslands. Þann 3. júlí 1985 staðfesti utanrrh. Hollands móttöku samþykkis okkar Íslendinga.

Svar við 2. lið fsp. er eftirfarandi: Málið kom tvisvar til umræðu á fundum ríkisstjórnarinnar. a) 12. mars 1985 skýrði ég frá áhuga Hollendinga á því að fá betri aðstöðu fyrir Orion P-3 vélar sínar á Norður-Atlantshafi. b) 11. apríl 1985 skýrði ég frá því að hollensk sendinefnd væri væntanleg til viðræðna um staðsetningu Orion P-3 véla hollenska flotans á Íslandi og greindi jafnframt frá því að ef engar athugasemdir kæmu fram þar um yrði erindinu væntanlega svarað játandi. Voru engar athugasemdir gerðar við það.

3. lið fsp. vil ég svara á eftirfarandi hátt: Ég taldi mig hafa skýrt frá málinu í utanrmn., en fundargerðir nefndarinnar geta þess ekki. Skýringin getur verið sú að ég hafi sagt óformlega frá þessum áhuga Hollendinga í skoðunarferð nefndarinnar um Keflavíkurflugvöll, en sú ferð var farin 22. febrúar 1985. Þá var einmitt í heimsókn ein slík hollensk Orion-flugvél og vakti ég athygli samferðamanna á því.

Tekið skal fram að frá málinu er greint í skýrslu utanrrh. til Alþingis um utanríkismál, er lögð var fram á Alþingi 10. apríl 1985, og var um málið rætt þá er umræður um skýrsluna fóru fram á Alþingi 2. og 7. maí 1985.

4. lið fsp. vil ég svara með eftirfarandi hætti: Heimild þessi er veitt í samræmi við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna sem grundvallast á Norður-Atlantshafssamningnum. Í 3. gr. varnarsamningsins segir að það skuli háð samþykki Íslands hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu. Í 4. gr. er nánar kveðið á um að íslenska ríkisstjórnin þurfi að samþykkja fjölda varnarliðsmanna. Ljóst er að málið þarf að koma til umfjöllunar í ríkisstjórn sem varð og raunin. Jafnljóst er að samkvæmt verkaskiptingu ráðherra innan ríkisstjórna hér á landi er framkvæmd málsins í höndum utanrrh. Hvað varðar Alþingi og utanrmn. Alþingis mun ekki vera lagaleg kvöð að taka þar fyrir framkvæmdaatriði

varðandi varnarsamninginn. Hins vegar tel ég siðferðilega rétt og skylt að gera Alþingi grein fyrir breytingum eins og þeim sem hér um ræðir. Það var einnig gert. Í skýrslu *minni um utanríkismál fyrir árið* 1985, sem lögð var fram á Alþingi 9. apríl 1985, er frá þessu skýrt og, eins og áður segir, fjallað um málið í umræðum um þá skýrslu.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýr svör. Þau sýna hins vegar, því miður, að það er mjög alvarlegt gat *í stjórnskipun íslenska lýðveldisins — gat sem felur það í* sér að einn ráðherra í ríkisstjórn Íslands getur gert nánast þær breytingar sem honum þykir henta á samsetningu erlends herliðs á Íslandi án þess að Alþingi eða utanrmn. og jafnvel ríkisstjórn komi þar formlega við sögu með því að veita samþykki sitt. Samkvæmt þessum skilningi ráðherrans á stjórnskipun lýðveldisins, sem ég efa ekki að sé lögformlega séð réttur, gæti annar utanrrh. *tekið hér inn hersveitir frá fjölmörgum öðrum* ríkjum og gjörbreytt þannig samsetningu erlends herliðs á Íslandi án þess að Alþingi eða utanrmn. þurfi að fjalla um það með formlegum hætti. Það væri þess vegna hugsanlegt að annar utanrrh. vísaði bandarískra hernum í heild sinni algjörlega á brott og tæki inn í staðinn norska hermenn, kanadíska hermenn og danska hermenn. Hinn bandaríski her færi þannig með einhliða *ákvörðunum utanrrh. á efstu hæðunum í lögreglustöð*inni.

Þetta er mjög merkilegur þáttur, sem hér hefur komið fram, og jafnframt það að um málið er ekki rætt í ríkisstjórninni eftir að viðræðurnar fara fram við Hollendinga og eftir að formleg beiðni berst frá Hollendingum. Málið kemur aðeins til umfjöllunar í ríkisstjórninni 12. mars og 11. apríl. Viðræðurnar við Hollendinga *fara hins vegar fram 17.—18. apríl og formleg beiðni* berst 10. júní. M.ö.o.: Ríkisstjórn Íslands kom ekki að málinu eftir að viðræður hófust, eftir að niðurstaða þeirra lá fyrir og eftir að formleg beiðni barst, heldur eingöngu á frumstigum þegar um málið var spjallað á almennan hátt og þá nánast til kynningar.

Einnig hefur komið hér fram að utanrmn. Alþingis fékk ekki á formlegum fundi að vita neitt um málið. *Kannske var spjallað um málið á rölti nefndarinnar um* Keflavíkurflugvöll, en hvorki var leitað álits nefndarinnar þegar niðurstöður viðræðnanna lágu fyrir, þegar formlega beiðnin hafði borist né heldur þegar hersveitin var að koma til landsins. M.ö.o.: Alþingi Íslendinga, hvort heldur sameinað þing eða utanrmn., hefur algjörlega verið utan þessarar ákvarðanatöku.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er greinir stjórnkerfi okkar Íslendinga samkvæmt stjórnarskránni á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds. *Löggjafarvaldið hefur með varnarsamn*ingi sem hefur lagagildi veitt ríkisstjórninni heimild til að framkvæma þennan varnarsamning, og í 3. gr. þess varnarsamnings er tekið fram að það sé háð samþykki Íslands hverra þjóða menn eru í varnarliðinu. Samkvæmt 11. gr. viðbætis við varnarsamninginn er greint frá því að sé veitt leyfi til þess að aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins hafi hér varnarlið njóti það *varnarlið sama réttar og undirgangist sömu skuldbind*ingar og lið Bandaríkjamanna. Það er háð samþykki ríkisstjórnar Íslands ef aðrir en Bandaríkjamenn eru hér að störfum samkvæmt varnarsamningnum og þess var gætt að þessu leyti í þessu tilviki.

Með þetta mál var ekki farið með neinni leynd. Það var gert opinbert í ársbyrjun 1985 og um það var rætt í skýrslu minni til Alþingis. Sömuleiðis var það gert að blaðamáli á þessu ári. Þó hefur það ekki vakið meiri athygli en svo að ákaflega litlum tíma var varið í að ræða þetta tiltekna atriði í löngum umræðum um skýrslu mína um utanríkismál í maí s.l. Það er fyrst núna, þegar meira en misseri er liði frá þeim umræðum, raunar *næstum því hálft ár frá því að frá þessum samningi var* gengið, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson telur ástæðu til að taka þetta mál upp á Alþingi. Þetta sýnir látalæti hv. þm.

Ég vil svo taka það fram að þegar ég greindi frá þessu máli í ríkisstjórn og á ríkisstjórnarfundi voru flest þau efni málsins ljós sem skiptu máli og mun það koma fram í svörum mínum við seinni fyrirspurnum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Ég þakka hæstv. forseta fyrir að fá að gera örstutta athugasemd.

Það er mikill misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að hér sé um látalæti að ræða. Alþingi er hins vegar hinn formlega rétti vettvangur til að spyrja um þetta mál og fjalla um það. Fsp. um þetta atriði er lögð fram á þinginu u.þ.b. mánuði eftir að það kemur saman. Þannig er það algjörlega út í hött hjá hæstv. utanrrh. að gera sér mat úr því að í fjölmiðlum eða annars staðar hafi ekki verið fjallað nægilega vel um þetta mál. Hæstv. utanrrh. er ábyrgur fyrir Alþingi. Alþingi er rétti vettvangurinn til að fá fram skýr svör við þessu efnisatriði, einkum og sér í lagi eftir að það kom í ljós við nánari könnun að utanrmn. hafði ekki fjallað um þetta mál á sínum fundum sem ráðherranum hefði þó borið skylda til að láta gera. Væntanlega er ekki mikið um það að ráðherra fjalli um svo veigamikil mál á rölti með nefndinni um svæði sem formlega séð eru á valdi Bandaríkjanna. Það er einnig rétt að undirstrika, eins og kom fram í seinna svari hæstv. ráðherra, að ríkisstj. fjallaði formlega ekki um málið eftir að niðurstöður viðræðna eða formleg beiðni höfðu borist.

Kostnaður vegna dvalar hollenskrar hersveitar á Íslandi, fsp. 140. mál (þskj. 154). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan hef ég kosið að skipta þessu máli í þrjá þætti. Var hinn fyrsti um form ákvörðunarinnar. Verður nú vikið að þætti númer tvö, afleiðingum hennar hvað snertir réttarstöðu og almenna stöðu hins hollenska herliðs hér á landi.

Sá varnarsamningur sem gerður var milli Íslands og *Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna* og eignir þess tekur greinilega mið af því að hér verði eingöngu herlið einnar þjóðar, þ.e. bandarísku þjóðarinnar, og bandarísk stjórnvöld og bandarísk hernaðaryfirvöld séu þeir aðilar sem fari með þau mál gagnvart Íslendingum. Það er að vísu rétt að gert er ráð fyrir að fulltrúar annarra þjóða geti komið þar inn. Það vekur hins vegar miklu fleiri spurningar en svarað er í sjálfum samningnum.

Ég hef þess vegna kosið að fá fram af hálfu hæstv.

utanrrh. svör, sem væntanlega verða eins skýr og áður, við ýmsum veigamiklum þáttum sem snerta þetta mál. Það er í fyrsta lagi: Hver greiðir fæðis- og húsnæðiskostnað vegna dvalar hollenskrar hersveitar á Keflavíkurflugvelli og hver tekur við þeim greiðslum? Hver greiðir eldsneytiskostnað vegna hollensku flugvélarinnar og þær viðgerðir sem hér fara fram og hver tekur við þeim greiðslum? Þessar spurningar miða að því að fá fram hvort hollenska hersveitin er hér algjörlega á vegum Bandaríkjanna sem greiði allan kostnað hollensku hermannanna, hvort sem það er dvalarstaður eða fæðiskostnaður, hvort sem það er kjöt eða fiskur eða eitthvað annað sem þeir borða, og kostnaðinn við hersveitina sjálfa eða hvort hollenska ríkið kemur þar að einhverju leyti við sögu eða önnur ríki Atlantshafsbandalagsins.

Í næstu spurningum er vikið að því hvaða rétt hollenskir hermenn hafa til að nota þá aðstöðu sem Bandaríkin hafa komið sér upp á Keflavíkurflugvelli fyrir bandaríska hermenn, bæði þjónustustöðvar, verslanir, skemmtistaði og annað, og hver sé réttarstaða hollensku hermannanna og Íslendinga sem við þá þurfa að eiga samskipti, t.d. hvað snertir kröfur um skaðabætur vegna tjóns á eignum, lífi eða limum manna og dómsmál og kærur sem kunna að rísa. Ég vek í þessu samhengi athygli á því að í fréttatilkynningu ráðuneytisins er vísað í 11. gr. viðbætis varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna. Í þeirri grein er vikið að þeim greinum sem á undan fara í þeim viðbæti, en það er ekki þannig tekið til í 12. gr. þar sem vikið er að kröfum um skaðabætur, dómsmál og kærur sem kunna að rísa vegna dvalar hollensku hermannanna hér.

Að lokum, herra forseti, er borin fram spurning um hver fari með lögsögu yfir hollensku hermönnunum meðan þeir eru hér á landi og hvort utanrrh. skilji í reynd þann gjörning, sem hér hefur orðið, svo að búið sé að gera eins konar varnarsamning milli Íslands og Hollands á líkan hátt og gerður var milli Íslands og Bandaríkjanna, þegar litið er á þjóðerni þeirra hermanna sem hér eru.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Á þskj. 154 ber hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fram fyrirspurn í sex liðum. Ég kýs að svara 1. og 2. lið fsp. sameiginlega. Svar mitt er að Hollendingar greiða sjálfir allan kostnað af veru sinni hér á landi og greiða hann varnarliðinu með þeirri undantekningu að þeir greiða flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli lendingargjöld. Það er samkomulagsatriði milli Hollendinga og Bandaríkjamanna hve þessi kostnaður nemur hárri upphæð og hvernig hann er áætlaður, en við höfum hins vegar gert Hollendingum að greiða lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli.

3. lið fsp. svara ég játandi.

4. lið fsp. er svarað með þeim hætti að samkomulag er um að sams konar reglur gildi að þessu leyti varðandi hollensku sveitina og lið Bandaríkjamanna. Styðjast ber við nánari skilgreiningar í viðbæti við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna frá 1951, 12. gr. 1. tölul. a og b. Kröfur af því tagi sem um ræðir í 2. tölul. 12. gr. vegna verknaðar manna í liði Hollendinga skulu afgreiddar annaðhvort fyrir viðkomandi íslenskum dómstólum, og er það raunar aukinn réttur miðað við Bandaríkjamenn, eða samkvæmt sambærilegri málsmeðferð og um getur í viðbæti varnarsamningsins frá 1951, 12. gr. 2. tölul. a—c. Ríkisstjórn Hollands mun endurgreiða þann kostnað sem ríkisstjórn Íslands verður fyrir samkvæmt málsmeðferð þessari.

5. lið fsp. er svarað á þennan veg: Hollenska flugsveitin mun lúta stjórn yfirmanna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og fylgja þeim reglum sem gilda um bandaríska varnarliðsmenn. Í formlegri beiðni Hollendinga, dags. 10. júní 1985, er svo að orði komist, með leyfi forseta flyt ég það á ensku eins og það er skráð í bréfinu, að hollenska liðið „will form an integral part of the US Forces at Keflavík".

Almennt skal tekið fram að samskipti Bandaríkjanna og Hollands í varnarsamstarfi eru víðtæk og fara fram á ýmsum vettvangi. Þess vegna er ekki ástæða til að gera því skóna að til árekstra komi hvað varðar beitingu bandarískra eða hollenskra herlaga í sambandi við starfsemi hollensku flugsveitarinnar á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt heimild í 11. gr. viðbætis við varnarsamninginn eru hollensku flugsveitinni veitt þau réttindi sem liði Bandaríkjamanna eru m.a. veitt í 2. gr. viðbætisins, enda gangist Hollendingar undir þar til greindar skuldbindingar. Þar er kveðið á um þau sérstöku tilfelli þar sem hollensk herlög munu gilda gagnvart íslenskum lögum.

Í fyrsta lagi er um að ræða brot Hollendinga gegn öryggi Hollands en ekki öryggi Íslands og refsiverð brot Hollendinga á hollenskum lögum en ekki íslenskum. Þetta er nákvæmlega eins orðað og er í varnarsamningnum gagnvart Bandaríkjunum.

Í öðru lagi: Þegar bæði ríkin hafa lögsögu hafa Hollendingar forrétt vegna brota Hollendinga varðandi eignir Hollands eða gegn mönnum í liði Hollands svo og vegna brota í tengslum við framkvæmd starfsskyldu. Þetta er sömuleiðis eins orðað og í varnarsamningnum gagnvart Bandaríkjamönnum. Hollendingar ganga að þessu leyti inn í réttindi Bandaríkjamanna, en bera líka samsvarandi skyldur og þeir.

6. lið fsp. er svarað með þeim hætti að varnarsamningur Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins er að sjálfsögðu sá grundvöllur sem byggt er á, eins og fram hefur komið. Samkvæmt 3. gr. varnarsamningsins og 11. gr. viðbætis hans er gert ráð fyrir þeim möguleika að lið frá öðrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins sé hér staðsett. Til þess að svo verði þarf ekki breytingar á samningnum né nýja samninga við einstök ríki bandalagsins, enda liggur fyrir yfirlýsing Hollendinga um að lið þeirra sé hluti bandarískra varnarliðsins.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör. Þau voru sum hver ærið skýr, en önnur því miður ekki nægilega skýr.

Það er komið fram að hollenska ríkið greiðir Bandaríkjunum fjármuni fyrir fæðis- og húsnæðistilkostnað hollensku hermannanna hér á landi, eldsneyti og annað það sem þeir nota hér. Það eru mjög mikilvægar upplýsingar að tvö erlend ríki séu búin að taka upp fjármálasamskipti sín á milli vegna hernaðaraðstöðu á Íslandi. Það er í fyrsta sinn í sögu Íslands sem það gerist. Það hefur ekki nokkru sinni fyrr verið um slík reglubundin og bein fjármálaleg samskipti og greiðslur erlendra ríkja að ræða vegna aðseturs hér á Íslandi. Þar

með er brotið í merkilegt blað í sögu hersetunnar hér á landi. Við leigjum Bandaríkjunum land undir herstöð þeirra og þeir taka síðan upp fjárhagslega og hernaðarlega samvinnu við þriðja ríki og taka við reglubundnum greiðslum fyrir þá aðstöðu sem Bandaríkin veita Hollendingum hér. Er það ekki aðeins í hernaðarlegu tilliti heldur líka hvað snertir aðbúnað manna, fæði, húsnæði og annað.

Það kom fram hjá hæstv. utanrrh. varðandi svar við öðrum spurningum að samkomulag hefði verið gert, að því er ég skildi, milli Íslands og Hollands varðandi þetta atriði. Væri æskilegt að utanrrh. svaraði því aðeins skýrar hvort það er rétt skilið að gert hafi verið sérstakt samkomulag milli Íslands og Hollands þegar gengið var frá komu hersveitarinnar hingað og það sé á grundvelli þess samkomulags sem sú túlkun sem hann var hér að lýsa kemur fram. Ef svo er, er alveg ljóst, eins og spurt er um í síðasta lið þessarar fsp., að í reynd hefur verið gerður hliðstæður varnarsamningur milli Íslands og Hollands og milli Íslands og Bandaríkjanna, enda virðist mega ráða af orðalagi því sem utanrrh. vísaði til að hollensk stjórnvöld hafi þar með tekið á sig hliðstæðar skyldur og ábyrgð og bandarísk stjórnvöld í þessu tilliti.

Enn fremur er rétt að komi fram að það orðalag, sem hæstv. utanrrh. las á ensku, í erindi hollensku ríkisstjórnarinnar er hvergi nærri ljóst. Orðalagið „integral part of the US Forces" getur þýtt margvíslegt. Ég skil þess vegna ósköp vel að hæstv. utanrrh. hafi ekki treyst sér til að þýða það með skýrum hætti hér í ræðustól á íslensku. Þar með væri hann kannske að taka af þau tvímæli sem í þessu orðalagi felast.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Varnarsamningur við Bandaríkin er gerður á grundvelli þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Í varnarsamningnum sjálfum er gert ráð fyrir því að unnt sé að veita og eðlilegt kunni að vera að öðrum þjóðum sé veitt leyfi til að hafa liðsveitir hér á landi. Það er því ekki neitt nýmæli út af fyrir sig þótt þessi heimild sé til staðar. Hins vegar hefur hún ekki verið notuð svo ég muni eftir öðruvísi en svo að það hefur verið tíðkað um margra ára og áratuga skeið að flugsveitir t.d. koma í heimsókn og hafa þá aðstöðu um nokkurra daga skeið í einu á Keflavíkurflugvelli. Þetta er eðlilegt þegar litið er á þá samvinnu sem stofnað er til innan Atlantshafsbandalagsins og til þeirrar þjálfunar sem nauðsynleg er liðsveitum Atlantshafsbandalagsríkjanna. Í þessu efni breytir ekki nokkurn skapaðan hlut þó að þeim liðsveitum eða þeim þjóðum sem eiga liðsveitir í heimsókn á Íslandi sé gert að greiða fæðiskostnað eða eldsneyti á þær vélar sem eiga hér viðdvöl og þurfa á auknu eldsneyti að halda. Það er eðlilegur og sjálfsagður hlutur sem ástæðulaust er að gera tortryggilegan eða skoða sem eitthvert nýmæli. Það er algengur og sjálfsagður hlutur í samskiptum manna og þjóða á milli.

Varðandi það hvort hér er um sérstakan varnarsamning við Holland að ræða, þá er það alger fjarstæða með tilvísun til þeirra heimilda sem ég hef getið hér um að Íslendingar hafa til að veita öðrum þjóðum leyfi fyrir liðsveitir sínar til veru hér á landi og með tilvísun til þess að lögformlega hefur verið að því farið með samþykki ríkisstjórnarinnar o.s.frv.

Það sem á sér stað í samkomulagi því sem gert hefur verið milli Hollendinga og okkar er aðeins staðfesting Hollendinga á því að þeir muni fara að öllu að þeim skyldum og skuldbindingum sem Bandaríkjamenn verða að undirgangast samkvæmt varnarsamningnum. Þ.e. Hollendingar taka á sig þær skyldur óskertar um leið og þeir njóta þeirra réttinda sem felast í því að fá að hafa hér þrjátíu manna lið sem er skipt út hálfsmánaðarlega og eina Orion-flugvél gegn því að Bandaríkjamenn fækki sínum Orion-flugvélum um eina. Það er það eina sem hér hefur átt sér stað.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Sá er munur á öllum fyrri heimsóknum og því sem hér er til umræðu að hér er í fyrsta sinn um varanlega aðstöðu að ræða. Það er allt annað en þær einstöku tímabundnu heimsóknir hersveita frá öðrum löndum sem hér hafa tíðkast áður. Hins vegar vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort hann sé reiðubúinn að birta opinberlega það samkomulag sem gert var milli hans og Hollendinga um þessa ákvörðun. Það er alveg ljóst á þeim tilvitnunum sem hann hefur farið hér með að það má túlka það samkomulag á ýmsa vegu. Eðlilegast er, áður en sú umræða heldur áfram, að hæstv. utanrrh. sitji ekki einn að þessum texta, heldur birti Alþingi og þjóðinni formlega það samkomulag sem hann hefur gert við Hollendinga svo að Íslendingar geti séð hvaða texti það er sem hæstv. utanrrh. hefur undirritað fyrir Íslands hönd á grundvelli þeirra heimilda sem hann hefur vísað hér til. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé reiðubúinn að birta það samkomulag sem hann hefur undirritað fyrir Íslands hönd.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Um þetta fóru fram bréfaskipti milli mín og utanrrh. Hollands. Ég er reiðubúinn að leggja þau bréf fram í utanrmn.

Röksemdir fyrir hollenskri hersveit á Keflavíkurflugvelli, fsp. 141. mál (þskj. 155). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Áður en ég kem að þessari fsp. vil ég segja við hæstv. utanrrh. að það er ekki nóg að birta bréf hans og utanrrh. Hollands í utanrmn. Samkvæmt ákvæðum um utanrmn. gildir þagnarskylda og leynd yfir þeim gögnum sem þar eru birt. Það á ekki að vera nein leynd gagnvart íslensku þjóðinni um þennan gjörning. Ég endurtek þá fsp. mína til hæstv. utanrrh. hvort hann sé reiðubúinn að birta þjóðinni, ekki bara utanrmn., þau bréf sem hann hefur undirritað fyrir Íslands hönd og heimila öðru ríki að hafa hér varanlega hernaðaraðstöðu. Ég skil satt að segja ekki hvers vegna hæstv. utanrrh. vill ekki umsvifalaust fallast á að virta það skjal þjóðinni.

Ég hef á þskj. 155 borið fram tvær spurningar sem fela í sér að leitað er eftir að fá svör við því hvaða röksemdir liggja að baki þessum breytingum.

Í fyrsta lagi hvaða röksemdum Hollendingar beittu, hernaðarlegum eða fjárhagslegum, fyrir því að setja fram beiðni sína. Og í öðru lagi hvaða röksemdir lágu að baki því hvað snertir hagsmuni Íslands sérstaklega að hæstv. utanrrh. ákvað að fallast á þessa beiðni. Í því

sambandi er rétt að velta því fyrir sér hvort það sé upphafið að öðrum breytingum hvað herliðið snertir að hermenn frá öðrum þjóðum komi þarna inn í ríkari mæli og hve lengi hæstv. utanrrh. reiknar með því að hollenska hersveitin sé hér á landi.

Að lokum vil ég vitna til þess að síðustu daga hafa borist fréttir frá Hollandi um að hollenska ríkisstjórnin hafi neitað að verða við tveimur af óskum Bandaríkjanna og NATO um þátttöku Hollendinga í kjarnorkuvígbúnaðarkerfi NATO. Það vill svo til að annað atriðið af þessum tveimur, sem Hollendingar neita að samþykkja, er að Hollendingar haldi áfram rekstri Orion-flugsveitar sem hluta af kjarnorkuherafla NATO.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh. hvort sú hollenska Orion-flugsveit sem hér er sé hluti af þeim Orion-flugvélum sem ætlast var til að Hollendingar legðu fram í þennan herafla eða hvort þar er um aðrar Orion-flugsveitir Hollendinga að ræða. Rétt er að hafa í huga að nýlega kom fram í Bandaríkjunum að í áætlunum Pentagon er gert ráð fyrir að bandarísku Orion-flugvélarnar sem hér eru geti borið kjarnorkudjúpsprengjur á hættu- og stríðstímum.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Á þskj. 155 ber hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fram fsp. í tveimur liðum. Fyrri lið má svara með þeim hætti að Hollendingar rökstuddu beiðni sína með því að þeir þyrftu bætta aðstöðu til að þjálfa kafbátaleitarsveitir sínar, eins og fram kom í skýrslu minni um utanríkismál fyrr á þessu ári, en þar er komist svo að orði:

„Í þessu sambandi hefur verið til athugunar hjá utanrrn. erindi Hollendinga um að fá heimild til þess að staðsetja á Keflavíkurflugvelli eina kafbátaleitarvél af sams konar gerð og varnarliðið hefur nú til umráða. Áhugi Hollendinga byggist fyrst og fremst á því að fá tækifæri til að æfa hollenskar áhafnir í eftirlitsstörfum á Norður-Atlantshafi í þágu sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins. Fjöldi Hollendinga yrði um þrjátíu, þar með talið bæði áhöfn og starfsmenn til þess að annast viðhald vélarinnar, en dvalartími yrði einn til tveir mánuðir í senn." — Þó hefur verið ákveðið að dvalartími hverrar vélar yrði einn mánuður og færi hún síðan í skoðun á mánaðar fresti. Jafnvel getur þessi tími styst í hálfan mánuð. — „Ekki yrði um fjölgun í varnarliðinu að ræða þar sem bandarískum vélum og starfsliði fækkaði samsvarandi."

Það hefur einnig komið fram í þessu máli að áhugi Bandaríkjamanna á því að Hollendingar taki við störfum hér að þessu leyti og að þessu marki byggist á því að í því er fólgin ákveðin þjálfun á samræmingu og samhæfingu þeirra sveita Atlantshafsbandalagsins sem fjalla um og sjá um kafbátaleit.

2. lið fyrirspurnarinnar vil ég svara þannig: Hér er um að ræða sameiginlega viðleitni aðila Norður-Atlantshafssamningsins til að varðveita frið og öryggi á því svæði sem samningurinn nær til. Eftirlit með kafbátum er veigamikill þáttur í þeirri viðleitni. Hollendingar hafa með sameiginlegar varnir Atlantshafsbandalagsins í huga byggt sínar kafbátaleitarsveitir upp umfram það sem þeir þurfa til eigin landvarna í þrengsta skilningi. Það er þeirra framlag. Framlag okkar er að leggja til aðstöðu í landi okkar og hagsmunir okkar eru þeir að samræming og samhæfing þeirra varnarsveita sem eiga að sjá um öryggi Íslands sé í fullkomnu lagi.

Varðandi þá fsp. hv. þm. hvort Orion-flugvél sú sem hér er staðsett af hálfu Hollands sé hluti af þeim Orion-flugvélum sem ætlað er sérstakt hlutverk varðandi kjarnorkuvopnavarnir, þá er þess að geta og skal skýrt tekið fram að þessi Orion-flugvél ber ekki kjarnorkuvopn og mun ekki gera það meðan hún hefur þessa aðstöðu hér á landi. Hitt er ekkert leyndarmál og hefur aldrei verið að Orion-vélarnar sem slíkar geta borið kjarnorkuvopn. En þær geta ekki tekið kjarnorkuvopn nema á stöðvum þar sem þau eru staðsett. Slíkt er hvorki til staðar á Íslandi né í Hollandi eins og kunnugt er hvað snertir vopnabúnað Orion-flugvéla, enda er hér um að ræða hvaða hlutverki hollenskar Orion-flugvélar muni gegna á stríðstímum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þau svör sem hæstv. utanrrh. veitti sýna greinilega að hernaðarleg rök liggja að baki því að hollenska hersveitin er staðsett hér á landi. Það sem meira er: Það kemur fram að Bandaríkin hafa verið sérstakur áhugaaðili um að þessi hersveit, og kannske fleiri, tæki upp fast aðsetur hér á landi vegna kröfunnar, eins og utanrrh. orðaði það, um samræmingu og samhæfingu heraflans innan Atlantshafsbandalagsins.

Þar með er líka brotið í blað í hernaðarsögu Íslands. Þetta er í fyrsta sinn sem íslensk stjórnvöld ganga formlega með þessum hætti inn á þá braut að þau eigi, og Ísland þar með, að gerast aðili á víðtækum grundvelli að samhæfingu og samræmingu hernaðarkerfis Atlantshafsbandalagsins í heild sinni. Þar með er haldið inn á nýjar brautir sem geta eðli málsins samkvæmt, út frá nákvæmlega sömu rökum og hæstv. utanrrh. vitnaði til hér, haft í för með sér að fram komi óskir frá öðrum ríkjum á næstu misserum eða árum um að þeirra hersveitir fái líka hér aðsetur til að auka enn frekar samræminguna og samhæfinguna, svo að notuð séu þau rök sem hæstv. utanrrh. vék að áðan og sem hann notaði bæði til að rökstyðja beiðni Hollendinga og, og var það ekki síður athyglisvert, til að rökstyðja hvers vegna hann féllst á þessa beiðni af hálfu Íslands. Þar með hefur hæstv. utanrrh., án þess að Alþingi hafi formlega fjallað um málið, án þess að utanrmn. Alþingis hafi formlega fjallað um málið, stigið það skref að Íslendingar eigi með nýjum hætti að fara að taka þátt í samræmingu og samhæfingu hernaðarkerfis Atlantshafsbandalagsins. Ég tel það algjörlega út úr öllu korti að slíkt skref sé stigið án þess að utanrmn. Alþingis og Alþingi fjalli með formlegum hætti um málið. Ég hefði satt að segja vænst þess að formaður utanrmn. tæki hlutverk sitt alvarlegar en svo að láta jafnveigamikið atriði og þetta fara fram hjá nefndinni.

Að lokum, herra forseti, vek ég athygli á því að hæstv. utanrrh. svaraði því ekki skýrt hvort sú Orion-flugvél sem hér er tilheyrði þeim Orion-flugvélaflota sem Atlantshafsbandalagið og Bandaríkin gerðu kröfu um að yrðu hluti af kjarnorkuhernaðarkerfi Atlantshafsbandalagsins en Hollendingar neituðu. Svar utanrrh. gaf hins vegar fyllilega til kynna að þessi flugvél, sem hér væri, hefði verið hluti af þeim Orion-flota sem Bandaríkin og NATO gerðu kröfu til að Hollendingar settu inn í kjarnorkuvopnakerfi NATO en sem neitað var.

Herra forseti. Það er tvennt sem þarf að fást skýrar fram að lokinni þessari umræðu. Annars vegar ítreka ég

í þriðja sinn ósk mína til hæstv. utanrrh. um að hann leggi hið formlega samkomulag fram á þeim vettvangi þar sem þjóðin öll getur fengið að sjá það. Í öðru lagi þarf að fá nánari upplýsingar um það frá Hollandi til hvaða herafla Hollands þessi flugvél og flugsveit hennar teljast sérstaklega, svo hægt sé að fá botn í málið hvað snertir tengsl við kröfur NATO og Bandaríkjanna um kjarnorkuherafla Hollands.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Það er óneitanlega hressandi að hafa fengið hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson aftur til landsins eftir alheimsreisur og friðun alheimsins, en honum hefur sést yfir að fylgjast dálítið með íslenskum málefnum. Eins og hæstv. utanrrh. gat um var sagt frá þessu öllu saman í skriflegri skýrslu hans til Alþingis í fyrra. Og þegar utanrmn. fór út á Keflavíkurflugvöll í heimsókn þangað, ekki heimboð heldur heimsókn, við buðum okkur sjálf að sjálfsögðu, benti utanrrh. okkur á þessa vél. Hún var þar á vellinum. Utanrmn. hefur því vitað allt um þetta mál. Á utanríkismálanefndarfundi fyrir skömmu skýrði Sverrir Haukur Gunnlaugsson í varnarmáladeildinni frá þessu máli. Ráðherrann ætlar að birta bréf og annað slíkt, og gerir það vafalaust, í utanrmn. fyrst og opinberlega síðar ef mönnum sýnist svo. Hér er ekki um nokkurt leyndarmál að ræða mér vitanlega.

Hitt getum við svo rætt við betra tækifæri þar sem menn hafa meiri ræðutíma hvort það sé óeðlilegt að samhæfing sé á milli herja NATO. Við höfum alltaf vitað að svo var. Hér er um að ræða nákvæmlega sömu störf þessarar Orion-vélar, kafbátaleit, og véla Bandaríkjamanna. Ég sé fyrir mína parta ekkert athugavert við að þessi samvinna sé. Þessi vél er undir stjórn Bandaríkjamanna. Hún er undir stjórn varnarliðsins. Það eru aftur á móti Hollendingar þar um borð en ekki Bandaríkjamenn. Það er eini munurinn.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vil einnig bjóða hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson velkominn til landsins. Blöð hafa greint frá því að hann var í síðustu viku í Kaupmannahöfn að ræða þar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Hann hefur greinilega haft jákvæðari afstöðu í þeim málum en formaður Alþfl.

Ég vænti þess að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem mjög hefur sóst eftir því að vera formaður í utanrmn., eins og alþjóð veit, taki hlutverk nefndarinnar alvarlegar en svo að hann telji það nægilega umfjöllun um jafnveigamikið mál, þegar herlið frá öðru ríki fær í fyrsta sinn varanlegt aðsetur á Íslandi, að það sé nóg að fjalla um það mál á rölti um Keflavíkurflugvöll en það sé ekki formlega tekið fyrir á fundum utanrmn., þar sem nefndin er formlegur aðili, fulltrúi Alþingis og samkvæmt lögum ráðgjafaraðili gagnvart stjórnvöldum fjallar um málið með allri þeirri virðingu og öllu því formi sem sæmir utanrmn. Alþingis. Vona ég að Rockall-málið verði eki líka afgreitt á rölti nefndarinnar eða á kænum þar sem menn veltast í ölgunnar sjó, heldur að formaðurinn sýni fulla vigt í meðferð mála af þessu tagi og játi einfaldlega að eðlilegra hefði verið að nefndin fjallaði um málið með formlegum hætti en sé ekki að afsaka það hér eins og hann gerði áðan.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég hef greint frá því samkomulagi sem er á milli Hollendinga og okkar um að þeir undirgangist sömu réttindi og skyldur og Bandaríkjamenn hafa samkvæmt varnarsamningnum og það er efni þeirra bréfaskipta sem hafa átt sér stað á milli okkar utanrrh. Hollands.

Ég vek athygli á að þetta samkomulag er uppsegjanlegt hvenær sem er. Við getum látið þessa hollensku sveit fara hvenær sem er án sérstaks uppsagnarfrests þannig að hér er ekki um fasta og óendanlega aðstöðu að ræða í Keflavík. En ég tel það ekkert feimnismál að það sé í þágu okkar Íslendinga að þjóðir Atlantshafsbandalagsins vinni saman. Við vitum að héðan frá Íslandi fer fram ákveðið eftirlit og það eftirlit er í þágu varna okkar, í þágu sjálfstæðis okkar og sjálfsákvörðunarréttar. Það fer vel á því að bandalagsþjóðir vinni saman að slíku verkefni.

Það er ljóst eftir minni enskukunnáttu að „integral part of the US Forces" þýðir órjúfanlegur hluti af ameríska varnarliðinu eða óskiptanlegur hluti af ameríska varnarliðinu. Í því felst að þessi hollenska liðsveit tekur á sig sömu skuldbindingar og hefur sömu réttindi og Bandaríkjamenn.

Spurningunni um hvort formlega hafi verið frá þessu gengið í utanrmn. vil ég svara með því að segja að þetta hefur ekki verið neitt leyndarmál. Það hefur öllum mönnum fundist þetta ósköp eðlilegt fyrirkomulag þar til hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vekur máls á þessu núna eftir dúk og disk. Er hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson svo mikill aðdáandi Bandaríkjamanna að hann geti ekki hugsað sér að aðrir séu hér á landi en Bandaríkjamenn? Maður skyldi ætla að svo væri. Það eru aftur á móti margir sömu skoðunar og hann, að varnarliðið sé óþarft hér á landi, sem hefðu heldur kosið að Evrópuþjóðir ættu hlut að varnarhlutverki á Íslandi. Ég sé ekkert nema gott við að við tengjumst einnig böndum austur yfir haf og vestur yfir haf til að gæta varðstöðu þeirrar sem okkur Íslendingum er svo nauðsynleg — varðstöðu sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson bersýnilega telur lítilvæga en umhverfi og þróun mála sýnir þó vel hve nauðsynleg er.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Nú hef ég hlýtt vandlega á þessa umræðu og hnotið um það að hæstv. utanrrh. talar allan tímann um samkomulag. Þess vegna hlýt ég að leyfa mér að spyrja: Hefur ekki verið gerður neinn samningur? Og ef svo er ekki, við hvern er þá þetta samkomulag? Ég óska eftir að hæstv. ráðh. svari því.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal vakin athygli á því að hv. 10. landsk. þm. fær leyfi til að gera örstutta athugasemd. Þá er ekki gert ráð fyrir að það sé beint spurningum til hv. þm. eða ráðherra sem hefur ekki leyfi til að tala lengur nema með sérstöku leyfi. Ég vek athygli á þessu. (**Utanrrh.:** Ég vil gjarnan svara þessari fsp.)

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég efast um að hv. þm. hafi hlustað á umræðurnar með mikilli athygli vegna þess að það er þegar upplýst í umræðunum að þetta samkomulag felst í bréfaskiptum okkar utanríkisráðherra Hollands.

Launamál kvenna, fsp. 156. mál (þskj. 170). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Tilefni þeirrar fsp. sem hér er fram borin um launamál kvenna ætti öllum að vera augljóst. Á undanförnum rúmum tveimur áratugum hefur Alþingi reynt að stuðla að því með setningu löggjafar um launajöfnuð kynjanna að þau mannréttindi sem launajafnrétti kynjanna er væru virt í samfélaginu. Í því sambandi má benda á lög um launajöfnuð kvenna og karla frá 1961, lög um jafnlaunaráð frá 1973, fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf, lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1975 og ný lög, sett á þessu ári, um jafnan rétt kvenna og karla. Þrátt fyrir þessar lagasetningar og samþykktir gefa allar kannanir ótvíræða vísbendingu um að langt sé í land að launajafnrétti kynjanna sé virt í reynd. Þegar svo er komið að lög um launajafnrétti kynjanna eru þverbrotin í þjóðfélaginu þrátt fyrir að nær 25 ár séu liðin síðan Alþingi samþykkti lög um launajafnrétti kynjanna ber Alþingi skylda til að grípa í taumana og leita leiða til að fá þessi lög virt í samfélaginu.

Fyrir liggur í þeim könnunum sem gerðar hafa verið að launajafnrétti kynjanna er að öllu jöfnu hvorki virt á almenna vinnumarkaðnum né hjá hinu opinbera. Það er ljóst af lögum sem sett hafa verið til að ná fram launajafnrétti kynjanna að stjórnvöldum ber skylda til bæði að framfylgja lögunum gagnvart starfsmönnum sem starfa hjá hinu opinbera sem og stuðla að því og hafa með því virkt eftirlit að lögin séu virt á hinum almenna vinnumarkaði.

Með þeirri fsp. sem hér er lögð fram er leitað eftir því hvort stjórnvöld séu reiðubúin að sinna þeirri skyldu sinni að hafa mikilvægt frumkvæði í því að virða lög um launajafnrétti kynjanna. Það væri tvímælalaust árangursríkasta leiðin sem áhrif mundi hafa yfir á almenna vinnumarkaðinn og gæti því orðið mikilvægur áfangi til að ná fram launajafnrétti í reynd í þjóðfélaginu. Því er þessi fsp. fram borin sem fram kemur á þskj. 170. Tímans vegna tel ég ekki ástæðu til að lesa upp þá fsp. sem ég ber fram til hæstv. fjmrh. og er í tveimur liðum.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég vil árétta að ég tel mikilvægt að unnið sé að því að úrbætur fáist með sem skjótustum hætti á því álitaefni sem hér er spurst fyrir um. Það er staðreynd að þrátt fyrir ákvæði laga og kjarasamninga hefur ekki tekist að tryggja konum sambærileg laun við laun karla.

En varðandi fsp. hv. 2. landsk. þm., sem lýtur beint að framkvæmd kjarasamninga, vil ég segja þetta um fyrri lið fsp.: Í kjarasamningum ríkisins við opinbera starfsmenn er í aðalkjarasamningi samið um launastiga og í sérkjarasamningum við einstök félög er samið um röðun starfsheita inn í þennan launastiga. Í sérkjarasamningum við félögin er störfum og starfsheitum raðað inn í launastigann án tillits til kynferðis þess sem starfinu gegnir. Við röðun starfanna koma að sjálfsögðu til álita mjög mismunandi sjónarmið, bæði hvað eðli þeirra varðar og hvaða kröfur þau gera, svo og úr umhverfinu, þ.e. samanburður við hliðstæð störf hjá öðrum vinnuveitendum. Í þessu efni hefur viðhorf viðsemjenda ríkisins, þ.e. stéttarfélaganna, ekki hvað minnst áhrif. Af félögum innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru konur í meiri hluta í um það bil helmingi félaganna, þar af í báðum stærstu félögunum.

Um síðari tölul. fsp. er þetta að segja: Fjmrn. hefur nokkur undanfarin ár látið viðsemjendum sínum í té mjög ítarlega greiningu á launum til ríkisstarfsmanna. Í greiningum þessum eru laun og aðrar starfstengdar greiðslur til ríkisstarfsmanna flokkaðar niður eftir félögum og launaflokkum og í því efni er greint á milli karla og kvenna. Nýlega fóru fram viðræður við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um launagreiningu vegna ársins 1985 og í framhaldi af því er sú vinna nú hafin og munu niðurstöður eða hluti þeirra væntanlega liggja fyrir í komandi samningagerð.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Ég verð þó að segja að þau valda mér vonbrigðum. Hæstv. fjmrh. lýsir því yfir og viðurkennir að það þurfi úrbætur en þó ljóst sé og allar kannanir staðfesti að lögin um launajafnrétti kynjanna séu þverbrotin í þjóðfélaginu er hann engu að síður ekki reiðubúinn að lýsa því yfir að hann sé við gerð næstu kjarasamninga tilbúinn til þess að beita sér fyrir að leiðréttur verði sérstaklega sá launamismunur sem ríkir milli kynjanna fyrir sömu og sambærileg störf.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að í borgarstjórn Reykjavíkur hefur verið stigið ákveðið skref og þar hefur verið samþykkt tillaga þess efnis að borgarstjórnin beini því til Starfsmannafélags Reykjavíkur og samningsaðila að könnuð verði sérstaklega fyrir gerð næstu sérkjarasamninga röðun þeirra starfsheita í launaflokka sem konur skipa meiri hluta í og þetta verði borið saman við röðun annarra starfsheita og að þessi könnun verði lögð til grundvallar við gerð næstu kjarasamninga.

Ég trúi því ekki fyrr en á reynir að hæstv. fjmrh. sé ekki með sama hætti tilbúinn til þess að beita sér fyrir að auðvelda það að komið verði á launajafnrétti og að sú könnun verði gerð sem ég hef sett fram í lið 2 a og b. Það var svo, hæstv. fjmrh., að á árinu 1983 voru lagðar fram upplýsingar hér á Alþingi þar sem skýrt kom í ljós að að því er varðar bílastyrki og fasta yfirvinnu var um mikinn launamismun kynjanna að ræða. Þar kom fram að 92% af þeirri upphæð sem ríkið greiðir í fasta yfirvinnu renni til karla en aðeins 8% til kvenna og 95% þeirrar upphæðar sem fer í bílastyrki fer til karla en einungis 5% til kvenna. Ég tel að þessar tölur gefi glögga vísbendingu um það að líka hjá hinu opinbera, hjá ríkinu, ríkir mikill launamismunur og að ríkið jafnt sem hinn almenni vinnumarkaður brjóti lögin um launajafnrétti kynjanna.

Ég ítreka það enn við hæstv. fjmrh. hvort hann sé ekki tilbúinn að leggja þau gögn sem ég hef lýst, t.d. varðandi bílastyrki, fasta yfirvinnu og könnun á launaflokkaröðun, til grundvallar við næstu kjarasamningagerð.

Ég verð að segja að mér fannst hæstv. ráðherra reyna að koma sér hjá að svara þeirri fsp. sem lögð hefur verið fram um mikilvægt málefni sem snertir launakjör kvenna á vinnumarkaðinum og mikið hefur verið rætt um í þjóðfélaginu. En ég tel að hæstv. fjmrh., sem ber ábyrgð á kjarasamningagerð hjá ríkinu, geti ekki komið sér hjá því að svara svo mikilvægu atriði sem snertir launakjör kvenna. Þess vegna vil ég ítreka það hvort hæstv. fjmrh. geti ekki gefið skýrari svör en fram komu

í máli hans áðan við fsp. sem hér hefur verið lögð fram.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Í svari mínu við 2. tölul. fsp. kom alveg skýrt fram að fjmrn. hefur látið viðsemjendum sínum í té ítarlega greiningu á launum ríkisstarfsmanna, þar á meðal yfirlit yfir starfstengdar greiðslur af ýmsu tagi og þær hafa verið flokkaðar eftir félögum og einnig eftir kynjum. Og farið hafa fram viðræður um þessi efni vegna starfsgreiningar fyrir árið 1985 og þess er að vænta að þær upplýsingar sem leitað verður eftir um þessi atriði geti legið fyrir við samningsgerðina. Þetta kom mjög skýrt fram í mínu svari og ég vænti þess að svo muni verða þegar gengið verður til kjarasamninga.

Það er hins vegar deginum ljósara að löggjöf og kjarasamningar sem byggja á þeirri grundvallarreglu að konur og karlar hafi sömu laun fyrir sambærileg störf hafa ekki enn tryggt að svo sé í raun. Þessar fsp. lúta að gerð kjarasamninga og auðvitað er af hálfu beggja samningsaðila unnið út frá því grundvallarviðhorfi að kjarasamningarnir brjóti ekki í bága við þetta meginsjónarmið.

Það er hins vegar svo að kjarasamningar fara fram beint á milli samningsaðila og yfirlýsingar í þeim efnum eru gefnar við samningaborðið. Þar taka menn til meðferðar kröfur og gagnkröfur og alveg er ljóst að samningar um kaup og kjör verða ekki gerðir hér á hinu háa Alþingi. En fyrir mitt leyti er það alveg ljóst að áfram verður haldið að veita þær upplýsingar sem hér er vikið að og ég vænti þess að samningsaðilar beggja megin við samningaborðið geti nýtt þær í þeim viðræðum sem fyrir dyrum standa. Það er ekki ágreiningur á milli mín og hv. fyrirspyrjanda um að mikið verk er óunnið í því efni að tryggja að konur fái almennt sömu laun fyrir sambærileg störf og karlar.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vildi aðeins koma upp hér og lýsa yfir vonbrigðum mínum að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa á afdráttarlausari hátt svarað sérstaklega 1. lið fsp. Ég tel það afar mikilvægt. Og mér fannst svör hans í raun ekki nógu góð. Það er alveg ljóst að það er ekki samið um kaup og kjör hér á Alþingi en hæstv. fjmrh. er fulltrúi ríkisstj. og þar með viðsemjandi í samningum um kaup og kjör og hann hefur í raun vald og getur beitt sínum áhrifum til þess að ganga á undan með góðu fordæmi.

Einhvers staðar er í raun samið um ómælda yfirvinnu. Einhvers staðar er í raun samið um bílastyrki og hvers konar aðra kjaraþætti sem hafa afdrifarík áhrif á launamismun kynjanna. Og einhvers staðar verða menn að vakna af værum blundi og gera sér grein fyrir þeirri kröfu og þeirri hreyfingu sem er meðal kvenna í þjóðfélaginu í dag til að leiðrétta kjör sín. Þm. og þar með hæstv. fjmrh. eru fulltrúar nútímans en ekki fortíðarinnar. Hann verður því að vakna og hlusta á kröfur nútímans. Hann er það að auki af yngri kynslóðinni og ætti að eiga auðveldara um vik. Ég skora á hann að beita sér.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Það er ljóst af svörum ráðherra að hann er reiðubúinn til þess að leggja sitt af mörkum til að þær upplýsingar liggi fyrir sem ég hef bent á að þurfi að liggja fyrir. En engu að síður er hann ekki tilbúinn til þess, eins og fram kemur í fsp., að gefa yfirlýsingu um það að þær upplýsingar að því er snertir launamismuninn verði lagðar til grundvallar við næstu aðal- og sérkjarasamninga eins og hér kemur fram og það ber að harma vegna þess að það gefur þá auga leið að hæstv. fjmrh. er a.m.k. mjög tregur til þess að beita sér fyrir því að leiðréttur verði sérstaklega sá launamismunur sem ríkir milli kynjanna fyrir sömu og sambærileg störf. Og það er reyndar spurning hvort það þurfi endilega að vera samningsatriði við samningaborðið að leiðrétta launamisrétti milli karla og kvenna þar sem ljóst er að verið er að brjóta gildandi lög í landinu.

Ég teldi það mikilvægt ef hæstv. ráðherra mundi lýsa því yfir að hann væri tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að við næstu kjarasamninga yrði sérstaklega tekið tillit til kvenna og þess launamismunar sem ríkir milli kvenna og karla í þjóðfélaginu en ekki einungis að hann sé tilbúinn til þess að leggja á borð fyrir samningsaðila upplýsingar um launamismuninn. Það er nokkur mismunur þar á, hvort hann er einungis tilbúinn til að leggja fram upplýsingar þar að lútandi eða hvort hann er tilbúinn að beita sér fyrir því að leiðréttur verði launamismunur.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 2. landsk. þm., hv. fyrirspyrjanda, er rétt að taka það fram að 2. tölul. fsp. lýtur að upplýsingaöflun fyrst og fremst. Hv. 3. landsk. þm. sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum með mitt svar, sérstaklega að því er varðar 1. lið fsp. Í þessu efni verða menn að gera greinarmun á kjarasamningum og svo ráðningarsamningum. Kjarasamningar í öllum atriðum byggja á því grundvallarviðhorfi að jafnræði ríki á milli karla og kvenna. Það er miklu fremur í ráðningarsamningum sem það misrétti sem við erum sammála um að eigi sér stað hefur komið fram. Það er vegna þess að menn ráða í störf á þann veg að misréttið birtist. Þessar aðgerðir, sem við erum sammála um að þurfi að vinna að til þess að jöfnuður náist, eiga þess vegna fyrst og fremst við þegar verið er að ráða menn í störf hjá hinu opinbera og hjá einkafyrirtækjum. Það hefur sem sagt komið í ljós að þrátt fyrir ákvæði kjarasamninga hefur þetta jafnrétti ekki náðst. Við þurfum þess vegna fyrst og fremst að vinna að þessu verki við gerð ráðningarsamninga við þá sem ráðnir eru til starfa hjá ríkinu, þar á meðal að ráða konur í ríkari mæli en verið hefur til þeirra trúnaðarstarfa sem greidd eru fyrir hærri laun og valdið hafa því misrétti sem í raun er á vegna þess að karlar hafa í ríkari mæli en konur ráðist til þeirra.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Hér kom fram splunkuný skýring á launamisréttinu. Það stafar ekki af því að konum sé mismunað í kjarasamningum heldur af því að þeim er mismunað í ráðningarsamningum, sagði hæstv. fjmrh. Ég get þess vegna ekki stillt mig um að benda hæstv. ráðherra á það að 2. liður þessarar fsp. gengur út á það hvort ráðherra sé tilbúinn til að beita sér fyrir endurmati á störfum opinberra starfsmanna þannig að þau störf sem ekki eru trúnaðarstörf, sem ráðherra orðaði svo, séu hærra metin en þau nú eru. Í þeim störfum eru konur í miklum meiri hluta. Þessi nýja skýring gerir því ekkert annað en að vera nokkurs konar ný leiktjöld fyrir það, sem raunverulega hefur komið fram í þessari umræðu, þ.e. að það er ekki pólitískur vilji fyrir hendi hjá núv. hæstv. fjmrh. til að leiðrétta hjá opinberum starfsmönnum það sem við einfaldlega köllum launamisrétti kynjanna.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur verið óskað eftir utandagskrárumræðum á þessum fundi um barna- og unglingaslys. Það verður orðið við þessari ósk og fer umræðan nú þegar fram skv. 1. málsgr. 32. gr. þingskapa.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli á nokkurra vikna gamalli skýrslu frá embætti landlæknis um slys á börnum og unglingum á Íslandi þar sem koma fram svo alvarlegar upplýsingar að þær mega ekki í þagnargildi liggja, jafnframt því sem ég beini því til hæstv. heilbrrh. hverjar aðgerðir stjórnvöld kunni að hafa á döfinni, ef einhverjar, í þessu efnum.

Í þessari skýrslu landlæknis, sem ber fyrirsögnina Barna- og unglingaslys á Íslandi og er dags. í sept. 1985, kemur fram:

1. Slysatíðni barna og unglinga, einkum drengja, á Íslandi er með því hæsta sem gerist í heiminum.
2. Rúmur helmingur þeirra sem slösuðust í umferð á höfuðborgarsvæðinu árið 1979 — sem nefnt er í þessari skýrslu og ég geri ekki ráð fyrir að það hafi breyst síðan — voru yngri en 20 ára, rúmur helmingur.
3. Unglingum á aldrinum 15—19 ára er 4—5 sinnum hættara við slysi í umferð en þeim sem eru eldri en 25 ára.
4. Í framhaldsskóla þar sem eru 500 piltar og 500 stúlkur má gera ráð fyrir að árlega slasist 20—25 piltar og 10—12 stúlkur, sum lífshættulega.
5. Um 65% allra höfuðslysa í umferð verða á börnum 14 ára og yngri.
6. Um 30% af börnum á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 0—4 ára koma á slysadeild Borgarspítalans árlega vegna slysa í heimahúsum. Fjöldi barna á þessum aldri er um 8% af íbúafjöldanum og langalgengasta orsökin er eitranir. Þetta mun vera hæsta slysatíðni á börnum á aldrinum 0—4 ára sem þekkist í Evrópu, segir landlæknir í skýrslu sinni.
7. Varðandi umferðarslysin kemur fram í skýrslu landlæknis að tíðni slysa á gangandi vegfarendum er langhæst meðal barna og unglinga.

Síðan segir landlæknir orðrétt í skýrslu sinni:

„Hvað snertir manntjón má að nokkru líkja umferðarslysunum við berklafaraldurinn er gekk hér yfir fyrr á öldinni."

Þegar einn af æðstu yfirmönnum heilbrigðismála á Íslandi viðhefur þau orð um slysatíðnina og slysafaraldurinn — því að faraldur er þetta og annað ekki — á börnum og unglingum í íslensku þjóðfélagi er um svo alvarleg ummæli að ræða að það hlýtur að krefjast nánari athugunar og rannsóknar. Það er ljóst að slysarannsóknir eru ákaflega vanmáttugar hér, vanþróaðar, því miður.

Þær upplýsingar sem fram hafa komið í þessari skýrslu landlæknis eru þess eðlis að þær krefjast aðgerða af hálfu stjórnvalda, af hálfu heilbrigðisyfirvalda, og því er vakið máls á þessu mjög svo alvarlega máli í sölum Alþingis. Það hefur verið hljótt um þessa skýrslu, allt of hljótt, og ég ítreka fyrirspurn mína til hæstv. heilbrrh.: Hverjar aðgerðir eru á döfinni á vegum stjórnvalda til að beina okkur af þeim brautum sem við virðumst vera á?

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér er vakið máls á mjög mikilvægu efni. Rétt um það leyti sem ráðherraskipti urðu barst forvera mínum sú skýrsla sem hér er rætt um og hefur sannarlega að geyma geigvænlegar upplýsingar.

Íslendingar hafa vissulega sinnt heilsuvernd allvel og standa t.d. í fararbroddi annarra vestrænna þjóða á sviði varna gegn farsóttum, hjarta- og æðasjúkdómum og krabbameini. Slysavörnum hefur einnig verið sinnt í vaxandi mæli, t.d. á sjó, en síður aftur á móti varðandi slysin á landi. Það kemur undarlega fyrir sjónir hvernig staðreyndir eru í því efni. Á sama tíma og barna- og unglingaslysum hefur fækkað á öðrum Norðurlöndum hefur þeim fjölgað hér á landi og tíðnin nú hæst á Íslandi. Þær upplýsingar eru sóttar í Norrænu tölfræðihandbókina. Og því er eðlilegt að spurt sé: Hvers vegna er málum svo komið? Svo virðist sem aðalorsökin sé sú að aðferðir okkar hér á landi hafi ekki tekið í jafnríkum mæli mið af niðurstöðum slysarannsókna og gert hefur verið hjá nágrannaþjóðum, og þess vegna e.t.v. verða aðgerðir okkar ekki nægilega markvissar.

Nokkur dæmi skulu hér nefnd um barnaslys. Samkvæmt slysarannsóknum landlæknisembættisins kemur í ljós að nálægt 70% barna á aldrinum 6—14 ára sem slasast eru að leik, þegar slysið verður, nálægt heimilum sínum og hlaupa skyndilega og án fyrirvara út á akbrautir eða í veg fyrir ökutæki á biðstöðvum strætisvagna. Nærtækasta ráðið til úrbóta í þessu virðist vera að beita mun meiri hraðatakmörkunum í íbúðarhverfum en gert hefur verið til þessa. Um þetta hefur ráðuneytið samband við sveitarfélög, en þau hafa þessi mál í sínum höndum. Og það er ljóst að líka verður að efla eftirlit lögreglu af þessum ástæðum. Höfuðslys eru algeng meðal barna 14 ára og yngri, en mörg barnanna slasast á reiðhjólum. Um 40% allra er koma til aðgerða á taugaskurðdeild Borgarspítalans vegna umferðarslysa eru börn 14 ára og yngri. Eitt ráð til úrbóta gæti verið það sem sums staðar tíðkast, að börnum sem ferðast á reiðhjólum er gert það að skyldu að bera létta plasthjálma. Við þá ráðstöfun hefur orðið þar veruleg fækkun á höfuðslysum.

Um heimaslys er þetta að segja. Um 30% af 0—4 ára börnum á höfuðborgarsvæðinu koma á slysadeild Borgarspítalans árlega vegna slysa í heimahúsum, 30% barna í þessum aldursflokki. Þetta er til muna hærri tala en í nágrannalöndum. Hér hefur verið töluverð upplýsingastarfsemi rekin um slysavalda í heimahúsum. Þar er stuðst m.a. við rannsóknir landlæknisembættisins á heimaslysum og afleiðingum þeirra. Í febrúar 1986 verður bæklingur um hættur í heimahúsum sendur á öll fjölskylduheimili í landinu. Slysavarnafélag Íslands mun aðstoða við það.

Að því er unglinga varðar er rúmur helmingur þeirra sem slasast í umferð á höfuðborgarsvæðinu yngri en 20 ára. Unglingum á aldrinum 15—20 ára er 4—5 sinnum hættara við meiðslum eða dauða vegna slysa í umferð en fólki 25 ára og eldra. Og það einkennilega er að á sama tíma og umferðarslysum fólks á þessum aldri hefur fækkað í Danmörku úr 1338 í 585 á hverja 100 þús. íbúa hefur þeim fjölgað á Íslandi úr 677 í 977. Þetta

er vegið meðaltal frá Norðurlöndum. Mestur munurinn er þarna á milli Danmerkur og Íslands.

Komið hefur fram hugmynd af hálfu landlæknisembættis um að efla til muna ökukennslu unglinga. Virðist einsýnt að það sé nauðsynlegt að gera. Haft hefur verið samband við menntmrn. af þessum ástæðum og spurst fyrir um hvort unnt sé að gera eitthvað í skólakerfinu að þessu leyti til. Verulegar athuganir hafa verið gerðar á slysavöldum og orsökum slysa af landlæknisembættinu í samráði við lögreglu Reykjavíkur og slysadeild Borgarspítalans. Unnið verður að því að kynna þessar niðurstöður og koma þeim í aðgengilegt form til fræðslu. Það er ljóst að nægilegar upplýsingar liggja fyrir til að gera ráðstafanir til að fækka slysum. Það þarf að halda áfram að standa vel að rannsóknum á orsökum slysa, sérstaklega hvað varðar slys í skólum, dauðaslys í umferð og íþróttaslys. Skráningu slysa hér á landi er ábótavant og þyrfti að stuðla að því að betur verði unnt að standa að slíkum rannsóknum.

Eitt var það enn mikilvægt sem ég ætlaði að nefna, en það verður að bíða betri tíma vegna fyrirkomulags umræðu. Ég tel mjög gott að vakið var máls á þessu atriði og ég þakka fyrir að hafa haft tækifæri til að koma að þessum upplýsingum sem ég hygg að við verðum að taka mið af.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Eiði Guðnasyni fyrir að hefja umræðu um þetta alvarlega mál og ég vil beina þeirri beiðni til hæstv. heilbr.- og trmrh. að frekar verði kannað á hvaða tíma dags þessi slys eiga sér stað. Mér finnst það ekki vera verkefni lögreglunnar að passa íslensk börn. Það er verkefni foreldranna sem ekki geta það vegna allt of mikillar vinnuþrælkunar. Það er verkefni starfsfólks dagvistarstofnana sem ekki eru til. Og það er verkefni skóladagheimila og starfsfólks þeirra og þau eru heldur ekki til. Það liggur satt að segja opið fyrir hverri venjulegri hugsandi manneskju af hverju íslenskum börnum er hættara við slysum en öðrum börnum. Sá aðbúnaður sem þeim er búinn í okkar landi er satt að segja fyrir neðan allar hellur, en ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að svo væri komið að það kostaði tugi barna lífið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin, en ég held að ekki megi láta staðar numið við umræðu sem þessa heldur þurfi að halda þessu máli áfram með einhverjum hætti og það sé beinlínis skylda Alþingis að gera það.

Hæstv. ráðherra sagði að okkur hefði orðið býsna vel ágengt í baráttunni við ýmsa sjúkdóma sem nefndir eru faraldrar, eins og hjarta- og æðasjúkdóma og krabbamein. Þetta er alveg rétt. En það hafa bara aðrir þættir orðið út undan sem í sumum tilvikum er áreiðanlega auðveldara að ráða bót á. Það hlýtur að vera alvarlegt umhugsunarefni — og ekki aðeins umhugsunar- heldur er það brýnt rannsóknarverkefni sem ætti að ráðast í þegar í stað að kanna hvernig á því stendur að á sama tíma og slysum fækkar stórlega í grannlöndum okkar fjölgar slysunum hér. Og samt er ljóst að til Umferðarráðs berst ekki nema lítill hluti af tilkynningum um þau slys sem verða. Ég má segja að það séu a.m.k. þriðjungi fleiri sem koma á slysavarðstofuna í Borgarspítalanum í Reykjavík vegna umferðarslysa en skráðir eru í umferðarslysum hjá Umferðarráði þannig að við vitum ekki um vandann. Meðan slysunum fækkar í löndunum í kringum okkur fjölgar þeim hér. Hvers vegna? Það er spurning sem við höfum ekki ráð á að láta ósvarað.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir vék hér að því á hvaða tíma dags þessi slys ættu sér stað. S.l. laugardag var haldin ráðstefna um frv. til umferðarlaga á vegum Bindindisfélags ökumanna. Ólafur Ólafsson landlæknir flutti þar erindi og ef ég man rétt — og vitna nú til eftir minni — kom fram í máli hans að árin 1981 og 1982 hefði ekkert barn slasast í umferðinni í Reykjavík fyrr en eftir kl. 13 að degi til. Það þýðir m.ö.o. að rekinn hefur verið mjög harðvítugur áróður fyrir því að börn gæti sín á leið í skólann og úr skóla. Það hefur borið árangur. Slysin á börnunum verða eftir kl. 13 þegar þau eru komin heim og farin að leika sér, eins og hæstv. menntmrh. vitnaði í skýrsluna.

Varðandi reiðhjólaslysin er það alveg tvímælalaust að þar sem notkun léttra plasthjálma hefur verið gerð að skyldu liggur við að þessi slys hverfi. Þau hverfa ekki alveg en þeim stórfækkar. Höfum við efni á því að beita ekki svo ódýru ráði til að koma í veg fyrir höfuðmeiðsl á börnum og unglingum?

Hér þarf þjóðarvakningu eins og hefur orðið á öðru slysavarnasviði hér á landi, varðandi slysavarnir á sjó. Það varð þjóðarvakning á sínum tíma um það. Það sem til þarf að koma núna er eitthvað svipað um slysin á götunum og slysin í heimahúsum. Við getum ekki horft á þetta aðgerðarlaus lengur.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það var aðeins þrennt sem ég vildi nefna. Í fyrsta lagi vildi ég skýra frá því að gerð hefur verið ráðstöfun til þess að láta gera könnun á orsökum þessum. Við það verkefni verður haft samráð við fræðsluyfirvöld þannig að unnt sé að ná sambandi við alla sem gefið gætu upplýsingar í því sambandi.

Enn fremur vil ég skýra frá því að ég hef hugsað mér, eftir að ég hef fyrir nokkru rætt við landlækni um þessi mál, að fara þess á leit við dómsmrh. að hann flytji frv. til breytinga á umferðarlögum sem geri ráð fyrir því að notkun plasthjálma við hjólreiðar verði lögleidd. Ég get ekki séð annað en að það liggi í augum uppi að slíkt eigum við að gera.

Ég vil einnig beita mér fyrir því að þessi skýrsla verði send öllum hv. þm. Ég hef sjálf satt að segja ekki fengið þessa stærri skýrslu í hendur fyrr en nú alveg nýlega. Hún mun hafa verið komin til ráðuneytisins áður en ég kom til starfa sem ráðherra, en ekki komið á mitt borð. Hins vegar hef ég rætt þessi mál á nokkrum fundum með landlækni og aðstoðarlandlækni og hvað til úrbóta sé vegna þeirrar hættu sem þarna er á ferðinni. Það segir sig sjálft hve geysilegur sparnaður það yrði í heilbrigðiskerfinu, ef við megum nefna það atriði líka, að koma þarna vörnum við.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil sérstaklega fagna þessari yfirlýsingu hæstv. trmrh. varðandi plasthjálmana og börn á reiðhjólum. Svo háttar nú að frv. til nýrra umferðarlaga er til meðferðar í allshn. Ed. og ein af nokkur hundruð ábendingum, sem borist hafa við frv., er einmitt í þessa átt. Það er einfalt mál og afar auðvelt að koma því áfram ef Alþingi fæst til að afgreiða þessi lög á þessu ári sem ég vona að verði. Ég vona sannarlega að þegar kemur að því að greiða

atkvæði á Alþingi um það hvort skylda skuli notkun þessara hjálma á reiðhjólum hafi alþingismenn til að bera meiri víðsýni og skilning á slysavörnum en þeir hafa haft þegar komið hafa hér til umræðu frv. sem hafa miðað að því að gera notkun bílbelta virka sem er ein ódýrasta slysavörn sem hægt er að hugsa sér.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 3. des., að loknum 24. fundi.

Fylkisstjórnir, þáltill. 17. mál (þskj. 17). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Fjárhagsvandi vegna húsnæðismála, þáltill. 62. mál (þskj. 64). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Stefnumörkun í skólamálum, þáltill. 148. mál (þskj. 162). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Störf nefnda Alþingis hefur borið á góma á yfirstandandi þingi eins og stundum áður. Þar sem kveðið er á um það í nýjum þingsköpum að forsetar hafi sameiginlega umsjón með störfum þingnefnda þykir mér rétt að vekja athygli hér á þeirri staðreynd að ein nefnd Sþ., sem kosin var í upphafi þings, allshn. þingsins, hefur ekki haldið fund svo mér sé kunnugt utan það að hún mun hafa kosið sér formann.

Formaður allshn. er skv. yfirliti um nefndaskipun hv. 5. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson og varaformaður hv. 6. þm. Suðurl. Eggert Haukdal. Þetta eru ábyrgðaraðilar fyrir þessari þingnefnd en til hennar var í októbermánuði vísað fimm málum. Skv. yfirliti, sem ég fékk frá skrifstofu Alþingis í morgun, var á tímabilinu 22. okt. til 31. okt. vísað fimm þáltill. til þessarar nefndar. Hins vegar kemur það fram í þessari skrá að nefndin hefur ekki tekið till. þessar fyrir. Síðan eru liðnar nær sex vikur frá því málum var fyrst vísað til nefndarinnar. Á einni viku bárust nefndinni samtals fimm till. til þál.

Mér þykir þetta ekki í samræmi við þær umræður, sem hér hafa farið fram, um endurbætur á störfum þingsins. Það liggur fyrir að þingfundir eru styttri á þessu þingi en oft áður að ég hygg og ætti því að gefast meiri tími en áður til nefndarstarfa. Ef þetta á að vera uppskeran úr þeirri breytingu finnst mér ekki horfa til réttrar áttar. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann kanni hvað veldur því að þessi þingnefnd hefur ekki séð ástæðu til að taka þau mál fyrir sem til hennar hefur verið vísað og leitist við að hafa áhrif á að úr verði bætt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér er það ánægja að votta það að hv. 5. þm. Austurl. hefur sagt satt frá hér í ræðustól, að nefndin hefur ekki annað afrekað en að kjósa sér formann. Hitt er jafnvíst að nefndin mun skila til þingsins öllum þeim þáltill. sem til hennar hefur verið vísað til þessa. Það er ekki þar með sagt að lagt verði til að þær verði allar samþykktar. Hitt kemur og til greina að fella þáltill. að sjálfsögðu. En stór hluti tillagna, sem áður fór til allshn., fer nú til félmn. og við skulum vona að sú breyting verði til bóta. Hitt er svo annað mál að það er ekki nýtt að nefndir hagi þannig sínum vinnubrögðum að framan af vetri, meðan sumir nefndarmanna hafa verið nokkuð upptekinir, sé safnað dálítið í sarpinn og svo sé farið að vinna af meiri þrótti í þeim málum. Það hefur hver sitt vinnulag í þessum efnum og við munum að sjálfsögðu taka við athugasemdum frá forseta þingsins eða forsetum eftir því hvað við á.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er upplýst og viðurkennt hvað hér er um að ræða. Í október s.l. hefur verið vísað fimm málum til allshn. sameinaðs þings og þau hafa engin verið tekin til meðferðar í nefndinni enn. Það er eðlilegt að það séu gerðar athugasemdir við slík vinnubrögð og ég vil þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir að gera það. Við þurfum allir hv. þm. að taka saman höndum og styðja hver annan í þeirri viðleitni að bæta vinnubrögð þingsins.

Það var mjög á dagskrá við endurskoðun þingskapa hvernig mætti bæta vinnubrögð þingnefnda og með tilliti til þess að þar með væri líka hægt að bæta vinnubrögð þingfunda og jafna þingmálum niður á þingtímann betur en gert hefur verið. Það var líka gert ráð fyrir því að þetta yrði gert og það er ákvæði um þetta í þingsköpum. Þar er líka ákvæði um það að forsetum ber að fylgjast með og leitast við að beina vinnubrögðum nefnda inn á þessar brautir.

Það má segja að það sé ámælisvert að forsetar skuli ekki hafa gripið fyrr inn í þetta sérstaka mál sem hér hefur verið hreyft. En það skal tekið fram að forsetar hafa verið að skipuleggja, ef svo mætti að orði komast, þau vinnubrögð sem þeir ætla að hafa í þessum efni með því að fylgjast með störfum nefnda og beina starfi nefnda inn á þær brautir sem heppilegar eru taldar fyrir þinghaldið. Þó að ég vilji ekki gera of mikið úr því hvað þessi undirbúningur er umfangsmikill er hann þó þess eðlis að við vorum ekki búnir að hefja raunverulega það starf sem við ætluðum að taka upp. En ég geri ráð fyrir að það verði einmitt hafið í þessari viku og þá verður þessi nefnd sem hér hefur borið á góma undir smásjá ekki síður en aðrar nefndir.

Ég vil til þess að fyrirbyggja allan misskilning, eins og alltaf hefur verið gert þegar þessi mál hefur borið á

góma, hvort sem er hér í þingsölum eða við störf þeirrar nefndar sem vann að endurskoðun þingskapa, taka fram að auðvitað er engin breyting frá því sem verið hefur og hlýtur alltaf að vera að það er í valdi þingnefnda að ákveða hvernig þær afgreiða einstök mál.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir góðar undirtektir við athugasemdir mínar varðandi starfsleysi hv. allshn. og vona að eftir gangi og treysti því. Þau iðrunarmerki, sem sjá mátti á formanni nefndarinnar hér í ræðustóli áðan og heyra, eru væntanlega einnig vottur um það að þar verði tekið á með öðrum hætti en verið hefur það sem af er þingtímanum.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson talaði um verklag og vinnulag, hver hefði sitt vinnulag. Mér er það vissulega til efs að öllum hv. nm. í allshn. falli það vinnulag sem formaðurinn virðist ætla að viðhafa að því er starf nefndarinnar til þessa ber vott um. En ég treysti því einnig að þar verði bót á, bendi hins vegar á að nú dregur að jólum og það er kannske ekki allra heppilegasti tími fyrir þm. að beita sér að nefndarstörfum þegar fundaannir aukast hér á Alþingi. Einnig hefði verið æskilegt, eins og tíðkað er, að taka mál fyrir og senda til umsagnar þau sem réttmætt er talið að senda út og gefa þannig aðilum utan þings möguleika á að segja sitt orð um þau mál sem hér eru á dagskrá. En ég vænti þess að á þessu verði ráðin bót og ég mun fylgjast með því að eftir gangi það sem hv. formaður allshn. mælti hér úr ræðustól, að öll mál, sem til nefndarinnar yrði vísað, muni koma fram hér í þinginu til afgreiðslu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að hafa vakið máls á þessu hér í Sþ. og hæstv. forseta fyrir þær yfirlýsingar sem hann gaf hér. Ég vil minna þm. á að hliðstæð umræða fór fram í Nd. fyrir nokkrum dögum síðan þar sem í ljós kom að hv. þm. Páll Pétursson hafði mjög vanrækt formennsku sína fyrir iðnn. þeirrar hv. deildar. Nú er komið í ljós að annar fulltrúi Framsfl. í formennsku í nefndum hefur einnig gerst sekur um mikla vanrækslu hér í störfum.

Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta á grundvelli 2. málsgr. 11. gr. þingskapa, þar sem forsetum er falið að hafa sameiginlega umsjón með starfi þingnefnda og reyndar einnig að skipa fyrir um fastan fundartíma nefndanna þannig að það má túlka þetta svo að forseta beri að ákveða hvenær nefndirnar hittist, að forsetar bæði Sþ. og deilda birti þm. áður en þing fer í jólaleyfi skrá yfir það hvernig mál eru stödd í þingnefndum, hve oft fundir hafa verið haldnir, hvaða mál hafa verið tekin á dagskrá á fundunum, hvaða málum hefur verið vísað til umsagnar, þannig að þingmenn hafi möguleika, bæði flm. mála svo og einnig samtök og einstaklingar utan þings, á að átta sig á þessu. Ég vona að hæstv. forsetar taki þessa ósk til umhugsunar. Ég vænti út af fyrir sig ekki svars hér og nú, en vildi nota þetta tækifæri í framhaldi af umræðu sem varð í Nd. til að beina þessari ósk um slíka grg. og skýrslu fyrir jólaleyfi þingmanna til hæstv. forseta.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram, sem raunar er óþarfi að leggja frekari áherslu á, að forsetar ætla sér að vinna að þessum málum, sem hér hafa verið til umræðu, í þeim anda sem þingsköp gera ráð fyrir. Það hefur verið skipað fyrir um fastan fundartíma þingnefnda og það verður fylgst með störfum þingnefnda.

Hv. 7. þm. Reykv. bar fram ósk um að forsetar létu í té til þm. upplýsingar um stöðu mála. Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess og gert er ráð fyrir að þingflokkarnir fái vikulega allar upplýsingar um þessi mál. Að sjálfsögðu verða slíkar upplýsingar ekki tíundaðar á þingfundum eða lagðar fram sem þingskjöl, en allt á öllum að vera ljóst í þessu efni.

Framleiðni íslenskra atvinnuvega, þáltill. 77. mál (þskj. 84). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég flyt hér till. til ál. ásamt þeim Guðmundi J. Guðmundssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Pétri Sigurðssyni og Stefáni Guðmundssyni. Þessi till. er á þskj. 84 og fjallar um átak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega. Hún var flutt hér á síðasta þingi, lenti í allshn. Sþ., sem hér var til umræðu fyrir skömmu, en hlaut ekki afgreiðslu.

Ég vildi gjarnan byrja á því, herra forseti, að lesa texta till., með leyfi forseta, þar sem meginefnið kemur þar fram, hvað hér er átt við og hver er tilgangurinn með þessum tillöguflutningi. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leita eftir samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins um að hrinda af stað átaki til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

1. að leggja grundvöll að endurnýjuðum hagvexti og þar með að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum,
2. að skapa forsendur fyrir þjóðarsamstöðu um að auka það sem til skipta er í þjóðfélaginu og deila þeim ávinningi af réttsýni,
3. að efna til þríhliða samvinnu ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda um að bæta efnahag þjóðarinnar og innleiða ný vinnubrögð í samskiptum aðila á vinnumarkaðinum,
4. að kynna þjóðinni grundvallaratriði framleiðnihugsunar og skapa skilning á nauðsyn aðlögunar að síbreytilegum samkeppnisaðstæðum fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ríkisstj. skipi níu manna stjórnarnefnd til að stýra framkvæmd þessa átaks. Verði hún skipuð þremur fulltrúum samtaka vinnuveitenda skv. tilnefningu VSÍ, þremur fulltrúum launþega skv. tilnefningu ASÍ og þremur fulltrúum ríkisvaldsins sem forsrh. skipar að höfðu samráði í ríkisstj. Sömu aðilar tilnefni jafnmarga varamenn. Forsrh. skipi formann stjórnarnefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Enn fremur ályktar Alþingi að framleiðniátak þetta verði unnið í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og jafnframt tengt öðrum tilraunastofnunum atvinnuveganna. Þá verði leitað aðstoðar annarra opinberra stofnana eftir því sem verkefnin bjóða hverju sinni. Þjóðhagsstofnun verði falið að fylgjast með þróun framleiðni í atvinnuvegum samhliða átakinu.

Loks ályktar Alþingi að átak þetta verði hafið á árinu 1985 og að eitt fyrsta verk stjórnarnefndar verði að skila ítarlegri tillögu til ríkisstj. um nánari tilhögun og framkvæmd málsins. Verði sú till., ásamt grg. um

ákvörðun ríkisstj. um framkvæmd málsins, lögð fyrir Alþingi í byrjun þings haustið 1986."

Herra forseti. Að mati flm. er hér um þarft og raunar mikilvægt mál að ræða. Við þær aðstæður, sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi, er brýn nauðsyn á því að koma að nýju á hagvexti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að á undanförnum árum hefur þjóðarframleiðslan annaðhvort staðið í stað, hagvöxturinn, eða dregist saman, verið neikvæð, ólíkt því sem var á árunum þar áður. Hefur svo rammt að þessu kveðið að eitt árið af þremur síðustu minnkaði þjóðarframleiðslan um 5,5% sem er gífurleg minnkun á einu ári og raunar mikið efnahagslegt áfall.

Sá kostur sem er hér einna nærtækastur að mati flm. og gæti raunar fyrst skilað árangri er að auka framleiðni í þeim fyrirtækjum sem þegar eru starfandi í landinu í dag og stuðla þannig að betri samkeppnisstöðu og arðbærari rekstri fyrirtækjanna. Þetta er að dómi flutningsmanna eitt brýnasta verkefnið nú í íslensku atvinnulífi og undirstaða þess að hægt sé innan skamms tíma að bæta lífskjörin í landinu ef á heildina er litið og bæta úr þeim samdrætti sem orðið hefur á síðustu árum. Með þessum tillöguflutningi er lagt til að stjórnvöld hrindi af stað slíku átaki í þessu efni í samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins því það er alveg ljóst að án samstöðu og samvinnu þeirra aðila, aðila vinnumarkaðarins, yrði þetta verk unnið fyrir gýg.

Auk hins efnahagslega ávinnings sem fengist af aukinni framleiðni í íslenskum fyrirtækjum sem starfandi eru í dag gæti átak í þessum efnum orðið grundvöllur — og það er kannske ekki síst mikilvægt — að bættum samskiptum aðila vinnumarkaðarins og jafnframt aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Ég hygg að fáum blandist hugur um að nauðsyn er slíkra bættra samskipta í íslensku þjóðfélagi í dag.

Um nokkurt skeið hefur verið lýst eftir breyttum vinnubrögðum í þessum efnum. Gætu nú einmitt verið aðstæður til þess að hefja samvinnu um það mál skömmu áður en aðilar vinnumarkaðarins hefja samninga á nýjan leik, nýja kjarasamninga nú um áramótin í vetur. Hér er því í hnotskurn gerð tillaga um að við nýtum tækifæri í íslenskum atvinnuvegum, í starfsemi íslenskra fyrirtækja, betur og gjörr en verið hefur á liðnum árum þannig að afraksturinn af hinum efnahagslegu þáttum í atvinnuvegunum verði meiri án þess að um sérstakan og aukinn tilkostnað sé að ræða sem er vitanlega mikilsvert atriði.

Hér er fyrst og fremst um framleiðsluþættina að ræða, þ.e. vinnuaflið, fjármagnið, hráefnið og orkuna, sem skipta hér mestu máli. Það má auka framleiðnina t.d. með því að bæta hráefnisnýtingu eða með því að nýta fjármagnið á arðbærari hátt en áður var gert og ekki er síst þörf á því síðasta í íslenskum fyrirtækjum. Hér er um að ræða að nýta betur framleiðsluþættina, hráefni, orku, fjármagn og raunar skipulag vinnuaflsins einnig, en við gerum í íslensku atvinnulífi í dag til þess að skapa aukin verðmæti í þeim fyrirtækjum sem fyrir eru í landinu án þess að leggja út í nýsköpun eða nýjar stórfelldar fjárfestingar.

Mikið hefur verið talað um stóriðju innan þingsala og utan. Við hana hafa verið bundnar miklar vonir og eru raunar enn þá bundnar miklar vonir. En það verður að segjast eins og er að horfur á því að við löðum hingað mörg stóriðjufyrirtæki erlend til samstarfs hafa farið heldur versnandi á síðustu misserum vegna þess hve orkuverð hefur farið lækkandi í ýmsum öðrum löndum. Ég held því að ekki sé síst ástæða, m.a. með þetta í huga, að gefa sérstakan gaum að þeim málum sem um er fjallað í þáltill.

Ég ætla ekki að fara að rekja, herra forseti, þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru í grg. með þessari till.; það væri of langt mál. Það er þó fróðlegt að líta á framleiðnina, þ.e. sögulegar upplýsingar og staðreyndir varðandi framleiðnina á Íslandi miðað við það hver hún hefur verið í öðrum löndum. Tafla er birt með grg. þar sem framleiðnin á Íslandi 1976 er sett sem 100. Þá sést að framleiðni er svipuð á Íslandi og í Bretlandi á þeim tíma en framleiðni í þessum tveimur löndum — Bretland hefur á undanförnum árum verið kallað veiki maðurinn í Evrópu — Íslandi og Bretlandi var helmingi minni en framleiðni í Bandaríkjunum. Það er ekki nóg með að framleiðni sé lítil hér á landi heldur hefur framleiðniþróunin verið mjög hæg á undanförnum árum; þá er ég fyrst og fremst að tala um iðnað, í sjávarútvegi hefur hún verið góð.

Framleiðniþróunin — það er vitanlega það atriði sem skiptir einna mestu máli — var langörust í Svíþjóð, Danmörk, Vestur-Þýskalandi og Frakklandi á undanförnum árum, miklu örari en hér á landi eins og fram kemur í töflunni sem þessari tillögu fylgir. Við erum í hópi Breta, eins og ég segi, og erum þar lægstir hvað framleiðniþróun snertir í hópi 11 ríkja sem dæmi er tekið af. Ef við lítum sérstaklega á iðnaðinn, framleiðniþróun vinnuafls í iðnaðinum á tímabilinu 1974—1982, kemur í ljós að framleiðni í íslenskum iðnaði á þessu tímabili hefur aukist að meðaltali úr 89 stigum 1974 í 104 stig 1982. Það er framleiðniaukning um 2%. Nágrannalöndin ýmis eru með um helmingi meiri framleiðniaukningu, eða 4%. Það er vitanlega umhugsunarverð staðreynd. Þetta bendir til að framleiðnistig á Íslandi hafi síður en svo hækkað í samanburði við aðrar þjóðir frá árinu 1976 samkvæmt þeim töflum sem eru birtar með tillögunni.

Ef við lítum á þessar staðreyndir, sem sýna að við erum nálægt botninum í þessum efnum, er tvímælalaust full ástæða til þess að grípa til sérstakra ráðstafana. Og það ættu menn að geta sameinast um hvar í flokki sem þeir standa enda eru flm. tillögunnar úr öllum flokkum utan tveimur hinna nýjustu sem á Alþingi eiga fulltrúa.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að átakið til þess að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega gæti reynst árangursrík leið til að skapa þjóðarsamstöðu um að koma á ný á hagvexti hér á landi og stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Jafnframt gæti slíkt sameiginlegt átak skapað nýjar forsendur fyrir samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Það er hin þríhliða samvinna aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins sem er undirstöðuatriði þess að árangur náist. Í upphafi þarf að setja mjög vandaðar leikreglur um hvernig skipta eigi ávinningi af aukinni framleiðni og hvernig eigi að bregðast við afleiðingum, sem gætu verið röskun á störfum og högum fólks vegna breytinga á tækni og vinnuaðferðum, en slíkar breytingar eru þó óhjákvæmilega forsenda allrar framleiðniaukningar. Það er skoðun flm. að þetta framleiðniátak þurfi að ná til allra höfuðatvinnuvega landsmanna en megi ekki einskorðast við einstakar atvinnugreinar svo sem iðnaðinn. Það er þess vegna sem gert er ráð fyrir að ríkisstj. í heild, eða forsrh. fyrir

hennar hönd, hafi frumkvæði um að skipa þá stjórnarnefnd sem á að stýra framkvæmd þessa átaks.

Þetta er, herra forseti, meginefni till. sem ég ætla ekki að orðlengja frekar um að þessu sinni. Aðalatriðið er að arðbærni og arðgæfni atvinnuvega sem fyrir eru í landinu verði mun meiri heldur en er í dag. Reynslan frá öðrum þjóðum og fordæmi hefur sýnt að framleiðni er þar verulega meiri en í íslenskum atvinnuvegum. Við eigum ekki að vera eftirbátar. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að við nýtum betur fjármagn, hráefni og afl vinnunnar í náinni samvinnu aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vistunarvandi öryrkja, þáltill. 92. mál (þskj. 102). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 102 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um vistunarvanda öryrkja ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Kristínu S. Kvaran. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að leysa vandamál þeirra öryrkja sem eiga sakir andlegrar og líkamlegrar fötlunar örðugt um vistun á þeim stofnunum sem fyrir eru. Helst yrði um að ræða að efla stuðning við hjúkrun í heimabyggð eða stofnun sérdeildar við ríkisspítala."

Í grg. með þessari till. er þetta mál nokkuð rakið, þ.e. sú raunasaga sem af till. er og meðferð hennar hér á Alþingi, en till. var áður flutt á þinginu 1983 og grg. sem henni fylgdi er hér prentuð og ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hana út af fyrir sig. Ég bendi aðeins á að sá vandi sem hér er um að ræða snertir aðeins u.þ.b. tíu einstaklinga sem erfiðast er að vista við eðlilegar aðstæður eftir slys eða önnur áföll og eiga í raun og veru hvergi heima á stofnunum þeim sem fyrir eru eins og þær eru nú í stakk búnar. Ég rek aðeins í örstuttu máli að þannig fóru leikar að meiri hluti allshn. Sþ. lagði til að málinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá svohljóðandi, með leyfi forseta:

„„Í trausti þess að heilbr.- og trmrn. og félmrn. taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fyrirheit um fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári, telur Alþingi að ekki sé þörf á samþykkt þessarar tillögu og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Á þetta féllst meiri hluti Alþingis, en þá þegar var raunar ljóst að ekki mundi svo úr rætast sem þarna er vísað til.

Af svörum heilbrrh. í fyrra í fyrirspurn frá tveim flm." — hv. 10. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur og mér — „kom enda í ljós að enn voru öll þessi mál óleyst og þar hefur engin breyting orðið á. Nýlegir vistunarerfiðleikar og ástand þessa máls í heild knýr hins vegar á af ofurþunga og því er óhjákvæmilegt að hreyfa þessu máli á nýjan leik og gera tilraun til þess að koma málinu í sem farsælastan farveg og það sem fyrst."

Það þarf máske ekki að hafa svo mörg orð um þessa till. utan það sem grg. gefur til kynna. Feginn vildi ég að ekki hefði þurft að endurflytja hana, að þau vandamál, sem hún fjallar um, hefðu verið leyst á viðunandi hátt eða a.m.k. að æskileg lausn væri í sjónmáli. En því er ekki að heilsa. Ég gæti rakið nýlegt einstakt dæmi um þennan óleysta vanda sem bitnar á svo mörgum, þessum einstaklingum mikilla örðugleika þó fyrst og síðast.

Við umræðu málsins fyrir tveimur árum rakti hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir í glöggu máli erfiðleikasögu annars einstaklings sem enn hefur heldur ekki tekist að leysa. Það er vissulega dapurlegt þegar svo brýnu máli er vísað frá hér á þingi með þeim hætti er ég rakti hér í grg., tilvísun á lausn sem þegar í þeim umræðum reyndist engin. Vísað var þá til Kópavogshælis, þeirrar ofsetnu stofnunar, svo fjarstætt sem það var og er enn í dag, þegar jafnvel í reglugerð nýlega settri um hælið er greint frá að nauðsyn sé á því að útskrifa þaðan tugi einstaklinga svo starfsemi þar megi færast í sem æskilegast horf fyrir þá sem þar yrðu þá vistaðir til langdvalar. Frá því ráði var því blessunarlega þegar horfið við afgreiðslu málsins enda gervilausn ein, óraunhæf í alla staði. Þá var vísað á Vífilsstaði og hélt ég máske að þar væri möguleiki en svo mun alls ekki verða enda allt þar fullsetið og máske rúmlega það.

Málið er því í sjálfheldu og það hrópar á okkur um úrlausn eins og tillaga okkar gerir ráð fyrir. Það er vissulega erfiðara þegar verið er að skera niður framlög til þessa málaflokks í heild meðan framlög eru aðeins helmingur þess eða tæplega það sem lög kveða á um. Það er einmitt lýsandi um þetta að meiri hluti nefndar, sem lagði til frávísun á málinu, vísaði beint á þann Framkvæmdasjóð fatlaðra sem nú er svo hart leikinn af þeirri ríkisstj., sem hann styður, að hann er gersamlega ófær um að gegna skyldum sínum þótt aðeins sé vikið að framhaldsframkvæmdum sem mest knýja á.

Hvort tveggja, úrlausn sem viðunandi væri eða fullnægjandi fjármagn, er víðs fjarri og gerir þennan tillöguflutning nauðsynlegan á nýjan leik. Gagnvart þessum illa settu einstaklingum, gagnvart aðstandendum þeirra, gagnvart því starfsfólki sem aðstöðu og möguleika skortir til nægrar aðhlynningar, gagnvart öllu þessu fólki og fyrir það verður Alþingi að reka af sér slyðruorðið og bæta hér úr sem allra fyrst öllum til góðs og þjóðfélagi okkar til verðugs vegsauka. Þetta er í huga okkar flutningsmanna eitt brýnasta velferðarmálið sem við eigum og verðum að leysa.

Ég vil aðeins geta þess svo að lokum, herra forseti, að til allshn. Alþingis barst á sínum tíma umsögn um þessa þáltill. frá þeim samtökum sem gerst þekkja hér til, landssamtökunum Þroskahjálp, þar sem þau mæla eindregið með samþykkt þessarar till., gera í raun og veru einnig tillögu um það hvernig að skuli staðið. Þau hafa nú m.a. það mikinn áhuga á þessu máli — það knýr svo mjög á þá aðila sem þarna eru í forsvari — að ég veit að stjórn þessara landssamtaka hefur farið fram á það við Ríkisútvarpið—sjónvarp að taka þetta mál sérstaklega fyrir, kryfja það til mergjar til að vekja á því athygli ef vera mætti að augu manna hér á þingi og úti í samfélaginu gætu frekar opnast fyrir því hve hrikalegur vandi hér er á ferð. Um er að ræða fáa einstaklinga sem búa við mikla örðugleika, einstaklinga sem í dag eiga hvergi heima í kerfinu, hrekjast sumir milli stofnana,

eru sums staðar vistaðir við alls ófullnægjandi aðstæður og fá í engu þá umönnun og þá aðhlynningu sem þeir þyrftu að fá og eru í meiri þörf fyrir en flestir aðrir einstaklingar í þessu þjóðfélagi.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja það til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að vekja athygli á því hversu fámennt en góðmennt er hér í þingsalnum. Hér eru fimm þm. Alþb. og forseti Sþ. Hér er enginn hæstv. ráðherra og hér stendur einn sjálfstæðisþingmaður í dyrum og fyllir nærri út í þær. En ég verð að segja það, herra forseti, að það hefði mátt ætla að hér yrðu allnokkrar umræður um þessa tillögu þegar hún er nú hér flutt í ljósi þeirrar sögu sem hún á. Það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir t.d. að aðrir flokkar en Alþb. virðast ekki hafa áhuga á eða hafa skoðun í þessum efnum.

Ég vil hverfa aftur til þess hvernig samhljóðandi till. var afgreidd fyrir tveimur vetrum síðan þegar hæstv. ráðherrum, heilbr.- og trmrh. og félmrh., var sýnt það traust hér á Alþingi — ég endurtek, þeim var sýnt það traust — að fela þeim framkvæmd málanna með ákveðnum leiðbeiningum af hálfu Alþingis sem felast í afgreiðslu á till. á sínum tíma. Ég leyfi mér að lesa, með leyfi forseta, þá rökstuddu dagskrá sem var niðurstaða þessa máls hér á 106. löggjafarþingi, en þar sagði:

„Í trausti þess að heilbr.- og trmrn. og félmrn. taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fyrirheit um fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári, telur Alþingi að ekki sé þörf á samþykkt þessarar tillögu og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er alveg morgunljóst, herra forseti, að þessir hæstv. ráðherrar og þessi ráðuneyti voru ekki þessa trausts verð. Það er alveg ljóst. Sagan hefur skorið úr um það. Ég vil því leyfa mér að vona að það verði meiri reisn yfir afgreiðslu Alþingis á þessu máli þegar það vonandi kemur til afgreiðslu hér síðar á þinginu.

Hvernig stöndum við svo í dag gagnvart því að þessir aðilar, sem þarna er vitnað til, nái að hrinda þessum málum í framkvæmd, að leysa úr þessum vandamálum? Það er kunnara en frá þurfi að segja hvernig farið hefur verið með Framkvæmdasjóð fatlaðra með þeim tvennu fjárlögum sem afgreidd hafa verið síðan, þ.e. þeim lögum sem við nú störfum eftir og því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir. Í bæði skiptin var um mikinn niðurskurð að ræða. Það að vísa þessu máli til ríkisspítalanna eins og þar er nú í pottinn búið er í mínum huga sorglegur brandari eða hvaða nafn sem því má gefa, það er svo öfugsnúið miðað við þær aðstæður sem þar er við að glíma.

Hvernig er að þeim stofnunum búið sem helst eiga að þjónusta á þessu sviði? Þar blasir ekkert við annað en niðurskurður, herra forseti, og samdráttur og það er fjær sanni en nokkurn tíma fyrr að ríkisspítalarnir geti af eigin rammleik tekið upp þessa þjónustu sem hér er verið að fjalla um. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessi vandamál eru ekki að leysast, þau eru þvert á móti að hlaðast upp. Hver nýr einstaklingur, sem bætist í þennan hóp, er nær óleysanlegt vandamál eins og ástandið er í þessum málum í dag.

Ég fullyrði það sem stjórnarnefndarmaður í ríkisspítölunum, kosinn hér á hv. Alþingi, að þannig er ástandið nú og ég mun ekki sitja þegjandi undir því ef hv. Alþingi ætlar aftur að vísa þessu máli frá sér með þessum hætti. Ég mun þá annaðhvort segja mig úr þessari stjórnarnefnd eða með einhverjum öðrum ráðum láta það koma í ljós að ég er ekki sáttur við að mér sé ætlað að starfa sem fulltrúi Alþingis við slíkar aðstæður ef hv. Alþingi sýnir sjálfu sér og sínum kjörnu fulltrúum ekki meiri virðingu en þá að fela þeim verkefni sem fyrir fram er ljóst að þeir geti ekki innt af höndum.

Ég harma það, herra forseti, að hér skuli ráðherrabekkir vera svo galtómir sem raun ber vitni. Það hefði verið ánægjulegt að hafa hér hæstv. félmrh. Ég hefði talið æskilegt að ráðherrar þessara mála væru hér til viðræðu um þau en auðvitað má koma því á framfæri á síðari stigum málsins.

En ég vil spyrja forseta hér í lokin á máli mínu, þó að það heyri ekki til þessu dagskrármáli, til að þurfa ekki að kveðja mér hér hljóðs um þingsköp, hvort það sé meining að halda hér áfram fundi þegar enginn hæstv. ráðherra er viðstaddur, þegar ýmist einn eða enginn hv. þm. stjórnarliðsins er hér í þingsalnum og hvort honum þyki það sæmandi reisn þingsins að halda hér fram fundi með þessum hætti. Ég vil geta þess, sé virðulegum forseta Sþ. það ekki kunnugt, að við héldum hér fund í Nd. við mjög svipaðar aðstæður allan daginn í gær. Það vekur nokkra furðu mína ef það er orðin venja hér að halda fram fundum dögum saman, hvort heldur er í deild eða Sþ., við þessar aðstæður án þess að a.m.k. athugasemdir falli um það af hálfu hæstv. forseta.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns skal það tekið fram að því miður hefur það oft verið venja að haldnir hafi verið fundir í Alþingi og fáir verið mættir. Það hefur meira að segja verið nær föst venja fyrr á árum þegar fór að nálgast jólahátíð og annríki var mikið og mikið af málum fyrir á dagskrá að haldnir voru fundir kannske kvöld eftir kvöld til að taka þáltill. til umræðu og voru þá naumast aðrir viðstaddir en þeir sem mæltu fyrir þeim.

Við erum á framfaravegi nú í þessu efni. Allt er ekki enn orðið fullkomið en það er ekki ætlunin að fylgja hinum gamla sið. Það verður ekki gert án þess að sérstakar nauðir reki til að halda slíka kvöldfundi. En það er ekki goðgá að ætlast til þess að þm. séu mættir á þeim tíma sem nú er. Ef þm. þóknast hins vegar ekki að vera mættir höfum við ekki ráð til að færa þá hingað. Það er heldur ekki sanngjarnt að þeir, sem sýna takmarkaðan áhuga á þingmálum, geti með fjarveru sinni komið í veg fyrir að þeir vinni sem eru til staðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Langtímaáætlun í jarðgangagerð, þáltill. 90. mál (þskj. 100). — Fyrri umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér með mestu ánægju fyrir þingmáli sem ég flyt

ásamt nokkrum öðrum hv. þm. og lýtur að gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Jón Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Kolbrún Jónsdóttir, Sverrir Sveinsson og Helgi Seljan.

Hér er um endurflutning á þingmáli að ræða sem ekki varð útrætt á síðasta þingi og get ég því þegar í upphafi máls míns vísað til þeirrar framsöguræðu sem þá fylgdi till. og var nokkuð ítarlegri en núverandi þingsköp gera ráð fyrir að fluttar séu í slíkum tilfellum. Málið er sem sagt nær óbreytt. Þó hafa ártöl verið færð til nýs vegar eins og eðlilegt er og einnig hefur verið aukið við grg. einu fskj. þar sem er á ferðinni ný skýrsla sem ekki lá fyrir þegar þetta þingmál var flutt en á tvímælalaust erindi hér með sem fskj. Það er 6. fskj. um berggæðamat og er unnið af starfsmanni Orkustofnunar. Ég ætla að renna yfir tillgr. Með leyfi forseta hljóðar hún svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta Vegagerð ríkisins í samstarfi við aðra sérfróða aðila gera langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi í samráði við fulltrúa þingflokkanna. Við vinnslu áætlunarinnar skal eftirfarandi athugað og metið eftir því sem kostur er:

1. Hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðrar mögulegar lausnir þar sem samgöngur á landi eru erfiðar vegna aðstæðna:
   a. með tilliti til stofnkostnaðar,
   b. með tilliti til notagildis,
   c. með tilliti til viðhaldskostnaðar,
   d. með tilliti til byggðaþróunar og félagslegra sjónarmiða.
2. Hagkvæmni þess að koma á fót vinnuflokki sérhæfðum í gerð jarðganga borið saman við útboð verkanna.
3. Hagkvæmni þess að hafa verkefni við jarðgangagerð samfelld.
4. Hvaða tækjabúnaður til jarðgangagerðar henti best íslenskum aðstæðum.
5. Að hve miklu leyti Íslendingar geti nýtt sér reynslu nágrannaþjóða, svo sem Færeyinga og Norðmanna, í jarðgangagerð og hvaða viðmiðun er þaðan að hafa um kostnað o.fl.

Áætlunin skal vera þannig upp byggð að hún falli eðlilega að langtímaáætlun í vegagerð og geti orðið hluti af henni á síðari stigum. Þá skal áætlunin taka mið af þeim framkvæmdahraða sem hagkvæmastur er í jarðgangagerð innan þeirra marka sem framlög til vegamála setja hverju sinni. Áætlunin skal hefjast með framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla eins fljótt og kostur er og vera síðan samfelld.

Markmið áætlunarinnar skulu vera að koma með gerð jarðganga þeim byggðarlögum í varanlegt vegasamband sem ekki verða með öðru móti tengd vegakerfinu á fullnægjandi hátt árið um kring. Jafnframt skal áætlunin miða að innbyrðis tengingu byggðarlaga sem eru eðlileg heild samskiptalega en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín í milli án jarðganga. Er hér einkum átt við svæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Ályktun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1986."

Í grg. er þess svo getið, herra forseti, að þessi till. var flutt á síðasta þingi af hv. þm. Sveini Jónssyni ásamt mér, en varð þá ekki útrædd.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á síðustu árum hefur verið vaxandi umræða um þennan þátt samgangna okkar, þ.e. möguleikana á því að leggja jarðgöng milli staða þar sem ekki verður komið á viðunandi samgöngum á landi með öðru móti. Menn hafa eðlilega litið til okkar nágranna, svo sem eins og Færeyinga, sem eru mun fámennari þjóð en við, en hafa engu að síður ráðist í að gera hver jarðgöngin á fætur öðrum svo nemur nálægt því einum Oddsskarðsgöngum okkar Íslendinga á hverju ári. Jarðgöng þar voru á árinu 1983, þegar Orkustofnunarmenn voru þar á ferð, á fjórtánda km en eru nú að nálgast 20 ef að líkum lætur.

Þessum málum hefur nokkuð verið sinnt á undanförnum 2—3 síðustu árum, einkum af starfsmönnum Vegagerðarinnar, sem hafa unnið ákveðna undirbúningsvinnu, ef svo má að orði komast, og gert lauslegar athuganir á möguleikum í þessu sambandi bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum. Síðan hefur verið um nokkuð ítarlegri vinnu að ræða í Ólafsfjarðarmúla þar sem þessi mál eru lengst á veg komin. Þessi undirbúningsvinna er góð svo langt sem hún nær en er eðli málsins samkvæmt einungis lausleg athugun á möguleikum. Meira þarf til að koma áður en hægt er að marka stefnu og festa framkvæmdaáætlun í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar — og því er nú þessi tillaga flutt — að það sé tvímælalaust tímabært að slík vinna verði unnin og það sé í raun og veru ófært, þar sem um slíkan afgerandi þátt er að ræða eins og samgöngumálin, að þessum hluta þeirra sé ekki betur sinnt en raun ber vitni.

Hér er einnig um ráðstöfun verulegra fjármuna að ræða og því er eðlilegt að menn reyni með rannsóknum og stefnumörkun að tryggja að nýting þeirra verði sem best og sjá nokkuð fram í tímann þannig að ekki sé um handahófskennd vinnubrögð að ræða. Ég held að þetta sé einkum og sér í lagi mikilvægt í þessu tilfelli þar sem eðli málsins samkvæmt er naumast hægt að gera ráð fyrir því að um verði að ræða nema eitt gengi eða einn flokk sem sinni þessu verki og tæplega hægt að ætlast til að slík verk verði í gangi á mörgum stöðum á landinu samtímis. Þess vegna gefur það auga leið að upp kunna að koma erfið mál til úrskurðar ef deilt verður um framkvæmdaröð í þessum efnum. En fyrir því er hægt að sjá með því að marka stefnu og ná samkomulagi um langtímaáætlun þar sem verkum er raðað upp í forgangsröð. Þetta þekkja menn með samanburði við langtímaáætlun um vegagerð sem að mínu mati hefur tekist vel, hefur tryggt pólitíska samstöðu og frið um þau mál langt umfram það sem hægt væri að vonast til með öðru móti. Ég er því í raun og veru að leggja til að svipaður háttur verði hér hafður á og reynt verði einnig að ná pólitískri samstöðu um framkvæmdaröð og um framkvæmdahraða í þessum efnum og ég leyfi mér að vera bjartsýnn á það, herra forseti, með tilliti til þess stuðnings sem þessi till. hefur fengið, bæði með þeim flytjendum sem þar standa að og einnig með þeim umræðum sem urðu um hana hér á síðasta þingi þegar þm. velflestra stjórnmálaflokka hér á hv. Alþingi, ef ég man rétt, lögðu henni lið sitt í máli.

Ég fagna einnig þeim áhuga sem hæstv. samgrh. hefur sýnt á þessum málum, eða sýndi s.l. sumar, og kom vissulega á óvart vegna þess að hann hafði ekki komið fram hér áður sérstaklega þegar þessi till. var til umræðu á þinginu, en hún lá hér fyrir eins og kunnugt er mestallan s.l. þingvetur. En mér er tjáð að á fundum sínum í sumar hafi hæstv. samgrh. lýst því að efnislega

væri hann mjög hlynntur því að slík vinna færi fram. Það hlýtur því að liggja í hlutarins eðli að hann fagni því að slíkur stuðningur komi við þetta á hv. Alþingi og væntanlega þá einnig ef tekst um það þverpólitísk samstaða að vinna þetta verk í góðu samstarfi og í góðum tengslum við fulltrúa þingflokkanna hér á þingi.

Ég þarf svo ekki í sjálfu sér að hafa um þetta mikið fleiri orð, herra forseti, enda sennilega kvótinn nálægt uppurinn sem mér er ætlaður til að mæla fyrir þingmálinu. Ég vil aðeins í lokin segja það að menn hafa á undanförnum árum haft nokkra vantrú á því, margir, að þetta yrði í náinni framtíð lausn í samgöngumálum okkar Íslendinga, sú aðferð sem tíðkuð er mjög víða annars staðar þar sem svipað hagar til, að leysa erfið samgönguvandamál þar sem fjöll eða aðrar ástæður torvelda vegagerð, með því að leggja jarðgöng. Einkum hafa það verið gífurlegar tölur um kostnað sem fælt hafa menn frá því að hugleiða þetta í alvöru. Það liggur nú hins vegar fyrir að slíkur kostnaður er ekki svo óskaplegur ef allt er tekið með í myndina. Einnig hefur tækni og vinnubrögðum fleygt fram þannig að þetta þróast í rétta átt hvað það varðar. Vísbendingar sem fá má úr framkvæmdum sem nú standa yfir, m.a. í tengslum við virkjanir, benda til þess að þessi nýja tækni og nýju vinnubrögð skili miklu lægri kostnaðartölum í þessum efnum en menn áður áttu að venjast.

Við það var einnig að glíma að menn höfðu lent í ákveðnum erfiðleikum hér við jarðgangagerð vegna ófullkominnar tækni og jarðfræðilegra aðstæðna sem menn réðu ekki alveg við á þeim tíma, en allt bendir nú til þess að það væru auðleysanleg vandamál og þyrftu ekki að valda neinum erfiðleikum væru þau unnin með nútíma tækni og nútíma þekkingu að bakhjarli. Ég held því að það sé með öllu ástæðulaust og í raun og veru ekki afsakanlegt að menn afgreiði þennan möguleika einungis með því að þetta sé svo óhóflega dýrt. Það er einnig mjög dýrt, herra forseti, eins og raun ber vitni að halda við þeim erfiðu og hættulegu vegum sem slík jarðgöng gætu leyst af hólmi. Og síðan er það sá hlutinn sem aldrei verður metinn til fjár, þar sem er miklu meira öryggi í umferðinni og væntanlega færri slys. Þarf ekki annað en vitna til frétta nú frá undanförnum vikum um slys eða óhöpp sem orðið hafa einmitt á sumum þeim vegum sem slík jarðgöng gætu leyst af hólmi. Þetta er kannske sá þáttur sem ekki verður metinn í tölum en vegur þó mjög þungt, ekki síst í máli þeirra heimamanna sem við þessar aðstæður búa.

Herra forseti. Ég þarf þá ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en ég geri ráð fyrir því að það sé eðlilegt að vísa þessari till. að loknum þessum hluta umræðunnar til hv. allshn.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem sennilega má kalla eitt frumlegasta málið, frumlegustu till. sem borin hefur verið upp á þessu þingi, um athugun varðandi jarðgangagerð. Nú á tímum aðhalds og sparsemi í ríkisrekstrinum er verið að fjalla um það að jarðgöng verði ný samgönguæð milli byggðarlaga sem vegasamband tengir nú raunar í dag velflesta, ef ekki alla.

Ég kveð mér hljóðs til þess að bera fram fsp. til flm. varðandi kostnaðarhliðina sem hann drap á hér síðast. Það kemur fram í grg. með till. að á verðlagi ársins í fyrra muni kostnaður við jarðgangagerð vera allt að eða um 100 millj. kr. á hvern km. Þetta var á verðlagi ársins í fyrra og væri fróðlegt að heyra frekari upplýsingar flm. um það hvort þetta er rétt með farið og hver kostnaðurinn mundi þá vera á verðlagi ársins í ár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er gallinn við þessa fámennisfundi hér síðdegis að oft fara merk mál í gegn án þess að aðrir veiti þeim athygli eða gefi gaum en sá sem fyrir málinu mælir. Hv. 2. þm. Reykn. kom í ræðustól og sagði að hér væri sennilega um eina frumlegustu till. að ræða sem komið hefði fram á þessu þingi. Ekki vil ég nú nota þau orð um þetta mál. Ég vil hins vegar segja að þetta er ein af athyglisverðari tillögum sem komið hafa fram hér á þingi.

Nú háttar misjafnlega til hér á landi og það er ekki nema sums staðar sem þessi gerð af samgöngumannvirkjum á við. Það er hins vegar ekki atriði sem skiptir meginmáli. Það er alveg ljóst að tækni við gerð jarðganga hefur fleygt fram og fleygir mjög ört fram. Og það er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með og tileinka okkur þá tækni sem hagkvæmust er og hentugust hverju sinni við framkvæmdir sem þessar vegna þess að áður en langt um líður hlýtur þessi kostur að koma mjög til álita á ýmsum stöðum hér á landi.

Vegna skylduverka á vegum Norðurlandaráðs var ég fyrir skömmu á ferð í Álasundi í Noregi. Þar er eyjabyggð við fjörð og háttar svo til að annað samgöngumannvirki þeirra, þ.e. flugvöllur, er á eyju skammt frá meginbæjarbyggðinni. Þarna eru reknar a.m.k. fjórar eða fimm ferjur til að halda uppi samgöngum við tvær eða sennilega fleiri eyjar byggðar þarna í grenndinni. Þeir heimamenn í Álasundi sýna nú gestum sínum áætlun sem þeir eru að hrinda í framkvæmd um gerð tvennra jarðganga sem eru samtals 8,5 km að lengd. Þetta er dýrt verk. Ég má ekki nákvæmlega með það fara hversu mikið það kostar í íslenskum krónum, en hitt skiptir meginmáli, að þeir fullyrða að þessi framkvæmd borgi sig á 15—16 árum. Rekstri ferjanna verður hætt, tekinn verður vegatollur í göngunum og miðað við svartsýnustu áætlanir þá borgar þetta sig á 15—16 árum. Þetta verður fjármagnað með innlendum lánum í Noregi. Norðmenn eru það auðug þjóð, m.a. vegna sinna olíulinda, að þeir geta þetta og auðvitað er þetta mjög hagkvæm framkvæmd. Nú er mér alveg ljóst að berggerð og berggrunnur er með allt öðrum hætti í Noregi en hér og framkvæmdin sennilega að því leytinu auðveldari. En engu að síður er þetta athyglisverð framkvæmd og ég er þeirrar skoðunar að sú till. sem hér er á borðum og til umræðu nú eigi fullan rétt á sér.

Það er aðeins eitt atriði sem ég tel kannske að orki tvímælis. Andinn í tillögunni er sá að gera margvíslegar hagkvæmnisathuganir sem er sjálfsagt og eðlilegt. Hins vegar er því slegið föstu hvar skuli byrja framkvæmdir. Ég er ekki viss um að það sé rétt. Ég held að þar eigi líka hagkvæmnisjónarmiðið að koma við sögu. Það má vel vera og eru sjálfsagt allar líkur á því að hagkvæmast sé að hefja þessar framkvæmdir þar sem flm. leggja til, þ.e. í Ólafsfjarðarmúla. Það má vel vera. Raunar kom nú hv. 1. flm. aðeins inn á það í ræðu sinni. Mér finnst hins vegar svolítið ankannalegt með tilliti til þess að þetta er till. um að kanna hagkvæmni og meta, að þá sé því slegið föstu að byrjað skuli á ákveðnum stað. Ég held að segja megi að það orki tvímælis. En þetta er mál

sem er allra góðra gjalda vert og ég lýsi stuðningi við það.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það er nú ekki nema sjálfsagt að verða vel við því þegar sá viðburður skeður hér að hv. stjórnarliðar taka þátt í umræðum og reyna að leysa þá úr þeim spurningum sem þeir hafa fram að færa eftir því sem kostur er.

Eins og segir í grg. og fyrirspyrjandi, hv. þm. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn., réttilega nefndi þá eru nefndar kostnaðartölur allt frá u.þ.b. 40 millj. kr. á hvern km eins og kostnaður var talinn vera í Færeyjum og upp í 100 millj kr. Og þetta er verðlag ársins 1984, segir þar innan sviga, og mun vera meðalverðlag eða u.þ.b. meðalverðlag þess árs.

Nú veit hv. þm. örugglega jafnvel og ég ef ekki betur hversu mikil verðbólgan hefur verið í tíð þeirrar hv. ríkisstj. sem hann styður. Ég er alveg viss um að til að færa þetta til meðalverðlags og framkvæmdakostnaðar ársins 1985 þá megi bæta einum 30% þarna ofan á. Ef síðan ætti að færa þetta á verðlag fjárlaganna, þ.e. desemberverðlag þessa árs, þyrfti sennilega að bæta þar enn einhverju við. En þetta er reikningsdæmi sem í sjálfu sér er auðvelt að framkvæma hafi menn forsendurnar fyrir framan sig og ég held að það nægi að ég gefi upp að þessar tölur, sem við settum þarna inn, byggðu nokkurn veginn á meðalverðlagi ársins 1984. Það er einmitt einn af þeim liðum sem við leggjum til að verði athugaðir mjög vandlega, þ.e. þær kostnaðartölur sem þarna liggja á bak við, vegna þess að Færeyingar t.d., sem hafa farið þá leið að setja á fót sérhæfðan vinnuflokk sem vinnur árið um kring og færir sig frá einu verki til annars, hafa náð þeim mikla árangri að koma kostnaðinum verulega niður frá því sem hann var þegar þeir buðu verkin út en þá sátu gjarnan danskir verktakar að þeirri gullnámu.

Vegagerð ríkisins hefur eðli málsins samkvæmt, og sem rétt er í hennar stöðu, verið mjög varkár í kostnaðaráætlunum og reynt að tryggja það að vanreikna ekki kostnað í þessum efnum. Ég geri mér því vonir um það að raunverulegur tilkostnaður yrði nokkru lægri en þær tölur sem Vegagerðin hefur með fyllstu varkárni látið frá sér fara og eru, eins og ég sagði, allt að 100 millj. kr. á km á verðlagi ársins 1984.

Samanburður við útboð jarðganga hér á Íslandi, þ.e. í Blönduvirkjun, bendir einnig til þess að venjuleg jarðgangagerð við íslenskar aðstæður ætti ekki að þurfa að kosta alveg jafnmikið og þar er um talað. En ég tel ekki rétt né tímabært að vera að fullyrða um niðurstöðu eða tölur beint út úr því verki sem verið er að vinna og að hluta til er auðvitað ekki ljóst hver endanlegur kostnaður þar verður fyrr en reikningar fyrir aukaverk og sérstaka liði eins og sprautun og annað slíkt, sem ekki er inni í útboðinu, liggja fyrir.

Það er mjög ánægjulegt ef þetta er frumleg tillaga og ég er alveg í sjöunda himni yfir því að hafa það nú skráð í þingtíðindum, og við flm., að við séum frumlegir í tillögugerð. Það gerir hins vegar að mínu viti ekki tillöguna neitt óskaplega frumlega þó það sé afturhaldsríkisstjórn sem situr í landinu og skeri og skeri. Það er bara harmleikur sem við búum við og við vonum öll, eða a.m.k. flest, að linni og þá renni upp betri tími með blóm í haga og menn geti aftur snúið sér að því að sinna slíkum þarfaverkefnum. Ég er hins vegar alveg viss um það að þetta er tillaga sem á ákveðnum landsvæðum er fylgst mjög náið með vegna þess að ekki þarf lengi að fara um þessa landshluta, Vestfirði, Austfirði og Mið-Norðurland, til þess að finna hversu mjög þessi mál brenna á því fólki sem þar býr. Ég þekki t.d. vel til í Ólafsfirði og þar er þetta nær undantekningarlaust sá liður sem fólkið þar nefnir fyrst, á undan hlutum eins og heilsugæslu, skólamálum og annarri uppbyggingu þjónustu og mannvirkja, sem gjarnan er þó ofarlega á blaði hjá mönnum annars staðar. Ég held því að menn verði að gera sér fyllilega grein fyrir því að væri hlutunum forgangsraðað af því fólki þá yrði tillaga sem þessi mjög framarlega. Ég leyfi mér að halda því fram.

Varðandi það sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði þá þakka ég honum jákvæðar undirtektir undir tillöguna. Ég vil róa hann með því að þó jarðfræðilegar aðstæður víðast hvar í Noregi séu gerólíkar því sem hér er vegna þess að gífurlegur aldursmunur er á þessum tveimur löndum þá er það þó svo að jarðgangagerð á Íslandi yrði fyrst og fremst stunduð á þeim svæðum landsins þar sem aðstæður eru bestar, þ.e. blágrýtissvæðunum, þar sem jarðlögin eru þéttust og elst og mest samanþjöppuð og hraunlögin gjarnan þykk. Því er í langflestum tilfellum um skárri aðstæður að ræða á Austfjörðum og Vestfjörðum heldur en svona meðalaðstæður á Íslandi vegna þess að menn eru komnir fjær hinu eldvirka belti og jarðlög orðin, eins og ég sagði, þéttari og auðveldari viðureignar í flestum tilfellum. Þess vegna er því nú slegið föstu að framkvæmdir hefjist í Ólafsfjarðarmúla að þær eru í raun og veru þegar byrjaðar, hófust með fjárveitingu upp á 4 millj. kr. sem var á fjárlögum þessa árs og var til þess að hreinsa frá gangamunnum beggja vegna Múlans. Sú ákvörðun lá reyndar fyrir í samþykkt langtímaáætlunar fyrir nær fjórum árum síðan, þegar hún var upphaflega sett, að jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla yrðu aftast svonefndra Ó-vega. Og út frá því var þessi tillaga unnin að ekki var reiknað með því að sú stefnumörkun Alþingis myndi breytast, þó ég taki vissulega undir það að æskilegra hefði verið að fyrir hefði legið hagkvæmnismat og samanburður Ólafsfjarðarmúlans við aðra mögulega valkosti. Það er vissulega hárrétt hjá hv. þm. En þetta lá svona fyrir og enn þá síður nú í ár fannst mér ástæða til þess að draga það í efa að þessari stefnu Alþingis yrði haldið, að hefja framkvæmdirnar í Ólafsfjarðarmúla, enda hefur þegar verið gert ráð fyrir fjárveitingum á næsta ári. Þ.e. á árinu 1987 verður fyrsta umtalsverða framkvæmdafjárveitingin til þess verks og síðan áfram á síðasta tímabili langtímaáætlunar.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það var í tilefni af orðum hv. 2. þm. Reykn. sem ég kvaddi mér hljóðs en sá hv. stjórnarsinni er nú genginn úr salnum. **(Gripið fram í:** Stjórnarandstaðan er einráð.) Já, stjórnarandstaðan er einráð og ætti að fjalla um þetta mál og samþykkja bara í hvelli. Æskilegast væri að gera það án nokkurra vífilengja að koma þessari góðu tillögu til beinnar samþykktar.

Hv. þm. nefndi það að tillagan væri frumleg, ekki síst á þeim tímum sem nú væru, þegar niðurskurðarhnífnum væri beitt í sambandi við allar helstu framkvæmdir. Það er nú svo að fyrir nokkrum dögum var umræða um brbl. ríkisstj. um hækkun þungaskatts og hækkun bensíns í hv. Ed. og þá hélt hæstv. fjmrh. því fram að það væri nú

af og frá að um neinn niðurskurð væri að ræða á þeim vettvangi heldur væri þar um aukið fjármagn og sérstaklega auknar framkvæmdir að ræða, svo að ekki fellur þetta nú allt heim og saman hjá þeim ráðherrum og stuðningsmönnum ríkisstj.

Staðreyndin er vitaskuld sú, og það er rétt með farið hjá hv. 2. þm. Reykn., að niðurskurður hefur átt sér stað jafnt í vegamálum sem á öðrum vettvangi. Fyrst átti sér stað stórkostlegur niðurskurður við samþykkt vegáætlunar í vor. Og sú vegáætlun sem samþykkt var í vor er svo enn skorin niður við ákvörðun um breytingu á tekjustofnum til vegagerðar sem einmitt var verið að ræða í sambandi við breytingu á þungaskatti og bensíngjaldi en ekki á hinn veginn. En tillagan er nú ekki talin svo mjög frumleg jafnvel hjá ráðherrum í hæstv. ríkisstj. Við vorum á ferðalagi, þm. Vesturl., um kjördæmið og þar var vitaskuld við hverja sveitarstjórn uppi umræða um vegalagningu. Hæstv. félmrh. benti okkur á, og þá um leið sveitarstjórnarmönnum á utanverðu Snæfellsnesi, að nú þegar væri farið að líta á það sem góðan kost í sambandi við uppbyggingu vega á Snæfellsnesi að gera göng í gegnum Snæfellsnesfjallgarð og taldi jafnvel að það mundi verða ódýrari og æskilegri leið en þær leiðir sem við höfum verið að fjalla um, þ.e. að fara yfir fjallgarðinn jafnvel á tveimur stöðum. Um hefur verið rætt að þar yrði farin ný leið, ekki haldið áfram þeim gömlu leiðum sem farnar hafa verið heldur verði endurbyggð þar ný leið. Í ríkisstj. er því sjálfsagt litið á þessa tillögu sem sjálfsagða og eðlilega svo ég vænti þess að hún fái stuðning hjá félmrh. jafnt og hjá samgrh.

Ég lýsi stuðningi mínum við þessa tillögu og vil benda flm. á að það eru ekki aðeins Vestfirðir og Austfirðir og Mið-Norðurland sem eru vettvangur fyrir jarðgangagerð. Það er einnig Vesturland eins og ég hef nefnt hér. Þar eru uppi rökstuddar tillögur um að það séu mjög hagstæðar leiðir til þess að fara um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Námsbrautir á sviði sjávarútvegs, þáltill. 118. mál (þskj. 131). — Fyrri umr.

Flm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 131 leyft mér ásamt þeim hv. þm. Helga Seljan, Sighvati Björgvinssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Davíð Aðalsteinssyni, Einari Kr. Guðfinnssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að flytja till. til þál. um skipulagningu námsbrauta á sviði sjávarútvegs. Tillgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj. að menntmrn. hlutist til um að innan framhaldsskólakerfisins verði skipulagðar námsbrautir á sviði sjávarútvegs og námsefni verði samið í sérgreinum þeirra brauta. Stefnt verði að sem mestri fjölbreytni í sjávarútvegsnámi í framhaldsskólum með stuttum námsbrautum í fiskvinnslu og sjómannafræðum, fyrri hluta náms sérskóla sjávarútvegs, þ.e. fiskvinnslu-, stýrimanna- og vélstjórnarnámi, og undirbúningsnámi fyrir þá skóla, auk námsbrautar sem lyki með stúdentsprófi.

Markmið slíks náms væri að búa fólk undir störf í sjávarútvegi og að kynna íslenskan sjávarútveg."

Að undanförnu hefur átt sér stað allmikil umræða um nauðsyn þess að auka og koma af stað sérstöku námi fyrir það fólk sem við sjávarútveginn vinnur. Það er sem sagt staðreyndin að um 90% af því fólki, sem við sjávarútveg vinnur hér hjá okkur á Íslandi, hefur ekki aflað sér menntunar í skóla til undirbúnings starfinu. Það eru aðeins skipstjórnarmenn, vélstjórar og verkstjórar sem eru sérmenntaðir í þessum störfum og hafa þó oft og tíðum verið tíðar undanþágur frá því að menn hafi verið þar með fullkomna menntun sem æskileg hefur verið talin og reglugerðir hafa kveðið á um að væri.

Stór hluti þess fólks sem vinnur þessi störf er mjög vel þjálfaður og með mikla reynslu í sínum störfum. Íslenskur sjávarútvegur hefur hingað til haft á að skipa vel þjálfuðu starfsliði sem hefur aflað sér menntunar fyrst og fremst í starfi. Á þessu er að verða breyting. Færri og færri gera þessi störf að ævistarfi. Ungt fólk sem áður fór eftir grunnskólanám til starfa við sjávarútveginn, á fiskiskipaflotanum eða í fiskvinnslustöðvunum, heldur nú flest áfram námi og stefnir að stúdentsprófi og síðar einhverju sérnámi. Í fiskvinnslunni kemur endurnýjun frá öðrum starfsstéttum og frá því fólki sem einhverra hluta vegna hefur ekki haldið áfram námi að loknum grunnskóla. Svipað á sér stað hvað varðar sjómannsstarfið.

Mörg undanfarin ár hefur vantað menn með vélstjórnar- og skipstjórnarréttindi á fiskiskip. Síðustu mánuði hefur einnig verið mikil fólksekla í fiskiðnaði. Léleg laun, ótrygg störf og ýmsir aðrir þættir eiga sinn hlut í því að fæla menn frá störfum tengdum sjávarútvegi, á sjó og landi, en þar kemur fleira til.

Í framhaldsskólum er ekki boðið upp á fiskvinnslu eða sjóvinnunám ef frá er skilin kennsla í vélfræði í tveimur fjölbrautaskólum en sú kennsla sem var haldið uppi á undanförnum árum mun nú að mestu vera hætt. Segja má að með því námsefni sem nú er í framhaldsskólunum sé unnið að því að útiloka ungt fólk frá námi sem tengist sjávarútvegi. Framhaldsskólarnir hafa hins vegar viðskiptabrautir, þjónustubrautir, iðnbrautir, heilbrigðisbraut og ýmislegt fleira. Og í sumum fjölbrautaskólunum er einnig haldið uppi kennslu í sambandi við iðngreinar, þ.e. trésmíði og ýmsar aðrar iðngreinar.

Með tilkomu fjölbrautaskólanna var gert ráð fyrir að þeir myndu sinna fjölbreytilegu starfsnámi og búa ungt fólk undir það að taka þátt í atvinnuþróun, tileinka sér nýja starfshætti í aðalatvinnugreinum þjóðarinnar og þá frekar en ekki síður sjá nemendum fyrir kennslu í fiskvinnslu og sjóvinnu. Sú hefur þó ekki orðið raunin á. Enn fer stærstur hluti nemenda þessara skóla á bóknáms- og þjónustubrautir.

Við ýmsa grunnskóla á landsbyggðinni hefur verið komið á fót framhaldsdeildum í tengslum við fjölbrautaskóla. Þannig er það t.d. á Vesturlandi. Framhaldsdeildir hafa starfað við grunnskólana í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi og að Laugum í tengslum við Fjölbrautaskólann á Akranesi. Áformað er að þessi tengsl skólanna á Vesturlandi verði enn aukin. Námsefni framhaldsdeilda þessara skóla hefur þó ekki tengst starfsnámi nema að mjög takmörkuðu leyti. Kennslan í þessum deildum hefur frekar stuðlað að fjölgun nemenda á hefðbundnum bóknámsbrautum. Sjálfsagt er ríkt í huga margra nemenda að nám sé fyrst og fremst bóklegt og framar öllu þurfi að læra til hinna hefð-

bundnu gömlu háskólagreina, þess vegna eru þær námsbrautir svo áhugaverðar. Hitt er jafnframt augljóst að allt of lítið, og sums staðar ekkert, hefur verið gert til að auðvelda ungu fólki starfsnám.

Það er í sjálfu sér merkilegt að í þessum byggðum, t.d. vestur á Snæfellsnesi, skuli ekki hafa komið upp ákveðnari raddir um það að breyta framhaldsdeildunum í þá átt að gera þær betur búnar til þess að sinna aðalatvinnugreinum svæðanna en raun ber vitni um, en vonandi sjá menn nú að ef við ætlum að halda traustri byggð á þessum svæðum byggist það fyrst og fremst á því að það fólk sem við þessar undirstöðuatvinnugreinar vinnur fái bæði almenna menntun og sérmenntun til þessara starfa.

Sjávarútvegsnámið er aðeins boðið fram í sérskólum sem tengjast öðru framhaldsnámi með takmörkuðum hætti. Þeir sérskólar eru nær eingöngu á Reykjavíkursvæðinu. Nám við þá skóla útheimtir óþarflega langar fjarvistir frá heimilum og heimabyggð margra nemenda miðað við að hluti námsins ætti sér stað á heimaslóðum. Það er ekki boðið upp á fiskvinnslu- eða sjóvinnunám sem valgrein í 9. bekk grunnskóla, ekki heldur í áðurnefndum framhaldsdeildum né fjölbrautaskólum. Þar með eru þeir nemendur sem vilja hefja framhaldsnám strax að loknu skyldunámi raunverulega útilokaðir frá því að afla sér menntunar á sviði sjávarútvegs og sjávarútvegsframleiðslu á því aldursskeiði og á þeim vettvangi sem nemendur óska og er þeim eðlilegastur.

Við það að þessar námsbrautir yrðu teknar upp í fjölbrautaskólunum mundu kennsla og námsbrautir sjálfsagt verða breytilegar, í fyrstu eftir skólum og fara eftir nemendafjölda og aðstöðu til kennslu. Um leið og stofnað yrði til framhaldsnáms á þessu sviði víða á landinu sköpuðust skilyrði fyrir fullorðinsnám, endurmenntun og námskeiðahald með sömu kennslugögnum og framhaldsnám byggðist á. Leita þyrfti samstarfs við samtök sjómanna og fiskvinnslufólks og skólastjórnir sérskóla sjávarútvegsins um allt sem lýtur að skipulagningu og fyrirkomulagi þessa náms.

Eitt af því sem veldur brottflutningi ungs fólks frá landsbyggðinni er að sækja þarf nær allt framhaldsnám til stóru þéttbýlisstaðanna og þá fyrst og fremst til Reykjavíkur. Að námi loknu er þetta unga fólk oft í minni félagslegum tengslum við sína heimabyggð en það umhverfi þar sem námið hefur verið stundað. Auk þess eru oft litlar líkur á því að heimabyggðin geti nýtt það nám sem sótt hefur verið í skóla þéttbýlisins. Efling framhaldsdeildanna og fjölbrautaskólanna mun hamla gegn brottflutningi fólks af landsbyggðinni og styrkja byggð á viðkomandi stöðum, kennurum og starfsliði mun fjölga og námstími í heimabyggð lengjast. Fjölgun sérmenntaðs fólks, bæði í hópi kennara og í sjávarútveginum, mun styrkja félagslegan grundvöll greinarinnar og leiða til framfara hvar sem slík þróun á sér stað.

Nýjar leiðir til náms, svo sem tillagan gerir ráð fyrir, munu stuðla að mjög aukinni menntun á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu. Ungt fólk sem hefur tileinkað sér kunnáttu til að takast á við nýjungar í rekstri og meðferð sjávarafla til að auka gæði og verðmæti hans mun koma til starfa og styrkja þessar atvinnugreinar. Á því er ekki vanþörf nú og í framtíðinni. Að því verður að stefna að íbúar sjávarútvegsbyggðanna, það starfsfólk sem við sjávarútveginn vinnur, hafi ekki síður almenna menntun og sérmenntun vegna sinna starfa en fólk í öðrum starfsgreinum, jafnt í framleiðslu og þjónustustörfum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þessa tillögu og legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til hv. félmn.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Þeir fimm eða sex hv. þm. sem hér eru nú verða vitni að stórmerki tvisvar á sömu klukkustund, að stjórnarþingmenn taka til máls um þáltill.

Ég stend upp fyrst og fremst til að taka undir þessa till. Ég verð að telja að hér sé á ferðinni tilraun, að mínu mati, til að vekja athygli á geigvænlegu vandamáli sem nú steðjar að íslenskum fiskiðnaði, en það er fólksekla, það er áhugaleysi ungs fólks um vinnu í sjávarútvegi. Ég veit að mjög margir innan greinarinnar hafa af því verulegar áhyggjur og margir eru sannfærðir um það að lítils háttar launahækkun starfsfólks í fiskvinnslu dugi ekki til að hvetja fólk til starfa í þessari þýðingarmestu atvinnugrein okkar. Það er sjálfsagt ekki vafi á að launahækkun til samanburðar við aðra er nauðsynleg. Þetta er vinna sem ekki er sérstaklega skemmtileg. Ég veit það af eigin reynslu. Ég veit að það þarf mikið átak til að gera hana áhugaverðari. Það þarf m.a. aukna sjálfvirkni. Það þarf að vekja áhuga fólks á þessari þýðingarmiklu vinnu, m.a. með menntun, kennslu, fræðslu um hversu þýðingarmikið þetta er og handbragðakennsla er vissulega mikil nauðsyn þar.

Hv. flm. hefur líklega tekið eftir því, reyndar efast ég ekki um að hann hafi tekið eftir því, að ráðherrar hafa, ég held hæstv. sjútvrh. og menntmrh. báðir tveir, látið í það skína að e.t.v. væri rétt að sameina kennslu í sjávarútvegsgreinum undir ráðuneyti sjávarútvegsmála. Er þar átt fyrst og fremst við nám í stýrimannaskóla og fiskvinnsluskóla þó að fleiri námsbrautir kæmu þar til greina. Sérskólar landbúnaðar, bændaskólarnir, hafa að mörgu leyti haft að því er virðist rýmri fjárráð og betri framgang sinna mála en sambærilegar stofnanir. Er ekki talið ólíklegt að það sé vegna þess að þeir heyra undir landbrh.

En aðalerindi mitt var að taka undir þessa tillögu. Ég held að hún sé allra góðra gjalda verð.

Flm. (Skúli Alexandersson): Ég þakka hv. stjórnarþingmanni fyrir að koma upp og fjalla um þessa till. okkar og þakka fyrir undirtektir hans við málið.

Hann sagði að af eigin reynslu vissi hann að vinna við fiskvinnslu eða sjávarútveg væri ekki sérlega skemmtileg. Ég held að þetta sé tilfinningalegt og breytilegt á milli einstaklinga. Ég get ómögulega ímyndað mér að það sé leiðinlegra að vinna í fiski en að vinna í kjöti t.d. En það má ekki vinna í kjöti nema hafa ákveðið nám að baki. Sá er skyldugur til að heita kjötiðnaðarmaður og stunda nám í ákveðnum skólum til að mega annast slíka hluti. Eins er það ef hann ætlar að hnoða brauð. Þá ber honum skylda til að ganga ákveðinn menntaveg og afla réttinda til að sinna því starfi. Ég held að það þurfi að lyfta fiskvinnslunni og sjómennskunni. Við höfum oft og tíðum heyrt að kennarar segi við baldinn ungling: Ef þú stendur þig ekki í því að læra ferðu bara í fiskinn. Þessu ætti að breyta á þann veg að farið yrði að segja við unga fólkið: Ef þú ætlar í fiskinn verður þú að læra. — Ég held að þetta sé jafnvel eitt af því sem okkur er hvað nauðsynlegast að stefna að til þess að lyfta bæði

landsbyggðinni og lyfta þessari atvinnugrein.

Annan þátt nefndi hv. ræðumaður. Það var að heyrst hefur að áhugi sé fyrir því hjá sumum ráðherrum að setja Fiskvinnsluskólann og Stýrimannaskólann undir sjútvrn. Þeir telja að líklegra sé að með því móti yrði auknu fjármagni veitt til þessara skóla og benda þá gjarnan á samanburð við búnaðarskólana. Mér finnst að þá sé verið að vissu leyti að hlaupa frá vandanum ef þarf að fara að færa skólana, taka þá undan menntmrn. Nær væri að viðurkenna þá staðreynd að við verðum að láta meira fjármagn af hendi rakna til þessara skóla. Og í öðru lagi: Við verðum að breyta þessum skólum. Við þurfum fyrst og fremst að láta þessa skóla, Fiskvinnsluskólann og Stýrimannaskólann, vera eins konar háskóla í þessum greinum. Við þurfum að láta undirbúningsnámið eiga sér stað, eins og tillaga okkar gerir ráð fyrir, í fjölbrautaskólunum. Fyrri hluti náms til stýrimannafræðslu og vélstjórafræðslu eigi sér stað á heimavettvangi, í deildum fjölbrautaskólanna og í fjölbrautaskólunum sjálfum. Sama eigi sér stað í sambandi við fiskvinnsluna. Fjölbrautaskólarnir geti útskrifað stúdenta á fiskvinnslu- eða sjómannsbraut og þeir síðan farið annaðhvort til háskólanáms í útvegsfræðum við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms í fiskvinnsluskóla og stýrimannaskóla eftir að hafa lokið fornámi á heimavettvangi.

Ég ítreka að ég þakka þær undirtektir sem þingmaðurinn lýsti við till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Réttaráhrif tæknifrjóvgunar, þáltill. 143. mál (þskj. 157). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið að tala fyrir þessu máli í dag og vonandi koma því til nefndar þrátt fyrir fámenni í salnum.

Ég hef lagt fram á þskj. 157 till. til þál. um réttaráhrif tæknifrjóvgunar. Meðflytjendur mínir eru hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðrún Agnarsdóttir og Stefán Benediktsson.

Till. er 143. mál þingsins og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á dómsmrh. að skipa nú þegar fimm manna nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði ákveðin.

Nefndin verði skipuð sem hér segir: Dómsmrh. skipi formann nefndarinnar án tilnefningar. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, og sé hann sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, og einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands.

Nefndin ljúki störfum áður en næsta löggjafarþing kemur saman. Ríkissjóður greiði kostnað af störfum hennar."

Herra forseti. Það kann ýmsum að hafa fundist þegar þessi till. kom fram að hér væri e.t.v. ekki á ferðinni það mál sem brýnast væri nú í þjóðfélaginu, en það er jafnljóst að það kom ýmsum á óvart þar sem segir í grg. að yfir 50 íslensk börn séu nú í landinu sem hafa verið getin með tæknilegum aðferðum, þ.e. með svokallaðri tæknifrjóvgun, langflest með sæði óþekktra sæðisgjafa sem aðallega hefur komið frá sæðisbanka í Danmörku.

Tæknifrjóvgun er nú framkvæmd á kvennadeild Landspítalans og þar hefur yfirumsjón með henni Jón Hilmar Alfreðsson sem er sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Hann var mjög samvinnufús um upplýsingar þegar ég var að ganga frá þessari till.

Tæknifrjóvgun er ekki ný af nálinni, eins og margir halda. Það er talið að fyrstu öruggu heimildirnar um tæknifrjóvgun á konu séu frá árinu 1834 og strax upp úr árinu 1860 hófst tæknifrjóvgun meðal lækna í Bandaríkjunum og Frakklandi sem lausn manna við barnleysi. Síðan hafa mörg vötn runnið til sjávar og nú er svo komið að tæknifrjóvgun er orðin mjög útbreidd. Af einhverjum ástæðum sýnist ófrjósemi heldur hafa farið í vöxt og sem betur fer hafa verið fundnar leiðir til þess að gera fólki kleift að eignast börn sem ekki gat það eftir venjulegum leiðum.

Það mun hafa verið fyrst 1979 sem samkomulag tókst hér á landi milli þáverandi heilbr.- og trmrh. og lækna á kvennadeild Landspítalans um að eins konar leyfi var gefið til þess að slíkar aðgerðir hæfust hér heima, en áður hafði fólk orðið að leita til annarra landa til að fá tæknifrjóvgun framkvæmda.

Sú vinnuregla hefur verið viðhöfð, sem er auðvitað laus í reipunum þar sem engin löggjöf er til um þetta fyrirbæri, að einungis giftar konur koma til greina sem umsækjendur um tæknifrjóvgun og svo er einnig víðast hvar annars staðar í heiminum. Ástæðan fyrir því er auðvitað sú að með því er talið tryggara en ekki að barnið eignist föður. Hins vegar hlýtur sú spurning að vakna hvort þetta sé í raun og veru ekki nokkuð úrelt sjónarmið þar sem samkvæmt t.d. íslenskum lögum er engin skylda að feðra barn. Þannig sýnist ekki endilega vera sjálfgefið að konu sé neitað um tæknifrjóvgun þó að hún sé ekki í sambúð eða hjónabandi. En um þetta, eins og svo margt annað í þessu máli, má auðvitað deila.

Eins og ég sagði áðan eru einfaldlega ekki til í landinu nein lög eða reglugerðir varðandi tæknifrjóvgun og réttindi þeirra barna og foreldra sem hafa nýtt sér þessa aðferð.

Ég hef ekki lagt neina áherslu á þá siðfræðilegu, trúarlegu og félagslegu þætti sem auðvitað tengjast þessu máli. Slíkt er mjög flókið og margbrotið og kemur auðvitað að því að um það verður að setja löggjöf. Ég hef hins vegar kosið að snúa mér eingöngu að réttaráhrifum og réttarstöðu þeirra barna sem getin eru með tæknifrjóvgun svo og foreldra þeirra ef um einhvern ágreining kynni að verða að ræða.

Það getur hver sagt sér sjálfur að þetta er alvörumál þegar börnin eru orðin svo mörg sem hér segir. Við eigum nú í landinu u.þ.b. tvo stóra skólabekki barna sem getin eru við tæknifrjóvgun, og kæmi til ágreiningsmála, t.d. við skilnað eða í erfðamáli, má hugsa sér hvern skaða það gæti gert þessum börnum og auðvitað foreldrunum líka ef til deilumála kæmi um faðerni barnanna e.t.v. eftir margra ára fjölskyldulíf.

Til upplýsingar þeim örfáu hv. þm. sem hér sitja skal upplýst að samkvæmt íslenskum lögum geta eiginmaður móðurinnar, barnið, móðir þess, lögráðamaður barnsins og erfingjar eiginmannsins höfðað svokallað vefengingarmál og trúlega unnið það eins og sakir standa og

þar með er faðerni barnsins og réttarstaða öll gjörsamlega í lausu lofti og móðurinnar raunar einnig. Hið sama mundi að sjálfsögðu gilda ef móðirin færi í vefengingarmál sem ekki er annað að sjá en að hún hlyti að geta unnið auðveldlega.

Í ágætri kandídatsritgerð sem Jón Höskuldsson lögfræðingur skrifaði árið 1984 við Háskóla Íslands eru þessu máli og ýmsum þáttum þess gerð hin ágætustu skil. Þeim þm. sem vilja kynna sér þetta mál er ráðlagt að lesa þá ritgerð því að hún er áreiðanlega það besta og jafnvel það eina sem hefur verið fræðilega skrifað um þessi mál.

Ég hef lagt til að nefndin yrði skipuð á ákveðinn hátt og tel að það skýri sig nokkuð sjálft. Hér er auðvitað fyrst og fremst um lagaleg atriði að ræða og þess vegna taldi ég eðlilegt að Lögmannafélag Íslands hefði tvo fulltrúa. Jafnsjálfsagt er að einn fulltrúi sé frá læknadeild Háskóla Íslands og sé hann jafnframt sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Eðlilegt verður að teljast að dómsmrh. ráði formennsku í nefndinni. Einnig töldum við sjálfsagt að einn nefndarmanna væri í nefndinni samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands þar sem hin félagslega hlið er auðvitað atriði líka og ráðið fer einmitt með hin viðkvæmustu fjölskyldumál. Það er tekið fram að eðli málsins vegna sé eðlilegt að séð verði til þess að fólk af báðum kynjum eigi sæti í nefndinni.

Um tæknifrjóvgun hafa verið miklar umræður um allan heim á síðustu árum. Fyrir Norðurlandaráði liggur nú tillaga um að Norðurlöndin leitist við að samræma löggjöf um tæknifrjóvgun. Enn sem komið er er einungis um slíka löggjöf að ræða í Svíþjóð. Þar hafa verið sett lög sem kveða svo á m.a. að faðir sem einu sinni hefur samþykkt tæknifrjóvgun konu sinnar kemst ekki undan þeirri skyldu að vera faðir barnsins hvernig sem mál skipast að öðru leyti. Á hinum Norðurlöndunum hafa slík lög ekki verið sett. Í Danmörku t.d. hafa menn ekki talið nauðsynlegt að setja lög, heldur telja menn jafnvel að reglugerð nægi innan gildandi sifjalaga. Í Finnlandi telja menn hins vegar að löggjöf sé nauðsynleg. Norska nefndin sem um þetta fjallaði hefur aftur á móti klofnað um málið. Þar blönduðust inn í mjög viðkvæm siðfræðileg og trúarleg atriði.

Það er ljóst að manneskjan getur í æ meira mæli ráðið bót á hinum ýmsu vandamálum sínum, en sá kann vel að vera fylgifiskur þess að menn standi frammi fyrir nýjum vandamálum. Í sambandi við þessi mál er auðvitað fjöldi vandamála sem upp koma og nauðsynlegt er að setja lög um. Menn minnast kannske dæmis, og reyndar réttarhalda, í Frakklandi þar sem kona krafðist þess að fá að nýta sér sæði látins eiginmanns. Gagnvart íslenskum lögum mundi slíkt barn hvorki njóta barnalífeyris né erfðaréttar vegna þess að barn þarf að vera á lífi þegar arfleifandi deyr. Þannig koma til ótal tilvik. Enn fremur gilda nokkuð aðrar reglur um sambýlismann, en til þessa hafa ekki komið upp nein slík dómsmál hér á landi. Hins vegar var hvatinn að sænsku lögunum sá að slíkt mál kom upp, mál sem hefur verið kallað Haparanda-málið og verður eflaust frægt í réttarsögu Svíþjóðar. Það varð til þess að sænska þingið flýtti sér að setja lög.

Herra forseti. Með tilliti til viðstaddra og þess hversu langt er liðið á þingdag skal ég ekki tíunda þetta mál meira. Ég held að ég geti fullyrt að lögmenn eru mjög sammála því að um þetta verði að setja lög eða reglugerðir heldur fyrr en seinna. Elstu börnin sem hér á landi búa nú eru að nálgast skólaskyldualdur. Ég tel að það sé mjög varasamt að við bíðum eftir því að mál kunni að koma upp sem skapa kynnu einhverri þessara fjölskyldna ómældan skaða með því að þessi má séu ekki nokkuð tryggð hvað varðar hin réttarfarslegu áhrif.

Ég vil, herra forseti, leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn. og treysti því, þar sem þetta er mál sem þm. allra flokkanna hafa getað sameinast um, að afgreiðslu þess verði flýtt og ráðuneytið taki tillit til þessarar óskar og beiti sér fyrir því að nefnd verði skipuð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 22. fundur.

Miðvikudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, stjfrv. 127. mál (þskj. 140, n. 185). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Eins og fram kom þegar frv. var lagt fram hér í hv. Alþingi er það efnislega samhljóða lögum nr. 130 frá 1984 og framlenging á þeim lögum og er gert ráð fyrir að skatthlutfall haldist óbreytt.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Ég hef engu við þetta að bæta. Ekki hafa komið upp deilur um þetta frv. þannig að ég legg fram álit fjh.- og viðskn. svohljóðandi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég stend að þessu nál. eins og fram kom hjá hv. frsm., 4. þm. Austurl., og minn flokkur stóð að því á sínum tíma að setja þennan skatt á og við erum fylgjandi því að hann verði lagður á áfram.

En tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs við þessa umræðu er það að í gær rak á mínar fjörur blað sem heitir Verslunartíðindi, 3. tbl. 1985. Þar birtist viðtal við hæstv. núv. iðnrh. en páv. fjmrh. þegar viðtalið var tekið og er hann nú illa fjarri, en væntanlega gefst tækifæri til að minna hann á þetta viðtal einhvern tíma þó seinna verði. Þetta er heilsíðuviðtal í Verslunartíðindum og þar stendur, með leyfi forseta, í fyrirsögn: „Albert Guðmundsson: „Þessi skattur skal falla niður eins og lofað hefur verið."„ Og með leyfi forseta segir orðrétt í þessu viðtali:

„Albert sagði að rétt væri hjá Magnúsi E. Finnssyni að bráðabirgðaskattar yrðu oft langlífir. „En það skal

standa að þessi skattur fellur niður eins og lofað hefur verið", sagði Albert Guðmundsson og átti þar við skatt af verslunarhúsnæði."

Ég held að hér sé eitt fáheyrðasta dæmi sem maður hefur lengi orðið vitni að um það að kannske er nokkuð til í því sem kom fram hjá almenningi í skoðanakönnun um stjórnmálamenn. Þetta er auðvitað himinhrópandi dæmi um það. Hér er lofað og aftur lofað og síðan er svikið og aftur svikið. Þetta er bara eitt dæmi um hvernig sú ríkisstj. sem nú situr hagar sér, og þá tala ég um hana sem sömu ríkisstj. þó að menn hafi skákað sér á milli stóla og sumir kannske dottið niður á milli stóla í þeim æfingum sem fram fóru hér á haustdögum. Það má minna á það líka að ríkisstj. var búin að lofa að afnema tekjuskatt. Það stendur í þeirri ræðu sem hæstv. núv. fjmrh. flutti þm. þegar hann mælti fyrir fjárlagafrv. að haldið yrði áfram að lækka tekjuskattinn. En hvað hefur komið á daginn? Allt annað. Það á ekki að lækka tekjuskattinn.

Hérna höfum við tvö dæmi. (**KSG:** 85% lán til húsnæðismála.) Já, það mundi æra óstöðugan ef maður færi að skoða húsnæðismálaloforð og húsnæðismálaframkvæmdir þessarar hæstv. ríkisstj. En þarf þetta að vera svona? Ég spyr. Ég held ekki.

Mér finnst þessi yfirlýsing hæstv. páv. fjmrh. og það sem síðan hefur gerst, framlagning þessa frv. og afgreiðsla þess hér á hinu háa Alþingi, vera öldungis hreint með ólíkindum. Auðvitað er það ekkert einkamál ráðherranna þegar þeir stíga í stól og lofa og svíkja svo næstum því áður en prentsvertan er orðin þurr á þessum plöggum. En auðvitað verður hver að hafa sína skoðun á því. Mér þykir miður að hvorki þessi hæstv. ráðherra né hans eftirmaður skuli vera við þessa umræðu.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég kem ekki hingað í ræðustól til þess að svara fyrir hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. iðnrh. Hann stendur fyrir sínum skoðunum sjálfur þegar þeir skiptast á skoðunum, hann og hv. 5. landsk. þm., þótt síðar verði, eins og hann orðar það. Ég hygg að minn flokkur hafi staðið að þessari skattlagningu þegar hún var sett á og ég er þeirrar sömu skoðunar enn að þessir aðilar verði að gangast undir það að greiða þennan skatt til samfélagsins og ég stend að sjálfsögðu við það að halda honum áfram og hef ekki fleira um það að segja.

Síðasti hv. ræðumaður kom inn á frestun á lækkun tekjuskatts eins og boðað hafði verið. Ég tel að aðstæður geti breyst þannig að þó að menn hafi sett sér þetta takmark að lækka tekjuskatta eða afnema þá geti það verið fullkomlega réttlætanlegt að hverfa frá því við aðstæður eins og nú eru í ríkisfjármálum og ekki þurfi að vera um nein svik að ræða í því sambandi. Hér var einfaldlega um að ræða val á milli þess að leggja á neysluskatta eða tekjuskatt. Og ég lýsi því yfir sem minni skoðun að ég tek tekjuskattinn fram yfir vörugjöld á brauð og annað slíkt þannig að þessi málalok eru mér að skapi hvað sem um það má svo aftur segja. Ég tel að aðstæður séu þannig í þjóðfélaginu nú að við getum ekki horfið frá þessari skattheimtu. Það má svo hver nefna það þeim nöfnum sem hann lystir.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, af því að það var komið inn á þetta, þó að tekjuskatturinn sé ekki til umræðu undir þessum dagskrárlið.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að gert sé að umræðuefni hver eru loforð stjórnmálamanna og síðan efndir. Og mér þykir eðlilegt að almenningi í landinu skuli ofbjóða þegar svo er farið að sem hér hefur verið greint frá.

Ég er einn þeirra sem man eftir því hvers konar æsingur var í þm. Sjálfstfl. á sínum tíma þegar þessi skattur af skrifstofu- og verslunarhúsnæði var settur á. Það var eins og þeir ætluðu að rífa Alþingi í sig út af þessu óréttlæti og þeirri óskammfeilni að leggja þennan skatt á. Svo kom að því að þeir fóru í ríkisstjórn og síðan hefur ekkert í þeim heyrst.

Ráðherrar eru að gefa út alls konar yfirlýsingar í blöðum sem er ekki neitt að marka. Það er lofað og það er svikið og það er lofað og svikið aftur eins og hv. þm. Eiður Guðnason sagði.

En fleiri loforð voru gefin fyrir síðustu kosningar. T.d. það að fella niður tekjuskatt. Og menn slógu sig til riddara á þeim loforðum og fengu til sín drjúgan hluta atkvæða út á það. Síðan kemur í ljós að mennirnir sem hafa verið að lofa þessu hafa engin áhrif eða meina ekkert með því sem þeir eru að segja. Það versta er að þeir sem um þetta fjalla skilja ekki rökin fyrir því að fella niður tekjuskatt. Rökin fyrir því að fella niður tekjuskatt eru þau að hann sé afar ranglátur og þeir sem helst ættu að greiða hann sleppi undan því að greiða hann. Hann komi misjafnlega niður á menn vegna þess að fjöldinn allur getur dregið undan skatti. Og síðan er þetta líka launamannaskattur. Skattþrepin fara svo langt niður að engu tali tekur. Þeir sem reyna að bjarga sér með yfirvinnu og öðru slíku eru dæmdir til að fara í þetta fen. Þess vegna hefur verið talað um að finna nýtt skattform sem nái betur til þegnanna en þetta. Þess vegna höfum við Alþýðuflokksmenn mjög beitt okkur fyrir því að tekjuskattur yrði niður felldur. Þess vegna var það líka að kjósendur voru, t.d. í Reykjaneskjördæmi, afar viðkvæmir fyrir þessu og vildu gjarnan stuðla að því að þessi skattur yrði felldur niður. Síðan kemur það upp núna að við minnsta tækifæri er þetta loforð svikið og haft að engu.

En skyldi það vera þannig að nú loksins sé Framsfl. farinn að ráða einhverju í ríkisstj.? Skyldi það vera að það sé Framsfl. sem ræður öllu varðandi þessi mál eða er þetta aumingjaskapur sjálfstæðismanna sem er því valdandi að svona er að málum staðið?

Það er annað loforð sem mjög var haldið á lofti, loforð um að húsbyggjendur skyldu fá 85% lán af staðalíbúð, (**VI:** 80.) 80 eða 85 — jæja, það voru 80% líklega. Það skiptir ekki máli, það munar svo miklu á loforðinu og efndunum.

Við sjáum öll fyrir okkur hverjar efndirnar eru í þessu. Við sjáum fyrir okkur hvers konar gífuryrði voru þarna á ferðinni, hvers konar svik eru á ferðinni, hvernig fólk var blekkt með skrumi og loforðum og síðan hafa menn lítið fyrir því að svíkja þau. En það eru einmitt svona vinnubrögð sem skapa ímynd almennings á stjórnmálamönnum. Og ég vænti þess og vona að þeir sem hafa staðið að þessu fái verðuga ráðningu á næstunni.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um málið sem beint er á dagskrá, þ.e. skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það er

margrætt mál og raunar ekki neitt stórmál. Þetta er ekki mikil upphæð í öllum þeim talnalestri sem við heyrum hér og lesum svo að ég ætla ekki að eyða tíma í það frekar. En út af fyrir sig er ánægjulegt að upp skuli koma almennar umræður um tekjuskatta annars vegar og neysluskatta hins vegar og full ástæða til að ræða þau mál miðað við þær aðstæður sem við búum við í þessu þjóðfélagi.

Ég hef ekki farið dult með það, hvorki hér úr þessum ræðustól né annars staðar, að ég hef talið mjög brýna nauðsyn bera til þess að stórlækka neysluskatta. Um það held ég að ég hafi skrifað í ein sjö ár og bent á að aldrei mundi verða hægt að ráða við verðbólguna öðruvísi en að ríkið kæmi til móts við þegnana einmitt með því að lækka vöruverð eða lækka álögur á brýnustu lífsnauðsynjar til þess að fólk gæti lifað við lægri laun en ella og þyrfti ekki að knýja fram meiri launahækkanir til þess að hafa beinlínis til hnífs og skeiðar. Ég er sannfærðari um þessa stefnu nú en nokkru sinni fyrr. Það er búið að sýna sig að engin ríkisstj. hefur getað ráðið við verðbólguna með því að síauka álögur á brýnustu neysluvörur hvers einasta heimilis og hvers einasta manns, álögur sem venjulega leggjast þyngst kannske á fjölmennustu fjölskyldurnar, barnmörgu fjölskyldurnar, því að þar eru einfaldlega munnarnir fleiri. Þetta er lagt sem sagt á allra brýnustu lífsnauðsynjar og jafnvel var hugmyndin að leggja neysluskatta á brauðið sjálft svo að eitt dæmi sé nefnt. Það kom auðvitað ekki til greina í mínum huga að þetta gæti gengið upp.

Ef sú leið hefði verið farin af fyrri ríkisstjórnum og þessari að í kjölfar t.d. gengisbreytinga hefðu verið lækkaðar álögur á brýnustu lífsnauðsynjar held ég að tekist hefði að ráða við verðbólguna, að vísu með breytingum í peningamálum, sem ég hef líka margrætt og hv. þdm. þekkja mínar skoðanir á því. Það er sem sagt ekki hægt að hafa frjálsa vexti og loka peninga inni, það dæmi gengur alls ekki upp, getur ekki gert það. Það er bara ósköp einföld staðreynd sem hvert mannsbarn ætti að skilja, enda er íslenska krónan þegar orðin brotin í mél. Þeir peningar sem okkur er sagt að séu innlendir eru allir meira og minna erlent fé, t.d. öll afurðalán sjávarútvegsins. En út í þá sálma ætla ég ekki að fara.

En ef við berum saman annars vegar tekjuskatt og hins vegar neysluskattana, sem áformað var að leggja á í fjárlagafrv. þegar það var fram lagt, er auðvitað tvennt sem styður það að fresta núna fremur að lækka tekjuskattinn en að lækka hann og leggja mjög miklar byrðar á fólkið með hækkuðu vöruverði.

Í fyrsta lagi, og það er mikilvægast, hefur því miður í þessu þjóðfélagi verið að þróast meira misrétti en áður hefur þekkst í áratugi. Það hefur verið að þróast á undangengnum mörgum árum og er ekki sök þessarar ríkisstj. heldur fyrrv. ríkisstjórna. Það hefur verið búin til fátækt á Íslandi í mesta góðæri sögunnar. Þetta vita allir menn. Sem betur fer er fátæka fólkið kannske ekki mjög margt. Ég veit ekki hvaða hundraðshluta maður ætti að nefna. Kannske er það fimmti hver maður, fimmta hver fjölskylda, sem varla hefur fyrir allra brýnustu lífsnauðsynjum. Þetta var varla þekkt fyrir t.d. 1—2 áratugum.

Svo eru aðrir auðvitað sem hafa stórhagnast á verðbólgunni og því sukki sem þróaðist þegar menn voru að telja sér trú um að allt léki í lyndi og væri í lagi og hægt var að dylja það að íslenskt peningakerfi var hrunið með því að taka þessi gífurlegu erlendu lán. Þetta var dulið árum saman. Ég og fleiri bentu á hvernig komið væri. Það hlustaði enginn maður á það. Á meðan var hægt bara endalaust að taka erlend lán og framfleyta fólkinu með þeim hætti.

Þetta er auðvitað frumástæða þess að skárra er að hætta við að lækka tekjuskattana en að leggja á mikla neysluskatta. Og í viðbót auðvitað það að fátækasta fólkið, þetta sem ég er að tala um, greiðir einfaldlega enga tekjuskatta. Það hefði engra hagsmuna að gæta í því að tekjuskattar væru lækkaðir. (Gripið fram í.) Sjálfsagt ekki þeir ríkustu heldur. Ég geri ráð fyrir að þetta sé alveg rétt athugasemd hjá hv. þm., sumir hverjir a.m.k. En fyrir utan þetta, sem ætti að vera öllum ljóst, á auðvitað fremur að lækka neysluskatta en hækka þá ef við ætlum að reyna að koma til móts við þá sem erfiðasta aðstöðu hafa í þjóðfélaginu.

Svo er hin hliðin á málinu: að tekjuskattslækkun getur auðvitað gert það að verkum að meiri hluti í launþegasamtökum sætti sig við minni kauphækkanir eða kannske engar kauphækkanir. Ég segi meiri hluti vegna þess að það er auðvitað ívilnun fyrir þá sem hafa miðlungstekjur og liðlega það að fá lækkaða tekjuskatta þó það sé ekki fyrir hina lægst launuðu. Að því leyti til mundi lækkun tekjuskatts hjálpa til við að stöðva verðbólgu. Kauphækkanir yrðu eitthvað minni en ella, en þær yrðu vafalaust líka minni hjá þeim sem einskis njóta í því að tekjuskattar væru lækkaðir, þ.e. tekjulægsta fólkinu.

Lækkun neysluskatta verkar líka á þennan veg, að fólk getur sætt sig við minni kauphækkanir en ella, einfaldlega vegna þess að vöruverð verður þá lægra en með þessum háu sköttum, og hún verkar þess vegna á þann veg að draga úr verðbólguþróun alveg á sama hátt og lækkun tekjuskattanna. Þar fyrir utan verkar hún beint á verðlagið. Og hvað heitir þetta á íslensku? Það heitir verðbólga, þ.e. vöruverðið í þjóðfélaginu bólgnar upp. En með því að lækka neysluskatta verkar það auðvitað á tvo vegu: Annars vegar geta menn sætt sig við lægri laun alveg eins og ef tekjuskattarnir eru lækkaðir; hins vegar verkar það beinlínis beint á verðbólguna, vöruverð hækkar minna en ella væri eða lækkar á ýmsum vörutegundum.

Þess vegna er í mínum huga ekkert álitamál að miðað við þær aðstæður sem við höfum búið við á undanförnum árum áttum við auðvitað að lækka neysluskatta frekar en hækka þá og við urðum þá að búa við það að hafa þessa tekjuskatta að vísu allháa. Ég býst við að okkur svimi flest þegar við fáum okkar seðla yfir það sem við eigum að greiða í opinber gjöld. En á meðan verið er að rétta úr þessu, ástandi þar sem fólk hefur varla til hnífs og skeiðar, sem betur fer ekki stór hluti þjóðarinnar en allnokkur og allt of stór, verðum við fremur að sætta okkur við að greiða tekjuskattana — á meðan við finnum ekki einhverjar aðrar leiðir.

Það er mikið talað um virðisaukaskattinn. Vel má vera að hann verði til bóta. Ég hef ekki haft fyrir því neina sérstaka sannfæringu og hefði t.d. ekki með glöðu geði breytt yfir í virðisaukaskatt ef hann hefði átt að vera jafn á allar vörutegundir og það héldu menn raunar, meira að segja fram eftir vetri í fyrra, að svo væri alls staðar. En það er nú ekki. T.d. í Svíþjóð og í

Efnahagsbandalagslöndum sumum er skatturinn mishár og jafnvel enginn t.d. á brýnustu matvörum. Það er sem sagt hægt að hafa virðisaukaskattinn með þeim hætti, og auðvitað verður unnið áfram að þeirri könnun því að söluskatturinn er meingallaður. Þegar búið er að hækka hann úr 2%, sem hann upphaflega var, upp í 25% verður auðvitað mikið undanskot. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því. Freistingin er allt of stór til þess að menn reyni ekki að skjóta þar einhverju undan.

En erindi mitt hingað var að segja að ég tel mjög heppilegt og hraustlega gert af hæstv. fjmrh. að gefa yfirlýsingu um að ekki verði lagðir á neysluskattar, að vöruverð verði ekki hækkað fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, og með það í höndum á að setjast niður til þess að reyna að ná heilbrigðum samningum. Þó það kosti frestun á tekjuskattslækkun furðar mig á því að menn skuli ekki frekar vilja fara þessa leið og þakka ráðherranum fyrir þá stefnubreytingu sem þarna hefur verið mörkuð, enda áttu neysluskattarnir að vera miklu, miklu hærri heldur en nam fyrirhugaðri lækkun tekjuskattsins í krónutölu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki fara út um víðan völl í þessum umræðum þó að vissulega hafi verið komið hér inn á býsna mörg atriði sem við þyrftum að skoða. Ég tek undir margt, eins og ég hef oft áður gert, sem kom fram merkilegt í ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Hann sagði það reyndar eins og hann hefur stundum sagt áður í þessum ræðustól að enginn hafi hlustað á þær aðvaranir sem hann hafi verið með varðandi hina óbeinu skatta, neysluskattana. Ég held að þrátt fyrir þann misskilning sem hefur orðið í bili vegna hræðslu hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. við komandi samninga sé það því miður enn svo, enda kom það óbeint fram í máli hv. þm. að inni í ríkisstj. hlustar enginn á hann heldur enn eða a.m.k. ekki mjög mikið, ekki svo sem skyldi hjá þeim manni sem greinilega hefur hugsað meira um þetta mál og ígrundað það betur en flestir aðrir sem þar sitja inni.

Ég held hins vegar að rétt sé og full ástæða til þess að fagna því þegar sjálfstæðismenn greiða þessum voðalega skatti atkvæði sitt ár eftir ár. Ég gleðst yfir því. Ég held bara hreint út sagt að þeir hafi tekið sönsum frá því sem áður var. Þeir töldu að verið væri að leggja verslun og viðskipti í rúst, að manni skildist, þegar þessi skattur kom upphaflega til umræðu og ekkert er ofsagt sem áðan var greint frá umræðum þeirra um þessi mál. Það var hreint undarlegt hvað mikil tilfinningasemi var þar á ferð. Næg hefur tilfærslan verið til þessara greina í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. þó að þeir taki nú agnarögn af því til baka með þessum skatti en þurrki hann ekki alveg út eins og maður hefði getað haldið að þeir gerðu þegar þeir kæmust að.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að þau skipti, sem nú hafa verið boðuð frá því sem áður hafði verið sagt af hálfu hæstv. ríkisstj., eru áreiðanlega af hinu góða, ég tek alveg undir það. Þeir skattar, þeir óbeinu skattar, þeir neysluskattar, sem hér átti að taka samkvæmt því sem maður vissi um þá, voru með þeim ódæmum að það fer ekkert á milli mála að þeir hefðu lagst af fullum þunga og auknum þunga á þá sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu, eins og hann réttilega benti á. Þannig er auðvitað hægt að snúa þessum hlutum að það er hægt að tala um góð skipti þegar menn ætla að leggja á nógu rangláta og vitlausa skatta og snúa svo aftur frá því. Það er enginn vandi að gera það. Kannske ætti ríkisstj., til að fá einhverja uppreisn æru í hugum almennings, að boða einhverjar slíkar vitleysur, eins og hún gerði í sambandi við vörugjaldshækkun og tollahækkun, og taka þær svo aftur bara til að sýna að öll skynsemi sé ekki frá þeim flúin. Þetta gæti verið ráð í því ráðleysi sem þar er annars á ferð yfirleitt.

Ríkisstj. ætlaði nefnilega að velja t.d. þær vörutegundir í þessum efnum sem hvað viðkvæmastar eru til að hækka þær á almenningi. Síðan er horfið frá þessum áformum og um leið frestað lækkun tekjuskattsins sem að vísu hafði verið heitið með mjög heilögum og hátíðlegum loforðum að því er manni skildist samkvæmt ályktun hér á Alþingi sem sjálfstæðismenn stóðu alveg sérstaklega að. Ég man eftir því að hv. þm. Gunnar G. Schram tók það alveg sérstaklega fyrir og taldi hina brýnustu nauðsyn og taldi jafnvel að ríkisstj. stæði og félli með því hvort henni tækist að efna þetta loforð eða ekki.

Þegar svona skipti verða má auðvitað vel segja að ríkisstj. sé á réttri leið að því leyti til að hún hefur horfið frá fyrri glópsku og ætlar að snúa yfir á það að svíkja tekjuskattslækkunarloforðið gegn því aftur að hætta við vörugjaldshækkunina sem fyrirhuguð var.

Ég vil hins vegar segja það almennt varðandi tekjuskattinn að það er rétt að tekjuskatturinn er í dag, eins og hér var tekið fram, að mestu leyti launamannaskattur. Við höfum gefist upp að miklu leyti við að nota þetta tekjujöfnunartæki svo sem aðrar þjóðir hafa gert og hefur tekist að gera. Það er út af fyrir sig mikið umhugsunar- og alvöruefni að vegna þess að okkur hefur ekki tekist, sama hvaða flokkur hefur þar komið nærri, að lagfæra þennan skatt, framkvæmd hans, álagningu hans, með þeim hætti sem nauðsynlegt er þá opinberum við uppgjöf okkar með því í raun og veru að segja bara: Það er best að leggja hann alveg af.

Ég hef áhyggjur af þessu vegna þess að ég sé að í öðrum þjóðlöndum er hér um hið æskilegasta tekjujöfnunartæki að ræða sem þar er beitt í mjög ríkum mæli og á mjög virkan hátt til að taka tekjutoppa af mönnum og koma þeim yfir til samfélagsins, í þágu samfélagsins. Ég hef þess vegna aldrei verið alveg nógu sannfærður um að við ættum að stefna beint að því að afnema tekjuskattinn og sýna þannig uppgjöf okkar. Við ættum þvert á móti að reyna að sameinast um að gera hann að því tekjujöfnunartæki sem hann getur orðið og á að vera ef rétt er að staðið.

Auðvitað horfa menn mikið á undanskot frá tekjuskatti. Hér var komið inn á það glögglega í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að undanskot frá hinum óbeinu sköttum eru ekki minni, þau eru kannske enn þá verri að mörgu leyti. En samt ætlum við greinilega að fara inn á braut þessara óbeinu skatta í enn ríkari mæli en áður. Ég vara alveg sérstaklega við því ef menn ætla að fara virðisaukaskattsleiðina svipað og hún var kynnt okkur í fyrra. Sú leið, eins og hún var kynnt okkur, hefði orðið hin versta leið fyrir allan almenning í landinu og komið þyngst niður á þeim sem síst skyldi.

En ég lýsi því yfir að ég fagna því og tel það reyndar mikinn skynsemdarvott hjá þeim hv. þm. sjálfstæðismanna — hvað sem hæstv. iðnrh. segir í blaðaviðtali, þegar liggur vel á honum, við vini sína og kunningja í Verslunarráðinu — að sjálfstæðismenn almennt hafa

séð að það var nauðsynlegt að innheimta þennan skatt, leggja hann á og ná þannig örlitlu af því sem fært hefur verið til þessara aðila á undanförnum árum.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örstutt innlegg í sambandi við tekjuskattinn sem hefur verið rætt töluvert um hér. Ég skil ekki talsmenn þeirra flokka sem kenna sig við jafnaðarstefnu og talsmenn verkalýðshreyfingarinnar sem prédika það hér úr ræðustól á hv. Alþingi að tekjuskattinn beri að afnema. Ég viðurkenni það að vísu fúslega að annmarkar tekjuskattsins eins og hann er innheimtur nú eru margir.

Þeirri röksemd hefur verið beitt að tekjuskatturinn sé ranglátur launamannaskattur. En ég tel að við eigum ekki að gefast upp í þessum efnum. Ég tel að tekjuskatturinn geti, ef rétt er á haldið, verið tæki til launajöfnunar í þjóðfélaginu, eins og hv. síðasti ræðumaður kom hér inn á, eins og aðrar þjóðir hafa notað hann. Ég tel að það megi bæta úr annmörkum hans með betra eftirliti, með t.d. breyttum reglum um reiknaðar tekjur og viðmiðunartekjur sem hafa stungið mjög í augu.

Ég held að menn þyrftu að taka höndum saman í þessu efni og þeir flokkar sem kenna sig við jafnaðarstefnu og þeir eru langt til vinstri í hinu pólitíska litrófi ættu að taka höndum saman um það. Ég er þeirrar skoðunar að þetta eigi að gera. Við eigum ekki að gefast upp við að innheimta tekjuskatt til launajöfnunar í þjóðfélaginu. Þess ber að geta að tekjuskatturinn er að vissu marki launajöfnunartæki eins og er. Þeir lægst launuðu í þjóðfélaginu bera ekki tekjuskatt nú. Hins vegar kaupa þeir brauð og landbúnaðarvörur.

Af því að virðisaukaskattinn hefur borið á góma þá er það að vísu rétt að menn hafa áform um að taka hann upp og telja að hann bæti úr annmörkum söluskattsins að því leyti að þá verði afnumdar þær undanþágur sem gilda frá söluskattinum núna og gera hann flóknari í innheimtu. Ég tel að virðisaukaskatt sé ekki unnt að taka upp nema draga úr áhrifum hans á brýnustu neysluvörur almennings. Þetta er verkefni sem menn standa frammi fyrir. Menn þurfa að draga úr áhrifum virðisaukaskattsins á daglegar neysluvörur með öðrum hætti, það er skilyrði fyrir því að hann verði tekinn upp. Ég held að það hafi komið fram í fjölmörgum umsögnum um virðisaukaskattinn sem bárust hér inn til fjh.- og viðskn. á síðasta þingi.

Ég endurtek að ég er þeirrar skoðunar og fjölmargir aðrir í mínum flokki, þótt þar séu vissulega skiptar skoðanir eins og annars staðar um þessi efni, að það beri að styrkja tekjuskattskerfið. Það ber að styrkja og efla starfsemi þeirra aðila sem sjá um að framfylgja þessu kerfi og bæta úr annmörkum tekjuskattsins en ekki að gefast upp í tekjuskattsinnheimtu og velta skattheimtunni yfir í óbeina skatta.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Það voru vissulega ánægjuleg tíðindi sem okkur þm. bárust í útvarpsfregnum að horfið væri frá þeirri tekjuskattslækkun sem fyrirhuguð hafði verið og jafnframt horfið frá hækkun á vörutolli.

Ég get tekið mjög undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Austurl. sögðu um þau mál og reyndar einnig það sem hv. 2. þm. Austurl. hafði fram að færa í því sambandi. Það er alveg augljóst mál að eins og nú er komið er hækkun neysluskatta kolröng stefna. Í bullandi verðbólgu hlýtur hækkun skatts á brýnustu nauðsynjar — og við skulum gera okkur grein fyrir því að langtum fleiri vörutegundir nú en bara fyrir 20—30 árum hljóta að teljast til brýnustu nauðsynja — einungis að ýra kjör alls fólks í landinu, ekki bara launafólks, heldur allra annarra, jafnframt því sem það — eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. tók svo skýrt fram — mundi fyrst og síðast lenda af fullum þunga á þeim sem lökust kjörin hafa.

Ég hef alltaf verið andvígur því að tekjuskattur væri með öllu lagður niður. Ég held að við eigum ekki að gefast upp gagnvart því að hafa tekjuskattinn sem tekjujöfnunartæki en það þarf að sjálfsögðu að koma því þannig fyrir að hann lendi ekki eingöngu á launafólki.

Það er ekki nema viss hópur landsmanna sem ber tekjuskattinn og það er ekki réttlátt að fjölmargir aðilar, sem hafa miklar tekjur, greiði nær engan tekjuskatt. Þetta hefur verið að vissu leyti af ýmsum aðilum réttlætt með því að þeir, sem hærri tekjur hafa, greiði meiri neysluskatta, þeirra neysla sé meiri og fjölbreyttari og á þann hátt fái ríkissjóður hluta af þeirra tekjum aftur í formi neysluskatta.

Þetta er ákaflega hættuleg kenning, bæði út frá því sjónarmiði að leitast skuli við að hafa sem mestan jöfnuð í þjóðfélaginu og ekki síður út frá því sjónarmiði, sem ég minntist á áðan, að þarfir, svokallaðar nauðsynjavörur, eru langtum fjölbreyttari og ná yfir miklu fleiri vöruflokka en var fyrir nokkrum áratugum.

Það er einnig ákaflega varasamt, eins og málum er nú háttað, að taka upp virðisaukaskatt. Það eru vissulega mörg rök með því en ég tel þó fleiri rök mæla gegn því. T.d. er ekki útséð um hvernig unnt er að koma því fyrir að hann leggist með allmiklum þunga á ýmsar matvörur og ýmsar nauðsynlegar neysluvörur. Hins vegar ber að fagna því að reynt hefur verið að efla innheimtu söluskattsins og má vafalaust margt betur gera í þeim efnum.

Hins vegar er það afar vafasöm stefna að í hvert skipti sem þarf að auka tekjur ríkisins eða fá inn fé til einhverra sérstakra hluta þá er bara hlaðið ofan á söluskattinn. Alþingi hefur verið ófeimið við að hækka söluskattinn um 1 og 2 prósentustig hvað eftir annað. Það er eins og það sé talið algerlega eðlilegt að af hverjum fjórum krónum, sem fara manna á milli, renni ein beint í ríkissjóð. Þetta er ákaflega vafasöm stefna, að hlaða alltaf á söluskattinn. Meira að segja nú, a.m.k. á þessu ári, hafa komið fram ítrekaðar hugmyndir um hækkun hans sem vonandi verða ekki að veruleika.

Varðandi þá dýrtíð sem við búum við og þá verðbólgu held ég að það sé líka kominn tími til að athuga hvaða þátt vextir og fjármagnskostnaður á í því að kynda undir verðbólgu. Okkur hefur verið kennt og því haldið að okkur að vextir séu afleiðing verðbólgu. En hefur það nokkurn tíma verið skoðað í botn hvaða þátt vextirnir eiga í því að kynda undir verðbólgu, í því að auka verðbólguna? Hefur það yfirleitt verið athugað til hlítar hvað fjármagnskostnaðurinn er ríkur þáttur í því að hækka vöruverð og þjónustu í landinu?

Ég vil nú ekki hafa þetta lengra. Það væri freistandi að koma umræðum um eignarskattinn inn í þetta en það verður að bíða betri tíma. Það tengist húsnæðismálunum og það er vissulega til athugunar hvort ekki sé unnt

að hækka eignarskatt t.d. á þeim eignum sem skuldlausar eða skuldlitlar eru, hefur verið komið upp á þeim tíma þegar fjármagn var ódýrara og auðveldara að koma upp eignum en nú er. En ég læt það þó bíða.

Hins vegar er ekki hægt að ganga fram hjá því að brbl. um hækkun á bensínverði og olíu jafnframt lækkun á bifreiðatollum eru að mínu mati ekki sú rétta aðferð sem hafa ber þegar verið er að hækka skatta. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að bensín sé nauðsynjavara en það er hins vegar ekki alveg augljóst mál að kaup á nýjum bifreiðum vegi þar á móti. Ég tel sem sagt að það séu miklu fleiri sem beri þungann af hækkun bensínverðs og olíuverðs en þeir sem kaupa sér nýja bíla.

En ég vil lýsa stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur fyrir jafnframt því sem ég vil undirstrika það álit mitt að hækkun neysluskatta komi ekki til greina eins og nú er og það beri að vinna gegn þeim eftir megni.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Með orðum mínum hér áðan var ég að vekja athygli á því hvernig stjórnarsinnar og þá einkum sjálfstæðismenn höguðu sér gagnvart sínum kjósendum, þeir lofuðu og þeir svikju. Ég er fylgjandi því frv. sem hér liggur fyrir og hef verið það frá upphafi. En ég benti á það, eins og hv. þm. Eiður Guðnason, að það eru þrjú stór atriði sem Sjálfstfl. hefur lofað og svikið. Það sem verra er núna er að nú eru þessir menn, eins og kom fram hér áðan, farnir t.d. að tala gegn tekjuskattslækkun eða afnámi. Búin eru til leiktjöld og hafðar uppi blekkingar um það, fólk er hrætt á því að það skuli bara lagðir á aðrir skattar, miklu hærri skattar í stað þess að lækka tekjuskatt. Þetta er ekkert annað en hræðsluáróður sem búinn er til til að láta fólk sætta sig við að loforð séu svikin, því miður.

Ég minni á það að á síðasta þingi Verkamannasambands Íslands, sem var haldið í síðasta mánuði, ályktaði þingið um það að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Ég er því innilega sammála. Það skyldi athugast að hvatinn að þeirri samþykkt er það hrikalega óréttlæti sem viðgengst í þessum skatti. Tekjuskattur á Íslandi er ekki lengur tekjujafnandi, það er öðru nær. Þeir sem hafa bestu aðstöðuna sleppa en hinir, sem vinna hjá öðrum, verða að greiða upp í topp. Þess vegna hefur þessi umræða komist á það stig sem hún hefur komist á. Við ráðum ekki við þetta kerfi og þess vegna eigum við að leggja tekjuskattinn niður eða breyta honum þannig að hann verði ekki lagður á almennar launatekjur. Þá er hægt að fækka þeim sem eiga að greiða tekjuskatt og auðveldara um eftirlit.

Ég get líka fallist á að neysluskattar séu almennt of háir og skil á söluskatti séu afar léleg í mörgum tilvikum enda sýna niðurstöður rannsókna það. Auðvitað þarf að fara ofan í þau mál og innheimta þessa skatta eins og lög gera ráð fyrir. En ég bið menn að hafa það í huga að ef tekjuskattur verður afnuminn af almennum launatekjum erum við að skapa meira réttlæti í þjóðfélaginu og afnema það ranglæti sem sérstaklega birtist mönnum þegar átti að fara að greiða mönnum láglaunabætur úr ríkissjóði þar sem hvers konar braskarar í þjóðfélaginu, sem allir vissu að veltu sér upp úr peningum, fengu sérstakar láglaunabætur. Þessar bætur voru miðaðar við tekjur manna, gefnar upp á skattframtölum. Við sáum það þar hvernig það kom út. Margur hver, sem lenti í því að fá láglaunabætur, skammaðist sín svo illilega að þeir sóttu þær ekki eða skiluðu þeim til baka. En það sýndi vel hvernig reynslan hefur leikið þetta skattform.

Ég vil lýsa því hér yfir að ríkisstj. mun ekki geta teymt launþegasamtökin til einhvers sérstaks samráðs með því að hræða þau á því að hinir og þessir skattar verði hækkaðir og eitthvað djöfullegt gert til að gera mönnum sem erfiðast fyrir og síðan horfið frá því til að gera menn blíðari. Það er ekki leiðin að launþegasamtökunum og við það verður ekki unað.

Hv. síðasti ræðumaður minntist aðeins á vextina og fjármagnskostnað. Ég get fallist á margt sem þar kom fram. Mér er sagt að á síðasta fundi í SÍS hafi komið fram að í öllum deildum Sambandsins hafi fjármagnskostnaður verið meiri en launakostnaður. Það segir nokkuð um það hvernig málum okkar er komið í dag.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Geislavarnir, stjfrv. 151. mál (þskj. 165). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 114. mál (þskj. 125). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frv. 116. mál (þskj. 128). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Stöðvun okurlánastarfsemi, frv. 152. mál (þskj. 166). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frv. 158. mál (þskj. 173). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„2. málsgr. 9. gr. laganna hljóði svo:

Viðskiptaráðherra skipar fimm menn í bankaráð ríkisviðskiptabanka til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi aðalmanna til fjögurra ára.

2. gr. Á eftir 9. grein komi ný grein er hljóði svo:

Ráðherra er ekki heimilt að skipa alþingismenn í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.

3. gr. Ákvæði til bráðabirgða II hljóði svo:

Við gildistöku laga þessara skal viðskrh. skipa fimm menn í bankaráð hvers ríkisviðskiptabanka og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráði ríkisviðskiptabanka."

Efnisleg aðalatriði þessa máls eru tvö. Í fyrsta lagi er lagt til að viðskrh. skipi bankaráð ríkisviðskiptabankanna og í öðru lagi að alþm. verði óheimil seta í bankaráðum. Þetta mál hefur áður verið til umræðu, þetta var til umræðu hér í júní s.l., ef ég man rétt, þegar lög um viðskiptabanka voru fyrir þinginu. Þá var auk þess flutt tillaga um að ríkisbankarnir yrðu innan tiltekins tíma seldir almenningshlutafélögum. Till., eins og hún þá hljóðaði, gerði ráð fyrir að þessi aðferð, sem hér er lögð til, þ.e. að viðskrh. skipaði bankaráðið, gilti þangað til ríkisbankarnir væru komnir í hendur almenningshlutafélaga.

Ef við athugum aðeins ýmsar efnislegar forsendur þessa máls þá er það mjög undarleg niðurstaða, svo ekki sé meira sagt, að valdahlutföll sem fást í alþingiskosningum og þau hlutföll sem fást við skipan þingsins í alþingiskosningum séu síðan látin á ýmsan hátt teygja sig inn í alls kyns stofnanir á vegum framkvæmdavaldsins. Þá á ég ekki eingöngu við bankaráð. Við þekkjum mörg fleiri dæmi. Við þekkjum sementsverksmiðju, við þekkjum fleiri og fleiri slík dæmi. Á Alþingi er alltaf öðru hverju verið að kjósa í stjórnir ýmissa slíkra fyrirtækja.

Það er vandséð hvers vegna stjórnir og ráð slíkra stofnana eigi að vera skipuð í einhverju hlutfalli við það hvernig fólk í landinu kýs að velja alþm. inn á löggjafarsamkunduna. Hugsum okkur flokk sem bíður afhroð í kosningum. Hann getur ekki tekið þátt í ríkisstjórn, en síðan er hann ekki fyrr sestur inn á Alþingi en hann er farinn að kjósa sína fulltrúa í stjórnir og ráð sem þó eru samkvæmt lögum á ábyrgð ráðherra og ríkisstjórnar, ríkisstjórnar sem hans flokkur á enga aðild að.

Ef betur er að gáð er þetta spurning um aðskilnað þessara valdþátta, aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds í þessu tilfelli. Síðan er annað mál og það er það að til viðbótar þessu samkrulli skuli alþm. síðan vera kosnir til setu í þessum stjórnum hvort sem það eru bankaráð eða sementsverksmiðjur. Þar kemur þá til álita sú skoðun að alþm. eigi að forðast eins og þeir frekast geta að koma sér í þá aðstöðu þar sem hagsmunir þeirra og kjósenda þeirra kunni hugsanlega að rekast á.

Þetta er mál sem ég þarf raunar ekki að hafa langa ræðu um, aðskilnaður valdþáttanna og þær stjórnarskrárlegu spurningar sem vakna þegar menn velta fyrir sér þessum hætti við kosningar í stjórnir og ráð. Síðan geta menn velt fyrir sér annarri spurningu: Hvers vegna þarf að tryggja einhver sérstök flokkspólitísk sjónarmið eða flokkspólitíska hagsmuni í stjórnum eða ráðum sem þessum? Það er t.d. vandséð hvaða leiðsögn þingflokkur Alþb. getur sérstaklega veitt sementsverksmiðjunni sem hver og einn gæti ekki gert. Ég sé hvorki að það séu hagsmunir né einhver sérstök sérfræðikunnátta eða sérstök þekking á rekstri sementsverksmiðju í einhverjum tilteknum þingflokkum sem þannig þurfi að skila sérstaklega inn í stjórn þessarar verksmiðju. Þvert á móti getur þessi aðferð verið beinlínis skaðleg. Með þessari aðferð er boðið heim hættunni á pólitískum skiptareglum t.d. á fé í bönkum og hættunni á pólitískri fyrirgreiðslu og samkomulagi um slíkt í stjórnum og ráðum. Jafnvel þótt engin slík misnotkun fari fram er að mínu áliti skaðlegt að þær efasemdir séu engu að síður á ferðinni.

Mér er t.d. kunnugt um að í kanadískri stjórnsýslu eru bæði lög og reglur sem kveða svo á að þingmenn, ráðherrar og embættismenn megi aldrei koma sér í þá aðstöðu að menn þurfi að óttast það að þeir gæti einhverra sérstakra pólitískra hagsmuna eða eigin hagsmuna frekar en hagsmuna almennings. Þarna á að hafa varúðarregluna mjög í heiðri svo að aldrei geti verið hætta á að um misferli eða eitthvað slíkt geti verið að ræða. Þetta var sem sagt um spurninguna um flokkspólitísk sjónarmið inni í stjórnum og ráðum.

Síðan geta menn velt fyrir sér líka upplýsinga- og eftirlitshlutverki Alþingis, ef við tökum það sem þriðju spurninguna. Ég tel að með því að þingflokkarnir, eins og skikkurinn er, tilnefni hver um sig stjórnarmenn í þessi ráð og nefndir loki þeir um leið fyrir eðlilegt aðhald og eftirlit frá öðrum alþm. sem kynnu að vilja fara ofan í saumana á ýmsu sem þar gerist. Því valda kannske vinnureglur og gagnkvæm virðing sem samstarfsmenn bera hver fyrir öðrum. Ég tel að um leið og kominn er fulltrúi þingflokks — ég tala nú ekki um ef það er alþm. — inn í stjórn eða ráð af þessu tagi verki það hamlandi á flokkssystkini hans að ganga grimmt eftir upplýsingum eða jafnvel að fylgja eftir gagnrýni á störf þessarar sömu stjórnar. Maður getur því sagt sér að þetta geti á þennan hátt lokað fyrir upplýsingar frekar en að tryggja upplýsingaflæði sem þó að margra sögn á að vera hin sérstaka ástæða fyrir svona fyrirkomulagi.

Í fjórða lagi gerist það á þennan hátt að þegar Alþingi skipar stjórnir fyrirtækja eða banka eða hvað sem það er er Alþingi sem stofnun orðið ábyrgt fyrir rekstri þessara fyrirtækja hver sem þau eru. Alþingi á ekki að vera ábyrgt fyrir slíku. Alþingi er löggjafarstofnun en ekki rekstraraðili. Það er ríkisstjórn sem er rekstraraðili. Enda hafa menn svo sem komið auga á það og þess vegna gerist það í lagasetningu um ýmis af þessum fyrirtækjum að sagt er sem svo að stofnunin eða fyrirtækið eða bankinn eða hvað sem er heyri undir ráðherra, t.d. að bankarnir heyra undir viðskrh. en síðan kýs Alþingi stjórn. Þetta er í fullkomnu ósamræmi og þetta er fullkomlega rangt.

Þetta hefur sérstaklega verið mönnum hugleikið á

undanförnum vikum þegar Hafskipsmálið hefur verið til umræðu. Raunar er það svo að við Bandalagsmenn höfum hreyft þessum hugmyndum og, eins og ég lýsti í byrjun, reyndar flutt þessar tillögur áður. En þær hafa ekki hlotið neina umræðu einu sinni, þær hafa ekki vakið áhuga neinna vegna þess að svo virðist að annaðhvort vilji menn ekki ljá þessu auga og eyra eða þeir hafi ekki komið auga á hversu rangt þetta er.

Í sambandi við Hafskipsmálið eru alþm. í þeirri stöðu að það liggur fyrir að hundruð ef ekki á annað þúsund milljóna króna úr vösum skattgreiðenda landsins munu á endanum lenda í einhverri hít, þessari Hafskipshít sem enginn raunar sér til botns í. Þetta hefur verið öllum ljóst núna í margar vikur og menn fengu tækifæri til þess strax í júní s.l. að spyrja sjálfan sig og aðra spurninga um þetta. Ýmsir halda því fram að svo hafi raunar verið í marga mánuði, að þessar upplýsingar hafi í raun og veru legið fyrir á síðasta ári. Þrátt fyrir að svo sé virðast alþm. á hverjum morgni vera manna verst upplýstir um stöðu þessa máls, þeir verða að lesa sér til í blöðum eða annars staðar vegna þess að þeir sömu menn, sem þeir kusu til að vera í þessum bankaráðum, mega ekkert segja, þeir eru undir bankaleynd.

Nú er ég ekki að hallmæla bankaleynd sem slíkri. Ég geri mér grein fyrir því að við eðlilegar viðskiptaaðstæður er eðlilegt að það sé leynd um peningamál, hvort sem það eru mál einstaklinga eða fyrirtækja, inni í bönkum alveg á sama hátt og það á að ríkja leynd um aðrar upplýsingar sem bæði einstaklinga og fyrirtæki varða. En þegar mál eru komin svona, þegar grunur leikur á um að jafnvel afbrot hafi verið framin í marga mánuði, að á bak við þetta skjól, sem Alþingi á þennan hátt veitir, sé verið að gera mjög umdeilanlega lagagerninga, eins og stofnun nýrra fyrirtækja, og þegar kannske ganga sögusagnir um að verið sé að koma eignum undan, þá er algjörlega óviðunandi að Alþingi sé aðili að málinu á þann hátt að það eru menn kosnir héðan sem eru í stjórn þessa fyrirtækis, þessa banka. Þetta hlýtur að eiga að vera á ábyrgð viðskrh.

Það hafa sumir haft á orði að viðskiptaráðherrar bæði núverandi og fyrrverandi hafi ekki sýnt mikla hörku í að ganga á eftir þessu máli. Það er kannske ekki von að svo sé. Það er alveg sama hvaða viðskrh. við tölum um, við getum velt fyrir okkur núv. viðskrh., fyrrv. viðskrh. eða viðskrh. þar áður, hann er ekki nema að hluta til ráðandi yfir þessu fyrirtæki, hann hefur ekkert yfir bankaráðinu að segja, það er ekki kosið af honum. Hann getur ekki sent það heim ef það hefur staðið sig illa. Það er kosið af allt öðrum aðila en síðan á hann að vera ábyrgur. Þetta er fullkomlega rangt. Á þennan hátt lendir Alþingi í því að bera ábyrgð á störfum embættismanna í bönkum, eins og bankastjóra, án þess þó að þeir heyri undir þingið og án þess að þm. hafi nokkurn tíma fengið upplýsingar um hvað þarna fer fram.

Varðandi bankaleynd og Hafskipsmál, þá hefur það mál fyrir löngu síðan náð því stigi að siðferðis vegna í þessu landi hefði átt að vera búið að skýra frá þessum hlutum opinberlega. Eins og ég segi, bankaleynd er eðlileg við eðlilegar viðskiptalegar aðstæður. En nú er málið orðið þannig að á meðan hér standa alþm. kannske dag eftir dag og sveitast við að kreista út örfá hundruð þúsunda, eða ég tala nú ekki um örfáar milljónir, í einhver verkefni, kannske félagsleg verkefni, þá renna út þúsund milljónir á öðrum stað og þeir vita ekki neitt um það.

Ég man eftir því að s.l. vor, um það leyti sem ég bar þessa tillögu fyrst fram, voru miklar umræður í gangi um húsnæðismál. Þá höfðu menn gjarnan stærðarviðmiðunina eitt söluskattsstig. Þá var söluskattur hækkaður um eitt stig og það fór skjálfti um allt samfélagið. Söluskattur hækkaður um eitt stig og hverju skilaði það? 250 millj. Það gæti endað með því að hérna læðist fjögur söluskattsstig út um bakdyrnar án þess að alþm. hafi nokkurn tíma fengið nokkrar upplýsingar um það. Það er óþolandi að Alþingi veiti skjól fyrir þessa starfsemi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Alloft á síðasta þingi voru málefni bankanna til umræðu á hv. Alþingi og svo virðist einnig ætla að verða raunin á á yfirstandandi þingi. Af þeirri umræðu sem fram hefur farið hér á Alþingi um málefni bankanna er ljóst að ýmsir alvarlegir gallar eru á bankalöggjöf okkar og ýmislegt hefur einnig komið fram sem sýnir ljóslega að Alþingi verður að taka málefni bankanna og starfsemi þeirra miklu fastari tökum en verið hefur, m.ö.o. að sinna sínu aðhalds- og eftirlitshlutverki bæði með harðari löggjöf og virkara aðhaldi og eftirliti en verið hefur fram til þessa.

Þegar frv. um viðskiptabanka var hér til umræðu á s.l. vetri benti stjórnarandstaðan á ýmislegt í starfsemi bankanna sem nauðsynlegt væri að ráða bót á með hertum ákvæðum í löggjöf og lagði fram ýmsar tillögur þar að lútandi. Flestar tillögur stjórnarandstöðunnar til að koma á virkara og betra eftirliti með starfsemi bankanna og til að tryggja hag innlánsstofnana og sparifjáreigenda náðu ekki fram að ganga.

Ýmislegt hefur vissulega komið fram síðan lög um viðskiptabankana voru samþykkt á síðasta þingi sem sýnir svo að ekki verður um villst að ýmsar tillögur stjórnarandstöðunnar áttu ekki einungis við full rök að styðjast heldur og mjög mikilvægt og brýnt að setja þau atriði í löggjöf. Í grg. með þessu frv., sem hér er til umræðu, um breytingu á lögum um viðskiptabankana er vissulega réttmætt að að þessu sé vikið og get ég tekið undir margar af þeim röksemdum sem fram eru færðar í grg. frv., ekki síst þá sem snýr að bankaleynd og hve mjög er takmarkaður aðgangur Alþingis að upplýsingum um starfsemi bankanna.

Ég get t.d. fyllilega tekið undir það að seta alþm. í bankaráðum hefur ekki tryggt beinan og milliliðalausan aðgang að ýmsum nauðsynlegum upplýsingum til að Alþingi geti sinnt eftirlitshlutverki sínu og haldið uppi því aðhaldi sem því ber um starfsemi bankanna. Því er vissulega vandséð hvaða tilgangi það þjónar að alþm. eigi sæti í bankaráðum.

Í umræðum um Hafskipsmálið hér á dögunum á Alþingi báru alþm. sem sæti eiga í bankaráðum fyrir sig bankaleynd þegar þeir voru krafðir um lánafyrirgreiðslu Útvegsbankans við Hafskip. Þegar ekki var á síðasta Alþingi gengið lengra en svo að spyrja um heildarfyrirgreiðslu viðskiptabanka og þriggja stærstu sparisjóða til fimm stærstu lántakenda einstakra banka og sparisjóða í árslok 1983 og 1984 var einnig borin fyrir sig bankaleynd. Á engan hátt hefði þó verið brotinn trúnaður við viðskiptavini með því að gefa Alþingi upplýsingar um heildarfyrirgreiðslu fimm stærstu aðila

innlánsstofnana því að ekki var spurt um nöfn í þessu sambandi. En ekkert svar fékkst, bara borin fyrir sig bankaleynd. Spurt var um hlutfall heildarfyrirgreiðslu hvers lánþega um sig af eigin fé stofnunarinnar. Ekkert svar við því, bara borin fyrir sig bankaleynd. Þessar upplýsingar hefði þó verið mikilvægt að fá fram á s.l. vetri með tilliti til þeirrar stöðu sem upp er komin núna varðandi viðskipti Útvegsbankans við Hafskip.

Spurt var einnig á s.l. vetri um tryggingar að baki lánafyrirgreiðslu bankanna til stærstu lántakenda. Engin svör fengust þar heldur, bara borin fyrir sig bankaleyndin. Auðvitað er hér gengið of langt í að meina Alþingi sjálfsagðar upplýsingar til að Alþingi geti haldið uppi nauðsynlegu aðhaldi og eftirliti því að þessar spurningar hefðu, þó svarað hefði verið, í engu brotið trúnað bankanna við sína viðskiptavini. Meira að segja hæstv. fyrrv. viðskrh. hafði ekkert við þá skoðun bankaráðanna að athuga að bankarnir meinuðu Alþingi þessar upplýsingar. Þess vegna er fyllilega réttmætt að halda því fram að bankaráðin og bankastjórnir misnoti ákvæði bankalöggjafarinnar um bankaleynd og noti hana sem skálkaskjól til að meina Alþingi sjálfsagðar upplýsingar. Engu að síður eru bankastjórnirnar og bankaráðin verðlaunuð á hv. Alþingi fyrir að meina Alþingi sjálfsagðar upplýsingar og enn hert á bankaleyndinni með samþykkt laga á síðasta þingi um viðskiptabankana.

Á síðasta þingi gerði ég mál þetta að sérstöku umræðuefni í ræðu minni um frv. um viðskiptabanka. Ég flutti líka till. um að lögfest yrði, líkt og í okkar nágrannalöndum, að innlánsstofnunum yrði bannað að lána einum viðskiptaaðila meira en nam ákveðnu hlutfalli af bókfærðu eigin fé banka.

Þeir atburðir sem nú hafa skeð sýna ljóslega að þessi till. var meira en tímabær þegar upplýst er að einn banki hefur lánað einum viðskiptaaðila fjármagn sem er mörg hundruð milljónir fram yfir eiginfjárstöðu bankans. Ég mun líkt og hv. þm. Guðmundur Einarsson, sem endurflytur tillögur með þessu frv. sem felldar voru við afgreiðslu frv. um viðskiptabankana, flytja till. um að banna bönkum að lána viðskiptavinum meira en nemur ákveðnu hlutfalli af eigin fé bankans og mun fljótlega leggja fram frv. þar að lútandi.

Eins hlýtur Alþingi að verða að endurskoða á nýjan leik ákvæði laganna um bankaleynd og að nýtt ákvæði verði samþykkt sem tryggi Alþingi eðlilegar og sjálfsagðar upplýsingar sem varða hag og rekstur banka.

Í 25. gr. laga um viðskiptabanka eru bankaráðsmenn, bankastjórnir og aðrir starfsmenn viðskiptabanka bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hag viðskiptamanna bankans. Ég endurtek að þar segir „viðskiptamanna bankans", en það er vissulega spurning hvort þetta ákvæði eigi við þegar hagur bankans og sparifjáreigenda er í húfi.

Það hefur einnig komið í ljós í þeim umræðum sem fram hafa farið og vegna upplýsinga sem komið hafa fram af hálfu forsvarsmanna bankaeftirlitsins að bankaeftirlitinu eru settar mjög þröngar skorður til að sinna sínu hlutverki og ljóst að í þessu ákveðna máli varðandi Hafskip hefur ekki verið farið eftir ábendingum bankaeftirlitsins. Þetta styrkir þá skoðun mína, sem fram kom á síðasta þingi, að auka þurfi sjálfstæði bankaeftirlitsins. Vil ég, með leyfi forseta, vitna í þau orð, sem ég sagði um það mál á síðasta þingi, en þar kom fram:

„Í fyrsta lagi er það mín skoðun að nú, þegar við höfum frv. að nýrri bankalöggjöf til meðferðar, þá sé brýnt að styrkja stöðu bankaeftirlitsins og veita því aukið sjálfstæði þannig að eftirlitshlutverki þess verði gefið aukið vægi. Ég bendi á að með þessu frv. eru enn auknar skyldur bankaeftirlitsins og því brýnt að umfjöllun eigi sér einnig stað um stöðu þess til að sinna sínu mikilvæga hlutverki sem er strangt eftirlit og aðhald með innlánsstofnunum. Ég tel að bankaeftirlitinu séu að ýmsu leyti settar þröngar skorður og það hafi ekki nægjanlegt sjálfstæði eða nauðsynlegt svigrúm til að sinna skyldum sínum og eftirliti með starfsemi bankanna. Þau ákvæði sem nú er að finna um bankaeftirlitið eru í 10. gr. laga um Seðlabankann. Þar er kveðið á um að bankaeftirlitið sé í höndum Seðlabanka Íslands. Þar með lýtur bankaeftirlitið stjórn Seðlabankans, en það tel ég óeðlilegt því að bankaeftirlitið verður óhjákvæmilega virkari eftirlitsaðili og fær frekara svigrúm til að halda uppi nauðsynlegri gagnrýni, eftirliti og aðhaldi að því er varðar alla þætti bankamála og á þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi bankastarfsemi ef það starfaði sjálfstætt og óháð valdi eða stjórn Seðlabankans. Auk þess tel ég að kveða verði nánar á um eftirlit, verkefnasvið og vald bankaeftirlitsins en nú er gert í lögum. Því tel ég að jafnframt því sem við fjöllum um nýja bankalöggjöf eigi um leið að breyta þeim lögum sem gilda um bankaeftirlitið og veita því aukið svigrúm og sjálfstæði. Ég tel að eðlilegt hefði verið að slíkt frv. væri til umfjöllunar samfara þessu frv., ekki síst í ljósi þeirra auknu skyldna sem lagðar eru á bankaeftirlitið í því frv. sem hér er til umfjöllunar."

Það er því ljóst, herra forseti, að það mál sem nú er í sviðsljósinu varðandi viðskipti Hafskips og Útvegsbankans staðfestir rækilega að auka þarf sjálfstæði bankaeftirlitsins. Ég mun því í fyrsta lagi flytja frv. um breytingar á lögum um viðskiptabankana þar sem kveðið er á um 1) að aflétta bankaleyndinni þegar um er að ræða upplýsingar sem snerta hag viðskiptabankanna og sparifjáreigenda, 2) að innlánsstofnunum verði bannað að lána einum og sama viðskiptaaðila hærri upphæð en sem nemur ákveðnu hlutfalli af eiginfjárstöðu innlánsstofnunar og 3) ákvæði um að auka sjálfstæði bankaeftirlitsins þannig að bankaeftirlitið hafi nauðsynlegt svigrúm til að sinna sínu mikilvæga hlutverki sem er strangt eftirlit og aðhald með innlánsstofnunum.

Hvað snertir það frv. sem hér er til umræðu, þá styð ég það ákvæði að alþm. verði óheimil seta í bankaráðum, enda hefur Alþfl. á mörgum undanförnum árum haft þá reglu að tilnefna ekki þm. í bankaráð.

Að því er varðar það ákvæði frv. sem kveður á um að viðskrh. skipi bankaráð viðskiptabankanna fæ ég ekki séð að það ákvæði tryggi það, sem ég hygg að vaki fyrir flm., að bankaráðin verði ekki pólitískt skipuð. Ég hygg að eina breytingin sem verði við það að viðskrh. skipi alfarið bankaráðin verði sú tilhneiging að skipa fulltrúa þeirra flokka sem með stjórn landins fara hverju sinni. Þá tilhögun tel ég síst betri en þá, sem nú gildir, að Alþingi kjósi bankaráðin.

Í þessu sambandi er það umhugsunar virði hvort þá leið bæri ekki heldur að skoða að aðilar vinnumarkaðarins, t.d. heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda, hefðu rétt til að tilnefna í bankaráðin og spurning einnig hvort ekki væri tímabært að sparifjáreigendur

stofnuðu með sér samtök sem t.a.m. hefðu rétt til að tilnefna fulltrúa í bankaráðin.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa fleiri orð um þetta mál á þessu stigi. Þm. Alþfl. styðja það ákvæði þessa frv. að alþm. verði óheimil seta í bankaráðum, enda hefur sú regla gilt í mörg undanfarin ár hjá Alþfl. eins og ég áður nefndi.

Ákvæði frv. um að viðskrh. skipi bankaráðin tel ég ekki til bóta og tel að flm. ætti að hugleiða betur hvort sú breyting sem hér er lögð til nái því fram sem vakir í raun og veru fyrir flm. í því efni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tek til máls vegna þess að ég er mótfallinn þessu frv. og vil láta það koma hér fram.

Þar er fyrst til að taka að hér voru raktir mannkostir núv., fyrrv. og viðskrh. þar áður í þessari umræðu. Ég treysti ágætlega hæstv. ráðherrum, hæstv. fyrrv. viðskrh. Svavari Gestssyni, hæstv. fyrrv. viðskrh. Matthíasi Á. Mathiesen og hæstv. núv. viðskrh. Matthíasi Bjarnasyni, en ég sé ekki að það bæti ástandið að fela þeim að skipa bankaráð ríkisviðskiptabankanna. Ég treysti þeim ekkert betur en Alþingi, nema síður sé, til að gæta nauðsynlegs jafnvægis í bankaráðunum og skipa þau hæfum mönnum.

Ég er ekki sérstakur talsmaður þess að alþm. sitji í bankaráðum að undanteknu því að ég tel alveg nauðsynlegt að alþm. sitji að verulegum hluta í bankaráði Seðlabankans. Seðlabankinn er pólitísk stofnun. Hann verður að vera í takt við stjórnvöld á hverjum tíma. Þá er eðlilegt að menn sem eru í nánum tengslum við stjórnarstefnu og hafa náið samband við hina pólitísku strauma í landinu hafi þar mest að segja.

Ég tel sem sagt að Seðlabankinn hafi þá sérstöðu að það sé nauðsynlegt fyrir fjármálapólitík í landinu að þar sitji menn sem hafi náið samband við hina pólitísku strauma í þjóðlífinu og að ríkisstjórn á hverjum tíma hafi þar holla stuðningsmenn til að framfylgja innan bankans þeirri stefnu sem mörkuð er í peningamálum þjóðarinnar.

Ég vil hins vegar alls ekki útiloka að við aðra viðskiptabanka geti alþm. gegnt starfi bankaráðsmanna og alls ekki fara að útiloka þm. sem slíka. Ég tek það að vísu fram að það heyrir frekar til undantekninga ef fulltrúar eða varafulltrúar Framsfl. í bankaráðum viðskiptabankanna séu alþm. Ég hef þetta ekki á blaði fyrir framan mig, en ég held að ég muni nokkuð rétt að svo er ekki. En alþm. eru auðvitað prýðilega hæfir til að gegna þessum störfum og ekkert vanhæfari en aðrir borgarar nema síður sé.

Ég vil mótmæla ósvífnum aðdróttunum um að alþm. séu vanhæfir til setu í bankaráðum og aðdróttunum, sem finnast á þessu þskj. og heyrðust í ræðu flm., um að misferli skapist vegna þess að alþm. sitji í bankanum. Bankaráðum geta auðvitað orðið á ýmisleg mistök eins og öðrum nefndum, en ég held að það sé ekki hægt að halda því fram að þau verði til vegna þess að þar sitji alþm.

Ég vil líka taka það fram að í bankaráðum viðskiptabankanna, þó að þau séu kosin pólitískri kosningu, er það ekki svo að stjórnmálaflokkarnir séu að koma sér upp einhverjum senditíkum í bönkunum. Við erum að velja þessa menn vegna þess að við treystum þeim til að geta haft góð áhrif á stjórn bankanna og geta látið gott af sér leiða í störfum.

Ég tel einnig að heppilegt sé að hafa jafnvægi á pólitískum skoðunum endurskoðenda og það á reyndar við í ýmsum fleiri stjórnum. Þingflokkarnir eru tæki til að halda þessum pólitíska „ballans" og passa upp á hann. Ég tel að það sé af hinu góða og verði frekar til tryggingar því að ekki verði um mistök að ræða þar sem menn hafa aðstöðu til að passa hver upp á annan.

Hér hefur verið rætt um bankaleynd. Það er vandmeðfarið mál. Auðvitað getum við verið sammála um að nokkur bankaleynd sé nauðsynleg til þess að eðlileg viðskipti geti þrifist. Hins vegar má hún ekki keyra úr hófi og má ekki fá á sig leynireglu- eða pukursblæ. Það er alveg ljóst. Þetta má ekki lokast eins og frímúrarastúka. Ég held að það sem þurfi að gera sé að styrkja bankaeftirlitið, taka það úr Seðlabankanum og gera það að sjálfstæðri, öflugri stofnun sem hefði vald til að grípa inn í, mannafla til þess að fylgjast með því sem gerist og afl til að grípa inn í þegar bankaeftirlitinu þætti vera komið í óefni.

Menn hafa í þessari umræðu verið að velta sér nokkuð upp úr þessu Hafskipsmáli hér í ræðustólnum. Það er mjög á orði manna þessa dagana og reyndar ekki að tilefnislausu. Ég ætla að leiða hest minn frá því að ræða Hafskipsmálið. Það er ekki mál Framsfl. (**Gripið fram í:** Er það flokksmál einhvers flokks?) Ég tók það fram að það væri ekki flokksmál Framsfl. Það kann að vera að einhver annar flokkur taki það til sín. En ég tek Hafskipsmálið ekki til mín eða Framsfl.

Af Hafskipsmálinu má hins vegar margt læra. Það eina góða við mistökin er að það er hægt að læra af þeim stundum, þ.e. ef menn hafa þroska til að læra. Það er ljóst að þar hafa orðið mistök. Menn hafa ekki gætt þess nægilega að halda í skottið á braskarafélögum, hvort sem þau heita Hafskip eða annað. Hins vegar vil ég undirstrika að ég held að ekki sé hægt að skrifa á ábyrgð núverandi bankaráðs bankans eða núverandi bankastjóra bankans, nema þá að litlum hluta, þau mistök sem hafa orðið. Þetta eru gamlar syndir sem hafa verið að safnast upp til margra ára. Það hefur eitthvað brugðist. En ég held að ekki sé hægt að kenna, nema þá að litlum hluta, því bankaráði sem búið er að sitja um skamman tíma, núverandi bankaráði, um það, hvað þá að kenna því um allt. Og alls ekki er hægt að skrifa það á reikning bankaráðsins vegna þess að þar hafi setið alþingismenn. Ég tek það reyndar fram að bankaráðsfulltrúi Framsfl. í því bankaráði er ekki alþm.

Það kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 2. landsk. þm., að Alþfl. tilnefndi ekki alþm. í bankaráð. Ég minnist nú þess að Alþfl. hefur haft tilhlaup um slíkt. Seinast þegar kosið var í bankaráð hafði Alþfl., ef ég man rétt, verulegan áhuga á að alþm. tæki þar sæti.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa í meginatriðum stuðningi mínum við frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 173. Það kann vel að vera að nánar þurfi að athuga hvernig bankaráð verði skipuð, en það er alveg ljóst að það er óviðunandi að alþm. gegni þeim störfum. Bankaleynd og seta alþm. í bankaráðum eru auðvitað algerlega í andstöðu hvort við annað og gerir meiri skaða en gagn, eins og komið hefur fram.

Það er eftirtektarvert, herra forseti, að í hvert skipti sem málefni bankanna koma til umræðu á hinu háa

Alþingi þegja bankaráðsmenn, sem hér eiga sæti, venjulega þunnu hljóði. (**PP:** Eigum við ekki að kalla á Garðar svo að hann heyri í þér?) Ekki hefur hann gerst langorður um bankamál í ræðustól eftir því sem ég best veit og sit ég þó nokkuð meira í þingsölum en ýmsir aðrir þm. Það kann reyndar að vekja nokkra furðu, þegar þessi mál eru á dagskrá, að ekki skuli vera fleiri hv. þm. staddir í salnum á meðan Alþingi, bankaráð og ríkisstj. hafa í stuttu máli opinberað fyrir alþjóð að hafa orðið sér gersamlega til skammar í stórkostlegu vanskilamáli sem nú vekur óhug almennings.

Ég hef undanfarið unnið að því fyrir hönd míns þingflokks að búa til frv. til laga um það sem ég tel að sé mikilvægt í þessum málefnum bankanna, frv. til laga um að bankaeftirlitið verði sjálfstæð stofnun. Það frv. verður lagt fram á Alþingi á allra næstu dögum. Það er óviðunandi að Seðlabankinn hafi yfirráð yfir bankaeftirlitinu og ótrúlegt að hugsa sér að sú stofnun skuli hafa sjö starfsmenn. Segir sig sjálft að bankaeftirlitið getur á engan hátt sinnt þeim skyldum sem það ætti að hafa.

Mergurinn málsins er kannske líka sá að bankar í landinu eru stjórnlausir. Þeir eru stjórnlausir og Seðlabankinn er líka stjórnlaus. Það er þetta ábyrgðarleysi sem einkennir alla stjórn peningamála í landinu.

Það er jafnljóst að alþm. hafa verið stórlega blekktir í tíu ár varðandi Hafskips- og Útvegsbankamálið. Ef ég man rétt var samþykkt við afgreiðslu fjárlaga fyrir nokkrum árum að veita ríkisstj. heimild til að taka 5 milljarða gkr. erlent lán til að bjarga Útvegsbanka Íslands. Hverjar voru skýringarnar? Sjávarútvegurinn gengi illa. Mjög hefði verið þjarmað að bankanum. Skýringar í smáatriðum man ég ekki svo gjörla og hafði satt að segja ekki tíma til að lesa ræður þær sem fylgdu þessari beiðni. Þessu trúðu alþm. Nú er íslensk alþýða að borga þessi erlendu lán. Ég vil leggja á þetta áherslu: Það eru skattborgarar þjóðarinnar sem eru að borga þessi lán. Það er þess vegna sem fólk er að missa húsin sín ofan af sér, af því að þessir peningar fóru beint í sömu hít og nú vantar peninga í í Útvegsbanka Íslands. Það var nefnilega logið að Alþingi og það er ekki í fyrsta skipti og ekki í eina skiptið. Það er þess vegna sem ég held að það sé algerlega óhjákvæmilegt að taka málefni bankanna algerlega til endurskoðunar.

Ég vil minna menn á að ákvæðið sem er í lögum um Seðlabanka um bankaleynd er hert í lögum nr. 86 frá 1985, um viðskiptabanka. Í lagagreininni í lögum um Seðlabanka segir einungis að bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn viðskiptabanka séu bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna bankans o.s.frv. og sú bankaleynd skuli gilda eftir að þeir hafa látið af störfum. Í lögum um viðskiptabanka er bætt inn um mál sem leynt skuli fara samkvæmt lögum að þeir veiti enga vitneskju nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þetta var nefnilega ekki í lagagreininni um bankaleynd í lögum um Seðlabanka Íslands. Enn á að gulltryggja að alþm., að ég tali nú ekki um þjóðina sjálfa, fái sem minnsta vitneskju um málefni bankanna.

En það eru ekki aðeins bankarnir sem eru stjórnlausir hér í landi. Peningamál eru með öllu stjórnlaus. Hér hef ég margspurt hvenær sé að vænta laga um greiðslukortaviðskipti. Tvisvar sinnum a.m.k. hefur hæstv. viðskrh. svarað því til að þetta sé alveg að koma, það sé verið að búa til þessi lög. Þau eru ekki komin enn. Ég gæti t.d. spurt bankayfirvöld, og reyndar hef ég gert það en engin svör fengið, af hverju greiðslukortafyrirtækjum leyfist að leggja mánaðar dráttarvexti á alla skuldina þó að maður komi einum eða tveimur dögum of seint til að greiða greiðslukortareikning sinn. Svörin eru: Stjórnir greiðslukortafyrirtækjanna hafa ákveðið þetta. Og hverjir sitja þar? Tökum t.d. Visa Ísland. Þar sitja fulltrúar þeirra banka sem aðild eiga að fyrirtækinu. Það eru þeir sem ákveða að þannig skuli farið að að 3,75% séu lögð á skuldina í heilan mánuð hvort sem menn greiða einum degi eða 20 dögum fyrr eða seinna. Þó ekki væri annað er þetta beinlínis letjandi fyrir fólk sem er hvort sem er orðið einum degi of seint. Auðvitað lærir fólk á kerfið og borgar 28 dögum seinna. Því ekki það? Það fær sams konar dráttarvaxtaskuld. En um þetta eru engin lög og ég sé ekki fram á að hér verði lagt fram frv. að sinni um þessi fyrirtæki.

Þá getum við spurt um verðbréfamarkaðinn. Vitaskuld á bankaeftirlitið að hafa umsjón með rekstri þessara fyrirtækja, auk þess sem spyrja mætti að sjálfsögðu í okkar litla þjóðfélagi: Hvers vegna þurfum við verðbréfamarkaði? Ég hef spurt og ég hef engin svör fengið. Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni fyrir stuttu að það væri til þess að við gætum talist jafningjar annarra þjóða. Mér þykir það ekkert svar. Ég held að það geti ekki verið sama þörf fyrir verðbréfamarkað hér og í Bandaríkjunum. Ég er ekki viss um að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir að verðbréfamarkaður gerir auðvitað ekkert annað en að draga fé út úr bönkunum. Maður gæti þess vegna spurt: Hvers vegna geta bankarnir ekki boðið upp á þessa þjónustu? Þó ekki alla vænti ég. Ef verðbréfamarkaðirnir geta boðið betri ávöxtun fjár, hvers vegna geta ekki bankarnir tekið þá þjónustu að sér?

En auðvitað eru þessar stofnanir engu bankaeftirliti háðar. Seðlabankinn veður áfram án þess að nokkuð geti stöðvað hann. Það nægir ekki að hv. þm. Sjálfstfl., Alþfl., Alþb. og eflaust allra stjórnmálaflokkanna, þó ég muni það ekki rétt í bili, flytji tillögu eftir tillögu um að rekstri þessarar stofnunar sé hagað öðruvísi. Hún veður áfram samt.

Ég minni á að fyrir nokkrum árum bar ég fram fsp. hér á Alþingi um það til hvers og fyrir hvern bókasafn Seðlabankans væri. Fæstir þm. vissu að búið var að byggja stórhýsi yfir þá stofnun. Þar vinna nú hátt í tug manna. Eftir stendur að enginn fær að koma inn í þetta bókasafn og það er ekki fyrir almenning. Þessi stofnun er eitt best búna bókasafn í landinu og var það ár sem ég flutti fsp. mína fyrst, sem mig minnir að hafi verið 1982, meira en hálfdrættingur í innkaupum á bókum á við Háskólabókasafn. Þar er nýtísku tölvuútbúnaður sem fjöldamargar menntastofnanir í landinu sárvantar. Við getum ekki lokið við þjóðarbókhlöðu, en það skortir ekkert í bókasafni Seðlabankans. Og ég vakti einnig athygli á því að rekstrarreikningar þessarar stofnunar eru auðvitað hvergi sjáanlegir, þeir eru ein eða tvær línur í ársskýrslu Seðlabankans. Jú, jú, menn eru voðalega hissa á þessu. Þetta vakti athygli alþm. því fæstir alþm. vissu um þetta nýja hús í Einholti 4.

En svo gerist ekki neitt. Það er enginn ábyrgur fyrir neinu, hvorki bankaráð, bankastjórar né alþingismenn og ekki einu sinni ríkisstjórnin. Svo sitjum við hér, dag út og dag inn, nema þeir sem eru svo skynsamir að vera

ekkert að því að sitja, og höldum að við stjórnum þessu þjóðfélagi. Ég held við ættum að horfast í augu við það að við gerum það ekki. Bankakerfið veður áfram án þess að spyrja kóng eða prest og hæstv. viðskrh., hver sem hann er, hefur ekki hugmynd um hvað hann er að gera og stjórnar ekki neinu.

Ég held, herra forseti, að það sé mál til komið að alþm. læri af mistökum sínum sem eru auðvitað þegar orðin alþjóðlegt hneyksli hvað varðar málefni Hafskips og Útvegsbankans og má áreiðanlega lengi leita annars slíks.

Það er líka óheyrt í öllum lögum um seðlabanka að það sé ekki gulltryggt að seðlabankastjóri sitji hvergi í ráðum eða nefndum eða stjórnum fyrirtækja. Þess þarf ekki á Íslandi. Þar geta sömu mennirnir setið báðum megin við borðið. Það er svona álíka og að hugsa sér að franski konsúllinn á Íslandi bjóði hæstv. iðnrh. í kokkteil. Þetta er auðvitað alveg fráleitt að sömu mennirnir gegni embættum á þennan hátt. Og ég held að Alþingi ætti að gleyma öllum flokkaerjum í sambandi við bankamál og taka höndum saman um að hreinsa til í því svínaríi sem þar á sér stað. Menn skyldu hafa það í huga að þeir sem mest skulda borga ekki brúsann; það eru vinnuþrælarnir á Íslandi sem eru nú að borga fyrir mistök bankaráðsmanna, bankastjóra, alþingismanna og ráðherra, og þó að þeir striti dag út og dag inn geta þeir ekki haldið íbúðum sem þeir hafa verið að reyna að koma yfir fjölskyldur sínar. Ég held nefnilega að nú loksins sé fólk að skilja samhengi þessara hluta og þess vegna verði það krafa þjóðarinnar að Alþingi fari ekki heim af þessu þingi fyrr en búið er að taka til í þessu kerfi.

Varðandi frv. hv. þm. Guðmundar Einarssonar á þskj. 173 hika ég ekki við að veita því stuðning minn. Ég mundi hins vegar leggja til að athugað yrði nánar atriðið sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði að umtali hér áðan, að aðilar vinnumarkaðarins kynnu að hafa einhvern tilnefningarrétt í bankaráð, því að það eru nefnilega ekki bankaráðin og bankastjórarnir og alþm. og ráðherrar sem eiga þessa peninga, það eru launþegarnir í landinu, svo það er ekkert óeðlilegt við að launþegasamtökin hefðu þar eitthvað um að segja.

Ég mun fara nánar út í þessi mál þegar frv. til laga um eftirlit með bankastarfsemi, sem lagt verður fram á morgun eða þar næsta dag, verður flutt. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ræða hv. 10. landsk. þm. áðan, Guðrúnar Helgadóttur þm. Alþb., var góð, flutt af heitu hjarta, og hún hafði margt til síns máls. Ef hv. þm. hefði af tilviljun tilheyrt einhverjum öðrum flokki hefði hins vegar komið einhver fyrirsögn ... (**GHelg:** Er ekki sama hvaðan gott kemur?) Jú, það er það. Einmitt, ég vil taka undir þetta, hv. þm. Það ætti að vera svo. Það er nefnilega alveg sama hvaðan gott kemur. Ef hins vegar — það er til marks um blaðaumræðuna og fjölmiðlunina í landinu líka — hv. þm. hefði tilheyrt einhverjum öðrum flokki hefði hann fengið í hausinn ljóta þingfrétt í Þjóðviljanum á morgun. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir ærð af frjálshyggju. Auðvitað hefðu þetta verið rangar ásakanir, að sjálfsögðu, og auðvelt að svara því efnislega, t.d. með vísan til þess að þar sem sósíaldemókratar hafa farið með völd víða í grannlöndum okkar hafa þeir allt aðra skipan á stjórnun bankamála, stjórnun fjármálakerfis, heldur en í þeim sósíalisma andskotans eða þeim gerspillta ríkiskapítalisma sem hér þrífst. Þannig að menn þurfa ekki að taka frjálshyggjustimpilinn, sem er svona hnéskeljapólitík Þjóðviljans, mjög alvarlega þótt þeir leyfi sér að hugsa eins og aðrir ærlegir sósíaldemókratar á annan veg heldur en tíðkast á þeim bæ.

Áður en ég held lengra áfram verð ég, herra forseti, að leiðrétta rangfærslur sem komu fram í máli hv. þm. Páls Pétursonar. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tók það skýrt fram að árum saman — ég satt að segja man ekki nákvæmlega hversu lengi, það er orðið svo langt síðan — hefur þingflokkur Alþfl. haft þá prinsipafstöðu að kjósa ekki þingmenn í bankaráð. Það er út af fyrir sig gott, svo langt sem það nær, og þá erum við að tala um viðskiptabankana, því eins og hv. þm. Páll Pétursson sagði ætti það að vera svo, hafi það ekki alltaf verið svo, að Seðlabankinn sé ekki viðskiptabanki. Þar á bankaráð að vera stefnuráðgefandi um grundvallaratriði almenns eðlis, svona peningapólitík, og gegnir þar öðru máli um. Þess vegna var það t.d. að fyrrv. formaður Alþfl. Benedikt Gröndal átti einhvern tíma sæti í bankaráði Seðlabankans, og eftir því var leitað á sínum tíma — það er rétt — af hálfu okkar að eiga aðild að bankaráði Seðlabankans með þeim hætti. En það staðfesti hv. þm. sjálfur að þar gegnir talsvert öðru máli heldur en um viðskiptabanka. Þar er ekki um að ræða lánapólitík, þar er ekki um að ræða skömmtun á pólitísku fé — ætti ekki að vera — heldur fyrst og fremst stefnumótun.

Að því er varðar þau ummæli hv. þm. þegar hann sagðist vilja mótmæla því sem fram hefði komið í máli flm. og í grg. að þingmenn væru vanhæfir til þess að gegna þessum störfum er þar tvennt að skoða. Í fyrsta lagi kemur þetta mannkostum hv. þm. ekkert við. Þeir mega vera hinir vammlausustu heiðursmenn og jafnvel heilagir menn. Hitt er annað mál að vanhæfni þeirra er allt annars eðlis. Að svo miklu leyti sem þeir eru í þessum bankaráðum viðskiptabanka, þar sem útlán eru að sjálfsögðu stunduð, og sitja undir þrýstingi til þess að hafa áhrif á útlánapólitík, bæði til fyrirtækja eða hagsmunaaðila í sínum kjördæmum eða á vegum sinna flokka, er svona nærri því mjög vafasamt að binda það í kerfi að leiða stjórnmálamenn, sem vilja vera heiðarlegir og láta stjórnast af grundvallarreglum, í slíka freistni daglega. Og þar gildir ekki það svar að það sé bankastjórnin en ekki bankaráðið sem móti útlánapólitíkina; það gildir ekki það svar vegna þess að allir vita, sem kynna sér starfsemi bankaráða, að bankaráðsmönnum er í lófa lagið að hafa þar veruleg áhrif innan dyra, og dæmisagan af samskiptum Útvegsbankans og Hafskips er ein út af fyrir sig nægilegt svar í því efni.

Þetta frv. til laga fjallar um tvennt, í fyrsta lagi að binda það sem stjórnsýslureglu að þm. séu ekki í stjórnum bankaráða viðskiptabanka, eins og þar stendur, og ég er algjörlega samþykkur því að það verði gert. Hitt aðalatriðið er að viðskiptaráðherra skipi menn í bankaráð í stað þess að Alþingi kjósi. Um þetta hef ég meiri efasemdir, fyrst og fremst út af einu. Það sem liggur til grundvallar gagnrýni hv. flm. er ekki hvað síst það, eins og fram kemur í grg., að skipan stjórnmálamanna í bankaráðin leiði þá í pólitíska freistni. Af því stafi sú hætta að við mótun útlánastefnu banka og reyndar aðra pólitíska stefnumótun, fjármálalega

stefnumótun, komi til pólitískar skiptareglur, eins konar pólitískt kvótakerfi. Ég er ansi hræddur um að jafnvel þótt hæstv. bankamálaráðherra væri vammlaus heiðursmaður og jafnvel þótt hann væri heilagur maður, og má vera að hann sé hvort tveggja, breytti það ekki því að skipi hann í þessi bankaráð fari hann eftir hefðum hins íslenska kerfis og skipi áfram pólitíska skömmtunarstjóra og áfram verði pólitískar kvótareglur og áfram verði menn leiddir daglega í freistni þannig að þessi aðgerð ein út af fyrir sig dugi ekki til til þess að ná þeim markmiðum sem ég hygg að fyrir hv. flm. vaki.

Spurningin er raunverulega kannske miklu róttækari þó að þetta kunni að koma til álita sem bráðabirgðaráðstöfun. Spurningin er ósköp einfaldlega þessi: Til hvers rekum við ríkisbanka? Til hvers? Hver eru rökin fyrir því? Að hefð og sögu gætu rökin hafa verið þessi: Þegar fyrsti ríkisbankinn er stofnaður er nánast ekkert eigið fjármagn til í landinu. Opinberir aðilar, ríkisstjórn, lögðu þeim banka til ákveðið fé og af þessu leiðir sú hefð sem er dálítið rík í íslensku þjóðfélagi að bankastarfsemi sé af því tagi að hún sé ekki á færi annarra aðila sem hafa ekki til þess nægilegt fjárhagslegt bolmagn. Nú hefur þetta að vísu breyst. Við vitum að reknir eru nokkrir bankar í eigu einkaaðila, hlutafélagabankar. Í sumum tilvikum eru þeir í eigu hagsmunaaðila tengdum ákveðnum atvinnuvegi eins og iðnaðinum, versluninni. Samvinnuhreyfingin á einn slíkan banka og einn bankinn ber hið virðulega nafn alþýðunnar í landinu og voru sett sérstök markmið því tengd.

En ég kem aftur að spurningunni: Hvers vegna ríkisbanka nú? Eru aðstæður breyttar í þessu þjóðfélagi? Hvers vegna á það að vera svo að nafninu til að ríkið reki þessa þrjá banka og hvernig rekur ríkið þessa banka? Ég tek undir það með hv. 10. landsk. þm. að bankakerfið, peninga- og bankakerfi Íslendinga, er í alvarlegri kreppu og er að vísu ekki nýtt, þetta hefur verið að gerast auðvitað á mjög löngum tíma. Dæmi: Það er hlutverk banka að taka fé til varðveislu og að ávaxta það. Hvað gerðist með innlendan sparnað í vörslu þessara banka s.l. hálfan annan áratug? Það sem gerðist var það að sparifjáreigendur, sem að þremur fjórðu hlutum eru almenningur í landinu og reyndar að sögn sumra einkum og sér í lagi roskið fólk með ævisparnaðinn sinn í vörslu bankans, urðu fyrir bankaráni á hverjum einasta degi í þessum palesander- og marmarahöllum. Það er mat manna að upphæð sem samsvarar þremur fjórðu hlutum endurnýjunar- og endurkaupsverðs alls togaraflota landsmanna hafi verið rænt af þessu fólki á þessum tíma. Hver ber ábyrgð? Hver ber ábyrgð á því að hafa brennt upp til agna meginið af sparifé þjóðarinnar á þessum tíma? Eða ef það líkingamál er rangt, ekki brennt það upp til agna, að hafa þá fært það úr löggiltum bankahólfum sparifjáreigenda yfir í vasa annara? Þ.e. þeir sem tóku þessi lán fengu þau oft fyrir pólitíska milligöngu hins pólitíska stjórnkerfis og þurftu aldrei að greiða til baka nema hluta. Hvar er þetta fé niðurkomið? Hver ber ábyrgð á því? Er hægt að nefna átakanlegra dæmi um það að peninga- og bankakerfi einnar þjóðar er ábyrgðarlaust. Gott ef maður má ekki nota reyndar alvarlegra orð: Þegar bankakerfi sem öll þjóðin á að geta treyst reynist vera ræningjabæli — er hægt að nefna staðreyndir sem lýsa því betur að þetta kerfi er í rúst?

Það er fleira sem er að annað en það að bankakerfið hafi brugðist þeirri frumskyldu sinni að ávaxta sparifé þjóðarinnar. Við höfum hér Seðlabanka; samkvæmt sögu, venjum og lögum annarra þjóða hafa seðlabankar þýðingarmikið hlutverk en mjög takmarkað. Hvert er þeirra hlutverk? Upp að telja:

1. Að vera banki viðskiptabankanna.
2. Að hafa milligöngu um erlenda lánsfjárútvegun.
3. Að vera ráðgefandi um verðlagningu á peningum, þ.e. vöxtum.
4. Að reyna að hafa taumhald og stjórn á peningamagni í umferð, sem merkir að ásamt með ríkisgeiranum sjálfum eru þetta kannske þau tvö stjórntæki sem mestu ættu að ráða um getu stjórnvalda til þess að hafa einhverja stjórn á verðbólgu. Hver er reynslan af árangri Seðlabankans í því að stjórna peningamálum okkar? Hún er vægast sagt hörmuleg, þ.e. árangur Seðlabankans fyrir sitt leyti er reyndar engu betri en þeirra misheppnuðu og ábyrgðarlausu stjórnmálamanna sem hafa komið íslensku efnahagslífi á kaldan klaka á s.l. hálfum öðrum áratug, síst betri. Hvers vegna? Það er m.a. vegna þess að Seðlabankinn hefur ekki í höndunum þau stjórntæki sem duga til að stýra peningamagni í umferð. Hvernig fara seðlabankar að því í öðrum löndum? Það gera þeir með því að hafa áhrif á peningamarkaðinn með óbeinum aðgerðum, þ.e. beita sér á verðbréfamörkuðum, aðallega með kaupum og sölum á skuldabréfum til þess ýmist að minnka peningamagn í umferð eða auka það. Hér hefur þessi banki engin slík stjórntæki haft. Hann hefur hins vegar gert annað. Hann hefur, með vísan til laga, fryst inni hátt hlutfall af sparifjárbindingu en með pólitískum ákvörðunum hefur síðan verið ákveðið að lána þetta fé aftur út á niðurgreiddum vöxtum þannig að bankinn hefur verið sviptur því eina tæki sem hann hafði til þess að hafa nokkur áhrif á peningamagn í umferð.

Hvort er ábyrgðin meiri hjá þeim embættismönnum sem valdir hafa verið til þess að stjórna þessum banka eða hjá stjórnmálamönnunum sem hafa leitt í lög að svona heimskulega skuli að farið, eða brugðist í því að láta þá þessum banka í té önnur þau stjórntæki sem dygðu til? Hér er búið að tala árum saman um nauðsyn þess að setja ákveðin lög um verðbréfamarkaðinn. Það hefur ekki verið gert þannig að hann hefur sprottið upp nánast fyrst og fremst í skjóli einnar pólitískrar ákvörðunar hæstv. ríkisstj., sem reyndar hv. þingflokksformaður Páll Pétursson segist vera andvígur, nefnilega að efna til samkeppni bankanna um sparifé í skjóli takmarkaðs vaxtaákvörðunarfrelsis. Síðan hefur sprottið upp í skjóli þeirrar ákvörðunar verðbréfamarkaður sem lýtur engum lögum, engum lögum: engar kvaðir, engar skyldur, engin ábyrgð, og okurmarkaðurinn sjálfur er síðan aukaafurð af þeirri pólitík.

Hverju eru menn bættari til þess að reyna að hafa stjórn á þýðingarmestu stærðum efnahagsmála með því að reka ríkisbanka? Ég held við séum satt að segja engu bættari og reyndar held ég að það sé öfugt: Ég held að þessi dapurlega niðurstaða af stjórnleysi peningamarkaðarins á Íslandi sé m.a. afleiðing af misskilinni ríkisíhlutun í þessum málum, þ.e. að í stað þess að reyna að hafa klár verkaskipti og gera menn ábyrga í bankakerfinu alveg eins og annars staðar í atvinnulífinu hefur komið til óbein ríkisstýring og ríkisskömmtun sem byggjast á skammsýnum stjórnpólitískum ákvörðunum stjórnmálamanna sem eru ekkert að hugsa um hverjar

langtímaafleiðingarnar að lokum verða heldur beita þessu bankakerfi og fjármálakerfinu öllu til þess að bjarga sér fyrir horn út frá skammtímasjónarmiðum. Þeir voru ekkert að hugsa um það. Hverjar voru afleiðingarnar af því að taka á tiltölulega skömmum tíma milli 60 og 70 þúsund milljónir króna í erlendum lánum? Og þeir voru ekkert að hugsa um það hverjar afleiðingarnar yrðu þegar þessu fé var að langmestu leyti varið í fjárfestingu sem ekki hefur skilað sér. Þeir bera enga ábyrgð á því að við höfum nú tapað 30 þúsund milljónum króna, 30 milljörðum, sem samsvarar öllum ríkisbúskapnum á ári, vegna þessara hrikalegu fjárfestingarmistaka sem er fórnarkostnaður þess ef öll þessi erlendu lán hefðu borið vexti eins og þau gerðu eða skilað arði eins og þau hefðu gert miðað við áratuginn 1960—1970. Þetta er fórnarkostnaður, þetta er tapið sem við höfum orðið fyrir og, eins og hv. 10. landsk. þm. sagði með réttu, þetta er meginskýringin á því að búið er að þrýsta lífskjörum vinnandi fólks á Íslandi niður á hungurmörk.

Hver ber ábyrgð? Enginn. Þrátt fyrir það að ríkisvaldið í merkingunni Alþingi, ráðherrar, hafa hér í höndunum tæki, miklu meira af þeim, allt bankakerfið, ekki bara Seðlabankann, þrjá ríkisrekna viðskiptabanka og allt fjárfestingarlánasjóðakerfi þjóðarinnar er niðurstaðan þessi. Reyndar hefði ég átt að segja: Vegna þess að þeir hafa þetta í höndum sér er niðurstaðan þessi, en það ber enginn ábyrgð.

Þess vegna kem ég aftur að spurningunni: Er einhver ástæða til þess að við rekum ríkisbanka? Ég hallast mjög að því að hún sé engin og að í stað þess að reyna að ráða bót á þessu fáránlega og skelfilega ástandi, eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson leggur hér til, með því að láta hæstv. viðskrh. skipa gæðinga sína í stjórnir viðskiptabankanna eigum við að stíga skrefinu lengra, eins og hann reyndar og þeir Bandalagsmenn hreyfðu í fyrra. Það skref er ósköp einfaldlega að hætta að reka ríkisviðskiptabanka, leggja þá niður. Og hvernig á að fara að því? Hver á þessa banka? Jú, þjóðin á þá. Hvað eigum við í Útvegsbankanum, með leyfi að spyrja? Við vitum að sá banki hefur núna tapað þúsundum milljóna, rúmlega eitt þúsund milljónum, þ. e. rúmum milljarði, sem að vísu mun allt saman lenda á herðum skattgreiðenda. Ég get fullyrt að miðað við þau varúðarákvæði sem eru þó í hinum nýju viðskiptabankalögum og ekki er að finna í eldri löggjöf um eigið fé banka að lágmarki, hvernig það er skilgreint, eða um takmörk þess sem einn banki getur lánað einum af sínum viðskiptaaðilum, eða um þær reglur sem þar eru settar um veðhæfni trygginga fyrir lánum og fleiri slík ákvæði, væri bankastjórn Útvegsbankans núna samkvæmt þeim lögum lögbrjótur í mörgum greinum. Við það bætist að skilgreining þeirra á eigin fé bankans stenst hvorki þau lagaákvæði né heldur þær reglur sem gilda í öðrum bönkum, m.a. vegna þess að í þessum umræddu banka eru vanmetnar útistandandi skuldbindingar. Þá á ég t.d. við skuldbindingar bankans gagnvart eftirlaunum starfsmanna sinna, og í öðru lagi að í þeim banka er ekkert fram talið til tryggingar töpuðum útistandandi lánum sem þýðir að eigin fé bankans er 0,0 eða öllu heldur mínus eitthvað. Og ef grannt væri skoðað ástand annarra viðskiptabanka ríkisviðskiptabanka væri ástandið litlu skárra.

Í raun og veru riða þessar hátimbruðu fjármálastofnanir til falls, þ.e. ein þeirra er þegar fallin. Það er engin lausn að segja: Nú skulum við taka þetta þrotabú og sameina það öðrum banka sem stendur eitthvað ögn skár. Sumir mundu freistast til að segja: Eigum við ekki, svona til þess að fara þetta í áföngum, samt sem áður að hafa einhvern einn ríkisviðskiptabanka? Ég á þá eftir að heyra rökin fyrir því af hverju við ættum að gera það.

En ég spurði áðan: Hverjir eiga þessa banka og hvernig ættum við að koma þeim í hendurnar á þeim sem eiga þá og hvernig getum við gert þá ábyrga? Hvernig getum við gert þá að ábyrgum fjármálastofnunum? Venjulega eru einfaldar lausnir bestu lausnirnar og ein lausnin væri svona: Ef eigin fé Landsbankans væri dreift á alla fjárráða Íslendinga hefur einn kunnugur maður metið það svo að þetta væri upphæð á bilinu 6—8 þúsund krónur per kjaft; meira er það nú ekki. Það væri hægt að hugsa sér að senda hverjum einasta fjárráða Íslendingi hlutabréf til staðfestingar á eign hans í þessum banka að þessari upphæð. Því næst væri mönnum — sennilega ætti það að gerast með einhverjum tímamörkum — leyfilegt að selja þessi verðmæti sín, þessa eign sína, á opnum verðbréfamarkaði á því verði sem sá markaður mundi ákveða. Hvað mundi þetta síðan þýða? Þetta mundi þýða það að lokum að eigendur bankans, þeir sem eiga þessi hlutabréf, mundu ósköp einfaldlega koma saman til fundar til þess að taka ákvörðun um það hvaða mönnum þeir treystu til þess að reka þessa stofnun. Þetta er út af fyrir sig einföld aðgerð og fyrir því eru fordæmi að svona hafi þetta verið gert.

Þá er spurning hins vegar: Á þá ríkisvaldið að afsala sér allri íhlutun um eða stjórn á því sem heitir peningamál og bankakerfi? Nei. Ríkisvaldið hefur greinilega enga stjórn í núverandi kerfi. Það er laukrétt sem hv. þm. sagði. Tilvera eða seta einhverra pólitískra fulltrúa í bankaráðum breytir engu um það að Alþingi getur ekki komið við neinu eftirliti. Í fyrsta lagi rekst það algjörlega á lagaákvæði um bankaleynd. Í annan stað er fyrir því hefð að fulltrúar í þessum bankaráðum líti á sig sem fulltrúa bankans gegn Alþingi að öðru jöfnu. Ég held nefnilega að sama máli mundi raunverulega gegna þótt hæstv. ráðherra skipaði einhverja af sínum gæðingum til þessarar setu. Ég held að það yrði ekki árangursríkt eftirlitskerfi, ég hef ekki trú á því.

Hvernig á þá Alþingi eða stjórnvöld að stjórna peningamálum? Það á að gera það með almennum reglum en ekki með íhlutun í hvert einstakt fyrirtæki. Hvað er það sem Alþingi varðar hér um? Alþingi varðar um það að sparifé almennings verði ávaxtað. Alþingi varðar um það að Seðlabanki, rétt rekinn, hafi einhver stjórntæki í höndunum til þess að hafa áhrif á peningamagn í umferð. Alþingi varðar um það að ríkisbúskapurinn verði ekki rekinn með dúndrandi halla og fjármagni síðan þann halla með seðlaprentun í Seðlabankanum og hafi ekki til þess leyfi. Alþingi varðar t.d. um það hvert er vaxtastig í landinu og Alþingi varðar um það hvernig bankastofnanir, innlánsstofnanir, gegna skyldum sínum gagnvart þeim einstaklingum sem eiga þrjá fjórðu hluta af sparifénu og getur sett um það almennar reglur. M.ö.o. Alþingi og ríkisstjórn, reyndar meiri hluti Alþingis, getur haft áhrif á það hvernig þetta kerfi fungerar með almennri lagasetningu og almennum reglum. Fyrir nú utan það

að Alþingi á að sjálfsögðu að setja upp það sem heitir bankaeftirlit sem sjálfstæða stofnun og setja síðan almennar reglur um þá starfsemi alla saman í líkingu við það sem er að finna í þeim lögum sem taka gildi upp úr áramótum um banka.

Og ef einhver maður, t.d. blaðamaður á Þjóðviljanum, mundi halda því fram að hér stæði höfuðpáfi frjálshyggjunnar í ræðustól ætla ég að biðja hann um í guðanna bænum að hugsa sig svolítið um áður en hann heldur því fram. Vegna þess ósköp einfaldlega að það er a.m.k. hálfrar aldar sósíaldemókratísk pólitík hér í löndunum í kringum okkur og kemur frjálshyggjuhugmyndum ekki nokkurn skapaðan hlut við að sósíaldemókratar hafa almennt séð hafnað þeirri leið að það sé sósíalismi samkvæmt formúlu að afnema allan einkaeignarrétt á fyrirtækjum og koma á einhverri allsherjarríkiseign og byggja síðan upp eitthvert pólitískt spillingarkerfi sem á að stýra því sem Vilmundur heitinn landlæknir kallar reyndar fyrir meira en hálfri öld sósíalisma andskotans og er vissulega sósíalismi andskotans.

Það er hálfrar aldar sósíaldemókratísk pólitík, sagði ég, að við viljum reyna að stjórna því sem eru að heita megindrættirnir, meginþættirnir, í efnahagspólitíkinni með almennum reglum, en við vitum sem er, ekki aðeins af einhverri reynslu frá Sovétríkjunum eða einhverri reynslu frá þjóðnýttum fyrirtækjum landanna hér í kringum okkur, að það er ekki tæknilega gerlegt fyrir Alþingi sem stofnun né heldur fyrir einstök ráðuneyti að hafa það eftirlit með rekstri slíkra ríkisstofnana sem dugar, er skilvirkt og raunverulega gætir almannahagsmuna. Í þeim skilningi er ég sannarlega sammála öllum þeim meginhugmyndum sem fram komu af hálfu flm. í þessu máli þó ég hafi hins vegar efasemdir um fyrstu greinina og vilji hugsanlega ganga lengra.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að víkja að örfáum atriðum sem fram hafa komið í ræðum þeirra sem hér hafa talað. Ég þakka þann stuðning sem — eigum við að segja svona meginstefna frv. hefur fengið. Hv. þm. hafa velt fyrir sér ýmsum atriðum eins og t.d. þeim hvort það myndi einhverju skipta í meginatriðum þótt ráðherra skipaði bankaráð. Ég held að það skipti máli.

Í fyrsta lagi þá er það prinsipatriði, það er grundvallaratriði, eins og komið hefur fram hérna hjá ýmsum reyndar, þá kannske í öðru samhengi, en það er grundvallaratriði að verkaskipting í stjórnsýslunni sé rétt og þá um leið að það sé ljóst hvar ábyrgð á stjórnvaldsathöfnum liggur. Eins og nú er háttað skipun bankaráða og stjórna ýmissa annarra fyrirtækja, sem eru á hendi ríkisins og Alþingi kýs, er það alls ekki ljóst. Af þeirri ástæðu skiptir þetta máli. Þetta skiptir líka máli vegna þess að þegar ráðherra skipar stjórn og Alþingi kýs ekki lengur þá stjórn er þeim hömlum létt af Alþingi sem núverandi fyrirkomulag veldur, þ.e. að Alþingi er miklu líklegra til þess að ganga eftir rétti sínum til upplýsinga heldur en nú er. Þess vegna er ég sannfærður um að þetta skiptir máli sem undirstaða undir ábyrgð og hreingerningu.

Hins vegar er það alveg ljóst, eins og kom reyndar fram í inngangsorðum mínum, að þessar tillögur voru á sínum tíma undanfari þess að ríkisbankarnir yrðu gerðir að almenningshlutafélögum. Þær tillögur, eins og þær voru lagðar fram í vor, gerðu ráð fyrir að ríkisviðskiptabönkum yrði breytt í hlutafélagabanka eigi síðar en 1. janúar 1987 og þessi aðgerð, að ráðherra skipaði bankaráðin, var hugsuð sem bráðabirgðaaðgerð þangað til af því yrði að bönkunum yrði breytt í almenningshlutafélög. Ég fagna því mjög að sú hugmynd, að ríkisbankarnir verði gerðir að almenningshlutafélögum, eigi nú fylgi Alþfl. Það yrði einhver stærsta aðgerð og mesta hreingerning í íslenskum stjórnmálum að losa bankana undan þessum pólitísku afskiptum og losa skattborgarana í landinu við að bera ábyrgð á athöfnum fólks og embættismanna þar, sem þeir þó á engan hátt geta náð til. Skattborgararnir, kjósendur, ná á engan hátt til þessara manna.

Ég er nú ekki vanur að auglýsa Morgunblaðið hér úr ræðustóli, en í Morgunblaðinu í dag á bls. 19 er býsna fróðleg auglýsing frá Útvegsbanka Íslands. Þar stendur, með leyfi forseta: „Láttu næstu 18 mánuði skila þér drjúgum arði án minnstu fyrirhafnar eða áhættu.“ Svo stendur svolítið neðar: „ — og í ríkisbanka er áhættan engin.“ Og reikningurinn heitir „Öndvegisreikningur“. Þetta er auglýsing frá Útvegsbankanum, örugg fyrirhafnarlaus ávöxtun. Það stendur með skýrum stöfum „og í ríkisbanka er áhættan engin“, akkúrat, ríkisbankarnir eru marklausir sem viðskiptastofnanir vegna þess að þeir sem þar fara með völdin bera enga ábyrgð og taka enga áhættu sjálfir. Áhættuna tekur skattborgarinn, sem síðan verður að sitja heima hjá sér, getur ekkert að gert og margfaldar upphæðir, þúsundir milljóna, hundruð milljóna streyma í gegn og menn geta ekkert að gert. Mér verður, eins og ég sagði áðan, oft hugsað til þeirrar viku þegar þingmenn stóðu hér sveittir við að kría út eitt söluskattsstig, 250 milljónir í húsnæðismál. Og nú ætla fjögur söluskattsstig að hverfa út í vindinn. En því fyrr sem þessi hreingerning á sér stað, með því að gera þessa banka að einkabönkum, því betra. Almenningshlutafélög, það hlýtur að koma, það hlýtur að koma.

Svo ég víki aðeins að einstökum efnisatriðum þá varð hv. þm. Páll Pétursson helst til varnar bönkunum. Það er nú nokkurt áhyggjuefni vegna þess að hv. þm. er um leið formaður fjh.- og viðskn., sem ég legg til að þessu máli verði vísað til, og frv. hafa haft af því illa reynslu að lenda undir nefndarforsjá hv. þm. En við verðum að vona það besta. Hv. þm. Páll Pétursson segist vera mótfallinn þessu frv. og hann sér ekki að það bæti ástandið að ráðherra skipi bankaráðsmenn. Ég hef þegar rætt um það að það skiptir máli vegna þess að það varðar grundvallaratriði í stjórnskipun og stjórnsýslu og það léttir hömlum og höftum af Alþingi sem á að leita réttar síns í þessum efnum en gerir ekki. Svo kom dálítið merkileg setning hjá hv. þm. Hann segist ekki treysta bankaráði, sem væri skipað á þennan hátt, til þess að gæta jafnvægis. Hvaða jafnvægi er hv. þm. að tala um? Hvaða jafnvægis þarf að gæta innan bankaráða? (**Gripið fram í:** Jafnvægis á peningamarkaðinum.) Jafnvægis á peningamarkaðinum, já. Það er fróðlegt. Menn eiga ekkert að gæta neins jafnvægis þar. Menn eiga bara að sjá um að tekið sé við peningum, sem fólk leggur inn til ávöxtunar, og að þessir peningar séu ávaxtaðir og þar fari fram eðlileg, frjáls og örugg bankaviðskipti.

Og hv. þm. mótmælti ósvífnum aðdróttunum í grg. Það ósvífnasta sem hefur komið fram í þessari umræðu, að mínu mati, voru ummæli hv. þm. Páls Péturssonar í

glensi um að Hafskipsmálið væri ekki flokksmál Framsóknar. Þar er mergurinn málsins. Það er jafnvægið sem hv. þm. er að tala um. Hin ósjálfráðu viðbrögð þingmannsins verða þau að þetta sé svo sem ekki athugavert vegna þess að þetta sé ekki flokksmál Framsfl. Hafskipsmálið er nefnilega flokksmál Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Já, en ef SÍS hefði keypt?) Þetta er flokksmál Sjálfstfl. og það er þessa jafnvægis sem hv. þm. er að hugsa um að gæta. Það á að vera jafnvægi innan bankaráðanna þannig að hagsmunir allra flokkanna séu passaðir. Á kostnað hvers? Á kostnað skattborgara landsins auðvitað. Ég held að það sé líka fullkomin ástæða til þess að láta falla ósvífnar athugasemdir þegar þúsund milljónir ætla á þennan hátt að týnast. Menn segja kannske: Ja, þetta eru nú bara mannleg mistök, eins og hv. þm. sagði. Einhvers staðar held ég að ég hafi tekið eftir því að hann segði að þetta væri svo sem ekki á ábyrgð neins, þetta væri ekki á ábyrgð bankastjóra eða bankaráðs, þetta hefði átt sér einhvern aðdraganda og væri þess vegna ekki á ábyrgð neins. Þetta eru skilaboð sem ættu að fara til skattgreiðenda þessa lands, að enginn beri ábyrgð. Við getum ekki afsakað þúsund milljónir með mannlegum mistökum. Þúsund milljónir hljóta að vera á ábyrgð einhvers, hv. þm. Það er fullkomlega löglegt og fullkomlega siðlegt að vera ósvífinn um þúsund milljónir. Og ég get ekki trúað því að mannleg mistök ráði því einu að mánuðum saman, að mánuðum saman glati þessi stofnun hundruðum milljóna. Fyrr má nú vera! Það er þá meiri auðlegð innan þeirra veggja ef menn taka ekki eftir minnu.

Hv. þm. sagði að þingmenn gætu látið ýmislegt gott af sér leiða í bankaráðum. Ég kýs nú að (**Gripið fram í:** Það er góðgerðarstarfsemi.) fara ekkert nákvæmlega út í þau ummæli. Þau gætu leitt til þess að ég léti kannske ósvífnar aðdróttanir falla. Þingmenn eiga bara ekkert að láta gott af sér leiða, hvorki í bönkum né öðrum stofnunum framkvæmdavaldsins. (Gripið fram í.) Þingmenn geta ýmislegt látið gott af sér leiða, ef þeir eru sæmilega óheftir innan veggja þessarar stofnunar hérna, við að setja landinu og þjóðinni sæmileg lög. Það er fullkomlega nægilegur vettvangur fyrir þingmenn sem vilja láta gott af sér leiða og þess vegna m.a. þarf ekkert að finna þeim aðra svona vígvelli til þess að sinna góðgerðarvitund sinni. Við ættum að halda þeim hér innan veggja hvað það varðar. Ég hef ekkert á móti því að þingmenn láti gott af sér leiða í ýmsu tilliti. Þeir geta tekið þátt í ýmiss konar góðgerðarstarfsemi þar sem þeir gera það þá á sína ábyrgð.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa mín orð fleiri í augnablikinu. Ég endurtek það að ég þakka þær undirtektir sem frv. fékk hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Jóni Hannibalssyni. Ég held að enda þótt það sé lokamarkmið okkar að losa þessa banka undan flokkspólitískri stjórn og að koma þar að ábyrgð, raunverulegri ábyrgð, þá sé það nauðsynleg aðgerð til bráðabirgða að koma þessu í það stjórnarfarslega horf að Alþingi myndi ekki skjól fyrir starfsemi eins og okkur virðist hafa átt sér stað innan veggja Útvegsbankans síðustu vikurnar og mánuðina.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð sem mig langar til að leggja inn í þessa umræðu hér og nú. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., flutti hér að ýmsu leyti athyglisverða ræðu. Ég verð að segja það að mér fannst nú frjálshyggja Guðrúnar Helgadóttur, sem að vísu fannst í hennar ræðu, ekki nærri eins beitt og sú frjálshyggja sem var að finna í ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar og fór það að venju.

Hv. þm. spurði: Hvers vegna ríkisbanka? og velti þeirri spurningu fyrir sér. Ég vil svara henni þannig að ég tel eðlilegt að ríkið reki styrka bankastarfsemi í landinu. Það er hugsanlegt að ríkið komist af með færri banka en nú og það getur vel verið að eðlilegt sé að endurskipuleggja bankastarfsemina. En ég treysti ekki einkaframtakinu til þess að gegna því hlutverki alfarið. Einkaframtakið og samvinnumenn og alþýðusamtökin hafa þreifað sig áfram við bankastarfsemi. Ég held að við séum ekki komnir á þann stað þar sem þessum aðilum sé treystandi til að taka að sér alla bankastarfsemi í landinu. Einkaframtakið hefur nú sannað sig, sannað getu sína. Það lét ljós sitt skína á stjórnarfundum Hafskips. Þar hrakyrtu menn samvinnuhreyfinguna fyrir minna en ári síðan og er sú saga ekki öll gleymd. Ég tel heppilegt að þessir einkaframtaksmenn sem þar héldu um stjórnvölinn, héldu þó ekki um stjórnvölinn á Útvegsbanka Íslands. (**Gripið fram í:** Þér finnst rétt að þeir séu í ríkisstjórn?) Ég vona að þeir snúi sér ekki að bankastarfsemi þegar þeir eru hættir störfum við þetta fyrirtæki.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talaði um að sparifé gamla fólksins hafi verið rænt á undanförnum árum og það er nokkuð til í því. Menn vitna gjarnan í það rán sem átti að hafa farið þarna fram og víst er um það að ekki var hún öll til fyrirmyndar, meðferð á sparifé gamla fólksins. En ég sá í blaði um daginn fróma spurningu um vaxtamál. Hún er frá einum af okkar ágætu starfsmönnum hér á Alþingi. Þetta er örstutt spurning og mig langar til að fá að lesa hana hér, með leyfi forseta:

„Til þess liggja auðskilin og augljós rök að lánsfé sé verðtryggt. Sá sem felur banka eða sparisjóði fé til varðveislu á að fá það aftur með skilum og sá sem fær fé að láni á sömuleiðis að skila því í fullu gildi. Þetta eitt köllum við heilbrigða viðskiptahætti. Nú eru þeim sem leggja fé í banka boðnir vextir ofan á verðtrygginguna og í sumum tilfellum nokkuð háir vextir, að ýmsum finnast. Fljótt á litið sýnast það vera góð boð til þeirra sem eiga sparifé. En það eru þó tvær hliðar á flestu. Þó sparsamir menn og hóflegir um eyðslu eigi nokkurt sparifé eru þeir neytendur jafnframt og sem neytendur tapa þeir á háum vöxtum. Vextirnir koma nefnilega fram í almennu verðlagi, þeir auka verðbólgu. Nú langar mig til að spyrja: Hvað kostar 1% í vaxtafæti venjuleg öldruð hjón mikið á einu ári? Eða m.ö.o. hversu mikið sparifé þurfa hjón að eiga til þess að vextir af því geri betur en að mæta þeirri verðhækkun sem þau verða að bera vegna almennra verðhækkana sem vextirnir valda? Ég treysti því að einhverjar þær hagfræðistofnanir sem reikna mest og best í sambandi við lífskjör, afkomu og þjóðmegun hafi á takteinum einhver svör við þessu. Það snertir okkur öll." Svo mörg voru þau orð, herra forseti.

Þetta finnst mér vera athyglisverð spurning og ég beini því til hv. 5. þm. Reykv. hvort hann vildi ekki velta þessu aðeins fyrir sér, og annarra hávaxtamanna, sem hér koma iðulega í ræðustól í hv. deild.

Hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson las hér auglýsingu úr Morgunblaðinu. Mér þykja þeir í meira lagi spaugsamir, auglýsingastjórar Útvegsbankans. Ég get prýðilega tekið undir það með honum. Ég velti því aðeins fyrir mér með áhættuna. Ég held að það sé nú þrátt fyrir allt skárra til þess að vita að þarna er um ríkisbanka að ræða sem verður fyrir þessum ósköpum en ef um einkabanka hefði verið að ræða þar sem fólk, sem inn í bankann hefði lagt í góðri trú, tapaði sparifé sínu. Hins vegar þykja mér þeir í meira lagi spaugsamir að slá á þessa strengi nú um stundir. Ég er sammála hv. þm. um það.

Ég nenni nú ekki að elta ólar við útúrsnúninga úr ræðu minni sem hann flutti. Hann taldi að ég hefði sagt að enginn bæri ábyrgð í þessu máli. Það sem ég sagði var það að ég taldi ábyrgðina ekki alla núverandi bankaráðs eða núverandi bankastjóra. Þetta er löng saga sem þarna hefur gerst og það eru fleiri en þeir sem nú eru við stjórnvölinn sem bera þarna ábyrgð og fleiri en alþingismenn sem bera þarna ábyrgð. Hv. þm. taldi mig líka hafa sagt að ég hefði talið alþm. sitja í bankaráðum til að láta gott af sér leiða. Auðvitað láta þeir gott af sér leiða þar eins og aðrir bankaráðsmenn. Ég átti við að þeir fulltrúar, sem kosnir eru í bankaráðin, eigi allir að láta gott af sér leiða, og hv. þm. Guðmundur Einarsson á náttúrlega bæði að láta gott af sér leiða hér á Alþingi og annars staðar þar sem hann starfar.

Varðandi það til hvaða nefndar málinu yrði vísað var það nú með hálfum huga að hv. þm. gerði tillögu um að vísa því til fjh.- og viðskn. Það var vegna þess að ég væri þar formaður og ég væri svo óttalegur að ég settist á og svæfði þau mál sem mér ekki líkaði, eða sérstaklega þar sem ég var nú búinn að lýsa því yfir að ég væri á móti þessu máli. En ég treysti hv. þm. Guðmundi Einarssyni, sem einnig situr í þeirri nefnd, til þess að reyna að gæta jafnvægis í nefndinni þannig að formaður nefndarinnar, þ.e. ég, komist ekki upp með það að drepa þetta mál fyrir honum alveg fyrirhafnarlaust.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. þm. Páll Pétursson sagði: Nú hefur einkaframtakið fengið að sýna sig, og átti við einhvern annan flokk en Framsfl. Hann var m.ö.o. að tala um Hafskip sem tilheyrir ekki Framsfl. Nú spyr ég: Hvernig fékk einkaframtakið að sýna sig í því máli? Ef það hefði ekki viljað svo til að það var góðviljaður alþm., sem vildi láta gott af sér leiða, sem var reyndar bæði formaður bankaráðsins og til margra ára formaður stjórnar þessa sama fyrirtækis, hvernig hefðu þeir Hafskipsmenn getað notið þessarar þjónustu umfram öll viðskiptaleg rök, ef viðskiptabanki þeirra hefði verið einkabanki en ekki Útvegsbankinn? Ef bankastjórnarmenn þar og bankaráðsmenn hefðu orðið að standa ábyrgir gerða sinna gagnvart hluthöfum, eigendum Útvegsbankans, dettur mönnum þá í hug að það hefði hvarflað að slíkum mönnum að lána jafnháar upphæðir, langt umfram eiginfé og langt umfram veðhæfni eigna til þessara aðila? Dettur nokkrum manni í hug að þetta hafi gerst nema eftir pólitískum leynileiðum? Dettur nokkrum manni í hug að ábyrg fjármálastofnun hefði hegðað sér svona? Ég held að það detti engum í hug. Og það er ástæða til þess að spyrja hv. þm., úr því að hann segir sem svo að það sé ósvífni að tala um vanhæfi alþm. í slíkum stofnunum og það sé spurning um mannkosti þeirra, sem það er reyndar ekki er, hefur hv. þm. nokkuð við það að athuga að sá hagsmunaárekstur eigi sér stað, að sami maður gegni formennsku í ríkisbanka með ríkisábyrgð í sparifé, í skattpeningum landsmanna, og sé jafnframt stjórnarformaður þess fyrirtækis sem er stærsti viðskiptaaðili bankans? Er maðurinn ekki bara að láta gott af sér leiða? Þetta er eitt dæmi, en líka bara eitt af mörgum.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um vaxtapólitíkina og vildi beina einhverri spurningu til mín í því efni. Sjálfur sagðist hann fallast á almenn rök þess eðlis að eðlilegt væri að sparifé væri verðtryggt, einkum í verðbólgu, og að menn ættu að standa skil á þeim lánum sem þeir fá að raungildi. Síðan vildi hann spyrja mig, á þeirri forsendu að ég væri einhver sérstakur hávaxtamaður, hvernig ég svaraði þessu dæmi, sem þarna var nefnt, um það að ef vaxtapólitíkin er af því taginu að hækkun vaxta veltur öll út í verðlag og hinn almenni sparifjáreigandi, sem líka er neytandi, tapar á því, hvort ég vilji leggja blessun mína yfir núverandi vaxtapólitík. Svarið er mjög einfalt, hv. þm.

Ég, sem formaður í stjórnarandstöðuflokki, ber ekki ábyrgð á þeirri vaxtapólitík sem þú, hv. stjórnarþingmaður, berð ábyrgð á, þrátt fyrir það að þú sért að æmta á móti því og kveinkir þér undan ábyrgðinni. (Gripið fram í.) Kveinkir þér undan ábyrgðinni vegna þess að ég er alveg sammála því, og það hefur komið fram hvað eftir annað í mínu máli, ég gagnrýni þessa vaxtapólitík, að vísu tel hana ranga, tek undir það að ofurháir raunvextir umfram verðtryggingu séu þess eðlis að þeir fari út í verðlag og séu verðbólguhvetjandi. En það er líka annars konar ábyrgð, hv. þm., og hún er sú þegar menn spyrja: Hvaða svigrúm höfum við til þess að lækka almennt vexti í landinu, kostnað á fjármagnsnotkun? þá segja menn til baka: Hverjir bera ábyrgð á því að 70% af lánsfjármagni í þessu þjóðfélagi er erlent fé, sem ber núna u.þ.b. 10% raunvexti? Var nokkuð verið að hugsa út í það þegar menn sökktu íslensku atvinnulífi, sjávarútveginum sérstaklega, og reyndar ríkisbúskapnum sérstaklega, í fen erlendra lána sem bera þessa vexti? Ég tók eftir því að hv. þm. sagði í almennum umræðum hér um vaxtamál að hann áttaði sig á því að þetta svigrúm væri lítið.

En þeir sem svona spyrja verða þá líka að vera menn til þess að kannast við sína ábyrgð á þessu. Og ábyrgðin er auðvitað ofurþung á herðum þeirra stjórnmálaflokka sem með völd hafa hér farið, einkum og sér í lagi eftir árið 1972, og bera ábyrgð á því að hlutfall erlendra lána af íslenskri þjóðarframleiðslu margfaldaðist á þessum tíma. Gjaldeyristekjur okkar eru veðsettar vegna þessarar erlendu lántöku og vaxtapólitíkin komin í öngþveiti í og með vegna þessara hrikalegu erlendu lána. Mér dettur ekki í hug að væna hvorki þennan hv. þm. né aðra um að þetta stafi af illum hvötum. Þeir geta bara ekki betur. Ég hef ekki heyrt neinn hv. þm. koma með þá tillögu að við ættum að skattleggja þjóðina nú, til viðbótar því sem hún þegar hefur verið skattlögð, í formi lækkunar launa til þess að byrja að greiða þetta niður. Eina leiðin til þess að koma vaxtastiginu á Íslandi niður er að byrja á því að fara að borga niður samkvæmt áætlun þessi gífurlega miklu erlendu lán.

Að vísu er til önnur leið í sumum sérstökum dæmum. Ef hæstv. stjórnarliðar hefðu ekki gert sig seka um það

ábyrgðarlausa glapræði að taka jafnvel erlend lán til þess að byggja upp lánasjóði húsbyggjenda, þá væri strax til mikilla muna auðveldara að byggja upp þann fjárhag og halda þeim markaði aðskildum og hafa þá vexti lægri. Þeir eru alla vega niðurgreiddir. Ég bara spyr hv. þm.: Ber hann ekki að sínu leyti t.d. alveg sérstaklega ábyrgð á þeim gjörðum sem hafa verið staðfestar hér við afgreiðslu á fjárhagsáætlunum byggingarlánasjóðanna og við lánsfjárlagagerð? Því miður er það svo, herra forseti, að það er allt of lítið um það að menn horfist í augu við staðreyndir og viðurkenni að þeim hafi orðið á þarna hrikaleg mistök.

Nú er ekki lengur hægt að kenna launanum um verðbólguna. Nú er ekki hægt að kenna launanum um, vegna þess að það er búið að keyra þau niður. Nú vita allir menn að hið háa verðbólgustig, sem núna er jafnhátt og það hefur verið að meðaltali á undanförnum áratug, er bein afleiðing af efnahagsmistökum sem m.a. hafa átt sér stað í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Um það geta menn t.d. fræðst af umræðum stjórnarliða sjálfra. Það er ríkisfjármálahalli, það er seðlaprentun og það er óhóflegt innstreymi af erlendum lánum sem er undirrót verðbólgunnar vegna þess að hún er ríkisfjármögnuð á ábyrgð stjórnarliða og það kyndir líka undir hækkun vaxta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 26. fundur.

Fimmtudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal skýrt frá því að í lok þessa fundar verður utandagskrárumræða. Hún er um afstöðu Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna varðandi kjarnorkuvopn.

Framleiðni íslenskra atvinnuvega, þáltill. 77. mál (þskj. 84). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Langtímaáætlun í jarðgangagerð, þáltill. 90. mál (þskj. 100). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Vistunarvandi öryrkja, þáltill. 92. mál (þskj. 102). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Námsbrautir á sviði sjávarútvegs, þáltill. 118. mál (þskj. 131). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Réttaráhrif tæknifrjóvgunar, þáltill. 143. mál (þskj. 157). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Opinn háskóli, þáltill. 122. mál (þskj. 135). — Fyrri umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Hæstv. forseti. Á þskj. 135 flyt ég till. til þál. um opinn háskóla. Í tillgr. er lagt til að Alþingi skori á ríkisstj. að undirbúa nú þegar stofnun og starfrækslu opins háskóla sem geri nemendum sínum kleift að stunda háskólanám í heimahúsum með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Skólinn sé undir stjórn Háskóla Íslands en öllum opinn án tillits til fyrri menntunar.

Það er tilgangur þeirrar starfsemi sem hér er gerð tillaga um að þessi nýja háskóladeild veiti áhugasömu fólki fjarri menntastöðvum aukin tækifæri til æðri menntunar. Það er líka tilgangurinn að byggja upp áfangakerfi fyrir nemendur sem ekki uppfylla formleg menntunarskilyrði háskóla, þ.e. hafa ekki lokið stúdentsprófi. Það er um leið tilgangurinn að byggja upp samfellt menntakerfi til að þjálfa og endurmennta starfsfólk í atvinnulífi í nánu samstarfi við atvinnuvegina. Og loks er það hugsunin með þessari tillögu að þessi nýja háskóladeild hafi forustu hér á landi um notkun fjölmiðla í fræðsluskyni og þrói þannig kennsluaðferðir á þessu sviði með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og fenginni reynslu hjá öðrum þjóðum.

Það er rétt að taka það skýrt fram í þessu sambandi að hér er gerð tillaga um skólastarfsemi á vegum Háskóla Íslands. Það er ekki um að ræða að sett yrði á stofn algjörlega sjálfstæð skólastofnun, heldur yrði þessi starfsemi skipulögð af stjórnendum Háskólans og færi fram í nánum tengslum við það nám sem þar er stundað. Í skólanum yrði boðið upp á ýmiss konar háskólanám, en munurinn væri sá að menn ættu að geta stundað þetta nám um allt land, heima hjá sér eða í smáhópum, með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Þannig er nú einmitt hugsunin með þessari tillögu að æðri menntun verði gerð aðgengileg fyrir alla, óháð aldri, búsetu og fyrri menntun þeirra.

Myndbandatæknin er sérstaklega nefnd í þessu sambandi og það ekki að ástæðulausu vegna þess að upplýst hefur verið að tugir þúsunda tækja hafa verið seldir hér á landi seinustu árin og útbreiðsla þeirra sé kannske meiri hér á landi en í flestum öðrum löndum, enda mun láta nærri að tækin séu á 38% íslenskra heimila samkvæmt könnun sem gerð var í marsmánuði 1985. Það er augljóst mál að þessi mikla útbreiðsla myndbandatækni hlýtur að skapa nýja og áður óþekkta möguleika til að flytja fólki fræðsluefni og auðvelda því endurmenntun.

Í þessu sambandi er ekki síður ástæða til að minna á tölvutæknina sem líka er nú óðfluga að verða almenningseign, sérstaklega ef þeirri stefnu verður blessunarlega haldið áfram að skattleggja ekki tölvuinnkaup. Þá er von til þess að tölvulæsi, meðferð á tölvum, verði mjög útbreitt, verði almenningseign, og allt bendir til þess að þessi tæki geti orðið tiltölulega mjög ódýr að fáum árum liðnum. Tölvur má að sjálfsögðu setja í samband við símakerfi og þannig má ná sambandi við móðurtölvur, í þessu tilviki þá móðurtölvu sem stjórnaði kennslunni frá Háskóla Íslands. Þannig ætti að vera auðvelt fyrir fólk að stunda heimanám og njóta kennslu þótt langt væri milli nemenda og kennara. En vissulega skal það tekið fram að próf yrði væntanlega að þreyta í Háskólanum.

Það skal ekki dregið í efa að nokkur kostnaður fylgi því að setja starfsemi af þessu tagi á stofn og stjórna henni. Ég held hins vegar að kostnaðurinn sé hlutfallslega lítill miðað við þá möguleika sem þarna eru á ferðinni og miðað við annað nám. Við skulum gera okkur grein fyrir því að hjá nálægum þjóðum, t.d. hjá Bretum, er þessi starfsemi mjög langt á veg komin. Það er búið að gera þúsundir myndbanda — líklega tugþúsundir myndbanda — í nálægum löndum sem vafalaust væri hægt að kaupa fyrir tiltölulega lítið fé miðað við það sem kostar að framleiða þessi bönd upphaflega. Þannig má spara geysimiklar upphæðir og raunar hugsanlegt að starfsemin færi eingöngu af stað með myndböndum sem væru með íslenskum texta að sjálfsögðu.

Ég læt þess getið í grg. að háskólarektor hafi veitt mér ýmsar upplýsingar um opna háskólann í Bretlandi sem nú hefur verið starfræktur í einn og hálfan áratug með mjög góðum árangri. Ég get látið þess getið í leiðinni að augljóst er að innan Háskólans er töluvert mikill áhugi á því að koma þessari starfsemi af stað. En til þess þarf fé og til þess þarf ákvörðun Alþingis. Það er þess vegna sem sú till. er flutt að Alþingi marki stefnuna í þessum málum, taki þetta mál upp á sína arma og samþykki það og síðan sé hægt að hefja undirbúning í beinu framhaldi af því.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta mál. Það skýrir sig að öðru leyti sjálft. En ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa till. Hér er hreyft athyglisverðu og merku máli. Það myndi horfa til framfara í menntakerfi þjóðarinnar ef sú till., sem hér er hreyft, næði fram að ganga. Hún liggur hér fyrir í stórum dráttum. Það má velta því fyrir sér á hvaða málaþætti ætti að leggja sérstaka áherslu af þeim ýmsu atriðum sem hér er vakin athygli á.

Það er ekki vonum fyrr að þetta mál kemst á umræðustig á Alþingi. Aðrar þjóðir — og þá fyrst og fremst Bretar eins og á er bent í grg. með till. — hafa fyrir bráðum tveimur áratugum stofnað til slíkrar æðri menntunar með atbeina fjarskiptatækni, útvarps og sjónvarps, en við höfum sinnt þessu sáralítið, Íslendingar.

Það má minna á að skömmu eftir að útvarpið hóf starfsemi hér, 1930, efndi það til fræðslu, fyrst og fremst að því er tungumálanám snerti. Hins vegar höfum við verið furðu sinnulausir eftir að sjónvarpið hóf göngu sína, 1966, þó svo að ágæt málakennsla hafi farið fram innan veggja þess. En tæknin og þessi fjölmiðill, sjónvarpið, bjóða upp á miklum mun meiri möguleika en við höfum sinnt og sýnt áhuga á til þessa.

Það má velta því fyrir sér hvort hér á að vera um sérstakan háskóla að ræða, eins og till. til þál. um opinn háskóla virðist gera ráð fyrir. Ég held að best færi á því að þessi háskóli yrði sjálfstæð háskóladeild innan vébanda Háskóla Íslands og undir stjórn hans, eins og raunar er ýjað að í grg. frv.

Það er ljóst að að allmiklu leyti má kenna þannig ýmsar þær greinar sem í dag eru kenndar við Háskóla Íslands í formi fyrirlestra og verklegra æfinga. Fyrst og fremst á ég við þær greinar sem kenndar eru í formi fyrirlestra, eins og tungumál og ýmsar aðrar greinar, m.a. sagnfræði, lögfræði, viðskiptafræði og ýmsar fleiri. Unnt væri að bjóða upp á fræðslu í þeim á þá lund sem ráð er fyrir gert í þáltill.

Ég hygg að prófin yrðu eftir sem áður að fara fram á vegum Háskólans á hefðbundinn hátt. Vitanlega kallar það á frekari athugun að því er þau varðar á því hvaða fyrri menntun þeir, sem nýta sér þessa fræðslu, þyrftu að hafa. En það er atriði sem unnt er að ræða frekar í framtíðinni.

Ég hygg að gagn af slíkri fræðslu, slíkum opnum háskóla, yrði ekki síst á sviði fullorðinsfræðslu og endurmenntunar. Endurmenntun hefur aukist hér síðustu árin. Komin er á laggirnar formleg starfsemi á vegum Háskóla Íslands og Bandalags háskólamanna, Tækniskóla Íslands og fleiri aðila. Sú starfsemi er ekki nema þriggja ára gömul, en hefur þegar gefið góða raun. Hér gefst tækifæri til að efla þá starfsemi verulega, sem mikil þörf er á, frá því sem nú er.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, eins og flm. benti á, að fyrir liggur gífurlega mikið magn af erlendu fræðsluefni á háskólastigi sem unnt væri að styðjast við. Ég hygg að það sé hvorki mjög kostnaðarmikið né fyrirhafnarsamt verk að útbúa myndbönd með íslensku fræðsluefni í þeim greinum sem eru fallnar til kennslu í sjónvarpi.

Ljóst er að einhver kostnaður fylgir þessu, eins og á var bent. Hins vegar er jafnframt ljóst að geysilegur sparnaður mun verða af framkvæmd hugmyndarinnar um opinn háskóla fyrir nemendur sem geta þá stundað nám að hluta til — aldrei alveg að minni hyggju — í heimahúsum. Ég minni á í því sambandi að 30% af hverjum árgangi ljúka stúdentsprófi. Það er bylting miðað við það sem var fyrir 30 árum, svo við förum ekki lengra aftur í tímann. Við þennan stóra hóp munu bætast margir, sem notfæra munu sér fræðslu í þessari nýju háskóladeild, til viðbótar við þau 30% hvers árgangs sem ljúka stúdentsprófi. Er það vel.

Hér eru opnaðar nýjar dyr, nýjar menntabrautir, á grundvelli þessa máls.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við þessa ágætu hugmynd. Það er ekki seinna vænna að hún komi hér fram og hefði jafnvel átt að koma miklu fyrr. Ég þekki vel þessa starfsemi frá Bretlandi þar sem ég bjó um 13 ára skeið og fylgdist oft með útsendingum á fræðsluþáttum frá opna háskólanum í Bretlandi. Það sem kannske skiptir einmitt miklu máli í sambandi við kennslu og próf úr þeim háskóla er að þau próf eru fyllilega sambærileg við próf úr öðrum háskólum og í sumum tilfellum jafnvel mun betri og í meira áliti. Það skiptir auðvitað meginmáli að fólk sem þannig stundar nám verði ekki fyrir misrétti þegar það síðan kemur út á vinnumarkað eða ætlar að gegna sínum störfum.

Ég tel, eins og komið hefur fram, að þetta ætti að vera mjög ríkur þáttur í endurmenntun og í fullorðinsfræðslu t.d. og hluti af því fjarnámi sem hlýtur að verða almennara í framtíðarinni. Þá á ég við fjarnám á öllum fræðslustigum, ekki endilega bara á háskólastigi, því að sjónvarpið er eins og við vitum afar kröftugur fjölmiðill.

Að lokum vil ég bara taka undir stuðning við þessa hugmynd og vona að hún fái brautargengi og verði skipulögð í samræmi við það nám sem þegar er hér fyrir.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þá tillögu sem hér er til umræðu. Þetta hefur verið í umræðum manna á meðal nú um nokkra hríð og menn séð á því bæði kosti og galla. Kostirnir eru ótvíræðir og ég held að sú reynsla, sem fengist hefur af slíkri starfsemi, m.a. á Bretlandi, réttlæti fullkomlega að þetta mál verði íhugað mjög vandlega hér.

Þess er getið að þetta yrði tengt Háskóla Íslands. Ég tel sjálfsagt að svo verði. En ég tel jafnframt að ef þessi tillaga verður samþykkt eða tekin upp af hæstv. ríkisstj. eigi það að verða liður í allsherjar eflingu Háskólans, ekki einungis viðbót með kannske lítils háttar fjárveitingu, heldur að staða og störf Háskólans verði nú viðurkennd með því að gera honum æ betur kleift að sinna hinni miklu fræðslu- og rannsóknarskyldu sem lögð er á starfsmenn hans.

Það er vel ef fjörugar umræður verða um þetta mál á næstu mánuðum ef það yrði til þess að Háskólinn sem slíkur nyti allur góðs af. Það er enginn vafi á því að efling Háskóla Íslands hlýtur að vera eitt mikilvægasta viðfangsefnið þegar við stefnum nú til nýrrar framtíðar í þessu landi, framtíðar sem einkennist af miklum þjóðfélagsbreytingum, byltingu í atvinnulífi og menntalífi. Ég vil því lýsa stuðningi mínum við tillöguna og vona að hæstv. ríkisstj. og valdhafar þessa lands taki þetta mál nú til rækilegrar athugunar og hrindi því í framkvæmd jafnframt því sem Háskóli Íslands verði efldur.

Flm. (Ragnar Arnalds): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir góðar undirtektir þeirra við þetta mál. Af því að ég heyrði að hv. 2. þm. Reykn. Gunnar G. Schram hafði kannske ekki tekið alveg nákvæmlega eftir því sem ég sagði hér í framsöguræðu vildi ég árétta það mjög greinilega og skýrt að það er skoðun mín, alveg eins og það er skoðun hans, að hér eigi ekki að vera um sjálfstæða, sérstaka stofnun að ræða heldur um að ræða starfsemi sem rekin verði á vegum Háskóla Íslands.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Bann gegn geimvopnum, þáltill. 86. mál (þskj. 96). — Fyrri umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Fá orð sjást oftar á síðum heimsblaða um þessar mundir en orðið „stjörnustríð". Frá því að Reagan Bandaríkjaforseti flutti ræðu í marsmánuði 1983 hefur það efni, sem hún fjallaði um, verið mjög til umræðu, ekki eingöngu í fjölmiðlum heldur líka á vettvangi þjóðþinga og ríkisstjórna.

Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 96 um stuðning við bann gegn geimvopnum. Flm. að þessu máli með mér eru hv. 1. landsk. þm. Kristín S. Kvaran og hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir. Efni þessarar þáltill. er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir og styðja á alþjóðavettvangi bann við geimvopnum þar sem miðað verði við:

1. Að allar rannsóknir og tilraunir er tengjast hernaði í himingeimnum verði tafarlaust stöðvaðar.
2. Að hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum verði bönnuð.
3. Að óheimil sé smíði vopna sem grandað geta þeim gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins."

Þetta er efni þáltill. og í grg. með henni fjöllum við um þau sjónarmið sem að baki flutningi hennar liggja. Við teljum að það sé ekki seinna vænna að Alþingi Íslendinga marki afstöðu í svo afdrifaríku máli, einnig með tilliti til þess að á öðrum Norðurlöndum hefur verið um þessi mál fjallað á þjóðþingum og mörkuð afstaða með skýrum hætti, t.d. í Danmörku þar sem gerð var sérstök samþykkt um þessi efni í marsmánuði s.l., afstaða sem bindur hendur dönsku ríkisstjórnarinnar sem gjarnan vildi hafa uppi aðrar áherslur.

Þegar orðið „stjörnustríð" kom upp á himin umræðunnar var því gefið annað nafn af þeim sem þar mælti fyrir, Reagan Bandaríkjaforseta, í umræddri ræðu 23. mars 1983. Hann gaf hugmyndum sínum um þessi efni nafnið „geimvarnafrumkvæði" eða „Strategic Defence Initiative", eins og það er kallað á enskunni, skammstafað SDI. Það eru þær fyrirsagnir sem oft sjást á síðum erlendra blaða, SDI-hugmyndirnar, SDI-áætlunin. Samkvæmt henni mundu Bandaríkin leita leiða til að eyða öllum langdrægum eldflaugum og kjarnaoddum sem skotið yrði á loft í átt til Bandaríkjanna og reyna að gera slík vopn óskaðleg. Með slíkum vopnabúnaði samkvæmt hugmyndum Reagans forseta og stjórnar hans, sem að hluta til yrði komið fyrir úti í himingeimnum, boðaði Bandaríkjaforseti að unnt ætti að verða að útiloka ógnina af gereyðingu af völdum kjarnorkuvopna og gera þau þar með „óvirk og óþörf" í reynd, eins og hann orðaði það.

Þessi boðskapur forsetans og sú áætlun, sem honum tengist, hefur síðan kallað fram mikla og vaxandi

gagnrýni, bæði innan Bandaríkjanna og á alþjóðavettvangi. Ýmsir þjóðarleiðtogar og þjóðþing hafa tekið eindregna afstöðu gegn áætluninni, eins ég gat um, m.a. í löndum sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu. Þar fór fyrir á sínum tíma Mitterrand Frakklandsforseti. Síðan hefur danska þingið ályktað um þessi efni og norska þingið hefur fengið í hendur sérstaka skýrslu frá ríkisstjórninni sem túlkuð var sem andstaða við þær hugmyndir sem að baki geimvopnaáætluninni lágu.

Ástæðurnar fyrir vaxandi andstöðu við þessa áætlun eru af margvíslegum toga og hér verða aðeins nefnd fáein atriði með tilvitnun í grg.:

„1. Geimvopnakapphlaup milli risaveldanna mundi gera að engu samninginn um takmörkun gagneldflaugakerfa, ABM-sáttmálann svokallaða frá árinu 1972, sem er einn gildasti þátturinn í SALT I samkomulaginu.

2. Geimvopnaáætlun Bandaríkjanna gæti girt fyrir allar frekari tilraunir til að hemja vígbúnaðarkapphlaupið og aukið þannig stórkostlega hættuna á gereyðingarstyrjöld.

3. Ríki Vestur-Evrópu yrðu hernaðarlega enn háðari Bandaríkjunum en nú er og vettvangur átakanna milli austurs og vesturs færðist í enn ríkari mæli en nú er til Evrópu.

4. Með tilkomu geimvopna mundi ákvörðun um stríð eða frið, líf eða tortímingu, færast endanlega úr mannlegu valdi yfir í vélrænar tölvur þar eð bregðast yrði við eldflaugaárás innan fárra sekúndna frá því að eldflaugum hefði verið skotið á loft. Hættan á tortímingu mannkyns vegna tæknilegra mistaka margfaldast að sama skapi."

Þetta er tilvitnun í grg. en það má bæta hér við enn einu atriði sem mjög er fyrirferðarmikið í umræðu um þessi mál. Það eru hinar efnahagslegu hliðar og það gífurlega fjármagn sem ætlað er af Bandaríkjanna hálfu að leggja í þessa áætlun á komandi fimm árum. Bandaríkin hugsa sér ekki aðeins hin hugsanlegu hernaðarlegu not af þessari áætlun í framtíðinni heldur að geta hagnýtt sér afrakstur af áætluninni til að komast tæknilega fram úr keppinautum sínum í iðnaði og vinna þannig upp það sem á þau hefur hallað í hlutdeild á heimsmarkaði í samkeppni um útflutning og hlutdeild í milliríkjaverslun á undanförnum árum.

Það eru m.a. þessir efnahagslegu þættir sem menn eins og Kohl, kanslari Vestur-Þýskalands, reyna að nota sem rök fyrir því að taka verður tilboði Bandaríkjanna um aðild að geimvopnarannsóknum. Þar í landi, í Vestur-Þýskalandi, er nú deilt um afstöðu til þessarar áætlunar innan sjálfrar ríkisstjórnarinnar. Stjórnarandstaðan er hörð í sinni andstöðu en frjálsir demókratar, sem eiga aðild að stjórn Vestur-Þýskalands, hafa einnig verið mjög andvígir þessari áætlun með Genscher, utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, í fararbroddi.

Í Bretlandi hefur verið fjallað um aðild að þessari áætlun ekki síst á efnahagslegum forsendum. Thatcherstjórnin hefur undirbúið þar aðild en endanleg ákvörðun hefur ekki enn verið tekin.

Margir vísindamenn og hernaðarsérfræðingar hafa enga trú á að geimvarnadæmið gangi upp og geti veitt það öryggi sem Reagan notaði sem aðalröksemd í mars 1983. Viðbrögð gagnaðilans, Sovétríkjanna, yrðu að líkindum þau, ekki aðeins að setja af stað eða herða á eigin geimvopnarannsóknum heldur öðru fremur að fjölga langdrægum eldflaugum og fullkomna þær til að komast þannig fram hjá varnarviðbúnaði andstæðingsins. Þannig mundu Sovétríkin alltaf geta tryggt að hluti af eldflaugaregninu kæmist á leiðarenda. Geimvopnakerfi eru heldur ekki talin geta veitt vörn gegn árás stýriflauga sem fljúga lágt yfir yfirborði jarðar. Þannig er virkni slíkra vopnakerfa mjög óviss þótt tæknidraumarnir rættust sem SDI-áætlunin á að skera úr um. Niðurstaðan yrði að öllum líkindum langtum viðkvæmara og óvissara ástand en nú ríkir á hernaðarsviðinu.

Það væri freistandi, herra forseti, að vitna til ummæla í virtum erlendum blöðum um þessi efni nú alveg upp á síðkastið. Ég leyfi mér hér aðeins að taka eitt dæmi af slíkum skrifum úr vikuritinu The Guardian Weekly frá 24. nóv. s.l., en þar segir, með leyfi forseta, undir fyrirsögninni „Þar sem Hvíta húsið hefur rangt fyrir sér":

„Fyrsti fundur þjóðarleiðtoga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í 6 ár fór fram í Genf í þessari viku og byrjaði á þriðjudag með kortérs einkafundi Reagans forseta og Gorbatsjoffs í Villa fleur de l'Eau, en á eftir fylgdi röð formlegra funda.

Varðandi takmörkun vopnabúnaðar er allt í uppnámi vegna stjörnustríðsáformanna. Þungi vísindalegra sjónarmiða gegn geimvarnarfrumkvæðinu SDI, Strategic Defence Initiative, er svo mikill að Rússar kunna að halda að hann nái yfirhöndinni. En samtímis eru þeir tortryggnir vegna þess þunga skriðs sem slík áætlun getur komist á með hergagnaiðnaðarbáknið að baki sér. Það eru rök fyrir ótta þeirra. Evrópskar ríkisstjórnir eru tortryggnar gagnvart SDI-áætluninni, en það kemur ekki í veg fyrir að þær reyni að krækja í samninga innan hennar. Aðeins Frakkar virðast reiðubúnir að láta eigin fjármagn fylgja hugsunum sínum. Paul Quiles varnarmálaráðherra Frakka hefur nýverið tilkynnt um mikla endurnýjunaráætlun í frönskum vopnabúnaði um framleiðslu kjarnaodda sem séu of litlir til þess að SDI-ratsjár Reagans forseta geti greint þá. Geti Frakkar gert það gildir það sama um Rússa." — Og þetta er tilvitnun í The Guardian Weekly.

„Fælingarmáttur Frakka byggir á gamaldags gagnkvæmri eyðingu eða Mutual Assured Destruction, skammstafað MAD, vissulega hræðilegri hernaðaráætlun en eins góðri tryggingu og hverri annarri svo lengi sem andstæðingar eru búnir gereyðingarvopnum. Hin dýrkeypta kaldhæðni er, eins og prófessor Lawrence Friedman hefur nýlega bent á, að hvorugur aðila hefur nálgast það mark að geta lamað hinn í fyrstu árás, en hugmyndin að baki geimvarnaráætluninni er að koma í veg fyrir hana. „Það er því engin nauðsyn að koma upp flóknu varnarkerfi til að vísa frá hernaðargetu, sem Sovétríkin ráða ekki yfir"", vitnar blaðið í Friedman prófessor.

„Það sem vekur hjá okkur óróa er að hér er um að ræða mikilvæga hernaðarlega umræðu milli risaveldanna þar sem mörgum á Vesturlöndum virðist Rússar hafa á réttu að standa en Bandaríkjamenn hafa rangt fyrir sér. SDI-áætlunin er ekki það sem Reagan telur hana vera, stein gullgerðarmannsins sem breytir plútóníum í skaðlaust ryk. Hún leiðir til óstöðugleika. Andstæðingar SDI-áætlunarinnar virðast í augum Bandaríkjanna vera ákærðir eða ásakaðir fyrir að taka hvorki afstöðu með vestrinu eða austrinu, að líta á risaveldin sem mjög áþekk. Það er þó alls ekki tilfellið", segir blaðið í lok þessarar tilvitnuðu greinar. „Það er einfald-

lega að varðandi hina hugmyndalegu og tæknilegu spurningu hvort SDI-áætlunin sé góð hugmynd eða vond hefur Kreml rétt fyrir sér en Hvíta húsið á röngu að standa", segir The Guardian Weekly í þessari grein fyrir nokkrum dögum.

Herra forseti. Í grg. með þáltill. flytjum við flm. frekari rök fyrir nauðsyn þess að Íslendingar taki afstöðu í þessu örlagaríka máli. Við getum vitnað til samþykkta fulltrúa hlutlausra ríkja og áhrifamikilla aðila, eins og yfirlýsinga og ályktana Palme-nefndarinnar og Delhi-hóps sex þjóðarleiðtoga frá árinu 1984, þar sem eindregið er lagst gegn þessum áformum.

Með samþykkt þessarar þáltill., sem ég mæli hér fyrir, mundi Alþingi taka undir með þeim fjölmörgu sem gera sér ljósa hættuna af þeirri stigmögnun vígbúnaðarkapphlaupsins sem fylgja mundi í kjölfar geimvopnarannsókna. Með till. er lögð á það áhersla að Alþingi Íslendinga leggi sitt lóð á vogarskálina gegn öllum hugmyndum um að nota himingeiminn til hernaðar nú og í framtíðinni og að fulltrúar Íslands fylgi þeirri stefnu eftir á alþjóðavettvangi.

Ég vænti þess, herra forseti, að við fáum viðbrögð í þessari umræðu frá hæstv. utanrrh. til þessa máls. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. utanrmn.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að leggja hér nokkur orð í belg. Það er rétt sem hv. flm. sagði að nýlokið er fundi æðstu manna í austri og vestri án sýnilegs árangurs eins og venjulega. Að vísu keppast menn við, bæði í austri og vestri, að lýsa því yfir að vel hafi gengið á fundinum og að leiðtogarnir hafi verið hressir og kátir og ákveðnir í að hittast aftur, éta og drekka og vera glaðir.

Það er að vísu viðurkennt að ekkert sem máli skiptir hefur komið út úr fundinum. Rússar halda fast við sín mannréttindabrot og skoðanakúgun og Reagan hefur neitað að láta kúga sig til að hætta við geimvarnaáætlun sína.

Það er rétt hjá flm. líka að það hefur ekki farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með stjórnmálum eða blaðaskrifum, erlendum stjórnmálaskrifum, undanfarið að þessi geimvarnaáætlun Bandaríkjanna, svokallaða, hefur orðið Ráðstjórnarríkjunum og fylgifiskum þeirra hvað mestur þyrnir í augum.

Eins og venjulega tekur Alþb. þetta upp á Alþingi Íslendinga og það er svo sem ekkert nýtt. Og eins og flm. lagði áherslu á segir hann og skrifar „geimvopn" og „stjörnustríð" í stað þess að tala um þetta geimvarnaframkvæði, eins og það er, sem geislavarnaáætlun eða laser-hlíf gegn eldflaugum og kjarnorkuvá. Það væri í raun og veru miklu réttara nafn á því sem hér er um að ræða.

Það er fróðlegt að geta sér þess til hvers vegna Sovétstjórninni er svo geysilega illa við þessa áætlun. Það er löngu ljóst að eldflauga- og kjarnorkubúnaður Sovétmanna er margfalt öflugri en sá sem Vesturveldin hafa yfir að ráða. Það hefur hins vegar orðið fólki í Sovétríkjunum dýrt að halda uppi þessu forskoti í vopnakapphlaupinu. Það er nefnilega jafnkunnugt að lífskjör og aðbúnaður almennings þar í austri er a.m.k. eins langt á eftir því sem gerist vestantjalds og svarar yfirburðum í vopnabúnaði. Hugsandi fólk í Austur-Evrópu gerir sér grein fyrir því að ef ráðamenn þeirra þurfa nú að leggja ofurkapp á að ná aftur forskoti í þróun og prófun geislavarnatækja gegn eldflaugum verður það á kostnað lífskjara heima fyrir að verulegu leyti. Valdaklíkunni í Sovétríkjunum hefur líklega orðið ljóst líka að þeir eru tæknilega að dragast aftur úr í þessum efnum. Auðvitað eru þeir engir byrjendur í geislavarnatilraunum eða geimvopnasmíði, eins og flm. orðaði það. Þeir hafa í fjölmörg ár reynt og rembst við að þróa og prófa aðferðir til að granda eldflaugum með rafsegulbylgjum margs konar, en þeim kvað lítið hafa orðið ágengt og er þar einkum kennt um vanþróuðum tölvubúnaði og ýmsum hátæknibúnaði. Þeir ráðstjórnarherrarnir hafa líka séð að tæknikapphlaupið gæti orðið þeim óhemju dýrt, og það er nokkuð sem þeir þola varla mikið lengur vegna ástandsins innanlands.

Fyrir rúmri viku eða tíu dögum var þáttur í að mig minnir CBS-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum þar sem fjórir fyrrverandi utanríkisráðherrar fjölluðu um þetta mál. Ég átti þess kost að fylgjast nokkuð með þessum þætti. Þar voru rifjaðir upp fyrri fundir æðstu manna og hvað þeim fylgdi. Það kom í ljós að fylgja þessara funda var ekki sérstaklega ánægjuleg. Í kjölfar fundar Krústsjoffs og Kennedys komu upp eldflaugar á Kúbu, í kjölfar Carter-Brésnéff-fundanna kom að mig minnir innrásin í Afghanistan og fleira var talið upp í þessum efnum. Það er eins og verið sé að prófa hve mikið má leyfa sér eftir hvern fund.

Ég minntist áðan á laser-geisla og þá laser-tækni sem þetta geimvarnafrumkvæði byggist á. Þetta er stórkostleg ný tækni. Ég hef nýlega átt þess kost að kynnast notkun laser-geisla í allt öðrum tilgangi, til þess að finna hringorma í fiski, og það sýnir hve geysilegri tækni er hægt að ná með þessari aðferð, þessari eðlisfræðilegu aðferð. Þetta er að vísu á allt öðru sviði — annað er í macro-stíl og hitt í micro-stíl, ef menn skilja það. Ég hef tröllatrú á þessari tækni og það er mesta von mín nú um að ef hægt er að koma í veg fyrir að sprengja, sem búin hefur verið til, springi, sé það með þessu.

Ég er nokkurn veginn viss um að Sovétmenn eru ekki eins vantrúaðir á notkun þessarar tækni og ýmsir Vesturlandabúar. Það getur vel verið að þeir hafi séð það í sínum frumtilraunum að þetta gengur. Ég held að flestir sem hér eru inni, hv. alþm., muni hvaða viðbrögð voru við sprengjuflugvélum og loftárásum seinni heimsstyrjaldarinnar og reyndar fyrri líka. Það voru leitarljós og litlar sprengjuflugvélar til að granda sprengjuflugvélum. Á sama hátt má hugsa sér að með þessu móti verði hægt að granda þeim eldflaugum sem flytja kjarnorkusprengjur meginlanda á milli. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu getur það orðið. Mannkynið hefur alltaf fundið einhver ráð til þess að finna upp ný vopn og líka nýjar varnir gegn þeim. Ég hef tröllatrú á því að svo verði enn.

Ég hef ekki miklar áhyggjur af því þó að nokkur hundruð bandarískir vísindamenn vilji ekki vinna fyrir forseta sinn við þessar rannsóknir. Ég veit að tugir þúsunda færustu vísindamanna heims mundu taka hverju tækifæri fegins hendi til þess að vinna við þessar áætlanir. Ég get vitnað í ítalskan þingmann sem sagði nýlega að þátttaka í þessari áætlun væri kærkomið tækifæri til samvinnu evrópskra vísindamanna með bandarískum í þessum rannsóknum og til þess að öðlast fræðslu á þessu sviði. Þetta eru samskipti á þýðingarmesta sviði rannsókna í dag til skoðanaskipta milli

heimsálfa.

Það er stöðugt verið að reyna að koma því að að Bandaríkjamenn séu með geimvarnafrumkvæði sínu að rjúfa samninginn um bann gegn gagneldflaugum sem Rússar hafa að vísu ekki staðið við. Þetta er þó algjör misskilningur þar sem hér er eingöngu um varnaráætlun að ræða, rannsóknir, en ekki framkvæmdaáætlun.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Shultz, sagði nýlega að geimvarnaáætlunin væri rannsóknaáætlun sem hefði verið búin til og muni halda áfram að verða til þess eins að rannsaka hvað hægt er að gera með þessum hlutum og hún mun ekki brjóta í bága við samninginn um bann gegn gagneldflaugum á einn eða neinn hátt.

Till. sem hér liggur fyrir er í rauninni löngu úrelt. Á þingmannafundi NATO-ríkja í haust, þar sem Ísland er þátttakandi, var þessi till. samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta og sýndi með því enn einu sinni styrk Atlantshafsbandalagsins og samstöðu þegar á þarf að halda.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að taka til máls í þessu máli þó ég væri flm. á till., en mér blöskraði bara hreinlega svo þessi málflutningur hv. 5. þm. Norðurl. e., að snúa þessu upp í flokkapólitískt karp eins og hann gerir. Þetta er fáránlegt. Það eru vísindamenn um allan heim sem vex þetta í augum og hafa lýst andstöðu við þessa hugmynd um geimvarnafrumkvæði, geimvopnaáætlun eða stjörnustríð. Það skiptir ekki meginmáli hvað maður kallar það. Og mér fannst ástæða til þess að endurtaka í stuttu máli, með leyfi forseta, nokkur orð mín, sem ég hafði í umræðum um skýrslu hæstv. utanrrh. á síðasta þingi þar sem ég tók sérstaklega fyrir þessa stjörnustríðsáætlun.

„Hvernig framtíðar megum við vænta ef stórveldin bæði gera tilraunir til þess að taka í notkun eldflaugavarnakerfi í geimnum til að koma í veg fyrir kjarnorkuvopnaáras?“ Og þessi orð mín hef ég reyndar eftir hópi bandarískra vísindamanna sem hafa harðlega gagnrýnt þetta frumkvæði.

„Í fyrsta lagi. Ef vel lætur mun það taka fjölda ára að þróa slík kerfi og þau munu sjálf verða mjög viðkvæm fyrir árásum.“ Og ég ætla að vitna inn í þessa tilvitnun: Hefur þm. hugleitt hversu gríðarlega fjárfrek þessi áætlun er? Veit hann hvernig fjárhagsstaða Bandaríkjanna stendur í dag, svo að ekki sé minnst á Sovétríkin? Veit hann hvað komu margir á kuldatímabili núna fyrir nokkrum dögum í New York sem voru heimilislausir og höfðu ekki að borða? Það voru meira en 20 þúsund manns. Veit hann að það er halli á bandarískum fjárlögum? Veit hann hvers konar gríðarlegar fjárhæðir er um að ræða? En hann snýr þessu upp í eitthvert auvirðilegt flokkapólitískt karp. Mér finnst þetta bara ábyrgðarleysi. Ég er hneyksluð á þm.

„Í öðru lagi. Bæði stórveldin eiga þegar annríkt við það að yngja upp og gera árásarvopn sín kænni og nýtískulegri. Það mundi aukast. Það kostar líka peninga og ógnarjafnvægið yrði ekkert tryggara.“ Þetta er fáránlegur hringlaga kaldastríðshugsunarháttur og ekki sæmandi þm.

„Í þriðja lagi. Um leið og eldflaugavarnakerfin verða byggð verður mikil áhersla lögð á að þróa árásarvopn gegn gervihnöttum, sem um þessar mundir eru tiltölulega lítilvæg.

Og í fjórða lagi. Sáttmálinn um bann gegn eldflaugavarnakerfum, sem þegar er verið að grafa undan, mun verða einskis metinn.“ Í hvaða átt eigum við að halda? Í umboði hvers styður þm. þessar hugmyndir, sem munu leiða til tortímingar á jörðinni? Það er alveg gefið mál. (**Gripið fram í:** Þetta hlýtur að vera stefna Sjálfstfl.)

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. Ég ætla að vísa til ræðu minnar sem ég flutti um skýrslu utanrrh. og biðja hv. þm. af einlægni að lesa hana og ég vildi mjög gjarnan mega eiga orð við hann eftir þann lestur. Þetta er mun alvarlegra mál heldur en svo að vera að núa mönnum um nasir flokkapólitísku karpi í þessum efnum.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu á þessu stigi. Ég vænti þess að till. komi fyrir utanrmn. og þar verður ástæða til þess að ræða ýmislegt sem hana snertir. En á þessu stigi vildi ég einungis taka fram að ég tel það skaða að ekki skuli í till. vera nánari útlistun á því hvað felst í þessari svokölluðu stjörnustríðsáætlun. Og ég held að það sé ekki hægt að afgreiða þetta, eins og mér virðist að umræðan sé að falla í, út frá einhverjum flokkspólitískum sjónarmiðum. Það verður að liggja fyrir hvað það er sem hér er um að ræða. Og það verður einnig að liggja fyrir hvaða möguleikar eru á því að svona áætlun standist.

Það eru einungis örfá atriði sem ég vildi minnast á í því sambandi. Í fyrsta lagi þá er alveg augljóst mál að enn hefur ekki verið þróuð sú tölvutækni sem dugar til þess að slík áætlun standist. Eftir því sem ég hef komist næst af lestri um þessi mál, þá er sá laser-geisli sem notaður er framleiddur með vetnissprengingum, og það líður aðeins skammur tími frá því hann virkar og þar til sprengingin verður, sú sprenging sem knýr hann. Það er því augljóst mál, ef við hugsum okkur að sendar séu upp 1000 eldflaugar, þá væri hugsanlegur möguleiki að ná þeim öllum, ef þeim væri skotið upp samtímis. En við skulum segja að dreift væri tímanum. Sendar væru upp 1000 eldflaugar — við skulum segja með 5 mínútna millibili eða 10 mínútna millibili, dragist yfir einn sólarhring eða eitthvað slíkt — þá er nær óhugsandi að komið verði upp kerfi sem ráði við slíkan fjölda eldflauga. Nokkur ár eru liðin síðan farið var að vinna að þessum málum og hugleiða þau.

Einnig er vandinn sá að þarna yrði að vera um nær algjöra sjálfvirkni að ræða. Það er ekki lengur um það að ræða að Bandaríkjaforseti taki hina endanlegu ákvörðun. Það hefur komið fram bæði í ritum bandarískra stjórnmálafræðinga og annarra, sem fjallað hafa um þau mál frá hinu hernaðarlega sjónarmiði, að forsetinn er þegar búinn að afsala sér miklu af því valdi sem hann hefur til þess að taka hina endanlegu ákvörðun. Ákvörðunin liggur hjá — ja, mér liggur við að segja hjá hinum og öðrum hershöfðingjum víðs vegar um Bandaríkin. Það er því nær ógerlegt — það er talið að það muni þurfa kannske eina mínútu til þess að taka ákvörðunina. Og það sér hver maður að það er engin mannleg ákvörðun tekin á einni mínútu. Það er sjálfvirknin sem ræður.

Menn óttast einnig að aðrir þættir eins og t.d. sá að skotið er upp, við skulum segja gervihnetti eða flaug sem á að fara hnatta á milli, yrði misskilinn sem hernaðarárás, þannig að allt kerfið væri komið í gang eftir örfáar sekúndur, ef einhver slíkur misskilningur

kæmi í ljós. Það væri ekki mannlegur misskilningur heldur hreinlega misskilningur hinna sjálfvirku tækja.

Þriðja atriðið er svo það sem kannske er ekki hvað síst athyglisvert og íhugunarvert í þessu sambandi. Og það er að nær ógerlegt er að koma upp þeim grúa varnartækja að ekki væri meira og minna af kjarnorkueldflaugum sem kæmust á réttan stað. Eins og málum er nú háttað er því alls engin vörn í slíku, heldur miklu fremur að búið væri að leggja í óhemju kostnað sem samt sem áður gæti ekki komið í veg fyrir eyðingu hins siðmenntaða heims. Þannig að stjörnustríðsáætlunin, svo fallega sem hún lítur út, og það er vissulega fögur hugsun sem liggur að baki, það er fögur framtíðarsýn að finna upp vopn sem í eitt skipti fyrir öll kemur í veg fyrir að önnur vopn séu notuð. En hinir tæknilegu þættir eru óleystir og hreinlega sá grúi sem unnt er að nota, sem mundi duga, er ekki fyrir hendi. Enda þótt mjög margt og mikilvægt hafi þegar komið út úr þeim tilraunum og þeim rannsóknum, sem farið hafa fram í sambandi við þessa geimvopnaáætlun, þá held ég að hún verði aldrei að veruleika. Talið er að það muni taka 15—20 ár að beisla laser-geislann þannig að unnt sé að nota hann frá sílkri geimstöð. Það verður því að sjálfsögðu ekki Reagan og það verður varla Gorbatsjoff sem endanlegar ákvarðanir tekur um slíkt. Hins vegar mun halda áfram sú vísindastarfsemi og sú tæknibylting sem hugsanlega fylgir í kjölfar hennar. En ég held að stjörnustríðsáætlunin verði löngu afskrifuð áður en praktískir möguleikar eru á að koma henni í framkvæmd.

Þetta eru nú bara lauslegar hugleiðingar. Ég vona að þetta mál verði rætt í utanrmn. og þá mun ég leggja mikla áherslu á að óska eftir upplýsingum um hvað felst í þessari áætlun, hvaða tækniatriði það eru sem þarf að upplýsa og yfirleitt hvernig þetta fellur inn í viðleitni okkar til þess að draga úr stríðshættu í veröldinni.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar þáltill., Hjörleifur Guttormsson, lét í ljós þá von að ég legði hér orð í belg og skal ég ekki að því leyti valda honum vonbrigðum að láta þessa fyrri umræðu fram hjá mér fara.

En ég hlýt fyrst að taka undir með hv. þm. Haraldi Ólafssyni þar sem hann lýsti eftir nánari skilgreiningu á því hvað átt væri við með þessari till., m.a. að því er tillagan fjallaði um geimvopn. Ég held að það sé forsenda þess að frekari umræður geti yfir höfuð farið fram og er þess þá að vænta að í utanrmn. geri flm. nánari grein fyrir því efni.

Greinargerðin sem fylgir þessari þáltill. sýnist leiða í ljós að einkum sé átt við geimvarnafrumkvæði Bandaríkjamanna. Þar er í það minnsta hvergi vikið að tilraunum Sovétmanna til að framleiða slík vopn og því er eðlilegt að draga þessa ályktun. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) En það er rétt að fram komi að það er talið mjög erfitt að sannreyna hvort unnt sé að framfylgja banni við geimvarnarannsóknum. Eftirlit með slíku banni er mjög miklum erfiðleikum bundið. Í því efni kemur tvennt í huga, að geimvarnaáætlun greinist í marga mismunandi þætti og engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi framkvæmd hennar. Eins og henni hefur verið lýst þá er fyrst gert ráð fyrir rannsóknum á sviði gagneldflaugatækni og ekki unnt að segja til um á hverju slíkt varnarkerfi mundi byggjast.

Þá er rétt að fram komi að einungis er um það að ræða að ljúka þeim rannsóknum er nú hafa verið hafnar af hálfu Bandaríkjamanna og löngum stundaðar af hálfu Sovétmanna. Það liggur fyrir yfirlýsing bandarískra stjórnvalda að ákvarðanir um smíði og uppsetningu verði ekki teknar fyrr en niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir. Uppfylli þær niðurstöður tiltekin skilyrði munu Bandaríkin hafa samráð við Sovétríkin áður en frekari ákvarðanir eru teknar, í samræmi við ákvæði svokallaðs ABM-samnings, í því skyni að báðir aðilar geti notfært sér þá e.t.v. nýja varnartækni á þann hátt að ástandið á hernaðarsviðinu verði stöðugra. Frekari ákvarðanir verða líka því aðeins teknar að áður sé haft samráð við bandamenn Bandaríkjanna.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að bönnuð verði hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum. Hér sýnist tillagan tæpast ganga út frá því að hernaðarumsvif og vopnakerfi eru því miður þegar fyrir hendi. Jafnnauðsynlegt og brýnt og það er að afstýra vopnakapphlaupi í geimnum þá verðum við þó að horfast í augu við þá staðreynd að bæði risaveldin hafa gervihnetti sem þjóna margvíslegum hernaðarlegum tilgangi. Með aðstoð þeirra er hægt að fylgjast m.a. með framkvæmdum samninga um afvopnunarmál — og það er út af fyrir sig af hinu góða — og þeir geta líka gefið viðvörun um árás með kjarnavopnum.

Þá er það ljóst að þegar langdrægum eldflaugum er skotið frá einu meginlandi til annars fara þær um himingeiminn og því er mögulegt að líta svo á að notkun þeirra flokkist undir hernaðarumsvif í himingeimnum. En því miður þarf meira en orðin tóm til þess að banna slíka notkun, sem við vonum þó að aldrei verði að veruleika.

Hér ber og að hafa í huga að Sovétríkin ein hafa haft svokölluð ASAT-vopn undir höndum í rúm 10 ár, antisatellite-vopn. Sovétmenn hafa gert umfangsmiklar rannsóknir og tilraunir á þessu sviði varna gegn eldflaugaárásum. Það er jafnvel talið að þeir hafi eytt jafnmiklu fé til þessara hluta og til að framleiða langdræg kjarnavopn. En tilraunir Bandaríkjamanna á þessu sviði, eða rannsóknir, eru nýlega hafnar.

Í þriðja lagi gerir þáltill. ráð fyrir því að óheimil verði smíði vopna sem grandað geta gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu geimsins. Í þessu felst einnig mikill misskilningur, að gervihnettir þjóni fyrst og fremst friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins. Margir þeirra þjóna hernaðarlegum tilgangi og á það hefur meira að segja verið bent að á árabilinu 1957—1983 var 2500 gervihnöttum skotið á loft. 1900 þeirra eða 75% var skotið á loft í hernaðarlegum tilgangi. Það er ljóst að Sovétríkin hafa forskot á þessu sviði svokallaðra ASAT-vopna. Það sýnist ekki vera ætlun tillögumanna að eyða skuli þeim ASAT-vopnum sem fyrir eru en þeir vilja koma í veg fyrir nýsmíði slíkra vopna. Þarna er og spurningin um æskilegt og nauðsynlegt jafnvægi í þessum efnum meðan slík vopn eru til. Menn geta haft mismunandi skoðanir á ógnarjafnvæginu en svo ógnvænlegt sem það er þá er það nú samt e.t.v. því að þakka að friður hefur haldist milli kjarnorkuveldanna síðan kjarnorkan kom til sögunnar.

Eins andstætt og mönnum er að búa við frið sem tryggður er með ógnarjafnvæginu er von að menn leiti annarra ráða til að vernda friðinn og efla hann, annarra ráða en ógnarjafnvægisins. Ég vil í það minnsta trúa því að af þeim rótum sé geimvarnafrumkvæði Reagans

forseta sprottið. Það er alveg rétt að það er mjög umdeilt. Það er umdeilt af tveim ástæðum fyrst og fremst. Í fyrsta lagi álíta menn að ekki sé unnt að koma upp geimvarnaáætlun svo fullkominni að geri kjarnavopn um alla framtíð óþörf. Menn hafa ekki trú á því að unnt sé að hrinda hverri árás kjarnavopna af annarri þannig að ekki komist einhver kjarnaeldflaug á leiðarenda og grandi þar lífi, limum og mannvirkjum. (Gripið fram í). Ég vil biðja hv. þm. að beina til mín fsp. úr ræðustól og leyfa mér ótrufluðum að halda máli mínu fram.

Eftir er að vita hvort það er raunhæft að ætla og vona að til sé það varnarkerfi sem unnt er að beita þannig að kjarnavopn séu óþörf. Þeir sem tala mest um ógnir kjarnavopna ættu að taka því fegins hendi ef slík áætlun er framkvæmanleg. Það er verið að rannsaka og ég tel þess vegna ekki ástæðu til að stöðva slíka áætlun á rannsóknarstigi. Hins vegar vekur slík áætlun til mikillar umhugsunar og fyrirvara verður að gera um að í framkvæmdir verði ekki ráðist fyrr en ljóst er að slík varnaráætlun nái þeim tilgangi sínum að gera kjarnavopn óþörf. Ég tel það ábyrgðarhluta af hverjum íslenskum þm., sem öðrum einstaklingi hér, að gera sér ekki vonir um að gera megi kjarnavopn óþörf í heiminum.

Herra forseti. Ég skal þá ljúka máli mínu. Hin ástæðan fyrir því að menn vilja veita andstöðu geimvarnaáætlun þeirri, sem kynnt hefur verið af hálfu Bandaríkjamanna, er blátt áfram sú að þeir vilja ekki kveðja eða sjá á bak ógnarjafnvæginu. Þeir telja ógnarjafnvægið vernda friðinn best eins og nú standa sakir. Ég held að ég geri Frökkum ekki rangt til þegar ég segi að þetta sé sú ástæða helst sem Frakkar hafa til að vera á móti geimvarnaáætlun Bandaríkjanna, að þeir telja það svo mikinn ábyrgðarhluta að ógnarjafnvægið verði úr sögunni að það geti leitt til friðrofa.

Hér er um margbrotið mál að ræða og sjálfsagt að við hér á Alþingi Íslendinga og í utanrmn. sérstaklega ræðum þetta viðamikla mál. Á þessu stigi er það mín skoðun — og sú skoðun kemur heim og saman við afstöðu stjórnvalda í Noregi og Danmörku reyndar — að ekki sé unnt að hafa á móti rannsóknum Bandaríkjamanna á þessu sviði. En í öllu falli verði að halda ABM-sáttmálann eins og hann er þröngt skýrður og ekki verði ráðist í framkvæmdir á grundvelli slíkra rannsókna nema að vel athuguðu máli og í samráði og samvinnu stórveldanna tveggja.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Margt mætti um þetta viðamikla umræðuefni segja. Mér er til efs hvort við hefðum ekki þurft að hafa hér rýmri tíma til að ræða þetta mál, jafnmikil áhrif og það kann að hafa á öll utanríkismál þjóða á næstu árum.

Ég get út af fyrir sig tekið undir með hv. þm. Haraldi Ólafssyni að rétt er að draga það stórlega í efa að þessi áætlun komist nokkurn tíma til framkvæmda sem slík. Ber þar margt til. En það er í raun og veru ekki sú spurning sem við stöndum frammi fyrir á allra næstu árum, hvort hún reynist framkvæmanleg eða ekki, hvort hún verður sett í framkvæmd eða ekki. Hinu þurfum við að svara, hvaða áhrif það hefur á þróun alþjóðamála, upphefjist þetta kapphlaup með rannsóknum og tilheyrandi undirbúningi. Því það skulu menn athuga að þótt hægt sé að setja rannsóknir á slíkum hlutum í sakleysislegt samhengi, eins og við fengum ágætt dæmi um áðan þegar hæstv. utarrh. talaði, þá er erfitt að skilja þar á milli. Hvar enda rannsóknir? Hvar hefst beinn undirbúningur? Hvenær eru hlutirnir komnir á framkvæmdastig? Þetta rennur allt meira og minna saman. Það er eðli málsins, sem hér er á ferðinni, sem við hljótum að skoða, þá gífurlegu hættu sem felst í því að þetta boði enn eitt þrep, enn eina stigmögnun vígbúnaðarins og þá með tilheyrandi áhrifum á öll alþjóðasamskipti.

Ég vona einlæglega að hv. utnrmn. íhugi vandlega þann kost að við Íslendingar mörkum okkur þegar í stað bás og lýsum yfir andstöðu okkar við það að því verði gefið undir fótinn að hefja vígbúnað í himingeimnum, við lýsum yfir andstöðu okkar við þetta landnám dauðans, ef svo má að orði komast, í himingeimnum. Ég vil minna í því sambandi á ályktun Alþingis sem samþykkt var hér einróma á síðasta vori þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heimsins, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun."

Og þar segir í 2. málsgr.: „Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum."

Ég vil minna, herra forseti, á andann í þessari samþykkt Alþingis um afvopnunarmál. Ég vil meina að þetta sé talsvert annar andi en fram kom í ræðu hv. þm. Björns Dagbjartssonar hér áðan sem mér skildist telja það einn af kostum þessarar áætlunar að hún hefði gífurleg útgjöld í för með sér. Ég held að Alþingi hafi beinlínis lýst yfir vilja sínum um hið gagnstæða. Ég vil spyrja hv. þm., ef hann á eftir að leggja leið sína hingað í ræðustól, hvar hann var staddur þegar þessi ályktun var samþykkt einróma hér á Alþingi s.l. vor. Greiddi hann henni atkvæði? Greiddi hann því atkvæði að Alþingi Íslendinga teldi það mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til hernaðar, rynni til annarra og þarfari hluta? Ég vil spyrja hvernig sú afstaða, sem mér fannst koma fram í ræðu hans hér áðan, samrýmist þessari samþykkt.

Annars er það harla fágætt, herra forseti, að heyra ræðumenn sem eru jafnsannfærðir á ágæti vopnanna og hins vopnaða friðar tala og hér gafst færi á áðan. Mér er til efs að það gerist víða á byggðu bóli að menn tali með þvílíkum gleðihljóm í þróttmikilli rödd sinni um ástand þeirra mála, eins og hv. þm. Björn Dagbjartsson gerði hér áðan. Slík var ánægjan og slík var hrifningin þegar hann talaði um þetta vopnaða ástand.

Það kemur mér líka nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar menn í sömu setningunni svo að segja lýsa hinum gífurlegu yfirburðun Sovétmanna á sviði þessarar háþróuðu tækni, sem er einhver sú háþróaðasta sem um getur í dag, eins og menn vita, og byggist á flóknasta og fullkomnasta tölvukerfi sem til er og reyndar á enn þá flóknari og fullkomnari tölvukerfum sem meiningin er að reyna að búa til. Þetta tala menn um í öðrum hluta sinnar málssetningar en hinum hlutanum um það hvað Sovétríkin séu vanþróuð, lífskjör séu þar bág o.s.frv. Þetta er dálítið erfitt að samræma í mínum huga, einnig þá staðreynd að austantjaldsþjóðir eru sífellt að reyna að kaupa sér þekkingu og flytja inn tækni frá fyrirtækj-

un á Vesturlöndum á þessum sviðum. Ég bið því um skýringar á því hvernig þetta tvennt fer heim og saman, sú staðreynd að Sovétríkin liggja langt á eftir í tölvutækni og eru sífellt að reyna að ná sér í, eins og allir vita, með ýmsum ráðum tækni og þekkingu á þessum sviðum en eiga síðan að vera svona langt á undan í þessum vopnakerfum eins og hæstv. utanrrh. gat hér um.

Ég held að best sé að hafa þetta einfalt, herra forseti. Spurningin snýst um það hvort hér upphefst enn eitt kuldatímabil stigmagnandi vígbúnaðar, enn eitt kapphlaup þar sem gífurlegum fjármunum verður sóað í að reyna að færa út landamæri dauðans og nú upp í himingeiminn. Eins og kom reyndar fram í orðaskiptum okkar hv. þm. Björns Dagbjartssonar hér í þingsal áðan er líklegt að ekki verði látið staðar numið þar heldur reyni menn enn á ný að finna ný vopn sem granda geimvopnunum og svo önnur vopn sem granda þeim o.s.frv. Hv. þm. kinkar nú ákaft kolli og það merkir væntanlega að hann sé þessu sammála og hann sé að samþykkja að þetta sé einungis enn eitt þrep í stiganum upp í vígbúnaðarkapphlaupinu.

Herra forseti. Ég vona að menn þurfi ekki að lenda hér ofan í hefðbundnar pólitískar skotgrafir þar sem menn berast á banaspjótum í orðum um að þessi eða hinn sé hallur undir þennan eða hinn og sé að flytja mál þessa eða hins hér inni í þingsölum. Ég vonast satt best að segja til þess að við hv. alþm. getum í þessu máli reist okkur svolítið upp fyrir þann hundflata, grýtta völl sem við stundum kljáumst á hér um þessi mál og reynum að líta á þetta í sameiningu og málefnalega og reynum að ræða það í hreinskilni og alvöru hvort við Íslendingar sem ein þjóð getum ekki sameinast um að reyna að hamla gegn því að nýtt vopna- og vígbúnaðarkapphlaup hefjist og nú í himingeimnum.

Það vekur reyndar athygli, herra forseti, að hér hefur enginn talsmaður jafnaðarmanna, þ.e. Alþfl., komið í ræðustól. Þeir eru ekki flm. á þessu þingskjali. En í nálægum löndum, bæði á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu, ber mikið á jafnaðarmönnum í þessari umræðu, þeir bera hana uppi, má segja, og halda uppi gagnrýni á þessi áform. Það væri því fróðlegt að heyra ef einhver talsmaður þeirrar stefnu, þ.e. einhver fulltrúi Alþfl. væri hér nálægur og lýsti afstöðu síns flokks.

Herra forseti. Ég skal þá ljúka máli mínu. Hér hafa tveir talsmenn Sjálfstfl., hv. þm. Björn Dagbjartsson og hæstv. utanrrh., talað. Ég get ekki sagt að það hafi glatt mig að heyra þeirra málflutning hér í þessu efni. Ég vona satt best að segja að sá ágæti flokkur, Sjálfstfl., hugsi sinn gang og slái því ekki föstu þegar í upphafi að fylgja nú Bandaríkjamönnum jafnþétt við lendarnar eins og þeir eru vanir í þessu efni sem öðrum. Vonandi fær einhver sjálfstæð íslensk utanríkisstefna að líta dagsins ljós í þessu efni. Ég set satt best að segja traust mitt á hæstv. utanrmn., að hún reyni að sinna þessu máli og marka Íslandi réttan bás í þessum efnum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst segja það við minn ágæta flokksbróður Steingrím Sigfússon að það er alveg nóg að við tölum hér jafnaðarmennirnir þrír, Hjörleifur Guttormsson, hann og ég. Við þurfum ekkert að vera að auglýsa eftir því að hinir í litla kratafloknum komi einnig og taki til máls.

En ég veit hins vegar ekki hvernig maður á að taka á ræðu hv. þm. Sjálfstfl., Björns Dagbjartssonar. Þetta var, eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði, satt að segja svo fáránleg ræða að það var ekkert annað að gera en annaðhvort að hlæja að henni eða hneykslast á henni vegna þess að hún einkennist af svo einfaldri barnatrú á ágæti stefnu sem ræðumaður hefur greinilega mjög takmarkaðar upplýsingar um hvað felst í.

Hitt þykir mér öllu verra þegar jafnágætur maður og utanrrh. Íslands kemur hér í ræðustól, jafnágætur og greindur maður og hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson annars er, og fer með þessa lélegu áróðursplötu sem áróðursdeild Pentagon sendir út fyrir þessu SDI-prógrammi. Ég vil bara biðja hæstv. utanrrh. að hlífa okkur hér á Alþingi við þessum málflutningi nema það sé í raun og veru stefnuafstaða hæstv. utanrrh. að hann sem fulltrúi Íslands taki þessar áróðursplötur góðar og gildar og horfi ekki á þá gagnrýni sem fram hefur verið sett af virtustu fræði- og stjórnmálamönnum Bandaríkjanna og vísindamönnum á þessar plötur. Hæstv. utanrrh. sé ekki að gefa það til kynna á alþjóðlegum vettvangi að Ísland sé bara í þessu plötusafni Pentagon hvað stefnumótun í utanríkismálum snertir.

Það er ekki hægt á átta mínútum að rekja það allt saman sem hæstv. utanrrh. fór hér inn á og annaðhvort endurspeglaði þetta plötuspilerí, sem ég var hér að lýsa, eða þá er vitnisburður um það að innan utanrrn. hefur ekki farið fram nein ítarleg athugun á þessum málum. Hæstv. utanrrh. sagði t.d. hér: Menn eru á móti þessu SDI-prógrammi af tveimur ástæðum eingöngu, annaðhvort vegna þess að menn trúi því ekki að hægt sé að eyða kjarnorkuvopnum eða þá að menn eru með ógnarjafnvæginu. Það er fjöldinn allur af öðrum veigamiklum ástæðum sem settar hafa verið fram gegn þessari áætlun.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. varðandi fyrsta atriðið: Getur hann nefnt einhvern annan forustumann í Bandaríkjunum en Ronald Reagan sem trúir því að hægt sé að nota þetta til að eyða kjarnorkuvopnum? Getur hann nafngreint einhvern annan forustumann Bandaríkjanna, vísindamann, fræðimann, ráðherra, sem hefur haldið því fram að það sé hægt?

Ronald Reagan er hafður að aðhlátursefni í Bandaríkjunum vegna þess að hann er eini maðurinn sem trúir þessu eða segist trúa því. Þeir sem rökstyðja þessi mál með ábyrgum hætti af hálfu bandarískra stjórnvalda eru löngu hættir að nota þær ástæður sem hann upphaflega setti fram og voru fólgnar í þessari barnalegu draumsýn. Forsetanum er leyft að leika sér áfram annaðhvort fyrir þá sem hafa barnalega tiltrú á því sem hann segir eða kannske fyrir svona stjórnmálamenn eins og utanrrh. Íslands.

Þvert á móti er það af þeim ástæðum að þessi vígbúnaðaráætlun feli í sér stórkostlegan vöxt vígbúnaðarkapphlaupsins og auki stórlega hættuna á fyrstu árás innan kjarnorkuvopnaheraflans. Menn hafa mótmælt þessari vígbúnaðaráætlun af þeirri ástæðu að hún felur í sér umfangsmestu fyrirheitin um tilraunir með kjarnorkuvopn á næstu árum. Það er reyndar merkilegt að að því atriði hefur ekkert verið vikið hér í þessari umræðu, að þessi vígbúnaðaráætlun Bandaríkjanna gengur ekki upp nema með mjög víðtækum tilraunum með kjarnorkuvopn á næstu árum.

Engu að síður hefur Alþingi Íslendinga ályktað einróma um það á s.l. vori, og þar með atkvæði hæstv. utanrrh., að stuðla beri að allsherjarbanni við tilraun-

um, framleiðslu og uppsetningu kjarnorkuvopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni.

Sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum stóð að ályktun með fulltrúum annarra Norðurlanda, sem send var aðalritara Sameinuðu þjóðanna áður en þriðja endurskoðunarráðstefna samningsins um takmörkun á útbreiðslu kjarnorkuvopna hófst í Genf í september, væntanlega einnig fyrir hönd Íslands, þar sem það var sett fram sem mjög skýr afstaða Íslands að það styddi allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Engu að síður er hæstv. utanrrh. að koma hér upp í ræðustólinn og dansa í kring um það fram og aftur að menn megi ekki vera á móti rannsóknum af þessu tagi þegar það liggur alveg borðleggjandi og staðfest að rannsóknirnar eru marklausar nema í þeim felist formlegar tilraunir með kjarnorkuvopn. Er nú ekki rétt að fara að kíkja aðeins á efnislega samhengið í þeim stefnuyfirlýsingum sem menn eru að setja fram fyrir hönd Íslands.

Síðan kemur utanrrh. hér upp og segir að eins og vitað sé séu Sovétríkin með algert forskot á sviði antisatellite-hernaðar. Hvaðan hefur hæstv. utanrrh. þessa vitneskju? Vill hann ekki leiða hér fram einhverjar alþjóðlegar rannsóknastofnanir og alþjóðlega fræðimenn sem staðfesta þessa skoðun hans? Hefur hann ekki fylgst með stolti Bandaríkjastjórnar og Pentagon yfir þeim mikla árangri sem náðst hefur á þessu ári og veitir þeim algert forskot fram yfir Sovétríkin í þessum tegundum hernaðar og var einmitt sagt að væri verið að sýna til að ógna Sovétmönnum að samningaborðinu vegna þess að Bandaríkin væru með yfirburði á þessu sviði?

Maður veit satt að segja ekki hvernig á að taka á röksemdafærslum eða umræðum af þessu tagi þegar menn standa hér ískaldir og rólegir, eins og hæstv. utanrrh., og halda þessu fram eins og þetta sé eins ljóst og að tvisvar tveir eru fjórir.

Svo eru tveir aðrir þættir í þessu máli sem er vert að menn hugi mjög vel að. Vegna þess að tími minn er nú senn búinn ætla ég aðeins að víkja stuttlega að þeim. Annar þátturinn er sá að margir af færustu vísindamönnum Bandaríkjanna telja að ef þetta SDI-prógramm fær að halda áfram, þó ekki sé nema tvö til þrjú ár í viðbót, verði tæknistigið í kjarnorkuvopnahernaðinum orðið slíkt að eftirlit sé útilokað. Þá verði búið að koma tækniþróuninni í þessum vígbúnaði á það stig að hægt sé að halda því áfram án þess að vísindalegir eða tæknilegir möguleikar á eftirliti séu fyrir hendi og það sé einmitt ástæðan fyrir því að vígbúnaðaröflin í Pentagon undir forustu Richard Pearle hafa haldið þessari áætlun til streitu. Þeir vilja ná þessum árum þar til eftirlitið er orðið útilokað, af því að þá telja þeir sig eiga greiða götu alveg áfram með eins hratt vígbúnaðarkapphlaup og þeim sýnist af því að menn muni þá ekki telja mögulegt að stemma stigu við því á grundvelli þess að ekki sé hægt að framkvæma eftirlitið.

Eins og menn vita er þessi eftirlitskrafa ein af þeim sem menn hafa sett fram. Það er af þessum ástæðum sem hundruð af virtustu prófessorum í háskólum Bandaríkjanna í eðlis- og efnafræði og geimvísindum hafa undirritað áskorun þar sem þeir neita að taka þátt í þessari vísindaáætlun og skora á aðra vísindamenn Bandaríkjanna að gera það vegna þess að þeir vilja ekki taka þátt í rannsóknastarfsemi sem er gagngert til að koma í veg fyrir að hægt sé að takmarka kjarnorkuvígbúnaðinn eftir fáein ár.

Svo að lokum þetta, herra forseti. Það er alveg ljóst að stór hluti af efnahagserfiðleikum veraldarinnar, þar með talið okkar Íslendinga, þar með talið erfiðleikar togaraútgerðar á Norðurlandi eystra t.d., stafar af því að vextir og gengi dollarsins á alþjóðlegum mörkuðum er mjög hátt. Meginástæða þess er fjárlagahallinn í Bandaríkjunum. Eins og bent hefur verið á mjög rækilega er þessi vígbúnaðaráætlun ein af meginástæðunum fyrir því að halda þessum fjárlagahalla áfram. Það er því alveg beint samhengi á milli efnahagserfiðleika í Suður-Ameríku og Asíu og hér á Íslandi og þessara risavöxnu hernaðarútgjalda sem ýmsir hér í þingsalnum virðast greinilega vera að búa sig undir að styðja.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka mönnum fyrir þátttöku í þessari umræðu um þessa þáltill. þó að vissulega valdi þau sjónarmið miklum vonbrigðum sem hér hafa komið fram frá hv. talsmönnum Sjálfstfl., þar á meðal hæstv. utanrrh., til þessa máls. Ég ætla hér ekki að fara að styðja þessa þáltill. mörgum fleiri rökum en ég gerði í framsögu fyrir henni og sem fram hafa komið hjá öðrum talsmönnum, sem hana styðja, við þessa umræðu.

Hér er vissulega um viðamikið mál að ræða, tæknilega flóknar hugmyndir og óframkvæmanlegar að margra mati. En í rauninni er þó kjarni málsins einfaldur. Vilja menn leggja lóð á vogarskál áframhaldandi vígbúnaðarkapphlaups og taka þá gífurlegu áhættu sem slíku fylgir, þar á meðal að brotnir verði upp alþjóðasamningar um takmörkun á vopnakapphlaupinu, eins og ABM-sáttmálinn frá 1972? Eða vilja menn leggja lóð sitt á skál afvopnunar, baráttunnar fyrir því að risaveldin slíðri vopnin og taki að nota þá gífurlegu fjármuni, sem veitt er í vígbúnaðarkapphlaupið, í þágu friðar og til lausnar á hinum aðkallandi vandamálum mannkyns sem stafa af vanþróun, hungri og öðru sem við þekkjum úr þriðja heiminum og hjá fátækum ríkjum?

Það var lýst eftir því hér, m.a. af hæstv. utanrrh. en einnig af hv. 9. þm. Reykv. Haraldi Ólafssyni, að æskilegt hefði verið að styðja þessa tillögu við framlagningu hennar gildari rökum út frá tæknilegu sjónarmiði. Vissulega hefði verið hægt — og ekki verið illa varið pappír í það — að greina frá tæknilegum atriðum í þeim hugmyndum sem að baki SDI-áætluninni liggja. Það hefði verið auðvelt en ég hélt satt að segja að hv. alþm. og hæstv. ráðherrar hefðu ekki komist hjá því að setja sig inn í þessi mál á undanförnum misserum og árum, svo umfangsmikil umræða sem verið hefur um þessi efni á alþjóðavettvangi og einnig, þó í takmarkaðri mæli, borist inn á vettvang íslenskra fjölmiðla. En það er sannarlega velkomið af minni hálfu að reyna að bæta þar úr þegar málið kemur til hv. utanrmn. til umræðu að lokinni þessari umræðu hér í Sþ. því að ég hef í fórum mínum umfangsmikil gögn um tæknilegar hliðar þessa máls.

Hæstv. utanrrh. minntist á afstöðu stjórna á öðrum Norðurlöndum, eins og Noregi og Danmörku, sem hann taldi ekki hafa á móti því að Bandaríkin legðu út í rannsóknir á þessu sviði, rannsóknaáætlun upp á 26

milljarða bandaríkjadala, eins og hún hljóðar til ársins 1989. Ég kannast við þau sjónarmið hægri stjórnanna í Noregi og Danmörku. En það vill svo til í Danmörku að meiri hluti Folketinget, danska þjóðþingsins, hefur bundið hendur hægri stjórnar Schlüters í Danmörku með samþykktum sem algerlega ganga gegn geimvarnaáætluninni. Ég gæti lesið hér upp úr þeim samþykktum danska þingsins frá því í marsmánuði s.l. og endurnýjaðri dagskrártillögu þann 14. maí s.l. þar sem hnýtt var upp á í þessum efnum, m.a. með þessum orðum — svo ég leyfi mér nú að tala dönsku hér úr þessum ræðustól því að menn vitna oft í enskan texta og til þess að ekkert fari á milli mála í skjótri þýðingu — þar sem mælt var fyrir till. af Lasse Budtz þingmanni. Upphafið er þannig:

„Idet Folketinget konstaterer at Danmark er imod placering af vaaben i det ydre rum og udforskning og udvikling af dem." Síðan koma frekari atriði sem þarna eru til tekin.

Þessi dagskrártillaga á danska þinginu er samþykkt af 64 þingmönnum, öllum nema 50 fulltrúum stjórnarflokkanna sem sátu hjá við atkvæðagreiðsluna í vonlausum minni hluta þar.

Þetta er hápólitískt mál, stórpólitískt mál sem er til umræðu í öðrum þjóðþingum. Alþingi Íslendinga getur ekki látið slík mál liggja milli hluta og það er von mín að utanrmn. Alþingis beri gæfu til að marka hér stefnu, leggja lóð sitt friðarmegin í þessum efnum, með þeim mörgu sem nú mæla gegn þeim hugmyndum sem Bandaríkjaforseti setti fram 23. mars 1983. Ég vonast til þess að yfirstandandi þing geri sínar samþykktir um þessi efni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Mér skilst að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi lýst því hér hve hann saknaði þess að ekki skyldu taka til máls jafnaðarmenn í þessari umræðu. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mun hafa talið sig tala fyrir þeirra hönd. Ég veit ekki til þess að hann hafi sótt um inngöngu í Alþfl. enn þá, en það er kannske næst á dagskrá. (**ÓRG:** Þetta er ekki rétt með farið hjá honum.) Ég gat því miður ekki verið viðstaddur þessar umræður áðan vegna þess að þingflokkur Alþfl. þurfti að koma saman til stutts fundar og við töldum ekki ástæðu til að biðja um sérstakt fundarhlé af því tilefni.

Ég vil segja það strax að ég get lýst stuðningi við þessa till. eins og hún hér liggur fyrir, a.m.k. þá meginhugsun sem í henni felst. En ég tek hins vegar fram að þingflokkur Alþfl. hefur ekki á þessu stigi tekið formlega afstöðu til tillögunnar. Það gerist á síðara stigi þegar málið kemur til umræðu í utanrmn. sem það hlýtur að gera. En persónulega get ég lýst stuðningi við allar þær meginhugmyndir sem koma hér fram.

Það hafa allir sem fylgjast með blöðum og fréttum fylgst með þeirri umræðu sem átt hefur sér stað, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, um þessa svokölluðu „stjörnustríðsáætlun". Eins og raunar fram hefur komið hefur það verið einkenni á þeirri umræðu hversu margir telja að hér sé um áætlun að ræða sem sé ekki framkvæmanleg og ekki framkvæmanleg í fyrirsjáanlegri framtíð miðað við þá þekkingu sem vísindamenn búa yfir nú. En um þetta eru efasemdir og um þetta er ágreiningur.

Ærið er vígbúnaðarkapphlaupið fyrir þó ekki sé það teygt út í himingeiminn. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að tillaga um svona yfirlýsingu komi fram. Það er í rauninni sjálfsagt mál. Hún fær sína umfjöllun í réttri nefnd, en ég sem sagt get lýst stuðningi við þær hugmyndir sem felast í tillögunni að meginefni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er að vísu lítið atriði en ég taldi rétt að farið væri með það á réttan hátt svo hv. þm. Eiður Guðnason heyrði. Flokksbróðir minn Steingrímur Sigfússon óskaði eftir því að jafnaðarmenn úr Alþfl. töluðu hér í umræðunum. Ég sagði hins vegar að það væri alveg nóg að við hinir þrír jafnaðarmennirnir töluðum í umræðunum, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Steingrímur Sigfússon.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Samkvæmt málvenju hér hefur orðið „jafnaðarmaður" einkum og fyrst og fremst verið notað um þá sem eru innan vébanda Alþfl. Á alþjóðavettvangi er til Alþjóðasamband jafnaðarmanna og Alþfl. er aðili að því. En ég ætla ekki að fara að deila hér um þetta. Vonandi verða sem flestir jafnaðarmenn hér og sem flestir innan vébanda þess flokks sem á aðild að Alþjóðasambandi jafnaðarmanna.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þann 23. maí s.l. samþykkti Alþingi samhljóða þáltill. sem borin var fram af utanrmn. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Áætlunin þótti tíðindum sæta og talsmenn allra flokka hér í þinginu lýstu yfir ánægju með þann áfanga og samstöðu sem þar náðist. Meðal efnisþátta í tillögunni var að Alþingi beinir því til ríkisstj. að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna, en sú stefna hefur á ensku verið kölluð „freeze" eða frysting og varð fyrst fræg um heimsbyggðina þegar Edward Kennedy gerðist talsmaður hennar ásamt fleirum á Bandaríkjaþingi fyrir þremur árum.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa slíkar tillögur með áskorun á risaveldin, Sovétríkin og Bandaríkin, verið bornar fram og samþykktar á undanförnum allsherjarþingum. Sú tillaga, sem mest fylgi hefur hlotið hjá Sameinuðu þjóðunum um þetta efni, hefur verið borin fram m.a. af Mexíkó og Svíþjóð. Hlaut hún 129 atkvæði á allsherjarþinginu í fyrra, 1984, og 124 á árinu 1983. Í fyrra greiddu 12 ríki atkvæði gegn tillögunni en 13 árið áður, fyrst og fremst vestræn stórveldi og nokkur dyggustu fylgiríki þeirra, en 8 sátu hjá bæði árin. Í þeim hópi voru Ísland og Noregur en hin Norðurlöndin, Danmörk, Svíþjóð og Finnland, greiddu tillögunni atkvæði.

Enn var tillaga þessi á dagskrá á yfirstandandi þingi og fyrir hálfum mánuði, 20. nóv., voru greidd um hana atkvæði í fyrstu nefnd allsherjarþingsins. Við þá atkvæðagreiðslu gerðust þau tíðindi að öll Norðurlöndin greiddu tillögunni atkvæði nema Ísland sem sat hjá

ásamt fimm öðrum ríkjum. Þetta eru tíðindi, herra forseti, sem óhjákvæmilegt er að ræða hér á Alþingi Íslendinga. Hver hefði trúað því að aðeins hálfu ári eftir samhljóða áskorun Alþingis til ríkisstj. um að styðja frystingu eða stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar skærist Ísland eitt Norðurlanda úr leik við atkvæðagreiðslu um slíka tillögu þar sem Svíþjóð er meðal flytjenda og NATO-ríkin Danmörk og Noregur greiða tillögunni atkvæði sitt?

Menn hljóta að spyrja hvort hæstv. utanrrh. landsins sé sjálfrátt þegar hann gefur fulltrúum sínum slík fyrirmæli um að skerast úr leik. Hvað veldur slíkum býsnum? Er það afstaða ríkisstj. í heild sem kemur fram í þessari atkvæðagreiðslu? Stendur forsrh. Íslands, sem ávarpaði allsherjarþingið á 40 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna 24. október s.l., á bak við þessa afstöðu? Eru ráðherrar Framsfl. í ríkisstj. sammála þessum fyrirmælum utanrrh. um að Ísland skerist eitt Norðurlanda úr leik í þessu örlagaríka máli? Er meiri hluti Alþingis sammála slíkri afstöðu?

Enn er unnt að bæta fyrir þetta hneyksli, þessa vanvirðu gagnvart einróma samþykkt Alþingis s.l. vor. Tillaga Svíþjóðar og Mexíkó á eftir að ganga undir atkvæði á sjálfu allsherjarþinginu. Sú atkvæðagreiðsla mun væntanlega fara fram í næstu viku. Til þess verður að ætlast af hæstv. utanrrh. að hann sjái að sér fyrir þann tíma og ríkisstj. í heild taki afstöðu til málsins.

Ég vænti þess, herra forseti, að sú afstaða komi í ljós þegar við þessa umræðu hér í dag. Sú stefna, sem Alþingi mótaði sameiginlega í einu hljóði 23. maí s.l. um afstöðu Íslendinga í afvopnunarmálum, er í húfi. Ætlar hæstv. utanrrh. að virða vilja þingsins í þessu máli eða skila auðu á samkomu þjóðanna? Ég leyfi mér með vísan til þessa að spyrja hæstv. utanrrh.:

1. Hvað olli því að Ísland eitt Norðurlanda greiddi ekki atkvæði með tillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja um frystingu kjarnavopna í fyrstu nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember s.l.?

2. Má ekki vænta þess að utanrrh. og ríkisstj. endurskoði þessa afstöðu áður en tillagan kemur til atkvæða á allsherjarþinginu í næstu viku?

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég svara fyrri fsp. á þá leið að það er einmitt afvopnunartillaga sú, sem samþykkt var á Alþingi s.l. vor, sem gerir það að verkum að ákveðið var að atkvæði Íslands skyldi vera óbreytt frá fyrri árum þegar þessi tillaga hefur verið borin undir atkvæði. Að vísu hafa fengist nokkrar endurbætur á þessari tillögu, m.a. vegna tilrauna okkar og Norðmanna, en ekki nægilega miklar til þess að fullnægt yrði skilyrðum till. til þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi s.l. vor. Þar eru gerð eftirfarandi skilyrði fyrir því að um bann eða frystingu kjarnavopna sé að ræða:

1. Að traust eftirlit sé fyrir hendi og þetta trausta eftirlit sé á þann veg útbúið að sé í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun, málsaðilar uni því og treysti. Þessu skilyrði var ekki fullnægt.

2. Að jafnframt frystingu kjarnavopna sé reglubundið árlega dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu skilyrði var heldur ekki fullnægt.

3. Það skilyrði var sett að samkomulag kjarnorkuveldanna lægi til grundvallar slíkri frystingu. Þessu skilyrði var heldur ekki fullnægt.

Það var þess vegna ekki ástæða fyrir okkur að breyta atkvæði okkar við þessa tillögu. Ég gerði grein fyrir þessu á fundi utanrmn. s.l. mánudag.

Ég býst ekki heldur við að hv. fyrirspyrjandi mundi vera ánægður með greinargerð Norðmanna fyrir breytingu á atkvæði þeirra við þessa atkvæðagreiðslu. Þar segja þeir beinlínis: Þrátt fyrir það að tillagan sé að sumu leyti ekki í samræmi við okkar skoðun ætlum við að greiða atkvæði með henni. Ég mundi aldrei leggja til eða gefa fyrirmæli um að greiða atkvæði með tillögu sem ekki væri í samræmi við okkar skoðun.

Í öðru lagi segja þeir að þeir hafi gert það að skilyrði alla tíð að samkomulag kjarnorkuveldanna lægi til grundvallar slíkri frystingu. En þeir láta sér nú nægja að leiðtogarnir ætli að hittast í Genf og það beri vitni um að samkomulag hljóti að eiga að liggja til grundvallar slíkri frystingu. Þetta er ekki fullnægjandi að mínum dómi.

Í þriðja lagi taka Norðmenn fram að þeir mæli á móti þeim liðum tillögunnar sem fjalla um gagnrýni á varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins, þar á meðal fælingarmátt kjarnorkuvígbúnaðar, en í tillögunni er það gefið í skyn að slík stefna auki líkur á kjarnorkuvopnastríði.

Annarri fyrirspurn vil ég svara á þann hátt að við Íslendingar höfum tekið þátt í því ásamt Norðmönnum að fá þessari tillögu breytt, er fjallar um frystingu kjarnavopna, þannig að skilyrðum afvopnunartillögu Alþingis væri fullnægt. Við munum halda áfram þeim tilraunum. En meðan hún er ekki betrumbætt umfram það sem hingað til hefur orðið sé ég ekki ástæðu til að endurskoða afstöðu okkar til hennar. Ég vænti þess og vona að áframhaldandi tilraunir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna verði til þess að við getum staðið að samhljóða tillögu þar og allur þingheimur stóð saman um á vettvangi Alþingis.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Er sú afstaða, sem hæstv. utanrrh. var að lýsa hér, afstaða ríkisstj.? Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. svari því þannig að það komi þá hreint fram hvort Framsfl. stendur að þessum viðhorfum sem hæstv. utanrrh. var að lýsa hér, viðhorfum sem eru þannig að allir jafnaðarmannaflokkarnir, bæði utan og innan Alþjóðasambands jafnaðarmanna í Evrópu, og miðflokkarnir mundu ekki styðja þau.

Sú tillaga sem hér er til umræðu er mikilvægur merkimiði á alþjóðavettvangi um hvar menn standa. Það eru fáar atkvæðagreiðslur sem fylgst er eins mikið með um víða veröld og þessi atkvæðagreiðsla um tillögu Svíþjóðar og Mexíkó um frystingu. Að Ísland skuli eitt Norðurlanda ekki styðja þessa tillögu nú er alger ómerking á þeim viðhorfum sem hæstv. forsrh. lýsti í ræðu sinni á hátíðarfundum Sameinuðu þjóðanna fyrir nokkrum vikum síðan.

Ég vil svo spyrjast fyrir um hvort hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. eru reiðubúnir til að láta fara fram atkvæðagreiðslu hér á Alþingi næstu daga þannig að þingheimur geti fengið að tjá vilja sinn í þessu máli og ákveða líkt og þingið í Danmörku og þingið í Noregi hvernig farið verði með atkvæði Íslands í þessari atkvæðagreiðslu. Þar hafa þjóðþingin mótað þessa afstöðu. Ég beini þeirri spurningu til þeirra hvort þeir séu reiðubúnir að láta Alþingi greiða um það atkvæði í

næstu viku hvernig Ísland greiðir endanlega atkvæði þegar tillagan kemur til meðferðar á allsherjarþinginu.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það var ánægjuleg stund hér s.l. vor þegar Alþingi sameinaðist um tillögu í afvopnunarmálum og sýndi þannig sterka samstöðu Alþingis og íslensku þjóðarinnar. Ég sagði þá að þm. ættu að kappkosta að kynna þessa tillögu sem víðast. Á 40 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna gerði ég það og fékk sú kynning mjög góðar undirtektir. Ég vil einnig segja það að í ráðuneytið hafa borist fjölmörg bréf þar sem þessari afstöðu hefur verið fagnað.

Síðan þetta gerðist er að mínu mati langsamlega mikilvægast í þessum málum að forustumenn stórveldanna hafa hist, ísinn hefur bráðnað að nokkru leyti og ákveðið hefur verið að hraða meðferð afvopnunarmála á milli stórveldanna. Jafnframt er ákveðið að þessir forustumenn hittist fljótlega aftur.

Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, með fullri virðingu fyrir svona samþykkt á þingi Sameinuðu þjóðanna og annarri ágætri viðleitni til friðar, sem ég er ekki að draga úr, m.a. viðleitni hv. síðasta ræðumanns, að samstaða og samkomulag milli stórveldanna sé nánast það eina sem getur tryggt æskilegan framgang þessara mála. Ég er þeirrar skoðunar að eftir að þessar viðræður eru nú hafnar — það leit ekki vel út um að viðræður yrðu lengi vel vegna afstöðunnar — þá eigum við Íslendingar að stuðla sem allra mest að því að þær geti farið fram á sem eðlilegastan máta. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum þá ekki að taka þátt í samþykktum sem kynnu á einhvern máta að valda einhverjum þrýstingi eða jafnvægisleysi í þessum viðræðum.

Ég vil taka það fram í framhaldi af því sem hér var spurt um áðan að utanrrh. kynnti fyrir mér þá afstöðu sína að atkvæði Íslands yrði óbreytt frá því sem var á síðasta þingi Sameinuðu þjóðanna og ég var og er því samþykkur.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í þessari umræðu. Ég vil nú byrja á því að lýsa yfir óánægju minni með það að svo stuttur fyrirvari skuli gefast þegar tilkynnt er um utandagskrárumræður með þessum hætti. Sérstaklega ef um er að ræða mál þar sem þm. vildu gjarnan taka þátt í umræðum um og þyrftu þess vegna að nesta sig örlítið betur heldur en segja einungis það sem þeim flýgur í brjóst þegar þeir standa hér í stólnum.

Það vill svo til að á undanförnum tveimur þingum hafa þingmenn Kvennalista borið fram þáltill. um frystingu kjarnorkuvopna. Sú tillaga er að meginefni til sniðin upp úr þessari tillögu sem hér er til umræðu, tillögu Mexíkó og Svíþjóðar. Þegar tilraun var gerð til þess að allir stjórnmálaflokkar og samtök á Alþingi Íslendinga gætu komið sér saman um eina stefnu, sem allir gætu samþykkt, í afvopnunarmálum, þá var tekið mið af þessari tillögu m.a. Og það er af því tilefni fyrst og fremst og af því tilefni að ég hef nú frétt í dag að Norðmenn hafi greitt atkvæði öðruvísi í þetta sinn heldur en hingað til. Og það veldur mér mikilli undrun og mér finnst það mjög leiðinlegt að við skulum standa út úr eins og sár fleinn í holdi í þessum efnum. Það hefur gjarnan verið haft að viðkvæði þegar atkvæði hafa fallið — og einmitt með þessa tillögu um frystingu kjarnorkuvopna — að við yrðum að sitja hjá til þess að fylgja hinum Norðurlöndunum. Við fylgjum ekki hinum Norðurlöndunum núna, við stöndum ein, við fylgjum einhverjum öðrum. Ég lýsi yfir óánægju minni með það að við skulum ekki hafa hugrekki til þess að fylgja fyrst og fremst vilja þessarar þjóðar og öðrum Norðurlöndum sem hafa séð sér fært að taka sjálfstæða afstöðu til þessarar tillögu.

Mér var að berast í hendur rétt í þessu texti atkvæðaskýringar Norðmanna vegna þessarar tillögu og ég var í flýti að reyna að lesa hann á ensku. Þar stendur í sambandi við eftirlit stórveldanna og þennan fund sem var haldinn í Genf að Norðmenn álitu samþykkt þessarar tillögu gefa beinan stuðning við Genfarviðræðurnar. Það er ekki lýst yfir óánægju með það, eins og hæstv. utanrrh. gaf í skyn, heldur er samþykkt tillögunnar álitin vera beinn stuðningur við Genfarviðræðurnar.

Ég skora á hæstv. utanrrh. að hlusta á vilja Alþingis í þessum efnum. Ég tek undir það að æskilegt væri ef Alþingi fengi að greiða atkvæði um þetta mál þannig að það gæti orðið stuðningur fyrir hæstv. utanrrh. til þess að skipta um skoðun. Eins og góð kona sagði mér af manni að norðan: „Ég hef vitkast. Þess vegna hef ég skipt um skoðun", sagði hann.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. landsk. þm. fann að því að það væri of stuttur fyrirvari fyrir hv. þm. fyrir umræðum utan dagskrár eins og hér fara fram. Hér er um misskilning að ræða hjá hv. þm. Það verður að hafa í huga að ákvæði 1. málsgr. 32. gr. þingskapa um umræður utan dagskrár eru beinlínis sett til að auðvelda þm. að koma vafningalaust með áhugamál sín inn á þing, hvort sem það er í formi yfirlýsingar eða fsp. til ráðherra. Það er ákvæði um það í þingsköpum að rætt skuli um þetta við forseta eigi síðar en tveim tímum áður en þingfundur hefst og það er ákvæði um að forseta beri að tilkynna um slíkar utandagskrárumræður í upphafi þingfundar. Hvort tveggja þetta var gert við þessar umræður.

Ef það á ekki að torvelda að framkvæma þingsköp í þeim anda að auðvelda þm. að koma vafningalaust með sín mál inn á þingfundi í þessu formi mega hv. þm. ekki kveinka sér undan því að taka þátt í umræðum, þó með litlum fyrirvara sé, ef þeir telja sig þurfa að taka þátt í umræðum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. forseta sameinaðs þings um að ég held að hér sé rétt að farið og er fyllilega farið eftir þingsköpum. Ég held að það séu endurbætur á þingsköpum að opna fyrir umræðu sem þessa.

Ég ætla ekki að fara að vekja hér deilur um utanríkismál í þessum umræðum utan dagskrár, en ég get ekki varist því að sú afstaða sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. vekur undrun mína. Ég tel að önnur afstaða hefði verið meir í samræmi við anda þeirrar samþykktar sem Alþingi gerði um utanríkismál á síðasta vori og vil að það komi fram í þessari umræðu. Breytt afstaða Norðmanna ber því vitni að ríkisstjórn Kåre Willochs treystir sér til að standa að samþykkt tillögu Mexíkó og Svíþjóðar og fleiri ríkja. Verður þó held ég ekki Kåre Willoch, né heldur flokksbróðir hans Poul Schlüter í Danmörku, sakaður um þjónkun við heimskommún-

isma. Og því skyldum við fara að vera kaþólskari en páfinn? Ég er alveg sammála forsrh. um að samþykkt þessarar tillögu hefði ekki verið nein allsherjarlausn og hún hefði ekki verið trygging á heimsfriði um okkar daga, en samþykkt þessarar tillögu hefði verið nokkurt skref, ekki stórt skref, en þó skref í rétta átt og skref sem ég held að óhætt hefði verið fyrir okkur að taka þátt í að stíga. Ég tel eðlilegt að Ísland hafi samstöðu með öðrum Norðurlandaþjóðum og gæti sóma síns vegna prýðilega greitt atkvæði með tillögu Svíþjóðar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Viðbrögð hæstv. utanrrh. í þessu máli valda vissulega miklum vonbrigðum. Ég ítreka: Hver hefði trúað því að aðeins sex mánuðum eftir samþykkt þáltill. um afvopnunarmál, stefnu Íslendinga í þeim efnum, stæðum við í þeim sporum eitt Norðurlanda að fylgja ekki þeirri tillögu sem hér um ræðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, tillögu sem Svíþjóð er meðflytjandi að og tillögu sem yfirgnæfandi fjöldi ríkja heims sameinast um. Viðbárur hæstv. utanrrh. um að ekki séu í tillögu Mexíkó, Svíþjóðar og fleiri tekin inn öll þau atriði og fyrirvarar sem lesa megi út úr þáltill. Alþingis á s.l. vori eru fyrirsláttur einn. Það má lengi búa til slíkar girðingar ef maður vill reisa þær.

Hæstv. utanrrh. greindi frá því aðspurður á fundi utanrmn. s.l. mánudag að Ísland hefði greitt atkvæði í nefnd með sama hætti og áður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hann hafði hins vegar ekki fyrir því að greina nefndinni frá því að Noregur hefði þar breytt um afstöðu og hvaða fyrirvara Noregur hefði gert. Ég spyr hér að gefnu tilefni: Ætlaði hæstv. utanrrh. að leyna Alþingi Íslendinga og utanrmn. þeirri breytingu sem þarna hafði orðið? Sá hann ekki ástæðu til þess að greina forsrh. landsins frá því að Noregur hefði tekið aðra afstöðu en í fyrra, hefði breytt afstöðu sinni, og Ísland stæði eftir eitt í hópi Norðurlanda sem ekki greiddi atkvæði með þessari tillögu?

Ég óskaði eftir því á nefndum fundi að fá niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, ekki vegna þess að ég vissi um breytta afstöðu Norðmanna heldur vegna þess að ég vildi sjá svart á hvítu hvernig atkvæði hefðu þarna fallið, og nú liggur það fyrir ótvírætt. Í ljósi þess hlýtur Alþingi að taka á þessu máli áður en það gengur til endanlegra lykta á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, væntanlega í næstu viku. Ég trúi ekki öðru en hæstv. utanrrh., að athuguðu máli, og samstarfsflokkur hans í ríkisstjórn, flokkur hæstv. forsrh., stuðli að því að þessi mistök, sem ég vona að verði aðeins mistök, verði leiðrétt. Hér hafa komið stuðningsyfirlýsingar frá talsmanni Framsfl., formanni þingflokks Framsfl., í þessum efnum og það hlýtur að verða okkur hvatning til að taka á þessu máli og tryggja að sá blettur verði þveginn af nafni Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem á hann féll í nefndri atkvæðagreiðslu 20. nóvember.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að sjálfsagt sé að hafa samráð við aðrar Norðurlandaþjóðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. M.a. þess vegna þingum við utanríkisráðherrar Norðurlanda. En sannleikurinn er sá að á því samráði hefur verið misbrestur á stundum, ekki af Íslands hálfu heldur annarra Norðurlanda, þegar þeim hefur hentað að fara sínar eigin leiðir. Um þetta var spjallað og rætt og að vissu marki deilt á síðasta fundi utanríkisráðherra Norðurlanda s.l. haust.

Þó ég sé sammála því að hafa samráð við önnur Norðurlönd get ég ómögulega afsalað Íslandi sjálfstæðri skoðun og stefnumótun í utanríkismálum. Ég lofa því ekki fyrir fram að elta aðrar Norðurlandaþjóðir hvernig sem þeirra afstaða er. Mig minnir að sumir hv. þm., sem nú gagnrýna að við förum ekki að dæmi Norðmanna, hafi verið að prédika að Íslendingar ættu að hafa sjálfstæða utanríkisstefnu. Ég er alveg sammála þeim að þessu leyti. En hún er ekki fólgin í því að við látum afstöðu Norðmanna ráða atkvæði okkar. Og ég er nú alveg undrandi ef hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eru ánægð með það að við greiðum atkvæði með þessari tillögu Svíþjóðar og Mexíkó með greinargerð eins og Norðmenn gerðu fyrir sínu atkvæði. Því miður álít ég þá greinargerð fyrir neðan virðingu Norðmanna og raunar mundi slík greinargerð vera fyrir neðan virðingu okkar.

Ég vil svo, með leyfi forseta, lesa upp viðeigandi málsgrein afvopnunartillögunnar sem Alþingi samþykkti í fyrravor til þess að árétta og undirstrika að ég hef í einu og öllu farið eftir þeirri ályktun. Þessi málsgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj. að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti, enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun."

Ég hygg að afstaða sú sem ég hef tekið fyrir hönd Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þurfi ekki frekar vitnanna við.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er auðvitað alveg ljóst að ef hæstv. utanrrh. ætlar að fara að skjóta sér hér á bak við orð í samþykkt Alþingis, túlkun á ályktun Alþingis frá því s.l. vor, verður Alþingi að skera úr um hvort hæstv. ráðherra eigi að móta afstöðu á þeim grundvelli sem hann hefur hér kynnt. Hann las hér upp úr ályktun Alþingis frá 23. maí eina málsgrein sem er í aðgreindum þáttum. Þar er talað um að beina því til ríkisstj. að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti. Þetta stendur sjálfstætt. Síðan „svo og" og einnig „jafnframt", en þar stendur einnig, þar sem hæstv. ráðherra hætti að lesa: „Leita verður allra ráða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið." Þetta las hæstv. utanrrh. ekki. Og vegna þess að hann innti eftir því hvort við mundum telja viðunandi að hann gerði fyrirvara á eigin afstöðu þegar ráðið væri atkvæði Íslendinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna teldi ég það fyllilega réttmætt. Slíkt er mjög algengt þegar ríkisstjórnir taka þar afstöðu. Það er spurt þar um já eða nei og skýringar fylgja oft atkvæðum. Ég tel að hæstv. utanrrh. væri fullsæmdur af slíkum fyrirvara eins og norska ríkisstjórnin gerði vegna eigin afstöðu í þessu máli.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að við eigum að hafa sjálfstæða stefnu í utanríkismálum, en hún má ekki vera svo einstrengingsleg og kröfuhörð um fullkomnun að hún geti ekki nýst til að beita þeim þrýstingi sem nauðsynlegur er á stórveldin, nauðsynlegur til að hafa áhrif á þau til þess að hreyfa sig í átt til afvopnunar. Vandamálið er ekki síst að stórveldin hefur vantað pólitískan vilja til þess að snúa sér í alvöru að afvopnun. Það gæti leitt okkur að ýmsum spurningum um hvers vegna eru svo gríðarlega miklir hagsmunir fólgnir í vígbúnaðarkapphlaupinu. Og eru stórveldin í raun eða stjórnir þeirra slíkir leiksoppar þeirra afla, sem hafa hagsmuni að því að reka þindarlaust þetta fjárfreka kapphlaup, að þau geti í raun ekki öðlast þann pólitíska vilja sem er nauðsynlegur til þess að afvopnun geti átt sér stað? Og þá er spurningin: Hvernig og hverjir eiga fyrst og fremst að reyna að þrýsta á stórveldin til að skapa þennan vilja? Er það ekki skylda og ábyrgðarhluti þess hluta heims sem ekki telst til stórveldanna þó það væri ekki nema til að bjarga lífi sínu? Og það veldur mér vonbrigðum hvernig hæstv. forsrh. svarar, því að ég var þeirrar skoðunar að hann styddi slíka tillögu um frystingu kjarnorkuvopna. Það var mín trú.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan því að ég held að hér sé svo djúpstæður ágreiningur um hvað Alþingi var að samþykkja á s.l. vori að þar þurfi úr að skera. Ég held þess vegna að það væri mjög vel hægt að láta ganga atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi um hvernig Ísland greiði atkvæði í þessu máli.

Ég vil jafnframt fara þess á leit við hæstv. utanrrh. að hann dreifi á Alþingi Íslendinga þeirri tillögu, svokallaðri Mexíkó-Svíþjóðar-tillögu, sem hér um ræðir. Sannleikurinn er sá að fæstir þm. hafa hana séð og einungis á enskri tungu þeir fáu sem það hafa gert. Ég held að það sé skylda utanrrn. þegar um slíkar tillögur er að ræða að þeim sé dreift á íslenskri tungu því að ekki er hægt að gera ráð fyrir að allir hv. þm. séu læsir á ensku. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé gerlegt að nú á allra næstu dögum og þegar eftir helgina verði þessari tillögu dreift, sem ég hef hér í höndunum á ensku, og þm. gefist kostur á að bera saman innihald tillögunnar sem liggur fyrir þingi Sameinuðu þjóðanna og þeirrar tillögu sem hið háa Alþingi samþykkti á s.l. sumri.

Fari þetta eins og nú horfir sé ég raunar ekki ástæðu til þess að þeir flokkar sem eiga sæti á Alþingi og leggja höfuðáherslu á þessi mál sendi yfirleitt fulltrúa á þing Sameinuðu þjóðanna til að greiða atkvæði þvert gegn vilja þeirra flokka. Ég hef raunar bent á það áður hér í ræðustól að öll störf þeirrar sendinefndar þyki mér með mestu ólíkindum þar sem menn geta séð ef þeir líta í þá bók sem árlega er gefin út um þing Sameinuðu þjóðanna að embættismenn eru þar aðalmenn en alþingismenn varamenn. Hefur mér raunar fundist þeirra erindi oft ærið lítið á þing Sameinuðu þjóðanna.

En ég ítreka beiðni mína, hæstv. utanrrh., um að þessu plaggi verði dreift hér þegar eftir helgina og vil eindregið fara fram á að hér verði skorið úr um hvort þessi tillaga þeirra Svía og Mexíkana og allra þeirra þjóða sem hana styðja stangast í einhverju á við þá samþykkt sem var gerð á hinu háa Alþingi og þá hvernig.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur áðan vil ég taka fram að ég er henni mjög sammála þar sem ég skildi hennar mál svo að mikilvægt sé að forustumenn stórveldanna eru farnir að tala saman. Ég er sömuleiðis sammála því að við eigum að beita þrýstingi eins og við getum til þess að árangur verði af þeim viðræðum og horfið af fyrri óheillabraut sem við erum á. Það er hins vegar mikill misskilningur hjá hv. þm. að ég sé ekki hlynntur því sem hugsanlegu skrefi að banna tilraunir með kjarnorkuvopn eða hlynntur frystingu.

Ég vil geta þess að á fundi með forseta Bandaríkjanna í Brüssel 21. nóvember s.l. gat ég þess sérstaklega í orðum sem ég sagði þar að íslenska þjóðin legði sameinuð áherslu á að horfið væri af þessari braut og til afvopnunar. Ég spurði þá sérstaklega að því hvort ekki væri hugsanlegt sem eitt fyrsta skrefið að banna tilraunir með kjarnorkuvopn, þ.e. samþykkja frystingu undir öruggu eftirliti. Forseti Bandaríkjanna svaraði þeirri spurningu þannig að hann teldi stórum meiri líkur til þess að það gæti orðið nú en fyrir fund þeirra forustumannanna.

Ég tel að m.a. með þessu móti þá séum við að kynna okkar viðhorf og beita þrýstingi þar sem hann getur haft kannske nokkur og jafnvel töluverð áhrif.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann var að gefa hér. Mér er ekki kunnugt um að það hafi komið fram áður opinberlega að hann hafi sett fram þessi sjónarmið á fundi sem haldinn var í Brüssel að loknum leiðtogafundinum. Það ber vissulega að fagna því. Það var allt önnur yfirlýsing en hæstv. utanrrh. var með hér. Er rétt að Íslendingar fylgi eftir þessari yfirlýsingu forsrh. síns í Brüssel með formlegum hætti með því að greiða atkvæði með tillögu Svíþjóðar og Mexíkó. Hjáseta er eingöngu til þess að draga úr þunganum sem fólst í þessum orðum í Brüssel sem og þunganum, og segi ég það í fullri einlægni og alvöru, sem fólst í ræðu hæstv. forsrh. á þingi Sameinuðu þjóðanna. Mér er vel kunnugt um að vel var eftir þeim tekið. Þeim sem eftir þeirri ræðu tóku og þeim boðskap sem í henni fólst og þeirri stefnuafstöðu, ég get fullyrt það af nokkrum kunnugleika, mun þykja þessi hjáseta allundarleg.

Ég vil svo láta það koma hér fram að við þm. Alþb. erum reiðubúnir til þess í samvinnu við aðra þm. að flytja hér tillögu, sem verði dreift á næsta fundi þingsins, um að Alþingi lýsi því yfir að Ísland greiði atkvæði með tillögu Mexíkó og Svíþjóðar. Ég vænti þess að þegar sú tillaga kemur fram greiði hæstv. forseti sameinaðs þings fyrir því að hún verði tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu áður en atkæðagreiðslan fer fram endanlega á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get með engu móti fundið að tillagan frá í fyrravor, þá á ég við ályktun Alþingis um utanríkismál, rökstyðji afstöðu hæstv. utanrrh. nú. Mér finnst allur andi tillögunnar þvert á móti fremur til stuðnings þeim markmiðum sem tillaga

Mexíkó og Svíþjóðar um frystingu felur í sér. Að sjálfsögðu er enginn að tala um að við látum aðrar Norðurlandaþjóðir móta afstöðu okkar til utanríkismála. Við eigum að sjálfsögðu að meta stöðuna sjálfstætt og fyrir okkur og með okkar hagsmuni fyrir augum hverju sinni. Norræn samvinna er einstök í veröldinni að því leyti til að það er hvergi sem fullvalda þjóðir hafa svo náið samstarf sín í milli án þess að glata í einu eða neinu sínu eigin fullveldi. Hins vegar er það í mörgum tilfellum mjög skynsamlegt að hafa samvinnu á alþjóðavettvangi. Í Norðurlandaráði eru utanríkismál ekki tekin til meðferðar. Ég hef hvað eftir annað lagt til að utanríkismálanefndir þjóðþinganna taki upp samstarf sín á milli. Sú hugmynd hefur ekki fengið verulegan hljómgrunn. Ég er meðflm. að tillögu í Norðurlandaráði um að kannað verði hvernig Norðurlönd geti út á við látið sína rödd heyrast best. Ég held að Norðurlönd hafi ýmislegt að segja í heiminum og það er frekar eftir því tekið ef við stöndum saman. Ég held að þarna hefði verið kjörið tækifæri til þess að láta sameiginlega rödd okkar heyrast og ég hefði fagnað því ef rödd Íslands hefði verið með í þeim kór.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég upplýsa að utanrmn. hefur haft aðgang að, ekki bara tillögu Mexíkó og Svíþjóðar og fleiri ríkja heldur 74 tillögum sem liggja fyrir allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og eru þar ræddar, um afvopnun, og Íslendingar eru meðflm. á sumum þessara tillagna. Það er allt annað en svo að þessar tillögur séu allar sambærilegar. Þær skarast á ýmsa vegu. Þetta er sumt mjög flókið og torlesið. Mappa með öllum þessum tillögum liggur úti í herbergi utanrmn. og væri auðvitað hægt að láta fjölfalda þær allar saman, ekki bara þessa einu. Ég skal alveg játa að ég hef ekki gaumgæfilega stúderað allar þessar tillögur, enda held ég að það væri ærið verk að ætla sér að setja sig niður í allan þankagang þeirra hverrar um sig. En mér finnst þessi Mexíkó-Svíþjóðar-tillaga ekki vera neitt sérstök, ekki vera meira þess virði að greiða atkvæði með henni en mörgum öðrum.

Ég hef heldur ekki skilið hvernig hægt er að misskilja þá málsgrein sem við samþykktum hér í fyrravor einróma og hæstv. utanrrh. las upp. Þar er talað um gagnkvæmni, eftirlit o.s.frv. Það er rauði þráðurinn í þessari tillögu. Og þegar mér var falið að halda framsögu fyrir hönd nefndarinnar lagði ég að sjálfsögðu áherslu á að allir íslenskir stjórnmálaflokkar litu raunsætt á málið, þar á meðal að það þyrfti að vera eftirlit og þyrfti að vera gagnkvæmni. Að öðrum kosti næðist enginn árangur.

En ég vildi aðeins ítreka að þessar tillögur allar eru í herbergi utanrmn. og verða þar og menn geta þar hver og einn gengið að þeim og ljósritað það sem þeir vilja. Tillaga Mexíkó og Svíþjóðar er í mínum höndum og ef menn vilja get ég hlutast til um að hún verði fjölfölduð núna strax, en á ensku er hún að vísu á plagginu sem ég held á.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég held að ályktunin sem við gerðum hér samhljóða 23. maí á þessu ári sé það merk að við eigum við að halda okkur að henni og þá verða auðvitað stjórnvöld að gera það upp við sig hvort tillaga Mexíkó er meira í þá átt en þær tillögur sem við sjálfir erum meðflm. að, en það tel ég ekki vera.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég held að þetta mál sé komið á það stig að nauðsynlegt sé að allur þingheimur geri sér grein fyrir eðli þeirrar tillögu sem til umræðu er. Ég vil eindregið taka undir þær áskoranir, sem hafa komið fram, um að tillögunni sem kennd er við Svíþjóð og Mexíkó verði dreift bæði á ensku og í íslenskri þýðingu til allra þingmanna. Það er nauðsynlegt til þess að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort hún er í samræmi við margumræddа samþykkt Alþingis frá því í vor eða ekki, enda er það, ef ég hef skilið orð hæstv. utanrrh. rétt, meginástæðan fyrir því að Ísland sat hjá við atkvæðagreiðsluna að umrædd tillaga væri ekki í samræmi við þáltill. frá því í vor.

Ég vil geta þess í sambandi við ummæli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, því skyldum við taka út eina tillögu af 74, að ástæðan er einföld í mínum huga. Ástæðan er sú að allar Norðurlandaþjóðirnar nema Ísland greiddu þessari tillögu atkvæði. Þetta er tillaga sem er að verulegu leyti mótuð af einu Norðurlandanna. Það er mikið samstarf milli Norðurlandanna, ekki síst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég get um það borið af eigin reynslu að starf okkar þar væri miklum mun erfiðara og flóknara ef ekki nyti Norðurlandanna. En vafalaust er margt gott og margt miður gott að finna í öllum þessum tillögubunka. En þessi tillaga hefur verið mjög rædd meðal Norðurlandanna og það hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. að bæði Noregur og Ísland hafa átt hlut að því að reyna að hnika við orðalagi. Það bendir til þess að hún hafi einkum og sér í lagi verið Norðurlöndum áhugamál.

En ég vil sem sagt eindregið óska eftir því að fá þessa tillögu á ensku og íslensku svo að þingmenn geti upp á eigin spýtur dregið ályktanir um þær staðhæfingar sem hér hafa komið fram.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal reyna að virða þann þrönga tíma sem okkur er búinn hér, en við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, formann utanrmn., vil ég segja þetta: Þetta mál af hinum 74 hefur algjöra sérstöðu vegna þess að um það hefur Alþingi Íslendinga fjallað beint. Ég skil hins vegar vel skjálfta hæstv. utanrrh. vegna þess að hann óttast auðvitað að fyrir honum fari eins og báðum kollegum hans, ekki þó kollegum beint, þeim forsætisráðherrum Danmerkur og Noregs. Í báðum tilvikum er þjóðþingið nefnilega á annarri skoðun en ríkisstjórnin og kæfði vilja ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ísland er komið í alveg sömu stöðu sem betur fer. Það er þess vegna lágmark að þingið fái sjálft að sjá hvort þessar tvær tillögur stangast á.

Ég vildi fara þess á leit við hæstv. forseta að fá að nota tvær, þrjár mínútur vegna þess að ég er forréttindakona að því leyti að ég kann enska tungu að nokkru gagni, það eiga þm. ekki endilega að gera, svo að ég skal hjálpa utanrrh. ofurlítið í þessum málum. Ég virði athugasemdir forseta. Þetta tekur mjög stuttan tíma. (**Forseti:** Það er ekki hægt að leyfa að fara tvær, þrjár mínútur fram úr þeim tíma sem þingsköp tilskilja, jafnvel þó að það sé mælt á enska tungu.) Ég ætla ekki að fara að lesa enska tungu, herra forseti. Því skal ég lofa. (**Forseti:** Þetta leyfi er ekki veitt.) Nei, ég skal virða það. Ég skal þá ekki, sem ég ætlaði að gera, rekja þau atriði sem tillagan gengur út á. Það er í raun og veru fljótskýrt og stangast að mínu mati á engan hátt á við þá tillögu sem Alþingi samþykkti s.l. sumar. En ég virði ágæt vinnubrögð forseta og skal ekki gera það.

En ég ætla að leyfa mér að fullyrða að þegar Alþingi hefur fengið annars vegar tillögu Svía og Mexíkana í hendur og síðan aflað sér þáltill. frá því í fyrra komi í ljós að þær stangast engan veginn á.

Að lokum, herra forseti. Ég man ekki hvort hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat þess, en hér er um að ræða tillögu sem 113 þjóðir greiddu atkvæði. Á móti voru 11 og 6 sátu hjá. Sú er nú staða Íslands að ásamt Bahamaeyjum, Kína, Lúxemborg, Hollandi og Spáni sáu Íslendingar ástæðu til að sitja hjá.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum að dreift verði tillögu þeirri, sem hér hefur sérstaklega verið gerð að umræðuefni, bæði á ensku og íslensku, en ég vil taka það fram að það mundi æra óstöðugan og Alþingi Íslendinga ekki hafa neitt annað að gera ef það ætti að ræða 74 tillögur um afvopnunarmál, sem lagðar hafa verið fram á þingi Sameinuðu þjóðanna, og ákveða hér á Alþingi hvernig afstaða þingsins ætti að vera.

Ég hef oftsinnis látið þá skoðun í ljós að það er ekki Sameinuðu þjóðunum til framdráttar eða friði í heiminum til eflingar þetta tillöguflóð. Það er ákaflega auðvelt að koma með yfirborðslegar afvopnunartillögur og fá þær samþykktar. En hitt er erfiðara að fá gerðar þær samþykktir sem virtar verða og raunverulega efla frið í heiminum.

Ég held að við getum öll verið sammála um að það er kjarni okkar tillögu að málsaðilar uni því og treysti sem samþykkt er og alþjóðlegt eftirlit verði með því haft. Þetta er kjarni málsins. Við náum ekki árangri á sviði afvopnunar nema málsaðilar uni og treysti því sem samþykkt verður og alþjóðlegt traust eftirlit eigi sér stað. Ég held þess vegna að við verðum að vera kröfuhörð í afstöðu okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að þetta eftirlit sé til staðar en að menn skáki ekki í því skjólinu að geta skorast undan eftirliti og geti borið fyrir sig samþykktir sem geta verið gerðar með miklum meiri hluta atkvæða en gera samt ekkert gagn heldur tefja fyrir því að málsaðilar uni alþjóðlegu eftirliti. Í þeim anda höfum við myndað okkur skoðun og greitt atkvæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Efnisskrá.

Aðgangur skóla að náms- og kennslugögnum (138. mál) 1081.
Ákvörðun um hollenskt herlið á Keflavíkurflugvelli (139. mál) 1085.
Bann gegn geimvopnum (86. mál) 1166.
Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (116. mál) 1076, 1138.
Endurmat á störfum láglaunahópa (114. mál) 1064, 1138.
Fjárhagsvandi vegna húsnæðismála (62. mál) 1105.
Framleiðni íslenskra atvinnuvega (77. mál) 1108, 1161.
Fylkisstjórnir (17. mál) 1105.
Geislavarnir (151. mál) 1070, 1138.
Kennsla í útvegsfræðum (112. mál) 1079.
Kostnaður vegna dvalar hollenskrar hersveitar á Íslandi (140. mál) 1088.
Langtímaáætlun í jarðgangagerð (90. mál) 1114, 1161.
Launamál kvenna (156. mál) 1097.
Námsbrautir á sviði sjávarútvegs (118. mál) 1121, 1162.
Opinn háskóli (122. mál) 1162.
Réttaráhrif tæknifrjóvgunar (143. mál) 1125, 1162.
Röksemdir fyrir hollenskri hersveit á Keflavíkurflugvelli (141. mál) 1092.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (127. mál) 1128.
Stefnumörkun í skólamálum (148. mál) 1105.
Stjórnarskipunarlög (117. mál) 1053.
Stöðvun okurlánastarfsemi (152. mál) 1072, 1138.
Tekjustofnar sveitarfélaga (61. mál) 1064.
Um þingsköp 1105.
Umræður utan dagskrár 1101 (slys á börnum og unglingum); 1182 (afstaða Íslands til banns við kjarnorkuvopnum).
Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu (137. mál) 1082.
Viðskiptabankar (158. mál) 1139.
Vistunarvandi öryrkja (92. mál) 1111, 1162.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1096, 1101, 1106, 1107, 1114, 1161, 1186.
Forseti Sþ. Helgi Seljan 1084.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1185, 1190.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 1097, 1099, 1100.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 1070, 1102, 1104.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 1079, 1081.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1082, 1085.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 1086, 1087, 1089, 1091, 1092, 1093, 1095, 1096, 1173, 1183, 1187, 1193.
Björn Dagbjartsson 1124, 1169.
Davíð Aðalsteinsson 1054, 1062.
Eiður Guðnason 1053, 1082, 1084, 1101, 1103, 1104, 1118, 1128, 1181, 1182.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1095, 1130, 1191.
Guðmundur Einarsson 1139, 1155.
Guðrún Agnarsdóttir 1070, 1079, 1080,1081, 1082, 1099, 1165, 1171, 1185, 1189.
Guðrún Helgadóttir 1083, 1096, 1103, 1125, 1146, 1189, 1192.
Gunnar G. Schram 1108, 1117, 1163.
Haraldur Ólafsson 1058, 1135, 1165, 1172, 1192.
Helgi Seljan 1111, 1133.
Hjörleifur Guttormsson 1076, 1105, 1107, 1166, 1180, 1182, 1187, 1188.
Jóhanna Sigurðardóttir 1064, 1097, 1098, 1099, 1142.
Jón Baldvin Hannibalsson 1149, 1159.
Jón Kristjánsson 1128, 1129, 1135.
Karl Steinar Guðnason 1130, 1137.
Ólafur Ragnar Grímsson 1085, 1087, 1088, 1090, 1092, 1094, 1095, 1107, 1177, 1182, 1184, 1190.
Ólafur Þ. Þórðarson 1106.
Páll Pétursson 1145, 1157, 1186, 1190.
Ragnar Arnalds 1060, 1162, 1165.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1100.
Skúli Alexandersson 1120, 1121, 1124.
Steingrímur J. Sigfússon 1072, 1113, 1114, 1119, 1175.

Efri deild, 23. fundur.

Mánudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, stjfrv. 127. mál (þskj. 140). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, stjfrv. 168. mál (þskj. 188). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sem er sambærilegt mál og flutt var um svipað leyti á s.l. ári og fjallar um það með hvaða hætti tekjum af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs skuli ráðstafað.

Eins og fram kemur í athugasemdum og töflu á bls. 4 í frv. þessu er gert ráð fyrir að útgjöld Aflatryggingasjóðs á næsta ári verði 476 millj. vegna verðuppbóta á botnfisk og loðnu og síld. Þá verði útgjöld til almennrar deildar, þ.e. 7% bætur sem fjallað er um í 2. og 3. lið ákvæðis til bráðabirgða í frv., samtals 568 millj., útgjöld til áhafnadeildar 248 millj. og útgjöld áhafnadeildar vegna lífeyrissjóðsgreiðslu, 1%, sem um er fjallað í 4. lið ákvæðis til bráðabirgða, séu 81 millj.

Það er gert ráð fyrir að til Aflatryggingasjóðs renni á árinu 1986 600 millj. skv. fjárlögum, en áætlun um uppsafnaðan söluskatt á árinu 1986 er, eins og hér kemur fram, 770 millj. Það hefur þótt nauðsynlegt að taka tillit til hinnar slæmu stöðu ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild með því að áætla þessar greiðslur 600 millj. í stað 770.

Eins og fram kemur í þeim áætlunum sem eru í fskj. á bls. 4 mun á vanta 190 millj. til að standa við þær skuldbindingar sem þar koma fram. Þessi tafla er að nokkru leyti misvísandi því að þar er gert ráð fyrir greiðsluskuldbindingum en ekki greiðslustreymi. En nú er verið að gera upp aflatryggingasjóðsdæmið sem ég vænti að liggi fyrir næstu daga þannig að hægt verði að gera betur grein fyrir þessu máli í nefnd. En ég á von á því að þessi áætlun líti heldur betur út en þarna kemur fram.

Það kemur fram í athugasemdum með frv. þessu að nú stendur yfir endurskoðun á sjóðakerfinu og tekjuskiptingunni í sjávarútveginum á vegum nefndar sem skipuð var. Það verður reynt að ljúka þessari endurskoðun á árinu 1986 og væntanlega lýkur þeirri endurskoðun það tímanlega að þeir fjármunir muni duga, eins og hérna kemur fram, til að standa við greiðsluskuldbindingar. Ef hins vegar verður óeðlilegur dráttur á því liggur fyrir að hér getur verið um nokkurn vanda að ræða.

Það hefur vissulega verið rætt um að gera ýmsar breytingar á þeim greiðslum sem hér koma fram, en vegna þeirrar endurskoðunar sem fram fer á sjóðakerfinu þykir rétt að bíða með allar slíkar breytingar þar til þeirri endurskoðun er lokið.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál, en ætla að ítreka einu sinni enn að slíkar tilfærslur á fjármunum þykja mér harla skrýtnar. Hér er verið að færa fé frá fiskvinnslunni því að hún borgar söluskatt en ekki útgerðin. Hér er verið að færa fé frá fiskvinnslunni til útgerðar með því að leggja prósentur ofan á fiskverð. Af hverju er ekki hægt að greiða þetta einfaldlega beint frá fiskvinnslu til útgerðar? Ég sé ekki af hverju þarf að færa þetta fyrst úr einum vasanum í annan og svo í þann þriðja. Ég vil helst fá svar við þeirri spurningu.

Í öðru lagi: Hvaðan á að fá þessa peninga ef það verður tekinn upp virðisaukaskattur eftir rúmt ár? Þá verður engin tilfærsla á söluskatti. Hvaðan verða þessir peningar fengnir þá eða á að fella þessa greiðslu niður þegar og ef virðisaukaskattur verður tekinn upp eða verður fundið upp nýtt fallegt nafn á þessar 600 millj. til að færa á milli? Hér er verið að leika sama leikinn og í landbúnaði að færa sífellt á milli vasa, greiða niður fiskverð. Það er öfugmæli því að varla er hægt að greiða það niður sem við lifum á.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi því að svipað frv. og hér liggur fyrir var til umfjöllunar hjá okkur fyrir ári og hér er sjálfsagt á ferðinni eitt af þeim frv. sem við þurfum að klára fyrir jólafrí. Þetta kemur til þeirrar nefndar sem ég sit í. Ég mun því ekki fjalla mikið um efni þess nú, en ég hef áhuga fyrir því að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðh. hvað hann hyggst fyrir með störf þeirrar nefndar sem hann gaf fyrirheit um að mundi klára sitt starf á næsta ári. Við fengum svipuð fyrirheit á síðasta ári um að sú nefnd mundi klára störf sín þá.

Ég á sæti í þessari nefnd. Ég held að það hafi verið haldinn einn fundur á þessu ári og það var haldinn einn fundur á árinu 1984, þannig mér sýnist að það sé ekki bjart fram undan. Ef hún nær ekki að auka vinnu sína klárast verk hennar ekki frekar á næsta ári en því ári sem nú er að líða.

Eins og ég segi er ýmislegt í þessu frv. sem þarf að fjalla um. Við fáum sjálfsagt fulltrúa ráðuneytisins til að gefa okkur ýmsar upplýsingar um efni frv., um þá þætti að ekki er nýttur að öllu leyti uppsafnaður söluskattur og einnig um mínusstöðuna í árslok upp á 190 millj.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Hv. 8. landsk. þm. Kolbrún Jónsdóttir spurðist fyrir um hvað mundi gerast þegar virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Það er að sjálfsögðu alveg ljóst að við þá aðgerð mun þessi endurgreiðsla hverfa. Hún mun koma af sjálfu sér í því skattkerfi því að þeir aðilar sem stunda útflutningsframleiðslu fá þá sjálfkrafa endurgreiddan allan þann virðisaukaskatt sem þeir greiða. Það er áformað að með því leggist endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti niður. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að þessi uppsafnaði söluskattur rennur til útgerðar og sjómanna vegna þess mikla vanda sem flotinn hefur átt við að stríða á undanförnum árum. Það

mun væntanlega lagast. Ég á von á að þetta geti fallið algerlega niður. Síðan verður að takast á um tekjuskiptinguna innbyrðis í sjávarútveginum.

Það má vissulega halda því fram að hér sé um óþarfatilfærslur að ræða og millifærslur, en ég bendi á að hér er um almennar reglur að ræða. Hér er borguð ákveðin prósenta ofan á fiskverð. Ef þessi greiðsla væri ekki fyrir hendi og þessi endurgreiðsla mundi renna til fiskvinnslunnar þyrfti fiskvinnslan væntanlega að borga hærra fiskverð.

Eins og hv. þm. er kunnugt er mikið tekjuskiptingarvandamál innan sjávarútvegsins milli sjómanna, útvegsmanna o.s.frv. Það er mjög viðkvæmt mál og m.a. er verið að fjalla um það í þeirri nefnd sem hv. 4. þm. Vesturl. vitnaði til áðan. Það er alveg rétt hjá honum að hraða þarf störfum nefndarinnar. Ég hef rætt það mál við formann nefndarinnar, sem er þessum vandamálum mjög kunnugur frá fyrri tíð, og það mun verða reynt að ljúka störfum nefndarinnar eins fljótt og hægt er, vænti ég. En hvort það tekst á þessu ári eða með vorinu get ég að sjálfsögðu ekkert fullyrt um. Eins og ég veit að hv. þm. er ekkert síður kunnugt um en mér er hér um mjög vandasamt mál að ræða. Það grípur inn í hlutaskipti og ýmis önnur viðkvæm atriði sem ávallt hefur verið erfitt að ná samkomulagi um.

En ég vil að lokum ítreka að með þessum greiðslum, sem voru teknar upp í ársbyrjun 1984, var lögð af greiðsla úr Aflatryggingasjóði vegna sérstakra erfiðleika sem var áður. Með því var verið að gera greiðslur úr Aflatryggingasjóði almennar. Menn gátu ekki fengið neinar sérstakar bætur úr þeim sjóði eins og áður var vegna aflabrests.

Ég vil ítreka að hér er um almennar greiðslur ofan á fiskverð að ræða sem er verið að reyna að draga verulega úr í því starfi sem nú fer fram í þeirri nefnd sem hv. þm. vitnaði til. Þar eiga sæti fulltrúar sem eru í sjútvn. á Alþingi og fulltrúar hagsmunaaðila. Það er sem sagt verið að vinna að því að draga úr þessum greiðslum. En það verður ekki gert með því að ákveða það mjög skyndilega ef slíkt á að gerast með einhverjum vitrænum hætti. Það verður að sjálfsögðu um það að fjalla til þess að verði ekki úr því meiri háttar átök innan sjávarútvegsins. Get ég vitnað þar til fyrri tilrauna sem hafa verið gerðar í þessu sambandi. Tókst, að því er mig minnir, að draga verulega úr þessum greiðslum með samkomulagi sem var gert sennilega veturinn 1978.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég biðst forláts á því að koma hér í ræðustól sumpart eingöngu til þess að læra. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki hundsvit á því sem hér er verið að tala um. A.m.k. trúi ég ekki mínum augum og eyrum.

Hæstv. sjútvrh. talaði um að ekki væri hægt að breyta því sem er á þessum pappírum með neinum vitrænum hætti í einu vetfangi. Ég fæ ekki betur séð en að grundvallarástæðan til þess að ekki er hægt að breyta þessu með nokkrum vitrænum hætti sé einfaldlega sú að það er ekkert vit í því og þar af leiðandi ekki hægt að koma því við þegar um það er fjallað.

Ég verð a.m.k. að viðurkenna að það slær mig nokkurri furðu að jafnungur maður og hæstv. sjútvrh. skuli geta hugsað sér að standa að klúðri eins og þetta er. Ef við setjum sjálfan mig inn í þetta dæmi, þá er það þannig: Af því að ég borga mikla skatta get ég ekki borgað sjómanninum, sem ég kaupi fiskinn minn hjá, það verð fyrir fiskinn sem hann þarf að fá. Þá hleypur ríkið til og hjálpar honum, og að því er sagt er líka mér, með því að taka skattana sem ég borga og hlaupa með þá til sjómannsins og láta hann hafa þá í smáskömmtum til hins og þessa. Þá hljóðar þetta einhvern veginn þannig fyrir þann sem reyna vill að skilja það: „Að undanförnu hafa verið greiddar 4% bætur af öllu aflaverðmæti inn á reikning hvers skips í Stofnfjársjóði fiskiskipa í stað bótagreiðslna samkvæmt fyrri reglum hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs." Þetta fer náttúrlega ekki um hendur þeirra aðila sem eru beinir þátttakendur í þessu heldur deilir ríkisvaldið, að því er ég fæ best séð, og drottnar og úthlutar fé í þá vasa sem það kýs að stinga peningunum í.

„Þá hafa einnig verið greiddar 3% tímabundnar bætur úr almennu deildinni beint til útgerðar á sama stofn auk 1% lífeyrisframlags úr áhafnadeild til lífeyrissjóða sjómanna. Samtals eru því greiddar 8% bætur úr Aflatryggingasjóði í beinu hlutfalli við aflaverðmæti hvers skips" — og nú eru allir hættir að skilja. A.m.k. er ég hættur að skilja.

Enn fremur: „Auk þessara greiðslna, sem tengdar eru fæðiskostnaði áhafna, greiðir áhafnadeildin eins og fyrr var getið 1%" o.s.frv. Þá greiða menn ekki verð fisksins heldur eru menn farnir að greiða launakostnað útgerðarinnar, þ.e. greiða sjómönnunum að hluta til kaup til þess að útgerðin þurfi ekki að greiða þeim kaup af því að útgerðin hefur ekki efni á því vegna þess að hún fær svo lítið verð fyrir fiskinn vegna þess að hún selur fiskinn mönnum sem hafa ekki efni á því að borga neitt fyrir hann vegna þess að þeir þurfa að greiða svo mikinn skatt! „Auk þessara greiðslna, sem tengdar eru fæðiskostnaði áhafna, greiðir áhafnadeildin eins og fyrr var getið" — og reyni nú einhver að spá í hvað áhafnadeildin er — „1% af aflaverðmæti til að standa straum af lífeyrisiðgjöldum sjómanna. Þetta var ákveðið í tengslum við kjarasamninga á s.l. vetri."

Þetta var allt saman ákveðið 1. október meira og minna. Nú kemur sjútvrh. og heimtar ekki bara að við skiljum þessa hluti, heldur að við samþykkjum þá sem allra fyrst vegna þess að annars fer allt í klúður.

Ég verð að viðurkenna að ég get alveg tekið undir það með sjútvrh. að sjálfsagt mun verða erfitt að breyta þessu með vitrænum hætti. Aftur á móti get ég ekki tekið undir að ekki sé hægt að breyta þessu skjótt og örugglega með því að láta þá menn, sem hér eru að versla, í friði.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Hv. þm. Stefán Benediktsson komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekkert vit í því sem hann hefði sjálfur ekki hundsvit á. Það er út af fyrir sig mjög merkileg niðurstaða að mínu mati. Ég er hins vegar á því að menn ættu almennt að hafa þann sið að vera ekki dómharðir í máli eftir að hafa lýst því yfir að hafa ekki hundsvit á því. Þó að það sé gott að vera hógvær, eins og ég veit að hv. þm. á kyn til úr Öræfum, fannst mér óþarfi af honum að lýsa því yfir á eftir að það væri ekkert vit í málinu.

Auðvitað er hér um að ræða umdeilanlegt mál. Það er að því stefnt að draga úr því sjóðakerfi sem er í sjávarútveginum. Og það hefur verið dregið úr því. M.a. var Olíusjóður lagður niður og ýmislegt fleira

hefur verið gert.

Hér er um verulegar greiðslur að ræða. Útgjöld verðjöfnunardeildar ganga m.a. til þess að borga 6% uppbót á flestar tegundir botnfisks nema karfa sem hefur 14% uppbót og ufsi hefur 25% uppbót. Ýsa hefur ekki neina uppbót. Þegar verð á ufsa féll mjög verulega og virtist vera að þær veiðar mundu leggjast af var ákveðið í fiskverðssamningum að auka uppbótina á ufsann. Ég minni t.d. á mikil vandamál sem komu upp í Vestmannaeyjum og á fleiri stöðum.

Það getur verið mjög afsakanlegt í mörgum tilvikum að grípa til slíkra ráðstafana til þess að veiðar leggist ekki af og viðhalda mörkuðum og þar með að skattleggja aðrar tegundir. Ég minni á að hér koma ekki peningar til úr ríkissjóði. Hér er um innbyrðis millifærslur að ræða innan sjávarútvegsins. Aðilar innan sjávarútvegsins eru og hafa verið að vinna að því að draga úr þessum millifærslum. Það sem ég átti fyrst og fremst við er að þessu verður ekki breytt með vitrænum hætti í einu vetfangi einfaldlega vegna þess að ég teldi óskynsamlegt að gera það án samstarfs við þá aðila í sjávarútveginum sem skapa þessi verðmæti. Hér er ekki verið að eyða peningum skattborgaranna, eins og hv. þm. lét í skína.

Þegar virðisaukaskattskerfið verður tekið upp mun þetta gerast sjálfkrafa, en til þess að við búum við sambærilega samkeppnisstöðu og löndin í kringum okkar, sem eru með virðisaukaskatt, er nauðsynlegt að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt. Ég minni á að t.d. Norðmenn, Færeyingar og fleiri af okkar nágrannaþjóðum eru með styrki í sjávarútvegi sem mundu jafngilda því að við notuðum ¼ hluta fjárlaga til slíkra hluta og allir vita hvað það skekkir okkar samkeppnisstöðu.

Þetta mál er sem sagt til endurskoðunar og sú endurskoðun hefur tekið lengri tíma en ég hefði viljað og ýmsir aðrir, en ég ítreka að það er minn vilji að henni ljúki á þessu ári og þegar virðisaukaskattskerfið verður tekið upp hverfi þessar greiðslur með öllu. En til þess að það geti orðið þurfa sjómenn og útvegsmenn að koma sér saman um tekjuskiptingu í sjávarútveginum sín í milli.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Út af því að hér sé ekki um fjármuni skattborgara að ræða vildi ég aðeins hafa nokkra hluti á hreinu.

Það er að vísu satt að ef þú tekur skatt af aðila sem er í einhverri framleiðslu og afhendir hann öðrum aðila innan sömu framleiðslugreinar er alveg hægt að halda því fram að hér hafi bara verið færðir fjármunir milli aðila í sömu atvinnugrein. En til þess er náttúrlega kostað þó nokkurri fyrirhöfn að gera slíkt og það þarf enginn að segja manni að ekki kosti neitt að standa í þeim umsvifum sem það er að fylgjast með öllum þessum prósentum sem er verið að dreifa niður hingað og þangað með ýmiss konar hætti og á ýmiss konar tímabilum og á sumt og á sumt ekki, þannig að þó að hér sé, í orði kveðnu, um innbyrðis tilfærslur innan sjávarútvegs að ræða er það allt annar aðili heldur en þeir sem að því stendur og hann dregur örugglega þó nokkuð til sín af tilkostnaði.

Sú gamla grundvallarhugmynd, sem menn byrjuðu að ræða og reyndu að koma á þ.e. að viðskiptaaðilar í sjávarútvegi kæmu sér upp verðjöfnunarsjóði, er bara samningsatriði þeirra á milli og þeirra síðan að fjalla um það hvernig þeir nota hann eða beita honum. Ég er fyrst og fremst að gagnrýna afskipti ríkisvaldsins og afskipti ríkisvaldsins með þeim hætti sem hér opinberast, eins og hæstv. sjútvrh. var að nokkru leyti sammála, að er mjög flókinn og viðamikill og nauðsynlegt að afnema.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 101, n. 192, 201 og 204, brtt. 193, 214). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta mál til meðferðar í nokkurn tíma. Það ber að viðurkenna að málið reyndist nokkuð vandmeðfarið í nefndinni af ýmsum ástæðum. Eins og hv. alþm. vita er ekki svo langt síðan umræddur sjúkdómur sem fyrirhugað er að fella undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum, þ.e. ónæmistæring, kom upp. Ég ætla ekki að fara að tíunda í smáatriðum þær aðgerðir sem þegar eru hafnar hér á landi. Frá því hefur þegar verið greint í þessari hv. deild og raunar miklu víðar, m.a. í fjölmiðlum.

Það fór svo að nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt en með breytingum þó, sem ábendingar komu um til nefndarinnar, en minni hlutinn skilar séráliti. Allmargir aðilar komu til viðræðna við nefndina um þetta mál: Frá landlæknisembættinu Ólafur Ólafsson landlæknir og Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, frá heilbrrn. Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri. Helgi Valdimarsson prófessor, sérfræðingur í ónæmisfræði sem jafnframt stýrir nefnd sem sett hefur verið á laggirnar á vegum Landspítalans og Borgarspítalans og hefur með varnir gegn ónæmistæringu að gera. Haraldur Briem, sem situr í sömu nefnd, kom einnig til viðræðna við nefndina og Guðni Baldursson. Samstarfsnefnd Landspítalans og Borgarspítalans sem hefur haft með þessi mál að gera, eins og ég greindi frá, sendi jafnframt umsögn um þetta frv., annars vegar nefndin sem heild að einum aðila undanskildum, sem síðar sendi sérálit ásamt öðrum sem hafði fylgt meirihlutaáliti nefndarinnar.

Ég vil þessu næst víkja aðeins að þeim viðhorfum sem fram komu af hálfu samstarfsnefndarinnar. Segja má að inntak umsagnar hennar um þetta mál hafi verið á þá lund að eindregið er varað við því að ónæmistæring verði sett undir umrædd lög án þess að þeim verði breytt að öðru leyti, þ.e. þeir lögðu áherslu á að skráningarákvæðum laga um varnir gegn kynsjúkdómum yrði breytt og sömuleiðis að refsiákvæðum laganna yrði breytt. Samstarfsnefndin telur að ef ónæmistæring verði felld undir þessi lög geti það hugsanlega fælt smitaða einstaklinga frá því að leita læknis. Ég tek þó fram að samstarfsnefndin er einhuga um að ónæmistæring verði flokkuð til kynsjúkdóma og um það út af fyrir sig stendur engin deila, um það eru ekki skiptar

skoðanir. Samstarfsnefndin leggur áherslu á að þær skipulögðu aðgerðir sem þegar eru hafnar varðandi ónæmistæringu verði reyndar enn frekar án þess að til komi lagasetning. Þeir benda á að það sé svo skammur tími liðinn síðan umræddar aðgerðir hófust að nægileg reynsla sé ekki fengin enn þá. Þetta varðar almennt þá umsögn sem samstarfsnefnd Borgarspítalans og Landspítalans gaf sameiginlega með þeirri undantekningu sem ég gat um áðan. Ég endurtek að þeir álíta að ekki sé heppilegt á þessu stigi — ég endurtek: á þessu stigi — að fella viðkomandi sjúkdóm undir umrædd lög.

Sú umsögn sem barst heilbr.- og trn., þ.e. sérálit Haralds Briem og Sigurðar Guðmundssonar, hnígur raunar mjög í sömu átt. Þó verður að segja að meiri munur sé en aðeins blæbrigðamunur á þessum umsögnum. Þá er ég með í huga sérálit nefndra aðila. Þar er sem sagt lögð allrík áhersla á það að skráningarákvæðum og refsiákvæðum laga um varnir gegn kynsjúkdómum verði breytt. Hins vegar hafa þeir ekki uppi varnaðarorð um það að á þessu stigi verði viðkomandi sjúkdómur felldur undir lög um varnir gegn kynsjúkdómum.

Það er, eins og fram kemur, tillaga meiri hluta nefndarinnar að þetta mál nái fram að ganga nú. Það urðu, eins og ég gat um áðan, allmiklar og nokkuð langar umræður um þetta í nefndinni og eftir sat jú fyrst og fremst þetta, hvort breyta skyldi ákvæðum um skráningu og refsiákvæðum laganna, laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Ég vil geta þess að í þeim umræðum komu upp hugmyndir um það að hafa sérstaka skráningu, eða sérákvæði um skráningu, vegna þessa sjúkdóms. Þá hefðu orðið í lögunum tvenns konar skráningarreglur. Ég held þó að jafnvel allir nefndarmenn hafi vísað þessari hugmynd á bug að lokum. Það skal tekið fram að vegna þeirra skráningarákvæða sem eru í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum hafa engin vandkvæði komið fram eftir því sem okkur er tjáð í heilbr.- og trn. Almennt séð er rétt að taka fram að skráning er ekki síður öryggisatriði fyrir heilbrigðiskerfið, m.a. með hliðsjón af hagsmunum hinna heilbrigðu. Sumir vilja enn fremur benda á að allnokkur leyndarvernd sé fólgin í því að fleiri sjúkdómar falla undir sams konar skráningarákvæði.

Varðandi refsiákvæði vil ég taka það fram að þau eru almenn líkt og í öðrum lögum. Umræddum refsiákvæðum hefur lítið ef nokkuð verið beitt og ekki er óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort ástæða sé til að hafa mildari refsiákvæði eða jafnvel engin refsiákvæði þegar um hættumeiri sjúkdóm er að ræða en nú þegar eru nefndir í umræddum lögum.

En hvaða atriði eru það sem meiri hluti heilbr.- og trn. m.a. færir fram sem rök fyrir því að breyta ekki lögunum að öðru leyti en lagt hefur verið til? Það hefur ekkert farið á milli mála að heilbrigðisyfirvöld leggja mjög mikla áherslu á þetta mál í heild og benda á, eins og ég gerði raunar áðan, að núverandi skráningarákvæði hafa ekki orðið til vandkvæða. Í heild má segja að heilbrigðisyfirvöld telji sig þurfa þann lagagrunn sem hér er lagður til svo að þau geti fengist við þessi mál, að þessi mál verði ekki öll í lausu lofti.

Núverandi skráningarákvæði í lögunum eru þess eðlis að þar er að sjálfsögðu gert ráð fyrir nafnleynd. Það er mjög mikilvægt að dómi heilbrigðisyfirvalda að skráning sé óyggjandi trygg hjá landlæknisembættinu. Lögin kveða enn fremur á um sérfræðilega læknishjálp og kostnað vegna hennar. Það eru í lögunum ákvæði sem beita má gegn sýktum einstaklingum m.a. til þess að þeir leiti læknis. Almennt er talið að núverandi kynsjúkdómalög hafi dugað nokkuð vel.

Meiri hluti nefndarinnar flytur brtt. við frv. Þar er fyrst til að nefna að samkvæmt ábendingum gerir nefndin tillögu um skýrari uppröðun þeirra sjúkdóma og sýkinga sem getið er í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum. Þar er einkum og sér í lagi vikið að chlamydiae-sýkingum, þ.e. að allar sjúkdómsmyndir en ekki aðeins þvagrásarbólga séu greinilega upp taldar í þessu sambandi.

Um þetta er ástæðulaust að hafa fleiri orð, en nefndinni hefur borist nýtt bréf frá samstarfsnefnd Landspítalans og Borgarspítalans um varnir gegn kynsjúkdómum. Í því bréfi eru áréttuð þau viðhorf sem ævinlega hafa komið fram frá þessum aðilum varðandi skráningarákvæði og hegningarákvæði laganna. Þar er lagt til af þeirra hálfu varðandi hegningarákvæðin að þau verði bókstaflega felld niður. Nú bið ég menn að athuga að undir þessi lög flokkast fleiri sjúkdómar og eru menn þá að leggja hér til að um þá sjúkdóma gildi ekki hegningarákvæði. Og þeir ítreka viðhorf sín og tillögur varðandi skráningarákvæðin. Ég hef áður vikið að þeim og ætla ekki að gera það frekar.

Það atriði, sem samstarfsnefndin bendir á í sínu bréfi, sem stílað er 9.12.1985, og er fyrst af áhersluþunktum umræddrar nefndar í bréfinu, varðar heitið á þessum sjúkdómi. Ég vil, með leyfi forseta, lesa það sem þar stendur:

„Miðað verði í 1. gr. laganna við smitun á HTLV3-veirunni fremur en alnæmi sem einungis á við þann hluta smitbera sem fengið hafa verulega ónæmisbilun af völdum veirunnar. Í stað alnæmis í fyrirliggjandi frv. þarf því að koma „smitun af HTLV3-veiru"."

Heilbr.- og trn. skaut á fundi núna rétt fyrir þingfund og ræddi þetta mál og meiri hluti nefndarinnar leggur til að farið verði að þessum ráðleggingum samstarfsnefndarinnar, þ.e. að í stað þess heitis sem er í frv., „alnæmi", komi „smitun af HTLV3-veiru". Þessarar brtt. er að vísu ekki getið í dagskrá en þetta er brtt. við brtt. og mun hún þá væntanlega koma til atkvæða við þessa 2. umr. málsins.

Ég tek fram að um þetta atriði hefur verið haft samband og samráð við landlækni.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Ég taldi mér skylt að gera í grófustu dráttum grein fyrir því hvernig umfjöllun hefði átt sér stað í nefndinni. Segja má að mikill hluti umræðunnar hafi farið í það að menn velta fyrir sér hvort þessi lagasetning hafi hugsanlega í för með sér að — ekki síst áhættuhópar — þeir verði áfram „í felum", eins og það er kallað, en þá hlýtur maður að leiða hugann að því af hverju áhættuhópar, sem svo eru kallaðir, eru í felum. Eru það ekki fyrst og fremst fordómar sem ríkja úti í samfélaginu sem valda því? Það hefur margsinnis verið að því vikið að það væri fremur ástæða til þess en hitt að yfir öllu þessu hvíldi meiri leyndarhjúpur. Einhvern veginn held ég að fordómar verði síður kveðnir niður með því að sveipa allt og allt, eftir atvikum stór eða smá vandamál í samfélaginu, einhverjum leyndarhjúp.

Einstaklingar og þjóðin sem heild kemst ekki hjá því

að mæta þeim vandamálum sem óhjákvæmileg eru og menn verða að taka saman höndum um að leysa þau. Ég held að menn nái betri árangri í viðureign við þau ef þeir horfa hispurslaust framan í vandamálin en sveipa þau ekki of miklum og þykkum leyndarhjúp.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 1. minni hl. heilbr.- og trn. varðandi þetta mál. Ég skal reyna að fara eins fljótt yfir sögu og unnt er í þessu efni.

Ég held að frumskilyrði árangurs felist í því að við skoðum þetta mál allt sem hlutlægast og fordómalausast, að við vinnum að því í heild á þann veg að við gerum málinu gagn, gerum ekkert sem teflt gæti í tvísýnu því átaki sem þarf að vinna einhuga að. Ég skal því forðast að efna til deilna um þau efnisatriði sem við gátum ekki orðið einhuga um heldur aðeins gera á eins hlutlausan hátt og unnt er grein fyrir áliti mínu, efasemdum og rökum fyrir þeim.

Það er rétt að þetta mál hefur verið alllengi til umfjöllunar í nefnd enda ekki að ástæðulausu. Málið er viðkvæmt. Færustu aðilar, og þar á ég við læknastéttina alveg sérstaklega, eru hér ekki á einu máli. Við skulum einnig gæta þess að í öðrum þjóðlöndum okkur nálægum er heldur ekki eins tekið á þessum málum, þannig að í þessu er ekkert sjálfgefið, ekkert sjálfsagt. Ég hef viljað skoða þetta mál út frá því sjónarmiði einu hvað helst mætti hér til heilla verða, hvort þetta væri árangursrík leið að því marki að ná betur valdi á forvörnum og öðru starfi í kringum þennan vágest. Niðurstaðan kemur fram í nefndaráliti frá mér þar sem ég treystist ekki til að styðja frv. óbreytt á þessu stigi. Ég hef ekki látið sannfærast um það að gagnsemi þessarar lagasetningar verði meiri en hugsanleg skaðsemi eða fæling ýmissa hópa af laganna völdum.

Ég ætla, eins og ég sagði áðan, ekki að hafa uppi langt mál. Ég hygg að við séum öll sammála um að einskis megi láta ófreistað að ná sem bestum tökum á þessu máli öllu, á sjúkdómi þessum í heild sinni, og það munum við áreiðanlega öll áfram gera þó við séum ekki hér samferða við afgreiðslu þessa máls.

Um leið og ég vitna í nál. mitt, sem ég legg fram í þessu máli, bendi ég á það að með því er fskj. frá samstarfsnefnd Landspítala og Borgarspítala um varnir gegn alnæmi sem hv. formaður nefndarinnar hefur gert hér allmikil og góð skil. Ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að lesa þetta nál. Það er stutt:

„Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en undirritaður telur að betur þurfi að huga að ýmsu áður en til afgreiðslu kemur og vísar í því efni alveg sérstaklega til álits samstarfsnefndar Landspítala og Borgarspítala um varnir gegn alnæmi sem birt er hér sem fylgiskjal.

Undirritaður leggur megináherslu á virkar aðgerðir gegn þessum sjúkdómi og útbreiðslu hans en er ekki sannfærður um að lagasetning af þessu tagi sé brýnust alls í þessu efni.

Rannsóknaraðstöðu alla þarf að stórbæta og að því mun unnið. Upplýsingaflæði þarf að auka mjög, svo og alla fræðslu tengda þessum sjúkdómi. Heilsugæslu okkar þarf að efla sem allra best til að takast á við þetta válega vandamál og virkja heilbrigðisstéttir okkar, svo og alla aðra, á þann veg að sem best takist að sporna hér á móti.

Huga þarf að heildarendurskoðun laga um bráða smitsjúkdóma og fella þau inn í heildstæða löggjöf í takt við nútímaviðhorf og aðstæður.

Allt þetta er unnt að gera þó að þetta frv. verði ekki samþykkt og í ljósi viðvarana í áliti samstarfsnefndarinnar treystir undirritaður sér ekki til að styðja frv. á þessu stigi málsins."

Í bréfi samstarfsnefndarinnar, sem okkur barst allsnemma í okkar nefndarstarfi, og sem ég óskaði sérstaklega eftir að við fengjum álit frá, segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Samstarfsnefndin varar eindregið við því að ónæmistæring verði á þessu stigi sett undir ákvæði umræddra laga án þess að þeim verði breytt að öðru leyti.

Þótt eðlilegt sé að skilgreina ónæmistæringu læknisfræðilega sem kynsjúkdóm vegna þess að smitun verður nær einvörðungu við kynmök eða blóðblöndun er þessi sýking að öðru leyti afgerandi frábrugðin þeim sem nú falla undir kynsjúkdómalögin. Aðrir kynsjúkdómar hafa venjulega í för með sér einkenni sem reka sjúklinganna á fund lækna og þá er í langflestum tilfellum hægt að lækna þannig að sjúklingurinn og þeir, sem hann hefur haft kynmök við, hætta að vera smitberar. Hins vegar eru 90% þeirra, sem smitast hafa af ónæmistæringarveirunni, einkennalausir og þessum sjúklingum stendur ekki til boða nein lækning sem kemur í veg fyrir að þeir smiti aðra.

Eins og málin standa í dag er erfitt að sjá hvernig ákvæði laga um kynsjúkdómavarnir geti stuðlað að takmörkun á útbreiðslu ónæmistæringar. Hins vegar eru verulegar líkur á því að þau geti fælt smitaða einstaklinga frá því að leita læknis. Í flestum tilvikum mun það verða ábyrgðartilfinning en ekki lagaákvæði sem mun ráða úrslitum um það hvort hlutaðeigendi gefa sig fram. Þó þyrftu að vera til lagaákvæði í þessu sambandi sem taka sérstaklega til þeirra er hafa takmarkaða dómgreind eða skerta ábyrgðartilfinningu vegna persónuleikagalla eða langvarandi neyslu vímuefna.

Eina raunhæfa aðgerðin á þessu stigi til að takmarka útbreiðslu veirunnar er að finna sem flesta þá einstaklinga, sem þegar hafa smitast, og hjálpa þeim með öllum tiltækum ráðum til að forðast að smita aðra. Skipulagðar aðgerðir í þessa átt hafa nýlega hafist hér á landi og er mikilvægt að tími gefist til þess að meta hvernig þær reynast. Einstaklingum, sem óttast að þeir hafi smitast, er gefinn kostur á upplýsingum og rannsókn og hefur verið mikil ásókn í þessa þjónustu. Það er eindregin skoðun þeirra, sem hafa annast þessa þjónustu, að það muni geta torveldað varnarráðstafanir gegn ónæmistæringu ef sjúkdómurinn verður á þessu stigi settur undir kynsjúkdómalögin eins og þau eru nú. Tæknileg atriði, eins og greiðslu á kostnaði vegna þessarar þjónustu og skráningu sýktra, ætti að vera auðvelt að leysa á annan hátt.

Samstarfsnefndin leggur til að lög um farsóttir og varnir gegn kynsjúkdómum verði endurskoðuð og m.a. rýmkuð þannig að heilbrigðisyfirvöld geti gripið til aðgerða með reglugerðarsetningu eftir því sem við á hverju sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. samstarfsnefndar Landspítala og Borgarspítala
um varnir gegn ónæmistæringu,
Helgi Valdimarsson."

Það skal tekið fram alveg sérstaklega í þessu sambandi að í formála þessa bréfs, þar sem getið er um hvaða læknar eigi sæti í nefndinni, er greint frá því að Haraldur Briem muni skila séráliti en að öðru leyti séu allir nefndarmenn sammála um það sem ég hef nú lesið.

Ég vil, vegna þess að ég minntist á sérálit Haralds Briem og að því var einnig vikið hér áðan af hv. formanni heilbr.- og trn., benda á álit eða grg., sem til heilbr.- og trn. barst frá tveim læknum, eins og hann gat um, í samstarfsnefndinni um varnir gegn alnæmi. Eftir að hafa rakið kosti og ókosti lagasetningar segja þeir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Því er mikilvægt fyrir samfélagið að geta" — og þá tek ég skýrt fram og undirstrika — „í undantekningartilvikum beitt varnaraðgerðum gegn óábyrgum einstaklingum sem kunna að hegða sér þannig að almannaheill sé ógnað, t.d. eiturlyfjaneytendum sem sprauta sig og einstaklingum sem vísvitandi útbreiða sjúkdóminn.

Enda þótt reynslan af lögunum um kynsjúkdómavarnir bendi ekki til þess að refsiákvæði laganna muni hafa veruleg áhrif í þá átt að fæla smitaða einstaklinga frá því að leita læknis er sú hætta fyrir hendi. Til þess að draga úr þessari hættu mætti orða refsiákvæði laganna þannig að fram kæmi að þeim yrði ekki beitt nema í ýtrustu neyð."

Síðan segir: „Við leggjum einnig til að við skráningu sýktra einstaklinga verði notast við fæðingardag, mánuð og ár eða fæðingarmánuð og ár ásamt upphafsstöfum sjúklings en ekki fæðingarnúmer.

Við erum þannig hlynntir því að alnæmi falli undir lög um varnir gegn kynsjúkdómum ef breytingar verða gerðar á refsiákvæðum laganna og tilhögun á auðkennum sjúklings við skráningu, eins og áður greinir."

Þetta segir í áliti þeirra læknanna Haralds Briem og *Sigurðar Guðmundssonar.*

Mér þykir það ekki mikið þó að ýmsar efasemdir komi upp í hugann þegar til þessa er vitnað. Og ég leyfi mér einnig að vitna í grein sem birtist í NT nú á laugardaginn eftir Guðna Baldursson, formann Samtakanna 78, *þar sem hann varpar fram spurningunni:* Ætla Íslendingar að gefast upp í baráttunni gegn ónæmistæringu? Ég ætla ekki að vitna mjög í þessa grein vegna þess að ég sé að hv. 2. minni hl. heilbr.- og trn. hefur tekið þetta upp sem nál. sitt í þskj. en get þó ekki stillt mig um það að fara yfir ákveðin atriði úr grein Guðna, með leyfi virðulegs forseta:

„Ef úr verður að smitun af ónæmistæringarveiru falli undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum óbreytt verður Ísland eina landið í veröldinni þar sem skráning smitaðra verður með slíkum hætti sem þar er kveðið á um. Hvergi annars staðar hefur það hvarflað að heilbrigðisyfirvöldum að það væri ráð til þess að stemma stigu við útbreiðslu ónæmistæringar að setja lög um skráningu nafna og um refsingar. Þvert á móti leggja þau áherslu á það að skráning komi ekki til greina, einmitt vegna þess að þau vita að annars yrði svo lítils árangurs að vænta."

Og síðan segir í lok greinar Guðna Baldurssonar:

„Ávinningur af fyrirhugaðri lagabreytingu er enginn og er þó með henni fórnað öllum möguleikum til þess að vinna bug á útbreiðslu ónæmistæringar. Það sýnir ótrúlegan skort á því að menn skilji viðfangsefni það sem hér er að fást við ef menn telja mikilvægara að eiga á blaði nöfn þeirra sem lúta í lægra haldi fyrir sjúkdómnum en að vinna bráðnauðsynlegt forvarnarstarf til þess að hefta útbreiðslu hans og kenna smituðum að lifa með honum svo að hann valdi þeim og öðrum sem minnstum skaða."

Ég fullyrði ekkert um það sem segir í þessari grein. En hér er fjallað um þessa lagasetningu m.a. og sér í lagi út frá einum stærsta áhættuhópnum. Ég tel þessa grein, hvað sem menn vilja segja um einstök efnisatriði hennar, allrar athygli verða og þess vegna hef ég vitnað til þessara lokaorða. Ég held nefnilega að þessi orð ættu að vera okkur tilefni ærinna umþenkinga því að ég óttast að í þeim sé meiri sannleikur fólginn en svo að við getum horft fram hjá honum nú.

Þá vek ég sérstaka athygli á því, ég get ekki stillt mig um það, að í dag fengum við í heilbr.- og trn. bréf frá samstarfsnefnd Landspítala og Borgarspítala um varnir gegn ónæmistæringu, sem áréttar fyrri umsagnir varðandi þetta frv., þar sem allir nefndarmenn skrifa undir álit þar sem m.a. er talað um að ákvæðum um skráningu verði breytt þannig að einungis verði tilgreint kyn, fæðingarmánuður og ár smitaðra og í öðru lagi að hegningarákvæði laganna verði fellt niður. Og í lok þessa álits segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Við leggjum áherslu á að alnæmissmitun er afar flókið læknisfræðilegt vandamál sem hefur mun afdrifaríkari áhrif á líf þeirra er smitast heldur en þeir sjúkdómar sem nú falla undir lög um kynsjúkdóma." Undir þetta bréf skrifa Haraldur Briem, Helgi Valdimarsson, Jóhannes Bergsveinsson, Kristján Erlendsson, Sigurður Guðmundsson og Sigurður B. Þorsteinsson.

Þeim sem hefur þótt nefndin taka sér góðan tíma bendi ég á að nú í dag er meiri hluti nefndarinnar að flytja veigamikla brtt., sem ég að sjálfsögðu styð í því formi, brtt. um 1. gr. þessa máls. Þar er hvorki meira né minna en verið að fjalla um og breyta skilgreiningu þess sjúkdóms sem við erum að setja lög um nú á lokaafgreiðsludegi þessa máls hér, væntanlega, í þessari hv. deild, samkvæmt ábendingum sem við höfum fengið frá þessari samstarfsnefnd. Ég held að þetta sýni það að nefndin hafi ekki tekið sér of langan tíma við meðferð þessa máls, að nú er verið — og þykir nauðsynlegt — af öllum nefndarmönnum að breyta skilgreiningu þess sjúkdóms sem verið er að setja lög um.

En ég skal ekki efna til frekari deilna um þetta. Ég held að við eigum að forðast það svo sem við mögulega getum. Og í ljósi þessa hef ég svo sterkar efasemdir um þetta að í endanlegri mynd mun ég ekki geta greitt þessu frv. atkvæði.

Frsm. 2. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. heilbr.- og trn. Það er nú fremur áhersluatriði að við skulum ekki standa saman, ég og frsm. 1. minni hl., að nál. fyrir 1. minni hl. því að ég heyrði á síðustu orðum hans að við erum alveg sammála um að geta ekki greitt þessu frv. okkar atkvæði, verði ekki gerð breyting á ákvæði þess um skráningu.

Fyrst í stað vil ég undirstrika þau orð sem hv. þm. hafði síðast í sinni ræðu, að á síðasta afgreiðsludegi þessa máls skuli vera gerð svo veigamikil breyting að hefði þessi ábending ekki komið fram nú hefðum við verið að samþykkja að aðeins hefði þessi sjúkdómur

verið skráður væri hann kominn á lokastig. Þetta er okkur virkilegt umhugsunarefni á hv. Alþingi að hér skuli vera þvílíkur „lapsus" í frv., m.a.s. eftir að meiri hl. nefndarinnar hefur samþykkt það út úr nefndinni, að hér er algjör meiningarmunur á, því að eins og heilbrigðisyfirvöld hefðu líkast til átt að vita áður en þau sömdu þetta frv. þá er alnæmi lokastig sjúkdómsins en smitun af HTLV3-veirunni er eingöngu smitun af veirunni og 90% af þeim einstaklingum sem fá þessa veiru eru algerlega einkennalausir.

Hér er einnig um sjúkdóm að ræða sem ekki er hægt að líkja við aðra þá sjúkdóma sem falla undir umrædd lög. *Það er því engin goðgá að hafa annars konar* skráningu á þeim einstaklingum sem smitast af þessari veiru. Og ég undirstrika að það er aðalatriðið sem ber á milli þeirra einstaklinga sem eru málsvarar þess áhættuhóps sem mest varðar þetta mál og þeirra sérfræðinga sem vinna að málinu. Ég vonast því til þess að ráðuneytið og landlæknisembættið taki þetta mál enn einu sinni og endurskoði það. Sú er ástæðan fyrir því að ég legg ekki fram hér brtt. um skráningarákvæðið að ég vil síður að það verði fellt í þessari deild því að í Nd. gæti niðurstaðan orðið sú að þar væri rétt að málum staðið *og ég vil ekki að nein aðgerð í þessari hv. deild komi í* veg fyrir að menn komist að þeirri niðurstöðu.

En lítum aðeins á skráningarákvæðið. Ég vil sérstaklega undirstrika það vegna þess að það er það viðkvæmasta í þessu máli og getur að dómi ýmissa manna fælt menn mest frá að láta rannsaka sig. Menn vilja ekki hafa sitt fæðingarnúmer í skráningunni. Hjá landlæknisembættinu er sérskrá yfir hvern sjúkdóm. Það er t.d. sérstök skrá yfir þá menn sem eru með sýfilis eða hvern þann kynsjúkdóm sem fellur undir þessi lög. Þar með fellur niður sú ábending, sem kom fram m.a.s. hjá hv. frsm. *meiri hlutans, að með því að gera annars konar* skrá fyrir ónæmistæringu væri verið að benda sérstaklega á þá einstaklinga vegna þess að það væri ekki sama regla höfð á skráningunni. Það er nú þegar til sérstök skrá og flokkuð eftir sjúkdómum. Hvað er það þá sem kemur í veg fyrir að upphafsstafir læknis séu í stað upphafsstafa mannsins? Hvað er það sem kemur í veg fyrir að það sé ekki fæðingarnúmerið? Það sé nóg að hafa fæðingarár og kyn? Og fæðingarmánuð jafnvel vilja sumir en aðrir nefna að það væri nóg að hafa fæðingarár og kyn því að hjá landlæknisembættinu er *fyrst og fremst verið að fylgjast með fjölda þeirra* einstaklinga sem hafa smitast en ekki hverjir mennirnir eru. Það ætti að vera nóg að sérhver læknir sem hefur með sjúklinginn að gera sé með þessar upplýsingar.

Ég tel að það verði engum til góðs að við séum að fæla frá þá einstaklinga sem hugsanlega kæmu til rannsóknar hér á landi, að við séum jafnvel að leggja stein í götu þeirra rannsókna sem þegar eru hafnar hér með því að skera okkur úr öllum þeim þjóðum sem nú eru að fjalla um þetta mál. Svíar eru þeir einu sem nú þegar eru búnir að setja þetta undir lög um kynsjúkdóma. En þeir breyttu sínum skráningarákvæðum. Ég fæ ekki séð að hér á landi séum við það sérstök að neinu leyti að við eigum ekki nákvæmlega það sama á hættu og annars staðar, að þetta ákvæði hafi fælingu í för með sér. Og ég tel þetta miklu veigameira en varðandi hegningarákvæðin því að þau eru fremur almenn í lögunum. Þó væri alveg hægt að athuga þann möguleika hvort þar þyrfti orðalagsbreytingu. En þetta er meginatriði.

Hv. síðasti ræðumaður vitnaði í grein eftir Guðna Baldursson sem er fylgiskjal með mínu nefndaráliti. Ég held einmitt að fram komi í þeirri grein að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Allan þann tíma sem þetta var til meðferðar í nefndinni, og þótti sumum nóg um þann tíma, voru allir nm. sammála um að hafa ekki hátt um þetta mál, fara ekki með það í fjölmiðla. Ég vil sérstaklega undirstrika að Guðni Baldursson setti sína grein ekki í fjölmiðla fyrr en búið var að afgreiða málið úr heilbr.- og trn. og það var með fullri vitund þeirra lækna sem hafa starfað að rannsóknum á þessum *sjúkdómi.*

Guðni hefur bent á að þessi lagasetning muni vinna gegn tilgangi sínum. Ég held að það beri að undirstrika. Ég vil jafnframt taka fram að ég ætla ekki að fara að lesa upp eða koma á framfæri mörgum af þeim upplýsingum sem borist hafa nefndinni. Mér finnst margt af því mjög fróðlegt en ég held að við þurfum að horfa fyrst og fremst á það að fræðslu þarf til þess að fólk, almenningur í landinu, hræðist ekki þennan sjúkdóm. Það er agalegt til þess að vita að menn skuli hræðast jafnvel skiptimiða í strætisvögnum vegna vanþekkingar *á hvernig þessi sjúkdómur smitast,* að menn skuli jafnvel ekki þora að fara í sundlaugar vegna hræðslu við að smitast af þessum sjúkdómi. Þetta stafar eingöngu af vankunnáttu. Ég held að okkur beri að leggja megináherslu á að fræða almenning í landinu og setja þannig lög að þau fæli ekki þá einstaklinga sem eiga það á hættu að hafa komist í snertingu við umrædda veiru frá því að leita læknis. Ég held að við verðum að undirstrika það hér og nú að heilbrigðisyfirvöld hafa mjög mikið á samviskunni og hv. þm., sem samþykkja þessi lög óbreytt, hafa mjög mikið á samviskunni ef okkur *mistekst í baráttunni gegn þessum sjúkdómi.*

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að segja fáein orð um það viðkvæma mál sem hér er á ferðinni. Ég tók til máls við 1. umr. þess en á hins vegar ekki sæti í hv. heilbr.- og trn. og hef því ekki getað fylgst með málinu þar. Ég vil þó taka það skýrt fram að formaður hv. heilbr.- og trn. hefur boðið mér sæti í nefndinni til að fylgjast með þessu máli og ég harma það að sökum anna hef ég ekki getað bætt þeim nefndarstörfum ofan á önnur nefndarstörf sem ég hef *með höndum hér í þinginu.* M.a. þess vegna rak mig í rogastans þegar ég sá hér í upphafi deildarfundar áðan það fskj. sem er prentað með nál. á þskj. 201 og undirritað er af Helga Valdimarssyni prófessor, fyrir hönd samstarfsnefndar Landspítala og Borgarspítala um varnir gegn ónæmistæringu.

Við 1. umr. þessa máls spurði ég hæstv. heilbr.- og trmrh. að því hvort samstarfsnefnd þessi hefði verið höfð með í ráðum þegar þetta frv. var samið. Svaraði hún því þá játandi. Hins vegar kemur annað fram í nál. samstarfsnefndarinnar og nú vitna ég til álitsins, með leyfi forseta:

„Samstarfsnefndin varar eindregið við því að ónæmistæring verði á þessu stigi sett undir ákvæði umræddra laga án þess að þeim verði breytt að öðru leyti." Þannig er ljóst að þessi nefnd hefur varla verið höfð með í ráðum þegar frv. var samið.

Það sem er þó einkum umhugsunarvert í þessu sambandi eru þau mörgu rök sem fram koma í þessu

fskj. nefndarálitsins gegn því að hafa þau lög, sem hér um ræðir, á þann veg sem lagt er til í frv. Ef ég má vitna af handahófi í þetta fylgiskjal, sem hv. þm. Helgi Seljan las reyndar í heild sinni áðan, stendur þar, með leyfi forseta:

„Eins og málin standa í dag er erfitt að sjá hvernig ákvæði laga um kynsjúkdómavarnir geti stuðlað að takmörkun á útbreiðslu ónæmistæringar. Hins vegar eru verulegar líkur á því að þau geti fælt smitaða einstaklinga frá því að leita læknis." Aðeins síðar segir:

„Eina raunhæfa aðgerðin á þessu stigi til að takmarka útbreiðslu veirunnar er að finna sem flesta þá einstaklinga, sem þegar hafa smitast, og hjálpa þeim með öllum tiltækum ráðum." Enn fremur segir aðeins síðar: „Það er eindregin skoðun þeirra sem hafa annast þessa þjónustu að það muni geta torveldað varnarráðstafanir gegn ónæmistæringu ef sjúkdómurinn verður á þessu stigi settur undir kynsjúkdómalögin eins og þau eru nú."

Það er mér mikið umhugsunarefni að þessum varnaðarorðum skuli meiri hl. hv. heilbr.- og trn. ekki hafa sinnt. Á hinn bóginn er það mér gleðiefni að hér birtist í upphafi þingfundar brtt. frá meiri hl. heilbr.- og trn. sem tekur tillit til tillögu sem gerð er í bréfi frá umræddum samstarfshópi til formanns nefndarinnar og dagsett er í dag. Það er sú brtt. sem er á þskj. 214. Þessi brtt. gjörbreytir því máli sem við erum hér að fást við þar sem, eins og segir í bréfi frá samstarfsnefndinni sem dagsett er í dag, frv. á einungis við um þann hluta smitbera sem fengið hafa verulega ónæmisbilun af völdum veirunnar.

Mig langar til þess að biðja hv. formann heilbr.- og trn. Ed. að staðfesta hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að á þann veg eigi það frv. sem hér er til umræðu, fyrst og fremst, og í raun eingöngu, við þá einstaklinga sem hafa sýnileg einkenni sjúkdómsins alnæmis. Sé svo er hér um mikla breytingu til bóta að ræða og ég mun hiklaust styðja þessa brtt.

Önnur brtt., sem gerð er í þessu bréfi samstarfsnefndarinnar, er að ákvæðum um skráningu verði breytt í frv. þannig að einungis verði tilgreint kyn, fæðingarmánuður og ár smitaðra. Ég held að hér hljóti að vera um skynsamlega tillögu að ræða vegna þess að meginatriði forvarnarstarfs gegn þessum sjúkdómi er að ná til smitaðra einstaklinga. Þegar skráningin er á þann veg að auðveldlega má auðkenna hver maðurinn er, þá er málið orðið mjög erfitt viðfangs í okkar litla þjóðfélagi þar sem allir búa í nábýli hver við annan. Þar með er orðin hætta á því að stór hluti áhættuhópsins gefi sig ekki fram. Þar vil ég einkum nefna „bisexual" einstaklinga sem lifa t.d. því sem kallað er venjulegu fjölskyldulífi og kynlífi en stunda annars konar kynlíf utan þess. Það er hætt við því að þessi áhættuhópur komi ekki til rannsóknar ef ákvæði laganna eru á þann veg að auðveldlega megi auðkenna þá sem í hlut eiga, en eins og ég sagði áðan er það nauðsynlegt, eigi forvarnarstarfið að bera árangur.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir nefndi áðan að til greina kæmi að upphafsstafir læknis kæmu í skráningu í stað fæðingarnúmers og sýnist mér það álíka góð tillaga þar sem það tryggir einnig nafnleynd þess sem í hlut á sem er mikið nauðsynjamál í öllu forvarnarstarfi varðandi þennan sjúkdóm.

Þriðja tillagan frá samstarfshópnum í bréfinu frá því í dag er sú að hegningarákvæði laganna verði fellt niður. Hv. formaður heilbr.- og trn. taldi það ógerlegt vegna þess að þá mundu hegningarákvæði falla niður um alla aðra sjúkdóma sem þessi lög ná til. Ég hef trú á að það sé tæknilega hægt að undanskilja þá sem smitast af HTLV3-veirunni í því efni. Ég vil einnig benda á að samkvæmt áliti lögfróðra manna, og vil ég þá nefna prófessor Jónatan Þórmundsson meðal annarra, nær 175. gr. hegningarlaganna til þess sem í frv. er verið að reyna að gera þannig að hegningarákvæði ættu að vera óþörf.

175. gr. hegningarlaganna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver sem veldur hættu á því að næmur sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna með því að brjóta gegn lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda, sem þar að lúta, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Refsingin getur þó orðið fangelsi allt að sex árum ef um sjúkdóm er að ræða sem hið opinbera hefur gert sérstakar ráðstafanir til að hefta eða afstýra að berist hingað til lands."

Ég er ekki að leggja mat á ákvæði þessara laga. Ég er aðeins að benda á að í lögum landsins er slíkt ákvæði og því má ætla að ónauðsynlegt sé að hafa það í þeim lögum sem hér um ræðir varðandi þann sjúkdóm sem hér er til umræðu.

Ég tek þau rök gild sem birtast sem fylgiskjal með nál. á bls. 201. Þess vegna hefði ég helst viljað sjá þessu frv. vísað frá með rökstuddri dagskrá og hinkrað yrði enn um sinn eftir að setja lög um þessi mál þar til, eins og mælst er til í áðurgreindu fylgiskjali með nál. 1. minni hl. heilbr.- og trn., að tími hefur gefist til að meta hvernig skipulagðar aðgerðir í þessu efni hafa reynst og því hægt að setja löggjöf á grundvelli fenginnar reynslu.

Ég tek aftur fram að ég tel brtt. á þskj. 214 til bóta. Ég mun greiða henni atkvæði mitt, en frv. mun ég ekki greiða atkvæði mitt.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Ég hafði í rauninni ekki ætlað mér að taka frekari þátt í þessari umræðu, en hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir beindi til mín spurningu varðandi 1. lið í tillögum samstarfsnefndar Landspítalans og Borgarspítalans. Það er tillaga sem kynnt var af þeirra hálfu í bréfi dags. 9. des. 1985.

Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, lesa aftur athugasemdina og ábendinguna um þetta atriði eins og hún kemur fram í umsögn nefndarinnar, en þar stendur:

„Miðað verði í 1. gr. laganna við smitun af HTLV3-veirunni fremur en alnæmi sem einungis á við þann hluta smitbera sem fengið hafa verulega ónæmisbilun af völdum veirunnar."

Í stað alnæmis í fyrirliggjandi frv. þarf því að koma, eins og hér stendur, smitun af HTLV3-veiru.

Að minni hyggju felur tillagan í sér að hér sé átt við smitaða einstaklinga, þ. e. ákvæðin eru þrengri og skýrari með tilliti til nafngiftarinnar en var lagt til. Það er augljóst að heiti sjúkdómsins, eins og hann er skilgreindur í fyrirliggjandi frv., á við sjúkdóminn, samkvæmt orðabókaskýringum, á efra stigi en hér er lagt til að nafngiftin hljóði um. Mér finnst þetta koma nokkuð skýrt fram í bréfi nefndarinnar.

Varðandi hugleiðingar hv. þm. Sigríðar Dúnu

Kristmundsdóttur um hegningarákvæði laganna ætla ég ekki að hafa mörg orð. Hv. þm. vitnaði til þess sem ég hafði sagt, þ.e. að það væri erfiðleikum bundið að hafa tvenns konar hegningarákvæði, ef svo má segja, í sömu lögum. Jú, líklega er það rétt að ég hafi vikið að þessu, en ég vék jafnframt að því hvort ástæða er til að hafa mildari refsiákvæði eða jafnvel engin gagnvart fyrirbærum í samfélaginu sem eru þó alltént talin verulega hættumeiri en önnur atriði í umræddum lögum.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, virðulegi forseti.

ATKVGR.

Brtt. 214 samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 193 (ný 1. gr., svo breytt) samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 24. fundur.

Mánudaginn 9. des., að loknum 23. fundi.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 219). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 24. fundur.

Mánudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseta neðri deildar hefur borist bréf sem þannig hljóðar:

"Reykjavík, 9. des. 1985.

Þar sem Pétur Sigurðsson 6. þm. Reykv. er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans ósk með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna fjarveru 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

Þá hefur mér borist skeyti sem er frá Geir Hallgrímssyni og hljóðar þannig:

„Til Ingva S. Ingvarssonar ráðuneytisstjóra.

Vinsamlega tilkynnið forseta Alþingis að mér er ekki unnt að taka sæti á Alþingi nú vegna starfa erlendis.

Geir Hallgrímsson."

Þannig liggur þá fyrir að Geir Hallgrímsson getur ekki tekið sæti Péturs Sigurðssonar, en í hans stað er hér mættur í dag Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, sem áður hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að kanna hans bréf. Býð ég Guðmund H. Garðarsson velkominn til þingstarfa.

Tollskrá, stjfrv. 169. mál (þskj. 189). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um tollskrá. Þetta mál er 169. mál og er birt á þskj. 189.

Frv. felur í sér framlengingu á svonefndu jöfnunarálagi er lagt er á innflutt hús og húshluta. Jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta var upphaflega lagt á 1982 samkvæmt heimild í lögum nr. 83 frá 1981. Tilgangurinn með álagningu gjaldsins var að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá sem til var komin fyrst og fremst vegna tollfrjáls innflutnings á vörum frá EFTA og Evrópubandalaginu.

Í innlendri framleiðslu þessara vara verður uppsöfnun ýmissa gjalda sem lögð eru á ýmsar byggingarvörur, en þessar sömu byggingarvörur njóta hins vegar tollfrelsis við innflutning þegar þær eru fluttar inn sem hluti fullbúins húss eða húshluta. Til að eyða uppsöfnunaráhrifum þessum og jafna þar með samkeppnisstöðu innlends byggingariðnaðar hefur 12% jöfnunarálag almennt verið lagt á innflutt hús og húshluta með þeirri undantekningu að 6% jöfnunarálag hefur verið lagt á innflutt stálgrindahús. Fyrirhugað var að fella tolla almennt niður af byggingarvörum samkvæmt tollskrárlögum og eyða að öðru leyti að mestu nefndum uppsöfnunaráhrifum með breytingum á sérstöku vörugjaldi. Frá þessum breytingaráformum í skattkerfinu hefur hins vegar verið horfið fyrst um sinn og mun því áfram gæta neikvæðra áhrifa nefndrar uppsöfnunar í innlendri húsagerð sem leysa verður. Er því lagt til að nefnd heimild til álagningar jöfunarálags á innflutt hús og húshluta verði framlengd um eitt ár eða til ársloka 1986. Æskilegast er þó að á þessu máli verði fundin lausn til frambúðar og er það von ríkisstjórnarinnar að heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs, þar á meðal tollkerfisins, muni leiða til varanlegrar lausnar á þessu máli.

Ég vildi bera fram þá ósk að hraða mætti framgangi þessa máls þannig að ljúka mætti meðferð þess á hinu háa Alþingi fyrir jólaleyfi þm., en legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, stjfrv. 170. mál (þskj. 190). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um sérstakt

tímabundið vörugjald með síðari breytingum á þskj. 190.

Eins og kunnugt er var fyrirhugað að ráðast í umfangsmiklar breytingar á þeim hluta tekjuöflunarkerfis ríkisins er lýtur að álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda og vörugjalds, þar á meðal sérstöku tímabundnu vörugjaldi. Frá þessum hugmyndum hefur verið fallið þar sem breytingarnar hefðu leitt til hækkunar útgjalda heimilanna og aukið enn á þann vanda sem ýmsir þjóðfélagshópar búa við í dag, ekki síst húsbyggjendur sem margir hverjir glíma við þunga greiðslubyrði af lánum.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 var gert ráð fyrir að leggja á nýtt vörugjald er gefið hefði ríkissjóði um 2,8 milljarða kr. í tekjur. Frá þessu hefur nú verið horfið, eins og ég sagði, og gert ráð fyrir að sérstakt vörugjald haldist óbreytt á næsta ári. Frv. það sem hér liggur fyrir er staðfesting á þessum áformum, en með því er lagt til að gildistími laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, verði framlengdur og gjaldið innheimt í eitt ár til viðbótar, þ.e. á árinu 1986.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu sérstaks vörugjalds verði tæpar 1900 millj. kr. á næsta ári, en samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga þessa árs var innheimtan áætluð 1580 millj. kr. Gjaldið verður lagt á innfluttar vörur og innlenda framleiðslu sem nú er gjaldskyld og verður áfram innheimt í tveimur gjaldflokkum sem nú eru 24% af vörum í lægri gjaldflokki en 30% í þeim hærri.

Það er von mín að það takist góð samstaða um að afgreiða þetta mál einnig á hinu háa Alþingi fyrir jólaleyfi þm. og ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frv. 158. mál (þskj. 173). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 142. mál (þskj. 156). — 1. umr.

Flm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir litlu frv. til laga um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér eru þeir hv. þm. Ellert B. Schram, Guðmundur Einarsson og Guðrún Helgadóttir.

Með þeirri breytingu á áfengislögum, sem hér er gerð tillaga um, er ákvörðunarvald vínveitingaleyfa lagt í hendur sveitarstjórna í stað dómsmrh. Lagt er til að sveitarstjórnir veiti slík leyfi en geti bundið þau skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði gjald fyrir vínveitingaleyfi sem renni í sveitarsjóð á sama hátt og ýmis önnur leyfisgjöld sveitarfélaga, t.d. kvöldsöluleyfi.

Hér er um að ræða ákvarðanir sem eðlilegra er að taka í einstökum sveitarstjórnum í samræmi við hugmyndir um valddreifingu sem nú eru ríkjandi hér á landi. Sveitarstjórnir standa nær hinum almenna borgara en ráðherra sem oft og tíðum er ókunnugur staðháttum. Þó að lagt sé til að ákvörðunarvaldið sé falið sveitarstjórnum geta þær að sjálfsögðu leitað álits kjósenda í almennri atkvæðagreiðslu eins og hefð er fyrir. Lagt er til að svokölluð matsnefnd veitingahúsa hætti störfum, enda óþörf eftir að matið er lagt í hendur sveitarstjórnarmanna.

Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð, herra forseti. Það gleður mig að hafa veitt því athygli að þetta sjálfsagða og litla umbótamál nýtur þegar, að því er ég best veit, velvilja og stuðnings mikils meiri hluta hér á hinu háa Alþingi. Þannig hefur verið frá því skýrt í fjölmiðlum að ríkisstjórnin hafi á fundi sínum fyrir allnokkru ákveðið að beita sér fyrir slíkri breytingu sem felur þá í sér, úr því að hún hefur ekki þegar gert það, að hún mun væntanlega og þeir sem að henni standa styðja þetta litla frv. Enn fremur hefur það komið á daginn að Samtök ungra framsóknarmanna hafa ályktað til stuðnings þessu máli. Þannig virðist svo sem flestum sýnist nú sem þetta sé sjálfsagt, einfalt og auðframkvæmanlegt umbótamál.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði að loknum umræðum og afgreiðslu úr deild vísað til allshn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í framhaldi af ræðu hv. flm. vil ég staðfesta að dómsmrh. hefur þegar skipað nefnd fjögurra þingmanna úr stjórnarflokkunum, sem starfar undir stjórn ráðuneytisstjórans í dómsmrn., og sú nefnd fjallar einmitt um þetta atriði þannig að búast má við því að innan tíðar verði lagt fram á Alþingi stjfrv. um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 27. fundur.

Þriðjudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að á síðari fundi í dag fer fram utandagskrárumræða um viðskipti Hafskips og Útvegsbankans. Sú umræða verður í upphafi fundarins, væntanlega kl. 3 til 4 eða jafnvel fyrr.

Það skal vakin athygli á því að ef svo vill til verka að við höfum ekki lokið um kvöldmatarleytið því verki sem eðlilegt er að ljúka í dag verður kvöldfundur. Hv. þm. eru beðnir að hafa það í huga.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vek athygli á því að á þessum fundi hefur verið dreift þremur till. til þál. sem varða afstöðu Íslands til frystingar kjarnorkuvopna eða stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar. Þessar tillögur varða allar mál sem er á dagskrá á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á þessum dögum og líkur eru á því að þar gangi atkvæði um tillögu sem fram er borin af Svíþjóð, Mexíkó og fleiri ríkjum um þetta efni. Sú tillaga varð tilefni umræðna utan dagskrár í síðustu viku. Ein af nefndum þáltill. snertir beinlínis þessa atkvæðagreiðslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það eru tilmæli mín til hæstv. forseta að hann stuðli að því í samvinnu við þingflokka að mál þessi og sérstaklega till. á þskj. 225 komi til umræðu hér í sameinuðu þingi áður en atkvæði ganga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem gæti orðið fimmtudaginn 12. des. n.k. Mér er ljóst að tími er naumur til stefnu til þinglegrar meðferðar á þessum málum, en ég trúi ekki öðru en það sé vilji allra þingflokka og hæstv. ríkisstj. að þingviljinn liggi fyrir í þessu efni áður en atkvæði falla á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ég treysti því að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að þessi mál fái umræðu hér í Sþ. og stefnt verði að afgreiðslu þeirra áður en til umræddrar atkvæðagreiðslu kemur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram, sem augljóst er, að harla erfitt verður að fá afgreiðslu fyrir n.k. fimmtudag á máli því sem er á þskj. 225 og hv. 5. þm. Austurl. ræddi um. Það er augljóst að í dag verður ekki tími nema fyrir þá tvo fundi sem ráðgerðir eru. Næsti fundur Sþ. verður n.k. föstudag. Það er svo ákveðið vegna þess að þá fer fram 2. umr. fjárlaga sem upphaflega var gert ráð fyrir að yrði á fimmtudag. Það verður naumast séð hvernig hægt er að verða við óskum hv. 5. þm. Austurl. þegar svo er ástatt sem nú er. Raunar kæmi slíkt ekki til álita nema svo væri að það væri samstaða í þinginu um afgreiðslu þessarar till. Ég segi: til álita. Það er þó ekki þar með víst að það væri möguleiki að framkvæma þessa ósk.

Þetta vil ég að hér komi fram og ég vænti þess að allir hv. þm. skilji hvernig mál þessi liggja fyrir. Og það mál sem hér hefur verið gert að umræðuefni er ekki á dagskrá fundarins, hvorki þessa fundar né fundarins síðar í dag.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég sé ekki betur en þingflokkur Alþb. geti mjög einfaldlega leyst þetta mál. Þeir hafa óskað eftir umræðum utan dagskrár um viðskipti Hafskips og Útvegsbankans sem eiga að hefjast núna kl. 15. Það mál er komið á dagskrá þingsins og um það verður útvarpsumræða á fimmtudagskvöldið. Það mundi rýmka verulega fyrir þingstörfum ef Alþýðubandalagsmenn féllu frá þessari utandagskrárumræðu sinni núna til þess m.a. að greiða fyrir sínum eigin málum og framgangi þeirra hér á hinu háa Alþingi. Ég sé ekki betur en þetta gæti verið nokkuð góð lausn á málinu þar sem búið er að ákveða útvarpsumræðu um stöðu Hafskips og viðskipti Hafskips og Útvegsbankans. Ég held að þetta gæti leyst málið, herra forseti.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að ítreka ábendingu hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Það er fleira í málinu en hefur fram komið. Það er ekki aðeins að að umrædd till. bíði afgreiðslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna heldur liggur fyrir yfirlýsing frá öðrum stjórnarflokknum um að hann líti svo á að ef slík till. sé samþykkt sé Alþingi að kveða upp úr um stefnu sem sé öndverð þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstj. fylgir. Það hlýtur að vera ekki síður þýðingarmikið fyrir hæstv. ríkisstj. að það liggi sen fyrst fyrir eftir slíkar yfirlýsingar hver sé vilji Alþingis.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er rúm vika síðan ég óskaði eftir því að umræður utan dagskrár færu fram um Hafskipsmálið. Hún hefur frestast vegna veikinda hæstv. viðskrh. og sú frestun var í góðu samkomulagi við mig. Það er hins vegar alveg ljóst af þeim atburðum sem orðið hafa, m.a. í morgun, að þingið getur ekki beðið eftir því að fjalla um Hafskipsmálið hér. Hann er sérkennilegur þessi áhugi Alþfl. á því að fresta þeirri umræðu um nokkra daga og enn sérkennilegri fyrir þá sök að það mun hafa verið m.a. formaður þingflokks Alþfl. sem lagðist gegn því að útvarpað yrði frá þessari utandagskrárumræðu hér í dag, að Alþfl. sé að koma í veg fyrir það að þjóðin geti fengið að hlusta hér á umræður í dag.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi hér skýrt fram að það er ekki verið að leggjast gegn einu eða neinu af hálfu Alþfl. Það kom fram beiðni s.l. föstudag um útvarpsumræðu um þetta mál og þá hafði ekki borist beiðni frá Ríkisútvarpinu um að útvarpa þessum umræðum. Ég tel það eðlilegt að þegar þingflokkar óska eftir útvarpsumræðum verði þeirri umræðu útvarpað, en Ríkisútvarpið hafði farið fram á að útvarpa þessari umræðu, sem á að eiga sér stað hér nú, slitrótt, þ.e. fyrst í tvo klukkutíma og síðan náðarsamlegast í 40 mínútur. Ég tel miklu betra að þjóðin fái tækifæri til að hlusta á heila umræðu um þetta mál þar sem hver flokkur hefur ákveðinn tíma og því mótmæli ég því sem hv. þm. sagði hér áðan um að Alþfl. hefði með einhverjum hætti lagst gegn því að þessari umræðu yrði útvarpað. Henni verður útvarpað, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það væri svo kannske athugunarefni út af fyrir sig hvort þær ástæður sem hv. þm. nefndi fyrir frestun þessarar umræðu eru einu ástæðurnar sem liggja þar að baki. Það gæti vel verið, ef grannt væri skoðað, að það kæmi eitthvað annað í ljós.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram, af því að hér hefur borist í tal spurningin um hvort ætti að útvarpa utandagskrárumræðu á fundinum síðar í dag, að Ríkisútvarpið mæltist til þess við forseta að það væri gert, en þó með þeim vandkvæðum að það var mjög takmarkaður tími sem hægt var að ætla fyrir þetta útvarp. Það var samhljóða álit forseta og fulltrúa Ríkisútvarpsins að undir þeim kringumstæðum sem nú eru væri ekki rétt að útvarpa umræðunni í dag, enda var gefið að það yrði útvarpað umræðu síðar í vikunni.

Þetta skal tekið fram og hv. 5. landsk. þm. kom hvergi nærri þessum ráðagerðum og niðurstöðu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel að hér sé í rauninni verið að blanda saman óskyldum málum þar sem eru umræður um Hafskipsmál og hins vegar afstöðu til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar.

Mér er það ljóst sem öðrum hv. þm. að annir eru á Alþingi þó að þingstörfum hefði mátt haga betur af hálfu hæstv. ríkisstj. á liðnum vikum, en þá stefnir í það að hér verði mikla annir. Mér er því ljóst að það þarf góðan vilja til þess að fá afgreiðslu á þeim málum sem varða afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar áður en atkvæði falla á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ég er einfaldlega að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að hann kanni það og stuðli að því í samvinnu við formenn þingflokka að umræða um þessi efni geti farið fram og afgreiðsla liggi hér fyrir áður en nefnd atkvæðagreiðsla fer fram hjá Sameinuðu þjóðunum.

Ég trúi ekki öðru en hæstv. ríkisstj. hafi einnig áhuga á því að línur skýrist og verði skýrari í þessu efni áður en sú atkvæðagreiðsla fer fram og ég vil inna hæstv. forsrh. eftir því hvort hann vilji ekki stuðla að því fyrir sitt leyti að till. á þskj. 225 um afstöðu Íslands í þessu efni fái þinglega meðferð á næstu sólarhringum þannig að vilji þingsins í þessu efni liggi skýrt fyrir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal aðeins ítrekað, sem áður hefur verið tekið fram, að það er ekki sjáanlegt að það sé möguleiki að afgreiða mál á þskj. 225 fyrir n.k. fimmtudag. Það var sagt að það kynni að koma til álita ef það væri samstaða milli þingflokka. Komi það í ljós mun forseti athuga það. En samstaða milli þingflokka hlýtur að þýða að það verður að vera viðbúið að ráðstafa verulegum tíma frá deginum í dag til fimmtudags, þ.e. verulegum tíma morgundagsins. Og er hætt við að allt verði unnið fyrir gýg því að það þarf tvær umræður um till. og nefnd verður að skila áliti.

Lánsfjárfyrirheit vegna kaupa á togaranum Má, fsp. 157. mál (þskj. 172). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 172 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um lánsfjárfyrirheit vegna kaupa á togaranum Má. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur verið staðið við loforð um fjármagnsfyrirgreiðslu sem ríkisstj. gaf þegar togarinn Már var keyptur til Ólafsvíkur?"

Nú er mér ljóst að það var ekki þessi hæstv. ríkisstj. sem þá sat að völdum, en ríkisstjórn Íslands var það engu að síður. Það var svo í apríl 1980, þegar þessi togari kom til landsins, að hann var talinn tiltölulega ódýrt skip miðað við innlenda skipasmíði, en nú er löngu svo komið að skuldir skipsins hafa reynst langt umfram eignir og þessi togari einn af mörgum sem lent hafa undir uppboðshamrinum.

En tilefni fsp. minnar er að þegar gengið var frá kaupum á togaranum var gefin út sameiginleg yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands og stjórnar Útvers sem er eigandi togarans. Þetta var 21. des. 1978. Þá var gert ráð fyrir 67% láni úr Fiskveiðasjóði Íslands. En þegar til átti að taka fékkst einungis 50% lán. Þá var enn fremur gert ráð fyrir láni úr Byggðasjóði sem fékkst ekki.

Mér þykir þess vegna ýmislegt benda til að ekki hafi verið staðið við þau loforð um fjármagnsfyrirgreiðslu sem gefin voru þegar togarinn var keyptur og því er þessi fsp. sett fram.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. sagði. Þetta var út af fyrir sig ekki mál þessarar ríkisstj. og reyndar hygg ég að það megi segja að þetta sé mál tveggja ríkisstjórna á undan þessari.

Þetta mál á nokkuð langan aðdraganda. Ég hef látið fara í gegnum allar fundargerðir ríkisstjórnarinnar og kanna hvaða loforð hafa verið veitt. Þetta er of langt mál til að rekja það í smáatriðum, en ég vil þó geta þess að þetta mál kemur fyrst á fund ríkisstjórnarinnar þriðjudaginn 25. apríl 1978. Er því þá hreyft þar í tengslum við viðskiptasamning sem er í undirbúningi við Portúgala, en Portúgalar höfðu lagt á það ríka áherslu að um gagnkvæm viðskipti yrði að ræða og alveg sérstaklega óskað eftir því að skoðað yrði að þar yrðu smíðaðir tveir togarar.

Sjútvrh. og viðskrh. í þeirri ríkisstjórn skoðuðu það mál vandlega og til að gera langt mál stutt varð niðurstaðan sú að samið var um smíði tveggja togara. Í því sambandi voru tvö fyrirtæki nefnd, þ.e. Samherji hf. í Grindavík og Hraðfrystistöðin í Reykjavík. Samningar þessara fyrirtækja við skipasmíðastöðvar í Portúgal voru samþykktar með ákveðnum fyrirvara um eiginfjárútvegun. Síðar kom í ljós að ekki reyndist unnt fyrir fyrirtækin að útvega það fé og varð þá niðurstaðan sú að ríkissjóður gekk í ábyrgð fyrir kaupum á þessum tveimur togurum. Þessi tvö fyrirtæki féllu síðan út úr myndinni og var þá leitað að nýjum kaupendum. Niðurstaðan varð sú, eins og kemur fram í þessum fundargerðum, að kaupendur voru ákveðnir Bæjarútgerð Reykjavíkur og fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki á Snæfellsnesi.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að lánareglur Fiskveiðasjóðs og Byggðasjóðs, þegar þetta mál hófst og nokkuð lengi meðan það var í meðferð ríkisstjórnarinnar, voru, eins og hann rakti, að Fiskveiðasjóður lánaði 67% kaupverðs og Byggðasjóður 5% og reyndar í sumum tilfellum 10% þegar um sérstakt byggðavandamál var að ræða og reyndar þá byggt innanlands.

Á þessu verða síðan á meðan á meðferð málsins stendur hjá ríkisstjórninni breytingar, eins og kemur fram í minnisblaði til þáverandi sjútvrh. Matthíasar Bjarnasonar frá 21. ágúst 1978, þegar Fiskveiðasjóður dregur úr lánveitingu sinni til kaupa á fiskiskipum erlendis.

Ég hygg því að í upphaflegum samningum og viðræðum um þessa togara hafi verið gert ráð fyrir þeirri lánveitingu sem hv. fyrirspyrjandi nefndi í sinni ræðu. Mér er hins vegar ekki ljóst, og það kemur ekki nógu greinilega fram af þessum skjölum hér, hvort þeir sem síðastir urðu til að kaupa þessi skip hafi getað gengið út frá því sem öruggu að Fiskveiðasjóður lánaði 67% kaupverðs.

Lokaafgreiðslurnar í ríkisstjórninni koma fram í fundargerð ríkisstjórnarinnar frá 9. apríl 1980. Þá situr önnur ríkisstjórn. Þar er bókað svo, með leyfi forseta:

„Sjútvrh. lagði til að lánsfjárfyrirgreiðsla vegna togaranna tveggja, sem smíði er að ljúka á í Portúgal, verði með þeim hætti að Fiskveiðasjóður láni 50% kaupverðs og veitt verði ríkisábyrgð á 30% kaupverðs."

Þessa till. leggur þáverandi sjútvrh. fyrir ríkisstjórnina.

Síðan kemur þetta að nýju til meðferðar í ríkisstjórninni 20. okt. 1981. Þar er bókað, með leyfi forseta:

„Forsrh. skýrði frá erindi Útvers hf. í Ólafsvík um

aukna fjármagnsfyrirgreiðslu vegna togarans Más. Málið rætt og verður athugað nánar."

Síðan er þetta rætt á nokkrum næstu fundum. Í bókun þriðjudaginn 3. nóv. 1981 segir:

„Viðskrh. lagði til að fyrirtækinu væri gefinn kostur á að taka lán með ríkisábyrgð fyrir því sem á skorti að lánveiting Fiskveiðasjóðs næmi 80% smíðaverðs." Mér var vel kunnugt um það á þessum tíma, þar sem ég gegndi starfi sjútvrh., að sú skoðun var tvímælalaus hjá kaupendum þessara skipa, sérstaklega þeim á Snæfellsnesinu, að þeir hefðu haft vilyrði fyrir 67% kaupverðs úr Fiskveiðasjóði. Það finnst hins vegar hvergi skjalfest í fundargerðum ríkisstj. og það mál var þá reynt að leysa með því að veita ríkisábyrgð fyrir því sem á vantaði, eins og komið hefur fram af þessu sem ég hef lesið.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Það er deginum ljósara og kom mjög skýrt fram í máli hans að þær forsendur, sem kaupendur þessa skips gengu út frá þegar þeir ákváðu kaupin, stóðust ekki. Hvers vegna skal hér ósagt látið. En þegar ríkisstjórn Íslands og þetta fyrirtæki standa sameiginlega að yfirlýsingu þegar gengið er frá kaupum á togaranum þá eru forsendur allt aðrar og þær breytast svo enn seinna. Það er því alveg ljóst að þeir sem tókust þarna á hendur skuldbindingar höfðu ástæðu til að ætla að lánafyrirgreiðslan yrði önnur heldur en hún raunverulega varð.

Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði að lagt var verulegt kapp á það að við Íslendingar keyptum togara frá Portúgal til að greiða fyrir viðskiptum milli landanna. En hér hefur tekist heldur ólánlega til þar eð ekki hefur verið staðið við gefin fyrirheit. Mér finnst ástæða til að sú staðreynd sé höfð í huga nú þegar verið er að fjalla um eignarhald á þessu skipi og fleirum og stendur til að bjóða þau upp að nýju. Hins vegar væri fróðlegt í þessari umræðu að heyra skoðanir hæstv. félmrh. á þessu máli sem mjög kom við sögu þegar þetta skip var keypt sem fulltrúi heimamanna í Ólafsvík.

En mér sýnist það alveg ljóst, hvort sem menn kalla það yfirlýsingar, loforð, vilyrði eða fyrirheit, að við þetta var ekki staðið og þetta þróaðist ekki eins og þeir sem skipið keyptu, heimamenn á utanverðu Snæfellsnesi, höfðu ríka ástæðu til að ætla og töldu sig sjálfsagt geta treyst, þar sem ríkisstj. átti í hlut annars vegar.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það er ekki tækifæri til að taka þátt í þessari umræðu við þessar aðstæður vegna þingskapa en ég vil aðeins staðfesta það, sem hér hefur komið fram, að þegar þetta skip, Már SH 127, var keypt til Snæfellsness þá var það gert í trausti þess að gengið yrði út frá þeim ákvæðum sem voru til staðar þegar samningar við Portúgal voru gerðir. Í yfirlýsingu sem undirrituð er og er til í skjölum stjórnvalda var gengið út frá því að það fengist allt að 67% lán úr Fiskveiðasjóði og sótt var um 10% lán úr Byggðasjóði. Hins vegar hefur verið tekið mið af þessu, eins og fram kemur í samþykkt viðskrh. eftir þessi kaup, að ríkisábyrgð er veitt að 80%. Þá hefur ríkisstjórnin þar með, ný ríkisstjórn, viðurkennt, að lánafyrirgreiðsla ríkisstjórnar yrði 80%. Þetta mál er enn á vinnslustigi og það er ekki ástæða til að ræða það frekar hér. En ég treysti því að þessi mál öll fái þær lyktir að skipið verði á Snæfellsnesi áfram.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er málið allviðamikið og ég held ég hafi ekki fundið önnur mál sem oftar hafa verið tekin fyrir í ríkisstjórnum því að bunkinn er upp undir cm þykkur — og því engin tök á að rekja þetta allt saman hér.

En þó vil ég nefna það til viðbótar að 21. ágúst 1978 er lagt fram í ríkisstjórninni bréf sem greinir frá nýjum útlánareglum Fiskveiðasjóðs. Í því bréfi kemur greinilega fram að Fiskveiðasjóður muni aðeins lána 50% kaupverðs. Hér segir: Fiskveiðasjóður láni aðeins 50% kaupverðs. Og af kynnum mínum af Fiskveiðasjóði má ég fullyrða að það er ekki auðvelt að fá stjórn Fiskveiðasjóðs til að breyta slíkri samþykkt. Ég átti um það ítarlegar viðræður við Fiskveiðasjóð hvort hugsanlegt væri að gera undantekningu vegna fyrri meðferðar þessa máls. Svarið sem ég fékk var það að stjórnin gæti ekki fallist á það. Sömuleiðis var á það bent hvað eftir annað að þessar reglur hefðu legið fyrir áður en þessir nýju kaupendur komu inn í spilið, þ.e. útgerðarmenn á Snæfellsnesi og í Reykjavík, og átti því að vera öllum ljóst þegar það var gert.

Ég endurtek að það finnst hvergi í fundargerðum ríkisstj. loforð um það að ríkisstj. muni tryggja lán, meiri en Fiskveiðasjóður hafði þegar ákveðið. Og ég endurtek að mér er ljóst að um þetta hafa orðið miklar umræður og reyndar deilur, en eitt er þó vert að athuga í þessu máli: að kaupendum var ætíð gert að hafa 20% eigið fé til taks. Það var ekki til í sambandi við togarann Má, því miður, og var fengið að láni af kaupendum beint frá viðskiptabanka. Og ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að það fær ekkert fyrirtæki, hvort sem það er útgerðarfyrirtæki eða annað, staðið undir því að hafa ekkert eigið fé í sínum rekstri. Þannig að ég hlýt að draga það í efa, jafnvel þótt fengist hefðu 67% úr Fiskveiðasjóði, að rekstur þessa skips hefði getað gengið. Munurinn hefði orðið sá að Fiskveiðasjóður hefði yfirtekið ákveðin lán og lengt þau. Þeir fengu lánin, en þeir fengu þau ekki lengd til þess tíma sem reglur Fiskveiðasjóðs gera ráð fyrir.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það var út af orðum hæstv. forsrh. um það að eigendur togarans Más á Snæfellsnesi hefðu ekki verið með neitt eigið fjármagn í sambandi við kaup á skipinu. Ég tel að hæstv. forsrh. hafi ekki farið þar með rétt mál. Ég kann ekki að fara með prósentur þar, en ég tel að eigið fjármagn, sem lagt var til þeirra kaupa, hafi verið um 10%. Það hefur a.m.k. verið helmingur þess fjár sem áætlað var að lagt yrði til skipsins eftir þeim reglum sem hæstv. forsrh. var að tala um. Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram í þessari umræðu.

Kostnaður við Bakkafjarðarhöfn, fsp. 129. mál (þskj. 142). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Á þskj. 142 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til samgrh. um kostnað við framkvæmdir við Bakkafjarðarhöfn. Spurningarnar eru þessar:

„1. Hvað er heildarkostnaður við nýframkvæmdirn-

ar í Bakkafjarðarhöfn orðinn mikill frá því þær hófust og fram til 1. sept. s.l. reiknað á núverandi verðlagi?

2. Hvernig hafa þessar framkvæmdir verið fjármagnaðar?

3. Hver er áætlaður heildarkostnaður við að ljúka hinum fyrirhuguðu hafnarframkvæmdum?

Hér er að sjálfsögðu átt við þann hafnaráfanga sem ákveðið var að ráðast í fyrir fáeinum árum síðan um gerð brimbrjóta og fekari hafnaraðstöðu.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Heildarkostnaður við framkvæmdir á árinu 1982—1985 við Bakkafjarðarhöfn er orðinn 45 millj. 9 þús. kr. Ef kostnaði þessum er skipt niður á ár og hann síðan framreiknaður til verðlags í dag í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu þá er niðurstaðan sem hér segir:

1982: 514 þús. kr. Kostnaður á núverandi verðlagi: 1529 þús. kr.

1983: 10 millj. 230 þús. kr. Kostnaður á núverandi verðlagi: 15 millj. 723 þús. kr.

1984: 19 millj. 165 þús. kr. Kostnaður á núverandi verðlagi: 26 millj. 761 þús. kr.

og á þessu ári: 15 millj. 100 þús. kr. Kostnaður á núverandi verðlagi: 16 millj. 9 þús. kr.

Samtals er kostnaður á verðlagi hvers árs 45 millj. 9 þús. kr. en á framreiknuðu verði, eða núverandi verðlagi, 60 millj. 22 þús. kr.

Framkvæmdirnar hafa verið fjármagnaðar sem hér segir:

Fjárveitingar úr ríkissjóði: 24 millj. 604 þús. kr.

Lán út á ríkishluta: 15 millj. 200 þús. kr.

Styrkir úr Hafnarbótasjóði: 3 millj. 500 þús. kr.

Styrkir úr Byggðasjóði: 1 millj. 600 þús. kr.

Með fjárveitingum eru hér taldar þær „aukafjárveitingar" að upphæð 8 millj. 900 þús. kr. er komu úr ríkissjóði á s.l. sumri.

Tvö lán hafa verið tekin til framkvæmdanna og eru eftirstöðvar þeirra, eins og að framan greinir, 15 millj. 200 þús. kr. á lántökugengi. Lánin eru:

Tekið 1983: DEM 862 424, það eru 9 millj. kr. og eftirstöðvar 7,2; lánstími 10 ár; endurgreiðsla 1984—1993; vextir 11%.

Í öðru lagi tekið lán 1985: Vísitölulán vísit. 1006, 8 millj., lánstími 2 ár; endurgreiðsla 1986 og 1987; vextir 6,25%.

Eftirstöðvar þessara lána á gengi/vísitölu 1. nóvember s.l. nema samtals 21 millj. 272 þús. kr.

Hvað varðar frekari framkvæmdir þá liggur fyrir ósk hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps um að byggð verði 15—20 m löng bryggja innan á brimvarnargarðinn og að hafnarsvæðið verði lýst upp. Bryggjan er hugsuð sem löndunarbryggja en ætlunin er að bátarnir verði eftir sem áður geymdir við legufæri innan við garðinn. Áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir er um 4 millj. kr. Frekari framkvæmdir eru ekki á döfinni að því er ég best veit.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Nú er það að sjálfsögðu svo að öll viljum við gjarnan hafa góðar hafnir sem víðast, en ég minni á það í þessu sambandi að ákvörðunin um þessa hafnargerð varð til með ákaflega sérstæðum hætti. Hún gerðist í rauninni þannig, að Framkvæmdastofnun tók ákvörðun um að lána til þessara framkvæmda áður en Alþingi hafði veitt fé til þeirra og þannig veitt samþykki sitt. 60 millj. kr. eru verulegir fjármunir.

Ég held að heildarframlag ríkisins til hafnarmála á s.l. fjárlögum hafi verið um 70 millj. kr. Það hlýtur að vera hlutverk alþm. hverju sinni að gera upp hug sinn um það hvernig þeim fjármunum sé best varið. Og menn hljóta að spyrja sig þeirra spurninga þegar hér er talað um heildarframvæmdir upp á a.m.k. 65 millj. kr. hvort ekki hefði komið til álita og verið skynsamlegra að velja hér ódýrari lausnir og eiga kannske 60 millj. meira til úthlutunar annars staðar í þjóðfélaginu, til hafnarbóta annars staðar. Á þetta vil ég benda.

Annars er mér reyndar kunnugt um það að framkvæmdir hafa gengið mjög brösótt á þessum stað, en það skiptir ekki meginmáli.

Ég þakka svo ráðherra fyrir svörin.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að framkvæmdir hafa gengið hálfbrösótt og það er nú einmitt þess vegna sem framkvæmdaupphæðin hefur hækkað verulega. Hins vegar lagði ég áherslu á það að deila á milli hafnamálastjórnar og verksala yrði leyst án þess að fara í gerðardóm með því að fá óvilhallan mann til þess að fara yfir þau mál, heldur en að standa í gerðardómi, mjög dýrum, lengri tíma þannig að það liggja fyrir allar upphæðir til þessara framkvæmda.

Það er líka rétt að upprunaleg ákvörðun var tekin um að bjóða fram lánveitingu frá Byggðasjóði — eða Framvæmdastofnun ríkisins, Byggðasjóði — á sínum tíma sem Alþingi féllst á með sínum fjárveitingum, svo að farið hefur verið í þessa framkvæmd með eðlilegum ætti að öðru leyti. Hins vegar var talið á sínum tíma að hér væri um byggðamál að ræða sem réði úrslitum um það hvort byggð héldist á þessum stað eða ekki. Um það geta alltaf verið skiptar skoðanir í hvaða framkvæmdir á að leggja fjármuni hverju sinni, en þetta er ákvörðun sem var tekin af öðrum en mér. Hins vegar hefur það orðið mitt hlutskipti að reyna að halda því áfram þannig að ekki yrði ónýt sú framkvæmd sem var komin nokkuð á veg.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi vegna spurningarinnar um það hvort byggð héldist þá vil eg vekja athygli á því að ég ræddi um það að menn hefðu getað valið hér ódýrari kost en þann sem valinn var. Ég held að það liggi alveg fyrir að menn hefðu getað fundið viðunandi kost sem var ódýrari en þeir tugir milljóna sem hér hafa lent í þessu verkefni og við stæðum þeim mun betur og byggðin héldist.

En það að verkefnið gekk brösótt held ég að eigi sína orsök ekki síst í ónógum undirbúningi og þeim flýti sem varð af því að komast í gang með verkið, vegna þess hvernig aðdragandinn var í sambandi við ákvarðanatökurnar.

Endurnýjun Sjóla GK, fsp. 130. mál (þskj. 143). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Á þskj. 143 hef ég borið fram fsp. til viðskrh. varðandi endurnýjun á togaranum Sjóla GK, en eins og kunnugt er þá brann það skip í hafi, þannig að nánast ónýtt var.

Fsp. er í tveimur liðum:

„1. Hefur ráðuneytinu borist ósk frá eigendum togarans Sjóla GK um heimild til kaupa á öðru skipi í stað togarans sem gereyðilagðist í bruna?

2. Ef slíkt erindi hefur borist, hefur því verið svarað og þá með hvaða hætti?"

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar þessi fsp. var lögð fram hafði ekkert bréf verið sent í viðskrn. en hins vegar kom bréf síðar, það er dags. 19. nóv. en móttekið 25. nóv., og er stílað á mig sem viðskrh., þar sem sagt er frá þeim hugmyndum eigenda að hverfa frá því að gera við Sjóla og að vátryggjendur togarans hafa borgað út tryggingarfé skipsins. Eigendur Sjóla höfðu nokkru áður rætt við mig lauslega hvað mér fyndist um að breyta miðað við þær kostnaðartölur sem hér væri um að ræða, en þær voru svona gróflega áætlaðar.

Í sambandi við þetta mál hef ég gefið fyrirmæli um það í ráðuneytinu nú alveg nýlega að ekkert sé því til fyrirstöðu hvað snertir viðskrn. að Sjólastöðin fái leyfi til að kaupa annað skip með því að leggja vátryggingarverð hins skipsins upp í það og að Sjóli verði seldur úr landi eins og hann er nú. Hins vegar er eftir að senda bæði samning og beiðni til réttra aðila í þessum efnum og þá tel ég víst að það muni ekki standa neitt á afgreiðslu mála. Þau taka sinn tíma eins og gengur og gerist.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Það vekur auðvitað spurningar í huga manns hvers vegna ekki hafi fengist niðurstaða í þessu máli fyrr. Nú þekkjum við það að fyrirspurnir geta vitaskuld borist með mismunandi hætti og ekki ævinlega skriflega, en aðalatriðið er þó að úrlausn sé fundin og ég þakka ráðherra svörin.

Sameinað þing, 28. fundur.

Þriðjudaginn 10. des., að loknum 27. fundi.

Staða Útvegsbanka Íslands, beiðni um skýrslu, 171. mál (þskj. 194). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin samþ. með 42 shlj. atkv.

Afskipti bankaeftirlits af málefnum Útvegsbankans, beiðni um skýrslu, 172. mál (þskj. 192). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin samþ. með 42 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hafskipsmálið er stærsta gjaldþrotamál í sögu íslenska lýðveldisins. Fjölmargir forustumenn Sjálfstfl., stærsta flokks þjóðarinnar, ráðherrar, þingmenn, formenn stórra flokksfélaga, fyrrv. framkvæmdastjórar flokksins og formenn kjördæmissambanda eru flæktir í málið á margvíslegan hátt. Annar stærsti banki þjóðarinnar, eign almennings í landinu, tapar hundruðum milljóna kr. sem lagðar verða á fólkið í landinu í formi skattlagningar, og það sem meira er, að framtíð bankans virðist vera í stórfelldri hættu.

Fólkið í landinu verður, eftir þeim upplýsingum sem þegar hafa fram komið, látið reiða fram sérstakan skatt, Hafskipsskatt, sem gæti numið 10 þús. kr. á hverja fölskyldu í landinu. Ég mun hins vegar hér á eftir leiða rök að því að staða Útvegsbankans sé í reynd enn verri en fram hefur komið nú þegar, þannig að ætti almenningur í landinu að reiða fram allt það fjármagn, sem þyrfti til að styrkja stöðu bankans á ný, myndi þessi Hafskipsskattur á hverja fjölskyldu í landinu þurfa að nema um 20 þús. kr.

Á sama tíma og þetta er upplýst þá bendir margt til þess að forstjórar og stjórnendur Hafskips, eigendur og aðrir forráðamenn þess fyrirtækis hafi notað þau lán sem veitt voru úr þjóðbankanum til þess að flytja fjármagn í stórum stíl frá Hafskipi og yfir til annarra fyrirtækja í eigu þessara sömu stjórnenda, hliðarfyrirtækja, skúffufyrirtækja og platfyrirtækja. Þegar upp er staðið þá bendir margt til þess að þessir stjórnendur, sem fólkið í landinu þarf nú að borga fyrir hundruð milljóna kr., munu verða mun ríkari, eiga fleiri húseignir, eiga öflugri fyrirtæki en þeir áttu í upphafi vegna þess að þeir hafi misnotað lánafyrirgreiðslu þjóðbankans til að dæla fjármagni gegnum Hafskip og yfir til annarra fyrirtækja.

Enn fremur er ljóst að mörg áberandi fyrirtæki í landinu, sem áttu stóran hlut í Hafskipi, hafi notað þá eignaraðild til þess að knýja fram afslætti og uppbætur á farmgjöldum til þess að styrkja gróðastöðu sinna eigin fyrirtækja á kostnað skipafélagsins og þjóðbankans.

Allir þessir atburðir, stærsta fjármálahneyksli í sögu lýðveldisins, þar situr stærsti flokkur þjóðarinnar í hverri ábyrgðarstöðunni á fætur annarri með svo margbrotnum hætti að það er sama hvar maður kemur að þessu máli, það er ekki þverfótað fyrir þm. og forráðamönnum Sjálfstfl. Allir þessir atburðir hafa orðið til þess að þjóðina skortir nú traust á forustu landsins, skortir traust á fjármálastofnunum landsins, skortir traust á þeim fyrirtækjum sem eiga að tryggja atvinnu og lífsafkomu fólksins í landinu. Það er því eðlilegt að almenningur krefjist uppgjörs í þessu máli, krefjist þess að öll gögn séu lögð á borðið, krefjist þess að með opinberum hætti, fyrir opnum tjöldum, þar sem hver og einn hefur aðgang að því sem fram kemur, fái þjóðin að vita allt — bókstaflega allt — og sjá öll gögn sem þessu máli tengjast.

Almenningur vill hreint borð í þessu máli áður en skattseðillinn með Hafskipsskattinum kemur inn um dyrnar. Almenningur í þessu landi mun ekki sætta sig við það að þurfa að greiða 10—20 þús. kr. — hver fjölskylda í landinu — í formi sérstakrar skattlagningar vegna Hafskipsævintýrsins án þess að vera búin að fá fulla vitneskju fyrir því að öll gögn í málinu séu fram komin; án þess að það liggi ljóst fyrir hvert sé tap þeirra

sem áttu Hafskip, hvert sé tap þeirra sem stjórnuðu Hafskipi. Eða er það kannske þannig að á sama tíma og fjölskyldurnar í landinu verða hver og ein að borga þennan 10—20 þús. kr. skatt, þá fari stjórnendur Hafskips og eigendur Hafskips frá þessu borði ríkari en þeir komu að því?

Almenningur vill jafnframt fá vitneskju um hvort rétt sé að fjölmörg önnur stórfyrirtæki í landinu hafi notað lánafyrirgreiðslu þjóðbankakerfisins til að safna skuldum, hvort það sé rétt að fjölmörg önnur stórfyrirtæki landsins séu nú í biðsal dauðans í bankakerfinu þar sem tap þjóðbankanna og annarra viðskiptabanka verði enn meira en Hafskipsmálið hefur leitt í ljós, að sú saga sem við erum nú að fjalla um og tengjum Hafskipi sé bara fyrsti kaflinn í enn stærri skuldabók íslenska viðskiptalífsins. Fyrirtæki eins og Arnarflug, sem Þjóðviljinn greinir frá í dag að skuldi hundruð milljóna króna, fyrirtæki eins og Sjöstjarnan, fyrirtæki eins og Byggung, fyrirtæki eins og Víðir, fyrirtæki eins og Hagvirki, fyrirtæki eins og Olís og þannig mætti áfram telja lengi. Er það rétt að þegar allt þetta sé lagt saman standi bankakerfið og þjóðin frammi fyrir því að sjálft fjármálakerfi Íslendinga riði til falls vegna skulda þessara fyrirtækja? Er þá ekki átt við þær miklu skuldir sjávarútvegsfyrirtækja sem greint var frá í fréttum í dag.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að Alþingi beiti sér fyrir því að almenningur í landinu endurheimti traust sitt á stofnunum lýðveldisins, að almenningur fái á ný tiltrú á því kerfi fjármálastofnana og fyrirtækja sem fólkið í landinu hefur haldið hingað til að ætti að tryggja velferð þess og örugga gæslu fjármuna. Það hvílir því sú skylda á Alþingi Íslendinga og ríkisstj. að sjá til þess að trúnaður skapist á ný, að traust skapist á ný, að fólkið í landinu geti áfram búið við öryggi í fjármála- og atvinnulífi.

Það er rétt að við gerum okkur grein fyrir því að þessi atburðarás hefur verið með slíkum hætti og svo hröð að hver dagur getur skipt miklu máli í þessu sambandi. Í fjármálalífi þjóðar skiptir trúnaður mestu máli, traust fólksins sem á sparifé sitt í bankakerfinu og ætlast til þess að það sé farið með það á réttan og eðlilegan hátt.

Í rúmlega vikutíma höfum við beðið þess að heilsa hæstv. viðskrh. leyfði að þessi utandagskrárumræða gæti farið fram. Ég fagna því að hún leyfir honum í dag að vera hér á þingi og veita svör við þeim spurningum sem ég og aðrir þm. munum bera fram. Þeim spurningum verður einnig beint til hæstv. forsrh., til hæstv. alþm. Matthíasar Á. Mathiesen fyrrverandi viðskrh., sem ráðherra viðskiptamála bar höfuðábyrgð á bankakerfi þjóðarinnar á þeim mánuðum sem mikilvægastir voru í þessari sögu, og til hæstv. iðnrh. sem um langa tíð veitti forstöðu Hafskipi og Útvegsbanka Íslands.

Herra forseti. Það má skipta þessu efni í sjö meginviðfangsefni. Ég ætla í eins stuttu máli og mér er unnt að reifa þessa sjö þætti á þann veg að nokkuð sé ljóst til hvers sé ætlast af hæstv. ráðherrum og Alþingi í þeim efnum.

Fyrsti þátturinn eru aðgerðir eða aðgerðarleysi viðskrn. á s.l. 6—7 mánuðum, að meginhluta í ráðherratíð hv. alþm. Matthíasar Á. Mathiesen, afskipti eða afskiptaleysi bankastjóra Seðlabankans, formanns bankaráðs Seðlabankans, sem áður var bankastjóri Útvegsbankans, og annarra þeirra stjórnvalda sem bankaeftirlitið heyrir undir og eiga samkvæmt lögum að tryggja að þegar bent er á hættur sé gripið í taumana í tæka tíð.

Í öðru lagi staða Útvegsbanka Íslands nú. Hvernig eigi að bæta banka almennings það tjón sem hann hefur orðið fyrir og hvort rétt sé að skuldir bankans séu í reynd meiri en tvöfalt meiri en þegar hefur komið fram, að ef fram ætti að fara hreint uppgjör á Útvegsbanka Íslands sé mínusstaða bankans ekki 400 millj. heldur nær 1000 millj. kr.

Í þriðja lagi viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips, sú fullyrðing, sem sett hefur verið fram af núverandi hæstv. viðskrh., að það hefði fyrir löngu átt að vera búið að gera Hafskip upp. Hvernig stóð á því að Útvegsbankinn krafðist ekki þess gjaldþrots sem hæstv. viðskrh. segir nú að fyrir löngu hefði átt að fara fram? Hver var ferill lána í bankanum og hvernig stóð á því að veð voru ekki nægilega tryggð?

Í fjórða lagi viðskipti Hafskips við önnur fyrirtæki, innlend og erlend, viðfangsefni sem á að varpa ljósi á að hve miklu leyti lánsfjármagnið frá banka almennings í landinu var notað til að byggja upp eignarstöðu forstjóra og eigenda Hafskips í öðrum fyrirtækjum sem nú munu hafa allt sitt á þurru. Þeir hafa byggt upp nýjar höfuðstöðvar í glæsilegum byggingum hér í borginni á sama tíma og Hafskip er að rúlla. Einnig fjármögnun á stórfelldri einkaneyslu og lúxus stjórnenda og ráðamanna fyrirtækisins hérlendis og erlendis þar sem fé almennings úr þjóðbanka landsins hefur verið notað til að greiða fyrir þennan einkalúxus erlendis og hérlendis.

Í fimmta lagi margvísleg afskipti forustumanna Sjálfstfl. af málefnum Hafskips. Það hefur verið sagt undanfarna daga að það sé fyrst og fremst vegna hins pólitíska bakhjarls sem talið var að þetta fyrirtæki hefði í stærsta stjórnmálaflokki landsins með hverja silkihúfu Sjálfstfl. á fætur annarri innan vébanda fyrirtækisins að bankakerfið og aðrir þeir sem viðskipti höfðu við Hafskip trúðu því ekki að Sjálfstfl. mundi láta það fara á hausinn. Svo margir ábyrgðar- og forustuaðilar innan Sjálfstfl. hefðu þar beinna hagsmuna og forustu að gæta. Þessi stærsti flokkur þjóðarinnar verður þess vegna að vera reiðubúinn til samvinnu við þingheim allan og þjóðina til að leiða í ljós skýrt og skorinort að ekkert óeðlilegt, ekkert sem talist getur óeðlileg fyrirgreiðsla, óeðlileg hjálp, hafi átt sér stað hjá þeim forustumönnum Sjálfstfl. sem skipuðu stjórnendastöður innan Hafskips.

Í sjötta lagi þær horfur sem eru í bankakerfi landsmanna og ég vék lítillega að áðan þar sem listinn yfir fyrirtækin sem nú bíða uppgjörs og gjaldþrots virðist lengjast með hverjum degi. Það vekur spurningu um það hvernig ríkisstj. ætlar að bregðast við þessum mikla fjárhagsvanda í atvinnukerfi landsmanna.

Og svo að lokum í sjöunda lagi spurningin um það með hvaða hætti þjóðin, þingið og stjórnvöld ætla sér að tryggja að rannsókn þessa máls verði með þeim hætti að þegar upp verður staðið efist enginn um að öll kurl séu komin til grafar, að öll gögn hafi verið lögð á borðið, engu hafi verið skotið undan. Þar dugir ekki, hæstv. forsrh., að ríkisstj. án samvinnu við Alþingi taki einhliða ákvörðun um að velja þrjá menn, án þess að erindisbréf þeirra liggi nokkurs staðar á borðum og án þess að ákveðið sé að þeirra störf verði með þeim hætti að almenningur í landinu geti haft aðgang að því. Þá dugir ekki að það eitt eigi að vera sú aðferð sem á að

beita í þessum efnum. Ég trúi því ekki að forustumenn í Sjálfstfl., og beini þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., ætli að koma í veg fyrir að Alþingi fái að kjósa þær rannsóknarnefndir í þessu máli sem greinilegt er að vilji stórs hluta þingheims stendur til og sem starfsfólk Hafskips hefur í sérstakri samþykkt starfsmannafélagsins óskað eftir að verði skipaðar. Það er þess vegna nauðsynlegt að forustumenn Sjálfstfl., bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., svari því skýrt og skorinort hér á eftir hvort Sjálfstfl. er reiðubúinn til þess að Alþingi kjósi þessar rannsóknarnefndir eða hvort Sjálfstfl. ætlar sér að nota tangarhald sitt á Framsfl. í ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir að Alþingi fái að skipa þessar rannsóknarnefndir.

Við sáum í gær hvernig Framsfl. guggnaði í öðru máli. Við eigum eftir að sjá það næstu daga hvort Framsfl. ætlar líka að guggna á kröfunni um að rannsóknarnefndir Alþingis verði skipaðar í þessu máli.

Herra forseti. Í viðtali við Morgunblaðið 6. desember lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að Hafskip hefði átt að taka til gjaldþrotaskipta fyrir löngu. Það er rétt að vekja einnig athygli á því að í umræðum á Alþingi 14. nóvember lýsti hæstv. núverandi viðskrh. því yfir að í júnímánuði hafi Seðlabankinn fengið upplýsingar um stöðu Hafskips gagnvart Útvegsbankanum sem dagsettar voru 3. júní. Engu að síður gerist það, herra forseti, að tveimur vikum síðar, 18. júní, stendur þáverandi hæstv. viðskrh., Matthías Á. Mathiesen, í þessum ræðustól og vitnar í yfirlýsingar forustumanna bankans, gerir þær þar með að sínum, þar sem því er lýst yfir hér á Alþingi að bankastjórar Útvegsbankans telji að nægar tryggingar séu fyrir þeim lánum sem veitt voru.

Enn fremur hefur komið fram fyrr á þinginu að seinni hluta júlímánaðar skiladi bankaeftirlitið skýrslu til yfirstjórnar Seðlabankans og yfirstjórnin síðan til viðskrn. þar sem sýnt var fram á að staða Hafskips gagnvart Útvegsbankanum var með þeim hætti að bankinn hlaut að tapa miklum fjármunum. Ég spurðist fyrir um það í gær hjá Tómasi Árnasyni bankastjóra Seðlabankans hvort Seðlabankinn hefði þá þegar fylgt þessu bréfi frá bankaeftirlitinu eftir með athugasemdum og viðræðum við hæstv. viðskrh. Tómas Árnason seðlabankastjóri tjáði mér að það hefði verið gert. Í ljósi þeirra upplýsinga, sem ég hef þannig fengið frá yfirstjórn Seðlabankans, hlýtur að verða spurt hér á Alþingi og knúið á um að lýst verði nákvæmlega hver voru afskipti eða afskiptaleysi viðskrn. af þessu máli í júlímánuði, í ágústmánuði, í septembermánuði. Hvernig stóð á því að hæstv. viðskrh. Matthías Á. Mathiesen beið mánuðum saman eftir að grípa í þá tauma, sem núverandi hæstv. viðskrh. segir að hafi átt að grípa í fyrir löngu, þrátt fyrir að bankaeftirlitið og bankastjórar Seðlabankans voru búnir að tjá hæstv. ráðh. hvað málið var alvarlegt?

Það er þess vegna nauðsynlegt að fram komi hér á Alþingi nákvæm lýsing hvað snertir gögn, bréf, viðtöl og fundi sem hæstv. viðskrh. Matthías Á. Mathiesen átti í mánuðunum júní, júlí, ágúst, september og október við bankastjóra Seðlabankans, við formann bankaráðs Seðlabankans, við bankastjóra Útvegsbankans og aðra þá sem að þessu máli koma. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hv. alþm. Matthías Á. Mathiesen, fyrrverandi hæstv. viðskrh., sem nú bíður eftir því að setjast á ný í ríkisstjórn eftir nokkrar vikur samkvæmt sérstakri ákvörðun Sjálfstfl., geti ekki tekið á ný sæti ráðherra í ríkisstjórn fyrr en lögð hafa verið fram algjörlega skýr gögn um þennan þátt málsins vegna þess að samkvæmt öðrum upplýsingum bendir margt til þess að tjón Útvegsbankans hafi orðið mest á þeim tíma sem hæstv. ráðh. átti að grípa í taumana. Almenningur í landinu þurfi þess vegna að greiða nú mun hærri fjárhæðir til Útvegsbankans í formi hins sérstaka Hafskipsskatts vegna þess að hæstv. viðskrh. greip ekki í taumana í tæka tíð. Þennan þátt málsins verður því að upplýsa til fullnustu og nákvæmlega. Ef það gerist ekki í umræðunum hér í dag verður það að gerast næstu daga og vikur af hálfu Alþingis með öðrum hætti. Hæstv. fyrrv. viðskrh. getur ekki sóma síns vegna og lýðræðisins vegna sest á ný í ríkisstj. fyrr en sá þáttur málsins er orðinn algerlega ljós.

Ég vil í þessu sambandi vitna í leiðara Morgunblaðsins í dag. Þar stendur m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það voru sterk rök fyrir því að stöðva þennan rekstur mun fyrr og jafnvel um síðustu áramót."

Það er dómur Morgunblaðsins, stærsta blaðs þjóðarinnar sem lengst af hefur staðið með Sjálfstfl., að þeir ráðherrar flokksins og forustumenn sem ábyrgð báru á þessu máli hefðu átt að stöðva það um síðustu áramót. Í því sambandi vitnar blaðið í orð núverandi hæstv. viðskrh. Matthíasar Bjarnasonar.

Herra forseti. Annar þáttur þessa máls er framtíð Útvegsbanka Íslands. Það kom fram í lok síðustu viku að tjón bankans kynni að verða tæpar 400 milljónir. Ég tel hins vegar að þetta tjón beint vegna Hafskipsmálsins geti orðið mun meira og vil færa að þeirri fullyrðingu eftirfarandi rök:

Í fyrsta lagi eiga eftir að koma fram sjóveðskröfur sem hafa forgang fram yfir kröfur Útvegsbanka Íslands.

Í öðru lagi er tilboð Eimskipafélagsins skilyrt með því að eignir Hafskips séu í því ástandi sem þeim er lýst, en algerlega óuppgert hvort Eimskipafélagið mun sætta sig við að sú lýsing sé raunveruleikanum samkvæmt.

Í þriðja lagi: Eftir þeim upplýsingum sem ég hef, og spyr hér með hæstv. viðskrh. hvort þær séu réttar því að af hans hálfu hefur ríkislögmaður fylgst með þessum viðræðum og samningum, á Eimskipafélag Íslands ekki að greiða þær skuldir sem það yfirtekur fyrr en um næstu aldamót og það sem meira er, að skuldirnar og lánin sem yfirtekin eru eigi að vera vaxtalaus fram að þeim tíma. Ég spyr: Er þetta rétt? Er það virkilega rétt að þessir fjármunir, sem hér hafa verið ræddir, eigi að flytjast yfir í Eimskipafélagið án vaxta á sama tíma og það er verið að brjóta niður þúsundir fjölskyldna í landinu með því að knýja þær til að borga fulla raunvexti og meira en það af þeim lánum sem þær taka vegna heimila sinna og fjölskyldna? Ef þetta er rétt er náttúrlega ljóst að raunverulegt tap bankans er miklu meira ef vextirnir væru á eðlilegan viðskiptalegan hátt reiknaðir inn í þetta dæmi.

Í fjórða lagi verður að taka með í þennan reikning þau lán sem Útvegsbankinn veitti Íslenska skipafélaginu og þær fyrirgreiðslur sem því voru veittar.

Í fimmta lagi verður að skoða þau kjör sem voru á því 80 milljóna hlutafjárframlagi sem mjög svo hefur verið básúnað að átt hafi sér stað. Samkvæmt þeim heimildum sem ég hef var meginhluti þess hlutafjárframlags í formi verðbréfa sem bankinn yfirtók, en eru alls ekki með þeim kjörum sem almenn eru á þeim markaði og sem fólkið í landinu er yfirleitt látið borga, heldur taki

bankinn að sér þannig verulegt tap í viðbót gegnum eðli þeirra verðbréfa sem voru látin ígilda hlutafjárframlaginu.

Þegar litið er á þessa fimm þætti er vel hugsanlegt að raunverulegt tap Útvegsbanka Íslands, ef gert er upp með eðlilegum hætti, sé miklu meira en það sem nú þegar hefur komið fram.

Til vilbótar vil ég svo vekja athygli á því, eins og ég gerði hér áðan, að ýmis önnur fyrirtæki sem skipta við Útvegsbankann eiga nú í miklum erfiðleikum. Þar greinir Þjóðviljinn í dag frá miklum skuldum Arnarflugs sem hefur verið einn af stórum viðskiptaaðilum bankans. Þar er ríkisábyrgð á 40 millj. kr. láni sem Útvegsbankinn mun að vísu ekki greiða, en fólkið í landinu verður látið greiða ef Arnarflug rúllar. Þar er Sjöstjarnan sem menn hafa heyrt um á undanförnum vikum. Þar er einnig, eftir þeim heimildum sem ég hef, fyrirtækið Byggung sem þekkt er í þessu þjóðfélagi og hefur haft mikil umsvif og kom einmitt í viðskipti í Útvegsbankanum í þeirri tíð þegar hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson var þar formaður bankaráðs. Enn fremur er mér tjáð að Útvegsbankinn skuldi eftirlaunakerfi starfsmanna bankans ígildi jafnvel 200—300 millj. kr. Það séu að vísu atriði sem einnig geti átt við ýmsa aðra banka sem ekki skila reglulega greiðslum inn í eftirlaunakerfi starfsmanna heldur reikni það með öðrum hætti, en þegar upp væri staðið og ætti að tryggja eftirlaun allra sem starfa í bankanum og þar hafa starfað yrði að reiða fram 200—300 millj. kr.

Með öðrum orðum: Ef Útvegsbanki Íslands væri gerður upp í dag, miðað við stöðu og horfur, væru skuldir bankans í reynd allt að 1000 millj. kr. Það sé í reynd það fjármagn sem þurfi að reiða fram ef á að styrkja þannig rekstur bankans að hann geti haldið áfram með eðlilegum hætti. Með öðrum orðum: Þetta dæmi er miklu stærra en hæstv. ráðherrar og aðrir forustumenn í þessum málum hafa látið fram koma til þessa. Ég spyr þess vegna hæstv. viðskrh. hvort ekki sé nauðsynlegt að hann geri þinginu og þjóðinni ítarlega grein fyrir þeirri stöðu sem bankinn er í svo að almenningur í landinu, sem á bankann, fái í raun og veru að vita afdráttarlaust og undanbragðalaust hver er staða þjóðbankans. Er það sá 20 þús. kr. skattur, sem ég nefndi hér áðan, sem verður að reiða fram ef bankinn á að geta starfað með eðlilegum hætti eða er það á bilinu 10—20 000 kr. á hverja fjölskyldu í landinu?

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. geri skýra grein fyrir því hvað ríkisstj. ætlar með Útvegsbanka Íslands. Viðskiptavinir bankans, bæði sparifjáreigendur og fyrirtæki sem skipta við bankann, spyrja nú á hverjum degi: Hvað á að gera við bankann? Hver verður framtíð þeirrar stofnunar sem ég hef skipt við í langan tíma? Viðskiptavinir annarra banka, bæði Búnaðarbankans, Verslunarbankans og Iðnaðarbankans, spyrja einnig: Eiga okkar bankar að yfirtaka skuldasúpu Útvegsbankans? Á kannske að fara að veikja möguleika þessara þriggja banka til að þjónusta það atvinnulíf sem við þá hefur haft viðskipti og þá sparifjáreigendur sem við þessa þrjá banka hafa verslað í langan tíma með því að henda skuldaskjóðu Útvegsbankans þar inn fyrir dyr? Þessari óvissu verður að eyða. Hún getur ekki varað dögum og vikum saman. Hún brýtur niður allt fjármálakerfi í landinu ef svo heldur fram sem horfir. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. geri þegar þjóðþinginu grein fyrir því hvað hún ætlar að gera, hvernig hún ætlar að bregðast við þessum vanda. Mismunandi yfirlýsingar um það efni hafa komið frá hæstv. ráðherrum. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að fjármagna skuldastöðu Útvegsbankans? Hvenær á að leggja það fjármagn fram? Með hvaða hætti verður sú skattheimta sem að almenningi steðjar í þessum efnum? Ég vil ítreka í því sambandi að nauðsynlegt er að grein sé gerð fyrir heildaruppgjöri Útvegsbanka Íslands þegar ákvörðun verður tekin um það efni. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir 27. nóvember að ríkissjóður mundi hvorki leggja fram hlutafjárframlög eða ábyrgðir til reksturs Íslenska skipafélagsins. Hæstv. fjmrh. hefur hins vegar verið hljóður um það atriði hvernig ríkissjóður og ríkisstj. hyggist reiða fram það fjármagn sem Útvegsbankinn þarf nú á að halda.

Það þriðja efnisatriði sem ég vék að áðan voru viðskipti Útvegsbanka Íslands við Hafskip sérstaklega. Það hefur mjög verið haft á orði af forráðamönnum skipafélagsins og reyndar ýmsum öðrum forustumönnum Sjálfstfl. að þessir erfiðleikar, þetta gjaldþrot stafi af ytri ástæðum. Þetta sé nánast atburðarás sem ekkert hafi verið hægt að gera við. Þá eru einkum í þeim efnum nefnd tvö atriði, annars vegar verðfall á skipum sem orðið hafi sérstaklega á síðustu mánuðum og svo hins vegar Rainbow-málið eða samningar Geirs Hallgrímssonar við utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Varðandi fyrra atriðið vil ég vekja athygli hæstv. ráðherra og þingheims á því að 5. desember s.l. birtist í fylgiriti Morgunblaðsins, Viðskipti og atvinnulíf, ítarleg grein um vanda skipafélaga og bankakerfis erlendis. Í þessari grein kom það mjög skýrt fram, bæði í texta og sérstöku línuriti sem birt var, að það verðfall sem orðið hefur á flutningaskipum átti sér stað á árunum 1981 og 1982, en verð hefur hins vegar verið nokkuð stöðugt á árunum 1983, 1984 og 1985. Það er sérkennilegt að þessi yfirlitsgrein úr Morgunblaðinu sýnir allt aðra mynd af verðþróun flutningaskipaflotans í veröldinni en forráðamenn Hafskips og Sjálfstfl. hafa haldið fram. Það er einnig í þessari grein frá því sagt, og væri það fróðleg lesning fyrir hæstv. fyrrverandi viðskrh. Matthías Á. Mathiesen og aðra ábyrgðaraðila Sjálfstfl. í þessu máli, hvernig erlendir bankar hafa á árunum 1983 og 1984 gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja lánahagsmuni þessara banka. Er þar fremstur nefndur Morgan Guaranty-bankinn í Bandaríkjunum og ýmsir aðrir nefndir til þeirrar sögu. Þannig er alveg ljóst að í hinum erlenda viðskiptaheimi, í hinum erlenda bankaheimi, í hinum alþjóðlega skipaheimi lá ljóst fyrir á árunum 1981 og 1982 að verulegt verðfall væri að verða á þessum skipum. Erlendir bankar gripu til gagnráðstafana þegar á árunum 1983 og 1984. Þá vaknar sú spurning: Hvernig stóð á því að yfirvöld hér á landi, sem ættu að hafa fullan aðgang að þessum upplýsingum, gripu ekki í taumana í tæka tíð?

Um hina skýringuna, Rainbow-málið, ætla ég að vera fáorður. Það er í raun og veru innanflokksmál í Sjálfstfl. Það er ásökunin um að meðferð utanríkisráðherra Bandaríkjanna á Geir Hallgrímssyni utanrrh. Íslands hafi verið með þeim hætti að Hafskip hafi í raun og veru orðið gjaldþrota vegna þeirra málsmeðferðar. Ég verð að segja eins og er að ef hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson telur ýmislegt vera tilefni til að setja ráðherradóm

sinn að veði tel ég að þessar fullyrðingar, sem komið hafa frá stjórnarformanni Hafskips og ýmsum öðrum forustumönnum, séu í raun og veru miklu alvarlegra tilefni til þess að leggja ráðherradóm sinn að veði en ýmislegt annað sem hæstv. ráðh. hefur haldið fram í þeim efnum á undanförnum dögum.

Hæstv. iðnrh. hélt því fram hér á Alþingi 14. nóvember að lögfræðingur Útvegsbankans hefði vikulega um langt árabil komið í fyrirtækið Hafskip til þess að fylgjast með rekstrinum og meðferð mála. Nú hefur bankastjóri Útvegsbankans upplýst það að þetta sé ekki rétt. Hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson skuldar þess vegna þjóðþinginu skýringu á þessum ummælum sínum. Hvernig stendur á því að ein meginröksemd hans á þinginu 14. nóvember er nú felld af bankastjóra Útvegsbankans? Það leiðir einnig hugann að því að nauðsynlegt er að fram komi ítarleg lýsing á öllum lánveitingum Útvegsbankans til Hafskips, upphæðirnar, veðin, tímasetningarnar og öll önnur atriði. Einkum og sér í lagi verður að kanna þær alvarlegu ásakanir, sem fram hafa komið í viðtölum Helgarpóstsins við fyrrv. stjórnendur Hafskips og áhrifamenn í fyrirtækinu, að markvisst hafi verið beitt blekkingum af hálfu fyrirtækisins gagnvart bankakerfinu á ákveðnu tímaskeiði. Það verður að liggja alveg ljóst fyrir hvort þessar ásakanir um blekkingar eru réttar eða rangar.

Fjórði þátturinn, herra forseti, snýr að viðskiptum Hafskips við önnur fyrirtæki, innlend og erlend. Það er ljóst að þeir sem standa að Hafskipi og stóðu, bæði aðaleigendur fyrirtækisins sem og stjórnarformaður og aðalforstjóri, eru hlekkir í mjög víðtækri fyrirtækjakeðju í þessu landi. Þjóðviljinn rekur í dag nokkur dæmi um þann stóra fyrirtækjahring sem að Hafskipi stóð. Hann nefnir einnig nokkur dæmi um þau fyrirtæki sérstök sem Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson eru aðaleigendur og ráðamenn í. Öll þessi fyrirtækjakeðja í kringum Hafskip er sérkennileg fyrir þá sök að ýmsir helstu áhrifamenn í Sjálfstfl. sitja þar í hásæti, ýmist sem forstjórar eða aðaleigendur, áhrifamenn í flokkskerfinu, áhrifamenn í fulltrúaráðunum, áhrifamenn í prófkjörunum, áhrifamenn í stjórninni.

Hver voru svo tengsl Hafskips við þessa fyrirtækjakeðju? Ég vil nefna í þeim efnum þrjú atriði.

Í fyrsta lagi er margt sem bendir til þess að fjármunir sem Hafskip fékk að láni úr þjóðbankanum hafi verið fluttir í önnur fyrirtæki sem nú eru með allt sitt á hreinu og þeir sem eiga þessi fyrirtæki, stjórnendur Hafskips, hafi þannig safnað stórfelldum eignum.

Ég vil taka eitt dæmi sem er mjög athyglisvert í þessum efnum en er jafnframt mjög stórt dæmi. Það eru viðskipti Hafskips við Reykvíska endurtryggingu. Hvað er Reykvísk endurtrygging? Það er tryggingafyrirtæki þar sem Hafskip var einn stærsti viðskiptavinurinn. Hverjir eiga Reykvíska endurtryggingu? Þar eru þrír menn stærstir hluthafar. Tveir af þeim: Ragnar Kjartansson, Björgólfur Guðmundsson.

Það kemur fram í viðtali við forstjóra Reykvískrar endurtryggingar í Þjóðviljanum í dag að þótt Hafskip skuldi samtals um 1300 millj. kr. — 1300 millj. kr. — og hafi safnað upp skuldum út um allan heim, skuldum sem jafnvel hafa farið að rýra viðskiptakjör annarra íslenskra skipafélaga og þannig valdið margvíslegu óbeinu tjóni, þá skuldar Hafskip Reykvískri endurtryggingu ekki krónu. Meira að segja síðast fyrir nokkrum vikum gerði Hafskip upp allar sínar skuldir við Reykvíska endurtryggingu. M.ö.o.: Síðustu lánin sem lánuð voru úr banka þjóðarinnar og við eigum nú að fara að borga, fólkið í landinu, í gegnum þennan sérstaka Hafskipsskatt voru notuð til að flytja peninga úr Hafskipi og yfir í Reykvíska endurtryggingu þar sem þeir eiga 18% hvor Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson.

En sagan er ekki öll búin. Reykvísk endurtrygging flutti nýlega í eitt glæsilegasta eldra húsið í höfuðborginni, sem Björn Jónsson, annar ráðherra Íslendinga, reisti í upphafi þessarar aldar, hús sem stendur beint á móti Hljómskálanum. Þangað flutti Reykvísk endurtrygging og innréttaði með slíkum glæsibrag fyrir nokkru að orð hefur verið á gert í viðskiptaheiminum íslenska og lætur hann sér þó ekki allt blöskra í fínum innréttingum.

Hverjir eiga þetta hús? Hverjir keyptu þetta hús? Var það Reykvísk endurtrygging? Nei, það var ekki Reykvísk endurtrygging. Þessi „matador" Hafskipsforstjóranna og Sjálfstfl. í fyrirtækjalífinu í landinu var ekki fullkominn án þess að það væri stofnað annað fyrirtæki til þess að eiga sjálft húsið, Staðarstaður hf. Hverjir eiga Staðarstað hf.? Jú, Björgólfur Guðmundsson og Ragnar Kjartansson. Það er ekki nóg að mjólka úr Hafskipi og yfir í annað fyrirtæki heldur er mjólkað úr því fyrirtæki og yfir í þriðja fyrirtækið til að tryggja að hringrásin geti gengið áfram og peningar almennings, sem fengnir voru í Útvegsbankanum, séu nægilega vel faldir.

Það er ánægjulegt fyrir Reykvíkinga og landsmenn alla sem hingað koma í bæinn, kjósendur Framsfl. að norðan, austan og vestan, að keyra á kvöldin fram hjá þessu húsi vegna þess að þeir hafa sérstaklega séð til þess, eigendur byggingarinnar, Björgólfur Guðmundsson og Ragnar Kjartansson, af óskammfeilni sinni að það sé flóðlýst á hverju kvöldi svo dýrðin fari nú ekki fram hjá neinum og allir geti skoðað sérstaklega, kjósendur Framsfl. og flokksmenn Sjálfstfl. allt í kringum landið, hvert peningarnir úr Útvegsbankanum fóru og hvers konar höll það er sem þeir eiga náttúrlega á hreinu í dag, Ragnar Kjartansson og Björgólfur Guðmundsson, þegar upp er staðið. Hún verður ekki tekin upp í skuldirnar. Hún stendur áfram fyrir sínu. Markaðskerfi Sjálfstfl. leyfir þeim auðvitað að halda þessari byggingu. Kenningin um frjálshyggjuna leyfir ekki að fólkið í landinu fái að ganga að þeim. „Matador" frjálshyggjunnar krefst þess að þeir fái áfram að eiga þetta hús og Reykvíska endurtryggingu. Það er þetta m.a. sem Framsfl. ætlar að koma í veg fyrir að verði rannsakað.

En það eru mörg fleiri dæmi. Helgarpósturinn greinir frá því fyrir skömmu að trúnaðarmenn þessara manna hafi stofnað í Bandaríkjunum, og völdu nafnið ekki af verri endanum, Georgia Export Import. Það var fyrirtæki sem hafði enga skrifstofu, engan starfsmann, hafði bara skúffu hjá forstjóra Hafskips í Bandaríkjunum. Í þessa skúffu voru mjólkaðar með reglubundnum hætti ákveðnar prósentur af hverri skipsferð sem Hafskip fór til Bandaríkjanna, 1000 dollarar hér, 1000 dollarar þar. Þannig var safnað eignum fyrir umboðsmenn og stjórnendur fyrirtækisins í Bandaríkjunum. Á að rannsaka Georgia Export Import samkvæmt ákvörðun ríkisstj., hæstv. forsrh. eða á það kannske að sleppa líka eins og

Staðarstaður og Reykvísk endurtrygging?

Þannig er þessi „matador" mjög margslunginn. Dæmin eru sjálfsagt miklu fleiri. (**Gripið fram í:** Hvað með Cosmos?) Jú, ég ætla ekki að verja tíma þingsins til að telja upp allan þennan „matador". Ég tel hins vegar að þjóðin eigi kröfu til þess að hann verði lagður á borð þjóðarinnar svo að almenningur í landinu fái að skoða hvern reit, fái að skoða hve mikið var lagt á reit Reykvískrar endurtryggingar, hvað var mikið lagt á reit Staðarstaðar, hvað var mikið lagt á reit Georgia Export-Import, sérstaklega þegar fullyrt er í viðtölum Helgarpóstsins við fyrrv. stjórnendur fyrirtækisins í Bandaríkjunum að það hafi verið gagnkvæmir samningar innan Hafskips um mörg skúffufyrirtæki af þessu tagi þar sem hver studdi annan í því að færa fjármagnið til og þar sem virt endurskoðunarfyrirtæki á heimsmælikvarða sögðu sig að lokum frá því að endurskoða þessa reikninga í Bandaríkjunum. Coopers & Lybrand, eitt virtasta endurskoðunarfyrirtæki í heimi, sagði sig frá því að endurskoða reikninga Hafskips í Bandaríkjunum vegna þess að svindlið væri svo mikið, tilfærslurnar væru svo vafasamar að þeir vildu ekki koma nálægt þessu svínarí. Ég spyr hæstv. forsrh. landsins: Ætlar ríkisstj. að tryggja að það sem Coopers & Lybrand sögðu sig frá og vildu ekki leggja nafn sitt við verði líka rannsakað?

En öll sagan er ekki búin vegna þess að það hafa komið fram margvíslegar upplýsingar um að ýmis elstu fyrirtækin sem áttu í Hafskipi, Frjáls fjölmiðlun með Hörð Einarsson, fyrrv. formann fulltrúaráðsins, og Svein Eyjólfsson, einn af skuggaráðherrum Sjálfstfl., Karnabær, Tropicana-smjörlíkið hjá Davíð Scheving, Páll Jónsson í Polaris og fjölmargir aðrir, hafi notið sérstakra vildarkjara hjá Hafskipi hf. allt fram á síðustu stundu. Það hafi verið veittir afslættir af farmgjöldum. Það hafi verið greiddar desember- og jólauppbætur fyrir þessa herra til þess að þeir færu ekki í jólaköttinn. Þannig hafi þessi fyrirtæki verið notuð til þess að mjólka áfram lánin úr þjóðbankanum yfir í Tropicana-smjörlíkið, yfir í nýja húsið hjá DV hérna uppi í bæ, yfir í Sanitas, yfir í Coca Cola og ýmsar aðrar heildsölur sem ég ætla ekki að nefna vegna nærstaddra.

Í þriðja lagi er svo ljóst að fjármunir þessa fyrirtækis hafa verið notaðir til að fjármagna svo einstætt lúxuslíf hérlendis og erlendis að jafnvel þá sem eru kunnugir erlendum ferðalögum, eins og hæstv. forsrh., Páll Pétursson og sá sem hér stendur, rekur í rogastans yfir þeim upplýsingum sem fram koma um reikningshald Hafskipsforstjóranna á hótelum erlendis. Íslensku þjóðinni þætti sjálfsagt dýrt að borga þessa 300 dollara svítu eða herbergi sem hæstv. forsrh. bjó í á hótel Intercontinental rétt hjá Lexington Avenue í New York þar sem hann gisti þegar hann var þar sem forsrh. Íslands fyrir skömmu. Ég tel það þó fullkomlega eðlilegt því að við þurfum að búa vel að forsrh. okkar þegar hann er í New York. Forstjórar Hafskips létu sér ekki nægja að búa á hótel Intercontinental eins og Steingrímur Hermannsson. Þeir lögðu undir sig 1000 dollara svítur í New York, 40 þús. kr. nóttin, tvenn mánaðarlaun og rösklega það fiskverkunarfólks í landinu pr. nótt. Og þegar þeir löbbuðu út úr einu hótelinu í eitt skipti af mörgum, því að þeir voru oftast nær erlendis meira en hálft árið, var hótelreikningurinn upp á 800 þús. kr. Það væri fróðlegt að vita hvað samanlagðir hótelreikningar Hafskipsforstjóranna erlendis eru hátt hlutfall af því tapi sem þjóðin á nú að borga í gegnum þennan sérstaka Hafskipsskatt. Ef ein dvölin kostaði nærri milljón þurfa þeir ekki að hafa verið oft á hótelum, þessi heilu og hálfu ár sem þeir dvöldu erlendis, til þess að það nálgist fjórðung og jafnvel helming af þeirri skuld sem þjóðin á að borga í gegnum þennan skatt. Það er m.a. þetta, hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., sem þjóðin vill fá að rannsaka. Við viljum fá að vita það, fólkið allt í kringum landið, í sveitum landsins og í sjávarþorpunum, hvort reikningurinn sem kemur með skattseðlinum til almennings á Íslandi er til að borga lúxuslíf þessara heiðursmanna af því að þeir reyndust ekki verðugir þess trausts sem þjóðbankinn, banki almennings í landinu, sýndi þeim með því að lána þeim fé. Þeir sólunduðu því í 40 þús. kr. nætur á fínustu lúxushótelum veraldar, í 800 þús. kr. hótelreikninga, í 10 metra breiðar drossíur með bar og sjónvarpi og borðaklæddum einkabílstjórum, í golfkúlur með sérstöku Hafskipsmerki og Concorde-ferðalög fram og aftur um heiminn, að ógleymdum þeim veislum sem sagt er að þeir hafi haldið forustu Sjálfstfl. með reglubundnum hætti hér á landi. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson telur rétt að taka það sérstaklega fram að hann hafi ekki verið boðinn í þær veislur, en það vekur athygli að hann er hinn eini af þm. Sjálfstfl. sem gerir þá athugasemd hér í salnum.

Þess vegna, herra forseti, er það því miður nauðsynlegur þáttur í skoðun þessa máls að kanna sérstaklega tengsl forustu Sjálfstfl. við Hafskip og rekstur þess. Ég tek það strax fram að ég er ekki í þessum efnum að væna forustu Sjálfstfl. um saknæmt atferli þó að hæstv. iðnrh. hafi nú sérstaklega skrifað saksóknara ríkisins bréf, beðið Þórð frænda að sjá um að sannleikurinn komi í ljós, heldur er það nú einu sinni þannig í okkar þjóðfélagi að þau fyrirtæki sem talin eru njóta pólitískrar velvildar hafa greiðari aðgang að sjóðum, fjármagni og bönkum en önnur fyrirtæki. Okkar þjóðfélag og okkar fjármálakerfi er því miður með þeim hætti að þar er lögð á metaskálarnar pólitísk velvild þegar verið er að skoða hverjir eigi að fá fjármagn og hverjir ekki. Það hefur löngum verið einkenni á íslensku þjóðfélagi og er ekkert nýtt. En það er einmitt þess vegna sem nauðsynlegt er að þáttur Sjálfstfl. í þessu máli sé eitt af þeim atriðum sem upp á borðið á að koma. Í engu fyrirtæki á Íslandi eru jafnmargar silkihúfur Sjálfstfl. saman komnar og í Hafskipi. Það þekkja allir Albert Guðmundsson. Hann er stór stærð í þessu máli. En ég ætla ekki að gera lítið úr virðingu og vigt hæstv. iðnrh. með því að segja: Að vísu er hann ekki með á þessu taflborði en hann er varla meira en hrókur þegar öllum taflmönnum Sjálfstfl. í Hafskipsmálinu er stillt upp. — Það verður að vara við því að Sjálfstfl. komist upp með að fórna Albert Guðmundssyni í þessu máli til þess að þvo æru flokksins. Það er alveg ljóst, t.d. á sjónvarpi í gær, að öfl innan Sjálfstfl. eru að vinna að því að reyna að koma því inn hjá þjóðinni að þetta sé eiginlega bara hann Albert. Þess vegna sé þetta allt í lagi svo framarlega sem Albert sé kannaður einn og helst eigi hann að segja af sér, eins og sjónvarpið sagði í gær að ýmsir þm. Sjálfstfl. vildu. Formaður þingflokks Sjálfstfl. lét það eitt duga að gera þá athugasemd við sjónvarpið að hann væri ekki heimildarmaður að fréttinni. Hann bar hana

hins vegar ekki til baka.

Albert Guðmundsson sagði á þingi, eins og ég hef áður vikið að, að lögfræðingur bankans hefði reglulega komið í fyrirtækið. Bankastjórinn hefur nú sagt að þetta sé ekki rétt. Albert Guðmundsson sagði í sömu umræðu á þingi 14. nóvember að hann hefði engin bein afskipti haft af málefnum Útvegsbankans og Hafskips. Ég hjó eftir þessu, „bein afskipti", vegna þess að í okkar pólitíska heimi, okkar fjármálaheimi hafa menn oft og iðulega áhrif með óbeinum afskiptum af málefnum fyrirtækja og málefnum þjóðbanka.

Albert Guðmundsson hefur einnig sagt það, síðast í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum, og hælt sér af, að þegar hann hætti sem stjórnarformaður í Hafskipi hefði allt verið í góðu lagi. En hann segir á öðrum stundum að hann hafi engin afskipti haft af málefnum Hafskips gagnvart bankanum. Það er kapítuli út af fyrir sig að formaður í bankaráði hafi engin afskipti af stærsta viðskiptavini bankans og stjórnarformaður í einu af stærstu fyrirtækjum landsins hafi engin afskipti af viðskiptum fyrirtækisins við viðskiptabanka þess. Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki alveg hvernig hægt er að reka trippin í tveimur slíkum stöðum ef hvort tveggja á að ganga upp. Það gengur alla vega ekki upp að hæla sér bæði af því að allt hafi verið í lagi þegar hann fór frá bankanum og fyrirtækinu og svo því að hann hafi engin afskipti haft af málefnum bankans og viðskiptum við fyrirtækið.

Matthías Á. Mathiesen er forustumaður Sjálfstfl. í næststærsta kjördæmi landsins. Það er athyglisvert að það eru oddvitar Sjálfstfl. í tveimur stærstu kjördæmum landsins, Reykjavík og Reykjanesi, sem bera stjórnarfarslega ábyrgð á þessu máli á ákveðnu tímabili. Friðrik Sophusson er varaformaður flokksins og sérstakur áhrifamaður á aðalfundum Hafskips. Ragnar Kjartansson var um árarаðir framkvæmdastjóri flokksfélaga og fulltrúaráðs Sjálfstfl. í Reykjavík, Björgólfur Guðmundsson formaður Varðar um árarаðir, Hörður Einarsson formaður fulltrúaráðsins um árarаðir, Jón Zoëga annar framkvæmdastjóri flokksfélaganna í Reykjavík, Davíð Scheving Thorsteinsson miðstjórnarmaður í Sjálfstfl. Jónas Rafnar, fyrrv. alþm. Sjálfstfl. og bankastjóri Útvegsbankans, vék úr þeirri stöðu til að koma öðrum alþm. Sjálfstfl., Lárusi Jónssyni, í þá stöðu og var svo af þriðja alþm. Sjálfstfl., Matthíasi Á. Mathiesen, skipaður formaður bankaráðs Seðlabankans. Það er slíkur fjöldi af alþm. Sjálfstfl. í þessu máli, forustumönnum flokksins hér í Reykjavík um árarаðir, atkvæðamönnum í prófkjörum flokksins, að það hlýtur óhjákvæmilega að vera mikilvægur liður í rannsókn og umfjöllun þessa máls að þáttur Sjálfstfl. í málinu öllu verði á borðinu þegar upp er staðið þannig að þjóðin geti sannfærst um að hér hafi ekkert óeðlilegt átt sér stað.

Næstsíðasti þáttur þessa máls, herra forseti, er staða bankakerfisins í heild. Við heyrðum í hádegisfréttum að forsvarsmenn frystihúsa ganga á fund bankakerfis og ríkisstj. til að lýsa skulda- og rekstrarstöðu þessarar höfuðatvinnugreinar í landinu. Sagt er að fjölmörg af umsvifamestu fyrirtækjum landsins, og ég nefndi nokkur hér áðan, séu á fallanda fæti. Þannig mun vera um Víði sem mér er tjáð að Fjárfestingarfélagið undir forustu Eyjólfs Konráðs Jónssonar hafi lánað 100 millj. fyrir skömmu, 100 millj. sem nú þegar séu tapaðar hjá þessu fyrirtæki, Víði, sem í árarаðir hefur verið sérstakt gælufyrirtæki Sjálfstfl. og verið dælt í það miklum fjármunum af almannafé. Er í fersku minni Víðishúsið svonefnda og fyrirgreiðslan við það í tíð síðustu samstarfsstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. Byggung, umsvifamesta byggingarfyrirtæki sem ungir sjálfstæðismenn stofnuðu, hafði verið í viðskiptum í öðrum banka, flutti sig þaðan yfir í Útvegsbankann þegar breytingar voru gerðar á stjórn bankans.

Þannig er hægt að nefna fjölmörg önnur fyrirtæki. Ísbjörninn er dæmi um fyrirtæki sem að dómi margra hefði orðið gjaldþrota ef Reykjavíkurborg og Landsbankinn hefðu ekki gripið inn í málið. Það segir kannske sína sögu um ástandið í efnahagslífi þjóðarinnar að í sömu vikunni sem formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., gerðist ábyrgðaraðili í fjármálakerfi þjóðarinnar var málað yfir tvö helstu stoltfyrirtæki Sjálfstfl. í Reykjavík, málað yfir Ísbjörninn og málað yfir Hafskip. Tímamót þegar málningarrúllan varð helsta hagstjórnartæki ríkisstj. Á þessi málningarstarfsemi að halda áfram í tíð þessarar ríkisstj.? Á að mála yfir Arnarflug, mála yfir Víði, mála yfir Byggung, mála yfir Sjöstjörnuna, mála yfir Hagvirki? Hvað eru þau mörg stórfyrirtækin sem þessi ríkisstj. ætlar að láta mála yfir meðan hún stjórnar efnahagsmálum landsmanna, ríkisstj. sem fyrir nokkrum mánuðum stofnaði sérstakan þróunarsjóð eins og hvert annað grín til að styrkja atvinnulífið í landinu?

Þessir atburðir hafa orðið til þess að það er óhjákvæmilegt að bankaeftirlitinu verði falið, eins og mér var tjáð að hefði komið fram í hádegisfréttum í dag að ríkisstj. hefði samþykkt, að gera sérstaka skýrslu um skuldugustu fyrirtækin við bankakerfið í landinu. Það væri æskilegt að hæstv. viðskrh. gerði þinginu nánari grein fyrir þeirri beiðni um skýrslu. En það er nauðsynlegt að sú skýrsla komi fram, hún verði birt og almenningur fái að skoða alla þessa þætti máls og Alþingi veiti þá nauðsynlegar lagaheimildir til að aflétta bankaleynd í þessum efnum.

Síðasta atriðið, herra forseti, er með hvaða hætti þjóðþingið og ríkisstj. eiga að taka höndum saman til að tryggja þá rannsóknarmeðferð málsins að Íslendingar öðlist á ný þá tiltrú á stofnunum lýðveldisins og þjóðbönkunum sem nauðsynleg er. Hæstv. viðskrh. setti fram þá skoðun fyrir nokkrum dögum að það væri nóg að láta skiptaráðanda annast þessa rannsókn. Formaður bankaráðs Útvegsbankans, hv. alþm. Valdimar Indriðason, hélt sömu skoðun fram í sjónvarpinu s.l. föstudag. Ég mótmælti þá þessari skoðun, vakti athygli á því að slík meðferð skiptaráðanda mundi taka mörg ár og ljóst væri að hún myndi aðeins ná til hluta málsins. Þessi skoðun mín var síðan staðfest í viðtölum Ríkisútvarpsins næsta dag við skiptaráðanda og í baksíðufrétt Morgunblaðsins s.l. sunnudag. Það er því ljóst að fleira verður að gera. Í hádeginu í dag barst einnig sú tilkynning að hæstv. ríkisstj. hefði ákveðið að kosin yrði eða skipuð þriggja manna nefnd, jafnvel tilnefnd af Hæstarétti, til þess að annast rannsókn málsins. Ég spyr: Hvers vegna vill hæstv. ríkisstj. ekki samvinnu við Alþingi um að skipa þessa rannsókn? Hvers vegna þorir Sjálfstfl. ekki að láta rannsóknarnefndir Alþingis fjalla um þetta mál? Hvers vegna vilja Sjálfstfl. og Framsfl. loka þetta mál inni í nefnd þriggja embættismanna eða sérfræðinga, sem mun starfa fyrir lokuðum dyrum,

þegar höfuðkrafan í tillögunum um rannsóknarnefnd Alþingis er að sú athugun fari fram fyrir opnum tjöldum þannig að almenningur í landinu og fjölmiðlarnir fái aðgang að öllu því sem fram kemur en þurfi ekki að horfa á heildarskýrslu sem einhverjir þrír menn leggja saman þannig að þeir einir hafi aðgang að öllum upplýsingum og gögnum málsins? Það dugir ekki að hæstv. ríkisstj. velji bara þrjá menn, jafnvel þótt Hæstiréttur sé notaður til þess, án þess að erindisbréf þessa hóps liggi fyrir, án þess að það liggi fyrir hvort hann á að starfa fyrir opnum tjöldum eður ei og án þess að Alþingi, kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, fái aðgang að þessari málsmeðferð. Ég skora því á hæstv. ríkisstj. að lýsa því yfir í umræðunum í dag að hún sé reiðubúin til samvinnu við alla þingflokka um að skipa þessari rannsókn með þeim hætti að þjóðin og þingið geti vel við unað.

Herra forseti. Hafskipsmálið er reiðarslag. Það er ekki aðeins gjaldþrotamál af óvenjulegri stærð. Það er líka mál sem snertir 1200—1300 íbúa í höfuðborginni þar sem fyrirvinna heimilanna missir atvinnu. Rúmlega 1000 íbúar höfuðborgarinnar verða að halda þessi jól í óvissu þess hvað tekur við. 200—300 starfsmenn hafa misst atvinnuna og það kemur fram í blöðum að illa gengur að útvega þeim ný störf. Þess vegna mun jólahaldið á hundruðum heimila í Reykjavík bera mikinn skugga. Ég held að þingheimur ætti að hlýða á þá áskorun sem starfsmannafélag Hafskips hefur sent Alþingi. Þar er skorað á Alþingi að kjósa sérstaka rannsóknarnefnd til þess að starfsfólkið sem nú hefur misst atvinnu sína geti verið í fullvissu þess að öll gögn og efnisatriði málsins hafi verið lögð fram.

Herra forseti. Það bíður svo næstu daga að taka ákvarðanir um hvað þarf að gera til að koma í veg fyrir slíka atburði sem hér hafa orðið. Það þarf margt að gera. Það þarf ekki bara að kjósa þær rannsóknarnefndir sem hér hafa verið lagðar fram tillögur um, bæði af Alþb. og Alþfl. Það þarf líka að samþykkja það frv. um sjálfstætt bankaeftirlit sem Guðrún Helgadóttir og nokkrir aðrir þm. Alþb. hafa flutt. Það þarf líka að setja strangar reglur um afskipti stjórnmálamanna af rekstri fyrirtækja og bankastarfsemi. Geta menn þar farið í smiðju t.d. til Bandaríkjanna og skoðað hvaða ströngu reglur eru þar í gildi. Það þarf í fjórða lagi að skoða rækilega ákvæði þeirra bankalaga sem taka eiga gildi um næstu áramót, sérstaklega hvað varðar bankaleynd, til að koma í veg fyrir að í skjóli bankaleyndar verði áfram haldið á málum eins og gert hefur verið hingað til. Ég tel það skyldu þjóðþingsins að ekki verði staðið upp frá störfum hér fyrir jól fyrr en gengið hefur verið frá verulegum hluta þessara mála.

Ég vil að lokum beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj. hvort hún sé einnig reiðubúin til samstarfs við þjóðþingið um nauðsynlegar lagabreytingar og nauðsynlegar aðgerðir aðrar sem tryggja að Hafskipsmálið verði ekki upphafskafli í langri sögu heldur lokakafli í ljótri sögu, sögu sem mun varpa skugga um langan tíma á íslenskt þjóðlíf, á stjórnstofnanir lýðveldisins, á fjármálakerfi Íslendinga. Málið er samkvæmt fréttum erlendis að rýra traust á þjóðina í nágrannalöndum og í alþjóðlegum fjármála- og lánastofnunum á þann veg að þau lánskjör sem Íslendingum verða boðin á næstu árum verða verri, verða dýrari fyrir fólkið í landinu en þau hefðu ella orðið.

Við skulum gera okkur grein fyrir að við berum þess vegna í þessum efnum ekki bara ábyrgð á því sem gert er hér innanlands. Við berum líka ábyrgð á því að orðstír Íslendinga í nágrannalöndum og í samfélagi siðaðra þjóða verði ekki með þeim hætti að við verðum talin í flokki þeirra ríkja þar sem allt er leyfilegt, þar sem siðleysið ríkir og þar sem sjálfsagðar kröfur um meðferð fjármála og skyldur opinberra stjórnmálamanna eru ekki hafðar í heiðri. Það er því mikil ábyrgð sem hvílir á þeim sem eru í þessum sal, það er mikil ábyrgð sem hvílir á þeim sem þjóðin hefur kjörið til þess að leysa þau stóru vandamál sem að henni steðja.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. síðasta ræðumanni fyrir mjög ítarlega og stórmerkilega ræðu að mörgu leyti. Sérstaklega finnst mér hann hafa verið athafnasamur í rannsókn þessa viðamikla máls því hann sagði frá mörgu í þessari ræðu sem ég hef aldrei heyrt fyrr um. Ég ætla ekki að draga í efa sannleiksgildi hans frásagnar, en það hvarflaði að mér hvort nokkur þörf væri á skiptaráðanda eða þingnefnd, hvort ekki væri nóg að fela einum manni þessi mál öll sömul. Viðkomandi ætlar líka að vera mjög fljótur þó að hér sé um að ræða viðskipti víða um heim. Hann kom víða við sögu og mun ég koma inn á það síðar í þessari ræðu.

Ég vil byrja á að skýra frá fréttatilkynningu sem ríkisstj. sendi frá sér í dag, en á fundi sínum fyrir hádegi samþykkti ríkisstj. eftirfarandi:

„Föstudaginn 6. desember s.l. var Hafskip hf. tekið til gjaldþrotaskipta skv. gjaldþrotalögum nr. 6/1978. Fer skiptaráðandinn í Reykjavík nú með forræði gjaldþrotabúsins jafnframt því hlutverki sínu að rannsaka hvort einhver lögbrot tengist gjaldþroti fyrirtækisins og ástæðum þess. Með hliðsjón af þessu er ljóst að rannsókn á hugsanlegu refsiverðu athæfi í tengslum við þetta gjaldþrot er nú þegar í þeim farvegi sem lög gera ráð fyrir.

Þá hefur það enn fremur gerst að iðnrh. hefur farið þess á leit við ríkissaksóknara að hann láti framkvæma sérstaka rannsókn á þeim ásökunum sem beinst hafa að iðnrh. nýverið í þá veru að hann hafi misnotað aðstöðu sína sem formaður bankaráðs Útvegsbankans til að greiða fyrir viðskiptum Hafskips hf.

Til viðbótar þessu telur ríkisstj. þörf á að könnuð verði sérstaklega þau atriði er lúta að viðskiptalegum þáttum málsins sem ekki eru til athugunar sem refsiverð háttsemi af hálfu ofangreindra rannsóknaraðila. Í því skyni ákveður ríkisstj. að setja á fót nefnd þriggja sérfróðra manna sem að höfðu samráði við skiptaráðanda hafi það hlutverk að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hefur verið að ræða í samskiptum Útvegsbankans og Hafskips hf. á undanförnum árum. Bankaeftirlit Seðlabankans verður nefndinni til aðstoðar um upplýsingaöflun sem þörf er á.

Ríkisstjórnin mun leita lagaheimildar til að fela Hæstarétti að tilnefna þessa nefnd. Nefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskrh. að starfi loknu."

Jafnframt var bókað í ríkisstj. í morgun eftirfarandi:

„Jafnframt skýrði viðskrh. frá því að hann hefði þegar falið bankaeftirliti Seðlabankans að gera athugun á því hvernig skuldastöðu stærstu viðskiptafyrirtækja í

ríkisviðskiptabönkum sé háttað og fjárhagsstöðu viðskiptabankanna. Ríkisstj. ályktaði eftirfarandi: Ríkisstj. leggur áherslu á að þessari könnun verði hraðað.“

Ég skal taka fram að því sem hér er bókað óskaði ég eftir fyrir tæpum mánuði.

Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um atburðarás síðustu vikna í þessu Hafskipsmáli, en þar hefur hver stóratburðurinn rekið annan, nánast frá degi til dags, með þeim endalokum sem öllum eru kunnug, þ.e. gjaldþroti fyrirtækisins. Það skal tekið fram að heimildarmenn mínir fyrir þessu eru að sjálfsögðu bankastjórnin svo og ríkislögmaður sem frá 19. nóvember hefur fylgst með þessu máli sérstaklega tilnefndur af mér sem viðskrh.

Ég vil þá fyrst víkja að hinum fyrri viðræðum við Eimskip um hugsanlega samvinnu eða kaup Eimskips á eignum Hafskips.

Þegar í ljós kom á miðju s.l. sumri hversu slæm afkoma Hafskips hafði verið fyrstu fjóra mánuði ársins hófust þreifingar af hálfu forráðamanna félagsins um samvinnu við Eimskipafélagið. Útvegsbankinn kom ekki inn í það mál fyrr en um eða eftir miðjan október, en þá var haldinn fundur bankastjórnar og fulltrúa stjórnar Eimskips um þetta mál. Eimskipafélagið lagði þá fram minnisblað, en á því minnisblaði kemur fram að þeir hafi talið sennilegt kaupverð eignanna vera samtals um 13,5 millj. dollara eða u.þ.b. 520 millj. kr. Þetta skyldi greitt með kjörum sem gerðu að verkum að núvirði kaupverðsins varð talsvert lægra eða 11,2 millj. dollara, rétt tæpar 550 millj. kr. Þar að auki skyldi greiðsla, 2,2 millj. dollarar, vera háð því að a.m.k. 70% viðskipta Hafskips færðust yfir til Eimskips.

Síðar í október gengu viðræður aðila út á þá hugmynd að kaupverð skyldi vera allt að 15 millj. dollara. Hins vegar skyldu kjör vera með þeim hætti að ekki var um neina raunhækkun á verði að ræða frá því sem áður var rætt um og greiðsla fyrir viðskiptavild var alltaf háð því sama skilyrði að a.m.k. 70% viðskipta Hafskips skiluðu sér til Eimskips.

Bæði þá og síðar var ágreiningur með aðilum um þetta fyrirkomulag greiðslu fyrir viðskiptavild og var bankinn mjög ósáttur við þetta fyrirkomulag. Að mati bankastjórnarinnar strönduðu viðræður einmitt á þessu atriði.

Þessum viðræðum var haldið áfram fram í miðjan nóvember, en þá lagði Eimskipafélagið fram nýtt minnisblað. Verðhugmyndir Eimskipsmanna höfðu þá lækkað mjög verulega frá því sem áður hafði verið rætt um. Nú var gert ráð fyrir 9,5 millj. dollara verði fyrir áþreifanlegar eignir, u.þ.b. 380 millj. kr. Frá því skyldu þá dragast 850 þús. dollarar vegna þess sem kallað var „ofmat á skipum“. Þessu til viðbótar skyldu greiðast 2,7 millj. dollara eða tæpar 110 millj. kr. fyrir viðskiptavild, en sú greiðsla var háð sama skilyrði og áður. Þá var bætt við skilyrði í þá veru að bankinn ábyrgðist að Hafskip yrði ekki gjaldþrota. Reyndar var fallið frá þessu tveimur nýju skilyrðum í óformlegum viðræðum alveg í lokin.

Með þessu lauk í raun hinum fyrri viðræðum um kaup Eimskipafélagsins á eignum Hafskips.

Eftir að þetta síðasta tilboð var lagt fram af hálfu Eimskips hinn 14. nóvember var haldinn fundur með bankastjórum Útvegsbankans og Hafskipsmönnum. Nýjustu verðhugmyndum Eimskips var þar lýst fyrir Hafskipsmönnum og þeim skilyrðum sem þeim fylgdu. Þá kom skýrt fram af hálfu Hafskipsmanna að þeir teldu þessar verðhugmyndir óviðunandi með öllu og þeir ítrekuðu þá jafnframt afstöðu sína, sem áður hafði margoft komið fram, að þeir teldu skilyrði Eimskips um greiðslu fyrir viðskiptavildina óaðgengileg. Niðurstaða þessa fundar varð sú að Hafskipsmenn tilkynntu bankanum að þeir mundu hefja viðræður við SÍS um samvinnu þessara aðila um skiparekstur. Með þessu urðu kaflaskipti í þessu máli.

Ég vil taka það fram áður en lengra er haldið að mér fannst að þessar umræður væru búnar að standa alllengi og var farinn að knýja á um úrslit. Það hvarflaði ekki að mér þegar þetta nýja viðhorf kom upp að neita um þær viðræður, enda var sunnudaginn 17. nóvember haft samband við bankastjórn Útvegsbankans og óskað eftir fundi. Þeir sem óskuðu þessa fundar kynntu sig sem fulltrúa væntanlegs nýs hlutafélags, en það skyldi samanstanda af skipadeild SÍS og einstökum hluthöfum í Hafskipi hf. Erindi þeirra sem fundarins óskuðu var í fyrsta lagi að kynna væntanlega stofnun nýs félags um skiparekstur, en hlutafé þess félags skyldi vera 350—500 millj. kr. að þeirra sögn. Tekið var fram að forráðamönnum Sambandsins væri full alvara með þessum áformum og að formlegt umboð yrði sótt til stjórnar Sambandsins eftir tvo daga, en eftir það ætti nánast ekkert að geta hindrað stofnun þessa nýja félags.

Þegar til kom drógust af ýmsum ástæðum þær ákvarðanir sem boðað hafði verið á þessum fundi að yrðu teknar. Niðurstaða lá ekki fyrir fyrr en laugardaginn 23. nóvember, en þá felldi stjórn Sambandsins tillögu þess efnis að stofnað yrði nýtt skipafélag með þátttöku Sambandsins. Á þessum tíma voru engir frekari fundir haldnir með fulltrúum Útvegsbankans annars vegar og fulltrúum Hafskips og Sambandsins hins vegar en sá eini sem áður er getið og haldinn var 17. nóvember.

Enn einn þátturinn og vendipunkturinn í málinu gerðist hinn 18. nóvember með því að Íslenska skipafélagið hf. var stofnað. Eftir áðurgreindan fund með bankastjórn Útvegsbankans og SÍS og Hafskips þann 17. nóvember skýrðu Hafskipsmenn frá því að næsta morgun, mánudaginn 18. nóvember, yrði farið fram á greiðslustöðvun hjá Hafskip. Þeir skýrðu þetta svo að vegna fjölmiðlaumfjöllunar um slæma stöðu fyrirtækisins óttuðust þeir að lánardrottnar hér heima og erlendis mundu ganga harðar að fyrirtækinu en ella hefði orðið. Það kom einnig fram að tvö skip væru þá á leið til Evrópu og þeir Hafskipsmenn óttuðust að reynt yrði að kyrrsetja skipin í erlendum höfnum. Hugmynd þeirra var sú að mæta þessum vanda annars vegar með greiðslustöðvun hér heima og hins vegar stofnun nýs skipafélags sem yfirtæki skip Hafskips hf., en með þessum hætti mætti forða því að skipin yrðu kyrrsett erlendis vegna skulda Hafskips hf.

Það má að vísu geta þess einnig að áður lýstu þeir þeirri hugmynd að samhliða greiðslustöðvun skyldi bankinn yfirtaka eignir Hafskips og taka til við skiparekstur, en þeirri hugmynd var snarlega vísað á bug af hálfu bankans.

Um þetta er að öðru leyti það að segja að bankastjórnin hafði í rauninni ekki annað svigrúm til að meta þessar hugmyndir en þetta sama kvöld, en fundinum

með Hafskipsmönnum lauk um kvöldmatarleytið. Bankastjórnin hefur upplýst að hún hafi síðar fallist á að þessi leið væri sú skársta af öllum vondum sem virtust vera fyrir hendi í stöðunni. Miðað við það mat var m.a. haft í huga að samkvæmt upplýsingum SÍS og Hafskipsmanna fyrr um daginn átti nýtt skipafélag að vera komið á laggirnar eftir þrjá til fjóra daga og geta yfirtekið rekstur Hafskips þá þegar.

Þetta millibilsástand þurfti því ekki að standa yfir nema þessa örfáu daga, en með því ynnist hins vegar miklu meira, þ.e. að unnt yrði að selja eignirnar í fullum rekstri með þeim hætti sem ég hef áður lýst. Með þeim hætti fengist augljóslega mun meira fyrir þær en ef þær yrðu seldar eftir svo og svo langa rekstrarstöðvun.

Bankinn féllst einnig á að hann skyldi gera félaginu kleift að starfa með því að útvega því rekstrarfé gegn því að fá tekjur af starfsemi þess á móti.

Á þessu stigi var það ekki í huga manna að halli yrði á rekstri félagsins þá þrjá til fjóra daga sem því var ætlað að starfa og reyndar er ekki enn þá séð hvernig það dæmi kemur út. Þegar upp var staðið var reyndin hins vegar sú að Íslenska skipafélagið starfaði miklum mun lengur en menn höfðu upphaflega áætlað eða allt þar til 5. des. s.l. Ástæða þess að skipafélagið var til þetta lengi var fyrst og fremst sú að áætlanir SÍS og Hafskipsmanna fóru út um þúfur, eins og áður er fram komið, og hinn 5. des. var kaupsamningur milli Hafskips og Íslenska skipafélagsins látinn ganga til baka á grundvelli heimildarákvæðis í samningnum sjálfum.

Riftun samningsins hafði verið í farvatninu allt frá því sunnudaginn 1. des., en þá þótti sýnt eftir langan fund milli fulltrúa Útvegsbankans og Eimskipafélagsins að samningar ættu að geta náðst um kaup Eimskipafélagsins á eignum Íslenska skipafélagsins. Af tæknilegum ástæðum gat riftun samningsins hins vegar ekki farið fram fyrr en 6. des. Ástæða þess var sú að eitt skipa Íslenska skipafélagsins, Hofsá, var enn í höfn í Evrópu. Riftun samningsins á því stigi hefði getað valdið kyrrsetningu skipsins erlendis með því að Hafskip væri þá orðið eigandi skipsins aftur og kröfuhafar hefðu þar með átt beinan aðgang að þessari eign félagsins. Þá áhættu voru menn sammála um að ekki væri verjandi að taka.

Ég tel rétt að fram komi að hinn 26. nóvember undirrituðu stjórn Íslenska skipafélagsins og bankastjórn Útvegsbankans sameiginlegt minnisblað um uppgjör vegna reksturs félagsins og það minnisblað var áréttað með samkomulagi sem dagsett var 4. þessa mánaðar. Meginatriði þess er að rekstrartekjur Íslenska skipafélagsins skuli renna til bankans og að bankinn greiði öll nauðsynleg rekstrarútgjöld Íslenska skipafélagsins á þeim tíma sem það starfaði.

Ástæða þess að bankinn gerði þetta samkomulag við Hafskipsmenn eða öllu heldur Íslenska skipafélagið var tvíþætt. Í fyrsta lagi var það gert í ljósi þess sem rætt var um í upphafi, jafnvel þótt forsendan um einungis þriggja til fjögurra daga rekstur félagsins hafi brugðist svo illa sem áður er nefnt. Í öðru lagi lögðu Eimskipafélagsmenn höfuðáherslu á að yfirtaka þeirra á eignum Hafskips gæti gerst í þolanlegum friði við Hafskipsmenn.

Með hliðsjón af öllu þessu þótti bankastjórninni ekki annað fært en að gera þetta samkomulag og stuðla með þeim hætti að því að lausn fengist fram í því þrátefli sem málið var í rauninni komið í. Með því væri væntanlega litlu fórnað í samanburði við það sem gæti unnist.

Um stofnun Íslenska skipafélagsins og kaupsamning milli Hafskips og þess félags hefur margt verið rætt og ritað og því verið haldið fram af sumum að stofnun þessa félags og kaup þess á eigum Hafskips hafi verið ólögleg. Ég fól ríkislögmanni að skrifa lögfræðilega álitsgerð um þetta atriði og þá álitsgerð afhenti ég ráðherrum á ríkisstjórnarfundi litlu síðar. Meginniðurstaðan er sú að stofnun félagsins hafi í sjálfu sér verið lögmæt og kaup Íslenska skipafélagsins á eigum Hafskips sömuleiðis. Hins vegar sé jafnljóst að kæmi til þess að Hafskip yrði gjaldþrota mætti búast við því að kröfur frá öðrum kröfuhöfum í þrotabú Hafskips um að kaupverðið eða hluti þess skyldi renna inn í þrotabúið en ekki til bankans mundu ná fram að ganga. Samningurinn væri þannig ekki ólöglegur í sjálfu sér, en riftanlegur að hluta kæmi til þess að Hafskip yrði gjaldþrota. Samningurinn hefur síðan verið látinn ganga til baka þannig að riftunarkröfur vegna hans eiga ekki að koma til.

Ég tel rétt og nauðsynlegt að fjalla um það nokkrum orðum hvað gert hefur verið í þrotabúi Hafskips frá því að gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp s.l. föstudag, 6. des. Skipaðir hafa verið þrír bústjórar, þeir Gestur Jónsson, Jóhann Níelsson og Viðar Már Matthíasson, sem allir eru starfandi lögmenn hér í borg. Skiptaráðendur eru Markús Sigurbjörnsson og Ragnar Hall. Störf þessara manna hingað til hafa falist í því m.a. að þeir hafa tekið við kauptilboði frá Eimskipafélaginu í flestar áþreifanlegar eignir Hafskips. Það kaupverð sem Eimskipafélagið hefur boðið í eignirnar er tæpar 9,4 milljónir dollara eða tæpar 400 millj. kr. Í tilboði sínu gerir Eimskipafélagið ráð fyrir að kaupverð greiðist með yfirtöku á hluta af skuldum Hafskips við Útvegsbankann. Kaupverð miðist að hálfu við gengi erlendrar myntar og að hálfu leyti við íslenskar krónur með verðtryggingu. Af erlenda hlutanum greiðist markaðsvextir, en íslenski hlutinn verði vaxtalaus. Lánstími verði að hluta 10 ár, en að hluta 15 ár.

Síðan skiptaráðendur tóku við tilboðinu hafa þeir unnið að því að koma á samningi við Eimskipafélagið á grundvelli þessa tilboðs. Ýmis atriði hafa þó þarfnast nánari skilgreiningar. Væntanlega verður samningur undirritaður mjög fljótlega, en það hefur tafist fram yfir það sem menn gerðu sér vonir um.

Samhliða hafa skiptaráðendur unnið að gerð samnings við Útvegsbankann vegna sölu á eignum Hafskips til Eimskipafélagsins. Sá samningur er ítarlegur, en meginninnihald hans felst í því að tryggja hagsmuni annarra kröfuhafa en Útvegsbankans í þrotabúi Hafskips. Þetta felur það í sér nánar tilgreint að sá hluti kaupverðsins sem telst vera fyrir þær eignir sem Útvegsbankinn á ekki við í skal renna í þrotabúið en ekki beint til Útvegsbankans, en sá hluti sem Útvegsbankinn á við í rennur eðlilega til bankans.

Þá hefur mikill tími skiptaráðenda og bústjóra farið í að taka ákvarðanir um framhald rekstrarins og alls kyns aðkallandi mál sem ekki hafa þolað bið.

Ég sé ekki tilefni til að greina allt sem skiptaráðendur og bústjórar hafa mátt gera og taka ákvörðun um þessa fáu daga, en ég vil þó nefna eitt atriði sérstaklega. Það er ms. Skaftá sem hefur verið kyrrsett í Belgíu um allnokkurn tíma. Lausn þess máls er afar erfið, en unnið

er að því af fullum krafti að finna lausnir sem kröfuhafar og þá ekki síst Útvegsbankinn geti sætt sig við.

Það er svo að samkvæmt gjaldþrotalögum á skiptaráðandi að rannsaka hvort einhver lögbrot tengist gjaldþroti og ástæðum þess. Þetta hlutverk er honum veitt sem dómara. Ef skiptaráðandi telur að eitthvert lögbrot hafi átt sér stað sem tengist gjaldþrotum með einum eða öðrum hætti ber honum skylda til samkvæmt 84. gr. gjaldþrotalaga að tilkynna ríkissaksóknara sem kveður á um nánari rannsókn málsins telji hann ástæðu til þess.

Það er alveg ljóst að skiptaráðandi verður að geta stjórnað því hvernig rannsókn er hagað og í hvaða röð könnunarefni eru tekin fyrir. Ef hins vegar annar aðili á að fara að kanna þá sömu hluti og skiptaráðandi hefur til rannsóknar samkvæmt lögum er augljóst að nefndin er háð sömu gögnum í sinni rannsókn og skiptaráðandi.

Gjaldþrotaúrskurðurinn var kveðinn upp fyrir aðeins örfáum dögum og að sjálfsögðu hefur ekkert svigrúm gefist enn til að kanna hugsanleg brot. En hér hlýtur að verða að virða sem endranær þá grundvallarmannréttindareglu að menn teljist saklausir þar til sekt þeirra er sönnuð. Þessu meginatriði skyldi enginn gleyma í þessari umfjöllun.

En til þess að gera rétt skiptaráðanda sem sterkastan hefur hæstv. dómsmrh. ákveðið að leggja fram frv. um breytingu á gjaldþrotalögum. Það frv. er flutt að fram kominni ábendingu þeirra sem fara með skipti þrotabúa fyrir borgarfógetaembættið í Reykjavík þar sem litið hefur verið svo á að gjaldþrotalög nr. 6/1978 taki ekki nægilegt tillit til aðstæðna við meðferð umfangsmikilla mála á þessu sviði. Er breytingum þessum ætlað að ráða bót á brýnustu atriðum að þessu leyti.

Það er bjargföst skoðun mín að hvert það atriði, sem upp kann að koma og gefur minnsta tilefni til að ætla að um refsivert athæfi sé að ræða, verði að rannsaka nánar. Við stefnum öll að því að taka hart á öllu því sem saknæmt getur talist í viðskiptum og samstarfi á milli banka og fyrirtækis. Rangar upplýsingar verða vafalaust teknar til umfjöllunar og rannsóknar. Hér á ekkert að fela og engu að leyna.

Ég óskaði eftir því við bankastjórn Útvegsbankans að hún gæfi mér stutt yfirlit frá sínum bæjardyrum séð yfir viðskipti Útvegsbankans og Hafskips síðari hluta árs 1984 og fram á þetta ár. Þær upplýsingar eru þessar:

Hafskip hf. hefur starfað í tæp 30 ár og haft bankaviðskipti við Útvegsbankann. Rekstur þess hefur gengið erfiðlega og eiginfjárstaða lengst af verið slæm og lánsfjárþörf mikil. Miklir og vaxandi rekstrarerfiðleikar tóku að gera vart við sig á árinu 1984. Áætlun hafði upphaflega gert ráð fyrir 20—30 millj. kr. hagnaði. Í desember var rekstrartap á því ári um 50—60 millj. kr.

Á hinn bóginn var gert ráð fyrir að svonefndar Atlantshafssiglingar félagsins skiluðu miklum hagnaði. Þessar siglingar hófust á s.l. hausti, m.a. til að koma í stað varnarliðsflutninga sem stöðvuðust að mestu 1984.

Forráðamenn Hafskips fóru þess á leit haustið 1984 að Útvegsbankinn veitti þeim mjög aukna fyrirgreiðslu. Þeirri málaleitun var hafnað. Um þetta leyti munu hafa hafist viðræður milli stjórnenda Hafskips og Eimskips um hugsanlega samvinnu eða kaup hinna síðarnefndu á félaginu. Þeim viðræðum lauk án niðurstöðu.

Í byrjun janúar ákvað stjórn Hafskips hf. að beita sér fyrir verulegri hlutafjáraukningu. Fyrir lá að Útvegsbankinn mundi að öðrum kosti ekki fallast á lánbeiðni félagsins. Hluthafafundur var haldinn 8. febrúar á þessu ári. Áður höfðu þá verið lagðar fram áætlanir um mikinn bata í rekstri félagsins. Að mati stjórnenda fyrirtækisins átti þessi bati að byggjast á hagræðingu í Íslandssiglingum og mjög góðri afkomu vegna Atlantshafssiglinga. Hluthafafundur samþykkti 80 millj. kr. aukningu hlutafjár og næstu mánuði voru lögð fram skuldabréf vegna hlutafjáraukningar sem námu tæplega 80 millj. kr. Skuldabréfin voru veðsett bankanum og þessi skuldabréf eru verðtryggð.

Niðurstaða reikningsuppgjörs barst bankanum fyrir árið 1984 í lok maí s.l. Þá kom í ljós að tap ársins reyndist vera 95,7 millj. eða nærri tvöfalt það sem áætlað hafði verið. Jafnframt var þó staðfest að Atlantshafssiglingarnar hefðu skilað hagnaði á árinu og sá hagnaður héldi áfram fyrstu mánuðina á yfirstandandi ári.

Aðalfundur félagsins var haldinn í byrjun júní og þar voru reikningar og áætlanir félagsins samþykkt.

Fyrsta uppgjör vegna yfirstandandi árs barst bankastjórn Útvegsbankans síðari hluta júlímánaðar. Þá kom í ljós að um 100 millj. kr. tap var á rekstrinum fyrstu fjóra mánuði ársins, m.a. stórfellt tap vegna Atlantshafsflutninganna. Áætlun, sem lögð var fram samtímis, gerði þó enn ráð fyrir 100 millj. kr. hagnaði yfir árið á Atlantshafssiglingum.

Þegar þessar niðurstöður um stórfellt tap samkvæmt reikningum lágu fyrir var ákveðið á sameiginlegum fundi bankastjórnar Útvegsbankans og forráðamanna Hafskips að félagið gerði ráðstafanir til að selja eignir sínar og viðskiptasambönd sem fyrst bæði að því er varðar Íslandssiglingar og Atlantshafssiglingar.

Beinar viðræður bankastjórnar Útvegsbankans við Eimskip um sölu eigna Hafskips hófust 22. október. Þá lá fyrir að taka þyrfti ákvarðanir sem bankinn þyrfti að eiga aðild að.

Uppgjör fyrir janúar—ágúst á þessu ári lá fyrir í síðasta mánuði og þar kemur fram að svipað tap reyndist á síðara fjögurra mánaða tímabilinu og hinu fyrra.

Gjaldþrot Hafskips stafaði af framangreindum taprekstri í heföbundnum siglingum og Atlantshafssiglingum. Þetta tap í fyrra og í ár nemur a.m.k. 250 millj. kr. Jafnframt hefur verðfall á skipum veikt raunverulega eiginfjárstöðu fyrirtækisins sem slæm var fyrir. Talið er að flutningaskip hafi lækkað í verði á alþjóðlegum markaði um 15—20% árlega síðustu þrjú árin. Enn þá meiri lækkun hefur orðið á skipum sem eru 12—15 ára en í þeim hópi eru skip Hafskips.

Þegar þessi mál komu hér til umræðu fyrir nokkru síðan sagði ég frá því að mat á tryggingum skipa Hafskips hefði lækkað frá 28. júní til 9. október á þessu ári yfir 20%. Skuldbindingar við Útvegsbankann námu 3. júní 638 millj. Tryggingar voru þá 593 millj. En 28. júní voru skuldbindingar 639 millj. en tryggingar voru þá metnar af bankaeftirlitinu 375—471 millj. Hinn 23. ágúst eru skuldbindingar 716 millj. og tryggingarnar komnar niður í 345—421 millj. að mati bankaeftirlitsins. 9. október eru skuldirnar komnar í 748 millj. en tryggingar eru metnar af bankaeftirlitinu 291—366 millj. kr. Þetta sýnir að mat eigna hefur hrunið meira á þessu ári en árin á undan hvað skipin snertir.

Á árinu 1981 lagði ríkissjóður fram 50 millj. kr. til

styrktar eiginfjárstöðu Útvegsbankans. Þetta var gert þannig að ríkissjóður veitti sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbankans við Seðlabankann. Skuld þessi færðist á sérstakan reikning Útvegsbankans í Seðlabankanum. Eins og segir í lánsfjárlögum fyrir árið 1981 greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum að fjárhæð 7,5 millj. kr. í tólf ár, í fyrsta sinn á árinu 1982. Þessar árlegu greiðslur úr ríkissjóði nema nú samtals 51,2 millj. kr. á verðlagi í desember í ár. Skattgreiðslur bankans í ríkissjóð á sama tíma nema á sama verðlagi 167,6 millj. kr. Þær sundurliðast þannig: Skattur af gjaldeyrisviðskiptum, sem bankinn borgar, eru 114,5 millj., landsútsvar 10 millj., skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði 9,3 millj., skattur á innlánsstofnanir 13,5 millj. og tekju- og eignarskattur 20,3 millj.

Útvegsbankinn hefur greitt frá 1960 skatta í ríkissjóð á verðlagi í desember samkvæmt þessum útreikningi sem hér segir: Skattur af gjaldeyrisviðskiptum 651,8 millj., landsútsvar 20,6, skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði 14,1, skattur á innlánsstofnanir 13,5, tekjuskattur frá 1982 12,5 og eignarskattur 7,8, eða samtals 720,3 millj. kr.

Útvegsbankinn og Landsbankinn hafa lengst af greitt skatt af gjaldeyrisviðskiptum einir þar sem aðrar stofnanir höfðu ekki heimild til gjaldeyrisviðskipta fram á s.l. ár. Það skal tekið fram að skattur banka af gjaldeyrisviðskiptum hefur ekki lagst á viðskiptamennina. Mismunur á kaupgengi og sölugengi er svipað, jafnvel lægra en víða erlendis og því er hér um beina skattlagningu að ræða á bankana.

Mér finnst rétt að það komi hér fram að útlán Útvegsbankans í heild námu 7838 millj. hinn 31. október s.l. Þar af nam erlent endurlánað lánsfé 3705 millj. kr. eða 47,27% af heildarútlánum. Útlánin skiptust þannig milli atvinnugreina í meginatriðum: Sjávarútvegur 3396 millj. eða 43,3%, iðnaður 628 millj. eða 8%, íbúðarbyggingar 355 millj. eða 4,5%, verslun 827 millj. eða 10,6%, olíufélög 545 millj. eða 9,9%, samgöngur 894 millj. eða 11,4% og annað 1760 millj. eða 12,3%. Þetta sýnir hversu gífurlega hátt hlutfall þessi banki hefur í útlánum til sjávarútvegs.

Útvegsbankinn hefur útibú utan Reykjavíkur á átta stöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Kópavogi og Seltjarnarnesi. Mikilvægust fyrir viðskiptamenn í sjávarútvegi eru þessi útibú: Vestmannaeyjar með 1095 millj., Keflavík 414 millj. — þetta er miðað við 30. nóvember s.l. — Ísafjörður 368 millj., Siglufjörður 212 millj., aðalbanki með 1297 millj. og aðrir afgreiðslustaðir eru með 3 millj. Fjöldi viðskiptavina í fiskvinnsluútgerð á þessum stöðum öllum eru hvorki meira né minna en 212. Þar af eru 70 í Vestmannaeyjum, 27 í Keflavík, 28 á Ísafirði, 20 á Siglufirði, 37 í aðalbanka og 30 í öðrum afgreiðslustöðum.

1. nóvember höfðu innlán í Útvegsbankanum aukist síðustu tólf mánuði um 1274 millj. kr. eða um rúm 58%. Til samanburðar jukust innlán í bankakerfinu í heild á þessum sama tíma um tæplega 43%. Þróun innlána hjá Útvegsbankanum var því mjög hagstæð á þessu tólf mánaða tímabili. En frá nóvemberbyrjun hefur þetta breyst í kjölfar umræðu um taphættu bankans vegna erfiðleika Hafskips hf., sem nú hefur leitt til gjaldþrots fyrirtækisins, og beinn samdráttur varð í innlánum Útvegsbankans í nóvember sem nam rúmlega 200 millj. kr. Þannig hefur opinber umræða haft þessi áhrif á trúnað viðskiptamanna við bankann og hans aukna vanda þrátt fyrir yfirlýsingu um að innlán og skuldbindingar bankans væru tryggðar og vísa ég í því sambandi til nýlegrar yfirlýsingar Seðlabanka Íslands.

Víst eru þessi töp mikil og raunaleg í alla staði sem þarf að rannsaka til hlítar. En við skulum líka líta á að það hafa fleiri aðilar orðið að bíta í það súra epli að tapa miklu af sínum eiginfjármunum. Fiskveiðasjóður stendur frammi fyrir því að á fjórum skipum voru áhvílandi í sjóðnum 800 millj. kr. en vátryggingarverð þessara skipa var 568,9 millj. Fiskveiðasjóður hefur boðið þessi skip öll inn á svipaða upphæð og vátryggingarverðið er, eða 570 millj. Það má því ætla að augljóst sé að tap sjóðsins á þessum skipum verði ekki minna en 230 millj. en getur orðið mun meira þegar séð er hvað kostar að gera við og halda þessum skipum við og hvaða boð kemur til með að fást í þau.

Byggðasjóður hefur líka orðið fyrir verulegum áföllum. Af sex skipum hefur Byggðasjóður afskrifað lán upp á 74 millj. 756 þús. kr. Þetta er miðað við 30. september eins og þær skuldir þá stóðu með uppreiknuðum gengisviðauka og/eða verðbótum, vöxtum og dráttarvöxtum.

Nú er það fjarri mér að boða hér árás á stjórn eða framkvæmdastjórn Fiskveiðasjóðs eða Byggðasjóðs. Það er efnahagsástandið, gengisþróunin, sem hefur gert það að verkum að þessir sjóðir hafa tapað svona gífurlegu fjármagni, verðbólga undanfarinna ára og neikvæðir vextir. Við verðum einnig að taka þetta mál inn í dæmið, við verðum líka að líta á þetta sem þjóðfélagslegt vandamál. Einhver kynni að segja núna: En hvers vegna voru ekki þessi skip boðin fyrr upp? Þetta hefur ekki verið að hrynja núna á tveimur, þremur síðustu árum, þetta hefur átt sér lengri aðdraganda vegna efnahagsstefnu og vegna gengisstefnu. Hvað hefði verið hægt að gera? Það eru nokkur ár síðan ég, sem þáverandi stjórnarmaður í Byggðasjóði, lagði til að afskrifa þessar ákveðnu skuldir strax því að þær væru tapaðar fyrir fram. Það var mikið hlegið af slíkri tillögu. En ég held að við höfum greitt henni atkvæði þrír, m.a.s. greiddi sá ágæti maður, sem Alþb. setti þar í stjórnina, því atkvæði. Hann var það raunsær eins og ég. Það hefðu mátt vera fleiri.

Það hefur komið fram áður að bankastjórn Seðlabankans mun gera sérstakan samning við Útvegsbankann um fjárhagslega fyrirgreiðslu sem tryggi greiðslustöðu bankans gagnvart viðskiptaaðilum bæði innanlands og utan. Meðan slíkur samningur er í gildi mun Seðlabankinn fylgjast reglulega með rekstri bankans og fjárráðstöfunum hans.

Hér hefur verið allmikið rætt um bankaeftirlit Seðlabankans af Hafskipsmálinu og bankaeftirlit yfirleitt. Ég óskaði eftir því við bankastjórn Seðlabankans að fá yfirlit yfir starfsemi bankaeftirlitsins og mér þykir rétt að skýra frá því yfirliti hér frá orði til orðs:

„Afskipti Seðlabankans af skuldamálum Hafskips við Útvegsbankann eiga sér alllanga sögu. Hafa þau bæði komið upp sjálfstætt og í sambandi við almennar athuganir á fjárhagsstöðu Útvegsbankans en hún hefur verið erfið langtímum saman undanfarna áratugi. Ekki virðist ástæða til að rekja þessi mál lengra aftur en til ársins 1975 en þá var gerð heildarkönnun á Útvegs-

bankanum þar sem m.a. kom fram mjög erfið staða Hafskips gagnvart bankanum svo að ekki var talið að tryggingar hrykkju að fullu fyrir útistandandi kröfum bankans.

Skýrsla þessi var rækilega rædd við bankastjórn Útvegsbankans og hún hvött til að leita lausnar í málinu er tryggði hagsmuni bankans. Ekki tókst þó að bæta afkomu eða stöðu Hafskips að neinu marki næstu árin og á árinu 1977 var leitað eftir erlendri lántöku til að bæta fjárhagsstöðu Hafskips og var sú beiðni tilefni til þess að lánadeild Seðlabankans og bankaeftirlitið tóku viðskipti Hafskips við Útvegsbankann enn til rækilegrar athugunar. Leiddi hún til þeirrar niðurstöðu að staða bankans í málinu væri enn veik og nauðsynlegt væri að gera víðtækar ráðstafanir til betri stjórnunar á fyrirtækinu, harðara eftirlits af bankans hálfu og aukinna trygginga til að forða bankanum frá tjóni.

Um þessar mundir var lausafjárstaða Útvegsbankans mjög erfið og setti Seðlabankinn því það að skilyrði fyrir aukinni fyrirgreiðslu til bankans að sérstakur eftirlitsmaður fylgdist með útlánastarfsemi bankans og gæfi bankastjórn Seðlabankans reglulegar skýrslur um það efni. Helst þessi skipan fram til ársins 1979.

Á þessum tíma var mjög að því unnið að auka eftirlit Útvegsbankans með málefnum Hafskips og styrkja stöðu bankans almennt í viðskiptum við fyrirtæki. Veik stjórnun og léleg eiginfjárstaða olli því hins vegar að þessi viðleitni bar ekki þann árangur sem skyldi. Var því af hálfu bankastjórnar Útvegsbankans lögð megináhersla á að gerð yrði rækileg endurskipulagning bæði á fjárhag og stjórn fyrirtækisins. Ekki urðu þó neinar skjótar endurbætur í þessu efni, eins og kom fram í skýrslu bankaeftirlitsins frá því í nóvember 1978 er það taldi stöðu Útvegsbankans í þessum málum enn mjög veika.

Það er ekki fyrr en á árinu 1979 sem gripið er til raunhæfra aðgerða til að bæta rekstrarstöðu Hafskips. Í maí það ár var lokið verulegri hlutafjáraukningu og bættust þá í hóp hluthafa margir sterkir aðilar sem talið var að mundu mjög styrkja rekstur félagsins með viðskiptum sínum. Eftir þessa breytingu urðu veruleg umskipti til hins betra í rekstrarstöðu fyrirtækisins, eins og fram kom í skýrslum sem gerðar voru af Seðlabankanum þá um haustið og samkvæmt uppgjöri Útvegsbankans um áramót.

Í mars 1980 fékk bankaeftirlitið skýrslu frá Útvegsbankanum um skuldastöðu Hafskips og náðu heildarskuldbindingar þess gagnvart Útvegsbankanum þá 2126 millj. gamalla kr. Gerði bankaeftirlitið þá ekki athugasemdir við þær tryggingar sem fyrir þessum skuldum voru.

Auk þessara skuldamála beindist athygli Seðlabankans um þetta leyti mjög að heildarstöðu Útvegsbankans en lausaskuldir hans við Seðlabankann voru þá mjög miklar. Leiddi þetta til þess að haustið 1980 var gengið frá rækilegri skýrslu er nefndist „Fjárhagsvandi Útvegsbankans og tiltækar aðgerðir til lausnar honum". Niðurstaða þessarar grg. var sú að nauðsynleg væri gagngger skipulagsbreyting að því er varðar Útvegsbankann og reyndar ríkisbankakerfið í heild. Bent var á hugsanlega sameiningu Útvegsbankans við Búnaðarbankann eða Landsbankann en einnig skiptingu viðskipta Útvegsbankans milli hinna tveggja ríkisbankanna. Ekki var af ríkisstjórnarinnar hálfu fallist á þessa tillögu en í stað þess ákveðið að gera ráðstafanir til að bæta stöðu Útvegsbankans með nýju 50 millj. kr. eiginfjárframlagi úr ríkissjóði og flutningi viðskipta frá Útvegsbankanum til hinna viðskiptabankanna fyrir milligöngu Seðlabankans. Komu þessar aðgerðir til framkvæmda í árslok 1980 og á árinu 1981.

Alls höfðu þessar aðgerðir í för með sér nálægt 120 millj. kr. bata á lausafjárstöðu Útvegsbankans og verulega lækkun á hlutfalli sjávarútvegslána af heildarútlánum bankans. Árangur þessara aðgerða kom fram í mun betri stöðu Útvegsbankans allt árið 1981 og fram á næsta ár. Seinni hluta ársins 1982 og á árinu 1983 fór staða Útvegsbankans hins vegar ört versnandi og voru orsakirnar þá fyrst og fremst versnandi afkoma sjávarútvegsins.

Á þessu tímabili og allt fram til ársins 1984 komu hins vegar vandamál Hafskips lítið inn í myndina í þeim viðræðum sem þá fóru reglulega fram milli bankastjórnar Seðlabankans og Útvegsbankans um lausafjárstöðu hins síðarnefnda.

Það er ekki fyrr en haustið 1984 sem nýir greiðsluerfiðleikar Hafskips koma til umræðu vegna áhrifa þeirra á stöðu Útvegsbankans. Kom þá fram af hálfu bankastjórnar Útvegsbankans sú skoðun að nauðsynlegt væri að grípa til öflugra ráðstafana til þess að leysa þennan vanda og var Seðlabankanum kunnugt um tilraunir til þess að koma á samningum milli Hafskips og Eimskipafélags Íslands. Ekkert varð hins vegar úr þeim ráðagerðum að sinni og á fundi með Seðlabankanum í febrúar s.l. skýrði bankastjórn Útvegsbankans frá því að ákveðin hefði verið hlutafjáraukning og aukin umsvif í starfsemi Hafskips sem vonir stæðu til að bæta mundu rekstraraðstöðu fyrirtækisins á árinu 1985. Síðari hluta júnímánaðar voru þessi mál enn rædd við bankastjórn Útvegsbankans og fékk Seðlabankinn þá í hendur yfirlit um skulda- og tryggingastöðu Hafskips við Útvegsbankann sem benti til þess að vantryggðar skuldir næmu 21 millj. en heildarskuldbindingar Hafskips alls 638 millj. Þar sem augljóst var að hér var um mjög áhættusama stöðu að ræða óskaði bankastjórnin eftir því að bankaeftirlitið gerði könnun á skuldamálum Hafskips.

Fyrsta athugun bankaeftirlitsins, sem miðaði við stöðuna 28. júní, var tilbúin seint í júlí, og var hún send viðskrn. 30. júlí. Skv. henni virtist tryggingastaða Útvegsbankans mun veikari en skýrslan frá 3. júní gaf til kynna, og var ástæðan fyrst og fremst lægra mat á veðsettum eignum. Skv. þessu yfirliti var talið að vantrygging skuldbindinga Hafskips gæti verið á bilinu 168—264 millj. kr.

Upplýsingar þessar voru einnig afhentar Útvegsbankanum og ræddar við hann, en hann hafði þá í sama mánuði fengið nýjar mjög óhagstæðar tölur um rekstrarafkomu Hafskips á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs. Einnig var haft samband við viðskrh. sem ræddi málið við Útvegsbankann, og var lögð áhersla á nauðsyn skjótra aðgerða til þess að ráða bót á þeirri áhættu sem bankinn var kominn í. Jafnframt hélt bankaeftirlitið áfram að kanna betur verðgildi þeirra veða sem Útvegsbankinn hafði í eigum Hafskips, en kunnugt var að verð á skipum hafði verið ört fallandi. Þetta leiddi til þess að gert var nýtt yfirlit um skulda- og tryggingastöðu Hafskips sem miðað var við 23. ágúst, en því var lokið snemma í september og sent viðskrh. með bréfi dags. 9.

september Skv. þessu yfirliti hefur bæði orðið hækkun á skuldbindingum Hafskips við Útvegsbankann og veruleg lækkun á verðmæti tryggínga miðað við könnunina 28. júní. Var nú talið að vantryggðar skuldir gætu numið 352—428 millj. kr.

Niðurstöður þessar voru einnig afhentar bankastjórn Útvegsbankans, en málið hafði nokkrum sinnum verið rætt milli hennar og Seðlabankans undanfarnar vikur og hafði þar m.a. komið fram að hafnar væru viðræður milli Hafskips og Eimskipafélagsins um yfirtöku á Íslandssiglingum Hafskips. Hinn 13. september var síðan haldinn sameiginlegur fundur bankastjórna Útvegsbankans og Seðlabankans með viðskrh. þar sem staða Hafskipsmálsins var ítarlega rædd og lögð áhersla á nauðsyn þess að niðurstöður úr viðræðum Hafskips og Eimskips lægju sem fyrst fyrir. Var talið eðlilegt að bankastjórn Útvegsbankans reyndi að fylgjast sem best með þessum viðræðum og greiða fyrir þeim eftir mætti.

Um miðjan október lauk bankaeftirlitið við rækilega heildarskýrslu um skuldastöðu helstu viðskiptamanna Útvegsbankans og kom þar fram að tryggingastaða Útvegsbankans varðandi Hafskip hafði haldið áfram að versna. Var þessi skýrsla afhent viðskrh. 22. október en daginn eftir bankastjórn og bankaráðsformanni Útvegsbankans. Augljóst var að staða Útvegsbankans var þegar hér var komið sögu orðin mjög hættuleg í máli þessu og mikil áhersla á það lögð af öllum aðilum að reynt yrði að leita lausnar á vandanum sem fyrst þar sem augljóst var að staðan mundi halda áfram að versna, bæði vegna rýrnandi veða og hallareksturs Hafskips. Útvegsbankinn tók nú upp beinar viðræður við Eimskipafélagið sem þó leiddu ekki til niðurstöðu að því sinni. Í stað þess voru um tíma kannaðar aðrar leiðir svo sem stofnun nýs skipafélags með skipadeild Sambandsins eða rekstur nýs skipafélags, Íslenska skipafélagsins, sem tekið hafði við miklum hluta af eignum Hafskips.

Ástæðulaust er að rekja þessa sögu nánar þar sem mikill hluti hennar hefur þegar komið fram í fjölmiðlum, en eina færa leiðin reyndist að lokum sala verulegs hluta af eigum Hafskips til Eimskipafélagsins jafnframt því sem Hafskip hf. gaf sig upp til gjaldþrotaskipta.

Undanfarna mánuði, á meðan unnið hefur verið að lausn þessa máls, hafa bæði ráðuneytið og Seðlabankinn fylgst náið með framvindu þess, en forræði þess og framkvæmd hlaut að vera í höndum bankastjórnar og bankaráðs Útvegsbankans. Því miður reyndist meiri erfiðleikum bundið en menn höfðu vonað að ná samningum er tryggðu hagsmuni Útvegsbankans. Er enginn vafi á því að sá dráttur hefur verið dýr þar sem á meðan hafa bæði hlaðist upp skuldir vegna taprekstrar og veð bankans haldið áfram að rýrna í verði. Þannig hafa versnandi ytri aðstæður átt verulegan þátt í því mikla tjóni sem Útvegsbankinn hefur nú orðið fyrir.“ Þetta segir um afskipti bankaeftirlitsins og Seðlabankans af Hafskipsmálinu.

Hv. málshefjandi í þessum umræðum gerði mikið að því að kenna Sjálfstfl. um allt þetta mál, hann bæri eiginlega ábyrgð á því hvernig allt væri komið. Hann sagði að það hefði bara einn þm. Sjálfstfl. gefið sig fram að hafa ekki þegið neitt frá Hafskip og það var virðulegur varaþm. Guðmundur H. Garðarsson. Ég minnist þess ekki að ég hafi nokkurn tíma þegið molasopa hjá Hafskip, svoleiðis að það ætti ekki að vera svo illa komið fyrir flottheit við mig. En allt sem sagt var um fín og flott ferðalög er auðvitað fyllsta ástæða til þess að kanna. Við vitum að ferðalög eru dýr, en þau þurfa ekki endilega að vera að sama skapi óhófleg. Menn verða að gæta hófs í því þegar þeir eru að ferðast, hvort sem það er fyrir hið opinbera eða einkafyrirtæki.

Ég minni á það í fullri vinsemd að við stöndum frammi fyrir afar miklum vanda í fjármálum þessarar þjóðar. Á sínum tíma gekk mikið á út af Flugleiðum þegar þær lentu í sínu stóra, mikla áfalli, og þá var haft æði hátt bæði hér í sölum Alþingis og annars staðar. Þeir menn sem þá stóðu í eldlínu fyrir Flugleiðir þurftu að ganga í gegnum það að vera mjög ásakaðir á ýmsum sviðum.

Flugleiðir náðu sér upp úr þessu öldudal og hafa getað haldið uppi samgöngum bæði á milli Íslands og Bandaríkjanna og Íslands og Evrópu. Þeir hafa fjölgað sínum flugleiðum verulega og aftur standa Flugleiðir frammi fyrir vaxandi harðri samkeppni við dugmikið ameríst flugfélag svo að okkur Íslendingum veitir ekki af, hvaða skoðun sem við höfum á málum, að standa saman í þessum efnum og reyna að styðja við bakið á þeim fyrirtækjum sem eru að berjast fyrir sig og fyrir þjóðina í heild, því að ef þessi fyrirtæki fara á hausinn, sem kallað er, mun verða haldið uppi samgöngum að einhverju leyti af erlendum aðilum þegar þeir telja sér það henta. Við skulum því líka vara okkur á að fljúga ekki of hátt og fara ekki of geyst.

Þessi mál eru erfið og við þurfum að láta fyrst og fremst skynsemi og yfirvegun ráða ferðinni. Við skulum minnast aðeins á mál þar sem gekk mikið á, hið svokallaða Geirfinnsmál. Það var nú meiri darraðardansinn sem átti sér stað bæði hér innan þings og utan. Það væri að sumu leyti lærdómsríkt að ríkisfjölmiðill eins og sjónvarpið sýndi nú að nýju hvernig þá var umhorfs. Hvað vannst við öll þessi læti? Ekki neitt. Jú, það vannst það að saklausir menn urðu fyrir barðinu á þessum látum öllum. Ég vona að við höfum lært af því sem þar gerðist.

Hv. málshefjandi hefur gert töluvert að því að minnast á aðild hæstv. iðnrh. bæði að Útvegsbanka og Hafskipi. Hann hafi verið stjórnarformaður bæði bankaráðs og Hafskips. Þegar hæstv. núv. iðnrh. var gerður að formanni bankaráðs Útvegsbankans var hann stjórnarformaður í Hafskip. Það var auðvitað þáv. ríkisstj. sem gerði hann að formanni bankaráðs Útvegsbankans og Alþb. átti sæti í þeirri stjórn með þrjá vaska ráðherra, Framsfl. með fjóra ráðherra og hluti af Sjálfstfl. með þrjá ráðherra. Þeir skiptu, þessir flokkar, bankaráðsformennskunni á milli sín þannig að Framsfl. fékk formennsku í Seðlabankanum og formennsku í Búnaðarbanka. Alþb. fékk formennsku í Landsbanka og þessi hluti sjálfstæðismanna, sem átti sæti í ríkisstj., óskaði eftir því, og núv. hæstv. iðnrh. hefur sagt mér það margoft að hann hafi verið þrábeðinn um að taka að sér þessa formennsku, ekki af þessum mönnum einum heldur af ríkisstj. allri og m.a. hv. málshefjanda. Ef eitthvað var athugavert við að gera sama manninn að formanni bankaráðs og var formaður stjórnar fyrirtækis sem var í viðskiptum við bankann hefði þessi athugasemd átt að koma þá strax fram. Ef menn hefðu talið að þetta væri ósamrýmanlegt hefði aldrei átt að biðja Albert Guðmundsson að taka að sér formennsku í

bankaráði.

Svo vil ég í fullri vinsemd við málshefjanda segja honum það, sem hann kom ekki inn á, að það á enginn einn stjórnmálaflokkur meiri hluta í bankaráði og það á heldur enginn einn stjórnmálaflokkur meiri hluta í bankastjórn. Ég veit að málshefjandinn veit þetta mætavel. Sjálfstfl. á og hefur aldrei átt nema í mesta lagi einn af hverjum þremur, eða sjálfstæðismaður hefur verið einn af hverjum þremur bankastjórum í þessum ríkisbönkum. Það hefur verið samið með bankaráðin. Þar hefur Sjálfstfl. átt tvo af fimm. Alþb., Framsfl. og Alþfl. eiga fulltrúa í bankaráðum. (**GHelg:** Það verður nú ekki lengi af hálfu Alþb.) Ja, það veit ég ekkert um. Ég ætla að segja minni góðu vinkonu að það er nú svo stundum að hæpið er að beita menn mikilli hörku. Þá bregst fólk illa við því. Ég man eftir því að það var formaður í þingflokki Alþb. sem hringdi einu sinni á lögregluna og bað að finna einn þm. og koma með hann hérna inn í húsið. Og þm. brást bara hin versta við, blessunin, sem eðlilegt er. Hann var mikill stjórnandi, formaður þingflokks Alþb., en það má stundum fara of geyst, meira að segja af honum. (**GHelg:** Það vantaði fleiri atkvæði.)

Mér finnst líka í tilefni af þessum umræðum vera rétt að geta þess sem, raunar málshefjandi gat um, en það er sú slæma staða sem Arnarflug er nú í. Ég fékk í gærkvöldi bréf sem samgrh. frá framkvæmdastjóra Arnarflugs þar sem talið er að svo sé komið að reksturinn geti stöðvast innan örfárra daga. Í þessu bréfi segir framkvæmdastjórinn að sé litið á efnahagsreikning þá sé eigið fé neikvætt en á móti komi duldir varasjóðir sem ekki koma fram fyrr en við sölu eigna eða nýtingu kauprétta þannig að eigið fé má telja réttu megin þegar upp er staðið. Veltufjárhlutfall var þann 30. september betra en um langan tíma. Hins vegar var stór hluti eigna útistandandi. Þó var talið um miðjan október s.l. að félagið kæmist í gegnum þennan vetur án teljandi erfiðleika að því gefnu að venjuleg fyrirgreiðsla fengist hjá banka félagsins yfir erfiðasta hluta rekstrarársins. Framkvæmdastjórinn segir síðan í þessu bréfi:

„Misnotkun ríkisfjölmiðils ásamt skipulegum söguburði hér heima og erlendis um stöðu Arnarflugs miðað við sex mánaða uppgjör hafa hins vegar gjörbreytt þessari mynd. Flestir lánardrottnar erlendis, seljendur vöru og þjónustu, hafa á örskömmum tíma algjörlega snúið við blaðinu og sett þá kosti sem félaginu er ógerlegt að mæta þvert ofan á áður gerða greiðslusamninga. Stjórnarformaður, fjármálastjóri og lögfræðingur hófu í morgun fundi með þeim stærstu þar sem málin eru útskýrð og reynt að endurvinna tiltrú þeirra á félaginu. Ómögulegt er að segja um árangur, en verði hann ekki einhver er ljóst að til rekstrarstöðvunar kemur“, o.s.frv.

Tryggingar á flugvélum og eigum félagsins renna út 15. desember og það vildi svo til að aðstoðarforstjóri umræddS tryggingafélags var hér til viðræðna við Flugleiðir hf. og Arnarflug. Þegar hann sá og lét þýða fyrir sig það sem kom í sjónvarpinu þetta kvöld hafði það þau áhrif að neitað var að framlengja tryggingar fram yfir þennan tíma nema með bankaábyrgð og gífurlegum greiðslum. Það er oft sagt að það sé alveg bráðnauðsynlegt að flytja fréttir af öllu, en stundum getur líka verið nauðsynlegt að segja ekki allt of mikið, það sé betra að reyna að komast af í erfiðum viðskiptum við menn með samningum en ekki að skipa því í fréttahasarstíl eins og því miður hefur hafið innreið sína hér í íslenska fréttamennsku.

Þetta mál hlýtur að valda okkur öllum gífurlegum áhyggjum. Það er mikið áfall ef þetta félag stöðvast, bæði fyrir þær leiðir sem það flýgur á milli landa og sömuleiðis fyrir stöði innanlands sem félagið hefur haldið uppi þjónustu til. Og það er heldur ekkert hollt fyrir Flugleiðir að verða eiginlega eitt og drottnandi í flugrekstri því að ég held að samkeppni eins og þessi sé af því góða.

Ég vil taka fram að ég tel nauðsynlegt að setja ákvæði um hámarkslán til fyrirtækja og einstaklinga þar sem miðað er við ákveðið hlutfall af eigin fjármagni lánastofnunar og veltu. Þessir atburðir hafa sýnt okkur að það er nauðsynlegt að ganga þar til verks og það fljótlega.

Mig langar að koma inn á að nefnd sú sem fyrirrennari minn skipaði með bréfi dags. 24. ágúst 1984, um það að bæta skipulag og rekstur viðskiptabanka með fækkun þeirra og sameiningu ásamt færslu viðskipta og útibúa á milli banka, hefur nú skilað áliti, gerði það í gærmorgun. Þar kemur fram að sameining Útvegsbankans og annarra banka getur orðið að dómi nefndarinnar með tvennum hætti og bendir allt til að val þar á milli muni ráða úrslitum um framtíðarskipan bankakerfisins.

Ég tek fram í upphafi að ég er aðeins að skýra frá þessu nefndaráliti en ekki að segja á þessari stundu hver sé mín efnislega niðurstaða því að ég tel að Alþingi eigi rétt á því að fá að vita um þetta nefndarálit, en í þessari nefnd áttu sæti Gylfi Þ. Gíslason fyrrum ráðherra, Björn Líndal deildarstjóri í viðskrn. og Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum. Þar segir:

„Varðandi ríkisbankana kemur tvennt til greina: Annar möguleikinn er sá að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann en gera ráð fyrir því að Landsbankinn starfi áfram með óbreyttum hætti. Þó væri í þessu tilviki rétt að nýi ríkisbankinn tæki við rekstri eins eða tveggja útibúa Landsbankans á Austfjörðum. Í stað þess tæki Landsbankinn við rekstri eins útibús annars hvors bankans í Reykjaneskjördæmi.

Hagræðing sú sem í þessari ráðstöfun fælist kæmi fyrst og fremst fram í því að unnt væri að sameina afgreiðslustaði bankanna, aðalbankann í Austurstræti, Reykjavík, Austurbæjarútibú Búnaðarbankans og Laugavegsútibú Útvegsbankans, svo og útibú á Akureyri og í Kópavogi. Afgreiðslustaðir hins nýja banka yrðu þá 42 en Landsbankans 39. Lausleg athugun virðist benda til þess að hægt yrði að fækka starfsfólki verulega. Jafnframt væri unnt að sameina stoðdeildir og jafna dreifingu útlána.

Ekki er unnt að leggja tölulegt mat á eiginfjárstöðu slíks nýs ríkisbanka vegna óvissu um stöðu Útvegsbankans, en þó má telja líklegt að hann fullnægi kröfum hinna nýju bankalaga um hlutfall eigin fjár af niðurstöðutölu efnahagsreikninga. Sé miðað við lánaflokkun í lok ágúst 1985 hefðu útlán hans til sjávarútvegs verið 26,6% heildarútlána og til verslunar 18,1, til landbúnaðar 11,2 og til iðnaðar 9,8. Til samanburðar má geta þess að útlán Landsbankans til sjávarútvegs voru þá 34,8% heildarútlánanna, til verslunar 17,8%, til iðnaðar 13,3 og til landbúnaðar 8,2% heildarútlána. Til þess að bæta lausafjárstöðu sína gæti bankinn eftir samein-

inguna selt hluta af eignum sínum, þ.e. þær eignir sem nú eru notaðar af afgreiðslustöðum sem lagðir yrðu niður.

Hinn möguleikinn varðandi ríkisbankana er sá að Útvegsbankinn tæki þátt í myndun nýs hlutafélagsbanka ásamt einkabönkum, sparisjóðum og fleiri aðilum eins og nánar er svo síðar vikið að, en jafnframt verði efnt til aukins samstarfs Landsbanka og Búnaðarbanka. Með þessum hætti ætti að vera hægt að koma við hagræðingu.

Mikil útþensla hefur átt sér stað í sérfræði- og stoðdeildum bankanna að undanförnu og horfur eru á að hún þurfi að halda áfram að öllu óbreyttu. Óhagkvæmt er að halda uppi tveimur fullkomnum kerfum á þessu sviði og mætti sameina þau í einu fullkomnu kerfi í húsnæði bankanna við Hafnarstræti í Reykjavík. Þá er þess að geta að Landsbankinn og Búnaðarbankinn hafa almennar afgreiðslur í Austurstræti, Reykjavík. Afgreiðsla Landsbankans gæti annast allar afgreiðslur beggja bankanna í miðborginni. Húsnæði Búnaðarbankans við Austurstræti mætti þá t.d. nota til afgreiðslu á gjaldeyrisviðskiptum beggja bankanna. Þannig ber að vekja athygli á þeim möguleikum sem samstarf Landsbankans og Búnaðarbankans veitir varðandi fækkun útibúa og umboðsskrifstofa væri útibúanetum þeirra steypt saman í eitt."

Og síðan er fjallað nokkuð um þessi útibú sem of langt mál er að telja upp.

Hinn þáttur þessarar hugmyndar er að komið verði á fót nýjum öflugum hlutafélagabanka með sameiningu Iðnaðarbankans, Verslunarbankans og Útvegsbankans og aðild sparisjóða að slíkum nýjum einkabanka sem og aðild annarra smærri banka, stórra fyrirtækja og einstaklinga. Þannig mætti koma við hagræðingu miðað við það ástand sem nú ríkir. Og síðan er einnig fjallað um útibú slíks banka.

Ég hef ákveðið að láta ljósrita þessar tillögur og senda alþm. þær til umfjöllunar því að hér eru hugmyndir sem er nauðsynlegt að allir þm. og allir flokkar geti fjallað um því að hér er um mikið hagsmunamál að ræða. Að vísu hefur sameining banka verið á dagskrá öll árin sem ég hef setið á þingi en ekki orðið meira úr. En við sjáum að hér verða að verða breytingar á, en á þessari stundu ætla ég ekki að fullyrða um hverjar sé skynsamlegast að gera.

En ég sný mér að síðustu lítillega að Útvegsbankanum aftur. Ég tel að útilokað sé að leggja Útvegsbankann niður nema koma öllum viðskiptaaðilum hans í viðskipti við aðrar lánastofnanir. Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni eru yfir 43% í sjávarútvegi og ef ég man rétt voru um 220 fyrirtæki og einstaklingar bara í sjávarútvegi í viðskiptum við Útvegsbankann. Það er ekki hægt að bjóða þessu *fólki frekar en öðrum* viðskiptavinum bankans upp á það að vera annars eða þriðja flokks viðskiptamenn annarra lánastofnana. Það verður að finna lausn á því hvernig eigi að koma þessum viðskiptum fyrir. Það eru engin vandræði að koma innlánsfénu fyrir því að allir bankar eru reiðubúnir að taka við því. Og það eru ýmsir aðrir annmarkar sem þarf að leiða til lykta áður en hægt er að setjast niður og ganga frá mikilsverðri ákvörðunartöku í sambandi við sameiningu eða samvinnu banka í landinu.

Ég held að við deilum ekki um það hvar sem við erum í flokki að margar okkar bankaeiningar eru of litlar. Við þurfum á breytingu að halda og ég held að þetta nefndarálit sé gott innlegg í þær umræður sem vonandi fara fram sem allra fyrst.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur reyndar svarað, hygg ég, þeim spurningum sem hv. fyrirspyrjandi lagði fram og get ég því mjög stytt mál mitt. Ég tek fram strax í upphafi að ég mun ekki taka þátt í því að varpa sök á einn eða annan í þessu stóra og alvarlega máli. Ég fylgi þeirri *reglu að enginn er sekur fyrr en sektin er sönnuð*, og ég tek heils hugar undir það sem hæstv. viðskrh. sagði um fyrri mál þar sem þessari reglu hefur ekki verið fylgt og saklausir menn sekir fundnir og jafnvel þótt þeir væru sýknaðir síðar hafa ekki beðið þess bætur.

Ég stend fyrst og fremst upp til að svara þeirri spurningu hjá hv. fyrirspyrjanda sem hann orðaði *einhvern veginn svo: Mun Sjálfstfl.* beygja Framsfl. undir vilja sinn í þessu máli?

Ég lít svo á að krafa almennings, ekki bara þm. heldur alls almennings, um að fá allt upplýst í þessu máli sé réttmæt. Hér er um mál að ræða sem varðar alla íbúa þessa lands. Ég taldi þess vegna rétt að leggja til á fundi ríkisstj. fimmtudaginn 5. þ.m. að ríkisstj. gæfi þá *yfirlýsingu, svo skýra að ekki yrði um villst, að ríkisstj.* muni beita sér fyrir því að öllum þeim spurningum sem varpað er fram í þessu máli verði svarað, að ríkisstj. beiti sér fyrir því að bankaleynd varðandi viðskipti Hafskips og Útvegsbankans verði aflétt og ríkisstj. beiti sér fyrir því að þetta verði gert með því að skipa af sinni hálfu á einn máta eða annan, sem ekki var ákveðinn þá, *þrjá menn til þess að fylgjast með meðferð þessa máls* og halda því áfram ef ekki væri óskum um upplýsingar að fullu mætt. Undir þetta var tekið í ríkisstj. og þessu var samsinnt. Þetta var samþykkt s.l. fimmtudag og í samræmi við þessa samþykkt hefur viðskrh. á ríkisstjórnarfundi í morgun lagt fram tillögu um hvernig þetta verði framkvæmt.

Ég vísa því því algerlega á bug að með nokkru móti sé verið að beygja Framsfl. undir vilja eins eða annars í þessu máli. Framsfl., og ég fyrir hans hönd alveg sérstaklega, hefur látið það koma skýrt fram að það verður allt gert til að upplýsa alla þætti þessa máls. Ég vil einnig láta það koma fram að ég hef ekki orðið var við neina andstöðu í ríkisstj. við slíka málsmeðferð. *Þvert á móti hefur ríkt þar fullkomin samstaða* eins og kemur fram í samþykkt ríkisstj. í morgun.

Þetta mál hefur nú snúist þannig, sem reyndar mátti ætíð gera ráð fyrir, að skiptaráðandi hefur fengið málið til meðferðar og þess vegna allt bú Hafskips og reyndar skv. lögum allt málið í heild sinni. Ég hef átt ítarlegar viðræður við skiptaráðanda og ég hef kynnt mér þetta mál eins og ég hef frekast getað með viðtölum við lögfróða menn og með því að skoða lög. Það er enginn vafi á því að skv. lögum ber skiptaráðanda að kanna allar þær hliðar málsins sem nokkur áhrif geta haft á uppgjör þrotabúsins. Það kemur greinilega fram í lögum um gjaldþrotaskipti, og skiptaráðandi hefur fullvissað mig um að allri rannsókn þessa máls muni verða mjög hraðað. Eftir samstarfsmanni skiptaráðanda voru höfð ummæli í blöðum sem mátti túlka þannig að þetta tæki mjög langan tíma. Skiptaráðandi hefur upplýst mig um það að þetta sé á misskilningi byggt. Allt sem með einhverju móti getur tengst

saknæmu athæfi í þessu máli mun verða rannsakað og rannsókninni hraðað.

Ég vil einnig vekja athygli á því að meðferð skiptaráðanda á þessu máli er mjög viðkvæm, og skiptaráðandi þarf að geta haft frið til þess að skoða alla þætti án þess að um slíkt sé fjallað daglega í fjölmiðlum. Ég er þess vegna mótfallinn því, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að málið ætti að rannsaka eins og hann orðaði það fyrir opnum tjöldum. Ég hygg að það gæti orðið stórkostlegt slys. Mín skoðun er sú að slíkur háttur gæti stórlega spillt fyrir þeirri rannsókn sem skiptaráðanda ber að láta fara fram á allri meðferð málsins. Og ég vísa aftur til þess sem ég sagði áðan, og tók þá undir með viðskrh., um meðferð á slíku máli sem þessu. Ég tel þess vegna ekki rétt að Alþingi kjósi á þessu stigi rannsóknarnefnd til að fjalla um þetta mál fyrir opnum tjöldum eins og skilja mátti á hv. fyrirspyrjanda. Það er allt annað mál hvort Alþingi sér ástæðu til þess þegar skiptaráðandi hefur lokið sínum störfum að hefja á ný rannsókn á einhverjum þáttum þessa máls.

Ég vil hins vegar í því sambandi taka það skýrt fram sem kemur fram í þeirri samþykkt sem ríkisstj. gerði í morgun að hún ætlast til þess að þeir þrír menn sem Hæstiréttur velur til þess að fylgjast með meðferð málsins haldi áfram athugun á þeim þáttum sem ætla má að skiptaráðandi hafi ekki athugað til hlítar. Það er vitanlega eðlilegt eftir það sem ég sagði áðan að þm. spyrji: Hvaða þættir kunna það að vera? Það kunna að vera þættir sem skiptaráðandi ályktar að ekki séu saknæmir og því honum ekki viðkomandi eða mundu ekki hafa áhrif á stöðu þrotabúsins. Það kunna hins vegar að vera einhverjir þættir sem við alþm. eða almenningur telur nauðsynlegt að upplýsa og þessum þremur mönnum er ætlað að kanna slík atriði.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að taka þátt í að sakfella einn eða neinn og hef aldrei tamið mér þau vinnubrögð án sönnunar. Ég taldi mér hins vegar skylt að kanna eins og ég gæti þær alvarlegu sakir sem á einn ráðherra í ríkisstj. minni voru bornar. Ég kvaddi þess vegna á fund minn þrjá fyrrv. bankastjóra sem allir störfuðu með Albert Guðmundssyni á meðan hann var formaður bankaráðs Útvegsbankans. Þessir menn eru Jónas Rafnar, Bjarni Guðbjörnsson og Ármann Jakobsson. Þeir sögðu allir og kváðu mig geta haft það eftir sér að þeir minnist þess aldrei að Albert Guðmundsson hafi gert minnstu tilraun til að hafa áhrif á ákvarðanir þeirra um afgreiðslu mála Hafskips. Og það kannske sakar ekki að taka það fram að Ármann Jakobsson sagði sérstaklega að það mætti minnast þess að hann hefði engin kynni haft af Albert Guðmundssyni áður en hann kom í bankann né væri hann honum fylgjandi í stjórnmálum ef það skiptir einhverju máli. Ég hef því ekki ástæðu til að ætla að þær sakir sem hafa verið bornar á Albert Guðmundsson séu sannar þótt vitanlega verði þær skoðaðar vandlega, m.a. að hans eigin ósk, og að sjálfsögðu af þeim þremur mönnum sem til þess verða tilnefndir að fylgja eftir málinu og ég hef áður rakið.

Jafnframt hefur hæstv. viðskrh. rakið allítarlega þær tillögur sem komnar eru fram frá nefnd sem skipuð var til þess að fjalla um endurskipulagningu bankakerfisins. Ég hef verið þeirrar skoðunar allt frá því að ég kynnti mér skýrslu svonefndrar bankamálanefndar sem kom út 1973 að ákaflega brýnt væri að sameina ríkisbanka og stuðla að sameiningu einkabanka. Ég hef verið þeirrar skoðunar að bankakerfi okkar sé allt of veikt til þess að takast á við þau mörgu verkefni sem þess hafa ætíð beðið og fara vaxandi. Það mál sem hér hefur verið rætt og önnur mál sem hafa verið nefnd hafa sannarlega staðfest þetta. Þegar þessi ríkisstj. var mynduð ákváðu því stjórnarflokkarnir að taka á þessu verkefni og um það er ákveðinn kafli í stjórnarsáttmála. Á því hefur verið tekið. Bankarnir hafa allir verið færðir undir einn ráðherra. Alþingi hefur samþykkt stjfrv. um viðskiptabanka og um sparisjóði og frekari útþensla bankanna með byggingu útibúa hefur verið stöðvuð. Jafnframt hefur nefnd starfað og nú skilað áliti sem vitanlega verður að taka afstöðu til og ég fagna þeirri ákvörðun viðskrh. að senda skýrslu þessa öllum hv. alþm.

Ég hef reyndar oft lýst þeirri skoðun minni að vel kæmi til greina að setja ríkisbankana alla undir eina stjórn og stuðla þannig að enn þá meiri hagræðingu. Mér er ljóst að ýmsir telja að með því yrðu ríkisbankarnir of öflug eining í íslensku þjóðfélagi, en vitanlega má vinna gegn því með því að flytja verkefni yfir til einkabankanna. En aðalatriðið er að hagræðing í íslensku bankakerfi getur alls ekki beðið. Á því máli verður að taka á næstu vikum.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að fjalla um þetta meira núna. Eins og ég sagði áðan hefur hæstv. viðskrh. svarað mjög ítarlega spurningum hv. fyrirspyrjanda. Ég vil þó að lokum biðja menn að halda ró sinni í þessu máli, og ég vona að við gerum enga þá hluti sem eftir á væri unnt að segja að hafi valdið vandræðum í rannsókn þess eða jafnvel sakfellt menn sem saklausir síðan finnast. Og ég vona að menn skoði þetta niður í kjölinn og láti ekki æsing ráða sínum málflutningi í þessu máli fremur en öðrum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. forsrh. áðan vil ég byrja á því að beina til hans spurningu. Tók ég virkilega rétt eftir að hæstv. forsrh. hefði sagt að í fréttatilkynningu ríkisstj. væri kveðið á um að allri bankaleynd skuli aflétt? (**Forsrh.:** Eftir fréttatilkynningunni ...) — Ég endurtek spurninguna: Hefur ríkisstjórn Íslands, hæstv. forsrh., lýst vilja sínum til þess að allri bankaleynd verði aflétt? Það er þýðingarmikið að þetta fari ekki á milli mála. (**Forsrh.:** Ef ég má svara úr sæti mínu: Ég lýsti þeirri skoðun minni að bankaleynd í þessu máli ...) — ... að því er varðar Útvegsbankann og viðskipti hans og Hafskips? Það er m.ö.o. vilji ríkisstj. að bankaleynd verði aflétt í því máli vegna rannsóknarinnar? (**Forsrh.:** Að sjálfsögðu.) Þá fer það ekki á milli mála.

Önnur athugasemd varðar það þegar hæstv. viðskrh. fór nokkrum orðum um fréttaflutning af þessu máli og hversu háskalegur hann gæti verið. Hann nefndi til einnig dæmið um Arnarflug þar sem frétt í sjónvarpi, sem var nú reyndar með sérstökum endemum og um hefur verið rætt, á að hafa valdið því að umrætt flugfélag náði ekki sömu kjörum og það áður hafði notið varðandi tryggingar. Auðvitað er þetta alltaf matsatriði. En ég kemst ekki hjá því að biðja menn að hugleiða a.m.k. tvær hliðar þessa máls.

Við erum hér að ræða stærsta gjaldþrotamál lýðveldisins. Það er kunnugt að fyrstu afskipti fjölmiðla af þessu máli hófust snemma í júnímánuði á þessu sumri fyrir frumkvæði Helgarpóstsins og það blað hefur síðan

birt margar ítarlegar greinar um þetta mál. Þá er spurningin þessi: Hversu hættulegt er að birta fréttir ef þær reynast rangar? Upplognar sakargiftir, fréttaflutningur sem ekki er á rökum reistur, eru auðvitað hættulegar út frá því sjónarmiði, sem allir taka undir, að enginn er sekur fyrr en sekt hans er sönnuð. Enginn er sekur fyrir fram.

En hæstv. viðskrh.: Er ekki stórvarasamt að taka ekki mark á fréttaflutningi og láta líða vikur og mánuði án þess að þeir aðilar sem eru að lögum skyldir til eftirlits í þessum málum ekki bara taki ekki mark á fréttunum, láti þær fram hjá sér fara, bregðist ekki við, heldur það sem verra er, stingi höfðinu í sandinn og bíti höfuðið af skömminni með því að standa upp eða gefa opinberar yfirlýsingar, sem núna liggur fyrir að voru alrangar, yfirlýsingar bankastjórnar um stöðu mála, rangar, yfirlýsingar hæstv. fyrrv. viðskrh. í þessu máli hér á hinu háa Alþingi, rangar. M.ö.o., við tökum undir það að auðvitað ber að varast ýkjukenndan og rangan fréttaflutning. En það þýðir ekki að varpa sök á fjölmiðla í opnu lýðræðisþjóðfélagi ef fréttir eru fluttar af mjög þýðingarmiklum málum sem varða almannahagsmuni og viðbrögð stjórnvalda eru þau að lýsa þessar fréttir rangar en síðan kemur á daginn smám saman að sá sem hafði rétt fyrir sér var fjölmiðillinn en ekki yfirvöldin, stjórnvöldin.

Herra forseti. Við höfum rætt bráðum í þrjá tíma þetta stærsta gjaldþrotamál lýðveldissögunnar og það hefur verið rætt ítarlega, flestallir þættir málsins verið nefndir til sögu, og af þeim ástæðum er kannske ekki ástæða til á þessu stigi málsins að hafa þetta mál svo langt. Ég vek að vísu athygli á því að við erum ekki að ljúka þessari umræðu. Þessi umræða er enn á byrjunarstigi vegna þess að því fer fjarri að öll kurl séu komin til grafar. Þau verða ekki öll leidd fram í dagsljósið úr þessum ræðustóli. Það skiptir hins vegar miklu máli hvernig menn bregðast við, hvaða afstöðu menn taka til þess, ekki aðeins með viljayfirlýsingum um að þetta mál verði upplýst heldur hvaða afstöðu menn taka til þeirra tillagna sem liggja fyrir um með hvaða hætti og hvernig það skuli gert.

Afleiðingar þessa máls eru auðvitað ískyggilegar. Alvarlegust er kannske sú að traust almennings í þessu þjóðfélagi á bankakerfið, á fjármálastofnanir, hefur beðið alvarlegan hnekki. Hjá því gat ekki farið. Og það á ekki bara við um þennan eina banka sem við ræðum, Útvegsbankann, heldur jafnvel fleiri.

Í annan stað getur það mál sem er til umræðu haft í för með sér hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir lánstraust Íslendinga á erlendum vettvangi, eins og þegar hefur verið nefnt. Það hefur líka alvarlegar afleiðingar.

Í þriðja lagi er að nefna það tjón sem skattgreiðendur hafa orðið fyrir. Ég held að ekki sé ástæða til að slá því föstu að sú tala, 350—400 millj., sé endilega rétt. Ég held að veigamikil rök megi færa fyrir því að það tjón verði meira þegar upp er staðið.

Í fjórða lagi verða að teljast mjög alvarlegar þær afleiðingar í þessu máli sem varða atvinnu og atvinnuöryggi fjölda fólks og hafa kannske minna en verðugt væri verið dregnar fram í dagsljósið í þessum umræðum og þá vafalaust fyrst og fremst vegna þess að menn eru ekki reiðubúnir að lýsa tillögum sínum á þessu stigi um hvað sé þar til úrbóta, en að því kem ég svolítið síðar.

Það mætti kannske nefna til í fimmta lagi spurninguna um tjón hluthafa. Hv. málshefjandi, 7. þm. Reykv., fór mjög á kostum í ræðu sinni þegar hann lýsti því sem haft hefur verið eftir — í blaði sem hingað til hefur reynst fara rétt með staðreyndir í þessu máli — fyrrverandi starfsmönnum Hafskips um viðskiptahætti í því fyrirtæki. Ég ætla ekki að endurtaka það. Ég vil aðeins vekja athygli á því að í þessari frásögn þar sem er vitnað í fyrrverandi starfsmenn Hafskips hf. að því er varðar þetta hlutafjárútboð — fyrir utan allar hinar sögurnar um skúffufyrirtæki og lúxuslifnað eða ólifnað — er haft eftir starfsmanni að ef hlutafjárútboðið hefði farið fram í New York-borg geti þeir, með leyfi forseta, „fullyrt að forráðamenn Hafskips sem forráðamenn amerísks fyrirtækis myndu hafa verið dæmdir fyrir það sem heitir á ensku „stock fraud", — ranga framsetningu á stöðu fyrirtækisins — og þannig að selja hlutabréf á fölskum forsendum."

Fyrir utan þær upplýsingar sem fram koma í viðtölum — þetta eru ekki orð höfð eftir blaðinu, þetta er haft eftir einum af fyrrv. starfsmönnum Hafskips — um það t.d. að hið fræga endurskoðunarfyrirtæki Coopers & Lybrand hafi komist að þeirri niðurstöðu að bókhald Hafskips væri með þeim hætti að þeir vildu ekki koma nálægt endurskoðun á því, þá er haft eftir starfsmönnum jafnframt að þetta hlutafjárútboð hafi verið með þessum hætti. Ég nefni þetta vegna þess að ég er að spyrja um tjón hluthafanna. Það verður kannske misjafnlega mikið. Það fer eftir því hvað rannsóknin leiðir í ljós um það hvort verulegir fjármunir hafi verið teknir út úr þessu fyrirtæki og þeim komið fyrir á óhultum stað á ónefndum reit á því matadorsspili sem hv. málshefjandi lýsti hér áðan. En eitt er ljóst að starfsmenn fyrirtækisins, sem ekki höfðu upplýsingar í höndum um stöðu fyrirtækisins, sannanlega ekki, en lögðu þó fram af launum sínum verulegt fé, gætu kannske haft í huga það sem þarna sagði um það hvernig á slíku hefði verið tekið ef það hefði verið í New York-borg.

Herra forseti. Afleiðingar þessa máls eru þess vegna geigvænlegar og snerta hagsmuni og afkomu mikils fjölda fólks. En það er einn þáttur þessa máls sérstaklega sem hingað til hefur ekki komið nægilega vel fram í umræðunum og hann varðar samninga Eimskipafélagsins hf. við Útvegsbankann eða skiptaráðanda um yfirtöku eigna Hafskips hf. og hvað af því hlýst.

Hvað á ég við? Ég á við það að einn mjög þýðingarmikill þáttur þessa máls varðar siglingar til og frá landinu, varðar auðvitað hvaða ástand við tekur. Er hætta á því að hér skapist einokunarástand? Er hætta á því að þeir fjármunir sem Eimskipafélagið kann að greiða fyrir eignir Hafskips, vegna einokunaraðstöðu í siglingum til og frá landinu, komi fram með öðrum hætti — þá verði það ekki aðeins svo að Eimskipafélagið kaupi þær eignir á gjafverði eins og sumir halda fram heldur einnig að tilkostnaður þess muni á tiltölulega mjög skömmum tíma velta út í fragtina, út í verðlag — sem skattheimta á almenning. Þá mundi dýr Hafliði allur um það er lýkur. Það væri ekki aðeins að almenningur hér á landi, eigendur Útvegsbankans hf., yrði að taka á sig verulegt tjón. Það yrði kannske líka til þess að það kæmi aukaskattur í formi hærri farmgjalda og hærra verðlags.

Vel má vera að þetta séu getgátur einar, en þetta er samt sem áður það þýðingarmikið mál, og það hefur

ekki verið dregið inn í umræðurnar hingað til, að mig langar til þess að beina af því tilefni sérstökum spurningum til hæstv. viðskrh. sérstaklega.

Ég vil byrja á því, með leyfi forseta, að vekja athygli á forsíðufrétt í Dagblaðinu í dag. Þar er haft eftir Stefáni Árnasyni forstjóra í Svíþjóð í fyrirsögn: „Vil gera tilboð í eigur Hafskips.“ Í þessu viðtali segir, með leyfi forseta:

„Mér virðist svona í fljótu bragði að það sé verið að færa Eimskip þetta á silfurfati. Og mér sýnist að það sé verið að selja skipin á brotajárnsverði.“ Því næst er í þessu viðtali gerð nánari grein fyrir því að maðurinn, Íslendingur búsettur í Svíþjóð, lýsir áhuga sínum á því að verða gefinn kostur á því að gera tiboð í þetta. Hvaða máli skiptir þetta? Jú, það skiptir því máli að ef það er svo að tilboð Eimskipafélagsins teljist vera óeðlilega lágt er hin hliðin á því máli að skaði eigenda Útvegsbankans verður sem því svarar meiri. Þeim mun betra tilboð sem berst í eigur Hafskips, hvort heldur það gerist á vegum skiptaráðanda eða ekki, þeim mun minni verður skaði almennings í landinu.

Ákveðnar upplýsingar hafa verið settar fram um í hverju tilboð Eimskipafélagsins er fólgið. Tilboðið er metið á um 390 millj. kr., en eins og segir í blaðafrásögn af því: Raunverð mun vera mun lægra vegna greiðslukjara. 55% verðsins eiga að greiðast í erlendri mynt en eftirstöðvarnar í íslenskum krónum, hvort sem hér er um að ræða að það greiðist í erlendri mynt að hluta vegna þess að um sé að ræða yfirtöku á erlendum skuldbindingum Hafskips eða ekki. Síðan er það athyglisverða, sem hér segir reyndar í Dagblaðinu, með leyfi forseta, þann 7. des.:

„Hinn hluti kaupverðsins (um 45%), eða um 174,6 millj. króna, á að greiðast í íslenskum krónum. Af þessu láni á heldur ekkert að greiðast fyrr en í febrúar 1989“ — það á reyndar við um báða hlutana — „og á það að greiðast með jafnháum ársafborgunum til ársins 2001. Þessi hluti lánsins verður vaxtalaus en verðtryggður miðað við lánskjaravísitölu.“ — Þessi hluti lánsins verður vaxtalaus en miðaður við lánskjaravísitölu. Ég spyr af þessu tilefni: Eru þetta eðlileg kjör? Mundu ekki aðrir aðilar í þjóðfélaginu gjarnan vilja þiggja það að njóta slíkra kjara? Í þessari frásögn segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Talið er víst að eitthvað eigi eftir að dragast frá kaupverðinu til Útvegsbankans eða bú Hafskips hf. þurfi að greiða Eimskip einhvern hluta kaupverðsins til baka því að miðað er við að eignirnar afhendist Eimskip kvaða- og veðbandalausar að öðru leyti en því sem nemur greiðslu kaupverðsins til Útvegsbankans. Þetta leiðir m.a. af sér að bankinn eða búið þurfi að létta sjóveðskröfum“ — sem hafa forgangsrétt — „af hinum seldu skipum, sem munu vera einhverjar, og enn fremur veðskuldum af fasteignum sem eru við aðra aðila en Útvegsbankann. Einnig getur komið til lækkunar kaupverðsins vegna ástands skipa og annarra eigna.“

Málshefjandi vék reyndar að þessu áðan, en þetta þýðir á mæltu máli að tilboðsverðið er í raun og veru rangt. Greiðslukjörin eru slík vegna vaxtaleysis og vegna þeirra annarra þátta sem kann að þurfa að greiða til baka að vel má vera að sú fullyrðing sem ég vitnaði í áðan, hins íslenska manns í Svíþjóð, sé rétt, að hér sé verið að bjóða eignir Hafskips fyrir slikk. En þeim mun lægra sem það verð er, þeim mun meiri verður væntanlega skaði eigenda Útvegsbankans, þeim mun hærra það tjón. Hv. málshefjandi færði að því rök að það gæti numið reyndar allt að einum milljarði kr.

Þetta er ekki lítið mál og ég segi: Á þetta hefur kannske ekki verið lögð nægileg áhersla í umræðunum hingað til. Af því tilefni vil ég sérstaklega vekja athygli á því að í till. sem liggur fyrir hinu háa Alþingi, till. til þál. um kosningu rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar af hálfu Alþfl.-manna, er lögð sérstök áhersla á það, sbr. það sem segir í 4. atriði, með leyfi forseta:

Það er spurt „hvort yfirtaka Eimskipafélags Íslands hf. á eignum Hafskips og Íslenska skipafélagsins sé ótvírætt hagkvæmasti kosturinn til að tryggja a. hagsmuni Útvegsbanka Íslands og ríkissjóðs, b. samkeppni í flutningum til og frá landinu, c. atvinnuöryggi þeirra sem starfa við flutninga skipafélaga.“ Þetta er þáttur í málinu sem er ekki einasta mikilsverður heldur þolir enga bið, að menn svari hvað menn vilji gera í því máli. Af hverju segi ég að það þoli enga bið? Það er vegna þess að því hefur verið lýst yfir að annaðhvort í dag eða á morgun verði þessum samningum lokið, samningum um yfirtöku Eimskips á þessum eignum og á hvaða kjörum það er, og um leið þá teknar ákvarðanir sem munu skipta sköpum um vonir fyrrv. starfsmanna Hafskips um það að geta fengið atvinnu í þeirri atvinnugrein þar sem þeir búa yfir reynslu og þekkingu. Þá á ég sérstaklega við einn hlut: Ef í þessum kaupum Eimskips á eigum Hafskips felst það að Eimskipafélagið eignist eða fái umráðarétt yfir þeirri aðstöðu sem Hafskip t.d. nýtur eða hefur notið í Reykjavíkurhöfn og komi þannig í veg fyrir að nýir aðilar með reynslu í rekstri skipafélaga vildu, t.d. á þeim tímum þegar verðfall skipa er ein meginstaðreynd á markaðinum, stofna til skipafélags til samkeppni við Eimskip, njótandi þeirra kjara að geta komist yfir skip á tiltölulega góðum kjörum. Ef það yrði hins vegar útilokað vegna þess að Eimskip væri búið að leggja undir sig alla aðstöðu á vegum Reykjavíkurhafnar væri það mjög slæmt mál og getur varðað miklu fyrir í fyrsta lagi atvinnuhorfur fólks og í öðru lagi líkurnar á því að haldið verði uppi samkeppni í skipaflutningum til og frá landinu, en samkeppni er eina leiðin til þess að halda niðri vöruverði — það er líka hagsmunamál almennings — og til þess að koma í veg fyrir það að aukinn kostnaður Eimskips við yfirtöku þessara eigna velti vegna skorts á samkeppni út í vöruverð. Þetta er sá þáttur málsins sem mér finnst að hafi ekki verið nægilega dreginn fram í dagsljósið í þessari umræðu. Þess vegna leyfi ég mér hér með að beina til hæstv. viðskrh.:

Hver er afstaða hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar til þessa þáttar málsins? Er hæstv. viðskrh. reiðubúinn til þess að beita sér með einhverjum hætti fyrir því að endanlegum samningum Eimskips um yfirtöku á aðstöðu og eignum Hafskips verði frestað?

Í öðru lagi: Er hæstv. viðskrh. reiðubúinn að beita sér fyrir því að aðrir aðilar, sem nú hafa lýst áhuga sínum á því að fá að bjóða á samkeppnisgrundvelli í þessar eignir, fái að gera það þannig að úr því fáist skorið hvort hér er um að ræða sölu á gjafvirði, sölu fyrir slikk eða hvort hér er raunverulega um að ræða aðstöðu sem byggist á einokun eða hvort hægt er að tryggja

hagsmuni eigenda og Útvegsbankans með öðrum hætti betur ef öðrum aðilum gefst ráðrúm til þess að bjóða í þessar eignir? Þetta er sá þáttur málsins sem ekki þolir bið. Þess vegna er mjög brýnt í þessum umræðum að hæstv. viðskrh. og ríkisstj. kveði upp úr um það hvort hún telji sig hafa aðstöðu til að beita sér í þessu máli. Það varðar mjög hagsmuni skattgreiðenda, eigenda Útvegsbankans, hagsmuni almennings í landinu gagnvart vöruverði og atvinnuhagsmuni þess fólks sem hjá Hafskipum hefur starfað.

Herra forseti. Það er auðvitað hægt að halda þessari ræðu lengi áfram og gera margar athugasemdir við það sem hefur fram komið í umræðunum hingað til, en ég ætla að reyna að geyma mér það frekar til þeirrar útvarpsumræðu sem þegar hefur verið ákveðin um þær þáltill. sem hér liggja fyrir um rannsókn málsins. Það eru þó nokkur atriði sem vert er að svara nú þegar.

Það er í fyrsta lagi spurningin: Með hvaða hætti vilja hv. Alþingi og hæstv. ríkisstj. standa að fullnaðarrannsókn þessa máls? Við höfum heyrt viðbrögð hæstv. ráðherra. Þeir segja: Rannsókn skiptaráðanda á þrotabúi Hafskips er út af fyrir sig svo viðamikil að hún ein er því sem næst fullnægjandi, þó ekki alveg.

Hæstv. iðnrh. hefur ritað saksóknara ríkisins sérstakt bréf og beðið um að hann rannsaki fram komnar ákærur um sinn hlut í því máli. Af því sem fram hefur komið hér á hinu háa Alþingi eru þær athugasemdir fyrst og fremst um eitt. Þær eru um hagsmunaárekstur, um hugsanlegan, ósannaðan hagsmunaárekstur þar sem hann gegndi hvoru tveggja starfinu að vera formaður bankaráðs Útvegsbankans og stjórnarformaður Hafskips. Hér á Alþingi hefur ekki svo ég viti til komið fram nein ásökun um lagabrot eða refsivert athæfi að lögum, heldur um þennan hagsmunaárekstur. Hann er ekki brot á lögum. Hann er spurning um pólitískt siðgæði. Vel má vera að í umfjöllum fjölmiðla hafi einhverjar alvarlegri ásakanir komið fram um refsivert athæfi eða brot á lögum og þá eru viðbrögð iðnrh. að sjálfsögðu mjög skiljanleg.

Í þriðja lagi hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að setja á laggirnar þriggja manna nefnd sérfróðra manna sem á að vinna í samráði við skiptaráðanda og bankaeftirlit. Hennar hlutverk á að vera að rannsaka óeðlilega viðskiptahætti, væntanlega þá þætti málsins sem ekki heyra undir rannsókn skiptaráðanda.

Jafnframt hefur hæstv. ríkisstj. í fjórða lagi falið bankaeftirlitinu að skyggnast um bak við byrgðar dyr bankakerfisins að öðru leyti, þrátt fyrir ákvæði bankaleyndar, þ.e. hvort ástæða sé til að ætla að svipað ástand sé að skapast í öðrum bönkum að því er varðar skuldastöðu stórfyrirtækja og jafnvel ákvæði þeirra bankalaga sem koma í gildi eftir áramót, hvort ástæða sé til að ætla að fleiri bankar en Útvegsbankinn standist ekki þau ströngu ákvæði t.d. um eigin fé eða hlutfall eigin fjár af heildarútlánum eða þak á heildarútlán til stærstu skuldunauta.

Spurningin er: Er þetta fullnægjandi? Getur Alþingi Íslendinga sætt sig við að hér með hafi verið kveðinn upp Salómonsdómur, þau orð hæstv. forsrh. sem hann lét hér falla áðan um að þar með hafi ríkisstj. gert hreint fyrir sínum dyrum og það sé alveg afdráttarlaust að þetta mál verði nú rannsakað ofan í kjölinn og með þeim hætti sem nú er lýst? Mitt svar við því er að því miður séu þessar aðgerðir ekki fullnægjandi. Ég er t.d. alveg sannfærður um að þau orð sem hæstv. forsrh. lét falla um hlutverk skiptaráðanda í slíkum rannsóknum standast ekki dóm reynslunnar. Við vitum ósköp vel hvert það hlutverk er. Hans hlutverk er að rannsaka tæknilega gjaldþrotamál og þrotabú Hafskips, rannsaka kröfur annarra í það þrotabú og útistandandi kröfur þess þrotabús á hendur öðrum. Hann hefur líka annað hlutverk. Ef þessi rannsókn leiðir í ljós misferli sem er sakhæft að lögum er honum í lófa lagið að vísa slíkum málum áfram sína réttu boðleið til rannsóknarlögreglu eða sakadóms. Við skulum t.d. vænta þess að þær fullyrðingar sem fram komu í viðtali Helgarpóstsins seinast við tvo af fyrrverandi starfsmönnum Hafskips um hvers kyns misferli, bókhaldsbrot, ósannar upplýsingar og annað fjármálamisferli komi í ljós í slíkri könnun þó við getum engan veginn verið neitt fullviss um það fyrir fram. En komi þær í ljós og séu þær skjallega staðfestar í bókhaldi og öðrum gögnum fyrirtækisins væri það í verkahring skiptaráðanda að láta slík mál fara rétta boðleið. Ég er hins vegar ekki viss um hvort það kæmi í hlut skiptaráðanda að ganga úr skugga um að upplýsingar þessara fyrrv. starfsmanna um blekkingar af ásettu ráði að því er varðar hlutafjárútboð yrðu rannsakaðar frekar. Ég er ekki viss um það.

En það er annað. Enda þótt skiptaráðandi sé að rannsaka þrotabú Hafskips út frá tæknilegu og lagalegu sjónarmiði skulum við staldra við það að samkvæmt reynslu hlýtur það að taka mjög mikinn tíma. Á það hefur verið minnst að mál, frægt í dómsögunni, svokallað Jörgensensmál, sem ég reyndar veit ekki hvort er lokið enn þá eða ekki, tók a.m.k. hálfan annan áratug. Lögfróðir menn tjá mér að í hverju einstöku tilviki er upp komi ágreiningur um rannsókn, við skulum segja að skiptaráðandi vísi einhverju máli til rannsóknarlögreglu eða sakadóms og aðrir menn sem þarna eru bornir sökum taki til varna, verði af þessu slík keðjuverkandi málaferli að það sé alveg bókfest og gefið að slík rannsókn muni taka ár eftir ár eftir ár, einfaldlega vegna þess að við erum hér að tala um mjög flókið bókhaldsdæmi og það er alkunna og þekkt að íslenska dómskerfið hefur ekki í sinni þjónustu reynda og þjálfaða endurskoðendur til að ráða við slíkt verk. Það er auðvitað ein meginskýring sjálfs kerfisins á því hversu lengi slík mál hafa dregist.

Við skulum engu slá föstu um að þessi rannsókn taki stuttan tíma. En það er annað. Á hvaða forsendum ætti skiptaráðandi að rannsaka aðra þætti þessa máls sem fyrst og fremst varðar þá annaðhvort Alþingi, löggjafarvaldið sem fulltrúa almannahagsmuna, eigenda bankans og skattgreiðenda, eða framkvæmdavaldið? Ég fæ ekki séð að skiptaráðandi geti t.d. beitt sér í rannsókn á því sem við köllum hagsmunaárekstur. Ég fæ ekki séð það. Og ef markmið rannsóknarinnar á að vera fyrst og fremst eitt, að við lærum af þessum mistökum og reynum að komast að einhverri niðurstöðu um hvað gera þurfi, breytingar á stjórnsýslu, breytingar á lögum, til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig í öðrum ríkisbönkum, í öðrum stofnunum, er það ekki verkefni skiptaráðanda. Þá er það auðvitað fyrst og fremst verkefni Alþingis af þeirri einföldu ástæðu að það getur ekki verið hlutverk framkvæmdavaldsins að rannsaka sjálft sig.

Framkvæmdavaldið getur ekki svarað því og því er ekki treystandi til þess að rannsaka sjálft sig þegar

spurningar eru komnar upp eins og þessar: Hvenær brást Seðlabanki Íslands og bankaeftirlit hans fyrst við í þessu máli? Hvers vegna brást það ekki fyrr við? Hvers vegna ekki t.d. þegar fyrir lágu upplýsingar allt frá árinu 1981 um kreppuástand í alþjóðlegum siglingum og hrikalegt verðfall skipa á erlendum mörkuðum? Hvers vegna í ósköpunum, miðað við þær almennu hagtæknilegu upplýsingar sem fyrir liggja á borðum slíkra aðila, brugðust þau ekki við fyrr? Hvernig í ósköpunum stóð á því að bankastjórar Útvegsbankans, þrátt fyrir að þeir hafi að sjálfsögðu verið með á nótunum, eins og það er orðað á bankamáli, um slíkar upplýsingar, brugðust ekki við fyrr? Er t.d. rétt að það sé regla í þessum bransa, þ.e. í bankaheiminum, gagnvart skipum að það sé undir engum kringumstæðum fallist á veðhæfni skipa hærri en 60% af matsverði? Hér erum við hins vegar að tala um að veðhæfni hafi rýrnað langt undir bókfært verð þó að því sé hins vegar haldið fram að bókfært verð hafi verið ofmetið alla tíð af hálfu skipafélagsins.

Ein spurning enn: Halda menn að skiptaráðandi rannsaki það fyrir hönd Alþingis eða ríkissstjórnar hver hlutur bankaráðsins sem slíks var í þessu máli, með hvaða hætti það gegndi eftirlitsskyldu sinni, hvenær það skarst fyrst í leikinn, hvenær það krafði bankastjórnina fyrst um að leggja á sitt borð upplýsingar um þetta ástand? Auðvitað ekki. Því hefur nú verið yfir lýst af hálfu Seðlabankans, sem hefur yfirtekið raunverulega stjórn Útvegsbankans þó það sé kannske ekki að öllu leyti með formlegum hætti, að staða Útvegsbankans nú sé slík að hann mundi ekki standast strängustu ákvæði nýrra laga um viðskiptabanka, hvorki að því er varðar eigin fé né veðhæfi útistandandi lána og marga aðra þætti.

Ef spurningin er sú: Hversu hár er Hafskipsskatturinn á skattgreiðendur í landinu? þá er það ekki hlutverk skiptaráðanda að rannsaka það mál. Og ég segi: Ef krafa er gerð um það, og það þykir eðlileg krafa án þess að vera með fyrir fram ákæru eða fyrir fram ákveðna niðurstöðu um sekt manna, ef það þætti eðlilegt sjónarmið hér, eins og það mundi vafalaust vera í hvaða landi öðru sem væri vestan járntjalds, að hagsmunaárekstursvandinn væri tekinn svo alvarlega að ekki aðeins hæstv. iðnrh. teldi sér rétt og skylt að víkja meðan á slíkri rannsókn stæði, þá á það bara við fleiri aðila en hæstv. iðnrh. Ég lít svo á að sama máli ætti að gegna um þingkjörinn formann bankaráðs Útvegsbankans. Ég lít svo á að sama máli ætti að gegna um formann bankastjórnar Seðlabankans, af þeirri einni ástæðu að hann var áður, m.a. á þessu umrædda tímabili, einn af þremur bankastjórum Útvegsbankans og getur ekki samkvæmt venjulegum prinsippum rannsakað sjálfan sig. Ég held að þessi rök nægi til að sýna að viðbrögð hæstv. ríkisstj. eru ekki nægilega afdráttarlaus. Ég held að prinsippið sé ósköp einfaldlega þetta: Framkvæmdavaldið getur ekki rannsakað sjálft sig þannig að trúverðugt sé: Sá þáttur málsins sem þarf að rannsaka betur, ef menn vilja komast að einhverjum sameiginlegum niðurstöðum um hvað þurfi að gera í breytingarátt til að koma í veg fyrir að mistökin verði endurtekin, verður hvorki rannsakaður af skiptaráðanda né framkvæmdavaldinu heldur að því er mér sýnist samkvæmt fordæmum einungis af þingkjörinni nefnd.

Herra forseti. Það er mitt sjónarmið að það sé ekkert í ætt við að slá neinu föstu fyrir fram um sekt manna þótt því sjónarmiði sé fylgt hér á hinu háa Alþingi að vegna hagsmunaárekstursjónarmiða sé það eðlileg ósk að menn, sem eru á báðum vígstöðvum beinir aðilar að þessu máli, víki meðan rannsókn fer fram. Ég tel hana í fyrsta lagi ákaflega eðlilega. En ef hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar ætla að synja um að þessi þingnefnd rannsaki þennan þátt málsins, sem ég var að lýsa, og ef þeir ætla að fara sína leið hvað sem tautar og raular og halda rannsókninni í höndum framkvæmdavaldsins, þá tel ég að þeim mun frekar sé hægt að renna stoðum undir þá sjálfsögðu kröfu að handhafar framkvæmdavaldsins, sem liggja undir grun um hagsmunaárekstur, víki a.m.k. á meðan framkvæmdavaldið er að rannsaka sjálft sig.

Ég fyrir mína parta tek einnig undir það, sem fram kom í máli málshefjanda, að meðan þáttur hæstv. fyrrv. viðskrh. í þessu máli er órannsakaður, þ. e. spurningum um gerðir hans eða aðgerðarleysi á þessu tímabili, sem skiptir sköpum í viðskiptum Hafskips og Útvegsbankans, sé óeðlilegt að hann tæki við embætti utanríkisráðherra í núverandi ríkisstjórn eins og honum hefur verið úthlutað af sínum flokki samkvæmt frægri stólahringekju.

Ég nefndi, herra forseti, í fyrri umræðu um þetta mál tilvísunina til Alþýðubankamálsins sem gerðist árið 1975 og vakti þá athygli á því að það var munur þá hversu skjót viðbrögð Seðlabankans og bankaeftirlits voru í því máli. Málið var að því leyti hliðstætt að grunsemdir og blaðaskrif voru uppi um að þessi litla bankastofnun hefði lánað meira en veðhæfi eigna stæði undir. Því var einnig haldið fram að umrædd veð hefðu rýrnað. Þetta veikti auðvitað traust á þessari bankastofnun. Viðbrögð Seðlabankans voru þau að kalla bankastjórn og bankaráð fyrir sig og taka skyndiákvörðun um að setja bankastjórana af. Seðlabankinn hreinlega tók yfir rekstur bankans sem leiddi til þess um leið að skipt var um bankaráð. Þetta þóttu eðlileg viðbrögð þá og þau voru skjót. Og kannske eru þau til fyrirmyndar að því leyti að ef menn eru að kvarta undan slæmum áhrifum af fjölmiðlaumfjöllun geta menn ekki kvartað undan því ef fréttaflutningurinn reynist vera réttur. Þá verða menn hins vegar að líta í eigin barm og þá ber að kvarta undan því að viðbrögðin eru allt of sein. Of sein viðbrögð eru þá orsakavaldurinn fyrir því að þá sígur æ meir á ógæfuhlið.

Herra forseti. Megintilgangur þeirra okkar sem flutt höfum tillögu um rannsóknarnefnd á vegum Alþingis er fyrst og fremst einn. Hann er að komist verði til botns í þessu máli út frá þeim forsendum að Alþingi Íslendinga geti komist að niðurstöðu um hvað þurfi að gera í breytingum á stjórnkerfi, í breytingu á starfsháttum, í breytingu á lögum til þess að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Það er spurt t.d. í ljósi þessarar reynslu: Er það niðurstaða Alþingis að núgildandi ákvæði bankalaga um bankaleynd skuli vera óbreytt? Þarf ekki að vera ákvæði um að hægt sé að aflétta bankaleynd, jafnvel með hraði og án þess að þurfi dómsúrskurð til?

Önnur spurning: Er það sjálfsagður hlutur að skattgreiðendur á Íslandi í nafni ríkissjóðs haldi áfram að veita ríkisábyrgð fyrir öllum ríkisviðskiptabönkum? Ég er ekki viss um að sú niðurstaða sé rétt. Kæmi ekki alveg eins til álita að skylda þessa banka til að hafa sinn eigin tryggingasjóð, sem ákvæði eru reyndar um í nýjum lögum, og þyrfti þá ekki að ganga úr skugga um

að hann yrði öflugri? En væri ekki ástæða til að aflétta ríkisábyrgð á þessum bönkum? Við erum að tala um traust og traust er lykilorð í allri umræðu um banka. Það traust hefur beðið mikinn hnekki. Á ekki almenningur í landinu kröfu á því að endurskoðað verði hvort það sé rétt að hvenær sem eftirlitskerfi ríkisins gagnvart ríkisbönkum bregst jafnhrikalega og gerst hefur í þessu máli sé það sjálfkrafa hlutskipti almennings á Íslandi að greiða skaðann?

Auðvitað verðum við um leið að komast að einhverri niðurstöðu út frá tillögum bankamálanefndar um sameiningu banka. Mér leist ekki á þær tillögur sem ég heyrði ávæning af áðan. Ég hef reyndar aldrei fyrr, hæstv. viðskrh., heyrt talað um stoðdeildir í banka. Ég hef heyrt um það í sjúkrahúsum. Er þá kannske í nýjum tillögum eitthvað talað um gjörgæsludeildir? Það er spurning.

Að lokum er auðvitað spurningin um meginniðurstöðuna. Er yfirleitt rétt að halda núverandi ríkisviðskiptabankakerfi gangandi? Væri ekki nær lagi að endurskoða þetta mál frá rótum? Er ekki niðurstaðan raunverulega sú að þetta kerfi hafi gengið sér til húðar: Er ekki reynsla okkar af því, getu til að stunda áreiðanleg viðskipti og ávaxta fé almennings þannig að með traustum hætti sé, sú að við ættum að komast að þeirri niðurstöðu að leggja þetta kerfi af? Eigum við ekki að hætta rekstri ríkisbanka en einbeita hins vegar kröftum stjórnvalda að því að ná heildarstjórn á peningamálum og efnahagsmálum eftir almennum reglum, lagasetningu og almennum hagstjórnaraðferðum?

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð lengri að sinni. Ég vík aftur að þeim þætti málsins sem ég lagði á megináherslu. Hann varðar þá samninga sem vonandi eru ekki þegar gerðir milli Eimskips og Útvegsbanka eða skiptaráðanda fyrir hönd Hafskips og varðar þá þýðingarmiklu þætti sem ég nefndi áðan. Og ég ítreka þær spurningar sem ég bar upp þá: Treystir hæstv. viðskrh. sér til þess sem gæslumaður almannahagsmuna að beita sér fyrir frestun á þeim samningum til þess að öðrum gefist kostur á að bjóða í þessar eignir, sem yrði til þess að minnka þann skaða sem skattgreiðendur verða fyrir af Útvegsbankamálinu, gæti verið mjög þýðingarmikill þáttur í því að stuðla að möguleikum okkar til áframhaldandi samkeppni á skipaleiðum, gæti haft áhrif á fragtir og þar með verðlag og síðast en ekki síst gæti haft mjög mikil áhrif á möguleika þess fólks, sem lengi hefur þjálfast í störfum í rekstri skipafélaga og þjónustu hjá Hafskipum, til þess að eygja þá a.m.k. von um störf á þeim sama vettvangi í framtíðinni?

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur í ítarlegri ræðu skýrt það mál sem hér er rætt um utan dagskrár. Hann hefur gert þingheimi grein fyrir því hvernig þróun þess hefur verið og hvað gerst hefur í því máli af hálfu opinberra stjórnvalda. Ég hef út af fyrir sig ekki mjög miklu við það að bæta. Vil þó vegna þeirra orða sem hér hafa fallið víkja nokkuð að afgreiðslu mála og því sem gerðist eftir að umræður fóru fram á Alþingi í lok þingsins 18. júní s.l.

Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv. rétt áðan atriði sem ég vildi mjög gjarnan fá að víkja að. Hann talaði um yfirlýsingu fyrrv. viðskrh. og talaði um rangar yfirlýsingar án þess þó að víkja að því hvað ekki var sagt rétt og hvenær. Ég hefði gjarnan viljað beina spurningu til hans þar sem ég hef orðið fyrir því á öðrum vettvangi að þessu hefur verið haldið fram. Ég vil leyfa mér að spyrja og vonast til þess að þm. svari: Er það í svari mínu til hv. 4. landsk. þm., Guðmundar Einarssonar, 18. júní sem ég á að hafa farið með rangt mál? (**JBH:** Það er rétt til getið.) Það er rétt til getið. Það var ekki svo erfitt fyrir mig að geta mér þess til einfaldlega vegna þess að það hefur gerst annars staðar. Ég hef verið borinn þeim sökum að hafa farið þarna rangt með og mig langar til að leiðrétta þetta hér.

Þá vil ég víkja að því sem gerðist, með leyfi forseta. Á þingfundi 18. júní s.l., þá svaraði ég fsp. í umræðum um frv. til bankalaga frá hv. 4. landsk. þm. Guðmundi Einarssyni þar sem hann vék að skuldum og tryggingum Útvegsbankans hjá Hafskip hf. Benti ég á og vísaði til yfirlýsingar bankastjóra Útvegsbankans sem hafði birst í Morgunblaðinu 16. júní í tilefni af grein sem þar hafði verið skrifuð 12. júní. Með leyfi forseta segir í þeirri yfirlýsingu og orðrétt eftir mér haft úr þingtíðindum 18. júní:

„Bankastjórn Útvegsbankans vill taka fram að fullyrðingar sem fram komu í blaði yðar hinn 12. þ.m. í grein Halldórs Halldórssonar ritstjóra Helgarpóstsins um tryggingar bankans vegna skuldbindinga Hafskips hf. eru úr lausu lofti gripnar. Tryggingar bankans eru í eigum fyrirtækisins og hluthafa."

Ég lagði ekkert mat á yfirlýsingu bankastjóranna, en ég sagði, með leyfi forseta:

„Hv. þm. vék að reikningum þessa ákveðna fyrirtækis og las úr þeim reikningum ákveðna niðurstöðu sem ég skal ekki dæma um. En þar verðum við að gera greinarmun á útkomu fyrirtækisins annars vegar svo og þeim tryggingum sem bankinn hefur hins vegar. Nú hafa bankastjórar þessa banka opinberlega gert grein fyrir því að bankinn hafi tryggingu fyrir þeim lánum sem hann hefur veitt í eignum fyrirtækisins og eignum hluthafanna þannig að reikningar fyrirtækisins þurfa ekki að sýna og sýna ekki samkvæmt þessu þær tryggingar sem bankinn hefur fyrir þeim skuldum sem fyrirtækið er í."

Hér er það skýrt tekið fram að yfirlýsing bankastjóra Útvegsbankans gengur út á það að tryggingar þær sem bankinn hafi séu annars staðar og víðar en í eignum Hafskips. Að ég hafi látið orð falla um að hér væri um að ræða fullkomnar tryggingar fyrir því sem Hafskip skuldaði Útvegsbankanum er ekki rétt. Eins og ég gat um áðan hefur á öðrum vettvangi verið um þetta rætt og þess vegna vildi ég strax leiðrétta þetta. Ég vonast til þess að hv. þm. líti svo á að það sem hann hélt fram sé hans misskilningur. Héðan úr þessum ræðustól hafði ég aldrei hugsað mér að frá mér færu rangar yfirlýsingar í einu eða öðru. Við getum svo skipst á skoðunum um stjórnmál og haft mismunandi útleggingar, en að hafa vísvitandi blekkingar eða rangar yfirlýsingar, eins og þm. sagði, vil ég alfarið hafna og tel mig hafa gert það með því sem ég hér hef sagt.

Þá vék þm. að því að ýmislegt í sambandi við þessi mál frá því á liðnu sumri þyrfti skoðunar við og m.a. vék hann að því hver þýðing fjölmiðla væri í sambandi við upplýsingar og vakti þá athygli á því að það hefðu liðið vikur og mánuðir án þess að nokkuð væri að gert.

Í ræðu hæstv. viðskrh. áðan komu skýrar fram allar tímasetningar í sambandi við þetta mál. Þegar við ræddum þessi mál hér á þingi 18. júní sagði ég m.a. að

mér væri ekki kunnugt um að það hefði verið óskað eftir eða beðið um neina rannsókn í þessum efnum. Mér var ekki kunnugt um það eða eins og ég orða það þar: „eftir því sem ég best veit". Það er 18. júní sem þessir hlutir eru hér til umræðu og það var enginn sem hafði möguleika á því eða taldi sig hafa ástæðu til að leiðrétta í þessum efnum.

En fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. að strax síðari hluta júnímánaðar hafi Seðlabankinn fengið upplýsingar frá Útvegsbankanum um stöðu þessara mála.

Það er annað atriði sem hefur á öðrum vettvangi verið á minnst og ég talinn ekki hafa farið rétt með. Þegar vikið er að þeirri grg. sem hæstv. viðskrh. vék að í ræðu í nóvember og svo aftur í dag, er grg. frá Útvegsbankanum til Seðlabankans sem dagsett er 3. júní, þ.e. úttekt sem gerð er 3. júní en afhent Seðlabankanum samkvæmt hans beiðni síðari hluta júnímánaðar. Ef málinu er fylgt örlítið áfram kemur í ljós að í þeirri skýrslu sem kom 30. júlí frá bankaeftirlitinu og í bréfi til viðskrn. er sérstaklega vikið að því að athuganir hafi verið gerðar hjá bankaeftirlitinu samkvæmt beiðni bankastjórnarinnar eftir viðræður sem áttu sér stað á milli útvegsbankastjóranna og seðlabankastjóranna í byrjun júlímánaðar.

Þegar við erum komnir að þessari tímasetningu eru rúmar tvær vikur frá því að umræður fóru fram hér. Það er þá búið að upplýsa að grg. frá 3. júní hefur verið send Seðlabankanum og viðræður farið þar fram. Ég spyr: Lætur nokkur sér detta í hug að það sem hafði farið fram hér á Alþingi, þær umræður sem höfðu farið fram, og e.t.v. það sem hafði komið fram í fjölmiðlum hafi ekki orðið þess valdandi að þarna hafi verið gripið svo fljótt til athugunar?

Síðan lauk rannsókn bankaeftirlitsins og viðskrn. fær í hendur 30. júlí þá grg. sem hér hefur verið minnst á.

Þá hafa þeir tveir hv. þm. sem hér hafa talað vikið að því að sérstaklega þurfi að skoða og rannsaka aðgerðir eða aðgerðarleysi fyrrv. viðskrh. í þessum efnum. Áður en ég vík að því má ég ekki gleyma þeim hugmyndum sem hv. 5. þm. Reykv. kom að áðan í sambandi við breytingu á bankalöggjöfinni. Vissulega voru það hugmyndir sem eru til skoðunar og til athugunar. Um margt af því hefur ekki fengist samstaða. Hins vegar held ég að það liggi ljóst fyrir að sú bankalöggjöf sem tekur gildi 1. janúar n.k. er til mikilla bóta og ég tel að þar hafi verið mjög gott og farsælt skref stigið í þessu efni. Við eigum hins vegar eftir að fjalla um á þessu þingi frv. til laga um Seðlabankann ásamt og með ýmsum frv. sem eru því fylgjandi. Sýni fengin reynsla að einhverju sé skynsamlegt að breyta í þeirri löggjöf sem sett er og gildi tekur 1. janúar, er sjálfsagt að gera það þegar þing kemur saman og þm. hafa skoðað þau mál og athugað.

Ég vík aftur að því sem kom hér fram, þó meir í ræðu hv. 7. þm. Reykv., um aðgerðarleysi eða aðgerðir fyrrverandi viðskrh. í þessum efnum. Ég get m.a. vísað til þess sem hæstv. viðskrh. sagði í þessum efnum þar sem hann vék að því hvað hefði verið gert að hluta til, en ég skal bæta þar um í sambandi við nokkur atriði sem sjálfsagt er að hér komi fram og skýrt verði frá.

Strax og mér hafði borist þessi skýrsla 30. júlí átti ég viðræður við bankastjóra Útvegsbankans, ræddi þessi mál við hann og gerði honum grein fyrir því hvaða niðurstöður og ályktanir ég drægi af því sem hér væri um að ræða. Hann tjáði mér á þessum viðræðufundi að á sameiginlegum fundi bankastjórnar Útvegsbankans og Hafskips hefðu verið teknar ákvarðanir um að kanna með hvaða hætti fyrirtækið, þ.e. Hafskip, gæti leitað eftir samningum og sölu á eignum fyrirtækisins og viðskiptavild fyrirtækisins. Hann taldi að fyrirtækið væri í þessum viðræðum og gerði mér grein fyrir því sem ég taldi að væri skynsamlegt og lagði áherslu á það. Eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. gerði hann einmitt grein fyrir því að það hefði verið lögð megináhersla á skjótar aðgerðir í þessu máli.

Áfram var haldið af hálfu bankaeftirlitsins að yfirfara og skoða þessa hluti, enda ljóst að hér var um að ræða bráðabirgðaskýrslu sem ekki var raunverulega tæmandi. Þar kemur 9. september að frá bankaeftirlitinu kemur enn ný skýrsla um stöðu þessara mála.

Það kom skýrt fram hjá hæstv. viðskrh. áðan að þá var efnt til fundar með útvegsbankastjórum, seðlabankastjórum, ásamt með viðskrh. til þess að ræða enn hvað hægt væri að gera til þess að koma málum til betri vegar. Tölur höfðu breyst. Mál höfðu æxlast nákvæmlega eins og hæstv. viðskrh. sagði áðan. Bæði rýrnuðu veð, þ.e verðfall varð, auk þess sem allir vissu að fyrirtækið hafði verið í erfiðleikum og því ekki rekið með jákvæðri niðurstöðu heldur öfugt.

Eftir þennan fund, sem ég átti með bæði bankastjórn Útvegsbankans og Seðlabankans, taldi ég rétt að formaður bankaráðs Útvegsbankans fengi frá mér vitneskju um þessa hluti og í leiðinni gæti ég fullvissað mig um að boðað yrði til fundar í bankaráðinu og því gerð grein fyrir þessum málum á slíkum fundi. Ég átti því fund í viðskrn. 17. september með formanni bankaráðs Útvegsbankans ásamt með ráðuneytisstjóranum í viðskrn. þar sem þær tvær skýrslur sem borist höfðu voru til umræðu og jafnframt var staðfest við mig af bankaráðsformanninum að boðað væri til fundar í bankaráðinu þann 18. september. Formaðurinn staðfesti það við mig að til fundar hefði verið boðað daginn eftir og að á þeim fundi yrðu þessi mál tekin til meðferðar. Ég hafði einnig átt viðræður við bankastjóra Útvegsbankans deginum áður til að gera þeim grein fyrir því að á þeim fundi sem ég mundi leggja til að boðaður yrði, ef ekki hefði verið boðaður, yrðu þessar grg. kynntar til þess að bankaráðið hefði örugglega fengið vitneskju um þær upplýsingar sem þar var að finna.

Þessi fundur var haldinn í bankaráðinu, en til að ganga úr skugga um það fól ég ráðuneytisstjóra viðskrn. í minni fjarveru að eiga viðræður við formann bankaráðsins, hverjar hann átti 26. september. Ráðuneytisstjóranum var tjáð að fundur bankaráðs hefði verið haldinn 17. september og málið þar rætt og og þar rætt um stöðu Hafskips. Jafnframt væri búið að boða til annars fundar í bankaráðinu sem haldinn var 27. september til að fjalla enn frekar um Hafskipsmálið.

Við erum komin að mánaðamótunum september—október og það fór nú að fækka þeim dögum sem ræðumaður átti eftir að sitja í stól viðskrh. Lokaskýrsla þessa máls barst ekki viðskrn. fyrr en 22. október. Þá höfðu orðið þar skipti á mönnum þannig að málið heyrði ekki lengur til mín. (**GHelg:** Var það skýrsla bankaeftirlitsins?) Já, þetta eru allt skýrslur bankaeftirlitsins sem eru gerðar samkvæmt beiðni bankastjórnar Seðlabankans eftir fund með bankastjórn Útvegsbank-

ans í byrjun júlí. Þessar skýrslur eru allar þaðan komnar. (**Gripið fram í:** Í byrjun júní?) Nei, í byrjun júlí. Eins og kemur fram í bréfinu með skýrslunni frá 30. júlí er fundur bankastjórnar Seðlabankans og bankastjórnar Útvegsbankans í byrjun júlí. Síðari hluta júnímánaðar fær Utvegsbankinn það skjal sem hefur orðið til þess að því hefur verið haldið fram að ég hafi annaðhvort leynt því eða ekki haft tíma til að lesa það fyrir 18. júní. Þetta skjal, sem er dagsett 3. júní, kom til Seðlabankans frá Útvegsbankanum, barst ekki viðskrn. á meðan ég var þar. Hér var um að ræða, eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskrh., fyrst og fremst grg. um tryggingar sem Útvegsbankinn taldi sig hafa á þessum tíma. (**ÓRG:** Er það ekki vanræksla af Seðlabankanum að láta ekki viðskrn. vita?) Það er spurning hvort hér var um að ræða það að viðskrh. skyldi fá um þetta vitneskju eða þá að nýta það eins og bankinn gerði, þ.e. óska eftir bankaeftirlitsskýrslu um þetta mál sem kom 30. júlí og hafði að geyma upplýsingar sem voru með nokkuð öðrum hætti en sú grg. sem Útvegsbankinn hafði látið Seðlabankanum í té.

Ég hef hér gert grein fyrir því hvernig þessi mál stóðu, eins og orðað var áðan, í júní, júlí, ágúst og september og ég tel að ég hafi gert það sem í mínu valdi stóð til að koma þessum málum þannig fram að þar á yrði breyting eftir að ráðuneytinu barst skýrsla Seðlabankans 30. júlí. Það tók hins vegar þó nokkuð lengri tíma og jafnvel tók það hálfan annan mánuð eftir að síðasta skýrslan kom 22. október að fá niðurstöðu í þessu máli.

Á fundi sem haldinn var 9. september með bankastjóra Útvegsbankans og Seðlabankans kom fram að þá voru aftur hafnar viðræður á milli Hafskips og Eimskips, en Útvegsbankinn hafði hins vegar ekki tekið þátt í þeim viðræðum. Það er ekki fyrr en komið er fram í október að það gerist, eins og hæstv. viðskrh. vék að áðan.

Ég tel að ég hafi gert grein fyrir því sem óskað var eftir í sambandi við afskipti mín af þessu máli í viðskrn. Það verður svo að vera mat hvers og eins hvort nægjanlega vel hafi verið að því staðið eða ekki.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða stofnun sem hefur þingkjörið bankaráð, sem hefur sína framkvæmdastjóra. Ábyrgð í sambandi við rekstur fyrirtækisins er að sjálfsögðu bankastjórnarinnar. Það er hún sem fer með daglegan rekstur og þarf þess vegna að standa reikningsskil á því sem þarna er að gerast. Viðskrh. hefur aðstöðu til að hafa áhrif á gang mála og það gerði ég eftir því sem ég taldi mögulegt að gera og efni málsins gaf tilefni til.

Ég held að í þeim umræðum sem hér fara fram sé ástæðulaust að við séum með tortryggni á einn eða annan. Miklu frekar að við reynum að átta okkur á því með hvaða hætti skynsamlegast er að ná fram þeirri vitneskju sem þarf til þess að upplýsingar allar komi fram. Ég vil ekki vera sakaður um að ég hafi ekki gert það sem ég hef getað til þess að svo mætti verða. Og ég veit að þegar þeir sem e.t.v. hafa misskilið hluti athuga betur gera þeir sér grein fyrir því að ég hef ekki farið með rangt mál. Það er á þessu stigi deilt um með hvaða hætti skynsamlegast er að standa að því að fá fram allar þær upplýsingar sem þarf. Ég held að það sem ríkisstj. hefur lagt til í þessum efnum sé skynsamlegt.

Ég held að athugun á málum með skipan þriggja manna, tilnefndum af Hæstarétti, sé það skynsamlegasta sem hægt sé að gera til að fá óvilhalla athugun á málinu eins og það kemur til með að sýna sig í ljósi sögunnar því að þannig verður það að skoðast. Ráðstafanir sem hæstv. viðskrh. hefur gert til að efna til rannsóknar annars staðar eru að sjálfsögðu bankaeftirlitsins. Bankaeftirlitið getur krafist allra skýrslna og það þarf ekki að létta af neinni bankaleynd í þeim efnum. Það hefur allan aðgang að skjölum sem það vill til að gera athuganir og þá greinargerð sem það telur sig þurfa að gefa. (**GHelg:** Ekki eftir 1. janúar.) Bankaeftirlitið kemur til með að hafa nákvæmlega sömu aðstöðu og í frv. til laga um Seðlabanka Íslands eru sýnu strangari ákvæði og ákvæði sem gera stöðu bankaeftirlitsins sýnu sterkara til þess að fylgjast með og koma að ef slík tilvik koma upp eins og það sem hér um ræðir. (**Gripið fram í:** Þetta er frv. enn þá. Ekki lög.) Þetta frv. er að vísu ekki orðið að lögum. (Gripið fram í.) Nei, nei, ég er bara að geta um frv. Frv. var á borðum þm., að vísu rétt fyrir þinglok, þ.e. hjá þm., þannig að þeir höfðu tækifæri til að átta sig á því hvað þar væri. Þannig hafa allir haft möguleika á því að gera sér grein fyrir því þegar það frv. verður hér til umfjöllunar hvað í því stóð og hvort hafi verið gerðar breytingar eða hvaða breytingar viðkomandi aðilar vilja gera.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál meira. Ég vil enn fremur víkja frá umræðu eins og fram kom hjá málshefjanda þegar vikið er að mönnum með þeim hætti sem þar var gert. Það væri ósköp auðvelt ef menn vildu ævinlega haga sínum málflutningi með þeim hætti. Ég held að það sé ekki skynsamlegt fyrir okkur. Ég held að það skynsamlegasta sem við gerum sé, eins og fram hefur komið í ræðum hjá hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., að skoða þetta hleypidómalaust. Það verður engin leynd. Það verða allar upplýsingar gefnar. Það verður allt gert til að ná þeim fram. Þannig held ég að skynsamlegast sé fyrir okkur að fá þetta mál afgreitt. (**GHelg:** En við viljum ekki borga þessa skuld, ráðherra.)

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er búið að fara býsna víða um völl og draga fram mörg atriði þessa máls. Þó virðist mér tvö atriði þarfnast vissrar skoðunar og mun ég víkja að þeim. Það fyrra er: Af hverju minntist hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson aldrei á bankaráð? Annað atriði sem er orðið lykilatriði í þessu máli er þýðing lýsingarorðanna „nægur" og „fullur" í sambandinu nægar tryggingar eða næg veð eða fullar tryggingar eða full veð.

Eins og fram hefur komið í máli hæstv. fyrrv. viðskrh. er spurning hvort talað var um að Útvegsbankinn hefði full veð eða fullar tryggingar eða hefði einungis veð eða hefði einungis tryggingar. Að þessu ætla ég að koma.

Það bar við á síðasta þingi þann 21. maí að ég talaði fyrir svohljóðandi fsp. til þáv. hæstv. viðskrh.:

„Telur ráðherra ástæðu til að fram fari opinber rannsókn á útlánum opinberra lánasjóða og ríkisbanka til að ganga úr skugga um að allar lánveitingar séu með fullnægjandi tryggingum?"

Í framsögu minni með þessari fsp. benti ég ráðherra á að ég hefði ekki nein sérstök dæmi um þessi mál, en ég vildi fá skoðanir viðskrh. á því hvort hann teldi að það væri nægilega vel fylgst með þessum málum. Eins og síðar kemur fram komu nánari dæmi fram síðar. Í máli

ráðherrans í svari við þessari fsp. kom fram eins og segir, með leyfi forseta:

„Athugasemdir um útlán ríkisbankanna, sem gætu hafa verið tilefni slíkra fsp., hafa ekki borist ráðuneytinu. Athugasemdir eftir öðrum leiðum hafa heldur ekki komið til ráðuneytis."

Síðan sagði hæstv. ráðh. í alvarlegum ásökunartón til þm.:

„Þá er rétt að vekja athygli á að krafa um opinbera rannsókn á hendur ríkisbönkum vegna útlána þeirra er alvarlegs eðlis, ekki síst vegna þess að um slíka kröfugerð er rætt hér á Alþingi. Slíka kröfu væri ekki hægt að mínum dómi að setja fram nema grunur leiki á um refsiverða háttsemi eða eitthvað sem viðkomandi teldi að úrskeiðis hefði farið, en af ræðu hv. fyrirspyrjanda mátti ráða að ekki væri um neitt slíkt tilfelli að ræða sem væri orsök fyrirspurnar, heldur aðeins að hann óskaði eftir svari sem nánast væri um prinsipákvörðun."

Þarna kemur bankaleyndin góða við sögu eins og víðar. Það er stundum erfitt að finna orðum stað.

Nánari dæmi og nánari málsatvik komu einum þremur vikum síðar. Það var nánar tiltekið 11. júní sem ég afhenti hæstv. ráðh. á minnisblaði spurningar varðandi samskipti Hafskips og Útvegsbankans. Ég vísaði til upplýsinga sem komu fram í ársskýrslu fyrirtækisins og benti á sem dæmi að ef bornir væru saman varanlegir rekstrarfjármunir og erlendar langtímaskuldir kæmi í ljós að þar væri neikvæður mismunur upp á 156 millj. kr. Ég benti einnig á að munur á veltufjármunum og skammtímaskuldum væri neikvæður upp á einar 20 milljónir sem gæfi til kynna að fjármagnsstaða fyrirtækisins væri mjög erfið. Ég benti einnig á athugasemd sem endurskoðandi fyrirtækisins setti inn í ársskýrslu þar sem næstum er tekinn vari á að fyrirtækið gæti hugsanlega verið á leiðinni í gjaldþrot. Þar er sagt að ef til skyndilegs uppgjörs skuldanna kæmi yrðu menn að vera viðbúnir því að verðgildi eignanna minnkaði verulega.

Á grundvelli þessara upplýsinga spurði ég hæstv. ráðh. viku síðar, þann 18. júní eins og hér hefur komið fram, í tengslum við umræður um frv. um viðskiptabanka. Ég sagði, með leyfi forseta:

„Hér vakna því spurningar, ekki síst með hliðsjón af erfiðum rekstri fyrirtækisins í heild. Hér vakna því spurningar um aðild ríkisbanka, tryggingar fyrir lánum og áhættu ríkissjóðs og skattborgara. Með tilliti til þess er ráðherra spurður hvort hann sjái ástæðu til aðgerða opinberra aðila, svo sem bankaeftirlits, af þessu tilefni og hvort hann muni beita sér fyrir því."

Ráðherra hefur lýst svari sínu. Ég ætla til fróðleiks að lýsa ýmsu fleiru sem kom fram. Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði m.a., með leyfi forseta:

„Um þá ræðu sem hv. 4. landsk. þm. flutti áðan verð ég að segja að mér virtist hún bera það með sér að öll þessi mál væru í mikilli þoku fyrir honum. Hann talaði um að Alþingi ætti ekki að hafa neina menn í bankaráðum, en samt sem áður ætti Alþingi að vera eftirlitsaðili með bönkunum. Hvernig á það eftirlit þá að vera ef alþm. hafa ekki aðstöðu til að fylgjast með málum þar og krefja t.d. bankastjóra sagna, upplýsinga um hin ýmsu atriði? Mín reynsla er sú að bankaráðið sé í sjálfu sér fyrst og fremst eftirlitsaðili í bönkunum. Ég held að ýmislegt sem bæði fjölmiðlar hafa birt og ýmsir þm. hafa látið orð falla um hér á Alþingi varðandi bankana sé byggt á misskilningi vegna ókunnugleika á þessum efnum."

Þetta var fróðleg yfirlýsing hv. formanns bankaráðs Búnaðarbankans um eftirlitsskyldu og hið virka eftirlit bankaráða í bönkum.

Það létu fleiri hv. þm. málið til sín taka. Hv. þm. og bankaráðsmaður Garðar Sigurðsson sagði, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Ég lét mig hafa það að biðja um orðið undir ræðu hv. 4. landsk. þm. Ég hef ekki hugsað mér að ræða hér málefni Hafskips og hef enga heimild til þess, enda kannske óþarfi að öðru leyti en því að mér fannst alger óþarfi að draga óþverramálflutning Helgarpóstsins inn í umræður á hinu háa Alþingi. Það sem mest var áberandi í þeirri grein fyrir utan illkvittni og sóðaskap var að birt var stór mynd af sökkvandi skipi með nafni og númeri. Það lýsir innræti viðkomandi ritstjóra betur en nokkur orð."

Þetta var vitnisburður úr bankaráði Útvegsbankans.

Við getum heyrt fleiri vitnisburði. Í hv. Ed. sagði hv. þm. Eiður Guðnason þegar hv. þm. Stefán Benediktsson hafði vakið máls á þessu við umræðu viðskiptabankamálsins þar, með leyfi forseta:

„Ég kom inn hérna áðan þegar hv. 8. þm. Reykv. var að flytja sína ræðu. Hann var að tala hér um ákveðið fyrirtæki, Hafskip, og gerðist þar býsna stórorður. Ég heyrði ekki betur en að hann væri að éta upp úr vikublaði sem hér er gefið út og heitir Helgarpósturinn og hefur verið að skrifa um þessi mál með býsna einkennilegum hætti. Það hefur lítið verið staðfest af hæpnum fullyrðingum. Ég skil satt að segja ekki hvað slíkar fullyrðingar og umræður eiga að þýða þegar Alþingi Íslendinga er að ræða um viðskiptabanka. Mér þótti þetta næsta undarlegt og næsta undarleg ræða.

Það kom annar vitnisburður í hv. Ed. og í þetta skipti úr bankaráði. Hv. þm. Valdimar Indriðason, formaður bakaráðs Útvegsbankans, sagði, með leyfi forseta:

„Eins og hv. 5. landsk. þm. gat um hér áðan hleypur hv. 8. þm. Reykv. upp með mál sem hefur verið í blöðum undanfarið um viðskipti Hafskips og Útvegsbankans. Það ætla ég ekki að ræða úr þessum ræðustól en aðeins að segja honum að hann ætti ekki að flíka þeim málum á þann veg sem hann hefur gert hér því að það er ekki fótur fyrir þeim skrifum."

Þetta eru nú móttökur Alþingis og hv. alþm. á þessu máli í Alþingi dagana 18., 19. og 20. júní s.l. Og í ljósi heilagrar vanþóknunar manna úr öllum flokkum þessa dagana þá er þetta dálítið fróðlegt, ekki síst með hliðsjón af þeim pillum sem hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason sendi til frekrar pressu og fjölmiðla og blaðamanna hérna rétt áðan.

Ég ætla ekki að gera þetta að meiri umræðu. Ég ætla að snúa mér aftur að þeim spurningum sem ég vísaði til hæstv. viðskrh. um þetta Hafskipsmál. Í svari ráðherra kom þetta fram:

Hv. þm. vék að reikningum þessa ákveðna fyrirtækis og las út úr reikningunum ákveðna niðurstöðu sem ég skal ekki dæma um. En þar verðum við að gera greinarmun á útkomu fyrirtækisins annars vegar, svo og þeim tryggingum sem bankinn hefur hins vegar. Nú hafa bankastjórar þessa banka opinberlega gert grein fyrir því að bankinn hafi tryggingu fyrir þeim lánum sem hann hefur veitt í eignum fyrirtækisins og eignum hluthafanna þannig að reikningar fyrirtækisins þurfa ekki að sýna og sýna ekki samkvæmt þessu þær

tryggingar sem bankinn hefur fyrir þeim skuldum sem fyrirtækið er í.

Varðandi fsp. sem er framhald af fsp. frá því fyrr í vetur þá hafa, að því er ég best veit, þeir aðilar, sem fara með eftirlit undir þessum kringumstæðum, ekki talið ástæðu til að gera sérstaka athugun á því tilviki sem hér var að vikið. Eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan þá er hvorki talað um það í yfirlýsingu bankastjóranna, sem hann vísar til, né í hans ræðu að tryggingar hafi verið nægar eða veð hafi verið full.

Nú getur maður náttúrlega velt því fyrir sér hvers vegna bankastjórarnir sendu þessa tilkynningu án þess að tala um full veð eða fullar tryggingar. Gættu þeir þess kannske sérstaklega að orðið fullur og nægur kæmi hvergi fyrir í textanum? Eða m.ö.o.: Er verið að afvegaleiða hæstv. ráðh. og hv. Alþingi? Án þess að fara meira út í orðskýringar þá tel ég að þetta sé út af fyrir sig nokkuð merkilegt mál. Stjórnmálamönnum er það bæði tamt og lagið og stundum kannske leyfilegt að hafa svona rúma hólkvídd um það sem þeir eru að segja, en ég held að í því tilfelli þar sem bankastjórarnir svara, senda frá sér tilkynningu sem síðan er notuð sem uppistaða í svar hæstv. ráðh. til Alþingis megi menn ekki hafa þessa hólkvídd svo rúma. Maður getur spurt sig: Ætluðu bankastjórarnir að blekkja ráðherrann með því að hafa orðalagið á vísvitandi hátt þannig að það gæti misskilist? Ég held eftir á að hyggja að ráðherra hljóti að hafa skilið þetta sem svo að það væru nægar tryggingar því að annars hefði hann hlotið að svara því til að hann teldi að það væri þörf á að athuga málið, vegna þess að um það spurði ég.

Ég vek á þessu athygli og það er í ljósi þessara hluta sem ég hafði síðan frekari afskipti af þessu máli, þar sem ég í nóvember, núna nýlega, sendi bréf til hæstv. viðskrh. einmitt um þetta mál. Það bréf sendi ég 21. nóvember til hæstv. núv. viðskrh. Matthíasar Bjarnasonar og vakti athygli á þessum skoðanaskiptum sem þarna fóru fram og segi í þessu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Skv. orðum ráðherrans á hv. Alþingi var yfirlýsing þessi án fyrirvara eða nokkurra efasemda um að hagsmuna bankans væri vandlega gætt. Því verður vart trúað að bankastjórar Útvegsbankans hafi vísvitandi farið með rangt mál í yfirlýsingu sinni. Í ljósi þess hins vegar að einungis fimm mánuðum síðar er augljóst samkvæmt fregnum að fyrirtækið á alls ekki fyrir skuldum, krefst ég tafarlausrar opinberrar rannsóknar á rökstuðningi og sannleiksgildi yfirlýsingar bankastjóranna frá því í júní."

Ég held að séð í þessu samhengi hljóti menn að sjá að það er full ástæða til þess að spyrja sig hvers vegna menn senda frá sér svona ónákvæm plögg. Ég held að við þessar kringumstæður eigi bankastjórar, umsjónarmenn banka sem eru í eigu allrar þjóðarinnar, hvorki að reyna að afvegaleiða þjóðina né ráðherra sinn og ríkisstj. Þannig að ef einhver bankastjóri ætlar að halda því fram að þeir hafi aðeins ætlað að koma því að að þeir væru með veð í fleiri hlutum en eigum fyrirtækisins þá væri hægt að taka það fram á miklu, miklu greinilegri hátt.

Ég taldi sem sagt skynsamlegt að skrifa til ráðherra og óska þessara hluta við hann, þar sem ráðherra þessi fer með stjórn bankamála og ber þannig endanlega ábyrgð á þessum málum, og að mínu mati er það líka spurning hvort fyrrv. ráðherra þess ráðuneytis, hæstv. fyrrv. viðskrh., var vísvitandi blekktur með þessum upplýsingum í júní. S.l. föstudag barst mér síðan svar hæstv. núv. viðskrh. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Bréf yðar var sent bankastjórum Útvegsbanka Íslands til umsagnar. Enn fremur var óskað umsagnar ríkislögmanns um málið, en hann hefur verið tilnefndur af hálfu ráðuneytisins til að fylgjast með samningaviðræðum Útvegsbankans og Hafskips hf. um fjárhagsvanda skipafélagsins. Þessar umsagnir hafa nú borist og fylgja hjálagðar í ljósriti.

Með vísan til þess sem fram kemur í nefndum umsögnum skal tekið fram að bréf yðar gefur að svo stöddu ekki tilefni til sérstakra aðgerða af hálfu ráðuneytisins. Hins vegar hljóta viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands að verða tekin til ítarlegrar rannsóknar þar sem Hafskip hf. hefur í dag verið tekið til gjaldþrotaskipta og öll þessi mál eru nú í höndum skiptaráðanda." Þetta er dagsett föstudaginn 6. desember.

Meðfylgjandi þessu bréfi frá hæstv. ráðh. er bréf frá bankastjórn Útvegsbanka Íslands þar sem segir til skýringar á þessari yfirlýsingu. — Ég ætla nú að lesa þessa margumtöluðu fréttatilkynningu bankastjórnarinnar upp aftur, með leyfi forseta, til þess að menn rifji upp hvernig hún er orðuð. Hún var birt í Morgunblaðinu 16. júní og í henni stóð:

„Bankastjórn Útvegsbanka Íslands vill taka fram að fullyrðingar, sem fram koma í blaði yðar hinn 12. þ.m. í grein Halldórs Halldórssonar ritstjóra Helgarpóstsins um tryggingar bankans vegna skuldbindinga Hafskips hf., eru úr lausu lofti gripnar. Tryggingar bankans eru í eignum fyrirtækisins og hluthafa."

Til skýringar síðan í þessu bréfi segir nánar:

Hér er átt við að tryggingar séu í eignum fyrirtækisins — bæði í svonefndum varanlegum rekstrarfjármunum samkvæmt reikningunum og síðan kemur — og ýmsu lausafé, þar með talið handveð í viðskiptavíxlum og skuldabréfum hluthafa og að tryggingar bankans verði ekki ráðnar af reikningunum einum. — Þannig að þá taka menn inn í þetta veðdæmi allt aðra hluti en varanlega rekstrarfjármuni. Þá tína menn til viðskiptabréf, víxla og þess háttar sem er allt annar hlutur. Ef við förum að stilla dæminu upp þannig þá eigum við líka að taka inn í aðrar skuldir, lausaskuldir, skammtímaskuldir. Og við skulum vera minnug þess að fyrirtækið stóð ekki björgulega á þeim kantinum heldur þar sem það var í mínus í þeim samanburði einnig. Síðan segir:

Hjálagt fylgir yfirlit yfir veð vegna skuldbindinga Hafskips hf. hjá Útvegsbanka Íslands hinn 3. júní 1985. — Það er afar, eigum við að segja lítið ítarlegt plagg. Þar stendur: „Yfirlit yfir veð vegna skuldbindinga Hafskips hf. hjá Útvegsbanka Íslands hinn 3. júní 1985.

Og þar stendur: „1. Veð í skipum 275 millj." — Þetta er 3. júní. Þetta er fróðlegt, þar sem um áramót var skipaeignin metin á 245 millj. og þótti að margra mati þá mjög ofmetin. Eignin þótti ofmetin í 245 millj. um áramótin. 3. júní er hins vegar veð í skipum orðið 275 millj. Nú kann að vera að fyrirtækið hafi bætt við einhverjum skipum. Ég þekki ekki á það. En af því sem seinna er komið fram um afkomu fyrirtækisins þá getur ekki verið að sú viðbót í skipum hafi verið öðruvísi en með fullkominni skuld, þannig að ef einhverju hefur verið bætt við í skipum þá hefur það fullkomlega bæst

við skuldamegin líka.

Í 2. lið stendur: „Veð í tækjum og fasteignum 195 millj. 3. júní.“ Í ársskýrslunni er sagt að veð í tækjum og fasteignum um áramótin hafi verið 125 millj. Þá höfum við það að aukning véla- og tækjaveðs hjá fyrirtæki, sem var að rúlla, var á hausnum, aukning þessa verðgildis var um 70 millj. á 6 mánuðum.

Síðan er tilgreint veð í víxlum og skuldabréfum 109 millj. Samtals er þá sagt að veð nemi 579 millj. þennan örlagaríka dag, 3. júní 1985.

Um þetta bréf og þessar upplýsingar verð ég að segja að mér finnst það í fyrsta lagi áframhald af þeim óljósu upplýsingum sem bankastjórnin gaf um málið í vor, þann 18. júní, þegar almenningi, ráðherra og þingi eru veittar upplýsingar sem eru vægast sagt mjög ófullkomnar og manni liggur við að túlka þannig að til þess sé ætlast að þær séu misskildar. Þegar útskýringar berast síðan núna frá bankastjórn bankans frammi fyrir beiðni um opinbera rannsókn þá eru þær útskýringar ekki gleggri en raun ber vitni hér. Þessum framgangi kann ég vægast sagt mjög illa.

Með bréfi frá hæstv. viðskrh. fylgdu þessi fskj. málsins og ég þakka það, það var heiðarlega að staðið. Eitt fylgiskjalið er minnisblað frá ríkislögmanni, dags. 28. nóvember og þar segir, með leyfi forseta, — þetta er sem sagt um bréf Guðmundar Einarssonar alþm. til viðskrh. dags. 21. nóvember:

„Um þær skýringar bankastjórnar sem þarna koma fram á yfirlýsingu sinni frá í júní s.l. hef ég auðvitað ekkert að segja. Þær liggja fyrir og þar með hvað bankastjórnin hefur að segja til fyllingar og skýringar á margnefndri yfirlýsingu sinni frá s.l. sumri.

Um málið að öðru leyti er það að segja að í bréfi sínu krefst þm. tafarlausrar opinberrar rannsóknar á rökstuðningi og sannleiksgildi yfirlýsingar bankastjóranna frá í júní s.l. Þessa kröfu gat þm. sett fram beint við réttan aðila, þ.e. ríkissaksóknara. Ekki þarf milligöngu viðskrh. til að beina slíkri kröfu til rétts aðila. Hver sem er getur haft uppi kröfu um opinbera rannsókn við þar til bæran aðila ef hann telur refsivert athæfi hafa átt sér stað. Sú leið stendur þm. enn opin.“

Ég hef ráðfært mig — eins og þeir segja í Ameríku — við lögfræðinga mína um þetta mál og ég hef það sem sagt til athugunar hvort grundvöllur sé fyrir því að vísa þessu máli til saksóknara á þeim forsendum að þar sé vísvitandi verið að reyna að afvegaleiða upplýsingaöflun í þessu efni.

Herra forseti. Það er komið að vissum kaflaskilum í ræðu minni en ég á talsvert mikið eftir og mig langaði að spyrja hvort forseti hygðist gera hlé. (**Forseti:** Það var ætlunin að vera allt fram undir hálfátta ef þyrfti til þess að ljúka ræðunni.) Henni mun ekki ljúka, því miður. (**Forseti:** Þá er skynsamlegt að fresta henni núna við kaflaskipti. Ræðunni verður frestað.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Nú læt ég ræðu minni fram haldið. Rétt til þess að rifja upp kannske helstu atriði í því sem ég talaði um í ræðu minni fyrir hlé, þá gerði ég grein fyrir bréfaskiptum mínum og samskiptum við hæstv. viðskrh., fyrrv. og núv. Ég lýsti því hve vöntun orðsins nægur eða fullur í sambandi við veð eða tryggingar fyrir lánum Hafskips skipti höfuðmáli um hvernig túlka bæri þær yfirlýsingar sem gefnar voru í stóli hér í sumar.

Ef ég rétt tek saman niðurstöðurnar sýnist mér að þegar ég spyr í júní s.l. um þessi mál, þá gefi bankastjórar beinlínis villandi svar — að vísu þannig að þeir birta fréttatilkynningu sem birt er í Morgunblaðinu og er síðan notuð sem uppistaða í svar sem hæstv. ráðh. veitir hér. Í öðru lagi þegar þeir eru síðan beðnir um skýringar hér í haust, þá gefa þeir óljósar, ófullnægjandi upplýsingar, alls ófullnægjandi að mínu mati, til þess að hafna opinberri rannsókn. Hérna hef ég sem sagt rakið þennan ákveðna þátt sem við getum sagt að sé þátturinn um viðbrögð bankastjóra og bankastjórnar við kröfum um upplýsingar í þessu efni.

Herra forseti. Þetta er einungis eitt lítið dæmi að mínu mati um það hvernig svo margt annað í sambandi við þetta mál hefur orðið, þar sem er þessi upplýsingatregða. Í fyrsta lagi vilja menn ekki gefa upplýsingar. Ef upplýsingar eru gefnar þá eru þær villandi eða ófullnægjandi. Þess vegna hef ég tekið þetta hérna sem dæmi um ákveðinn þátt þessa máls.

En þetta mál á sér náttúrlega langa sögu, miklu lengri sögu heldur en til júní s.l. Þetta á sér 10—15 ára sögu og á þessu eru býsna margir angar. Einn anginn sem menn verða að horfa á í þessu sambandi er náttúrlega tengsl stjórnmálaflokka við þessi mál. Stjórnmálaflokkar á Alþingi skipta bróðurlega með sér bankaráðum og þeir gera það þannig að allir verða að fá a.m.k. sinn mann, helst sína menn. Þetta lýsir sér t.d. þannig að ef skyndilega kemur upp flokkur sem ekki hefur kjörfylgi til þess að koma að manni, eins og Alþfl. við síðustu bankaráðskosningar, þá gengur maður undir manns hönd við að koma inn manni, koma manni fyrir Alþfl. inn í bankaráð. Síðast var það Sjálfstfl. sem hjálpaði Alþfl. við að koma manni inn í bankaráð. Þá getur maður spurt sig: Hvers vegna er svona mikið atriði fyrir Alþfl. að koma manni inn í bankaráð? Nú, hann verður náttúrlega að hafa sinn fulltrúa, kannske til þess að sinna því „eftirliti“ sem bankaráðsmenn hafa lagt svo mikla áherslu á að þeir þurfi að gegna í bankaráðum, en menn verða nú að vísu að líta á nú orðið a.m.k. með gæsalöppum. Ég held að miklu, miklu sterkari sé sú þörf hinna flokkanna fyrir að það standi enginn fyrir utan. Það er kannske meginatriðið. Líklega hefði flokkunum þremur, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþb., þótt mjög vont að vera án Alþfl. í bankaráði. Það er aldrei að vita upp á hverju sá flokkur tekur sem ekki á mann í bankaráði. Hann gæti kannske tekið upp á því að fara að herja á um eftirlit, þannig að það er miklu betra að fá hann með. Þetta hafa menn stundum kallað samtryggingu stjórnmálaflokkanna. Þetta er einn angi þessa máls.

Annar angi þessa máls eru náttúrlega hin opinberu eftirlitskerfi sem eiga að koma í veg fyrir að svona hlutir gerist. Við höfum t.d. skattakerfið sem á að ganga eftir því að fólk, fénaður og fyrirtæki skili til samneyslunnar því sem menn telja sanngjarnt. Það vita nú reyndar allir hvernig það eftilitskerfi er orðið hér, enda hefur það greinilega sýnt sig að skila ekki sínum árangri í sambandi við þetta Hafskipsmál. Við höfum annað eftirlitskerfi sem er bankaeftirlit. Það hefur komið í ljós að bankaeftirlitið er búið að gera athugasemdir við þetta tiltekna fyrirtæki og þennan tiltekna banka í mörg ár. En það gerist ekki neitt. Nú eru menn að tala um að það þurfi að breyta lögum um bankaeftirlit og setja upp sjálfstæðara bankaeftirlit og öflugra bankaeftirlit, kannske grimmara bankaeftirlit. En skiptir það nokkru máli

ef þetta sama bankaeftirlit er eftir sem áður undir pólitískri stjórn? Eru ekki hin pólitísku afskipti þau sem á endanum ráða, hvort athugasemdir eru teknar til greina eða ekki? Það þýðir ekkert að hafa fleira fólk eða hækka laun eða á annan hátt styrkja þessa starfsemi ef eftirlitið nær ekki áhrifum sínum vegna þess að það eru pólitísk öfl sem ekki vilja að athugasemdir þess komist til skila. Þess vegna er tómt þvaður að tala um það að ráðin sé á þessu endanleg bót með því að styrkja bankaeftirlitið eitt út af fyrir sig. Þá erum við enn þá að glíma við afleiðingar án þess að hafa hugað að orsökunum. Þetta var um opinbera eftirlitskerfið. Ég kem kannske að því síðar.

Síðan er annað mikilvægt atriði og það er náttúrlega hið innra eftirlit bankans eða eigum við að segja hin bankalega fagmennska sem ríkir. Í þessu sambandi þá verða menn, held ég, að komast að þeirri niðurstöðu að annaðhvort er hið innra starf og innra eftirlit bankans ónýtt eða að forráðamenn bankans hafa hylmað yfir, þ.e. ef einhverjir í bankanum voru búnir að sjá að fyrirtækið væri á hausnum og ætti sér ekki viðreisnar von, þá hafa einhverjir forráðamenn komið í veg fyrir að sá skilningur kæmist til skila. En það er alveg hreint og klárt að það hlýtur einhver að hafa lokað augum. Það hlýtur einhver að hafa lokað augum fyrst ekki voru gerðar viðeigandi ráðstafanir í vetur og í vor. Og það er algerlega rangt að mínu mati að halda því fram að menn hafi ekki vitað um neitt af þessum hlutum fyrr en einhvern tímann í júní eða júlí. Ef menn hafa ekki vitað um þessa hluti fyrr en í júní eða júlí þá hafa þeir annaðhvort gengið um í myrkri með lokuð augu eða einhver hefur bundið fyrir augun á þeim. Kannske voru sumir blindaðir af bjartsýni.

Mig langar að biðja menn um að kíkja aðeins inn á aðalfund fyrirtækisins Hafskips sem var haldinn í júní s.l. Þar segir forstjórinn í ræðu á aðalfundi að Trans-Atlantic siglingarnar sýni góða arðsemi og hafi sýnt allt frá upphafi. Nú er reyndar komið í ljós að það eru þessar Trans-Atlantic siglingar sem virðast hafa rekið endahnútinn á þetta stóra ævintýri, íslenska siglingamennsku. En á þessum aðalfundi í júní s.l. segir forstjórinn: „Trans-Atlantic siglingar virðast hafa sýnt góða arðsemi allt frá upphafi" og síðan segir hann: „Nettóhagnaður Trans-Atlantic siglinga eru 30—35 millj. á tímabilinu janúar til apríl." 30—35 millj. Þetta er sagt í júní. Allir sem voru með opin augu vissu engu að síður að öll félög, öll lítil skipafélög, sem sigldu á þessari leið, voru annaðhvort dauð eða voru að drepast.

Ég get vísað til ýmissa upplýsinga. Ég get vísað til rits sem heitir Journal of Commerce eða viðskiptatímaritið. Þar er grein 30. jan. 1985, þar sem haft er eftir kunnáttumanni um þessi mál, sérfræðingi í siglingamálum, að það verði gífurlegur samdráttur í siglingum á þessari leið. Þetta er sagt 30. janúar. 20. maí er líka grein í sama blaði, miklu ítarlegri grein, um siglingar á Norður-Atlantshafi. Þar er lýsing á hinum algengustu örlögum skipafélaga á Norður-Atlantshafi. Þetta er 20. maí. Þar segir að skipafélögin, þessi litlu skipafélög á Norður-Atlantshafi fari gegnum þrjú stig:

Fyrsta stigið. Þú kaupir tæki; þú auglýsir gífurlega; þú nærð þér í svolítinn pening; þú nærð þér í lánstraust og þú ert ekki aðeins að skapa flutninga, þú ert að skapa ímynd velgengninnar.

Annað stigið. Það syrtir í álinn; það kemur ýmis kostnaður í ljós; þú gengur á sjóði sem þú átt eftir og það þrengir að þér.

Þriðja stigið. Stóru keppinautarnir reyna að drepa þig og fyrr en seinna getur þú ekki greitt reikningana þína og — eins og segir í greininni — þú siglir upp að viðlegukanti gjaldþrotsins.

Þetta er skrifað 20. maí 1985 í virtu tímariti sem bankafagmenn, sem á annað borð höfðu einhverjar áhyggjur af því hvernig stóri viðskiptavinurinn Hafskip stæði, hlytu að hafa lesið. En hvað er að gerast á Íslandi á sama tíma? — Já, reyndar get ég vitnað í einn enn. Það er amerískur forstjóri sem sagði á þessum tíma: Það er blóðbað á Norður-Atlantshafi. Það er blóðbað á Norður-Atlantshafi. Litlu félögin eru öll að drepast. — Á sama tíma getum við aftur horfið til þessa ágæta aðalfundar heima á Íslandi en þar ríkir þessi geggjaða bjartsýni. Þar segir formaður stjórnarinnar: Í starfi okkar hvar sem við kunnum að vera niðurkomnir í þjóðfélaginu þurfum við að leitast við að lyfta okkur upp úr hversdagsleika daglegra starfa og spyrja okkur: Hvað getum við gert betur? Hvað getum við gert að auki sem skilað getur okkur fram á við þegar til viðurkenndra þjóðfélagslegra hagsmuna er litið? Hvað með okkar eigin grein, kaupskipaútgerðina?"

Síðar segir: „Þó að við séum sagðir vinnusamir og aðlögunargjarnir fáum við fremur lélega einkunn sem þjóðarheild þegar litið er til almennrar skynsemi, úrvinnslu þess sem á milli handa er og stjórnunar eigin mála. Sést það m.a. í þjóðfélagslegri yfirbyggingu og offjárfestingu sem ekki fær staðist þegar litið er til fámennis okkar og þjóðartekna. En það eru teikn á lofti, merki vaxandi skilnings á grundvallarlögmálum efnahagslífsins og hugmyndir um nýjar nálganir verða algengari með hverjum deginum. En hér má engum tíma tapa."

Hér er ræða sem er flutt á aðalfundi fyrirtækis sem er „fallit" — það er „fallit", allir sem vilja vita það ættu að geta vitað það — og það standa upp einhverjir menn í geggjaðri bjartsýni sem síðan kemur í ljós, fimm, sex mánuðum seinna, að kostar þjóðina fleiri hundruð milljónir. Ég gæti haldið áfram með þessa ágætu skýrslu. Síðan segir — þetta er ræða:

„Nýverið var framkvæmd skoðanakönnun á viðhorfum Íslendinga til starfa erlendis og brottflutnings af landinu." — Ætli þeir séu ekki farnir að fletta þessum upplýsingum um brottflutning af landinu upp aftur núna, einhverjir? Síðan er því lýst að Íslendingar hafi það helst í huga að flytjast brott af landinu og þá segir hinn bjartsýni stjórnarformaður:

„Á slíkar niðurstöður verður ekki horft sem þurra tölfræði. Þær endurspegla tilfinningar og hræringar sem geta umbreyst í óstöðvandi atgervisflótta ef við Íslendingar berum ekki gæfu til að snúa með hraði vörn í sókn í okkar sameiginlegu lífskjarabaráttu. Minnumst íslensku landsbyggðarröskunarinnar frá því á fyrri hluta aldarinnar og gerum okkur fulla grein fyrir því að það dæmi getur endurtekið sig en nú sem landflótti.

Það er gjarnan haft á orði að þegar mikið liggi við geti Íslendingar komið fram sem ein þjóð, sem einn maður. Spyrja má: Jafnast ekki hættan á landflótta á við náttúruhamfarir og landhelgisstríð? Er stóri sáttmáli þjóðfélagshópanna ekki löngu orðinn tímabær? Atvinnustarfsemi, verkalýðsbarátta, stjórnmál og lífskjör eru samofnir, óaðskiljanlegir þættir. Í þeim efnum er

engin atvinnugrein, enginn einstaklingur undanskilinn í því sameiginlega átaki, sem fyrir höndum er, að tryggja Íslandi 21. aldarinnar annan og veigameiri sess en Hornstrandir og aðrir sambærilegir afskekktir sumarheimsóknarstaðir hafa í dag.“

Fyrir þá sem eru nýkomnir, þá er þetta ekki 17. júní ræða. Þetta er ræða á aðalfundi fyrirtækisins Hafskip. (**Gripið fram í:** Hver flytur ræðuna?) Stjórnarformaður. Það er ekki furða þó að bankastjórarnir eða peningamennirnir í sjónvarpinu um daginn hafi talað um að ákveðin bjartsýni hafi orðið þess valdandi að þeir ákváðu að sjá til. Mér sýnist þetta viss spásögn þegar stjórnarformaðurinn segir: „Er stóri sáttmáli þjóðfélagshópanna ekki löngu orðinn tímabær?“ Hann hefur kannske talað við Þröst.

Svo segir hann: „Atvinnustarfsemi, verkalýðsbarátta, stjórnmál og lífskjör eru samofnir, óaðskiljanlegir þættir.“ M.ö.o. hagsmunir og skuldir Hafskips, Útvegsbankinn og þjóðin, þetta er allt eitt. Hann var búinn að sjá niðurstöðuna. Amen. Svona gengur þetta nú.

Við erum að tala um aðalfund í fyrirtæki sem er að fara á hausinn með hundraða milljóna tap. En á þessum sama fundi liggja á borðum ársskýrslur þar sem er að finna athugasemd frá endurskoðanda fyrirtækisins þar sem er óbeint varað við því að fyrirtækið sé að fara á hausinn. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Framsetning skulda miðast við að afborganir fari fram á umsömdum gjalddögum. Komi til vanskila á umsömdum skuldum getur það leitt til gjaldfellingar þeirra og jafnframt haft veruleg áhrif á söluverð eigna félagsins.“ Og síðar segir: „Endurskoðandi gerir þessi atriði að fyrirvara um að reikningar gefi glögga mynd af efnahag fyrirtækisins.“

Hvað er verið að segja? Það er verið að segja: Passið ykkur nú, það er ekki allt sem sýnist. Þetta fyrirtæki er nefnilega hugsanlega að fara á hausinn og þá er þessi reikningur alls ekki réttur. Á sama tíma stendur stjórnarformaður og flytur 17. júní ræðu og talar um „hinn stóra sáttmála þjóðfélagshópanna“.

Þetta gefur aðra ofurlitla innsýn inn í þetta mál og er dæmi um það hvernig að mínu mati fara saman blekkingar og það að menn loka augum og jafnvel örlítill og kannske allt of stór skammtur af sinnuleysi. Allir, sem höfðu augun opin á annað borð, vissu að siglingar yfir Norður-Atlantshaf voru vonlausar. Menn vissu það — ef þeir vissu það ekki voru þeir asnar. Þeir áttu að vita að fyrirtækið var ónýtt. Menn hafa annaðhvort sofið, lokað augum eða bara slökkt ljósið. Það er ekki hægt að afsaka svona niðurstöðu.

Hér hafa ýmsir þættir þessa máls verið teknir upp og raktir býsna vel í dag og ég ætla ekki að fara neitt út í það nánar. Upplýsingarnar um þetta mál fylla orðið margar möppur og eru ekki að þakka ströngu og góðu eftirliti bankaráðsmanna eða alþm., þær eru mestan part afrakstur örfárra duglegra ritstjóra sem hafa opnað augun og horft yfir pollinn.

Menn hafa gert sér einna mestan mat úr því hér í dag að horfa á afleiðingarnar af þessu. En svo getur maður spurt sig: Hverjar eru orsakirnar? Er það kannske rétt, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson setur fram, að orsakirnar séu í raun og veru bara einn spilltur flokkur, Sjálfstfl., eða kannske bara einn spilltur maður? Eða er stærra samhengi? Um þetta verðum við að spyrja okkur ef við ætlum okkur að koma í veg fyrir að svona mál komi fyrir aftur. Menn verða að spyrja sig: Er þetta kannske bara eðli þess valdakerfis og þeirrar samtryggingar sem hér ríkir, þessa kerfis sem byrjar t.d. á því að menn kjósa hver og einn mann í bankaráð og passa að enginn verði útundan?

Hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson hefur orðið mjög að umtalsefni í þessum málum. Eins og lýst hefur verið er mjög eðlilegt að menn hugsi sem svo: Hvað gerist þegar sami maðurinn situr í þremur stólum í kringum sama borðið og gætir þrenns konar mismunandi hagsmuna? En þá geta menn náttúrlega velt fyrir sér, eins og hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason gerði hér í dag: Hver kom Albert Guðmundssyni hæstv. iðnrh. í bankaráð? Hann kom inn í bankaráð Útvegsbankans í ársbyrjun 1981. Hver var þá í ríkisstjórn? Það var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hans fólk. Hver var guðfaðir og ljósmóðir þessarar stjórnar? Var það ekki hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem sló þessa hluti saman á endanum? Voru ekki hv. þm. og hæstv. ráðh. Eggert Haukdal og Albert Guðmundsson hluti af því tafli sem þurfti til að koma því saman á endanum? (Gripið fram í.) Það kemur í ljós. Var það ekki undir blessun þeirrar ríkisstjórnar, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kom að, sem Albert Guðmundsson hæstv. ráðh. fékk skrifstofu til að taka á móti mönnum uppi í Útvegsbanka?

Hér leiðir nefnilega haltur blindan. Menn bera ábyrgð hver á öðrum, menn kjósa hver annan í bankaráð og síðan sitja þeir í bakherbergjunum og útdeila góssinu. Þetta kom fram t.d. áðan þegar hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason kom hér í stól og játaði á sig allar skammirnar, játaði á sig að allt væri komið í klúður. Hann sagði: „En þú, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þú líka.“ Hann sagði: „Við erum saman í þessu.“

Sama datt út úr hv. þm. Páli Péturssyni um daginn þegar verið var að ræða þessi mál í öðru sambandi og hann af sínu alkunna glensi stóð hér í stól, glotti og sagði: „Annars er þetta mál nú ekki mál Framsóknarflokksins. Það þurfa aðrir flokkar að hafa meiri áhyggjur af því.“ En hvað er hv. þm. Páll Pétursson að segja? Hann er að segja nákvæmlega þetta sama: „Við erum allir í þessu saman, strákar. Ég vorkenni ykkur núna, sjálfstæðismenn, þið sitjið uppi með Hafskip. En ég kannast við þetta, ég veit hvernig þetta er, ég hef lent í þessu sjálfur. Við þekkjum þetta.“

Þetta er nefnilega málið. Þeir hafa gaman af þessu, strákarnir, og síðan borgar almenningur brúsann. Auðvitað endar það alltaf þannig. Menn geta spurt sig — menn eru reyndar búnir að spyrja og svara: Hver borgar brúsann núna í sambandi við Hafskip? En hvað verður skellurinn stór þegar raðsmíðaskipin koma upp á yfirborðið og hver átti raðsmíðaskipin? Var það Sjálfstfl.? Hver ætlar að taka ábyrgð á raðsmíðaskipunum? Gerum við það kannske saman, strákar? Mér er sagt að reikningurinn fyrir raðsmíðaskipin verði á bilinu 4—600 millj.

Hvað taldi hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason upp mörg hundruð milljónir hérna áðan vegna togarakaupanna sem lenda á Fiskveiðasjóði? Hver á þennan Fiskveiðasjóð? Auðvitað eru það við, það er fólkið í landinu sem á þennan Fiskveiðasjóð. Eru þar ekki einar 4—500 millj.?

Hvað er búið að eyða mörg hundruð milljónum í að reikna og teikna einhverja virkjun á Austurlandi? Ég sá

einhvers staðar reikning upp á 600 millj. um daginn. Mér er sagt að nú æfi hreindýraskyttur á Austurlandi sig að skjóta á þessa gulu hæla sem eru uppi um öll fjöll þar sem búið er að mæla út fyrir einhverri virkjun. 600 millj., býsna gott.

En hvað skyldi þetta blessaða fólk í landinu, sem allir eru að tala um, svo þurfa að blæða fyrir þetta? Við getum tekið saman hérna stuttan reikning. Ef við segjum að Hafskip sé upp á 400 millj., segjum að raðsmíðaskipin verði upp á 500 millj., giskum á að Fiskveiðasjóður verði upp á 400 millj., Austurlandsvirkjun 5—600 millj. erum við komin með u.þ.b. 1700—2000 millj. (**Gripið fram í:** Krafla, 200 millj.) Já. (**Gripið fram í:** Byggðasjóður, 75.) Já, fleira? Hver á virkilega svona sökótt við þetta vesalings fólk í landinu? Af hverju gera stjórnmálamenn fólkinu í landinu þetta? Svo eru menn eitthvað hissa á því að lífskjör í landinu séu naum. Fólk er alltaf að vinna fyrir svona afglöpum. Fólk er að vinna fyrir einhverjum Hafskipsmálum nútíðar og fortíðar. Fólk er að vinna fyrir einhverjum fjandans raðsmíðaverkefnum, Fiskveiðasjóðsskuldum eða einhverjum draumóravirkjunum hér og þar á landinu. Það er ekki að furða þó að fólk hafi ekki ofan í sig og á.

Hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason tók af mér ómakið áðan, eins og ég sagði. Hann lýsti samsektinni og sagði bara: „Við erum sekir, það er rétt. En við erum bara allir jafnsekir, strákar mínir, svo verið ekkert að þessu þrasi.“ Út á þetta gengur þetta mál.

Eins og ég sagði í byrjum geta menn dundað sér við hugmyndir um að koma upp virku, fjölmennu og öflugu bankaeftirliti. Menn geta velt því fyrir sér að sameina banka, sameina t.d. Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Hverju erum við nær með sameinuðum Búnaðarbanka og Útvegsbanka ef menn halda svona áfram? Menn eru kannske svekktir yfir því að þeir skyldu ekki geta lánað Hafskip svolítið meira, haft svolítið sterkari banka og stærri banka, eins og þeir segja og menn eru að segja hérna: „Það vantar stóran og sterkan banka sem getur uppfyllt þarfir fyrirtækjanna í landinu.“ Það er kannske eins gott að þeir séu litlir og máttlausir vegna þess að ég er ekki viss um að menn hafi hreinlega efni á því að hafa svona stóra banka, alla vega ef kerfið er svona. Niðurstaðan hlýtur að vera sú að það, sem fólkið í landinu hefur ekki efni á, er að gefa stjórnmálamönnum svona óútfyllta tékka, eins og það að ráða yfir banka. Þeir hafa sýnt að þeim er ekki treystandi til þess.

Rétt áður en ég vík frá þessum málum og lýk þessari ræðu minni ætla ég að ræða örlítið um hagsmunaárekstra. Menn hafa látið oftlega hingað til eins og umræður um þessa hagsmunaárekstra séu eins konar sérviska. Þó held ég að augu fólks og m.a.s. stjórnmálamanna séu að opnast fyrir þessum málum núna. Það er kannske vegna þessa stórkostlega dæmis sem við höfum þar sem hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson á sínum tíma var alþm., formaður bankaráðs og formaður stjórnar Hafskips. Nú er ég einungis að tala um tilteknar aðstæður, ég veit ekkert hvað hann gerði og hvort hann gerði eitthvað. En ég er að tala um aðstæður sem hvergi mundu þekkjast á byggðu bóli annars staðar í heiminum. (**Gripið fram í:** Í Afríku.) Kannske í Afríku en ég efast þó um það. Ég hugsa að menn fari í heimsmetabók Guinness fyrir slíkt og kannske á ráðherra eftir að komast í heimsmetabók Guinness sem meistari hagsmunaárekstranna.

Sem alþm. á maður væntanlega að gæta hagsmuna þjóðar. Sem formaður bankaráðs á maður væntanlega að gæta hagsmuna bankans, sparifjáreigenda — ekki má maður láta féð týnast, eyðileggjast. Sem formaður stjórnar Hafskips á maður að hugsa um hagsmuni fyrirtækisins, maður á að reyna að auka höfuðstól þess, eignir, hagnað þess og annað. Svo getur hver og einn dundað sér við að setja sjálfan sig í þessar aðstæður, vera ekkert að hugsa um hvernig hæstv. iðnrh. Albert Guðmundssyni hefur gengið það, hugsa sér það bara sjálfur.

Þetta er svo gegnumsmogin aðstaða að í fyrsta lagi fara ekki saman hagsmunir alþm. og bankaráðsformanns. Kannske einkum og sér í lagi vegna þess að gætinn og heiðarlegur alþm. er við þessar aðstæður undir óþolandi þrýstingi ýmist frá einstaklingum, flokkum, fyrirtækjum eða samtökum vegna þess að þau vita að hann getur, ef hann vill, gert ákveðna hluti. Þess vegna á ekki að setja gætna og heiðarlega menn í þessa aðstöðu. Það á að halda þeim frá svona aðstöðu. Ég tala nú ekki um ef ógætinn og óheiðarlegur maður kæmist í svona aðstöðu og mundi hreinlega nota sér þessa aðstöðu til að kaupa atkvæði óprúttinna. Ég þori ekki að hugsa um hvað gæti gerst þá. Ég vona og trúi að slíkt hafi aldrei gerst hér.

Hvað fyndist mönnum t.d. ef bankaráðs- og alþingismaður sæti hérna niðri á kaffistofu og rekti garnirnar úr bágstaddri konu til að staðreyna neyð hennar, hvort hún væri nægilega illa stödd til þess að hann ætti að útvega henni víxil og fullkomna svo auðmýkt hennar með því að segja: „Þú ert greinilega nógu illa stödd til þess að ég ætti að láta þig hafa víxil.“? Á alþm. á Alþingi Íslendinga að vera í svona aðstöðu?

Sumir mundu náttúrlega segja: „Þetta er gott hjá honum, gott að bjarga konum, gott að bjarga fólki sem er illa statt.“ Alþm. eiga bara ekkert að bjarga fólki á þennan hátt. Alþm. eiga að nota aðstöðu sína, áhrif sín og atkvæði til að skapa þjóðfélag sem verndar sjálfsvirðingu alls fólks, ekki eins og eins með því að pikka hann inn á kaffistofu einhvers staðar og bjarga hans málum prívat og persónulega.

Hagsmunaárekstrarnir eru jafnalvarlegir milli bankaráðsformanns og stjórnarformanns stærsta viðskiptavinarins. Viðkomandi gæti legið undir gífurlegum þrýstingi eða freistingu til að hygla fyrirtæki sínu. Hann á í þessu fyrirtæki, það eru eðlileg viðbrögð hans að vilja veg þess sem mestan, eignir þess sem mestar, arðinn sem mestan. Auðvitað gengur þetta ekki upp.

Er þá einhvern tíma hægt að kanna hvort hagsmunaárekstrar hafa átt sér stað? Það er ekki hægt. Málið er nefnilega að það verður ekkert hægt. Ef ekki eru lög sem koma í veg fyrir það að menn lendi í hagsmunaárekstrum þá verða hagsmunaárekstrar. Það er aldrei hægt eftir á að sanna að hagsmunaárekstrar hafi orðið vegna þess að menn koma þessum hagsmunum til skila með samtölum, með símhringingum eða á einhvern hátt, jafnvel í gegnum einhverja fulltrúa.

Síðan gætu menn sest niður og reynt að fá einhverjar upplýsingar og sagt: „Á meðan hann var stjórnarformaður þessa fyrirtækis og var í þessu bankaráði jókst fyrirgreiðslan fyrir þetta fyrirtæki.“ Það er engin sönnun. Fyrirtækið var kannske í eðlilegum vexti og fyrirtækið átti þá náttúrlega rétt á því að fá eðlilega

fyrirgreiðslu. Það verður aldrei neitt sannað í sambandi við þessa hluti, ekki nema einhver stígi á stokk og vitni um að hann hafi verið fyrirgreiðslureddari og það mun enginn gera það. Þessu hafa allar viti bornar vestrænar þjóðir löngu gert sér grein fyrir og hafa þess vegna sett lög, ekki um rannsókn hagsmunaárekstra, þeir hafa sett lög til að hamla gegn hagsmunaárekstrum, til að koma í veg fyrir að menn lendi í þessari vondu stöðu.

Við hyggjumst leggja fram fyrir jól frv. til laga gegn hagsmunaárekstrum. Það er að nokkru leyti sniðið eftir kanadískri fyrirmynd sem hefur þá höfuðreglu að aldrei megi leika grunur á hagsmunaárekstrum vegna þess að grunurinn einn sé nógu slæmur. Það verður hver og einn samkvæmt þessum lögum, hvort sem hann er þingmaður, ráðherra eða embættismaður, að búa þannig um sín mál að ekki geti leikið nokkur grunur á um árekstur hagsmuna. Einungis þannig geta menn valdið þessu svo að vel sé.

Að þessum orðum sögðum hljóta menn að sjá að ég tel að ekki komi neinar upplýsingar fram um það þó að menn fari að reyna að skoða hvort orðið hafi hagsmunaárekstrar. Hagsmunaárekstrar eiga sér í eðli sínu stað í bakherbergjum eða einhvers staðar úti á bílastæðum. Þeir eru ekki til á skjölum, eru eitthvað sem menn skammast sín fyrir og þeir fara ekkert að játa það. Það verður ekkert sannað. Eina leiðin er að koma í veg fyrir það.

Herra forseti. Ég læt þá lokið ræðu minni. Ég legg áherslu á þessi atriði: Ég legg í fyrsta lagi áherslu á að ég tel að þinginu og ráðherra hafi verið ósómi sýndur með gögnum sem bankastjórn Útvegsbankans lagði hér fram í vor. Ég tel að svar bankastjórnarinnar við fsp. núna nýlega sé ófullnægjandi og ég mun íhuga þann möguleika, sem bent er á í athugasemd ríkislögmanns, að skrifa beint til saksóknara vegna þessa máls.

Í öðru lagi legg ég áherslu á að settar verði reglur gegn hagsmunaárekstrum til að koma í veg fyrir grun um slíkt.

Í þriðja og síðasta lagi legg ég áherslu á að við getum eflt bankaeftirlit, skattaeftirlit og sett upp alls konar eftirlitskerfi, en það er einungis eitt sem losar okkur undan þessu, þ.e. að taka peningastjórn í landinu undan pólitíkusum. Það er það eina sem getur bjargað þessu. Þá segi ég eins og Kató gamli: Þess vegna eigum við að láta ríkisbankana í hendur almenningshlutafélaga.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það var að mörgu leyti gaman að hlusta á nýkjörinn formann BJ, hv. 4. landsk. þm., gefa mönnum góð ráð um það hvernig á að reka fyrirtæki og hvernig á ekki að reka fyrirtæki og enda sína ræðu með því að tala með lítilsvirðingu um „fyrirgreiðslureddara". En ég er nú einn af þessum „fyrirgreiðslureddurum" og hef alltaf verið það og verð það. Ég gaf kost á mér í stjórnmál, fyrst í sveitarstjórnarmál, til þess að geta veitt þessu fólki, sem ég hafði búið með og lifað með, fátæka fólkinu í Reykjavík og annars staðar, eins mikla hjálp og aðstoð og ég mögulega gat í gegnum það opinbera. **(Gripið fram í:** Þeir verða að borga Hafskipsskatt líka, er það ekki?) Það er annað mál, við skulum koma að því seinna.

Hv. þm. endaði sína ræðu með því að segja: „Verið allir eins og ég og ekki öðruvísi, ekki eins og allir hinir og alls ekki eins og þessi kjáni sem hjálpaði fátæku konunni í kaffivagni. Verið eins og ég, takið ekki á ykkur neina ábyrgð. Í guðanna bænum vinnið ekkert sjálfstætt, það getur verið stórhættulegt. Komið heldur og vinnið hjá því opinbera, t.d. hjá Háskóla Íslands eins og ég, þar sem við getum farið fram úr áætlunum í peningamálum. Ríkið borgar, það verður að koma aukafjárveiting hvernig sem við högum okkur, við þurfum ekkert að vera ábyrgir fyrir neinu. En farið ekki" (Gripið fram í.) Fyrirgefðu, fyrirgefðu hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, ég mundi ekki á þessu augnabliki að þú vinnur líka hjá Háskóla Íslands. **(ÓRG:** Ég var bara að segja að Hafskip fór líka fram úr áætlun og ríkið á líka að borga það.) **(Forseti:** Hæstv. iðnrh. hefur orðið, ég vil beina því til hv. þm.) Þetta var mjög vel sagt hjá Ólafi. Ég veit ekki hvort það þýðir nokkuð að minna á að maðurinn í ræðustólnum hefur orðið en það kostar ekkert að reyna.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson segir að stjórnmálamönnum sé ekki treystandi til að reka banka og að ekki geti farið saman að alþm., formaður Hafskips og formaður bankaráðs geti verið einn og sami maðurinn. Ég þurfti að svara einum af hans spurningum í sjónvarpi nýlega þegar hann sagði: „Menn mega ekki eiga neinna hagsmuna að gæta ef þeir eiga að vera í bönkum." Ég get rakið í dag og aftur í tímann athafnamenn sem einmitt hafa verið beðnir um að fara og reka ríkisfyrirtæki og þá sérstaklega peningastofnanir því að engum er betur treystandi til að gera það en mönnum sem hafa þá reynslu sem til þarf úr viðskiptalífinu. Enda kæmi mér ekki á óvart þó að þessir ágætu menn, sem hér hafa talað og aldrei viljað taka neina áhættu sjálfir í rekstri þrátt fyrir allan þann mikla tíma sem þeir hafa lagt í að læra að bjarga sér sjálfir, gætu það ekki. Ég held þeir kæmust ekkert áfram á hinum almenna vinnumarkaði. Ég held að það sé alveg augljóst að það er rétt, sem hefur komið fram, að þegar menn eru komnir í þetta langa háskólanám búa þeir sig yfirleitt undir opinber störf.

En er það virkilega meining þeirra, er það virkilega sannfæring þeirra að athafnamönnum sé ekki treystandi til að koma nálægt peningastofnunum, fyrirtækjum eða opinberum stofnunum almennt? **(Gripið fram í:** Alls ekki, þú átt bara að hafa reikninginn þinn annars staðar.) Hvar á að hafa reikning annars staðar? Eru ekki ríkisbankarnir aðalstofnanirnar, eru það ekki aðalpeningastofnanirnar? Við tókum þátt í því nokkrir sem erum hérna inni, ekki eldri en við erum, að stofna fyrstu einkabankana hérna. Að vísu var Íslandsbanki einkabanki á sínum tíma, en það er nú ekki lengra síðan. Ég held að Hafskip sé eldra en elsti einkabanki sem nú er starfandi, það munar ekki miklu á aldri. Hvert eiga menn að fara? Það er ekkert annað en ríkisforsjá, það er ekki hægt að hafa reikning annars staðar.

En það er eitt sem ég vil að menn skilji, að það er rangt hjá hv. þm. Guðmundi Einarssyni að ekki séu í gildi lög sem banna bankaráðsmönnum að taka ákvarðanir um útlán á peningum í peningamálastofnunum. Það er akkúrat öfugt. Því eru gerð mikil og skýr skil í lögum um bankana hvert hlutverk bankaráðsmanna er og hvert hlutverk bankastjóranna er. Það er alveg afmarkað — BJ er ekki að finna upp hjólið í dag, ekki heldur eldinn. Þetta er búið að vera í lögum um

bankana svo lengi sem þeir hafa verið reknir svona. Það er ekki hægt fyrir bankaráð að taka ákvörðun um útlán. Það er ekki hægt. Það er ekki hægt fyrir bankaráð að taka neinar ákvarðanir um rekstur bankans í peningamálum nema bankastjórnin sjálf leggi málin fyrir bankaráðið. Öðruvísi er það ekki hægt. En bankastjórarnir geta lagt mál fyrir bankastjórnina. Það var ekki gert í eitt einasta skipti, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. í dag, þann tíma sem ég var bankaráðsformaður í Útvegsbankanum hvað varðar Hafskip. Og ég vissi það nú ekki fyrr en seinni partinn í dag þegar ég kom hingað að um það er getið í Morgunblaðinu í morgun að hann hafi talað við þá bankastjóra sem voru í Útvegsbankanum þann tíma sem ég var bankaráðsformaður og þeir hafi allir staðfest það við hann að ég hafi aldrei nálægt útlánum komið né reynt að hafa áhrif á þá um útlán.

Menn verða að vita um hvað þeir eru að tala. Það er ekki hægt að segja: Bandalag jafnaðarmanna er svo ungur flokkur að það er eðlilegt að þeir sem hann fylla séu ekki búnir að slíta barnsskónum enn þá — því að mennirnir sem í honum eru eru nógu gamlir og eiga að vita meira og betur þegar þeir koma út úr háskóla, ég tala nú ekki um þegar þeir eru farnir að kenna í háskóla.

Það getur vel verið rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að Útvegsbanki Íslands skuldi orðið um 1000 millj. Ég bara veit það ekki. En eitt veit ég. Áður en ég kom í Útvegsbankann var þar við mjög mikil vandamál að etja. Það veit hv. fyrrv. formaður þingflokks Alþb. og þáv. stjórnarliði — svo ég tali nú ekki um fyrrv. hæstv. fjmrh. Ekki gekk svo lítið á þegar ég var að sækja á hann með öðrum hans flokksmönnum, sem reyndust mér hvað bestir félagar í því máli sem þá var efst á baugi, að styrkja bankann til þess að hægt væri að koma honum aftur á réttan kjöl, eins og það var þá orðað. Og eftir að bæði Alþýðubandalagsmenn og þáv. hæstv. forsrh. höfðu beðið mig nokkrum sinnum um að taka að mér að stýra bankaráði Útvegsbankans, þá gerði ég það að fengnu samþykki þingflokks Sjálfstfl.

Þegar ég fór frá bankanum þá var bankinn sterkari að því leytinu til að hann hafði færri stöðum að þjóna þar sem hann hafði ekki möguleika á því að fá sparifé fólksins í veltu, því að eitt af því sem hvíldi á Útvegsbankanum var að hann fjármagnaði ýmsa starfsemi, atvinnustarfsemi og þá aðallega sjávarútveg, hingað og þangað um landið þar sem hann hafði ekki útibú, en aðrir bankar höfðu útibú. Á þeim tíma voru 53 eða 56%, ég man ekki hvort það var, af ráðstöfunarfé bankans í sjávarútvegi. Úr þessu var mjög mikið dregið. Það voru a.m.k. 7 eða 8 staðir á landinu sem voru færðir yfir í aðra banka. Það var létt á Útvegsbankanum.

Mér til mikillar ánægju þá kom það fram hjá hæstv. viðskrh. í dag, að nú eru um 43%, ef ég man rétt, af innlánsfé bankans í sjávarútvegi. Munurinn þarna, á því að festa peningana á þeim stöðum þar sem bankinn hafði ekki tækifæri til innlána og því sem hann gerði meðan ég var þar og virðist gera enn þann dag í dag, sá ávinningur fór til þess að veita aðhlynningu litla manninum, eins og ég kallaði hann, manninum á götunni og þeim sem voru að koma af sjúkrahúsum og þurftu aðstoðar við. Þeir gátu leitað til Útvegsbankans þá og fengið hjálp til bráðabirgða. Við þetta jukust afgreiðslur bankans svo hundruðum, ef ekki þúsundum skipti. Það kom mér því ekkert á óvart þegar hæstv. viðskrh. upplýsti það í dag að bankinn hefði verið með 58% innlánsaukningu þegar aðrir voru með þó nokkuð miklu minna — áður en hann var auglýstur sem vandræðafyrirtæki nú fyrir nokkrum dögum.

Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því að bankaráðsmönnum og bankaráðsformönnum eru mjög mikil takmörk sett í áhrifum á hina daglegu starfsemi bankans. Því þau eru engin. Hitt er annað mál að lögum samkvæmt hvílir eftirlitsskylda á bankaráðsformönnum og bankaráðum með eignum og ráðstöfun á eignum bankans. Og ég vil undirstrika það að bankastjórar Útvegsbankans hafa staðfest það — og ég held að engir aðrir séu færari um það — hafa staðfest að ég hef ekki komið nálægt útlánum bankans.

Og það gekk svo langt í umræðunni í dag hjá, ég held, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni — ég bið hann fyrir fram velvirðingar ef ég hef það eftir einhverjum öðrum — það gekk svo langt að jafnvel Byggung, sem ég veit ekki annað en að sé nokkuð gott fyrirtæki, var dregið inn í myndina til að gera hana, að mér skildist, enn þá tortryggilegri. En hvað kemur Byggung þessu máli við? Af hverju skyldi Byggung hafa verið dregin þarna inn í? Og að Byggung flutti úr einum banka í annan og það í Útvegsbankann, af hverju? Getur það verið — nei, það getur ekki verið, og þó — getur það verið vegna þess að tengdasonur minn rak Byggung? Það skyldi þó aldrei vera. Það skyldi þó aldrei vera. En það hvarflar ekki að mér að menn leggist það lágt þó þeir séu komnir ansi lágt.

Ýmislegt hefur verið skrifað um þetta mál og þau skrif hafa ekki öll verið skemmtileg. Það hafa verið hafðar uppi fullyrðingar, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur tekið undir, og ég hef tilgreint þau ummæli hans í bréfi til saksóknara ríkisins sem mun láta kanna réttmæti þeirra. Og ég vona að hv. þm. verði þá maður til þess að afsala sér þinghelgi eins og ég er reiðubúinn að gera til að láta dómstóla dæma um réttmæti orða okkar og athafna. Því að ég ætla mér ekki að liggja undir því að hafa komið til baka til landsins sem þekktur íþróttamaður, virtur, og einn fyrsti íþróttamaður sem fær „dekorasjón“ frá þeim löndum sem hann kveður og koma hingað i pólitík til þess að láta ómerka blaðamenn og þingmenn eyðileggja gott mannorð þegar ég er kominn á sjötugsaldur. Það verður ekki. En mér er sagt að enn séu í blöðum á Norðurlöndum greinar sem eru mannorðsskemmandi, enda mannorðsmorðingjar að verki. Með leyfi hæstv. forseta gríp ég niður í slíka grein sem er slúður um margt annað. Þar segir að ákveðinn maður, sem hér er nefndur, hafi átt að vera flaggskip frjálshyggjunnar í Sjálfstfl.

„Albert Guðmundsson frjálshyggjuráðherra dældi peningum í óskadrengina, einkum gegnum ríkisbankann Útvegsbankann, enda sat hann sjálfur bæði sem stjórnarformaður í Hafskipi og formaður bankaráðs Útvegsbankans. Nú þegar strákarnir eru búnir að kafsigla óskafyrirtæki frjálshyggjunnar og Albert kominn á fremsta hlunn með að velta Útvegsbankanum kippa allir í Sjálfstfl. að sér höndum og segja: Ekki ég. Víst er að Hafskipsmálið mun fá miklar afleiðingar innan flokksins. Málið mun sennilega verða pólitísk jarðarför Alberts Guðmundssonar en um leið banabiti

frjálshyggjunnar sem vaðið hefur uppi í Sjálfstfl.“

Ég kæri mig ekki um að lesa frekar og lýk þessum upplestri.

Enn fremur er ég með slúðurgrein úr erlendu blaði, sem ég fékk frá hv. þm., með fréttum af mér sem þýðir að sjálfsögðu ekkert annað en málaferli. Hvað á að ganga langt? Hvað á að ganga langt þegar búið er að auglýsa í blöðunum jarðarför Alberts Guðmundssonar vegna þess að hann hefur verið staðinn að því að ausa fé úr þeim sjóðum sem honum var treyst til að gæta?

Staða Hafskips var slæm þegar ég kom að fyrirtækinu. Hún var búin að vera það í langan tíma. Sá bankastjóri sem ég hef komist að að fyrst átti við vandamál Hafskips að glíma var Finnbogi Rútur, eftir því sem mér er sagt í Útvegsbankanum. Það vandamál er ekki leyst fyrr en nú með uppgjöri á fyrirtækinu. Og allir bankastjórar síðan hafa glímt við þetta vandamál. Það er löngu áður en ég kem í bankann. En staða fyrirtækisins í þau ár sem hann lifði var aldrei betri en það ár sem ég fór frá því.

En hvers vegna er ég þá dreginn inn í þessa mynd nú ef fyrirtæki sem ég tek við stendur betur þegar ég fer frá því? Á sama tíma er ég bankaráðsformaður banka sem stendur miklu betur þegar ég fer frá honum en hann stóð þegar ég kom að honum. Það eru bráðum þrjú ár síðan ég fór frá báðum þessum fyrirtækjum. Hvers vegna er ég þá dreginn inn í þessa mynd núna?

Það hefur komið hér fram að vandamál Hafskips stafa fyrst og fremst af fyrirtækjum og starfsemi sem ekki var til í fyrirtækinu þegar ég var þar. Erlendar skrifstofur á allt öðrum nöfnum en á nafni Hafskips voru ekki til þegar ég var þar. Siglingar á milli heimsálfa, Ameríku—Evrópu, Evrópu—Ameríku, voru ekki til þegar ég var þar. Þeim starfsfélögum sem ég horfi hér á hef ég borið virðingu fyrir. Ég hef treyst ykkur og engum ykkar hef ég brugðist. Flest ykkar hafa leitað til mín bæði sem einstaklings og sem ráðherra. A ég að trúa því að á meðal ykkar leynist sá hugur til mín að þið viljið pólitískt knésetja mig vegna þess að þið haldið að þar með getið þið komið bletti á Sjálfstfl. sem gæti orðið ykkur til framdráttar í næstu kosningum? Á ég að trúa því? Innra með mér segi ég já. Ykkur er fjandans sama um einstaklinginn sem hefur reynst ykkur vel ef það getur orðið ykkur tímabundið til framdráttar. Þetta er ljótt!

Ég hef nú ákveðið, eins og alþjóð veit, að biðja þann sem fer með mestu glæpamál þjóðarinnar að rannsaka minn feril og þá sérstaklega það sem snertir Hafskipsmálið og mín afskipti af því. Vonandi verðið þið ánægð með það. Ég er ekkert ánægður með að þurfa á sjötugsaldri að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að mér er gert á Íslandi, á Íslandi af öllum löndum, sem aldrei hefði getað komið fyrir, mér datt ekki í hug, þó það hefði einu sinni komið fyrir í Frakklandi, að það gæti komið fyrir aftur, að sanna sakleysi mitt. En hver er svo ákæran? Ég veit það ekki sjálfur. Ég veit bara að hún er að ég hafi brugðist þeim skyldustörfum sem mér var trúað fyrir af ykkur félögum mínum á Alþingi.

Það er hart. Og það er ekki mín vegna. Það er langt frá því að það sé mín vegna að það hryggir mig að þurfa að sanna sakleysi mitt. Það er af allt öðrum ástæðum. Ef mitt líf, ef mitt lífshlaup, ef ég, persónan Albert Guðmundsson, ekki stend undir og stend af mér allar ásýnir á ég ekki annað skilið. En það er landið og þjóðin. Hvert stefnir hún ef einstaklingur kominn þó á sjötugsaldur, búinn að koma víða við, þarf allt í einu af ókunnum ástæðum að sanna sakleysi sitt? Ef þetta ekki skilur eitthvað eftir hjá hv. þm. til að hugsa um veit ég ekki hvernig innrætið er. Ef þetta er það sem koma skal, ef þetta er nýi tíminn skulum við saman kvíða framtíð þessarar þjóðar.

Ég ætla ekki að tína upp ástæður fyrir vandamálum Hafskips. Þau eru öllum ljós. Þeir tapa tekjum, gera tilraun til að fá þær á annan hátt og hún mistekst. Síðan koma atvik fyrir sem ég hefði ekki viljað glíma við vegna þess að ég hefði ekki ráðið við þau frekar en félagar mínir sem urðu eftir í fyrirtækinu þegar ég fór þaðan.

Eitt vil ég segja. Hér hefur komið fram að ég hafi sagt það ósatt að lögfræðingur bankans færi mjög reglulega í heimsóknir til Hafskips á skrifstofuna. Alltaf er hægt að snúa út úr. Það er rétt að lögfræðingur bankans fór ekki reglulega á skrifstofu Hafskips til að telja peningana sem þeir áttu eða til þess að segja þeim hvernig þeir áttu að stjórna, en hann fór reglulega til þess að fylgjast með. Bankastjórinn svaraði spurningu sem var í allt aðra átt. Hún var um hlutverk lögfræðingsins á staðnum. Ég get upplýst það, vegna þess að ég hringdi og talaði við lögfræðinginn sjálfan í dag, að hann viðurkenndi að hann hefði verið beðinn um að fara þangað nokkuð reglulega eftir að ákveðinn bankastjóri lést, en sá bankastjóri hafði haft mest með Hafskip að gera. Þessu starfi gegndi hann frá því að sá bankastjóri lést og þangað til ég fór úr bankanum. Hann var ekki starfsmaður Hafskips. Hann gerði ekki áætlanir fyrir þá. En hann fór til að fylgjast með.

Ég skrifaði orðrétt eftir honum sjálfum og ég vil taka fram að mótmæli bankastjórans voru frekar bundin við hlutverkið sem hann átti að hafa gegnt og komið hefur fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég skrifaði eftir honum að það er rétt að hann tók að sér að hafa reglulegt samband við Hafskip við andlát þess bankastjóra áður en ég kom til starfa og hélst það eftir að ég fór frá bankanum. Nú veit ég ekki hvað lengi, spurði ekki um það.

Hvað aðrar fullyrðingar snertir, Reykvísk endurtrygging, skúffufyrirtæki sem heitir Georgia Export Import, USA, hef ég aldrei heyrt þær áður. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki heyrt um Staðarstað hf. heldur. Reykvísk endurtrygging var ekki til þegar ég var hjá Hafskipi. Hvers vegna þá allt þetta? spyr ég. Hvers vegna, eftir allt það sem gengið hefur á í sambandi við stöðvun á rekstri Hafskips hf., stend ég, sem hvorki er í Hafskip né Útvegsbankanum og hef ekki verið í þrjú ár, hér? Það er vegna pólitískra tengsla minna og ekkert annað. Og það er ljótt. En hvorki Ólafi Ragnari Grímssyni né neinum öðrum hér inni mun takast að fórna mér í þessu tafli stjórnmálanna þó svo að ég viðurkenni að þetta hefur sín áhrif. Það hefur sín áhrif á alla að verða fyrir þeim rógi og rógskrifum sem ég hef orðið að þola undanfarna daga. Ég á engan þann fjandmann, hvorki hér inni né neins staðar annars staðar í veröldinni, sem ég mundi óska þess að lenda í því sama og ég er að ganga í gegnum nú. Það get ég svo sannarlega sagt ykkur. Þetta er óskemmtilegt og það er þeim mun óskemmtilegra að ég held að það sem er verið að brjóta niður erlendis sé kannske það sem Íslendingar hafa átt lítið af, en það er af þekktum

mönnum. Ég er einn af þeim og líklega þekktastur þangað til Kiljan fékk sín Nóbelsverðlaun. Og nú eru fleiri íslenskir drengir á sömu braut sem bera hróður Íslands vítt og breitt um veröldina. Guð gefi að þeir fari ekki í pólitík þegar þeir koma til baka, að þeir noti sína lífsreynslu á annan hátt.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. En ég ætla ekki að gerast það lítill að vera á einhvers konar flótta undan þessum tíma og því óáþreifanlega sem ég verð að horfast í augu við nú. Ég mun berjast eins og vant er á móti því og ég mun sigra! Það brýtur mig enginn. Það þarf meira en róg þó að maður viti ekki hvaðan hann kemur. Hann kemur hér, hann kemur þar. Hann kemur ofan og neðan, aðallega líklega að neðan. En guð gefi að ekkert ykkar þurfi að eiga þá lífsreynslu.

Ég stóð í þessum stól og varði einn af okkar ágætustu forustumönnum, sem þá var andstæðingur minn í pólitík og hefði verið enn þá, þegar hann var allt að því borinn morði eða þátttöku í því. Það voru erfiðir dagar fyrir þann mann. Og nú er ég að ganga í gegnum sömu erfiðleika. En látið ykkur ekki detta í hug, ekki eitt augnablik að það beygi mig eða sverti Sjálfstfl. Það gerir það ekki. Það endurkastast eins og „boomerang" á þá sem voru upphafsmenn. Ég á þannig félaga erlendis að þeir láta ekki svona bergmál úr fjarlægð hafa áhrif á sig þó þeir hringi stundum á nóttunni og spyrji: Hvað er að ske, kæri vinur? Og eftir símtalið sit ég andvaka og hugsa: Hvað er að ske? Þið segið mér það kannske ef þið komist að því sjálf.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Það er auðvitað ekki réttnefni að kalla þetta mál sem hér er til umræðu utan dagskrár Hafskipsmál. Réttnefni yfir það er auðvitað Útvegsbankamálið. Og hjá því er ekki hægt að komast að taka það til að þar hefur Alberts þáttur Guðmundssonar, núv. hæstv. iðnrh., verið mjög stór og hann hefur oftlega komið við sögu þar í hinum ýmsu tilefnum. Ég vil þá í því tilefni, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr bók, sem Gunnar Gunnarsson skrifaði um Albert Guðmundsson og heitir sú bók einfaldlega Albert. Þar skýrir Albert m.a. vegna hvers hann snerist gegn ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Þar segir Albert:

„Það er oft erfitt að vera sjálfstæður. Ég hef ekki verið í stuðningsmannaliði ríkisstjórnarinnar og hef nú snúist gegn henni. Það atriði sem skiptir mestu máli fyrir mig varðandi breytta afstöðu til ríkisstjórnarinnar er það að ég varð formaður bankaráðs Útvegsbankans að beiðni ríkisstjórnarinnar og með samþykki Sjálfstfl. Og það er alveg sama hvaða ráð eða ábendingar ég hef gefið varðandi peningamál, sem eru stór liður í efnahagsmálum þjóðarinnar: ríkisstjórnin hefur aldrei tekið tillit til þess. Peningamálin eru í ólestri og það liggur á að taka þar til hendinni. Það er hreinlega eins og ráðvilltir menn séu að fálma eftir ráðstöfunum sem þeir viti ekki hverjar eigi að vera. Mennirnir sem standa fyrir þessum ráðstöfunum eru komnir á leiðarenda, þeir eru strand og vita ekki hvað til bragðs á að taka.

Ég næ ekki að gegna því hlutverki sem mér var ætlað sem bankaráðsformaður við þjóðbanka. Ríkisstjórnin hefur ekki sýnt mér það traust sem henni bar, ekki tekið það tillit til mín sem hún átti að gera. Þess vegna snerist ég gegn ríkisstjórninni."

Hér hefur hæstv. núv. iðnrh. látið þess getið að hann hafi ekki fengið það olnbogarými sem hann vildi og hafði talið nauðsynlegt. Hvað vildi hann? Hvað vildi ráðherrann? Menn geta auðvitað í sjálfu sér rannsakað lagalega hlið þessa máls sem nú er komið upp en hæstv. ráðh. lendir örugglega á löppunum niður úr því. Hann kemur niður standandi rétt eins og hann er vanur að gera. Það þarf engan speking til þess að geta sér til um það að auðvitað hafa allir aðilar gætt þess að halda sig innan ramma laganna.

Það sem hins vegar skiptir mestu máli er siðferðið í þessu máli öllu saman. Vegna þess að þegar umrætt tímabil stóð yfir, þ.e. þegar hæstv. iðnrh. átti sæti sem formaður bankaráðs Útvegsbankans og var jafnframt stjórnarformaður Hafskips, þá gerist það að Útvegsbankinn stóreykur viðskipti sín við Hafskip. Gerði einhver af bankaráðsmönnunum athugasemdir við það að Útvegsbankinn stóreykur viðskipti sín við Hafskip? Gerði einhver af bankaráðsmönnunum athugasemdir við það? Eða gekk einhver af bankaráðsmönnunum úr skugga um það hvort til væru nægilegar tryggingar fyrir þessum stórauknu viðskiptum? Á þessum tíma stóreykur Útvegsbankinn, sem er ríkisbanki, viðskipti sín við fyrirtæki sem er að hluta til eign formanns bankaráðsins. Auðvitað geta viðskipti Útvegsbankans og Hafskips eða annarra slíkra fyrirtækja mjög vel farið saman, en það gera þau ekki alltaf, eins og glögglega hefur komið í ljós nú að undanförnu. Hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson gat auðvitað ekki gætt hagsmuna Útvegsbankans gagnvart Hafskip sem formaður bankaráðs og samtímis gætt hagsmuna Hafskips gagnvart Útvegsbankanum. Það fer bara ekki saman, það sér hver heilvita maður. Einn og sami maðurinn getur ekki samtímis verið hagsmunagæsluaðili fyrirtækisins og bankans, hvor aðilinn gagnvart hinum. Svo vaknar spurningin: Hafi bankaráðsformaðurinn ekki skipt sér af útlánunum gerði hann þá athugasemdir? Hvað gerði bankaráðsformaðurinn yfirleitt í bankaráðinu? Er bankaráðið ekki hæstiréttur bankans? Á það ekki að hafa eftirlit með því að allt sé í lagi og gera tillögur um að úrbætur verði gerðar hafi eitthvað farið úrskeiðis? Hvað höfðu bankaráðsmenn við þetta að athuga? Hvað höfðu þeir að athuga við þessi stórauknu viðskipti við fyrirtæki bankaráðsformannsins?

Það kann að vera rétt að á þessu og s.l. ári hafi ekki verið hægt að gera neitt. Bankinn var búinn að leggja allt sitt á eitt fyrirtæki og var að sjálfsögðu nauðbeygður til þess að ganga úr skugga um það hvort það rétti ekki úr kútnum. Auðvitað hlaut stjórn bankans að vega og meta hvort réttara væri, eins og málum var komið, að halda úti þessum viðskiptum og hve miklu bankinn tapaði væru viðskiptin stoppuð af og Hafskip látið fara á hausinn. Stjórnin hlýtur auðvitað að meta það hverju sinni. Það er engin ástæða til þess fyrir okkur að gera mönnum upp sakir fyrr en slíkt sannast. Þess vegna er auðvelt fyrir hæstv. iðnrh. að segja sem svo: Ég hef ekki haft neitt með þetta að gera. Það eru tvö ár síðan ég fór og allt var í besta gengi þegar ég skildi við. En reyndin er hins vegar sú að þá var bankinn þegar orðinn gjörsamlega háður afkomu þessa fyrirtækis.

Að mínu mati er engan veginn réttlætanlegt að saka hæstv. iðnrh. um lögbrot af neinu tagi, og ég verð að segja að ég yrði mjög undrandi ef það, sem sagt lögbrot, reyndist verða útkoman úr þessari rannsókn

sem hann hefur beðið um. En verið er að minna á og draga fram í dagsljósið ákveðna siðblindu sem hann er ekki einn sekur um heldur og allur Sjálfstfl., þ.e. þeir sjálfstæðismenn sem samkvæmt því sem fram kemur í bókinni, sem ég vitnaði í áðan, studdu hann í þetta embætti vitandi ósköp og skelfing vel að staða hans þar gat auðvitað aldrei samræmst stöðu hans sem bankaformanns, staða hans annars í þjóðfélaginu.

Ég vitnaði fyrr, eins og kom fram áðan í máli mínu, í bókina þar sem Albert segir: „Það er alveg sama hvaða ráð og ábendingar ég hef gefið varðandi peningamál, það var ekki tekið tillit til þess.“ Hvaða ráð var hann að gefa varðandi peningamál sem ekki var tekið tillit til? Hvaða hlutverki náði hann ekki að gegna sem bankaráðsmaður sem hann vildi gegna? Hvað var það sem hann fékk ekki að gera en vildi samt gera? Þetta þyrfti að koma fram hér. Hvar brast traust ríkisstjórnarinnar, á hvaða sviði og af hvaða tilefni? Af hverju treysti ríkisstj. honum ekki? Hér er fólk inni sem að sjálfsögðu er mjög vel fært um að svara þessari spurningu sem hreinlega hrópar á svar. Það er fólkið sem þá var á Alþingi og við stjórn. Þess vegna er það að þetta mál er Útvegsbankamál en ekki Hafskipsmál, fyrst og fremst. Það er sá þáttur málsins sem okkur varðar beint sem þjóðkjörna alþm. vegna þess að það skiptir ekki meginmáli í þessu samhengi og er ekki innan okkar verksviðs hvort menn stofna fyrirtæki og setja það síðan á hausinn, bara svo lengi sem gjaldþrot þess er ekki farið að skipta verulegu máli fyrir buddu almennings.

Það sem skiptir meginmáli er hver ber skaðann og ekki skiptir minna máli hver var þess í raun og veru valdandi að hinn frægi litli maður í þjóðfélaginu á yfir höfði sér sérstakan skatt vegna þess skaða sem þessi tiltekni ríkisbanki hefur orðið fyrir vegna fyrst og fremst slælegs eftirlits og svo slævðrar dómgreindar þeirra sem að því leyti til bera sök á því hvernig komið er.

Það er auðvitað bráðnauðsynlegt að draga þá til ábyrgðar í þessu máli sem ábyrgðina bera þó ekki sé nema siðferðilega og pólitískt. Það ber bráða nauðsyn til að skipa rannsóknarnefnd og yfirheyra alla aðila tengda málinu og ná fram öllum þáttum málsins. Rannsóknarnefndin verður m.a. að athuga hvernig málin hafa þróast í þennan farveg. Þetta er þess vegna fyrst og síðast pólitísk spurning. Hún er pólitísk og hún er siðferðileg en hún er ekki lagaleg.

Ég efast nefnilega ekki um það eitt einasta andartak að lagakrókar hafi verið notaðir til hins ýtrasta í þessu sambandi á þann veg að allir sitja sléttir og felldir eftir. Menn passa sig auðvitað á svo sáraeinföldu atriði. Þess vegna biður auðvitað hæstv. iðnrh. um opinbera rannsókn á þessu máli hjá ríkissaksóknara. Það gerir hann vegna þess að hann veit sem er að þar stenst allt eins og stafur á bók hvað varðar lögfræðilegu hlið þessa máls. Þar fer fram rannsókn á því hvort hann hafi brotið lög eða ekki og það er eins víst og að ég stend hér að þar er hann á heimavelli og ekki kemur til með að reynast neitt athugavert við hans mál hvað lagalegu hliðina varðar. Þá yrði ég fyrst verulega undrandi ef svo færi. Þetta er sem sagt spurning um pólitískt og siðferðilegt uppgjör. Lagaþrætur í þessu sambandi eiga alls ekki við.

En athyglisvert er að blöð erlendis sem fjallað hafa um þetta mál fjalla nær einungis um þann þátt sem snýr að bankanum og stjórn hans. Í Aftenposten, norsku blaði, segir t.d. 2. desember, með leyfi forseta, og þá í lauslegri þýðingu minni: „Nú spyrja menn sig, bæði á Alþingi og í hinum íslenska fjármálaheimi, hvernig hægt hafi verið að halda bankanum á bak við tjöldin allan þennan tíma.“ Þar er einnig tekið fram að ljóst sé að það verði auðvitað skattgreiðendur sem verða að standa undir hinu stórkostlega tapi. Bankinn verði ekki gerður gjaldþrota vegna þess að tapið verði greitt af ríkinu. Þá er í þessari frétt tekið til að mjög virtur lögfræðingur í Reykjavík haldi því fram að a.m.k. einn málsaðila ætti nú þegar að vera kominn í fangelsi ef þessi skandall eða hneyksli hefði átt sér stað á einhverju hinna Norðurlandanna.

Áfram segir í þessari sömu grein að hæstv. iðnrh. sé dæmi um aðalforsprakkann í hneykslinu en hann, eins og blaðið segir, var formaður bæði í stjórn bankans og Hafskips sem nú er gjaldþrota. Þetta er það fyrsta og eina sem erlendir blaðamenn sjá sem virkilega athugavert. Herra forseti, það er vegna þess að í þeirra löndum er það nánast óhugsandi að slíkt og þvílíkt eigi sér stað.

Þetta er einnig réttlætismál fyrir almenning í landinu vegna þess að það lítur úr fyrir að hann eigi að greiða þessa reikninga og þess vegna er nauðsynlegt að hinn almenni borgari og launamaður fái ítarlega vitneskju um það hvernig þetta hafi getað átt sér stað. Mér er spurn hvort hæstv. iðnrh. hafi engar athugasemdir við það hvers vegna Útvegsbankinn lagði allt sitt svona á eitt fyrirtæki á þeim tíma sem hann var bankaráðsformaður og heldur ekki aðrir bankaráðsmenn. Þó svo að bankaleynd ríki þá ríkir auðvitað engin bankaleynd lengur yfir þessu máli. Það hefur komið fram í máli hæstv. forsrh., en það er auðvitað heldur ekki réttlætanlegt að svo sé. Þetta er orðið opinbert mál og menn verða að gjöra svo vel að tjá sig um það hvernig í ósköpunum þetta gat átt sér stað.

Hafskipsmál, það er það sem hefur dunið hér yfir okkur í dag. Menn hér, hv. alþm., eru duglegir við að ítreka að þetta sé alfarið mál Hafskips, en það þýðir bara ekkert fyrir hv. pólitíkusa hér að vera að skemmta sér yfir því að draga fram t.d. að einhverjir fulltrúaráðsmenn í Sjálfstfl., sem oft eru teknir til, eigi sæti í stjórn Hafskips og séu hluthafar í Hafskip. Það getur vel verið að það komi fram við rannsókn þessa máls að þar hafi ekki allt verið sem skyldi, en með því að draga fram þessa þætti málsins eru þeir einungis að beina athyglinni að fyrirtækinu Hafskip og þar með frá eigin hlutdeild í málinu sem þeir eiga óneitanlega í gegnum bankaráðsfulltrúa flokka sinna. Þetta er fyrst og fremst spurning um siðferði og pólitíska siðblindu. Þess vegna verður að yfirheyra allt þetta fólk, alla þá aðila sem hlut eiga að máli, alla bankaráðsmennina, alla bankastjórana, ekki samt af ríkissaksóknara. Það þarf að gerast fyrir opnum tjöldum af rannsóknarnefnd Alþingis, og sú rannsókn þarf ekki fyrst og fremst að beinast að hinum lögfræðilega grunni, eins og ég hef komið að hér áður, heldur að hinum siðferðilega og pólitíska grunni sem er nauðsynlegur og þarf til þess að upplýsa málið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Í einu dagblaðanna ekki alls fyrir löngu var því máli sem er til umræðu utan dagskrár lýst sem ævintýri. Skiljanleg en ekki heppileg lýsing því eins og allir vita enda ævintýrin alltaf vel en það gerir þetta mál svo sannar-

lega ekki. Hins vegar á þetta mál það sameiginlegt með ævintýrunum að í því virðast hinir ótrúlegustu hlutir hafa gerst. Sögurnar sem heyrast um meðferð fjármuna fyrirtækisins Hafskips, fjármuna sem fyrirtækið hafði m.a. fengið að láni hjá almenningi í landinu, eru lyginni líkastar. Golfferðalög til annarra landa, lúxusbílar keyptir og fluttir heimsálfa á milli, hótelreikningar upp á hundruð þúsunda, pappírsfyrirtæki notuð til að draga að fé og jafnvel að lánsfé frá Útvegsbankanum hafi verið látið renna til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips.

Þessar sögur eru óneitanlega lyginni líkastar og óskiljanlegar því fólki hér á landi sem á undanförnum árum hefur þrælað myrkranna á milli til þess að verða ekki vanskilamenn vegna þess að það er að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið. Og þetta fólk spyr: Hvernig í ósköpunum getur þetta gerst? og beinir augum sínum til hæstv. Alþingis. Þá er einnig lyginni líkast að heyra skýringar stjórnenda Útvegsbankans á því hvernig þessi ævintýralega martröð varð að veruleika. Í sjónvarpinu 6. desember s.l. kom fram hjá Halldóri Guðbjarnasyni, bankastjóra Útvegsbankans, að í október 1984, fyrir rúmu ári síðan, var bankanum ljóst að það stefndi í tap á rekstri Hafskips. Bankinn tók þá við sér og krafðist hlutafjáraukningar í fyrirtækinu. Síðan var ekki annað á bankastjóranum að skilja þegar hann sat fyrir svörum í sjónvarpinu en að bankinn hefði ekki fengið upplýsingar um rekstrarafkomu fyrirtækisins eins ört og hann hefði kosið fyrri hluta árs 1985, en samt, þrátt fyrir greinilega upplýsingatregðu af hálfu fyrirtækisins og þrátt fyrir að ljóst var strax í október 1984 að reksturinn stóð höllum fæti, virðist það hafa komið bankastjórum og bankaráði Útvegsbankans í opna skjöldu í júlí s.l. að stórkostlegt tap væri í raun á rekstri fyrirtækisins. Þetta er líka lyginni líkast og auðvitað hljóta menn að spyrja sig: Hvað var stjórn Útvegsbankans að hugsa? Sofnaði hún gersamlega á verðinum og var fé almennings stolið frá henni á meðan? Og áfram má halda með ævintýralegu sögurnar sem eru á hverju strái í þessu máli.

Síendurteknum viðvörunum bankaeftirlits Seðlabankans um að ekki væri allt eins og best væri á kosið í málum Hafskips og Útvegsbankans var ekki sinnt að því er virðist, a.m.k. ekki þannig að árangur væri af í tæka tíð. Og þegar hv. þm. taka að ókyrrast og spyrja út í þessi mál á Alþingi á s.l. sumri var fátt um svör. Borið var við ákvæði í lögum um bankaleynd og sagt að allt væri í lagi og engar ástæður til að hafa áhyggjur. Einum og hálfum mánuði seinna er það viðurkennt af stjórn Hafskips að geigvænlegt tap er á rekstri fyrirtækisins. Þá spyrja menn enn og aftur: Hvað hafa allir gæslumenn almannafjár verið að gera? Sváfu þeir allir á verðinum eða er eitthvað annað á kreiki í þessu máli? Og menn horfa til þess að stærsti stjórnmálaflokkur landsins er óþægilega tengdur þessu máli. Persónur og leikendur eru flestir úr honum og menn spyrja þess vegna líka: Hvernig stendur á því? Eru viðskiptahagsmunir skyldir pólitískum hagsmunum? Slíkar og þvílíkar spurningar fljúga nú manna á meðal hér á landi og á hæstv. Alþingi en það er fátt um svör og upplýsingar af skornum skammti. Svo skornum skammti að meira að segja hv. alþm. sem kjörnir eru af þjóðinni til þess m.a. að hafa eftirlit með ráðstöfun sameiginlegra fjármuna landsmanna hafa fram til dagsins í dag haft nánast ekki neitt í höndunum um þetta mál þótt fast hafi verið knúið á um upplýsingar. Enda er það svo að þegar hafa komið fram og verið þingfest á Alþingi hvorki meira né minna en fimm þingmál sem öll miða að því að ná fram upplýsingum í þessu stærsta gjaldþrotamáli í sögu íslenska lýðveldisins. Minna virðist ekki duga til.

Herra forseti. Spurningarnar í þessu máli eru margar og þær eru stórar og þegar stórt er spurt verður oft fátt um svör. Þessar spurningar snerta siðferðilegan grundvöll þess kerfis sem sér um ráðstöfun á sameiginlegu fé landsmanna. Bankakerfið hefur sína öryggisventla. Það hefur bankaeftirlit Seðlabankans og það hefur bankaráð kjörin af Alþingi, en þessir öryggisventlar brugðust í þessu máli. Stóra spurningin er: Hvers vegna? Það mun verða rannsakað og það mun ekki standa á okkur Kvennalistakonum að knýja á um það að sú rannsókn sem gerð verður á þessu máli geti talist marktæk. Ég leyfi mér að láta í ljós það álit mitt að hluti af svarinu við þessari stóru spurningu sé að þeir sem nú hafa steypt a.m.k. 350 milljón króna skuld á herðar landsmanna hugsi að einhverju leyti öðruvísi en það fólk sem finnst orðið vanskilamaður vera hnjóðsyrði og sem vinnur yfirvinnu, eftirvinnu og aukavinnu til að standa við sínar skuldbindingar. Hluti skýringarinnar liggur í því að á þann veg hugsa forsvarsmenn þessa gjaldþrotamáls ekki. Rannsókn málsins verður að skera úr um hvort um lagabrot er að ræða eða ekki en við skulum ekki ganga gruflandi að því hversu siðlaust það er að svona hlutir skuli geta gerst. Og það verkefni sem blasir við okkur sem hér sitjum er að koma í veg fyrir að það geti aftur gerst.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég verð að viðurkenna það að eftir ræðu hæstv. iðnrh. var ég eiginlega svo dolfallinn að ég gleymdi hreint og beint öllu sem ég ætlaði að segja og var kannske ekki mikill skaði skeður. Manni leið, undir þessari ræðu, alveg hræðilega illa fyrir hönd þessa aldna leiðtoga, íþróttakempu og góðviljaða fyrirgreiðslureddara. Manni leið eiginlega svo illa að maður gleymdi algerlega hugsanlegum þjáningum, ef þjáningar skyldi kalla því þær eru náttúrlega hreinir smámunir hjá öllu því sem Albert Guðmundsson verður að líða, þ. e. vandræðum þeirra sem taka verða afleiðingunum af því sem er að gerast í Útvegsbankanum í dag. Ég er ekki að tala um bankaráðsmennina, þeir svara til saka gagnvart Alþingi. Ég er að tala um þjóðina sem á þennan banka, Útvegsbankann.

Einhvern veginn tókst þessari öldnu og særðu kempu að fá okkur sem snöggvast hreint og beint til að gleyma því að það væru nokkrir aðrir sem ættu þarna hagsmuna að gæta, og samt snerist öll hans ræða um það að hann hefði ekki haft neinna hagsmuna að gæta. Hæstv. iðnrh. segir: Ég fór frá góðu búi fyrir þremur árum. Ég fór frá góðu búi í Útvegsbankanum og ég fór frá góðu búi í Hafskip. Ef við horfum fyrst á Hafskip er hann náttúrlega einfaldlega að segja: Mennirnir sem tóku við keyrðu þetta í kaf. Það er bara ekki mér að kenna. Við getum tekið slíkar fullyrðingar góðar og gildar. Aftur á móti segir hann: Ég fór frá góðu búi í Útvegsbankanum. Núverandi bankaráðsformaður hefur sagt: Ég kom að slæmu búi í Útvegsbankanum. Þessar tvær fullyrðingar segja svo mikið sem það að sá bankaráðsformaður sem réði ferðinni á tímabilinu frá 1. júní 1983 til 31. des. 1984 keyrði þetta allt í kalda kol. Það er þægilegt að segja þetta vegna þess að hann situr ekki lengur á þingi í

dag. Það er fyrrverandi þingmaður Guðmundur Karlsson úr Vestmannaeyjum.

Bíðið nú við. Í raun og veru skiptir þetta allt saman ekki neinu máli því bankaráðsmenn hafa ekkert um þessi mál að segja. Það þýðir sem sé að ef bankaráðsmaður getur ekki haft vond áhrif á stjórn banka getur hann heldur ekki haft góð áhrif. Sannleikurinn hlýtur að liggja innan þessara marka. Ef einhver maður getur ekki starfað einhverju fyrirtæki til óhagræðis vegna þess að hann hefur ekkert um mál þess að segja getur hann heldur ekki starfað því til hagræðis þannig að hann getur heldur ekki þakkað sér fyrir það góða bú sem hann fór frá. Það var einhverjum allt öðrum að þakka heldur en honum sjálfum. Hann fullyrti reyndar að hann hefði skapað þetta góða bú í mjög góðri samvinnu við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson og þáv. fjmrh. Ragnar Arnalds.

Það vill segja svo mikið sem það að Albert Guðmundsson er þeirrar skoðunar að fjármálaráðherra hafi bara haft fjári mikið um það að segja hvernig bönkum líður hér í þessu landi og það verði ekki starfað að góðu búi í slíkum bönkum nema fjmrh. komi þar við sögu. Hvernig stendur þá á því að hag Útvegsbankans fór að hnigna svona gífurlega mikið eftir að Albert Guðmundsson varð fjmrh. — því það var það sem gerðist 1. júní 1983, að hann hætti að vera bankaráðsformaður og varð fjmrh.?

Þetta aðeins út af mjög hjartnæmum orðum hæstv. iðnrh. áðan sem nánast komu út á manni tárum vegna þess að hann ákærði félaga sína og þá horfði hann yfir allan hópinn. Hann ákærði þá fyrir að ákæra sig fyrir að hann hefði brugðist þeim í þeim skyldustörfum sem þeir félagar hans, allir 60 hér á þingi, höfðu falið honum.

Ég held að í raun og veru hafi nánast allir sem talað hafa hér enn þá í kvöld, og þá sérstaklega þeir sem hafa reynt að bera blak af Útvegsbankanum í Hafskipsmálinu svonefnda, lagt mjög ríka áherslu á það að við berum allir ábyrgð. Við berum allir ábyrgð, strákar. Og þetta er það sem eftir situr, held ég, þegar menn hugsa um þetta mál, að Alþingi ber raunverulega ábyrgð á því. Það eru ekki forstjórar Hafskips sem þarna er fyrst og fremst við að sakast, ekki af hálfu þingsins. Það eru ekki einu sinni bankastjórarnir sem er við að sakast af hálfu þingsins. Það er þingsins að ásaka sig sjálft fyrir að hafa sett eftirlitsaðila inn í þessa banka sem gengu að sínu starfi í þeirri trú að það væri alls ekki þeirra hlutverk að hafa eftirlit. Enginn þeirra hefur raunverulega gert eitt eða annað til þess að sinna þessu eftirlitshlutverki. Það er alveg sama hvort hann sat þar sem fulltrúi Sjálfstfl., sem er alveg rosalega vondur flokkur í dag, eða hvort hann sat þar sem fulltrúi Framsfl., sem er reyndar ekki alveg eins vondur flokkur í dag vegna þess að hann er ekki akkúrat með báða fætur á kafi í þessu máli.

Aftur á móti skyldu menn vera minnugir orða hæstv. viðskrh. hér í kvöld sem lofaði því að nú yrðu rannsökuð viðskipti allra stórra viðskiptaaðila við ríkisbankana. Sú litla frétt var ekkert annað en bein hótun til SÍS, til Framsfl. Strákar mínir í Landsbankanum, þið skuluð bara fara að vara ykkur. Ef þið ætlið að steyta of mikla görn vitum við alveg hvar skórinn kreppir að ykkur. SÍS á Landsbankann — það hafa þeir sjálfir viðurkennt — og það er þar sem hægt er að lesa ýmsa skrýtna hluti ef menn hafa áhuga á. Það var þetta sem viðskrh. var að hóta.

Ég var að tala um að við kjósum hér árlega menn til að hafa eftirlit með störfum þessara banka. Þessir menn koma úr fjórum flokkum sem sitja hér á þingi. Eins og hv. 4. landsk. þm. benti á áðan er mönnum svo mikið í mun að þessir fjórir flokkar hafi allir sína eftirlitsaðila í þessum bönkum að þegar einn flokkurinn hefur ekki atkvæðamagn til að koma sínum fulltrúa að hjálpa hinir honum til þess. Þið skuluð ekki láta ykkur detta í hug að þeir hjálpuðu honum til þess ef þeir hefðu minnstu ástæðu til að óttast að þessi fulltrúi færi að hrópa upp ef hann sæi eitthvað skrýtið. Nei, þeir vita að enginn þessara aðila hrópar upp.

Menn gera mjög mikið úr því sem er að gerast á þessum mánuðum, ábyrgð manna á þessum mánuðum, en staðreynd er að þessi saga, sem við erum að lesa lokakaflann af, þó þessi lokakafli eigi kannske eftir að verða nokkru lengri en menn grunar í dag — að þessi saga var skrifuð fyrir langa löngu. En ég bendi á, og ég skal ekki hafa mikið lengra mál um þetta, það er búið að segja nánast allt sem segja þarf í þessu máli, að í bankaráði Útvegsbankans hafa setið fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl., Alþb. og Alþfl. Allt í lagi. Við skulum segja að samtryggingarkerfi Sjálfstfl. hafi verkað þannig að bankaráðsfulltrúar Sjálfstfl. gátu ekki sagt neitt, urðu að láta hlutina yfir sig ganga. Við skulum segja að eftir að þessi stjórn var mynduð hafi bankaráðsfulltrúar Framsfl. verið múlbundnir með sama hætti. En hvers vegna, hvernig og af hverju voru bankaráðsfulltrúar Alþfl. og Alþb. múlbundnir? Hvers vegna þurftu landsmenn að lesa um ástandið í Útvegsbankanum í Helgarpóstinum? Hvers vegna komu ekki fulltrúar þessara flokka inn á þing og sögðu: Það er eitthvað mjög skrýtið að gerast í Útvegsbankanum. Við verðum að fá nánari skýringar á því.

Ég er ekki að tala um þessa menn sem einstaklinga. Þetta eru fulltrúar þingflokkanna hér á þingi og þeir eru settir inn í þessi bankaráð til að upplýsa sína þingflokka um það sem þar er að gerast. Það er þá þingflokkanna að flytja fregnir af því sem miður fer hér inn á þing. Það hefur ekki gerst. Ég tel að þetta ætti að vera mönnum nægileg viðvörun til að átta sig á því að þetta eftirlitskerfi dugir ekki. Það ætti líka að vera mönnum nægileg viðvörun til að átta sig á því að þessi íhlutun stjórnmálaflokka í úthlutun peninga, því það er íhlutun í úthlutun peninga þar sem ekki er farið að lögum sem Alþingi samþykkir eins og á fjárlögum, heldur handahófskennd úthlutun án þess að leitað sé samþykkis fulltrúa þjóðarinnar, þessi leið til úthlutunar fjár hlýtur að leiða af sér spillingu og hún hlýtur að vera óheilbrigð og hana á að afleggja og það sem fyrst.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það var ekki mikil drift í þeirri rödd formannakórs Bandalags jafnaðarmanna sem hér talaði rétt áðan. Hefði nú verið við öðru að búast úr þeim herbúðum.

Það er margt sem hægt er að tína upp og taka til í slíkri umræðu sem hér á sér stað. Fyrst og fremst er verið að gera viðskiptamál að pólitísku máli. Við skulum ræða það.

Þar er Útvegsbanka Íslands stillt upp eins og einhverju sem er á milli steins og sleggju, banka sem ber ábyrgð á stórum hluta íslenska útvegsins sem er grunnurinn undir þetta þjóðfélag þótt ýmsir þeir sem kallast

hópverjar í hinum menningarlegu hópum Alþb. vilji lítið láta sig það varða, enda fljúga menn þar á alþjóðlegri flatlendishyggju og varðar lítt um land það sem í norðri er og kallast Ísland.

Það er einstakt mál í bankasögu landsins, herra forseti, að tryggingar hjá fyrirtæki eins og Hafskipi skuli brenna upp á nokkrum mánuðum. Það er einstakt mál og í ljósi þess skyldi skoða það mál. Undir venjulegum kringumstæðum hefði verið hægt að koma eignum Hafskips í viðunandi verð, en með því fjaðrafoki sem hefur átt sér stað fyrir tilstilli talsmanna úr röðum stjórnmálamanna og einnig nokkurra blaða landsins verða allir hræddir á einu augnabliki. Allir verða hræddir, ótti grípur um sig. Eins konar múgsefjun verður að kalla það.

Hér er vissulega um mikið og alvarlegt mál að ræða, sorglegt mál þar sem spennandi möguleikar fara úr böndum. En það er ekki nýtt að upp komi slík mál á Íslandi. Við skulum nefna dæmi um Flugleiðir sem stóðu mjög illa fyrir nokkrum, fimm árum, og römbuðu á barmi gjaldþrots. Stjórnmálamenn, sem hér hafa talað í umræðunni í dag, réðust að því fyrirtæki með offorsi. Hv. málshefjandi var þar á meðal og taldi að það væri dauðinn og djöfullinn í hverju fótmáli. Hvað eru Flugleiðir í dag? Flugleiðir eru eitt traustasta fyrirtæki landsins sem veitir á annað þúsund Íslendingum atvinnu, er gjaldeyrisskapandi og stendur sig vel á alþjóðamarkaði. Menn skyldu fara varlega í því að dæma fyrir fram í hverju máli og setja sig á háan stól í þeim efnum.

Þetta mál hjá hv. málshefjanda og öðrum úr stjórnarandstöðunni, sem eru að gera viðskiptamál að pólitísku máli, byggist fyrst og fremst á því að beina spjótum að einum manni, Albert Guðmundssyni. Í öðru lagi byggist það á því að beina spjótum að stjórnmálaflokki sem heitir Sjálfstfl. Í þriðja lagi er svo Útvegsbanki Íslands hafður að skotmarki þeirra aðila sem vilja hann feigan og varðar ekkert um skyldur þær og þjónustu sem sá banki sem annar af aðalbönkum landsins veitir byggðum landsins. Hvaða mál eru líka byggðir landsins þegar hægt er að gera pólitískt uppsteit eins og í þessu tilviki?

Það er slæmt og fyrir neðan virðingu þingmanna þegar slúðrið fylgir með. Staðreyndirnar í þessu máli eru nógu daprar þar sem skipafélag sem um áratuga skeið hefur verið blómlegt fyrirtæki í landinu verður gjaldþrota. Það eru nógu daprar staðreyndir þó menn þurfi ekki að vaða fram í hálfgerðri sálsýki með grunsemdir, getsakir. Menn gefa sér allt fyrir fram, hleypa slúðrinu fram og gefa það klárt og kvitt að kjaftæðið sé sannleikur. Þar skyldu menn bíða niðurstöðu þeirra sem hafa umboð til að rannsaka slík mál.

Hverjir í þessu landi eiga að sjá hinum stóru fyrirtækjum landsins fyrir þjónustu? Að sjálfsögðu eru það stærri bankar. Sparisjóðir landsins gera gagn vítt um land, en þeir sinna ekki hinum stóru verkefnum sem við viljum hafa og hafa skilað okkur góðum árangri í gegnum áratugi þessarar aldar. Til hvers eru menn að ráðast á Útvegsbanka Íslands? Til þess eins að reyna að knésetja stjórnmálamenn. Það er skoðun út af fyrir sig.

Gott dæmi um bulluskapinn í þessu máli er málflutningur hv. málshefjanda Ólafs Ragnars Grímssonar í sjónvarpsþætti í síðustu viku. Þar blaðraði þm. um að það væri meiri ósvinnan og meiri skömmin að þeir sem gerst vissu í þessu máli, í þróun þessa máls á undanförnum mánuðum, hefðu ekki sagt sannleikann, að menn sem unnu trúnaðarstörf á vegum Útvegsbanka Íslands skyldu ekki opna málið og leggja spilin á borðið. Þm. var þá spurður hvers vegna fulltrúi Alþb. í bankaráði Útvegsbanka Íslands, hv. þm. Garðar Sigurðsson, hefði þá ekki opnað málið. Nei, þá horfði málið öðruvísi við. Þá svaraði Ólafur Ragnar Grímsson að þá gilti bankaleynd. Hún mátti ekki gilda um aðra, en hún átti að gilda um fulltrúa Alþb. Það sýnir líka hvað menn tefla djarft í þessu máli að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnti í umræddum sjónvarpsþætti að þingflokkur Alþb. hefði samþykkt að létta bæri af bankaleynd. Hann var þá spurður: Samþykkti hv. þm. Garðar Sigurðsson það einnig? Það var svarað hiklaust og játandi. Garðar Sigurðsson, bankaráðsmaður í Útvegsbanka Íslands, hefur upplýst að hann hafi ekki staðið að slíkri samþykkt, enda er Garðar Sigurðsson þekktur að því að vera heill í því sem hann gerir og sinna því af samviskusemi, segja sína meiningu en sleppa slúðrinu. Það mættu ýmsir samflokksmenn læra af honum í þeim efnum.

Þeir sem tala um að reka eigi banka hljóta að gera ráð fyrir því að bankinn geti haldið trúnaði við sína viðskiptavini. Menn halda ekki trúnaði í slíku fjaðrafoki sem hér hefur átt sér stað undanfarnar vikur, enda hefur reynt á þennan banka sem í gegnum áratugina hefur fengið að reyna ýmsar holskeflur í þjónustu við landsmenn. Hann hefur ekki verið neitt dekurbarn þessa þjóðfélags.

Það gerir í rauninni stjórnendum slíks banka og starfsmönnum ólíft að starfa í slíkri stofnun við þær kringumstæður og aðstæður. Því er mál að því moldviðri, sem þyrlað hefur verið upp, linni. Það er eðlilegt að mál séu rædd hispurslaust, en það er ástæðulaust að snúa sífellt breddunni í sárinu. Það er rétt að taka upp mál þegar vandi er á borði, en það er jafnrétt að sleppa slúðrinu.

Hafskip er gamalt mál að því leyti að það fyrirtæki hefur aldrei haft sterka eiginfjárstöðu og ef staðreyndir eru skoðaðar kalt og rólega er jafnljóst að þegar varnarliðsflutningarnir duttu út brást Hafskip við á þann veg að reyna að nýta möguleika sem fyrirtækið hafði kannað og búið sig undir um nokkurra ára skeið, að taka upp siglingar yfir Atlantshaf. Það er einföld staðreynd að menn ákváðu að reyna að nýta bæði þekkingu og mannafla þessa fyrirtækis, ákváðu að reyna að fara út á nýjar brautir, þegar mikilvægur flutningsþáttur datt út. Þær athuganir lofuðu góðu og það vita allir sem hafa fylgst með þessu máli og vilja vita hverjar staðreyndir málsins eru.

Við þessar athuganir voru bundnar vonir. Það fór fram endurskipulagning á fyrirtækinu, hlutafjáraukning og stefnt var að hagræðingu hér heima. Staðreyndin er hins vegar sú að þessar vonir brugðust. Kostnaður varð meiri en reiknað var með. Tekjur voru svipaðar, en kostnaðaraukinn réði úrslitum í þá veru að tap varð á fyrirtækinu annað árið í röð, verulegt tap. Það kemur tvennt til: rekstrartap og mikil verðrýrnun á skipastól Hafskips.

Það hefur verið nefnt dæmi um eitt nýjasta skip Sambandsins sem kostaði 9 milljónir dollara fyrir u.þ.b. ári. Í dag fengjust ekki 4 milljónir dollara fyrir það. Þetta segir söguna. Þetta segir söguna um þann ótrúlega funa, hvernig eignir Hafskips hafa brunnið upp á

stuttum tíma.

Hafskipsmenn tóku vissulega mikla áhættu. Ef sú áhætta hefði heppnast hefðu menn hrópað húrra, en því miður misheppnaðist hún. Í þessu sambandi er vert að huga að því hvort ekki er æskilegt, hvort ekki er nauðsynlegt og brýnt að dreifa hinni miklu áhættu sem hin stærri félög landsmanna, fyrirtæki landsmanna, þurfa vissulega að taka, dreifa henni á fleiri banka. En hvaða bankar ráða við slík fyrirtæki? Hvaða bankar ráða við stærstu fyrirtæki landsins? Það eru ekki nema tveir bankar, fyrst og fremst Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands. Þó er dæmið svo knappt um eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands. Það er hægt að bera saman við margt. Fyrir stuttu kom hingað grænlenskur skuttogari sem ein byggð í Grænlandi hafði keypt, rækjutogari. Hann kostaði 400 millj. íslenskra króna. Það er heldur minna en eiginfjármagn Útvegsbanka Íslands sem á þó að bera slíka ábyrgð sem sá banki ber.

Það er sérkennilegt að heyra talsmenn Alþb. ræða um afstöðu þess flokks til bankaleyndar ríkisbankanna. Hún er furðuleg og í engu samhengi við þá skoðun þeirra að það eigi að reka ríkisbanka. En það er þeirra skoðun. Þeir sleppa alveg því atriði að eðlilegt sé að ákveðinn trúnaður sé á milli banka og viðskiptavina, en það hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera þannig, það er aðalsmerki einkabanka. Og ef Alþýðubandalagsmenn halda að þeir geti stundað viðskipti í banka án þess að slíkur trúnaður sé fyrir hendi hjá einum banka en ekki öðrum, hjá einkabanka en ekki ríkisbanka, þá er sýnt að þeir fara villir vegar.

Það verður líka að segja það eins og er að þó að menn séu hér að gera mikið úr því að hver fjölskylda í landinu, hver einstaklingur í landinu tapi miklu þá er það út í hött að gera svo mikið úr því að almenningur borgi brúsann. Við skulum tala um viðskipti eins og viðskipti án þess að vera með neitt óþarfa tilfinningamál í þeim efnum. Auðvitað kemur þetta umrædda tjón fyrst og fremst niður á eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands og veikir stöðu bankans. En að halda því fram að þar sé verið að taka fé er óraunhæft. Það er hægt að stilla öllum málum upp á félagsfræðilegan hátt með prófessorstitlum og hverjum fjáranum sem mönnum dettur í hug, en ef menn ætla að gera þessu landi gagn skulu þeir horfast í augu við staðreyndir, þær staðreyndir að viðskipti eru viðskipti fyrst og fremst og það þarf að hugsa til beggja enda með þeim möguleika að áhættan verði tjón.

Það er nefnilega ekki hægt að segja að ríkið eigi að reka banka, eins og Alþýðubandalagsmenn vilja þó segja, en reikna ekki með því að ríkið leggi neina peninga í bankann. Það gengur hreinlega ekki upp. Slík rúbluviðskipti ganga a.m.k. ekki í þessu landi.

Nú keppast allir um að hafa komið þessari umræðu af stað. Hver í kapp við annan þveran keppist um það að vera sem ósvífnastur í umræðunni og gera ekki greinarmun á staðreyndum og kjaftæðinu. Bankar eiga erfitt með að verja sig. Þar kunna menn til verka að því leyti að þeir bregðast ekki trúnaði, kunna til verka í þeim efnum, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson sem lætur ekki eitthvert froðusnakk setja sig upp að vegg. Það er álíka að krefjast þess að bankastjórar tali í slíku máli og að krefjast þess að mállaus maður tali. Þeir hafa sínar skyldur. Af því 400 millj. kr. tapi sem nú er um að ræða í Útvegsbanka Íslands má ætla að helmingur tapsins komi til vegna þess moldviðris sem þyrlað hefur verið upp, vegna þess að á óheppilegum tíma í erfiðri stöðu hjá stóru fyrirtæki ganga allir að fyrirtækinu, verða óttaslegnir, verða hræddir um sitt. Það eru mikil umsvif víða um heim. Samkvæmt upplýsingum þeirra sem gerst þekkja í málinu má ætla að óþarfa tap sé um 200 millj. kr. í þessu dæmi. Það er dýrt spaug ef tilgangurinn er sá einn að skapa pólitískt moldviðri.

Það getur alltaf verið álitamál hvenær banki á að stoppa í rekstri, stöðva rekstur fyrirtækis, setja bremsur á. Það er ljóst líka að Útvegsbanki Íslands spyrnti við fótum, en engu að síður gekk ógæfan svo hratt yfir að ekki varð við ráðið. Það er hin napra staðreynd málsins.

Það er margt sem ekki er tekið inn í efnahagsreikninga fyrirtækja. Það er t.d. ekki tekið með í dæmi eins og Hafskip, þar sem 500 hluthafar hafa verið í fyrirtæki, 500 hluthafar sem margir hverjir standa í rekstri, að það er styrkur fyrir fyrirtæki að hafa slíka menn. Það er ekki hægt að meta það annað en styrk. En það er ekki tekið með í efnahagsreikning. Það er ekki óeðlilegt að banki í viðbrögðum í erfiðri stöðu taki eitthvert tillit til slíks. Góð áhöfn skiptir miklu máli og góð áhöfn reynir að bjarga bátnum. (**Gripið fram í:** Valinn maður í hverju rúmi.) Já, það má segja það, valinn maður í hverju rúmi. Þeim getur líka skjátlast, sérstaklega ef þeir hugsa ekki um það eitt að vera alla ævi sína á ríkisjötunni og lifa fyrir þá eina sýn að allt sé bundið miðstýringu og aftur miðstýringu, en þó fyrst og fremst því að ein regla eigi að gilda fyrir einn hóp manna í þjóðfélaginu og önnur fyrir aðra.

Það er ljóst, sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson í ræðu í dag, að það er búið að rýra traust þjóðarinnar. Það var eins og þessi þjóð væri farin fjandans til. Minna mátti það ekki heita.

Þegar Ambrosio-banki fór á hausinn á Ítalíu ekki alls fyrir löngu sinntu stjórnvöld á Ítalíu því í engu. Traust ítalskra banka um allan heim minnkaði vegna þess að fyrirtæki, þjóðþekkt fyrirtæki og löngum traust fyrirtæki á Ítalíu fór á hausinn og var látið fara á hausinn án þess að nokkur stæði við bakið á því fyrirtæki heima fyrir.

Það er ekki langt síðan sterkur banki í Danmörku fór á hausinn. En dönsk stjórnvöld stóðu ábyrg að baki þeim banka og Danir héldu traustinu í alþjóðaviðskiptum.

Viðbrögð Seðlabanka Íslands í þessu máli þýða að vígstaða Útvegsbanka Íslands á erlendum vettvangi er traust þrátt fyrir það áfall sem átt hefur sér stað. Það er að standa eins og menn í þessu máli, þora að horfast í augu við staðreyndir án þess að kikna í hnjáliðunum og emja hér eitthvert volæðisþrugl. Það er ástæða til þess þegar velt er upp stöðu á verðfalli skipaflota víða um heim að Hafskip er ekki eitt á báti. Rekstur skipafélaga hefur orðið fyrir miklum áföllum víða um heim á síðustu misserum.

Á fyrstu árum áttunda áratugarins voru horfur á því að olíuflutningar ykjust verulega og tíu árum síðar leit út fyrir að mikil aukning yrði á hrávöruflutningum. Allt eru þetta viðskipti á heimsmarkaði. Hvort tveggja varð til þess að skipafélög stækkuðu flota sinn. Bankar kepptust um að lána skipafélögum fé. En olíuverðshækkunin árin 1973—1974 og aftur 1979—1980 leiddi til mikils samdráttar í notkun olíu og nýjar auðlindir nær

markaðssvæðunum, t.d. í Norðursjó, Mexíkó og Alaska, urðu einnig til að minnka flutningsþörfina. Þetta eru markaðslegar staðreyndir sem eru ekkert spennandi ef menn ætla ekki að horfast í augu við það hvers vegna skipastóll heimsins rýrnar svo hratt sem ber. Það er nefnilega fleira sem siglir um heimshöfin en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem er orðinn eins konar farandbikar milli landa, en ekki býst ég við að margir vilji fá hann til eignar.

Aukning á hráolíuflutningi á þessum áratug hefur heldur ekki orðið að veruleika. Nú er svo komið að kaupskipaflotinn samtals er álitinn vera um fjórðungi of stór. Vandinn er mestur í útgerð olíuskipa og stærstu flutningaskipa en nær einnig til gámaflutninga. Sem dæmi um þá erfiðleika, sem steðja að, má nefna að japanska félagið Sanko Steamship var tekið til gjaldþrotaskipta í ágúst s.l. en floti þess, alls 260 skip, var hinn stærsti í heimi. Skuldir félagsins nema um 5 milljörðum dollara. Það má nefna að skuldir Íslendinga alls eru um 1,5 milljarðar dollara. Það er ljóst að takist að bjarga því fyrirtæki verður floti þess verulega að minnka. Af þessari ástæðu og ýmsum öðrum, erfiðri þróun hjá mörgum skipafélögum heimsins, hafa skip lækkað svo í verði sem raun ber vitni.

Í vikuritinu Vísbending, sem er rit sem fjallar um erlend viðskipti og efnahagsmál, var fyrir stuttu vitnað í grein í nýlegri útgáfu af Wall Street Journal þar sem fram kom að það versta í skipaflutningum sé hugsanlega afstaðið. Lægra gengi dollarans gagnvart helstu myntum gæti örvað útflutning í bandarískum efnaiðnaði og landbúnaði og þá ykist flutningsþörfin yfir Atlantshafið til muna. Það er einnig fjallað um blákaldar staðreyndir í viðskiptaþáttum, að áform Saudi-Araba um að auka olíuframleiðslu gæti einnig aukið eftirspurn eftir olíuflutningum. Aðrir telja að það séu enn nokkur ár í að jafnvægi náist milli framboðs og eftirspurnar á flutningum á sjó. Flutningsgjöld stærstu skipanna eru nú aðeins um þriðjungur af því sem þau voru fyrir fimm árum. Jafnframt er talið að hækkunin geti ekki átt sér stað fyrr en bilið á milli flutningsgetu og flutningsþarfar minnki, e.t.v. ekki fyrr en eftir 1990.

Þetta eru atriði sem menn eiga að skoða í umræðu sem þessari því að siglingar og skiparekstur eru ekkert skammtímamál. Það er framtíðarmál fyrir Íslendinga að slíkur atvinnuvegur geti átt sér stað frá okkar landi. Á síðasta ári jókst nokkuð flutningsþörf á hafi vegna aukins útflutnings á neysluvörum. Síðan hefur orðið nokkur samdráttur aftur og hann hefur komið víða illa við rekstur gámaskipa. Aðeins verð á þeim skipum hefur lækkað um 15—20% vegna mikils framboðs síðasta hálfa árið.

Við skulum líta okkur nær og skoða dæmi um skiparekstur í Svíþjóð. Þar eru einnig skipafélög sem berjast í bökkum. Tveimur sænskum ríkisreknum skipafélögum var fyrr í þessum mánuði veitt opinbert lán að fjárhæð 3,4 milljarðar sænskra kr., um 18 milljarðar íslenskra kr., til að forða þeim frá gjaldþroti. Félögunum tveimur var veitt þessi fyrirgreiðsla af fjármunum sænskra skattgreiðenda til að gefa félögunum svigrúm til að losa sig við alls 65 skip sem smíðuð voru á vegum ríkisreknu sænsku skipasmíðastöðvarinnar Svenska Varf AB. Alls hefur þá sænska ríkið ábyrgst um milljarð bandaríkjadollara fyrir þessi tvö skipafélög.

Hluti af gríðarlegu tapi annars fyrirtækisins, Zenits, stafar af því að stjórnendur félagsins ákváðu að draga að selja skipin í von um að verð færi hækkandi. Það brást algerlega og nú er kostnaður vegna sölu á skipaflota í eigu sænska ríkisins orðinn vel yfir 30 milljarða íslenskra kr. Þessi niðurgreiðsla sænskra skattgreiðenda á flutningaskipum hefur að sjálfsögðu áhrif á skipaverð á markaðnum nær og fjær og þar með á eigur annarra skipafélaga sem reyna að standa á eigin fótum án stuðnings opinberra aðila.

Við skulum horfa á þetta mál í víðu samhengi. Það skiptir miklu máli að Íslendingar eigi fyrirtæki á alþjóðavettvangi. Þeir sem hafa staðið í þeim rekstri hafa lengst af sýnt að þeir kunna að standa að verki. Nú blasir við óhapp sem hefur orðið meira en ella vegna uppþota og ótímabærra getsaka í garð fyrirtækis, í garð banka, í garð einstaklinga sem bæði hafa verið í þjónustu og einnig tekið eigin ábyrgð í rekstri.

Það er ekki talað um það af hálfu þeirra sem taka aðeins eina hlið þessa máls að það hafi verið talinn kostur hér á landi um árabil að Hafskip flytti vörur til landsins, til og frá. Það hefur verið talið að rekstur þess félags þýddi lægra flutningsverð, lægra vöruverð fyrir fólkið í landinu. Hvar er nú talað um þann kost, þau hlunnindi, sem fólkið í landinu hefur fengið af slíkum rekstri? Það er ekki talað um það af hálfu þessara alþjóðlegu bútunga.

Það þykir sjálfsagt að einkabankar auki sitt eigið fé en það er talinn glæpur að ríkið styrki sína eigin banka. Á árunum 1920—1930 var það fastur liður á fjárlögum íslenska ríkisins að verja fjármagni í eiginfjárstofn Landsbanka Íslands. Kannske gáfu menn sér tíma þá til að hugsa um að það fylgdi því ábyrgð og áhætta að reka banka og það fylgdi því sú skylda að hafa trausta eiginfjárstöðu í slíku fyrirtæki.

Það er fáránlegt að í banka með slíka áhættu, sem Útvegsbanki er með, sé eigið fé ekki meira en 530 millj. kr. Ef ekki hefði komið til skattheimta, ekki allgömul, á banka landsins væri eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands 6—700 millj. kr. hærri en hún er í dag. Þá væri þessi vandi minni fyrir Útvegsbanka Íslands. En á meðan það er glæpur að banki hafi bakhjarl í eigin fé er erfitt að tala um alvörustofnanir á þeim vettvangi.

Það er ljóst að miðað við getu banka með slíkt eigið fjármagn eru lán ýmissa einstakra kúnna fyrirtækisins of há. Eiginfjárstaða Útvegsbanka Íslands er þó innan löglegra marka, hún er innan ramma laganna. Lögin gera einfaldlega ekki meiri kröfur í þessum efnum. En það er ljóst að stór íslensk fyrirtæki, sem eru fjárfrek, þurfa, ef halda á slíku bankakerfi áfram, að snúa bankaviðskiptum sínum til margra banka á Íslandi, dreifa viðskiptunum til fjölmargra banka þannig að einn banki þurfi ekki að taka þá áhættu sem hann gerir í dag gagnvart stóru fyrirtæki með svo veika eiginfjárstöðu sem raun ber vitni.

Hafskip tók kúrsinn á fullu á hættulegum tíma. Það er ljóst að þar hefur ráðið of mikil áhætta, of mikil bjartsýni og því er staðan eins og hún er í dag. En við skulum ekki gleyma því að þeir sem eru í atvinnurekstri í þessu landi taka mikla áhættu hvort sem það er sjómaður eða landmaður. Þetta er allt spurning um áhættu þar sem atvinnan er.

Í alvörurekstri verður að gera ráð fyrir áföllum. Það gerum við ekki í atvinnulífinu í dag. Þar er áhættan á

annað borðið en flest tryggt í þjónustunni. Ég ætla að nefna tvö dæmi. Lyfjanotkun Íslendinga hefur farið 160 millj. fram úr áætlun á þessu ári. Það lætur nærri að Íslendingar noti lyf fyrir 2 milljarða kr. Það er ekki furða þótt hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon brosi, veitti víst ekki af mixtúru. En skyldi vera full stjórn á þessari lyfjanotkun, þessari lyfjaeyðslu? Ég ætla ekki að fullyrða um það en láta uppi miklar efasemdir um að svo sé. Þar kann að vera bruðlað meira en góðu hófi gegnir og að menn hugi ekki að ýmsu sem menn skyldu gera.

Ég ætla að nefna annað sem er tryggt og hefur verið gulltryggt í þjónustunni, það eru námslán. Það eru allir sammála um að menntun sé gulls ígildi og nauðsynlegt sé að mennta þjóðina og það sé fjárfesting fyrir framtíðina. En þar þarf að hafa stjórn á eins og í öðru. Á þessu ári lánar Lánasjóður ísl. námsmanna 1230 millj. kr. Hann fær til baka á árinu 70 millj. kr. Lánskjör eru þau, svo dæmi sé tekið, að hjón í námi með eitt barn fá 51 þús. kr. á mánuði hérlendis í námslán og styrki, því að hvort tveggja heitir það. Hjón með grunnlaun í fiskvinnslu með eitt barn, hvað hafa þau? Þau hafa 32 þús. kr. Hvaða glóra er í þessu? Er ekki ástæða til að huga að fleiri málum en þeim þar sem óhöpp koma upp og menn þurfa að rannsaka hluti? Menn eiga að gefa þeim sem lenda í óhappinu færi á því að komast með fætur niður á jörðina í staðinn fyrir að sparka undan þeim fótum og eyðileggja möguleika til að bjarga sér eins og hægt er út úr erfiðri stöðu.

Það eru 13 þús. Íslendingar á framfæri Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þar af eru um 7000 námsmenn, að auki börn og makar sem lánað er út á og það er eðlilegt fyrirkomulag. En það þarf að vera samræmi í hlutunum. Ég nefni þetta sem dæmi um það sem er tryggt í þjónustu landsmanna á meðan harkað er á þeim sem stunda áhættuna í atvinnurekstri.

En skyldi nokkuð dafna í þessu þjóðfélagi, í menningarlífi, menntun og öðru, ef ekki væru grunnatvinnuvegir og fólk sem skilaði gjaldeyristekjum? 80% af tekjum okkar lands koma úr sjávarútvegi. Útvegsbanki Íslands er annar höfuðbakhjarl þessa atvinnuvegar. Menn hefðu kannske eitthvað átt að hugsa um stöðu Útvegsbanka Íslands í þessu máli einnig en miða ekki allt við það að reyna að klína ósóma á einstaklinga.

Þegar gengið er að atvinnuvegunum og þeim sem þjóna þeim eins og gert hefur verið á ósanngjarnan hátt í máli margra hér í dag er ljóst að ætlast er til þess að þjóðfélagið éti upp útsæðið, éti upp eigið fé atvinnufyrirtækjanna í landinu. Það er hluti af þessu máli. Það á ekki að koma neinum á óvart þótt áhættan verði að tapi.

Hér er vissulega um stórt mál að ræða. En það hefði verið hyggilegra að fara með gát í þeim brimgarði sem þetta fyrirtæki hefur siglt í gegnum, gefa því möguleika á að bjarga því sem bjargað varð í stað þess að velta sér upp úr ósómanum.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er nú nokkuð liðið á kvöldið hjá okkur en þess ber að geta að kominn er desembermánuður og við erum ekki óvön því hér á hv. Alþingi að halda nokkuð fram fundum á kvöldin á þeim árstíma. Ég vil fyrst þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir eina af sínum gagnmerku ræðum sem hann flutti hér. Hann er vel að sér um margt, hv. þm., og það gildir einu hvort hann heldur oss félögum sínum á þinginu fræðilega fyrirlestra um brjóstagjafir eða þróun í alþjóðavöruflutningum og kannske um áhrif olíuframleiðslu Saudi-Araba á því sviði. Hann hyggur gjört að hverjum hlut, hv. þm., og allt rennur þetta saman í eina rökhelda samfellu í lokin, eins og þetta með lyfjanotkunina og námslánin sem auðvitað er nátengt Hafskipsmálinu eins og allir vita.

Herra forseti. Það eru margar hliðar á þessu máli og ég kom hér aðallega í ræðustól til að vekja athygli á einni þeirra fyrir utan þætti Árna Johnsen hv. þm. og það eru afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans og þessu máli. Það liggur í hlutarins eðli að upp koma ýmsar spurningar um frammistöðu eftirlitsaðila í málinu og þá auðvitað fleiri en bankaeftirlitsins eins, einnig með tilliti til þess að bæta þarf úr og fyrirbyggja að svipuð mál komi fyrir í framtíðinni. Við höfum því, nokkrir hv. þm., óskað eftir skýrslu frá hæstv. viðskrh. um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans tíu ár aftur í tímann og einnig hvað snertir viðskipti þess banka við Hafskip sérstaklega. Ég held að nauðsynlegt sé að þessi hlið málanna komi fram jafnhliða annarri og víðtækari rannsókn sem auðvitað þarf að eiga sér stað.

Það liggur fyrir nú og hefur reyndar lengi gert að Hafskip hf. hafa verið glannalega stór einstakur viðskiptaaðili hjá Útvegsbanka Íslands. Það vakna spurningar um það hvort ekki sé þörf á reglum í slíkum tilvikum, leiðbeinandi eða bindandi reglum, þannig að einstakir viðskiptavinir bankanna verði ekki svo stórir að veruleg hætta skapist af þeim ástæðum. Hægt væri að hugsa sér að setja hvort sem heldur væri mörk við ákveðið hlutfall af heildarútlánum bankans eða binda það með öðrum hætti við einhverja hæfilega stærðargráðu í þessum efnum.

Við höfum einnig lagt hér fram á þinginu, fjórir þm. Alþb. — 1. flm. að því þingmáli er hv. þm. Guðrún Helgadóttir — frv. til laga um að bankaeftirlitið verði sjálfstæð stofnun. Það er einnig eðlilegt að það komi til skoðunar í þessu samhengi. Þetta og fjölmargt annað hlýtur að verða undir smásjánni þegar þetta mál verður áframhaldandi til skoðunar og væntanlega einnig til umfjöllunar hér á hv. Alþingi.

Herra forseti. Það var einn gleðilegur sólargeisli sem skaust hér inn í þessa umræðu svartnættisins þegar hv. þm. Árni Johnsen upplýsti að Flugleiðir hf. væri nú orðið eitt af traustustu fyrirtækjum þjóðarinnar. Er það langþráð í augum margra, ekki síst hv. alþm., vænti ég, og gleður þetta mig svo sannarlega og vona ég að rétt sé allt. Hins vegar stangast þetta nokkuð á við blaðafréttir undanfarna daga um áhyggjur þessa sama fyrirtækis af tilvonandi samkeppni frá einhverju erlendu flugfélagi á svipuðum flugleiðum og Flugleiðir hafa. Einnig hefur það verið upplýst í fjölmiðlum undanfarið að þetta fyrirtæki treysti sér tæpast til að endurnýja flugflota sinn á allra næstu árum nema þá að stórhækka fargjöld. Væri ánægjulegt að heyra skýringar hins fróða hv. þm. Árna Johnsens á því hvernig þetta fer saman við það að fyrirtækið er nú orðið svo traust sem raun ber vitni og hann útlistaði hér fyrir okkur.

Áætlanagerð þeirra Hafskipsmanna hefur nokkuð borið á góma í þessum umræðum og þeir hafa nokkuð hælst um af því að þeir séu sérstaklega lagnir við að gera tekjuáætlanir. Það er auðvitað gott og blessað, herra forseti, að menn geri góðar tekjuáætlanir. En í sjálfu sér

skiptir hitt ekki síður máli að menn fari eitthvað nærri um útgjöldin. En þar brást þeim bogalistin. Það virðist vera afsakanlegt bara ef menn geta gert góðar áætlanir um tekjuhliðina. Þetta eru alveg ný sannindi fyrir mér í bókhaldi að það sé sam sagt nóg að kunna reikninginn öðru megin. Ég held að það sé ekki nema von að illa fari ef áætlanagerð manna og þekking á því sviði er einungis bundin við aðra hlið málanna, þ.e. tekjurnar. Það koma upp ýmsar spurningar beinlínis um frammistöðu þeirra manna sem þarna hafa staðið að rekstri þó að það séu þessar skrautfjaðrir einkaframtaksins sem haldnar hafa verið um líklega fleiri lofræður en flesta aðra menn á landinu, um þessa duglegustu bisnessmenn þjóðarinnar, eins og einhver ónefndur orðaði það.

Herra forseti. Það læðist að mér sá grunur að ef þetta hefði verið eitthvert opinbert fyrirtæki, sem núna stæði svona á koppnum og hv. þm. Sjálfstfl. hefðu verið að fjalla um þann rekstur, þætti hann ekki mjög gæfulegur. (**ÁJ:** Hefur þm. staðið á koppi?) Ef þessi rekstur væri hjá einhverju opinberu fyrirtæki eða einhverju fyrirtæki í umsjón sveitarfélags held ég að ég geti nokkuð farið nærri um tóninn í þeim ræðuhöldum sem hv. þm. mundu þá hafa um frammistöðu í þessum efnum.

Það er, herra forseti, alveg óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að fá öll spil á borðið, ekki síst varðandi t.d. launa- og risnugreiðslur í þessum rekstri öllum. Það hafa verið, sem vonlegt er, og eru miklar umræður í þjóðfélaginu um launamun í landinu. Launakjör ýmissa stétta, ekki síst þeirra sem talið er að meira hafi, hafa verið til umræðu, einnig t.d. launakjör alþm. Ég tel því að við hv. alþm. eigum nokkra heimtingu á því að það komi í ljós hvernig þessum málum var háttað hjá þessu einkaframtaki, þessu básúnaða einkaframtaki. Hvernig gerðu þessir oddvitar hins frjálsa og hugsjónum prýdda einkaframtaks í samkeppni við sjálfa sig? Ég held að fróðlegt væri að það kæmi í ljós, ekki síst nú þegar það liggur fyrir að þjóðin mun koma til að gera upp þá reikninga í lokin. Er það t.d. rétt að ákveðnir yfirmenn fyrirtækisins Hafskipa hafi greitt sjálfum sér allt að því 800 þús. kr. í laun á mánuði? Það kemur þá í ljós að þeir menn aðrir, sem maður hefur vitað um að hafa haft há laun, eru í fimm aura bissness, eins og Ragnar forstjóri Halldórsson og aðrir slíkir, sem hafa fram að þessu þótt hafa sæmileg laun, komast hvergi nálægt þeim, svo ekki sé minnst á bankastjóra og þm.

Það eru ýmsar spurningar sem er óhjákvæmilegt að fá svarað. Ég vil segja það, herra forseti, að ég held að stærsta áfallið í öllu þessu máli yrði það ef sópa ætti þessu öllu saman undir teppið. Ég vil leyfa mér að halda því fram að siðferðisástand þessarar þjóðar þoli ekki að slíkt gerist. Ef sukk og óráðsía og taumlaus einkaneysla þessara manna er þarna einnig með á ferðinni fyrir utan önnur líkleg afglöp í þessum rekstri verður það að koma fram lið fyrir lið. Það er ekki hægt að líða það að slíkum hlutum sé sópað undir teppið, allra síst þegar allur almenningur í landinu býr við það ástand í sínum persónulega efnahag sem raun ber vitni.

Slík framkoma og það óhóf og í raun og veru sú forheimskun og sá hroki, sem birtist gagnvart öllum almannahagsmunum og öllum almannavenjum hér á landi ef það er rétt, sem hér hefur verið haldið fram og komið hefur fram í fjölmiðlum um t.d. neyslu og lúxus í sambandi við ferðalög forráðamanna þessara fyrirtækja, er með þeim hætti að það þarf að draga það fram í dagsljósið og láta það liggja þannig fyrir að slíkt gerist ekki hér á Íslandi. Það ósköp einfaldlega gengur ekki að mörgum mánaðarlaunum vinnandi fólks í landinu sé sólundað í hótelreikninga í eina nótt.

Þess vegna er það, herra forseti, að svör hæstv. ráðh. hér í dag eru engan veginn fullnægjandi. Hún er ákaflega grunsamleg — ég leyfi mér að nota það orð — sú þráhyggja hæstv. ráðh. að reyna með öllum tiltækum ráðum að komast fram hjá Alþingi í þessu máli og telja mönnum trú um það og reyna að gera það trúverðugt að þessi rannsókn fari fram hér og þar og bara alls staðar annars staðar, ekki inni á Alþingi. Hvers vegna eru hæstv. ráðh. svona hræddir við að Alþingi sjálft taki í taumana og stýri rannsókn í þessum efnum? Hvers vegna er eitthvað betra að kjósa einhverja þrjá menn úti í bæ að gera þetta? Af hverju vill ekki hæstv. ríkisstj. fá Alþingi allt í lið með sér til að upplýsa þessi mál? Við hvað eru þeir hræddir? Þess vegna segi ég það og ég endurtek það, herra forseti, að þessi þráhyggja þeirra er grunsamleg, þráhyggja hæstv. ráðherra og tilraunir til að komast fram hjá þinginu og stýra þessum málum í annan farveg.

Ég hefði, herra forseti, getað hugsað mér að segja örfá orð við hæstv. iðnrh., en hann virðist nú fjarstaddur og ég er því satt best að segja feginn því að ég vissi ekki hvort maður ætti yfirleitt að reyna að fjalla um ræðu hans hér. En ég verð þó að segja það, herra forseti, hvað sem allri tilfinningasemi líður, að menn verða að líta raunhæft á aðstæðurnar. Og hversu sannfærðir sem við allir þm. erum, sem við sjálfsagt erum, um ágæti og heiðarleika hæstv. iðnrh. og hversu sanntrúuð sem öll íslenska þjóðin er á hið sama er hæstv. ráðherra ósköp einfaldlega í þannig aðstöðu í þessu máli að það er óhjákvæmilegt að nafn hans, eins og fjöldamargra annarra, komi til umfjöllunar. Það er ekki með nokkrum ósæmilegum hætti verið að veitast að hæstv. ráðherra þó að hans nafn beri hér á góma. Ég vil segja að það væri alveg nóg þó að hæstv. viðskrh. hefði ekki verið nema annaðhvort formaður stjórnar Hafskips um árabil eða formaður stjórnar Útvegsbankans. Auðvitað hlaut hans nafn að bera á góma í þessari umræðu, hvað þá talandi um þegar hann var hvort tveggja og það á sama tíma. Ég bið því hæstv. ráðherra og hv. þm. Árna Johnsen að leggja tilfinningasemina til hliðar og horfa á það, eins og öll þjóðin sér það, að þeir menn sem þarna voru í þannig aðstöðu að þeir tengjast málinu með einum eða öðrum hætti og sumir á margvíslegan hátt hljóta að vera þarna til umfjöllunar og skoðunar eins og allir aðrir. Það er ekki með nokkrum hætti verið að draga ágæti þeirra eða feril á íþróttasviðinu í efa þó að það sé.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég endurtek það í lokin að það sem mér finnst í raun merkilegast eftir þessa umræðu í dag og kemur mér mest á óvart eru þessar viðbárur hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstj. gegn því að Alþingi taki rannsókn þessara mála í sínar hendur. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir, ég verð að segja það alveg eins og er, að ríkisstj. skuli ekki fagna því að Alþingi Íslendinga er tilbúið að stýra opinni rannsókn í þessum málum. Ég held að það sé öllum fyrir bestu og ég held að Alþingi sé sá vettvangur þar sem slík rannsókn á að fara fram.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það mun

senn rísa nýr dagur og þessi umræða hefur staðið lengi. Ég vil þakka hæstv. ráðherrum, sem hér hafa tekið til máls, hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., fyrir þau svör sem þeir hafa veitt. Þau voru á ýmsan hátt gagnleg, en þó á annan hátt ekki fullnægjandi. Ég hef saknað þess nokkuð að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa talað í þessari umræðu, en væntanlega gefst tækifæri til þess að hann geri það síðar. Að hæstv. iðnrh. mun ég koma á eftir þótt hann sé fjarverandi. Ég tel það óhjákvæmilegt, enda munu þingtíðindin færa honum þau orð. En áður en ég kem að svörum hæstv. ráðherra vil ég segja nokkur orð vegna þeirra ræðna sem einstakir þm. hafa flutt.

Það var óheppilegt hjá hv. þm. Árna Johnsen og reyndar einnig hjá hæstv. viðskrh. að minnast á Flugleiðamálið. Var það greinilega gert í því skyni að koma því inn hjá þingi og þjóð að sá sem hér stendur hefði fyrir nokkrum árum hafið mikla herferð í Flugleiðamálinu þar sem allt hefði reynst byggt á sandi. Annaðhvort þekkja þessir tveir ágætu þm. söguna illa eða þeir eru fljótir að gleyma.

Þegar ég hóf máls á Flugleiðamálinu hér á Alþingi og flutti till. um það að Alþingi kysi sérstaka rannsóknarnefnd til að kynna sér rekstur þessa fyrirtækis, sem hafði nær allt flugsamgöngukerfi Íslands við umheiminn í hendi sér og einnig innanlands, sögðu forsvarsmenn fyrirtækisins hver um annan þveran að það væri allt í góðu lagi hjá fyrirtækinu, það væri ekkert að, það þyrfti ekkert að gera. Það komu hér í þingsalinn þm. Sjálfstfl. sem fluttu einnig þennan boðskap. Ég leiddi aftur á móti rök að því að ástandið væri með þeim hætti í þessum rekstri og hjá fyrirtækinu að það mundu ekki líða mörg misseri þar til þjóðin þyrfti að reiða fram fé til að styrkja fyrirtækið og málefni þess yrðu komin í hendur ríkisstj. og Alþingis til að halda rekstrinum gangandi. En fulltrúar Sjálfstfl. og forstjórar fyrirtækisins sögðu hver um annan þveran að þetta væri bull og vitleysa.

Það var síðan 2—3 misserum seinna sem þetta kom allt á daginn, að þetta reyndist allt saman rétt. Þá dvöldu forstjórar Flugleiða daglangt og vikulangt í biðstofum ráðuneytanna til að biðja ríkisstj. um fjárstyrk. Við tókum það síðan að okkur margir á þingi að flytja inn á þingið frv. um þau efni að þjóðin greiddi með þessu fyrirtæki stórar upphæðir. Ég vil því biðja þá þm. Sjálfstfl. sem vilja nota Flugleiðamálið á þann sama hátt og hv. þm. Árni Johnsen gerði hér skýrt og greinilega og hæstv. viðskrh.ýjaði að að kynna sér þessa sögu betur. Hún er einmitt saga um hvernig á Alþingi var varað við því að það kæmi að því að þjóðin þyrfti að borga fjármuni til fyrirtækisins, en forstjórar fyrirtækisins og fulltrúar þeirra hér á Alþingi sögðu að það kæmi aldrei til þess. (**Gripið fram í:** Þm. skóp aðallega vandræði í málinu.) Þm. skóp engin vandræði í því máli. Og mikill er nú máttur minn, Árni minn Johnsen, ef ég hef prívat og persónulega orsakað allt þetta mikla tap Flugleiða. Verð ég nú að segja að þó að ég kunni hrósinu vel held ég að málflutningur af þessu tagi eigi ekki heima í alvarlegri umræðu um rekstrarmálefni stórfyrirtækja landsins.

Hv. þm. Árni Johnsen var einnig álíka seinheppinn í því að nefna Ambrosio-bankann sem dæmi og fallítmál hans á Ítalíu. Það hefur mjög rækilega verið sýnt fram á það, m.a. af þekktum rannsóknarblaðamönnum og í frægri bók sem verið hefur metsölubók, að þeir sem Ambrosio-bankann áttu voru sterkir í því að fjármagna flokksstarf og kosningabaráttu kristilega demókrataflokksins á Ítalíu og áður en bankinn var látinn rúlla höfðu þeir tryggt sér það að flytja fjármuni sína yfir í aðra banka og önnur fyrirtæki. Þeir stóðu uppi með allt sitt á hreinu líkt og Hafskipsforstjórarnir gera nú og með stórar fúlgur í kosningasjóðum kristilegra demókrata. P2 leynireglan á Ítalíu, og bankanefnd Páfagarðs reyndar einnig, sáu til þess að þeim fjármunum var rækilega bjargað. Þannig var nú varla hægt fyrir þm. Sjálfstfl. að nefna verra dæmi en fallítmál Ambrosiobankans í málflutningi sínum hér á Alþingi.

Hv. þm. Árni Johnsen sagði einnig að viðskipti væru viðskipti. Þau væru ekki pólitík. En þessi viðskipti eru orðin pólitík vegna þess að fólkið í landinu á að borga tapið og banki fólksins í landinu, þjóðbankinn, verður að borga tapið. Hv. þm. Árni Johnsen verður látinn rétta upp hendi hér á Alþingi einhvern tíma á næstu vikum og mánuðum með fjárframlagi þjóðarinnar til bankans vegna Hafskipsskattsins. Það væri nær að þm. Sjálfstfl. kenndu hv. þm. Árna Johnsen þá háttvísi, sem þeir hafa reyndar flestir sýnt í þessum umræðum, að tala ekki.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson vék nokkrum orðum að því að við værum hérna allir strákarnir eins. Ég veit ekki hvers Guðrún Helgadóttir á að gjalda í þeim málflutningi öllum, nema hún sé einkum og sér í lagi undanskilin í mínum flokki ein saman, svo að ekki sé nú minnst á hæstv. heilbrrh. Hann sagði að við værum allir eins strákarnir. Við stæðum hér að því að kjósa í bankaráð. Það gerði Bandalag jafnaðarmanna ekki. Það er alveg rétt. Það gerir Bandalag jafnaðarmanna ekki. En hver er tillaga Bandalags jafnaðarmanna í bankaráðsmálum? Hv. þm. Guðmundur Einarsson gleymdi alveg að fjalla um hana í sinni ræðu. Hún er sú að einn af strákunum fái að skipa alla bankaráðsmennina eins og þeir leggja sig, þ.e. strákurinn sem er viðskrh. eigi einn að skipa öll bankaráðin. Svo að við tökum dæmi: Ef hv. þm. Albert Guðmundsson hefði fengið þeim vilja sínum framgengt eftir síðustu kosningar að verða viðskrh., sem hann óskaði eftir en fékkst ekki fram á litla fundinum sem fór fram í símaherbergi inu fyrir framan þingflokksherbergi Sjálfstfl. eftir að ráðherrarnir höfðu verið valdir og þeir skiptu með sér ráðherraembættunum, hefði hann samkvæmt tillögum Bandalags jafnaðarmanna, Albert Guðmundsson, skipað alla bankaráðsmenn í þjóðbönkunum eins og þeir leggja sig. Það er tillaga Bandalags jafnaðarmanna. Ég segi: Vont er það kerfi sem við erum með nú og hefur það ýmsa galla, en verra er þó það kerfi að einn ráðherra uppi í viðskrn. eigi að skipa þá alla úr hópi vina sinna og kunningja, flokksbræðra og lagsmanna úr bisnessheiminum. Það er merkilegt að flokkur eins og Bandalag jafnaðarmanna, sem vill láta taka sig alvarlega í lýðræðislegri umræðu, skuli í alvöru leggja það til hér á Alþingi að einum manni sé fengið þetta vald, að pólitískum ráðherra, forustumanni í einum stjórnmálaflokki í landinu, eigi að vera falið þetta vald. Við skulum frekar reyna að sameinast um að reyna að bæta það kerfi sem við erum hér með, setja ýmsar reglur um starfshætti og val, um upplýsingaskyldur og annað, en alls ekki ganga inn á þá braut að fela einum ráðherra að skipa öll bankaráðin.

Hæstv. fyrrv. viðskrh., hv. alþm. Matthías Á. Mathiesen, varð við þeirri ósk minni að koma upp í ræðustólinn og rekja nokkuð afskipti sín, þegar hann sat í viðskrn., af málefnum Hafskips og Útvegsbankans. Ég dreg ekki í efa að allt það sem hann sagði í þeim efnum var rétt. Ég hef ekki vænt hv. alþm. um að hann hafi farið með rangt mál í sjálfu sér. Það sem hins vegar *vekur athygli mína er að 3. júní er til í Seðlabanka* Íslands athugun. (**MÁM:** 3. júní er hún til í Útvegsbankanum. Seinni hluta júní er hún í Seðlabankanum.) Jæja, verður nú málið enn flóknara. Ég stóð í þeirri meiningu og taldi mig m.a. hafa lesið það í texta eftir hæstv. núv. viðskrh. að 3. júní hefði verið til í Seðlabankanum umfjöllun og einhvers konar greinargerð frá Útvegsbankanum um málefni Hafskips og viðskipti þess við bankann. Verður að kanna það atriði nánar. En segjum jafnvel að það hafi verið á þeim degi sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen var að nefna. Ég vil þó kanna það nánar. Þá er þar með upplýst að Seðlabankanum var þegar um miðjan júní kunnugt um að þessi mál væru komin í það horf að nauðsynlegt væri að kanna þau nánar.

Engu að síður gerist það að hæstv. viðskrh. gefur yfirlýsingu á Alþingi sem er ekki hægt að skilja á neinn annan veg en hann sé að leiða fram þann vitnisburð sem hann telji réttastan í málinu, þ.e. yfirlýsingu bankastjóra Útvegsbankans. Seðlabankinn hefur væntanlega kynnt sér þá yfirlýsingu hæstv. viðskrh., en samkvæmt þeirri frásögn sem hv. alþm. Matthías Á. Mathiesen rakti hér beið Seðlabankinn í nærri því einn og hálfan mánuð og lét ráðherrann ekki vita af því að sú yfirlýsing sem hann gaf á Alþingi væri e.t.v. á misskilningi eða röngum upplýsingum byggð. Það er að mínum dómi alvarleg ásökun á hendur Seðlabanka Íslands, bankastjórnar og bankaráðs og formanns þess sérstaklega um að þeir hafi látið hæstv. viðskrh. standa í rangri meiningu allan þennan tíma.

Þegar hv. alþm. Matthías Á. Mathiesen fær síðan í lok júlí skýrslu þar sem fram kemur að málin eru komin í mikið óefni grípur hann ekki í taumana, en hefur nokkur fundahöld sem aðallega ganga út á það að bankaráð Útvegsbankans eigi að ræða málin.

Ég vil í þessu samhengi vekja athygli á því að í þeirri skýrslu frá bankaeftirlitinu frá lokum júlímánaðar sem hæstv. núv. viðskrh. las í umræðunum fyrr í dag mun hafa komið fram að það vantaði 168—264 millj. kr. upp á að staða Hafskips við Útvegsbankann væri með eðlilegum hætti. Í þessari skýrslu kom fram samkvæmt þeim lestri sem núv. hæstv. viðskrh. fór með úr ræðustól Alþingis í dag að þar með hefði verið ljóst að skuldir Hafskips við Útvegsbankann væru umfram eðlileg veð og það sem meira var, eins og segir orðrétt í skýrslunni, „drátturinn varð dýr" á því að ekki var gripið til ráðstafana þá strax heldur málið látið velkjast áfram ágúst, september og fram í október. Þannig er alveg ljóst að sú skýrsla sem hæstv. núv. viðskrh. las úr í dag frá bankaeftirlitinu er sterkur vitnisburður um að viðskrn. hefði í tíð Matthíasar Á. Mathiesens átt að grípa strax í taumana og stöðva áframhaldandi lánafyrirgreiðslur til fyrirtækisins. Í staðinn, eins og bankaeftirlitið segir í sinni skýrslu, var bæði haldið áfram að lána til fyrirtækisins og skuldirnar uxu vegna þess að veðin héldu áfram að falla. Þessi lýsing hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens og sú skýrsla bankaeftirlitsins sem lesið var úr fyrr í dag knýja á um að þessi þáttur bankaráðs Seðlabankans, bankastjóra Seðlabankans og viðskrn. verði kannaður nánar. Það er alveg ljóst að þar hafa mál verið með þeim hætti að fram verður að koma hvort alvarleg vanræksla hefur verið annaðhvort hjá stjórnendum Seðlabankans í því að tilkynna viðskrn. hve alvarleg málefnin væru eða af hálfu viðskrn. þegar það fékk skýrsluna til sín að grípa ekki nægilega sterkt í taumana. Mér fannst satt að segja hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, þó að það væri í hófi sagt og stundum á milli lína, kveða upp nokkuð þungan dóm yfir herrum Seðlabankans í þessu máli.

Ég vil svo láta það koma fram áður en ég kem að ræðum hæstv. ráðherra að mér urðu á þau mistök í lestri mínum í dag, þegar ég var að fara yfir skuldir nokkurra annarra fyrirtækja, að víkja að því að skuldir fyrirtækisins Víðis væru alfarið til komnar með láni frá Fjárfestingarfélagi Íslands. Í þeim ræðupunktum sem ég var með stóð að þessi *100 millj. kr. skuld væri* m.a. til komin vegna Fjárfestingarfélags Íslands, en í þunganum við að ljúka máli mínu á styttri tíma en horfur væru á féllu þessi tvö orð niður. Mér er því ljúft og skylt að láta það koma fram, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur haft forgöngu um að sé gert, að með skýrum hætti sé þinginu ljóst hver hlutur Fjárfestingarfélags Íslands var í fyrirgreiðslum til þessa fyrirtækis. Vil ég þess vegna, með leyfi hæstv. forseta, lesa eftirfarandi bréf sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur látið mér í té og er stílað til hans og dagsett í dag en undirritað af Gunnari Helga Hálfdánarsyni fyrir hönd Fjárfestingarfélags Íslands:

„Með tilvísun til fsp. yðar dags. 10. des. 1985 staðfestist hér með að Fjárfestingarfélag Íslands hf. hefur hvorki veitt trésmiðjunni Víði hf. lán né gengið í ábyrgð fyrir það félag. Hins vegar tók Fjárfestingarfélag Íslands hf. þátt í stofnun Vogunar hf. í febrúar 1984 ásamt Iðnlánasjóði og fjölda fyrirtækja í einkarekstri í þeim tilgangi að freista þess að stuðla að fjárhagslegri endurskipulagningu trésmiðjunnar Víðis. Hlutafjárframlag Fjárfestingarfélags Íslands hf. í Vogun hf. nam samtals 5,5 millj. kr. sem gefur liðlega 30% hlutdeild í Vogun hf. Fjárfestingarfélagið hefur hvorki veitt Vogun hf. lán né gengið í ábyrgðir fyrir það félag."

Eins og ég sagði er mér bæði ljúft og skylt að leiðrétta þetta atriði og vil aðeins geta þess í leiðinni að þeir forsvarsmenn Fjárfestingarfélagsins og aðrir sem að þessu stóðu hafa e.t.v. sýnt meira raunsæi í nafngiftum en aðstandendur Hafskipa hafa gert í vali á þeim nafngiftum sem þeir hafa valið ýmsum slíkum fyrirtækjum.

Hæstv. forsrh. greindi frá því að ríkisstj. hefði ákveðið að allri bankaleynd yrði aflétt varðandi málefni Hafskipa. Það er mjög mikilvæg ákvörðun. Mér er að vísu ekki alveg ljóst hvernig það getur gerst með ríkisstjórnarákvörðun einni saman, en væri æskilegt að lögfróðir menn útskýrðu það hér á Alþingi hvernig ríkisstj. getur með einfaldri samþykkt aflétt bankaleynd. Það væri þá vissulega aðferð sem mætti nota á fleiri sviðum og dreg ég ekki í efa að þeir aðilar sem að þessu hafa staðið hafi haft formlegan rétt til þess.

Hæstv. forsrh. greindi einnig frá því sem og hæstv. viðskrh. að ríkisstj. hefði ákveðið að kjósa þriggja manna nefnd og ásamt bréfi hæstv. *iðnrh. til saksókn*ara ríkisins og starfi skiptaráðenda ætti það að duga til

að leiða alla þætti málsins fram í dagsljósið. Ég vil um þessa ákvörðun ríkisstj. segja eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hefði verið nauðsynlegt, til að skapa tiltrú þings og þjóðar á því að eðlilega væri að málum staðið, að leita breiðrar samstöðu um þá rannsóknaraðferð sem valin var í stað þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi, Framsfl. og Sjálfstfl., tækju einhliða ákvörðun um hvaða aðferð væri beitt. Það er ekki vænleg aðferð til að skapa þann trúnað sem nauðsynlegur er til þess að öll kurl komi til grafar að gera það með þessum hætti.

Í öðru lagi er ekki hægt að una því, sem hæstv. forsrh. lýsti hér, að þessi þriggja manna nefnd eigi að starfa fyrir luktum dyrum. Þau gögn sem þar verða lögð fram verða því áfram að hluta til leynigögn. Þeir vitnisburðir sem þar koma fram verða áfram algerlega eða að hluta til leynilegir. Þjóðin hefur enga möguleika til að dæma þá þætti málsins sem lagðir verða fram vegna þess að hún verður að reiða sig á þessa þrjá menn. Það er ein af grundvallarreglum réttarríkisins að framlagning málsgagna og umfjöllun öll um efnisatriði máls séu fyrir opnum tjöldum. Þess vegna höfum við opna dómstóla í þessu landi. Þess vegna getur hver og einn farið og hlýtt á málflutning í réttarsölum þessa lands. En þessa grundvallarreglu réttarríkisins á að brjóta við starfshætti þessarar þriggja manna nefndar. (**HBl:** En hvað segir þm. um rannsókn málsins að öðru leyti?) Já, ég kem að því, hv. þm. (Gripið fram í.) Ég er ekkert að tala út úr. Það er alveg ljóst að þrír menn, sem eiga að starfa fyrir luktum dyrum, geta ekki hlotið þann trúnað sem nauðsynlegt er að þingið og þjóðin hafi í þessu máli. (**HBl:** Þeir eru ekki sá dómstóll sem fjallar um málið.) Nei, en þeir eru sá aðili sem ríkisstj. hefur ákveðið að bæta við saksóknara ríkisins og bæta við skiptaráðunauta. (**HBl:** Málið er fyrir uppboðsrétti. Af hverju kemur þm. ekki að því?) Málið er fyrir uppboðsrétti. Þetta var lína Sjálfstfl. fyrir fimm dögum. Hv. þm. er kannske ekki búinn að átta sig á því. Það var lína hæstv. viðskrh. fyrir fimm dögum að það dygði að láta skiptaráðanda fjalla um málið. Við bentum síðan á það ýmsir að slík meðferð málsins mundi aðeins leiða til þess að lítill hluti þess kæmi fram. Hæstv. viðskrh. sá að það var rétt athugasemd og breytti um afstöðu þó hv. þm. Halldór Blöndal hafi ekki áttað sig á því enn að nýja línan Sjálfstfl. í málinu er að það þurfi einhverja viðbót við skiptaráðunauta í þessu máli. Það er einmitt um þá viðbót sem við erum að tala.

En hún dugir ekki í þriðja lagi vegna þess að í þessu máli eru flestöll þau atriði sem hér hafa kannske verið gerð að umtalsefni með þeim hætti að þau kunna formlega að vera lögleg þó að siðferðilega og efnislega felist í þeim misnotkun á fé. Það er t.d. formlega alveg löglegt að Hafskip borgi Reykvískri endurtryggingu skuldir sínar. Það er formlega alveg löglegt að Reykvísk endurtrygging leigi síðan hjá Staðastað hf. Það er kannske líka formlega löglegt að Georgia Export Import taki greiðslur af hverri ferð Hafskips. En ef litið er á málið frá víðara sjónarhóli er það siðlaust, rangt, einkum og sér í lagi þegar á sama tíma er verið að dæla út úr þjóðbankanum stórfelldum lánum til Hafskipa sem þau eiga ekki veð fyrir. Það bendir fjölmargt til þess að lánin hafi verið notuð til að fjármagna tilfærslur sem eru, svo að vitnað sé í þekktan þm. og vin okkar beggja, löglegar en siðlausar. (**HBl:** Ég heyri að þm. kann klækina.) Þetta eru engir klækir. Þetta er einfaldlega krafa um að þjóðin fái að vita það rétta. En það lýsir kannske hugarfari Sjálfstfl. að umræðan um að þjóðin fái að vita það rétta sé kölluð klækir hér á Alþingi. Hélt ég þó að Engeyjarættin hefði traustari tengsl við réttarríkið en þessar athugasemdir gefa til kynna.

Það sem við viljum gera, sem hér höfum lagt til skipan rannsóknarnefndar Alþingis, er að fara þá leið sem mjög oft er farin t.d. í Bandaríkjunum þar sem lýðræði er að mörgu leyti mjög til fyrirmyndar, þar sem réttarfar er einnig mjög traust hvað opinbera meðferð mála af þessu tagi snertir og þar sem þjóðþingið gegnir mjög viðamiklu hlutverki í því að upplýsa mál nákvæmlega sömu ættar og þetta. Þá kýs þjóðþingið sérstakar rannsóknarnefndir sem með aðstoð sérfræðinga og í heyranda hljóði ganga úr skugga um að öll kurl komi til grafar í málinu. Ég satt að segja skil ekki hvers vegna þm. Sjálfstfl., sem svo oft ella líta til Bandaríkjanna sem fyrirmyndar, eru á móti því að beita þeim aðferðum sem þar hafa gefist best til þess að tryggja að einmitt í málum af þessu tagi sannfærist þjóðin um það að spilin hafi verið lögð á borðið.

En það liggur ekkert fyrir um það að þeirri þriggja manna nefnd sem hæstv. ríkisstjórn ákvað að láta skipa verði falið að athuga þessa þætti. Það liggur ekkert fyrir um það. Það er þess vegna mun líklegra að stórir hlutar þessa máls, sem formlega séð eru e.t.v. löglegir en efnislega siðlausir, liggi fyrir utan meðferð málsins. Og það er líka af þeim ástæðum sem ég vil segja við hæstv. iðnrh. að bréfaskriftir til saksóknara ríkisins eru út af fyrir sig góðar svo langt sem þær ná, en þær duga ekki alveg. Þær duga ekki alveg vegna þess að sá hluti þessa máls sem einkum hefur verið til umræðu og snýr að hæstv. iðnrh. fjallar ekki um lögbrot, fjallar ekki um brot á lögum, fjallar ekki um afbrot í réttarlegum skilningi þess orðs, heldur fjallar um þá þætti sem snerta hagsmunagæslu, trúnað og efnislega meðferð mála innan ramma laganna. Ég sagði við hæstv. iðnrh. í sjónvarpinu á föstudaginn að það væri best fyrir þjóðina, en ég bætti einnig við — en hæstv. ráðh. er kannske búinn að gleyma því — að það væri einnig best fyrir hann að taka þannig á þessum málum. (Gripið fram í.) Já, hann var af heilindum settur fram, hæstv. iðnrh. (**Iðnrh.:** Ég efast ekkert um það.) Það er gott að hæstv. ráðherra efast ekki um það því þar með var ég að benda á þá aðferð sem skynsamlegust væri úr frá hagsmunum ráðherrans sjálfs. Ég skil ósköp vel að hæstv. ráðherra uni því illa að liggja undir þeim ásökunum sem að honum hefur verið beint. En það er hins vegar misskilningur hjá hæstv. ráðherra, fyrst hann gerði að umtalsefni þessar sögur og þennan róg og þessar athugasemdir, að þær væru sprottnar frá okkur í stjórnarandstöðunni. Það er mikill misskilningur og ég vitna bara til fréttaflutnings sjónvarpsins í þeim efnum og þeirrar athugasemdar sem formaður þingflokks Sjálfstfl. gerði við þann fréttaflutning.

Hæstv. iðnrh. sagði að við sumir lifðum á því að ríkið borgaði okkar laun og ef við færum fram úr áætlun þá borgaði ríkið. Það er að vísu rétt að við höfum sumir starfað við menntastofnanir þessa lands, en það er einmitt þegar á viðskiptasviðinu fara að gerast þeir hlutir að menn fara fram úr áætlun og ríkið á að borga sem nauðsynlegt er að taka málin til umfjöllunar með þessum hætti sem gert hefur verið í dag.

Síðan vék hæstv. ráðherra að tilkomu sinni í bankaráð Útvegsbankans í upphafi þessa áratugs. Og reyndar hafði áður hæstv. viðskrh. gert sér erindi í ræðustólinn til þess að koma því sérstaklega að, svo ég vitni orðrétt í hæstv. ráðherra, „að það hafi bara verið hluti sjálfstæðismanna sem lagt hafi til að Albert Guðmundsson færi í bankaráðið en hins vegar hefðu það aðallega verið Alþb. og Framsfl. sem bæru ábyrgð á þeirri sögu.“ Ég tók þennan þátt málsins ekki til umfjöllunar, ekki vegna þess að það væri neitt feimnismál í mínum flokki að ræða það, heldur vegna þess að ég taldi e.t.v. ekki rétt að verða fyrri til að fara að rekja þá sögu eins og hún gekk. Það var auðvitað alveg ljóst að þeir ráðherrar Sjálfstfl. og þm. Sjálfstfl. sem studdu ríkisstj. Gunnars Thoroddsens áttu hugmyndina að því að Albert Guðmundsson yrði formaður bankaráðs Útvegsbankans. Eins og hæstv. iðnrh. gat um sjálfur en hæstv. viðskrh. gleymdi að geta í sinni ræðu samþykkti þingflokkur Sjálfstfl. allur, á þeim árum, að Albert Guðmundsson, þótt hann væri fulltrúi Gunnars Thoroddsens, tæki sæti í bankaráðinu svo það þýðir ekkert fyrir hæstv. viðskrh. Matthías Bjarnason að koma svo hér og vera með orðalagi að skjóta sér undan ábyrgðinni af Albert Guðmundssyni í þessu bankaráði og reyna að koma henni alfarið yfir á okkur. Þeir bera þar ábyrgð á honum líka, hv. þm. Halldór Blöndal og Eyjólfur Konráð og Geirsmafían öll sömul eins og hún leggur sig.

Það er alveg rétt að ég átti viðræður við Albert Guðmundsson um þessi málefni þegar þau voru í deiglunni og þær snerust m.a. um það, og er rétt að það komi hér fram fyrst aðrir hafa orðið til þess að hefja máls á þessu atriði, að formennska í stjórn Hafskips færi mjög illa saman við það að vera formaður bankaráðs Útvegsbankans. Hæstv. viðskrh. sagði áðan að Albert Guðmundsson hefði verið tregur til þess að taka þessa formennsku í bankaráðinu að sér. Fyrst hæstv. viðskrh. varð til þess að leiða þennan þátt inn í umræðuna er rétt að ég láti koma fram að að mínum dómi stafaði þessi tregða fyrst og fremst af því að því var haldið fram og sagt í þessum umræðum, m.a. af mér og okkur, að það gæti kostað ákveðnar fórnir af hálfu Alberts Guðmundssonar að taka þessa formennsku að sér, m.a. að láta af formennsku í stærsta viðskiptavini bankans. Af því stafaði þessi tregi við að taka þetta starf að sér. Hitt er svo athyglisvert að auðvitað skein í gegnum ummæli hæstv. viðskrh. Matthíasar Bjarnasonar tilraun til þess að koma ábyrgðinni á Albert Guðmundssyni af Sjálfstfl. og yfir á okkur hina.

Vegna þess hvernig hæstv. iðnrh. talaði í kvöld af miklum og heitum huga vil ég endurtaka og ítreka það sem ég sagði fyrr í dag að ég tel ekki rétt að Sjálfstfl. komist upp með það að reyna að fórna Albert Guðmundssyni í þessu máli. Þó hlutur hans sé stór er hann ekki nema hrókur meðal hinna mörgu taflmanna Sjálfstfl. í málinu. Það er greinilegt að þær tilraunir sem hæstv. iðnrh. vék að í sinni ræðu koma einnig úr hans eigin flokksranni og eru kannske harðastar þaðan vegna þess að þar hafa átökin um hann verið sterkust og heitust og mest. Þess vegna getur maður skilið þá ræðu sem hæstv. iðnrh. flutti áðan. En það er hins vegar nauðsynlegt að bæði hann og aðrir geri sér grein fyrir því að þetta mál snýst ekki nema að mjög litlu leyti um hann. Það snýst að vísu um hann að hluta til en það er heil herfylking af öðrum áhrifa- og forustumönnum Sjálfstfl. sem þar bera stóra ábyrgð og eru kallaðir til sögunnar, fyrrv. þm. flokksins sem eru bankastjórar Útvegsbankans, fyrrverandi þingmenn flokksins sem eru formenn bankaráðs Seðlabankans, forustumenn í félögum flokksins og flokksráðum, flokksskrifstofum og kjördæmissamböndum.

Hæstv. iðnrh. vitnaði til þess að forsrh. hefði greint frá því að í viðtölum við fyrrv. bankastjóra Útvegsbankans hefði það komið fram, eins og hæstv. iðnrh. fór með þann texta hér, að Albert Guðmundsson hefði engin afskipti haft af útlánum bankans meðan hann var formaður bankaráðs. Það er rétt að það komi fram að það er ekkert skýrt sagt í þessari yfirlýsingu, eins og frá henni er greint í Morgunblaðinu, heldur eingöngu að hann hafi ekki haft afskipti af útlánum Hafskips í Útvegsbankanum. Um önnur útlán er ekkert sagt í yfirlýsingunni. Ég vil segja í fullri einlægni við hæstv. iðnrh. að það er mjög nauðsynlegt í málflutningi hans í þessu máli sem og öðru að nákvæmnin sé mikil þegar um málin er fjallað.

Hæstv. iðnrh. vék einnig að því að ég hefði nefnt Byggung og var að leiða líkur að því að ég hefði gert það vegna þess að tengdasonur hans var einn af stjórnendum fyrirtækisins. Það er mikill misskilningur. Ég nefndi þetta fyrirtæki vegna þess, eins og ég gat um, að þetta væri eitt af stórfyrirtækjunum sem hefðu verið í viðskiptum við Útvegsbankann og væri samkvæmt þeim heimildum sem ég hefði, líkt og önnur stórfyrirtæki, í alvarlegri hættu. Viðskipti þess við Útvegsbankann gætu þess vegna haft í för með sér verulegt tap fyrir bankann.

Herra forseti. Því miður hafa ekki komið fram í þessum umræðum nægilega skýr svör af hálfu hæstv. viðskrh. við því hvort leitað hafi verið eftir öðrum sölumöguleikum á eignum Hafskips til þess að tryggja það að tjón Útvegsbankans yrði sem minnst. Það er mjög alvarlegur áburður sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vék að í sinni ræðu og kemur fram í forsíðuviðtali við Stefán Árnason forstjóra í Dagblaðinu í dag. Hann greinir frá því, samkvæmt kunnugleika sínum í hinum alþjóðlega viðskiptaheimi, að það verð sem Eimskipafélagið sé látið greiða fyrir skipin sé brotajárnsverð og hægt hefði verið að fá miklu hærra verð fyrir þessi skip ef gjaldþrotið hefði verið auglýst á alþjóðlegum fjármálamarkaði og mönnum boðið að bjóða í skipin. Þar með sé verið að nota erfiðleika Hafskips og Útvegsbankans til þess að Eimskipafélag Íslands auðgist með óeðlilegum hætti. Það er þáttur þessa máls sem nauðsynlegt er að mun nánar og ítarlegar verði um fjallað. Einnig er nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. svari því a.m.k. síðar í þinginu þó að hann hafi ekki gert það hér og nú hvort hann er reiðubúinn til þess að birta með einhverjum hætti þá skýrslu bankaeftirlitsins yfir skuldastöðu stærstu skuldunauta bankakerfisins alls.

Herra forseti. Ég vil svo einnig vekja athygli á því að í frásögn fjölmiðla hefur komið fram að Hafskipsmálið hefur haft í för með sér mikilvægt tjón fyrir önnur íslensk skipafélög með því að hækka verð á þeirri þjónustu og þeim vörum sem þau þurfa að kaupa til rekstursins erlendis. Þar með getur þetta mál haft í för með sér stórhækkað verð sem almenningur verður að greiða fyrir þá þjónustu sem önnur skipafélög veita við

flutning á vörum til landsins.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, greina frá því að fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan, í þann mund sem hæstv. iðnrh. hefur sagt að hann hafi yfirgefið fyrirtækið og aðrir tekið við og þessir vondu hlutir fóru að gerast — og er reyndar athyglisvert að hæstv. iðnrh. skuli sérstaklega taka það fram að ekkert slíkt hafi verið til í fyrirtækinu í sinni tíð — sendu stjórnendur Hafskips viðskiptavinum fyrirtækisins, eigendum og öðrum þeim sem við fyrirtækið höfðu samskipti hérlendis sérkennilega kveðju. Þessi kveðja var prentuð á sérstakt spjald sem send var öllum þessum aðilum. Og í ljósi sögunnar sem við getum skoðað í dag er þetta merkilegur texti, afar merkilegur texti, satt að segja spádómsorð sem gefa okkur tilefni til þess að velta því fyrir okkur hvort öll þessi saga hafi kannske verið með ráðnum huga gerð en ekki samfella mistaka og óvæntra og ófyrirsjáanlegra erfiðleika eins og menn hafa rætt hér.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka þessari umfjöllun með því að lesa þessa kveðju sem Hafskip sendi öllum viðskiptavinum sínum hérlendis, eigendum fyrirtækisins, hluthöfum og öðrum fyrir nokkrum misserum síðan. Hún er stutt. Hún er u.þ.b. tíu orð. Hún er á þessa leið:

„Gærdagurinn er ógild ávísun. Morgundagurinn er loforð um borgun. Dagurinn í dag er reiðufé. Notaðu það."

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Það er aðeins út af því sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, 7. þm. Reykv., varðandi dagsetningar til þess að menn geti betur gert sér grein fyrir aðgerðarleysi eða aðgerðum þess sem sat í stól viðskrh. á s.l. sumri.

Í grg. hæstv. viðskrh. fyrr í dag sagði hann, með leyfi forseta: „Síðari hluta júnímánaðar voru þessi mál enn rædd við bankastjóra Útvegsbankans" — og er þá verið að miða við að fyrri umræður höfðu farið fram árið 1984 — „og fékk Seðlabankinn þá í hendur yfirlit um skulda- og tryggingastöðu Hafskips við Útvegsbankann", þ.e. það yfirlit sem hér hefur verið um talað 3. júní. Á grundvelli þessa yfirlits og viðræðna síðan síðari hluta júnímánaðar og fyrri hluta júlímánaðar er viðskrn. svo send sú skýrsla sem hér hefur verið til umræðu, dagsett 30. júlí.

Ég gat þess, og það kom einnig fram í ræðu hæstv. viðskrh., að viðskrh. ræddi í ágústbyrjun við bankastjóra Útvegsbankans þessa skýrslu og þá niðurstöðu sem hún gaf. Þá var viðskrh. tjáð það samkomulag sem gert hafði verið á milli stjórnar Hafskips og stjórnar Útvegsbankans. Það er svo í byrjun september sem ný skýrsla kemur, 9. september, og 13. september er haldinn fundur bankastjórnar Seðlabankans og Útvegsbankans ásamt og með viðskrh. sem beitti sér fyrir þeim fundi. Á þeim fundi kemur fram að það eru hafnar viðræður á milli Hafskips og Eimskips um yfirtöku eða kaup á eignum og viðskiptavild fyrirtækisins. 16. september átti ég svo viðræður við formann bankaráðsins. Það er haldinn fundur í bankaráðinu 17. september, það er haldinn fundur þar 27. september.

Þegar fundurinn er haldinn 13. september kom fram að hafnar eru viðræður milli Eimskips og Hafskips um kaup á eignum og/eða viðskiptavild fyrirtækisins. Var nokkuð eðlilegra en að þessar viðræður gætu haldið áfram? Ég er viss um að hefðu þær ekki verið truflaðar, eins og raun bar vitni, værum við ekki hér í kvöld að ræða um niðurstöðu þá sem varð. Það hefði að mínum dómi ekki orðið jafnmikill skaði og raun varð á. Ég tel þess vegna að allt sem gert var á þessum tíma, sem ég hef um getið, hafi verið gert út frá því sjónarmiði að sem allra minnstur skaði hlytist af því sem þarna var að gerast.

Efri deild, 25. fundur.

Miðvikudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, stjfrv. 184. mál (þskj. 216). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 120 frá 31. desember 1984 um verðjöfnunargjald af raforku eins og það er kynnt á þskj. 216. Með frv. þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforku verði framlengd út árið 1986. Jafnframt er lagt til að gjaldið, sem var lækkað úr 19% í 16% með lögum nr. 120/1984, verði áfram 16% og verði tekjum af gjaldinu skipt á sama hátt og verið hefur á milli Rafmagnsveitna ríkisins sem fá 80% og Orkubús Vestfjarða sem fær 20%. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun gildi óbreytt í eitt ár til viðbótar og að lögin falli sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1986.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Við hv. þm. erum nú orðnir vanir því að í ríkisstjórn þeirri sem nú situr sé ýmiss konar hringl á ferðinni og löngum erfitt að átta sig á hvað stendur til og hvað ekki, og hvað stendur eftir af yfirlýsingum frá fyrri tíð og hvað ekki.

Allir þekkja það ótrúlega hringl sem verið hefur á þessu hausti á tekjuöflunaráformum ríkisstj. þar sem stórbreytingar og síðan afturköllun á fyrirhuguðum breytingum gerast næstum að segja í hverri viku haustsins. Verðjöfnunargjald af raforku flokkast undir eitt af þessum mörgu málum sem ríkisstj. hefur verið að hringla með, gefa út stórar yfirlýsingar um, draga þær síðan til baka gefandi engar skýringar á því hvernig fjármuna ætti að afla til að koma fram stefnu ríkisstj. í þessu máli.

Stefna ríkisstj. hefur verið að fella niður verðjöfnunargjaldið. :að var sá boðskapur sem okkur hv. þm. var boðaður á s.l. hausti fyrir einu ári síðan. Ég tók þá til máls, þegar þetta mál var hér til umræðu, og varaði mjög við þessari stefnu. Ég vil ekki láta fella niður verðjöfnunargjaldið. Ég álít að verðjöfnunargjaldið sé óhjákvæmilegt til þess að tryggja (**Iðnrh.:** Það er ekki verið að fella það niður.) — já, ég veit það — ég álít að verðjöfnunargjaldið sé óhjákvæmilegt til þess að tryggja jöfnuð í raforkuverði og ég bendi á það að síðan þessi stjórn kom til valda hefur ójöfnuður á þessu sviði farið ört vaxandi. Það hafði tekist í tíð seinustu stjórnar, undir forustu Hjörleifs Guttormssonar þáv. iðnrh., að ná fram verulegum áfanga til jöfnunar milli þeirra taxta sem lægstir voru, þar á meðal taxta Rafmagnsveitna

Reykjavíkur, annars vegar og svo hins vegar taxta Rafmagnsveitna ríkisins sem hæstir hafa verið.

En í tíð þessarar stjórnar og sérstaklega undir forustu fyrrv. iðnrh., Sverris Herrmannssonar, fór þessi munur mjög ört vaxandi. Þetta er eitt af mestu áhyggjuefnum fólksins út um dreifðar byggðir landsins, þ.e. hinn hái orkukostnaður og mikli munur sem er á orkuverði annars vegar hér í þéttbýlinu og hins vegar í dreifbýlinu úti um land þar sem ekki eru hagkvæmar raforkuveitur eða rafveitur á einstökum stöðum.

Ég spurði mjög grannt eftir því hér fyrir einu ári síðan og hygg að hæstv. núv. iðnrh. minnist þess, hvar ætti að afla fjár svo að Rafmagnsveitur ríkisins stæðu ekki uppi með gífurlegan skuldabagga og yrðu að hækka taxta sína verulega umfram það sem orðið var. Páv. iðnrh. hélt hins vegar mjög stíft og fast við það að þetta gjald ætti að fella niður og steig þarna fyrsta skrefið í þá áttina með þeim afleiðingum að enn hefur sigið á ógæfuhliðina á þessu ári. Vegna þess að ég veit að núverandi orkuráðherra er skilningsgóður á mörg mál þá bendi ég honum á þetta vandamál og bið hann að gæta vel að því að láta ekki síga enn frekar á ógæfuhliðina. Hann greip hér fram í fyrir mér og benti á að ekki væri verið að lækka verðjöfnunargjaldið að þessu sinni. Og það er alveg rétt. Ég stend hér alls ekki upp til þess að áfellast hæstv. ráðh. fyrir að flytja þetta frv. Það er síður en svo. Ég er ánægður með það að verðjöfnunargjaldið skuli framlengt. En ég vek hins vegar athygli á því að flutningur frv. ber vott um mikinn hringlandahátt hjá ríkisstj. og er ekki í neinu samræmi við allar þessar miklu yfirlýsingar fyrrverandi orkuráðherra sem birtust okkur þm. fyrir einu ári síðan. Og vissulega hlýtur að vera nú tilefni til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því þegar hann tilkynnir það hér að þetta gjald eigi bara að standa nú í eitt ár:

Í fyrsta lagi hvað þá eigi að taka við. Það væri fróðlegt að vita það hvort ríkisstj. sé gjörsamlega stefnulaus hvað það snertir, að hún sé bara hér að framlengja — í einhverju ráðleysi greinilega þvert gegn sinni eigin stefnu — þetta gjald sem ég er út af fyrir sig ánægður með vegna þess að ég vil halda gjaldinu, eða hvort fyrirhugaðar eru þá einhverjar breytingar eftir eitt ár.

Og í öðru lagi hvort núverandi orkuráðherra vilji sjá svo til að í tíð hans, því hann er nú nýbyrjaður störf á þessu sviði, verði tryggt að munurinn milli orkuverðs í dreifbýli og svo aftur á þéttbýlisstöðum aukist ekki enn frekar en orðið er, heldur verði reynt að stíga þar ákveðin skref til verðjöfnunar.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. Í niðurstöðu nefndarinnar, sem fjallaði um þetta mál, var lagt til að þetta verðjöfnunargjald yrði fellt niður nú um næstu áramót en í stað þess mundi ríkissjóður taka yfir skuldir. Það er vert að velta því fyrir sér: Hvað eru þessar skuldir sem ríkissjóður hefði tekið yfir háar? Hjá Rafmagnsveitum ríkisins eru þetta 2 975 000 000. Og hjá Orkubúi Vestfjarða eru þetta 816 000 000 kr. Þetta yrði því ansi þungur baggi á ríkissjóð í viðbót við allt annað sem nægilega hefur verið fjallað um að undanförnu og ég ætla ekki að fara meira út í. Það er aðeins ein sönnunin enn um að óráðsía sú sem gengið hefur á undanförnum árum, óráðsía sem felst í því að fjárfesta í óarðbærum fyrirtækjum (**EgJ:** Það er búið að taka...) Það er verið að framkvæma, Egill Jónsson, hluti viðs vegar um land, setja upp orkuver sem við getum ekki einu sinni nýtt orkuna frá vegna þess að við þurfum ekki á svo mikilli orku að halda eins og framleiðslugetan segir til um.

Ég vil aðeins nefna eitt dæmi: Rafmagnsveitur ríkisins borga nú á næsta ári yfir 400 millj. í vexti. Rafmagnsveitur ríkisins hafa þurft að taka lán. Þeir taka ekki sjálfir ákvörðun um hvenær þeir taka lán eða á hvaða kjörum því að þá ákvörðun tekur ríkissjóður. Og þeir hafa þurft að taka við lánum mun fyrr en þeir hafa þurft að nýta þessi lán og á mjög óhagstæðum kjörum.

Mér er kunnugt um að það er verið að reyna núna að lagfæra þetta að einhverju leyti. Dollaralán t.d. á 13% vöxtum er mjög óhagstætt. En hér er aðeins verið að gefa ársfrest til þess að endurskoða þessa hluti einu sinni enn. Ég vil endilega að þetta komi fram. Það er ekki verið að styrkja fólkið í landinu. Hér er aðeins verið að flytja til fjármagn frá ríkissjóði en á endanum verður ríkissjóður að taka við þessum lánum — yfir 3 milljarðar í viðbót.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég skal játa að ég hef ekki haft tíma til að fara í gegnum þetta frv. eins og hefði þurft að gera fyrir slíka umræðu, en þar sem ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem um það fjallar vildi ég minnast á fáeina liði.

Í stöðunni núna er ekki um annað að ræða en að framlengja þetta gjald. Ég held að það séu allir sammála um það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta er enginn hringlandaháttur. Þetta er afmarkaður tekjustofn. Þetta á fullkominn rétt á sér eins og ástandið er.

Það sem ég vildi aftur á móti minnast á er hvernig þeim tekjum sem aflað er með þessu gjaldi er varið. Frv. segir að það séu 20% í Orkubú Vestfjarða og 80% sem fari til Rafmagnsveitna ríkisins. Það er víst full þörf á þessu. En hvernig stendur á því að þarna er niðurgreitt rafmagn til hitunar sem gerir allmikla röskun á töxtum annarra rafveitna?

Ég rek augun í töflu á bls. 20 frá Sambandi íslenskra rafveitna. Þar er raforkuverðið samkvæmt gjaldskrá 1. okt. 1985. Í dálki 2 er talað um húshitun. Rafmagnsveitur ríkisins selja niðurgreitt rafmagn til húshitunar á 0,93 kr., en það er 1,56 kr. í taxta. Orkubú Vestfjarða er með 1,58 kr. í taxta, en með niðurgreiðslum er verðið 0,95 kr. Ég þarf ekki að rekja þetta lengur. Þannig er þetta víða á svæðinu.

Ég bendi á þetta vegna þess að sum byggðarlög, og þar skal ég koma beint að efninu, t.d. hitaveitusvæði Akraness og Borgarfjarðar og sama hygg ég að sé að segja um Akureyri og tvær aðrar minni veitur í landinu, greiða orðið það háan hitunarkostnað að hitaveitur þar eru komnar í jafnháan taxta og kynt væri með olíu. Væri þá nokkurt óréttlæti í því að þessi veitusvæði, sem þannig er ástatt um, fengju einhvern hluta af verðjöfnunargjaldinu til að greiða niður hjá sér? Ég sé enga sanngirni í því að sum svæði á landinu fái styrk með verðjöfnunargjaldinu meðan önnur verða að nota hæstu taxta. — Ég heyri að þm. Egill Jónsson biður um orðið á eftir. Ég tek það fram að ef ég tala af ókunnugleika verður það leiðrétt. — En ég tel ekki sanngirni í því t.d. að íbúar Akraness greiði 13,5 millj.,

að ég best veit, í verðjöfnunargjald af rafmagni á sama tíma sem þeir borga toppprísinn til húshitunar hjá sinni hitaveitu. Er ekki hægt að jafna þarna eitthvað á milli án þess að vera að mismuna fólki verulega? Það var einu sinni glæsilegt að hafa nýjar hitaveitur og talað mikið um að þær væru innlend orka og ómissandi fyrir íbúa staðanna, en núna er að bresta á að vissu leyti, ég segi ekki landflótti en fólk hugsar sig mjög um hvað snertir búsetu vegna þessa, eins og var áður á hinum dýru rafhituðu svæðum.

Þetta vildi ég benda á hér og hvort það væri réttlæti í þessum efnum. Þó geri ég mér ljóst að hitaveita og rafveita er ekki það sama. En þetta er samanburður milli svæða sem hlýtur að vera mjög stingandi fyrir menn að horfa á.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Hv. þm. Valdimar Indriðason, flokksbróðir minn og vinur, heyrði á hljóðinu að ég bað um orðið. (**VI:** Ég þekkti hljóðið.) Ég geri ráð fyrir því að hann hafi kannske vitað hvað ég mundi hugsa þegar hann fór að tala í þessum dúr.

Það sem ég vildi vekja sérstaklega athygli á er að blanda ekki saman niðurgreiðslu á raforku til húsahitunar og verðjöfnunargjaldinu. Þetta er sitt hvort málið, alveg aðgreind mál út af fyrir sig. Þess vegna á niðurgreiðslan á raforku ekki neitt erindi inn í þessa umræðu sem slík.

En af þessu sérstaka tilefni og þar sem hv. þm. var að bera saman aðstöðu fólksins sem býr við rafhitun annars vegar og hinar svokölluðu dýru hitaveitur hins vegar má ég þó til með að benda á tvö atriði í þeirri umræðu sem menn leiða gjarnan hjá sér þegar verið er að gera samanburð um þessar stærðir.

Í fyrsta lagi er þessi samanburður ekki réttur. Hann byggist á taxtasamanburði. Þá vil ég biðja hv. þm. Valdimar Indriðason að taka vel eftir. (**VI:** Ég hlusta gaumgæfilega.) Hann byggist ekki á samanburði á raunkostnaði. Slík athugun hefur verið framkvæmd af þekktri verkfræðistofu í þessum bæ og þar kemur í ljós að miðað við taxtasamanburð er húshitunarkostnaður hjá dýru hitaveitunum ofreiknaður um 20—25%. Það er kannske af þessari ástæðu t.d. að Hitaveita Akureyrar hefur breytt um fyrirkomulag á ákvörðun á töxtum. Þetta mega menn til með, a.m.k. á þessum stað, að hafa með í umræðunni og samanburðinum um þessi tvö rekstrarform.

Hitt er svo líka mjög mikilvægt að menn taki með í umræðuna að sem betur fer eru þau byggðarlög sem eru með góðar hitaveitur, þótt þær séu með háa taxta, að eignast mjög dýrmæt fyrirtæki. Ég held að Hitaveita Akraness sé mjög gott fyrirtæki og eigi eftir að verða mjög gott fyrirtæki. Það er þess vegna alveg augljóst mál að þeir íbúar sem eiga heima í þessum byggðarlögum eru að eignast þarna mjög verðmæt fyrirtæki sem eiga eftir að skila mjög miklum hagnaði fyrir íbúana sem þar búa, sem betur fer. Það er í höndum bæjaryfirvalda á hverjum stað með hvaða hætti þau greiða niður sín fyrirtæki, hvort þau eru einvörðungu greidd með rekstrinum einum eða með töxtum.

Það eru til hitaveitur hér á landi sem eru lagðar um sveitahreppa fleiri tugi km. Ég veit t.d. um eina hitaveitu sem ég held að sé yfir 30 km að lengd og fyrir 40 notendur. Ég geri ráð fyrir að hitunarkostnaðurinn þar sé ekki hærri, hann er kannske lægri, en uppi á Akranesi. Ástæðan er sú að í þessum tilvikum eru þessar framkvæmdir fjármagnaðar með öðrum hætti en með erlendri lántöku. Sveitarfélögin hafa nefnilega vissar leiðir í þessum efnum.

Þetta fannst mér alveg nauðsynlegt að láta koma fram. Það er líka augljóst mál að hitaveitan á Akranesi og reyndar fleiri dýrar hitaveitur standa frammi fyrir vanda í rekstri, en hitt hlýtur að vera augljóst og menn vonandi sammála um að þann vanda beri ekki að leysa með því að skapa nýjan vanda á öðrum stað eða stöðum.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Þetta mun vera 25. fundur þessarar hv. deildar og á dagskrá fundarins í dag eru 17 mál. Ég held að það sé í fyrsta skiptið sem ég hef hlustað á þingfréttir í útvarpinu og þingfréttaritari taldi ekki ástæðu til að telja upp hvert það mál sem væri á dagskrá deildarinnar þar til nú að hann nefndi að það væru 17. Hingað til hafa því ekki verið það mörg mál á þessari dagskrá að við höfum í fæstum tilfellum notað þann tíma sem deildunum hefur verið ætlaður til funda. Nú eru hér allt í einu 17 mál á dagskrá og m.a. það mál sem hér er til umræðu, komið frá ríkisstj., mál sem hefði verið hægt að leggja fyrir deildina fyrir löngu síðan og hefði verið hægt að afgreiða frá deildinni. En nú eru trippin rekin þannig að það er þrýst hér inn málum sem ætlast er til að séu afgreidd á skömmum tíma.

Þetta mál er óskaplega lítið í sniðum en samt í eðli sínu dálítið sérstakt. Það er aðeins um framlengingu ákveðinnar millifærslu, en millifærslu sem var búið að lýsa yfir hér á hv. Alþingi fyrir ári síðan að mundi verða breytt með stórum orðum yfirlýsingar um það að þetta verðmiðlunargjald yrði fellt niður í áföngum. En nú á síðustu dögum þingsins kemur síðan frv. um að ekki verði staðið við þessi fyrirheit ríkisstj., lagt fram frv. um að fallið hafi verið frá öllum fyrri fyrirheitum.

Í athugasemdunum er þó fyrirheit um að staðið skuli við þessi loforð, það skuli bara gert á næsta ári. Þetta eru svipuð loforð og hæstv. ríkisstj. hefur verið að gefa undanfarandi og gaf okkur t.d. í sambandi við samþykkt vegáætlunar sem ég hef nefnt hér í þessum ræðustól fyrr í haust, samþykkt vegáætlunar í vor. Þá var gerð samþykkt um hvernig þar skyldi að staðið næstu tvö árin. Það liðu ekki nema fjórir mánuðir þar til fallið var frá því. Einhvern veginn liggur það beint fyrir að manni finnist sem ekki sé ætlunin að standa við það sem hér er gefið fyrirheit um.

En það sem kom mér frekast til að standa hér upp og biðja um orðið var ræða hv. 3. þm. Vesturl. þar sem hann benti á það misræmi sem væri í orkuverði hér á landi og nauðsyn þess að það væru fleiri en raforkunotendur sem nytu þeirrar verðjöfnunar sem hér er verið að leggja til að haldið verði áfram. Ég vil leyfa mér að taka undir þessi tilmæli og þessa ábendingu hv. 3. þm. Vesturl. og undirstrika það sem hann sagði hér að það er ansi mikið misræmi í því að verið sé að greiða niður raforku til húsahitunar á sama tíma og þarf að innheimta mjög hátt orkugjald, eins og á sér stað á hitaveitusvæði Akraness og Borgarness.

Ég lít svo á að það sem hv. 11. landsk. þm. sagði hér í sambandi við hitaveitur eins og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar að það ætti bara að taka úr sveitarsjóðunum og borga niður — (**EgJ**: Sagði hann það?) Það

var nálægt því að ýmis sveitarfélög borguðu sín fyrirtæki niður á ýmsan máta, ekki endilega með taxtagjaldi. Það lá í orðum hans að hægt væri að gera það með beinum greiðslum á annan máta. Það er varla um aðrar leiðir að ræða en að gera það með beinu taxtagjaldi ellegar þá beinum greiðslum úr viðkomandi bæjar- eða sveitarfélögum. Ég sé ekki þar neinn mun á milli nema þá að einhverjar aðgerðir af ríkisins hálfu komi til, einhver millifærsla, eins og hv. 3. þm. Vesturl. benti á að eðlilegt væri að gera og þyrfti að skoða.

Ég tel fulla ástæðu til þess að í sambandi við umfjöllun þessa máls verði þessi þáttur skoðaður, hvort ekki sé æskilegt að líta á stöðu þeirra hitaveitna sem nú standa mjög höllum fæti og eru með mjög hátt orkugjald. Á ekki að leita ráða til þess að fá annaðhvort fjármagn úr þessum verðjöfnunarsjóði eða finna einhverja aðra leið til að létta byrði þessara hitaveitna?

Þetta frv. kemur til þeirrar nefndar sem ég á sæti í og ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar nú um það.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Hv. þm. Valdimar Indriðason sagði að þetta gjald ætti fullan rétt á sér. Ég var eingöngu að benda hér á hvers vegna þörf er á þessu gjaldi. Ég vil vitna hér, með leyfi virðulegs forseta, í skýringar með þessu lagafrumvarpi þar sem það er réttlætt að ríkissjóður taki hér yfir 3000 millj.:

„Tillaga þessi um yfirtöku áhvílandi lána er studd þeim rökum að hin mikla byrði óhagkvæmra lána eigi í verulegum mæli rót að rekja til ákvarðana stjórnvalda um óarðbærar framkvæmdir fyrirtækjanna."

Þetta stendur hér og þetta er orsökin. Loksins eru menn farnir að viðurkenna það með lagafrumvörpum. Þetta eru ekki eingöngu mín orð. Í kaflanum „Aðrar tillögur" er tekið til að 1. jan. 1986 ætti ríkissjóður að taka yfir lán frá Rafmagnsveitum ríkisins upp á 2275 millj. kr. og frá Orkubúi Vestfjarða 392 millj. 1987 ætti síðan að taka við láni frá Rafmagnsveitum ríkisins upp á 665 millj. og Orkubúi Vestfjarða 392 millj. Hér sitjum við endanlega með þessi lán. Það eru landsmenn sem þurfa að greiða þetta og hér er bara verið að fara þá leið að færa þetta úr ríkissjóði og greiða niður orkuna svo að þetta komi ekki beint í skattahækkunum til launþega í landinu.

Í fskj. á bls. 15 kemur fram í rekstraráætlun Orkubús Vestfjarða að þeir reikna einfaldlega með því að eftir 1986 falli þetta verðjöfnunargjald niður og í stað þess verði afborganir af eldri lánum núll. Eftir eitt ár ættum við skv. þessu að standa frammi fyrir því að taka yfir þessi lán. Það þýðir ekkert við þessa umræðu að þrátta um það hvernig eigi að greiða þetta niður. Við komum líklega að því líka að þurfa að taka yfir skuldir þessara hitaveitna, sem hér er verið að tala um að fara að greiða niður orkukostnað hjá, því að það er fjármagnskostnaðurinn sem líka er að setja þessar hitaveitur á hausinn. Við skulum því ræða hér um staðreyndir.

Er hægt með einhverju öðru móti að lagfæra þessa hluti, að við séum ekki ár eftir ár að hækka skatta á launþegum landsins til að borga niður óarðbærar fjárfestingar? Það hlýtur að koma að því að hver einasti landsmaður fer á hausinn ef þetta heldur áfram öllu lengur. Við stöndum ekki undir þessu í mörg ár í viðbót.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það eru líklega ekki fleiri þm. Vesturl. í salnum en ég skal vera stuttorður.

Hér var aðeins vikið að Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Það er mála sannast að hitaveitan er í miklum fjárhagsvanda og þarf ekki að rekja það. Ég vildi í þessu sambandi spyrja hæstv. iðnrh. að því á hvaða stigi viðræður forsvarsaðila hitaveitunnar eru við ráðuneytið og ríkisstj. Forsvarsaðilar veitunnar hafa haft uppi ýmsar tillögur í þessu efni vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Það hefur raunar margoft komið fram í umræðum um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar að hæstv. fyrrv. iðnrh. Sverrir Hermannsson hafi gefið yfirlýsingar vegna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Í þessu efni var rætt um að hitaveitan þyrfti, til þess að standa sæmilega undir sér, að losna við af sínum fjárhagsklyfjum 6 millj. dollara. Mig langar sem sagt að heyra það frá hæstv. núv. iðnrh. á hvaða stigi þessi mál eru, á hvaða stigi viðræður eru um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar við stjórnvöld.

Varðandi þau orð sem hér hafa fallið og verðjöfnunargjaldið er ljóst að vegna fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða er full þörf á afrakstri þessarar gjaldtöku til að létta undir með þessum fyrirtækjum. Ég tel þessa millifærslu fullkomlega réttlætanlega en vænti svara frá hæstv. iðnrh. um það sem ég spurði um.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Til að svara hv. síðasta ræðumanni vil ég segja að umræður hafa farið fram við iðnrh. um vanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar en þær eru ekki komnar á lokastig. Það eru margar ráðstafanir sem þar koma til greina, m.a. að fulltengja hitaveituna við þá sem ekki hafa hitaveitu í dag en hafa þó verið hvattir til að nota annars konar húshitunaraðferðir af opinberum aðilum. En málið er ekki komið á það lokastig að ég geti greint nánar frá því.

Ég vil biðja hv. þdm. um að hraða afgreiðslu þessa máls til nefndar og svo í nefnd því að það þarf að framlengja þetta frv. fyrir jólafrí.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði hér um stefnu ríkisstj. og að hún sé að fella að fullu niður verðjöfnunargjaldið. Það er rétt og það er niðurstaða meiri hluta nefndar sem skoðaði þetta mál. En eins og við báðir vitum, sem erum báðir fyrrv. fjmrh., er ekki rétti tíminn til að gera það á þessu stigi og ég segi fyrir mína parta að ég treysti mér ekki til að mæla með því eftir ekki lengri tíma í embætti iðnrh. en raun ber vitni.

Ég fagna því að hv. þm. hefur lýst samstöðu með þessum þætti og geri alls ekki lítið úr þeim jöfnuði sem náðst hefur á milli taxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitna ríkisins í tíð Hjörleifs Guttormssonar sem iðnrh.

Hvað á að taka við að ári — það get ég ekki gefið upp að sinni. Stefna ríkisstj. er óbreytt, hér er um frestun að ræða. Ef ég sé ástæðu til að breyta henni mun ég gera það á því tímabili. En ég tek líka undir það hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að það þarf að tryggja það, hvað sem gert verður, að munurinn á orkuverði milli dreifbýlis og þéttbýlis aukist ekki.

Ég endurtek ósk mína um að þetta frv. megi fá hraða afgreiðslu í þessari hv. deild og nefndum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ef ég ræð mér

mann til að hreinsa húsið mitt þá segist hann ætla að hreinsa húsið mitt og hann ætli að taka fyrir það ákveðið gjald. Ég borga honum fyrir það og hann skilar mér þessu verki á einhverjum ákveðnum tíma. Ef hann ekki gerir það hefur hann ekki unnið til launa sinna.

Það er stefna ríkisstj., segir hæstv. iðnrh., að afnema verðjöfnunargjald. Þessi ríkisstj. á núna eitt ár eftir, þ.e. það eru þrjú ár gengin af hennar stjórnartíð. Hún er búin að tapa af sénsinum að halda stefnunni, þ.e. hún stendur ekki við það verk sem hún tók sér fyrir hendur. Hún ætlar ekki að skila því verki sem hún lofaði að skila. Því miður er ekki hægt fyrir þjóðina að taka þessa menn af launum, hún á engan kost annan en að segja afstöðu sína til þeirra að stjórnartíma þeirra liðnum en þá með þeim undarlega hætti, sem við þekkjum af okkar kosningalöggjöf, sem gerir kjósandanum nánast ókleift að segja skoðun sína.

Hvenær í ósköpunum á þessu að linna hér á landi að menn skuli komast upp með það ár eftir ár, stjórnartíma eftir stjórnartíma, að segjast ætla að gera þetta og segjast ætla að gera hitt og gera aldrei neitt og fólkið búi áfram við sama klúðrið ár fram af ári og áratug fram af áratug? Er það virkilega þannig að ekki sé til í landinu sá mannskapur sem getur tekið að sér að stjórna þessu tiltölulega litla þjóðfélagi með tiltölulega litlu vandamál miðað við aðrar þjóðir þannig að skaplegt sé að lifa í þessu landi og fólk geti einhvern tíma sagt og horft yfir farinn veg: „Mikið andskoti var gott að lifa þá."

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Iðnráðgjafar, stjfrv. 185. mál (þskj. 217). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 86 frá 31. des. 1981 um iðnráðgjafa. Með lögum nr. 86 frá 31. des. 1981 voru sett sérstök lög um iðnráðgjafa. Skv. lögunum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlög vegna launakostnaðar iðnráðgjafa er samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög ráða til starfa. Framlagið miðast við launakostnað vegna starfs eins manns á starfssvæði samtaka sveitarfélaga eða miðað við kjördæmi. Skv. 5. gr. laganna er gildistími laganna til 31. des. 1985. Hér er lagt til að þessi lög verði framlengd óbreytt til eins árs.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar deildar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð hér um og vonast til þess að það að ég komi hér upp verði ekki til þess að hér hefjist allsherjar umræða og það sérstaklega af hálfu þeirra stjórnarliða sem virðast vera í essinu sínu í dag að ræða hér mál. Ekki harma ég það, síður en svo. Ég fagna því hins vegar að hæstv. ríkisstj. hefur þó vaknað af værum blundi og áttað sig á því að fjöldi frumvarpa þarf að fara hér í gegn síðustu 8—10 starfsdaga þingsins auk stórmála eins og álsamnings og fiskveiðistjórnunar. (Gripið fram í.) Álsamningur er ekki stórmál, segir hv. þm.? Nei, ég býst við því að hann sé það ekki í hans augum en ég tel hann nú býsna mikilvægan engu að síður. Ég er ekki viss um að allir flokksbræður hv. þm. séu sammála um það — að ekki sé minnst á fjárlög og afgreiðslu þeirra.

En jafnframt því sem ég fagna því að þarna hefur ríkisstj. rankað við sér held ég að það beri að átelja það alveg sérstaklega hversu seint þessi mörgu einföldu mál, hrein framlengingarmál sum hver, eru hér á ferðinni, svo sem þetta mál hér er gott dæmi um. Mál hrúgast hér enn einu sinni inn á borð okkar þm. — ekki kannske mjög flókin en mál sem þarf að afgreiða, þurfa ákveðinn tíma í nefndum og m.a., eins og málið sem hæstv. iðnrh. var að mæla fyrir áðan, mál sem greinilega eru skiptar skoðanir um jafnvel meðal stjórnarliða hér inni. Þeir hafa ekki einu sinni náð fullri einingu um það innan ríkisstj.

Ég segi þetta hér vegna þess að hér er um mál að ræða sem geta ekki hafa þurft að bíða svo lengi framlagningar og ég held að margfrægur stólasirkus í haust geti ekki réttlætt þetta heldur. Ég sé að hér eru fjögur ný mál á ferð í dag, það eru tvö eða þrjú í Nd. Ég sé ekki nokkra afsökun fyrir því að öll skuli þau ekki a.m.k. hafa komið fram í byrjun mánaðarins og raunar miklu fyrr.

Ég vil taka það fram að ég er ekkert frekar að tala þetta til hæstv. iðnrh. nema síður væri því að ýmislegt sækir að honum nú um stundir. En fyrir ríkisstj. og gagnvart Alþingi eru þetta hin verstu vinnubrögð. Þau eru ekki ný að vísu, eins og ég sagði áðan, en þau versna stöðugt og ég veit þó að ekki hafa forsetar þingsins frekar en oft áður legið á liði sínu við að ýta á eftir og hreyfa við þessari ráðlausu ríkisstj. En ráðleysið og það sem hér var kallað áðan „hringlandahátturinn" þarf ekki endilega að endurspeglast hér inni í þingsölum í öllum málum, eins og gerist nú æ ofan í æ.

Ég mun ekki ræða þetta frv. efnislega nú þó að ærin ástæða væri til. Ég segi það aðeins að ég fagna því að þessi löggjöf verður framlengd þó að ég hefði viljað sjá hana nokkuð öðruvísi en í því formi sem þarna er kynnt. Ég fullyrði að hér er eitt þeirra mála sem skipta mjög miklu fyrir landsbyggðina og færa þarf í enn styrkari og betri farveg með eflingu iðnþróunarfélaga heima fyrir, með enn frekari ráðgjöf og þjónustu og með fjárhagslegri aðstoð þar sem um skynsamlegar og arðbærar framkvæmdir yrði að ræða.

Það er miklu miður, eins og ég sagði áðan, að ekki hefur náðst samkomulag um ágætar tillögur sem hér fylgja með og greinilegt að ekki stendur til nú síðar á þessu þingi að gera út um það mál vegna þess að í athugasemdum með frv. stendur: „Stefnt er að því að frv. um framtíðarskipan iðnráðgjafar í landshlutunum verði lagt fyrir Alþingi í október 1986" — þ.e. eftir tæpt ár. Ég hefði miklu frekar kosið að þetta frv. yrði lagt fram nú á þessu þingi og treysti reyndar hæstv. iðnrh. til að sjá til þess að svo verði.

Iðnráðgjafalöggjöf sú, sem Hjörleifur Guttormsson kom á og fleira sem því tengdist, var einn liður af mörgum í því framtíðarplani sem hann lagði um virka innlenda iðnaðarstefnu sem hann setti fram og barðist fyrir. Um það skulu heldur ekki höfð orð hér.

Ég treysti hæstv. iðnrh. til að fullvinna framhaldsstarf og nauðsynlegar breytingar svo sem hér eru lagðar til. Ég bendi hæstv. iðnrh. sérstaklega á að í þessu efni er honum áreiðanlega óhætt að taka ríkt tillit til sjónarmiða Austfirðingsins í nefndinni, flokksbróður hans

Theodórs Blöndals, sem þekkir þessi mál flestum betur heima í héraði, hefur gert sér grein fyrir því hvernig iðnþróunarfélögin eiga sérstaklega að koma inn í þetta mál og hvernig þetta er unnið og hefur fastmótaðar hugmyndir um það sem gera skal, eins og hér kemur reyndar glögglega fram. Þess vegna hefði ég vænst þess að um þetta gæti náðst samstaða innan ríkisstj., a.m.k. að hægt væri að leggja þetta frv. fram nú á þessu þingi þannig að við værum örugg um að ný, fullkomnari og betri löggjöf um þetta efni kæmi til framkvæmda um þarnæstu áramót.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 175. mál (þskj. 198). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir litlu frv. sem er árlegur gestur á þessum tíma árs. Það er í raun og veru fylgifrv. með fjárlagafrv. en varðar sjúkratryggingar. Það er framlenging á ákvæðinu um 2% sjúkratryggingagjald eða öllu heldur breyting á þeirri upphæð í samræmi við fjárlagafrv. Þetta hefur nú staðið um nokkurra ára skeið. Álagt sjúkratryggingagjald á yfirstandandi ári er um 170 millj. kr. og áætlað að innheimtist af því um 150 millj. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1986 verði um 225 millj. og af því inntheimtist um 200 millj. Þessi upphæð byggist á spá Þjóðhagsstofnunar um breytingar á milli áranna 1984 og 1985. Sú tala var því miður ekki alveg staðfest af Þjóðhagsstofnun þegar þetta frv. fór í prentun en verður það væntanlega áður en frv. kemur úr nefnd, sem ég vonast til að verði nú mjög skjótlega þannig að þetta frv. geti fylgt afgreiðslu mála nú fyrir jólin, enda nauðsynlegt til að samræmi sé á milli þessa þáttar og fjárlaganna.

Ég bendi á að í þessu frv. er einnig lagt til að gjaldstofn sjúkratryggingagjalds, þ.e. sú upphæð sem ekkert gjald skal leggjast á, hækkar úr 296 þús. í 403 þús.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. vegna þess að hér er um mál að ræða sem varðar Tryggingastofnunina. Þó að í raun og veru sé það skattlagning líka, eða fylgi skattheimtu næsta ár, þá mun það hafa verið á undanförnum árum svo að þessum málum hefur verið vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 17 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 186. mál (þskj. 218). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Við gerð laga nr. 98/1984, þegar fæðingarorlof var lengt vegna fleirburafæðinga, láðist að breyta orðalagi 10. og 11. málsgr. 16. gr. laga um almannatryggingar til samræmis við hina breyttu reglu sem Alþingi samþykkti í fyrra. Í áðurnefndum málsgreinum er því gengið út frá fjögurra mánaða fæðingarorlofi sem algjöru hámarki en lagabreytingin, sem gerð var í fyrra, heimilaði lengra fæðingarorlof, t.d. þegar um var að ræða þríbura. Fyrir bragðið hefur ekki verið unnt að breyta reglugerð um fæðingarorlof og þess vegna hafa starfsmenn Tryggingastofnunarinnar haldið óbreyttum starfsreglum og þríburamóðir, ja, mæður, ef fleiri eru, hafa ekki átt kost á viðbótarmánuði sem lögin áskilja vegna sérstakra veikinda af þessum sökum. Það er sérstakur vandi sem upp hefur komið sem hefur orðið til þess að menn sáu að nauðsynlegt var að gera þessa breytingu. Ég tel þetta augljóst sanngirnismál og nauðsynlegt að breyta þessu nú fyrir þinghléið.

Ég tel að ekki þurfi að fara um þetta réttlætismál frekari orðum en tek fram að ástæðan til þess að ekki er sérstök kostnaðaráætlun með þessu frv., eins og vera ætti, er sú að mér þótti ekki svo líklegt að þríburar færu að fæðast í miklu stærri stíl en hingað til og því geri ég ekki ráð fyrir að hér sé um kostnaðarauka að ræða nema í algerum undantekningartilfellum. Í fyrsta lagi þurfa að vera þríburar og í öðru lagi að um sé að ræða sérstök veikindi annaðhvort hjá börnunum eða móðurinni.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu litla frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég lýsi stuðningi við frv. og skil það vel að það er nauðsynlegt að breyta þarna orðalagi úr því að þannig er tekið á þessu máli hjá Tryggingastofnun á þann stífasta máta sem unnt er að gera, eins og gjarnan er gert á þeim bæ, því miður, og sjálfsagt að laga það til. Hér er að vísu um tiltölulega lítið mál að ræða í þessum stóra málaflokki sem tengist fæðingarorlofi almennt og lengingu þess.

Ég vildi aðeins, vegna þess að það er alkunna hér á þingi að hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. hefur haft sérstakan áhuga á þessum málum og beitti sér á sínum tíma fyrir ákveðinni lausn varðandi fæðingarorlofsmál, koma inn á þau mál nú, m.a. með tilliti til þess að hér hefur verið lagt fram í deildinni enn á ný, frv. til laga um lengingu fæðingarorlofs í sex mánuði, sem er flutt af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, og ég tel óhjákvæmilegt að heilbr.- og trn., þegar hún fær það mál til umræðu, taki fyrir og afgreiði frá sér með einhverjum hætti það mál í stað þess, eins og verið hefur núna síðustu tvö ár, að það hefur ekki verið afgreitt. Ég hef sagt það hér áður og segi það enn að í ljósi þess hvað þetta er mikilvægt mál þá megi það ekki dragast lengur að ákveðin áfangalausn a.m.k. til viðbótar fáist í þetta mál, þó við göngum nú kannske ekki götuna alveg til enda eins og gert er ráð fyrir í frv. hv. þm. Sigríðar Dúnu — og væri það þó það æskilegasta og besta.

En í ljósi þessa þá vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort fyrirhugað sé af hálfu hæstv. ráðh. að leggja fram frv. um breytingu á fæðingarorlofi, lengingu þess á einhvern hátt, jöfnun þess á einhvern hátt, frá því sem nú er. Það er ágætt að fá upplýsingar um það nú, áður en við förum á síðari stigum að fjalla um frv. á þskj. 205, hvort einhverjar ráðagerðir eru uppi hjá hæstv. ráðh. — sem ég endurtek að hefur sýnt þessu máli og sýndi því á sínum tíma mikinn áhuga og kom ákveðinni lausn í gegnum þingið — hvort hæstv.

ráðh. er með ráðagerðir á prjónunum um það að vinna að áfangalausn þessa máls nú, eða hvort það er ákveðið að láta það mál vera í þeim óviðunandi farvegi sem það er í í dag, vegna þess að þegar þessu var breytt síðast þá var vitað mál að þar var um áfangalausn eina að ræða og þurfti miklu betur að gera.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. í fyrsta lagi fyrir að taka svo vel undir þetta frv. sem hér er flutt og í öðru lagi fyrir að rifja upp þann skemmtilega tíma þegar við stóðum saman að því, ásamt fleiri þm., að berjast fyrir því að þær konur í launþegastétt, sem ekki höfðu áður átt kost á þriggja mánaða fæðingarorlofi, fengju það með lögum. Það gerðist 21 ári eftir að konur í störfum hjá hinu opinbera fengu slíkan rétt. Eftir allan þennan tíma gerðist það á árinu 1975, eða þá í árslok, að konur í hinum launþegafélögunum fengu þennan rétt og var þá svo að þær höfðu fengið samkvæmt samningum u.þ.b. 12 daga fæðingarorlof e.t.v. flestar fram að þeim tíma. Því var um brýna þörf að ræða og mjög mikla úrlausn er þessi réttarbót var lögfest. Þetta var sannarlega þess vegna þýðingarmikil löggjöf og reyndar var þetta eina löggjöfin að því ég best man sem sérstaklega varðaði konur og sem samþykkt var á því fræga ári, kvennaári Sameinuðu þjóðanna.

Hitt er svo annað mál, eins og hv. þm. vjáði hér að áðan, að hann taldi að þarna væri um áfangalausn að ræða. Vissulega hafa réttindamál á landi okkar og víðar í veröldinni komist fram í áföngum. Þarna var um mjög stóran áfanga að ræða. En engu síður var það nú svo að margir flokksmenn hv. þm., karlar og konur, kepptust við af pólitískum ástæðum að gera lítið úr þeim mikilvæga áfanga sem þarna var náð, en hér í þingi var samt allt að einu gott samstarf um þetta mál. Flestir þm. tóku mjög vel undir þetta og fyrir það getum við konur sannarlega verið þeim þakklátar. Síðar var svo fjármögnun þessa færð yfir í almannatryggingar, en eins og menn muna þá voru á þeim tíma sem lögin voru fyrst sett um þetta almenna fæðingarorlof engin tök á því að fá nægilegt fjármagn úr Tryggingastofnuninni fyrir þetta verkefni, en síðar var horfið að því ráði.

Að því er svo varðar það hvort núna sé tekin ákvörðun um ný og stór skref fjármögnuð af Tryggingastofnuninni, þá hefur það ekki enn verið gert og þarf ég ekki að tíunda það fyrir hv. þm. hverjir fjárhagsörðugleikar þar eru. Ég er vissulega eftir sem áður tilbúin til þess að kanna allar umbætur í þessu máli, en það hefur ekki unnist tími til þess að hafa neitt tilbúið um það í heilbrrn. nú, á þeim skamma tíma sem ég hef verið þar starfandi. Ég vona að þessar upplýsingar nægi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þær umræður sem hér hafa nú orðið um skipan fæðingarorlofsmála hafa komið mér töluvert á óvart því að ég, eins og aðrir nm. í hv. fjh.- og viðskn. Ed., bjóst við að ræða lánsfjárlög, frv. til lánsfjárlaga á þessum fundi hér í hv. deild. Þau hafa enn ekki komist hér til umræðu og er þó fundartími deildarinnar meira en hálfnaður. Ástæða þess er sú að síðan fyrir helgi hefur rignt inn frv. frá ríkisstj. hér á síðustu dögum þessa þings fyrir jólaleyfi þingmanna. Það eru vinnubrögð sem ég hlýt að fordæma eins og aðrir þm. sem hér hafa talað um þau efni.

Ég vil lýsa því yfir að auðvitað styð ég það frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. var að mæla fyrir hér áðan. Ef svo má segja snýst það um tæknileg atriði þess að framkvæma megi lög sem samþykkt voru hér á Alþingi, ef ég man rétt, fyrir einu og hálfu ári síðan. Það mun hafa verið vorið 1984 sem það frv. var samþykkt, sem það frv. sem hér er nú til umræðu, tekur til. Og mér er spurn: Hvers vegna í ósköpunum hefur það dregist í eitt og hálft ár að framkvæma þau lög? Ég gerði mér enga grein fyrir því að svo væri og hafði ekki um það nokkra einustu hugmynd. Það frv. sem hér er til umræðu er mér því mikið undrunarefni, en auðvitað styð ég það rétt eins og ég studdi þá breytingu sem gerð var á lögunum vorið 1984.

Hv. þm. Helgi Seljan kom hér upp og gerði frv. það, sem ég hef borið fram á tveimur umliðnum þingum og hef enn á ný borið fram á því þingi sem nú situr, að umtalsefni og spurði hæstv. heilbr.- og trmrh. að því hver væri hennar hugur til þessa frv., ef ég skildi hv. þm. Helga Seljan rétt. Það gleður mig ákaflega að heyra að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé tilbúinn til að kanna umbætur í þessum efnum. Þær eru mjög brýnar og það er þess vegna sem ég hef borið þetta frv. fram í þrígang, þrjú þing í röð. Á tveimur umliðnum þingum hef ég ekki fengið það afgreitt frá hv. heilbr.- og trn. en hef samt ekki látið deigan síga og borið það fram enn á ný. Það er vegna þess að umbætur í þessum málum eru mjög brýnar. Því fagna ég því að hæstv. heilbr.- og trmrh. er tilbúinn til að kanna slíkar umbætur.

Hún minntist á það að fjármagn væri ekkert fyrir hendi til þessara mála. Ég vil þá benda henni á að með frv. til fæðingarorlofslaga á þskj. 205 er fylgifrv. þar sem gert er ráð fyrir fjármögnun til þessara mála. Ég vil biðja núv. hæstv. trmrh., sem er nýkominn í þetta embætti, að lesa þessi mál gaumgæfilega og vænti þess að fá að heyra frá henni um þessi mál þegar þetta frv. verður tekið á dagskrá hér í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Áður en lengra er haldið er rétt að leggja áherslu á það að mörg og mikilvæg mál, eins og reyndar hér hefur komið fram í máli hv. þm., eru á dagskrá þessa fundar og það er kannske hæpið að gera ráð fyrir að þau komist öll áleiðis eða fái afgreiðslu á fundinum í dag. Hv. þdm. er e.t.v. kunnugt um það — eða þá er þess getið hér ef svo er ekki — að á morgun eru fyrirhugaðir deildafundir og annað kvöld er deildarfundur í Nd. Þar af leiðandi hafði ég gert ráð fyrir að við mundum þá einnig nota þann tíma ef þörf krefði en hins vegar reyna að komast hjá því að hafa kvöldfund í kvöld. En nú sýnist mér að svo geti farið ef okkur endist ekki tími til að afgreiða þau mál, sem eru hér á dagskrá, sérstaklega fyrsta málið og kannske þau sem eru fyrir ofan 6. mál, þ.e. 1. til 5., að þá væri hugsanlega möguleiki á að hafa fund klukkan 6.

Þetta vildi láta koma fram núna og svo sjáum við hvernig okkur gengur með fundarhaldið það sem eftir er af fundartímanum til kl. 4.

Lánsfjárlög 1986, stjfrv. 2. mál (þskj. 2, n. 227 og 233, brtt. 130 og 228). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi geta þess að í hv. fjh.- og viðskn. hefur eins og að venju verið góður samstarfsvilji og ráð var fyrir því gert að við mundum geta hér í dag lokið 2. umr. um frv. til lánsfjárlaga. Af óvæntum ástæðum hefur dregist langt fram á fundartímann að þetta mál kæmi á dagskrá. Frá minni hálfu er engin krafa gerð um það að málinu verði lokið á þessum fundartíma, sem við höfum til ráðstöfunar nú, né þá heldur milli kl. 6 og 7 — ef mönnum svo sýnist — ef öruggt er að deildafundir verði á morgun. En auðvitað væri æskilegt að við gætum haldið þeirri stefnu, sem við urðum sammála um í nefndinni, að reyna að koma málinu til 3. umr. nú.

Hér er um dálítið sérstæða afgreiðslu að ræða. Ég veit ekki hvort hv. þdm. hafa almennt gert sér grein fyrir því að nú þarf að fjalla með öðrum hætti um lánsfjárlög en áður hefur verið. Frv. til lánsfjárlaga fyrir 1986 var núna lagt fram samhliða fjárlagafrv. en þar að auki þá er nú fjallað um það í samræmi við nýsett lög um breytingu á framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga, þ.e. lög frá síðasta vori, lög nr. 84/1985, um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, en lánsfjáráætlunin er nú hluti af fjárlagafrv. ef rétt er með farið.

Við í hv. fjh.- og viðskn. Ed. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þdm. að tala saman í hliðarherbergjum, þetta truflar ræðumann.) Við í hv. fjh.- og viðskn. Ed. áttum raunar frumkvæðið að því þegar fjallað var um þessi lög, breytingu á þessum lögum sem ég nefndi, um ríkisbókhald og ríkisreikning að gerð yrði gangskör að því að reyna að koma fjárlagagerð ríkisins í annað horf en verið hefur, þ.e. að fella lánsfjárlög inn í fjárlögin sjálf þannig að á einum stað væri að finna sem mest af því sem ríkisfjármál — hv. forseti Sþ., mætti ég biðja um að fá hljóð? (**ÞK:** Ég stjórna ekki þessari deild.) Sameinaðs þings sagði ég. Ég sagði hv. forseti Sþ., mætti ég fá hljóð. (**ÞK:** Forseti Sþ. stjórnar ekki þessari deild.) Nei, en hann var að tala stöðugt. (**ÞK:** Nú, var það?) Já. (**ÞK:** Var enginn að tala nema hann?) Jú, hv. þm. Skúli Alexandersson líka. (**Gripið fram í:** Hann er nú bara ritari.) (**Forseti:** Við skulum ekki hafa svona samtal í salnum.) Ég veit nú varla hvert ég var kominn í messunni, en við áttum sem sagt í hv. fjh.- og viðskn. frumkvæðið að því að upp var tekinn sá háttur sem nú er á gerð lánsfjárlaga og fjárlaga, þ.e. að reyna að sameina á einum stað sem mest af því sem ríkisfjármálin varðar. Ég held að þarna sé um mjög mikla bót að ræða og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka sérstaklega fyrrv. fjmrh. — núv. hæstv. iðnrh. fyrir það að hafa tekið alvarlega þessar breytingar sem gerðar voru í fyrravor fyrir okkar frumkvæði á nefndum lögum og raunar líka Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrn. og svo auðvitað núv. hæstv. fjmrh.

En það varð sem sagt að samkomulagi milli okkar nm. að reyna að ljúka afgreiðslu 2. umr. þó að mál væru alls ekki komin í höfn því það var um tvo kosti að velja. Annaðhvort mundum við hér í Ed. óska eftir samstarfi við hv. fjh.- og viðskn. Nd. til að vinna málið, þannig að það gæti fylgt fjárlögunum, eða við mundum reyna að hraða afgreiðslu hjá okkur og málið gengi þannig til Nd.-nefndarinnar sem hefði þá nokkurra daga svigrúm til að fjalla um það. Og þar verða örugglega einhverjar breytingar gerðar á fjárlögum eða lánsfjárlögum sem þýðir að málið verður að koma aftur til okkar samhliða afgreiðslu fjárlaga eða rétt á undan samþykkt fjárlaganna.

Við komumst að þeirri niðurstöðu að þessi háttur væri heppilegri, að reyna að koma málinu héðan út úr deildinni, og mundum síðan sameinast um að afgreiða málið með þeim breytingum sem í Nd. verða vafalaust gerðar á stuttum fundi í lokin. Þessi vinnubrögð verðum við að viðhafa og síst sæti það á okkur, sem börðumst fyrir þessari breytingu, að sinna ekki þeirri skyldu okkar, sem nú leggst á þm., að afgreiða lánsfjárlög samhliða fjárlögum.

Til þess að lengja ekki mitt mál ætla ég ekki að fara að rekja frv. sjálft til lánsfjárlaga enda hefur það verið gert við 1. umr. af hæstv. fjmrh., heldur eingöngu að víkja að þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar ýmist í samkomulagi í hv. fjh.- og viðskn. eða af hálfu meiri hl. nefndarinnar.

Þegar fjmrh. mælti fyrir fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga þá gerði hann grein fyrir allnokkrum breytingum á lánsfjárlögum og eru fluttar um það sérstakar brtt. á þskj. 228, sem ég hygg nú að menn átti sig nokkuð vel á, og er raunar ekkert í því nýtt, það er ekkert umfram það sem hæstv. fjmrh. boðaði í fjárlagaræðu sinni. Ég skal því ekki fara að rekja hverja einstaka tillögu.

Ég vil geta þess að ég hef látið fjölrita og útbýta meðal þdm. skjali sem nefnt er „Framlög til ýmissa sjóða“ og þar koma fram allar skerðingar, og raunar líka viðbætur við sjóði, og skal ég ekki fara að lesa hér upp hvern einstakan lið. Ég hygg að menn átti sig nokkuð á því. Í fjórðu línu í upptalningunni, þar sem talað er um Byggðasjóð, á að vera Byggðastofnun að sjálfsögðu og þar eru á fjárlögum 80 millj. kr. en í dálkinum sem heitir „Framlög samkvæmt lögum“ er 0 því að í lögum um Byggðastofnun er ekki kveðið á um sérstök framlög heldur að þau séu ákveðin á fjárlögum. Og þar sem talað er um aftur Stofnlánadeild landbúnaðarins og Lífeyrissjóð bænda þá er rétt að sameina þá liði þar sem þetta er samtengt. Að öðru leyti held ég að þetta skýri sig allt saman sjálft.

Í samræmi við þessar breytingar sem hæstv. fjmrh. boðaði eru brtt. nú fluttar.

Ljóst er að breytingar verða á þeim fjárhæðum sem hér hafa verið nefndar, eins og ég áðan vék að. Þar ber fyrst að nefna áhrif af afgreiðslu fjvn. á lánaþörf A-hluta fjárlaga sem þarf að sjálfsögðu að koma inn í 1. gr. þeirra. Í öðru lagi hafa nefndinni borist nokkur erindi um lántökuheimildir sem ekki eru enn afgreidd.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega geta þess að erindi mun hafa borist hingað til þingsins frá Iðnþróunarsjóði sem dags. er 28. nóv. Það var hins vegar ekki í möppum okkar nm. en fannst inni í horni í dag, þegar mér hafði verið gert aðvart um þetta erindi, var þar í sérstakri möppu langt frá plöggum nefndarinnar, en eins og menn vita eru margir nefndir sem þurfa að hafa aðgang að þessu herbergi og talsvert mikið af skjölum þar, og ég held þess vegna að engan sé hægt að saka um þetta. Þarna hafa orðið mistök. Þar er sem sagt umsókn frá Iðnþróunarsjóði um heimildir til erlendrar lántöku og að sjálfsögðu mun sú umsókn eins og annað verða

tekið upp á milli 2. og 3. umræðu á nefndarfundum.

En auðvitað eru fleiri umsóknir væntanlegar, hygg ég, og allt það þurfum við að ræða núna næstu 2—3 dagana.

En hvað varðar þau erindi sem okkur hafa borist en hafa ekki verið afgreidd þá er um að ræða 100 millj. kr. lántöku til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum. Það er reyndar ekki erindi heldur brtt. frá hv. þm. Helga Seljan. Þá er ósk um lántökuheimild Útflutningslánasjóðs sem enn hefur ekki hlotið afgreiðslu. Enn er til umræðu að tryggja fjármagn til fiskiræktar að upphæð 350 millj. kr. án þess að raska niðurstöðum lánsfjárlaga. Tillaga er í nefndinni um að gera það með þeim hætti að liðurinn „Framkvæmdasjóður og fiskeldi" í lánsfjáráætluninni sem er upp á 150 millj. kr. í frv. verði nefndur Fiskeldi eingöngu, féð gangi sem sagt allt til fiskeldis. Að eigin ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs verði hækkað úr 230 millj. kr. í 330 millj. og renni 100 millj. til fiskiræktar. Loks fari 100 millj. kr. af fé því sem ætlað er í Byggðastofnun með einhverjum hætti til fiskiræktar, annaðhvort með því að stofnunin ráðstafi 100 millj. kr. til þessa verkefnis eða lántökuheimild hennar lækki um 100 millj. kr. en liðurinn „Fiskirækt" hækki sem því nemur. Ég hygg að eðlilegast væri og skemmtilegast að ná um það samkomulagi nú þessa dagana við stjórn Byggðastofnunar að hún ráðstafaði þessum 100 millj. í lán til fiskiræktar þannig að ekki þyrfti að koma til neinna breytinga út af fyrir sig í lánsfjárfrv. frá því sem þar er ákveðið. Stofnunin hefur allmikið fé, á 700. millj. til ráðstöfunar og það fer varla á milli mála að þó að sjöundi partur af því eða eitthvað slíkt, sjötti partur, færi til fiskiræktar yrði því fé áreiðanlega ekki betur varið í neinum öðrum tilgangi. Ég á von á því að um þetta gæti náðst fullt samkomulag, bæði í hv. fjh.- og viðskn. og eins með stjórn Byggðastofnunar.

Loks var hjá nefndinni erindi frá grænfóðurverksmiðjunni Vallhólma hf. um heimild til 23 millj. kr. lántöku. Nefndin taldi ekki efni standa til afgreiðslu málsins, m.a. vegna skorts á upplýsingum.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta nema þá að gefnu tilefni. Ég hygg að málið liggi nokkuð ljóst fyrir og, eins og ég gat um, hefur samstarf verið gott í nefndinni og það leyfi ég mér að þakka. Hins vegar eru auðvitað skiptar skoðanir eins og vera ber og alltaf hlýtur að verða, en meginumræðuna um þetta mál höfum við hugsað okkur að hafa við 3. umr., og fara þá kannske vítt um völl eins og vera á í pólitískri umræðu. Sem sagt, ég legg ekki áherslu á að málið verði afgreitt nú á svona skömmum tíma, en vissulega þætti mér vænt um það.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Fyrir fáum dögum var það opinberlega upplýst að afkoma ríkissjóðs á árinu 1985 væri verulega miklu lakari en ráð hafði verið fyrir gert á þessu hausti. Það er því ljóst að þær forsendur sem menn gáfu sér þegar þessi lánsfjáráætlunardrög voru sett saman í haust eru brostnar, eru orðnar allt aðrar. Má því gera ráð fyrir að þær tölur sem eru í lánsfjáráætluninni eigi eftir að breytast verulega jafnhliða meðferð fjárlagafrv. í fjvn. þegar upplýsingar munu koma fram um væntanlega tekjumöguleika ríkissjóðs á næsta ári í ljósi nýrra viðhorfa og í ljósi þróunar á útgjöldum ríkissjóðs á þessu hausti. Sem sagt, forsendur hafa breyst frá því sem var, eru í raun og veru brostnar, og þetta gerir að sjálfsögðu öllum afskaplega erfitt fyrir að leggja mat á efni þessa frv. Það ríkir veruleg óvissa um tekjuöflun og lánsfjárþörf ríkissjóð. Hætt er við að allt verði í óvissu a.m.k. þar til 3. umræða fjárlaga hefur farið fram um það hvað ríkissjóður þarf raunverulega að taka að láni og segja mætti mér að sú óvissa mundi kannske standa jafnvel miklu lengur en svo eða langt fram á næsta ár.

Ég sagði við 1. umræðu þessa máls að ég hefði heyrt að verulega stórar upphæðir vantaði inn í fjárlagafrv. miðað við frv. eins og það var lagt fram í haust, og ég minnist þess að hæstv. fjmrh. brást ókvæða við og taldi að um einhverjar einkennilegar dylgjur væri að ræða ef ekki eitthvað þaðan af verra. En það er nú einmitt að koma í ljós þessar vikurnar að þetta var rétt og sér þó ekki fyrir endann á þeirri óreiðu. Þess vegna er það svo að allar tölurnar sem við erum með í þessari lánsfjáráætlun, niðurstöðutölur á ég þá við, eru bráðabirgðatölur, tölur sem kunna að breytast verulega á næstu vikum. Þetta er viðurkennt í fjh.- og viðskn. og er ekkert launungarmál eða deiluefni.

Við í stjórnarandstöðunni höfum fallist á að 2. umræða málsins fari fram í dag og 3. umræða eftir nokkra daga og síðan verði málið sent til Nd. og fái þar venjulega afgreiðslu. En við vitum það að frv. á kannske eftir að koma aftur til Ed. Þar kann það að taka verulegum breytingum miðað við þær breytingar sem yrðu þá gerðar á frv. í Nd. vegna þeirrar óvissu sem ríkir um fjárlagadæmið. Þannig verða menn að vinna. Ef þeir vilja hafa einhverja minnstu von um að lánsfjárlagafrv. verði afgreitt fyrir jól er auðvitað óhjákvæmilegt að ljúka meðferðinni í Ed. en það er á margan hátt alls óviðunandi að þegar deildin er að afgreiða málið frá sér gerir hún það í vitund þess að málið á sennilega eftir að koma aftur til deildarinnar verulega breytt. Það er mjög óvenjulegt að þannig þurfi að standa að málsmeðferð hér á Alþingi. En auðvitað er skýringin engin önnur en sú að málin eru svona óljós hjá hæstv. ríkisstj. og svona mikil ringulreið ríkjandi við fjárlagaafgreiðsluna sem m.a. lýsir sér svo aftur í því að fulltrúar minni hl., fulltrúar stjórnarandstöðunnar, hafa ekki treyst sér til á þessu hausti að skrifa upp á tillögur nefndarinnar. Það er því meiri hl. fjvn. sem stendur að úthlutun á fjárveitingum til einstakra málaflokka, og ég hygg að það sé í fyrsta skipti í mjög mörg ár sem þannig stendur á að minni hl., stjórnarandstaðan, treystir sér ekki til vegna þessarar ringulreiðar allrar að standa að nál. um skiptingu á einstökum fjárlagaliðum.

Samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir nú og er, eins og ég hef þegar tekið fram, bráðabirgðaafgreiðsla er áformað að taka 7136 millj. kr. að láni erlendis, en afborganir af löngum erlendum lánum nema 5870 millj. kr. Langtímaskuldir gagnvart útlöndum eiga því að aukast um rúmlega 2000 millj. kr., reyndar, svo að nákvæmt sé farið í hlutina, 2066 millj. kr., en varla tekur því að vera að telja þessar milljónir nákvæmlega fram því að við vitum að þessi tala er afskaplega lítils virði, mjög svo gróft reiknuð áætlunartala í svipinn og á kannske eftir að taka verulegum breytingum.

Á sínum tíma lýsti ríkisstj. því yfir að erlendar skuldir í hlutfalli við þjóðarframleiðslu mundu ekki fara yfir 60%. Við afgreiðslu lánsfjáráætlunar í fyrra var þetta hlutfall áætlað 64%, var sem sagt komið 4% fram úr

áformum ríkisstj. þegar hún kom til valda miðað við árslok 1985. Við sem skipum minni hl. nefndarinnar höfum gert tilraun til að afla vitneskju um hver þessi hlutfallstala er í árslok 1985 miðað við nýjustu upplýsingar. En þessi tala hefur ekki fengist reiknuð á nákvæman hátt og Þjóðhagsstofnun féllst ekki á að reikna hana, taldi ýmislegt í veginum til að unnt væri að gera það og verður þá að segjast að ríkisstj. er aldeilis bærilega sloppin frá hinu svikna loforði sínu um 60% þegar Þjóðhagsstofnun hefur komið málum svo fyrir að þessi tala fæst bara hreinlega ekki reiknuð lengur og þar af leiðandi er engan samanburð að fá. Fjárlaga- og hagsýslustofnun var vissulega reiðubúin að aðstoða í þessum efnum eins og henni var framast unnt, en vegna þess að ekki lágu fyrir gögn, sem til staðar þurftu að vera, höfum við ekki neina samanburðartölu sem á er byggjandi.

Nýja reikningsaðferðin hjá Þjóðhagsstofnun er miðuð við landsframleiðslu og er reiknuð út á dálítið annan hátt. Til upplýsingar er rétt að taka fram að hún telst vera nú í árslok 1985 tæp 53%, 52,9%, sem auðvitað segir okkur ekki neitt, segir okkur nákvæmlega ekki neitt af því að við getum ekki borið þá tölu saman við neina aðra tölu, en kannske getum við borið hana saman við töluna sem stendur eftir að þessu ári loknu þegar þar að kemur.

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á því að þessar tölur um þróun langtímalána segja alls ekki alla söguna. Það kemur skýrt fram í töflu 23 í fjárlagafrv., þar sem fjallað er um áætlaðan greiðslujöfnuð við útlönd, að skammtímalán munu aukast mjög verulega á næsta ári eða um 2234 millj. kr., sbr. liðinn Stuttar fjármagnshreyfingar nettó í þessari töflu nr. 23, þannig að raunveruleg skuldaaukning er miklu meiri en nemur 2000 millj. kr. skuldaaukningu í löngum erlendum lánum. Hún er í raun og veru samanlagt upp á 4200 millj. sem vissulega kemur ekki neitt á óvart því að auðvitað er sú tala í nánum tengslum við áætlaðan viðskiptahalla á komandi ári.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða um afgreiðslu nefndarinnar á þessu frv., en rétt er að láta þess getið að bersýnilegt er að ýmsir liðir í áætluninni eru grunsamlega útreiknaðir og sennilegast vanáætlaðir. Nægir að nefna sem dæmi að beiðnir hitaveitna sveitarfélaga um lántökur, sem einkum eiga að ganga til skuldbreytinga vegna mikilla fjárhagserfiðleika, eru upp á 200 millj. kr. en í frv. eru 95 millj. Ég á afskaplega bágt með að trúa því að beiðnum þessara hitaveitna verði alfarið hafnað þegar þar að kemur þó að slík áform séu höfð uppi í frv. Hitt finnst mér miklu líklegra að menn setji þessa lágu tölu inn í frv., 95 millj., einfaldlega vegna þess að menn vilja sýna sem lægsta tölu og reyna að stæra sig af því að lántökurnar séu þó ekki meiri en þetta eða a.m.k. að forðast aukna gagnrýni miðað við að talan væri enn hærri, en síðan sé ætlunin að leysa vandræði þessara hitaveitna með sérstökum ráðstöfunum öðrum á næsta ári og afla til þess heimilda á síðara stigi, eins og vissulega eru mörg fordæmi fyrir.

Ég vil líka taka það fram að varlega ber að treysta því og trúa að einkafyrirtæki taki ekki meiri erlend lán en nemur þessum 2535 millj. kr. sem nefndar eru í frv. því að ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir meiri lántökur en hér eru nefndar sýnir reynslan að aðhaldið er ekki meira en svo að allt eins er líklegt að verulega sé farið fram úr áætlun, og svo gæti orðið einnig á næsta ári. Til fróðleiks er rétt að geta þess að á þessu ári virðast lántökur einkaaðila hafa farið 130 millj. kr. fram úr áætlun ársins.

Eins er rétt að benda á að sala spariskírteina ríkissjóðs virðist áætluð nokkuð bjartsýnislega, að ekki sé hreinlega sagt að þar sé um óraunsæja spá að ræða, því að miðað við þá stefnu sem ríkisstj. rekur í lána- og vaxtamálum er ákaflega varlegt að trúa því að nettóinnstreymi hjá ríkissjóði verði í þeim mæli sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Við í stjórnarandstöðunni höfum ýmsar athugasemdir að gera við þetta frv. í einstökum atriðum. Þess var getið við 1. umræðu að við í stjórnarandstöðunni værum ekki öll mjög hrifin af ýmsum skerðingarákvæðum frv. Ég gat þess t.d. sérstaklega að ég væri mjög óhress með það að Kvikmyndasjóður væri skorinn niður eins og raun ber vitni. Þar er um smáupphæðir að ræða. Ríkissjóður og Alþingi eða ríkisstj. hafði heitið kvikmyndaiðnaðinum íslenska, þessum vaxtarbroddi í íslenskri menningu, að betur yrði við hann gert en verið hefur og samþykkt lög þess efnis vorið 1984, en svo á ekki að standa við þau fyrirheit. Það tel ég mjög til vansa þeim sem þá tillögu gera. Kvikmyndaiðnaðurinn íslenski ætti að vera óskabarn okkar allra. Hann hefur staðið sig ákaflega vel og verður að fá hliðstæðan stuðning opinberra aðila og sambærilegur iðnaður í öðrum löndum. Annars er hann dauðadæmdur og viðleitni þess fólks sem mikið hefur lagt á sig í þessum efnum að engu gerð. Ég skora mjög eindregið á hæstv. fjmrh. og ríkisstj. alla að sjá sóma sinn í því að skera ekki niður Kvikmyndasjóð frá þeim tölum sem gert er ráð fyrir í lögunum um Kvikmyndasjóð.

Sama má segja um fleiri sjóði eins og sérstaklega Framkvæmdasjóð fatlaðra sem er mjög verulega skorinn niður. Ég held að þeim sjóði veiti ekkert af þeim upphæðum sem lög gera ráð fyrir að til hans gangi. Og almennt er það sorgarsaga að gripið er til þess ráðs að skerða mjög verulega framlög til menningarmála og menntamála og félagsmála í þessu frv. Þar er í mörgum tilvikum um algerar smáupphæðir að ræða sem ekki mundu miklu breyta.

Ég nefni svo hins vegar eina stóra upphæð í frv. sem sannarlega mætti skera. En það eru áformaðar framkvæmdir Landsvirkjunar. Þær eru áformaðar á næsta ári hvorki meira né minna en 642 millj. kr. Það er skoðun okkar í stjórnarandstöðunni að engin þörf sé á þessum gífurlega miklu framkvæmdum í orkugeiranum, enda er spáin um orkuþörf landsmanna á þann veg að ekki er þörf á þeim framkvæmdahraða sem þar er áformaður. Þarna er ég að tala um stóra upphæð, upphæð sem er margföld á við þær litlu upphæðir sem hins vegar þyrfti að hyggja að í hækkunaráttina.

Virðulegi forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en læt þess getið að við 3. umr. er ekki ólíklegt að við í stjórnarandstöðu berum fram nokkrar brtt. — [Fundarhlé.]

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Mér þykir eðlilegt að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur þessa umræðu um frv. til lánsfjárlaga. (**Forseti:** Fjmrh. mun vera rétt ókominn. Ef ræðumaður vill hinkra við, þá held ég að það þurfi ekki að líða löng stund.)

Í umræðum utan dagskrár um málefni Útvegsbankans og Hafskips í sameinuðu þingi í gær bar margt á góma og víða var leitað fanga. En eitt var það sem velflestir hv. ræðumenn, sem þá tóku til máls, gerðu að umtalsefni og það var hversu þungbært, sumir sögðu óréttlátt, aðrir siðlaust — hversu þungbært, óréttlátt eða siðlaust það væri að íslenska þjóðin yrði að taka það á sínar herðar að greiða þann skuldabagga sem stjórnendur Hafskips og Útvegsbankans nú leggja á þessa margpíndu þjóð. Og víst er það siðlaust, þungbært og óréttlátt að svo skuli vera. Ég nefni þetta við upphaf orða minna um það lánsfjárlagafrv. sem hér er nú til 2. umr. í hv. Ed. vegna þess að það sem við erum að fjalla um í lánsfjárlögum er m.a. hvernig skuli fjármagna öll fjárfestingarmistökin sem ríkisstjórnir undanfarinna áratuga eru ábyrgar fyrir og sem landsmenn pínast nú undan. Þar vil ég einkum nefna óhóflegar og óarðbærar fjárfestingar í stórvirkjunum þar sem stærstu fjárhæðirnar í fjárfestingarbúi ríkisins hafa löngum verið. En fleira má nefna eins og t.d. óseljanlega og ónýtanlega togara. Það er undan þessum skuldabagga sem íslenska þjóðarbúið stynur nú og það er hans vegna sem menn komast upp með það að borga fólki ekki mannsæmandi laun hér á landi. Auðvitað er þetta líka óréttlátt og siðlaust, fyrir utan það að vera þungbært.

Við skyldum þess vegna ætla að allt kapp væri lagt á það hjá núv. hæstv. ríkisstj. að draga úr erlendum lántökum, enda slíkt iðulega haft á orði hjá þeim aðilum. En hver er reyndin? Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hl. hv. fjh.- og viðskn., sem ég stend að ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni og Ragnari Arnalds og sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur þegar gert grein fyrir, kemur í ljós að á síðasta ári var ekki um samdrátt í erlendum lántökum að ræða. Hv. þm. Ragnar Arnalds, sem gerði grein fyrir minnihlutaáliti hv. fjh.- og viðskn. hér áðan, gerði einnig grein fyrir því að nú fæst ekki með góðu móti reiknað hvort um hækkun á erlendum lánum sé að ræða milli ára vegna þess að nú hefur verið tekin upp ný reikningsaðferð við reiknun lánshlutfalls miðað við landsframleiðslu og þessi tala fæst því ekki upp gefin. Vitaskuld er það mjög slæmt og má með ólíkindum heita að menn geti stjórnað fjárreiðum ríkisins frá ári til árs án þess að fá slíkar tölur upp gefnar. Því hlýt ég að gera ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. hafi þessar tölur og beini því til hans, ef hann kemur hér í stólinn á eftir, að uppfræða hv. þingdeildarmenn um það hvernig útlitið sé með þessa hlutfallstölu í ár. Hana hlýtur hann að hafa.

En hvað sem kemur á daginn í þeim efnum við þessa umræðu eða þá við 3. umr., því að þegar hefur verið upplýst að það vantar töluvert af þeim stærðum sem eiga að vera í þessu fjárlagadæmi, langar mig til að spyrja hv. þingdeildarmenn hvort þeir hafi gert sér grein fyrir því t.d. að á næsta ári ætlum við að taka 300 millj. kr. erlent lán til flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Finnst ykkur þetta virkilega vera nokkurt vit og það þegar nýlegar upplýsingar benda til þess að erlendar lántökur verði, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, öllu meiri á næsta ári en gert er ráð fyrir í þeim drögum að lánsfjárfrv. sem eru hér til umræðu?

Samkvæmt upplýsingum sem fjvn. fékk hjá Þjóðhagsstofnun í fyrradag er nú útlit fyrir að kostnaðarhlið fjárlagafrv. muni hækka mun meira en tekjuhliðin og mismunurinn því verða meiri en ráð var gert fyrir. Halli á fjárlögum í ár verður því meiri en búist var við. Tala menn um að hann muni geta orðið 2—2½ milljarður kr. og þá frekar nær 2½ milljarði en 2.

Það eru aðeins þrjár leiðir til að eiga við þennan halla: það er frekari niðurskurður, það eru auknir skattar eða auknar erlendar lántökur. Ég er því ekki í nokkrum vafa um, þótt stærðir séu á reiki þessa stundina í fjárlagadæmi ríkisins, að hlutfall erlendrar lántöku í lok ársins 1986 verður öllu hærra en gert er ráð fyrir í þessu lánsfjárfrv. Það er því augljóst að núv. ríkisstjórn, rétt eins og sú á undan og sú þar á undan, safnar enn skuldum handa afkomendum sínum að pínast undir.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ræða einstakar greinar frv. og þá fyrst 3. gr. þess. Meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. leggur til á þskj. 228 að sú breyting verði gerð á 3. gr. frv. að lækka lánveitingar til Landsvirkjunar um 250 millj. kr., úr 740 millj. í 490 millj. Þetta er ágætis tillaga þótt betra hefði verið ef lengra hefði verið gengið því að það má með sanni segja að við höfum lítið við frekari framkvæmdir Landsvirkjunar að gera þessa stundina. Hún er ágæt svo langt sem hún nær og mun ég greiða henni atkvæði mitt á eftir. Það hefur verið frá upphafi eitt af baráttumálum Kvennalistans að draga úr þeim óhóflegu virkjanaframkvæmdum sem mér liggur við að segja að hafi geisað hér á landi um árabil. Ég ræddi áðan um afborganir af erlendum skuldum sem okkur hefur þegar verið steypt í. Þar er virkjanaþátturinn ekki smár. Ég fagna því þeirri stefnubreytingu í virkjanamálum sem þessi brtt. virðist fela í sér og vil í leiðinni minna á að fyrir u.þ.b. ári varði Morgunblaðið heilum leiðara í að hneykslast á þeim þm. Kvennalistans sem hér stendur fyrir að leyfa sér að mæla á móti áframhaldandi virkjanaframkvæmdum hér á landi og með því að Blönduvirkjun yrði frestað enn um sinn. Fyrir ári náði Morgunblaðið ekki upp í nefið á sér yfir þvílíku afturhaldi, eins og leiðarahöfundur kallaði það þá. Nú er hæstv. iðnrh. hins vegar búinn að fresta Blönduvirkjun og hæstv. fjmrh. sker enn við nögl til Landsvirkjunar. Auðvitað fagna ég því að þessir hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. skuli hafa séð ljósið í þessum efnum, eins og stundum er sagt, og þeim sinnaskiptum sem ég hef orðið vör við hjá fleirum en þeim í þessum málum.

Nátengd þeirri stefnu sem rekin er í virkjanamálum á hverjum tíma hlýtur að vera sú stefna sem rekin er í iðnaðarmálum. Þótt virkjanastefna núv. ríkisstj. hafi tekið breytingum er greinilegt að það hefur iðnaðarstefnan ekki gert því í seinni hluta 3. gr. lánsfjárlagafrv. er gert ráð fyrir að heimila Landsvirkjun að taka lán allt að 200 millj. kr. ef semst um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986. Það er því ljóst að gamli stóriðjudraumurinn er engan veginn dauður úr öllum æðum hjá ríkisstj. Og ekki er sú hugmynd heldur af baki dottin að eiga aukin samskipti við auðhringinn Alusuisse í þeim efnum því eins og allir hv. þingdeildarmenn vita: Ef af stækkun álversins við Straumsvík yrði, þá yrði það í samstarfi við þennan viðsjárverða auðhring á einn eða annan hátt. Ég hef hér oftsinnis varað við slíkum áformum, ekki síst vegna þess að þar með yrði þessi raforkukaupandi enn stærri en hann þegar er í íslensku efnahagslífi og þeir sem kynnt hafa sér viðskipti okkar við þennan aðila og sögu þeirra vita að slíkt væri glapræði. Við 3. umr. um þetta frv. mun ég því bera fram brtt. þess efnis að þessi heimild Lands-

virkjunar falli niður. Geymi ég mér frekari umræðu um það þar til þá.

Samkvæmt venju er II. kafli lánsfjárlagafrv. helgaður skerðingum á lögbundnum framlögum til hinna ýmsu málefna og er hin versta lesning. Þar er af mörgu að taka, en einkum vil ég minna á framlög til Kvikmyndasjóðs. Í því frv. sem fyrir okkur var lagt í haust og hér er til umræðu er hvergi að finna eitt orð um Kvikmyndasjóð þannig að upphaflega virðist honum ekki hafa verið ætlað neitt fé. Nú er hins vegar komin brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. þess efnis að framlög til Kvikmyndasjóðs nemi 16 millj. kr. sem mun vera helmingur þess sem honum er ætlað samkvæmt lögum. Það er einstaklega nöturlegt að þessi sjóður skuli enn á ný lenda undir niðurskurðarhnífnum þar sem lögin um þennan sjóð voru samþykkt í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. eða vorið 1984. Menn hljóta að spyrja enn á ný: Til hvers er verið að setja lög ef ekki á að fara eftir þeim? Einnig er það nöturlegt í ljósi þess hversu lífvænleg þessi listgrein er hér á landi og vænleg til árangurs og jafnvel til þess að skila tekjum í þjóðarbúið ef vel er á málum haldið. En þetta er ekki síður nöturlegt vegna þeirrar menningarstefnu sem rekin er af þessari ríkisstjórn — eða menningarstefnuleysi ætti ég e.t.v. frekar að segja því að það er bókstaflega engum peningum varið til menningarmála hér á landi og sést það glöggt ef fjárlagafrv. er skoðað.

Ef menningarmáladæmið, eins og það er stundum kallað, yrði gert upp, ef það yrði gert upp hversu miklar tekjur ríkið hefur af menningarstarfsemi hér á landi og þær settar upp á móti þeim styrkjum sem veittir eru til þessara mála kæmi mér ekki á óvart að það hallaði heldur á ríkissjóð, þ.e. að ríkissjóður fengi meira í sinn hlut en þeir sem skapandi listir stunda. Formaður Rithöfundasambandsins, Sigurður Pálsson, hefur nýlega gert þetta dæmi upp fyrir rithöfunda og hann komst að því að á meðan innan við 10 millj. er veitt í Launasjóð rithöfunda skilar vinna rithöfunda yfir 100 millj. kr. í söluskatti til ríkissjóðs, svo ekki sé minnst á annan arð sem fylgir sköpunarstarfi rithöfunda og sem skilar sér með einum eða öðrum hætti í ríkissjóð, eins og skattar og skyldur prentsmiðjueigenda, bókaútgefenda og annarra.

Á sama tíma og þetta er ástandið í fjármálum menningarmála hér á landi heldur núv. hæstv. menntmrh. hátíðarsamkomur um verndun íslenskrar tungu og flytur þar merkar þjóðhátíðarræður um að snúa vörn í sókn gegn þeirri holskeflu erlends afþreyingarefnis, þar á meðal kvikmynda, ég er enn að tala um Kvikmyndasjóð, sem skellur á okkur eftir áramót þegar frv. fyrrv. hæstv. menntmrh. til útvarpslaga tekur gildi. Í ljósi þess að umrædd útvarpslög voru borin fram af núverandi ríkisstjórn og í ljósi fjárframlaga þessarar ríkisstj. til menningarmála er ljóst að hátíðaræður hæstv. menntmrh. duga skammt til að breiða yfir að stefna þessarar ríkisstj. í menningarmálum er í raun og veru menningu þessa lands fjandsamleg. Meðferðin á Kvikmyndasjóði í lánsfjárlögum er lítið dæmi um það.

Mig langar til að segja fáein fleiri orð um þennan skerðingarkafla, sem er í frv., þótt ég ætli ekki að gera neina tilraun til að fjalla tæmandi um hann.

Samkvæmt frv. og þeim brtt. sem fram hafa komið við það er áætlað að Byggingarsjóður ríkisins fái í sinn hlut í ár 1 milljarð og 300 millj. kr., en samkvæmt lögum á hann að fá 760 millj. kr. Þetta virðist í fyrstu mjög glæsilegt. Þarna virðist vera nánast um tvöföldun að ræða. Í erindi frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun til fjh.- og viðskn., þar sem þessar tölur eru settar fram, kemur hins vegar fram neðanmáls að af þessum 1300 millj. eru 600 millj. til sérstakrar fjáröflunar í húsnæðismálum. Þessar 600 millj. komu til ríkissjóðs samkvæmt lögum um hækkun söluskatts sem samþykkt voru hér á s.l. vori og samkomulag var um milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu að ættu að fara til sérstakrar aðstoðar við þá sem illa væru staddir í sínum fjármálum vegna húsbygginga eða íbúðakaupa. Eftir stendur að þegar búið er að draga þessar 600 millj. kr. frá, sem eru ekki í þeim lögum sem gilda um aðra aðstoð við húsbyggjendur, vantar 60 millj. kr. upp á að Byggingarsjóði ríkisins sé áætlað nægt fé.

Einnig vil ég segja fáein orð um að Byggingarsjóði ríkisins sé ætlað það sem honum ber samkvæmt lögum. Ég er ekki að segja að það sé nóg, en það sem honum ber samkvæmt lögum.

Eins langar mig til að segja fáein orð um ferðamálin því að ljóst er að sá liður er skertur um nánast helming. Það finnst mér slæmt því að ég tel að í þeim málum sé töluverð von um auknar tekjur fyrir ríkið ef vel er á haldið og minni á tillögu Kvennalistans frá því í fyrra um eflingu ferðaþjónustu, en þar kemur fram, í grg. við þá tillögu, að á árinu 1984 er talið að ferðaþjónusta hafi skilað rúmlega 2 milljörðum kr. í þjóðarbúið. Þar af eru um 1100 millj. kr. gjaldeyrir sem ferðamenn skiptu hérlendis og um 930 millj. kr. skiluðu sér um flugfélögin. Þetta voru þá um 8% af útflutningsverðmætum þjóðarbúsins og fyrir þessum verðmætum unnu 5—6% af mannafla þjóðarinnar. Það er ljóst að þarna eru stórar fjárhæðir á ferðinni. Það er líka ljóst að ef við höfum vit á að varðveita okkar land og verja það ágangi manna og véla, liggur mér við að segja, gætum við haft af þessu drjúgan tekjustofn. Því þykir mér slæmt að sjá að framlög til þessara mála skuli vera skorin niður.

Frá hv. þm. Helga Seljan liggur hér ein brtt. við þetta frv. til lánsfjárlaga, um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum. Sýnist mér að þar muni vera skynsamleg till. á ferðinni. Það kom fram á fundum fjh.- og viðskn., sem ræddi þessa till., að þær mengunarvarnir, sem hér um ræðir, mundu stuðla að betri nýtingu hráefnis og vera orkusparandi þar að auki og að með þessu móti gætu fiskimjölsverksmiðjur framleitt mjöl sem er það próteinríkt að hægt er að nota það til fiskeldis. Þetta tel ég ákaflega vænlegt vegna þess að ég er sannfærð um að fiskeldi er atvinnugrein eða bústofn — við getum nefnt hana bústofn líka — sem við megum vænta okkur mikils af í framtíðinni. Ég mun því styðja þessa brtt. þegar hún kemur til atkvæða á eftir.

Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa frv. gerði ég athugasemdir við þann hringlandahátt sem verið hefur í tillögugerð í fjármálum ríkisins á þessu hausti. Lánsfjárlög verður nú að afgreiða með fjárlögum fyrir áramót vegna hins nýja fyrirkomulags í þessum málum, en nú á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi þingmanna eru stærðir þessara mála enn ekki ljósar. Þeir nefndarmenn í hv. fjh.- og viðskn. Ed. sem hér hafa talað á undan mér hafa bent á að engin leið sé að leggja mat á þetta frv. né fjárreiður ríkisins við þessar aðstæður. Og nú er það stóra spurningin: Skyldi hæstv. fjmrh. hafa nokkur tök á því sjálfur?

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er vissulega mál til umræðu sem hægt væri að segja um mörg orð, en ég ætla aðeins að koma að tveimur atriðum, raunar tveimur atriðum sem ég hef komið að áður hér við 1. umr. málsins en þykir rétt að ítreka nú alveg sérstaklega. Raunar kom það fram í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. að tillaga mín um mengunarvarnir mundi verða tekin fyrir milli 2. og 3. umr. og fagna ég því að hún muni þar verða skoðuð vandlega og vænti þess að hún verði tekin til þeirrar athugunar sem henni ber, því eins og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir kom inn á áðan er hér alls ekki um það að ræða eingöngu að menn séu að forða þeirri hvimleiðu mengun sem íbúar ýmissa staða búa við, ef af því verður að fullkomnar mengunarvarnir verða, heldur er hér um mjög orkusparandi aðgerðir að ræða og miklu betri nýtingu þess hráefnis sem þarna fer í gegn, miklu betra efni sem kemur aftur til baka og nýtist betur í alla staði. Mitt erindi varðandi þessa till. var í raun og veru eingöngu að kynna þá ályktun og þann þunga sem liggur á bak við þetta frá sveitarfélögum eystra. Með leyfi virðulegs forseta vildi ég lesa hér upp bréf sem hefur verið sent hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi nú í vikunni og er þannig:

„Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sem haldinn var á Egilsstöðum 5. desember s.l., var fjallað um mengun frá fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi og eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Um leið og stjórn SSA lýsir yfir fullum stuðningi við fram komna þáltill. um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum“ — Sú þáltill. hefur nú reyndar verið samþykkt þannig að mér fyndist að vinir mínir eystra mættu fylgjast örlítið betur með. — „skorar hún á ríkisstj. og fjvn. Alþingis að tryggja við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 sérmerkt fjármagn til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi til þess að gera þeim kleift að bæta úr brýnustu þörf í þessu efni.

Ályktun þessi verður enn fremur send stjórn SR, fjmrh., fjh.- og viðskn. beggja deilda Alþingis svo og þm. Austurlandskjördæmis.

Fyrir hönd stjórnar SSA, Sigurður Hjaltason.“

Vænti ég þess að hv. fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis hafi nú þegar fengið afrit af bréfi þessu.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð hér um, en bendi einmitt á enn og aftur að hér er um að ræða einhverja þörfustu framkvæmd sem við getum útvegað fjármagn til og þarf ekki frekar að skýra það.

Ég vildi svo minna enn og aftur á Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég held að það sé öllum ljóst að útilokað er að hafa þar sömu tölu. Mér er ekki ljóst hvað hv. fjvn. er að gera varðandi þennan sjóð og hvort þar er einhver hreyfing á. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls að upphæðin sem ætluð er til Framkvæmdasjóðs fatlaðra nú er sú sama og á árinu 1985 þegar aukafjárveitingar þessa árs eru teknar þar með eins og samkomulag varð um á milli okkar í þessari hv. deild í raun og veru og hæstv. fyrrv. fjmrh. á sínum tíma. Ég held að það sé útilokað að hugsa sér að þessi tala standi óbreytt.

Ég ætla að leyfa mér að bera þetta saman við annan sjóð sem gegnir hliðstæðu hlutverki og hæstv. ríkisstj. er nú búin að leggja fram sérstakt frv. um, þ.e. frv. um Framkvæmdasjóð aldraðra. Forsendurnar í kringum þetta, fjáröflunin til þessara tveggja sjóða fer að vísu fram með ólíkum hætti. En það er alveg ljóst að hæstv. ríkisstj. hefur þótt það nauðsynlegt að flytja nú í Nd., og ég vænti að það gangi þar fljótt fram og komi til okkar í Ed. og verði afgreitt hér fyrir jól, frv. um breytingu á lögum um málefni aldraðra þar sem segir svo, að í stað 580 kr. á gjaldanda á þessu ári til þessa sjóðs skuli gjaldið nema 1000 kr. á hvern gjaldanda 1986. Hæstv. ríkisstj. þykir það sem sagt nauðsynlegt að hækka þennan nefskatt úr 580 kr. í 1000 á hvern gjaldanda, sem til þess hefur lágmarkstekjur, til þess að sinna þeim brýnu verkefnum, eins og segir í grg., með hliðsjón af þeirri miklu þörf sem er á fé til byggingar húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Henni hefur þótt það nauðsynlegt og segir í framhaldi af þessu að í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir að markaðar tekjur sjóðsins nemi 65 millj., en með þessari breytingu, sem hér er lögð til og ég veit að fer í gegnum þingið núna fyrir jól, verði talan 100 millj. og hækki þar af leiðandi um milli 54 og 55%. Ég fagna þessu frv. hæstv. ríkisstj. sérstaklega því að hún sýnir skilning þar á því hve mikil nauðsyn er að hraða byggingum fyrir aldraða í landinu þó það kosti að vísu að hún leggur á vissan aukaskatt, hækkar ákveðinn aukaskatt, sem nemur að mér sýnist hátt í 75%, til þess að ná þessu marki. En ég veit líka að einmitt þetta gjald greiða allir með glöðu geði vegna þess að þetta er sérmerkt gjald sem fer til þessa verkefnis eins.

Ég ræddi þetta mál við 1. umr. Þá kom hæstv. iðnrh., sem áður hefur stutt þessi mál mjög vel, í þennan ræðustól og lýsti yfir ákveðnum stuðningi við að upphæð til Framkvæmdasjóðs fatlaðra yrði hækkuð. Ég vænti þess að eftirmaður hans á ráðherrastóli fjármála verði ekki eftirbátur hæstv. núv. iðnrh. og fyrrv. fjmrh. í því að tryggja stuðning við þetta þarfa mál.

Ég ætla að leggja forsendur hæstv. ríkisstj. varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra til grundvallar og fáist ekki augljós leiðrétting á þessu nú við afgreiðslu fjárlaganna við 2. umr. mun ég flytja við 3. umr. þessa máls brtt. um að samkvæmt sömu prósentureglu og ríkisstj. notar varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra verði Framkvæmdasjóður fatlaðra hækkaður úr 80 millj. í 125 millj. Fylgi ég þar nákvæmlega þeirri formúlu sem hæstv. ríkisstj. telur eðlilegt að fylgt sé varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég vænti þess að ég þurfi ekki að flytja þessa till. Ég vænti þess að það verði komið til móts við það þegar við 2. umr. fjárlaga að til þessa sjóðs verði varið eðlilegu fjármagni á næsta ári þannig að hann geti staðið við sínar skuldbindingar. Verði það hins vegar ekki gert mun ég nota ágæta reikniformúlu hæstv. ríkisstj., sem hún er búin að kynna núna niðri í Nd. varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra, og leggja til sömu hækkun á Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég stend að því nál. sem komið er frá minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 233 og sé svo sem ekki ástæðu til að fjölyrða neitt sérstaklega um það. Frsm. hefur gert grein fyrir sjónarmiðum minni hl. Aðeins vildi ég þó segja örfá orð.

Venjan er sú hér á Alþingi að 2. umr. máls er meginumræðan oftast þegar til þess kemur að greiða atkvæði um hverja einstaka grein frv. og mál hefur verið til meðferðar og athugunar í nefnd. Nú háttar

svolítið öðruvísi til, sýnist mér. Ef einhver meginumræða verður um þetta frv. til lánsfjárlaga held ég að það verði kannske 3. umr. þegar mál hafa skýrst eitthvað frá því sem nú er.

Nú er afgreiðsla lánsfjárlaga tengd afgreiðslu fjárlagafrv. sem eðlilegt er og er góður siður, þ.e. ef það er eitthvað að marka fjárlagafrv. Mér sýnist hátta svo til um þessar mundir að fjárlagagerðin sé öll í uppnámi. Þá hefur það gerst í fjvn. í fyrsta skipti í býsna langan tíma, að ég hygg, að nm. hafa ekki náð samkomulagi um að standa sameiginlega að neinum tillögum. Venjan hefur verið sú að frá fjvn. hafa komið allmargar tillögur sem nm. hafa allir getað sameinast um, en síðan hefur nefndin eðlilega klofnað um önnur atriði, svo sem tekjuöflun o.fl., og skilað mismunandi nefndarálitum um það. Mér sýnist allt benda til þess og öll vitneskja sem frá fjvn. hefur komið um þetta, en það skýrist væntanlega betur þegar 2. umr. um fjárlögin fer fram, að þar sé ákaflega margt óvíst, ákaflega margt óljóst. Raunar væri ástæða til að taka allt fjárlagafrv. til endurskoðunar að nýju. Þá hlýtur þetta auðvitað að tengjast saman.

Ég hef áður í umræðum hér vikið að því við sama tækifæri á fyrri árum að það er ekki gott vinnulag sem menn hafa hér, þ.e. þegar framlög eru ákveðin með einum lögum en síðan árlega skert með öðrum lögum. *Þetta er ekkert sérstakt einkenni nú og ekki við hæstv.* núv. fjmrh. að sakast í þessu efni. Þetta hafa margir af hans fyrirrennurum gert líka. En þetta eru hreint ekki góð vinnubrögð.

Ég vil svo að lokum geta þess að þetta mál hlýtur eðlis síns vegna og vegna þess hvernig staða mála er í heild að koma til athugunar í fjh.- og viðskn. milli 2. og 3. umr. Ég held að það sé alveg ljóst. Um það varð samkomulag í nefndinni og það verður. Þess vegna hef *ég fyrir mitt leyti ákveðið að geyma mér að flytja* hugsanlegar brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 þangað til þessi mál hafa skýrst frekar.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að hafa um þetta fleiri orð. Það eru margir liðir óljósir. Ég bendi á t.d. að staða hitaveitna sveitarfélaganna er víða mjög slæm. Þar gæti verið um vanáætlun að ræða, eins og segir hér í nál., en það er ekki það eina. Kannske eru þessi lánsfjárlög ekkert mikið verri en verið hefur áður við svipaðar kringumstæður. Það er þó sá kosturinn núna að þau eru á ferðinni á réttum tíma og það er auðvitað af hinu góða. Hins vegar bætist við, sem ekki var s.l. ár, sú staða sem er uppi varðandi fjárlagafrv. og varðandi fjárlög næsta árs. Hún gerir það að verkum að öll er þessi mynd nú þokukenndari og óskýrari en áður.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki verða langorður, enda ekki um margt að tala.

Ég vildi byrja á að vekja athygli á að þetta eru nokkuð söguleg tímamót því að þetta eru í raun og veru síðustu fjárlögin sem þessi ríkisstj. kemur til með að bera ábyrgð á með þeim hætti að hún framkvæmi þau til fullnustu. Ef guð lofar á hún e.t.v. eftir að semja enn ein fjárlög, en þau fjárlög koma ekki til með að verða hennar framkvæmdaverk nema þá að hálfu leyti þannig að augljóst er út frá þeim staðreyndum og út frá þeirri stöðu mála sem við stöndum frammi fyrir núna að ríkisstj. þarf ekki stjórnarandstöðunnar við eða hjálp hennar til að kveða dóm upp yfir sjálfri sér. Alla vega verður maður ekki blindaður af glæsilegum árangri þessarar ríkisstj.

Það er, eins og margir hafa sagt á undan mér, um afskaplega lítið að tala vegna þess að málin eru enn þá svo óskýr og svo óljós. Það er alls ekki búið að sjá fyrir endann á því hver áhrif halli ríkissjóðs á því ári sem er að líða kemur til með að hafa, það er alls ekki búið að sjá fyrir endann á því hver áhrif viðskiptahallinn á næsta ári mun hafa og þar fram eftir götunum. Það er alls ekki búið að sjá fyrir endann á því hvernig tengja á saman þessi lánsfjárlög og fjárlögin vegna þess að fjárlögin eru enn þá eins óljós og mönnum er kunnugt.

Það hefur verið nokkuð viðtekin venja hjá þeim manni sem nú situr í stól hæstv. fjmrh. að bregða stjórnarandstöðunni um úrræðaleysi. Án þess að fara út í þá umræðu nánar bið ég þá menn sem hlýða á slíkt að nota nú þessi lánsfjárlög og þau fjárlög sem við munum ræða um eftir tvo daga sem *mælikvarða á úrræðagetu* þeirrar ríkisstj. sem nú er, eins og ég sagði áðan, að leggja fram síðustu fjárlögin sem einhverju máli skipta fyrir hennar starfsferil.

Virðulegi forseti. Ég á ekki sæti í fjh.- og viðskn., en á þar setu sem áheyrnaraðili. Míns nafns var ekki getið í nál. og var það að mínum vilja. Ég gat alls ekki gert upp við mig hvort nál. ég hefði átt að styðja því að hvorugt þeirra mælir með samþykkt þessa frv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fjárhags- og viðskiptanefndarmönnum fyrir þá vinnu sem þegar hefur verið lögð af hálfu þessarar hv. þingdeildar í afgreiðslu frv. Það hagar svo til, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, að lánsfjárlög eru nú með beinni hætti en áður tengd afgreiðslu fjárlaga og fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hafði nokkurt frumkvæði að því að sú nýbreytni *hefur verið upp tekin sem að mínu áliti* og flestra sem til þekkja er til mikilla bóta. En auðvitað setur það mark sitt á umfjöllun málsins hér og er eðlilegt að ýmis erindi og álitaefni, sem upp koma og taka þarf afstöðu til í tengslum við lánsfjárlög, séu ekki fram komin eða um að bil að koma fram í ljósi þess hversu seint lánsfjárlög hafa verið afgreidd frá Alþingi á undangengnum árum. En með þessu nýja vinnulagi er þess að vænta að betri skipan komist á í þessu efni.

Auðvitað er það áhyggjuefni, eins og hér hefur komið fram í ræðum manna, hver skuldastaða þjóðarbúsins er. Við höfum um allnokkurt árabil glímt við þennan vanda. Þessi þróun, að fjármagna útgjöld ríkisins með erlendum lánum, hófst af fullum þunga á árunum upp úr 1980 og því fer auðvitað víðs fjarri að við höfum komist út úr þeim vanda. Af augljósum ástæðum kostar það verulegt átak og sérstakt aðhald í útgjöldum eigi það að takast.

Við undirbúning fjárlaga og með þeim breytingum sem ákveðnar hafa verið á fjárlögum hefur verið miðað að því að draga úr erlendri lántöku á næsta ári frá því sem ella hefði orðið. Í athugasemdum með fjárlagafrv. kemur fram að ráð er fyrir því gert að erlendar skuldir á þessu ári séu 54,8% af landsframleiðslu, en verði á næsta ári 54,4% eða lítið eitt lægri. Þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að draga enn úr opinberum útgjöldum lækka þessa tölu nokkuð frá því sem hún er birt í athugasemdum með frv. Hitt er svo satt og rétt, eins og vakin hefur verið athygli á hér í umræðunum, að

viðskiptahallinn hefur auðvitað veruleg áhrif á skuldasöfnunina vð útlönd og skammtímaskuldir sem þannig hlaðast upp verða að langtímaskuldum og þyngja heildarskuldabyrði og greiðslubyrði ef ekki er spyrnt við fótum.

Auðvitað eru ýmsir aðrir þættir í efnahagskerfinu sem hafa áhrif þar á, en því verður ekki á móti mælt að með undirbúningi fjárlaga og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á fjárlagafrv. hefur verið við það miðað að ríkisbúskapurinn sjálfur stuðlaði ekki að því að erlenda skuldabyrðin ykist. En í þessu efni glímum við enn við mikinn vanda vegna viðskiptahalla og væri of langt mál að fara út í almenna efnahagsumræðu að því leyti á þessu stigi málsins.

Hv. 11. þm. Reykv. vék að nokkrum atriðum, m.a. framlögum til húsnæðismála, og þóttist sýna fram á það í ræðu sinni að ríkissjóður stæði ekki við skuldbindingar sínar lögum samkvæmt með því að draga frá hina sérstöku fjáröflun til húsnæðislánakerfisins. Þetta er nokkuð kyndug útreikningsaðferð. Það hefur verið ákveðin sérstök fjáröflun til húsnæðislánanna sem leiðir til þess að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna verður langt umfram það sem lög mæla fyrir um. En það er svo hálfkynleg aðferð að draga þessa sérstöku fjáröflun frá og segja að á þann veg verði framlagið fyrir neðan það sem lög kveða á um.

Hér var einnig minnst á ýmsa aðra sjóði, m.a. Kvikmyndasjóð. Ef nú yrðu á hinu háa Alþingi samþykkt lög um viðbótarfjáröflun til Kvikmyndasjóðs ætti með sömu röksemdafærslu að vera unnt að segja að enn skorti á að framlög yrðu fullnægjandi samkvæmt lögum til Kvikmyndasjóðs því að að sjálfsögðu yrði að draga frá hina sérstöku fjáröflun. Slíkur málflutningur fær að sjálfsögðu ekki staðist.

Auðvitað er það áhyggjuefni að um langt árabil hefur þurft að skerða framlög sem lög kveða á um. Eins og fram kom hjá hv. 5. landsk. þm. hafa margar ríkisstjórnir komið að verki og ástæðan sú, augljós, að Alþingi hefur samþykkt í einstökum lögum útgjöld sem þingið sjálft hefur síðan ekki treyst sér til að standa við með tekjuöflun. Í þessu efni verða menn að sigla á milli skers og báru og finna hið eðlilega jafnvægi á milli þess sem menn treysta sér að leggja á borgarana í sköttum og hins sem þeir ákveða sem útgjöld ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu, frú forseti, til að fara fleiri orðum um þau atriði sem fram hafa komið við þessa umræðu, en eins og greint hefur verið frá er viðbúið að frekari umræða fari fram við 3. umr. málsins.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég verð vör við það að ef menn kveðja sér hljóðs á þessum degi í hv. Alþingi dæsa menn. Við erum strax komin í tímaþröng. En ég hef yfirleitt ekki eytt löngum tíma í ræðustól þannig að ég hef ekkert á samviskunni þó að ég standi upp og geri örfáar athugasemdir.

Þar sem hæstv. ráðh. minntist á húsnæðismálin vildi ég segja að ég hafði nákvæmlega sama skilning á þessu máli og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. En hæstv. ráðh. hefur rétt fyrir sér. Þetta er auðvitað ekki bundið í lögum. En skilningur alþm. þegar viðbótarlög voru samþykkt um fjáröflun til húsnæðismála, skilningur stjórnarandstöðuþingmanna a.m.k., var sá að þarna væri um viðbót að ræða við það fé sem áætlað er í lögum og sú viðbót var áætluð tímabundið í tvö ár ef ég man rétt. Mér finnst því alveg rétt að álykta sem svo að hér sé um að ræða 60 millj. kr. lækkun frá því fjármagni sem eðlilegt hefði verið að færi til húsnæðismála.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að helga mér langan tíma í þessari umræðu, en langar samt að leggja fram örfáar spurningar.

Þrátt fyrir ákvæði laga, stendur hér. Þetta var líka á s.l. ári. Þrátt fyrir ákvæði laga skal þessi og hinn sjóðurinn skerðast. En hvað kom á daginn? Jú, það komu aukafjárveitingar. Það var ekkert að marka það sem samþykkt var á Alþingi og hét „Þrátt fyrir ákvæði laga“. Í mörgum tilfellum var fyllt upp í ákvæði laga með aukafjárveitingum. Er þá ekki alveg eins gott að við fáum yfirlýsingu um það nú að annaðhvort verði ekki aukafjárveitingar til að fylla upp í þessi ákvæði, þannig að þetta sé marktækt, eða það verði ákveðnar aukafjárveitingar til að fylla upp í ákvæði laga svo að í raun og sannleika verði aldrei um neina skerðingu að ræða? Mér finnst það skipta töluverðu máli að við séum að fjalla um marktæk plögg. Mér finnst það skipta töluverðu máli þegar við erum að tala um ríkisfjármál hvort hallinn verður rúmar 700 millj. eða hvort hallinn verður 2,5 milljarðar eins og við stöndum frammi fyrir núna. Þetta hefur þó nokkuð að segja varðandi erlenda skuldasöfnun. Það er alltaf hægt að nota reiknitölur og fá út prósentur eins og hér eru: 52,9% af landsframleiðslu standa erlendar skuldir í 1986. En það er búið að breyta reikningsaðferðinni. Nú er mér ekki nákvæmlega kunnugt um hvernig henni var breytt og hvernig mál stæðu væri reiknað eftir þeirri gömlu reiknitölu sem áður var og áætlaði að skuldahlutfallið væri 63,9% í árslok 1985. Hér er því mjög erfitt að bera saman vegna þess að þær forsendur vantar sem liggja til grundvallar.

En virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengur, en ræði væntanlega um þetta betur við 3. umr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Í ræðu minni áðan beindi ég einni spurningu til hæstv. fjmrh., en henni var ekki svarað hér þannig að ég ítreka nú spurningu mína.

Ég spurði hæstv. fjmrh. að því hverjar væru, miðað við það frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir, erlendar skuldir í hlutfalli af þjóðarframleiðslu. (**Fjmrh.:** Ég svaraði því.) Nei, því svaraði hæstv. fjmrh. ekki samkvæmt þeirri reikningsreglu sem var notuð þegar þetta var reiknað út á síðasta ári, hann svaraði samkvæmt nýju reiknireglunni, ekki samkvæmt þeirri reglu sem áður var notuð. Þetta reyndi hv. frsm. minni hluta fjh.- og viðskn. að fá upp gefið og út reiknað eftir að málið var afgreitt frá nefndinni en tókst ekki. Þjóðhagsstofnun gat ekki lagt honum þessa tölu til. Ég geri samt ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. hljóti að hafa þessa tölu, því hvernig á hann annars að sjá hvort raunveruleg aukning er á erlendum lántökum á milli ára eða ekki? Hvernig á hann annars að geta gert grein fyrir þeirri stefnu sem hann stendur að í frv. til lánsfjárlaga. Ég fer þess á leit við hæstv. ráðh. að hann reyni að svara þessari spurningu hér.

Það sem hæstv. ráðh. hins vegar gerði þegar hann kom hér í ræðustól var að snúa út úr orðum mínum varðandi Byggingarsjóð ríkisins. Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir er að vísu búin að koma hér í stólinn í millitíðinni og staðfesta að hennar skilningur á þeim 600 millj. til Byggingarsjóðs ríkisins, sem hér er um að

ræða, sé sá sami og minn. Hæstv. fjmrh. til fróðleiks skal ég lesa fyrir hann það sem stendur í grg. með frv. til laga um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986 þar sem fyrsti flm. er Páll Pétursson og hæstv. fjmrh. sjálfur var flm. að á síðasta þingi. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Þó að stjórnarflokkarnir hafi þannig beitt sér fyrir ýmsum ráðstöfunum í þágu húsbyggjenda og húskaupenda eru mörg viðfangsefni óleyst í húsnæðismálum, ekki síst vegna þess vanda sem skapast hefur vegna misgengis milli launa og lánskjara. Það er hins vegar ógjörningur að auka fjárframlög hins opinbera til þess málaflokks nema sérstök fjáröflun komi til, bæði vegna halla á ríkissjóði og eins þess að aukinni lántöku erlendis hefur verið hafnað. Til þess að unnt sé að taka á brýnasta vanda húsbyggjenda og húskaupenda er með þessu lagafrv. gerð tillaga um sérstaka fjáröflun til þeirra viðbótarráðstafana" — ég endurtek, viðbótaráðstafana — „sem stjórnarflokkarnir hafa gert og munu beita sér fyrir á þessu ári."

Það er alveg ljóst af grg. með þessu frv., sem hefur halað inn þær 600 millj. sem hér er um að ræða, að hér er um viðbótarfjárframlög að ræða. Enda kemur það skýrt fram í því bréfi, sem kom í gær frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun til fjh.- og viðskn. Alþingis, að 600 millj. af þeim 1300, sem ætlaðar eru til Byggingarsjóðs ríkisins, eru vegna þessarar sérstöku fjáröflunar. Ef við drögum þessar 600 millj. frá kemur í ljós að það vantar 60 millj. í Byggingarsjóð ríkisins. Hjá því verður ekki vikist, hæstv. fjmrh.

Ég gerði að umræðuefni í ræðu minni hérna áðan að halli á fjárlögum þessa árs hefði farið langt fram úr áætlun. Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs fyrir ári síðan var gert ráð fyrir að halli á fjárlögum yrði 743 millj. kr., eða þar um bil. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar í fyrradag stefnir nú allt í það að hallinn á fjárlögum ársins verði 2000 til 2500 millj. kr. Við erum hér að ræða frv. til lánsfjárlaga, frv. um það hvernig tekið verði fé til þess m.a. að mæta þessum halla. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvernig hefur hann hugsað sér að brúa þetta bil? Þýðir þessi stóraukni halli á fjárlögum, að það lánsfjárfrv., sem við erum hér að ræða, sé ekki bara „aðeins svolítið ómarktækt", eins og hefur verið látið í veðri vaka, heldur fullkomlega ómarktækt því að hér er um 1500—2000 millj. mismun að ræða?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Fyrst vegna þeirrar spurningar um halla á þessu ári þá er ekki útséð um það enn hver hann verður en að hluta til a.m.k. hefur verið tekið tillit til þess í lánsfjárlagafrv. hvernig honum verður mætt. Það verður svo auðvitað að koma á daginn hver endanleg tala verður í þessu efni. En það hefur verið ljóst um allmargra mánaða skeið að hallinn yrði meiri en fjárlagafrv., sem samþykkt var í fyrra, gerði ráð fyrir og tekið hefur verið tillit til þess.

Að því er varðar þær umræður sem hér hafa orðið um húsnæðisstjórnina og viðbótarfjáröflun, sem ákveðin var í vor sem leið og hér hefur verið réttilega minnst á, þá er ljóst að til þess að standa undir nauðsynlegum útgjöldum á þessu sviði, sem menn voru sammála um að gera þyrfti, þurfti viðbótarfjáröflun miðað við þær aðstæður sem fyrir hendi voru í fyrravor. M.ö.o. vantaði fjármagn á þessu ári til að fullnægja þeim verkefnum sem menn töldu að þeir gætu minnst komist af með á þessu ári. Fyrir því var þessi sérstaka fjáröflun ákveðin og það var ákveðið að hún skyldi standa á næsta ári. Í athugasemdum með frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Ekki hefur verið tekin ákvörðun um ráðstöfun fjárins á því ári", þ.e. á árinu 1986. „Það verður ekki gert fyrr en að höfðu samráði við þá milliþinganefnd í húsnæðismálum sem stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að koma á fót eftir viðræður við stjórnarandstöðuflokkana."

Ekki þarf að eyða mörgum orðum að þessu atriði. Það kemur hvergi fram í þessu frv. að þessi sérstaka fjáröflun hafi átt að koma að öllu leyti til viðbótar því 40% framlagi úr ríkissjóði sem lög gera ráð fyrir. En eins og sakir standa og miðað við þá útlánaáætlun, sem stuðst hefur verið við, er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs sé yfir 60% af heildarútlánaáætlun sjóðsins á næsta ári. Verði lántaka á innlendum markaði aukin til að standa undir meiri verkefnum sjóðsins, þar á meðal því nauðsynlega verkefni að skuldbreyta lánum þeirra sem verst standa, kann þetta hlutfall eitthvað að lækka. En það er nokkuð ljóst að það verður vel yfir 50%, allmikið umfram það sem lögin um Húsnæðisstofnun gera ráð fyrir.

Því verður því ekki á móti mælt að þessi sérstaka fjáröflun hefur á þann veg skilað sér til Byggingarsjóðsins til að styrkja stöðu hans, en það skiptir mjög miklu máli að byggja upp stöðu Byggingarsjóðsins. Byggingarsjóðirnir höfðu verið brotnir niður því að framlag ríkissjóðs til þeirra hafði dregist mjög saman og var orðið mjög lítið hlutfall af heildarútlánum sjóðanna. Það hefur kostað mikið átak að byggja þessa sjóði upp aftur þannig að framlög ríkissjóðs yrðu stærra hlutfall af heildarútlánum sjóðanna en áður var. Þetta hefur tekið nokkurn tíma en skilað verulegum árangri og umbótum á þessu sviði þó að mikið sé ógert í þessu efni.

Hv. 8. landsk. þm. vék hér að aukafjárveitingum og spurði hvort þær ákvarðanir, sem teknar eru eða verða með fjárlögum og lánsfjárlögum, yrðu ónýttar gerðar á næsta ári með aukafjárveitingum. Um það efni er þetta að segja: Það er óhjákvæmilegt að beita valdi framkvæmdavaldsins til að ákveða aukafjárveitingar á óvissum tímum þegar verðlag er ekki stöðugt. Þær ákvarðanir hljóta hins vegar að miðast við þá stefnumörkun sem Alþingi sjálft hefur tekið, miðast við að mæta ófyrirséðum verðlagshækkunum fyrst og fremst og kostnaðarhækkunum í verkefnum og þjónustu sem Alþingi hefur sjálft ákveðið.

Hitt hygg ég að menn séu sammála um að sé ekki góður siður, að taka ákvarðanir um aukafjárveitingar til verkefna eða þjónustu sem Alþingi hefur sjálft ákveðið að ekki skuli ná fram að ganga á því ári sem fjárlögin taka til.

Þó að þannig sé óhjákvæmilegt að nota aukafjárveitingar verður þeim beitt á þann veg að þær séu í fullu samræmi við ákvarðanir Alþingis sjálfs og breyti þeim ekki.

ATKVGR.

Brtt. 228,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 228,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 228,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 130 tekin aftur til 3. umr.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 228,4 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
12.—19. gr. (verða 13.—20. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 228,5 (ný gr., verður 21. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
20. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 228,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
21. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
22.—27. gr. (verða 24.—29. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, stjfrv. 119. mál (þskj. 132, n. 211, brtt. 212). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið frv. það sem hér er til umræðu til meðferðar. Nefndin fékk á sinn fund formann og framkvæmdastjóra Hitaveitu Suðurnesja til að ræða efni frv. Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Karl Steinar Guðnason, áskildi sér rétt til að bera fram brtt. sem hann hefur gert á sérstöku þskj. Annar nefndarmaður, Skúli Alexandersson, skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara.

Með frv. þessu er lagt til að gerðar verði þær breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja sem leiða af breytingum á hlutverki fyrirtækisins og breyttum eignarhlut sameiganda þess eftir að fyrirtækið keypti rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum og yfirtók allar rafveitur sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Helstu nýmæli skv. frv. eru að staðfest er sú breyting á eignarhlutföllum sem leiðir af samningi um yfirtöku fyrirtækisins á rafveitum sveitarfélaganna. Stjórn Hitaveitu Suðurnesja verður nú skipuð níu fulltrúum í stað fimm áður og hvert hinna sjö sveitarfélaga, sem eigendur eru að fyrirtækinu, skipar einn fulltrúa í stjórn og ríkið tvo.

Þá er það og nýmæli í frv. þessu að við afgreiðslu mála í stjórn fyrirtækisins verði að viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu miðað við eignarhluta komi fram ósk a.m.k. eins stjórnarmanns þar um og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist afgreidd.

Þá má þess geta að í frv. er það nýmæli að Hitaveita Suðurnesja verður undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóðanna á svæðinu.

Ég ítreka, sem ég sagði í upphafi, að iðnn. mælir með að frv. þetta verði samþykkt.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Hitaveita Suðurnesja er merkilegt fyrirtæki og árangur af samstarfi sveitarfélaganna á Suðurnesjum og ríkisins, samstarfi sem leiddi til þess að sú hitaveita varð til, hitaveita sem flytur yl til allra Suðurnesjamanna á mun lægra verði en hefði verið þyrftu menn að búa við olíu eins og gerðist hér áður fyrr. Nú hefur Hitaveita Suðurnesja keypt raforkukerfið eða raforkudreifinguna alla, rafveitur allra sveitarfélaganna, og því er eitt orkudreifingarfyrirtæki, Hitaveita Suðurnesja, sem sér um þessi mál í dag. Samstarfið, sem þarna hefur átt sér stað, getur og ætti að verða öðrum sveitarfélögum til fyrirmyndar, svo vel hefur það gengið.

Þetta samstarf hefur þó haft þann annmarka að sá aðili, sem hefur verið hvað stærstur að eignaraðild, hafði samkvæmt fyrra fyrirkomulagi ekki fulltrúa í stjórn í fjögur ár og hafði því engin áhrif þar. Er það Keflavíkurkaupstaður. Þetta olli mikilli óánægju og vissulega líka tortryggni hjá íbúum þessa stærsta byggðarlags á Suðurnesjum.

Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, hvar eignaraðildin hjá sveitarfélögunum er hækkuð verulega, á enn að hafa hlutdeild Keflavíkur rýrari en efni standa til. Samkvæmt frv. á ríkissjóður að eiga tvo fulltrúa í stjórn. Ríkissjóður er með 20% eignaraðild. En Keflavíkurkaupstaður, sem er með um 40% eignaraðild, á að hafa aðeins einn.

Við 1. umr. gagnrýndi ég þessa gjörð og nú hef ég með brtt., sem er hér á sérstöku þskj., lagt til að þessu verði breytt á þann veg að Keflavíkurkaupstaður fái tvo fulltrúa en ríkissjóður einn fulltrúa. Tel ég það sanngirni og eðlilegt að svo sé. Reyndar sagði ég einnig að ríkissjóður gegndi þýðingarmiklu hlutverki við uppbyggingu hitaveitunnar og hjálpaði þar mjög vel til. Hitt er annað að það er skoðun mín að smám saman eigi ríkið að fara út úr þessum rekstri. Nú hefur eignaraðild ríkisins lækkað úr 40% í 20% og ég hygg að í framtíðinni sé rétt að stefnt verði að því að ríkissjóður hætti eða hafi ekki eignaraðild þarna. Það er ekki tímabært nú en það verður sjálfsagt tímabært seinna að sveitarfélögin ein taki þennan rekstur í sínar hendur.

Ég bendi á að það er mjög mikið sanngirnismál að Keflavíkurkaupstaður hafi tvo fulltrúa með 40% eignaraðild en ríkissjóður einn fulltrúa með 20% eignaraðild, en samkvæmt frv. er þessu alveg öfugt farið. Ég treysti því að hv. deildarmenn samþykki þessa till. og sjái hversu mikil sanngirni er þarna á ferðinni. Ég veit að séu menn sjálfráðir með atkvæði sitt muni þeir greiða þessari tillögu atkvæði.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Sá fyrirvari kom til af því að vegna þess annríkis sem nú er orðið hér á hv. þingi hafði ég ekki aðstöðu til að vera á síðari fundi iðnn. þar sem fjallað var um þetta mál. Ég hafði ekki getað kynnt mér þá till. sem ég vissi að var í farveginum frá þm. Karli Steinari en bjóst þó frekast við því að ég mundi styðja hana. Ég lýsi því yfir að ég er alveg fullkomlega sammála þeirri brtt. sem hann hefur lagt fram.

Í annan stað vildi ég einnig láta það koma fram, sem ég nefndi reyndar í 1. umr. að hér er á ferðinni þannig lagað mál að verið er að færa ákveðinn hluta af rekstrarhluta Rafmagnsveitna ríkisins eða skipta Rafmagnsveitum ríkisins upp í minni einingar. Það er verið að taka ákveðinn hluta frá Rafmagnsveitunum og færa til Hitaveitu Suðurnesja og ég tel það vafasama þróun. Ég ætla mér ekki að greiða atkvæði gegn þessu máli vegna þess að það er þegar orðið að veruleika, það er þegar búið að ganga frá samningum, en mun sitja hjá.

En í sambandi við vinnu nefndarinnar var á fyrri fundi um málið ákveðið að vísa þessu máli heim í hérað og óska eftir umsögnum sveitarstjórna um það, en svo var horfið frá því á síðari fundi vegna þess að menn voru sammála um að það þyrfti nauðsynlega að klára þetta fyrir áramót. En ástæða þess að menn töldu að nauðsynlegt væri að vísa þessu heim í hérað aftur var sú að það var nokkurn veginn vitað að umræða um málið hafði verið í nokkuð þröngum hóp. Uppbygging samstarfsins á Suðurnesjum er þannig, að mér er tjáð, að næststærsti flokkurinn — og fer ég nú að halda vörnum uppi fyrir annan flokk en minn eigin — mun ekki hafa haft neinn mann í undirbúningsviðræðum um þetta mál, þ.e. Alþfl., næststærsti flokkur á Suðurnesjum og þar af leiðandi er náttúrlega ekki minn flokkur sem er frekar lítill þar, þó að í síðustu skoðanakönnun hafi hann komið allgildur þar fram. Við töldum því eðlilegt að um þetta væri fjallað í sveitarstjórnum. Hin varð raunin á og menn féllust á það að ganga frá þessu máli hér enda, eins og ég sagði áður, þegar fullfrágengnir samningar og breytti sjálfsagt ekki mjög miklu þó að umræða ætti sér stað í hverri sveitarstjórn um þetta að nýju.

Uppbygging félagsins eða stjórnar félagsins er, eins og hv. þm. Karl Steinar benti á, óeðlileg. Ríkið, sem á ekki nema 20%, skipar tvo stjórnarmenn á meðan Keflavík, sem er með 40% eignarhlut, er með einn. Ég tel því mjög eðlilegt að sú breyting eigi sér stað, sem kemur fram í tillögu Karls Steinars, að Keflavíkurbær skipi tvo í stjórnina og tvo til vara og aðrar breytingar verði sem þar fram kemur.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. þetta til laga um breyt. á l. nr. 100 frá 31. des. 1974 um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26 frá 1980 og nr. 91 frá 1984, hefur hlotið góða og hraða meðferð í hv. iðnn. þessarar deildar. Ég vil færa henni þakkir fyrir góða afgreiðslu og skjóta.

Það hefur borist ein brtt., en því miður get ég ekki stutt hana.

Frv. felur í sér þær breytingar á lögunum um Hitaveitu Suðurnesja, er leiðir af samningum um sameiningu rafveitnanna á Suðurnesjum. Samningar þessir voru gerðir í framhaldi af samþykkt heimildarlaganna þar um, þ.e. laga nr. 91 frá 1984 um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja. Ákvæði frv. um innbyrðis skiptingu eignarhluta sveitarfélaga svo og tillögur um stjórnarkjör og starfstilhögun í stjórn eru samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um milli sveitarfélaga á Suðurnesjum. Ríkið hefur fyrir sitt leyti fallist á þá tilhögun.

Samkomulag það sem vísað er til er dags. 5. júlí 1985 og undirritað af fulltrúum allra sveitarfélaga á Suðurnesjum. Í samkomulaginu er kveðið á um skiptingu á eignarhlutum. Eignarhlutur ríkisins lækkar skv. því í 20%. Þessi lækkun kemur til þar eð sveitarfélögin leggja fram skuldlausar eignir í fyrirtækið og auka þar með eign sína í fyrirtækinu. Ríkissjóður leggur engar eignir í fyrirtækið á móti og lækkar því eignarhlutur þess að sama skapi. Um þetta efni er full eining meðal eigenda. Í tengslum við samningsgjörðina undirrituðu sveitarfélögin sérstaka bókun um breytingu á lögum um félagið vegna breytts stjórnarskipulags.

Í öðrum tölulið bókunarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir eru sammála um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja:

1. Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu fulltrúum, einum frá hverju sveitarfélagi og tveimur frá ríkissjóði.

2. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu miðað við eignarhluta samkvæmt 1. gr., enda komi ósk a.m.k. eins stjórnarmanns þar um og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist afgreitt.

3. Hitaveita Suðurnesja verði undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóðanna."

Iðnrh. samþykkti þetta fyrir hönd ríkisstj. með bréfi dags. 26. sept. 1985 og er frv. þetta lagt fram í samræmi við það. Um þetta mál virðist því vera gott samkomulag. Ein brtt. hefur þó komið fram frá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Hann leggur til að ríkissjóður tilnefni einn stjórnarmann í stað tveggja en Keflavíkurbær tvo í stað eins, svo sem gert er ráð fyrir í frv. Með vísan til þess að viðhafa ber hlutfallslega atkvæðagreiðslu í stjórn, miðað við eignarhlutfall, þegar þess er óskað, sýnast áhrif Keflavíkurbæjar í stjórn vel tryggð. Með vísan til þess sem áður sagði um samkomulag eignaraðila um stjórnarkjör, sem m.a. er staðfest með undirritun fulltrúa Keflavíkurbæjar, get ég ekki tekið undir brtt. frá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Þar af leiðir að ég legg til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég ítreka það enn á ný að hér er um sanngirnismál að ræða, þ.e. brtt. sem fyrir liggur, og bendi á að hæstv. iðnrh. talaði um að áhrif Keflavíkurbæjar væru tryggð. Það væri náttúrlega alveg eins hjá ríkinu þó að það hefði einn fulltrúa í staðinn fyrir tvo. Það er sanngirnismál að ríkið hafi ekki tvo fulltrúa en Keflavíkurbær með helmingi hærri eignaraðild hafi aðeins einn.

Ég bendi á, í framhaldi af því sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði áðan, að Alþfl. er næststærsta stjórnmálaaflið á Suðurnesjum, en við höfum hvergi fulltrúa í þessari stjórn eða stjórnum vegna samsetningar meiri hluta. Og ég er alveg sannfærður um það að hefði þetta frv. verið sent til bæjarstjórna og sveitarstjórna á Suðurnesjum hefði þessi tillaga mín hlotið stuðning. Ég er sannfærður um það. Ég féll hins vegar frá því að frv. yrði sent til sveitarstjórnanna til umsagnar vegna þess að lögð var á það mikil áhersla að frv. fengi afgreiðslu fyrir jól.

Það er mjög óeðlilegt að fulltrúalýðræði skuli vera þannig uppbyggt að jafnsterkur aðili og Alþfl. er á Suðurnesjum skuli ekki hafa tækifæri til þess að segja sitt álit. Þeir sem undirrita þetta fyrir hönd Keflavíkurbæjar eru fulltrúar meiri hlutans og hefði þetta komist inn til bæjarstjórnar Keflavíkur til ákvarðanatöku, sem ekki hefur gerst, er ég alveg sannfærður um að þeir hefðu léð þessari brtt. minni atkvæði og sveitarfélögin önnur sem þarna eru. Enda sjá allir sem sjá vilja að hér er um sanngirnismál að ræða og mjög eðlilegt að þessi háttur sé á hafður.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég skal í raun og veru engu mótmæla sem hv. 6. landsk. sagði um sanngirni þess að Keflavík hefði fleiri fulltrúa í stjórn Hitaveitu Suðurnesja en frv. gerir ráð fyrir. Ég

skal engu mótmæla um það sem hann dró upp að reikningslega miðað við eignaraðild væri það ekki óeðlilegt og ríkið hefði minni hlut.

En í mínum huga er það ekki þetta sem skiptir máli heldur það hvað eignaraðilarnir hafa samið um. Þeir hafa samið um það sem er í frv. Því legg ég áherslu á að það er eðlilegt að frv. sé samþykkt óbreytt. Það er í samræmi við þann vilja sem fram hefur komið í samningum eignaraðila.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að setja lög óháð því hvaða samþykktir eru gerðar úti í bæ. Ef Alþingi sýnist að ástæða sé til að breyta því af sanngirnisástæðum á Alþingi að gera slíkt. Það er mín bjargfasta skoðun.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég stend enn upp og byrja mál mitt á sama veg og áður. Ég hef ekkert að athuga við það sem hv. 6. landsk. þm. sagði um hver á að vera afstaða Alþingis til þess sem gerist utan sala Alþingis. Alþingi á að fara sínu fram hvað sem hver segir. Þetta er hin almenna regla.

En þetta mál sem hér um ræðir er komið fyrir vilja þeirra aðila sem frv. fjallar um og annars væri Alþingi ekki að fjalla um þetta mál. Alþingi væri ekki að fjalla um þetta mál nema vegna þess að þessir aðilar, sem eru eignaraðilar að Hitaveitu Suðurnesja, hafa gert samkomulag sem krefst þess að gildandi lögum sé breytt um fyrirtækið í samræmi við það samkomulag sem þeir hafa gert.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það er hægt að viðurkenna að samningur hafi verið gerður við Suðurnesjamenn um að yfirtaka eignarhluta Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum og sá samningur hafi verið gerður við löglega fulltrúa ríkisins. En ekki er þar með sagt að sá samningur beri í sér eitthvert réttlæti sem við eigum endilega að samþykkja. Hann ber nefnilega ekki í sér réttlæti vegna þess að þeir sem hafa gert samning og þeir sem hafa búið til samning þannig að þeir séu stjórnarmenn þess fyrirtækis presentera ekki gegnumgangandi skoðanir Suðurnesjamanna. Samningurinn er gerður við meirihlutamenn á Suðurnesjum og eins og við höfum sagt hér áður: Þar hafa ekki komið að aðrir en stjórnarsinnar, þ.e. framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, og sú stjórn sem þetta fyrirtæki er síðan að koma sér upp er byggð upp á nákvæmlega sama máta.

Þess vegna tel ég að Alþingi hafi fullan og sjálfsagðan rétt til þess að samþykkja brtt. Karls Steinars og það sé raunverulega réttlætismál, þvert á þann samning sem hefur verið lagður fyrir Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 212 felld með 11:4 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 11. des., að loknum 25. fundi.

Hitaveita Suðurnesja, stjfrv. 119. mál (þskj. 132). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 25. fundur.

Miðvikudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, stjfrv. 127. mál (þskj. 140). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það er 127. mál Ed. Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur verið lagður á síðan 1979. Hann hefur verið lagður á með sérstökum lögum sem gilt hafa í eitt ár í senn. Á þessu ári er gert ráð fyrir að innheimtar tekjur af þessum skatti verði 90 millj. kr. Það er ráð fyrir því gert í fjárlagafrv. að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði nemi um 110 millj. kr. en skili í innheimtum tekjum um 100 millj. kr. Af þeim sökum er frv. þetta lagt fram fyrir Alþingi nú. Ég tel að að svo stöddu þurfi ekki frekari skýringa við. Frv. gerir ráð fyrir að skatthlutfallið haldist óbreytt og þessi tekjustofn verði framlengdur um eitt ár svo sem verið hefur hin síðari ár. Ég vænti þess að góð samvinna takist um skjóta afgreiðslu málsins hér í hv. Nd. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Gjaldþrotalög, stjfrv. 190. mál (þskj. 232). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á gjaldþrotalögum nr. 6 5. maí 1978. Frv. felur í sér breytingu á nokkrum atriðum laganna og miðar að því að ráða bót á atriðum þar sem lögin taka nú ekki nægilegt tillit til aðstæðna við meðferð umfangsmikilla mála. Frv. er flutt samkvæmt ábendingum þeirra dómara í Reykjavík sem mesta reynslu hafa í meðferð þrotabúa.

Ákvæði frv. varða heimild fyrir skiptaráðanda til að

lengja kröfulýsingarfrest í einstökum málum úr tveimur mánuðum, svo sem almennt er, í allt að sex mánuði. Er þetta gert einkum með tilliti til erlendra kröfuhafa en eingöngu þá í undantekningartilfellum. Þá felst í frv. rýmri heimild fyrir skiptaráðanda til að taka skýrslur og afla gagna sem nauðsynlegt er að fá til að kanna eignir þrotabús og til að meta hvort ástæða er til að höfða *riftunarmál*. Samkvæmt gildandi lögum hefur þurft að koma til atbeina rannsóknarlögreglu þótt ekki hafi verið um að ræða verulegan grun um refsivert hátterni. Þykir rétt að skiptaráðanda verði veitt rýmri heimild að þessu leyti.

Loks er í frv. gert ráð fyrir því að við dómaraembætti þar sem starfandi eru fleiri en einn dómari megi fela tveimur eða fleiri dómurum að fara sameiginlega með skipti þrotabús samkvæmt ákvörðun forstöðumanns.

Ég get þess sérstaklega vegna hins umfangsmikla gjaldþrotamáls Hafskips hf. að ég mun sem dómsmrh. beita mér fyrir því að embætti borgarfógeta verði gert kleift að vinna að þessu máli af sem mestum krafti. Viðræður hafa farið fram milli borgarfógetaembættisins og ráðuneytisins um ýmsar ráðstafanir til að auðvelda og flýta fyrir rannsókn þess máls. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða sem krefst bættrar aðstöðu borgarfógetaembættisins vegna umfangs málsins. Ráða þarf viðbótarmannafla tímabundið. Einnig þarf aukið húsrými. Athugaðir hafa verið möguleikar á að tölvutaka ýmsar upplýsingar til þess að auðvelda rannsókn og meðferð málsins. Allt þetta þarfnast aukinna fjárveitinga. Ég hef rætt þetta mál við fjmrh. og hefur hann lýst *fullum stuðningi* við þessa málaleitan.

Herra forseti. Frv. þessu er ætlað að ráða bót á atriðum er varða meðferð þrotabúa. Það er ekki mikið að vöxtum og ég vænti þess að það fái góðar undirtektir á þinginu og hraða afgreiðslu.

Ég legg til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148, n. 226, 236 og 337). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hl. iðnn. um frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Það eru nú liðnar nær þrjár vikur síðan mælt var fyrir þessu máli af hæstv. starfandi iðnrh., Matthíasi Bjarnasyni, sem einn ráðherra situr hér í sal ásamt hæstv. forsrh. — en ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort hæstv. iðnrh. sé ekki viðstaddur umræðuna. **(Forseti:** Ég hygg að ráðherra hafi verið staðráðinn í því að vera viðstaddur þessa umræðu, ég skal gera reka að því að hann verði hér.) Ég var farinn að halda að hæstv. iðnrh. væri farinn af landi brott og hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason væri tekinn við eins og hér í upphafi, en ég vænti þess að hæstv. iðnrh. sé skammt undan og held áfram máli mínu hér í trausti þess að hann birtist fljótlega í þingsal.

Þetta mál hefur verið á dagskrá iðnn. Nd. frá því að því var vísað úr deildinni til nefndar, líklega 27. nóvember eða þar um bil, og það hafa verið haldnir allmargir fundir í iðnn. sem eins og þingheimur veit er starfsöm nefnd, svona með köflum a.m.k., og skortir ekki fundahöldin þegar samningar milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eru á döfinni. **(Forseti:** Ef mér leyfist aðeins að grípa inn í ræðu hv. frsm. þá hefur mér borist sú fregn að hæstv. iðnrh. sé að tala í Ed. en hann mun verða hér innan skamms.) Ég þakka, hæstv. forseti. Á þessum fundum nefndarinnar hefur verið farið yfir málið allrækilega. Margir hafa komið fyrir nefndina eins og greint er frá í nál. 3. minni hl. iðnn. og var grennslast fyrir um marga þætti málsins í viðræðum við þá ágætu menn sem komu fyrir á fund nefndarinnar. Hér er um stórt mál að ræða, ekki síst fjárhagslega mjög *stórt mál*.

Á dagskrá Alþingis og utan dagskrár hafa verið rædd málefni sem snerta fjármál innlendra fyrirtækja, hrakfallasögu innlendra fyrirtækja, sem nú er mjög á dagskrá, og umræðan í þjóðfélaginu hefur mikið snúist um slík atriði og eru þau vissulega umræðu verð. Mér finnst hins vegar að það gæti nokkurs ósamræmis í umræðunni ef litið er til þessa máls sem hér er á dagskrá og þeirra stóru fjárhagslegu hagsmuna fyrir Ísland sem þar eru í húfi.

Maður hlýtur að spyrja sig hvað valdi því að ekki skuli vera meira fjallað um þessi efni í fjölmiðlum um þessar mundir þegar fyrir Alþingi liggur 4. viðauki við álsamninginn frá 1966. Það virðist ríkja um þetta efni áhugaleysi, ef marka má skrif fjölmiðla. Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á því, án þess að vísu að ég hafi kannað það 100%, en ég hygg að stærsta dagblað landsins, sem ég held að talið sé Morgunblaðið, útbreiddasta blað landsins hafi ekki getið um málið frá því að þetta frv. hæstv. iðnrh. var lagt fyrir þingið. Ekki það ég hafi eftir því tekið. Hvað þá að um málið hafi verið fjallað þar, greint frá því um hvað það snúist og reynt að skýra það fyrir landsmönnum. Og það fer heldur lítið fyrir rannsóknarblaðamennskunni hjá öðrum fjölmiðlum einnig þegar um þetta mál er að ræða. Eru þau þó sannarlega mörg skúmaskotin sem væri þess vert að skyggnast inn í og reyna að varpa ljósi á fyrir *landsmenn*.

Maður spyr: Hver er ástæðan fyrir því að ekki skuli vera ítarlegri umræða um svo þýðingarmikið mál? Er ástæðan kannske sú að það vanti persónugervinga fyrir þær fjárhæðir sem hér eru í húfi? Eru *bakmennirnir* það langt í burtu hjá gagnaðilanum Alusuisse að menn telji sig ekki vera einu sinn í kallfæri við þá í blöðum? Telja menn ekki að ástæða sé til að ræða við þá menn sem hafa borið ábyrgð öðrum fremur á samningagerð við Alusuisse á undanförnum áratugum, menn sem eru hér nærri okkur m.a.s. inni á Alþingi eins og hæstv. forsrh. og áberandi menn í okkar þjóðfélagi, valdamenn eins og seðlabankastjórinn Jóhannes Nordal, stjórnarformaður Landsvirkjunar? Þessir tveir menn hafa fylgt samningagerðinni við Alusuisse frá upphafi, nánast eins og skugginn. Það væri þess virði að fara yfir reynsluna af þeirri samningagerð sem þeir með öðrum — og kannske öðrum fremur — eru ábyrgir fyrir á undirbúningsstigi og ætla ég þó ekki að vera að draga neina

fjöður úr hatti Alþingis sem vissulega ber hina stjórnarfarslegu ábyrgð á þeim samningum sem gerðir hafa verið og breytingum á samningum.

Ekki vantar upphæðirnar, að upphæðirnar séu stórar sem tengjast samningamálum og deilum við Alusuisse. Það eru ekkert minni upphæðir en verið er að tala um sem tap þjóðarinnar, íslenskra skattborgara, vegna Hafskipsmálsins. Það eru ekkert minni upphæðir. Hér er lagt fyrir af ríkisstjórninni frv. til laga með röngum talnalegum upplýsingum, sem samninganefndir hafa stuðst við um lengri tíma, en virðast ekki sæta miklum tíðindum. Eru þar þó upphæðir sem svara til 25 millj. kr. — allt að 25 millj. ísl. kr. — prentvillurnar eða mistökin í framlagningu og útreikningum á þingskjali.

Það væri fróðlegt fyrir menn að kynna sér það sem er að gerast í Ástralíu í samskiptum við þennan sama aðila. Ég hef reynt að vekja athygli hv. alþm. á því með því að gera aðgengileg blaðaskrif þaðan frá síðustu vikum sem fjalla um skattaleg samskipti ástralskra stjórnvalda við dótturfyrirtæki Alusuisse í Ástralíu og hv. þm. hafa hér á borðum sínum. Það er þannig sannarlega af nógu að taka.

Við skulum líka minnast þess að með samningagerð við stóran erlendan aðila eins og hér um ræðir eru íslensk stjórnvöld að gefa fordæmi í hugsanlegum frekari samningum við fjölþjóðafyrirtæki sem núv. ríkisstj. hefur mikinn áhuga á að gerðir verði. Á þá samninga, sem lagt er til af ríkisstjórninni að lögfestir verði á Alþingi, verður litið af þeim aðilum sem eiga viðræður við íslensk stjórnvöld um hugsanlega fjárfestingu hérlendis. Þannig geta mistökin, sem ég tel vera mörg og stór í þessu, átt eftir að vefja upp á sig í ekki litlum mæli, ef ríkisstjórnin hefur erindi sem erfiði í viðleitni sinni að draga hingað til lands erlenda fjárfestingu, hvort sem það nú er frá Rauða-Kína, sem er helsta von núv. hæstv. iðnrh. og ríkisstj. að fá til viðræðu við sig um stækkun álversins í Straumsvík, eða Rio Tinto Zink með höfuðstöðvar í Bretlandi, fjölþjóðafyrirtæki sem teygir anga sína um allan hinn kapitalíska heim — og kannske komið víðar.

Það er því að mörgu að hyggja í þessu máli. Ég hafði vænst þess að iðnn. gæti haft við að styðjast fundargerðir samninganefndar um stóriðju sem farið hefur með þetta mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Það vekur nokkra athygli að í þingsal er ekki einn einasti ráðherra. Ætlast þeir til þess að hér sé verið að fjalla um stjfrv. að þeim fjarstöddum? Eru þeir eitthvað feimnir við að sitja undir umræðum um þetta mál? Er það þeim eitthvað óþægilegt? Ég inni hæstv. forseta eftir því hvort við eigum að halda umræðunni áfram við svo búið. (**Forseti:** Forseti saknar að sjálfsögðu ráðherranna, ekki síður en hv. frsm. 1. minni hl. Hæstv. iðnrh. tjáði mér það strax í upphafi þessa fundar að hann ætlaði sér að vera hér viðstaddur þessa umræðu, en hann sendi þau boð að hann sé bundinn í Ed. nokkra stund. Ég vona að hann verði hér innan stundar.)

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér, að gefnu tilefni, aðeins að gera hlé á ræðu minni og sjá hvort ekki rætist úr þessum vandræðum á stjórnarheimilinu. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. gengur nú í salinn.) Virðulegi forseti. Er að vænta hæstv. iðnrh. í þingsalinn? (**Forseti:** Ég hef ekki aðrar upplýsingar að flytja en þessar að hann tjáði mér strax hér í upphafi fundar að hann yrði hér viðstaddur, en svo hef ég fengið þau boð að hann sé að tala í Ed. Ég vona að hv. frsm. 1. minni hl. geti haldið áfram ræðu sinni í þeirri trú og þeirri von og trausti þess að hæstv. iðnrh. verði hér innan stundar.) Ég mun verða við þeim tilmælum um sinn í von um að hæstv. iðnrh. komi fljótlega.

Ég var að vekja athygli á því að þó iðnn. fengi marga ágæta menn á sinn fund og þar væri svarað mörgum spurningum sem til þeirra var beint, þá fengust ekki framlagðar í iðnn. fundargerðir samninganefndar um stóriðju, né heldur samþykkt minnisblöð á einstökum stigum samninga og gerðist nú nákvæmlega það sama og á síðasta ári þegar til umræðu var 3. viðauki við álsamninginn. Þá var óskað eftir því að í iðnn. yrðu lagðar fram fundargerðir samninganefndar þannig að þingmenn gætu glöggvað sig á hvernig samningaviðræður hefðu þróast. Í fyrra var frá því greint af páv. hæstv. iðnrh. og formanni samninganefndar að fundargerðir væru engar tilbúnar og fyrirliggjandi í því formi að hægt væri að leggja þær fyrir þingnefnd þegar málið var lagt fyrir Alþingi. Ég hef ekki vitneskju um það hvort eins er ástatt nú hjá hæstv. iðnrh. að hann hafi engar fundargerðir samninganefndar undir höndum en þau svör komu skýr frá hans ráðuneyti að fundargerðir samninganefndar yrðu ekki aðgengilegar þinginu og þeirri nefnd sem um málið fjallar fyrir þess hönd. Þetta er auðvitað mjög miður.

Maður kemst ekki hjá því að rifja það upp í þessu samhengi að hæstv. fyrrv. iðnrh. sagði að þessi drög að fundargerðum og minnisblöðum varðandi málið væru slíkt trúnaðarmál meðan verið var að ræða það hér á Alþingi í fyrra að hann þyrði ekki að geyma þau uppi í ráðuneyti sínu, heldur væri með þau heima hjá sér og væru það allvænir bunkar. Manni skildist að hann geymdi þá undir koddanum. Spurningin er hvort eins háttar nú hjá hæstv. núv. iðnrh., að hann hafi þessi gögn í rúmbotninum hjá sér. Í öllu falli fengust þessi frumgögn varðandi samningaviðræðurnar ekki framlögð í nefndinni.

Í nál. mínu, sem er 1. minnihlutaálit, er gerð grein fyrir viðhorfum til þessa máls og að nokkru leyti til forsögu þess. Hér liggja eingöngu fyrir minnihlutaálit og segir það út af fyrir sig nokkra sögu. Ríkisstjórnarflokkarnir náðu ekki saman um álit í málinu. Framsóknarmenn hv. eru það hvumpnir í þessu máli að þó þeir gjaldi því óskorað jáyrði, þá veigra þeir sér við að vera á nál. með sjálfstæðismönnum í málinu. Þetta segir sína sögu um afstöðu og viðhorf hjá framsóknarmönnum og ber þess vott að þeir skammist sín hálfpartinn fyrir að standa að þessu máli með ríkisstjórninni og reyni að firra sig að einhverju leyti ábyrgð á því með því að skila hér sérálíti. En um það ætla ég ekki að ræða frekar.

Ég vek athygli á því, sem er einkenni þess máls sem hér liggur fyrir, að það er aðeins einn af mörgum þáttum samningaviðræðna milli núv. ríkisstj. og Alusuisse. Það er ekki hægt að fjalla um þetta mál einangrað vegna þess að það er nátengt samningum sem gerðir hafa verið á fyrri stigum af ríkisstjórninni, bráðabirgðasamningi á sínum tíma, 23. september 1983, og síðan 3. viðauka sem lögfestur var fyrir ári.

Bráðabirgðasamningurinn, sem var fyrsti ramminn sem dreginn var um samningaviðræður milli núv. ríkisstj. og Alusuisse, gerði ráð fyrir endanlegu samkomulagi um endurskoðun samninga milli aðila eigi

síðar en 1. apríl 1984 — einnig varðandi þann þátt sem nú fyrst liggur hér fyrir Alþingi, þ.e. um endurskoðað skattkerfi. Um skattadeilu vegna liðinna ára átti að fjalla sérstaklega og óháð samningaviðræðum um breytingar á aðalsamningi, eins og málið var lagt fyrir í bráðabirgðasamningnum. Þessum grundvelli bráðabirgðasamningsins frá því í september 1983, þar sem strax hallaði á stöðu Íslands, hefur Alusuisse síðan tekist að rifta og snúa samningsstöðunni enn á ný sér í hag. Það birtist m.a. í eftirfarandi staðreyndum:

Í stað heildarsamkomulags um endurskoðun tókst Alusuisse að deila samningamálunum gagnvart ríkisstjórninni upp í marga sundurgreinda þætti. Í nóvember í fyrra var innsigluð sáttargerð í skattadeilunni vegna fyrri ára, samhliða ófullnægjandi breytingum á rafmagnssamningi og ýmsum breytingum á skattareglum sem allar voru til hagsbóta fyrir Alusuisse. Með syndakvittuninni, sem svo var kölluð í skattadeilunni og hnýtt var upp á með eftirminnilegum ákvæðum, var létt miklum þrýstingi af Alusuisse og öll frekari samningsstaða breyttist til hins verra fyrir Ísland. Skattsvik Alusuisse voru í rauninni eina vopnið sem Ísland hafði til að knýja Alusuisse til samninga um hækkað raforkuverð.

Samningur sá um breyttar skattareglur sem nú liggur fyrst fyrir, einu og hálfu ári eftir að heildarendurskoðun samninga átti að ljúka, er gerður við aðstæður sem eru mjög vilhallar fyrir Alusuisse og niðurstöður málsins bera þess augljós merki.

Ég vil nú, herra forseti, víkja að meginniðurstöðum þessa samkomulags sem hér er lagt til að lögfest verði af 2. og 3. minni hl. hv. iðnn. Það felur í sér eftirfarandi meginþætti:

1. Hríðlækkandi lágmarksskatt eða grunnframleiðslugjald. Framleiðslugjald er samkvæmt samningnum óbreytt að lágmarki í dollurum frá því sem um var samið á árinu 1975, þ.e. 20 dollarar á hvert framleitt tonn eða alls 1,7 millj. dollara á ári miðað við 85 þús. tonna ársframleiðslu álversins. Raunvirði þessa lágmarksgjalds hefur rýrnað stórlega undanfarin 10 ár, þar sem 20 dollarar svara nú til aðeins 11,45 dollara á tonn miðað við þróun heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum, samkvæmt upplýsingum sem hæstv. iðnrh. gaf hér við 1. umr. málsins. Þessi lágmarksskattur er áfram óverðtryggður og fyrstu möguleikarnir á að óska eftir breytingu á honum eru að fimm árum liðnum, þ.e. 1990. Þá yrði raungildi hans 25—30% lægra en nú er, að mati samningamanna ríkisstjórnarinnar, vegna alþjóðlegrar verðbólgu og kominn niður í um 8 dollara að raunvirði miðað við andvirði 20 dollara árið 1975. Þessi þróun er dregin upp í línuriti í grg. með nál. á bls. 2 og kemur þar skýrt fram hvert stefnir um þennan lágmarksskatt, hvernig hann er orðinn aðeins brot af því sem samið var um fyrir 10 árum og hvernig hann heldur áfram að hríðfalla. Og menn skulu hafa það í huga að svo getur farið að það sé þetta lágmarksgjald sem verði skatturinn, öðru hvoru a.m.k., í skatttekjum ríkisins af álverinu í Straumsvík.

2. Hér blasa við lægri heildarskatttekjur, a.m.k. miklar líkur til að heildarskatttekjur ríkisins af álverinu verði lægri í framtíðinni vegna þeirra breytinga sem hér liggja fyrir og sem gerðar voru á skattaákvæðum álsamninganna í nóvember 1984. Þar getur munað verulegum upphæðum, bæði í einstökum árum og þegar á heildina er litið. Þetta er þveröfug niðurstaða miðað við yfirlýst markmið af hálfu ríkisstjórnarinnar um það að ná fram eðlilegum skatttekjum af álverinu og allt annað en haldið var fram af talsmönnum þessa samnings eftir að meginniðurstöður samningaviðræðna lágu fyrir í júlímánuði s.l.

3. Um er að ræða veikara aðhald að ÍSAL. Breytt ákvæði um verðviðmiðun, þrengri árlegur endurskoðunarréttur og brottfall samningsákvæða um að Alusuisse láti ÍSAL njóta bestu kjara leiðir í heild til mun veikari möguleika íslenskra stjórnvalda en áður til skattalegs aðhalds að ÍSAL. Verð á aðföngum og afurðum er nú bundið fram í tímann og að miklu leyti tengt ákveðnum viðmiðunum, a.m.k. til fimm ára í senn.

Endurskoðendur sem Alusuisse velur staðfesta einhliða verð á rafskautum gagnvart ríkisstjórninni og endurskoðun af Íslands hálfu verður þar ekki við komið, eins og ég vakti rækilega athygli á við 1. umr. málsins. Svigrúm til árlegrar endurskoðunar á framleiðslugjaldsskýrslum og ársreikningum ÍSALs er nú takmarkað við fjóra mánuði og ekki er unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ÍSALs fyrir það ár sem um er að ræða eftir 1. október næsta ár á eftir.

Með þessum breytingum, sem sumpart voru lögfestar fyrir ári síðan, er fullvalda ríki að afsala sér þeim mikilvæga rétti sem felst í skattmati og með einhliða verðákvörðun Alusuisse á rafskautum, sem ekki er heimild til að endurskoða af Íslands hálfu, er tekin upp tilhögun sem ekki getur staðist í ríki sem telur sig hafa stjórnarskrárbundinn rétt til skattlagningar.

Viðurlög við undandrætti á skatti eru engin í þessu frv. og raunar beinlínis bannað að þeim sé beitt og þættu það skrýtin ákvæði gagnvart íslenskum skattgreiðendum.

4. Skattalögsagan gagnvart ÍSAL er áfram erlendis. Engin breyting er gerð á ákvæðum samninganna frá 1966 þar sem Ísland afsalaði sér lögsögu í skattamálum ÍSALs og verður eftir sem áður að leita til erlendra gerðardóma í skattadeilum. Upplýst var í iðnn. Nd. að ríkisstj. hefði engan teljandi áhuga sýnt á að fá þessu ákvæði álsamninganna breytt.

5. Tækni- og söluþóknun til Alusuisse er óbreytt frá því sem var og verið hefur frá 1966. Þótt aflétt sé samningsbundinni kvöð af Alusuisse að tryggja ÍSAL bestu kjör á aðföngum og við sölu afurða og teknar upp allt aðrar viðmiðanir um verðlagningu er í engu, ekki í hinu minnsta, hróflað við skattfríum þóknunum ÍSALs til Alusuisse sem upphaflega voru rökstuddar með samningsákvæðunum um bestu kjör til handa dótturfyrirtækinu í Straumsvík. Alls nema þessar greiðslur 3,7% af árlegri veltu ÍSALs sem svarar til 3—7 millj. bandaríkjadala eða meira en tvöfalds lágmarksskattgjalds ÍSALs á ári. Þannig að hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða.

Iðnrh. Íslands, sem því miður er enn fjarstaddur, virðulegi forseti, og horfir nú til vandræða þar sem ég er að sjálfsögðu að beina máli mínu til hæstv. ráðh. (**Forseti:** Ég hef enn haft spurnir af hæstv. iðnrh. og held uppi spurnum um hans feril. Hann er staddur enn í Ed. og er þar í miklum umræðum. Þannig hafa mér borist fregnir af aðstöðu hæstv. ráðherra.) Virðulegi forseti. Hafskipsmálið hefur væntanlega ekki borist til Ed. (**PP:** Hann er að tala um verðjöfnunargjald á

raforku við Egil á Seljavöllum.) Hér upplýsir formaður þingflokks Framsfl. að það séu stjórnarliðar sem standi í málþófi eða í umræðu og trúlega deilum í virðulegri Ed. og er nú heldur illa komið fyrir þingstörfum. (**Forseti:** Ef forseti mætti aðeins grípa fram í og spyrja hvort hv. frsm. mundi vilja gera hlé á ræðu sinni, því hér eru tveir aðrir frsm., og þeir tækju þá til máls á meðan beðið er eftir hæstv. ráðherra.) Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að forseti beini þeim eindregnu tilmælum til virðulegs iðnrh. að hann láti sjá sig sem fyrst hér í deildinni. (**Gripið fram í:** Þau ummæli hafa þegar borist.) (**Forseti:** Það hefur þegar verið gert.)

Við 1. umr. um frv. réttlætti hæstv. iðnrh. þessi nýlenduviðskipti, sem felast í áframhaldandi tækni- og söluþóknun til Alusuisse, með þessum orðum: „Miklu skiptir fyrir hagsmuni ríkisstjórnarinnar að Alusuisse sé tæknilega sterkt fyrirtæki.“ Fyrir hagsmuni ríkisstjórnarinnar. Já, þeir liggja orðið víða hagsmunir íslensku ríkisstjórnarinnar. Þeir tengjast ekki bara Hafskipsmálum, heldur eru það nú orðin heimsmálefni fjölþjóðafyrirtækisins Alusuisse sem eru tengd hagsmunum virðulegrar ríkisstjórnar Íslands.

Auk þessara þátta, sem hver um sig gerir samninginn óaðgengilegan, eru fjölmörg önnur atriði óhæf og gagnrýni verð í skattaákvæðum álsamninganna. Þau fáu atriði, sem talsmenn fyrirliggjandi samnings reyna að telja honum til gildis, svo sem öruggari viðmiðanir sem þeir telja að leiði til hærri skattstofns og heimild til að leita eftir endurskoðun vissra samningsákvæða að fimm árum liðnum, eru afar haldlítil og takmörkuð eins og nánar er að vikið í nefndaráliti. Á heildina litið verður að telja þær breytingar, sem hér eru gerðar á skattaákvæðum álsamninganna, til hagsbóta fyrir Alusuisse en Íslandi óhagstæðar. Þær stefna þannig í þveröfuga átt við það sem nauðsyn bar til og upphafleg samningsstaða gaf kost á.

Í samningaviðræðum við Alusuisse um breytt skattaákvæði vegna ÍSALs hélt ríkisstj. fast við fyrri stefnu sína um að útiloka stjórnarandstöðuna frá upplýsingum um gang samningaviðræðna og frá áhrifum á þær viðræður. Samningarnir voru þannig niðurstaða úr leynimakki samninganefndar og sérfræðinga ríkisstjórnarinnar við Alusuisse og örfárra manna úr innsta hring stjórnarflokkanna. Í rauninni var hér sams konar málsmeðferð varðandi þennan 4. viðauka við álsamninginn og gerðist í aðdraganda að 3. viðauka fyrir ári síðan.

Um lýðræðislegt aðhald að þessari samningsgerð hefur þannig ekki verið að ræða frekar en um fyrri samninga sem núv. ríkisstj. hefur gert við Alusuisse. Hefur sú málsmeðferð öll að sjálfsögðu veikt til muna samningsstöðu Íslands. Forustan í samninganefnd og sérfræðingaliði er einnig hin sama og fylgt hefur samskiptum Íslands við Alusuisse eins og skuggi um 25 ára skeið, og ég vék hér að í upphafi máls míns. Reynslan af samningum við auðhringinn á þessu tímabili er órækur vottur um hættuna af slíkri tilhögun og hefur þar síst orðið á breyting til bóta í fyrirliggjandi samningi. Þannig óma röksemdir Alusuisse úr munni íslensku samningamannanna og ganga aftur í ræðum þeirra stjórnmálamanna sem mæla fyrir samningnum. Um það mætti tína til fjölmörg dæmi, virðulegi forseti, úr grg. með frv. og úr ræðum ráðherra og fleiri hér við 1. umr. málsins. Alusuisse hefur þannig tekist snilldarlega það ætlunarverk hvers fjölþjóðafyrirtækis að tryggja sér ítök í og áhrif á fremstu valdaaðilana í viðkomandi samfélagi.

Við þessa samningsgerð virðist bæði hafa skort heildarsýn og pólitíska vilja til að breyta skilmálum Íslandi í vil, m.a. með því að hagnýta sér reynslu annarra þjóða og ný viðhorf í samskiptum ríkja við fjölþjóðafyrirtæki. Undirnefnd á vegum samninganefndar um stóriðju undir forustu Garðars Ingvarssonar, starfsmanns í Seðlabanka, hafði veg og vanda af samningsgerðinni eins og fram kemur í grg. með frv. Sverrir Hermannsson, hæstv. fyrrv. iðnrh., hafði aldrei fyrir því að setja sig inn í málsatvik ef marka má ummæli hans og yfirlýsingar. Nýr iðnrh. hæstv., Albert Guðmundsson, tók við málinu á lokastigi og staðgengill hans, hæstv. viðskrh. Matthías Bjarnason, mælti fyrir málinu hér við 1. umr. Allt er þetta dæmigert þó ekki sé stórvægilegt eitt út af fyrir sig um þau vettlingatök sem ríkisstjórnin hefur tekið þetta mál.

Í grg. með frv. er þess í engu getið að ráðherranefnd ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum, skipuð forsrh., utanrrh. og iðnrh., hafi fjallað um málið á einstökum stigum. Þó þáði þessi ráðherrahópur sérstakt heimboð Alusuisse til Sviss á síðasta sumri ásamt formanni samninganefndarinnar, Jóhannesi Nordal, þar sem stækkun álversins og fleiri mál voru til umræðu milli aðila. Það hefur raunar verið heldur hljótt um þessa ráðherranefnd ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. tengist henni en og það þó nokkuð undarlegt ef hann er þar ekki aðili þegar mál eins og skattamálefni eru til umræðu og væri fróðlegt að fá það upplýst í rauninni hver afskipti fjmrh. hafa verið af þessari samningsgerð á tímabilinu.

Þegar á fyrri stigum, þ.e. með samningnum sem undirritaður var vegna 3. viðauka við álsamninginn 5. nóvember 1983, hafði Alusuisse tryggt sér ákveðin undirtök í skattamálunum áður en eiginlegar samningaviðræður um breytt skattkerfi voru hafnar. Með þeim breytingum sem lögfestar voru í nóvember í fyrra, og allar voru Alusuisse í vil, náði auðhringurinn m.a. fram eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að mengunarvarnabúnað álversins var heimilað að afskrifa á átta árum í stað fimmtán ára sem var meginregla um fyrningar. Að mati Ríkisendurskoðunar var þar um tekjutap eða tilfærslu að ræða sem svarað hefði til um 900 þús. bandaríkjadölum eða um 38 millj. íslenskra króna í skatt á árinu 1980 miðað við leiðrétta ársreikninga ÍSALs eins og þeir voru yfirfarnir af endurskoðendafyrirtækinu Coopers & Lybrand.

Í öðru lagi. ÍSAL var veitt fullt frelsi varðandi varasjóð að 20% markinu. Slík heimild hefði þýtt um 1 millj. bandaríkjadala eða 40 millj. ísl. kr. lægri skatta ÍSALs á árinu 1980 að teknu tilliti til leiðréttinga Coopers & Lybrands og þá einnig að mati Ríkisendurskoðunar. Jafnframt var ÍSAL undanþegið viðurlögum vegna óframtalinna og ógreiddra skatta og helst sú breyting áfram samkvæmt þessu frv.

Í þriðja lagi — og skipti það ekki minnstu máli enda mjög til umræðu hér fyrir ári síðan — voru ákvæði um bestu kjör á aðföngum frá Alusuisse til ÍSALs sem voru meðal grundvallaratriða upphaflega samningsins frá 1966 og höfðu reynst sérstaklega þýðingarmikil fyrir Ísland í mati á verði aðfanga svo sem súráli og rafskautum á liðnum árum og skeinuhætt fyrir Alusuisse í gerðardómsmálinu í New York á árinu 1984.

Krafa um að fella þetta ákvæði út úr samningi var gerð að úrslitaatriði fyrir undirskrift samningsins 5. nóvember í fyrra, aðeins degi áður en Sverrir Hermannsson þá iðnrh. hélt til Zürich til að undirrita samkomulagið. Á fundi iðnn. Nd. fyrir ári viðurkenndi ráðherrann að hér væri um að ræða stóra veikingu á þessum ákvæðum gildandi samninga. Samt var á þessa kröfu fallist sem sett var fram af fáheyrðri óskammfeilni af hálfu Alusuisse á síðustu stundu. Hjörtur Torfason lögmaður greindi frá því fyrir iðnn. 5. desember 1985 að umræður um bestukjaraákvæðin hafi verið, eins og hann orðaði það: mikill fleinn í holdi Alusuisse. Og Ragnar Aðalsteinsson lögmaður lagði áherslu á gildi þessa ákvæðis í málflutningi af Íslands hálfu fyrir gerðardómi vegna skattadeilna 1984. Þetta ákvæði átti þátt í þeirri niðurstöðu gerðardómsins í New York að Alusuisse bæri að opna bókhald sitt og leggja fram frumreikningana sem sönnuðu sakargiftir af Íslands hálfu um hækkun í hafi og skattsvik ÍSALs. Á dómsniðurstöðu reyndi hins vegar ekki, eins og menn væntanlega muna, þar eð íslenska ríkisstjórnin féllst á beiðni Alusuisse um sáttargerð í skattadeilunni gegn greiðslu 3 millj. bandaríkjadala, sem svarar nú til um 125 millj. ísl. kr., og algera sakaruppgjöf. Eftir að aðilar höfðu orðið ásáttir um slíka málsmeðferð í júlí 1984 varð fyrst afráðið í september sama ár að undanskilja samninga um breytingu á skattkerfi og láta þá bíða síðari tíma. Þar með skapaðist sú staða sem íslenskir samningamenn þurftu að vinna við á þessu ári og gat talist óskastaða fyrir Alusuisse: Að vera laus undan þrýstingi skattadeilunnar og fá málinu skipt upp með þessum hætti.

Ástæður Alusuisse til að leggja áherslu á sættir í skattadeilunni við íslensk stjórnvöld voru margþættar. En þær eru kannske skýrari fyrir mönnum nú þegar þeir átta sig á hvað hefur verið að gerast í Ástralíu á undanförnum vikum, mánuðum og misserum. Auðhringurinn Alusuisse sá fram á að fá á sig dóm þar sem fallist yrði á meginkröfur Íslendinga, a.m.k. vegna ársins 1980. Slíkt tap fyrir gerðardómi er fjölþjóðafyrirtæki margfalt dýrkeyptara sem álitshnekkir en þær fjárhæðir sem um var að tefla.

En það var fleira sem rak á eftir en gertöpuð staða fyrir gerðardóminum á móti Íslandi í New York. Í Ástralíu stóðu spjótin á Alusuisse vegna krafna þarlendra skattyfirvalda á hendur Austrasuisse, dótturfyrirtækisins, sem á 70% í báxít- og súrálsverksmiðjunum í Gove í Norður-Ástralíu, þaðan sem Alusuisse flytur súrálið til Straumsvíkur. Fregnir af málarekstri Íslendinga á hendur Alusuisse vegna ÍSALs voru að komast í hámæli í Ástralíu og gátu orðið vopn í höndum þarlendra stjórnvalda fyrr en varði. Bókhaldsfalsanir Alusuisse hittu Ástralíumenn fyrir með sama hætti og Íslendinga, sem undandráttur á hagnaði og þar með skattgreiðslum. Í stað hækkunar á súráli í hafi kom bókhaldsleg lækkun í landi á súrálsverðinu út frá Gove í Ástralíu. Dómur vegna hækkunar í hafi og vitneskja um málsatvik hefði stórlega veikt stöðu Alusuisse gagnvart áströlskum stjórnvöldum. Sérfræðingar íslensku ríkisstjórnarinnar sem komu fyrir iðnn. Nd. nú, þar á meðal Hjörtur Torfason lögmaður, töldu auðsæ tengsl á milli sáttatilboðs Alusuisse í fyrra og harðnandi deilu fyrirtækisins í Ástralíu. Sérstaklega bæri að líta á hið afdráttarlausa og harðsoðna orðalag sáttargerðarsamningsins sem fleygt varð í umræðum á Alþingi í fyrra — og væri út af fyrir sig ástæða til að rifja upp, virðulegi forseti, þó ekki verði það gert nú — í ljósi áherslu Alusuisse að hafa alveg hreint borð á Íslandi, m.a. vegna harðnandi deilu við Ástralíustjórn í nátengdu máli.

Nú vita menn af blaðafregnum frá Ástralíu og umræðum í ástralska þinginu í síðasta mánuði að mjög kreppir þar að Alusuisse. Skattayfirvöld þarlend hafa sent Austrasuisse, dótturfyrirtæki Alusuisse, reikning vegna vantalins hagnaðar og skatta á árunum 1978 og 1979 upp á 15 millj. dollara.

Íslenska fjármálaráðuneytið sendi ÍSAL á sínum tíma, 27. desember 1982 og 11. febrúar 1983, reikning fyrir viðbótarsköttum vegna áranna 1976 til 1979 upp á 3,3 millj. dollara en samtals námu skattakröfur Íslands á hendur ÍSAL með viðurlögum röskum 10 millj. bandaríkjadala eða á fimmta hundrað millj. ísl. kr. — Og gengur nú virðulegur hæstv. iðnrh. í salinn og fagna ég því. Ég hef saknað hans hér við upphaf þessarar umræðu þar sem ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. varðandi frv. um 4. viðauka við álsamningana. En þannig fór, eins og hæstv. ráðh. hefur e.t.v. frétt, að eingöngu minnihlutaálit liggja fyrir í málinu.

Ég hef hér í máli mínu rifjað upp ýmis ummæli hæstv. iðnrh. Ég hef orðið að gera það í raun þrátt fyrir að hann væri fjarverandi eða þá að gera hlé á máli mínu, sem vissulega hefði einnig komið til greina. Ég nefni hér aðeins á ný að í iðnn. komu fram óskir um það að fá fundargerðir samninganefndar um stóriðju vegna þessa máls en þau boð bárust frá hæstv. iðnrh. að þær væru ekki fáanlegar og yrðu ekki fram lagðar í nefndinni. Ég tel það vera miður fyrir athugun þessa máls og í rauninni ótækt að þingnefnd skuli ekki eiga aðgang að frumgögnum varðandi gang samningaviðræðna, ekki síst í ljósi þess að stjórnarandstaðan hafði ekki hinn minnsta aðgang að málinu á undirbúningsstigi.

En fleira er að segja um tengslin við Ástralíu. Vert er að minnast þess í ljósi bakreikninga Ástralíustjórnar sem nú liggja fyrir Austrasuisse á árinu 1985, vegna áranna 1978—1979, að hér heima fyrir, hér á Íslandi, var krafa íslenskra stjórnvalda um skattgreiðslur nokkur ár aftur í tímann af mörgum, m.a. sumum í þáverandi stjórnarandstöðu innan Sjálfstfl., talin bera vott um mikla óbilgirni. Á sama hátt er Austrasuisse nú sakað um að hafa flutt hvert súrálstonn út frá Gove á árinu 1984 á 34 dollurum lægra verði en heimildir voru fyrir.

Verslunarráðherra Ástralíu, Mr. John Dawkins, lýsti því yfir á þingi 25. nóvember s.l. að hann mundi því aðeins veita heimild til áframhaldandi útflutnings frá Gove að fyrirtækin sæju að sér og hafði hin hörðustu orð um framkomu Austrasuisse eins og þm. geta kynnt sér úr blaðagreinum frá Ástralíu sem liggja hér á borðum í þingdeildinni. Ráðherrann sagði m.a.: „This is a shabby story". Hvernig á að þýða það nákvæmlega á íslensku vil ég ekki fullyrða, sóðaleg saga, gruggug saga, óhreint mál. En þessi ummæli viðhafði verslunarráðherra Ástralíu þar á þingi fyrir aðeins hálfum mánuði síðan.

Ekki er vitað til að núverandi ríkisstjórn hafi á neinn hátt leitað tengsla við áströlsk stjórnvöld vegna deilumálanna við Alusuisse en fyrri ríkisstjórn aflaði sem kunnugt er gagna frá áströlskum yfirvöldum sem gerðu kleift að færa sönnur á bókhaldssvik Alusuisse varðandi súrálið frá Gove.

Í sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse frá 5. nóvember 1984 segir undir tölulið 9, orðrétt, með leyfi forseta:

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans."

Ég vakti athygli á því þegar í fyrra við umræðu um 3. viðauka að forstjóri ÍSALs hefði í rauninni gengið þvert gegn ákvæðum þessa sáttargerðarsamnings með ummælum, sem birt voru í Morgunblaðinu 16. nóvember 1984, þar sem hann túlkaði þennan þá nýgerða sáttargerðarsamning einhliða og gat þess m.a. að sáttargerðarsamningurinn hefði verið samþykktur „með tilliti til þess mikla kostnaðar sem áframhaldandi málaferli hefðu haft í för með sér". Og hann sagði fleira sem menn geta lesið í grg. orðrétt eftir haft.

Ekki er vitað að gerðar hafi verið neinar athugasemdir íslenskra stjórnvalda vegna þessara útleggínga forstjórans í Straumsvík. En nú hefur starfsbróðir hans í Ástralíu, A.G. Powell, forstjóri Austrasuisse, komið formlega á framfæri svipaðri túlkun í bréfi til allra þm. á ástralska þinginu þann 16. október s.l., en þar segir í tölulið 8 sem ég dreifði við 1. umr. til þm. í hv. deild — ég leyfi mér aðeins að hafa yfir lauslega þýðingu úr ensku en frumtextinn er birtur í grg. með frv. — :

„Vísað er til skattakröfu íslensku ríkisstj. 1980 á hendur móðurfélagi okkar Alusuisse. Sú staðreynd að íslenska ríkisstj. samdi um þessa kröfu á hendur Alusuisse með því að taka við 3 millj. bandaríkjadollara greiðslu út í hönd fremur en að halda við kröfur sínar er vísbending um að ekki var hægt að renna stoðum undir kröfurnar. Alusuisse greiddi þessa upphæð út í hönd vegna þess að lögfræðikostnaður fyrirtækisins var að fara yfir 3 millj. bandaríkjadala og sættir væru skynsamlegar út frá viðskiptalegu sjónarmiði."

Taka menn eftir líkindunum með ummælunum um lögfræðikostnaðinn og kostnaðinn við deiluna? Það var ekki vegna þess að hún væri töpuð eða hætta væri á að hún tapaðist heldur var þessi málarekstur orðinn það dýr að skynsamlegt var út frá viðskiptalegum sjónarmiðum að semja.

Þetta eru túlkanir tveggja forstjóra dótturfyrirtækja Alusuisse. Brot á sáttargerðarsamningi við íslensku ríkisstj. frá 5. nóvember 1984. Hvað hafa íslensk stjórnvöld gert? Hæstv. iðnrh. sagði við 1. umr. málsins að hann mundi, eins og hann orðaði það, „ræða þetta mál við forráðamenn Alusuisse og fá skýringar þeirra á þessu áður en eitthvað verður aðhafst í þessu máli". Ég vænti þess að hæstv. ráðherra greini okkur frá því við þessa umræðu hver viðbrögðin eru og í ljósi þeirra hvað íslensk stjórnvöld ætla að aðhafast í þessu máli. Ætla þau að hneigja sig fyrir fjölþjóðafyrirtækinu eins og svo oft á fyrri stigum? Eða ætlar hæstv. núv. iðnrh. aðeins að reyna að standa í fæturna á rétti Íslands samkvæmt gerðum samningi?

Hlutur íslenskra samningamanna og stjórnvalda við undirbúning og framlagningu þessa frv. og samningsins sem að baki því liggur er vissulega með miklum endemum. Einu tölulegu gögnin sem fylgdu samningnum í grg. eða athugasemdum með frv. var tafla, svokallaður „samanburður skattgreiðslna Íslenska álfélagsins hf. við mismunandi hagnað", eins og var yfirskrift hennar. Þegar við 1. umr. vakti ég athygli á að þessi tafla var rangt reiknuð og samkvæmt henni voru meintar hagsbætur af nýju samkomulagi ýktar svo skipti hundruðum þúsunda dollara í mörgum tilvikum. Allt að 600 þús. bandaríkjadala á ári samkvæmt leiðréttu þskj. sem prentað hefur verið upp, eins og kallað er hér á þingmáli, og liggur hér fyrir hv. deild.

Þessir útreikningar sem ég kom á framfæri, þessar leiðréttingar, voru staðfestar í bréfi frá Ríkisendurskoðun sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti mínu. Albert Guðmundsson hæstv. iðnrh. baðst afsökunar á þessum mistökum og seint og um síðir var þskj. svo prentað upp eins og ég gat um. Samanburður við eldri gögn leiddi í ljós að sömu vitlausu útreikningarnir fylgdu minnisblaði sem Sverrir Hermannsson iðnrh. kom á framfæri við formenn þingflokka sem trúnaðarmáli 17. júlí 1985, en þá lágu fyrir til undirritunar meginatriði endurskoðunar á skattareglum sem undirritaðar voru degi síðar. Í iðnn. Nd. upplýsti formaður undirnefndar samninganefndar um stóriðju, Garðar Ingvarsson, að ástæður fyrir þessum röngu útreikningum sem fylgt hafa málinu a.m.k. frá júlímánuði 1985 hafi verið „bilun í vasatölvu", hafi verið bilun í vasatölvu! Það hafði ekki verið haft fyrir því, samkvæmt þessu, að yfirfara útreikningana með öðrum hætti. Hvað segir hæstv. iðnrh. um þessi vinnubrögð? Þetta grátbroslega dæmi sem hér liggur fyrir þingdeildinni varpar skýru ljósi á það vítaverða kæruleysi sem því miður liggur fyrir af hálfu stjórnvalda í málinu í heild.

Ekki tók betra við þegar ég lét yfirfara málið með tilliti til eftirfarandi meginniðurstöðu frv. í grg. ríkisstj. með samningnum frá 11. nóvember þar sem segir, með leyfi forseta — í lok grg. með stjórnarfrv. á bls. 36 mun það vera:

„Niðurstaðan af þessari breytingu á skattstiga er því sú að tekjur af framleiðslugjaldi geta ekki lækkað, en ef afkoma fyrirtækisins batnar með bata í áliðnaðinum, þá verða tekjur af framleiðslugjaldinu hærri en verið hefði með hinu gamla tonnagjaldi."

Samkvæmt gildandi samningi frá 1975 breyttist skattur ÍSALs umfram grunngjald, sem þá var um samið 20 dollarar á tonn, eftir ákveðnum reglum með hliðsjón af heimsmarkaðsverði á hrááli, en heildarupphæð voru sett takmörk, bæði efri og neðri mörk, miðað við hagnað á bilinu 35—55% en þó heldur lægra, 27—44%, miðað við heimild um tillag í varasjóð sem þó var aldrei notað á þessu tímabili í reynd.

Við útreikninga sem gerðir voru af dr. Ragnari Árnasyni hagfræðingi, að minni beiðni, kom í ljós að á breiðu hagnaðarbili hjá ÍSAL, frá 4 millj. bandaríkjadala og upp fyrir 10 millj. dala í árlegan hagnað, gæfi gildandi skattkerfi hærri skatttekjur en skattkerfið samkvæmt frv., þvert ofan í staðhæfingar í athugasemdum. Þar munar í ýmsum tilvikum verulegum upphæðum eða yfir 1 millj. bandaríkjadala, um 40 millj. ísl. kr., í árlegan skatt. Þessir útreikningar voru staðfestir af samningamönnum ríkisstj. sem komu á fund iðnn. Nd. Þeir náðu engu öðru út úr tölvunum sínum þegar farið var að reikna með einhverjum öðrum hætti en á vasatölvu.

Staðhæfingar í grg. með frv., hæstv. iðnrh., eru þannig beinlínis rangar, og það er alvörumál þegar í samningi við alþjóðlegt stórfyrirtæki eru lagðar fram á Alþingi, af ríkisstj. sem búin er að skuldbinda sig með undirskrift sinni, rangar upplýsingar af þessu tagi sem varða stórar upphæðir. Ljóst er að samningamenn

ríkisstj. tóku afstöðu til þessa máls og ríkisstj. í heild á grundvelli slíkra rangra upplýsinga. Hvers konar málsmeðferð er þetta? Hver getur borið blak af slíku? Menn hljóta að spyrja hvort þessar tölur séu settar fram til að reyna að gylla þennan afleita samning. Ég vil satt að segja ekki trúa því að menn geri þetta vísvitandi. Þetta hljóta að vera hroðvirknisleg vinnubrögð, óvönduð vinnubrögð, sem hér liggja að baki og að menn hafi enn á ný reiknað vitlaust á vasatölvuna.

Samanburður á skattkerfunum kemur skýrt fram í töflu sem birt er sem fylgiskjal í heild, fylgiskjal II, með þessu frv. en einnig inni í texta með grg. með þessu nefndaráliti mínu á bls. 8. Þar sjá menn hvernig þetta kemur út talnalega, sjá þetta breiða hagnaðarbil frá 4 og upp í yfir 10 millj. dala þar sem nýja kerfið sem hér á að lögleiða gefur yfirleitt lægri skatt og yfir 1 millj. bandaríkjadala í vissum tilvikum. Út af fyrir sig hefði ekki þurft að taka inn í töfluna neikvæða afkomu eins og þarna var gert, en það eru mistök í frágangi. Í fylgiskjali er það ekki gert en skiptir engu því að skattur er þar óbreyttur samkvæmt nýja og gamla kerfinu upp að 3,5 millj. bandaríkjadala. Þessi samanburður skattkerfanna verður enn óhagstæðari ef gert er ráð fyrir minni framleiðslu hjá ÍSAL en hér er gert. Hér er reiknað með í þessari töflu 85 þús. tonna framleiðslu á ári, en ég hef látið gera útreikninga fyrir framleiðslu með 5 þús. tonna bili, alveg niður í 70 þús. tonn, og þá koma út verri niðurstöður í samanburði skattkerfanna. Eitt slíkt dæmi miðað við 75 þús. tonn er birt sem fylgiskjal III með nefndaráliti mínu.

Þannig benda sterkar líkur til að hagnaður ÍSALs fyrir skatt muni á næstu árum og kannske um langa framtíð verða að jafnaði undir 10 millj. bandaríkjadala á ári, þ.e. á því bili þar sem hið nýja kerfi skilar í besta falli sömu skatttekjum og gildandi skattkerfi og í mörgum tilvikum mun lægri skatttekjum. Það er einnig hætt við að hagnaður ÍSALs verði ekki meiri þótt menn gefi sér þær bjartsýnisforsendur, sem samningamenn ríkisstj. og sérfræðingar samninganefndar um stóriðju treysta mjög á og hafa alveg nýlega uppgötvað að því er virðist að breytt reikningsskil ÍSALs samkvæmt hinu nýja samkomulagi leiði af sér hækkaðan skattstofn frá því sem verið hefur. Það er mjög athyglisvert, herra forseti, að það er fyrst í iðnn. Nd. á seinni stigum athugunar á vegum nefndarinnar að fulltrúar samninganefndar um stóriðju og formaður þeirrar nefndar fóru að draga fram talnaleg gögn sem áttu að sýna skárri stöðu málsins en minnst var á í frv. því sem hér liggur fyrir, a.m.k. ekki nokkur viðleitni til þess samkvæmt frv. að leggja slík talnaleg gögn fram. Og það kom fram hjá þessum ágætu fulltrúum samninganefndar um stóriðju í nefndinni að þeir hefðu alls ekkert ofan í þetta kafað og þeir væru í rauninni að sjá fyrst núna hvað þetta væri fjandi gott vegna þess að skattstofninn mundi verða svo miklu hagstæðari vegna þeirra samningsákvæða sem hér lægju fyrir. Það kom nefnilega í ljós, og þeir uppgötvuðu það reiknimeistararnir í Seðlabankanum því að með fullri virðingu fyrir hv. 2. þm. Reykn. er það nú svo að þeir hafa notað vasatölvurnar í Seðlabankanum til að reikna inn vitleysurnar í þetta frv., þaðan er það ættað, og þegar þeir sáu að staðhæfingarnar sem þeir lögðu á borðið og höfðu vopnað hæstv. iðnrh. Íslands með voru rangar fóru þeir að reikna, og ég hugsa að þeir hafi farið inn í eitthvað öflugri tölvur en þessar biluðu vasatölvur, og lögðu fram gögn sem eiga að sýna og sanna, eins og mun heyrast frá talsmönnum a.m.k. 2. minni hl. að ég vænti í þessu máli, að skattstofninn eigi að breyta því sem á hallar í sambandi við skattstigann. Þetta tel ég algerlega ósannað mál og raunar ekki stutt neinum þeim rökum að hægt sé að taka þau gild á þessu stigi máls a.m.k., en ég hef að sjálfsögðu látið hér fylgja niðurstöður þeirra reiknimeistara Seðlabankans sem þeir lögðu fram í iðnn. sem fylgiskjal með mínu nál., fskj. IV, þannig að menn sjái þau talnalegu gögn sem þarna voru dregin inn á borðið og voru að berast fram á gærdaginn út úr tölvum Seðlabankans, fram á gærdaginn, eftir að málið hafði verið afgreitt út úr nefnd. Þeir voru fyrst að keyra út úr tölvunum gögnin til að bjarga sér frá hneykslinu sem hér liggur fyrir eftir að málið hafði verið afgreitt út úr iðnn. Hvað segir hæstv. iðnrh. um þessi vinnubrögð þeirra manna sem eiga að vera baktryggingin í þessum samningi við þetta fjölþjóðafyrirtæki, hvernig líst honum á, þar sem menn telja sig í þeirri aðstöðu að þurfa á elleftu stundu svo að ekki sé meira að fara að keyra tölvurnar í Seðlabanka Íslands til að reyna að bera í bætifláka fyrir þá röngu og villandi útreikninga sem fram hafa verið bornir með þessu frv.?

Ég hef í línuriti á bls. 9 í nál. dregið fram samanburð á núgildandi og nýju skattkerfi miðað við mismunandi hagnað ÍSALs og álverð sem nemur 75 sentum á pund, en það er raunar meðaltal þess sem samninganefnd um stóriðju gengur út frá í sínum forsendum um þróun álverðs á næstu árum. Þeir hafa nefnt verðbilið 65—90 sent á pund. Eins og fram kemur í þessu línuriti gefur núgildandi kerfi verulega lægri skatt, og það liggur talnalega fyrir í töflu á bls. 8 í nál., á stóru hagnaðarbili og ávinningurinn af nýja kerfinu, sem fer að gefa hærri skatt eftir að hagnaður fer yfir 10 millj. dollara, er lengi vel óverulegur. Niðurstöður á samanburði á skattkerfunum fara talsvert eftir því hvernig menn meta horfur á þróun álverðs á komandi árum. Það er vegna þess að gildandi skattkerfi er tengt álverði, en hið fyrirhugaða hins vegar ekki nema að svo miklu leyti sem aðföngin og ekki síður afurðir álversins, verðviðmiðanirnar, eru tengd álverði, en líkurnar á verulegum skattskyldum hagnaði hjá ÍSAL verða að teljast vaxa með bata á álmarkaði.

Það kom fram hjá þeim sérfræðingum sem komu á fund iðnn. að mat þeirra á líklegri þróun álverðs er allmismunandi. Talsmenn iðnrn. og samninganefndar um stóriðju telja líklegt að álverð verði á næstu tveimur árum á bilinu 65—90 sent á pund og lögðu fram á fundinum spá frá Chase Econometrics um þróun álverðs fram til ársins 1995, en sú spá er frá miðju ári 1985 og er birt sem fskj. V með nál. mínu. Samkvæmt henni sveiflast álverð, svokallað „Alcan realised price", á árunum 1986—1989 á bilinu 68—80 sent á pund, og þetta er ekki fast verð, þetta er breytilegt verð eftir verðbólgu, en á árunum 1990—1994 á bilinu 90—120 sent á pund. Á föstu verði, sem eingöngu er gefið upp á þessu fskj. á verði ársins 1980 sem LME-verð svokallað, sveiflast álverðið á bilinu 38—60 sent á pund á tímabilinu 1986—1995, en þetta verð var hins vegar á árinu 1980 um 80 sent á pund og nálgast aldrei verð ársins 1980 samkvæmt spám Chase Econometrics. Dr. Ragnar Árnason hagfræðingur telur hins vegar líklegast að álverð á næstu fimm árum verði að jafnaði á bilinu

55—80 sent á pund á núgildandi verðlagi og ber fram því til stuðnings ýmsar aðrar spár en þó ekki síður hvernig þróun á álverði hefur orðið á undanförnum árum þar sem spár hinna virtustu sérfræðistofnana hafa hrunið, og ættum við að minnast þess í tengslum við umræðuna um rafmagnssamninginn sem fór hér fram í fyrra og hvernig raunveruleikinn hefur orðið í framhaldi af þeim samningi og þeim umræðum.

Dæmi sem dr. Ragnar Árnason hefur reiknað um samanburð skatttekna ÍSALs eru birt á fskj. IV með nál. mínu. Þar kemur fram, miðað við mismunandi skattstofn fyrir gildandi og fyrirhugað skattkerfi, ákveðinn samanburður á skattkerfunum sem leiðir í ljós samkvæmt töflu II í nál. (**BÍG:** Er það ekki rangt? Er það ekki fskj. VI?) Jú, það er alveg rétt, virðulegur 4. þm. Reykv. Hér hefur sennilega orðið ruglingur, snúist við rómversku tölurnar. (**GGS:** Vasatölvubilun?) Nei, ætli það, virðulegur þm. Gunnar G. Schram. Ætli þurfi ekki eitthvað lengra að leita eftir biluðu vasatölvunum?

Samkvæmt töflu II í nál. eru væntanlegar skatttekjur samkvæmt forsendum Ragnars Árnasonar hins nýja skattkerfis sem felst í frv. talsvert lægri en samkvæmt gildandi skattkerfi. Þar eð væntanlegar skatttekjur af rekstri ÍSALs eru mjög háðar rekstrarhagnaði fyrirtækisins á komandi árum er rétt að gefa gaum að rekstrarlegri afkomu ÍSALs til þessa. Fyrirtækið hefur nú starfað meira en 16 ár, sem er meira en helmingur af líftíma álbræðslu á borð við ÍSAL, og í töflu III með nál. mínu er dregin upp mynd af þessum hagnaði ÍSALs sem oft er neikvæður, sem oft sýnir afkomulegt tap á þessu tímabili eins og fram kemur í töflunni. Það er dregið fram meðaltal ákveðinna tímabila eins og frá 1970 til 1979. Þá er að meðaltali smávegis hagnaður eða 0,31 millj. bandaríkjadala á ári að ég hygg. 1980—1984 er hins vegar verulegt tap á heildina litið, -13,4 millj. bandaríkjadala og aftur 1970—1984 í heild -4,25 millj. bandaríkjadala.

Það verður ekki sagt að þessi sögulega reynsla, sem þarna blasir við, gefi tilefni til mikillar bjartsýni um hagnað ÍSALs í framtíðinni. Afkoman hefur frekar farið versnandi en hitt. Áratugurinn 1970—1979 var fremur hagstæður áliðnaði í heild. Á þessu skeiði var ÍSAL jafnframt nýtt og tæknilega frambærilegt álver. Samt var hagnaður fyrirtækisins á því tímabili aðeins 0,31 millj. bandaríkjadala að jafnaði. Nú er álverið í Straumsvík hins vegar orðið gamalt og tiltölulega óhagkvæmt í rekstri þrátt fyrir nokkrar endurbætur. Framleiðni þess er því talsvert minni en áliðnaðarins í heild og samkeppnisstaða fyrirtækisins í samræmi við það. Það er því ekki hægt að leiða líkur að því að hagnaðurinn breytist svo stórlega á komandi árum að þess vegna megi vænta uppsveiflu í skatttekjum til Íslands og er ástæða til að gefa gaum að þessari sögulegu reynslu varðandi álverið þó svo að auðvitað vitum við að þessar afkomutölur segja langt frá því alla söguna vegna þeirra bókhaldsfalsana sem fyrirtækið sannanlega hefur stundað, a.m.k. mörg árin.

Það er einmitt nálægt 10 millj. markinu um árlegan hagnað sem skilur á milli skattkerfanna. Miðað við meðalútkomuna 1970—1984 þyrfti hagnaður af ÍSAL að vaxa um hvorki meira né minna en yfir 14 millj. bandaríkjadala að jafnaði, miðað við rekstrarafkomuna hingað til, til að fara yfir þennan 10 millj. bandaríkjadala hagnað þar sem það skattkerfi sem verið er að leggja til að upp verði tekið fer að skila skárri útkomu en gildandi kerfi. Það kemur glöggt fram í töflu I með nál. hvar þessi mörk liggja og hef ég þegar á það minnst.

Það er vakin í nál. athygli á því að hægt er að skoða þessi mál frá enn nýrri hlið til að reyna að meta væntanlegan hagnað af rekstri ÍSALs. Í svokallaðri rekstrarhagfræðilegri greiningu er oft litið til þess hvaða hagnaður sé nauðsynlegur til að draga að nýja fjárfestingu og þar með stöðva frekari aukningu hagnaðar. Þetta er mikið til umræðu í sambandi við kreppu í ýmsum greinum. Slíkir mælikvarðar hafa reynst býsna traustir og haft mikið forsagnargildi. Spurningin er því hvaða meðalhagnaður í áliðnaði sé nauðsynlegur til að leiða til nýrrar fjárfestingar í álbræðslum og þar með stöðvunar á frekari hækkun álverðs og hagnaðar. Þegar til nokkurra ára er litið má telja fullvíst að meðalhagnaður í áliðnaði fari ekki upp fyrir þessi mörk, a.m.k. verður að telja það líklegt. Jafnframt er líklegt að hagnaður ÍSALs, sem er eins og áður segir tiltölulega tæknilega óhagkvæmt fyrirtæki, verði undir umræddum meðalhagnaði í áliðnaði. Þessar niðurstöður varðandi stofnkostnað nýrra álvera, árlegan hagnað og samhengi við arðsemi í nýjum álverum eru dregnar fram í töflu IV með nál. og viðkomandi fskj. er að finna með nál. einnig. Út úr þessari töflu má lesa að miðað við arðsemi í öðrum iðngreinum og gerð áliðnaðarins má telja fullvíst að meðalhagnaður í álbræðslu af þeirri stærð sem ÍSAL er fari ekki yfir 10 millj. bandaríkjadala á komandi árum. Með hliðsjón af tæknilegri stöðu ÍSALs, eins og áður er getið, má búast við því að hagnaðurinn liggi undir þessum meðaltalsmörkum áliðnaðarins í heild.

Herra forseti. Ég mun þá víkja að þeim þáttum sem snerta verðviðmiðanir við aðföng og afurðir ÍSALs og vek í upphafi athygli á þeirri afdrifaríku breytingu sem gerð var með 3. viðauka á elleftu stundu í fyrra að felld voru niður bestukjaraákvæðin úr samningum um aðföng og með þeim breytingum á verðviðmiðunum sem hér er verið að gera á áli sem afurð falla einnig niður þær hagsbætur sem felast í aðstoðarsamningi um sölu og sem tryggja Alusuisse söluþóknun, en þóknanir vegna þessara kvaða fyrirtækisis um bestukjör á aðföngum og afurðum nema samtals 3,7% af veltu ÍSALs, hvorki meira né minna, sem eru í talnagildi á bilinu 3—7 millj. bandaríkjadala, mismunandi eftir afkomu fyrirtækisins. Í staðinn fyrir bestukjör eru nú teknar upp fastar verðviðmiðanir fimm ár fram í tímann sem eiga að gefa eins konar meðalverð sem íslensk stjórnvöld geta lítil sem engin áhrif haft á. Þó er látið í veðri vaka að armslengdarákvæðin skv. gr. 27.03 séu nú og áfram grundvallarregla, eins og það heitir í athugasemdum með frv., en þar er ekkert minnst á bestukjörin sem felld voru úr gildi í fyrra með beinum hætti varðandi hráefni og óbeint nú með föstum verðviðmiðunum varðandi söluverð á áli. Í grg. með frv. má lesa eftirfarandi, með leyfi forseta, á bls. 30:

„Á hinn bóginn er það ekki ætlunin að hin almenna regla verði tilefni til kröfu um endurskoðun hinna sérstöku viðmiðunarreglna oftar á þeim fimm ára fresti sem um ræðir í málsgr. 27.07, nema um annað yrði samið milli aðila, heldur gildi sérreglurnar í öllum tilvikum þess á milli."

Þetta er býsna ótvírætt orðalag í aths. með frv.

Hér mun ég gera nokkrar athugasemdir við hinar einstöku verðviðmiðanir og byrja á rafskautum.

Sérkennilegasta ákvæði samninganna er um verðákvörðun á rafskautum. Áfram er gert ráð fyrir að þau komi frá Aluchemie, rafskautaverksmiðju Alusuisse í Rotterdam. Í stað þess að verðið taki mið af bestu fáanlegu kjörum á það nú að svara til meðalverðs úr viðskiptum Alusuisse, eins og þar segir, „frá rafskautaverksmiðjum þess í Evrópu til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse samkvæmt sölusamningum". Þetta er úr gr. 27.04 a. Viðkomandi kaupaðilar mega þó eiga allt að 15% í viðkomandi rafskautaverksmiðju. Og orðrétt segir í 27.04, c-lið:

„Verð á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse á viðkomandi ári skal fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem Alusuisse tilnefnir og hefur aðgang að bókum Alusuisse, staðfesta gagnvart ríkisstj. eftir lok ársins."

Ég gagnrýndi þessi ákvæði harðlega við 1. umr. hér í Nd. um þetta mál 25. nóv. s.l. og benti á hvernig hér væri vandlega og ótvírætt um hnútana búið þannig að enginn íslenskur aðili, hvorki ráðherra, ríkisstjórn né tilkvaddur trúnaðaraðili á vegum íslenskra stjórnvalda fái að sjá þau gögn sem rafskautaverðið sem kostnaðarliður hjá ÍSAL byggir á. Með lagasetningu hér á Alþingi eigi að samningsbinda ákvæði sem útiloka íslensk skattyfirvöld frá því að sannreyna mikilvæga útgjaldaliði hjá stærsta einstöku fyrirtæki í landinu. Þessari gagnrýni svaraði hv. 2. þm. Reykn. Gunnar G. Schram, sem var og er sennilega enn einn af þremur aðalsamninganefndarmönnum íslensku ríkisstj. í viðræðum við Alusuisse, með svofelldum hætti hér í Nd. 26. nóv. s.l., með leyfi forseta. — Ég veit að hæstv. iðnrh. leggur við hlustir því að hér er verið að vitna til eins af þremur aðalsamningamönnum íslensku ríkisstj. í þessu máli. (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. hefur tjáð forseta að hann þurfi að víkja sér frá nokkrar mínútur.) Mér þætti vænt um ef hann gæti bætt við áður en hann skryppi frá einni eða tveimur mínútum vegna þeirra tilvitnana sem ég ætla að hafa hér uppi og ég óska eftir að heyra álit hans á. Það er ekki langt. Síðan skal ég fúslega unna hæstv. ráðh. þess að hann skreppi úr deild.

„Þeir samningar eru ekkert leyndarmál," sagði hv. 2. þm. Reykn. Gunnar G. Schram, „þeir eru í vörslu Coopers & Lybrand, sem gerðir hafa verið og grandskoðaðir."

Virðulegi forseti. Það gerist nokkur hávær kliður hér úr hliðarsal. (**Forseti:** Ég vil óska að þeir sem í hliðarsal sitja hafi svo lágt að ekki heyrist hingað inn í salinn. Má ég biðja þingverði um að loka dyrum að hliðarsal.)

„Það þýðir ekki að bera því við, eins og gert var hér í deildinni í gær að unnt sé að Alusuisse loki sínum bókum í þessu efni. Það er ekki rétt vegna þess að hér er samið við þriðja aðila og þeir samningar eru opinbert plagg, þau verð liggja fyrir og eru á lausu."

Þetta sagði lagaprófessorinn og samninganefndarmaðurinn Gunnar G. Schram, hv. 2. þm. Reykn.

Þegar ég bað hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson að upplýsa hvert það rafskautaverð sé sem gert er ráð fyrir að komi út úr umræddri verðviðmiðun taldi hann sig ekki geta það, sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Verð á hráefnum til ÍSALs er viðskiptaleyndarmál og því ekki hægt að tilgreina það verð hér."

Þetta mælti hæstv. ráðh. 26. nóvember s.l.

Í iðnn. bað ég um að lagðir yrðu fram rafskautasamningarnir sem eru á lausu samkvæmt fullyrðingum hv. 2. þm. Reykn. og eru opinbert plagg, eins og þm. sagði, en án árangurs. Samningarnir lágu nú, raunar einnig að sögn hv. 2. þm. Reykn., aðeins á lausu fyrir okkar trúnaðarmenn, þ.e. endurskoðendur ríkisstj., en á það sjónarmið hans vildu lögmenn, sem fyrir nefndina komu, ekki einu sinni fallast og fór nú í verra, sortnaði nú enn í álinn. Endurskoðendur ríkisstj. ættu engan aðgang að bókun Alusuisse né samningum Alusuisse við þriðja aðila. Eiríkur Tómasson lögmaður taldi rétt okkar óbreyttan þannig að unnt væri að krefjast þess að fá að sjá slíka samninga um rafskaut í deilu fyrir alþjóðlegum gerðardómi, en Ragnar Aðalsteinsson lögmaður taldi það ekki þjóna lengur neinum tilgangi því að búið sé að ákveða samningslega forsendur verðsins og gerðardómur hafi ekkert lengur að segja um súráls- eða rafskautaverð. Rafskautaverðið sé samkvæmt þessum samningi undanskilið öllum endurskoðunarákvæðum. Endurskoðendum Alusuisse sé nægilegt að staðfesta rafskautaverðið með einföldu vottorði og engin fyrirmæli séu til staðar um forsendur þess vottorðs. Ragnar Aðalsteinsson lögmaður sagði jafnframt að slíkir samningar milli fjölþjóðafyrirtækja og ríkisstjórna hafi ekki verið með öllu óþekktir fyrir 20—25 árum, en hafi ætíð vakið deilur og ættu nú að heyra sögunni til.

Ég vænti að hæstv. iðnrh. taki eftir þessum ótvíræðu ummælum lögmanna fyrir iðnn. Nd., ummælum sem ganga þvert á staðhæfingar samninganefndarmannsins hv. 2. þm. Reykn. og raunar þar með einnig, ef ég man rétt, ákveðnum ummælum sem hæstv. ráðh. hafði hér við við 1. umr. málsins, en þá greindi hæstv. ráðh. frá því að ein ástæðan fyrir því að þessi leið var valin með rafskautaverðið nú væri sú að óháð viðskipti með rafskaut hafi verið óveruleg á árunum 1975—1980, en hafi aukist eftir það og allmargir aðilar kaupi nú af Alusuissse. Aðspurður upplýsti Garðar Ingvarsson, sem er formaður undirnefndar samninganefndar um stóriðju, að sölur Alusuisse á rafskautum til óháðra aðila hafi á árunum 1976—1980 numið samtals 412 þús. tonnum, en 1981—1985 479 þús. tonnum, þ.e. vaxið um aðeins 14%. Það getur ekki talist marktæk aukning sem hér er á ferðinni. Mér sýnist því að rök hæstv. ráðh. fyrir þessu, eins og hann bar þau hér fram, séu harla veik svo að ekki sé meira sagt. Hins vegar kom fram að samninganefndarmenn iðnrn. gera ráð fyrir að þessi viðskipti fari vaxandi á komandi árum, en það er ekki það sem var hér til umræðu og auðvitað er það fullkominni óvissu háð.

Með því sem hér hefur verið rakið fellur upphaflegur framburður stuðningsmanna frv. varðandi rafskautaverðið, samninga um rafskaut og endurskoðunarmöguleika íslenskra stjórnvalda á rafskautaverðinu dauður og ómerkur eftir skoðun á málavöxtum fyrir iðnn. Nd. Alusuisse hefur ásamt endurskoðendum sem það tilnefnir verðið í hendi sér án þess að íslensk stjórnvöld komi þar nokkrum vörnum við og er þá átt við á fimm ára tímabili, en samkvæmt veikum ákvæðum gr. 27.07 er hægt að óska eftir að taka þessi mál upp til viðræðu milli aðila, að ég hygg.

Þá er það varðandi súrál. Um verðviðmiðun á súráli gildir ákveðið hlutfall, 1:8 eða 12,5% af heimsmarkaðs-

verði á áli að viðbættum löndunarkostnaði á álhleifum í Rotterdam. Menn getur greint á um hvort þetta hlutfall sé líklegt til að endurspegla verðþróun á súráli miðað við bestu kjör og viðskipti óháðra aðila á næstu fimm árum. Eins og stendur er framboð mun meira á súráli í heiminum en eftirspurn og verð hefur fallið um 12,5% að meðaltali á heimsmarkaði milli ára 1984—1985 samkvæmt nýlegum upplýsingum í Metal Bulletin og var samkvæmt sömu heimild talið vera um 180 dollarar á tonn cif á 2. ársfjórðungi 1985. Hins vegar er mikið um sölu á súráli á miklu lægra verði um þessar mundir, eða á 120—130 dollara tonnið, í samningum til miðlungslangs tíma, eða „medium term contracts" eins og það er kallað á enskunni, og á skyndimarkaði eða „spot-markaði" selst súrálið nú að sögn Metal Bulletin á 85—90 dollara tonnið sem er talið langtum lægra en nægir fyrir rekstrarkostnaði súrálsverksmiðju.

Í þessu samhengi er rétt að benda á athyglisverðar upplýsingar sem fram hafa komið, m.a. í Metal Bulletin og víðar, um tilboðsverð á súráli á síðasta hausti á vegum stórrar álbræðslu sem kallast Egyptalum í Egyptalandi. Um það var raunar fjallað í fréttatilkynningu frá Austrasuisse, dótturfyrirtæki Alusuisse í Ástralíu, 17. okt. s.l., sem vitnað er til í nál. á bls. 15, en þar er um að ræða tilboð samkvæmt frásögn forstjóra Austrasuisse, tilboð um 250 þús. tonn af súráli árlega til fimm ára. Þessi óháði aðili, Egyptalum í þessu tilviki, er sagður hafa fengið tilboð á bilinu 129—146 bandaríkjadalir á tonn fob og síðan leitað eftir viðræðum um að tilboðsaðilar lækki verðið niður í 85—90 dollara á tonn. Þannig er verðbilið frá 85 til 146 dollurum á tonn í þessu tilviki þar sem um er að ræða samning til fimm ára sem er sami tíminn og menn eru að binda sig í hlutfallinu 1:8 gagnvart ÍSAL. Miðað við þetta dæmi frá fyrirtækinu Egyptalum og mikið offramboð á súráli virðist þetta hlutfall ekki hagstætt fyrir hagsmuni íslenska ríkisins, miðað við þá kosti sem í boði eru, og hefði átt að vera unnt að ná mun hagstæðari útkomu við þessar aðstæður, t.d. hugsanlega 1:10 eða þaðan af lægra. Það er vissulega vert einnig hér að hafa í huga ákvæðin um bestu kjör á hráefnum til ÍSALs, sem í gildi voru þar til fyrir ári, og ummæli forstjóra Austrasuisse o.fl. um súrúrálsverð hér að ofan í því samhengi.

Það er einnig vert að hafa í huga að að sögn íslensku samninganefndarmannanna liggur armslengdarverð á bilinu 1:7,5—8,5, en aðeins um 0,5 í þessu hlutfalli munu svara til um 2 millj. bandaríkjadala árlega þannig að það eru engar smáupphæðir á ferðinni. Þetta eru um 80 millj. ísl. kr. sem hér er um að ræða varðandi 0,5 inni í þessu hlutfalli. Það er því ekkert lítið mál sem hér liggur fyrir.

Í sambandi við verðviðmiðanir á áli er þar sérstök verðformúla sem reikna á eftir og er sama og um var samið í fyrra til viðmiðunar vegna raforkuverðs. Þar var stigið ákvarðandi skref í að tengja raforkuverðið við afkomu í áliðnaði og hér er það sama gert með afurðina, hráál. Síðan í fyrra hefur raforkuverðið verið í algjöru lágmarki, 12,5 millidalir óverðtryggt, vegna hins lága verðs á áli allt þetta ár þvert ofan í spár sérfræðinga og fullyrðingar talsmanna raforkusamningsins um væntanlega hækkun á álverði.

Af þeim fjórum verðviðmiðunum, sem varða ársfjórðungslegt verð á áli, er það aðeins ein, svokölluð ASIP, en það varðar sölu frá fyrirtækjum Alusuisse, sem gert er ráð fyrir heimild til að sannprófa samkvæmt grein 26.02. Hitt eru fastar verðskráningar, meðaltöl á grundvelli lista sem birtast í tímaritum.

Þá vekur athygli það fyrirkomulag sem taka á upp um endurskoðun á þessum fjórða þætti álverðsins, ASIP. Í gr. 26.02 kemur fram að í stað alþjóðlegs endurskoðanda, sem ríkisstjórnin hefur verið einráð um að velja hingað til og greitt kostnað af, á nú að fá samþykki Alusuisse fyrir því hvaða endurskoðandi er ráðinn. En það er hins vegar íslenska ríkið sem á að sitja uppi með kostnaðinn í öllum tilvikum nema þegar athugasemdir eru gerðar. Þá á Alusuisse, eins og segir í þessari grein, að „bera þann hluta kostnaðarins af þeirri endurskoðun sem heimfæra má til þess ársfjórðungs sem mismunurinn varð á". Sem sagt, Alusuisse borgar því aðeins endurskoðun að hluta til að fyrirtækið sé staðið að misferli. „Aldrei skal útreikningur á ASIP," segir í greininni, „fyrir neinn almanaksársfjórðung endurskoðaður þannig oftar en einu sinni." Íslenska ríkið ber kostnaðinn, Alusuisse eignast hlut í endurskoðandanum og tryggir samningslega að aldrei sé hægt að fara ofan í saumana á uppgjöri fyrirtækisins aftur í tímann.

Þessi tilhögun fellur sennilega undir þá staðhæfingu, eða hitt þó heldur, í athugasemdum með frv. á bls. 24 að megintilgangur samningsins frá 11. nóv. sé „að gera reglur um framleiðslugjaldið skýrari og öruggari í framkvæmd, þannig að síður verði hætta á deilum í því efni". Þetta stendur í athugasemdum með frv. En sá ljóður er á útfærslu á þessu markmiði að öryggið liggur Alusuisse megin og deiluefnum fækkar væntanlega, m.a. vegna þess að íslensk stjórnvöld eru útilokuð frá endurskoðun á verðlagsforsendum samkvæmt samningi.

Herra forseti. Endurskoðunarákvæðin með þessum samningi eru vægast sagt tvísýn. Með þeim breytingum, sem gerðar voru á endurskoðunarákvæðum með 3. viðauka fyrir ári og stefnt er að með þessum 4. viðauka við álsamningana, gerist einkum þrennt:

Í fyrsta lagi er þrengt verulega að árlegri endurskoðun ársreikninga ÍSALs hvað snertir umfang og svigrúm til athugasemda.

Í öðru lagi afsalar Ísland sér rétti til skattmats gagnvart fyrri árum og viðurlög við skattsvikum eru engin samkvæmt ákvæðum samningsins.

Í þriðja lagi er endurskoðun á mikilvægustu aðföngum álversins, súráli og rafskautum og afurðum þess, hrááli, að mestu úr sögunni nema opnað er fyrir heimild á fimm ára fresti til að leita eftir leiðréttingu á umsömdum verðviðmiðunum.

Það afsal réttinda, sem felst í lið 2, sést best af reynslu liðinna ára þar sem með mikilli fyrirhöfn tókst að komast að svikamyllu Alusuisse varðandi hráefni mörg ár aftur í tímann. Viðbrögð stjórnvalda í Ástralíu, sem segja má að hafi fetað í spor íslenskra stjórnvalda og hafa nú sent Austrasuisse háa bakreikninga sjö ár aftur í tímann, segja sína sögu um það hvernig Ástralía sem fullvalda ríki nýtir rétt sinn til skattmats. Ísland stígur á sama tíma stórt skref til baka í réttarfarslegu tilliti. Fullvíst má telja að það hafi fordæmisgildi gagnvart öðrum hugsanlegum samningum við önnur erlend stórfyrirtæki sem stjórnvöld eru nú að reyna að lokka til fjárfestinga hérlendis.

Í iðnn. Nd. var það staðfest, sem raunar má lesa út úr athugasemdum með frv., að armslengdarviðmiðunin er

orðin gagnslaus gagnvart mikilvægustu rekstrarliðum hjá álverinu nema þá í tengslum við óskir um breytingar á verðformúlum á fimm ára fresti og þá fram í tímann.

Um árlegan endurskoðunarrétt á rafskautum hef ég þegar rætt, hann er enginn Íslands megin.

Vissulega verður að telja að það sé almennt til bóta að fá inn heimild til endurskoðunar á samningi þar sem engin slík ákvæði voru fyrir. Hins vegar er vafamál að æskilegt sé að binda slík ákvæði við fasta tímaviðmiðun eins og fimm ár. Betra væri að aðilum sé skylt að setjast niður til að endurskoða samningsgrundvöll hvenær sem annar hvor óskar og breytingar hafa orðið á aðstæðum.

Þegar litið er á nýmælin, sem felast í grein 27.07, sést að þar er um afar þröng endurskoðunarákvæði að ræða. Sé ekki samningsvilji til staðar hjá aðilum — og þar mun fyrst og fremst reyna á Alusuisse — er í lófa lagið að draga mál á langinn og tefja fyrir að niðurstaða fáist. Lögmenn, sem komu á fund iðnn., voru sammála um að ef reyndi á gerðardómsmeðferð samkvæmt samningsákvæðunum væri hér um fleiri ár að tefla.

Virðulegi iðnrh. Það er vert að líta yfir gr. 27.07. Bjartsýnustu lögmennirnir, sem komu fyrir nefndina, menn eins og Hjörtur Torfason lögmaður, nefndu tvö ár sem líklegan tíma til að ná fram samkomulagi um breytingar skv. 27.07. Aðrir, eins og Eiríkur Tómasson lögmaður, nefndu þrjú ár sem líklegan tíma. En þeir svartsýnustu — í þeim hópi var Ragnar Aðalsteinsson lögmaður sem hefur nokkra reynslu af gerðardómsmeðferð við þetta fyrirtæki — nefndu sex ár, tvisvar sinnum þrjú ár, því að þarna er tvívegis um gerðardómsmeðferð að ræða. Þá er komið fram yfir fimm ára endurskoðunartímann þegar á að fara að endurskoða upp á nýjan leik. Það verður því væntanlega nóg að gera í framtíðinni ef Ísland ætlar að reyna að notfæra sér þann þrönga rétt sem felst í þessari grein um endurskoðunarákvæðin. Auðvitað fer þetta eftir því hvort vilji er til staðar til samninga og samvinnu milli aðila.

Ragnar Aðalsteinsson lögmaður benti iðnn. á mikinn kostnað við gagnaöflun og málarekstur. Það væri misskilningur að sá farvegur, sem hér er markaður, sé kostnaðarminni en fyrri aðferðir. Þvert á móti stefndi í það að allt yrði þetta kostnaðarmeira fyrir ríki sem vildi halda rétti sínum til haga.

Talsmaður iðnrn., Halldór J. Kristjánsson lögmaður, taldi hins vegar að það ætti að vera kostnaðarminna að endurskoða verðviðmiðanir aðeins á fimm ára fresti en benti einnig á að halda yrði fyrirtækinu árlega við efnið til að forðast hækkun í hafi og leggja yrði áherslu á að afla gagna jafnt og þétt og búa sig undir viðræður til fimm ára að fimm árum liðnum og af því hlýst að sjálfsögðu kostnaður.

Í ljósi þess sem fram kom í nefndinni og lesa má út úr samningnum tel ég að vísa verði á bug þeim staðhæfingum, sem fram komu í athugasemdum með frv., að með þessum samningi sé „lagður grundvöllur að traustari framkvæmd á skattamálum ÍSALs vegna núverandi álbræðslu og teknar upp nýjar reglur í því skyni sem verða munu til mikillar einföldunar," eins og þar segir, „og sparnaðar á fyrirhöfn og kostnaði við skattheimtu gagnvart fyrirtækinu". Í athugasemdum segir líka: „Jafnframt munu þær" — þessar reglur — „draga stórlega úr líkum á deilum eins og þeim sem orðið hafa á liðnum árum."

Þetta eru fullyrðingar á bls. 28 í athugasemdum með frv. Allar eru þær fjarstæðukenndar og órökstuddar. Það lætur nærri að í hverri þeirra felist öfugmæli sem rétt væri að snúa við, vilji menn horfast í augu við veruleikann á bak við þau samningsákvæði sem gerð voru með 3. viðauka og nú liggja hér fyrir í frv. um 4. viðauka.

Herra forseti. Í nál. fjalla ég um varasjóðsákvæði og áhrif þeirra. Ég bendi á að breyting var gerð með þriðja viðauka varðandi varasjóðsákvæðin, afdrifarík breyting, og ætla ekki að endurtaka það sem þar hefur verið sagt. En ég nefni það hér að því er haldið fram og það ítrekað af talsmönnum frv. að ÍSAL hafi nú ekki heimild til að færa tap milli ára. Þetta er ein blekkingin sem á borð er borin. Á hvaða ári sem er getur ÍSAL eytt varasjóðnum að því einu tilskildu að hann bætist við skattskyldan hagnað eða bókhaldslegt tap á því ári. Þegar svo háttar til að afkoman er neikvæð, eins og algengt er í áliðnaði, getur ÍSAL auðveldlega flutt varasjóðinn til móðurfyrirtækisins Alusuisse án þess að greiða af honum skatt. En vissulega er til bóta að samkvæmt þessum breytingum, sem hér er verið að gera, er varasjóðurinn verðtryggður. Það er framför sem ekki skal dregin nein fjöður yfir. En í heild verður að segja að breytingar á varasjóðsákvæðum samkvæmt 3. og 4. viðauka geta, svo fremi ÍSAL notfæri sér þau, orðið til að lækka skatttekjur ríkisins af rekstri ÍSALs, jafnvel verulega.

Skv. frv. er verið að veita Alusuisse veruleg afskriftarfríðindi til handa ÍSAL sem fær nú leyfi til viðbótarafskrifta upp á 25 millj. bandaríkjadala að kröfu Alusuisse. Þetta er í rauninni leyfi til tvöfaldra afskrifta því að umræddir fjármunir hafa verið afskrifaðir áður samkvæmt sérstökum afskriftarfríðindum ÍSALs í upphaflegum samningi. Auk þess er afskriftatíminn nú lengdur sem er einnig í samræmi við hagsmuni Alusuisse þar eð ólíklegt verður að teljast, eins og nú horfir, að hagnaður ÍSALs verði mikill á allra næstu árum þegar afskriftum ætti að ljúka samkvæmt gildandi samningi. En samkvæmt honum eru afskriftir ÍSALs bundnar við tiltekna áfanga.

Í iðnn. Nd. spurðist ég fyrir um það hvernig að endurmati á fastafjármunum ÍSALs hefði verið staðið og hvernig niðurstaðan, 89 millj. bandaríkjadala, sé fengin. Fulltrúar iðnrn. og samninganefndar um stóriðju sögðu endurmatið tilkomið að kröfu Alusuisse og væri það viðkvæmt trúnaðarmál. ÍSAL hafi í árslok 1984 beðið ráðgjafarfyrirtækið American Appraisal um þetta mat og er það þannig unnið einhliða af aðila sem Alusuisse velur til verksins. Skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins væri algjört trúnaðarmál.

Að sögn talsmanna ráðuneytisins var enginn aðili á vegum íslenskra stjórnvalda fenginn til að vinna slíkt mat til samanburðar, en látið nægja að fá erlendan aðila til að veita óformlega umsögn. Nafn þess aðila fékkst alls ekki upp gefið í iðnn. þótt eftir væri gengið. Einnig það er lokað trúnaðarmál.

Hins vegar vottaði Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi og einn af fulltrúum í undirnefnd ráðuneytisins, að hann teldi að skýrsla American Appraisal væri „fagmannlega unnin" og er umsögn hans birt sem fskj. VII með þessu nefndaráliti mínu.

Það kom hins vegar skýrt fram hjá fulltrúum íslensku samninganefndarinnar að niðurstaðan, 89 millj. bandaríkjadala, væri á þeirra ábyrgð og nánast samningsat-

riði. Alusuisse hafi ríghaldið sér í þessa tölu, 89 millj. dollara, og það hafi veri ljóst að mati íslensku samninganefndarmannanna að ef ætti að fá henni hnikað þá blasti við að þeir mundu þurfa að gefa eftir í öðrum þáttum. En samningsstöðu höfðu þeir auðvitað enga því að ekkert sjálfstætt mat hafði farið fram á eignum ÍSALs, fastafjármunum, af íslenskum stjórnvöldum.

Endurfjármögnun ÍSALs er einn af þeim þáttum sem greint er frá og gengið var frá um leið og frv. þetta var undirbúið. Alusuisse hefur þegar lagt ÍSAL til eigið fé að upphæð 40 millj. bandaríkjadala og lækka skuldir álbræðslunnar sem því nemur. Á undanförnum árum hefur rækilega verið vakin athygli á afar veikri eiginfjárstöðu ÍSALs og telja verður að Alusuisse hefði orðið að bæta úr í þessu efni án nýrra ákvæða í samningi. Auðvitað er greiðsla sem þessi spor í rétta átt en varast ber að leggja of mikið upp úr þessari aðgerð sem framkvæmd er í eitt skipti. Alusuisse hefur ýmsar leiðir til að endurheimta þetta fé, a.m.k. að verulegu leyti, með fjármálalegum aðgerðum ef fyrirtækinu býður svo við að horfa.

Séu breyttar afskriftarreglur vegnar á móti umræddri aukningu hlutafjár kemur í ljós að ekki er um stórvægilegar breytingu að ræða á heildina litið út úr þessum tveimur þáttum og engan veginn víst að þar sé um plús að ræða í einstökum árum, a.m.k. ef á heildina er litið, fyrir Ísland.

Þá vek ég athygli á því í nál. — og leyfi mér að gera það hér úr ræðustóli, herra forseti, undir lok míns máls — að í „bréfi um samkomulag" frá 5. nóv. 1984, sem fylgdi 3. viðauka, segir m.a.:

„Eigi síðar en 1. janúar 1985 mun Alusuisse hefjast handa um forathugun á hagkvæmni þess að koma upp rafskautaverksmiðju við bræðsluna sjálfa í samræmi við málsgr. 2.4 í bráðabirgðasamningnum."

Þetta er tilvitnun í bréf um samkomulag ríkisstj. og Alusuisse frá 5. nóv. 1984. Á fundum iðnn. Nd. innti ég eftir efndum á þessu ákvæði. Þar upplýstu fulltrúar iðnrh. að ekkert hafi verið að gert til að standa við þetta samkomulag. Það segir sína sögu, hæstv. iðnrh., og ég vænti að það leiðréttist ef þetta er ranghermi hjá fulltrúum ráðuneytisins, það segir sína sögu hvernig Alusuisse metur slíkar bókanir og loforð gagnvart íslenskum stjórnvöldum og ég inni hæstv. ráðh. eftir því: Telur hann þetta viðunandi?

Herra forseti. Hér er leitað staðfestingar Alþingis á 4. viðauka við álsamninginn frá 1966. Sá samningur var í upphafi afar slæmur fyrir Ísland, þótt þeir sem að honum stóðu hafi getað fært sér fram til málsbóta að um frumraun hafi verið að ræða á þessu sviði. Síðan hafa þrívegis verið gerðar breytingar á samningnum, á árunum 1969, 1975 og 1984. Með engri þessara breytinga hefur íslenskum samningamönnum tekist að bæta fyrir það sem hallaði á Ísland í upphafi. (**GGS:** Hvað með raforkuverðið)? Þó ættu menn að vera reynslunni ríkari, m.a. eftir 2. viðauka hv. 2. þm. Reykn., frá árinu 1975 af því hv. þm. spyr hér um raforkuverðið. Þá töldu íslenskir samninganefndarmenn með Jóhannes Nordal seðlabankastjóra og Steingrím Hermannsson þáverandi alþm., núv. hæstv. forsrh., í fararbroddi sig hafa náð miklum árangri, bæði varðandi raforkuverð og skatta.

Þegar Ríkisendurskoðun gerði á því tölulega úttekt fyrir iðnrn. í ársbyrjun 1983 hvað tapast hefði vegna breyttra skattareglna á árunum 1975—1982 kom í ljós að sú upphæð var ívið hærri en greiðslur vegna hækkunar á raforkuverði á sama tíma. Önnur atriði voru öll hagstæð Alusuisse svo að heildarniðurstaðan var ótvírætt Alusuisse í vil.

Við erum hér ekki í þeim sporum að geta gert talnalega úttekt á samningsniðurstöðum 3. og 4. viðauka sem hér er stefnt að að lögfesta af ríkisstj. og við skulum spara okkur stóru orðin um hagnað út úr þessum samningum. M.a. mæli ég þetta vegna frammíkalls frá hv. 2. þm. Reykn.

Því miður, herra forseti, stefnir í sömu niðurstöðu og 1975 út úr 3. viðauka, sem lögfestur var fyrir ári, að viðbættum hinum fjórða sem ríkisstj. leitar hér staðfestingar á. Það er þó enn á valdi Alþingis að skakka þennan leik. Ég hvet alla hv. þm. í þessari deild og í Ed. að sjálfsögðu líka til að kynna sér rækilega fyrirliggjandi samning og sameinast um að fella þetta frv. eins og lagt er til í nál. 1. minni hl.

Frsm. 2. minni hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. iðnn. um frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, en þetta nál. er undirritað af fulltrúum Sjálfstfl. í nefndinni.

Eins og fram kemur í nál. hefur nefndin fjallað mjög ítarlega um þetta frv. á mörgum fundum og þau fylgiskjöl sem frv. fylgdu og fengið á sinn fund allmarga sérfræðinga svo og flesta þá sem stóðu í þessari samningsgerð og að henni unnu.

1. umr. um þetta mál var mjög ítarleg. Þá var rakinn sögulegur aðdragandi þessarar samningsgerðar og raktir fyrri samningar sem tengjast þessum samningum og 4. viðauki er hluti af. Ég ætla þess vegna ekki að endurtaka það, en halda mig við efni samningsins sem hér liggur fyrir og þá fyrst og fremst í ljósi nýrra upplýsinga sem fram komu í nefndinni, auk þess sem ég mun nokkuð reyna að svara a.m.k. sumu af því sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Austurl. áðan.

Frv. þetta felur í sér staðfestingu á 4. viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium sem undirritaður var hinn 11. nóv. s.l. Þær breytingar, sem þetta samkomulag felur í sér á aðalsamningi milli aðila, eru í meginatriðum þríþættar.

Í fyrsta lagi er samið um nýja tilhögun á framkvæmd þeirra reglna er fjalla um mat á hráefniskostnaði álbræðslunnar og verðlagningu afurða hennar með tilliti til skatts.

Í öðru lagi er samið um nýjar reglur varðandi fyrningar á fastafjármunum ÍSALs og jafnframt samið um að Alusuisse leggi fram nýtt eigið fé til ÍSALs á yfirstandandi ári að upphæð 40 millj. bandaríkjadollara. Þessi breyting hefur í för með sér breyttan og hækkaðan skattstofn frá því sem áður hefur verið.

Í þriðja lagi er samið svo um að ákvæðin um lágmarksskatt ÍSALs verði óbreytt þannig að félagið greiði framleiðslugjald sem nemur 20 bandaríkjadollurum á hvert tonn af framleiddu áli án tillits til tekna. Á hinn bóginn er gerð breyting á því framleiðslugjaldi sem er umfram lágmarksgjald þannig að árleg fjárhæð þess fari eftir hagnaði á undanfarandi ári samkvæmt ákveðnum skattstiga.

Ég ætla nú að fjalla nokkuð um hvert þessara atriða fyrir sig í ljósi þeirra upplýsinga og skýringa sem

sérstaklega komu fram í nefndinni.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða nýjar viðmiðunarreglur til skatts. Þegar metinn er hráefniskostnaður álbræðslunnar og verðlagning afurða hennar með tilliti til skatts hefur frá öndverðu verið byggt á almennri viðmiðun samkvæmt meginreglunni um viðskipti milli óháðra aðila, „arm's length dealings", eins og það heitir á ensku, en reynslan hefur sýnt að hún hefur haft í för með sér verulega óvissu um mat á tekjum álbræðslunnar á einstökum árum vegna mismunandi skoðana um eðlilegt markaðsverð og aðrar aðstæður. Þetta hefur leitt til deilna á milli aðila.

Nú er gerð breyting á. Reglan um viðskipti óháðra aðila verður áfram grundvallarregla, en verður nú framkvæmd þannig að samið er um sérstök viðmiðunarverð sem ætlað er að gefi sem besta mynd af aðstæðum á hverjum tíma. Viðmiðunarverðin eiga að gilda um viðskipti milli ÍSALs og Alusuisse eða dótturfyrirtækja Alusuisse með ál, þ.e. um afurðir verksmiðjunnar, og um súrál og rafskaut til framleiðslunnar.

Það er í fyrsta lagi varðandi þennan þátt gerð ný skilgreining á heimsmarkaðsverði á áli. Hið nýja heimsmarkaðsverð er sett fram í bandaríkjasentum á pund af áli og styðst við fjórþætta viðmiðun, þ. e. skráð verð á viðskiptum á London Metal Exchange, skráð viðskipti um ál í Bandaríkjunum samkvæmt birtingu í tímaritinu Metal Weeks, verð samkvæmt alþjóðlegri verðvísitölu Pechiney, franska álfyrirtækisins, sem birt er í Metal Bulletin og söluverð í viðskiptum Alusuisse við óháða aðila. Þessi tvö fyrrnefndu eru leiðbeinandi um verð á opnum markaði austan hafs og vestan, en hin síðarnefndu um framleiðendaverð. Útreikninga á heimsmarkaðsverði samkvæmt þessum verðskilgreiningum á að framkvæma ársfjórðungslega fyrir undanfarandi ársfjórðung.

Í *málsgr. 26.02 er mælt fyrir um sannprófun á einu* þessara verða, sem gildir að ¼, þ.e. á svokölluðu ASIP-verði, söluverði í viðskiptum Alusuisse við óháða aðila. Það er eðlilegt að það sé sérstakt ákvæði um sannprófun á þessu verði vegna þess að hér er um að ræða verð sem annar aðilinn, Alusuisse, notar í sölum til viðskiptavina sinna.

Það er gert ráð fyrir því að ef eitthvað brestur á þær upplýsingar sem á þarf að halda við útreikninginn um hina ýmsu þætti, ágreiningur verður og ríkisstj. og Alusuisse þurfi að semja um nýjan eða breyttan viðmiðunargrundvöll, geti aðilar leitað til fyrirtækis óháðra endurskoðenda sem aðilar tilnefna sameiginlega. Ég legg áherslu á að í þessu atriði, eins og reyndar fleiri atriðum í þessum samningi, er talað um fyrirtæki óháðra endurskoðenda. Nú er það auðvitað svo að aðilar velja sér sína endurskoðendur þegar þeir óska eftir yfirferð yfir reikninga, en óháðir endurskoðendur eru aðilar sem reiknað er með og fyrir því er alþjóðleg viðskiptavenja að þriðji aðili á að geta treyst því að það sem frá slíkum óháðum endurskoðanda komi sé rétt, þar á meðal skattyfirvöld í viðkomandi landi svo og ýmsir viðskiptaaðilar. Í sjálfu sér er því ekkert óeðlilegt við það að í þessu einstaka tilviki, þ.e. þegar fjalla á um ¼ af þessu viðmiðunarverði, sé um að ræða óháð endurskoðendafyrirtæki sem aðilar tilnefna sameiginlega. Öll stóryrði um að hér sé verið að fyrirgera að einhverju fullveldisrétti þjóðar, eins og hér hefur komið fram, eru að sjálfsögðu gjörsamlega út í hött og sýna fádæma ofstæki í þessum málflutningi öllum.

Varðandi súrálsverðið er gert ráð fyrir því að kostnaðarverð á súráli verði metið til skatts eftir ákveðnu vöruskiptahlutfalli milli súráls og áls og verður álið þá reiknað eftir ofangreindu heimsmarkaðsverði eins og það er á hverjum tíma. Er hlutfallið sem ákveðið er með þessum samningi 8:1 þannig að verð hverrar einingar af súráli verður 12,50% af sömu einingu af áli á heimsmarkaðsverði.

Nú er vitað að markaðsverð er ekki til á súráli eins og á áli. Við rennum því dálítið blint í sjóinn með það hvernig verðþróun á súráli muni verða, en í því efni var lögð fyrir nefndina nýjasta spá fyrirtækisins Chase Econometrics sem íslensk stjórnvöld hafa stuðst við, bæði núverandi iðnrh., fyrrverandi iðnrh. svo og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Þegar hann sat í iðnaðarráðherrastóli bar spár Chase Econometrics oft á góma og menn báru nokkurt traust til þeirra, eins og fram kom í ýmsum málatilbúnaði hv. þm.

En þessi spá Chase Econometrics, sem nefndin kynnti sér, ber það með sér að á þessu ári er hlutfallið milli súráls og áls 1:6,6 eða 15,05%. Árið 1990 er því spáð að það verði 1:7,1 eða 14%. Árið 1995 1:7,4 eða 13,5%. Miðað við þessar spár er hið umsamda hlutfall í þessum samningi hagstæðara fyrir okkur. Ég skal fúslega viðurkenna að erfitt er að meta þetta. Hér er um að ræða spá og allar spár byggjast á forsendum sem menn eru að reyna að meta og gera sér grein fyrir en geta auðvitað breyst.

Þriðja nýja viðmiðunin er varðandi kostnaðarverð ÍSALs á rafskautum, sem eru notuð til framleiðslunnar, og kveður á um að það verði ákveðið til skatts samkvæmt samningsbundnu verði milli Alusuisse og ÍSALs á viðkomandi ári með þeim fyrirvara að það verð sé ekki hærra en meðalverð í sölu Alusuisse á rafskautum til þriðja aðila á sama ári.

Það urðu nokkrar umræður í nefndinni um þetta ákvæði og þá ekki síst hvernig þetta verð er fundið. Í gr. 27.04 c-lið, en þar er fjallað um verð á rafskautum, segir að verð á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse á viðkomandi ári skuli fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem Alusuisse tilnefnir og hefur aðgang að bókum Alusuisse, staðfesta gagnvart ríkisstj. eftir lok ársins. Að þessu ákvæði hefur verið fundið og menn bent á að með þessu sé Alusuisse fengið of mikið vald. En ég bendi á að hér er enn á ferðinni óháð endurskoðendafyrirtæki, fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem á að senda upplýsingar til annars fyrirtækis óháðra löggiltra endurskoðenda með ákveðnum staðfestum upplýsingum úr bókhaldi Alusuisse. Miðað við þær alþjóðavenjur um traust á löggiltum alþjóðaendurskoðendafyrirtækjum hygg ég að eins vel sé búið um hnútana að þessu leyti og mögulegt er.

Ég vek sérstaka athygli á því, vegna þess skilnings sem hv. 5. þm. Austurl. vill leggja í þetta ákvæði, að meiri hluti þeirra lögfræðinga sem nefndin fékk til viðtals við sig lítur svo á að staðfesting frá endurskoðunarfyrirtæki væri hluti af skattframtali ÍSALs. Eftir að skattframtal liggur fyrir með verði á rafskautum samkvæmt þessari reglu fara endurskoðendur íslenskra stjórnvalda frekar ofan í þetta mál eins og önnur og eiga sama rétt til endurskoðunar á þessu atriði og á öðrum í skattframtali. Ef upp kemur ágreiningur um einstök

atriði hafa íslensk stjórnvöld fullkominn rétt til að nýta sér önnur ákvæði samningsins til að ná rétti sínum, þar á meðal leita til gerðardóms. Það var aðeins einn lögfræðingur sem ekki féllst á þetta og vildi skýra þetta á annan veg. Það var Ragnar Aðalsteinsson hrl. sem ég met mikils sem lögmann. Hann hefur að vísu verið sérstakur trúnaðarmaður hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, en ég vek athygli á að aðrir lögmenn, og þar á meðal t.d. Eiríkur Tómasson sem ekki kom nálægt þessari samningsgerð, staðfestu það sem sinn skilnig að þannig ætti með þetta að fara. Meiri hluti þeirra lögmanna sem voru á fundinum og tengdust þessari samningsgerð meir en Eiríkur staðfesti þann skilning. Þannig er alveg óþarfi að vera að gera minna úr þessu ákvæði en efni standa til og ég sé satt að segja ekki hverjum er þjónað með því að túlka þetta Íslandi algerlega í óhag eins og hv. þm. vill gera.

Það er enginn vafi á því að þessar nýju viðmiðunarreglur eru öruggar í framkvæmd og eru líklegar til þess að forða deilum milli aðila í framtíðinni. Reglurnar um hin sérstöku viðmiðunarverð eru háðar endurskoðun á fimm ára fresti eins og fram kemur í gr. 27.07. Sú endurskoðun og ágreiningur um hana geta verið tvíþætt eins og fram kom hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, þ.e. það getur orðið sjálfstætt ágreiningsefni hvort teljandi breyting hafi orðið á aðstæðum, sem valdi því að breyta eigi þessum viðmiðunarreglum, og það atriði eitt getur farið til sjálfstæðrar meðferðar og í gerðardóm. Síðan gæti hugsanlega orðið annað gerðardómsmál um hvaða fjárhæðir hér skipta máli. Það kom fram hjá lögmönnum — öðrum en Ragnari Aðalsteinssyni — að þetta ákvæði getur líka orðið til þess að greiða fyrir málsmeðferð. Ég vek athygli á að það er t.d. algengt í skaðabótamálum að það er fyrst farið í dómsmál um hvort skaðabótaskyldan sé fyrir hendi og þegar niðurstaða í því ágreiningsefni liggur ljós fyrir er farið að fjalla um upphæð skaðabótanna og ef ekki næst samkomulag um það er sérstakt mál um það. Hins vegar er reynslan oft sú að hið fyrra mál er mjög líklegt til að greiða fyrir úrslitum máls þannig að í mörgum tilfellum er slík tvíþætt málsmeðferð líkleg til að greiða fyrir og flýta fyrir niðurstöðu mála frekar en lengja meðferð þeirra. Þessi skilningur kom fram hjá þeim lögmönnum sem nefndin fékk til viðtals við sig um túlkun og álit á þessu ákvæði.

Annað meginatriði sem þessi samningur felur í sér er breyting á skattstofni. Ég vek sérstaka athygli á því að þar er um mjög mikilvæga breytingu að ræða. Það er samið um nýjar reglur varðandi fyrningar á fastafjármunum ÍSALs í tengslum við aukningu á eigin fé fyrirtækisins og reglur um endurmat á bókfærðu verði eigna og skulda. Varðandi hið síðastnefnda er gert ráð fyrir því að endurmat miðist við tiltekna erlenda mynt, svissneskan franka eða bandarískan dollar, og Alusuisse getur í eitt skipti valið hvora mynt það vill miða við. En hjá íslenskum fyrirtækjum er nú almennt miðað við vísitölu í þessu sambandi.

Varðandi fyrningu hefur verið samið um tiltekið endurmatsverð á núverandi fastafjármunum ÍSALs sem óafskrifaðir eru með hliðsjón af raunvirði þeirra í ársbyrjun 1985. Verður það fyrningargrunnur í framtíðinni og fjármunirnir fyrndir á næstu tíu árum. Samkvæmt eldri reglum hefði fyrning þeirra, sumpart miðuð við 15 ár og sumpart við átta ár, átt að dreifast á næstu 4—6 ár að mestum hluta. Við fyrninguna verði tekið tillit til endurmats samkvæmt framansögðu, en fyrning vegna gengistaps á lánum fellur hins vegar niður. Með nýju reglunum verða afskriftir hjá ÍSAL lægri en ella næstu árin, en hærri í staðinn þegar lengra líður og afskriftastofninn hækkar nokkuð.

Nefndin fékk Stefán Svavarsson til viðtals við sig um þetta mál sérstaklega og skýrði hann það út fyrir nefndarmönnum. Það kom fram hjá honum að í samningi þessum væri kappkostað að reikningsskil fyrirtækisins ÍSALs sýndu á sem rökrænastan hátt raunverulega afkomu og efnahag þess. Af þeim sökum væri nú lagt til að reikningsskilavenjum fyrirtækisins að því er tekur til afskrifta og gengismunar yrði breytt í grundvallaratriðum. Aðferð ÍSALs í meðhöndlun gengismunar byggir á þeim skattalögum sem giltu til ársloka 1978. Fyrirtækið eignfærir því allan gengismun af öðrum lánum þegar frá er dreginn gengishagnaður af veltufjármunum. Nettógengismun hvers árs hefur verið skipt á tiltekna eignarhluta og afskrifaður á eftirstöðvum 15 ára afskriftartíma eða fimm árum eftir því hvort er lengra.

Með þessum hætti hefur fyrirtækið fengið afskriftir endurmetnar í upphaflegt kostnaðarverð varanlegra fastafjármuna. Gallinn er hins vegar sá að endurmatið hefur átt stofn sinn í nettóskuld fyrirtækisins en ekki í eignunum sjálfum og vegna taprekstrar hefur því afskrift verið hærri en annars hefði orðið. Eignirnar hafa auk þessa verið endurmetnar vegna gengismunar á innborgað hlutafé sem hefur þó ekki verið afskrifað. Niðurstaðan af þessu er sú að bæði afskriftir og eignamat hefur verið villandi þar sem fyrirtækið hefur þurft að beita umræddum reikningsskilareglum.

Nú er lagt til að afskriftir á næstu árum verði reiknaðar af áætluðu matsverði í erlendri mynt miðað við 1. janúar 1985 og það verð er umsamið 89 millj. bandaríkjadala. Þessi stofn færist til gjalda á tíu árum við meðalgengi hvers árs. Í raun er því verið að afskrifa eignirnar í erlendri mynt en umbreytt í krónur í reikningsskilum fyrirtækisins og í skattalegu tilliti. Þar sem afskriftir eru reiknaðar með þessum hætti og rekstrarreikningurinn til skatts í raun í erlendri mynt þarf ekki að taka tillit til þess gengismunar sem fyrirtækið verður fyrir gagnvart íslensku krónunni, hvorki á skuldir né veltufjármuni. Með þessum hætti er eytt áhrifum innlendrar verðbólgu á reikningsskil fyrirtækisins og niðurstaðan er miklu skýrari mynd af afkomu og efnahag þess að svo miklu leyti sem með reikningsskilareglum er unnt að draga hann fram.

Fram kom í nefndinni að samkvæmt beiðni ÍSALs hafa fastafjármunir fyrirtækisins í árslok 1984 verið metnir af ráðgjafarfyrirtækinu American Appraisal sem er mjög virt fyrirtæki í sinni grein. Niðurstaða matsins var sú að markaðsverð eignanna, eða „fair market value" eins og það er orðað, væri 89 millj. 226 þús. bandaríkjadalir og sú tala var lögð til grundvallar í þessum samningum. Stefán Svavarsson var sérstaklega inntur eftir áliti sínu á þessu mati og hann lagði fram vottorð, sem er fylgiskjal I með þessu nál., þar sem hann staðfestir, svo vitnað sé í vottorð hans, með leyfi forseta, hvernig matið fór fram og segir svo:

„Að mínu mati er umrædd skýrsla fagmannlega unnin og tel ég því að niðurstaðan um matið sé raunhæf."

Þetta segir þessi íslenski endurskoðandi.

Samkvæmt samkomulagi aðila hefur Alusuisse nú lagt fram eigið fé til ÍSALs á yfirstandandi ári að upphæð sem nemur 40 millj. bandaríkjadollara. Hefur eiginfjáraukningin verið notuð til að lækka núverandi skuldir ÍSALs og þar með til beinnar lækkunar á vaxtagjöldum. Þessi ráðstöfun hefur í för með sér grundvallarbreytingu á efnahag og rekstrarafkomu fyrirtækisins og mun vaxtasparnaður nema mun hærri fjárhæð en hækkun fyrninga.

Því hefur verið haldið fram að Alusuisse hafi borið samkvæmt núgildandi aðalsamningi að hækka eigið fé og því hafi ekki verið ástæða til að semja um það atriði sérstaklega. Í því sambandi hefur verið vitnað til 21. gr. aðalsamnings þar sem segir að innborgað hlutafé ÍSALs eins og það er ákveðið á hverjum tíma skuli aldrei vera minna en sem svarar fjárhæð er jafngildi ⅓ af bókverði fastra fjármuna þess.

Ég vil af þessu tilefni taka fram að endurskoðunarfyrirtæki íslensku ríkisstjórnarinnar, Coopers & Lybrand, hefur aldrei gert athugasemdir við eiginfjárstöðu ÍSALs. Þvert á móti kemur fram í síðustu endurskoðunarskýrslu vegna ársins 1984 að þetta hlutfall sé umfram það hlutfall sem aðalsamningur gerir ráð fyrir miðað við þær reikningsskilavenjur sem hafi tíðkast.

Að lokum eru í þessum þætti settar fram reglur um fyrningu á nýjum fastafjármunum hjá ÍSAL og þar er miðað við sama fyrningartíma og nú gildir samkvæmt íslenskum skattalögum. Þessar reglur eru háðar endurskoðun á fimm ára fresti. Rétt er að benda á að fyrirtækið hefur hér eftir sem hingað til rétt á að leggja allt að 20% af hagnaði sínum í varasjóð. Menn hafa látið að því liggja í þessum umræðum að hér sé um nýtt ákvæði að ræða og verið að bera saman í töflum annars vegar skattgreiðslur með varasjóði fram í tímann og svo án varasjóðs vegna fortíðarinnar, en það hefur engin breyting verið gerð á þessari heimild. Hins vegar er nú bætt við ákvæði þess efnis að ÍSAL verður skylt að endurmeta framlögin í varasjóðinn frá ári til árs eftir að þau eru í hann komin. Það þýðir í raun að ef varasjóðurinn er greiddur út greiðist af honum skattar í samræmi við raunverulegt verðgildi.

Stefán Svavarsson endurskoðandi lagði í nefndinni fram útreikninga um samanburð á áhrifum breyttra afskriftareglna og vaxtagreiðslna á afkomu ÍSALs árin 1980—1984, þ.e. vegna fortíðarinnar. Sá útreikningur er birtur sem fskj. II með þessu nál. og sýnir að síðustu fimm ár hefði skattstofn hækkað verulega samkvæmt hinum nýju reglum. Þá kemur enn fremur fram í þessum útreikningum að ætla megi að skattstofn ÍSALs hækki vegna ofangreindra atriða um 6,5 millj. bandaríkjadala á árinu 1985. Samninganefnd um stóriðju hefur á grundvelli þessara útreikninga Stefáns Svavarssonar látið reikna áhrif þessara breytinga á skattstofn ÍSALs á framleiðslugjald áranna 1980—1984, þ.e. ef þessar nýju reglur hefðu þá verið í gildi. Þar kemur fram að hefði nýr samningur verið í gildi það tímabil hefðu skattar verið samtals 38,4% hærri eða um 3,3 millj. dollara. Þessir útreikningar fylgja einnig með á sérstöku fskj., fskj. III.

Ég mun þá aðeins víkja að sjálfum skattstiganum, en í samningunum var samið um að ákvæði um lágmarksskatt ÍSALs verði óbreytt þannig að félagið greiði framleiðslugjald sem nemi 20 bandaríkjadollurum á hvert tonn af framleiddu áli án tillits til tekna.

Það kom fram í nefndinni að það hefði verið leitað eftir því allfast að fá hækkun á lágmarksskatti ÍSALs en ekki orðið um það samkomulag. Það er vitað mál að fastur skattur án tillits til afkomu er fyrirtækjum, bæði íslenskum og erlendum, þyrnir í augum. En í staðinn fyrir að fá hækkað þetta fasta gjald var gerð breyting á því framleiðslugjaldi sem er umfram lágmarksgjald og það tengt mun meir afkomu fyrirtækisins en áður. Árleg fjárhæð þess fer því eftir nettóhagnaði á undanfarandi ári skv. ákveðnum skattstiga á bilinu 35—55%. Þessi viðbótarskattur verður greiddur í dollurum eins og verið hefur og hagnaður umreiknaður í dollara með tilliti til skattstigans.

Þá var samið um þá breytingu á reglum um skuldajöfnun framleiðslugjalds við skattinneign ÍSALs frá fyrri árum að ekki verði notuð til skuldajafnaðar nema 50% af því framleiðslugjaldi sem er umfram 20 bandaríkjadollara á tonn, en áður bar að nota alla viðbótarfjárhæðina í þessu skyni. Hinn helmingur viðbótargjaldsins kemur strax til útborgunar. Þetta atriði er að sjálfsögðu verulega til hagsbóta fyrir okkur Íslendinga.

Menn hafa leitast við að gera samanburð á nýju skattkerfi og eldra skattkerfi. Ég hef áður vikið að því sem fram kemur á fskj. II og Stefán Svavarsson hefur útbúið þar sem hann reiknaði samanburð á áhrifum breyttra afskriftareglna og vaxtareglna á afkomu ÍSALs árin 1980—1984, þ.e. hvaða áhrif hinar nýju reglur hefðu haft á skattstofninn ef þær hefðu verið í gildi á þeim tíma. Eins og ég gat um kemur þar fram og á skattaútreikningnum á fskj. III að skattar á þessum árum hefðu verið mun hærri eftir hinu nýja kerfi. Þetta er staðreynd, þetta er sú staðreynd sem við getum miðað fortíðina við sem við þekkjum. Á hinn bóginn er erfiðara að spá um framtíðina eins og við öll vitum og þarf ekki að hafa mörg orð um. Enda margt í óvissu bæði um þróun álverðs á næstu árum, um gengisþróun, sem skiptir hér mjög miklu máli, og ýmislegt annað sem kemur til greina þegar hagur svona fyrirtækis er metinn.

Nefndin hefur fengið upplýsingar um nýjustu spá fyrirtækisins Chase Econometrics til ársins 1995 um þróun álverðs svo dæmi sé tekið. Skv. þeirri spá er gert ráð fyrir því að verð á LME-markaðnum muni hækka frá meðalverði 1985, 49,64 sent á pund, upp í 128,97 sent á pund árið 1995. Þetta er sem sagt á verðlagi hvers árs.

Nefndin hefur fengið útreikninga frá tveimur aðilum um afkomu og skattgreiðslu ÍSALs miðað við mismunandi álverð. Önnur taflan er frá samninganefnd um stóriðju en hin taflan er frá sérstökum trúnaðarmanni hv. 5. þm. Austurl., Ragnari Árnasyni lektor. Þá fylgdi frv. einnig tafla um samanburð skattgreiðslna Íslenska álfélagsins við mismunandi hagnað og var hún leiðrétt. Það voru smá villur í henni, eins og fram kom í upphafi, sem hafa orðið tilefni ótrúlegra málalenginga hér í hv. deild, bæði af hv. síðasta ræðumanni svo og af hálfu formanns Alþb. sem flutti u.þ.b. klukkutíma ræðu um villuna hér við 1. umr. þessa máls.

Samninganefnd um stóriðju hefur sem sagt látið reikna töflu um áhrif skattstofnsbreytinga á nokkur dæmi um afkomu og skattgreiðslu ÍSALs miðað við mismunandi álverð. Þá eru menn auðvitað að reyna að spá fram í tímann og miða við þá breytingu sem hefði orðið á skattstofni að meðaltali árin 1980—1985, sbr.

töflu frá Stefáni Svavarssyni þar um. Þessi tafla er fylgiskjal IV með þessu nál.

Auðvitað verður að líta á þessar töflur allar með miklum fyrirvörum því að þær eru spá um óviss atriði sem erfitt er að meta. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það kann að orka tvímælis að ætla að yfirfæra breytingar á skattstofni, meðaltalsbreytingar sem urðu á síðustu fimm árum, yfir á næstu ár. En sú aðferð er ekkert verri en hver önnur. Af þeim útreikningi geta menn séð að hinn nýi skattur skv. nýjum samningi mun undir engum kringumstæðum verða lægri en skattur skv. eldri samningi en verulega hærri eftir því sem álverð hækkar.

Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni töflu sem Ragnar Árnason gerði. Eftir að Elías Davíðsson fór af landi brott hefur Ragnar Árnason verið einkaráðgjafi hv. þm. og Alþb. um álmál. Hann hefur lagt fram sérstaka töflu sem mikið tilefni er til að gagnrýna því að forsendur hennar eru greinilega lagaðar að niðurstöðum sem áttu að koma út úr henni fyrir fram. Þessar forsendur koma fram í fskj. VI með nál. hv. 5. þm. Austurl. sem heitir „Áætluð rekstrarafkoma og skattgreiðslur ÍSALs". Síðan er gerð grein fyrir þeim forsendum sem þessi tafla miðast við og byggir á og það er alveg augljóst að þessar forsendur eru mjög lagaðar í hendi sé svo ekki sé meira sagt.

Við skulum taka sem dæmi í 2. tölul. Þar er gert ráð fyrir að hráefniskostnaður muni hækka sem hlutfall af söluverðmæti skv. nýju skattkerfi. Hvar eru rök fyrir því? Það eru engin rök fyrir því að hráefnisverð muni verða skv. nýju skattkerfi 41,5% af söluverðmæti á móti 40,5% skv. gildandi skattkerfi. Fyrir því eru engin rök. Þvert á móti mætti leiða að því líkur að þróunin yrði í öfuga átt.

Ef við tökum 4. tölul. í þessum forsendum, laun og stjórnun, sem sé 16,5 millj. dollara. Þessi kostnaður var 18,5 1981, 14,5 1984. Höfundur virðist vilja fara þarna einhvers konar meðalleið og telur að framtíðarlaun og stjórnunarkostnaður verði einhvers staðar þarna mitt á milli. Í þessum útreikningum er ekkert tillit tekið til þeirrar staðreyndar, sem ég veit að höfundi þessarar töflu er fullkunnugt um, að á árunum 1981—1982 voru verulegar fjárfestingar gerðar hjá ÍSAL til hagræðingar og framleiðniaukningar sem hafa m.a. leitt til þess að starfsmannafjöldi hefur minnkað úr 700 niður í um 600 og mun svo verða í framtíðinni. Hér er því um augljósa blekkingu að ræða í forsendum þessarar töflu sem þarna hefur verið lögð fram.

Sama er uppi á teningnum í sambandi við annan framleiðslukostnað. Það eru engin rök færð fyrir því að hann muni hækka sérstaklega. Það er gert ráð fyrir því að hann verði 11 millj. dollara en hann var á árinu 1984 9,8 millj. dollara.

Varðandi afskriftir, sem er 7. tölul. í þessu dæmi, er gert ráð fyrir því að nýja skattkerfið gefi 8,9 millj. dollara í afskriftir en gildandi skattkerfi 16,4 millj. dollara. Fjármagnskostnaður er skv. nýja skattkerfinu 5,5 millj. og gildandi skattkerfi 7,9 millj.

Ég tel að í þessum samanburði sé ekki tekið nægilegt tillit til breytinga á skattstofni sem rækilega hefur verið gerð grein fyrir hér og ég hef gert hér í mínu máli. Ég vil mjög harðlega gagnrýna að slík tafla sé lögð hér fram sem undir fræðilegu yfirbragði er greinilega lögð fram til að sýna blekkjandi og villandi niðurstöður.

Nefndin leitaði til allmargra aðila eins og fram hefur komið og hún leitaðist við að fá fram umsagnir manna um þennan samning. Ég vil sérstaklega vitna í það sem Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri sagði, en hann tók það skýrt fram að hann hefði ekki verið með í þessari samningagerð þótt hann hefði komið að ýmsum skattalegum efnum á fyrri stigum málsins. Hann var því ekki að verja sínar eigin gerðir í þessu efni eins og ýmsir þeir sem nefndina heimsóttu. Niðurstaða hans var sú að hann sagðist hafa það á tilfinningunni að þetta kerfi mundi ekki verða okkur óhagstæðara, líklega koma út í beinum hagnaði fyrir okkur Íslendinga. Þessi ummæli ráðuneytisstjórans met ég að sjálfsögðu mjög mikils.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Hv. 5. þm. Austurl. hefur haldið hér langar ræður um þetta mál. Ég verð að segja að mér finnst hann hafa mjög langt seilst í röksemdafærslu og reyndar með ólíkindum hversu langt hann hefur gengið og teygt sig í röngum fullyrðingum og útúrsnúningum. Mér finnst allur þessi málflutningur benda til þess að hér sé um að ræða fjörbrot manns sem hafði með þennan málaflokk að gera sem ráðherra í næstum fimm ár, náði engu fram og miðaði frekar afturábak í þessum mikilvægu málum fyrir okkur Íslendinga. Þessi viðbrögð flokkast því að mínu mati frekar undir sálfræði en pólitík. Ég fullyrði að allur hans málflutningur bendi til þess að hv. þm. sjái ekki skóginn fyrir trjánum í þessu máli.

Niðurstaða þeirra sérfræðinga, sem við höfum fengið til okkar, er sú að þessi samningur sé hagstæðari en sá sem við höfum haft með að gera. Þess vegna leggjum við, sem undir þetta nál. ritum, ég, Friðrik Sophusson og Gunnar G. Schram, eindregið til að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. 3. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 237. Ábyrgð á því nál. bera Ingvar Gíslason og Páll Pétursson. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir leggjum til að frv. verði samþykkt, þ.e. staðfestur verði 4. viðauki við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium frá 11. nóv. 1985.

Nefndin hefur fjallað vandlega um frv. og kvatt á fund sinn eftirtalda: Stefán Svavarsson, löggiltan endurskoðanda, Ragnar Árnason lektor, Halldór J. Kristjánsson lögfræðing, Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðanda, Eirík Tómasson hrl., Ragnar Aðalsteinsson hrl., Hjört Torfason hrl., Garðar Ingvarsson hagfræðing, Jóhannes Nordal, formann stóriðjunefndar, og Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra.

Í þessum samningi eru tveir meginþættir: skattstofn og skattstigi. Hvað varðar skattstofn þá er reynt í samningnum að skilgreina nánar þá þætti sem hætt er við að deilum gætu valdið, söluverð á áli og kaupverð á súráli og rafskautum, og ávinningur er að því að fækka hugsanlegum ágreiningsefnum. Með aukningu eigin fjár og breyttum reikningsskilareglum er tvímælalaust stefnt að því að reikningsskilin gefi réttari mynd af raunverulegri afkomu félagsins sem að líkindum verður okkur til hagsbóta. Hvað varðar skattstigana er um verulega einföldun að ræða á þeim reglum sem um þá gilda.

Þegar á heildina er litið er líklegt að þessar breytingar

á skattstofni og skattstigum muni ekki verða okkur óhagstæðari en þær reglur sem nú gilda, heldur eru líkindi til að skatttekjur muni fremur aukast.

Hinum almenna rétti ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar á gögnum ÍSALs er í engu hróflað frá fyrri samningum en ekki hefur tekist að gera orðalag endurskoðunarákvæðisins ótvíræðara.

Við samningsgerð sem þessa verður í ýmsum tilfellum að byggja á framtíðarspám þegar meta skal árangur af samningum. Þess ber að geta að raforkuverðsspá ÍSALs, sem iðnn. var kynnt á s.l. ári, hefur ekki staðist.

Með vísan til ofanritaðs teljum við um nokkurn ávinning að ræða með samningi þessum og leggjum því til að frv. verði samþykkt óbreytt." Undir þetta nál. skrifa Páll Pétursson og Ingvar Gíslason.

Vegna ummæla sem prentuð eru í nál. 4. minni hl. iðnn., hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, er rétt að fram komi hér að ég bauð fulltrúa frá Alþfl. og fulltrúa frá BJ að sitja fundi iðnn. Í flestum tilfellum höfðu þau tækifæri til þess að mæta en á einn eða tvo fundi *misfórust boð. Er það miður. En að sjálfsögðu viljum* við ekki halda upplýsingum fyrir fulltrúum neinna stjórnmálaflokka hér á Alþingi þó að þeir eigi ekki fulltrúa í nefndinni.

Það er svo með þetta mál og þessa samningsgerð alla að mér virðist að menn hafi ákaflega fastmótaðar skoðanir á viðskiptum okkar við álverið. Sumir eru ákaflega fullir trúnaðartrausts í garð Alusuisse og ÍSALs en aðrir eru fullir tortryggni. Ég held nú að millivegurinn sé farsælastur, það sé fyllsta þörf á aðgát án þess að telja fyrir fram víst að óvinir sitji hvarvetna á fletjum fyrir.

Forsaga þessa máls bindur hendur okkar mjög. 1966 var gerður samningur sem okkur var um margt mjög óhagstæður. 1975 var reynt að laga hann en það lánaðist ekki vel. Enn þá var samið í fyrra. Þá náðist veruleg leiðrétting á sumum sviðum, t.d. á raforkuverði. Þó var þessi raforkuverðsleiðrétting ekki nægileg og spárnar um raforkuverðshækkunina, sem þá var gert ráð fyrir og reiknað með, hafa ekki staðist.

Raforkusala á 12,5 mill er ekki ábatasöm þegar framleiðslukostnaður úr nýjum virkjunum er a.m.k. þriðjungi hærri. Við erum búnir að koma okkur í mjög háskalega stöðu vegna erlendra skulda og helmingur af *erlendum skuldum okkar er vegna lántaka í orkugeir*ann. Menn tala um erlendar skuldir og offjárfestingu í sjávarútvegi sem þó einungis ber ábyrgð á u.þ.b. 17% af okkar erlendu heildarskuldum. Við sitjum uppi með ónotaða raforku. Það er rétt að hægja á virkjunarframkvæmdum og nauðsynlegt að þjóðin sjái að sér í því efni.

Ég ætla ekki að tefja tímann með langri ræðu. Við leggjum sem sagt til að þessi samningur verði samþykktur. Við teljum að hann sé nokkurt skref í rétta átt að flestu leyti. Það er ekkert risaskref — það vil ég taka fram — að okkar mati en þó skref í rétta átt.

Fsm. 4. minni hl. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 4. minni hl. iðnn. sem er á þskj. 239. Hér er um að ræða 4. viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og fjölþjóðafyrirtækisins Swiss Aluminium Ltd. Hann er lagður fram við lok endurskoðunar á gildandi ákvæðum aðalsamningsins um skattamál Íslenska álfélagsins hf., sem ríkisstj. og Alusuisse höfðu orðið sammála um að færi fram.

Einu kynni stjórnarandstöðunnar af þessu máli, áður en það var lagt fram sem frv. á Alþingi 19. nóv. s.l., voru þau að fulltrúar hennar voru boðaðir á fund hæstv. iðnrh. 17. júlí s.l. Var það til að sjá meginefnisatriði þess samnings sem *undirritaður skyldi næsta dag. Hefur* við þessa samningsgerð ríkt sama leynd og skortur á upplýsingum til stjórnarandstöðu og hvíldi yfir samningagerð 3. viðauka við aðalsamninginn.

Undirrituð vill ítreka þá skoðun sína að bæði eðlilegt og réttlátt væri að fulltrúar allra stjórnmálasamtaka, sem sæti eiga á Alþingi, væru hafðir með í ráðum þegar um svo mikilvægt mál er að ræða sem snertir hag allra landsmanna. Mundi slík upplýsingamiðlum og samráð tryggja betri hagsmunagæslu fyrir Íslendinga að mínu mati.

Vert er að hyggja lítillega að síðustu samningsgerð, 3. viðauka við aðalsamninginn sem samþykktur var í fyrra, en þar voru gerðar ýmsar breytingar sem hafa mikil og reyndar afgerandi áhrif á svigrúm og gerð þessa samnings sem nú liggur fyrir. Þar var t.d. fellt niður mikilvægt ákvæði um „bestu-kjaraskilmála", sem var í grein 2.03 c í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALs, um að Alusuisse eigi að leitast við að „tryggja *ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum* með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru". Brottfall þessa ákvæðis var knúið fram á síðustu stundu í samningsgerðinni og viðurkenndi þáverandi iðnrh. fyrir nefndinni að það væri réttilega mikil veiking á þessum ákvæðum skattalaga. Við fórnuðum þar því atriði sem þótti ein girnilegasta ástæðan til þess að taka upp samstarf við Alusuisse í upphafi, þ.e. bestu kjaraákvæðunum.

Við síðustu samningsgerð, 3. viðauka við aðalsamninginn, varð sú afdrifaríka þróun að Alusuisse tókst að kljúfa tvö nátengd málsatriði í aðskilda þætti sem samið yrði um hvorn í sínu lagi. Hér er átt við megintekjustofna Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse, þ.e. raforkuverð annars vegar og skattlagningu hins vegar. Þó eru þessir þættir í órjúfanlegum tengslum hvor við annan og virðist ótækt að semja um annan án tillits til hins.

Divide et impera, að deila og drottna, sögðu Rómverjar og kunnu lengi tökin á því. Þetta hafa Alusuissemenn lært og hefur dugað vel. Þessu fylgdi svo uppgjöf saka og hreint siðgæðisvottorð vegna meintra skattsvika fyrirtækisins, en þau mál voru á viðkvæmu stigi fyrir gerðardómi og dómsúrskurður ekki mjög langt undan. *Staða okkar þótti sterk í því gerðardómsmáli að mati* lögfræðinga er ráku það mál fyrir Íslands hönd og komu á fund iðnn. bæði í fyrra og eins nú við umfjöllun þessa samnings. Því stóðum við mun verr að vígi við upphaf samninga nú hvað skattamálin varðar að við höfðum misst þá viðspyrnu sem hefði getað knúið Alusuisse *til* að virða hagsmuni Íslendinga. Hafði því samninganefndin um stóriðju þegar sniðið sér þröngan stakk í síðustu samningalotu.

Megintilgangur þeirrar endurskoðunar, sem liggur til grundvallar þessu frv., er tilgreindur í athugasemdum við frv., með leyfi forseta:

„Að gera reglur um framleiðslugjaldið skýrari og öruggari í framkvæmd, þannig að síður verði hætta á deilum í því efni, og tryggja eðlilegar skatttekjur af

starfsemi félagsins."

Til þess að ná þessum markmiðum var í fyrsta lagi samið um nýja tilhögun á skattlagningu á aðföngum álbræðslunnar, þ.e. rafskautum og súráli. Rafskautin eru flutt inn frá rafskautaverksmiðju Alusuisse í Rotterdam, en verðlagning þeirra varð m.a. tilefni deilna áður þar sem endurskoðunarfyrirtækið Coopers and Lybrand taldi að ÍSAL hefði verið látið greiða verulegt yfirverð fyrir rafskaut og fór það mál fyrir gerðardóm.

Verðlagning rafskauta er vandasamt mál, eins og kom fram í máli talsmanna ríkisstj. í þessum umræðum hér á þingi. Það er ekki fyllilega ljóst hverjir megi teljast óskyldir aðilar skv. gr. 27.04 a. Enn fremur er ekki auðvelt fyrir Íslendinga að ganga úr skugga um hvert rafskautaverð til óskyldra aðila er þar sem Alusuisse tilnefnir sjálft fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að kanna það en Íslendingar verða að treysta þeim upplýsingum.

Súrál hefur nú verið tengt heimsmarkaðsverði á áli þannig að eitt tonn af áli komið til Rotterdam að viðbættum löndunarkostnaði jafngildir átta tonnum af súráli komnum (cif) til Straumsvíkur, þ.e. súrálsverðið er 12,5% af heimsmarkaðsverði á áli. Þessi tenging hefur bæði kosti og galla. Hún ætti að tryggja sanngjarnari verðlagningu á súráli en verið hefur hingað til. Hins vegar, eins og viðurkennt var af formanni samninganefndarinnar á fundi iðnn., mun hún ekki nýta til hagnaðar fyrir ÍSAL þar aðstæður sem verða þegar súrálsverð lækkar en álverð hækkar. Þeirri stöðu hefur nú verið afsalað.

Enn fremur hefur verið tekin upp ný skilgreining á heimsmarkaðsverði á áli þar sem notuð er formúla svipuð þeirri sem byggt var á varðandi orkuverð í samningnum frá því í fyrra.

Sú stærð í þessari formúlu, sem líklegust er til að valda ágreiningi, er ASIP, en það táknar álverð við sölu frá Alusuisse og einnig frá tveimur þýskum álbræðslum í eigu Alusuisse til óháðra viðskiptavina. Endurskoðunarákvæði, sem þetta varða, tryggja ekki hagsmuni Íslands nægilega vel að mínu mati. Það er íslenskum stjórnvöldum að vísu heimilt að skipa endurskoðendur, en einungis í samráði við Alusuisse sem þarf að samþykkja endurskoðandann. Einhliða ákvörðunarréttur Íslendinga er þarna fallinn brott. Útreikning þennan má svo ekki endurskoða þannig oftar en einu sinni og er það mjög heftandi. Auk þess hefur hér, að því er mér virðist, glatast í reynd hugmyndin um „armslengdarverð" sem þó átti að liggja til grundvallar í allri samningagerðinni þar sem álverðið er hér bundið við fastar verðviðmiðanir.

Í öðru lagi hefur verið samið um nýjar reikningsskilareglur þar sem reynt hefur verið að lagfæra helstu skekkjuvalda eins og fyrningu, fjármagnskostnað og gengistap. Var þetta gert ekki síst með það fyrir augum að gera skattstofninn áreiðanlegri. Þó hefur fyrningartími verið lengdur talsvert og hlýtur það að koma ÍSAL til góða og þar með Alusuisse. Jafnframt hefur Alusuisse lagt fram fé, 40 millj. bandaríkjadollara, til að tryggja eiginfjárstöðu ÍSALs, lækka skuldir fyrirtækisins og þar með vaxtagjöld. Ekki er þó ljóst að hve miklu leyti þessi bætta eiginfjárstaða og auknar fyrningar vega hvort annað upp.

Í þriðja lagi hefur svo verið samið um óbreyttan lágmarksskatt, þ.e. framleiðslugjald sem nemur 20 bandaríkjadollurum á hvert tonn af áli. Þessi upphæð hefur að sjálfsögðu rýrnað síðan 1975 og jafngildir nú um 11,45 bandaríkjadollurum og er óverðtryggð, eins og hæstv. iðnrh. gaf upp hér í umræðunum fyrr. Þetta veldur miklum vonbrigðum í þessum samningum — og ég tek undir með hv. 2. þm. Reykn. í því efni — og er nú komið á daginn hve slæmt það var að vera búinn að spila út öllum trompunum sem hefðu getað knúið fram hærra grunngjald. Auk þess hefur svo verið samið um breyttan skattstiga sem miðaður er beint við nettóhagnað fyrirtækisins á undanförnu ári og leikur á bilinu frá 35% (lágmark) upp í 55% (hámark).

Það hefur komið í ljós á fundum nefndarinnar að hagkvæmni þessa skattstiga umfram þann sem nú gildir byggist fyrst og fremst á því hverjar tölur og stærðir eru notaðar sem forsendur. Þær tölur byggjast síðan fyrst og fremst á spám um það hvað verða muni á álmörkuðum heimsins í framtíðinni. Reynslan hefur sýnt að mjög varlegt er að treysta spám í áliðnaði, einkum eftir 1980, þær hafa svo oft reynst rangar. T.d. eru þessar spár m.a. mjög háðar því hvert mat menn leggja á styrk bandaríkjadollars, en skoðanir manna skiptast í þeim efnum eftir því hvorum megin Atlantshafsins þeir búa.

Það er því engan veginn víst að hinn nýi skattstigi muni í öllum tilvikum tryggja hærri skattatekjur en núgildandi skattakerfi. Sú staða gæti komið upp að núgildandi skattakerfi væri hagstæðara, einkum ef álverð helst áfram lágt og einnig hagnaður. Þrátt fyrir að hið nýja skattakerfi sýni hækkaðar skattatekjur við vissar spá-aðstæður — vil ég vitna í Árna Kolbeinsson sem kom á fund nefndarinnar — þá hafa í reynd ekki orðið neinar stökkbreytingar til hækkunar á sköttum, einkum þar sem grunngjald hefur ekkert hækkað. Hins vegar geta breyttar reikningsskilareglur gefið aukna skattavon þó ekki megi gleyma því að ÍSAL hefur sýnt neikvæðan meðalhagnað s.l. 15 ár.

Endurskoðunarákvæði í gr. 27.07 er á heildina litið til bóta, en þó hefði mér þótt æskilegra að binda ekki endurskoðun á fimm ára fresti eingöngu. Nú er enn fremur skertur enn meir réttur til endurskoðunar aftur í tímann, en sá réttur hafði þegar verið takmarkaður í samningunum í fyrra. Tími, sem gefst til endurskoðunar ársreiknings, er nú mjög naumur, aðeins fjórir mánuðir.

Það má segja að þessi samningur torveldi ÍSAL að einhverju leyti að svíkja undan skatti. Þó hefur engan veginn verið sett undir allan leka og má t.d. vara við því að hluti af heildarfjármagnskostnaði Alusuisse vegna lántöku fyrirtækisins verði færður yfir á ÍSAL sem tap.

Kvennalistinn hefur lengi talið eðlilegt að um ÍSAL giltu íslensk skattalög. Það virðist því miður lítið hafa verið reynt við þessa samningsgerð að knýja slíkt fram og var reyndar talað um það í nefndinni af einum gesta hennar að það hefði ekki verið jarðvegur til að ná upp stemmningu fyrir slíkt.

Herra forseti. Með þessari samningsgerð er verið að skrifa Íslendingasögu. Hún er reyndar ekki bara Íslendingasaga heldur miklu fremur Álvers saga og Íslendinga þar sem álver er gerandinn, sá er hefur frumkvæðið, tögl og hagldir, en Íslendingar eru þolendur, þeir sem eiga undir högg að sækja, mennirnir sem kljást við marghöfða þursinn. Mér finnst ævinlega eins og ég sé að lesa upphaf að leikriti þegar ég kem að 1. gr. frv. og reyndar þess samnings sem fyrir okkur lá í fyrra. Þar er eins og verið sé að telja upp persónur og leikendur og

ég vitna, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin", „Alusuisse", „Kaupstaðurinn", „ÍSAL", „Dótturfélag Alusuisse", „Fylgiskjöl", „Fylgisamningar", „Bræðsla". — Hér finnst mér vanta þann sem leikurinn bitnar einna helst á, en það er: „Ísland" eða „Íslenska þjóðin". Reyndar finnst mér líka, þar sem ég er farin að tala um nafngiftir, bæði óviðeigandi og reyndar út í hött að tala um dótturfélag og móðurfyrirtæki í þessu sambandi. Af þeim 35 329 starfsmönnum sem teljast til Alusuisse út um allan heim þykist ég viss um að mikill minni hluti eru konur. Og enn vissari þykist ég um það að konur stjórna litlu um gjörðir þessa fyrirtækis. Ég mun því fremur kjósa að ræða um sonarfélag og föðurfyrirtæki.

Þessi framvinda Álvers sögu og Íslendinga er því miður, a.m.k. síðan ég kynntist málum, aðeins leikin og skráð af fáum einstaklingum sem hafa allt of lítil samráð nema við þröngan hóp manna. Þetta tel ég bæði alvarlegt og hættulegt. Hér á Alþingi virðast menn vera búnir að fá sig fullsadda af málinu, hafa gefist upp fyrir því, láta það yfir sig ganga sem væri það árstíð, náttúrulögmál. Flestir þm. hirða ekki um að setja sig inn í þetta flókna, tæknilega erfiða mál, en leiða það hjá sér og málið siglir gegnum þingið án gagnrýnnar afstöðu alls þorra þm. Sömuleiðis virðist málið fá litla umfjöllun í þjóðfélagsumræðunni nú. Það hefur sannarlega færst úr sjónmáli fyrir allan þorra manna sem hafa misst á því áhuga, en er einungis á höndum örfárra einstaklinga.

Það út af fyrir sig er nógu alvarlegt. Hitt þykir mér þó ekki síður ískyggilegt að einmitt þessir menn virðast hafa svo ríflegan skammt af barnatrú á þetta harðsvíraða fjölþjóðafyrirtæki að úr hófi keyrir. Þeir virðast æ ofan í æ verða eins og leir í höndum þessa fyrirtækis sem annálað er fyrir óbilgirni, já, ófyrirleitni, og þykir viðsjárverður viðskiptaaðili víða um heim. Hvaðan kemur þeim þessi góða trú? Ekki getur hún verið byggð á reynslu. Mér var kennt í geðlæknisfræði að dómgreind væri skilgreind sem sá hæfileiki manna að geta lært af reynslunni. Ég get ekki staðið hér og vænt þessa heiðursmenn um dómgreindarleysi. Hlýt ég ekki að ætla að þarna hafi skeð eitthvað líkt og í ævintýrunum forðum þegar menn gengu í hamra með álfum eða á vit annarra vætta? Þeim var glapin sýn og þeir gleymdu mannheimum og skuldbindingum sínum við þá. Kannske var þeim gert að bíta af bjartsýnisepli um leið og þeir gengu inn í samninganefndir. Þarna hljóta yfirnáttúrleg öfl að vera að verki. Þetta getur ekki verið einleikið, samningalotu eftir samningalotu, allt frá fyrstu byrjun.

Kvennalistinn hefur svo lágan grunsemdarþröskuld í þessum efnum að við getum ekki, eins og formaður samninganefndar um stóriðju, treyst Alusuisse né heldur erum við vissar um að fyrirtækið sé heiðarlegt, eins og hann heldur fram. Við höfum þá trú að þetta fyrirtæki hafi reynt öll lög og reglur í bókinni út í ystu æsar til að ná rétti sínum, en síðan jafnvel brotið þær í sama tilgangi.

Formaðurinn álítur Alusuisse ekki hafa orðið sekt um skattsvik heldur hafi verið um að ræða ágreiningsatriði um túlkun á samningsákvæðum. Ég verð að segja að mér blöskrar þessi barnatrú og finnst að þessi hjartahreini formaður ætti fremur skilið að starfa við góðgerðastofnun en að standa í stríði við óprúttna hörkukarla út í heimi sem teyma hann bláeygan. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem er um margt glöggur maður, skrifaði grein fyrir margt löngu sem hét „Alusuisse er engin góðgerðarstofnun". Þetta ættu fleiri að athuga sem byrjunarstig í endurskoðun sinni og afturhvarfi til þeirra mannheima sem þeir þrátt fyrir allt tilheyra. Og ég segi: Velkominn heim, Ólafur Jóhannes. Það þýðir ekki að koma kokhraustur heim eins og hv. fyrrv. iðnrh. og segja eins og Jón sterki í Skugga-Sveini: „Sáuð þið hvernig ég tók hann, piltar?" og síðan búum við við lægsta raforkuverð sem hefur verið í lengri tíma. Það þýðir heldur ekki fyrir fulltrúa Íslendinga í samninganefndum að bera á borð fyrir þm. sterka vörn fyrir fyrirtækið en beita nær engri gagngýni gagnvart því. Slíkt er ekki bara ótrúverðugt, það er beinlínis gagnsefjandi og vekur upp grunsemdir um það við hvern þeir samningamenn eru bundnir sterkustum tryggðaböndum eða hvort þeir hafi í raun svo litla sjálfsgagnrýni til að bera.

Að mati formanns samninganefndarinnar var reyndar ekki búist við miklu af þessum samningum og því e.t.v. ekki að vænta annars en að litlu yrði Vöggur feginn. En megum við biðja um meiri metnað fyrir Íslands hönd. Ég held að okkur sé hollt að rifja það upp að styrkur fjölþjóðafyrirtækja liggur m.a. í því að þau byggjast á miklu fjármagni sem hreyfanlegt er milli þjóðríkja til sonarfyrirtækja í viðkomandi löndum. Þessi stórfyrirtæki eru í eðli sínu landlaus og gegna ekki sömu samskiptareglum og lönd gera jafnan sín á milli. Þessar reglur eiga ekki síst við um skattareglur þar sem skattayfirvöld eins ríkis geta ekki krafist endurskoðunar á reikningum annars ríkis eða jafnvel hins þriðja og fjölþjóðafyrirtækin leika bókhaldslistir sínar á hlaupum undan skattayfirvöldum einstakra landa, geyma jafnvel fjöregg sín í skúffum á skattlitlum smáeyjum í Karabíska hafinu.

Íslendingar eru ekki þeir einu sem hafa átt í útistöðum við Alusuisse því að fyrirtækið hefur líka átt í útistöðum við stjórnvöld í Ástralíu síðan 1977. Grundvallaratriðið í þeirri deilu er að sonarfyrirtæki Alusuisse í Gove hefur selt súrál til föðurfyrirtækisins Alusuisse fyrir óheyrilega lágt verð, verð sem er allt að því 25% lægra en það sem aðrir súrálsútflytjendur fá fyrir sitt súrál. Þessi deila náði hámarki á síðastliðnu ári þegar áströlsk skattayfirvöld sendu Alusuisse fyrsta skattreikning sinn upp á 15 milljónir dollara. Skattayfirvöld sögðu að fyrirtækið hefði með verðlagningarákvörðunum sínum vantalið tekjur sínar um 100 milljónir dollara milli áranna 1976 og 1979. Það þarf ekki að taka það fram að fyrirtækinu finnst þetta ósanngjörn hegðun sem ógni rekstrargrundvelli súrálsvinnslunnar. Viðskiptamálaráðherra Ástralíu og áströlsk stjórnvöld standa nú í ströngu vegna þessara deilna við Alusuisse og hugleiða að stöðva útflutningsleyfi til fyrirtækjanna í Gove. Fulltrúum íslensku samninganefndarinnar, sem spurðir voru álits um þessar deilur Alusuisse við Ástralíumenn, þótti lítið til þeirra koma. Þetta væru deilur sem Alusuisse yrði að útkljá við Ástrali og kæmu okkar máli ekki við. Nú eða þá að þeir vissu lítið um þetta mál annað en það sem sést hefði í völdum blaðagreinum úr áströlskum blöðum. Þetta finnst mér dæmalaust andvaraleysi og skortur á heildarsýn. Það hlýtur að skipta miklu máli hvernig svo stór viðskiptaaðili okkar eins og Alusuisse er er staddur á alþjóðlegum vettvangi, svo ekki sé talað um hvernig því sonarfyrirtæki vegnar þaðan sem ÍSAL kaupir meginhráefni sitt, súrál. Vitan-

lega eru tengsl þarna á milli, meira að segja mikilvæg tengsl, þar sem súrál flutt ódýrt út frá Ástralíu hefur síðan hækkað í verði yfir hafið á leið til Íslands þar sem það er selt okkur. Það er að mínu mati hættuleg blekking eða hreinn barnaskapur að líta fram hjá þessu eða láta sem það skipti ekki máli.

Íslenskir samningamenn virðast eina ferðina enn hafa verið haldnir óhóflegri bjartsýni og verið ofhlaðnir af góðri trú í viðskiptum við Alusuisse. En það er löngu ljóst að þar er um viðsjárverða viðskiptaaðila að ræða en ekki góðgerðastarfsemi. Það kemur glöggt fram af orðalagi þessa frv. að óttinn við deilur og löngunin til að eyða þeim hefur orðið yfirsterkari einarðri hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd. Það eru undarlegar áherslur á því hvað talið er eftirsóknarverður ávinningur í samningsgerðinni í athugasemdum við frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með samningi þeim, sem nú liggur fyrir, er lagður grundvöllur að traustri framkvæmd á skattamálum ÍSALs vegna núverandi álbræðslu og teknar upp nýjar reglur í því skyni er verða munu til mikillar einföldunar og sparnaðar á fyrirhöfn og kostnaði við skattheimtu gagnvart fyrirtækinu. Jafnframt munu þær draga stórlega úr líkum á deilum eins og þeim sem orðið hafa á liðnum árum.

Með samningum er enn fremur lokið lausn þeirra mála sem á dagskrá hafa verið varðandi núverandi álbræðslu í Straumsvík samkvæmt bráðabirgðasamningnum frá 1983. Umræðum um stækkun álversins verður haldið áfram, en ekki er tímabært að fjalla nánar um stöðu þeirra nú."

Vonandi var ekki gefið eftir í þessum samningum til að tryggja framtíðarmöguleika á stækkun álversins. Ef svo er hefur miklu verið fórnað fyrir lítið. Það er löngu ljóst að stóriðjustefnan hefur gengið sér til húðar. Hún hefur verð nefndur kostur gærdagsins. Smáfyrirtæki eru og verða kjölfestan á sviði iðnaðar. Auðlindir landsins eru ekki aðeins fiskimið, jarðvarmi og fallvötn heldur einnig og ekki síður hreint loft, tært vatn og ómengað land. Það eru nú orðin ómetanleg auðæfi í iðnvæddum heimi. Síðast en ekki síst er menntun, hugvit og þekking grundvöllurinn að uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu.

Stóriðja er fjármagnsfrek og býður upp á fá störf. Við vorum að heyra rétt áðan að störfunum við álverið í Straumsvík hefði fækkað úr 700 í 600. Hvað á að gera við þær 25 þúsundir sem koma út á vinnumarkaðinn fram að aldamótum? Og stóriðja hefur ekki heldur reynst okkur arðbær. Ég vil ítreka og minna hv. þm. á það að meira en helmingur af erlendum skuldabagga okkar, sem nú íþyngir okkur, er vegna stórvirkjanaframkvæmda í tengslum við stóriðjuna.

Það er kominn tími til þess að Íslendingar líti sér nær og hugi að framtíðinni. Álrisanum hefur enn sem fyrr tekist að ná undirtökunum og hefur sveigt samningagerðina í þá átt að tryggja hagsmuni sína langt umfram hagsmuni Íslendinga. Í heildina tekið er þessi samningur ríkisstj. við Alusuisse því óviðunandi og því leggur Kvennalistinn til að frv. þetta verði fellt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þingflokkur Bandalags jafnaðarmanna greiddi atkvæði með svokölluðum álsamningum á síðasta þingi og þótti þeir vera skársta leiðin til að losna úr sjálfheldu sem við töldum að álmálið væri komið í. Fyrir þeirri samþykkt okkar lágu helst viðskiptalegar forsendur varðandi raforkuverð sem okkur þóttu þess eðlis að skynsamlegt væri að styðja þetta á þann hátt í efnahagslegu tilliti og síðan til þess að koma skrið á framgang þessa máls sem allt of lengi hafði dregist að vinna úr. Á þessum spretti að þessum 4. viðauka virðist okkur hins vegar ekki hafa verið nægilega vel haldið á okkar spilum. Ég á að vísu ekki aðild að hv. iðnn. sem hefur fjallað um þetta mál, en ég átti þess kost að sitja á einum tveimur fundum þar sem þó nokkuð var fjallað um þetta. Ég hef sömuleiðis haft aðgang að ýmsum gögnum sem ýmist hefur verið dreift á nefndarfundum eða gögnum sem hafa verið búin til vegna þeirra. Mér sýnist að sá kostur sem við nú höfum sé ekki viðunandi. Það er reyndar búið að rekja þetta mál mjög vandlega og það er orðið framorðið af degi, en ég get nefnt hættu á lækkandi heildarskatttekjum og ég get nefnt lækkandi grunn framleiðslugjalds. Að auki virðist mér staða Íslendinga furðu veik í öllum samskiptum við þetta fyrirtæki eftir sem áður varðandi t.d. aðhald og eftirlit með hinum ýmsu þáttum sem koma við sögu þegar þarf að meta skatttekjur og annað sem er lagt til útreiknings.

Í heildina verð ég að segja að mér virðist að Íslendingar hafi borðið skarðan hlut frá borði í þetta sinn, enda virðist manni af fundum iðnn. að samningamenn hafi verið furðu fljótir að taka það til bragðs að útskýra ætíð stöðu ÍSALs og reyna að verja hana sem skynsamlega, reyna að útskýra fyrir þm. hvers vegna það sé skynsamleg niðurstaða sem orðið hefur hverju sinni og reyna að sætta þingnefndina þannig við sinn hlut.

Þetta hefur allt saman leitt huga minn að máli sem er mjög vinsælt þessa dagna og er eitt vinsælasta efnið í umfjöllun fjölmiðla um Alþingi, en það er rannsóknarnefndin. Menn ná ekki upp í nefið á sér yfir rannsóknarnefndum. Málið er að við höfum rannsóknarnefndir og við tökum þátt í starfsemi rannsóknarnefnda í Alþingi á hverjum einasta degi. Hv. iðnn. er rannsóknarnefnd. Hún er nefnd fyrir hönd löggjafarvaldsins sem er að fylgjast með því sem framkvæmdavaldið gerir. Og hver er niðurstaðan af því? Niðurstaðan af því er einfaldlega sú að ef ekki hefði komið til lofsverð framganga hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í þeim efnum hefði löggjafarvaldið ekkert lagt til mála þar. Þessi rannsóknarárátta þingmanna er ekki meiri þegar á hólminn er komið. Það er kannske ekki skrýtið vegna þess að þegar maður litast um í herberginu þar sem þessi rannsóknarnefnd er, sem ekki þarf að setja sérstaklega á fót samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar, er löggjafarvaldið alls ekki að rannsaka framkvæmdavald. Ég veit ekki í hvoru valdinu flestir þar eru.

Ég nefni sem dæmi að í þessari nefnd sátu hv. þm. Gunnar G. Schram og Birgir Ísl. Gunnarsson sem báðir eru aðilar á einn eða annan hátt að samningnum sem framkvæmdavaldið er að leggja fyrir löggjafarvaldið til að skoða. Þannig kemur þetta undarlega út. Þeir þm. stilla sér ekki upp löggjafarvaldsmegin til að spyrja spurninga fyrir hönd Alþingis til að vita hvað er á ferðinni. Þeir verða til varnar þegar löggjafarvaldið vill spyrja og stilla sér upp með samninganefndum framkvæmdavaldsins. Þessa mynd fær málið á sig. Ég held það sé ágætt fyrir menn að velta þessu fyrir sér, ef þeir

ná andanum yfir rannsóknarnefndarmálinu vegna Hafskips, vegna þess að það eru augljóslega ekki öll kurl komin til grafar þó að mönnum takist að koma rannsóknarnefndum á fót. Kjarni málsins er einfaldlega að það er engin hefð í Alþingi Íslendinga fyrir starfsemi rannsóknarnefnda. Alþm. mundu líklega aldeilis fá á baukinn ef þeir sætu uppi með þetta Hafskipsmál og ættu að fara að rannsaka það eftir framgangi flestra þeirra í hv. iðnn. að dæma. Hér er komið enn eitt dæmið um það þegar reytur ruglast og menn gleyma hvorum valdþættinum þeir tilheyra.

Svo ég láti af þessum rannsóknarnefndaráhyggjum *mínum og ef ég sný mér aftur að þessu máli*, þá sýnist mér að við Íslendingar höfum hvorki út úr þessu máli þá peningalegu stöðu né þá samningalegu stöðu sem hægt sé að telja viðunandi eftir allt. Það er orðin niðurstaða þingflokks BJ að við munum greiða atkvæði gegn þessu frv.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þegar þessi mál voru seinast til umræðu, þ.e. þau sem varða álbræðsluna í Straumsvík, varaði ég við því að menn gerðu sér spár um feikilega hækkun á álverði sem síðan ætti að birtast í háu raforkuverði. *Ég tók svo til orða að að* mínu mati mundi raunvirði raforkuverðsins verða í *kringum* 13,5 *mill* hvað svo sem liði þeim spám sem menn hefðu um sérstaka hækkun á álverðinu. Ég varaði þá líka við því að menn hefðu í þessari atlögu, þegar gengið var frá 3. áfanganum, fórnað sínu helsta trompi í meðferð þessa máls með því að falla frá ákvæðinu um bestu kjör í viðskiptum Alusuisse við ÍSAL. Ég tel að þar hafi í rauninni átt sér stað meiri háttar slys og í ljósi þessa verða menn að skoða þann samning sem nú er gerður.

Þegar trompunum hefur verið fórnað er vitaskuld erfitt að gera góðan samning. Ég ætla samt ekki að telja *þennan samning, sem hér liggur fyrir, að öllu leyti illan.* Að mínu áliti hefur náðst sá áfangi að tæknilega séð sé hér að ýmsu leyti um framfaraspor að ræða. Menn hafa náð fram einföldunaratriðum, menn hafa fastara land undir fótum að því er varðar viðmiðanir um ýmis atriði. Það er í samræmi við þá stefnu sem við Alþýðuflokksmenn höfum talað fyrir í þessu máli.

En þegar litið er á ýmis gögn, sem fram eru lögð í þessu máli, koma í ljós tvö atriði sem gölluð verða að teljast alveg sérstaklega.

Það er þá í fyrsta lagi að ekki skyldi nást fram *verðtrygging*, ef svo mætti orða það, eða hækkun á lágmarksgjaldinu eins og hér var mjög uppi haft í umræðum á þinginu fyrir ári. Þetta hafa menn harmað hver um annan þveran. Þetta er að mínum dómi í raun og sannleika óviðunandi vegna þess að sú fjárhæð sem hér um ræðir hefur helmingast eða því sem næst á s.l. tíu árum.

Í annan stað er mér stórlega til efs og tel reyndar ekki að heildarskattar verði eins háir og gert er ráð fyrir í ýmsum þeim áætlunum sem fram hafa verið lagðar af hálfu talsmanna iðnrn. og stjórnarflokkanna.

Í þriðja lagi get ég ekki stillt mig um að benda á að þau gögn sem fram hafa verið lögð vekja ekki traust. Upplýsingarnar eru ekki þannig frá gengnar að það geti vakið traust á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið. Hér hefur áður verið gert að umtalsefni að tafla sem fylgdi upphaflegri greinargerð hafi verið vitlaust reiknuð. Alþm. hljóta að spyrja hvort hér fari sú tafla, vitlausa taflan, sem samninganefndin hafði í rauninni til hliðsjónar við að gera upp hug sinn um það hvort hér væri um viðunandi samning að ræða. Manni liggur nærri að ætla að á þeim grundvelli hafi nefnd og ráðherra tekið ákvarðanir sínar. Það vekur náttúrlega í fyrsta lagi ekki traust.

Á grundvelli þess útreiknings og reyndar endurskoðaðs útreiknings sem birtist nú í greinargerð með endurprentuðu frv. er sú staðhæfing uppi höfð að skattar *muni í engu tilviki lækka*. Ég held að hér fari menn að ýmsu leyti villir vegar. Og svo mikið er víst að ekki hafa þeir iðnaðarráðuneytismenn fyrir því að upplýsa á hvaða grundvelli þessi tafla er reiknuð, hverjar eru hinar eiginlegu forsendur þessarar töflu. Á sama tíma leyfir Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. sér að gagnrýna aðra töflu sem birtist í öðru nál., nefnilega nál. 1. minni hl., vegna þess að hann telur að þær forsendur sem þar eru birtar séu hæpnar og rangar. Það er auðvelt að skjóta úr skjólinu, birta ekki sínar eigin forsendur en gagnrýna síðan forsendur þeirra sem þær birta.

Það er líka fróðlegt að bera saman annars vegar *niðurstöðu iðnrn.* sem birtast á bls. 36 í grg. undir lok frv. og hins vegar það sem 2. minni hl. iðnn. virðist leggja til grundvallar við sína ákvarðanatöku. Ef litið er á matið á hinu nýja samkomulagi má t.d. sjá að við 10 millj. kr. hagnað gerir iðnrn. áætlun upp á að hið nýja samkomulag muni skila á einhverjum forsendum, sem óþekktar eru, 2,9 millj. dollara. Ef leitað er í töflunni sem er viðbótarupplýsing eftir nefndarstarfið núna og 2. minni hl. dreifir og leitað eftir því hver sé útreikningurinn á skattinum samkvæmt *nýjum samningi* þegar hagnaður er um 10 millj. dollara reynist hann ekki vera 2,9 *millj.*, *eins og iðnrn. hefur nýlega* endurskoðað áætlun sína upp á, heldur 6,2 millj. Hér ber ekki lítið á *milli í* gögnum frá þeim aðilum sem eru þó að gagnrýna aðra fyrir útreikning.

Ef reynt er að meta hvernig þetta komi út miðað við 5 millj. kr. hagnað segir útreikningur iðnrn. að hið nýja samkomulag muni gefa 1,7 millj. kr. í skatta, en útreikningur samninganefndar um stóriðju, sem ég er að vitna til og er fskj. IV með nál. 2. minni hl., þ.e. fulltrúa Sjálfstfl., er þetta í kringum 4,5 *millj.* kr. Hér skeikar hvorki meira né minna en 3 millj. í hvoru tilviki, 3 *millj. dollara*. Ég verð að segja það, herra forseti, að þegar meiri hl. stendur þannig að sínum vinnubrögðum að birta svo misvísandi tölur, tölur sem stangast svo illilega á sem raun ber vitni, getur það ekki vakið traust. Þá finnst mér að gagnrýni á aðra, sem birta þó forsendur sínar, sé á veikum grunni reist.

Það er kannske eins gott að hafa það eins og 3. minni hl. að segja sem svo að þegar verið er að taka ákvarðanir um þessi efni verði oft að byggja á framtíðarspám, en þess beri að geta að raforkuverðsspá ÍSALs, sem iðnn. var kynnt á s.l. ári, hafi ekki staðist og klykkja svo út með því að á þessum forsendum mæli menn með því að frv. verði samþykkt. Þetta er kannske eins góð afgreiðsla og sú sem hér er lögð upp í áliti 2. minni hl. iðnn.

Það er ekki laust við að manni finnist líka að í aðdróttunum og árásum hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar varðandi útreikninga Ragnars Árnasonar birtist aðdróttun að Ríkisendurskoðun því að Ríkisendur-

skoðun hefur yfirfarið þá útreikninga, eins og kemur fram í fskj. með nál. 1. minni hl., og ekki gert við þá athugasemdir.

Áður en ég lít á þá útreikninga finnst mér þó rétt að líta eilítið nánar á yfirlit frá samninganefnd um stóriðju. Það er að ýmsu leyti athyglisvert. Hér reikna menn sér hagnað, tekjur og skatta fyrir álverð allt upp í 200 sent á pund meðan við vitum að álverðið núna er kannske 45—55, ef ég man rétt. Það er þá væntanlega langt frammi í framtíðinni að menn verði komnir upp í 200 sent á pund. En það sem er athyglisverðast við þessa töflu, ef við skoðum hana, og virðist vera einkenni á ýmsum útreikningum sem sérfræðingar láta frá sér fara því að væntanlega er þetta sérfræðingavinna, er það að ýmsir töluliðir breytast í beinu hlutfalli við álverð, eins og við er að búast, en aðrir liðir breytast ekki. Ég held að menn ættu að gera sér grein fyrir því, þegar þeir fara að reikna töflur af þessu tagi, að þegar þeir eru komnir upp fyrir eðlilegt jafnaðarverð á álinu, það verð sem miðar við sæmilega afkomu fyrirtækisins, fara að gilda allt aðrar forsendur en þær sem menn geta notfært sér þegar þeir eru að reikna á þeim verðslóðum sem menn eru nú á.

Mér dettur ekki í hug að þegar álverð verði komið upp í 100—200 mill muni afskriftir sitja kyrrar sem föst tala eins og hér er gert. Mér dettur ekki í hug að launakostnaður muni sitja kyrr sem föst tala eins og hér virðist vera gert. Mér dettur ekki í hug annað en önnur hráefni, sem notuð eru, en álið muni nokkurn veginn fylgja verðinu á álinu sem selt er. Þegar menn eru komnir upp að þessu bili eru menn að tala um alþjóðlega verðbólgu. Þá eru menn komnir upp á bil alþjóðlegrar verðbólgu og um leið og farinn væri að verða verulegur hagnaður í greininni geta menn verið við því búnir að þá aukist afköstin og verðið falli. Sá hluti töflunnar sem er aftan við u.þ.b.75 mill er þess vegna della að mínu dómi og misvísandi að bera slíkt á borð fyrir alþm.

Því miður eru fleiri töflur hér, m.a. í fskj. með áliti 1. minni hl., sem eru með svipuðu marki brenndar. En hættan er sú að menn fari í ævintýraljóma að líta á þann hluta töflunnar sem er vissulega ómark, alveg hreint eins og menn gerðu í umræðunum um raforkuverðið í fyrra með stjörnurnar í augunum um allan þann gróða sem væri rétt handan við hornið, en sem 3. minni hl. segir núna um: allar þær spár reyndust rangar — og sem ég varaði við í fyrra að menn skyldu líta á. Ósamræmið er þannig í fyrsta lagi himinhrópandi milli þeirra gagna sem berast frá stjórnarflokkunum, annars vegar frá iðnrn. og hins vegar frá samninganefndinni, og engin grein gerð fyrir því í hverju mismunurinn liggur, á hvaða forsendum þetta er reiknað og á sama tíma leyfa menn sér að gagnrýna forsendur hjá öðrum sem leggja þær á borðið.

Í nál. 1. minni hl. hefur verið safnað saman margvíslegum útreikningum og upplýsingum. Ég vil segja fyrst að þetta er að ýmsu leyti fróðlegt, en til viðbótar því sem ég segi og hef sagt um forsendurnar og þann galla sem er líka í útreikningum Ragnars Árnasonar að því leyti sem ég hef hér verið að gera að umtalsefni um hinn hærri kantinn í þessu vil ég segja nokkur orð um þær forsendur sem þar eru lagðar til grundvallar og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði að umtalsefni. Ég get að vísu ekki fullyrt neitt um þessi 40,5—41,5% í hráefniskostnaði og skal ekkert um það segja. Það er ekki rökstutt hér nánar en að vísa því til þess sem hefur verið á undanförnum árum og kannske erfitt að sjá þessu stað rétt eins og kom fram í ræðu Birgis Ísleifs. En hér kvartaði Birgir Ísl. Gunnarsson m.a. yfir því að annar framleiðslukostnaður væri metinn á 11 millj. dollara og sagði að engin rök væru fyrir því færð. En hann færði eiginlega heldur engin rök fyrir því að þetta gæti ekki verið eðlileg viðmiðunartala ef menn ætla að nota eina tölu yfir langt bil. Ég held að þessi tala sé ekki fjær sanni en t.d. 9,8, ef það er það sem menn vilja frekar miða við, ellegar 12 þess vegna.

Ég fékk ekki heldur skilið þá gagnrýni sem kom fram á afskriftaforsendurnar sem hér eru gefnar og tel ekki að sú gagnrýni hafi verið marktæk sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson lagði fram í þeim efnum.

Í þessu nál. er hins vegar litið sérstaklega, eða a.m.k. unnt að líta sérstaklega á þann part hagnaðarbils sem máli skiptir. Í fskj. II er yfirlitstafla sem sýnir útreikninga á þeim forsendum sem ég geri ráð fyrir að séu þær sömu og ég var að vitna til aftast í þessu nál. Þessar töflur eru að ýmsu leyti athyglisverðar vegna þess að þær gefa heildarmynd og eru að því leytinu til fyrirmyndar. Þessar töflur birtast líka annars staðar í nál. ef ég hef skilið þetta rétt, en herra forseti verður að afsaka að ég hef því miður ekki haft eins mikinn tíma til að líta á þetta eins og ýmsir aðrir þm. því ég hef verið fjarstaddur undanfarnar vikur eins og kunnugt er. En ef við lítum t.d. á töflu I, sem er á bls. 8 og sem ég geri ráð fyrir að sé á hinum sömu forsendum og ég var að vitna til áðan, sjáum við af henni að fyrir þau bil sem skipta máli, verð upp í 80 mill og hagnað sem er á bilinu 4—10 millj. bandaríkjadollarar, er veikleiki greinilegur í hinu nýja skattkerfi. Hvort sem menn telja forsendurnar að öllu leyti nákvæmlega réttar eða ekki sýnir sig að á þessu bili er einmitt veikleiki í skattkerfinu, þar koma fram negatívar tölur. Ef forsendurnar eru ekki að öllu leyti réttar í þeim útreikningi sem hér er um að ræða mundi það væntanlega þýða að þessar tölur ættu að vera ívið skárri, en þetta sýnir okkur engu að síður að á þessu bili er mesti veikleikinn í kerfinu. Hér er mesta tilhneigingin til þess að skatturinn, sem greiddur verður samkvæmt nýja kerfinu, verði minni en samkvæmt hinu gamla. Það verður einmitt á því bili sem okkur varðar um, af því að það er á því bili sem raunveruleikinn mun liggja á komandi árum.

Herra forseti. Það gæti verið ástæða til að fara um þetta langtum fleiri orðum og ýmislegt fleira gæti ég tínt til úr þeim gögnum sem hér hafa verið fram lögð, en meginpunktana tel ég mig hafa rakið hér. Og ég segi: Ég tel það framfaraspor að sú tæknilega einföldun skuli hafa átt sér stað sem hér er gert ráð fyrir og að dregnar eru skýrari línur. En agnúarnir eru m.a. þeir að það eru verulegar líkur á því að við fáum lægri skattgreiðslur að mínum dómi samkæmt hinu nýja kerfi á því bili sem skiptir máli í þeim raunveruleika sem við lifum í, á því bili sem skiptir máli varðandi verð á áli og varðandi hagnað.

Í annan stað er ótækt að það skyldi ekki nást fram hækkun á lágmarksgjaldinu eða réttara sagt verðtrygging á lágmarksgjaldinu. Þetta eru mjög veigamiklir agnúar á því samkomulagi sem hér hefur verið lagt fram til staðfestingar á Alþingi. Þessir agnúar eru svo alvarlegir og þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð,

eins og ég hef lýst í mínu máli, eru svo gölluð að það vekur ekki næga tiltrú til þess að unnt sé að taka ábyrgð á því sem hér er lagt til að verði samþykkt á Alþingi. Þetta er ekki hægt að samþykkja eins og það liggur hér fyrir.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég mun reyna að stytta mál mitt í ljósi ummæla forseta um að hann vilji ljúka þessum fundi um hálfáttaleytið.

Herra forseti. Ég hygg að nokkurs misskilnings hafi gætt hjá ýmsum ræðumanna í þessari umræðu í dag. Hann kemur fram í því að þeir virðast hafa búist við því að hér yrði gerður samningur um skattamál, sem er 4. viðaukasamningurinn, sem hefði í för með sér verulega miklar hækkanir á skattgreiðslum ÍSALs. Ég hygg að ekki hafi nokkrum manni dottið í hug að unnt væri að tvöfalda skattana á fyrirtækinu þó vitanlega hefði það verið mjög æskilegt, og reyndar að margfalda þá. Eins og fram kemur í bráðabirgðasamkomulaginu, sem undirritað var 1983, og menn þekkja sennilega margir hverjir þann texta, var meginmarkmiðið að gera skattaskil ÍSALs *einfaldari en verið hefur, setja um þau* skýrari og ljósari reglur til að koma í veg fyrir deilur eins og hafa átt sér stað í fortíðinni um framleiðslugjaldið þar sem inn í hafa blandast atriði eins og hækkun í hafi og fleira sem menn muna úr fjölmiðlasögu og þingsögu liðinna ára.

Ég vildi nefna þetta strax í upphafi vegna þess að ég held ég megi fullyrða að menn bjuggust ekki við því, a.m.k. *ekki þeir sem fylgst hafa allnáið með málinu*, að unnt yrði að stórhækka skatttekjurnar. Hins vegar var markmiðið það sem ég nefndi. Þessa misskilnings hefur engu að síður gætt í umræðunni.

Þar með er ekki sagt að ekki hafi nokkuð áunnist og flestum þeim markmiðum sem lýst var í bráðabirgðasamkomulaginu ekki verið náð. Ég tel þvert á móti að það hafi gerst.

Ég ætla ekki að fara að rekja málið í neinum smáatriðum. Það hefur verið gert í framsögu sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson flutti fyrir nál. 2. minni hl., en hann gaf glöggt og greinargott yfirlit yfir málið í heild. Ég vildi þó nefna nokkur atriði sem á góma hefur borið í umræðunum.

Að mínu mati er nokkur ávinningur að þessu samkomulagi þó svo að ekki hafi tekist að fá fram leiðréttingar á *ýmsum þeim atriðum* sem reynt var að lagfæra frá fyrra samningi. Eitt af þeim atriðum var grunngjaldið, 20 dollarar á tonnið. Ekki tókst að fá fram leiðréttingu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í því efni né verðtryggja grunngjaldið. Um það atriði náðist einfaldlega ekki samkomulag. Það er jafnan svo þegar tveir deila eða eru að endurskoða samninga, eins og í þessu tilviki, að hvorugur samningsaðilinn nær fram öllum þeim kröfum *sem hann leggur á borðið.*

Ég hygg að segja megi að þó sé ávinningurinn og hagurinn af þessu samkomulagi þrenns konar:

Í fyrsta lagi hafa náðst fram allverulega hærri skattar samkvæmt hinu nýja samkomulagi en eldra fyrirkomulagið mundi hafa gefið í aðra hönd. Skal ég renna stoðum undir þá fullyrðingu hér á eftir.

Í öðru lagi hefur verið samið um fasta verðmiðun á aðföngum álversins. Það útilokar hinar illvígu deilur sem staðið hafa í fortíðinni okkur og viðsemjendum okkar til lítillar ánægju.

Í þriðja lagi tel ég mikinn ávinning og feng að því að nú er í fyrsta skipti tekið almennt endurskoðunarákvæði inn í samninginn fyrir utan hina árlegu endurskoðun sem vitanlega heldur áfram. Það hafði ekki átt sér stað áður en að því er mikill ávinningur.

Ef við lítum fyrst á skattamálin fer það ekki milli mála að hér er um verulega bót að ræða frá núgildandi ástandi. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson var áðan að velta því fyrir sér hvernig stæði á ósamræminu *á milli* töflunnar sem birtist í lok frv. og er útreikningur iðnrn., á bls. 36 í frv., og þeirra útreikninga sem liggja fyrir og eru birtir sem fskj. bæði í áliti 1. og 2. minni hl., þ. e. taflan dagsett 10. des. 1985, en það er alveg rétt að mikill mismunur er á skattatölunum þar. Í skattyfirlitinu 10. des. 1985 kemur í ljós að skattar eru verulega hærri en í útreikningi iðnrn. Það liggur í augum uppi að byggt er á mismunandi forsendum. Ástæðan er *einfaldlega* sú, að ég hygg. Ég hef ekki haft ráðrúm, þar sem þm. var að ljúka máli sínu, til þess að ná mér í nauðsynleg gögn svo að ég geti fullyrt það óyggjandi, að í töflu iðnrn. er ekki reiknað með hinum hækkaða skattstofni sem nýja samkomulagið gefur, en með hinum hækkaða skattstofni er reiknað í töflunni sem er dagsett í gær. Þannig skýrist munurinn á eðlilegan og auðskiljanlegan hátt ef litið er til forsendnanna sem liggja hér til grundvallar.

Það hefur í þessu efni gerst, og það hefur viljað gleymast í þessum umræðum, að skattstofninn er ekki sá sami samkvæmt nýja samkomulaginu og samkvæmt gamla samkomulaginu. Skattstofninn hækkar verulega. Það er sýnt glögglega á yfirlitinu frá 10. desember. Þar að auki er einnig um að ræða töflu sem birt er í áliti 2. minni hl., þ.e. fskj. II. Þar hefur Stefán Svavarsson löggiltur endurskoðandi og dósent við viðskiptadeild reiknað út skattstofnshækkunina að beiðni hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í framhaldi af umræðunum í iðnn. Nd. Þá kemur í ljós að skattstofninn undir hinu *nýja fyrirkomulagi hækkar um 6 millj.* 514 þús. dollara á þessu ári. Hann hækkaði árið 1984 um 8 millj. 767 þús. dollara og árið 1983 um 13 millj. 818 dollara. Ég rek ekki tölurnar lengra aftur. Þær eru í þessu fskj.

Af þessu leiðir einfaldlega að hærri skattar greiðast. Það er sýnt á fskj. IV, sem birt er með þessu sama nál. Þar erum við raunverulega komin að kjarna málsins vegna þess að þessir útreikningar eru að minni hyggju óvefengjanlegir og þýðir ekki að bera á þá brigður.

Þar eru sett upp tvö dæmi. Annað er um skatt samkvæmt gamla samningnum. Þá er um að ræða í fyrsta lagi annan skattstofn, en það hefur ruglað menn í umræðunum og reyndar einnig í nefndinni. Hér er um að ræða allt annan skattstofn, þann sem ég var að lýsa og fyrir liggur í fskj. II. Hann er miklu hærri en skattstofninn eftir gamla fyrirkomulaginu. Einnig er um að ræða nýjar reglur þar sem horfið er frá tonnaskattinum, en nýi skatturinn leggst á hreinan hagnað, og skattstiginn er 35—55%.

Ef dæmið er reiknað *eftir þessum forsendum, sem* eru mismunandi sitt í hvoru tilvikinu, kemur í ljós hver hagurinn er af hinu nýja skattasamkomulagi. Skattarnir eru þeir sömu upp að 60 sentum álverðs á pund. Álverið hefur iðulega verið yfir 60 sentum og það er engin ástæða til að halda að það fari ekki upp fyrir 60 sent aftur. Það er svo að bestu manna yfirsýn — m.a., eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson rakti áðan, hins

alþekkta fyrirtækis Chase Econometrics, sem fyrrv. iðnrh. studdist mjög við í sínum spádómum, og annarra breskra og bandarískra sérfræðinga, mikilla spámanna. Þeirra álit kemur þar niður að álverðið muni á næstu árum vera milli 65 og 90 sent.

Við skulum byrja á 60 sentunum. Þá mundi nýja skattkerfið, eins og menn sjá á þessu fskj., gefa í skatt 2,1 millj. dollara. Skattur samkvæmt gamla samningnum er 1,7 millj. dollara. Hvað gefa 65 sent? 3,4 millj. dollara samkvæmt nýja samkomulaginu, 1,7 millj. samkvæmt því gamla. 70 sent gefa 4 millj. og 700 þús. dollara samkvæmt nýja samkomulaginu, en 2 millj. og 600 þús. samkvæmt því gamla. Þannig er hægt að halda áfram upp listann í öllum tilvikum. Við getum farið upp í 200 sent þó engum detti í hug að á næstunni fari álverðið svo hátt upp. Við erum að tala um bilið frá 60 sentum upp í 90 sent sem raunhæfa verðviðmiðun.

Það er sama á hvaða tölu er litið. Alls staðar gefur nýja samkomulagið miklum mun hærri skatta en það gamla. Hér er einfaldlega reiknað með þessu samkomulagi þegar ég tala um skatt samkvæmt hinum nýja samningi, hinum nýja skattstofni og hinni nýju skattaformúlu. Þegar talað er um skatt samkvæmt gömlum samningi í fskj. er átt við það sem hefur gilt og allir þekkja. Ruglingurinn hefur hins vegar skapast þegar menn yfirfæra gömlu forsendurnar á nýja samninginn.

Nóg um það. Ég held að þetta ætti að vera nægilegt til að sýna fram á að hér er um verulegar skattahækkanir að ræða þrátt fyrir fullyrðingar um hið gagnstæða hér í deildinni í dag. Eru þær fullyrðingar engum til sóma né heldur þær röngu töflur sem ég kem að rétt á eftir og hv. 5. þm. Austurl. vitnaði ítrekað í fyrr í dag og byggja á sandi, eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur vissulega sýnt fram á. Þar að auki bið ég þm. að líta á fskj. III í nál. 2. minni hl. þar sem Stefán Svavarsson setur það sama upp sem ég hef verið að rekja en kannske á öllu skýrari máta og er það þó erfitt. En við skulum reikna sama dæmið aftur í tímann því að þar höfum við staðreyndirnar. Við vitum hvernig málin stóðu. Hér gerir Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, það einmitt á fskj. III með áliti 2. minni hl. Hann tekur tímabilið 1980—1984.

Og hvað kemur í ljós? Mismunurinn, þ.e. skattar sem mundu hafa verið greiddir samkvæmt nýja samkomulaginu á þessu fimm ára tímabili, eru hvorki meira né minna en 38,4% hærri miðað við gamla skattgrunninn. Það er þetta sem hið nýja samkomulag hefði gefið okkur ef það hefði verið í gildi síðustu fimm árin. Þetta er óvefengjanlegt og þýðir ekkert að standa hér í ræðustól og bera á þetta brigður, eins og reynt hefur verið að gera í dag.

Hvað þýðir þetta í tölum? Það þýðir 3,3 millj. dollara. Er það eitthvert hænsnafóður í augum hv. 5. þm. Austurl.? Munar ekkert um það? Það hefði verið betur að þetta samkomulag hefði verið í gildi ekki aðeins frá 1980, eins og Stefán Svavarsson reiknaði út, heldur þegar hv. 5. þm. Austurl. fór að skipta sér af iðnaðarmálum og stóriðjumálum 1978. Sú tala væri þá ekki þessar 3 millj. og 300 þús. dollarar, heldur miklu hærri tala. Þetta er tapið sem við höfum þolað vegna þess að um þetta var ekki samið fyrr, en það er eins og það virðist vera ákaflega erfitt fyrir suma menn að átta sig á því sem tekið hafa til máls í deildinni í dag.

Lítum næst á þær töflur sem við höfum heyrt útbásúnaðar sem hálfgert guðspjall af hv. 5. þm. Austurl., þ.e. töflur sem Ragnar Árnason, sérstakur trúnaðarmaður hans, hefur reiknað út. Ég gæti haldið um þær langa ræðu, en tímans vegna kemst ég sennilega ekki upp með það, verð að stytta mál mitt að tilmælum forseta. Ég vil þó minna á það sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson nefndi varðandi forsendur Ragnars. Þar liggur nefnilega hundurinn grafinn. Maðurinn gefur sér algerlega rangar forsendur og afleiðingin er sú að hann fær ranga útkomu. Hann hefur kannske líka notað bilaða vasatölvu, en það er þó enn þá verra að gefa sér rangar forsendur en að lenda í því slysi að tölvan bilar.

Ég ætla ekki að rekja það sama sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson nefndi, að hann gerir allar forsendur óhagstæðari til að fá út fyrir fram gefna útkomu fyrir hv. þm. Hjörleif Guttormsson eftir pöntun. Ég ætla þó aðeins að nefna eitt dæmi, vegna þess að það var lauslega að því vikið í ræðu frsm. fyrir nál., og það eru afskriftirnar. Með hvaða afskriftum reiknar reiknimeistarinn Ragnar Árnason í þessum töflum sem sýna hina alröngu niðurstöðu? Það stendur á bls. 31 í nál. 1. minni hl. Þar eru afskriftir liður 7. Nýja skattakerfið: 8,9 millj. bandaríkjadala, gildandi skattakerfi: 6,4 millj. bandaríkjadala. Hann reiknar sem sagt með afskriftum í þessum töflum upp á 6,4 millj. bandaríkjadala skv. gamla kerfinu. Hvernig kemur það heim og saman við afskriftir eins og þær voru í raun, það fjármagn sem var afskrifað, þær upphæðir sem þar er um að ræða? Það vill svo til að við höfum það útreiknað af Stefáni Svavarssyni í fskj. II í nál. 2. minni hl. Þar kemur nefnilega í ljós að bakfærð afskrift fyrir árið 1984 var ekki forsendan sem Ragnar Árnason gefur sér, 6,4 millj., heldur 16 millj. 83 þús.! Afskriftin 1983 er 20 millj. 918 þús., árið 1982 19 millj. 802 þús., 1981 11 millj. 281 þús., en 11 millj. 1980. Þetta eru sem sagt margfaldar afskriftir miðað við forsendur reiknimeistarans Ragnars Árnasonar!

Þar af leiðandi er sú forsenda hans vitanlega kolröng. Afskriftirnar voru miklum mun hærri. Niðurstaðan er: röng tafla. (**KJóh:** Það hefur áður verið tilgreint að þessi afskriftastofn er að verða búinn sem gefur þessar háu afskriftir.) Ég er að tala um forsendur töflunnar í þessu tilviki. Hér rekur sig hvað á annars horn. Þess vegna vil ég aðeins ítreka það að taflan sem þm. hafa og er birt sem fskj. IV er sú tafla sem gefur rétta og raunsanna mynd.

Ég hef ekki tíma til að nefna haginn af því að nú verður föst verðmiðun á aðföngum álbræðslunnar í Straumsvík. Reyndar gerði ég það í ræðu minni við 1. umr. um þetta mál. Hins vegar ætla ég að segja nokkur orð um þær fullyrðingar sem hafa verið frammi hafðar um rafskautin.

Því hefur verið haldið fram að hér sé um einhliða verðákvörðun að ræða á rafskautum af hálfu Alusuisse og endurskoðun sé ekki möguleg af okkar hálfu. Allt eru þetta gersamlega órökstuddar fullyrðingar sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Það kemur fram í samningnum að verðið á rafskautunum er ekki verð sem Alusuisse ákveður einhliða, heldur verð til þriðja aðila. Það er verð milli óskyldra aðila eða „arm's length dealings" sem hefur verið ítarlega skýrt hér í dag. Kostnaðarverðið verður ákveðið til skatts samkvæmt slíku samningsbundnu verði Alusuisse og ÍSALs með þeim fyrirvara að það verð sé ekki hærra en meðalverð í

sölu Alusuisse á rafskautum til þriðja aðila á sama ári. Það liggur sem sé fyrir hlutlæg viðmiðun, viðskipti óskyldra aðila. Þess vegna er það vitanlega hin mesta firra að hér sé um einhliða verðákvörðun Alusuisse að ræða.

Því hefur verið haldið fram, í öðru lagi, að við höfum enga möguleika á að endurskoða þetta. Það kom fram í iðnn. að meiri hluti lögfræðinga þeirra sem um málið höfðu fjallað taldi að þetta verð væri hluti af skattuppgjöri ÍSALs fyrir árið og þess vegna hefði það endurskoðunarfyrirtæki sem íslenska ríkisstjórnin skipar til endurskoðunar fulla heimild til að endurskoða þetta atriði, þ.e. verð á rafskautum. Eins og ég sagði í framsögu minni við 1. umr. um þetta mál, og hv. 5. þm. Austurl. hefur gert mér þann greiða að endurtaka oftar en einu sinni hafa þeir samningar legið á lausu hvað snertir endurskoðunarfyrirtæki íslensku ríkisstjórnarinnar. Þeir endurskoðendur hafa haft tækifæri til að kynna sér efni þeirra, fyrst og fremst verðin sem þar er um að ræða, og vita þess vegna og hafa staðreynt hvaða verð er þarna um að ræða. Þess vegna er það gersamlega út í bláinn að halda því fram að hér sé ekki unnt að koma við athugun eða að verðið sé einhliða ákveðið.

Ég skal fara að stytta mál mitt, herra forseti. Það hefur mikið verið úr því gert hér, að ég hygg af þremur ræðumönnum, að þessu máli hafi verið skipt eins og það er orðað. Það er eins og menn hafi ekki áttað sig á því af hverju það var. Það hefði út af fyrir sig verið mjög æskilegt að semja um alla þessa hluti í einum áfanga. Ugglaust hefði það verið ágæt niðurstaða. En svo vandasamur og flókinn samningur sem hér er um að ræða tekur langan tíma. Það var einfaldlega ekki unnt á síðasta ári að ná samkomulagi um annað en þá þætti í 3. viðauka, fyrst og fremst rafmagnsverðið, sem þá var samið um. Það gafst ekki ráðrúm eða tími til að semja um skattana. Þess vegna var ákveðið að fresta þeim. En ramminn hafði þó verið lagður í bráðabirgðasamkomulaginu 1983.

Að með því hafi einhver réttur glatast eru fullyrðingar sem ég vísa algerlega á bug, eða að þá hafi menn verið búnir að spila út trompunum. Því er fáránlegt að halda fram. Það var ekki gert. Það var einfaldlega vegna þess hversu málið var umfangsmikið að á einu ári gafst ekki tækifæri til að semja um það til hlítar.

Annað kom einnig tvímælalaust inn í myndina. Ég minni á að tvöföldun á orkuverðinu færði Íslandi eða Landsvirkjun fleiri hundruð milljónir króna á einu ári, væntanlega milli 300 og 400 millj. kr. Ef sá samningur, sem gerður var um raforkuverðið fyrir ári, hefði ekki þá verið látinn taka gildi, heldur beðið eftir því að skattasamningurinn hefði verið gerður, hefðu menn einfaldlega orðið af þessum tekjum upp á hundruð milljóna króna. Það var ugglaust einnig, a.m.k. í hugum sumra, innlegg í það mál að láta rafmagnssamninginn taka gildi áður en frá skattasamningnum var endanlega gengið.

Ég vildi að lokum víkja að þessu atriði varðandi skiptingu málsins því að það hefur mjög borið hér á góma. En að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða frekar um þau atriði sem hér hafa komið fram í dag.

Frsm. 1. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður tók nú þann tíma sem hv. forseti nefndi hér sem umræðutíma fyrir deildina í dag. En ég get alveg fallist á að reyna að ljúka þessari umræðu hér nú ef menn hafa biðlund til að hlýða á mitt mál kannske viðlíka langan tíma og hv. 2. þm. Reykn. tók hér. Er ég þó síður en svo að gagnrýna það að hann leggi hér orð í belg, svo þýðingarmiklu hlutverki sem hann hafði að gegna fyrir íslensk stjórnvöld í þessu máli. Ég er hins vegar ekki viss um að ræða hans sé neitt sérstakt fagnaðarefni eða stuðningur við hæstv. iðnrh. í þessu máli.

Mér þykir í rauninni mjög gott að þessi málflutningur skuli vera færður inn í þingtíðindi því að hann skýrir fyrir okkur alþm., sem erum að reyna að átta okkur á þessu máli, betur en flest annað hvernig það mátti gerast á öllum þessum tíma, langtum lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir til samninga um þessi efni, skuli niðurstaða vera jafnhrakleg og fyrir liggur í þessu frv.

Auðvitað veldur hver á heldur. Og þar skiptir máli ekki aðeins vandvirkni og þekking á málsatvikum og innsýn inn í aðstöðu gagnaðilans, heldur líka að það sé til staðar einhver metnaður og eitthvert þor til að ná fram þeim leiðréttingum sem verða að teljast eðlilegar, nauðsynlegar og sanngjarnar miðað við allar aðstæður.

Hvers vegna ætli hv. 2. þm. Reykn. sé svona órótt út af þessu máli, eins og fram kom hér í hans síðustu ræðu? Ég hygg að hann hafi vikið að einu atriðinu undir lok síns máls, því atriði sem ég hef sérstaklega hirt hann fyrir, svo ég leyfi mér að nota það orð — ég gerði það bæði við 1. umr. þessa máls og eins í nál. sem ég kynnti hér í ræðu minni áðan — í sambandi við endurskoðunarrétt á rafskautum. Þar er þó um að ræða efni sem hv. þm. ætti að hafa einhverja faglega þekkingu á sem lögfræðingur því að maðurinn er lögmenntaður. En hver er uppskeran? Allar hans staðhæfingar hér í ræðu í 1. umr. eru gersamlega fallnar. Hann reynir ekki lengur að bera blak af sér eða hönd fyrir höfuð sér í sambandi við þetta efni. Þó voru aðeins tilburðir til þess hér áðan og þess vegna er nauðsynlegt að ganga aðeins betur frá honum að þessu leyti.

Maðurinn sagði okkur hér við 1. umr., samningamaður íslensku ríkisstj., að rafskautasamningarnir, sem verð á rafskautum væri miðað við, lægju á lausu, væru opinbert plagg. Hann segir okkur nú, að þarna sé um að ræða óháðan alþjóðlegan endurskoðanda og það verði bara að treysta þeim, með svipuðum hætti og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson bar hér á borð, því að hann hefur þegar áttað sig á þessu, endurskoðanda sem Alusuisse velur og sem staðfestir gagnvart ríkisstj. hvert verðið er.

Síðan er sagt: „Það er hægt að tengja þetta við hina árlegu endurskoðun.“ Það datt ekki nokkrum lögmanni, sem kom á fund iðnn. deildarinnar, í hug að halda því fram að við hefðum þann rétt til að komast að þessum samningum um rafskautin í sambandi við hina óháðu, árlegu endurskoðun nema Alusuisse hefði áhuga á því að sýna okkur þá. Það er búið að afsala okkur réttinum, það þarf að fara í gerðardóm samkvæmt ákvæðum 47. gr. ef menn ætla að knýja Alusuisse til þess. En einn lögmanna staðhæfði það til viðbótar að það hefði ekki neina efnislega þýðingu vegna þess að við hefðum ekkert að sækja fyrir gerðardóm að þessu leyti. Það er búið að ganga frá þessu með því að engar forsendur fyrir staðfestingu eru festar inn í samning.

Svo segir lagaprófessorinn hér áðan, hv. 2. þm.

Reykn., að þá hefðu endurskoðendur Íslands fullan rétt til að endurskoða þessa samninga skv. gr. 29.04 eða 5 sem fjallar um hinn árlega endurskoðunarrétt. Hvar stendur það? Er þar talað um rétt endurskoðenda íslensku ríkisstj. til að komast inn í bækur Alusuisse þar sem þessir samningar liggja? Hvernig er það, hv. 2. þm. Reykn., er þar réttur til að komast inn í bækur Alusuisse? Nei, það er aðeins talað um bækur ÍSALs. Þar liggur munurinn. En enn reynir þessi samningamaður íslensku ríkisstj. að klóra hér í bakkann. Þetta sýnir okkur í hvers konar stöðu þetta mál hefur verið af Íslands hálfu þegar samningamenn halda með þessum hætti á málum og átta sig ekki á stafrófinu þó að þeir eigi að heita faglærðir í lögum.

Hvað er svo fleira sem veldur ókyrrð í huga hv. þm.? Jú, það er það að þær forsendur, sem iðnrn. hefur reynt að bera hér fram til að sýna fram á ágæti þessa samnings eða a.m.k. að réttlæta það að hann er lagður hér fram til staðfestingar, eru svo misvísandi, rangar sumpart og villandi að ekki stendur steinn yfir steini. Eitt er taflan og bilaða vasatölvan, ég ætla ekki að ræða það frekar, það liggur fyrir. Hæstv. iðnrh. hefur beðist afsökunar á þeim ósköpum, þeim fádæmum.

En síðan kemur staðhæfingin um að skattarnir skv. skattstiga eldra, núverandi skattkerfis og þess sem á að innleiða, geti ekki orðið lægri. Sú staðhæfing stóðst ekki einfaldasta próf. Það liggur hér fyrir og var viðurkennt af talsmönnum iðnrn. sem komu fyrir iðnn. deildarinnar. Þeir fengu ekkert annað út úr sínum tölvum.

Þegar málið var komið í þessa stöðu og þetta bil lá fyrir þar sem samanburðurinn leiddi í ljós neikvæða útkomu á samanburði þessara kerfa, neikvæða útkomu miðað við þær breytingar sem hér er lagt til að lögleiða, þá fóru menn að ókyrrast, ekki bara uppi í iðnrn. heldur líka niðri í Seðlabanka. Formaður samninganefndar um stóriðju áttaði sig á því að málið var komið í þannig hættu hér og hans orðstír allur að nú yrði að reyna að reikna upp á nýtt.

Það er sennilega í seinni hluta síðustu viku sem tölvurnar niðri í Seðlabanka eru settar í gang til að reyna að framleiða nýjar forsendur, nýtt mat, ný talnagildi til að bera hér fram á Alþingi, til að klóra í bakkann. Uppskeran liggur fyrir í fylgiskjölum sem ég hef sumpart tekið hér inn með mínu nefndaráliti því að það er gott að hafa þessar upplýsingar þar upp á framtíðina. Það er gott að halda þessum vinnubrögðum til haga. Það lá svo mikið við að koma þessu á framfæri að búið var að afgreiða málið út úr nefnd þegar tölvurnar í Seðlabankanum spýttu út síðasta fylgiskjalinu sem hér liggur fyrir frá samninganefnd um stóriðju.

Og hvernig er þessi reikningur, hvernig er þetta til búið, hvernig er þetta framreitt? Það er gert með þeim hætti að dregnir eru inn alveg nýir þættir sem ekki er neitt um fjallað, a.m.k. ekki talnalega, í frv. hæstv. ráðh., í grg. með frv., þ.e. þættir sem tengjast skattstofni. Nú er það ekki bara samanburður á skattstiganum, sem Ríkisendurskoðun hefur staðfest að við reiknuðum rétt og iðnrn. rangt, heldur varð að draga skattstofninn og mat á honum inn í umræðuna og fá flinkan endurskoðanda — sem ég ætla ekki nema gott eitt, ég reikna með að hann vinni sín verk af samviskusemi eftir sinni sýn — Stefán Svavarsson, sem átti sæti í undirnefnd samninganefndar um stóriðju, til að yfirfara málið og reyna að reikna til baka miðað við leiðréttingu á skattstofni. Þannig varð til það sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson setur inn í sitt nál. og þeirra hv. sjálfstæðismanna og fylgdi eftir hér í ræðu sinni, endurreikningur til baka á skattstofni 1984—1980.

Hvað segja þessir hv. þm. hér? Þeir eru ekki í nokkrum vafa um að endurskoðandinn hafi alveg hitt naglann á höfuðið í sínum útreikningum, þeir eru ekki í hinum minnsta vafa um það. Sjálfsagt hafa þeir bókhaldsþekkinguna og nú er þetta bara staðreynd. „Þetta er staðreynd," sagði hv. 4. þm. Reykv.

Og hvað sagði hv. 2. þm. Reykn. um þetta? Ég má til með að vitna í hann, ég tók það orðrétt niður. Það var ekki ónýtt að fá það hér fram til að lýsa inn í þessa stöðu. Hann sagði hér óbeint að þar af leiðandi fengjust hærri skattar út úr þessari breytingu á grundvelli þessara bakreikninga til 1980 sem, burtséð frá ótal óvissuþáttum sem inn í þá reikninga ganga, eru t.d. þeim annmarka háðir að þar eru ekki teknar inn leiðréttingar endurskoðenda íslenskra stjórnvalda á ársreikningum ÍSALs, t.d. fyrir árið 1980. Það er ekki haft fyrir því. Ríkisstj. treystir ekki betur sínum endurskoðendum, Coopers & Lybrand, en svo að hún lætur vera að taka inn leiðréttingar þeirra á ársreikningum ÍSALs þegar farið er í svona endurreikning. Er þó búið að borga þeim allvel fyrir ekki síður en 2. hv. þm. Reykn. sem fékk rösklega þingfararkaupið hér á fyrra ári til að standa sig í þessum samningum væntanlega. Svo segir hv. þm. orðrétt: „Þar af leiðandi fást hærri skattar, óvefengjanlega, og þýðir ekki að bera á það brigður." „Nýja skattkerfið myndi, eins og menn sjá á þessu fskj.", gefa svona og svona mikið. Hvar eru menn staddir í heiminum sem reyna að bera hluti af þessu tagi hér á borð á Alþingi Íslendinga?

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði hér margar skarplegar athugasemdir og veit ég þó að hann hefur ekki átt þess kost að vinna sig inn í þetta mál eins og hann hefði gert ef hann hefði starfað með þingnefndinni. Hann hefur mikla reynslu af samskiptum við ÍSAL sem stjórnarmaður og með því að fylgjast með samningagerð og hann hefur orðið sannspár um marga þætti. Hann benti réttilega á að það sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson var að reyna að vefengja hér úr forsendum úr fskj. — ætli það sé ekki fskj. VI með mínu nál. — það væri ekki mjög mikið innihald í þeim athugasemdum.

Hráefniskostnaður er í þessu fskj. metinn heldur hærri en var á síðasta ári, að ég hygg, sem við er miðað. Hann er skv. nýju skattkerfi metinn á 41,5% en skv. gildandi skattkerfi á 40,5% af söluverðmæti og síðan eru nefndar rauntölur frá fyrri árum þessu til samanburðar. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson er auðvitað ekkert að hugleiða það hvort afsal ákvæðanna um bestu kjör á hráefnum hafi einhverjar breytingar í för með sér þegar litið er á samanburð á milli þessara kerfa.

Það var gott að hv. 2. þm. Reykn. fór að vekja athygli á afskriftunum og þeim mikla pytti sem Ragnar Árnason lektor hefði dottið ofan í í sambandi við þær. Hér er verið að bera saman skattkerfið til framtíðarinnar. Mat á fastafjármunum ÍSALs var fyrir breytingar 64 millj. bandaríkjadala, var hækkað um 25 millj. upp í 89 millj. Gert er síðan ráð fyrir afskriftum á tíu árum og afskriftastofni samkvæmt hinu eldra kerfi upp á 6,4 millj. og hins vegar 8,9 samkvæmt nýju kerfi. Lögmað-

urinn, hv. 2. þm. Reykn., veit bara ekkert hvað upp snýr eða niður. Ég vil biðja hæstv. iðnrh. um að athuga hvort ekki væri rétt að endurskoða skipun þessarar nefndar. Þótt hv. 2. þm. Reykn. veiti sjálfsagt ekkert af því að bæta einhverju við þingfararkaupið held ég að það væri ekkert óskynsamlegt miðað við stöðu þessara mála, áður en t.d. farið er að taka upp viðræðurnar við Kínverja og túlka á milli á kínversku, að prófa að skipta um áhöfn. Væri nokkuð á móti því að seðlabankastjórinn okkar hv., sem er mætur maður um margt, færi nú að taka sér frí úr þessum samskiptum eftir 25 ára hrakfallasögu?

Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. vék *réttilega* að þeim forsendum sem eru fyrir fskj. VI og gagnrýndi málflutning hv. 4. þm. Reykv. í því sambandi. Það er rétt að fram komi að þar eru tekin inn, eins og kemur fram í inngangi fskj., ýmis matsatriði bæði varðandi skattstiga og hina nýju málafylgju iðnrn. og Seðlabanka um skattstofn. Það er annar grunnur, þetta er önnur nálgun en kemur fram í fskj. II sem er einfaldlega talnalegir útreikningar á gildandi skattstigum skv. gömlu og nýju kerfi og verða ekki vefengdir og Ríkisendurskoðun skrifaði upp á þá áður en ég tók þetta mál hér upp við 1. umræðu. En inn í fskj. VI, sem leiðir til athyglisverðar niðurstöðu eru teknar ákveðnar forsendur og þær eru birtar. Hv talsmenn 2. minni hl., hv. sjálfstæðisþingmenn eru hér að reyna að gera lítið úr forsendum þar að baki, mennirnir sem hafa ekki haft fyrir því að leggja fram forsendur á eigin útreikningum og rök fyrir sínu máli þannig að uppfyllt séu lágmarksskilyrði um vinnubrögð. Þetta vildi ég aðeins benda á.

Ég vek einnig athygli á því að í fylgiskjölum með mínu nál. er þriðja nálgunin sem ég tel að eigi einnig fyllilega rétt á sér og hv. 3. þm. Reykn. gat einnig um. Það eru hinar breyttu aðstæður sem skapast ef ákveðinn hagnaður fer að myndast í áliðnaði. Inn í texta nál. eru teknar ákveðnar niðurstöður úr því og hagnaðarforsendur og bent á það, sem hlýtur að gerast, að þegar ákveðnum hagnaði er náð í iðnaðinum fara nýfjárfestingar að koma inn sem munu draga úr slíkri hækkun upp á við til lengri tíma litið.

Það er rétt að menn reyni í erfiðu og flóknu máli sem þessu að horfa til allra átta, reyna að leggja fjölþætt mat á hlutina og okkar stöðu. Það hefur verið reynt í áliti 1. minni hl. Ég get að vísu unnt þeim hv. sjálfstæðismönnum þess að gagnrýna hér Ragnar Árnason lektor ef þeim býður svo við að horfa. Hann getur vel tekið við slíkri gagnrýni þótt utan þingsala sé.

En það er eitt atriði að lokum, herra forseti — því að ég ætla ekki að ganga á bak orða minna um ræðutíma — sem ég vildi nefna og vel þar aðeins úr fjölmörgum athugasemdum sem ég hefði að gera við málflutning 2. minni hl., hv. 4. þm. Reykv. Það er í sambandi við liðinn tíma og þá undirstöðu sem fyrrv. ríkisstjórn lagði í þessu máli og hv. 2. þm. Reykn. hefur ítrekað reynt að gera lítið úr. Ég segi við þessa þm., hv. þingbræður, í allri vinsemd: Ég hefði viljað sjá í hvaða sporum þeir hefðu staðið og stæðu gagnvart Alusuisse ef ekki hefði í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens og raunar einnig í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar verið farið ofan í saumana á rekstraraðstæðum og bókhaldsskilum Alusuisse vegna ÍSALs. Ég bið þm. um að íhuga hvaða þýðingu það hafði, ekki aðeins að auka þekkingu íslenskra stjórnvalda á þessum rekstrarforsendum heldur líka að draga fram með óyggjandi hætti þau bókhaldslegu svik sem Alusuisse hafði stundað árum saman vegna reksturs á dótturfyrirtækinu — svo að ég noti hefðbundið orðalag — í Straumsvík.

Hv. 4. þm. Reykv. valdi mér ákveðnar einkunnir í þessu sambandi. Ég get vel tekið við þeim. En ég vil rifja það enn einu sinni upp úr þessum ræðustól sem ég gerði hér á árum áður, 1980—1983 og 1984, í umræðum um þessi mál. Þá bað ég hv. 4. þm. Reykv. að koma hingað upp í þennan stól og skýra þinginu og þjóðinni frá því hvenær hann hafi talið ástæður til að endurskoða samningana við Alusuisse vegna ÍSALs, hvenær hann *fyrst hafi fallist á að það gæti verið einhver ástæða til að líta á rafmagnssamninginn gagnrýnum augum.* Ég hef marglýst eftir þessu gagnvart hv. 4. þm. Reykv. Hann hefur enn ekki haft fyrir því að fara í gegnum þingtíðindin til að leiða fram hvenær hann tók upp baráttuna fyrir breytingu á rammasamningi og hækkun rafmagnsverðs frá Landsvirkjun til ÍSALs og á hann þó sæti í stjórn Landsvirkjunar.

Það gerðist hins vegar, vegna þeirrar vinnu sem fram fór á árunum 1981 og 1982, að hinir harðsoðnustu í þessu máli, aðilar sem hafa fest sig í því fari að verja samningana frá 1966 í merg og bein, sáu að múrarnir voru að brotna og féllust á að endurskoða sinn *málflutning í sambandi við rafmagnsverðið. Það var í fyrsta* sinn sem aðeins krældi á, aðeins kom fram vottur hjá þáv. formanni Sjálfstfl., Geir Hallgrímssyni hæstv. núv. utanrrh., í mars 1981 eftir harðar umræður hér, að þrátt fyrir hið mikla ágæti álsamninganna væri kannske ástæða til að fara að huga að einhverjum breytingum á raforkuverði. En kúvendingin í þessu efni gerist ekki fyrr en í ágúst 1982 þegar iðnrn. leggur fram gilda skýrslu um þróun rafmagnsverðs til áliðnaðar.

Herra forseti. Þessi samningur, sem hér er til 2. umr., þetta frv., er aðeins hluti af heild og það er löng saga að baki. Það er ekki hægt að líta á þennan samning án þess að tengja hann við þann samning sem hér var lögfestur í fyrra og auðvitað einnig í tengslum við þann aðalsamning sem gerður var fyrir bráðum 20 árum síðan og sem var vissulega gallaður í alla staði, að flestu leyti er a.m.k. óhætt að segja, en hann var frumraun. Menn hefðu átt að læra síðan og læra meira og læra betur en talsmenn þessa frv. virðast hafa gert og samningamenn íslensku ríkisstj. bæði hér innan þingsala og þeir sem komið hafa á fundi iðnn. Nd.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstvirtur forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hv. iðnn. og formanni hennar vel unnin störf við afgreiðslu nefndarinnar á þessu frv. til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Nefndin hefur kallað til sín fjöldann af sérfróðum mönnum til athugunar á viðaukasamningnum eins og fram kemur í gögnum nefndarinnar og sem staðfestir vönduð vinnubrögð af hennar hálfu.

Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. forseta fyrir að greiða götu þessa frv. og ég sé enn fremur ástæðu til að þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir góða samvinnu um að hraða afgreiðslu þessa máls. En ég vil hryggja hv. þm. Hjörleif Guttormsson með því að staðfesta traust mitt á samninganefndinni og það stendur ekki til að ég breyti samsetningu hennar.

Vegna ummæla hv. þm. um seðlabankastjóra, að hann taki sér frí eftir 25 ára hrakfallasögu, vil ég taka fram að ég tek ekki undir það álit. Ég held að hann hafi öðlast mjög veigamikla og verðmæta reynslu fyrir íslensku þjóðina á þessum 25 árum og hann hefur líka traust mitt. Sem sagt, staða seðlabankastjóra er ekki laus til umsóknar.

Ég mun hér aðeins stikla á stóru því að nefndarmenn hafa gert glögga grein fyrir málinu og svarað allri gagnrýni sem fram hefur komið. Nefndin hefur klofnað í afstöðu sinni og skilar fjórum nefndarálitum. Sjálfstæðismenn í iðnn. styðja frv. með rökum sem sett voru fram af sérfræðingum ráðuneytisins. Með áliti sjálfstæðismanna fylgja nokkrar töflur og útreikningar sem sérfræðingar ráðuneytisins og samninganefndir létu nefndinni í té. Vísa má til þess álits og fylgiskjala um frekari rökstuðning með frv. því að ég vil reyna að stytta mál mitt sem kostur er.

Minnihlutaálit kemur frá framsóknarmönnum sem styðja frv. en meta ávinning af samningsgerðinni á nokkuð annan veg en fulltrúar Sjálfstfl. í iðnn. Í áliti sínu benda þeir réttilega á að í samningnum séu tveir meginþættir, skattstofn og skattstigi. Telja þeir ákvæðin um reikningsskil til hagsbóta og ávinning að nýjum reglum um viðmiðunarverð. Hins vegar virðast þeir taka framtíðarspám um álverð með nokkrum fyrirvara. Er þetta skiljanleg afstaða og eðlilega er rúm fyrir ólíkt mat á aðstæðum að þessu leyti.

Í viðamiklu minnihlutaáliti frá Alþb. rekur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson helstu gagnrýni á þennan viðauka svo og um málsmeðferð. Þegar hefur verið fjallað um flest þau atriði sem koma fram í þessu áliti en benda má þó á eftirfarandi:

1. Það er fullyrt að lágmarksskattur fari hríðlækkandi. Rétt er að raunvirði dollarans fer nokkuð lækkandi. Hins vegar er rétt að benda á að Alusuisse hafði um þetta bindandi samning frá 1975, þ.e. um óverðtryggt grunngjald til 1994. Ekki var sá forsendubrestur fyrir þeirri till. nú að sterk krafa væri um leiðréttingu á gjaldinu svipað og átti við um raforkuverðið. Ítrekuð ósk var sett fram um hækkun gjaldsins en samningar tókust ekki um það.

2. Það er fullyrt að heildartekjur fari lækkandi. Útreikningar, sem lagðir voru fram í iðnn., sýna hið gagnstæða. Í fyrsta lagi mun skattstofninn hækka með bættum reikningsskilum og endurfjármögnun. Í þeim tilvikum sem líklegust eru um þróun álverðs og hagnað ÍSALs verða heildarskatttekjur hærri.

3. Fullyrt er að aðhald að ÍSAL verði veikara. Eins og margrætt er hér í deildinni breytist almennur réttur til skattaeftirlits ekki við þessa samninga. Tímafrestur til árlegs eftirlits og endurskoðunar er fullnægjandi að mati Coopers & Lybrand. Skylt er nú að láta endurskoðun ársreikninga fara fram árlega og fari sú endurskoðun fram er heimilt að vefengja ársreikningana jafnvel eftir 1. okt. á því ári sem endurskoðunin fer fram.

4. Fullyrt er að skattalögsagan sé áfram erlendis. Það er rétt að alþjóðlegir endurskoðendur framkvæma endurskoðunina. Hins vegar hefur íslenskt aðildarfélag Coopers & Lybrands, Endurskoðunarmiðstöðin hf., N. Manscher, tekið aukinn þátt í endurskoðuninni. Þannig er stefnt að því að Íslendingar yfirtaki vinnu við endurskoðun næstu árin.

5. Staðhæft er í nál. að málsmeðferð hafi verið hrakleg. Hv. þm. gagnrýnir skort á samráði við stjórnarandstöðuna og að of mikil leynd hafi hvílt yfir samningsgerðinni. Nú er það svo að samningar, sem varða viðskipti, verða að vera trúnaðarmál. Möguleiki til að skiptast á upplýsingum í trúnaði getur og greitt fyrir því að samningar náist. Mikilvægt er að gagnkvæmur trúnaður ríki milli aðila. Hitt má vel viðurkenna að samráð geti orðið að líða nokkuð fyrir bragðið.

Ekki verður fjölyrt frekar um útreikninga sem fylgja nál. og áður hefur verið fjallað um. Ágreiningur er milli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og mín um mat á tölulegum niðurstöðum og við það verður sitja eftir leiðréttingu þá sem margrædd er.

Ég vil ekki fjölyrða mikið um minnihlutaálit Kvennalistans sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir flutti. Mörg sjónarmið þm. eru athygli verð en ég er þeim ekki þar með sammála. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir ræddi um að ekki bæri um of að treysta Alusuisse vegna skattamálanna. Þetta má taka undir að því leyti að hafa verður virkt skattaeftirlit með ÍSAL. Einmitt það hefur verið tryggt með lögbundnum árlegum endurskoðunum. Ég hef áður lagt áherslu á þýðingu þessa ákvæðis.

Virðulegi forseti. Ég mun reyna að stytta mál mitt mjög og fletta hér upp í lokaorð og þau eru svohljóðandi:

Um mat á ávinningi af samningi þessum verður að hafa hugfast að megintilgangur samningsgerðarinnar var að bæta framkvæmd skattlagningarinnar, m.a. með betri reikningsskilum og reikningsreglum, og semja um viðmiðanir til að framkvæma armslengdarákvæði samningsins án þess að sífelldar deilur kæmu upp um það mál. Þessu meginmarkmiði hefur verið náð. Auk þess hefur veruleg eiginfjáraukning átt sér stað. Ekki voru sérstök rök fyrir því að réttmætt væri að krefjast nú aukinna skatta af ÍSAL nema í tengslum við aukinn hagnað. Með samningnum er lagður grundvöllur að bættri afkomu ÍSALs og tryggður aukinn skattur eftir því sem afkoma fyrirtækisins batnar.

Loks er rétt að árétta að hinar endurskoðuðu reglur um framleiðslugjald taka aðeins til núverandi álbræðslu. Um stækkun álversins og hugsanlega samninga þar að lútandi verður ekki rætt nánar hér. Þó er alveg ljóst að samkomulag um málefni fyrri tíðar er nauðsynlegur grundvöllur þess að unnt sé að fjalla með ábyrgum hætti um stækkun álversins. Nauðsynlegt er því að hraða afgreiðslu máls þessa, sem felur í sér lokalausn þeirra mála sem á dagskrá hafa verið varðandi núverandi álbræðslu skv. bráðabirgðasamningum frá 23. sept. 1983, þannig að hefja megi viðræður um stækkun álversins á nýju ári með hreint borð. Rétt er og að minna á að von okkar um aukinn ávinning af álbræðslunni hlýtur að vera tengd stækkun hennar og varðar það jafnt aukna orkusölu, aukna atvinnu, auknar skatttekjur sem og almennan þjóðhagslegan ávinning af starfseminni.

Virðulegi forseti. Ég vil aftur bera þakkir mínar fyrir góða afgreiðslu forseta deildarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Sala Krögluvirkjunar, stjfrv. 121. mál (þskj. 134, n. 209 og 222, brtt. 210). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Björn Dagbjartsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. iðnn. Nál. er á þskj. 209 og í því segir að nefndin hafi ekki orðið sammála og að minni hl. muni skila séráliti og að Stefán Benediktsson hafi verið fjarstaddur afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar flytur brtt. á þskj. 210 svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 2. gr. bætist: svo og skuldbindingum um gufuafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dagsett 18. mars" — þar mun vanta inn í „og 4. maí" og verður það leiðrétt við endurprentun þskj. — „1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982."

Þessi brtt. er í samræmi við ósk frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps sem lagði áherslu á að þessi atriði yrðu bundin í lögum. Málsaðilar, þ.e. Landsvirkjun og iðnrn., höfðu ekkert við þessa breytingu að athuga og töldu eðlilegt að verða við þessum óskum. Eins og segir í nál. þá fjallaði nefndin um þetta mál á alls fjórum fundum og fékk til sín níu sérfróða menn. Hv. þm. Ragnar Arnalds sat tvo síðustu fundi nefndarinnar í fjarveru hv. nm. Skúla Alexanderssonar.

Ég sé á *áliti minni hl.* að hv. þm. Ragnar Arnalds hefur upplýst kollega sinn mjög vel um það sem gerðist á þessum tveimur síðustu fundum.

Ég held að óhætt sé að segja að kaupverðið eða upphæð kaupsamnings hafi verið það efni sem fyrst og fremst var um rætt á þessum fundum. Samkvæmt beiðni hv. þm. Ragnars Arnalds voru lagðir fram nýir útreikningar á verðmæti virkjunarinnar, m.a. nýjar forsendur eða þær að borað yrði eftir meiri gufu og vél 2 tekin í notkun eftir u.þ.b. fimm ár með því móti og að því tilskildu að ekki þyrfti að bora nema 11—12 holur til að knýja hina vélasamstæðuna af fullu afli og mátti samkvæmt þessum útreikningum fá verðmæti upp í 1300—1500 millj. kr. En fjármagnskostnaðurinn eða greiðslueða skuldastaðan þessu samfara varð aftur gífurleg eða 3—4 milljarðar á tímabilinu 1990—2000. Auk þess þurfti auðvitað að gera ráð fyrir því að markaður væri fyrir þá orku sem þarna kæmi og það á fyllsta verði.

Meiri hl. taldi fremur ólíklegt að stjórnvöld, hver sem þau hefðu verið, væru reiðubúin að leggja út í slíka tvísýnu á næstunni. Hitt kom einnig fram að sem stendur er ekki næg gufa fyrir nema u.þ.b. 25 mw. framleiðslu. Strax á árinu 1988 eða fyrr verður að bora eftir meiri gufu. Það kom einnig fram hjá fulltrúum Landsvirkjunar að fyrirtækið hefur fullan hug á að láta rannsóknir halda áfram og geta þær auðvitað leitt til þess að hagkvæmt verði að virkja á þessu svæði fyrr en ella. Rök hv. þm. Ragnars Arnalds í þessari umræðu voru m.a. að ekkert hefði legið á að skipa þessum málum á þann hátt sem varð ofan á.

Ég er þessu ósammála og meiri hl. iðnn. var það reyndar. Ég tel einmitt að vegna þeirrar óvissu og óljósu stöðu sem fyrirtækið og starfsmenn þess voru í hafi verið nauðsynlegt að ráða þessum málum til lykta og á þennan hátt sem hlýtur að vera sá eðlilegasti. Það er auðvitað ljóst að kaupverðið er og verður áfram deiluefni, en ég held að sá rökstuðningur sem fram kom í viðtölum nefndarinnar hafi verið fullnægjandi og a.m.k. er það ljóst að kaupandi telur verðið síst of lágt þó að ýmsir aðrir telji svo vera.

Krögluvirkjun verður í höndum nýrra eigenda frá áramótum. Það kom fram í máli fulltrúa Landsvirkjunar að þeir telja mikilvægt að Krögluvirkjun haldi áfram að gegna sínu hlutverki til spennujöfnunar á þessu svæði og til þess var talið heppilegast að keyra virkjunina á 20—25 mw. afli. Til þess aftur á móti að grundvöllur eigi að vera fyrir meiri orkuframleiðslu, sérstaklega á sumrin, þarf að koma til stóraukning á sölu eða þá að hætt verði við Blönduvirkjun alfarið um sinn. Það var skýrlega upplýst á fundunum að keyrsla vatnsaflsvirkjana Landsvirkjunar væri miklum mun ódýrari kostur en orkuframleiðsla með gufu og þess vegna mundi Krögluvirkjun verða stöðvuð að sumarlagi enn um skeið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mikið fleiri orðum. Ég hef reyndar ekki skilið þann jarðarfarartón sem hefur komið fram í málflutningi sumra stjórnarandstæðinga í þessu máli, ekki síst hjá hv. þm. Ragnari Arnalds. Ég lít a.m.k. ekki á mig í hlutverki neins líkmanns eða útfararstjóra. Ég tel að aðeins sé verið að afgreiða sjálfsagt og eðlilegt mál á eðlilegan hátt.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram minnihlutaálit um frv. til laga *um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Krögluvirkjun í* Suður-Þingeyjarsýslu. Það voru haldnir fjórir fundir í iðnn. um frv. og á fyrsta fundinum var sú spurning lögð fyrir Landsvirkjunarmenn og fulltrúa RARIK, hvort þeir hefðu haft áhuga fyrir því að selja þetta fyrirtæki. Þeir létu það vera að svara sjálfir, en fulltrúi iðnrn. tók að sér að svara og lýsti því þá yfir að það hefði verið iðnrn. sem hefði óskað eftir því að af þessum samningi eða þessum kaupum yrði, þ.e. hvorugur aðilinn, hvorki sá sem átti eða hafði rekstrarumsjón með fyrirtækinu RARIK né heldur sá sem keypti hafði áhuga á því að kaupa fyrirtækið.

Það liggur því ljóst fyrir að eini aðilinn sem óskaði eftir breytingu á eignaryfirráðum Krögluvirkjunar er ríkið og forráðamenn þess sem hafa ákveðið að taka á ríkissjóð stóran hluta af lánum Krögluvirkjunar og selja virkjunina á verði sem er bersýnilega langt undir sannvirði án þess að aðrir óskuðu eftir þessari yfirtöku. Það kom líka strax fram á fyrsta fundi nefndarinnar að fulltrúar Rafmagnsveitnanna töldu að Krögluvirkjun, staðsetning Krögluvirkjunar, styrkti mjög veitukerfi Rafmagnsveitnanna og flutningskerfi orku um landið og að ef þeir hefðu verið áfram rekstraraðilar að Krögluvirkjun mundi hún hafa verið nýtt að fullu svo gott sem árið um kring.

Á nefndarfundi upplýsti Einar Tjörvi Elíasson framkvæmdastjóri Krögluvirkjunar að hámarksafl annarrar vélar virkjunarinnar væri 35 mw. Því er unnt að reka þá vél með 30 mw. að jafnaði þannig að vélin dugi til spennujöfnunar og til að auka stöðugleika kerfisins.

Með 30 mw. framleiðslu er fullkomlega raunhæft að önnur vélin skili 200—220 gw. afköstum á ári. Tvær vélar gætu þá skilað yfir 400 gwst. þegar nægrar orku hefði verið aflað, en til þess þyrfti væntanlega að bora 11—12 holur til viðbótar. Þess vegna var um það spurt hvert yrði útreiknað kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með 130 gwst. orkusölu frá annarri vél Króflu þegar frá næstu áramótum. Framleiðslugeta vélarinnar gæti orðið 200—220 gwst.

Iðnrn. reiknaði út að þessi eina breyting mundi hækka kaupverðið um 165 millj. kr. Í útreikningum á söluverði virkjunarinnar er hins vegar aðeins reiknað með 125 gwst. orkusölu frá Króflu næstu tvö árin, 130—160 gwst. á árunum 1988—1991 og aldrei meiri orkusölu en 170 gwst. allt fram til ársins 2010.

Þá var að því spurt hvort eitthvert tillit hefði verið tekið til þess við ákvörðun kaupverðs að seinni vélin fylgir með í kaupunum og er mikils virði sem slík, auk þeirra möguleika á fullnýtingu mannvirkja sem hún býður upp á. Þessu var svarað neitandi.

Spurt var og hvort ekki væri orkumarkaður hjá RARIK fyrir alla þá orku sem Króflu virkjun gæti framleitt og var því svarað játandi, eins og ég nefndi reyndar áður.

Spurt var hvert yrði kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með fullri nýtingu fyrri vélar nú þegar og seinni vélar 1989. Þetta dæmi virðist ekki hafa verið reiknað út við samningsgerð og var vísað til óvissu um orkuöflun.

Miðað við að hver ný borhola kosti 40 millj. kr., holurnar yrðu tólf og tengikostnaður væri áætlaður 30 millj. kr. og þessi viðbótarorka kæmi í gagnið í áföngum á árunum 1988—1990 taldi ráðuneytisstjóri iðnrn. að kaupverð Króflu virkjunar reiknað á hliðstæðan hátt að öðru leyti og gert er í frv. mundi teljast 388 millj. kr. hærra.

Ljóst er að enn aukin nýting á orkugetu virkjunarinnar til viðbótar við þetta, sbr. það sem áður er sagt, mundi hækka útreiknað kaupverð virkjunarinnar enn frekar.

Í ljósi þessara upplýsinga virðist ljóst að útreikningur á kaupverði virkjunarinnar er mjög umdeilanlegur. Óvissan um orkuöflun á Króflusvæðinu er látin ráða því að virkjunin er verðlögð langt undir sannvirði. Þar sem ekkert kallar á yfirtöku Landsvirkjunar á Króflu bendir flest til þess að réttara væri að bíða með þessa skipulagsbreytingu í orkukerfinu.

Að þessu athuguðu treysti ég mér ekki til þess að mæla með samþykkt þessa frv.

Eins og fram kom í máli hv. frsm. meiri hl. sat Ragnar Arnalds fyrir mína hönd tvo síðari fundi nefndarinnar.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Frsm. meiri hl. iðnn. lýsti því yfir að hann sæi sig ekki hér í hlutverki grafara og það er líklega alveg rétt, en það verður að halda því fram að hann hafi staðið hér sem fulltrúi rukkaranna því að sú rukkun sem hér á sér stað er allveruleg. Menn eru búnir að básúna hér og ræða mikið um vandamál Útvegsbankans og Hafskips undanfarna daga og sumir hafa talað um að þegar það dæmi verði gert upp verði þar með búið að leggja 10—20 þús. kr. skatt á hverja fjölskyldu í landinu. Þegar þetta 2 milljarða dæmi er gert upp, þegar þeirri rukkun hefur verið vísað til þegnanna í landinu eru það ekki 10 eða 20 þús. kr. á hverja fjölskyldu, það eru 10 þús. kr. á hvert mannsbarn. Þannig bliknar jafnvel Hafskipsmálið svokallaða við hliðina á þessu hneyksli.

Menn deila hér um hvort verðið á þessari virkjun hafi verið of lágt eða of hátt, hvert hið endanlega mat á þessum eignum var. Ég er þeirrar skoðunar að eignirnar séu reyndar allt of hátt metnar því að þetta fyrirtæki er þvílík áhætta og það er svo lítil von í því. Það að borga yfir höfuð nokkuð fyrir það lýsir gífurlegri bjartsýni, enda kom það í ljós þegar rætt var við þá aðila sem að þessum viðskiptum stóðu að hvorugur þeirra var eigandi að þessari bjartsýni. Bjartsýnin kom frá ríkissjóði. Það var hann sem vildi að þessi viðskipti færu fram og þess vegna fóru þau fram hvort sem hinum aðilunum líkaði betur eða verr. Þó má líklega ætla að RARIK hafi líkað það heldur betur, en Landsvirkjun sýnu verr.

Það kom m.a. í ljós í þessari umræðu að þetta framleiðslufyrirtæki er einna arðsamast þegar það starfar ekki, þ.e. til þess að ná „arðsemi" í þessu fyrirtæki, í gæsalöppum því hún er raunverulega ekki til, er alltaf vænlegast að stöðva það um ákveðinn tíma á hverju ári. Menn geta þá alveg sagt sér það sjálfir að ef þetta fyrirtæki er lagt alveg niður hlýtur arðsemisvonin að hámarkast, a.m.k. hvað þetta fyrirtæki snertir.

Það má segja að þeir stjórnmálamenn sem að svona vitleysu standa geti þakkað fyrir að kjósendur ná jafnilla til þeirra og raun ber vitni. Auðvitað er það engin tilviljun að það er verið að flytja þetta til með þeim hætti sem gert er. Það er verið að flytja aðalþunga af þessari skattlagningu yfir á þau svæði þar sem kjósendurnir hafa minni mannréttindi en annars staðar á landinu, þar sem þeir verða að taka því sem að höndum ber með þökkum og geta ekki borgað fyrir sig nema með rýrðum atkvæðisrétti. Þetta er ekkert öðruvísi en í virkjunar- og raforkusölumálunum yfirleitt þar sem það er vitað mál að ⅓ notendanna borgar ⅔ kostnaðarins og ⅔ notendanna borga ⅓ kostnaðarins, alveg í beinu hlutfalli við mannréttindi á þessu landi sem birtast í kosningarrétti manna.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta er alvarleg stund, sem við upplifum hér, þar sem menn velta því fyrir sér hvort þeir séu grafarar, jafnvel útfararstjórar, þeirrar virkjunar sem átti að flytja birtu og yl til allra Norðlendinga og reyndar landsmanna allra, virkjunar sem var byggð á afar hæpnum forsendum án tilhlýðilegra rannsókna, athugana á því hvort þessi virkjun mundi borga sig, vera fjárhagslega hagkvæm.

Það hefur farið fram mikil umræða í þjóðfélaginu um þessa virkjun, Króflu virkjun sem svokallaðir Króflu flokkar hafa staðið fyrir og eytt þúsundum milljóna frá skattgreiðendum til að láta fjarlægan draum sinn rætast. Nú er komið í ljós að allt talið um ágæti Króflu virkjunar var á afar litlu byggt og nú standa menn frammi fyrir því að viðurkenna þær staðreyndir að þessi virkjun er mikill baggi á öllum skattgreiðendum, á öllum almenningi, viðurkenna að hér hefur verið illa staðið að verki, rangt staðið að verki, kapp hefur verið meira en forsjá. Er athyglisvert að í áliti minni hl. eru röksemdir mjög byggðar á því að önnur vélasamstæða gæti hugsanlega aukið verðmæti virkjunarinnar eða þessara eigna að

einhverju marki, en það liggur ekkert fyrir um hvort til er orka til að knýja þessar vélar. Mér er skapi næst að halda að það væri öllu vitlegra að taka þessa blessaða vélasamstæðu, sem nú mun vera til, og flytja hana suður á Suðurnes þar sem er næg orka, næg gufa, og framleiða þar rafmagn á þann ódýra hátt sem þar er hægt að gera. Vonandi væri það hægt og vissulega væri það æskilegt.

Það liggur alveg fyrir að þessi gjörð, sem hér á sér stað, er hreingerning, er viðurkenning á staðreyndum. Það má deila um það með hæpnum fullyrðingum hvort söluverðið er eðlilegt eða ekki eðlilegt. Ég er nær því að taka undir það, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði áðan, að líklega er verðið allt of hátt frekar en það sé of lágt.

Ég bið hv. þingdeildarmenn að láta hugann reika aftur í tímann, minnast þeirra umræðna sem farið hafa fram um þessa virkjun, þau mistök sem gerð voru í orkuöflunarmálum Íslendinga með þessari virkjun. Líka bið ég Króflufloklkana að reikna það út hversu mikið þessi mistök hafa kostað almenning í landinu. Það væri fróðlegt ef þeir kæmu því á framfæri við sína kjósendur á næstunni.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstvirtur forseti. Aðeins örfá orð. Við 1. umr. þessa máls saknaði ég þess að ekki skyldu fylgja frv. spádómar um hversu kostnaðarsamt yrði að afla gufu vegna þeirrar vélar virkjunarinnar sem enn hefur ekki verið tekin til nota og verður líklega ekki í bráð. Að mínum dómi kom það greinilega fram í umræðum í nefndinni að mjög erfitt er að spá fyrir um kostnað vegna borana, öflunar gufuorku. Að vísu kemur það sem fram kom í nefndinni um það efni fram í nál. minni hl. iðnn. Það er staðreynd að um það voru allmiklir fyrirvarar.

Mér finnst aðalatriði þessa máls vera að einu gildir hver er eigandi þessa fyrirtækis. Sá eigandi kæmist einfaldlega ekki hjá því að taka tillit til þess ástands sem er á orkumarkaðnum, þ.e. eins og sakir standa er langtum meiri orka í okkar kerfi en þörf er fyrir. Og vegna þess að í nál. minni hlutans er oft þannig tekið til orða, „spurt var" o.s.frv., vil ég bæta við: Spurt var hvort RARIK mundi virkja enn meir, þ.e. afla gufu og taka til notkunar vél nr. 2 ef virkjunin væri áfram á hendi RARIK. Það kom greinilega fram, og vísa ég þá til þess sem ég sagði áðan og endurtek það, að forsvarsaðilar RARIK mundu alls ekki leggja út í slíkt, einfaldlega með tilliti til stöðunnar á orkumarkaðinum eins og sakir standa.

Við 1. umr. málsins hafði ég uppi hugleiðingar um það hvort Landsvirkjun mundi einhvern tíma síðar, hugsanlega um næstu aldamót eða svo, virkja eða afla gufu til þess að taka í notkun aðra vél, vél virkjunarinnar nr. 2. Engar fyrirætlanir liggja fyrir um þetta eins og fram hefur komið. Hins vegar kann svo að fara að mínum dómi að til þessa bragðs verði tekið. En um það er ekkert hægt að segja nú. Ef svo verður og sá kostur verður talinn hagkvæmari en aðrir kemur það einfaldlega fram í lægra orkuverði til landsmanna. Svo einfalt er það mál í mínum huga.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins taka þátt í þessari umræðu og ítreka þá skoðun mína að ég held, þrátt fyrir allt, að hér hafi verið valin sú leið sem óumflýjanlegt var að fara.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Króflufvirkjun var byggð fyrir um það bil 10 árum. Eins og kunnugt er varð þar eldgos eftir að stöðvarhús hafði verið byggt og eftir að vélar höfðu verið keyptar til virkjunarinnar. Bygging virkjunarinnar hafði þannig verið samningsbundin við fjöldamarga verktaka og var sem sagt að verulegu leyti fullfrágengin. Eftir að eldgosið varð tók að bera á því að ýmsar holur á virkjunarsvæðinu stífluðust eða yrðu óvirkar og af því hlutust mikil vandamál í sambandi við orkuöflun á svæðinu. Þessir atburðir urðu mörgum ágætum mönnum tilefni til að verða fjarskalega vitrir eftir á. Þeir höfðu vissulega ekki haft uppi margar athugasemdir meðan verið var að byggja virkjunina en eftir að hún var risin og eftir að allt var komið í vandræði sáu margir hag sinn liggja í því að gagnrýna þessa framkvæmd og reyna að gera þá ábyrga sem höfðu tekið ákvörðun um hana. Og ég verð að segja það alveg eins og er að af umræðum sem hér hafa átt sér stað á þessum degi og reyndar miklu oftar finnst mér mega ráða að enn gæti mjög þeirra pólitísku fordóma sem þá urðu til. Menn ræða um þetta mál meira af pólitísku offorsi en með málefnalegum rökum.

Nú 10 árum síðar er svo gerð tilraun til þess, við yfirfærslu á eignum virkjunarinnar, að verðleggja virkjunina í viðskiptum ríkisins og Landsvirkjunar án þess að fengin sé nokkur vitneskja um það hvaða möguleikar kunni að vera fyrir hendi á virkjunarstaðnum til þess að fullnýta virkjunina og yfirleitt án þess að nýting virkjunarinnar með eðlilegum hætti sé tekin með í reikninginn.

Í nál. minni hl. nefndarinnar kemur það fram mjög greinilega, sem ég benti á við 1. umr. málsins, að unnt er að reikna þetta dæmi á ýmsan hátt og með ólíkum forsendum. Þessir útreikningar sýna okkur mjög greinilega að þessi verðlagning segir nákvæmlega ekkert til um sannvirði virkjunarinnar. Hún segir einungis til um það hvað kaupandinn, Landsvirkjun, sem reyndar hefur engan áhuga á virkjuninni, metur hana sér mikils virði miðað við orkumarkaðinn eins og hann blasir við í dag og miðað við önnur þau orkumannvirki sem Landsvirkjun telur sig þurfa að nýta flest hver miklu betur en Króflufvirkjun.

Komið hefur fram að á næstu árum verður virkjunin aðeins nýtt að einum þriðja hluta miðað við hugsanleg afköst hennar eins og hún var hönnuð, og það segir sig auðvitað sjálft að útreikningar, sem miðaðir eru við svo litla og lélega nýtingu á orkunni sem hægt er að framleiða úr þessari virkjun, verða auðvitað ákaflega sérkennilegir þegar ekki er reiknað með meiri nýtingu en þetta.

Það má sem sagt segja að óvissan um orkuöflun á svæðinu sé notuð til þess að færa verðlag virkjunarinnar verulega niður. Og það er einmitt af þeirri ástæðu sem menn hljóta að velta því fyrir sér hvort ekki sé verið að taka ótímabæra ákvörðun með því að yfirfæra virkjunina til Landsvirkjunar og láta ríkissjóð taka á sig þessi lán vegna þess að maður hefur afskaplega sterkan grun um að Landsvirkjun, miðað við þau plön sem fyrir liggja í þessu frv., hyggist ekki nýta sér þessi mannvirki og þá möguleika sem þarna eru með eðlilegum hætti og ætli sér einfaldlega að fá þessa virkjun fyrir sáralítið verð og velta síðan kostnaðinum að öðru leyti yfir á skattgreiðendur. Þetta tel ég mjög miður vegna þess að ég tel að sýnt hafi verið fram á í útreikningum á undanförnum árum og sé hægt að sýna fram á það enn

þann dag í dag að með fullri hlutdeild virkjunarinnar í markaði Rafmagnsveitna ríkisins og með skynsamlegum áætlunum um uppbyggingu virkjunarinnar á næstu árum þegar ljósara verður að gosvirkni á svæðinu er liðin hjá megi ætla þessari virkjun að greiða allar sínar skuldir og öll sín lán. En ég tek fram að þarna voru nokkur ef, og þar á meðal þetta stóra ef, hvort virkjunin fær að selja orkuna inn á markaðinn eða ekki. Rafmagnsveitur ríkisins, sem í dag reka þessa virkjun, hafa næga orku og landsmenn hafa auðvitað markað fyrir þessa orku með tíð og tíma. En þetta er bara spurningin um vilja hvort menn vilja nýta þann möguleika sem virkjunin gefur í framtíðinni eða ekki, hvort menn segja eins og sumir hafa sagt hér: Þarna á alls ekkert meira að gera, það á ekkert að hreyfa sig meira á svæðinu. Þá segir sig auðvitað sjálft að eftir stendur mikill skuldabaggi.

Ég tók það fram áðan að eldgosið hefði breytt vinnsluholum á svæðinu allverulega. Sumar stífluðust og aðrar skiluðu mjög miklu gasi sem eyðilagði möguleika á nýtingu þeirra. Það er hins vegar vitað og viðurkennt að sumar af þessum holum má endurvinna með aðeins broti af þeim kostnaði sem af því mundi leiða að bora nýjar holur. Sem dæmi um þá möguleika sem á þessu svæði eru nefndi framkvæmdastjóri Kröfluvirkjunar, Einar Tjörvi Elíasson, það á nefndarfundinum að ein holan, sem hugsanlegt væri að endurvinna á svæðinu og skemmdist á sínum tíma og er ekki í notkun vegna of mikillar gasvirkni vegna eldgossins, var talin skila allt að 15 mw á þeim tíma sem hún var virk. En það er hvorki meira né minna en helmingurinn af allri þeirri viðbótarorku sem þörf er á á svæðinu.

Vissulega er það kannske nokkuð mikil bjartsýni að vænta þess að hún muni skila þessum árangri, en þetta sýnir þó að þarna geta verið mjög miklir möguleikar á ferðinni og vel er hugsanlegt að holurnar þyrftu alls ekki að vera 11 eða 12 eins og þó er gert ráð fyrir í dag. Þær kynnu að verða miklu færri og þar af leiðandi miklu ódýrari. Auðvitað yrði ekki farið í orkuöflun á svæðinu af fullum krafti fyrr en sýnt væri að eldgos hefði ekki lengur áhrif á virkni þessara hola og menn væru þar af leiðandi nokkuð öruggir um það að virkjunin gæti fengið orku á svæðinu. Ég er ekki í neinum vafa um að það kemur að því fyrr eða síðar að pólitískir fordómar munu dvína, menn munu fara að sjá þetta mál í rökrænu samhengi, og að talið verður óhætt að halda áfram orkuöflun á svæðinu vegna þess að landris hætti og gosvirkni sé talin liðin hjá, og þá mun verða valinn sá kostur alveg tvímælalaust að afla frekari orku til virkjunarinnar og setja seinni vélina í gang.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði áðan: Væri ekki bara skynsamlegra að taka þessa seinni vél í virkjuninni og flytja hana suður á Suðurnes? Mér fannst þetta alls ekkert óskynsamleg spurning og síst af öllu frá þessum hv. þm. miðað við hvar hann er búsettur á landinu. Ég vil síður en svo útiloka þann möguleika að ef talin væri þörf eða notkunarmöguleiki á öðru landsvæði fyrir þessa vél núna á næstu árum bæri auðvitað að skoða það vandlega því að sýnt er að hún verður ekki notuð alveg í bráð. Má þá kannske kaupa aðra vél á síðara stigi þegar þar að kemur.

En spurningin varpar einmitt ljósi á eina af mörgum sérkennilegum staðreyndum þessa máls, og hún er sú að það er aldrei reiknað í kaupverðinu með verðmæti þessarar vélar. Spurning hv. þm. bendir einmitt á það að það er hægt að koma þessari vél í verð með einum eða öðrum hætti, annaðhvort á staðnum sjálfum eða á öðrum stað. Það er einmitt eftirtektarvert fyrir þetta mál að það er hvergi reiknað með verðmæti þessarar vélar í útreikningunum. Hvergi er reiknað með að hún skipti máli upp á eina einustu krónu. Ég þakka því hv. þm. fyrir að hafa komið með þessa ábendingu sem átti auðvitað fullkomlega rétt á sér.

Að öðru leyti held ég að ekki sé ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Þó að Rafmagnsveitur ríkisins hafi ekki haft áhuga á því að losna við þessa virkjun frá sér og þó að Landsvirkjun hafi síður en svo haft áhuga á því að taka við þessari virkjun og þó að mótaðili ríkisins í Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, hafi enn síður haft áhuga á þessum viðskiptum hefur ríkisstj. ákveðið að ríkissjóður skuli taka á sig þessa miklu skuldabyrði. Þó að ég telji það fjarskalega óviturlega ákvörðun og ótímabæra er augljóst mál að hér ráða þeir menn ferðinni sem munu taka endanlegar ákvarðanir á þennan veg. Þá er ekki neitt frekar um það að segja, en ekki mun ég greiða þeirri ákvörðun atkvæði mitt.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. þykir mér rétt að spyrja hvort hann var að gefa í skyn að rétt væri að hætta við Blönduvirkjun á meðan ráðstafanir yrðu gerðar til þess að koma annarri vélasamstæðu Kröflu í gang. Það liggur fyrir að við eigum allt of mikla virkjaða orku í dag, orku sem ekki er hægt að selja. Þegar menn hugleiða hvernig skuli koma annarri vélasamstæðu Kröflu í gang hlýtur það að kalla fram spurningu um það hvort menn vilja alfarið hætta við Blönduvirkjun eða fresta henni um ótiltekinn tíma.

Um það var rætt líka áðan að óskynsamlegt væri að ríkissjóður tæki að sér að greiða þær byrðar sem hér er talað um. Hver er það í raun og veru sem greiðir þessar byrðar? Er það ekki fólkið í landinu undir hvaða formerki sem það er? Er það ekki kjarni málsins að skattgreiðendur þurfa hvort sem er að greiða þetta. Ég tel að það sé hreinsun að þessari viðurkenningu staðreynda að klippt er á. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi eitt orkuöflunarfyrirtæki að vera í landinu, Landsvirkjun, og þess vegna sé þessi sala skynsamleg.

Ég bendi líka á að þegar Krafla var byggð var það álit fjölmargra vísindamanna að illa hefði verið staðið að verki. Rannsóknir hefðu hvergi nærri verið nógar og þess vegna hefði verið farið í þessar framkvæmdir af meira offorsi en efni stóðu til. Það var ekki eldgosið eitt sem truflaði þessar aðgerðir heldur líka það hvernig staðið var að verki.

Í þeim viðtölum sem áttu sér stað í hv. iðnn. voru „efin" afskaplega mörg. Þau voru það mörg að ekki er hægt að byggja haldgóðan málflutning á þeim að mínu mati. Það var ekki að heyra á þeim sem við fengum til viðræðu að menn vissu nokkurn skapaðan hlut um það hvort nokkur gufa fengist ef borað yrði á næstunni. Það væri vissulega hægt að eyða tugum milljóna í að prófa það nú á þeim tímum þegar við höfum allt of mikla orku virkjaða. En það er þá spurningin hvort við viljum eyða þessum peningum skattgreiðenda í slíka tilraunastarfsemi.

Frsm. meiri hl. (Björn Dagbjartsson): Virðulegi for-

seti. Ég sé svo sem ekki ástæðu til að lengja þetta mikið meira en það var út af því að við skiptumst held ég á um það nokkrum orðum um daginn hvað langt hefði verið komið í framkvæmdum þegar gos hófst. Stöðvarhúsið mun hafa verið uppsteypt, þaklaust, og vélar pantaðar en talið öruggt að beita mætti svokölluðum „force majeure", óviðráðanlegum orsökum æðri máttarvalda, almættið blandast enn í þetta mál, þannig að þau ákvæði hefðu gilt til þess að hægt hefði verið að hætta við þessi kaup. Það er mér nú tjáð.

Annað atriði lagði hv. þm. Ragnar Arnalds áherslu á, að aðeins væri reiknað með nýtingu upp á einn þriðja eða helming af því sem hugsanlegt væri að fá af orku út úr virkjuninni. Ég verð að segja að í þessu stóra dæmi skiptir það ekki máli hvort hægt væri með einhverjum reikningsaðferðum að fá útkomu upp á 1500 millj. kr. söluverðmæti reikningslega séð eða hvort söluverðmætið er eins og nú er 1172 millj. Út af stendur heilmikil skuld sem gera verður upp á einhvern hátt.

Ég vil að síðustu ekki viðurkenna það að í mínum huga séu neinir pólitískir fordómar í þessu máli. Ég held, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds var að gefa í skyn, að einhvern tíma geti komið að því að talið verði hagkvæmt að virkja Kröflu áfram og þá mun það koma öllum landslýð til góða.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Já, síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. e. Björn Dagbjartsson, leiðrétti ummæli sín frá því í 1. umr. og sagði að rétt væri að búið hefði verið að steypa upp stöðvarhúsið við Kröflu þegar eldgosið varð þar. Hann viðurkenndi líka að búið hefði verið að panta vélar til verksmiðjunnar. En hann hélt því fram að hægt hefði verið að rifta þeim samningum á grundvelli svokallaðra „force majeure" réttarákvæða.

Ekki skal ég fullyrða um hvort þetta er rétt hjá hv. þm. Það liðu 10 mánuðir frá því að samningar um vélakaupin höfðu verið undirritaðir þangað til eldgosið varð. Ég hygg að það hafi verið búið að smíða þessar vélar að verulegu leyti, og ég sé ekki hvernig í ósköpunum seljandi vélanna hefði átt að taka á sig allan þann skaða sem hefði hlotist af því að sitja uppi með ónotaðar vélar út á „force majeure" ákvæðin. Ég held að það hefði aldrei staðist að skella ábyrgðinni yfir á seljandann sem var algerlega saklaus að þessu leyti, og því hafi legið ljóst fyrir að vélar sem búið var að smíða í virkjunina hlutum við Íslendingar að leysa út. Við hefðum ekki getað riftað þessum samningi á þeim grundvelli nema taka á okkur mjög stórfelldar skaðabætur sjálfir. Enda, eins og ég sagði, liðnir hvorki meira né minna en 10 mánuðir frá því samningurinn var undirritaður, og ekki er hægt að sjá það af hverju Japanarnir hefðu átt að taka á sig tjónið frekar en við Íslendingar.

En þetta skiptir kannske ekki öllu máli. Þessi ákvörðun var ekki tekin. Hver tók þá ákvörðun? Dettur hv. þm. það í hug t.d. að ég sem hér stend hafi tekið þá ákvörðun? Nei, sú ákvörðun var að sjálfsögðu tekin af þeirri ríkisstj. sem þá sat undir forsæti Geirs Hallgrímssonar. Þá sátu hér í stjórn sjálfstæðismenn ásamt framsóknarmönnum og þeir tóku auðvitað þessa ákvörðun. Og ég get bætt því við að ég taldi hana óhjákvæmilega og var henni samþykkur og varð ekki var við það að hér Alþingi kæmu fram aðrar raddir, a.m.k. ekki þá í svipinn. Hins vegar fóru þær fljótlega að heyrast þar á eftir. (**Gripið fram í:** Var það ekki Kröflunefnd sem tók ákvörðunina?) Nei, Kröflunefnd tók ekki þessa ákvörðun. Það var ríkisstjórnin sem tók þessa ákvörðun. Kröflunefnd var fyrst og fremst til ráðuneytis ráðuneytinu um ákvarðanir af þessu tagi. (Gripið fram í.) Jú, ég hygg að Kröflunefnd hafi verið þessu samþykk. Og ég var, eins og ég sagði áðan, samþykkur þessari ákvörðun. En auðvitað var það þáverandi ríkisstjórn sem tók þessa ákvörðun á sínum tíma. Ég var þá í stjórnarandstöðu.

Spurt var hvort, með þeirri hugmynd að setja í gang seinni vél Kröflu, væri verið að leggja það til að Blönduvirkjun yrði ekki byggð eða henni frestað um óákveðinn tíma, eins og tekið var til orða. Auðvitað verður að vekja á því athygli að verulegur stærðarmunur er á þessum tveimur virkjunum og seinni vélin skilar ekki nema 30 mw en Blanda á að skila 150 mw. Það er því ljóst að þessi seinni vél gæti aldrei komið í staðinn fyrir Blönduvirkjun. Það held ég að engum hafi dottið í hug. Hins vegar segir það sig sjálft að ef Kröfluvirkjun verður fullnýtt í lok þessa áratugar hlýtur það að hafa áhrif á uppbyggingu annarra orkumannvirkja hér og er þá hægt að fresta öðrum framkvæmdum sem þessu nemur en auðvitað ekki meir. 30 mw eru ekki meira en svo að þau svara til rúmlega eins árs aukningar afls í orkukerfi okkar landsmanna. Því gæti auðvitað í mesta lagi verið um það að ræða að t.d. Blönduvirkjun kæmi þá einu ári síðar í gagnið en ella mundi vera.

Að lokum var það spurning Karls Steinar Guðnasonar um það hverju máli þetta yfirleitt skipti. Hérna væri verið að afhenda verðmæti ríkisins yfir til Landsvirkjunar. Mundi það þá skipta öllu máli hvort skattgreiðendur tækju á sig þessa byrði í gegnum skattakerfi ríkisins eða orkunotendur? *Ég lít svo á að ef öll* sveitarfélög landsins væru aðilar að Landsvirkjun mundi þetta sannarlega ekki skipta neinu máli. En nú eru ekki nema tvö sveitarfélög enn þá aðilar að Landsvirkjun, þ.e. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær. Ég tel að verið sé að færa Landsvirkjun ákaflega mikil verðmæti á niðursettu verði og það tel ég vera mjög til hags fyrir þau sveitarfélög sem eiga aðild að Landsvirkjun, en aftur á móti hugsanlega þá til samsvarandi óhags fyrir önnur sveitarfélög í landinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JHelg, JK, KSG, VI, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EG, EKJ, HÓ, SalÞ.

nei: KolJ, StB.

HS, RA, SDK, SkA greiddu ekki atkv.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Þar sem hér er verið að færa 2 milljarða yfir á skattgreiðendur frá Kröfluvirkjun eða með þessari yfirtöku er verið að fela raunverulegt orkuverð, þá tek ég ekki þátt í þessum skrípaleik og segi nei.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og ég lýsti áðan í máli mínu þá tel ég álögur á skattþegna þessa lands vera orðnar nægar. Þetta er engu síður

alvarlegt mál heldur en Hafskipsmálið og a.m.k. helmingi stærra. Þess vegna tek ég ekki þátt í því og segi nei.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Í því frv. sem hér er til afgreiðslu felst viðurkenning með vissum hætti á þeim mistökum sem voru gerð í þessu máli og þeirri mistakakeðju sem hefur átt sér stað. Áður var þetta alfarið í eigu ríkisins, nú er verið að flytja þetta yfir til ríkisfyrirtækis. Það var alveg ljóst frá upphafi að almenningur í landinu mundi þurfa að standa straum af kostnaðinum við þetta með einhverjum hætti. Það var alveg ljóst. Þess vegna eru mér óskiljanlegar þær röksemdir sem hv. þm. BJ hafa haft hér uppi í þessu máli. Þetta er fyrirkomulagsbreyting. Það var ljóst að þjóðin yrði að standa undir þessum kostnaði og borga þennan reikning. Það hefur aldrei verið neinn vafi á því. Við höfum gagnrýnt þetta mál harkalega, Alþýðuflokksmenn, frá upphafi, allar götur síðan þetta hófst. (Gripið fram í.) Löngu áður, hv. þm. Ragnar Arnalds. Ég segi já.

Brtt. 210 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sóknargjöld, stjfrv. 150. mál (þskj. 164, n. 230, brtt. 231). — 2. umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til meðferðar er flutt m.a. að ósk ríkisskattstjóra en hann segir í athugasemdum við frv., með leyfi forseta:

„Samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga þessara öðlast þau gildi hinn 1. janúar 1986. Skv. ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laganna er viðmiðun gjaldsins tekjuárið, þ.e.a.s., sbr. upphafsorð 2. gr., útsvarsstofn ákveðins tekjuárs. Fyrsta tekjuár til viðmiðunar er skv. 10. gr. tekjuárið 1986. Augljóst er því að sóknargjöld, að lögum þessum óbreyttum, verða því eigi álögð af skattstjórum, sbr. 6. gr. laganna, fyrr en á gjaldárinu 1987 vegna tekna ársins 1986.

Jafnframt er tekið fram í 10. gr. laganna að úr gildi falli hinn 1. janúar 1986 lög nr. 36/1948 um sóknargjöld, svo og lög nr. 40/1964 um breytingu á þeim lögum.

Auðsætt er því að sóknargjöld verða eigi innheimt skv. lögum nr. 36/1948, sbr. lög nr. 40/1964, á gjaldárinu 1986.

Augljóst er að úrbóta er þörf á ákvæðum 10. gr. laga nr. 80/1985 ef sóknarkirkjur eiga að afla einhverra tekna á gjaldárinu 1986. Úr þessu er auðvelt að bæta með breytingu á 10. gr. í það horf sem orðalag þeirrar greinar hljóðaði á þskj. 762, þó með breyttum ártölum eða á þennan veg:

10. gr. laganna hljóði svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1986 vegna tekna á árinu 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breytingu á þeim.

Jafnframt leyfi ég mér að benda á æskilega breytingu á 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna. Skv. 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um innheimtu sóknargjalda og skv. ákvæðum 7. gr. laganna annast innheimtumenn ríkissjóðs innheimtu gjaldsins. Með hliðsjón af því tel ég rétt að gjöldin verði birt á sama hátt og þinggjöld og hlíti sömu reglum og þinggjöld en ekki útsvör. Legg ég því til að ásamt brt. á 10. gr. laganna verði lögð fram svohljóðandi breyting á 6. gr. laganna:

6. gr. laganna breytist svo:

a. í stað orðsins „útsvör“ í lok 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. komi orðið: þinggjöld;

b. í stað orðsins „útsvör“ í 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. komi orðið þinggjöld.“

Þetta frv. er því flutt til þess að leiðrétta þessi atriði. En þegar frv. hafði verið lagt fram kom í ljós að gera þurfti eina brtt. enn, þá sem hv. menntmn. flytur, svohljóðandi:

„Við frv. bætist ný grein, er verði 3. gr., svohljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. og er einróma um að leggja fram téða brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 231 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Skráning skipa, stjfrv. 84. mál (þskj. 94, n. 221, brtt. 220). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegur forseti. Samgn. Ed. Alþingis hefur fjallað um frv. til laga um skráningu skipa. Niðurstaða hennar er samhljóða. Hún mælir með því að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem fram eru lagðar á þskj. 220.

Samgn. sendi málið til umsagnar og bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Allir þessir aðilar mæltu með samþykkt frv. og lögðu áherslu á að þeirri afgreiðslu yrði hraðað. Auk þess ræddi nefndin m.a. við Magnús Jóhannesson siglingamálastjóra, en hann var sem kunnugt er einn af aðalhöfundum frv.

Veigamesta breytingin frá gildandi lögum felst í 2. mgr. 1. gr. frv. þar sem samgrh. er veitt heimild til að leyfa skráningu kaupskipa hér á landi án þess að meginkröfu laganna um eignarhald íslenskra aðila sé fullnægt, en þó með því skilyrði að um sé að ræða skip sem gert er út hér á landi með íslenskri áhöfn, að skipið uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna og hafi ekki heimild til að sigla undir fána annars ríkis. Með þessari breytingu verða kaupskip, sem skráð verða á skipaskrá skv. þessari heimild, að lúta eftirliti íslenskra stjórnvalda hvað varðar öryggi skips og búnaðar. Eftirlit íslenskra stjórnvalda með skipum í eigu erlendra aðila, sem gerð eru út hér á landi með íslenskri áhöfn, er nú nánast ekkert þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. 2. gr. laga um eftirlit með skipum.

Ég vísa til þess sem ég áðan sagði, að á þskj. 220 flytur samgn. Ed. brtt. við frv. Þær brtt. eru fyrst og fremst varðandi orðalag og framsetningu en ekki að því er lýtur að efnisatriðum frv. Ég vil því, virðulegi forseti, gera tillögu um að málinu verði vísað til 3. umr.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Eins og kom fram í ræðu frsm. var frv. þetta upphaflega flutt hér í deildinni á síðasta ári og þá var það til þess að veita heimild til þess að íslenskt eignarhald þyrfti ekki að vera á skipum til þess að þau gætu fengið skráningu. En það frv. sem við fjöllum um hér er yfirfarið frv. um skráningu skipa. Það eru ýmsir þættir sem þar hafa verið leiðréttir, til nýs tíma og til fyllingar.

Til umræðu í nefndinni kom einnig einn þáttur til viðbótar, um einkarétt á nafni skips og hvernig það skyldi úr gildi falla við dauða einkaréttarhafa. Það munu vera mörg nöfn skráð á einkarétt og eigendur eru látnir. Óskað var eftir því að við fjölluðum um þetta en einhverra hluta vegna hefur það ekki komið til frekari afgreiðslu í sambandi við brtt. Ég fylgdist ekki alveg með þessu til loka en ég vil spyrja formann nefndarinnar, frsm., af hverju þetta hafi ekki verið frekar skoðað.

Einnig kom í ljós að það er ekki aðeins að veitt séu einkaleyfi frá Siglingamálastofnun, skv. fyrri lögum og væntanlega áfram skv. þessum lögum, heldur eru í gildi alveg sérstök lög um einkarétt á nafni skipa. Þar á ég við lög um einkarétt Eimskipafélags Íslands á Fossunum. Ég vildi aðeins benda á að um þetta var fjallað í nefndinni og talið eðlilegt að frá þessu væri gengið í lögunum, hvernig með skyldi fara við lát einkaréttarhafa, en einhverra hluta vegna hefur þessu ekki verið fylgt eftir og það kemur ekki fram í brtt.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegur forseti. Það er hvert orð rétt og satt sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði hér, að um þetta tiltekna atriði fór fram umfjöllun í nefndinni. Það var sérstakur starfsmaður í Siglingamálastofnuninni sem hafði þessa athugun með höndum og var hann búinn að leita nokkurra upplýsinga um hina lagalegu hlið þessa máls, en niðurstaða hafði ekki fengist í það starf svo fullnægjandi væri og þar af leiðandi var ekki talið fært að tefja afgreiðslu frv. af þessari ástæðu.

ATKVGR.
Brtt. 220,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 220,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 220,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 220,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 220,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 220,6 samþ. með 15 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
14.—27. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, stjfrv. 168. mál (þskj. 188, n. 229 og 251). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, var lagt hér fram fyrir nokkrum dögum. Sjútvn. deildarinnar hefur fjallað um þetta frv. Það varð ekki samkomulag í nefndinni en álit meiri hl. er á þennan veg:

„Nefndin fjallaði um málið á þrem fundum og fékk til viðræðu fulltrúa Aflatryggingasjóðs, Fiskifélags Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Nefndin klofnaði í málinu. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en Kolbrún Jónsdóttir mun skila séráliti."

Um þetta mál mætti hafa nokkurt mál en ég ætla ekki að gera það. Segja má að þetta sé endurnýjun á frv. sem varð að lögum hér 28. apríl 1983. Það er um greiðslur úr Aflatryggingasjóði, úr hinum ýmsu deildum hans. Á sínum tíma var greitt úr hinni almennu deild vegna úthalds skipa ef það náði ekki ákveðnum afla eða aflaverðmæti á ákveðnum tímum. Því var hætt og gert ráð fyrir að þetta yrði tekið til meðferðar á annan veg.

Þess skal getið strax að þær tekjur, sem um er að ræða í þessum sjóði, eru komnar frá sjávarútveginum sjálfum í formi útflutningsgjalds og svo einnig núna árið 1985 er það endurgreiddur söluskattur sem fiskvinnslan átti að fá. Hann rennur í þennan sjóð til að greiða útgerð á þann veg. Hreint frá sagt hefði hann annars komið til greiðslu í sjálfar fiskverkunarstöðvarnar og það svo aftur kallað á hærra fiskverð. Það má segja að þetta sé umdeilanleg aðferð en þannig er þetta framkvæmt og var gert hér með þokkalegu samkomulagi síðast þegar þetta var lagt fram.

Núna er um að ræða áætlanir fyrir árið 1986. Þá er gert ráð fyrir að 600 millj. af þessum endurgreidda söluskatti fari í gegnum þetta kerfi.

Á 4. síðu frv. eru lagðar fram töflur um áætlun í þessum efnum fyrir árið 1985 og svo aftur 1986. Þar er skilgreining á því hvaða greiðslur fari þarna fram og hvaða tekjur sjóðirnir og hinar einstöku deildir hans hafa fengið og hvernig þetta hefur verið greitt. Það liggur fyrir í þessum töflum að skv. áætluninni fyrir 1986, með því að miða við það ástand sem þarna er gefið og söluskattsendurgreiðslu upp á 600 millj., mun verða þarna fjárvöntun upp á 190 millj. við árslok ef engar breytingar verða.

Nú kom það mjög greinilega fram í ræðu hæstv. sjútvrh. þegar hann fylgdi þessu frv. úr hlaði að það er nefnd að störfum sem er að fjalla um þessi mál, hvernig megi koma því við að fella niður það sjóðakerfi sem hér er verið að ræða um. Engu skal spáð um það hvenær hún lýkur störfum. En hæstv. ráðh.lagði áherslu á að þessu yrði lokið í kringum mitt ár og er vonandi að það takist.

Ég held að allir aðilar séu sammála um að slík millifærsla á milli þessara aðila sé ekki af hinu góða. En menn hafa ekki komið sér niður á betra form enn þá. Þess vegna er það mjög brýnt verk að ljúka sem fyrst þessari endurskoðun og finna þann flöt sem er á því að hægt sé að koma þessu í réttar hendur strax í stað þess

að vera með þessa millifærslu í sjóðum.

Ég held að ég þurfi ekki að fjölyrða um þetta meira að svo komnu máli. Eins og ég gat um leggur hv. 8. landsk. þm. fram sérálit í þessu máli og mun áreiðanlega gera grein fyrir því hér á eftir. En meiri hl. nefndarinnar var sammála um að frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

Frsm. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég vil fara fram á að hæstv. sjútvrh. sé viðstaddur þessa umræðu svo að hægt sé að beina til hans spurningum. (**Forseti:** Það er verið að ná í hæstv. sjútvrh., hann kemur væntanlega.)

Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. sjútvn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hér er um að ræða útdeilingu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi, alls 600 millj. kr. Slík afskipti ríkisvalds af samningum milli sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu eru ólíðandi.

Verið er að greiða niður fiskverð með uppsöfnuðum söluskatti sem að mestu er tilkominn frá fiskvinnslunni. Hér er ríkið að færa fjármagn eftir flóknum reglum frá fiskkaupanda til fiskseljanda. Eðlilegra væri að slíkar greiðslur færu beint á milli þessara aðila án afskipta steinrunnins sjóðakerfis.

Það er löngu tímabært að stjórnvöld geri sér grein fyrir að verðmæti verði ekki til við að millifæra peninga, úr einum vasa í annan. BJ hefur bent á leið út úr þessum ógöngum. Hún felst í því að leggja sjóðakerfið niður og gefa fiskverð frjálst án afskipta ríkisvalds."

Nú nýlega hefur komið fram í blöðum að fiskvinnslan vill sækja í þennan sjóð einnig, ef svo mætti segja, vill endurheimta uppsafnaðan söluskatt. Þess vegna langar mig að beina spurningu til hæstv. sjútvrh.: Mun hann verða við kröfum fiskvinnslunnar um að hún fái þennan skatt sinn endurgreiddan og það sannist þar með að fiskvinnslan stendur ekki undir að greiða skatta til ríkisins, alla vega ekki í formi söluskatts? Eða munu verða fundnar aðrar leiðir til að bjarga fiskvinnslunni út úr þeim örðugleikum sem hún segir að hún sé nú komin í?

Í annan stað fer fiskvinnslan fram á að fá 300—400 millj. endurgreiddar vegna mismunar á dollaragengi og SDR. Fiskvinnslan telur að tapið hjá sér sé 8—9% og telur að allt fari í strand nema gengið verði fellt. Þessi umræða var ekki uppi á teningnum þegar gengi dollarans hækkaði en þá var það útgerðin sem var að rúlla yfir um vegna þess að lánin hækkuðu sem tryggð voru með dollaragengi. Þannig er alltaf verið að reyna að laga vegasaltið með því að létta öðrum megin og þyngja hinum megin eða m.ö.o. að færa á milli þessara aðila með milligöngu ríkisvaldsins.

Það hefur aldrei komið alvarlega til umræðu, a.m.k. ekki hjá hæstv. núv. ríkisstj., að gefa fiskverð frjálst, að þessir aðilar semji beint um þau verðmæti sem til eru til skiptanna. En þessir fjármunir, sem verið er að færa á milli þessara aðila, verða til í sjávarútvegi. Þarna er því einungis verið að grípa inn í og færa á milli með geðþóttaákvörðunum ríkisvaldsins.

Þá komum við að þeirri spurningu: Hvernig er þessu fjármagni varið? Hvernig getur það t.d. staðist að nú í ár er verið að borga 6% ofan á loðnuverð enda þótt þau skip sem eru á loðnuveiðum fái að veiða milljón tonn af loðnu? Ég vildi einnig fá svör við því. Á að halda þessum greiðslum áfram á næsta ári? Á að halda áfram að greiða 6% ofan á loðnu þar sem nú liggur fyrir að loðnuverð er frjálst?

Nefna má fleiri mótsagnir sem fram hafa komið í upplýsingum um hvernig þessum fjármunum er útdeilt. T.d. ef fiskvinnsla setur fisk í gám og flytur á erlendar hafnir og selur hann þar fær hún bætur, 8%, þessa almennu uppbót. Ef þetta er ufsi fær hún 25% en 16% ef um karfa er að ræða. Aftur á móti ef áhöfnin á einhverjum bát setur sambærilegan fisk í gám og flytur út eru, eftir þeim upplýsingum sem ég kemst næst, ekki greiddar uppbætur á þann fisk. Hér erum við að tala um sömu vöruna sem er greitt eða ekki greitt ofan á eftir því hver flytur vöruna út. Fyrst ég minnist hér á 16% uppbætur á karfa langar mig til að vitna í smáklausu úr blaði sem ég sá í dag, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Togarinn Már SH frá Ólafsvík seldi á þriðjudag og miðvikudag 210 lestir af karfa í Bremerhaven. Heildarverð var 11 105 900 kr. eða 674 976 þýsk mörk. Er það hæsta verð í mörkum talið sem skuttogari af minni gerðinni hefur fengið á markaðnum. Már fékk að meðaltali 52,89 kr. fyrir hvert kg og er það mjög gott verð. Fyrra sölumet minni skuttogara átti Már sjálfur, sett í október s.l., 586 þús. mörk. Skipstjóri á Má er Sigurður Pétursson og er það ætlunin að koma skipinu í eina siglingu til viðbótar áður en það verður boðið upp í lok næstu viku.

Þess á geta að togarinn Viðey RE hefur fengið hæsta heildarverð allra skipa fyrir afla sinn á þýska markaðnum. 1. og 2. apríl s.l. seldi Viðey alls 338,5 lestir og fékk fyrir það 1 millj. marka."

Hér komum við að dæmi sem sýnir okkur að þrátt fyrir að togari standi sig vel, selji fyrir metverð og fái rúmlega 52 kr. fyrir kg af karfa á hann aðeins viku eftir áður en hann lendir á uppboði. Segir þetta okkur ekki dálítið hvernig ástatt er í sjávarútvegi í dag? Það virðist ekki skipta nokkru máli hvort fyrirtæki eru vel eða illa rekin, hvernig þau standa sig. Það eru allt önnur lögmál sem ráða því hvort þessir togarar eða fyrirtæki fara á hausinn eða ekki. Segir það okkur ekki að við þurfum að taka til hendinni og leyfa því að bera sig sem getur borið sig? Segir þetta okkur ekki að afskipti ríkisvaldsins af sjávarútvegi hafa ekki leitt til góðs?

Afskipti ríkisvaldsins eru einfaldlega orðin allt of mikil. Það þarf sífellt að bjarga fiskvinnslunni með gengisfellingu sem bitnar aftur á útgerðinni sem er skuldug, eða að draga það að fella gengi til að útgerðin geti borið sig en þá kveinar fiskvinnslan. Getur ekki einfaldlega verið að fiskvinnslan sé með of mikla fjárfestingu í sínum fyrirtækjum til að hún geti borið sig við þær aðstæður sem við búum við núna? Það er á endanum alltaf markaðurinn sem ræður því hvernig vöru hann vill fá eða kaupa, hvort hún er lítið eða mikið unnin.

Upp á síðkastið hefur það aukist að við höfum flutt út ferskan fisk og sjófrystan. Markaðurinn hefur einfaldlega kallað eftir slíkri vöru. En á sama tíma verður minna að gera fyrir fiskvinnslufyrirtækin. Væri ekki ráð að þessum fyrirtækjum væri gert að nýta hluta af sinni fjárfestingu til að vinna að öðrum verkefnum en að frysta fisk?

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grein sem ég ljósritaði úr Morgunblaðinu í dag. Þetta er grein eftir

Sigurð Tómas Garðarsson þar sem hann er að tala um sjávarútveginn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk stjórnvalda. Stjórnvöldum ber að leggja áherslu á nútímalega viðskiptahætti, fjölbreytta framleiðslu og sem víðtækasta markaðsstarfsemi til að minnka líkur á þeim markaðsþrengingum sem reglulega hrjá okkur við óbreytt ástand.

Með núverandi kerfi eru möguleikar til verðhækkana, aukinnar fjölbreytni og nýrra markaða að mestu takmarkaðir við fáa menn sem eru við stjórnvölinn í sölusamtökunum."

Er ekki kominn tími til að það verði einhverjum hömlum létt af sölu og útflutningi á sjávarafurðum? Er það eðlilegt að stjórnvöld haldi þar svo fast um taumana að mönnum, sem sjá kannske möguleika á því að selja fisk fyrir hærra verð en sölusamtökin, sé að einhverju leyti meinuð slík sala? Áfram ætla ég að vitna í þessa grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Mestar framfarir og mesta aukning fiskafurðasölu síðustu ára hefur orðið í ferskum fiski og rækju, en þessar tvær greinar útflutnings eru nokkuð opnar og ekki eins bundnar við sölusamtökin og freðfiskur, saltfiskur og skreið. Auðvitað eru vandamál því samfara að margir fái að selja sama vöruflokk úr landi. Menn verða fyrir verðlækkunum, birgðasöfnun og öðrum áföllum sem fylgja markaðsstarfi. Þessi vandamál fylgja eins þó aðeins einn útflytjandi sé og verða jafnvel enn erfiðari þar sem aðeins einn aðili fæst við úrlausn þeirra. Sannast þar málsháttur inn „margar hendur vinna létt verk"."

Það er sem sagt fleira sem við þurfum að líta á í þessum sjávarútvegi okkar. Það er ekki nóg að það sé vinnslan, eða útgerðin, heldur er það líka hvernig við komum þessari vöru í sem hæst verð. Það má efalítið halda því fram að með því að opna öðrum möguleika á því að selja íslenskar sjávarafurðir getum við fundið markaði fyrir okkar vöru sem gæfu hærra verð. Við getum lært það af þeirri reynslu sem við höfum af sölu á ferskum fiski og þeirri reynslu sem við höfum af framleiðslu frystitogaranna á sjófrystum fiski. Á frystitogurunum stendur aflaverðmætið á bak við hvern mann í um 7 millj. kr. þannig að sá rekstur er í dag alla vega mjög hagkvæmur.

Ekki er ég þó að segja að með því að allir okkar togarar yrðu frystitogarar væru þessi mál leyst og frystihúsunum yrði þar með lokað. Við þurfum að fara fleiri en eina leið í þessu, en fyrst og fremst að nýta fjárfestinguna sem best. Það á ekki að vera hægt, hvorki hjá útgerð né fiskvinnslunni, að hrópa ætíð á ríkisvaldið og segja: Við erum komnir í ógöngur. Þið verðið að bjarga okkur út úr þessu. — En þeir verða að gera þetta á meðan stjórnvöld hafa allt um það að segja hvernig afkoma þeirra er, á meðan stjórnvöld fara inn í samninga um fiskverð og segja: Ef þið fáið 4% hér og ef þið fáið 4% þar, getið þið þá ekki sætt ykkur við þetta lága fiskverð? Við verðum einfaldlega að gera þá kröfu til fiskvinnslu á Íslandi að hún borgi sambærilegt verð fyrir fiskinn hér eins og gert er í okkar nágrannaríkjum. Við þurfum á öllu því fjármagni að halda sem fiskvinnslan og framleiðslan aflar til þess að geta bætt lífskjör í landinu og þá þýðir ekkert að færa fjármuni úr einum vasanum í annan til þess að bjarga öllu til bráðabirgða.

Ég lagði fram fsp. ekki alls fyrir löngu til sjútvrh. um uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Rétt er að geta þess að með væntanlegri tilkomu virðisaukaskatts mun endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti falla niður."

Við erum að tala hér um tímabundnar tilfærslur. En hvað tekur við þegar ekki er hægt að kalla þessar 600 millj. uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi? Hvað tekur þá við? Verða þessar 600 millj. teknar úr ríkissjóði og nefnd þá einhver önnur tilfærsla? — Það er nú svolítið erfitt að reyna að beina spurningum til hæstv. sjútvrh., en ég skil það mætavel, þar sem mál eru á dagskrá í Nd. og hann þarf að fylgjast með á báðum stöðum í einu, að það er einum manni mjög erfitt, nema hann sitji hér í dyrunum og reyni að hlusta á deildirnar með sitt hvoru eyranu. — En hæstv. ráðh. Ég vildi bera þá spurningu fram á ný hvað taki við. Á þetta að vera síðasta árið sem þessum uppsafnaða söluskatti verður deilt út ef virðisaukaskattur verður upp tekinn? Á hæstv. ráðh. von á því að nefnd sú, sem situr nú við störf og er að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins, komist að einhverju samkomulagi og skili áliti á þessu ári? Á hæstv. ráðh. von á því að jafnvel verði felld niður þessi prósenta hér og hin prósentan þar til þess að endurgreiða þetta svo í formi þeirra útdeilinga sem nú er gert? Að þessar millifærslur verði einfaldlega felldar niður og sjóðirnir niður felldir á næsta ári, þannig að þetta verði þá í síðasta skipti sem við þurfum að samþykkja slíkt lagafrv.? Enn fremur vil ég benda á, eins og fram kemur hérna í frv., að frá því 31. ágúst s.l. og fram á þennan dag hefur hluti af þessu komið til framkvæmda þótt engin lagafyrirmæli hafi verið til staðar. Sem sagt 3% eins og segir hér í 3. gr. frv. Þetta er ákvæði sem gildir frá 1. september s.l. og fram til þar næstu áramóta.

Það virðist því ekki vera nein sérstök þörf fyrir það að við séum að samþykkja slík frv. hér á hv. Alþingi. Það er hægt að millifæra fjármagn án þess að Alþingi segi sitt álit á þeim málum, enda væri ekkert við það að athuga ef þetta væru frjálsir samningar á milli fiskkaupenda og fiskseljenda um að mynda sjóð sem þeir síðan deili út sín á milli eftir þeim reglum sem þeir sjálfir setja. Það er ekkert því til fyrirstöðu að menn komi sér upp einhverjum tryggingarsjóði, hvort sem menn vilja kalla hann Aflatryggingasjóð eða eitthvað annað, án afskipta ríkisvalds.

En varðandi uppsafnaðan söluskatt langar mig til að nefna að það koma oft einstaklingar fyrir hönd félagasamtaka að máli við hv. fjvn. og segja: Við greiðum svo og svo mikið í ríkissjóð og okkur finnst nú alveg sjálfsagt að við fáum þetta til baka. Hér gefum við m.ö.o. fordæmi fyrir því að þeir sem greiða skatt til ríkisins geti farið fram á að fá hann endurgreiddan.

Eins vil ég nefna það að inni í þessu frv. eru samningar varðandi lífeyrissjóðsgreiðslur. Nú er ekki hægt að beina spurningum til hæstv. ráðh. þannig að ég held að ég komi frekar hér í stól aftur seinna ef hann hefur þá tíma til að vera í deildinni. Ég sé ekki ástæðu til þess að kalla hann sérstaklega hingað nú, en mér leikur forvitni á að vita um lífeyrissjóðsgreiðslurnar.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til breytinga á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, en gert það með

fyrirvara. Ég lít svo á að ekki sé um annað að gera en að samþykkja þessi lög. Það er þegar búið að ganga frá ýmsum hlutum í kjarasamningum, fiskverði og öðru slíku sem bindur hendur þm. um það að þessu verður ekki breytt. Ef fara ætti að breyta einhverjum þætti af þessum hlutum sem hér er lagt til, þá kæmi það beint inn á fiskverð og samninga við sjómenn. Tel ég því ekkert annað að gera en að samþykkja þetta frv.

En nafnið á frv. er nú í fyrsta lagi dálítið skrýtið. Það er frv. til laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins var til þess að tryggja það að sjómönnum væri borgað kaup ef illa gekk. Ef það fiskaðist illa á bát og útgerðin hafði ekki fjármagn til þess að standa í skilum, þá var Aflatryggingasjóðurinn til þess að grípa inn í og hjálpa til og tryggja það að sjómenn fengju sín laun greidd. Hér er ekkert um það að ræða og vitaskuld átti um leið og hin svokölluðu kvótalög voru samþykkt hér haustið 1983 að hætta að tala um Aflatryggingasjóð. Og þegar samþykktar voru hér á hv. Alþingi þær millifærslur, sem eru í þessu frv. og eru búnar að vera í gildi, þá átti að búa til nýtt nafn sem átti bara að heita „millifærslubanki sjávarútvegsráðuneytisins". Þetta er ekkert annað. Aflatryggingasjóðurinn er ekki orðinn annað en stofnun til þess að millifæra ákveðinn skatt, endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti og útflutningsgjald. Það á ekkert heima við þann Aflatryggingasjóð sem við bjuggum við hér áður. En við hlutverki Aflatryggingasjóðs hefur tekið einn þátturinn, einn þáttur kvótakerfisins, salan á kvóta. Sá bátur sem fiskar lítið núna í aflamarkskerfinu getur selt sinn kvóta. En þetta virkar bara alveg þveröfugt við það sem áður var. Nú er það útgerðarmaðurinn sem nýtur þess að geta selt kvótann sem hann getur ekki aflað og það kemur ekkert til sjómannanna. Það kemur ekkert til sjómannanna. Sjómennirnir, sem hafa raunverulega aflað þess réttar sem viðkomandi skip á, þeir eru dæmdir úr leik. Hinn nýi Aflatryggingasjóður er tryggingasjóður, ákveðinn tryggingasjóður fyrir útgerðina, en sjómennirnir — þeir mega bara eiga sig. Og sú millifærsla, sem á sér stað í sambandi við það frv. sem við erum að fjalla um nú, er að miklu leyti líka á þann veg. Hún er millifærsla aðeins á einn veg. Hún er millifærsla fram hjá skiptum. Það er sem sagt enn verið að búa til millifærslur fram hjá skiptum í staðinn fyrir þær millifærslur sem áður voru í gangi í sambandi við olíusjóð og til viðbótar reyndar við þær millifærslur sem koma í gegnum stofnfjársjóð og olíusjóð og tryggingasjóð.

Við erum sem sagt með þessu frv. ekki að samþykkja Aflatryggingasjóð heldur erum við að samþykkja millifærslubanka fyrir sjútvrn. Það er reyndar verið að gefa okkur undir fótinn um að sá millifærslubanki eigi nú stutt eftir ólifað, það sé verið að vinna í öflugri nefnd um það að afnema þennan millifærslubanka og fleiri millifærslur í sambandi við sjávarútveginn, og frv. byggir að nokkru leyti á því, þannig að það eru ekki ætlaðar tekjur til þess að standa undir þessari millifærslu nema að hluta.

Það urðu nokkrar umræður um það við 1. umr. um frv. að hverju þar stefndi, hvort líkur væri fyrir því að sú ágæta og vel skipaða nefnd sem að því starfar lyki störfum á næsta ári frekar en á þeim tveimur liðnum árum eða svo sem hún hefur verið að störfum. Hæstv. sjútvrh. gaf fyrirheit um að svo mundi verða. Það er náttúrlega erfitt að fullyrða nokkuð um það. Jafnvel þó vilji hæstv. ráðh. sé sá að nefndin klári og skili af sér, þá held ég að það sé svo margt sem þurfi að vinna í kringum alla þá þætti sem þar koma til álita, að líkurnar fyrir því að verkinu verði lokið upp úr miðju ári eru að mínu mati ekki miklar. Og til þess að svo megi verða þurfa að eiga sér stað mjög fjölbreytilegir samningar við alla hagsmunaaðila sjávarútvegsins.

Til fundar við nefndina komu fiskimálastjóri og Þórarinn Árnason, framkvæmdastjóri Aflatryggingasjóðs, og upplýstu okkur um stöðu sjóðsins. Það var svolítið merkilegt að þær tölur, sem þeir komu með og eru miðaðar við þann dag sem þeir komu til okkar, 10. desember, falla að mjög litlu leyti saman við þær tölur sem eru á 4. síðu frv. — ja, það er nú kannske heldur mikið að segja mjög litlu, en í veigamiklum atriðum stangast þær á.

Það er náttúrlega ekki gott þegar Þjóðhagsstofnun skilar frá sér tölum inn á frv. sem var lagt hér fram fyrir nokkrum dögum, eins og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. sagði hér áðan, ef það kemur svo í ljós að þar skakkar heilmiklu við það sem raunverulega er. maður fer nú að taka a.m.k. miklu fremur trúanlegar þær tölur sem gefnar eru upp af fiskframleiðendum, útflytjendum, um stöðu fiskvinnslunnar, að þar sé 8—9% halli, en tölur Þjóðhagsstofnunar sem segja að það sé um 3% halli á frystingunni en á núlli hjá söltuninni. Þegar maður ber þessi plögg saman virðist greinilegt að einhvers staðar þyrfti jafnvel meiri millifærslur en þær sem hér eru, ef það er staðreynd að fiskvinnslan sé núna rekin með 8 eða 9% halla.

Því miður eru þær tölur sem maður fær frá Þjóðhagsstofnun ansi oft þannig að þær standast ekki raunveruleikann þegar þær eru bornar saman við niðurstöðutölur fyrirtækjanna. Og eins er með upplýsingar Fiskifélagsins. Þær standast ekki samanburð við tölur þær sem eru á 4. síðu frv.

Hv. 8. landsk. þm. ræddi áðan um stöðu fiskvinnslunnar og þá fundi sem nú hafa verið í gangi í sambandi við það mál. Fulltrúar fiskvinnslunnar munu hafa gengið á fund ríkisstjórnarinnar og tjáð henni hvernig staða vinnslunnar væri og farið fram á leiðréttingar í þeim málum, m.a. bent á að vegna gengisskekkju á milli SDR og dollars hefði fiskvinnslan á undanförnum mánuðum tapað 3—400 millj. kr. Eitt af því sem átti að vera bjargráð í fyrra fyrir fiskvinnsluna í landinu var að taka afurðalánin á ákveðnu gengi, ákveðnum gjaldmiðli. Þetta hefur að vísu verið reynt áður en reynst illa. Og enn þá virðist sagan vera að endurtaka sig, að eitt bjargráðið, sem á að vera fiskvinnslunni til hagsbóta, verkar alveg þveröfugt. Þetta er einn af þeim þáttum sem fiskvinnslan óskar nú eftir leiðréttingum á.

Það sem boðið er upp á, að mér skilst, núna síðustu daga er að hver aðili geti óskað haft það gengi sem hann óskar eftir. Hann er ekkert bundinn við það að vera í SDR eða vera í dollar, hann getur valið þar á milli. Mönnum er sagt: Nú getur þú valið þetta sjálfur og ef illa fer þá er það sjálfum þér að kenna. Þetta er einn anginn af frelsinu, hinu góða frelsi.

Ég held að það sé að koma í ljós að þessi breyting, tilfærslan frá endurkaupaskyldu Seðlabankans á afurðalánum í íslenskri mynt, sé að verða einn skatturinn til, einn millifærsluskatturinn til, frá sjávarútveginum hingað á eyðslusvæðið. Kannske þessar 3—400 millj. séu

einhvers staðar til í skotum til þess að hlaupa undir bagga, ja, segjum bara með hluti eins og Hafskipsgjaldþrotið. Beinn skattur, fyrst og fremst af landsbyggðinni, að stærstum hluta frá landsbyggðinni hingað á eyðslusvæðið.

Það væri gaman að heyra frá hæstv. sjútvrh. hverjar undirtektir og hvaða vonir ríkisstj. hefur gefið fulltrúum fiskvinnslunnar, þegar þeir gengu á fund hennar, hver sé von til þess að staða fiskvinnslunnar verði bætt, hver sé von til þess að einhverjar endurgreiðslur komi í sambandi við þetta gengistap, sem fiskvinnslan telur sig hafa búið við, og hvort ríkisstjórnin hafi í hyggju að fella gengið og þá hvað mikið, verða við ósk fiskvinnslunnar í því, eða hverja aðra kosti ríkisstjórnin ætli að nota til að laga þessa stöðu.

Ein frétt sem ekki hefur nú borið mjög mikið á var í fjölmiðlum í gær og að einhverju leyti í dag. Hún er sú að íslensku skipafélögin hafi tilkynnt loðnumjölsframleiðendum að fragt á loðnumjöli skuli hækka um 20%. Við í sjútvn. vorum að gera því skóna, og hv. 8. landsk. þm. var að nefna það hér áðan, að í góðæri eins og nú í sambandi við loðnuveiðarnar væri nú kannske ekki mikil þörf á þessari millifærslu fyrir loðnuna, 6% verðjöfnuninni. En ætli það sé ekki verið með þessari hækkun á flutningsgjöldum að boða það að vinnslan, mjölvinnslan, loðnuvinnslan, fái á sig þarna skell sem réttlæti það, þrátt fyrir mikinn afla, að nauðsynlegt sé að halda áfram með þá millifærslu sem gert er ráð fyrir.

Það væri gaman að heyra hvað hæstv. ráðh. segir um þessa tilkynningu skipafélaganna, hvort hann telur að þarna sé farið að lögum. (**Forseti:** Það er verið að kalla í hæstv. ráðherra.) Ég vildi beina orðum mínum til hæstv. ráðh. og spyrja hann að því í sambandi við þessa tilkynningu skipafélaganna hvort hann teldi hér farið að lögum, þegar hér í hinu frjálsa landi eru stunduð slík viðskipti sem þessi, að heil samtök atvinnuvegar tilkynna um verðhækkun, hvort þetta sé löglegt. Í öðru lagi væri gaman að heyra frá ráðherra hvort þessi flutningsviðskipti hafi ekki verið boðin út á alþjóðamarkaði eða utan íslensku skipafélaganna. Maður hefur heyrt reyndar að það sé gert, en gaman væri að heyra af því hversu mikil áhersla hafi verið lögð á þau útboð, hvort nokkurn tímann hafi komið inn í það dæmi tilboð frá erlendum aðilum og hvort við mættum búast við því að sjá þar einhvern samanburð. Maður hefur heyrt það t.d. að flutningsgjöld til Norður-Noregs, fyrir norðan Bodö, séu mun lægri en til Íslands og enn þá sé haldið uppi þeirri mynd að það sé miklu hættulegra og erfiðara að sigla til Íslands en til Norður-Noregs.

Hv. 8. landsk. þm. vakti athygli á því að með því að flytja fisk út í gámum og selja hann erlendis og miða við söluverðið væri jafnvel verið að hvetja til þess að sá háttur væri hafður á að menn færu í gegnum sín eigin fyrirtæki til að fá annað og hærra verð til millifærslu. Ég ítreka fyrirspurn hv. 8. landsk. þm. um þessa hluti og hvort það sé raunverulega þannig að miðað sé við erlenda söluverðið eða hvort miðað sé við það verð sem fiskverkandinn borgar viðkomandi viðskiptabátum. Það urðu nokkrar umræður um þetta í lok fundar hjá okkur í gær í sjútvn. Það væri gaman að fá hjá ráðherra frekari upplýsingar hér um.

Að sinni vil ég nú ekki lengja þessa umræðu og lýk því máli mínu.

Umr. frestað.

Jarðræktarlög, frv. 178. mál (þskj. 202). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Það er ekki stórmál sem ég flyt hér og mun ekki valda neinum þáttaskilum í þjóðarsögunni en þó engu að síður mikilvægt mál fyrir nokkurn hóp manna og um leið sanngirnismál. Þetta er frv. á þskj. 202 um breytingu á jarðræktarlögum nr. 79 frá 29. maí 1972.

Í VI. bráðabirgðaákvæði laganna er til tekið hvaða styrk fá megi samkvæmt jarðræktarlögum vegna tiltekinna fjárfestinga. Þar er hins vegar ekki getið um þær heyskaparaðferðir sem á því byggjast að binda hey með rúllubindivél og verja það með plastklæðningu. En sú heyskaparaðferð hefur nokkuð rutt sér til rúms undanfarin ár og krefst þess að byggð sé nokkur hlíf utan um rúllubaggana, heygeymsla sem ver baggana fyrir veðri og vindum, kannske fyrst og fremst vindum því þeir munu vera vatnsheldir. Það vill svo einkennilega til að við afgreiðslu jarðræktarlaga á s.l. vetri gleymdist að tiltaka styrkveitingar til bygginga sem breyta þarf eða koma á fót yfir þessa heyverkunaraðferð. Fjárfestingar af þessu tagi eru því ekki styrkhæfar eins og aðrar heygeymslur. Þó er fengin reynsla fyrir því að þetta er ein öruggasta og fljótvirkasta geymsluaðferð sem völ er á, eins og kom í ljós óþurrkasumrin á Suðurlandi árið 1984 og á Norðurlandi árið 1985.

Ég vænti þess fastlega að frv. þetta, sem að sjálfsögðu er gjörsamlega ópólitískt mál, verði tekið til velviljaðrar athugunar í hv. landbn. Frv. er flutt til þess að bæta úr ágalla á lögunum og öll sanngirni virðist mæla með því að hér verði gerð nokkur bragarbót.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. þetta gangi til hv. landbn. að lokinni þessari umræðu.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð.

Eins og mörgum er vafalaust kunnugt hefur nefnd á vegum Búnaðarfélags Íslands setið að störfum um nokkurt skeið vegna endurskoðunar á jarðræktarlögum. Þessi nefnd skilaði áliti til þess búnaðarþings sem síðast sat. Menn vita flestir um framhaldið, þ.e. sú nefnd sem sett var á fót af hálfu ríkisstj. gerði ákveðnar tillögur um breytingar á 10. gr. jarðræktarlaga varðandi framlög til verkefna. Frv. um þetta efni var samþykkt á þinginu í fyrra. Þá var aðeins einn þáttur þess lagabálks tekinn til umræðu og afgreiðslu hér á Alþingi. Jarðræktarlögin eru til endurskoðunar áfram hvort tveggja á vegum þeirrar nefndar sem ég gat um og jafnframt þeirrar nefndar sem ríkisstj. fól að endurskoða jarðræktarlögin.

Þetta mál, sem hér er á ferðinni, um styrkhæfar geymslur vegna plastklæddra rúllubagga, er mér ekki kunnugt um að, eins og komist var að orði, hafi gleymst. Ég geri hins vegar fastlega ráð fyrir því, úr því slík ábending er komin fram með þessum hætti, að málið verði tekið til skoðunar enn frekar. Reyndar hafa þessi mál verið rædd. Það er ekki svo að skilja. En ég held að þau hafi ekki gleymst, eins og hv. flm. þessa frv. komst að orði. Endurskoðunarnefndin mun vafalaust hyggja að þessu máli, en ég vil ekki síst benda á að styrkir voru auknir, aðstoð var aukin vegna byggingar votheysgeymslna með samþykkt þess frv. sem lá fyrir þinginu í fyrra. Í því fólst ákveðin stefna, ef svo má að

orði komast, um heyverkun.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði aðeins að segja örfá orð, koma þessu að. Deildin hefur takmarkaðan tíma, eins og fram hefur komið, og ég læt þetta nægja.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég fagna hverri þeirri viðleitni og tillögu sem fram kemur, bæði hér á Alþingi og annars staðar, og miðar að því að treysta grundvöll í landbúnaði. Að sjálfsögðu felst það í því að nýta sem best og með sem bestri hagkvæmni þær nytjar sem af löndum okkar berast. Þess vegna er ég þakklátur flm. þessa frv. fyrir að hún skuli hafa verið lögð fram.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni hefur verið starfandi milliþinganefnd búnaðarþings sem hefur fjallað um endurskoðun á jarðræktarlögunum. Það verður að segjast eins og er að síðasta búnaðarþing komst ekki að sannfærandi niðurstöðu og af þeirri ástæðu var gripið til þess ráðs að gera bráðabirgðabreytingar á jarðræktarlögunum á síðasta Alþingi, í lok þess þings. Mér er kunnugt um að milliþinganefndin hefur haldið áfram störfum sínum og mun væntanlega skila áliti fyrir næsta búnaðarþing. Þá tekur hún væntanlega í tillögum sínum mið af eða til umfjöllunar þær ábendingar sem hér voru reyndar lögfestar til bráðabirgða á síðasta vori.

Ég tel alveg sjálfsagt að þessi tillaga berist inn í þá umræðu og með því að það má ætla að jarðræktarlögin verði í umfjöllun þessarar mefndar þar til búnaðarþing hefur störf sín mun ég gera ráðstafanir til þess, ef mögulegt er, að koma þessari tillögu þangað til umfjöllunar svo að hún geti fengið þar eðlilega skoðun eins og önnur þau mikilvægu atriði sem þessi mál varða.

Það er hárrétt, sem fram kom hjá flm. áðan, að hér er áreiðanlega um að ræða heyskaparaðferð sem er að öryggi til framar flestum öðrum aðferðum sem við höfum beitt. Hins vegar er hún eigi að síður vandasöm. Þessi búnaður er viðkvæmur og því miður má sjá þess mörg dæmi að hey unnin með þessari heyskaparaðferð og þeim búnaði sem honum fylgir þoli ekki vetrarveður undir beru lofti. Það er nauðsynlegt að fram fari mat á því hvaða stöðu við eigum að velja þessari heyskaparaðferð í landbúnaði og þá jafnframt með hvaða hætti ríkisvaldið eigi að ganga þar á mót. Ég tel að það séu einmitt góðar aðstæður, með tilliti til þeirrar umfjöllunar sem fer fram um jarðræktarlögin, að meta þær aðstæður um þessar mundir.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð um frv. sem hér er rætt.

Þá vil ég beina spurningu til hæstv. landbrh.: Er ekki í bígerð að leggja slíka styrki niður? Er ekki nú þegar búið að byggja nóg af heygeymslum og garðávaxtageymslum þannig að hægt sé að leggja slíkt niður? (Gripið fram í.) Ég geri mér fulla grein fyrir því að hv. 11. landsk. þm. er ekki búinn að byggja sé geymslu fyrir plastklædda rúllubagga, en tel að það komi þessu máli ekki sérstaklega við.

Ef bændur vilja breyta sinni heyverkun geta þeir væntanlega breytt sínum heygeymslum þannig að þeir geti geymt plastklædda rúllubagga í þeim geymslum. En það mun mjög erfitt að geyma slíka bagga í súrheysturnum. Það er mér fyllilega ljóst. Það mundi jafnvel ekki nýtast fyrir hv. 11. landsk. þm. En það kemur þessu máli ekkert við.

Í öðru lagi: Ef ekki á að fella þessa styrki niður væri þá ekki rétt að styrkja þær verksmiðjur sem framleiða fóður til loðdýraræktar? Ekki getum við byggt upp loðdýrabú hér á landi ef enginn getur framleitt fóður ofan í loðdýr. Eins og hæstv. ráðh. er eflaust kunnugt um standa verksmiðjur sem framleiða fóður til loðdýra mjög höllum fæti í dag. Það eru styrkir á styrki ofan til að byggja og byggja yfir dýrin, en ekkert komið til móts við þá sem ætla að framleiða fóður ofan í þau. Það má því ýmsu breyta í núverandi kerfi okkar og ýmislegt sem má alveg missa sig.

Ég ætla ekki að fara út í langa umræðu að þessu sinni, en við eigum eflaust margt órætt um þessa hluti, ég og hv. þm. Egill Jónsson.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að það dró ský fyrir sólu, í smávonarglætu sem örlaði fyrir þegar framleiðsluráðslögin flugu fyrir í fyrra. Ég vil andmæla þeim sem töluðu á undan mér og sögðu að það frv. hafi legið fyrir hv. þingdeild. Það var alla vega mjög stutt lega. Þar sannaðist enn einu sinni að það ætlar að verða langt í að íslenskum ráðamönnum, og þá sérstaklega ráðamönnum íslensks landbúnaðar, verði það ljóst sem er líklega einhver einfaldasta setning í hagfræði og ekki frá mér komin heldur frá vestfirskum fjárbónda: „Það er takmarkað hvað er hægt að snúast í kringum eina rollu þannig að hún gefi eitthvað af sér.“ Þrátt fyrir útflutningsuppbætur, þrátt fyrir niðurgreiðslur og þrátt fyrir styrki ætlar mönnum ekki að lærast þessi einfalda lexía.

Ég hafna þeim hugmyndum, sem komu fram hjá hv. 11. landsk. þm., þegar hann lýsti skoðunum sínum á þessu frv. þar sem hann talaði um að skoða það, leggja það fyrir búnaðarþing og kanna málið. Ég tel að þegar frv. af þessu tagi eru komin fram, sem gefa mönnum einhverjar vonir um einhverja styrki einhvers staðar, sé það ekki nema siðferðilega rétt af okkur gagnvart þessum aðilum að afgreiða slík frv. nokkuð hratt og örugglega, að sjálfsögðu ekki án skoðunar, en þó þannig að menn fái svör við sínum væntingum sem allra fyrst. Annars lifa menn í voninni um eitthvað sem aldrei verður eða kannske verður. Með því að viðhafa þau vinnubrögð sem hv. 11. landsk. þm. lagði til eru að minnsta kosti tveir vetur í það að þetta frv. komist inn á fjárlög og þá til framkvæmda. (**EgJ:** Það er grundvallarmisskilningur.)

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir þá ábendingu sem hann hefur komið á framfæri um að skýrari ákvæði þurfi í jarðræktarlögum til að hægt sé að haga þar málum í samræmi við nýjustu tækni á því sviði sem frv. fjallar um. En það hefur verið rakið hér hvernig þau mál eru í athugun. Vegna síðustu orða hv. 8. þm. Reykv. vil ég aðeins leggja áherslu á að ætlunin er að frv. til breytinga á jarðræktarlögum komi fyrir þetta þing og þar verði haldið áfram í þá átt sem stefnt var í með bráðabirgðabreytingunni á s.l. vori.

Ég vil líka þakka hv. 8. landsk. þm. fyrir áhuga hennar á stuðningi við nýjungar í landbúnaði og þá sérstaklega þá atvinnugrein sem nú er í örastri uppbyggingu og vexti, þ.e. loðdýraræktin, en jafnframt leiðrétta þann misskilning að fóðurstöðvarnar hafi ekki notið neins stuðnings. Það er alveg rétt að þær eiga í nokkrum

erfiðleikum þar sem þær þarf að byggja upp áður en loðdýrabúin eru farin að skila afrakstri, en stuðningur þar er verulegur úr Framleiðnisjóði í samræmi við þau markmið sem hann hefur. Út á vélar og tæki er veitt framlag sem nemur 45% af stofnkostnaði. Ég held að ekki sé hægt að segja að þar sé ekki um neinn stuðning að ræða. En það er alveg rétt að fóðurstöðvarnar eiga í nokkrum vanda vegna þess að uppbygging þeirra verður að vera örari en markaðsþörfin hverju sinni. Það er því, eins og fram kom í orðum hv. 8. landsk. þm., þörf fyrir stuðning við nýjar búgreinar, en samt sem áður ekki ætlunin að leggja hinar hefðbundnu niður. Við viljum styðja nýjar búgreinar og álitlegar og halda áfram þeirri stefnu, sem mörkuð var í vor, að breyta ákvæðum jarðræktarlaga eins og annarra laga í samræmi við breyttar aðstæður og þarfir hverju sinni þó að þar verði ekki allt fellt niður.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Í jarðræktarlögum er kveðið á um styrki, ef ég man rétt, sem muni nema rúmum 19 millj. til nýrra búgreina eins og loðdýraræktar. En hér erum við að ræða framlög sem í heild sinni eru í kringum 140 millj. Mín spurning var sú hvort ekki væri kominn tími til að fella niður styrki til þeirra hefðbundnu búgreina sem við búum nú við, hvort það væri ekki búið að byggja nú þegar nógu margar hlöður, garðávaxtageymslur, fjós eða hverju nafni sem þessar byggingar nefnast, hvort nú þegar væri ekki búið að byggja yfir hefðbundinn búskap og m.a.s. miklu fleiri hús en við höfum þörf fyrir og hvort ekki væri tími til kominn að leggja þá mun meiri áherslu á nýjar greinar en nú er gert í framlögum ef á að halda þessum styrkjum áfram. Mér finnst rétt að stutt sé við bakið á nýjum búgreinum, helst með lánafyrirgreiðslu en ekki ríkisframlögum, vegna þess að við eigum þó á endanum að miða við það að þessar búgreinar standi undir sér. Ég vil endilega fá skýr svör frá hæstv. ráðh. um þetta atriði.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þann stuðning sem fram hefur komið í þessum umræðum hér við þessa till. og vænti þess fastlega að hún verði tekin til jákvæðrar athugunar. Ef ríkisstj. hyggst leggja fyrir þingið frv. að nýjum jarðræktarlögum þar sem vikið væri að þessum vanda þá er það auðvitað ágætt út af fyrir sig. En ef það kynni hins vegar að dragast þannig að ekki yrði nein breyting á jarðræktarlögunum á þessum vetri mundi ég mjög eindregið óska eftir því að menn tækju til velviljaðrar athugunar að afgreiða þetta frv. sér á parti nú í vetur.

Það hefur orðið hér svolítil umræða um það hvort stefnan í sambandi við styrki til jarðræktar sé rétt eða röng og hvort ekki væri hyggilegra að verja þessu fé með öðrum hætti en gert er. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel að vel komi til greina að endurskoða þessi mál. Það má vel vera að það ættu að vera aðrar áherslur á þessu sviði en nú eru og að nýjar búgreinar og nýjungar í íslenskum landbúnaði ættu að njóta miklu meiri stuðnings en þær gera nú.

En ég vek á því athygli að þetta frv. fjallar eiginlega fyrst og fremst um jafnrétti, þ.e. að þessi sérstaka heyskaparaðferð, sem ekki er hefðbundin heldur nýtískuleg, njóti sama réttar og aðrar heyskaparaðferðir. Meðan veittur er styrkur til hlöðubyggingar eða til votheysturna eða til að geyma vothey á annan hátt er nauðsynlegt að veita samsvarandi stuðning til þessara heyskaparaðferða því að annars væri verið að mismuna mönnum og mismuna aðferðum. Þá yrði ekki hin æskilegasta þróun í landbúnaðinum ef menn veldu ekki hverju sinni þá heyskaparaðferð, sem þeir hefðu sannfæringu fyrir að hentaði sér best, bara vegna þess að lögin væru svona eða hinsegin, það vantaði í þau eitthvert lítið ákvæði sem setti allar þessar heyskaparaðferðir nokkurn veginn á sama bekk.

Ég held að það væri mjög óheppilegt ef langur tími liði áður en þessu yrði breytt og þeir sem ætluðu sér að prófa þessa aðferð mundu falla frá því vegna þess að hún er sú eina sem ekki nýtur neins stuðnings. Það sjá allir að það væri mjög óheppileg þróun og óeðlileg auk þess sem þar væri verið að mismuna einstaklingum.

Ef menn aftur á móti ákveða að engir styrkir skuli ganga til þessara verkefna, til þessara fjárfestinga, þá hefur það sinn gang og þá er auðvitað ekki lengur verið að mismuna einum eða neinum. En meðan þessir styrkir eru á annað borð veittir verður eitt yfir alla að ganga og eitt yfir allar heyskaparaðferðir að ganga.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég skil vestfirska bóndann vel sem fannst ekki taka því að snúast svo mikið í kringum eina rollu, eins og hv. þm. Stefán Benediktsson var að hafa eftir áðan. Mig undrar það reyndar ekkert þótt hann eigi auðvelt með að setja sig í spor þessa vestfirska bónda því að það eru ekki svo stórar hjarðir sem BJ þarf að stikla í kringum um þessar mundir. En af því að BJ á nú æði marga ferðina í ræðupontu um þessar mundir vildi ég benda þessum virðulegu þm. á að hafa þangað meðferðis alveg einföldustu röksemdir þannig að réttar séu.

Sú venja hefur tíðkast að afgreiða jarðræktarlög ekki öðruvísi en að búnaðarþing hafi fjallað um þau. Búnaðarþing fjallar um jarðræktarlögin væntanlega á fundum sínum í febrúarmánuði n.k. og það er nægilegur tími sem eftir er vetrar til að ganga frá afgreiðslunni hér á Alþingi. Það þurfa ekkert að líða svo og svo margir vetur þess vegna.

Það er líka vert að benda BJ á að ekki dugir að lesa jarðræktarlögin eins og ákveðin persóna les biblíuna, aftur á bak. Það stendur hvergi í þeim að það eigi að verja 19 millj. til nýrra búgreina eða loðdýraræktar, hvergi nokkurs staðar og hefur aldrei staðið þar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara út í almenna landbúnaðarumræðu í tengslum við þetta litla mál sem mér finnst reyndar svo sjálfsagt að styðja og að nái hér í gegn á eðlilegum tíma. Ég kem hér aðallega upp vegna þess að hv. 8. landsk. þm. benti á að ekki hefði verið staðið nógu vel að uppbyggingu fóðurstöðva, m.a. að lánveitingar hefðu verið í lágmarki og styrkir til þeirra. Það mun vera rétt.

Ég held að þegar menn fóru að huga að loðdýrarækt hér á landi hafi menn í raun og veru ekki horft nógu mikið til þessa nauðsynlega þáttar sem eru fóðurstöðvarnar, þeir hafi að miklu leyti gleymt þeim, því miður. Þær hafa þess vegna komið á eftir og ekki verið hugað nægilega að því að styðja þær. Eins og oft gerist þegar menn byrja á einhverju nýju huga þeir ekki að öllum þáttum í einu og byrja kannske ekki á réttum enda. Hins vegar held ég að á þessu hafi orðið virkileg

breyting. Ég kom hér kannske fyrst og fremst upp til að segja að nú nýlega samþykkti stofnlánadeild landbúnaðarins að hækka verulega lánveitingar til fóðurstöðva, eða upp í 60% af kostnaði við húsin og 50% áfram út á vélar og tæki. Lánsfyrirgreiðsla í sambandi við fóðurstöðvarnar af hálfu stofnlánadeildar landbúnaðarins er því nú eins og hún gerist best í landbúnaðinum yfirleitt.

Ég ætla ekki að fara út í almennar umræður hér um þetta enda þótt vissulega sé ástæða til þess enda skildi ég umræðuna þannig á s.l. vori að til stæði að færa styrkina í íslenskum landbúnaði enn frekar yfir á nýju búgreinarnar. Ég treysti því að bæði hæstv. landbrh. og aðrir þeir, sem að þeim málum starfa, vinni að því að færa þær styrkveitingar enn frekar í þá átt vegna þeirra erfiðleika sem eru í hinum hefðbundna búskap. Hins vegar vara ég við því að hægt sé að afskrifa framkvæmdir og fjárfestingar í hinum hefðbundna búskap með öllu eins og stundum heyrist á ræðumönnum hér og annars staðar. Vissulega þarf þar eðlilega endurnýjun, bara rétt aðeins til að halda í horfinu þó að ekki sé annað gert. Ég vara þess vegna við því, þó að við leggjum áherslu á nýjar búgreinar, að við göngum út frá því sem vísum hlut að við þurfum engu fjármagni að verja til hins hefðbundna búskapar, hvorki til framkvæmda, ræktunar eða neins annars, því að í því sem öðru þarf eðlilega endurnýjun og því megum við ekki gleyma.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég get tekið undir orð síðasta ræðumanns um þá stefnu sem fólst í breytingunni í vor á jarðræktarlögunum. Það sem ég hélt að ég hefði sagt hér í máli mínu áðan var að verið væri að reyna að breyta þeim í samræmi við þarfir nútímans. Hins vegar má ekki alveg gleyma þeim búgreinum sem vissulega halda áfram að vera mikilvægastar í okkar landbúnaði. En það á að halda áfram að endurskoða jarðræktarlögin, eins og hér hefur komið fram og þar verður, vænti ég, fylgt þessari stefnu, að auka stuðning við nýjar búgreinar.

Eins og hér hefur komið fram er stuðningur við fóðurstöðvarnar orðinn eins og hægt er að reikna með. En það eru alltaf erfiðleikar fyrstu rekstrarárin. Hins vegar er það svo að uppbyggingarþörf fóðurstöðvanna er meiri en menn reiknuðu með þegar af stað var farið þar sem áhugi fyrir þessari nýju búgrein er meiri. Það kemur fram í því að á þessu ári er búið að veita 169 ný loðdýraleyfi auk þess sem á milli 30 og 40 þeirra, sem þegar eru farnir af stað, hafa óskað eftir stækkun á sínum búum. Þörf fyrir aukna afkastagetu í fóðurstöðvunum er því mjög mikil.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að þreyta kapp við hv. 11. landsk. þm. um það hvar og hvernig fjöldi atkvæðanna liggur. En ég vona þó að vegur BJ verði aldrei svo bágur að það hali ekki inn fleiri atkvæði en hv. þm. Mér fannst þegar hann fór að tala um röksemdafærslu bregða fyrir því, sem svo oft örlar á í máli hv. þm., að hans röksemdafærslur eru nokkuð pottþéttar innan mjög ákveðins og lokaðs ramma.

Það er greinilegt að hann áttar sig í fyrsta lagi ekki alveg á því hvor ræður hér á landi, Alþingi eða búnaðarþing. Þó að Búnaðarþing samþykki hugmynd sem þessa er alls ekki loku fyrir það skotið að Alþingi hafni henni. En segjum sem svo að hún yrði að lögum er hún eftir sem áður ekki annað en réttur eða heimild og enn þá er eftir að gera ráð fyrir henni í fjárlögum, í framlögum Alþingis, því að ekki býst ég við að það sé svo mikið umfram í þeim framlögum að menn geti farið að taka tillit til hluta sem þeir ekki tóku tillit til áður. Mér hefur ekki heyrst það á fulltrúum bænda hér á þingi, þegar þeir koma hér í ræðustól, að það sé ofgert við þá. Það þýðir að þessi réttur verður í raun og veru ekki nýtanlegur fyrr en eftir samþykkt næstu fjárlaga, þ.e. á árinu 1987, og þá eru liðnir tveir vetur frá því að mælt var fyrir þessu máli.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal gera örstutta athugasemd. Hv. 11. landsk. þm. taldi mig hafa farið rangt með, taldi mig hafa sagt að í ákvæðum núgildandi jarðræktarlaga væri kveðið á um 19 millj. til loðdýraræktar. Það er nú einu sinni svo að þegar nefndir fá lagafrv. á sín borð er oft spurst fyrir um það hvað ákvæði laganna kosti mikið fjármagn úr ríkissjóði. Við fengum þær upplýsingar á okkar borð að þetta ákvæði í lögunum mundi kosta sem svaraði um 19 millj. kr. Ég hef þá mismælt mig ef ég hef sagt að það stæði í lögunum. En ég tel mig fara með rétt mál. Hvort þarna munar einni milljón til eða frá skal ég ekki fara með, en þetta eru u.þ.b. stærðirnar. Við fengum upplýsingar um það frá ráðuneytinu hvað þetta ákvæði mundi kosta ríkissjóð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, stjfrv. 168. mál (þskj. 188, n. 229). — Frh. 2. umr.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að sú frestun, sem hefur átt sér stað á þessu frv., hlaut að verða vegna þess að beint hafði verið mörgum spurningum til hæstv. sjútvrh. En nú er hann kominn, hann þurfti að vera í Nd. vegna atkvæðagreiðslu.

Hvað varðar þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá hef ég skrifað undir það með fyrirvara. Það eru ýmis atriði í frv. sem eru andstæð því sem maður hefði helst kosið. Hitt er annað að ég tel að það sé ekki annað að gera en að samþykkja það eins og það liggur fyrir. Það verður vart hægt að breyta því nú að tekið sé fram hjá hlutaskiptum en því hefur oft verið mótmælt af hálfu sjómannasamtakanna. Hitt er annað að við lítum björtum augum til þeirrar endurskoðunar sem nú er hafin á sjóðakerfinu og ég vænti þess að hún hafi það í för með sér að þetta millifærslukerfi verði lagt niður að öllu eða mestu leyti.

Það heyrist oft í umræðum hér og víðar í þjóðfélaginu að sjávarútvegurinn gangi á styrkjum, ríkið styrki sjávarútveginn o.s.frv. Það er ákveðinn vælutónn í þessu hjá fólki sem ekki gerir sér grein fyrir því að íslenskur sjávarútvegur nýtur engra styrkja. Ef sjávarútvegur væri styrktur væri afskaplega lítilfjörlegt mannlíf hér á Íslandi því að vissulega er það staðreynd að við lifum á sjávarútvegi.

Það hefur flest komið fram af því sem ég ætlaði að ræða hér, eins og t.d. ónákvæmni í áætlunum. En eitt

atriði vil ég gera að sérstöku umtalsefni. Það er sagt frá því hér að 1% verði lífeyrisframlag úr áhafnadeild til lífeyrissjóða sjómanna. Ég vil vekja athygli á því að þetta er svo til nýtt ákvæði sem varð til í kjarasamningum sjómanna í vetur og varð mjög til þess að liðka fyrir deilu sem sjómenn áttu í við útvegsmenn. Ég tel sérstaka ástæðu til þess hér að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það hvernig hann stóð að málum í þeirri kjaradeilu. Ég tel að hans afskipti hafi verið mjög af því góða og hjálpað til við lausn þeirrar erfiðu deilu. Það er oft þagað yfir því sem vel er gert en ég vil að þetta komist hér á framfæri vegna þess að þannig sneri það við okkur sem stóðum að þessum kjarasamningum.

Þá er það og rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl., að nafnið á þessum lögum er alveg út í hött. Þetta er ekki í takt við tímann. Aflatryggingasjóður er liðin tíð, sjóðurinn er millifærslusjóður sem á ekkert skylt við þetta nafn.

Hér hefur verið spurt að ýmsu sem sjútvrh. svarar sjálfsagt á eftir, t.d. varðandi fiskvinnsluna, hvað hún hafi farið fram á og hvernig eigi að koma til móts við þá erfiðleika sem þar ríkja. Það er háðulegt fyrir okkur Íslendinga að meðan afli er í hámarki, verðlag í hámarki skuli útgerðin og fiskvinnslan vera á vonarvöl. Ég veit ekki hvort hægt verður að svara því nú en mjög væri fróðlegt að vita hvernig á að taka á þessum málum. Það er fróðlegt fyrir okkur sem búum á þeim stöðum þar sem hvert fyrirtækið á fætur öðru leggur upp laupana og fólkið, sem í þeim starfar, hefur þurft að leita til Atvinnuleysistryggingasjóðs til að hafa ofan í sig og á. Ég vænti þess að einhver svör komi við því.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að biðja hæstv. þingdeild afsökunar á því hvað ég hef þurft að vera hér á hlaupum. Ekki er betra að ég hef einhvers staðar skilið punktana mína eftir með spurningunum. Ég vænti þess að ég muni þær nokkurn veginn en bið hv. fyrirspyrjendur þá að leiðrétta það og koma því á framfæri ef það er ekki rétt munað.

Í fyrsta lagi vildi ég aðeins nefna það varðandi nafnið á þessu frv. að það er þannig tilkomið að 1984 var talið að hér væri almennur aflabrestur í landinu og þá var ákveðið að gera þá breytingu að greiða almennar bætur úr Aflatryggingasjóði og leggja af hinar sérstöku bætur. Ég er þeirrar skoðunar að þessi breyting hafi verið að mörgu leyti til góðs því að þó að í mörgum tilfellum þurfi einstakir aðilar og einstakir staðir á bótum að halda er enginn vafi á því að það fyrirkomulag var misnotað af nokkrum aðilum og var mjög um það rætt. Það hafa að mínu mati ekki komið upp mörg sérstæð vandamál vegna þessarar breytingar. Almennt séð tel ég því að þetta hafi verið til góðs.

Hitt er svo annað mál að þegar afli tekur að aukast aftur má það vel vera rétt að hér sé ekki um rétt nafn að ræða. Hins vegar fara þessar greiðslur í gegnum Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og þar af leiðandi er þetta frv. breyting á lögum um Aflatryggingasjóð.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir spurðist fyrir um beiðni fiskvinnslunnar um lagfæringar og vildi ég aðeins reyna að svara því. Í fyrsta lagi bað fiskvinnslan um að endurgreiddur uppsafnaður söluskattur kæmi beint til hennar en ekki til Aflatryggingasjóðs og síðan til útgerðarinnar á árinu 1986. Því hefur að sjálfsögðu verið svarað neitandi vegna þess að þetta frv. gerir ráð fyrir öðru, enda verður vart séð hvaða bati væri í því fyrir fiskvinnsluna vegna þess að það má einfaldlega gera ráð fyrir því að það hafi tilsvarandi áhrif á fiskverð og það verð sem fiskvinnslan þarf að greiða fyrir fiskinn.

Í öðru lagi fóru þeir þess á leit að reynt yrði að leiðrétta það misgengi sem hefur orðið milli SDR og dollars, en SDR-myntin hefur breyst um u.þ.b. 13% á árinu 1985 á sama tíma og dollar hefur breyst um liðlega 2%. Þetta hefur orðið til þess að þeir, sem selja afurðir sínar fyrst og fremst í dollurum en hafa tekið lán í SDR, hafa orðið fyrir umtalsverðu tapi.

Nú er það svo að viðskiptabankarnir hafa tekið lánin í svipuðum myntum og SDR-myntin er byggð upp á. Þeir telja sig því ekki hafa haft nokkurn hag af þessum viðskiptum. Ríkisstj. hefur hins vegar beint því til Seðlabanka að hann láti fara fram útreikning á því hversu mikill mismunur hér er og hvaða leiðir séu færar í því að leiðrétta hann að einhverju leyti og einnig að koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig. Það liggur ekki fyrir niðurstaða í því en það mun verða reynt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt og reyna að bæta það sem orðið er.

Það er mjög slæmt hversu langan tíma það hefur tekið að útflutningsatvinnuvegirnir geti valið um myntir en sú er orðin raunin nú. Það er m.a. vegna þess hversu langan tíma það hefur tekið hjá bönkunum að gera þá breytingu.

Að því er varðar skoðanir fiskvinnslunnar um rekstrartap er það ekki alveg samdóma álit annars vegar þeirra og hins vegar Þjóðhagsstofnunar hversu mikið þetta tap er. Þeir gera ráð fyrir 8—9% tapi en Þjóðhagsstofnun 2—3%. Í því sambandi verður að sjálfsögðu að líta til heildarafkomunnar því að mörg af þeim fyrirtækjum, sem um er talað, eru bæði í útgerð og fiskvinnslu. En hvað svo sem má um þessar prósentur segja er tapið umtalsvert og það er engin einföld leið til að lagfæra þá stöðu.

Vissulega hefur gengið sigið. Þótt dollarinn hafi nú aðeins breyst, um rúm 2%, hefur gengið sigið á árinu og það hefði vissulega þurft að síga meira til að koma til móts við það áfall sem fall dollarans hefur orðið þjóðarbúinu. En þá kemur hin stóra spurning: Er það ásættanlegt í því tekjuskiptingarvandamáli sem við eigum við að stríða? Það eru engin áform um það að frekari gengissig eigi sér stað og þar af leiðandi hefur ríkisstj. ekki á nokkurn hátt orðið við þessari beiðni fiskvinnslunnar.

Að því er varðar spurninguna um hvort það sé í síðasta skipti sem frv. sem þetta sé flutt get ég að sjálfsögðu ekki fullyrt um það. Það fer eftir því hvort takast mun að taka upp virðisaukaskattskerfið í ársbyrjun 1987, sem ég vænti að muni gerast. Ég bendi hins vegar á að það er eftir að vinna allverulega í því máli hér á Alþingi. Einnig er það háð því hvernig til muni takast með þá endurskoðun á sjóðakerfinu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði um það mál, að jafnvel þótt ég vildi gjarnan að þeirri endurskoðun lyki sem fyrst verður ekkert um það fullyrt.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir spurði hvort ekki væri óeðlilegt að greiða uppbót á loðnu og karfa o.s.frv. Ég vil taka það fram að útgjöld verðjöfnunardeildar byggjast fyrst og fremst á óskum seljenda og kaupenda í

þeim efnum. Það gerist nefnilega þannig að í fiskverðssamningum senda aðilar sjútvrn. bréf og óska eftir því að uppbætur séu ákvarðaðar með tilteknum hætti. Það hefur oftsinnis komið fyrir að sjútvrn. hefur spurt hvort ekki sé hægt að hafa það eitthvað aðeins öðruvísi en í öllum tilvikum farið eftir þeirri niðurstöðu sem kaupendur og seljendur hafa komið sér saman um. Það á við t.d. um loðnu.

Ég bendi á að mjölvinnslan á verulegan hlut í uppsöfnuðum söluskatti eða 190 millj. áætlaðar 1986. Þar af leiðandi er eðlilegt að loðnan og loðnuskipin fái hlutdeild í þessum greiðslum. Ef þær greiðslur ættu sér ekki stað þyrftu verksmiðjurnar væntanlega að greiða hærra verð. Það sama má segja um karfann. Að sjálfsögðu má um það deila hvort þessar uppbætur séu ekki of háar, en það er í samræmi við þær niðurstöður sem hafa verið í verðlagningu.

Hv. þm. Skúli Alexandersson spurði um flutninga á mjöli. Ég verð að viðurkenna að mér er allsendis ókunnugt um þau mál. Ég heyrði það í fréttum í gær eins og hann en get tekið undir það með honum að ég tel líklegt að það stangist á við lög um samkeppni og viðskiptahætti að skipafélög komi sér saman um slíka verðhækkun. Ég hef a.m.k. trúað því fram að þessu að mörg skipafélög séu trygging fyrir því að nokkur samkeppni sé milli þeirra. Væntanlega gæti slíkt orðið til þess að viðkomandi vinnslur eða loðnubræðslur leituðu til annarra aðila um flutninga, sem væri mjög miður. En mér fannst þessi frétt hljóma nokkuð óeðlilega.

Að lokum vildi ég taka undir það með hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni að það 1% lífeyrisframlag, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er mjög mikilvægt. Ef uppsafnaður söluskattur fellur niður sem greiðsla til Aflatryggingasjóðs og rennur beint til vinnslunnar verður ekki lengur séð fyrir þessu fé. En ég tel að þannig hafi verið gengið frá samningum milli útvegsmanna og sjómanna að gera verði ráð fyrir því að ef það gerist verði útvegsmenn að bera þessar lífeyrisgreiðslur. Hér er um það að ræða að sjómenn fái svipaðan lífeyrisrétt og aðrir launþegar. Það hefur verið til mikillar skammar hvernig þeirra lífeyrismálum hefur verið háttað og var þessi leiðrétting að mínu mati bráðnauðsynleg og í reynd sjálfsögð því að það er ekki hægt að ætlast til þess að sjómenn sætti sig við að búa við mun lakari lífeyrisrétt en aðrir landsmenn.

Ég vænti þess að ég hafi svarað í flestu þeim fyrirspurnum, sem til mín hefur verið beint, eftir því sem mér er unnt. Ef svo er ekki vænti ég þess að það verði hér leiðrétt.

Frsm. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin en ítreka eina spurningu. Það er eðlilegt að hann sé ekki með þær allar í kollinum nú þegar mikið hefur verið að gera í sjávarútvegsmálum í báðum deildum á sama tíma. En það er varðandi uppbæturnar á þann fisk sem annars vegar er fluttur í gámum beint af útgerð og hins vegar í gegnum fiskvinnslu. Það var eilítil umræða um þessi atriði í hv. sjútvn. en sökum tímaskorts lauk þeirri umræðu ekki með neinum sérstökum niðurstöðum.

Þetta frv. er búið að vera mjög skamman tíma hér til meðferðar. Ég hef ekki séð neina ástæðu til að standa í veginum fyrir því að það verði afgreitt þrátt fyrir að ég sé mótfallin frv. En mér finnst þó mikilvægt að vita nokkurn veginn hvernig að þessum málum er staðið því að mér skildist að það væri mjög misjafnt, eftir því hver væri útflutningsaðilinn, hvernig þessum greiðslum væri háttað. Mér finnst því mikilvægt að fá greinargóð svör við því atriði.

Annað atriði: Ef aðilar koma sér saman í samningum um fiskverð, af hverju tekst þeim alltaf að blanda ríkinu þar inn á milli? Þeir einfaldlega semja sín á milli og segja: Ef ríkið er tilbúið til að koma til móts við okkur með því að borga 4% hér og 3% þar og sérstaklega til að taka hluta af því fram hjá skiptum — það má m.a.s. stýra því í einhvern sjóðinn, neyðarsjóðinn — þá geta þeir sætt sig við niðurstöður um fiskverð. Þetta eru atriði sem við eigum að afnema. Þessir aðilar eru ábyrgir fyrir þeim samningum sem þeir gera sín á milli og þeim á ekki að takast að blanda ríkinu alltaf inn í dæmið.

Það hefur sýnt sig undanfarin ár að þetta hefur ekki leyst nokkurn vanda. Vandinn hleðst alltaf upp því að raunverulega veit enginn hvað það er sem stendur undir sér. Það er alltaf hlaupið í einhvern sjóð og hann grípur inn í dæmið. Þar af leiðandi vitum við ekki hvaða útgerðarhættir bera sig best á Íslandi. Ef það er ekki úthlutun kvóta þá er það bara samningur um fiskverð og millifærslur úr sjóðum.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það var aðeins um Aflatryggingasjóð. Ég held að mér hafi ekki misheyrst að hæstv. sjútvrh. hafi látið þau orð falla að sá sjóður hafi verið í einstaka tilfellum misnotaður. Ég ætla ekki að dæma um það hvort svo hafi verið, vel má það vera. Það gerist því miður oft með kerfi eins og var í kringum Aflatryggingasjóð að þau eru misnotuð. Ég veit ekki hvort ég á að orða það svo að ég fagni því að sjútvrh. skuli halda þessu fram vegna þess að með trú sinni á það að Aflatryggingasjóður hafi verið misnotaður, það kerfi sem þar var byggt upp, er hann kannske að viðurkenna hitt um leið, að vissir þættir af fiskveiðistjórn þeirri sem beitt hefur verið séu og hafi verið misnotaðir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:2 atkv.
2. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Fimmtudaginn 12. des., að loknum 27. fundi.

Sala Kröfluvirkjunar, stjfrv. 121. mál (þskj. 258). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Skráning skipa, stjfrv. 84. mál (þskj. 260). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sóknargjöld, stjfrv. 150. mál (þskj. 259). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, stjfrv. 168. mál (þskj. 188). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér við 3. umr. að flytja brtt. vegna fyrirsagnar þess frv. sem hér er verið að fjalla um. Ég tel að sú brtt. hafi við nokkuð að styðjast því að það hefur komið fram í máli þeirra manna sem hér hafa rætt af miklu viti um þetta frv. að nafnið gefur ekki lengur til kynna til hverra verka þetta frv. er ætlað. Lögin hafa breytt um hlutverk í raun og veru. Þau sinna ekki lengur því hlutverki sem þeim var upphaflega ætlað, heldur öðru hlutverki. Það hlýtur að vera krafa sem Alþingi gerir til sín að fyrirsagnir frumvarpa gefi raunverulega til kynna hvert hlutverk þeirra laga er sem þessum frumvörpum er ætlað að verða að. Því hef ég leyft mér að bera þessa brtt. fram, virðulegi forseti, sem að vísu verður að leita afbrigða fyrir til að koma megi til umræðu og atkvæðagreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 263, sem var of seint fram komin, samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég tel að það nafn sem Aflatryggingasjóður ber sé fullkomlega viðeigandi og ég tel það afar slæmt að þm. skuli í fljótræði bera fram till. um að breyta nafni Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins og á honum að skilja að það sé e.t.v. gert í háðungarskyni. Það er mjög til siðs að tala um að það sé óeðlilegt að færa fé í milli og það er talað um millifærslur í háðungarskyni.

Ég teldi það afar alvarlegt ef væri farið að breyta því virðulega nafni sem Aflatryggingasjóður ber. Það hefur verið verulegur aflabrestur í landinu. Það sem hefur hins vegar gerst er að hér er um almennar bætur að ræða en ekki sérstæðar og ættu því að vera meira í anda þess, sem flokkur hv. þm. Stefáns Benediktssonar hefur boðað, að það ættu ekki að vera sérstæðar millifærslur heldur almennar millifærslur. Ég teldi það mjög slæmt ef yrði farið að breyta þessu ágæta og virðulega nafni þessa sjóðs sem starfar í húsakynnum Fiskifélags Íslands.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hér er komin fram brtt. um að breyta heiti frv. og kalla það millifærslusjóð sjávarútvegsins. Hér er raunverulega um rétt nafn að ræða á þessu og að mörgu leyti er háðungin frekar sú að frv. skuli heita frv. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Eins og hæstv. sjútvrh. sagði áður í fyrri ræðu sinni er hlutverki þess sjóðs lokið, m.a. vegna þess að honum var stundum misbeitt, þannig að nafnið á frv. er rangt.

Ég get svo aftur á móti tekið undir að mér finnst nafngiftin í sjálfu sér, millifærslusjóður sjávarútvegsins, dálítið sérstök, en í eðli sínu samt miklu nær og miklu réttara nafn en það nafn sem er á frv. Ég mun því styðja þá brtt. sem fram er komin um nafnbreytingu.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. 4. þm. Vesturl. þætti vænna um nafn þessa sjóðs en svo að hann hlypi strax upp til að styðja vanhugsaða till. sem kemur inn í lokaumræðu um þetta frv. Það má deila um hvað verið sé að gera við þessa peninga. Við vitum að þetta er komið frá sjávarútveginum sjálfum. Þaðan eru peningarnir komnir. Það er ekki verið að fjalla um einhvern ríkisstyrk í þessum efnum. Þessi meðferð á peningunum er samkomulag aðilanna í útvegi og sjómanna. Og því má ekki nafnið halda sér? Ég bara spyr. Þetta er viss trygging fyrir menn. Þessi gagnmerka stofnun er búin að vinna um áraraðir á vegum Fiskifélagsins og jafnmikill vinur þess og hv. síðasti ræðumaður hefur verið á ég ákaflega bágt með að skilja að hann skuli hlaupa upp til að mæla með slíku. Ég mæli eindregið á móti því að nafninu verði breytt.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég lagði þetta eingöngu til vegna þess, eins og ég lagði áherslu á í máli mínu, að þetta nafn á betur við hlutverk sjóðsins en það nafn sem hann ber núna. Ég hef ekki orð minni manns en hæstv. sjútvrh. fyrir því að þessi sjóður gegni ekki því hlutverki sem hann gegndi áður og hlutverki hans hafi verið breytt m.a. vegna þess að menn lögðu þetta virðulega nafn, sem hann enn þá hefur, við hégóma og svindluðu. Það var á orðum hæstv. sjútvrh. að skilja.

Ég ber aftur á móti algerlega af mér að í orðinu „millifærslusjóður" felist einhver háðung. Menn eru að millifæra. Ef það er háðung er hún ekki fundin upp af mér heldur af þeim sem stunda hana.

Ég minntist hvergi á það í mínu máli, og ég hef tekið þátt í umræðu um þetta mál frá 1. umr., að hér væri einhver ástæða til að vera að hæðast að hlutunum, heldur gagnrýndi ég þá. Hérna er ég að reyna að koma til skila skoðun minni á því í hvaða hlutverki þessi lög eru og þessi sjóður, en það er hlutverk sem allir menn sem hér hafa talað eru búnir að samþykkja að hann hafi

vegna þess að hann hafi lokið því hlutverki sem honum var upphaflega ætlað.

ATKVGR.

Brtt. 263 felld með 9:3 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, stjfrv. 184. mál (þskj. 216, n. 249 og 261). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið frv., sem hér er til umræðu, til meðferðar og fékk á sinn fund Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóra Seðlabankans til skrafs og ráðagerða.

Nefndin varð ekki sammála. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Stefán Benediktsson skilar séráliti, en Karl Steinar Guðnason var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Með frv. þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforkusölu verði framlengd út árið 1986. Jafnframt er lagt til að gjaldið, sem var lækkað úr 19% í 16% með lögum nr. 120/1984, verði áfram 16% og verði tekjum af gjaldinu skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%. Það er gert ráð fyrir að þessi tilhögun gildi óbreytt í eitt ár til viðbótar og lögin falli sjálfkrafa úr gildi 31. des. 1986.

Ég ítreka, hæstv. forseti að meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. 31. okt. s.l. leyfði ég mér að leggja nokkur orð í belg á fundi í Sþ. um þingsköp. Þar kvartaði ég yfir því að fá mál væru fram komin af þeim sem ríkisstj. hefði tilkynnt að hún ætlaði að leggja fram og sum hver mjög stór og skoraði þar á ríkisstj. að taka sér tak og leggja þau mál fram strax sem henni væri alvara um að hlytu afgreiðslu á þessu þingi. Ég skoraði líka á samþm. mína að vera vel á verði og láta ekki knýja sig til að afgreiða mál með hraði sem vandlegrar skoðunar þyrftu við.

Hæstv. forseti Sþ. tók til máls í þessari umræðu um þingsköp og sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að það sé ekki ástæða til að gera þetta að sérstöku ádeiluefni nú í byrjun þings. Ég sé ekki ástæðu til að ætla annað heldur en vinnubrögð ríkisstj. verði með þeim hætti sem við kjósum þannig að það verði leitast við að dreifa þingmálum sem mest á allan þingtímann. Og ég hef ástæðu til að ætla það, og raunar tel mig geta sagt það, að það er vilji hæstv. forsrh. og þá geri ég ráð fyrir ríkisstj. í heild."

Nú gerist það að frv., sem hér liggur frammi og er í sjálfu sér hvað greinafjölda snertir ekki stórt, liggur fyrir. Það var lagt fram fyrir þremur dögum. Það var mælt fyrir því degi eftir að það var lagt fram. Það var tekið til umfjöllunar á fundi iðnn. í morgun og nál. skilað. Með leyfi hæstv. forseta vildi ég fá að lesa úr athugasemdum við þetta lagafrv.

„Í grg. með frv.", segir þar, „til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu, sem varð að lögum nr. 120/1984, var vísað til yfirlýsingar iðnrh., er hann gaf á Alþingi 14. des. 1983, þess efnis að hann mundi beita sér fyrir lækkun gjaldsins í áföngum eða niðurfellingu þess, enda yrði séð fyrir fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða með öðrum hætti."

Síðan segir enn fremur:

„Við afgreiðslu máls þessa í desember 1984 náðist ekki samstaða um þær leiðir sem nefndin þá lagði til. Þess í stað var ákveðið að lækka gjaldið úr 19% í 16% og að sú tilhögun héldist í eitt ár, þ.e. árið 1985.

Í grg. með því frv. var tekið fram að það bæri að skoða sem fyrsta áfanga þess að verðjöfnunargjaldið yrði fellt niður."

Menn gerðu ráð fyrir því, þegar þeir samþyktu þetta frv. síðast, að haldið yrði áfram að leita leiða til að fella þetta gjald niður. Þess vegna taldi ég ærna ástæðu til þess, þegar frv. kom nú fram, að skoða það mjög vandlega með tilliti til þess að þarna á að framlengja frv. án nokkurra annarra breytinga en þeirra að lengja lífdaga þess um eitt ár án nokkurra breytinga á gjaldinu.

Þess vegna, hæstv. forseti, og vegna þess að ég mótmæli vinnubrögðum sem þessum, og þá er ég ekki að gagnrýna meðnm. mína heldur þá sem að þessu máli standa og þá sem fjölluðu um þetta mál í fyrra og sögðu mjög skýrt að þeir skoðuðu það sem áfanga til að fella þetta gjald niður, get ég ekki samþykkt svo hraða afgreiðslu á þessu mjög svo mikilvæga máli. Við erum að tala um mjög alvarlegt og umfangsmikið mál og mál sem snýr einkum og sér í lagi að spurningu um réttlæti og óréttlæti varðandi búsetu í landinu. Eins og aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, Sigurgeir Jónsson, upplýsti á fundi okkar í morgun, svo að ég vitni að miklu leyti orðrétt í hans orð sem ég man, hefur snarast svo um á þessu hrossi að 1/3 notendanna, þ.e. kaupendanna, greiða 2/3 orkuverðsins á meðan 2/3 kaupendanna greiða einungis 1/3. Út af þessu hefur styrinn staðið undanfarin ár, hvernig mætti rata á einhvern veg réttlætis og jöfnunar þar sem öllum væri gefinn jafn réttur. Sú afgreiðsla sem við erum að framkvæma horfir gersamlega fram hjá þeim möguleika að skoða þetta til hlítar og reyna að komast að einhverri niðurstöðu sem ekki var komist að í fyrra en allir menn sem þá töluðu lögðu ríka áherslu á að yrði að ná sem allra fyrst. Ég tel að því markmiði sé ekki náð með því að framlengja líf þessara laga enn eitt árið.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að ítreka það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði um vinnubrögð á þinginu. Ég nefndi reyndar á þingfundi í gær að nú hrúgast upp mál ríkisstj. á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi og ætlast er til þess að þau séu afgreidd á skömmum tíma. Það mál sem við vorum að afgreiða fyrir stundu, þ.e. frv. um Aflatryggingasjóðinn, á fyrri fundi, hefði verið mjög auðvelt að fjalla um mun fyrr á þinginu. Alveg sömu sögu er að segja um það mál sem við erum að fjalla um nú. Ég sé enga haldbæra ástæðu til þess að það hefur dregist svo lengi að leggja þessi mál fyrir Ed. Það er ámælisvert að það skuli ekki hafa verið gert fyrr.

Hvað snertir það frv. sem við erum að fjalla um held ég að við stöndum frammi fyrir því að ekki sé um annað að gera en að afgreiða það á þeim fundi sem við erum nú á. Þetta er frv. sem byggir á verðjöfnun á orku. Það má lengi deila um hvort sú leið sé rétt eða röng, en ef annað hefur ekki verið gert, annað undirbúið, er ekki

um að ræða að fella niður þetta gjald.

Hitt er rétt að fyrir ári lýsti hæstv. fyrrv. iðnrh. því yfir að það sem við vorum að samþykkja þá, sú lækkun sem þá var samþykkt á verðjöfnunargjaldinu, væri áfangi að því að fella þetta gjald niður. Við það hefur ekki verið staðið. Frammi fyrir því stöndum við nú að ríkisstj. hefur í engu undirbúið verðjöfnun á orku á einhvern annan máta með tilfærslu skulda eða yfirtöku skulda orkufyrirtækjanna þannig að um jöfnun geti orðið að ræða.

Á fund iðnn. kom, eins og hv. 8. þm. Reykv. nefndi, Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, ekki fyrst og fremst til að fjalla um þetta frv. í sjálfu sér, heldur fyrst og fremst til að ræða um vandamál Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Hann gaf okkur þar ýmsar upplýsingar um það mál og reyndar tengdust því þær upplýsingar sem hv. 8. þm. Reykv. var að gefa um útreikning hans á verðmismun, hverjir væru að borga undir verði og hverjir væru að borga yfir verði. Ég held að sú umræða tengist ekki þeirri vinnu sem við erum að vinna núna. Það gæti tengst aðgerðum til að fella þetta gjald niður eða breyta um orkujöfnunarkerfið, en alls ekki væri hægt með því að taka afstöðu til þess hvort við ætlum að samþykkja þetta frv. nú, standandi frammi fyrir því að ríkisstj. hefur ekki gert eitt eða neitt af því sem hún ætlaði sér að gera og lofaði að gera. Ég sé ekki annað og legg því eindregið til að við göngum í að samþykkja þetta frv. þannig að hv. Nd. hafi möguleika til að afgreiða frv. á tilskildum tíma.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Mér var ekki mögulegt að mæta á nefndarfundi í morgun til að afgreiða þetta mál þaðan. Sá fundur var reyndar stuttur og ekki færi á því þar að skoða málið eins og þurft hefði. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á meðferð mála nú á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi.

Það hefði verið ástæða til að fara yfir þetta mál og skoða hvernig það er saman sett, taka fyrir að ríkisstj. hefur hvað eftir annað heitið því að fella niður þetta gjald og taka upp aðra hætti. Fyrrv. iðnrh. byrjaði á því að lækka gjaldið. Það gaf góðar vonir um að áfram yrði haldið. Einhvern veginn hefur það brugðist.

Þessi háttur á verðjöfnun kemur mjög undarlega út. Við sjáum hér á fskj. IX að raforkuverð, meðalverð 1984 með sköttum, er afskaplega mismunandi. Rafveita Húsavíkur er með 3,98 á kwst., Suðurnesin með 3,40, en Orkubú Vestfjarða með 2,23. Einmitt þetta orkubú fær 20% af öllu þessu gjaldi. Það er mjög merkilegt hvernig veita sem er mjög illa stödd getur selt rafmagn svo miklu ódýrara en aðrir. Svo er það líka rétt að þeir sem þurfa að greiða hæsta orkuverðið verða að greiða hæstu skattana. Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt og þessu verður að breyta.

Það kemur fram í athugasemdum við frv. að Kjartan Jóhannsson og Sigurður Þórðarson, skrifstofustjóri í fjmrn., skiluðu báðir séráliti. Síðan er sérálit Sigurðar Þórðarsonar skrifstofustjóra tilgreint, en hvergi kemur álit Kjartans Jóhannssonar. Ég skil ekki þessi vinnubrögð. Kannske er skýring á því. En hún hefði mátt vera hér. Ég finn hana samt ekki.

Ég tel rétt að ríkisstj. beri alfarið ábyrgð á þessu máli og mun ekki greiða því atkvæði. Þarna hafa loforð verið svikin, fyrirheit brostið, og því er rétt að þeir sem að því standa beri ábyrgð á því.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég get tekið undir margt af því sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. og þá athugasemd og ádeilu að frv. það sem hér er til umræðu er það seint fram komið sem raun ber vitni. Ég tek einnig undir það sem hann hafði eftir hæstv. forseta Sþ. En ég get ekki tekið undir það að málið sem slíkt hafi ekki verið skoðað, enda kemur það fram á bls. 3, sem er fskj., að nefnd til endurskoðunar á verðjöfnunargjaldi af raforku, sem skipuð var með bréfi iðnrh. þann 18. apríl í ár, skilar áliti, dagsetur þetta álit 2. desember, eins og kemur fram á bls. 6. Það var ekki mikill tími í iðnrn. til að skoða þær hugmyndir sem komu fram í þessu nál., en eins og kemur fram á bls. 4 um niðurstöður nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaða nefndarinnar er sú að verðjöfnunargjaldið skuli afnumið að fullu frá og með 1. janúar 1986.

Til að mæta þeim tekjumissi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða sem í niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins felst er nú gerð tillaga um aðra lausn en áður. Felst hún í því að ríkissjóður yfirtaki öll áhvílandi lán fyrirtækjanna frá og með 1. janúar 1986. Nægir það til að koma fyrirtækjunum á réttan kjöl þannig að nýjar lántökur verða óþarfar. Hér er um að ræða yfirtökur á lánum Rafmagnsveitna ríkisins að fjárhæð 2975 millj. kr. og Orkubús Vestfjarða að fjárhæð 816 millj. kr.

Lagt er til að tryggilega verði frá því gengið að fyrirtækin stofni ekki til nýrra lána, þegar ráðstafanir þessar hafa verið gerðar, nema því aðeins að fé úr rekstri nægi til endurgreiðslu þeirra."

Þetta er aðaltillaga nefndarinnar og ég held að það sé öllum ljóst að ríkissjóður þolir ekki að taka á sig á fjórða þús. millj. kr. til viðbótar þeim vanda sem hann er í nema þá að aðrir skattar verði lagðir á til að mæta auknum þunga á ríkissjóði. Þess vegna og þess vegna aðallega er lagt til að framlengja verðjöfnunargjaldið óbreytt frá því sem það hefur verið á þessu ári. En skoðun hefur farið fram, eins og kemur fram í fskj. með frv.

Ég skal ekki segja, ég man ekki orðrétt fyrirheit forvera míns í embætti, en ég leyfi mér að giska á að hann hafi frekar lofað að kanna aðrar leiðir en þá að koma kostnaðinum að fullu og öllu yfir á ríkissjóð eins og hér er lagt til. En þær leiðir hafa ekki fundist.

Það er rétt að hv. þm. Kjartan Jóhannsson er alveg nýbúinn að skila sínu séráliti. Það var í gær. Ég vona að ég fari rétt með. Það getur verið að það hafi verið í fyrrakvöld, en a.m.k. seinni partinn í fyrradag. En það er verið að reikna út. Hugmynd hans er að Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða þurfi ekki meira en 14% verðjöfnunargjald til að standa undir rekstri og kostnaði starfseminnar. Þetta er í útreikningi og veit ég að ráðuneytisstjóri iðnrn. hefur gert ítrekaðar tilraunir, frá því að ég fékk sérálit hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, til að ná í hann og yfirfara það með honum. Að sjálfsögðu mun það koma fram þegar það hefur verið skoðað nánar. En það var svo seint fram komið að ekki vannst tími til þess að láta það fylgja frv.

Meira hef ég ekki um þetta að segja. Ég vona að menn geti sætt sig við og sjái þörfina á því að þetta mál fái fullnaðarafgreiðslu á Alþingi fyrir jólafrí.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég stend upp í tilefni af því að hv. 8. þm. Reykv. vitnaði til orða sem ég sagði sem forseti Sþ. fyrr á þessu þingi varðandi vinnubrögð ríkisstj. við framlagningu stjfrv. og dreifingu þeirra á þingtíma.

Mér þykir af þessu tilefni rétt að skýra frá því hér að á þessu þingi hafa komið fram 32 stjfrv. og af þessum 32 stjfrv. hafa 10 verið lögð fram í desembermánuði. Ég hygg, þó ég hafi ekki tölur á reiðum höndum, að þetta sýni að okkur miðar nokkuð í framfaraátt í þessu efni. Hins vegar er ekki nóg að gert, vinnubrögðin eru enn ekki orðin nógu góð í þessu efni. Með tilliti til þess átti ég sérstakar viðræður við forsrh. einmitt í dag um þetta efni og lagði áherslu á að ríkisstj. þyrfti að gera betur í þessu efni en gert hefur verið. Hæstv. forsrh. tjáði mér að hann mundi beita sér fyrir því að svo yrði gert. Við skulum þess vegna vænta að allt horfi til hins betra í þessum efnum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Iðnráðgjafar, stjfrv. 185. mál (þskj. 217, n. 250). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur tekið frv. það sem hér er til umræðu til meðferðar og mælir með því að frv. verði samþykkt.

Með lögum nr. 36 31. des. 1981 voru sett sérstök lög um iðnráðgjafa. Samkvæmt lögunum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlög vegna launakostnaðar iðnráðgjafa er samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög ráða til starfa. Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði samtaka sveitarfélaga eða miðað við kjördæmi. Skv. 5. gr. laganna er gildistími laganna til 31. des. 1985. Frv. það sem hér liggur fyrir til umræðu er um það að framlengja þennan gildistíma til 31. des. 1986. Ég ítreka það, sem ég áður sagði, að hv. iðnn. mælir með samþykkt frv.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að þakka hv. formanni iðnn., nefndarmönnum öllum og forseta þessarar deildar fyrir góða afgreiðslu og skjóta á þeim málum sem nú hafa verið afgreidd hér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Fimmtudaginn 12. des., að loknum 28. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, 184. mál (þskj. 216). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Nd.

Iðnráðgjafar, stjfrv. 185. mál (þskj. 217). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 26. fundur.

Fimmtudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá, stjfrv. 169. mál (þskj. 189, n. 240). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum um tollskrá o.fl.

Eins og segir í grg. var fjmrh. veitt heimild með lögum nr. 83/1981 að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum til að rétta við hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Lögin giltu í eitt ár, en hafa síðan verið framlengd árlega.

Með þessu frv. er ætlað að framlengja lögin um eitt ár enn, þ.e. til ársloka 1986, enda er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld og sérstakt vörugjald haldist óbreytt áfram á næsta ári og því eru forsendur gjaldtökunnar óbreyttar frá því sem var.

Álit fjh.- og viðskn. er á þskj. 240 og þar kemur fram að nefndin mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Geislavarnir, stjfrv. 151. mál (þskj. 165, n. 246, brtt. 247). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. Nd. um frv. til l. um geislavarnir. Nefndin skilar sameiginlegu nál. á þskj. 246, en gerir brtt. á þskj. 247. Brtt. lúta að því að setja þessari nýju stofnun stjórn og eru við 4., 5. og 6. gr. frv. Þessar brtt. eru í fyrsta lagi, eins og ég sagði áður, um það að sérstök stjórn sé fyrir stofnuninni, en aðrar brtt. eru brtt. sem af því leiða.

Í grg. er sagt skilmerkilega frá því að hér er á ferðinni löggjöf sem í raun sameinar tvo þætti í íslenskri löggjöf um þetta mál, annars vegar löggjöf um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum, sem er frá 1962, og hins vegar um geislavarnir sem þátt í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit frá 1982.

Herra forseti. Nefndin er sammála um þær niðurstöður sem birtast á þskj. og leggur til að málið verið samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 247,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 247,2 (ný 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 247,3 (ný 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—24. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GeirG, GB, GHelg, GGS, HÁ, HG, KJóh, KH, KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, RH, SV, StH, SJS, IG.

nei: ÓÞÞ.

SvG, GSig, GE, ÓRG, GHG, StG greiddu ekki atkv.

8 þm. (SvH, EBS, GA, HBl, JS, JBH, SighB, PJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við lifum þá tíma að ríkissjóður er varla fær um að reka þær stofnanir sem hann hefur nú þegar og fjármagn til framkvæmda er skorið niður um land allt. Ég tel að undir þeim kringumstæðum verði að stöðva þá stefnu að fjölga sífellt ríkisstofnunum. Minnugur þess að það hefur gjarnan heyrst sem kjörorð að báknið skuli burt þykir mér sanngjarnt að það komi nú í ljós hverjir vilja stöðva útþenslu þess þó þeir séu ekki reiðubúnir að skera það allt niður og segi því nei.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148, n. 226, 236, 237 og 239). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, GHG, RH, SV, StH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, IG.

nei: SJS, SvG, GSig, GeirG, GE, ÓRG, GHelg, HG, KH, KSK.

KJóh greiddi ekki atkv.

9 þm. (PJ, StG, SvH, EBS, GA, HBl, JS, JBH, SighB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Vinnubrögðin að baki frv. og samningnum við Alusuisse, sem að baki því liggur, eru með miklum fádæmum. Rangar tölur og rangar staðhæfingar um eðli og kjarna þessa samnings, sem iðnrh. undirritaði fyrir hönd ríkisstj. 11. nóv. s.l., fylgdu frv. inn í Alþingi. Fjölmargir fleiri alvarlegir brestir í málsmeðferð og ákvæðum samningsins komu í ljós við athugun í iðnn. deildarinnar. Það segir sína sögu að framsóknarmenn þorðu ekki að skrifa upp á nál. í málinu með Sjálfstfl. en styðja samt frv. Það segir sína sögu að málgögn ríkisstj., Morgunblaðið og NT, hafa ekki skrifað orð um þetta mál eftir að það kom inn á vettvang Alþingis. Stjórnarandstaðan kom hvergi nærri undirbúningi þessa máls. Samningurinn er niðurstaða úr leynimakki ríkisstj. við Alusuisse. Alþb. mótmælir þessari samningsgerð sem er enn eitt skrefið í undanhaldi ríkisstj. gagnvart Alusuisse. Ég segi nei.

2.—3. gr. samþ. með 22:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, stjfrv. 145. mál (þskj. 159, n. 242, og 254, brtt. 243). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til laga um stjórnun á fiskveiðum. Í nál. segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á sex fundum og átt sameiginlega fundi með sjútvn. Ed. Til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá Hafrannsóknastofnun, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS, Sambandi ísl. fiskframleiðenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi smábátaeigenda.

Forsendur þess að þetta frv. er flutt eru fyrst og fremst spár fiskifræðinga um ástand helstu nytjafiska okkar. Þær hugmyndir sem nú liggja fyrir um takmörkun sóknar í fiskstofnana eru sem næst þessar: 300 þús. tonn af þorski, 60 þús. tonn af ýsu, 70 þús. tonn af ufsa, 100—110 þús. tonn af karfa og 30 þús. tonn af grálúðu. Þessi aflamörk leiða óhjákvæmilega til stjórnar á veiðunum.

Í nefndinni var ekki ágreiningur um nauðsyn stjórnar. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra aðila, sem nefndin kallaði á sinn fund, voru sama sinnis.

Á árinu 1984 var gerð könnun á vegum sjútvrn. á viðhorfum útgerðar- og skipstjórnarmanna á svonefndu kvótakerfi. Niðurstaða þeirrar könnunar var að 88,7% svöruðu því játandi að þörf væri á heildarstjórn fiskveiða, 46,3% svöruðu því einnig játandi að stjórna ætti fiskveiðum með aflakvóta á fiskiskip.

Nefndin sér vissa ókosti á kvótakerfinu sem aðferð til

að stjórna fiskveiðum en aðrar betri leiðir virðast ekki í sjónmáli. Með þeirri aðferð til stjórnar, sem beitt hefur verið og hér er lagt til að verði áfram, hefur tekist að spara í rekstri og auka gæði hráefnisins.

Sjávarútvegurinn er sú atvinnugrein sem öll afkoma þessarar þjóðar byggist á. Með þessu frv. er reynt að komast sem næst því að njóta sem mest og best þess sem hafið hefur að geyma án þess þó að ganga um of á þann stofn er þar vex.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem liggja fyrir á þskj. 243."

Undir þetta nál. rita Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal og Ingvar Gíslason.

Þær brtt., sem hér liggja fyrir, eru ekki mjög stórvægilegar. En það verður að segjast að nefndin lagði sig fram um að hlusta á hagsmunaaðila og reyna að ná sem mestum sáttum í þessu máli. Ég held að ég geti fullyrt að það hafi tekist vonum framar að ná þeim sáttum sem sóst var eftir.

Þær brtt., sem fyrir liggja á þskj. 243, hljóða þannig:

„1. Við 4. gr. Við 2. málsgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ráðuneytið getur þó ákveðið að skip, sem loðnuveiðar stunda, skuli aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki.

2. Við 9. gr. 1. tölul. 1. málsgr. orðist svo:

Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:

a. Í tíu daga um páskahelgi í mars 1986 og í apríl 1987. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert. Fari mánaðarlegt aflamark báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir skv. þessum staflið.

b. Frá og með 15. des. 1986 til og með 15. jan. 1987 og frá og með 15. des. 1987 til og með 31. des. 1987."

Í frv. sjálfu var gert ráð fyrir því að veiðistöðvun þessara smábáta yrði um 120 dagar. Hér er hins vegar gerð sú breyting að veiðistöðvunin verður ekki nema rétt um 50 dagar. Það er vissulega mikil leiðrétting sem þessir smábátar hafa hér fengið og ég segi það enn og aftur að forsvarsmenn samtaka þeirra, sem voru stofnuð fyrir örfáum dögum, eru sæmilega sáttir við þessa leið. Á yfirstandandi ári voru stöðvunardagar 114 og á árinu 1984 voru þeir 61. En með þeim breytingum, sem við leggjum hér til, er horfið frá 120 dögum, eins og segir í frv., og farið ofan í 50 daga.

Þriðja brtt., sem við flytjum, er við 12. gr. Þar segir:

„Aftan við greinina bætist ný málsgr. er orðist svo: Óheimilt er að færa aflamark af skipi sem ekki hefur verið haldið til veiða næstliðið almanaksár."

Hér erum við að hnýta það enn fastar, ef svo mætti segja, við erum að reyna að ganga tryggilega frá því, að skipi, sem ekki hefur verið haldið til veiða, sé óheimilt að selja afla.

„4. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1986 og gilda til 31. des. 1987. Þó skal 2. málsgr. 13. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. febr. 1986 og skal gilda til þess tíma ákvæði 12. gr. þessara laga um framsal aflamarks skipa, sem eigendaskipti verða á, eftir því sem við getur átt. Jafnframt eru á gildistíma laga þessara felld úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands."

Við þekkjum og höfum heyrt í fréttum að Fiskveiðasjóður hefur verið að kaupa nokkur skip nú undanfarið og er að undirbúa að bjóða þau aftur til sölu. Það er ljóst að það tekst ekki og verður ekki gert fyrir áramót, ekki með öll þessi skip. Þó mun það trúlega verða gert með a.m.k. tvö þessara skipa. Við teljum hins vegar eðlilegt að þessi skip öll sitji við sama borð hvað aflamark snertir að þessari sölu afstaðinni og þess vegna framlengjum við þennan frest til 1. febr.

„5. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara er heimilt að veita skipum, sem smíði var hafin á hér á landi fyrir árslok 1983, veiðileyfi sem miðast einkum við veiðar á vannýttum stofnum."

Hér er verið að opna fyrir þann möguleika að þau skip, sem legið hafa við bryggju og almennt hafa gengið undir nafninu „raðsmíðaverkefnin", geti komist til veiða. Það er opnað með þessum möguleika eins og hér segir: „Heimilt er að veita skipum, sem smíðuð hafa verið hér á landi fyrir árslok 1983, veiðileyfi sem miðast einkum við veiðar á vannýttum stofnum." Hér er um fjögur skip að ræða en m.a. vegna þess að þessi skip hafa ekki haft möguleika til að fá kvóta hefur ekki tekist að selja þau. En ég hugsa að það þurfi að huga að ýmsu öðru í þeim efnum áður en þau verði leyst frá bryggju.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég vonast til að hér geti orðið málefnalegar umræður um þetta mál. Þetta var ítarlega rætt hér um daginn og ég vænti þess að menn reyni að sjá til þess að við getum þokað þessu máli það áleiðis að við getum afgreitt það sem fyrst til Ed.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 254 um frv. til laga um stjórn fiskveiða. Það er undirritað af mér einum.

Í fyrsta lagi segir svo í nál., með leyfi forseta:

„Alþingi hefur ekki enn þá fjallað á fullnægjandi hátt um grundvallarspurningar sem vakna þegar sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar er ávísað til einstakra útgerðarmanna."

Þá vil ég vísa til þess að alveg síðan þetta mál var fyrst til umræðu haustið 1983 hafa menn velt fyrir sér ýmsum hlutum, t.d. stjórnarskrárákvæðum í sambandi við þessi mál. Menn hafa velt því fyrir sér hvort það sé réttlætanlegt að byrja á þessari úthlutun eins og þá var gert og horfa síðan upp á það aðgerðarlaust eða aðgerðarlítið að þessar úthlutanir gangi kaupum og sölum og verði mönnum að peningum eða verðmætum án þess að þeir veiði þann fisk sem um ræðir. Ég tel að ekki sé við það unandi að menn leiti ekki svara við þessum spurningum. Það er ekki nóg að segja að eitthvað þurfi að gera og vandinn blasi við. Menn mega ekki víkja þessu máli frá sér.

Í öðru lagi segi ég svo í þessu nál., með leyfi forseta:

„Með þessu frv. og fyrirrennurum þess eru stigin afdrifarík spor til smásmugulegra afskipta stjórnvalda af höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar. Þegar hliðsjón er höfð af verðákvörðunum, launasamningum, olíuverði og allri fjármögnun sjávarútvegs er augljóst að greinin er algerlega orðin á hendi ríkisvaldsins. Embætti sjútvrh. er jafngildi forstjórastöðu í ríkisfyrirtæki með einkaleyfi

til útgerðar og fiskvinnslu á Íslandi."

Ég tel að það blasi raunar við mönnum eins og málin eru orðin núna að allar þær stærðir, sem einhverju máli skipta í sambandi við sjávarútveg, eru orðnar beint á könnu sjútvrn. og það sem meira er, mönnum innan greinarinnar virðist flestum farið að líka þetta býsna vel. Menn þekkja það við aðrar kringumstæður að á endanum kunna menn því gjarnan bærilega þegar þeir eru sviptir ábyrgð, aðrir taka ábyrgð á gjörðum þeirra og þeir eru leystir undan samkeppni og undan því að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum. Það er að mínu mati það sem er að gerast í sjávarútvegi og er óviðunandi og má alls ekki verða til frambúðar, eins og mönnum sýnist þó með umræðunni um þessi mál, vegna þess að það fer ekkert á milli mála að menn eru að tala um fyrirkomulag sem greinin á ekki eftir að losna úr á næstu áratugum.

Í þriðja lagi segi ég í þessu nál.:

„Fylgismenn frv. hafa notað þau rök því til stuðnings að þetta fyrirkomulag samstilli veiðar og vinnslu, lækki útgerðar- og vinnslukostnað og auki gæði afurða. Engin gagnger athugun hefur þó farið fram á þessum þáttum. Fullyrðingarnar eru lítt studdar staðreyndum og vitnisburður hagsmunaaðila er mjög mismunandi. Það er óviðunandi að þessar viðamiklu stjórnunaraðgerðir séu ekki studdar með marktækum rannsóknum."

Hér kem ég að því sem mjög hefur gert vart við sig í þessu máli, þ.e. að menn vísi til þess að fyrir tilverknað kvótakerfisins hafi orðið margs konar endurbætur innan sjávarútvegs. Það kemur að vísu ekki fram í afkomu hans í heild en menn telja þó að í ýmsum atriðum hafi þetta kvótafyrirkomulag orðið mjög til góðs. Þá vísa menn gjarnan til þess að það hafi orðið aukin og bætt samstilling veiða og vinnslu, útgerðar- og vinnslukostnaður hafi lækkað, gæði aflans hafi aukist og að arður í greininni hafi vaxið, m.a. vegna þess að menn hafa leitað nýrra tegunda til veiða. Það er að mínu mati það eina sem er sæmilega rétt af þessu. Ef farið er grannt ofan í saumana á hinu er stuðningur við hin atriðin meira og minna byggður á líkum og kringumstæðum sem menn kannske hafa á tilfinningunni en geta ekki almennilega skýrt eða sannað.

Því til stuðnings vil ég benda á að þegar um þetta hefur verið spurt á fundum hv. nefndar með hagsmunaaðilum er mjög mismunandi hvaða svör nefndin fær. Sumir halda því statt og stöðugt fram að öll þessi hagræðing eigi sér í raun og veru stað, samstillingin og gæðaaukningin sem ég nefndi áðan. Aðrir halda því hins vegar fram að þetta verði ekki. Þeir sem halda því fram að þessar umbætur verði já í sama orðinu að það sé mjög erfitt að segja hvað er vegna kvótans, hvað er vegna annarra breyttra aðstæðna, hvað er vegna þess að markaður hefur haft þarna áhrif. Þannig eru fjöldamörg atriði sem ráða þessu.

Nú geri ég mér alveg grein fyrir því að það er mjög erfitt að kanna þetta mál þannig að það sé óyggjandi. Hins vegar liggur á ráðuneytinu sú kvöð að gera það. Menn leggja nefnilega ekki að mínu mati út í svo stórvirkar stjórnunaraðgerðir sem þessar án þess að þær séu studdar vitneskju sem ekki er eingöngu byggð á líkum.

Þegar eftir því var gengið í hv. nefnd fengust gögn sem voru tekin saman um þessi mál. Þar er að telja punkta um sóknarsparnað sem eru merktir SPS, dagsettir 6. desember og punktar vegna veiðarfæra, merktir SPS 6. desember. Í gögnum um sóknarsparnað, sem eru úr útvegi 1984, kemur fram að menn telji að viss samdráttur hafi orðið í sókn og sparnaður um leið en segja hins vegar að ekki sé hægt að rekja þessa sóknarminnkun alla til áhrifa kvótakerfisins. Eins og ég sagði áðan er málið óljóst og ég segi aftur: Ég geri mér grein fyrir því að það er erfitt að komast að niðurstöðu um þetta en engu að síður hvílir á ráðuneytinu sú skylda.

Sama má segja um punkta vegna veiðarfæra. Þetta eru líkur sem eru ekki nægilega traustar að mínu mati til að byggja þessar stórvirku aðgerðir á.

Síðan var dreift plaggi sem er dagsett 16. okt. og er frá Jóni Sigurðssyni forstjóra Þjóðhagsstofnunar til sjútvrh. *og fjallar um áhrif kvótakerfisins á útgerð og* fiskvinnslu. Ég ætla aðeins að lesa upp úr þessu plaggi, með leyfi forseta:

„Um áhrif kvótakerfisins á útgerð og fiskvinnslu.

1. Aukin hagkvæmni í útgerð. Telja má víst að kvótakerfið hafi leitt til sparnaðar í útgerðarrekstri, t.d. minni olíukostnaðar og minni veiðarfærakostnaðar en ella, vegna þess að menn reyna að taka leyfilegt magn þegar hentugast er. Því miður liggja enn ekki fyrir reikningar fyrir útgerðina í heild á árinum 1984 og 1985 en í áætlunum Þjóðhagsstofnunar er reiknað með því að í kjölfar nýju fiskveiðistjórnarinnar hafi fylgt 9—10% sparnaður í sóknartengdum útgerðarkostnaði. Fyrir botnfiskveiðiflotann í heild er hér um nálægt 400 millj. kr. á ári að ræða miðað við núgildandi verðlag. Á sama hátt má telja víst að kvótakerfi í loðnu og síldveiðum hafi gert þær veiðar hagkvæmari en fyrr. Samtök útvegsmanna gera ekki athugasemdir við þessar áætlanir og vísbendingar úr útgerðarreikningum, sem fyrir liggja, virðast ekki stangast á við þær."

Það er augljóst af orðalagi í þessum upplestri að þarna byggja menn á tilfinningu frekar en staðreyndum. Sama gerist í lið 2 sem heitir, með leyfi forseta, „Bætt meðferð aflans.":

„Kvótakerfið ætti einnig að stuðla að bættri meðferð aflans þar sem menn geta ekki lengur bætt sér upp lakari gæði með því að moka upp fiski. Gæðaflokkurinn 1984 af þorskaflanum sýndi að 85,5% fór í 1. gæðaflokk samanborið við rúmlega 80% árið áður. Gæðaflokkun 1985 virðist vera svipuð og 1984." — Þarna höfum við aftur þessa fyrirvara sem eru slegnir með óljósu orðalagi. Þessi grein endar þannig, með leyfi forseta:

„Auðvitað er ekki hægt að fullyrða að þessi breyting stafi eingöngu af breyttri fiskveiðistjórn en hún gæti átt hér hlut að máli."

Síðan er fjallað í þriðja lagi um aukna verðmætasköpun og þar höfum við upplýsingar. Þar vitum við að menn hafa t.d. sótt meira í rækju en þeir gerðu áður og menn þakka það tilvist kvótakerfisins. Það má væntanlega rökstyðja þá niðurstöðu. En eins og forstjóri Þjóðhagsstofnunar kemst að orði í niðurlagi þessa kafla, með leyfi forseta, þá segir hann:

„Líkt og varðandi bætta meðferð aflans er ekki hægt að fullyrða að þetta stafi eingöngu af breyttri stjórn fiskveiða en hún hefur án efa ýtt rækilega við mönnum að þessu leyti."

Þar er ég sammála honum. En, eins og ég segi, mér finnst það ekki henta virðingu ráðuneytisins að hafa ekki ábyggilegri gögn úr að vinna og um að fjalla þegar

um svona viðurhlutamikið mál er rætt.

Svo að ég víki aftur að nál. þá segir þar í 4. lið:

„Þetta stjórnkerfi er allt of flókið og smásmugulegt þegar tillit er tekið til þess að afli og sókn geta tekið gífurlegum breytingum vegna utanaðkomandi aðstæðna. Þegar sveiflur í þessum þáttum geta numið tugum prósenta er út í hött að stjórna með aðferðum sem elta menn næstum upp á annan aukastaf."

Það er augljóst þegar skoðað er hvað gerst hefur hér á undanförnum árum og menn telja sig vita og skilja, sem hafa komið að þessum hlutum, að það eru gífurlega miklar breytingar í þessari grein af náttúrlegum aðstæðum sem menn ráða ekki við. Þar ráða veður og vindar, hitastig sjávar og ýmsir fleiri þættir sem valda sveiflum í þessu kerfi sem nemur tugum prósenta. Þess vegna eru þarna á ferðinni breytistærðir sem geta gífurlega mikið sveiflast og hafa áhrif á afla, sókn o.fl. Hins vegar virðist stjórnkerfið leita miklu meiri nákvæmni en eðlilegt má teljast við þessar breytilegu aðstæður. Þess vegna er þetta stjórnkerfi, eins og ég segi í nál., „allt of flókið og smásmugulegt", það leitar miklu meiri nákvæmni en þessar síbreytilegu aðstæður í fiskveiðum leyfa.

Í fimmta lagi segi ég í nál.:

„Það er nauðsynlegt að verja íslenska fiskstofna gegn ofveiði. Slíkt á að gera með því að hemja afkastamesta hluta flotans þegar mest hætta er á ofveiði. Slíkt stjórnkerfi verður að finna. Hugmyndir Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í því efni ætti að athuga nánar."

Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að menn þurfa að verja fiskstofna ofveiði. Um það deila menn alls ekki. Ég tel að skynsamlegar aðferðir í þeim efnum eigi að beinast að tvennu. Í fyrsta lagi: Hvenær er mest hætta á ofveiði? Það er í vertíðartoppi á vetri og síðan er það um sumar — þetta er reyndar í toppnum sem kemur um sumarið. Menn hafa margsinnis komið að þessu í 1. umr.

Síðan á maður líka að spyrja sig: Hverjir eru afkastamestu áhrifavaldarnir í þessu sem við ráðum yfir? Það eru auðvitað togararnir eða sá hluti flotans sem veiðir mest. Skv. þessu eiga menn t.d. ekki að vera að eltast við karla á litlum trillum vegna þess að að mínu mati er eltingarleikurinn við þá svipaður og að setja aukaskatt á orf og ljá til að koma í veg fyrir offramleiðslu í landbúnaði eins og ég sagði hér í 1. umr.

Ég hef ekki upp á slíkt stjórnkerfi að bjóða vegna þess að eins og allir vita kostar mikla vinnu, mikla yfirlegu, margra manna vinnu, eins og þetta stjórnkerfi hefur kostað, að búa til slíkt stjórnkerfi. En ég bendi á að hægt er að finna það. Það verður einungis, eins og önnur mannanna verk, að vinna að því. Ég vil benda á að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur lagt fram hugmyndir í því efni sem eru mjög athyglisverðar.

Að síðustu í 6. tölul. þessa nál. segi ég, með leyfi forseta:

„Íslenskur sjávarútvegur mun aldrei standa undir viðunandi lífskjörum ef hann er flattur út í meðaltöl."

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt. Að mínu mati stöndum við núna í íslenskum sjávarútvegi frammi fyrir því að menn í greininni eru að sætta sig við að lenda í þessu kerfi. Það er allt annað hljóð í þeim en var þegar þessu kerfi var fyrst hreyft. Þá spurðu þeir eðlilega ákveðinna grundvallarspurninga og efuðust eins og menn eiga að gera. Núna eru þeir hins vegar komnir inn í þetta. Þeir horfa á þetta innan frá. Þeir finna þetta vissa öryggi sem kerfið veitir. Það tekur enginn af þeim þennan fisk. Þeir geta gengið að honum næstum því úti í sjó vegna þess að þeir eru búnir að fá honum úthlutað uppi á Lindargötu. Þeir ganga næstum með hann í vasanum. Þetta er að mínu mati ekki sú hvatning sem hlýtur að verða að vera í svo mikilvægri atvinnugrein eins og sjávarútvegur er á Íslandi.

Ef ég tala um þetta stjórnkerfi eins og það liggur fyrir í heild get ég sagt það ráðuneytismönnum til hróss að ef við gefum okkur að þessa leið eigi að fara, að það eigi að hafa ákveðinn kvóta á hverri einustu fleytu, ef við gefum okkur að það sé hin rétta leið og þessu eigi að fylgja mjög nákvæmlega tel ég að þetta stjórnkerfi sé mjög vel útfært. Það má kannske orða það þannig að innan fangelsisins ríki fullkomið skipulag og innan fangelsisins ríki réttlæti. Þegar menn eru búnir að vera nógu lengi inni í því sætta þeir sig við það. En svo eru aðrir sem ekki eru inni í því og vilja helst ekki lenda í því. Þá spyrja menn annarra spurninga. Menn spyrja stærri spurninga um hvort slíkar reglur eigi yfirleitt að setja. Það er því miður svo að það eru sífellt færri sem spyrja þessara spurninga núna. Við höfum búið við þetta kerfi í tvö ár og menn eru hættir að spyrja stóru spurninganna um þetta og eru farnir að velta fyrir sér fyrirkomulaginu innan fangelsisins alveg eins og fangarnir þegar þeir fara að einbeita huganum að því hvað sé í matinn og hvernig vaktaskipti séu og þess háttar en spyrja ekki: Hvers vegna í ósköpunum var okkur stungið hingað inn?

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kom fram hjá talsmanni meiri hl. í nál. sem hér var lagt fram að nm. hefðu náð þeim sáttum sem sóst var eftir. Það ætla ég að sé hárrétt athugað hjá frsm. að nm. hafi náð þeim sáttum sem sóst var eftir.

Það verður að segjast eins og er að þetta útskýrir að mörgu leyti það mál sem hér hefur verið á dagskrá. Menn hafa lagt á það höfuðkapp að verja kerfið með ákveðinni breidd til þess að þær sættir næðust sem sóst er eftir.

Ég vil samt fyrst geta þess að ég tel að nefndin hafi með sínum tillöguflutningi lagt til breytingar á frv. til batnaðar. Það held ég að fari ekki á milli mála. Það breytir aftur á móti engu um að heildarstefna frv. er svo víðs fjarri mínum hugarheimi, þegar ég hugleiði þann boðskap sem íslenska stjórnarskráin vill koma á framfæri, að mér er ómögulegt að styðja frv. Ég held nefnilega að margir menn í gegnum söguna hafi náð þeim sáttum sem þeir sóttust eftir. Ég er t.d. ekki í nokkrum vafa um að Gissur Þorvaldsson náði þeim sáttum sem hann sóttist eftir þegar hann hélt í Reykholt forðum og vó Snorra. Hann náði sínu markmiði. Hann náði þeim sáttum sem hann taldi sanngjarnar í þessu máli. Og ég er sannfærður um að alveg eins telja þeir sem styðja þetta mál að þeir hafi náð þeim sáttum sem þeir sækjast eftir við trillukarlana. Spurningin er aðeins hvort Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrh. veita varðskipunum nægilega mikið fé á fjárlögum til þess að þeir hafi peninga til að elta uppi trillur hringinn í kringum landið ef þeir beita því vopni sem þeir bitrast hafa.

Mér finnst að ríkisforsjáin stefni stöðugt að því að

gera menn óábyrga í þessu landi. Veðurstofan á að segja fyrir um hvenær menn eigi fara á sjó. Hæstv. sjútvrh. er einnig farinn að segja fyrir um það hvenær menn megi fara á sjó og við höldum áfram að hlaða ofan á þetta fyrirhyggjukerfi.

Fiskifræðingar hafa ráðlagt okkur eitt og annað í gegnum tíðina. Þeir sögðu okkur einu sinni hversu mikið magn við mættum veiða af loðnu og það var farið í að byggja skip í samræmi við þessar hugmyndir þeirra. Hver bar svo ábyrgðina á því þegar ekki var hægt að framkvæma það sem fiskifræðingarnir höfðu lagt til? Báru þeir ábyrgðina? Öðru nær. Þeir báru enga ábyrgð á tiltækinu.

Mig undrar það dálítið þegar menn eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. láta hafa sig í það að styðja frv. sem hefði getað verið samið af lærisveinum Karls Marx, sennilega sem doktorsritgerð í því hvernig ætti að framkvæma sósíalisma. (**HBl:** Það var ekki búið að finna upp kvótahugtakið á þeim tíma.) Mig undrar það, þegar ég hugsa til þess að hv. þm. er bókmenntalega sinnaður og hefur vafalaust í gegnum tíðina lesið eitt og annað af bókmenntum, hvernig hann kemst hjá því að minnast þess sem góði dátinn Svejk sagði: Agi þarf að vera í hernum. Þannig réttlætti hann alla yfirtroðslu opnberra aðila: Agi þarf að vera í hernum. Hann hafði nú ekki framfæri sitt af því að útdeila kvóta, heldur lifði hann á því að handsama hunda og selja þá öðrum sem kynhreina og gætti þess eins í þessari sölumennsku sinni að nýi eigandinn væri ekki of nálægt þeim sem áður hafði átt hundinn. (**HBl:** Það fór nú alla vega.) En góði dátinn Svejk tapaði ekki svo áttum að hann gerði sér ekki grein fyrir því að margt af því sem stjórnvöld voru að leggja til var ekki hægt að verja með neinni annarri setningu en þeirri: Agi þarf að vera í hernum.

Hvernig ætlar hv. 2. þm. Norðurl. e. að halda því fram, þó að maður fari á sjó á sunnudegi með eitt færi og ákveði, mest til að halda sér í líkamlegri þjálfun, að fleygja því út fyrir borðstokkinn, ef til vill álpast einhver fiskur til að bíta á — hvernig ætlar hann að halda því fram að það sé hægt að rökstyðja það að almannaheill í þessu landi krefjist þess að varðskip komi siglandi á staðinn, handsami fleytuna og fari með hana að landi? Hefur hann hugleitt hvað slíkur siglingatúr kostar fyrir varðskipið, hversu mikil sóun á almannafé það er að setja lög jafnvitlaus og þau sem geta leitt til slíkra ákvarðana? Ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. e. gerir sér fulla grein fyrir þessari vitleysu. (**HBl:** Það er hægt að setja kíkinn fyrir blinda augað.) Hann gerir sér fulla grein fyrir þessari vitleysu og hann gerir sér grein fyrir því að eina leiðin til þess að komast hjá því að horfa á vitleysuna er að snúa sér undan og horfa á allt annað.

Ég hygg að mönnum sé ljóst, eins og ég sagði við 1. umr. þessa máls, að það verða engin rök flutt úr þessum ræðustól sem sannfæra menn um að standa beri öðruvísi að þessu en hér er lagt til vegna þess að það sem menn hafa verið að gera er að skipta á milli sín fjármunum. Þeir hafa verið að skipta á milli sín fjármunum, ákveðnum peningaupphæðum, og þeir hafa ákveðið að standa þannig að verki að ná þeim meiri hluta sem þyrfti til að standa saman að skiptingunni. Sá meiri hluti stendur á bak við LÍÚ, sá meiri hluti styður einnig hæstv. sjútvrh. og sá meiri hluti styður einnig þá sem standa að því að flytja brtt. við þetta frv. en leggja ekki til að það verði fellt. Það er þessi samstaða um fjárhagslega skiptingu sem liggur á bak við.

Ég verð að segja eins og er að ég hefði gaman af því að hlusta á hv. 2. þm. Norðurl. e. verja það mál fyrir ungum hugsjónamönnum í Heimdalli hvernig það megi gerast að sú fiskveiðistefna sem byggði á þolanlegu frelsi í þessu landi skuli nú eiga að tilheyra sögunni, en fiskveiðistefna sem byggir á mestu miðstýringu sem út hefur verið hugsuð skuli upp tekin. Ég verð að segja eins og er að ég teldi það vel þess virði hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að semja kennslubók um þetta efni því það hlýtur að verða erfitt hjá mönnum sem styðja einstaklingsframtak að skrifa undir skipulag sem þetta.

Ég fer ekki dult með að ég er sannfærður um að Alþb. á eftir að eiga sjútvrh. í þessu landi. Þá verður fróðlegt að sjá þegar forustumenn Sjálfstfl. víðs vegar af landinu koma suður, banka upp á hjá hæstv. sjútvrh. og biðja hann allra náðarsamlegast um leyfi til þess að skipin megi nú fara á sjó, til þess að þeir megi veiða. Það er ábyggilegt að hann setur það að skilyrði að þeir tali ekki mjög illa um hann. (**HBl:** Hver setur þau skilyrði?) Hæstv. sjútvrh. Hann verður þá miklu skapbetri maður en hæstv. sjútvrh. sem nú er ef hann setur það ekki sem skilyrði. Ég tel að hv. 2. þm. Norðurl. e. þurfi að hugsa sig mjög vel um áður en hann heldur áfram með þá kenningu sína að fiskveiðum verði best stjórnað eftir þeirri reglu að þar sé öllu stjórnað frá borði sjútvrh. Það er nefnilega svo að sú árátta að vilja framlengja ástand, sem e.t.v. getur hafa átt rétt á sér á neyðartímum, að vilja framlengja það til tíma þegar það á engan rétt á sér, er gamalkunnug hjá öllum stjórnvöldum, hvar sem er í heiminum. Íslendingar setja brbl. um skattheimtu og halda svo áfram að endurnýja hana um hver áramót. Einræðisherrar setja á herlög og finna sér svo allt sem tylliástæðu til að halda áfram að viðhalda viðkomandi lögum. Auðvitað er þetta þægilegast þegar sama og engin stjórnarandstaða er til staðar. Þá er ákaflega auðvelt að gera þetta. Ef stjórnarandstaðan telur að þetta séu sjálfsögð vinnubrögð hlýtur að vera eðlilegt að valdhafarnir séu ánægðir með stefnuna.

Nú vill svo til að þetta hlýtur að falla mjög að kenningum stærsta stjórnarandstöðuflokksins eins og hér hefur komið fram. Þetta er eins og sniðið eftir þeirra fræðibókum, enda fulltrúi þeirra í sjútvn. að sjálfsögðu einn af þeim sem skrifar undir þetta nál. Hitt er spurningin hvort það sé komið svo að miðstýringarsinnarnir séu búnir að ná yfirhöndinni í öllum stjórnmálaflokkum á Íslandi nema Bandalagi jafnaðarmanna. Það er það merkilega í þessari stöðu.

Ég veit að mönnum er mikið kappsmál að atkvæðagreiðsla gangi sem fyrst um þetta mál og að það haldi áfram því ég er ekki í neinum vafa um að það er meiri hluti fyrir því hér í deildinni að málið haldi áfram. Það má segja eins og sagt var í kvæði: Kirkja fyrirfinnst engin. Stjórnarandstaða fyrirfinnst engin í þessum þingsölum þegar þetta mál er á dagskrá. Það er ekki eins og hér sé verið að ræða um einhver gjaldþrotamál hjá Útvegsbankanum. Ég hygg að það eina svar sem venjulegir trillusjómenn og útgerðarmenn smærri báta geta haft uppi í þessu máli sé að láta reyna á það fyrir stjórnarskránni hvort þetta stenst og láta reyna á hvort Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjmrh. verða svo ríflega við Landhelgisgæsluna á næsta ári að láta hana hafa olíu á skipin til þess að hún geti haldið þeim uppi í

sportsiglingu á eftir trillubátum hringinn kringum landið. En það verður ekki skemmtilegt til afspurnar fyrir þá menn og fyrir þau skip sem voru notuð til að verja landhelgi Íslands á sínum tíma.

Ég hef ekki hugsað mér að hafa lengri ræðu um þá stefnu sem er verið að móta, en ég vil sérstaklega óska einkaframtakinu í landinu til hamingju með að hafa sameinast á bak við sósíalismann í frv. sem hér er verið að flytja.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er ófögur lýsing 5. þm. Vestf. á flokksbróður sínum, hæstv. sjútvrh. Halldóri Ásgrímssyni, þegar hann finnur þá samlíkingu helsta að lýsa honum sem einræðisherra. Það getur vel verið að sjútvrh. séu yfirleitt ráðríkir og komast kannske ekki hjá því eins og allt er í pottinn búið, en hérna þykir mér fulllangt gengið.

Það er auðvitað hryggilegt að ekki skuli vera tækifæri til að ræða þetta mál, stjórnun fiskveiða, með eðlilegum og skynsamlegum hætti í góðu tómi og þannig að menn geti velt fyrir sér þeim grundvallaratriðum sem hér er um að ræða. Ár eftir ár höfum við búið við þær aðstæður að ræða stjórnun fiskveiða á seinustu stundu. Ég hef áður gert það að umtalsefni að auðvitað sé ljóst að á vissum tímapunkti þurfi menn að afgreiða málið, en það sé skoðun mín að menn þurfi að gefa sér betri tíma inn á milli til að hugleiða þau grundvallaratriði sem hér er við að fást vegna þess að þau skipta okkur mjög miklu.

Ég held að allir þm. séu sammála um að góð stjórn á fiskveiðunum sé nauðsynleg, bæði af líffræðilegum ástæðum og eins af efnahagslegum ástæðum, en þegar kemur að framkvæmdinni getur menn greint á. Og menn greinir jafnvel á um misskilning vegna þess að það gefst ekki tóm til að skoða hvað sé um að ræða.

Ég er eins og aðrir sannfærður um að það sé nauðsynlegt að hafa stjórn á fiskveiðunum. Við höfum í grundvallartriðum reynt tvö kerfi. Við höfum ekki verið fullkomlega ánægð og mjög óánægð á köflum með þau bæði. Ég vísa þar annars vegar til skrapdagakerfisins sem ekki skilaði þeim árangri og ekki var þannig með að fara að menn gætu lýst ánægju sinni yfir því þótt ýmsir yrðu við það að búa sem það eina stjórntæki sem þeir hefðu. Ég vísa til kvótakerfisins sem við höfum búið við að undanförnu. Það má telja fram á því ýmsa kosti, en líka ýmsa megingalla.

Alvarlegasti gallinn er sá að mínu mati að menn festist í ákveðnu fari fortíðarinnar, eins og við höfum gert með því að binda okkur fast við aflatölur sem áttu sér stað á einhverju tilteknu löngu liðnu tímabili. Við þessu hefur verið brugðist að hluta í því lagafrv. sem hér liggur fyrir með því að innleiða svonefndan sóknarkvóta sem hugmyndin er að verði lögfestur hér. Ég tel nauðsynlegt að við reynum að stefna frekar á þá braut meðan við höfum ekki fundið annað betra. Ég tel reyndar að það svigrúm sem veitt er í sóknarkvótanum samkvæmt fyrirliggjandi lagafrv. sé of þröngt. Ég mun þó ekki flytja brtt. þar að lútandi.

Sannleikurinn er sá að við búum við þær aðstæður að stór hluti þeirra sem í greininni vinna hafi í rauninni fallist á að þeir geti sætt sig við þetta kerfi að svo búnu. Þess vegna held ég að tilraunir til að breyta því á þessari stundu, þó að maður vildi lagfæra, mundu ekki bera árangur, og við verðum að taka tillit til þess sem þegar hefur verið gert í þessum efnum.

Annað er það að ég hef ekki á reiðum höndum annað betra eða skárra stjórnkerfi eins og sakir standa. Ég mun þess vegna ekki beita mér gegn þessu frv. En ég á mér eina ósk og eina áskorun sem mig langar til að beina á þessari stundu alveg sérstaklega til hæstv. sjútvrh. Ég vitna þar til þess sem ég hef áður um þetta mál sagt og hvernig ég hóf ræðu mína núna. Óskin og áskorunin er um það að setja niður hóp manna til að fara ofan í stjórnkerfismálin í fiskveiðum í góðu tómi, hugleiða þá reynslu sem við höfum fengið, hugleiða það fordæmi sem við getum fundið annars staðar að í heiminum, að svo miklu leyti sem það er til, og reyna að finna betri stjórnkerfi en við höfum beitt. Ég tel að þetta sé meginmál og ég beini þessari ósk og áskorun til sjútvrh. um leið og ég endurtek það, sem ég sagði, að við þær aðstæður sem nú eru mun ég ekki beita mér gegn því að þetta frv. hljóti samþykki.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég tek undir þau orð hv. 3. þm. Reykn. Kjartans Jóhannssonar að það er því miður ekki svigrúm eða tími til að fjalla sem skyldi um það mál sem hér er á ferðinni vegna tímaskorts þannig að ég mun ekki flytja langt mál. Hins vegar vil ég gera nokkuð grein fyrir minni afstöðu til þess.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson, framsóknarmaður og stuðningsmaður stjórnarinnar, leyfði sér þann munað að óska einkaframtakinu í Sjálfstfl. til hamingju með þann sósíalisma sem í þessu frv. felst. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að það eru mjög skiptar skoðanir um frv. og um þá aðferð sem frv. felur í sér í sambandi við fiskveiðar Íslendinga. Ég er einn þeirra sjálfstæðismanna sem eru þeirrar skoðunar að stjórn fiskveiða á Íslandi sé best ef hún er í höndum útgerðarmanna og sjómanna og þeir njóti ráðgjafar fiskifræðinga, en við viljum ekki að þessu sé miðstýrt með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir af innisetumönnum eða stjórnmálamönnum. Þessu vildi ég koma á framfæri til að taka af öll tvímæli um að hamingjuóskir sem þessar eru óþarfar gagnvart Sjálfstfl. Þetta er ekki stefnumál Sjálfstfl.

Þegar kvótinn var settur á sínum tíma, fyrir tveimur árum, lýsti ég því yfir í mörgum ræðum að ég væri ósammála þeirri heildarstefnu sem fólst í kvótafyrirkomulaginu, þ.e. þeirri miðstýringu, og ég greiddi atkvæði samkvæmt því. Ég greiddi sem sagt atkvæði á móti kvótafyrirkomulaginu. Ég ætla ekki að fara nánar út í þær rökfærslur sem ég beitti á þeim tíma. Ég vísa til þess sem stendur í þingtíðindum. En ég vil taka það fram að ég hef ekki breytt um afstöðu og mun greiða atkvæði á móti kvótafyrirkomulagi hér á þingi eftir sem áður.

Ég vil einnig leyfa mér í þessu sambandi að vekja athygli á tveim atriðum. Hið fyrra er að ég lýsti því yfir í desember 1983 að ég óttaðist að þessi fiskveiðistefna og kvótastefna mundi hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarútveg í heild. Þegar ég tala um sjávarútveg á ég bæði við útgerð og fiskvinnslu. Ég sagði þá að því miður óttaðist ég að þetta kvótafyrirkomulag mundi hafa það í för með sér að staða sjávarútvegs og fiskiðnaðar mundi versna mjög. Einnig óskaði ég eftir á því augnabliki þegar þetta var til umræðu að lagðar yrðu fram áætlanir um hvernig ætti að tryggja afkomu útgerðar og fiskvinnslu og greindi frá við þá atkvæða-

greiðslu að þetta væri annað meginatriðið í afstöðu minni gegn þessu fyrirkomulagi. Þær áætlanir voru ekki lagðar fram heldur vísað til þess að það mundi koma í ljós við framkvæmd kvótans hver yrði niðurstaða þessa máls fyrir útgerð og fiskvinnslu í landinu.

Í allri þeirri umræðu sem fram hefur farið á þingi undanfarna daga hefur það farið fram hjá hv. þm. og einnig fjölmiðlum að það var haldinn fundur fyrir tveim dögum með fulltrúum sjávarútvegs eða fiskvinnslu, sem er annar meginþáttur sjávarútvegs, og ráðherrum núv. ríkisstj., a.m.k. var einn ráðherra mættur. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upphaf þeirrar tillögu sem fulltrúar sjávarútvegs lögðu fyrir hæstv. ráðh. á umræddum fundi þannig að það komist inn í þingtíðindi þó að ekki hafi verið um það fjallað fyrr.

Á þessum fundi lögðu fulltrúar sjávarútvegs, fiskvinnslu, *nota bene, eins og ég hef nefnt hér áður, fram* svohljóðandi tillögur á plaggi sem er dags. 10. des. 1985 og segir svo í upphafi, með leyfi forseta:

„Fiskvinnslan stendur frammi fyrir svo brýnum vanda að nú þegar verður að hefjast handa um að bæta rekstrarskilyrði hennar. Samtök fiskvinnslunnar ætla að nú sé 8—9% tap á frystingu og tap hefur verið á söltun á þessu ári. Vegna þessarar alvarlegu stöðu telur fiskvinnslan að grípa verði til eftirfarandi aðgerða", og kemur þá að því meginatriði:

„1. Viðskiptahallinn, hin geigvænlega skuldasöfnun þjóðarinnar og taprekstur inn í sjávarútvegi sýna að gengi krónunnar er rangt skráð og í raun þegar fallið. Við nauðsynlega leiðréttingu á gengi krónunnar verður að grípa til allra mögulegra ráðstafana til þess að slíkt leiði til varanlegra breytinga á hlutföllum milli tekna og kostnaðar í sjávarútvegi. Hér skiptir fyrst og fremst máli að stöðva innstreymi af erlendu lánsfé og beita ströngu aðhaldi í peninga- og lánsfjármálum."

Hvað skyldi felast í þessari yfirlýsingu? Hér hafa hv. þm. eytt fleiri dögum í að ræða um gjaldþrot eins fyrirtækis. Það gjaldþrot mun hljóða upp á nokkur hundruð millj. Ekki er alveg ljóst enn þann dag í dag hvað það er mikið. En hvað skyldi felast í yfirlýsingu fiskvinnslumanna?

Að mínu mati í fyrsta lagi þetta: Eftir tveggja ára kvóta er fiskvinnslan að klára eigið fé. Það er sem sagt komið á daginn, sem ég spáði, að með þessu fyrirkomulagi *og þeirri stefnu sem mörkuð var á þeim tíma mundi* eiga sér stað mikil eignatilfærsla, þ.e. frá einkaaðilum til opinberra sjóða. Nú er svo komið að eigið fé í þessum fyrirtækjum er að komast niður í núllið.

Í öðru lagi: Þessi yfirlýsing jafngildir að 1—2 milljarða kr. þarf aðeins til að halda þessari atvinnugrein gangandi. Ég tel að ég hefði brugðist skyldu minni sem þm. ef ég hefði ekki vakið athygli á þessu atriði á þinginu í dag vegna þess að það er til skammar hvað hv. þm. hafa eytt miklum tíma í það ógæfumál sem hér hefur verið til umræðu undanfarna daga og leyft sér þann munað að fjalla ekki um það sem alvarlegra er og meira virði. Ég vona að menn snúi sér nú að stóru málunum.

Ég vil síðan sem þm. fyrir Reykjavík leyfa mér að vekja athygli á einu atriði sem getur haft gífurlega mikil áhrif á afkomumöguleika útgerðar umfram það sem þegar hefur verið sagt um slæma stöðu hennar. Það kæmi til viðbótar á erfiðleika útgerðar og fiskvinnslu hér á Suðvesturlandi. Þegar kvótinn var ákveðinn í desember 1983 varð mér mjög tíðrætt um karfann í kvótanum. Þótt maður sé á móti einhverju verður auðvitað að ræða þá stöðu sem upp kemur þegar meiri hlutinn hefur greinilega ákveðið annað. Og kvótinn hafði verið ákveðinn og hefur, eins og komið hefur fram, meirihlutafylgi á hv. Alþingi. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að líta á þetta dæmi og vekja athygli á því að karfinn sem átti að vera sáluhjálparatriði fiskvinnslunnar á Suðvesturlandi, sérstaklega hér í Reykjavík og Hafnarfirði, var þegar fyrir tveimur árum á niðurleið. Ég leyfði mér að vekja athygli á því og vara við afleiðingum þessa fyrir fiskvinnslu og afkomu manna hér á Reykjavíkursvæðinu.

Það hefur komið í ljós að á þessu svæði frá Grindavík og upp á Akranes hafa fyrirtæki í fiskvinnslu hrunið niður. Þeim hefur fækkað, fólk hefur misst atvinnu sína *og menn tapað eigum sínum. Enn þá heldur þetta* áfram.

Í nál. meiri hl. er gert ráð fyrir að karfakvótinn geti verið á bilinu 100—110 þús. tonn. Ef sú áætlun stæðist má segja að fiskvinnslan í Reykjavík og hér á suðvesturssvæðinu stæði jafnilla og áður miðað við þær forsendur sem gefnar voru 1983, væri sem sagt á niðurleið. En ef litið er á frv. eins og það liggur hér fyrir og skoðað álit fiskifræðinga á möguleikum í sambandi við karfaveiðar segir m.a. í greinargerð þar sem verið er að meta horfur á karfaafla, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnun til að hámarksafli á Íslandsmiðum 1986 [þ.e. karfa] verði 85 þús. tonn af báðum karfategundum samanlagt."

Þetta er mat fiskifræðinga. Nú er ég ekki að halda því fram að það þurfi endilega að vera rétt. En því miður, eftir samtöl mín við sjómenn á þessu svæði og skipstjóra, óttast ég að mat fiskifræðinga hvað þetta atriði áhrærir sé rétt og hugsanlega sé ástandið enn verra. Það þýðir fyrir fiskvinnsluna í Reykjavík og í Hafnarfirði, þ.e. hjá þeim fyrirtækjum sem eru háð karfanum, að grípa verður til annarra aðgerða sem fela þá auðvitað í sér að það verður að færa til frá öðrum tegundum til þessarar vinnslu ef hún á að standast. Mér finnst þess vegna teflt á tæpasta vað að það skuli vera byggt á 100—110 þús. tonna áætlun.

Ég lofaði því, herra forseti, að verða ekki langorður og alls ekki harðorður, en ég vildi láta þessa skoðun mína koma fram strax í upphafi þessa máls undir 2. umr. Ég vil einnig segja að lokum að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þarf ekki að óska okkur sjálfstæðismönnum til hamingju með Karl Marx. Við höfum okkar Hannes Hólmstein Gissurarson. En þó að hann sé nú ekki endilega minn meistari erum við ekki að afneita frjálshyggjunni þótt allir séu ekki sammála um það mál sem hér um ræðir.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala fyrir hv. 2. þm. Norðurl. e. og þaðan af síður fyrir Hannes Hólmstein, en ég vil láta örfá orð falla í sambandi við fiskveiðistjórnun.

Það er þá best að segja strax eins og er að ég er efasemdarmaður um ágæti þessa frv. Ég viðurkenni þó fúslega, eins og flestir gera í reynd, nauðsyn á því að hafa hemil á sókn í ákveðna fiskstofna og stýra því með skynsamlegum hætti, en ég hef ýmsar efasemdir um að frv. eins og það liggur nú fyrir sé endilega *besta leiðin í*

þeim efnum. Lengi má reyna að bæta hlutina, herra forseti, og burtséð frá því hvort menn sjálfir hafa heitar sannfæringar og eru endilega fylgismenn eða ekki fylgismenn slíkra hluta tel ég ekki óeðlilegt að menn láti þær efasemdir, sem þeir hafa, fram koma og geri tillögur um þær úrbætur sem þeir sjálfir leggja til.

Ég vil einnig spyrja hæstv. sjútvrh. nokkurra spurninga í þessum efnum, enda finnst mér, herra forseti, harla einkennilegt ef þetta mál, sem á tveimur undanförnum þingum hefur sennilega tekið upp einna drýgstan tíma allra þingmála, verður mönnum varla að umræðuefni svo að heitið geti nú.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar varðandi stöðu sjávarútvegsins og að það er einkennilegt, ef hann berst í tal á hv. Alþingi, að menn sjái þá ekki ástæðu til að ræða málefni hans svo nokkru nemur. En ég vil víkja aðeins að því síðar.

Fyrst vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað varðar ákvæði 4. gr. og þær heimildir sem þar eru í næstsíðustu málsgr. um heimild til að undanskilja kvóta ákveðinn fisk og einnig fisk sem veiðist í ákveðin veiðarfæri. Mér finnst miklu máli skipta, herra forseti, hvernig þessi ákvæði verða nýtt og ég vil spyrja: Liggur eitthvað fyrir um það? Hafa sjávarútvegsnefndir þingsins fengið að sjá hugmyndir hæstv. ráðh. í þessum efnum? Liggja fyrir drög að reglugerð um hvernig eigi að beita þessu ákvæði? Hér er um veigamikið atriði að ræða og það skiptir gífurlegu máli, sérstaklega í ákveðnum landshlutum, ef t.d. er verið að tala um línuveiðar, hvernig með þetta ákvæði verður farið. Þess vegna óska ég nokkurra skýringa á því.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh. um útreikning á þorskaflahámarki, bæði báta og togara, þeirra sem á sóknarmarki eru. Sömuleiðis, og þá á ég við ákvæði 7. gr. um útreikning, um heimildir til umframveiði og breytingareglur. Hvernig kemur þetta samanlagt til með að hafa áhrif á þorskaflamark og hvaða möguleikar felast í þessum ákvæðum á verulegum tilflutningi þorskaflamarks milli útgerða, milli verstöðva og jafnvel milli landshluta? Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að ef einn bætir sig þegar ákveðinn stokkur er til skipta gerir hann það væntanlega á einhvers annars kostnað. Það vex ekki fiskur í sjónum við nýjar reiknireglur í 7. og 8. gr. Það verður væntanlega úr svipuðu að moða. Spurningin er þá um skiptingu. Ef höfuðröksemd þessa frv. er nauðsyn þess að takmarka sókn í fiskstofna, og við göngum út frá þeirri forsendu, erum við að tala um skiptingu á tilteknu aflamarki. Þess vegna hljóta menn að spyrja, ef þeir selja sig undir slíka stjórnun: Eru inni í þessu frv., t.d. fyrir árið 1987, möguleikar á því að verulegt aflamagn, t.d. verulegt þorskaflamark, flytjist á milli staða, milli landshluta í gengum þessar tvær reglur? Hefur þetta verið reiknað út? Hefur verið kannað um hve mikið magn hér gæti verið að ræða og hvernig það gæti flust til út frá breytingareglunni og útreikningsreglum þorskaflahámarksins?

Ég vil einnig spyrja ráðherra hvort menn hafi verulega hugað að þeim möguleika að heimila að flytja þorskaflahámark sóknarskipa milli skipa innan sömu útgerðar. Það er óheimilt ef ég hef lesið þetta frv. rétt. En ég vil spyrja um helstu röksemdirnar gegn því. Ég skal endurtaka fyrir hæstv. sjútvrh. Hann var upptekinn að spjalla við nafna minn, hæstv. forsrh. Ég spyr hvort það hafi verið rætt og athugað hvort ekki væri mögulegt að heimila flutning á þorskaflahámarki þeirra skipa sem eru á sóknarmarki milli skipa innan sömu útgerðar. Hver eru helstu rökin gegn því? Einhver hljóta þau að vera úr því að það er ekki heimilað. Ég hef orðið var við að útgerðaraðlar, sem eru með fleiri en eitt skip, telja sér ekki fært að velja sóknarmark vegna þess að þessi heimild er ekki fyrir hendi.

Þá vil ég víkja að smábátaveiðum og 9. gr. frv. sem um þær fjallar eða takmarkanir á veiðum þeirra báta. Ég vil segja fyrst að ég fagna þeim breytingum til rýmkunar sem þar hafa orðið og má segja að framför sjútvrh. sé ekki lítil miðað við þær hugmyndir sem hann mun hafa verið með í kolli sínum eða hans menn í septembermánuði s.l. þegar þær fréttir spurðust út að halda ætti slíkum bátum frá veiðum í 150 daga á næsta ári eða næstu þremur árum jafnvel eins og frv. mun víst hafa litið út þá. Þetta eru samkvæmt mínum útreikningum og minni vasatölvu, sem vonandi hefur ekkert bilað við þá útreikninga, um 50 dagar sem þessir bátar skulu vera frá veiðum. Það er gífurleg framför og ástæða til að fagna sinnaskiptum ráðherrans í þessu efni. Þess vegna er e.t.v. ekki ástæða til að vera að fjölyrða frekar um þessa grein. Ég vil þó láta mína skoðun koma fram. Hún er sú að þó ég fagni þessari rýmkun óttast ég að hún komi nokkuð misjafnt niður vegna þess að hún er fyrst og fremst yfir vetrarmánuðina. Það eru fyrst og fremst þau ákvæði frv. um stopp í svartasta skammdeginu sem brtt. meiri hl. dregur úr, en stoppin eins og þau eru í 9. gr. að öðru leyti halda sér. Þá á ég við páskahelgi í mars og í apríl 1987, tíu daga í ágúst bæði ár og sjö daga í júní- og októbermánuðum hvort ár um sig. Ég óttast t.d. að þeim smábátasjómönnum sem sækja sjó fyrir norðan land og austan muni ekki nýtast sem skyldi sú rýmkun sem kemur fram í svartasta skammdeginu og þeim mun blóðugra verði það fyrir þá að þurfa að stoppa veiðar í tíu daga í ágúst og einnig í júní og október. Ég hefði talið heppilegra, alla vega frá þeirra sjónarhóli, að dreifa rýmkuninni þannig að einhver minnkun á stoppum yrði yfir sumartímann og þess í stað þá eitthvað tekið inn vetrarmánuðina. Þetta kann að jafnast sæmilega út með tilliti til landsins í heild og ég býst við að á ýmsum öðrum svæðum á landinu fagni menn alveg sérstaklega því að veiðar skuli ekki stoppaðar í jafnlangan tíma í desember, janúar og fram í febrúar, en ég óttast að þetta komi ekki alveg sanngjarnt niður og því er eðlilegt að spyrja: Var ekki möguleiki á því að hafa inni í þessari grein eða einhvers staðar annars staðar í frv. ákvæði umfram þau sem eru til að gera veiðileyfastjórnunina gagnvart þessum aðilum sveigjanlegri eða binda hana að einhverju leyti við landshluta hvað þetta snertir?

Maður hlýtur einnig að velta fyrir sér afkomu eða hag þeirra byggðarlaga sem byggja nánast 100% á svona veiðum. Ég vil nefna Grímsey sem dæmi. Bakkafjörð og fleiri slíka staði mætti taka. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að í slíkum tilfellum ætti að leyfa mönnum að veiða eins og þeir geta og náttúran og aðrar aðstæður muni takmarka það og reyndar meira en nóg. Menn þurfa ekki heldur að hafa miklar áhyggjur af því að smábátaveiðar á slíkum stöðum gangi svo nærri fiskstofnum að ástæða sé til sérstakra takmarkana.

Ég vil einnig benda á, þó að það komi þessu máli kannske ekki beint ekki við, og þó, því að menn eru að

ræða um hagkvæmni í útgerð í öðru orðinu gjarnan þegar fiskveiðistjórnun ber á góma, að sennilega er tilkostnaður við veiðar hvergi í heiminum minni en t.d. frá Grímsey þar sem menn þurfa gjarnan ekki að sækja nema 15—20 mínútur á fengsæl mið. Olíukostnaður við slíka sókn getur farið ofan í 1—2% af aflaverðmæti og annar tilkostnaður sáralítill. Það er sennilega óvíða um að ræða hagkvæmari útgerð, útgerð sem skilur meira eftir af hreinum gjaldeyristekjum fyrir þjóðina, en þá sem ég þar nefndi.

Herra forseti. Ég hef þá lýst þessum athugasemdum mínum eða áhyggjum gagnvart 9. gr. og mun ekki hafa þau orð fleiri.

Ég vil aðeins segja um þetta almennt að það eru auðvitað ýmsar sögur á lofti um hvernig þetta gangi og ég held að það sé alveg ástæðulaust að vera feiminn við að nefna þær. Það er alveg eins með undanbrögð og vankanta á þessu kerfi og það er með svik undan söluskatti, tekjuskatti og annað slíkt. Menn standa auðvitað ekki í ræðustól á Alþingi og sanna þá hluti, q.e.d. Hins vegar er ýmislegt altalað, það er almannarómur eins og það heitir, og ég sé ekkert athugavert við að styðjast við hann hér því að sjaldan lýgur almannarómur. Þá kem ég að því sem allir vita sem eitthvað hafa fylgst með umræðum um þessi mál á undanförnum mánuðum og misserum. Það eru þær altöluðu staðreyndir að veruleg undanbrögð séu frá því að allt sé fram talið sem kemur á land og rétt skráð. Það má kalla það framhjálandanir eða eitthvað annað. Sömu sögur heyrast frá fiskmörkuðunum erlendis að þar séu tegundir ekki alltaf rétt vigtaðar upp úr skipunum. Það er reyndar fróðlegt, þegar hlustað er á fréttir af sölum fiskiskipa erlendis, að oft virðist vera hið megnasta ósamræmi milli þeirrar tegundarsamsetningar aflans sem gefinn er upp í fréttinni og þess verðs sem fyrir aflann fæst. Ég hef heyrt menn úr áhöfnum togara, sem iðulega hafa selt afla sinn á erlendum mörkuðum undanfarna mánuði, halda því blákalt fram að 16 kg af lúðu, sem seld voru upp úr ónefndu skipi í Grimsby fyrir stuttu, hafi reynst vera tæp 20 tonn á skýrslum, þrjú eða fjögur lúðulok hafi vigtað 20 tonn þegar þau komu upp úr skipinu og 120—150 tonna farmar af þorski séu iðulega vigtaðir 50—70 tonn og komi þannig heim á skýrslum. Ég sanna þetta auðvitað ekki í þessum ræðustól, herra forseti, en ég vil sóma míns vegna láta þetta koma fram því að ég held að menn eigi að horfast í augu við þessa hluti eins og þeir eru eða eins og menn telja að þeir séu. Ég sé því ekki ástæðu til að þegja yfir því sem sannorðir menn segja mér.

Svipaðar eða nokkurn veginn svipaðar sögur segja menn einnig af löndunum hér heima. Þar sé iðulega svo að þorskur reynist allt önnur fiskitegund þegar hann er kominn inn á skýrslur og ýsan sé gul. Ég held að menn eigi ekki að kinoka sér við, herra forseti, að ræða þessa hluti því að þegar við tökum til umfjöllunar þetta kerfi í heild sinni verðum við auðvitað að ræða bæði kosti þess og galla. Það getur vel verið að hæstv. sjútvrh. telji sig hafa þær upplýsingar að hann geti komið hér upp á eftir og fullyrt að þetta sé allt saman bull og vitleysa og lygi. Þá gerir hann það bara. En ég hef ekki ástæðu til annars en ætla að það sé einhver fótur fyrir því sem er næstum því almannarómur á flotanum íslenska. Ég held að sjómenn séu ekki lygnari en aðrir menn.

Það er einnig annað sem ég vil nefna hér, herra forseti, og það eru ísfisksölur, og mætti reyndar taka þróunina í átt til frystingar á miðunum einnig inn í það dæmi. Það er vegna þess að menn hafa vaxandi áhyggjur af því, sem í þessari grein starfa, að það stefni í óefni á okkar hefðbundnu mörkuðum bæði með frysta fiskinn, þann sem unninn er hér heima í húsunum, og eins með saltfiskmarkaðinn. Þeir eru galtómir og glorhungraðir og æpa á meiri fisk. Á sama tíma færast ísfisksölur svo hratt í vöxt að manni finnst það vera stjórnlaust og í raun og veru ganga allt of langt þegar verðið fellur vegna offramboðs á þessum mörkuðum. Ef menn eru að stjórna á annað borð og setja frumvörp um fiskveiðistjórnun hljóta menn að spyrja: Á ekki að stýra þessu einnig? Það kann að reynast þjóðinni dýrt ef hún tapar eða rýrir verulega stöðu sína á ýmsum okkar hefðbundnu og bestu mörkuðum vegna tímabundinna ástæðna í þessum efnum. Þegar við höfum úr litlum þorskafla að moða, eins og við höfum gert núna, er þeim mun meiri ástæða til að reyna að stýra þessu sem allra best.

Ég gerði árið 1983, herra forseti, þegar við ræddum um fiskveiðistjórnunina og frv. sem var þá til meðferðar, heilmargar athugasemdir við framkvæmd þess frv. Ýmsar þeirra hafa komið á daginn. Fyrir ýmsum öðrum hefur verið leiðrétt. Auðvitað hlaut að fara svo að menn sæju ýmsa galla þegar á reyndi og reyndu að leiðrétta þá. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að það hefur ýmislegt verið fært til betri vegar bæði á síðasta ári og einnig á þessu. Það er engu að síður ástæðulaust að þegja yfir því sem menn enn þá sjá standa út af. Ég tel að það taki ekki af manni réttinn til að gera það þó að viðurkennt sé að ýmislegt hafi verið lagfært.

Ég hefði einnig gjarnan viljað segja nokkur orð um stöðu sjávarútvegsins almennt, m.a. vegna þess að hann hefur ekki mikið borið á góma á Alþingi, svo merkilegt sem það nú er, á yfirstandandi þingi, herra forseti, m.a. vegna þeirra upplýsinga sem eru að berast þessa dagana frá samtökum þeirrar atvinnugreinar um eiginfjárstöðu fyrirtækjanna í þessum greinum og er nú slíkt ekkert gamanmál, eins og við vitum, herra forseti, af umræðum undanfarinna daga, þegar eitthvað sem heitir eiginfjárstaða fyrirtækjanna er að hrynja. Ég tala nú ekki um ef hún verður neikvæð upp á nokkur hundruð milljónir. Þá komast ýmsir í vandræði.

Ég var flm. að till. til þál. á síðasta þingi um að skipa þingkjörna nefnd á Alþingi til að kanna stöðuna í sjávarútveginum, athuga rekstrarvanda sjávarútvegsins og gera tillögur til úrbóta. Sú till. var hér til meðferðar og hún átti býsna miklum stuðningi að fagna á þinginu. Það kom m.a. fram endurtekið í umræðum um þá till. En hvað skeði? Jú, meiri hl. ríkisstj. ákvað þá afgreiðslu að vísa þessu til ríkisstj. Hún væri með þessi mál öll sömul í meðferð, væri að gera hitt og væri að gera þetta og það væri betri tíð með blóm í haga fram undan í sjávarútveginum því að ríkisstj. væri að líta á málin, væri að athuga þetta. Þess vegna ætla ég að spyrja hæstv. sjútvrh. í lokin, herra forseti: Hvernig hefur till. reitt af úr því að hæstv. sjútvrh. sá ekki ástæðu til að fá Alþingi Íslendinga í lið með sér til að líta á ástandið í sjávarútveginum, auðvitað fiskveiðistjórnun einnig, en kannske fyrst og fremst rekstrarskilyrðin, rekstrarstöðuna, stöðu fyrirtækjanna og byggðarlaganna sem standa á bak við sjávarútveginn? Úr því að ríkisstj. sá ekki ástæðu til að fara ofan í mál stærstu og

þýðingarmestu atvinnugreinar landsins með hv. Alþingi, hvað hefur hún þá gert? Hvernig standa málin? Er þetta að lagast? Er þetta að lagast, hæstv. sjútvrh.?

Ég hefði svo að síðustu viljað segja við hv. þm. Guðmund H. Garðarsson, ef hann hefði verið nærstaddur, að það er ekki bara kvótinn sem sjávarútvegurinn á Íslandi hefur búið við s.l. tvö og hálft ár. Það hefur ýmislegt fleira verið í landinu en kvóti, herra forseti, s.l. tvö og hálft ár. Það hefur líka verið ríkisstjórn í landinu og sú ríkisstjórn hefur haft ákveðna stjórnarstefnu og sjávarútvegurinn hefur búið við hana alveg eins og kvótann. Ég held að það megi ekki síður rekja vandræði greinarinnar til stjórnarstefnunnar, þ.e. í efnahagsmálunum og gagnvart atvinnuvegunum, en til kvótans. Ég held t.d. að stefna hæstv. ríkisstj. í vaxtamálum hafi ekki verið par þægileg fyrir sjávarútveginn á Íslandi undanfarin tvö og hálft ár og þó sérstaklega s.l. eitt og hálft ár þegar keyrt hefur um þverbak. Ég mundi vænta þess að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson yrði mér nokkuð sammála um að vaxtabyrðin á íslenskum sjávarútvegi eigi sinn þátt í þeim vanda sem þar er nú við að glíma. E.t.v. sér hæstv. sjútvrh. ástæðu til að minnast á þessi mál ef hann kemur hér í ræðustól á eftir, sem ég vona að hann geri, þó ekki verði nema til að svara þeim beinu spurningum sem ég hef til hans beint, en sérstaklega inni ég hann þó eftir því hvað meðferð ríkisstj. á þeirri till. til þál., sem ég hér nefndi og var til hæstv. stjórnar vísað, líði.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil koma að tveimur atriðum sem ég vil vekja sérstaka athygli á. Ég tek það fram að að sjálfsögðu mun ég styðja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Það hefur tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð þannig að það er miklu meiri sveigjanleiki í því. Það tekur meira mið af þeim atriðum sem hafa verið gagnrýnd á undanförnum árum og ekki síst þær breytingar sem sjútvn. Nd. hefur gert á frv., en þær eru allar til bóta og hafa lagað þetta mál mikið.

Þau tvö atriði, sem ég vildi aðallega vekja athygli á, koma ekki beinlínis fram í frv. sjálfu. Það er annars vegar það fyrirkomulag, sem hefur viðgengist, að skipta landinu í veiðisvæði. Eins og allir vita hefur þetta miðast við að skip sem eiga heimahöfn á svæðinu frá Eystra-Horni suður um að Látrabjargi annars vegar hafa allt að 100% lægra aflamark í sambandi við sóknarmarkið en hitt svæðið, sem er svæði 2, frá Látrabjargi norður um að Eystra-Horni. Ég hef þá skoðun, og ég vil láta hana koma fram þó að ekki sé um brtt. að ræða þar sem þetta er ekki beint í frv. heldur kemur það fram í væntanlegri reglugerð, að ég tel að þarna þurfi að staldra við og skoða mál vel og hafa vissan sveigjanleika þegar reglugerð verður endanlega ákveðin. Það er engin ástæða til að ætla að t.d. togari sem er gerður út frá Patreksfirði og á þar heimahöfn megi veiða helmingi meira af þorski en togari sem gerður er út frá höfnum á Snæfellsnesi, Ólafsvík, Grundarfirði eða Akranesi. Þetta er atriði sem hefur valdið óánægju og deilum.

Ég sé ekki rökin fyrir þessari skiptingu. Ég tel að þarna þurfi að skoða mál vel áður en reglugerð verður ákveðin og ég beini því bæði til hæstv. sjútvrh. og einnig til sjútvn. þingsins að skoða þetta atriði sérstaklega og skapa meiri sveigjanleika en til þessa hefur verið.

Hitt atriðið sem ég vil leggja mikla áherslu á er það sem kemur fram í 4. gr. frv. að heimilar verði veiðar umfram kvóta í sambandi við viss veiðarfæri. Þarna hef ég í huga línuveiðar sem eru mikilvægur atvinnuþáttur á vissum landsvæðum sem bókstaflega hafa byggt sig upp til þess að geta stundað þessar veiðar með eðlilegum og hagkvæmum hætti. Ég tel að þarna þurfi að vera alveg skýrar línur, að t.d. línuveiðar verði heimilaðar utan kvóta á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars. Á þetta vil ég leggja áherslu og vænti þess að það komi fram í væntanlegri reglugerð þegar hún sér dagsins ljós.

Ég vil svo að lokum segja að mín skoðun er sú að fyrst við þurfum að hafa stjórnun á annað borð á þessum veiðum, sem flestir virðast vera sammála um, þurfi að leggja höfuðáherslu á að miða alla stjórnun við sem besta nýtingu á því hráefni sem við fáum úr sjónum — það er aðalatriðið — og skapa þannig meiri tekjur bæði fyrir sjómenn og þjóðarbúið í heild.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég vildi aðeins koma inn á nokkur atriði sem hafa komið fram.

Ég vil þó byrja á að gera athugasemd við það sem hv. þm. Guðmundur Einarsson vék hér að og gerði nokkurt mál úr. Hann minntist á sparnað í rekstri, hvort orðið hefði sparnaður í rekstri vegna kvótakerfisins og hvort mönnum hefði tekist að sanna að svo hefði orðið. Það verður ætíð erfitt að sanna slíkt. S.l. vetur var einstaklega góður og þess vegna vilja menn kannske gjarnan segja þegar þeir leggja fram tölur í þessum efnum að það sé því að þakka hversu tíðarfarið var gott en ekki stjórn veiðanna. Ég held ég muni rétt að Þjóðhagsstofnun telji að sparnaður vegna botnfiskveiðanna sé á milli 9 og 10%, sem þýðir hvorki meira né minna en um 400 millj. kr. í botnfiskveiðunum. Þessu hefur ekki verið mótmælt af forsvarsmönnum útgerðarinnar. Þetta kom einmitt fram á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna og var ekki mótmælt af þeim heldur frekar tekið undir.

Einnig dró hv. þm. í efa að gæði aflans hefðu aukist svo sem af væri látið. Ég skýrði frá því á einum nefndarfundi hjá sjútvn. að ég fór í eina útgerð sem ég er nokkuð kunnugur háttum hjá og fékk að blaða þar í gögnum. Þar eru gerðir út þrír togarar og ég skoðaði þetta nokkur ár aftur í tímann. Staðreyndin er sú að forsvarsmaður þeirrar útgerðar staðfesti við mig að það færi ekkert á milli mála að ef menn vildu taka mark á þessari stjórnun veiða væri hægt að ná verulegum sparnaði bæði í veiðarfærum og olíu og einnig væri hægt að ná afgerandi betri gæðum aflans. Það sannar sig að nokkuð yfir 90% af afla þessara togara er komið í fyrsta flokk. Menn geta því séð að um gífurlegt fjármagn er að ræða. En aðrir hafa hins vegar ekki viljað þýðast þetta kerfi og þess vegna ekki náð þeim árangri í þessum efnum sem kerfið býður upp á.

Það er einnig ljóst og kom fram í þeim gögnum sem við óskuðum eftir frá sjútvrn. þegar nefndin fjallaði um þessi mál, þ.e. hvort um sparnað hefði verið að ræða, og eru það upplýsingar sem rétt er að komi hér fram og hv. þm. Guðmundur Einarsson vék að, að hvað rækjuna varðar þá jókst rækjuaflinn á árinu 1984 frá árinu áður um rúmlega 11 þús. tonn og á árinu 1985 er búist við enn meiri afla. Þessi aflaaukning felur í sér hvorki meira né minna en um 550—600 millj. í auknum

útflutningstekjum. Allir sem vilja horfa á þetta mál af sanngirni vita það og viðurkenna að auðvitað er stór hluti af þessu til kominn vegna þess kerfis sem við búum við. Togurum og öðrum stærri skipum hefur í auknum mæli verið beitt á þessa stofna sem við höfum fram að þessu kallað vannýtta.

Ég vil einnig segja frá því sem við fengum í hendur í sambandi við veiðarfærin. Og með leyfi, herra forseti, langar mig til þess að lesa nokkuð um það mál:

„Eins og sjá má hefur innflutningur veiðarfæra dregist verulega saman seinustu árin. Þess skal getið að innflutningsverð í dollurum hefur verið nánast það sama s.l. þrjú ár. Veiðarfærasala á vegum LÍÚ hefur dregist það mikið saman undanfarin ár að ástæða þótti til þess á seinasta ársþingi LÍÚ að leggja hana niður. Sala á veiðarfærum framleiddum innanlands hefur minnkað nokkuð frá árunum 1980—1982. Framleiðsla á trollneti hjá Hampiðjunni hefur minnkað um 10—15% frá því árin 1982—1983. En sú framleiðsla er um helmingur allrar veiðarfæraframleiðslu verksmiðjunnar." Og hér segir síðar: „Það er samdóma álit þeirra manna er leitað var til hjá LÍÚ og Hampiðjunni að útgerðarmenn hafi lagt miklu meiri áherslu á að draga úr veiðarfærakostnaði en áður. Veiðarfæri hafa verið betur nýtt og meira splæst en áður fyrr." Það fer því ekki á milli mála að þarna hefur náðst verulegur árangur einnig.

Ég þarf ekki að nefna olíuna. Öllum er ljóst að þar hefur verið um gífurlegan sparnað að ræða. Menn hafa alls ekki verið að leysa skip frá bryggju í vitlausu veðri eins og áður var. Menn hafa látið skipin liggja af sér veður heldur en að vera að halda þeim úti í vonlausum veðrum. (Gripið fram í.) Skipin? Nei, þau eru ekki farin að framleiða olíu en það sem við þurfum af olíu er borgað með því sem skipin fiska. Ég tel hins vegar að það fari ekki á milli mála að það er hægt að hafa miklu, miklu meiri tekjur af útgerðinni heldur en er í dag og það er hryggilegt hvað okkur hefur gengið hægt í þeim efnum. Ég fullyrði að með bættri nýtingu og aukinni vinnslu svo og bættri meðferð á afla úti á sjó má fá ekki hundruð milljóna heldur um milljarð a.m.k. ef menn ganga sæmilega um þessa auðlind. Það er augljóst mál að svo má vera.

Okkur ber einnig skylda til þess, eins og hér hefur komið fram m.a. í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, að velta því fyrir okkur, eins og ég kom að í mínum upphafsorðum, hvað má úr hafinu draga. Það er auðvitað forsenda þessa alls. Menn hafa stundum sagt að ekki sé ástæða til að vera með einhverja takmörkun í sóknina, menn megi bara ná í þann afla sem þeir mögulega geta. Hafa menn hugleitt það að í ár munu trúlega verða veidd við Grænland um 12—14 þús. tonn af þorski, um 12—14 þús. tonn af þorski á Grænlandsmiðum? En á árunum 1952—1986 fengust á Grænlandsmiðum hvorki meira né minna en 230—450 þús. tonn að meðaltali. Á árinu 1962 fengust um 450 þús. tonn við Grænland þar sem menn eru að afla nú um 12—14 þús. tonn. Svo leyfa menn sér að halda því hiklaust fram að okkur Íslendingum sé óhætt að ganga næstum óheft í þessa auðlind. Hvar ætli við stæðum Íslendingar í dag ef við ættum von á því að taka um 12—14 þús. tonn af þorski úr hafinu?

Menn hafa einnig talað um smáfiskadrápið. Ég vil skýra frá því að þar hefur ekki orðið lítil breyting á og ég fullyrði að það má þakka kvótanum að mörgu leyti hvað þar hefur gerst.

Á árunum 1983—1984 var skyndilokunum beitt um 50 sinnum á ári — en skyndilokununum er fyrst og fremst beitt til þess að vernda smáfiskinn — en í ár, 1985, er skyndilokunum aðeins beitt 19 sinnum. Hvað halda menn að þarna hafi verið að gerast?

Það er ljóst að þessi stjórnun veiða er ekki gallalaus en hún er sú skásta sem menn hafa enn fundið og þess vegna er ég henni fylgjandi og hef gerst talsmaður fyrir þessari stjórnun veiða.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það var í rauninni alls ekki meiningin af minni hálfu að halda ræðu. Þær hafa verið svo góðar. Vitnað hefur verið í öndvegisbókmenntir, tékkneskar m.a., þó að hv. þm. hefði kannske samt getað sagt enn skemmtilegri sögur af þeim góða dáta og yfirmönnum hans.

Áður en ég fer að ræða þetta mál efnislega, sem þm. hafa greinilega ekki mikinn áhuga á — hv. alþm. hafa yfirleitt miklu meiri áhuga á allt öðru en sjávarútvegi. Kannske eru þeir líka búnir að gleyma því á hverju þessi þjóð lifir. Því miður læðist að manni sá grunur. Það er dálítið einkennilegt að flestir þeirra sem talað hafa við þessa umræðu eru stjórnarsinnar og formaður nefndarinnar, hv. þm. Stefán Guðmundsson, er bókstaflega farinn að halda uppi málþófi með skýrslugjöf og tilheyrandi. Það vakti athygli mína að hann rifjaði upp skyndilokunaraðferðina. Hún var góð og nauðsynleg en það sem hefur kannske enn frekar vakið athygli mína varðandi það er að í útvarpinu eru menn farnir að tala um að skyndiloka. Það er greinilega fólk sem ekki kann að beita íslenskri tungu sæmilega.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa um þetta langt mál. Það er ljóst að allir eru sammála um að hafa þarf einhverja stjórn á fiskveiðum en greinir hins vegar á um aðferðir. Það hafa verið prófaðar tvær aðferðir við þetta hér á Íslandi. Ýmsar aðrar aðferðir eru mögulegar, en ég verð að segja það fyrir mína parta að þó þessi takmörkunaraðferð og veiðistjórn sem liggur fyrir sé greinilega gölluð á ýmsum sviðum treysti ég mér ekki til þess að benda á aðra skárri. Þeir sem harðast ganga fram gegn kvótakerfinu, vilja afleggja kvótakerfið og taka upp aðra leið, eru ekki komnir hingað upp í stólinn til þess að beita sér fyrir hinni aðferðinni til þess að fá minni afla. Það er auðvitað augljóst að þeir sem vilja hina aðferðina vilja fá meira af þorskinum til sín. En ef þeir fá meira af þorskinum til sín, fá aðrir ósköp einfaldlega minna, vegna þess að heildaraflamagnið er föst stærð. Og hverjir skyldu það vera sem eru að sækja í að fá meira? Eru það þeir sem hafa haft minnst eða minna? Nei, þeir sem vilja hina aðferðina og vilja fá meira af þorski eru þeir sem hafa mest fyrir, og á því leikur varla nokkur vafi að þeir sem hafa verið að berjast gegn kvótakerfinu eru að heimta frekari mismunun, gera þá ríku ríkari, hina fátæku fátækari. Við jafnaðarmenn í þessari stofnun beitum okkur ekki gegn jafnræði í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Hvar er þá auður Íslands?) Hann er sjálfsagt í andabúi uppi í Borgarfirði. Ég get ekki svarað slíkum spurningum. (**Gripið fram í:** Er hann ekki hér syðra?)

Herra forseti. Það er greinilegt að Hólmfasti Guðmundssyni liggur mikið á hjarta um þessar mundir, en ég vil hins vegar þakka honum fyrir ræðuna vegna þess

að röksemdir hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hafa áreiðanlega styrkt menn í því að velja kvótakerfið.

Ég vil aðeins nefna það, herra forseti, að í vinnu sjútvn. var leitað eftir áliti mjög margra aðila. Það var byrjað á vísindamönnunum, fiskifræðingunum, síðan komu fulltrúar fiskvinnslunnar, SH, SÍF og Samband framsóknarfrystihúsa. Þessir aðilar, frá vinnslunni, töldu það skásta kostinn að halda áfram þessu kerfi, fundu hins vegar ýmislegt að því eins og allir geta séð. Og það er dálítið merkilegt að hér skuli standa upp hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sem mun vera blaðafulltrúi og „altmuligmand" hjá SH — hann vinnur alla vega hjá þessu fyrirtæki — (**GHG:** Herra þingmaður, það er algjör misskilningur.) að hann skuli koma hér og ryðjast á móti samþykktum þessa félags. (**GHG:** Er ekki einkennilegt að mæla með kvóta og segja svo að allt sé með bullandi tapi.) Eftir að hafa rætt við fiskvinnslumenn var talað við útgerðina. (**GHG:** Hvað um töpin, hv. þm.?) Allir þeir sem þar komu til viðræðu við nefndina mæltu með þessari aðferð. (**GHG:** Að halda áfram að tapa.) Sjómenn, sjómannasambandið, fulltrúar þeirra komu til okkar á fund, og Farmanna- og fiskimannasambandið. Fulltrúar allra þeirra manna sem þetta skiptir mestu — það eru þessir menn sem bera mesta ábyrgð, næstum alla ábyrgð í þessum atvinnugreinum — voru allir sammála utan einn maður á þessum fundum. (**GHG:** Hvað um töpin, hv. þm.?) (**Forseti:** Ekki samtöl.) Herra forseti. Það þarf auðvitað ekki að vera samtal, en það er út af fyrir sig ágætt að Guðmundur H. Garðarsson talar um töpin. Þessi umræða um það að stjórna veiðum hefur verið ákaflega tímafrek og áberandi. Menn hafa þeyst í kringum allt landið, meira og minna réttsælis og rangsælis til skiptis, til þess að boða þennan fögnuð að nú væri lausnin fundin með einhverju svona kerfi. Það er auðvitað mikill misskilningur.

Aðferðin við að stjórna fiskveiðum er ekki nema lítið brot af öllu dæminu. Sannleikurinn er sá að undir þessari ríkisstj. og raunar fyrri ríkisstj. hefur þessi atvinnuvegur verið leikinn býsna grátt og kannske aldrei meira en nú. Togararnir fara á uppboð, og það eru ekki þeir togarar sem fiska minnst. Það eru kannske jafnvel þeir togarar sem fiska mest, borga sí og æ fimmta hvert kvikindi í fjármagnskostnað. Eftir sem áður hækka sífellt á þeim skuldirnar. Einn togari var seldur um daginn á uppboði. Á honum voru 300 milljónir í skuld. Þeir fiskuðu vel en þeir þurfa að borga mikið til síns rekstrar og olían er dýrari hér en nokkurs staðar annars staðar, fjármagnskostnaður yfirgengilegur og fiskmarkaðurinn í raun og veru hálfgerð blekking. Þess vegna gera menn það í vaxandi mæli að senda fisk beint, ýmist í gámum, með veiðiskipum eða í frystitogurum, til útlanda og komast þar á alvöru fiskmarkað. Þeir komast þar á alvöru fiskmarkað sem greiðir þrisvar sinnum meira fyrir aflann a.m.k. heldur en hér heima.

Hvernig er ástandið í vinnslunni? Nú hefur verið sagt að það sé a.m.k. 9% tap að meðaltali, meira sums staðar og minna annars staðar, og það er auðvitað þekkt staðreynd að milljarðar króna hafa farið út úr þessum atvinnuvegi annað í þjóðfélagið. Eignir fiskvinnslunnar eru orðnar uppurnar og stefnir í hrun.

Ég held, herra forseti og hv. þm., að við ættum ekki að eyða mjög löngum tíma í karp um þessa hluti, þar sem næstum allir hagsmunaaðilar í landinu velja þó þennan kost þótt slæmur sé, og fara að snúa okkur að því að leysa það sem mestu máli skiptir, rekstrarvanda þessarar atvinnugreinar. Það gerir kannske minnst til þó eitt og eitt fyrirtæki í einhverju braski og þjónustu hér í landinu fari á hausinn, en það skiptir öllu fyrir þjóðina, fyrir alla þjóðina, að þessi undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar geti lifað sæmilegu lífi. Deyi hann erum við öll saman komin á kaldan klaka, öll saman. Hvort sem menn vita á hverju þeir lifa eða ekki brestur sá möguleiki fyrir okkur að lifa hér við ysta haf.

Herra forseti. Sjútvn. hafði einnig fund með smábátaveiðimönnum og eftir atvikum eru þeir sáttir við sitt hlutskipti. Þó er það þannig með þá sem stunda þessar veiðar að aðstaða þeirra er einnig afar misjöfn. Og að mínum dómi hefði verið æskilegt að eitthvað hefði verið hægt að gera meira fyrir þá sem lifa eingöngu á þessum veiðum og hafa ekki möguleika vegna hafnarskilyrða til þess að stækka sína báta og geta sótt betur á sjóinn. Að öðru leyti held ég að trillubátaeigendur geti verið vel sáttir við sinn hlut.

Hér í umræðunni var talað um það að vegna kvótakerfisins hefðu Íslendingar og íslenskir sjómenn lært að svindla. Allt er nú orðið kvótanum að kenna. Það er orðið ærið langt síðan ég fór háseti fyrst á sjó. Það eru 36 ár síðan, og ég hef verið með í alls konar veiðum, siglt til útlanda með afla og verið á vertíðum og síld og loðnu og humri og öllu þessu eins og það leggur sig. Ég er auðvitað viss um að sjómenn svindla ekkert meira en annað fólk, en hins vegar hefur maður stundum heyrt að svindl hafi átt sér stað af ýmsu tagi og það hafi verið fyrir kvóta, eins og það heitir núna. Einnig nokkuð til í því. En svo heittrúaðir eru andstæðingar kvótafrv. að þeir kenna kvótanum um allt sem miður hefur farið, segja að það sé verri fiskur og allt þar fram eftir götunum, að ósamræmi milli veiða og vinnslu sé kvótanum að kenna. En ef talað er við fulltrúa hagsmunasamtaka þá stendur upp úr þeim öllum það sama, að kvótafyrirkomulagið gefi möguleika til þess að ná betri gæðum, sparnaði í rekstri, og gefi einnig möguleika á því að samræma betur veiðar og vinnslu til þess að koma í veg fyrir að meira berist að landi en fiskvinnslan ræður við. Menn verða hins vegar að átta sig á því að ef þeir eiga möguleika þá verður líka að nota hann. En gallarnir í þessum efnum eru ekki kvótakerfinu, stýringaraðferðinni að kenna. Það er algjör misskilningur.

Herra forseti. Ein brtt. við þetta frv. er um það að koma nú á sjóinn iðnaðarvandamáli. Hér um árið fékk ágætur maður þá hugmynd að skaffa mönnum í skipasmíðastöðvum atvinnu og lét fara að smíða skip, raðsmíða skip. Þessi skip eru nú orðin afar dýr, kosta a.m.k. 600 millj. kr. eða svo. En okkur í nefndinni fannst óhæft að gera ekki eitthvað í þessu, horfandi á vel búin fiskiskip standa aðgerðarlaus ár eftir ár og hlaða á sig skuldum, að nú væri kominn tími til þess að reyna að fá eitthvað inn í staðinn fyrir þessa fjárfestingu. Þetta mætir víða mikilli andstöðu vegna þess að ef þessi skip fá umtalsverðan afla þá er það tekið af hinum. Út af fyrir sig er það ekki skynsamlegt ef maður horfir aðeins á það að þarna er verið að auka við sóknina í takmarkaða fiskistofna. Þó er í þessu tilfelli lagt til að þessi skip fái að ganga í úthafsrækjuna að mestu leyti.

Að lokum, herra forseti, legg ég áherslu á það að hið fyrra ákvæði til bráðabirgða verði virt af hæstv. sjútvrh. sem ekki hefur tíma til að hlusta á ræður hér, í augnablikinu a.m.k., því miður. (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. er bundinn við störf í Ed. eins og stendur.) Það er einmitt það. Það verður að hafa sinn gang enda græðir hann kannske ekkert mikið á því að hlusta á þetta. En ég vil segja það að í þessu ákvæði er talað um að hafa skuli samráð við sjútvn. við breytingar á þessu máli. Og ég legg áherslu á það að þetta verði ekki nafnið tómt, heldur verði þessu samráði sinnt. Ég tel að það geti ekki skaðað hæstv. ráðh. og hans ráðuneyti að leyfa þingnefndunum að fylgjast með hvað er að ske og hafa möguleika á að koma athugasemdum á framfæri. Því það eru þó alla vega þeir, sem eru kosnir í þessar sjútvn., sem taka það á sig að koma þessum hlutum áfram og í gegn og þeim mun fyrr sem menn vita hvað er í farvatninu þeim mun betra.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. flutti hér mjög skemmtilega ræðu eins og hans var von og vísa. Hann gat þess að þessi deila stæði fyrst og fremst um það að þeir sem mest fengju vildu fá meira og að þeir sem væru ríkir vildu verða enn þá ríkari en hinir sem væru snauðir ættu að verða enn þá snauðari. Þetta upplýsti hverjir væru auðmenn þessa lands, það hljóti að vera trillukarlarnir. Þeir hafa verið með mestar kröfur um að fá meira. En hverjir eru þá hinir, þessir fátæku? Það hljóta að vera togaraeigendur og aðrir slíkir. það kom jafnframt fram að talað hefði verið við hagsmunaaðila en jafnframt hélt hann því fram, með réttu, að öll þjóðin lifði á sjávarútvegi. Og hverjir eru þá hagsmunaaðilarnir í þessu máli, ef ekki Íslendingar allir? Blasir það ekki við? Það var athyglisvert að þeir hagsmunaaðilar sem hann tók mest mark á er SH og SÍS. Það hefðu nú einhvern tímann þótt tíðindi ef þessi aðilar væru orðnir að átrúnaðargoðum hjá Alþb. En það biður enginn Alþýðubandalagsmaður um orðið til að hnekkja þessu. Þeir þegja þunnu hljóði. Þetta er greinilega stefnan, hin nýja stefna, að þaðan skuli sótt fylgið í næstu kosningum, til SÍS og SH, til fátæklinganna, svo maður fari nú rétt með það sem hv. 4. þm. Suðurl. vildi koma á framfæri. (**Gripið fram í:** Kýs SÍS til Alþingis?)

En það er merkilegur hlutur sem kom fram við nákvæmari lestur frv. Það hefur einn veiðihópur verið skilinn eftir og ekki tekinn með inn í kvótakerfið þó furðulegt megi heita. Það vita allir að æskumenn þessa lands á vissum aldri, mjög ungir, hafa stundað það að fara niður á bryggjur að veiða og það er engin skráning og ekkert kvótakerfi á þessu. Það er furðulegur hlutur. (Gripið fram í.) Það ætti nú að vera hægt að fá barnaverndarnefnd eða einhvern annan aðila á þessum stöðum til að líta eftir því að pollarnir veiddu nú ekki svo mikið að þjóðinni stafaði hætta af. (Gripið fram í.) En auðvitað má gera ráð fyrir því að það hafi komið fram brtt. við 3. umr. sem bæti úr þessu frá helstu aðdáendum kvótakerfisins þannig að fullkomnun sé náð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, HG, KH, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, StG, SV, StH, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GSig, GB, GHelg, HÁ, IG.

nei: GE, MB, ÓÞÞ, GHG.

SJS, SvG greiddu ekki atkvæði.

13 þm. (JS, JBH, SighB, KJóh, KSK, SvH, ÞS, EBS, FÞ, GeirG, ÓRG, GA, GGS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég meginafstöðu til þessa frv. sem ég tel vera breytingu til bóta frá því sem var fyrir ári, en þá greiddi ég atkvæði á móti þeirri veiðistjórnun sem þar var lögfest. Ég hef áfram fyrirvara við ákveðna þætti þessa máls og mun sitja hjá við atkvæði um vissar greinar. Ég er hins vegar í grundvallaratriðum hlynntur þeirri stjórnunaraðferð sem hér um ræðir og segi því já.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel að kvótakerfið hafi verið lagfært verulega frá því sem var í upphafi. Engu að síður eru enn á því veigamiklir vankantar sem hugsanlega má sníða af að nokkru við útgáfu reglugerðar sem gefa ber út í samráði við sjútvn. þingsins. Þrátt fyrir þær lagfæringar sem gerðar hafa verið á frv. tel ég eðlilegast að ríkisstj. beri alla ábyrgð á þessu máli og greiði því ekki atkvæði.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þegar mál það sem hér um ræðir var til meðferðar á Alþingi í fyrra þá gerði ég mikinn og sterkan fyrirvara við það fyrirkomulag á veiðistjórnun sem felst í kvótanum. Og ég hef reyndar lýst þeirri skoðun minni síðan við ýmis tækifæri að ég tel að þetta fyrirkomulag á veiðistjórnun, kvótakerfið, sé afleitt fyrirkomulag. Því er hins vegar ekki að neita að með þessu frv. hefur þetta kerfi verið lagfært allnokkuð, auk þess sem nú er sú brtt. hér fram lögð að frv. eigi einungis að gilda í tvö ár. Ég vil hins vegar ekki bregða fæti fyrir þetta mál nú. Hv. sjútvn. hefur mikið unnið í þessu máli og reynt að ná samstöðu. Þess vegna segi ég já, en með þeim fyrirvörum sem ég hef hér frá greint.

2.—3. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 243,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

5.—8. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 243,2 samþ. með 19:2 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, RH, StG, SV, StH, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GS, GB, GHelg, HÁ, HBl, KH, MÁM, ÓE, IG.

ÓÞÞ, GHG, SJS, SvG HG, MB greiddu ekki atkvæði.

15 þm. (PJ, SvH, ÞS, EBS, FÞ, GeirG, GE, ÓRG, GA, GGS, JS, JBH, SighB, KJóh, KSK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hefði talið eðlilegt nú sem áður að undanskilja veiðar smábáta kvóta og hef lýst andstöðu minni við það kerfi sem hefur verið í gildi. Ég tel að þær breytingar sem felast í 9. gr. séu til verulegra bóta frá fyrra kerfi en þar eru þó ýmsir agnúar á. Hér háttar mjög mismunandi til eftir landshlutum eins og menn þekkja. Ég hefði talið að einstakar verstöðvar ættu að velja sér stöðvunardaga en ekki ætti að lögfesta þær með þeim hætti sem gert er

með ákvæðum þessarar greinar eins og henni hefur verið breytt. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. nýti hins vegar þann sveigjanleika sem í greininni er og greiði því ekki atkvæði við afgreiðslu á þessari grein.

10.—11. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 243,3 samþ. með 19:2 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli
já: MÁM, ÓE, PP, RH, StG, SV, StH, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GSig, GB, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, KH, IG.
ÓÞÞ, GHG, SJS, SvG, MB greiddu ekki atkvæði.
14 þm. (PJ, SvH, ÞS, EBS, FÞ, GeirG, GE, ÓRG, GA, JS, JBH, SighB, KJóh, KSK) fjarstaddir.
13.—19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 243,4 (ný 20. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 243,5 (nýtt ákv. til brb., II) samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil inna virðulegan forseta eftir því hvað hann hyggst halda lengi fram fundi hér í kvöld. Bæði er nú það að fyrir dyrum stendur útvarpsumræða sem mun eiga að hefjast hér kl. 20 og þeir þm. sem taka eiga þátt í henni munu margir hverjir gjarnan kjósa að komast í ró, ofurlítið sálarnæði um stund, áður en hún á að hefjast. En ekki síður hitt, að mæting hv. þdm. hefur ekki verið með þeim ágætum hér í dag að mér þyki sérstök ástæða til að halda mikið lengur fram fundinum. Ég vil vekja athygli virðulegs forseta á því að mál eru hér knúin áfram með minni hluta greiddra atkvæða miðað við tölu þdm. og þá með því að krefjast nafnakalls og gilda atkvæðagreiðsluna með hjásetum. Mér finnst þetta vægast sagt rislág afgreiðsla á stjfrv. og ég spyr því virðulegan forseta hvort honum þyki ekki nóg komið fyrir reisn deildarinnar í fundahaldi í dag.

Forseti (Ingvar Gíslason): Að vísu er það rétt að forseti hefði getað kosið það að atkvæðagreiðslur hefðu getað gengið eitthvað lipurlegar. Þó hefur ekki orðið nein veruleg töf af því, en hugsun forseta er nú sú að fara senn að ljúka hér fundarstörfum. En eins og forseti hefur boðað var ætlunin að setja hér nýjan fund, að vísu með langri dagskrá. Það verður að ráðast eins og nú er komið hver þessara mála geta komið fyrir í dag, en það var samt ætlun forseta að þessi fundur yrði settur og eitthvað af þeim málum sem á dagskrá eru tekin fyrir til umræðu.

Steingrímur J. Sigfússon: Ég vil þá spyrja, virðulegur forseti, hvort meiningin sé að taka hér fyrir frv. um fiskveiðistjórnun til 3. umr. Í því máli bar ég fram spurningar til hæstv. sjútvrh. Hann var tepptur við umræður í Ed. þegar að því kom að hann hefði getað svarað og ég féllst á það að þær spurningar lægju ósvaraðar og umræðunni lyki, en ég mun ekki una öðru en að hann svari þá þeim spurningum eða geri tilraun til þess, verði frv. tekið hér til umræðna nú á eftir og það gæti lengt fundartímann eitthvað. Ég bendi virðulegum forseta á þetta.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það var einmitt hugsun forseta að þetta mál yrði tekið fyrir sem sérstaklega var um spurt. Það liggur þá ekki fleira fyrir þessum fundi en ætlunin er að setja nýjan fund að loknum þessum.

Neðri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 12. des., að loknum 26. fundi.

Stjórn fiskveiða, stjfrv. 134. mál (þskj. 264). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég ætla að víkja að spurningum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem ég gat því miður ekki svarað áðan því þannig hefur háttað til um nokkurt skeið að ég hef í reynd þurft að vera í báðum deildum.

Í fyrsta lagi varðandi 4. gr. frv. um línuveiðar þá hefur verið gert fastlega ráð fyrir því að línuveiðar verði að hálfu undanþegnar aflamarki í janúar og febrúar. Á það hefur verið lögð mjög þung áhersla hér á Alþingi og víðar að svo verði einnig í nóvember og desember. Það eru að sjálfsögðu um það skiptar skoðanir og fulltrúar útvegsmanna og sjómanna hafa heldur mælt því í mót. Ég geri ráð fyrir því í ljósi þess vilja, sem fram hefur komið hér á Alþingi og í sjútvn., að línuveiðar verði undanþegnar að hálfu í janúar og febrúar og nóvember og desember. En ég tel rétt að fram komi einnig í Ed. hvaða vilji sé þar fyrir hendi varðandi það mál. Vænti ég þess að þessi svör við því atriði séu fullnægjandi.

Varðandi þorskaflahámark og flutning á þorskaflahámarki í sóknarmarki innan sömu útgerðar þá tel ég ekki mögulegt að hafa slíka reglu eða mismuna útgerðum eftir því hvort nokkur skip eru rekin í sama félagi eða ekki. Það mun aðeins leiða til þess að menn reyni þá að komast fram hjá því með því að sameina fyrirtæki, þannig að það verður ein regla að gilda fyrir öll skip að mínu mati.

Það er nú svo að þeir aðilar sem e.t.v. eru hvað mest á móti framsölum og tala mikið um sölu á óveiddum fiski, þeir ræða gjarnan um möguleika á þessum hlut. Ég vildi aðeins upplýsa varðandi úthlutun kvóta 1985 að hann var 250 þús. lestir. Síðan fóru fram leiðréttingar upp á 5 þús. tonn; hálfur línuafli í janúar og febrúar 6 þús. tonn; 5% viðbót 13. maí 12 500 lestir; 10% heimild til tegundabreytinga eru um 15 þús. lestir; veiði smábáta umfram kvóta 14 500 og viðbót vegna sóknarmarks 14 þús. lestir eða samtals milli 316 og 317 þús. lestir. Þetta eru skýringar á þeim breytingum sem hafa orðið og ég vænti þess að það upplýsi nokkuð í sambandi við spurningu hv. þm. að því er þetta varðar.

Hann spurði einnig um möguleika á því að binda við landshluta. Ég tel að það sé ekki nein lausn á vandamálum, t.d. að því er varðar smábáta, enda eru þeirra

reglur orðnar það sveigjanlegar og rúmar að ég tel að ekki eigi að koma til neinna vandræða og fremur sé ástæða til að hafa áhyggjur af því að þær reglur séu orðnar rýmri en reglur þess flokks sem næstur er fyrir ofan og getur það e.t.v. valdið einhverjum árekstrum.

Hv. þm. spurði einnig um það sem hugsanlega væri dregið undan og nefndi upplýsingar í því sambandi. Ég vil ekkert um það segja. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla að svo sé og ég vil ekki fara með neinar getsakir hér í þeim efnum enda um alvarleg mál að ræða og alvarlegar ásakanir. Mér finnst að menn séu stundum nokkuð léttvægir í slíkum ásökunum hér á Alþingi Íslendinga.

Að því er varðar afkomu sjávarútvegsins og spurningar um það efni þá er afkoman langt í frá nægilega góð. Það hefur margt borið á góma í þeim efnum og yrði allt of langt mál að rekja það hér allt. Hins vegar er ljóst að afkoma sjávarútvegsins er erfið og hún þarf að batna. En ég tel að sú fiskveiðistjórnun, sem rekin hefur verið, hafi leitt til þess að afkoman er skárri, allmiklu skárri en hún annars hefði verið. En afkoman er langt frá því að vera nægilega góð.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það situr nú síst á mér að lengja hér umræður sem hef sjálfur kvartað yfir því að fundi skuli vera haldið hér fram við þessar aðstæður og mun ég ekki gera það. Ég kemst þó ekki hjá því að segja að með einhverju móti hefur hæstv. sjútvrh. með öllu misskilið spurningu mína, þá spurningu sem sneri að útreikningum varðandi 7. og 8. gr. frv. og hvort í þeim greinum og ákvæðum þeirra fælust hugsanlega möguleikar um tilfærslur á aflamarki milli verstöðva, milli landshluta, vegna þess að þær aukningar, sem hann hér nefndi og væntanlega geta átt sér stað á árinu 1986 og ekki síður á árinu 1987, þurfa að mínu viti ekki endilega að dreifast jafnt eftir svæðum. Þá er spurningin: Hvert fer þá sú aukning sem einstakir aðilar ná sér í í gegnum ákvæði þessara greina? Og þá sérstaklega þeir sem eru að vinna sig upp, eins og það er kallað, með sóknarmarkinu.

Ef við erum að skipta hér köku af ákveðinni stærð þá eykur væntanlega enginn hlutdeild sína nema það sé á kostnað einhvers annars. Það var nú fyrst og fremst þetta sem ég vildi spyrja um. En ég sætti mig í sjálfu sér alveg við það þó ekki komi hér mikil svör við því ef engir útreikningar liggja fyrir um þetta, að menn hafi ekki velt þessu sérstaklega fyrir sér út frá þessum sjónarhóli enda treysti ég á hv. Ed. að fá þá svör fram í þessu efni.

Síðan vil ég aðeins segja að þau orð sem ég lét hér falla um þann almannaróm sem ég vitnaði til og hermir að á því sé verulegur misbrestur að allt sé rétt skráð og allt sé rétt fært inn á skýrslur, sem upp úr fiskiskipum landsmanna kemur, bæði heima og erlendis, þau orð lét ég falla viljandi til að vekja á því athygli hér vegna þess að ég tel að menn eigi ekki að halda slíkri umræðu héðan út úr þingsölum með því einu að segja að það sé alvarlegur hlutur og menn eigi nú ekki að taka sér slíkt í munn nema þeir geti sannað allt saman. Hvað oft hafa menn staðið hér í þessum virðulega ræðustóli og rætt um skattsvik, rætt um undandrátt frá söluskatti og tekjuskatti og ýmislegt annað sem miður fer án þess að geta staðið hér og sannað það, q.e.d., á staðnum. Það gerist einfaldlega ekki. En eiga menn þá að þegja yfir öllu og láta sem það sé ekki til, snúa blinda auganu að því ár eftir ár þegar annar hver maður í flotanum talar um þetta sem nánast viðtekna staðreynd þar? Satt best að segja skil ég ekki að menn skuli ætla að halda þessu algerlega út úr umræðunni með svo einföldu móti því ég hef enga ástæðu til að ætla, eins og ég sagði, að sjómenn séu það miklu lygnari en aðrar stéttir í landinu að ekki sé einhver fótur fyrir því þegar sannorðir menn víða að, úr mörgum áhöfnum, segja manni slíkt.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en ég skammast mín ekki fyrir að vekja á þessu athygli vegna þess að ég veit að það er svo altalað og svo víða. Ég teldi það öllu meiri skömm fyrir Alþingi ef enginn þm. hefði kjark í sér til að nefna þetta í umræðunni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá, stjfrv. 169. mál (þskj. 189). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Geislavarnir, stjfrv. 151. mál (þskj. 257). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, stjfrv. 174. mál (þskj. 197). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Við setningu fyrstu laga um heilbrigðisþjónustu nr. 6 frá 1973, sem öðluðust gildi 1. jan. 1974, var gert ráð fyrir því að langan tíma gæti tekið að byggja upp kerfi heilsugæslu samkvæmt þeim lögum. Var því veitt ótímabundin heimild til að reka áfram þar sem heilsugæslu yrði komið á fót þá starfsemi sem fyrir var, þ.e. heilsuverndarstarf samkvæmt lögum frá 1955 svo og starfsemi læknastöðva sem ráðuneytið viðurkenndi sem slíkar. Helguðust þessar bráðabirgðaundanþágur af því að í lögunum var lögð aðaláhersla á uppbyggingu heilsugæslustöðva úti á landsbyggðinni og því væri óvíst

hvenær fé yrði varið til uppbyggingar t.d. á höfuðborgarsvæðinu og öðrum stærri þéttbýlissvæðum.

Við heildarendurskoðun heilbrigðisþjónustulaganna, sbr. lög frá 1978, var ekki hróflað við þessu bráðabirgðaákvæði og ekki sett tímamörk á fresti, en það var hins vegar gert við aðra heildarendurskoðun, sbr. lög frá 1983, en þar var sett í bráðabirgðaákvæði að kerfi heilsugæslu skyldi komið á á landinu öllu fyrir árslok 1984.

Sumarið 1984 var skipuð nefnd til þess að endurskoða ákvæði heilbrigðisþjónustulaganna sérstaklega með heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu í huga. Niðurstaða þessarar nefndar lá ekki fyrir fyrir síðustu áramót og þess vegna var gripið til þess ráðs að lengja áðurnefndan frest til n.k. áramóta gagnvart Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Á öðrum svæðum var heilsugæsla þegar komin í samræmi við lögin.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan tillögur komu frá þessari nefnd hefur því miður ekki unnist tími til þess að fullvinna þær þannig að þær séu tilbúnar til flutnings á Alþingi. Með skírskotun til þessa er þess vegna nauðsynlegt að framlengja enn um eitt ár umræddan frest í ákvæðinu til bráðabirgða í lögum um heilbrigðisþjónustu vegna heilsugæsluumdæmanna á höfuðborgarsvæðinu sem ekki hafa þegar tekið upp heilsugæslukerfið að fullu.

Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr. að sjálfsögðu og leyfi mér að óska þess að þar geti orðið skjót afgreiðsla málsins þar sem frv. þarf að ná fram fyrir þinghlé ef ekki á að myndast utanlagaástand á þessu svæði því vitanlega verður heilsugæslu á umræddu svæði ekki komið í annað horf á nokkrum dögum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að gagnrýna að þetta frv. skuli vera komið svo seint fram eins og raun ber vitni um vegna þess að hæstv. ráðh. hefur verið ljóst um nokkurra vikna skeið að hún mundi ekki koma fram frv. um breytingar á heilbrigðisþjónustulögunum sem næði afgreiðslu fyrir áramót. Þess vegna var í rauninni ljóst fyrir löngu að það hefur verið vilji ráðherrans að það ætti að fresta gildistöku heilbrigðislaganna nýju fyrir Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Ég vil mótmæla þessu sérstaklega. Enn fremur vil ég benda á nokkur atriði, herra forseti, varðandi þetta mál.

Það var, eins og hæstv. ráðh. gat um, árið 1974 sem sett voru lög um heilbrigðisþjónustu. Þau voru síðan endurskoðuð undir forustu þáv. heilbrrh. Matthíasar Bjarnasonar á árunum 1976—1978. Niðurstaða endurskoðunarinnar var að ráðuneytið gafst upp á að fella Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð undir nýja heilsugæslukerfið. Í staðinn var framlengt þar gamla ástandið varðandi heilsuverndarstöðvar. Það var þess vegna ekki fyrr en á árinu 1980 að sett var í gang markviss vinna við að tryggja að heilsugæslukerfið gæti tekið gildi í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Á árinu 1982, í ársbyrjun, var gengið frá ítarlegu nefndaráliti og samningum við alla aðila, m.a. Heimilislæknafélag Reykjavíkur, um að unnt yrði að taka nýja heilsugæslukerfið upp á Reykjavíkur- og þéttbýlissvæðinu fljótlega eftir að sá samningur lá fyrir.

Það var á grundvelli þessa samnings að í heilbrigðislögunum sem samþykkt voru á þingi vorið 1983 var ákvæðið um aðlögunartíma í Reykjavík og nágrenni þar tímasett með ákveðnum hætti og miðað við að heilsugæslukerfið ætti að taka gildi í ársbyrjun 1985. Núverandi ríkisstjórn kaus hins vegar, því miður, að kasta þessari miklu vinnu, sem unnin hafði verið, þessum samningum sem höfðu náðst við Læknafélag Reykjavíkur og fleiri aðila, fyrir róða og af þeim ástæðum var það sem fyrrv. heilbrrh. Matthías Bjarnason flutti í fyrra frv., sem er svipað frv. sem hér liggur fyrir, um að fresta þessu enn um eitt ár. Um leið og hæstv. ráðh. mælti fyrir því frv. lýsti hann því yfir að hann mundi ekki fara fram á það við Alþingi að það framlengdi frestinn einu sinni enn að því er varðar þéttbýlissvæðin.

Vissulega stóð hann við það vegna þess að hann gekk úr stól heilbrrh. um miðjan októbermánuð og ný ráðherra tók við. Þá lá fyrir nefndarálit frá nefnd sem hæstv. ráðherra Matthías Bjarnason hafði skipað á árinu 1984. Sú nefnd lagði til nokkrar breytingar á lögunum um heilbrigðisþjónustu og þær breytingar höfðu legið fyrir um þó nokkurt skeið hjá hæstv. ráðh. Matthíasi Bjarnasyni, en hann hafði ekki haft fyrir því að kynna málið fyrir samflokksmönnum sínum hvað þá heldur öðrum samstarfsaðilum í ríkisstjórn. Þess vegna kemur núverandi hæstv. ráðh. að þessu máli sennilega ókunnur með öllu.

Ég held að það sé hins vegar rétt að gera sér grein fyrir því að heilsugæslukerfið nýja er ódýrara fyrir ríkið en heilsuverndarkerfið sem enn er í gildi. Það liggja fyrir alveg óyggjandi upplýsingar um að það er ódýrara. Fyrst á árinu 1983 samþykkti ríkisstjórnin að þetta kerfi yrði tekið upp í Reykjavík og þannig létt kostnaði af ríkissjóði, en um leið samþykkti ríkisstjórnin að ríkissjóður skyldi taka þátt í heimilishjálp fyrir aldraða. Var talið að þarna væri um að ræða nokkurn veginn jöfn skipti, annars vegar af hálfu ríkisins og hins vegar af hálfu sveitarfélaganna. Ég man eftir því að forráðamenn Reykjavíkurborgar á þeim tíma töldu að þeir útreikningar sem þarna lágu fyrir, annars vegar á kostnaði við heilsugæsluna og hins vegar á kostnaði við heimilishjálp fyrir aldraða, væru í raun og veru réttir. Þeim mun sérkennilegra er það, úr því að þetta er ódýrara og hagkvæmara fyrir ríkið, að núverandi ríkisstjórn skuli þráast við að koma þessu nýja kerfi í gagnið með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Ég tel þess vegna fyrir mitt leyti að það sé alger óþarfi að samþykkja þetta frv., það sé hægt þegar á næstu dögum, sem eftir lifa af þessu ári, að undirbúa nýtt heilsugæslukerfi í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ og ganga þannig frá hnútunum að nýja kerfið tæki gildi um áramótin. Þess vegna tel ég, eins og Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi tók fram á fundi með þingmönnum Reykvíkinga fyrir nokkrum dögum, að það sé í raun og veru alger óþarfi að samþykkja þetta frv. Nýju lögin eigi að taka gildi fyrir Reykjavík þannig að Reykvíkingar, Garðbæingar, Kópavogsbúar og Hafnfirðingar geti fengið það heilsugæslukerfi sem aðrir landshlutar hafa búið við um margra ára skeið, sennilega bráðum í áratug.

Það er sérkennilegt að loka hinu nýja heilsugæslukerfi fyrir Reykjavík enn eitt árið, eins og hér er lagt til, eingöngu vegna þess að mínu mati að takmarkaður lítill hópur í flokki hæstv. ráðh. þolir ekki þau félagslegu sjónarmið sem heilsugæslukerfið byggir á. Þó ber að

taka það fram, úr því að ég segi þessi orð, að margir af flokksmönnum hæstv. ráðh. hafa stutt þetta nýja heilsugæslukerfi með ráðum og dáð og áttu m.a. aðild að samningu frv. um heilbrigðisþjónustuna á árinu 1973.

Við munum veita því athygli, þm. Reykjavíkur, í sambandi við þetta mál hvernig þingmaður Framsfl. í Reykjavík tekur afstöðu til þessa frv. Það vill svo til að enn þá á Framsfl. einn þm. í Reykjavík og á Reykjanesi. Það er sjaldgæft að það skipti í raun og veru miklu máli hvorum megin hryggjar þeir liggja eins og staðan er núna, en við munum fylgjast grannt með því hvort það verður samhengi á milli afstöðu framsóknarmanna til þessa máls og í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem framsóknarmenn hafa lagt áherslu á að nýja heilsugæslukerfið gæti tekið gildi.

Ég vil biðja þá heilbr.- og trygginganefndarmenn sem hér eru, t. d. þá stjórnarliða sem sitja á móti mér og mér á hægri hönd, að kanna þetta mál rækilega. Staðan er þannig að nýja heilsugæslukerfið er ódýrara fyrir ríkissjóð en núverandi fyrirkomulag. Ég gæti trúað að það munaði verulegum fjárhæðum, kannske á bilinu 100 til 200 millj. kr. Mér finnst það skrýtið að menn, sem eru að reyna að krækja ríkissjóði saman um þessar mundir og gengur erfiðlega, skuli ætla að binda honum aukabagga með því að láta gamla kerfið gilda áfram í Reykjavík um leið og ríkið borgar hlut í heimilisþjónustu fyrir aldraða samkvæmt lögum um málefni aldraðra sem sett voru á sínum tíma. Ekki einasta gerist það að ríkið er hérna með dýrara kerfið áfram heldur borgar það líka heimilisþjónustuna fyrir aldraða sem átti að koma á móti þeirri kostnaðarlækkun sem meiningin var að kæmi út úr þessu dæmi fyrir ríkið. Ég segi alveg eins og er að ég held að hér séu hv. stjórnarliðar að fara fram með mál að óþörfu. Ég held að það sé hægt að láta nýja kerfið taka gildi. Það er ódýrara fyrir ríkið alveg tvímælalaust og ég held að í þeirri stöðu sem fjárlögin eru í núna séu það a.m.k. fullgild rök.

Ég mun sem sagt greiða atkvæði gegn þessu frv. þegar það kemur til meðferðar, ef það kemur til meðferðar hér, eftir 2. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég verð að segja að afstaða hv. 3. þm. Reykv. kemur mér afar mikið á óvart. Sjálfur sat hann í stól heilbr.- og trmrh. í fjögur ár næstum því og sá ekki ástæðu til að koma þessu kerfi á.

Hv. þm. heldur því fram að fyrirkomulagið sé ódýrara. Vera má það. En það kostar hins vegar töluvert að koma því á. Ef hv. þm. telur að núna sé tíminn til þess er það auðvitað hans mál, en ég hygg að Reykvíkingar séu almennt ekki á þeirri skoðun né heldur borgarfulltrúar. Ég held meira að segja að sá borgarfulltrúi sem hann vitnaði til áðan hafi skilið að slíkt gerðist ekki með einni handarvendingu þó svo að það geti verið markmið að koma þessu fyrirkomulagi á. Það er annað mál.

Alþingi þekkir það af margra ára reynslu og ekki síst hv. 3. þm. Reykv. að þetta er mál sem ekki gerist í einni svipan. Enn fremur var hv. þm. fullkunnugt um að það var verið að vinna að því að reyna að breyta þessari skipan, en til þess gafst ekki tími endanlega, eins og ég skýrði frá áðan. Hann benti einnig á það sjálfur í umræðum nú á dögunum að ef það hefði ekki tekist væri nauðsynlegt að framlengja bráðabirgðaákvæðið. Það eina sem þyrfti væri að afstaða væri tekin í aðra hvora áttina.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er ekki þægilegt, þegar verið er að fjalla hér um mál, þegar hæstv. ráðherrar snúa út úr með þeim hætti sem hæstv. heilbrrh. gerði áðan með býsna blygðunarlausum hætti. Hæstv. heilbrrh. komst þannig að orði, og reyndar er hún nokkuð þekkt fyrir það í þingsölum að snúa út úr, ég hygg að hún hafi náð býsna langt í þessu efni, þegar hún sagði áðan að meðan ég var heilbrrh. hafi ég ekki séð ástæðu til að koma þessu kerfi á. Þvílíkur útúrsnúningur og þvílíkt þekkingarleysi hjá hæstv. ráðh. á því sem í raun og veru gerðist í þessu efni. Á árinu 1980 voru undirbúnir allir samningar við Reykjavíkurborg, Læknafélag Reykjavíkur, Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ og Kópavog um það að hið nýja heilsugæslukerfi gæti komist á — við fjmrn. líka á þeim tíma. Hérna var um að ræða undirbúning sem lá alveg ljóst fyrir að var forsenda lagasetningarinnar vorið 1983 og á þeim forsendum var bráðabirgðaákvæðið tímasett. Það var tímasett þess vegna og það mótmælti því enginn, ekki heldur hæstv. ráðh. sem mun hafa setið á Alþingi á þeim tíma. Þess vegna er það alveg yfirgengilegt að koma hér upp og segja: Þm. var ráðherra þessa málaflokks í fjögur ár, sem er reyndar misskilningur, þau munu hafa verið um þrjú, og sá ekki ástæðu til að koma þessu fram. — Ég bið hæstv. ráðh. að nefna mér einn forvera sinn annan sem vann að þessu máli með viðlíka hætti og ég gerði á sínum tíma.

Síðan segir hæstv. ráðh., sem sýnir bersýnilega að hún er ekki inni í þessum málum, að það sé mikill kostnaður við að koma kerfinu á. Það er rétt. En í þeim samningum sem gerðir voru við fjmrn. og aðra aðila var líka gert ráð fyrir þessum kostnaði og þrátt fyrir þennan kostnað var ljóst að nýja kerfið er ódýrara fyrir ríkið en gamla kerfið. M.a. lágu fyrir samningar um það, og á því byggðist samningurinn við Heimilislæknafélag Reykjavíkur, að ríkið legði fram nokkra fjármuni vegna lífeyrisréttinda heimilislækna sem ekki hafa átt aðild að neinum lífeyrissjóði. Þeir töldu að þar væri um mjög mikilvægan áfanga að ræða. Inni í þeim kostnaðar- og sparnaðartölum sem ég var að tala um áðan var því auðvitað gert ráð fyrir þeim kostnaði sem kerfisbreytingin leiddi af sér. Þess vegna held ég að hæstv. ráðh. og hv. þm. í heilbr.- og trn. þurfi að kanna þetta mál miklu betur.

Ég vil fara fram á það við hv. heilbr.- og trn. að hún kalli fyrir í þessu máli ekki aðeins heilbrrn. heldur líka fulltrúa frá Reykjavíkurborg og ekki aðeins fulltrúa meiri hl. heldur líka borgarfulltrúa eins og Öddu Báru Sigfúsdóttur og það verði líka kallaðir fyrir fulltrúar Heimilislæknafélags Reykjavíkur sem unnu að þessu máli á sínum tíma og gerþekkja það. Ég tel að það sé algert lágmark, miðað við það sem fram kom í máli hæstv. ráðh. áðan, að þm. sem í nefndinni eru kynni sér þetta mál betur. Ég er ekki að áfellast ráðherrann fyrir að vera ekki kominn fyrir hverja vík í þessum málaflokki, en ég er að fara fram á að menn vandi sig við að fara yfir þetta mál og ég hygg að við slíka vandlega yfirferð muni menn komast að þeirri niðurstöðu, sem m.a. Adda Bára Sigfúsdóttir benti okkur á á fundi með þm. Reykv. um daginn, að það er unnt að láta nýja heilsugæslukerfið taka gildi frá og með næstu ára-

mótum. Það er allt tilbúið til þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Málefni aldraðra, stjfrv. 182. mál (þskj. 208). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Frá því er Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður hafa umsóknir um styrki úr sjóðnum numið upphæðum sem eru mun hærri en það fé sem sjóðurinn hefur haft til ráðstöfunar. Það þarf ekki að tíunda fyrir hv. þm. hve öldruðu fólki, sem þarf á þjónustu að halda vegna elli sinnar, hefur fjölgað. Þetta er samtímis því að hér er um gleðilegan árangur heilbrigðiskerfisins að ræða. Með hærri aldri manna fellir það auðvitað þá skyldu á okkur hin líka að sjá til þess að bæta nokkuð þjónustu við þennan aldursflokk. Því fer svo fjarri að þar sé gert allt sem þarf og vissulega erum við að fjalla um stærsta vandann í heilbrigðiskerfinu, sem er þjónusta við hina öldruðu.

Sú hugmynd kom fram í nefnd þeirri sem hefur stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra með höndum að lagt yrði til að gjaldið, sem lagt er á menn til að efla þennan sjóð, verði hækkað úr 580 kr., eins og það er á yfirstandandi ári, í 1000 kr. Það var raunar gert ráð fyrir því að á fjárlagaárinu næsta yrði þessi fjárhæð á milli 650 og 700 kr. En ég hygg að um þetta gjald megi það segja að það sé eini skatturinn í þjóðfélaginu sem fólk greiði með glöðu geði.

Ég hef leitað samstöðu með þm. ýmissa flokka um þetta mál og hef orðið þess vör að þetta mál mætir skilningi. Þess vegna er það að ég leyfi mér að fara fram á að hv. heilbr.- og trn. afgreiði þetta mál þannig að það komist í gegnum báðar deildir fyrir þinghlé. Með þessu móti yrðu teljur sjóðsins um 100 millj. kr. og víst er um það að ekki veitir þeim sjóði af til að bæta þjónustu við aldraða víðs vegar um landið.

Ég leyfi mér að leggja til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Eðli þessa máls samkvæmt og vegna þeirra miklu vandræða sem steðja að högum aldraðra í landinu má vel fallast á þessa hækkun úr 580 kr. í 1000 kr. En það hlýtur að koma á óvart að í brtt. fjvn., sem hér liggja fyrir á þskj. 244, er ekki annað að sjá á bls. 16 en fjárveiting skerðist. Hér stendur í lið 20 við 4. gr. 08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra: Fyrir 79 millj. koma 65 millj. Ég verð að játa að ég skil ekki í hverju þessi lækkun er fólgin og vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hvað liggur að baki og hvert verði í raun og veru framlag ríkisins.

Einnig langar mig að spyrja hvort fyrir liggi áætlun um úthlutun úr sjóðnum á næsta ári. Það væri ekki óeðlilegt að þá úthlutun mætti skoða jafnframt því sem fjallað er um þetta mál í hv. heilbr.- og trn. sem ég vænti að fái málið til umfjöllunar. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við fáum að sjá fyrirhugaðar úthlutanir á næsta ári.

En fyrst af öllu vil ég spyrja hvers vegna þetta framlag var lækkað úr 79 millj. í 65.

Jafnframt vil ég tilkynna hæstv. ráðh. og þingheimi að við munum, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, flytja brtt. við fjárlög þar sem við leggjum til að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði hækkaður til jafns við Framkvæmdasjóð aldraðra. Það getur ekki talist óeðlilegt að þessir sjóðir fylgist að.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í lagabreytingunni, sem gerð var rétt fyrir jólahlé þingheims í fyrra, var það ákvæði sett inn í lögin að upphæðin sem þá var tilgreind breyttist í samræmi við skattvísitölu. Þessi upphæð mun vera reiknuð út á þeim grundvelli. Það eru þær upplýsingar sem ég hef, en núna, ef þetta frv. verður samþykkt, breytist þessi upphæð í samræmi við það sem ég greindi frá í fyrri ræðu minni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hitaveita Suðurnesja, stjfrv. 119. mál (þskj. 132). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 100 frá 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980 og 91/1984. Frv. þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Ed., en er nú í seinni deild til frekari fyrirgreiðslu.

Frv. þetta felur í sér þær breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja er leiðir af samningum um sameiningu rafveitnanna á Suðurnesjum. Samningar þessir voru gerðir í framhaldi af samþykkt heimildalaga þar um, þ.e. lög nr. 91/1984 um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja. Ákvæði frv. um innbyrðis skiptingu eignarhluta sveitarfélaganna, svo og tilhögun um stjórnarkjör og starfsskilyrði í stjórn eru samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um á milli sveitarfélaga á Suðurnesjum. Ríkið hefur fyrir sitt leyti fallist á þá tilhögun.

Samkomulag það sem vísað er til er dags. 5. júlí 1985 og undirritað af fulltrúum allra sveitarfélaga á Suðurnesjum. Í samkomulaginu er kveðið á um skiptingu eignarhluta. Eignarhluti ríkisins lækkar samkvæmt því í 20%. Þessi lækkun kemur til þar eð sveitarfélögin leggja fram skuldlausar eignir í fyrirtæki og auka þar með eign sína í fyrirtækinu. Ríkissjóður leggur engar eignir í fyrirtækið á móti og lækkar því eignarhlutur þess að sama skapi. Um þetta efni er full eining meðal eigenda.

Í tengslum við samningsgerðina undirrituðu sveitarfélögin sérstaka bókun um breytingar á lögum um félagið vegna breytts stjórnarskipulags. Í 2. tölul. bókunar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir eru sammála um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja:

1. Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipa níu fulltrúum, einum frá hverju sveitarfélagi og tveimur frá ríkissjóði.

2. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu miðað við eignarhluta skv. 1. gr., enda komi ósk a.m.k. eins stjórnarmanns þar um og þarf þá 60% atkvæða til að málið teljist afgreitt.

3. Hitaveita Suðurnesja skal vera undanþegin álagn-

ingu hvers konar gjalda til sveitarsjóðanna."

Iðnrh. samþykkti þetta fyrir hönd ríkisstj. með bréfi dags. 26. sept. 1985 og er frv. þetta lagt fram í samræmi við það.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni þessari umræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 28. fundur.

Fimmtudaginn 12. des., kl. 8 síðdegis.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands, þáltill. 173. mál (þskj. 196). — Fyrri umr. (útvarpsumr.)

Forseti (Ingvar Gíslason): Umferðir í útvarpsumræðunni verða tvær, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari. Auk þess talar Kristín S. Kvaran 1. landsk. þm. í 15 mínútur og talar hún næst á eftir Samtökum um kvennalista í fyrri umferð. Röð flokkanna í útvarpsumræðunni verður þessi í báðum umferðum: Alþfl., Sjálfstfl., Alþb., BJ, SK, Framsfl.

Ræðumenn verða: Af hálfu Alþfl. talar í fyrri umferð Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., og Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir Sjálfstfl. tala Þorsteinn Pálsson fjmrh. og Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv., í fyrri umferð og Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Ræðumenn Alþb. í fyrri umferð verða Ólafur Ragnar Grímsson, 7. þm. Reykv. og Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm., en Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu BJ talar Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm., og talar hann í báðum umferðum. Fyrir SK talar Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., í fyrri umferð og Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., í síðari umferð. Ræðumenn Framsfl. verða Steingrímur Hermannsson forsrh. í fyrri umferð og Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., í þeirri síðari.

Nú hefst umræðan og tekur fyrst til máls Jóhanna Sigurðardóttir og talar af hálfu Alþfl.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Tvívegis hefur Alþingi kosið rannsóknarnefnd í samræmi við ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Í því sambandi skal eftirfarandi rifjað upp þegar forustumenn Sjálfstfl., sem beygt hafa Framsfl. til hlýðni í þessu máli, reyna nú að koma í veg fyrir skipan rannsóknarnefndar Alþingis í Hafskipsmálinu. Þau dæmi sýna vel þá breytingu sem orðið hefur á Sjálfstfl. á undanförnum árum þar sem nú ræður ríkjum fyrst og fremst frjálshyggjan í sinni verstu mynd og hagsmunagæsla fyrir gróðaöflin í þjóðfélaginu.

Á Alþingi árið 1955 var lögð fram tillaga af sjálfstæðismönnum um að Alþingi kysi nefnd fimm sérfróðra manna til að rannsaka millilíðagróða, en ásakanir voru þá uppi um að hópur millilíða í þjóðfélaginu rakaði saman gróða á kostnað þjóðarheildarinnar. Fjvn. mælti með samþykkt þáltill. með þeirri breytingu að í stað þess að utanþingsnefnd eða nefnd sérfræðinga rannsakaði málið yrði rannsókn falin þingmannanefnd með rannsóknarvald sem valin yrði í samræmi við ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar. Það var því afstaða forustumanna Sjálfstfl. og Framsfl. á þeim tíma, sem þá fóru með stjórn landsins, að skynsamlegast og vænlegast til árangurs væri að skipa rannsóknarnefnd þingsins í málið. Athyglisvert er að undir þetta álit skrifuðu m.a. þingmenn Sjálfstfl., þeir Pétur Ottesen, Jónas G. Rafnar fyrrv. bankastjóri Útvegsbankans og Magnús Jónsson, fyrrum fjármálaráðherra og bankastjóri Búnaðarbankans, sem var flm. till. um skipan utanþingsnefndar eða nefndar sérfróðra aðila, en breytti afstöðu sinni í stuðningi við rannsóknarnefnd þingsins að athuguðu máli.

Annað dæmi um þá breytingu sem orðið hefur á Sjálfstfl.:

Í Nd. Alþingis 21. mars 1956 var tekin til síðari umræðu tillaga um skipan rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fimm manna þingmannanefnd var falin rannsókn á okurlánastarfsemi. Bjarni Benediktsson þáverandi dómsmrh. fagnaði þá sérstaklega skipan þingmannanefndar til að rannsaka málið og sagði, með leyfi forseta:

„Almenningur á heimtingu á því, að hér sé gengið alveg milli bols og höfuðs á spillingu, ef um spillingu er að ræða, og ef um ósannan söguburð er að ræða, þá eiga þeir, sem fyrir röngum sökum eru hafðir, einnig rétt á því að vera hreinsaðir."

Þessi orð fyrrverandi leiðtoga Sjálfstfl., sem fagnaði sérstaklega skipun rannsóknarnefndar þingsins í málinu, eiga vissulega við um það mál sem hér er til umræðu um skipan rannsóknarnefndar þingsins í Hafskipsmálinu. Á því eru margar hliðar sem hver um sig kallar á ítarlega rannsókn þar sem brýnt er að ekkert verði undan dregið til að varpa ljósi á þetta mál.

Ýmislegt hefur verið staðhæft og fullyrt í þessu máli og ásakanir uppi sem m.a. snerta æru og heiður fjölda manna sem með réttu eða röngu hafa verið bornir sökum í þessu máli. Þeir sem hafa hreinan skjöld í þessu máli eiga á því kröfu að einskis verði látið ófreistað til að hver einasti þáttur þessa máls verði upplýstur og öllum þeim spurningum verði svarað sem nú brenna á vörum fólksins í landinu.

Orð hafa verið látin falla um að á ferðinni sé stórfellt fjármálamisferli, blekkingar og falsanir, misnotkun á pólitísku valdi, vanrækslu í störfum bankastjórnar, bankaráðs og ráðherra, að forráðamenn Hafskips hafi sjálfir hagnast á misferli í rekstri félagsins, misnotkun hafi átt sér stað á lánafyrirgreiðslu ríkisbanka, lúxuslifnaður forráðamanna Hafskips og sóun í rekstri og tortryggni um að rétt sé að málum staðið með yfirtöku Eimskips á eignum Hafskips. Allt endi þetta í miklu fjármálahneyksli og stærsta gjaldþrotamáli í sögu íslenska lýðveldisins.

Hér eru svo margar alvarlegar ásakanir á ferðinni að öllum má ljóst vera að mikið er í húfi að Alþingi sjái til þess að þannig verði að rannsókn á máli þessu staðið að öll atriði sem máli þessu tengjast verði skoðuð ofan í kjölinn og allt komi upp á borðið. Að öðrum kosti er víst að traust almennings á banka- og fjármálastofnunum þjóðarinnar bíði alvarlegan hnekki. Fólkið í landinu, sem skattlagt verður fyrir því fjárhagstjóni ríkisbankans sem af þessu leiðir, á kröfu á því að ekkert

verði undan dregið í þessu máli.

Ég vil aðeins lauslega reifa nokkra þætti sem fram hafa komið og sem rannsókn málsins verður að leiða í ljós:

Hver er skýringin og hver ber ábyrgð á lánveitingum Útvegsbankans til Hafskips sem nú er sagt að nemi a.m.k. 400—500 millj. umfram tryggingar skulda og eiginfjárstöðu bankans? Hvers vegna var ekki fyrr gripið í taumana? Af hverju voru lánafyrirgreiðslur til Hafskips ekki fyrir löngu stöðvaðar? Til hvers er Alþingi að kjósa bankaráð í ríkisbanka sem ekki veit um 780 millj. kr. lánveitingu til stærsta viðskiptaaðila bankans eða hvernig tryggingum er háttað á hverjum tíma? Voru lánveitingar bankans veittar á röngum upplýsingum forráðamanna Hafskips um hag og rekstur fyrirtækisins? Voru ársskýrslur Hafskips undanfarin ár rangar og hvað er til í því að reikningsskil ársskýrslna hafi á hverjum tíma miðast við að fá fram sem hagstæðasta ársreikninga? Hvað er hæft í þeirri staðhæfingu að endurskoðendafyrirtæki í Bandaríkjunum hafi ekki treyst sér til að sjá um endurskoðun á reikningum Hafskips þar sem um sérkennilega viðskiptahætti hafi verið að ræða sem ekki stæðust venjulegar endurskoðunarreglur? Hvað er hæft í staðhæfingu um óreglu í bókhaldi Hafskips í Bandaríkjunum sem varði við bandarísk lög? Eru staðhæfingar réttar um 200 millj. kr. tap félgsins á árinu 1984, en í ársskýrslu félagsins kemur fram 95 millj. kr. tap?

Fóru forráðamenn fyrirtækisins vísvitandi með blekkingar þegar þeir á aðalfundi félagsins héldu fram velgengni félagsins á Atlantshafssiglingaleiðinni sem skilaði góðum arði og að áætlanir félagsins hafi í megindráttum staðist? Það er allsérkennileg staða að ritstjóri Helgarpóstsins hafði á þeim tíma meiri og betri vitneskju um ástand og horfur í Atlantshafssiglingunum en forráðamenn Hafskips. Hvers vegna er því enn haldið fram í bréfi til hluthafa 27. nóv. 1985 eða fyrir rúmum hálfum mánuði að í febrúarmánuði hafi verið góðar vonir um að Atlantshafssiglingar félagsins mundu leiða til árangurs? Samt lá fyrir á þeim tíma samkvæmt upplýsingum Helgarpóstsins að mörg skipafélög höfðu á stuttum tíma gefist upp á þessari siglingaleið, að flutningsgetan var meiri en þörfin, að farmgjöld höfðu lækkað gífurlega á þessari siglingaleið, að Hafskip var eitt af fjölmörgum litlum skipafélögum sem bítast um 10% af þessum markaði.

Þessum spurningum þarf m.a. að svara nú þegar gífurlegt tap Útvegsbankans blasir við, þegar þrautpíndir skattgreiðendur verða að bera byrðar vegna gjaldþrots Hafskips, þegar 300—400 starfsmenn Hafskips missa vinnu sína, þegar starfsmenn Hafskips eru ekki einungis að missa vinnu sína heldur margir hverjir fjármagnið sem þeir hafa sett í hlutafjáraukningu fyrirtækisins, kannske á forsendu þeirrar bjartsýni sem forráðamenn Hafskips kynntu þeim um Atlantshafssiglingarnar sem þó varð banabiti félagsins.

Spyrja má líka: Af hverju hefur ekki í marga mánuði verið haldinn hluthafafundur hjá Hafskipi þó í langan tíma hafi verið ljóst hvert stefndi? Kom hluthöfunum það ekkert við hvað var að gerast? Starfsmennirnir eiga heimtingu á því að vita hvort þeim hafi verið seld hlutabréf á fölskum forsendum, eins og fullyrt er af fyrrverandi framkvæmdastjóra dótturfyrirtækis Hafskips í Bandaríkjunum, sem ofbauð sviðsetning og framsetning mála á hluthafafundi félagsins fyrr á árinu.

Og fleira má nefna sem rannsaka þarf. Hvað er hæft í þeirri staðhæfingu að Hafskip hafi greitt ólögleg umboðslaun í stórum stíl frá því um það leyti sem Norður-Atlantshafssiglingarnar hófust til að tryggja sér farmflutninga frá Evrópu, en þar er talað um 400—500 þús. kr. aukagreiðslur í hverri ferð? Með því hafi Hafskip framið lögbrot á siglingaleiðinni og keypt flutninga dýru verði.

Á sú fullyrðing við rök að styðjast að brotin hafi verið bandarísk tollalög þar sem Hafskip hafi flutt inn gáma án leyfis frá bandarískum tollayfirvöldum?

Hvað er hæft í því að forstjóri Hafskips í Bandaríkjunum hafi staðið í einkainnflutningi bíla frá Evrópu til Bandaríkjanna fyrir sjálfan sig og aðra og andvirði þeirra og flutningur hafi verið kostaður af Hafskipi, eins og upplýst er af fyrrverandi framkvæmdastjóra dótturfyrirtækis Hafskips í Bandaríkjunum? Hvað er hæft í því að pappírsfyrirtæki forstjórans í Bandaríkjunum, Georgia Export Import, hafi mjólkað fé út úr Hafskipi fyrir þjónustu sem aldrei var veitt, eins og starfsmenn Hafskips í Bandaríkjunum halda fram? Hvað er hæft í þeirri fullyrðingu starfsmanna Hafskips í Bandaríkjunum að þetta hafi viðgengist með fullri vitneskju stjórnar félagsins og forráðamanna Hafskips sem hafi sjálfir hagnast á þessu svindli og lögleysu?

Þetta eru spurningar og staðhæfingar, sem uppi eru í umræðunni, sem nauðsynlegt er að staðreyna og upplýsa. Það kemur nefnilega fólkinu í landinu við, sem borga þarf brúsann af þessu fjármálahneyksli, og það kemur Alþingi við ef fjármagn hefur verið flutt úr ríkisbanka til pappírsfyrirtækja Hafskips erlendis til að standa undir þvílíku bruðli, sóun og spillingu.

Hér á vissulega einkafyrirtæki hlut að máli, en það kemur okkur öllum við ef rekstri fyrirtækisins hefur í langan tíma verið haldið gangandi með fjármagni úr ríkisbanka sem notað hafi verið m.a. til að fjármagna einkaneyslu og lúxuslifnað forráðamanna félagsins.

Þess vegna er það ekkert einkamál þessara aðila, ef satt er sem haldið hefur verið fram í fjölmiðlum, að heildarlaun tveggja forráðamanna Hafskips hafi numið allt að 800 þús. kr. á mánuði eða nálægt fjórföldum árslaunum láglaunafólks sem lifa þarf af strípuðum launatöxtum — þess fólks sem nú fær sendan reikninginn af Hafskipsævintýrinu. Þetta fólk á kröfu á því að öll kurl komi til grafar um lúxuslíf og lystireisur forráðamanna Hafskips.

Það er ekkert einkamál forráðamanna Hafskips, þegar ríkisbanki hefur dælt fjármagni inn í rekstur félagsins langt umfram veð og tryggingar, hvort sóun eða misferli hafi átt sér stað með þá fjármuni. Spurningin er því þessi: Hagnast forráðamenn Hafskips á öllu ævintýrinu meðan þjóðin stendur uppi með reikninginn? Okkur kemur það við ef einn hótelreikningur forráðamanna Hafskips samsvarar fernum árslaunum láglaunafólks í dagvinnu sem lifa þarf af kauptöxtunum.

Það er ekkert einkamál forstjóra skúffufyrirtækis í Bandaríkjunum ef hann þiggur fjármagn úr rekstri Hafskips til að fjármagna lengdan kádilják með sjónvarpi, bar og einkabílstjóra til að aka sér út á flugvöll, í golfferðalög með sérsmíðaðar golfkúlur í skottinu sem bera einkennismerki Hafskips. Það er ekkert einkamál þessara manna ef fjármagn Hafskips, sem að verulegu leyti er lánsfé úr banka þjóðarinnar án fullnægjandi

veða, er notað með þessum hætti.

Vissulega eru þetta alvarlegar ásakanir sem ég hef nú lýst og fram hafa komið um lúxuslíf og laun forráðamanna Hafskips. En þegar senda á þjóðinni reikning upp á a.m.k. 500 millj. kr. vegna Hafskipsævintýrisins verður líka að upplýsa þessa þætti. Og spyrja má: Af hverju hafa forráðamenn Hafskips ekki borið af sér svo alvarlegar ásakanir ef þær hafa ekki við rök að styðjast? Af hverju fara þeir ekki að fordæmi Alberts Guðmundssonar, ef þeir hafa hreinan skjöld, og óska eftir að ríkissaksóknari kanni þær ásakanir sem á þá hafa verið bornar um sóun og bruðl í rekstri? Ekkert hefur verið borið til baka af forráðamönnum Hafskips í þessu efni.

Mér dettur ekki í hug að setjast í dómarasætið og ásaka forráðamenn Hafskips varðandi þennan alvarlega þátt málsins. Ég hef hér einungis lýst því sem fram hefur komið og nauðsynlegt er að staðreyna og upplýsa í rannsókn málsins. Þeirri spurningu verður þá svarað t.d. hvort við höfum hér skýrt dæmi um það, sem Alþfl. hefur haldið fram, að hér búi tvær þjóðir í einu landi og að hér þrífist neðanjarðarstarfsemi, sukk og spilling sem verður að uppræta. Spurningin sem þjóðin á kröfu á að fá svar við er sú hvort hér hafi aðeins verið opnuð glufa inn í hyldjúpt neðanjarðarhagkerfi spillingarinnar sem þrífst á kostnað skattborgaranna í þessu landi.

Ein röksemdin sem stjórnarflokkarnir færa fyrir því að ekki sé heppilegt að skipa rannsóknarnefnd þingsins í þessu máli er sú að óheppilegt sé að fundirnir séu haldnir fyrir opnum tjöldum. Þessi röksemd stenst ekki gagnvart þeirri tillögu sem ég hér mæli fyrir því ekki er gert ráð fyrir því í tillögunni þó krafa sé um það gerð af hálfu Alþýðubandalagsmanna. Hvað stendur þá eftir af röksemdafærslu frjálshyggjuforustunnar hjá íhaldinu að meina rannsóknarnefnd Alþingis að rannsaka málið, eins og leiðtogar Sjálfstfl. töldu best fyrir 30 árum þegar rannsaka átti mikilvægt mál sem varðaði hagsmuni almennings í landinu? Lítum nánar á það.

Ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdavaldsins í landinu. Eru það ekki hagsmunaárekstrar þegar nefnd í umboði framkvæmdavaldsins á að rannsaka málið, sér í lagi þar sem ýmsar aðdróttanir eru uppi um hlut einstakra ráðherra í þessu máli og vanrækslu í störfum embættismanna? Á að meina Alþingi með þessum hætti að gegna sínum skyldum sem eru að halda uppi ströngu eftirliti og aðhaldi með framkvæmdavaldinu? Er það ekki einkennilega að staðið að fela Hæstarétti að tilnefna menn í rannsóknarnefnd — Hæstarétti sem ef til vill á síðari stigum málsins þyrfti að taka málið til dómsmeðferðar?

Nei, hér er í hæsta máta einkennilega að hlutunum staðið af hálfu stjórnarflokkanna. Ég tel að skynsamlegra væri fyrir núverandi forustu íhaldsins að liggja ekki undir grun um að láta stjórnast af hagsmunum gróðaaflanna í þjóðfélaginu. Ég hvet þá til að fylgja þess í stað fordæmi virtra fyrrverandi leiðtoga Sjálfstfl. sem töldu á sínum tíma að með skipan rannsóknarnefndar þingsins í mikilvægu máli væru hagsmunir fólksins í landinu best tryggðir. En ásjóna íhaldsins hefur breyst í tímanna rás. Frjálshyggjan ræður ríkjum og hagsmunir gróðaaflanna eru í fyrirrúmi.

Ég hef þegar greint frá þeim mun sem er á þeirri tillögu sem ég hér mæli fyrir og tillögu Alþb. að því er varðar að rannsóknarnefnd þingsins starfi fyrir opnum tjöldum. Á tillögum okkar Ólafs Þ. Þórðarsonar, Guðrúnar Agnarsdóttur og Guðmundar Einarssonar er einnig sá munur, sem hvorki tillaga Alþb. eða ríkisstj. gerir ráð fyrir, að rannsökuð verði sérstaklega samningatilboð um yfirtöku eigna Hafskips eins og er lagt til í þessari tillögu. Þetta er mikilvægt atriði því að með slíkri könnun kæmi ótvírætt í ljós hvort yfirtaka Eimskipafélagsins á eignum Hafskips sé hagkvæmasti kosturinn til að tryggja hagsmuni Útvegsbanka Íslands og ríkissjóðs, samkeppni í flutningum til og frá landinu og atvinnuöryggi þeirra sem starfa við flutninga skipafélaga.

Það er mikilvægt í þeirri stöðu sem uppi er að kannaðir verði ofan í kjölinn allir kostir sem fyrir hendi eru í þessu máli, bæði út frá því sjónarmiði að Útvegsbankinn verði fyrir sem minnstu fjárhagstjóni svo og með tilliti til að tryggð sé eðlileg samkeppni og hagkvæmni í skipaflutningum til og frá landinu. Ég fæ ekki betur séð en hvorugur þessara þátta sé tryggður eins og haldið hefur verið á málum.

Af hverju eru ekki allir kostir í stöðunni kannaðir og látið fara fram útboð á eignum Hafskips? Eimskip er fært allt upp í hendurnar og enginn annar virðist hafa minnstu möguleika á að koma þar nálægt. Endahnúturinn er síðan riðinn á einokunaraðstöðu Eimskips með því að tryggja fyrirtækinu hafnaraðstöðu Hafskips einnig. Á ekkert að virða beiðni, sem liggur fyrir frá tólf fyrirtækjum, um að hafnaraðstaðan fylgi ekki með eignum Hafskips? Ætla þingmenn Reykvíkinga, íhaldsmennirnir Birgir Ísl. Gunnarsson og Friðrik Sophusson og framsóknarþingmaðurinn Haraldur Ólafsson, að láta það óátalið að Eimskip einoki hafnaraðstöðu í Reykjavík? Hvar eru nú einkunnarorð íhaldsins og stefna um að hagkvæmni sé best tryggð með samkeppni en ekki einokun?

Spyrja má: Hvað er til í því að eignir Hafskips séu seldar Eimskipi langt undir sannvirði og með vildarkjörum, bæði skip og tækjakostur, m.a. með því að kaupverðið sé að stórum hluta vaxtalaust? Óttast íhaldið ekki að í skjóli einokunaraðstöðu sinnar hækki Eimskip farmgjöldin svo um munar? Verður þjóðin þannig látin greiða á skömmum tíma fyrir Eimskip yfirtöku þess á eignum Hafskips með auknum farmgjöldum í skjóli einokunaraðstöðu sem íhaldið vinnur nú að að færa þeim á silfurdiski? Er samtrygging skipafélaga um 20% hækkun nú á flutningsgjaldi á mjöli frá Íslandi, sem sumir segja að sé 50% hækkun, einungis byrjunin á því sem koma skal?

Stærsti kröfuhafinn í þrotabú Hafskips, Útvegsbanki Íslands, sem og yfirmaður bankamála á Íslandi, sjálfstæðismaðurinn Matthías Bjarnason, talsmaður frjálsrar samkeppni og andstæðingur einokunar, geta haft áhrif á að Eimskip verði ekki tryggð einokunaraðstaða án þess að aðrir kostir séu kannaðir, án þess að útboð fari fram.

Spyrja má líka: Á að treysta Útvegsbankanum einum til að meta hvað rétt er um sölu eigna Hafskips? Spyrja má: Er hann traustsins verður?

Varla verða þessir þættir mála kannaðir af utanþingsnefndinni sem íhaldið beitir sér fyrir að skipuð verði.

Við skulum líka átta okkur á því að Hafskipsmálið getur orðið alvarlegt áfall fyrir einkareksturinn í landinu sem nýtur lánafyrirgreiðslu og styrkja í einu eða

öðru formi af opinberu fé. Þess vegna er best fyrir alla aðila að eytt verði allri tortryggni í þessu máli. Öll spilin verður að leggja á borðið svo af hljótist ekki óbætanlegur og alvarlegur trúnaðarbrestur milli fólksins í landinu og valdhafa og mikill álitshnekkir fyrir fjármálastofnanir þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar kallar eðlilega á miklar umræður svo sem raun hefur orðið á síðustu daga. Gjaldþrot Hafskips er mikið áfall. Það er áfall fyrir það fólk sem missir atvinnuna og stendur nú frammi fyrir nýjum erfiðleikum af þeim sökum. Það er áfall fyrir Útvegsbanka Íslands sem missir stóran hluta af eigin fé sínu og stendur frammi fyrir nýjum rekstrarerfiðleikum af þeim sökum. Og það er áfall fyrir frjálsa samkeppni í flutningum milli Íslands og annarra landa.

Mín skoðun er sú að það hafi verið virðingarverð viðleitni að halda uppi öflugri samkeppni í siglingum og þeir sem að því hafa staðið eiga þakkir skildar og það hafi verið rétt og eðlilegt af hálfu banka að stuðla að því að þessi samkeppni gæti átt sér stað. Sú samkeppni leiðir bæði til lægra vöruverðs og heilbrigðari starfsemi í siglingum. Það er því augljóst að við höfum orðið fyrir verulegu áfalli.

Því hefur verið haldið fram í þessum umræðum og umræðum síðustu daga um þetta efni að gjaldþrot Hafskips kalli á nýja skattlagningu. Þetta er rangt. Það verða engir skattar lagðir á af þessum sökum. Við höfum mætt margs konar erfiðleikum í þjóðarbúskapnum. Fjárfestingarlánasjóðir hafa verið að tapa miklu fjármagni. Togarar hafa verið seldir á uppboði og fjárfestingarsjóðirnir hafa tapað hundruðum milljóna kr. Það talar enginn um pólitíska spillingu í þeim efnum og það talar enginn um sjóða- eða togaraskattlagningu af þeim sökum.

Við höfum lengi staðið frammi fyrir því verkefni að þurfa að stokka upp í bankakerfi þjóðarinnar. Þeir atburðir sem nú hafa gerst kalla á að þeim verkum verði hraðað. Ég fer ekki dult með það að mín skoðun er sú að eðlilegast væri að leita eftir því, ef föng eru á, að byggja upp sterkan einkabanka úr Útvegsbankanum með samstarfi við einkabankana. Á þann veg yrði eiginfjárstaða nýs banka tryggð með nýju hlutafé sem greiddist á nokkrum árum í samræmi við ný ákvæði viðskiptabankalöggjafarinnar. Þá þurfum við ekki að grípa til neinnar skattlagningar.

Það eru mikilvægir opinberir hagsmunir hér í húfi. Það er þess vegna ærin ástæða til þess að ítarleg athugun fari fram á öllu þessu máli og þeim atriðum sem komið hafa fram í umræðum þar að lútandi. Það er ástæða til þess að draga þá til ábyrgðar sem til þess hafa unnið og hreinsa þá af ásökunum sem bornir hafa verið röngum sakargiftum í öllu því moldviðri sem þyrlað hefur verið upp. Þess vegna er rétt og skylt að kanna og athuga og rannsaka þetta mál til hlítar og fyrir því hefur ríkisstj. beitt sér.

Málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur verið býsna kynlegur, en líka mjög misjafn. Það er æðimikill munur á málflutningi hv. varaþm. Ólafs Ragnars Grímssonar og annarra stjórnarandstæðinga, svo að dæmi séu tekin. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur fyrst og fremst verið hér í eins konar mannorðsstríði.

Fyrir ári stóðu talsmenn Alþb. hér uppi á hinu háa Alþingi og ræddu um ofsagróða skipafélaganna, kölluðu á að ríkisstj. gerði upptækan mörg hundruð milljón kr. gróða skipafélaganna, þar á meðal Hafskips, og setti í ríkissjóð og töldu það vera fáheyrt að leyfa skipafélagi eins og Hafskipi að græða annað eins og það gerði. Nú koma þeir og segja: Það átti öllum að vera ljóst að fyrir ári var Hafskip að tapa og var í raun og veru komið á hausinn. Þetta er nú samræmið í þeirra málflutningi. Þannig standa þeir að öllum sínum málflutningi og sést best hversu mikið mark er á honum takandi þegar þessi atriði eru höfð í huga.

Gagnrýni Alþfl. og BJ hefur verið af allt öðrum toga spunnin. Hún hefur meir lotið að grundvallarspurningum um skipulag, stjórn, ábyrgð og almennar viðskiptareglur í bankakerfinu. Ég hef ekki verið sammála öllu því sem talsmenn þessara flokka hafa sett fram, en sú umræða hefur lotið að efnislegum atriðum og verið málefnaleg. Það hefur verið hafdjúp á milli rógstungu hv. varaþm. Ólafs Ragnars Grímssonar og annarra stjórnarandstæðinga sem borið hafa fram gagnrýni í þessu máli.

En lítum nú á hverjar aðgerðir ríkisstj. hafa verið til þess að kalla fram og stuðla að því að allar upplýsingar, allar staðreyndir í þessu máli yrðu dregnar fram í dagsljósið.

Í fyrsta lagi skipaði ríkisstj. eftirlitsmann með samningum Útvegsbankans um leið og þær viðræður hófust. Ríkislögmanni var falið að fylgjast með málinu. Það var fyrsta aðgerð.

Í öðru lagi hefur ríkisstj. flutt frv. til l. um breytingar á skiptameðferð. Málið er nú komið til skiptaráðenda. Þar verða allir þættir þess kannaðir, m.a. þær ásakanir að eignir hafi verið undan dregnar úr búinu og hagsmunir kröfuhafa þar með skertir. Þetta kannar skiptaréttur. Ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti flutt frv. til þess að auðvelda skiptarétti þessa rannsókn, gera honum auðveldara að afla upplýsinga og gera það án millilíða annarra dómstóla.

Í þriðja lagi hefur hæstv. iðnrh. leitað eftir opinberri rannsókn vegna þeirra þungu ásakana sem á hann hafa verið bornar.

Í fjórða lagi hefur ríkisstj. ákveðið að skipa sérstaka nefnd sérfróðra manna er hefur það hlutverk að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips á undanförnum árum. Í því skyni skal nefndin m.a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Það hefur verið ákveðið að leita eftir óháðri tilnefningu manna til þess að framkvæma þessa athugun og lögin gera ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefni þessa menn.

Í fimmta lagi ákvað viðskrh. fyrir mánuði eða svo að fela bankaeftirlitinu sérstaka athugun á lánastöðu stærstu viðskiptafyrirtækja ríkisbankanna, hversu há lán í hlutfalli við eiginfjárstöðu þessi fyrirtæki eru með og hvernig tryggingar standa að baki þeim.

Hér er um mjög mikilsvert mál að ræða vegna þess að ríkisbankarnir beita hér annarri reglu en einkabankarnir. Einkabankarnir hafa sett sér þá reglu að lána ekki

einstökum fyrirtækjum umfram ákveðið hlutfall af eigin fé. Þessarar reglu er ekki gætt í ríkisbönkunum. Hér er því um eðlilega og sjálfsagða ráðstöfun að ræða til þess að kalla fram upplýsingar um þetta mál og önnur sem eru svipaðs eðlis í bankakerfinu og til þess að fá eðlilegan samanburð við það sem hér hefur gerst.

Í fimm atriðum hefur því verið stuðlað að því að allar upplýsingar yrðu dregnar fram, allar staðreyndir þessa máls yrðu ljósar.

En um hvað er þá ágreiningurinn í þessu máli? Ágreiningurinn er ekki um það að við séum þeirrar skoðunar að Alþingi Íslendinga eigi að grípa inn í rannsókn skiptaréttar. Ég hygg að flestir alþingismenn séu sammála um að svo á ekki að gera. Ég hygg að flestir alþingismenn séu sammála um að auðvelda og flýta fyrir þeirri rannsókn skiptaréttar með því að greiða fyrir framgangi frv. um það efni. Ég hugsa að flestir séu sammála þeirri ákvörðun sem hæstv. iðnrh. hefur tekið *um opinbera rannsókn á ásökunum sem bornar hafa* verið á hann í málinu. Og ég hygg að flestir séu sammála um þá ákvörðun viðskrh. að láta bankaeftirlitið rannsaka sérstaklega lánsviðskipti stærstu viðskiptaaðila í bankakerfinu.

Þá stendur eftir spurning um það hvort hér á að skipa þingmannanefnd eða nefnd sérfróðra manna. Það er ágreiningsefnið sem eftir er. Álitaefnið sem við erum að fjalla um er pólitísk stjórn á bankakerfinu. Bankaráðin eru kosin pólitískri kosningu. Bankastjórarnir hafa verið ráðnir eftir pólitískum viðhorfum. Hér hefur verið varpað fram spurningum og jafnvel dylgjum um hvort pólitísk viðhorf víki viðskiptareglum til hliðar. Og svo er sagt: Framkvæmdavaldið ætlar að fara að skoða sjálft sig. Í bankaráðunum sitja bankaráðsmenn frá pólitísku flokkunum á Alþingi og bankastjórar.

Hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson hefur verið borinn þeim sökum að hafa setið á sama tíma í bankaráði Útvegsbankans og verið formaður stjórnar Hafskips. Hann var að tillögu Alþb. og fyrrv. ríkisstjórnar — eins og hér hefur komið fram — gerður að formanni bankaráðs Útvegsbankans og það samþykkti þingflokkur sjálfstæðismanna.

Ég er sammála því að við eigum að huga að hagsmunaárekstrum þeirra sem taka þátt í opinberum störfum. En spyrjum nú í þessu falli: Er rétt að þeir menn sem hafa kosið bankaráðin, átt hlut að því að *ráða bankastjórana og þeir menn úr mörgum flokkum* og tveim ríkisstjórnum sem báru ábyrgð á því hver var skipaður formaður bankaráðs Útvegsbankans kanni nú þessi mál? Er rétt að alþm. séu að rannsaka sjálfa sig? Ég segi nei. Það er þess vegna ástæða til þess að fá óháða aðila til að tilnefna þá menn sem framkvæma eiga þessa rannsókn.

Það hefur líka komið fram í þessum umræðum að margir þm. gagnrýna setu þm. í bankaráðum, en þeir hinir sömu telja sjálfsagt að þm. rannsaki störf þm. í bankaráðunum. Í þessu felst mikil þverstæða.

Í þessari till. Alþfl., sem hér er til umræðu, er lagt til að sérstök rannsókn fari fram á ráðstöfun eigna í þrotabúi Hafskips. Þessi ráðstöfun fer fram á vegum skiptaréttar. Hér er verið að lýsa yfir vantrausti á skiptarétti. Ég hef ekki séð nein rök færð fram fyrir því að Alþingi Íslendinga eigi með þessum hætti að lýsa yfir vantrausti á dómstólunum. Það væri fáheyrt að mínu mati að samþykkja tillögu sem felur í sér slíkt vantraust.

Að öllu athuguðu hygg ég að ljóst megi vera að í fimm atriðum hefur ríkisstj. beitt sér fyrir því að allar upplýsingar í þessu máli komi fram, þeir verði dregnir til ábyrgðar sem ábyrgð eiga að bera og þeir verði hreinsaðir af ásökunum sem bornir hafa verið röngum sakargiftum. Því verður því ekki með neinum rökum haldið fram að ríkisstj. hafi fyrir sitt leyti staðið í vegi fyrir því að þessar upplýsingar lægju fyrir.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti, góðir áheyrendur. Fyrir Alþingi liggja nú þrjár tillögur frá stjórnarandstöðunni um rannsókn í Hafskipsmálinu. Þessar tillögur, frá Alþfl. og Alþb., eru um að Alþingi kjósi sérstaka rannsóknarnefnd þingmanna skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Það er eindregin skoðun okkar sjálfstæðismanna að þetta mál beri að rannsaka ofan í kjölinn og ekkert undan að draga. Það er öllum fyrir bestu. Þess vegna hefur ríkisstj. *nú þegar beitt sér fyrir margvíslegum* aðgerðum til að skjótvirk rannsókn geti farið fram undir umsjón hinna hæfustu manna. Hefur Þorsteinn Pálsson þegar gert grein fyrir því.

Við höfum hins vegar ekki viljað fallast á að notað sé ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar, að þingið kjósi sérstaka rannsóknarnefnd þingmanna. Hvers vegna ekki? hljóta menn að spyrja. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar á rætur að rekja til okkar elstu stjórnarskrár frá 1874 og er komið úr dönsku stjórnarskránni. Það átti sér rætur í því að þá stóðu þingin höllum fæti gagnvart einráðu konungsveldi. Reynslan hefur hins vegar sýnt að þetta ákvæði hefur ekki dugað til að upplýsa mál. Ég hef ekki fundið nema þrjú dæmi um að þetta ákvæði hafi verið notað hér á landi, 1911, 1955 og 1956 sem þó var með nokkuð sérstökum hætti. Oft hafa komið fram tillögur um skipun slíkra rannsóknarnefnda á vegum þingsins, en þær hafa ekki náð fram að ganga. Í tímans rás hafa allir stjórnmálaflokkar komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé hvorki örugg né virk rannsóknaraðferð.

Þegar þetta ákvæði var notað 1955 var kosin nefnd til að rannsaka meinta okurstarfsemi. Niðurstaða þeirrar nefndar, sem skipuð var fulltrúum hinna ýmsu flokka, var sú að upplýsingar sem fram hafi komið gefi tilefni til frekari rannsóknar, að nefndin hafi ekki sömu aðstöðu og rannsóknardómari til að upplýsa mál og því þurfi réttarrannsókn fram að fara. Þessu hefur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson einnig áttað sig á, en í öðru máli. Hann flutti tillögu hér á Alþingi 1978 um að kjósa nefnd þingmanna til að kanna rekstur Flugleiða og Eimskips. Í *umræðum á Alþingi sagði hann þá:*

„Í sambandi við valdsvið rannsóknarnefnda skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar má minna á að slíkt valdsvið er í reynd mjög óljóst. Samkvæmt túlkun Ólafs Jóhannessonar prófessors í *riti hans Um stjórnskipun Íslands* hefur rannsóknarnefnd, þótt kosin sé í deild þingsins skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, ekki sérstök ráð til þess að knýja menn til að svara spurningum sínum ef þeir vilja ekki. Rannsóknarnefnd hefur ekki heimild til að eiðfesta menn eða taka af þeim drengskaparheit. Þessi atriði ásamt mörgum öðrum gera það að verkum að hið raunverulega valdsvið og starfsskilyrði rannsóknarnefnda, sem kosnar væru í deildum þingsins, m.a. vegna skorts á fordæmum í þessum efnum, eru í reynd mjög óljós.“

Þetta voru orð Ólafs Ragnars Grímssonar 1978 og auðvitað eru þau enn í fullu gildi. Slíkar rannsóknarnefndir geta því aðeins haft einn tilgang úr því að þær eru gagnslitlar til að upplýsa mál: Þær geta haft flokkspólitíska tilgang. Þær geta haft þann tilgang að draga viðkvæm mál niður á ómerkilegt flokkspólitískt plan.

Tökum t.d. tillögu Alþb. sem þessi sami hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson stendur nú fyrir. Alþb. leggur til að 14 þm. — segi og skrifa 14 þm. — setjist í nefnd til að rannsaka þetta mál, sjö úr Nd. og sjö úr Ed. Þessi 14 manna hópur á síðan að halda sína fundi í heyranda hljóði, væntanlega í Háskólabíói eða Þjóðleikhúsinu, og skila skýrslum mánaðarlega til Alþingis. Það vekur athygli að í tillögum Alþb. er hvergi getið um að hraða eigi málinu. Þvert á móti. Hinar mánaðarlegu skýrslur benda til að Alþb. þætti ekkert verra þótt þetta drægist mánuðum eða árum saman, aðeins ef hægt væri að tryggja pólitíska umræðu einu sinni í mánuði. Þetta erfiða og viðkvæma mál þarfnast ekki rannsóknar af slíku tagi. Við sjálfstæðismenn viljum virka rannsókn og höfum því lagt til aðrar leiðir.

Í umræðunum undanfarna daga hafa verið gerðar tilraunir til að tengja þetta mál sérstaklega Sjálfstfl. og það með mjög óheiðarlegum og ódrengilegum hætti. Sjálfstfl. er stór og víðfeðmur flokkur. Fyrir hann starfa þúsundir manna, bæði hér í Reykjavík og úti um land. Þær eru fáar stofnanirnar og þau eru fá fyrirtækin í landinu þar sem starfsfólk eða stjórnendur hafa ekki einhvern tíma gengið um garða hjá Sjálfstfl. Sú grundvallarstefna flokksins að vilja örva einstaklinga til athafna og dáða hefur átt mikinn hljómgrunn með þjóðinni. Íslendingar hafa ekki viljað láta stjórna sér að ofan eins og grundvallarhugmynd sósíalismans byggir á.

En Sjálfstfl. hefur einnig annað mikilvægt atriði í sinni hugmyndafræði. Það er að hver og einn einstaklingur og fyrirtæki verði að bera ábyrgð á sínum gerðum og í því efni eiga allir að standa jafnir. Daglega eiga sér stað mikil átök úti í þjóðfélaginu, í viðskiptalífinu, í menningarlífinu og hvar sem drepið er niður fæti. Þar verður hver einstaklingur að fá að njóta sín en jafnframt að bera fulla ábyrgð á sínum gerðum og þá sjálfstæðismenn ekki síður en aðrir. Þetta er grundvallaratriði í augum okkar sjálfstæðismanna og í þessu liggur styrkur okkar hugmyndafræði og okkar flokks. Hafskipsmálið er engin undantekning í þessu efni.

Við Íslendingar göngum nú í gegnum miklar þrengingar. Þjóðartekjur okkar hafa ekki vaxið í mörg ár, en á sama tíma krefjumst við betri lífskjara og stöðugt aukinnar opinberrar þjónustu á öllum sviðum. Þyngsti bagginn sem á okkur hvílir eru hinar miklu erlendu skuldir sem upp hlóðust á árabilinu 1979—1983, en Alþb. stjórnaði fjármálum landsins meginhlutann af því tímabili. Þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var formaður þingflokks Alþb., lykilmaðurinn í stjórnarsamstarfinu, og hv. þm. Ragnar Arnalds fjmrh. reyndust bestu vinirnir í raun vera erlendir bankastjórar. Þá var gott að eiga þá að hjá Chase Manhattan, Morgan Guarantee Trust, Hambroes og City Bank, svo að eitthvað sé nefnt af þeim stóra hópi erlendra banka sem þá voru tíðum heimsóttir. Og þeir voru margir lánasamningarnir sem Ragnar Arnalds skrifaði undir og þakkaði pent fyrir sig í leiðinni.

Á þessum árum jukust erlendar skuldir miðað við gengi í dag um rúmlega 28 milljarða kr. Þeir skildu eftir sig erlenda skuldabagga upp á meira en 100 þús. kr. fyrir hvert mannsbarn í landinu, 400 þús. kr. fyrir hverja fjögurra manna fjölskyldu. Þetta er skatturinn sem veldur erfiðleikum í íslensku þjóðfélagi í dag. Hafskip skilur eftir sig skuldir, en þetta er margfalt verra.

Núv. ríkisstj. hefur reynt að snúa af þessari braut, en það tekur tíma og ekki síst þegar þjóðartekjur vaxa ekki. Og það hriktir víða í þegar fara á að greiða upp skuldirnar. Það eru þrengingar á íslenskum heimilum í dag og mörg fyrirtæki standa frammi fyrir miklum erfiðleikum. Getgátur, dylgjur og jafnvel skítkast, eins og tíðkast hefur undanfarna daga, m.a. hér í þingsölum, gerir aðeins illt verra.

Við þm. minnumst vel heiftúðugra árása Ólafs Ragnars Grímssonar á Flugleiðir þegar illa stóð á hjá því fyrirtæki og það hefði getað riðið því þjóðþrifafyrirtæki að fullu ef ekki hefði verið tekið duglega á móti. Nú á að leika sama leikinn gagnvart öðrum íslenskum fyrirtækjum sem hugsanlega standa höllum fæti. Flestir Íslendingar þekkja frásögnina í Fóstbræðrasögu þegar ójafnaðarmaðurinn Þorgeir Hávarsson reið fram á sauðamanninn sem studdist við staf sinn í túninu og lengdi hálsinn og talaði við aðra menn. Þorgeir sá það og reiddi upp öxina og lét detta á hálsinn svo að af fauk höfuðið. Maðurinn hafði ekkert til saka unnið, en Þorgeir gaf síðar skýringuna: „Hann stóð svo vel til höggsins."

Það kann vel að vera að ójafnaðarmönnum í íslenskum stjórnmálum finnist einhver fyrirtæki í landinu nú liggja vel við höggi. Ég er þó sannfærður um að þegar Hafskipsmálinu linnir og öll kurl eru komin til grafar í því máli — og það mun verða gert — mun allur þorri Íslendinga sjá að slík pólitísk iðja er óþurftarverk. Íslendingar þurfa á því nú öðru fremur að halda að standa saman í þeim vanda sem að okkur steðjar. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti, góðir Íslendingar. Hafskipsmálið er stærsta gjaldþrotamál í sögu lýðveldisins. Annar stærsti þjóðbankinn, eign okkar allra, mun tapa hundruðum milljóna og sérhver fjölskylda í landinu verður rukkuð um sérstakan Hafskipsskatt þótt Þorsteinn Pálsson segi nú að hann ætli að fela hann undir öðru nafni.

Hafskipsmálið varpar kastljósi á lúxuslíf peningastéttarinnar í þessu landi sem notar lánin úr þjóðbankanum til að dvelja í olíufurstasvítum á dýrustu hótelum heims þar sem nóttin ein kostar meira en tvenn mánaðarlaun fiskverkunarfólks. Hafskipsmálið sýnir hagkerfi hins frjálsa fjármagns, kjarnann í hinni nýju stefnu Sjálfstfl. í naktri mynd, matadorkeðjur hliðarfyrirtækja, skúffufyrirtækja og platfyrirtækja þar sem peningarnir úr banka fólksins eru færðir af einum reit á annan, úr Hafskipum í Reykvíska endurtryggingu, úr Reykvískri endurtryggingu í Staðarstað hf. og þannig áfram koll af kolli, en þegar upp er staðið og Hafskipsskatturinn kemur til okkar hinna standa Ragnar og Björgólfur og allir hinir forstjórarnir í matadorkeðju Sjálfstfl. uppi ríkari, miklu ríkari en þegar þeir hófu þennan leik. Það verður ekki gengið að þessum eignum þeirra. Þeir tapa ekki. En það erum við hin sem munum borga. Hafskipsmálið er sagan um blómann úr forustu-

sveit Sjálfstfl. í Reykjavík og víðar um land, ráðherra, þingmenn, bankastjóra, formenn flokksfélaga, framkvæmdastjóra flokksins og forustumenn kjördæmasambanda sem allir tóku höndum saman innan vébanda Hafskips. Aldrei hafa í íslenskri sögu verið jafnmargar silkihúfur Sjálfstfl. saman komnar í einu fyrirtæki.

Hafskipsmálið er, góðir Íslendingar, vissulega allt þetta. En það er í raun miklu meira. Það er prófsteinn á það hvort á Íslandi sé lýðræðislegt réttarríki, hvort við getum talið okkur til siðaðra þjóða þar sem öll spil eru lögð á borðið, þar sem ábyrgð og trúnaður eru æðri pólitískum ítökum, hvort við getum sagt með sanni að hér ríki réttlæti og rannsókn mála sé í samræmi við ströngustu kröfur lýðræðis og siðgæðispróf réttarríkja — eða hvort Sjálfstfl. tekst að koma í veg fyrir opna rannsókn á öllum þáttum málsins, rannsókn þar sem almenningur getur sannfærst um það sjálfur að öll spil hafi verið lögð á borðið, hvort Framsfl. lætur það eftir Sjálfstfl. að það verði meginaðferð að þrír menn, jafnvel þótt þeir séu skipaðir af Hæstarétti, verði settir bak við luktar dyr og þjóðinni sagt að þessir þremenningar einir eigi að kíkja ofan í Hafskipspottana.

Steingrímur Hermannsson sagði hér í fyrradag og segir sjálfsagt aftur í kvöld að það sé hættulegt að rannsaka slíkt mál fyrir opnum tjöldum. Hættulegt! Ég spyr: Hættulegt fyrir hvern? Er það hættulegt fyrir fólkið í landinu? Er það hættulegt fyrir almenning sem á að borga Hafskipsskattinn eða er það bara hættulegt fyrir forustuna í Sjálfstfl., fyrir forstjórana sem stóðu að matadorfyrirtækjunum, og kannske hættulegt fyrir ríkisstj.?

Það var minnst á Flugleiðamálið áðan. Þegar ég flutti Flugleiðamálið hér inn á Alþingi sögðu allir Flugleiðaforstjórarnir og Friðrik Sophusson einnig: Það er allt í lagi með þetta fyrirtæki, það er allt í góðu gengi. Þetta er bara rógur, eins og Þorsteinn Pálsson sagði í kvöld. En hvað gerðist? Einu ári síðar komu þessir sömu menn til Alþingis til að biðja um styrk, biðja um peninga, biðja um framlag til að fyrirtækið gæti gengið. Þá var það allt í einu orðið rétt sem ég hafði spáð og sagt.

Alþb. hefur ákveðið að beita sterkasta vopni sem er til í málum af þessu tagi og eru annars eðlis en það mál sem ég flutti hér á sínum tíma, ákvæðum í 39. gr. stjórnarskrárinnar. Við höfum lagt til, eins og hér hefur komið fram, að kjörin verði rannsóknarnefnd Alþingis og sú rannsóknarnefnd á að hafa víðtækara umboð og víðtækara verkefni en felst í þeirri till. Alþfl. sem Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir í upphafi þessarar umræðu. Í till. Alþb. er ekki aðeins kveðið á um að rannsaka þurfi viðskipti Hafskips og Útvegsbanka Íslands heldur einnig að rannsaka fyrirtækjanetið allt hérlendis og erlendis, tengslin við forustuna í Sjálfstfl. og einnig skuldastöðu annarra stórfyrirtækja við bankakerfið í heild. Og á till. Alþb., eins og einnig hefur nú þegar komið fram, er sá mikli munur í samanburði við till. Alþfl. að þessi rannsókn á að vera fyrir opnum tjöldum. Það er lykilatriði sem skortir algjörlega í þá till. sem hér er til umræðu. Og það er rangt, sem sagt var áðan af talsmanni Sjálfstfl., að störf þessarar rannsóknarnefndar samkvæmt okkar till. eigi að taka langan tíma. Í till. sjálfri er skýrt tekið fram að henni eigi að ljúka á fjórum mánuðum.

Það er fróðlegt að þeir þm. Sjálfstfl. sem andmæla kjöri slíkrar rannsóknarnefndar horfa fram hjá því að í Bandaríkjunum, því lýðræðiskerfi sem þeir hampa helst, eru slíkar rannsóknarnefndir þjóðþingsins mikilvægasta tækið til að fá botn í mál af þessu tagi. Hvers vegna má ekki beita sömu lýðræðistækjum hér? Hvað óttast forusta Sjálfstfl.? Hvers vegna hlýðir Framsfl.? Hvers vegna má ekki elsta og virtasta stofnun Íslendinga, Alþingi sjálft, höfuðvígi lýðræðisins í landinu, stofnunin sem er ábyrg gagnvart almenningi, leita hins sanna í þessu máli? Þjóðin mun ekki sætta sig við þá aðferð ríkisstj. að loka þrjá menn bak við dyr og láta þá eina um að skoða þetta mál. Með þeirri aðferð finnst engin trygging fyrir því að allt hafi verið kannað og öll skjöl lögð á borðið.

En þjóðin vill fá hreint borð í þessu máli. Það er eðli þessa máls, og rétt að það komi fram vegna ræðu Þorsteins Pálssonar hér áðan, að skilin milli hins löglega og hins ólöglega eru margslungin í þessu máli. Það á við um þessa sögu, marga stærstu kafla hennar, eins og Vilmundur heitinn Gylfason sagði hér forðum, að margt er löglegt en siðlaust. Það var formlega löglegt að Hafskip notaði síðustu lánin úr þjóðbankanum til að borga Reykvíkskri endurtryggingu, prívatfyrirtæki þeirra Ragnars og Björgólfs, allar skuldir á sama tíma og skuldalistinn gagnvart öðrum var 1300 millj. kr. Það var líka löglegt — en siðlaust — að láta Georgia Export Import mjólka þúsundir dollara úr hverri komu Hafskips til Bandaríkjanna. Þau eru mörg hliðarfyrirtækin í þessum „matador" Sjálfstfl. og þau voru auðvitað öll að forminu til lögleg. Eiga þessir þremenningar ríkisstj., skipaðir af Hæstarétti, að rannsaka þau bak við lokaðar dyr? Ekki samkvæmt þeirri till. sem ríkisstj. hefur lagt fram á Alþingi í dag.

Ég tók í fyrradag eitt dæmi til að varpa ljósi á þennan „matador", dæmið um Reykvíska endurtryggingu og Staðarstað, flóðlýstan við Tjörnina. En þetta dæmi er ekki það eina. Þau eru mörg og þær voru margar nafngiftirnar sem þessir forstjórar Sjálfstfl. völdu þessum matadorfyrirtækjum. En best fannst mér þeim þó takast upp í nafngiftinni á því fyrirtæki sem ekki hefur enn verið nefnt í þessari umræðu fyrr en ég nefni það hér, sérstakt líftryggingarfyrirtæki sem þessir höfðingjar stofnuðu. Þá töldu þeir nauðsynlegt, í nafngiftinni sjálfri, að minna þm., ráðherra, félagaformenn og framkvæmdastjóra Sjálfstfl. á þá pólitísku líftryggingu, þau pólitísku líftryggingarbönd sem væru milli Hafskips og flokksins. Og hvað var nafnið? Líftryggingarfélagið Vörður hf., Vörður hf., heitið á stærsta og elsta flokksfélagi Sjálfstfl. Þjóðviljinn mun á morgun greina nánar frá þessu sérstæða fyrirtæki. Og hver veit nema nánari athugun á málinu leiði í ljós að einnig séu til á skrá golfklúbburinn Heimdallur og faktúrufélagið Hvöt og aðrar slíkar nafngiftir úr flokkskerfi Sjálfstfl.

Það eru vissulega margir þættirnir í þessu máli. Í Þjóðviljanum í dag er rakið framhald af orðaskiptum mínum við Matthías Á. Mathiesen hér á Alþingi sem var viðskrh. á mikilvægasta skeiði þessa máls. Í Þjóðviljanum kemur fram að Matthías Á. Mathiesen og Tómas Árnason seðlabankastjóri eru ekki bara tvísaga og þrísaga heldur margsaga í þessu máli. Og sagan heldur áfram því í Þjóðviljanum á morgun verða birt viðtöl við Jóhannes Nordal og Jónas Rafnar og nýjungarnar í útgáfunum halda þar áfram.

Það er eðlilegt að þjóðin spyrji þegar hún horfir upp á þessar margsögusagnir: Hver segir eiginlega satt,

herrarnir úr Seðlabankanum, og hver þeirra þá, eða Matthías, fyrrum ráðherra? Hver brást, Seðlabankinn eða viðskrh. á því lykiltímabili, júní og júlí, þegar vandinn varð risavaxinn? Fær þjóðin nokkurn tíma að vita það sanna í þessum skiptum Seðlabankans og viðskrn.? Ekki eiga þremenningar ríkisstj. að rannsaka það.

Sjálfstfl. stendur hér á Alþingi, eins og fram hefur komið í kvöld, gegn þeim aðferðum sem duga best til að leiða hið rétta í ljós. Þeir eru jafnvel komnir vel á veg með að ætla sér að fórna Albert Guðmundssyni til þess að bjarga flokknum. Það er von að hæstv. iðnrh. biðji fólkið í landinu um vægð þegar hann finnur að óvinir hans í flokknum vilja að hann einn beri sökina. Það er reyndar eins konar stílbragð hjá Albert í slíkum ræðuflutningi að skamma mig þegar hann í reynd á við félaga sína í flokknum.

Við skulum nefna tvö dæmi. Annað kom fram í kvöld þegar Þorsteinn Pálsson, milli þess sem hann þóttist verja Albert Guðmundsson, tók það skýrt fram að hann teldi að það hefði ekki verið Sjálfstfl. sem skipaði hann formann bankaráðsins. Það eru nú öll heilindin í stuðningnum. Og hvað sagði Matthías Bjarnason viðskrh. á Alþingi í fyrradag? Hann tók það skýrt fram að það hefði að hans dómi bara verið hluti Sjálfstfl. — hluti Sjálfstfl. — sem hefði kosið Albert Guðmundsson í bankaráð. Það hefði eiginlega verið Alþb. og Framsfl. sem kusu Albert í bankaráðið og gott ef ekki Ólafur Ragnar sjálfur sem prívat og persónulega hefði gert hann að formanni bankaráðsins. Þetta eru nú sögurnar og málflutningurinn. En hver er sannleikurinn? Það vill svo skemmtilega til að sannleikurinn kemur fram í þingtíðundunum sjálfum, dálki 1746, 19. desember 1980. Þar kemur fram að þegar kosið var í þetta fræga bankaráð Útvegsbankans komu fram þrír listar. Einn var listi Alþb. og Framsfl., annar var listi Alþfl. og þriðji listinn — hver var þriðji listinn? Jú, það var listi Sjálfstfl. í heild, Sjálfstfl. alls, þar sem hann sameinaðist í þessu kjöri og þeir voru hlið við hlið Albert Guðmundsson og Guðmundur Karlsson, enda hefur Albert tekið það skýrt fram að þingflokkurinn allur hafi samþykkt þessa ráðstöfun. Svo kemur Matthías Bjarnason hér og segir: Það var bara hluti Sjálfstfl.

Það var hins vegar rétt hjá Matthíasi Bjarnasyni að Albert Guðmundsson var tregur til að fara í ráðið. En hvers vegna var hann tregur? Vegna þess að bæði ég og aðrir gerðum honum grein fyrir því að það færi ekki saman að vera stjórnarformaður hjá stærsta viðskiptafyrirtæki bankans og formaður bankaráðsins. En þegar Sjálfstfl. allur hafði skilað honum inn í ráðið hélt hann hvoru tveggja.

Annars er það mesti misskilningur, þó að Sjálfstfl. sé að reyna að koma því inn, að þetta mál snúist um Albert Guðmundsson. Albert Guðmundsson er stór í sniðum, hefur verið það alla sína tíð og er enn, og hann er vissulega ekkert peð í þessu máli. En hann er hins vegar ekki nema hrókur innan um þann mikla fjölda taflmanna sem Sjálfstfl. á á þessu borði, fjölda þm. og forustumanna fyrr og síðar. Við skulum bara nefna nokkur nöfn sem koma við þessa Hafskipssögu úr Sjálfstfl.: Friðrik Sophusson, Matthías á. Mathiesen, Jónas Rafnar, Lárus Jónsson, Ragnar Kjartansson, Björgólfur Guðmundsson, Jón Zoëga, Hörður Einarsson, Sveinn R. Eyjólfsson, Davíð Scheving Thorsteinsson. Það er hægt að hafa þennan lista miklu lengri. Sjálfstfl. mun ekki líðast og ekki takast að setja kastljósið bara á Albert Guðmundsson og halda hinum öllum í skugganum því að þjóðin spyr um sannleikann í þessu máli og hún vill öll gögnin á borðið.

Fólkið spyr: Hvað á að gera nú og hvað á að gera í framtíðinni til að koma í veg fyrir endurtekningu á svo ljótri sögu? Aðrir ræðumenn Alþb. í þessari umræðu munu skýra frá tillögum flokksins í þessum efnum, tillögum ekki bara um skipun rannsóknarnefndar hér á Alþingi heldur frv. um að gera bankaeftirlitið að sjálfstæðri stofnun, breyta ákvæðum bankalaga um bankaleynd, setja skýrar reglur um afskipti stjórnmálamanna af fyrirtækjum og fjármálastofnunum og styrkja lög og reglur sem renna stoðum undir opinbera ábyrgð og skyldur, undir kröfur um siðgæði og lýðræðislegan rétt almennings til upplýsinga, um fráhvarf frá villtum kenningum um að keðja matadorfyrirtækja eigi að vera ráðandi lögmál í íslensku efnahagslífi.

En umfram allt, góðir Íslendingar, þurfum við að sameinast um að endurreisa þann trúnað og það traust sem brostið hafa á undanförnum vikum, að tryggja að á Íslandi sé raunverulegt réttarríki og opinbert siðgæði sem samrýmist þeim kjarna lýðræðisins sem við viljum aðhyllast. Við þurfum að taka höndum saman um að geta sýnt og sannað öllum þjóðum sem við höfum skipti við að Íslendingar geti með sæmd talið sig til hinna siðuðu þjóða, hinna siðuðu lýðræðisþjóða þar sem réttarríkið stendur traustum fótum. Við megum ekki falla í þá gröf að fórna réttlætinu fyrir pólitíska flokkshagsmuni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti, góðir áheyrendur. Allt frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum höfum við Alþýðubandalagsmenn bent á að kjaraskerðing launafólks stafaði hvorki af aflabresti né iðjuleysi landsmanna heldur af því að afrakstur af vinnu þeirra hefur verið fluttur til í þjóðfélaginu, fluttur til þeirra manna sem einskis fjár afla, fjárglæframanna þjóðfélagsins. Hafskipamálið er aðeins eitt dæmi um þetta, e.t.v. óvenjulega ruddalegt, þar sem allt virðist fara saman, svo að orð fyrrverandi starfsmanns fyrirtækisins Hafskipa séu notuð, „mikilmennskubrjálæði, græðgi einstaklinga og tækifærismennska".

En um sök þessara manna munu aðrir dæma. Sök hins háa Alþingis liggur hins vegar hér í þessum sal. Og Alþingi er sinn eiginn dómari hverju sinni. Það er hlutverk hv. alþm. að sjá svo til að fjárglæfrar af þessu tagi geti ekki átt sér stað. Alþingi verður nú að horfast í augu við þá ísköldu staðreynd að örfáir fjárglæframenn hafa farið þannig með fé almennings að einn ríkisbankanna, og einmitt sá sem að verulegu leyti á að styðja við bakið á lífsakkeri þjóðarinnar, sjávarútveginum, stendur nærri gjaldþroti. Á þriðja hundrað manns hafa misst vinnu sína. Mikilmennskubrjálæði, græðgi einstaklinga og tækifærismennska örfárra manna er ekki öll skýringin á þessum skelfilegu mistökum. Vanþekking og fáfræði um peningamál er meginorsökin, óhæfni þeirra sem fyrirtækið ráku og vanþekking og ábyrgðarleysi stjórnenda bankans og valdhafa. Vanhæfni valdhafa við stjórnun peningamála kemur enda fram í ófullnægjandi löggjöf sem veldur því að slíkir atburðir sem viðskipti Hafskipa og Útvegsbankans geta átt sér stað.

Það er því skylda Alþingis nú að horfast í augu við

sjálft sig og ræða af fyllstu alvöru hvernig koma megi í veg fyrir að þeir gerist aftur. Þjóðarbúinu er enginn greiði gerður með því að þeir alþm. sem gerst hefðu átt að fylgjast með þessu máli standi hér og segi ósatt um eigin ábyrgð. Ábyrgð þeirra er mikil. Og ábyrgð hinna einstöku stjórnmálaflokka hér á hinu háa Alþingi er vitanlega í réttu hlutfalli við völd þeirra nú og á liðnum árum.

Það þarf því engan að undra þó að spjótin beinist nú að stærsta stjórnmálaflokki landsins, Sjálfstfl., sem haft hefur töglin og hagldirnar í stjórn landsins lengst af. Í skjóli hans, þ.e. valdaklíku flokksins, hafa þessi fjársvik verið framin. Hjartnæmar uppákomur einstakra ráðherra þess flokks um eigið sakleysi eru einungis aumkunarverðar. Og enn þá siðlausara er að heyra fulltrúa samstarfsflokksins í ríkisstj., Framsfl., hreykja sér af því að þetta hneykslismál sé utan vitundarsviðs þeirra.

Þjóðin á ekki að láta blekkjast. Hún á að krefjast þess að þessi meðferð peningamála verði stöðvuð og til þess þarf hún að reka þessa valdaklíku frá völdum. Setja þarf tafarlaust lög um hámark útlána bankanna sem miðist við eiginfjárstöðu hverju sinni. Þetta höfum við Alþýðubandalagsmenn löngum lagt til.

Lagt hefur verið fram frv. um að bankaeftirlitið verði leyst úr viðjum Seðlabankans og gert að sjálfstæðri stofnun sem sé ábyrg fyrir ríkisstj. allri og mun ég mæla fyrir því á allra næstu dögum. Endurskoða þarf lög um Seðlabanka Íslands og ekki síst þarf að afnema svokallaða bankaleynd að svo miklu leyti sem unnt er. Landsmenn eiga rétt á að vita hvar það fé er sem þeir afla.

Meðan bankaráðsmenn eru bundnir þagnarskyldu um stöðu bankanna er fráleitt að alþm. eigi sæti í bankaráðum og reyndar hvaða fulltrúi stjórnmálaflokks sem er. Meðan þeir eru ófærir um að veita Alþingi upplýsingar er gagnslaust að kjósa fulltrúa þess hér í þessum sal. Ég mun ekki taka þátt í slíkri atkvæðagreiðslu sem nú fer fram á næstu dögum þar sem ný lög um viðskiptabanka, sem taka gildi 1. janúar, herða enn ákvæði um bankaleynd.

Samtryggingu flokkanna um ráðningu í stöður bankastjóra verður að afnema. Í æ flóknari viðskiptaheimi verður þekking og hæfni manna ein að ráða. Þrautseigja við atkvæðasmölun í kosningum nægir ekki sem undirbúningur undir bankastjórastörf í nútíma viðskiptaheimi. Gjaldþrotamál Hafskipa er skólabókardæmi um vanhæfni allra viðkomandi aðila, bankastjóra, bankaráðsmanna, endurskoðenda, að ekki sé talað um hina glötuðu snillinga sem Hafskipum stjórnuðu. Ekkert af þessu fólki hefur gripsvit á meðferð peningamála né rekstri fyrirtækja og þegar í óefni er komið hlífir hver aðilinn öðrum í niðurlægingu sinni og smán. Jafnvel bankastjórar Seðlabanka Íslands leyndu viðskrh. vísvitandi upplýsingum um yfirvofandi gjaldþrot Útvegsbanka Íslands.

Á þessum desemberdögum erum við að afgreiða fjárlög. Þegar liggur fyrir að allt sem til heilla má verða fyrir launþega landsins og fjölskyldur þeirra verður skorið niður við trog. Það verður að finna hundruð milljóna króna í sameiginlegum sjóði landsmanna til að greiða spilaskuldir glaumgosanna. Konurnar sem þrífa salinn þegar þessum fundi lýkur, verkafólkið í frystihúsunum og verksmiðjunum, kennarar, listamenn og skrifstofufólk fær spilaskuldir þeirra í jólagjöf frá stjórnvöldum landsins.

Sú till. til þál. sem hér er rædd er að því leyti frábrugðin tillögu okkar Alþýðubandalagsmanna að í okkar till. er gert ráð fyrir sérfræðiaðstoð eftir þörfum. Og ég vil leggja sérstaka áherslu á að þrautreyndir endurskoðendur, e.t.v. erlendir, verði ráðnir til verksins með nefndinni sem skipuð yrði.

Í þessu máli er nóg komið, herra forseti, af pólitískri spillingu, vanþekkingu á innlendum og erlendum viðskiptamálum og einstaklega ósmekklegri tilfinningasemi einstakra ráðherra til að firra a.m.k. sjálfa sig eigin ábyrgð. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti, góðir Íslendingar. Það eru margir angar á þessu Hafskipsmáli og við höfum hér heyrt, bæði á þingi og annars staðar, rakin ýmis dæmi þess. Við höfum heyrt smáatriði um að því er okkur virðist spillingu, við höfum séð dæmi um fjöldamargt sem okkur virðist mega betur fara. En eigum við ekki að skoða það í svolítið stærra samhengi vegna þess að angarnir eru svo margir?

Menn hafa rætt í fyrsta lagi um pólitísk tengsl við Sjálfstfl. Menn hafa rætt um pólitíska skipun bankaráða, menn hafa rætt um tengsl bankaráðsmanna við tiltekin fyrirtæki. Við höfum dæmið um Albert Guðmundsson sem er stjórnarformaður stærsta viðskiptavinar Útvegsbankans á sama tíma og hann er formaður bankaráðsins. Við spyrjum spurninga um bankaeftirlitið. Við spyrjum: Hvar var skattaeftirlitið? Við getum spurt: Hvar var Alþingi? Hvar var Alþingi meðan allt þetta gekk á? Og við getum spurt t.d. síðan í vor: Hvar var þessan? Hvar voru ríkisfjölmiðlar þegar fréttir af þessu fóru að berast? Og við getum síðan spurt í raun og veru: Hvar hafa allir verið vegna þess að eftir gögnum málsins að dæma á að hafa legið ljóst fyrir um áramót hvernig mundi fara.

Við getum rætt þetta mál á margan hátt. Við getum velt fyrir okkur afleiðingum þess og við getum velt fyrir okkur orsökum þess. Hvenær er þessu máli fyrst hreyft? Þann 11. júní s.l. legg ég til hæstv. þáv. viðskrh. minnisblað þar sem ég spyr spurninga um viðskipti Hafskips og Útvegsbankans vegna upplýsinga sem komu fram í ársskýrslu fyrirtækisins. Þann 18. júní spyr ég þessarar spurningar úr ræðustól á Alþingi og ráðherrann svarar með tilvísun í fréttatilkynningu bankastjóra Útvegsbankans sem hafði verið birt í Morgunblaðinu og var þar birt að því er virðist til þess að vísa á bug fullyrðingum Helgarpóstsins um að fyrirtækið ætti ekki veð fyrir skuldum.

Menn þekkja nú orðið þá sögu. Þá yfirlýsingu mátti ekki skilja á annan hátt en þann að þetta væri allt í stakasta lagi, enda taldi ráðherrann ekki neina ástæðu til að gera neinar athugsemdir. Og hver eru viðbrögð Alþingis? Ég vil t.d. vitna í fulltrúa Alþb. við þá umræðu. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég lét mig hafa það að biðja um orðið undir ræðu hv. 4. landsk. þm. Ég hef ekki hugsað mér að ræða hér málefni Hafskips og hef enga heimild til þess, enda kannske óþarft að öðru leyti en því að mér fannst algjör óþarfi að draga óþverramálflutning Helgarpóstsins inn í umræður á hinu háa Alþingi. Það sem mest var áberandi í þeirri grein fyrir utan illkvittni og sóðaskap, var að birt var stór mynd af sökkvandi skipi með nafni

og númeri. Það lýsir innræti viðkomandi ritstjóra betur en nokkur orð.“

Þetta var vitnisburður úr bankaráði Útvegsbankans á Alþingi.

Fulltrúi Alþfl. hafði um þetta mál að segja:

„Ég kom hér inn áðan þegar hv. 8. þm. Reykv. var að flytja sína ræðu. Hann var að tala hér um ákveðið fyrirtæki, Hafskip, og gerðist þar býsna stórorður. Ég heyrði ekki betur en hann væri að éta upp úr vikublaði sem hér er gefið út og heitir Helgarpósturinn og hefur verið að skrifa um þessi mál með býsna einkennilegum hætti. Það hefur lítið verið staðfest af hæpnum fullyrðingum. Ég skil satt að segja ekki hvað slíkar fullyrðingar og umræður eiga að þýða þegar Alþingi Íslendinga er að ræða um viðskiptabanka.“

Svona var nú það. Þetta voru móttökur hæstv. Alþingis þegar málinu var hreyft í júní s.l. Alþingi vildi ekki sjá, ráðuneytið sá ekki neitt og að því er virðist blekkti bankinn. Bankinn gaf upplýsingar sem blekktu ráðherra, blekktu þm., a.m.k. vildi enginn hreyfa sig. Og allir fjölmiðlar nema Helgarpósturinn þögðu. Hvers vegna ríkti þessi grafarþögn? Hvers vegna ríkti þetta samsæri þagnarinnar?

Athugum nú aðeins þessi mál. Hvernig er t.d. að einum ríkisbanka staðið? Það er kosið bankaráð fyrir ríkisbanka á Alþingi Íslendinga og þar skipta stjórnmálaflokkarnir bróðurlega með sér bankaráðunum. Allir fá sinn mann. Það er gengið svo hart eftir því að allir fái sinn mann að m.a.s. stjórnmálaflokkur sem ekki hefur fylgi á Alþingi til þess að koma að manni í kosningu fær gefinn mann. Þannig vildi það til í síðustu bankaráðskosningum hér að Sjálfstfl. hjálpaði Alþfl. til að koma mönnum í bankaráð. Hvers vegna skyldi það vera? Var það af því að Sjálfstfl. er svo annt um Alþfl.? Var það af því að Sjálfstfl. vildi geyma Alþfl. á góðum stað fram yfir kosningar þegar þeir ætla að mynda með honum stjórn? Var það kannske ekki af því að þeim líður illa ef þeir eru ekki allir inni? Það er ekkert víst að það hefði verið gott að hafa bara Framsfl., Sjálfstfl. og Alþb. í bankaráði. Það hefði getað orðið vont að skilja Alþfl. eftir fyrir utan vegna þess að það er aldrei að vita hvað sá gerir sem stendur utan samtryggingarinnar.

Hvers vegna vilja þeir svo allir fara í bankaráðin? Þeir segjast vera þar til að hafa eftirlit. Þetta er skjalfest. Þeir hafa sagt þetta hér í ræðum. Þetta er býsna fróðlegt í ljósi þess hvernig eftirlitið hefur tekist, a.m.k. í einum bankanna.

BJ hefur nú lagt fram till. þar sem í fyrsta lagi er lagt til að alþm. fari út úr bankaráðum. Alþm. eru kosnir til að setja landinu lög en ekki til að stjórna bönkum. Menn verða að velja hvort þeir vilja vera bankastarfsmenn eða alþm. *Við höfum líka lagt til að viðskrh. skipi* bankaráð ríkisbankanna þar til þeirri skipan verður komið á, sem við leggjum mikla áherslu á, að ríkisbankarnir verði gerðir að almenningshlutafélögum. Það er eina lausnin á þessu. Þjóðin hefur ekki efni á að leyfa alþm. að leika sér með banka. Það hefur komið í ljós.

Ýmsir andmæla þessu og munu vafalaust gera hér á eftir. En þetta er í fyrsta lagi stjórnarfarslega rétt. Og þeir sem skyndilega bera svo mikla umhyggju fyrir valdþáttunum, fyrir sjálfstæði þeirra, ættu að huga að þessu máli.

Menn geta líka spurt: Hvers vegna snerust þm. allra flokka til varnar Hafskipi og Útvegsbankanaum þegar þessu máli var hreyft hér í júní? Þeir voru allir samstiga. Ósjálfrátt litu þeir á þetta sem árás á sameign sína. Þannig er hin pólitíska samábyrgð augljós. Við getum t.d. spurt nú: Hvað er það í þessu kerfi sem kemur í veg fyrir að Alþb. stæði ekki í sömu sporum og Sjálfstfl. gerir nú? Ef Alþb. yrði svo gæfusamt og þjóðin svo ógæfusöm að Alþb. fengi kannske 40—50% fylgi, hvað er það þá sem kemur í veg fyrir með núverandi fyrirkomulagi að Alþb. standi þar sem Sjálfstfl. stendur núna og Alþb. standi uppi með fyrirtæki í sama ásigkomulagi sem Hafskip er nú? Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það. Það eina sem kemur í veg fyrir það eins og málin standa núna er að Alþb. hefur ekki nóg kjörfylgi til þess.

Tökum áfram dæmi um Alþb. Það gildir fyrir hvern sem er þessara flokka. Alþb. á alþm. í bankaráði Útvegsbankans. Höldum áfram og tökum dæmi sem hafa verið rakin hér: Að svo miklu leyti sem Albert Guðmundsson tengist þessu máli var hann formaður bankaráðs Útvegsbankans á samábyrgð Alþb. og annarra flokka sem stóðu að síðustu ríkisstj. Hann var þar í fullri sátt og fullu samlyndi við t.d. Ólaf Ragnar Grímsson. Þá hafði Ólafur Ragnar Grímsson ekki eins miklar áhyggjur af hagsmunaárekstrum og hann hefur nú. Það hentaði stundarhagsmunum síðustu ríkisstj. að leysa ákveðin mál á þennan hátt og þá var það gert. Þetta var líka gert í stjórn Framkvæmdastofnunar. Þannig gekk upp taflið.

Hér leiðir nefnilega haltur blindan. Menn bera ábyrgð hver á öðrum. Þeir kjósa hver annan í bankaráð og síðan sitja þeir í bakherbergjunum og útdeila góssinu. Það kom fram fyrr við umræður um Hafskipsmál þegar hæstv. Matthías Bjarnason kom hér í stól og játaði á valdakerfið allar skammirnar, játaði á sig að allt væri komið í klúður. Hann sagði: En þú líka, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þú líka. Þú varst í þessu með mér. Við erum saman í þessu.

Það datt líka út úr hv. þm. Páli Péturssyni um daginn þegar verið var að ræða um þessi mál að hann sagði af sínu alkunna glensi að þetta mál væri ekki mál Framsfl. Það væri annar flokkur sem þyrfti að hafa meiri áhyggjur af þessu en Framsfl. Þetta þótti nokkuð skemmtilegt. En hvað var hv. þm. Páll Pétursson að viðurkenna? Hann var að viðurkenna þennan leik. Hann var að koma þeim skilaboðum til Sjálfstfl.: Ég vorkenni ykkur núna. Ég veit hvernig er að standa í þessu. En þið hafið þá samúðina með mér þegar ég lendi í þessu. — Þetta er nefnilega málið.

En hver er það sem borgar brúsann? Hver er það sem borgar vandræðin í sambandi við Hafskip? Er það Sjálfstfl. eða er það Framsfl.? Nei, það er fólkið í landinu. *Það fær reikning.* Og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er búinn að búa þennan reikning til. Hann ber yfirskriftina Hafskipsskattur og er 10 þús. kr. á hevrja fjölskyldu í landinu. En það eru fleiri skattar sem koma undan teppinu þegar því er lyft. Hvernig verður með raðsmíðaskipaskattinn? Það er fyrirsjáanlegt að vesalings fólkið í landinu, sem allir eru að tala um, þurfi að taka á sig jafnvel 200 millj. þegar að því kemur að raðsmíðagóssinu verður úthlutað. Ætlar Ólafur Ragnar Grímsson að senda þá raðsmíðaskipaskatt inn á öll heimili í landinu og hver leggur þann skatt á? Er það þessi ríkisstj.? Það var nefnilega síðasta ríkisstj., ríkisstjórn Alþb., sem lagði grunninn að raðsmíðaskipa-

skattinum sem allir fá sendan bráðum.

Við getum líka spurt: Hvað er búið að eyða mörg hundruð milljónum í að reikna og teikna einhverja virkjun á Austurlandi? Þar eru gulir hælar uppi um öll fjöll og allt tilbúið til að byggja virkjun. Og það hefur sést reikningur, hann hefur flogið hér fyrir, reikningur upp á einhvers staðar milli 400 og 600 millj. kr., bara til þess að eiga tilbúna útreikninga og teikningar uppi í hillu til að vera tilbúinn að virkja. Hvað skyldi Austurlandsvirkjunarskatturinn verða hár? Hann gæti verið einar 20 þús. kr. á hverja fjölskyldu ef hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur reiknað rétt í upphafi.

Við getum haldið áfram með þessa skattlagningu. Hvað lendir mikið á fólkinu í landinu vegna Fiskveiðasjóðs? Það skiptir hundruðum milljóna. Hvað er með Byggðasjóð? Þar eru einhvers staðar milli 70 og 80 millj. líklega. Og þannig getum við haldið áfram.

En af hverju þarf blessað fólkið í landinu, sem allir eru að tala um, að blæða á þennan hátt? Við getum tekið saman stuttan reikning. Ef við segjum að Hafskip sé upp á 400 millj., raðsmíðaskipin verði upp á kannske 200 millj., Fiskveiðasjóður upp á 400 millj., Austurlandsvirkjun, reikningar og teikningar, upp á 500—600 millj., erum við komin með 1,5 milljarða. Hver á svo sökótt við fólkið í landinu? Af hverju eru stjórnmálamenn að gera fólkinu í landinu þetta?

En þeir eru allir í þessu saman og svo eru þeir hissa á að lífskjör í landinu séu naum. Með slíkri skattlagningu þarf enginn að verða hissa á því að lífskjör í landinu séu naum. Fólk er nefnilega að vinna fyrir raðsmíðaverkefnum, Fiskveiðasjóðsskuldum og draumóravirkjunum hér og þar um landið. Hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason lýsti þessu þegar hann sagði um daginn: Við erum sekir, það er rétt, en við erum allir jafnsekir. Svo verið ekkert að þessu þrasi.

Á síðasta þingi í maí s.l. spurði ég hæstv. þáv. viðskrh. hvort ástæða væri til að rannsaka tryggingar fyrir skuldum við ríkisbankana. Þá var því svarað að engin ástæða væri til að rannsaka, það væri ekkert að óttast. Ég held að það gæti verið skynsamlegt að fletta upp aftur í þessum gögnum og spyrja hvort ekki sé rétt að fara að athuga þessa reikninga.

Það er augljóst að stóru viðskiptavinirnir eru bönkunum verulega hættulegir. Maður getur velt því fyrir sér. Nýverið ábyrgðist Landsbankinn 100 millj. kr. skuldabréfaútboð fyrir SÍS. Samkvæmt venjulegum viðskiptavenjum ætti að setja allt að 200 millj. kr. veð fyrir því. Ekki mundi veita af eins og veðin eru um þessar mundir. Þarna eru líka stórar tölur. Þetta er helmingurinn af því sem við erum að tala um í sambandi við Hafskip. Þarna eru miklir peningar. Ég held að það sé full ástæða til að athuga starfsemi bankanna.

Ef við lítum aðeins á Hafskipsmálið aftur virðist vera að siglingar yfir Norður-Atlantshaf hafi verið banabitinn. Menn geta spurt: Hvernig stendur á því að svo fór? Vissi virkilega enginn hvað var á seyði? Voru menn með lokuð augun, var einhver búinn að binda fyrir augun á þeim eða voru þeir í myrkri? Maður getur spurt: Var enginn sérfræðingur í siglingum hjá banka sem heitir Útvegsbankinn og átti siglingafyrirtæki fyrir stærsta viðskiptavin? Það eru nefnilega ýmsar vísbendingar um hvernig fara mátti. Í blaðaviðtali við forstjóra Hafskips þann 10. nóv. 1984 er sagt að Hafskip sé að leggja út í gífurlega erfitt og gífurlega áhættusamt mál og það sé feiknaleg samkeppni. Það er sagt: „Þetta er tilraun einungis til fjögurra mánaða. Og ef við töpum á þessari tilraun verðum við reynslunni ríkari."

Þetta var í nóvember á síðasta ári. 30. janúar s.l. er grein í ensku viðskiptariti, sem hlýtur að vera lesið í Útvegsbanka, og þar er sagt: Það eru stórkostlegir erfiðleikar á siglingum á Norður-Atlantshafi og það er gífurlegur samdráttur. — Þetta er sagt 30. janúar 1985. 20. maí er grein í sama blaði, ítarleg grein, um Norður-Atlantshafssiglingar og þar er sagt að litlu skipafélögin séu öll að fara á hausinn. Um líkt leyti segir amerískur forstjóri í frétt í þessu blaði: Það er blóðbað á Norður-Atlantshafi. Það er blóðbað. Öll litlu fyrirtækin eru að drepast. — Þetta var augljóst hjá öllum sem vildu vita um ástand siglinga á Norður-Atlantshafi.

En hvað gerist á Íslandi á sama tíma? Í þessu fyrirtæki, í febrúar, er ákveðið að auka hlutafé um 80 millj. og á aðalfundi í júní er blásið í herlúðra og þar eru fluttar 17. júní ræður. Ég get vitnað í ræðu eins forustumannsins. Hann segir:

„Það er gjarnan haft á orði að þegar mikið liggur við geti Íslendingar komið fram sem ein þjóð, sem einn maður. Spyrja má: Jafnast ekki hættan á landflótta á við náttúruhamfarir og landhelgisstríð? Er stóri sáttmáli þjóðfélagshópanna ekki löngu orðinn tímabær? Atvinnustarfsemi, verkalýðsbarátta, stjórnmál og lífskjör eru samofnir, óaðskiljanlegir þættir. Í þeim efnum er engin atvinnugrein, enginn einstaklingur undanskilinn í því sameiginlega átaki, sem fyrir höndum er, að tryggja Íslandi 21. aldarinnar annan og veigameiri sess en Hornstrandir og aðrir sambærilegir afskekktir sumarheimsóknastaðir hafa í dag."

Þetta er ekki 17. júní ræða þó menn gætu haldið svo. Þetta er ræða sem verið er að flytja á aðalfundi í fallít fyrirtæki í júní s.l. þegar allir með opin augu — allra helst þeir sem hafa atvinnu af þessu — hefðu átt að vita að allt var ónýtt. En blekkingarnar héldu áfram.

Því segi ég: Það er greinilega ekkert bankaeftirlit á Íslandi, hvort sem það er hið opinbera bankaeftirlit, eftirlit stjórnmálaflokkanna eða hvaða eftirlit sem er. Það er ekkert eftirlit. Menn eru augljóslega með augun lokuð.

Ég er meðflm. að till. sem hér um ræðir og ég styð hana, en ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að þetta verður erfitt. Þetta verður sérstaklega erfitt vegna þess að við höfum enga hefð og engar venjur í að rannsaka mál eftir þessum leiðum, eins og hér er farið fram á. Það samkrull sem nú þegar er milli Alþingis og þess framkvæmdavalds sem á að fara að rannsaka mun gera málið mjög erfitt. Það má ekki fara svo, ef af þessu verður, ef Alþingi ætlar nú að gera tilraun til slíkrar rannsóknar, að hún verði fórnarlamb og bitbein hallærislegra pólitískra átaka.

Guðrún Agnarsdóttir: Hæstv. forseti, góðir áheyrendur. 39. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Nú hafa verið lagðar fram hér á Alþingi þrjár till. til þál., tvær í Nd. og ein í Ed., þar sem þm. fara fram á skipun rannsóknarnefndar skv. þessari grein stjórnar-

skrárinnar til að rannsaka viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands. Enn fremur hafa verið lagðar fram tvær beiðnir um skýrslur varðandi sama málefni, frv. til l. um sjálfstætt bankaeftirlit og fsp. um útlán og eiginfjárstöðu ríkisbankanna. Enn fremur í dag stjfrv. til laga um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Öll þessi þingmál eru viðbrögð við því alvarlega máli sem verið hefur ofarlega á baugi undanfarnar vikur, máli Hafskips og Útvegsbankans, og miða þau öll að því að ná fram upplýsingum í þessu stærsta gjaldþrotamáli í sögu íslenska lýðveldisins.

Allt frá því að grunur fór að leika á því að ekki væri allt með felldu í rekstri Hafskips hefur staðið á fullnægjandi og réttum upplýsingum um málið. Þegar málinu var hreyft fyrr á þessu ári, bæði hér á þingi og eins af fréttamönnum, þótti stjórnvöldum engin ástæða til að bregðast við. Borið var við bankaleynd, sagt að allt væri í lagi og engin ástæða til að hafa áhyggjur. Einum og hálfum mánuði seinna er það viðurkennt af stjórn Hafskips að geigvænlegt tap er á rekstri fyrirtækisins og nú er svo komið að þetta 27 ára gamla fyrirtæki er gjaldþrota. En ekki nóg með það. Annar stærsti ríkisbankinn, Útvegsbankinn, hefur tapað ⅔ af eigin fé, því fé sem hann fer með fyrir almenning, hundruðum milljóna króna og óvíst er hve mikið það fé er.

Íslenska þjóð munar um það mikla fé sem tapast hefur nú á tímum þrenginga þegar margt fólk vinnur myrkranna á milli til að halda húsnæði sínu og sjá sér og sínum farborða, á tímum þegar fjárlögin eru hrein dægurtónlist og halli ríkissjóðs meira en tveir og hálfur milljarður á þessu ári. Þó munar hana e.t.v. ekki síður og þegar á allt er litið trúlega miklu meir um að geta treyst þeim fulltrúum sem hún velur. Hinn almenni kjósandi verður að geta treyst þeim sem hann kýs til að fara með umboð sitt, en hann verður engu að síður að geta treyst dómgreind þeirra ef þeir flytja það umboð áfram og framselja það eins og tíðkast hefur um val á þeim sem stjórna í bönkum. Það er mikið álitamál hvort alþm. eiga yfirleitt að koma nálægt slíku. Kvennalistinn hefur ekki álitið það vera rétt og hefur því ekki átt aðild að bankaráðum. Af öllum þeim málavöxtum sem kunnir eru virðast þeir fulltrúar fólksins sem fara með fjármuni þess hafa annaðhvort gersamlega sofnað á verðinum eða verið stórlega blekktir. Bankastjórar eru þjónar fólksins, ekki herrar. Þeir eru þarna til að gæta peninga fólksins, gæta þess að fé þess sé ekki misfarið, en þeir láta oft eins og þeir eigi þessa peninga sjálfir. Það finnst a.m.k. þeim sem þurfa að biðja um lán. Nei, þeir eru starfsmenn fólksins sem gæta fjár alveg eins og fóstrur eru starfskonur sem gæta barna. Munurinn er þá sá að fóstrur gæta fjöreggja og fá ótrúlega lítið fyrir, en bankastjórar gæta bara fjármuna en geta komist upp í áttföld laun fóstra.

Sá trúnaðarbrestur sem orðið hefur vegna þessa máls er að mínu mati alvarlegur og ein af mörgum ástæðum þess að nauðsynlegt er að upplýsa þetta mál og það þarf að upplýsa þannig að fólk finni og viti að engu hefur verið leynt. Það er ekki bara að réttlætiskennd fólks sé misboðið þegar sögur berast um að með almannafé hafi verið misfarið, jafnvel sóað í óhóf fáeinna einstaklinga. Það vekur líka reiði. Það vatt sér að mér kona, sem ég þekki ekki, í búð um daginn og hún hvíslaði að mér eitthvað á þessa leið. „Ég er búin að ala upp sex börn og er orðin sjötug og ég hef engin lífeyrisréttindi. Mitt starf er einskis metið. Þið verðið að tala meira um þessar heimavinnandi. Sumir kaupa sér hús fyrir tug milljóna og gera þau upp fyrir annan tug milljóna, en það var selt ofan af syni mínum þó hann skuldaði ekki nema 25 þúsund." Svo hvíslaði hún: „Það er erfitt að vera reið 70 ára gömul kona."

Afleiðingar þessara málaloka eru fleiri. 2—300 manns sem störfuðu hjá fyrirtækinu missa vinnu sína og erfiðlega hefur gengið að útvega þeim aðra vinnu. Þessir starfsmenn eiga flestir fjölskyldur þannig að erfiðleikar blasa við um 12—1300 einstaklingum. Starfsmannafélag Hafskips boðaði á sinn fund þm. Reykjavíkur og borgarfulltrúa í nóvemberlok til að tjá þeim vandræði sín og það sem var mest áberandi á þeim fundi, þegar frá voru talin vandræði starfsfólksins, var alger skortur á upplýsingum um raunverulega stöðu mála. Starfsmannafélagið hefur síðan sent Alþingi beiðni um að skipuð verði rannsóknarnefnd um málið.

Allar tilraunir til að knýja fram upplýsingar um málið hér á þinginu hafa brotnað á fyrirslætti um bankaleynd. Síðan hefur orðið hröð framvinda og línur skýrst nokkuð hvað varðar stöðu Hafskips og Útvegsbankans, en jafnframt hefur komið í ljós að málið er ekki einungis yfirgripsmeira en í fyrstu virtist heldur spinnast af því grundvallarspurningar um siðgæði, siðgæði í viðskiptum, siðgæði í stjórnmálum, í reynd siðgæði þess þjóðfélags sem við byggjum.

Menn horfa til þess að stærsti stjórnmálaflokkur landsins er óþægilega tengdur þessu máli. Persónur og leikendur eru flestir úr honum og menn spyrja þess vegna líka: Hvernig stendur á því? Eru viðskiptahagsmunir svo tengdir pólitískum hagsmunum? Geta völd og áhrif tryggt svo fyrirgreiðslu að til óheilinda leiði? Hefur slíkt átt sér stað í þessu máli? Það hlýtur að vera keppikefli og varða við hagsmuni Sjálfstfl. og allra þeirra einstaklinga sem þessu máli tengjast að það verði upplýst, upplýst á þann hátt að Alþingi og almenningur sætti sig við.

Ég tel víst að allir séu sammála um það, bæði hér á Alþingi og utan þess, að rannsókn málsins þurfi að fara fram og það sem fyrst. Hins vegar greinir menn á um hvernig beri að standa að slíkri rannsókn og þá sérstaklega hverjir eigi að rannsaka málið.

Sú till. til þál., sem hér er til umræðu og ég er meðflutningsmaður að, fer fram á að rannsóknanefnd sjö þm. taki að sér að rannsaka viðskipti Hafskips og Útvegsbanka Íslands, svo og samningatilboð um yfirtöku eigna Hafskips hf., þ.e. Íslenska skipafélagsins. Þá tilhögun tel ég vera heppilegri og mun líklegri til að koma í veg fyrir tortryggni um að verið sé að leyna einhverju eða hylma yfir heldur en þá tillögu ríkisstjórnarinnar að skipa þriggja manna nefnd. Þó tel ég að ekki sé heppilegt að fundir nefndarinnar fari fram í heyranda hljóði, eins og tilgreint er í báðum tillögum þm. Alþb. Ekki vegna þess að ég vilji að leynd hvíli yfir neinu í þessu máli heldur vegna þess að ég hygg að það sé reyndar óraunsætt og það verði erfitt fyrir marga þá er nefndin þarf að ræða við að veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru og byggjast á trúnaði ef fundir eru haldnir í heyranda hljóði. Það kemur þó ekki í veg fyrir að fullar upplýsingar fáist um málið sem síðan verði lagðar fram. Ég legg áherslu á að þessi tillaga sniðgengur ekki upplýsingaöflun frá sérfræð-

ingum, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir virtist halda í sinni ræðu, og það er einnig tekið fram í þessari tillögu að aflétta skuli bankaleynd vegna þessarar rannsóknar.

Hlutverk alþm. er m.a. að gæta hagsmuna kjósenda sinna. Til þess þurfa alþm. að halda verði sínum og vöku til að taka eftir því sem miður fer og rannsaka málavexti þeirra mála sem þeir fjalla um. Það er almennt starf þeirra. Ég tel þá því vel til þess fallna að skipa slíka nefnd. Alþm. eru þó ekki dómarar og því tel ég mikilvægt að menn leggi ekki fyrir fram dóma á einstaklinga í þessu máli, því eins og segir í lögum landsins er hver saklaus þar til hann er sekur fundinn, og á bak við allar þessar tölur, sem varða þetta mál, er fólk.

Það er líka mikilvægt í umræðum um þessi mál að sá ekki óverðskuldaðri tortryggni sem eyðileggur meira en hún uppsker. Hins vegar vek ég athygli á að víða erlendis, þegar hinn minnsti grunur beinist að einstaklingum í opinberum stöðum, er álitið að þeim einstaklingum beri að víkja alveg án tillits til þess hvort þeir síðar eru fundnir sekir eða saklausir. Það er ekki síst gert til þess að varðveita virðingu þess embættis sem menn gegna þannig að enginn minnsti blettur falli á það eða vafi.

Í þessu máli á ekki fyrst og fremst að leita að sökudólgum, hengja bjöllur á ketti. Það þarf að lýsa inn í þetta mál svo að ferill þess verði kunnur öllum þannig að menn geti af honum lært og forðast að endurtaka.

Sumir tala um spillingu fjórflokkanna sem undirrót margra þjóðfélagsmeina, en því má ekki gleyma að við búum í kunningjaþjóðfélagi sem að vísu býður upp á marga kosti en líka marga galla. Enn fremur, samtrygging þeirra sem stjórna getur líka byggst á fleiru en pólitík. Hún getur svei mér þá byggst á kynferði. Hvað skyldu margar konur sitja í stjórnum, nefndum og ráðum ríkisins?

Um leið og þetta mál verður upplýst ættum við jafnframt að verða nokkru nær um ýmsa innviði í peninga- og efnahagsmálum þessa litla þjóðfélags sem við búum í og er ekki vanþörf á því. Hin gráu svæði milli þess sem er siðlaust eða ólöglegt og þess sem er flekklaust og löglegt eru sífellt að verða breiðari og mörkin óljósari. Það sýnir t.d. okurmálið sem nýlega var á döfinni. Okkur er nauðsyn að finna skýrari mörk á milli og skilgreina fyrir okkur sjálf hvaða samskiptareglur þykja sæmandi í því þjóðfélagi þar sem við viljum búa.

Þetta mál hefur knúið á um nauðsyn þess að endurskipuleggja bankamálin í landinu. Nýlega var afhent skýrsla frá nefnd sem skipuð var til að bæta skipulag og rekstur viðskiptabanka þar sem tillögur eru gerðar um fækkun banka og sameiningu útibúa. Vonandi er að tillögur þeirrar nefndar komist sem fyrst í framkvæmd því þær eru löngu orðnar tímabærar. Sú þensla sem orðið hefur í bankakerfinu er óviðunandi, sá fjáraustur sem farið hefur í nýjar bankabyggingar óþolandi þegar hugsað er til þess að þær eru í raun byggðar fyrir fé sem almenningur leggur til án þess að því fylgi endilega bætt þjónusta við almenning né heldur að almenningur sé spurður hvort hann vilji fleiri bankahús.

Það er von mín að rannsókn þessa máls, svo alvarlegt sem það er, megi leiða til þess að spurt verði nærgönguulla spurninga um þau markmið, það verðmætamat og þá forgangsröðun sem ráðið hefur í þjóðfélaginu og elur af sér slík slys sem þetta, að rannsókn þess megi leiða okkur nær því samfélagi sem Kvennalistinn vinnur að, samfélagi sem hefur það verðmætamat sem setur mannleg gildi og félagslega samábyrgð í öndvegi.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti, góðir áheyrendur. Það sem kemur hvað gleggst fram í þessu máli, sem hér er til umræðu í kvöld, af öllu því sem ég hef orðið vitni að annars er að Sjálfstfl. er í raun og veru lítið annað en harðsvíruð hagsmunaklíka. Þetta segi ég vegna þess að í ofanálag á allt annað sem þeir hafa nú í kvöld komið fram með sem rök, sjálfum sér til stuðnings í þessu vonda máli, sem þeir eru komnir á kaf í, þá er Sjálfstfl. nú tilbúinn að láta fara fram rannsókn á þessu máli, en bara á þann hátt að hún missir marks sem slík. Sá galli er á gjöf Njarðar að þeir vilja láta fara fram rannsókn á því hvort menn hafi haldið sig innan ramma laganna og aðeins því. Það er gott og blessað. En það skulu menn gera sér fullkomlega ljóst að rammi laganna er rúmur og þá sér í lagi þegar sá rammi miðast við mál sem er viðskiptalegs eðlis. Það er ekki nóg að athuga hvort menn hafa haldið sig innan ramma laganna, þó að það beri að sjálfsögðu að gera í leiðinni. Það verður að koma í dagsljósið hvar hagsmunaárekstrarnir hafa orðið, hvar það er sem raunverulega hefur orðið misbrestur. Það þarf svo sem enginn að efast neitt sérstaklega um að menn hafi gætt þess sem skyldi að halda sig, eins og vera ber, innan ramma laganna. Nú vilja þeir sömu menn auðvitað fá stimpil yfirvalda á málsaðila, sem stimplar þá alla saklausa. Sjálfstæðismenn virðast mér hreinlega ekki þora að láta fara fram rannsókn af því tagi sem nauðsynleg er. Slík rannsókn þarf þó auðvitað að beinast að því fyrst og síðast að hér er um að ræða pólitíska spurningu. Hún er pólitísk og hún er siðferðileg, en sjálfsagt minnst af öllu lagalegs eðlis. Þeir virðast ekki þora að láta fara fram rannsókn á þeim nótum að það verði farið ofan í saumana á pólitísku siðferði þeirra sem standa að málinu. En menn verða að átta sig á því hvert hlutverk þeirra er. Alþm. eru kjörnir til þess að setja lög og leikreglur og til þess að hafa eftirlit með því að þau lög séu haldin. Hlutverk þm. er m.a. að hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu og í þessu máli verðum við að gegna því hlutverki. Mér er spurn: Ef það má ekki, til hvers erum við þá hér?

Það verður að vera á hreinu að stjórnmálamenn líti á sig á sama hátt og þeir líta á aðra þjóðfélagsþegna, fólk með hreinan skjöld sem hefur ekkert að fela, og þjóðin verður að fá tækifæri til að meta hvort svo er ekki í yfirheyrslum fyrir opnum tjöldum hjá rannsóknarnefnd Alþingis. Það getur verið auðvelt að hvítþvo menn með því einu að athuga hvort ekki sé allt í lagi með lagalegu hliðina á þessu máli. En það er nú einu sinni svo að það varðar t.d. alls ekki alltaf við lög að ljúga. Það er meira að segja í sumum tilfellum alfarið löglegt að ljúga. En það er í flestum tilfellum talið vera með öllu siðlaust. Og það hefur oftlega valdið töluverðum skaða. Það er nú einu sinni svo að refsivert er að leyna staðreyndum málsins með því að ljúga. Eitt er hins vegar alveg á hreinu, að hv. alþm. og þá aðallega þm. Sjálfstfl. verða að hætta að koma fram hér í umræðunum hver á fætur öðrum og tala eins og hluthafar á hluthafafundi. Þeir verða að fara að hætta þessu blaðri og snúa sér að því að

skýra frá því hvað það var sem raunverulega gerðist. Ekki þar fyrir að það er sjálfsagt velflestum ljóst þó svo að menn virðist hafa á því misjafnlega mikinn skilning. Þess vegna skil ég ekki feluleikinn.

Sjálfsagt hefur lítið annað átt sér stað en það, sem við vitum í raun og veru ósköp og skelfing vel, að hver tilviljunin og hvert óhappið hefur rekið annað og svo eru e.t.v. einhverjir sem ekki hafa staðið rétt að málum. Það kemur í ljós við rannsókn, hvað gerði það að verkum að svo fór sem fór. En það er búið og gert. Það sem átt hefur sér stað er búið og gert. En það sem er engin tilviljun er hvað olli því að Sjálfstfl. tefldi fram til hagsmunagæslu í formannssæti bankaráðs Útvegsbankans fyrir sitt leyti manni sem er og var hluthafi og var stjórnarformaður í aðalviðskiptafyrirtæki bankans. Það er það sem gerir Sjálfstfl. sem slíkan grunsamlegan í þessu máli siðferðilega séð og lýsir því hve harðsvíraður hagsmunagæsluflokkur hann er.

Það er nú ljóst að þegar hagsmunir Útvegsbankans, þjóðbankans, og hins vegar hagsmunir skipafélagsins, einkafyrirtækisins, rákust á hafa hagsmunir þjóðbankans verið víkjandi, en hagsmunir skipafélagsins aftur á móti ríkjandi. Svona fer það auðvitað þegar hagsmunagæslumaðurinn er einn og sami maðurinn fyrir báða aðilana og situr þar með báðum megin við borðið. Það er þá sem ekki er von á góðu. Það kemur einmitt glöggt fram í bók sem Gunnar Gunnarsson skrifaði og heitir „Albert" að ekki hafi þessi títtnefndi margfaldi hagsmunagæsluaðili Sjálfstfl. samt alltaf haft það á tilfinningunni að hann gæti sinnt hlutverkum sínum svo vel sem hann taldi skyldu sína liggja til þeirra verka þegar hann lýsir því hvers vegna hann snerist gegn ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. En í bókinni er hann sjálfur, hæstv. núv. iðnrh., látinn komast svo að orði, með leyfi herra forseta:

„Það atriði sem skiptir mestu máli fyrir mig varðandi breytta afstöðu til ríkisstjórnarinnar er það, að ég varð formaður bankaráðs Útvegsbankans að beiðni ríkisstjórnarinnar og með samþykki Sjálfstfl. Og það er alveg sama hvaða ráð eða ábendingar ég hef gefið varðandi peningamál sem eru stór liður í efnahagsmálum þjóðarinnar: ríkisstj. hefur aldrei tekið tillit til þess. Peningamálin eru í ólestri og það liggur á að taka þar til hendinni. Það er hreinlega eins og ráðvilltir menn séu að fálma eftir ráðstöfunum sem þeir vita ekki hverjar eigi að vera. Mennirnir sem standa fyrir þessum ráðstöfunum eru komnir á leiðarenda; þeir eru strand og vita ekki hvað til bragðs á að taka.

Ég næ ekki að gegna því hlutverki sem mér var ætlað sem bankaráðsformaður við þjóðbanka. Ríkisstjórnin hefur ekki sýnt mér það traust sem henni bar, ekki tekið það tillit til mín sem hún átti að gera; þess vegna snerist ég gegn ríkisstjórninni."

Hér hefur hæstv. iðnrh. látið þess getið að hann hafi ekki fengið það olnbogarými sem hann þurfti. Og mér er spurn: Þurfti til hvers? Hvað vildi hann? Hvað vildi ráðherrann? Þess vegna segi ég: Menn geta dundað sér við að rannsaka lagalegu hlið þessa umfangsmikla máls, sem nú hefur verið dregið upp af lager hneykslismálanna, en það er alveg öruggt að í það minnsta flestir málsaðilar koma hvítþvegnir út úr slíkri rannsókn og þá kemur ráðherrann að sjálfsögðu niður standandi, rétt eins og hann er vanur að gera, enda er hann ekkert aðalatriði þessa máls þó svo að hann hafi að sjálfsögðu komið mjög við sögu stöðu sinnar vegna. Hann er bara lítið peð í tafli stórmeistaranna.

Það sem skiptir hins vegar mestu máli er siðferðið í þessu öllu saman. Þegar umrætt tímabil stóð yfir, þ.e. þegar hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson átti sæti sem formaður bankaráðs Útvegsbankans og var jafnframt stjórnarformaður Hafskips, gerðist það að Útvegsbankinn stóreykur viðskipti sín við Hafskip. Það er Útvegsbankinn, ríkisbankinn, sem stóreykur viðskipti sín við Hafskip, fyrirtæki sem að hluta til er eign formanns bankaráðsins.

Auðvitað geta viðskipti Útvegsbankans og Hafskips farið saman og það mjög vel, en það gera þau ekki alltaf, eins og glögglega hefur komið í ljós nú að undanförnu. Hæstv. iðnrh. Albert Guðmundsson gat auðvitað ekki gætt hagsmuna Útvegsbankans gagnvart Hafskipi sem formaður bankaráðs og samtímis gætt hagsmuna Hafskips gagnvart Útvegsbankanum. Það fer ekki saman. Það sér hver heilvita maður. En það er hins vegar alveg löglegt. Það stangast ekki á við nein gildandi lög. En eins og oftlega hefur komið fram í þessu máli í kvöld er það siðlaust og heilbrigð skynsemi segir öllum sæmilega hugsandi mönnum að einn og sami maðurinn geti ekki samtímis verið hagsmunagæsluaðili fyrirtækisins og hagsmunagæsluaðili bankans, hvor gegn öðrum, án þess að til komi hagsmunaárekstrar. Þess vegna vaknar spurningin: Hafi bankaráðsformaðurinn, núverandi hæstv. iðnrh., ekki skipt sér af útlánum þessum, eins og hann hefur margítrekað haldið fram að hann hafi ekki gert, gerði hann þá ekki athugasemdir — eða hvað gerði bankaráðsformaðurinn yfirleitt í bankaráðinu? Er ekki bankaráðið hæstiréttur bankans? Á það ekki að hafa eftirlit með því að allt sé í stakasta lagi og gera tillögur til úrbóta hafi eitthvað farið úrskeiðis? Hvað höfðu hinir bankaráðsmennirnir við þetta að athuga? Hvað höfðu þeir að athuga við þessi stórauknu viðskipti við fyrirtæki bankaráðsformannsins? Það hefur aldrei komið fram, en það verður að koma í ljós.

Að mínu mati er ekki rétt að saka hæstv. iðnrh. um lögbrot af neinu tagi að svo stöddu né nokkurn annan í þessu máli, nema sannist að ástæða reynist til þess, og ég verð að segja að ég yrði mjög undrandi ef lögbrot reyndist vera útkoman úr þeirri rannsókn sem nú hefur verið beðið um. En ég verð að minna á þá siðblindu sem hæstv. iðnrh. ásamt öllum Sjálfstfl. er sekur um, þ.e. þeir sjálfstæðismenn sem samkvæmt bókinni sem ég vitnaði til fyrr í máli mínu studdu hann í þetta embætti, vitandi ósköp og skelfing vel að staða hans í þjóðfélaginu gat auðvitað aldrei samræmst stöðu hans sem formanns bankaráðsins. Í því felst siðblinda Sjálfstfl.

Hæstv. iðnrh. gat þess einnig í bókinni að það hafi verið alveg sama hvaða ábendingar hann hafi gefið ríkisstj. varðandi peningamál. Það hafi ekki verið tekið tillit til þess. Hvaða ráð var hann að gefa varðandi peningamál sem ekki var tekið tillit til? Hvaða hlutverki náði hann ekki að gegna sem bankaráðsformaður sem hann þó vildi gegna? Hvað var það sem hann ekki fékk að gera en vildi samt gera? Þetta verður að koma fram hér. Hvar brast traust ríkisstj., á hvaða sviði og af hvaða tilefni? Af hverju treysti ríkisstj. honum ekki? Hér inni eru margir hv. alþm. sem eru fullfærir um að gefa svör við þessum spurningum sem hreinlega er hrópað á. Það

geta hv. alþm. gert sem þá voru á Alþingi og voru við stjórn. Það er m.a. vegna þessa fólks að nú er svo komið að Alþingi varðar þetta mál og verður að láta það til sín taka. Það er sá þáttur málsins sem okkur varðar beint vegna þess að venjulega skiptir það ekki meginmáli í þessu samhengi hvort menn stofna fyrirtæki og setja það síðan á hausinn, bara svo lengi sem gjaldþrot þess er ekki farið að skipta verulegu máli fyrir buddu almennings í landinu. Það sem skiptir meginmáli er hver ber skaðann og hvernig hann varð, og ekki skiptir heldur minna máli hver varð þess í raun og veru valdandi að hinn frægi litli maður í þjóðfélaginu á nú yfir höfði sér sérstakan skatt vegna þess skaða sem þessi tiltekni ríkisbanki hefur orðið fyrir og þá fyrst og fremst vegna slælegs eftirlits og svo vegna slævðrar dómgreindar þeirra sem að því leyti til bera sök á því hvernig komið er.

Góðir áheyrendur. Þetta mál er fyrst og fremst spurning um siðferði og pólitíska siðblindu. Þess vegna verður að yfirheyra allt þetta fólk, alla þá aðila sem hlut eiga að máli, alla bankaráðsmennina, alla bankastjórana. Ekki samt af ríkissaksóknara. Það þarf að gerast fyrir opnum tjöldum og framkvæma af rannsóknarnefnd Alþingis og sú rannsókn á ekki fyrst og fremst að beinast að hinum lögfræðilega grunni, eins og ég hef komið að áður, heldur að hinum siðferðilega og pólitíska grunni sem er nauðsynlegur og þarfur til að upplýsa málið. — Ég þakka áheyrnina.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Segja má að borið sé í bakkafullan lækinn að taka til við enn í kvöld hér á Alþingi að ræða Hafskipsmálið. Með þessum orðum er ég ekki á nokkurn máta að draga úr mikilvægi málsins. Það er hið alvarlegasta, bæði fyrir einstaklinga sem missa atvinnuna, fyrir Útvegsbankann og skuldheimtumenn alla og fyrir þjóðarbúið í heild. Það er einnig ákaflega alvarlegt ef þetta gjaldþrot verður til þess að flutningar til og frá landinu komast nálægt á eina hendi.

Hins vegar hefur margt verið sagt og skrifað nú þegar sem betur væri ósagt og margir bornir sökum, m.a. í skjóli þinghelgi, án þess að sekt væri sönnuð. Auk þess er málið nú komið í ákveðinn farveg og mikilvægast að rannsókn þess geti farið fram án hindrunar.

Þegar um gjaldþrotamál er að ræða tekur skiptaráðandi við allri meðferð máls samkvæmt lögum. Honum ber í fyrsta lagi að kanna allt það í rekstri fyrirtækisins sem getur hafa haft áhrif á þrotabúið og greiðslugetu þess. Er í því sambandi um að ræða hvers konar ráðstöfun fjármagns og skuldbindingar sem stjórnendur fyrirtækisins hafa gert á undanförnum árum. Það nær að sjálfsögðu m.a. til allra viðskipta fyrirtækisins við Útvegsbankann. Einnig er skiptaráðanda skylt að kanna hvern þann þátt sem telja má að saknæmur geti talist og vísa slíkum málum án tafar til saksóknara ríkisins til meðferðar.

Til þessa vandasama starfs hafa valist ungir og dugmiklir menn. Ég hef rætt um meðferð málsins við skiptaráðanda og ég er sannfærður um að þeir munu taka rösklega til hendi og vinna fljótt og vel þótt málið sé umfangsmikið.

Til þess að auðvelda störf skiptaráðanda hefur dómsmrh. jafnframt lagt fram hér á Alþingi frv. til l. sem heimilar skiptaráðanda að krefjast hverra þeirra upplýsinga sem hann telur nauðsynlegar án þess að milliganga rannsóknarlögreglu ríkisins þurfi til að koma, eins og lög gera nú ráð fyrir í ýmsum tilfellum. Þrátt fyrir þetta er ekki ólíklegt að skiptaráðandi telji sér ekki skylt eða rétt að athuga einhverja þætti þessa máls sem ekki hafa áhrif á þrotabúið eða geta beint talist saknæmir. Þó getur verið um atriði að ræða sem nauðsynlegt er að upplýsa. Ég lagði því til við ríkisstj. fimmtudaginn 5. þ.m. að ríkisstj. gæfi út yfirlýsingu um að hún mundi sjá til þess að allir þættir í viðskiptum Útvegsbankans og Hafskips verði upplýstir. Í því skyni lagði ég jafnframt til að skipaðir yrðu þrír sérfróðir menn til þess að fylgjast með og vinna með skiptaráðanda að máli þessu.

Í samræmi við þetta hefur viðskrh. nú lagt fram hér á Alþingi frv. til l. þar sem Hæstarétti Íslands er falið að tilnefna umrædda rannsóknarnefnd. Í þessu frv. er einnig ákvæði sem heimilar nefndinni aðgang að öllum þeim upplýsingum, munnlegum og skriflegum, sem hún kann að telja þörf á að fá frá Útvegsbanka Íslands. Með því er bankaleynd aflétt í þessu máli.

Jóhanna Sigurðardóttir taldi í ræðu sinni áðan vafasamt að fela Hæstarétti að tilnefna menn þessa og kynni það að valda Hæstarétti vandræðum ef málin, sem mjög líklegt er, koma seinna til hans kasta. Þetta tel ég óþarfa áhyggjur. Hæstiréttur er á engan máta bundinn af þeim mönnum sem hann kann að tilnefna í þessa nefnd. Ljóst er jafnframt að þessir menn verða áreiðanlega ekki menn sem nátengdir eru Hæstarétti á nokkurn máta.

Nú er hér til umræðu að Alþingi sjálft kjósi rannsóknarnefnd. Því hefur jafnframt verið lýst yfir í umræðum hér á Alþingi að slík rannsóknarnefnd eigi að vinna fyrir opnum tjöldum. Á það leggur Ólafur Ragnar Grímsson mjög mikla áherslu. Jóhanna Sigurðardóttir segir hins vegar að nefnd sú sem hún og fleiri leggja til að kosin verði eigi ekki að vinna þannig.

Ég skal viðurkenna að mér þykir till. Jóhönnu Sigurðardóttur ólíkt geðfelldari en till. þeirra Alþýðubandalagsmanna sem virðist í fljótu bragði fyrst og fremst vera sýning ein. Ég hef hins vegar ákaflega litla trú á því að jafnvel sjö manna nefnd alþingismanna geti unnið fyrir lokuðum dyrum. Ég er nokkurn veginn viss um að sú rannsókn yrði a.m.k. hálfopin.

Ég er mótfallinn kosningu slíkrar nefndar. Ég tel það óþarft. Á sama máli eru allir þm. Framsfl. að einum undanteknum, Ólafi Þ. Þórðarsyni, sem er meðflm. að till. Jóhönnu Sigurðardóttur. Málið er í réttum farvegi hjá dómstólum og engin ástæða er til þess að vefengja þeirra meðferð á málinu, a.m.k. ekki í upphafi málsmeðferðar. Auk þess hefur ríkisstj. gert þær ráðstafanir sem ég hef þegar lýst og eiga að tryggja að málið verði að öllu leyti upplýst. Enn ein nefnd muni aðeins flækja málið og af rannsókn á hugsanlegu afbrotamáli fyrir opnum eða hálfopnum tjöldum gæti leitt mjög alvarlegt slys.

Ólafur Ragnar Grímsson heldur því fram að í raun verulegu réttarríki, eins og hann orðaði það áðan, sé sjálfsagt að slík rannsókn fari fram fyrir opnum tjöldum. Þetta er mikill misskilningur. Ég kannast ekki við neitt réttarríki þar sem rannsókn á afbrotamálum fer þannig fram. Með því móti væri verið að veita hugsanlegum sakborningum aðgang að upplýsingum sem fram kunna að nást frá vitnum. Þannig væri slíkum mönnum gefin eins konar viðvörun um það sem fram undan er í

rannsókn málsins. Ég kannast t.d. ekki við það að rannsóknarlögregla ríkisins starfi þannig eða nokkrum hafi yfirleitt dottið það í hug.

Ólafur Ragnar Grímsson gat þess hér áðan að á Bandaríkjaþingi tíðkast mjög að kjósa rannsóknarnefndir og taldi hann það bera vitni um mikið lýðræði þar í landi. Ekki skal ég draga úr áliti þm. á miklu lýðræði í Bandaríkjunum. Hins vegar hygg ég að margir muni ósammála um það að þetta sé merki um meira lýðræði þar í landi en annars staðar ríkir. A.m.k. bera fjölmargir Bandaríkjamenn enn kinnroða út af störfum einnar slíkrar frægrar nefndar sem kennd var við McCarthy öldungadeildarþingmann og tók sér fyrir hendur að rannsaka það sem kallað var and-amerísk starfsemi. Fjölmargir virtir mennta- og vísindamenn og fleiri voru af þeirri nefnd bókstaflega sviptir mannorði og áttu sér margir hverjir ekki uppreisn þótt saklausir reyndust. Á Ólafur Ragnar Grímsson við að slík nefnd verði sett á fót hér? Gæti hann kannske hugsað sér að vera formaður þeirrar nefndar?

Ég segi því enn að slík opin eða hálfopin rannsóknarnefnd gæti hindrað mikilvæg störf skiptaráðanda og orðið að stóru slysi. Aðalatriðið er nú að veita skiptaráðanda frið til að starfa en fylgjast hins vegar vandlega með því að allir þættir málsins verði upplýstir. Það er ríkisstj. ákveðin að gera og hefur, eins og ég hef sagt, þegar gert ráðstafanir til að svo verði.

Raunar hef ég ekki mikið meira um þetta svonefnda Hafskipsmál að segja að svo komnu máli. Ég hef ekki áhuga á því að velta mér upp úr alls konar gróusögum sem sumir virðast mjög njóta. Við skulum halda í heiðri hið fornkveðna að enginn er sekur fyrr en sekt er sönnuð. Hins vegar er mikilvægt að rannsóknin gangi vel og fljótt og þeir sem sekir sannast verði dregnir til ábyrgðar.

Þetta mál vekur hins vegar til umhugsunar grundvallarþætti í íslenskum þjóðarbúskap. Í fyrsta lagi vil ég leyfa mér að vona að mönnum sé orðið ljóst að hið íslenska bankakerfi er allt of veikt, svo sundrað sem það er. Þegar árið 1973 lagði bankamálanefnd eindregið til að bönkum yrði fækkað með sameiningu og þeir einnig efldir. Um það hefur ekki náðst samstaða. Hjá þessu verður ekki komist lengur. Tillögur nýrrar bankamálanefndar liggja nú fyrir. Þær eru að vísu enn að ýmsu leyti óunnar. Um þær þarf að fjalla nánar á næstu vikum og á því ári sem í hönd fer er óhjákvæmilegt að framkvæma hagræðingu í bankakerfinu.

Ég hef oft lýst þeirri skoðun minni að sameina beri ríkisbankana alla. Mér er ljóst að ef sú yrði raunin þarf að flytja ýmis verkefni frá þeim til einkabanka sem einnig þarf að sameina. Í þessu eru að sjálfsögðu ýmsar millileiðir eins og t.d. sameining Útvegsbanka og Búnaðarbanka og til hagræðingar mætti til bráðabirgða setja sameiginlega stjórn yfir slíkan banka og Landsbanka Íslands. Mikilvægast er að stefna verði mörkuð og ákveðin stór skref þegar tekin þótt lokamarki verði ekki náð í fyrsta áfanga.

Um það er mikið talað að fleiri fyrirtæki eigi í fjárhagserfiðleikum. Ég efa það ekki. Í þessu landi höfum við Íslendingar allt frá stríðsárum búið við mjög óeðlilegt ástand í peningamálum. Fróðlegt er að skoða þá sögu.

Þótt þjóðarframleiðslan hafi aukist hér á landi mjög mikið að meðaltali á ári hverju, og jafnvel meira en í flestum öðrum löndum, þekki ég ekkert land sem hefur orðið að búa við þær gífurlegu sveiflur í þjóðarframleiðslunni sem við Íslendingar höfum orðið að þola. Frá stríðsárum ber hæst þrjú tímabil með u.þ.b. 15 ára millibili, þegar fiskafli hrundi og þjóðarframleiðslan féll verulega. Auk þess eru smærri sveiflur, einnig vegna aflabrests, viðskiptakjara o.s.frv. Það er umhugsunarvert að nánast í öllum slíkum tilfellum brúum við Íslendingar bilið með því að taka erlend lán og fella gengið. Slíkt getur að sjálfsögðu komið til greina í einstökum tilfellum en staðreyndin er sú að hjá okkur Íslendingum fara erlendar skuldir jafnt og þétt vaxandi, þegar yfir tímabilið allt er litið frá 1945 til 1983, og sömuleiðis verðbólgan. Á þessu tímabili mestöllu borgaði sig að taka lán, eins og sagt er, því að vextir voru neikvæðir. Menn skeyttu því þá heldur ekki þótt erlent fé væri tekið að láni og lánað út með neikvæðum vöxtum. Það fjármagn sem brann upp í verðbólgunni var gjarnan bætt með erlendri lántöku.

Að sjálfsögðu hefur mjög margt gott verið gert fyrir þetta erlenda fé. Uppbygging hefur verið mikil og við höfum aldrei náð okkar miklu þjóðartekjum án mikillar fjárfestingar. Þetta er því ekki að öllu leyti illt. Því verður hins vegar alls ekki neitað að mjög mikið hefur verið um óarðbæra og vafasama fjárfestingu og e.t.v. er Hafskipsmálið eitt dæmi um það. Hverjum manni má vera ljóst að á þessari braut verður ekki lengur gengið. Erlendar skuldir verða ekki enn auknar og verðbólga verður að nást niður í svipað og hún er í okkar viðskiptalöndum. Við Íslendingar verðum að hætta að lifa á neikvæðum vöxtum og erlendri lántöku en byggja í þess stað á innlendum sparnaði og til þess verða vextir að vera jákvæðir.

Það er jafnframt einkennandi fyrir íslenskt atvinnulíf að eigið fjármagn er ákaflega lítið og í mörgum tilfellum ekkert. Svo hefur lengi verið, t.d. hjá því fyrirtæki sem er til umræðu hér í kvöld. Hagkvæmara var að taka lán en að leggja eigið fé í rekstur eða fjárfestingu yfirleitt. Þetta getur alls ekki gengið lengur þegar vextir eru orðnir jákvæðir og lánsfé auk þess u.þ.b. helmingur erlent og því háð gengisbreytingum og erlendum raunvöxtum. Mér kemur satt að segja alls ekki á óvart þótt mörg fyrirtæki með ekkert eigið fé, eða mjög lítið, lendi í erfiðleikum, þegar þau nú þurfa að greiða raunvexti af skuldum sínum. Ef reksturinn er ekki því arðbærari þola slík fyrirtæki engin áföll eða erfiðleika. Þetta eru hins vegar umbreytingar sem við Íslendingar verðum að ganga í gegnum. Þær verða ekki þrautalausar en eru óhjákvæmilegar. Stjórnvöld hafa og munu hins vegar leggja sig fram um að aðstoða þá sem erfiðast eiga með að aðlagast þessum breytingum sem mikilvægastar eru fyrir þjóðarbúskapinn. Ég á við aðila eins og húsbyggjendur og undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Ég segi hins vegar að til mikils er að vinna. Ég er mjög bjartsýnn á framtíð þessarar þjóðar. Ég er sannfærður um að möguleikarnir eru hér langtum meiri en við höfum í raun gert okkur grein fyrir. Með nýrri tækni má stórkostlega auka afköstin og bæta afkomuna og nýjar greinar atvinnulífs eru á næsta leiti.

Nýlega gengu á fund minn fulltrúar fjölmargra norskra fyrirtækja sem við fiskeldi eru riðin. Þeir héldu því fram að vel athuguðu máli, eins og þeir sögðu, að við Íslendingar gætum framleitt lax og annan eldisfisk fyrir langtum lægra verð en Norðmenn. Þeir fullyrtu að

aðstæður hér á landi væru sérstakar vegna heita vatnsins og þess hve vatnið og sjórinn er hreinn. Þeir fullyrtu jafnframt að markaðurinn væri nánast óþrjótandi. Ef vel tekst til getur þessi grein ein, fiskeldið, orðið á fáum árum jafnmikilvæg og þorskveiðarnar eru nú.

Ég er einnig mjög bjartsýnn á framtíð ýmiss konar hátækniiðnaðar, nýrra búgreina og hins hefðbundna sjávarútvegs. Í raun sýnist mér að þessi þjóð með sín miklu náttúruauðæfi og mannkosti muni eiga glæsilega framtíð ef okkur tekst að koma efnahagsmálum þjóðarinnar á réttan kjöl. Það verður að takast. Án þess eru þetta skýjaborgir einar, en það getur ekki orðið þrautalaust. — Góða nótt.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hvers vegna er tillaga hæstv. ríkisstj. um að skipa þriggja manna sérfræðinganefnd til að kanna óeðlilega viðskiptahætti í samskiptum Útvegsbanka og Hafskips, hvers vegna er hún fráleit? Og enn fráleitara að Hæstiréttur tilnefni í þessa nefnd?

Í fyrsta lagi. Framkvæmdavaldið getur ekki rannsakað sjálft sig. Það væri í sjálfu sér að bjóða upp á „hagsmunaárekstur."

Í öðru lagi. Leiði rannsókn skiptaráðanda á gjaldþroti Hafskips til málaferla er hætt við að mörg þeirra mála lendi að lokum fyrir Hæstarétti. Þess vegna er það út í hött að Hæstiréttur gerist „pólitísk skúringartuska" framkvæmdavaldsins í þessu máli — svo notuð séu orð eins bankastjóra Útvegsbankans af öðru tilefni.

Hvernig í ósköpunum gæti Hæstiréttur þá verið óhlutdrægur æðsti dómari í þessum málum ef og þegar til hans verður leitað á seinni stigum málsins?

Rökin fyrir því að Alþingi skipi þessa rannsóknarnefnd — en hvorki framkvæmdavaldið né Hæstiréttur — eru mörg og þau vega þungt:

Það kemur í hlut Alþingis að jafna tapi Útvegsbankans — hvort heldur það verður 10 eða 20 þús. kr. á fjölskyldu — niður á þjóðina, hvort heldur hæstv. fjmrh. vill viðurkenna það eða ekki. Þetta getur Alþingi sóma síns vegna ekki gert án þess að komast til botns í því áður hverjir bera ábyrgð á Útvegsbankaskattinum. Það er Alþingi sem á að gæta hagsmuna almennings, skattgreiðenda, í þessu máli. Það kemur í hlut Alþingis að taka ákvarðanir um hvað þurfi að gera, t.d. með lagasetningu, til að koma í veg fyrir að aðrir ríkisbankar fari sömu leiðina, sbr. ummæli hæstv. iðnrh. um það efni. Rannsóknarnefnd á vegum Alþingis væri því til staðfestingar því að Alþingi hefur eftirlitshlutverki að gegna með störfum framkvæmdavaldsins. Framkvæmdavaldið getur hvorki veitt sjálfu sér aðhald né rannsakað sjálft sig. Framkvæmdavaldið hefur ekki fjárveitingavald. Það getur því ekki án atbeina Alþingis gert neinar ráðstafanir til að rétta við fjárhag Útvegsbankans. Það er aðeins á valdi Alþingis sem fer með fjárveitingavaldið.

Upplýst er að Útvegsbankinn er kominn í gjörgæslu hjá Seðlabanka; að Útvegsbankinn mun að óbreyttu ekki standast ákvæði nýrra laga um viðskiptabanka, sem taka gildi um áramót; að ákvörðun um að leggja bankann niður, sameina hann öðrum ríkisbönkum eða einkabönkum, er í höndum Alþingis. Þessar ákvarðanir verða ekki teknar án atbeina Alþingis.

Það er skammt til áramóta. Rannsókn skiptaráðanda á gjaldþroti Hafskips hf. kemur þessu máli ekki við. Auk þess verður henni ekki lokið fyrr en um aldamótin 2000, sbr. fordæmi um slík mál.

Ákvarðanir um framtíð Útvegsbankans þola hins vegar enga bið. Þær ákvarðanir verður allar að leggja fyrir Alþingi. Það væri ósæmilegt ef Alþingi léti bjóða sér að taka slíkar ákvarðanir blindandi, án undanfarandi rannsóknar á því hverjir bera ábyrgð á óförum Útvegsbankans og Útvegsbankaskattinum sem nú kemur í hlut þjóðarinnar að greiða.

Tilgangurinn með starfi rannsóknarnefndar á vegum Alþingis, skv. þessari tillögu, er að koma í veg fyrir að svona atburðir endurtaki sig. Það verður ekki gert nema fyrir liggi hver ber ábyrgð á óförum Útvegsbankans. Hvers vegna var ekki gripið í taumana fyrr en eftir að skaðinn var skeður? Hver var hlutur viðskiptaráðherra? Leyndu Útvegsbankinn og Seðlabankinn hann réttum upplýsingum? Hver var hlutur formanns stjórnar Seðlabankans? — Hann er yfirmaður bankaeftirlitsins og um leið var hann einn af bankastjórum Útvegsbankans. — Hver var hlutur bankaeftirlits, bankastjórnar Útvegsbankans og hins þingkjörna bankaráðs sem bundið er bankaleynd? Allt eru þetta framkvæmdavaldsaðilar. Hvernig dettur mönnum í hug að framkvæmdavaldið geti rannsakað sjálft sig, svo að mark sé á tekið?

Í Morgunblaðinu í dag er frá því skýrt að lögregluþjónn, sem gaf fanga á kjaftinn, var látinn víkja úr starfi skv. úrskurði lögreglustjóra meðan rannsókn færi fram. Ég spyr, herra forseti: Þegar þjóðinni er gefið á 'ann, á þá umboðsaðili þjóðarinnar, Alþingi, að víkja, en þeir sem gefa þjóðinni á 'ann, að framkvæma rannsókn á sjálfum sér? Þarf ég að endurtaka það: Hæstiréttur Íslands á að vera yfir það hafinn að vera „pólitísk skúringartuska" framkvæmdavaldsins. Þess vegna eru tillögur ríkisstj. ósamboðnar virðingu Alþingis. Þess vegna ber Alþingi að sjá sóma sinn í því að samþykkja þessa tillögu.

Tillagan, sem hér liggur fyrir, snýst um rannsókn á ábyrgð framkvæmdavaldsins á hruni Útvegsbankans og, eins og sagt hefur verið, hún þolir ekki bið.

Hún snýst líka um yfirtöku Eimskips á eignum Hafskips; hvort fyrirliggjandi tilboð Eimskips tryggi nægilega vel hagsmuni Útvegsbankans — og þar með skattgreiðenda; samkeppni í millilandaflutningum framvegis og þar með að einokun Eimskips kalli ekki yfir þjóðina nýjan aukaskatt í formi hækkaðra farmgjalda og hækkaðs vöruverðs; og hún snýst um atvinnuöryggi fyrrverandi starfsmanna Hafskips.

Komist Eimskipafélagið upp með að einoka alla hafnaraðstöðu í Reykjavík kann það að útiloka að menn bindist samtökum um stofnun nýs skipafélags í samkeppni við Eimskip. En atvinnumöguleikar fyrrverandi starfsfólks Hafskips geta verið undir því komnir.

Ég bið menn um að rugla ekki saman þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og tillögu þeirra Alþýðubandalagsmanna. Tillaga Alþýðubandalagsmanna snýst um rannsókn á Hafskipi hf. sem þegar er í rannsókn skiptaráðanda; hún snýst líka um rannsókn á öðrum fyrirtækjum, innlendum og erlendum; og um tengsl forustumanna Sjálfstfl. og Hafskips hf. Sú tillaga á að fara fram í „Watergate-stíl" — e.t.v. í sjónvarpi. Það kann að vera álitamál hvort sú tillaga er fremur um rannsókn eða um ofsókn. En sú tillaga er bara ekki hér á dagskrá. Við

ræðum hana síðar.

Herra forseti. Ég endurtek: Rannsóknarnefnd á vegum ríkisstjórnar og ráðherra býður enn upp á „hagsmunaárekstur".

Hæstv. iðnrh. hefur legið undir ámæli hér á Alþingi fyrir að hafa gert sig sekan um slíkan hagsmunaárekstur sem stjórnarformaður banka og skipafélags samtímis. Þeir sem leiddu hann í þá freistni á sínum tíma, stjórnarliðar fyrrv. ríkisstj., eiga þar líka sína sök. En því hefur aldrei verið haldið fram hér á Alþingi að hæstv. iðnrh. hafi þar með gert sig sekan um lögbrot eða „refsivert athæfi".

Hagsmunaárekstur þykir nægilega alvarlegt mál með öðrum þjóðum til þess að settar séu stjórnsýslureglur til að koma í veg fyrir að hann eigi sér stað. Hér á landi er engum slíkum lögum til að dreifa. Þetta er því ekki spurning um lögbrot. Það er þess vegna ekki í verkahring saksóknara ríkisins að kveða upp salomonsdóm um rétt eða rangt, um pólitískt siðgæði eða siðleysi. Um þennan þátt málsins má einfaldlega segja: Það er löglegt en kannske siðlaust. En krafan um að einstakir aðilar framkvæmdavaldsins víki sæti meðan rannsókn málsins fer fram fær að sjálfsögðu margfaldan þunga ef rannsóknarnefndin á að vera skipuð af framkvæmdavaldinu sjálfu.

Þá er það ekki lengur spurning um að hæstv. iðnrh. víki sæti, eins og Samband ungra framsóknarmanna hefur gert kröfu um og hæstv. forsrh. reyndar yjaði að í útvarpsfréttum s.l. föstudag, þann 6. desember, en þá sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Hann [forsrh.] telur á hinn bóginn að skiptaráðandi muni t.d. ekki rannsaka þær dylgjur sem bornar hafa verið á Albert Guðmundsson vegna hlutdeildar hans í málinu. Steingrímur segir að hann muni ekki una því að ráðherra í sínu ráðuneyti sé borinn slíkum sökum og því þurfi að fara fram rannsókn sem hreinsi Albert Guðmundsson af þessum ásökunum."

Saksóknari ríkisins framkvæmir ekki slíka rannsókn og hún fer ekki fram hjá skiptaráðanda heldur, hæstv. forsrh. Krafan um það að menn víki sæti á alls ekki aðeins við um hæstv. iðnrh. Hún á ekki síður við um fyrrv. viðskrh. og hlut hans í málinu; um formann bankastjórnar Seðlabankans, sem áður gegndi starfi bankastjóra Útvegsbankans og getur því ekki rannsakað sjálfan sig; um bankastjórn Útvegsbankans og um hið þingkjörna bankaráð. Þá er það sjálfsögð krafa að allir þessir aðilar víki úr starfi meðan hin þingkjörna rannsóknarnefnd lýkur starfi sínu. Það er nefnilega laukrétt hjá hæstv. forsrh.: Menn eiga að vera jafnir fyrir lögum. Það á eitt og hið sama yfir alla að ganga. Það er og á að vera grundvallarregla í réttarríki að enginn sé sakfelldur fyrir fram. Það á líka að vera almenn regla að handhafar framkvæmdavalds, sem orðið hafa á mistök í starfi og varðar almannahag, víki sæti meðan eftirlitsaðili framkvæmdavaldsins lýkur rannsókn málsins. Það þarf að vera hafið yfir allan efa að handhafar framkvæmdavaldsins geti ekki með nokkru móti haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar. Þess vegna er eðlilegt að Alþingi afturkalli umboð sitt til bankaráðs Útvegsbankans.

Ég minni á Alþýðubankamálið 1975. Þá var brugðið hart við og bankastjórnin sett af, en Seðlabankinn yfirtók rekstur bankans. Það var gert með þeim rökum að endurreisa þyrfti traust bankans. Á það síður við nú?

Herra forseti. Afleiðingar þessa máls eru afdrifaríkar og varða allan almenning í landinu. Traust almennings á ríkisbönkum hefur beðið hnekki. Lánstraust okkar erlendis kann að hafa beðið hnekki. Skattgreiðendur hafa orðið fyrir miklum skaða. Hundruð manna hafa misst atvinnu sína. Á því er hætta að Eimskipafélagið endurheimti einokun á flutningum til og frá landinu sem getur þýtt nýjan aukaskatt á þjóðina í formi hærra vöruverðs.

Það kemur til kasta Alþingis á næstu dögum að taka ákvarðanir um líf eða dauða Útvegsbankans, hvort leggja eigi hann niður eða sameina öðrum. Það kemur til kasta Alþingis að draga réttan lærdóm af óförum. Það getum við því aðeins gert að Alþingi eigi þess kost að rannsaka þau mistök framkvæmdavaldsins sem hér hafa átt sér stað. Eigum við að auka sjálfstæði bankaeftirlitsins? Eigum við að afnema ríkisábyrgð bankanna? Eigum við að reka alþm. út úr bankaráðum — eins og Alþýðuflokkurinn fyrir sitt leyti hefur fyrir löngu gert? Þurfum við að breyta lögum um viðskiptabanka, sem taka eiga gildi um áramót, í veigamiklum atriðum?

BJ hefur gert tillögu um að viðskiptaráðherra skipi í bankaráð. Mín skoðun er sú að það væri að fara úr öskunni í eldinn. Nær væri að stíga skrefið til fulls og taka ákvörðun um að leggja ríkisbankana niður í núverandi mynd og gera þá að almenningshlutafélögum og láta á það reyna hvort þingmeirihluti er hér fyrir því.

Herra forseti. Um það er ekki lengur deilt að gjaldþrot Hafskips hf. og hrun Útvegsbankans kalla á rannsókn. Það er forsenda þess að Alþingi geti dregið rökrétta lærdóma af mistökum framkvæmdavaldsins. Spurningin er bara hvernig.

Í mínum huga vega þungt þau orð Bjarna Benediktssonar, fyrrverandi leiðtoga Sjálfstfl. og eins virtasta lögfræðings þjóðarinnar fyrr og síðar, orð sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði til hér áðan og ég fer með orðrétt, með leyfi forseta:

„Almenningur á heimtingu á því, að hér sé gengið alveg milli bols og höfuðs á spillingu, ef um spillingu er að ræða, og ef um ósannan söguburð er að ræða, þá eiga þeir, sem fyrir röngum sökum eru hafðir, einnig rétt á því að vera hreinsaðir."

Þessi orð mælti hinn virti leiðtogi um leið og hann fagnaði skipan rannsóknarnefndar á vegum þingsins til þess að rannsaka okurlánastarfsemi árið 1956.

Á sínum tíma mátti heita að orð Bjarna Benediktssonar væru lög í Sjálfstfl. Hvað hefur breyst? Er nú Snorrabúð stekkur?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ungir og gamlir, konur og karlar.

Ég kann ekki við það hér í þessum umræðum eða í fyrri umfjöllun Hafskipsmálsins á Alþingi, eða í fjölmiðlum, þegar látið er í það skína að þetta mikla gjaldþrot, orsakir þess og afleiðingar, snerti menn með mismunandi hætti eftir því hvaða lífsskoðun eða stjórnmálaskoðun þeir hafa. Þetta gjaldþrot og aðdragandi þess er eingöngu viðskiptalegs eðlis. Siglingar á alheimsmarkaði eru áhættusamur atvinnurekstur, m.a.s. mjög áhættusamur — ekki síst á síðustu árum — eins og menn geta fengið sannar spurnir af, t.d. í Noregi eða Svíþjóð, þar sem mörg skipafélög hafa staðið höllum fæti eða jafnvel orðið gjaldþrota, eins og við fengum fréttir af í dag. Gleggsta dæmið er kannske japanska

skipafélagið Sanko, eitt stærsta skipafélag í heimi, en það lagði upp laupana fyrr á þessu ári.

Þessi ummæli mín mega ekki skiljast svo að ég sé á einn eða annan hátt að bera í bætifláka fyrir gjaldþrot Hafskips. Enginn skilji orð mín svo. Þvert á móti tel ég að eitt hið allra fyrsta, sem skiptarétturinn hljóti að taka til meðferðar, sé einmitt þetta atriði, hvers vegna stjórnendur Hafskips gáfu ekki bú sitt upp til gjaldþrotaskipta fyrr, eða um leið og þeir sáu fram á að þeir myndu ekki að fullu geta staðið í skilum við lánardrottna sína. En sú skylda er ótvíræð samkvæmt gjaldþrotalögum. Því miður höfum við um það önnur dæmi, líka á þessu ári, að þessi skylda sé ekki virt. Gjaldþrot Hafskips er það stórt í sniðum að ég vil leyfa mér að vona að það geti orðið öðrum lærdómur og áminning í þessum efnum.

Kjarni málsins er sá nú að skaðinn er orðinn og aðalatriðið að kanna til hlítar hvernig á honum stendur og hvort hér sé um víðtækari meinsemd í fjármálalífi okkar að ræða en við höfum áður gert okkur grein fyrir. Og leiðir maður þá ósjálfrátt hugann að okurmálinu svonefnda og þeirri fjármálaspillingu sem því er tengt.

Það getur auðvitað ekki komið neinum á óvart þótt þessi mál bæði komi til umræðu hér í sölum Alþingis. Í kringum þau hafa spunnist margs konar sögusagnir um refsivert athæfi og spillingu, og eins og þjóðinni er kunnugt, hafa nöfn einstakra manna og fyrirtækja verið nefnd í því sambandi. Það hefur m.a.s. verið fullyrt í fjölmiðlum og endurtekið hér í sölum Alþingis að inn í Hafskipsmálið blandist undanskot á fé og að reikningar fyrirtækisins hafi vitandi vits gefið ranga mynd af raunverulegri rekstrar- og eignarstöðu. Að minni hyggju hlýtur þetta atriði að koma til sérstakrar athugunar fyrir skiptarétti og vil ég í því sambandi vekja athygli á 4. tölul. 88. gr. gjaldþrotalaga, en þar segir:

„Telji skiptaráðandi, að þrotamaður eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi, skal hann tilkynna það ríkissaksóknara, sem kveður á um rannsókn málsins. Sú rannsókn skal fara fram að hætti opinberra mála."

Enn afdráttarlausari er skylda bústjóra í þessum efnum.

Þegar það er jafnframt haft í huga að skiptafundir eru öllum opnir og að kröfuhafar og hluthafar hafa málfrelsi og tillögurétt á dómþingi fæ ég ekki betur séð en undandráttarlaus rannsókn á málefnum Hafskips eigi að vera eins trygg og hægt er af löggjafans hálfu.

Og þó svo að þetta liggi fyrir leyfir Ólafur Ragnar Grímsson sér gegn betri vitund að halda því fram að Sjálfstfl. vilji koma í veg fyrir opna rannsókn í málinu öllu, einmitt þegar fyrir liggur að rannsóknin verður í heyranda hljóði og öllum opin. Hvernig getur Jón Baldvin Hannibalsson gefið í skyn og síendurtekið að rannsóknin sé á vegum framkvæmdavaldsins, þegar *hann veit að hún er í höndum dómstólanna, ef hann ber* virðingu fyrir sjálfum sér og sínum orðum?

Ég hef orðið var við og það hefur heyrst í þessum umræðum að ýmsir halda að svonefnd bankaleynd kunni að geta torveldað rannsókn Hafskipsmálsins. Þetta er mikill misskilningur. Skiptarétturinn hefur alla reikninga og skjöl Hafskips í sínum höndum og fyrir því eru bæði gamlir og nýir dómsúrskurðir að bönkum sé skylt að gefa allar upplýsingar um leið og grunur hefur vaknað um sviksamlegt athæfi.

Eins og meðferð Matthíasar Bjarnasonar á Hafskipsmálinu ber með sér sættir Sjálfstfl. sig ekki við annað en að öll viðskipti Útvegsbankans við Hafskip verði könnuð ofan í kjölinn. Líka það hvort bankinn hafi vísvitandi blekkt viðskrh. og þar með Alþingi, eins og Guðmundur Einarssonýjaði að hér áðan. Ég er sammála stjórnarandstöðunni um að til þess að eyða tortryggni og kveða niður sögusagnir og rógburð sé nauðsynlegt að þessi rannsókn sé í höndum hlutlauss og óvilhalls aðila sem er óháður framkvæmdavaldinu.

Auðvitað er sú skoðun gild, og hefur við ákveðin rök að styðjast, að slík rannsókn sé í höndum þingsins eins og hér er tillaga um. Gallinn er bara sá að slík þingmannanefnd verður í úrvinnslu gagna að treysta á aðra, ráða til sín sérfræðinga til að vinna verkið og reynslan sýnir að slíkar nefndir hafa reynst þungar í vöfum og tímafrekar. Einmitt af þeim ástæðum, til að flýta rannsókninni og fá staðreyndirnar á borðið sem fyrst, hafa stjórnarflokkarnir orðið ásáttir um aðra lausn, þá að Hæstiréttur skipi þrjá menn til að kanna viðskipti Útvegsbankans og Hafskips, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir.

Jafnframt hefur Albert Guðmundsson skrifað ríkissaksóknara bréf þar sem hann biður um réttarrannsókn á starfi sínu sem formaður bankaráðs Útvegsbankans með tilliti til Hafskips. Það sýnir að hann telur málstað sinn slíkan að hann verði sterkastur með því að allt liggi hreint fyrir í málinu. Ég veitti því athygli að Jóhanna Sigurðardóttir taldi í sínu máli að hann hefði þar farið rétt að og til fyrirmyndar.

Stjórnarandstaðan — og þó einkum Ólafur Ragnar Grímsson — hefur reynt að gera Sjálfstfl. tortryggilegan vegna þess að ekki sé rétt að sami maður gegni samtímis þessum tveim trúnaðarstörfum, að vera formaður bankaráðs og formaður stjórnar eins stærsta viðskiptafyrirtækis bankans. Ef við göngum út frá að þessi gagnrýni sé réttmæt liggur næst fyrir að spyrja hverjir beri ábyrgðina. Hverjir báðu Albert Guðmundsson að taka að sér þetta trúnaðarstarf? Og þá kemur í ljós að það var Ólafur Ragnar Grímsson sjálfur og sú ríkisstjórn sem hann studdi, ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, og Tómas Árnason, Framsóknarflokki, skipaði Albert í starfið. Á herðum þessara manna hvílir ábyrgðin og undan henni geta þeir ekki skotist. Hafi þeir gert rangt dugir ekki að kenna öðrum um. Í þessum efnum sem öðrum er við sjálfan sig að sakast.

Nú er það að vísu rétt að Albert Guðmundsson skýrði þingflokki Sjálfstfl. frá þessari niðurstöðu. En hann var ekki í bankaráði Útvegsbankans með tilstyrk þingflokksins, heldur valinn af þeim sjálfstæðismönnum, sem ríkisstjórnina studdu, þó svo að Ólafur Ragnar Grímsson hafi verið að gefa annað í skyn hér áðan og gegn betri vitund, eins og oft endranær.

Þetta er nauðsynlegt að fram komi um leið og ég ítreka að *ég tel að Albert Guðmundsson hafi brugðist* rétt við og einarðlega þegar hann bað um réttarrannsókn á störfum sínum í bankaráði Útvegsbankans. Það sýnir að hann telur sig saklausan af þeim dylgjum og ásökunum sem á hann hafa verið bornar og renna yfirlýsingar bankastjóra Útvegsbankans frá þessum tíma stoðum undir að Albert fari þar með rétt mál.

Það er einn þáttur í þessu máli sem óhjákvæmilegt er að gera sérstök skil. Það eru linnulausar tilraunir stjórnmálamanna í öðrum flokkum til að sverta Sjálf-

stæðisflokkinn með Hafskipsmálinu. Þannig segir í grg. með þáltill. þm. Alþb.: „Vitað er að margir forustumenn Sjálfstfl., á Alþingi, í ríkisstjórn, í flokksfélögum, fulltrúaráðum og kjördæmasamböndum, hafa gegnt trúnaðar- og ábyrgðarstörfum á vegum Hafskips og vekur það margvíslegar spurningar um hugsanlega misnotkun á pólitískri aðstöðu.“ Í ræðu sinni hér áðan nafngreindi Ólafur Ragnar Grímsson einstaka menn í þessu sambandi.

Nú er ég ekki málafylgjumaður sömu gerðar og Ólafur Ragnar Grímsson og reyni ekki að réttlæta orð mín og athafnir með því að tilgangurinn helgi meðalið, enda er uppistaðan í mínum málflutningi hvorki dylgjur né hálfsagðar sögur. En í þessu sambandi er samt óhugsandi annað en að rifja upp að ýmis fyrirtæki hér á landi hafa átt í rekstrarörðugleikum og hafa opinberir sjóðir tapað fé sem ekki verður mælt í milljónum eða tugum milljóna, heldur hundruðum milljóna. Það skyldi þó aldrei vera að einhver sem þar kemur við sögu sé í flokksfélagi, í fulltrúaráði, í kjördæmasambandi eða jafnvel í framboði fyrir Alþb.?

Ég man ekki betur en Eimskipafélag Íslands hafi löngum verið kallað óskabarn íhaldsins hér í þingsölum af Ólafi Ragnari Grímssyni og hans nótum. En eins og menn vita var Hafskip stofnað því til höfuðs. Og menn muna að Valur Arnþórsson, forstjóri KEA og stjórnarformaður SÍS, hefur mjög varað við því að Eimskipafélagið fái nú einokunaraðstöðu og má hann gerst vita hvað hægt er að gera þegar menn komast í slíka aðstöðu.

En því vek ég athygli á þessu að ógerningur er að taka mark á mönnum eða málflutningi sem heldur því fram annan daginn að Sjálfstfl. hafi viljað efla Eimskipafélagið með óeðlilegum hætti til að knésetja Hafskip, en hinn að Sjálfstfl. og Hafskip sé eitt og hið sama — allt eftir því hvaðan vindurinn blæs. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfan dauðan og ómerkan.

Góðir hlustendur. Saga Sjálfstfl. sýnir að hann hefur jafnan krafist þess að löggjöf og réttargæsla sé með þeim hætti að stuðli að eðlilegum viðskiptaháttum og heilbrigðu mannlífi. Við viljum að allir séu jafnir fyrir lögunum og við viljum að menn séu ábyrgir fyrir gerðum sínum og athöfnum. Það er vegna þessarar grundvallarlífsskoðunar sjálfstæðismanna sem Sjálfstfl. hefur ævinlega verið harðastur allra flokka í kröfunni um að réttlætið gangi fram og sannleikurinn komi í ljós hver sem í hlut á.

Sú leið sem við höfum valið til að upplýsa alla þætti Hafskipsmálsins, við sjálfstæðismenn, var valin vegna þess að við trúum því að hún sé fljótvirkust og líklegust til að sannleikurinn komi í ljós, til að hreinsa andrúmsloftið og eyða þeim sögusögnum sem ganga ljósum logum. Þessi krafa um tafarlausa rannsókn, sem taki til allra þátta Hafskipsmálsins, er borin fram undir okkar gamla kjörorði, og það skulu vera síðustu orð mín hér í kvöld: Gjör rétt, þol ei órétt.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti, góðir áheyrendur. Það er ekki ýkja langt síðan áhrifamaður úr forustuliði Sjálfstfl. lýsti frammámönnum fyrirtækisins Hafskips hf. sem duglegustu ungum bissnessmönnum þjóðarinnar. Slíkar og þvílíkar einkunnir voru nær daglegt brauð hér áður því um fá fyrirtæki hafa verið haldnar jafnmargar lofræður né notuð jafnhástemmd lýsingarorð og um þessa skrautfjöður íhaldsins og einkaframtaksins, Hafskip hf. Þar skyldu hugsjónirnar sannaðar svo frjálshyggju- og íhaldshaukar gætu í nútíð og framtíð þanið hvítan og fyrirferðarmikinn belginn framan í íslensku þjóðina og sagt: Sjá blessun hins frjálsa markaðar, sjá aðhald samkeppninnar, sjá ráðdeildarsemi einkaframtaksins, sjá nægjusemi hugsjónamannanna.

En hvað reyndist á bak við hina gylltu mynd? Hvað kemur í ljós þegar hugsjónaglamrinu hefur verið sópað burtu? Þá standa þessir flokksforkólfar íhaldsins eftir berstrípaðir, verr klæddir en keisarinn var forðum í nýju fötunum sínum, því það liggur ekkert fyrir um það í ævintýrinu að keisarinn hafi verið neitt sérlega ósjálega vaxinn þó ber væri. Sukk og óráðsía, lúxusferðir yfirmanna og ekki síst sérlega vafasamar — svo ekki sé sagt beinlínis heimskulegar — ákvarðanir um rekstur fyrirtækisins. Það er hinn nakti veruleiki á bak við glansmyndina.

Ég er hræddur um að þetta þætti ekki par góður rekstur félagslegra eða opinberra aðila. Ég er hræddur um að íhaldinu yrði ekki lýsingarorða vant ef þetta væri Sementsverksmiðja ríkisins eða Síldarvinnslan hf. sem svona hefði farið að ráði sínu. Nei, staðreyndin er að íhaldsmenn fara illa með opinbert fé. Ef þeir komast yfir það eru þeir eins og minkur í hænsnahópi.

Það sem gerst hefur er að landsmenn hafa augnabliksstund fengið innsýn í þann lúxuslífnað og óhóf peningastéttarinnar í þessu landi sem þeim var auðvitað aldrei ætlað að sjá. Auðvitað var það og er það slys hjá íhaldinu að þetta skyldi koma upp á yfirborðið. Þeim vannst einfaldlega ekki ráðrúm til að bjarga þessu við, til að kaupa það út fyrir kaffibaunir eða með einhverjum öðrum ráðum að sópa skítnum undir teppið. Þess vegna hefur íslenska þjóðin — hvað sem síðar verður — fengið örlitla innsýn í líf lúxushirðarinnar. Þess vegna veit verkafólk á Íslandi með 20 þúsund í mánaðarlaun að forstjórar Hafskips hafa tekið sér að sögn allt að 800 þús. kr. í mánaðarlaun eða fertugföld þau laun sem ýmsir mega búa við. Vegna þessa slyss hefur nú komið í ljós hvernig farið er með peninga sem teknir eru að láni í bönkum þjóðarinnar og hvernig með þá er braskað og spilað fjárhættuspil og lifað í Hollywood-lúxus. Þannig að ferðagarpurinn Steingrímur Hermannsson, sjálfur forsætisráðherra þjóðarinnar, hefur lifað nánast eins og beiningamaður í New York-borg þegar hann var þar á hátíðarfundi Sameinuðu þjóðanna á dögunum borið saman við Hafskipshirðina. Eða skúffufyrirtækin og dótturfyrirtækin og undirfyrirtækin, Georgia Export Import, Reykvísk endurtrygging, Staðarstaður og hvað þau nú heita öll þessi fyrirtæki sem gullrassar íhaldsins stofnuðu til að skipta við sjálfa sig og aftur við sjálfa sig og enn við sjálfa sig. Það hefur áreiðanlega ekki verið ætlunin, herra forseti, að almenningur á Íslandi fengi að skoða þessa svikamyllu of náið.

Ein af fjölmörgum spurningum sem þetta mál vekur er um eftirlit í slíkum tilfellum. Hér á þinginu liggur fyrir beiðni frá mér og átta öðrum hv. þm. um skýrslu frá viðskrh. um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans og einnig hvað snertir Hafskip og aðra stóra viðskiptavini bankans sérstaklega. Það er nauðsynlegt að fá fram hver þáttur bankaeftirlitsins er í að vara við en ekki er síður nauðsynlegt að fá fram hvernig ábendingar eða tillögur bankaeftirlitsins voru með-

höndlaðar af bankastjórn Seðlabankans, Útvegsbankans og af viðskrh. á hverjum tíma. Niðurstaða þessa máls hlýtur að verða sú að stórefla þarf eftirlit á þessu sviði og gera það eftirlit óháð og sterkt. Þess vegna höfum við Alþb.-menn einnig flutt frv. um það hér í Nd. Alþingis að bankaeftirlitið verði sjálfstæð stofnun og gert betur kleift að sinna sínu hlutverki.

Guðmundur Einarsson, sem malaði áðan fyrir BJ, en sá flokkur hefur skipt sér upp hér í deildinni, sennilega til að fá meiri ræðutíma, útskýrði fyrir þjóðinni hvernig það sem eftir er af Bandalaginu vill láta skipa í bankaráð. Og við skulum aðeins líta á það. Þeir Bandalagsmenn vilja að viðskrh. skipi bankaráðin, og ekki aðeins bankaráð Útvegsbankans heldur öll bankaráð, bankaráð Búnaðarbankans og Landsbankans og Seðlabankans. Þannig væri það t.a.m. að ef Albert nokkur Guðmundsson hefði fengið þeim vilja sínum framgengt að verða viðskrh. í þessari ríkisstj. hefði hann, þ.e. Albert Guðmundsson, sem viðskrh. og reyndar einnig þm., skipað alla bankaráðsmenn Útvegsbankans, Landsbankans og Búnaðarbankans — og Seðlabankans sem síðan á að hafa eftirlit með hinum bönkunum.

Nei, vont er þetta kerfi sem við búum við og gallað að mörgu leyti, en margfalt, margfalt verra og vitlausara er það kerfi sem þeir BJ-menn ætla sér að koma á og megi gæfan forða okkur frá því að fá slíkt.

Guðmundur taldi alla flokka og alla þm. samseka í einu allsherjarsamsæri — nema auðvitað sjálfan sig. Honum einum var treystandi. Og þannig hlýtur það þá að vera að hann verður að verða næsti viðskrh. þjóðarinnar til þess að skipa öll bankaráðin eigin hendi. Honum einum er treystandi.

Fyrir Guðmundi Einarssyni vil ég í lokin útskýra það hvers vegna Alþb. er ekki og gæti aldrei verið í þeirri stöðu eða svipaðri stöðu og íhaldið er í þessu máli. Það er vegna þess að Alþb. er með öllu laust við þau persónulegu, hagsmunalegu og hugsjónalegu tengsl við Hafskip sem vefjast utan um Sjálfstfl. eins og blaut lína í þessu máli.

Góðir áheyrendur. Það sem nú skiptir máli, þegar þjóðin situr uppi með stórfellt tjón vegna þessa máls, er að spilin verði lögð á borðið, að þáttur einstaklinga innan fyrirtækisins, í bankakerfinu og í stjórnmálaheiminum komi fram lið fyrir lið og þar verði ekkert undan dregið. Siðferðisþrek íslensku þjóðarinnar þolir ekki að soranum í þessu máli verði sópað undir teppið. Það gengur einfaldlega ekki hjá fámennri þjóð í litlu landi að á sama tíma og almenningur tekur á sig þungbæra kjaraskerðingu og fjöldinn allur lifir við fátæktarmörk skuli forstjórar og frammámenn stórfyrirtækja leyfa sér að eyða tvö- til þreföldum mánaðarlaunum verkafólks á einni nóttu í hótelreikninga erlendis.

En það fer auðvitað ekki hjá því að menn velti því fyrir sér af þessu tilefni hvort ekki sé ástæða til að rannsaka ýmislegt fleira, hótelreikninga ýmissa annarra burgeisa sem enn fljóta utar skerjum. Það er óþolandi og ólíðandi að ákveðinn hópur manna í landinu skuli skammta sjálfum sér risnu, laun og eyðslueyri með svo óhófslegum hætti. Það er ekkert einkamál einhverrar forstjóra- og bankastjórahirðar hvernig stórfyrirtækin í landinu eða þá bankastofnanirnar eru reknar. Það er sameiginlegur afli landsmanna allra sem þar er verið að ráðskast með og dæmin sanna að það er einmitt litli maðurinn, þessi frægi og elskaði litli maður, sem er látinn borga brúsann ef illa fer, hvað sem öllum vinum hans líður. Þess vegna á litli maðurinn og öll íslenska þjóðin heimtingu á því að þessi mál verði rannsökuð ofan í kjölinn og upplýst. Það verður að skrúfa svikamyllu Hafskipshirðarinnar sundur, stykki fyrir stykki. Það heitir víst á máli flugvirkjanna C-skoðun.

Í ljósi alls þessa valda viðbrögð ríkisstj. vonbrigðum. Hvers vegna þiggur ekki stjórnin með þökkum tilboð Alþingis um opinbera rannsókn að frumkvæði og undir forustu æðstu stofnunar þjóðarinnar? Ríkisstj. býður heim tortryggni og vantrú almennings í landinu með undanbrögðum sínum og má hún þó síst við því af öllum, þessi hæstv. ríkisstj. Það ber einnig vott um algert skilningsleysi á stærð og eðli þessa máls og reyndar einnig dæmafáa pólitíska heimsku að ríkisstj. skyldi ekki sjálf og þegar í upphafi leita samstarfs við Alþingi og stjórnarandstöðuna um opinbera rannsókn, hvað þá að hafna tilboði um hið sama. Og málsvörn forsrh. og fjmrh. fyrir tríóinu sem þeir ætla að skipa og loka svo inni var satt best að segja heldur rotinboruleg. Forsrh. Steingrímur Hermannsson taldi höfuðnauðsyn að farið yrði með alla rannsókn málsins sem algert leyndarmál, ríkisleyndarmál, og trúnaði sjö alþm. yrði þar ekki treystandi. Þá aðferð sem alvanaleg er í nálægum löndum, að skipa rannsóknarnefnd, taldi forsrh. ekki mikils virði og nefndi McCarthy-nefndina illræmdu í Bandaríkjunum í því sambandi. Forsrh. hefði getað tekið annað dæmi. Hann hefði getað nefnt Watergate-nefndina sem hafði áhrif í þá átt að opna rannsóknir og koma meiri upplýsingum til almennings úti um allan heim. En þetta Valhallar-gate, þetta Valhallarhneyksli Sjálfstfl. og ríkisstj., verður að rannsaka með ýtrustu leynd fyrir luktum dyrum að mati hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég læt þá senn lokið máli mínu. Ég er bjartsýnismaður og því leyfi ég mér enn að vona að ríkisstj. vitkist og sjái að sér í þessu máli eða fari að veita sjálfri sér nábjargirnar ella. — Ég óska svo landsmönnum öllum árs og friðar.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Gott kvöld. Ég ætla aðeins að eiga í upphafi örlítil orðaskipti við hv. þm. Steingrím Sigfússon. Í fyrsta lagi ætla ég að segja hv. þm. að það er alls ekki í tillögu Bandalags jafnaðarmanna að viðskrh. skipi bankaráð Seðlabanka. Það er tekið fram í frv. þannig að það ætti að vera alveg ljóst. Talað er um skipun bankaráða viðskiptabankanna. Og það getur hv. þm. séð ef hann lítur á það mál.

Hvers vegna á viðskrh. að skipa bankaráð? Það er vegna þess í fyrsta lagi, hv. þm., að það er stjórnarfarslega rétt. Ríkisbankar eins og aðrar stofnanir og önnur fyrirtæki ríkisins eru á ábyrgð og í umsjá framkvæmdavaldsins, ríkisstj., ráðherranna. Og það er stjórnarinnar og ráðherranna að skipa þar stjórnir.

Í öðru lagi segi ég að á þann hátt losna hömlur af Alþingi. Þegar Alþingi, eins og nú er, kýs bankaráðin eru settar hömlur á frelsi og vilja þm. til þess að veita bankakerfinu aðhald. Halda menn t.d. — halda þeir Alþb.-menn — að hv. þm. Garðar Sigurðsson og bankaráðsmaður hefði hlaupið hér upp til varnar Hafskipi og Útvegsbankanum í júní s.l. ef hann hefði ekki verið aðili að þessu sama bankaráði? Þar liggur munur-

inn. Þegar Alþingi kýs ekki bankaráðin og ber ekki á þeim ábyrgð er það frjálst að því að veita þeim aðhald og ganga að þeim.

Ég vil líka segja að þetta fyrirkomulag, að ríkisstj. og ráðherrar beri ábyrgð á fyrirtækjum ríkisins, eins og ríkisbönkum, er forsenda t.d. fyrir því að margnefndar rannsóknarnefndir, sem hafa nú aldeilis verið til umræðu í kvöld, geti virkað. Við sjáum t.d. að þegar við erum að tala um að setja rannsóknarnefnd til þess að rannsaka starfsemi bankaráðs Útvegsbankans og við erum að tala um að setja þingnefnd er þingið á vissan hátt að tala um að rannsaka sjálft sig, vegna þess að það á menn í þessu sama bankaráði. Og öll sú mikla áhersla sem ræðumenn, bæði Alþb. og Alþfl., hafa lagt á hlutverk löggjafarvaldsins í þessu eftirliti í kvöld er rétt og ég fagna því sem Bandalagsmaður að menn skuli loksins vera búnir að opna augun fyrir þessu. En þessi áhersla gengur ekki upp nema Alþingi á sama tíma fríi sig af beinum inngripum inn í stjórnir, nefndir og ráð framkvæmdavaldsins. Og það er dýrmæt lexía sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon ætti að læra.

Hér hefur verið rætt um hagsmunaárekstra. Það er mikilvægt að taka á því máli. Ég vil leggja áherslu á eitt. Það verður ævinlega mjög erfitt að rannsaka hagsmunaárekstra vegna þess að hagsmunaárekstrarnir eru einfaldlega þess eðlis að þeir fara ekki fram fyrir opnum dyrum og menn ganga ekki fram á víðan völl og játa þá. Það hafa líka vestrænar þjóðir séð og þess vegna setja menn ekki lög um rannsókn á hagsmunaárekstrum. Menn setja lög til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Það er lykillinn að þessu máli. Og þessi lög eiga að byggjast á þeirri fullvissu að það sé svo mikilvægt að starfsemi embættismanna og stjórnmálamanna sé engum vafa undirorpin að þeir megi ekki komast í þá aðstöðu að grunur liggi á um hagsmunaárekstra. Það er eina leiðin sem við höfum í þessu efni. Við verðum að setja ströng lög til varnar hagsmunaárekstrum. Og Bandalag jafnaðarmanna hyggst flytja frv. til laga til varnar hagsmunaárekstrum nú fyrir hátíð.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vék að ríkisbönkum. Ég fagna mjög þeirri niðurstöðu þm. að það beri að losa okkur við þann stóra bagga — eða þá stóru, óútfylltu ávísun — sem ríkisbankarnir eru með núverandi fyrirkomulagi á þessari þjóð. Bandalag jafnaðarmanna flutti tillögu um það á síðasta þingi að breyta ríkisbönkum í almenningshlutafélög. Þá var málið fellt með atkvæðum Sjálfstfl. og Framsfl., auðvitað Alþb., og Alþfl. því miður. Ég fagna því að Alþfl. hefur áttað sig á þessu máli. Ég fagna því að Alþfl. hefur áttað sig á gagnsemi þess að breyta ríkisbönkunum í almenningshlutafélög og ég vil vekja athygli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar á því að nú er líklega, ef vel er á haldið, meiri hluti fyrir því í Alþingi að breyta ríkisbönkum í almenningshlutafélög, og að því skulum við nú stefna. Ég trúi því ekki að sú verði niðurstaðan að það verði Sjálfstfl. sem standi í vegi fyrir því.

Kristín Halldórsdóttir: Góðir hlustendur. Sú staðreynd blasir við að 27 ára ferli Hafskips hf. er lokið. Það er nú í þann mund að hverfa ofan í kokið á aðalkeppinaut sínum, Eimskipafélagi Íslands, óskabarni þjóðarinnar. Önnur staðreynd er sú að Útvegsbanki Íslands tapar a.m.k. ⅔ af eigin fé á viðskiptunum við Hafskip hf., fé sem tekið verður úr sameiginlegum sjóði landsmanna allra.

Við slíkar aðstæður þarf engan að undra þótt spurt sé hvernig þetta gat gerst. Hvers vegna hélt bankinn áfram að veita fé í rekstur sem var fyrir löngu orðinn vonlaus? Var um misnotkun aðstöðu að ræða? Var vísvitandi blekkingum beitt? Eða voru menn einfaldlega ekki færir um að axla þá ábyrgð sem þeim bar? Hvar er bresturinn í kerfinu?

Við þessum spurningum vill fólk fá hrein og klár svör og enga útúrsnúninga, ekki til þess eins að fá einhvern eða einhverja sakfellda eða dregna til ábyrgðar, heldur fyrst og fremst til þess að atburðir af þessu tagi endurtaki sig ekki. Það er meginmálið úr því sem komið er.

Fyrir liggur og til umræðu er tillaga um að Alþingi kjósi sjö manna rannsóknarnefnd til að rannsaka og upplýsa alla þætti þessa máls, viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands svo og uppgjör og yfirtöku eigna Hafskips hf. Slík rannsókn er ekki aðeins eðlileg og réttmæt. Hún er blátt áfram nauðsynleg til þess að hreinsa andrúmsloftið og til þess að rétta hlut þeirra sem að ósekju hafa verið sakfelldir. Hún er nauðsynleg til þess að leiða í ljós með ótvíræðum hætti hvar ábyrgðin liggur og til þess að finna veilurnar í kerfinu. Hún er nauðsynlegur grundvöllur endurbóta á kerfinu jafnt í einkarekstrinum sem í bankakerfinu og í hinu opinbera eftirliti.

Skaðinn er skeður. Gjaldþrotið er staðreynd. Skellur Útvegsbankans er staðreynd. Reikningurinn sem þjóðin á að greiða er staðreynd þótt við vitum ekki upphæðina enn þá nákvæmlega. Hún veltur m.a. á því hvernig staðið er að uppgjöri og sölu eigna Hafskips hf. og á því hvernig staðið verður að endurskipulagningu bankakerfisins.

Um nauðsyn rannsóknar eru allir í rauninni sammála, enda þótt ýmsir efist um að allt verði upplýst til fullnustu, svo flóknir sem þræðir þessa máls eru. Menn eru hins vegar ekki á einu máli um það hvernig að rannsókninni skuli staðið, þ.e. hverjir annist hana og á hvers vegum. Það kann að virðast aukaatriði og vissulega hefur orðið vart ópolinmæði meðal fólks sem finnst þm. eyða of miklum tíma og orku í umræðu um getsakir og í karp um formsatriði þegar fjölmörg önnur stórmál bíða úrlausnar.

Sú leið sem hér er til umræðu er tvímælalaust sú réttasta að mati okkar Kvennalistakvenna. Við erum aðilar að þeirri tillögu og styðjum hana heils hugar. Alþingi ber ákveðna ábyrgð í þessu máli og því ber skylda til að láta upplýsa það. Nefnd á vegum Alþingis er rétta leiðin. Andstaða gegn þeirri skipan mála er illskiljanleg. Hún verður vart skýrð með öðru en því að ríkisstj. líti á slíka nefnd sem einhvers konar óvirðingu við sig, hugsanlega einfaldlega vegna þess að óbreyttir þm. úr stjórnarandstöðu urðu fyrri til með hugmyndina. Slík afstaða er bæði hégómleg og ábyrgðarlaus. Í því máli sem svo mörgum öðrum virðast því miður persónur og flokkshagsmunir vega þyngra en málið sjálft.

Að lokinni þeirri rannsókn sem óhjákvæmilega verður að fara fram á öllum þáttum þessa máls gefst tækifæri til að ræða það í ljósi þeirra staðreynda sem dregnar verða fram og staðfestar. Einn þáttur málsins verður þó tæpast rannsakaður en er engu að síður umhugsunar-

verður og það er hin siðferðilega hlið þess. Á þeirri hlið eru margir brestir sem almenningur á bágt með að skilja og enn þá erfiðara með að sætta sig við.

Ótrúlegar sögur eru sagðar af óhófseyðslu og gálausri meðferð fjármuna, millifærslum og misnotkun. Slíkt háttalag er gjörsamlega ofvaxið skilningi venjulegs fólks með óbrenglaða siðgæðisvitund. Í huga þess bergmálar ákall stjórnvalda til landsmanna allra að leggja sitt af mörkum til endurreisnar efnahagslífsins. Þetta fólk minnist allra fórnanna sem færðar hafa verið, aukavinnunnar, sparnaðaraðgerðanna, baráttunnar við að standa í skilum, halda íbúðinni, eiga fyrir brýnustu nauðsynjum og þrauka uns rofaði til. Þetta er fólkið sem kann að axla ábyrgð. Þetta fólk sér nú fram á að fá reikninginn fyrir óhófseyðslu og vanrækslusyndir manna sem ekki kunnu fótum sínum forráð, sem kunnu ekki að fara með það fé sem þeim var trúað fyrir. Slíkar fregnir verka sem svipuhögg á almennt launafólk sem berst við að ná saman endum frá einum mánuði til annars. Það er fyrst og fremst þetta fólk sem á rétt á sannleikanum í þessu máli öllu. Það á rétt á því að fá að vita hvort um misnotkun aðstöðu var að ræða eða hvort einhverjir hafi gert sig seka um vísvitandi blekkingar og refsiverða meðferð fjármuna. Og það á heimtingu á því að við uppgjör þrotabús Hafskips hf. og sölu eigna þess sé valinn hagkvæmasti kosturinn með tilliti til hagsmuna Útvegsbanka Íslands og ríkissjóðs, með tilliti til samkeppni í flutningi til og frá landinu og með tilliti til atvinnuöryggis þeirra sem starfa við flutninga íslenskra skipafélaga. Þetta er það sem við viljum láta leiða í ljós með rannsókn þeirrar nefndar sem Alþingi skal skipa samkvæmt þeirri tillögu sem er til umræðu.

Góðir hlustendur. Það er auðvelt að vera vitur eftir á. En menn eiga að láta sér Hafskipsmálið að kenningu verða svo að hægt sé að vera vitur fyrir fram. Eðlileg afleiðing hlýtur að vera víðtæk varnaraðgerð alls staðar í bankakerfinu, að kanna til hins ýtrasta stöðu allra stærstu viðskiptaaðila bankanna og gera varúðarráðstafanir í tæka tíð. Það er sá lærdómur sem við eigum að draga af Hafskipsmálinu.

Að lokum vil ég segja þetta. Svo sem Guðrún Agnarsdóttir, þm. Kvennalistans, minnti á fyrr í kvöld á Kvennalistinn ekki aðild að bankaráðum ríkisbankanna. Það er enn fremur staðreynd að engin kona situr sem aðalfulltrúi í bankaráðum ríkisbankanna. Ein kona er varamaður í bankaráði Búnaðarbankans. Á sýningu Kvennasmiðjunnar í Seðlabankahöllinni í október gafst gestum kostur á að taka þátt í getraun um það hvenær fyrsta konan mundi setjast í stól bankastjóra hér á landi. Verðlaunaveiting hefur af eðlilegum ástæðum ekki farið fram. Við umfjöllun og eftirgrennslan í Hafskipsmálinu höfum við rækilega verið minnt á að hér er um harðlokaðan karlaheim að ræða. Svipað má segja um viðskiptaheiminn allan. Ekki skal ég segja hvern lærdóm ber að draga af þeirri staðreynd en hún hlýtur að vera kvenfrelsiskonum umhugsunarefni.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Páll Pétursson: Herra forseti, góðir hlustendur. Ég vil hefja mál mitt með því að leggja megináherslu á að þetta Hafskipsmál verði að fullu upplýst og ekkert undan dregið. Alþingi og þjóðin öll á heimtingu á því, sérstaklega þar sem um er að ræða að einn af ríkisbönkunum hefur tapað stórfé á viðskiptum við þetta fyrirtæki og þær fjárhæðir verður þjóðin að borga. Alþingi og þjóðin öll á heimtingu á að vita hvort þarna hafi verið um að ræða ólöglega og/eða siðlausa meðferð á fjármunum þjóðarinnar.

Hvernig upplýsist svo þetta mál rækilegast? Það verður ekki rækilegast gert með því að samþykkja þá tillögu sem hér er til umræðu, þ.e. að kjósa rannsóknarnefnd þdm. samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar og ætla henni að upplýsa málið þannig að hið rétta komi í ljós. Ég er hvorki að vantreysta sjálfum mér né heldur öðrum þdm. en þegar ég skyggnist hér um bekki og hlusta á ræður manna þá sannfærist ég um að þetta er ekki öruggasta leiðin til þess að sannleikurinn komi í ljós. Ég sé í hendi mér og vísa til umræðna bæði í kvöld og í fyrradag að ýmsir þdm. mundu freistast til þess að láta pólitísk viðhorf sín lita afstöðu sína og gera málið að pólitískri hólmgöngu með tilheyrandi upplýsingastreymi og áróðursflæði.

Forustumenn skipafélagsins tengjast allir eða flestallir ákveðnum stjórnmálaflokki og sitja þar margir í trúnaðarstöðum eða hafa setið. Þessir menn hafa ekki á undanförnum árum farið dult með stjórnmálaskoðanir sínar. Forustumenn Hafskips hafa notað hvert tækifærið, hvort heldur verið hafa aðalfundir Hafskips, landsfundir flokks þeirra eða smærri klíkufundir, til gegndarlausra árása á samvinnuhreyfinguna og ríkisrekstrinn. Rannsóknarnefnd Nd. mundi að sjálfsögðu kjörin hlutfallskosningu og tæpur helmingur nefndarmanna, þrír fulltrúar í sjö manna nefnd, yrði flokksbræður Hafskipsklíkunnar. Hætta væri á því að þeir teldu sig tilneydda að bregða skildi fyrir Hafskipsklíkuna ef þeim þætti nærri sínum flokki höggvið. Enda þekki ég hugsanlega kandídata annarra flokka, sem sæti kynnu að hljóta í rannsóknarnefndinni, sem ekki stæðust þá freistingu að reyna að koma á flokk þeirra höggi ef rannsókn á einhverju stigi kynni að gefa hið minnsta tilefni til þess. Ég nefni engin nöfn, en við stöndum í pólitískri baráttu og svo viðkvæmt efni sem hér um ræðir býður upp á það að innan nefndarinnar upphefjist pólitísk átök á kostnað réttlætis og sannleiksástands. Ef hins vegar væri vilji þingdeildarinnar að mynda aftökusveit eða takmarkið væri að láta blóð renna væri þetta rétta leiðin, að samþykkja þessa tillögu sem er til umræðu.

Það er aðalsmerki íslensks réttarfars að sakborningur skuli teljast saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð. Þessa reglu vil ég hafa í heiðri. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að sú leið sem ríkisstj. leggur til gefi réttari og sannari niðurstöðu.

Þrotabúi Hafskips hafa nú þegar verið settir hæfir bústjórar, þrír valinkunnir lögmenn. Skiptaráðandi hefur tekið til starfa og mun hraða störfum svo sem frekast er kostur. Komist hann á snoðir um saknæmt athæfi mun hann auðvitað afhenda ríkissaksóknara þau málsgögn. Þessu til viðbótar mun Hæstiréttur samkvæmt kröfu okkar framsóknarmanna tilnefna þriggja manna nefnd til þess að kanna viðskipti Hafskips og Útvegsbankans og Hæstiréttur er öllum stofnunum líklegri til þess að skipa hæfa rannsóknarmenn. Þessi nefnd kannar enn frekar hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða á undanförnum árum svo og aðra viðskiptalega þætti málsins. Þessi nefnd fær heimild til að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, m.a. að upphefja bankaleynd, og fær aðgang að öllum gögnum

Hafskips. Þessi rannsókn kemur til með að kosta mikið fé, en um það þýðir ekki að fást. Það verður að rekja allan ferilinn, fletta málinu upp, kanna hvort fé hafi verið dregið úr Hafskipi til dótturfyrirtækja, skúffufyrirtækja, eða með óeðlilegum hætti til einkaneyslu broddanna hjá Hafskipi. Sannleikurinn verður að koma í ljós. Séu mennirnir saklausir er það vel og á það færðar sönnur og þeir hreinsaðir. Séu þeir sekir um ólögmætt athæfi ellegar siðlaust verður það að koma í ljós og þá verða þeir sakhæfir. Þetta er vandaðasta rannsóknaraðferð sem unnt er að nota og kappkostað mun að ljúka henni á sem allra stystum tíma.

Eitt er ljóst. Útvegsbankanum hafa orðið á mistök. Það eina góða við mistökin er að stundum er hægt að læra af þeim. Af þessum mistökum verðum við að læra. Við verðum að veita braskaraklíkum stóraukið aðhald og stórefla þarf bankaeftirlitið, bæði að sjálfstæði og mannafla til þess að það geti gripið af fullum myndugleik inn þegar eitthvað fer úrskeiðis.

Í kjölfari þessa slyss felst einnig ákveðin hætta á því að tortryggni keyri úr hófi. Við höfum heyrt hér í kvöld og í fyrradag kveðna upp allt að því dauðadóma yfir ákveðnum fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum. Því miður eiga mörg atvinnufyrirtæki í erfiðleikum. Peningamálastefna okkar á þar talsverða sök í sumum tilfellum. Lánsfé er of dýrt, fjármagnskostnaður of mikill. Menn hafa komist upp með fjárfestingar sem þeir hafa ekki ráðið við, og jafnvel vel og heiðarlega rekin fyrirtæki berjast sum í bökkum. Fjármagnskostnaðurinn verður að lækka og vextirnir eru of háir, en ég vara þm. og blaðamenn við því að það er hægt að vinna mikið tjón með órökstuddum upphrópunum um að þetta eða hitt fyrirtækið sé að hrapa eða fara á hausinn.

Því hefur verið haldið fram í umræðunum af Guðmundi Einarssyni að betra væri að viðskrh. skipaði bankaráðsmenn en að þeir væru kosnir af Alþingi. Bankaráðsmenn eru bornir þungum sökum. Ég er þeirrar skoðunar að núverandi skipan sé eðlilegri en að fara að fela einum ráðherra að ráða öllum bankaráðsmönnunum eins og Guðmundur Einarsson leggur til. Ég hef hið besta traust á núverandi viðskrh. og fyrrv. viðskrh. einnig, en ég tel líklegra að Alþingi velji starfhæft og réttsýnt bankaráð en ef lagt væri á einn mann að ákveða öll bankaráð ríkisbankanna. Ég tel jafnframt fráleitt að alþm. séu öðrum borgurum vanhæfari til setu í bankaráðum. Ég tel hins vegar ekkert sjálfgefið að alþm. sitji í öðrum bankaráðum en Seðlabankans en þar er nauðsynlegt að stjórnmálamenn sitji. Ég minni líka á það að einungis tveir af fimm bankaráðsmönnum Útvegsbankans eru alþm.

Einn mikilvægan þátt Hafskipsmálsins hefur ekki borið mikið á góma í umræðunum í kvöld. Það er hverja sök stöðvun viðskipta Hafskips við herinn á á falli félagsins. Þau viðskipti þarf að sjálfsögðu að kanna vandlega og hvers vegna íslensku skipafélögin töpuðu þessum flutningum og hvers vegna fyrirheit Bandaríkjastjórnar, er hún gaf utanrrh., hafa reynst haldlaus og hvað af óförum Hafskips má skrifa á þá töf sem á úrslitum þessa siglingamáls hefur orðið.

Jón Baldvin lagði til að ríkisbankarnir yrðu lagðir niður. Ég er alveg á öndverðum meiði. Ég tel að einkaframtakinu eða félagasamtökum sé ekki treystandi fyrir allri bankastarfsemi í landinu. Einn af ríkisbönkunum hefur orðið fyrir þungu áfalli, áfalli sem þjóðin þarf að bera. Það er slæmt, en það er þó skárra en ef þetta hefði gerst í einkabanka, því þá hefðu þeir sem treyst hefðu bankanum fyrir sparifé sínu tapað því. Sem betur fer þurfa innistæðueigendur í Útvegsbankanum ekki að óttast um innistæður sínar og geta óhræddir treyst honum fyrir sparifé sínu.

Að endingu þetta: Hafskipsmálið verður að upplýsa, alla þætti þess, lagalega og siðferðilega. Það er krafa okkar framsóknarmanna.

Útvarpsumræðum lokið, umræðum fram haldið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er 2. flm. þeirrar þáltill. sem hér er flutt og hef hlustað á það að undanförnu að hún sé kennd við Alþfl. Það er að vísu satt og rétt að 1. flm. er hv. 2. landsk. þm., en ég sé þó ekki betur en að allmikil fjölgun hefði orðið í Alþfl. ef hægt væri að kenna till. við hann einan.

Fyrst vil ég byrja á að leiðrétta það atriði í málflutningi hv. 4. þm. Reykv. að 39. gr. stjórnarskrárinnar sé arfur frá konungdómi yfir Íslandi. Með leyfi forseta vil ég lesa hér upp úr Stjórnskipun Íslands, 2. útgáfu, sem dr. Gunnar G. Schram annaðist. Þar segir svo á bls. 21:

„Sérstakar stjórnarskrár eiga fyrst og fremst rætur að rekja til stjórnarskrár Bandaríkjanna frá 1787 og til mannréttindayfirlýsingar þeirrar og stjórnarskrár er Frakkar settu sér eftir stjórnarbyltinguna 1789. Að dæmi þessara þjóða tóku önnur ríki, sem stjórnfrelsi fengu, að setja sér stjórnarskrár. Hafa stjórnarskrár ríkja orðið algengar á 19. og 20. öld. Stjórnarskrám þessum er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að lögbinda æðstu stjórn ríkisins, tryggja stjórnfrelsi, stuðla að réttaröryggi og skapa vörn gegn hugsanlegu ofríki af hálfu handhafa ríkisvaldsins. Eru þær því nú víðast hvar taldar sjálfsagðar í menningarríkjum, enda þótt þær séu ekki fremur en önnur mannanna verk einhlítar til þessara hluta."

Hæstv. fjmrh. hélt því fram í ræðu sinni að það gæti ekki verið eðlilegt að Alþingi rannsakaði sjálft sig. Hann vildi með þessu undirstrika það að bankastjórar væru á ábyrgð Alþingis en ekki á ábyrgð ráðherra. Það má vissulega færa rök að því. En ráðherrar eru hluti af framkvæmdavaldinu og eru þeir þó á ábyrgð Alþingis. Þetta er því út í hött.

Ég vil vekja á því athygli að málflutningur Alþb. undir forystu Ólafs Ragnars Grímssonar í þessu máli hefur verið á þann veg að búið væri að sanna það af fjöldanum að hæstv. iðnrh. væri sekur. Nú þyrfti að setja upp rannsóknarnefnd til að sanna þetta.

Ég verð að segja eins og er að þetta minnir mann dálítið á þetta gamla, aftökur á staðnum án dóms og laga. Og hverjar eru sakargiftirnar? Jú, hæstv. iðnrh. var á tímabili stjórnarformaður Hafskips og formaður bankaráðs Útvegsbankans. Þetta var ekkert leyndarmál á sínum tíma. Þetta var öllum ljóst. Hvers vegna risu ekki fulltrúar Alþb. þá upp, lýstu yfir hneykslinu, sögðu sig úr ríkisstj. og stöðvuðu þetta? Hvers vegna? Vegna þess að þeir báru fulla ábyrgð á þessu jafnt og allir aðrir og það veit enginn til þess að hér sé um saknæmt athæfi að ræða. (Gripið fram í.) Er hann að halda því fram að styrkleiki hæstv. iðnrh. sé svo mikill að bankastjórarnir, bankaeftirlitið, Seðlabankinn og bankaráðið hafi allt saman orðið að lúta í lægra haldi? Hvaða tilgangi þjónar sá málflutningur sem hér er viðhafður? Það er fyrst og fremst verið að reyna að koma því á framfæri að hér sé

um pólitíska glæp að ræða. Tilgangurinn er fyrst og fremst að sverta einn mann.

Það fær heldur ekki staðist samkvæmt sögulegri skoðun, ef maður metur styrkleika Sjálfstfl., að hægt sé að segja sem svo að hann hafi í gegnum sinn kraft komið þessum málum í gegnum Útvegsbankann, þeim lánveitingum sem farið hafa til Hafskips. Það eru þrír bankastjórar í þessum banka og ég tel víst að þar gildi sú regla sem annars staðar að til þess að lán af þeirri stærðargráðu sem hér hefur verið á dagskrá séu samþykkt þurfi samþykki minnst tveggja. Þetta mál er þess vegna miklu flóknara en svo að hægt sé að setja upp pólitískar ofsóknir eins og reynt hefur verið.

Ég vil undirstrika að sá málflutningur, sem Bandalag jafnaðarmanna hefur viðhaft, að fjarlægja beri allar freistingar, enga hagsmunaárekstra, sá málflutningur getur aldrei rist mjög djúpt. Ég tel að hægt sé að setja þetta upp sem einhverja hugsjónastefnu en ég hygg að menn verði fljótir að reka sig á hindranirnar. Fyrsta spurningin ætti þá að vera í dag: Er þá sjálfgefið að hæstv. landbrh. verði annað tveggja að hætta búskap eða hætta sem ráðherra? Það hlýtur að vera það fyrsta sem kemur upp ef menn fara að skoða þessa stöðu. Er það fullvíst að hæstv. sjútvrh. eigi ekki í einu einasta sjávarútvegsfyrirtæki í þessu landi? Hvað vilja menn halda lengi áfram ef engir hagsmunaárekstrar mega eiga sér stað?

Ég hygg að hægt sé að stíla þetta á þennan hátt sem hv. þm. Guðmundur Einarsson hefur gert. En ég vil minna hann á að þetta eru ævagömul átök, hvort hagsmunaárekstrarnir eigi að marka stefnuna. Kristur var nefnilega borinn þeim sökum forðum að það fengi ekki staðist að hann væri réttlátur. Hvers vegna? Vegna þess að hann umgekkst þá sem höfðu brotið af sér og hans fræga svar hefur verið kristnum mönnum nægileg viðvörun allt fram á þennan dag: Eigi sakar það manninn sem inn fer heldur það sem út fer. — Þess vegna liggja engin rök fyrir því hér að um þá hagsmunaárekstra hafi verið að ræða að hægt sé að réttlæta þá aðför sem hefur verið gerð.

Það breytir aftur á móti engu um það að þegar einn af þjóðbönkunum tapar 350 millj. kr. eða meiru hlýtur þjóðin að verða að fá að vita hvers vegna. Hvað var það sem gerðist? Hún vill að það sé rannsakað. Og hún vill að það sé gert á þann hátt að hún sem heild treysti niðurstöðunni. Vissulega getur það gerst að hún treysti niðurstöðu sem er fengin með þeim hætti að skipaðir verði menn frá Hæstarétti. Vissulega gæti það gerst að hún treysti slíkum niðurstöðum. Hér bendir þó allt til þess að svo muni ekki vera. Ástæðan fyrir því er sú að stjórnarandstaðan almennt hefur litið svo á að um ófullnægjandi aðgerðir sé að ræða. Og hvers vegna á þá ekki meiri hluti sem ræður að vera það víðsýnn að hann sé reiðubúinn að taka undir þær kröfur að þingmannanefnd rannsaki þessa hluti? Það er í anda þingræðisins — það er í anda elsta þingræðisins meðal vestrænna ríkja.

Ég harma að þau mistök skuli hafa átt sér stað að í stað þess að taka undir jafnmálefnalega tillögu og hér er flutt án allra árása á einn eða neinn skuli sá ríkisstjórnarmeirihluti sem er í landinu ekki bera gæfu til þess að taka höndum saman við þá sem það flytja og stuðla að þessari niðurstöðu í þessu máli.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og okkur er kunnugt hér í hinu háa Alþingi er formaður þingflokks Framsfl. Páll Pétursson ólíkindatól og ekki orðvar maður. Fyrir skömmu var haft eftir honum í nýja Tímanum, með leyfi hæstv. forseta: „Það þarf ekki nema að líta á forustumenn Hafskips til að sjá að þeir tilheyri flestir sama stjórnmálaflokknum. Það er sannarlega ekki við Framsfl. að sakast vegna þess hvernig þetta mál hefur þróast því að við höfum hvorki leitt Hafskip né Útvegsbankann.“ Og hann hjó í þennan sama knérunn áðan og ungir og ekki ógæfulegir ritstjórar nýja Tímans tóku í sama streng í forustugrein í morgun.

Nú eru þetta ómerk ómagaorð eins og ég sýndi fram á í ræðu minni áðan, en ég get ekki stillt mig um að spyrja á móti, úr því að hv. þm. er staddur í salnum og hefur málfrelsi samkvæmt þingsköpum til þess að svara þessari spurningu. Hvar er gjaldþrotamál endurtryggingafélags Samvinnutrygginga á vegi statt? Um hversu háar fjárhæðir er þar að tefla? Og hvaða tengsl eru milli samvinnuhreyfingarinnar og Framsfl.?

Í jólablaði nýja Tímans taldi ég ekki færri en 19 auglýsingar frá hinum ýmsu kaupfélögum og voru sumar heil síða. Kaupfélögin eru almenningseign og má vera að rétt sé að huga að því nánar hvaða fjármálatengsl séu þarna á milli, ekki síst vegna þess að sum þessara kaupfélaga eru illa á vegi stödd fjárhagslega, svo ekki sé dýpra tekið í árinni, og hafa síður en svo neitt aflögu til að rétta málgagni Framsfl. á silfurfati, nema ef vera kynni að það sem verið er að skipta þarna sé hagnaðurinn af kaffibaununum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er sannfærður um það að miklu varðar að íslenska þjóðin treysti þeirri rannsókn sem fer fram og það varðar miklu að Alþingi Íslendinga dragi réttar ályktanir af þeim niðurstöðum sem þá liggja fyrir. Enn ber það við að menn taka þær ákvarðanir hér að ætla að fara að draga ályktanirnar fyrir fram af niðurstöðunni og vekur það undrun mína á hvaða forsendum þeir aðilar vilja láta rannsaka málið.

Það hefur komið fram sem aðalniðurstaða hjá sumum að nú beri að breyta ríkisbönkunum í hlutafjárbanka. Ég vil minna á það að það var borinn drengur norður á Ísafirði, sonur stjórnmálamanns sem vildi veg þessa unga drengs sem mestan, og hann ákvað, til þess að auðvelda honum leiðina til mannvirðinga, að skíra hann í höfuðið á þeim manni sem hann mat mest, bankastjóra þjóðbanka Íslands og leiðtoga Alþfl. Þessi maður hafði haft þann siðferðilega traustleika til að bera að enginn bar það á hann að þar hefði verið um hagsmunaárekstra að ræða á milli.

Mig undrar það að núna skuli helsta niðurstaðan vera sú, eftir að Alþýðubanki Íslands lenti í erfiðleikum á sínum tíma, að nú beri að breyta öllum bönkum aftur í hlutafjárbanka. Útvegsbankinn var hlutafjárbanki. Honum var breytt í ríkisbanka og nú er lausnin að breyta honum aftur í hlutafjárbanka. En hver var reynslan af hlutafjárbönkunum á sínum tíma í Þýskalandi?

Í hlutafjárbanka taka eigendurnir lán hjá sjálfum sér. Sömu aðilarnir og eiga bankana eru aðallántakendurnir. Þetta er meginregla. En þeir spila aftur á móti með innlánsfé frá alþýðunni, og í heimskreppunni miklu hrundu hlutafjárbankarnir og eigendur bankanna urðu

ríkari en nokkurn tíma áður en alþýðan tapaði öllu sínu. Eigendurnir höfðu komið öllu fyrir í gegnum útlánin í eignum en alþýðan tapaði öllu sínu. Værum við einhverju bættari í dag þó að fjölmargar alþýðufjölskyldur þessa lands hefðu tapað öllu sínu sparifé í Útvegsbankanum? Væruð þið einhverju bættari? Ég segi nei.

Ég mótmæli því að menn láti sér detta í hug að byrja á því áður en rannsókn hefur farið fram að draga ályktanir um hver eigi að vera lærdómurinn af rannsókninni. En það vona ég að hver og einn einasti sem er í eðli sínu lýðræðissinni geri sér grein fyrir því að sagan á eftir að skoða þessa atburði og hún á eftir að meta þá fyrst og fremst eftir því hverjir báru gæfu til að líta á þetta í því ljósi að það mætti verða til lærdóms fyrir framtíðina.

Ég ætla ekki að kveða upp neinn dóm yfir Hafskipi. Ég hygg að þyngsta höggið sem þeim var greitt hafi verið gert af bandarískum einokunarlögum og e.t.v. hafi það kostað þá fallið. Ég ætla ekki að gerast neinn dómari um það hversu hæfir þeir menn voru sem stóðu að því að stjórna þessu fyrirtæki. Ég hef ekki hugmynd um hve há laun þeir hafa haft eða hvernig þeir lifðu í New York. En hitt er mér ljóst að ekki getur staðist að skipafélag sem hefur starfað í 27 ár og átt þann skipaflota sem þarna var um að ræða hafi verið stjórnað af hreinum ævintýramönnum allan tímann. Það eru glórulausar blekkingar að halda slíku fram.

Ég vona að þegar mesti hitinn hefur farið úr mönnum og þessi umræða komist niður á eðlilegt plan sameinist menn um það eitt að leita sannleikans í þessu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að sú ræða sem hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., flutti var merkileg fyrir margra hluta sakir. M.a. kom fram í þeirri ræðu að það hefði verið Framsfl. sem gerði tillögu eða kröfu um það að Hæstiréttur veldi þá þrjá menn sem ríkisstj. ætlar að láta rannsaka viðskiptaþætti Hafskipsmálsins. Það er vissulega þakkarvert að samskiptamál ríkisstjórnarflokkanna um þetta efnisatriði skuli upplýsast með þessum hætti hér, einkum og sér í lagi þegar ýmsir talsmenn Sjálfstfl. í þessari umræðu hafa viljað eigna sér eða gera mikið úr þessu atriði.

Ég vildi óska eftir því við hv. þm. Pál Pétursson eða fulltrúa Sjálfstfl. í þessari umræðu að þeir upplýsi á sama hátt hver var tillaga Sjálfstfl. í ríkisstj. um hvernig með málið yrði farið. Það hefur komið fram áður á opinberum vettvangi að hæstv. viðskrh. vildi láta skiptaráðandann einan duga og ekkert annað. Var það sú tillaga sem Sjálfstfl. flutti í ríkisstj.? Var það Framsfl. sem fékk Sjálfstfl. til þess að fara inn á þessa leið, sem lýst er í frv. sem lagt hefur verið fram hér á hv. Alþingi í dag, eða gerðist það með einhverjum öðrum hætti? Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til þess að biðja talsmenn Sjálfstfl. eða hv. þm. Pál Pétursson að gera skýra grein fyrir því hver tillaga Sjálfstfl. var fyrst þetta var tillaga Framsfl., eða hafði hann enga tillögu í málinu?

Páll Pétursson: Herra forseti. Varðandi spurningar hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar get ég upplýst að hæstv. forsrh. bar fram tillögu um rannsókn á ríkisstjórnarfundi. Hún var studd og samþykkt af viðstöddum ráðherrum, m.a. formanni Sjálfstfl., Þorsteini Pálssyni. Viðskrh. lagði hins vegar til samkvæmt blaðafregnum að skiptaráðanda yrði einum falin meðferð málsins. Niðurstaðan var sem sagt þessi að tillaga forsrh. varð ofan á.

Ég er vanbúinn að svara flestum af hinum dramatísku spurningum hv. þm. Halldórs Blöndals. Ég veit þetta ekki. Þetta er ekki mín deild. Ég fæ ekki fregnir af kaffibaunamáli ellegar þessu endurtryggingamáli og hv. þm. fer í geitahús að leita ullar að spyrja mig um það og ætti hann að leita einhvers staðar annars staðar fyrir sér. Hvað varðar tengsl SÍS við Framsfl. eru þau nokkuð losaraleg að mínum dómi. Framsóknarmenn vilja samvinnuhreyfingunni vel. Sumir forustumenn samvinnuhreyfingarinnar eru framsóknarmenn. Ég hef engar auglýsingar talið í NT, hvorki frá kaupfélögum né SÍS. Hins vegar veit ég ekki betur en auglýsingastjóri Sambandsins sé formaður hverfafélags sjálfstæðismanna í Breiðholts- og Fellahverfi.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af orðum hv. 7. þm. Reykv., þar sem hann beindi ákveðnum fyrirspurnum til talsmanna Sjálfstfl. í þessari umræðu, svara fyrirspurnum hans með örfáum orðum. Nú á ég ekki sæti í ríkisstj. þannig að ég get ekki skýrt frá hvernig tillögur þar eru lagðar fram eða hver leggur hvað fram eða hvernig umræður þar falla. Ég get hins vegar upplýst að þetta mál var til mjög ítarlegrar umræðu í þingflokki sjálfstæðismanna s.l. mánudag, og á þeim fundi kom ekkert fram um það að Framsfl. gerði ákveðnar kröfur um ákveðið form á þeirri rannsókn sem þó báðir flokkarnir voru sammála um að yrði sem ítarlegust og ætti að leiða til þess að málið yrði upplýst. Það varð hins vegar niðurstaðan á þingflokksfundi sjálfstæðismanna á mánudaginn var að sú leið sem farin var, þ.e. að leggja fram frv. um að Hæstiréttur tilnefndi þriggja manna rannsóknarnefnd — að ráðherrar flokksins hefðu umboð til þess að flytja eða fylgja slíkri tillögu í ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 29. fundur.

Föstudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1986, stjfrv. 1. mál (þskj. 1, n. 248 og 255, brtt. 238, 244). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á liðnu hausti kom fjvn. saman hinn 7. október til þess að hefja starf sitt með viðræðum við fulltrúa frá yfir 50 sveitarfélögum fyrir þingbyrjun. Þetta var gert, eins og stundum áður, vegna þess að reynsla hefur sýnt að það starf sem nefndinni er ætlað að ljúka er svo viðamikið og tímafrekt að því verður tæplega lokið með góðu móti á þeim starfstíma sem nefndinni er í raun ætlaður.

Nefndin var ekki kjörin á Alþingi fyrr en 24. október og var þá liðinn hálfur mánuður af starfstíma þingsins. Þetta stafaði af því að ákveðið var að breyta nýsettum þingskapalögum á þann máta að á þessu þingi gætu starfað tíu alþingismenn í fjvn., svo sem verið hafði tvö

fyrstu ár kjörtímabilsins, og að allir þingflokkar gætu þannig átt fulltrúa í nefndinni. Slíkar tafir á kosningu fjvn. í upphafi Alþingis eru óheppilegar og ekki til eftirbreytni. Að þessu sinni kom það þó ekki að sök því að þeir þm. sem ákveðið var að tækju sæti í nefndinni voru sammála um nauðsyn þess að hefja starfið eigi að síður. Þeir störfuðu því óformlega við athugun á fjárlagafrumvarpinu og aðra undirbúningsvinnu sem eins konar áhugahópur um fjármál ríkisins og voru þeir fundir nefndarmanna ekki bókaðir.

Frá því að nefndin var kosin hefur hún haldið 27 bókaða fundi, auk fjölmargra funda meiri hl. nefndarinnar og einstakra nefndarhluta. Á formlega fundi nefndarinnar hafa komið fulltrúar frá rúmlega 220 aðilum, ráðuneytum, stofnunun, sveitarfélögum og félagasamtökum, auk allra þeirra sem á einn eða annan hátt hafa haft samband við einstaka nefndarmenn eða nefndarhluta.

Nefndinni hafa að þessu sinni borist nokkuð á fimmta hundrað bókuð erindi sem er nokkru færra en á síðasta ári. Þessi erindi eru vitaskuld af margvíslegum toga, en yfirleitt fjalla þau um málefni sem ákjósanlegt væri að geta orðið við. Í þessum erindum er farið fram á fjárveitingar sem mundu hækka útgjöld fjárlagafrumvarpsins um samtals 1954,9 millj. kr. ef samþykkt yrðu. Þetta á þó aðeins við þau erindi sem byggjast á ákveðinni fjárhæð, en í mjög mörgum þeirra eru óskir ekki metnar í tilgreindum fjárhæðum þannig að víst er að í öllum þessum erindum er beðið um a.m.k. 2½ milljarð og er þá varlega metið.

Allir munu sjá að það er býsna tímafrekt að vega og meta allar þær óskir sem nefndinni berast og vafalaust finnst ýmsum, sem leitað hafa til nefndarinnar, að þeirra hlutur sé rýr þegar upp er staðið. Þetta stafar auðvitað ekki af skilningsleysi eða þvergirðingi af hálfu nefndarinnar heldur má öllum ljóst vera að staðan í fjármálum ríkisins er með þeim hætti að ekki er hægt að greiða úr jafnvel hinum þörfustu málum. Nefndin hefur því haldið sparlegar á málum en nokkru sinni svo ég muni til, svo sem sést á þeim breytingartillögum sem fyrir liggja.

Í öllu starfi sínu hefur nefndin notið mikilsverðrar og mjög góðrar aðstoðar Magnúsar Péturssonar hagsýslustjóra og starfsliðs hans og einnig frá starfsmanni nefndarinnar, Jóni Rúnari Pálssyni. Fyrir hönd nefndarinnar vil ég flytja þessum aðilum sérstakar þakkir fyrir ágæt störf. Ég flyt einnig meðnefndarmönnum mínum þakkir fyrir mikil og tímafrek störf. Ég flyt þeim öllum, bæði stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum, þakkir fyrir sérlega ánægjulegt samstarf, lipurð í störfum og umburðarlyndi í minn garð.

Það má öllum ljóst vera að við þær kringumstæður sem nú eru ríkjandi í ríkisfjármálum og óvenjulegar þrengingar í meðferð fjárlagafrumvarpsins reynir meira en ella á þetta samstarf innan nefndarinnar. Ég er mjög þakklátur fyrir að á því hefur enginn brestur orðið.

Það fjárlagafrumvarp sem hér kemur til 2. umr. er að ýmsu leyti óvenjulega vel úr garði gert. Í nokkrum atriðum markar það í raun þáttaskil hvað framsetningu varðar.

Í fyrsta lagi er uppsetningu þess breytt í samræmi við lög nr. 84/1985, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, þannig að framsetning er í samræmi við uppgjörshætti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Munar þar mestu að inn í A-hluta fjárlagafrumvarpsins eru nú tekin endurlán ríkissjóðs og almannatryggingar. Þessi breyting hefur það í för með sér að heildaryfirlit yfir afkomu ríkissjóðs er mun gleggra en áður eftir eldri uppsetningu.

Í öðru lagi er lánsfjáráætlun nú lögð fram sem hluti af greinargerð fjárlagafrumvarpsins og frv. til lánsfjárlaga er flutt samhliða frv. til fjárlaga. Að því hefur oft verið fundið og það með réttu að lánsfjáráætlun hafi verið kynnt Alþingi óhæfilega seint og að frv. til lánsfjárlaga hafi verið flutt löngu seinna en fjárlagafrv. og dæmi eru um að það hafi verið til meðferðar og afgreiðslu Alþingis mörgum mánuðum eftir að fjárlög hafa verið afgreidd. Þetta vinnulag hefur haft það í för með sér að iðulega hafa menn hefnt þess í lánsfjárlögum sem tapaðist í fjárlögum, þ.e. að útgjaldaáform sem fjvn. og Alþingi vildu ekki samþykkja fyrir jól voru með einhverjum hætti knúin í gegn með afgreiðslu lánsfjárlaga á útmánuðum eða jafnvel á vordögum.

Nú er ætlunin að afgreiðsla þessara mikilvægu lagabálka fari fram sem næst samtímis og að ekki verði misræmi í útgjaldaáformum þeirra í milli. Það er ákaflega mikilvægt að fá þá breytingu fram, sem hér er á orðin, að lánsfjáráætlun liggi fyrir þegar er fjvn. hefur sína vinnu við undirbúning afgreiðslu fjárlaga. Með því eina móti er hægt að hafa nokkurn veginn heildaryfirlit yfir alla þætti ríkisbúskaparins og gera sér grein fyrir þeim útgjaldaáformum sem byggjast hvort tveggja á beinum ríkisframlögum og lántökum hins opinbera.

Réttara væri þó, að mínum dómi, að stíga skrefið til fulls og breyta lögum á þann máta að þessi mikilvægu mál væru öll til meðferðar hjá einni og sömu þingnefnd, þ. e. fjvn. Með því móti væri komið í veg fyrir hættu á því að misræmi gæti orðið í afgreiðslu þessara mikilvægu málaflokka, fjárlaga annars vegar og lánsfjárlaga hins vegar, af hálfu Alþingis, eins og oft hefur orðið.

Í þriðja lagi er sú nýbreytni í greinargerð fjárlagafrv. að gerð er grein fyrir horfum í fjármálum ríkisins til næstu þriggja ára. Ég tel þetta lofsvert og til eftirbreytni. Þó að við sem vinnum að undirbúningi fjárlaga vikum og mánuðum saman á ári hverju, kannske ár eftir ár, gerum okkur að verulegu leyti grein fyrir því hvert stefnir í fjármálum ríkisins er að minni hyggju afar mikilvægt að skýra þessar horfur fyrir Alþingi í heild á þann máta sem nú er gert í fjárlagafrv.

Auk þeirra þriggja meginatriða sem ég hef hér drepið á og marka viss þáttaskil í framsetningu þessa fjárlagafrv. er óhætt að fullyrða að greinargerð þess er óvenjulega vel unnin og felur í sér ítarlegar upplýsingar um stöðu ríkisfjármála.

Væntanlega dylst engum að á síðustu árum hafa erfiðleikar farið vaxandi við það að ná saman endum við afgreiðslu fjárlaga og í ríkisbúskapnum. Þessi staðreynd haggast ekki við það þó vel hafi tekist til um afkomu ríkissjóðs á árinu 1984. Þá var vissulega mjög sparsamlega haldið á málum varðandi ríkisútgjöld, en það gerðist líka að óraunsæjar, erlendar lántökur ullu þenslu í efnahagskerfinu sem átti verulegan þátt í að auka tekjur ríkissjóðs umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Það frv., sem hér er til 2. umr., og öll vinna fjvn. við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga bera merki þessara erfiðleika í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr. Sumir láta svo sem orsakir þessara erfiðleika séu tiltölulega ein-

faldar og þeirra sé að leita hjá núverandi hæstv. ríkisstj. og jafnvel hjá einstökum ráðherrum. Aðrir tala um einfalda lausn á þessum málum öllum og standa á götuhornum og hrópa á niðurskurð ríkisútgjalda.

Ég ætla mér ekki þá dul að greiða í sundur alla þá þætti sem sameiginlega hafa orðið til þess að valda þeim miklu erfiðleikum sem nú er við að fást í fjármálum ríkisins. Að minni hyggju eiga þeir sér þó einkum þrenns konar rætur. Í fyrsta lagi áföll þjóðarbúsins sem hófust á miðju ári 1982 með minnkandi þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Í öðru lagi útgjöld ríkisins og þjóðarbúsins umfram efni á ýmsum tímum sem leitt hafa til sívaxandi greiðslubyrði vegna vaxta og afborgana. Í þriðja lagi sú pólitíska stefna okkar Íslendinga, sem borin hefur verið uppi af ýmsum ríkisstjórnum og Alþingi í langan tíma, að koma hér upp þjónustukerfi á vegum hins opinbera, velferðarkerfi, sem líkist því sem best gerist hjá hinum auðugustu þjóðum.

Þessir þrír þættir eru að mínum dómi veigamestir af ýmsum fleiri sem eru undirrót þeirra miklu erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir í fjármálum ríkisins um þessar mundir.

Ég mun þá fara örfáum orðum um hvern þessara þriggja þátta fyrir sig.

Við 2. umr. fjárlaga fyrir ári gerði ég grein fyrir því í samræmi við upplýsingar frá starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar á hvern hátt áföllin í þjóðarbúskapnum, sem hófust á miðju ári 1982, hefðu komið fram í tekjutapi ríkissjóðs. Niðurstaða þeirra athugana var að ríkissjóður hefði að sínum hluta tekið á sig þessi áföll þjóðarbúsins eða sem svaraði 2800 millj. kr. tekjurýrnun, en jafnframt hefði verið gefið eftir af skatttekjum ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um 1200 millj. kr. þannig að í heild var þessi tala nálægt 4 milljörðum kr.

Þess er naumast að vænta að á þessum niðurstöðum hafi orðið miklar breytingar á því ári sem síðan hefur liðið. Þótt vissulega hafi nokkuð greiðst úr með þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur er það litlu meira en svo að þessar magntölur hafi staðið í stað milli ára miðað við mannfjölda. Þetta er hér rifjað upp til þess að minna á það tekjutap sem ríkissjóður hefur orðið fyrir af þessum sökum.

Varðandi annan liðinn þykir mér rétt að vekja athygli á því hversu vaxta- og afborganagreiðslur ríkissjóðs aukast ár frá ári og eiga veigamikinn þátt í þeim erfiðleikum sem nú er við að fást í ríkisfjármálum. Rétt er að minna á að hér er um greiðslur að ræða sem ekki er hægt að fresta. Breytt framsetning fjárlagafrv. fyrir árið 1986 gerir samanburð við fyrri ár erfiðari. Hins vegar liggja þessar tölur ljóst fyrir miðað við eldri framsetningu A-hluta ríkissjóðs. Samkvæmt því mundu vextir og afborganir nema 4595 millj. kr. árið 1986, en í ár eru þessar greiðslur áætlaðar 3490 millj. kr. Aukningin stafar að verulegum hluta að því að áætlun um sölu Kröfluvirkjunar er miðuð við að ríkissjóður yfirtaki allar skuldir hennar og eru endurgreiðslur af þeim áætlaðar alls 969 millj. kr. á árinu 1986. Rétt er að geta þess að gert er ráð fyrir að selja Kröfluvirkjun fyrir 1170 millj. kr. með útgáfu skuldabréfs sem ríkissjóður fær fyrstu greiðslu af á árinu 1986 og er hún áætluð 95 millj. kr.

Árið 1981 voru vextir og afborganir ríkissjóðs alls 434 millj. kr., árið 1983 var þessi tala komin upp í 2075 millj. kr. og reiknað er með á sambærilegri uppsetningu að á næsta ári verði þessi tala komin upp í 4595 millj. kr. eins og áður sagði. Raungildishækkun þessara gjalda nemur u.þ.b. 102% á tímabilinu 1981 til áætlunar 1986.

Rétt er að vekja athygli á að hér er ekki eingöngu um greiðslur af skuldum ríkissjóðs að ræða, sem teknar hafa verið til að mæta fjárþörf hans, því hann hefur á undanförnum árum yfirtekið skuldir af framkvæmdum, til að mynda við byggðalínur og virkjanarannsóknir, auk Kröflu sem áður er getið.

Þá þykir mér rétt að vekja athygli á því að samkvæmt þeirri uppsetningu sem nú er á fjárlagafrv. eru bruttóútgjöld ríkissjóðs vegna vaxta og afborgana á næsta ári áætluð 7184 millj. kr. Að vísu er áætlað að á móti komi innheimtir vextir og afborganir sem nema 4,7 milljörðum kr. Eigi að síður er ljóst að fjármagnsútgjöld eiga nú orðið veigamikinn þátt í þeim erfiðleikum sem við er að fást þegar ná skal endum saman í ríkisbúskapnum.

Þá kem ég að þriðja og síðasta meginþætti þessara mála.

Á undanförnum árum og áratugum höfum við Íslendingar verið að byggja upp félagslega þjónustu á vegum ríkisins í líkingu við það sem gerist hjá þeim þjóðum sem hvað auðugastar eru og gera mestar kröfur í þessum efnum. Einu nafni má nefna þetta velferðarkerfi. Okkur hefur orðið vel ágengt í þessum efnum og á ýmsum sviðum njóta Íslendingar mikils félagslegs öryggis og góðrar heilbrigðisþjónustu og menntunar. Svo dæmi sé tekið er heilbrigðisþjónustan í því horfi hér á landi að við Íslendingar lifum nú orðið hvað lengst allra í heiminum.

Allt er gott um þetta að segja í sjálfu sér og ákjósanlegt að geta búið sem allra best að borgurunum hvað þessi atriði snertir. Hér hafa allir flokkar að unnið og margar ríkisstjórnir á liðnum árum.

Á síðustu árum hafa útgjöld til svokallaðra velferðarmála farið enn vaxandi sem hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs. Þannig hefur hlutdeild þeirra vaxið í ríkisútgjöldunum til að mynda frá árinu 1983 til 1985 um 3,6% á sama tíma sem til að mynda vaxta- og afborganagreiðslur hafa einnig þyngst mjög. Er þá átt við menntamál, menningarmál og kirkjumál, heilbrigðismál, tryggingamál og félagsmál sem ég hef leyft mér að kalla hér einu nafni velferðarmál.

Það er tiltölulega sjaldan sem stjórnmálamenn leyfa sér að láta uppi áhyggjur sínar yfir því hvert stefni í þessum efnum, hvort þær undirstöður sem þjóðfélagið hvílir á geti risið undir sívaxandi útþenslu þessa félagslega kerfis. Augljóst ætti þó að vera að haldi þetta kerfi áfram að auka hlutdeild sína í ríkisútgjöldum ásamt vaxtagreiðslum og afborganagreiðslum verður eitthvað annað að þoka. Þetta sjáum við gerast á síðustu árum. Að minnsta kosti er það svo, að þessi mál valda mér nokkurri umhugsun og ekkert síður fyrir það þó að ég heyri iðulega virta alþm. halda fram nauðsyn þess að verja velferðarkerfið og hrósa sér af því að það hafi ekki verið skert.

Til eru þó fleiri en ég sem hafa nokkrar áhyggjur af mikilli útþenslu velferðarkerfisins og hafa látið það koma fram opinberlega. Þessu til staðfestingar langar mig til þess að vitna í þann alþm. sem lengst allra núlifandi þm. hefur sýslað um fjármál ríkisins af hálfu Alþingis án þess þó nokkru sinni að setjast á ráðherra-

stól. Hér á ég við hv. 5. þm. Reykn. Geir Gunnarsson, en hann hefur nú senn setið 23 ár í fjvn. Í ræðu sem þessi ágæti samstarfsmaður minn í fjvn. flutti fyrir fjórum árum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„En skyldi samt sem áður ekki vera orðið tímabært að huga að því hver er stefnan í þjóðfélaginu með rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og lesa þann mæli sem fjárlög eru í þeim efnum? Við höfum á undanförnum árum í mjög ríkum mæli notað verulegan hluta af afrakstri þjóðarbúsins til að byggja upp þjónustustofnanir og efla hvers kyns þjónustu og félagsleg réttindi. Í þeim efnum hefur markið verið sett hátt og fyrirmyndir sóttar til þeirra þjóða sem ríkastar eru og gera mestar kröfur."

Enn sagði hv. þm. í sömu ræðu:

„Undirstaða allrar getu til að standa undir félagslegri þjónustu í landinu, hvort heldur er í skólamálum, heilbrigðismálum eða öðrum efnum, er verðmætasköpunin í þjóðfélaginu, undirstöðuframleiðslan, og því aðeins er unnt að auka sífellt við þjónustuþættina að verðmætaöflunin aukist að sama skapi eða í einhverju sé dregið úr þeirri sóun sem kann að eiga sér stað á ákveðnum sviðum, t. d. í verslun hér á höfuðborgarsvæðinu. Ef við leggjum fjármagnið fyrst og fremst í þjónustustofnanir án þess að efla grundvallarframleiðsluna veltur þessi sístækkandi yfirbygging fyrr eða síðar, hversu nauðsynlega og óhjákvæmilega sem menn telja hana. Hún stendur ekki ein sér."

Eftir að hv. þm. hafði drepið á útþenslu nokkurra slíkra félagslegra liða segir hann enn, með leyfi forseta:

„Allt þetta, sem hér hefur verið nefnt, eru bætt lífskjör, en á hvern veg reiknast það þegar borinn er saman kaupmáttur launa frá einu tímabili til annars? Ég er ekki að benda á þessa rekstrarliði sérstaklega vegna þess að ég telji þá ekki eiga rétt á sér, heldur nefni ég þá til að mönnum sé ljóst að það eru takmörk fyrir því hversu skip verður hlaðið án þess að menn stækki það og það eru takmörk fyrir því hve stóran hlut þjóðarteknanna við getum notað ár eftir ár til að auka þjónustuþáttinn og þá um leið þjónustuútgjöldin í framtíðinni án þess að raunverulegur verðmætisauki sé fyrir hendi. Ef við höldum áfram að hlaða lífsgæðapinklum á skipið án þess að stækka það og bæta gæti svo farið, ef gáraði sjó, að við yrðum að kasta einhverju af þessum farmi útbyrðis eins og þær þjóðir eru farnar að gera sem við tókum okkur helst til eftirdæmis þegar leitað var fyrirmynda um þær ströngustu kröfur sem fundust um þjónustugæði."

Mér þykir efni til að vitna í þessa ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar, ekki síst vegna þess að reynsla hans og þekking á þessum málum er ótvíræð. Svo var ekki síst á þeim tíma sem þessi ræða var flutt vegna þess að þá var hann formaður fjvn. Alþingis.

Það er athyglisvert að ræðan er flutt í lok eins lengsta hagvaxtarskeiðs okkar Íslendinga. Þá var ekki tekið að kræla á þeim áföllum sem síðar dundu yfir þjóðarbúið og hófust á miðju ári 1982. Þrátt fyrir það leyna sér ekki áhyggjur hv. þm. Hann bendir réttilega á að verðmætasköpunin, undirstöðuframleiðslan, verði sífellt að aukast til þess að hægt sé að halda í við þjónustuútgjöldin. Hann bendir á að svo gæti farið að eitthvað gáraði sjó og þá gætum við ekki sífellt haldið áfram að hlaða lífsgæðapinklum á skipið, þjóðarskútuna, og svo kynni þá að fara, og væri raunar óhjákvæmilegt, að við yrðum að kasta einhverju af farminum útbyrðis eins og þær þjóðir væru þegar farnar að gera sem við hefðum tekið okkur helst til fyrirmyndar um ströngustu kröfur sem fundust um þjónustugæði.

Ég bið hv. alþm. að hugleiða með mér hvað síðan hefur gerst. Hefur undirstöðuframleiðslan, verðmætasköpunin í þjóðfélaginu, aukist? Nei, svo er því miður ekki. Síðan þetta var talað hafa þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur líklega minnkað sem svarar 8—10% á mann. Það hefur sem sagt gárað í sjó, það hefur orðið öldugangur.

En höfum við alið þann kost, eins og hv. þm. taldi að yrði óhjákvæmilegt, að kasta einhverju af lífsgæðafarminum útbyrðis? Nei, það höfum við ekki gert. Þvert á móti höfum við haldið áfram að hlaða lífsgæðapinklunum á skipið, jafnvel í sumum greinum með meiri hraða en fyrr. Það þarf því engan að undra þó að nú sé veltingur og að þessir þættir segi til sín með vaxandi þunga þegar við stöndum frammi fyrir þeim vanda að ná saman endum í ríkisrekstri eða afgreiða fjárlög á hinu háa Alþingi.

Hv. þm. Geir Gunnarsson nefndi í þessari ræðu sinni nokkur dæmi um útgjöld til félagslegra þátta sem væru mjög að aukast. Hann nefndi t.a.m. greiðslur til tannlækninga og fæðingarorlofs, hann nefndi vissa þætti heilbrigðismála og hann nefndi Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Ég mun ekki rekja mörg dæmi um hvað síðan hefur gerst. Ég tek þó tvö dæmi, fyrst um málefni fatlaðra, kannske vegna þess að hér er um ákaflega mikilvæga félagslega þjónustu að ræða. Þau mál eru viðkvæm og framlögum á vegum þessa málaflokks er ætlað að bæta úr brýnni þörf og oft og tíðum miklum sársauka. Frá og með 1981 til 1985 hafa framlög til þessa málaflokks nálega þrefaldast að raungildi og í fjárlagafrv. nú, sem hér er til umræðu, er gert ráð fyrir að þau vaxi enn um 20% að raungildi miðað við verðlagsforsendur frv.

Ég ítreka að hér er um eitt hið brýnasta mál að tefla. Eigi að síður tel ég rétt að staldra við og athuga hvert við viljum stefna. Viljum við t. d. auka útgjöld til þessa málaflokks á næstu fimm árum þannig að þau þrefaldist að raungildi, eins og gerst hefur síðustu fimm árin? Og hvað á þá annað að víkja eða hvar ætlum við að afla tekna? Er t.a.m. ástæða til að endurskoða þessi lög og gæta að því hvort eitthvað megi betur fara?

Lánasjóður ísl. námsmanna bíður afgreiðslu fjvn. til 3. umr. Eigi að síður vil ég rifja upp að við umræður um fjárlagafrv. fyrir ári gat ég þess að það væri gott að geta búið vel að námsmönnum, en ég benti jafnframt á nauðsyn þess að staldra við og hugleiða hversu langt skyldi ganga og hvort ekki væri tímabært að endurskoða lög sjóðsins og reglur um lánveitingar. Nú er ég enn sannfærðari en fyrr um að orð mín fyrir ári voru tímabær.

Árið 1982 námu lánveitingar sjóðsins um 200 millj. kr. Sú tala hækkaði um 236 millj. kr. eða 118% á árinu 1983 og varð því 436 millj. kr. Árið 1984 námu lánveitingar 635 millj. kr. og hækkuðu því um 45,6%. Á þessu ári segja áreiðanlegar heimildir að til lánveitinga muni renna 1 milljarður og 98 millj. kr. — Ég endurtek: 1 milljarður og 98 millj. kr. Er það hækkun um 463 millj. kr. eða 72,9% á milli ára. Á árunum 1982 til 1985 hækka því lánveitingar sjóðsins um 450%, en á sama

tíma hækkar framfærsluvísitala u.þ.b. um 215%. Lánveitingar sjóðsins hafa því hækkað um 75% að raungildi á undanförnum fjórum árum. Því miður höfum við ekki getað boðið okkar fólki hækkanir í líkingu við þetta fyrir vinnu sína.

Skyldi hv. fyrrv. formann fjvn. hafa órað fyrir þessari framvindu þegar hann tók Lánasjóð ísl. námsmanna sem dæmi í umræðum um fjárlagafrv. fyrir fjórum árum? Hér skal ekki um það spáð né krafist svara. Hitt erum við sammála um, við þessir tveir fjárveitinganefndarmenn, að þegar harðnar í ári í þjóðarbúskapnum og fyrir framleiðsluatvinnuvegunum og þjóðarframleiðslan hefur dregist saman, eins og gerst hefur síðan 1981, verður ekki endalaust bætt lífsgæðapinklum um borð í skipið og þá stöndum við frammi fyrir þeirri nöpru spurningu hvort ekki sé komið að því að við eigum ekki annars úrkosta en að ryðja einhverju af farminum fyrir borð.

Hér væri ekki síður ástæða til að drepa á fleiri þætti hins félagslega kerfis og hvernig þeir hafa þróast á síðustu árum en þá tvo sem nefndir hafa verið. Þar mætti t.a.m. nefna til sögu ýmsa þætti heilbrigðismála, ekki síst á sviði sjúkratrygginga og þó einkum lyfjakostnað og jafnvel læknishjálp. Í þessum greinum eru býsna háar tölur á kreiki. Ég mun þó ekki gera þau mál að umtalsefni fyrr en e.t.v. við 3. umr. eftir að málefni Tryggingastofnunar ríkisins og ríkisspítala hafa verið tekin til afgreiðslu í fjvn.

Meginatriði þessa máls míns er að vekja á því athygli, líkt og fyrrverandi formaður fjvn. gerði fyrir fjórum árum, að við getum ekki í sífellu haldið áfram að auka þetta þjónustukerfi ríkisins án þess að á bak við það standi vaxandi þjóðartekjur eða stóraukinn sparnaður í einhverjum greinum öðrum. En þegar harðnað hefur í ári, eins og nú hefur gerst með áföllum í þjóðarbúskapnum og stórfelldum þrengingum í ríkisbúskapnum, er það víst að við verðum að staldra við og hugsa okkar ráð. Á hvern máta getum við hindrað áframhaldandi hraðfara vöxt þessa þjónustukerfis og á hvern hátt getum við sparað í einstökum greinum þess? Þetta tel ég að hljóti ásamt öðru að verða viðfangsefni okkar að móta tillögur um á næsta ári.

Ríkisfjármálin eru margslungin. Þar er mörg matarholan og þar þarf í sífellu að beita aðhaldi og festu við stjórnun. Ég hef hér lýst áhyggjum mínum af útþenslu hins félagslega kerfis á vegum ríkisins. Ef við viljum vernda þetta kerfi, vöxt þess og viðgang með líkum hætti og gerst hefur á síðustu árum verðum við að gera okkur grein fyrir því að eitthvað annað verður að þoka í útgjöldum ríkisins. Það er einmitt það sem gerst hefur síðustu árin.

Við höfum nú dregið saman útgjöld ríkisins til flestra greina verklegra framkvæmda svo mjög að þar verður ekki lengra gengið. Það er einnig skoðun mín að við getum ekki gengið til fjárlagaafgreiðslu að ári liðnu undir sambærilegum kringumstæðum hvað þessa málaflokka snertir eins og við höfum neyðst til að gera nú. Það getur ekki gengið ár eftir ár.

Við höfum einnig dregið saman fjárveitingar til flestra greina atvinnuvega, einkum þó orkumála, sem eðlilegt má telja með tilliti til þess orkuforða sem nú er í orkukerfi landsmanna. Við höfum þó aukið verulega fjárveitingar til einnar greinar atvinnulífsins sem er sjávarútvegurinn. Í fjárlögum fyrir þetta ár var tekin upp svokölluð endurgreiðsla á söluskatti í sjávarútvegi sem í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er 600 millj. kr.

Það hefur einnig dregið verulega úr framlögum ríkisins til niðurgreiðslna bæði á vöruverði og húshitunarkostnaði. Í ágústmánuði 1982 höfðu niðurgreiðslur á vöruverði áhrif á framfærsluvísitöluna til lækkunar um 8,54 stig, en í ágústmánuði s.l. var þetta hlutfall komið niður í 0,98 stig.

Allar þær aðgerðir til samdráttar í útgjöldum ríkisins sem hæstv. fjmrh., bæði núverandi og fyrrverandi, ásamt hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkum hafa gripið til hafa verið nauðsynlegar. Kröpp staða ríkisfjármála gerir það óhjákvæmilegt að taka fast á málum og þess vegna er nú gripið til ýmissa þeirra óþægilegu úrræða sem kynnt hafa verið á síðustu vikum. Einnig þess vegna höfum við haldið svo fast á málum í fjvn. sem raun ber vitni um.

En ég tel enga ástæðu til að leyna þeirri skoðun minni að þrátt fyrir mikla vinnu við undirbúning þessa fjárlagafrv. og væntanlega afgreiðslu þess hér á hinu háa Alþingi höfum við enn ekki höndlað framtíðarlausn þessara mála. Að slíkum breytingum hefur margt verið vel unnið, bæði af hálfu fyrrverandi og núverandi hæstv. fjmrh., en það hefur einfaldlega þurft meira tóm til þess að koma þeim málum í höfn en svo að það væri mögulegt við afgreiðslu þessara fjárlaga. Þær breytingar munu taka hvort tveggja til tekjuöflunarkerfis ríkisins og gjaldahliðar ríkisfjármálanna.

Hæstv. fjmrh. lýsti við 1. umr. þessa máls nauðsyn þess að gerbreyta tekjuöflunarkerfi ríkisins. Ég er honum sammála um knýjandi nauðsyn slíkra breytinga.

Ég tel ekki tilefni til þess að ég ræði þessi mál mikið frekar nú, vil aðeins leggja áherslu á það, sem fyrr hefur komið fram í máli mínu, að ef okkur tekst ekki að draga úr umfangi ríkisumsvifanna, minnka eða a.m.k. hægja verulega á útþenslu þjónustukerfisins, verður engin framtíðarlausn fundin, hvort sem okkur líkar betur eða verr, nema því aðeins að til komi stóraukin skattheimta eða nýjar og stórfelldar tekjur í þjóðarbúið.

Herra forseti. Þær brtt. sem ég mæli fyrir við þessa umræðu eru af þrennum toga: Í fyrsta lagi eru það brtt. sem fjvn. stendur öll að. Hér er um að ræða ýmsar breytingar á gjaldahlið frv., ýmist til hækkunar eða lækkunar. Samtals valda þessar breytingar, ef samþykktar verða, liðlega 85 millj. kr. hækkun gjalda sem er aðeins um 0,25% af útgjöldum frv. eins og það var lagt fram. Man ég ekki eftir að í annan tíma hafi verið haldið svo sparlega á með útgjaldatillögur fjvn. fyrir 2. umr. fjárlaga. Oft hafa tillögur nefndarinnar fyrir þessa umræðu leitt til hækkunar á gjaldahlið frv. um 2—3%.

Flestar eru þessar brtt., eftir venju, við ýmsa liði menntmrn. Fjölmargir styrkir til félagasamtaka og menningarmála standa óbreyttir í frv. frá fjárlögum þessa árs. Það er í raun ekki nýlunda. Ýmsa slíka liði hefur nefndin gert tillögu um að hækka um 20—25%. Aðrar brtt. eru vegna hreinna leiðréttinga á rekstrarliðum, t.d. þar sem húsaleiga er vanmetin eða launagreiðslur ekki í samræmi við staðreyndir. Enn aðrar brtt. byggjast á mati nefndarinnar, yfirleitt eftir mjög vandlega yfirvegun. Sjálfsagt er að taka fram að eftir venju hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn., sem standa að þessum tillögum, fyrirvara um afgreiðslu þeirra og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Ég sé hér í niðurlagi nál. frá minni hl. fjvn. að minni hl. hefur flutt tillögu til rökstuddrar dagskrár. Ég hlýt að líta svo á að hér sé einvörðungu um pólitískar æfingar að ræða sem ekki er ástæða til þess að taka alvarlega. Ég vil fyrir mitt leyti hafna þeirri tillögu að vísa þessu máli aftur til fjvn. Ég tel að tilefni sé til þess að afgreiða fjárlög fyrir jól svo sem venja hefur verið. Ég mun því leggja til að þessi rökstudda dagskrá verði felld.

Í öðru lagi mæli ég fyrir brtt. sem meiri hl. nefndarinnar stendur að. Hér er um að ræða hækkun gjalda um liðlega 10 millj. kr. og er þar um að ræða skiptingu á ýmsum fjárfestingarliðum frv.

Í síðasta lagi flytur meiri hl. nefndarinnar ýmsar brtt. að beiðni ríkisstjórnarinnar. Verði þær samþykktar lækkar gjaldatala frv. um 222 millj. kr. þeirra vegna.

Við 1. umr. þessa máls kynnti hæstv. fjmrh. ýmsar breytingar sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir höfðu orðið ásátt um að leggja til við Alþingi að gerðar yrðu á frv. Í þessum tillögum fólst m.a. lækkun áætlaðra tekna um 300 millj. kr. og lækkun áætlaðra gjalda um 574 millj. kr. Með þessu vill hæstv. ríkisstj. bæta rekstrarafkomu ríkissjóðs frá því sem var í fjárlagafrv. og draga þar með úr lánsfjárþörf ríkissjóðs. Samkvæmt ákvörðun hæstv. ríkisstj. mun 574 millj. kr. lækkun gjalda nást þannig að sparnaður í rekstrarútgjöldum verður 300 millj. kr., lækkun fjárfestingar 145 millj., lækkun framlaga til sjóða 34 millj., lækkun framlags til Pósts og síma 65 millj. og lækkun fjárfestingaráforma áhaldahúss Vegagerðar um 30 millj. kr. Enn fremur hafa ríkisstjórnin og stjórnarflokkar orðið ásátt um að fresta ýmsum breytingum á tollum og vörugjaldi sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þessi breyting leiðir til 100 millj. kr. lækkunar á áætluðum tekjum frv.

Ákveðið hefur verið að fresta öllum breytingum á tekjuhlið frv. til 3. umr. Þá verða m.a. fluttar brtt. í samræmi við þær ákvarðanir ríkisstj. sem raktar hafa verið hér að framan. Til 3. umr. bíða einnig allar breytingar á verðlags- og launaforsendum frv. Enn fremur breytingar er varða B-hluta stofnanir, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð, ríkisspítala, heimildir skv. 6. gr. og nokkur fleiri atriði.

Verði brtt. fjvn. og brtt. meiri hl. nefndarinnnar samþykktar við þessa umræðu mun það leiða til lækkunar á útgjöldum fjárlagafrv. um 126,4 millj. kr. og tekjur umfram gjöld á rekstraryfirliti frv. aukast því úr 122 millj. í 248,7 millj. kr.

Á þessari stundu verður á hinn bóginn ekkert um það sagt hver verða muni niðurstaða á rekstraryfirliti fjárlagafrv. eftir að samþykktar hafa verið þær brtt. sem nauðsynlegt kann að þykja að flytja við 3. umr. málsins.

Ég tel hins vegar ástæðu til að láta það koma fram sem eindregna skoðun mína að miðað við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi í þjóðarbúskapnum sé afar mikilvægt að það markmið ríkisstj. fái staðist að fjárlög verði afgreidd án rekstrarhalla.

Ég mun þá gera grein fyrir þeim brtt. sem fluttar eru af nefndinni í heild.

Embætti forseta Íslands: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 2 millj. 400 þús. kr. vegna þess að tekið verði upp nýtt stofnkostnaðarverkefni, Öryggiskerfi fyrir forsetasetrið. Fjvn. telur ekki fært að standa gegn þeim óskum forsrn. að taka nú upp fjárframlag til öryggisgæslu á forsetasetrinu.

Þá er till. er varðar forsrn., þ.e. þjóðgarðurinn, Þingvöllum og Þingvallanefnd. Lagt er til að önnur gjöld hækki um 500 þús. kr. og verði 5 millj. 638 þús. vegna hækkunar á viðfangsefninu Líffræðirannsóknir sem hækki úr 500 þús. í 1 millj. Mikil framlög eru lögð fram frá erlendum aðilum til þeirra líffræðirannsókna sem nú fara fram á Þingvallavatni undir forustu dr. Péturs M. Jónassonar prófessors í Kaupmannahöfn. Þess er þó tæpast að vænta að erlendir aðilar geti lagt fram fé til launagreiðslna handa Íslendingum við þessar rannsóknir, en till. nefndarinnar miðast við að unnt sé að standa undir þeim þætti mála af hálfu okkar Íslendinga.

Þá eru till. er varða menntmrn.:

Raunvísindastofnun Háskólans: Tekið verði upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, Vindmylla í Grímsey 200 þús. kr. Þær tilraunir sem fram hafa farið með vindmyllu í Grímsey lofa nú mjög góðu og það væri sannarlega mikils um vert ef tækist með þeim hætti að leysa orkumál í Grímsey.

Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut: Tekið er upp nýtt viðfangsefni 6 millj. og 400 þús. kr. Þetta er gert vegna yfirtöku menntaskólans á grunnskólahúsnæði og er þáttur í því að standa við samning sem gerður var af fulltrúum bæjarins á sínum tíma við menntmrh. og fjmrh. Með þessari fjárveitingu ásamt því sem fram kemur í yfirliti um grunnskólaframkvæmdir er staðið að fullu við þennan samning.

Kennaraháskóli Íslands: Laun hækka um 250 þús. kr. vegna þess að tekin er inn staða tækjavarðar við skólann.

Rannsóknastofnun uppeldismála: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 130 þús. og verði 1 millj. og 11 þús. vegna þess að húsaleiga stofnunarinnar er vanmetin.

Verkmenntaskólinn á Akureyri: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 1200 þús. og verði 11 millj. og 200 þús. Er það gert vegna þess að tekið verði inn nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, Vélhermir, en fyrsta fjárveiting til þessa tækis var á fjárlögum þessa árs.

Vélskóli Íslands: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 1200 þús. kr. og verði 3,6 millj. kr. vegna kaupa á lithografiskum vélhermi. Það er sömu sögu að segja um þetta tæki og tæki Verkmenntaskólans á Akureyri að fyrsta fjárveiting til þessara tækjakaupa kom inn við afgreiðslu fjárl. fyrir ári.

Iðnskólinn í Reykjavík. Lagt er til að laun lækki um 1,5 millj. kr. og verði 73 millj. og 919 þús. kr., en tekið verði upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, Tækjakaup, upp á sömu fjárhæð, 1,5 millj. kr.

Iðnskólar almennt: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 1 millj. kr. og verði 5 millj. og 900 þús. kr. Skipting sést á sérstöku yfirliti sem birtist í brtt. nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að þessi hækkun komi til góða fyrir Iðnskólann í Reykjavík sem hefur mikla þörf fyrir slík tækjakaup.

Fiskvinnsluskólinn: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 500 þús. kr. og verði 18 millj. 727 þús. kr. Þetta er vegna húsaleigusamnings sem ekki er áætlað fyrir í frv. og er því leiðrétting.

Tónlistarfræðsla: Lagt er til að laun hækki um 400 þús. kr. og verði 80 millj. 558 þús. kr. sem er vegna hækkunar á viðfangsefninu Aðrir tónlistarskólar. Þetta er gert til að taka inn í þessa áætlun framlag til

tónlistarskóla á Kirkjubæjarklaustri sem ekki hafði verið tekið inn þegar áætlun var gerð sem liggur fyrir í fjárlagafrv. Þá er gert ráð fyrir að stofnkostnaðarstyrkir hækki um 400 þús. kr. og verður því skipt sumpart með bréfi nefndarinnar til menntmrn., en inni á þessum lið hefur um nokkurt skeið verið Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar.

Náms- og fræðimenn, framlög: Gert er ráð fyrir að tilfærslur hækki um 450 þús. kr. og verði 14 millj. 149 þús. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu Styrkur til útgáfustarfa. Sá safnliður verður tekinn til meðferðar af fjvn. og skipt með bréfi, a.m.k. að hluta, sem sent verður menntmrn.

Fullorðinsfræðsla: Tilfærslur hækki um 75 þús. kr. sem skiptist þannig að viðfangsefnið Bréfaskóli hækki um 50 þús. kr. og Félagsmálanámskeið um 25 þús. kr.

Landsbókasafn Íslands: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 180 þús. kr. og verði 4 millj. 968 þús. kr. og er það til að taka upp nýtt viðfangsefni, Til viðhalds á Landsbókasafninu.

Þjóðskjalasafn: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 1,6 millj. kr. og verði 4 millj. 450 þús. kr. sem skiptist þannig að viðfangsefnið Almennur rekstur hækki um 500 þús. kr. vegna aukins leigukostnaðar og tekið verði upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, Innréttingar, sem verði 1,1 millj. kr. Þetta er gert vegna þess að stofnunin er að flytja í nýtt leiguhúsnæði og kostar það bæði aukin leigugjöld og eins vegna innréttinga í þessu húsnæði.

Listasafn Einars Jónssonar: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 1 millj. sem verði viðhaldsverkefni, en mjög brýnt er talið að leggja í allkostnaðarsamar viðhaldsaðgerðir við þetta hús. Er þetta byrjunin á því verkefni.

Blindrabókasafn Íslands: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 500 þús. kr. og er það vegna þess að tekið verði þar upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni, Tækjabúnaður.

Listir, framlög: Tilfærslur hækka alls um 6 millj. 765 þús. kr. sem skiptist á einstök viðfangsefni sem koma fram í brtt. nefndarinnar. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það nákvæmlega hér, en safnlið verður síðan skipt með bréfi til menntmrn.

Vísindalegt samstarf, styrkir: Tilfærslur hækki um 400 þús. kr. sem skiptist þannig að tekið er upp nýtt viðfangsefni, Surtseyjarfélagið, byggingarstyrkur, lokagreiðsla 150 þús. kr. og viðfangsefnið Vísinda- og fræðistörf hækki um 250 þús.

Norræn samvinna: Viðfangsefnið Norræna félagið hækki um 15 þús. kr. og verði 125 þús. kr.

Liðurinn Æskulýðsmál: Lagt er til að tilfærslur hækki um 770 þús. kr. og verði 10 millj. 530 þús. kr. og skiptist þannig á viðfangsefni: Ungmennafélag Íslands hækki um 550 þús. kr. Bandalag íslenskra skáta vegna Úlfljótsvatns hækki um 150 þús. og verði 300 þús. kr., en það er byggingarstyrkur vegna þeirrar starfsemi. Íslenskir ungtemplarar hækki um 20 þús. og verði 200 þús. kr.

Liðurinn Ýmis íþróttamál: Tilfærslur hækki um 135 þús. kr. sem skiptist á farkennslu í íþróttum 15 þús. kr., liðurinn Alþjóðaskákmót, styrkir, falli niður, en tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Skákmót, styrkir, sem verði 300 þús. kr.

Húsfriðun: Tilfærslur hækki um 3,2 millj. og verði 13 millj. 253 þús. kr. Viðfangsefnið Byggða- og minjasöfn hækki um 1 millj. kr. og verði 6 millj. og 500 þús. kr. Viðfangsefnið Viðeyjar- og Nesstofa hækki um 1750 þús. kr. Og tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Húsið, Eyrarbakka 450 þús. kr.

Liðurinn Ýmislegt 999: Lagt er til að einstök viðfangsefni hækki sem hér segir: Amtsbókasafn vegna skilaskyldu 30 þús., Reykholtsstaður um 50 þús., Landssamband hjálparsveita skáta um 200 þús., Hlíðardalsskóli, almennur rekstur, um 400 þús. kr., Söfn, styrkir, um 200 þús. kr. og Félög, styrkir, um 50 þús. kr., Kvenfélagasamband Íslands um 150 þús. Einnig er lagt til að taka upp tvö ný viðfangsefni, þ.e. Hlíðardalsskóli, viðhald, 300 þús. kr., sem er sama tala og er í fjárlögum yfirstandandi árs, og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja, sædýrasafn, 125 þús. kr.

Þá eru till. er varða landbrn.:

Búnaðarfélag Íslands. Lagt er til að tilfærslur hækki um 40 þús. kr. sem skipt er í undirliði á viðfangsefnin Landþurrkun.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 1300 þús. kr. og að hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Stóra-Ármót 500 þús. kr. sem er stofnkostnaður, Möðruvellir 500 þús. sem einnig er stofnkostnaður, á báðum stöðum eru verulegar skuldir, og í þriðja lagi hús Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri 300 þús. kr. sem er viðhald. Ekki þarf orðum að eyða að því að þetta hús er hið merkasta og ekki hjá því komist að halda því við með sómasamlegum hætti.

Skógrækt ríkisins: Lagt er til að tilfærslur hækki um 1350 þús. kr. Með skiptingu á einstaka liðum er vísað til brtt. nefndarinnar, en þar segir að liðurinn Nytjaskógar hækki um 1 millj., Fljótsdalsáætlun hækki um 50 þús. kr. og upp verði tekinn nýr liður, Skógrækt einstaklinga, styrkir, 300 þús. kr.

Yfirdýralæknir: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 500 þús. kr. og er einum undirlið hjá yfirdýralækni skipt þannig að tekið er upp nýtt viðfangsefni, Dýralæknir fisksjúkdóma.

Landgræðslu- og landverndaráætlun: Lagt er til að gjöld hækki alls um 11 millj. og 76 þús. kr. og verði 51 millj. 718 þús. kr. Skipting á þessum lið kemur fram í brtt. nefndarinnar ásamt undirliðum og vísast til þess.

Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Lagt er til að framlög hækki um 100 þús. og verði 1300 þús. kr.

Bændaskólinn á Hólum: Lagt er til að laun hækki um 1381 þús. kr. sem sumpart er vegna þess að mistök urðu við framlagningu frv. Það gleymdist ein staða, auk þess sem vanáætlað var fyrir álagsgreiðslum. En til viðbótar er tekin inn ein ný staða, eitt stöðugildi sem er kennari í fiskeldi og fiskrækt. Þá er lagt til að stofnkostnaður hækki um 2,5 millj. sem er viðbygging við anddyri skólans. Enn fremur er till. um að sértekjur lækki um 500 þús. kr. og verði 6 millj. 845 þús. kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Hafrannsóknastofnun: Lagt er til að gjöld hækki um 990 þús. vegna þess að tekin eru upp tvö ný viðfangsefni, Útibú í Vestmannaeyjum, almennur rekstur, 150 þús. kr., og undir sama lið, Útibú í Vestmannaeyjum, stofnkostnaður 840 þús. kr. Reiknað er með að þetta útibú geti tekið til starfa frá og með 1. október n.k.

Dómsmálaráðuneyti:

Almannavarnir ríkisins: Lagt er til að gjöld hækki um 344 þús. alls þannig að tekið verði upp nýtt viðvörunarkerfi og til þess varið 744 þús. kr., en niður falli

tilfærslur til sveitarfélaga sem nemur 400 þús. kr.

Dómsmál, ýmis starfsemi: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 325 þús. kr. sem er vegna hækkunar á viðfangsefninu Aðgerðir gegn fíkniefnum.

Félagsmálaráðuneyti:

Málefni fatlaðra á Reykjanesi: Lagt er til að tilfærslur hækki um 260 þús. kr. og verði 400 þús. vegna viðfangsefnisins Atvinnuleit.

Málefni fatlaðra á Vesturlandi: Lagt er til að laun hækki um 395 þús. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu Dagvistun Akranesi. Þar var um misreikning að ræða við framlagningu fjárlagafrv.

Málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra: Lagt er til að gjöld hækki um 580 þús. kr. þannig að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Sambýli Sauðárkróki.

Málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra: Lagt er til að gjöld hækki alls um 2 millj. 352 þús. kr. sem skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Rekstrargjöld á svæðisstjórn hækki um 400 þús. kr. sem var vanreiknuð húsaleiga. Sambýlið Byggðavegi 1 hækki um 122 þús. kr. sem eru vanreiknaðar álagsgreiðslur, sambýlið Vanabyggð um 230 þús. kr. þar sem einnig er um vanreiknaðar álagsgreiðslur að ræða og vistheimilið Sólborg um 1600 þús. kr. sem eru þrjú stöðugildi sem þar hafa verið í starfi um árabil, en þær stöður eru nú teknar inn í fjárlagafrv. verði þetta samþykkt. Rétt er að geta þess að greiðslur til þessara stöðugilda hefur þurft að leysa ár frá ári með aukafjárveitingum þannig að þær leiðréttingar sem hér eru gerðar eru til þess að fjárlögin verði raunhæfari en ella.

Málefni fatlaðra á Austurlandi: Lagt er til að gjöld hækki alls um 350 þús. kr. sem er eitt stöðugildi, laun sem skiptast á milli viðfangsefnisins Svæðisstjórn og viðfangsefnisins Leiktækjasafn.

Málefni fatlaðra á Suðurlandi: Lagt er til að gjöld hækki alls um 2 millj. 111 þús. kr. sem skiptist þannig á viðfangsefni að Sambýli á Lambhaga hækki um 611 þús. kr. vegna leiðréttinga, lagt er til að veittur sé byggingarstyrkur til Sólheima í Grímsnesi sem er 1 millj. kr. og að leiðrétting verði gerð varðandi verndaðan vinnustað í Vestmannaeyjum um 600 þús. kr.

Vinnumál: Lagt er til að viðfangsefnið Orlofsheimili launþegasamtaka lækki um 1280 þús. kr., en viðfangsefnið Ýmislegt hækki um sömu tölu eða 1280 þús. kr. sem skiptist á ýmsa liði sem tilheyra aðilum launþegasamtakanna.

Félagsmál, ýmis starfsemi: Lagt er til að einstök viðfangsefni hækki sem hér segir: Slysavarnafélag Íslands 444 þús. kr., Sjómannastofur 44 þús. kr., Félagasamtök, styrkir, um 500 þús. kr., Kvennaathvarf í Reykjavík um 452 þús. kr. en Kvennaathvarfið á Akureyri lækki um sömu tölu og falli brott.

Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Varnargarðar við Höfðabrekkujökul, 600 þús. kr. gegn jafnháu framlagi frá Viðlagatryggingu Íslands.

Er þá komið að till. er varða heilbrrn.:

Málefni fatlaðra: Lagt er til að gjöld hækki um 1200 þús. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar á Akureyri.

Sjúkrahús og læknabústaðir: Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Sjúkrahús St. Franciscusarsystra, Stykkishólmi, 7 millj. kr. styrkur. Hér er sami háttur á hafður og verið hefur í fjárlögum að undanförnu að fjvn. gerir till. um sérstakan framkvæmdastyrk til þessa mannvirkis. Þess er að geta að St. Franciscusarreglan hefur ákveðið að leggja fé erlendis frá í byggingu sjúkrahúss í Stykkishólmi sem nemur 18 millj. kr., en þetta framlag erlendis frá er bundið því skilyrði að íslenska ríkið eða Íslendingar leggi fram 14 millj. kr. á móti á tveimur árum og er þetta til þess að fullnægja því ákvæði.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Lagt er til að tilfærslur hækki um 6,4 millj. kr. sem skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Krabbameinsfélag Íslands hækki um 3 millj. kr., Hjartavernd hækki um 900 þús. kr., reykingavarnir um 1200 þús. kr., sjúkraflug um 300 þús. kr. og tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Samnorrænt átak gegn krabbameini, 1 millj. kr. Með þeirri till. er komið til móts við sérstakar samþykktir Norðurlandaráðs í þessu skyni.

Liðurinn Bindindisstarfsemi, tilfærslur: Lagt er til að tilfærslur hækki um 180 þús. kr. og verði 580 þús. kr. sem er til Stórstúku Íslands og sérstaks norræns bindindisþings.

Þroskaþjálfaskóli Íslands: Lagt er til að önnur gjöld hækki um 470 þús. kr. sem er vegna þess að húsaleigugreiðslur eru vanmetnar í fjárlagafrv.

Samgönguráðuneyti:

Hafnamál: Viðfangsefnið Hafnarannsóknir og mælingar hækki um 4 millj. kr. og er það talið óhjákvæmilegt til þess að hægt sé að halda áfram dreifðum öldumælingum og rannsóknum víðs vegar við landið sem nú eru í gangi á vegum Hafnamálastofnunar. Áður var sá háttur á að slíkt fé til rannsókna var tekið af fjárveitingum til þessarar stofnunar og einstakra verkefna. Nú eru þær fjárveitingar svo skornar við nögl að ekki er unnt að ná þar fé til að standa undir þessari starfsemi. Því er þessi till. flutt.

Þá eru tekin upp þrjú ný viðfangsefni.

Landshöfnin í Þorlákshöfn. Lagt er til að tekin verði upp 4 millj. kr. fjárveiting sem er vegna dýpkunar í höfninni. Sandburður í höfnina er með þeim hætti að hún er talin vera hættuleg fyrir þá miklu umferð sem þar er nú.

Þá er lagt til að landshöfnin á Rifi fái 900 þús. kr. fjárveitingu og landshöfnin í Keflavík—Njarðvík 600 þús. kr., en hvort tveggja er vegna skulda sem á þessum höfnum hvíla.

Sjóslysanefnd: Lagt er til að taka upp nýtt viðfangsefni, Björgunarbúnaður Sigmunds, 100 þús. kr. til hönnunar.

Ýmis framlög: Lagt er til að tilfærslur hækki um 834 þús. kr. og verði 4 millj. 845 þús. kr. sem skiptist á einstök viðfangsefni Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 100 þús. kr., Flugbjörgunarsveitir 72 þús. kr. og Tilkynningarskylda sjómanna 62 þús. kr.

Þá hef ég lokið, herra forseti, við að gera grein fyrir þeim brtt. sem fluttar eru af hálfu fjvn., en þá tek ég til við að lýsa þeim brtt. sem fluttar eru af meiri hl. n.

Fyrst er varðandi forsrn.:

Aðalskrifstofa. Lagt er til að gjöld lækki um 400 þús. kr.

Húsameistari ríkisins: Lagt er til að önnur gjöld lækki um 300 þús. kr. og sértekjur hækki um 300 þús. kr.

Menntamálaráðuneyti:

Háskóli Íslands, stofnkostnaður: Lagt er til að þessi liður hækki um 5 millj. kr. og verði 95 millj. kr.

Raunvísindastofnun Háskólans: Lagt er til að

stofnkostnaður lækki um 6 millj. kr. vegna stofnkostnaðarviðfangsefnis, þ.e. að þá væri frestað endurbyggingu á þakhæð húss fyrir Raunvísindastofnun Háskólans.

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir kennara: Stofnkostnaður hækkar um 345 þús. kr. og verður 120 millj. 345 þús. kr. Skipting á þessum lið birtist á sérstöku yfirliti.

Listasafn Íslands: Lagt er til að önnur gjöld lækki um 14 millj. kr. og verði 28 millj. 160 þús. kr. Er þetta lækkun á stofnkostnaði á viðfangsefninu Fríkirkjuvegur 7.

Þjóðarbókhlaða: Lagt er til að stofnkostnaður lækki um 5 millj. kr. og viðfangsefnið falli brott.

Kvikmyndasjóður: Lagt er til að önnur gjöld lækki um 16 millj. kr. og verði 16 millj. kr. Er þá þessi sjóður skertur eins og ýmsir aðrir sjóðir.

Félagsheimilasjóður: Lagt er til að fjármagnstilfærslur lækki um 6 millj. kr. og verði 12 millj. kr.

Íþróttasjóður: Lagt er til að fjármagnstilfærslur lækki um 6 millj. kr. og verði 33 millj. 650 þús. kr. Skipting er birt á sérstöku yfirliti í till. meiri hl. fjvn.

Ýmislegt: Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Iðnsaga Íslands, 2 millj. og 16 þús. kr. sem færist yfir til menntmrn. frá iðnrn. og fellur þá jafnframt þar niður.

Utanríkisráðuneyti:

Aðalskrifstofa: Lagt er til að önnur gjöld lækki um 2 millj. kr. vegna lækkunar á viðfangsefninu Kjörræðismenn, en áætlað var að halda sérstaka ráðstefnu fyrir þessa starfsmenn.

Önnur utanríkismál: Tilfærslur lækki um 7 millj. kr. vegna lækkunar á viðfangsefninu Matvæla- og neyðaraðstoð samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Sjávarútvegsráðuneyti:

Ríkismat sjávarafurða: Lagt er til að rekstrargjöld lækki um 1 millj. kr. og að sértekjur hækki um 1 millj. og verði 7 millj. 780 þús. kr.

Dómsmálaráðuneyti:

Prestaköll og prófastsdæmi: Lagt er til að laun lækki um 600 þús. kr. á viðfangsefninu Prestar og prófastar og að viðhald embættisbústaða lækki um 1400 þús. kr. Um skiptingu vísast til brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Félagsmálaráðuneyti:

Félagsmál, ýmis starfsemi: Lagt er til að viðfangsefnið Snjóflóðavarnir og skriðuvarnir lækki um 2 millj. kr.

Heilbrigðisráðuneyti:

Hollustuvernd ríkisins: Lagt er til að stofnkostnaður lækki um 10 millj. kr. og verði 300 þús. kr.

Sjúkrahús og læknisbústaðir: Lagt er til að viðfangsefnið Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða lækki um 14 millj. kr. sem skýrist á sérstöku yfirliti í brtt. meiri hl. nefndarinnar. Þar er m.a. um tilfærslu að ræða, 14 millj. kr., frá Framkvæmdasjóði aldraðra sem færist yfir á þennan lið og er skipt í till. meiri hl. nefndarinnar. Enn fremur er um tilfærslu að ræða, 1 millj. kr., af liðnum Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar, viðhald, og kemur það fram í skiptingu í fjárfestingarlið sjúkrahúsa og læknisbústaða. Að öðru leyti vísast í það yfirlit sem birtist með till. meiri hl. fjvn. á þskj. 244.

Fjármálaráðuneyti:

Ýmsar fasteignir ríkissjóðs: Viðfangsefnið Laugavegur 166 lækkar um 34 millj. og fellur brott. Hér er um Víðishúsið að ræða, en fallið er frá áætlunum um aðgerðir til endurbyggingar á því húsnæði á næsta ári.

Ýmislegt: Viðfangsefnið Símstöð fyrir stjórnarráðið lækkar um 10 millj. kr. og fellur brott.

Samgönguráðuneytið:

Vegagerð ríkisins: Lagt er til að gjöld lækki um 30 millj. kr. og verði 2 milljarðar og 7 millj. kr. og kemur þessi lækkun fram á áhaldahúsi Vegagerðar ríkisins.

Hafnamál: Viðfangsefnið Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 4 millj. kr. og verði 74 millj. Sundurliðun birtist á sérstöku yfirliti í till. meiri hl. nefndarinnar.

Flugmálastjórn: Lagt er til að önnur gjöld lækki um 1500 þús. kr. og að sértekjur hækki um 1500 þús. og verði 40 millj. 614 þús. kr.

Iðnaðarráðuneyti:

Lánasjóðir iðnaðarins: Lagt er til að tilfærslur lækki um 12 millj. kr. og verði 28 millj. Hér er um að ræða skerðingu á framlagi til Iðnlánasjóðs.

Iðnaðarrannsóknir: Lagt er til að tilfærslur lækki um 3 millj. kr. og verði 13 millj. kr.

Iðja og iðnaður: Viðfangsefnið Iðnaðarsaga fellur brott í þessu ráðuneyti eins og ég hef þegar frá greint.

Orkusjóður: Viðfangsefnið Styrking dreifikerfis í sveitum lækki um 10 millj. kr. og verði 30 millj. kr. í stað 40 millj. eins og var í frv.

Herra forseti. Þá hef ég lokið við að skýra þær brtt. sem fluttar eru af fjvn. og meiri hl. fjvn. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef hér lýst, en jafnframt að till. minni hl. um rökstudda dagskrá verði felld.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Þegar fjvn. hefur nú lokið störfum fyrir 2. umr. um fjárlagafrv. vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum ánægjulegt samstarf og sérstaklega formanni nefndarinnar, 1. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni, fyrir góða og lipra stjórn á starfi nefndarinnar við erfiðar aðstæður. Einnig tek ég undir þakkir formannsins til starfsmanns nefndarinnar og hagsýslustjóra og starfsliðs hans.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. hinn 12. nóvember s.l. rakti ég nokkuð hina sérstæðu sögu þess fjárlagafrv. sem hér er til umræðu. Ég minnti á að á haustdögum hótaði Sjálfstfl. Framsfl. stjórnarslitum ef framsókn samþykkti ekki fjárlagafrv. eins og það var frá hendi hæstv. fyrrv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar.

Á fundi tveggja ráðherra Sjálfstfl. og þingflokks í Stykkishólmi var frv. sem Framsfl. hafði áður verið knúinn til að samþykkja ekki talið viðunandi grundvöllur til fjárlagagerðar fyrir árið 1986. Hæstv. þáverandi fjmrh. lagði fjárlagafrv. þó fram óbreytt engu að síður, en hann var skömmu síðar flæmdur úr sæti fjmrh. til þess að formaður Sjálfstfl., sem settist í það sæti, gæti mótað fjárlög fyrir næsta ár með þeim hætti að Sjálfstfl. gæti við unað.

Hinn nýi fjmrh. kynnti síðan fjvn. nokkrar breytingar á frv. hinn 12. nóvember, að morgni þess dags, þegar 1. umr. um fjárlagafrv. fór fram, og lýsti því þá yfir aðspurður að ekki væri að vænta fleiri breytinga á frv. af hálfu ríkisstj. Það sem hann hefði lagt fram til breytinga væri allt.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. hélt ég því fram að á því stigi málsins væri frv. ekki nothæfur grundvöllur til raunverulegrar umræðu um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. um fjárlagagerð fyrir næsta ár. Umræður um frv. hlytu

á því stigi að verða mestan part markleysa.

Hæstv. fjmrh. tók þessa afstöðu mína óstinnt upp, en það hefur nú komið á daginn að ályktanir mínar við þá umræðu voru réttar.

Hæstv. fjmrh., sem hafði á fundi með fjvn. komið fram með æðisíðbúnar brtt. og staðhæfði þá að engar frekari brtt. mundu koma fram frá hæstv. ríkisstj., lét hinn 28. nóvember, um það til hálfum mánuði eftir þá yfirlýsingu, bera fjvn. þau boð, hann kom nú ekki sjálfur á fund nefndarinnar eins og áður, að ríkisstj. væri fallin frá þeim meginmarkmiðum sem falist hefðu í tillögum í fjárlagafrv. um tekjuhlið fjárlaganna. Um þessar breytingar fengu fulltrúar Framsfl. í nefndinni fyrst að vita á þessum fundi. Þeir komu af fjöllum, höfðu ekkert fengið að vita.

Það kom sem sé á daginn að svo til hvert einasta orð sem hæstv. fjmrh. hafði sagt við 1. umr. um tekjuhlið fjárlagafrv. hafði verið markleysa. Þar stóð ekki steinn yfir steini. Allt sem hæstv. ráðh. var að greina þjóðinni frá í útvarpsumræðum frá Alþingi um áætlanir ríkisstj. í fjárlagafrv. um breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári var markleysa. Hæstv. fjmrh. hefði þess vegna alveg eins getað lesið upp fyrir þjóðina úr ársreikningum Eimskipafélags Íslands.

Öll skrif málgagna stjórnarflokkanna og frásagnir þm. þeirra og ráðherra um 400 millj. kr. lækkun tekjuskatts á næsta ári og lagabreytingar varðandi veltuskatta voru orðin sagnfræði og annað ekki, sagnfræði um fyrirætlanir sem nú voru að engu gerðar.

Allt tal hæstv. núv. fjmrh. um tekjuhlið fjárlagafrv. við 1. umr. hafði verið út í bláinn, byggt á forsendum sem hálfum mánuði síðar var tilkynnt að heyrðu sögunni til.

Fjárlagaumræðan af hálfu hæstv. fjmrh. var því byggð á alröngum forsendum og því markleysa, eins og ég hafði þá þegar haldið fram.

Þegar ríkisstjórnin heykist nú á áformum sínum um lækkun tekjuskatts um 400 millj. kr. á næsta ári og fellur frá áætlunum um samsvarandi hækkun veltuskatta er það tilkynnt sem eins konar kjarabætur til launafólks um 1½ vísitölustig framfærslukostnaðar.

Allt framlag hæstv. ríkisstj. til að leysa þann vanda sem fram undan er við gerð nýrra kjarasamninga, þegar verkalýðssamtökin gera enn eina tilraun til að draga úr þeirri gífurlegu kjaraskerðingu sem ríkisstj. hefur staðið að, er að falla frá því að hækka framfærsluvísitölu enn um 1½ stig eins og fyrirætlanir voru um í fjárlagafrv.

Ríkisstj. hefði þannig samkvæmt þessari aðferð getað gengið enn lengra til móts við launafólk með því að hafa hótanirnar um nýja kjaraskerðingu enn ríflegri við upphaflega samningu fjárlagafrv. Þetta eru nýstárlegar aðferðir við að sýna velvilja í verki.

Eina jákvæða aðgerð hæstv. ríkisstj. í garð launafólks til þessa er þannig sú að hlífa þeim við sérstakri árás sem ríkisstj. hafði sjálf ákveðið að beita sér fyrir.

Þessi skrípaleikur hæstv. ríkisstj. er enn eitt dæmið um það ráðleysi sem setur vaxandi svip á aðgerðir hennar og ekki síst að því er varðar stefnumarkandi ákvarðanir og afgreiðslu á því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu.

Framsetning og form fjárlagafrv. hefur verið að þróast til betri vegar á undanförnum árum og er ástæða til að lýsa ánægju með þær breytingar sem gerðar hafa verið í því efni að þessu sinni varðandi gleggri tengsl milli reksturs ríkisins og annarra þátta þjóðarbúskaparins, sem m.a. felst í því að tengja saman framlagningu frv. til lánsfjárlaga og frv. til fjárlaga. Að vísu fjalla ekki sömu þingnefndir um bæði þessi frv. og í raun gefst fjvn. lítill tími til að kynna sér sem skyldi þær upplýsingar um lánsfjáráætlun sem nú birtast sem hluti af grg. með fjárlagafrv. Frv. til lánsfjárlaga er ekki til meðferðar hjá fjvn. heldur hjá fjárhags- og viðskiptanefndum þingdeildanna og vantar því nokkuð á að þessi mál verði afgreidd í því samhengi sem þyrfti.

Ég rakti við fjárlagaumræðu í fyrra hvernig til hefði tekist um fyrstu fjárlagaafgreiðslu hæstv. ríkisstj. þegar í ljós kom þegar í upphafi fjárlagaársins 1984 að í stað 390 millj. kr. áætlaðs fjárlagahalla vantaði um 2000 millj. kr. á verðlagi þess árs upp á að endar mundu ná saman í árslok. Upp í þetta gat var stoppað og ríflega það með erlendum lántökum og tekjum af viðskiptaveltu sem olli viðskiptahalla sem varð 4100 millj. kr. í stað 100 millj. kr. sem spáð hafði verið í þjóðhagsáætlun.

Öðru fjárlagaári hæstv. ríkisstj. er nú að ljúka með þeim hætti að í stað 743 millj. kr. rekstrarhalla ríkissjóðs á fjárlögum er nú talið í grg. með fjárlagafrv. að hallinn verði 1859 millj. kr. í ár og verður þó að öllum líkindum þriðjungi meiri. Lítið hefur hæstv. ríkisstj. lært af reynslunni frá 1984 því að þá var þó brugðið snemma við en nú hefur verið flotið sofandi að feigðarósi því að í inngangi að grg. með fjárlagafrv. fyrir árið 1986 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem sýnt er að erfitt er að bregðast við þeim halla þegar svo langt er liðið á árið er ljóst að hann verður að fjármagnast með lánum fyrir milligöngu Seðlabankans“[þ.e. með nýrri seðlaprentun].

Hallinn er í grg. með fjárlagafrv. talinn munu nema 1859 millj. kr. í árslok eða um 8 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu og líklega sexfalt gjaldþrotið hjá Hafskip.

Í septemberlok voru skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, sem námu 1256 millj. kr. í ársbyrjun, orðnar 4012 millj. kr. Hallinn gæti því orðið talsvert meiri en spáð er í grg. fjárlagafrv. og bendir flest til þess, jafnvel 500—700 millj. meiri en áætlað er í grg. með frv. eða 1800 millj. kr. hærri en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga í fyrra.

Hæstv. ríkisstj. hefur á þessu ári á engan hátt brugðist við því að ljóst hefur verið að halli ríkissjóðs yrði 2½ sinnum meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Viðbrögðin eru þau ein nú við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar að taka ný lán í Seðlabankanum og gera ráð fyrir að greiða af þeim 860 millj. kr. á næsta ári. Vegna hallans er auk þess rætt um heimild til langtímalántöku í lánsfjárlagafrv. fyrir árið 1986 að fjárhæð 1500 millj. kr. því að það þarf m.a. að taka lán fyrir vöxtunum líka. En vaxtagjöld einungis vegna aukins halla 1985 nema 200 millj. kr. á næsta ári samkvæmt grg. fjárlagafrv. en gætu orðið nær 300 millj. kr. Lántakan vegna vaxtagreiðslu af hallanum veldur síðan nýjum vaxtaútgjöldum. Þannig er vítahringurinn sem verið er að stofna til. Útgjöld einungis vegna þess hluta vaxtagreiðslna á næsta ári sem hlýst af auknum halla umfram áætlanir í fjárlögum í ár nema hærri upphæð en framlag ríkissjóðs á því sama ári til allra grunnskólabygginga, sjúkrahúsbygginga og bygginga heilsugæslustöðva í landinu. Vaxtagjöld vegna hallans

geta þó orðið verulega meiri ef hallinn reynist hærri en nú er spáð í grg. fjárlagafrv. eins og allt bendir til.

Ég rakti það við umræður um fjárlög í fyrra að árið 1984 hefðu tekjur ríkissjóðs af innflutningi, sem fjármagnaður var með erlendum lántökum vegna 4100 millj. kr. viðskiptahalla, þó dugað til þess að skila ríkissjóði tekjuafgangi, en það sem við blasti varðandi árið 1985 væri að þrátt fyrir áætlaðan 4800 millj. kr. viðskiptahalla á árinu 1985 umfram aflafé þjóðarinnar og veltuskatta í samræmi við það væri þó ætlunin að afgreiða fjárlög fyrir árið 1985 með verulegum rekstrarhalla.

Með tilliti til þessarar niðurstöðu og fyrirætlana hæstv. ríkisstj. að afgreiða fjárlög með þeim hætti lýsti ég því yfir f.h. minni hl. fjvn. að við teldum að fresta ætti afgreiðslu fjárlaga. Við værum reiðubúin til þess að leggja í það vinnu með meiri hl. nefndarinnar að endurskoða þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin stefndi að með þessari afgreiðslu fjárlaga. Leita ætti nýrra leiða, m.a. með nýrri tekjuöflun, til þess að afgreiða haldbetri fjárlög þar sem rekstrarafkoman væri betur tryggð og meiri gætni sýnd gagnvart skuldasöfnun.

Það er nú komið í ljós að þessi orð voru ekki mælt að ástæðulausu því að í grg. fjárlagafrv. er talið að halli á ríkissjóði verði a.m.k. 1100 millj. kr. meiri en áætlað var við afgreiðslu núgildandi fjárlaga og samkvæmt síðustu upplýsingum verður hallinn þó líkega 1800 millj. kr. meiri eða allt að 2500 millj. kr. í stað 743 millj. kr. í fjárlögum í ár.

Það hefði farið betur að öðruvísi hefði verið staðið að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið í ár en gert var. Fyrst það var ekki gert og ekki hlustað á þá sem vöruðu við hefði farið betur, þegar sýnt var að allt var farið úr böndum, að brugðist hefði verið við með einhverjum þeim hætti að dregið hefði úr svo stórfelldri skuldasöfnun sem nú hefur átt sér stað, en hún kyndir bæði undir verðbólgu og viðskiptahalla.

En ríkisstj. bregst sem sagt við með þeim hætti einum að taka ný lán til reksturs A-hluta ríkissjóðs, lán sem verða erlend lán þar sem mikið vantar almennt á að innlendur lánamarkaður anni eftirspurn eftir lánsfé og öll viðbótarlántaka verður því í raun erlend lántaka. Og í stað þess að gera ráðstafanir til þess að spyrna við fótum og draga úr eyðslu var látið vaða á súðum í aukafjárveitingum langt fram á haust a.m.k.

Óráðsíunni og hallarekstrinum er mætt með aukinni skuldasöfnun og samkvæmt lánsfjáráætlun og þeim breytingum sem kynntar voru við 1. umr. um fjárlagafrv. nemur lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs á næsta ári 3164 millj. kr. samanborið við 1526 millj. kr. í núgildandi lánsfjáráætlun og fjárlögum, en það er 107% aukning lánsfjár á einu ári, og verði halli á ríkissjóði í ár meiri en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. hækkar þessi lánsfjárþörf sem því nemur.

Af þessum 3164 millj. kr. sem lánsfjárþörf A-hluta nemur á næsta ári er miðað við að 1314 millj. kr. verði erlend lán, en hliðstæð tala á þessu ári er 926 millj. kr., þ.e. erlend lántaka vegna A-hluta ríkissjóðs hækkar um 42%.

Þessi stöðuga skuldasöfnun leiðir til þess að vaxtagjöld hækka úr 1472 millj. kr. í núgildandi fjárlögum í 2006 millj. kr. á næsta ári eða um 534 millj. kr. og eru þá vextir á endurlánareikningi ríkissjóðs ekki meðtaldir heldur miðað við samsvarandi uppsetningu og áður. Þessar tölur hækka þó enn ef halli á ríkissjóði í ár reynist meiri en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv.

Fjárlagafrv. er á desemberverðlagi, en sé miðað við áætlað meðalverðlag 1986 má gera ráð fyrir að vaxtaútgjöld hækki á næsta ári um 470 millj. kr. að raungildi eða hærri upphæð en almennt er talið að Útvegsbankinn tapi vegna Hafskipsmálsins.

Í grg. með fjárlagafrv. er því haldið fram að með fjárlagafrv. náist fram það sem sé eitt meginmarkmið stjórnvalda „að nýjar erlendar lántökur opinberra aðila verði ekki meiri en nemur afborgunum eldri gengisbundinna lána", eins og þar segir orðrétt. Þessi staðhæfing um eitt meginmarkmiðið sem á að felast í fjárlagafrv. er afsönnuð í þeim upplýsingum sem fylgja í grg. um frv. til lánsfjárlaga fyrir næsta ár þar sem fram kemur að nýjar erlendar lántökur opinberra aðila verða á næsta ári hærri en nemur afborgunum. Þetta er einnig staðfest skriflega í upplýsingum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun sem lagðar voru fyrir fjvn. í bréfi dags. 2. desember s.l. Þar segir að lántökur opinberra aðila erlendis nemi samkvæmt lánsfjáráætlun 1986 3729 millj. kr. en afborganir 2935 millj. kr.

Annað aðalmarkmiðið sem tilgreint er í fjárlagafrv. er að sem næst jöfnuður náist í rekstri ríkisins á næsta ári. Hætt er við að hér sé fullyrt um efni fram. Sé tekið tillit til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á uppsetningu fjárlaga standa mál svo nú við 2. umr., ef reiknað er með þeim brtt. sem fluttar eru eða tilkynntar hafa verið af hálfu ríkisstj., að áætlaður rekstrarhalli er nú um 476,5 millj. kr. samkvæmt þeirri uppsetningu fjárlaga sem gilt hefur til þessa.

En þá er á það að líta að í þeim brtt. sem kynntar hafa verið og þessi tala byggist á eru rekstrarliðir lækkaðir um 170 millj. kr. með almennum yfirlýsingum um sparnað sem hæstv. ríkisstj. hefur áður heitið við fjárlagagerð án þess að hann komi fram í raun. Í fjárlagafrv. er einnig gert ráð fyrir lækkun útgjalda almannatrygginga um 150 millj. kr. án þess að nokkur svör fáist við spurningum um hvernig á að framkvæma þá útgjaldalækkun.

Einnig eru framlög til Lánasjóðs námsmanna 200—250 millj. kr. lægri en óbreyttar lánareglur gefa tilefni til. Þegar spurt er hvaða breytingar sé fyrirhugað að gera á lánareglum fást engin svör.

En það sem mestu skiptir í sambandi við það markmið að ná jöfnuði í rekstri ríkisins á næsta ári og veldur því að allt bendir til þess að sá jöfnuður náist alls ekki án sérstakra aðgerða er sú niðurstaða, sem staðfest var af forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar á fundi með fjvn. s.l. mánudag, að forsendur fjárlagafrv. standast ekki við endurskoðun nú í desember.

Gera má ráð fyrir að miðað við desemberverðlag í ár, eins og gert er í fjárlagafrv. varðandi útgjöld og tekjur á næsta ári, þurfi að hækka útgjaldahlið fjárlagafrv. um 5%—6%, en ekkert bendir til þess að hækkun á tekjuhlið að óbreyttum tekjustofnun geti orðið svo mikil. Af þessum grundvallarástæðum er fyrirsjáanlegur halli á ríkisrekstrinum á næsta ári og sýnt að annað meginmarkmið frv. næst ekki fram nema með nýjum ráðstöfunum.

Í tillögum hæstv. fjmrh., sem hann greindi frá við 1. umr., er gert ráð fyrir því að lækka launaútgjöld um 130 millj. kr. með því að endurráða ekki í störf sem losna.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú haft ríflega 2½ ár til þess að beita þessari aðferð. Einkum hefði verið ástæða til að huga að framkvæmd þessarar tillögu á yfirstandandi ári þegar við blasir stórfelldur hallarekstur á ríkissjóði langt umfram áætlun í fjárlögum. En staðreyndin er að ekki hafa þau stöðugildi sem fyrir eru í ríkisrekstrinum verið látin duga né látið nægja það sem samþykkt var af nýjum stöðum við afgreiðslu núgildandi fjárlaga, heldur hefur ráðningarnefnd frá 1. janúar til 20. nóvember s.l. samþykkt 114,4 ný stöðugildi sem ekki voru heimiluð sem fastar stöður á þessu ári. Þess er rétt að geta að 53,4 þeirra eru tilkomnar vegna starfsemi í stofnunum fyrir fatlaða, en eftir stendur 61 nýtt stöðugildi samþykkt eftir að fjárlög voru afgreidd og ætla þarf fjárveitingar fyrir framvegis.

Og nú er verið að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir enn nýjum 114,2 stöðugildum. En ef dregnar eru frá stöður sem greitt hefur verið fyrir áður en verið gegnt án heimildar eru aðrar nýjar stöður í fjárlagafrv. 95. Fyrir þessum 95 stöðum og 61 sem ég nefndi af afgreiðslu ráðningarnefndar, alls 156 nýjum stöðum, þarf fjárveitingar á næsta ári umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögum þessa árs og eru þá engar breytingar á tölu stöðugilda kennara meðtaldar.

Það er því rétt að taka fyrirætlunum um sérstakan sparnað í þessu efni með nokkurri varúð. Sama er að segja um sparnaðaráform sem byggjast á því að draga úr yfirvinnu á sama tíma og einn aðalvandi forstöðumanna ríkisstofnana er að halda starfsfólki vegna þess hve bág launakjörin eru. Mér er ekki grunlaust um að þvert ofan í það sem lýst er yfir og brtt. gerðar um til þess að lækka útgjöld á pappírnum með minnkun yfirvinnu hafi launagreiðslur í ýmsum stofnunum vegna unninnar eða óunninnar yfirvinnu aukist upp á síðkastið. Er það vorkunnarmál miðað við launakjör ríkisstarfsmanna en þeim mun óraunhæfara að flytja brtt. sem ganga í þveröfuga átt einungis sem þátt í þeim tilraunum að ná saman endum á pappírnum við fjárlagaafgreiðsluna.

Stjórnarflokkarnir hafa keppst við að reyna að festa þá skoðun í hug manna að í stjórnartíð þeirra hafi síaukið aðhald verið viðhaft í ríkisrekstri og dregið úr heildarútgjöldum með ári hverju. Til þess að ná þeim árangri hafi m.a. þurft að skerða framlög til nauðsynlegustu framkvæmda svo stórlega sem raun ber vitni.

Ég sýndi fram á það við afgreiðslu fjárlaga í fyrra að heildarútgjöld á fjárlögum í ár hækka verulega að raungildi frá árinu 1984. Og enn gerist sama sagan við þá fjárlagaafgreiðslu sem nú fer fram.

Frá meðalverðlagi ársins 1984 þar til í desember í ár, en fjárlagafrv. er lagt fram á verðgrundvelli desembermánaðar, hefur byggingarvísitala hækkað um 45,1% en framfærsluvísitala um 45,6%. Miðað við meðaltalshækkun þessara vísitalna beggja námu ríkisútgjöld á árinu 1984 á desemberverðlagi 1985 á greiðslugrunni 29 576 millj. kr. en áætluð útgjöld 1986 á sömu framsetningu eru áætluð á sama verðlagi í fjárlagafrv. og með þeim breytingum sem kynntar hafa verið 32 076 millj. kr. Það þýðir raunhækkun útgjalda frá árinu 1984 um 2500 millj. kr. á desemberverðlagi í ár, og bendir auk þess allt til þess að við leiðréttingu á forsendum fjárlagafrv. verði þessi tala talsvert hærri.

Þessi raunhækkun á útgjöldum fjárlagafrv. í samanburði við útgjöldin 1984 nemur sjöfaldri þeirri upphæð sem á næsta ári á að verja samanlagt til dagvistarheimila, grunnskólabygginga, bygginga sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og hafnarframkvæmda sveitarfélaga og flugvallagerðar.

Samtímis því að heildarútgjöld ríkissjóðs hafa hækkað verulega að raungildi hafa framlög til verklegra framkvæmda, jafnt hreinna ríkisframkvæmda og þeirra sem ríkið er aðili að með sveitarfélögum, verið markvisst skorin niður í tíð núverandi ríkisstjórnar og lengst gengið í þeim efnum við afgreiðslu þess fjárlagafrv. sem hér er til umræðu.

Eins og ég áðan greindi er það rangt sem haldið hefur verið fram að niðurskurður framkvæmdaframlaga sé þáttur í heildarniðurskurði ríkisútgjalda. Þau hafa aukist og aukast enn að raungildi á næsta ári þegar samtímis er gengið lengra en nokkru sinni fyrr í niðurskurði framlaga til nauðsynlegustu samfélagslegra framkvæmda.

Þessari þróun verður best lýst með beinni tilvitnun í grg. fjárlagafrv. þar sem segir svo um fjárveitingar til einnar stofnunar ríkisins orðrétt, með leyfi hv. forseta: „Allir útgjaldaliðir nema framkvæmdafé hækka meir en verðlagshækkanir gefa tilefni til." Nákvæmlega þetta er einkenni fjárlagaafgreiðslna í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar.

Á sama tíma hafa stjórnarflokkarnir afsalað ríkinu tekjum með sérstökum ívilnunum til fyrirtækja og fjármagnseigenda. Áhrif þessara aðgerða ríkisstjórnarflokkanna urðu lýðum ljós þegar fram kom að útborgun kaupenda á eignarhlut ríkisins í Flugleiðum hvarf í skattfríðindi, hvarf í tekjuskattslækkun til þeirra sömu aðila vegna kaupa á eignum ríkisins.

Niðurskurður þeirra framkvæmda sem skiptu mestu um uppbyggingu nauðsynlegustu þjónustu við alla íbúa hinna einstöku sveitarfélaga hvarvetna á landinu er afsakaður með því að draga verði úr fjárfestingu í landinu til þess að hamla gegn erlendri skuldasöfnun þjóðarinnar. En á sama tíma og þessar framkvæmdir eru skornar niður um allt land er ekkert lát á framkvæmdum í þjónustugreinum í einkarekstrinum hér á mesta þéttbýlissvæðinu. Og þegar ráðamenn í ríkisstjórninni taka að hafa áhyggjur af því að ekki sé nógu tryggur framgangur uppbyggingar 28 þús. m^2 verslunarmiðstöðvar í nýja miðbænum í Reykjavík — það er nýtt verslunarhúsnæði sem jafngildir að flatarmáli 280 100 m^2 íbúðum og að rúmmáli 500 slíkum íbúðum — eru, án þess að það þurfi að samþykkja á Alþingi, lagðar 40 millj. kr. í púkkið úr ríkissjóði sem hlutur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Það er jafnhá upphæð og á næsta ári á að verja úr ríkissjóði til framkvæmda við allar dagvistarstofnanir í landinu.

Þessi afstaða stjórnvalda annars vegar til samfélagslegra framkvæmda og hins vegar til einkabrasksins sýnir hvaða hagsmunum stjórnarflokkarnir þjóna. Ef hagsmuna almennings væri gætt og í raun væri ætlunin að sporna við óráðsíu með lánsfé væru skattar á gróðafyrirtæki og fjármagnseigendur auknir í stað þess að veita þeim skattaívilnanir.

Við slíka ráðstöfun ynnist tvennt í einu: Það drægi úr óþarfa framkvæmdum þessara aðila og slík viðbótarskattheimta mundi um leið geta aukið endurgreiðslur ríkissjóðs á erlendum lánum. Það mundi stuðla að því að rjúfa þann vítahring skuldasöfnunar ríkissjóðs og aukinna vaxtagjalda sem er hafður sem afsökun fyrir

þeirri stefnu ríkisstjórnarflokkanna að þurrka nánast út framlög til nauðsynlegustu framkvæmda í þágu almennings. En á sama tíma og framkvæmdafé til sveitarfélaga víðs vegar um landið er nánast að engu gert á næstu fjárlögum, m.a. með tilvísun til erfiðrar skuldastöðu ríkissjóðs, hika stjórnarflokkarnir ekki við að þrefalda erlenda lántöku úr 100 millj. kr. í ár í 300 millj. kr. á næsta ári til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Við þá fjárlagaafgreiðslu sem nú fer fram er svo komið að framlög til framkvæmdaliða eru orðin í slíku lágmarki að það er í raun ekki vinnandi vegur fyrir fjvn. að skipta þeim á einstakar framkvæmdir, enda eru vangreiddar fjárhæðir ríkissjóðs í flestum tilvikum orðnar jafnháar allri fjárveitingu til viðkomandi framkvæmdaþáttar á næsta ári.

Ég hef minnst á að fjárfestingar einkarekstursins á höfuðborgarsvæðinu blómstra sem aldrei fyrr. Stjórnvöld hlaupa til með tugmilljónir króna til þess að tryggja framgang framkvæmdar sem eykur verslunarpláss í Reykjavík um jafngildi alls verslunarrýmis sem fyrir er við Laugaveginn í Reykjavík.

En hver hefur stefna stjórnarflokkanna undir forustu Framsfl. verið gagnvart framkvæmdum sem skipta sveitarfélögin mestu og ríkið er aðili að? Hver hefur þróunin verið í því efni?

Ef borið er saman framkvæmdagildi fjárveitinga til nokkurra veigamestu þátta þessara framkvæmda sveitarfélaga annars vegar í fjárlögum 1983 og hins vegar áætluð framlög í fjárlagafrv. 1986 að teknu tilliti til niðurskurðar sem boðaður hefur verið á framlögum til sjúkrahúsa frá því sem áætlað er í fjárlagafrv. og miðað við verðlag á miðju ári 1986 í báðum tilvikum kemur eftirfarandi í ljós:

Til grunnskólabygginga var árið 1983 varið á fjárlögum 195,4 millj. kr., en í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 120 millj. kr. eða skerðing um 38,6%. Fjárveiting þyrfti að hækka um 62,8% til þess að verða jafngild og 1983.

Til dagvistarstofnana var varið á fjárlögum 1983 54,3 millj. kr. en í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 40 millj. kr. eða skerðing um 26,3%. Fjárveiting þyrfti að hækka um 35,7% til þess að verða jafngild og 1983.

Til mennta- og fjölbrautaskóla var árið 1983 varið á fjárlögum jafngildi 92,9 millj. kr. en í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 47,1 millj. kr. eða skerðing um 49,3%. Fjárveiting þyrfti að hækka um 97,2% til þess að verða jafngild og 1983.

Til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva var árið 1983 varið á fjárlögum jafngildi 302 millj. kr. en í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 með þeim breytingum sem gerðar hafa verið 118,1 millj. kr. eða skerðing um 60,9%. Fjárveiting þyrfti að hækka um 155,7% til þess að verða jafngild og 1983.

Til hafnarframkvæmda var varið árið 1983 jafngildi 247,5 millj. kr. en í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 108,3 millj. kr. eða skerðing um 56,2%. Fjárveiting þyrfti að hækka um 128,5% til þess að verða jafngild og 1983.

Til flugvallaframkvæmda var árið 1983 varið jafngildi 93,1 millj. kr. en í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 61 millj. kr. eða skerðing um 34,5%. Fjárveiting þyrfti að hækka um 52,6% til þess að verða jafngild og 1983.

Samanlagt námu fjárveitingar til þessara framkvæmdaþátta árið 1983 á verðlagi á miðju ári 1986 985,2 millj. kr. en í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 og þeim brtt. sem boðaðar hafa verið 494,5 millj. kr. Það er skerðing um 490,7 millj. kr. eða 49,8%. Fjárveitingar þyrftu að hækka um 99,2% til þess að verða jafngildar og árið 1983.

Það er ekki að undra að vafist hafi nokkuð fyrir meiri hl. fjvn. að skipta þessum leifum af fjárveitingum á einstök verk. Venjan hefur verið sú í nefndinni, þegar um hefur verið að ræða að skipta einhverjum raunverulegum fjárfestingum sem geta kallast því nafni, að undirnefndir fulltrúa allra flokka í nefndinni hafa fjallað um þá skiptingu í einstökum málaflokkum.

Af hálfu meiri hl. kom fram að þessu sinni að með tilliti til þess hvernig málum væri háttað með upphæðir til einstakra fjárfestingarþátta þar sem svo til ekkert væri til skiptanna yrði meiri hl. nefndarinnar að hafa það nánast í eigin höndum að gera tillögur um skiptingar. Þær tillögur voru síðan lagðar nær fullbúnar fyrir nefndina alla án þess að minni hl. hefði nærri komið.

Við í minni hl. deilum ekki á formann eða þá meirihlutamenn aðra fyrir að haga málum með þessum hætti eins og allt er í pottinn búið. Svo til algjör niðurskurður fjárveitinga til framkvæmda sveitarfélaga knýr meiri hl. nefndarinnar til þess að velja þá starfsaðferð sem er þeim að sjálfsögu ekki ljúf en þeir telja óhjákvæmilega. En af sjálfu leiðir að tillögur um skiptingu á einstök verk eru að þessu sinni fluttar af meiri hl. fjvn. en ekki af nefndinni allri eins og jafnan er gert ef allt er með eðlilegum hætti.

Ég er sannfærður um að það er jafneindreginn vilji nefndarmanna, bæði í meiri hluta og minni hluta, að þessi niðurstaða verði undantekning í störfum nefndarinnar, sú undantekning sem sannar þá reglu, sem gilt hefur og mun vonandi gilda eftirleiðis, að nefndin standi öll saman að tillögum um skiptingu framlaga á einstakar framkvæmdir.

Ofan á þær aðgerðir stjórnarflokkanna að skera fjárveitingar til framkvæmda sveitarfélaga niður í nánast ekki neitt bætist stórfelldur niðurskurður á lögbundnum hluta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af aðflutningsgjöldum og söluskatti. En á árunum 1984, 1985 og skv. fjárlagafrv. fyrir árið 1986 nemur sá niðurskurður í heild á verðlagi í desember 1985 407 millj. kr. en hér er um að ræða eina verðtryggða tekjustofn sveitarfélaganna.

Sá þáttur stjórnarstefnunnar sem felst í stórfelldum niðurskurði framlaga til framkvæmda í sveitarfélögum og ríflega 400 millj. kr. niðurskurður á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þremur árum veldur því að sveitarfélögum reynist æ erfiðara að veita íbúunum nauðsynlega þjónustu. Jafnframt vex misræmið í því hvers þeir njóta í lífskjörum og þjónustu, annars vegar þeir sem búa í fjárhagslega veikum sveitarfélögum og hins vegar þeir sem búa í hinum öflugri.

Og þannig fer um fleiri fjárveitingar sem hafa haft þann tilgang að jafna lífskjör þjóðfélagsþegnanna þegar sú stjórnarstefna ræður sem nú er fylgt.

Í sjónvarpsumræðum fyrir skemmstu ræddu hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. við hóp ungs fólks um efnið: Hvað bíður okkar? Í þeim umræðum var m.a. rætt um jafnrétti til náms, en á gildi þess lagði unga fólkið mikla áherslu en þótti ekki nógu vel að því staðið að tryggja framgang þess. Hæstv. forsrh. viðurkenndi að ekki væri nóg að gert en sagði: „Aðalatriðið er að þoka þessu í rétta átt á hverju ári.“

En hefur stefnan verið sú við fjárlagagerðina? Á

fjárlögum er liður sem heitir Jöfnun á námskostnaði. Í grg. með fjárlagafrv. segir um þennan lið með leyfi hæstv. forseta: „Framlög til jöfnunar á námskostnaði eru óbreytt að krónutölu frá gildandi fjárlögum eða 20 millj. kr. Hér er fyrst og fremst um húsnæðis- og fæðisstyrki að ræða.“ Styrkurinn nær að vísu einnig til ferðakostnaðar, að ég hygg. Skyldi þetta þokast í rétta átt á næsta ári með óbreyttu framlagi í 30% verðbólgu?

Ef það er borið fram til afsökunar að fé skorti til að hækka þennan lið a.m.k. í samræmi við verðlagsbreytingar er rétt að huga að öðrum lið til samanburðar, Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Hann hækkar um 86,8% og í grg. með frv. segir í allri hógværð, með leyfi hæstv. forseta: „Hækkun framlagsins er nokkuð umfram verðlagsforsendur“. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að breyting á verðlagsforsendum frá verðlagi fjárlaga í ár til desemberverðlags eins og miðað er við í fjárlagafrv. nemur 12—13% en liðurinn hækkar um 86,8%.

Ef þróun fjárveitinga til þessara tveggja liða er borin saman í stjórnartíð hæstv. forsrh., sem vill þoka jafnrétti til náms í rétta átt á hverju ári, og fjárveitingar árið 1983 eru settar 100 hefur verðgildi framlaga til þessara tveggja liða breyst með þessum hætti:

1984: Varnarmálaskrifstofan 168, Jöfnun námskostnaðar 114; 1985: Varnarmálaskrifstofan 188, Jöfnun námskostnaðar 86; Fjárlagafrv. 1986: Varnarmálaskrifstofan 269, Jöfnun námskostnaðar 66.

Yfirskrift þessa þáttar sem hæstv. ráðherrar áttu með unga fólkinu var: Hvað bíður okkar? Það virðist nokkuð ljóst hvað bíður liðarins Jöfnun námskostnaðar ef skilningur hæstv. forsrh. á því hvað það er að þoka jafnréttinu í rétta átt á hverju ári fær að hjóta sín með sama hætti framvegis og í stjórnartíð hans til þessa. Á sama tíma og framlag til þess að sinna hernaðarmálefnum í utanríkisráðuneytinu er aukið um þrjár nýjar stöður og um 4,4 millj. kr. að raungildi á næsta ári hækkar framlag til jöfnunar námskostnaðar um núll komma ekki neitt og rýrnar sem verðhækkunum nemur.

En þó að margt sé athyglisvert og fróðlegt þegar skoðuð er meðferð einstakra málefna við afgreiðslu fjárlaga nú og við fyrri fjárlagaafgreiðslur hæstv. ríkisstj. er aðalatriðið að sjálfsögðu hvernig staðið er að fjárlagaafgreiðslunni í heild og hvaða áhrif sú stefna sem þar er mörkuð hefur á efnahagslíf þjóðarinnar.

Þegar fjárlög voru afgreidd fyrir ári var ljóst við 3. umr. að ætlun stjórnarflokkanna var að afgreiða fjárlög með 743 millj. kr. halla og byggja þar að auki á forsendum sem voru svo hæpnar að hætta var á að hallinn gæti í raun orðið mun meiri. Ég dró þó í efa að sú tekjuspá sem á var byggt stæðist.

Eins og ég hef áður minnst á dugði hinn mikli innflutningur á árinu 1984 til þess að talsverður rekstrarafgangur var á ríkissjóði á því ári. En við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985 blasti það á hinn bóginn við að þrátt fyrir þann mikla innflutning sem tekjuspáin byggðist á væri afgreiðsla fjárlaga með þeim hætti að sá mikli innflutningur á árinu 1985 dygði ekki til þess að skila tekjuafgangi á ríkissjóði, ekki einu sinni jöfnuði, heldur yrði verulegur halli.

Við sem skipuðum minni hl. fjvn. vöruðum við því að fjárlög yrðu afgreidd með þessum hætti þar sem halli á ríkissjóði var áætlaður 743 millj. kr. og var þó byggt á mjög hæpnum forsendum um tekjur. Við lögðum þá til að afgreiðslu fjárlaga yrði frestað og lýstum okkur reiðubúin til þess að taka þátt í því að endurskoða fjárlagaafgreiðsluna og leita sameiginlegra leiða með meiri hl. fjvn. til þess að finna farsælli lausn á afgreiðslu fjárlaga en að var stefnt.

Eins og ég rakti áður er það komið á daginn sem við vöruðum við. Ljóst er að hallinn á ríkissjóði í ár verður ekki 743 millj. kr., eins og gert var ráð fyrir, heldur 2000—2500 millj. kr. og í Morgunblaðinu í gær er því slegið föstu í 5 dálka fyrirsögn, að nú stefni í 2700 millj. kr. halla á ríkissjóði á þessu ári. Í grein Morgunblaðsins segir auk þess, með leyfi hæstv. forseta: „Og að óbreyttu má ætla að halli ríkissjóðs á næsta ári verði svipaður ef ekki hærri.“

Það fór því miður svo við afgreiðslu fjárlaga í desember á síðasta ári að aðvörunum minni hl. fjvn. var ekki sinnt. Og ekki nóg með það. Enda þótt þróunin hafi verið svo óheillavænleg á þessu ári sem raun ber vitni og svo langtum svartari en gert var ráð fyrir í hinum óraunhæfu fjárlögum hreyfði hæstv. ríkisstj. hvorki hönd né fót til þess að bregðast við vandanum með einhverjum hætti. Allt var látið reka á reiðanum. Árinu er því að ljúka með 2500 eða jafnvel 2700 millj. kr. rekstrarhalla ríkissjóðs með þeim afleiðingum sem það hefur á skuldasöfnun, viðskiptahalla og verðbólguþróun. Í greinargerð fjárlagafrv. er á hinn bóginn talið í endurskoðaðri áætlun um afkomu ríkissjóðs að hallinn í ár verði 1859 millj. kr. og á því byggjast áætlanir í frv. um næsta ár.

Áætlun um útgjöld og tekjur ríkissjóðs á næsta ári er í fjárlagafrv. færð á desemberverðlagið í ár. Forsendur fyrir þeim upphæðum eru byggðar á rangri áætlun um afkomuna í ár. Á fundi fjvn. með forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar s.l. mánudag kom fram að til þess að færa útgjöld fjárlagafrv. fyrir næsta ár á desemberverðlagið í ár þyrfti að leiðrétta tölurnar með því að hækka útgjöldin um 5—6% en tekjur um lægri tölu. Forsendur fjárlagafrv. fyrir afkomu ríkissjóðs á næsta ári eru því rangar.

Ef litið er fram hjá því hversu mikill halli kemur fram við uppfærslu á tekju- og gjaldaupphæðum í fjárlagafrv. yfir á verðlag ársins 1986 á réttari forsendum en byggt er á í fjárlagafrv. og hugað að stöðu ríkissjóðs nú við 2. umræðu er hún þessi:

Ríkisstjórnin hefir boðað ýmsar brtt. við fjárlagafrv. Sumar þeirra flytur meiri hl. fjvn. nú við 2. umr., aðrar ekki fyrr en við 3. umr. Auk þess flytur meiri hl. fjvn. aðrar brtt. svo og nefndin í heild.

Miðað við sömu framsetningu fjárlaga og nú gildir og að teknu tilliti til þeirra brtt. sem ég hef nefnt er áætlaður halli á ríkissjóði á næsta ári nú við 2. umr. 476,5 millj. kr. Við þessa tölu á eftir að bætast aukning útgjalda umfram tekjur við leiðréttingu á forsendum fjárlagafrv. Það er því ljóst að í óefni stefnir um afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Ef ekki er að gert blasir það við að sagan frá í ár endurtaki sig.

Minni hl. fjvn. telur að ekki geti komið til greina að afgreiða fjárlög með þeim hætti sem að virðist stefnt, síst af öllu þegar haft er í huga að slík afgreiðsla kæmi í kjölfar 2000—2500 eða jafnvel 2700 millj. kr. rekstrarhalla ríkissjóðs í ár.

Ljóst er hver óheillaáhrif slíkar ákvarðanir Alþingis hefðu á skuldasöfnun erlendis og fjármagnskostnað

ríkissjóðs, á viðskiptahalla og á verðlagsþróunina í landinu.

Minni hl. fjvn. minnir á aðvaranir sem hann flutti við afgreiðslu fjárlaga í fyrra og þróunina í ríkisfjármálum síðan og telur óhjákvæmilegt að fjárlagafrv. verði tekið til gagngerrar endurskoðunar.

Ljóst er að úr því sem komið er gefst ekki tími til slíkrar endurskoðunar fyrir áramót. Við teljum því að fresta eigi afgreiðslu fjárlaga til þess að slík endurskoðun geti farið fram og erum reiðubúin til að stuðla að samþykkt nauðsynlegra greiðsluheimilda þar til fjárlög fyrir árið 1986 hafa verið samþykkt.

Við flytjum því engar sjálfstæðar breytingartillögur við einstaka þætti frv. við þessa umræðu né heldur munu aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar gera það en leggjum fram svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

„Fyrir liggur að halli á fjárlögum í ár, sem áætlaður var 743 millj. kr. við afgreiðslu þeirra, mun verða 2000—2500 millj. kr. og þar með einnig verulega hærri en gert er ráð fyrir í þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1986.

Þar sem forsendur fyrir áætlunum í fjárlagafrv. um tekjur og gjöld á næsta ári eru ekki í samræmi við raunveruleikann er ljóst að án sérstakra aðgerða verður verulegur halli á ríkissjóði einnig á næsta ári.

Ef stöðva á slíka skuldasöfnun ríkisins og síaukinn fjármagnskostnað er óhjákvæmilegt að taka fjárlagafrv. til rækilegri endurskoðunar en unnt er að gera fyrir n.k. áramót.

Því samþykkir Alþingi að fresta afgreiðslu frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 að sinni og fela fjvn. að taka frv. til gagngerrar endurskoðunar með því markmiði að afgreidd verði hallalaus fjárlög fyrir árið 1986 og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þakkir þeirra sem áður hafa talað til starfsmanna fjvn. og hagsýslu sem unnið hafa með nefndinni. Ég vil einng þakka samnm. mínum í fjvn. fyrir gott samstarf og þá fyrst og fremst formanni nefndarinnar sem stjórnarandstaðan hefur átt gott samstarf við og samstarf sem ég vil þakka.

Formaður fjvn. sagði áðan að þegar nefndin hóf störf hefði nánast verið áhugahópur um fjármál ríkisins. En það eru fleiri áhugahópar um fjármál ríkisins en bara fjvn. Einn slíkur áhugahópur um fjármál ríkisins hélt fund í Stykkishólmi í lok septembermánaðar s.l. Sá áhugahópur er þingflokkur Sjálfstfl. Ég ætla ekki að rifja upp hvað gerðist á þeim fundi. Menn geta lesið það í málgagni þessa áhugahóps um fjármál ríkisins í Morgunblaðinu, en niðurstaðan varð sú að samstarfsflokknum var tilkynnt að þessi áhugahópur um fjármál ríkisins, þingflokkur Sjálfstfl., gæti ekki staðið að ríkisstjórnarsamstarfi sem byggðist á óbreyttu fjárlagafrv.

Í fyrsta lagi var ekki gert ráð fyrir í fjárlagafrv. þeim kerfisbreytingum sem þessi áhugahópur um fjármál ríkisins hafði boðað þegar hann bað um atkvæði kjósenda í síðustu kosningum, og í öðru lagi gerði áhugahópurinn þá athugasemd við frv. að það væri mjög ótraust eins og raunar ríkisfjármálin voru orðin. Niðurstaðan var sú að sá ráðherra sem valist hafði til þess að fara með ríkisfjármálin þegar ríkisstj. var sett á stofn var dreginn út úr sínu embætti og annar settur í staðinn.

Út af fyrir sig er það mjög lærdómsríkt eins og mig minnir að formaður Alþfl. hafi bent á í umræðum um ríkisfjármálin fyrir nokkru síðan hver hefur orðið saga þess ágæta alþm. í stöðu fjmrh. Honum hefur nefnilega og þar með hans flokki tekist að eyðileggja þjóðsöguna um það að íslenskir athafnamenn gætu það sem íslenskir stjórnmálamenn gætu ekki. Menn hafa gjarnan haldið því fram að það eina sem þyrfti að gera til þess að ná betri og meiri árangri í stjórn fjármála hins opinbera væri að setja í valdastólana menn sem væru kunnir að framkvæmdum í athafnalífinu, athafnamenn sem kynnu að stýra fyrirtækjum því þeir mundu kunna að stýra þjóðarskútunni. Eftir tveggja ára setu slíks athafnamanns í stóli fjmrh. tók Sjálfstfl. þá ákvörðun, flokkur hans, að draga hann út úr ráðuneytinu vegna þess að hann næði ekki árangri. Út af fyrir sig er þetta mjög lærdómsrík reynsla og er fyllilega ástæða til þess að benda mönnum á hana. Því verður þó væntanlega ekki haldið fram mikið oftar að það eina sem þurfi að gera til þess að hreinsa til í rekstri ríkisins sé að hleypa athafnamönnum í ráðherrastólinn.

Þessi áhugahópur um fjármál ríkisins tók því það ráð að setja nýjan ráðherra í þennan stól, ráðherra sem áhugahópurinn treysti til þess að gerbreyta um stefnu í ríkisfjármálunum frá því sem fylgt hafði verið í tíð hæstv. ráðherra Alberts Guðmundssonar. Og nú vil ég spyrja þá menn sem tóku þátt í umræddum fundi í Stykkishólmi. Telja þeir að það frv. sem nú er til 2. umr. sé sterkara frv., sé traustara frv. og betra, en það sem þeir fjölluðu um á hinum margfræga Stykkishólmsfundi? Er fjárhagur ríkisins núna traustari við afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni en hann var í septemberlok? Í septemberlok lá fyrir að hallarekstur á ríkissjóði sem hafði, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson tók fram áðan, verið áætlaður 743 millj. kr. í upphafi árs stefndi í yfir 1800 millj. kr. Síðan hefur þessi tala hækkað uns nú er svo komið að Morgunblaðið, málgagn hæstv. fjmrh., lýsir því yfir í sérstakri aukaútgáfu um viðskipta- og atvinnumál að í ár stefni í halla upp á 2700 millj. kr.

Hvað hefur hinn nýi fjmrh. gert til þess að bregðast við því ástandi sem lá fyrir á Stykkishólmsfundinum í lok september og hefur magnast með hverjum deginum síðan? Hann hefur gert nákvæmlega ekki neitt — nákvæmlega ekki neitt. Hann hefur engin úrræði lagt fram svo að vitað sé, hvorki á vettvangi fjvn., Alþingis né ríkisstj. um hvernig eigi að bregaðst við því að halli í rekstri ríkisins skuli vera um það bil fjórfalt meiri á árinu 1985 en gert var ráð fyrir í upphafi árs. Mig mundi langa til að sjá Morgunblaðið ef Sjálfstfl. hefði verið í stjórnarandstöðu við þessar aðstæður. Mundu þeir sem það blað skrifa telja það bera vott um ábyrgð og góða stjórnsemi að hafast ekkert að við þær aðstæður sem ég var að lýsa? Eina úrræði hæstv. ráðherra og ríkisstj. er þetta sama gamla úrræði, að breyta halla ríkissjóðs í lántöku hjá Seðlabankanum sem er kostuð með erlendu lánsfé. Og eins og hv. þm. Geir Gunnarsson tók fram áðan er ekki einu sinni borið við að reyna að áætla það nú við 2. umræðu fjárlaganna hversu mikið þurfi að bæta ofan á baggann hjá ríkissjóði á næsta ári til þess að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af þeim lánum sem þarf að taka vegna þess að fjárlagahallinn hefur orðið svona margfalt meiri en gert var ráð fyrir í

september þegar þingflokkur sjálfstæðismanna kom saman.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að það þarf að fara langt aftur til þess að leita að jafnhörmulegri útkomu ríkissjóðs eins og á árinu 1985. Hvað þarf að fara langt aftur? Jú, það þarf að fara aftur til þeirra ára þegar Sjálfstfl. fór síðast með stjórn ríkisfjármálanna. Það þarf að fara aftur til áranna 1974—1978 þegar sjálfstæðisráðherra sat einnig, eins og nú, í stól fjmrh. Það þarf að fara alla leið þangað aftur til þess að finna dæmi um jafnslæma útkomu í rekstri ríkissjóðs eins og nú og það er vissulega athyglisvert og umhugsunarvert og vert ábendingar til Morgunblaðsins, blaðs allra landsmanna, að verstur skuli hagur ríkisins vera og verst skuli menn standa í stykkinu þegar það er Sjálfstfl. sem fer með yfirstjórn þeirra mála.

Herra forseti. Ég sagði það hér áðan að ekki væri ríkisfjárhagurinn traustari nú, þegar við tökum þetta frv. til 2. umr., eftir að hefur verið skipt um ráðherra í stól fjmrh., heldur en var í september þegar ákvörðunin var tekin af áhugahópnum um fjármál ríkisins í þingflokki Sjálfstfl. að gera slíkt. Ekki er fjárlagafrv. það, sem þm. Sjálfstfl. er nú ætlað að afgreiða, sterkara og ekki verður séð, a.m.k. enn sem komið er, að neinar ráðstafanir séu gerðar til þess að gera það fjárlagafrv., sem nú á að afgreiða, traustara en það fjárlagafrv. sem afgreitt var fyrir einu ári síðan. Sú afgreiðsla, sem hér á að fara fram í dag eða á morgun við atkvæðagreiðslu, er um það að halli á ríkissjóði verði um það bil 500 millj. kr. a.m.k. á næsta ári, halli áætlaður með sama hætti og áætlun um fjárlagafrv. sjálft er reist á. Ef hins vegar er reynt að spá eitthvað í framtíðina eins og Morgunblaðið, blað hæstv. fjmrh., reynir að gera blasir við að sá halli sem menn eru raunverulega að tala um núna er a.m.k. jafnmikill og sá sem menn vita nú að verður á árinu 1985, 2500—2700 millj. kr. Og ég spyr, herra forseti, þá sjálfstæðismenn sem hér eru inni: Finnst ykkur virkilega að þið hafið náð þeim árangri, sem þið eruð að sækjast eftir, þegar þið tókuð þá ákvörðun í september að segja skilið við þá ríkisstj., sem ætlaði að standa að því fjárlagafrv. sem þá var lagt fram, og kröfðust breytinga á því? Teljið þið sjálfstæðismenn að með ákvörðun ykkar á þeim fundi hafið þið haft árangur sem erfiði?

En það er ekki aðeins að ekki verði séð að þetta frv. sé sterkara heldur þvert á móti veikara heldur en það frv. sem rætt var um í september. Það er ekki aðeins það, heldur einnig að þau ummerki, sem voru þó finnanleg í fjárlagafrv. sem rætt var í september um kerfisbreytingar, frá þeim er búið að hlaupa. Alveg *laust við hversu traust fjárlagafrv. var sem lagt var fram* í september. Í frv. voru gerðar tillögur um þrjú meginatriði sem horfðu til jákvæðra breytinga. Þessi atriði voru í fyrsta lagi sú einföldun og endurskoðun á tollakerfinu sem lagt var til í frv. að gera ætti, í öðru lagi sú breyting að taka 15 stærstu sjúkrahúsin út af daggjaldakerfinu og setja þau beint inn í fjárlög og í *þriðja lagi sú till. að afgreiða lánsfjáráætlun samhliða* fjárlögum. Þetta eru þrjú stór atriði um kerfisbreytingar sem tillaga var gerð um í því fjárlagafrv. sem lagt var fram hér á Alþingi í byrjun októbermánaðar.

Og hvað hefur gerst síðan? Hafa þessar kerfisbreytingar verið auknar í þá átt sem þeir sjálfstæðismenn tala gjarnan um á hátíðum og tyllidögum? Nei. Af þessum þremur kerfisbreytingum stendur nú aðeins ein eftir. Hæstv. ríkisstj. hefur horfið frá þeim upphaflegu *till. sínum að taka 15 af stærstu sjúkrahúsunum út* af daggjaldakerfinu og beint inn á fjárlög. Frá þeirri till. sinni hefur hún hlaupið.

Hún hefur líka sjálf, að eigin frumkvæði, horfið frá þeim áformum sínum að gera bráðnauðsynlegan og brýnan uppskurð á tollakerfinu til einföldunar. Einnig frá þessari kerfisbreytingu hefur ríkisstj. nú hlaupið. Eftir stendur aðeins eitt, sem virkilega er þó spurning um hvort eftir stendur eða ekki, og það eru áformin um að afgreiða lánsfjárlög með fjárlagafrv. Það er því ekki bara að það frv., sem menn eru að fjalla um núna, sé veikara greiðslulega heldur en það frv. sem Sjálfstfl. vildi ekki samþykkja í september. Það er ekki bara það. Við það bætist að frá tveimur tillögum af þremur, sem þó voru gerðar í því frv. um jákvæðar og verulegar breytingar í sambandi við stjórn ríkisfjármálanna, hefur hæstv. ríkisstj. þegar hlaupið þannig að einnig í þeim skilningi er hér um veikara frv. að ræða heldur en það frv. sem hæstv. ráðherra Albert Guðmundsson var settur af fyrir að flytja.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég skil það ekki að formaður Sjálfstfl. skuli láta hafa sig út í það að taka með þessum hætti við stjórn ríkisfjármálanna án þess að geta framfylgt yfirlýstri stefnu sinni og flokks *síns betur en þetta fjárlagafrv. ber vitni um.*

Herra forseti. Það er ástæðulaust fyrir mig að fjalla mikið meira um frv. sem fyrir liggur. Álit stjórnarandstöðunnar kemur best fram í því að þetta er í fyrsta skipti svo langt aftur sem ég man, og það er nú orðið nokkuð langt því að ég byrjaði að fylgjast með störfum hér á Alþingi sem blaðamaður í kringum 1967—1968, en þetta er í fyrsta skipti svo að ég *viti til að stjórnar*andstaða tekur þá ákvörðun að flytja ekki brtt. við 2. umr. fjárlaga vegna þess að hún telur að sú afgreiðsla eigi ekki að fara fram eins og til hennar er stofnað. Ég þekki ekkert dæmi annað um að fjárlög séu afgreidd á Alþingi við slíkar aðstæður og með slíkum hætti.

Þá heyrir það einnig til undantekninga að stjórnarandstaða skuli bjóðast til þess að taka með ríkisstj. til við að endurvinna fjárlagafrv. m.a. til þess að skoða breytta tekjuöflun, vegna þess að nýrra tekna þarf við ef ekki á að gerbreyta gerð fjárlaganna, sem ég kem nú samt að síðar, og býðst til þess að afgreiða allar nauðsynlegar greiðsluheimildir fyrir ríkisstj. til þess að hægt sé að vinna þetta frv. Þetta er ekki dæmalaust, eins og hitt sem ég nefndi, en þetta er dæmafátt.

Auðvitað er mér það ljóst, eins og hæstv. fjmrh. og raunar öllum hér inni, að þau fjárlög, sem hér stendur til að afgreiða með þeim hætti sem tillaga er um gerð, munu ekki standa nema kannske rétt fram yfir áramótin. Hæstv. ríkisstj. verður neydd til þess að endurskoða fjárlagagerðina mjög fljótlega eftir áramót og breyta ýmsum stórum og veigamiklum atriðum þar í. Þetta vitum við. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir þessu. Þess vegna finnst mér það bæði skammsýni, *og raunverulega rangsýni einnig, af hæstv. ríkisstj.* að taka ekki því boði stjórnarandstöðunnar að fá afgreiddar hér nauðsynlegar greiðsluheimildir svo að hægt sé að starfrækja ríkissjóð og ríkisstofnanir eðlilega eftir áramót, og því tilboði stjórnarandstöðunnar jafnframt að hún skuli taka þátt því með hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðum að skoða fjárlagafrv. aftur frá grunni og

standa að tillögum með þeim um öflun nýrra tekna til þess að hægt sé að afgreiða fjárlagafrv. sem væri traustara og betra en það frv. sem hér er til umræðu og traustara og betra en það frv. sem Sjálfstfl. hljóp frá í septembermánuði.

Auðvitað getur það ekki gengið þegar svo er komið málum að það má segja að hið opinbera sé raunar í tómagangi. Þetta er að verða eins og vél sem snýst engum til gagns öðrum en sjálfri sér. Ríkisstofnanirnar og þá fyrst og fremst ríkissjóður skila núorðið nánast ekki neinu til þjóðarinnar í formi verklegra framkvæmda. Þær tekjur, sem ríkið hefur, ganga fyrst og fremst í það að halda ríkisbákninu gangandi eins og sjá má þegar menn eru að tala í fullri alvöru um að verja 17 millj. kr. til framkvæmda við allar hafnir í landinu. Auðvitað getur það ekki svo staðið að eina verkefni ríkisins sé að standa undir rekstri sjálfs sín.

Það sem þarf að gera, herra forseti, í sambandi við þá endurskoðun fjárlagafrv., sem þarf fram að fara, er í fyrsta lagi að menn verða að taka tekjuhlið fjárlaganna og stokka þar verulega upp. Þar verða menn m.a. að hreinsa út fjölmarga þá smáskatta, sem í tekjuhliðinni eru, sem sumir hverjir duga varla fyrir innheimtukostnaði. Í öðru lagi verður Alþingi að standa við þá ákvörðun sem það hefur tekið um afnám tekjuskattsins í áföngum en frá þeirri ákvörðun er nú verið að hverfa samkvæmt till. ríkisstj.

Í þriðja lagi eigum við ekki, eins og ríkisstj. gerir till. um, að hverfa frá þeirri uppstokkun og einföldun tollakerfisins, sem fyrirhuguð var af hæstv. fyrrv. fjmrh. Albert Guðmundssyni, heldur láta hana fara fram. Það er a.m.k. vilji míns flokks og standa þá heldur að annarri tekjuöflun með öðrum hætti ef um tekjutap verður að ræða hjá ríkissjóði út af því eins og óhjákvæmilegt er. Og í fjórða lagi höfum við í Alþfl. gert um það tillögu, gert um það ábyrga tillögu, að við aukum tekjur af söluskattsinnheimtunni með því að breyta þeim skatti þannig, bæði innheimtuaðferðum og álagningu hans, að a.m.k. verði hægt að tryggja að hægt verði að hafa eftirlit með söluskattsheimtunni sem ekki er hægt að gera eins og skatturinn er lagður á og innheimtur nú með þeim fjölmörgu undanþágum sem þar eru veittar.

Það er eðlilegt, herra forseti, að söluskattur sé þannig á lagður að það sé hægt að hafa eftirlit með innheimtu hans. Með þeim mörgu holum og götum, sem búið er að skjóta á það kerfi, þegar ákveðinn hluti og stór hluti af söluvörum venjulegra sölubúða er undanþeginn söluskatti, þá getur enginn mannlegur máttur fylgst með því að söluskattur í almennum verslunarrekstri renni þangað sem hann á að renna. Það verður að breyta þessu, það verður að bæta þetta og það verður ekki gert nema með því að fækka undanþágum frá söluskatti og um það höfum við gert tillögur. Að sjálfsögðu verður að koma til móts við barnafjölskyldur og lágtekjufólk vegna áhrifa af slíkri aðgerð m.a. með hækkunum á lífeyrisbótum og e.t.v. með því að taka upp beinar niðurgreiðslur til neytenda eins og við Alþýðuflokksmenn höfum gert tillögu um.

Hvað varðar gjaldahliðina verða menn einnig að gera sér það ljóst í eitt skipti fyrir öll að það gengur ekki lengur að ætla að reyna að leysa ríkisfjármáladæmið á pappírnum með því að áætla í fjárlagafrv. launagreiðslur langt undir því sem ríkisreikningur gefur okkur upplýsingar um að greitt sé hjá ríkinu og stofnunum þess. Og það er líka jafnmikið út í hött að áætla í fjárlagafrv. kostnað við annan rekstur ríkisins og stofnana þess langt undir því sem ríkisreikningur sýnir að er raunhæft. En hvort tveggja hefur verið gert undanfarin ár og er gert enn.

Það er t.d. alveg fráleitt að þær áætlanir í fjárlagafrv. um launaútgjöld stofnana eins og á sviði heilsugæslu og eins og hjá lögreglustjóranum í Reykjavík standist. Þetta eru áætlanir sem eru ekki í neinu samræmi við þann raunveruleika sem ríkisreikningur sýnir og það þýðir auðvitað ekki að afgreiða endalaust ríkisfjármál með þeim hætti að áætla vísvitandi rangt stóra útgjaldaliði eins og launakostnað á sviði heilbrigðiskerfisins og lögreglustjórans í Reykjavík og viðhaldsliði og aðra slíka.

Í öðru lagi verða menn að athuga þann möguleika sem er á sameiningu ýmissa stofnana á vegum ríkisins. T.d. þegar Kennaraskóla Íslands var breytt í háskóla, þá var eðlilegt að sá háskóli væri rekinn með sjálfum Háskóla Íslands þannig að þjóðin hafi hér einn háskóla en ekki tvo. Og það væri eðlilegt að breyta uppsetningu fjárlaga og fyrirkomulagi á rekstri Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í þessa veru.

Í þriðja lagi vil ég taka undir það með formanni fjvn. að menn verða að skoða í fullri alvöru málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Um 13 þús. einstaklingar hafa nú framfæri sitt þar og það getur a.m.k. oft verið áhorfsmál fyrir þá, sem þeirrar fyrirgreiðslu njóta, hvort það borgar sig fyrir þá fjárhagslega að hefja störf úti í atvinnulífinu eða halda áfram á vettvangi Lánasjóðsins. Slíkt er ekki eðlilegt og ekki æskilegt auk þess sem það er ekki siðlegt að gera ráð fyrir því að fólk fái lán sem það greiðir ekki aftur. Og það er heldur ekki eðlilegt að gera ráð fyrir því að það sé einhver einn eða tveir hópar í samfélaginu sem ekki taki á sig sömu lífskjaraskerðingu eins og allur almenningur hefur mátt þola.

Í fjórða lagi eigum við nú að nota tækifærið til þess að sameina ýmislegt í ríkisbúskapnum sem aðstæður hingað til hafa komið í veg fyrir að hægt væri að gera. Hér á ég t.d. við að það er ástæða til þess að íhuga það í alvöru að fella niður niðurgreiðslurnar sem eru nú upp á 784 millj. kr. ef ég man rétt. Áhrifin af niðurfellingu þeirra munu aðeins samsvara einu prósentustigi í vísitölu og það hefur verið meirihlutavilji hér á Alþingi að menn eigi ekki að hafa, a.m.k. til neinnar frambúðar eða til langs tíma, greiðslur eins og niðurgreiðslurnar sem koma í veg fyrir eðlilega verðmyndun í landinu og eðlilegt verðhlutfall milli neysluvara. Við eigum að horfa á það í fullri alvöru að nota núna tækifærið, þegar aðstæður eru um margt öðruvísi en þær hafa oft áður verið, til þess að hverfa alveg frá þessum óeðlilegu starfsháttum sem niðurgreiðslur til langframa eru.

Og í fimmta lagi er líka full ástæða til þess að gera nú, eða ráðgera a.m.k., þá breytingu sem ýmsir hafa verið að tala um varðandi rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem eru meira eða minna kostaðar af opinberu fé. Stofnanir eins og Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands eru raunverulega hin gömlu atvinnumálaráðuneyti höfuðatvinnuveganna og á þeim tíma var ósköp eðlilegt að kostnaður við þær væri greiddur úr ríkissjóði. En það er ekki eðlilegt í dag. Það er ekki eðlilegt að þjónustuverkefni, sem unnin eru fyrir atvinnustarfsemina í landinu, séu alfarið greidd eða því sem næst

alfarið greidd af ríkinu. Það er eðlilegt að ríkisvaldið styðji slíka rannsóknastarfsemi með fjárframlögum en það er líka jafneðlilegt að atvinnuvegirnir standi sjálfir undir kostnaði af rannsóknum og tilraunum sem gerðar eru að beiðni þeirra og í þeirra þágu. Þessar stofnanir eiga að vera sjálfseignarstofnanir, ekki ríkisstofnanir, hvorki í A-hluta né í B-hluta, sjálfseignarstofnanir sem ráða verkefni sínu og starfssviði sjálfar, þiggja stuðning frá ríkinu en viðkomandi atvinnuvegir eiga sjálfir að greiða kostnaðinn af þeim verkefnum sem unnin eru í þeirra þágu. Það er óeðlilegt að skattborgarar geri slíkt.

Með sama hætti verða menn að sjálfsögðu að taka fyrir bæði 5. gr., þ.e. B-hluta stofnanirnar, og strika þar alveg óhikað út þá rekstrarliði sem eðlilegra er að vista hjá frjálsu atvinnulífi fremur en að gera ráð fyrir þeim beint eða óbeint á vegum ríkissjóðs. Og með sama hætti verða menn að taka fyrir heimildargreinarnar í fjárlögunum sem eru orðnar upp á fleiri, fleiri síður. Það væri gaman fyrir menn að bera saman 6. gr. í fjárlagafrv. eins og hún er núna og 6. gr. í fjárlagafrv. eins og hún var t.d. fyrir 15 árum síðan. Nú er síða upp og síða niður um undanþágur fyrir þennan eða hinn aðilann frá að greiða almenn opinber gjöld sem öðrum er ætlað að greiða. Auðvitað er þetta óeðlilegt. Ef menn á annað borð eru að leggja á skatta sem eru réttlátir þá felst réttlæti í skattheimtunni í því að hún gangi yfir alla. Það er óeðlilegt að gera ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að jafnmikið af undanþágum sé veitt eins og gert er ráð fyrir að veita í 6. gr.

Herra forseti. Þetta voru aðeins nokkrar ábendingar sem ég kom með og ætla nú ekki að hafa þessi orð fleiri. En þessar ábendingar eru einmitt um það efni sem við í stjórnarandstöðunni erum að bjóðast til þess að vinna að með ríkisstj., þ.e. að stokka upp fjárlagagerðina frá grunni, leggja fram okkar tillögur og hvaða breytingar væri hægt að gera, hvaða breytingar þarf að gera og vinna síðan með stjórnarflokkunum við að reyna að ná fram sameiginlegri lausn málsins.

Það er oft sagt að virðing Alþingis hafi beðið hnekki. Það má vel vera að svo sé. Það kynni þá e.t.v. að vera vegna þess að Alþingi tekur ekki nema takmarkaðan þátt í stjórnsýslustörfum og framkvæmdavaldið er í stöðugt auknum mæli farið að seilast inn á verksvið Alþingis. Það er verkefni Alþingis að ganga frá fjárlagagerð. Menn hljóta að vera sammála um að ef það er álit Alþingis að fjárlög séu ekki nógu traust þá sé það Alþingis að leysa það vandamál. Það er líka vandamál stjórnarandstæðinga eins og stjórnarsinna að leysa slíkt mál með sæmilega farsælum hætti. Þess vegna held ég, herra forseti, að ríkisstj. ætti að hugleiða það mjög alvarlega að taka tilboði stjórnarandstöðunnar um að reyna að vinna þetta verk með stjórnarflokkunum, veita þeim greiðsluheimildir sem gera þarf til þess að svigrúm skapist til að vinna það verk og leggja síðan fram ábyrgar tillögur um hvernig eigi að vinna að þeirri endurskoðun sem ég held að allir séu sammála um innst inni að fram þurfi að fara á þeim fjárlögum sem nú er ætlunin að láta afgreiða hér í þinginu.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 hefur nú verið til athugunar og meðferðar í fjvn. Alþingis frá því að þing kom saman í haust. Það er mikil vinna hjá fjvn.-mönnum og þeim embættismönnum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, er með þeim starfa, við þetta verkefni og viðtölin sem nefndin á við ýmsa aðila og erindin sem henni berast skipta hundruðum.

Að þessu sinni voru nefndarstörfin með nokkuð sérstökum hætti að því leyti að tvisvar á þeim tíma sem nefndin var að fjalla um frv. komu tilkynningar frá ríkisstj. um veigamiklar breytingar sem hún legði til að gerðar yrðu á frv. bæði gjalda- og tekjuhliðum þess. Fyrri tilkynningin kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. sem flutt var 12. nóvember s.l. Var þar gert ráð fyrir lækkun á ýmsum útgjaldaliðum, bæði framkvæmda- og rekstrarliðum, þó einkum rekstrarliðum, þ.e. launum og öðrum rekstrarútgjöldum ráðuneyta og ríkisstofnana sem ná skal fram með auknu aðhaldi og sparnaði. Einnig var gert ráð fyrir lækkun á tekjuhlið frv. og munaði þar mestu að horfið var frá hugmyndum um að leggja söluskatt á ýmsar vörur og þjónustu sem ekki hefur verið söluskattsskyld.

Eftir þessar fyrirhuguðu breytingar var lækkun útgjalda meiri en lækkun tekna og hefði því staða ríkissjóðs átt að styrkjast, tekjur umfram gjöld að hækka.

Seinni tilkynningin frá ríkisstj. um fyrirhugaðar breytingar fjallar hins vegar að mestu um tekjuhliðina. Fallið er frá hugmyndum um breytingar á tollalögum og lögum um vörugjald og frestað er áætlunum um niðurfellingu tekjuskatts af almennum launatekjum sem framkvæma átti í áföngum. Þessar ákvarðanir leiða til nokkurrar lækkunar á tekjum ríkissjóðs.

Þá liggur fyrir að hækka þarf framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs þó breytingar þar að lútandi séu látnar bíða til 3. umr. frv. Þá eru málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna til sérstakrar athugunar og einnig tel ég æskilegt að hækka framlög til Húsnæðisstofnunar ríkisins til að auðvelda að staðið verði við hugmyndir um sérstakar aðgerðir í húsnæðismálum vegna greiðsluvanda íbúðareigenda. Allt þetta bendir til þess að útlit sé fyrir nokkurn greiðsluhalla á fjárlögum næsta árs að öðru óbreyttu.

Hins ber að geta að eftir er að endurmeta tekjuáætlun fjárlagafrv. og færa það síðan til áætlaðs verðlags á næsta ári. Þetta verður skv. venju gert við 3. umr.

Af framansögðu má ljóst vera að vinnan í fjvn. hefur verið með nokkuð sérstökum hætti að þessu sinni. Reynt hefur verið að gæta ýtrasta aðhalds og gera sem allra minnstar tillögur til hækkunar á frv. Nema sameiginlegar tillögur nefndarinnar og þær till., sem meiri hl. flytur, til hækkunar samtals 95 millj. kr. sem svarar til um 0,25% hækkunar á útgjaldahlið frv. Hafa breytingar nefndarinnar aldrei verið eins litlar þann tíma sem ég hef átt sæti í fjvn., en þetta er sjöunda fjárlagafrv. sem ég tek þátt í að glíma við.

Meginástæður þess að brtt. nefndarinnar eru nú svo litlar, og raunar miklu minni en oftast áður, tel ég vera: Í fyrsta lagi eru áætlaðar raunhæfari fjárveitingar til ráðuneyta og stofnana en oftast áður. Þar á ég við sjálft umfangið hvað varðar mannahaldið og raunverulegan reksturskostnað. Ýmsar stofnanir, sem áður hafa séð ástæðu til að ganga á fund nefndarinnar til að óska leiðréttingar á málum sínum, hafa ekki þurft að ganga slíkan bónarveg að þessu sinni. Margar hafa að sjálfsögðu komið til að biðja um aukin umsvif og einstaka til að biðjast vægðar og óska eftir að fjárframlög verði ekki lækkuð frá því sem frv. ráðgerir. Rétt er að geta

þess að nokkrar stofnanir eru enn í sérstakri athugun sem leiða kann í ljós að gera þurfi frekari leiðréttingar á rekstrargrunni þeirra. Þar á meðal eru lögreglustjóraembættið í Reykjavík, Bifreiðaeftirlit ríkisins og ríkisspítalarnir. Ég tel mjög nauðsynlegt að útgjöld séu rétt áætluð og sú starfsemi, sem í gangi er, fái þær fjárveitingar sem hún þarf sé á annað borð ætlast til að starfsemin sé óbreytt. Annað eru blekkingar og óraunsæi sem koma bara í koll síðar.

Sumar af brtt. nefndarinnar eru í samræmi við þetta sjónarmið, t.d. leiðréttingar á vanáætluðum launaliðum vegna yfirvinnu eða álagsgreiðslna, húsaleigugreiðslum eða öðrum rekstrarkostnaði svo að eitthvað sé nefnt.

Hins vegar er alltaf erfiðara að áætla verðlagsbreytingar rétt og sá halli á fjármálum ríkisins, sem nú virðist stefna í á þessu ári, er einkum þannig til kominn að launa- og kostnaðarhækkanir almennt hafa orðið meiri en ráð var fyrir gert en tekjurnar hafa ekki aukist að sama skapi.

Í öðru lagi vil ég nefna að boðaðar lækkanir af hálfu ríkisstj. á ýmsum útgjaldaliðum frv. leggja þá skyldu á herðar nefndarinnar eða a.m.k. meiri hl. hennar að halda niðri svo sem frekast er unnt öllum óskum ríkisstofnana um nýjar stöður eða nýja starfsemi. Það væri hjákátlegt að verða við óskum um að flytja brtt. til lækkunar á ýmsum fjárlagaliðum, flestum sjálfsagt bæði þörfum og æskilegum, en gera síðan margvíslegar tillögur til hækkunar á einhverjum öðrum liðum frv. þó að einnig gæti talist nauðsynlegir. Slíkt verður að bíða að þessu sinni.

Þriðja og jafnframt veigamesta ástæðan, sem ég nefni fyrir því hvað boðaðar breytingar af hálfu nefndarinnar eru litlar, er auðvitað sú að það er ekkert svigrúm til aukinna ríkisútgjalda ætli stjórnvöld að standa við þær heitstrengingar sem hafðar voru í frammi er fjárlagafrv. var lagt fram á haustdögum, en þar á ég fyrst og fremst við markmiðin um hallalausan ríkisbúskap og stöðvun á erlendri skuldasöfnun. Þessi tvö atriði eru þau langsamlega veigamestu nú og þau sem ríkisstj. verður að hafa að leiðarljósi ætli hún ekki að missa allt úr böndunum hvað varðar stjórn efnahagsmála á næstu vikum og mánuðum.

En hvers vegna er ekkert svigrúm til aukinna ríkisútgjalda og hvers vegna er hlutfall fjárfestingarframlaga af heildarútgjöldum ríkissjóðs orðið svo lítið sem raun ber vitni? Mig langar að fara um þetta örfáum orðum og nefna nokkur dæmi sem ég tel vera ástæður fyrir því að svona er komið.

Allt bendir til að árið 1985 ætli að verða með allra bestu aflaárum í sögunni. Því ræða menn um og spyrja: Hvernig stendur á öllum þessum erfiðleikum í ríkisbúskapnum og öllu þessu krepputali þegar aldrei hefur aflast betur en einmitt nú? Von er að spurt sé, en málið er því miður ekki svona einfalt. Aflamagnið segir ekki alla söguna. Þegar rætt er um metaflaár ber að hafa í huga að þá er átt við þyngd aflans án tillits til verðmætis. Rétt er að benda á að hvert tonn af þorski upp úr sjó er nú um það bil tífalt verðmætara en tonn af loðnu. Þegar bera á saman aflabrögð milli ára er því réttara að miða við verðmæti aflans en magn.

Samanburður á breytingum aflamagns annars vegar og aflaverðmætis hins vegar milli áranna 1983 og 1985 gefur ákaflega skýra mynd af þessum mun. Þrátt fyrir tvöföldun á aflamagni á þessum tveimur árum úr 839 þús. lestum 1983 í um það bil 1670 þús. lestir skv. spá fyrir árið 1985 er einungis gert ráð fyrir um fimmtungsaukningu á verðmæti aflans. Skýringin er augljós. Tvöföldun á aflamagni má fyrst og fremst rekja til aukinnar loðnuveiði en botnfiskafli dregst saman. Á mælikvarða aflamagns upp úr sjó í tonnum talið má reyndar leiða að því líkur að árið 1985 geti orðið metaflaár. Sama gæti orðið uppi á teningnum þegar aflaverðmæti er skoðað en þá virðist stefna í svipaðar tölur og 1980—1981 sem eru mestu aflaárin til þessa.

Sé hins vegar litið á afurðaverðmætið kemur í ljós að talsvert skortir á að hámarkinu frá 1981 verði náð nú. Mælt í dollurum vantar um fjórðung, en þar sem miklar sveiflur hafa verið á dollaragengi undanfarin ár er eðlilegra að líta á raunvirði afurðaverðmætis sem gefur þá niðurstöðu að þrátt fyrir metafla á þessu ári verði afurðaverðmætið enn tæplega 10% minna en 1981. Þessi samanburður sýnir þannig glöggt hversu hæpið það getur verið að skoða eingöngu tonnafjölda upp úr sjó án tillits til afla eða afurðaverðmætis. Samanburðurinn skýrir einnig hvers vegna aukið aflamagn bætir ekki þjóðarhag enn meir en raun er á. Vissulega hefur stóraukin loðnuveiði haft mikið að segja og ætla ég síst af öllu að gera lítið úr því en ítreka aðeins að við samanburð á aflamagni verður einnig að taka tillit til verðmætis afurðanna. Og þrátt fyrir aukin verðmæti er enn langt frá því að við höfum jafnað okkur eftir áföll og aflahrun seinustu ára.

En hverjar eru skýringarnar á breyttum hlutföllum ríkisútgjalda til hinna einstöku verkefna? Ýmsir nýir og stórir útgjaldaliðir hafa komið til á seinustu árum og aðrir hafa hækkað hlutfallslega. Og þessar breytingar hafa fyrst og fremst komið niður á fjárfestingarþáttunum. Þar sem ég var áðan að ræða um afla og sjávarútveg er ekki úr vegi að nefna sem fyrstu ástæðu þessara breytinga endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi sem er nýr liður í fjárlögum þessa árs að upphæð 430 millj. kr., auk þess sem rúmar 30 millj. kr. voru á árinu veittar með aukafjárveitingu til þessa liðar. Að mestu leyti rennur fjármagn þetta til útgerðarinnar í gegnum Aflatryggingasjóð og hefur verulega þýðingu fyrir afkomu hennar.

Hins vegar má spyrja hvort rétt sé að málum staðið að endurgreiða til atvinnuvegar skatt sem á hann hefur verið lagður umfram það sem hann getur borið. Hér er í raun viðurkennt að gengið hafi verið of langt þegar ríkissjóður styrkir þann atvinnuveg sem þjóðfélagið lifir að mestu leyti á. Í fjárlagafrv. fyrir 1986 er þessi upphæð áætluð 600 millj. kr. Ljóst er að þó nokkuð mætti framkvæma í höfnum landsins væri hægt að ráðstafa upphæð þessari til fjárfestingarverkefna. Ég tel hins vegar að fyrr en síðar verði að finna leið til að losa ríkissjóð og atvinnulífið við millifærslur af þessu tagi.

Önnur ástæðan sem ég vil nefna fyrir auknum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs er fjölgun heilsugæslustöðva og sjúkrarúma á undanförnum árum. Þetta er að vísu ekki nýtt dæmi en mjög táknrænt fyrir þær breytingar sem eru að gerast. Í grein sem Skúli G. Johnsen borgarlæknir ritar nýlega í Læknablaðið segir m.a. með leyfi hæstv. forseta:

„Síðasti áratugur var einhver mesti uppgangstími heilbrigðisþjónustunnar hér á landi frá upphafi. Sjúkrahús voru byggð og stækkuð um allt land og fjölda heilsugæslustöðva komið á fót.

Á árunum 1970—1982 fjölgaði sjúkrarúmum úr 2933 eða 14,3 rúm á hverja 1000 íbúa í 3890 eða 16,6 rúm á 1000 íbúa. Þetta er meðal hins hæsta sem gerist. Á sama tímabili voru teknar í notkun 29 heilsugæslustöðvar og má nú segja að allir landshlutar þegar frá eru taldir Reykjavík og Reykjanes hafi fullnægjandi aðstöðu til heilsugæslustarfs samkvæmt lögum."

Og þrátt fyrir alla þessa uppbyggingu er ekkert lát á. Sá framkvæmdaliðurinn sem erfiðast var að skipta upp að þessu sinni var einmitt bygging sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Byggingar þessar eru mjög dýrar og enn dýrari í rekstri þegar þær loks eru teknar í notkun, enda eru þessar stofnanir með stærstu vinnuveitendum á þeim stöðum þar sem þær starfa.

Í þriðja lagi vil ég svo nefna fjárveitingar af ýmsu tagi til málefna fatlaðra. Ekki er nokkur vafi á að þessi mál voru vanrækt um langt árabil, en á seinustu fimm árum eða svo hefur veruleg breyting orðið á. Á vegum félmrn. er á næsta ári ráðgert að verja 450 millj. kr. til þessa málaflokks og eru þá ótalin framlög sem koma í gegnum menntamála- og heilbr.- og trmrn. Samkv. þessu verða starfandi 60—70 þjónustu- og vistunarstofnanir á landinu öllu á árinu 1986. Allt er þetta nauðsynleg starfsemi sem mikil þörf var fyrir.

Hins vegar virðist nauðsynlegt, þó það ætti ekki að þurfa, að minna menn stöðugt á að sömu krónurnar verða ekki notaðar tvisvar.

Í fjórða lagi nefni ég lengda skólaskyldu, fjölgun fjölbrauta- og menntaskóla og aukna aðsókn að Háskóla Íslands. Fjölgun nema á framhalds- og háskólastigi kallar síðan á aukin framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og allt eykur þetta rekstrarútgjöld ríkissjóðs.

Hv. þm. Geir Gunnarsson gerði í ræðu sinni áðan liðinn Jöfnun námskostnaðar sérstaklega að umræðuefni í máli sínu. Er sá liður óbreyttur, 20 millj. kr., frá fjárlögum til frv. og má vissulega gagnrýna það að ekki skuli gert betur og svo má auðvitað segja um ýmsa aðra liði frv. Ég vil hins vegar leggja áherslu á og benda hv. þm. á að besta jöfnunin til náms er auðvitað sú að færa námið sem mest heim til unga fólksins og það er einmitt samkvæmt þeirri stefnu sem fjölbrauta- og menntaskólar hafa verið byggðir upp á undanförnum árum.

Fjárveitingu á liðnum Jöfnun námskostnaðar er varið til að taka þátt í kostnaði framhaldsskólanema sem þurfa að sækja sitt nám fjarri heimili. Því betur fer þeim nemum fækkandi og fleiri og fleiri geta stundað framhaldsnám sitt í heimabyggð. Þegar svo háttar til fá nemendur sem sækja nám annað ekki greiddan jöfnunarstyrk og er því minni þörf fyrir þennan lið en áður og er það vel. Þetta vil ég að þm. sé ljóst.

Að lokum, herra forseti, vil ég svo minna á lántökur ríkissjóðs á undanförnum árum og þá vaxtabyrði sem af þeim leiðir. Vaxtagreiðslur verða sífellt hærra og hærra hlutfall af heildarútgjöldum, á næsta ári áætlaðar á fjórða milljarð kr. Út úr þessum vítahring verðum við að komast. Á það hef ég lagt áherslu áður og eyði ég því ekki fleiri orðum að hér.

Ég hef ekki rætt um einstakar brtt. sem settar eru fram af nefndinni eða meiri hl. hennar. Það hefur formaður fjvn., hv. þm. Pálmi Jónsson, gert í ítarlegri framsögðuræðu fyrir nál. og því ekki þörf að telja það upp frekar.

Tekjuhlið frv. og nokkrir stórir málaflokkar sem ég nefndi í upphafi máls míns eiga eftir að fá frekari umfjöllun í nefndinni milli 2. og 3. umr., svo og B-hluta fyrirtækin. Trúlega á einnig eftir að gera nokkrar smærri breytingar og lagfæringar á nokkrum liðum og mun það einnig koma fram við 3. umr. frv.

Ég vil svo að lokum þakka formanni og meðnm., ritara nefndarinnar og starfsfólki Fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir gott samstarf.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka meðnm. fyrir gott samstarf og þá sér í lagi formanni nefndarinnar fyrir gott og þolinmótt samstarf. Einnig vil ég þakka ritara nefndarinnar og starfsfólki Hagsýslustofnunar fyrir einkanlega gott samstarf.

Á síðastliðnu ári ákváðu fulltrúar minni hl. fjvn. að lýsa því yfir að þeir teldu að fresta ætti afgreiðslu fjárlaga. Einnig lýstu þeir sig reiðubúna til þess að leggja í það vinnu með meiri hl. fjvn. að endurskoða þær ákvarðanir sem fólust í þeirri afgreiðslu fjárlaga sem ríkisstjórnarflokkarnir stóðu að.

Fulltrúar minni hl. töldu sig ekki geta staðið að fjárlagafrv. sem boðaði yfir 743 millj. kr. halla. Við töldum að leita ætti nýrra leiða. Ef ekki næðist fram sparnaður þá með tekjuöflun til þess að niðurstaða fjárlaga væri á þann veg að rekstrarafkoma ríkissjóðs væri betur tryggð og meiri gætni sýnd gagnvart skuldasöfnun. Þessari tillögu minni hl. fjvn. var hafnað.

Í ár blasir við að halli ríkissjóðs á þessu ári verður ekki rúmlega 700 millj. kr. heldur 2500—2700 millj. kr., eins og komið hefur fram hjá ræðumönnum sem talað hafa á undan mér. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir þjóð sem er sokkin upp fyrir mitti í skuldasúpunni. Þetta eru alvarleg tíðindi þegar við stefnum í mesta aflaár í sögu landsins. Aukinn halli á ríkissjóði leiðir til aukinnar erlendrar lántöku, en yfirlýst stefna ríkisvaldsins er að sporna gegn erlendri skuldasöfnun.

Hvað segir í frv. á bls. 300, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirlýst stefna stjórnvalda er að sporna gegn erlendri skuldasöfnun með því að takmarka erlendar lántökur við afborganir af eldri lánum. Í þessu felst að engu er fórnað af nútíðargæðum með innlendum sparnaði til að greiða niður útgjöld fyrri ára. Hins vegar verður ekki komist hjá því að standa undir vöxtum af uppsafnaða skuldavandanum. Til að mynda eru nettóvaxtagreiðslur til útlanda áætlaðar 6000 millj. kr. á árinu 1986, en það jafngildir 4,9% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins. Vaxtakjör og heildarvaxtagreiðslur af erlendum skuldum ákvarða því í veigamiklu tilliti hvað þjóðfélagið þarf að leggja til hliðar hverju sinni og er ekki til skiptanna."

Í fjárlagafrv. segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlagafrv. það sem nú er lagt fram einkennist af áframhaldandi viðleitni ríkisstj. til þess að draga úr þenslu í þjóðarbúskapnum og sporna þar með gegn viðskiptahalla og verðbólgu, ná jafnvægi í fjármálum ríkisins og hamla gegn vexti opinberra umsvifa.

Þótt verulegur árangur hafi náðst í efnahagsmálum á undanförnum tveimur árum, ekki síst í baráttu við verðbólgu, skortir þó enn nokkuð á til þess að nægjanlegur stöðugleiki sé í hagkerfinu og varanlegt jafnvægi hafi náðst. Verðbólga er meiri en í viðskipta- og samkeppnislöndum Íslendinga og viðskiptahalli og þar með erlendar lántökur meiri en við verður unað til

frambúðar. Mjög náið samhengi er á milli þessara þátta efnahagslífsins og hins opinbera búskapar. Þess vegna skiptir meginmáli að stjórn ríkisfjármála sé með þeim hætti að hún styðji við bakið á viðleitni stjórnvalda í glímunni við þau vandamál sem hér hafa verið nefnd."

Þetta eru vissulega góð áform. En hefur þeim verið fylgt eftir af stjórnvöldum? Það er langt frá því að erlendri skuldasöfnun sé haldið innan skynsamlegra marka. Erlend skuldasöfnun er sífellt að aukast.

Í kafla í grg. frv. um erlendar lántökur og greiðslujöfnuð árið 1985 er áætlað að inn komin erlend lán til lengri tíma en eins árs muni nema 7825 millj. kr. á áætluðu meðalgengi ársins á móti 7196 millj. kr. samkvæmt lánsfjárlögum. Afborganir af löngum lánum á árinu eru aftur á móti áætlaðar 4,5 milljarðar og er aukningin því 3325 millj. kr. eða 7% af áætluðum útflutningstekjum — eða 3% af áætlaðri landsframleiðslu.

Enn fremur segir að áformaðar erlendar lántökur á árinu 1986 nemi 7936 millj. kr., og afborganir af löngum lánum eru áætlaðar 5870 millj. kr. Skuldir gagnvart útlöndum aukast því um 2066 millj. kr. Þessi aukning jafngildir 4% af áætluðum útflutningstekjum og um 1,7% af áætlaðri landsframleiðslu. Viðskiptahalli á árinu 1986 er í þjóðhagsspá talinn geta orðið um 4,3 milljarðar. Því þarf nettó innstreymi á öðrum liðum fjármagnsjafnaðar af löngum lántökum að nema 2234 millj. kr. til þess að jafna viðskiptahallann án þess að rýra gjaldeyrisstöðuna.

Samkvæmt áætlun er einnig áætlað að skammtímalán aukist um 4300 millj. kr. á árinu 1985 og verði alls 13 milljarðar í árslok. Erlendar skammtímaskuldir verða því um 12% af vergri landsframleiðslu á árinu 1985 en voru 8,3% 1984. Og svo skulum við halda áfram að ræða um að við séum að lækka uppsöfnun á erlendum skuldum.

Enn fremur er bent á í grg. með þessu frv. að skuldavandinn, sem oftast hefur verið túlkaður í formi langra erlendra lána, verði ekki leystur án markvissrar umfjöllunar um skammtímalántökur þjóðarinnar. Það er oft svo að skammtímalánum er breytt í löng erlend lán. Þess vegna verður að taka allar þessar upphæðir inn í myndina þegar rætt er um erlenda skuldasöfnun.

Öflugasta hagstjórnartæki hverrar ríkisstjórnar eru fjárlög, enda endurspegla þau stefnu og áherslur ríkisstjórnarinnar. Það frv. sem hér liggur fyrir ber þess glögg merki að ríkisstj. hefur gefist upp á þeim áformum sínum að draga úr ríkisforsjá í atvinnufyrirtækjum. Aftur á móti dregur ríkisstj. úr framlagi til uppbyggingar á sviði heilsugæslu, sjúkrahúsa, skóla, hafnarframkvæmda og fleiri verkefna.

Vextir af erlendum lánum, eins og ég sagði hér áðan, nema um 6000 millj. kr. Það er um 1 milljarði hærri upphæð en fer til fræðslu- og menningarmála á vegum menntmrn. á árinu 1986. Ríkisstj. hefur ekki reynt að bregðast við þessum síaukna vanda þrátt fyrir fögur fyrirheit. Það gengur ekki lengur að láta reka á reiðanum og láta börn þessa lands taka við þeim vandamálum sem ríkisstjórnir skilja eftir sig hver á fætur snnarri. Tap þjóðarinnar vegna Krófluvirkjunar nemur nú yfir 2000 millj. kr. og fellur beint á ríkissjóð. Auk þess er orðin tímaspurning hvenær ríkissjóður þarf að taka yfir skuldir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sem nema yfir 3000 millj. kr. Ofan á þetta bætist svo Hafskipsævintýrið sem mikið hefur verið rætt um á undanförnum dögum.

Mörg fleiri dæmi má nefna sem ég ætla ekki að telja upp. Einnig má minna á margar þær framkvæmdir sem standa nú hálfbyggðar, ónýttar, en safna á sig vaxtakostnaði, en koma engum að gagni. Við höfum Þjóðarbókhlöðu sem dæmi og við höfum Blönduvirkjun sem dæmi. Það er því nægilegt fyrir þjóðina að fá í jólagjöf hverja holskefluna á fætur annarri á sama tíma og laun eru svo naum að fólk hefur tæplega ofan í sig eða á. Vert er að líta á fleiri liði í frv.

Auknar erlendar lántökur eru aðeins frestun á hækkun skatta, nema þeim sé varið til arðbærra fjárfestinga. Við megum því búast við auknum skattaálögum á næstu árum án þess að eiga von í að erlend lán lækki. Það er því kominn tími til að hæstv. ríkisstj. reyni að draga sem mest saman í ríkisbúskapnum, hætti afskiptum af fyrirtækjum sem með öðrum hætti ættu að standa undir sér sjálf. Þar vil ég nefna t.d. Ríkismat sjávarafurða sem er stofnun sem ætti að vera rekin af þeim sem eiga hagsmuna að gæta. Í því frv. sem við ræðum um er áætlað að 65 millj. 458 þús. kr. renni til Ríkismats sjávarafurða, en það er álíka há upphæð og fer til uppbyggingar á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum um allt land á næsta ári ef frá eru talin þau sjúkrahús sem eru á föstum fjárlögum.

Styrkur til Skipaútgerðar ríkisins er áætlaður 103,5 millj. kr. á sama tíma og 120 millj. kr. er varið til uppbyggingar í grunnskólum um allt land.

Í frv. er gert ráð fyrir 600 millj. kr. til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Þessi uppsafnaði söluskattur rennur til útgerðarinnar og var fundinn upp til að sætta útgerðina við lágt fiskverð. En nú er svo komið að fiskvinnslan telur sig þurfa 1 milljarð til þess að endar nái saman í fiskvinnslunni. Í dagblaði mátti sjá í dag að í undirbúningi væri lenging lána fiskvinnslunnar til þess að fiskvinnslufyrirtæki fari ekki á hausinn.

Við förum alltaf sama hringinn. Það eru gerðar ráðstafanir til þess að bjarga útgerðinni og eftir smátíma kemur fiskvinnslan og segir: Það þarf að bjarga okkur líka.

En á hverju lifum við í þessu landi? Jú, við lifum á sjávarútvegi. Við erum að tala um þær greinar sem bera þjóðfélagið að mestu leyti uppi. 75% af okkar útflutningstekjum koma úr sjávarútvegi. Það hlýtur því að vera umhugsunarefni ef undirstöðuatvinnugreinar geta ekki staðið undir sér. Hvernig á þá þjóðfélagið að geta staðið undir sér?

Í Morgunblaðinu í dag er haft eftir hæstv. sjútvrh. um álit hans á tillögum fisk- vinnslunnar og hvað væri mögulegt til úrbóta. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vandi fiskvinnslunnar er mikill og það sem hún þarf á að halda er í fyrsta lagi meiri tekjur, minni tilkostnaður og bætt greiðslufjárstaða. Hvað varðar aukningu tekna hefur markaðsverð hækkað lítillega að undanförnu, en það áfall sem við höfum orðið fyrir með lækkun dollarans hefur valdið henni miklum vandræðum. Í þessu efni eru engin góð ráð í augsýn. Það hefur verið mörkuð ákveðin gengisstefna fyrir þetta ár og gengisstefna næsta árs hlýtur meðal annars að ráðast af því hvernig til tekst í kjarasamningum um áramótin."

En hvað verður grundvöllur að gengisfellingu? Jú, það eru kjarasamningar. Það er ekki staða fiskvinnslunnar eða útgerðarinnar, heldur eru það kjarasamning-

arnir. Það hefur hingað til verið — og verður eflaust hér eftir — notað sem átylla til þess að fella gengið að launafólk fer fram á aukinn kaupmátt.

En eru það launin sem eru að sliga fiskvinnslufyrirtækin? Áfram segir í sama viðtali, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað varðar minni tilkostnað hefur einkum verið talað um misgengi sem verið hefur á milli dollars og SDR og viðkemur afurðalánum meðal annars sem fiskvinnslan telur hafa kostað sig 300—400 millj. kr. Ríkisstj. hefur falið Seðlabankanum úttekt á þessu máli og að skila tillögum um hugsanlegar bætur vegna þessa og aðgerðir til að koma í veg fyrir að svona lagað gerist aftur. Fulltrúar fiskvinnslunnar báðu einnig um það að uppsafnaður söluskattur gengi beint til fiskvinnslunnar. Því verður að svara neitandi vegna þess að ráð er gert fyrir því að hann gangi til Aflatryggingasjóðs á næsta ári. Um það hefur mönnum verið kunnugt, enda er vart séð að það breyti miklu að þetta renni beint til fiskvinnslunnar, því það mundi væntanlega koma fram í meiri fiskverðskröfum henni til handa."

Nei, það eru ekki launahækkanir sem eru að sliga fiskvinnslufyrirtækin heldur er það dollarinn sem hefur staðið í stað. En ekki er langt síðan dollarinn steig mjög hratt, og þá voru það útgerðarfyrirtækin sem voru að sligast vegna erlendrar skuldasöfnunar. Það er því vandrataður meðalvegurinn í þessum efnum. En á endanum eru það alltaf kaupkröfurnar sem bornar eru fyrir þeim aðgerðum sem þarf að gera í þessu þjóðfélagi. Fiskvinnslan gerir líka kröfu til þess að fá uppsafnaðan söluskatt endurgreiddan. En það er mjög erfitt að setja 600 millj. á tvo staði í einu. Það kemur fram í þessu viðtali við hæstv. sjútvrh. að hann telur að á næsta ári muni þetta renna til útgerðarinnar.

En hvað um áætlanir til næstu þriggja ára sem fylgja hér með fjárlagafrv.? Þar er gert ráð fyrir að uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi lækki niður í 400 millj. kr. 1987 og 200 millj. kr. 1988. En ef virðisaukaskattur verður tekinn upp, eins og hæstv. ríkisstj. hefur látið liggja að, bregðast þessar áætlanir því að með því að taka upp virðisaukaskatt safnast ekki upp söluskattur í sjávarútvegi því að hann verður endurgreiddur þegar varan er seld úr landi.

Hvað er til ráða? Jú, það verður að staldra við og stokka spilin upp á nýtt. Það verður að stöðva skuldasöfnun ríkisins og síaukinn fjármagnskostnað. Til þess að leggja grunn að slíkri uppstokkun verður að taka fjárlagafrv. upp að nýju. Það verður að taka fjárlagafrv. upp til rækilegrar endurskoðunar, en til þess er of skammur tími til næstu áramóta.

Því leggur minni hl. fjvn. til að Alþingi fresti afgreiðslu frv. að sinni og feli fjvn. að taka frv. til gagngerðrar endurskoðunar með því markmiði að afgreidd verði hallalaus fjárlög fyrir árið 1986 og taki fyrir næsta mál á dagskrá.

Verði ekki orðið við þessari tillögu minni hl. fjvn. megum við búast við því að við stöndum í sömu sporunum og nú á næsta ári, en þá verður bara vandinn enn þá meiri. Hallinn í ár upp á 2500 millj. kr., viðskiptahalli sem er áætlað að verði um 5 milljarðar um þessi áramót, slíkur vandi framlengist fram á næsta ár. Og ef marka má reynslu þessa árs verður hallinn á fjárlögunum 1986 margfalt meiri en áætlað er í frv.

Ríkisstj. hefur að undanförnu til skiptis boðað niðurskurð og afboðað skattahækkanir eða afboðað niðurskurð og boðað skattahækkanir. Til þess að þetta frv. sem liggur fyrir sé með raunverulegum tölum, miðað við verðlag nú í desember, þarf að hækka það til samræmis við verðlag um 5—6% auk þess sem við það þarf að bæta áætluðum hækkunum á verðlagi næsta árs.

En frammi fyrir hverju standa húsbyggjendur? Þeir standa frammi fyrir því í dag að margir hverjir missa ofan af sér hús eða íbúðir. Meira að segja gamalt fólk, sem selt hefur fjögurra herbergja íbúð, stendur í stökustu vandræðum þegar það hefur keypt aftur tveggja herbergja íbúð til að búa í. Þetta gengur ekki öllu lengur. Það gengur ekki að fólk, þrátt fyrir mikla vinnu sem það leggur á sig, sjái ekki fram úr svartnættinu. Þetta fólk á það ekki skilið.

Ég ætla að nefna eitt lítið dæmi úr veruleikanum. Ég nefni dæmi um hjón sem eru 70 ára gömul. Þau sömdu um kaup á 61 m^2 íbúð í sambýlishúsi. Þessi hjón áttu á sama tíma íbúð sem var 90 m^2 og telst fullnægjandi í alla staði, en þau ákváðu að minnka við sig. Þau þurftu ekki á svona stórri íbúð að halda og ákváðu að kaupa sér tveggja herbergja íbúð. En hvað kemur á daginn? Ekkert hik var á þeim við samninginn, enda leit dæmið þannig út. Kaupverðið á minni íbúðinni var 1800 þúsund í september 1984. Söluverð eignarinnar sem þau áttu fyrir var 2,1 millj. kr. Skilmálar samningsins voru þeir að mánaðargreiðslur voru 72 þús. kr. á mánuði allan byggingartímann sem átti að taka tvö ár. Strax eftir fyrsta árið var komin í ljós skekkja hjá hinum bjartsýnu kaupendum. Kaupverðið á minni íbúðinni nam 2450 þús. kr. í september 1985. Söluverð eldri íbúðarinnar og þeirrar stærri nam 2400 þús. kr. Samkvæmt skilmálum um vísitölugrunn voru mánaðargreiðslurnar komnar upp í 105 800 kr. á mánuði. Í stað þess að eiga 300 þús. kr., sem var mismunur á söluverði eldri íbúðarinnar og kaupverði litlu hagkvæmu íbúðarinnar, var staðan nú í september mínus 50 þús. kr., auk þess sem mánaðargreiðslur höfðu þyngst verulega. Til viðbótar virðist ljóst að endanlegt kaupverð hinnar ákjósanlegu eignar verður 3300 þús. kr. þegar gömlu hjónin geta flutt þangað inn í september n.k.

Við erum alltaf að tala um eða oftast nær að tala um ungt fólk sem kemur ekki yfir sig þaki. En ég er að taka dæmi úr raunveruleikanum af gömlu fólki sem eignast hefur íbúð, ekki á verðbólgutímanum, hefur ekki grætt á verðbólgunni, heldur er bara venjulegt fólk sem með aðhaldi í fjármálum hefur eignast sitt húsnæði og ég er að tala um dæmi í Reykjavík. Væri þetta dæmi tekið þannig að þetta gamla fólk hefði selt sína íbúð úti á landi og keypt sér tveggja herbergja íbúð í Reykjavík væri það enn þá svartara.

En hvað boðar ríkisstj. í húsnæðismálum? Hvar eru þessar skattahækkanir sem lagðar voru á á s.l. ári til þess að mæta vanda húsbyggjenda og húskaupenda? Hvað varð um þessar 600 millj. sem voru lagðar á? Það getur vel verið að það eigi eftir að koma fram tillögur um að verja þeim til þess að bjarga einhverju í þessum málum. Það þýðir ekkert að tala alltaf um fiskvinnslufyrirtækin sem tapa 3—400 millj. á gengismun. Það er líka fólk hr á landi sem tapar á mismun á kauptaxta og lánskjaravísitölu.

En hvað um þessi gömlu hjón? Jú, þau sitja í skuldasúpunni sem þau hafa ekki haft nokkur áhrif á. Þetta á líka við um margt annað í þjóðfélaginu. Það á

við um fyrirtæki. Þetta á við um ríkisbúskapinn. Fjármagnskostnaður er að sigla okkur í strand. Ef ekkert verður að gert endum við á einu allsherjaruppboði. En hver á þá að borga brúsann?

Þegar frv. til fjárlaga er til 2. umr. er vert að velta því fyrir sér hvort um er að ræða fjárlög sem á einhvern hátt eru tímamarkandi fjárlög. Ekki vegna þess að hér sé um að ræða nýja ríkisstjórn sem er að leggja fram sitt fyrsta frv. til fjárlaga heldur vegna þess að nýr fjármálaráðherra hefur tekið sæti í hæstv. ríkisstj. og ætla mætti að hann gæti markað nýjar áherslur við útdeilingu ríkisfjármagns. Ekkert hefur borið á slíku. Ekki er dregið úr styrkjum til landbúnaðar sem nema í frv. yfir 1800 millj. kr. Þar af eru 780 millj. til uppbóta á landbúnaðarafurðir og 600 millj. til útflutningsbóta. Þessi upphæð er hér um bil sú sama og upphæð sem ríkissjóður fær af öllum nettótekjuskatti einstaklinga á árinu 1986 ef miðað er við þær tölur sem standa í frv. Það má ætla að tekjuskatturinn verði 400 millj. kr. hærri vegna þess að ríkisstj. hefur ákveðið að taka til baka boðaða lækkun á tekjuskatti.

Það er tími til kominn að snúa við blaðinu. Það er tími til kominn að stokka spilin, breyta um áherslur, draga úr ríkisútgjöldum þar sem verið er að styrkja rekstur sem á að standa undir sér sjálfur og veita fjármagni til þeirra sem þurfa á fjármagni að halda. Það gengur ekki að ár eftir ár þurfi að styrkja t.d. Ríkisskip. Ég nefndi áðan 103 millj. kr. og hvað kom á daginn fyrir örfáum dögum? Þá heyrði ég að við þyrftum jafnvel að styrkja Drang, sem siglir nú í Suðurhöfum á næsta ári, um 15 millj. kr. Þetta eru skattpeningar landsmanna. Þetta eru þeir peningar sem ríkisstj. á að bera ábyrgð á að fari til arðbærra fjárfestinga. Öðruvísi fer þetta land á hausinn, algjörlega.

Ég vil ítreka að ef við stöldrum ekki við núna stöndum við frammi fyrir enn meiri vanda á næsta ári. Ef stjórnarsinnar vilja ekki þiggja vinnuframlag stjórnarandstöðunnar við það að reyna að finna leið út úr þessum vanda verður hún alfarið að bera ábyrgð á þessu sjálf.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka formanni fjvn. og varaformanni og öðrum nefndarmönnum fyrir gott samstarf á liðnum vikum. Enn fremur starfsmanni nefndarinnar og starfsfólki Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þetta fólk hefur tekist á við erfiða stöðu og óvenju knappan ramma sem hefur gert það að verkum að störf nefndarinnar hafa verið með harla óvenjulegum hætti og samstarf raunar minna en áður.

Svo sem fram kemur í áliti minni hl. fjvn. á þskj. 255 ber minni hlutinn, skipaður fulltrúum allra þingflokka stjórnarandstöðunnar, fram tillögu til rökstuddrar dagskrár um það að afgreiðslu fjárlaga verði frestað og fjvn. falið að taka frv. til gagngerðrar endurskoðunar.

Í rökréttu samhengi við þá tillögu flytur Kvennalistinn engar brtt. við fjárlagafrv. við þessa umræðu. Það er að okkar mati fullkomlega óraunsætt og ábyrgðarlaust að afgreiða frv. í þeirri mynd sem það nú liggur fyrir með tilliti til þeirra staðreynda sem við blasa og staðfestar hafa verið af Þjóðhagsstofnun. En segja má að fréttirnar sem fulltrúar Þjóðhagsstofnunar báru inn á síðasta fund sinn með fjvn. hafi kristallast í eftirfarandi þversögn. Vaxandi og batnandi sjávarafli, minnkandi og versnandi þjóðarhagur. Er nema von að hvarfli að mönnum að eitthvað sé bogið við stjórn lands og þjóðar?

Í nál. minni hl. er bent á að halli ríkissjóðs í ár stefni í 2000—2500 millj. kr. sem er allt að 1800 millj. kr. meiri halli en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga í ár og raunar hafa heyrst hærri tölur, eins og kom fram í grein í Morgunblaðinu í gær, þar sem talað var um 2700 millj. kr. halla.

Minni hl. fjvn. varaði mjög eindregið við samþykkt núgildandi fjárlaga og lýsti sig reiðubúinn til samvinnu við endurskoðun fjálagagerðarinnar. Meiri hl. tók ekki mark á aðvörunum okkar þá og má e.t.v. með nokkrum sanni segja að sú afstaða meiri hl. hafi verið mannleg og afsakanleg við þær aðstæður sem þá ríktu.

Útkoma ríkissjóðs sjálfs við árslok 1984 var mun betri en útlit var fyrir í byrjun þess árs enda þótt sá bati ætti rætur að rekja til mun meiri innflutnings en spáð hafði verið og þar með stóraukins viðskiptahalla og í þjóðhagsspá fyrir árið 1985 gætti nokkurrar bjartsýni um að botni væri nú náð í hagsveiflunni, eins og það var orðað. Við 2. umr. um fjárlög þessa árs lét ég enn í ljós efasemdir um að sú bjartsýni styddist við raunhæfar forsendur, en meiri hl. tók þeirri bjartsýni fegins hendi. Nú blasir við allt önnur mynd og því engin afsökun fyrir því að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár með þeim hætti sem meiri hl. hyggst gera, engin afsökun fyrir því að hundsa aðvaranir minni hl. Slíkt er fullkomið ábyrgðarleysi.

Hrikaleg staða ríkissjóðs nú og fyrirsjáanlegur áframhaldandi halli á næsta ári er bein ávísun á verðbólgu og aukningu erlendra skulda sem þegar eru að sliga þjóðina. Vandi ríkissjóðs hefur farið sívaxandi allt þetta ár án þess að ríkisstj. sæi ástæðu til að grípa til nokkurra aðgerða sem líklegar eru til að skila árangri. Hæstv. ríkisstj. hefur sóað orku sinni í smásmugulegar deilur um fáfengileg atriði og valdatafl. Andvaraleysi hennar og ábyrgðarleysi í þessum efnum á eftir að reynast þjóðinni dýrkeypt.

Undanfarna daga og vikur hefur staðið yfir hávær umræða um viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbankans. Í því máli öllu er fyrst og fremst spurt um ábyrgð. Menn eru ásakaðir harðlega fyrir andvara- og ábyrgðarleysi sem hafi spillt og eyðilagt afkomuöryggi fjölda heimila og muni kosta þjóðina stórfé. Það eru þó litlar upphæðir miðað við þær tölur sem hér er um að ræða. Hér er það spurning um andvara- og ábyrgðarleysi ríkisstj. og meiri hluta Alþingis.

Alþingi verður að spyrna við fótum og hamla gegn síaukinni skuldasöfnun á vegum ríkisins. Fjármagnskostnaður er sá þáttur ríkisbúskaparins sem fyrst og fremst er að sliga hann. Hann fer sífellt vaxandi og mun gera það á næstu árum. Á næsta ári er áætlað nettóútstreymi á samanlögðum afborgunum og vöxtum um 3,5 milljarðar kr. Árið 1987 er reiknað með að nettóútstreymið nemi alls tæpum 5 milljörðum og litlu minna árið 1988. Það er því lítil ástæða til bjartsýni um bætta stöðu ríkissjóðs nema ærlega verði tekið til hendi.

Við slíkar aðstæður eru tilburðir ríkisstj. furðulegir, nánast aumkunarverðir. Sem dæmi má nefna tillögur fjmrn. um niðurskurð á launa- og rekstrarliðum ráðuneyta. Þeim niðurskurði á að ná með því að endurráða ekki í stöður sem losna, ráða ekki í afleysingar o.s.frv. Skyldu menn ekki kannast við þessi ráð? Ætli menn

Arkir 56–58 (í 9. hefti) prentaðar upp.

hafi ekki heyrt þau fyrr? Þetta eru nákvæmlega sömu ráðin og beita átti fyrir tveimur árum við niðurskurð á launaliðum ráðuneyta og stofnana. Menn muna hvernig það gekk eftir. Vísa ég til orða hv. 5. þm. Reykn. áðan sem rakti það ítarlega og studdi með tölulegum upplýsingum.

Í annan stað á að draga úr ferða- og risnukostnaði. Það er nokkuð sem Kvennalistinn hefur æ ofan í æ bent á, en við slíku verður að sporna með markvissum hætti, og enn hafa engar fréttir borist af því hvernig framkvæmdinni skuli hagað.

Þá er fyrirhugaður niðurskurður á sjúkratryggingum sem enginn veit hvernig á að ná fram og enginn hefur heldur trú á að náist. Engar tillögur hafa heldur sést um það hvernig Lánasjóður íslenskra námsmanna á að treina þær fjárveitingar sem honum eru ætlaðar. Svona er það með alla þessa liði, allt galopið og ófrágengið. Enda eru ekki nokkur líkindi til að þessi niðurskurðarmarkmið náist og Kvennalistinn fagnar því að sjálfsögðu, því að burtséð frá því að menn verða að vita hvað þeir eru að gera og útfæra tillögur sínar er hér um kolrangar áherslur að ræða, kolranga forgangsröðun, eins og Kvennalistinn hefur margsinnis bent á.

Kvennalistinn hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að endurskoða þær aðferðir sem beitt er við fjárlagagerðina. Einkenni hennar eru einkum þau að allt frv. er byggt upp á kostnaðartegundum en sáralítið er um að fé sé veitt til ákveðinna verkefna og slíkar fjárveitingar endurskoðaðar reglulega. Þá er áberandi að svo til eingöngu er miðað við fyrri ár þegar beiðnir eru endurskoðaðar, en þessi tvö atriði eru dæmigerð einkenni hefðbundinnar áætlanagerðar. Menn eru ekki á eitt sáttir um ágæti hennar, og við Kvennalistakonur höfum t.d. haldið því fram að meira þyrfti að gera að því að endurskoða fastar fjárveitingar og helst allan fjárlagagrunninn reglulega. Nú er það svo að þegar ákvörðuð eru framlög til stofnana og ráðuneyta er vitanlega reynt að taka tillit til óska og þarfa viðkomandi en þar sem reynslan sýnir að umbeðnar fjárveitingar eru yfirleitt alltaf skornar niður eru mestar líkur á að stjórnendur stofnana biðji alltaf um hæstu tölur sem þorandi er að nefna og verji síðan beiðnir sínar með oddi og egg. Þetta hefur einnig það í för með sér að stofnunum er beinlínis refsað fyrir sparnað þar eð þær fá ekki að ráðstafa þeim upphæðum sem þeim tekst að spara og fá svipaða framreiknun næsta ár og sú stofnun sem eyddi um efni fram. Þessi aðferð hefur það í för með sér að fjárveitingar eru hreint ekki alltaf í samræmi við brýnustu þörf og ráðstöfun skattfjár því ekki með hagkvæmasta hætti.

Fjárveitingar eru byggðar á gömlum grunni sem sjaldan er endurskoðaður en aðhaldið fyrst og fremst bundið við ný verkefni og nýjar mannaráðningar. En það síðarnefnda er í raun illviðráðanlegt einmitt vegna þess hvernig fjárlagagerðinni er háttað. Þessi einkenni hafa komið mjög skýrt fram nú síðustu árin. Ekki má þó láta hjá líða að minna á hve lögbundin föst framlög eru stór hluti fjárlagadæmisins eða í kringum 70% sem vitanlega setur þröngar, afar þröngar skorður.

Og allir kannast við þau ráð sem gripið er til á hverju ári með takmörkunum á þessum lögbundnu framlögum. Þann lið er brýn nauðsyn að taka til gaumgæfilegrar endurskoðunar. En auk þess hlýtur að verða að endurskoða þörfina fyrir ýmsar stofnanir á vegum ríkisins, umfang þeirra og tilverurétt yfirleitt. Ég nefni varnarmálaskrifstofuna, Búnaðarfélagið, veiðistjóra, Veiðimálaskrifstofuna, Fiskifélagið, Ríkismatið, Bifreiðaeftirlitið, Fasteignamatið. Þetta er ekki tæmandi listi og getur ekki verið tæmandi. Slíkar stofnanir eiga að vera í stöðugri endurskoðun.

Herra forseti. Það vantar ekki að ríkisstj. hefur boðað nauðsyn aðhalds allt frá upphafi. Kvennalistinn hefur tekið undir það og bent á leiðir sem sumpart hafa verið farnar og er það vel. Ég minni á niðurskurð til virkjanaframkvæmda sem við höfum margsinnis lagt til og er nú loks framkvæmdur að nokkru. Aðrar sparnaðaraðgerðir ríkisstj. hafa miðast við það fyrst og fremst að skera niður framlög til verklegra framkvæmda, til byggingar skóla og dagvistarheimila, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, hafna og flugvalla. Svo langt er nú gengið í því frv. sem er til umræðu að ekki verður við unað. Tillögur um skiptingu framkvæmdaliða eru því að þessu sinni fluttar af meiri hl. fjvn. eingöngu en ekki nefndinni allri eins og verið hefur. Niðurskurður af þessu tagi er óviðunandi með öllu og hefur í för með sér sívaxandi mismunun og erfiðleika um land allt. 400 millj. kr. til viðbótar við þessa liði væri viðunandi og Kvennalistinn er sannarlega tilbúinn til að breyta forgangsröðun verkefna í samræmi við þá niðurstöðu.

Eins og ég tók fram í upphafi flytur Kvennalistinn engar brtt. við fjárlagafrv. við þessa umræðu enda teljum við nauðsynlegt að fresta afgreiðslu þess og reyna að koma því í raunhæfari búning. Það verður þó að segjast eins og er að lítil von er til þess að meiri hl. taki rökum og því má búast við 3. umr. og afgreiðslu fjárlaga fyrir jólaleyfi eins og venja er. Við þá umræðu munum við freista þess að ná fram lagfæringum á einhverjum liðum sem að okkar mati hafa orðið svo illa úti að óþolandi sé. Ég mun ekki nefna neina liði núna. Það bíður síns tíma.

Herra forseti. Það dæmi sem hér liggur á borðinu gengur ekki upp. Afkoma og lífskjör landsmanna ráðast m.a. af ríkisrekstrinum og það er ábyrgðarleysi að takast ekki á við vandann á afgerandi hátt. Að öðrum kosti stefnir allt í áframhaldandi halla og aukinn halla og auknar erlendar lántökur. Í þeim efnum er nóg að gert og löngu tímabært að snúa af þeirri óheillabraut.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í athugasemdum við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 sem er til 2. umr. segir m.a. að það einkennist af áframhaldandi viðleitni ríkisstj. til að draga úr þenslu í þjóðarbúskapnum og sporna þar með gegn viðskiptahalla og verðbólgu, ná jafnvægi í fjármálum ríkisins og hamla gegn vexti opinberra umsvifa. Nú hefur fjvn. unnið að frv. þessu undanfarnar vikur og mánuði á venjubundinn hátt. Hefur sú saga verið rakin af formanni fjvn. og verður ekki endurtekin, aðeins minnst á nokkur atriði.

Það hefur komið fram og er kunnara en frá þurfi að segja að við þessa fjárlagagerð hefur nefndin talið sér rétt og skylt að gæta ýtrustu hófsemi og sparnaðar. Hefur þessi stefna að sjálfsögðu leitt til þess að fjárveitingar eru yfirleitt skornar mjög við nögl. Mörgum beiðnum hefur alveg verið synjað sem átt hefðu skilið að fá betri meðferð og afgreiðslu. Má því ætla að margir verði fyrir vonbrigðum þegar frv. þetta verður að lögum ef samþykkt verður í svipaðri mynd og nú blasir við. Það er raunar deginum ljósara að miðað við núverandi

ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar verður að hægja ferðina og reyna að draga úr ríkisútgjöldum svo sem verða má. Þarf því engum að koma á óvart þó að ýmsar þarfar og þjóðnýtar framkvæmdir verði að bíða um sinn og skattalækkanir frestist lengur en ætlað var.

Þetta er að sönnu enginn gleðiboðskapur. En nú er svo komið að öllum er ljóst að ekki verður lengra haldið áfram á þeirri braut að auka opinberar lántökur og skuldir erlendis ár frá ári. Þvert á móti ber að leggja allt kapp á að lækka skuldir við önnur lönd í áföngum frá ári til árs svo sem frekast er unnt.

En margs þarf búið við og það er dýrt að halda uppi fámennri frjálsri þjóð, sem býr í harðbýlu landi þótt gott sé og gagnauðugt að mörgu leyti. Það er ærið kostnaðarsamt að semja sig að háttum gróinna velferðarríkja og leggja metnað sinn í að standa þeim hvergi að baki í listinni að lifa. Það kostar mikið fé fyrir fámenna þjóð að halda uppi byggð í stóru landi og búa þegnum sínum sambærileg lífsskilyrði, hvar á landinu sem þeir kjósa að starfa og eyða ævidögum sínum. En við höfum valið þann kost að búa í frjálsu landi og byggja landið allt. Þetta hlutverk leggur okkur þungar skyldur á herðar og ríka ábyrgð.

Það er rétt að kapp er best með forsjá. Hvarvetna um land er mikill framfarahugur í mönnum og framkvæmdagleði. Það er því mikið áhyggjuefni allra þeirra alþm. sem vilja vinna að vexti og hagsæld byggðanna um land allt hvað hið svokallaða framkvæmdafé eða fé til opinberra framkvæmda hefur dregist saman á síðustu árum. Hér er um að ræða opinbert fé sem samkvæmt ákvæðum laga á að renna til skóla og íþróttamannvirkja, dagvistarheimila, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða víða um land, enn fremur til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, sjóvarnargarða, framkvæmda á flugvöllum, landþurrkunar og landgræðslu og samgöngubóta. Allt eru þetta þörf og aðkallandi verkefni sem miða að því að bæta og jafna aðstöðu og lífsskilyrði fólksins í landinu og létta því lífsbaráttuna. Oft er hér um að ræða sameiginleg viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga þar sem stofnkostnaður hvílir á báðum aðilum í ákveðnum hlutföllum. Einstaklingar, forráðamenn sveitarfélaga og samtök þeirra binda að sjálfsögðu vonir við að fylgt sé ákvæðum laga um fjárframlög og þátttöku í kostnaði við framkvæmdir.

Í stjórnarskránni er hið alkunna ákvæði þess efnis að rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skuli skipa með lögum. Sveitarfélögin eru sérstaklega mikilvægar einingar í þjóðfélagsbyggingunni. Milli þeirra og ríkisvaldsins þarf að ríkja gagnkvæmt traust. Hið opinbera, sem svo er kallað, sem ætlast til þess að sérhver þegn þjóðarinnar fylgi landslögum í einu og öllu verður einnig á sinn hátt að sjá til þess að standa við allar löglegar skuldbindingar við einstaklinga og samtök þeirra, leggja áherslu á að allir landsmenn geti náð rétti sínum og notið hans svo sem framast er unnt.

Á hinn bóginn er alveg ljóst að vanda verður allan undirbúning að dýrum framkvæmdum hvar sem þær eru á landinu þar sem þátttaka ríkisins kemur til greina og gæta fullrar hagsýni. Þar getur oltið á miklum fjárhæðum eftir því hvernig á málum er haldið. Sá hugsunarháttur að lítið geri til þó að reikningar séu háir ef ríkið borgi þyrfti að víkja.

Sú staðreynd að fé til opinberra framkvæmda hefur dregist saman svo mjög hin síðari ár leiðir af sér að ógerlegt má telja að skipta því rétt niður milli manna og málefna. Ég hygg að flestallar fjárveitingar af þessu tagi megi því gagnrýna meira og minna að þessu leyti. Um skiptingu þess fjár er varla við neinn einstakan alþingismann að sakast. Hins vegar má gagnrýna okkur alla fyrir að opinbert framkvæmdafé hefur rýrnað svo mjög og sigið saman í höndum okkar á liðnum árum. Það er ekki vansalaust og raunar ekki hættulaust heldur að hafa allar fiskihafnir landsins í algjöru fjársvelti að heita má annað árið í röð. Svipaða sögu er að segja af uppbyggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva víðast hvar um landið og fé til skólamannvirkja og íþróttaunnenda hefur því miður verið allt of naumt skammtað þar sem brýn og aðkallandi þörf er fyrir hendi.

Um einstök erindi sem nefndinni hafa borist mætti margt ræða svo og tillögur hennar til fjárveitinga á ýmsum sviðum. Eitt skal sérstaklega nefnt. Það eru framlög til vegamála á næsta ári sem talið er að geti numið um 2% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu það ár, en í þeim efnum er vitað að hæstv. samgönguráðherra hefur haldið fast á málum til að hverfa ekki að ráði frá þeirri meginstefnu sem allir þingmenn stóðu saman um að móta fyrir nokkrum árum. En það er alkunna að úrbætur í samgöngumálum á landi okkar eru meðal stærstu hagsmunamála allra landsmanna sameiginlega. Vegabætur eru arðsamar á öllum meginleiðum a.m.k. Það er stórt atriði að geta sýnt fram á arðsemi þó að slíkt mat sé ekki einhlítt í öllum greinum. Við smíði fjárlagafrv. hefur þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 að sjálfsögðu verið lögð til grundvallar og önnur gögn frá spökum mönnum og ráðhollum. Allar spár eru þó háðar óvissum forsendum framtíðar og þeim duttlungum framvindunnar sem enginn fær séð né gert sér grein fyrir að nokkru ráði.

Í ítarlegri framsöguræðu formanns fjvn. komu fram margar athyglisverðar staðreyndir og fróðlegar athugasemdir ásamt grg. um þær fjárveitingar sem nefndin hefur samþykkt. Sérstaka athygli vakti tilvitnun hans í ræðu hv. 5. þm. Reykn. sem hann flutti við sams konar tækifæri fyrir nokkrum árum. Þá var hv. 5. þm. Reykn. formaður fjvn. og hafði framsögu af hálfu nefndarinnar við 2. umr. um fjárlagafrv. þeirrar tíðar. Ég heyrði ekki betur en skoðanir þessara tveggja reyndu formanna færu saman í öllum meginatriðum um þau efni sem vitnað var til. Enda fer því jafnan svo, að svipuð viðfangsefni og sú, ábyrgð sem vandasömu starfi fylgir, þoka skynsömum mönnum saman í skoðunum og viðhorfum öllum. Vandann, hver sem hann er, verður að leysa á einhvern hátt, og þá komast ráðamenn einatt að þeirri niðurstöðu að ekki sé um margar leiðir eða lausnir að ræða, aðeins að reyna að ljúka verkinu af bestu samviskusemi og tiltækri þekkingu og helst af öllu á mannlegan hátt.

Af orðum hinna tveggja hyggnu formanna, sem hér hafa verið nefndir, mátti nema þau sígildu sannindi að ekki dugar að hlaða sífellt nýjum og nýjum útgjaldapinklum á ríkissjóð nema sjá jafnframt fyrir tekjum á móti til að standa undir auknum útgjöldum. Það er ekki unnt að veita sjálfum sér né öðrum allt sem hugurinn girnist nema vera viðbúinn því að greiða andvirði þess svo að segja út í hönd. Óhófleg skuldasöfnun ógnar

fjárhagslegu sjálfstæði einstaklinga og þjóða.

Eina færa leiðin er að auka þjóðarframleiðsluna í einhverri mynd, auka þann sjóð og efla sem komið getur til sameiginlegra skipta í þjóðarbúinu. Þar koma m.a. til álita nýjar og vaxandi búgreinar svo sem fiskeldi og ferðamannaþjónusta svo aðeins tvö dæmi séu nefnd. Og ég vil sérstaklega minna á hvað árleg fjárlagagerð og lánsfjárlög hafa mikil áhrif á allan rekstur þjóðarbúsins. Alls staðar verður að spara og gæta hófs. Samt sem áður má ekki gleyma því, sem mikilvægast er, að haga seglum svo að allir landsmenn hafi næga atvinnu og grunnur atvinnulífsins verði treystur til sjávar og sveita um allt land.

Flestar eða allar menningarþjóðir víðs vegar um heim telja sér rétt og skylt að styðja höfuðatvinnuvegi sína til sjós og lands, suma með gífurlegum fjárhæðum á okkar mælikvarða. Það ber ekki ýkjamikið á slíkum stuðningi í þessu frv. enda erfitt árferði og ágjafir á þjóðarskútuna. Þessu meginatriði má þó alls ekki gleyma þó að lítið sé hægt að reiða fram úr ríkiskassanum fyrr en batnar í fjárhagsári.

Við þá afgreiðslu fjárlaga sem nú stendur fyrir dyrum verðum við að vona að þeir erfiðleikar, sem nú er við að fást í sameiginlegum búskap landsmanna, séu él eitt sem gengur yfir uns birtir á ný.

Till. minni hl. fjvn. þess efnis að afgreiða fjárlagafrv. nú með rökstuddri dagskrá, tel ég fráleita. Eigi að síður þakka ég þeim og öðrum nm. í fjvn. gott samstarf.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Að þessu sinni stöndum við frammi fyrir óvenju erfiðri stöðu við afgreiðslu fjárlaga. Ríkisstj. hefur sett sér það markmið að draga úr erlendum lántökum, minnka viðskiptahalla og afgreiða hallalaus fjárlög án nýrra skatta.

Frá því núverandi ríkisstj. tók við völdum hefur tekist að draga úr ríkisútgjöldum án nýrrar skattheimtu. Það hefur raunar tekist að lækka þá nokkuð. Við undirbúning þessara fjárlaga stóð til að hækka nokkuð neysluskatta en jafnframt að standa við fyrirheit um annan áfanga tekjuskattslækkunar. Við meðferð þeirra hefur nú verið fallið frá vörugjaldshækkun en einnig tekjuskattslækkuninni. Jafnframt hafa fjárlög verið skorin niður um á annan milljarð til viðbótar fyrri niðurskurði þannig að ekki verður undirbúningslaust skorið meira niður að sinni, a.m.k. ekki af framkvæmdaliðum.

Því miður verður að játa að tíminn er oftast illa nýttur frá því að fjárlögin eru afgreidd þar til kemur að undirbúningi þeirra næstu. Á þetta við hver sem hefur verið í ríkisstj. Þennan tíma á að nota betur til að finna sparnaðarleiðir og hagræði í rekstri. Hins vegar er oftast gripið til hnífsins á elleftu stundu og þá gjarnan skorið þar sem vel liggur við höggi. Hinn síminnkandi hluti framlaga til verklegra framkvæmda í fjárlögum verður þá gjarnan fyrir valinu. En það sem lengri aðdraganda þarf til breytinga fær að fljóta með áfram lítið breytt. Verulegur sparnaður verður ekki nema heilbrigðiskerfið og menntakerfið verði endurskoðað svo og allt rekstrardæmið. En þessir tveir málaflokkar taka til sín stærsta hluta fjárlaganna. Það hlýtur að vera hægt að ná fram ýmsum hagstæðum breytingum til lækkunar ríkisútgjalda en slíkt þarf auðvitað góðan undirbúning því hafa verður í huga þau markmið sem við höfum sett okkur og auðvitað kosta sitt.

Spyrja má: Er ekki lyfjanotkun hér á landi úr hófi fram? Er ekki kostnaður við sérfræðinga of hár miðað við þau laun sem láglaunafólki í heilbrigðisþjónustunni er boðið upp á? Er ekki hægt að minnka miðstýringuna í skóla- og menntakerfinu? Er ekki hægt að ná betri eða jafnvel jafngóðum árangri og heilmiklum sparnaði með valddreifingu? Er víst að Lánasjóður námsmanna sé rétt hugsaður í dag? Og í húsnæðiskerfinu, er ekki hægt að nota miklu betur fyrirliggandi lánsfé með breyttum reglum? Hafa hinar stórauknu fjárveitingar til húsnæðismálakerfisins skilað þeim árangri sem vænst var? Öllum þessum spurningum verður ekki svarað svo að vel sé nema með mikilli vinnu og góðum tíma.

Í umfjöllun um fjárlagafrv. er nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á raunhæfum skammtímasjónarmiðum og langtímasjónarmiðum. Það hefnir sín að taka ekki fullt tillit til raunverulegs efnahagsástands og horfum þegar fjárlög eru afgreidd. Sveiflur og breytingar hjá okkur eru örar og tíðar og því verðum við oft að slá af kröfum en það þýðir ekki að við megum missa sjónir af langtímamarkmiðum. Of harkalegur niðurskurður gjalda til að ná endum saman getur búið til miklu stærra vandamál en hann leysir. En nauðsynlegt er að standa við þau fyrirheit að hækka ekki skatta eða álögur á atvinnuvegina og fólkið í landinu. Ef það reynist samt sem áður nauðsynlegt þá verður ríkisstj. að ná í peningana frá þeim sem eiga þá, ekki að blóðmjólka þreytta launþega eða íþyngja framleiðslunni meira en orðið er.

Spyrja má hvort hjá því verði komist að ætla fyrir útgjöldum í fjárlagafrv. vegna komandi kjarasamninga. Það ríður á að ná hagstæðum samningum um einhvers konar kaupmáttartryggingu sem stefnir að því að halda í við verðbólguna. Skattalækkunarleið gæti þar haft áhrif til góðs. Einnig sýnist óhjákvæmilegt að koma til móts við útflutningsatvinnuvegina með eitthvert fjármagn ef komast á hjá gengisfellingu eða stöðvun.

Þá vil ég láta koma fram þá skoðun mína að tiltölulega fáar milljónir til hækkunar á helstu framkvæmdaliðum, svo sem skólum, sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum og höfnum, hefðu sætt menn betur við niðurstöðutölur fjárlaga án þess að skipt hefði sköpum í búskap ríkisins.

Um þessar mundir eru miklir erfiðleikar í atvinnuvegum okkar. Við höfum eytt of miklum tíma í mótun fiskveiðistefnunnar fyrir næstu tvö ár. Hjá því verður ekki komist enn um skeið að stjórna þeim málum með líkum hætti og verið hefur. En afkomumál sjávarútvegsins að öðru leyti hafa beðið. Þar er úr vöndu að ráða. Vissulega þrengir sú fastgengisstefna sem fylgt hefur verið meira að útflutningsatvinnuvegunum en þeir geta staðið undir til lengdar þegar verðbólga er svo mikil sem raun ber vitni. Gengisfelling er í sjálfu sér oft og tíðum uppgjöf og áhrif hennar fara fljótt út í verðlagið og kostnað hjá fyrirtækjum og almenningi. Skuldir hækka og fljótlega er staðið aftur í sömu sporum. En þyrfti ekki þess í stað að létta á fjármagnskostnaðinum með skuldbreytingum og lækkun vaxta, útflutningsgjalda o.fl. Lækkun vaxta og endurskoðun á grundvelli verðtryggingar er eitt brýnasta hagsmunamál atvinnuveganna og heimilanna í landinu. Áform fjmrh. og forsrh. um niðurfellingu verðtryggingar á skammtímalánum eru spor í rétta átt.

Í landbúnaði er glímt við erfiðleika vegna samdráttar, erfiðra markaða og minnkandi neyslu. Þótt eðlilegt sé

við núverandi aðstæður að minnka útflutningsuppbætur í áföngum, eins og ákveðið hefur verið, má niðurgreiðslustig innanlands alls ekki lækka frá því sem nú er. Þvert á móti þyrfti það að hækka. Nú er í gangi útflutningsátak með íslenska lambakjötið. Það þarf fyllsta stuðning. Þá mundi öll kjötsala til Keflavíkurflugvallar greiða fyrir íslenskum landbúnaði ef hún kæmist á og það þarf að vera sem fyrst.

Gagnvart iðnaði hafa stjórnvaldsaðgerðir til verndunar íslenskri framleiðslu náð allt of skammt þannig að erlenda varan hefur í of miklum mæli vinning á markaðnum. Sérstaklega vantar að styðja við bakið á fyrirtækjunum í vöruþróun og markaðsöflun.

Herra forseti. Núv. ríkisstj. tókst í upphafi síns ferils á við mikinn vanda og náði árangri. Fólkið fylgdi henni og tók á sig byrðar í von um betri tíð. Því miður hallaði undan fæti á haustmánuðum 1984. Þótt við höfum nú um stund gengið skref til baka í verðbólgubaráttunni þá er enn hægt að hefja merkið á loft. Til þess er ætlast af fólkinu í landinu að ríkisstj. stjórni.

Aðalatriðið fyrir ríkisstj. og stuðningsmenn hennar er að ná að nýju góðu sambandi við þjóðina. Það tekst ekki nema taka á sig rögg. Það þarf að eyða ágreiningi í samstarfinu en magna hann ekki eins og stöðugt er verið að. Hætta að skemmta skrattanum. En það þarf líka að láta verkin tala betur.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Mig langar til þess að koma að þessu máli sem hér er til umræðu á aðeins annan hátt en ég myndi hafa gert undir öðrum kringumstæðum eða með smá samlíkingu. Nóbelsskáldið okkar segir í Brekkukotsannál af konu sem einhvern dag hafi borið að garði, komið að vestan, norðan eða jafnvel að austan. Þessi kona gerði sér lítið fyrir, eins og menn muna, og varð léttari á meðan hún var í Brekkukoti að bíða eftir skipi og ól barn. Þetta barn varð Álfgrímur — svona seinna. Svo var Álfgrímur látinn segja söguna áfram einhvern veginn á þessa leið:

„Síðan skildi konan mig eftir nakinn með þetta einkennilega nafn í fanginu á honum Birni sáluga grásleppukarli í Brekkukoti og hvarf á braut. Er sú kona úr sögunni."

Þessi upprifjun á við hér, svo merkilegt sem það nú kann að virðast, að því leyti sem samlíkingin á við. Því miður sitjum við uppi með ríkisstj., við sitjum uppi með þennan frumburð hæstv. fjmrh., en ríkisstj. fer hvergi. Hún er ekki horfin á braut með næsta skipi og er þar með ekki úr sögunni eins og Nóbelsskáldið komst svo snyrtilega að orði um konuna sem ól drenginn.

Öfugt við það sem gerðist í sögunni, þar sem konan ól barnið og fór svo, elur ríkisstj. af sér þetta fjárlagafrv., sem er auðvitað í alla staði ómögulegt, en ríkisstj. er til staðar þá enn og við losnum ekki við hana. En spurningin er þá hvort það eru kjósendurnir sem eru úr sögunni í staðinn og þeir séu, samkvæmt þessu fjárlagafrv., ekki lengur gjaldgengir.

Það má einnig taka samlíkinguna um þessa konu, sem kom einhvers staðar að — hana bar að garði að vestan, norðan eða jafnvel austan — á annan hátt. Því er nefnilega eins farið með ríkisstj. Hún kemur að sunnan, vestan, austan og jafnvel að norðan. En það er greinilegt, sé aðeins tekið mið af þessu frv., að hún veit ekki hvert hún er að fara eða hvaðan hún kom. Hún virðist ekki vita hvert hennar ætlunarverk hafi í raun og veru verið í þessu þjóðfélagi.

Hæstv. forsrh. sagði við útvarpsumræðurnar í gærkvöld eitthvað á þessa leið: „Ég er mjög bjartsýnn á framtíð þessarar þjóðar" og svo sagði hann sömuleiðis að við ættum glæsta framtíð ef okkur tækist að koma fjármálunum á réttan kjöl. Það vantar nú ekki hortugheitin. Það er auðvitað hægt að vera bjartsýnn og vita til þess að við getum átt glæsta framtíð, ef og ef. En ég er ansi hrædd um að þessi glæsta framtíð eigi bara ekki við um allan almenning í þessu landi eins og nú er ástatt og eins og nú horfir almennt og gagnvart þessu frv. sem hér er til umræðu.

Hæstv. forsrh. á sem sagt við það að ef það tekst, sem ekki hefur tekist hingað til, þá verði allt í stakasta lagi. Í raun og veru hefur óttalega lítið gerst í valdatíð þessarar ríkisstj. nema þá til hins verra hvað varðar almenning í landinu.

Í þessu frv., á síðu 295, segir, með leyfi forseta, um eitt af því sem ríkisstj. ber að gera: „Nauðsynlegt er að ná jöfnuði í utanríkisviðskiptum." En það má heita fullvíst að þetta sama hefur staðið í öllum fjárlagafrumvörpum síðustu 10 eða 11 árin. Þetta eru bara orðnir marklausir frasar. Raunveruleikinn er allt annar og óhugnanlegri. Ef tölur eru teknar frá árinu 1974 og fram í júní 1985, um kauptaxta, þá hafa þeir svona að meðaltali rúmlega 40-faldast. En á sama tíma hafa erlendar skuldir 173-faldast. Gott og vel. Gengið hefur verið margfellt á þessum tíma en svona rosaleg þróun segir okkur sína sögu.

Og enn eitt dæmi er hægt að nefna sem sýnir þetta vel. Erlendar skuldir eru um 60 milljarðar og miðað við fjögurra manna fjölskyldu, eins og tíðkast að miða við, þá nema erlendu skuldirnar sem sagt 1½ millj. á hverja þeirra, þessir 60 milljarðar. Það sem gert hefur verið virðist einna helst hafa verið til harla lítils gagns. Öll launahækkunin, sem átt hefur sér stað við samningagerð á framsóknaráratugnum, eða síðustu 15 árin ef við viljum hafa það svo, hefur í raun og veru farið algerlega forgörðum. Samningagerðin öll skiptir afskaplega litlu máli, og öll samvinna þar með. Hvernig menn skipta verðmætum í þessu þjóðfélagi virðist alfarið á röngum brautum. Þess vegna er það að við þurfum að hafa dug í okkur til þess að hugsa upp á nýtt og byrja á því að setja okkur í stellingar og spyrja okkur að því hvar við höfum farið rangt að. Við þurfum að viðurkenna og horfast í augu við að það hefur engin þjóð, a.m.k. sem sögur fara af, dengt sér með slíku offorsi inn í velmegunina eins og við Íslendingar. En við þurfum einnig að viðurkenna það að okkur hefur á síðustu árum farið allverulega aftur hvað varðar þessa velmegun.

Tekju- og eignaskiptingin er orðin með þvílíkum einsdæmum og bilið á milli þeirra, sem talist geta ríkir, og þeirra, sem talist geta fátækir, hefur aldrei verið stærra né meira.

Hvert stefna menn í dag? Til gamans má geta þess að það hefur m.a. komið fram í blöðum að erlendir kaupsýslumenn og auðjöfrar eru yfir sig hissa á öllum þeim Íslendingum sem eru að ferðast um í flugvélum og forsrh. okkar virðist nú vera einn af þeim. En síðan segja þessir sömu menn, sem eins og ég gat um áðan eru kaupsýslumenn og auðjöfrar erlendis, að þetta hljóti auðvitað að vera þjóð sem stefnir hraðbyri fram á við og að hér séu allir að spekúlera eitthvað í viðskiptum. En þeir segja líka þegar þeir líta ósamræmið í þessu öllu

saman: Þetta stemmir alls ekki vegna þess að það hlýtur að vera eitthvað stórkostlega mikið að hjá þjóð þar sem 5 þús. manns eru í innflutningi en aðeins hundrað og eitthvað í útflutningi.

Á síðustu 14 árum hefur alltaf verið viðskiptahalli við útlönd nema eitt ár og það er alveg óþarfi að vera að tíunda endilega hvaða ár það var. Það er ekki það sem er áhugavert. Það er ekki áhugavert vegna þess að hitt dæmið, um 5 þús. manns í innflutningi og rúmlega 100 í útflutningi segir okkur að kerfið fær ekki staðist. Við getum öll tekið að okkur að fara ofan í saumana á þessari vitleysu allri saman og það er alveg sama hvort við höfum átt beinan þátt í þessu með því að eiga fulltrúa á þingi áður eða fulltrúa í ríkisstjórnum s.l. ára. Við verðum að takast á við og leysa úr þeim verkefnum og erfiðleikum sem fólkið í landinu á við að etja. Við getum ekki bara setið og beðið til eilífðarnóns eftir einhverjum Messíasi jafnvel þó svo við séum strangtrúuð eins og ég er. Við verðum að gera okkar besta og spila á þau spil sem við höfum á hendi. Annars þjónar engum tilgangi að vera fulltrúi hér inni á hv. Alþingi okkar Íslendinga. Og það er á engan hátt trúverðugt og á engan hátt í samræmi við það hlutverk sem við vorum kosin til þess að gegna.

Það er auðvitað gott og blessað að boða komu Messíasar sem öllu breytir í einni svipan og snýr öllu til betri vegar í stjórnkerfinu. Það ber að gera meðfram og ég er mjög svo sannfærð um nauðsyn og ágæti þess. En fyrst og fremst verðum við að sýna það af okkur sem gerir það að verkum að við séum þess megnug að láta eitthvað það af okkur leiða sem orðið gæti til þess að rétta af bágborinn hag almennings. Það er alveg óþarfi að segja stöðugt sem svo: Vegna þessa og vegna hins er allt ómögulegt. Við eigum að hafa frumkvæði að því og við eigum að geta spurt okkur hvað það er sem farið hefur forgörðum og hvað það er sem farið hefur úrskeiðis. Og við getum einnig komið fram með tillögur varðandi það hverju þurfi að breyta án þess að þurfa sífellt að kenna öðrum um en okkur sjálfum. Við hljótum að vera tilbúin í samvinnu um að reyna að koma þessu í lag.

Það hefur t.d. oft og tíðum verið bent á það að frjálsar einingar, frjálsar afmarkaðar einingar séu í sjálfu sér færastar um eða stjórnendur þeirra að bera skynbragð á hvernig eigi að reka þær, að það gerist sem sagt ekki sjálfvirkt samkvæmt einhverri miðstýringu. Miðstýringin á einungis að vera fólgin í því að hún sé trygging fyrir fólk, hvert sem það er og hvar sem það er, að það fái notið þeirra réttinda sem því er nauðsynlegt allra hluta vegna, bæði andlega og líkamlega. Í raun og veru er eina réttlætanlega miðstýringin sem fyrirfinnst, og sú sem maður getur fallist á að eigi rétt á sér, sú sem miðar að því að jafna út rétt þjóðfélagsþegnanna, ekki bara eftir því hvar þeir búa heldur einnig eftir því hvernig þeir eru á sig komnir, bæði andlega og líkamlega. Það er m.a. þetta sem mér finnst nauðsynlegt að haft sé í huga við alla uppbyggingu fjármálakerfisins og að gengið sé út frá í einu og öllu. Öll miðstýring út fyrir þessa þætti, sem ég nefndi, á auðvitað alls ekki neinn rétt á sér. Það sem er þar fyrir utan á að vera á ábyrgð einstaklinganna. Þegar menn hafa komist að samkomulagi um að svo sé, þá verða allir að átta sig á því að það eru þeir sem eru ábyrgir.

Þessi samtrygging eins og hún hefur birst okkur er auðvitað ekki til þess fallin að ýta undir að einstaklingar taki ábyrgð, í það minnsta ekki þeir stóru. Af atburðum síðustu daga virðist ljóst að sumir koma alltaf niður á lappirnar. Alveg sama úr hve mikilli hæð þeir detta. Er það vegna þess að þeir hafi verið svona ábyrgir gerða sinna og gert ráð fyrir einhverju til að lenda á? Nei. Það er vegna þess að samtryggingin hefur verið svo mögnuð að það hefur verið séð fyrir því að þeir hafa lent á mjúku undirlagi og komið niður standandi.

Nú hefur komið í ljós við umræðuna að fyrir liggur frá minni hl. fjvn. till. til rökstuddrar dagskrár. Vill minni hl. að frestað verði að afgreiða frv. að sinni. Einnig felur minni hl. fjvn. að taka frv. til gagngerrar endurskoðunar með því markmiði að afgreidd verði hallalaus fjárlög fyrir árið 1986. Ég lýsi mig alfarið sammála þessari till. og mun greiða henni atkvæði mitt.

Þó ekki sé tekið nema eitt dæmi úr fjárlagafrv. þá nægir það til þess að senda þetta frv. til baka til endurvinnslu til þess að menn reyni nú að hugsa upp á nýtt. Í frv. er halli á viðskiptajöfnuði áætlaður 5 milljarðar á þessu ári, 1985. En upplýsingar sem fram hafa komið nú á síðustu dögum um þróun á verðgildi dollarans eru miklu alvarlegri hvað okkur varðar, en menn hafa gert ráð fyrir og því verður hallinn á viðskiptajöfnuði auðvitað mun meiri en ætlað var. Erlend skammtímalán á árinu 1985 einu saman jukust um 50% frá árinu áður, úr 8,5 milljörðum í 13 milljarða. Spáin um óhagstæðan viðskiptajöfnuð upp á 4,3 milljarða fyrir 1986, miðað við rúma 5 milljarða á þessu ári, stenst þess vegna engan veginn miðað við horfurnar í dag.

Miðað við þessi atriði, sem ég hef hér tínt fram, sýnist mér ómögulegt að taka á þessu frv. sem marktæku plaggi. Þetta er í mesta lagi einhver ósk um að eitthvað annað kunni að gerast en það sem í raun og veru blasir við eins og t.d. þegar börnin setja á óskalistann sinn það sem þau langar mest til að fá svona rétt fyrir jólin. Og ríkisstj. vonast greinilega til þess að fá þá breyttu stöðu í jólagjöf frá umheiminum að viðskipti við útlönd verði hallalaus.

Þær þjóðfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað á síðustu 10—15 árum eru svo afgerandi að við verðum að mæta þeim á annan hátt en við ætluðum okkur um það leyti sem við urðum nýrík, eða upp úr stríðinu. Þá er ég að ýja að því að t.d. öll menntun hefur tekið þvílíkum stakkaskiptum og þær kröfur sem til hennar eru gerðar á heimsmælikvarða eru gerbreyttar. Þar þurfum við að breyta um aðferðir. Tómstundir hafa orðið til og verða fleiri og fleiri og þær þarf auðvitað að uppfylla. Ég er einnig þar að tala um atvinnuhætti og þær breytingar sem hafa orðið þar á. Það sem ég á við er að þjóðfélagsgrunnurinn er auðvitað allur annar í raun og veru en sá sem þetta frv. sjálfvirkninnar gerir ráð fyrir. Hlutur eða hlutfall aldraðra er orðinn svo stór og fer sívaxandi að það er nauðsynlegt að endurskoða grunninn rétt eins og ég gat um áðan.

Það er einnig öllum ljóst hve hlutfall einstæðra foreldra hefur aukist og einnig útivinna beggja foreldra og svona mætti lengi telja. Grunnurinn er sem sagt allur annar en þetta sjálfvirka kerfi sem allt byggist á og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Íslenska stjórnkerfið virðist samkvæmt þessu vera vanmáttugt til þess að taka á þeim breytingum sem nauðsynlegar eru. Stjórnvöld virðast einnig vera van-

máttug í veikburða tilraun sinni til að taka á þeim þáttum sem til þarf svo að unnt sé að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarfarinu. Það hefur komið í ljós t.d. að þær tillögur sem komið hafa frá þeirri nefnd sem til þeirra hluta var fengin, þ.e. að gera tillögur til breytinga á stjórnarfarinu, voru vissulega til bóta en þær strönduðu á þeim sem við getum kallað hagsmunaverðina í kerfinu. Það þurfa auðvitað að gilda um það ákveðnar reglur að hvert ráðuneyti sé ábyrgt gerða sinna og að menn geti ekki komið eftir á og sagt sem svo: Allar áætlanir hafa verið skornar niður og þess vegna fórum við fram yfir. Það segir okkur ekkert annað en það að þó svo að verið sé að býsnast við að skera niður og einhvers staðar verið að reyna að lagfæra, þá hefur það ekkert að segja vegna þess að það eru alls staðar einhverjir smákóngar í kerfinu sem hreinlega neita að láta segja sér fyrir verkum og koma þess vegna bara að kassanum og segja: Við fórum fram yfir áætlun. Og að sjálfsögðu fá þeir allt greitt. Menn eru bara ekki látnir standa ábyrgir gerða sinna og miðstýringin er svo mikil að enginn hefur nokkra einustu möguleika til þess að hafa þar yfirsýn yfir. Smákóngarnir í kerfinu spyrna gegn eðlilegum breytingum á því. Þessir útverðir hins frjálsa hagkerfis telja sér borgið þegar þeir njóta fyrirgreiðslunnar.

Í þessum tillögum, sem ég hef gert hér að umtalsefni, átti m.a. að tryggja ríkisstjórnum ákveðið frelsi gagnvart stjórnarráðinu sem slíku, þ.e. ef ríkisstj. dytti nú í hug að hafa einhverja stefnu, þá þyrfti hún ekki að stranda á þeim sem að vísu hafa þekkingu og reynslu í kerfinu en eru auðvitað jafnframt orðnir svo fastir og staðnaðir í því að það getur verið að þeim finnist bara þeirra hluta vegna stefnan ekki vera hagstæð.

Þarna var t.d. talað um að afnema æviráðningu og átti þar með að ráða menn til 4—5 ára og færa menn til innan ráðuneytanna og enginn að vera þar lengur en í 8 ár og síðan að færast yfir í annað ráðuneyti ef ætlunin var að viðkomandi væri lengur viðloðandi þetta starfssvið. Einnig má taka til að útverðir verkalýðshreyfingarinnar eru því miður löngu orðnir samtvinnaðir þessum hagsmunatengslum ríkisforsjárkapítalistanna. Enginn hefur í rauninni betur lýst þessari samningagerð og því hvernig þjóðarkökunni er skipt en Ólafur Björnsson, fyrrum prófessor og fyrrum alþm. Sjálfstfl. Hann hefur sagt sem svo: „Menn semja um einhverja ákveðna stærð. Síðan ganga atvinnurekendur fyrir stjórnvöld og segja: Því miður, þetta getum við ekki og þess vegna verðum við að fá tryggingu í hærra verðlagi." Þessu hefur hann lýst á svona einfaldan og skýran hátt. Nú er það í raun og veru afar fróðlegt að bíða hér eftir því að fá að heyra á hvern hátt menn hafa ætlað sér að stuðla að því að fjölskyldur komist af.

Samkvæmt þeim opinberu tölum sem eru fyrirliggjandi er framfærslukostnaður fjögurra manna fjölskyldunnar áætlaður um 80 þús. kr. á mánuði. Mér er spurn: Hafa fyrirvinnur — ég voga mér ekki að segja fyrirvinna — hafa fyrirvinnur fjögurra manna fjölskyldna þessi mánaðarlaun, plús svo, að eftir er að greiða skatta og afborganir af lánum, því að þeir þættir eru ekki inni í útreikningi framfærslukostnaðar?

Það sem er hins vegar athyglisvert í þessu sambandi er að þessar tölur eru alveg í samræmi við þjóðarframleiðsluna. En jafnframt vita það allir að slík fjölskylda hefur ekki þessar tekjur, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess sem fellur undir framfærslukostnað. Þar inni í er ekki reiknað með, eins og fram kom fyrr í máli mínu, afborgunum af lánum og auðvitað er ekki reiknað með að þessi fjölskylda eigi að borga skatta af þessum aurum. Nei, það er talið að hún þurfi, til þess að halda í sér lífinu, litlar 80 þús. kr. á mánuði. Þessir útreikningar eru opinberir og þess vegna er alls ekki ástæða til að efast um að þeir séu réttir, eða hvað? Og ég er alveg viss um að ekkert er verið að bruðla í framfærslu þeirrar vísitölufjölskyldu sem þó nær ekki einu sinni fjórum því að mig minnir að hún sé eitthvað um þrír komma sextíu og eitthvað. Þar er t.d. alveg ábyggilega ekki tekið tillit til þess inni í þessum útreikningum hvað það kostar að taka lán. Þess vegna og vegna allra þeirra atriða sem fram hafa komið hér í umræðunni, sérstaklega hjá stjórnarandstöðunni, er nauðsynlegt að þetta frv. sé tekið til gagngerrar endurskoðunar.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er ekki mikið sem ég ætla að ræða viðvíkjandi þessu frv. Það eru tvö efnisatriði sem ég ætla að fara ofurlítið ofan í og spyrja helstu aðstandendur frv. um, hv. þm. Pálma Jónsson, hæstv. fjmrh., og gjarnan hefðu viðkomandi hæstv. fagráðherrar mátt vera viðstaddir. Á ég þar alveg sérstaklega við hæstv. núv. menntmrh., Sverri Hermannsson, því ég ætla að spyrja hann að gefnu tilefni út í mjög afgerandi loforð sem hann gaf — ég hygg að það hafi verið á fyrstu sólarhringum ráðherradóms hans í menntmrn. — um það að í fjárlögum þessum, þ.e. á fjárlögum næsta árs, yrði séð fyrir því að háskólakennsla gæti hafist á Akureyri næsta haust, eða nám á háskólastigi. Það hefur væntanlega þýtt það, þegar hæstv. menntmrh. lofaði þessu, að hann ætlaði sér að sjá fyrir fjárveitingum til verksins á þessum fjárlögum. Ég hef lesið alveg samviskusamlega í gegnum fjárveitingar til menntmrn. undir hverjum Háskóli Íslands er skráður, fjárveitingalið 02-201, og einnig farið í skýringar við þennan sama lið aftar í frv. á bls. 217 og 218 og þar er ýmislegt gott sagt um Háskólann og þetta er allt útskýrt hvernig verja á því fé sem hann fær, og hvergi finn ég þennan umrædda lið, hvergi nokkurs staðar, ekki eina einustu krónu, ekki aur. Þess vegna er ég farinn að óttast það að hæstv. menntmrh. verði gerður ósannindamaður, að honum verði ekki gert kleift að standa við þetta eindregna loforð sem hann þarna gaf. Það eru mjög alvarlegir hlutir, herra forseti, ef hæstv. ráðherrar standa uppi ómerkir orða sinna sem þeir gefa í krafti síns embættis, og verður þá annað hvort að gerast: að þeir hætti að gefa slíkar yfirlýsingar og hafi taumhald á tungu sinni eða standi við þær ella. Því það er auðvitað algjörlega óþolandi að ráðherrar fari með þeim flysjungshætti í embætti sínu að þeir gefi slíkar yfirlýsingar og slík loforð og séu svo ekki menn til að standa við þau.

Ég gæti haft um þetta sérstaka mál býsna langa ræðu, herra forseti, en ég sé svo sem ekki ástæðu til þess. Ég rökstuddi það nokkuð ítarlega í ræðu hér á hinu háa Alþingi í fyrra, bæði í fyrirspurnatímum og einnig þegar ég mælti fyrir brtt. við fjárlög s.l. árs, hvers vegna ég teldi tímabært að taka upp þennan fjárveitingalið. Ég held reyndar að ekki þurfi ýkja háa fjárveitingu til að hleypa þessari starfsemi af stokkunum því eðli málsins samkvæmt kæmi hún einungis til á síðari hluta ársins, þ.e. fyrri hluta þess skólavetrar og einhverjar fjárveitingar þyrfti þá til undirbúningsstarfa einnig. Enn fremur liggur það fyrir að Akureyrarbær er tilbúinn að leggja mikið af mörkum, þ.e. leggja starfinu til húsnæði og stendur það tilboð. Það hefur einnig náðst um þetta

mál mikil samstaða. Það er kannske það sem helst hefur breyst síðan þetta mál var hér til umfjöllunar síðast að nú hefur allur Norðlendingafjórðungur — og reyndar menn víðar að á landinu — lagt þessu máli lið og lýst yfir við það stuðningi og, eins og ég hef áður rakið, sjálfur hæstv. núv. menntmrh., sem reyndar gaf fyrst slíkar stóryrtar yfirlýsingar sem iðnrh. og var svo vinsamlegur að endurtaka þær á fyrstu dögum ráðherradóms síns í menntmrn.

Hv. þm. Halldór Blöndal er fjarstaddur, eins og oftar. Hann hefur einnig gefið út býsna sterkar yfirlýsingar um þessi mál, að vísu ekki á Alþingi, en ég held ég megi fara með það hér að hann hafi á fjórðungsþingi Norðlendinga s.l. sumar tekið mjög sterkt til orða í þessum efnum og nánast fullyrt það við þinggesti að þessari starfsemi yrði hleypt af stokkunum á næsta ári. Og þegar tveir svona merkir menn, svona gagnmerkir menn, herra forseti, hæstv. menntmrh. og hv. þm. Halldór Blöndal, í sama flokki og hæstv. fjmrh., eru búnir að taka svona til orða eru það nokkur tíðindi ef þeir eru báðir rassskelltir með þeim hætti sem mér sýnist eiga að gerast í þessu frv. til fjárlaga ef samþykkt verður óbreytt hvað þetta varðar.

Ég vil því, herra forseti, beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. — og þó hann sé fjarstaddur vona ég að hann geti þá svarað því við síðustu umræðu fjárlaga — hvers vegna, ef hann ætlar ekki að standa við þessi loforð sín, hann gerir það ekki. Ég krefst skýringa, herra forseti, á þeim ummælum hæstv. menntmrh. að hleypa eigi þessari starfsemi af stað ef síðan á ekki að standa við þau.

Ég vil spyrja þá aðra nánustu aðstandendur frv. sem hér eru staddir hins sama og vonast til að fá á því skýringar á eftir þar sem hv. þm. og formaður fjvn. Pálmi Jónsson er hér í salnum og ég sé hæstv. fjmrh. bregða fyrir svona við og við hér í hliðarsölum.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að ræða, herra forseti, varðar fjárveitingar undir liðnum Utanríkisráðuneyti. Og þá er einnig nokkur harmur að oss kveðinn að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera til staðar og ég sé ástæðu til að spyrja virðulegan forseta hvort það sé ekki góð þingvenja að fagráðherrar séu jafnframt til staðar þegar rædd eru fjárlög vegna þess að það er ekki óeðlilegt að menn vilji beina spurningum til þeirra einnig þegar til umfjöllunar eru fjárveitingar til einstakra fagráðuneyta. Þó ég sé ekki þar með að draga úr því að hæstv. fjmrh. og hv. formaður fjvn. séu fullmektugir að svara til getur einnig verið eðlilegt að menn vilji eiga orðastað við hæstv. fagráðherra.

Því beini ég spurningu til hæstv. utanrrh., og leyfi mér að gera það þó hann sé ekki viðstaddur, í von um að hann sjái þó sóma sinn í að svara henni við síðustu umræðu fjárlaga. Sú spurning varðar tvennt, annars vegar fjárveitingar til svonefndrar varnarmálaskrifstofu og hins vegar fjárframlög Íslendinga til þróunaraðstoðar. Mér finnst, herra forseti, koma fram í þessum tveimur fjárveitingaliðum, þ.e. annars vegar þeirri miklu hækkun fjárveitingar til varnarmálaskrifstofu svonefndrar sem hækkar úr 5961 þús., sem var á fjárlögum ársins 1985, í 11 135 þús. Þessi hækkun er langt umfram verðlagsforsendur frv. og miklu meiri en líklega flest önnur starfsemi af þessu tagi fær í frv., og þess vegna hljóta menn að spyrja sig: Hvað er það sem er svo brýnt og svo aðkallandi í þessari starfsemi að hún er dregin svona skýrt út úr með þessum hætti? Er hægt að færa fyrir því einhver augljós rök að það sé algjörlega óhjákvæmilegt fyrir íslensku þjóðina að hækka þetta framlag svona mikið? Er það þjóðarheill sem er þar í húfi, herra forseti? Vegna þess að hvar sem borið er niður í þetta frv. annars staðar er svo naumt skammtað og margri þjóðþrifastarfsemi skorinn svo þröngur stakkur að við það verður naumast unað.

Ég ætla að fletta einni blaðsíðu í frv., eða skýringum við einstaka fjárveitingaliði, og fara af blaðsíðu 233 yfir á blaðsíðu 234 og þar er liðurinn 390, Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Hvað gefur þar að líta, herra forseti? Þar er um miðja síðuna tekið saman í einni töflu það sem við Íslendingar ætlum að verja á næsta ári til þróunaraðstoðar samtals. Þetta er blaðsíða 234 ef menn eru ekki búnir að finna það. Þar hækka framlög úr 77 420 þús. kr. á s.l. ári í 91 millj. kr. Og þetta er rétt nálægt verðlagshækkun frv. að öðru leyti. Þar er t.d. liður sem heitir Sérstök — eða hét á síðustu fárlögum — matvælaaðstoð. Hún heitir núna Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstj. Ég held ég fari rétt með það að einmitt við þennan lið eru brtt. frá meiri hl. fjvn. ef ég man rétt. Í hvaða átt eru þær brtt.? Þær eru til lækkunar. Liðurinn Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstj. er lækkaður. Sennilega er þessi lækkun, milljón minna, eða hvað það nú var, það sem átti að veita til bágstaddra í Kólumbíu. Ég gæti vel ímyndað mér að fréttatilkynning ríkisstj. hefði verið notuð til að lækka liðinn en ekki hækka hann þegar hún sló sér á brjóst, hæstv. ríkisstj., og ætlaði af miskunnsemi sinni og mannúð að veita örfáum krónum til þeirra tugþúsunda ef ekki hundraða þúsunda sem búa nú við sárustu neyð og örbirgð vegna náttúruhamfaranna í Kólumbíu.

Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að siðgæðið sem felst í því að fara svona með þessa tvo fjárveitingaliði sem ein þunn blaðsíða skilur að í fjárlögunum er algjörlega ofvaxið mínum skilningi. Það er algjörlega ofvaxið mínum skilningi að okkur á Alþingi Íslendinga skuli vera boðið upp á það, á þessu herrans ári, að eiga að hækka langt umfram verðlag framlög til hermála, til þeirra einu hermála sem við Íslendingar höfum útgjöld af, en lækka framlög til þróunaraðstoðar og neyðaraðstoðar við bágstadda í heiminum. Og er þá ekki allt upp talið, herra forseti, því málið er verra en þetta. Virðingu Alþingis er meira misboðið en þetta, herra forseti, vegna þess að það eru ekki nema nokkrir mánuðir liðnir síðan Alþingi Íslendinga samþykkti bindandi þál. samróma, einróma — hver einasti þm. í þingsalnum rétti upp hendina — um að auka framlög Íslands til þróunaraðstoðar í jöfnum áföngum á næstu sjö árum, á næstu sjö árum. Ég ætla að lesa, herra forseti, þessa þál. sem var 507. mál á þskj. 947 á síðasta löggjafarþingi. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjunum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu.“ Ég endurtek, herra forseti: „með reglubundinni aukningu framlaga“, og það er ekki hægt að lesa út úr orðunum reglubundin aukning annað en það að hún sé með einhverjum jöfnum áföngum allt tímabilið, annað hvort jöfn upphæð eða jafn hundraðshluti sem bætist við á hverju ári, því annars er hún ekki reglubundin, svo einfalt er það.

Og hvað er meiri hl. hv. fjvn. að bjóða okkur upp á hér með þessu frv. til fjárlaga? Að brjóta þessa stefnu, að vanvirða þessa ákvörðun Alþingis sem er ekki einu sinni ársgömul og það þegar ástand heimsmálanna er eins og það er, þegar fréttir fjölmiðlanna undanfarnar vikur hafa verið eins og raun ber vitni um hungursneyðir, um náttúruhamfarir o.s.frv., o.s.frv., og einni blaðsíðu framar er hækkun til hermála.

Og þá ætla ég að fara að annarri þál. sem einnig var samþykkt einróma, einróma hér á hv. Alþingi. Og hvernig var hún? Það var þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Og hvað stendur þar, herra forseti? Þar stendur í 2. málsgr.: „Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum." Hvernig samræmast þessar áherslur hæstv. ríkisstj., meiri hl. fjvn., þessum tveimur þál.? Þær gera það ekki. Þær eru vanvirða við báðar þessar ályktanir. Þær ganga gegn þeim áður en þær eru orðnar ársgamlar.

Ég skal svara hv. 2. þm. Reykv. hvers vegna ég flyt ekki brtt. nú við þessa umræðu. Það er vegna þess að ég styð þá afstöðu minni hl. fjvn. að gera það ekki við þessa umræðu. Við teljum ýmislegt þannig í pottinn búið að það sé ekki rétt, og að sjálfsögðu styð ég það eins og aðrir. En ég, í staðinn fyrir að flytja brtt., skora á þá hv. þm., sem þó eru eftir í þingsalnum og sjá sóma sinn til þess og mættu vera fleiri, að hugsa málið fram að síðustu umræðu fjárlaga, að hugsa málið: Er það samboðið virðingu Alþingis að brjóta þá stefnu sem það hefur einróma markað nokkrum mánuðum áður með þessum hætti, áður en þær ákvarðanir eru einu sinni orðnar ársgamlar, og gera í raun gott betur? Að ganga þvert gegn þeim með því að hækka eins og ég hef rakið þann lið einan sem teljast má framlög til hermála eða málaflokka tengdum hernaði í íslensku fjárlögunum.

Ég held, herra forseti, að sú hækkun sé gersamlega óþörf og ástæðulaus, gersamlega. Mér er ekki kunnugt um að þessir drengir í varnarmálaskrifstofunni séu svo ofhlaðnir störfum að þeir þurfi tvo eða þrjá ritara í viðbót, eða hvað það nú er. Ég hef ekki betur séð en þeir hafi nógan tíma til að sita í hliðarsölum Alþingis í rólegheitum lon og don t.d. og fylgjast með umræðum, og er ég ekkert að lasta það. Það getur verið hluti af þeirra starfi. En ég hef ekki séð að þeir hefðu það svo erilsamt öðrum mönnum fremur, né kem ég auga á þau aðkallandi og brýnu verkefni sem þar séu á bænum að það réttlæti að þeir séu dregnir út úr, nánast einir, með þessum hætti og hlaðið undir þá, né sé ég heldur ástæðu til þess, herra forseti, að við Íslendingar sem engan höfum herinn séum að kosta sérstakan mann út í Brussel til að sinna þeim málum. Ég sé satt best að segja enga ástæðu til þess fyrir nú utan það að það er auðvitað hrein ögrun, það er hrein ögrun í ljósi þeirra deildu meininga sem eru um utanríkismál, herra forseti, að ganga fram með þessum hætti.

Ráðdeild og aðhald og sparnaður eiga að vera einkunnarorð þessa frv. Það er nú meira aðhaldið og það er nú meiri ráðdeildarsemin að bæta við fulltrúum og riturum og hvað það nú er í þessari varnarmálaskrifstofu og einhverjum sérstökum hernaðarspekingi, snarvitlausum manni sem ráðinn var þar vegna þess að ekki var hægt að hafa hann í störfum annars staðar, að vera að ráða hann þarna inn sem einhvern sérstakan hermálaspeking. Ég verð að segja það að virðingu minni er a.m.k. gróflega misboðið og það kemur mér á óvart ef engum öðrum hv. þm. þykir þetta svolítið brogað siðgæði að standa svona að þessum hlutum. Og ég hefði gaman af því að spyrja hv. varaformann fjvn. af því að hann situr hér, góðkunningi minn, í þingsalnum hvort hann sé alveg sáttur við þessa áherslu sem þarna birtist.

Herra forseti. Það er e.t.v. ekki ástæða til að hafa þennan lestur lengri yfir þessum fáu sálum sem hér eru enn þá, en ég hefði vel haft skap í mér til þess að ræða þessi mál nokkuð ítarlega, m.a. við hæstv. utanrrh., og m.a. við aðra þá þm. sem messa í kirkjum og eru með munninn fullan af bágindunum í heiminum og ranglætinu og óréttinum og sýna svo vilja sinn í verki með þessum hætti. Og sómamaðurinn Pálmi Jónsson frá Akri, hv. formaður fjvn., lætur bjóða sér þetta. Er virðingu engra misboðið í þessum efnum, ég verða að segja alveg eins og er, að flytja um það sérstaka brtt. að lækka liðinn Matvælaaðstoð og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstj.?

Síðasta spurning mín í þessari umræðu er til hæstv. fjmrh. og hv. formanns fjvn.: Hvar fann hæstv. ríkisstj. það batnandi ástand í heiminum, hvar voru þau börn hætt að svelta, hvar voru þeir sjúkdómar læknaðir sem réttlættu það að taka þessa einu milljón í burtu? Nefnið mér dæmin.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki í lokin á þessari umræðu fjalla almennt um það sem fram hefur komið í henni. Ég vil hins vegar vegna þeirra atriða sem hv. síðasti ræðumaður drap á segja örfá orð.

Fyrsta atriðið sem hv. þm. nefndi var um háskólakennslu á Akureyri og yfirlýsingar sem um það mál hafa fallið. Ég get greint frá því að mál þetta nýtur velvilja stjórnvalda og að ég ætla einnig Háskóla Íslands. Sérstök nefnd hefur starfað og er að starfi um málefni Háskóla Íslands og þetta mál hefur komið til umræðu þar. Ég hef engan heyrt halda því fram í fullri alvöru að meiningin sé að stofna nýjan háskóla á Akureyri heldur hitt að á Akureyri fari fram háskólakennsla á vegum Háskóla Íslands. Undir þeim kringumstæðum er eðlilegt og sjálfsagt að Háskóli Íslands móti um það tillögur á hvern máta þessari kennslu verði fyrir komið og geri grein fyrir því hvaða kostnaður fylgi því að taka hana upp. Þessi atriði, sem eru nauðsynlegur undanfari þessa máls, liggja enn ekki fyrir þannig að enn er ekkert um það fjallað í fjvn. hvort eða að hve miklu leyti þetta mál verði tekið til greina nú við afgreiðslu þessara fjárlaga.

Um annað atriðið sem hv. þm. spurði um og varðar varnarmálaskrifstofu hef ég ekki á reiðum höndum skýringar á því máli umfram þær sem fram koma á grg. fjárlagafrv.

Þriðja atriðið sem hv. þm. nefndi var aðstoð við þróunarlöndin á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og nefndi sérstaklega liðinn Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstj. Það er rétt að í þeim tillögum sem meiri hl. fjvn. hefur flutt er tillaga þess efnis að tilfærslur á þessum lið lækki um 7 millj. kr. Þessi tillaga er flutt samkvæmt tilmælum ríkisstj. Ég man ekki með vissu án þess að gæta að því hvaða fé var til þessa fjárlagaliðar á fjárlögum yfirstandandi árs en ég minnist þess að undir sambærilegan lið var færð

aukafjárveiting sem ákveðin var fyrir u.þ.b. ári síðan varðandi Eþíópíu sem ég hygg að hafi verið 2—3 millj. kr.

Hv. þm. var býsna stórorður í sinni ræðu. Ég ætla ekki að feta í fótspor hans. Hann minnti á það að hv. Alþingi hefði s.l. vor afgreitt hér þál. um að ná því markmiði að aðstoð Íslands við þróunarlöndin yrði að nokkrum árum liðnum 0,7% af þjóðarframleiðslu eða sem svaraði miðað við áætlanir um þjóðarframleiðslu á næsta ári um 700 millj. kr. Hv. þm. rifjaði það upp að allir þm. hefðu greitt þessari till. atkvæði sitt. Ég var þá hér ekki staddur. Hefði ég verið hér staddur hefði ég greitt atkvæði gegn þessari till.

Ég vil aðeins minna á það að hv. alþingismenn bæði nú og stundum fyrr eru furðu liprir við að greiða atkvæði með hinum og þessum málum sem kosta útgjöld ríkissjóðs án þess að gera sér nokkra grein fyrir því og án þess að finna því nokkurn stað á hvern máta verði staðið undir öllum þeim útgjöldum. Ég minni á það að þál. eru ekki æðri lögum frá Alþingi og það er í mörgum greinum, mjög mörgum greinum, sem Alþingi stendur ekki við þau lög sem það sjálft hefur afgreitt. Það fer ekki sjálft að lögum sem það hefur afgreitt með því að leggja til fé til þess að við þau verði staðið — hvað þá um ályktanir Alþingis.

Ég læt þetta aðeins fylgja til þess að greina frá því að þó að hv. þm. hafi um þessi efni stór orð, og um virðingu Alþingis, eru mýmörg dæmi fyrir því að Alþingi hefur þá misboðið virðingu sinni á þann hátt að standa ekki við fjárframlög í samræmi við lög sem afgreidd hafa verið og í samræmi við ályktanir sem afgreiddar hafa verið. Þetta er ekkert sérstakt dæmi um það efni. Þetta er aðeins eitt af mörgum.

Og svo aðeins að lokum: Fáar þjóðir munu taka erlend lán til þess að veita þróunaraðstoð.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ekki mörg orð í viðbót. Ég ætla aðeins að skýra nánar um hvað ég spurði og hvers vegna ég spurði í sambandi við fjárveitingarnar til þróunaraðstoðar. Reyndar hafði ég ekki áttað mig á því að rausn ríkisstj. birtist með jafnskýrum hætti því að ég hygg að ég hafi fengið á mitt borð hér í hv. þingi fyrir einum til tveimur dögum síðan brtt. við þennan margnefnda lið, Matvæla- og neyðaraðstoð, sem var miklum mun lægri, þ.e. þar var minni breyting á ferðinni en ég sé að prentuð er í nýjustu útgáfunni. Það skiptir svo sem ekki öllu máli, en alla vega er þarna um verulega lækkun að ræða og ég verð að segja alveg eins og er að óskaplega var hæstv. ríkisstj. óheppin með nafngiftir að þetta skyldi þurfa að verða liðurinn Matvæla- og neyðaraðstoð skv. sérstakri ákvörðun ríkisstj. Mér finnst þetta varla getað orðið öllu neyðarlegra að það skyldi endilega þurfa að vera þessi matvæla- og neyðaraðstoð sem hún sá ástæðu til að skera sérstaklega niður.

En ég held, hv. þm. Pálmi Jónsson, að það sé ekki alveg jafneinfaldur hlutur á ferðinni í sambandi við þessa þáltill. og siðferðislega séð sé hér um svolítið öðruvísi spurningu að ræða en við stöndum stundum frammi fyrir þegar við ræðum það að auðvitað sýnir hv. Alþingi í sjálfu sér ekki nóga virðingu oft og tíðum þegar það stendur ekki við samþykkta og gerða hluti. Hér er nefnilega um ákveðna stefnumörkun að ræða sem birtist í því að menn náðu saman um það að auka þessa fjárveitingu í áföngum, jöfnum áföngum á ákveðnu tímabili, og það liggur auðvitað á borðinu, hv. þm., að ef menn brjóta hana nú, ef menn standa ekki við hana þegar reynir á það í fyrsta sinn, eru auðvitað miklu, miklu meiri líkur til þess að menn geri það ekki heldur næst og ekki heldur þar næst. Þá verður þessi upphæð ekki hækkuð á einu bretti á einu ári, kannske á sjöunda og síðasta árinu, úr 0,1% og upp í 0,7%. Það gerist einfaldlega ekki þannig í fjárlagadæminu, það vitum við öll, þannig að þetta er ákvörðunin um það hvort við ætlum að reyna frá upphafi að standa við þetta eða ekki og ég er svo sannfærður um að ef þetta verður brotið nú er þessi samstaða sem náðist ónýt. Hún er fyrir bí, og við stöndum ekkert endilega betur að vígi eftir sjö ár.

Þessi þróunaraðstoð sem hefur verið mér svo lengi sem ég hef fylgst með þessum málum mikill þyrnir í augum, þessi skömm, þessi niðurlæging þessarar ríku þjóðar, Íslendinga, sem eru í hópi mestu velmegunarríkja heimsins. Um það verður ekki deilt þó þeirri velmegun sé kannske ekki réttilega skipt. Við höfum verið innan við 0,1% af því 1% sem í raun er talið eðlilegt og velmegandi ríki skuldbundu sig til að verja til þróunaraðstoðar, þar af talið eðlilegt að hlutur ríkisins væri 0,7% og hlutur annarra aðila í þjóðfélaginu 0,3%. Þetta hlutfall var árið 1974 0,03%, síðan rokkaði það á bilinu 0,03—0,05% til ársins 1979. Þá var þó hafist handa um að hækka þetta hlutfall lítillega og það var komið í 0,13% árið 1983 og hafði þá hækkað þarna um rúman helming, rúmlega 100%, og hefðu menn haldið því marki áfram hefði þetta kannske þokast upp á við. Í þál. segir aftarlega í grg. — og ég ætla að lesa það til þess að það vefjist alls ekkert fyrir hv. þm. og formanni fjvn., Pálma Jónssyni, hvers vegna það er auðvitað afdrifaríkt og afgerandi að menn svari því strax hér og nú við þessa afgreiðslu fjárlaga hvort þeir ætla að standa við þessa stefnumörkun — með leyfi forseta:

„Að því er varðar tilhögun þeirrar aukningar opinberra fjárframlaga til þróunarsamvinnu, sem hér er fjallað um, hefur einkum verið rætt um tvær aðferðir. Annars vegar að aukningin verði látin nema jafnri fjárhæð ár hvert á umræddu sjö ára tímabili, þ.e. um 77,4 millj. kr. árlega á föstu verðlagi miðað við óbreytta þjóðarframleiðslu. Hins vegar kemur til greina hækkun um jafnt hlutfall árlega sem þá þyrfti að vera 34½—35% hækkun ár hvert fram til 1992. Síðari aðferðin felur í sér að hækkunin næmi lægri fjárhæðum fyrstu árin, þ.e. um 27 millj. kr. árið 1986 og rúmlega 36 millj. kr. árið 1987, miðað við núverandi áætlaða þjóðarframleiðslu og fast verðlag, en upphæðirnar færu hækkandi að krónutölu ár frá ári. Ef um alvarlegan samdrátt þjóðarframleiðslu yrði að ræða einhvern tíma á umræddu tímabili væri eðlilegt að taka tillit til þess."

Það er sem sagt alveg ljóst að hvor reikniaðferðin sem notuð er stenst þetta markmið ekki. Þó við tækjum þann kostinn að auka þetta um jafnt hlutfall á hverju ári þessi sjö ár þannig að greiðslubyrðin þyngdist minna framan af tímabilinu og þeim mun meira og mest síðasta árið gengi það ekki heldur upp. Við stæðum heldur ekki við það. Og menn verða að átta sig á því að sjálf tillagan bindur hendur þingsins í þessum efnum. Það skal vera reglubundin aukning framlaga. Þetta er ekki aukning. Þetta verður sennilega þegar upp verður staðið lækkun, raunlækkun á framkvæmdagildi eða greiðslugildi þess-

arar upphæðar.

Já, hv. 1. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, það getur vel verið að ég hafi verið stórorður. Ég tók satt best að segja lítið eftir því. Og ég held að ég hafi ekki verið of stórorður. Ég leyfi mér að fullyrða það. Ég sé a.m.k. ekki eftir einu einasta orði sem ég sagði áðan. Og ég gæti haft þennan lestur miklu lengri og mjög átakanlegan.

Ég ætla að reyna að bregða upp einni mynd fyrir augunum á hv. þm. sem hér eru enn þá, eins og ég segi gjarnan, herra forseti. Og hún er sú mynd sem kom í lok fréttatíma sjónvarpsins fyrir nokkrum dögum síðan. Það er ekki víst að önnum kafnir fjvn.-menn hafi náð að sjá þann fréttatíma, en þar var brugðið upp vel gerðri fréttamynd í lokin upp á einar 5 mínútur eða svo í sýningartíma þar sem voru sýnd sveltandi, deyjandi börn, glorhungruð, vannærð börn með útblásinn vatnsmaga, deyjandi í fanginu á mæðrum sínum út um allan heim. Þetta var innlegg í söfnun til þessara bágstöddu aðila sem hjálparstofnanir hér í landinu eru að hrinda af stað, og ég er alveg viss um að íslenska þjóðin bregst vel við. Hún hefur gert það árlega með vaxandi framlögum í gegnum þessi samtök og það er gott. Þannig sýna menn vilja sinn í verki. En hæstv. ríkisstj. og hv. Alþingi hefur hundsað þennan vilja þjóðarinnar, sem birst hefur árlega í auknum framlögum í gegnum þessar stofnanir, með því að leggja ekki sitt af mörkum á móti, því það er ósköp einfaldlega þannig að gert er ráð fyrir því að þessir aðilar hjálpist að við að ná þessu marki. Mér sýnist líta nokkuð vænlega út með það og ef stjórnvöld, fjárveitingavaldið, stæði við sinn hluta samningsins mundu þessi samtök í landinu vera komin með sitt hlutfall í það sem þeim er ætlað á réttum tíma. Mér sýnist það fara nokkuð nærri að Rauði kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar og aðrir aðilar sem að slíkum söfnunum standa mundu sjá fyrir sínum hlut, enda vel til þess trúandi.

En það erum við hér í löggjafarsamkundunni, sem förum með fjárveitingavaldið, sem ár eftir ár höfum ekki treyst okkur til þess að reyna að þoka þessu eitthvað upp og standa við þær skuldbindingar sem Íslendingar gerðu fyrir áratugum síðan á alþjóðavettvangi þar sem þeir vilja teljast menn með mönnum. Hæstv. utanrrh. er úti í Brussel eða hefur verið það, herra forseti. Hann vill teljast maður með mönnum í þeim klúbbi. Hann er orðinn heiðursforseti þar. Ég sé ekki eftir því. Það er ágætt að maðurinn sé vel metinn þar sem hann vill halda sig. Það er gott og á vissan hátt eykur það sjálfsagt hróður íslensku þjóðarinnar í einhverra augum. En ég hefði frekar viljað að upphefð okkar í þessum efnum kæmi héðan í gegnum það að hv. Alþingi Íslendinga léti ekki skömmina standa upp á sig ár eftir ár og áratug eftir áratug í þessum efnum. Mér er lítils virði sú upphefð sem hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson kann að fá í þessum klúbbi NATO og í Brussel og hann má vera kallaður heiðursforseti fyrir mér og það getur vel verið að hann berji það í gegnum þingið til að standa undir hégómlegri metorðagirnd sinni á þessum vettvangi að koma upp hermálafulltrúa úti í Brussel. En það er mér lítils virði ef sú fjárveiting er tekin frá munninum á sveltandi börnum, og þeir svöruðu því ekki höfðingjarnir áðan hvar fjvn. hefði fundið þau börn sem væru búin að fá nógan mat, þá sjúklinga sem væru læknaðir, þá flóttamenn í Pakistan undan Rússum. Vill íhaldið ekki hjálpa þeim? Það er næsta verkefni Íslendinga. Það er næsta verkefni að hjálpa flóttamönnunum í Pakistan. Mér hefur virst það fólk hafa nokkra samúð íhaldsins. Það á ekki að hjálpa því. Ég er til í það. Ég skal leggja á skatta til þess að hjálpa þessu fólki. (**ÓÞÞ:** Senda þeim byssur?) Ég skal taka erlend lán frá einhverjum öðrum verkefnum til þess að kaupa mat, lyf og föt ofan í og utan á þetta fólk. (**ÓÞÞ:** En skotvopn?) Ég vildi óska þess að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson færi út úr þingsalnum og sendi mér ekki þetta flírubros. Hann hefur nóg af öndum til að éta. En það hafa ekki börnin úti í heimi. (Gripið fram í.)

Ég get átt orðastað, herra forseti, við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson um þessi mál ef hann svo kýs. Hann getur komið hér í ræðustól og talað hug sinn allan, vel mettur af öndum, um neyðina og örbirgðina í heiminum og um reisn Framsfl. í þessum efnum. Það má hann mín vegna gera. Hvar var hv. þm. þegar Alþingi samþykkti einróma þær tvær þál., sem ég hef vitnað til, um að auka aðstoð Íslendinga til þróunarmála og um stefnuna í afvopnunarmálum? Greiddi hann ekki atkvæði með þessum tveimur þál.? Ég man ekki betur. Ég ætla að vona að hv. þm. lesi þessar þál. úr því að þær eru farnar að ryðga svona í kollinum á þeim og minnið er ekki betra en þetta. Ég skora á hvern einasta þm. að lesa þessar tvær þál. og bera þær saman við þetta frv. til fjárlaga og ég veit ekki hvernig þeirra hugsanagangur fer, hvernig það gengur fyrir sig í kollinum á þeim ef þeir fá þetta allt til að samrýmast. Það gerir það ekki í mínum huga.

Herra forseti. Mönnum finnst kannske broslegt að ég skuli tala um þessi mál af miklum tilfinningahita og hálfkomast við þegar ég ræði þessi mál. Það má hver sem er brosa að því. Það er allt í lagi. Menn mega gera grín að því og kalla fram í. En ég tel ekki verra að ég vikni kannske svolítið þegar ég ræði þessi mál en að einn hæstv. ráðherra, sem talaði hér fyrir tveim kvöldum, þættist gera það af svipuðum ástæðum. Það mega allir vita mjög vel að mér eru þessi mál mikið tilfinninga- og hitamál og hafa verið það lengi og ég hef átt ákaflega erfitt með að sætta mig við það að hlutur okkar Íslendinga sé svona bágur í þessum efnum. Það er kannske vegna þess að ég hef ferðast dálítið um heiminn og ég hef komið í þá heimshluta þar sem neyðin og örbirgðin er mjög sár og aðkallandi. Ég gerði það strax ungur maður, 18 ára gamall, og það hafði á mig mikil áhrif og hefur mótað mína lífsskoðun á margan hátt æ síðan. Ég gerði mínum flokksbræðrum og flokkssystkinum grein fyrir því þegar ég kom á þann vettvang að ég mundi berjast fyrir þessu máli alla tíð og þetta væri eitt af þeim málum sem skiptu mig hvað mestu máli. Og ég sagði frá því í þingflokknum strax í fyrsta sinn þegar ég kom á þann vettvang að ég mundi flytja brtt. við fjárlögin ef þessi ákveðni liður, þróunaraðstoð Íslendinga, yrði ekki hækkaður. Ég hef staðið við það síðan og mun gera það. Svo lengi sem þetta hlutfall kemst ekki á sinn stað mun ég gera það. Og þetta er ekki gúmmítékki frá Albert Guðmundssyni eða öðrum slíkum mönnum. Við þetta skal staðið. Sannið þið mín orð.

Ég vona að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson biðji svo um orðið og tali hug sinn allan í þessum efnum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er harla

auðvelt verk að leika jólasvein í pontunni og boða gjafir út um allan heim og vera örlátur á annarra fé og íslenskrar þjóðar. Hins vegar er það svo að jafnvel í umræðu um þessi mál er það höfuðatriði að nota skynsemina en fara hóflega með tilfinningarnar.

Ég hygg að hver og einn sem sest niður og skoðar það vandamál sem var til umræðu geri sér grein fyrir því að það verður ekki leyst með upphrópunum úr ræðustóli, hvort sem menn hafa á því mikinn áhuga eða ekki. Ég hygg líka að hv. 4. þm. Norðurl. e. geri sér grein fyrir því að harka íslenska ríkisins við að innheimta skatta er á því stigi að það gerist af og til að húsnæði er boðið upp af fólki og óvíst hvort staða þess sé neitt sérstaklega góð á eftir.

Við erum ekki að tala um það í þessari umræðu að við höfum fullar hendur fjár. Við erum að ræða um þá staðreynd að íslenska þjóðin skuldar það mikið erlendis að það er ekki á það bætandi.

Það er ákaflega auðvelt að boða það að við munum halda áfram að hækka þessa hlutdeild. Það er ákaflega auðvelt. En við höfum ekki neinn gróða Svía af vopnaframleiðslunni til þess að moka inn í þennan þátt. Hv. þm. ætti e.t.v. að kanna hvort Svíar verja meira fjármagni til vanþróaðra landa en gróðinn er af vopnaframleiðslunni sem þeir standa fyrir. Það væri umhugsunarefni. Það skyldi þó ekki vera að það væri um slétt viðskipti að ræða þegar upp er staðið.

Ég hygg að þó hv. þm. telji sér það til manngildis að vikna yfir þessum hlutum í ræðustól breyti það minnstu í hinni járnhörðu glímu við þessi vandamál, og það breytir engu varðandi það að vel má vera að hægt sé að skjóta hér ýmsum hlutum út í loftið sem hann telur að hitti mig illa í þeim efnum.

Ég hef átt þess kost að vinna í ákveðinni stofnun hér á landi að þróunarmálum, og vissulega væri gaman að geta staðið að því að rétta upp hendina með miklu stærri upphæðum. Það fer ekki á milli mála. En ég vil biðja hv. þm. að hafa hóf á sýndarmennskuumræðum um þennan málaflokk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 30. fundur.

Laugardaginn 14. des., kl. 10 árdegis.

Fjárlög 1986, stjfrv. 1. mál (þskj. 1, n. 248 og 255, brtt. 238, 244). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. um rökst. dagskrá á þskj. 255 felld með 36:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GeirG, GHelg, HS, JS, SighB, KJóh, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG.

nei: EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, ÞK.

8 þm. (GE, GJG, GA, HG, JBH, KSG, KolJ, PP) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 238,1 samþ. með 44:1 atkv.

Brtt. 244,1—2 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 238,2 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 244,3 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 244,4 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 238,3—13 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 244,5—6 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 238,14—18 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 244,7 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 238,19 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 244,8—9 samþ. með 44:8 atkv.

Brtt. 238,20—22 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 244,10—11 samþ. með 37:3 atkv.

Brtt. 238,23—26 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 244,12—13 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 244,14 samþ. með 33:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, JHelg, JK, MB, MÁM, ÞK.

nei: RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, EBS, GSig, GeirG, GHelg, HS, JS, SighB, KJóh, KolJ, KH, KSK.

EKJ, HÓ, IG greiddu ekki atkv.

6 þm. (GE, GJG, GA, HG, JBH, KSG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég ætla að vona að það fari ekki fram hjá neinum að við greiðum atkvæði um brtt. við 4. gr., tölul. 03-399. Þar er á ferðinni undirliður Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstj. Brtt. er til lækkunar. Í staðinn fyrir 11,8 millj. kr. komi 4,8 millj. kr. Þessi liður var einnig á fjárlögum í fyrra og voru þá veittar í þetta sérstaka verkefni 10,8 millj. kr. Hæstv. ríkisstj. ætlaði, þegar hún lagði fram fjárlagafrv. sitt, af rausn sinni að hækka þennan lið um 1 millj. kr., en hefur nú snúist hugur og ákveðið að lækka hann þess í stað um 7 millj. frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Ég spurði hæstv. fjmrh. og hv. formann fjvn. í gær hvaðan þær gleðifréttir hefðu borist af heimsbyggðinni að minni hungursneyð, sjúkdómar, fátækt, betra heilsufar o.s.frv. gæfu tilefni til að lækka þennan lið sérstaklega um 7 millj. kr. Ég fékk engin svör við því hvaðan þessar gleðifréttir hefðu borist ríkisstj. við vinnslu fjárlaganna. Ég vek athygli á þessu, herra forseti. E.t.v. fæ ég svörin hér í atkvæðagreiðslunni, en ég hef ekki fengið þessar fréttir og segi því nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég óska eftir því að liður 03-401, 1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, verði borinn upp sérstaklega.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þessi liður fjárlagafrv. hefur ekki verið tekinn til sérstakrar athugunar enn sem komið er í fjvn. Hann getur þess vegna beðið athugunar fyrir 3. umr. og ég vænti að hv. þm. Halldór Blöndal geti sætt sig við að sú athugun fari fram á milli 2. og 3. umr. Ég legg til að við höldum áfram atkvæðagreiðsl-

unni án þess að hreyfa þennan lið nú.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held að þessi liður þurfi ekki athugunar við. Það er einfaldast að fella hann.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á þeim furðulegu uppákomum sem hinn sterki þingmeirihluti hæstv. ríkisstj. stendur fyrir við þessa afgreiðslu.

Brtt. 238,27—36 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 244,15 samþ. með 38:1 atkv.
Brtt. 238,37—38 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 244,16 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 238,39—46.e samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 244,17 samþ. með 35:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, ÞK.

nei: GHelg, HS, JS, SighB, KJóh, KolJ, KH, KSK, ÓÞÞ, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, GeirG, GJG.

EBS, GSig greiddu ekki atkv.
5 þm. (GA, HG, JBH, KSG, GE) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og alkunna er af fregnum frá síðari árum eru þess mörg dæmi að stór og smærri byggðarlög hafi orðið fyrir miklu tjóni af völdum snjóflóða þar sem bæði hefur verið um að ræða eignatjón og tjón á mannslífum. Tillögur hafa verið gerðar um nauðsynlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir að slíkir hlutir geti endurtekið sig. Auðvitað kostar það fé. Ein af till. hæstv. ríkisstj., sem nú er verið að greiða atkvæði um, fjallar um að lækka framlag á fjárlögum til þessara framkvæmda um 50%. Það get ég ekki samþykkt og segi því nei.

Brtt. 238,46.f-g samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 244,18 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 238,47 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 244,19.a samþ. með 37:14 atkv.
Brtt. 244,19.b-d samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 238,48 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 244,20—21 samþ. með 36:10 atkv.
Brtt. 238,49—51 samþ. með 52 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég óska eftir því að einn liður við 09-999 verði borinn upp sérstaklega. Það er Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar. Ætli það færi þá ekki best á að 22. liður verði borinn upp sérstaklega og sá liður komi síðan til atkvæðagreiðslu.

Ef mér sýndist svipur á formanni fjvn. þannig að einhver von væri til þess að hann mundi fella liðinn niður mundi ég kannske verða við þeirri beiðni að bíða til 3. umr. málsins, en það er orðið altítt að við greiðum atkvæði um þennan lið við 2. umr. og hygg ég að best sé að halda þeim hætti.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Í fyrsta lagi vildi ég staðfesta þá fullyrðingu að við höfum alltaf greitt atkvæði um þennan lið við 3. umr. hingað til og í öðru lagi ætla ég að minna á að við erum að starfa innan ákveðins samkomulags um afgreiðslu mála og miðuðum við að að reyna að hefja þingdeildafundi fyrir tveim mínútum. Það greiðir ekki fyrir ef stjórnarþm. halda ekki betur á þessu samkomulagi en vera með alls kyns uppákomur í atkvæðagreiðslum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki kennslustund frá þessum hv. þm. um hvernig eigi að greiða atkvæði um fjárlög. Þetta er ekki uppákoma. Þetta er aðferð til að flýta fyrir og er alkunnugt bæði í deildum og í Sþ. að heimilt er að láta greiða sérstaklega atkvæði um einstakar greinar frv. Þetta er altíðkað. En vera má að hæstv. varaforseti Ed. hafi aldrei veitt þessu athygli, jafnvel ekki þó að hann hafi sjálfur borið slíkar tillögur upp undir atkvæði þegar hann stjórnar atkvæðagreiðslu í þeirri deild.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vænti þess að atkvæðagreiðslunni sem hv. 2. þm. Norðurl. e. er að tala um verði frestað að tillögu formanns fjvn. til 3. umr. og er það í samræmi við fyrri afgreiðslu á þessum fundi. Ég lít svo á að menn uni því.

Brtt. 244,22—23 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 244,24 samþ. með 36:8 atkv.
Brtt. 238,52.a samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 244,25—26 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 238,52.b—53 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 244,27—28 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 238,54 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 244,29—32 samþ. með 37:4 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 35:1 atkv.
Brtt. 238,55—57 samþ. með 46 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það var út af ummælum hv. 8. þm. Reykv. Stefáns Benediktssonar sem ég vil rifja það upp að við 2. umr. fjárlaga fyrir einu ári bað ég um að sérstaklega yrði borinn upp í 6. gr. stafl. 7.3, að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintökum af hverju blaði, umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. fjárlaga. Mér er sérstök ánægja að skýra frá því að Stefán Benediktsson var fyrsti maðurinn sem sagði nei við þessum staflið.

Efri deild, 30. fundur.

Laugardaginn 14. des., að loknum fundi í Sþ.

Almannatryggingar, stjfrv. 175. mál (þskj. 198, n. 252). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstvirtur forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft þetta mál til meðferðar.

Á nefndarfund kom fulltrúi fjmrn. Lárus Ögmundsson.

Þetta frv. fjallar raunar um sjúkratryggingagjaldið. Það verður áfram 2%. Skattfrelsismörkin verða, eins og frv. greinir frá, 403 þús. kr.

Þess er getið í athugasemdum með frv. að þær breytingar sem hér eru gerðar á tölum og tekjuáætlun í sambandi við sjúkratryggingagjaldið eru miðaðar við áætlaðar tekjubreytingar á milli áranna 1984 og 1985.

Þegar nefndin hafði málið til umfjöllunar lágu ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um hver skattvísitalan mundi verða á árinu. Nú hafa borist upplýsingar um að skattvísitalan verði 136. Þá sýnist mér að þessar breytingar, sem hér eru lagðar til, hljóti að vera réttar.

Það kom fram í nefndinni að málið þyrfti e.t.v. frekari skoðunar við og vafalaust hefði svo orðið hefðu breytingar á skattvísitölunni orðið aðrar en ég hef hér greint frá.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 186. mál (þskj. 218, n. 253). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstvirtur forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um þetta mál og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt um er hér í raun ekki um annað að ræða en að taka af allan vafa um rétt vegna tví- og fleirburafæðinga. Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð. Þetta er afskaplega einfalt í sniðum og þarf ekki útskýringa við.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Jarðboranir hf., stjfrv. 108. mál (þskj. 118, n. 266). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. Ed. um frv. til laga um Jarðboranir hf.

Nefndin hefur rætt þetta mál og leitað m.a. álits fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi þess kom á fund nefndarinnar og einnig hefur verið leitað umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins.

Þetta frv. er um heimild fyrir ríkisstj. til að stofna með Reykjavíkurborg hlutafélag er yfirtaki rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborana ríkisins samkvæmt samningi sem dagsettur var 8. maí 1985. Það kemur fram í athugasemdum við frv. að það hefur verið borið undir Samband íslenskra hitaveitna sem er meðmælt frv. og fylgir umsögn Sambands íslenskra hitaveitna í fylgiskjölum frv.

Það varð ekki ágreiningur um þetta frv. í nefndinni. Nefndin mælir með því að það verði samþykkt óbreytt, þó með þeim fyrirvara að öll sveitarfélög njóti sambærilegra kjara í viðskiptum við hina nýju stofnun, Jarðboranir hf.

Ég hef ekki um þetta fleiri orð. Um þetta mál er samkomulag með þessum fyrirvara eins og áður segir.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að vekja athygli á því að ég sé að nafnið mitt hefur fallið niður af nál. á þskj. 266, en ég studdi afgreiðslu málsins í nefndinni.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á þeim mistökum sem hér hafa orðið. Mér sást yfir að nafn hv. 5. landsk. þm. hafði fallið niður, sem vera átti undir nál., en það verður að sjálfsögðu leiðrétt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., stjfrv. 194. mál (þskj. 262). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. þetta um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. er ein hliðin á máli Hafskips hf., en það félag var tekið sem kunnugt er til gjaldþrotaskipta 6. desember s.l. Skiptaráðandinn í Reykjavík fer nú með forræði þrotabús félagsins og er hlutverk hans m.a. að rannsaka hvort einhver lögbrot tengist gjaldþroti fyrirtækisins og byggt er á gjaldþrotalögum.

Mál þetta hefur aðra hlið en þá sem snýr að gjaldþroti Hafskips hf. og hugsanlega refsiverðu athæfi í tengslum við það. Það er ljóst að Útvegsbanki Íslands, sem Hafskip hf. hafði sín bankaviðskipti við, mun tapa mjög verulegum fjárhæðum vegna gjaldþrots félagsins. Með hliðsjón af því taldi ríkisstj. þörf á því að auk þeirrar rannsóknar sem beinist að hugsanlega refsiverðri háttsemi í tengslum við gjaldþrotið fari fram sérstök könnun sem lúti að viðskiptalegum þáttum málsins. Af þeim sökum hefur þetta frv. verið lagt fram.

Í því er kveðið á um að sett verði á laggirnar þriggja manna nefnd, sem Hæstiréttur tilnefni, og skal hún hafa það hlutverk að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförnum árum. Ekki þótti fært að binda könnunina við ákveðið árabil, enda liggur ekki fyrir á þessari stundu hvenær verulega tók að halla undan fæti í rekstri félagsins né heldur með hvaða hætti og á hvaða tíma til varð sú skuldaaukning við bankann sem nú hefur leitt til mikils fyrirsjáanlegs tjóns hans við gjaldþrot félagsins.

Við könnun sína skal nefndin m.a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við umfang starfa fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Könnun nefndarinnar skal þó ekki aðeins bundin við óeðlilega viðskiptahætti heldur skal hún enn fremur beinast að

öðrum viðskiptalegum þáttum málsins sem henni þykja þurfa athugunar við, þó ekki þeim atriðum sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt.

Þykir mikilvægt að könnun nefndarinnar verði komið fyrir með þeim hætti að ekki valdi töfum eða röskun á rannsókn skiptaráðenda eða annarra opinberra rannsóknaraðila.

Í 3. gr. þessa frv. segir m.a. að nefndinni sé heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast munnlegra og skriflegra skýrslna af opinberum aðilum, m.a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands. Þá er nefndinni veittur aðgangur að gögnum bankans svo og gögnum Hafskips hf. eftir því sem skiptaráðanda þykir fært vegna annarra rannsóknarhagsmuna. Í sömu grein segir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli veita nefndinni aðstoð við öflun upplýsinga eftir því sem þörf er á.

Gert er ráð fyrir að nefndin hraði störfum og skili skýrslu til viðskrh. Síðan yrði metið hvernig bregðast ætti við þeim upplýsingum sem fram kæmu í nefndarskýrslunni, m.a. hugsanlegum áfangaskýrslum með tilliti til hugsanlegra breytinga á löggjöf og starfsháttum banka við viðskiptavini sína.

Þótt ekki sé gert ráð fyrir að nefndin starfi beinlínis fyrir opnum tjöldum er gert ráð fyrir að allt sem máli skiptir og eðli málsins samkvæmt þarf ekki að fara leynt verði gert opinbert þegar þar að kemur þannig að sem flestir geti haft áhrif á hvaða ráðstafanir þurfi hugsanlega að gera til úrbóta.

Þess er óskað frá minni hálfu að þetta frv. fái skjóta meðferð og þannig að könnun á viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. geti hafist sem fyrst.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Þegar umræður hófust um þetta mál í kjölfar þess að stjórn Hafskips ákvað að gefa fyrirtækið upp til gjaldþrotaskipta voru strax nokkuð skiptar skoðanir um hvernig rannsókn málsins skyldi hagað. Í ljós kom nokkur tregða af hálfu ríkisstj. að mál þetta væri tekið sérstökum tökum. Ég hygg að margir muni minnast þess að einmitt sami maður og mælti fyrir þessu frv., hæstv. viðskrh., taldi fráleitt með öllu að sérstakri nefnd væri falið að rannsaka þetta mál, heldur bæri skiptaráðanda að taka það til meðferðar og rannsaka alla þætti þess. Þessa yfirlýsingu gaf hæstv. ráðh. aftur og aftur í fjölmiðlum og þarf ekki að rifja það frekar upp.

Sama tregða á almennri rannsókn málsins kom fram hjá hæstv. fjmrh. sem tók undir með hæstv. viðskrh., taldi enga þörf á því að annar aðili rannsakaði þetta mál en skiptaráðandi, en slíkur var þrýstingurinn hjá almenningsálitinu og í umræðunni um þetta mál í kjölfarið að forustumenn Sjálfstfl. skiptu um skoðun og er það þakkarvert. Þess vegna er þetta frv. komið fram. Það er sem sagt ágreiningslaust að mál þetta beri að rannsaka. Það eru allir flokkar því samþykkir að málið verði tekið til sérstakrar rannsóknar, en það er uppi töluverður ágreiningur um hvernig þessari rannsókn skuli hagað.

Í fyrsta lagi er spurningin sú hverjir eigi að rannsaka málið og þá um leið hverjir eigi að skipa rannsóknarnefndina. Hér er gerð tillaga um að Hæstiréttur velji þrjá menn til rannsóknar á þessu máli, en eins og kunnugt er hafa tveir þingflokkar, reyndar fleiri en það, líklega fjórir þingflokkar, ásamt nokkrum einstökum þm. gert það að tillögu sinni að málið verði rannsakað af sérstakri rannsóknarnefnd sem kosin verði af Alþingi.

Í öðru lagi er sannarlega ágreiningur um hvað eigi að rannsaka og hversu víðtæk rannsóknin skuli vera.

Í þriðja lagi er ágreiningur um hverjir eigi að hafa rétt til að fylgjast með þessu máli, hvort rannsóknin verði lokuð eða hvort hún fari fram með þeim hætti að alþm. og almenningur allur hafi einhverja aðstöðu til að vita hvað er að gerast í þessari rannsókn og geti því fylgst jöfnum höndum með því hvort rannsóknin fer fram með eðlilegum hætti.

Hvað snertir fyrsta atriði málsins, þ.e. hverjir eigi að rannsaka málið, hverjir eigi að skipa rannsóknarnefndina, er sannarlega rétt að minna á að það er fólkið í landinu sem verður látið borga brúsann á endanum og Alþingi verður væntanlega að veita allhárri fjárveitingu til þess ríkisaðila sem verður þarna fyrir þyngstum skell. Alþingi á líka að ákveða framhald málsins, þ.e. með hvaða hætti Útvegsbankanum verður bjargað úr þessari klípu. Alþingi þarf því að vita allan sannleikann í þessu máli. Alþingi þarf að vita hver var hlutur fyrrv. viðskrh. í þessu máli. Alþingi þarf að vita hver var hlutur Seðlabanka Íslands, bankaeftirlitsins og bankaráðs Útvegsbankans.

Í þessum tilvikum er út af fyrir sig ekki verið að ræða fyrst og fremst um hvort þessir aðilar hafi framið lögbrot. Það er fyrst og fremst verið að spyrja um hvernig þær ákvarðanir urðu til sem teknar voru og hver ber ábyrgð á þeim, hvernig það gat gerst sem gerst hefur og hvernig má koma í veg fyrir að þessir hlutir endurtaki sig.

Allt eru þetta spurningar, viðfangsefni og umræðuefni sem svo sannarlega varða Alþingi og því er það fullkomlega sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi eigi sjálft og þar með allir flokkar á Alþingi aðild að þessari rannsóknarnefnd.

Ég vil satt að segja lýsa furðu minni á því að í jafnviðkvæmu máli og þessu skuli ríkisstj. ekki hafa dottið í hug að leita samstarfs við aðra flokka á Alþingi en þá sem sitja í stjórn. Ég hygg að sú leið hefði verið valin af flestum öðrum ríkisstjórnum sem hafa starfað í landinu áður. Menn hefðu viðurkennt að málið væri þess eðlis. Þar sem um er að ræða stærsta gjaldþrot í Íslandssögunni og um það að ræða að ríkisbanki er á heljarþröm hefðu menn talið það sjálfsögð og eðlileg vinnubrögð að leita til stjórnarandstöðunnar um það hvernig haldið yrði á þessu máli. En það var ekki gert. Það er ég viss um að er einsdæmi því að þau vinnubrögð geta ekki flokkast undir neitt annað en hrokagikkshátt, að vilja taka ákvörðun einir og án samráðs við nokkra þá sem skipa stjórnarandstöðuna.

Auðvitað er alveg ljóst að í þessu máli þarf að rannsaka ýmislegt fleira en frv. gerir ráð fyrir. Það þarf svo sannarlega að rannsaka fleira en viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips, eins og frv. gerir ráð fyrir. Í till. okkar Alþýðubandalagsmanna, sem lögð hefur verið fram hér í hv. Ed. eins og í hv. Nd. og væntanlega verður tekin til umræðu strax að lokinni afgreiðslu þessa máls, er gerð grein fyrir því hvað þarf að ræða og

rannsaka í þessu máli til viðbótar við viðskipti Hafskips og Útvegsbanka Íslands. Það þarf fyrst og fremst að rannsaka öll viðskipti Hafskips við innlenda og erlenda aðila sem gætu verið þess eðlis að fjármunir hefðu verið fluttir út úr fyrirtækinu á liðnum árum til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips og það þarf að kanna staðhæfingar, sem fram hafa komið í blöðum frá þeim sem vel þekkja til, um það að blekkingum og fölsunum hafi verið beitt í bókhaldi Hafskips og að þessar blekkingar tengist öðrum sjálfstæðum fyrirtækjum utan reikningshalds Hafskips.

Það þarf líka sérstaklega að kanna öll afskipti ráðherra, alþm. og annarra forustumanna í stjórnmálum af þessu máli. Í till. okkar er reyndar gert ráð fyrir því að í leiðinni verði skuldastaða helstu stórfyrirtækja, sem hafa fengið meiri háttar lán hjá ríkisbönkunum þremur, tekin til sérstakrar athugunar. Ég vek á því athygli að í till. okkar Alþýðubandalagsmanna er bent á miklu fleiri rannsóknarviðfangsefni en þau sem felast í stjfrv.

Í sambandi við þá spurningu hverjir eigi að skipa rannsóknarnefndina er rétt að benda á að málið í heild kann að koma til meðferðar Hæstaréttar á síðara stigi. Því er á margan hátt mjög óeðlilegt, að ekki sé nú meira sagt, að Hæstiréttur gerist óbeinn aðili þessarar rannsóknar með því að skipa rannsóknarnefndina.

En í sambandi við rannsóknarnefndina er meginatriði að örugglega sé spurt þeirra spurninga sem spyrja þarf og ekkert dregið undan. Það er því sérstaklega brýn þörf á því að þeir sem skipa rannsóknarnefndina komi úr ýmsum áttum, úr ýmsum pólitískum hópum þjóðfélagsins þannig að málið verði örugglega skoðað frá öllum hliðum og ekkert undan dregið.

Ég er ekki að draga í efa óhlutdrægni Hæstaréttar, en ég bendi hins vegar á að honum getur mistekist í vali þessara þriggja manna. Hann getur valið þá út frá of einhæfu sjónarmiði. Það er áreiðanlega miklu meiri trygging fyrir því að rannsóknarnefndin verði skipuð mönnum sem spyrja allra þeirra spurninga sem spyrja þarf ef Alþingi kýs þessa rannsóknarnefnd.

Að lokum er rétt að benda á það atriði að þjóðin öll og alþm. eigi þess kost að fylgjast með því sem gerist í þessari rannsókn þannig að tryggt sé að engir rannsóknarþættir verði vanræktir. Ég hygg að málið sé löngu orðið þess eðlis að þörf sé á slíku almennu eftirliti almennings. Við skulum ekkert draga úr gildi þess að almenningur fylgist vel með því sem er að gerast í stjórnmálum. Við vitum að mál eru rædd á víðtækari grundvelli ef fjölmiðlar hafa einhvern kost á því að vita hvað er að gerast í rannsókn af þessu tagi. Og það er rétt, sem bent hefur verið á í þessari umræðu, að í mörgum löndum tíðkast rannsóknir þar sem einstakir þættir rannsóknanna fara fram í heyranda hljóði.

Þegar sagt er í tillögu að fundir eða störf ákveðinnar stofnunar skuli fara fram í heyranda hljóði þarf það ekki endilega að þýða að aldrei megi koma saman í nefndinni og ræða málin eða yfirheyra menn án þess að fjölmiðlar eða almenningur eigi aðgang að fundunum. Það er t.d. sagt í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði. Eftir sem áður er að sjálfsögðu heimilt á Alþingi að halda lokaða fundi þegar sérstaklega stendur á. Hér er því meira spurning um almenna reglu, þ.e. hvort rannsóknin fer að meginstofni til fram þannig að fjölmiðlar geti fylgst með henni og síðan sé í undantekningartilfellum hægt að loka fundum nefndarinnar við yfirheyrslur þegar sérstaklega stendur á. Þetta er nákvæmlega eins og í réttarhaldi þar sem fjölmiðlar geta vissulega verið og hlýtt á hvað er að gerast t.d. í borgardómi eða hvað gerist í yfirheyrslu yfir sakamanni fyrir dómi. En það er líka hægt að loka þeim réttarhöldum.

Ég tel sem sagt að þarna sé spurningin hvort það sé aðalregla að yfirheyrslurnar og rannsóknin séu opin og í undantekningartilvikum þá lokað fyrir hana eða hvort gengið sé út frá því, eins og virðist gengið út frá í frv., að þetta sé allt lokað og enginn geti fylgst með því hvað þarna sé að gerast. Á þessu er reginmunur.

Virðulegi forseti. Ég hafði látið uppi að ég mundi ekki ræða lengi um frv. við 1. umr. ef við Alþýðubandalagsmenn ættum þess kost að fá að mæla fyrir till. sem við flytjum á þessum fundi þannig að hún mætti einnig komast til nefndar og sé því ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vænti þess fastlega að bæði þessi mál og efni þeirra verði rannsökuð og rædd í nefndinni sem fær málið til meðferðar.

Ég vil skjóta því að í framhjáhlaupi að ég hefði fljótt á litið haldið að mál af þessu tagi ætti að fara til allshn. og er dálítið undrandi á því að gerð sé tillaga um fjh.- og viðskn., en kannske má velta því nánar fyrir sér og ekki ætla ég að gera það að neinu stórmáli. En málið er þess eðlis sýnist mér að það ætti miklu frekar heima í allshn. þar sem öll mál sem eru réttarlegs eðlis eða eru dómsmál í eðli sínu eru venjulega til umfjöllunar.

Ég legg áherslu á það að lokum að þetta er mál sem svo sannarlega varðar Alþingi. Ég legg áherslu á að Alþingi eigi aðild að þessari rannsókn og ég legg áherslu á að rannsóknin verði ekki lokuð. Ég vænti þess fastlega að hæstv. ríkisstj. hverfi frá þeirri stefnu sinni að hafa ekkert samráð við stjórnarandstöðuna um þetta mál, heldur verði samkomulag í nefndinni um nauðsynlegar breytingar á þessu frv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Að gefnu tilefni og vegna orða hv. 3. þm. Norðurl. v. vill forseti geta þess að það er stefnt að því að taka einnig fyrir 9. mál á dagskrá, sem hann nefndi sérstaklega, en það fjallar í raun og veru um sama efni. En að sjálfsögðu fer þetta eftir því hvað hv. þingdeildarmönnum tekst að komast áfram, hvað ræður verða langar, því að það varð samkomulag um að reyna að ljúka þessum fundi ekki miklu seinna en kl. 1. Þetta verður að vera samkomulag milli hv. þingdeildarmanna.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég held að sé sérstök ástæða til að vekja athygli á nú þegar þetta mál, viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbankans og rannsókn á þeim samskiptum og viðskiptum, kemur til umræðu hér í hv. Ed. og enn einu sinni á hinu háa Alþingi.

Það eru í fyrsta lagi þau sinnaskipti sem átt hafa sér stað hjá hæstv. viðskrh. sem fyrir aðeins fáeinum dögum taldi ekki nokkra ástæðu til að beita sér fyrir sérstakri rannsókn á þessu máli, því væri fullborgið í höndum skiptaráðenda. Nú hefur þar orðið hugarfarsbreyting. Því ber að fagna þó efnislega sé ég ekki sammála því fyrirkomulagi sem lagt er til að verði á rannsókninni.

Í öðru lagi er vert að vekja sérstaka athygli á og undirstrika í þessum umræðum að ef ekki hefði komið

til sú staðreynd að stjórnarandstaðan hefur vakið athygli á þessu, það gerði formaður Alþfl. í umræðum utan dagskrár, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, og það hafa fleiri gert, — ef stjórnarandstaðan hefði ekki svo rækilega sem raun ber vitni vakið athygli á málinu, bent á ýmislegt sem athugunar þarf, hefði frv. ríkisstj. sennilega aldrei komið til.

Nú skal ég taka það fram að ég er ekki fyllilega sammála með hverjum hætti sumir hv. þm. hafa vakið athygli á þessu máli. Nefni ég þar sérstaklega til sögunnar hv. varaþm. Ólaf Ragnar Grímsson. Ég hygg að í málflutningi sínum hafi hann gerst offari. Ég hygg að það sé eðlilegri, heiðarlegri og ítarlegri rannsókn þessa máls ekki til framdráttar hvernig sá hv. þm. hagaði sínum málflutningi. Ég held þvert á móti, að það hafi kannske orðið til þess að snúa málinu í höndum hans vegna þess að hann setti sig í dómarasæti, hve stór orð og gífuryrði og fullyrðingar hann viðhafði. Þetta er miður vegna þess að hér er á ferðinni mjög alvarlegt mál. Hér er á ferðinni eitt stærsta gjaldþrotamál sem orðið hefur í íslensku þjóðfélagi. Þjóðin á heimtingu á því að þetta mál verði skýrt. Þeir sem liggja undir grun um ólögmætt atferli í sambandi við þetta mál eiga heimtingu á því að vera hreinsaðir, séu þeir saklausir, og þjóðin á heimtingu á því að þeir verði sakfelldir séu þeir sekir. En dóma í þessu máli á ekki að kveða upp í ræðustól á Alþingi. Það er annarra verk. Það á hins vegar að benda á hér og undirstrika það sem menn telja að úrskeiðis hafi farið, það sem menn telja að þurfi að rannsaka og fylgja því fast eftir að rannsókn fari fram. Þetta vildi ég að kæmi fram í upphafi míns máls.

Annars hefur málið verið ítarlega rætt í sölum þings, en það verður sjálfsagt seint fullrætt. Margt er óljóst. Næstum á hverjum degi, við hverja nýja umfjöllun fjölmiðla, vakna nýjar spurningar. Þar er mörgu haldið fram og kannske ekki allt stutt sterkum rökum. Engu að síður eru leidd rök að býsna mörgu sem einkennilegt hlýtur að teljast, að ekki sé meira sagt. Allt þarf þetta rannsóknar við.

Síðastliðið vor eða í sumarbyrjun, þá er þingi var í þann veg að ljúka, komu þessi mál til umræðu m.a. í tengslum við frv. til laga um viðskiptabanka. Þá hafði einn af fjölmiðlunum, vikuritið Helgarpóstur, vakið athygli á þessu máli með býsna áhrifaríkum hætti og haft þar um stór orð. Forsvarsmenn félagsins hótuðu þá málsókn, lýstu ummæli Helgarpóstsins röng, gott ef rógur var ekki nefndur í sömu andránni, og fullyrtu að ekkert af þessu ætti við rök að styðjast. Ég skal játa að ég hafði tilhneigingu til að trúa þessum mönnum á þeim tíma. Ég hafði ekki sérstaka ástæðu til að treysta Helgarpóstinum sem heimild, einkum og sér í lagi í ljósi þess að vikum og mánuðum saman hafði það blað flutt „fréttir" af fundum útvarpsráðs í sínum slúðurdálkum sem mikið eru lesnir geri ég ráð fyrir. Þessar „fréttir" voru bull og þvættingur sem áttu ekki við nein rök að styðjast og útvarpsráðsmenn hlógu gjarnan að þegar þeir komu saman til fundar á föstudögum, daginn eftir útkomudag Helgarpóstsins. Þarna voru hlutir gripnir úr lausu lofti, tilhæfulausar fullyrðingar og mönnum eignuð ummæli og athugasemdir sem þeir höfðu aldrei látið sér um munn fara. Það var m.a. af þessari ástæðu sem ég treysti skrifum Helgarpóstsins ekki og játa að ég trúði þeim mönnum betur sem fullyrtu að mál Hafskips væru í bærilegu lagi og þetta væru ósannindi. Nú hefur sem sagt komið á daginn að Helgarpósturinn hafði verulega mikið til síns máls. Ég vil ekki segja að hann hafi haft rétt fyrir sér um alla hluti, það dettur mér ekki í hug, en hann hafði alla vega mikið til síns máls. Þó að Helgarpósturinn virðist hafa afar ótrausta heimildarmenn um það sem gerist í útvarpsráði virðist hann hafa haft traustari heimildir í þessu tilviki.

Það er alveg ljóst að það hlýtur að vera krafa þjóðarinnar að þetta mál verði grandskoðað þannig að sannleikurinn fái að koma í ljós að svo miklu leyti sem slíkt er unnt.

Ég hef ýmsar athugasemdir að gera við það frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur verið gerð till. um að vísa því til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að e.t.v. væri öllu eðlilegra að þetta mál færi til hv. allshn. Það er ekki vegna þess að ég vantreysti formanni hv. fjh.- og viðskn. til að fjalla um þetta mál með eðlilegum og skynsamlegum hætti. Það geri ég alls ekki. Mér sýnist bara að eðli máls samkvæmt eigi þetta mál fremur heima í allshn. deildarinnar.

Þar sem ég á sæti í báðum þeim nefndum sem kemur til greina að hafi með höndum umfjöllun málsins á síðara stigi ætla ég ekki að gerast svo ýkja langorður hér, en ég bendi á, eins og komið hefur fram af hálfu Alþfl. um þetta mál nú þegar, að það hlýtur að teljast óeðlilegt að Hæstiréttur taki að sér að skipa nefnd til að kanna þetta mál á þessu stigi þegar margt bendir vissulega til að málið hljóti að koma til kasta Hæstaréttar á seinna stigi málsins. Það er ekki eðlilegt að þarna myndist neins konar tengsl á milli. Hæstiréttur á ekki að hafa nein afskipti af þessu máli fyrr en þá, þegar og e.t.v. að málið verður tekið til dóms og flutt í Hæstarétti. Þetta er eðlilegt og rökrétt. Það er hins vegar í hæsta máta órökrétt og óeðlilegt að Hæstiréttur hafi afskipti af þessu máli á rannsóknarstiginu. Það á ekki með neinum hætti að blanda saman rannsókn og hugsanlegri dómsuppkvaðningu í máli sem þessu. Það er fullkomlega óeðlilegt.

Mér fyndist að þessu frv. til laga ætti að breyta í þá veru að rannsóknarnefndin yrði skipuð alþm. Ég geri þá ekki ráð fyrir að tillögur stjórnarandstöðunnar, sem hér liggja fyrir til umræðu í báðum deildum þings um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, nái fram að ganga. Mér þykir fullvíst að stjórnin muni beita sínu meirihlutavaldi til að fella till. Þess vegna er eðlilegt að íhuga að flytja brtt. við þetta frv. til að koma því í skynsamlegri farveg. Ég tek undir það, sem Ragnar Arnalds hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að auðvitað er ámælisvert að ríkisstj. skuli ekki leita samstarfs um þetta mál við stjórnarandstöðuna. Ég vona að það sé ekki fullreynt í því efni og að samkomulag kunni að geta tekist á meðan á meðferð málsins stendur á Alþingi.

Í öðru lagi mætti líka hugsa sér að þm. störfuðu með þeirri nefnd sem hér um ræðir. Ef ríkisstj. og stuðningsmenn hennar halda fast við að blanda Hæstarétti inn í þetta mál þegar á rannsóknarstiginu held ég að sé alveg nauðsynlegt að þm. starfi með þessari nefnd til að gera starfssvið hennar víðara, til þess að fleiri spurningar vakni. Það er alveg augljóst að ef fimm eða sex þm. starfa með þessari nefnd muni vakna fleiri spurningar en þeir þrír menn vekja sem tilnefndir eru til rannsóknar málsins.

Hér er ætlunin á eftir að ræða aðra till. um sama mál eins og hefur verið frá greint. Mér þótti það sérkennilegt að hv. 3. þm. Norðurl. v. varði nokkru af tíma sínum í umfjöllun þessa máls til að útskýra efni þeirrar till. Hún er á dagskrá á eftir og ég hugsa að 1. flm. þess máls sé alveg fullfær um að skýra það hér. (**RA:** Ég var að bera það saman.) (**SkA:** Þakka þér fyrir gullhamrana.) Já, þetta er traust á hv. 4. þm. Vesturl. Ég treysti honum alveg til að skýra það mál til hlítar og sé ekki hvaða ástæðu hv. 3. þm. Norðurl. v. sá til að taka það mál til sérstakrar umfjöllunar undir öðrum dagskrárlið.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Almenningur á skilyrðislausa kröfu og skilyrðislausan rétt á því að hjúp leyndar og myrkurs verði svipt af þessu máli, þar verði skoðað í skúmaskotin sem áreiðanlega eru mörg þó ekki sé nema helmingurinn af því sannur sem sagt hefur verið í blöðum. Ég hygg að sú opna rannsókn sem nauðsynlegt er að fari fram verði best tryggð með því að gera hana með töluvert öðrum hætti en þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég skal að vísu ekki vanmeta þau sinnaskipti sem orðið hafa hjá ríkisstj., að hún skuli vilja láta rannsaka málið núna sem ekki var vilji til fyrir skömmu, en ég felli mig ekki við þá aðferð sem gert er ráð fyrir í frv.

Virðulegi forseti. Þar sem ríkir samkomulag um að hafa þennan laugardagsfund deildarinnar fremur í styttra lagi og þar sem þetta mál er þegar ítarlega rætt á þinginu sé ég ekki brýna ástæðu til að lengja mitt mál meira en orðið er. Ég tel mig hafa gert grein fyrir sjónarmiðum mínum til málsins og þeim atriðum sem ég tel að breyta þurfi í því frv. sem hér er til umræðu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki við 1. umr. þessa frv. að ræða efnislega hinar ýmsu hliðar gjaldþrotamáls Hafskips og viðskipta þess fyrirtækis við Útvegsbanka Íslands. Það hef ég þegar gert í Sþ. fyrir fáeinum dögum og hér ríkir samkomulag um að halda fundartíma hv. deildar innan sæmilegra marka. Ég vísa því til ræðu minnar í Sþ. á þriðjudaginn var um þau efni.

En eins og ég sagði við það tækifæri er það skylda okkar, sem sitjum á hæstv. Alþingi, að sjá til þess að hlutir eins og það mál sem þetta frv. tekur til geti ekki hent sig aftur. Til þess að við getum gegnt þeirri skyldu okkar þurfum við að vita hvernig slík mál geta orðið til. Þess vegna þarf að rannsaka málið ofan í kjölinn.

Það þarf einnig að rannsaka málið vegna þess að almenningur á heimtingu á að vita hvernig sameiginlegir fjármunir landsmanna gátu glatast á þann hátt sem þarna varð og vegna þess að ná verður með lögum yfir hvers kyns vítavert athæfi sem kann að vera að finna í þessu máli, jafnt sem hreinsa menn af ásökunum, þá sem ómaklega kunna að hafa verið þeim bornir. Rannsókn þessa máls er því afar brýn.

Eins og ég hef áður sagt hér á hæstv. Alþingi munum við Kvennalistakonur ekki láta okkar eftir liggja til að knýja á um að sú rannsókn, sem gerð verður á þessu máli, verði marktæk. Það er ég hins vegar hrædd um að sú rannsóknartilhögun sem lögð er til í þessu frv. muni ekki tryggja.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefni þá þrjá menn sem annast eiga rannsókn málsins og eftir því sem best verður séð með því móti að þeir ákveði að miklu leyti sjálfir hvað þeir eigi að rannsaka. Ég vísa í því efni til athugasemda við 2. gr. frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk nefndarinnar er afmarkað í þessari grein. Er það að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum bankans og fyrirtækisins. Í því felst að nefndin skal jafnframt leggja mat á þau atriði sem undir verksvið hennar falla."

M.ö.o.: það er verið að gefa nefndinni sjálfdæmi um það hvað hún muni rannsaka og hvað ekki.

Þetta finnst mér dálítið einkennilegt í sjálfu sér, að þessum þremenningum skuli vera gefið þetta vald, en það er e.t.v. enn þá einkennilegra með tilliti til þess að Hæstiréttur, sem samkvæmt frv. á að tilnefna mennina, á síðan e.t.v. eftir að taka niðurstöðu þeirra til dómsmeðferðar á síðari stigum málsins. Sem sagt: menn sem Hæstiréttur tilnefnir ákveða að töluverðu leyti til hvað þeir rannsaka og síðan dæmir Hæstiréttur í því sem þeir hafa ákveðið að rannsaka. Þetta finnst mér ekki vera viturleg tilhögun málsins og get ekki séð að hún gangi upp.

Það gengur heldur ekki að leysa rannsókn þessa máls með því móti að rannsóknarnefnd starfi í umboði framkvæmdavaldsins, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., vegna þess að hún er sett á fót, eins og greinilega kemur fram í grg. frv., m.a. til að rannsaka þær ásakanir sem að undanförnu hafa með réttu eða röngu verið bornar á einn af handhöfum framkvæmdavaldsins. Mér finnst það í hæsta máta óeðlilegt að framkvæmdavaldið rannsaki þannig sjálft sig og það er eitt þeirra atriða sem að mínu viti gerir þetta frv. ófullnægjandi.

En það er fleira en þetta tvennt, sem ég hef þegar nefnt, sem er ófullnægjandi í frv. Það vantar ýmislegt í frv. T.d. kemur ekki fram í lagatextanum hverjum beri að skila niðurstöðum. Það er tekið fram í grg. með frv. að viðskrh. skuli fá þessar niðurstöður, en það er ekki í lagatexta. Bæði er það einkennilegt út af fyrir sig og svo er þarna enn annað sem er athugunar vert. Það er að framkvæmdavaldið skuli ætla að skila sjálfu sér þessari skýrslu og þeim niðurstöðum sem þar kunna að vera. Það er ekki eitt orð um það, hvorki í texta frv. né í grg. með því, að þær niðurstöður sem þessi nefnd kemst að skuli gerðar opinberar. Þetta er stór ágalli á frv. og gerir það að mínu viti endanlega ófullnægjandi.

Það má líka benda á atriði eins og það að engin tímamörk eru í frv. Það kemur að vísu fram í grg. að nefndin skuli hraða störfum, en það eru engin tímamörk. Hún gæti þess vegna verið að störfum í áratugi.

Að öllu samanlögðu tel ég þetta frv. ófullnægjandi eins og það er úr garði gert.

Eins og ég sagði áðan viljum við Kvennalistakonur ekki láta okkar eftir liggja til að fram fari marktæk rannsókn á því stóra máli sem hér er verið að fjalla um og í þeim tilgangi erum við meðflm. að till. Jóhönnu Sigurðardóttur, 173. máli, sem borin er fram í Nd. og sem mælt var fyrir í fyrrakvöld. Það er ótvírætt hlutverk Alþingis að halda uppi eftirliti með ráðstöfun almannafjár og þar með með ríkisbönkunum og þess vegna teljum við sjálfsagt að fela Alþingi það eftirlitshlutverk sem umrædd rrannsókn er. Eins og fram kemur í þeirri till. teljum við líka að eðlilegt sé að skila Alþingi niðurstöðum rannsóknarinnar.

Ég vil einnig leyfa mér að segja nú fáein orð um

svipaða till. sem Alþýðubandalagsmenn hafa borið fram, þótt hún sé ekki á dagskrá fyrr en á eftir, því að ég tek undir það með hv. þm. Ragnari Arnalds að þegar verið er að ræða mál sem fram eru komin um hvorki meira né minna en fimm þingmál er ágætt að glöggva sig á þeim með samanburði. Það sem mér finnst athugunarvert við tillögu þeirra Alþýðubandalagsmanna er að lagt er til að rannsókn málsins fari fram fyrir opnum tjöldum. Þá tilhögun mála tel ég fullkomlega fráleita vegna þess að við vitum mætavel að í okkar litla kunningjaþjóðfélagi fengi rannsóknarnefndin alveg örugglega ekki ýmsar veigamiklar upplýsingar við þær aðstæður. Við getum gengið út frá því áður en lagt er af stað. Það fyrirkomulag að rannsaka málið fyrir opnum tjöldum tel ég því fyllilega óraunhæft. Hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi í máli sínu áðan að í undantekningartilfellum geti nefndin haldið lokaða fundi. Finnst mér það endanlega kippa stoðunum undan þeirri röksemd að halda fundi nefndarinnar í heyranda hljóði, því að þá er eins gott að nefndin vinni sín störf í ró og næði og í friði og geri síðan almenningi grein fyrir þeim niðurstöðum sem hún kemst að.

Virðulegi forseti. Það liggur mikið við að þetta stærsta gjaldþrotamál í sögu íslenska lýðveldisins, sem þessi þingmál öll fjalla um, verði rannsakað gaumgæfilega. Við liggur trúnaður milli þjóðarinnar og þeirra sem fara með ráðstöfun þess fjár sem hún á sameiginlega. Slíka rannsókn mun þetta frv., sem hér er til umræðu, ekki tryggja að mínu viti, ekki eins og það er hér úr garði gert. En ég lýsi því yfir að ég er tilbúin að leggja mitt af mörkum til að gera tillögur um breytingar og sníða vankanta af þessu frv. sem, eins og ég hef áður sagt, eru margir. Ég er tilbúin til að gera það í hv. fjh.- og viðskn. ef málið kemur þangað, ella með öðrum hætti.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því að umræður í þessari hv. deild virðast ætla að verða málefnalegar, enda er kannske ærið mikið komið af upphrópunum í umræðum um þetta mál. En umræðurnar sem þegar hafa farið fram hér nálgast að við séum farnir að ræða um grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar, og það er svo sannarlega tímabært að það sé gert og mundi þurfa nokkra klukkutíma til þess að geta rætt það til einhverrar hlítar.

Mér er alveg ljóst að það er eðlileg ósk af hálfu þeirra sem flytja aðra till. svipaðs efnis að þeirra till. komi líka á dagskrá sem fyrst og helst auðvitað strax í dag, en væntanlega verður klukkan farin að nálgast eitt þegar þessari umræðu lýkur. Ég skal reyna að vera eins stuttorður og ég get, en get með engu móti komist hjá að eyða nokkrum mínútum til þessarar umræðu þegar hún er komin inn á það svið sem ég nefndi, grundvöll sjálfrar stjórnskipunar lýðveldisins Íslands.

Þá er komið að því að ræða um þrískiptingu valdsins og hvernig hún hafi verið í framkvæmd og hvernig hún skuli vera í framkvæmd í okkar litla lýðveldi. Því miður hefur sú þrískipting valdsins, sem hugsjónamenn fyrri alda og fyrr á þessari öld byggðu allt á í vestrænum lýðræðisríkjum, kannske ekki verið nægilega skýrt aðgreind, þeir þrír þættir stjórnskipunarinnar hafa ekki verið nægilega skýrt aðgreindir, og það kemur glögglega fram einmitt í umræðunum hér og nú að menn rugla þessu töluvert mikið saman sem eðlilegt er þar sem framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að erfitt hefur verið að greina á milli. Þá vil ég halda því fram að þetta frv., ef að lögum verður, sé einstætt í réttarsögunni — ég kalla það réttarsögu síðustu áratuga í öllu falli.

Ég held að betur sé um hnútana búið með því að samþykkja þetta frv. en ályktun um rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Slíkar tillögur hafa tvívegis verið samþykktar á síðari áratugum á hinu háa Alþingi, en harla lítið held ég að hafi komið út úr þeim rannsóknum. Það er ekki aðalatriðið, heldur hitt að við viljum þrískiptingu valdsins, við viljum sem mesta aðgreiningu og ég persónulega miklu, miklu meiri aðgreiningu en þá sem er nú í okkar þjóðlífi í framkvæmd.

Þá vík ég að nokkrum atriðum í máli þeirra hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og, eins og ég sagði áðan, rætt málefnalega um þetta mikilvæga atriði, stjórnskipunina sjálfa, þó að þeir nefndu hana ekki beint á nafn, og kem þá að því að menn telja óeðlilegt að Hæstiréttur sé beðinn um að tilnefna menn í rannsóknarnefnd og gera því jafnvel skóna að Hæstiréttur muni þar með verða háður einhverju því sem þessi nefnd gerir. Ef við missum þannig trú á sjálfum Hæstarétti er voðinn vís, að dómarar Hæstaréttar mundu skipta sér af rannsókn manna sem þeir hefðu tilnefnt sem hlutlausa rannsóknaraðila. Þá er réttarfarið hrunið til grunna. Það er því miður hrunið til grunna, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, ef svo fer að Hæstiréttur mundi skipta sér eitthvað af rannsókn þeirra manna sem hann hefði með sérstökum lögum verið beðinn að tilnefna. Allir dómarar Hæstaréttar gera sér fulla grein fyrir því að þeir hafa engan rétt til neinna afskipta og heldur ekki, þó að málið kæmi síðar til Hæstaréttar, að taka nokkurt tillit til þess að Hæstiréttur hafi tilnefnt þessa menn.

Það er nú einu sinni svo að einhverjir verða að tilnefna í embætti. Það er dómsmrh. með atbeina forseta eða öllu heldur forsetinn með atbeina dómsmrh. sem skipar í dómaraembætti. Við höfum borið gæfu til þess þrátt fyrir allt, Íslendingar, að reyna að forðast í lengstu lög að gagnrýna tvær stofnanir, forsetaembættið og Hæstarétt. En hitt atriðið, og það er aðalatriðið, er að við megum ekki einu sinni láta okkur koma það til hugar að Hæstiréttur teldi sig bundinn eða háðan niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar þó að hann skipaði hana. Ef við erum komin á það stig í hugsanagangi um þrískiptingu valdsins og réttar lýðræðisreglur er voðinn vís. Þá höfum við ekkert að leita. Það er einmitt tímabært að huga að þessu.

Þá er komið að hinu atriðinu, hvort rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar mundi verða trúverðugri en þessi óháða nefnd. Við vitum vel að það hefur mjög verið gagnrýnt, og ég er einn í þeirra hópi sem gagnrýnt hafa það, að þm. röðuðu sér í bankaráð ríkisbankanna. Ég tel það óeðlilegt. Einmitt vegna þess að þá var verið að blanda saman löggjafarvaldinu og framkvæmdavaldinu. Það er verið að sniðganga hið þrískipta vald. Ég held að þjóðin mundi ekki hafa sérstaka trú á því að þm., sem menn réttilega gagnrýna fyrir að vera of mikið að vasast í störfum framkvæmdavaldsins, skipuðu sér í þessa nefnd en óháðir menn kæmu þar hvergi nærri. Fólkið mundi ekki telja þm. óháða, því miður, þegar þeir væru komnir í slíka nefnd. Þetta er líka til íhugunar.

Ég er ekki í þessum fáu óundirbúnu orðum mínum að fella einhverja dóma, heldur vekja athygli á því hvar við erum í þessu stödd, og vonandi fáum við tækifæri til þess að ræða þetta miklu ítarlegar og hafa til þess meiri tíma en við höfum í dag.

Að því er varðar það að þessi nefnd hafi sjálf rétt til að ákveða hve lengi hún starfi eða að hún eigi sjálf að leggja mat á hvað undir hennar verksvið fellur er það auðvitað mjög rúmt í löggjöf að slík nefnd fái nánast ótakmarkaðar heimildir. Ég tel það einmitt vísbendingu um að nefndin eigi að rannsaka allt ofan í kjölinn og gefa sér tíma, en auðvitað hraða störfum eins og hún getur og gefa síðan einhverjar bráðabirgðaskýrslur sem yrðu heyrum kunnar.

Förum svolítið niður í ákvæði frv. sem er líka einstætt að því leyti að það er samið nokkurn veginn eins og gert var í gamla daga þegar menn voru að semja lög en ekki einhverjar skýrslur og lögfesta þær. Það er að vísu fjórar greinar, en allar hnitmiðaðar nákvæmlega eins og löggjöf á að vera.

Tökum 1. gr. Það á að rannsaka þessi viðskipti á undanförnum árum og nefndin hefur rétt til að skilgreina nánar hvað „undanfarin ár" eru mörg. Þau geta verið áratugur eða meir ef því er að skipta. Í því skal nefndin m.a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Lengra er naumast hægt að ganga.

Síðan segir að könnun nefndarinnar beinist enn fremur að öðrum viðskiptalegum þáttum málsins sem henni þykja þurfa athugunar við. Hún hefur fullkominn rétt til að rannsaka eitt og allt í þessu máli. Þannig á það að vera. Þetta mál verður að upplýsast alveg niður í kjöl. Um það erum við öll sammála, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds gat sérstaklega um, og það var drengilegt af hans hálfu að lýsa því einmitt yfir að það getur ekki verið að neinn af hv. alþm. Íslendinga sé ekki þeirrar skoðunar að þetta mál, og raunar mörg önnur sem eiga eftir að koma upp, því miður, í svipuðum dúr, verði rannsökuð niður í kjölinn.

Í framhaldi af þessu er ljóst að ég er andvígur þeirri skoðun hv. þm. Ragnars Arnalds að það eigi að koma menn í þessa rannsóknarnefnd úr ýmsum pólitískum hópum. Það á einmitt að sniðganga pólitíska hópa í þessari rannsókn. Það á ekki að hafa þetta pólitíska rannsókn. Það á að hafa þetta réttarrannsókn. Þarna á pólitíkin hvergi nærri að koma. Ég veit að þegar hv. þm. hugsar þetta betur er hann sammála mér um það. Einmitt þarna má pólitík hvergi nærri koma. Þá er þrískipting valdsins farin út í veður og vind og þá byggjum við ekki upp heilbrigt lýðræðisþjóðfélag á Íslandi. Það er ég sannfærður um.

Hitt er svo annað mál að það kann að vera að hyggilegt hefði verið að leita sérstaks samstarfs við stjórnarandstöðuna. Ég skal ekki fordæma það. Við gerum mjög mikið að því. Allar stjórnir hafa gert það, að leita samstarfs við stjórnarandstöðuna. Það hefur kosti. Það er enginn vafi á því. Það felst sáttfýsi í því og kannske er auðveldara að koma málum fram, framgangur verður greiðari o.s.frv. En það hefur líka galla.

Við sem erum í stjórnmálum eigum að gefa fólki í landinu kost á að velja mismunandi sjónarmið og mismunandi skoðanir, bæði einstakir þm. og einkum og sér í lagi þó flokkar. Það er líka hættulegt ef innan veggja hins háa Alþingis er samið um allt og enginn fær að vita hvaða skoðun hver flokkur hefur eða hver einstakur þm. vegna þess að við erum öll eins. Það er ekki fátítt að heyra fólk í landinu segja: Þeir eru allir eins. Hvað á ég að kjósa? Það er líka hætta fyrir lýðræðið ef menn skirrast við að skiptast á skoðunum, deila hart ef því er að skipta, rífast í sölunum, þannig að menn fái utan þessara sala að vita hvar hver stendur og þegar til kosninga kemur eigi fólkið eitthvert val. Þess vegna er líka hættulegt að semja um alla hluti. Kannske hefði verið meiri ástæða til þess að hafa einmitt í þessu máli reynt að ná samstöðu um að fá utanþingsmenn skipaða af Hæstarétti. Við höfum engan annan til að taka þennan bikar frá okkur og ég er sannfærður um að fólkið mun treysta betur þessari nefnd en nefnd skv. 39. gr.

Ég vildi vekja athygli á hvert þessi umræða er að leiða og því fagna ég mjög og ég vona að hún geti haldið áfram á þessum grunni í þessari hv. deild og í þeirri þingnefnd sem málið fær til umfjöllunar.

Mér er ljóst að það getur verið ágreiningsefni hvort málið á að fara til hv. allshn. eða fjh.- og viðskn. Hæstv. ráðh. hefur lagt til að málið fari til fjh.- og viðskn. og hef ég út af fyrir sig ekkert á móti því. Það má kannske rökstyðja það með nafni frv. Það heitir frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips. Hins vegar neita ég því ekki að ég hef töluverða samúð með því sjónarmiði, sem komið hefur hér fram, að málið ætti að fara til hv. allshn. þar sem þetta er í sjálfu sér hluti af dómskerfinu, slík rannsóknarnefnd tilnefnd af Hæstarétti, algerlega óháð bæði framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi. — Algerlega óháð framkvæmdavaldi. Ég bendi sérstaklega á að einhver sagði að framkvæmdavaldið væri þannig að hafa rannsókn og afskipti af sjálfu sér. Ef þeir dómarar sem eru tilkvaddir samkvæmt þessu frv., þeir þrír, hefðu þau sjónarmið að þeir væru hluti löggjafar- eða framkvæmdavaldsins væru þeir óhæfir og ættu ekki að taka það að sér. Þeir eru þarna algerlega óháðir bæði löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi, annars eru þeir ekki hæfir í þetta starf, eru ekki rannsóknardómarar. Þetta er einn liðurinn í því að skilgreina hvað sé hið þrískipta vald.

Ég er líka andvígur því, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði, að þm. starfi með nefndinni. Um leið og þm. fara að starfa með nefndinni sem þm. er nefndin orðin óhæf og ekki starfi sínu vaxin. Þá er hún ekki lengur rannsóknardómstóll. Þess vegna verðum við að fara aðra hvora leiðina, að skipa rannsóknarnefnd eftir 39. gr. stjórnarskrárinnar eða óháða rannsóknarnefnd, óháða bæði framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi.

En ég ætla ekki að tefja tímann núna. Ég vona að við höfum tækifæri til þess við 2. umr. að fara lengra ofan í þessi mál og ræða þau með þeim hætti sem hér hefur verið rætt, algerlega málefnalega þó skoðanir séu skiptar.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Til að byrja með ætla ég að lýsa því sem skoðun minni að þetta frv. eigi ekki að fara til fjh.- og viðskn., eins og lagt hefur verið til af hæstv. viðskrh., heldur til allshn. Ég tel það vera í samræmi við þann skilning og þá túlkun á stjórnskipan sem liggur að baki og til grundvallar þessu frv. og vona að deildin hafi þá rögg á sér að breyta

hugmynd viðskrh. ef hann ekki dregur hana sjálfur til baka.

Bankamál hafa verið, eins og deildarmenn þekkja, óneitanlega nokkuð tíðrædd hér í stól af minni hálfu. Til þess að menn átti sig að einhverju leyti á því hvað ég hugsa í þeim efnum tel ég nauðsynlegt að ræða um ákveðin grundvallaratriði, bæði grundvallaratriði viðskipta og grundvallaratriði stjórnskipunar.

Ég verð að taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég fagna því að við skulum loksins fá tilefni til að tala um grundvallaratriði stjórnskipunar Íslands. Ég tel að sú umræða sé ekki einasta holl, heldur bráðnauðsynleg og knýjandi vegna þess að mjög mikið af þeim atriðum sem aflaga hafa farið í stjórn þessa lands eigi orsakir sínar í stjórnskipuninni og þá sérstaklega framkvæmd stjórnskipunarinnar.

Það hvað hinum aðgreindu þremur valdþáttum hefur verið blandað mikið saman á undanförnum árum og áratugum hefur gert að verkum að ábyrgð valdþáttanna hefur hulist þoku og jafnvel dómsvaldið, sem átti og ætti að vera hvað skýrast aðgreint frá hinum valdþáttunum, hefur blandast inn í störf löggjafarvaldsins, t.d. með þeim hætti að dómarar hafa verið viðriðnir lagagerð og umfjöllun hér á þingi og Hæstiréttur hefur reyndar líka tekið þátt í gerðardómum. Ég tel að frv. sem við erum að ræða eigi líklega sitt fordæmi þar og menn muni réttlæta þessa tilhögun málsins með því fordæmi.

Til að byrja með langaði mig til þess að fara örfáum orðum um bankastarfsemi. Banki er ekkert annað en það að einhver aðili tekur að sér að ávaxta fé fyrir einstaklinga með sem bestum og öruggustum hætti. Bankanum er ekki talið stætt á því að taka mikla áhættu með sparifé þeirra manna sem hann tekur til ávöxtunar og taki bankar áhættu verði þeir að gera það með sitt eigið fé.

Bankar eru hér tvenns konar, annars vegar ríkisbankar og hins vegar einkabankar. Ríkisbankakerfi okkar, þar sem stærstur hluti sparifjár landsmanna er geymdur og ávaxtaður með misjöfnum árangri, er einstakt á Vesturlöndum. Starfsemi með þessum hætti, sem er svo nátengd stjórnvöldum eins og bankakerfið er, er í raun og veru ekkert annað en rússneskt skömmtunarkerfi á peningum. Það á sér enga hliðstæðu nema fyrir austan tjald. Einkabankar eru yfirleitt hlutafélög og þessi hlutafélög velja sér með kosningu bankastjórn. Bankastjórnin ræður bankastjóra. Það er bankastjórnarinnar að gæta hagsmuna hluthafanna og hafa eftirlit með því að bankastjórarnir fari ekki óráðlega með sparifé. Þeir eru sem sé eftirlitsaðilarnir af hálfu hluthafanna. Reyndar er þeirra umboð takmörkum háð að því leyti t.d. að ýmsir einkabankar, t.d. veit ég það með Iðnaðarbankann, gera ráð fyrir að sérstaklega sé farið með málefni þeirra viðskiptamanna sem skulda orðið meira en 4% af innlánsfé bankans.

Þegar við snúum okkur að ríkisbönkunum verður þetta allmiklu erfiðara. Þessir bankar eru í eigu þjóðarinnar. Þar má segja að hluthafarnir séu þjóðin öll. Þjóðin velur sér þm. á þing. Þm. velja annars vegar ráðherra, sem hafa þá yfirstjórn á bankamálum, en hins vegar velja þeir bankaráð sem eru þá eftirlitsaðilar svipað og bankastjórnir einkabankanna fyrir hönd hluthafanna í bönkunum af því að eftirlitshlutverkið er í raun og veru á hendi Alþingis, en Alþingi framselur það ekki til ráðherrans heldur til þingfulltrúa sem starfa þá í bankaráðum í bönkunum.

Við höfum gagnrýnt þetta fyrirkomulag og við höfum gagnrýnt það sérstaklega vegna þess að þessi íhlutun löggjafans í framkvæmdavaldið gerir það að verkum að ábyrgð aðilanna verður óljós og við stöndum einmitt frammi fyrir þeirri staðreynd núna. Þegar einhverjar misfellur verða á starfsemi þessara banka verður algerlega óljóst hvaða aðili á að rannsaka hvað og hvaða aðili ber ábyrgð á hverju.

Ég tel t.d. að í frv. sem við erum að ræða sé það nánast útilokað samkvæmt því umboði sem þar er gefið að þessi nefnd fari ítarlega ofan í hver var hlutur Alþingis í þessu máli. Henni er fyrst og fremst gert að rannsaka óeðlilega viðskiptahætti. Ég fæ ekki séð að það sé á nokkurn hátt í þessu plaggi falið að þar komi þessi nefnd inn á rannsókn á því hvort það fyrirkomulag til eftirlits sem fyrir hendi er í bankanum hafi raunverulega þjónað sínu hlutverki eða ekki. Menn geta spurt: Hvers vegna á löggjafinn ekki að skipta sér af bankarekstri? Hvers vegna á löggjafinn ekki að stjórna og reka banka? Ég vil þá minna á þær stjórnarskrárgreinar þar sem talað er um að Alþingi megi ekki leggja á gjöld né útdeila fé öðruvísi en með lögum. En í gegnum bankakerfið hefur Alþingi öðlast aðstöðu til að fara með tvöfalt fjárveitingavald, þ.e. annars vegar á fjárlögum og hins vegar með því að nota, og í flestum tilfellum að misnota, sparifé landsmanna. Ég þarf ekki að rekja nein dæmi til þess. Menn þurfa ekki annað en lesa blöðin eins og þau birtast okkur bæði nú og fyrr til að átta sig á því að sparifé landsmanna er misnotað og það er misnotað af eigendum þessara banka. Eigendur bankanna eru í raun og veru þjóðin. En þjóðin hefur ekkert um reksturinn að segja. Það er Alþingi sem fer með þetta vald og umboð og það eru þm. sem misnota fé landsmanna í gegnum bankakerfið. En til þess hafa þeir afskaplega óljóst umboð. Það umboð hafa þeir nánast tekið sér sjálfir með lagasetningu þegar þeir ákváðu íhlutun sína í bankastarfsemina með þeim hætti sem við búum við í dag.

Eins og ég sagði í upphafi, virðulegi forseti, fagna ég því að fá með tilkomu þessa máls tilefni til að ræða grundvallaratriði sem þessi, ræða sérstaklega þetta mál á þeim nótum. Ekki kannske á þeim stórfyrirsagnanótum sem um málið hefur verið rætt að undanförnu þar sem einstaklingar hafa verið dregnir inn í málið með ýmsum hætti. Ég tel ekki að það sé hlutverk Alþingis að dæma einstaklinga. Til þess höfum við dómskerfi.

Í því tilviki sem hér er um að ræða, þ.e. í þessu frv., er það reyndar þannig að „bankastjórarnir" eru að biðja Hæstarétt að útnefna rannsóknarnefnd sem á að kanna viðskipti eins ríkisbankanna þ.e. Útvegsbankans, og ákveðins fyrirtækis, þ.e. Hafskips. Verkefnið er, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. gat um, nokkuð vel skilgreint, en þó tel ég að ákvörðun um umfang þessa verkefnis sé það mikið í höndum nefndarinnar sjálfrar að við munum eiga erfitt eftir á að breyta áherslum þegar hún er búin að skila sínu áliti.

Það er t.d. alls ekki gefið, þó að standi í 2. gr. „á undanförnum árum", að nefndin rannsaki miklu meira en eitt, tvö ár aftur í tímann. Það er algerlega á hennar hendi. Hér er fleirtala orðsins „ár". Hún þarf ekki að knýja menn til lengri rannsóknar en tvö ár aftur í tímann. Ég teldi því æskilegt að þessi rannsókn væri

nánar skilgreind hvað tímalengd snertir, hvort sem það yrði þá með því að tiltaka árafjöldann eða með því að krefjast þess að það yrði a.m.k. farið yfir öll viðskipti bankans við Hafskip en nefndinni þá í sjálfsvald sett hve mikið af þeirri rannsókn hún tæki inn í sitt álit.

Eins er orðalagið „í því skyni skal nefndin m.a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins.“ Ég las í morgun grein í dagblaði eftir hv. seðlabankastjóra þar sem hann ræðir samskipti bankaeftirlits og Útvegsbankans vegna Hafskips. Það er mjög greinilegt að ekki hefur þótt ástæða til þess af hálfu bankaeftirlits eða Seðlabanka að grípa með alvarlegum hætti inn í viðskipti Hafskips og Útvegsbankans vegna þess að það var ákveðið samræmi milli annars vegar útlána Útvegsbankans og starfsumfangs fyrirtækisins. Það mun reyndar vera þannig að ef við spyrðum bankastjórn Útvegsbankans í dag þeirrar spurningar hvort tryggingar væru fyrir öllum þeim lánum sem þar eru inni, eða úti réttara sagt, mundi hún fullyrða að svo væri því að að nafninu til eiga þær tryggingar að vera fyrir hendi á vissum forsendum.

Ég get nefnt dæmi til þess að menn átti sig á því hvað ég er að fara. Útvegsbankinn er mjög stórt fyrirtæki í Vestmannaeyjum. Hann hefur þar með trúlega lánað flestöllum Vestmanneyingum þó nokkuð mikið fé sem þeir hafa þurft þegar þeir voru að koma sér þaki yfir höfuð. Bankinn mun trúlega neita því að ekki séu til nægilegar tryggingar fyrir þeim lánum. En þá stöndum við frammi fyrir því hvernig við túlkum þær staðreyndir sem t.d. Fasteignamat ríkisins miðlar okkur þar sem upplýst er að raunverð fasteigna í Vestmannaeyjum hefur lækkað um 18% á tólf mánuðum, eins og fram kemur í frétt í dagblaði á föstudaginn 13. desember. Það þýðir að söluverðmæti íbúða í Eyjum hefur lækkað um nánast 50% á tveimur eða þremur árum. Þess vegna má draga í efa að þetta húsnæði standi lengur að verðmæti sem trygging fyrir þeim lánum sem Útvegsbankinn hefur áhvílandi á þessum eignum. Eins mun það líklega vera þannig að mörg af þeim lánum sem Útvegsbankinn og aðrir bankar eiga útistandandi víðs vegar um land eru tryggð með veðum sem að nafninu til eru fyrir hendi, en ef á ætti að reyna, ef þessi veð ætti að selja á frjálsum markaði, er algerlega til efs hvort þau næðu söluandvirði þeirra lána sem á þeim hvíla.

Það hefur komið fram í umræðum um þetta frv. að þegar hafa a.m.k. tveir aðilar sinnt hluta þeirrar rannsóknar sem hér er verið að tala um, þ.e. bæði bankaeftirlitið og skiptaráðandi, þannig að það þyrfti kannske nánari skýringar við hvaða þætti málsins þessari nefnd er ætlað að fjalla um. Það segir í frv.: „þó ekki þeim atriðum sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt.“ En það er líka viðurkennt í athugasemdum við einstakar greinar frv. að nokkrum vandkvæðum sé háð með hvaða hætti starfsreglur hennar og heimildir eru markaðar. Það er lögð mikil áhersla á að þessi nefnd tefji ekki eða raski rannsókn annarra aðila og það er tekið fram, og á því byggi ég þá skoðun mína að þessari nefnd sé ekki falið að fara ítarlega inn á störf bankaráðsins og tengsl þess við þingið, að gögn Hafskips hf., bæði bókhald og önnur gögn, séu nú þegar í vörslu skiptaráðenda og nefndin skuli hafa aðgang að þessum gögnum. Mér sýnist eins og ríkisstjórnin sé með þessum hætti að gefa til kynna að það sé hlutverk þessarar nefndar að rannsaka frekar þá hlið sem snýr að Hafskipi en þá hlið sem snýr að löggjafanum.

Hér hefur komið fram till. á þingi um að kosin sé þingnefnd til að rannsaka þetta mál. Ég viðurkenni alveg að væri kosin þingnefnd til þessa starfs væri verið að kjósa yfir sig aðila sem að nokkru leyti væri að rannsaka sjálfan sig. Það er einfaldlega vegna þess að Alþingi hefur kosið að blanda sér í hlutverk framkvæmdavaldsins. Ég tel að með því að kjósa þessa rannsóknarnefnd sé Alþingi að taka mjög ákveðna afstöðu, þá sé Alþingi að velja og hafna, velja milli þess hvort því er verðmætara að halda áfram að blanda sér í hlutverk framkvæmdavaldsins og sinna þeirri rússnesku peningaskömmtun sem það gefur kost á eða að taka að sér það hlutverk, sem það fyrst og fremst á að gegna gagnvart þjóðinni, að hafa eftirlit með því að framkvæmdavaldið sinni því hlutverki sem því er falið.

Þó að margt af því sem beðið er um rannsókn á í þessari tillögu fari aðeins yfir markið má þó kannske fyrirgefa mönnum því að hiti málsins og alvara voru mjög mikil. Því er alls ekki að neita að menn voru greinilega í ákveðnu kapphlaupi um að verða aðilar að þessu máli. En það þarf ekki að draga úr því að þarna sé sá einlægi ásetningur á ferðinni að menn vilji velja á milli hvort okkur er dýrmætara að sinna því eftirlitshlutverki sem þjóðin hefur falið okkur eða sitja áfram í bankaráðunum án þess að nokkur maður viti til hvers það er, þegar hér er talað úr ræðustól, því það er margnefnt af hálfu nánast allra manna, sem komið hafa nálægt þessu starfi, að bankaráð geri í raun og veru ekki neitt, en síðan er fullyrt að það hafi eftirlit. Það mál sem við höfum hér fyrir okkur sýnir gleggst að það eftirlit er ekki meira en einhver annar en bankaráðið leyfir.

Ég tek sem sé undir að það er alveg rétt skilgreining að sú þingnefnd, sem farið er fram á í öðru þskj. að rannsaki þetta mál samkvæmt 39. gr., er að vissu leyti að rannsaka sjálfa sig, en þar með tel ég líka að Alþingi sé að taka sér ákveðið tak og að þetta sé ekki annað en fyrsta skref í átt til ákveðinna breytinga á því fyrirkomulagi sem núna er bæði á samskiptum Alþingis og framkvæmdavalds og líka hvað þetta sérstaka mál snertir, þ.e. afskipti Alþingis af bönkum og sjóðum.

Það eru þrjú atriði sem ég ætla að nefna að síðustu í mínu máli:

Í fyrsta lagi er ég sammála hv. 4. þm. Norðurl. v. um að það var ekki nauðsyn til samstarfs við stjórnarandstöðu um þetta mál. Það er mín skoðun. Ég skil þá skoðun annarra að það hafi verið nauðsyn á því vegna þess að bankaráðs- og bankastjórnarmálin eru ein af samtryggingarmálunum sem m.a. orsaka það að fólk er gersamlega hætt að átta sig á því hvað er stjórn og hvað er stjórnarandstaða og hver er raunverulegur munur á pólitískum stefnumálum stjórnmálaafla hér á landi. Þeir eru allir eins, segir fólkið í strætó.

Ég er líka hjartanlega sammála hv. 4. þm. Norðurl. v. um að þm. eiga ekkert erindi í rannsóknarnefnd skipaða af Hæstarétti. Þá er mælirinn fullur í samkrulli valdþáttanna. Ég verð að viðurkenna að mér finnst það hrein fásinna að stinga upp á slíku hér úr ræðustól.

Að lokum: Þegar BJ fór af stað fór það af stað með ákveðinni gagnrýni á stjórnkerfið og menn, nokkrir alla vega, risu upp til varnar þingræðinu, töldu árás BJ á núverandi stjórnkerfi vera árás á þingræðið og þar með

árás á lýðræðið. Í fyrsta lagi vita allir menn sem vilja vita að það er ekki beint samhengi á milli lýðræðis og þingræðis. Það er m.a.s. hægt að tala um þingræði í einræðislöndum þar sem ekki er lýðræði. Aftur á móti finnst mér hafa komið fram í þessu máli eitthvert mesta vantraust á þingræðið. Það felst m.a. í því, virðulegi forseti, að ekki einum einasta manni, sem hér hefur komið í ræðustól, hefur dottið í hug að dómsmrh. skipaði nefnd til að rannsaka þetta mál. Ég veit að það samsinna mér allir sem hér sitja inni hvað það snertir að hefði einhverjum dottið það í hug hefði það umsvifalaust verið keyrt niður sem mesta fásinna. Svo mikið vantreystir löggjafarvaldið sínu eigin framkvæmdavaldi að það mundi aldrei láta sér detta í hug að láta það bera ábyrgð á rannsókn máls sem þessa. Ég tel að í þessu felist eitthvert mesta og alvarlegasta vantraust á þingræðið í sjálfu sér.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Áður en ég gef hv. 5. landsk. þm. orðið vil ég að gefnu tilefni leyfa mér að minna hv. þdm. á það markmið, sem var samkomulag um hér, að reyna að ljúka þessum fundi og jafnframt þessum tveimur dagskrármálum, sem sérstaklega voru tilgreind hér áður en þessi umræða hófst, þ.e. þessu máli og 9. dagskrármálinu, ekki löngu seinna en kl. 1. Nú er þessi fundartími liðinn og enn höfum við ekki lokið umræðunni. Ég vænti þess að hv. þdm. séu mér sammála um að við getum ekki slitið fundi með þessum hætti. Við verðum að standa við það samkomulag sem við gerðum og reyna að taka einnig fyrir 9. málið. Vil ég biðja hv. þdm. að hafa í huga þegar þeir flytja sitt mál að fara ekki út fyrir efnið meira en brýn nauðsyn krefur.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég ætlaði einmitt að vekja athygli á því sama, að í gær var gert samkomulag á fundi þingflokksformanna og forseta um að leitast skyldi við, að óskum þm. m.a., að ljúka þessum fundi eigi miklu síðar en klukkan 1. Þess vegna kemur mér það ákaflega mikið á óvart að fulltrúi BJ, hv. þm. Stefán Benediktsson, skuli hafa séð sig knúinn til þess að tala ekki um þetta afmarkaða mál, sem er skipun rannsóknarnefndar til að athuga viðskipti ákveðinna aðila, heldur flytja almenna ræðu um bankamál og bankakerfi þjóðarinnar. Það gengur þvert á það samkomulag sem gert var í gær.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég skal virða tilmæli virðulegs forseta og það samkomulag sem gert hefur verið um umræður í dag. Ég hef mikið um þetta mál að segja, en ég læt það kyrrt liggja nú.

Ég vil aðeins ítreka af minni hálfu, af því að ég er að vissu leyti utan í þessu máli, orða það ekki sterkar en það, að fyrir hönd Útvegsbankans legg ég á það mikla áherslu að sú rannsókn, sem framkvæmd verði, verði sem ítarlegust.

Ég vil mótmæla því, sem sagt var áðan af hv. síðasta ræðumanni, að hún næði ekki til nema viss árafjölda. Mætti ég, virðulegur forseti, vitna í næstsíðustu málsgr. á bls. 2 í athugasemdunum með frv. Þar stendur: „Ekki hefur þótt fært að fastsetja við ákveðinn árafjölda það tímabil sem rannsóknin skal ná yfir, enda liggur ekki fyrir nú hvenær verulega tók að halla undan fæti í rekstri skipafélagsins né heldur með hvaða hætti og á hvaða tíma skuldaaukning varð við Útvegsbankann sem nú hefur leitt til mikils fyrirsjáanlegs tjóns hans við gjaldþrot félagsins. Miðað er við að nefndarmenn meti sjálfir lengd þess tímabils sem mestu skiptir í þessu máli.“

Ég vek athygli á að Hafskip hefur starfað í rúmlega 27 ár og það hafa því miður oft og iðulega verið þrengingar í því fyrirtæki og það staðið á brauðfótum. Ég ætla því ekki að draga úr því að það verði helst rannsakaður allur tíminn í þessu máli og vil ekki hlusta á dylgjur um að það sé verið að draga úr því að það þurfi að rannsaka. Ég óska þess og tek undir það sem kemur fram í frv. að þetta verði rannsakað sem best og ítarlegast.

Að öðru leyti langaði mig til að ræða sérstaklega við hv. þm. Stefán Benediktsson um aðgerðarleysi bankaráða og annað slíkt, en ég sleppi því af virðingu við deildina. Það er búið að biðja um stuttar umræður.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, fyrir að hafa rætt þetta mál efnislega þó að okkur greini á um leiðir og tiltekin atvik.

Ég vil út af þeirri umræðu sem fram hefur farið varðandi þá nefnd sem ætti að vísa þessu frv. til segja að ég ræddi það við nokkra menn áður en frv. var lagt hér fram til hvaða nefndar væri eðlilegast að vísa því. Menn voru sammála um að þar sem frv. fjallar um viðskipti banka við fyrirtæki ætti það heima í fjh.- og viðskn. Ef það nær aftur til gjaldþrota starfseminnar og er henni skylt hefði allshn. mjög komið til greina. Það er eingöngu af þessari ástæðu sem ég legg til að frv. sé vísað til fjh.- og viðskn. Hins vegar má alltaf um það deila. En ég held að þetta sé ekki stórt atriði úr af fyrir sig. Það er þó í beinum tengslum við ráðuneytið hvað snertir tengsl Alþingis og nefndar. Það er með tilliti til þess sem ég flutti þá tillögu.

Ég held að rétt sé að taka fram að þegar ég fékk skýrsluna um Útvegsbankann í hendur 22. október, það er nú ekki lengra liðið síðan, og ég sá hvað málið var alvarlegt og hvað bankaeftirlitið og Seðlabankinn töldu málið alvarlegt, þó að breytingarnar hafi orðið gífurlega miklar á tiltölulega skömmum tíma, bjóst ég við því að það ætti að geta gengið fljótt fyrir sig að taka ákvörðun um hvort fyrirtækið yrði gjaldþrota eða ekki. Hins vegar töfðust þau mál mikið og ég held að æsifréttaskrif hafi orðið til að tefja eðlilega ákvarðanatöku. Ég tel líka að umræða utan dagskrár hefði gjarnan mátt bíða í örfáa daga. Þá hefði málið tekið aðra stefnu.

Það kom líka til að þegar búið er að taka þá ákvörðun, eða næstum því, að þessu sé lokið hefjast nýir samningar við Sambandið og aðila Hafskips. Ég gat ekki sem viðskrh. fyrirskipað bankastjórn eða bankaráði Útvegsbankans að tala ekki við Sambandið eða Hafskip af því að það væri farið að tala við Sambandið. Það hefði verið litið á það sem pólitískt ofstæki ef slíkt hefði verið gert. Það vita allir hvernig það fór, að stjórn Sambandsins felldi svo að hefja þessar viðræður. En þetta gerði það að verkum að málið dróst á langinn.

Svo kom aftur það erfiða hlutverk hvenær á að ganga til slíkra verka og hvenær ekki. Skip voru í hafi, skip voru að hefja ferðir og það var fyrst og fremst reynt að huga að því að þessi ákvarðanataka ylli sem minnstum

óþægindum. Síðan kom að þessu og ég þarf ekki að fara frekar út í það mál.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði að það væri ekki í lagagreinum hvenær nefndin ætti að skila af sér og ekki heldur hvert hún ætti að skila af sér. Ég held að það sé alveg óþarfi að setja það inn í lagagrein að nefnd skili störfum til viðkomandi ráðuneytis. Þá liggur í hlutarins eðli að Alþingi hefur það í sinni hendi að krefjast framlagningar þeirrar skýrslu, enda er því lýst yfir í athugasemdum með frv. að skýrslu sé skilað til viðskrh. Ég hygg að enginn þm. mundi treysta sér til að setja inn í lagagrein ákveðna dagsetningu, hvenær slík nefnd eigi að vera búin að skila af sér. Hér er um það viðamikið mál að ræða, sem nær til fleiri landa, að það væri útilokað að gera slíkt. Mér dettur ekki í hug að halda að nokkur þm. leggi til að setja einhverja ákveðna dagsetningu.

Tveir hv. þm. sem hér hafa tekið til máls hafa haldið því fram að ég hefði verið á móti rannsóknarnefnd. Ég lýsti því yfir strax í upphafi að ég teldi að mál þetta hlyti fyrst og fremst að vera í höndum skiptaráðanda og lögum samkvæmt bæri honum ítarleg rannsókn málsins. Hins vegar tók ég strax fram við 1. umr. málsins að vitaskuld þyrfti þetta mál að fá ítarlega rannsókn og þar ætti ekkert að fela þegar þeirri rannsókn væri lokið. Ég taldi rétt að lýsa ekki yfir neinu um nefnd eða starf utan skiptaréttar, láta málið fara þann veg að það yrði tekið til skiptameðferðar. Það lá ekki fyrir fyrr en í þessum mánuði, ekki endanlega þó við höfum reiknað með því fyrr. Þess vegna var mín skoðun sú. En ég minni þm. á að þetta tók ég fram þegar í upphafi þessa máls.

Ég segi enn: Ég tel að það eigi ekkert að fela í þessu máli. Vítin eru til varnaðar. Við eigum að taka á þessu máli eins og öllum öðrum málum, rannsaka það ofan í kjölinn til að koma í veg fyrir endurtekningu.

Skiptaráðendur eru tveir í þessu máli og skipaðir hafa verið þrír svokallaðir bústjórar sem eru lögmenn hér í borginni. Þetta mál er afar flókið og erfitt og þegar er annar skiptaráðandinn farinn vestur til Bandaríkjanna. Ég geri ekki ráð fyrir að þm. mundu ferðast vítt og breitt um heiminn og kalla inn aðra. Ég held að þetta sé nú meira í höndum fagmanna, lögfræðinga og annarra slíkra. Mér finnst ferðalög þm. vera alveg nóg fyrir þó að ekki verði bætt við þessu ferðafélagi.

Ég vil taka það líka fram að ég óskaði eftir því í byrjun nóvember, ég hef ekki alveg dagsetninguna, við Seðlabankann og þar með bankaeftirlitið að skýrsla verði samin um aðra ríkisbanka, um viðskipti og stöðu þeirra ríkisbanka. Það er vitaskuld, eins og þm. vita, mikið starf, en ég sé það og finn að allir verða þessir aðilar að leggja sín mál fram í dagsljósið. Það er erfitt mál og erfið ákvarðanataka hvað snertir Útvegsbankann með alla þá viðskiptamenn sem þar eru, sérstaklega á sviði atvinnulífsins og þá ekki síst á sviði sjávarútvegs vítt og breitt um landið. Þeir eru nú á þriðja hundrað. Jafnvel þó heil stjórnmálasamtök eða unglingadeildir þeirra samþykki að leggja niður einn banka á slaginu megum við, sem erum orðnir fullorðnir, ekki láta slíkar samþykktir sveifla okkur til og frá og stöðva atvinnulífið á fjölmörgum stöðum. Ég er hræddur um að lítið yrði um útgerð t.d. frá stórum útgerðarstað eins og Vestmannaeyjum ef við hefðum lokað Útvegsbankanum um leið og ályktunin birtist eða eitthvað því svipað.

Ég verð að segja það og biðja hv. alþm. hugleiða að þó að Hæstiréttur tilnefni menn í slíka nefnd ber Hæstiréttur enga ábyrgð á störfum þeirrar nefndar. Hæstiréttur hefur algjörlega óbundnar hendur ef í einhverju máli er dæmt í undirrétti og því áfrýjað til Hæstaréttar. En ég spyr: Er Alþingi hlutlaus dómstóll yfir bankaráðum? Alþingi kýs bankaráð. Í bankaráðum eru og hafa verið margir alþm. Þeir eiga því að fara að rannsaka sjálfa sig. Er það betra? Ég spyr. Ég held að menn komist líka að þeirri niðurstöðu að það verði ákaflega erfitt verk og erfitt að sannfæra sig og aðra um að Alþingi sé hið eina óháða vald.

Einn af þm., sem kannske hefur haft hæst í þessu máli, sagði að það væri til fyrirmyndar rannsóknarnefnd þingmanna Bandaríkjaþings og hældi Bandaríkjunum mikið. Hann hefur nú ekki hælt þeim, sá hinn sami þm., fyrir allt. Ég held að það sé nú töluvert annað, framkvæmdavald í Bandaríkjunum og löggjafarvald. Þar er það svo gjörsamlega aðskilið að ráðherrar þurfa ekki að standa frammi fyrir þingmönnum og upplýsa þá í hverju máli eins og er í þessu þingræðislandi. Þar var þessi háttur tekinn upp. Hér geta þingmenn spurt ráðherra hverju sinni og gera það alveg óspart. Það er kominn allmikill bunki af fyrirspurnum núna fram til jóla sem hefur verið svarað. En slíkt er ekki gert í Bandaríkjunum. Vilja menn kannske taka upp svipað og Bandaríkin gerðu með gamla McCarthy? Hvernig gekk það? Þar voru menn sem vildu láta mikið bera á sér, vildu auglýsa sig í fjölmiðlum, þingmenn, og menn voru teknir til yfirheyrslu eins og sakamenn. Það gekk svo langt að menn voru farnir að flýja land. Þeir voru ásakaðir um kommúnisma og óþjóðhollustu og fleira og fleira. Hvað varð um gamla Chaplin? Hann flýði Bandaríkin. Hann kom að vísu aftur eftir mörg, mörg ár. Ég gæti nefnt fleiri og fleiri. Vilja menn kannske innleiða það hér í þessu þjóðfélagi? Ég held ekki.

Og menn tala um að það hafi ekki verið reynt að ná samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég óskaði eftir því að utandagskrárumræðan færi ekki fram svo snemma. Ég vildi gjarnan að það hefði náðst samkomulag, ekki samkomulag um hvað ætti að vinna heldur samkomulag um hvernig ætti að haga því. En það var svo mikill hamagangurinn að komast í fjölmiðla með umræðuna að menn gátu ekki stöðvað sig á hlaupunum. Stjórnarandstaðan náði ekki einu sinni saman. Hér eru tillögur og skýrslur eins og allir vita.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál öllu lengur þó að þörf hafi verið á vegna þessara umræðna, en ég endurtek þakkir mínar til þm. í þessari hv. þingdeild fyrir að hafa tekið málefnalega á þessu máli við þessa umræðu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Mér láðist að tala um það í minni ræðu áðan að ég vildi gera það að tillögu minni, brtt. við frv. ráðherra, að málinu verði ekki vísað til fjh.- og viðskn. heldur til allshn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstvirtur forseti. Ég sagði áðan að það orkaði tvímælis til hvaða nefndar þetta mál ætti að fara. Mér er kunnugt um að hæstv. ráðh. hefur rætt við ýmsa lögfræðinga um það og þeir bent honum á að eðlilegt væri að málið færi til hv. fjh.- og viðskn. og ég styð þá till. Ég tel það ekkert meginmál, en ég held að það geti varla verið rétt þingsköp að gera brtt. í þessu efni. Það er um tvær

nefndir að ræða sem stungið er upp á. Forseti hlýtur að ákveða hvora till. hann ber upp fyrr, en það er auðvitað á valdi forseta. — En mér finnst það einkennileg þingsköp að flytja brtt. um slíka till. Ég held að það séu ekki rétt þingsköp.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11:4 atkv.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka viðskipti Hafskips hf., þáltill. 179. mál (þskj. 203). — Fyrri umr.

Flm. (Skúli Alexandersson): *Virðulegi forseti.* Það er nú þegar kominn hálfur klukkutími fram yfir þann tíma sem samkomulag hefur orðið um að þessi fundur deildarinnar stæði og ég þakka bæði forseta og deildarmönnum fyrir að þetta mál skuli vera tekið á dagskrá. Ég mun ekki eyða löngum tíma í umræðu um þetta, aðeins mæla fyrir till., þannig að reynt verði að standa við samkomulag um tíma eins og kostur er. Ég hefði reyndar haft áhuga fyrir að spjalla um þetta mál á breiðari grundvelli út frá þessari till., en ég mun ekki gera það fyrst svo er komið tíma sem raun ber vitni.

Flm. till. þessarar eru auk mín hv. þm. Ragnar Arnalds og Helgi Seljan. Till. er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka viðskipti Hafskips og Útvegsbanka Íslands, öll viðskipti Hafskips við innlend og erlend fyrirtæki og viðskipti annarra skuldugra stórfyrirtækja við ríkisbankana þrjá.

Efri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd skv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni rannsóknarnefndarinnar séu:

1. Að rannsaka öll viðskipti Hafskips hf. við Útvegsbanka Íslands á s.l. 10 árum, þar á meðal dagsetningar, upphæðir og veð lána og umfjöllun bankans um þau, eftirlit með rekstri og bókhaldi fyrirtækisins og sannleiksgildi þeirra skýrslna sem Hafskip hf. lét Útvegsbankanum í té.

2. Að rannsaka öll viðskipti Hafskips hf. við innlend og erlend fyrirtæki í því skyni m.a. að sannreyna upplýsingar um að fjármunir hafi verið fluttir út úr fyrirtækinu og til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips, kanna staðhæfingar um að blekkingum og fölsunum hafi verið beitt í bókhaldi Hafskips og kanna einnig öll önnur atriði sem snerta viðskipti og reikningshald Hafskips.

3. Að rannsaka öll afskipti ráðherra, alþingismanna og annarra forustumanna í stjórnmálum, svo sem fyrrum starfsmanna fulltrúaráða og formanna flokksfélaga og kjördæmissambanda, af málefnum Hafskips á liðnum árum í því skyni að leiða í ljós hvort sannar séu ásakanir um að fyrirtækið hafi á beinan eða óbeinan hátt notið velvildar og fyrirgreiðslu pólitískra áhrifaaðila.

4. Að rannsaka skuldastöðu helstu stórfyrirtækja sem meiri háttar lán hafa fengið frá ríkisbönkunum þremur og skal í þeirri athugun tekið mið af: a. sérstakri aukningu lána til einstakra fyrirtækja á s.l. tveimur árum og veðum þeirra lána; b. skuldastöðu þeirra 10 fyrirtækja sem skuldugust eru við hvern ríkisbanka, alls 30 fyrirtæki; c. ábendingum frá bankaeftirlitinu um hvaða fyrirtæki þurfi að athuga sérstaklega.

Rannsóknarnefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og nauðsynlegt reynist.

Í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar skal rannsóknarnefndin hafa í störfum sínum fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum, fyrirtækjum og einstaklingum eftir því sem nauðsyn reynist. Fundir rannsóknarnefndarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði.

Rannsóknarnefndin skal hafa heimild til að ráða í sína þjónustu sérfræðinga, svo sem lögfræðinga, rekstrarfræðinga og bókhaldsfræðinga, eftir því sem nauðsynlegt reynist og skal kostnaður við störf nefndarinnar greiðast úr ríkissjóði.

Rannsóknarnefndin skal mánaðarlega skila Alþingi bráðabirgðaskýrslum um störf sín og lokaskýrslu eigi síðar en innan fjögurra mánaða frá samþykkt þessarar ályktunar.

Kjósi Nd. sams konar rannsóknarnefnd skuli nefndirnar vinna saman að athugun þessara mála."

Eins og ég nefndi í upphafi er tími deildarinnar raunverulega liðinn og þegar hefur átt sér stað mikil umræða um þetta mál þannig að flestir þættir þess eru ljósir. Ég tel þó ástæðu til að nefna einn þátt sem nefndur hefur verið í umræðum um þetta mál. Það er ákveðinn samanburður á gjaldþroti Hafskips og greiðsluvandræðum og uppboðum á fiskiskipum. Hæstv. fjmrh. lét sig hafa það í útvarpsumræðum að jafna gjaldþroti Hafskips við vandamál togaranna og nefndi þar að lútandi tölur. Hann jafnaði sem sagt gjaldþroti Hafskips við vandamál sjávarútvegsins, vandamál skipa sem stunda tekjuöflun fyrir þjóðarbúið, hafa í hverjum róðri komið fullhlaðin af verðmætum til landsins. Hann jafnaði því við rekstur þeirra skipa sem á meginhluta rekstrartímabilsins hafa farið á milli Evrópu og Íslands hálftóm, rekin undir nafni samkeppninnar á þann máta að við vitum að með rekstri þeirra þriggja skipafélaga sem hér hafa verið í gangi á þessum tíma hefur þjóðin verið að borga stóra skatta umfram þann gjaldþrotaskatt sem Hafskip kallar nú sérstaklega á.

Ég vil benda á í sambandi við fiskiskipin, sem nú er verið að bjóða upp, þegar verið er að bera þessa hluti saman, að á síðasta ári var afskriftareikningur útlána Fiskveiðasjóðs Íslands, sem er lánveitandi þeirra skipa, 222 millj. kr. Á sama tíma var höfuðstóll Fiskveiðasjóðs tæpar 500 millj. kr. og á sama tíma var verðtrygging eigin fjár Fiskveiðasjóðs 1,1 milljarður kr. Þessi sjóður hafði sem sagt tryggt sig fyrir því að það gæti komið fyrir að íslensk fiskiskip yrðu boðin upp á nauðungaruppboðum og að sjóðurinn yrði að taka á sig ákveðinn skell. Hjá hverjum hafði Fiskveiðasjóður tryggt sig? Hjá þessum sömu viðskiptaaðilum, hjá íslenskum sjávarútvegi, hjá íslenskum fiskiskipum. Það er því algjörlega út í hött að jafna saman því sem átt hefur sér stað í rekstri Hafskips og rekstri íslenskra fiskiskipa. Það er mjög fjarstæðukennt. Fiskveiðasjóður hefur á undanförnum árum byggt upp sjóði til að taka á móti skakkaföllum í sambandi við fiskiskipin, en eins og raun ber vitni eru engir sjóðir til og það er gengið beint í sjóði landsmanna í sambandi við gjaldþrotsmál líkt og

Hafskips.

Ég mun ekki eyða lengri tíma í þessa umræðu, en að henni lokinni legg ég til að þessi till. fari á sama veg og frv. áðan, henni verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og síðari umræðu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Nú skal ég vera mjög snöggur.

Í tilefni þessarar þáltill. vildi ég einungis láta það koma fram að ég er henni að mörgu leyti mótfallinn en að einu leyti samþykkur. Þessi till. er í aðalatriðum í fjórum liðum. Þar er þessari litlu deild ætlað að skipa sjö manna nefnd, þ.e. hátt í helming deildarmanna. (**RA:** Það er nú ekki nema einn þriðji.) Jæja, fyrirgefið, einn þriðji deildarmanna, og allra með óflekkað mannorð, til að rannsaka viðskipti Hafskips og Útvegsbanka tíu ár aftur í tímann, öll viðskipti Hafskips við innlend og erlend fyrirtæki, og minni ég þá á orð hæstv. viðskrh. áðan um ferðafélög, en í þriðja lið að rannsaka öll afskipti ráðherra, alþm. og annarra forustumanna í stjórnmálum, svo sem fyrrum starfsmanna fulltrúaráða og þar fram eftir götunum. Þennan lið tel ég fyllilega eðlilegan. Síðan á að rannsaka skuldastöðu helstu stórfyrirtækja sem meiri háttar lán hafa fengið frá ríkisbönkunum. Þetta tel ég ekki vera okkar hlutverk, alla vega eins og málum er enn þá háttað í fyrirkomulagi samskipta Alþingis og bankanna.

Ég vildi að þetta kæmi fram strax og þar með get ég látið orðum mínum lokið.

Ég vil í tilefni af orðum hæstv. viðskrh. áðan mótmæla honum. Ég held að utandagskrárumræðan sem fram fór fyrir þrem dögum hafi, algjörlega andstætt því sem hann hélt fram, verið gagnleg. Hún tók í raun og veru yfir allt sviðið og hefur leitt til þess að það hefur verið hægt að ræða þessi mál, sem núna eru komin fram, tiltölulega málefnalega og ekki þurft að fara meiri en eðlilegur tími í þau.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Laugardaginn 14. des., að loknum 30. fundi.

Almannatryggingar, stjfrv. 175. mál (þskj. 198). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, stjfrv. 186. mál (þskj. 218). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðboranir, stjfrv. 108. mál (þskj. 118). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 29. fundur.

Laugardaginn 14. des., að loknum fundi í Sþ.

Tollskrá, stjfrv. 169. mál (þskj. 189). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Geislavarnir, stjfrv. 151. mál (þskj. 257 (sbr. 165)). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. til Ed.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, IG.

nei: JS, SighB, KH, KSK, SJS, SvG, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg.

KJóh greiddi ekki atkv.

3 þm. (HG, JBH, GSig) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands, þáltill. 173. mál (þskj. 196). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, stjfrv. 174. mál (þskj. 197). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 31 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, stjfrv. 182. mál (þskj. 208). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 33 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, stjfrv. 119. mál (þskj. 132). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til iðnn. með 34 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, stjfrv. 170. mál (þskj. 190, n. 241). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur athugað þetta mál og mælir með því að frv. verði samþykkt, en þrír nm. skrifa undir álitið með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, stjfrv. 127. mál (þskj. 140, n. 265, brtt. 269). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 265 frá fjh.- og viðskn. Nd. Nefndin hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Undir það rita allir nm., þrír þó með fyrirvara, Guðmundur Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Svavar Gestsson.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég hef flutt á þskj. 269 brtt. við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Eins og kunnugt er herja veruleg vandamál á ríkissjóð um þessar mundir og það eru tillögur uppi um að afgreiða hann með mjög miklum halla þriðja árið í röð í tíð þessarar ríkisstj. Hún getur bersýnilega aldrei skilað hallalausum ríkissjóði og lagast ekkert þó að nýr fjmrh. komi. Það versnar heldur ef eitthvað er. Vegna þess að stjórnarandstaðan, eða a.m.k. Alþb., vill umgangast þessa hluti með fullri ábyrgðartilfinningu flytjum við hér till. um að hækka nokkuð skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði til að koma til móts við þann vanda sem ríkisstj. stendur í við að koma saman fjárlögum þótt ekki komi annað til. Þess vegna er hér gerð till. um að afla hér 120 millj. kr. í ríkissjóð með því að tvöfalda skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Munum við taka grannt eftir því hvort stjórnarliðar styðja þessa till. eða ekki. Auðvitað ættu þeir að gera það ef þeim er umhugað um að reyna að koma ríkissjóði saman með skikkanlegum hætti, en það er eftir að sjá hvaða afstöðu þeir munu hafa.

Till. er ekki einasta flutt vegna þess að menn beri sérstaka umhyggju fyrir ríkissjóði heldur og vegna þess að það er um að ræða geysilega fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þessi atvinnugrein er allt að sliga, m.a. frumvinnslugreinarnar í landinu, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur bent manna best á hér á Alþingi. Þess vegna er eðlilegt að lagður verði á skattur til að draga úr þessari fjárfestingu. Ég hef trú á því að ef þessi skattur yrði jafnþungur og hér er gerð till. um gæti það nokkuð dregið úr þeirri miklu fjárfestingu og þenslu sem er í versluninni á höfuðborgarsvæðinu.

Þess vegna, herra forseti, hef ég lagt fram þessa till. og vænti þess að hún fái góðan stuðning bæði stjórnarliðs og stjórnarandstöðu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þessi umræddi skattur, sem hér er til umfjöllunar, var búinn til á haustmánuðum árið 1978. Honum var þá aldrei ætlað að standa nema skamma hríð, því lýst yfir við þá afgreiðslu að þetta væri bráðabirgðaákvörðun sem ætti að afnema, enda væri skattur á lagður eins og hér um ræðir ekki sem heppilegastur heldur væri eðlilegra, ef menn ætluðu að fara út á þessa braut, að nota þá eignarskattsfyrirkomulagið sem fyrir er.

Þáverandi stjórnarandstaða, Sjálfstfl., barðist mjög hart gegn þessum skatti og hefur marglýst því yfir, bæði opinberlega og hér á Alþingi, að eitt af þeim fyrstu verkum sem hann mundi framkvæma þegar hann kæmist aftur til stjórnar á landinu væri að afnema þennan skatt. Sjálfstfl. er nú búinn að vera við stjórnvölinn í nokkuð mörg ár, en hefur ekkert aðhafst til að standa við þetta loforð, enda var eitt síðasta verk Sjálfstfl. að víkja þeim manni úr ráðherraembætti sem hafði opinberlega heitið því að við þetta margumrædda loforð yrði staðið og var það hermt upp á hann í tbl. af Verslunartíðindum sem kom út fyrir nokkrum mánuðum. (**HBl:** Við höfum nú fleiri lofað því, held ég.) Já, það er alveg rétt hjá hv. skrifara þessarar deildar að það hafa fleiri lofað því, en það eru líka fleiri sem ekki hafa staðið við það loforð og deila þeir þá sökinni sín á milli, hann og aðrir flokksbræður hans.

Við Alþýðuflokksmenn höfum áður á þingum flutt till. um að þessi skattur yrði afnuminn í áföngum, en einnig þær till. hafa verið felldar. Eins og nú háttar hjá

ríkissjóði teljum við eftir ástæðum e.t.v. eðlilegt að halda skattinum áfram um hríð, en við höfum boðað að við munum leggja fram í þinginu frv. til l. um breytingu á lögum um eignarskatt þess eðlis að leggja stighækkandi eignarskatt á stóreignir. Með því móti væri þessi skattheimta gerð algerlega óþörf. Er eðlilegt að menn séu ekki með margar aðferðir við skattlagningu á sama skattstofni heldur beiti einni aðferð við slíkar skattlagningar. Þess vegna munum við Alþýðuflokksmenn láta þessa afgreiðslu, sem nú á að fara fram, fram hjá okkur fara, en ég ítreka að við boðum brtt. við lögin um eignarskatt þess efnis að leggja á stighækkandi stóreignaskatt sem nær sama takmarki og þessi skattur en er aftur á móti miklu einfaldari í framkvæmd og byggist á skattstofni og skattalögum sem fyrir eru og er komin reynsla af.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31:2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 269 felld með 21:10 atkv.
6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Gjaldþrotalög, stjfrv. 190. mál (þskj. 232, n. 267). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 267. Það er um 190. mál, frv. til l. um breyting á gjaldþrotalögum nr. 6 5. maí 1978.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstödd afgreiðslu málsins voru Guðrún Helgadóttir, Pálmi Jónsson og Guðmundur Einarsson, en undir þetta nál. skrifa auk mín Stefán Guðmundsson, Friðjón Þórðarson og Ólafur Þ. Þórðarson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Neðri deild, 30. fundur.

Laugardaginn 14. des., að loknum 29. fundi.

Tímabundið vörugjald, stjfrv. 170. mál (þskj. 190). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, stjfrv. 127. mál (þskj. 140). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 274).

Gjaldþrotalög, stjfrv. 190. mál (þskj. 232). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala Kröfluvirkjunar, stjfrv. 121. mál (þskj. 258). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu á þskj. 258. Mál þetta var lagt fram í Ed. og hefur hlotið venjulega meðferð þeirrar hv. deildar.

Í 1. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu, sem til var stofnað með lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974, til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Kröfluvirkjun, dags. 26. júlí 1985.

Með mannvirkjum Kröfluvirkjunar skal fylgja réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnast kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 mw. eins og um ræðir í nefndum samningi."

Í 2. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði, innan marka sem um semst, í samræmi við ákvæði í framangreindum samningi. Mun Landsvirkjun, ef sala þessi fer fram, taka við gufuveitunni í Bjarnarflagi til eignar og rekstrar ásamt skuldbindingum um gufuöflun til kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, sbr. 4. tölul. 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966."

Í 3. gr. segir: „Lög þessi öðlast gildi 31. des. 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Með leyfi forseta vil ég vitna til athugasemda á þennan hátt:

„Með frv. þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja Kröfluvirkjun til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 26. júlí 1985. Samningurinn er

fskj. I með frv. þessu. Lagt er til að með mannvirkjum Kröfluvirkjunar fylgi réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnast kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 mw. til raforkuframleiðslu.

Þá er lagt til að lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu, falli úr gildi.

Loks er í frv. lagt til að ríkisstj. verði veitt heimild til að ganga til áframhaldandi samninga um hugsanlega yfirtöku Landsvirkjunar á gufuveitunni í Bjarnarflagi til eignar og reksturs ásamt skuldbindingum um gufuöflun kísilgúrverksmiðjunnar hf. skv. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að loknum þessum umræðum verði málinu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er nokkuð gengið á tíma þann sem við ætluðum okkur til fundahalda á Alþingi í dag, m.a. vegna óþægðar stjórnarliða í atkvæðagreiðslum. Ég mun því stytta mjög mál mitt við þessa umræðu um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Kröfluvirkjun. Ég vil þó geta þess við 1. umr. að ég hef ýmsar athugasemdir við frv. og efni þess og við þann kaupsamning sem meiningin er að fullgilda með frv. þessu.

Ég tel að ýmsum spurningum sé ósvarað og þó ég hafi lesið þær umræður sem urðu um mál þetta í Ed. hafa þær ekki skýrt fyrir mér ýmsa hluti sem ég tel að þurfi að liggja fyrir áður en mál þetta er afgreitt.

Þetta veit að því í fyrsta lagi hvers vegna menn telja nú nauðsynlegt að þessi breyting fari fram og hverjir hafa eftir henni óskað, hvers vegna knúið sé á um þessa breytingu enda þótt það liggi fyrir í nál. samkvæmt upplýsingum úr iðnn. Ed. að hvorugur meginaðili málsins, þ. e. kaupandi eða seljandi, hafi óskað eftir því að þessi breyting ætti sér stað.

Í öðru lagi tel ég nauðsynlegt að fá skýrari svör um kaupverð þessara eigna allra og um þann útreikning sem þar hefur átt sér stað og hvers vegna verð virkjunarinnar er svo lágt sem raun ber vitni miðað við þær miklu eignir sem þarna eru og þann tiltölulega litla tilkostnað sem þarf til að koma virkjuninni í full afköst og enn fremur með hliðsjón af þeirri litlu áhættu sem kaupandi, þ.e. Landsvirkjun, ætlar sér að taka þrátt fyrir yfirtöku eignanna, en í samningnum eru skýr ákvæði um að ríkissjóður mun eftir sem áður bera langmesta ábyrgð og taka mesta áhættu ef eitthvert tjón verður á mannvirkjum á þessum stað. Kaupandinn undanþiggur sig því ábyrgð. Þá væri eðlilegt að mínu mati að reikna þær eignir út með öðrum hætti en gert er.

Í þriðja lagi held ég að óhjákvæmilegt sé að menn fái svör yfirvalda orkumála í landinu um hvaða framtíð menn ætla þessari virkjun í orkukerfinu. Þegar hún skiptir um eigendur með þessum hætti er að mínu viti algerlega nauðsynlegt að það liggi fyrir hvað yfirvöld orkumála ætla sér og hvað hinn nýi eigandi ætlar sér með þetta mannvirki. Það skiptir máli bæði í sambandi við rekstur orkukerfisins í heild og byggðarlagið þar sem virkjunin er sem á mikilla hagsmuna að gæta.

Þá væri einnig eðlilegt að ræða í tengslum við þetta frv. ofurlítið um framtíð Rafmagnsveitna ríkisins sem öllum má ljóst vera að er að verða með nokkuð sérkennilegum hætti, þessa orkudreifingarfyrirtækis sem nú er að verða án nokkurrar verulegrar framleiðslugetu sjálft, er þar af leiðandi fyrst og fremst kaupandi orku og dreifandi orku og situr uppi með þau landsvæði sem erfiðust eru til þjónustu en nýtur á hinn bóginn á engan hátt hagkvæmni af því að selja raforku til þeirra þéttbýlissvæða þar sem orkudreifingin er auðveldust og hagkvæmni þeirrar orkusölu mest. Það gefur því auga leið, herra forseti, að hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins verður erfiðara með hverju árinu sem líður og hverri þeirri breytingu sem gengur í þessa átt.

Þetta eru þeir meginefnisþættir sem ég tel óhjákvæmilegt að við ræðum áður en frv. verður afgreitt og hefði svo sem verið eðlilegt að eiga um þetta nokkrar umræður við 1. umr. Vegna þess knappa tíma sem við höfum geri ég hins vegar ekki kröfu til þess að þessum atriðum verði svarað eða þau útskýrð við þessa umræðu, en vænti þess að við höfum meiri tíma til að ræða þetta mál þegar það kemur til 2. umr. og frá hv. iðnn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér þætti vænt um ef það yrði upplýst í umræðunni hvort Rafmagnsveitur ríkisins hefðu áhuga á að kaupa Kröfluvirkjun á þeim kjörum sem boðin eru. Ég varpa þessu fram vegna þess að það er ekki vitað meðal þm. almennt hvort um nokkurn sérstakan áhuga er að ræða af hálfu Landsvirkjunar að eignast þetta fyrirtæki, en mér sýnast kjörin vera þess eðlis að ekki sé ólíklegt að Rafmagnsveiturnar hefðu af því þó nokkurn hag að kaupa Kröfluvirkjun. Mér er skapi næst að halda að miðað við þau kjör sem í boði eru fari það ekki á milli mála að Rafmagnsveitur ríkisins hefðu af því verulegan hag.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. foreti. Bara stutt svar við fsp. hv. 5. þm. Vestf. til mín þar sem hann óskaði eftir svari við því við þessa umræðu hvort Rafmagnsveitur ríkisins hefðu haft áhuga fyrir að kaupa Kröfluvirkjun.

Nú er það svo að Rafmagnsveitur ríkisins eru alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og ríkisfyrirtæki. Kröfluvirkjun er það líka. Aftur á móti er Landsvirkjun hlutafélag. Ég hef ekki orðið var við að ríkið vilji selja sjálfu sér nokkurn skapaðan hlut.

En svar mitt er nei. Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki sýnt áhuga fyrir að kaupa Kröfluvirkjun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Sóknargjöld, stjfrv. 150. mál (þskj. 259). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyting á lögum um sóknargjöld sem samþykkt voru á síðasta þingi.

Í lögunum er ákvæði um að þau skuli taka gildi um næstu áramót. Samkvæmt ábendingum ríkisskattstjóra væri æskilegra að fá skýrari ákvæði um að heimilt sé að leggja á sóknargjöld á næsta ári miðað við tekjur á árinu 1985. Þetta frv. er flutt til að taka af öll tvímæli um þetta, eins og hv. Alþingi vissulega ætlaðist til að gert yrði. Ég vænti þess að þetta mál geti fengið greiða

afgreiðslu hér í hv. deild eins og það var afgreitt frá Ed. á þskj. 259.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, stjfrv. 168. mál (þskj. 188). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sem er sams konar mál og flutt var um sama leyti á síðasta þingi. Það fjallar um ráðstöfun þess fjármagns sem kemur af uppsöfnuðum endurgreiddum söluskatti, en þessu fjármagni er ráðstafað þannig: Í fyrsta lagi skv. III. lið ákvæðis til bráðabirgða 4% af verðmæti afla sem greiðist með sama hætti og greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa, síðan 3% til útgerðar fiskiskipa og 1% vegna lífeyrismála sjómanna.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Skráning skipa, stjfrv. 84. mál (þskj. 260). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og varð þá ekki útrætt og lagði ég það aftur fram í haust. Ed. gerði á því nokkrar smávægilegar breytingar sem breyta ekki efni frv.

Meginbreytingin á skráningu skipa er sú að aðrar reglur gilda erlendis um skráningu skipa og getur óhagræði af því hlotist. Það má gera ráð fyrir auknum atvinnumöguleikum íslenskra sjómanna með breytingu þeirri sem hér er gert ráð fyrir og að endurnýjun skipastóls verði auðveldari og sömuleiðis minni kostnaður.

Með því að takmarka íslenska skráningu erlendra skipa við undanþágur sem ráðherra veitir og með þeim skilyrðum sem hér er lagt til ættu hagsmunir Íslendinga að vera tryggðir gagnvart þeim erlendu aðilum sem hugsanlega vildu hefja hér kaupskipaútgerð, en rétt er að vekja athygli á að þessi breyting nær eingöngu til kaupskipa en ekki fiskiskipa.

Samtök sjómanna, bæði yfirmanna og undirmanna, hafa bent á að stemma verði stigu við erlendum leiguskipum þannig að tryggt sé að íslenskir sjómenn sitji fyrir um atvinnu. Breytingin, sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá gildandi lögum, hnígur einmitt í þá átt að gera þessa hluti auðveldari. Segja má að hér sé því um sameiginlegt áhugamál allra, sem þetta mál varðar mestu, að ræða.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgn. með 28 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, stjfrv. 184. mál (þskj. 216). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „31. des. 1985“ í 13. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.“

Í athugasemdum segir að með frv. þessu sé lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforkusölu verði framlengd út árið 1986. Jafnframt er lagt til að gjaldið, sem var lækkað úr 19% í 16% með lögum nr. 120/1984, verði áfram 16% og verði tekjum af gjaldinu skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða sem fær 20%.

Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun gildi óbreytt eitt ár til viðbótar og að lögin falli sjálfkrafa úr gildi 31. des. 1986.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Iðnráðgjafar, stjfrv. 185. mál (þskj. 217). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 86 frá 31. des. 1981, um iðnráðgjafa.

Þar kemur fram í 1. gr. að í stað orðanna „31. des. 1985“ í 5. gr. laganna komi orðin: 31. des. 1986. Í athugasemdum segir að með lögum nr. 86 frá 31. des. 1981 voru sett sérstök lög um iðnráðgjafa. Samkvæmt lögunum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlög vegna launakostnaðar iðnráðgjafa er samtök sveitarfélaga eða þróunarfélög ráða til starfa. Framlögin miðast við launakostnað vegna starfs eins manns á starfssvæði samtaka sveitarfélaga eða miðað við kjördæmi. Skv. 5. gr. laganna er gildistími þeirra til 31. des. 1985 sem nú er lagt til að verði framlengdur um eitt ár.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 30 shlj. atkv.

Rannsóknarnefnd til að rannsaka viðskipti Hafskips hf., þáltill. 177. mál (þskj. 200). — Fyrri umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. í Nd. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka viðskipti Hafskips

hf. og Útvegsbanka Íslands svo og samningatilboð um yfirtöku eigna Hafskips hf. (Íslenska skipafélagsins hf.)

Nei. Nú bið ég forseta forláts. Mér varð það á að lesa höfuðið á vitlausu þskj. (**ÓÞÞ:** Nei.) Jú. (**ÓÞÞ:** Skjalið er ekki vitlaust.) Á röngu þskj. — Ég er að mæla fyrir 177. máli, hv. skrifari, en hafði til að bera saman við það með mér annað dagskrármál svipaðs eðlis sem nýverið hefur verið mælt fyrir hér í deildinni. (**Forseti:** Ég bið hv. þdm. að hafa hljóð á meðan talað er.) Ég vil taka það skýrt fram að þetta er 177. mál á þskj. 200 og það er till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands. Þetta eru nokkuð svipuð þskj. þannig að ég áttaði mig ekki fyrr en komið var aftarlega í tillögugreinina að ég var að lesa upp af öðru þskj. en meiningin var. — Enn fremur á að rannsaka samkvæmt tillgr.: öll viðskipti Hafskips við innlend og erlend fyrirtæki og viðskipti annarra skuldugra stórfyrirtækja við ríkisbankana þrjá.

Flm. að þessari till. eru ásamt mér hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, Guðrún Helgadóttir og Geir Gunnarsson.

Tillgr. sjálf hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nd. Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd skv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskárinnar.

Verkefni rannsóknarinnar séu:

1. Að rannsaka öll viðskipti Hafskips hf. við Útvegsbanka Íslands á s.l. 10 árum, þar á meðal dagsetningar, upphæðir og veð lána og umfjöllun bankans um þau, eftirlit með rekstri og bókhaldi fyrirtækisins og sannleiksgildi þeirra skýrslna sem Hafskip hf. lét Útvegsbankanum í té.
2. Að rannsaka öll viðskipti Hafskips hf. við innlend og erlend fyrirtæki í því skyni m.a. að sannreyna upplýsingar um að fjármunir hafi verið fluttir út úr fyrirtækinu og til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips, kanna staðhæfingar um að blekkingum og fölsunum hafi verið beitt í bókhaldi Hafskips og kanna einnig öll önnur atriði sem snerta viðskipti og reikningshald Hafskips.
3. Að rannsaka öll afskipti ráðherra, alþm. og annarra forustumanna í stjórnmálum, svo sem fyrrum starfsmanna fulltrúaráða og formanna flokksfélaga og kjördæmissambanda, af málefnum Hafskips á liðnum árum í því skyni að leiða í ljós hvort sannar eru ásakanir um að fyrirtækið hafi á beinan eða óbeinan hátt notið velvildar og fyrirgreiðslu pólitískra áhrifaaðila.
4. Að rannsaka skuldastöðu helstu stórfyrirtækja sem meiri háttar lán hafa fengið frá ríkisbönkunum þremur og skal í þeirri athugun tekið mið af: a. sérstakri aukningu lána til einstakra fyrirtækja á s.l. tveimur árum og veðum þeirra lána; b. skuldastöðu þeirra 10 fyrirtækja sem skuldugust eru við hvern ríkisbankanna, alls 30 fyrirtæki; c. ábendingar frá bankaeftirlitinu um hvaða fyrirtæki beri að athuga sérstaklega.

Rannsóknarnefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og nauðsynlegt reynist.

Í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar skal rannsóknarnefndin hafa í störfum sínum fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum, fyrirtækjum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist. Fundir rannsóknarnefndarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði.

Rannsóknarnefndin skal hafa heimild til að ráða í sína þjónustu sérfræðinga, svo sem lögfræðinga, rekstrarfræðinga og bókhaldsfræðinga, eftir því sem nauðsynlegt reynist og skal kostnaður við störf nefndarinnar greiðast úr ríkissjóði.

Rannsóknarnefndin skal mánaðarlega skila Alþingi bráðabirgðaskýrslum um störf sín og lokaskýrslu eigi síðar en innan fjögurra mánaða frá samþykkt þessarar ályktunar.

Kjósi Ed. sams konar rannsóknarnefnd skulu nefndirnar vinna saman að athugun þessara mála."

Herra forseti. Hér er lagt til að skipa rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. 39. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er stutt og laggóð og með leyfi forseta hljóðar hún svo:

„Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Það er sem sagt á grundvelli ákvæða þessarar greinar sem till. þessi er flutt og lagt til að nefndin fái víðtækt vald til að afla gagna og kanna öll þau atriði sem málinu tengjast.

Verkefni nefndarinnar er sömuleiðis mjög víðtækt.

Það er óþarfi, herra forseti, að hafa mörg orð um þetta mál efnislega, svo mikla umræðu hefur það hlotið á hv. Alþingi. Síðustu daga hafa sífellt fleiri þættir þessa umfangsmikla máls verið að koma fram í dagsljósið. Það liggur fyrir að hér er um eitt stærsta ef ekki stærsta gjaldþrotamál í sögu íslenska lýðveldisins að ræða og viðkomandi banki, Útvegsbanki Íslands, hefur tapað gífurlegum fjármunum eða virðist munu tapa gífurlegum fjármunum. Eigandi þess banka er, eins og allir vita, almenningur í landinu. Það kemur þá til kasta almennings að bera þetta tjón með einum eða öðrum hætti.

Það hefur ýmislegt borist í fjölmiðla um þá menn sem þessu máli tengjast fyrst og fremst í sambandi við rekstur fyrirtækisins og afskipti af því. Er algerlega óhjákvæmilegt að þeir hlutir verði kannaðir ofan í kjölinn og hið sanna lagt á borðið. Þess vegna varð það niðurstaða þingflokks Alþb. að nauðsynlet væri að Alþingi notaði sér í þessu tilfelli ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka alla þætti þessa máls mjög ítarlega. Sú rannsókn verði með þeim hætti að almenningur í landinu hafi enga ástæðu til að tortryggja að öllu sé til haga haldið og allt kannað sem máli skiptir. Það er alveg óhjákvæmilegt að fullur trúnaður ríki milli almennings í landinu og þeirra aðila sem rannsókn málsins stýra. Við teljum að slíkur trúnaður verði best tryggður með því að æðsta valdastofnun þjóðarinnar, Alþingi sjálft, taki rannsókn málsins í sínar hendur.

Hliðstæð tillaga hefur verið lögð fram í Ed. og mundu nefndir sem kosnar yrðu samkvæmt þessum tveimur tillögum í hv. deildum þingsins þá starfa saman samkvæmt tillögunum.

Þessi till. er einnig flutt til að firra hæstv. ríkisstj. allri tortryggni í þessu máli, til að bjóða hæstv. ríkisstj. samstarf um rannsókn málsins. Það kemur nokkuð á óvart ef hæstv. ríkisstj. vill ekki nýta sér þessi ákvæði stjórnarskrárinnar og þessa heimild þingskapa til að skipa slíka nefnd þegar jafnveigamikið mál er á ferðinni.

Fleiri mál, sem tengjast þessu viðamikla máli, eru í

meðferð þingsins. Einmitt þess vegna er nauðsynlegt að koma þessu máli áleiðis til nefndar, herra forseti, þannig að hægt sé að hafa yfirsýn yfir allan þann tillöguflutning. Einnig hafa verið lagðar fram beiðnir um skýrslur sem tengjast afmörkuðum þáttum eða hlutum þessa máls.

Herra forseti. Ég ætla tímans vegna ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð. Eins og ég segi hefur málið sjálft verið ítarlega rætt á þinginu undanfarna daga, bæði utan og innan dagskrár, og efnisþættir þess ættu að vera mönnum nokkuð kunnir. Sú málsmeðferð, sem hér er lögð til, er einnig einföld í sjálfu sér. Þetta er um skipan nefndar skv. þessari grein stjórnarskrárinnar. Fordæmi eru fyrir slíku þó að þau séu að vísu ekki mörg í íslensku þingsögunni á seinni árum a.m.k. En þetta er rannsóknarvenja sem er altíð í ýmsum nálægum löndum og gjarnan notuð þegar stórmál eru á ferðinni og mætti nefna dæmi þess.

Það liggur einnig fyrir nú, sem fram kom í gær, að ríkissaksóknari hefur hafnað þeirri beiðni hæstv. núv. iðnrh. Alberts Guðmundssonar að fram fari sérstök rannsókn á þætti hans í þessu máli. Færir ríkissaksóknari fyrir því ýmis rök að það sé ekki eðlileg málsmeðferð að taka einn einstakling sem málinu tengist út úr og rannsaka þátt hans sérstaklega. Það sé í raun ógerlegt. Auk þess liggi ekki þær forsendur fyrir í málinu sem séu nauðsynlegar til þess að slík opinber lögreglurannsókn eða dómsrannsókn af hálfu ríkissaksóknara fari fram.

„Á þessu stigi máls", segir ríkissaksóknari, með leyfi forseta, í svarbréfi til iðnrh., „þegar rannsókn skiptaréttar er varla byrjuð, er eigi fyrir hendi sá rökstuddi grunur að unnt sé að hefjast handa um sakamálsrannsókn út af ætlaðri refsiverðri háttsemi vegna fyrrgreindra starfa yðar."

Svo er auðvitað um allt þetta mál. Það liggja ekki fyrir slíkar forsendur á þessu stigi málsins. Þess vegna þarf rannsókn að fara fram.

Málið er hjá skiptarétti, eins og menn vita, en við teljum að sú málsmeðferð sé ónóg. Þar verða fyrst og fremst rannsakaðir þeir þættir sem lúta að uppgjöri búsins og þeim liðum öðrum sem beint tengjast því, en þetta mál er auðvitað víðtækara og snýst um meira en meint refsiverð afbrot. Við teljum að það sé best komið í höndunum á slíkri þingkjörinni nefnd að rannsaka alla þætti málsins og hafa yfirsýn yfir rannsókn þess.

Sú þriggja manna nefnd sem hæstv. ríkisstj. hyggst beita sér fyrir að kosin verði eða skipuð verði til að rannsaka þetta mál er að okkar mati einnig of takmörkuð og ónóg rannsóknaraðferð til þess að það megi þjóna því markmiði að draga alla þætti málsins fram í dagsljósið og víðtækt umboð nefndar sem kjörin væri á þinginu samkvæmt þessari þáltill. hefði yfirburði í þeim efnum.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki þessa framsöguræðu lengri með tilliti til aðstæðna og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn. deildarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur talað fyrir till. til þál. á þskj. 200. Það verður ekki skilið á annan veg, fyrst Alþýðubandalagsmenn fylkja sér svo margir á bak við þessa þáltill., en þeir telji að hér sé á ferðinni allt annað mál en 173. mál á þskj. 196 sem liggur fyrir deildinni. Það má segja að að vissu marki sé það rétt því að uppsetning öll á því máli sem hér er á dagskrá er svo langt frá því sem talað er um í máli á þskj. 196 að undrun hlýtur að vekja.

Ég vil geta þess að þegar til stóð að flytja 173. mál var hv. 10. landsk. þm. boðið að vera flm. og ekki annað vitað en hann ætlaði að þiggja það, en þeirri ákvörðun breytti hann svo allsnarlega.

Ég undirstrika að ég tel að þessar tillögur eigi ekki að afgreiða í samhengi heldur hvora um sig, sjálfstætt eins og flm. gerir ráð fyrir með þeirri ákvörðun að flytja ekki brtt. við fram komið mál heldur flytja sérstakt mál.

Ég mun þá víkja örlítið að innihaldi þeirrar þáltill. sem til umræðu er.

Það fyrsta sem vekur athygli er að inn í hinn almenna texta um rannsókn eru sett atriði sem beinlínis hljóta að koma fram við rannsóknina ef þau eru rétt, en geta ákaflega illa átt heima í till. sjálfri. Hér stendur t.d., með leyfi forseta: „Að rannsaka öll viðskipti Hafskips við innlend og erlend fyrirtæki" og svo kemur: „í því skyni m.a. að sannreyna upplýsingar um að fjármunir hafi verið fluttir úr fyrirtækinu til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips, kanna staðhæfingar um að blekkingum og fölsunum hafi verið beitt í bókhaldi Hafskips og kanna einnig öll atriði sem snerta viðskipti og reikningshald Hafskips."

Hlýtur ekki spurningin fyrst og fremst að vera aðeins þessi: að rannsaka öll viðskipti Hafskips við innlend og erlend fyrirtæki? Hlýtur ekki að koma í ljós við þá rannsókn hvernig þeim viðskiptum hefur verið háttað? Það er mjög óeðlilegt að þannig sé að flutningi staðið að beinlínis sé verið að koma á framfæri sérstökum aðdróttunum án þess að þau rök sem fyrir þeim eru færð liggi svo ljós fyrir að nokkuð verði á greinargerð að græða í því sambandi annað en að menn viti ekki neitt með vissu. Er ekki hið hlutlausa orðalag að fara fram á að viðskiptin séu rannsökuð og er þá eitthvað sérstakt sem ekki á að rannsaka? Ég held nefnilega að það hljóti að vera þess virði að hugleiða hvað kemur til að þessi tillaga er flutt ef tilgangurinn er ekki fyrst og fremst sýndarmennska og auglýsingamennska þar sem fyrir þinginu liggur till. til þál. sem tekur fullkomlega á því máli sem mér skildist að ætti að upplýsa, viðskipti Hafskips og Útvegsbankans.

Till. sem flm. gerði grein fyrir hefur aftur á móti það innan síns tillöguramma að rannsaka einnig viðskipti annarra skuldugra stórfyrirtækja við ríkisbankana þrjá. Þar er talað um 10 við hvern ríkisbanka, alls 30 fyrirtæki. Það er bankaeftirlitið sem á að vísa á þessi fyrirtæki. Birta á skýrslur mánaðarlega og það á að vera búið að vinna verkið innan fjögurra mánaða. Hafa menn hugleitt í alvöru hvort gerlegt væri að ná þeim vinnuhraða ef eitthvert vit ætti að vera í vinnubrögðunum?

Ég tel að hafi flm. áhuga á að flytja till. þar sem ákveðið er að beita 39. gr. stjórnarskrárinnar í því skyni að gera á því úttekt hvort fyrirsjáanleg séu hjá ríkisbönkunum þremur mikil töp væri eðlilegt að það væri sjálfstæð till. Mér þætti ekki óeðlilegt að hún væri þá með því rými að það væri ekki fyrir fram ákveðið hvort það væru 10 fyrirtæki hjá einum bankanum og 10 hjá þeim næsta heldur yrði lagt til að bankaeftirlitið kæmi með lista yfir þau fyrirtæki sem það teldi að ríkisbankarnir væru í mestri hættu með.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það hefur verið sagt að þjóðfélagið hafi leikið á reiðiskjálfi út af þeim stórtíðindum sem gerst hafa á undanförnum vikum og mánuðum og endað hafa með gjaldþrotum Hafskipa hf. og gjörgæslu eins ríkisbankans, Útvegsbankans, hjá Seðlabanka. Það var ekki að sjá, hvorki af *sannfæringarkraftinum* sem fylgdi málflutningi flm. þessarar till. né heldur nærveru þm., að svo væri, enda hefur þetta mál þegar verið þaulrætt bæði við utandagskrárumræðu og eins þá umræðu sem fram fór í Nd. Alþingis s.l. fimmtudagskvöld um till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. þannig að kannske er ekki miklu við að bæta.

Í raun og veru kem ég upp aðeins til að skora á hv. flm. að draga þessa till. til baka. Ég rifja upp að á sínum tíma var till. á þskj. 196, 173. mál, till. um rannsóknarnefnd á vegum þingsins, 1. flm. Jóhannna Sigurðardóttir, lögð fram s.l. fimmtudag og þá var einn af hv. þm. Alþb. aðili að þeirri till. Af einhverjum ástæðum sem mér er ekki kunnugt um dró hann aðild sína að þeirri till. til baka. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið fyrir frumkvæði þingflokks Alþb. vegna þess að Alþb. vildi endilega koma þessari sérstöku till. sinni á framfæri.

En till. Alþb. er eiginlega þess eðlis að þessar tvær tillögur eru gersamlega ósambærilegar. Till. Alþb. er *um að rannsóknin verði beint að málefnum Hafskips*, en málefni þess gjaldþrotafyrirtækis eru nú þegar í rannsókn skiptaráðenda svo sem lög gera ráð fyrir.

Í annan stað er hún um það að rannsóknin beinist að viðskiptum þessa fyrirtækis við önnur fyrirtæki. Sú rannsókn er einnig í höndum skiptaráðenda því komi upp eitthvert misferli, svo sem t.d. ólöglegir fjármagnsflutningar frá Hafskipum til annarra fyrirtækja, hugsanlega í eigu forsvarsmanna Hafskipa, fer hún beina leið frá skiptaráðanda til lögreglurannsóknar og sakadóms.

Í þriðja lagi er þessi till. um að rannsaka Sjálfstfl., það er 3. liður tillögunnar, sem er ekki verksvið skiptaráðanda og heldur ekki verksvið rannsóknarnefndar.

Í fjórða lagi er síðan sá þátturinn að taka fyrir önnur fyrirtæki, 30 talsins, og skuldastöðu þeirra í ríkisbönkum. Það er svo annað mál.

Því næst er gert ráð fyrir því að 14 þm. séu í þessum rannsóknarnefndum úr báðum deildum og að rannsóknin fari fram fyrir opnum tjöldum í Watergate-stíl, nánast í sjónvarpi. Þegar allt væri þá saman talið, 14 alþm., aðild ráðherra, aðild bankaráðsmanna sem sitja á Alþingi að þessum málum mætti ætla að fastur helmingur þingheims væri kominn á kaf í rannsókn að þessum málum og reyndar ekki á réttum forsendum. Af þessum sökum tel ég að það hafi verið misráðið af forráðamönnum Alþb. að flytja sérstaka till. um þetta efni, sérstaklega þegar hún er með slíkum vanköntum sem hér hefur verið lýst. Þess vegna væri rökrétt niðurstaða sú að þeir drægju þessa till. til baka, en eftir stæði till. sem fyrir liggur á þskj. 196. Það er hægt með réttum rökum að gera sér vonir um að samstaða geti tekist á Alþingi Íslendinga um þá till., ekki síst eftir að orðið er ljóst að málskoti hæstv. iðnrh. til ríkissaksóknara hefur á þessu stigi málsins verið hafnað.

Ég minni á að í umr. s.l. fimmtudagskvöld í Nd. vakti ég athygli á að hæstv. iðnrh. hefur á Alþingi ekki verið borinn neinum þeim sökum sem varða lagabrot eða refsivert athæfi. Þar hefur hins vegar verið talað um alvarlegan þátt sem varðar pólitískt siðgæði og fjallar um hagsmunaárekstur, en mál af því tagi getur ríkissaksóknari hins vegar ekki tekið til rannsóknar. Hann getur aðeins fjallað um eitthvað sem er meint refsivert athæfi, en hér er alls ekki um slíkt að ræða. Þess vegna kemur mér ekki á óvart þótt ríkissaksóknari hafni því á þessu stigi málsins.

Þar með er einn hluti af tillögubúnaði ríkisstj. og stjórnarflokkanna fallinn um sjálfan sig og eftir stendur þá till. um að taka efnislega afstöðu til þess hvort Alþingi Íslendinga getur ekki orðið ásátt um að þingið skipi rannsóknarnefnd sem beinist að ábyrgð framkvæmdavaldsins á óförum Útvegsbankans. Það er mál sem varðar Alþingi. Útvegsbankinn er undir stjórn þingkjörins bankaráðs. Útvegsbankinn er ríkiseign. Ófarir þessa ríkisbanka varða almannahagsmuni, varða hagsmuni skattgreiðenda, eru með eðlilegum hætti á verksviði Alþingis og samkvæmt öllum fordæmum væri þetta mjög eðlileg málefnaleg afgreiðsla á málinu.

Herra forseti. Ég þarf ekki að segja meira efnislega um málið. Ég hef þegar lýst mínum skoðunum rækilega, enda minni ég á að það eru fleiri þingmál sem liggja hér fyrir, svo sem beiðni þm. úr Alþfl., BJ og SK um skýrslu sem líka snýst fyrst og fremst um Útvegsbankann og ábyrgð framkvæmdavaldsins á óförum hans. Niðurstaða *mín* er sú að það væri skynsamlegt og í þágu þess að málin gætu fengið eðlilegan framgang að þeir Alþýðubandalagsmenn drægju þessa till. til baka, en lýstu síðan eindregnum stuðningi sínum við þá till. sem fyrir liggur á þskj. 196.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Því miður er ekki hægt að ræða þetta mál í ítarlegri máli þar sem þingsköp leyfa ekki nema átta mínútna ræðu, en ástæða hefði verið til að fjalla í lengra máli um þá till. sem hér liggur frammi og er til umræðu. Það vekur samt athygli að aðeins tveir hv. þm. sátu í þessum sal þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti sína ræðu og sýnir að sjálfsagt er mestur vindur úr mönnum í þessu máli sem hefur einkennst upp á síðkastið af slagsmálum stjórnarandstöðuflokkanna um með hverjum hætti eigi að skipa rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð til þess að rökstyðja afstöðu mína og Sjálfstfl. til þess máls. Það hafa þeir gert, hæstv. fjmrh. og hv. þm. Halldór Blöndal og Birgir Ísl. Gunnarsson í umræðum um aðra nefnd af þessu tagi, en þær umræður fóru fram í útvarpi.

Það vekur hins vegar sérstaka athygli að 1. flm. þessa máls var hv. varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson og af einhverjum sérkennilegum ástæðum situr hann ekki í þingsölum í dag heldur hefur hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson tekið sæti sitt aftur og ég býð hann velkominn til þings. Það fagna því flestir þm. að fá að sjá framan í hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, en ég verð að segja að ég hefði helst kosið að hann hefði leyft varaþm. sínum að sitja eins og einn dag í viðbót og gefa honum tækifæri til að standa fyrir máli sínu. Þannig er nefnilega mál með vexti og vita allir að hv. varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson var hér með sérstöku leyfi hv. 7. þm. Reykv. vegna þess að hann þurfti að flytja þessa till., sem nú er til umræðu, morguninn eftir að hann hefur horfið úr sölum Alþingis. Ég beini þeim tilmælum til hv. 7. þm. Reykv. að næst þegar svo stendur á leyfi hann hv. varaþm. sínum

að sitja eins og hálfan dag í viðbót þannig að honum gefist tækifæri til að standa fyrir máli sínu.

Það er nefnilega að koma æ skýrar í ljós að hv. varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur verið að skamma Albaníu í þessu máli. Það eiga sér nefnilega stað innanflokksátök í Alþb. og þegar ráðist er að Útvegsbankanum og bankaráði hans er ekki fyrst og fremst verið að ráðast að hæstv. iðnrh. Það er verið að ráðast að einum þm. Alþb., hv. þm. Garðari Sigurðssyni, sem á sæti í Útvegsbankaráðinu, og þetta er liður í herferð hv. varaþm. Ólafs Ragnars Grímssonar til að losna við hv. þm. Garðar Sigurðsson úr bankaráði Útvegsbankans. Það kemur í ljós á næstu dögum hvort fylking hv. varaþm. Ólafs Ragnars Grímssonar sigrar í þeirri orustu eða hvort hv. þm. Garðar Sigurðsson stendur þetta af sér. Það sjáum við þegar kosið verður í bankaráð Útvegsbankans í næstu viku.

Hv. varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði orð á því að hann hefði haft rétt fyrir sér þegar hann var að ræða á sínum tíma um Flugleiðamálið og Eimskipsmálið. Ef við rifjum aðeins upp hvað Ólafur Ragnar Grímsson sagði um þau mál kemur í ljós í umræðum á sínum tíma að hann lagði í fyrsta lagi höfuðáherslu á þjóðnýtingu fyrirtækja í samgöngum, í öðru lagi sagði hann frá því að Íslendingar töpuðu stórkostlega vegna lágra farmgjalda fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og í þriðja lagi dylgjaði hann um stórkostlega fjármagnsflutninga Flugleiða til útlanda til pappírsfyrirtækja sem þar störfuðu. Þetta var uppistaðan í málflutningi Ólafs Ragnars Grímssonar árið 1978. Það kemur í ljós að ekki stendur steinn yfir steini í þeim málflutningi. En menn mega ekki gleyma því að Alþb. er á móti einkarekstri í þessum greinum. Því hefur Ólafur Ragnar Grímsson lýst yfir í blaðaviðtali. Það gerði hann þegar umræður stóðu yfir 1978 þegar hann dylgjaði um þessi stóru fyrirtæki, Eimskip og Flugleiðir. Sá sem hér stendur í ræðustól stóð þá upp og gerði sitt ýtrasta til að verja t.a.m. Eimskipafélag Íslands fyrir þeim málflutningi sem hv. þáv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði í frammi gagnvart því fyrirtæki.

Ég ætla ekki, þar sem hann er ekki viðstaddur, að ræða málflutning hans. Það gæti verið að hv. varaþm. kasti steinum úr glerhúsi. Ég ætla ekki að ræða um það hér, en mér gefst vonandi tækifæri til að eiga orðastað við hann síðar.

Það gerðist, herra forseti, í útvarpsumræðum um daginn að einn af flm. till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um rannsóknarnefnd, hv. þm. Guðmundur Einarsson, slátraði þessum till. báðum. Hann sagði nefnilega í umræðunni, sem er ugglaust rétt, að á meðan ekki væri gerður skýrari greinarmunur hér á landi á milli löggjafans og framkvæmdavaldsins væri tómt mál að tala um að hægt sé að notast við rannsókn skv. 39. gr. stjskr. Það var meiningin í því sem hann sagði. Þetta er afar skiljanlegt. Það er þess vegna sem BJ hefur lagt til ýmsar breytingar, þar á meðal þær að viðskrh. skipi bankaráð viðskiptabankanna. Þetta er rökrænn málflutningur, en slær um leið vopn úr höndum þeirra sem vilja fara aðrar leiðir en hæstv. ríkisstj. hefur lagt til til að rannsaka þetta mál sem auðvitað þarf að rannsaka á þeim stað sem ætlast er til samkvæmt íslenskum lögum.

Skiptaréttur mun fá víðtækt rannsóknarvald. Lögum hefur verið breytt til að gera skiptaréttinum enn þægilegra að annast þessa skyldu sína. Ef upp koma atriði sem telja verður að séu saknæm og refsiverð eru þau send ríkissaksóknara.

Hæstv. iðnrh. bað um sérstaka rannsókn á sínum þætti. Hann hefur nú verið hvítþveginn í raun þannig að hann er jafnvel hreinni en þeir hreinustu sem komu út af Alþýðubandalagsfundinum um daginn, en ritstjóri Þjóðviljans lýsti því yfir að landsfundur Alþb. hefði líkst eins konar hundahreinsunarstöð. (**Gripið fram í:** Er verið að segja að hæstv. iðnrh. hafi verið hreinsaður?) Það er verið að halda því fram, eins og kemur fram í bréfi saksóknara, að ekkert hafi komið fram og engar ásakanir komið um að um refsiverðan verknað hefði verið að ræða. Það kemur fram í því. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. formaður Alþb. er í vandræðum með hvorum hann eigi að bjóða í flokkinn. (**Forseti:** Það er óheppilegt að stunda mikil frammíköll því að tímatakmarkanir eru miklar í umræðunum um ályktunartillögur.)

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Ég vissi það reyndar fyrir fram að tíminn var örstuttur og enn þá styttri verður hann þegar fleiri eru um ræðutímann. En það sem skiptir máli er, og síðar er hægt að ræða það, að fyrir liggur frv. ríkisstj., en samkvæmt því á auðvitað að rannsaka þetta mál, og þar segir skýrt og greinilega að rannsaka eigi sérstaklega þau mál sem ekki eru rannsökuð af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt. Á það viljum við leggja áherslu að með þetta mál sé farið með eðlilegum hætti, þar sé jafnréttis gætt og að það sé tilgangur rannsóknarinnar fyrst og fremst að fá fram hver sé sannleikurinn og hverjar séu staðreyndirnar í málinu, en ekki sé byggt á dylgjum eins og gert hefur verið hingað til.

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa farið fram úr mínum tíma um hálfa mínútu, en ég kenni frammíköllum um það.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er á móti þessari till. Hún er enn þá fráleitari en sú rannsóknartillaga sem við ræddum í fyrrakvöld. Hugmyndir Alþb. um að setja fjórðung alþm. í rannsóknarstörf og teppa þá þar frá öðrum þingstörfum gengur ekki upp.

Ég stend upp núna, næstur á eftir varaformanni Sjálfstfl. og hluthafa í Hafskipi, til að benda á einn þátt þessa máls sem ekki hefur borið mikið á góma í þessari umræðu á þeim 10 til 20 klukkustundum sem við erum búnir að ræða málið hér í deildinni og sameinuðu þingi. Það er sú breyting sem orðið hefur á viðhorfi einstaklinga og flokka. Hafskip er ekki fyrsta fyrirtæki íslenskt sem stendur frammi fyrir gjaldþroti. Þetta er ekki fyrsta fyrirtækið sem stjórnað er af sjálfstæðismönnum og lendir í erfiðleikum. Ég ætla að rifja upp Kveldúlfsmálið sem líka hafði á sér pólitískan blæ. Kveldúlfur laut einnig stjórn sjálfstæðismanna. En hvað gerðu Thorsararnir? Þeir lögðu eigur sínar að veði, gjörsamlega allar eigur sínar að veði, og björguðu sínu fyrirtæki. Þetta var myndarleg afstaða og flokki þeirra og þeim sjálfum til ævarandi sóma.

Hér hafa menn í umræðunum greint frá einkaneyslu Hafskipsmanna og frá fasteignum þeirra og fyrirtækjum þeirra. Það verður ekki vart við það enn þá að þessir hluthafar sjái sóma sinn í því að nota eignir sínar til að greiða það sem þeir hafa haft út úr Útvegsbankanum. Hver veit nema Thorsararnir hefðu gert það? Ég bara spyr. Kannske hefðu Thorsararnir haft þá sómatilfinn-

ingu og þann metnað að láta ekki þjóðina tapa á sjálfum sér.

Nú eru breyttir tímar og þau lögmál sem gilda fyrir einkaframtakið eru líka breytt að því er virðist. Núverandi einkaframtakspostular setja sér aðrar reglur en Thorsararnir gerðu. Svona er nú frjálshyggjan í dag. Og ég vil enda mál mitt með því að fara með frjálshyggjulimru sem ég lærði um daginn. Hún er svona:

Athafnalífið er lotterí
og leggur til margs konar gotterí,
heldur fólkinu hressu
og með hliðsjón af þessu
er gjaldþrota banki hreint smotterí.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var mikið að hv. 2. þm. Reykv. fékk málið í þessu Hafskipsmáli. Hann kvartar undan því áðan að umræðan sé knöpp núna. Var ekki átta tíma umræða utan dagskrár um málið á Alþingi á dögunum? Tók hann þá til máls? Mér er ekki kunnugt um það. Fékk hann að tala fyrir hönd síns flokks í útvarpsumræðunum um daginn? Ég heyrði það a.m.k. ekki á öldum ljósvakans. Hann hefur þá talað eftir að skrúfað var fyrir viðtækin. En svo þegar þessi till. kemst á dagskrá og ræðutíminn er átta mínútur fær maðurinn allt í einu málið og í þetta skipti til að svara hv. varaþm. Ólafi Ragnari Grímssyni í stað þess að nota tækifærið og tímann þegar hv. þm. var hér inni til að svara þeim athugasemdum og upplýsingum sem komu fram hjá honum. Þessi vinnubrögð hv. 2. þm. Reykv. eru honum til lítils sóma og ber að harma að hann skuli ekki maður að meiru í þessu efni og reyna að standa fyrir máli sínu gagnvart þeim sem einkum hafa flutt þetta mál að undanförnu með miklum myndarbrag eins og hv. 7. þm. Reykv., varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson, gerði á sínum tíma.

Ég vil í sambandi við umræður sem nú fara fram segja að ég er undrandi á þeirri lítilþægni sem fram kemur hjá hv. 5. þm. Reykv. varðandi það að sætta sig við skiptaráðandann sem úrslitaaðila í þessu máli. Hann segir: 1. tölul. er skiptaráðandi, 2. tölul. er skiptaráðandi og þess vegna á Alþingi ekkert að skipta sér af þessum hlutum. Það er furðulegt að heyra þetta frá þm. sem hlýtur að þekkja til réttarkerfisins eins og það hefur unnið á liðnum árum og er nærtækast í þessu sambandi að minna á Friðriks Jörgensens málið sem mér er ekki kunnugt um að sé lokið enn. Auðvitað verður að hafa miklu hraðari tök á þessu máli en skiptaráðandinn getur nokkurn tíma gert. Það er út í hött og kostulegt þegar hv. 5. þm. Reykv., formaður Alþfl., vísar á skiptaráðandann með þeim hætti sem hann gerði áðan.

Ég verð einnig að segja að ég tel að 3. tölul. í till. Alþb. varðandi rannsókn á afskiptum einstakra stjórnmálamanna í þessum efnum eigi betur við í dag en jafnvel þegar till. var flutt, sérstaklega eftir að ríkissaksóknari hefur neitað að fjalla um þau sérstöku mál sem snúa að hæstv. iðnrh. Það er út af fyrir sig rétt, sem fram hefur komið, að hann hefur ekki verið borinn í þessu máli, svo að ég muni, ásökunum um lögbrot. Hins vegar hefur komið fram hjá hæstv. iðnrh. sjálfum að hann telur nauðsynlegt að gengið verði rösklega fram í því að fá allar upplýsingar um hans afskipti af þessu máli til að legið geti fyrir með hverjum hætti þau afskipti hafa verið. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar og er sammála hæstv. iðnrh. um það, eins og kom fram þegar hv. þm. Jón Baldvin hóf umræður um þetta fyrir nokkru, að það er honum nauðsynlegt hvað sem sem öllu öðru líður að rannsókn þess þáttar sem að honum snýr verði sérstaklega flýtt þó svo að ríkissaksóknari hafi hafnað því.

Ég lít ekki á niðurstöðu ríkissaksóknara sem hundahreinsun, eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði áðan. Það er alger fjarstæða að líta þannig á hlutina. Ég hef ekki orðið var við að hæstv. saksóknari ríkisins sinnti slíkum verkum sérstaklega, jafnvel ekki þegar í hlut á hæstv. iðnrh. (**FrS:** Það hlýtur þú að vita manna best.) Ég gæti þekkt til eins og annars í þeim efnum, hv. þm., þó að ég þekki verr til innanborðs í Hafskipi en hv. þm. gerir örugglega.

Varðandi 4. tölul., sem snertir skuldastöðu helstu stórfyrirtækja við bankana, er það mál sem ríkisstj. sjálf hefur tekið ákvörðun um að kannað verði sérstaklega. Hér er verið að hnykkja á því, má segja lýsa stuðningi við afstöðu ríkisstj. og ákvörðun hæstv. viðskrh. í þeim efnum. Ég tel þess vegna að till. Alþb. eins og hún liggur fyrir geti í alla staði átt rétt á sér.

Það er rétt hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni að till. Alþfl. o.fl. getur vel rúmast innan till. Alþb. Þess vegna má segja að það væri kannske eðlilegasta málsmeðferðin í þessu að hv. þm. Alþfl. o.fl. drægju sína till. til baka vegna þess að fyrir liggur og til umræðu er yfirgripsmeiri till. og er á dagskrá. En ég er ekki að fara fram á það. Ég held að nauðsynlegt sé að þessar till. fái allar eðlilega þinglega meðferð á næstu dögum og auðvitað væri æskilegast að niðurstöður lægju fyrir þegar næstu daga.

Vafalaust er einhver missmíð á till. Alþb. og ég sé bersýnilega eina missmíð á till. Það er að hvergi skuli vera vikið að þætti Seðlabankans varðandi þetta mál. Ég er satt að segja mjög undrandi á því hvað hv. þm. hafa í raun og veru sleppt Seðlabankanum í umræðum um þessi mál þegar fram kemur í grein eftir Jóhannes Nordal bankastjóra Seðlabankans í Morgunblaðinu í dag að honum var kunnugt um vanda Hafskips og Útvegsbankans strax í júnímánuði, snemma, en lætur ríkisstj. ekki vita, ekki viðskrh. og ekki heldur hið þingkjörna bankaráð. Ég held þess vegna að það ætti að kanna og rannsaka hlut Jóhannesar Nordals og bankastjóra Seðlabankans í þessu máli alveg sérstaklega. Málið liggur ekki þannig að þeir séu eins og hvítskúraðir englar í þessu máli. Það er alveg bersýnilegt að þeir bera fulla ábyrgð. Ég held að það væri ástæða til að gera kröfu til að þeirra þáttur væri kannaður mjög rækilega þó ekki væri nema vegna þess að bankastjórinn Jóhannes Nordal hefur fylgst með þessu máli alveg frá upphafi. En Hafskipsmálið og Útvegsbankamálið er ekki nýtt á borðum ríkisstjórna og Alþingis nú. Það hefur einlægt verið að koma upp aftur og aftur á undanförnum árum.

Mín niðurstaða af þessari umræðu allri er fyrst og fremst ein. Hún er sú að það á að leggja Útvegsbankann niður. Útvegsbankinn ræður ekki við sín verkefni eins og hann er. Það þarf að sameina Útvegsbankann öðrum bönkum. Það er aðalatriðið í málinu. Mér finnst sérkennilegt ef ríkisstj. notar ekki stöðuna núna til að knýja fram uppgjör á stöðu Útvegsbankans í bankakerfinu og jafnframt það að hann verði sameinaður öðrum bönkum.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að sameina hann

ríkisbönkum. Aðrir eru þeirrar skoðunar að það eigi að sameina hann að einhverju leyti einkabönkum. Ég teldi að það væri myndugasta viðbragð Alþingis í framhaldi af þessum umræðum öllum að taka ákvörðun um að setja af stað sameiningu á þessum bönkum, hefja vinnu þar að lútandi sem færi fram á næstu mánuðum þannig að t.d. í lok ársins 1986 lægi fyrir hvernig farið verður með Útvegsbankann áfram. Það er ábyrgðarleysi að láta Útvegsbankann hanga í lausu lofti miklu lengur eins og hann hefur orðið að gera vegna þess að menn hafa ekki fengist til að taka á þessu máli. M.a. hafa Búnaðarbankamenn ýmsir, sem sitja ekki langt frá mér, aldrei mátt heyra nefnt að það væri tekið á skipulagsmálum bankanna og þannig þverskallast við og neitað að horfast í augu við veruleikann í þessum málum. Það hefur lengi legið fyrir að skipulagsmál bankanna eru tóm vitleysa. Bankakerfið er allt of dýrt. Almenningur býr við öryggisleysi í þessum efnum meðan bankakerfið er svona skipulagt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir einstök atriði í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar. Það var eitt og annað sem kom þar fram. Ég held að menn eigi að sameinast um að koma þessum málum til nefndar. Það var þess vegna sem við Alþýðubandalagsmenn lögðum áherslu á að málið yrði tekið fyrir. Við vildum að það fengi þinglega meðferð. Ólafur Ragnar Grímsson var ekkert að flýja frá því að ræða um málið við einn eða neinn, eins og ég veit að hv. þm. sem hér eru viðstaddir vita.

Ég vil að lokum, herra forseti, segja: Það sem er ljótast að mínu mati í því máli sem snýr að Hafskipum eru þær upplýsingar sem fram hafa komið um að einstakir eigendur fyrirtækisins forði sínum eignum undan uppgjörinu og skilji skuldirnar eftir hjá þjóðinni. Ef einhvern tíma hefur átt við að nota orðið „siðleysi" úr þessum ræðustól ætti það við við slíkar kringumstæður. Það held ég að hv. þm. geti allir verið sammála um.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. komst svo að orði að hann lýsti furðu sinni á að ég vildi sætta mig við rannsókn skiptaráðanda eins á þessu máli. Honum fyrirgefst þetta. Hann er nýkominn aftur til þings og hefur sennilega ekki fylgst með málinu.

Till. sú sem rædd var s.l. fimmtudagskvöld og 1. flm. að er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir snýst um að fram fari rannsókn á vegum þingnefndar á þeim þætti framkvæmdavaldsins í þessu máli, reyndar fyrst og fremst bankastjórn og bankaráði Útvegsbankans og öðrum yfirstjórnendum ríkisbankanna. Sú rannsókn fer ekki fram hjá skiptaráðanda. Það er enginn sem framkvæmir hana nema sú till. verði samþykkt.

Hv. þm. Friðrik Sophusson vitnaði til till. BJ um að viðskrh., handhafi framkvæmdavaldsins, skipaði í bankaráð og taldi þá till. rökrétta og skynsamlega. Þvert á móti er sú till. gersamlega fráleit, einfaldlega vegna þess að það sem Alþingi þarf að rannsaka í þessu máli er þáttur framkvæmdavaldsins og handhafa þess, frá bankastjórn Seðlabanka, stjórnendum bankaeftirlits, bankastjórn Útvegsbanka, bankaráði Útvegsbanka og þátt viðskrh. í þessu máli, þannig að tillaga um að einn af þeim aðilum, þessum handhöfum framkvæmdavaldsins, skipi í bankaráð er enn fráleitari nú en nokkru sinni fyrr.

Ef við lítum á stöðu málsins er hún þessi: Hæstv. ríkisstj. hefur bent á einn þáttinn og lagt til tvennt í viðbót:

Í fyrsta lagi: Gjaldþrot Hafskipa er til rannsóknar hjá skiptaráðanda lögum samkvæmt. Í annan stað ætlaði hæstv. iðnrh. að fá sérstaka rannsókn ríkissaksóknara á sínum hlut í málinu. Því hefur nú verið hafnað. Þriðja atriðið var að ríkisstj. hyggst skipa þriggja manna rannsóknarnefnd tilnefnda af Hæstarétti Íslands.

Í umræðunum s.l. fimmtudagskvöld var því rækilega haldið fram og því ekki svarað, menn fengu engin svör, að þessi till. væri kannske sú vitlausasta af þeim öllum. Það er algerlega óhæft að ætlast til þess að Hæstiréttur gerist með þessum hætti skúringatuska stjórnmálamanna. Ef rannsókn skiptaráðanda leiðir til þeirrar niðurstöðu að um sé að ræða refsivert athæfi eða lagabrot fer það sína leið til rannsóknarlögreglu og sakadóms og taki aðrir til varna endar það í málaferlum sem að öllum líkindum munu, sbr. Jörgensensmál, sbr. Breiðholtsmál, enda hjá Hæstarétti. Það er þess vegna gersamlega fráleitt að ætla að draga æðsta dómstól þjóðarinnar inn í þetta mál á þessu stigi málsins. Eftir stendur þá aðeins eitt af málatilbúnaði ríkisstj.: Skiptaráðandarannsóknin fer fram lögum samkvæmt. Málskot iðnrh. kemur ekki lengur málinu við og þessi till. um tilnefningu Hæstaréttar er fráleit. Þess vegna segi ég: Það eina skynsamlega sem Alþingi getur gert í þessu máli er að fallast á till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. sem er málefnaleg till. og styðst við fyrri fordæmi um eðlileg viðbrögð Alþingis. M.ö.o.: sjö manna þingmannanefnd sem rannsaki fyrst og fremst þátt framkvæmdavaldsins, þeirra sem ég taldi upp, frá viðskrh., stjórn Seðlabanka, bankastjórn Útvegsbanka og bankaráði í þessum málum, sem handhafi og umboðsaðili almannahagsmuna, skattgreiðenda, sem sýnilegt er að bera mikinn skaða í þessu máli. Það er raunverulega niðurstaða málsins.

Þess vegna endurtek ég að gallarnir, sem hv. 3. þm. Reykv. viðurkenndi að væru margir á till. Alþb. og eru fleiri en hann taldi upp, eru það miklir að ég skora á flm. þessarar till. að bregðast rétt og skynsamlega við, viðurkenna mistök sín við að flytja till. og draga hana einfaldlega til baka. Nú eru breyttar forsendur að því er varðar málatilbúnað ríkisstj. og þess vegna er með rökum hægt að gera sér vonir um að þingið geti náð samstöðu um rannsókn Útvegsbankamálsins og rannsókn á framkvæmdavaldinu og þætti þess á vegum þingmannanefndar.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Nokkur orð í tilefni af því sem gerst hefur í umræðunum.

Í fyrsta lagi: Varðandi það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, skrifari, sagði liggur fyrir að í þingnefnd er hægt að vinna í slíkum tilfellum með ýmsum hætti. Það má nefna fordæmi frá hv. utanrmn. sem fékk til meðferðar á síðasta þingi fjöldann allan af tillögum sem vörðuðu utanríkis- og afvopnunarmál og lagði fram undir lok þingsins eina sameiginlega till. þar sem öll sjónarmið höfðu varið sameinuð og náðst hafði samstaða um tiltekna málsmeðferð og tiltekna tillögu. Slíkt er auðvitað hægt og er hluti af þinglegum störfum að sameina sjónarmið þegar þess er kostur.

Það má benda á að fyrir utan þessar tillögur liggja fyrir beiðnir um skýrslur, eins og hér hefur komið fram,

og frv. frá ríkisstj. Það er eðlilegt að þessi þingmál séu öll til meðferðar og skoðunar í einu. Þess vegna svara ég þegar í stað hv. 5. þm. Reykv. Það væri óeðlilegt að fara að kalla aftur tillögur á þessu stigi málsins, hvort sem heldur væri till. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flm. að eða aðrar. Hitt er miklu eðlilegra og þinglegra að þær gangi til nefndar og fari þar til umfjöllunar.

Það má gera, ef menn vilja eyða tímanum við þessa umræðu, orðalagsathugasemdir við einstakar tillögur. Það er ekki nema sjálfsagt. En slíkar voru athugasemdir Ólafs Þ. Þórðarsonar og ber að skoða sem slíkar.

Ég vil segja, eins og hv. 3. þm. Reykv. gerði reyndar, að 3. liður till. á þskj. 200 er enn nauðsynlegri en ella eftir þær lyktir sem orðið hafa á málskoti hæstv. iðnrh. til ríkissaksóknara. Það er ekki þannig að mínu viti að hæstv. iðnrh. hafi verið hvítskúraður, eða hvaða orð sem menn vilja nota í því sambandi. Ef ég má, með leyfi forseta, vitna í svarbréf ríkissaksóknara segir þar:

„Að gefnu tilefni vegna orðalags í fyrrgreindu bréfi yðar [þar er vitnað til bréfs iðnrh. til ríkissaksóknara] er rétt að taka fram að það getur aldrei verið aðaltilgangur með opinberri rannsókn að hreinsa eða hvítþvo menn af ásökunum eða orðrómi um refsiverða háttsemi."

Það held ég að svari því best hvers vegna ríkissaksóknari svarar málskoti iðnrh. eins og raun ber vitni.

Það segir einnig í 4. tölul. svarbréfsins:

„Á þessu stigi máls, þegar rannsókn skiptaréttar er varla byrjuð, er eigi fyrir hendi sá rökstuddi grunur að unnt sé að hefjast handa um sakamálsrannsókn út af ætlaðri refsiverðri háttsemi vegna fyrrgreindra starfa yðar."

Málið er ósköp einfaldlega ekki á því stigi að ríkissaksóknari taki það í sínar hendur og fyrirskipi sakamálsrannsókn. Þetta ætti öllum að vera ljóst. Þess vegna er enn brýn þörf á því að þáttur hæstv. iðnrh., sem og þeirra manna annarra sem málinu tengjast, verði rannsakaður og kannaður, og ég veit að hæstv. iðnrh. er þess manna mest fýsandi sjálfur því að hann hefur manna mest lýst því yfir að það sé óþolandi að sitja undir slíkum ásökunum og ég skil það vel.

Það er einnig ljóst að mál allra þessara manna verður að kanna samhliða og í einu því að annað væri, fyrir utan allt annað, brot á jafnréttisreglunni eins og ríkissaksóknari hefur bent á.

Ég vil segja einnig vegna þeirra ummæla hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar um hvernig flutning þessara till. bar að að þær eru ósköp einfaldlega fram komnar um mjög svipað leyti. Slíkt gerist iðulega á hv. Alþingi. Er ekkert óvenjulegt að tillögur um svipuð mál komi fram um svipað leyti, gjarnan að gefnu tilefni, og það gerðist í þessu tilfelli.

Það má einnig benda á í lokin að 4. liður till. okkar þm. fjögurra á þskj. 200 gerir þá till. alla miklu víðtækari og rannsóknina alla sem þar er ætlað að inna af hendi þar sem er úttekt á stöðu þessara mála í heild sinni í ríkisbönkunum.

Það gefst e.t.v. ekki tími til að svara hv. 2. þm. Reykv., en ég vil þó segja að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er farinn úr landi, það ég best veit, til að sinna aðkallandi skyldustörfum á alþjóðavettvangi, sem hann hefur tekið að sér, og enn fremur er mættur til starfa eins og allir mega sjá hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Menn gera varla athugasemdir við að hann taki þingsæti sitt þegar hann er kominn heim og tilbúinn að hefja störf — eða átti ég að skilja hv. 2. þm. Reykv. þannig? Það hefði verið nokkuð sérkennilegt.

Það er ekki rétt að Alþb. sé á móti einkarekstrinum í landinu. Þvert á móti er það svo að við höfum í vaxandi mæli þurft að gerast talsmenn einkaframtaksins vegna þess að íhaldið er svo ónýtt við að standa við bakið á einkaframtakinu og er að koma slíku óorði á þá tegund atvinnurekstrar að við þurfum að koma þar alveg sérstaklega til hjálpar, t.d. í smærri atvinnurekstri eins og við höfum bent á og gert ályktanir um. Það er hins vegar þannig að ýmiss konar starfsemi í þessu þjóðfélagi er með þeim hætti, með því umfangi og þeirrar gerðar að við teljum eðlilegt að opinberir aðilar hafi þar hönd í bagga eða hafi þann rekstur með höndum. Þar með taldar eru Flugleiðir. Það fyrirtæki er mjög stórt í jafnþýðingarmiklum þætti og flugsamgöngur til og frá landinu eru. Það er mín skoðun að ríkisvaldið eigi að vera með hönd í rekstrinum þar.

Það var nokkuð sérkennilegt sem skeði á hv. Alþingi fyrir ekki löngu. Rétt eftir að ríkið var búið að selja hlut sinn í þessu fyrirtæki kom upp kjaradeila í fyrirtækinu. Hvað skeði þá? Ríkisstj. nauðgaði í gegn frv. með afbrigðum og lét skrifa undir það vegna þess að þjóðarheill krafðist, að sögn ráðherranna, að flugsamgöngur stöðvuðust ekki. Þá þótti mönnum allt í lagi að grípa inn í. Þá var hægt að færa rök fyrir því að ríkið ætti að vera með hendurnar í þessu máli. Þá var það allt í lagi. En rétt áður var búið að selja hlut ríkisins.

Þetta gengur einfaldlega ekki upp, hv. þm. Friðrik Sophusson. Auðvitað er það þannig að þegar eitt fyrirtæki hefur nánast einokunarrétt skiptir það almannahag svo miklu máli að eðlilegt er að ríkisvaldið sé þar inni í eða aðrir opinberir aðilar. Þess vegna get ég sagt það feimnislaust að ég tel að Flugleiðir ættu helst að vera í opinberri eigu eða a.m.k. að verulegu leyti reknar með íhlutun opinberra aðila. En það kemur kannske ekki beint inn í þetta mál og þó tengist þetta allt saman.

Ég held ég hafi þá svarað helstu athugasemdum sem hér hafa verið gerðar og þakka að sjálfsögðu málefnalegar umræður sem alltaf verða þegar þessi mál ber á góma.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 32. fundur.

Mánudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1986, stjfrv. 2. mál (þskj. 245, n. 270, brtt. 130, 271, 273, 276). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. 276, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur tekið mál þetta til skoðunar að nýju á milli umræðna eins og raunar lá fyrir við 2. umr. Flytur meiri hl. brtt. á þskj. 271 og skilar framhaldsnál. á þskj. 270. Ég mun nú leitast við að gera grein fyrir þessum brtt. og þeim störfum sem fram hafa farið í nefndinni á milli umræðnanna. Raunar kemur það allglöggt fram bæði í brtt. sjálfum og framhaldsnál., en engu að síður er skylt að fara yfir það þó að mín ræða verði keimlík því sem þar stendur.

Eftir afgreiðslu frv. við 2. umr. hefur nefndin bæði rætt um atriði sem voru óafgreidd og var getið í nál. og eins um nokkra nýja þætti og ný erindi sem borist hafa á milli umræðna. Á fskj. eru sýnd áhrif þeirra tillagna sem hér greinir, bæði á Byggingarsjóð ríkisins þar sem er um talsverða hækkun að ræða, Framkvæmdasjóð og lántökuheimildir innanlands og erlendis. Síðan hefur það allt verið fellt saman þannig að menn fái nokkuð heillega mynd af því hvernig skuldabreytingar og lánabreytingar muni verða að þessum tillögum samþykktum sem ég vona að verði hér í dag. Í öllu falli höfum við leitast við að ná um það samkomulagi að málið fari héðan út úr þessari hv. deild í dag og ætlað okkur ríflegan tíma ef þurfa þykir og eins ef menn vilja taka upp einhverja almenna umræðu um fjármál ríkisins o.s.frv. án þess að ég ætli að hafa af því frumkvæði. En hæstv. fjmrh. er hér með okkur að sjálfsögðu og við getum þess vegna rætt um þá þætti sem mönnum sýnist.

Í fyrra nál. meiri hl. er getið um fjögur atriði sem afstaða hafði ekki verið tekin til við 2. umr. Fyrst er um að ræða 100 millj. kr. lántöku til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum, þ.e. brtt. hv. þm. Helga Seljans. Að mati nefndarmanna allra er hér um þarft verkefni að ræða, en meiri hl. þykir rétt að beina óskum um lán í þessu skyni til langlánanefndar og innlendra lánastofnana. Svo mun hafa verið í sambandi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á síldarverksmiðjum. Þar hefur verið leitast við að nota innlent fjármagn, t.d. hjá Síldarverksmiðjum ríkisins sem hafa staðið í miklum breytingum og lagfæringum á Siglufirði. Síðan hefur verið leitað til bankakerfisins og þá til langlánanefndar að svo miklu leyti sem hefur þurft að afla erlendra lána. Það félli þá undir lántökur atvinnufyrirtækja.

Útflutningslánasjóður óskaði eftir 100 millj. kr. lántöku á árinu 1986. Það er gert ráð fyrir að heimila sjóðnum einungis að taka 40 millj. kr. að láni í erlendri mynt. Það jafngildir endurgreiðslum á erlendum skuldum sjóðsins einvörðungu. Að sjálfsögðu getur Útflutningslánasjóður eins og aðrir sjóðir leitað fyrir sér á hinum innlenda lánamarkaði, t.d. með skuldabréfaútgáfu, enda er sjóðurinn á vegum Landsbankans sem þegar hefur greitt fyrir nokkrum atvinnufyrirtækjum um lánsfjáröflun á almennum markaði, en að öðru leyti yrði hann að hafa samvinnu við bankakerfið til að greiða úr umsóknum.

Það er rétt að geta þess að við fengum yfirlit frá Útflutningslánasjóði yfir lánveitingar sem sjóðurinn hefur annast að undanförnu. Er þar margt merkilegt sem hann hefur lagt af mörkum þó að kannske sé ekki beinlínis hægt að tengja þær lánveitingar nafninu Útflutningslánasjóður því að það hefur meira verið til þess að lána íslenskum fyrirtækjum til að standast samkeppni við erlenda aðila á innlendum markaði fremur en hitt að greiða fyrir útflutningslánum til íslenskra fyrirtækja. Það var upphaflega tilætlunin með þessum sjóði. Auðvitað er hann allt of lítill til að geta veitt nokkurt mótvægi gegn svokölluðum exportlánasjóðum í nágrannalöndunum sem eru öflugar stofnanir og greiða fyrir iðnaði og atvinnurekstri í heimalandinu með útflutning fyrir augum. En miðað við þá stefnu, sem verið er að reyna að fylgja sem mest, þótti ekki rétt að heimila meiri erlendar lántökur en einvörðungu til að standa undir þeim skuldbindingum sem eru þegar í erlendri mynt og reiða þarf af hendi á næsta ári.

Þá er það grænfóðurverksmiðjan Vallhólmur hf. sem fór fram á 24 millj. kr. lántökuheimild á árinu 1986. Meiri hl. getur ekki fallist á afgreiðslu þessa erindis þar sem ljóst er að fjárhagsstaða fyrirtækisins í heild verður að fá ítarlegri umfjöllun. Skuldir þessa fyrirtækis eru orðnar geigvænlega miklar. Þetta er hlutafélag. Ríkið er þar langstærsti hluthafinn og ber að því leyti ábyrgð á rekstri þessa fyrirtækis. Það getur ekki farið á milli mála að ríkissjóður verður að taka þetta mál miklu fastari tökum en svo að eingöngu sé farið að bæta við erlendum lánum. Það var gert í allstórum stíl í fyrra, eins og menn minnast. Það voru í fyrsta lagi teknar að láni 12 millj. kr. beint til þessa fyrirtækis en síðan aðrar 12 millj. til grænfóðurverksmiðja almennt og mun Vallhólmur hafa fengið nokkuð af þeim fjármunum til viðbótar. Það er því ekki skortur á auknum erlendum lánum sem háir þessu fyrirtæki, a.m.k. ekki einvörðungu, heldur verður að fara algerlega þar ofan í saumana og átta sig á því hvað um það skuli verða. Það hlýtur að verða fyrst og fremst verkefni ríkisins sjálfs og stjórnar fyrirtækisins sem ríkið á aðild að.

Þá leggur meiri hl. að lokum til að lánveitingar til fiskeldis frá Framkvæmdasjóði nemi 250 millj. kr. Það er ekki lagt til að binda lánveitingar Byggðastofnunar til fiskeldis og er því ljóst að hún hefur frjálsar hendur til slíkra lánveitinga. Eins og menn vonandi minnast var hér við 2. umr. talað um að reyna að ná samstarfi eða samvinnu við Byggðastofnun um að a.m.k. 100 millj. kr. af fé stofnunarinnar rynnu til fiskeldis. Slíkt samkomulag hefur ekki verið gert. En mín skoðun er sú að það hljóti að fara svo að Byggðastofnun láni verulegt fé til fiskeldis því að það er áreiðanlega eitt það arðvænlegasta sem við getum lagt í núna alveg á næstunni. Við erum nú að heyra fréttir um allsvimandi framkvæmdahugmyndir erlendra aðila, síðast í sjónvarpi í gær, og það þarf að huga betur að þeim málum öllum.

Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að skjóta því hér inn í að þótt ég hafi verið hvatamaður samvinnu við erlenda aðila um fiskirækt á byrjunarstigi hef ég marg sinnis lagt á það megináherslu að útlendingar næðu

aldrei meirihlutaaðstöðu í íslenskum fiskiræktarstöðvum, hvorki nú sé síðar, og þannig þurfi að búa um hnútana að það geti ekki orðið. Þá þarf auðvitað að huga að því að í sumum fiskiræktarfyrirtækjum, sem eru að rísa á fót, hafa menn kannske ekki leitt að því hugann að algerlega er nauðsynlegt að íslenski hlutinn sé á einni hendi ef um hlutafélag er að ræða þannig að ekki sé hægt fyrir erlenda aðila að ná beint eða óbeint meirihlutavaldi með því að kaupa kannske 1 eða 2% af íslenskum aðilum sem þá væru kannske meira og minna umboðsmenn hinna erlendu fyrirtækja. Veit ég að hæstv. dómsmrh. mun hyggja grannt að þessu máli, enda er á hans valdi að veita þær undanþágur sem nauðsynlegar eru til að útlendingar geti fjárfest meira en 20% í slíkum fyrirtækjum. En það er rétt að nefna þetta nú strax því að það hefur hvorki verið mín hugmynd né nokkurs annars að útlendingar gætu náð yfirráðum yfir fiskirækt á Íslandi.

En þetta fé verður vonandi 350 millj. eins og við lögðum til. Kannske verður það eitthvað meira, kannske eitthvað minna, en alla vega eru þarna bundnar þessar 250 millj. kr.

Þá eru það önnur atriði sem meiri hl. leggur til að verði breytt. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 var ekki tekin afstaða til lántöku hitaveitna en gert er ráð fyrir óskiptri fjárhæð, 95 millj. kr. Þessi upphæð reyndist vera of lág. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafði raunar bent nefndinni á það strax fyrir 2. umr. að þarna mundi þurfa til að koma leiðrétting og lagfæring. Raunin hefur orðið sú að þessi upphæð er hækkuð um 35 millj. kr. og verði alls 130 millj. kr. Til að greiða fyrir hinu allra brýnasta hjá hitaveitunum, sem ég skal koma að nánar á eftir, eru að auki til ráðstöfunar, eftir að skipt hefur verið til ákveðinna hitaveitna, um 18 millj. kr., annars vegar af þessum 130 millj. og hins vegar úr Orkusjóði.

1. brtt. nefndarinnar á þskj. 271 er um það að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar fái að taka lán að upphæð 60 millj. kr., Hitaveita Akureyrar 40 millj., Hitaveita Egilsstaða og Fella 6 millj. kr., Fjarhitun Vestmannaeyja 10 millj., Hitaveita Reykjahlíðar 6 millj. og aðrar hitaveitur þær 8 millj. sem ég var að nefna. En jafnframt eru til 10 millj. hjá Orkusjóði sem gætu komið þar til aðstoðar. Er þar sérstaklega getið um Hitaveitu Siglufjarðar sem átti erindi sem ekki var afgreitt og þarf frekari skoðunar við. Þá mun vera hjá enn öðrum hitaveitum þörf á nýju lánsfé, einkum þó til skuldbreytinga.

Í frv. til fjárlaga 1986 eru lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins áætlaðar alls 2050 millj. kr. Þar eru áætlaðar 150 millj. til orkusparandi breytinga á húsnæði og 1900 millj. kr. til annarra lána. Á milli umræðna hefur verið litið á tillögur mþn. um húsnæðislán, en lánveitingar sjóðsins eru með þeim brtt., sem nú eru fluttar, auknar um 230 millj. kr. eða í 2280 millj. Ráðgert er að afla þessa fjár með auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af Byggingarsjóði ríkisins, þ.e. að afla innlendra lána þannig að erlendar lántökuheimildir hækki ekki við þessa ráðstöfun.

Þá barst nefndinni erindi frá nefnd sem fjallar um innlenda skipasmíði þar sem óskað var eftir 300 millj. kr. lántökuheimild til viðgerða á skipum innanlands. Það er lagt til að afla Fiskveiðasjóði 200 millj. kr. láns í þessum tilgangi frá Framkvæmdasjóði. Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs lækkar þá sem þessu nemur og verður 1442 millj. kr. á árinu 1986.

Bent hefur verið á að sjálfsagt sé að nýta hagstæðustu lánakjör hverju sinni sem þau bjóðast og hafa það auðvitað alltaf að leiðarljósi að rýra ekki lánstraust þjóðarinnar út á við. Þótt við séum býsna skuldug, eins og margrætt er, er traust ríkissjóðs enn mikið á erlendum lánamörkuðum og stundum er það svo að hagstæðari kjör fást ef ríkið er ábyrgðaraðili eða beinn lántakandi en ef það eru einhverjir sjóðir sem kannske eru misjafnlega þekktir.

Það verður að segja þá sögu eins og hún er og gleðjast yfir því að ég hygg að bankakerfið hafi staðið sig mjög vel í því að láta erlendar kröfur ekki falla í gjalddaga. Bankarnir hafa þá reynt og ríkissjóður líka að greiða úr erfiðleikum einstakra fyrirtækja og krefja þau á síðara stigi ef þau hafa ekki getað staðið í skilum. Orðspor hygg ég að sé því nokkuð gott fyrir okkur Íslendinga á peningamörkuðum, kannske ekki ósvipað og Finna sem gjarnan eru annálaðir fyrir skilvísi og voru víst þeir einu sem eftir fyrra stríð greiddu upp allar sínar stríðsskuldir o.s.frv. Við skulum fagna því að lánstraust okkar er enn mikið, en þá kannske fyrst og fremst þegar það er ríkissjóður sjálfur sem lánin tekur. Þess vegna flytjum við í meiri hl. brtt. um að ríkissjóður gæti komið þarna inn, t.d. tekið lán fyrir Framkvæmdasjóð. Flutt er brtt. við 10. gr. frv. af þessu tilefni.

Þá er gert ráð fyrir að fjmrh. verði heimilað að ábyrgjast lán vegna sölu fimm fiskiskipa sem voru raðsmíðuð, eins og það er kallað, á árunum 1982—1985. Þar að auki er lagt til að ríkissjóður yfirtaki hluta fjármagnskostnaðar af þeim lánum sem skipasmíðastöðvarnar tóku til að fjármagna smíði skipanna. Þetta ber mönnum saman um að sé óhjákvæmilegt til að unnt verði að selja skipin og koma þeim í rekstur. Meiri hl. leggur til að orðið verði við þessu því að að sjálfsögðu verða þessi skip að komast í rekstur og þeir miklu fjármunir, sem í þeim liggja, að nýtast með þeim hætti. Þó kannske megi kalla þetta „raðsmíðaskatta“ eða eitthvað slíkt er það ekki neitt grín. Þetta hefur verið gert og menn verða að horfast augu við raunveruleikann.

Miðað við allar þessar framangreindu tillögur meiri hl. nema heildarlántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 11 246 millj. kr. á árinu 1986. Það þýðir ekki að draga dul á það að lántökur atvinnufyrirtækja verða eitthvað meiri þó að þær séu ekki kallaðar langtímalántökur, þ.e. lántökur sem eru til meira en eins árs. Vitað er að auk þeirra er mjög mikið erlent fé í umferð. Sumt af því er kallað innlent fé en það er auðvitað meira og minna erlent og hefur verið um langa tíð, löngu áður en þessi hæstv. ríkisstj. var mynduð. Hér er sem sagt eingöngu um að ræða þau lán sem tekin eru til lengi tíma en eins árs. Gert er ráð fyrir að 3820 millj. af þessari miklu upphæð verði aflað innanlands en 7426 millj. kr. með erlendum lántökum sem að langstærstum hluta eru afborganir og vextir og þá hugsanlegar skuldbreytingar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um þetta. Á milli 2. og 3. umr. hafa verið fluttar tvær brtt. af hálfu hv. stjórnarandstæðinga. Það er annars vegar till. frá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur um að fella niður heimild Landsvirkjunar til 200 millj. kr. aukalánveitingar ef ákveðin yrði frekari stóriðja eða samningar væru að nást um slíkt. Ég legg til að sú till. verði felld.

Brtt. frá hv. þm. Helga Seljan varðar málefni fatlaðra og er um það að framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra fari eigi fram úr 125 millj. kr. á árinu 1986. Ég legg einnig til að sú till. verði felld. Því miður vantar fé í þennan þátt eins og svo margt annað. Við þurfum orðið að skera og beinskera, eins og þar stendur, og getum því miður ekki orðið við nema örfáu af því sem við vildum. Kannske eru flest atriði þannig vaxin að enginn getur verið ánægður með það fjármagn sem okkur skilst að hægt sé að verja til hinna margvíslegu framkvæmda og margvíslegu fjárlagaliða og liða á lánsfjárlögum. Við höfum þess vegna orðið að greiða atkvæði gegn ýmsum þeim till. sem við gjarnan hefðum viljað greiða atkvæði með. En málin standa eins og ég nú hef skýrt og um það stendur meiri hl. óskiptur.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa frv. ræddi ég bæði almennt um þetta frv. og eins um einstakar greinar þess og get því verið frekar stuttorð við 3. umr. frv. Frv. hefur að vísu tekið dálitlum breytingum á milli 2. og 3. umr. eins og von var á og vil ég fyrst ræða örlítið sumt af því sem fram kemur í framhaldsnál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. og meðfylgjandi brtt. á þskj. 271.

Þar er fyrst til að taka lánveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins. Í framhaldsnál. meiri hl. nefndarinnar kemur fram að samkvæmt tillögum mþn. um húsnæðislán eru lánveitingar sjóðsins auknar nú um 230 millj. kr. Þar með eru komnar á sinn stað á pappírum þær 60 millj. sem ég benti á við 2. umr. þessa frv. að vantaði í þau framlög sem sjóðnum ber samkvæmt lögum.

Hins vegar er það álitamál hvort þessar milljónir eigi í rauninni eftir að koma í sjóðinn því samkvæmt upplýsingum, sem fram komu í nefndinni og staðfestar eru í nál. meiri hl., á meginhuti þessa viðbótarfjármagns Byggingarsjóðs ríkisins að koma úr lífeyrissjóðunum. Það hlýtur að vera stór spurning hvort ekki sé löngu búið að þurrmjólka þá mjólkurkú. Ef svo reynist hins vegar ekki vera og lífeyrissjóðirnir kunna að hafa eitthvert fé til fjárfestingar í skuldabréfum, þá er líklegra að þeir taki ríkisskuldabréf þau, sem ríkissjóður gefur út nú um stundir, fram yfir skuldabréf í Byggingarsjóði ríkisins þar sem ríkisskuldabréfin fyrrnefndu eru öllu arðbærari en skuldabréf í Byggingarsjóði ríkisins. Ríkið er í hörkusamkeppni við sjálft sig á innlenda lánsfjármarkaðnum og má með sanni segja að boðorðið um frjálsa samkeppni gangi þar af sjálfu sér dauðu. Við skulum samt vona að hér sé ekki um loftkastalasmíði að ræða því að við því mega marghrjáðir húsbyggjendur og íbúðakaupendur svo sannarlega ekki eina ferðina enn.

Útflutningslánasjóður er nú kominn á blað í þessu lánsfjárlagafrv. með 40 millj. kr. Geri ég það að umtalsefni vegna þess að á fundum fjh.- og viðskn. kom í ljós að Útflutningslánasjóður lánar í rauninni ekki til útflutnings heldur lánar hann iðnfyrirtækjum til þess að þau geti betur staðið sig í samkeppni við innfluttan iðnaðarvarning. Því væri kannske réttnefni á þessum sjóði að kalla hann „samkeppnislánasjóð" en ekki Útflutningslánasjóð. Með þessu móti má einnig segja að við séum að borga með þeim innflutningi sem inn í landið kemur.

En það sem ég vildi benda á í þessu sambandi er fyrst og fremst það að við þurfum raunverulegan útflutningslánasjóð, ekki síst nú þegar ljóst er að útfluttar fiskafurðir verða sífellt stærri hluti af útflutningsverðmæti okkar. Þær eru komnar upp í 77% núna úr 70%. Ekki er ég að harma það að öðru leyti en því að þessi einhæfni getur verið stórhættuleg afkomu þjóðar. Og mikið liggur við að reyna að gera útflutningsgreinar okkar fjölbreyttari en nú er. Þess vegna held ég að æskilegt væri að Útflutningslánasjóður yrði að útflutningslánasjóði en ekki þeim samkeppnislánasjóði sem hann er í dag.

Í brtt. frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. er einnig að finna nýja till. varðandi raðsmíðaskipin svonefndu. Í þessari till. er fjmrh. heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985, eins og segir í brtt.

Þeir eru þungir skuldabaggarnir sem þjóðin ber nú vegna fjárfestingarmistaka misviturra ríkisstjórna og þarna er einn þeirra. Skuldir og aftur skuldir vegna óseljanlegra og ónýtanlegra togara. Þó eru þessar skuldir ekki ýkjamiklar miðað við fjárfestingarvitleysuna í stórvirkjunum á undanförnum árum. Þar er að finna stærsta og þyngsta skuldabaggann og eina meginástæðu þess að efnahagur er þrengri hér á landi en hann þarf að vera, misþröngur þó eftir því hverjir eiga í hlut eins og hv. þingdeildarmenn vita.

Ríkisstj. hefur í þessu lánsfjárlagafrv. skorið niður framlög til Landsvirkjunar. Það hefur frá upphafi verið eitt af baráttumálum Kvennalistans að draga úr óhóflegum virkjunarframkvæmdum, og eins og ég sagði við 2. umr. þessa frv. fagna ég því að hæstv. ráðh. skuli loksins hafa séð ljósið í þessum efnum.

En þó virkjanastefnan hafi breyst hefur iðnaðarstefna hæstv. ríkisstj. greinilega ekki tekið sambærilegum breytingum. Í seinni hluta 3. gr. lánsfjárlaga er gert ráð fyrir að heimila Landsvirkjun að taka lán allt að 200 millj. kr. ef semst um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986. Það er ljóst að gamli stóriðjudraumurinn er engan veginn dauður úr öllum æðum og ekki sú hugmynd heldur af baki dottin að eiga aukin samskipti við auðhringinn Alusuisse í þeim efnum því eins og allir hv. þdm. vita: Verði af stækkun álversins í Straumsvík verður það á einn eða annan hátt í samstarfi við þennan viðsjárverða auðhring. Ég hef oftsinnis varað við slíkum áformum, ekki síst vegna þess að þar með yrði þessi raforkukaupandi enn stærri en hann er þegar í íslensku efnahagslífi. Þeir sem hafa kynnt sér viðskipti okkar við þennan aðila og sögu þeirra vita að slíkt væri glapræði.

Því hef ég ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og Stefáni Benediktssyni borið fram brtt. á þskj. 276 þess efnis að lántökuheimild Landsvirkjunar vegna stækkunar álversins í Straumsvík falli niður. Mér liggur reyndar við að halda að síðari liður 3. gr. sé meira hafður þarna til að sýnast fyrir álrisunum, svona rétt til að hafa þá góða, því ég á bágt með að trúa því að nokkur þm. á Alþingi Íslendinga sé svo viti búinn að hann telji heppilegt að auka meira en orðið er viðskipti okkar við þessa aðila.

Mönnum til upplýsingar vil ég í því efni benda á að Alusuisse hefur á undanförnu ári eða svo reynt að afla sér samstarfsaðila í viðskiptaheiminum til að standa ásamt því sjálfu að stækkun álversins í Straumsvík en ekki tekist vegna þess að í hinum alþjóðlega viðskiptaheimi, þar sem menn kalla nú reyndar ekki allt ömmu

sína, er Alusuisse svo illa þokkað að enginn vill ganga til samstarfs við fyrirtækið. Það væri því glapræði eitt og ófyrirgefanleg heimska eða eitthvað þaðan af verra ef Íslendingar hleyptu þessu fyrirtæki lengra inn á gafl hjá sér en orðið er.

Ef til vill kunna einhverjir hv. þingdeildarmenn að hugsa sem svo að það sé skömminni skárra að láta Alusuisse hafa orkuna en láta hana liggja ónotaða eins og nú er í orkukerfi landsmanna. Þeim sem þannig hugsa vil ég benda á að ef af stækkun álversins yrði þyrfti meiri orku en nú er fyrir hendi. Það þyrfti nýja virkjun, sennilegast Blönduvirkjun, sem kostar gríðarlega peninga og meiri erlendar skuldir á meðan vitað er að ekki verður hægt að semja við álhringinn um að hann borgi það fyrir orkuna sem kostar að framleiða hana. Í heiminum er þar að auki gríðarlegt framboð á ódýrri raforku nú um stundir, og draumar um hagstæða raforkusamninga við erlend fyrirtæki því órar einir.

Hvað þá umframorku sem við höfum þegar í kerfi Landsvirkjunar varðar teldi ég skynsamlegra að veita okkar eigin iðnfyrirtækjum hana með tímabundnum afslætti, t.d. fiskvinnslunni sem stendur undir meginhluta gjaldeyristekna okkar en riðar nú á fótunum vegna slæmrar rekstrarafkomu. Það væri held ég meira vit en að kasta orkunni fyrir ekki neitt í álfursta. Ekki má heldur gleyma því að þessi umframorka gæti verið nýjum innlendum iðngreinum hvatning ef henni væri veitt til þeirra með afslætti á meðan þau væru að koma undir sig fótunum. Hver veit nema við gætum þá á endanum aukið iðnaðarútflutning okkar og kannske meira að segja flutt eitthvað til Sviss.

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls ræddi ég ýmis skerðingarákvæði II. kafla frv., en ég vil ekki skiljast við þetta frv. til lánsfjárlaga án þess að minnast sérstaklega á þá skerðingu sem Lánasjóði ísl. námsmanna virðist búin á fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir næsta ár. Eftir því sem forráðamenn sjóðsins segja og fram kom í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins á laugardaginn var vantar 800 millj. kr. upp á að sjóðurinn geti starfað á næsta ári samkvæmt þeim lögum sem um hann gilda. Í sama fréttatíma Ríkisútvarpsins kom fram að hæstv. menntmrh. hygðist breyta lögum um sjóðinn og væri frv. þess efnis væntanlegt er þing kæmi saman á ný eftir jólaleyfi þm. Það þarf ekki mikla spádómsgáfu til að sjá að það stefnir í stórfelldan niðurskurð námslána með þessu móti og að þar verður höggvið í þann knérunn sem síst skyldi, framtíðarmenntun þjóðarinnar.

Ekki veit ég hvernig menn hafa hugsað sér að byggja hér upp nýjar atvinnugreinar, t.d. á sviði hugbúnaðar og tækni hvers konar, ef ekki á að gera fólki kleift að mennta sig til slíkra uppbyggingarstarfa. Þó vantar ekki, hvorki í stefnuræðu hæstv. forsrh. né í öðrum hátíðarræðum, að talsmenn þessarar ríkisstj. lofi og prísi og leggi óhemju áherslu á nauðsyn þess að byggja upp öflugan tækniiðnað og að leita á ný mið í atvinnuuppbyggingu hér á landi. Þetta er hins vegar ekki annað en skrum eitt á meðan undirstaðan sjálf, menntunaraðstaða þjóðarinnar er skert á sama tíma. Það er líka ekki nema skrum eitt að tala um að snúa vörn í sókn, eins og hæstv. menntmrh. gerir nú um stundir, á meðan námslán eru skert. Og það er líka skrum að tala um jafnrétti til náms meðan þannig er í pottinn búið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri og vísa til þess sem ég sagði um þetta frv. við 2. umr. málsins.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið fyrr í þessari umræðu er ekki um endanlega afgreiðslu lánsfjáráætlunar frá deildinni að ræða nú við 3. umr. því málið á örugglega eftir að koma aftur til deildarinnar. Lánsfjáráætlun er sem sagt hálfköruð enn og alls ekki sýnt hverjar verða niðurstöðutölur hennar að lokum.

Þegar frv. til lánsfjárlaga var fyrst sýnt hér í deildinni var bersýnilega stefnt að erlendum lántökum að upphæð rétt um 2000 millj. kr. Þessi upphæð lækkaði síðan allnokkuð við 2. umr. og voru þá erlendar lántökur taldar vera milli 1200 og 1300 millj. kr. Nú er bætt við á nýjan leik þannig að erlendar lántökur hækka um tæpar 300 millj. og eru þá komnar upp í rétt um 1600 millj. kr. Þessar lántökufyrirætlanir eiga örugglega eftir að hækka enn við meðferð málsins í Nd. Hversu mikið er ekki hægt að segja til um á þessu stigi en fer eftir niðurstöðutölu fjárlagafrv. Auk þessa er svo áformað að aukning skammtímalána á næsta ári verði um 2200 millj. kr. þannig að raunveruleg nettóaukning á erlendum lántökum er bersýnilega rétt um 4000 millj. kr. að minnsta kosti.

Þarf ekki að orðlengja um að þetta er að sjálfsögðu í talsverðu ósamræmi við þær yfirlýsingar sem þessi ríkisstj. hafði áður gefið um að dregið yrði úr erlendum lántökum, en þegar ég nefni 4000 millj. er ég að tala um aukningu á erlendum langtímalánum að viðbættum áætluðum skammtímalánum og aukningu þeirra.

Á því tímabili sem leið frá því að 2. umr. málsins fór fram varð það niðurstaða í sérstakri nefnd sem fjallaði um húsnæðismálin að a.m.k. 350 millj. kr. vantaði til húsnæðismálanna. Ríkisstj. féllst á að svo væri og hefur gert ráð fyrir, a.m.k. á yfirborðinu, að þessar 350 millj. kr. verði til reiðu. En það er kannske til marks um léttúðina í meðferð talna í þessu frv. að þegar fjmrh. og ríkisstjórnarmeirihlutann vantaði 350 millj. kr. í húsnæðismálin og menn samþykktu að útvega þær leystu þeir það dæmi bara með því að færa til tölur í áætluninni án þess að gera neinar nýjar ráðstafanir til að afla fjár. 200 millj. af þessum 350 eru fengnar þannig að það er ósköp einfaldlega sagt við okkur alþm.: Ja, það koma bara 200 millj. til viðbótar frá lífeyrissjóðunum, umfram það sem við höfðum áætlað við 2. umr. — Það uppgötvast sem sagt þarna allt í einu 200 millj., mjög óvænt og skemmtilega, sem leysa meginhlutann af vandanum. En að gerðar hafi verið einhverjar ráðstafanir til þess að um verði að ræða raunverulega aukningu kannast ég ekki við, og það kannast enginn við, og hvort þetta skilar sér veit auðvitað enginn. Lífeyrissjóðafjáröflunin var ósköp einfaldlega hækkuð um 200 millj. án þess að lagaskyldur lífeyrissjóðanna væru á nokkurn hátt breyttar eða endurbættar. Reyndar er nú búið að breyta þessum tölum enn vegna þess að nú er sagt að lífeyrissjóðirnir eigi ekki að koma með 200 millj. heldur 230 millj. til viðbótar, en 120 millj. eiga að koma af þeim lið sem nefnist: Til orkusparandi aðgerða á vegum húsnæðismálastjórnar. Það verða því aðeins 30 millj. til orkusparandi aðgerða, enda þótt ráð hafi verið fyrir því gert að 150 millj. yrðu til þess þáttar. Það er að vísu rétt að eftirspurn eftir þessum orkusparandi lánum

hefur ekki orðið eins mikil og menn höfðu áður gert ráð fyrir. Þörfin er fyrir hendi. Nauðsynin á þessum orkusparandi aðgerðum er öllum ljós. En af einhverri ástæðu, kannske vegna ókunnugleika almennings, kannske af einhverri annarri ástæðu, hefur eftirspurnin ekki verið nægilega mikil. Það kynni svo sannarlega að vera að hún yrði allt önnur og miklu meiri á næsta ári þegar þetta er komið virkilega vel í gang, en þá verður greinilega ekki fé fyrir hendi til þess að mæta þeirri eftirspurn. Það verða bara til 30 millj., enda þótt menn hefðu áður gert ráð fyrir því að til þessa verkefnis væri þörf á nokkrum hundruðum milljóna.

Hv. frsm. fjh.- og viðskn. nefndi hérna eitt fyrirtæki, Vallhólm hf., en það fyrirtæki hafði sent erindi til nefndarinnar um að mega taka lán vegna þess að fyrirtækið var með skammtímalán á ýmsum fjárfestingarvörum sem það tók lán til fyrir nokkrum árum síðan og vegna fjárhagsörðugleika. Það er ljóst að þetta fyrirtæki stendur ekki nægilega vel. Eigið fé fyrirtækisins virðist upp urið. Þó er staðan ekki verri en svo að það er áreiðanlega ekki langt frá lagi að eignir og skuldir standist nokkurn veginn á. Þetta fyrirtæki er að 75 hundraðshlutum í eigu ríkisins og á miklar birgðir af heykögglum sem er ekki alveg ljóst á hvaða verði munu seljast. Hins vegar hef ég heimildir fyrir því að sala á heykögglum hafi gengið ákaflega vel á fyrstu mánuðum þessa vetrar.

Ég ætla ekki að fara að krefja hæstv. fjmrh. sagna um þetta fyrirtæki því ég veit ekki hvort hann hefur haft aðstöðu eða tíma til að kynna sér málefni þess, en ég mundi mjög eindregið skora á hann að taka málefni þessa fyrirtækis til meðferðar og veita því úrlausn af einhverju tagi. Ég hygg nú að ekki verði undan því vikist að auka eigið fé fyrirtækisins allverulega og mér þykir ótrúlegt annað en að heimaaðilar vildu taka þátt í því. Ég skil vel að málið er ekki nægilega mikið unnið til að unnt sé að ganga frá því við afgreiðslu lánsfjárlaga að þessu sinni en læt nægja að skora mjög eindregið á hæstv. fjmrh. að líta á vandamál þessa fyrirtækis því það heyrir alfarið undir fjmrh.

Að lokum vil ég segja það eitt um frv. að ég tel efni þess óraunhæft. Ég er sannfærður um að erlendar lántökur verða töluvert miklu meiri en þar er gert ráð fyrir og ég er sammála því, sem svo margir hafa sagt á undan mér, að erlendar skuldir þjóðarinnar eru vissulega orðnar langt úr hófi fram.

Ég vek á því athygli eins og hv. seinasti ræðumaður, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, að orkuframkvæmdir hafa verið langt umfram þarfir. Ég tel að enn mætti skera verulega niður lánsfjáröflun til Landsvirkjunar og tel seinni málsgr., sem varðar Landsvirkjun og snertir stækkun álversins, algerlega óþarfa. Þarna mætti enn lækka lánsfjáráætlun verulega.

Ég tel hins vegar skerðingarákvæðin mörg hver mjög ósanngjörn og miskunnarlaus og tek alveg sérstaklega undir það sem seinasti ræðumaður sagði um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem bersýnilega stefnir í miklar breytingar sem munu hafa það í för með sér að öllu óbreyttu að lán til hvers einstaks námsmanns verður miklu lægra hlutfall af umframfjárþörf hans en verið hefur um tíu ára skeið. Það vantar þarna mjög stórar upphæðir til þess að landshlutarnir geti haldið raungildi sínu áframhaldandi. Þetta er sannarlega mjög mikið áhyggjuefni fyrir alla þá sem telja það eitt þýðingarmesta stefnuatriðið í íslenskum menntamálum að jafnrétti sé ríkjandi til náms og að allir eigi þess kost að stunda framhaldsnám án tillits til fjárhags, þeir eigi þess kost að taka lán hjá ríkinu til að brúa það bil sem á vantar. Ég óttast að ef ekki verður að gert verði þessi stefna nú með afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar brotin niður. Það væri sannarlega býsna stórt skref aftur á bak sem þá væri stigið.

Ég hef áður nefnt málefni Kvikmyndasjóðs og ætla ekki að endurtak það. Þar er um smáupphæð að ræða sem ekki skiptir stóru máli í þessu mikla dæmi en getur hins vegar ráðið úrslitum um hvort innlendur kvikmyndaiðnaður fær áfram að vaxa og dafna eða hvort hann brotnar niður vegna fjárskorts.

Áður hefur verið minnst á Framkvæmdasjóð fatlaðra sem svo sannarlega er ekki þess eðlis að þar sé við hæfi að beita hnífnum af þeirri grimmd sem gert er.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri við þessa umræðu, enda á málið örugglega eftir að koma aftur til deildarinnar.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. er búinn að fjalla allítarlega um þetta. Honum eru þessi mál ekki allsendis ókunnug sem fyrrverandi fjmrh. og hann þekkir sjálfsagt ýmis þau brögð sem beitt er, eins og að búa til nýjar tölur, henda þær á lofti nánast, eins og gert er um fjáröflun til húsnæðismála. Ég veit að hv. þm. Ragnari Arnalds eru þessar aðferðir ekki ókunnar með öllu. Þær eru ekki nýjar, en þær eru ekkert betri fyrir það.

Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað um þetta mál á milli umræðnanna. Það er alveg ljóst að með þeirri málsmeðferð sem viðhöfð er, þegar búið er að tengja fjárlögin og lánsfjárlög með þeim hætti sem nú er og frv. eru afgreidd samtímis, er fullkomlega óeðlilegt að um þetta sé fjallað í tveim aðskildum nefndum. Það eru mjög slæm vinnubrögð. Ég er ekkert að álasa hæstv. fjmrh. fyrir það sérstaklega. Ég bendi bara á að þessu verður að breyta vegna þess að á hvorugum staðnum hafa menn þá yfirsýn og þá tengingu þessara tveggja mála sem er óhjákvæmileg og nauðsynleg. Ég held að við hv. þm. verðum að huga að því að breyta þessu og ég held að á ýmsan hátt þurfi að horfa nánar á verkaskiptingu fjh.- og viðskn. annars vegar og hins vegar fjvn. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt. Þetta vildi ég láta koma hér fram strax í upphafi máls míns sem ábendingu um það sem betur má fara.

Efnislega er það um þetta frv. að segja að það gerir ráð fyrir auknum lántökum sem nemur 15—1600 millj. kr. Það gengur auðvitað þvert á stefnu ríkisstj., yfirlýsta, um að auka ekki erlendar lántökur. Og hver ráðherrann á fætur öðrum, af þeim sem forustu hafa, hefur lagt áherslu á, einkanlega forsrh. og fjmrh., að við gætum ekki haldið lengra á þeirri braut að auka erlendar skuldir umfram það sem við þurfum að greiða þegar og erum skuldbundin til að greiða í afborganir og vexti. En það er engu að síður gert. Og bent hefur verið á að líklegt sé að erlendar lántökur muni aukast enn meira en þær tölur sem ég hef nefnt. Við erum á sömu braut og ýmsar grannþjóðir okkar, t.d. Danir og margir fleiri raunar, að við fjármögnum greiðsluhallann og innflutninginn með erlendum lántökum og lifum þannig um efni fram. Á þetta hafa þm. Alþfl. á Alþingi bent

árum saman og sagt að hér yrði að spyrna við fótum, en það hefur ekki verið gert.

Ein leið sem rétt er að benda á og ég hygg að hafi kannske ekki verið skoðuð til hlítar er sú að gera ýmsum opinberum stofnunum sem tekið hafa lán að greiða þau nokkru hraðar en ráð hefur verið fyrir gert. Ég hygg að þetta hafi verið gert t.d. varðandi Póst- og símamálastofnun. Ég tel alls ekki útilokað að einhverjar fleiri stofnanir gætu gert þetta því auðvitað er brýnast fyrir okkur að létta af þessari skuldabyrði. En viðurkennt skal að það er hægara um að tala en í að komast.

Ég mun ekki við þessa umræðu flytja af hálfu Alþfl. brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986. Þegar þetta frv. kemur til umfjöllunar í Nd. hlýtur tillögugerðin óhjákvæmilega að mótast af því sem við leggjum til að verði breytt í fjárlögum þannig að brtt. munu koma fram þegar ljósara verður hvernig fjárlög verða afgreidd. Þá munu brtt. Alþfl. koma fram í Nd.

Vikið hefur verið að ýmsum atriðum sem hv. 4. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl. nefndarinnar, gerði grein fyrir í sínu máli. Hann vék m.a., og það gerði síðasti hv. ræðumaður einnig, að fyrirtæki sem Vallhólmur heitir og ríkið á ¾ hlutafjár í og nefndin vildi ekkert hafa með að gera á þessu stigi máls. Nú hefur það verið stefna þessarar hæstv. ríkisstj. að losa ríkið úr alls konar rekstri sem það hefur verið aðili að. Ég nefni þörungavinnslu. Ýmislegt fleira má taka til, Landssmiðjuna o.fl., þar sem ríkissjóður hefur hætt rekstraraðild. Er að sumu leyti ekki nema gott um það að segja. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. fjmrh.: Er þess ekki að vænta að frá ríkisstj. komi frv. um að ríkissjóður hætti þátttöku í þessari grasköglaframleiðslu? Mér finnst það gefa auga leið. Ég sé ekki hvers vegna ríkissjóður á að vera að standa í þessari framleiðslu sem eignaraðili. Ég sé ekki nokkrar ástæður til þess. Ef þessi fyrirtæki geta ekki borið sig, þá það. Það kom fram till. um að selja hluta ríkisins í Sementsverksmiðju ríkisins í fyrra og var fylgt mjög hart eftir af hálfu hæstv. þáverandi iðnrh. þó mér sé ekki kunnugt um hvort menn hafi snýtt rauðu eður ei eftir þá snerru. En það mætti spyrja sem svo með t.d. Áburðarverksmiðjuna: Væri ekki ástæða til í fyrsta lagi að selja jafnmikið í henni og stjórnarsinnar hugsuðu sér að selja úr Sementsverksmiðju ríkisins eða, sem e.t.v. væri þó enn þá betra, að selja fyrirtækið allt eða gera það að hlutafélagi? Gallinn er bara sá á gjöf Njarðar að þar vill enginn kaupa. Það er sennilega höfuðmálið að þó að væri framboð verður engin eftirspurn vegna þess að það er búið að koma rekstri þess fyrirtækis þannig að hann er alfarið fjármagnaður af amerískum bönkum. Fyrirtækið hefur ekkert eigið rekstrarfé vegna þess að það hefur selt framleiðslu sína undir kostnaðarverði og lánað með lánskjörum sem hafa verið, að ég hygg, verulega betri en á almennum lánamarkaði. En þetta var önnur saga. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. svari því hvort þess sé ekki að vænta að ríkið afsali sér með sölu eignarhlut í þeim grasköggla-verksmiðjum sem það á aðild að.

Það hefur verið vikið hér að málefnum Kvikmyndasjóðs t.d. Ég hef fulla samúð með því máli. Hins vegar verð ég að viðurkenna að það snertir mig ekki á sama hátt og t.d. Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þó Kvikmyndasjóður sé skorinn niður í hörðu ári og hörðum árum finnst mér það ekki tiltökumál. Hitt finnst mér hins vegar tiltökumál, niðurskurðurinn á Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Hér hefur einnig verið minnst á Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég hjó eftir því í fréttum um helgina, gott ef ekki var í gærkveldi eða í gærdag, að þar var frá því sagt að fjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna yrði um 1900 millj. kr. á næsta ári. Í fjárlagafrv. munu honum ætlaðar, ef ég fer rétt með og vitna þá til eftir minni, með lántökum í kringum 1100 millj. kr. eða á tólfta hundrað milljóna. Ekki skal ég draga úr því og legg áherslu á að veruleg lánastarfsemi af þessu tagi er auðvitað forsenda þess að hér ríki nokkurt jafnræði þegnanna með að stunda framhaldsnám. Ég undirstrika að það er meginatriði og það á að vera. Hins vegar gefur ekki auga leið, og það vil ég líka leggja áherslu á, að það eigi að verða við öllum ýtrustu kröfum í þessum efnum. Auðvitað hefur íslenskur almenningur tekið á sig mikla kjaraskerðingu, marghátttaða kjaraskerðingu. Auðvitað verða námsmenn að sitja við sama borð í þeim efnum og una nokkurri kjaraskerðingu þegar illa árar í þjóðfélaginu.

Ég hef líka efasemdir um að það rekstrarskipulag sem er við lýði nú á Lánasjóði ísl. námsmanna sé endilega hið besta. Sem umboðsmaður tveggja námsmanna, sem eru við nám erlendis, hef ég þurft að hafa nokkur skipti við þessa stofnun. Ekki skal dregið úr velvilja þeirra sem þar starfa en óneitanlega sýnist manni að þarna gæti ýmislegt betur farið og oftlega hefur sú hugmynd að mér flögrað hvort ekki væri einfaldara og ódýrara að fela ríkisbönkunum að annast þessa afgreiðslu t.d. eða bankakerfinu yfirleitt.

Auðvitað koma ýmsar aðrar leiðir til greina, en ef menn hugsa til hlutfallanna í fjárlögunum eru 1900 millj., sem Lánasjóður ísl. námsmanna telur sig þurfa, býsna hátt hlutfall af heildarniðurstöðutölum fjárlaga. Ég legg áherslu á að lánakerfi á borð við þetta verður að vera til og það verður að stuðla að því að efnahagur foreldra og námsmanna ráði ekki alfarið því hverjir geta stundað framhaldsnám, en það er ekki þar með sagt að reglurnar núna séu þær bestu sem hægt er að hugsa sér. Mér finnst það t.d. rangt hvað snertir námsmenn sem leggja hart að sér við sumarvinnu, og aðstæður þeirra eru auðvitað ólíkar og með ýmsum hætti, að dugnaði þeirra og kappi við vinnu sé svarað á haustdögum með því að segja: Þú vannst svo mikið í sumar að þú færð ekkert lán í haust. Ég hef efasemdir um að þetta sé rétt. Ég hef miklar efasemdir um að þetta sé rétt stefna vegna þess að eins og þetta er núna hvetur það námsmenn beinlínis til að afla sér lítilla tekna yfir sumarið. Það held ég að sé í eðli sínu rangt og þurfi að endurskoða.

Ég mun, virðulegi forseti, og við þm. Alþfl. hér, greiða atkvæði gegn 1. gr. þessa frv. Við munum síðan væntanlega sitja hjá við atkvæðagreiðslu um flestar aðrar greinar, en greiða aðkvæði með brtt. um framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra vegna þess að það mál hefur nokkra sérstöðu.

Ég tek undir það, sem komið hefur fram hjá ýmsum öðrum ræðumönnum, að þetta frv. til lánsfjárlaga er um ýmislegt kannske nokkuð fjarri veruleikanum og ekki er ósennilegt að við eigum eftir að fá það aftur til umfjöllunar hér í þessari hv. deild eftir að þm. í Nd. hafa um það farið höndum. En af okkar hálfu verða ekki fluttar brtt. á þessu stigi máls, eins og ég hef áður gert grein fyrir í mínu máli.

Á þskj. 276 er brtt. frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur o.fl. hv. þm. um að síðari málsl. 3. gr. falli brott. Ég mun greiða atkvæði gegn þeirri brtt. vegna þess að hún er heldur óskynsamleg að mínu mati. Við vitum að fyrir er í raforkukerfinu veruleg umframorka. Við vitum líka, þó lítið sé að gerast og lítil hreyfing í stóriðjumálum, að sá kostur sem liggur beinast við er að stækka álverið í Straumsvík. Hvað svo sem menn segja um orkusamninginn er þetta sá kostur sem liggur beinast við. Mér finnst fjarstæða að útiloka þennan möguleika og mun greiða atkvæði gegn brtt. á þskj. 276 vegna þess að hún er óskynsamleg.

Afstaða Kvennalistans er sú að sá flokkur er andvígur stóriðju. Þess vegna er þetta eðlileg afstaða og skiljanleg. Alþb. er andvígt stóriðju þegar það er í stjórnarandstöðu og út frá því er afstaða þm. þess líka skiljanleg. En við þm. Alþfl. á Alþingi höfum reynt að vera sjálfum okkur samkvæmir og greiða atkvæði og taka afstöðu samkvæmt því, burtséð frá því hvort flokkurinn er í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Frá fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ragnari Arnalds, kom fram gagnrýni á framkvæmdir í orkugeiranum. Það er kannske undarlegt þegar litið er til baka til þeirrar orkuveislu sem iðnrh. Alþb. efndi til á sínum tíma og menn eru hreint ekki búnir að jafna sig eftir. Það var veisla með þeim hætti að þjóðin mun lengi súpa seyðið af. Þess vegna finnst mér það koma úr hörðustu átt þegar hann heldur uppi gagnrýni af því tagi sem hann gerði áðan. En það er svo sem bara í góðu samræmi við málflutning Alþb. í þessum málum að hafa eina skoðun innan stjórnar og aðra utan og staðfestist það enn einu sinni við þessa umræðu.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Mitt erindi í ræðustól er að ítreka nokkuð enn þá einu sinni þær tvær till. og rökstuðning fyrir þeim sem ég hef leyft mér að flytja til breytinga á frv. til lánsfjárlaga. Hins vegar þarf ekki mörg orð um að hafa. Ég ætla t.d. ekki að fara í neinar orðahnippingar á þessu stigi málsins um stóriðju eða orkuveislu Alþb. Það kemur manni á óvart núna í ljósi þess hversu miklum áróðri var haldið uppi gegn hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni á sínum tíma. Sagt var þá að hann héldi hinni dauðu hönd aðgerðarleysisins yfir öllu sem snerti orku- og iðnaðarmál. Er gott samræmi í því máli nú þegar menn tala um að hann hafi staðið fyrir sérstakri orkuveislu í þessum efnum?

Brtt. þær sem ég hef flutt, aðra einn og hina ásamt hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni og Stefáni Benediktssyni, eru þess eðlis að ég hafði vænst þess að fá einhverjar undirtektir undir þær. Önnur brtt. er raunar löngu fram komin. Fyrir því eru ærin rök að útvegað verði lánsfjármagn til þess að loðnuverksmiðjurnar okkar geti staðið á viðunandi hátt að mengunarvörnum hjá sér í samræmi við þá samþykkt sem Alþingi gerði á s.l. vori. Ég las hér á dögunum ályktun frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi til hæstv. forsrh., áskorun um að tillaga þessa efnis yrði samþykkt hér, enda vita menn það gleggst eystra hvaða áhrif eru af mengun frá þessum verksmiðjum þar sem eru þröngir firðir og logn oft og tíðum. Það leiðir reyndar hugann að stóriðju þar yfirleitt og öðrum iðnaði þar sem vel þarf að öllu að gæta.

Það er rétt, eins og hér hefur stundum komið fram, að sumir hafa treyst sér í að fjármagna þetta sjálfir. Krossanesverksmiðjan er gott dæmi um það þar sem virkilega hefur verið vel að unnið og Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði einnig með miklum og gagngerðum endurbótum þar. Ég sé hins vegar í áætlunum SR að það muni seint koma að síðustu verksmiðju þeirra í lagfæringum og mengunarvörnum ef svo fer fram sem horfir. Næst ætla forráðamenn SR að vísu, að því er þeir segja í svari við fsp. hv. varaþm. Sveins Jónssonar sem hann lagði fram til sjútvrh., að einbeita sér að Seyðisfirði og síðan kemur röðin að öðrum verksmiðjum. Hins vegar hefur fjármagnskostnaðurinn við lagfæringarnar á Siglufirði orðið svo stórkostlegur að ég efa stórlega að hægt sé að ráðast í stórfelldar framkvæmdir á Seyðisfirði á næsta ári, enda ekkert um það sagt.

Ég held að í þessu efni verði þessir aðilar að eiga eðlilegan aðgang að fjármagni. Þeir eiga þann aðgang ekki í dag. Hér hefur margsinnis verið bent á að um svo arðbæra framkvæmd er að ræða að lántaka af þessu tagi á að geta skilað sér fljótt og vel í betri efnisnýtingu, í orkusparnaði og vitanlega í enn betri og verðmætari afurðum síðar.

Ég harma sem sagt að nefndin hefur ekki treyst sér að mæla með þessu — skil það út af fyrir sig í þeirri þröngu stöðu sem virðist alls staðar blasa við stjórnarliðum — en tel engu að síður að áfram þurfi að huga að þessu máli og úr því að ekki er farin þessi leið verði með einhverjum hætti reynt að sjá til þess að þessir aðilar eigi eðlilegan aðgang að því lánsfjármagni sem þeir þurfa örugglega á að halda, jafnvel þó ég geri mér ljóst að hagur loðnuverksmiðjanna hljóti að fara batnandi með vaxandi loðnuveiði og meiri vinnslu eins og nú horfir.

Hin till., sem ég hef leyft mér að flytja hér ásamt þeim hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Stefáni Benediktssyni, um Framkvæmdasjóð fatlaðra, er til komin af sérstöku tilefni eins og ég rakti við 2. umr. þessa máls. Ríkisstj. hefur sem sagt gefið upp boltann varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og ætlar að sjálfsögðu að fara fram á aukna skattheimtu. Sá skattur er nú með þeim hætti að menn greiða hann yfirleitt með glaðara geði en aðra skatta vegna þess að þeir vita í hvaða málefni það fé fer. Ég hef hins vegar ekki farið dult með að mér hefur þótt fé Framkvæmdasjóðs aldraðra fara allt um of í eina einustu framkvæmd hér á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. við B-álmu Borgarspítalans. Naumt hefur verið skammtað til margra nauðsynlegra framkvæmda annars staðar, úti á landi. Skal ekki nánar úr í það farið hér og þess beðið að stjfrv. þess eðlis komi hingað til okkar í Ed. frá Nd., en sannfærður er ég um að þetta mál á greiðan gang hér í gegnum þingið.

Þar gerir hæstv. ríkisstj. ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður aldraðra fái 55% meira fjármagn en hann fékk á s.l. ári. Ég hef notað sömu prósentu, eða svo til sömu prósentu, á Framkvæmdasjóð fatlaðra. Eftir aukafjárveitingar þær sem hæstv. núv. iðnrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. sá sig knúinn til að veita í Framkvæmdasjóð fatlaðra var sú fjárhæð á þessu ári 80 millj. Hún er 80 millj. á fjárlögum þessa árs eða alveg óbreytt tala frá því sem raunverulega var á þessu ári. Sú tala færist í 125 millj. skv. till. og er notuð til þess sú reiknitala sem ríkisstj. notar gagnvart Framkvæmdasjóði aldraðra.

Nú er ég ekki, og vil taka það skýrt fram, að neita því

að margt hafi áunnist í þessum efnum, m.a. sérstaklega vegna þessa sjóðs og framkvæmda sem hafa verið fjármagnaðar af þessum sjóðum. Í kjölfarið hefur orðið á fjárlögum mikil breyting á framlögum til málefna fatlaðra. Það ber að meta og virða. En að þar hafi verið of í lagt, eins og mér heyrist stundum á mönnum að hafi verið gert í þessu efni, er auðvitað fjarri öllu lagi. Ég bendi á það sérstaklega að allar þessar framkvæmdir og allt það sem gert er í þessum málefnum á eftir að skila sér ríkulega inn í samfélagið, ekki bara í mannlegri hamingju sem eykst vitanlega með þessum hætti og þeirri almennu auknu vellíðan, betri réttarstöðu þessa fólks og öðru sem fylgir þar í kjölfarið, heldur einnig í beinum þjóðhagslegum ávinningi af því að þetta fólk geti starfað við sem eðlilegastar aðstæður úti í þjóðfélaginu og lagt sinn skerf til þess.

Ég verð að segja að ég trúi ekki öðru en að lagfæring verði á þessu við 3. umr. fjárlaga. Ég trúi því ekki enn þá að hæstv. núv. fjmrh. muni ekki beita sér fyrir því a.m.k. að leiðrétting verði á þessum sjóði á svipaðan máta og hæstv. fyrrv. fjmrh. gerði þó í fyrra í samráði við þm. hér í hv. deild. Hann hækkaði óviðunandi upphæð þá um 15 millj. kr., úr 65 í 80 millj. Það væri hrein háðung að mínu viti ef Alþingi samþykkti nú nákvæmlega óbreytta upphæð til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það þýddi í raun að ekkert nýtt yrði hægt að aðhafast á næsta ári í þessum efnum og mjög lítið yrði hægt að vinna að þeim fjölmörgu verkefnum sem verið er að vinna að á hinum ýmsu stöðum og vissulega kosta mikið en skila einnig góðum arði síðar meir.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég vænti þess sem sagt, þó að mér sé ljóst að hv. stjórnarliðar ætli ekki að samþykkja þessa till. okkar, muni ekki treysta sér til þess á þessu stigi, að þetta muni samt hafa þau áhrif að við 3. umr. fjárlaganna sjái hæstv. fjmrh. til þess að koma með ekki lakari leiðréttingu en hæstv. fyrrv. fjmrh. gerði á síðasta þingi þannig að raungildisframlag til þessa sjóðs verði eitthvað nálægt því sama og í fyrra þó ekki væri nú fram á meira farið.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Ég þarf í rauninni ekki miklu við það að bæta sem hefur komið hér fram áður, en þó vildi ég koma inn á örfá atriði í sambandi við það mál sem hér er til umræðu. Hv. 4. þm. Norðurl. v., formaður fjh.- og viðskn., hefur rakið álit meiri hl. nefndarinnar þannig að ég þarf ekki miklu við það að bæta.

Þegar þessi mál eru rædd kemur fyrst í hugann hvernig hefur verið staðið við hin almennu markmið sem ríkisstj. hefur sett sér um stöðvun skuldasöfnunar við útlönd. Það er eitt brýnasta málið í efnahagslífi okkar nú um þessar mundir að stöðva þessa skuldasöfnun og draga úr henni vegna þess að vextir og afborganir af erlendum lánum eru að sliga efnahagskerfi okkar.

Það hefur komið hér fram gagnrýni frá stjórnarandstöðunni um að erlend skuldasöfnun sé ekki stöðvuð og erlendar skuldir aukist samkvæmt frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir. Það má geta þess að ríkisstj. setti sér það markmið að lántökur opinberra aðila færu ekki fram úr afborgunum af erlendum langtímalánum. Samkvæmt frv. til lánsfjárlaga eru heildarlántökur opinberra aðila 2964 millj. kr., en afborganir opinberra aðila af langtímalánum eru 2935 millj. kr. Af þessu sést að við þetta markmið hefur verið staðið.

Eins og hér hefur komið fram hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. lagt til breytingar á frv. á milli 2. og 3. umr. og þar hefur verið tekið tillit til ýmissa brýnna mála sem úrlausnar bíða, eins og t.d. fiskeldismála, skipaviðgerða og reksturs hitaveitna. Allt eru þetta mál sem þarf að taka á og verður ekki undan því vikist. Það hefur verið ákveðið að freista þess að afla innlends fjármagns til húsnæðislánakerfisins, eins og hér hefur fram komið, og beina þeim vanda til lífeyrissjóðanna. Það hafa komið hér fram efasemdir um að lífeyrissjóðirnir séu færir um að uppfylla þetta en ég hef trú á því að svo sé.

Ég vil drepa á brtt. sem fluttar hafa verið og vil geta um till. Helga Seljan, hv. 2. þm. Austurl., um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum. Ég er sammála honum um að hér er um ákaflega brýnt mál að ræða sem getur skilað hagnaði þegar til lengdar lætur. Nú er fjárhagsleg afkoma fiskimjölsverksmiðja vafalaust betri en hún hefur verið vegna meiri verkefna. Því þykir meiri hl. rétt að binda þetta ekki við ákveðna upphæð heldur beina málinu til langlánanefndar og taka þetta inn í þá upphæð sem atvinnuvegunum er ætluð til erlendrar lántöku. Við tökum undir það að hér er um brýnt úrlausnarefni að ræða og vonum að á það verði litið sem slíkt og ég vil undirstrika það úr þessum ræðustól.

Það hefur verð rætt hér allnokkuð um skerðingarákvæði frv. Þau þykja harkaleg og vissulega eru þau það. Undir það ber að taka. Þau eru harkaleg vegna þess að menn hafa viljað standa við þau markmið sem hér hafa verið sett fram.

Ég vil taka það fram að ég er ekki í þeirra hópi sem telja að það hafi verið of í lagt í Framkvæmdasjóð fatlaðra og vissulega er sársaukafullt að geta ekki uppfyllt þar ýtrustu óskir. En því miður verður svo að vera því að það hefur, eins og hér hefur komið fram, verið tekið til hendinni í þessum málaflokki þó að mörg brýn verkefni bíði úrlausnar.

Ég er þeirrar skoðunar að beina verði erlendum lántökum til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu. Það er grundvallaratriði til þess að atvinnulífið geti skilað okkur arði og til þess að við getum notað þann arð til að vinna að ýmsum brýnum og þörfum félagslegum verkefnum.

Það verður að leita allra ráða til að auka útflutningstekjur okkar. Við megum ekki útiloka erlenda stóriðju í því sambandi eins og Kvennalistinn vill gera og eins og Alþb. vill gera þegar það er í stjórnarandstöðu, eins og hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason kom inn á áðan. Við verðum að horfa eftir öllum möguleikum í því efni, m.a. þeim að stækka álverið ef það þykir hagkvæmur kostur. Og við verðum að vinna að því af fullum krafti að fá erlenda aðila til samstarfs um kísilmálmverksmiðju eins og unnið er að. Ég held að þetta séu grundvallaratriði. Þó að erlend stóriðja verði aldrei burðarásinn í atvinnulífi okkar, og á ekki að vera það, held ég að við verðum að halda þessum möguleikum opnum því að einhæft atvinnulíf er mjög hættulegt fyrir efnahagslíf okkar eins og hér hefur verið tekið fram.

Ég tek ekki undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnari Arnalds að 16 millj. kr. séu smáupphæð. 16 millj. kr. eru allnokkur upphæð og þó að Kvikmyndasjóður sé góðra gjalda verður munar um þessa upphæð í því dæmi sem hér um ræðir.

Það hefur verið fjallað nokkuð um aðgerðir okkar í

orkumálum á undanförnum árum og hefur verið deilt hart um þau mál. Við höfum verið taldir halda mikla orkuveislu. Ég ætla ekki að fara að deila um þau mál úr þessum ræðustól nú. Hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan sagði að það hefði verið deilt á fyrrv. iðnrh. fyrir dauða hönd aðgerðarleysis í orkumálum. Ég vil ekki taka undir það. Það var ekki aðgerðarleysi í orkumálum. Menn framkvæmdu mikið, en það sem vantaði í þeim efnum var að sala á orku fylgdi ekki virkjunarframkvæmdum. Við höfum virkjað mjög mikið á undanförnum árum án þess að huga nægilega að því hvort sú orka seldist á viðunandi verði. Ég vil ekki skrifa það á reikning fyrrv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar frekar en annarra. Þessi stefna var uppi í þjóðfélaginu. Menn geta deilt um það endalaust hver beri ábyrgðina í þessum efnum. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að ræða þau mál. Það gefst áreiðanlega tækifæri til þess síðar.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál. Ég tel að með þessu lánsfjárlagafrv. sé staðið við það markmið ríkisstj. að stöðva skuldasöfnun opinberra aðila við útlönd. Það hefur kostað að við höfum þurft að skera niður framlög til ýmissa þarfra mála. Menn kveinka sér eðlilega undan því. En þetta er nauðsynlegt og það er grundvallaratriði í efnahagslífi okkar að snúið verði ofan af, erlendar skuldir minnkaðar frá því sem nú er og að hið opinbera gangi þar á undan með góðu fordæmi.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Í sambandi við frv. til lánsfjárlaga eins og það liggur nú fyrir breytt eftir 2. umr. vildi ég til að byrja með taka fram nokkur atriði sem mér finnst standa hæst.

Í fyrsta lagi nefni ég heildarupphæð lántökunnar, þar af sérstaklega þá erlendu sem á að verða 7,4 milljarðar. Það sem er mjög áberandi þar er að lánastofnunum og atvinnufyrirtækjum er vísað nánast algjörlega á erlendan lánamarkað þar sem opinberir aðilar og húsbyggingarsjóðir, þ.e. ríkissjóður, telja að ríkissjóður einn eigi að hafa aðgang að þessum innlenda lánamarkaði.

Í samhengi við þetta langaði mig til að benda á það líka að við erum í raun og veru að fjalla um seinustu alvörulánsfjárlög þessarar ríkisstj. Þessi ríkisstj. á e.t.v. eftir að sitja rúmt ár enn. En þó að hún gangi frá fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir næstu áramót munu þau lög verða að því leyti mjög ólík þessum að henni mun ekki ætlað að framkvæma þau nema í mesta lagi að hálfu leyti. Hún skrifar því þar að vissu leyti upp á lög sem kemur til kasta annarra að framkvæma. Þess vegna væri ekki úr vegi að horfa eilítið yfir farinn veg.

Með leyfi virðulegs forseta vildi ég fá að lesa upp úr plaggi sem heitir „Kosningayfirlýsing Sjálfstfl. við alþingiskosningarnar 23. apríl 1983" og skoða yfirlýsingar þar eilítið í ljósi þess sem við erum að fjalla um hér núna, bæði í lánsfjárlögum og fjárlögum. Í upphafi þessarar yfirlýsingar undir yfirskriftinni „Frá upplausn til ábyrgðar" stendur neðarlega, eftir að búið er að gagnrýna þá stjórnarstefnu sem við bjuggum þá við:

„Sjálfstfl. hefur sérstöðu í íslenskum stjórnmálum. Sem ávallt áður sækir hann fram í krafti frjálslyndis, einstaklingsfrelsis og þjóðlegrar umbótastefnu. Í upphafi sjöunda áratugarins beitti hann sér fyrir því að leysa atvinnulíf landsmanna úr fjötrum millifærslukerfis, hafta og miðstýringar. Þá fór í hönd eitt mesta framfaratímabil þjóðarinnar. Nú er aftur svo komið að nauðsynlegt er að hefja endurreisn efnahags og atvinnulífs en stemma stigu við því upplausnarástandi sem nú ríkir. Íslenska þjóðin verður að taka nýja stefnu, stefnu ábyrgðar í stað upplausnar, stefnu sem treystir atvinnu landsmanna með því að leysa atvinnulífið undan ofstjórn ríkisvaldsins og miðar að því að auka framleiðslu og bæta afkomu heimilanna, stefnu sem leysir úr læðingi atorku og hugvit einstaklinga og leiðir til nýrra átaka í atvinnuuppbyggingu og hagsældar fyrir þjóðina."

Nú höfum við lifað þrjú ár við þennan kost, þ.e. þessa leið, frá upplausn til ábyrgðar. Ekki hefði það átt að draga úr stefnufestunni að þetta er gert í félagi við þann framboðsaðila sem bauð sig fram undir slagorðunum „Festa, sókn og framtíð". En hvernig hefur tekist til? Á 2. síðu þessarar yfirlýsingar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Útgjöld séu ekki umfram afrakstur þjóðarbúsins. Erlendar skuldir aukist ekki og langtímalánum sé aðeins varið til arðsamrar fjárfestingar. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé tryggt á ný og efnahagslegu jafnvægi náð."

Við stöndum frammi fyrir því í dag að þegar við höldum á íslensku krónunni í höndunum vitum við að meiri hluti þess krónupenings er ekki íslenskur heldur erlendur og að efnahagslegt jafnvægi er alls ekki fyrir hendi á meðan ekki standa íslensk verðmæti að baki þessarar krónu.

Hvað viðkemur því að langtímalánum sé aðeins varið til arðsamra fjárfestinga nægir að benda hér á þriðju seinustu málsgr. í framhaldsnefndaráliti um frv. til lánsfjárlaga fyrir 1986 og 6. lið brtt. meiri hl. við frv. til lánsfjárlaga á þskj. 271 þar sem lagt er til að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verði vegna sölu fimm fiskiskipa sem voru smíðuð innanlands á árunum 1982—1985. Enn fremur sé ríkissjóði heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíði skipanna til að greiða fyrir sölu þeirra. Ráðherra ákveður nánar framkvæmd þessarar lagagreinar með reglugerð.

Hérna er verið að fjalla um eitt af mjög mörgum verkefnum í tíð þessarar ríkisstj. sem alls ekki er hægt að flokka undir arðsamar fjárfestingar. Þær eru ekki arðsamari en það að ríkissjóði er gert að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðarins af þeim lánum sem skipasmíðastöðvarnar tóku til að fjármagna smíði skipanna. Öðruvísi væri ekki hægt að selja þessi skip.

Í 2. lið kosningayfirlýsingar Sjálfstfl. stendur:

„Ríkið gangi á undan með því að draga úr eyðslu sinni og skattheimtu."

Það hefur nýverið gerst að þessi ríkisstj. undir forustu núv. fjmrh. afturkallaði áform sín um að aflétta skattaálögum af landsmönnum.

Í 3. lið yfirlýsingar Sjálfstfl. stendur:

„Árangurinn í baráttu gegn verðbólgu er forsenda þess að full atvinna haldist, að sparnaður aukist og jafnvægi náist í efnahagsmálum. Með minnkandi verðbólgu geta vextir orðið jákvæðir en farið þó lækkandi og stuðlað að hjöðnun verðbólgu gagnstætt því sem nú er."

Staðreynd er að verðbólgan er of mikil. Staðreynd er að þegar þessi ríkisstj. tók við var verðbólgan mjög

mikil. Staðreynd er að þessi ríkisstj. lamdi verðbólguna niður um nokkurra mánaða skeið með aðgerðum sínum. Staðreynd er að verðbólgan hefur aukist æ meir síðan og er nú þegar orðin of mikil. Áhrif hennar gera það að verkum þegar hún er orðin 40—50% að allar hugleiðingar manna og áætlanir í sambandi við fjárfestingar hljóta að fara úr böndum. Staðreynd er að þar sem þessi ríkisstj. gerði verðbólguna fyrst að engu hlýtur hún að bera ábyrgð á því verðbólgustigi sem við búum við núna. Það er ekki hægt að kenna einhverjum öðrum um það.

Í 4. lið yfirlýsingar Sjálfstfl., „Frá upplausn til ábyrgðar", stendur: „Skráning gengis sé miðuð við stöðu atvinnuvega og jafnvægi í milliríkjaviðskiptum." Það má minna á nýframkomnar kröfur aðila í sjávarútvegi um gengisfellingu.

Í 5. lið yfirlýsingar Sjálfstfl. stendur: „Til að tryggja atvinnu fyrir alla og bæta lífskjör verði atvinnuvegum sköpuð þau starfsskilyrði að þeir geti staðið á eigin fótum og framleiðsla aukist." Það má minna á raðsmíðaverkefnið.

Einnig segir: „Góð afkoma fyrirtækja er forsenda fyrir því að hér rísi ný arðbær atvinnustarfsemi." Staðreynd er að sjávarútvegur, undirstöðuatvinnugrein okkar, sú atvinnugrein sem stendur undir allri þeirri gjaldeyrisöflun sem gerir okkur kleift að búa hér á landi, er eins og ómálga barn, stutt á allar hliðar af ríkinu. Því er meira að segja haldið fram að þessi atvinnugrein fái ekki þrifist öðruvísi en með þessari miklu hjálp og aðstoð ríkisvaldsins.

Nú er ég ekki að tala um að sjávarútvegur hér á landi sé styrktur. Við vitum að hann er það ekki. Aftur á móti er hann eins og ómálga barn þannig að hann hefur ekkert svigrúm til eigin ákvarðana. Allar ákvarðanir eru teknar af opinberum aðilum. Ástandið er þannig að fyrirtækin í sjávarútvegi, sama hvort þar er um að ræða útgerðarfyrirtæki eða fiskvinnslu, trúa því orðið statt og stöðugt sjálf að þau geti ekki komist af án þessara ströngu og miklu afskipta ríkisvaldsins af afkomu þeirra.

Eins er fyrir komið hinni stóru atvinnugreininni sem við lifum á, þ.e. landbúnaðinum. Hann þrífst ekki heldur öðruvísi en með þeim gífurlega miklu ríkisafskiptum sem öllum eru kunn. Útflutningsuppbætur, sem búið er að lofa um árabil eða jafnvel áratugaskeið að verði lækkaðar eða afnumdar, eru aldrei meiri en nú.

Smávonarglæta er reyndar á himni þar sem um er að ræða nýjar atvinnugreinar hér á landi. Þær snúa þó aðallega að því að nýta á einhvern hátt hugvit Íslendinga á sviði tölvutækni eða þá í fiskeldi. Við sjáum það og munum sjá það á næstu mánuðum að ríkisvaldið er þegar komið á fulla ferð að reyna á einhvern hátt að verða aðili að þessum nýju atvinnugreinum. Ef framtíð þeirra lofar jafngóðu og framtíð sjávarútvegs og landbúnaðar biður maður fyrir þessum atvinnugreinum, að þeim megi einhvern veginn takast að komast undan afskiptasemi ríkisvaldsins. Það er þeirra eina von.

Í 6. lið yfirlýsingar Sjálfstfl., „Frá upplausn til ábyrgðar", segir: „Aðilar vinnumarkaðarins komi sér sjálfir saman um kaup og kjör er samræmist getu atvinnuveganna. Nauðsyn ber til að finna nýjar leiðir að því markmiði og mun Sjálfstfl. stuðla að því að skapa skilyrði fyrir slíku samkomulagi."

Afskipti ríkisvaldsins af samningagerð eru okkur kunn s.l. tvö ár. Núna heyrir maður ekki betur en að menn séu að koma sér saman um það í öllum áttum að mynda einhvers konar allsherjarnefnd ríkisvalds og aðila samningsgerða, þ.e. vinnuveitenda og launþega, sem semji um kaup og kjör í landinu með þeim hætti að ríkisvaldið taki endanlega og algera ábyrgð á því hver kjör einstakra þegna eru. Þetta heitir á máli Sjálfstfl. „þjóðarsátt" og í tungutaki Alþb. heitir þetta „lífskjarasamningur".

Enn fremur er talað um að eðlilegt verðlag í landinu verði tryggt með frjálsri verðmyndun þar sem samkeppni er næg. Ég veit ekki almennilega hvernig átti að skilja þessa grein í þessum loforðalista. Aftur á móti veit maður að eðlileg verðmyndun getur ekki átt sér stað með jafnmiklum ríkisafskiptum og fram koma í þessum lánsfjárlögum því að þegar ríkisvaldið er búið að binda svo mikið af þeim peningum sem hér eru í umferð með þeim hætti sem gert er með þessum lánsfjárlögum, þegar hún einokar peningaveltu í landinu með þeim hætti sem þar kemur fram, eru auðvitað ekki sköpuð skilyrði til frjálsrar verðmyndunar. Það er ógerningur.

Enn fremur segir að „við byggingu orkuverka sé þess gætt að samræmi sé á milli markaðsöflunar fyrir orku og virkjunarframkvæmda". Offramleiðsla á orku, offjárfesting í orkuvirkjunum hefur verið gagnrýnt mjög mikið á þessu þingi alveg frá því að það hófst. Enn þá skal samt sem áður haldið áfram á þeirri braut. Að vísu hefur verið dregið úr þeim lánsheimildum sem farið var fram á í upphafi en enn þá er samt sem áður gert ráð fyrir því að teknar séu að láni til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar a.m.k. 500 millj. kr. og heimildarákvæði til viðbótar um 200 millj. Samanlagt gætu því framlög eða lánsheimildir, sem nýta má þarna, orðið allt að 700 millj. kr.

Eins og fram hefur komið stend ég að brtt. við 3. gr. þar sem lagt er til að 2. málsgr. hennar falli niður, þ.e. heimildarákvæði um 200 millj. kr. lántöku vegna hugsanlegrar stækkunar álversins í Straumsvík.

9. liður í loforðalista Sjálfstfl. fyrir seinustu kosningar er kannske hvað napurlegastur þegar hann er lesinn í dag:

„Eign fyrir alla er og verður meginmarkmið Sjálfstfl.", segir þar. „Því verði einstaklingum gert kleift að eignast íbúðir með viðráðanlegum kjörum."

Þetta hljómar trúlega í eyrum þess fólks, sem nú á í erfiðleikum við að halda þakinu yfir höfðinu á sér, sem mjög napurt háð. A.m.k. trúi ég því ekki að kjósendur Sjálfstfl. í síðustu kosningum hafi skilið það þannig að viðráðanleg kjör til að eignast íbúðir væru að þær yrðu seldar á nauðungaruppboðum.

Eina atriðið, sem lofar góðu í þessum loforðalista Sjálfstfl. frá síðustu kosningum, er 10. og seinasta atriðið. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir sem taka efnahagslegar ákvarðanir beri á þeim ábyrð hvort sem í hlut eiga hagsmunasamtök, fyrirtæki, einstaklingar eða stjórnvöld."

Það er á þetta seinasta orð, þ.e. stjórnvöld, sem ég legg áherslu því að ég tel að í því felist að Sjálfstfl. lýsi því yfir þegar þessi lög hafa verið samþykkt að honum hafi ekki tekist ætlunarverk sitt, þ.e. að leiða þessa þjóð frá upplausn til ábyrgðar, heldur hafi vopnin snúist í höndunum á honum þar sem þjóðin hefur verið leidd á

þessum tveimur árum til upplausnar frá þeirri ábyrgð sem henni var lofað fyrir kosningar og þar með séu alls engar forsendur fyrir því að þessi flokkur sitji í stjórn öllu lengur.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég veit að það er skammur tími til stefnu, en það er ekki oft sem 4. þm. Reykn., af eðlilegum ástæðum, tefur tímann með því að stíga hér í ræðustól. Ég vona því að það verði litið á þá töf með umburðarlyndi að þessu sinni.

Ég ætla ekki að tefja umræðuna með því að fjalla efnislega um þetta frv. eða einstök atriði þess og enn síður ætla ég að fara að ræða við hv. 8. þm. Reykv. um stefnuskrá Sjálfstfl. þó það sé vissulega alltaf ánægjulegt þegar hana ber á góma hér í þingsölum. En það hefur komið fram í máli frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Norðurl. v., að margir þættir eru skertir í þessu frv. sem menn hefðu viljað gera betur við. Er það ekki gert með glöðu geði nú fremur en endranær þegar illa árar. Þetta þekkja hv. þingdeildarmenn sem nú eru í stjórnarandstöðu en hafa áður setið í ríkisstjórnum og jafnvel þurft að standa í sporum fjmrh. Það þarf því miður oft að gera fleira en gott þykir.

En ástæðan til þess að ég tek hér til máls eru orð hv. 5. landsk. þm. sem hann lét falla um fóðurverksmiðjurnar. Þær bar hér á góma af eðlilegum ástæðum þar sem þeirra er getið í framhaldsnefndaráliti meiri hl. fjh.- og viðskn. Ég vildi aðeins taka undir orð hv. 5. landsk. þm. og lýsa þeirri skoðun minni, sem kom fram hjá honum og ég hef reyndar oft áður lýst hér á hv. Alþingi, að það er í raun og veru sjálfsagt að hætta rekstri fóðurverksmiðjanna. Bændur sjálfir, einstaklingar eða samtök þeirra, eru fullfærir um að reka slíkar verksmiðjur. Það er vitað mál þeirra sem vilja vita að einstaklingar, sem reka fóðurverksmiðjur hér í landi, eiga ójafnan leik í samkeppni við ríkisreknu verksmiðjurnar því að þær fá hallareksturinn greiddan af skattpeningum sem hinir að sjálfsögðu fá ekki.

Það eru miklar fóðurbirgðir óseldar í landinu. Ríkisverksmiðjurnar ákveða verðið og hafa það lægra en raunhæft er. Þetta bakar einstaklingunum mikla erfiðleika. Það er ekkert við því að segja að ríkið stuðli að eðlilegri uppbyggingu slíkra fyrirtækja í hinum ýmsu byggðarlögum með því að koma þeim á fót ef rekstrargrundvöllur er fyrir hendi og nauðsyn krefur. En síðan á að eftirláta heimamönnum eða einstaklingum að sinna slíkum rekstri. Ég treysti því að það komi til þess að núverandi ríkisstj. leggi fram frv. um að þessar verksmiðjur verði seldar heimamönnum eða öðrum sem áhuga hafa á að reka slíkar verksmiðjur.

ATKVGR.

Brtt. 276 felld með 11:5 atkv.
Brtt. 271,1 samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 271,2 samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 271,3 samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 271,4 samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 271,5 samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 130 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 273 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SDK, SkA, StB, EG, HS, KSG, KolJ.
nei: VI, ÞK, BD, DA, EKJ, JHelg, JK, SalÞ.

AG, HÓ greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (RA, ÁJ, EgJ) fjarstaddir.
Brtt. 271,6 samþ. með 10:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, stjfrv. 174. mál (þskj. 197, n. 275). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 110/1984, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með að það verði samþykkt óbreytt eins og fram kemur á nál. á þskj. 275, en ég vil geta þess að þrír nm. skrifa undir með fyrirvara.

Við höfðum sams konar mál til meðferðar á þinginu í fyrra og þá var farið fram á að frestur til að koma á þeirri skipan, sem lögin gera ráð fyrir, í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmunum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði yrði framlengdur til ársloka 1985. Hliðstætt er farið fram á núna, þ.e. að fresturinn verði lengdur til ársloka 1986. Það gilda í raun og veru alveg sömu rök um þetta mál og fram komu í fyrra og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau, en ítreka að nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt og að nokkrir nm. skrifa undir með fyrirvara.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef undirritað þetta nál. með fyrirvara. Eins og aðstæður eru nú er ekki um annað að tefla en að fresta framkvæmdinni eins og hér er gert ráð fyrir, en í því felst ekki að ég sé í grundvallaratriðum að taka undir að þessu eigi að fresta út í hið óendanlega. Ég veit að um það eru nokkuð skiptar skoðanir hvort menn skuli taka upp þá skipan, sem lögin gera í raun ráð fyrir, hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi menn að gera, a.m.k. á meðan fyrirkomulag er að öðru leyti í landinu eins og það er.

Ég styð þetta frv. með þeim fyrirvara að menn skoði þetta mál nánar og reyni að komast að endanlegri niðurstöðu um hvernig skuli skipa þessum málum og ítreka þá skoðun mína að ég tel að eðlilegast sé að heilbrigðisþjónustan sé með sama hætti um allt land.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna anna þingsins skal ég ekki eyða miklum tíma í að lýsa því hér hvers vegna ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Við umræðu um sams konar mál á síðasta þingi gerði ég ítarlega grein fyrir skoðun minni á þessu máli. En ég get verið að því leyti sammála hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að vitaskuld ber að fara eftir lögum um heilsugæslukerfið hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, annars þarf að breyta þeim.

Við umræðu á síðasta þingi lagði hæstv. páv. heilbrrh. áherslu á að þessu máli yrði ekki frestað einu sinni enn, en efndirnar eru eins og hér blasir við. Ég sé

ekki annað en að við séum neydd til að hleypa þessu frv. í gegn. Það er auðvitað enginn tími héðan af til að koma skipan á þessi mál. En það er alveg ljóst að það verður að fara að ganga eftir því hvort fyrirætlun hæstv. ráðh. sé að fara að lögum eða ekki.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls tel ég að eðlilegast væri að nýju heilsugæslulögin tækju gildi fyrir Reykjavík strax um áramótin. Ég tel að ráðherra hafi haldið illa á þessu máli, það sé hið mesta klúður, og ég vil láta það koma fram að ég mun greiða atkvæði gegn málinu þegar það kemur til atkvæða eftir 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:2 atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, stjfrv. 145. mál (þskj. 264 (sbr. 159)). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, FrS, GSig, GB, GA, GHelg, GGS, HÁ, HBl, KJóh, KH, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, StG, SV, StH, BÍG.

nei: GeirG, GJG, JS, JBH, SighB, KSK, MB, ÓÞÞ, GHG.

EBS, FÞ, SJS, SvG greiddu ekki atkv.
3 þm. (IG, GE, HG) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Efnislega er ég andvígur því kvótafyrirkomulagi sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en með hliðsjón af því að hagsmunaaðilar hafa yfirgnæfandi lýst sig samþykka þeirri stefnu sem fram kemur í frv. mun ég ekki greiða atkvæði.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef lýst þeirri skoðun minni áður, að ég tel að ekki nái nokkurri átt að vera að greiða atkvæði um stjórn fiskveiða á ári hverju og erfitt verði að gera svo öllum líki hverju sinni. Umræður þessar hafa einkennst allt of mikið af sérhagsmunum ákveðinna kjördæma. Eftir stendur að fiskveiðum verður að stjórna. Það má vel vera að þetta frv. leysi ekki allan vanda, en hingað til hef ég ekki heyrt neina þá tillögu sem betri er. Ég segi því já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það hefur komið fram að með kvótakerfinu hafa menn ekki náð þeim tilgangi sem þeir sögðust stefna að þegar það var á sett. Það er því verið að framlengja kvótakerfið á fölskum forsendum. Ég tel að hér sé um að ræða varhugaverðasta og hættulegasta mál sem Alþingi hefur afgreitt sem muni stefna sjávarútveginum sem atvinnugrein og þeim byggðarlögum sem byggja á honum í stórkostlega hættu. Ég segi nei.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og ég lét koma fram við 2. umr. málsins tel ég grundvallaratriði að góð stjórn sé á fiskveiðunum. Þótt menn kunni að finna ýmsa galla á núverandi kerfi og ég sé ekki að öllu leyti við það sáttur verður að segjast að engin önnur tillaga hefur komið fram sem tekur því fram sem hér er lagt til að samþykkt verði. Með tilvísun í þetta segi ég já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er efnislega andvígur því frv. sem hér liggur fyrir. Það þverbrýtur allar þær hugmyndir sem ég hef um eðlilega skiptingu á milli þess sem stjórnvöld eiga að aðhafast og þess sem atvinnuvegurinn sjálfur á að bera ábyrgð á. Ég tel að hér sé ekki um stjórnun að ræða í þeirri eiginlegu merkingu, heldur um hreina ofstjórn á grundvallaratvinnuvegi Íslendinga. Ég segi nei.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þegar kvótalögin voru sett í upphafi gagnrýndi ég harðlega lögin og alla málsmeðferð. Nú hefur verið komið að nokkru til móts við þessa gagnrýni þannig að innan marka þeirra laga sem hér eru til umræðu ætti að vera unnt að koma við óhjákvæmilegum sveigjanleika. Engu að síður vil ég ekki greiða þessu máli atkvæði. Ég tel eðlilegt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á þessu máli í heild og greiði því ekki atkvæði. Jafnframt vil ég með afstöðu minni mótmæla stefnu sjútvrh. í sjávarútvegsmálum almennt. Þar er rekstrargrundvöllur að bresta, stórfellt tap blasir við, nauðungaruppboð á skipum eru mánaðarlegur viðburður og kaup fiskverkunarfólks er lægra en nokkru sinni fyrr. Hefur aldrei blasað við hrikalegri mynd í sjávarútvegi landsmanna en nú þrátt fyrir vaxandi afla og mikla eftirspurn á alþjóðlegum mörkuðum eftir útflutningsvörum Íslendinga. Þessari stefnu ríkisstjórnarinnar vil ég í þessari greinargerð mótmæla sérstaklega. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. til Ed.

Jarðboranir hf., stjfrv. 108. mál (þskj. 118). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Jarðboranir hf. eins og það birtist á þskj. 118.

Frv. þetta hefur verið rætt allítarlega í Ed. Þá hefur frv. verið til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. þeirrar deildar og var afgreitt samhljóða í nefndinni. Í samhljóða áliti frá nefndinni segir svo m.a.:

„Nefndin hefur rætt málið og leitað álits fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rannsóknaráðs ríkisins. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt með þeim fyrirvara að öll sveitarfélög njóti sambærilegra kjara í viðskiptum við þessa nýju stofnun, Jarðboranir hf."

Í tilefni af fyrirvaranum í nál. um sambærileg kjör er rétt að vekja sérstaka athygli á 5. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn hlutafélagsins skal setja gjaldskrá fyrir þjónustu þá sem fyrirtækið innir af hendi. Gjaldskrá fyrirtækisins skal ákveðin þannig að tekjur af starfseminni standi undir rekstrarkostnaði, fjármagnskostnaði og skili eigendunum eðlilegum arði af hlutafé.

Starfa skal sérstök samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá félaginu og tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi ísl. hitaveitna. Verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs milli Jarðborana hf. og hitaveitna í landinu um fjárhagsleg og tæknileg málefni, svo og almenn samskipti við hitaveitur í landinu."

Í skýringum við 5. gr. frv. segir m.a.:

„Í greininni er lagt til að stjórn félagsins setji gjaldskrá fyrir þjónustu þá er félagið innir af hendi. Er þetta gert m.a. til að tryggja ákveðið jafnrétti notenda til þjónustu hjá fyrirtækinu. Þá er lagt til að starfandi verði við félagið sérstök samráðsnefnd stjórnar félagsins og Sambands ísl. hitaveitna."

Samkvæmt þessu er ótvírætt að öll viðskipti verði samkvæmt gjaldskrá og með því er jafnrétti til þjónustu tryggt. Í þessu sambandi vil ég leggja áherslu á það sem fram kemur í frv. um kauprétt sveitarfélaga á hlutabréfum ríkisins í félaginu. Ég mun sem iðnrh. beita mér fyrir að slík sala fari fram.

Aðalatriði málsins er að stofnað er nýtt félag um jarðboranir með aukinni þátttöku Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir verulegt framlag til fyrirtækisins og verður fyrirtækið eftir félagsstofnun sterkt og öflugt hlutafélag. Hlutafélagsstofnunin er og viðskiptalega hagstæð eins og er rakið í grg. Jafnframt er sveitarfélögunum tryggður aukinn réttur til áhrifa á gang mála hjá fyrirtækinu. Er það skynsamleg skipan mála, sérstaklega þegar haft er í huga að helstu viðskiptafyrirtæki Jarðborana eru sveitarfélög og veitufyrirtæki þeirra.

Nokkuð var á það deilt við meðferð í Ed. að samningar tækju gildi miðað við 1. júní 1985. Hafa ber í huga að hið nýja félag verður ekki stofnað fyrr en lög þessi hafa verið samþykkt. Hins vegar mun uppgjör milli stofnenda þá fara fram svo sem stofnun hlutafélagsins hefði farið fram 1. júní. Er þetta gert m.a. vegna þess að að viðsemjandi ríkisins, Reykjavíkurborg, gerði ákveðnar ráðstafanir í júní s.l. er miðuðust við að af stofnun slíks félags yrði. M.a. lét Hitaveita Reykjavíkur jarðbor ríkisins, Jötun, bora að Nesjavöllum í stað þess að láta gufuborinn Dofra, sem er að 50% í hennar eigu, bora. Hefði félagsstofnun ekki komið til hefði Reykjavík látið sinn bor njóta viðskiptanna. Lögin eru því ekki beint afturvirk þó að uppgjör miðist við tiltekinn dag.

Mál þetta hefur dregist allmikið, þ.e. frá því s.l. vor. Nú er hins vegar nauðsynlegt að afgreiða málið þannig að ganga megi frá stofnun félagsins í upphafi nýs árs. Öllum má vera ljóst að starfræksla öflugs jarðborunarfyrirtækis er nauðsynleg forsenda áframhaldandi nýtingar jarðhita sem er og verður okkur mjög dýrmæt auðlind.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 175. mál (þskj. 198). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég flyt hérna lítið frv. sem er eiginlega endurtekning sams konar frv. frá því í fyrra og árin þar á undan um nokkurra ára bil. Það er árlega á ferð hér um þetta leyti árs og fylgir fjárlagafrv. Þetta er um framlengingu álagningarinnar á gjaldstofn útsvara og er um 2% gjald sem fer til sjúkratrygginga almannatrygginga. Þetta er mál sem hv. þm. kannast við og ég hygg að það þurfi ekki frekari skýringa við, en ítreka einungis að það þarf að fylgja afgreiðslu fjárlagafrv. og leyfi mér þess vegna að leggja til að því verði nú þegar að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 186. mál (þskj. 218). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. sem felur í sér nánast leiðréttingu á lögum sem samþykkt voru á Alþingi að vori til 1984. Þá var samþykkt breyting á almannatryggingalögum til að tryggja mæðrum fleirbura lengra fæðingarorlof en öðrum. Það hefur komið í ljós við framkvæmd þessa að þegar svo stendur á að börnin eru veik eða það er um sérstök veikindi að ræða fram yfir þau forföll sem tilheyra sjálfri barnsfæðingunni hefur þessi lenging haft í för með sér að móðirin missir réttinn til þessa aukamánaðar vegna veikinda. Þetta hefur ekki komið í ljós fyrr en á slíkt tilfelli reyndi, sem mun hafa verið nú í haust. Til að leiðrétta það misrétti sem skapast af þessum ástæðum og var alls ekki ætlunin þegar þessi lög voru samþykkt er þetta frv. flutt nú. Ég leyfi mér að beina því til hv. nefndar sem málið fær að hún afgreiði það nú fyrir jólahlé.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það getur verið að þetta sé hið ágætasta mál og ég skal ekki mæla gegn því efnislega, en ákaflega þykir mér einkennileg sú setning sem á að vera 1. gr. og tillaga er gerð um í 1. gr.: „Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalist hjá barni sínu þann mánuð." Út úr þessu mætti lesa að ef móðirin óski eftir því sé augljóst að annaðhvort geti móðirin sjálf eða þá geti faðirinn, hvernig svo sem á stendur, dvalist hjá barni sínu. Ég get ekki séð að það geti ekki eitthvað annað komið í veg fyrir að annað hvort foreldrið geti dvalist hjá barni sínu.

Ég legg til að þetta orðalag verði skoðað nánar í þeirri nefnd sem fær frv. þetta til umfjöllunar þannig að þetta verði skýrara og stangist ekki á við eðlilegan skilning sem maður getur í þetta lagt samkvæmt íslensku máli.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir:) Herra forseti. Ég vil gjarnan skýra þetta. Orðið „getur" þýðir þarna sama og að viðkomandi hafi heimild til vegna ákvæða almannatryggingalaganna. Það segir sig sjálft að einhverjar aðrar ástæður, sem ekki koma tryggingalögum við, geta hindrað þetta, en gagnvart Tryggingastofnuninni þarf að liggja fyrir ósk móður um þetta. Það

er ekki þar með sagt að faðirinn sé skyldugur til að vera heima heldur að ef ósk móðurinnar liggur fyrir hefur Tryggingastofnunin heimild til að greiða föður þennan mánuð ef því er skipta. Það dettur ekki niður rétturinn við það. Hugsum okkur t.d. þríbura sem allir eru veikir, þrjú kornabörn öll veik. Þá segir sig sjálft að annað hvort foreldra þarf að annast þau.

Ég veit ekki hvort þetta nægir sem skýring, en það er ósköp algengt orðalag að það standi: viðkomandi getur þetta og þetta. Það þýðir að þá er heimild til þess vegna annarra ákvæða laganna.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mig grunaði svo sem að það væri eitthvað í þá veru sem hæstv. ráðh. var að tala um sem menn ættu við með þeirri grein sem hér hefur verið orðuð með svo furðulegum hætti. Ég legg þá til að menn noti það orðalag sem skilst rétt eins og ráðherra skildi það en ekki svo knúsað orðalag að enginn geti skilið það.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal játa að það er hálfeinkennilegt að standa hér og skilja ekki almennilega þetta frv. Þar koma auðvitað til annir þm. þessa dagana.

Breytingin sem varð á almannatryggingalögum varðandi fleirburafæðingar varð að lögum vegna frv. sem ég flutti sjálf og hélt ég þar af leiðandi að ekki gæti orðið um þá erfiðleika að ræða sem hæstv. ráðh. er að reyna að lagfæra hér.

Í 11. mgr. 16. gr. stendur, með leyfi forseta: „Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr., þó aldrei lengur en fjóra mánuði."

Ég hélt að það leiddi af sjálfu að hafi foreldrar fengið lengt fæðingarorlof vegna fleirburafæðingar stæði sams konar mánuður til boða.

Ég skal fúslega viðurkenna, hæstv. ráðh., að ég hef ekki skoðað þetta vandlega sökum ótal annarra mála sem hér eru í gangi. Og þar sem ég á sjálf sæti í hv. heilbr.- og trn. lofa ég að gera það, en ég játa hreinskilnislega að ég sé ekki alveg augljósa þörf fyrir þessa breytingu. Komist ég að raun um að svo sé er mér ljúft og skylt að veita henni brautargengi gegnum hið háa Alþingi. En ég þóttist hafa athugað þetta svo gaumgæfilega þegar breytingin var lögð til og ég skrifaði mitt frv., að ég hélt að þessa gerðist ekki þörf. En ég held að ástæðulaust sé að ræða það mikið heldur bíða meðferðar í hv. nefnd.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Sannleikurinn er sá að orðalag 16. gr. er fortakslaust að fæðingarorlof skuli aldrei verða lengra en fjórir mánuðir. Tryggingastofnunin hefur þess vegna ekki getað framkvæmt þetta. Þó að það sé alveg ljóst að vilji löggjafans var í fyrra að þetta yrði ekki svona er orðalagið samt svo fortakslaust að það er nauðsynlegt að breyta því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 219). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það mál sem hér liggur fyrir er komið frá hv. Ed. og er flutt vegna þess alvarlega sjúkdóms sem upp hefur komið og borist því miður allvíða um lönd. Er hann í þessu frv. nefndur alnæmi eða í erlendri styttingu AIDS. Hér er um að ræða þvílíkan vágest sem við höfum á síðari árum ekki þekkt, ekki síðan menn fundu lækningu við alvarlegum sjúkdómum eins og berklum t.d. Berklar voru ólæknandi þegar berklavarnalögin voru fyrst sett. Að því leyti til má segja að svipað standi á og nú um alnæmi. Sama er að segja um sárasótt eða sýfilis. Það var ólæknandi sjúkdómur þegar lögin um varnir gegn kynsjúkdómum voru sett á sínum tíma. Sem betur fer horfir öðruvísi um þá sjúkdóma nú og auðvitað vonumst við til þess að vísindum fleygi svo fram að menn finni lækningu við þessum alvarlega sjúkdómi þó að ekki bendi, því miður, neitt til að það geti orðið á næstunni að sögn lækna. En auðvitað höfum við leyfi til þess að vona að svo verði þó.

Hvað sem því líður munu læknar vera sammála um að hér sé um kynsjúkdóm að ræða vegna þess að algengustu smitleiðir eru með sama hætti og annarra kynsjúkdóma. En það gildir um þennan kynsjúkdóm eins og svo marga aðra að hann getur líka smitast við blóðgjöf og með öðrum hætti. Um þetta eru menn sammála. Það er þó misjafnt hvort menn hafa í löndum sérstök kynsjúkdómalög, eins og er hér á landi og víðar, eða hvort uppbygging löggjafarinnar er með öðrum hætti og ekki sett sérstök lög um kynsjúkdóma. Þar sem svo stendur á, eins og t.d. er í Bretlandi, hafa heilbrigðisyfirvöld enn þá rýmri heimildir til að ákveða sjálf hvernig með skuli fara þó að lögin tilgreini það ekki sérstaklega. T.d. er þar um það að ræða að upplýsingar um sjúkdóma og smitleiðir og heimildir til að leggja inn sjúklinga, í sumum tilfellum gegn vilja þeirra, fara eftir ákvörðun heilbrigðisyfirvalda á grundvelli víðtækrar heimildar í lögunum. Í bresku lögunum er fyrst tekið fram að fyrirkomulagið eigi að vera mjög frjálst, eins og á ýmsan veg sem þar er upp talið, en síðan er gerður fyrirvari um að „þegar nauðsyn beri til af læknisfræðilegum ástæðum eða til þess að koma í veg fyrir smitleiðir" sé heilbrigðisyfirvöldum gefið rýmra svigrúm til að grípa í taumana og haga bæði skráningu og innlögnum með þeim hætti sem þau ákveða sjálf.

Í heilbrrn. hefur þetta frv. verið undirbúið eða öllu heldur af hálfu landlæknisembættisins. Í vor sem leið var bent á það af hálfu landlæknisembættisins að nauðsynlegt væri að hafa í lögum ákvæði um réttarstöðu manna gagnvart aðgerðum gegn útbreiðslu þessa sjúkdóms. Þegar menn höfðu athugað það mál betur þótti skynsamlegast og einfaldast að bæta þessum sjúkdómi í upptalningu kynsjúkdómalaganna á þeim sjúkdómum sem undir þau lög heyra. Einnig hefur verið bætt við þá upptalningu sjúkdómnum þvagrásarbólgu eða chlamydiae-sýkingum. Þetta tvennt yrðu breytingarnar á núgildandi lögum.

Í núgildandi lögum eru ákvæði um brýna þagmælsku lækna og leynd á meðferð mála samkvæmt ósk sjúklinga, en þar er sams konar ákvæði og í bresku lögunum, en þar stendur: „nema brýna nauðsyn beri til af

læknisfræðilegum ástæðum eða til að hindra útbreiðslu sjúkdóma".

Ég hygg að flestir séu sammála um að nauðsynlegt sé að í löggjöf okkar séu ákvæði sem taki af tvímæli um réttarstöðu í þessu sambandi og einnig til þess að gera auðveldara að fylgjast með útbreiðslu þessa sjúkdóms. Það er eitt af því sem hlýtur að greiða fyrir því að við getum spornað gegn sjúkdómnum. Slíkt verk er verið að vinna í flestum löndum heims nú og skýrslum um það skilað til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Auðvitað eigum við kannske hægara um vik en margar aðrar þjóðir vegna fæðar okkar. Þess vegna er líka hægara fyrir okkur að koma við ákvæðum laga þegar þess gerist þörf. Sum ákvæði þessara laga þarf vitaskuld ekki að nota nema í undantekningartilfellum, en ég er þeirrar skoðunar að það sé öryggisatriði fyrir heilbrigði manna á Íslandi að slík úrræði séu fyrir hendi.

Það er eiginlega þrennt sem fram hefur komið um þetta mál sem mótbárur og er á misskilningi byggt.

Í fyrsta lagi að Ísland sé eina landið í veröldinni sem telji AIDS vera kynsjúkdóm. Það er mjög alvarlegur misskilningur og þarf ekki að fara nánar út í það. Ég held að hv. þm. viti það.

Í öðru lagi hef ég heyrt það á máli sumra manna að þeir telja að hér skipti einhverju höfuðmáli refsiákvæði laganna og segja sem svo: Hví skyldum við þurfa þessi lög þegar refsiákvæði almennra hegningarlaga eru fyrir hendi ef menn breiða út smitnæman sjúkdóm? Málið snýst ekki um þetta. Refsiákvæði almennra hegningarlaga eru miklu harðari en það sem er í þessum lögum. Í þessum lögum, eins og í öllum lögum þar sem skylda er felld á borgarana, eru jafnan einhvers konar refsiákvæði eða sektarákvæði. Það er í þessu tilfelli sektarákvæði ásamt þessum orðum: „nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum" og þá að sjálfsögðu í hegningarlögunum. Þetta er ástæðan fyrir ákvæðinu sem er mildara en hin almenna refsing í hegningarlögum.

Þriðja atriðið sem menn hafa haft uppi sem mótbáru gegn þessu máli er ákvæði kynsjúkdómalaganna um skráningu sjúklinga. Okkar lög eru e.t.v. að því leyti til frábrugðin lögum sumra annarra þjóða um þetta efni að við erum með nákvæmara ákvæði í lögum en margar aðrar þjóðir sem hafa það í hendi sinni, samkvæmt rúmri heimild, hvernig skráningu er hagað. Þetta ákvæði hefur orðið til þess að á það hefur verið bent, m.a. hér í þingi, að lagaákvæðið kunni að vera svo nákvæmt að það geri einhverja feimnari en ella við að leita til læknis. Að vísu er það svo að þetta ákvæði, sem verið hefur um árabil í íslensku lögunum um varnir gegn kynsjúkdómum, virðist hafa reynst vel og aldrei verið um það kvartað að leynd hafi ekki verið haldið. Menn ættu að geta treyst því að svo verði áfram, enda hafa lögin borið góðan árangur.

Lögin um kynsjúkdóma voru upphaflega sett 1932 svo að það er allnokkur reynd komin á þetta mál. Hitt er svo annað mál að ég tel að fundist hafi leið, og það er reyndar landlæknir sem hefur bent á hana, til að leysa úr þessu máli, þannig að þeir sem óttast sérstaklega eða hafa sérstaklega á móti orðalagi þessa ákvæðis í íslensku lögunum, um að skráð skuli með fæðingarnúmeri o.s.frv., ættu að geta vel við unað. Ég hygg að þeirra óskum sé algerlega fullnægt með þeirri hugmynd landlæknis að á eyðublaðið, sem ætlast er til að það embætti sendi öllum læknum, sé jafnframt skráð í sérstakan reit að þeir sjúklingar sem leita læknis vegna AIDS-smitunar eða athugunar á því geti, ef þeir óska þess, fengið fæðingarnúmer sitt skráð með sérstökum lykli sem væri eins konar dulmálslykill, það væri tiltekin reikniformúla sem eingöngu læknirinn og landlæknir vissu um. Ég veit satt að segja ekki hvernig væri unnt að tryggja rækilegri leynd en með þessu móti ef á annað borð á að vera hægt að fylgjast með útbreiðslu sjúkdómsins. Ég held að það væri miklu rækilegri leynd sem fælist í þessu en nokkurn tíma í þeim ákvæðum t.d. sem gilda um þetta í Svíþjóð. Svíar, sem mjög hefur verið vitnað til um þetta efni, haga sinni skráningu þannig að þegar maður leitar læknis til að kanna hvort hann hafi fengið smit af þessum sjúkdómi þarf hann ekki að skrá nafn sitt. Það er einungis skráð fæðingarár og hérað og viðkomandi læknir hefur nafnið. Honum ber hins vegar að gefa upp nöfn þeirra sem hann telur e.t.v. að hafi smitast af sér og af hverjum hann telur að hann hafi smitast. Þau nöfn eru skráð og þegar viðkomandi koma til rannsóknar eða eru kallaðir til rannsóknar er þar gerð miklu rækilegri skráning en nokkurn tíma væri gert ráð fyrir í íslensku lögunum og sérstaklega með þeirri framkvæmd sem ég hef nefnt að landlæknir væri reiðubúinn að framfylgja. Við gætum, að því er ég tel, gengið frá þessu máli á þann veg að nefndin tæki fram að hún teldi að framkvæmdinni ætti að haga með þeim hætti.

Þetta tek ég fram í öllum þessum smáatriðum, herra forseti, vegna þess að ég hef orðið vör við að menn telja að hér kunni e.t.v. vera farið inn á nýja braut. Hér er hugmynd sett fram um það hvernig enn er hægt að milda þau ákvæði sem hér um gilda. Ég mun að sjálfsögðu setja reglur um það fyrir landlækni í þá veru sem ég hef nefnt ef nefndin í hv. Alþingi óskar þess. Þó að það sé auðvitað ekki löggjafaratriði finnst mér samt rétt að gera hv. þingmönnum grein fyrir þessu.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa frekari orð um þetta. Það er misskilningur að í lögum séu ákvæði sem ná yfir þau atriði sem hér væri um að ræða. Jafnvel þó að línað væri á framkvæmd skráningar eru ekki úrræði í lögum til að framkvæma þær aðgerðir gegn útbreiðslu sjúkdóms sem kynsjúkdómalögin gera ráð fyrir.

Mér er ljóst að þetta er mál sem margir hafa áhyggjur af og ég tel að heilbrigðisyfirvöldum og löggjafanum líka beri að gera þær ráðstafanir sem unnt er til að stemma stigu við útbreiðslu þessa sjúkdóms, það sé jafnt í þágu hagsmuna þeirra sem ekki hafa sýkst, hinna sem kunna að hafa smitast og mjög í þágu þeirra sem kallaðir eru áhættuhópar í þessu sambandi. Þess vegna tel ég að við megum ekki kynda undir þann misskilning að ekki sé unnt að halda fullkominni nafnleynd að þessu leyti til, og m.a.s. meiri en túlkun laga samkvæmt orðanna hljóðan yrði, með því að framkvæma skráninguna með þeim hætti sem landlæknir hefur stungið upp á að gert yrði. Ég tel að það sé alveg hægt innan ramma þessara laga og það gerbreyti málinu í ljósi þeirra raka sem fram hafa verið sett í sambandi við það. Það segir sig sjálft að hér er ekki um að ræða skrá sem gengur inn í almenna sjúkrahússkrá. Því fer fjarri, enda segir í lagagreininni að þetta sé sérstök skrá sem landlækni beri að halda til haga. Með því að einungis læknirinn og landlæknir hafi talnalykil að númerinu tel ég að þess sé gætt mjög rækilega að persónulegum upplýsingum sé haldið eins leyndum og unnt er. Það mundi líka afstýra

því að menn væru með alls kyns getsakir, menn væru að geta sér til um eitt og annað. Ef menn vita að frá þessu er gengið með þessum hætti held ég að málið væri allt miklu öruggara fyrir alla, bæði áhættuhópana og allan almenning í landinu.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. og ég ítreka að ég tel það öryggisatriði að slík lög séu sett sem fyrst.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Mál það sem hér er á dagskrá er tvímælalaust eitt afdrifaríkasta mál sem fjallað verður um á yfirstandandi löggjafarþingi. Líf og heilsa þjóðar og varnir gegn lífshættulegum sjúkdómum eru öllum öðrum málum afdrifaríkari og því er ábyrgð hv. þm. mikil þegar rætt er um hvernig bregðast skuli við nýjum og áður óþekktum sjúkdómi sem nú herjar á mannkynið og engin lyf eru fundin við. Í þeirri umræðu eiga engir fordómar heima, heldur getur árangur í baráttunni við þennan nýja óvin verið undir því kominn að skynsemin ein ráði för og menn haldi stillingu sinni.

Um það getur ekki verið ágreiningur á hinu háa Alþingi að allt sem í mannlegu valdi stendur verður að gera til að hefta útbreiðslu þessa skelfilega sjúkdóms og jafnframt til að styðja vísindamenn í baráttunni við hann. Hér er því einungis um það deilt hvernig það verður best gert. Um það urðu menn ekki sáttir í hv. Ed. Sú var því von okkar að hæstv. ráðh. hefði þá bíðlund að mæla ekki fyrir frv. í hv. Nd. þegar svo miklar annir steðja að, en þar sem hún hefur nú mælt fyrir frv. verður ekki hjá því komist að hafa uppi andsvör.

Frv. það sem liggur frammi á þskj. 101 ber þess glögg merki að lítt hefur verið til þess vandað. Það vekur athygli að grg. með svo mikilvægu lagafrv. skuli vera svo gjörsamlega snauð að upplýsingum um feril og eðli þessa banvæna sjúkdóms sem hér er um fjallað. Það er vægast sagt óvenjulegt að í þskj. sé prentaður stuttaralegur upplýsingabæklingur landlæknisembættisins eins og hann liggur fyrir handa almenningi í stað þess að frv. fylgdu ítarlegri læknisfræðilegar skýringar ásamt upplýsingum um hvernig nágrannaþjóðir hafa farið að í þessum vanda. Hafi þm. lítið fylgst með þeirri umræðu sem farið hefur fram víða um heim um alnæmi og viðbrögð við því eru þeir engu nær eftir lestur greinargerðarinnar. Hún er því engu þjóðþingi sæmandi eins og hún liggur fyrir og því síður nokkru heilbrigðisráðuneyti.

Í hinu íslenska lagasafni er að finna nokkra lagabálka um varnir gegn hættulegum sjúkdómum. Má þar nefna farsóttalög frá 1958, sóttvarnalög frá 1955, lög um ónæmisaðgerðir frá 1978, berklavarnalög frá 1939, þrenn lög um varnir gegn holdsveiki frá 1898 og frá 1909, þá eru þar einnig lög til varnar gegn fýlasótt, hvað sem það nú er, frá 1940, en sá sjúkdómur mun lítt þekktur hér að mér skilst, og loks er þarna að finna lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978. Frv. það sem við fjöllum nú um felur einmitt í sér að alnæmi skuli falla inn í þau lög.

Áður en ég vík nánar að því vil ég geta þess að öll þessi lög þarfnast endurskoðunar eða nær öll með tilliti til breyttra tíma, og að mínu viti nægði að hafa einn lagabálk um hættulega sjúkdóma og varnir gegn þeim, rammalög sem landlæknir og heilbrigðisyfirvöld styddust við við útgáfu reglugerða um ráðstafanir sem nauðsynlegar eru hverju sinni þegar hættulegir sjúkdómar herja á. Þar verður faglegt mat að ráða ferðinni og sagan sýnir að mikill árangur hefur náðst í baráttunni við hættulega sjúkdóma hér á landi með góðri samvinnu heilbrigðisstétta og ráðamanna.

Hinn nýi sjúkdómur, alnæmi, er um margt sérkennilegur. Við honum er engin lækning fundin og sjúklingur leitar ekki læknis fyrst og fremst vegna einkenna um hann, heldur af því að nokkuð er vitað hvernig hann smitast. Yfirgnæfandi líkur eru á að smithætta sé mest við samfarir karlmanna. Það er þess vegna ekkert óeðlilegt við að flokka hann undir kynsjúkdóma þó að um það megi vissulega deila. Hins vegar má spyrja hvort nauðsyn sé á að flokka hættulega sjúkdóma eftir eðli þeirra fremur en að ein lög gildi um þá og heilbrigðisyfirvöld meti svo hverju sinni hvernig best sé að bregðast við. Og einmitt í því tilviki sem hér um ræðir verður spurningin áleitin.

Í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum eru ákvæði sem skylda lækna til að tilkynna landlæknisembættinu um nafn og fæðingarnúmer hvers þess sem smit greinist hjá og jafnframt skal sjúklingur tilgreina hver hafi hugsanlega smitað. Skal þá haft upp á honum eða henni og gilda refsingarákvæði við að bregðast ekki við því samkvæmt vilja heilbrigðisyfirvalda.

Nú er það svo að samlíf samkynhneigðs fólks er langt frá því viðurkennt fyrirbæri í samfélagi okkar þó að um slíkt hafi verið vitað frá því að saga mannkyns hófst. Stór hópur fólks fer því með þann þátt lífsins sem mannsmorð og er óljúft að hafa hann nokkurs staðar skráðan. Það er því ekki úr vegi að minna menn á till. til þál. sem hér liggur fyrir. 1. flm. hennar er hv. þm. Kristín Kvaran. Sú till. fjallar um mannréttindi eða öllu heldur bann við mismunun á réttindum samkynhneigðs fólks. Væri ekki úr vegi að hv. alþm. litu vandlega á það mál þegar fyrir því verður talað hér.

Þetta fólk á ekki auðvelda daga í svo litlu samfélagi sem hér. Af því leiðir að samkynshneigt fólk verður alla jafna ekki þeirra forréttinda aðnjótandi að búa í sambýli við aðra manneskju og verður því að leita víðs vegar að félagsskap í meira mæli en aðrir. Með tilliti til að mjög langur tími getur liðið frá smitun alnæmis og þar til það greinist verður trúlega í mörgum tilvikum erfitt að grafa upp hvaðan smit gæti stafað. Hætta er á því að skráningarskylda yrði fremur til að letja menn til að leita rannsóknar en til að hvetja þá og þá er lagafrv. þetta meira til skaða en gagns.

Ég minntist áðan á að upplýsingar vantaði um viðbrögð nágrannaþjóða. Ég hef aflað mér um þau nokkurra upplýsinga.

Svíar hafa sett lög sem kveða á um að læknir skrái einungis tvo fyrstu og fjóra síðustu stafi af 10 stafa nafnnúmeri þess sem rannsóknar leitar. Þar er því hægt að finna nafn í tölvu, en því aðeins að það sé nauðsynlegt. Svipuð regla gildir í Noregi. Í Bretlandi eru ströng ákvæði um fyllsta trúnað læknis og sjúklings og hið sama gildir í Þýskalandi. Í öllum þessum löndum er talið óhugsandi að sjúklingur tilkynni lækni um hugsanlegan smitbera sem síðan yrði leitaður uppi af yfirvöldum. Menn eru miklu fremur þeirrar skoðunar að með samvinnu og trúnaði við sjúkling og upplýsingum um hvernig hann getur best lifað lífi sínu geri sjúklingurinn sjálfur allt sem í hans valdi stendur til að hindra frekari

smitun. Öll áhersla er lögð á samvinnu við fólkið í landinu en ekki lagaboð sem litla merkingu hafa og jafnvel neikvæð áhrif.

Þess vegna, herra forseti, lýsi ég andstöðu minni við þetta frv. að svo komnu máli. Vel má vera að síðar verði nauðsynlegt að setja lög um varnir gegn alnæmi, en vanhugsuð lagasetning sem þessi þjónar engum tilgangi og er að mínu mati hættuleg.

Minna má á það, sem margir virðast gleyma, að hér er ekki einungis um að ræða homma sem sérstakan áhættuhóp. Í okkar landi sem öðrum lifir fjöldi manna tvöföldu kynlífi, bæði með konum og körlum, auk þess sem fjöldi manna leitar á vit götukvenna sem reynst hafa smitberar. Þessir menn sækjast lítt eftir að verða skráðir hjá yfirvöldum þar sem allir Íslendingar vita hversu mikill misbrestur er á trúnaði starfsfólks sjúkrahúsa við sjúklinga.

Ég leyfi mér að halda þessu fram og bið hæstv. heilbr.- og trmrh. að hlusta á þau orð, mín því að óteljandi dæmi eru um siðlaust slúður um sjúkdóma samborgara okkar sem rekja má beint til starfsmanna sjúkrahúsanna sjálfra. Skaðar ekki að minna yfirmenn þessara stofnana á að slíkt ætti auðvitað aldrei að geta gerst. En þetta gildir ekki minnst um þá sjúkdóma sem erfiðastir eru og mestir fordómar gagnvart, svo sem t.d. geðsjúkdóma, og mætti þá hugsa sér hver biti alnæmi einhvers samborgarans væri í skolta slefberanna. Hver getur því sagt sér sjálfur að menn, sem tekst að eiga venjulegt fjölskyldulíf þrátt fyrir annars konar kynlíf en algengast er, kæra sig lítt um að komast á skrár þeirra, enda ekki séð hvers hamingju það þjónar.

Ótti minn, herra forseti, er að eðli þessa sjúkdóms, alnæmis, valdi því að fordómar hafi áhrif á viðbrögð við honum í stað þess að meginatriði málsins er hversu hættulegur hann er og að engin lyf eru við honum fundin. Ljóst er þó, og það ættu þeir hv. alþm. að vita sem stýra eiga velferð landsmanna á hverjum tíma og þar með að hafa þá víðsýni og skilning á mannlegu lífi og mannlegu eðli, að allt fólk lifir einhvers konar kynlífi og þess vegna erum við öll í hættu. Við erum öll áhættuhópur þó í mismiklum mæli sé. Það sem sumum þykir ógeðfellt í þessum efnum er öðrum fullkomlega eðlilegt. Það á engin áhrif að hafa á viðbrögð við lífshættulegum sjúkdómi sem öllum stafar hætta af þó að í mismiklum mæli kunni að vera. Það er okkur öllum fyrir bestu að samvinna náist milli landsmanna og yfirvalda, samvinna sem byggist á trúnaði og gagnkvæmri virðingu.

Að lokum, herra forseti, vil ég leyfa mér að varpa fram hugmynd sem ég bið heilbrigðisyfirvöld að íhuga. Ísland er um margt æskilegur vettvangur rannsókna á ýmsum sjúkdómum og þar með á alnæmi. Lega landsins og mannfæð gera freistandi að rannsaka feril og útbreiðslu alnæmis á vísindalegan hátt. Sú er þess vegna hugmynd mín að leitað verði til alþjóðaheilbrigðisstofnana um fjárhagsaðstoð til að gera hér allsherjarrannsókn á einhverju árabili, þ.e. að hvert mannsbarn verði rannsakað á sama hátt og áður var unnið að berklarannsóknum með alkunnum og viðfrægum árangri. Íslendingar eiga vel menntaða vísindamenn með mikla reynslu svo að slíkt verkefni ætti að vera framkvæmanlegt. Við höfum þegar á að skipa vísindamönnum sem kunnir eru meðal annarra þjóða fyrir veirurannsóknir og hér gæti unnist ómetanlegt gagn fyrir mannkyn allt. Raunar hef ég orðað þessa hugmynd við landlækni og sagði hann „að heyrt hefði hann vitlausari hugmynd".

Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur kynnt hér hugmyndir að skráningarformi vegna þess að henni hefur verið ljóst að andstaða er gegn frv. Ég hef kynnt mér þær hugmyndir sem þar eru uppi og tel þær satt að segja ekki til mikillar hjálpar. Ég held að þau ákvæði sem er að finna í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum geri það samt sem áður að verkum að það verði þessu máli heldur til skaða en gagns að frv. það sem hér liggur fyrir nái fram að ganga.

Herra forseti. Ég bið hv. alþm. að íhuga vandlega afstöðu sína til þessa máls áður en rokið er til að samþykkja frv., en jafnframt vara ég við að þetta mál verði erfitt deilumál hér á hinu háa Alþingi. Allir eru sammála um nauðsyn aðgerða. Málið snýst um hvernig best og skynsamlegast verði að því unnið að hindra útbreiðslu þessa skelfilega sjúkdóms. Það er aðalatriðið og það sem við ættum að vera hér um að fjalla.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð hv. 10. landsk. þm. Guðrúnar Helgadóttur þar sem hún ítelur framsetningu þessa frv. af hálfu ráðuneytisins. Sú framsetning er auðvitað alveg með eindæmum og ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það eða tíunda aftur það sem hv. síðasti ræðumaður talaði um í því sambandi, en vissulega ber að taka það til athugunar af hálfu ráðuneytisins.

Herra forseti. Heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum hafa gefið veirusjúkdómnum AIDS eða ónæmistæringu þá einkunnargjöf að hann verði mesta hvatning sem heilbrigðisþjónustan fái út alla þessa öld. Þessi sjúkdómur kom fyrst fram árið 1981 og hefur í Bandaríkjunum einum saman höggvið til um 12 þús. manneskja og krafist um 5 þús. mannslífa, auk þess sem talið er að um 1 millj. Bandaríkjamanna hafi smitast.

Þessi faraldur, eins og hann er oft nefndur nú orðið, hefur náð útbreiðslu um flestöll hin vestlægu lönd og er hvarvetna sem hann kemur við talað um miskunnarlausan sjúkdóm. Sagan greinir einnig frá mjög ítarlegri og öflugri rannsókn og tilraunum sem vakið hafa mjög miklar vonir og sem má jafnvel líkja við vísindalegt undur að mörgu leyti. Að því komum við til með að búa í baráttunni við marga aðra sjúkdóma þó svo að enn sem komið er hafi ekki tekist að ráða gátuna miklu um AIDS. Spurningarnar eru enn þá langtum fleiri en svörin sem fengist hafa út úr þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið hingað til og það er takmarkað sem er vitað fyrir víst.

Ástæða þessa sjúkdóms hefur svo sem verið rakin hvarvetna í fjölmiðlum þó að það hafi ekki verið farið nákvæmlega út í það hér. Sjúkdómsvaldurinn er veira sem sérfræðingar kalla HTLV3. Veiran ræðst á og vinnur að niðurrifi ákveðinna mikilvægra frumna í hlutum af ónæmiskerfi líkamans, þ.e. þeirra sem varða hæfileika líkamans til þess að verjast smitun. Það veldur svo aftur því að sá smitaði, sjúklingurinn, verður altekinn alls kyns sjúkdómum eða öllu heldur að hann hefur ekki möguleika á því að verjast smitun — og þá á ég við sjúkdóma sem mannslíkaminn þróar að öðru jöfnu ónæmi gegn. Það eru slíkir venjulegir sjúkdómar sem einstaklingar sýktir af þessari veiru, HTLV3, hafa ekki nokkra einustu möguleika á að verjast. Svo skæð er þessi veira að fæstir þeirra sem smitast hafa lifa

lengur en þrjú ár eftir að sjúkdómurinn hefur komið í ljós.

Með leyfi herra forseta langar mig til að fá að lesa aðeins upp úr grein sem birtist í NT fyrir skemmstu. Þessi grein er eftir Guðna Baldursson og mig langar að grípa niður í hana þar sem millifyrirsögnin er: „Annars konar sjúkdómur."

„Þegar maður smitast af einhverjum þeim sjúkdómi sem fellur undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum fer það saman að það er hagsmunamál hins sýkta að fá lækningu af sjúkdómnum sem fyrst og hagsmunamál annarra að hann hætti að vera smitandi. Þess vegna er það hverjum og einum hvatning að leita læknis ef minnsti grunur vaknar um smitun eða smithættu af kynsjúkdómi.

Smitun af ónæmistæringarveirunni hefur allt öðruvísi afleiðingar á heilsu manns en smitun af „gömlu" kynsjúkdómunum. Langsamlega flestir sem veiran hefur komist í eru heilir heilsu og kenna sér einskis meins. Þeir eiga þess vegna ekki það erindi til læknis að losna við líkamleg óþægindi eða önnur einkenni af völdum smits. Þeir eiga heldur ekki það erindi til læknis að smitinu verði útrýmt úr líkamanum því að til þess eru engin ráð kunn enn. Tilefni fyrir þann sem verður ekki var neinna sjúkdómseinkenna til að láta lækna ganga úr skugga um hvort veiran hefur komist í hann er þá annað en að leita lækningar. Það sem honum gæti þótt skynsamlegt tilefni er þá það, að hann vill vita hvort hann gæti smitað aðra, hvort honum sé sérstaklega ráðlegt að fara vel með sig líkamlega og andlega svo að veiran nái síður að valda honum sjúkdómi, og síðast en ekki síst hvort honum sé óhætt að anda léttar vegna þess að enn sem komið er hafi veiran ekki komist í hann."

Herra forseti. Er ráðherrann genginn úr salnum? (**Forseti:** Nei, nei. Hún er í hliðarsal og hlustar á.) Gott. Hún komst einhvern veginn svo að orði áðan: Þessi lög þarf að setja í þágu þeirra sem ekki hafa sýkst, þeirra sem hafa sýkst og í þágu áhættuhópa. Mig langar sérstaklega til að vita á hvern hátt lögin eiga að bæta úr fyrir þeim sem hafa sýkst, af því að það var sérstaklega tekið til hér, og þegar í ofanálag var kveðið svo fast að orði hjá hæstv. ráðh. að segja sem svo að hún teldi það vera öryggisatriði að lögin yrðu sett vildi ég gjarnan einnig fá að vita á hvern hátt það er meint vegna þess að það kom ekki fram.

Verið getur að mér hafi misheyrst og ég vona að mér hafi misheyrst þegar mér heyrðist að hæstv. ráðh. segði eitthvað á þá leið að þegar smitaður einstaklingur hefði komið til rannsóknar, og þar með fengið þá nafnleynd sem vonandi verður sem mest, yrði viðkomandi spurður að því hvaðan hann teldi sig hafa smitast og þeir sem hann gæfi upp yrðu að sjálfsögðu skráðir. Ég vona að þetta sé misheyrn hjá mér, en svona skildi ég þetta og verð að fá nánari skýringar á því á eftir hjá hæstv. ráðh.

Í framhaldi af þessu langar mig til að vitna aftur í þá grein sem ég vitnaði í áðan eftir Guðna Baldursson og grípa niður þar sem millifyrirsögn er: „Settir í vanda."

„Sú ráðabreytni að skylda lækna til að tilkynna landlæknisembættinu hverjir það eru sem ónæmistæringarveiran hefur komist í setur allan þennan fjölda manna í mikinn vanda. Langsamlega flestir hafa þeir haft það að leiðarljósi, að enginn sem þá þekkti vissi um þennan þátt í lífi þeirra, og oft líka að enginn sem um hann vissi þekkti þá að öðru leyti. Ef þeir vilja nú láta prófa hvort þeir hafa mótefni gegn veirunni standa þeir frammi fyrir því að ef það finnst fara þeir á skrá sem haldin er hjá opinberu embætti. Þá mun ákaflega mörgum þykja það skynsamlegri kostur, úr því að enga meðferð er að sækja til læknis, að láta ógert að fara í prófun sem leiddi hvort sem er ekki til neins, nema þá þess að nafn þeirra færi á skrá yfir menn sem hafa komist í snertingu við veiruna. Sjálfur getur maður farið vel með sig án sérstakrar hvatningar frá lækni og vegna þess að smithætta er gagnkvæm þarf maður hvort sem er að gæta þess að haga kynmökum sínum á „öruggan hátt". Það eina sem maður í þessari aðstöðu fer á mis við með því að fara ekki í prófun er léttirinn yfir að vera smitlaus. En vitneskjan um smitleysi getur samkvæmt eðli málsins einungis átt við liðinn tíma svo að ekki virðist sérstaklega rík ástæða til þess að hætta miklu hennar vegna. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga, ef skylt verður að skrá smitaða einstaklinga, að ekki verða öll sund lokuð til þess að gangast undir ónæmistæringarpróf án þess að eiga skráningu á hættu."

Áfram segir, herra forseti, í þessari grein:

„Íslendingar ættu þá að nýta sér að í flestum öðrum löndum hefur verið ákveðið að skrá ekki þá sem veiran finnst í. Auðvelt er fyrir þá, sem vilja fara þannig að, að afla sér upplýsinga um hvert beri að snúa sér."

Herra forseti. Mér finnst í þessu sambandi mjög mikils virði að það verði ekki farið út í að reyna að koma þessu frv. til laga í gegn. Ég get ekki séð á þessu stigi málsins, samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum, að það leiði til neins nema kannske þess helst að fólk fari enn betur í felur en hingað til hefur verið, og alls ekki að það leiði til þess að fólk komi til skráningar. Það þarf að leggja upp úr sérstakri fræðslu- og upplýsingastarfsemi í þessu sambandi.

Herra forseti. Er ráðherra farinn úr þingsölum? (**Heilbr.- og trmrh.:** Rödd þm. hljómar nokkuð skært. Ég heyri það sem fram fer.) Það er gott að vita til þess. Það er nú einhvern veginn svo að þegar verið er að tala við einhvern vill maður gjarnan fá að hafa viðkomandi innan sjónmáls, án þess að það sé endilega skilyrt. (**Heilbr.- og trmrh.:** Ég hélt að þm. væri að tala við allan þingheim.) Jú, alveg rétt, en þegar ég er sérstaklega að koma með hugmynd til úrbóta í þessum málaflokki, að mínu áliti, finnst mér mjög gott að hafa hæstv. ráðh. innan seilingar.

Ég var þar komin að mér fyndist að það gæti verið réttara og eðlilegra í þessu sambandi að efla alla fræðslu og upplýsingar til áhættuhópanna og þá til þeirra hvers fyrir sig, auðvitað fyrst og fremst almenna fræðslu í framhaldi af þeirri sem nú þegar hefur komið fram en er að vísu mjög takmörkuð. Hún hefur þó skilað árangri í því sambandi að fólk hefur leitað til þess sérfræðingahóps sem er starfandi. En mér finnst að það þurfi að bæta úr mun betur og upplýsa og fræða hvern áhættuhóp sérstaklega fyrir sig. Ég hef í því samandi lagt fram brtt. við fjárlagafrv. þar sem ég legg til að inn komi nýr liður undir heilbrigðisþjónustu og að sérstakt fé verði lagt í það að fyrst rannsóknir og síðan fræðsla og upplýsingar hvers konar verði efldar að mun í þessu sambandi. Ég tel að það hljóti að verða mun áhrifaríkara en að reyna að koma þessu frv. í gegn og get ekki séð að það þjóni neinum tilgangi og þá síst fyrir þá sem eru nú þegar smitaðir. Með því að upplýsa og fræða væru að mínu mati meiri líkur til þess að ná til þeirra

sem nú þegar eru smitaðir og ganga um og smita hugsanlega aðra og koma þannig í veg fyrir að smitun verði víðar. Með því að gera þetta með því móti sem er lagt til í þessu frv. finnst mér mest hætta á að fólk komi alls ekki vegna þess að það á yfir höfði sér skráningu, eins og margoft hefur komið fram. Þess vegna teldi ég það vera á allan hátt óskynsamlega að staðið.

Ég vil, herra forseti, í því sambandi vitna aftur í þá grein sem ég er búin að vitna í tvisvar áður eftir Guðna Baldursson, með leyfi herra forseta. Þar kem ég að er milli fyrirsögnin er: „Skynsamlegar leiðir og óskynsamlegar.“

„Það hefur gleymst að gæta að hinum félagslega þætti í því viðfangsefni sem ónæmistæring er fyrir stjórnvöld. Það gengur ekki að horfa fram hjá því að mjög margir af þeim, sem eru í mestri hættu að smitast af veirunni, óttast það jafnvel meira en sjúkdóminn sjálfan að kunnugt verði um kynhegðun þeirra.

Hlutverk heilbrigðisyfirvalda er að laða til samstarfs þá sem kunna að eiga smitun á hættu og þau verða að leggja sig óvenjulega mikið fram vegna þess að hér er um að ræða einstaklinga sem margir eru, af eðlilegum orsökum, afar tortryggnir gagnvart yfirvöldum. Yfirvöld þurfa því að hamra á öllu því góða sem þau ætla að gera fyrir þá sem hér koma við sögu. Þau verða að vinna ötult fræðslu- og upplýsingastarf. Þau verða að tryggja þeim sem reynast smitaðir, áður en á reynir, fyllstu vernd svo að þeir njóti mannréttinda, svo sem varðandi húsnæði og atvinnu.

Læknar þeir sem starfa að vörnum gegn ónæmistæringu verða að fá að vera í aðstöðu til þess að heita hverjum sem til þeirra leitar í því sambandi algerum trúnaði. Trúnaður milli lækna og þeirra sem vilja sinna ónæmistæringarvörnum með því að koma til rannsóknar verður að vera tryggur og gagnkvæmur og honum má ekki spilla með óskynsamlegum lagaákvæðum.

Ef úr verður að smitun af ónæmistæringarveiru falli undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum óbreytt verður Ísland eina landið í veröldinni þar sem skráning smitaðra verður með slíkum hætti sem þar er kveðið á um. Hvergi annars staðar hefur það hvarflað að heilbrigðisyfirvöldum að það væri ráð til þess að stemma stigu við útbreiðslu ónæmistæringarinnar að setja lög um skráningu nafna og um refsingar. Þvert á móti leggja þau áherslu á það að skráning komi ekki til greina, einmitt vegna þess að þau vita að annars yrði svo lítils árangurs að vænta.“

Herra forseti. Í þessu sambandi langar mig að koma aðeins að því þegar talað er um þá áhættuhópa sem helst eru tilgreindir. Þá er talið að um 80% af þeim sem séu í áhættuhópnum séu hommar.

Ég hef ásamt fleiri hv. þm., eins og fram hefur komið í máli hv. 10. landsk. þm. Guðrúnar Helgadóttur, flutt þáltill. um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Þá er einmitt þess að geta þar að efnisatriði þeirrar till. lúta að því að Alþingi lýsi vilja sínum til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki eigi sér ekki stað hér á landi. Þar er einmitt lagt til m.a. að kannaðar verði lagalegar, menningarlegar og félagslegar aðstæður þess fólks og að það verði gerðar tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misréttið gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi. (**Forseti:** Má ég aðeins trufla hv. þm. í ræðu sinni? Þannig stendur á að hæstv. ráðh. er tímabundinn og hefur óskað eftir fjarvistarleyfi það sem eftir er þessa fundar. Ef hv. þm. vildi gera hlé á ræðu sinni hyggst ég fresta þessari umræðu og verða við óskum fleiri þm. um að ljúka fundi í fyrra lagi af ástæðum sem fólki mun kunnugt um.) Ég mun fallast á það, herra forseti.

Umr. frestað.

Efri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 16. des., kl. 9 síðdegis.

Tollskrá, stjfrv. 169. mál (þskj. 189). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um tollskrá. Þetta frv. er flutt í tengslum við þá ákvörðun að fresta breytingu á tollalöggjöf og vörugjaldsinnheimtu, en með lögum nr. 83/1981 var fjmrh. veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendrar húsgagnagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlendri framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Álagning þessa gjalds hefur síðan verið framlengd fyrir eitt ár í senn

Þar sem gert er ráð fyrir að aðflutningsgjöld og sérstakt vörugjald haldist áfram óbreytt á næsta ári verða forsendur gjaldtökunnar óbreyttar og þykir því eigi fært að fella gjaldið niður um n.k. áramót. Því er lagt til að þessi lagaákvæði framlengist um eitt ár svo sem venja hefur verið til.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efni þessa frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það er bara ein spurning til fjmrh.: Er þetta gjald lagt á núna í sama tilgangi og upphaflega eða eingöngu til tekjuöflunar án tillits til þess hvort þetta verndi íslenskan húsgagnaiðnað? Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að við horfðum nýverið upp á það að einhver stærsta húsgagnaverksmiðja landsins hefur lagt upp laupana. Greinilega hefur því þetta gjald ekki skilað þeim árangri að vernda hennar hagsmuni. Er þetta eingöngu notað núna í þeim tilgangi að afla tekna fyrir ríkissjóð eða er þetta til að vernda húsgagnaiðnað áfram?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Hv. þm. dregur fsp. til hæstv. fjmrh. til baka og hæstv. fjmrh. tekur þá til baka að hann hafi beðið um orðið og þannig er svarinu væntanlega fullnægt.

Þetta lofar góðu um framhald fundarins í kvöld.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, stjfrv. 170. mál (þskj. 190). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald. Með þessu frv. er lagt til að vörugjaldið verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1986. Þetta frv. er, svo sem hið fyrra sem rætt hefur verið á þessum fundi, flutt vegna þeirra ákvarðana að fresta tollkerfis- og vörugjaldsbreytingum.

Það er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks tímabundins vörugjalds haldist óbreytt á næsta ári eins og innheimta ýmissa annarra óbeinna skatta, t.a.m. aðflutningsgjalds. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu sérstaks vörugjalds verði tæpar 1900 millj kr. á árinu 1986, en samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1985 var innheimtan áætluð 1580 millj. kr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim vöruflokkum sem vörugjaldið er nú lagt á og verður gjaldið eftir sem áður lagt á í tveimur gjaldflokkum.

Ég tel ekki þörf að fara frekari orðum um efni þessa frv. Það hefur áður verið framlengt um eitt ár í senn. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Geislavarnir, stjfrv. 151. mál (þskj. 257 (sbr. 165)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Frú forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er flutt til þess að gera sjálfstæða starfsemi Geislavarna. Geislavarnir ríkisins hafa raunar verið starfræktar um alllangt skeið. Með lögum um Hollustuvernd ríkisins var þessi starfsemi gerð að deild í þeirri stofnun, en sannleikurinn er sá að starfsemi Geislavarna er um margt annars eðlis og annars konar en önnur starfsemi á vegum Hollustuverndar. T.d. eru rannsóknir þær, sem fram fara, annars konar og því ekki um neina samnýtingu á rannsóknarstofum að ræða að því er varðar þessa starfsemi annars vegar og svo hins vegar t.d. matvælaeftirlit og ýmislegt fleira, bakteríurannsóknir o.fl. sem þarf í sambandi við hollustuvernd að öðru leyti. Það er því ekki nein sérstök hagkvæmni í því að hafa þessa starfsemi undir stjórn Hollustuverndar ríkisins. Hér er í raun og veru ekki um nýja starfsemi að ræða heldur einungis um það að ræða að gera hana sjálfstæða.

Hv. Nd. gerði þá breytingu á frv. frá því sem það var þegar það var fyrst lagt fram að nefndin þar taldi rétt að setja stofnuninni stjórn. Ég hafði haft í huga að það væri minnstur kostnaður að vera ekki að setja stjórn eða auka starfsemina á neinn hátt eða búa til neitt bákn. Það stóð aldrei til. En ég held að það ætti ekki að þurfa að vera um neitt bákn að ræða þótt þrír menn væru í stjórn sem stöku sinnum væru kallaðir saman. A.m.k. er okkur sagt það og það var álit nefndarinnar í Nd. Ég vildi skýra hv. deild frá þessari breytingu sem gerð var frá því er frv. var lagt fram.

Að öðru leyti er ekki um neina sérstaka grundvallarbreytingu í þessu máli að ræða. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um lagagildi fjórða viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. eins og það kemur fram á þskj. 148.

Frv. þetta hefur fengið ítarlega umfjöllun í Nd. og fram hafa komið ítarleg nál um málið. Ég mun því aðeins víkja mjög stuttlega að helstu efnisatriðum.

Í upphafi er rétt að rifja upp helstu markmið þessarar endurskoðunar á aðalsamningi.

Í b-lið 1. tölul. 2. gr. bráðabirgðasamnings frá 23. sept. 1983 samþykktu aðilar að taka upp samningsviðræður um ákvæði aðalsamningsins varðandi ákvörðun á framleiðslugjaldi ÍSALs í því skyni að gera þau skýrari og betur aðlögunarhæf að ríkjandi efnahagsástandi í heiminum og til að stuðla að því að komast megi hjá deilum í framtíðinni er spillt geti góðri sambúð milli aðila.

Meginreglan um stöðu ÍSALs í skattalegu tilliti hefur ávallt verið sú að meta eigi öll viðskipti félagsins eftir þeim mælikvarða er gildi um viðskipti óháðra aðila, þ.e. „arm's length" milli aðila í seilingarfjarlægð. Í samræmi við þetta hefur það verið annað aðalatriði samningsins, sem nú liggur fyrir, að tryggja eðlilega framkvæmd þessarar meginreglu með því að gjaldaliðir allir og tekjuliðir séu sem næst eðlilegu heimsmarkaðsverði á hverjum tíma. Verður vikið nánar að einstökum liðum hér á eftir í þessu sambandi.

Hitt aðalatriðið er að tryggja eðlilega skattabyrði í fyrirtækinu miðað við þá afkomu sem þannig er metin. Í samningnum hefur þetta verið gert með því að halda núverandi veltuskatti óbreyttum, þ.e. lágmarksgjaldi á tonn, en hafa skattlagninguna að öðru leyti samkvæmt tilteknum skattstiga á nettótekjur auk þess sem settar eru nýjar reglur um fyrningu og endurmat eigna.

Tekjuskattsstigi sá, sem samið er um, er á bilinu 35—55% eftir hagnaði á hverju ári. Hér hefði komið til greina að nota eina tekjuskattsprósentu eins og nú er um íslensk fyrirtæki þar sem hún er nú 51%. Hins vegar er tvennt til um ÍSAL er skýrir þetta frávik frá umræddri prósentu:

1. Í gildandi aðalsamningi eru tekjuskattsmörkin 35—55% af hagnaði og því núverandi samningsréttur ÍSALs sem hafa varð til hliðsjónar.

2. ÍSAL hefur ekki yfirfæranlegt tap og því má vænta að í góðæri verði skattstiginn nýttur til fulls.

Skal nú vikið stuttlega að helstu efnisatriðum:

1. Um verðlagningu rafskauta.

Í samningnum er reynt að skilgreina betur en áður armslengdarverð á aðföngum á áli og er það gert fyrir

fram til fimm ára í senn. Þannig verða áhrif ríkisstj. á mat á armslengdarverði aukin.

Hvað upplýsingar um verð á rafskautum varðar skv. málsgr. 27.04, c-lið, er aðeins um að ræða aðferð við að láta tilteknar upplýsingar í té. Ákvæðin um almenna, árlega endurskoðun í málsgr. 29.05 eru óbreytt og takmarkast ekki. Vísað er á bug staðreyndum um að hér sé um eftirgjöf að ræða.

2. Um seilingarviðskipti og greiðslukjör.

Í umræðunni hefur verið vikið að þeirri breytingu sem gerð var í fyrra á orðalagi greinar 2.03, c-lið, í aðstoðarsamningi varðandi útvegun hráefna og því haldið fram að breytingin skerði rétt okkar í skattalegu tilliti. Hér er hins vegar um misskilning að ræða. Ákvæðið í aðstoðarsamningnum var sett til leiðbeiningar við þann samanburð sem gera þyrfti í þessu sambandi en átti ekki að hafa neina úrslitaþýðingu.

3. Um súrálsverð.

Í sambandi við verðlagningu á súráli er rétt að minna á að markaður fyrir súrál er mjög viðkvæmur og birgðahald á súráli er vandkvæðum bundið. Þá er offramleiðsla á súráli. Hægt er að fá einstaka farma fyrir mjög lágt verð, þ.e. jafnvirði um 100 dollara á tonn. Það verð getur þó ekki verið leiðbeinandi um verðlagningu á súráli í samningum til lengri tíma þar eð framleiðslukostnaður er mun hærri en þetta verð, jafnvel í hagkvæmustu verksmiðjum. Hlutfallið 1:8 verður að teljast eðlilegt og viðunandi eins og rakið er í grg. með frv.

4. Fastagjaldið, þ.e. 20 dollarar á tonn.

Deilt hefur verið á það að fastagjaldið er óbreytt. Ekki náðist fram breyting á fastagjaldinu, t.d. með því að tengja það álverði eða verðtryggja það, þrátt fyrir ítrekaðar tillögur af Íslands hálfu.

Næsta heildarendurskoðun á skattakaflanum, þar með talin fjárhæð fastagjalds, fer fram miðað við 1. okt. 1994. Upplýst var í 1. umr. að 20 bandaríkjadollarar árið 1975 jafngiltu 11,45 bandaríkjadollurum reiknað samkvæmt heildarvísitölu í Bandaríkjunum. Taka ber tillit til þess að álverð hefur ekki hækkað í takt við heildarvísitölu í Bandaríkjunum.

5. Um gengismál.

Gengisákvæðin í viðaukanum eru í aðalatriðum þessi: Hallastærðir í rekstrarreikningi eru færðar til tekna eða gjalda mánaðarlega eða á meðalgengi ársins. Er það í samræmi við það sem raunverulega gerist. Fjárhæðir í rekstrarreikningi eru færðar á árslokagengi, enda á efnahagsreikningur að gefa rétta mynd af stöðu fyrirtækisins í árslok. Þetta eru eðlilegar reglur sem rétt þótti að taka inn í samning milli aðila þannig að ekki yrðu um þetta deilur.

6. Um reikningsskil ÍSALs.

Samkvæmt samningnum verða afskriftir á næstu árum reiknaðar af áætluðu matsverði í erlendri mynt miðað við 1. jan. 1985, en það var 89 millj. dollarar á þeim degi. Þessi stofn færist til gjalda á tíu árum miðað við meðalgengi hvers árs. Í raun er því verið að afskrifa eignirnar í erlendri mynt en umbreytt í krónur í reikningsskilum fyrirtækisins og í skattalegu tilliti. Þar sem afskriftir eru reiknaðar með þessum hætti og rekstrarreikningur til skatts í raun í erlendri mynt þarf ekki að taka tillit til þess gengismunar sem fyrirtækið verður fyrir gagnvart íslensku krónunni, hvorki af skuldum eða veltufjármunum. Með þessum hætti er eytt áhrifum innlendrar verðbólgu á reikningsskil fyrirtækisins og niðurstaðan er langtum skýrari mynd af afkomu og efnahag þess.

7. Um árlega endurskoðun reikninga ÍSALs.

Með samningsbreytingu þeirri, sem gerð var á aðalsamningnum 5. nóv. 1984, var lögfest árleg óháð endurskoðun á ársreikningum ÍSALs af hálfu ríkisstjórnarinnar. Endurskoðun var heimil fyrir þann tíma en kröfu varð að gera þar um árlega. Að öðru leyti er ákvæði þetta óbreytt í þessum viðauka. Leggja verður ríka áherslu á þýðingu þessa ákvæðis sem nú er í málsgr. 29.05.

8. Um hækkaðan skattstofn ÍSALs.

Við mat á samningnum verður að leggja ríka áherslu á þá hækkun á skattstofninum sjálfum sem leiðir af hinum endurbættu reikningsskilaaðferðum. Sérfræðingar ráðuneytisins hafa lagt fyrir iðnn. Nd. útreikninga sem sýna að hækkun skatttekna á árinu 1984 hefði numið um 8,7 millj. dala, þ.e. vegna lækkunar á vaxtakostnaði afskrifta samkvæmt hinum nýja samningi. Áætluð hækkun skattstofns vegna ársins 1985 nemur 6,5 millj. dala. Líklega verður þessi munur minni þegar frá líður en sýnir þó ótvírætt ávinninginn af þessum samningi.

9. Skattar fari hækkandi.

Við meðferð málsins í Nd. var því haldið fram að fullyrðing í frv. þess efnis að skattar gætu ekki hækkað væri villandi og slegið var upp í blöðum að þetta væri rangt. Sérfræðingar ráðuneytisins hafa við meðferð málsins í iðnn. deildarinnar rökstutt þessa fullyrðingu. Samkvæmt útreikningum mun nýja skattakerfið skilað betri tekjum ef álverð fer yfir 60 bandaríkjasent á pund. Þá hafa verið lagðar fram spár um álverð sem gera ráð fyrir að álverð muni verða nokkru hærra en þetta, þ.e. á bilinu 60—80 sent á pund, á næstu tíu árum ef undanskilið er eitt ár þegar spáð er kreppu í áliðnaði. Þetta voru bestu fáanlegar upplýsingar og út frá þessum athugunum var gengið þótt spár um hærra álverð lægju *einnig fyrir*.

10. Ekki voru sérstök rök fyrir því að réttmætt væri að krefjast nú aukinna skatta af ÍSAL nema í tengslum við aukinn hagnað. Með samningnum er lagður grundvöllur að bættri afkomu ÍSALs og tryggður aukinn skattur eftir því sem afkoma fyrirtækisins batnar.

Loks er rétt að árétta að hinar endurskoðuðu reglur um framleiðslugjaldið taka aðeins til núverandi álbræðslu. Um stækkun álvers og hugsanlegan samning þar að lútandi verður ekki rætt nánar hér. Þó er alveg ljóst að samkomulag um málefni fyrri tíðar er nauðsynlegur grundvöllur þess að unnt sé að fjalla með ábyrgum hætti um stækkun álversins. Nauðsynlegt er því að hraða afgreiðslu máls þessa, sem felur í sér lokalausn þeirra mála sem á dagskrá hafa verið varðandi núverandi álbræðslu skv. bráðabirgðasamningi frá 23. sept. 1983, þannig að hefja megi viðræður um stækkun álversins á nýju ári með hreint borð.

Rétt er og að minna á að von okkar um aukinn ávinning af álbræðslunni hlýtur að vera tengd stækkun hennar og varðar það jafnt aukna orkusölu, aukna atvinnu, auknar skatttekjur sem og almennan þjóðhagslegan ávinning af starfseminni.

Hæstv. forseti. Ég hef nú farið yfir helstu atriði í frv. því sem hér er mælt fyrir. Ég vil leggja áherslu á að með samningsgerð þessari er lokið alllöngu tímabili deilna

milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse. Tekist hefur að semja um óháða utanaðkomandi mælikvarða á innanfélagsviðskipti Alusuisse við ÍSAL þannig að komast má hjá kostnaðarsömum deilum um það mál.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á áhrif þeirrar aukningar á eigið fé sem fram fer í tengslum við hina nýju samninga. Langtímaskuldir ÍSALs 31. des 1984 námu um 100 millj. bandaríkjadala. Breyting skulda í eigið fé að jafngildi 40 millj. bandaríkjadollara bætir því verulega eiginfjárstöðu fyrirtækisins og hefur í för með sér mikinn vaxtasparnað í rekstri.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að gera það að tillögu minni að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni að hraða þyrfti afgreiðslu þessa máls. Fyrir liggur að það þarf að gera ef á að ljúka afgreiðslu þess áður en þm. fara í jólafrí. Ég sé ekki hvernig því verður við komið. Málið hefur tekið hv. Nd. fjórar vikur. Að ætlast til þess að þessi hv. deild skili því af sér á broti úr viku held ég að sé ansi mikil tilætlun.

Það er vitað að útreikningar, sem hafa verið lagðir fram og voru lagðir fram í Nd., stangast nokkuð á og þar komu fram fjögur minnihlutaálit þannig að greinilegt er að þar var mikill skoðanaágreiningur um málið. Gera má ráð fyrir að slíkt endurtaki sig hér í hv. deild og í hv. iðnn.

Ég mun ekki orðlengja um málið hér við umræðuna. Málið þarf að komast í nefnd og ég veit að þar verður það skoðað. En ég vil lýsa því yfir að ég tel þetta allt of skamman tíma til þess að það fái þá meðhöndlun sem það þyrfti. Þetta er deilumál, þetta er átakamál. Þetta er mál sem þarf að skoða vel og ekki flasa að í neinu.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu frekar, en ítreka að frv. verði kannað mjög vel í nefnd.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta stóra mál.

Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður vék að hér áðan. Það er ansi stuttur tími sem við fáum til þess að fjalla um hvert stórmálið á fætur öðru. En varðandi 27. gr. liðinn 27.02 vil ég fá svör, ef hægt væri, frá hæstv. ráðh. Það snertir breytingu á fyrningarreglum. Hér er verið að færa upp núverandi verð á þessari verksmiðju sem reyndar er búið að afskrifa töluverðan hluta af. Verðið er fært upp í 3 milljarða 608,5 millj. kr. Ég vil fá skýringar og svör við því: Hvað þýðir þetta varðandi skattheimtuna? Í athugasemdum með frv. er að mínum dómi ekki nægilega skýrt frá þessu sagt.(**Iðnrh.:** Hvaða grein var það?) 27. gr., 27.02, þar sem talað er um fyrningar. Það á að afskrifa verksmiðjuna að nýju á tíu árum. Það vitum við frá gildandi fyrningarreglum að eftir því sem við getum afskrifað hærri upphæð er lengra í að við borgum raunverulega skatta af henni. Að að mínum dómi gæti verksmiðjan eftir þessu ákvæði haft meiri gróða í dag áður en hún færi að borga skatta. En þar sem ég er ekki mjög kunnug þessu máli hefði ég viljað fá við þessu svör ef hæstv. ráðh. er kunnugt um hvað þetta þýði miðað við þær reglur sem hafa gilt og hvaða breytingar verði hér á.

Í þessu frv. sé ég einnig að miðað er við 1. janúar 1985, það er sem sagt yfirstandandi ár, og hér er kveðið á um gjald á hvert tonn. Hefur þetta gjald skilað meiru í ríkissjóð á þessu ári en á s.l. ári? Væri hægt að skýra okkur frá því hvað þetta þýði á næsta ári miðað við það sem hefur gilt, án þess að fara út í þessar flóknu reglur hér á víð og dreif og vitna í hliðarsamninga? Það tæki okkur alla vega einn mánuð ef við ættum af einhverju viti að komast til botns í þessu máli.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ef til vill er ekki ástæða til þess að fjalla um þetta frv. í löngu máli. Það er staðreynd að við höfum gerðan samning fyrir framan okkur. Eins og svo oft áður má segja að okkur alþm. sé — hvað á ég að segja — stillt upp við vegg. Það er ekki um annað að ræða í raun en að samþykkja það sem hér stendur eða hafna samningnum eins og hann er. Það kemur fram í frv. að undirritunardagur var 11. nóvember. Ef samningurinn öðlast ekki lagagildi innan þriggja mánaða getur hvor viðsemjenda um sig óskað eftir því að hann falli niður og þar með hefur hann ekkert gildi.

Hér er um að ræða samning varðandi nokkra þætti, þ.e. gert er ráð fyrir nýrri tilhögun á framkvæmd þeirra reglna sem fjalla um mat á hráefniskostnaði álbræðslunnar og verðlagningu afurða með tilliti til skatts. Það er í raun ný skilgreining á heimsmarkaðsverði á áli. Kostnaðarverð ÍSALs á súráli verður metið til skatts eftir vöruskiptahlutfalli milli súráls og áls. Kostnaðarverð ÍSALs á rafskautum verður ákveðið til skatts samkvæmt samningsbundnu verði á milli Alusuisse og ÍSALs á viðkomandi ári með þeim fyrirvara þó að verð sé ekki hærra en verð í viðskiptum Alusuisse, þ.e. sölu á rafskautum, við þriðja aðila á sama árinu.

Enn fremur hefur verið samið um nýjar reglur varðandi fyrningar á fastafjármunum ÍSALs og í tengslum við breytingu á þeim reglum mun eigið fé ÍSALs vera aukið um 40 millj. dollara.

Það kemur fram að lágmarksframleiðslugjaldið mun ekki hækka, hefur ekki hækkað í þessari samningagjörð, verður áfram 20 dollarar á hvert tonn, en eins og kunnugt er og margoft hefur komið fram við umfjöllun þessa máls hefur raungildi þessarar fjárhæðar rýrnað allverulega.

Það er út af fyrir sig hægt að viðurkenna að það sé til bóta hvað varðar þennan samning að hugsanlegum ágreiningsefnum hefur fækkað með tilliti til skattlagningar. Ég vil ekki neita því að breyttar reikningsskilareglur gefi réttari mynd af raunverulegri afkomu félagsins. Ég vil heldur ekki neita því að þegar fram í sækir muni samningurinn hugsanlega gefa okkur meiri arð, meiri skatttekjur. Og hvað varðar skattstigana þá er þar líklega um nokkra einföldun að ræða.

Ég sagði áðan að þessi samningur væri staðreynd. Það verður annaðhvort að samþykkja hann eða synja honum. Ég held að það sé alveg ljóst af þeim samningi, sem hér liggur fyrir, að um hefur verið að ræða, eins og oft áður, erfiðan viðsemjanda. Ég vil ekki gera lítið úr okkar samningamönnum og því starfi sem þeir hafa unnið.

Ég minnist umræðunnar um rafmagnssamninginn á sínum tíma. Því var haldið fram af aðilum að þar hefði verið um eins konar nauðungarsamning að ræða. Ég var þá á öndverðri skoðun við þá aðila sem því héldu fram og er það raunar enn og tel, þegar litið er til baka — ég tala nú ekki um þegar litið er til þess ástands sem er um þessar mundir á orkumarkaðnum, olíuverð fer hríð-

lækkandi og þar með orkuverð í heiminum — að það hafi í raun alls ekki mátt seinna vera að við sömdum um raforkuverðið.

Í því sambandi, án þess að ég ætli að fara að ræða þá samninga sem eru löngu afstaðnir, samningana um rafmagnsverðið, liggur fyrir að meðalorkuverð til áliðnaðar í Evrópu er 12,2 mill meðan lágmarksverð samkvæmt samningunum, og það verð sem raunar gildir nú vegna álbræðslunnar í Straumsvík, er 12,5 mill.

Staðan í áliðnaðinum í dag er þannig að verðið er í mikilli og djúpri lægð. Meðalverðið er núna líklega um 45 sent á pund. Mér er sagt af aðilum sem til eiga að þekkja að þessi krappi öldudalur hafi komið mjög óvænt. Það hafi alls ekki verið spáð fyrir um þessa miklu breytingu.

Ég hef stundum varað við því að við gerðum of lítið úr ýmsum ákvæðum þeirra samninga sem við gerum við erlenda aðila, ekki síst þegar um getur verið að ræða álitamál í þeim samningum. Í þessu efni á ekki síst við um endurskoðunarákvæði samninga. Ég held að það sé nánast skylda okkar, ekki síst til þess að búa okkur undir hugsanleg átök síðari tíma, að túlka ákvæði, ekki síst endurskoðunarákvæði samninga, fremur okkur í hag en viðsemjenda okkar. Ég held fyrir mitt leyti að við búum okkur betri vígstöðu með slíkri túlkun. Eigi að síður verða menn að líta á þessi mál af raunsæi.

En þessi samningur er síður en svo algóður. Ég verð að játa að þegar farið var af stað til þessarar samningagerðar hélt ég satt að segja að menn mundu leggja allt kapp á að semja við aðila um eins konar veltuskatt. Með því móti hefðum við að sjálfsögðu miklu síður þurft að hafa áhyggjur af ýmsum ágreiningsefnum sem þrátt fyrir þennan samning sitja eftir. Ég geri fremur ráð fyrir því að samningamenn hafi leitað eftir því að slíkri skipan yrði komið á í samningagerðinni en ekki tekist.

Varðandi samninginn sjálfan eru það auðvitað mikil vonbrigði að ekki skyldi takast að hækka grunnframleiðslugjaldið. Með tilliti til þeirrar verðrýrnunar sem orðið hefur á umræddu grunnframleiðslugjaldi held ég að forsendur hljóti að hafa verið nægar til þess að endurskoða það með tilliti til þess að hækka gjaldið.

Hæstv. iðnrh. vék að því í sinni ræðu hvaða atriði kæmu til endurskoðunar samkvæmt þessum samningi á fimm ára fresti. Mér fannst það ekki koma nægilega skýrt fram í hans máli hvort ákvæðin um grunngjaldið koma til endurskoðunar á umræddum fimm ára fresti. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort svo sé.

Að öllu samanlögðu tel ég, þrátt fyrir allt, að hér hafi verið um varnarbaráttu að ræða. Við höfum ekki sótt neitt í hendur aðilum. Ég vil taka það skýrt fram að það er mitt mat að við höfum alls ekki stigið skrefið aftur á bak. En hæstv. iðnrh. taldi í sínu máli að nú væri lokið löngu gerningaveðri. Reyndar voru það ekki hans orð. Ég ítreka að við höfum ekki unnið endanlegan sigur, ef ég má svo að orði komast. Þessi mál hljóta framvegis að verða til endurskoðunar. Við hljótum í hvert sinn að reyna að sækja okkar rétt eftir því sem mögulegt er.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, m.a. vegna þess að ég á þess kost að fjalla áfram um málið í iðnn.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Enn á ný er fjallað um álverið í Straumsvík, það fyrirtæki sem kennt hefur verið við stóriðju og fært hefur miklum fjölda landsmanna atvinnu og þjóðarbúinu mikinn hagnað. Það er alveg ljóst að þegar samningur var í fyrstu gerður var sá samningur mjög vandaður og að mörgu leyti til fyrirmyndar. Hitt er annað að í tímanna rás hefur gildismat orku breyst allverulega og þess vegna kallaði samningurinn á nokkra endurskoðun. Það var hins vegar svo að í tíð Hjörleifs Guttormssonar iðnrh. efndi hann til mikillar galdrabrennu, hvar þeir sem eiga fyrirtækið voru útnefndir sem sérstakir svikarar og (**Gripið fram í:** Fúlmenni.) — menn sem vildu sérstaklega ganga á hagsmuni Íslendinga. Þar var í fararbroddi þeirra sem gengu í kringum eldinn, galdrabrennuna, Hjörleifur Guttormsson sem lék seiðkarlinn. Ég hef oft haldið því fram að vera manns frá Alþb. í þessu embætti hafi stórskemmt fyrir okkur Íslendingum á margan hátt, gert okkur erfiðara fyrir og átt þátt í því að mál hafi gengið verr en efni stóðu til.

Sá samningur, sem hér liggur fyrir, er staðreynd. Hins vegar má vissulega deila um ýmis efnisatriði hans. Ég held því fram að skattgreiðslur hafi á margan hátt verið gerðar einfaldari og ágreiningsefnum ætti þess vegna að fækka frá því sem verið hefur. Hitt er annað mál að það er mjög hart að lágmarksgjald skuli ekki vera verðtryggt eins og það ætti að vera. Ég vil líka halda því fram, sem er reyndar niðurstaða starfshóps sem við Alþýðuflokksmenn höfum verið með, að skattgreiðslur hækki ekki heldur lækki. Þessi starfshópur okkar hefur mjög gagnrýnt hversu losaraleg samningsgerðin hefur öll verið og útreikningar séu lítt trausts verðir.

Það er og rétt að minnast á það að þeir framsóknarmenn, sem voru reyndar á móti álverinu í upphafi, og það var mjög líkt þeim að vera á móti helstu framfaramálum, sýna þetta viðhorf sitt í nál. sem einkennist af alveg sérstakri fýlu, hvar þeir vantreysta samningamönnum mjög illilega, þeim sem þeir áttu þátt í að tilnefna. Í nál. þeirra segir:

„Hinum almenna rétti ríkisstj. til endurskoðunar á gögnum ÍSALs er í engu hróflað frá fyrri samningum en ekki hefur tekist að gera orðalag endurskoðunarákvæðisins ótvíræðara.

Við samningsgerð sem þessa verður í ýmsum tilfellum að byggja á framtíðarspám þegar meta skal árangur af samningum. Þess ber að geta að raforkuverðsspá ÍSALs, sem iðnn. var kynnt á s.l. ári, hefur ekki staðist."

Samt segja þessir menn að þeir vilji samþykkja þetta frv. óbreytt.

Þetta eru allt undarlegheit sem skemmtilegt er að virða fyrir sér. Hitt er annað að við sem erum í iðnn. eigum eftir að skoða þetta mál rækilega. Það þarf vissulega skoðunar við og svo verður gert. Ég endurtek að það eru ýmsir kostir við þennan samning — einmitt þeir að ýmislegt er gert einfaldara. En ókostirnir eru þeir að helstu atriðin hafa ekki náðst fram, þau atriðin sem kannske skipta okkur mestu, en það er hækkun skattgreiðslna og það að lágmarksgjald verði verðtryggt.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að lesa upp 27. gr. eða svara fyrirspurn hv. 8. landsk. þm. Ég hef tíma til þess er ég kem aftur

upp að ræða um það frekar. En ég skal svara þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín um reikningsskil ÍSALs — Það er það sem spurt var um er það ekki? — Það svar er á þessa leið:

ÍSAL hefur á liðnum árum orðið fyrir bókfærðu gengistapi þar sem reikningsskil fyrirtækisins eru haldin í íslenskum krónum. Á árinu 1975 var staðfest að fyrirtækið hefði heimild til að meðhöndla gengistap á sama hátt og önnur íslensk fyrirtæki á grundvelli þágildandi skattalaga. Á árinu 1978 voru samþykkt ný skattalög á Íslandi sem skilgreindu afkomu og efnahag betur en áður í skattalögum. Hin nýju skattalög 1978 tóku ekki til ÍSALs og beitti fyrirtækið fram til þessa þeim aðferðum sem samkomulag varð um 1974, aðferðinni sem í raun var beitt gagnvart íslenskum fyrirtækjum með tilkomu nýju skattalaganna.

Nú er lagt til að afskriftir á næstu árum verði reiknaðar af áætluðu matsverði í erlendri mynt, miðað við 1. janúar 1985, en það var 89 millj. bandaríkjadalir. Þessi stofn færist til gjalda á tíu árum við meðalgengi hvers árs. Í raun er því verið að afskrifa eignir í erlendri mynt, umbreytt í krónur í reikningsskilum fyrirtækisins og í skattalegu tilliti. Þar sem afskriftir eru reiknaðar með þessum hætti og rekstrarreikningur til skatts í raun í erlendri mynt þarf ekki að taka tillit til þess gengismunar sem fyrirtækið verður fyrir gagnvart íslensku krónunni, hvorki af skuldum né veltufjármunum. Með þessum hætti er eytt áhrifum innlendrar verðbólgu á reikningsskil fyrirtækisins og niðurstaðan er langtum skýrari mynd af afkomu og efnahag þess.

Í framhaldi af þessu tel ég rétt að endurtaka eftirfarandi um eiginfjárframlag að upphæð 40 millj. sem fyrirtækið greiðir nú í hlutafjárframlögum til þess að minnka það sem nú er frádráttarbært vegna skulda:

Eins og kom fram eru skuldir um 100 millj. kr. sem hvíla á fyrirtækinu, en við 40 millj. dollara eiginfjárframlag minnka þær niður í 60 millj. Það hefur verið fullyrt að ÍSAL kunni að hafa átt að greiða umrætt eiginfjárframlag vegna skuldbindinga í aðalsamningi og því sé eiginfjárframlagið að fjárhæð 40 millj. dollarar enginn sérstakur ávinningur. Þetta er alrangt. Skv. 21. gr. aðalsamnings er það áskilið að innborgað hlutafé ÍSALs, eins og það er ákveðið á hverjum tíma, skuli aldrei vera minna en sem svarar ⅓ hluta af bókfærðu verði fastafjármuna þess.

Hinn 31. desember 1984 var þessi staða sem hér segir: Endurmetið hlutafé var 1 milljarður 770 millj. 400 þús. dollarar (**Forseti:** Það er dálítill óróa í salnum. Reynum að hafa hljóð á meðan hæstv. ráðh. flytur mál sitt.) Það er kannske meining deildarmanna að óróinn komi einmitt frá ræðustólnum. — Og ég held áfram: Endurmetið bókfært verð fastafjármuna var í íslenskum kr. 4 milljarðar 271 millj. og 400 þús.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara nánar yfir þetta svar nema hv. þm. óski þess sérstaklega. (Gripið fram í.) Já, ég er að reyna að tefja ekki tímann um of með því að reyna að hafa svörin eins stutt og ég get.

Hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinsson talaði um að samningagerðin hafi verið erfið. Ég reikna með að það sé rétt. Meiri parturinn af samningagerðinni var um garð genginn þegar ég tók við embætti iðnrh. en þó var dálítið eftir óunnið. Til viðbótar við það sem komið var á blað voru uppi nokkrar kröfur sem Svisslendingar fylgdu nokkuð hart eftir. En ég get upplýst það hér og nú að ekkert af þeim kröfum sem þeir vildu fá inn í þennan samning, sem ég er nú að skýra, var tekið til greina og endaði þó með því að hann var samþykktur af þeirra hálfu. Ég vil því segja að það er ekki bara hægt að tala um að samningagerðin hafi verið erfið fyrir okkur, við skulum líka ætla íslensku samningamönnunum að þeir séu engin lömb að leika við þegar þeir á annað borð taka til hendi.

Sami hv. þm. gerir ekki ráð fyrir miklum hækkunum. En ég tel að sá útreikningur, sem gerður hefur verið, sé nokkuð réttur og þá er reiknað með að tekjur geti aukist sem svarar um a.m.k. 1 millj. dollara á ári.

Hv. þm. spyr líka um grunngjaldið og endurskoðun á því. Endurskoðun á grunngjaldi er samkvæmt þessum samningi hugsuð árið 1994. En ég þarf að athuga það betur. Ég held að samkvæmt 25 ára samningnum verði þetta gjald endurskoðað 1991, þ.e. skv. ákvæði aðalsamnings um 25 ára ákvæðið. Það getur verið að þessi sérstaka endurskoðun sé fyrr á ferðinni en gert var ráð fyrir.

Það var talað um að við höfum ekki unnið neinn endanlegan sigur og að við þurfum að sækja rétt okkar. Það er alveg rétt. Hver er endanlegi sigurinn? Er hann til? Er það endanlegur sigur að við fáum allt það sem við heimtum og hinir ekki neitt? Það er kannske talinn endanlegur sigur. Ég tel það endanlegan sigur að ná samkomulagi ef báðir geta sætt sig við að skrifa undir. Þá tel ég líka að við höfum sótt rétt okkar því að það þarf samkomulag þegar tveir annaðhvort deila eða eru að semja sín á milli um að skapa hvor öðrum eða jafnvel báðum sérstaka hagsmuni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki nú að ræða efnislega um það mál sem hér er til umræðu heldur stend ég upp í tilefni yfirlýsingar sem fram hefur komið hjá hæstv. iðnrh. um að þörf sé á að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfið. Það hefur komið fram hjá þm. þeim sem talað hafa hér í umræðunni að það muni vera erfitt. Ég hygg að allir geti verið samþykkir þeirri skoðun að það sé erfitt og augljóst er hvers vegna það er. Það er vegna þess að það er svo skammur tími til stefnu. Ef við frestum þinginu vegna jólanna, sem við hljótum að verða að gera, í lok vikunnar höfum við eftir um tvo daga fyrir fundi í deildum. Það er stuttur tími. En það sem erfiðara er í þessu efni er að það er alla vega stuttur tími til vinnu í iðnn. í þessu máli vegna þess að hér er um ágreiningsmál að ræða.

Eins og við vitum komu fram í þessu máli fjögur minnihlutaálit frá iðnn. Nd. Iðnn. Nd. athugaði málið gaumgæfilega og fékk m.a. tíu menn, fulltrúa ýmissa aðila og stofnana, til að koma á sinn fund og ræða þar málið. Nú hefur verið sagt hér af þm., sem tekið hafa til máls í þessari umræðu, að málið þurfi ítarlega meðferð í hv. iðnn. Ed. Það getur ekki orðið ef á að afgreiða málið fyrir jól.

Það er venja þegar slíkar óskir koma fram, sem þessar sem hér er um að ræða frá hæstv. iðnrh., að leitast við að verða við þeim óskum ef þess er nokkur kostur. Með því að ég er formaður iðnn. Ed. hef ég viljað láta þetta koma fram. Ég vil enn fremur láta þess getið að það hefur ekki verið sérstaklega rætt við mig sem formann iðnn. um að nauðsynlegt væri að afgreiða málið fyrir jól. Satt að segja átti ég naumast von á því

vegna þess að ef það hefði átt að gera var eðlilegt að báðar nefndirnar, bæði iðnn. Nd. og Ed., ynnu saman í samvinnunefnd svo sem oft er gert og eðlilegt er að gera. En þetta hefur ekki verið gert.

En ég endurtek að þegar svona stendur á, að það kemur fram ósk um að afgreiða mál á knöppum tíma, er venja að leitast við að verða við þeim óskum ef mögulegt er. Ég vil þess vegna segja það hér að ég mun leita eftir því í iðnn. hv. deildar hvort hægt sé að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins innan þessa tíma. Þá á ég ekki við að hægt sé að ná samkomulagi um efni málsins, að hægt sé að ná samkomulagi um það sem ágreiningur var um í Nd. Ég á við það hvort hægt sé að ná samkomulagi um að afgreiða málið frá nefndinni með ágreiningi en innan þessara tímamarka.

Ég skal ekkert segja hvað hægt verður að gera í þessu efni. En ég vil að það komi hér fram að það mun verða leitað eftir þessu.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Nú verð ég að segja að ég er öldungis hlessa eftir þá yfirlýsingu sem hv. 4. þm. Vestf. gaf hér áðan, þ.e. að hæstv. iðnrh. skuli ekki hafa látið svo lítið að hafa samband við flokksbróður sinn, formann nefndarinnar sem fær þetta mál til umræðu, til að óska eftir að gata þess yrði greið í gegnum þessa hv. deild. Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði áðan, að það er mjög naumur tími. Enda þótt sagt hafi verið í fréttum sjónvarpsins í kvöld að við hér á Alþingi ætluðum að afgreiða 20 flókin stjfrv. eins og fiskflök á færibandi þessa daga sem lifa þings til jóla hygg ég að ekki verði með neinum rétti sagt um þessi stjfrv., sem verið er að afgreiða, að það séu nema kannske tvö, þrjú þeirra sem réttmætt er að nefna flókin. Mörg af þessum málum eru einföld framlengingarmál sem hér hafa komið ár eftir ár og ættu ekki að þurfa langan tíma.

Ég verð að segja það alveg eins og er að engin brýn nauðsyn er á að afgreiða þetta mál fyrir jól. Ég sé ekki betur en að það dugi fyllilega að afgreiða það þegar þing kemur saman bak jólum. Ég verð að lýsa eindreginni furðu á þeim vinnubrögðum hæstv. ráðh. að hafa ekki samband við formann þeirrar nefndar sem á að fjalla um málið eins og skýrt var frá hér áðan. Mér sýnist þetta segja sitt af hverju um sambúðina og samkomulagið á stjórnarheimilinu þó að þeir tveir ágætu menn sem hér um ræðir séu sessunautar í þessum virðulega sal. Mér finnst þetta alveg hreint með endemum. Ég sé ekki hvernig hæstv. ráðh. getur ætlast til þess að hv. iðnn. þessarar deildar afgreiði þetta mál á þeim hraða sem augljóslega verður að hafa á með öllum öðrum önnum sem eru hér í þinginu. Það á eftir að afgreiða fjárlög til 3. umr. Það mun taka sinn tíma. 2. umr. um fjárlög var óvenjuleg. Það komu engar brtt. fram frá stjórnarandstöðunni. Það er eins víst að þær geti orðið margar við 3. umr., hún geti orðið löng. Hér verður því meira en nóg að gera. Þess vegna sýnist mér að sé algjör óþarfi að vera að þrýsta málum hér fram núna sem ekki er brýn nauðsyn að afgreiða.

Það hefur verið gott samkomulag hér yfirleitt þegar unnið er undir þrýstingi tímans, eins og gert er jafnan þegar nær dregur jólum og nær dregur þinglokum, og hefur verið gott samkomulag um mál. En ég sé ekki að nauður reki til að afgreiða þetta mál endilega núna. Og enn minni sýnist mér ástæðan til þess þegar í ljós kemur að hæstv. iðnrh. hefur ekkert samband haft við formann iðnn. þessar hv. deildar. Þetta eru satt að segja vinnubrögð sem ég á ákaflega erfitt með að skilja.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það var vissulega athyglisverð ræða sem hv. formaður iðnn. flutti hér áðan og orð í tíma töluð. Ég held að jafnt ráðherrar sem við óbreyttir þm. ættum að hyggja vel að orðum þess manns sem virkilega vill vanda vinnubrögð hér í þinginu og vill virðingu þessarar stofnunar meiri en þá að ráðherrar krefjist þess að nefndarstörf verði að færibandavinnu.

Það hlýtur að taka talsverðan tíma fyrir þá nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, að ná fangs á þeim flóknu atriðum sem það felur í sér og þeim miklu deiluatriðum sem þar eru á ferð og sem glögglega birtust okkur í sjónvarpsþætti nýlega um þetta mál þar sem staðhæfingar, rök og mótrök stönguðust gjörsamlega á.

Ég verð að harma að það skuli hafa verið sagt í fréttatíma sjónvarpsins í kvöld að við værum að afgreiða fjölda flókinna mála frá ríkisstj. á færibandi. Það erum við ekki að gera. Þau mál, sem hér eru til meðferðar og hafa reyndar komið allt of seint fram frá hæstv. ríkisstj. af því að þau eru svo einföld, flest hrein framlengingarfrv., gamlir kunningjar okkar hér ár eftir ár, eru langflest þess eðlis að ekkert er eðlilegra en að við afgreiðum þau hratt og vel, þ.e. með samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að þessi mál megi ganga hratt og eðlilega fyrir sig með þeirri eðlilegu athugun sem þau hljóta þó að fá í nefnd hverju sinni.

Hér var á ferðinni fyrr í kvöld frv. um Geislavarnir ríkisins sem ég sá reyndar enga ástæðu til að yrði hraðað í gegnum þing fyrir jól. Þetta mál hér er þess eðlis að það má fullt eins vel afgreiða það á fyrstu dögum eftir að þing kemur saman aftur eftir áramót. Ég reiknaði með því að það yrði í janúar, að hæstv. ríkisstj. tæki sér ekki frí alveg fram yfir 11. febrúar þegar fer að verða heldur krítískt að málið nái fram að ganga.

Einhvern tíma hefur nú verið hvíslað öðru eins í þessari hv. deild, eins og hv. 5. landsk. þm. var að ræða við mig hér áðan, eins og því að hæstv. iðnrh., sem situr við hliðina á hv. formanni iðnn. þessarar deildar, hefði hvíslað því að honum fyrir nokkrum dögum að þetta mál væri óskamál hans sem hann vildi endilega ná hér í gegn. Einhvern tíma hefði öðru eins verið hvíslað í þessari hv. deild. (**Iðnrh.:** Það eru ekki eðlileg vinnubrögð.) Það telur hæstv. iðnrh. ekki eðlileg vinnubrögð enda allra manna minnst fyrir slíkt. En ekki hefðum við heldur haft á móti því að hann hefði sagt það upphátt við hv. forseta Sþ. sem á að hafa yfirstjórn yfir öllum þingstörfum. En það hefur heldur ekki verið gert. Hvorki í hvíslingum né upphátt hefur hæstv. iðnrh. látið sér til hugar koma að koma þessu máli á framfæri við þann aðila sem ber hitann og þungann af því nefndarstarfi sem þarf að vinna núna á örfáum dögum.

Ef stjórnarliðið væri nú í einlægni sagt alveg sannfært og einróma í þessu máli væri þetta kannske sök sér. En nú er það ekki einu sinni þrátt fyrir það að framsóknarmenn í Nd. hafi drattast til þess, eins og maður getur sagt, að greiða þessu frv. atkvæði eins og greinilega sést á nál. þeirra og hv. 6. landsk. þm. vakti glögga athygli á. Ég er ekkert viss um að þeir ágætu framsóknarmenn, sem eru í þessari hv. deild og eru sjálfstæðir vel, drattist

til þess arna eins og þeir flokksbræður þeirra gerðu í Nd. sem urðu að skila séráliti og gátu ómögulega fengið sig til að skrifa upp á nál. með sjálfstæðismönnum í Nd. með þeim rökum sem þar voru flutt. Þeir þurftu önnur rök og aðrar afsakanir fyrir því að þeir væru samt sem áður með þessu vegna þess að þetta væri þó kannske *eitthvert hænufet í áttina að betri úrlausn en áður hefði* verið.

Ég harma það ef sjálfsafgreiðsla á að ríkja hér þótt ég dæmi ekkert um það hversu iðnn. getur unnið hratt. Ég veit að það eru færir og ágætir aðilar í iðnn. og forusta hv. þm. Þorvalds Garðars þar og vinnulag allt er hafið yfir efa. Ég efast því ekki um að þetta gæti tekist en með fullu samkomulagi þá alla vega. Ég dreg í efa fyrir hönd míns flokks að við séum nokkuð til samkomulags um að afgreiða þetta mál með slíku hraði og segi hæstv. iðnrh. það hiklaust.

Af því að nú nálgast klukkan hálfellefu er ég hér t.d. með ítarlegt nál. sem velkomið er að ég fari ítarlega yfir fyrir hæstv. iðnrh. — og tvisvar til frekari áherslu, segir hv. 5. landsk. þm. Það er líka velkomið því að nóg er nóttin og ekkert annað *brýnna viðfangsefni hér í* deildinni en að fara rækilega yfir það. Ég treysti mér alveg til þess að fara yfir það a.m.k. þangað til 17. des. rennur upp, svo að ég lofi nú ekki neinu frekar. (**Iðnrh.**: Er þá ekki best að gera það?) Það er best að gera það, segir hæstv. iðnrh. sem ókyrrist nú mjög vegna þess að honum er nú orðið ljóst að hann ætlar að fara fram hér með þeim hætti að hv. þm. Þorvaldur Garðar, forseti Sþ., hefur séð sig knúinn til að vara alveg sérstaklega við vinnubrögðum af því tagi sem hæstv. iðnrh. er hér að leggja til.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er kannske rétt að gefnu tilefni að upplýsa að þeirra upplýsinga, sem hafa komið fram hjá fréttamanni sjónvarps um fyrirhuguð störf í þessari hv. deild, hefur ekki verið leitað hjá forseta deildarinnar, hvorki nú né fyrr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil fyrst upplýsa það, sem á að vera a.m.k. þm. stjórnarflokkanna ljóst, að það er þýðingarmikið að lögin öðlist gildi fyrir áramót til þess að hinar nýju reglur taki gildi um áramót þannig að þær gildi fyrir allt árið 1986 en ekki hluta úr árinu.

Þá vil ég upplýsa hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa tekið til máls, um að ég hef ekki lagt það í vana minn að hvísla mikið að nefndarformönnum hér í þinginu, hvorki sem fjmrh. né iðnrh. Ég get upplýst að þessi mál eru fullrædd, bæði í ríkisstj. og innan beggja stjórnarflokkanna, í viðurvist nefndarmanna allra sem koma frá hverjum flokki fyrir sig. Það liggur fyrir bréf frá mér til ríkisstj. og afrit til formanna þingflokkanna um þau mál sem þurfa að ná í gegn fyrir jólafrí — ekki til stjórnarandstæðinga, ég er að tala um stjórnarflokkana. Það á því ekki að vera neinn misskilningur á milli mín og hv. formanns iðnn. þessarar virðulegu deildar því að bæði hefur þetta mál verið rætt þegar það er samþykkt að ýta því í gegn og eins er því fylgt eftir bréflega af mér til flokksins. Mér þykir því leitt að þurfa að kippa þessum möguleika frá ykkur, kæru vinir, til að skapa ágreining á milli mín og formanns iðnn. um þetta mál. En þessi vinnubrögð eru kannske ekki skiljanleg fyrir hvern sem er.

Ekki vil ég síður en hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson að hér séu viðhöfð vönduð vinnubrögð. Sá sem þetta mælti gaf í skyn með áherslum að ég væri kannske einn af þeim sem vildu ekki vönduð vinnubrögð og ég ætti að taka mér hann til fyrirmyndar. Ég veit ekki um neinn þm., hvorki í þessari deild né í Nd., sem ekki vill *og einhvern tíma á sínum ferli hefur ekki talað* um að hann vilji vönduð vinnubrögð. Allir viljum við það. Hér er því ekki um neina færibandastarfsemi að ræða. Þetta er rætt í þingflokkunum og þetta er rætt í heyranda hljóði fyrir alla nefndarmenn meirihlutaflokkanna í báðum nefndum þannig að það fer ekki á milli mála og því er líka fylgt eftir skriflega af mér til þingflokksins.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Ég óska eftir því, ef hægt er að koma því við, að hv. iðnn. klári þetta mál fyrir jólafrí, m.a. af þeim ástæðum sem ég gat um í upphafi máls míns og eins af þeim ástæðum, eins og þm. hafa lesið í blöðum og heyrt um og ég veit ekkert meira en það, að hugsanlegt er að þegar að þessi samningur hefur verið staðfestur komi hingað til lands aðilar, Kínverjar, sem hafa sýnt áhuga á samstarfi við Alusuisse *að einhverju leyti. Að hve miklu leyti og á* hvaða skilmálum veit ég ekki. En samningaumræður og viðtöl fara ekki fram fyrr en þessi samningur hefur verið staðfestur. Það er því ekki að ástæðulausu sem ég hef lagt svo mikla áherslu á að koma frv. í gegn fyrir jólafrí.

Því til viðbótar hefur verið þó nokkurt samstarf á milli mín og Alþýðubandalagsmanna. Ég hef fengið upplýsingar og þeir hafa beðið um upplýsingar. Endalok þess samstarfs var að sjálfsögðu það að málinu var vísað frá Nd. og hingað eftir að viðræðuaðili minn hafði skilað nál. í nafni flokksins upp á 34 bls. Það voru fjögur nál. í Nd. Ég er alveg sannfærður um að svo vönduð vinnubrögð hljóta þeir að viðhafa í sínum flokkum sem gagnrýna og tala um vinnubrögð Alþingis að það er útilokað að nefnd í annarri deildinni leggi ekki fram niðurstöður athugana sinna og ræði við *sína flokksmenn* áður en þeir taka afstöðu. Annars væri hætta á tvenns konar afstöðu, annars vegar í Nd. og hins vegar í Ed. Þess vegna hlýtur að vera auðveldara að komast að niðurstöðu í þessari hv. deild úr því að málið hefur fengið þessa vönduðu meðferð í Nd.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. hefur jafnan þann hæfileika að koma mönnum á óvart. Þessi ræða hans kom mér töluvert á óvart. Það skiptir okkur í stjórnarandstöðunni engu hvað hann hefur skrifað stjórnarflokkunum. Stjórnarandstaðan hefur enn ekkert fengið að vita um þau mál sem ríkisstj. leggur sérstaka áherslu á að verði afgreidd fyrir jólaleyfi. Mér er það eitt hvað hann skrifar þingflokkum *ríkisstjórnarinnar.*

Ég verð líka að lýsa furðu á því sem hæstv. ráðh. segir hér og vitnar í langt og ítarlegt nál. sem fram kom frá einum minni hl. í iðnn. hv. Nd. Það gerir ekki það að verkum að iðnn. og Ed. geti bara sett stimpil á málið og sagt: Þetta hefur verið athugað í Nd. og þar með látum við þar við sitja. — Jafnþingvanur maður og hæstv. iðnrh. er á ekki að láta sér slík ummæli um munn fara í ræðustóli og segja síðan að það sé hætta á annarri afstöðu í Ed. Ed. tekur sína afstöðu til hvers máls, burtséð frá því sem gerist í Nd. Það hefur gerst ærið oft að menn hafa haft aðra afstöðu hér en í hv. Nd. Við því er ekkert að segja.

Mér sýnist einsýnt að ef viðhafa á eðlileg vinnubrögð í þessu máli og þetta mál á að fá eðlilega athugun sé best að leggja það til hliðar þessa daga og einbeita sér að þeim málum sem við vitum að verður að afgreiða fyrir jól. Mér sýnast það vera miklu skynsamlegri vinnubrögð, sérstaklega þegar þess er gætt að hæstv. iðnrh. lét ekki svo lítið að hafa samband við formann nefndarinnar. Mér er alveg sama hvað hann segir hér um það. Auðvitað hefðu það verið eðlileg vinnubrögð ráðherra að fylgja sínu máli eftir með samtali við formann þeirrar nefndar sem um á að fjalla.

Sem stjórnarandstæðingur var ég fyrir fáeinum árum formaður í a.m.k. einni eða tveimur nefndum hér. Auðvitað komu ráðherrar og spurðu um sín mál og ýttu á eftir þeim og óskuðu eftir framgangi þeirra. Við því var reynt að verða eftir því sem hægt var. Ég veit að það geta ýmsir ráðherrar hér vottað það. Þetta eru þau vinnubrögð sem ráðherra á að viðhafa. Ráðherra finnst kannske að hann sé að brjóta odd af oflæti sínu ef hann biður nefndarformenn, forseta Sþ. í þessu tilviki, að veita málum sérstaka fyrirgreiðslu. Mér kemur þetta allt afar einkennilega fyrir sjónir. Og ég held að við í stjórnarandstöðunni hljótum að líta svo á að þessu máli liggi ekki sérstaklega á núna, það liggi meira á öðrum málum sem sé brýnna að ræða á þessum kvöldfundi og koma til nefndar áður en fundi lýkur. Ég held að það séu ýmis mál sem brýnna sé að fái hér forgang en þetta. Ég held að þetta mál geti beðið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna síðustu orða hv. 5. landsk. þm. vill forseti gjarnan taka undir það og minna á að við eigum eftir að taka fyrir tvö mál sem þarf að koma til nefndar í kvöld. Það eru 1. og 6. dagskrármálið. Ég vil leyfa mér að skírskota til ágæts samstarfs við stjórnarandstöðuna um að koma málum áfram. Það hefur gengið alveg sérstaklega vel og verið góður skilningur á vinnubrögðum í þessari hv. deild. Ég efast ekki um að svo verði áfram í kvöld eins og endranær. Þó að nú hafi verið tekið smáhliðarspor í umræðunum vænti ég þess að við getum farið að stytta þær að þessu leyti.

Helgi Seljan: Virðulegur forseti. Það er rétt að hæstv. iðnrh. hefur stigið hér hliðarspor í kvöld með því að óska eftir því að hraðafgreiðsla yrði á þessu máli í hv. iðnn. Ed. Það er alveg rétt hjá hæstv. forseta og tek ég undir það.

En það voru heldur kaldar kveðjurnar sem hv. 4. þm. Vestf., hæstv. forseti Sþ., fékk frá hæstv. iðnrh. áðan þegar hann sagði að hv. þm. hefði átt að fylgjast með því þegar hann hefði verið að kynna þetta mál í þingflokki og hv. þm. hefði átt að fylgjast með því þegar hann hefði skrifað bréf í þingflokkinn. Þar af leiðandi kæmi það sér alveg á óvart að hann væri óviðbúinn því að taka til núna á nokkrum dögum, þrem, fjórum dögum, til ítarlegrar meðferðar lagafrv. af þessu tagi. Hæstv. iðnrh. var alveg undrandi.

Hæstv. iðnrh. sagði að nauðsynlegt væri að þessi samningur tæki gildi um áramótin. Ég er alls ekki viss um að það sé nauðsynlegt. Ég er nefnilega alls ekki viss um að þessi samningur sé þess eðlis að sá gróði sé af honum að það borgi sig að hann taki yfirleitt gildi. (Gripið fram í.) Ég er alls ekki viss um það. (Gripið fram í.) Hins vegar var dálítið broslegt að heyra hæstv. iðnrh. tala um að þetta yrði að gerast núna um áramót vegna þess að þá væru Kínverjar væntanlegir. Ég ætla að vona að hann ætli ekki að sprengja þá Kínverja um áramótin, það sé þess vegna sem hann er að spekúlera í þessu. (Gripið fram í.) Já, ég heyri það og sé að hæstv. iðnrh. líður illa og honum má vissulega líða illa út af þessum vinnubrögðum. Og það er full ástæða til þess að við mótmælum því þegar hæstv. iðnrh. kemur hér og segir: Menn eiga að vita þetta. Ég er búinn að kynna þetta. Ég er búinn að skrifa bréf og svo skuluð þið bara hlýða og afgreiða þetta fljótt og vel og helst ekki skoða neitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Gjaldþrotalög, stjfrv. 190. mál (þskj. 232). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Það frv. á þskj. 232, sem hér er til umræðu, fjallar um breytingu á gjaldþrotalögum frá árinu 1978. Frv. felur í sér breytingu á nokkrum atriðum laganna og miðar að því að ráða bót á atriðum þar sem lögin taka nú ekki nægilegt tillit til aðstæðna við meðferð umfangsmikilla mála. Frv. er flutt samkvæmt ábendingu þeirra dómara í Reykjavík sem mesta reynslu hafa í meðferð þrotabúa.

Ákvæði frv. varða heimild fyrir skiptaráðanda til að lengja kröfulýsingarfrest á einstökum málum úr tveimur mánuðum, svo sem almennt er, í allt að sex mánuði í undantekningartilfellum. Er þetta gert einkum með tilliti til erlendra kröfuhafa.

Þá felst í frv. rýmri heimild fyrir skiptaráðanda til að taka skýrslur og afla gagna sem nauðsynlegt er að fá til að kanna eignir þrotabús og til að meta hvort ástæða er til að höfða riftunarmál. Samkvæmt gildandi lögum hefur þurft að koma til atbeini rannsóknarlögreglu þótt ekki hafi verið um að ræða verulegan grun um refsivert hátterni. Þykir rétt að skiptaráðanda verði veitt rýmri heimild að þessu leyti.

Loks er í frv. gert ráð fyrir því að við dómaraembætti þar sem starfandi eru fleiri en einn dómari megi fela tveimur eða fleiri dómurum að fara sameiginlega með skipti þrotabús samkvæmt ákvörðun forstöðumanns.

Ég vil geta þess sérstaklega hér vegna hins umfangsmikla gjaldþrotamáls Hafskips hf. að ég mun sem dómsmrh. beita mér fyrir því að embætti borgarfógeta verði gert kleift að vinna að þessu máli af sem mestum krafti. Viðræður hafa farið fram milli borgarfógetaembættisins og ráðuneytisins um ýmsar ráðstafanir til þess að auðvelda og flýta fyrir rannsókn þessa máls. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða sem krefst bættrar aðstöðu borgarfógetaembættisins vegna umfangs málsins. Ráða þarf viðbótarmannafla tímabundið, einnig þarf aukið húsrými, og hefur þegar verið hafinn undirbúningur að því, og athugaðir hafa verið möguleikar á að tölvutaka ýmsar upplýsingar til að auðvelda rannsókn og meðferð þessa máls.

Hæstv. forseti. Frv. þessu er ætlað að ráða bót á atriðum er varða meðferð þrotabúa. Það er ekki mikið að vöxtum og vænti ég þess að það fái góðar undirtektir hér í hv. deild og vænti þess að unnt sé að afgreiða það

fyrir jólaleyfi. En vegna umræðna sem hér hafa farið fram vil ég benda á að það eru augljósar ástæður fyrir því hvers vegna það er svo seint fram komið.

Ég legg til að frv. verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, stjfrv. 145. mál (þskj. 264 (sbr. 159)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða 1986—1987. Það mætti að sjálfsögðu hafa mjög langt mál um þetta frv., en með tilliti til þess að ekki er mjög mikill tími fyrir deildina skal ég reyna að fara aðeins í helstu aðalatriði þessa máls, en koma þá fremur að öðrum atriðum í umræðu síðar ef ástæða þykir til.

Fyrsta spurningin sem vaknar í þessu máli er hvort það þurfi að stjórna fiskveiðum almennt. Um það eru ekki mjög skiptar skoðanir og hygg ég að flestir geti á það fallist að nauðsynlegt sé að ákveðin stjórnun sé á fiskveiðunum. Ég er þess fullviss að um það er enginn ágreiningur í þessari hv. deild.

Í öðru lagi má spyrja hvaða kostum það stjórnkerfi, sem menn taka upp, þurfi að vera búið. Þar hafa menn sett sér ýmis markmið, en almennt má segja að það sem þar skiptir mestu máli sé að aflinn verði innan ákveðinna marka og það sé reynt að skipta honum eins réttlátlega og menn frekast geta, eftir bestu samvisku, milli skipa og byggðarlaga. Menn vilja stefna að tryggara atvinnuástandi, menn vilja hafa hvata til bættrar meðferðar og aukinnar verðmætasköpunar, menn vilja hafa hvata til lækkunar tilkostnaðar og síðast en ekki síst er mikilvægt að það sé eins lítil skerðing á athafnafrelsi manna og frekast er kostur.

Það er einkum rætt um tvenns konar stjórnkerfi í þessu sambandi. Annars vegar stjórnkerfi sem byggir á því að það sé tekið mið af hverju einstöku fiskiskipi í landinu. Þannig er núverandi stjórnkerfi byggt upp. Það er í fyrsta lagi aflamark á hvert einstakt skip og í öðru lagi sóknarmark á hvert einstakt skip. Það byggist á því að hvert skip hafi ákveðna daga sem það má vera við fiskveiðar, en hámarksafla í þorski. Hins vegar eru aðrir sem telja að ekki sé nauðsynlegt að hafa viðmiðun við hvert einstakt fiskiskip heldur skuli vera almennar takmarkanir í fiskveiðunum þar sem skipin skuli stunda fulla samkeppni um veiðarnar, en síðan skuli veiðar stöðvaðar þegar ákveðnu aflamagni er náð.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að viðmiðun við hvert einstakt fiskiskip hefur marga og ótvíræða kosti. Vissulega hefur þetta stjórnunarform ýmsa galla, en ég tel að kostirnir séu yfirgnæfandi og gallar þess að hafa eingöngu almennar takmarkanir og stöðva við tiltekinn hámarksafla séu meiri en þess kerfis sem byggir á skipabundinni viðmiðun.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um það hér í upphafi, en vildi nota tímann til að fjalla um helstu atriði þess frv. sem er til umræðu án þess þó að fara í einstakar greinar nema þá með tilliti til helstu atriða.

Í fyrsta lagi er eitt meginatriði frv. gildistími. Það er gert ráð fyrir því að gildistími laganna, ef samþykkt verða, verði tvö ár. Hér er um að ræða málamiðlun m.a. í ljósi ályktana hagsmunasamtaka og annarra aðila. Hér er um það að ræða að gildistíminn ætti að vera nægilega langur til að ná öllum meginmarkmiðunum. Hins vegar dreg ég enga dul á að ég teldi betra að lög um stjórnun fiskveiða væru til eitthvað lengri tíma. Með því að gildistíminn er tvö ár er þó dregið verulega úr þeirri óvissu sem verið hefur. Það er t.d. mjög slæmt að nú skuli ekki liggja fyrir lög um stjórnun fiskveiða á næsta ári. Það á eftir að vinna þar margvíslega undirbúningsvinnu, ganga frá reglugerð og gefa skipum kost á vali um sóknarmark eða aflamark. Það að nú skuli vera svo nær dregið áramótum skapar verulega erfiðleika varðandi framkvæmd málsins. Ég tel að ef ganga þarf frá löggjöf á hverju einasta ári um mál sem þetta sé hætt við því að afgreiðsla þess dragist nokkuð fram eftir hausti, jafnvel þótt það komi fram strax í upphafi þings. Lengri gildistími skapar einnig möguleika til meiri sveigjanleika í framkvæmd málsins.

Í öðru lagi er eitt af meginatriðum þessa frv. að sveigjanleiki almennt er aukinn. Það er t.d. ljóst að með þeim sveigjanleika sem gildir í dag hefur afli farið nokkuð fram úr því magni sem úthlutað var upphaflega. Það var úthlutað 1. jan. 1985 250 þús. lestum. Síðan fóru fram nokkrar leiðréttingar upp á 5 þús. lestir. Hálfur línuafli í janúar og febrúar er um 6 þús. lestir. Síðan var bætt við 13. maí 5% eða 12 500 lestum.

Þá kem ég að þeim atriðum í lögunum sem hafa skapað sveigjanleika. Í fyrsta lagi er heimilt að breyta 10% af þorskígildum yfir í þorskaflamark. Það eru u.þ.b. 15 þús. lestir. Veiðar smábáta umfram kvóta eru um 14 500 lestir og viðbót vegna vals á sóknarmarki er um 14 þús. lestir. Þannig er talið líklegt að aflinn verði í ár u.þ.b. 316—317 þús. lestir.

Því er oft haldið fram að þetta sýni að hér hafi mistekist. Það er alls ekki rétt að mínu mati. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að sá sveigjanleiki, sem gert var ráð fyrir að hugsanlegur væri í lögunum eins og þau giltu fyrir árið 1985, hefur komið fram. En með því að góður þorskafli hefur verið, sem betur fer, hafa menn getað notfært sér þá kosti.

Það er gert ráð fyrir að auka þennan sveigjanleika nokkuð, m.a. með því að gera sóknarmarkið aðgengilegra og heimila millifærslu milli ára, geyma 10% og 5% af kvóta næsta árs. Samt er haldið 10% millifærslu milli tegunda.

Þriðja meginatriðið í þessu frv. er það að hér eru meginatriði máls sett fram í frumvarpsformi í þeim tilgangi að festa þau í löggjöf. Það er í anda lýðræðis og í anda þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram við meðferð málsins. Það kom fram mjög ákveðin gagnrýni af hálfu þm. um að nauðsynlegt væri að festa þessi atriði í meira mæli í löggjöf. Ég tel að þar hafi verið um réttmæta gagnrýni að ræða og því sé eðlilegt í ljósi reynslunnar að festa þessi meginatriði í löggjöf, ekki síst með tilliti til þess að hér er um mikilvægt mál að ræða sem varðar hagsmuni flestra landsmanna.

Fjórða meginatriði þessa frv. er að haldið er þeirri meginreglu að það sé val milli aflamarks og sóknarmarks. Það er þess valdandi að ekki er hægt að halda

því fram að hér sé um að ræða ofstjórn, eins og menn segja gjarnan, og menn eigi sér ekkert val. Það er langt í frá. Hvert einstakt skip getur valið um hvort það fellst á að notfæra sér það aflamark sem það á kost á eða sóknarmark, annars vegar með hámarki í þorski samkvæmt meðaltali eða með 20% álagi ofan á eigin aflareynslu. Þá verður skipið, t.d. togari, að sætta sig við það að fá heimild til fiskveiða 270 daga á ári. Með þessum hætti getur hvert og eitt skip valið sér annan kost, ef það telur sér það hagstætt, og einnig með því að velja sóknarmark unnið sér nýja reynslu sem það getur síðan notfært sér við val á aflamarki síðar. Ég tel þetta atriði vera mjög mikilvægt og nauðsynlegt, m.a. til þess að skerða athafnafrelsi aðila sem allra minnst.

Í fimmta lagi er sú stefnumörkun í þessu frv. skv. 3. gr. að fiskiskipastóll landsmanna stækki ekki miðað við núverandi aðstæður. Hins vegar var í Nd. tekin inn heimild í II. ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara er heimilt að veita skipum, sem smíði var hafin á hér á landi fyrir árslok 1983, veiðileyfi sem miðast einkum við veiðar á vannýttum stofnum."

Hér er sérstaklega átt við svokölluð raðsmíðaskip sem liggja verkefnalaus og eru nánast fullbúin. Það eru fjögur skip sem enn hafa ekki haldið til veiða og er það mikið álag á Ríkisábyrgðasjóði. Þessi skip munu kosta langleiðina í 600 millj. kr. eða einhvers staðar á milli 500 og 600 millj. kr. þannig að það hljóta allir að sjá að hér er um mikið vandamál að ræða ef þau þurfa að liggja mikið lengur. Það er alveg ljóst að engin þörf er á þessum skipum við botnfiskveiðarnar, en með því að heimila þeim fyrst og fremst rækjuveiðar er þess vænst að hægt verði að selja þau, fá einhvern arð af þeim, þannig að hér verði ekki um frekari byrðar fyrir opinbera sjóði að ræða.

Ég skal ekki fjalla frekar um þetta mál, enda tilheyrir það fortíðinni og er lítið annað að gera en að reyna að gera hið besta úr því. Þessi breyting miðar við það.

Eitt meginatriði til viðbótar, sem mikið hefur verið rætt um, eru ákvæðin um svokallaða smábáta. Þau hafa valdið miklum deilum. Framkvæmd þess máls hefur einkum miðað að því að viðhalda eðlilegu jafnræði milli þeirra báta og þeirra stærri. Hvort þar hefur til tekist eins og vel má vera skal ég ekki leggja dóm á, en staðreyndin er sú að þessir bátar hafa farið mjög verulega fram úr þeim afla sem þeim var ætlaður. Hins vegar er gerð breyting á heimildum varðandi þessa smábáta í anda þess sem samþykkt var á fiskiþingi og vænti ég þess að það sé bærilega ásættanlegt. Ég fullyrði að þessi tegund skipa býr, ef eitthvað er, við betri kost en önnur skip lítið eitt stærri. Auðvitað er alltaf sú að hætta að þarna verði óeðlilegur mismunur á milli og það má alls ekki verða. Ég skal ekki gera þessa smábátareglu að frekara umræðuefni hér, en vænti þess að hún sé bærilega ásættanleg.

Í síðasta lagi er eitt af meginatriðum frv. það að framsalsheimildir eru að mestu óbreyttar. Þó er gert ráð fyrir því að heimilt sé að takmarka framsalsheimildir þeirra skipa er stunda sérveiðar og er þar fyrst og fremst átt við loðnuskip og rækjuskip. Það er eðlilegt að til frekari skerðingar komi á afla loðnuskipuna vegna þess mikla afla sem þau hafa nú til umráða. Einnig er eðlilegt varðandi þau skip, sem stunda fyrst og fremst rækjuveiðar og fóru að stunda þær í ljósi þeirra reglna sem voru settar á sínum tíma, að tekið sé nokkurt tillit til þess við takmörkun á þeirra framsalsheimildum. En það er atriði sem þarf að fjalla nánar um í reglugerð.

Undirbúningur þessa frv. hefur tekið langan tíma og byggist fyrst og fremst á reynslu síðustu tveggja ára. Ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að sú reynsla sé á margan hátt mjög góð. Vissulega hafa komið upp ýmis vandamál en almennt má segja að þessi reynsla bendi til þess að rétt sé að halda áfram á svipaðri braut og byggja á þeim grunni sem þar hefur verið mótaður. Að sjálfsögðu þarf að taka mið af reynslunni og breyta löggjöf með tilliti til hennar og hefur verið við það miðað við undirbúning málsins.

Frv. þetta hefur mótast mjög fyrir opnum tjöldum. Fyrstu drög voru að sjálfsögðu samin í sjútvrn. Um frv. var fjallað í svokallaðri ráðgjafarnefnd. Það hefur verið til umræðu hjá hagsmunaaðilunum og hefur verið unnið fyrir opnum tjöldum. Það hefur verið gagnrýnt af sumum og má vissulega um það deila. Hins vegar er hér um mál að ræða sem snertir það marga að ég hef talið eðlilegt að reyna að hafa þennan undirbúning sem mest fyrir opnum tjöldum þannig að menn gætu komið fram sínum skoðunum og hugmyndum í þessu máli. Frv. hefur því verið alllengi í undirbúningi eins og hér er kunnugt.

Ég vil einnig geta þess að tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla komu óvenju snemma, enda var mikil áhersla lögð á það af ráðuneytinu að þær kæmu sem fyrst. Þær komu 27. september og greiddu mjög fyrir öllum undirbúningi málsins.

Virðulegi forseti. Ég sagði hér í upphafi að ég ætlaði að vera stuttorður um þetta mál. En ég vildi aðeins að lokum geta þess sem ég tel hafa áunnist í þessu máli. Ég tel að það hafi áunnist að komið hafi fram verulegur sparnaður í útgerðinni. Skiptir sá sparnaður jafnvel nokkur hundruð milljónum. Gæði aflans hafa batnað sem skiptir verulegum upphæðum og í síðasta lagi hefur verðmætaaukning að því er varðar rækjuna verið mjög veruleg. Ég tel að þessa verðmætaaukningu megi í verulegum mæli rekja til breyttrar stjórnunar.

Í síðasta lagi hefur það einnig áunnist að stækkun flotans hefur verið stöðvuð. Það er eitt af meginatriðum stjórnunar að halda stærð fiskiskipaflotans í skefjum því að mjög mikilvægt er að hægt sé að beita flotanum á sem hagkvæmastan hátt. En vegna þess hve skipin eru mörg hefur þurft að grípa til meiri takmarkana en annars hefði orðið.

Þessi árangur og þessi atriði skipta miklu máli fyrir sjávarúrveginn og fyrir þjóðarbúið í heild. Það er vissulega rétt að sjávarútvegurinn býr við mikla erfiðleika en ef ekki hefði verið gripið til þeirra ráða varðandi stjórnun veiða, sem gripið var til á sínum tíma, væru erfiðleikar þessir enn þá meiri og þá væru kjör landsmanna verri sem því nemur. Allir geta orðið ásáttir um að ekki séu kjör Íslendinga of góð í dag og þess vegna þurfi að leita allra raunhæfra ráða til að bæta úr því.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að ég hafi gert helstu atriðum þessa máls skil, en ég mun að sjálfsögðu bæta hér við eftir því sem ástæða er til og hv. þm. óska eftir að ég gefi nánari skýringar. Ég vil að lokum leggja til að máli þessu verði vísað að lokinni umræðunni til 2. umr. og hv. sjútvn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Enn er 16. desember, en það er ekki nema klukkutími til næsta dags. Hér er verið að leggja fram til umræðu frv. um fiskveiðistjórnun til næstu tveggja ára. Ætlast er til þess að 1. umr. þessa frv., þeirri umræðu sem nú fer fram, ljúki á skikkanlegum tíma þannig að ekki verði lagt allt of mikið á þm. í vökum í nótt og svo að hv. sjútvn. taki til starfa í fyrramálið og yfirfari og vinni frv. núna á næstu tveim dögum eða svo.

Ég held að átt hafi sér stað ansi mikil mistök með því að þetta mál skuli ekki vera fyrr á ferðinni þannig að bæði hv. deild og hv. sjútvn. gætu haft lengri tíma til að skoða það. Við stöndum frammi fyrir því að við höfum ekki nema þessa ákveðnu daga til Þorláksmessu til að koma þessu verki frá. Varla förum við að gera mikið á aðfangadag. Eins og hv. 6. landsk. þm. sagði hér áðan hefur verið sagt um okkur í útvarpi að við afgreiddum mál eins og flök á færibandi. Á það ekki síst við um mál eins og þetta að slík vinnubrögð séu höfð í frammi.

Mál þetta var afgreitt frá Nd. í byrjun þingfundar þar í dag. Afgreiðsla málsins fór á þann veg að það mun hafa verið samþykkt með 24:9 atkvæðum. Í þeim hópi sem samþykkti það voru tveir menn úr mínum flokki, tveir á móti og tveir sátu hjá. Yfir þessari afgreiðslu var ég mjög óánægður. Lítið hafði verið rætt um þessi mál í mínum þingflokki og það kom ansi flatt upp á mig að flokkurinn væri nú allt í einu búinn að taka allt að því þá afstöðu að styðja þetta frv. eins og leit reyndar út fyrir við 2. umr. Það liggur því fyrir að þetta er ekki í einu eða neinu mál Alþb. og ég er hér fyrst og fremst að flytja mína skoðun en ekki Alþb.

Í beinum tengslum við þessa afgreiðslu Alþb. á þessu máli hef ég óskað þess við þingflokkinn að ég yrði losaður *við störf mín í iðnn. hv. Ed. Vil ég fara þess á* leit við hæstv. forseta að annar flokksmaður minn fái að taka sæti mitt í þeirri nefnd.

Það er búin að vera mikil umræða um kvótafrumvarpið, eins og hæstv. ráðh. sagði. Fjallað hefur verið um það frá því um mitt sumar og má segja að vissu leyti, eins og hæstv. ráðh. sagði, að undirbúningur þess hafi verið mjög opinn. Hann var það opinn að varla hefur önnur umræða um sjávarútvegsmál verið í gangi þrátt fyrir að staða sjávarútvegs, bæði veiða og vinnslu, er, eins og hæstv. ráðh. lýsti áðan, mjög slæm. Kannske eru flestir sammála um fiskveiðistjórnunina í hjarta sínu. Það eru allir sammála um, eins og hæstv. ráðh. sagði, að stjórna þurfi fiskveiðum við Íslandsstrendur. Það er aðeins deilt um leiðir. En því hefur verið komið þannig fyrir að varla er hægt að ræða um aðra þætti sjávarútvegsins en þennan þátt. Það er byrjað á útliðnu sumri að ferðast um landið og ræða um sjávarútvegsmál að nafninu til. Fyrst og fremst er rætt um kvóta og aftur um kvóta, en það er ekki rætt um stöðu sjávarútvegsins almennt eins og hún blasir við og eins og hún er.

Það er eins og þessi umræða um fiskveiðistjórnunina hafi verið aðferð til að breiða yfir það ástand sem er í sjávarútveginum. Það er jafnvel sagt um leið, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, að ef þessi leið, sem ráðherrann boðar, verði ekki samþykkt verði erfiðleikarnir enn þá meiri og erfiðleikarnir væru enn þá meiri, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, ef þessi leið hefði ekki verið valin. Hefðum við ekki stjórnað svona væru erfiðleikarnir enn þá meiri.

Geta erfiðleikarnir í raun og veru verið miklu meiri en þeir eru í íslenskum sjávarútvegi í dag? Fyrir nokkrum dögum gengu fulltrúar fiskvinnslunnar á fund hæstv. ráðh. og tilkynntu honum að staða vinnslunnar væri þannig að þar væri 8—9% halli. Er hægt að hugsa sér stöðuna verri en það? Ég veit ekki hvaða skipulag hefði þurft að vera hér til að þetta gæri verið verra. Er ekki þessi staða okkur ábending um að við höfum valið ranga stefnu, ranga fiskveiðistjórnun? Er það ekki frekar á þann veginn?

Sú umræða, sem átt hefur sér stað í haust, hefur yfir sér sérstakt yfirbragð. Hæstv. ráðh. ferðast um landið og auglýsir fundi um stöðu sjávarútvegsins og fiskveiðistjórnunina. En hann er ekki einn á ferð. Með honum er næstum undantekningarlaust einhver fiskifræðingur frá Hafrannsóknastofnuninni og það er reynt að setja eitthvert vísindayfirbragð á þessar messur sem haldnar eru vítt og breitt um landið. Ég geri ráð fyrir að þessir vísindamenn sem fylgja ráðherranum eftir séu meðmælendur hans, þeir séu að túlka sömu skoðun og hæstv. ráðh. Vitaskuld er það ekki. Vísindamennirnir eru í fylgd með ráðherra. Það væri æskilegt að ráðherra upplýsti hver það er sem óskar eftir því að þeir séu í þessum ferðum. Er það hæstv. ráðh. sjálfur eða er það Hafrannsóknastofnun sem gerir það?

Vísindamennirnir skýra frá staðreyndum á hverjum fundi og hafa yfirleitt gert það með sóma, en annaðhvort á undan eða eftir er messa flutt um að það þurfi nauðsynlega að halda þessari stefnu við sem við höfum búið við s.l. tvö ár. Almenningur í landinu gerir því ráð fyrir því út frá þessum auglýsingum og fundarboðum að þarna sé verið að framkvæma vísindalega stefnu, þetta sé í beinum tengslum, vísindi Hafrannsóknastofnunar og hin pólitíska stefna ráðherra. En þessu er á allt annan veg farið. Ákveðin stefna um hvernig skuli stjórna fiskveiðinni og þær upplýsingar sem vísindamennirnir gefa um stöðu fiskstofna eru ekki í neinum tengslum.

Það væri fróðlegt að komast að því líka hjá hæstv. ráðh. hvort ferðir vísindamanna með honum um landið væru að ósk hans sjálfs. Hverjir borga þetta? Er þetta tekið af fjárframlagi Hafrannsóknastofnunar eða er það ráðherra sjálfur sem greiðir þennan kostnað? Verður Hafrannsóknastofnun að borga þennan vísindastyrk á stefnur ráðherrans eða er það ráðuneytið og af hvaða peningum er það þá tekið?

Mikið hefur verið um það talað að ekki væri um annað að gera en að samþykkja þessa fiskveiðistjórnun vegna þess að hagsmunasamtök sjávarúrvegsins hefðu — sumir segja öll eða næstum öll — samþykkt þetta. Meira að segja heyrði ég menn gera grein fyrir atkvæði sínu í hæstv. Nd. út frá þessu, vegna þess að hagsmunasamtök sjávarútvegsins stæðu að þessari stefnu ráðherrans væri ekki um annað að gera en að samþykkja þessa fiskveiðistjórnun.

Hver skyldi nú vera raunin á um hagsmunasamtök sjávarúrvegsins? Jú, við höfum heyrt að þing Landsambands ísl. útvegsmanna, LÍÚ, hafi samþykkt þetta með miklum meiri hluta. En hverjir skyldu greiða atkvæði í LÍÚ? Ég vona að hv. þm. viti það. Þegar við sátum þar saman á þingi, við Valdimar Indriðason, vorum það ekki við sem greiddum atkvæði heldur voru það tonnin sem við höfðum yfir að ráða. Þar greiða tonnin atkvæði en ekki persónurnar.

Hverjir eru það sem mynda meiri hlutann hjá LÍÚ?

Vitaskuld er það stóri loðnuflotinn og stór hluti af togaraflotanum. Þannig er orðinn þessi myndarlegi meiri hluti sem kemur út úr fundi LÍÚ. Það vita allir um afstöðu loðnumanna til þessara mála og meginhluti togaraflotans stendur að þessu líka. En mér er sagt að hefðu verið taldir einstaklingarnir á fundi LÍÚ hefði verið ómögulegt að segja hvernig hefði farið. Það liggur ekki fyrir. En það er ómögulegt að segja, ef einstaklingarnir hefðu greitt þar atkvæði, — og það er víst — nema munurinn hefði orðið miklu minni.

Fiskiþing er ágætis umræðuþing. Ég vil ekki kalla það klúbb. Það er langt frá því. Þetta er ágætis umræðuþing og góður vettvangur til skoðanaskipta. En uppbygging þeirra samtaka gefur ekki neina mynd af afstöðu heilla héraða eða svæða. Það er af og frá. Það vita allir sem þekkja uppbyggingu þess og hvernig það er byggt upp. Það er ekki þungt á metunum í sjálfu sér.

En svo koma önnur sambönd. Það samband, sem ætti að taka fyrst og fremst mark á þegar rætt er um þessi mál, er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands þar sem saman eru komnir skipstjórnarmenn flotans, mennirnir sem hafa hina beinu reynslu af því kerfi sem við búum við. Hver var afstaða þeirra manna? Afstaða þeirra var sú að við ættum að leggja þetta kerfi niður og taka upp tegundamark.

Ég tel að afstaða þessa hóps sé miklu þyngri á metunum en bæði afstaða LÍÚ og fiskiþings. Ég efast ekki um að hver og einn hv. þm., sem ætlaði sér að fara í útgerð og vildi leita upplýsinga um hvernig hann ætti að beita skipinu sínu, hvernig hann ætti að hafa skipið sitt og á hvaða veiðar það ætti að fara, mundi fyrst og fremst leita til skipstjóra og skipstjórnarmanns. Hann mundi ekki leita til ýmissa ágætra höfðingja sem skipa fiskiþing eða LÍÚ. Hann mundi leita til skipstjóranna um hvað væri eðlilegt að gera í þeim málum.

Þá er eftir Sjómannasamband Íslands. Samþykkt þess byggðist ekki á samþykkt þings heldur stjórnar sambandsins. Það er öðruvísi vettvangur, eins og hv. þm. skilja, en þing. Ég tel að raunverulega hafi þar átt sér stað endurtekning á því sem þeir fjölluðu um í fyrra og þar hafi ekki verið fjallað mjög mikið um þetta mál. Samþykktir þeirra eru að sumu leyti neikvæðar fyrir þá fiskveiðistjórnun sem við búum við. Þeir mótmæla t.d. alveg sölu kvótans.

Hæstv. sjútvrh. nefndi, eins og ég sagði áðan, að undirbúningur að þessu frv., sem við erum hér að fjalla um, hafi verið opinn. Ég viðurkenni að svo var að mörgu leyti. En þar skorti þó alveg eitt á. Það skorti þann þáttinn sem er bundinn í lögum, þ.e. að haft væri samráð við sjútvn. þingsins. Ekki er alveg hægt að fortaka að það hafi verið lítils háttar. Við vorum kallaðir á einn fjölmennan fund í Borgartúni 6 þar sem rætt var um þessi mál á breiðum grundvelli en alls ekki á samráðsgrundvelli. Það var m.a.s. á þann veg að tilkynnt var í upphafi fundarins að fréttir af þeim fundi yrðu túlkaðar af ráðuneytinu sjálfu en fréttamönnum væri ekki leyft að koma inn. Þar sem sagt var verið að setja á svið fyrstu myndina af frv. Hún var þannig fram lögð að við sjávarútvegsnefndarmenn vorum kallaðir á fjölmennan fund og lesið yfir okkur að hverju var stefnt og tilkynnt að útkoman og umræðan yrði túlkuð af ráðuneytinu sjálfu til fréttamiðla. Þannig fór um það.

Hæstv. sjútvrh. taldi upp í ræðu sinni áðan — og hefur gert það á fundum sínum um landið — sjö liði sem hann telur að þurfi að vera í hverju því stjórnkerfi sem við notum til að stjórna veiðunum. Ég ætla að fara yfir þessa þætti. Hann nefndi þetta líka í ræðu sinni í hv. Nd. og ég tek það hér upp úr ræðu hans þar.

Fyrsti þátturinn er sá að aflinn verði innan ákveðinna marka og stjórnkerfið bjóði upp á það að halda aflanum innan tiltekinna marka. Hvernig skyldi þetta hafa tekist með því kerfi sem við búum við? Það hefur tekist þannig að á árinu 1984 fórum við 41% fram úr því sem fiskifræðingar lögðu til að við skyldum afla og við fórum 10% fram úr því sem ráðuneytið áætlaði að við skyldum afla. Þó er viðurkennt að árið 1984 hafi verið mjög mikið tregfiski og erfitt að ná þeim kvóta sem var þá skammtaður. Meira að segja eru meðal þeirra raka, sem nú eru talin fram því til stuðnings að þetta þurfi að vera til tveggja eða þriggja ára, að á árinu 1984 hefði þurft að vera hægt að flytja milli ára það sem menn gátu ekki veitt af kvótanum þá, m.a. sumir Sunnlendingar sem náðu ekki sínum kvóta.

Hvernig lítur út fyrir að ástandið verði á árinu 1985? Það er þannig að aflinn verði 60% meiri en fiskifræðingar áætluðu og hann verður um 20%, jafnvel 22—24%, meiri en ráðherrann áætlaði eða ráðuneytið. Er hægt að tala um að við séum innan ákveðinna marka í þessum þáttum? Það er af og frá. Þetta kerfi býður ekki upp á stjórnun innan þeirra marka sem æskileg eru á sókn í stofninn.

Hvað blasir þá við á næsta ári ef, sem að líkum lætur, þingið samþykkir þetta frv.? Það blasir við með sömu reynslu og er í ár að aflinn geti farið upp í 400—450 þús. tonn. Það er enginn þáttur í kerfinu sem getur stoppað það um leið og búið er að samþykkja það. Ef sama saga endurtekur sig, að við fáum sæmilega vertíð, ráðherrann mundi gefa eftir 5% með vorinu og það yrði áframhaldandi góður afli út árið er ekkert í kerfinu sem gæti hindrað að við færum upp í 450 þús. tonn vegna þess, eins og hæstv. ráðh. sagði, að kerfið er svo sveigjanlegt. Þetta er einn af þessum miklu og góðu kostum kerfisins. Það er vegna þess að kerfið er byggt upp til að skammta þorsk. En það gefur möguleika til að veiða þorsk, að skipta frá ýsu yfir í þorsk og frá ufsa yfir í þorsk. Það er hægt að breyta öllum fiskitegundum yfir í þorsk. Það er líka svo með hinu nýja kerfi og hinum góða kosti, sem ráðherrann nefnir oft, að nú sé val og meiri sveigjanleiki. Með því að bjóða upp á aukið sóknarmark erum við ekki aðeins að bæta því ofan á að við tökum þorskinn og látum ýsuna eiga sig heldur fáum við líka 20% ofan á aflann. Það er það mikill sveigjanleiki í því að einmitt þessi fyrsti punktur stenst ekki og síst af öllu ef það er góður afli. Það er ekki kostur, sveigjanleikinn í kerfinu, ef fiskurinn gefur sig til, eins og menn hafa verið að benda á að væri erfitt að komast fram hjá eins og á Vestfjarðamiðum og á vertíð, og auðvelt er að ná honum. Þá er ekki hægt að komast fram hjá þessu. Og kerfið býður upp á fleiri möguleika til ofveiði. Allt kerfi, sem byggt er upp eins og þetta býður upp á að menn búi sér til annað kerfi til að komast fram hjá því, leiðir til að komast fram hjá því. Nákvæmlega eins og einstaklingurinn leitar eftir ýmsum ráðum til að komast fram hjá því að borga tekjuskatt, borga söluskatt og annað er leitað að ráðum til að komast fram hjá þessu kerfi. Ég held að næstum hver einasti sem eitthvað kemur nálægt sjó viti að þetta kerfi er komið í sæmilegan gang líka. Og það er ómælanlegt

hvað hægt er að koma þar fram hjá. Það skapar náttúrlega óeðlilega og rangláta mismunun nákvæmlega eins og skattsvik. Því lengur sem við búum við slíkt kerfi og ekki síst þegar á að fara að gefa okkur fyrirheit um að það skuli standa yfir í tvö ár eða þrjú ár, eins og ráðherra hefði helst óskað, þeim mun meiri hætta er á að leitað frekari sé ráða til að finna einhverja leið frá þessu.

Hæstv. ráðherra nefndi í umræðu fyrir tveim dögum eða svo að það hefði verið kerfi í gangi sem varð að leggja niður og hann var ánægður með að horfið var frá vegna þess að það hefði verið misnotað. Hann vildi nú samt halda nafninu á því til að minna á það. Aflatryggingasjóður hét það. Það hefur verið misnotað, brotið. Smámunir hafa átt sér stað í sambandi við Aflatryggingasjóð miðað við það sem getur átt sér stað í kringum kvótakerfið. Aflatryggingasjóður er ekki til að tala um miðað við hin ósköpin.

Annar punkturinn er að réttlát skipting sé milli skipa og byggðarlaga. Já, sjálfsagt er það réttlát skipting í dag að miða við aflann árin 1981, 1982 og 1983. Mikið er nú réttlætið. Geta menn sagt aftur og aftur að slíku fylgi eitthvert réttlæti?

Hvað er með skipstjórann sem aflaði þannig á skip sitt á árunum 1981—1983 að hann skilaði skipinu með góðum kvóta? Hver er staða hans og skipshafnarinnar? Hann er í átthagafjötrum. Ef hann ætlar að hafa möguleika til þess að veiða á sama máta og hann gerði á þessum árum situr hann fastur í sama skiprúmi. Og hvað er með þá menn sem keyptu sér skip t.d. á haustmánuðum 1983? Ég þekki nokkra dugnaðarskipstjóra sem gerðu þetta og ætluðu sér að nota kunnáttu sína og dugnað til þess að koma undir sig fótunum í smáútgerð. Þeir eru dæmdir til þess að liggja í landi meginhluta ársins vegna þess að þeir geta hvorki notað kunnáttu sína né dugnað. Þeir keyptu skip sem voru með minni kvóta og lítinn kvóta. Ja, mikið er réttlætið!

Þetta snýr þannig við byggðarlögunum að menn geta enga björg sér veitt ef útgerðarmaður á þessum eða hinum staðnum tekur sig til og selur skipið. Það er enginn kvóti til á svæðinu. Um leið og skipið er selt er kvótinn farinn, atvinna fólksins, skattar sveitarfélagsins. Íbúðirnar falla í verði og eignir fyrirtækjanna. Það er mikið réttlæti í þessu. Um þetta má segja margt og koma með mörg fleiri dæmi, en fyrst og fremst er þessi þáttur ranglátur.

Þriðji þátturinn er svo að reynt sé að skapa eins tryggt atvinnuástand um land allt og nokkur kostur er. Hvernig hefur þetta komið út? Þegar við vorum að ræða kvótann haustið 1983 var ein af aðalkenningunum sú að það væri mjög til hagsbóta fyrir útgerðina að hún gæti valið sér tíma — útgerðin stóð þá höllum fæti eins og núna — og sótt aflann á þeim tíma sem henni væri ódýrast og hagkvæmast að sækja hann. Það voru meginrökin sem voru lögð fyrir menn til þess að fá þá til að samþykkja þetta að það yrði svo mikill sparnaður fyrir útgerðina. Reynslan hefur líka orðið sú að það hefur komið fram.

Núna teljast þeir menn vondir menn vegna þess að þeir hafi ekki áttað sig á því að það sé kvóti í landi, þeir eigi að dreifa aflanum o.s.frv., taka ekki aflann á þeim tíma sem hagkvæmast er fyrir skipið að sækja hann. En því miður hefur reynslan orðið sú að menn hafa, eins og við Breiðafjörð, tekið mikinn fisk í mars og apríl, meginhluta kvóta síns. Þeir eru þó flestir — og allir held ég sem eru með einhvern kvóta að ráði ef hægt er að segja sem svo — svo ábyrgir að þeir geyma alltaf eitthvað til haustsins. En kvótinn var búinn upp úr páskum við Breiðafjörð þrátt fyrir mánaðarverkfall. Óskaplega var mikið atvinnuöryggi í því. Síðan fóru skip þar ekki á sjó fyrr en í október—nóvember. Þetta var atvinnutryggingin í þessu kerfi. Víðar um landið er þetta nákvæmlega á sama máta.

Fjórði punkturinn er að það sé hvati í stjórnkerfinu til bættrar meðferðar og aukinnar verðmætasköpunar. Þetta er það sem hæstv. ráðherra hefur notað sem sitt aðaltromp og jafnvel fengið Þjóðhagsstofnun til að reikna út fyrir sig þennan ofsalega gróða af auknum gæðum í sambandi við fiskveiðistjórnunina. Hver skyldi vera reynslan? Reynslan er alls ekki sú sem hæstv. ráðherra er að segja. Reynslan er sú að í mörgum tilfellum höfum við tapað háum upphæðum á kvótanum. Við höfum tapað ótrúlega miklum upphæðum yfir sumarmánuðina á því hve miklu af fiski hefur verið landað á stuttum tíma og fiskvinnslustöðvarnar ekki haft undan að vinna hann. En meginhluti þess sem fer inn í fiskvinnslustöðvarnar hefur verið metinn sem fyrsta flokks vara. Eyðileggingin hefur ekki átt sér stað í skipunum sjálfum. Það hefur verið hægt að reikna mikinn gróða og góða útkomu af skipunum og Þjóðhagsstofnun og ráðherra hafa fengið fínar tölur út úr því. En fyrir þjóðarbúið hefur þetta komið út á allt, allt annan máta. Ég þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm. hvernig þetta hefur verið bæði þessi sumur, hve mikill afli hefur borist að landi næstum hringinn í kringum landið í júlí—ágúst og allan þann skaða sem við höfum orðið fyrir í sambandi við það.

Hins vegar er viðurkennt að gæðaútreikningurinn, sem hefur verið bent á í sambandi við vertíðarfiskinn, hefur því miður verið meira og minna á þann veg að allt of mikið hefur verið um að vondi fiskurinn hefur ekki komið að landi. Það er til viðbótar við þann afla sem ég var að nefna áðan að væri hætta á að væri ofsókn í stofninn. Til viðbótar við það sem ég hef nefnt áður kemur það sem kastað er vegna þess hve það er lélegur fiskur.

Vigtarmenn á höfnunum við Snæfellsnes og víðar sögðu mér að á s.l. vetri hafi það verið nokkurn veginn öruggt mál að á hverjum mánudegi, þ.e. eftir helgarfrí, hafi besti fiskurinn komið að landi. Bátarnir komu ekki með meiri afla eftir helgina en kom daginn eftir, þriðjudag, eða hafði komið að landi á föstudag. Þrátt fyrir að fiskurinn væri tveggja nátta var hann ekki verri og ekki kom meiri fiskur að landi. Það skýrir ekkert betur en þetta hvað hefur verið að ske á miðunum. Það gefur auga leið að það hlýtur að koma betra mat út úr þessu. Þjóðhagsstofnun getur reiknað að þarna hafi átt sér stað gróði. En er ekki vafasamur gróði fyrir þjóðfélagið að vinna þannig og byggja upp kerfi sem kallar raunverulega á slíkt?

Ég ætla ekki að gera lítið úr því að á netaveiðum mun nokkuð hafa verið um það að menn hafi fækkað netum. Menn gerðu það út af því að þeir voru með ákveðið aflamagn og vissu hvað þeir máttu sækja. Það er hvati í kerfinu til þess. Sjálfsagt hefur verið farið með minna af netum en áður. Ég ætla ekki að bera á móti því að þar hafi einhver gróði verið, en tapið sem skapaðist á hinn veginn er enn þá meira. En það er erfitt að stilla því upp

og ég efast um að Þjóðhagsstofnun fengist til þess að gera það, jafnvel þó að ég væri ráðherrann og bæði hana um að reikna þann þáttinn.

Fimmti þátturinn er að hvati sé til lækkunar tilkostnaðar. Það sem ég nefndi um netin er lækkun tilkostnaðar. Mér er aftur á móti sagt að t.d. á togaraflotanum hafi menn ekki orðið varir við að átt hafi sér stað nein breyting á tilkostnaði. Ef við ætlum að fara að gera mikið úr því að átt hafi sér stað stórmerki þótt nokkuð hafi fækkað þorskanetum held ég að það sé aðeins verið að blekkja sig.

Sjötti punkturinn er að það sé stöðug þjónusta við markaði. Það er nú það. Ég held að þetta kerfi verki alveg öfugt við það skrapdaga- og tegundakerfi, sem var í gildi áður og lagt hefur verið til að taki gildi, hvað það snertir að sinna mörkuðum. Aflinn hrúgast upp, eins og hefur skeð á undanförnum árum, fyrst og fremst á fjórum mánuðum ársins, mars og apríl, júlí og ágúst. Það gefur auga leið að það gerir það að verkum að mjög hætt er við því að þessi vara verði ekki eins góð markaðsvara og annars gæti orðið. Það er ekki þjónusta við markaðina að vinna þannig að sú vara sem við bjóðum til kaups sé ekki eins góð og mögulegt er.

Og svo er það að það sé lágmarksskerðing á athafnafrelsi. Hvernig skyldi þetta kerfi hafa komið út gagnvart því? Ég held að varla sé hægt að finna upp flóknara og betur úthugsað kerfi til þess að hafa áhrif á hvert handtak hvers fiskimanns en kerfi eins og þetta. Þannig vaktar það hvert starf. Það er skammtað hvað menn mega fiska mikið. Það finnst með því hvernig þeir sækja fiskinn. Þeir eru raunverulega bundnir því að nýta kosti þess, ef hægt er að kalla það kosti, að sækja fiskinn þegar ódýrast er að sækja hann. Menn eru þannig sumir hverjir þvingaðir inn á ákveðin löng atvinnuleysistímabil. Það er þá athafnafrelsi að vera bundinn slíku skipulagi!

Því hefur verið haldið fram að þetta kerfi tryggði að ekki ætti sér stað mismunun, þetta byggðist á ákveðinni reynslu o.s.frv. M.a. hafa menn látið í það skína að þetta væri rétt skipting á milli báta- og togaraflota. Hvernig skyldi reynslan vera þar? Reynslan er sú að á árinu 1984 fer togaraafli í fyrsta skipti yfir helming þorskaflans. Hann fer upp í 53%, en var 49% 1983 og 43% 1982. Þróunin er sú að leitast er við að draga aflann frá bátaflotanum yfir á togaraflotann. Þetta er kannske ekki alvarleg þróun í sjálfu sér. Ég ætla ekki að fara að dæma um hvort betra sé að sækja fisk á bátum eða togurum. En þetta er samt vísbending um að þetta kerfi býður upp á slíka tilfærslu.

Hvernig skyldi hafa tekist til undir þessari fiskveiðistjórn sem allmikið hefur verið talað um að væri gæðahvetjandi? Hvernig skyldi hafa tekist til með að fá aukið og bætt hráefni út úr þeim afla sem að landi hefur borist t.d. á Suðurlandi? Ég er því miður ekki með alveg nákvæmar tölur, en það gildir einu. Saltfiskur á Suðurlandi — þ.e. svæðið frá Þorlákshöfn austur um að Höfn, með Höfn — þar er meginhlutinn af fiskinum stór fiskur, 10—30 sem kallað er, verðmætasti þorskur sem dreginn er að landi á Íslandi. Hvernig skyldi Sunnlendingum hafa tekist að verka sinn saltfisk á síðustu vertíð og skapa úr honum verðmæti? Hvað skyldu þeir hafa fengið mikið í 1. flokk af þessum stóra fiski, verðmætasta fiski sem við sendum á Spánar-, Portúgals- eða Ítalíumarkað? Það fara 16% í 1. flokk. Svo glæsilegt er það nú. Nokkru meira fer í 2. flokk, u.þ.b. 24%. Í 1. og 2. flokk fara því 40%. Það er glæsileg fiskveiðistjórnun sem sýnir þessa útkomu. Hún er glæsileg á þessu svæði. Þarna voru engir vondir Snæfellingar eða Breiðfirðingar að moka fiski á land. Staðreyndin er sú, sem við getum skotið hér að, að matið er betra á Snæfellsnesi en þetta.

En þannig er fiskveiðistjórnunin á Íslandi. Úr besta hráefninu okkar, stórfiskinum fyrir Suðurlandi, skilum við 40% af aflanum í 1. og 2. flokk. Verðmætisþátturinn er sá að þeir fá á þessu svæði 443 millj. fyrir saltfiskinn sinn. Ef hann færi í 1. flokk fengju þeir 551 millj., 24% meira. Þeir fengju togaraverð ef betur væri haldið utan um þennan afla.

Á hvað kallar fiskveiðistjórnun af þessu tagi? Hún er einskis nýt, alls ekki. Það er meira og minna þannig í íslenskum sjávarútvegi að alls konar reglur eru settar upp og síðan er ekki gert meira. Og menn segja og setja upp sérstakan andlitssvip: Ég trúi því ekki að íslenskur fiskimaður komi með lélegan afla að landi, hvað þá að ég trúi því að hann kasti fiski. Það er ekkert fylgst með þessu, en það er búið til kerfi og það er í notkun kerfi sem kallar á slík vinnubrögð. Í megindráttum er þessu þannig varið að komið er með afla við þær aðstæður að fiskvinnslustöðvarnar hafa ekki möguleika á að skila honum unnum frá sér. Það er engin skipulagning milli veiða og vinnslu. Það er ekki reynt að koma henni á. Það kerfi sem við búum við kallar á öfugþróun hvað skipulag snertir.

Það er greinilegt að ég gæti talað miklu lengur, en ég veit að þeir eru margir sem vilja taka þátt í umræðunni. Ég á alveg eftir að benda á allar þær tillögur sem fluttar hafa verið um þessi mál og eru öðruvísi en þær tillögur sem verið er að ræða um. Ég hefði gjarnan viljað taka mér tíma og ræða um tillögur Vestfirðinga, tala um tillögur Farmanna- og fiskimannasambandsins, tala um tillögur sem ég lét birta og birti í blöðum og lagði fyrir minn þingflokk og fleiri tillögur um ýmsar leiðir sem eru allt öðruvísi og betri en þær sem hér er lagt til að verði samþykktar. Ég sé að ef ég færi út í það mundi tími annarra ræðumanna verða frekar lítill þannig að ég geymi mér það til 2. umr. og mun að einhverju leyti reyna að koma því fyrir í mínu nál. En ég vænti þess að við reynum að nýta þann litla tíma sem við höfum í sjútvn. til að reyna að laga þetta frv., reyna að ná af því einhverjum agnúunum og gera það þannig að stærstu gallar sem á því eru verði numdir burtu.

Áður en ég fer úr ræðustólnum vil ég nefna aðalpuntið sem hæstv. sjútvrh. hefur nefnt í sambandi við þetta frv. Það er sóknarmarkið og það mikla frelsi sem boðið er upp á á íslenskum fiskiskipum að geta valið á milli aflamarks og sóknarmarks. Ja, mikil eru nú ósköpin! Sóknarmarkið er þannig, eins og hæstv. ráðh. hefur bent á, að menn geta valið sér sóknarmark hvort sem þeir vilja velja það út frá sínu fyrra aflamarki eða meðalafla plús 20% af þorski. Þeir mega sem sagt veiða 20% fram yfir þorskkvótann sinn. Svo mega þeir veiða eins og þeir vilja af ýsu og öðrum fisktegundum. Þetta er hægt að bjóða ákveðnum landshlutum upp á en það er ekkert frelsi í þessu. Það er hægt að segja við Snæfellinga: Fáið ykkur sóknarmark. Það er hægt að segja við Vestfirðinga: Takið kkur sóknarmark. Hvar eiga þeir að taka ýsuna? Hvar eiga þeir að taka ufsann? Þessi svæði og nokkur önnur svæði landsins eru þannig

að ef á að gera skipin út frá heimahöfn er ekki um það að ræða að taka sóknarmark og afla annarra fiskitegunda en þorsks. Það er algjör blekking að um eitthvert frelsi sé að ræða. Það er verið að gefa ákveðnum landshlutum frelsi. Og það er því miður verið að gefa ákveðnum aðilum möguleika til þess að plata kerfið eins og ég var að tala um áðan. Við höfum heyrt um að stundum sé verið að landa sóknarmarksýsu, en hún sé bara helvíti gul stundum. Það er hægt að veiða upp í þorskkvótann sinn og landa síðan öðru og kalla það ufsa eða ýsu. Það er ósköp auðvelt. Sóknarmarkið verður fyrst og fremst til þess að opna fyrir slíkt. Þetta kalla ég ekki að bjóða upp á frelsi. Það er líka verið að bjóða upp á annað. Það er verið að miða við þau svæði sem höfðu takmarkaðan þorskkvóta vegna þess að þorskurinn hafði haft lítið fyrir því að vera þar á miðum. Það er nú þannig við strendur Íslands að dálítið breytilegt er hvar fiskstofnanirnir halda sig. Þorskurinn er mikið fyrir norðan og vestan. Stundum kemur hann suður fyrir, en meginhluta ársins heldur hann sig á hinum slóðunum.

Hvað þýðir það ef ákveðinn hluti fiskiskipaflotans getur byggt sig upp með nýja reynslu og nýjan kvóta? Það þýðir að verið er að taka þorskkvótann frá öðrum. Það er verið að færa á milli. Það er verið að búa til ranglæti. Þetta kerfi er þannig byggt upp að það er ekki hægt að veita neinum betri hlut nema taka hann frá öðrum. Svo er verið að tala um að sóknarmarkið muni gefa einhverjum tækifæri til að byggja sig upp með nýja reynslu. Það er það sama og að taka aflann frá öðrum. Og frá hverjum þegar fyrst og fremst er um þorskinn að ræða? Vitaskuld frá þeim sem fyrst og fremst verða að byggja sína afkomu á þorskveiðum.

Sóknarmarksframboðið er jafnvel svartasti og ljótasti bletturinn á þessu frv. af því að það býður upp á þennan þátt. Að halda því við er ekki til annars en að færa reynsluna frá þeim þremur árum sem miðað er við og möguleika þorskveiðisvæðanna yfir á önnur svæði sem í eðli sínu eiga ekki neinn rétt á því.

Einhver nefndi það í sambandi við síldina að menn væru yfirleitt ánægðir með síldarkvótann. Það skal ég viðurkenna. Það er allt, allt annað að veiða torfufisk og eftir þeim reglum sem beitt er bæði í sambandi við loðnu og síld. En hvað skyldi verða sagt ef tekinn yrði upp kvóti sem byggðist á því að hægt væri að taka þann möguleika Austfirðinga að nýta síldina, sem er þar fyrir utan, með einhverju tilfærslukerfi eins og sóknarmarkinu sem hæstv. ráðherra er að guma af? Ég er hræddur um að það yrði skrýtið og ekkert réttlæti í því heldur. En væri e.t.v. ekki réttlæti í því að lofa Norðlendingum að veiða pínulítið af síld, t.d. í septembermánuði? Hvernig í ósköpunum stendur á því að það er aldrei leyft að veiða síld fyrr en kemur fram í október og síldin er komin austur fyrir Langanes?

Það eru ýmsir þættir sem má nefna á þennan máta. Ég hefði haft áhuga fyrir því að fjalla um ýmsar leiðir sem hægt er að benda á og eru betri en það kerfi sem við erum að ræða um hér, en ég læt það bíða 2. umr. og umfjöllunar í sjútvn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Að gefnu tilefni mun hv. 4. þm. Vesturl. hafa óskað eftir því við forseta að verða leystur frá störfum í iðnn. Er það rétt skilið? (**SkA:** Mætti annar taka sæti mitt í iðnn.?) Já, þá er rétt að upplýsa að formaður iðnn., hv. 4. þm. Vestf., mun taka þetta mál fyrir í iðnn. í fyrramálið kl. 8.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. hefur lýst þetta mál upp nokkuð vel innan frá, eins og ég mundi vilja kalla það, og því verður varla neitað að hörð andstaða hans við frv. byggist á ýmsum mjög vel grunduðum hugmyndum og gagnrýni og ekki ástæða til þess að leiða slíkt hjá sér.

Mig langar til þess að skoða þetta mál meira utan frá en innan frá, einkum sér í lagi vegna þess að ég þori ekki að fara inn í einstakar greinar þessa frv. og vil það í raun og veru ekki af því að í heild sinni er ég andvígur því.

Ég vil byrja á því fyrst í mínu máli að lýsa því yfir að ég er andvígur því að gildistími þessa frv. verði tvö ár eins og lagt er til í frv. Ég tel að ef það verður að lögum nægi eins árs gildistími og höfða þá til þess hvernig þetta frv. er til komið í upphafi þegar menn töldu brýna nauðsyn krefja vegna ástands fiskistofna. Þá lá í loftinu hjá öllum þeim mönnum sem um þetta mál fjölluðu, hvort sem þeir studdu það með hálfum huga eða ekki, að þessi lög mundu aldrei gilda nema tímabundið. Við skulum vona að það verði ekki jafnlífseigt og sérstakt tímabundið vörugjald.

Í sambandi við síðustu orð hv. 4. þm. Vesturl. vil ég minna hann á að það atriði sem hann fjallaði um síðast í sinni ræðu var einmitt það atriði sem hæstv. sjútvrh. kallaði löglega mismunun samkeppnisaðila.

Er þetta frv. hvati? Felur þetta frv. í sér frelsi til athafna? Er það staðreynd, sem ráðherra fullyrðir, að ef ekki hefði verið gripið til þessara laga væru kjör okkar enn þá verri en þau eru núna? Er það rétt? Og er hún sönn sú fullyrðing hæstv. ráðh. að íslenskir útgerðarmenn séu þvílíkir óráðsíumenn í sínum rekstri og sínum athöfnum að þeir þurfi barnapössun eins og þessi lög raunverulega eru?

Í Bretlandi er mjög vinsæll leikur að etja hundum á eftir agni. Hundarnir hlaupa á sporbraut og eftir innri brún sporbrautarinnar er ekið agni sem ýmist er uppstoppaður refur eða héri. Síðan er hundunum sleppt og þeir látnir elta þetta agn hring eftir hring á vellinum. Ég verð að viðurkenna að þetta frv. minnir mig mjög á þennan leik. Athafnafrelsið felst í því að fá að velja á milli þess hvort maður eltir uppstoppaðan héra eða ref.

Það er mjög gott að segja við menn: Allt í lagi strákar. Þú færð 0,01% af heildaraflamagni, þú færð 0,02, þú færð 0,5%. Sumir fá jafnvel allt upp í 1%. Þetta hafið þið nú til umráða. Þetta eigið þið. — Það er í raun og veru verið að viðurkenna nokkurs konar eignarrétt manna á þessum afla í sjó. Nú getið þið skipulagt reksturinn ykkar og nú verðið þið duglegir við að afla góðs fiskjar, komið honum að landi í sem bestu ástandi til fiskvinnslunnar. Síðan er það fiskvinnslunnar að „eðla" þennan fisk, gera úr honum einhverja þá vöru sem skilar miklu í erlendum gjaldeyri. Þetta lítur allt saman vel út þangað til að því stigi er komið. Þá fá mennirnir greitt fyrir þessa vöru. Þeir fá greitt fyrir hana í erlendum gjaldeyri. En þá allt í einu lyftist hin dauða hönd kerfisins: Þú, vinur minn, átt ekki þennan gjaldeyri sem þú ert búinn að hafa svo mikið fyrir að afla. Það erum við sem ráðum hvaða krónur þú færð fyrir þann gjaldeyri. Það erum við sem endanlega ráðum því hvað þú berð úr býtum. Og þegar litið er á

það að ríkið er búið að vera aðili að verðákvörðunum á fiski upp úr sjó, að launasamningum, að olíuverðsákvörðunum, að millifærslum og í raun og veru að allri fjármögnun sjávarútvegsins, þá er ekkert að undra þó að menn eigi erfitt með að finna þess merki á s.l. tveim árum að það sé raunverulega eitthvert samhengi að finna milli kvótastjórnunarinnar annars vegar og einhvers árangurs sem hugsanlega er hægt að mæla í verðmætaaukningu eða lækkun kostnaðar.

Aftur á móti er búið að gera hæstv. sjútvrh. að Bogesen alls Íslands. Hann hefur orðið sama hlutverki að gegna og forstjóri í einkafyrirtæki ríkisins sem rekur nánast allan sjávarútveg á Íslandi — og þá ekki bara útgerðina heldur fiskvinnsluna líka.

Því hefur verið haldið fram um þetta frv. að í því felist hvati til samstillingar veiða og vinnslu. Aftur á móti er það greinilegt þegar lesnar eru skýrslur lærðra manna, eins og þeirra flibbaklæddu í Þjóðhagsstofnun, að þeir eiga afskaplega erfitt með að draga fram sönnunargögn í þessu máli. Þeir geta ætlað og þeir geta talið og þeir geta talað um að eitthvað sé líklegt, en fullyrt geta þeir afskaplega lítið í þessu máli. Það er öllu merkilegra, þegar til þess er hugsað að afskipti ríkisins af þessari skömmtun og í þessari tilraun til samstillingar eru jafnmikil og þau eru, að enginn maður skuli raunverulega hafa haft döngun í sér á þessum tveimur árum að elta þessa stjórnunarþætti uppi og reyna að finna í þeim eitthvert samhengi. Það má minna á aðra hliðstæðu þegar títtnefnd Framkvæmdastofnun gerði til þess tvær tilraunir fyrir nokkuð mörgum árum að finna eitthvert samhengi milli lánveitinga sinna til sjávarútvegs — bæði útgerðar og vinnslu — og einhvers árangurs sem hugsanlega hefði náðst í íslenskum sjávarútvegi. Tvisvar sinnum settu menn í það lærða menn á launum, sem gerðu til þess örvæntingarfullar tilraunir, að finna þarna eitthvert samhengi á milli og komust þeir í bæði skiptin að þeirri niðurstöðu að það væri ekkert samhengi. Og það sem verra var: Þetta samhengisleysi var öllu ljósara fyrir þá sök að það var hægt að finna ákveðið samhengi milli starfa Framkvæmdastofnunar og ákveðinnar þróunar til jákvæðrar áttar í iðnaði en alls ekki í sjávarútvegi.

Nú er þar til að taka, sem aðrir menn geta lýst miklu betur en ég, þ.e. þeir sem fróðari eru, að afli annars vegar og sókn hins vegar geta tekið ýmiss konar breytingum vegna utanaðkomandi aðstæðna. Þegar sveiflur í afla og sókn geta numið mörgum prósentum og jafnvel tugum prósenta er auðvitað út í hött að stjórna með kerfi sem er jafnrígbundið og þetta er þar sem búið er að gera þetta nánast upp við ársbyrjun og litlir möguleikar til breytinga öðruvísi en með því að breyta heildaraflamagninu. Það má líka benda á að sú löglega mismunun, sem hæstv. ráðh. minntist á í máli sínu, er t.d. notuð til að leiðrétta mjög smásmuguleg og undarleg afskipti af veiðum þeirra aðila sem eru búnir að vera nánast óbreytanleg stærð í aflamagni í þó nokkuð mörg ár. Þar á ég við veiðar smábáta og þá sérstaklega línu- og handfæra sem farið er með nákvæmlega eins og botnvörpuskip og netabáta, þ.e. þá aðila sem veiða að jafnaði um 85% heildaraflans.

Í haust komu fram hjá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands hugmyndir um möguleika á öðruvísi stjórnun, þ.e. stjórnun sem miðaðist að því að ná þeim markmiðum sem allir menn eru nokkuð sammála um að sé nauðsynlegt að ná eða nauðsynlegt að halda. Það eru þau einföldu markmið að aflamagn í heild fari ekki yfir eitthvert ákveðið hámark og skipta þessu heildaraflamagni niður á tvö helstu veiðitímabilin, þ.e. sitt hvort hálfa árið, og eiga síðan möguleika á því að grípa inn í veiðar á þeim tiltölulega stuttu tímabilum, samtals fjórum mánuðum á ári, þ.e. annars vegar að vori og hins vegar að sumri, þegar veruleg hætta er á því að sókn verði það mikil að hún annars vegar bjóði hættunni heim að fara fram úr heildaraflamagninu og hins vegar yfirstígi getu fiskvinnslunnar og raski þannig því æskilega samspili veiða og vinnslu sem allir hafa áhuga á að ná en er oft erfitt að halda af mörgum ástæðum, sem þeim aðilum eru kunnar sem í þessu standa, þar sem alltaf verður ákveðið hagsmunamál þeirra sem fiskinn veiða að ná honum upp úr sjó á sem stystum tíma á meðan það eru hagsmunir fiskvinnslunnar að hafa sem jafnastan og lengstan vinnslutíma yfir árið.

Það er alveg öruggt mál að þetta frv. er ekki sókn til framfara eins og Framsfl. bauð sig til í síðustu kosningum. Þessi lög munu aldrei standa undir viðunandi lífskjörum á Íslandi þegar búið verður að fletja allan sjávarútveginn út í meðaltölum undir því yfirskini, eins og í frv. segir, að hvetja til lægri kostnaðar og samræmingar veiða og vinnslu, en án þess að hinn raunverulegi bati sé fyrir hendi, sá sem ég minntist á í upphafi máls míns. Þegar menn eru búnir að leggja sig fram í sveita síns andlitis að skapa verðmæti er þeim neitað um eignarhald á þessum verðmætum og þeir verða að afsala sér þeim í hina dauðu hönd ríkisvaldsins sem endanlega kveður upp sinn dóm um hvaða verðmæti hafa verið sköpuð og þá oftast gersamlega án tillits til þess hvaða hagsmunir eru í veði, eins og sést best á ástandi sjávarútvegs í dag eftir að ríkisvaldið er búið að tröllríða sjávarútvegi í bráðum tvö ár í þeim eina tilgangi að láta útgerðina og fiskvinnsluna standa undir þeim brjálæðislegu offjárfestingum sem fóru fram í orkugeiranum. Við stjórnarskiptin var Landsvirkjun heimilað að hækka gjaldskrá sína gífurlega, gengið var fryst og í þeirri stöðu var sjávarútvegi skammtaður aflinn undir því yfirskini að þar væri verið að gæta hans hagsmuna, en aftur á móti gersamlega tekin af mönnum ráðin í því að fá þau verðmæti í staðinn sem þeir höfðu þegar skapað.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Þetta er í þriðja sinn sem umræða um kvótakerfið ríður húsum hér á hinu háa Alþingi. Það er auðvitað tilgangslaust að fara að ræða hér um kosti og galla þessa kerfis ef rök bíta ekki, eins og sést best á hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Þeim nátttröllum, sem ekki taka þeim rökum sem kvótakerfið hefur greinilega sýnt, fer fækkandi því betur.

Ég get ekki farið að elta uppi ýmislegt af því sem hv. þm. taldi hér upp. Þó fannst mér fullómerkileg sú röksemdafærsla að tala um mat á fullunnum saltfiski hér sunnanlands þegar vitað mál er að stórlega hefur verið breytt um verkunaraðferð á saltfiski. Besti fiskurinn er frystur eða notaður í svokallaðan tandurfisk. Auðvitað vissi ég að mokið á Beiðafirði í vor fór illa af mörgum orsökum, en þó ekki síst vegna þess hve það geymdist í landi.

Eins og ég sagði áður eru menn meira og minna búnir að gera upp hug sinn. Það er tilgangslaust að vera að

halda hér langar ræður með tölulegum rökum. Þetta er orðin hrein landshlutaskipting hagsmunaaðila sem reyna svo að hafa áhrif á sína þm., sérstaklega meðal okkar stjórnarliða. Ég get þegar lýst því yfir að ég er hlynntur því að nota kvótakerfið til skömmtunar á ónógum afla. Ég tel að slíkt kerfi sé skást af þeim leiðum sem til greina koma þegar skömmtunar er þörf.

Ég bendi á að allar meiri háttar fiskveiðiþjóðir hafa gripið til kvótakerfis í einni eða annarri mynd til að skipta takmörkuðum afla á milli manna. Ég minni á að loðnuveiðar okkar Íslendinga hafa verið undir kvótakerfi í langan tíma, líklega fimm ár. Einnig má nefna þorskveiðar Kanadamanna og Norðmanna. Það þarf auðvitað ekki að vera að kerfi sem hentar öðrum þjóðum henti best við botnfiskveiðar okkar Íslendinga. En ég minni á að þessi aflaskiptingaraðferð hefur nú í þrígang verið samþykkt af yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem í greininnni starfa, hversu niðurlægjandi orðum sem hv. þm. Skúli Alexandersson fer um fiskiþing og þing Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég tel aftur á móti að tillögur sem Farmanna- og fiskimannasambandið samþykkti séu varla marktækar. Ég tel að yfirmenn í landhelgisgæslu og á kaupskipaflota séu ekki bestu menn til að segja mér til um hvernig ég ætti að haga minni útgerð og fisksókn ef ég hygði á slíkan atvinnuveg.

Hin tillagan, sem komið hefur fram um stjórnun fiskveiða, hefur verið kölluð „Vestfjarðaleiðin". Hún byggist á því að það sé miðað við heildarafla á þrem tímabilum og fiskað frjálst af kappi þar til skammtur hvers tímabils er búinn. Þá eiga allir að hætta og bíða eftir rásmarki fyrir næsta tímabil. Þessi aðferð er augljóslega að skapi aflakónga og þeirra sem næst liggja miðum þeim sem gjöfulust hafa verið og hraðast er hægt að fiska á.

Auðvitað hafa útgerðarstaðir í grennd við bestu fiskimiðin haft forréttindi og reynslukvótinn var miðaður við þessi forréttindi. Það var miðað við aflareynslu Vestfirðinga og þeirra sem við Breiðafjörð fiska. Með skraptillögunni er verið að tala um að auka þessi forréttindi enn umfram það sem gerðist á árunum 1981 og 1983.

Það er nokkuð fróðlegt að virða fyrir sér hverjar hinar raunverulegu hlutfallstölur þorskafla á árunum 1984 eru miðað við það sem áður gerðist eftir landshlutum. Það sýnir sig m.a. að þorskafli Vestfirðinga var í kringum 15% miðað við landið í heild hvort sem miðað er við 15 ára tímabilið 1968—1983 eða árin 1981—1983. Árið 1984 var hlutdeild þorskafla Vestfirðinga 17%. Þeir hafa ótvírætt bætt sig hvort sem miðað er við 15 ára tímabilið eða þriggja ára tímabilið.

Á Norðurlandi vestra er munurinn enn þá miklu meiri. Þorskafli á Norðurlandi vestra var aðeins 5,5% á þessum viðmiðunarárum og hann var aðeins 5,5% einnig á 15 ára tímabilinu 1968—1983. En nú er þorskafli á Norðurlandi vestra orðinn 8% af þorskafla landsmanna.

Smávegis aukning er bæði á Vesturlandi og Norðurlandi eystra á hlutfallstölu þorskafla miðað við landið í heild hvort sem miðað er við 15 ára tímabil eða þriggja ára tímabil. Þetta getur hv. þm. Skúli Alexandersson lesið í riti Fiskifélags Íslands þó að það sé sennilega ómerkilegt rit að hans dómi.

Þetta skrapdagakerfi með stuðlum og höfuðstöfum er, fyrir utan það að vera ósanngjarnt, næstum óframkvæmanlegt. Upplýsingaöflun er mjög seinvirk og það getur skeikað mörgum þúsundum tonna hvern dag sem stöðvun dregst á endaspretti hvers tímabils. Eftirlitið með netafjölda og frágangi afla og að veiðum sé hætt á tilteknum tíma er gersamlega ógerlegt. Í þeim samanburði er eftirlit með kvótakerfinu hreinn barnaleikur. Þetta þekkja þeir sem reynt hafa hvort tveggja.

Staðreyndin er sú að formælendur skrapdaganna vilja ekkert veiðistjórnarkerfi. Þeir vilja hömlulausar veiðar þar sem forréttindaaðstaðan gildir. Það er rétt að undirstrika að skrapdagakerfið gerir ekki síður ráð fyrir miðstýringu, aðeins að sú miðstýring er gersamlega óframkvæmanleg.

Mér hafa ofboðið sumar ræður sem fluttar hafa verið um þetta mál, sérstaklega í Nd. á undanförnum dögum, en ég ætla ekki að fara að tíunda þær. Það væri að æra óstöðugan að eltast við öll þau slagorð og fullyrðingar sem hrópuð hafa verið gegn kvótaskiptingu þorskafla. Við verðum að muna að kvótaskiptingu er beitt hér á veiðar átta eða níu annarra sjávardýra. Það er eingöngu þegar kemur að þorskaflanum sem kvótakerfið á að vera gersamlega ómögulegt.

Í þessum fjölmörgu ræðum sem haldnar hafa verið um kvótakerfið undanfarna daga, mánuði og ár hafa flestar þessar fullyrðingar og upphrópanir verið hraktar og menn hafa leitt mjög haldgóð tölufeg rök að því að aðferðin hafi þegar leitt til jákvæðs árangurs, t.d. í minnkandi útgerðarkostnaði, auknum aflagæðum, hagkvæmari rekstri og betri nýtingu skipastólsins. Ég sé ekki nokkra ástæðu til að rengja þær tölulegar upplýsingar sem við í sjávarútvegsnefndum höfum fengið þessu til sönnunar. Ég tel að það sé í hæsta máta góður vitnisburður fyrir það að íslenskir útvegsmenn og sjómenn kunni að notfæra sér hagkvæma kosti ef þeim er boðið upp á þá. Aftur eru sumir sem láta sig slík rök engu skipta. Þannig er málafylgjan einfaldlega í þessu máli.

Verst er að hv. 4. þm. Vesturl. skuli ekki vera í salnum. En meðan engin rök hafa verið leidd að því, engar tölur nokkurs staðar sést um það að sjómenn fleygi í auknum mæli fiski og að sjómenn noti í auknum mæli svindl og svínarí til að komast fram hjá þessum reglum, meðan engin rök hafa nokkurs staðar verið leidd fram í tölum fyrir þessu önnur en kjaftasögur á hafnarvigtum eða það sem sjómenn segja hver eftir öðrum, lýsi ég þetta staðlausa stafi.

Ég þekki þennan áburð mætavel frá skrapárunum góðu 1979 og 1980. Þá átti líka að vera mokað fyrir borð þriðjungi af afla togaranna vegna þess að fiskurinn væri of smár. Það var lögð í það mikil vinna að reyna að komast að því hvort einhver fótur væri fyrir þessum sögum. Það reyndist vera eins og venjulega að ein fjöður varð að fimm hænum og þannig er það enn.

Upp hafa komið hinar furðulegustu sögur um sölu á kvótum og svindl og svínarí í því sambandi. Þessi áróður hefur fengið býsna góðan hljómgrunn, undarlega góðan vil ég segja, miðað við það hvað margir hafa notfært sér þá hagræðingarmöguleika sem kvótasölur bjóða upp á. Mér dettur í hug að við Íslendingar þekkjum svo lítið til frjáls markaðskerfis. Vonandi er að opinn, frjáls gjaldeyrismarkaður, sem sjávarútvegurinn berst nú fyrir, opni augu manna fyrir því að það er viss kostur að geta selt fiskveiðileyfi. Ég tel það aftur og enn undarlegt

skilyrði að bæjarstjórnir og sjómannafélög viðkomandi staða þurfi að samþykkja þessi viðskipti og ég tel það víst að ýmsir forsvarsmenn þeirra félaga telji það þungan kross að bera að þurfa að samþykkja það eða hafna því.

Ég veit að hæstv. ráðh. hefur haldið margar ræður um þetta mál og ferðast víða, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson kom inn á, með fríðu föruneyti milli framsóknarfélaga um allt land. Ég get ekki séð á samþykktum þeirra félaga, sem nú hafa fjallað um þetta mál, að hagsmunaaðilar hafi breytt mikið um afstöðu vegna þessara ferða. Hins vegar hefur þetta mál verið kynnt mjög vel.

Þetta eru hrein landshlutaskipti. Ein og ein hjáróma rödd þykist vera á móti þessu kvótakerfi af hugsjónaástæðum. Mér finnst það fullvæmið þegar við hv. alþm., dæmigerðir skrifstofumenn, erum að kveina yfir því að hömlur séu lagðar á dugmikla sjósóknara með miðstýringu sem þeir halda í misskilningi sínum að sé eitthvað öðruvísi í þessu kerfi en öðru.

Það er eitt sem ég get tekið undir með hv. þm. Skúla Alexanderssyni, sennilega það eina. Ég hlýt að kvarta yfir því að hæstv. ráðherra gleymdi að hafa nokkuð samband við okkur í sjávarútvegsnefndum í sumar. Ég veit að það er teygjanlegt hvað samráð eru og hvenær hafa skal samráð og hvað tilefnið þarf að vera mikið. Það var getið um það áðan að nánast eina samráðið hefði verið þessi 100 manna fyrirlestrafundur inni í Borgartúni sem við vorum kallaðir á með sólarhrings fyrirvara og þar var umræðutími nánast enginn.

Ég tel það ástæðu til að hafa samráð þegar reglugerð um smábátasókn var breytt í haust og þar með ákvæði um að smábátar gætu fengið að kaupa kvóta í lok ársins. Það ákvæði væri numið úr gildi með þessum reglugerðarákvæðum. Ég tel að það hefði átt að hafa samráð við sjávarútvegsnefndamenn. Ég tel að það hljóti að hafa verið í anda þeirra laga sem sett voru. En það er nú liðin tíð.

Hæstv. ráðh. þarf ekki að vera undrandi á því að sambandið stirðni nokkuð við þetta. Eitt er víst að hann hefur með þessu ekki auðveldað okkur, sem höfum verið hlynntir þessu kerfi, að vinna að framgangi málsins. Þetta samstarf verður að vera nánara á næsta ári og ég treysti því að svo verði.

Það er líka annað mál hvort skynsamlegt var að afhenda þetta frumvarpshandrit á fundum hagsmunasamtakanna. Ég veit dæmi til þess að þm. fannst það nokkuð skrýtið að fá þetta sent ofan af Hótel Sögu, að vísu sem handrit, áður en það var lagt fram á Alþingi.

Annars er þessari umræðu nú að ljúka í ár, að vísu á elleftu stundu eins og stundum áður. Ég skal svo sem ekki tefja tímann mikið lengur með umræðu um þetta hér. Auðvitað er ég ekki fyllilega ánægður með öll ákvæði frv. Enn þá er sumt óljóst þó svo að reglugerðarvinnunni sé lengra komið en áður og er það mjög vel. Mér hefur stundum dottið í hug að það sé fullmargt talið upp í þessu frv. þar sem aldrei er nokkur leið að telja upp alla skapaða hluti og sumt verður að vera í reglugerð. En þá ætti að vera þeim mun minni ástæða til að tala um einræðisvald sjútvrh. ef svo margt er neglt niður í lögum.

Það að þetta skuli gilda til tveggja ára er ég sannfærður um að muni hafa þau áhrif að menn munu síður rjúka upp í aflahrotum á Breiðafirði eða Vestfjarðamiðum og reyna að brjóta niður kerfið. Eins og sést hefur fækkar þeim nú, bæði hér á Alþingi og annars staðar, sem berjast fyrir því að þetta kerfi verði brotið niður. Ég minni á það aftur að engin þjóð, sem tekið hefur þetta upp, hefur numið það úr gildi. Menn hafa breytt því eða lagað það, en það hefur ekki verið numið úr gildi. Við sjáum glöggt dæmi þess þegar loðnuveiðar voru auknar um helming í haust og loðnuútgerðarmenn voru kallaðir til og beðnir um að segja álit sitt á því hvort þeir vildu viðhalda kvótakerfi á loðnuveiðum eður ei. Allir nema einn samþykktu að kvótakerfið væri það skásta sem þeir vissu til.

Ég reikna með að þetta frv. eigi eftir að fá nokkra umfjöllun enn í nefndum og í þinginu. En það er ekki langur tími sem við höfum til stefnu og í raun og veru eru allir, sem ég þekki til í útgerð, farnir að vinna eftir því þegar í stað, líka á Vestfjörðum og við Breiðafjörð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Enn eru fimm á mælendaskrá og nú er kominn nýr dagur. Það er rétt að vekja athygli á því að nauðsynlegt er að koma þessu frv. til nefndar nú. Ég efast ekki um að okkur takist það á nokkuð kristilegum tíma miðað við aðstæður þar sem menn eru hér almennt mjög gagnorðir og stuttorðir.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt, enda er orðið mjög framorðið nú þegar. Hv. síðasti ræðumaður sagði: Rök bíta ekki. — Ég held að það eigi mjög vel við í þessu máli. Ég held að það væri nákvæmlega sama hvað við, sem erum á móti þessum kvóta, héldum lengi áfram að tala, slík rök mundu ekki bíta, enda er ákveðið að þetta kerfi komist á og gildi næstu tvö árin hvað sem hver segir. Þetta er búið að fara í gegnum Nd. og er hér til 1. umr. aðeins örfáum dögum fyrir jól.

Það er sérkennilegt og vert að velta því fyrir sér hvers vegna þessi mál eru lögð svo seint fyrir Alþingi. Jú, það er talið mikilvægt að þetta sé samþykkt í öllum samtökum sjómanna, LÍÚ, fiskiþingi, Farmanna- og fiskimannasambandinu og Sjómannasambandinu, helst áður en það er lagt fyrir Alþingi. LÍÚ segir: Svona viljum við hafa þetta. Höfum gildistímann í tvö ár. Síðan er fiskiþingið og þar eru sömu mennirnir, alla vega sumir þeirra, að fjalla um þetta og líka sömu mennirnir og eru sumpart í ráðgjafarhóp ráðherrans sem semur frv. að mestu leyti. Ég er því sannfærð um að hvað sem við segðum hér mundum við engu breyta. Það er fyrir fram ákveðið og svona skal það vera.

Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel að þær hugmyndir sem Farmanna- og fiskimannasambandið setti fram þrátt yfir ákvarðanir frá hinum samtökunum séu skynsamlegri. Að því takmarkaða leyti sem ég hef getað kynnt mér þær hugmyndir held ég að þær séu skynsamlegri. Sú takmörkun sem þeir setja á þorskaflann með því að setja tegundamark sem nemur 30% á annan afla sé jafnvel það stjórntæki sem við þurfum. Þá getum við beitt stjórnuninni þannig að takmarka í aflahrotum á vetrarvertíðinni og á sumrin en séum ekki að stjórna fiskveiðum í smáatriðum.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að verulegur sparnaður hefði komið fram í þessu kerfi. Það er vert að líta aðeins á það. Þjóðhagsstofnun setur fram ágætis plagg. „Telja má víst...," stendur í því ágæta plaggi. „Því miður liggja

ekki enn fyrir reikningar fyrir útgerðina í heild á árunum 1984—1985 en í áætlun Þjóðhagsstofnunar er reiknað með því að í kjölfar nýju fiskveiðistjórnarinnar hafi fylgt 9—10% sparnaður." Svona er orðalagið á þessu plaggi. Það er engu slegið föstu, enda er það ekki hægt, í þessu máli. Ég ætla að vitna aðeins í annað plagg, með leyfi forseta. Það er Útvegurinn árið 1984. Þar er líka talað um þennan sparnað, ef svo má kalla, á sóknareiningu.

„Ekki er til staðar algildur mælikvarði á sókn," stendur hér. „Ef leggja á mat á breytingar á sókn verður að láta nægja vísbendingar. Það af fyrirliggjandi upplýsingum, sem helst gæti gefið vísbendingu um hver framvindan hefur verið, eru tölur um skipafjölda, stærð skipafjölda, róðra og fjölda úthaldsdaga."

Svo er talað hér sérstaklega um togara: „Ef fyrst er litið á togarana gefur sóknarvísbending til kynna að sókn þeirra í botnfisk hafi minnkað u.þ.b. um 7%. Hins vegar minnkar aflinn einungis um 2%." Hér erum við að tala um togaraflotann, en aflinn hefur aðeins minnkað um 2%. Til hvers er öll þessi stjórnun? Jú, þá er komið að bátunum. Það hefur tekist að minnka aflann aðeins hjá línubátum eða um 6%. Í netasókn hefur aflinn minnkað um 20%, en hjá togbátum um 28%. (**EgJ:** Ekki 29?) Ég skal rétta þér, hv. þm. Egill Jónsson, plaggið á eftir. Þá geturðu séð þetta með eigin augum.

Hæstv. ráðh. nefndi áðan að stækkun kvótans hafi verið stöðvuð. Gott og vel. En í sömu ræðu boðaði hann að sex nýir togarar mundu bætast við á næsta ári. Hvað skyldi það segja okkur um stækkun flotans? Það eru 1500 tonn sem bætast við. Ef við tökum fjölda vélbáta á milli áranna 1983 og 1984, þá voru þeir 709 1983 en eru 705 1984. Þar er fækkun um fjóra, en meðalstærðin hefur ekki minnkað að sama skapi því að þeir voru að meðaltali 89 lestir en núna 92. Togararnir 1983 voru 104, 1984 107 og svo bætast sex við á næsta ári. Við getum því ekki talað um að stækkun flotans sé stöðvuð. Opnir vélbátar voru 1983 682 en 1984 825. Þessi fullyrðing á því ekki við rök að styðjast.

Það mun rétt vera að verðmætaaukning hefur orðið vegna rækjuveiða. 500—600 millj. hefur sú verðmætaaukning orðið vegna þess að fleiri skip hafa farið á rækjuveiðar og fundið ný rækjumið. En það mætti benda á að sú verðmætaaukning hefði jafnvel orðið meiri hefðu þessir sömu bátar fryst rækjuna um borð. Þá hefði þessi verðmætaaukning orðið 700—800 millj. En hvort þetta er beint kvótanum að þakka ætla ég ekki að dæma um hér. Ég hugsa að þrátt fyrir kvótann hefði einhverjum dottið í hug og jafnvel hefðu fiskifræðingar geta bent á að þarna væru ónýtt mið og ónýttir fiskstofnar.

Gæði afla hafa aukist. Það nefndi hæstv. ráðh. einnig. Gott og vel. Það mun kannske rétt vera. En þrátt fyrir að hv. síðasti ræðumaður drægi mjög í efa að afla væri hent í sjóinn veit ég dæmi þess. Meira að segja hafa skipstjórnarmenn beinlínis sagt að þeir telji að lélegur fiskur sé betur kominn í sjónum en að bera hann að landi og þar með rýra sinn kvóta. Þeir segja einfaldlega: Mér er skammtað, ég má ekki veiða nema 100 tonn af þorski, og því í ósköpunum skyldi ég þá vera að koma með mjög lélegan fisk að landi? Þetta eru þau verðmæti sem mér er skammtað og ég hika ekki við að nýta mér þau verðmæti til fulls.

Þetta vita þeir sem tala við sjómenn og útgerðarmenn. Hæstv. ráðherra veit að menn eru ekki að koma með hálfónýtan afla að landi. Það má t.d. nefna að selurinn er talinn hafa fjölgað sér mjög mikið. Það kemur fram í netafiski. Þar eru jafnvel tannaför eftir sel á fiskinum. Sá fiskur kemur ekki að landi. Honum er fleygt beint í sjóinn. Það þýðir ekkert að biðja um tölur um svona lagað. Menn koma ekki með tölur yfir þann fisk sem þeir henda í sjóinn.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson sagðist ekki mundu trúa slíku fyrr en menn gætu sýnt fram á tölur. En mér þætti gaman að vita hvort hann fengi einhvern skipstjórann til að gefa sér upp fjölda þeirra fiska sem hent er í sjóinn.

Einnig hefur verið rætt hér varðandi úthlutun kvóta hvað þetta þýði fyrir heildarstjórnun fiskveiða, hvort hægt sé að ná fremur því marki að halda heildaraflanum innan ákveðinna marka með því að stjórna eftir þessu umtalaða kvótakerfi. Við skulum líta aðeins á yfirstandandi ár. Úthlutun 1. janúar á þessu ári var 250 þús. tonn. Niðurstaðan er 317 þús. tonn.

Eins og hv. 4. þm. Vesturl. nefndi í ágætri ræðu áðan erum við ekki farin að sjá það hér og nú að svipuð niðurstaða verði ekki á næsta ári. Þar sem fiskifræðingar leggja til að veidd verði 300 þús. tonn gætum við reiknað með 380 þús. tonnum lauslega áætlað miðað við reynsluna á yfirstandandi ári.

Ég vil kalla það ofstjórnun þegar verið er að eltast við að stjórna línu- og handfæraveiðum. Það koma ekki að landi nema um 3% á handfæri, ef ég man rétt, og 6% á línu. Þegar verið er að eltast við að stjórna þessum veiðum erum við farin að stjórna um of.

Fleira má eflaust ræða í þessu sambandi. Frelsið innan þessa frv. vil ég aðeins minnast á varðandi sóknarkvótann. Þar er talað um í 7. gr. að menn geti nýtt sér sína reynslu og bætt við sig. 7. gr. kemur einna best út fyrir þá sem hafa mestan kvóta fyrir. Um leið og við erum farin að bæta við einhverri prósentutölu kemur alltaf hærri tala út eftir því sem grunntalan er hærri. Það leiðir af sjálfu sér að þeir sem eru með 100 tonna þorskafla í dag geta bætt við sig 20% og síðan fá þeir bónus ofan á það. Þeir sem eru með 300 tonna þorskafla þrefalda hér um bil bónusinn. Þetta er því best fyrir þá sem hafa hæstan kvótann fyrir.

Kannske munu mjög margir nýta sér 7. gr. og velja sóknarkvóta væntanlega með það til hliðsjónar, sem einn ágætur ræðumaður sagði hér, að þau lönd, sem hafa stjórnað fiskveiðum með þessum hætti, hafa aldrei fellt þá stjórnun niður. Ég vona svo sannarlega að við séum ekki að festa okkur til eilífðarnóns í þessu kerfi þrátt fyrir að það sé stórhætta á því að einmitt þessi sjónarmið hv. þm. Björns Dagbjartssonar séu ríkjandi hjá einstaka þm., að við séum hér með að festa okkur í ofstjórnunarkerfi til eilífðar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Því stjfrv., sem hér er til umræðu, er ætlað að framlengja hið svokallaða kvótakerfi. Það er látið svo heita að frv. feli í sér umbætur á þessu kerfi sem reynsla er nú af í tvö undanfarin ár. En þvert á móti er frv. til þess fallið að festa til frambúðar þetta stjórnkerfi til framkvæmdar á fiskveiðistefnu. Hér er því alvarlegur hlutur á ferðum. Stefnt er að varanlegu skipulagi í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar með þeim afleiðingum sem hnappheldu

ríkisafskipta og ofstjórnar fylgir.

Þetta frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986--1987, sem hér er til umræðu, er þriðja aðgerðin til að festa hið svokallaða kvótakerfi og lögbinda. Ég hef frá öndverðu verið andvígur þessari stjórnunaraðferð við fiskveiðar og mælt gegn henni hér á hv. Alþingi.

Það væri freistandi að ræða ítarlega um málið nú og ítreka og leggja áherslu á rökin gegn kvótakerfinu. En bæði er að enginn þarf að vera í vafa um skoðanir mínar í þessu efni, svo og að harla áliðið er nú orðið. Ég skal því í þetta sinn takmarka mál mitt við það þrautaráð sem formælendur kvótakerfisins grípa til þegar þeim er ekki lengur fært að loka augunum fyrir reynslunni og hafna staðreyndum.

Þegar allt um þrýtur benda formælendur kvótakerfisins á að útgerðarmenn sjálfir, sem eiga að búa við stjórnkerfið, séu því samþykkir og vilji við það una. Þetta er haldreipi þeirra sem boða kvótakerfið sem fagnaðarerindi og unnið hafa leynt og ljóst að því að samtök útgerðarmannna tækju afstöðu með kvótanum.

En þetta er ekki síður skálkaskjól hinna sem berja sér á brjóst og þakka guði fyrir að vera ekki eins og aðrir menn því að þeir séu á móti kvótanum en þó verði þeir að vera með honum þar sem samtök útgerðarmanna mæli með honum.

Mikið vald er Landssambandi ísl. útvegsmanna gefið. Sjálfsagt er að hlusta á rödd slíkra samtaka. Útgerðarmenn eiga hér vissulega hlut að máli, en svo er einnig um fleiri. Ekki er sjómönnum óviðkomandi stjórn fiskveiða né samtökum sjómanna, yfirmanna og undirmanna. Sama verður sagt um eigendur fiskvinnslufyrirtækjanna og samtaka þeirra og ekki má gleyma fólkinu sem vinnur við fiskinn, verkafólkinu í fiskiðnaðinum og hagsmunasamtökum þess.

Þegar grannt er skoðað eru það harla margir landsmanna sem eiga hlut að máli þegar mótuð er stefnan í fiskveiðum. Ætli það varði raunar ekki allan landslýð hver stefnan er í grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar. Þetta verður umfram allt að hafa í huga við mótun fiskveiðistefnunnar. Meira að segja verður að gjalda varhug við því að láta ánetjast af sérhagsmunum sem einstakir aðilar kunna að hafa. Hagur alþjóðar verður ávallt að vera í fyrirrúmi.

Sérhagsmunirnir geta sagt til sín með mismunandi móti. Sérhagsmunirnir geta jafnvel tekið á sig hinar furðulegustu myndir. Það eru t.d. sérhagsmunir þeirra félaga LÍÚ sem eiga skip sem ekki er haldið úti til veiða en gerð eru út til sölu á veiðikvóta. En slíkir hagsmunir þurfa ekki að vera hagsmunir útgerðarinnar í heild, hvað þá heldur þjóðarhagsmunir. Sumir geta tekið sitt á þurru við skipulag kvótakerfisins. En það breytir engu um eðli þess og skaðsemi fyrir þjóðarheildina.

Það er hægt að venja hagsmunahópa eða jafnvel heilar stéttir með gjöf á ríkisjötuna. En það rekur að sláturtíðinni fyrr eða síðar. Þeir sem njóta öryggis ríkisafskiptanna í bili verða óþarfir til lengdar við framtíðarskipulag ríkishnappheldunnar. Þannig geta misskildir eiginhagsmunir leitt til sjálfstortímingar. Svo geta brugðist krosstré sem önnur tré ef ekki er að gáð.

Kunnugt er dæmi úr breskri sögu. Þegar Bretar háðu sína hetjubaráttu í heimsstyrjöldinni síðari settu þeir upp kerfi ríkisafskipta og ríkishafta sem stríðsreksturinn krafði. Sérstakt ráðuneyti hafði með þessi mál að gera. Eftir styrjöldina kom til valda sósíalistastjórn í Bretlandi. Þessi stjórn taldi rétt að viðhalda í ýmsu því kerfi sem komið var upp í stríðinu því að það væri einföld leið til að koma á skipan sósíalisma til frambúðar.

Þegar stjórnartímabili sósíalista lauk og íhaldsflokkurinn kom til valda á ný undir forustu Winstons Churchill var sérstöku ráðuneyti falið að afnema kerfi ríkisafskipta og ríkishafta sem komið hafði verið upp í stríðinu.

Það vildi svo til að sami maðurinn var sá ráðherra sem hafði verið falið að byggja kerfið upp og sem fékk það hlutverk að rífa það niður. Sá merki stjórnmálamaður, sem þessu tvíþætta hlutverki gegndi, segir í ævisögu sinni að hlutverk sitt hafi verið vandasamt í báðum tilfellum, en sýnu erfiðara hafi verið að rífa kerfið niður. Þar hafi komið til að ýmsir þeirra sem kerfið varðaði mest í framkvæmd, iðjuhöldar og verslunarjöfrar, hafi viljað viðhalda kerfinu þegar hér var komið. Þeir hafi verið orðnir vanir ríkisafskiptunum sem veitt hafi þeim visst öryggi því að þeir hafi haft sitt á þurru og ekki þurft að mæta áhættunni sem fylgir frjálsri samkeppni.

Málið var þeim mun erfiðara þar sem hér áttu í hlut máttarstólpar íhaldsflokksins, segir hinn merki stjórnmálamaður sem hér kemur við sögu. En breski íhaldsflokkurinn ákvað að kerfið skyldi lagt niður, hvað sem liði hagsmunum iðjuhölda og verslunarjöfra, vegna þess að þjóðarhagsmunir kröfðust. Svo var litið á að iðjuhöldar og verslunarjöfrar gætu ekki gegnt sínu mikilvæga hlutverki í skipulagi sósíalisma heldur einungis við skipulag frjálsrar verslunar. Íhaldsflokkurinn var ekki handbendi sérhagsmuna heldur tryggði þjóðarhagsmuni.

Hér á landi höfum við komið okkur upp kerfi ríkisafskipta og ofstjórnar í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Til þess rak engar nauður. Það reyndist tiltölulega auðvelt að koma þessu kerfi á en það ætlar að reynast sýnu erfiðara að leggja kerfið niður. Kemur þar til að þeir sem kerfið varðar mest í framkvæmd, meiri hluti útvegsmanna, vilja viðhalda kerfinu. Þeir telja sig hafa sitt á þurru við þær aðstæður sem kerfið býður upp á. Þeir sjá sér í bili hag í að viðhalda því kerfi sem leitt getur til framtíðarskipulags sem gerir þá sjálfa óþarfa til frambúðar. Raunin er sú að þeir grafa sér sína eigin gröf.

Með því að viðhalda ríkisafskiptum og ofstjórn kvótakerfisins er stigið örlagaríkt spor til þjóðnýtingar á Íslandi. Útgerðarmenn gegna ekki sínu mikilvæga hlutverki í þjóðnýttum sjávarútvegi því að aðeins fær notið sín atorka, dugnaður og framtak að frelsi til athafna sé virt.

Alþingi má aldrei vera handbendi misskilinna sérhagsmuna heldur verður það að tryggja hagsmuni alþjóðar. Þess vegna krefjast þjóðarhagsmunir að kvótakerfið verði afnumið.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að geta þess að það er bágt að Sjálfstfl. skuli svo lítið hlusta á forseta Alþingis að hann skuli einhenda sér á þetta frv. þrátt fyrir hans gildu röksemdir og einarða málflutning þar sem hann bendir á mjög skilmerkilega að íhaldið er samt við sig hvar sem það er og það er erfiðara að koma því út úr sínu eigin kerfi en að koma kerfinu yfir það.

Umræður um kvótakerfið hafa verið á ýmsa lund og

hvers konar yfirlýsingar komið fram hjá mönnum. Skemmst er að minnast þess að forsrh. ríkisins lýsti því yfir að hann væri ekki kvótamaður, hann væri á móti kvóta, en nú nýskeð hefur hann greitt þessu kvótafrv. atkvæði. Það sýnir hvernig orð og athafnir fara saman eða hitt þó heldur.

Ég er einn þeirra sem telja nauðsynlegt að hafa stjórn á fiskveiðum. Við getum sjálfsagt rifist um það lengi hvernig fiskveiðunum skuli stjórnað og það eru menn búnir að gera viku eftir viku. Hitt er annað að sú umræða, sem átt hefur sér stað um kvótakerfið, hefur alveg drekkt meginvandamálinu, þ.e. afkomu útgerðarinnar, afkomu sjávarútvegsins, sem nú er í skötulíki þrátt fyrir mikinn afla, þrátt fyrir gott verð, þrátt fyrir góðar aðstæður.

Það fer ekki hjá því að þegar ég sem Reyknesingur og manneskja velti fyrir mér kvótamálum hugsi ég til þess að á Reykjanesi var afli að landsmeðaltali 1968—1983 27%. Aflinn var 1984 aðeins 19% þrátt fyrir að kvótaúthlutun hafi verið 25%. Það eru margar ástæður fyrir þessu, en sjálfsagt er gildasta ástæðan sú að flotinn hefur streymt af þessu svæði til annarra byggðarlaga, hvar menn hafa haft meiri efni á að kaupa þessi skip en þar syðra. Útvegur á því svæði hefur átt við ramman reip að draga og er nú svo komið að sjávarútvegur á þessu svæði, sem var vaxtarbroddur útgerðar í áratugi, er nú að því kominn að hverfa, ef svo mætti segja. Fyrirtækin þar eru, eins og ágætur maður sagði í Nd. fyrir skemmstu um aðra aðila, hvert á fætur öðru að fara í biðsal dauðans. Hvort þau komast þaðan aftur skal ósagt látið en hitt er annað að miklir erfiðleikar eru þar á ferðinni.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. á þessu stigi. Það er orðið áliðið. Margt mætti vissulega ræða og vera með hvers konar hugleiðingar. Ég er ósáttur við margt sem hér er fram sett. Það má vera að hægt væri að sníða þá agnúa af með reglugerðum, en það verður að skoðast frekar í nefnd.

Ég tek undir þá gagnrýni, sem kom fram hjá öðrum alþm., að samráð við sjávarútvegsnefndir var ekki eins og skyldi í sumar. Samráð við hagsmunaaðila var öllu betra og ég er ekkert að kvarta yfir því. En ég tel að það mætti breyta þessu. Það mætti hafa sjávarútvegsnefndir meira með í almennum undirbúningi og undirbúningi reglugerða. Ég held að það ætti ekkert að skemma fyrir heldur auðvelda gang mála. Ég er ekki að skammast út í sjútvrh. út af þessu. Ég tel að á margan hátt hafi samráðið verið meira en oft hefur verið áður. En ég vil finna að þessum þáttum. Okkur þótti það, sjávarútvegsnefndarmönnum, ansi biturt að fá frumvarpsdrögin í hendur frá hagsmunaaðilum. Þá höfðu þessi mál verið til umræðu í alllangan tíma, en við höfðum ekki fengið þau gögn sem við hefðum þurft að hafa.

Í umræðu hér hefur verið bryddað á ýmsu. Það hafa engar beinar tillögur komið fram um breytingar. Þó hefur hv. þm. Skúli Alexandersson gert tilraun til að meta málið öðruvísi en hér er fram sett. Hann hefur bent á það réttilega að öll umræðan hefur einmitt farið í þennan farveg, snúist um kvótann sem við köllum svo. Menn hafa ekki leyft sér aðrar hugleiðingar.

Það var mjög hressilegt að heyra ræðu Björns Dagbjartssonar áðan. Hann var ekki aldeilis í vafa um að þeir væru að gera rétt, hinir íslensku íhaldsmenn, þar sem hann sagði að það væri rétt að skammta og það væri nákvæmlega rétta leiðin sem hérna væri farin. Það væri enginn efi þar. Það er vissulega gott þegar menn eru sanntrúaðir á sinn málstað, en þetta var mjög táknrænt fyrir það hvernig sjálfstæðismenn tala um skömmtun og höft. En málflutningurinn var hressilegur. Ég vil ekki leyna því.

Ég mun á síðari stigum málsins, þegar nefnd hefur farið yfir frv., gera betur grein fyrir mínum skoðunum í þessu efni. En ég endurtek að í aðalatriðum er ég sammála því að það verði að stjórna fiskveiðum og heppilegast væri að sem allra best samstaða næðist um það. Hins vegar hefur býsna lítið samráð verið haft við okkur í stjórnarandstöðunni um ýmsa þætti og því er ekki séð hvernig við getum tekið þátt í því að samþykkja það sem hér er meiningin að samþykkja.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það er eins og oft áður að farið er að líða á nótt þegar við ræðum hin dýpri mál hér sem varða þjóðina miklu. Því miður er sú staða uppi einu sinni enn. Þetta hefur skeð áður hjá okkur og verðum við að takast á við þann vanda eins og hann er.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir, en áður en ég byrja á því get ég tekið undir það með mörgum þeim sem hér hafa talað að staða sjávarútvegsins í heild er mjög erfið vægast sagt. Þar eru því miður ekki fyrirsjáanlegar neinar úrbætur á næstunni, sérstaklega varðandi fiskvinnsluna. Við þurfum að taka okkur vel saman í andlitinu ef þar á að verða bót á svo að hægt sé við að una.

Ef við snúum okkur að frv. held ég að við séum öll sammála um að á einhvern hátt verður að stjórna veiðum, a.m.k. þorskveiðum. Ég hef engan heyrt mæla á móti því að einhvers lags stjórnun yrði að vera. Deilt er um það hvort við eigum nota svokallað kvótakerfi eða fara hina svokölluðu tegundamarksleið, þ.e. nota gamla skrapdagakerfið. Eins og hér hefur komið fram skiptist þetta nokkuð á milli landshluta. Greinilegt er að Vestfirðingar og meginþorri Breiðfirðinga eru fylgjandi því að taka upp svokallaða tegundamarksleið sem er nýyrði nú frá því í haust. Áður hét það skrapdagakerfi. Ég man ekki hvað hv. þm. Skúli Alexandersson kallaði það í sínu frv. í sumar. Það var ekki sama nafn. En þetta er kallað tegundamarksleið nú og það er ágætis nafn.

Bæði kerfin hafa sína galla. Ég get vel skilið Vestfirðinga og segi það við hv. 4. þm. Vestf. að ég skil ákaflega vel þeirra sjónarmið í ljósi þess hvernig unnið hefur verið í þessu kvótakerfi í þau tvö ár sem það er búið að vera ríkjandi. Það er ákaflega eðlilegt að aðilar fyrir vestan, t.d. á togurum, sem hafa haft viðmiðunarmarkið 1500 lestir af þorski þegar togarar hér sunnan- og suðvestanlands hafa verið með 750 tonn, vilji ganga af meira krafti styttra á miðin til að ná sér í meiri þorsk. Þetta skil ég ákaflega vel. En við verðum samt að hafa uppi ákveðnar leikreglur. Ég tel ekki að við séum á nokkurn hátt að bregðast frjálsræðishugsjónum okkar þó að við viljum hafa ákveðna stjórn á hlutunum. Við getum ekki í okkar litla þjóðfélagi haft allt laust, því miður.

Hv. 4. þm. Vesturl. rifjaði upp hvaða samtök hefðu fjallað um þessi mál og talaði t.d. um Landssamband ísl. útvegsmanna. Það gerði hv. 4. þm. Vestf. einnig. Mér fannst nokkuð aflagað sumt af því sem þar var sagt.

Það er rétt að tonnatala ræður atkvæðamagni á landssambandsfundum. Þar vega þungt þeir stóru togarar sem eru yfir 500 tonn og eins loðnuflotinn að stærri hluta. En það eru einnig þar þorskveiðimenn sem hafa verið á minni skipunum en stunda einnig loðnu. Ég sat á þessum fundi sem gestur. Útkoman er sú að 78% fylgja þeirri leið sem frv. gerir ráð fyrir.

Það má benda á að fyrsta árið, sem kvótinn var samþykktur með miklum þrautum, börðust hatrammast gegn honum fulltrúar Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda eða togara yfir 500 tonn. Þessir menn fylgja honum harðast í dag. Ég ætla ekki að dæma af hverju. Þeir hafa eitthvað lært af reynslunni. Þeir fylgja þessu máli mjög fast í dag. Það er rétt að minna á þetta því að það gat valdið misskilningi hvernig að þessu er staðið. Ég vil heldur ekki láta orð að því liggja að hin virðulega samkoma, fiskiþing, sé hálfgerður klúbbur góðra manna sem sé lítt mark takandi á. Þessu mótmæli ég.

Ég vil benda á að í þessu frv. eru allmargar breytingar til hins betra frá því sem áður var. Það er verið að læra af reynslunni. Ég ætla ekki að strika undir að festa þurfi þetta í sessi um aldur og ævi. Það getur vel verið að mönnum sýnist svo að þetta sé betra en að taka upp algert frjálsræði eins og áður var. En það þarf áreiðanlega, hvað sem gert er í þessum efnum, að stilla saman veiðar og vinnslu til að geta fengið sem mestan arð út úr því verðmæta hráefni sem við drögum að landi. Og það fullyrði ég að það gerum við ekki frekar með tegundamarksleiðinni en kvótakerfinu.

Ég vildi ekki sjá framan í fólk vestur á Snæfellsnesi eða í Ólafsvík ef bátar þar, sem hafa valið tegundamarksleiðina, fá góða vertíð eins og þeir hafa fengið undanfarið og það verður að loka fyrir tegundir vegna þess að það þorskmagn, sem átti að veiðast þá, er búið mun fyrr en ætlað var. Hvað er þá með atvinnuna á þessum stöðum og hver er þá meðferð aflans sem búið er að hrúga í land á svo skömmum tíma að ekki ræðst við? Ég tel þetta ekki vera til bóta frá því kerfi sem kvótinn býður upp á. Þetta er mín skoðun.

Í frv. er einn liður sem mönnum hefur láðst að minnast á hér en hefur verið mikið vandamál hjá hæstv. ráðh. og þm., þ.e. vandamál smábátanna. Smábátaeigendur eru mjög fjölmenn stétt eins og allir vita og fjölgar mjög í henni. Frv. tekur á því máli. Það má segja að það sé þeim aðilum sem þar hafa að staðið sjálfum að þakka. Þeir mynduðu sín landssamtök fyrir nokkru og það merkilega skeði að þeir náðu þar fullu samkomulagi. Mér sýnist að við þeirra óskum hafi verið orðið að verulegu leyti í þessu frv. Eftir því sem ég hef talað við eru þeir mjög sáttir við það sem þarna er fram komið.

Meðferðin á smábátaeigendum var eitt stóra vandamálið sem var alltaf að veltast á milli okkar hér í þinginu, í fjölmiðlum og annars staðar, en það er leyst hér og það verður undirstrikað betur í reglugerð þegar hún kemur. Þetta vil ég að við drögum einnig inn í umræðuna.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta mörg orð í viðbót. Ég er formaður þeirrar nefndar sem um þetta mun fjalla og fundur er boðaður kl. hálftíu í fyrramálið. Það er því rétt að fara að hvílast og undirbúa sig undir þá orrustu. Ég mun gera ráðstafanir til þess að við fáum inn á þann fund þau drög að reglugerð sem eru komin svo að við getum farið í gegnum hana og skoðað hlutina yfirvegað og rólega og séð hvernig okkur líst á. Þá held ég að við munum nokkuð friðmælast í þessum efnum.

Við megum ekki bíta okkur fast í ákveðnar skoðanir, eins og ég hef einhvern tíma sagt, segja sem svo að sú leið sem ég vil fara sé sú eina rétta eða sú sem hinn vill fara sé sú eina rétta. Við verðum að finna á þessu sem réttlátasta lausn sem við getum öll við unað. Þess vegna veit ég og vona að nm. sjútvn. munu vinna þetta mál hratt en þó án alls þrýstings og leita upplýsinga eins og hægt er í þeim efnum svo að það geti komið sem fyrst fyrir þessa virðulegu deild þannig að það styttist frekar í okkar jólafrí.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er ekki gustuk að lengja þessar umræður mjög. Ég sé að sumir okkar eiga að mæta á nefndarfundum eftir 6—7 tíma í fyrramálið. Engu að síður er óhjákvæmilegt að leggja nokkur orð í belg við þessa umræðu um þetta mikilsverða mál. Það blæs ekki byrlega í sjávarútvegi okkar um þessar mundir, kannske ekki frekar en fyrri daginn mundu sumir segja. Þó að horfurnar séu slæmar hér innanlands eru kannske líka önnur áhyggjuefni sem ekki ber síður að huga að. Í pósthólf þm. hefur verið lagt núna í dag eða gær nýtt tölublað af tímariti Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD Observer. Þar er fjallað um fiskviðskipti, þær breytingar sem verða á viðskiptum með fisk í veröldinni með tilkomu 200 mílnanna og þær breytingar sem menn telja sig sjá.

Þar segir höfundur þessarar greinar t.d. um þorsk að þær breytingar, sem 200 mílurnar hafi haft í för með sér, þýði að ýmsir markaðir séu nú ekki lengur opnir útflytjendum og menn verði að finna sér nýja markaði eða að mæta verði þessum vanda með því að lækka verðið.

Enn fremur segir að líklegt sé að afli muni aukast, meiri fiskur verði á markaðnum og samkeppnin harðari. Þetta gæti leitt til aukins þrýstings á ríkisstjórnir til að skerast í leikinn, annaðhvort með aukinni fjárhagsaðstoð við fiskiðnaðinn, sem sums staðar nemur allt að 25% af aflaverðmæti, eða verndaraðgerðum. Þá er sjálfsagt átt fremur við verndaraðgerðir á tollasviði en veiðisviði.

Ég skal reyna að stytta mál mitt. Það eru sjálfsagt ýmsir á mælendaskrá enn og klukkan orðin býsna margt.

Það eru afar skiptar skoðanir um það búmark til sjós, ef svo má segja, sem við erum að ræða hér. Mér sýnist að það kunni að verða nokkur áhöld um það hvort meiri hluti sé fyrir samþykkt þessa frv. hér í deildinni. Ég er hreint ekki alveg viss um það eftir þær ræður sem hér hafa verið haldnar í kvöld.

Mig langar til að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 4. þm. Vesturl. sem talaði hér áðan. Sjálfsagt verður ræða hans sú sem verður einna mest áberandi í fjölmiðlum á morgun vegna þeirrar yfirlýsingar sem hann gaf um að hann segði sig úr iðnn. vegna þess að hann væri ósáttur við hvernig flokkur hans stóð að afgreiðslu þessa máls. Mér kom þessi yfirlýsing hans nokkuð á óvart því að hv. þm. er sjálfsagt sá af þm. þessa flokks sem þekkir best til málefna sjávarútvegsins, hefur enda fengist við rekstur á því sviði býsna lengi og lifað og hrærst í því sem þar er að gerast. Þess vegna þótti mér þessi yfirlýsing hans merkileg. Ég veit ekki hvort hann er að segja sig úr flokknum í áföngum. Ég skil ekki heldur af

hverju hann segir sig úr iðnn. vegna þess að ekki er tekið tillit til sjónarmiða hans í sjávarútvegsmálum. Var einhver að skamma Albani kannske?

Það er kannske ástæðulaust að hafa um þetta mjög mörg orð. Ég er honum sammála um mjög margt. En í upphafi ræðu sinnar gagnrýndi hann — ég heyrði ekki betur — hæstv. sjútvrh. fyrir hans ferðalög um landið. Ég get ekki tekið undir það. Ég held að það hafi verið rétt. Þar gafst mönnum í verstöðvunum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri milliliðalaust. Við sátum saman einn slíkan fund vestur í Ólafsvík fyrir nokkrum vikum. Það var góður fundur að mörgu leyti. Ég virði þetta framlag sjútvrh. og tel hafa verið rétt að verki staðið með því að gefa fólkinu, gefa sjómönnum og útvegsmönnum kost á að ræða þessi mál millilíðalaust við þann ráðherra sem með þau mál fer.

Hv. 4. þm. Vestf., forseti sameinaðs þings, var afar þungorður um þetta frv. og satt að segja óvenjulega. Ég segi ekki að hann hafi verið stórorður því það var hann ekki, en hann var þungorður og það með töluvert miklum rétti að ég held. Kerfi ríkisafskipta og ofstjórnar, hnapphelda ríkisafskipta og að Alþingi ætti ekki að vera handbendi misskilinna sérhagsmuna.

Það er kannske óþarfi, virðulegi forseti, að lengja þessa umræðu mjög. Það er ekki ágreiningur um að stjórnunaraðgerðir þarf. Ég get verið stuttorður og lýst því sem skoðun minni að ég held að þær tillögur, sem Farmanna- og fiskimannasambandið lagði fram, hafi verið sýnu betri en það kerfi sem hér er lagt til að taka upp. Fyrir því eru margar ástæður sem ég sé svo sem ekki sérstaka nauðsyn til að fara að rekja núna um miðja nótt. Til þess gefst væntanlega tækifæri þegar þetta mál kemur úr nefnd. Við þurfum að koma þessu máli til nefndar í nótt. Ég held sem sagt að þær tillögur séu betri og hafi ýmsa kosti fram yfir það kerfi sem hér er gert ráð fyrir.

Ein af höfuðástæðunum fyrir því að ég er andvígur þessu kerfi er sú að þetta kemur mjög misjafnt niður eftir landshlutum. Í öðru lagi finnst mér það siðferðilega rangt og mér finnst það rangt á allan hátt að útgerðarmaður, sem ekki notar kvóta sem þetta kerfi skammtar honum, skuli geta selt fisk í sjónum, sem ráðuneytið hefur skammtað honum, einhverjum öðrum aðila millilíðalaust fyrir stórar upphæðir. Þetta finnst mér vera siðferðilega rangt. Slíkt á ekki að geta átt sér stað. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hversu háum fjárhæðum kvótasölur í heild hafa numið. Það þarf ekki að draga í efa að sjálfsagt skilar þetta sér allt í réttum skýrslum og sköttum. En þarna eru miklir fjármunir í húfi. Mér finnst gjörsamlega óeðlilegt að þessi verðmæti, sem menn verðskulda ekki að geta selt, skuli geta skipt um eigendur með þessum hætti.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vestlendinga, að það hefur verið komið verulega til móts við sjónarmið smábátaeigendanna. Það ber að virða. En engu að síður er þetta frv. gallað að mínu mati. Eins og það liggur fyrir hér og nú er ég því andvígur. Og skal ég nú, virðulegi forseti, láta máli mínu lokið við þessa umræðu málsins.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það er óþarfi að hvessa mjög til orðaskipta í umræðu um þetta mál í hv. deild á þessu stigi, en þó vil ég nefna að heldur fannst mér ósmekklegt að hv. þm. Karl Steinar Guðnason tók undir ummæli sem áttu sér stað ekki fyrir löngu í hv. Nd. um það að allmörg fyrirtæki landsins væru í biðsal dauðans. Sá orðskekill sem þessi ummæli viðhafði, þm. Ólafur Ragnar Grímsson, (**Gripið fram í:** Varaþingmaður.) varaþingmaður, rétt, er þekktur fyrir níðmælgi um fyrirtæki landsins. Ég vil minna á að fyrir fimm árum heyrði ég umræddan þm. fjalla um stöðu Flugleiða á fundi með starfsmönnum Flugleiða þar sem hann sagði blákalt að innan tveggja ára væru þeir allir búnir að missa sína vinnu og fyrirtækið dautt. Slíkt orðalag finnst mér ósmekklegt að viðhafa í þessari umræðu.

Það má stytta umræðuna á þeim grunni, finnst mér, að það hefur mikið áunnist á hinum ýmsu stigum í undirbúningi frá því í þingbyrjun þegar frv. hæstv. sjútvrh. var kynnt. Mikið hefur unnist á þeim tíma og til þess tíma er það var lagt fram með samvinnu manna og umræðum manna á milli þar sem skipst var á skoðunum og reynt að brúa hin ýmsu bil. Það má því segja að hér sé um að ræða þolanlega leið í því efni sem um ræðir. Ég held að það hafi verið af hinu góða hve þm. úr báðum deildum unnu að undirbúningi málsins á síðustu stigum. Ég rétt drepa á nokkur atriði sem ég vil leggja áherslu á að séu höfð í huga þegar rætt er um frv. og reglugerð sem í smíðum er.

Í fyrsta lagi er brýn nauðsyn að jafnað verði milli togara á suður- og norðursvæði í rétti á þorskveiðum.

Það er brýn nauðsyn að herða eftirlit með vinnslu um borð í frystiskipum. Það er sífellt ástæða til þess að brýna eftirlit til þess að stemma stigu við smáfiskadrápi. Ég fagna þeim árangri sem hefur náðst varðandi smábátaflota landsmanna. Þó vil ég segja að ég tel að eitt pláss í landinu ætti að vera undanskilið þeim reglum sem um er að ræða fyrir algjöra sérstöðu og það er Grímsey.

Það er ástæða til þess að hvetja til kapps um að rækta gæðaeftirlit þegar settar eru fram slíkar hugmyndir sem um er rætt í frv. um stjórnun fiskveiða, rækta gæðaeftirlitið mjög vel og markvisst. Jafnframt hljótum við, þó það sé hliðarmál í stjórnun fiskveiða, að brýna menn til markaðssóknar og baráttu um eðlilega stöðu fiskvinnslufólks í landinu.

Það er orðalagsákvörðun að lína og handfæri séu undanskilin kvóta þau tímabil ársins sem um hefur verið rætt, en ég tel brýnt að það sé ekki eingöngu notað orðið lína heldur einnig krókur eða handfæri.

Það má einnig minna á að það gengur ekki til lengdar að við getum ekki endurnýjað bátaflota okkar. Það er hliðarmál í þessari umræðu, en mér finnst ástæða til að nefna að það þarf að flýta því að samræma reglur þar um. Hættan við kvótakerfið er mest sú, að mínu mati, að þar er veruleg hætta á að breytt sé mynd útgerðar og athafna og einstaklingsframtaks í landinu sem hefur verið styrkur í þessum atvinnuvegi um áratuga skeið. Það þarf að tryggja möguleika allra aðila í þeim efnum áfram eins og verið hefur þótt nokkuð hafi syrt í álinn í þeim efnum um sinn. Þess vegna er endurskoðunarákvæðið mjög mikilvægt að mínu mati. En á meðan þorri hagsmunaaðila í sjávarútvegi hefur þá skoðun að brýnt sé og nauðsynlegt að stjórna með samkomulagi er farin þarna ákveðin millileið sem ég tel vera þolanlega eins og á stendur.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Það eru ekki mjög margar spurningar sem til mín hefur verið beint, en Skúli Alexandersson hv. 4. þm. Vesturl. spurði að því hver hafi óskað eftir fiskifræðingum á fundum sem sjútvrn. hefur efnt til á nokkrum stöðum á landinu og hver greiði kostnaðinn við þessi ferðalög.

Því er til að svara almennt að í nokkrum tilfellum hefur verið óskað eftir þessum fundum, t.d. þeim fundi sem ég sat ásamt hv. þm. í Ólafsvík. Það var ósk atvinnumálanefndar þar. Þá var ekki óskað eftir fiskifræðingi og þar með var hann ekki með. (**SkA:** Hann var þarna fyrir.) Já, það var fiskifræðingur á staðnum. Að vísu talaði hann um annað mál.

En það má alltaf deila hvað skuli lagt í það að fara um landið. Það er alltaf verið að skamma þm. fyrir að láta aldrei sjá sig. Ég verð a.m.k. var við það í mínu starfi í mínu kjördæmi og ég býst við því að það sé svipað með aðra þm. Því finnst mér það koma úr hörðustu átt þegar þm. eru farnir að skamma aðra þm. fyrir að efna til funda. Ég held að við ættum frekar að reyna að standa saman um að segja frá því hvað það er í reynd erfitt fyrir þm. að vera í góðum tengslum við umbjóðendur sína. Það er ekki heiglum hent. Auðvitað er af þessu alltaf nokkur kostnaður. Hann hefur að sjálfsögðu verið greiddur af mínu ráðuneyti, enda gert ráð fyrir því að svo sé.

Hér hefur nokkuð komið til tals að ekki hafi verið fullnægjandi samráð við þm. haft um þetta mál á ýmsum stigum. Ég vildi aðeins eyða í það nokkrum orðum.

Þegar reglugerð var sett um þetta mál eftir að lögin voru samþykkt síðast voru höfðu um það mjög náin samráð við þingnefndir í samræmi við það sem til var ætlast, enda hefur enginn um það rætt. Það voru fyrst gerð drög að frv. í mínu ráðuneyti. Síðan var kölluð saman ráðgjafarnefnd og þar voru til kvaddir að minni beiðni formenn sjútvn. þingsins eftir því sem ég best veit. Einhver misbrestur var á því. Menn eru í fríum og ferðalögum eins og gengur og hentuðu þeim illa þeir fundir. En um það var beðið að þeir væru kvaddir á þá fundi. Þegar ráðgjafarnefndin hafði lokið við að fara yfir frv. og það var tilbúið afhenti ég þau drög öllum þingflokkum hér á Alþingi. Ég man ekki nákvæmlega hvaða dag það var. Síðan var efnt til fundar inni í Borgartúni. Þar lágu einnig fyrir drög að frv. og sjávarútvegsnefndamenn fengu þau. Því næst var frv. prentað í handriti og því dreift í nægilega mörgum eintökum handa öllum þm., þori ég að fullyrða, áður en því var dreift á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna. Það má vel vera að einhverjir þm. hafi ekki fengið frv. með eðlilegum hætti og ég get tekið það á mig, en það er á engan hátt vísvitandi að það hefur orðið og má flokkast undir mistök.

Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. þm. Birni Dagbjartssyni að það hefði áreiðanlega verið við hæfi og rétt að kalla til sjávarútvegsnefndamenn þingsins *varðandi reglugerðina um smábátana* á s.l. hausti. Við vorum að kanna hvort hægt væri að aðskilja atvinnumenn frá öðrum, en vorum komnir í mikla tímaþröng með það. Við höfðum einnig samráð við fulltrúa smábátaeigenda á síðustu stundu um málið. Þetta var í vikunni fyrir 1. september því við lögðum á það áherslu að ljúka verkinu þá. Hitt er svo annað mál, sem ég veit að menn hljóta að viðurkenna hér, að það er ekki alltaf auðvelt að ná saman sjávarútvegsnefndamönnum að sumri til. Þó að það sé vissulega hægt í mörgum tilvikum er það ekki auðvelt með litlum fyrirvara.

Þetta vildi ég segja almennt um þessi samráð. Það má alltaf um þau deila. Við erum ýmist skammaðir fyrir að hafa allt of mikil samráð við hagsmunaaðila eða allt of lítil samráð við þm. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði að við hefðum nánast engin samráð haft við stjórnarandstöðuna. Ég leyfi mér að fullyrða að stjórnarandstaðan hefur fengið aðgang að öllum gögnum varðandi þetta mál þannig að ég get ekki alveg tekið undir þessar fullyrðingar.

Hér hefur ýmislegt komið fram og hér hafa fallið mörg stór orð. Það er eins með þetta mál og stundum áður að það vinnst ekki tími til að svara því öllu. Ég ætla ekki að gera það. En ég get ekki komist hjá því að mótmæla því mjög ákveðið sem Þorvaldur Garðar Kristjánsson hv. 4. þm. Vestf. hefur haldið fram í þessu *máli. Hann hefur látið í það skína að menn hafi* að leiðarljósi sérhagsmuni gegn þjóðarhagsmunum og menn séu handbendi misskilinna sérhagsmuna. Ég verð að skilja þessi orð svo að hv. forseti sameinaðs Alþingis sé að koma því á framfæri að ég og mínir líkar séum handbendi misskilinna sérhagsmuna og séum að vinna gegn þjóðarhagsmunum. Þetta eru stór orð (Gripið fram í.) af munni hv. forseta sameinaðs Alþingis. En ég ætla ekki — veit að ekki eru tök á því — að ræða allar þær fullyrðingar sem hann hefur haft í frammi í þessu máli.

Ég svaraði fimm af fullyrðingum hans í ræðu sem ég hélt á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands á síðasta hausti. Ég vitna til þeirra svara án þess að ég vilji fara að lesa það hér upp.

Ég vil halda því fram að í því frv., sem hér er verið að ræða um, sé um mikla málamiðlun að ræða. Þar er leitast við að taka tillit til sem flestra hagsmuna. Ég tel að þar sé um málamiðlun að ræða milli hagsmuna einstakra sjómanna, skipa, byggðarlaga og landshluta og kannske ekki síst málamiðlun milli hagsmuna nútíðar og framtíðar. Þetta er mjög erfitt mál. Menn halda því gjarnan fram að hér sé verið að skerða athafnafrelsi manna um of. En það er alveg sama með hvaða hætti verður farið í stjórnun fiskveiða, miðað við þann stóra flota sem við eigum í dag. Þar verður alltaf um skerðingu athafnafrelsis að ræða. Menn geta þá líka farið út í að skammta enn þá naumar byggingu skipanna og fækka þeim með stjórnvaldsákvörðunum eins og stundum er sagt. En er það ekki jafnframt skerðing á athafnafrelsi? Í þessu máli sem mörgum öðrum er því miður enginn kostur góður.

Hv. þm. Eiður Guðnason spurði hér um færslu á afla milli skipa. Ég get aðeins upplýst hvert það magn var sem hefur verið fært á milli skipa á tímabilinu 1. janúar til 30. nóvember og ég hef afhent hv. formanni sjútvn. það blað. Það eru í fyrsta lagi 82 færslur milli skipa í eigu sama útgerðaraðila. Það eru samtals 7611 tonn. Það eru í öðru lagi 269 færslur milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð. Það eru 16 100 tonn. Það er 81 færsla á milli skipa sem skipta á afla að jöfnu verðmæti. Það eru 4865 tonn. Og það eru 105 færslur milli byggðarlaga að fengnum umsögnum sveitarstjórna og sjómannafélaga, samtals 16 368 tonn, og 79 færslur á síldarkvótum, 16 065 lestir.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, en það er af sérstöku tilefni sem ég bað um orðið. Fyrst ég er kominn hingað upp ætla ég aðeins að leiðrétta ráðherra í sambandi við gagnrýni mína á hans ferðalög. Það er af og frá að ég gagnrýni ráðherra fyrir að ferðast og hitta fiskimenn og fiskvinnslufólk. Það er sjálfsagt og mjög gott. En þegar verkefnið er rekið, eins og hann hefur gert það og gerði það undanfarið haust, í einstefnu í boðun þessarar fiskveiðistefnu gagnrýni ég. Og ég gagnrýni einnig að hafa með sér vísindamenn opinberrar stofnunar og með því móti að setja vissan vísindastimpil á þessa boðun. Hitt er ekki nema sjálfsagt og mjög gott að stjórnmálamenn geri sem mest af því að fara út á meðal fólksins og spjalla við það, heyra skoðanir þess og bjóða því upp á viðræður.

Ráðherra sagði í lok ræðu sinnar að meðan við værum með jafnstóran flota og við höfum þyrftum við á mikilli stjórnun að halda. Það má vel vera og eru viss rök fyrir því að við þurfum að stjórna. En ég lít svo á að flotanum okkar sé rangt stjórnað í dag og við séum alls ekki með of stóran flota. Við beitum þeim flota sem við höfum með allt of mikilli hörku. Við sækjum allt of stíft og komum þar af leiðandi ekki með eins gott hráefni inn og við gætum ef við nýttum þennan flota á annan máta en við gerum í dag. Ég er á því að við þurfum að endurnýja þann flota sem við eigum sem allra fyrst og við þolum það vel að hafa nokkuð stærri flota en nú er, jafnvel til að nýta þann stofn sem við búum við núna, en við þurfum að gera það á annan máta og ekki með þeim krafti og þeirri kraftasókn sem við beitum.

Hv. 3. þm. Suðurl. kom í pontuna og nefndi ýmislegt. Fyrst vil ég taka undir með honum þar sem hann benti á að það væri einn staður á landinu sem þyrfti að njóta sérréttinda. Það er Grímsey. Ég tek heilshugar undir það. En það er ekki aðeins einn slíkur staður. Það eru tveir staðir sérstakir. Það eru Grímsey og Árneshreppur á Ströndum. Þó að Árneshreppur sé í vissum landfræðilegum tengslum er hann að mörgu leyti eins og eyja og sjávarútvegur er stundaður þaðan á mjög svipaðan máta og í Grímsey. Ég tel nauðsynlegt að við tökum einmitt þennan þátt upp í nefndinni og tek undir ábendingar þm. um það. (Gripið fram í.) Á það stefnir ekki enn þá. Það er nákvæmlega það sama eins og í Grímsey.

Hv. þm. taldi við hæfi að koma hingað upp í ræðustól Ed. og ráðast á fjarstaddan þm. og hafa eftir honum orð sem ég kann ekki að segja hvort eru sönn eða ekki, en hann bar á hann þannig lagaðan munnsöfnuð að hann líkist frekast því þegar sá hv. þm. beitir höndunum. Ég mótmæli slíkum ummælum á þessum stað án þess að viðkomandi þm. hafi möguleika til að svara fyrir sig — og svara fyrir sig á þann máta sem hv. þm. hefur áður talað um að gert sé að sjómannasið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. var að kveinka sér undan því sem að ég sagði og vildi heimfæra ákveðin ummæli upp á sig persónulega. Ég hafði sagt að breski íhaldsflokkurinn hefði ekki verið handbendi misskilinna sérhagsmuna og í framhaldi af því að Alþingi ætti ekki að vera handbendi misskilinna sérhagsmuna. Ég held að það sé nokkuð langsótt hjá hæstv. sjútvrh. að telja að þetta sé bein persónuleg árás á hann. Mér hefur ekki komið í hug að ræða þetta mál, þetta mikilvæga mál, á þeim grundvelli. Ég hef ekki gefið hæstv. ráðh. nokkurt tilefni til þess að ætla það. Ég hef m.a.s. sagt í þessum ræðustól að ég treysti þessum hæstv. sjútvrh. betur til þess að framkvæma kvótakerfið en flestum öðrum. Það kann að vera að ég hafi ofmælt í þessu efni. En þetta hef ég sagt og ég er ekki að taka það til baka núna.

Hæstv. ráðh. segist hafa svarað mínum málflutningi á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Það er gaman að heyra þessar fréttir. Ekki vissi ég um þetta. Er ekki nær að hæstv. ráðh. svari mínum málflutningi á þeim vettvangi sem ég ræði þessi mál á og við báðir? Hæstv. ráðh. hefur ekki gert það, hvorki í hitteðfyrra, í fyrra né nú. Hvers vegna ekki? Ég hef lagt það þannig út að það væri vegna þess að naumast gæfist tími til þess. Eitt af því sem er óhæfa í sambandi við það mál sem við ræðum hér er hve seint það hefur alltaf verið á ferðinni og naumast tími til að ræða það sem vert væri og nauðsynlegt svo mikilvægt sem það er.

Ég er reiðubúinn að ræða þessi mál við hæstv. ráðh. En ég mun leitast við að gera það á efnislegan hátt en ekki flytja mál mitt sem persónulega árás á hæstv. ráðh. Það hefur mér aldrei komið til hugar. Og ég tel að hæstv. ráðh. hafi ekki gefist neitt tilefni til þess að mæla svo sem hann gerði áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 32. fundur.

Mánudaginn 16. des., kl. 9 síðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, stjfrv. 174. mál (þskj. 197). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1986, stjfrv. 2. mál (þskj. 286). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Hv. Ed. hefur nú haft frv. til lánsfjárlaga til meðferðar og afgreitt það frá deildinni. Með því að lánsfjárlög eru nú lögð fram í beinum tengslum við fjárlög er ótvíræð nauðsyn á því að frv. verði afgreitt fyrir jólaleyfi þm. og því er nokkuð skammur tími til stefnu.

Hv. Ed. hefur gert nokkrar breytingar á frv. frá því sem það var lagt fram í upphafi þings. Frv. gerði ráð

fyrir því að heildarlántökur yrðu 11,5 milljarðar kr. og þar af yrðu teknir að láni 7,9 milljarðar kr. erlendis. Í meðferð frv. í Ed. hafa verið gerðar talsverðar breytingar sem leiða til þess að í stað þess að heildarlántökur voru áætlaðar 11,5 milljarðar eru þær 11,2 milljarðar og erlendar lántökur 7,4 milljarðar í stað 7,9 milljarða eins og upphaflegt frv. gerði ráð fyrir.

Ríkisstj. tilkynnti fyrir nokkrum vikum breytingar til þess að draga úr opinberum umsvifum sem miðuðu að því að lækka erlendar lántökur um 800 millj. kr. frá því sem ella hefði orðið. Hluti af þessum niðurskurði kemur fram hjá A-hluta ríkissjóðs, en um 300 millj. kr. hjá Landsvirkjun og til þess að draga úr lántöku til Þróunarfélagsins. Niðurskurður á framlögum til Landsvirkjunar var 250 millj. kr., niðurskurður á lánsfjáröflun til Þróunarfélagsins 50 millj.

Í meðferð Ed. hafa verið teknar inn óskir um nýja lánsfjáröflun sem svarar til 290 millj. kr. Veigamest er fjáröflun til endurnýjunar og viðgerða á fiskiskipum, 200 millj. kr. Lán vegna hitaveitna hækka um 35 millj., lán vegna Útflutningslánasjóðs um 40 millj. og lántökur vegna Iðnþróunarsjóðs um 15 millj. kr.

Þetta eru í meginatriðum þær breytingar sem orðið hafa á frv. Til viðbótar er rétt að geta þess að innlend fjáröflun hefur verið aukin um 230 millj., en það er ráðgert að taka þær að láni hjá lífeyrissjóðum til að mæta auknum útgjaldaáformum byggingarsjóða ríkisins.

Þá hefur verið gerð sérstök breyting vegna raðsmíðaskipa. Það er gert ráð fyrir að fjmrh. verði heimilað að ábyrgjast lán vegna sölu fimm fiskiskipa sem voru raðsmíðuð hérlendis á árunum 1982—1985 og auk þess er lagt til að ríkissjóður yfirtaki hluta fjármagnskostnaðar af þeim lánum sem skipasmíðastöðvarnar tóku til að fjármagna smíði skipanna. Þetta er óhjákvæmileg ráðstöfun til að greiða fyrir sölu þessara skipa.

Þegar lánsfjárlög koma nú til meðferðar í Nd. eru nokkur atriði sem enn þarf að taka tillit til við meðferð málsins hér í deildinni.

Í fyrsta lagi vil ég minna á að þrjár hitaveitur hafa óskað eftir skuldbreytingum á lánum. Hér er um að ræða Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sem fara fram á allverulegar skuldbreytingar. Þar er um að ræða erlend lán. En í þriðja lagi kemur til ósk um skuldbreytingu vegna Hitaveitu Vestmannaeyja. Þar er um að ræða innlent lán. Ég geri ráð fyrir því að allar nauðsynlegar upplýsingar um þetta efni verði tiltækar þegar hv. fjh.- og viðskn., sem ég vænti að fái málið til meðferðar, hefur umfjöllun um frv.

Loks þarf í öðru lagi vegna hinna beinu tengsla við fjárlagafrv. að taka tillit til lánsfjárþarfar ríkissjóðs, en um þá þörf verður ekki með fullri vissu vitað fyrr en ljóst er hver verður endanleg afgreiðsla á fjárlagafrv. og því nauðsynlegt að tengja lokaafgreiðslu þess og lokaafgreiðslu lánsfjárlaganna saman. Í því efni þarf að taka tillit til væntanlegrar lánsfjárþarfar ríkissjóðs sem í ljós kemur við lokaafgreiðslu fjárlaganna úr fjvn.

Þá vil ég geta þess að æskilegt er að setja fastari og ákveðnari reglur að því er varðar geymdar lántökur og ábyrgðarheimildir. Það hefur verið svo í framkvæmdinni að leitt hefur til nokkurrar óvissu hverjar væru heildarábyrgðir ríkissjóðs. Ég tel því nauðsynlegt, til þess að koma á meiri festu í þessu efni, að lántökuheimildir gildi í eitt ár, þó þannig að unnt verði með umsóknum að fá framlengingu á lántökuheimildum sem af einhverjum ástæðum eru ekki notaðar. Þetta vildi ég taka fram hér og nú vegna þess að nauðsynlegt er að koma á fastari skipan að því er þessi mál varðar þannig að ljóst sé hvert umfang veittra ríkisábyrgða er í samræmi við lög um það efni.

Loks er í fjórða lagi nauðsynlegt við meðferð málsins hér í Nd. að taka tillit til væntanlegrar verðlagsuppfærslu á fjárlagafrv. sem einnig þarf að taka til lánsfjárlaga. Ég geri ráð fyrir því að þegar hv. fjh.- og viðskn. fær málið til meðferðar liggi nánari upplýsingar fyrir um það efni.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. á þessu stigi málsins, en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að sýna mönnum aukaforsíðu á málgagni hæstv. forsrh. frá laugardeginum 14. desember. Þetta ætti að geymast í annálum stjórnmálasögu Íslands. Hér er fjórdálka mynd af ábyrgðarfullum en hamingjusömum manni sem er framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hann sýnir dulitla ávísun upp á tæpan hálfan milljarð, 450 millj. kr. ávísun, sem honum var send um daginn af hæstv. fjmrh., 1. þm. Suðurl., einum helsta talsmanni frjálshyggjuarms Sjálfstfl. og þm. bænda á Suðurlandi. Þetta er tékki úr ríkissjóði upp á 450 millj. Þetta er fyrirframgreiðslan af fjárlagaliðum um niðurgreiðslur og útflutningsbætur sem eru á annan milljarð króna, fyrirframgreiðsla til að standa við lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem Alþingi samþykkti á s.l. vori. Þau lög voru sem kunnugt er keyrð í gegn að því er sagt var að frumkvæði þeirra sjálfstæðismanna, enda afurð nefndar þar sem hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. gegndi nefndarstörfum um hríð, en var síðan leystur af hólmi af hæstv. forseta vorum um það er frá leið.

Ég rifja það upp að á sínum tíma á s.l. vori flutti sá sem hér stendur frávísunartillögu á þessi lög og lagði til að tekið yrði fyrir næsta mál á dagskrá, enda væru þessi lög af því tagi að ekki væri sæmandi að keyra slíkt í gegnum þing. En hér er sem sé niðurstaðan. Þegar gengið hafði verið frá samningum um ríkisábyrgð á heildarframleiðslunni á s.l. sumri milli hæstv. landbrh. og bændasamtakanna var tekið erlent lán. Ég tek fram að ég man ekki nákvæmlega upphæðina, hvort hún var 500—600 millj. kr. En hér er sem sagt komin fyrsta fyrirframgreiðslan til sláturleyfishafa, þ.e. til SÍS-kerfisins, upp í þetta sem niðurstaða og afleiðing af þessu kerfi. Ég segi fyrir mig að sú þjóð er ekki á flæðiskeri stödd og sá fjmrh. ekki í miklum vanda staddur sem hefur efni á því að skrifa slíka ávísun og beitir sér fyrir þeirri stefnu að þessu sé haldið áfram á sama tíma og ástand í þjóðarbúskap Íslendinga er þannig, þegar líður að lokum þessa árs, að hallarekstur á ríkissjóði, sjálfum A-hlutanum, er ekki 750 millj. sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrv. heldur trúlega a.m.k. 2700 millj. kr., þegar nettóaukning erlendra skulda á þessu ári er áætluð 3325 millj. kr., þegar halli á viðskiptum við útlönd, einkum og sér í lagi vegna sívaxandi vaxtabyrðar hins opinbera vegna erlendra skulda, er áætlaður á þessu ári 5100 millj. kr., þ.e. hallarekstur á ríkisgeiranum, bæði ríkis-

sjóði, A- hluta og á erlendum lánum og viðskiptahalli út á við er raunverulega á tólfta milljarð kr. Ef tekin væri síðan inn í dæmið aukning skammtímalána, sem að lokum safnast upp sem aukning erlendra langtímalána, sem er áætluð á árinu 4300 millj. kr., erum við að gera upp árið 1985, ríkisbúskapinn í heild, með halla upp á 15 500 millj. kr. En þetta er ekki meira kreppuástand en svo að það er allt í lagi að skrifa einn tékk með fyrirframgreiðslu upp á tæpan hálfan milljarð til að fjármagna offjárframleiðslu landbúnaðarafurða, og fjármagna hana með erlendum lánum því að allur er ríkissjóður rekinn seinni hluta ársins á erlendum lánum.

Sú þjóð er ekki á flæðiskeri stödd sem hefur efni á slíkri fjármálastjórn. Það er óþarfi fyrir hæstv. ráðherra og ráðamenn að setja á langar ræður um hversu illa er komið í íslenskum þjóðarbúskap ef þetta dæmi er engu að síður staðreynd og ef hæstv. fjmrh. telur sig hafa efni á slíku.

Það hefur lengi verið ósiður að hlíta ekki þeim lagafyrirmælum sem gilda um með hvaða hætti fjárreiður ríkisbúskaparins í heild skuli lagðar fyrir Alþingi. Skammt er að minnast þess að á s.l. vori, undir lok þings, voru menn að fjalla um lánsfjáráætlun og lánsfjárlög þannig að það var nærri því liðinn fyrri helmingur ársins áður en Alþingi gekk frá lánsfjárlögum. Lagafyrirmæli um ríkisbúskapinn og hvernig hann skuli lagður fyrir Alþingi er að finna í IV. kafla Ólafslaga þar sem svo segir í 14. gr., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum."

Í 15. gr. segir einnig, með leyfi forseta:

„Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal jafnframt fylgja mat á mannaflaþörf áætlaðra framkvæmda í heild og þar með mat á atvinnuástandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega."

Ég vek sérstaklega athygli á þessu vegna þess sem segir í grg. með fjárlagafrv. um samdrátt í mannvirkjagerð og í íbúðabyggingum. Af þeim sökum hefði einmitt verið sérstök ástæða til að framfylgja þessu lagaákvæði.

Með leyfi forseta vil ég einnig vitna í 16. gr., en þar segir:

„Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári sem þær eiga við."

Það er ástæða til að minna á að á yfirstandandi ári var farið fram úr hámarksákvæðum lánsfjárlaga sem samsvarar einhvers staðar á bilinu 600—700 millj. kr.

Með leyfi forseta segir svo að lokum um þetta efni í 21. gr. sömu laga:

„Einnig skal gæta þess að lánveitingar sjóðanna taki fyrst og fremst mið af sem hagkvæmastri nýtingu fjármagns til aukinnar framleiðni og framleiðslu og hver einstök lánveiting verði ákveðin eftir samræmdum reglum um arðsemismat."

Þessar tilvitnanir ættu að nægja, herra forseti, til að rifja upp fyrir alþm. hvaða kröfur eru gerðar um framsetningu á áætlunum ríkisstj. að því er varðar ríkisfjármálin í heild.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að fjárlög og lánsfjárlög séu lögð fram samtímis og ríkisbúskapurinn verði skoðaður í heild, ekki bara A-hlutinn heldur líka B- og C-hlutinn, sem ein samstæð heild til þess að menn standi ekki frammi fyrir einhverjum afgangsstærðum en geti raunverulega mótað stefnuna vitandi vits.

Það er ástæða til að geta þess sem vel er gert og það er kannske það merkilegasta við lok fjármálaráðherraferils fyrrv. hæstv. fjmrh. að aldrei þessu vant gerðist það í fyrsta sinn frá því að Ólafslög voru samþykkt 1979 að fjárlög og lánsfjárlög voru lögð fram samtímis svo að segja. Þetta er til fyrirmyndar og þetta ber út af fyrir sig að viðurkenna og þakka. Þetta eru mikil og góð umskipti frá því sem tíðkast hefur á undanförnum árum.

En um leið og þetta er metið að verðleikum er ástæða til að minna á önnur ákvæði Ólafslaga. Það skortir nefnilega enn mikið á að þær greinargerðir fylgi sem lögin kveða á um að skuli fylgja.

Sérstaklega bendi ég á þau ákvæði þar sem talað er um að framfylgja ströngu arðsemismati og taka mið af sem hagkvæmastri nýtingu fjármagns til aukinnar framleiðslu og framleiðni og að hver einstök lánveiting verði ákveðin eftir samræmdum reglum um arðsemi. Mér sýnist þrátt fyrir allt að þessi ströngu lagaákvæði séu ekki virt enn og um leið og ég þakka að lánsfjárlög eru sett fram um leið og fjárlög, sem er mikil umbót, vil ég nota tækifærið til að minna á að þarna vantar mikið á að vinnubrögðin séu af því tagi að þau fullnægi ákvæðum laganna og reyndar eðlilegum og sjálfsögðum kröfum.

Við verðum að láta það liggja á milli hluta að svo stöddu, en ef við lítum á ríkisbúskapinn í heild á þessu ári, og þá erum við að tala um ekki aðeins A-hlutann, ekki aðeins B-hlutann, þ.e. ríkisfyrirtæki og sjóði á vegum ríkisins, heldur einnig C-hlutann, þ.e. hálfopinber fyrirtæki og sjóði, þá er ljóst að öll fjárlagagerðin, öll fjárlagasmíðin, öll vinnubrögð við fjárlög og framkvæmd fjárlaga, beiting fjárlaga sem hagstjórnartækis, allt er þetta í hinum versta lamasessi og hefur verið lengi hér á landi. Þá er ég ekki bara að vísa til þeirra talna sem ég rifjaði upp áðan um hallarekstur á A-hluta ríkissjóðs, um aukningu erlendra lána þvert ofan í yfirlýst markmið ríkisstjórnar, um dúndrandi viðskiptahalla og um aukningu skammtímalána sem allt í heild sinni felur í sér viðurkenningu og staðfestingu á hrikalegum mistökum núv. hæstv. ríkisstj. Það má segja að þetta staðfesti að vinnubrögðin eru úrelt. Það á við um tekjuhlið fjárlaga. Tekjuöflunarkerfið er hrunið. Tekjuskattskerfið er svo ranglátt að það hefði verið hin mesta nauðsyn að ríkisstj. stæði við yfirlýst markmið sín og samþykkt Alþingis um að hækka skattfrelsismörk í tekjuskatti í þeim áföngum sem samþykkt hafði verið. Við það var ekki staðið. Um söluskattskerfið þarf ekki að hafa mörg orð. Við höfum gert það svo oft. Það er staðfesting á því að þessi hái óbeini neysluskattur, sem kemst svo illa til skila, er ekki boðlegur út frá neinum mælikvörðum um eðlilegt skattakerfi.

Afleiðingarnar af þessu eru auðvitað þær sem við blasa. Verðbólgan á Íslandi er núna u.þ.b. hin sama og verið hefur að meðaltali á liðnum verðbólguáratug og fer trúlega vaxandi, m.a. vegna þess að gengisforsendur eru mjög ótraustar. Verðbólgan veður ekki lengur rakin til þeirra orsaka sem hæstv. ríkisstj. gerði þegar hún tók við 1983, þ.e. til sjálfvirks vísitölukerfis og til of

hárra launa. Hvort tveggja hefur verið leiðrétt, launin keyrð niður, vísitölukerfið afnumið. Nú ber öllum, sem þessi mál ræða af alvöru, saman um að verðbólguna á Íslandi, þensluna, sólundina, megi fyrst og fremst rekja til einnar ástæðu, þ.e. til afleiðinganna af efnahagsstefnu ríkisstj. sjálfrar. Þetta er ríkisfjármögnuð verðbólga sem sýnir að ríkisstj. hefur gersamlega mistekist að beita fjárlögunum og ríkisbúskapnum sem hagstjórnartæki til viðnáms gegn verðbólgu.

Innstreymi erlends fjár, viðskiptahallinn, er fyrst og fremst undirrót þenslunnar, misgengisins milli atvinnuveganna. Það er af þessum orsökum sem þjónustugreinarnar hafa yfirboðið vinnuaflið og eyðilagt samkeppnishæfni undirstöðuatvinnuveganna. Um það þarf ekki úr af fyrir sig mikið að deila. Þetta er um leið mælikvarði á heldur dapurleg endalok á fjármálaráðherraferli hæstv. fyrrv. fjmrh. *Það má segja að honum hafi tekist að* vinna það afrek á fjármálaráðherrastóli að afsanna mjög vinsæla kenningu, sem hann hefur reyndar oft haldið fram héðan úr þessum ræðustól, að það sé fyrst og fremst manna með reynslu úr atvinnulífinu, og látum liggja milli hluta hver sú reynsla hans er, að sýna að þeir kunni betur að stýra opinberum fjármálum, fjármálum ríkisins, vegna þess að ríkisfjármálin séu í eðli sínu hin sömu og að stjórna vel reknu fyrirtæki. Þetta er alkunn kenning, en ég held að hæstv. fjmrh. hafi afsannað hana mjög rækilega.

Þetta er meginskýringin á því að þeir sjálfstæðismenn samþykktu á frægum fundi sínum í Stykkishólmi að setja hæstv. fyrrv. fjmrh. af. Þeir gerðu þar samþykktir og bókanir undir forustu formannsins, sem nú hefur tekið við embætti fjmrh., um að þessi fjármálastefna stefndi öllu í voða. Hér þyrfti m.ö.o. heldur betur að snúa við kúrsinum. Það er alveg augljóst mál að sá málflutningur formanns Sjálfstfl. fékk verulegan stuðning á þessum fundi.

Hvað var það sem átti að gera? Í fyrsta lagi var því yfirlýst, eftir því sem ég best veit, að það yrði að sjá til þess að nýjar erlendar lántökur yrðu takmarkaðar við afborganir af erlendum lánum. Í annan stað skyldi stefnt að því sem næst hallalausum ríkisbúskap og þá fyrst og fremst á A-hluta. Og í þriðja lagi yrði að stefna að því að snúa við þeim hrikalega viðskiptahalla sem myndast hefur á þessu ári og reyndar öll árin á undanförnum rúmum áratug nema eitt.

Ef við lítum á fjárlögin og lánsfjárlögin í heild og spyrjum: Hvað hefur verið gert til að gera betur en *hæstv. fyrrv. fjmrh.? Hvar eru þær nýjungar sem hæstv.* fjmrh. hinn nýi hefur boðað eða lagt fyrir hið háa Alþingi? Hefur hann raunverulega sýnt og sannað í verki að Stykkishólmssamþykktin hafi verið gerð í alvöru? Það er fljótsagt að því er varðar takmörkun erlendra lána. Heildarlánveitingar ríkissjóðs, sjóða á vegum ríkisins og atvinnuvega eru sem kunnugt er núna ráðgerðar 11,2 milljarðar kr. Þar af eru ný erlend lán tæplega 8 milljarðar eða 7936 millj., en afborganir af eldri lánum eru ráðgerðar 5870 millj. þannig að nettóaukning erlendra lána á árinu 1986 er áætluð yfir 2 milljarðar. Á s.l. ári var samsvarandi tala rúmlega 3,2 milljarðar, núna rúmlega 2 milljarðar. Ekki virðist þetta markmið hafa náðst.

Um annað markmiðið, sem var að stefna að því sem næst hallalausum ríkisrekstri og þá væntanlega A-hluta, kveðum við ekki upp dóm að sinni. Þar vísum við til reynslunnar. Reynslan er sú á undanförnum árum að fjárlagafrv. hafa reynst marklaus, að áform fjárlaga og niðurstöðutölur ríkisreiknings þegar árið er liðið hafa sýnt að þessi áform hafa undir engum kringumstæðum staðist. Það liggur alveg ljóst fyrir af hverju það er. Það er vegna þess að fjárlagagerðin sjálf er kolúrelt, öll vinnubrögð við hana hafa gengið sér til húðar. Þetta er raunverulega sjálfvirkur verðbólguframreikningur að verulegu leyti. Það er um að ræða verulega vanáætlun frá ári til árs á fyrirsjáanlegum reglubundnum útgjöldum og tekjuöflunarkerfið er hrunið. Sá fjmrh., nýr í sæti, sem ætlar að breyta þessu getur að sjálfsögðu ekki notast við þetta gamla stagbætta fat. Hann verður raunverulega að taka upp ný vinnubrögð. Hann verður að breyta sjálfri fjárlagagerðinni ef það á að vera sannfærandi að hann nái betri árangri en fyrirrennari *hans þannig að fjárlögin reynist marktæk eða nothæf* sem hagstjórnartæki.

Ef þriðja markmiðið ætti að nást, að vinna bug á vaxandi viðskiptahalla, sem að vísu er áætlaður heldur minni á næsta ári en í ár, 4300 millj. kr., er algert frumskilyrði að vænta megi einhvers árangurs í því efni að ríkissjóður og ríkisbúskapurinn sjálfur hætti að kynda undir þenslu, innflutning, eyðslu um efni fram, eins og hann gerir óbreyttur. Ég spyr þess vegna, herra forseti: Hvar eru þær nýjungar, hvar eru þau nýju vinnubrögð í fjárlagagerðinni, hvar eru þær nýjungar í sjálfri stefnumótuninni sem eiga að leiða til þess að menn fáist til að leggja trúnað á að þessar áætlanir í fjárlagafrv. séu eitthvað raunsærri en verið hefur? Því miður er slíkum nýjungum ekki til að dreifa og í raun og veru má segja að að sumu leyti hafi hæstv. fjmrh. stigið skref til baka frá því sem þó var ráðgert í upphaflegu fjárlagafrv. Þá á ég t.d. við það að hæstv. ríkisstj. hefur guggnað á að taka ríkisspítalana af daggjöldum og taka þau á fjárlög. Og ég minni á að hún hefur guggnað á því að standa við yfirlýsingu Alþingis um lækkun tekjuskatts í áföngum án þess þó að leggja fram nokkrar nýstárlegar eða nothæfar tillögur um endurbætur eða uppstokkun á tekjuöflunarkerfi ríkisins þar á móti.

Herra forseti. Þann 4. desember s.l. birtist í aukaútgáfu Morgunblaðsins kálfur sem heitir „Ráðdeild í ríkisrekstri — leiðir til að auka kaupmátt heimilanna." Þetta er auglýsing. Útgefandi mun vera Samband ungra sjálfstæðismanna. Það er ástæða til að staldra aðeins við þennan kálf og skoða hann hleypidómalaust.

Ég skil það svo að ungir sjálfstæðismenn séu hér að reyna að standa við Stykkishólmssamþykktina. Þeir eru fyrir sitt leyti að leggja fram tillögur, hvort sem mönnum líka þær betur eða verr, til að standa við þá samþykkt, þ.e. sýna fram á þær leiðir sem að þeirra mati hefði þurft að fara til að stokka upp í ríkisbúskapnum í samræmi við grundvallarsjónarmið sjálfstæðismanna. Þeim markmiðum er svo lýst, með leyfi forseta:

„Hér birtast tillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna um ráðdeild í ríkisrekstri. Þær miða að eftirfarandi:

1. Draga úr ríkisumsvifum.
2. Koma á skýrari verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.
3. Auka kostnaðarhlutdeild notenda opinberrar þjónustu.
4. Minnka skattálögur og auka þar með kaupmátt

heimilanna í landinu."

Markmið af þessu tagi eru út af fyrir sig góðra gjalda verð. Við stöndum hér frammi fyrir þeirri staðreynd að ríkisbúskapurinn í heild hefur verið rekinn með þúsunda milljóna halla ár eftir ár. Þetta gengur ekki lengur. Tekjuöflunarkerfið er hrunið og útgjaldaaukningin er sjálfvirk. Auðvitað verðum við að staldra við og spyrja sjálfsagðra spurninga: Á þetta ástand að halda áfram að óbreyttu? Hvert á hlutverk ríkisins að vera? Hvar eru þau mörk þar sem við erum sammála um að í engu verði hvikað frá kröfum á hendur hinu opinbera um ríkisþjónustu? Hvaða þættir eru það sem eru hér af gömlum vana eða eru dæmi um mjög slæma nýtingu á almannafé, skattgreiðslum almennings, verkefni sem kannske væru af hagkvæmnisástæðum betur komin í höndum annarra? Þetta eru dæmi um sjálfsagðar spurningar. — Og hér er lögð fram áætlun í fimm liðum:

Í fyrsta lagi eru að því er varðar A-hluta fjárlaganna lagðar fram tillögur um framlög sem hreinlega verði felld niður af fjárlögum.

Í annan stað er um að ræða að færa verkefni frá ríkinu í hendur einstaklinga, samtaka eða fyrirtækja. Þetta er t.d. eitt af því sem við jafnaðarmenn höfum kallað velferðarkerfi fyrirtækjanna, t.d. framlög sem nema tugum milljóna til Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Bifreiðaeftirlits, Ferðamálaráðs, og er niðurskurður upp á 140 milljónir.

Í þriðja lagi leggja þeir fram tillögur um liði sem lækka megi verulega.

Í fjórða lagi eru hérna tillögur um auknar sértekjur, þ.e. að ríkisstofnanir sem veita ákveðna þjónustu afli tekna, selji þá þjónustu, þ.e. eitthvað nær því en að hún verði gefin. T.d. er hér bent á stofnanir eins og Háskóla Íslands eða tilrauna- og rannsóknastofnanir sem selja atvinnulífinu þjónustu.

Í fimmta lagi er hér um að ræða lista yfir ríkisfyrirtæki sem lagt er til að verði seld með þeim rökum að þar sé um að ræða starfsemi sem ekki sé í verkahring ríkisins og sem væri sennilega betur komin út frá hreinum hagkvæmnisástæðum en að reyna að halda henni uppi með framlögum af skattpeningum almennings. Þetta eru tillögur sem ég hafði satt að segja vænst að hæstv. fjmrh., til þess að framfylgja Stykkishólmssamþykktinni, eftir að búið var að setja af fyrirrennara hans með þeim rökum að hann hefði algerlega brugðist sem fjmrh., hefði við fyrstu fjárlagagerð sína sett fram.

Hér er ekkert ráðrúm að þessu sinni til að fara ítarlega í þessar tillögur og ég ætla ekki að nota tímann nú til að taka afstöðu til þeirra lið fyrir lið. Ég vil hins vegar segja: Tillögugerð af þessu tagi er það sem maður hefði vænst af formanni Sjálfstfl. þegar hann er búinn að beita sér fyrir því að fjmrh., sem ekkert tillit tók til yfirlýstrar stefnu Sjálfstfl., er settur af. Og spurningin er: Hvers vegna gerist það ekki? Er það eingöngu tímaskortur, hæstv. fjmrh., eða er það af einhverjum öðrum ástæðum?

Þessar tillögur, sem ég hef nú lýst, fela í sér samdrátt í ríkisútgjöldum upp á 2600 millj. kr., bæði á A- og B-hluta fjárlaga, og eru rökstuddar með því að þær muni gefa forsendur fyrir að standa við gefin fyrirheit um t.d. lækkun á tekjuskatti eða hækkun á skattfrelsismörkum almennings í tekjuskatti sem mundi þýða að tekjuskattur yrði lagður niður á öll venjuleg laun með þeim rökum að launum á Íslandi hefur verið þrýst niður. Ég vitna t.d. til ummæla Þorvalds Gylfasonar hagfræðings í því efni sem telur að meginvandamálið á Íslandi sé ekki lengur háir vextir heldur fyrst og fremst lág laun. Laununum er búið að þrýsta niður á það stig að þau eru raunverulega umbun eða ölmusa fremur en laun fyrir heiðarlegt vinnuframlag. Þetta eru laun af því tagi sem bera ekki þá skatta sem hér er gert ráð fyrir. Það eru auðvitað meiri háttar vonbrigði í sambandi við þessa pólitík að fjmrh., og því áttum við ekki von á, skuli hafa látið það verða eitt af sínum fyrstu verkum að efna ekki yfirlýsta samþykkt Sjálfstfl. og yfirlýsta samþykkt Alþingis um slíka stefnu.

Þessar tillögur um niðurskurð eru t.d. af því tagi að þær samsvara meira en 5% í söluskatti þannig að einnig mætti nálgast viðfangsefnið út frá því að lækka mætti hinn allt of háa söluskatt, sem þar að auki er stungið undan skilum til ríkissjóðs svo nemur mörgum milljörðum, og þar með lækka vöruverð eða auka kaupmátt og ráðstöfunartekjur heimila. Engar slíkar tillögur er að finna hjá hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. og mig fýsir að vita: Er það vegna þess að samstarfsflokkurinn hefur komið í veg fyrir að hæstv. fjmrh., þegar hann tekur við fjmrn., komi fram einhverjum markverðum stefnubreytandi nýmælum? Er þetta samstarfsflokkinum að kenna? Er þetta tímaskortur eða hefur hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. einfaldlega fallið frá þessu? Hefur hann m.ö.o. í verki vísað á bug þeim tillögum sem ungir sjálfstæðismenn hafa lagt fram?

Ég verð að játa að mér urðu það vonbrigði að hinn nýi fjmrh. skuli leggja fram fárlög sem eru sami grauturinn í sömu skálinni, tekjuöflunarhliðin jafnómerk og ranglát og hún hefur verið á undanförnum árum, vanefndir að því er varðar lækkun tekjuskattsins, ekkert hróflað við hinu hripleka og svívirðilega söluskattskerfi, fjárlögin, vinnubrögðin að öðru leyti óbreytt, útgjaldahlið frv. gersamlega vanáætluð og meira að segja er við þriðja meginmarkmiðið, það að binda endi á aukningu erlendra skulda, ekki staðið heldur. Þetta veldur hrikalegum vonbrigðum. Það veldur sérstaklega miklum vonbrigðum vegna þess að við öðru var búist. Það er ástæða til að minna á að nettóskuld þjóðarinnar í erlendum langtímalánum er núna áætluð 66,8 milljarðar kr. Hún var 60 milljarðar á yfirstandandi ári, 1985. Hún er áætluð núna 66,8 milljarðar. Þetta er svipað hlutfall af landsframleiðslu og var á s.l. ári, en greiðslubyrðin sem hlutfall af gjaldeyristekjum fer vaxandi. Hún er talin vera 5800 millj., bara vaxtagreiðslurnar, í ár, áætluð 6000 millj. á næsta ári og ég vísa til rökstuðnings í grg. með fjárlagafrv. þar sem segir að vegna þess sem þegar er vitað um vaxtakjör og vaxtabyrði muni þessi greiðslubyrði fara vaxandi á næstu árum. Við þessar kringumstæður var lágmarksskilyrði að ætlast til þess af hæstv. fjmrh. og ríkisstj. að hann meinti það sem hann hefur verið að segja, meinti m.ö.o. það að hann mundi láta verða sitt fyrsta verk að hverfa frá helstefnunni sem ríkjandi hefur verið í ríkisfjármálum og sérstaklega lánsfjármálum með því að tryggja að ekki yrði um að ræða nettóaukningu erlendra skulda á langtímalánum, fyrir nú utan að skammtímaskuldir gegnum bankakerfið hafa aukist hrikalega á sama tíma. Þess vegna er ástæða

til að spyrja, herra forseti, þegar við fjöllum um þessi lánsfjárlög: Er þeim ströngu arðsemismælikvörðum, sem reyndar er fyrir mælt um í Ólafslögum, beitt þegar verið er að gera tillögur um að við skulum taka ný og ný og aukin erlend lán til að fjármagna þá hluti sem þar eru settir á blað?

Við skulum líta á ríkisbúskapinn í heild. Hér er gert ráð fyrir í 1. gr. að fjmrh. fái heimild fyrir hönd ríkissjóðs til að taka á árinu 1986 lán að fjárhæð rúmlega 2,2 milljarðar kr. í erlendri mynt. Nú er margt í lausu lofti með fjárlagaafgreiðsluna sjálfa. Stjórnarandstaðan lýsti því yfir við 2. umr. að fjárlögin hvíldu á svo veikum stoðum og útgjaldaáform þeirra væru raunverulega langt umfram áætlaða tekjuöflun í formi skatta að hún lagði það til að fjárlagafrv. í heild yrði vísað til baka til nefndar þannig að við gætum fengið ráðrúm til að skoða þetta í heild. Alþfl. mun við fjárlagaafgreiðslu síðar í þessari viku leggja fram mikinn fjölda brtt. og ef við komumst að þeirri niðurstöðu að hér sé verið að leggja til erlenda lántöku til hluta sem sannarlega eru ekki arðbærar framkvæmdir kemur tvennt til: annaðhvort er að falla frá þessum framkvæmdum eða endurskoða fjármögnunina, m.ö.o. vísa því aftur til fjárlagaafgreiðslunnar að hve miklu leyti við treystum okkur til að fjármagna þetta að hluta til í auknum mæli með *innlendri fjármögnun*, t.d. með breytingu á tekjuöflunarhlið fjárlaga, með breytingu á skattakerfinu, með réttlátari skattinnheimtu eða auknum sköttum fremur en að vísa þessu á framtíðina eins og venjan hefur verið hjá óábyrgum stjórnmálamönnum.

Ef menn ætla að standa við stóru orðin um að auka ekki erlendar skuldir þjóðarinnar er mín niðurstaða sú að frv. til lánsfjárlaga sé ótækt. Það er gengið lengra en hægt er að líða í þá átt að auka skuldabyrðina. Þetta stefnir m.ö.o. í ranga átt. Ég minni á að í þjóðhagsáætlun stendur: Hagstæðasta fjárfesting þessarar skuldugu þjóðar er að byrja á því að greiða niður þessi hrikalega háu erlendu lán. Raunvextir af þessum lánum eru að jafnaði eitthvað um 10%. Það eru hærri raunvöxtunarkröfur fjármagns en íslenskt atvinnulíf fær undir risið. Það er bjarnargreiði við atvinnufyrirtæki í landinu, ég tala nú ekki um opinbera þjónustu, ákvörðun um að velta þessum hlutum yfir á komandi kynslóðir, ef við höldum áfram að taka lán á þessum kjörum til hluta sem sannanlega og fyrirsjáanlega munu ekki rísa undir slíkum ávöxtunarkröfum. Þess vegna er mín niðurstaða sú að það beri að spyrja grimmt um allar þessar hugsanlegu tillögur. Eru þetta arðbærar framkvæmdir? Höfum við efni á því, þessi skulduga þjóð, að fara út í það sem hér er stungið upp á að fjármagna með erlendum lánum? Og ég spyr: Ef við ætlum að hverfa af þessari braut, hvernig stendur þá á því að menn eru ekki tilbúnir að játa staðreyndum í sambandi við fjárlögin sjálf, þ.e. að þar er boginn spenntur allt of hátt. M.ö.o.: Eru menn ekki tilbúnir til þess að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og horfast í augu við þær staðreyndir að einu færu leiðirnar til að snúa við á þessari helstefnubraut erlendra lána er: ef við viljum lækka erlend lán verðum við að endurskoða tekjuöflunarkerfið, við verðum að leggja á hærri skatta í einu eða öðru formi fyrir þeim útgjöldum sem við erum sammála um að séu þess virði og skili arði og við verðum að líta raunsætt á hvað það er í núgildandi útgjaldasafni fjárlaganna sem má missa sig, sem hægt er að skera niður, sem hagkvæmnisrök mæla með að verði skorið niður. Hvers vegna á þetta að vera heilög kýr? Hvers vegna ætla menn að una því alla daga að þessi útgjaldaaukning sé sjálfvirk og hlíti engum mælikvörðum, það sé af því bara eða af því að einhverjir tiltölulega fámennir forréttindahópar eru svo ágengir á almannahagsmuni að krefjast þess að þeirra hlutur sé tryggður af veikum burðum og lágum tekjum skattgreiðenda í landinu?

Ég spyr t.d.: Er ástæða til að taka lán, ég tala nú ekki um ef meiningin er að taka erlend lán, til að verja til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, tæplega 40 millj. kr. vegna skuldbindinga Lífeyrissjóðs bænda? Ég spyr enn: Er ástæða til að taka 350 millj. kr. lán erlendis frá til að leggja í sjóði stofnunar sem heitir Byggðastofnun núna en hét áður Byggðasjóður? Treysta menn þessari stofnun til þess að verja þessum fjármunum á þann veg að það sé tryggt að þeir skili arði og rísi undir þeim *ávöxtunarkröfum sem gera verður*? Ætla menn virkilega þriðja árið í röð að leggja það til að tekið sé 150 millj. kr. erlent lán til byggingarlánasjóðanna þó það sé til orkusparandi aðgerða? Hvernig dettur mönnum slíkt í hug? Ég man ekki betur en að hæstv. fjmrh. hafi tekið undir það með mér einhvern tíma að sú ráðstöfun á yfirstandandi ári og fyrra ári hafi verið dæmi um *fjárhagslegt ábyrgðarleysi*. Auðvitað eigum við ekki að gera þetta og auðvitað eigum við þá frekar að endurskoða tekjuöflunartillögur fjárlaganna sjálfra. Þetta eigum við að fjármagna með öðrum hætti.

Eigum við að taka erlent lán upp á 310 millj. kr. í Stofnlánadeild landbúnaðarins á sama tíma og við erum að borga 600 millj. í útflutningsbætur með offramleiðslu og milli 800 og 900 millj. kr. í niðurgreiðslur á offramleiðslu landbúnaðarafurða? Eigum við að taka 60 millj. kr. erlent lán út á Ferðamálasjóð? Mun hann rísa undir því? Dettur mönnum það í hug, þó að hæstv. fyrrv. fjmrh. Ragnari Arnalds hafi einhvern tíma dottið það í hug, að hægt sé að reka Lánasjóð ísl. námsmanna á erlendum lánum? Að sjálfsögðu getur ekki gengið að reka hann á erlendum lánum á þeim vaxtakjörum sem þar er um að ræða þegar álitamál er hver endurgreiðslukjör námsmanna á þessum lánum eru, ég skal ekki fullyrða hver talan er, þó að mönnum sé væntanlega kunnugt um að þessi næststærsti lánasjóður þjóðarinnar fyrir utan byggingarlánasjóðina er og var í gífurlegum vandræðum vegna þess athæfis fyrrv. ríkisstjórnar að fjármagna hann í mjög miklum mæli með erlendum lánum. Eru þeir menn uppi, á sama tíma og við erum að samþykkja kvóta og takmarkanir í sjávarútvegi, sem telja að við höfum efni á því að taka erlent lán til að fjármagna þetta raðsmíðaverkefni? Hvar eru þeir menn sem treysta sér til að taka þau lán ef þeir ættu að standa undir þeim sjálfir? Auðvitað er það ekki svo. Ríkissjóður á hér að yfirtaka fjárhagsskuldbindingarnar og taka *erlend lán til að greiða niður þessi skip og koma þeim til* annarra eigenda. Og hvar er kvótinn þeirra? Hvað á þetta að þýða?

Auðvitað er hið mesta nauðsynjamál að verja fjármunum til að binda endi á hið hrikalega mengunarvandamál í kjördæmi hæstv. fyrrv. iðnrh., þ.e. af loðnubræðslunum, en það er hins vegar fásinna að ætla að *fjármagna það með erlendum lánum* eins og statt er fyrir þessari þjóð. Við eigum að vera menn til að fjármagna það af eigin fé eða á innlendum markaði.

Það þarf auðvitað ekki að orða það að ætla sér að verja erlendu láni í grænfóðurverksmiðjuna sem þarna er nefnd og ég man ekki einu sinni hvað heitir. Það er tóm della og sem betur fer hefur meiri hl. fjvn. ekki einu sinni lagt það til.

Ég geri mér enn vonir um að fjárfesting í fiskeldi sé góð fjárfesting og hún geti risið undir arði og vil fyrir mitt leyti stuðla að því að varið sé peningum til þeirra hluta. Ég tel hins vegar að það sé rétt tillaga og skynsamlegt álit hjá fjh.- og viðskn. Ed. að ætlast til þess að Byggðasjóður fjármagni þann hluta af sinni fjárútvegun.

Ég hef þegar minnst á raðsmíðaverkefnið og spurning er um hinar innlendu skipaviðgerðir. Það getur verið álitamál hvort þetta eru arðbærar framkvæmdir. Í sumum tilvikum er það vafalaust og þá er hugsanlega réttlætanlegt að taka slík lán, þó innan þeirra marka að það er ekki líðanlegt að taka meiri erlend lán en sem samsvarar því að stöðva aukningu erlendra lána. Síðan er meginkrafan sú að ætlast til þess að hæstv. fjmrh. hafi forgöngu um slíka uppstokkun á ríkisbúskapnum að við getum gert okkur raunhæfa áætlun nokkur ár fram í tímann um að byrja að endurgreiða þessi lán. Það er besta fjárfesting þjóðarinnar eins og nú er komið.

Herra forseti. Við Alþýðuflokksmenn munum við fjárlagaafgreiðslu leggja fram býsna viðamiklar tillögur sem m.a. fela í sér róttækar breytingar á tekjuöflunarkerfinu.

Við munum leggja fram tillögur um afnám á verulegum hluta af þeim fjölmörgu undanþágum sem núna eru frá álagningu söluskatts til þess að gera það skattkerfi, og það er hægt að gera það strax, skilvirkara til að uppræta söluskattsundandrátt og söluskattssvik. Við munum leggja til að þessi skattur verði lagður á innflutning, sem vegur geysilega þungt í okkar hagkerfi, strax við tollafgreiðslu. Það er kannske róttækasta aðgerðin til að koma í veg fyrir skattundandrátt á þessum stærsta tekjuöflunarlið ríkisins.

Við munum leggja til að lagður verði stigbreytilegur eignarskattsauki á þær skuldlausu stóreignir sem eru yfir 7 millj. kr. skuldlaus eign nettó. Mun það geta skilað ríkissjóði t.d. tæpum hálfum milljarði króna og felur þó í sér lækkun á greiðslubyrði a.m.k. 80—90% framteljenda að því er varðar eignarskatt.

Við munum leggja til að launaskattur verði hækkaður um 1 prósentustig og leggjum það til að launaskattinum sem mörkuðum tekjustofni verði skilað aftur til húsnæðislánakerfisins. Við höfum þar með svarað því fyrir okkar leyti að við tökum ekki í mál neinar erlendar lántökur í þeim hlutum.

Við teljum að hagnaður Seðlabankans sé vanáætlaður í fjárlagafrv. og teljum að hann eigi að meta á raunsærri máta. Við erum tilbúnir að velta fyrir okkur og leggja fram tillögur um aukna skattlagningu á banka og innlánsstofnanir og við minnum á að það væri verulegur tekjuauki fyrir ríkissjóð ef hér væri skynsamur meiri hluti á þingi sem samþykkti heimild til að leyfa framleiðslu og sölu á áfengu öli á Íslandi. Það mundi skila ríkissjóði í framleiðslugjaldi og vörugjaldi um hálfum milljarði á ári.

Við leggjum m.ö.o. fram tillögur um breytingar á tekjuöflunarhliðinni, á skattakerfinu og þar með munum við leggja fram tillögur um aukna fjáröflun til ríkissjóðs sem getur bæði fullnægt þessum skilyrðum: að koma í veg fyrir aukningu á nýjum erlendum lánum, að fjmrh. geti staðið við fyrirheit Alþingis um að lækka tekjuskatt í áföngum. Jafnframt væri sjálfsagður partur af þessum tillögum að stigið yrði fyrsta skrefið á þeirri leið að lækka söluskatt sem er orðinn óhæfilega hár. Í því efni nefni ég lækkun söluskattsprósentunnar og lækkun tekjuskattsins sem sjálfsagðan hlut fyrir ríkisstjórn að gera þegar hún horfir fram yfir áramótin til ástandsins á vinnumarkaðnum þar sem menn spyrja: Hvað er hægt að gera nú þegar af ríkisins hálfu til að greiða fyrir því að almenningur í landinu fái aukinn kaupmátt, fái meiri hluta af eigin aflafé í sínar hendur án þess hins vegar að það verði aftur tekið í formi aukinnar verðbólgu?

Jafnframt munum við að því er varðar gjaldahliðina leggja fram fjölmargar tillögur um niðurskurð á útgjöldum á A-hluta ríkissjóðs, þ.e. hvers kyns framlög sem við teljum öll rök hníga að að fella beinlínis niður. Þar er t.d. um að ræða stóran part í svokölluðu velferðarkerfi fyrirtækjanna, framlög af hálfu skattgreiðenda til að halda uppi hvers kyns stofnunum og samtökum í þágu atvinnuveganna, einnig tilfærslur innan A-hlutans frá gjaldaliðum sem við viljum að falli niður til gjaldaliða sem við teljum að æskilegt væri að verja meiri fjármunum til. Þá á ég einkum og sér í lagi við húsnæðismálin. Þetta verða einnig tillögur um B-hlutann, þ.e. framlög til sjóða og hvers kyns gælufyrirtækja og gjörgæslufyrirtækja hjá ríkissjóði og um 6. gr., heimildir fjmrh. til hvers kyns undanþága frá skatttheimtum.

Herra forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að lýsa þeim tillögum sem gera þarf um breytingar á þessu frv. til lánsfjárlaga. Þær munum við væntanlega taka upp í fjh.- og viðskn. En ég held að ég hafi sagt nóg til að lýsa þeirri skoðun minni að frv. til lánsfjárlaga er óviðunandi. Þarna er gengið allt of langt í þá átt að gera ráð fyrir erlendum lántökum til hluta sem ekki á að fjármagna með erlendum lánum þegar þjóðin er sokkin í skuldir með þeim hætti sem hér er lýst.

Herra forseti. Mig langar til þess undir lokin, af því að ég hef beint máli mínu nokkuð til hins nýja og unga fjmrh., að rifja upp fyrir honum og þingheimi dulítinn bókarkafla sem birtist fyrir nokkrum árum, þ.e. árið 1979, undir heitinu „Uppreisn frjálshyggjunnar", en þar á hæstv. fjmrh. dálítinn kafla sem við getum skoðað sem framsetningu á grundvallarsjónarmiðum í pólitískri heimspeki. Kaflinn heitir „Hvað vildum við? Hvað gerðum við?". Þar er að finna undirkafla, sem heitir „Sjödagaáætlun endurreisnar". Þennan kafla tel ég alveg nauðsynlegt á þessu stigi málsins að rifja upp fyrir hæstv. fjmrh., með leyfi herra forseta, en þar segir:

„Niðurstaða þessa máls er sú, að sjálfstæðismenn þurfa að fara nýjar leiðir — í fyrsta lagi til þess að vernda einstaklingsfrelsið og í öðru lagi til þess að bæta lífskjörin með aukinni verðmætasköpun. Við þurfum að vinna til trausts á nýjan leik. Það er ekki nóg að samþykkja almennar frjálshyggjuyfirlýsingar í þessu skyni, meðan þingmenn flokksins aðhyllast stjórnlyndisstefnu í framkvæmd. Frjálshyggjuyfirlýsingu þarf að fylgja eftir með kjöri frjálshyggjumanna inn á Alþingi. Setja má bæði í gamni og alvöru fram sjödagaáætlun um frjálshyggjuendurreisn. Ef ég ætti að gera slíka áætlun yrði hún sennilega þessi:

Mánudagur: Skattar yrðu lækkaðir, þannig að opin-

berir aðilar tækju aðeins 35% af heildartekjum þjóðarinnar til ráðstöfunar." — Ég skýt inn í, herra forseti: Ætli þessi tala sé ekki á bilinu 45—50% svo það er ekki lítið skattalækkunarprógrammið sem hæstv. fjmrh. þyrfti að ráðast í ef hann ætlaði að standa við sjö daga áætlunina sællar minningar. — Ég held áfram, herra forseti, með leyfi:

„Þriðjudagur: Öllum opinberum rekstri, sem er í beinni samkeppni við frjálsan atvinnurekstur, yrði hætt. Jafnframt yrði lögð niður nefnd sem um árabil hefur unnið að athugun á þessum málum (vegna verkefnaskorts)." — Af þessu tilefni er kannske sérstök ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. vegna yfirlýsingar um að leggja niður fyrirtæki sem eru í beinni samkeppni við frjálsan atvinnurekstur. Hér liggja fyrir tillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna um sölu eftirfarandi ríkisfyrirtækja: Lyfjabúð Háskólans, Fríhöfnin Keflavík, sem yrði boðin út, Áburðarverksmiðja ríkisins, Fóður og fræ, Gunnarsholti, Stórólfsvallabúið, Fóðuriðjan Ólafsdal, Grænfóðurverksmiðjan, Flatey Austur-Skaftafellssýslu, Síldarverksmiðjur ríkisins, Lyfjaverslun ríkisins, Póstur og sími, símarekstur, Skipaútgerð ríkisins, Umferðarmiðstöðin, Ferðaskrifstofa ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Rafmagnsveitur ríkisins, Jarðboranir ríkisins og Útvegsbanki Íslands, Landsbanki Íslands, Búnaðarbanki Íslands. Með leyfi að spyrja: Væri hæstv. fjmrh. tilbúinn að lýsa afstöðu sinni til þessara tillagna Sambands ungra sjálfstæðismanna sem mér sýnist vera mjög í anda sjö daga áætlunar um endurreisn?

Herra forseti. Ég held áfram:

„Miðvikudagur: Sett yrðu ný verðmyndunarlög þar sem frjáls verðmyndun yrði meginregla." — Frjáls verðmyndun meginregla. Lítum á verðmyndunina eins og hún er nú í landbúnaði, í sjávarútvegi. — „Jafnframt yrðu sett lög um eftirlit með verðmyndun og bann við samkeppnishömlum og hringamyndunum." — Stóri bróðir SÍS. Og ekki bara það: „Sama dag yrði því lýst yfir að hér eftir yrði hætt að telja einstakar greinar vinnumarkaðarins hópa með sérþarfir." — Kannske þessi ávísun hérna sé á hóp sem er skilgreindur með sérþarfir, mjög fyrirferðarmikill í kjördæmi hæstv. fjmrh.? Hópar með sérþarfir! Það var og.

„Fimmtudagur: Gjaldeyrisverslunin yrði gefin frjáls og gengi krónunnar yrði látið ráðast af markaðsaðstæðum". — Þetta er hin nýja byggðastefna sem margir eru nú að taka undir, en ég man ekki betur en fyrir nokkrum vikum hafi hæstv. fjmrh. flutt erindi um að hann sæi öll tormerki á því að hægt væri að koma þessu í framkvæmd. Ég er hins vegar ekkert sannfærður um að svo sé. — „Sama regla yrði látin taka til vaxta og vaxtaniðurgreiðslur til sérþarfahópa yrðu um leið afnumdar." — Það væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. fjmrh. er reiðubúinn að undanskilja þarna nokkra, þ.e. ef hann væri fylgjandi félagslegu markaðskerfi, t.d. hvort húsnæðislánakerfið væri undanþegið þessari ströngu reglu.

„Föstudagur: Markmiðum núverandi menntastefnu yrði breytt úr miðstýringu í valddreifingu og úr hópmeðalmennsku í einstaklingsþroska.

Laugardagur: Atvinnurekendum og launþegum yrði tilkynnt að hér eftir yrðu þeir að taka kjaraákvarðanir í frjálsum samningum og á eigin ábyrgð."

Og síðan koma hin fleygu lokaorð þessarar sjö daga áætlunar endurreisnar sællar minningar því að á sunnudegi „gæfist tími til að fara að dæmi skaparans og hvílast".

Síðan eru liðin sex ár. Ég spyr, hæstv. fjmrh.: Hvað um sjö daga endurreisn sællar minningar?

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var fróðleg ræða hv. 5. þm. Reykv. áðan, það sem ég heyrði af henni, m.a. hvað hv. þm. virðist vera vel lesinn í fræðum Sambands ungra sjálfstæðismanna. Hygg ég að fáir menn hér í salnum séu betur að sér í því, enda hefur hann aftur og aftur tekið upp hanskann fyrir formann Sambands ungra sjálfstæðismanna. Mér flaug í hug undir umræðunni hvort hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ætti sérstaka aukaaðild að Sambandi ungra sjálfstæðismanna eða hverju það sætti að hann skyldi ævinlega taka upp hanskann fyrir það þegar um mál væri fjallað á hv. Alþingi. Vissulega er margt í hans skoðunum þannig, því miður, að ég geri ráð fyrir að Samband ungra sjálfstæðismanna, sem er einhver ofstækisfyllsti stjórnmálahópur sem til er í landinu, gæti tekið undir margt af því sem fram kemur hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni. Það er dapurlegt fyrir formann Alþfl. að standa uppi með forustu SUS sem aðalhugmyndafræðinga sína í ýmsum málum. Hitt hygg ég þó að sé kannske aðalatriðið í þessum efnum að margir mætir Alþýðuflokksmenn munu reyna sitt besta til að hafa vit fyrir formanninum í þessu máli eins og ýmsum öðrum þannig að það er ekki víst að þessi afstaða hans komi að sök.

Það sem var hins vegar athyglisvert í ræðunni líka var sú tilhneiging sem hv. þm. hefur til að galdra upp úr hatti sínum milljarða króna. Hann fer ákaflega létt með það. Hann stendur í ræðustólnum eins og galdramaður á sviði og tínir upp úr hatti sínum milljarð eftir milljarð eins og galdramennirnir kanínurnar og segir: Sjá, allt þetta mun ég gefa þér, bæði leysa húsnæðisvandann, erlendar lántökur, halla ríkissjóðs, viðskiptahallann og allt, því það eru nógir milljarðarnir. — Þetta á m.a. að gera með því að breyta söluskattinum og með ýmsum fleiri ágætum hugmyndum. Ég hygg þó að þeir milljarðar sem hann ætlar að færa þjóðinni liggi ekki allir á lausu. En sumir gera það. Ég hygg líka að hitt sé aðalatriðið að slíkir milljarðar fást ekki þannig að allir sleppi við að bera þær byrðar sem þeim milljörðum fylgja.

Ég held að það sé alveg ljóst að vandi íslensks efnahagslífs verður ekki leystur nema með því að flytja til milljarða króna í þjóðfélaginu. Það verður að flytja til frá þeim sem eiga mikla peninga, miklar eignir, til þeirra sem þurfa á þeim fjármunum að halda. Þetta verður að gerast með skattakerfi sem er brúklegt en ekki lekt eins og það skattakerfi sem við erum með nú og hv. þm. hefur oft lýst ágætlega.

M.ö.o.: Vandi efnahagslífsins verður ekki leystur öðruvísi en að forréttindastéttirnar finni til og kveinki sér. Ég hef enga trú á því að vandi efnahagslífsins verði leystur í friði við Verslunarráð Íslands, svo ég nefni dæmi, eða aðra slíka aðila. Ég hygg að þvert á móti þyrfti það að eiga sér stað að launamenn í þessu landi og framleiðslan nái höndum saman um efnahags- og atvinnumálastefnu sem ýtir undir aukna framleiðslu og verðmætasköpun þannig að menn hætti að verðlauna eyðsluna, refsa fyrir framleiðsluna eins og þetta er

núna.

Ég ætla ekki að fara hér, herra forseti, yfir einstök atriði í hinni almennu efnahagsmálastjórn. Ég ætla mér að fara yfir frv. sem hér er á dagskrá, nokkur atriði í því, og ætlast til þess af hæstv. fjmrh. að hann svari þeim fsp. sem ég ber fram.

Ég vil að vísu víkja aðeins að því að þegar hæstv. ráðh. settist í stólinn í haust, stólinn fræga, kom fram að ýmsir töldu, þar á meðal hv. 5. þm. Reykv., að það væri ástæða til að gera sér sérstakar vonir um að nýi fjmrh. leysti málin og tæki þau öðrum tökum en forveri hans gerði. Ég lét þá skoðun í ljós að ég teldi afar ólíklegt að hann mundi gera það og niðurstaðan er komin í ljós. Þetta er allt í sama farinu. Það hefur ekkert nýtt gerst í fjmrn. annað en að sá sem þar situr núna skrifar undir með öðru nafni en sá sem var þar á undan. Þetta er allt sama stefnan, sami grautur í sömu skál, sama sukkið og stjórnleysið á mörgum sviðum. Í rauninni er athyglisvert núna að rifja upp fyrir sér haustið 1983 þegar núv. ríkisstjórn settist á valdastóla og menn settu sér háleit markmið varðandi erlendar lántökur, viðskiptajöfnuð og verðbólgu átti auðvitað að afnema alveg. Steingrímur Hermannsson hæstv. forsrh. fór um landið og hélt fundi og spurði: Hvað hefur ríkisstjórnin gert fyrir þig? Og hann sagði þjóðinni þá að ríkisstjórnin hefði gert það fyrir fólk að afnema verðbólguna. Hún er einhver enn þá. Það er verið að tala um að hún sé 30—40% og kaupið sé jafnsvínslega lágt og raun ber vitni um. En í rauninni er það núna þannig, eftir 2—3 ár þessarar stjórnar, að það ríkir andleysi, doði, drungi, trúleysi í stjórnarliðinu sjálfu á að ríkisstjórnin sé að gera eitthvað af viti. Þingmenn stjórnarinnar, hvort sem þeir eru frá íhaldinu eða framsókn, nenna ekki einu sinni að vera viðstaddir í umræðum. Þeir afgreiða allt með hangandi hendi, ganga í þetta eins og hvert annað skítverk, liggur mér við að segja. Það er ekki hugurinn eða þrótturinn eða umbótaviðleitnin sem einkennir þessa menn. Það er þreytan og drunginn vegna þess að þeir sjá að í rauninni hefur ekkert tekist af því sem þeir lofuðu þjóðinni. Hins vegar hefur ýmislegt tekist af því sem þeir lofuðu Verslunarráðinu fyrir kosningarnar síðast, m.a. að gefa verðlag frjálst og vexti. Að öðru leyti er það kraftleysið og trúleysið sem einkennir tök þessara manna, máttleysið. Hæstv. núv. fjmrh. er alveg jafngrútmáttlaus í þessum efnum og aðrir í stjórnarliðinu. Það má segja að honum sé vorkunn að taka við þessu flaki sem pólitík ríkisstjórnarinnar er á mörgum sviðum. En það þýðir ekki fyrir hann að ganga fram sem heilagan mann, eins og hann gerði hérna fyrir ári, ganga fram sem heilagan mann og segja að hann beri enga ábyrgð á hlutunum lengur. Það séu vondir, gamlir, vitlausir ráðherrar og slakir sem ráði þessu. Hann getur ekki bæði leikið það núna að vera í stjórn og stjórnarandstöðu, eins og hann lék í hálft ár eða meira. Nú er hann í stjórn, Sjálfstfl. er í stjórn og staðan er þannig að trúleysið og slappleikinn einkenna íhaldið í þessum málum.

Ég vil þá víkja næst að einstökum atriðum í frv. Það er þá fyrst 3. gr. frv. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að Landsvirkjun fái 490 millj. kr. á næsta ári. Við munum spyrja Landsvirkjunarpostulana í fjh.- og viðskn. hvernig á að nota þetta fé.

2. mgr. þessarar greinar gerir ráð fyrir að Landsvirkjun fái viðbótarheimild til að taka lán allt að 200 millj. kr. hérlendis eða andvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986. Ég vil segja það fyrir mitt leyti og láta það koma fram hér fyrir hönd Alþb. að við hljótum að greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Ég minni á að lánsfjárlög voru til meðferðar fyrir árið 1985 í júnímánuði s.l. og þar fluttum við tillögu um að þessi mgr. 3. gr. félli niður í lánsfjárlögum ársins 1985. Sú tillaga okkar var auðvitað felld af stjórnarliðinu. Það kom samt á daginn að hún var alveg út í hött og þarflaus á árinu 1985. Auðvitað er óþarfi að vera að setja þessa tölu inn á árinu 1986. Það liggur ekkert fyrir um að það semjist við álverið í Straumsvík og ég veit ekki til þess að það sé á döfinni. Hæstv. forseti deildarinnar er út um allar jarðir að reyna að selja rafmagn, jafnvel fyrir slikk, og enginn vill kaupa. Sá eini sem hefur sýnt viðleitni í þeim efnum er kínverski ríkiskommúnisminn. Það er nú haldreipið sem íhaldið hefur í þessum efnum, kínverski ríkiskommúnisminn. Þegar Morgunblaðið skrifaði um það forustugrein fyrir nokkru að kínverski ríkiskommúnisminn væri að vísu hættulegur var hnykkt á með því að segja að gagnvart honum nytu menn frekar fjarlægðarverndar en gagnvart Rússunum. En í rauninni er það þannig að íhaldið hefur ekkert fast í hendi í þessu efni og þess vegna er þessi tillaga óþarfi og sjálfsagt að fella 2. mgr. 3. gr.

Ég vil þá víkja næst aftur að fyrri mgr. og biðja hæstv. ráðh. að gera mér og þinginu grein fyrir hvaða framkvæmdir það eru í orkumálum sem Landsvirkjun ætlar að ráðast í á árinu 1986. Hvaða óhjákvæmilegu framkvæmdir eru það?

Á síðasta þingi flutti ég tillögu um að lækkað yrði framlag til Landsvirkjunar þannig að Blönduvirkjun yrði ekki tekin í notkun fyrr en árið 1990. Þessi tillaga var þá felld, henni var hafnað. Nú er spurning: Við hvað er þetta miðað? Er kannske miðað við árið 1990 eða árið 1991? Hefur ríkisstjórnin lært það síðan á síðasta þingi að sú tala sem þá var inni er allt of há?

Ég vil í annan stað, herra forseti, víkja að 4. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að Orkubúi Vestfjarða verði heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 20 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum. Nú mun það liggja fyrir að ríkisstj. ætlar að heimila hækkun á heimilistöxtum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða um 14% eða jafnmikið og er gert ráð fyrir hjá Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, reyndar að hækka 17% húshitunartaxtana.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir virðist málið standa þannig að með þessari taxtaákvörðun verði meiri halli og meiri vandi hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða en gert hafði verið ráð fyrir þegar frv. til lánsfjárlaga var upphaflega til meðferðar. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera til að koma til móts við þann vanda sem Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins verða þarna fyrir aukalega vegna þeirra ákvarðana sem ríkisstj. hefur sjálf tekið um taxtabreytingar þessara fyrirtækja í upphafi ársins 1986.

Þá vil ég í þriðja lagi, herra forseti, spyrja hæstv. fjmrh. út í Þróunarfélagið. Það er rósin í hnappagatinu, Þróunarfélagið. Það átti að leysa alla hluti. Nýsköpunin í atvinnulífinu átti að koma þar. Þessi undarlega

skepna, sem gekk hér í gegnum þskj. í allan fyrravetur og menn vissu aldrei hvað átti að verða úr, var fyrir rest ákveðin í lögum. Nú er gert ráð fyrir því að heimila þessu þróunarfélagi 100 millj. kr. erlent lán á næsta ári. Hvað á að gera við þessa peninga? Hvað er þetta Þróunarfélag að gera? Hvaða nýsköpunar í atvinnulífinu hefur það efnt til? Hvar er það inni? Hvernig hefur það tekið á vandamálum framleiðsluatvinnuveganna? Ætlar það kannske að fara í frystihúsarekstur? Hvar er Þróunarfélagið á vegi statt? Ætlar það bara að vera í smjörlíkisgerð? Það væri fróðlegt ef hæstv. fjmrh. vildi upplýsa þingheim um til hvers á að brúka þetta þróunarfélag sem hefur hundruð millj. kr. af erlendu fé að leika sér með.

Ég vil þessu næst víkja að 8. gr. frv. sem fjallar um Byggðastofnun. Ég tel að nauðsynlegt sé að hafa Byggðastofnun í landinu. Ég er ósammála hv. 5. þm. Reykv. um að ekki þurfi að reka hér byggðastefnu. Spurningin er auðvitað hvernig með féð er farið. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því hvaða upplýsingar hann hafi um stöðu Byggðastofnunar nú í upphafi þegar hún er að hefja starf undir nýju nafni og nýrri stjórn.

Þessu næst vil ég víkja að 12. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna á árinu 1986 nemi 1,1 milljarði kr. Ég get ekki sagt að ég sé þaulkunnugur tölum Lánasjóðs ísl. námsmanna, ég hef ekki farið yfir þær síðustu dagana, en ég hef séð grg. þar sem talið er að lánasjóðurinn þurfi á næsta ári að óbreyttum lánareglum upphæð sem er mörgum hundruðum millj. kr. hærri en hér er inni. Ég vil fara fram á það við hæstv. ráðh. að hann greini deildinni frá því hvernig ætlun ríkisstj. er að taka á málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna á árinu 1986 því það er bersýnilegt að þarna ber verulegar upphæðir á milli. Mér er tjáð að jafnvel Fjárlaga- og hagsýslustofnun viðurkenni að þessi vandi sé að vísu ekki eins stór og lánasjóðurinn segir, en að vandi lánasjóðsins sé á bilinu 200—300 millj. kr.

Ég vil þessu næst víkja að 18. gr. frv. og vekja athygli á því að þar er gert ráð fyrir verulegum niðurskurði í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Miðað við að Framkvæmdasjóður fatlaðra hækkaði eins og Framkvæmdasjóður aldraðra ætti talan hér ekki að vera 80 millj. heldur 125 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur hann kynnt sér hvaða verkefni það eru sem liggja fyrir að því er varðar málefni fatlaðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra á árinu 1986?

Ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að mótmæla alveg sérstaklega 27. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að skerða enn þá einu sinni greiðslur úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Á fundi sem við áttum, þm. Reykv., með borgarstjóranum í Reykjavík og öðrum borgarfulltrúum fyrir nokkrum dögum kom fram að borgarstjórinn hafði talið, og vafalaust fengið þær upplýsingar frá þm. Sjálfstfl. og ráðherrum, að skerðingin á árinu 1985 á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ætti einungis við það ár og það yrði ekki reynt að vega í sama knérunninn á ný. Nú er hér gert ráð fyrir að halda áfram og skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga enn.

Samkvæmt upplýsingum borgarstjórans í Reykjavík eru tekjur Reykjavíkurborgar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga núna um 6% af heildartekjum borgarinnar, en voru fyrir nokkrum árum 12%. Mér þykir þetta satt að segja ótrúlega hátt fall. Ég hygg að þrátt fyrir þessa skerðingu sé samdrátturinn ekki nærri því eins mikill og þessar tölur benda til frá borgarstjóranum í Reykjavík. En þarna er um að ræða verulegan samdrátt, eins og fram hefur komið í umræðum um þetta mál, m.a. á hv. Alþingi og í svari hæstv. félmrh. við fsp. frá mér um þessi mál. Þegar það bætist við að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga var núna að taka á sig gífurlegan erlendan lántökukostnað í fyrsta sinn og verulegan nýjan kostnað vegna Innheimtustofnunar sveitarfélaga er ljóst að Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna verður veikari á næsta ári en hann hefur verið um margra ára skeið. Mér finnst þetta athyglisvert frá stjórnmálaflokki, Sjálfstfl., sem einu sinni hélt því fram að sveitarfélögin ættu að vera sjálfstæð. Það var meginkeppikefli Sjálfstfl. að sögn sumra sem hér hafa talað fyrir íhaldið á undanförnum árum, eins og hæstv. forseta þessarar deildar og fleiri. En þegar þeir fá að ráða og sýna hvað í rauninni býr á bak við orðin kemur í ljós að öll orðin og fyrirheitin voru markleysa í þessu eins og öðru. Það er bersýnilega enginn áhugi á því að standa við stóru orðin í sambandi við hag sveitarfélaganna, efla sveitarfélögin og styrkja fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Ég trúi því ekki að félmrh. hafi haft frumkvæðið að því að skera niður jöfnunarsjóðinn með þessum hætti. En það væri fróðlegt ef hann vildi upplýsa okkur um það. Hér er gerð einstök atlaga að sveitarfélögunum til viðbótar við þá atlögu að sveitarfélögunum sem þegar hefur verið ákveðin og liggur fyrir í fjárlagafrv. þar sem á að skera stórkostlega niður öll framlög til sveitarfélaganna, til skóla, til dagvistarstofnana, heilsugæslustöðva og annarra slíkra framkvæmda. En til viðbótar við þann niðurskurð í fjárlagafrv. sjálfu á að skera niður eina verðtryggða tekjustofn sveitarfélaganna í annað sinn í sögunni. Og það er undir forustu íhaldsins sem hefur haft uppi prédikanir um að það verði að stuðla að sjálfstæði sveitarfélaganna í landinu. Í þessu efni eins og öðru, hvort sem það eru erlendar skuldir, verðbólga eða hvað það er, reyndust yfirlýsingar þeirra markleysa, hjóm, tilraun til að blekkja og ekkert annað, alvöruleysið uppmálað. Það er niðurstaðan þegar maður lítur yfir málið.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara ítarlegar yfir einstök ákvæði þessa frv. Ég tel að fjh.- og viðskn. hljóti að gera það. Mér finnst hart að hæstv. ráðh. skuli ætla sér að skammta nefndinni fjóra daga til að ræða um þetta mál. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur aldrei fengið aðrar eins trakteringar í sambandi við lánsfjárlög. Venjulega hafa fjmrh. lagt lánsfjárlögin fyrst fyrir Nd. En það breytir engu. Auðvitað hljótum við að njóta góðs af umfjöllun málsins í Ed. En það er ljóst að hér er margra spurninga að spyrja sem verða dregnar fram í meðferð málsins í nefnd.

Það kom fram hjá hæstv. fjmrh., sem er auðvitað hárrétt, að það er ekki hægt að ganga frá frv. til lánsfjárlaga fyrr en búið er að sjá lokatölur fjárlagafrv. Það þýðir að allur frágangur á þessu máli ætti með réttu að bíða fram yfir áramót. Alla vega held ég að ljóst sé að það er mjög knappt að hægt verði að ljúka þessu stóra máli á þeim fáu dögum sem eftir lifa af þinghaldinu fyrir jól.

Í lánsfjárlagafrv., eins og það kemur eftir 3. umr. í Ed., er gert ráð fyrir að taka inn svokölluð raðsmíðaskip. Mér finnst það satt að segja ekki vonum seinna að tekið sé á því máli. Ég get ekki verið að áfellast ríkisstj.

fyrir að hún skuli loksins manna sig upp í að taka á því máli. Ég tek því ekki undir þá afstöðu sem síðasti ræðumaður hafði í þeim efnum. Hins vegar bið ég hæstv. fjmrh. að útskýra fyrir mér og þingheimi 2. málsgr. þessarar greinar, en þar segir:

„Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum, sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna, til að greiða fyrir sölu þeirra."

Þetta er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að ríkissjóður eigi að gefa skipasmíðastöðvunum peninga, yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum sem liggja núna á skipasmíðastöðvunum. Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hvaða hugmyndir ríkisstj. hefur um að dreifa þessum peningum, sennilega tugum milljóna króna, til skipasmíðastöðvanna. Það stendur ekki orð um það í frv. eða þessari málsgrein hvaða reglum á að fylgja. Ég óska eftir því að upplýsingar um það fáist hér í umræðunni eftir hvaða reglum á að dreifa þessum peningum til skipasmíðastöðvanna. Það er ekki nóg fyrir okkur á hv. Alþingi að vita að Jón Sveinsson sé forstjóri í Stálvík og Jósef Þorgeirsson hjá Þorgeiri & Ellert en Gunnar Ragnars hjá skipasmíðastöðinni á Akureyri. Þó að þarna sé um að ræða valinkunna og gegna sjálfstæðismenn í öllum tilvikum er ekki nóg fyrir okkur að fá upplýsingar um það. Við þurfum að fá að vita eftir hvaða reglum á að dreifa þessu fé. Á að dreifa þessu fé eftir einhverjum geðþóttareglum í samræmi við innanflokksástandið hjá íhaldinu eða hvaða reglum á að fylgja í þessu efni? Það er óhjákvæmilegt að fá upplýsingar um það. En hitt vil ég taka undir með ríkisstj. og hæstv. fjmrh. að það er óhjákvæmilegt að tekið verði á þessum málefnum skipasmíðastöðvanna og raðsmíðaverkefna.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja örfáum orðum að framhaldsnál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. á þskj. 270. Þar er um að ræða yfirlit yfir innlendar og erlendar lántökur 1986. Þar er gert ráð fyrir að spariskírteini verði seld fyrir 1,8 milljarða kr. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hverju nemur sala spariskírteina núna? Telur hann rök fyrir því að þessi sala spariskírteina skili sér til ríkissjóðs á árinu 1986 að meðtöldu því sem innleyst yrði?

Og ég vil einnig víkja að Byggingarsjóði ríkisins. Það er komið fram að fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins sé talsvert mikið yfir 2 milljarða kr. á árinu 1986 og mér sýnist á fskj. II að það sé gert ráð fyrir að lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári verði 2 milljarðar 280 millj. kr. Ég spyr hæstv. félmrh. að því: Liggja fyrir útlánaáætlanir fyrir Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1986? Er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins láni eftir svipuðum eða sömu grundvallarreglum og á árinu 1985? Og ég vil líka spyrja að því: Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að koma til móts við þá húsbyggjendur sem hafa orðið harkalegast úti vegna misgengis launa og lána, eins og það er kallað, á undanförnum árum? Þessi mál hafa ævinlega verið rædd við meðferð lánsfjárlaga og það er óhjákvæmilegt að húsnæðismálin séu einnig tekin á dagskrá hér. Þess vegna hef ég lagt þessar fyrirspurnir fyrir hæstv. félmrh.

Það er gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun ársins 1986 að skyldusparnaðurinn í Húsnæðisstofnun ríkisins verði neikvæður um 50 millj. kr. Ég vil bæta þeirri spurningu við til hæstv. félmrh. hvort á döfinni séu einhverjar breytingar á lögum um byggingarsjóðina og skyldusparnaðinn vegna þess að það er auðvitað óbærilegt fyrir Byggingarsjóð ríkisins að bera þann halla sem hér er um að ræða.

Ég tel nauðsynlegt að þessar upplýsingar komi fram, herra forseti, og vænti þess að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að fara rækilega yfir þær hér á eftir.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mál fleiri orð að sinni. Til þess gefst tækifæri við 2. umr. málsins þegar það kemur fyrir á nýjan leik. Ég ætla aðeins að bæta við einu atriði.

Þegar við fjölluðum um lánsfjárlög á síðasta þingi lýsti þáv. fjmrh. og viðskrh. því yfir að það ætti að breyta meðferð erlendra lána einkaaðila. Ég man ekki hvort þessi umræða kom upp í sambandi við frv. til laga um viðskiptabanka eða við annað tækifæri. Mér er ekki kunnugt um að á þessu hafi verið gerðar neinar verulegar breytingar. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að einkafyrirtæki taki á næsta ári erlend lán að upphæð 2,5 milljarðar kr. Á þessu ári voru lántökur einkaaðila 1,8 milljarðar kr. og fóru þá 232 millj. kr. fram úr áætlun. Ég inni eftir því hvaða reglur verða notaðar á næsta ári. Verða það sömu reglur og við höfum haft hér í mörg undanfarin ár og hafa reynst mjög gallaðar, ég kannast við það, eða er ætlunin að grípa til strangari aðhaldsaðgerða varðandi erlend lán einkaaðila á næsta ári en verið hafa?

Þetta var það, herra forseti, sem ég vildi koma á framfæri að sinni.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. S.l. föstudag fór fram 2. umr. um fjárlagafrv. og varð þá mörgum tíðrætt um nauðsyn aðhalds og aðgæslu í þeim hluta ríkisfjármálanna. Slíkt á ekki síður við um þann hluta þeirra sem hér er nú til umræðu, lánsfjárlögin. Hafi einhvern tíma verið ástæða til varfærni í málaflokki er það svo sannarlega nú. Nýlega höfum við fengið staðfest að hallinn á ríkissjóði verði tæpast undir 2,5 milljörðum á þessu ári og viðskiptahallinn verði yfir 5 milljarðar. Við slíkar aðstæður og með tilliti til margendurtekinna yfirlýsinga hæstv. ríkisstj. um nauðsyn þess að hamla gegn aukningu erlendra skulda og raunar minnka þann bagga sem þegar er að sliga þjóðina vekur furðu að hér skuli eiga að afgreiða lánsfjárlög í þeirri mynd sem orðin er.

Hér mætti auðvitað flytja langa ræðu um fortíðina, tíunda öll fjárfestingarmistökin sem eru fyrst og fremst orsök þess vanda sem við er að fást í ríkisfjármálunum, óhóflegar og óarðbærar fjárfestingar í stórvirkjunum, óseljanlega togara, verksmiðjur sem sennilega munu aldrei skila arði og varla eða ekki einu sinni standa undir sér, flugstöðvarbyggingu sem hæglega gat beðið o.fl. Vegna þessara framkvæmda, sem stofnað var til af fyrirhyggjuleysi og ábyrgðarleysi, er nú við slíka skuldabagga að fást að ekki er lengur á bætandi. Er löngu orðin spurning hvort það er ekki í raun hagkvæmara og arðbærara að minnka erlendar skuldir þjóðarbúsins en jafnvel að taka lán til framkvæmda sem að öðru jöfnu mundu teljast arðbærar. Sú spurning virðist hins vegar ekki vefjast fyrir hæstv. ríkisstj. Hún lætur sér ekki segjast.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir erlendum lántökum að fjárhæð allt að 2224 millj. kr. Þeim á að ráðstafa með ýmsum hætti, svo sem sjá má í grg. með fjárlagafrv., og eru þar sumir liðir auðvitað óhjákvæmilegir og þarfir.

En þar er m.a. gert ráð fyrir 300 millj. kr. til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Kvennalistinn hefur verið mótfallinn þeirri framkvæmd frá upphafi á tveimur forsendum. Annars vegar erum við andvígar því að Bandaríkjamenn fjármagni þessa byggingu og hins vegar höfum við ekki talið þessa framkvæmd tímabæra eins og á stendur í ríkisbúskapnum. Íslendingar hafa nú þegar lagt nær 200 millj. kr. í flugstöðina og áformað er að verja til hennar 300 millj. kr. á næsta ári, *sem er raunar 200 millj. kr. minna en í fyrstu var* áformað, og við eigum enn eftir að leggja hundruð milljóna í þessa hít áður en henni verður lokið. Þetta er að okkar mati glapræði hið mesta, ekki síst þegar um allt land standa hálfbyggð hús sem ríkissjóður telst ekki hafa efni á að fjármagna, skólar, dagheimili, heilsugæslustöðvar, sjúkrahús o.s.frv.

3. gr. frv. fjallar um lántökur Landsvirkjunar. Þar hefur orðið nokkur stefnubreyting, ánægjuleg stefnubreyting, þar sem lántökuheimild hefur verið lækkuð úr 740 millj. í upphaflegri gerð frv. í allt að 490 millj. Getur Kvennalistinn að sjálfsögðu ekki annað en fagnað því, enda höfum við frá upphafi hvatt til samdráttar á þessu sviði, en það eru einmitt offjárfestingar í virkjanaframkvæmdum sem sök eiga á mestu skuldabyrðum okkar. Meira en 50% erlendra skulda þjóðarinnar eru vegna virkjanaframkvæmda eins og þm. á að vera kunnugt.

Nátengd þeirri stefnu sem rekin er í virkjanamálum á hverjum tíma hlýtur að vera sú stefna sem rekin er í iðnaðarmálum. Þótt virkjanastefna núverandi ríkisstj. hafi tekið breytingum er greinilegt að það hefur iðnaðarstefnan ekki gert því í seinni hluta 3. gr. lánsfjárlagafrv. er gert ráð fyrir að heimila Landsvirkjun að taka lán allt að 200 millj. kr. ef um semst um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986. Það er því ljóst að gamli stóriðjudraumurinn er engan veginn dauður úr *öllum æðum hjá hæstv. ríkisstj. og ekki er sú hugmynd* heldur úti að eiga aukin samskipti við auðhringinn Alusuisse í þeim efnum því eins og allir vita: Ef af stækkun álversins í Straumsvík yrði, þá yrði það í samstarfi við þennan viðsjárverða auðhring á einn eða annan hátt. Kvennalistinn hefur oftsinnis varað við slíkum áformum, ekki síst vegna þess að þar með yrði þessi raforkukaupandi enn stærri en hann er þegar í íslensku efnahagslífi og þeir sem kynnt hafa sér viðskipti okkar við þessa aðila og sögu þeirra vita að slíkt væri glapræði. Að öllum líkindum kemur hér fram á næstu dögum brtt. við 3. gr. þess efnis að síðari hluti hennar falli niður.

Samkvæmt venju er II. kafli lánsfjárlagafrv. helgaður skerðingu á lögbundnum framlögum til hinna ýmsu málefna og er það hin versta lesning. Þar er af mörgu að taka þótt ég ætli mér ekki að gera það á tæmandi hátt, a.m.k. ekki við þessa umræðu.

Í 11. gr., sem nú er væntanlega orðin 12. gr., er sett þak á Lánasjóð ísl. námsmanna og kemur svo sem ekki á óvart. Í grg. með fjárlagafrv. er viðurkennt að lánasjóðnum sé ekki ætlað nægilegt fé miðað við núgildandi lög og reglugerð sjóðsins og boðað að málefni hans verði skoðuð og reglum breytt. Engar fréttir hafa enn borist af því hvernig lánasjóðurinn eigi að treina það fé sem honum er ætlað.

Ég hef áður lýst því að ekkert vit sé í því að ætla Lánasjóði ísl. námsmanna að fjármagna útlán sín með dýrum erlendum lánum. Ríkissjóður verður að standa undir fjármögnun þess sjóðs meðan hann er að ná fótfestu. Ég get út af fyrir sig tekið undir það sem oft hefur heyrst, m.a. hér á Alþingi, að lög og reglugerð lánasjóðsins þurfi að endurskoða með tilliti til fenginnar reynslu. Ég vil hins vegar vara við þeim hugsunarhætti, sem mjög er farið að gæta, að námsmenn séu almennt ofhaldnir af sínum kjörum, lifi jafnvel í vellystingum praktuglega. Þau dæmi kunna svo sem að vera til. Ekkert kerfi er skothelt með öllu. Ég þekki ekki slík dæmi. Vera má að námsmenn gætu unað við eitthvað þrengri kost en þeim ber samkvæmt núgildandi lögum og reglum og er sjálfsagt að kanna það og gera breytingar ef fært þykir. En þegar talað er um hve fáránlegt það sé í rauninni að námsmenn búi við lakari kjör þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn en þeir gera meðan þeir eru við nám er meginorsökin vitanlega sú hversu hraksmánarleg launin eru orðin í mörgum greinum, t.d. og kannske einkum við kennslustörf. Við eigum vitanlega að sjá sóma okkar í því að búa svo að ungu fólki að það geti stundað nám sitt á jafnréttisgrundvelli án tillits til búsetu, kynferðis eða efnahags aðstandenda.

Við eigum eftir að ræða málefni lánasjóðsins frekar í fjvn. og við afgreiðslu fjárlaga svo að ég hef ekki fleiri orð um hann að sinni, en ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvað líði endurskoðun á málefnum sjóðsins því hafi hann sagt eitthvað um það í framsöguræðu sinni hefur það farið fram hjá mér.

Í 13. gr. er Kvikmyndasjóður skorinn niður við trog og er það í stíl við stefnu hæstv. ríkisstj. í menningarmálum. Það er að mínu mati einstaklega nöturlegt að þessi sjóður skuli enn á ný lenda undir niðurskurðarhnífnum þar sem lögin um hann voru samþykkt í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. eða vorið 1984. Menn hljóta að spyrja: Til hvers var verið að setja þessi lög? Var hér aðeins um *sýndarmennsku að ræða?* Með slíkum efndum er verr af stað farið en heima setið. Það er einstaklega nöturlegt í ljósi þess hversu lífvænleg þessi listgrein er hér á landi og vænleg til árangurs og jafnvel vænleg til þess að skila tekjum í þjóðarbúið ef vel er á málum haldið. En þetta er auðvitað, eins og ég sagði áðan, í stíl við þá menningarstefnu sem rekin er af hæstv. ríkisstj. Það er *harla litlum peningum varið til menningarmála hér á* landi og sést það glöggt ef fjárlagafrv. er skoðað.

Ef menningarmáladæmið, eins og það er stundum kallað, yrði gert upp, hversu miklar tekjur ríkið hefur af menningarstarfsemi hér á landi og þær settar upp á móti þeim styrkjum sem veittir eru til þessara mála, kæmi ekki á óvart þótt hallaði heldur á ríkissjóð, þ.e. að ríkissjóður fengi meira í sinn hlut en þeir sem skapandi listir stunda. Formaður Rithöfundasambandsins, Sigurður Pálsson, hefur nýlega gert þetta dæmi upp fyrir rithöfunda og hann komst að þeirri niðurstöðu að á meðan innan við 10 millj. væri veitt í Launasjóð rithöfunda skilaði vinna rithöfunda yfir 100 millj. kr. í söluskatti til ríkissjóðs svo ekki sé minnst á annan arð sem fylgir sköpunarstarfi rithöfunda og sem skilar sér með einum eða öðrum hætti í ríkissjóð, eins og skattar og skyldur prentsmiðjueigenda, útgefanda og annarra. Svo má vafalaust reikna önnur dæmi í menningarmálunum.

Í 25. gr. er svo fjallað um þakið á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hefur verið skorinn niður öll árin sem

þessi hæstv. ríkisstj. hefur verið við völd. Það er vissulega alvarlegt mál og raunar ólíðandi um leið og ríkisstj. sker niður framlög ríkissjóðs til verklegra framkvæmda um allt að helming. Er það í hróplegu ósamræmi við þá stefnu, sem flestir landsmenn og þar með stjórnmálamenn virðast vera fylgjandi, að sveitarfélögin eigi að taka til sín meira af verkefnum og þá um leið meiri ábyrgð á verkefnum og verklegum framkvæmdum. Sú stefna bíður nú hvert skipbrotið á fætur öðru í tíð þessarar ríkisstj. þrátt fyrir yfirlýstan vilja um annað. Er ekki að undra þótt landsbyggðarfólk sæki nú fast á um breytingar í stjórnskipan þar sem valdahlutföllum verði breytt til muna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla frekar um einstakar greinar þessa frv., a.m.k. ekki nú um sinn, það er svo sem ekki líklegt að því verði breytt úr þessu, því miður. Ólíklegt er raunar að við þessi lög verði staðið þótt þau hljóti staðfestingu. Þau eru einfaldlega ekki í samræmi við staðreyndir. En ég vil að lokum spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig á að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs á þessu ári umfram það sem segir í 28. gr. og hvernig á að fjármagna þann halla sem fyrirsjáanlegur er á næsta ári?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það er rétt að víkja nokkrum orðum að sumum þeirra atriða sem fram hafa komið í umræðunni.

Hv. 5. þm. Reykv. vék fyrst að þeirri greiðslu sem Framleiðsluráð landbúnaðarins fékk fyrir fáeinum dögum þar sem um var að ræða fyrirframgreiðslu á niðurgreiðslum til að standa við ákvæði nýju landbúnaðarlöggjafarinnar um staðgreiðslu til bænda. Hér er ekki um að ræða ný eða aukin útgjöld, en þau færð fram til að standa við ákvæði þessara nýju laga. Auðvitað er það svo að þau eru langt frá því að vera gallalaus. Með þeim var þó gerð tilraun til að ná sáttum á milli framleiðenda og neytenda, en um langt árabil hefur verið eins konar styrjöld á milli framleiðenda og neytenda vegna landbúnaðarafurða.

Það er með þessum lögum gerð veruleg breyting á verðmyndunarkerfinu. Hinn gamli verðlagsgrundvöllur, þar sem bændur og framleiðslufyrirtæki voru sameinuð í einum verðlagsgrundvelli, er brotinn upp. Það er nú sjálfstæð ákvörðun á verðlagningu til bændanna og aftur til framleiðslufyrirtækjanna. Þetta hygg ég að sé ótvíræður kostur.

Með þessari löggjöf voru enn fremur reistar skorður við framleiðslu og á fimm árum við það miðað að framleiðslan yrði í samræmi við þarfir innlends markaðar. Hér tel ég að einnig hafi verið brugðist við vanda sem uppi er vegna offramleiðslu og augljóst að með öllu var útilokað að ná jafnvægi þarna á milli í einu vetfangi svo mjög sem hallaði á í þessu efni.

Í heild sinni held ég því að ekki fari á milli mála að þessi löggjöf markar ákveðin framfaraspor þó að hún sé fjarri því að vera gallalaus og mætti að sjálfsögðu taka ýmsum bragarbótum. Þar er um að ræða verulegar framfarir eigi að síður og það er mikils um vert ef unnt reynist að ná jafnvægi á milli framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða á því árabili sem lögin taka til að þessu leyti.

Hv. þm. gerði langt mál úr því sem honum fannst að skorti í almennri fjármálastjórn í landinu, að ekki væri hlýtt fyrirmælum svokallaðra Ólafslaga um samræmdar reglur um arðsemismat fjárfestinga. Mikil er trú hv. þm. á að samræmdar opinberar reglur um arðsemismat leysi allan vanda í þessu efni. Ég er hv. þm. á margan hátt sammála um að við höfum ekki fengið þann arð af okkar fjárfestingarfjármagni sem nauðsyn ber til ætlum við okkur að halda hér uppi velferðarþjóðfélagi og tryggja fólkinu í landinu eðlileg lífskjör. En hitt held ég að sé alger fjarstæða að við náum þessum árangri með einföldum ákvörðunum eða samræmdum reglum um arðsemismat. Í þessu efni verða fjárfestingarlánasjóðir auðvitað að taka ákvarðanir, en það sem skiptir máli er vaxtastefnan og það viðhorf að menn beri ábyrgð á sínum framkvæmdum og þeim lánum sem þeir taka. Með því móti hygg ég að við getum tryggt aukna arðsemi af fjárfestingarfjármagni, en sú leið sem kveðið er á um í Ólafslögum og hv. þm. virðist hafa tröllatrú á hygg ég að hafi litla þýðingu í þessu efni. Menn geta fært í letur samræmdar reglur um þetta efni, en þær skila ekki miklum árangri.

Hv. þm. gat einnig um nauðsyn þess, þegar fjallað er um erlendar lántökur, að hafðir væru í huga allir meginþættir fjármagnsmarkaðarins, þ.e. bæði ríkissjóður, A- og B-hluti, og eins fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna. Því verður ekki á móti mælt að því er ríkissjóð varðar að tekist hefur að spyrna á þann veg við fótum varðandi erlendar lántökur að þær eru ekki meiri en nemur afborgunum af erlendum lánum. Hitt er ljóst að í heild hefur okkur ekki tekist að ná þessu markmiði og mætti fara mörgum orðum um það efni. Þrálátur og viðvarandi viðskiptahalli leiðir til stöðugt aukinnar skuldasöfnunar erlendis og það er að sönnu rétt að ekki hefur tekist að snúa við svo að um munar í þessu efni.

Hv. þm. talaði um að ríkisstj. hefði mistekist að draga úr innstreymi erlends fjármagns. Að því leyti sem þm. á við viðskiptahalla er þetta rétt, en að hinu leytinu, er snýr að ríkissjóði sjálfum, hefur tekist með gerð fjárlaga og lánsfjárlaga nú að takmarka erlendar lántökur við afborganir. Auðvitað þurfum við að setja okkur strangari mörk í þessu efni, en við verðum líka að gæta að því að stíga ekki svo stór skref að leiði til verulegs atvinnuleysis. Ég er þeirrar skoðunar að það sé útilokað á næsta ári að ná því marki að fullkominn jöfnuður verði á viðskiptum við aðrar þjóðir. Það er nauðsynlegt að ná árangri í því að lækka viðskiptahallann frá því sem er, en ætli menn sér að ná fullum jöfnuði á viðskiptum við aðrar þjóðir á næsta ári gerist það ekki nema með verulegri kjararýrnun, með kaupmáttarrýrnun. Við höfum talið nauðsynlegt að ná auknum árangri í þessu efni. Við höfum gert það með aðhaldsaðgerðum af hálfu opinberra aðila og á þann veg freistum við þess að ná árangri í að draga úr viðskiptahalla, en ætli menn sér að eyða honum með öllu eru þeir að segja í raun og veru að þeir telji nauðsynlegt að rýra kaupmátt verulega á næsta ári til að ná þessu markmiði. Ég er þeirrar skoðunar að það sé óraunhæft og ekki skynsamlegt eins og sakir standa og við verðum þess vegna að taka okkur nokkuð lengri tíma til að ná þessu fram.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði hvar nýjungarnar væru og hvað hefði áunnist á síðustu vikum. Hann vitnaði til þess að erlendar lántökur væru áætlaðar 7,9 milljarðar kr. Hann gleymdi hins vegar að taka tillit til þess að í meðförum frv. í hv. Ed. hafa erlendar lántökur lækkað úr 7,9 milljörðum niður í 7,4. Það er m.a. árangur af því

starfi sem unnið hefur verið á fáum vikum við að draga úr opinberum umsvifum í því skyni fyrst og fremst að draga úr lánsfjárþörf opinberra aðila. Ég tel að hér sé um að ræða mjög markverðan árangur á tiltölulega *stuttum tíma.*

Hv. þm. spurði einnig um afstöðu til tillagna sem birtar voru í auglýsingu fyrir nokkrum dögum frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Ég skildi mál hv. þm. á þann veg að þar hefði hann fengið nýja biblíu og vildi koma fram öllum þeim hugmyndum og tæki undir þær í einu og öllu og undraðist að aðrir skyldu ekki gera það við svo búið. Ég skil þær hugmyndir sem að baki *tillögum Sambands ungra sjálfstæðismanna liggja* á þann veg að þær telja nauðsynlegt að draga úr viðskiptahalla og innstreymi erlends fjármagns. Það er að sönnu svo að þetta mikla innstreymi hefur valdið þenslu, valdið launaskriði og misskiptingu tekna. Þess vegna er mjög mikilvægt að ná árangri á þessu sviði

Hitt er annað að við svo búið er ekki unnt að framkvæma í einu vetfangi allar þær tillögur sem fram koma af hálfu Sambands ungra sjálfstæðismanna. Sumar þeirra, eins og til að mynda hugmyndir um áframhaldandi sölu á ríkisfyrirtækjum, eru góðra gjalda verðar. Á því sviði hefur þegar verið unnið mikið verk af hálfu núv. ríkisstj. og því verður auðvitað haldið áfram. Það er jafnframt nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á bæði útgjaldakerfi ríkisins og tekjuöflunarkerfinu. Við búum við sjálfvirkt útgjaldakerfi sem mun á næstu árum stórauka útgjöld ríkisins og á því verðum við að taka. Aðgerðir á því sviði taka hins vegar nokkurn tíma og skila ekki árangri í einu vetfangi, en það er ætlun ríkisstj. að vinna að þeim málum í því skyni fyrst og fremst að koma í veg fyrir að ríkisútgjöld vaxi svo sem horfur eru á ef ekki verður spyrnt við fæti.

Ég er einnig sammála hv. þm. um að það er nauðsynlegt að byggja upp tekjuöflunarkerfið, bæði að því er varðar beina og óbeina skattheimtu. Þau mál eru nú öll í undirbúningi og hefur verið gerð grein fyrir því af hálfu ríkisstj.

Hv. þm. lýsti því yfir að hann harmaði mjög að ekki skyldi hafa verið gengið lengra í því að lækka skatta. Jafnframt tók hann fram að það væri nauðsynlegt að stórhækka skatta til að koma í veg fyrir erlendar lántökur. Þannig virðist hvað reka sig á annars horn í þessum málflutningi.

Hann boðaði tillögur um 400—500 millj. kr. tekjuaukningu í formi eignarskatta. Það eru innan við 1% framteljenda sem eiga eignir yfir 4 millj. kr. og greiða um 25% af eignarskattinum, um 25% af 350—360 millj. kr., sem lagður var á á þessu ári. Af þessum tölum má sjá að hugmyndir hv. þm. í þessu efni eru ekki býsna raunhæfar. Þar að auki er á það að líta að í vor sem leið var tekin ákvörðun um sérstakan eignarskattsauka á eignir yfir ákveðnu marki til að standa undir útgjöldum Byggingarsjóðs ríkisins.

Hv. þm. taldi nauðsynlegt að lækka söluskattshlutfallið, fækka undanþágum, en stórauka tekjur. Ég kem ekki auga á það í fljótu bragði að miklar líkur séu á því að ríkissjóður auki tekjur sínar með því að fækka undanþágum og lækka um leið skattprósentuna. Ég hygg að þegar upp verður staðið mundu slíkar ráðstafanir nokkurn veginn vega hvor aðra upp. Á það er einnig að horfa í þessu sambandi að verulegum erfiðleikum er háð að ráðast til atlögu við söluskattsundanþágurnar og ég hygg að með raunhæfum hætti verði skattkerfi óbeinna skatta ekki byggt upp nema með virðisaukaskatti eins og ráð er fyrir gert.

Hv. þm. vék að nokkurra ára gamalli ritsmíð sem ég hafði látið frá mér fara og einkanlega að kafla í þeirri ritsmíð sem settur var fram í nokkrum gáska um nauðsyn breytinga í okkar efnahagskerfi.

Þar var fyrst vikið að hugmyndum um lækkun skatta. Vafalaust er það svo að þær hugmyndir hafa ekki ræst að öllu leyti, en á þessu ári var eigi að síður stigið verulegt skref í því að lækka tekjuskatta og ýmsir aðrir skattar hafa verið lækkaðir á undanförnum tveimur árum.

Í öðru lagi minnti þm. á fyrirheit um að opinberum rekstri, sem væri í samkeppni við frjálsan atvinnurekstur, yrði hætt. Mjög stór skref hafa verið stigin í þessu efni á undanförnum árum og áform eru uppi um að halda því áfram. Í þessu efni hefur því einnig náðst verulegur árangur.

Í þriðja lagi dró þm. fram þá hugmynd að sett yrði ný verðmyndunarlöggjöf um frjálsa verðmyndun og bann við samkeppnishömlum og hringamyndun. Í þessu efni hefur einnig náðst verulegur árangur á undanförnum tveimur árum. Verðmyndun er nú öll frjálsari en áður var og hefur leitt til meiri samkeppni og lægra vöruverðs. Ákvarðanir hafa jafnvel verið teknar um að vísu minni háttar breytingar á lögum um verðlagningu sjávarafurða þar sem með fullu samkomulagi þeirra sem aðild eiga að Verðlagsráði er unnt að gefa verðmyndun frjálsa á því sviði.

Þá vék þm. að fyrirheitum um aukið frjálsræði í gjaldeyrisverslun. Einnig á þessu sviði hefur frjálsræði verið aukið verulega á undanförnum tveimur árum.

Þm. vék að fyrirheitum um ný markmið í menntastefnu. Þar hefur einnig verið unnið í þeim anda að auka valddreifingu og draga úr hópmeðalmennsku.

Loks vék þm. að þeirri stefnuyfirlýsingu að atvinnurekendur og launþegar ættu að taka ákvarðanir í kjarasamningum upp á eigin ábyrgð. Það fengu þeir að gera á s.l. ári með alkunnum afleiðingum.

Ég ætla svo ekki að víkja að sjöunda fyrirheitinu um það að menn gætu tekið hvíldardaginn heilagan og hvílst. Ég hef ekki kynnst því á undanförnum vikum að geta hagnýtt mér það.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að nokkrum atriðum í frv. sjálfu, fyrst að Landsvirkjun og spurði um hvaða framkvæmdir væru á döfinni hjá Landsvirkjun á næsta ári. Fyrst er rétt að taka fram að við meðferð fjárlagafrv. í hv. Ed. voru lánsfjáráform Landsvirkjunar lækkuð um 250 millj. kr. og Blönduvirkjun frestað um eitt ár. Ég hef að vísu ekki haldbærar upplýsingar um skiptingu þeirra 490 millj. kr. sem eftir standa, en mjög verulegur hluti þeirra mun fara til endurgreiðslu á lánum, til afborgana og vaxta af erlendum lánum, meginhluti þessarar upphæðar. En sjálfsagt er og eðlilegt að hv. fjh.- og viðskn. fái um það mál gleggri upplýsingar við meðferð málsins í nefnd.

Þm. vék einnig að hækkun á rafmagnsverði og hélt því fram að ákvörðun hefði verið tekin um 14% hækkun á rafmagnsverði sem mundi valda nýjum erfiðleikum hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og fyrirsjáanlegt væri að taka þyrfti erlent lán af þeim sökum. Það er rétt að taka fram að endanleg ákvörðun um þetta hefur ekki verið tekin. Ég geri ráð fyrir því að

tillögur um þetta efni verði ræddar á ríkisstjórnarfundi á morgun, en það er ekki ætlunin að taka neinar ákvarðanir í þessu efni sem leiða til aukinnar erlendrar lántöku. Það er óskynsamleg og óráðleg stefna, sem hv. 3. þm. Reykv. þekkir af eigin raun og þjóðin hefur fengið sig fullsadda af, að vísa opinberum fyrirtækjum á erlendar lántökur til að standa undir rekstrarkostnaði.

Þm. vék einnig að Þróunarfélaginu sem nýlega var stofnað samkvæmt lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi. Þetta félag hefur allmikil fjárráð. Það er nú um það bil að hefja starfsemi sína. Hér er um hlutafélag að ræða með þátttöku ríkisins þar sem ríkið er í miklum minni hluta. Stjórn þessa félags mun að sjálfsögðu móta stefnu þess og útlánaáform. Á þessu stigi máls liggur ekki fyrir hver verða meginverkefni þessa fyrirtækis á næsta ári, en ég þykist vita að það muni fyrir sitt leyti stuðla að framþróun í atvinnumálum.

Að því er Byggðastofnun varðar hygg ég að sú upphæð sem hér er til ráðstöfunar muni duga til að standa undir þeim áformum sem Byggðastofnun hefur uppi um lánveitingar á næsta ári til að stuðla að eðlilegri byggðaþróun í landinu.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að Lánasjóði ísl. námsmanna. Það gerði reyndar einnig hv. 7. landsk. þm. Þær tölur, sem birtar hafa verið um mismun á tölum fjárlagafrv. og lánsfjárlaga annars vegar og áætluðum útlánum sjóðsins á næsta ári, byggjast m.a. á því að lánasjóðurinn hefur stuðst við framreikning á tölum yfir á verðlag næsta árs, en tölur fjárlagafrv. eru miðaðar við desemberverðlag og eiga þó eftir að taka uppfærslu til rétts verðlags í desember, en sem kunnugt er hafa þær áætlanir ekki staðist um desemberverðlag sem lágu til grundvallar fjárlagagerðinni á haustmánuðum.

Hitt er svo satt og rétt að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir þó nokkurri skerðingu á námslánum á næsta ári og nú eru í undirbúningi breytingar á lögum og reglum um lánasjóðinn sem miða að því að taka tillit til þessara aðstæðna.

Hv. 3. þm. Reykv. og reyndar einnig hv. 7. landsk. þm. viku að nokkrum þeirra atriða sem í lánsfjárlögum eru og kveða á um skerðingu á framlögum til einstakra sjóða og verkefna. Það er að sönnu rétt að í flestum tilvikum, sjálfsagt öllum, hagar svo til að við vildum öll geta varið auknu fjármagni til þeirra verkefna sem þar er um fjallað. En við þær miklu þrengingar sem við búum við nú er óhjákvæmilegt að setja útgjöldum takmörk, svo sem oftast nær hefur verið gert á undangengnum árum með þessum hætti, og er það einnig nauðsynlegt nú í ljósi sérstakra erfiðleika því að ég hygg að hv. þm. geti verið um það sammála að mikil nauðsyn sé á að nokkurn veginn náist jöfnuður milli tekna og gjalda ríkissjóðs.

Hv. 3. þm. Reykv. vék einnig að raðsmíðaskipunum. Það er ráð fyrir því gert samkvæmt þeim heimildum sem komu inn í frv. í hv. Ed. að unnt verði að ráðstafa þessum skipum. Þau hafa safnað á sig miklum fjármagnskostnaði og öllum má vera ljóst að útilokað er að selja skipin við því verði sem þau standa í dag. Annaðhvort er að gera ráðstafanir af þessu tagi eða taka öll áföllin á ríkissjóð í samræmi við þær ábyrgðarheimildir sem ákveðnar voru í upphafi. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið óhyggilegt að ráðast í þetta verkefni á sínum tíma, en eins og málum er komið er nauðsynlegt að leysa þetta mál og ég tel rétt að gera það á þann veg að leiði til sem minnstra áfalla fyrir ríkissjóð. Um það verða settar almennar reglur á hvern veg þessari fyrirgreiðslu verður hagað til þess að selja megi skipin og koma þeim til veiða.

Það er auðvitað álitaefni, eins og vikið var að, hvort áætlun um sölu spariskírteina stenst á næsta ári eða ekki. Ég hef þó ástæðu til að ætla að svo muni verða og fyrir því eru ýmis rök sem óþarfi er að fara mörgum orðum um hér. Ég tel að reynsla síðustu mánaða sýni að ríkissjóður getur náð inn þessu fjármagni. Við verðum hins vegar að gera okkur fulla grein fyrir því, eins og oft hefur komið fram í umræðum á hinu háa Alþingi, að aukin ásókn ríkissjóðs í lánsfjármagn á innlendum markaði getur haft áhrif á vaxtastigið. Það er þess vegna full ástæða til að spyrna sem mest má verða við fótum í þessu efni, en að því er þetta atriði varðar, sölu spariskírteinanna, tel ég að sú áætlun sé byggð á raunhæfu mati.

Að því er varðar lán til einkafyrirtækja er það auðvitað álitamál hvort sá háttur á að vera hluti af lánsfjárlögum. Hér er um að ræða lántökur atvinnufyrirtækja, sem undir öllum venjulegum kringumstæðum verða að fara eftir almennum leikreglum, og það er næsta útilokað að setja þar á ákveðið kvóta- eða skömmtunarkerfi því að atvinnufyrirtæki verða að geta gengið út frá því að geta treyst á almennar reglur sem þau geta sótt um lán eftir. Fyrir því er ráðgert að beita svipuðum reglum á næsta ári og verið hefur. Ég hygg þó að sú áætlun sem nú liggur fyrir sé raunhæfari að þessu leyti en sú áætlun sem unnið hefur verið eftir á þessu ári.

Að því er varðar fjárlagahallann er ljóst að hann verður að fjármagna með lánum. Það er ráð fyrir því gert að fjárlagahalli þessa árs verði fjármagnaður á þann veg og það er óskað eftir heimild til þess í því frv. sem hér liggur fyrir. Nú er ekki endanlega ljóst hversu mikill þessi halli verður, en ég hygg að enn sé nokkurt borð fyrir báru varðandi þá heimild sem hér er óskað eftir. Eins og fram kom í framsöguræðu minni fyrr í kvöld er ekki endanlega hægt að taka afstöðu til 1. gr. frv. fyrr en fyrir liggur hver fjárþörf ríkissjóðs verður á næsta ári og það skýrist þegar störf hv. fjvn. eru lengra á veg komin til undirbúnings 3. umr. fjárlaganna.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það er skammur tími til stefnu við afgreiðslu á þessu frv. Ég tel hins vegar að mjög mikilvægt sé að afgreiða lánsfjárlögin samhliða fjárlagafrv. Það er mikilvægur áfangi að tengja lánsfjárlögin og fjárlagafrv. saman með þeim hætti sem nú var gert og hefur almennt verið tekið undir það af þm. og verið ágreiningslaust. Þó að svo vilji til að hv. Nd. hafi af þeim sökum óvenjuskamman tíma til afgreiðslu málsins er það ósk mín til hv. þdm. og hv. fjh.- og viðskn. að þessu máli verði hraðað á þann veg að afgreiðslu þess verði lokið fyrir jólaleyfi. Ég tel að það séu öll efnisrök til þess og allar upplýsingar eigi að liggja fyrir fjh.- og viðskn. þegar á morgun, sem taka þarf afstöðu til, þannig að það megi verða. Einnig er á það að líta að það er mjög mikils um vert, í fyrsta sinn sem fjárlög og lánsfjárlög eru á þann veg tengd saman, að það takist að afgreiða þau fyrir jólaleyfi hv. þm.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, að svara frekar einstökum atriðum sem fram hafa komið.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Hv. 5.

þm. Reykv. beindi til mín spurningu sem mér finnst ástæða til að koma aðeins inn á. Ég skal reyna að verða stuttorður og tefja ekki þessar umræður. Hann spurði í sambandi við útlán byggingarsjóðanna. Eins og fram kemur í fskj. sem liggur hér með gögnum um lánsfjárlögin liggur nú ljóst fyrir að byggingarsjóðirnir hafa yfir að ráða til útlána á næsta ári samkvæmt þessum tillögum 3 milljörðum 160 millj. kr. Þar af er beint framlag úr ríkissjóði um 1600 millj. Hefur það framlag aldrei verið hærra í lánasögu sjóðanna eða um 60% af ráðstöfunarfé þeirra.

Þessi áætlaða skipting útlána er ekki endanlega staðfest eins og gefur að skilja þar sem beðið er eftir samþykkt fjárlaga og lánsfjárlaga, en í þeim áætlunum sem Húsnæðisstofnun hefur gert eða starfsmenn hennar í sambandi við þær horfur sem hér hefur verið lýst er reiknað með því að til F-lána fari um 1220 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins, til G-lána um 750 millj., til orkusparandi lána um 50 millj., í framkvæmdalán 130 millj., í önnur lán 50 millj. og í viðbótarlán, þ.e. aðstoðarlán við húsbyggjendur, 200 millj. kr.

Hv. þm. spurði einnig hvort um breytingar væri að ræða á núgildandi reglum í sambandi við útlán. Að sjálfsögðu eru breyttar útlánareglur frá Byggingarsjóði ríkisins á næsta ári. Það eru reglur sem tóku gildi 1. júlí s.l. og hafa verið að mótast í stofnuninni síðan. Þar koma stærðarmörk o.fl. til greina. Einnig eru nýjar kröfur settar fram núna í sambandi við eindaga umsókna þannig að það eru gerðar meiri kröfur um upplýsingar, um gögn og annað sem fylgir, sem ekki hefur verið gert áður, enda eru nú í nýju ráðgjafarstofnuninni möguleikar á að láta reikna út geiðslubyrði og annað sem kemur þeim að notum sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn.

Þess er einnig að geta að í þessum nýju reglum verður lögð aðaláherslan á lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Í sambandi við það sem er verið að gera fyrir þá sem eru í erfiðleikum vil ég vísa til þeirra tillagna sem hafa komið frá milliþinganefnd í húsnæðismálum og hv. þm. hafa sjálfsagt flestir fengið upplýsingar um. Þar er um að ræða aðgerðir sem fyrst og fremst, sem ég legg mesta áherslu á, eiga að fara í gegnum ráðgjafarstofnunina. Það eru í gangi núna samningar við banka og sparisjóði í landinu um skuldbreytingar, lengingu lána, sem verður gert í samráði við ráðgjafarstofnun. Til þess að auðvelda þetta atriði hefur verið tekin ákvörðun um það í ríkisstj. í samræmi við tillögur milliþinganefndar að 200 millj. verði til reiðu á næsta ári í sambandi við þessa aðgerð. Það er verið að móta þessar reglur þannig að ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það hér.

Þessu til viðbótar finnst mér ástæða til að minnast á, vegna þess að hv. þm. spurði, að gert er ráð fyrir að gera breytingu á skattalögum að því er varðar frádrátt vaxta og verðbóta við álagningu tekjuskatts. Hefur þegar komið fram frv. hér á Alþingi í samræmi við það þar sem gert er ráð fyrir að leggja áherslu á að vextir og verðbætur af sjálfskuldarábyrgðarlánum til húsnæðismála njóti sama réttar og veðlán, frádráttartímabil vaxta af skammtímalánum lengist vegna tekjuársins 1985 og ákvæði um lántökukostnað og frádráttarbærni vaxta verði gerð ótvíræð. Einnig verði athugað með hámark verðtryggingar og vaxtafrádráttar. Það verði endurskoðað til hækkunar. Þessir liðir eru í vinnslu og ég held að ég fari rétt með að það hefur komið þegar fram frv. um þessi atriði.

Hv. þm. spurði einnig um skyldusparnaðinn sem hefur verið höfuðverkur á undanförnum árum vegna síhækkandi neikvæðrar stöðu hans við Byggingarsjóð. Þetta lítur betur út núna en þessi tala gefur til kynna þannig að ég reikna með að hann verði ekki neikvæður um meira en 30 millj. núna í árslok. Samt sem áður er nauðsyn á vissum breytingum á lögum um skyldusparnað og það er í athugun. Búið var að semja frv. á vegum Húsnæðisstofnunar á þessu ári. Það fékk ekki góðar viðtökur þannig að það var sett í endurvinnslu. En ég vil minna hv. þm. á að í húsnæðiskönnun meðal ungs fólks sem félagsvísindadeild Háskóla Íslands framkvæmdi, sem er samnorrænt verkefni, þúsund manna úrtaks hér á landi á aldrinum 18—29 ára, kom greinilega fram að yfir 90% af þessu unga fólki vill viðhalda skyldusparnaði og leggur áherslu á að skyldusparnaður til húsnæðismála sé svo mikilvægur þáttur að það vill ekki að hann verði látinn niður falla. Hins vegar er nú í framkvæmd aukið eftirlit með innheimtu skyldusparnaðar, en það hefur ekki verið fast á því haldið á undanförnum árum, og ég hygg að það aukna eftirlit sé þegar farið að bera árangur. Verður fróðlegt að sjá hvernig niðurstaðan verður á því á næstu mánuðum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þessi mál. Það gefst e.t.v. tækifæri til þess síðar. En ég reikna fastlega með að miðað við þessar tölur, sem hér eru lagðar til grundvallar, verði annar svipur á útlánastefnu næsta árs að því er varðar fjármögnun og verði lögð meiri vinna í að ná þeirri stöðu að hægt verði að tryggja að þau lánsloforð sem fólk þarf á að halda í sambandi við kaup eða byggingu húsnæðis standist.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt orð út af svörum hæstv. félmrh. Það kom fram hjá honum að milliþinganefndin hefði gert tillögu um 200 millj. kr. vegna sérstakra ráðstafana í húsnæðismálum og jafnframt las hann upp, að mér skilst, drög að útlánaáætlun fyrir árið 1986 hjá Byggingarsjóði ríkisins. Ég náði því ekki í svörum ráðherrans hvar væri gert ráð fyrir þessum 200 millj. sem eiga að koma aukalega samkvæmt tillögum milliþinganefndarinnar og hann upplýsti að ríkisstj. hefði samþykkt. Eru þessar 200 millj. í lánsfjárlögunum, eru þær einhvers staðar í útlánaáætluninni, þannig að mér hafi skotist þegar ég var að reyna að hlusta á orð ráðherrans, eða liggur ekkert fyrir um hvaðan þessar 200 millj. eiga að koma? Ég tel það mikilsvert að ráðherrann lýsti því yfir að þessar 200 millj. verði tryggðar og alla vega mun ég fyrir mitt leyti og sjálfsagt Alþýðubandalagsmenn reyna að aðstoða ráðherrann eins og hægt er við að ná þessum 200 millj. kr., en spurningin er fyrst og fremst hvaðan á að taka þessar 200 millj. Er það óljóst enn þá eða hefur einhver ákvörðun verið tekin um það sem ráðherra hefur þá kannske nefnt í ræðu sinni en farið fram hjá mér?

Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðh. gefist kostur á að svara þessu örlítið skýrara en hann gerði áðan.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það hefur e.t.v. farið fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að ég sagði frá því að gert er ráð fyrir í frv. sem kemur frá hv. Ed. að hækka fjármagn til Byggingarsjóðs ríkisins um 230

millj. með aukinni lántöku hjá lífeyrissjóðunum þannig að lán frá lífeyrissjóðunum hækka um 230 millj., en þetta stenst miðað við þá áætlun sem við höfum fengið. Eins kom fram í mínu máli áðan að gert er ráð fyrir að í staðinn fyrir 150 millj. til orkusparandi aðgerða, sem var í upprunalegu frv. til fjárlaga, var gert ráð fyrir að 100 milljónir af því færu í almenna lántöku. Húsnæðisstofnun telur að með þessu móti sé tryggt, og það er tryggt, að þessar 200 millj. eru til staðar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessi svör. Þau eru skýr. Þessar 200 millj. kr. verða til staðar á næsta ári til viðbótar við þau almennu útlán sem sjóðurinn mun veita á árinu 1986. Þó það sé vissulega knappt miðað við þarfir húsbyggjenda er það engu að síður mikilvægt að þessi ótvíræða yfirlýsing ráðherrans skuli liggja hér fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 31. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Hér hefur um nokkurt skeið legið fyrir á þskj. 174 fsp. um kaup á Dauphin-þyrlu Landhelgisgæslunnar. Í gær barst mér bréf frá yður, herra forseti, þar sem kynnt var svar fjmrh. sem hafði fengið hæstv. dómsmrh. til að svara fsp. Mér hafði ekki gefist langur tími til að líta á svörin þegar ég sá að á þeim var ekkert að byggja. Ég hef þess vegna ákveðið, herra forseti, að skila þessu þingskjali aftur með beiðni um að hæstv. ráðherrar endurskoði svör sín.

Rök mín eru þau að spurt var m.a. í 8. lið í fsp. minni hvers vegna hefði þurft að fjarlægja tæki úr vélinni áður en henni var flogið frá Færeyjum til Íslands. Svar hæstv. dómsmrh. er að þess hefði engin þörf verið, heldur hefði það þótt hentugra.

Í 9. lið er spurt hvaða aðili eða aðilar hafi haft umboð hér á landi fyrir Aerospatiale-verksmiðjurnar, sem þyrluna framleiddu, frá árinu 1980 — og ég undirstrika: frá árinu 1980. Svar hæstv. dómsmrh. er svohljóðandi: „Ókunnugt er um hver var umboðsaðili fyrir Aerospatiale-verksmiðjurnar 1980.“ Hins vegar er tekið fram að Gunnar Ásgeirsson hf. hafi tekið umboðið að sér í apríl 1983 og það er rétt. Hins vegar, ef hæstv. dómsmrh. og starfsmenn hans ekki vita, er gefið út rit sem heitir Íslensk fyrirtæki. — Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. (**Forseti:** Það er ekki spurning um hvort hv. þm. er að ljúka máli sínu eða ekki, heldur spurning um hvort hann er að tala um þingsköp.) Ég er að tala um þau þingsköp, herra forseti, að hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh. hafa sagt ósatt í svari til alþm. hér á hinu háa Alþingi. Það hefur verið skrökvað á þingskjali. Því mótmæli ég og skila því þessum gögnum aftur og óska eftir heiðarlegu svari. Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er ekki heimilt að segja að hv. þm. ljúgi eða ráðherrar. (**GHelg:** Sannleikurinn liggur þarna, herra forseti.) Það er heldur ekki hægt að skila þingskjölum. Það sem orðið er þingskjal verður þingskjal. En það má benda hv. þm. á það, ef hann er ekki ánægður með svar sem hann fær, að þá er alltaf til athugunar að spyrja aftur.

Svavar Gestsson: Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst ákúrur hæstv. forseta nokkuð sérkennilegar. Hér hefur það gerst að hv. 10. landsk. þm. hefur borið fram fsp. og fengið svar. Þm. telur, miðað við upplýsingar sem hún hefur undir höndum, að þetta svar sé ekki í samræmi við veruleikann, sé m.ö.o. ósatt, og af þeim ástæðum óskar þm. eftir að hæstv. forseti blandi sér í málið og knýi fram annað svar. Ég sé ekki betur en þetta sé fróm ósk þm. um að hæstv. forseti Sþ. gæti þess sem stundum er kallað virðing Alþingis og ég er sannfærður um að honum er kunnugt um hvað þýðir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á að hér hefur því verið haldið fram að svör sem komið hafa frá ráðherrum séu röng og ekki sannleikanum samkvæm. Það hlýtur auðvitað að vera Alþingi ekki aðeins umhugsunarefni heldur hlýtur það að vera Alþingi sérstakt rannsóknarefni. Verði það staðfest við nánari athugun málsins að ráðherrar hafi gefið rangar upplýsingar er það ekkert gamanmál heldur mjög mikið alvörumál fyrir Alþingi og hlýtur að þurfa að skoðast nánar hvernig svo sem formlega verður að því farið. Það hlýtur að koma til athugunar í betra tómi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég var ekki kominn inn þegar hv. 10. landsk. þm. hóf sitt mál og veit því ekki til fulls hvað það var sem hún færði fram, en að sjálfsögðu mun ég athuga hvað það hefur verið og vita hver stoð er fyrir þeim orðum sem þar voru flutt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal aðeins tekið fram að það er ekki í hlutverki forseta að kveða á um hvað er rangt og hvað er rétt af því sem ráðherrar eða aðrir þm. hafa fram að færa í þinginu. Ef einstakir þm. telja athugavert við svör ráðherra hafa þeir opna leið til þess að gera athugasemdir um það eins og hvaðeina sem þm. er heimilt að gera athugasemdir við.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er alveg ljóst að vísvitandi ósannindi hafa verið skráð á þingskjal af hálfu tveggja hæstv. ráðherra. Það má lesa í ritinu Íslensk fyrirtæki árin 1980, 1981, 1982 og 1983 að ákveðinn aðili hefur haft umboð fyrir þessar verksmiðjur. Það vill svo til, og ég tek fram að það er ekkert aðalatriði í málinu, að það er raunar hæstv. iðnrh. Þess vegna er það mér gersamlega óskiljanlegt að hæstv. ráðherrar fullyrði að ókunnugt hafi verið um hverjir hafi umboð fyrir þessar verksmiðjur í Frakklandi. Það sem ég vildi því fara fram á, herra forseti, er að forseti óski eftir við þessa tvo hæstv. ráðherra að þeir taki skjal sitt til baka og svari sannleikanum samkvæmt og samkvæmt bestu upplýsingum sem þeir geta fengið.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Eiður Guðnason

sagði hér áðan. Það er allra hv. þm. hagur að við getum treyst því, ef við berum fram fsp. á hinu háa Alþingi til hæstv. ráðherra, að okkur sé sagður sannleikurinn eins og menn telja hann bestan og sæmstan. Það eru ekki hagsmunir mínir einir heldur hagsmunir allra hv. þm. Það er þessi ósk sem ég fer fram á, herra forseti, að flutt verði hæstv. ráðherrum, að ég gef þeim kost á að taka þetta þingskjal aftur og svara betur. Og ég vil taka fram að ég sætti mig fullkomlega við að hæstv. ráðherrar á þessum annatímum til jóla dragi það þar til þing kemur aftur saman. En ég vil að það komi fram að á þessu þingskjali tek ég ekki minnsta mark.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal orðið við ósk hv. 10. landsk. þm. Forseti mun ræða þetta mál frekar við viðkomandi ráðherra. En það skal ítrekað að það er ekki í valdi hv. 10. landsk. þm. né forseta að taka þingskjöl til baka. Þau eru þingskjöl um leið og þau eru lögð fram.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að 13. nóv. eða fyrir rúmum mánuði var lögð fram fsp. á Alþingi til fjmrh. um bifreiðamál ráðherra. Þrátt fyrir að rúmur mánuður sé liðinn frá því að þessi fsp. var lögð fram hefur enn ekki borist svar við henni. Ég tel ekki að svo langan tíma ætti að taka að svara henni. Þar sem svo skammt er til jólaleyfis þm. vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta að hann geri það sem í hans valdi stendur til þess að svör við þessari fsp. fáist fyrir jólaleyfi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseti skal athuga hvað líður svari við þeirri fsp. sem hv. 2. landsk. þm. vék að. Það er óþarft að taka fram að það er gert ráð fyrir að fsp. sé svarað fljótlega. Það verður kannað hvort einhverjar sérstakar ástæður eru fyrir drætti ef hann er óeðlilegur í þessu tilfelli.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil sömuleiðis vekja athygli forseta á því að ég lagði fram fsp. til hæstv. landbrh. hér á Alþingi fyrir, sem ég tel vera, 47 dögum um sundurliðun sláturkostnaðar og geymslugjald. 31. okt. tjáir skrifstofan mér að þessi fsp. hafi verið lögð fram. Mér hefur ekki borist neitt svar við þessari fsp. enn þá. Ég fer því fram á að hæstv. forseti athugi hvað veldur þessum mikla drætti. Ég hefði einnig talið eðlilegt að hæstv. landbrh. skýrði frá því hvenær ég má vænta svarsins. Ég beini því til forseta hvort það sé ekki eðlilegt í slíkum tilfellum, þegar dráttur verður jafnmikill og raun ber vitni á því að einstakir hæstv. ráðherrar svari, að þeir gefi Alþingi og viðkomandi fyrirspyrjanda skýringu á því af sjálfsdáðum hvers vegna það dregst svo úr hófi að svara þannig að menn megi vita hvað það er sem tefur í þessum tilfellum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vil ég upplýsa, sem ég veit reyndar að henni hefur verið tjáð, að sá starfsmaður sem hefur haft með bifreiðamál ríkisstj. að gera hefur verið veikur um nokkurn tíma. Hann er kominn aftur til starfa og ég hef lagt á það mikla áherslu að svarið verði komið til hv. þm. fyrir jólahlé.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þess er vænst að hv. 2. landsk. þm. telji svar hæstv. forsrh. viðunandi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um svar við fsp. sem hann hafði borið fram fyrir alllöngu. Ég veit að það er verið að vinna að þessu svari. Þar sem ég spurðist ekki fyrir um það áður en ég fór hingað niður eftir hvað því liði á þessari stundu get ég ekki fullyrt neitt, en ég vonast til þess að það geti borist sem fyrst.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Úr því að allir eru að spyrja um hvað orðið hafi um svör við fsp. þeim sem þeir hafa borið upp við hæstv. ráðherra vil ég geta þess að ég bar fram þann 21. nóv. fsp. til fjmrh. um utanlandsferðir þingmanna, ráðherra og embættismanna ráðuneytanna. E.t.v. er það svo, þó að ég eigi kannske ekki að hafa uppi meiningar um það hér hvers vegna ég hef ekki fengið svarið enn þá, að þeir séu of uppteknir við utanlandsferðir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hafa verið óvenjumargar athugasemdir í formi umræðna um þingsköp um afgreiðslu á fsp. Það hefur verið orðað svo. En ég hygg að hér sé um að ræða líka eða í flestum tilfellum svör við beiðni um skýrslu.

Með tilliti til þessara umræðna utan dagskrár mætti halda að það væri óvenjuslæmt ástand nú hvað varðar svör við fsp. En það skal upplýst að það er óvenjugott. Það er aðeins fimm fsp. munnlegum ósvarað í dag. Það er óvenjulítið á þessum tíma. Og allar þessar fsp. eru á dagskrá í dag. Þetta þótti rétt að taka fram.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vek athygli á því að þær fsp. þar sem óskað er skriflegs svars hafa færst mjög í vöxt á þinginu og kann þar að kenna nýrra þingskapa sem við búum nú við. Þær eru ekki á dagskrá þingsins hverju sinni að mér skilst. Það er einmitt ein slík sem ég spurði um áðan. Ég tel mig hafa setið þolinmóðan í 47 daga og beðið eftir svari frá hæstv. landbrh. þannig að ég tel ekki óeðlilegt að ég veki athygli á því og óski skýringa á því hvers vegna mér hafa ekki borist svör. Og ég ítreka þau tilmæli, sem ég beindi til forseta áðan, hvort ekki væri eðlilegt í slíkum tilfellum að það sé þingvenja að hæstv. ráðherrar gefi af sjálfsdáðum og af eigin hvötum skýringar á því ef það dregst svo úr hófi að svara fsp., hvort sem skriflegs svars eða munnlegs er óskað.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseti vill taka undir þau viðhorf sem fram komu í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. Það er rétt að það er óvenjumikið núna eða meira en áður um skriflegar fsp. En þó að fyrirspurnir séu skriflegar liggur í hlutarins eðli að það hlýtur að verða að ætlast til þess að þeim sé svarað svo fljótt sem nokkur kostur er og alls ekki verði óeðlilegur dráttur á svörum.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að minna á fsp. sem liggur nú í landbrn., að mér er tjáð, frá því 5. nóvember. Það er um staðgreiðslu búvara. Nú heyrist í fréttum að búið er að ákveða hversu hárri upphæð verði varið í þessu skyni. Það þarf kannske að koma fyrst á síðum dagblaðanna hvernig

þessu fé verður varið og með hvaða hætti áður en ég fæ svar við þessari fsp. Þess vegna vil ég beina því til herra forseta að hann ræði við hæstv. landbrh. um þessa fsp. og hvort ég má vænta þess að fá svör við henni fyrir áramót, áður en fjárlög verða afgreidd, því að hér er um töluverða upphæð að ræða eða milli 400 og 500 millj. kr. Ég beindi þessari fsp. til hæstv. fjmrh., en hann mun hafa vísað henni til hæstv. landbrh.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það verður orðið við ósk hv. 8. landsk. þm. og forseti mun færa þetta mál í tal við viðkomandi ráðherra.

Er þess þá vænst að umræðum um þingsköp sé lokið.

Með því að ekki er unnt að taka neina fsp. til umræðu vegna þess að svar er ýmist ekki fyrir hendi eða samkomulag milli viðkomandi ráðherra og fyrirspyrjanda um að fresta umræðum eru tekin út af dagskrá 1.—5. dagskrármálið.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þar sem hæstv. forseti upplýsir að ekki sé hægt að taka neina af þeim fsp., sem nú eru á dagskránni, fyrir og ég á eina af þeim fsp., sem ég hef beint til viðskrh., um útlán banka og eiginfjárstöðu, þá vil ég spyrja hæstv. forseta að því hvort það gefist tími til þess fyrir jólaleyfi þm. að taka þessar fsp. fyrir, hvort það verði gert ráð fyrir tíma í Sþ. þannig að hægt sé að svara þessum fsp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur ekkert verið ákveðið um það enn. Það verður tekið til athugunar hvort hægt verður að koma að sérstökum fundi um fsp. En það fer þá að sjálfsögðu fyrst og fremst eftir því hvort hægt sé að svara fsp.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fyrirspyrjandi spurði mig hvort ég væri tilbúinn með svar við þessari fsp. í gær. Ég hafði ekkert bréf fengið um fsp. Um leið og bréf berst læt ég ráðuneytið óska eftir upplýsingum frá viðkomandi stofnun, en ég held að það sé meira verk en að hægt verði að taka fyrir fyrir jól það sem spurt er um.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. viðskrh., að ég spurði hann að því í gær hvort hann mundi svara umræddri fsp. í dag og hann tjáði mér að hann hefði ekki fengið fsp. Ég leitaði þá til skjalavarðar um hvort viðskrn. hefði ekki borist þessi fsp. Það var mér tjáð og sýnt bréf þess efnis að 10. des. eða fyrir viku hefði viðskrn. verið send umrædd fsp. Samkvæmt því hefur ráðuneytið haft eina viku til að svara fsp.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Sá háttur hefur alltaf verið hafður á að ráðherra fær senda fsp. sjálfur, a.m.k. hef ég alltaf fengið það. En þó að bréf hafi komið fyrir viku í ráðuneytið er hér um að ræða fsp. sem á að fara til allra ríkisbankanna til umfjöllunar og jafnvel þó að þeir sinntu engum öðrum verkefnum mundu þeir ekki klára að svara þessari fsp. á einni viku. En a.m.k. einum lið fsp. gæti ég gefið svar við strax. Það er varðandi tryggingar. Ég treysti mér ekki að gefa yfirlýsingu um þær. Ég þyrfti þá að kafa sjálfur í öll lánsskjöl og annað í ríkisbönkunum til að athuga hvort það eru tryggingar. Til þess eru bankastjórnir, hagdeildir og lögfræðingar að meta tryggingar, en ég ætla sem ráðherra ekki að gefa eina yfirlýsingu um að tryggingar séu fyrir hendi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vek athygli hæstv. forseta á að hæstv. viðskrh. hefur farið út í efnislega umræðu um fsp. sem ekki er á dagskrá. Það væri fróðlegt að vita hvort ég hefði sömu aðstöðu til þess. Hann ræðir um einn lið í fsp. Hann upplýsir að hann muni alls ekki geta gefið Alþingi upplýsingar um hvort fullnægjandi tryggingar séu fyrir hendi í ríkisbönkunum varðandi lánafyrirgreiðslu til stærstu skuldunauta bankanna. Það er út af fyrir sig athyglisverð yfirlýsing hjá ráðherra. Ég ætla honum ekki að fara að kafa ofan í tryggingar hjá bönkunum, eins og hann orðar það. Ég ætlast til þess að hann geti sem yfirmaður banka fengið þessar upplýsingar hjá ríkisbönkunum sem um er beðið.

Sameinað þing, 32. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum 31. fundi.

Skýrsla utanríkisráðherra um töf á brottför sovéska utanríkisráðherrans, 107. mál (þskj. 191).

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Skýrsla sú sem um var beðið liggur hér fyrir á þskj. 191. Hygg ég þá skýrslu hafa inni að halda þær upplýsingar sem óskað var eftir og sé ég því ekki ástæðu til að fylgja henni úr hlaði með neinum viðbótarupplýsingum eða greinargerð nema um sé sérstaklega beðið.

Stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið, þáltill. 193. mál (þskj. 256). — Fyrri umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Á þinginu 1980—1981 kom fram þáltill. hér um kjör þingmannanefndar er skyldi vinna að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga. Flm. voru þáverandi fulltrúar Íslands hjá Norðurlandaráði, Árni Gunnarsson, Stefán Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen og Páll Pétursson. Tillögugreinin hljóðaði þannig:

„Alþingi ályktar að kjósa fjóra þm. í nefnd, einn úr hverjum þingflokki, er hafi það hlutverk ásamt þingmannanefndum frá Færeyjum og Grænlandi að vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna."

Þessi till. var samþykkt á þinginu vorið 1981 og nefndin kjörin. Hliðstæð nefnd var einnig kjörin í Færeyjum, en Grænlendingar, sem þá voru að undirbúa úrsögn úr Efnahagsbandalaginu, frestuðu kjöri sinnar nefndar þangað til í fyrravor. Nokkrir óformlegir undirbúningsfundir höfðu þá verið haldnir með eða án þátttöku Grænlendinga. Í lok september í haust héldu svo þingmannanefndirnar sameiginlegan fund í Nuuk á Grænlandi og þar komum við okkur saman um skipulag samstarfsins og undirrituðum samstarfssamning með

fyrirvara um samþykkt Alþingis, Lögþingsins og Landsþingsins.

Til fullnustu þessa samnings af Íslands hálfu flytjum við nefndarmenn í íslensku þingmannanefndinni till. til þál. á þskj. 256 um staðfestingu samkomulags um stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið. Flm. eru núverandi nefndarmenn, Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Friðjón Þórðarson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson og Steingrímur J. Sigfússon. Þess ber að geta að hv. þm. Pétur Sigurðsson, sem er kjörinn fulltrúi Sjálfstfl. í nefndinni, gat ekki farið til Grænlands, en varamann hans tilnefndi Sjálfstfl. Friðjón Þórðarson og er hann meðflm. að till. en ekki Pétur sem eins og menn vita er í leyfi frá þingstörfum um sinn.

Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag, sem undirritað var í Nuuk 24. september 1985, um stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið. Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal með ályktun þessari.“

Ég mun ekki fara að lesa þetta samkomulag allt. Það liggur hér fyrir á þskj. 256. Ég held að hér sé um merkilegt samstarf að ræða sem sjálfsagt sé fyrir okkur að taka þátt í og það séu miklir hagsmunir bæði Íslands, Færeyja og Grænlands að þetta samstarf þróist og það geti orðið okkur öllum til mikilla hagsbóta. Ég vonast eftir því að till. þessi geti haft greiða leið í gegnum þingið. Ég hef haft samband við formann utanrmn. og hann hefur lofað að greiða fyrir málinu fyrir sitt leyti. Þessi till. er flutt í góðu samkomulagi við utanrrh. og utanrrn. Ég óska sem sagt eftir því að þegar þessari umræðu lýkur hér í dag verði till. vísað, herra forseti, til utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

Rannsókn á innflutningsversluninni, þáltill. 18. mál (þskj. 18). — Fyrri umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 18 flytjum við þm. Alþb. till. til þál. um rannsókn á innflutningsversluninni. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu þingmanna hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þess að rannsaka málefni innflutningsverslunarinnar og til þess að gera tillögur til úrbóta. Nefndin skal beina rannsókn sinni að eftirfarandi atriðum:

1. Til hvaða ráðstafana er unnt að grípa í því skyni að tryggja að innflutningur til landsins verði hagkvæmari en nú er um að ræða?
2. Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir misnotkun gjaldeyris í innflutningsverslun?
3. Hvað má ætla að stór hluti þjóðartekna tapist vegna óhagkvæmrar innflutningsverslunar?
4. Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir að þeir sem brotið hafa reglur um innflutnings- og gjaldeyrismál fái verslunarleyfi á ný?
5. Hvernig er unnt að koma í veg fyrir að innflutningsverslun skipti við milliliði, heildsala, erlendis sem taka álagningu og umboðslaun af vörum sem seldar eru til Íslands?
6. Hvernig háttar innflutningsverði til annarra norrænna landa, þó einkum til Færeyja sem ætla má að séu á margan hátt sambærilegar við Ísland að þessu leyti?

Nefndin skili skýrslu til Alþingis haustið 1986.

Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist af Alþingi, svo og sérfræðiaðstoð sem nauðsynleg kann að reynast.“

Þessi till. var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Till. er nú endurflutt vegna þess að þau mál sem hér er gerð tillaga um eru fyllilega þess verð að þau séu könnuð engu síður nú en þá.

Það hefur lengi legið fyrir að innflutningur er miklum mun dýrari hingað til Íslands en til grannlanda okkar. Þetta kom m.a. fram í könnun á innflutningsversluninni sem gerð var 1978 og 1979. Því miður var þeirri könnun ekki fylgt eftir á árunum 1980—1983 þegar viðskrh. Framsfl. fór með þetta mál og að sjálfsögðu hefur viðskrh. núv. ríkisstj. ekki sinnt þessu máli.

Rannsóknin á högum innflutningsverslunarinnar var fyrsta heildstæða úttektin á vinnubrögðum heildverslunarinnar og er enn í fullu gildi.

Þær skýrslur sem hér er um að ræða frá árunum 1978 og 1979 eru birtar sem fylgiskjal með þessari þáltill. í heilu lagi. Þar er einnig birt sem fylgiskjal II grg. verðlagsstjóra um samnorræna könnun á innfluttum vörum. Síðan er birt sem fylgiskjal III áfangaálit um aðgerðir vegna halla á viðskiptajöfnuði og samkeppnisstöðu iðnaðar.

Eins og kunnugt er hefur það verið eitt stærsta efnahagsvandamál Íslendinga á undanförnum árum að um hefur verið að ræða verulegan viðskiptahalla og í tíð núv. ríkisstj. nemur viðskiptahallinn orðið rúmlega 10 milljörðum kr. Ég tel þess vegna að það sé óhjákvæmilegt og eðlilegt að ríkisstj., hver sem hún er, taki við slíkar aðstæður til sérstakrar athugunar málefni innflutningsverslunarinnar og jafnframt það að hve miklu leyti er unnt að efla íslenska framleiðslu þannig að hún verði samkeppnisfærari við innflutning en ella.

Af þeim ástæðum er hér birt þetta áfangaálit um aðgerðir vegna halla á viðskiptajöfnuði og samkeppnisstöðu innanlands. Þetta er áfangaálit sem samið var og dagsett 11. mars 1983 og var undirritað þá af Ragnari Árnasyni lektor og Þórði Friðjónssyni sem nú starfar sem efnahagsráðgjafi forsrh.

Þetta mál var m.a. flutt í framhaldi af því á síðasta þingi að upp kom svokallað kaffibaunamál. Þar kom það fram að mismunur á raunverulegu verði og gjaldeyrisúthlutun til að kaupa þessa neysluvörutegund, kaffi, inn í landið nam hvorki meira né minna en 220 millj. kr. Það er svipuð upphæð og allar tekjur íbúa í Þorlákshöfn, svo dæmi sé tekið, á árinu 1984. Allt það strit sem íbúarnir þar lögðu á sig á því ári, hvort sem þeir störfuðu til sjós eða lands, skilaði álíka tekjum og skrifborðsákvörðun um fáeinar faktúrur. Það þurfti heilt byggðarlag til þess að vinna fyrir þessari upphæð, heilt byggðarlag til að vinna fyrir þeirri upphæð sem þessi litli þáttur innflutningsverslunarinnar tók til sín umfram þarfir á því árabili sem hér er um að ræða. Og vissulega er þetta kaffibaunamál aðeins efsti hlutinn af ísjakanum. Stærsti hlutinn marar í hálfu kafi.

Ég held þess vegna að hér sé um að ræða mál sem allir þingflokkar eigi að geta náð saman um. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að búa við hagkvæma inn-

flutningsverslun. Það er nauðsynlegt að kannað verði hvernig á að tryggja að innflutningurinn til landsins sé sem allra hagkvæmastur. Það er nauðsynlegt að við gerum allt sem unnt er til að koma í veg fyrir misnotkun með gjaldeyri í innflutningsverslun. Það er óhjákvæmilegt verkefni Alþingis að kanna rækilega hve stór hluti þjóðarteknanna tapast vegna óhagkvæmrar innflutningsverslunar. Og það er eðlilegt að Alþingi kanni og fjalli rækilega um það hvað á að gera til að koma í veg fyrir að þeir sem hafa brotið reglur um innflutnings- og gjaldeyrismál fái verslunarleyfi á ný. Og auðvitað hlýtur að vera samstaða um það hér á hv. Alþingi að koma í veg fyrir að innflutningsverslunin hér á landi skipti við erlenda milliliði í stórum stíl sem hirða umboðslaun og álagningu á þeim vörum sem fluttar eru hingað til lands.

Þess vegna sé ég ekki betur en hér sé hreyft máli sem allur þingheimur eigi að geta náð samstöðu um og það er mikilvægt að till. fari til nefndar nú fyrir áramót þannig að hv. þingnefnd, sem um þetta mál á að fjalla, gefist kostur á að fara rækilega yfir málið og afgreiða till. þegar á þessu þingi.

Í samráði við forseta legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til meðferðar í allshn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þetta mál er ekki nýtt í sölum Alþingis. Hv. 3. þm. Reykv. hreyfði því fyrst þegar hann var viðskrh. í ríkisstjórninni sem var mynduð 1978. Þá reyndi hann að koma böndum á innflutningsverslunina og bað um skýrslu verðlagsstjóra um athugun á innflutningsversluninni. Áfangaskýrslu var skilað snemma á árinu 1979 eða fyrir hartnær sjö árum. Það hefur runnið mikið vatn til sjávar á þessum tíma. Hv. þm. hefur átt sæti í ríkisstjórn, ekki bara 1978 og 1979 heldur árið 1980, 1981, 1982 og fram á mitt ár 1983. Þá hafði hann sem ráðherra í ríkisstjórn tækifæri til að sjá drauma sína rætast. En þegar henn fer úr ríkisstjórn á miðju ári 1983 byrjar hann að leita uppi gömlu málin sem voru í stefnuskrá Alþb. á áttunda áratugnum og flytur þáltill. á síðasta þingi sem nú er endurflutt.

Hv. 3. þm. Reykv. verður að gera sér grein fyrir því að það hefur mikið breyst í innflutningsmálum þjóðarinnar frá því hann var ráðherra. Samkeppni hefur aukist, verðlag hefur verið gefið frjálst. Þetta hefur í raun lækkað vöruverðið eins og reyndar hefur verið sýnt fram á með því að bera saman verð á vörum og þjónustu þar sem frelsi er og þar sem enn þá gilda höft.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði mikið úr því að viðskiptahalli hefði verið á undanförnum árum. Hv. þm. var ráðherra í fjöldamörg ár. Á þeim tíma urðu til skuldir erlendis sem nema 28 milljörðum kr. eða u.þ.b. fjárlögum ríkisins á næsta ári. Þetta eru skuldir hv. þm. Svavars Gestssonar og ríkisstjórna hans. Það er tilgangslítið fyrir hv. 3. þm. Reykv. að koma upp í ræðustól, belgja út á sér brjóstið og kenna öðrum um það sem hann getur í raun og veru séð sjálfur í eigin barmi.

Það sem skiptir máli er að átta sig á því að sú skýrsla sem hv. þm. hengir hatt sinn á var unnin af nefnd og í lokaorðum nefndarinnar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ítreka ber að lokum að innflutningstakmarkanir af því tagi sem um hefur verið rætt eru tvíeggjað vopn. Meðfylgjandi tillögur helgast fyrst og fremst af þeim erfiðu aðstæðum sem þjóðarbúið og vissar iðngreinar búa nú við. Tillögur okkar eru því um bráðabirgðaráðstafanir. Með því er þó ekki sagt að einhverjir þættir þeirra eigi ekki rétt á sér til lengri tíma. Þvert á móti kann svo vel að vera, einkum hvað snertir liði 2, 3 og 9 í kafla II. Áherslan hér er hins vegar á það að langvarandi innflutningstakmarkanir, hverju nafni sem þær nefnast, hafa auðvitað áhrif á þróunarstefnu hagkerfisins og þeim mun meira sem þær eru langvinnari. Þessi áhrif geta verið bæði jákvæð og neikvæð, en fyrst og fremst er torvelt að sjá þau fyrir. Innflutningstakmarkanir til frambúðar þurfa því miklu meiri undirbúningstíma en hér hefur gefist kostur á. Þær þurfa enn fremur að vera í stöðugri endurskoðun í ljósi breytilegra aðstæðna."

Ég hef talið, og hef reyndar talið um nokkurra ára skeið, að þetta væri grafskrift hugmynda hv. 3. þm. Reykv. Nefndin, sem hann átti þátt í að skipa, jarðsöng í raun og veru þessar hugmyndir fyrrverandi ráðherra, hv. þm. Svavars Gestssonar, fyrir mörgum árum. Sífellt síðan reynir fyrrverandi ráðherra, hv. þm. Svavar Gestsson, að vekja þennan draug upp á ný til að gera innflutningsverslunina tortryggilega í augum almennings, en það er eitt að meginmarkmiðum Alþb. að segja að þar séu eintómir milliliðir og annars slags glæpamenn eins og mætti ætla þegar hlustað er á málflutning þeirra Alþýðubandalagsmanna.

Það sem eftir stendur er eingöngu þetta: Nefndin leggur til að liðir nr. 2, 3, og 9 eigi að fá að standa. Og við skulum fletta upp í skýrslu nefndarinnar og sjá þar hvað þar er lagt til.

Kafli nr. II. Tillaga nr. 2 er um beitingu jöfnunartolla. Það hefur verið gert t.d. þegar tilbúin hús hafa verið flutt til landsins. Það hefur ekki staðið á Alþingi að beita slíkum aðferðum þegar á hefur þurft að halda.

Í öðru lagi, og það er tillaga nr. 3 sem vísað er til að megi beita til langframa, er beiting undirboðstolla, en það er heimilt samkvæmt núgildandi lögum um tollskrá. Það er að sjálfsögðu gripið til slíkra ráðstafana þegar sannast að um undirboð sé að ræða.

Í þriðja lagi er það 9. tillagan. Hún er um auknar kröfur um gæði, vörumerkingar, upprunamerkingar, staðla og þess háttar. Að þessu hefur stöðugt verið unnið. Ég verð að segja það Verðlagsstofnun til hróss að hún hefur á undanförnum árum horfið frá beinu verðlagseftirliti og yfir í óbeint verðlagseftirlit með því að birta verðkannanir við og við. Þetta gerðist vegna þess að lögum var breytt. Ég fagna því að bæði fyrri ríkisstjórn og sú sem nú starfar hafa haft skilning á því að aðeins með frjálsri verslun og samkeppni er tryggt að neytendur í þessu landi fái sem lægst vöruverð.

Ég lít á það, herra forseti, sem gamlan vana hjá hv. 3. þm. Reykv. þegar hann ber þessa þáltill. upp á Alþingi. Hún má gjarnan fara til nefndar, en ég held að engum sé greiði gerður með því að samþykkja það sem þarna er á ferðinni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins lítið innlegg í þessa umræðu.

Það er reyndar mjög skemmtilegt að heyra hv. þm. Friðrik Sophusson tala eins og félagi hv. þm. Svavar Gestsson hafi verið hér forsrh. hvað eftir annað, en ógæfa Alþb. hefur nú raunar legið í því að vera ævinlega í samsteypuríkisstjórnum. En það var ekki það sem ég

ætlaði að segja. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Svavar Gestsson svari fyrir sig sjálfur.

En vegna orða hv. þm. Friðriks Sophussonar um að samkeppni hafi aukist og verðlag lækkað í þessu landi vil ég vekja athygli hv. þm. á smágrein sem birtist í Dagblaðinu í gær og heitir „Vöruskortur vegna okurlánamálsins". Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, ef ég get komið einhverju tauti við gleraugun mín, að lesa upphaf þessarar litlu greinar:

„Ástandið er nú vægast sagt uppvænlegt. Fólk hefur haldið að sér höndum og er ekki byrjað að versla til jólanna. Það þýðir að verslunareigendur hafa ekki peninga á milli handanna til að leysa vörur sínar úr tolli. Okurlánamálið hefur haft sitt að segja í þessu sambandi. Nær ógjörningur er að fá lánaða peninga hjá einstaklingum til að leysa út vörur. „Það er greinilegt að menn eru ekki tilbúnir að lána peninga á meðan okurlánamálið er enn í rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins", segir einn reykvískur verslunareigandi í samtali við DV í gær. Vöruskortur er nú hjá verslunum og þá sérstaklega fata- og tískuverslunum. Mikið af nýju jólavörunum er ekki komið í margar búðir. Það sýnir best ástandið að miklu minna er um auglýsingar í blöðum heldur en undanfarin ár."

Hvað þýðir þetta? Að hin aukna samkeppni hefur rekið sig með okurlánum að einhverju marki. Og hver skyldi nú borga okurvextina af þeim peningum? Ætli það sé ekki almenningur í landinu? Er það það sem hv. þm. kallar lækkað vöruverð? Við venjulegir borgarar höfum oft undrast hvernig sama vara keypt í næsta landi getur kostað allt að sex, sjö sinnum meira þegar hún er komin hér upp á Laugaveg. Ég verð að játa að ég hafði ekki haft hugmyndaflug til að ímynda mér að það væri vegna þess að kaupmenn taka skammtíma okurlán, þá á trúlega allt að 200% vöxtum, og láta okkur foreldrana í landinu borga þá vexti þegar við kaupum föt á börnin okkar.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um að það hefði legið í orðum hv. þm. Svavars Gestssonar að það væru m.a. glæpamenn sem önnuðust innflutningsverslun. Ég spyr hv. þm.: Jaðrar þetta ekki við glæpamennsku gagnvart hinum almenna borgara í þessu landi? Ég held að það sé full ástæða til þess að kjósa nefnd til að rannsaka málefni innflutningsverslunarinnar eins og þegar liggur fyrir að rannsaka skuli málefni bankanna. Ég sé ekki annað, hv. þm. Friðrik Sophusson og herra forseti, en að hið háa Alþingi sé upp að öxlum í foraðsfeni fjárglæfra dag eftir dag. Þess vegna kemur það spánskt fyrir sjónir að hér sé talað um að samkeppni hafi aukist og verðlag lækkað. Ég held að landsmenn kunni ekki alveg við þá skýringu.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Skelfing var hún dapurleg þessi ræða hjá hv. 2. þm. Reykv. áðan, en það er kannske ekki við öðru að búast frá honum eins og staðan er öll í kringum hans flokk um þessar mundir. Og auðvitað verður hann að reyna að gjalda þeim fósturlaunin sem hafa stutt hann með ráðum og dáð til forustu í Sjálfstfl.

Það er alveg sama hvað stjórnarandstaðan leggur til að rannsaka af fjárglæfrum, svínarí og braski í þjóðfélaginu. Það má ekki. Það er bannað. Alþingi má alls ekki koma nálægt því. Það má ekki rannsaka okrið, alls ekki rannsaka okrið, og síst Alþingi. Alls ekki Alþingi eða þingnefnd. Kemur ekki til mála að rannsaka okrið. Hafskip? Útvegsbankann? Má Alþingi kjósa nefnd til að rannsaka Hafskip og Útvegsbankann? Nei, má ekki, bannað. Það er óeðlilegt, fullkomlega óeðlilegt. Innflutningsverslunina sem hefur velt okurlánum yfir á neytendur að undanförnu eins og hv. 10. landsk. þm. minnti á áðan? Má rannsaka hana? Nei, bannað, má ekki rannsaka hana, og síst Alþingi.

Ævinlega er það svo að þegar kemur að þessum aðilum í þjóðfélaginu rís Sjálfstfl. upp og segir: Bannað að rannsaka. — Og af hverju ætli það sé? Af hverju ætli það sé sem Sjálfstfl. vill aldrei láta þingið rannsaka slóðann eftir íhaldsmennina í fjármálakerfinu? Af hverju ætli það sé? Skyldi það vera vegna þess að þessir menn hafi eitthvað að fela eða hvað? Er verið að reyna að breiða yfir hlutina? Er verið að reyna að krafsa yfir óþverrann eða hvað? Af hverju eru þeir svona hræddir? Af hverju þarf alltaf að stökkva upp til handa og fóta eins og hv. þm. Friðrik Sophusson gerir ævinlega þegar lagðar eru til rannsóknir á þessu sukki íhaldsins? Af hverju er það sem hann leggur þá til að það megi alls ekki gerast? Auðvitað er það vegna þess að íhaldið hefur þarna eitt og annað að fela. Það vill ekki láta sjá slóðann sinn. Það vill ekki láta koma í ljós hverjir það eru sem í rauninni ráða og eiga Sjálfstfl. Það má ekki koma í ljós hið sanna í þeim efnum. Fyrirtækjatengslin mega ekki sjást, hvort sem þau heita Hafskip, Staðarstaður, Frjáls fjölmiðlun eða hvað það nú er sem þetta lið breiðir yfir sig og gengur svo fram fyrir fólkið og segir: Frelsi, frelsi. Hvers lags frelsi haldið þið að sé hjá almennum launamanni á Íslandi í dag sem er að undirbúa þá hátíð sem fram undan er með 15—20 þús. kr. á mánuði? Ætli það sé ekki unaðslegt frelsi sem þetta fólk á við að búa, einstæðar mæður og gamalt fólk? Þetta eru líka einstaklingar. Ætli það sé ekki hugsanlegt að peningarnir þessa fólks séu hjá þessum sjoppum sem aldrei má skoða af því að þá er komið við hjartað í íhaldinu, komið við þá sem eiga íhaldið í heilu lagi með holdi og blóði? Það er þess vegna sem aldrei má skoða þessa hluti.

Þess vegna er það eins og hvert annað ómerkilegt kjaftæði, með leyfi hæstv. forseta, þegar það gerist að þm. koma hér upp og segja að það megi ekki flytja tillögur um rannsókn á innflutningsversluninni vegna þess að það hafi ekki verið gert fyrir fjórum, fimm eða sex árum. Því skyldi ekki vera efni til að fara yfir þessa hluti nú? Lítið í kringum ykkur og skoðið aðstæðurnar. Enda kom í ljós að hv. 2. þm. Reykv., varaformaður Sjálfstfl., hafði ekkert á móti till. Hann var hins vegar á móti fylgiskjölunum. Han var gersamlega á móti fylgiskjölunum, taldi þau í rauninni óbrúkleg að öllu leyti og taldi að þau væru hin mesta vitleysa og alveg ástæðulaust fyrir Alþingi að samþykkja fylgiskjölin. En það hef ég aldrei lagt til. Ég geri hér tillögu um að Alþingi samþykki að fram fari rannsókn á innflutningsversluninni. Það er ekki tillaga um fylgiskjölin, að þau verði samþykkt.

Tillaga er gerð um að það verði kosin níu manna nefnd hlutfallskosningu í Sþ. til að rannsaka málefni innflutningsverslunarinnar og gera tillögur til úrbóta. Af hverju má ekki gera tillögur til úrbóta? Er þetta fullkomið? Er hin endanlega fullkomnun komin í innflutningsverslunina á Íslandi? Er það kannske eina plássið í þjóðfélaginu sem er alveg 100% í lagi? Er

ekkert þar sem er í ólagi? Það væri fróðlegt að hv. þm. Friðrik Sophusson gerði grein fyrir þessari vin, þessu eylandi fullkomnunarinnar í íslensku efnahagslífi sem innflutningsverslunin er. Það væri mikil gæfa fyrir hv. Alþingi á þessum skuggalegu og erfiðu tímum að fá upplýsingar um þessa vin, þetta eyland þar sem allt er gott og allt er fullkomið, rétt eins og í Paradís.

Hér er gerð tillaga um það í öðru lagi að kannað verði hvaða ráðstafanir er unnt að gera til að koma í veg fyrir misnotkun gjaldeyris í innflutningsversluninni. Það má kannske ekki. Er hv. þm. Friðrik Sophusson með upplýsingar um að þar sé engin misnotkun og það eigi ekki að kanna neitt slíkt á Íslandi? Af hverju er hann að setja sig á háan hest fyrir Verslunarráðið? Hann þarf þess ekki. Hann er það greindur maður að hann þarf þess ekki. Hann á að geta skoðað hlutina í víðara samhengi.

Hér spyr ég í þriðja lagi: Hvað má ætla að stór hluti þjóðartekna tapist vegna óhagkvæmrar innflutningsverslunar? Er bannað að kanna það mál? Hvað er á móti því? Meiðir það einhvern ef það kæmi nú í ljós að eitthvað tapast vegna óhagkvæmrar innflutningsverslunar?

Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til að koma í veg fyrir að þeir sem brotið hafa reglur um innflutnings- og gjaldeyrismál fái verslunarleyfi á ný? Er ekki sjálfsagt að þetta verði athugað og annað í þessari till.? Hv. þm. Friðrik Sophusson mótmælti ekki einu einasta orði í till., en hann mótmælti fylgiskjölunum harðlega, enda var ég ekki að leggja til að hann samþykkti þau.

Ég held að það sé öllum ljóst að orðið hefur veruleg breyting í innflutnings-, verðlags- og gjaldeyrismálum, einkum verðlags- og gjaldeyrismálum, á síðustu árum. Ég hygg að það séu skiptar skoðanir um að hve miklu leyti þær breytingar hafi verið til bóta. Ég er þeirrar skoðunar að þar sem samkeppni er næg geti verið réttlætanlegt að afnema verðlagsákvæði. Ég er hins vegar alveg sannfærður um að það er engin samkeppni og ekkert sem heitir frelsi á stórum svæðum í landinu, segjum þar sem einstakar verslanir, einkaverslanir eða kaupfélög, ráða öllu verðlagi vöru og þjónustu í ákveðnu byggðarlagi. Það er ekkert þar sem heitir samkeppni. Þar er fólk neytt til þess að taka því vöruverði sem skammtað er af einokunaraðilum. Það eru engir burðir, engar tillögur uppi um það frá Sjálfstfl. að taka á slíkum einokunaraðilum.

Nú bendir t.d. ýmislegt til þess að Flugleiðir og Eimskip séu að öðlast hér einokunaraðstöðu í samgöngum í vaxandi mæli. Eru einhverjar tillögur um að það sé tekið á því, það sé hert einokunareftirlit? Eru tillögur um það t.d. í fjárlagafrv. að efla afskipti Verðlagsstofnunar af slíkum einokunaraðilum á markaði? Ég sé þær tillögur ekki. En menn hrópa: Frelsi, frelsi. Þetta er frelsi til að okra á fólki í mörgum tilvikum, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir rakti rækilega áðan.

Ég held að þessar hugmyndir, sem hér eru gerðar tillögur um, séu að öllu leyti eðlilegar og þannig að allir eigi að geta samþykkt þær. Það er svo dapurlegt þegar hv. þm. Friðrik Sophusson er ævinlega að reyna að þvo af sér sjálfstæðismennina sem studdu síðustu ríkisstjórn. Það er skrýtið að þessir menn skuli alltaf vera að skamma hv. þm. Friðjón og Pálma undir dulnefninu Svavar Gestsson. Þeir halda aldrei svo ræður um efnahagsmál að það skuli ekki vera ráðist á þessa ágætu menn undir þessu skuggalega dulnefni. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel út af fyrir sig eðlilegt að sjálfstæðismenn geri upp sínar sakir hver við annan. Ég er alveg sannfærður um að þeir hv. þm. Eyjólfur Konráð og Friðrik Sophusson hugsa sumum ónefndum þegjandi þörfina. En að vera ævinlega að bera þetta upp í ræðustól hér á Alþingi með þessum hætti er ekki lengur fyndið. Það er orðið átakanlegt satt best að segja.

Ég veit að vísu að síðasta ríkisstjórn var fleinn í holdi Sjálfstfl. af mörgum ástæðum, fyrst og fremst vegna þess að hún rak pólitík sem hann átti erfitt með að þola á ýmsum sviðum. En ég tel hins vegar að hérna sé um að ræða innanhússvandamál hjá sjálfstæðismönnum sjálfum oft og tíðum sem þeir ættu að reyna að leysa á sínum vettvangi og bera harm sinn í hljóði en ekki vera að flækjast með þetta hér upp í ræðustól mörgum árum eftir að umrædd ríkisstjórn er hætt að vera til. Óskapleg vanlíðan er þetta. Óskapleg sárindi eru þetta. Ég ráðlegg þessum þm., eins og hv. þm. Friðrik Sophussyni, að reyna að bera harm sinn í hljóði og gera það sem unnt er til að leysa þessi mál innan sinna veggja, en ekki að vera að hjóla í þessa ágætu flokksfélaga sína undir dulnefninu Svavar Gestsson. Það er ekki viturleg bardagaaðferð, herra forseti.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög.

Í sjálfu sér hef ég ekkert á móti því að allar þær rannsóknir fari fram sem mönnum sýnist á innflutningsverslun, en við skulum byrja á að rannsaka það sem við vitum og þar sem Alþingi ber höfuðábyrgðina. Þá er það fyrst og fremst að á innfluttar vörur, sem eru meginneysluvörurnar fyrir utan landbúnaðarafurðir, eru á Íslandi lagðar meiri byrðar af ríkisins hálfu en í nokkru öðru lýðfrjálsu landi sem ég þekki til. Og hver hefur verið drýgstur í því að koma þessum álögum á? Það held ég að hafi verið ríkisstjórnirnar frá 1978 og til 1983 sem Alþb. ber á meginábyrgð. — Af því að nefndir voru hér hv. þm. Friðjón Þórðarson og Pálmi Jónsson, að verið væri að ráðast eitthvað á þá, er alveg ljóst að hvorugur þeirra var fjmrh. eða viðskrh. Það var nú meira á vegum annarra sem allar þessar álögur voru á lagðar.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því þegar minnst er þetta fátæka fólk, sem vissulega er til á Íslandi, og fátækara fólk en um áratugi og óréttlætið meira nú en verið hefur um áratugi, að það er ekki þessari ríkisstj. að kenna, heldur þeim ríkisstjórnum sem Svavar Gestsson ber meginábyrgð á, ríkisstjórnunum 1978—1983. Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir því að brýnasta nauðsynjavara, sem hver einasta fjölskylda þarf og stóru fjölskyldurnar og fátæku fjölskyldurnar meira en aðrir af því að munnarnir eru einfaldlega fleiri, kostar 100 kr. hérna á hafnarbakkanum. Fyrst er lagður á tollur allt upp í 80%. Við skulum segja 70% tollur sem er mjög algengt. Þá eru komnar 170 kr. Síðan er ofan á þá upphæð samanlagða, innkaupsverðið og tollinn, lagt vörugjald upp í 30%. Það er 51 kr. 221 kr. er þar komin. Síðan taka heildsali og kaupmaður 50% skulum við segja, sem þykir ekki há álagning á smávöru ef það er samanlagt, og þá bætast þar við 115 kr., komið í 345 eða hvað það nú er, og svo

25% söluskattur ofan á allt saman. Varan er komin upp undir 450 kr. Af því hirðir ríkið 250 og kaupmaðurinn og heildsalinn fá að vísu 100.

Það er þetta sem veldur verðbólgunni á Íslandi. Það er þetta sem skapaði það ófremdarástand sem við erum að súpa seyðið af. Á því bera ekki sjálfstæðismenn ábyrgð. Á því bera fyrst og fremst Alþb. og Framsfl. ábyrgð. Það liggur alveg fyrir. Þeir höfðu fjmrh. og viðskrh. sem dengdu öllum þessum sköttum yfir og við höfum ekki brotist út úr þessum vítahring enn þá. Fátæka fólkið, sem ekki hefur til hnífs og skeiðar, á að gera sér grein fyrir hverjir sköpuðu þetta ástand í þjóðfélaginu og hverjir það voru sem í mesta góðæri í sögu Íslands juku skuldir þjóðarinnar jafngífurlega og raun er á orðin, hverjir það voru sem möskuðu bankakerfi landsins þannig að fátæka fólkið getur ekki fengið 20 þús. kr. víxil þótt það hafi ekki að borða. Hverjir voru það? Það voru þeir sem duldu að íslenska peningakerfið væri hrunið. Við vitum núna að það var hrunið fyrir mörgum árum. Það var dulið með því að dengja yfir erlendum peningum, kalla það íslenska peninga, dengja því út í þjóðfélagið og hafa svo neikvæða vexti til ákveðinna „fyrirmyndar"fyrirtækja, mjög neikvæða, jafnvel svo að mörgum tugum prósenta skipti, gefa ákveðnum fyrirtækjum og auðvitað einstaklingum líka stórfé, sjóði bankanna sem allir eru uppurnir. Bankarnir eiga enga sjóði og allir aðrir fjárfestingarlánasjóðir og slíkt eru meira og minna gjaldþrota. Þetta er allt sök þessara herra sem nú koma og ásaka aðra.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Þetta eru staðreyndir málsins og þær liggja skýrt fyrir hverjum þeim sem sjá vill. Þessari ríkisstj. hefur enn ekki tekist að brjótast út úr vítahringnum. Við skulum vona að henni takist það. Takist henni það ekki hlýtur að koma ný ríkisstjórn sem hreinsar til.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég heyrði það mér til ánægju að hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur fundið til í réttlætistauginni þegar ég var að tala áðan og var hinn reiðasti og talaði sjálfsagt frá hjartanu, en ég verð að hryggja hann með því að það er ekki bara Alþb. sem hefur stjórnað landinu á undanförnum árum. Ég ætla að benda honum á að lesa fjárlögin til að finna út hverjir hafa verið drýgstir við að leggja á óbeina skatta á Íslandi. Það er eins og fyrri daginn að þegar kemur að því að þeir sjálfstæðismenn eru að ráðast á Framsfl. eða Alþb. eða Alþfl. eru þeir gjarnan að gagnrýna hver annan. Það er sérkennilegt að þeir skuli gera það með þeim hætti, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerir, að þeim manni fjarstöddum sem hann er að skamma, þ.e. hv. þm. Matthíasi Mathiesen. Það var hann sem fann upp tímabundna vörugjaldið. Það var fjarskalega tímabundið fyrst. Það var lagt á með brbl. og átti að gilda í sex mánuði. Síðan var það lagt á aftur og átti að gilda í eitt ár. Svo var lagt á aftur og átti að gilda í eitt ár. Síðan tókum við og framlengdum þetta. Svo tók hv. þm. Eyjólfur Konráð við og framlengir þetta enn. Auðvitað er bersýnilegt að hér hafa menn verið að öngla saman peningum í hina félagslegu þjónustu, en uppfinningamaðurinn, sem hv. þm. er að skamma, heitir því miður Matthías Á. Mathiesen.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það kom mér ekkert á óvart að hv. 3. þm. Reykv. yrði nokkuð reiður í ræðustólnum þegar hann kom þar eftir mína ræðu því að við höfum svo sem talað saman um þessi mál fyrr. Ég skil hann vel. Hann verður að sýna það út á við að hann standi fast á sínum málstað þó hann hafi haft til þess tækifæri að koma þessum málum fram þegar hann sjálfur sat í ríkisstjórn. Mér dettur hins vegar ekki í hug að taka mark á hv. 3. þm. Reykv. þegar hann heldur að hann sé dulnefni. Hv. 3. þm. Reykv. stendur undir nafni. Hann er þm. sem menn taka mark á og ég álít að Svavar Gestsson sé ekkert dulnefni. Ég veit að það eru ekki allir sem gera það, en það er til fólk sem kýs þennan mann á þing vegna þess að það stendur í þeirri meiningu að hann sé raunverulegur, hann sé ekkert dulnefni, sem stendur í þeirri meiningu að Þjóðviljinn hafi verið skrifaður af hv. þm. Svavari Gestssyni en ekki að Gunnar Thoroddsen og Friðjón Þórðarson séu að skrifa leiðara í Þjóðviljanum undir dulnefninu Svavar Gestsson. Þannig er óþarfi að flýja inn í þennan undraheim.

Málið er að hér hefur verið bent á og Guðrún Helgadóttir, hv. 10. landsk. þm., kom í ræðustól og sagði að nú hefði komið í ljós að verslunareigendur hefðu tekið okurlán. Ég hugsa að það sé rétt að þau lán sem hafa verið tekin af svokölluðum okrurum hafi í mörgum tilfellum verið tekin af þeim aðilum sem geta afsett vöru eða þjónustu mjög fljótt, þ.e. tekið lán í mjög skamman tíma, en það eru mikil líkindi til þess að það eigi einmitt við um svokallaðan jólavarning þegar menn taka lán í mjög skamman tíma á háum prósentum. Ég efast ekkert um að það sé rétt. En menn verða að hafa í huga að þá gildir það ekki, sem var sagt í umræðum um okurmál um daginn, að sömu peningar séu eingöngu notaðir af húsbyggjendum í vandræðum. Ég held nefnilega, eins og ég sagði í ræðu minni þá og þeir hafa talað um sem kannast við hverjir geta notfært sér slíka peninga, að þeir séu notaðir einmitt í slíkum rekstri, þ.e. í mjög stuttan tíma, þannig að þótt vextir séu háir á ársgrunni þurfi þeir ekki að vera gífurlega háir þegar lánið er tekið í kannske hálfan mánuð eða einn mánuð. Ég efast ekki um að frétt Dagblaðsins er að einhverju leyti rétt.

Ég veit hins vegar ekki hvort það ber að harma þótt einhverjar tískuvöruverslanir fari á hausinn. Ég held að það sé alveg nógu mikið af þeim hér í kbænum. Og mér hefur sýnst auglýsingaflóðið vera ærið. Ég sakna þess ekkert þótt aðeins dragi úr því. En ég treysti hv. 10. landsk. þm. til að gera verðsamanburð, sem ég heyri að hv. 10. landsk. þm. hefur gert meðan hann dvaldist erlendis, og reyni þá að haga innkaupum sínum þannig að kaupa það sem hv. þm. telur vera hagkvæmast og best að kaupa. Þannig eigum við að hugsa og það er besta aðhald sem þeir geta fengið sem stunda verslunarrekstur eða framleiða einhverja vöru. Á því byggist það hagkerfi sem við viljum búa við.

Hitt er svo annað mál að þegar talað er um atvinnurekstur hér á landi virðist það gerast æ ofan í æ að fulltrúar Alþb. á þingi koma í ræðustól, sjá púka hér og þar og mála skrattann á vegginn. Ég minnist þess t.d. fyrir nokkrum árum, það var þegar hv. þm. Svavar Gestsson var nýkominn í ríkisstjórn, að Ólafur Ragnar Grímsson sat á þingi og réðist á Flugleiðir og Eimskip, einmitt þau fyrirtæki sem hv. þm. Svavar Gestsson var að minnast á áðan. Meginmarkmið Ólafs Ragnars

Grímssonar í þeirri umræðu var að benda á að það þyrfti að þjóðnýta þessi fyrirtæki. Það sagði hann hreint og beint. Í öðru lagi gaf hann það í skyn að hjá Flugleiðum væri verið að fela peninga í erlendum pappírsfyrirtækjum og það væri stórkostleg hætta á því að Flugleiðir ætluðu að setja reksturinn uppi á Íslandi á hausinn, taka peninga út úr fyrirtækinu og fela þá peninga erlendis í skúffu- og pappírsfyrirtækjum. Og í þriðja lagi sagði Ólafur Ragnar Grímsson þá, eins og er hægt að fletta upp á í þingtíðindum, að Eimskipafélagið hefði lækkað stórkostlega farmgjöld til bandaríska varnarliðsins þannig að nú þyrftu Íslendingar að standa undir þessum ferðum einir. Ég held því fram að nánast allt það sem hv. þáv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði þá hafi verið öfugt. Það var öllu snúið við. Hvítt var sagt svart og svart hvítt. Það er einmitt þetta hugarfar, þetta rannsóknarhugarfar Alþb. sem ég tel ástæðu til að andæfa og mótmæla. Það er það hugarfar að segja að allir séu sekir þar til búið er að dæma þá saklausa. Það er þetta hugarfar sem stendur að baki þessari till. og ýmsu öðru því sem kemur fram hjá hv. þm. Alþb.

Það er liðlega ár síðan hv. 3. þm. Reykv. stóð í þessum ræðustól og sagði: Skipafélögin hafa grætt svo mikið á farmgjöldunum að það er ástæða til þess að ríkisvaldið grípi í taumana og taki svo sem eins og þriðjunginn eða fjórðunginn af þessum farmgjöldum til sín. Hann byggði þetta á því að gróði skipafélaganna væri svo gífurlega mikill. Allt annað kom í ljós. (**SvG:** Á árinu 1983.) Á árinu 1983, hárrétt. Hann sagði 1. nóv. 1984: Gróðinn var svo mikill 1983. Og hann sagði til viðbótar: Og þar sem gera má ráð fyrir því að sá gróði hafi haldið áfram er fyllsta ástæða til þess fyrir ríkisstj. að taka svo sem eins og þriðjung eða fjórðung af þessum gróða í ríkissjóð. Þetta voru bjargráð hans á þessum tíma. Það sýnir að hv. 3. þm. Reykv. veit ekki nokkurn skapaðan hlut um hvað er að gerast í kringum hann.

Ég ætla ekki, herra forseti, að þreyta menn með löngum ræðum. Mér þykir þessi gamli uppvakningur vera ágætur. Það er allt í lagi að koma með hann hingað í þingsalina, sýna hann og senda hann til nefndar. Ég sé enga ástæðu til að samþykkja þessa till. og rannsaka þetta frekar en margt annað í þessu þjóðfélagi. Ég bendi á það, og það ætla ég að þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir, að hv. þm. stóð að því í síðustu ríkisstjórn að breyta lögum um verðlag og samkeppnishömlur á þann veg að nú er Verðlagsstofnun að vinna verk sem er verulega þarft. Þar á meðal hefur okkur þm. borist í hendur í dag 13. tölublað af verðkynningu Verðlagsstofnunar þar sem einmitt er sagt frá því að verðmunur á jólatrjám sé 116% og allt upp í 300%. Það er einmitt með slíkum hætti sem við getum fengið fólk til að taka þátt í því aðhaldi sem fólkið sjálft verður að hafa með höndum en engin ríkisstjórn getur framkvæmt. Það er aðhald neytandans í þjóðfélaginu.

Að lokum, herra forseti. Ég held að það sé ekki nokkur alvara í þessu máli hjá hv. 3. þm. Reykv. Ástæðan er einfaldlega sú að í tillögutextanum — af því að ég er beðinn að tala um till. en ekki fylgiskjölin, það er rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að ekki má minnast á fylgiskjölin því þau jarðsyngja till. — segir: „Nefndin skili skýrslu til Alþingis haustið 1985." Ég endurtek: „haustið 1985". Auðvitað var ekki verið að hafa fyrir því að breyta þessu ártali — haustið 1985 er liðið — vegna þess að það var ekki ætlast til að tekið væri mark á þessum tillöguflutningi.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka forsetanum fyrir það tækifæri sem hann gefur mér til að bera af mér sakir. Þannig er að hv. 2. þm. Reykv. gat þess að í tillgr. er prentvilla sem ég leiðrétti í framsöguræðu minni áðan. Það hefur kannske farið fram hjá hv. þm. Þar sem stendur 5 á að vera talan 6.

Varðandi skipafélögin á árinu 1983. Það var af þeim verulegur gróði þá, um 200 millj. samtals eða svo. Ég taldi að þar væri um allt of háar fragtir að ræða og það ætti að pína þær niður, m.a. til að tryggja betri afkomu útflutningsframleiðslunnar í landinu. Það er bersýnilegt að fleiri en ég hafa talið að afkoma skipafélaganna væri góð. Einhverjir töldu t.d. að afkoma skipafélagsins Hafskips væri góð fram eftir öllu ári 1985. Einhverjir menn fóru að kaupa þar hlutabréf. Það er bersýnilegt að fleiri en ég hafa haft upplýsingar um að þarna væri um efnilega starfsemi að ræða. (**Gripið fram í:** Keyptir þú hlutabréf?)

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þeir verða svo skemmtilega kvikusárir íhaldsmennirnir þegar þessi mál ber á góma að ég get ekki stillt mig um að leggja orð í belg. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á að þeir koma hér upp og halda mjög skrýtnar ræður hver á fætur öðrum, hv. þm. Sjálfstfl., og gjarnan um allt annað en dagskrármálið. Þannig hljóp hér í ræðustól hv. 4. þm. Norðurl. v. og hélt sögulega ræðu um bágindin í heiminum og á Íslandi og að þau væru vaxandi, en rakti það síðan ár ef ekki áratugi aftur í tímann og kenndi öllum öðrum um en sér og sínum flokksbræðrum sem væru engilhreinir og einir saklausir í þessum efnum. Það er þá væntanlega upp rennandi betri tíð með blóm í haga úr því að Sjálfstfl. er svo vel af guði gerður að hann er einn alsaklaus af syndum fortíðarinnar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Honum hlýtur þá að duga nokkurra ára stjórnarseta til að kippa þessu öllu í lag.

Og hvernig gengur, hv. þm.? Er þetta allt á réttri leið?

Ég vil einnig benda vini mínum hv. 2. þm. Reykv. á að rökfræðilega séð er ein stór þversögn í hans málflutningi hér. Hann hóf ræðu sína á því, fyrri ræðu sína væntanlega, að segja að þetta væri allt óþarft vegna þess að nú væri frjáls samkeppni, nú væri verðlag frjálst og þar af leiðandi væri vöruverðið lækkandi og þetta væri allt í góðu lagi. Þá spyr ég hv. þm.: Hvers vegna ekki könnun? Hefur hv. þm. þá ekki áhuga á að fá það fram ef það er trúa hans að vöruverð á Íslandi sé lægra og þetta sé allt í betra horfi vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið? Af hverju er hv. þm. þá svo mikið á móti því að skoða þá hluti? Því má það þá ekki koma fram? Ég skil ekki hv. þm. Ég verð að viðurkenna það.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður og aðeins ræða þá fsp. sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Hann segir: Fyrst það er allt í lagi með innflutningsverslunina hvers vegna þá ekki að rannsaka hana? Nú veit ég að hv. þm. Steingrímur Sigfússon heldur því fram að það sé allt í lagi með Alþb. og það sem þar er að gerast innan dyra. Af hverju ekki

að senda Alþb. í rannsókn? Það er vegna þess, hv. þm., að við eigum ekki að leyfa okkur í þessum þingsölum að starfa þannig að allir séu sekir þar til sakleysi þeirra hefur sannast. Þó það sé allt í lagi með mál innan Alþb. er það ekki nægt tilefni til þess að við setjum rannsóknarnefnd þingmanna til að rannsaka hvort allt sé í lagi þar innan dyra. Það er af þessari ástæðu, hv. þm., sem ég tel óþarfa að mál séu rannsökuð þegar ég held því fram að það sé a.m.k. nægilegt að Verðlagsstofnun fylgist með verði í þeim bæklingum sem hún gefur út og gefur þannig almenningi til kynna hvar verð er lægst og hvar það er hæst. Það er almenningur sjálfur, neytandinn sjálfur, sem á að hafa aðhaldið með höndum að því búnu.

Ég vona líka, hv. þm., vinur minn, Steingrímur Sigfússon, að kjósendur Alþb. sýni forustumönnum Alþb. það aðhald sem þeir þurfa að fá, og ekki þurfi að kjósa sérstaka þingmannanefnd til að rannsaka hvort það sé allt í lagi innan dyra hjá Alþb.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. mun vera búinn að tala sig dauðan í þessari umræðu þannig að ekki er sanngjarnt að beina máli sínu sérstaklega til hans öllu lengur. En ég verð að benda hv. þm. á að það gengur ekki að stilla hlutunum þannig upp að þetta sé spurning um sekt eða sakleysi, um eitthvert saknæmt athæfi eða ekki saknæmt. Hver hefur talað um það? Við erum að tala um frammistöðu, hv. þm. Við erum að tala um frammistöðu, góða, lélega eða slæma eftir atvikum. Það er enginn að ásaka innflutningsverslunina um saknæmt athæfi. Við erum einfaldlega að skoða hvort hún standi sig nógu vel. Ég skildi hv. 2. þm. Reykv. þannig að hann teldi að innnflutningsverslunin í landinu væri svo góð að ástæðulaust væri að hafa af því áhyggjur og kjósa nefnd til að athuga þau mál, það væri alveg út í hött vegna þess að hún stæði sig svo vel. Ég er ekkert viss um að hún geri það. Ég er ekki þar með að segja að þetta séu glæpamenn. Það er óravegur þar á milli. Það hlýtur alltaf að vera markmið okkar að standa okkur enn betur, hv. þm. Ég er alveg viss um að ef hv. þm. hugsar málið kemst hann að þeirri niðurstöðu að auðvitað stendur innflutningsverslun sig ekki nógu vel. Meðan hún gæti gert betur hljótum við að stefna þangað. Það liggur í hlutarins eðli. Við komumst aldrei í eitthvert eilíft „nirvana" í þessum efnum. Auðvitað erum við alltaf að reyna að gera betur. Það er það sama og við í Alþb. erum alltaf að gera. Við sjáum um það sjálf að skoða okkar mál og betrumbæta okkar flokk. Þó að mér þyki vænt um umhyggjusemi hv. þm. held ég að við leysum ágætlega þau verkefni sjálf sem lúta að rekstri okkar flokks.

Innflutningsverslunin er hins vegar meira en bara mál Sjálfstfl. eða Alþb. Hún er mál allrar þjóðarinnar. Þess vegna er mjög eðlilegt að frammistaða hennar komi til skoðunar, meðferðar og umræðu á Alþingi. (Gripið fram í.) Það er greinilegt. Ég þakka ábendinguna. Það er einmitt þar sem hundurinn liggur grafinn. Hv. 2. þm. Reykv. er meinilla við að menn úr öðrum flokkum séu nokkuð að ræða um innflutningsverslunina. (Gripið fram í.) Hann vill líta á það sem flokkslegt verkefni Sjálfstfl. að ræða og skoða innflutningsverslunina og lítur á það sem afskiptasemi og framhleypni að menn úr öðrum flokkum séu að hafa skoðun á þeim málum og skipta sér af því. Þess vegna verður hann svo snakillur þegar þessi mál koma til umfjöllunar á Alþingi.

Það er ekki spurning um sekt eða sakleysi. Þetta er spurning um frammistöðu og við getum væntanlega báðir orðið sammála um að menn standi sig aldrei nógu vel í þessum efnum, þ.e. það hljóti alltaf að vera keppikefli okkar að gera enn betur. Ég er alveg viss um að það er hægt að gera betur í innflutningi á vörum til landsins. Það er hægt að gera hann ódýrari, hagkvæmari og betri. Það er einmitt í því augnamiði sem þessi till. er flutt. (**FrS:** Eigum við ekki að stofna heildsölu saman?) Það gæti vel farið svo, hv. þm., að við mundum grípa til þess ráðs einhvern tíma. Eins og ég hef áður sagt höfum við í Alþb., a.m.k. ég, áhyggjur af því hvað íhaldið er orðið ónýtt að styðja við bakið á einkaframtakinu í landinu. Það getur auðvitað ekki staðið til langframa að þeir komi óorði á það og láti það vera úti að svelta, en standi í því að verja allt aðra hagsmuni.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé óvíða ef nokkurs staðar jafnbrýnt fyrir lífskjörin í þessu landi að taka til höndum og einmitt í innflutningsversluninni. Íslenska þjóðin er svo gífurlega háð utanríkisviðskiptum, bæði í innflutningi og útflutningi, og innflutningur vöru er stór hluti af lífskjörum fólksins í landinu, þ.e. það vöruverð sem við búum við af innflutningnum. Þess vegna er það ekkert einkamál, hvorki Sjálfstfl. né annarra, hvernig þessum málum er háttað. Satt best að segja vekur það furðu manns hvað viðbrögð eru harkaleg og hvað tortryggnin er mikil gegn því að nokkrir þm. Alþb. leggja til könnun í þessum efnum. Það vekur satt best að segja furðu mína, herra forseti, hversu snakillir hv. þm. Sjálfstfl. verða þegar þessi mál ber hér á góma með þessum hætti.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Tilefni þess að ég stend upp er ekki beint umræðan sem slík eða það mál sem er á dagskrá, heldur sú umhyggja sem hv. síðasti ræðumaður ber fyrir einkaaðilunum, hinum frjálsa atvinnurekanda, eins og kom fram í málflutningi hans nú og eins að ég held í gær. Hann vill hjálpa einkaaðilunum vegna þess að Sjálfstfl. er ekki lengur sú brjóstvörn sem hann hefur verið. Sjálfstfl. hefur brugðist, segir hann, og nú vil ég, og þenur út brjóstið, koma til bjargar. — En með hvaða hætti og á hvaða leið? Hann vildi koma einkaaðilanum til hjálpar þannig að leysa hann frá því lífsstarfi sem hann hefur valið sér með því að leiða hann út úr þeirri villu að reyna að vera sjálfstæður og gera hann að ríkisþræli, sem sagt að koma einkaframtakinu inn í ríkisreksturinn.

Ekki var þetta ástæðan til þess að ég stóð hér upp, heldur sú að hann heldur því fram, og það hafa fleiri hv. Alþýðubandalagsmenn gert hér í dag og þann tíma sem ég er búinn að vera á Alþingi, allt frá 1974, að innflutningsverslunin liggi undir ámæli. Ég hef áður tekið þátt í slíkum umræðum og því spyr ég nú: Hvernig er með þau fyrirtæki sem Alþb. hefur verið treyst fyrir á vegum fólksins? Hvernig er t.d. með KRON? Hvar verslar KRON? KRON verslar í heildsölu hjá samvinnuhreyfingunni. Og hvar verslar samvinnuhreyfingin? Hún verslar hjá annarri samvinnuhreyfingu á Norðurlöndunum með sameiginleg stórinnkaup. Þetta er ég búinn að þræða áður. Þeir fá allan þann afslátt sem hægt er að fá vegna magninnkaupa því það er keypt inn fyrir Norðurlöndin í heild í mörgum vörutegundum.

Hvernig er það svo flutt hingað? Það er flutt á eigin skipum, enginn milliliður. Hvernig er svo tryggt? Það er tryggt í eigin tryggingarfélögum, enginn milliliður. Hvernig er skipað upp? Það er skipað upp af eigin fyrirtækjum samvinnuhreyfingarinnar. Og hvernig er svo geymt og dreift? Í eigin fyrirtækjum. Og hvar er skipað upp? Í eigin höfnum. Hver er svo verðmunurinn milli þessa og þess sem kaupmaðurinn á horninu og kaupmenn út um land allt kaupa af heildsölum sem verða að borga allan þann milliliðakostnað sem á fellur frá A til Z? Verðið er fyllilega sambærilegt. Ég mundi þá segja: Hver stendur sig og hver stendur sig ekki?

Er verðið í KRON, ég held það sé enn þá undir forustu Alþýðubandalagsmanna í Reykjavík, lægra eða er það hærra eða er það það sama og hjá kaupmanninum sem verður að borga allan milliliðakostnaðinn? Nú spyr ég hv. þm.: Hvers vegna er þarna ekki mikill munur á úr því að innflutningsverslunin stendur sig svo illa?

Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Það er sjúkdómur í Alþb., og sá sjúkdómur sameinar fólk í Alþb., að vera með rannsóknarhugsunarhátt sem veiru.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég á bágt með að tengja ræðu hæstv. iðnrh. beint við þetta dagskrármál, en að svo miklu leyti sem innflutningur vara á vegum Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis eða á vegum samvinnuhreyfingarinnar snertir þetta dagskrármál er auðvitað ljóst að hann er til rannsóknar alveg eins og annar vöruinnflutningur inn í landið. Það er því ástæðulaust að hafa sérstakar áhyggjur af þeim félagsskap eða þeim aðilum í þessu sambandi.

Talandi um sjúkdóm í einstökum flokkum er auðvitað hægt að fara út í umræður um það hér, herra forseti, en ég get ekki gert það í stuttri athugasemd. Mér finnast þau sjúkdómseinkenni hjá Sjálfstfl. hve hann er viðkvæmur fyrir öllum umræðum um innflutningsverslunina miklu meira áberandi í dag en önnur sjúkdómseinkenni. Ég verð að segja það alveg eins og er. Þeir eru með hita.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, þáltill. 125. mál (þskj. 138). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Hæstv. forseti. Efnisatriði till. þessarar til þál. má greina í tvennt. Í fyrsta lagi er í henni lýst vilja Alþingis til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki eigi sér ekki stað hér á landi. Í öðru lagi er ríkisstj. falið með henni að skipa nefnd til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks hér á landi. Henni er samkvæmt till. ætlað að kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.

Með því að leggja fram þáltill. þessa efnis viljum við flm. leggja fram okkar skerf ef verða mætti til að tryggja almenn mannréttindi hér á landi. Það er almennur vilji landsmanna að mannréttindi séu hér eins vel virt og tryggð og framast er kostur. En þess er greinilega þörf að sá vilji sé staðfestur af Alþingi og það hefur Alþingi gert í ýmsum tilvikum. Aðgerðir Alþingis til að koma á jafnrétti kvenna og karla nefni ég fyrst. Einnig minni ég á staðfestingu Alþingis á ýmsum alþjóðlegum sáttmálum um almenn mannréttindi og einstök atriði þeirra.

Hafa verður í huga að fjöldamargt af því sem Alþingi hefur samþykkt í löggjöf og ályktunum um velferðarmál, menntamál, heilbrigðismál o.s.frv. hefur í reynd verið framlag til aukinna almennra mannréttinda. Þjóðfélagsbreytingar í okkar heimshluta á síðustu áratugum felast m.a. í því að vaxandi virðingar gætir fyrir einstaklingnum og rétti hans. Jafnframt hefur skilningur milli þjóðfélagshópa aukist og virðing fyrir rétti þeirra hvers um sig hefur vaxið. Hafa menn betur gert sér grein fyrir tilvist misréttis og skaðsemi þess og hefur það einnig orðið ljósara bæði fyrir þá sem fyrir því verða beinlínis og einnig fyrir alla aðra. Meðal misréttis sem hefur viðgengist í samfélögum með vestræna menningu er misrétti vegna kynhneigðar. Þetta hefur einnig átt við á Íslandi.

Á fyrstu áratugum aldarinnar var mikil hreyfing í mörgum löndum Evrópu í þá átt að afnema slíkt misrétti og á þriðja áratugnum leit út fyrir að þess yrði ekki ýkjalangt að bíða að það tækist. En atburðir fjórða áratugarins í Þýskalandi og Sovétríkjunum bundu skjótan endi á þær framfarir.

Að lokinni heimsstyrjöldinni tóku við tímar kalda stríðsins sem einkenndust af almennri tortryggni gagnvart hverju því sem á einhvern hátt skar sig úr á einhverju sviði þjóðlífsins.

Segja má að umræða um mannréttindi samkynhneigðs fólks hafi ekki orðið almenn erlendis fyrr en fyrir hálfum öðrum áratug. Allt fram til 1972 voru mök milli fólks af sama kyni refsilagabrot í Noregi, svo að dæmi sé nefnt, en í öðrum löndum Vestur-Evrópu þar sem sams konar lagaákvæði giltu voru þau afnumin á árunum sitt hvorum megin við 1970. Má segja að sá tími einkennist af því að þá voru afnumin mörg lagaákvæði sem voru beinlínis ætluð til þess að skerða réttindi samkynhneigðs fólks. En jafnframt tóku augu manna að opnast fyrir því að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki var miklu almennara og víðtækara en í ljós kom af slíkum lagaákvæðum einum og framkvæmd þeirra.

Þegar árið 1973 ályktaði sænska þingið að sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni skyldi virða til jafns við sambúð fólks af gagnstæðu kyni. Árið 1978 skipaði það svo nefnd til að kanna öll sænsk lög með tilliti til þess hvort einhverju þyrfti að breyta í þeim eða bæta þau svo að hvaðeina sem ylli misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hyrfi úr þeim og að því yrði tryggt fullt frelsi og jafnrétti á við aðra. Þessi nefnd skýrgreindi verkefni sitt mjög rúmt og stóð fyrir margs konar rannsóknum á stöðu samkynhneigðs fólks í sænsku samfélagi. Hún lauk störfum árið 1984.

Árið 1981 bætti norska þingið við tvær greinar í hegningarlögum ákvæðum um samkynhneigt fólk. Annars vegar er lögð refsing við því að blása til andúðar á samkynhneigðu fólki á opinberum vettvangi og hins vegar er lögð refsing við því að neita samkynhneigðu fólki um vöru eða þjónustu sem almenningi er boðin. Gildi þessara lagaákvæða til að koma í veg fyrir misrétti innan síns ramma hefur sannast því að einungis örsjaldan hefur komið til kæru samkvæmt fyrra ákvæðinu, en

aldrei samkvæmt því síðara. Í ár skipaði norska ríkisstjórnin nefnd til þess að kanna réttindi og skyldur fólks í sambúð, þar á meðal sambúð samkynhneigðs fólks.

Í Danmörku situr þingnefnd sem á að kanna stöðu samkynhneigðs fólks þar í landi og almennt má segja að löggjafarvaldið sé þegar tekið til starfa við að útrýma misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki í flestum löndum Vestur-Evrópu.

Hin almenna umræða um mannréttindi samkynhneigðs fólks hafði náð svo langt á árinu 1981 að þá kom fram á þingmannafundi Evrópuráðsins tillaga til ályktunar um afnám misréttis sem byggðist á samkynhneigð. Það voru norskir og hollenskir þingmenn sem stóðu fyrir tillögunni og hún hlaut gott fylgi þegar hún var samþykkt 1. okt. 1981. Efnisatriði ályktunarinnar miðast við það hversu ólík löndin í Evrópuráðinu eru og eru þess vegna misjafnlega brýn fyrir hvert og eitt ríki. En efnisatriðin í ályktuninni eru þessi:

1. Niður falli lagaákvæði sem gera saknæm sjálfviljug mök einstaklinga af sama kyni.
2. Ein aldurstakmörk gildi í lögum um mök einstaklinga án tillits til kynferðis.
3. Lögreglu og öðrum aðilum skuli skipað að hætta að halda skrár yfir samkynhneigt fólk og að eyða þeim skrám sem til kunna að vera.
4. Samkynhneigðu fólki skuli tryggt jafnrétti til atvinnu með tilliti til ráðningar, kjara og atvinnuöryggis, sérstaklega í þjónustu opinberra aðila.
5. Hætt verði að þröngva mönnum til þess að sæta læknismeðferð í þeim tilgangi að hafa áhrif á breytta kynhneigð þeirra og að hætt verði öllum rannsóknum sem beinast að því að breyta kynhneigð fullvaxins fólks.
6. Tryggt verði að forræði barna og umgengnisréttur og vistun barna hjá foreldrum takmarkist á engan hátt vegna samkynhneigðar foreldris.
7. Fangelsisyfirvöld og aðrir opinberir aðilar séu vel á verði fyrir hættu á nauðgun, ofbeldi og kynferðisafbrotum í fangelsum.

Á árinu 1983 hófu danskir, finnskir, norskir og sænskir þingmenn sem eiga sæti í Norðurlandaráði undirbúning að ályktun frá ráðinu um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Ályktunin hlaut yfirgnæfandi fylgi þeirra. Hún var samþykkt í Norðurlandaráði 1. mars 1984. Í grg. með ályktunartillögunni benda flm. á að markmið norrænnar samvinnu sé m.a. það að borgarar Norðurlanda megi búa við sem líkasta löggjöf. Eftir Helsingforssamningnum 1962 beri Norðurlandaþjóðum að vinna að samræmingu einkamála- og refsiréttar. Þeir vekja athygli á ályktun Evrópuráðsins nr. 924 1. okt. 1981 þar sem hvatt er til þess að samkynhneigt fólk njóti sömu réttinda og gagnkynhneigt fólk.

Greinar ályktunarinnar eru tvær. Önnur er til norrænu ráðherranefndarinnar um að hún láti fara fram könnun á stöðu samkynhneigðs fólks á Norðurlöndum hverju um sig svo og að hún leiti leiða til þess að afnumin verði löggjöf sem felur í sér misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki og bætt verði í lög ákvæðum er tryggi jafnrétti samkynhneigðs fólks á við aðra og bann við misrétti gagnvart því.

Hinni greininni er beint til ríkisstjórna landanna og er þess efnis að þær vinni saman að því innan stofnana Sameinuðu þjóðanna og annars staðar á alþjóðlegum vettvangi að tryggja vörn gegn misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki.

Það verður eftir samþykkt þessarar þáltill. verkefni þeirrar nefndar sem ríkisstj. er með henni falið að skipa að rannsaka allar hliðar á misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hér á landi. Ég mun því ekki reyna að reifa hér þann þátt málsins að öðru leyti en því að ég nefni nokkur augljós og alkunn dæmi.

Í hegningarlögum eru ákvæði t.d. í kaflanum um skírlífisbrot, XXII. kafla, í 203. gr., sem skerða rétt fólks sem vill eiga hlut að mökum við einstakling sama kyns umfram það sem gildir ef einstaklingar eru af gagnstæðu kyni. Fyrst og fremst er hér um það að ræða að hærri aldursmörk gilda svo að mök séu aðilum refsilaus ef um einstaklinga af sama kyni er að ræða.

En fleiri ákvæði er einnig að finna þar sem gerður er greinarmunur eftir kynferði aðila að mökum. Lög þau sem heimila hjúskap, þ.e. lög um stofnun og slit hjúskapar, gera einungis ráð fyrir hjúskap milli karls og konu og geta þau réttindi sem fylgja hjúskap þar með ekki nýst í sambúð samkynhneigðs fólks, t.d. hvað varðar ættleiðingarlög. Jafnframt er að finna í lögum ákvæði um réttindi fólks í óvígðri sambúð og eru þau jafnan svo orðuð að þau nýtast einungis karli og konu í sambúð.

Menningarlegs misréttis hefur gætt í því m.a. að þess sá hvergi stað í menntun og kennslu, listum og fjölmiðlun að samkynhneigt fólk væri til. Þetta hefur þó breyst mjög mikið á undanförnum árum, en margt er enn óunnið sem koma þarf í kring í þessu efni.

Til þess að hver og einn einstaklingur sé virtur og til þess að hann öðlist þá sjálfsvirðingu sem nauðsynleg er til að honum auðnist að lifa farsælu lífi þarf hann að njóta stuðnings af umhverfi sínu. Enn sem komið er er augljóst að mikið skortir á að menntakerfið veiti þann stuðning sem þarf svo að æskufólk sé viðbúið að virða til fulls samkynhneigð sína eða annarra þegar það gerir sér hana ljósa.

Félagslegs misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki gætir á öllum sviðum þjóðlífsins. Margsinnis hafa komið fram upplýsingar um að einstaklingum er neitað um vöru eða þjónustu sem almenningi stendur til boða fyrir það eitt að seljanda vörunnar eða þjónustunnar er kunnugt um samkynhneigð þeirra. Sama á við um stöðu samkynhneigðs fólks á húsnæðis- og atvinnumarkaði. Það virðist alltaf eiga á hættu að kynhneigð þess verði notuð sem átylla til misréttis.

Það er sérstakt eðli félagslegs misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki að það fer afskaplega leynt. Sérhvert dæmi sem fram kemur um það er því fulltrúi fyrir fjöldamörg önnur. Hér skal ekkert rakið af einstökum dæmum, enda verður það m.a. hlutverk nefndarinnar að safna þeim.

Þar sem þáltill. fjallar um afnám misréttis finnst mér nauðsynlegt að fjalla ekki einungis um hin ytri merki misréttis á einstaklinga og þjóðlíf heldur tel ég afar brýnt að við gerum okkur ljósa grein fyrir því sem að baki því býr, að við skoðum áhrif misréttis á einstaklinginn sjálfan og aðstöðu hans til þess að sækja rétt sinn.

Með misrétti er átt við það þegar menn búa við ójafnan rétt lagalega, menningarlega eða félagslega, og sá ójöfnuður byggist á einhverjum eiginleikum sem eru órjúfanlega tengdir persónu þeirra, svo sem kynferði, litarhætti, þjóðerni eða uppruna, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum eða kynhneigð, svo að fátt eitt sé

talið af þeim eiginleikum mannanna sem hafa reynst veita einum forréttindi og öðrum réttleysi.

Það liggur í augum uppi að margs konar misrétti hefur viðgengist, a.m.k. svo lengi sem sögur ná aftur. Misrétti er ákaflega sterkt valdatæki. Því mun fleiri stoðum sem rennt er undir það, fleiri þættir látnir valda því, þeim mun fleiri verða fyrir því á einn eða annan hátt og þeim mun fámennari verður sá hópur manna sem telst búa yfir réttum eiginleikum í öllum greinum og þá einnig sterkari aðstaða þeirra einstaklinga sem tilheyra honum. Þetta er kjarninn í skýringum þess að misrétti á sér stað í öllum samfélögum.

En misrétti viðgengst ekki eingöngu fyrir ásetning þeirra sem vilja njóta afleiðinga þess. Það krefst þess nefnilega einnig að þeir sem fyrir því verða viðurkenni réttmæti þess. Á því byggist það að misrétti viðgengst á svo mörgum sviðum þjóðlífsins, að menn una menningarlegu misrétti og að menn sætta sig við að hið menningarlega misrétti teljist réttlæta félagslegt misrétti. Því þarf ekki að undra þótt valdamenn allra tíma hafi veitt sér að festa ákvæði um misrétti í lög. Það að þeir sem verða fyrir misrétti sætta sig við það byggist á því að hver sá sem elst upp við það frá fyrstu tíð, frá blautu barnsbeini að hann sjálfur, hans fólk, hans þjóð sé minni máttar og öðrum óæðri, verður að sjálfsögðu minni máttar. Þetta þarf enginn að undrast eða lá nokkrum manni. Misréttið brýtur niður sjálfsvirðingu þess sem fyrir því verður. Hann veit upp á sig að búa yfir einhverjum þeim eiginleikum sem virðast réttlæta það að hann njóti ekki jafnréttis. Hann dirfist ekki að krefjast réttar síns því að hann fellst á það, a.m.k. í verki, að sér beri ekki sá réttur sem aðrir njóta.

Það er sem betur fer í eðli sérhvers manns að eiga sér snefil af sjálfsvirðingu. Aðstaða þeirra sem búa við misrétti til þess að næra sjálfsvirðingu sína, til þess að læra að virða sjálfa sig og þá eiginleika sem valda því þó að þeir séu beittir misrétti er ákaflega misjöfn. Að sjálfsögðu eru einstaklingar hver öðrum ólíkir að þessu leyti. En hér kemur einnig annað til. Það er hin menningarlega og félagslega aðstaða.

Þrátt fyrir það misrétti sem konur hafa löngum búið við hafa þær þó sem einstaklingar ævinlega notið þess hve þær eru stór og augljós hópur. Telpur eiga sér frá fyrstu tíð fyrirmyndir þar sem aðrar konur eru, nákomnar sem óskyldar. Af þeim læra þær að virða sjálfa sig og aðrar konur hvað sem líður skorti á jafnrétti við karla.

Svartir menn sem búa við misrétti af hálfu hvítra manna hafa alist upp hjá svörtum foreldrum. Til þeirra hafa þeir alla sína ævi sótt þrótt til að geta síðar beitt sér gegn misrétti. Og þennan þrótt hafa foreldrarnir getað eflt með því að miðla af menningu sinni og sögu kynþáttar síns.

Þar sem trúarhópar búa við misrétti treystist einatt samstaða þeirra sem til þeirra vilja teljast svo að þrátt fyrir misrétti í samfélaginu elst sá, sem fæðist til að tilheyra slíkum hópi, upp við sannfæringu um að hann breyti rétt með því að afneita ekki trú sinni.

Þessu er öðruvísi varið þegar það er kynhneigð manns sem misrétti veldur. Þó að mannfólkið hafi á öllum tímum búið yfir þeim eiginleika að sumir fella hug til einstaklinga gagnstæðs kyns, sumir til einstaklinga sama kyns og enn aðrir til einstaklinga án tillits til kynferðis, þá er það svo að allir hafa frá barnsaldri alist upp við það á heimili sínu og í samfélaginu að allir menn búi yfir sömu kynhneigð, þránni að bindast ástum við einstakling af gagnstæðu kyni. Hér er þá komin fyrsta ástæða þess hve það er sérstaklega erfitt fyrir samkynhneigðan einstakling að öðlast sjálfstraust og sjálfsvirðingu svo að hann geti farið að hyggja að því að krefjast réttar síns í samfélaginu. Hann elst ekki upp við það að vitneskjan um aðra í sömu sporum berist frá kynslóð til kynslóðar, frá foreldrum til barns. Hann elst ekki upp við það að foreldrar hans séu honum þær fyrirmyndir sem hann sem samkynhneigður einstaklingur þarf á að halda í æsku og gildir einu hver kynhneigð foreldranna er. Þegar að því kemur að uppvaxandi einstaklingur gerir sér ljóst hvernig kynhneigð hans er varið er hann allsendis óundirbúinn að virða hana til fulls ef hún reynist önnur en sú gagnkynhneigð sem hann var alinn upp til að búast við.

Önnur ástæða sem mér finnst ég verða að fá að nefna hér er að hin menningarlegu skilyrði vantar til þess að samkynhneigður einstaklingur geti viðstöðulaust sótt sér fyrirmynd og stuðning til sér eldra fólks. Fólks sem hefur aflað sér þekkingar og reynslu til þess að lifa farsælu lífi í samfélaginu. Fólks sem einstaklingurinn gæti notið trausts og halds af.

Herra forseti. Þar sem tíminn er liðinn þá vil ég að lokinni þessari umræðu leggja til að þessari till. verði vísað til 2. umr. og til félmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Jarðhiti í heilsubótarskyni, þáltill. 167. mál (þskj. 187). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Virðulegi þm. Ég mæli hér fyrir 167. máli sem er till. til þál. um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni. Flm. eru auk mín hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal og Friðjón Þórðarson. með leyfi hæstv. forseta les ég tillögutextann sem er mjög stuttur:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Jafnframt verði kannað á hvaða stöðum helst komi til greina að reisa heilsubótarstöðvar er byggi starfsemi sína á jarðhita og hver sé rekstrargrundvöllur slíkra stöðva".

Þetta er, herra forseti, texti þeirrar þáltill. sem hér er flutt í annað sinn þar sem hún varð ekki útrædd á síðasta þingi.

Það er skoðun okkar flm. að það sé löngu orðið tímabært að við hyggjum hér á landi að því máli að nýta þá miklu möguleika sem fólgnir eru í þessari auðlind og hefjumst handa um að byggja heilsubótarstöðvar þar sem, að fordæmi fjölmargra erlendra þjóða, nýttur væri jarðvarmi, hveravatn, hveraleir og ölkelduvatn, svo maður nefni nú höfuðþættina. Þetta eru náttúrugæði sem óvíða er að finna í Evrópulöndum og skapa því hér á landi mun betri aðstöðu, vegna þess að Ísland er einstakt eldfjallaland, á þessu sviði heldur en annars staðar í Evrópu.

Slíkar heilsubótarstöðvar mundu, eins og reynslan í Hveragerði sýnir, verða sóttar í verulegum mæli af

Íslendingum en eins og menn vita eru jafnan hundruð manna á biðlista til þess að njóta þeirrar aðstöðu sem boðið er upp á í Hveragerði á hæli Náttúrulækningafélagsins þar. Þá má einnig telja líklegt að útlendingar muni í allríkum mæli nýta sér þessa þjónustu, ef fyrir hendi væri hér á landi, í meira mæli en er í dag. Þannig gæti stofnun slíkra heilsuræktarstöðva sem byggja á jarðhita orðið mikilsverð tekjulind að því er varðar ferðamálaþjónustu. Erlendir menn sækja hingað í vaxandi mæli, ef reynsla annarra þjóða er hér nokkur mælikvarði, og á þann hátt getum við skapað aukna atvinnu á nýjum atvinnuvettvangi og auknar gjaldeyristekjur.

Þá má spyrja: Hverjir eru möguleikarnir til þess að nýta íslenskan jarðhita á þessu sviði? Við höfum satt að segja Íslendingar verið heldur daufir í rannsóknum og athugunum í því efni. En ég vil þó ekki láta hjá líða í þessum fáu orðum, herra forseti, sem ég mæli hér fyrir þessari þáltill., að nefna mjög merka rannsókn sem framkvæmd var hér á landi fyrir 15 árum á vegum Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem liður í tækniaðstoð sem veitt er þjóðum Sameinuðu þjóðanna. Þá var framkvæmd hér allítarleg rannsókn á þessu sviði sem hefur legið allt of mikið í þagnargildi frá því að niðurstöður hennar urðu kunnar. Rannsakaðir voru möguleikar þess að nýta m.a. íslenskan jarðhita í því skyni sem till. þessi fjallar um, í heilsubótarskyni, og að rannsókn lokinni var samin skýrsla af mjög þekktum frönskum sérfræðingi á þessu sviði, sem er prófessor í baðlækningum. Ég ætla ekki að rekja efni þeirrar skýrslu. Það yrði allt of langt mál. En niðurstaðan er gagnmerk og ég nefni hana. Hún er sú að heilsubótareiginleikar íslenska vatnsins, a.m.k. bæði lindarvatnsins íslenska og hveravatnsins, séu jafngóðir og þess vatns sem notað er á helstu og þekktustu heilsubótarbaðstöðum í Evrópu.

Prófessorinn franski gerir í þessari skýrslu tillögur um að komið verði á fót hér á Íslandi baðlækningastöðvum sem ætla mætti að yrðu sóttar ekki síst frá öðrum löndum. Jafnframt rekur hann læknisfræðileg atriði sem lúta að meðferð við ýmsum sjúkdómum miðað við eiginleika íslenska lindarvatnsins, íslenska hveravatnsins og leirbaða. Þar eru efst á blaði vitanlega ýmsir gigtarsjúkdómar, öndunarfærasjúkdómar, meltingarsjúkdómar, hjartasjúkdómar og svo mætti áfram telja.

Þetta er út af fyrir sig ákaflega merkileg niðurstaða og merkur þáttur sem við höfum fram að þessu gefið allt of lítinn gaum. Í rannsóknaráliti þessara sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna eru gerðar tillögur um uppbyggingu slíkrar baðlækninga- og heilsubótaraðstöðu hér á Íslandi, sem byggir á þessum ónýttu auðlindum okkar að því er þetta snertir. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að neinar af þessum tillögum hafi leitt til sérstakra framkvæmda af hálfu hins opinbera eða einkaaðila. En það er ljóst að þarna eru dregnar saman mjög gagnlegar rannsóknarniðurstöður um þessi efni sem að notum geta komið fyrir okkur í framtíðinni.

Ég vil aðeins í þessu efni minna á að nú eru uppi ráðagerðir og reyndar framkvæmdir um útflutning á íslensku drykkjarvatni. Það er aðeins einn þáttur sem tengist eða er skyldur þessu máli. Þar er þó ekki um að ræða ölkelduvatn eða nýtingu vatnsins til lækninga. En það sýnir bara hvaða möguleikar eru á þessu sviði ef grannt er skoðað.

Þegar litið er á þetta mál í heild, herra forseti, má segja að hér tvinnist saman tvær leiðir til nýrrar nýtingar jarðhitans hér á landi: Stofnun nýrrar heilsubótaraðstöðu fyrir útlendinga jafnt sem Íslendinga, og í öðru lagi efling ferðamannaþjónustunnar sem tvímælalaust mundi fylgja í kjölfarið.

Í þessu sambandi vil ég aðeins nefna álit frá Orkustofnun, sem hefur borist þeirri nefnd sem um þetta fjallaði, atvmn. Sþ., og er dagsett 7. júní 1985. Ég ætla aðeins að lesa lítinn kafla úr því þar sem segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er staðreynd að í mörgum löndum Evrópu og Asíu eru volgar lindir notaðar til heilsubaða og hvílir sú notkun á aldagamalli reynslu og hefð. Víða eru í byggingu ný heilsuhæli af þessu tagi sem höfða ekki síst til ferðamanna. Markaðurinn er stór og ekkert sem bendir til þess að hann sé að dragast saman. Hér á landi er jarðhiti mjög víða til staðar og aðstæður að því leyti ákjósanlegar, betri en í mörgum öðrum löndum. Þótt eflaust megi ýmislegt finna neikvætt, svo sem kaldara loftslag, virðist þó ástæða til að skoða vandlega þá möguleika til atvinnutækifæra sem kunna að leynast á þessu sviði."

Tilvitnun lýkur hér í þetta álit Orkustofnunar sem er þó mun lengra og hnígur raunverulega að sömu niðurstöðu og um er rætt í þessari þáltill. og grg. hennar.

Við höfum hér nýlegt dæmi þó, herra forseti, um nýtingu íslensks hveravatns til lækninga. Það er Bláa lónið á Reykjanesi. Þangað hefur verið mjög sótt af sjúklingum með ýmsa húðsjúkdóma. Lítið gistihús er á bakka lónsins. Það hefur að miklu leyti tvö undanfarin sumur verið bókað af erlendum ferðamönnum sem hingað koma til að leita sér bata við böð í Bláa lóninu. Þetta er lítið dæmi sem eiginlega hefur sprottið af sjálfu sér en málið ekki sérstaklega kynnt erlendis. Fregnir hafa hins vegar borist út um heim af eiginleikum vatnsins i Bláa lóninu og baðaðstöðunni þar, sem að vísu er mjög frumstæð. Það stendur hins vegar til bóta. Í sumar hefur farið fram rannsókn á lækningamætti vatnsins þar af hálfu landlæknisembættisins og verður ugglaust skýrt frá niðurstöðu þeirrar rannsóknar á næstunni á hinu háa Alþingi, þar sem ég hef lagt fram fsp. til heilbrrh. um hana.

Með þessari till., herra forseti, eru flm. fyrst og fremst að vekja athygli á þeim miklu möguleikum sem við teljum að felist á þessu sviði, á því að nýta jarðhitann í heilsubótarskyni, nýta vatnið, bæði hveravatnið, ölkelduvatnið og leirinn þá ekki síður, og á þeim miklu möguleikum, ekki síst á sviði ferðamála, sem uppbygging getur skapað og dæmið frá Hveragerði og reyndar Bláa lóninu eru nægilegar vísbendingar um, ef við viljum og kjósum að fara þá leið sem hér hefur verið um rætt. Að svo búnu legg ég til að þessari till. verði vísað til atvmn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að halda hér langar ræður á þessum tíma þegar þunnskipaðir eru þingbekkir. En ég tel að hér hafi flm., hv. 2. þm. Reykn., hreyft hinu athyglisverðasta máli. Við höfum nýtt heita vatnið næstum eingöngu á einn veg. En ég er sannfærður um það — og er sammála honum um það - - að þar eigum við ónotaða auðlind sem getur haft gífurlega þróunarmöguleika í för með sér sé rétt á málum haldið. En í þessum efnum

dugar ekki að hugsa smátt.

Ég er t.d. þeirrar skoðunar að ef hér væri ákveðið að verja svo sem eins og 500 millj. kr. til þess að byggja upp — sjálfsagt væri rétt að byrja hér á höfuðborgarsvæðinu, t.d. í Laugardalnum þar sem er hin ákjósanlegasta aðstaða og íþróttamiðstöð þegar — til að byggja þar upp aðstöðu sem væri á heimsmælikvarða og ef síðan væri varið kannske eins og 100 millj. af þessum 500 til að kynna þessa aðstöðu — það kann ýmsum að þykja þetta óraunhæfar tölur, en ég hygg að þetta gerist nú ekki öðruvísi — þá er ég alveg sannfærður um að það mætti skapa hingað ferðamannastraum allan ársins hring. Slík miðstöð gæti gefið okkur verulega mikið í aðra hönd og gæti hér orðið eins konar stóriðja í ferðamannamóttöku. Ég hygg að Laugardalurinn í Reykjavík hafi upp á að bjóða allt sem þarf í þessu sambandi. Það hafa líka ýmsir aðrir staðir úti um land. Og án þess að ég lengi þetta nokkuð frekar þá held ég að hér sé mál sem t.d. hið nýja Þróunarfélag gæti tekið að sér. Það hafa verið gerðar athuganir á þessu og þeir sem stunda laugar og böð vita, telja sig a.m.k. vita, um góð áhrif laugarvatnsins, heita vatnsins. Það er sannfæring mín að á þessu sviði eigum við mikla möguleika ónotaða. Við megum í rauninni ekkert tækifæri láta okkur úr greipum ganga til þess að skapa hér ný atvinnutækifæri og afla tekna og ég held að á þessu sviði sé ótvírætt um mjög mikla möguleika að ræða.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. þm. Eiði Guðnasyni fyrir þau ummæli sem hann lét hér falla um efni þessarar þáltill. og þann stuðning sem fram kom í ræðu hans við þá hugmynd sem í till. felst. Ég er honum hjartanlega sammála um að hér búa mjög miklir möguleikar. Ég er honum einnig sammála um að ef verulegu fjármagni væri veitt til þessa, til uppbyggingar slíkra heilsuræktar- og baðlækningastöðva í Laugardalnum, sem vitanlega er kjörinn staður hér í Reykjavík vegna alls umhverfis og þeirra bygginga og íþróttamannvirkja sem þegar eru þar fyrir hendi og tengjast þessu, þá væri unnt að efla hér mjög ferðamannaþjónustu, aðsókn bæði Íslendinga og útlendinga og raunverulega skapa hér heilsubótaraðstöðu sem ekki er fyrir hendi og kemur vitanlega öllum sem þangað sækja að gagni.

Það eru margir aðrir staðir einnig á landinu sem til greina koma og ég vil í því efni — eins og ég raunar gerði í framsöguræðunni — nefna Svartsengi og þá ekki síst í nágrenni við Bláa lónið þar sem væri kjörin aðstaða til að byggja upp slíkt baðhótel. Við höfum fordæmin frá Þýskalandi, Frakklandi, Tékkóslóvakíu og mörgum öðrum löndum þar sem um slíka aðstöðu er að ræða, þar sem slíkir baðstaðir hafa starfað í aldir. Þangað sækir fólk raunverulega úr allri veröld og þess vegna er sérstaklega mikilvægt innlegg í þetta mál niðurstaðan úr þeirri rannsókn sem framkvæmd var af sérfræðingum Sameinuðu þjóðanna, að þau náttúrlegu skilyrði, þ.e. gæði vatnsins og hveraleirsins sem hér er að finna, eru síst verri, e.t.v. að mörgu leyti betri en það sem gerist á ýmsum baðstöðum Evrópu sem víðkunnir eru. Þess vegna held ég að fyllsta ástæða væri til þess að samþykkja þessa till. hér á Alþingi og hefja framkvæmdir í þessu efni.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Verðtrygging tjóna- og slysabóta, þáltill. 120. mál (þskj. 133). — Fyrri umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Á því er nokkur misbrestur að tjóna- og slysabætur séu verðtryggðar og að svo miklu leyti sem þær eru það gilda engar almennar reglur um það. Það getur því verið mjög misjafnt hvernig verðtryggingu er háttað þó að stöku tryggingarfélag hafi tekið það upp í einhverjum mæli.

Þegar verðbólga er jafnmikil og raun ber vitni þá getur fólk þess vegna orðið fyrir verulegum skakkaföllum vegna þess að bótagreiðslur tryggginga sem það hefur tekið eru ekki verðtryggðar — eða misvel verðtryggðar. Það mun vera verðtrygging í ýmsum tilvikum t.d. í einhverju formi í brunatryggingum. En einmitt vegna þess að verðtryggingin kemur fyrir í einhverjum mæli þá munu margir tryggingatakar vera þeirrar skoðunar að allar bætur séu verðtryggðar að fullu og um þetta gildi samræmdar reglur. Þetta eykur vitaskuld á andvaraleysi tryggingatakanna og þess vegna teljum við flm. þessarar þáltill. rétt að þetta mál verði tekið til sérstakrar skoðunar.

Í verðbólgu sem er af því tagi sem hér hefur geisað að undanförnu og reyndar oft áður þá skiptir vitaskuld líka máli hversu oft bótaupphæð er endurmetin sé um verðtryggingu að ræða. Ef það gerist sjaldan, þó að verðtryggt sé talið, þá er gildi verðtryggingarinnar tiltölulega rýrt.

Allt þetta mælir vitaskuld með því að samræmdar reglur verði settar um verðtryggingu tjóna- og slysabóta og löggjöf eftir því sem ástæða er til. Það er af þessum sökum sem þessi þáltill., sem ég mæli hér fyrir, á þskj. 133 er flutt, og fjallar um verðtryggingu tjóna- og slysabóta. Ályktunin er mjög einföld. Hún er í því fólgin að fela heilbr.- og trmrh. að láta undirbúa löggjöf um verðtryggingu tjóna- og slysabóta almennra tryggingafélaga.

Get ég þess í lokin — og í samræmi við það sem ég hef sagt hér áður — að það er skoðun flm. að í stað þess að tiltaka hversu oft skuli hækka tryggingarupphæð í krónum talið vegna verðbólgu þá væri að ýmsu leyti æskilegra að miða við tilteknar breytingar á ákveðinni vísitölu. Þannig t.d. að bótaupphæð sé endurmetin fyrir hver 4% sem vísitalan breytist eða aðra þá prósentutölu sem menn telja betur henta.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég held að hér sé um mál að ræða sem nauðsynlegt sé að taka á þannig að samræmdar reglur séu fyrir hendi og enginn vaði í villu um það hvernig tryggingum er háttað og í hvaða mæli þær eru verðtryggðar eða óverðtryggðar, þannig að hér ríki samræmi.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til félmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum fundum í Sþ.

Barnabótaauki, stjfrv. 197. mál (þskj. 285). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um sérstakan barnabótaauka. Frv., sem hér er til umræðu, um sérstakan barnabótaauka er samhljóða ákvæðum laga nr. 128/1984, sem fjalla um tekjutengdar barnabætur, að því frátöldu að allar fjárhæðir í þessu frv. hafa verið hækkaðar um 36% frá því sem var í lögum nr. 128/1984 og er sú hækkun í samræmi við skattvísitölu.

Forsaga þess að greiddur var sérstakur barnabótaauki á árinu 1984 var sú að það var liður í samningum milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands í febrúarmánuði 1984 og féllst ríkisstj. á að greiða tekjutengdan barnabótaauka til að liðka fyrir því að samningar tækjust á þeim tíma. Í tillögum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins varðandi barnabótaaukann á árinu 1984 sagði að barnabótaaukinn verði útfærður þannig að þeir skattgreiðendur fái hann ekki sem hafa möguleika á framfærslu með öðrum hætti, svo sem vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða af eignum eða námslánum. Þar sem skattalög greina ekki milli manna eftir starfsstéttum heldur eftir tekjum og eignum var ekki talið gerlegt við greiðslu barnabótaaukans á árunum 1984 og 1985 að grípa til slíkrar mismununar eftir starfsstéttum. Hins vegar var við greiðslu barnabótaaukans á árinu 1984, til þess að ná svipuðum tilgangi og lagt var til í tillögum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, þessi réttur til barnabótaauka bundinn við það að eignir viðkomandi færu ekki fram úr ákveðnu marki.

Með þessu frv., sem hér er til umræðu, er lagt til að greiðsla barnabótaaukans verði með sama sniði og á árinu 1985, þ.e. að hann verði bæði tengdur tekjum og eignum þannig að barnabótaaukinn lækki eftir því sem tekjur eru hærri eða eignir meiri og hann falli alveg niður þegar tekjur eða eignir fara yfir ákveðið mark. Með þessu er stuðlað að því að þeir sem erfiðasta afkomu hafa njóti þessa barnabótaauka í sem ríkustum mæli. Auk þess er stefnt að því að barnabótaaukinn bæti að einhverju leyti þá kjaraskerðingu sem þeir tekjulægstu hafa orðið fyrir. Kostnaður ríkissjóðs af þessu frv. er talinn nema um 42 millj. kr.

Með því að hér er gert ráð fyrir óbreyttri skipan þessa máls sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, en óska eftir því að gott samstarf geti tekist um að afgreiða þessa framlengingu laga um sérstakan barnabótaauka fyrir jólaleyfi og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv. 198. mál (þskj. 287). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum.

Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt ákvað ríkisstj. að fresta fyrirhuguðum breytingum á ýmsum helstu tekjustofnum ríkissjóðs sem þó hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1986. Áformað var að setja ný tollalög, lækka tekjuskatt og breyta lögum um vörugjald.

Í þessum breytingaráformum fólst m.a. að lækka tolla um 250 millj. kr., tekjuskatt um 400 millj., en afla á móti viðbótartekna að fjárhæð 750 millj. kr. í formi vörugjalds. Þessar ráðstafanir hefðu leitt til þess að vísitala framfærslukostnaðar hefði hækkað um 1—1,5% um n.k. áramót og kaupmáttur hefði rýrnað að sama skapi. Fyrir því var horfið frá þessari breytingu.

Með tilliti til þess hversu svigrúm til aukinna kjarabóta í komandi samningum er þröngt ákvað ríkisstj. að hverfa frá þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum. Með því að falla frá þessum breytingum er ríkisstj. því að stuðla að því að kaupmáttur verði varinn. En í ljósi þessa, sem ég hef hér rakið, verður ekki af 400 millj. kr. lækkun tekjuskatts á næsta ári eins og að var stefnt. Þess í stað er nú stefnt að því að álagning tekjuskatts á næsta ári verði nánast óbreytt hlutfall af tekjum viðkomandi tekjuára. Að mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að meðalhækkun tekna milli áranna 1984 og 1985 verði sem næst 36%, en samkvæmt 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er skylt að hækka ýmsar fjárhæðir í skattalögum, svo sem skattþrep, frádráttarliði, persónuafslátt, barnabætur og skattfrelsismörk eignarskatts í samræmi við skattvísitölu sem ákveða skal í fjárlögum fyrir ár hvert, í fyrsta sinn fyrir árið 1986.

Ríkisstj. hefur ákveðið að leggja til að skattvísitala fyrir árið 1986 verði ákveðin 136 stig miðað við 100 stig árið 1985. Samkvæmt þessu mun hún hækka í samræmi við tekjubreytinguna milli áranna 1984 og 1985. Álagning tekjuskatts á þessu ári að frádreginni ráðstöfun persónuafsláttar og barnabóta til greiðslu á honum nam 2,3 milljörðum kr. Miðað við skattvísitöluna 136 má því gera ráð fyrir að nettótekjur ríkissjóðs af tekjuskatti á næsta ári verði um 3150 millj. kr. að öllu öðru óbreyttu.

Þrátt fyrir að stefnt sé að svo til óbreyttu álagningarkerfi á næsta ári og gilti í ár með ákvörðun skattvísitölunnar verður ekki hjá því komist að leggja til að nokkrar breytingar verði gerðar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt. Í því sambandi eru einkum hafðar í huga tillögur milliþinganefndar um húsnæðismál sem nýlega skilaði tillögum sínum um ýmsar ráðstafanir til lausnar á greiðsluvanda íbúðareigenda. Af þessum sökum fyrst og fremst er þetta frv. flutt nú.

Í niðurstöðum milliþinganefndarinnar um húsnæðismál er lögð áhersla á að gerðar verði ýmsar lagfæringar á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt er lúta að vaxtafrádrætti vegna lána til öflunar eigin íbúðarhúsnæðis. Tillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Að vextir og verðbætur af sjálfskuldarábyrgðarlánum til húsnæðismála njóti sama réttar og veðlán.

2. Að frádráttartímabil vaxta af skammtímalánum lengist úr þremur og sex árum í fjögur og sjö ár vegna tekjuársins 1985.

3. Að ákvæði um lántökukostnað og frádráttarbærni

vaxta verði gerð ótvíræð.

4. Að hámark verðtryggingar og vaxtafrádráttar verði endurskoðað til hækkunar. Athugað verði um tengingu hámarksins við hreina eign.

Ríkisstj. hefur ákveðið að verða þegar við tillögum þeim sem um getur í lið 1 og 2, þ.e. að vextir og verðbætur af sjálfskuldarábyrgðarlánum til húsnæðismála njóti sama réttar og veðlán og frádráttartímabil vaxta af skammtímalánum lengist úr þremur og sex árum í fjögur og sjö ár vegna tekjuársins 1985, svo og að verða við lið 3 að því er varðar stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað af lánum. En á þeim skamma tíma sem eftir er fyrir jólaleyfi Alþingis eru hins vegar ekki tök á að endurskoða frekar ákvæði laganna um vaxtafrádrátt í því skyni að gera þau víðtækari og skýrari eins og nefndin gerði tillögu um. Hér er um mjög flókin og yfirgripsmikil mál að ræða sem krefjast nákvæmari athugunar en hægt er að koma við á svo stuttum tíma.

Í lið 4 leggur nefndin til að hámark vaxtafrádráttarins verði endurskoðað til hækkunar. Í ár er þetta hámark 159 380 kr. hjá einstaklingum, en 318 760 kr. hjá hjónum. Fjárhæðir þessar breytast í samræmi við skattvísitölu og verða því 216 757 kr. hjá einstaklingum og 433 514 kr. hjá hjónum á skattárinu 1986 vegna tekna ársins 1985. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra nutu 16 669 framteljendur vaxtafrádráttar við álagningu 1985. Að meðaltali nam frádráttur þessi 97 554 kr. hjá hjónum og 70 669 kr. hjá einstaklingum. Tiltölulega mjög fáir verða fyrir skerðingu vegna hámarksins. Þeir sem verða fyrir henni eru og að jafnaði tekjuháir. Því þykir ekki nauðsynlegt að svo stöddu að leggja til að umrætt hámark vaxtafrádráttar verði hækkað.

Þá er í frv. þessu lagt til að skattfrelsismörk eignarskatts hækki í samræmi við hækkun fasteignamats á árinu í staðinn fyrir hækkun í samræmi við tekjubreytingar milli áranna 1984 og 1985, en eins og kunnugt er ákvarðast skattvísitala fyrir árið 1986 í samræmi við þá hækkun. Fyrir liggur að fasteignamat íbúðarhúsnæðis hefur aðeins hækkað um 28% frá 1. des. 1984 til 1. des. s.l. Tekjubreytingin á milli sömu ára er hins vegar 36%. Með tilliti til þess að fasteignir mynda allt að 80% af eignarskattsstofni einstaklinga þykir eðlilegt að umrædd skattfrelsismörk hækki fremur í samræmi við hækkun fasteignamats en hækkun tekna.

Loks felur frv. í sér að heimild lögaðila til að leggja í varasjóð í stað tillaga í fjárfestingarsjóð, sem rennur út á þessu ári, verði framlengd um eitt ár til viðbótar.

Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir áhrifum þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs. Ljóst er þó að hinar auknu heimildir til vaxtafrádráttar hafa í för með sér nokkurn tekjumissi. Á móti kemur hins vegar að tekjur af eignarskatti hækka nokkuð umfram það sem ráð var fyrir gert ef miðað hefði verið við skattvísitölu við ákvörðun skattfrelsismarkanna. Ætlað er að hækkun þessi nemi 30—35 millj. kr. umfram það sem ella hefði orðið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efnisatriði þessa frv., en vildi mælast til góðrar samvinnu um að þetta mál nái fram að ganga fyrir jólaleyfi þm. og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að spyrja að því hvernig stendur á að þetta frv. er borið fram svo seint sem raun er á, hvaða ástæða er til að draga að mæla fyrir frv. sem þessu svo að það eru aðeins örfáir dagar eftir þar til Alþingi verður frestað.

Það er ýmislegt jákvætt sem fram kemur í frv. og vonandi tekst samvinna um að afgreiða það, en mér finnst það fyrir neðan virðingu Alþingis hvernig að er staðið, að frv. skuli koma svo seint fram.

Í öðru lagi vildi ég segja að það er alveg merkileg leiksýning sem átt hefur sér stað varðandi tekjuskattinn. Því var lofað að lækka hann. Síðan er fólk hrætt með því að aðrir skattar muni hækka svo og svo mikið, en í staðinn fyrir að hækka þá skatta muni verða hætt við tekjuskattslækkunina. Þetta eru leiktjöld sem gerð eru til að blekkja fólk, en í raun er það svo að lítil alvara hefur fylgt því að ætla að lækka tekjuskattinn. Þetta er einungis gert til að blekkja almenning.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Það er að sönnu rétt að þetta frv. er seint fram komið, en tillögur milliþinganefndarinnar í húsnæðismálum, þar sem settar eru fram hugmyndir um aðgerðir varðandi vaxtakostnað, eru nýframkomnar. Það var reynt að bregðast við þeim eins skjótt og verða mátti. Þess vegna er þetta frv. borið fram nú og þess vegna er brýnt að það nái fram að ganga og ég vona að það takist um það góð samvinna. Auðvitað er rétt að frv. er býsna seint fram komið eins og mál hafa þróast, en þessi er meginskýringin á því að það er núna flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, stjfrv. 174. mál (þskj. 197). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Forseti. Þetta frv. fjallar um að framlengja bráðabirgðaákvæði heilbrigðisþjónustulaganna eins og reyndar hefur verið áður gert. Ástæðan til þess að þetta mál er flutt nú í þessu formi er sú að endurskoðun sú sem staðið hefur yfir á lögunum um heilbrigðisþjónustu hefur ekki enn þá leitt til fullbúins frv. Ég vonast til þess að það verði síðar á þinginu, en á meðan því máli er ekki að fullu lokið er nauðsynlegt að leita heimildar Alþingis til að framlengja þetta ákvæði. Fyrir því er þetta frv. flutt. Þetta varðar einungis heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum fundum í Sþ.

Hitaveita Suðurnesja, stjfrv. 119. mál (þskj. 132, n. 282). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 282 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja.

Iðnn. deildarinnar hefur tekið frv. til meðferðar og fengið á sinn fund varaformann og framkvæmdastjóra Hitaveitu Suðurnesja. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Kjartan Jóhannsson sat fund nefndarinnar og hefur lýst sig á nál. samþykkan þessu áliti. Undir þetta nál. rita Páll Pétursson formaður, Guðrún Agnarsdóttir fundaskrifari, Gunnar G. Schram frsm., Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Svavar Gestsson.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Vitaskuld stingur í augun að Keflavíkurkaupstaður með nær 40% eignarhlutdeild skuli hafa einn fulltrúa í stjórn meðan ríkissjóður Íslands með 20% hafi tvo. Hins vegar svara tveir stjórnarmenn vel til 20%, þ.e. hlutar ríkisins. Sveitarfélögin, sem aðilar eru að hitaveitunni, hafa samið um að skipta á sig stjórnarstörfum eins og hér er gert ráð fyrir í lagafrv. þessu.

Um það hvort hér um mætti til hnika var flutt brtt. af hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni í Ed. og reyndist svo ekki vera, enda hafa sveitarfélögin samið á þessum grundvelli. Þótt þetta stingi í augun geri ég ekki við þetta athugasemd og er samþykkur frv., enda tel ég hlutverk sveitarfélaganna að skipta með sér eftir því sem þeim þykir best henta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala Kröfluvirkjunar, stjfrv. 121. mál (þskj. 258, n. 288 og 291). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. hv. iðnn. Nd. Hér er á ferðinni frv. til l. þar sem ríkisstj. er heimilað að selja Kröfluvirkjun og enn fremur að selja eignir jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu. Kaupverðið, sem greiðist með skuldabréfi til 25 ára, er samtals 1170 millj. kr. miðað við verðlag í apríl 1985. Skuldin skv. skuldabréfinu er verðtryggð með lánskjaravísitölu í apríl 1985 og ber 3% lánsvexti.

Heildarskuldir Kröfluvirkjunar námu 3207 millj. kr. 1. apríl 1985. Samhliða sölunni mun ríkissjóður yfirtaka skuldir umfram kaupverð, samtals 2037 millj. kr. miðað við verðlag á sama tíma.

Í 3. gr. samningsins milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Kröfluvirkjun segir svo í lok fyrri mgr.:

„Skal óheimilt án samþykkis Landsvirkjunar að stofna þar til annarrar vinnslu er haft geti áhrif á þessa nýtingu.“

Meiri hl. nefndarinnar leggur þann skilning í þetta ákvæði að önnur vinnsla en sú, sem Landsvirkjun á rétt til skv. samningnum, sé háð samkomulagi aðila en ekki beri að túlka greinina þannig að í henni felist afsal á eignarrétti ríkisins yfir jarðhitaréttindum á Kröflusvæðinu umfram jarðvarma sem svarar til 70 megawatta í raforkuframleiðslu.

Í nál. minni hl. á þskj. 291 er þess getið að ráðuneytisstjóri iðnrn. hafi reiknað út kaupverð Kröfluvirkjunar séu boraðar nýjar holur og seinni vél Kröfluvirkjunar tekin í noktun og reiknar þá kaupverðið upp um 388 millj. Á fundi nefndarinnar um þetta mál sagði ráðuneytisstjórinn frá því að þessi reikningur hans byggðist á gefnum forsendum þess sem bað um að reiknað væri.

Nál. meiri hl. nefndarinnar er á þskj. 288. Undir það rita auk frsm. hv. þm. Páll Pétursson formaður, Birgir Ísl. Gunnarsson, Gunnar G. Schram og Ingvar Gíslason. Leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 291 hef ég gefið út nál. minni hl. iðnn. hv. Nd. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu. Nál. er á þessa leið:

„Frv. þetta fjallar um staðfestingu Alþingis á sölu mannvirkja Kröfluvirkjunar til Landsvirkjunar, en virkjunin hefur undanfarin ár verið rekin af Rafmagnsveitum ríkisins. Fulltrúar Landsvirkjunar og iðnrn. komu á fundi nefndarinnar og veittu upplýsingar.

Spurt var við meðferð málsins:

Í fyrsta lagi hvort RARIK hafi óskað eftir því að Landsvirkjun yfirtæki Kröfluvirkjun. Svarið var að RARIK hefði ekki óskað eftir þessu.

Í öðru lagi var spurt hvort Landsvirkjun hefði óskað eftir því að yfirtaka Kröfluvirkjun. Svarið var aftur neitandi.

Í þriðja lagi var spurt hvort Reykjavíkurborg hefði óskað eftir því að Landsvirkjun yfirtæki Kröfluvirkjun. Svarið var enn neikvætt.

Það liggur því ljóst fyrir að eini aðilinn, sem óskaði eftir breytingu á eignaryfirráðum Kröfluvirkjunar, er ríkið og forráðamenn þess sem hafa ákveðið að taka á ríkissjóð stóran hluta af lánum Kröfluvirkjunar.

Á nefndarfundi upplýsti Einar Tjörvi Elíasson, framkvæmdastjóri Kröfluvirkjunar, að hámarksafl annarrar vélar virkjunarinnar væri 35 mw. Því er unnt að reka þá vél með 30 mw. að jafnaði þannig að vélin dugi til spennujöfnunar og til að auka stöðugleika kerfisins. Með 30 mw. framleiðslu er fullkomlega raunhæft að önnur vélin skili 200—220 gwst. afköstum á ári. Tvær vélar gætu þá skilað yfir 400 gwst. þegar nægrar orku hefði verið aflað en til þess þyrfti væntanlega að bora 11—12 holur til viðbótar. Þess vegna var um það spurt hvert yrði útreiknað kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með 170 gwst. orkusölu frá annarri vél Kröflu þegar frá næstu áramótum (framleiðslugeta vélarinnar gæti orðið 200—220 gwst.). Ráðuneytisstjóri iðnrn. reiknaði út að þessi eina breyting mundi hækka kaupverðið um 165 millj. kr. Í útreikningum á söluverði virkjunarinnar er hins vegar aðeins reiknað með 125 gwst. orkusölu frá Kröflu næstu tvö árin, 130—160 gwst. á árunum 1988—1991 og aldrei meiri orkusölu en 170 gwst. allt til ársins 2010.

Spurt var að því hvort eitthvert tillit hefði verið tekið til þess við ákvörðun kaupverðs að seinni vélin fylgir með í kaupunum. Þessu var svarað neitandi.

Spurt var hvert yrði kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með fullri nýtingu fyrri vélar nú þegar og seinni vélar 1989. Þetta dæmi virðist ekki hafa verið reiknað út við samningsgerð og var vísað til óvissu um orkuöflun.

Miðað við að hver ný borhola kosti 40 millj. kr., holurnar yrðu 12 og tengikostnaður væri áætlaður 30 millj. kr. og þessi viðbótarorka kæmi í gagnið í þremur áföngum á árunum 1988—1990 taldi ráðuneytisstjóri iðnrn. að kaupverð Kröfuvirkjunar, reiknað á hliðstæðan hátt að öðru leyti eins og gert er í frv., mundi teljast 388 millj. kr. hærra.

Í ljósi þessara upplýsinga virðist ljóst að útreikningur á kaupverði virkjunarinnar er mjög umdeilanlegur.

Auk þess sem að framan greinir er veruleg missmíð á frv. og samningunum sem óhjákvæmilegt er að laga. Kemur það glöggt fram í bréfi Orkustofnunar sem birt er sem fskj. með nál. þessu.

Að öllu þessu athuguðu treystir minni hl. nefndarinnar sér ekki til þess að mæla með samþykkt frv. þessa."

Undir þetta ritar Svavar Gestsson.

Sem fskj. með nál. er birt bréf orkumálastjóra dags. 16. des. 1985. Í því bréfi segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Í framhaldi af viðræðum undirritaðs við hv. iðnn. Nd. 16. des. s.l. vill Orkustofnun koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina:

Við 3. gr. samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um sölu á Kröfluvirkjun.

Í fyrri málsgr. þessarar greinar segir svo:

„Skal óheimilt án samþykkis Landsvirkjunar að stofna þar til annarrar vinnslu er haft geti áhrif á þessa nýtingu."

Hér er í rauninni um mjög óvenjulegt ákvæði að ræða, eins og fram kom á fundum nefndarinnar, enda segir Orkustofnun síðan, með leyfi forseta:

„Að mati Orkustofnunar getur það varla talist við hæfi að ríkisstjórn þurfi að sækja til fyrirtækis úti í bæ um leyfi til að nýta auðlind í eigu ríkisins. Skiptir þar engu máli þótt um gott og gagnlegt fyrirtæki sé að ræða. Alþingi ætti því ekki að samþykkja samninginn með þessu ákvæði óbreyttu.

Að sjálfsögðu er nauðsynlegt og eðlilegt að hagsmunir Landsvirkjunar séu vel tryggðir í samningi þessum, en það er auðvelt að gera án þess að fá fyrirtækinu í hendur ákvörðunarvald sem eðli málsins samkvæmt á aðeins að vera í höndum ráðherra og/eða Alþingis.

Ekkert liggur fyrir um það nú hvort eða hvenær um verður að ræða nýtingu jarðhita á þeim hluta Kröflusvæðisins sem samningur þessi tekur til, umfram þá sem til þarf til að koma Kröfluvirkjun í 70 mw. afköst. Vel má þó hugsa sér að til slíks geti komið síðar meir og rétt að taka tillit til slíks möguleika í samningi þessum. Slík nýting kann að hafa áhrif á þá sem fyrir er því að alkunna er að borholur geta haft áhrif hver á aðra á sama jarðhitasvæði. Fer það þó eftir atvikum, svo sem stærð svæðisins, þéttleika borhola og mörgu öðru. Því er það að mati Orkustofnunar æskilegt að nýtingaraðilar jarðhita á Kröflusvæðinu, eins og öðrum jarðhitasvæðum, séu sem fæstir, en ekki er ávallt unnt að komast hjá að þeir séu fleiri en einn ef nýta á jarðhitasvæði að verulegu marki. Hliðstæður vandi er þekktur í olíuvinnslu.

Af þessum sökum telur Orkustofnun að marka eigi þá stefnu í samningi þessum að ríkið veiti Landsvirkjun forgangsrétt til jarðhitavinnslu umfram þarfir 70 mw. rafstöðvar á samningssvæðinu. Verði gerður sérstakur samningur um slíka umframvinnslu ef til hennar kemur. Aðeins ef Landsvirkjun óskar ekki að nýta slíkan forgangsrétt eða ekki takast samningar um hann veiti ríkið öðrum heimild til vinnslu eða annist hana sjálft. Í þessu síðast talda tilviki þarf að tryggja Landsvirkjun að hafi slík nýting annars aðila áhrif á vinnslu hennar skuli hann afhenda Landsvirkjun, henni að kostnaðarlausu, jafnmikla gufu með sama hita og þrýstingi og nemur rýrnun á vinnslu hennar af völdum þessa nýja vinnsluaðila ef um hana verður að ræða."

Af þessum ástæðum er það sem Orkustofnun leggur til að þetta ákvæði verði fellt úr samningnum og í staðinn tekið upp nýtt ákvæði sem gerð er grein fyrir í nál. mínu, fskj. á bls. 2.

Ég vísa hv. þm. á þetta fskj. — ég hygg að það skýri málið nægilega vel — og bendi á að meiri hl. hv. iðnn. hefur komið til móts við sjónarmið orkumálastjóra í nál. meiri hl. á þskj. 288. En þar segir, eins og hv. frsm. rakti hér áðan:

„Nefndin leggur þann skilning í fyrri málsgr. 3. gr. samningsins að önnur vinnsla en sú, sem Landsvirkjun á rétt til skv. samningnumn, sé háð samkomulagi aðila. Ekki ber að túlka greinina þannig að í henni felist afsal á eignarrétti ríkisins yfir jarðhitaréttindum á Kröflusvæðinu umfram jarðvarma sem svarar til 70 mw. í raforkuframleiðslu."

Ég tel að með þessari yfirlýsingu nefndarinnar sé mjög komið til móts við sjónarmið orkumálastjóra en ég bendi á að þessi yfirlýsing er einhliða. Þetta er yfirlýsing sem gefin yrði af Alþingi eða þeim aðilum sem hafa með þetta mál að gera nú á Alþingi og það liggur ekki fyrir hver er afstaða annarra eignaraðila Landsvirkjunar, þ.e. Reykjavíkurborgar og Akureyrar, til þessara breytinga sem hér er lagt til að gerðar verði á samningnum. Af þeim ástæðum treysti ég mér ekki til að greiða þessu frv. atkvæði eins og það liggur hér fyrir.

Varðandi 7. gr. samningsins þá hlýtur hún einnig að vekja mikla athygli. Þar stendur á bls. 6, með leyfi forseta:

„Verði jarðhræringar, eldsumbrot eða aðrar náttúruhamfarir á Kröflusvæðinu, er valda verulegu tjóni á Kröfluvirkjun eða einstökum hlutum hennar, skuldbindur ríkið sig til að greiða Landsvirkjun allan kostnað sem leiðir af tjóninu og þeirri röskun á rekstri virkjunarinnar, sem því er samfara. Með tjóni er hér einnig átt við skemmdir á einstökum borholum, þar með talin minnkun eða stöðvun á gufustreymi úr þeim. Þessi greiðsluskylda ríkisins takmarkast við ógreiddar eftirstöðvar kaupverðs skv. 5. gr., eins og þær eru með verðbótum og vöxtum í gjalddaga á því ári, er tjónið verður, og fer greiðslan fram með greiðslujöfnuði við skuldabréfið."

Hér er m.ö.o. gert ráð fyrir því að allt það tjón sem kann að verða vegna hvers konar jarðhræringa, eldsumbrota eða náttúruhamfara — allt það tjón sem kann að verða á virkjuninni verði greitt af ríkinu þrátt fyrir söluna. Landsvirkjun er m.ö.o. algerlega fríuð við að

bera nokkra áhættu þau 25 ár sem hún er að greiða eftirstöðvar af virkjunarverðinu. Ég held að þetta sé algerlega óvenjulegt ákvæði í samningum eða lögum um virkjanir. Ég minnist þess ekki að það sé tekið fram í slíkum ákvæðum annars staðar að ríkið beri í rauninni alla ábyrgð og Landsvirkjun enga. Auðvitað er skilt skeggið hökunni í þessu efni og ríkið á mikilla hagsmuna að gæta í Landsvirkjun. Engu að síður hygg ég að þetta sé óvenjulegt ákvæði og ég hef ekki heyrt neina skýringu á því sem er fullnægjandi að mínu mati.

Með þessu frv. er auðvitað fyrst og fremst verið að taka ákvörðun um hverjir það eru sem eiga að greiða á næstu árum fjármagnskostnað af Kröfluvirkjun. Eru það skattgreiðendur í landinu eða eru það þeir sem kaupa raforku? Niðurstaðan hefur orðið sú að það eigi að vera skattgreiðendur að stærri hluta en áður hefur verið gert ráð fyrir. Hér er verið að færa til byrðar með ákveðnum hætti í þjóðfélaginu. En ég hygg að það sé sanngjarnt að láta það koma hér fram, af minni hálfu alla vega, að auðvitað varð að taka um þetta ákvarðanir til framtíðar. Hitt kann hins vegar að vera álitamál og er það í mínum huga hvort það var rétt að afhenda Landsvirkjun endilega þessa virkjun. Það er álitamál sem hefur verið fjallað um áður og niðurstaða ríkisstjórnarinnar hefur orðið sú að Landsvirkjun skuli taka þennan rekstur á sig. Það er samkomulag um það við eignaraðilana, ekki aðeins við ríkið heldur einnig við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ, og ég hygg að á báðum stöðunum hafi þessi mál verið samþykkt ágreiningslítið, bæði í borgarstjórn Reykjavíkur og í bæjarstjórn Akureyrar, þannig að mikil vinna hefur verið lögð í þetta mál og það er ljóst að fleiri en ríkisstjórnin hafa komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að Landsvirkjun yfirtaki virkjunina.

En með tilliti til þeirra meinbuga og galla sem ég hef rakið á þessu tel ég að það sé ekki mitt hlutverk að greiða fyrir því að þetta mál fari hér með þessum hætti í gegnum þingið. Og ég vil endurtaka að það er sérstaklega vegna fyrri málsgr. 3. gr. í samningnum og vegna þess ákvæðis sem ég vitnaði til í 7. gr. sem ég hygg að sé óvenjulegt.

Það er svo umhugsunarefni, ekki aðeins út af þessum samningi heldur ýmsum öðrum málum sem verið er að leggja hér fyrir háttvirt Alþingi, að það er komið með þessi mál svona í pakka fyrir þingið. Það er sagt: Þetta er uppgert mál, það er búið að semja um þetta við þennan og semja um þetta við hinn. Og iðulega eru það þannig að þingið verður svo að segja að stimpla þessi mál. Ég er ekki að kenna núverandi ríkisstjórn um það að hún hafi brotið upp á þessu og haft um það forustu að koma þessum, mér liggur við að segja, ósið á. Þetta hefur verið svona um mjög langt árabil. Það er mjög óþægilegt fyrir þingið að láta stilla sér svona upp við vegg. Þingið á engra annarra kosta völ í þessu máli en að segja annaðhvort já eða nei við öllu plagginu eins og það leggur sig. Ég hef þess vegna stundum velt því fyrir mér hvort það er ekki nauðsynlegt að íhuga einhverja aðild þingsins sjálfs að samningsgerð um eignir ríkisins og réttindi af því tagi sem hér eru tillögur um meðan málið er á undirbúningsstigi. Vissulega er ríkisstjórn þingræðisstjórn og sækir vald sitt til meiri hluta Alþingis. En þegar mál eins og þetta koma til þingsins þá kemur nærri alltaf í ljós að betur sjá augu en auga og það er eitt og annað sem betur hefði mátt fara. Þess vegna held ég að það væri verkefni fyrir þá, sem vilja taka störf Alþingis hátíðlega, að íhuga með hvaða hætti er unnt að tryggja þátttöku þingsins og þm. í undirbúningi mála af þessu tagi þannig að þingið skynji það ekki svo, með réttu eða röngu, að því sé stillt upp við vegg.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir áliti minni hl. iðnn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur komið fram hér á Alþingi Íslendinga að ég hef verið stuðningsmaður fylkjaskipunar í þessu landi. Og mér hefur þótt að með því einu móti væri hægt að færa valdið til fólksins og tryggja það að íbúar hvers svæðis hefðu yfirráðarétt yfir helstu auðlindum þess svæðis og þeirra athafna sem þar ættu sér stað. Mér sýnist að það sé út af fyrir sig fráleitt stjórnskipulag að sveitarfélög séu að seilast eftir miklum eignum hjá öðrum sveitarfélögum. Ég hygg t.d. að Hafnarfjarðarbær tæki það óstinnt upp ef Reykjavíkurborg legði á það höfuðkapp að kaupa einhverjar auðlindir sem væru innan bæjarmarka Hafnarfjarðar og vafalaust væri það gagnstætt. Reykjavíkurborg mundi taka það illa upp ef Hafnarfjarðarbær legði á það höfuðkapp að eignast eitthvað af auðlindum, náttúruauðlindum á Reykjavíkursvæðinu.

Þetta leiðir hugann að því að Reykjavíkurborg og Akureyri, sem eru einu sveitarfélögin á Íslandi á móti ríkisvaldinu í Landsvirkjun, hafa skapað sér ákaflega sérstæða stöðu. Þau hafa skapað sér þá aðstöðu að ef Landsvirkjun verður rekin með eðlilegu móti og skuldir hennar fara minnkandi þá verður um meiri auðsöfnun í eignum að ræða hjá þessum tveimur sveitarfélögum en nokkrum öðrum sveitarfélögum á Íslandi, jafnvel þó að íbúatala þeirra færi hátt yfir þann mannfjölda. Ég tel að það skipulag, sem hér hefur verið gripið til, sé þeim annmörkum háð að það sé alls ekki sjálfgefið að það sé réttlætanlegt að afhenda náttúruauðlindir landsins alveg á silfurfati yfir til Landsvirkjunar. Þetta leiðir einnig hugann að þeirri staðreynd að mjög hefur verið rætt um það á seinni árum að menn vildu hafa jöfnun á orkuverði. Á sama tíma og sú umræða hefur farið fram þá liggur ljóst fyrir að þéttbýlisbúar suðvesturhornsins una mjög illa því verðjöfnunargjaldi sem verið er að leggja á raforkuna og vissulega stingur það í augu. Það hlýtur þess vegna að vera vel þess virði að hugleiða hvort ekki sé skynsamlegra að reyna að skjóta þeim stoðum undir Rafmagnsveitur ríkisins að þær geti starfað með þeim myndarbrag að ekki þurfi að beita svo miskunnarlaust verðjöfnunargjaldi eins og gert er. Ég hygg að pólitískt væri það að mörgu leyti þægilegra fyrir þm. þéttbýlisins að standa þannig að þeim málum að þeir afhentu Rafmagnsveitum ríkisins einhverjar þær eignir sem tryggðu fjárhagsstöðu þeirra svo að þær þyrftu ekki að staðaldri að standa í vörn fyrir að hafa samþykkt verðjöfnunargjald á raforku.

Allt leiðir þetta hugann að því sama. Hvaða erindi á það t.d. inn í samning milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar að það eigi, eins og stendur hér í 2. gr., að selja eða afhenda þessum aðilum eignir í Bjarnarflagi og Námaskarði núna? Liggja einhverjar áætlanir fyrir um það að þarna eigi að fara að hefja raforkuvinnslu? Hvers vegna má það ekki geta átt sér stað, ef fram kæmu þeir iðnaðarkostir sem hagnýtt gætu þetta svæði — þó það væri ekki til beinnar raforkuframleiðslu — hvers vegna má það ekki eiga sér stað að þannig sé frá

því gengið að það sé hægt að semja beint við ríkið um þá hluti? Hvers vegna þarf að eiga sér stað þessi yfirfærsla á auðlindum landsins til þessarar stofnunar? Hver er tilgangurinn með því?

Ég er sannfærður um að niðurstaða þeirrar stefnu, sem núna er í gildi, að annars vegar séum við með orkuframleiðsluaðila, sem selur orkuna á heildsöluverði jafnt hvar sem er á Íslandi, og hins vegar með dreifingaraðila, sem eiga svo að dreifa orkunni, verði sú, þegar mannfjöldaþróunin heldur áfram á þann veg sem verið hefur, að meiri hluti Íslendinga, sem býr á þessu svæði að öllu óbreyttu, mun líta á það sem sjálfsagðan hlut að raforka verði seld á mjög misjöfnu verði í landinu. Hann mun ekki una því að þarna verði um millifærslu á fé að ræða. Þess vegna hlýtur það að vera spurning hvort skynsamlegt sé að skilja Rafmagnsveitur ríkisins eftir þannig úti á klakanum að það sé fyrirsjáanlegt um ókomna framtíð að möguleikar þeirra til að selja raforku til sinna aðila verði beinlínis að byggjast á því að verðjöfnunargjald sé til staðar. Er skynsamlegt að standa þannig að þessu? Eru einhver sérstök rök fyrir því að Hafnarfjörður, Garðabær og Kópavogur, Mosfellssveit og Seltjarnarnes skuli ekki vera aðilar að því félagi sem sér um virkjun auðlinda landsins, ef menn vilja hafa þetta á sveitarstjórnaplani? Mér sýnist nefnilega að það standist ekki með nokkru móti, ef menn vilja fara að skoða þetta út frá rökrænu sjónarmiði, að það sé eðlilegur hlutur að sveitarfélög séu með mikið vafstur utan marka síns sveitarfélags, nema þau standi þá sameiginlega, sem heild í landinu, að þeim framkvæmdum. Ég hef út af fyrir sig enga fordóma gagnvart því að sveitarfélögin, sem núna njóta þjónustu Rafmagnsveitna ríkisins, eignist Rafmagnsveitur ríkisins en væri það ekki dálítið klént ef niðurstaðan af slíku yrði sú að þá væri jafnframt búið að afhenda virkjunarréttinn innan þessara sveitarfélaga til fyrirtækis sem stæði fyrir utan þau?

Það gerist ærið oft að frv. eru lauslega rædd af stjórnarflokkum og gerð grein fyrir innihaldi þeirra með nokkurri fljótaskrift. Mér sýnist að það sé þó nokkuð annað mál að taka í prinsippinu þá ákvörðun að stór hluti af skuldum Kröflu verði ekki greiddur af rafmagnsnotendum í gegnum orkureikninga heldur verði hann greiddur í gegnum skatta en taka hina prinsipp-afstöðuna að það sé skynsamlegt að halda áfram á þeirri braut að Rafmagnsveitur ríkisins verði það fjárhagslega veikar, það fjárhagslega ósjálfstæðar, að þær þurfi eilíflega að sækja undir annan aðila með kaup á raforku og muni þannig um ófyrirsjáanlega framtíð þurfa að selja hana á hærra verði til sinna aðila eða þá að vera upp á þá náð komnar að verðjöfnunargjaldi verði beitt. Mér sýnist að þarna séu menn að innleiða vissa hluti sem þeir hafi ekki hugleitt til botns.

Mér sýnist að það hefði verið full þörf á því að doka nú við og reyna að gera sér einhverja heildargrein fyrir því hvaða stefna það er sem menn ætla að framfylgja. Því hefur verið fleygt að það eigi að leggja niður verðjöfnunargjaldið. Ég hef ekki heyrt nein rök fyrir því hvernig það fær þá staðist að rafmagnsverð geti orðið hliðstætt hvar sem er í landinu. Er það hugsanlegt að það yrði stefna stjórnvalda að líta á það sem eðlilegan hlut, svo við tökum dæmi, ef það risi nú stórborg við Ölfusárósa — Selfoss, Eyrarbakki, Stokkseyri og Þorlákshöfn mundu mynda eina stórborg á Íslandi sem vel gæti hugsast — er það þá hugsunin á bak við það frv. sem hér er til umræðu á Alþingi Íslendinga að nú verði tekin um það ákvörðun að þannig verði gengið frá afhendingu auðlinda landsins að það sé fyrirsjáanlegt að þeir aðilar sætu uppi með það að greiða hærra orkuverð en þeir sem búa t.d. hér í Reykjavík? Er einhver rökræn ástæða fyrir því að við göngum þannig frá málum? Er eitthvað sem þvingar okkur til þess?

Ég vil undirstrika það að ég vil seinastur manna verða til þess að standa þannig að málflutningi að við etjum saman landshlutum. Og ég vil vissulega horfa á hin sögulegu rök sem voru fyrir því að þannig var af stað farið á sínum tíma. Vegna framtaks borgarstjórnar Reykjavíkur hafði hún eignast ákveðna virkjun og hún lagði hana inn í þetta dæmi á móti ríkinu þegar farið var í virkjanirnar við Þjórsá. Spurningin á þessu stigi er aðeins þessi: Er ekki öllum ljóst að það verða notendurnir sem borga niður virkjanirnar en svo eru það aðrir sem eru skráðir eigendur?

Ég játa að mér er hreinlega ekki ljós tilgangur þess að leggja slíkt ofurkapp á það að safna inn til Landsvirkjunar virkjanarétti sem er fyrirsjáanlegt að hún mun ekki nota fyrir árið 2000. Hvað knýr þá alþingismenn Íslendinga sem voru kosnir til fjögurra ára til þess að líta svo á að þeir eigi að hafa forræði í þessu máli fyrir þeim sem hér verða kosnir á þing eftir árið 2000? Hvað knýr þá til þess að líta svo á að þeim beri slíkt forræði? Síst af öllu ætti óttinn að koma frá þessu svæði landsins þar sem fyrirsjáanlegt er að mun meira vald verður þá staðsett á þessum landshluta heldur en er nú. Hvers vegna þá þessa rosalegu áherslu á að sameinina þessar auðlindir undir Landsvirkjun eins og hér er verið að gera? Hver er skýringin á þessu? Ég fyrir mína parta tel mig ekki eiga að taka þær ákvarðanir fyrir framtíðina sem hér er verið að leggja til að verði teknar. Ég tel að þingmenn framtíðarinnar á Alþingi Íslendinga verði fullfærir um að taka þær ákvarðanir. Og ég tel eðlilegt að ríkið haldi sínum landsréttindum fyrir norðan, bíði með að afhenda þau, sjái til, það er enginn að snúast gegn því, verði það skipan mála árið 2000 að menn telji þetta eðlilegt, þá er enginn að snúast gegn því að þessi aðstaða verði notuð og það verði virkjað á þessum stöðum fyrir landið í heild. En er það nokkuð sem knýr okkur í dag til að taka þessa afstöðu? Er einhver brennandi þörf á Alþingi Íslendinga núna rétt fyrir jólaleyfi að fara að afgreiða mál sem ekki verða í brennidepli hvað virkjun snertir fyrr en eftir árið 2000? Og hvaðan kemur mönnum þá sú hugsun að það sé þeirra, sem kosnir voru í dag, að taka slíkar ákvarðanir? Hvaðan kemur mönnum slík hugsun?

Þetta minnir mann stundum, því miður, á það þegar gömlu nýlenduveldin voru orðin alvarlega hrædd um það að þau væru að missa yfirráðin yfir einhverri nýlendunni. Þá snéru þeir sér að því að ganga frá því að auðlindirnar skyldu ekki fylgja með. Þá var þeim safnað inn til þess ríkis sem drottnaði. Það er dálítið merkilegt að skoða t.d. afsöl, eða veðbókarvottorð réttara sagt, af jörðum á Vestfjörðum. Þá rekst maður stundum á það að Hið konunglega danska námufélag hafi um 1900 orðið eigandi að öllum námuréttindum á viðkomandi jörð þó að menn almennt viti ekki til þess að þar sé annað að hafa en grjót og sand. En fyrirhyggjan var slík að halda þessum auðæfum eftir.

Ég sé ekki að þau vinnubrögð að ganga frá þessu hér og nú til slíkrar framtíðar eigi nokkurn rétt á sér. Ég sé ekki með neinu móti að hvorki höfuðborg Íslands né Akureyri sé stefnt í voða þó að þessi réttindi séu áfram hjá íslenska ríkinu. Og mér er til efs að alþingismenn hafi hugsað það mál í botn hvort samþykkt t.d. hér á 2. gr. á nokkurt erindi inn í þá ákvörðun sem þó er yfirskrift þess frv. sem hér er á dagskrá. Því yfirskrift frv., með leyfi forseta, er ákaflega einföld: „Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Krófluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu." Fyrirsögnin felur ekkert í sér sem bendir til þess að 2. gr. eigi erindi inn í frv.

Það var ekki ætlun mín, herra forseti, að lengja hér umræður. En þegar það gerist að mál eru jafnlítt kynnt eins og þetta og innihald jafnfjarri þeirri nafngift sem er á frv. þá er ekki undarlegt þó maður spyrji sjálfan sig: Hver er tilgangurinn með slíkum vinnubrögðum?

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér er nú þannig brugðið að ég gerði ráð fyrir því að það að ég taki til máls mundi lengja hér umræðurnar, öndvert við það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni um að hann ætlaði ekki að lengja umræðurnar. En von mín er nú sú að ég muni samt ekki lengja þær jafnmikið og hann.

Þetta mál, sala Krófluvirkjunar, getur náttúrlega leitt hugann að mörgu. Staðreyndin sem við höfum fyrir okkur varðandi þessa sölu er sú að kaupverðið á að vera þriðjungur af skuldum fyrirtækisins. Þær eru hér, samkvæmt fylgiskjali með frv., taldar hafa verið 3,2 milljarðar 1. apríl s.l., væntanlega þá einhvers staðar á bilinu 3,6 til 3,8 milljarðar núna. Kaupverðið er talið 1,1 milljarður, eða um það hefur verið samið, sem gæti verið komið upp í 1,3 milljarða núna. Hér er því um mismun að ræða sem nemur u.þ.b. 2,5 milljörðum sem ríkinu er gert að taka á sig samkvæmt þessum sölusamningi. Við því er í rauninni ekki mikið að segja. Það bara undirstrikar hversu hörmulega tókst til og sjálfsagt hef ég oft notað hér nafngiftina Krófluhneyksli úr þessum stól. Þetta innsiglar þau mistök sem gerð voru að mínum dómi og okkar Alþýðuflokksmanna í sambandi við þetta fyrirtæki. Skal það ekki rakið nánar.

Það segir í forsendum hér að Landsvirkjun hafi fallist á yfirtöku ef hún yrði ekki til þess að valda hækkun á orkuverði frá Landsvirkjun. Nú held ég að það sé ekki hægt að uppfylla þau skilyrði a.m.k. um næstu ár, svo framarlega sem eitthvað á að greiða af Krófluvirkjun á þeim árum sem næst eru fram undan, einfaldlega vegna þess að Landsvirkjun er aflögufær um rafmagn, þarf ekki á því rafmagni að halda sem Krafla getur haft til sölu. Þess vegna væri sá samningur einn, sem ekki gerði ráð fyrir neinum greiðslum á næstu 10 árum eða svo, til að hækka ekki verð á raforku frá Landsvirkjun. Hér er nú ekki gert ráð fyrir því. Þess vegna mun þessi forsenda náttúrlega ekki standast. Hitt er ljóst að meginstefnumörkunin, sem liggur í þessu hér, er sú að ⅔ hluta af kostnaðinum við Kröflu eigi skattgreiðendur að greiða, ⅓ kemur á raforkunotendur að hluta til í hærra verði á næstu árum en hugsanlega getur það jafnast upp síðar.

Þetta skiptir kannske ekki meginmáli. Þetta innsiglar einungis að hér var um mistök að ræða og með því að staðfesta þennan samning er Alþingi að staðfesta þau mistök sem hér voru gerð. Við það hef ég vitaskuld ekki að athuga. Aðalspurningin, sem menn hljóta hins vegar að spyrja sig, er sú: Hvar er rekstur Krófluvirkjunar best kominn? Aðalatriðið er ekki einu sinni hvar greiðslan á þeim kostnaði, sem farið hefur í Kröflu, lendir, hjá skattgreiðendum eða raforkunotendum, eða hvernig sú skipting á sér stað, heldur hlýtur aðalatriðið að vera þegar menn horfa til framtíðarinnar: Hvar er stjórn Krófluvirkjunar best komin?

Við Alþýðuflokksmenn höfum talið að stefna bæri að því að meginorkuvinnslufyrirtæki landsmanna væri eitt, Landsvirkjun risi þannig undir nafni og mætti þess vegna skrifast með stórum staf. Þetta frv. gengur í þá átt og er þess vegna í samræmi við þá stefnumörkun okkar. Þess vegna fylgjum við þessu frv. m.a.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Nokkur orð af tilefni þessa frv. Ég mun reyna að halda mig að mestu leyti við vora öld, hvorki fara fram á þá næstu né ræða nýlendutíma eða annað slíkt, þótt ég sé ekki þar með að gera lítið úr því að menn taki skipulag raforkumálanna í heild sinni til meðferðar. Það er vissulega verðugt verkefni og ekki óeðlilegt að menn geri það af þessu tilefni. En ég sé ekki að það þjóni miklum tilgangi að lengja þessa umræðu mjög. Það er ljóst að hæstv. ríkisstj. hyggst láta afgreiða þetta frv. og gera það að lögum fyrir áramót og ber væntanlega fyrir sig þær dagsetningar sem í kaupsamningi eru og gera ráð fyrir því að samningurinn skuli hafa öðlast lagagildi fyrir áramót.

Ég boðaði það við 1. umr., herra forseti, að ég teldi eðlilegt að nokkrum spurningum yrði svarað um leið og þessi kaupsamningur er hér til meðferðar á hv. Alþingi. Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. hefur kynnt sér þær spurningar sem ég kynnti við 1. umræðu en ég ætla engu að síður að bera þær hér fram og það verður þá að fara að vonum með svörin.

Ég spurði og spyr í fyrsta lagi hvers vegna þessi breyting sé gerð nú. Ég tel eðlilegt að fram komi skýrari rökstuðningur fyrir því að svo er gert, þá fyrst og fremst einhver efnahagsleg eða skipulagsleg rök sem beinlínis rökstyðja það að þessi breyting er gerð. Ég tel að þau hafi ekki komið fram og komi hvorki fram í fskj. með frv. né í málflutningi þeirra sem fyrir því hafa talað og ég hef ekki heyrt slík rök hér í umræðum.

Í öðru lagi spurði ég út í kaupverðið og þann reikningsmáta sem þar er viðhafður. Það hafa reyndar fleiri gert og gert athugasemdir við þá niðurstöðu að hóflegt verð fyrir Krófluvirkjun, mannvirki og aðstöðu þar alla sé 1170 millj. kr. eins og kaupsamningur hljóðar upp á.

Í fyrsta lagi vek ég athygli á því að kaupandinn, þ.e. Landsvirkjun, ber mjög takmarkaða ábyrgð í þessum efnum. Ég tek undir orð hv. 3. þm. Reykv. um það að 7. gr. kaupsamningsins, þar sem fjallað er um hugsanlegt tjón af völdum eldsumbrota eða náttúruhamfara á Kröflusvæðinu, er mjög óvenjuleg. Ég sé ekki betur, herra forseti, en með því að undirrita kaupsamning með þessari grein sé ríkið í raun að gerast eins konar ókeypis tryggingarfélag fyrir Landsvirkjun. Án þess að greiða nokkur iðgjöld fær Landsvirkjun í raun ókeypis tryggingu á öll mannvirki Krófluvirkjunar og meira en það, tryggingu fyrir því að borholur skili sínum afköstum og að framleiðsla verksmiðjunnar geti gengið nánast hindrunarlaust af þessum sökum.

Mér er til efs að það fyndist víða á byggðu bóli tryggingarfélag sem væri fúst til að taka á sig þessa áhættu eins og aðstæður eru á Kröflusvæðinu nema gegn mjög háum iðgjöldum. Ég get vel ímyndað mér að stór tryggingarfélög úti í heimi væru tilbúin til að tryggja Kröfluvirkjun og einnig gufuframleiðslu í borholum en þau mundu væntanlega vilja fá eitthvað fyrir snúð sinn. En það er greinilegt að ríkissjóður á ekki að gera það nema kaupverðið væri þá lækkað sem þessu nemi. En það kemur ekkert fram um það að svo hafi verið gert. Það er sem sagt nokkuð óvenjulegt að tryggingarstarfsemi sé rekin með þessum hætti nú á dögum.

Í þriðja lagi — og það er kannske veigamesta ástæðan fyrir því að ég tek til máls í þessum efnum — spurði ég og spyr um framtíð og rekstur Kröfluvirkjunar, hver eru áform kaupandans um rekstur þessarar virkjunar. Ég tel fullkomlega eðlilegt að spurt sé áður en ríkið lætur þessa eign sína af höndum, m.a. vegna þess að það skiptir máli fyrir skipulag raforkumálanna í heild sinni og það skiptir einnig miklu máli fyrir það byggðarlag sem næst er þessari virkjun og hefur orðið fyrir miklum áhrifum af uppbyggingu og starfrækslu hennar.

Ég harma það að þessi þáttur málsins hefur ekki komið hér inn í umræðuna og um hann hefur ekkert verið fjallað vegna þess að ríkið ber sérstaka ábyrgð í þessum efnum. Það er fyrir þess forgöngu sem virkjunin er sett niður á þessum stað og byggð upp á sínum tíma og það fólk, sem síðan hefur haft starfa sinn af því að vinna við þessa virkjun, uppbyggingu hennar og rekstur, hlýtur að eiga heimtingu á því að fá eitthvað að vita um það hvaða áform eru uppi hjá hinum nýja væntanlega eiganda virkjunarinnar um rekstur hennar. Ég vil benda á í þessu sambandi forsendur útreikninga sem koma fram í fskj. með frv. þar sem eru skýringar við töflu. Þar segir á bls. 8 í lið B þar sem verið er að skýra forsendur útreikninga í 2. og 3. dálki töflu á bls. 11, með leyfi forseta:

„Þar sem Landsvirkjun er ekki í tekjuöflun sinni jafnháð raunverulegri orkuframleiðslu Kröfluvirkjunar eins og núverandi rekstraraðili getur hún allt eins farið fram í öðrum virkjunum Landsvirkjunar og er þá hægt að stöðva Kröflu lengri tíma á hverju ári þannig að nýta megi mannskap til framkvæmda við viðhald og endurbætur í stað þess að nota aðkeypt vinnuafl í sama mæli og gert hefur verið."

Hvað er verið að segja með þessari grein, herra forseti? Það er verið að segja það að Landsvirkjun geti mjög vel hugsað sér að nota Kröflu sem hreina varastöð, hreina varaaflsstöð, sem verði ekki keyrð nema brot úr ári, e.t.v. einhverjar vikur ef svo ber undir.

Þetta er óheppilegt og varhugavert í mínum huga af tveimur ástæðum, herra forseti. Í fyrsta lagi vegna þess að það er mjög óskynsamlegt að haga rekstri gufuaflsvirkjunar þannig. Það hentar mjög illa slíkri tegund virkjunar að standa ónotuð meiri hluta ársins. Það hefur margvíslega tæknilega erfiðleika í för með sér og hentar slíkri tegund virkjunar sérlega illa. Vatnsaflsvirkjun er hins vegar mjög auðvelt að stoppa og það hefur nánast engar hliðarverkanir fyrir þá tegund virkjunar. Þess vegna væri í mínum huga miklu skynsamlegra að keyra Kröfluvirkjun nánast allt árið. Í raun held ég að væri skynsamlegast að keyra hana 23 mánuði samfellt og láta síðan eftirlitsviðgerðir og þá skoðun, sem nauðsynleg er, fara fram annað hvert ár í einn mánuð. Þannig mundi ég a.m.k. standa að rekstri þessarar jarðgufuaflsstöðvar ef ég ætti hana.

Mér sýnist hins vegar hitt alveg ljóst að Landsvirkjun hugsi sér miklu fremur að nota Kröfluvirkjun sem hreina varastöð eða toppstöð. Það mun hafa þær afleiðingar að öll starfsemi í kringum virkjunina dregst mjög saman. Starfsfólki verður sagt upp og einungis endurráðið lítið af því. Það sem kannske skiptir þó meira máli er að öll þjónusta við virkjunina mun dragast stórlega saman. Það mun hafa víðtækar afleiðingar fyrir þetta litla byggðarlag sem að rekstri hennar stendur.

Það mætti einnig nefna í þessu sambandi, herra forseti, að í sama byggðarlagi er annað mjög stórt fyrirtæki að hluta til í eigu ríkisins, Kísiliðjan hf. Þar eru einnig ýmsar blikur á lofti um rekstur þess fyrirtækis og ýmis óvissa í sambandi við það. Það er því ósköp eðlilegt að uggur sé í fólki sem þarna hefur sest að, byggt sín hús og fjárfest þegar ríkið, jafnmikill áhrifaaðili og það hefur verið um uppbygginguna á þessu svæði, lætur nú allt í einu af hendi aðra stærstu eign sína þarna.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni hér og vil að hún komi fram í þingtíðindum að ríkið beri eftir sem áður fulla ábyrgð á því fólki sem þarna hefur verið í störfum og það undanþiggi sig ekki þeirri ábyrgð með því að selja Kröfluvirkjun í hendur Landsvirkjunar. Ég vildi óska þess að það væri einnig skilningur þeirra aðila sem leggja fram þetta frv. og það mætti þá koma hér fram þannig að það liggi fyrir.

Ég gæti út af fyrir sig gert ýmsar fleiri athugasemdir við þetta frv. og við kaupsamninginn sem það á að lögfesta en ég veit ekki hvort það hefur mjög mikið upp á sig á þessu stigi málsins.

Ég vil þó benda á að 8. gr. samningsins kveður einmitt á um þetta, að Landsvirkjun geti gert þær breytingar á skipulagi, rekstri og starfsmannahaldi við Kröfluvirkjun sem hún telur nauðsynlegar til hagræðingar á starfrækslunni og samhæfingar við annan rekstur Landsvirkjunar. Síðan er meiningin allra náðarsamlegast að gefa starfsmönnum Kröfluvirkjunar kost á endurráðningu í þær stöður sem til boða verða eftir þessa sameiningu. Má það kallast vel boðið af vandalausum.

Það sem hefði verið eðlilegt að gera að mínu mati, herra forseti, en hefur ekki verið gert við útreikninga til grundvallar þess verðs, sem bjóða á Kröfluvirkjun fyrir, er að gera dæmið upp frá sjónarhóli ríkissjóðs, að reikna það út hvað kemur hagstæðast eða hagstæðar út fyrir ríkissjóð sjálfan, að eiga Kröfluvirkjun, að láta hana framleiða á fullum afköstum allt árið og reyna með rekstrartekjum þannig að fá upp í fjármagnskostnað, eða að selja hana fyrir þetta verð.

Sú leið, sem hér hefur verið valin, er að reikna út hversu mikils virði væntanlegum kaupanda Kröfluvirkjun geti verið miðað við ákveðna framleiðslu. Hitt dæmið er það hversu mikinn hag ríkið eða Rafmagnsveiturnar gætu haft af því að eiga þessa virkjun og láta hana framleiða á fullu allt árið og hversu miklar tekjur gæfust þá upp í fjármagnskostnað. Það væri alveg nauðsynlegt, ef menn vildu vera heiðarlegir í málinu, að hafa bæði þessi dæmi útreiknuð og stillt upp hlið við hlið. Þetta hefur því miður ekki verið gert og ég harma það. Það er hægt að fá endalausar útkomur úr reikni-

dæminu sem stillt er upp í töflu 11 og gefur þessa heilögu tölu, 1170 milij. kr. Með því að hagræða forsendum, með því að gefa sér meiri eða minni framleiðslu, aðeins hærra eða aðeins lægra verð á raforkunni o.s.frv. er hægt að fá út hvaða tölu sem er. Ég skal með venjulegri vasatölvu og þó að hún sé svolítil biluð fá út útkomur allt frá 700 og upp í 1800 millj. kr. með því að hagræða þessum forsendum lítillega til. Það er ósköp einfalt mál.

Síðan hefur því ekki verið stillt upp hversu mikils virði Kröfluvirkjun væri ef hún yrði sett í full afköst og fengi að framleiða 70 mw., við skulum segja 23 mánuði á hverjum tveimur árum og selja það á markaðsverði. Það yrðu býsna drjúgar tekjur sem virkjunin með þeim hætti mundi skila inn í dæmið.

Það liggur fyrir að svokallaður viðverutími Kröfluvirkjunar getur verið mjög hár. Viðverutími er — svo að ég skýri það nú örlítið — sá tími sem virkjunin getur verið inni og skilað framleiðslu út í orkukerfið. Kröfluvirkjun hefur sýnt á undanförnum árum að hennar viðverutími að þessu leyti er mjög hár.

Það er enn einn kostur sem Kröfluvirkjun hefur og einhverjir hv. þm. hafa e.t.v. ekki áttað sig á. Hann er sá að hún er duglegust við að framleiða á veturna þegar aðrar virkjanir gjarnan eru í vandræðum. Þess vegna er það sem Krafla kemur mjög skemmtilega inn í orkukerfið að þessu leyti. Á sama tíma og gjarnan er vatnsþurrð í vatnsaflsvirkjununum, frost eru mikil síðla vetrar og erfiðast er um framleiðslu þar, þá gengur best að framleiða vegna þrýstifallsins í gufuaflsvirkjun. Að þessu leytinu til er Krafla í raun og veru metfé og mikils virði sem slík. Þessu ættu menn ekki að gleyma þegar verið er að fjalla um eðlilegt kaupverð Kröfluvirkjunar.

Það eru tæknilegir vankantar á bæði kaupsamningnum og frv. sem hann á að gilda sem hv. 3. þm. Reykv. hefur bent á og ég þarf engu við það að bæta. En ég vil svo segja að lokum, herra forseti: Til viðbótar þeim tæknilegu vanköntum tel ég ekki rétt að standa að þessari sölu, að þessari afhendingu Kröfluvirkjunar frá ríkinu yfir til Landsvirkjunar nema þessar spurningar og þessar forsendur, sem ég hef hér reifað, liggi tiltölulega ljóst fyrir. Ég tel að ríkið eigi ekki að afsala sér þessari virkjun nema fyrir liggi nokkurn veginn hvernig hana á að nota, hvernig á að reka hana, hvaða kjör muni bjóðast starfsfólkinu, hvaða áhrif yfirtakan muni hafa á viðkomandi byggðarlag o.fl. í þessum efnum. Það væri einnig fróðlegt að ræða framtíð Rafmagnsveitna ríkisins í ljósi þessarar nýju stöðu en ég ætla að geyma það til betri tíma, sömuleiðis fylkjaskipulag og annað sem undir það heyrir.

En ég vil endurtaka að síðustu þá skoðun mína að ég tel að ríkið hafi ekki með þessu á nokkurn hátt firrt sig ábyrg á því fólki, á því byggðarlagi sem hér á mestra hagsmuna að gæta, það dæmi hljóti jafnt eftir sem áður að vera óuppgert.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vil byrja á því að þakka málefnalegar umræður sem hafa farið fram um þetta mál.

Hv. síðasti ræðumaður beindi þeim fsp. til þeirra, sem bera ábyrgð á þessu frv., hvort einhver efnahagsleg og skipulagsleg rök væru fyrir því að Landsvirkjun taki yfir Kröfluvirkjun. Að svo miklu leyti sem hægt er að svara þeirri spurningu held ég að það séu fyrst og fremst tvenns konar rök. Annars vegar þau að fjármagnskostnaður vegna Kröfluvirkjunar hefur bókhaldslega verið færður þannig upp í fjárlögum frá ári til árs að ætla má að til þess sé ætlast í framtíðinni að orkukaupendur greiði þennan reikning.

Með þessari sölu yfirtekur ríkissjóður, sem er eigandi Kröfluvirkjunar, m.ö.o. skattgreiðendur í landinu, verulegan hluta skuldarinnar en eignirnar ganga til Landsvirkjunar og verðið er miðað við það að ekki komi til hækkunar á orkuverði í landinu. Þetta eru forsendurnar.

Um það hvort þetta sé sanngjarnt eða réttlátt má auðvitað deila. Ég er alveg viss um að fyrir þá sem horfa á þetta frá sjónarhóli Kröfluvirkjunar og vilja að hennar hagsmunir séu einir í fyrirrúmi má auðvitað snúa þessu við og ugglaust væri það gert ef Kröfuvirkjun væri t.d. að taka yfir Landsvirkjun. En um það er ekki að ræða í þessu dæmi.

Í öðru lagi hlýtur það að gerast innan tíðar að við förum að átta okkur á því, Íslendingar, hvort ekki sé ástæða til að aðskilja annars vegar framleiðslufyrirtæki í raforku, sem yrði þá væntanlega Landsvirkjun eða sá aðili sem tæki við af Landsvirkjun, og hins vegar þau sem sæju um dreifinguna, annaðhvort orkubú eins og Orkubú Vestfjarða eða Hitaveita Suðurnesja ellegar Rafmagnsveitur ríkisins, sem gætu ugglaust átt heima í eigu sveitarfélaganna í landinu, svo að ég nefni eitthvert dæmi um það hvað hugsanlegt væri að gera án þess að nokkuð væri farið að ræða um þau mál svo að ég viti.

Vegna þess sem síðasti ræðumaður spurði um og varðaði tjón þá er þetta ekki klausa út í bláinn. Það er hægt að kaupa sér tryggingu en það er ljóst fyrir kaupandann að það er erfitt að kaupa eigur Kröfuvirkjunar nema seljandinn, ríkissjóður, tryggi að hún geti verið starfrækt án mikils tjóns fyrir Landsvirkjun meðan á greiðslutímanum stendur.

Um það hvað gerist með starfsfólk vil ég segja það að auðvitað er það í fyrirrúmi af ríkisins hálfu að sem mestrar hagkvæmni sé gætt í rekstri. Ég tel það vera eðlilegt að hafa um það ákvæði í samningnum að fólkið, sem starfar nú hjá Kröfluvirkjun, fái, eins og þar segir, tækifæri til að fá vinnu hjá Landsvirkjun eftir að samningurinn hefur fengið lagagildi.

Um framtíð Kröfluvirkjunar og vinnslu á Kröflusvæðinu er það að segja að það mótast auðvitað af orkunotkuninni í framtíðinni og þéttleika virkjananna í kringum landið því að það er ljóst að Kröfluvirkjun hefur haft hlutverki að gegna til að halda uppi eðlilegri spennu á hringtengingunni um landið.

Önnur vél Kröfluvirkjunar er ekki í sambandi. Það er óhugsandi að nota hana t.d. í þágu Hitaveitu Suðurnesja á Svartsengi, eins og stundum var talað um, vegna saltmagnsins sem þar er í gufunni. En það væri hugsanlegt að nota túrbínuna, sem ekki er komin í gagnið, t.d. á Þingvallasvæðinu, á Nesjavöllum. En um það hafa engar umræður farið fram og í raun er ekki annað að gera við þessa vél nú en að nota hana í varahluti nema þá sérstök ákvörðun verði tekin þar að lútandi.

Ég vona, herra forseti, að þetta skýri a.m.k. að einhverju marki þau sjónarmið sem liggja að baki sölu Kröfluvirkjunar í hendur Landsvirkjunar. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið til máls og þó sérstaklega hv. 3. þm. Reykv., sem í raun tók undir flest þau sjónarmið

sem koma fram í þessum samningi þótt hann treysti sér ekki til að greiða atkvæði með frv., svo og öðrum ræðumönnum fyrir málefnalegar ræður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, stjfrv. 184. mál (þskj. 216, n. 283). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. hv. iðnn. á þskj. 283. Undir þetta nál., þar sem nefndin leggur til að frv. verði samþykkt, rita auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Guðrún Agnarsdóttir, Svavar Gestsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Gunnar G. Schram.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson flytur sérstaka brtt. Hann tók þátt í afgreiðslu nefndarinnar en flytur brtt. á sérstöku þskj. Ég tók það ráð að birta með nál. iðnn. sérálit Kjartans Jóhannssonar vegna niðurstöðu nefndar sem fjallaði um endurskoðun á verðjöfnunargjaldi af raforku. Í því felst ekki að nefndin geri það sérálit að sínu heldur þótti okkur eðlilegt að það kæmi fram á þskj. þar sem hv. þm. Kjartani Jóhannssyni gafst ekki kostur á því að birta sérálit sitt með frv. eins og t.d. sérálit Sigurðar Þórðarsonar sem sat í nefndinni ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og öðrum þeim sem nefndir eru á bls. 6 í fskj. með frv.

Það er óþarfi, herra forseti, að hafa mörg orð um þetta frv. Þetta er árlegur gestur í sölum Alþingis. Hér er lagt til að verðjöfnunargjald á raforkusölu verði áfram 16% eins og var og er á yfirstandandi ári, en í ársbyrjun lækkaði það gjald úr 19% í 16%. Skipting teknanna, sem koma inn af þessu gjaldi, er sú sama og verið hefur þannig að Orkubú Vestfjarða fær 20% en Rafmagnsveitur ríkisins 80%. Tekjur, sem munu koma inn af þessu, eru áætlaðar 390 millj. kr. alls.

Herra forseti. Fyrir hönd iðnn. Nd. legg ég til að þetta frv. verði samþykkt og sent til 3. umræðu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er rangt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að með þessu frv., eins og það liggur fyrir, sé lagt til að verðjöfnunargjaldið verði áfram 16%. Eins og frv. liggur fyrir fellur verðjöfnunargjaldið niður og verður 0 frá og með 1. janúar n.k. Að vísu gerir tillaga iðnrh., sem meiri hl. nefndarinnar hefur mælt með, ráð fyrir því að lögin um verðjöfnunargjald verði framlengd út árið 1986. En í 2. gr. laganna, eins og þau nú standa, stendur að verðjöfnunargjald skuli vera 16% árið 1985. Ekkert verðjöfnunargjald annað er sem sagt í lögunum. Eins og ríkisstj. er nú að ganga frá þessu máli og Ed. hefur samþykkt það og öll iðnn. hefur nú mælt með mun því verðjöfnungargjaldið falla niður að öllu leyti hinn 1. janúar n.k. Þá skiptir auðvitað engu máli hvort lögin eru í gildi áfram einu árinu lengur eða skemur ef gjaldtaka skv. þeim á engin að vera.

Það kemur kannske úr hörðustu átt að ég skuli verða hér til að bjarga ríkisstj. í þessu máli. En þegar ég fór að skoða málið komst ég að því að hér voru miklir meinbugir á ferðinni hjá ríkisstj. Ég hef ekki verið sérstakur talsmaður þess að verðjöfnunargjald væri hátt eða yfirleitt lagt á og reyndar tekið þátt í störfum nefndar, eins og hér hefur komið fram, sem hefur haft það markmið og hefur verið sett það fyrir af hálfu iðnrh. að finna leiðir til að afnema verðjöfnunargjald af raforku. Til þess að svo geti orðið þarf auðvitað fleira til að koma. Þar hafa verið reifaðar ýmsar leiðir eins og koma fram í nál. nefndar sem skipuð var til þessa verkefnis, nefndar til endurskoðunar á verðjöfnunargjaldi af raforku.

En nú virðist liggja ljóst fyrir að ekki sé hugmyndin af hálfu ríkisstj. að grípa til neinna þeirra aðgerða sem nefndin hefur bent á til að draga úr þörfinni fyrir verðjöfnunargjald eða afnema það. Þess vegna sýnist mér ekki stætt á því að láta það gerast, sem ríkisstj. virðist nú hafa ætlað sér að láta gerast, að vísu óviljandi, að verðjöfnunargjaldið félli með öllu niður. Þess vegna hef ég flutt hér brtt. sem, ef samþykktar yrðu, mundu fela það í sér að hér yrði þó eitthvert verðjöfnunargjald áfram. Hins vegar hef ég komist að þeirri niðurstöðu af starfi mínu í nefnd til endurskoðunar á verðjöfnunargjaldi af raforku að hægt sé að stíga eilítið skref til lækkunar á gjaldinu.

Þeir sem leggja það á sig að skoða álit nefndarinnar munu komast að því — og á það er bent í séráliti mínu sem nefndin var svo vinsamleg að prenta sem fskj. — að skv. fskj. 4 í áliti þessarar nefndar munu Rafmagnsveitur ríkisins geta komist af með verðjöfnunargjald sem er 14% skv. sínum eigin útreikningum og skv. þeim forsendum sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa sjálfar gefið, m.a. varðandi fjárfestingu. Það er því ekki ástæða til að vera með verðjöfnunargjaldið nema 14% skv. þeim útreikningum.

Afkoma Orkubús Vestfjarða getur ekki skipt sköpum í þessu sambandi vegna þess að hún kemst hvort eð er ekki af með 16%, það þarf eitthvað sérstakt til að koma að því er það fyrirtæki varðar. Það þarf að eiga sér stað skuldbreyting hvort heldur verðjöfnunargjaldið er 14% eða 16%.

Ég hef sem sagt gert till. um það að á árinu 1986 verði verðjöfnunargjaldið 14%. Ég tel það eðlilegt miðað við þá útreikninga sem liggja fyrir og á sama hátt þó að ég kysi að það væri unnt að lækka verðjöfnunargjaldið meira sé ég ekki forsendurnar til þess þó að það geti verið og eigi að vera framtíðarmarkmið.

Þetta bjargar þó allavega því að verðjöfnunargjaldið fellur ekki niður um áramótin eins og stjfrv. gerir ráð fyrir og eins og iðnn. þessarar deildar hefur mælt með og Ed. samþykkt.

Í annan stað legg ég til að á 8. gr. laganna eigi sér stað svolítil breyting. Í 8. gr. laganna stendur að ekki skuli greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins, Íslenska álfélagsins hf., Íslenska járnblendifélagsins hf. og til húshitunar. Það er þetta „og til húshitunar" sem ég tel nauðsynlegt að verði breytt. Sannleikurinn er nefnilega sá að allar rafveitur á landinu og yfirstjórn raforkumála hafa á undanförnu ári og líklega undanförnum árum verið að brjóta lög vegna þess að þessu er ekki framfylgt með þeim hætti að það taki eingöngu til húshitunar heldur hefur því verið framfylgt þannig að það nái til allrar rafhitunar, til iðnaðar þó einkanlega, og eins hefur það verið framkvæmt þannig að varmadælur væru undanþegnar verðjöfnunargjaldi. Það er ástæðulaust að hafa ákvæðið í

lögum öðruvísi en menn treysta sér til að framkvæma það. Það er skýringin á því að það hefur verið framkvæmt eins og ég hef gert grein fyrir. Þess vegna er nauðsynlegt og eðlilegt, svo ekki komi til árekstra vegna þess að framkvæmdin rekist á við lagabókstafinn, að breyta orðalagi þannig að í stað orðsins „húshitunar" í 8. gr. laganna komi: rafhitunar eða varmadælna.

Í þriðja lagi legg ég til að við 8. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

„Þá skal ekki greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til hitaveitna vegna dælingar á heitu vatni, til skipa í höfnum eða til fiskeldisstöðva vegna vatnsdælingar."

Tvö hin fyrri atriði, verðjöfnunargjald af dælingarkostnaði á heitu vatni hjá hitaveitum og til skipa, hafa mjög oft verið til umræðu. Sú nefnd sem ég vitnaði til, sem vann að endurskoðun á verðjöfnunargjaldi af raforku, lagði til að hvað sem öllu öðru liði teldi hún nauðsynlegt að þessar undantekningar yrðu gerðar og mælti eindregið með því og hér er ekki um stórar fjárhæðir að ræða. Þetta varðar jafnræði í hitunarkostnaði og við vitum reyndar að mjög margar rafveitur í landinu standa höllum fæti og getur munað um þessa fjármuni.

Í annan stað hefur verið oftlega um það rætt hér í þessum sölum og úti í þjóðfélaginu að til að spara olíukostnað ætti að hvetja til þess að skip notuðu innlenda orkugjafa þegar þau eru í höfn. Þróun í þá átt hefur verið ákaflega treg. Ein skýringin er að raforkan, sem verið er að biðja um að skipin kaupi, er skattlögð úr hófi. Hér má stuðla að skynsamlegri þróun með því að taka ekki verðjöfnunargjald af þessari raforkusölu. Hér er heldur ekki um neinar stórfjárhæðir að ræða, reyndar smáræði eitt. En það getur haft áhrif að því er þróunina varðar.

Ég hef svo bætt við 3. liðnum í þetta undantekningarákvæði þar sem eru fiskeldisstöðvar. Fiskeldi er nú mjög í uppbyggingu og ég held að það sé samdóma álit allra þm. að menn vilji stuðla að framförum í þeirri grein og að greinin geti fengið að njóta sín. Hún þarf helst á stuðningi að halda meðan hún er á bernskuskeiði og það er hún nú. Þess vegna getur skipt verulegu máli að ríkisvaldið komi eilítið til móts við þessa grein með því að skattleggja ekki með verðjöfnunargjaldi þá raforku sem þessar stöðvar nota til vatnsdælingar, en hér er um verulega raforku að ræða. Hér eru reyndar nýir viðskiptaaðilar á ferðinni sem ekki hafa verið tekjustofnar að undanförnu og þess vegna í rauninni ekki um skerðingu að ræða á þeim tekjum sem fengjust af verðjöfnunargjaldi miðað við það sem menn hafa haft að undanförnu, heldur mundi álagning verðjöfnunargjalds á raforkusölu til fiskeldisstöðva vegna vatnsdælingar vera hreinn viðbótarskattur í þjóðfélaginu, viðbótartekjur af verðjöfnunargjaldi.

Ég sagði að stöðvarnar gæti munað verulega um þetta. Sannleikurinn er sá að þrjár stærstu stöðvarnar á Reykjanesi munu að líkindum nota ekki bara nokkur kílówött heldur heilt megawatt af raforku, 1/35 af afkastagetu Kröfluvirkjunar eða 1/30 eftir því hvernig menn vilja reikna það, sem sagt mjög verulegt raforkumagn. Ég legg hér til að þetta verði undanþegið.

Herra forseti. Í sérálíti mínu, sem nefndin var svo vinsamleg að koma til skila sem fylgiskjali með nál. núna, er bent á ýmis önnur atriði, t.d. þau að nauðsynlegt sé að endurskoða og endurmeta þær gjaldskrár sem í gildi eru. Það vekur nefnilega athygli og kemur reyndar fram í áliti nefndarinnar að meðalverð raforku er mun hærra hjá ýmsum öðrum rafveitum en Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta geta menn séð t.d. í fskj. 9. Þar kemur í ljós að mjög margar rafveitur eru með meðalraforkuverð sem er hærra en það sem Rafmagnsveitur ríkisins eru með til sinna notenda. Þessar rafveitur eru á Húsavík, í Hveragerði, á Selfossi, Eyrarbakka, Suðurnesjum, Sauðárkróki, Stokkseyri, Borgarnesi og í Hafnarfirði. Það hlýtur að vekja til umhugsunar um það hversu langt menn geti gengið í því að skattleggja þessar rafveitur til að greiða niður raforkuverð hjá rafveitu sem er með lægra meðalverð. Hluti af skýringunni liggur í því hversu þungt rafhitun vegur í orkusölu Rafmagnsveitna ríkisins, en það getur ekki verið nema hluti af skýringunni vegna þess að svonefndur marktaxti, sem lítillega er gerð grein fyrir í öðru fskj. með þessu frv., er líka þannig úr garði gerður að meðalverð samkvæmt reiknuðu dæmi í því tilviki er lægra en meðalverð á raforku seldri til iðnaðar til stórra véla. Hér er þess vegna nauðsyn sérstakrar athugunar og við það geri ég athugasemd í sérálíti mínu.

Ég skal ekki fara út í önnur atriði sérálitsins né heldur þann ágreining sem var milli mín og meiri hl. þessarar sérstöku nefndar um endurskoðun á verðjöfnunargjaldi á raforku að því er varðaði þá tillögu sem hún mælti með til að afnema verðjöfnunargjaldið. Það skiptir ekki meginmáli í þessu sambandi, en þar taldi ég nefndina ganga of langt og skal það liggja á milli hluta.

Meginatriði þessa máls eru þá af minni hálfu þrjú. Ég legg til að verðjöfnunargjaldið haldi áfram, en verði ekki afnumið eins og ríkisstjórnin hefur gert tillögu um. Ég legg til að það verði 14% í stað þess að stjfrv. eins og það liggur nú fyrir gerir ráð fyrir að verðjöfnunargjaldið verði 0%. Ég legg til að í stað „húshitunar" komi: rafhitunar eða varmadælna, þannig að lögin séu í samræmi við framkvæmdina. Og ég legg til í þriðja lagi að ekki verði gert að greiða verðjöfnunargjald af raforku sem er seld til dælingar hjá hitaveitum, dælingar á heitu vatni, af raforku sem seld er til skipa í höfnum eða til fiskeldisstöðva vegna vatnsdælna.

Vænti ég þess að þetta mál fái farsæla afgreiðslu og þær brtt. sem ég hef hér mælt fyrir fái góðan framgang.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykn. Kjartani Jóhannssyni fyrir ábendinguna. Ég mun sjá til þess að við 3. umr. verði flutt brtt. sem tekur af öll tvímæli í 2. gr. laganna þannig að ártalinu verði sleppt og aðeins standi 16%. Á þá að vera ljóst að gjaldið er ekki eingöngu lagt á á yfirstandandi ári heldur verður prósentan látin standa þar til Alþingi hefur annað ákveðið. Í lokagrein laganna er ákvæði um að þessi lög séu aðeins í gildi í eitt ár, en vænta má að unnið verði áfram að þessu máli á næsta ári og þá haldið áfram á grundvelli nál. sem fyrir liggur, án þess að í þessum orðum mínum felist nokkurt loforð um að slíkt geti gerst, enda er ríkissjóður ekki mjög aflögufær eins og kemur glögglega fram í sérálíti fulltrúa fjmrn. sem sat í þessari nefnd.

Umr. frestað.

Iðnráðgjafar, stjfrv. 185. mál (þskj. 217, n. 284). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Hér er lagt til með frv. til l. um breytingu á lögum um iðnráðgjafa að lögin gildi í eitt ár til viðbótar, en í lögunum voru ákvæði þess efnis að þau skyldu falla úr gildi um næstu áramót. Starfandi hefur verið nefnd á vegum iðnrn. til að gera tillögur um hugsanlegar breytingar á þessari löggjöf. Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrv. náðist ekki samkomulag um efnislegar breytingar og þess vegna er nú lagt til að lögin verði áfram í gildi um eins árs skeið. Undir nál., sem er á þskj. 284, skrifa auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Guðrún Agnarsdóttir, Svavar Gestsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Gunnar G. Schram og Ingvar Gíslason. Hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson tók þátt í afgreiðslu málsins og er því samþykkur, en við leggjum til, eins og kemur fram í nál., að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármál 35. fundar af dagskrá.

Efri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., að loknum 35. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, stjfrv. 174. mál (þskj. 197, n. 300). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál, 174. mál, sem varðar lög um heilbrigðisþjónustu.

Í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 56 frá 1973 um heilbrigðisþjónustu var kveðið á um það að heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955 skyldi haldast óbreytt þar til heilsugæslustöðvar hefðu verið skipulagðar til þess að annast það. Enginn tímafrestur var settur til þeirrar skipulagningar. Við endurskoðun heilbrigðisþjónustulaga á árunum 1977 og 1978 var ekki hróflað við þessu ákvæði en það var hins vegar gert við endurskoðun laganna sem stóð yfir seinni hluta árs 1982, sbr. lög nr. 40 frá 1983. Í ákvæðum til bráðabirgða var gefinn frestur til áramóta 1984—1985 til þess að koma á heilsugæslukerfi.

Á síðasta þingi var flutt og samþykkt frv. sem kvað á um að framlengja þennan frest um eitt ár til viðbótar. Hér er raunar á ferðinni sams konar ákvæði um frestun enn um sinn eða til ársloka 1986. Þessu frv. fylgja athugasemdir og með leyfi forseta vil ég renna aðeins yfir þær.

„Hinn 24. júní 1984 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, sérstaklega með skipulag heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu í huga. Var stofnað til þessa nefndarstarfs í samræmi við niðurstöðu fundar, sem ráðuneytið" — væntanlega heilbr.- og trmrn. — „hélt með sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu í apríl 1984.

Nefndin skilaði tillögum í búningi lagafrumvarps á s.l. sumri og hafa tillögurnar verið til umfjöllunar í ráðuneytinu á undanförnum mánuðum.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að ekki vinnst tími til þess að leggja endanlegar tillögur fram fyrir áramót hefur orðið að ráði að leggja til eins árs framlengingu á fresti þeim sem lögin áskilja vegna kerfis heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði."

Það hefur sem sagt ekki enn þá verið tekin ákvörðun um það fyrirkomulag sem á þessum málum verður í framtíðinni og þess vegna er þetta frv. flutt. Heilbr.- og trn. hefur eins og ég sagði fjallað um málið, er samþykk þessu frv. en tveir hv. nm. skrifa undir með fyrirvara, hv. þm. Helgi Seljan og hv. þm. Karl Steinar Guðnason.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég skrifa undir þetta frv. með fyrirvara. Sá fyrirvari er í því fólginn að þrátt fyrir að ég telji rétt að standa að þessu frv. nú, þar sem svo skammt er til áramóta, þá er það skoðun mín að þau sveitarfélög sem tilgreind eru í frv. eigi að njóta sömu og ekki síðri þjónustu en gerist úti á landi, vera undir sömu lögum, og vænti ég þess að að því verði stefnt við allra fyrsta tækifæri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, stjfrv. 170. mál (þskj. 190, n. 308). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Mál þetta hefur verið rætt í hv. fjh.- og viðskn. og er hún sammála um að mæla með samþykkt frv. Hér er eins og menn vita um gamlan kunningja að ræða, þ.e. framlengingu á svokölluðu sérstöku tímabundnu vörugjaldi. Þetta gjald hefur nú æði oft verið hækkað, en það er ekki lagt til að það sé gert að þessu sinni, heldur einungis að framlengja gjaldið óbreytt.

Ég hef ekki verið neinn sérstakur stuðningsmaður mikillar gjaldtöku á brýnar nauðsynjavörur en gleðst yfir því að þetta gjald skuli þó ekki vera hækkað þó að tollskráin öll og slíkar álögur séu nú í endurskoðun og hef þess vegna látið mig hafa það að mæla með samþykkt þessa frv.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þetta er nú í þriðja sinn sem við fjöllum um sérstakt tímabundið vörugjald í tíð þessarar ríkisstj. Mig langar af því tilefni að spyrja hv. 4. þm. Norðurl. v. hvort ég muni það rétt að stuðningur hans við þessa ríkisstj. hafi að einhverju leyti verið tengdur hugsanlegum breytingum á þessu sérstaka tímabundna vörugjaldi og þá hugsanlega fleiri málum varðandi tolla og hvort hann eigi von á því að þessi ríkisstj. komi því í verk áður en hún fer frá að fullnægja þeim skilyrðum sem hann setti fyrir stuðningi við hana.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Mér er ljúft að votta það að minni hv. þm. Stefáns Benediktssonar er með ágætum. Ég setti það að skilyrði fyrir stuðningi við þessa hæstv. ríkisstj., áður en hún var mynduð, áður en endanlega var gengið frá málefnasamningi, að 1. liður í svonefndum mildandi aðgerðum yrði veruleg lækkun neysluskatta sem féllu á brýnustu lífsnauðsynjar almennings með miklum þunga. Það hefur lítið verið að gert í þessu efni en ég geri mér vonir um að þessi ríkisstj. muni vinna á þessum sköttum áður en hún er öll.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:1 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Tollskrá, stjfrv. 169. mál (þskj. 189, n. 307). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Það er eins með þetta mál og það sem síðast var á dagskrá — hér er um framlengingu að ræða. Málið er einfalt í sniðum. Það varðar húsbyggingar og ég held að allir þekki það. Það bætir samkeppnisaðstöðu innlendra húsaframleiðenda, húshlutaframleiðenda og fjh.- og viðskn., sem rætt hefur málið, er sammála um að nauðsynlegt og sjálfsagt sé að framlengja þetta gjald.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Barnabótaauki, stjfrv. 197. mál (þskj. 285, n. 310). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sérstakan barnabótaauka. Það er með þetta mál eins og önnur sem hafa verið hér til umræðu í deildinni á þessum fundi. Hér er um framlengingarmál að ræða. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt og hef ég ekki fleiri orð þar um.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148, n. 305, 311 og 318). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir hönd meiri hl. iðnn. Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og fengið á sinn fund Jónas Elíasson, aðstoðarmann iðnrh., og Halldór Kristjánsson, deildarstjóra í iðnrn.

Enginn tími var fyrir nefndina til þess að gera ítarlega úttekt á viðaukasamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðsluna við Straumsvík., sem frv. þetta fjallar um, ef afgreiða ætti málið fyrir jólaþinghlé. Þess vegna beindist meðferð nefndarinnar að athugun á því hver nauðsyn væri á svo skjótri afgreiðslu og hvort málið mætti að skaðlausu bíða þar til Alþingi kæmi saman til fundar á ný að loknu jólaleyfi. Þóttu koma fram gildar ástæður fyrir nauðsyn þess að flýta afgreiðslu frv. svo að það hlyti lagagildi áður en þingi yrði frestað vegna jólanna.

Nefndin varð ekki sammála um efnislega afstöðu til frv. Meiri hl. nefndarinnar vísar til ítarlegrar athugunar sem gerð var á máli þessu í hv. iðnn. Nd. Það er skoðun meiri hl. nefndarinnar að samningur sá sem frv. felur í sér sé til bóta frá því sem verið hefur um skattgreiðslur ÍSALs. Því þykir meiri hl. rétt að þessi viðaukasamningur verði staðfestur af hálfu Alþingis og þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. þetta verði samþykkt. Einn þeirra sem að meirihlutaálitinu stendur, hv. 5. þm. Vesturl., hefur skrifað undir nál. með fyrirvara.

Ég vil sérstaklega taka fram að samstarf í nefndinni var eins og best verður á kosið og sýndi minni hl. nefndarinnar lofsverðan skilning á þeirri erfiðu stöðu sem nefndin stóð í vegna hins skamma tíma sem var til stefnu fyrir afgreiðslu málsins.

Til skýringar á því að nauðsyn beri til að afgreiða frv. þetta fyrir jól skal ég taka fram að ákvæðum viðaukasamningsins er ætlað að taka gildi miðað við 1. janúar 1985.

Það má í því sambandi tilgreina ýmis ákvæði 2. gr. viðaukasamningsins. Þannig er ákvæði málsgr. 25.04 um breyttan skattstiga; ákvæði málsgr. 27.02 um nýjan afskriftastofn og afskriftatíma fastafjármuna, svo og reikningsskil þeirra vegna; ákvæði málsgr. 27.04 um verðlagningu rafskauta til skatts; og ákvæði málsgr. 29.03 um framleiðslugjaldsskýrslu og uppgjör framleiðslugjalds.

Þá eru í 3. gr. viðaukasamningsins sérstök ákvæði varðandi fjármögnum ÍSALs er skulu taka gildi 1. okt.

1985. Þessi ákvæði greinarinnar varða 40 millj. bandaríkjadala eiginfjárframlag til ÍSALs. Þau eru þó háð endanlegri staðfestingu Alþingis á viðaukasamningnum.

Enn fremur er í 4. gr. viðaukasamningsins, í málsgr. 4.02, sérstakt gildistökuákvæði. Samkvæmt því öðlast samningurinn gildi við samþykkt lagafrumvarpsins, en þó með því skilyrði að gildistakan verði innan þriggja mánaða frá undirskriftardegi, sem er 11. nóvember 1985, annars fellur hann niður nema um annað verði samið.

Skattaframtal samkvæmt hinum nýja samningi fyrir árið 1985 skal fram fara fyrir 1. júní 1986, og því er lagalega fært að fresta afgreiðslu málsins fram í febrúarbyrjun, þ.e. þriggja mánaða fresturinn rennur út 11. febrúar 1986. Hins vegar hafa aðilar gert ráð fyrir að samningurinn verði staðfestur fyrir áramót.

Ég vil svo vekja athygli á að þar sem ákvæðum samningsins er ætlað að taka til ársins 1985, og sum hafa í raun verið í framkvæmd um nokkurn tíma, verður að telja eðlilegt að samningurinn verði staðfestur fyrir áramót. Ætti það að tryggja örugga framkvæmd ákvæðanna og eyða allri óvissu þar um.

Loks þykir mér rétt að árétta að í viðaukanum felst lokaniðurstaða þeirra endurskoðunarsamninga milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um núverandi álbræðslu sem staðið hafa yfir frá því um mitt sumar 1983.

Mikilvægt er að hægt verði að afgreiða þetta mál nú fyrir jólahlé Alþingis, þannig að hefja megi viðræður um stækkun álbræðslunnar strax á nýju ári. Það hefur komið fram að viðræður um slíka stækkun eru mjög háðar því að endanleg niðurstaða liggi fyrir um málefni núverandi álbræðslu.

Mér hefur þótt rétt, hæstv. forseti, að víkja þessum orðum að nauðsyn þess að afgreiða frv. þetta áður en kemur að þinghléi vegna jólanna.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég greindi frá í upphafi míns máls að meiri hl. iðnn. mælir með samþykkt þessa frv.

Frsm. 1. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Af ærnu er að taka nú við þessa afgreiðslu flókins og viðkvæms máls, sem hvergi verður krufið til mergjar nema á löngum tíma þar sem hlutlausir aðilar gætu farið ofan í saumana á þeim deiluatriðum sem hér er um að ræða. Reynslan mun hins vegar skera úr um það hversu til mun takast um hinar nýju reglur um skattgreiðslur sem hér er fjallað um. Því miður óttast ég að sú reynsla verði ekki hin glæsta glansmynd undarlegra útreikninga sem aðstandendur þessa samnings bera á borð og hafa birst okkur hér í ýmsum myndum, m.a. í kolröngum tölum í upphafi sem hæstv. iðnrh. lét snarlega leiðrétta þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði bent á óskapnaðinn. Um þessi meginatriði fjalla ég í nál. mínu, en óhjákvæmilegt er að taka hér tvö atriði til umræðu í upphafi.

Í fyrsta lagi samningsgerðina við Alusuisse og það algera sambandsleysi við stjórnarandstöðuna sem þar gilti, þann leyndarhjúp sem um viðræðurnar var sveipaður án þess að fulltrúar annarra en stjórnarflokkanna fengju að skyggnast þar á bak við. Leyndin þótti hæfa best og þykir engum mikið sem árangurinn sér, og nær að kynna sér þá hæpnu „ávinninga“ sem hampað er af veikum mætti.

Í Nd. kom glögglega fram við afgreiðslu málsins að þeim framsóknarmönnum þar hló ekki hugur í brjósti, né ljómaði aðdáun af nál. þeirra hv. þm. Páls Péturssonar, þingflokksformanns framsóknar, og hv. þm. Ingvars Gíslasonar, forseta Nd., sem treystu sér engan veginn til þess að eiga samleið með sjálfstæðismönnum á sameiginlegu þskj. þar og skiluðu undarlegu nál., mótsagnakenndu, en þó með semingi sæst á að segja já við samkomulaginu.

Hitt atriðið er varðandi umfjöllun málsins í þessari hv. deild. Sá virti og ágæti formaður iðnn., hæstv. forseti Sþ., hefur tekið þann kost að afgreiða málið héðan úr deildinni efnislega órætt og ógunnið af nefndinni, einfaldlega af því að annars var ekki kostur á þeim tíma sem nefnd var ætlaður til meðferðar málsins. Að öðrum kosti hefði orðið að fresta afgreiðslu málsins, sem ég hygg að flestum okkar í iðnn. hefði verið geðfelldast og þótt í alla staði eðlilegast miðað við þau vinnubrögð sem þessi virðulega deild viðhefur.

Mér er hins vegar ljúft að verða við þeim tilmælum hæstv. forseta Sþ. að afgreiða málið nú, enda ljóst að stjórnarliðar eru ákveðnir í að láta málið ná fram að ganga þó greinilegt sé að þeim þyki það misgott. Hæstv. ráðherrar hafa enda séð fyrir því með samningsgerð sinni að ekki verður aftur snúið af þeirra hálfu og þeirra fylgiliðs. Ég hlýt hins vegar að harma það að svona skyldi þurfa að standa að málum í hv. iðnn. og veit gjörla hversu miður formanni þykir það að engin efnisleg umfjöllun, engin athugun eða úttekt á útreikningum fór fram, og málinu vísað hér í deildina aftur óskoðuðu af nefnd, þó að við í nefndinni höfum vitanlega hver um sig reynt að átta okkur á málinu og stuðst þá „eins og ég geri a.m.k., við álit og skoðun Nd.-manna.

Þetta er rétt að fram komi í upphafi og raunar ekki einsdæmi hér á þingi, því miður, en það réttlætir ekki þessi vinnubrögð nú sem við hljótum að átelja. Hversu vel sem við treystum félögum okkar hlýtur eigin skoðun, eigið álit, byggt á eðlilegri athugun málsins að eiga að gilda. Á því var ekki kostur.

Um allt þetta stóra mál mætti vissulega hafa uppi langt mál. Samskiptasaga íslenskra stjórnvalda og svissneska auðhringsins er öll með þeim hætti að hún er samfelld aðvörun, samfelld lexía, sem vissulega má margt læra af. Varðandi allt þetta mál, eða þennan þátt þess, mætti eflaust með réttu rifja það upp hversu haldið hefur verið á málum gagnvart þessum auðrisa, hvort og hvenær menn hafa uppréttir gengið eða hoknir í hnjám, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Og verðugt er að rifja það upp alveg sér í lagi að án sérstakrar vinnu, ötullar og óhvikullar af hendi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar værum við eflaust ekki að ræða þessi mál yfirleitt, eða hefðum verið á undangengnum árum. Áður en hv. þm. tók á þessu máli, lýsti það upp, þá heyrðist ekki hósti né stuna um það að allt væri ekki í góðu gengi. Raforkuverð sem skattgreiðslur og viðskipti almennt voru varin og talin af hinu góða fyrir okkur Íslendinga. Allt þetta þarf, og á vissulega, að minna á hér og nú.

Ekki skulu nú tíunduð þau frýjuorð sem fallið hafa í garð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fyrir að hafa ekki náð fangs á auðhringnum, eins og sagt hefur verið, að hann skilaði ránsfeng sínum og greiddi réttlátt raforkuverð, kæmi fram við okkur af heiðarleika. Þau frýjuorð

fara þeim illa í munni, sem tvístigu allan tímann og gerðu aldrei upp við sig að fullu hvort íslenskum hagsmunum eða Alusuisse skyldi fylgt, veittu aldrei iðnrh. fyrrverandi þann bakstuðning sem dugað hefði til árangurs þess sem öll efni stóðu til, árangurs sem að mestu leyti var glutrað niður, m.a. af því að menn gengu ekki nægilega uppréttir til leiks, og létu auðhringnum eftir þá dýrmætu syndakvittun sem auðhringurinn greiddi þó smánarverð eitt fyrir.

Í önn þessara þingdaga skal ekki höfð uppi sú dapurlega saga sem að baki þessa máls býr, en það verður gert af hlutlausum dómurum seinni tíma um samtímasögu okkar og þennan lærdómsríka þátt hennar. Eitt veit ég: Hlutur hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar verður þar hinn besti svo sem verðugt er.

Áður en ég vík að nál. sjálfu vitna ég, með leyfi virðulegs forseta, í orð Hjörleifs Guttormssonar í Dagblaðinu Vísi, en þar segir hann um þennan samning: „Það átti auðvitað að leiðrétta skattakerfið þannig að tryggt væri að Ísland fengi aukna skatta og tryggari skil á sköttum frá álbræðslunni en verið hefur. Þetta bregst algerlega í fyrirliggjandi samningi. Það eru mestar líkur á því að þessi breyting leiði til þess að Ísland fái minni og jafnvel verulega minni skatttekjur frá álverinu en hingað til.“ Svo segir í þessu viðtali. Þetta eru þung orð þess manns er svo glögglega þekkir til og sannarlega óttast ég bitran sannleik þessara orða.

Hjörleifur greinir svo frá hvernig útreikningar hafi hrunið við nánari skoðun, þagnarmúrinn um þennan samning í fjölmiðlum ríkisstjórnarinnar, þar sæti stoltið ekki í fyrirrúmi. Og upplýsingaflæðið eða hitt þó heldur til stjórnarandstöðu ber hann eðlilega saman við eigin vinnubrögð þegar hann var iðnrh. og allir flokkar þá áttu aðild að álviðræðunefnd.

En í lokin segir Hjörleifur orðrétt, með leyfi virðulegs forseta: „Réttarstaða Íslands í sambandi við endurskoðun á reikningum ÍSALs hefur versnað til muna. Samningar um kaup á rafskautum eru lokaðir og Íslendingar hafa ekkert um þau að segja. Menn fá einfaldlega vottorð frá endurskoðendum sem Alusuisse hefur valið. Svona er einnig um marga aðra þætti þessa samnings.“ Þetta eru þung orð en því miður sönn.

Ég hlaut á hinum skamma tíma er ég hafði að leita til mér færari aðila um nál. og orð þeirra eru hér á ferð í mínu nál. Það er stutt og hlýt ég að lesa það, með leyfi virðulegs forseta, en geri að sjálfsögðu þau orð sem þar eru að mínum:

„Ríkisstjórn Íslands og Alusuisse hafa í allmörg ár átt í deilum um mörg atriði í samningum aðila um álbræðsluna í Straumsvík og ekki síður framkvæmd þeirra samninga. Deilur þessar hafa snert raforkuverð til ÍSALs, skattlagningu ÍSALs, mat á skattskyldum hagnaði ÍSALs *og meintan undandrátt Alusuisse í þeim* efnum, skatteftirlit, endurskoðunarrétt á samningsákvæðum, byggingu rafskautaverksmiðju í Straumsvík o.fl. Eitt af meginatriðunum í stefnu núverandi ríkisstj., sem tók við valdataumunum í maí 1983, var að binda enda á þessar deilur með skjótum hætti og semja um verulega stækkun álbræðslunnar við Straumsvík.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér lausn ríkisstj. á einu af téðum deiluatriðum. Áður hefur ríkisstj. stöðvað meðferð skattsvikamálsins fyrir hinum alþjóðlega gerðardómi í New York með svonefndri dómsátt sumarið 1984 og fyrirskipað stuðningsmönnum sínum á Alþingi að staðfesta breytingar á rafmagnssamningi og mikilvægum ákvæðum álsamninganna um skyldur Alusuisse og skattskyldan hagnað ÍSALs í nóvember 1984. Um byggingu rafskautaverksmiðju í Straumsvík eða jafnvel athugun á hagkvæmni slíkrar framkvæmdar, sem áður hafði verið um samið, er nú ekki rætt. Ríkisstj. virðist heldur ekki neitt nær því ætlunarverki sínu að fá Alusuisse til að auka afkastagetu ÍSALs — og geta landsmenn vafalaust þakkað sínum sæla fyrir það.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er aðfinnsluvert í fjölmörgum atriðum, engu síður en aðrir þættir samninga ríkisstj. við Alusuisse. Bera allir þeir samningar raunar þess greinilega merki að vanhugsaðar yfirlýsingar ríkisstj. um skjóta og auðvelda samninga við Alusuisse ásamt hinum afdrifaríku mistökum hennar að fallast á ósk Alusuisse um að draga skattsvikamálið út úr hinum alþjóðlega gerðardómi hafa veikt samningsstöðu Íslands svo mjög að Alusuisse hefur nánast getað hagað samningsniðurstöðum að vild.

Helstu efnisatriði. Í iðnn. Nd. voru lögð fram fjögur nál. um þetta frv. Í áliti 1. minni hl. var gerð vandleg úttekt á málinu og ýmsum hliðum þess. Hér verður því aðeins stiklað á stærstu atriðum en vísað, til nánari skýringar, til framangreinds álits 1. minni hl. iðnn. Nd.

I. Líkur á lækkun skatttekna.

Með þeirri breytingu á skattstiga og mati á skattstofni, sem bæði er nú gerð tillaga um í frv. og var gerð *á Alþingi í nóvember* 1984, eru miklar líkur á að heildarskatttekjur hins opinbera af starfsemi ÍSALs verði minni á komandi árum en verið hefði samkvæmt þeim skattareglum sem Alþingi samþykkti í 2. viðauka við aðalsamning árið 1975.

Áhrifum hins breytta skattstiga er nánar lýst í töflu I og línuriti 2 í nál. Hjörleifs Guttormssonar á þskj. 266.“ Til að flýta fyrir afgreiðslu málsins hér í þessari hv. deild hef ég ekki látið prenta þessar töflur með enda eru þær á þskj. og mönnum kunnugar og geta þeir lesið þær þar.

„Talsmenn ríkisstj. og þeir fulltrúar samninganefndarinnar, sem sömdu við Alusuisse um téðar skattkerfisbreytingar og komu fyrir iðnn. Nd. vegna þessa máls, hafa reynt að bera í bætifláka fyrir þessa augljósu lækkun skattstiga með fullyrðingum um hækkun skattstofns. Um þann málflutning er m.a. þetta að segja:

1. Útreikningar þeir, sem þeir samninganefndarmenn hafa lagt fram í þessu skyni, sbr. fskj. IV í álitum bæði 1. og 2. minni hl. iðnn. Nd., hljóta að teljast afar marklitlir. Kemur þar ýmislegt til. Í fyrsta lagi er hér um að ræða afar óvissan framreikning eins og samningamennirnir sjálfir margtóku fram í yfirheyrslum iðnn. Nd. Í öðru lagi liggur ekkert fyrir um forsendur reikninganna. Það er því ókleift að meta áreiðanleika þeirra eða finna reiknivillur sem reynslan hefur sýnt að oft eru ekki langt undan þegar útreikningar samninganefndar um stóriðju eru annars vegar. Í þriðja lagi hefur ekki verið lagt fram neitt mat óháðs aðila, þ.e. frá aðila ótengdum samninganefnd um stóriðju, sem staðfestir þennan framreikning. Það er því einungis mat samningamannanna sjálfra, sem eðli málsins samkvæmt eru ekki óháðir og hafa skiljanlega heldur tilhneigingu til að fegra samningaárangur sinn en hitt, sem liggur til grundvallar fullyrðingum um hækkun skattstofns.

2. Auk álits samninganefndarinnar sjálfrar var í iðnn. Nd. lagt fram mat á breytingum á skattstofni sem

vísar í þverófuga átt. Í því áliti (sjá nánar fskj. VI í áliti 1. minni hl. iðnn. Nd.) kemur fram að skattstofn muni e.t.v. heldur minnka við þá breytingu sem gerð er tillaga um í frv.

3. Enn fremur má benda á það að á því hagnaðarbili hjá ÍSAL sem líklegast má telja á komandi árum, þ.e. innan við 10 millj. bandaríkjadala, þarf skattstofn að hækka mjög verulega til að vega upp á móti lækkun skattstiga. Þetta má t.d. auðveldlega lesa af línuriti 2.

II. Lækkun raunvirðis framleiðslugjaldsins.

Grunnframleiðslugjaldið, sem miðað við reynsluna fram að þessu er e.t.v. líklegast að Ísland haldi áfram að fá í sinn hlut, breytist ekki skv. frv. ríkisstj. Það verður áfram 20 bandaríkjadalir á tonn af áli eins og um var samið árið 1975. Raunvirði þessa lágmarksgjalds hefur rýrnað stórlega s.l. áratug vegna heimsverðbólgunnar og þar með minnkandi kaupmáttar bandaríkjadals og er nú rétt rúmlega helmingsvirði af því sem það var 1975. Úr því að samningamönnum ríkisstj. tókst ekki að semja um verðtryggingu þessa gjalds er fyrirsjáanlegt að grunnframleiðslugjaldið mun halda áfram að rýrna að raungildi á komandi árum.

Þessari þróun raunvirðis framleiðslugjaldsins er nánar lýst í línuriti 1 í nál. Hjörleifs Guttormssonar á þskj. 226.

III. Dregið úr rekstrar- og skattaeftirliti með ÍSAL.

Í frv. ríkisstj. er í raun lagt til að dregið verði úr skattalegu og rekstrarlegu eftirliti með starfsemi ÍSALs og viðskiptum þess við Alusuisse. Þetta felst m.a. í breyttum ákvæðum um verðviðmiðun aðfanga og afurða, styttingu árlegs endurskoðunartímabils og niðurfellingu eldri samningsákvæða um að ÍSAL skuli njóta bestu fáanlegra kjara í viðskiptum við Alusuisse.

Þessi atriði eru nánar tiltekið:

1. Verð á mikilvægustu afurðum og aðföngum eru nú tengd ákveðnum viðmiðunum og þannig bundin til a.m.k. fimm ára í senn.

2. Svigrúm til árlegrar endurskoðunar á ársreikningum ÍSALs er nú takmarkað við fjóra mánuði og bannað að vefengja skattframtal ÍSALs eftir þann tíma.

3. Endurskoðendum Íslands er í samningnum gert óheimilt að afla upplýsinga um söluverð rafskauta frá verksmiðju Alusuisse sem verðið til ÍSALs á þó að miðast við. Þess í stað á Ísland að gera sér að góðu yfirlýsingar endurskoðenda sem Alusuisse tilnefnir. Þess má geta í þessu samhengi að ekki skorti yfirlýsingar frá endurskoðendum Alusuisse um sakleysi Alusuisse í fyrri deilumálum um verð á rafskautum og súráli. Engu að síður greiddi Alusuisse 3 milljónir bandaríkjadala til að forðast dóm í málinu.

4. Viðurlög við skattundandrætti eru engin og beinlínis bönnuð í samningnum.

Öll þessi atriði veikja mjög aðstöðu íslenskra stjórnvalda til eftirlits með starfsemi ÍSALs.

IV. Erlend skattlögsaga.

Engin breyting er gerð á ákvæðum hins upphaflega samnings frá 1966 þar sem Ísland afsalaði sér lögsögu í skattamálum ÍSALs til erlendra gerðardóma. Slík ákvæði, sem ekki voru óalgeng í samningum þróunarlanda við fjölþjóðlega auðhringi á sjötta og sjöunda áratugnum, hafa á þeim áttunda og níunda verið sem óðast að týna tölunni nema einna helst þar sem um er að ræða ríki myrkustu Afríku. Hins vegar var upplýst í iðnn. Nd. að ríkisstjórn Íslands hefði ekki sýnt teljandi áhuga á að fá þessu ákvæði álsamninganna breytt.

V. Tækni- og söluþóknun Alusuisse óbreytt.

Þótt með frv. ríkisstj. sé létt af Alusuisse þeirri kvöð að útvega ÍSAL bestu fáanlegu kjör á afurðum og aðföngum er í engu hróflað við þóknunum Alusuisse fyrir þessa þjónustu. Þessi þóknun er hins vegar ekkert smáræði eða 3,7% af árlegri veltu ÍSALs sem ætla má að geti numið allt að 7 millj. bandaríkjadala árlega.

Niðurstaðan er því sú að þegar á allt er litið verður ekki annað séð en að þær breytingar á skattaákvæðum gildandi samninga, sem ríkisstj. leggur til í umræddu frv., séu gagnstæðar hagsmunum Íslands. Því telur undirritaður að fella eigi frv."

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. á þskj. 318 vegna frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium. Ég legg til á þessu nál. að frv. verði ekki samþykkt, þ.e. að það verði fellt. Byggist það í sem stystu máli á því að ég tel að ekki hafi náðst sá árangur í þessum samingum sem mátti vænta við upphaf þessa máls, þ.e. þegar núv. ríkisstj. gekk til samninga við Alusuisse vegna þeirra deilumála sem uppi höfðu verið áður en hún settist að völdum.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því að núv. ríkisstj. hefði þess vegna getað látið það vera á sínum tíma að ganga til samninga. Hún hafði tvo kosti um að velja. Annar kosturinn var sá að fella niður deilumálin gersamlega, láta eins og ekkert hefði í skorist og viðhalda þannig þeim samningi sem í gangi var. En núv. ríkisstj. tók þann kostinn að ganga til samninga við Alusuisse og þá fyrst og fremst vegna þess að þessi deilumál voru uppi og hún taldi nauðsynlegt að ná betri samningum en áður. Þegar menn taka þennan kostinn eru þeir náttúrlega að hugsa um betri samninga fyrir báða aðila og þá náttúrlega sérstaklega okkur því að það er ríkisstjórnarinnar að halda fyrst og fremst á okkar hagsmunum. Í framsögu sinni 8. nóv. 1984 segir þáv. iðnrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Sáttaleiðin hefur ekki verið tekin af því að eitthvað hafi skort á í þessum efnum heldur vegna þeirra kosta sem hún hefur umfram dómstólaleiðina. Enda þótt ákveðið hafi verið á sínum tíma að leggja deilumál aðila fyrir dómnefndir til álitsgerðar eða úrskurðar var það ekki fyrir þá sök, að þetta væri hin eina leið til að leysa úr málunum, heldur vegna hins, að ekki voru möguleikar á að ná fullum sáttum eins og þá var statt."

Þegar þessi orð voru töluð voru menn búnir að ákveða sig með það að halda áfram á þeim grundvelli sem síðasta ríkisstjórn fór frá, þ.e. að uppi voru deilumál og í stað þess að láta þau algerlega niður falla að gera þessi deilumál upp. Síðan töldu menn sig eiga tveggja kosta völ, annaðhvort að leysa þessi deilumál fyrir dómstólum eða með samningum. Núv. ríkisstj. valdi samningaleiðina, en ekki, eins og fyrrv. iðnrh. segir, vegna þess að þetta væri hin eina leið til að leysa úr málunum heldur vegna hins að ekki voru möguleikar á að ná fullum sáttum eins og þá var statt.

„Það hefur verið eindregið skoðun þeirra, sem um málin hafa fjallað, að halda bæri á þeim eins og hverju öðru dómsmáli, þannig að ekki bæri að vísa á bug neinum raunhæfum möguleikum er skapast kynnu til að leysa úr málinu með sátt á viðunandi grundvelli, heldur gæti slík sátt verið fullgild leið til að ljúka málinu og

málareksturinn sjálfur ein af leiðunum til að skapa grundvöll fyrir sáttina."

Fyrrv. iðnrh. er að lýsa hinum raunverulega bakhjarli samninganna, þ.e. að íslensk ríkisstjórn hafði það fyllilega í hendi sér að höfða mál á hendur Alusuisse sem eflaust hefðu orðið nokkuð langdregið en þó endanlega leitt til niðurstaðna sem hefðu orðið þá grundvöllur að sáttum eða samningum.

Nú höfum við í iðnn. þessarar deildar ekki haft tíma til að kynna okkur málið efnislega, eins og fram er komið í nál. þeim sem þegar hefur verið mælt fyrir. En m.a. hefði verið áhugavert að rannsaka eða láta koma fram í þessu máli enn eina ferðina hver okkar málefnalega staða var hvað þessi hugsanlegu málaferli snerti. Það er mikilvægt þegar horft er til niðurstöðu þessa hluta samningsins því að eins og páv. iðnrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sáttargerð sú, er tekist hefur milli aðila með þessum samningi, er liður í samningaviðræðum þeirra um þau málefni sem um getur í bráðabirgðasamningnum og til þess ætluð að treysta grundvöllinn að samningslegum tengslum þeirra og vinsamlegum samskiptum í framtíðinni."

Ég legg hér áherslu á orð fyrrv. iðnrh.: „...til þess ætluð að treysta grundvöllinn að samningslegum tengslum ...". Íslensk stjórnvöld voru sér þess fyllilega meðvituð — eða áttu a.m.k. að vera það — að þau höfðu mjög traustan grundvöll á að standa þar sem þau höfðu í hendi sér málaferlaleiðina fyrir dómstólum gagnvart Alusuisse og gátu ætlað það að með því að hverfa frá henni sköpuðu þau sér ákveðna aðstöðu í samningunum við Alusuisse, þ.e. þau máttu fyllilega reikna með að það væri siðferðilegur bakhjarl fyrir samningamenn þeirra til að hvika hvergi í kröfum sínum gagnvart samningsaðilanum.

Það er aftur á móti greinilegt þegar þessi samningur er nú skoðaður — í fljótheitum þó — að samningsstaða okkar hefur ekkert batnað. Þvert á móti virðist hún hafa versnað. Ég vísa þar til gagnrýni hv. 2. þm. Austurl. sem talaði hér á undan mér. Þá var hann að vitna til gagnrýni hv. 5. þm. Austurl. sem mun nú vera sá maðurinn í þessu húsi líklega sem mest veit orðið um þessi mál. Á þeirri vinnu, sem hann hefur látið vinna fyrir nefndina í Nd., er greinilegt að sjá að þessi samningur skilar okkur ekki tölulega betri árangri eða a.m.k. eru mjög litlar vonir við hann bundnar þannig. Aftur á móti virðist hann greinilega skila okkur samningslega verri stöðu að því leyti að áfrýjunarmöguleikar okkar, þegar um einhver vafaatriði er að ræða, eru tímanlega orðnir mjög knappir. Þannig séð erum við verr staddir en við vorum í upphafi.

Það er greinilegt að sú deila, sem við áttum við ÍSAL áður en byrjað var að vinna eftir bráðabirgðasamkomulaginu frá 1983, hefur knúið samningsaðila okkar til að reyna að bæta stöðu sína samningslega gagnvart okkur. Það undarlega hefur gerst að okkar samningsaðilar virðast augsýnilega ekki hafa gert sér grein fyrir því hver hin siðferðilega staða þeirra var í ljósi fortíðarinnar og hreint og beint gefið eftir miklu meira en manni er skiljanlegt þegar maður skoðar efnisatriði málsins.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það frv., sem hér er til umræðu á þskj. 148, varðar 4. viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og fjölþjóðafyrirtækisins Swiss Aluminium Ltd. Þessi samningur er lagður fram við lok endurskoðunar á gildandi ákvæðum aðalsamnings um skattamál Íslenska álfélagsins hf. sem ríkisstjórnin og Alusuisse höfðu orðið sammála um að færi fram. Einu kynni stjórnarandstöðunnar af þessu máli áður en það var lagt fram sem frv. á Alþingi 19. nóv. s.l. voru þau að fulltrúar þeirra voru boðaðir á fund hæstv. iðnrh. í júlí s.l. og var það til að sjá meginefnisatriði þessa samnings sem undirritur skyldi næsta dag.

Þannig hefur við þessa samningagerð ríkt sama leynd og skortur á upplýsingum til stjórnarandstöðu og hvíldi yfir samningagerð 3. viðauka við aðalsamninginn og sem ég átaldi harðlega þegar sá viðauki kom til umræðu á Alþingi á s.l. hausti. Þá var reyndar settur gjaldmælir á þm. og hlýtur það að teljast einsdæmi bæði fyrr og síðar.

Ég vil því ítreka hér þá skoðun mína að eðlilegt og réttlátt væri að fulltrúar allra stjórnmálasamtaka, sem sæti eiga á Alþingi, væru hafðir með í ráðum þegar um svo mikilvægt mál er að ræða sem snertir hag landsmanna allra. Það er enginn vafi á því í mínum huga að slík upplýsingamiðlun og samráð mundu tryggja betri hagsmunagæslu fyrir Íslendinga í viðskiptum við þá viðsjárverðu aðila sem hér eru á ferðinni.

Ég á ekki sæti í hv. iðnn. þessarar deildar og kemur það sennilega ekki að sök þar sem ljóst má vera að sú hv. nefnd hafði lítil tækifæri til að fjalla um þetta mál. En ég mun byggja mál mitt hér mjög á því sem fram kom í iðnn. Nd. en þar á Kvennalistinn sinn fulltrúa. Ég vísa til ýmissa atriða, sem koma fram í nál. 4. minni hl. iðnn. Nd., í máli mínu hér nú.

Í síðustu samningagerð um 3. viðauka við aðalsamning, sem samþykktur var í fyrra, voru gerðar ýmsar breytingar sem hafa mikil og afgerandi áhrif á þann samning sem hér liggur nú fyrir. Því tel ég vert að hyggja aðeins að þeirri samningagerð frá í fyrra. Þar var t.d. fellt niður mikilvægt ákvæði um bestu kjaraskilmála, sem var í gr. 2.03.c í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og ÍSALs, um að Alusuisse eigi að leitast við að tryggja ÍSAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru. Brottfall þessa ákvæðis var knúið fram á síðustu stundu í samningagerðinni og viðurkenndi páv. iðnrh. fyrir hv. iðnn. að það væri réttilega mikil veiking á þessum ákvæðum skattalaga. Þar fórnuðum við því atriði sem þótti ein girnilegasta ástæða þess að tekið var upp samstarf við Alusuisse í upphafi, þ.e. við fórnuðum bestukjaraákvæðunum. Þótti fleirum en mér þar illa staðið að verki.

Við samningagerð 3. viðauka við aðalsamninginn var einnig sú afdrifaríka þróun að Alusuisse tókst að kljúfa tvö nátengd málsatriði í aðskilda þætti sem framvegis yrði samið um hvorn í sínu lagi, annars vegar megintekjustofna Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse, þ.e. raforkuverðið, og skattlagninguna hins vegar. Þó eru þessir þættir í órjúfanlegum tengslum hvor við annan og ótækt að semja um annan án tillits til hins.

Þessu fylgdi síðan á s.l. hausti uppgjöf saka og hreint siðgæðisvottorð Alusuisse til handa vegna meintra skattsvika fyrirtækisins. En þau mál voru á viðkvæmu stigi fyrir gerðardómi og dómsúrskurður ekki langt undan þegar hæstv. fyrrv. iðnrh. tók sig til og samdi jafnrækilega af sér og 3. viðaukasamningurinn ber vitni

um.

Staða okkar þótti sterk í því gerðardómsmáli sem þarna var á ferðinni og að mati lögfræðinga, er ráku það mál fyrir Íslands hönd og komu á fund iðnn. í fyrra þegar samningurinn var þar til meðferðar, var, eins og ég sagði, staða okkar þar sterk, en þó fór sem fór. Niðurstaðan er m.a. sú að nú í dag stöndum við mun verr að vígi við upphaf samninga hvað skattamálin varðar en við annars hefðum gert. Við höfum misst þá viðspyrnu sem hefði getað knúið Alusuisse til að virða hagsmuni Íslendinga eins og það frv., sem hér er til umræðu, ber vott um.

Megintilgangur þeirrar endurskoðunar, sem liggur til grundvallar þessu frv., er tilgreindur í athugasemdum við frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Að gera reglur um framleiðslugjaldið skýrari og öruggari í framkvæmd þannig að síður verði hætta á deilum í því efni og tryggja eðlilegar skattatekjur af starfsemi félagsins."

Til að ná þessum markmiðum var í fyrsta lagi samið um nýja tilhögun á skattlagningu á aðföngum álbræðslunnar, þ.e. rafskautum og súráli. Rafskautin eru flutt inn frá rafskautaverksmiðju Alusuisse í Rotterdam en verðlagning þeirra var m.a. tilefni deilna áður þar sem endurskoðunarfyrirtækið Coopers & Lybrand taldi að ÍSAL *hefði verið látið greiða verulegt yfirverð fyrir* rafskaut og fór það mál fyrir gerðardóm.

Verðlagning rafskauta er vandasamt mál og það er ekki fyllilega ljóst hverjir megi teljast óskyldir aðilar skv. grein 27.04.a í samningnum. Enn fremur er ekki auðvelt fyrir Íslendinga að ganga úr skugga um hvert rafskautaverð til óskyldra aðila er þar sem Alusuisse tilnefnir sjálft fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að kanna það og Íslendingar verða að sætta sig við að treysta þeim upplýsingum. Varla mun það styrkja stöðu okkar gagnvart fjölþjóðafyrirtækinu Alusuisse.

Súrál hefur nú verið tengt heimsmarkaðsverði á áli þannig að eitt tonn af áli komið til Rotterdam að viðbættum löndunarkostnaði jafngildir átta tonnum af súráli komnum cif til Straumsvíkur, þ.e. súrálsverðið er nú 12,5% af heimsmarkaðsverði á áli. Þessi tenging hefur bæði kosti og galla. Hún ætti að tryggja sanngjarnari verðlagningu á súráli en verið hefur hingað til. Hins vegar mun hún ekki nýta til hagnaðar fyrir ÍSAL þær aðstæður sem verða þegar súrálsverð lækkar en álverð hækkar. Þessum hugsanlega hagnaðarmöguleika hefur með þeim samningi, sem hér liggur nú fyrir, verið afsalað.

Enn fremur hefur verið tekin upp ný skilgreining á heimsmarkaðsverði á áli þar sem notuð er formúla svipuð þeirri sem byggt var á varðandi orkuverð í samningnum frá í fyrra. Sú stærð í þessari formúlu, sem líklegust er til að valda ágreiningi, er svonefnd ASIP. Það táknar álverð við sölu frá Alusuisse en einnig frá tveimur þýskum álbræðslum í eigu Alusuisse til óháðra viðskiptavina. Ljóst er að endurskoðunarákvæði sem þetta tryggja ekki hagsmuni Íslands nægilega vel. Íslenskum stjórnvöldum er að vísu heimilt að skipa endurskoðendur en þá einungis í samráði við Alusuisse sem þarf að samþykkja endurskoðandann hverju sinni. Einnig þarna er ákvörðunarréttur Íslendinga fallinn brott.

Útreikning þennan má svo ekki endurskoða oftar en einu sinni hvernig sem á því stendur en það getur varla verið Íslendingum til hagsbóta. Auk þess hefur hér, að því er mér virðist, glatast í reynd hugmyndin um armslengdarverð sem þó átti að liggja til grundvallar í allri samningagerðinni.

Í öðru lagi hefur í þessum viðaukasamningi, sem hér er til umræðu, verið samið um nýjar reikningsskilareglur þar sem reynt hefur verið að lagfæra helstu skekkjuvalda eins og fyrningu, fjármagnskostnað og gengistap. Var þetta gert ekki síst með það fyrir augum að gera skattstofninn áreiðanlegri. Þó hefur fyrningartími verið lengdur og hlýtur það að koma ÍSAL til góða og þar með Alusuisse. Jafnframt hefur Alusuisse lagt fram 40 millj. bandaríkjadala til að tryggja eiginfjárstöðu ÍSALs, lækka skuldir fyrirtækisins og þar með vaxtagjöld. Ekki er þó ljóst að hve miklu leyti þessi bætta eiginfjárstaða og auknar fyrningar vega hvort annað upp.

Í þriðja lagi hefur svo verið samið um óbreyttan *lágmarksskatt, þ.e. framleiðslugjald, sem nemur* 20 bandaríkjadölum á hvert tonn af áli. Þessi upphæð hefur að sjálfsögðu rýrnað síðan 1975 og jafngildir nú um 11,45 bandaríkjadölum og er óverðtryggð eins og fram hefur komið. Þetta er vitaskuld ótækt og má segja að það sé með sanni komið á daginn í þessum nýja viðaukasamningi hve slæmt það var að vera búinn að *spila út öllum trompunum sem hefðu* getað knúið fram hærra grunngjald.

Auk þess hefur svo verið samið um breyttan skattstiga sem miðaður er beint við nettóhagnað fyrirtækisins á undanförnu ári og leikur á bilinu frá 35% lágmark upp í 55% hámark. Það hefur komið í ljós að hagkvæmni þessa skattstiga umfram þann, sem nú gildir, byggist fyrst og fremst á því hverjar tölur og stærðir eru notaðar sem forsendur. Þær tölur byggjast síðan á spám um það hvaða verð muni gilda á álmörkuðum heimsins í framtíðinni. Reynslan hefur sýnt að mjög varlegt er er að treysta spám í áliðnaði, einkum eftir árið 1980. Þær hafa svo oft reynst rangar. T.d. eru þessar spár mjög háðar því hvert mat menn leggja á styrk bandaríkjadals. En skoðanir manna skiptast í þeim efnum töluvert eftir því hvorum megin Atlantshafsins þeir búa. Það er því engan veginn víst að hinn nýi skattstigi muni tryggja hærri skatttekjur en núgildandi skattkerfi gerir. Sú staða gæti komið upp að núgildandi skattkerfi væri hagstæðara, einkum ef álverð helst áfram lágt og þar með einnig hagnaður. Hins vegar geta breyttar reikniskilareglur gefið aukna skattvon þó ekki megi gleyma því að ÍSAL hefur sýnt neikvæðan meðalhagnað s.l. 15 ár.

Endurskoðunarákvæðin í grein 27.07 eru í heildina litið til bóta en þó hefði mér þótt æskilegra að binda ekki endurskoðun á fimm ára fresti eingöngu. Nú er enn fremur skertur enn meir réttur til endurskoðunar aftur í tímann en sá réttur hafði þegar verið takmarkaður í samningnum frá í fyrra. Tíminn, sem gefst til endurskoðunar ársreiknings, er nú naumur, aðeins um fjórir mánuðir. Það má því segja að í heildina torveldi þessi samningur ÍSAL að einhverju leyti að svíkja undan skatti þó að engan veginn hafi verið sett fyrir allan leka og má t.d. vara við því að hluti af heildarfjármagnskostnaði Alusuisse vegna lántöku fyrirtækisins verði færður yfir á ÍSAL sem tap.

Kvennalistinn hefur lengi talið eðlilegt að um ÍSAL giltu íslensk skattalög, að ekki væru gerðir sérsamning-

ar um sköttun fyrirtækja eins og gert er hvað varðar þetta fyrirtæki. Það virðist því miður hafa verið gerð lítil tilraun við þessa samningagerð að bera fram þetta sjónarmið og þykir mér það mjög miður. Mér virðist að íslenskir samningamenn hafi eina ferðina enn verið haldnir óhóflegri bjartsýni og verið ofhlaðnir góðri trú í viðskiptum sínum við Alusuisse. En það er löngu orðið ljóst að Alusuisse er viðsjárverður viðskiptaaðili en ekki góðgerðastofnun.

Það kemur einnig glöggt fram í orðalagi þessa frv. að óttinn við deilur og löngunin til að eyða þeim hefur orðið yfirsterkari einarðri hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd.

Virðulegi forseti. Í heildina litið er þessi samningur ríkisstj. við Alusuisse óviðunandi. Álrisanum hefur enn þá einu sinni tekist að ná undirtökum í samningsgerð og sveigt hana í þá átt að tryggja hagsmuni sína langt umfram hagsmuni Íslendinga. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu frv.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að bæta mörgum orðum við þessa umræðu. Það er þó alveg ljóst að iðnn. hafði afskaplega nauman tíma til að fjalla um þetta mál og gerði það raunar ekki. Eins og hv. frsm. nál. meiri hl. kom að fjallaði nefndin raunar aðeins um það hvort óhætt væri, *ef ég má svo að orði komast, að geyma umfjöllun* málsins hér á Alþingi og í Ed. þangað til eftir áramót. En niðurstaðan varð sem sagt þessi, eins og fram er komið, að það var ekki talið óhætt að bíða með afgreiðslu málsins fram yfir áramót.

Það má segja að orðfæri nál. Nd. — þá á ég við þau nál. þeirra sem vilja leggja þessu máli lið, þ.e. samþykktu frv. — sé mjög varfærið, ekki síst ef litið er til niðurlags í þeim nál. Í öðru nál. er sagt að samningurinn sé til bóta — *ekki er nú sterkar að orði kveðið* — og í nál. þeirra hv. þm. Páls Péturssonar í Nd. og hv. þm. Ingvars Gíslasonar er mjög vægt til orða tekið sömuleiðis. Að mínu áliti er því ekki mikill munur og kannske enginn þar á.

Ég stend hér fyrst og fremst upp vegna þess að ég ritaði undir þetta nál. meiri hl. með fyrirvara. Ég gat þess við 1. umræðu málsins að ég hefði fremur kosið — og vísa ég þá til þeirrar umræðu sem átti sér stað sem *eins konar aðdragandi að þessari síðustu samningalotu* — að upp hefðu verið teknir veltuskattar. Að vísu hefur verið bent á ýmsa annmarka sem þeir hefðu í för með sér, kannske fyrst og fremst það að þeir eru óháðir afkomu fyrirtækja og það kann að vera að sumum og kannske flestum sýnist það andstætt okkar skattalögum eða að minnsta kosti síður í anda þeirra. Hins vegar er alveg ljóst að enda þótt um væri að ræða veltuskatta hefðum við haft heimildir til að athuga bókhald fyrirtækisins með tilliti til þess að ganga úr skugga um hver velta þess væri á hverjum tíma. Við hefðum því ekki með þessum hætti verið að víkja frá okkur þeim hagsbótum að skoða reikninga fyrirtækisins.

Ég hef ekki og ætla ekki að hafa uppi athugasemdir við einstaka þætti þessa samnings að því er varðar nýjar fyrningarreglur og nýjar reglur vegna aðfanga til verksmiðjunnar. Hins vegar eru það fyrst og fremst tvö atriði í þessum samningi, sem gerður hefur verið, sem ég hef athugasemdir við og er óánægður með. Í fyrsta lagi eru það ákvæðin um grunngjaldið og í öðru lagi er ég óánægður með endurskoðunarákvæðið, þ.e. gr. 27.07.

Varðandi grunngjaldið þá er það alveg ljóst að samningurinn kveður á um sama grunntaxta framleiðslugjalds á hverja smálest áls þrátt fyrir að raunvirði þessa gjalds hafi rýrnað allverulega eins og margoft hefur komið fram. Manni sýnist að ástæður hafi verið meira en ærnar til að hækka þetta gjald með tilliti til þessa. Ég efast ekki um að okkar samninganefndarmenn hafi leitast við að fá fram hækkun. Reyndar kemur það fram í þeim gögnum sem fyrir liggja. En þetta tókst ekki því miður og ég harma það.

Í öðru lagi endurskoðunarákvæðið, 27.07. Í endurskoðunarákvæðinu eru nefndir þeir þættir, sem til endurskoðunar verða á fimm ára fresti, þ.e. málsgr. 26.01, 27.03, 27.04, 27.05, 27.02. Ég tel að endurskoðunarákvæðin hefðu átt jafnframt að ná til 25.03, þ.e. þeirrar greinar í samningnum sem fjallar um grunngjaldið. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að nefna nál. hv. þm. Nd. Hjörleifs Guttormssonar. Ég varð satt að segja svolítið hissa þegar ég veitti því athygli að hv. þm. virðist hafa staðið í þeirri trú að fimm ára endurskoðunarákvæðið ætti við um lágmarksskattinn. Í nál. hv. þm. stendur, með leyfi forseta:

„Þessi lágmarksskattur er áfram óverðtryggður og fyrstu möguleikar á að óska eftir breytingu á honum eru að *fimm árum liðnum.*"

Nú gæti maður haldið að hér væri um prentvillu að ræða en prósenturnar um lækkun skattsins vegna verðbólgu segja að þessi tala er fram sett af ásetningi en ekki af mistökum. Þetta atriði færir manni e.t.v. heim sanninn um að e.t.v. sé fleira við umfjöllun þessa máls sem ekki hefur nægjanlega komið fram í dagsljósið. Menn hafi e.t.v. þurft að athuga allt málið allnokkru betur. (**Iðnrh.:** Má ég endurtaka það sem ég sagði. *Endurskoðun á grunngjaldi er ekki undir fimm ára* ákvæðinu en fer fram 1991 skv. aðalsamningi, 25 ára samningnum. Það er endurskoðun hans en fellur ekki undir þennan 4. lið.) Ég hef haft samband við suma þá aðila sem um þetta hafa fjallað. Ég vil nefna Hjört Torfason, hv. þm. Gunnar G. Schram, Garðar Ingvarsson og Halldór Kristjánsson. Ég hef haft samband við þá um þetta atriði, hvort þessi heimild til endurskoðunar er eftir fimm ár eða eftir níu ár. Þessir aðilar hafa fullyrt að *hún sé ekki fyrr en að níu árum liðnum.*

Ég hef lofað því að hafa ekki mörg orð um þennan samning. Enda þótt þessir annmarkar séu á samningnum, sem ég hef vikið að, treysti ég mér ekki til að bera ábyrgð á því að þessi samningur öðlist ekki lagagildi. Ég endurtek það að að mínu áliti er enginn fullkomlega ánægður með þennan samning. Að vísu er blæbrigðamunur á þeim rökstuðningi, ef ég má svo að orði komast, fyrir því að menn fylgja honum. Þó er sá blæbrigðamunur ekki mikill.

Virðulegi forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að fram kæmi og væri skjalfest hvað það er sem ég er óánægður með varðandi þennan samning. En þegar á heildina er litið tel ég ekki stætt á því þrátt fyrir allt að koma í veg fyrir samþykkt hans.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hér í deildinni að þessi álsamningur er mjög umdeildur. Ég sagði við fyrri umræðu að ég teldi að nokkuð hefði áunnist á þann veg að ágreiningsefnum

hefði verið fækkað en ég gagnrýndi nokkur atriði og sagði m.a. að þegar á heildina er litið væri líklegt að þessar breytingar á skattstofni og skattstigum muni ekki verða okkur hagstæðari en þær reglur sem nú gilda heldur séu líkindi til að skatttekjur muni frekar minnka. Ég sagði líka að útreikningar væru ótrúverðugir og vitna þá til starfsfólks sem við Alþýðuflokksmenn höfum haft í þessu máli og hefur farið yfir þetta. Við höfum líka gagnrýnt að ekki hefur tekist að fá lágmarksgjald verðtryggt sem er mjög miður.

Það kom fram áðan hjá hv. 2. þm. Austurl. að samninganefndarmenn hafi ekki staðið sig sem skyldi. Það er erfitt að meta það svona úr fjarlægð, einkum vegna þess að við höfum ekki haft aðstöðu til að fara ofan í þetta frv. sem skyldi, slík fljótaskrift hefur verið á þessu máli. Það fer líka eftir því hvaða bakstuðning samninganefndin hefur fengið frá ríkisstj. hvert hennar afl hefur verið.

Við Alþýðuflokksmenn munum ekki samþykkja þennan samning, við munum ekki greiða atkvæði með honum. Við munum heldur ekki greiða atkvæði á móti honum heldur sitja hjá. Ég vil hér lýsa þessari afstöðu okkar sem markast af því, sem ég var að segja áðan, að þrátt fyrir að nokkuð hafi áunnist erum við óánægðir með ýmsa þætti hans og þykir miður að hafa ekki haft meiri tíma til að skoða málið. Ég veit að formaður iðnn. er mjög óánægður með það eins og við hinir en hefur orðið við þeim tilmælum að koma málinu í gegn fyrir áramót vegna eðlis þess, en áramótin munu skipta máli hvað varðar framkvæmd þessa samnings.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JHelg, JK, VI, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ, HÓ, SalÞ.

nei: HS, RA, SDK, SkA.

KSG, EG greiddu ekki atkv.

2 þm. (KolJ, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vísa til þess sem hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason sagði hér við 2. umr. málsins. Ég tel að þessi samningur sé hvergi nærri fullnægjandi og ríkisstj. verði ein og alfarið að bera ábyrgð á honum og afleiðingum hans og greiði því ekki atkvæði.

2.—3. gr. samþ. með 12:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 37. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., að loknum 36. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, stjfrv. 174. mál (þskj. 197). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 347).

Tímabundið vörugjald, stjfrv. 170. mál (þskj. 190). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 348).

Tollskrá, stjfrv. 169. mál (þskj. 189). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 349).

Barnabótaauki, stjfrv. 197. mál (þskj. 285). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Álbræðsla við Straumsvík, stjfrv. 134. mál (þskj. 148). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Viðaukasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og álbræðslunnar í Straumsvík hefur hlotið skjóta afgreiðslu í þessari hv. deild. Ég vil við þetta tækifæri og loka-afgreiðslu þessa frv. þakka hv. iðnn. deildarinnar og formanni hennar sérstaklega fyrir fyrirgreiðslu bæði skjóta og góða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 350).

Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv. 198. mál (þskj. 287, n. 314). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur haft mál þetta til umfjöllunar og hefur nefndin orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. en þrír nm. skrifa undir með fyrirvara.

Hér er um að ræða mál sem fjallar um greiðsluvanda íbúðareigenda með hliðsjón af áliti nefndar um húsnæðismál sem hefur starfað að undanförnu og nýlega skilað frá sér áliti. Ég hygg að segja megi að öll ákvæði frv. hnígi að því að bæta í nokkru hag húsbyggjenda og íbúðareigenda þar sem um er að ræða skattafrádrætti vegna vaxtagreiðslna og verðbóta o.s.frv. Það er aðeins eitt ákvæði sem kann að verða talið íþyngjandi, en það er að skattfrelsismörk vegna eignarskatts verði miðuð við 28% sem er meðalhækkun fasteignamats en ekki 36% sem er meðalhækkun verðbólgu, en það kemur mjög lítið við þá sem eru með meðalíbúðir eða kannske lítið eitt stærri. Það er þá kannske aðeins einhver íþynging á þeim sem meiri fasteignir eiga.

Ég held að ástæðulaust sé að skýra þetta mál frekar. Það hefur verið gert hér bæði í framsögu við 1. umr. og eins er þetta allt rækilega rakið í athugasemdum. Í þessari tímaþröng geri ég ekki ráð fyrir að menn æski þess að frekar verði farið út í þá sálma. Ég vísa til þess að nefndin er sammála um samþykkt frv. en þrír nm. skrifa að vísu undir með fyrirvara.

Stefán Benediktsson: Virðulegur forseti. Það er nú orðið nokkuð langt síðan að stjórnarandstaðan byrjaði að vekja athygli stjórnarflokkanna og stjórnvalda á vanda húsbyggjenda og varpa fram hugmyndum um það hvernig hugsanlega mætti standa að því að leysa þennan vanda. En núna á elleftu stundu, alla vega hvað störf þings varðar, er komin fram tillaga. Og ég efast ekkert um það að tilgangur höfunda er góður.

Ég kem heldur ekki hingað í ræðustól til þess að lýsa yfir andstöðu minni við þetta mál, heldur einungis til þess að skjalfesta ýmis atriði sem ég álít rétt að menn hugleiði og þá sérstaklega með tilliti til framhaldsins.

Það er í fyrsta lagi engar upplýsingar að hafa um það hvaða breytingar þetta kemur til með að hafa á tekjur ríkissjóðs. Út af fyrir sig hef ég ekki allt of miklar áhyggjur af því hvort hann hefur nægar tekjur eða ekki, en aftur á móti þykir manni nú skynsamlegra að menn viti nokkurn veginn hvaða tekjum þeir mega við búast. Og án þess að hafa reiknað það neitt nákvæmlega, eingöngu út frá þeim upplýsingum sem hér er að finna í grg. með plagginu og ályktunum út frá þeim, þá þykir mér alls ekki ólíklegt að ríkisstj. verði það á óvart nánast fyrir tilstilli þessa frv. að standa við gefin loforð þessa árs, þ.e. að þjóðin — þeir hennar sem greiða tekjuskatt — fái þessa 400 millj. kr. tekjuskattslækkun sem lofað var. En þá er til þess að horfa að dreifing þessarar afléttingar kann að verða nokkuð óréttlát. Óréttlát í þeim skilningi að mjög margir af þeim, sem eiga í vanda vegna húsbygginga eða íbúðarkaupa, eru tekjulágir og áhrifin af mögulegum vaxtafrádrætti á framtöl þeirra kunna að leiða til þess að þeir eignist bókhaldslega innistæðu hjá gjaldheimtum sínum, en það eru reyndar innistæður sem þeir geta ekki gengið að þar sem við gerum ekki ráð fyrir útgreiðslu eða borgun neikvæðs tekjuskatts. Þetta segir svo mikið sem það að það eru þeir tekjuháu sem koma til með að njóta mests hér af, m.a. vegna þess að menn lögðu ekki í það, sérstaklega vegna tímaskorts að því er okkur er talið, að taka inn í viðmiðunina eignastöðu manna.

Í sjálfu sér horfir þetta þó allt saman til jákvæðrar áttar. Því skal ég alls ekki neita. Og ég lít á þetta sem viðurkenningu ríkisstj. á því að hún verði í krafti jafnaðar og réttlætis að taka þátt í þeim byrðum sem fólk tekur sér á herðar þegar það kaupir sér húsnæði eða byggir yfir sig. Aftur á móti hefði ég talið að það væri heppilegri og réttlátari leið að stefna að því að afnema öll vaxtafrádráttarákvæði tekjuskattslaganna og þá m.a. hvað húsbyggjendum viðkemur að fella allan vaxtafrádrátt vegna öflunar íbúðarhúsnæðis niður á ákveðnum aðlögunartíma, en láta koma á móti húsnæðisframlag til íbúðarkaupenda eða húsbyggjenda, sem tæki mið af fjárfestingu upp að einhverju ákveðnu eða fyrir fram settu marki, miðað þá við fjölskyldustærð og húsnæðisstærð, og það fylgi einstaklingum eða tengist nettóeign. Þetta væri frádráttur — eða framlag réttara sagt — til einstaklinganna sem væri óháður tekjum og óháður því hvernig þeir fjármögnuðu íbúðarbyggingar sínar.

Stóri munurinn á þeirri leið og þeirri, sem núna er lögð til, væri aðallega fólginn í tveimur atriðum. Annars vegar er sú leið, sem farin er í þessu frv., enn þá afkvæmi núgildandi tekjuskattslaga og frádráttarákvæða í þeim anda að það er í raun og veru skuldahvetjandi, þ.e. heimilaður frádráttur í tekjuskattslögum í dag virkar í raun og veru skuldahvetjandi. Og það er mjög mikið atriði að koma þessum málum í það horf að hvetja fólk ekki til að skulda heldur að draga úr áhuga þess á slíku. Þess vegna tel ég heppilegra að framlag ríkissjóðs fari ekki fram í gegnum vaxtafrádrætti heldur beint framlag sem þannig myndi líka dreifast réttlátara en nú er og einnig er lagt til í þessu frv.

Það er enn annað í þessu sem er varhugavert. Það fer ekkert á milli mála þegar maður les þetta frv. að þeir, sem koma til með að njóta góðs af því, munu samtímis hafa mjög einlægan og skiljanlegan áhuga á því að verðbólgan haldi áfram og verði sem hæst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. og ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., stjfrv. 194. mál (þskj. 262, n. 320 og 330, brtt. 321 og 331). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Mál þetta hefur fengið ítarlega umfjöllun í hv. fjh.- og viðskn. Raunar vildi svo til að fjórir nm. voru

jafnframt nm. í hv. allshn. sem hafði skylt mál til meðferðar, þ.e. um breytingu á gjaldþrotaskiptalögunum, þannig að að sumu leyti urðu þetta sameiginleg störf tveggja ólíkra nefnda í sömu deild. Þó að ekki væri það formlega gert þá nutum við aðstoðar og upplýsingaöflunar í báðum deildunum og miðluðum auðvitað þekkingu og upplýsingum á milli.

En að því er þetta mál sérstaklega varðar, sem hér er til umræðu nú formlega, þá fengum við á okkar fund forseta lagadeildar Háskóla Íslands, Gauk Jörundsson, sem var okkur til mikillar hjálpar og skýrði mjög mál fyrir nm.

Allir þekkja meginefni málsins og skal ég ekki fara langt út í að rekja það. En nefndin varð sammála um að flytja öll þrjár brtt., sem eru á þskj. 321 og hefur verið útbýtt. Þó að öllum sé það kunnugt að skoðanir hafi verið nokkuð skiptar um það, bæði hér í þessari hv. þingdeild og eins manna á meðal og í almennri umræðu um það, hvort fara ætti þá leið að setja á stofn sérstaka rannsóknarnefnd vegna viðskipta Útvegsbanka Íslands og Hafskips fremur en að fara þá leið að Alþingi kysi nefnd eftir 39. gr. stjórnarskrárinnar, þá var samstarfið mjög gott í nefndinni og menn leituðust við að samræma sjónarmið og árangurinn varð sem sagt sá, sem ég nefndi, að sameiginlega flytja nm. þessar þrjár brtt.

Það er reyndar um að ræða tvo minni hluta og er rétt að gera grein fyrir því hvernig á því stendur. Hv. þm. Valdimar Indriðason óskaði ekki að sitja fundi nefndarinnar þegar mál þetta var rætt og ekki að taka þátt í neinni afgreiðslu á brtt. og veit ég að menn skilja þá afstöðu. Hins vegar mun hv. þm. Valdimar Indriðason að sjálfsögðu taka þátt í afgreiðslu málsins hér í deildinni og afgreiðslu brtt., enda miða allar þær brtt., sem sameiginlega eru fluttar af nefndinni, að því að uppfylla þau sjónarmið sem hann hefur margsinnis fram sett, að allt ætti að gera til þess að upplýsa mál þetta að fullu. Allar þessar brtt. og eins þær, sem gerðar eru á gjaldþrotaskiptalögunum, hníga í þá átt að auðvelda að upplýsa mál það sem hér er til umræðu að fullu og öllu. Og vonum við að svo fari, þannig að hv. þm. mun auðvitað taka þátt í afgreiðslu hér í deildinni þótt hann óskaði ekki að sitja nefndarfundi þar sem rætt var um brtt. og þær afgreiddar.

2. minni hl. flytur eina brtt. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sameinað Alþingi kýs sex alþm. samkvæmt tilnefningu þingflokka til að fylgjast með rannsókn þessari. Hafa þeir rétt til að hlýða á yfirheyrslur og kynna sér gögn málsins."

1. minni hl. féllst ekki á þessa till. og þarf ég kannske ekki að hafa um það mörg orð hvert mitt sjónarmið er í því efni. Það held ég að hafi komið æði glöggt fram í ræðu minni hér við 1. umr. að ég óttast mjög að tengt sé saman framkvæmdavald, dómsvald eða löggjafarvald — í þessu tilfelli löggjafarvald og dómsvald — að þar eigi að hafa aðgreiningu sem gleggsta. Ég get mjög vel fallist á að það eru rök fyrir því, sem væntanlega verða hér flutt, að þetta geti gengið. En það eru líka gagnrök og ég tel þau ívið sterkari og hættulegt að fara inn á þessa braut.

Rétt er að geta þess að það kom fram hjá Gauki Jörundssyni að þetta mál mun vera nokkuð einstætt. Slík rannsóknarnefnd er kannske einsdæmi, eins og mig grunaði og gat mér til við 1. umr. að vera mundi, svo langt hefði aldrei verið gengið í rannsókn gjaldþrotamáls, eins og hér er gert ráð fyrir. Hygg ég að það sé vísbending um það að allt sé gert sem unnt er til að upplýsa málið, og þannig orðið við óskum allra hv. alþm. um að ekki standi á þeim að veita þær lagaheimildir sem nauðsynlegar eru til að komast til botns í málinu. En málið er margrætt og ég skal ekki fara lengra út í umræðuna nema tilefni gefist til.

Frsm. 2. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. hefur skilað nál. á þskj. 330. Þar er vikið að því fyrst að í nefndinni komu fram tillögur til breytinga á frv. sem nefndin flytur raunar sameiginlega á sérstöku þskj. Þessar breytingar teljum við í minni hl. allar vera verulega til bóta frá því sem áður var. Þær eiga að tryggja:

Í fyrsta lagi tryggir fyrsta till. að þessi rannsókn verði öllu víðtækari en frv. upphaflega gerði ráð fyrir.

Önnur till. tryggir að nefndinni verði heimilað að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum, m.a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands. Það er ljóst, og kom raunar fram í nefndinni, að samkvæmt þeim bankalögum sem taka gildi um áramót gildir bankaleynd ekki þegar búið er að samþykkja lög sem eru orðuð svo sem þessi hér. Það er alveg á hreinu að þá gildir ekki bankaleynd. Þeir bankastarfsmenn, sem skýrslur verða teknar af í sambandi við þetta, geta ekki borið fyrir sig bankaleynd. Það er alveg á hreinu samkvæmt gildandi lögum.

Í þriðja lagi er svo till. um að rannsóknarnefndin skuli hraða störfum og skila skýrslu til ráðherra og að ráðherra geri síðan Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

Þetta er allt til verulegra bóta. En það er skylt að geta þess að það varð ekki samkomulag um allar tillögur, sem gerðar voru til breytinga, og því flytur 2. minni hl. hér á sérstöku þskj. brtt. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Sameinað Alþingi kýs sex alþm. samkvæmt tilnefningu þingflokka til að fylgjast með rannsókn þessari. Hafa þeir rétt til að hlýða á yfirheyrslur og kynna sér gögn málsins."

Við, sem skipum minni hl., teljum að þetta sé afar mikilvægt atriði, þ.e. að Alþingi hafi aðstöðu til að gegna sínu eftirlitshlutverki sem það á að hafa og hlýtur að hafa eðli máls samkvæmt. Þess vegna teljum við nauðsynlegt að bætt verði inn í lögin ákvæði sem tryggir að Alþingi geti fylgst með framgangi málsins og hvernig því miðar áfram og þar með t.d. beint athygli nm. að ákveðnum þáttum málsins sem alþm. eða fulltrúar Alþingis telji e.t.v. ástæðu til að rannsaka sérstaklega. Við teljum þetta vera atriði sem skipti verulegu máli.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að fjölyrða svo mjög frekar um þetta. En ég minni á, eins og kom fram hjá hv. frsm. 1. minni hl., að við meðferð málsins fór samtímis fram í allshn. umfjöllun um frv. til breytinga á gjaldþrotaskiptalögum sem vissulega herðir nokkuð á og tekur af ýmis tvímæli og er áreiðanlega til bóta. Minni hl. leggur sem sagt til þessa brtt., að ný grein bætist við á eftir 4. gr. frv., og ég lýsi því þá yfir að þar sem kunnugt er að Alþýðuflokksþingmaður er 1.

flm. tillögu um skipan rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrár — sem liggur að vísu fyrir hv. Nd. — að verði þetta samþykkt þá mundum við draga þá till. til baka vegna þess að við teljum að eftirlitshlutverki Alþingis yrði nægilega sinnt ef þetta ákvæði kæmi inn í þessi lög.

Ég sé þá ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það kom fram við 1. umr. málsins að um það hefur verið ágreiningur með hvaða hætti ætti að haga rannsókn þessa máls. Við Alþýðubandalagsmenn höfum borið fram till. í báðum deildum þingsins þar sem gerð er till. um, í samræmi við skoðanir okkar á þessu máli, hvernig rannsókn skuli hagað. Ágreiningurinn hefur snúist um það: 1. hverjir eigi að skipa rannsóknarnefndina, 2. hverjir eigi að vera möguleikar Alþingis til eftirlits með rannsókninni og 3. hversu víðtæk og almenn rannsóknin skuli vera.

Ég gagnrýndi það við 1. umr. málsins að ríkisstj. skyldi ekki leita samstarfs við stjórnarandstöðuna við undirbúning þessa máls og taldi það mjög forkastanlegt hvernig að því hefði verið staðið og nefndi það að sennilega væri það einsdæmi í máli af þessu tagi að ekki væri leitað samstarfs við stjórnarandstöðu. Mér er ljúft að játa það að þegar að nefndarstörfum kom í fjh.- og viðskn. var allt annað upp á teningnum. Þar var leitast við að ræða væntanleg vinnubrögð í sambandi við þessa rannsókn á málefnalegan hátt og fullt tillit var tekið til allra sjónarmiða sem þar komu fram og þau a.m.k. málefnalega rædd. Mér er líka ljúft að viðurkenna það að ýmsar ábendingar um breytingar á frv. sem við settum fram náðu fram að ganga við meðferð málsins. Þannig lagði ég fram fjórar hugmyndir um breytingar á frv. og ég tel að það hafi verið komið til móts við þrjár þessara hugmynda. Aftur á móti var ein hugmyndin um breytingu ekki samþykkt, þ.e. að Sþ. kjósi sex alþm. samkvæmt tilnefningu þingflokka til að fylgjast með rannsókn þessari. Hafi þeir rétt til að hlýða á yfirheyrslur og kynna sér gögn málsins. Vissulega er þetta grundvallaratriði að okkar áliti og rannsóknin yrði með allt öðrum hætti, og að okkar hyggju færi hún fram á betur unandi hátt, ef þetta væri gert. En engu að síður verð ég að viðurkenna það að ríkisstjórnarmeirihlutinn tók gott tillit til sjónarmiða stjórnarandstöðunnar í þessu máli þótt ekki væri fallist á allar till. hennar.

Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt: Ég tel að á annan veg ætti að standa að þessari rannsókn, og að það væri hyggilegra, og vísa í því efni til till. sem við höfum flutt einmitt hér í deildinni. En vegna þess að hún nýtur ekki stuðnings annarra flokka og þar sem nauðsynlegt er að mál þetta verði rannsakað, þá tel ég eftir atvikum að það verði þá að una við það að rannsóknarnefndin verði kosin í samræmi við það frv. sem hér liggur fyrir og þá sérstaklega að teknu tilliti til þeirra breytinga sem fram fengust við meðferð málsins í nefnd.

Við Alþýðubandalagsmenn munum leggja áherslu á það að brtt. stjórnarandstæðinga, sem hér hefur verið lögð fram og gerð grein fyrir, verði samþykkt. Við leggjum á það þunga áherslu að Alþingi fái möguleika til að hafa eftirlit með þessari rannsókn og fylgjast með henni. En engu að síður, jafnvel þótt hún nái ekki fram að ganga, þá munum við styðja frv. og tryggja því framgang því meginatriði málsins er að sjálfsögðu það að rannsókn fari fram.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ekki er það ætlun mín að lengja hér umræður. Eingöngu vegna þeirra atkvgr. sem fram fara á eftir um þetta frv. vildi ég skýra mína afstöðu til þess. Eins og menn rekur kannske minni til þá talaði ég við 1. umr. á móti þessari skipan mála, þ.e. ég var mótfallinn því hvaða aðila væri falið að rannsaka þetta mál og taldi eðlilegra að það yrði nefnd þm. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn 1. gr. þessa frv. en áskil mér rétt til þess að fylgja eftir þeim brtt. sem fram eru komnar um verksvið þessarar nefndar, sem ég tel allar tvímælalaust til bóta.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég er að sjálfsögðu samþykkur þeirri málsmeðferð sem fjh.- og viðskn. hefur lagt til varðandi þetta mál. En ég stend upp fyrst og fremst vegna 1. brtt. frá fjh.- og viðskn., þar sem stendur:

„Við 2. gr. 1. málsl. orðist svo:

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförnum árum eða í viðskiptum Hafskips hf. við aðra aðila."

Nú læt ég mér ekki til hugar koma að einhverjum nm. hafi dottið það í hug að þetta yrði valkvætt, hvort viðskipti Hafskips og annarra aðila eða Útvegsbanka Íslands og Hafskips yrðu könnuð, þannig að ég held að það væri eðlilegra að hafa þarna „og" í stað „eða". Ég bið nefndina að athuga þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SDK, SkA, ÞK, AG, BD, DA, EgJ, EG, EKJ, HÓ, HS, JHelg, JK, KSG, RA, SalÞ.

nei: StB.

VI greiddi ekki atkv.

2 þm. (ÁJ, KolJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Í meðförum fjh.- og viðskn. hefur orðið samkomulag um verulegar breytingar á þessu frv. sem allar eru til mikilla bóta og ljóst að frv. mun tryggja marktæka rannsókn málsins. Það sem enn vantar upp á er að Alþingi sé gert kleift að fylgjast með, ég endurtek, fylgjast með en ekki hlutast til um, rannsókn þessa máls og sinna þannig eftirlitshlutverki sínu. Ef brtt. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. þessa efnis á þskj. 331 verður felld hér á eftir mun ég sitja hjá við afgreiðslu frv., annars greiða því atkvæði mitt. Þar sem enn hafa ekki verið greidd atkvæði um brtt. á þskj. 331 segi ég já.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég efasemdum mínum um hversu rétt það væri að Hæstiréttur skipaði tilgreinda rannsóknarnefnd. Þær efasemdir eru enn til staðar. En það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan, með sínum tillöguflutningi og málflutningi hér í þinginu, hefur knúið fram þetta stjfrv. og í meðferð þess hefur verið tekið tillit til veigamikilla tillagna sem við lögðum fram í nefndinni. Það hefur verið komið til móts við þau sjónarmið og verið gerðar breytingar á frv. sem eru verulega til bóta. Það ber

auðvitað að virða. En ég undirstrika mikilvægi þess að samþykkt verði sú brtt. sem liggur hér fyrir, um að Alþingi fái aðstöðu til að gegna eftirlitshlutverki sínu með því að fylgjast með framgangi málsins. Og með tilliti til þessa þá tel ég að þessi rannsókn sé í bærilega viðunandi farvegi og ekki stætt á því að leggjast gegn frv. eins og það nú er vaxið, en lýsi þeirri von að við berum gæfu til að samþykkja þá brtt. sem liggur fyrir við 4. gr., og því segi ég já.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það hefur margoft komið fram að við Alþýðubandalagsmenn teljum að skipa hefði átt í þessa rannsóknarnefnd með öðrum hætti en hér er gerð tillaga um og að við teljum óeðlilegt að Hæstiréttur hafi þetta hlutverk. En með hliðsjón af því að till. annars efnis, sem við höfum flutt hér, nær bersýnilega ekki fram að ganga, með hliðsjón af því að gengið hefur verið verulega til móts við sjónarmið okkar við meðferð málsins í nefnd, og með hliðsjón af brtt. sem við flytjum um það að Alþingi hafi aðstöðu til að hafa eftirlit með þessari rannsókn, þá tel ég rétt að samþykkja skipun þessarar nefndar, þrátt fyrir þessa ágalla, og segi því já.

Brtt. 321,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 321,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 321,3 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 331 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, HS, KSG, RA, SDK, SkA.
nei: VI, ÞK, AG, BD, DA, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg, JK, StB, SalÞ.
2 þm. (ÁJ, KolJ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þar sem meiri hl. hefur valið þá leið til rannsóknar sem í þessu frv. felst, þ.e. að fela rannsóknina aðila sem er algerlega óháður Alþingi, þá tel ég heppilegast að Alþingi hafi engin afskipti af rannsókninni, hvorki með þessum hætti né öðrum. Þess vegna segi ég nei.

5. gr. (verður 6. gr.)samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Gjaldþrotalög, stjfrv. 190. mál (þskj. 232, n. 323, brtt. 324). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um breytingu á gjaldþrotalögum.

Allshn. hefur rætt þetta frv. ítarlega og kallað á sinn fund Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra, Þorleif Pálsson, deildarstjóra í dómsmrn., Markús Sigurbjörnsson borgarfógeta og Gauk Jörundsson, forseta lagadeildar Háskóla Íslands.

Þetta frv. hefur hlotið afgreiðslu frá Nd. og var afgreitt þar óbreytt. En við frekari meðferð frv. kom fram að réttarfarsnefnd, sem er fastanefnd á vegum dómsmrn., skilaði í millitíðinni umsögn um þetta frv. þar sem hún lætur í ljós þær skoðanir að það fari betur að gera nokkrar breytingar á frv.

Við í allshn. ræddum þessar breytingar og nefndin varð sammála um að taka til greina þrjár breytingar sem eru fluttar sem brtt. á sérstöku þskj., 324. Brtt. hljóða á þessa leið:

1. 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

„Skiptaráðandi gefur krafið lánardrottna þrotamanns, svo og þá sem hann hefur átt viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar sem máli skipta við meðferð búsins."

Þarna er um örlitla orðalagsbreytingu að ræða. Í frv. hljóðar þetta þannig: „sem honum þykja máli skipta" en við leggjum til að í stað þessi komi: sem máli skipta.

2. Við 2. gr. frv. bætist ný mgr., sem er svohljóðandi:

„Réttur skiptaráðanda til að krefjast upplýsinga samkvæmt þessari grein er háður sams konar takmörkunum og greinir í XII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála."

Með þessu ákvæði er verið að þrengja undanþáguheimildir frá vitnaskyldu í gjaldþrotamálum því í 135. gr. gjaldþrotalaganna segir að málsmeðferð skuli fara eftir reglum um meðferð einkamála í héraði eftir því sem við geti átt, sé ekki annað ákvæði. Ákvæðin um vitnaskyldu í einkamálum eru í X. kafla laga nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði. Undanþágur frá vitnaskyldu eru víðtækari í þeim kafla en í XII. kafla laga nr. 74/1974.

3. Við 4. gr. 2. málsl. orðist svo:

„Skal forstöðumaður ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum, bæði hvað varðar framkvæmd búskipta og dómstörf."

Til skýringar skal þess getið að störf skiptaráðanda í þrotabúum eru tvíþætt, annars vegar dómstörf og hins vegar ýmiss konar framkvæmdastörf í þágu búsins. Við framkvæmdastörfin geta skiptaráðendur skipt með sér verkum en ekki við dómstörfin. Það þykir rétt í svo viðamiklu máli að kveða skýrt á um það að skiptaráðendur geti skipt með sér verkum við dómstörfin einnig til þess að greiða fyrir rannsókn málsins, að hún verði skilvirkari. Þetta var í rauninni það atriði sem réttarfarsnefnd lagði höfuðáherslu á að þyrfti að kveða skýrar á um í frv.

Það má geta þess að nokkrar umræður urðu um 3. gr. frv., hvort hún gengi of langt og fæli í sér of víðtækar heimildir til þess að kalla menn fyrir. Þetta var rætt og við í hv. allshn. bárum það undir þá aðila sem mættu á fundi nefndarinnar. Þeir töldu, m.a. forseti lagadeildar Háskólans, að þarna væri ekki um hættulegt ákvæði að ræða og mundi tæpast stefna til lögregluríkis því að í gildandi lögum eru víðtækar heimildir að þessu leyti og geta má þess að leita má til dómstóla um úrskurð í þessu efni.

Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann flutti framsögu fyrir þessu frv., þá er það til komið vegna hins stóra gjaldþrotamáls, sem nú er til meðferðar hjá skiptaráðanda, til þess að greiða fyrir því máli og gera rannsóknina skilvirkari. Frv. felur í sér víðtækari

heimildir í því efni. Ég vil geta þess að endurskoðun gjaldþrotalaga í heild stendur fyrir dyrum.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta nál. frekar. Samstaða varð góð í nefndinni og skilar hún samhljóða nál. eins og fram kemur. Ég vil geta þess að lokum að Salome Þorkelsdóttir er sammála þessu nál. þó að hún hafi verið fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins. Hv. forseti Ed. hefur getið þess við mig að hún sé sammála áliti nefndarinnar eins og það er lagt hér fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 324,1.a samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 324,1.b samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 324,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 34. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Hitaveita Suðurnesja, stjfrv. 119. mál (þskj. 132, n. 282). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sala Kröfluvirkjunar, stjfrv. 121. mál (þskj. 258, n. 288 og 291). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FÞ, FrS, GGS, HBl, JBH, KJóh, MB, MÁM, ÓE, PJ, GHG, RH, StG, SV, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, IG.
nei: EBS, GE, ÓÞÞ.
GeirG, GA, GHelg, KH, KSK, SJS greiddu ekki atkv.
10 þm. (GSig, GB, GJG, HÁ, HG, JS, SighB, PP, StH, SvG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Með þessari sölu er endanlega staðfest sú gagnrýni sem við Alþýðuflokksmenn höfum haft uppi á Kröfluvirkjun í gegnum árin, nefnilega að þar hafi stórkostleg mistök átt sér stað. Þau mistök eru nú metin á u.þ.b. 2,5 milljarða kr. Staðfesting þess sem við höfum haldið fram er okkur ánægjuefni og við segjum vitanlega já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel að miðað við það verð, sem talað er um að selja Kröfluvirkjun á, sé það rakið fyrir Rafmagnsveitur ríkisins að kaupa þetta fyrirtæki og þannig væri hægt að lækka verðjöfnunargjaldið. Ég segi því nei.

2. gr. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, HBl, KJóh, MB, ÓE, GHG, RH, StG, SV, SvH, ÞP, IG.
nei: ÓÞÞ.
EBS, GeirG, GE, GA, GHelg, KH, KSK, SJS, SvG greiddu ekki atkv.
12 þm. (GSig, GJG, GGS, HÁ, HG, JS, JBH, SighB, MÁM, PP, PJ, StH) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. 2. gr. fjallar ekki um sölu Kröfluvirkjunar. Hún fjallar um afhendingu á eignum ríkisins, á jarðhita sem Landsvirkjun e.t.v. dettur í hug að virkja eftir árið 2020. Ég tel það fullmikla fyrirhyggju að ganga frá þessu máli hér og nú meðan svo óljóst er um hvernig að því verður staðið. Ég segi því nei.

3. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, stjfrv. 184. mál (þskj. 216, n. 283, brtt. 290, 302). — Frh. 2. umr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það fer fram atkvæðagreiðsla og koma fyrst til atkvæða brtt. á þskj. 290 frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni um það að á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar. Ég ber upp fyrri brtt. (**FrS:** Má skilja þessa fyrri brtt. í sundur og greiða atkvæði um hana í tvennu lagi, annars vegar um prósentur og hins vegar um ártalið?) (**KJóh:** Það er í lagi mín vegna.) Ég held að ég mundi ekki gera það þannig. Við ræðum þá brtt., sem fyrir liggur, við 3. umræðu. (**KJóh:** Var ekki hugmyndin að greiða fyrir því að málið gengi áfram með því að bera fyrri brtt. upp í tvennu lagi?) Satt að segja hefur forseti ekki löngun til annars en að greitt verði fyrir málinu. En það liggur nú fyrir brtt. frá iðnn. sem átti að ræða við 3. umr.

Atkvæðagreiðslunni verður skipt á þann veg að fyrst verða greidd atkvæði um þessa setningu: „Í stað 16% í 2. gr. laganna komi 14%.“ Síðan kemur hin setningin, sem varðar ártalið, á eftir. Ég vil spyrja frsm. hvort það skorti á í till. frá iðnn. að ártalsins sé getið. (**Menntmrh.:** Þetta er á misskilningi byggt allt saman.)

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég skal reyna að skýra þetta mál. Í umræðum hér í gær kom í ljós í máli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar að nefndinni, sem skilaði áliti, hafði láðst að gera brtt. við 2. gr. laganna þar sem skýrt stendur nú að verðjöfnunargjald

skuli tekið árið 1985. Við atkvæðagreiðsluna nú koma tvær leiðir til greina. Önnur er sú að greiða sérstaklega atkvæði um seinni lið fyrri till. frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni eða að flytja till. við 3. umr. málsins. En því þskj. hefur ekki verið dreift þótt frá því sé sagt að það sé til staðar enda var þeirri till. lýst við 2. umr. í gær. Vona ég að þetta skýri um hvað málið snýst þannig að hægt sé að greiða atkvæði á annan hvorn veginn núna.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Fyrir mér vakir ekki annað en það að greiða fyrir. Till. mín er tvíþætt, annars vegar um lækkun verðjöfnunargjaldsins að því er 1. liðinn varðar, um lækkun úr 16 í 14%. Seinni hlutinn fjallar um það að það verði yfirleitt eitthvert verðjöfnunargjald á árinu 1986. Ef till. frá nefndinni og stjfrv. eins og það leit út verður samþykkt óbreytt er ekkert verðjöfnunargjald árið 1986. Þeir sem vilja eitthvert verðjöfnunargjald árið 1986 eiga því að samþykkja síðari hluta till. Þeir sem vilja 14% samþykkja fyrri hluta brtt. Þeir sem vilja eitthvað annað gera eitthvað annað.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er alveg augljóst mál að það er tvennt í þessari till. Annars vegar er um 14% gjald í stað 16%. Hitt hefur að geyma ártal. Þessar tillögur verða nú bornar upp.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þetta er með nokkrum ólíkindum. Nú á að fara að bera upp brtt. án þess að þær séu greindar í sundur með greinarmerkjum, hvað þá meira. Ef nú fyrri hlutinn fellur og síðari hlutinn kemur til atkvæða þá er verið að greiða atkvæði um allt annan hlut. Hv. 3. þm. Reykn. er að leggja til að verðjöfnunargjald verði 14% á tímabilinu 1985—1986. Að þessu föllnu er verið að greiða atkvæði um væntanlega óbreytt ákvæði eða ekkert á árinu 1985—1986. Þetta á auðvitað saman og er á misskilningi byggt og út í bláinn að hæstv. forseti láti narra sig svona.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að blanda mér í þetta áhugaverða mál um þingsköp. Mér virðist vera augljóst að hér er í raun og veru bæði að efni til og næstum því að formi til um tvær tillögur að ræða.

Við skulum líta á fyrirsögnina. Þar stendur: „Breytingartillögur" og að efni til eru töluliðirnir gerólíkir. Þess vegna fellst ég algerlega á skýringu forseta að það megi skipta þessu í tvennt. Ég hygg í raun og veru að það sé fremur um mistök að ræða í uppsetningu, að það standi ekki till. nr. 1 eða 2 og þó finnst mér að það megi vel líta svo á að svo sé.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að þetta séu tvær tillögur og þess vegna sé alveg hægt að draga aðra þeirra til baka til 3. umr. ef mönnum sýnist svo, án þess að gengið sé á svig við þingsköp.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég held nú vegna þess sem upp er komið að eðlilegt sé að nefndin kanni þetta á milli umræðna. Það á ekki að þurfa að taka mikinn tíma. Heppilegt væri að hægt væri að komast að samkomulagi um það að þessar brtt. verði teknar aftur til 3. umr. og við reynum að bæta úr þessu milli umræðna. En ég held þó að hægt hefði verið að ljúka þessu. Þessar tillögur á þskj. 290 eru þá teknar aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 290 og 302 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Iðnráðgjafar, stjfrv. 185. mál (þskj. 217, n. 284). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Skráning skipa, stjfrv. 84. mál (þskj. 260, n. 289, brtt. 301). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er 84. mál Ed. Ed. gerði nokkrar breytingar á þessu frv. Nál. samgn. hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsagnir um það frá Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Mæltu þessi samtök öll með samþykkt frv. Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri og Gísli Auðunsson komu á fund nefndarinnar og skýrðu frumvarpið og svöruðu spurningum.

Veigamesta breytingin frá gildandi lögum felst í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem samgrh. er veitt heimild til þess að leyfa skráningu kaupskipa hér á landi án þess að meginkröfu laganna um eignarhald íslenskra aðila sé fullnægt, en þó með því skilyrði að um sé að ræða skip sem gert er út hér á landi með íslenskri áhöfn, að skipið uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna og hafi ekki heimild til að sigla undir fána annars ríkis. Með þessari breytingu verða kaupskip, sem skráð verða á skipaskrá skv. þessari heimild, að lúta eftirliti íslenskra stjórnvalda hvað varðar öryggi skips og búnaðar."

Þegar við vorum að fjalla um þetta frv. kom upp í hugann hvort nógu vel væri gengið frá öllum hlutum þar að lútandi, sérstaklega í sambandi við veðbönd, sem kynnu að hvíla á því skipi sem ætti að skrá, hvort þyrfti að þinglýsa þeim áður en skráning færi fram. Við höfðum samband við þrjá lögfræðinga út af þessu og það var ekki fyrr en í gær sem við fengum niðurstöðu í málinu. Nefndin flytur því eftirfarandi brtt.:

„Við 3. mgr. 1. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

e. Að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram hérlendis eða stofnast í því eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingardómurum hér á landi."

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta mál liggur þannig fyrir að við því er að búast, að óbreyttum lögum, að torveldað geti skráningu á leiguskipum hér á landi hversu há stimpilgjöld vegna veðbanda eru og hefur það mál verið í athugun í fjmrn. Hæstv. fjmrh. hefur sagt mér að von sé á tillögum ráðuneytisins um það efni. Ég vil þess vegna fara þess á leit við formann hv. samgn. að draga þessa brtt. aftur til 3. umr. og hitta fulltrúa fjmrn. á milli umræðna ef þeir gætu komið sér saman um tillögur í málinu.

ATKVGR.

Brtt. 301 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—27. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sóknargjöld, stjfrv. 150. mál (þskj. 259, n. 296). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. (**GHelg:** Má ég spyrja þig, forseti, liggur nál. fyrir?) Já, nál. liggur fyrir. (**Forseti:** Það liggur nál. fyrir á þskj. 296.)

Það er stundum sagt að það eigi að greiða guði það sem guðs er og keisaranum það sem keisarans er. Þetta frv. fjallar um það að sóknargjöld verði lögð á á næsta ári eins og endranær og hefur menntmn. komið saman og athugað frv. gaumgæfilega. Fjarverandi voru hv. þm. Kristín S. Kvaran og Hjörleifur Guttormsson. Öðrum þótti einsýnt að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 186. mál (þskj. 218, n. 303). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sem liggur frammi á þskj. 303 frá hv. heilbr.- og trn. og varðar frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar. Hér er um leiðréttingarmál að ræða vegna lagabreytingar frá 1984 með lögum nr. 98 og varðaði lengt fæðingarorlof vegna fleirburafæðinga.

Síðar í þeirri lagagrein sem um fæðingarorlof fjallar, þ.e. 16. gr. almannatryggingalaga, var getið um hinn fjórða mánuð í þeim tilvikum er móður er af heilsufars- og öryggisástæðum ráðlagt að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag og jafnframt ef hún vegna sjúkleika þarf einum mánuði lengra fæðingarorlof. Þar var talað um hinn fjórða mánuð en ef um er að ræða fleirburafæðingu þá geta mánuðirnir orðið fleiri.

Tryggingastofnun ríkisins þótti nauðsynlegt að breyta þessu orðalagi í lögunum þó að mér hefði nú fundist, sem flm. þess lagafrv. sem varð að lögum 1984, að þetta hefði leitt af sjálfu sér, en við urðum sammála um að þessi breyting væri þá til að taka af allan vafa og nefndin mælir eindregið með að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 175. mál (þskj. 198, n. 304). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn. um 175. mál, þ.e. breyting á lögum um almannatryggingar. Þetta frv. varðar áframhaldandi álagningu sjúkratryggingagjalds með hliðstæðum hætti og gert hefur verið undanfarin ár. Frv. er efnislega samhljóða lögum nr. 127/1985.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra málið neitt frekar en gert hefur verið í framsögu en nál. er á þskj. 304 og þar leggur heilbr.- og trn. einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., að loknum 34. fundi.

Hitaveita Suðurnesja, stjfrv. 119. mál (þskj. 132). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 333).

Sala Krófluvirkjunar, stjfrv. 121. mál (þskj. 258). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 334).

Iðnráðgjafar, stjfrv. 185. mál (þskj. 217). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 335).

Sóknargjöld, stjfrv. 150. mál (þskj. 259). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 336).

Almannatryggingar, stjfrv. 186. mál (þskj. 218). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 337).

Almannatryggingar, stjfrv. 175. mál (þskj. 198). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 338).

Málefni aldraðra, stjfrv. 182. mál (þskj. 208, n. 312, brtt. 313). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. þetta á nokkrum fundum og auk þess átt viðræður við fulltrúa fjmrn. og ríkisskattstjóra um málið. Hér er gerð tillaga um það að á næsta ári verði innheimt gjald að upphæð 1000 kr. á hvern gjaldanda sem skuli renna til Framkvæmdasjóðs aldraðra með þeim undanþágum þó sem getið er um í 10. gr. laga um málefni aldraðra.

Í þessari 10. gr. er einnig getið um það að þær tölur sem þar greinir, annars vegar gjaldið og hins vegar skattleysismörk um þá sem undanþegnir séu þessu gjaldi, skuli breytast árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Við skoðun á málinu varð það því niðurstaða nm. að breyta þyrfti þessum tölum á þann hátt að þær yrðu miðað við áætlaða hækkun skattvísitölu á næsta ári 1000 kr. og því þyrfti talan nú í þessu frv. að vera 735 kr. á hvern gjaldanda og miðað við það að skattvísitölu verði breytt í 136 stig þá yrði sú tala á næsta ári 1000.

Til þess síðan að halda sama hlutfalli á milli upphæðarinnar, sem greind er sem skattleysismörk, 115 500 kr. á hvern gjaldanda, til þess að halda sama hlutfalli milli þessarar tölu annars vegar og ellilífeyris og tekjutryggingar hins vegar á milli áranna 1984 og 1985 og síðan á milli áranna 1985 og 1986 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að einnig þyrfti að breyta tölunni 115 500 kr. í 122 058 kr. Framreiknist sú tala síðan með skattvísitölunni 136 stig, þá mundi hún á næsta ári nema 166 þús. kr. og þá yrði hlutfallið óbreytt milli þessara tveggja pósta sem ég nefndi áðan.

Því leggur nefndin til að fluttar verði brtt. við þetta frv., sem fram koma á þskj. 313 og hljóða svo, að við 1. gr. frv. komi breyting þannig að greinin orðist svo:

„2. málsl. 1. tölul. 10. gr. laganna hljóði svo:

Skal gjaldið nema 735 kr. á hvern gjaldanda.

Í stað „115 500“ í 3. málsl. 1. tölul. 10. gr. komi: 122 058.“

Síðan bætist við þetta frv. ný grein sem verði 2. gr. og orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Um þessar breytingar varð samstaða í nefndinni. Undir nál. rita Guðmundur Bjarnason, Guðrún Agnarsdóttir, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Ólafur G. Einarsson og Guðmundur H. Garðarsson. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt svo breytt sem ég hef nú gert grein fyrir.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég er auðvitað algerlega sammála þessu frv. og nál. En ég vil inna eftir því hvort nefndin fékk áætlun Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir árið 1986, áætlun um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 1986.

Það hefur verið þannig á undanförnum árum að lögð hefur verið á það mikil áhersla af þm. að þessi áætlun lægi fyrir og ég man ekki betur en að drög að henni hafi legið fyrir í fyrra þegar lögin um málefni aldraðra eða Framkvæmdasjóð aldraðra voru afgreidd hér. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessi áætlun liggi núna fyrir, annaðhvort nú þegar eða þá þegar 3. umr. fjárlaga fer fram. Ég vil spyrja frsm. nefndarinnar, sem jafnframt er varaformaður fjvn., út í þetta mál og óska eftir því að hann sjái svo um, ef hann á þess ekki kost nú, að

upplýsingar um áformaða úthlutun úr sjóðnum á árinu 1986 liggi hér fyrir við 3. umr. fjárlaga.

Við 2. umr. fjárlaga hér um daginn var tölunni í Framkvæmdasjóð aldraðra breytt. Hún var lækkuð um 14 millj. kr. Hún var 79 millj. í fjárlagafrv. en varð 65 millj. við 2. umr. málsins hér í hv. Sþ. Þessar 14 millj. voru teknar og þær voru notaðar til þess að greiða til þeirra stofnana sem ríkið á að leggja til fé skv. lögunum um málefni aldraðra, þannig að í sjálfu sér er ekki margt við það að athuga. En engu að síður er óhjákvæmilegt að nánari upplýsingar liggi fyrir, m.a. með tilliti til B-álmu Borgarspítalans, svo að ég nefni dæmi, sem er eitt stærsta verkefni Framkvæmdasjóðs og ákaflega brýnt að það takist að setja í gang á næsta ári a.m.k. tvær hæðir B-álmu Borgarspítalans vegna þeirra löngu biðlista og þeirra erfiðu aðstæðna sem eru í málefnum aldraðra hér á þéttbýlissvæðinu.

Af þeirri ástæðu og fleirum, herra forseti, hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. til hv. frsm. nefndarinnar og varaformanns fjvn.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. hv. 3. þm. Reykv. skal ég greina frá því að þessi áætlun sem hann spyr um — eða drög að áætlun — um úthlutun stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra úr þeim sjóði fyrir árið 1986 hefur ekki legið frammi í heilbr.- og trn. og var ekki eftir því gengið eða um það beðið.

Hv. þm. spurðist einnig fyrir um það hvort þessi áætlun hafi legið fyrir hjá fjvn. Það hefur hún ekki gert. Mér er ekki kunnugt um það hvort stjórn Framkvæmdasjóðsins hefur nú þegar gert einhverjar tillögur um úthlutun úr sjóðnum, enda sýnist mér að það hljóti að vera nokkuð erfitt fyrir hana á þessu stigi, þar sem hér er gerð tillaga um verulega hækkun á því fjármagni sem verður til ráðstöfunar úr sjóðnum. Og eins og hv. þm. benti einnig á í sinni ræðu, þá urðu við 2. umr. fjárlaga breytingar á því fé sem sjóðnum hafði verið áætlað í fjárlagafrv. Hins vegar ber að geta þess að þær 14 millj. kr., sem teknar voru af liðnum Framkvæmdasjóður aldraðra, voru aðeins færðar til og þeim var úthlutað undir öðrum lið af fjvn.

Ég vil þá líka nota þetta tækifæri til þess að láta þá skoðun mína í ljós að ég lít svo á að því fjármagni sem ráðstafað er í gegnum Framkvæmdasjóð aldraðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra ætti að úthluta hér af fjárveitingavaldinu. Það ættu að koma tillögur um það frá fjvn. og það síðan að meðhöndlast hér af Alþingi á sama hátt og aðrar fjárveitingar til framkvæmda. En það er annað og stærra mál. En mér fannst tilvalið tækifæri til að koma þeirri skoðun minni hér á framfæri að ég tel að fjárveitingar úr þessum sjóðum ættu að meðhöndlast á sama hátt og aðrar fjárveitingar sem fara til framkvæmda af fjárlögum en ekki vera úthlutað af sérstakri nefnd eða stjórn sem sé algerlega óháð þeim tillögum sem héðan koma.

Það er sjálfsagt að reyna að verða við þeim óskum hv. 3. þm. Reykv. að fara fram á það við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra að tillögur þær sem þar kunna að liggja fyrir verði sendar fjvn. og þá eftir atvikum afhentar þm., ef mönnum finnst ástæða til, fyrir 3. umr. fjárlaganna, séu þessar tillögur fyrir hendi nú þegar. Um það veit ég ekki en ég get borið þessa ósk hv. þm. fram. Það verður síðan á það að reyna hvort þær koma, hvort þær liggja nú þegar fyrir.

Þetta frv. sem hér er til umræðu á að sjálfsögðu eftir að fara til Ed. og þá gæti einnig heilbr.- og trn. Ed. kannað það mál, hvort þessi áætlun liggur nú þegar fyrir hjá stjórn sjóðsins.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir þær upplýsingar sem fram komu í máli hans. Ég vænti þess að tillögur nefndarinnar eða drög að tillögum stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra liggi hér fyrir áður en 3. umr. um fjárlögin fer fram. Ég fyrir mitt leyti vil helst ekki þurfa að eiga nein eftirkaup um þessi efni og ég geri ráð fyrir því að það eigi við aðra þm.

Ég kvaddi mér hljóðs ekki aðeins til að þakka hv. þm. heldur einnig til að mótmæla honum sérstaklega. Ég vil vara mjög við þeim hugsunarhætti, sem fram kemur hjá hv. þm., að leggja niður þessa sérstöku sjóði, Framkvæmdasjóð fatlaðra og Framkvæmdasjóð aldraðra. Þessir sjóðir hafa mjög þýðingarmiklum verkefnum að sinna og það er ekki nokkur vafi á því að það hefur tekist að stórauka uppbyggingu í þágu aldraðra og fatlaðra í landinu vegna þess að hér hefur verið um sérsjóði að ræða. Ég vil vara við öllum hugmyndum um það að taka þá fjármuni, sem í þessa sjóði fara, beint inn í ríkissjóð. Ég er sannfærður um það að útkoma þessara málaflokka með þeim hætti yrði miklu, miklu lakari en verið hefur.

Ég held að það sé ljóst að í málefnum fatlaðra og aldraðra hafa Íslendingar staðið að baki grannlöndum sínum mjög verulega og jafnvel lengra að baki þar en á öðrum sviðum félagslegrar þjónustu. Ég tel að við þurfum þarna að vinna upp langan slóða liðinna ára og áratuga og þess vegna megi ekki undir neinum kringumstæðum fara að höggva í þessa sjóði eða leggja þá niður og láta þá peninga sem þar eru renna í ríkissjóð beint eins og staðan er. Miklu eðlilegra er að þeir sem þekkja til í þessum málum, málefnum aldraðra og fatlaðra, hafi áhrif á úthlutun úr þessum sjóðum og viðkomandi fagráðuneyti fari með endanlegt vald í þeim efnum. Ég held að það sé miklu skynsamlegra og heppilegra fyrirkomulag, enda sýnist mér að fjvn. hafi yfirleitt í nógu að vasast.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Það var ekki mín tillaga og ekki mín hugmynd að þessir sjóðir yrðu lagðir niður, eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv., heldur aðeins að ég tel að það eigi að hafa annan hátt á við úthlutun úr þessum sjóðum. Það eigi að stjórna þeim á annan hátt heldur en með sérstökum stjórnum eða nefndum úti í bæ. Það eigi að gera það af fjárveitingavaldinu sjálfu. Það er engin tillaga um það í mínum huga að þessir sjóðir séu lagðir niður.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Vafalaust munu um það skiptar skoðanir hvort fjárveitingavaldið eigi að vera í höndum Alþingis eða framkvæmdavaldsins. En í umræðu um slíka hluti er rétt að minnast þess að verið var að fara í fjárfestingar af hálfu ríkisins upp á 110 millj. án þess að slíkt mál hafi á vinnslustigi verið lagt fyrir fjvn. eða þm. almennt um það vitað. Þannig er framkvæmdavaldið að hrifsa til sín stærri og stærri ákvarðanir um fjárveitingar sem þó eiga að vera í

höndum Alþingis. Og það er dálítið erfitt að sitja undir því að menn geti ekki talað hér hreint um málið og blandi því saman hvort verið er að tala um að leggja niður sjóði eða hvort verið er að tala um það hvort Alþingi eigi að taka ákvarðanir um það hvernig þessum fjármunum sé ráðstafað til sömu þarfa og verið er að tala um.

Ég held að Alþingi hljóti að fara að gera það upp við sig í framtíðinni í miklu ríkari mæli hvort það er yfir höfuð líðandi að framkvæmdavaldið haldi áfram á þeirri braut að hrifsa stöðugt til sín meiri og meiri ákvörðunarrétt um fjárlög og geri það m.a. með bindandi samningum samkvæmt útboðum, geri það með því að fela einhverjum nefndum úti í bæ að dreifa fjármagninu eða geri það með því að fara út í það að fjárfesta í húsum og afhenda þau svo til ákveðinna stofnana.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs vegna þeirra orða hv. síðasta ræðumanns að í þessu tilviki væri framkvæmdavaldið að hrifsa til sín verkefni. Það er nú ekki aldeilis svo, heldur er þetta eitt af mörgum dæmum um það að Alþingi sjálft setur lög um það að setja skuli nefnd í þessu eða hinu skyni. Og í þessu tilviki stendur það skýrum stöfum í lögunum um málefni aldraðra að stjórn sjóðsins skuli vera í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra sem geri tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Um þetta standa skýr lagafyrirmæli og þess vegna vísa ég því algerlega á bug að framkvæmdavaldið hafi verið að hrifsa til sín eitthvað meira en Alþingi hefur falið því í þessu sambandi. Einnig vísa ég því á bug að hér sé verið að fela eitthvert tiltekið verkefni einhverjum mönnum úti í bæ. Hér er um að ræða lög sem sett voru árið 1982. Vissulega er þarna farið inn á þá braut sem oft er varað við en menn leggja þó æ oftar út á samt. Það eru hinir mörkuðu tekjustofnar. Neyðin í þessum efnum ýtti mönnum vissulega út á þá braut og mönnum þótti sanngjarnt að hver einasti borgari í landinu innan við tiltekinn aldur og yfir tilteknum tekjumörkum greiddi þessa fjárhæð, innan við 1000 kr., sem verður raunar 1000 kr. nú á næsta ári, á einu ári til þess að stuðla að því að hinu aldraða fólki verði búin bærileg aðstaða á sínum efstu árum.

Þannig horfir þetta mál við og ég er ekki frá því m.a.s. að hv. fjvn. sjálf hafi óskað þess við stjórnarnefndina að hún gerði tillögur um úthlutun 14 millj., sem á að vera í höndum fjárveitingavaldsins hér að úthluta, og að svo hafi verið gert. Algjört samráð hefur því verið haft á milli þessara aðila. Frá þessu vildi ég skýra.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er talað um að veita í kringum 100 millj. í Framkvæmdasjóð aldraðra á næsta ári til þeirra mikilvægu verkefna sem sjóðurinn hefur að sinna og við erum öll sammála um. Ég er alveg sammála síðustu ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. í þeim efnum.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að hv. 5. þm. Vestf. talaði áðan um ráðstöfun á einhverjum 110 millj. úti í bæ, ráðstöfun sem hvergi hefur verið ákveðin og hvergi samþykkt af fjárveitingavaldinu og engar heimildir væru fyrir í fjárlögum ársins 1985. Hann gagnrýndi þá málsmeðferð sem hér er um að ræða. Hérna mun hv. þm. eiga við hið nýja Víðishús, þ.e. Mjólkursamsöluna, sem ríkið var að kaupa af eigendum núna síðustu daga án þess að það hafi nokkurn tíma verið rætt hér á hv. Alþingi. Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. menntmrh., ef hann er ekki víðs fjarri, ellegar hv. varaformann fjvn., sem hér stendur, hvaða ákvarðanir voru teknar í fjvn. um kaup á húsi Mjólkursamsölunnar fyrir ríkið.

Ég geri mér ljóst, herra forseti, að þetta er ekki alveg náskylt málefnum aldraðra. En ástæðan fyrir því að ég tek málið til umræðu er sú að hv. skrifari deildarinnar, einn af forustumönnum okkar hér og sá sem við eigum gjarnan að hafa að fyrirmynd, hefur nefnt málið. Ég tel því ekki óeðlilegt að við hinir minni spámenn fetum í fótspor hans og innum nánar eftir þessu.

Hér er kominn hæstv. menntmrh. og ég vil spyrja hann: Hvaða heimildir lágu fyrir af hálfu fjvn. eða annarra aðila um kaup ríkisins á húsi Mjólkursamsölunnar? Spurt er um hið nýja Víðismál núv. ríkisstj.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hélt því ekki fram í minni ræðu, þó að e.t.v. hafi það valdið misskilningi, að verið væri að brjóta nein lög í sambandi við það hvernig staðið er að úthlutun þess fjármagns sem ákveðið er til aldraðra. Ég vakti aftur á móti athygli á því að framkvæmdavaldið, sem lagði fram það frv. á sínum tíma — þetta er stjórnarfrv. — tók með þessu þá ákvörðun að draga til sín og þessarar nefndar ákvörðunarréttinn um það hvernig dreifa bæri þessu fjármagni. En það er ekki verið að brjóta lög, það er mér ljóst.

Hins vegar kom það fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að honum stóð ekki alveg á sama um það hvert fjármagnið færi. En það er rétt að ég vakti hér athygli á því að framkvæmdavaldið væri undir fleiri kringumstæðum að draga til sín frá þinginu stórar ákvarðanir í fjárveitingum, m.a.s. þeir sem hafa lýst yfir að þeir séu blóðugir upp að öxlum í niðurskurði, ef trúa má fréttaflutningi. Mér finnst að sú niðurskurðarumræða sé komin á dálítið annað stig með þeim fréttum sem bárust okkur í ríkisútvarpinu en slíkar yfirlýsingar bera með sér.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Mér finnst ástæða til að koma aðeins inn í þessar umræður. Þær eru dálítið óvenjulegar, ekki síst með tilliti til þess máls sem hér er á dagskrá.

Ég vil alvarlega vara við því að menn tali um þetta út og suður eins og hér sé um einhver smámál að ræða. Alþingi hefur samþykkt lög um málefni fatlaðra og málefni aldraðra til að gera sérstakt átak í þessum málum og sett um það skýr ákvæði. Til úthlutunar í þessum málaflokkum er valið fólk sem er vissulega til þess hæfast miðað við þá reynslu sem það hefur og nálægð við málið. Þess vegna er ástæðulaust að vera að gera athugasemdir að þessu leyti til.

Í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra, sem hér er á dagskrá, vil ég benda hv. þm. á að í lögunum sjálfum er gert ráð fyrir því að þegar stjórnarnefndin gerir tillögur um úthlutun á sjóðnum skuli formaður fjvn. vera þátttakandi í þeirri úthlutun. Þetta er því tengt inn á fjárveitingavaldið á þessu sviði líka.

Ég ætla ekki að láta hjá líða að mótmæla því sem hér hefur komið fram. Ég tel að þessi málsmeðferð sé í alla staði sú rétta í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 313,1 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 313,2 (ný 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., að loknum 35. fundi.

Skráning skipa, stjfrv. 84. mál (þskj. 260, brtt. 301 og 329). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samgn. flutti brtt. við þetta frv. við 2. umræðu sem var svo tekin til 3. umræðu vegna þess að skiptar skoðanir voru um það hvort í þessu frv. ætti heima heimild til að lækka eða fella niður stimpilgjöld af þinglýsingum á þessum skipum. Ég taldi fyrir mitt leyti að það væri kannske eðlilegt að sú heimild væri í 6. gr. fjárlaga en hæstv. fjmrh. og fjmrn. vildu frekar setja hana inn í þetta frv. Því flytur samgn. brtt. þess efnis að við 1. gr. bætist ný málsgr. svohljóðandi:

„Fjmrh. er heimilt að lækka eða fella niður stimpilgjöld af eignarheimildum og veðskuldabréfum sem þinglýst kann að verða hér á landi vegna skipa sem skráð verða hérlendis skv. 2. og 3. málsgr. Fjmrh. setur nánari reglur um framkvæmd gjaldívilnana skv. þessari málsgr."

Ég tel óþarfa að ræða þetta frekar, þessi brtt. skýrir sig sjálf. Ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir því að þessi brtt. megi koma fyrir þar sem hún er of seint fram borin.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 329, sem var of seint fram komin, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 301 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 329 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, stjfrv. 184. mál (þskj. 216, brtt. 290, 302, 326, 327). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Í framhaldi af þeirri umræðu, sem fór fram hér úr þessum stól við 2. umr. og í sambandi við atkvæðagreiðslu hefur iðnn. átt fund um þetta mál ásamt mér. Niðurstaða þess er sú að til að auðvelda og gera mál gleggri birtast nú tvær brtt. Er ég einn flm. að annarri en ásamt mér eru flm. að hinni Friðrik Sophusson, Steingrímur J. Sigfússon, Ingvar Gíslason og Guðrún Agnarsdóttir. Jafnframt er brtt. á þskj. 290 dregin til baka. Til afgreiðslu verða þá brtt. á þskj. 302, 326 og 327.

Sú sem er á þskj. 302 varðar mig í rauninni ekki, hún er um að verðjöfnunargjald skuli nema 16%.

Sú, sem er á þskj. 326 og er flutt af mér og Friðrik Sophussyni, Steingrími J. Sigfússyni, Ingvari Gíslasyni og Guðrúnu Agnarsdóttur, varðar það að í stað þess að í 8. gr. laganna standi eingöngu „húshitunar" skuli standa: rafhitunar eða varmadælna. En eins og kom fram hér áður við umræðuna er framkvæmd laganna í raun þessi og sjálfsagt að samræmi sé milli þeirrar framkvæmdar, sem möguleg er og menn telja skynsamlegasta, og laganna þannig að þetta fellur að framkvæmdinni.

Sú till. sem ég flyt einn og er á þskj. 327 varðar það að verðjöfnunargjaldið verði 14% en ekki 16% og í öðru lagi að ekki eigi að greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til hitaveitna vegna dælingar á heitu vatni, seldri til skipa í höfnum eða til fiskeldisstöðva vegna vatnsdælingar.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjalla frekar um þetta mál. Ég held að það skýri sig að öðru leyti sjálft og vænti þess að nú séu brtt. í þeim búningi að ekkert sé að vanbúnaði að taka afstöðu.

ATKVGR.

Brtt. 290 tekin aftur.
Brtt. 302 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 326 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 327,1 tekin aftur.
Brtt. 327,2 felld með 22:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Málefni aldraðra, stjfrv. 182. mál (þskj. 343). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jarðboranir hf., stjfrv. 108. mál (þskj. 118, n. 332). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. fjh.- og viðskn. um Jarðboranir hf. Eins og fram kemur í athugasemdum við þetta lagafrv. undirrituðu borgarstjórinn í Reykjavík og hæstv. iðnrh. hinn 8. maí 1985 samning milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur um sameiningu Gufuborana ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins. Með frv. er lagt til að ríkisstj. verði veitt heimild til að ganga frá sameiningu þessara borfyrirtækja.

Eins og kemur fram í nál. þá er sagt frá því í 49. gr. orkulaga að við allar jarðboranir sem eru dýpri en 10 m

skuli halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Vegna þessarar greinar þótti ástæða til að taka fram, eftir ábendingu frá forstjóra Orkustofnunar, að ákvæði 49. gr. orkulaga eru áfram í gildi og gilda gagnvart Jarðborunum hf. með sama hætti og þau gilda nú gagnvart Jarðborunum ríkisins. Vakin skal athygli á því að ákvæði 49. gr. gilda um skyldur þess sem lætur bora og réttur Orkustofnunar til að gefa þessum aðila fyrirmæli er ótvíræður og skerðist ekki.

Orkustofnun hefur ekki húsbóndavald yfir Jarðborunum hf. á sama hátt og Jarðborunum ríkisins, en sérstakt lagaákvæði um upplýsingaskyldu Jarðborana hf. mun ekki breyta þessu. Rétt er að vekja athygli á að húsbóndavald Orkustofnunar yfir Jarðborunum ríkisins er samkvæmt ráðherrabréfi í dag, sbr. 54. gr. orkulaga, og er því ekki tryggt með lögum. Þar sem lagalegur réttur Orkustofnunar til að krefja Jarðboranir ríkisins um upplýsingar er því eingöngu byggður á 49. gr. orkulaga og engum öðrum ákvæðum laga verður sama lagaskylda í gildi gagnvart Jarðborunum hf.

Einn nm., hv. þm. Páll Pétursson, var fjarverandi afgreiðslu málsins. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt og undir þetta nál. rita auk mín þeir hv. þm. Guðmundur Einarsson, Ólafur G. Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Svavar Gestsson og Halldór Blöndal.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Efri deild, 38. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 7 síðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv. 198. mál (þskj. 287). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., stjfrv. 194. mál (þskj. 351). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Mér hefur verið bent á að betur færi á því að breyta röð á tveimur greinum og flyt ég því skrifl. brtt. fyrir hönd fjh.- og viðskn. Hún hljóðar svo:

„Röð greina breytist þannig að 4. gr. verði 5. gr. en 5. gr. verði 4. gr.“

Þannig verður greinin: „Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði“ síðasta grein á undan þeirri sem hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Ég held að þetta sé rétt röð og eðlileg. Við breytum því úr því að menn komu á þetta auga.

Úr því að ég er hér kominn í ræðupúlt þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um þann orðaleik sem hv. þm. Davíð Aðalsteinsson var með hér áðan. Okkur sýnist ekki ástæða til að breyta „eða“ í og eða breyta „eða“ í og eða o.s.frv. Ég held að þetta skiljist alveg og geti ekkert farið á milli mála að heimildin er nægilega víðtæk til þess að skoða þessi mál öll sömul.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 352, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 352 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VI, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EG, EKJ, HÓ, HS, JHelg, JK, KSG, KolJ, RA, SkA, SalÞ.

1 þm. (StB) fjarstaddur.

SDK greiddi ekki atkvæði.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Enda þótt það hafi orðið mér veruleg vonbrigði að till. okkar um sérstaka nefnd þm. til að fylgjast með rannsókn þessa máls skyldi ekki ná fram að ganga hér í deildinni, þá tel ég engu að síður eftir atvikum rétt, eins og málin horfa nú við, að styðja framgang þessa máls og segi því já.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég ítreka afstöðu okkar Alþýðubandalagsmanna til þessa máls. Við teljum nauðsynlegt að Alþingi hafi eftirlit með þessari rannsókn og fái að fylgjast með henni og við teljum mjög miður að ekki skuli fallist á tillögu okkar þess efnis. En við viljum hins vegar ekki standa í vegi fyrir því að þessi áform um rannsókn fari fram og af þessari ástæðu segi ég já.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þar sem tillaga þess efnis að Alþingi verði gert kleift að fylgjast með rannsókn þess máls sem frv. tekur til hefur verið felld, styð ég frv. ekki. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. til Nd.

Gjaldþrotalög, stjfrv. 190. mál (þskj. 354). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Málefni aldraðra, stjfrv. 182. mál (þskj. 343). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Virðulegi forseti. Það frv., sem hér er flutt, er flutt í þeim tilgangi að gjald það, sem greitt er í Framkvæmdasjóð aldraðra og er svonefndur nefskattur sem lagður er á hvern gjaldanda frá 16 ára aldri til 75 ára yfir ákveðnum lágmarkstekjum, verði 1000 kr. á næsta ári. Við meðferð málsins var orðalagi frv. breytt til að taka af tvímæli um að það yrði ekki hærra en 1000 kr. á næsta ári því að lögin hafa að geyma ákvæði um að upphæðin breytist með skattgjaldsvísitölu. Þess vegna var þessu atriði breytt á þann veg að sú upphæð, sem samþykkt verður, taki breytingum með skattgjaldsvísitölu þannig að það eru 732 kr. sem verður talan sem í frv. stendur og á að gefa 1000 kr.

Jafnframt verður breytt upphæðinni, sem menn geta haft í tekjur án þess að þurfa að greiða þetta gjald, á þann veg að í stað þess að upphæðin, sem í lögunum var í fyrra, hækki með skattgjaldsvísitölu verði önnur upphæð, hærri en út úr því hefði komið. Þetta þýðir í sem stystu máli að elli- og örorkulífeyrisupphæðin að viðbættri tekjutryggingu hefur hækkað meira á milli ára en skattgjaldsvísitalan mundi segja til um. Upphæðin, sem var í lögunum í fyrra, var fundin út með því að miða við upphæð elli- og örorkulífeyris þá ásamt tekjutryggingu. Með því að reikna skattgjaldsvísitölu á þá upphæð hefði upphæðin orðið mun lægri en hinn raunverulegi elli- og örorkulífeyrir ásamt tekjutryggingu er á þessu ári, en okkur þykir rétt að miða við þá upphæð. Þetta var till. frá fulltrúa Alþfl. í heilbr.- og trn. Á þetta féllust allir og er það út af fyrir sig gleðiefni að þar með væri staðfest að þessi upphæð hefði hækkað í þeim mæli sem raun ber vitni og veitti reyndar ekki af.

Ég vonast til þess, virðulegi forseti, að hv. heilbr.- og trn. geti afgreitt þetta frv. nú þótt skammur tími sé til stefnu. Þetta er víst eini skatturinn í landinu sem er vinsæll. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 37. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 6 síðdegis.

Jarðboranir hf., stjfrv. 108. mál (þskj. 118). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 344).

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 219). — Frh. 1. umr.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Þetta mál, frv. til laga um breyting á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum, var til umræðu hér í deildinni á mánudaginn var. Umræðunni var frestað þegar ég var komin um það bil miðja vegu í ræðu minni og þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að rifja upp í stuttu máli nokkuð af því sem þá kom fram í máli mínu, svona til upprifjunar fyrir hv. þdm. og eins fyrir þá hina sem ekki voru staddir hér þá. (Gripið fram í.) Já, ég get líka orðið við þeirri ósk þm. ef það er sérstaklega lagt til.

Ég vil taka það fram að ég mun hér í máli mínu styðjast að meira eða minna leyti við lauslega þýðingu mína á grein sem heitir á frummálinu, sem er norska, „AIDS sygdommen, vor tids største medicinske utfordring", eða eins og ég hef leyft mér að snara þessu, „AIDS-sjúkdómurinn, sem mesta hvatningin til heilbrigðisyfirvalda". Þessi grein er eftir Martin Blindheim og er að finna í blaði sem heitir „Stoff misbruk AIDS" og er það blað númer fjögur 1985 og er gefið út af Organ for sentralrådet for narkotikaproblemer. Ég mun sem sagt styðjast að töluverðu leyti við þessa grein, lauslega snaraðri í máli mínu. Það gerði ég reyndar einnig á mánudaginn var, en ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég hafði lokið máli mínu þegar umræðunni var frestað að mér hafði láðst að geta um þessar heimildir fyrir máli mínu. Ég hafði sem sagt ekki getið um þetta mikilsverða atriði þegar umræðan fór fram hér á mánudaginn og mér þykir það mjög leitt og biðst afsökunar á því vegna þess að ég vil gjarnan að þessar upplýsingar verði skjalfestar í Alþingistíðindum vegna þess að í þessu riti er að finna afar merkilegar upplýsingar og fræðslu varðandi mjög mörg veigamikil atriði í ferli þessa ógnvekjandi sjúkdóms.

Ég gat um það á mánudaginn að heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum hafa gefið þessum veirusjúkdómi, AIDS — alnæmi eins og það heitir á íslensku — þá einkunnargjöf að hann verði mesta hvatning sem heilbrigðisþjónustan muni fá til þess að takast á við út alla þessa öld.

Þessi sjúkdómur kom fyrst fram árið 1981 og hefur í Bandaríkjunum einum saman höggvið verulega til yfir 12 000 einstaklinga og krafist um 5000 mannslífa. Auk þess er talið að um ein milljón Bandaríkjamanna hafi smitast nú þegar. Ég gat einnig um það að saga þessa faraldurs, sem nú hefur náð útbreiðslu um flest öll hin vestlægu lönd, er frásögn um miskunnarlausan sjúkdóm. En ég tók einnig fram að sagan greindi einnig frá mjög ítarlegri og öflugri rannsókn og tilraunum umleikis baráttu vísindamanna til þess að ná taumhaldi á veirunni og til þess að hafa hemil á henni. Þessar rannsóknir hafa vakið mjög miklar vonir nú þegar og hefur jafnvel gengið svo langt að líkja henni við vísindalegt undur. Og eitt er víst að við munum koma til

með að búa að þessum rannsóknum og þessum tilraunum um ókomin ár í baráttunni við marga aðra sjúkdóma vegna þess að þessar rannsóknir hafa snert svo marga þætti læknisfræðinnar.

En enn sem komið er hefur ekki tekist, eins og kunnugt er, að leysa gátuna miklu um AIDS. Spurningarnar eru enn þá langtum fleiri og flóknari en þau svör sem fengist hafa fram að þessu og er í raun og sannleika afar takmarkað hvað það er sem segja má að vitað sé með vissu. Ástæða þessa sjúkdóms hefur svo sem verið rakin stuttlega hér og mun áreiðanlega verða gerð ítarlega grein fyrir henni af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur hér síðar í dag eða kvöld. En svo sem hv. þdm. mun væntanlega vera ljóst nú þegar, þá er hv. þm. einn þeirra örfáu þungavigtarmanna sem við Íslendingar eigum á þessu sviði sem vísindamaður.

Ég hef samt sem áður hugsað mér að fara aðeins lauslega yfir þær ástæður sem liggja að baki þessa sjúkdóms, þannig að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir geti þá leiðrétt þær hugmyndir sem ég hef og/eða staðfest, vegna þess að eins og ég gat um áðan þá eru þær sumpart fengnar úr þessu riti sem ég er búin að tilgreina hér og hins vegar eru svo hugmyndir sem berast svona manna á millum í umræðunni um hvað það er sem geti legið til grundvallar þessum sjúkdómi. Það er nefnilega afar mikilvægt að allar staðreyndir komi fram sem vitað er um, þannig að allar bábiljur og taugaveiklun verði látin eiga sig og menn haldi stillingu sinni.

En sjúkdómsvaldurinn er sem sagt veira sem sérfræðingar kalla HTLV3. Veira þessi ræðst á og vinnur að niðurrifi ákveðinna mikilvægra frumna í hlutum af ónæmiskerfi líkamans, þ.e. þeirra frumna er varða hæfileika líkamans til að verjast smitun. Það veldur svo aftur því að sjúklingurinn verður altekinn alls kyns sjúkdómum eða öllu heldur: hann hefur enga möguleika á að verjast smitun og á ég þá við sjúkdóma sem mannslíkaminn þróar að öllu jöfnu ónæmi gegn. Og það eru slíkir venjulegir sjúkdómar sem einstaklingar, sýktir af þessari HTLV3-veiru, virðast ekki hafa nokkra möguleika á að verjast.

Svo skæð er þessi veira að fæstir þeirra sem þróað hafa hana á lokastig lifa lengur en þrjú ár. Það fer sem sagt svo að þegar HTLV3-veiran hefur þróast upp í það að verða alnæmi þá getum við nær slegið því föstu að það finnst enn sem komið er engin útleið. Stafar það af því að enn þá er ekki í sjónmáli nein virk meðferð gegn þessum sjúkdómi. Veiran sjálf, HTLV3, er, eins og ég hef reyndar komið að fyrr í máli mínu, í sjálfu sér ekki banvæn, en hún eyðileggur ónæmiskerfið af slíku offorsi og svo mikið að einstaklingurinn sem hana ber getur orðið að láta í minni pokann og gefast upp fyrir algengum sjúkdómum, sem undir venjulegum kringumstæðum hafa ekkert að segja. U.þ.b. helmingur af þeim einstaklingum sem hafa smitast og þróað veiruna áfram virðast eiga mest á hættu hvað varðar sjúkdóma sem svo aftur valda heilaskemmdum og leggjast á miðtaugakerfið þannig að þeir hlutar líkamans verða verulega illa úti. Þessi staðreynd ásamt þeim þáttum sem ég hef komið að fyrr í máli mínu gera það að verkum að ljóst er að þarna er um að ræða óhugnanlegasta sjúkdóm sem við þekkjum til.

Fram að þessu er um helmingur þeirra, sem fengið hafa þá niðurstöðu út úr rannsóknum og prófunum að þeir hafi sjúkdóminn á lokastigi, nú látnir og á þetta við um sjúklinga í Evrópu og Bandaríkjunum. Þeir eru afar fáir sem hafa náð að lifa með sjúkdóminn á lokastigi lengur en í fjögur ár.

Enn þá er ekkert um það vitað hvers vegna mikill meiri hluti, eða um 80—90%, þeirra sem smitast hafa eru og halda áfram að vera einkennalausir, en ganga með smitið í sér samkvæmt öllum prófunum, á meðan aðrir, sem fengið hafa veiruna, þróa hana út í þau einkenni sem við á eftir því hvaða umgangspest hefur orðið þess valdandi að til tíðinda dregur. Margt bendir þó til þess að þar komi sterklega til greina að þar komi til aðrir þættir umfram veirusmitið og umgangspestir, þannig að sjúkdómurinn geti náð að þróast. Einnig hefur það komið fram að einstaklingar sem frá fyrri tíð eru með veikburða ónæmiskerfi eru sérstakur áhættuhópur. Það er þess vegna mjög mikilvægt í þessu sambandi að fólk sem hefur smitast kappkosti að lifa svo heilbrigðu lífi sem framast er kostur til þess að reyna sem unnt er að halda veirunni niðri. Eða m.ö.o. að gera allt til þess að þróa upp mótvægi í líkamanum gegn veirunni. Með því er hægt að segja að þeir einstaklingar, sem eru smitaðir en ganga þannig um einkennalausir — en það eru eins og ég gat um áðan um 80—90% þeirra sem smitast hafa — ættu að forðast allt það sem orðið gæti til þess að egna veiruna til þess að brjótast út úr þeim dvala sem hún virðist hafa lagst í.

Herra forseti. Ég verð nú að segja alveg hreint eins og er að mér finnst það til marks um hvað mikillar fræðslu og upplýsinga er þörf að hér skulum við vera tvö eða þrjú í salnum á meðan umræða fer fram um svo mannskæðan sjúkdóm, og það sem við eigum fyrir höndum að takast á við að leysa úr því hvernig best verði staðið að þessu máli — að það skuli tveir sitja í salnum á meðan þessi umræða fer fram — mér finnst það vera til marks um það að við erum ekki komin lengra en svo að það er virkileg þörf á fræðslu og upplýsingum svo menn átti sig á hvað hér er um alvarlegt mál að ræða.

Það er talið að í raun og veru sé veiran í sjálfu sér ekki smitandi, hún er ekki bráðsmitandi eins og þar stendur. Það er mjög auðvelt að verjast henni. Það er t.a.m. ekki um það að ræða að mögulegt sé að smitast við það þó að einstaklingur, sem er smitaður eða sjúkur, hnerri eða hósti framan í aðra sem ekki hafa fengið smit. Það er sem sagt ekki um að ræða úðasmitun vegna þess að AIDS er ekki baktería. Þess vegna er um að gera að gæta fyllsta hreinlætis í meðhöndlun blóðs eða annarra líkamsvessa. Það er m.a.s. talið mjög mikilvægt að þvo sér vel og vandlega um hendur upp úr vel heitu vatni eftir slíka meðhöndlun, þrátt fyrir að notaðir hafi verið hanskar.

Smitleiðir þær sem skráðar hafa verið virðast nær eingöngu eiga sér stað með líkamsvessum og þá helst við samfarir. Flest tilfelli smitunar eru skráð í heiminum vegna samfara tveggja karla. Svo smitast veiran einnig við samfarir milli karls og konu og er þá um að ræða hvort tveggja að konan getur þar smitast og einnig karlmaðurinn. Einnig eru skráð tilfelli þar sem móðir hefur smitað fóstur á meðgöngutíma og eins við brjóstagjöf. Svo er enn ein smitleið ótalin en það er smitun gegnum óhreinar sprautur og nálar og einnig vegna áhalda sem notuð hafa verið við tattóveringu. AIDS smitast hins vegar ekki í sundlaugum né við alla aðra umgengni við smitaða einstaklinga — sé þessa hrein-

lætis gætt sem ég talaði um áðan.

Það er auðvitað bráðnauðsynlegt að þekking á eðli og gangi þessa sjúkdóms verði algengari. Með því komum við í veg fyrir þann skaða sem vanþekking og þar með sögusagnir leiða af sér. Með því að þekking verði almennari getum við betur undirbúið okkur undir það að veita þeim sem sýkjast umönnun, stuðning og aðhlynningu. Það verður að aðstoða þá sem ekki hafa sýkst til þess að komast hjá því með fyrirbyggjandi aðgerðum, fræðslu og upplýsingum. Þekking er því og verður besta vopnið í baráttunni við AIDS.

Herra forseti. Það sem hins vegar er svo athyglisvert er að smithegðunarmynstrið virðist hafa þróast mismunandi eftir því hvort um er að ræða annars vegar Vestur-Evrópu og Ameríku og svo hins vegar hvað varðar Afríku. Í hinum vestlægu löndum eru flestir þeir sem sýkst hafa, eða 75%, samkynhneigðir karlmenn. Ávana- og fíkniefnaneytendur eru taldir vera um 3% í Evrópu en 17% í Ameríku. Svo eru það blæðarar sem telja um 3% þeirra sem hafa sýkst. Um 12% þeirra sem hafa sýkst virðast ekki hafa verið í neinum þekktum áhættuhópi.

Þó að lítið finnist af upplýsingum og skrám um þennan sjúkdóm í Afríku, þrátt fyrir að sjúkdómurinn virðist jafnmikið ef ekki meira útbreiddur þar en á Vesturlöndum, þá virðist þó alltént vera ljóst að þar sé ekki um að ræða neina samsvörun við það mynstur sem fram hefur komið í hegðun sjúkdómsins á Vesturlöndum. Þar hefur t.d. komið fram að jafnt er á komið með það að konur sem karlar fái þennan sjúkdóm og þar virðist ekki vera um það að ræða að dreifingin eigi sér nokkur tengsl til samkynhneigðra frekar en annarra þjóðfélagsþegna. Svo má ekki gleyma því að bæði í Afríku og á Vesturlöndum er hluti sýktra börn og er ég hér með eina tölu sem er 1% í Ameríku.

Enn þá hafa ekki fengist nein svör við því hvers vegna þessi mismunur er á því hverjir hafa sýkst. E.t.v. liggja ástæðurnar m.a. í uppruna sjúkdómsins. Það einasta sem vitað er með vissu er að allir virðast geta átt það á hættu að smitast án tillits til þess hverjir þeir eru.

Það er stutt í móðursýkisleg viðbrögð þegar um er að ræða eitthvað það sem fólk veit ekki hvað er. Það getur auðveldlega orðið til þess að áhættuhópar verði fyrir barðinu á fordómum. Höfum við nú þegar fengið eitt dæmi þess hérlendis varðandi þennan sjúkdóm, sem vitað er um, þó svo að við getum þar með sagt okkur að þau séu ábyggilega fleiri vegna þess að það fer yfirleitt mjög leynt þegar um slík mál er að ræða. Sjaldnast er getið um slík mál í fjölmiðlum.

Slík viðbrögð geta gert það að verkum að áhættuhóparnir verði ekki eins móttækilegir og æskilegt væri fyrir upplýsingum og fræðslu. Til lengri tíma litið hefur það þá í för með sér aukna hættu á því að fleiri smitist.

Herra forseti. Í þessu riti, sem ég minntist á áðan að ég notaði hér sem aðalundirstöðu máli mínu til stuðnings, er fjallað töluvert um það í þessu sambandi að AIDS-faraldurinn hefur verið notaður m.a. af hægri öfgahópum og þeim sem kalla sig sannkristna til að draga fram í dagsljósið og benda á t.d. samkynshneigða og innflytjendur og fíkniefnaneytendur og gera þá að blóraböggli. Þess vegna er í þessu riti varað við því að nokkuð það sé gert sem verða megi til að auka hættu á því að ýmsir hópar eða menn, sem eru fullir fordóma, fari að benda á einhverja áhættuhópa og gera þá að blóraböggli. Þar er einmitt undirstrikað að það sem áhættuhóparnir þurfi sérstaklega á að halda sé aukinn stuðningur og hjálp. Þess vegna sé það besta leiðin til að fyrirbyggja faraldur að beina upplýsingum og fræðslu beint að áhættuhópunum fremur en að um sé að ræða opinberar upplýsingar sem berist til almennings.

Auðvitað eru slíkar opinberar upplýsingar til almennings nauðsynlegar. En það hefur komið í ljós í athugun sem gerð var í Bandaríkjunum að bestur árangur virðist nást með því að upplýsingar og fræðsla beri með sér að verið sé sérstaklega að bera fyrir brjósti heilsu og lífshamingju þess hóps sem sérstaklega er verið að höfða til hverju sinni.

Ég vil þess vegna að það komi skýrt fram hér að álit mitt er að við verðum að vinna okkur fram til þess að viðunandi lausn finnist á því hvernig við Íslendingar komum til með að vinna að því að hefta útbreiðslu þessa sjúkdóms og á hvern hátt við getum helst orðið til þess að búa svo í haginn fyrir þá sem standa að rannsóknum á þessum sjúkdómi að þeir geti orðið að liði ekki bara hér heldur alls staðar þar sem unnið er að þessum rannsóknum. Það tel ég ekkert endilega að verði best gert með því að setja lög eins þetta frv., sem hér er til umræðu, gerir ráð fyrir.

Ég tel að sú skráningarskylda, sem lagafrv. gerir ráð fyrir, komi til með að halda mönnum frá því að fara í rannsókn til að leita eftir hvort þeir hafi smitast. Þess vegna tel ég að lögin komi til með að gera illt verra verði þau samþykkt.

Herra forseti. Ég vil þess vegna að það komi skýrt fram að ég er á móti þessu frv. og það einnig þó svo að hæstv. ráðherra hafi talið að hún væri komin fram með lausn á skráningunni. Þetta segi ég vegna þess að þar er einungis um að ræða alveg óútfærða hugmynd sem ekki er á neinn hátt útséð um hvernig muni virka.

Ég held að nær væri að heilbrigðisyfirvöld sneru sér til þeirra landa þar sem engin sérstök lög eða lagagreinar hafa verið sett varðandi þennan sjúkdóm en þar sem hefur verið reynt á allan hátt að fjalla á jákvæðan hátt um málið og fá menn þannig með samvinnu til þess að koma til rannsóknar. Í þeim löndum hefur verið lagt mikið kapp á að upplýsa og fræða áhættuhópana og ná til þeirra á þann hátt.

Þetta tel ég, herra forseti, sem sagt vera mun árangursríkari aðferð en þá sem stefnt er að með þessu frv. Þess vegna hef ég, herra forseti, lagt fram brtt. við fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir því að sérstakri upphæð verði veitt til þess að efla rannsóknir og til að upplýsa og fræða almenning um þennan sjúkdóm og eðli hans og smitleiðir. Ég vonast til þess að sú till. hljóti stuðning hv. alþm. og þeir sýni með því að þeir beri skynbragð á það hve mikils virði það er að bregðast skjótt og vel við. Ég vonast til þess að sú till., ef samþykkt verður, geti orðið m.a. til þess að í slíkan sjóð geti áhættuhópar leitað til að geta farið út í kostnaðarsamari aðgerðir til upplýsingar og fræðslu innan sinna vébanda.

Að öðru leyti vonast ég til þess, herra forseti, að hv. þdm. skoði vandlega hug sinn eftir að hafa aflað sér ítarlegri upplýsinga og vonandi lesið þær umræður sem hafa átt sér stað hér því að að sjálfsögðu eru þeir ekki viðstaddir nú nema fjórir auk mín og forseta. Ég álít að ef við gerum þau mistök að setja þetta í lög, eins og hér er stefnt að, höfum við kallað yfir okkur ógæfu sem hafi ófyrirséðar afleiðingar.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hér hafa nú talað á undan mér í þessari umræðu hv. þm. sem greinilega hafa sett sig mjög ítarlega inn í það mál sem til umfjöllunar er og hafa lýst í máli sínu mikilli sérþekkingu á viðkomandi málum. Ég vil taka fram í upphafi að slíku er ekki fyrir að fara hjá mér þó að ég hafi af ákveðnum ástæðum haft nokkur kynni af undirbúningi ákveðinna heilbrigðisstofnana í landinu að því að bregðast við þessum sjúkdómi. Vil ég því leggja hér nokkur orð í belg.

Ég vil segja í upphafi að það sem mér finnst vanta á til að hv. Alþingi geti afgreitt frv. þetta og gert það að lögum er að rökstuðningur komi skýrar fram fyrir þörfinni á því að fá þessa lagaheimild varðandi þennan sjúkdóm sem lögin gera ráð fyrir og er hér fyrst og fremst til umræðu. Vegna þess að það liggur ljóst fyrir að það eru ýmsir agnúar á því að standa svona að málunum væri það alveg frumskilyrði til að hv. alþm. treystu sér til að standa að þessu frv. að rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að standa svona að málum lægi ljóst fyrir. Ég sé mér a.m.k. ekki fært að standa að þessu frv. eða styðja framgang þess hér á meðan svo er ekki.

Ég tel því miður að þau rök, sem komið hafa fram, séu léttvæg miðað við þá áhættu sem tekin er með því að fara þessa leið og þá vankanta sem á henni eru. Ég held, eins og reyndar fyrri ræðumenn hafa lýst, að það sé tekin áhætta gagnvart því samstarfi sem nauðsynlegt og óhjákvæmilegt er að eiga við svonefnda áhættuhópa í þessu máli með því að setja þessi lög eða breyta þessum lögum á þennan hátt.

Það er ekki hægt að ganga fram hjá því að félagslegar afleiðingar þessa sjúkdóms eru allt öðruvísi en flestra annarra svonefndra smitsjúkdóma, svo að ekki sé talað um kynsjúkdóma, og til þeirra verður að líta. Það er skammsýni að gera það ekki. Hvað sem um læknisfræðilegan skyldleika sjúkdómsins og læknisfræðilega flokkun hans má segja held ég að hitt sé miklu þýðingarmeira að árangurinn af aðgerðunum verði sem mestur og menn megi ekki binda sig í forminu hvað það snertir.

Það liggur einnig fyrir — og það er engin ástæða til að ætla að það verði öðruvísi hér á landi en reynslan hefur orðið í nálægum löndum — að mikil viðkvæmni, svo að ekki sé sagt beinlínis móðursýki, grípur um sig þegar þennan nefnda sjúkdóm, ónæmistæringu, ber á góma. Mikil óþarfa hræðsla grípur um sig sem gjarnan er byggð á vanþekkingu, jafnvel fordómum. Þetta gerir alla viðureign við þennan sjúkdóm erfiða, ekki bara læknisfræðilega heldur líka félagslega. Það koma upp alveg sérstök vandamál sem ekki er til að dreifa í meðhöndlun og viðureign við venjulega smitsjúkdóma og kynsjúkdóma.

Mér finnst að því miður hafi verið litið um of fram hjá þessari hlið málsins við gerð þessa frv. Í öllu falli hefði ég talið eðlilegra að fara hægar í sakirnar og fá meiri reynslu á þær varnaraðgerðir sem þegar hafa verið teknar upp og sjá hverju þær skiluðu því að þau undantekningartilfelli, eins og ég vil kalla það, sem kynnu að kalla á aðrar aðgerðir eða öðruvísi aðgerðir, er að mínu viti hægt að leysa með öðru móti en að setja slík lög.

Það kemur mér einnig mjög á óvart, herra forseti, ef það stendur til að setja hér lög um þennan sjúkdóm gegn skoðun og þvert ofan í álit yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sérfræðinga á viðkomandi sviði sem eiga að glíma við sjúkdóminn í þeim heilbrigðisstofnunum þar sem ljóst er að hann verður fyrst og fremst til meðferðar. Þær tvær stofnanir, sem verulega hafa látið sig þetta mál varða fram að þessu fyrir utan ýmsan almennan viðbúnað sem víða er uppi í heilbrigðiskerfinu, eru Landspítalinn og Borgarspítalinn. Samstarfsnefnd þessara aðila hefur, að vísu með einni undantekningu, lagst alveg gegn því að þessi leið verði farin.

Það er sjálfsagt búið að vitna til álits samstarfsnefndarinnar, bæði í umræðum í Ed. og jafnvel einnig hér eða við það hefur verið stuðst. En ég vil þó leyfa mér, herra forseti, að vitna aðeins í það máli mínu til stuðnings. Það er prentað sem fskj. við nál. minni hl. heilbrn. í hv. Ed. á þskj. 201. Þar segir, með leyfi forseta, í 2. mgr.:

„Samstarfsnefndin varar eindregið við því að ónæmistæring verði á þessu stigi sett undir ákvæði umræddra laga án þess að þeim verði breytt að öðru leyti."

Síðan kemur rökstuðningur fyrir þessu áliti samstarfsnefndarinnar sem er m.a. sá að þrátt fyrir það að „eðlilegt sé að skilgreina ónæmistæringu læknisfræðilega sem kynsjúkdóm vegna þeirrar staðreyndar að smitun verður nær einvörðungu við kynmök eða blóðblöndun er þessi sýking að öðru leyti afgerandi frábrugðin þeim sem nú falla undir kynsjúkdómalögin". Hér erum við komin að kjarna málsins og þeim atriðum sem gera það að verkum að það er langt frá því einboðið að flokka þennan sjúkdóm með þessum hætti.

Það er sem sagt að mínu viti ekkert endilega sjálfsagt og einboðið að hin læknisfræðilega flokkun eigi að ráða í þessum tilfellum þegar það liggur ljóst fyrir að ýmis félagsleg einkenni skipta e.t.v. miklu meira máli í meðhöndlun sjúkdómsins og viðbrögðum við honum en hinn læknisfræðilegi skyldleiki hans við aðra kynsjúkdóma.

Síðan segir aftar í áliti samstarfsnefndarinnar:

„Eins og málin standa í dag er erfitt að sjá hvernig ákvæði laga um kynsjúkdómavarnir geti stuðlað að takmörkun á útbreiðslu ónæmistæringar."

Hér er nokkuð sterkt að orði kveðið, herra forseti. Hér fullyrða þessir sérfræðingar, sem unnið hafa að því á undanförnum mánuðum að undirbúa viðbrögð helstu heilbrigðisstofnananna við því að taka á móti þessum sjúkdómi, að erfitt sé að sjá hvernig þessi ákvæði nefndra laga geti stuðlað að takmörkun og útbreiðslu sjúkdómsins. Þeir koma m.ö.o. ekki auga á það hvernig hjálp geti verið í því að fella þennan sjúkdóm undir áðurnefnd lög um kynsjúkdóma. Þar með er ansi mikið sagt og lítið orðið eftir af áliti þessara manna til rökstuðnings því að standa svona að málunum því að það getur varla verið markmið í sjálfu sér að koma þessum sjúkdómi inn í þennan lagabálk ef ekki liggja fyrir neinar vísbendingar um að það verði að liði í baráttunni við sjúkdóminn, þ.e. í þeirri baráttu að reyna með öllum tiltækum ráðum að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Eðli málsins samkvæmt er það það sem skiptir máli hér og nú meðan læknisfræðin er enn á því stigi að kunna engin ráð við þessum sjúkdómi til bjargar þeim sem hann fá í sinni alvarlegustu mynd.

Enn aftar í þessu áliti segir, með leyfi forseta:

„Eina raunhæfa aðgerðin á þessu stigi til að takmarka

útbreiðslu veirunnar er að finna sem flesta þá einstaklinga sem þegar hafa smitast og hjálpa þeim með öllum tiltækum ráðum til að forðast að smita aðra. Skipulagðar aðgerðir í þessa átt hafa nýlega hafist hér á landi og er mikilvægt að tími gefist til þess að meta hvernig þær reynast."

Þetta nefndi ég í upphafi máls míns og ég held að það hefði verið skynsamlegra að fara aðeins hægar í sakirnar og sjá hvaða árangri mætti ná með þessum aðgerðum sem þegar eru í gangi. Ég hef reyndar ástæðu til að ætla að þær gangi nokkuð vel og þær mundu tiltölulega fljótlega skila árangri eftir því sem við er að búast.

Varðandi þau félagslegu áhrif, sem þessi sjúkdómur hefur og mun hafa, þá er þar ekki bara við að glíma vandamál þeirra einstaklinga sem fyrir honum verða heldur og þeirra sem hann umgangast, þeirra fjölskyldna og jafnvel allra þeirra sem fjölskyldur viðkomandi aðila, sem sannanlega eru haldnir þessum sjúkdómi, umgangast í þjóðfélaginu. Dæmin frá útlöndum sýna okkur að sú hræðsla og þeir fordómar, sem upp koma þegar það spyrst út að einstaklingar hafi smitast af þessum sjúkdómi, getur gengið ærið langt.

Ég hef af því áhyggjur, herra forseti, að svo slæm sem þessi móðursýki hefur verið í nálægum löndum þá yrði hún enn verri hér, ekki vegna þess að við séum að eðlisfari taugaveiklaðri en annað fólk eða fordómafyllri heldur einfaldlega vegna þess að okkar samfélag er svo lítið, kunningsskapur manna er svo almennur og hér skýla menn sér ekki í þeim nafnlausa fjölda stórþjóðanna sem menn geta gert víða erlendis.

Það er nokkuð auðvelt að setja sig inn í þá stöðu að t.d. í litlu byggðarlagi eða litlum kaupstað úti á landi veiktist einhver af þessum sjúkdómi. Það mundu ekki líða margir dagar, alla vega ekki margar vikur, áður en hvert fullvita mannsbarn í því byggðarlagi vissi um vandamál viðkomandi. Það leyfi ég mér að fullyrða því að fljótt fer fiskisagan. Menn, sem gegnum árin hafa kannske barist við það að halda uppi sinni sjálfsvirðingu og sínu áliti á viðkomandi stað eða viðkomandi svæði, hugsa sig örugglega um tvisvar áður en þeir stíga nokkurt það skref sem brotið gæti þessa sjálfsmynd þeirra í þúsund mola.

Ég hef því ástæðu til að ætla, herra forseti, að við þurfum að fara alveg sérstaklega varlega í þessum efnum, eins og ég segi, vegna þess hvað okkar þjóðfélag er lítið, hvað kunningsskapurinn er almennur og víðfeðmur hér og, eins og við segjum gjarnan, að allir þekkja nánast alla.

Ég hefði talið, ef menn telja á annað borð þörf á lagasetningu, herra forseti, miklu nær að setja sérstök lög um þennan sjúkdóm. Ég hefði talið það eðli málsins samkvæmt alveg eðlilegt að menn gripu til sérstakrar lagasetningar. Undir þau lög hefði þá mátt fella ýmislegt annað en það sem beint lýtur að kynsjúkdómum sem slíkum. Í slíkum lagabálki hefðu getað komið hlutir sem að gagni hefðu mátt verða að öðru leyti í baráttunni við sjúkdóminn.

Annar möguleiki, sem kæmi fyllilega til greina að mínu mati og raunar er bent á hér í áliti sérfræðinga, er að endurskoða í heild sinni lög um bráða smitsjúkdóma og breyta þeim út frá slíkri heildarendurskoðun. Þá er ekkert sjálfgefið að ónæmistæring yrði sérstaklega látin falla undir þann bálk slíkra endurskoðaðra laga sem kynsjúkdómar nefndust. Það gæti þá aftur orðið sérflokkur eða jafnvel fylgt öðrum smitsjúkdómum.

Þessi niðurstaða mín leiðir mig að því, herra forseti, að ég held að setning þessara laga með þessu móti sé fljótræði. Ég get ekki kallað það öðru nafni en fljótræði. Í öllu falli er það ekki þaulhugsað að mínu mati að standa svona að málunum, sérstaklega vegna þess að nauðsynin á því að gera þetta með þessum hætti hefur ekki komið fram.

Það sem skiptir miklu meira máli nú er að við gerum allt sem í okkar valdi stendur og skynsamlegt má teljast til að sporna við útbreiðslu sjúkdómsins og búa okkur undir það að takast á við hann, bæði í áframhaldandi baráttu við að hefta útbreiðsluna og að bregðast við því þegar sjúklingar koma til vistunar inn á stofnanir. Því munu fylgja margvíslegir erfiðleikar og margvísleg vandamál sem upp koma og munu krefjast úrlausnar.

Þess gætir reyndar þegar í stað á heilbrigðisstofnunum og reyndar víðar í þjóðfélaginu að fólk er óttaslegið og kvíðir þeim degi þegar upp koma tilfelli af þessu tagi. Það verður reyndar ekki bara vandamál, eins og ég áður sagði, heilsugæslu- eða heilbrigðisstéttanna í landinu heldur lögregluþjóna, strætisvagnabílstjóra og sjállfsagt margra annarra sem telja sig í hættu af þessum sökum. Þess vegna væri undirbúningur innan heilbrigðiskerfisins og undirbúningur í formi upplýsingamiðlunar og fræðslu að mínu viti það tvennt sem hafa ætti algeran forgang á þessum mánuðum sem nú eru að líða, herra forseti.

Þessi orð mín má ekki skilja svo að ég sé að gera lítið úr þeim undirbúningi sem er í gangi í þessum efnum. Ýmislegt er verið að gera, bæði að undirbúa rannsóknaraðstöðu og undirbúa þær heilbrigðisstofnanir sem mest verkefni fá í glímunni við þennan sjúkdóm. En hinn þátturinn, þ.e. fræðsla og upplýsingamiðlun til almennings, hefur verið nokkuð í skötulíki að mínu viti, herra forseti. Hefðu margir mátt standa sig þar betur og nefni ég sérstaklega til sögunnar fjölmiðla sem meira hafa skrifað um þennan sjúkdóm í eins konar kúrekamyndastíl en í því formi að reyna að miðla hlutlausum og gagnlegum upplýsingum. Standi fjölmiðlar sig ekki hlýtur að koma til kasta annarra og ábyrgari aðila sem grípa þá inn í og miðla þessum upplýsingum á þann hátt að að gagni megi verða.

Við Íslendingar höfum alveg fram á þessa síðustu mánuði haft að einu leyti góða stöðu í þessum efnum. Hún er sú að umræða hefur ekki orðið mjög mikil fram undir þetta hér í þjóðfélaginu, miklu minni og miklu síðar á ferðinni en í flestum nálægum löndum. Þar af leiðandi hefði enn verið tækifæri til að koma fram og koma til skila í upphafi umræðunnar fordómalausum og hlutlausum upplýsingum og fræða almenning til að fyrirbyggja þá öldu vanþekkingar og fordóma sem ég óttast að muni rísa hér eins og víða annars staðar ef ekkert verður að gert.

Hæstv. ráðherra vék að því í framsöguræðu sinni að meiningin væri að breyta þeim aðferðum, sem notaðar hafa verið við skráningu á kynsjúkdómum, þegar þessi lög taka gildi eða þegar skráning á ónæmistæringarsjúkdómnum kemur til sögunnar. Út af fyrir sig geri ég ekki lítið úr því að reynt verði að bregðast þannig við. En ég bendi á og það er mín skoðun að það muni í sjálfu sér ekki vera það sem skiptir mestu máli nákvæmlega hvernig að skráningunni verður staðið vegna þess að það mun standa upp á heilbrigðisyfirvöld og þá sem

skrá að útskýra þann mun fyrir fólki og ég óttast að það *muni ekki ganga sem skyldi.*

Það sem skiptir í raun og veru fyrst og fremst máli hér verður nafnið sjálft og sú almenna ímynd sem menn hafa í huganum af þeirri skráningu og af þeirri meðhöndlun sem nafni þessara sjúkdóma, kynsjúkdómanna, tilheyrir. Ég held að það yrði þá aftur og enn að vinna alveg nýtt verk í sambandi við þá fræðslu, að útskýra það í hverju þessi skráning væri frábrugðin þeirri sem fyrir var. Því óttast ég að jafnvel þó að menn af einlægni reyndu að komast hjá þeim vandkvæðum mundi það bera lítinn árangur, það muni í raun og veru fyrst og fremst vera sú ákvörðun að setja eða setja ekki ónæmistæringu undir lög um kynsjúkdóma sem hér ráði úrslitum.

Ég mun því ekki, herra forseti, eins og væntanlega hefur komið fram í máli mínu, styðja framgang þessa frv. í þessari mynd á Alþingi, ég treysti mér ekki til þess. Það er einnig mörgum spurningum ósvarað í þessum efnum. E.t.v. er það ekki tímabært, hvorki að bera þær spurningar upp á þessu stigi málsins og þaðan af síður að reyna að svara þeim. Ég held að tímanum hefði verið betur varið í að láta slíkar spurningar, sem eru ótalmargar og væri hægt að nefna hér, liggja milli hluta meðan við undirbúum okkur af kappi að bestu manna yfirsýn undir þessa glímu. Ég hefði því talið miklu vænlegra að fara að ráði meiri hluta samstarfsnefndar Landspítalans og Borgarspítalans í meginatriðum sem skrifaði heilbr.- og trn. Ed. 12. nóv. og hlíta ráðum þeirra sérfræðinga, þess hóps sem unnið hefur undanfarnar vikur og mánuði af kappi að því að undirbúa þessar tvær stofnanir undir þessa glímu.

Ég vil einnig nefna það að Haraldur Briem, sem skilar séráliti og er ekki sömu skoðunar og hinir sérfræðingarnir — telur það koma til greina að lögfesta ónæmistæringu eins og gerð er tillaga um í þessu frv. — hann bendir einnig á ókosti þess, þannig að hann sér í raun og veru bæði kosti og galla á þeirri málsmeðferð þó að hann telji kostina vega þyngra heldur en gallana. Hann óttast eins og fleiri að það gæti torveldað þá leit að einstaklingum sem nauðsynleg er. Einnig nefnir hann refsiákvæði laganna í því sambandi, þau mundu fæla smitaða einstaklinga frá því að leita læknis.

Ég held einnig, herra forseti, að það hefði verið rétt í þessu tilfelli og ekki nema sjálfsagt að hlýða á málsvara þess hóps manna sem hér á óumdeilanlega einna mest í húfi, þ.e. samkynhneigða karlmenn eða hvað ég nú á að nefna þá. Guðni Baldursson, talsmaður þess hóps, hefur skrifað blaðagrein þar sem hann varar eindregið við þessari málsmeðferð og má hann einna gerst þekkja hvaða félagsleg áhrif slík lagasetning mundi hafa. Hann rökstyður einnig mjög vel í hverju sá grundvallarmunur liggur sem greinir þennan sjúkdóm félagslega frá öðrum kynsjúkdómum eða „gömlu kynsjúkdómunum" eins og hann reyndar orðar það.

Ég held, herra forseti, að þau mál, sem verið hafa slík feimnismál í okkar þjóðfélagi um áratuga- og aldaskeið að það *má með sanni segja* að þau séu neðanjarðar, það er kynlíf einstaklinga sem ekki flokkast undir hið venjulega eða hefðbundna, þau verði ekki dregin fram í dagsljósið eða upp á yfirborðið með því að setja lög. Það liggur ósköp einfaldlega ekki þannig. Þvert á móti er hitt miklu líklegra að lagasetning af þessu tagi geri það að verkum að þetta verði enn þá meira feimnismál, enn þá meira neðanjarðar heldur en nokkurn tíma fyrr. Þessir einstaklingar mundu enn síður en áður taka nokkur þau skref sem orðið gætu til þess að þessi leyndardómur þeirra einkalífs opinberaðist fjöldanum.

Ég hef, herra forseti, tíundað nokkra vankanta á því að standa svona að málum og rökstutt það hvers vegna ég treysti mér ekki til að styðja þetta frv. Ég vil svo í lok máls míns endurtaka það að ég tel það alveg nauðsynlegt að fyrir lægju og ljós væru *mjög veigamikil rök fyrir* nauðsyn þess að standa svona að málum og hvað það í raun er sem gerir það að verkum að menn telja óhjákvæmilegt að setja þennan sjúkdóm undir þessi lög, og ég á hér við hreint praktísk framkvæmdaleg atriði, því burtséð frá allri skilgreiningu og öllum formum þá verðum við að horfa á það hvað í reynd *mundi gefast og hvað í reynd mundi duga best.* Við verðum þá að leggja formin til hliðar ef það kemur í ljós að það er ekki endilega rétt og einboðið að fara þá leið hér sem læknisfræðilega eða líffeðlisfræðilega væri réttast samkvæmt skilgreiningu. Félagsleg hegðunarmunstur og félagsleg vandamál greinast sjaldan samkvæmt slíkum fastmótuðum líffræðilegum, líffeðlisfræðilegum eða öðrum líkum lögmálum. Þau *lúta miklu flóknari* lögmálum og margbrotnari og það er ekki endilega víst að rökrétt og fræðilega rétt greining hinna þáttanna dugi best til að skýrgreina viðbrögð manna við slíkum sjúkdómi.

Ég harma því, herra forseti, að þetta frv. skuli komið hér fram, því óhjákvæmilega mun það eitt vekja nokkra umræðu og nokkurn ugg hvað þá verði það samþykkt. Ég hefði í raun talið betra að þessir haustmánuðir og nokkrir næstu mánuðir hefðu liðið með þeim hætti að sem allra minnst hefði verið fjallað um þessa hlið málanna á opinberum vettvangi. Vegna þess að á sama tíma og þetta mál er hér til umfjöllunar þá er fjöldi manna, fjöldi fólks úr svonefndum áhættuhópum að nýta sér þá þjónustu sem þegar er komin í gang. Og meðan svo er og meðan lítur út fyrir að með þeim aðgerðum náist til verulegs fjölda eða jafnvel mikils hluta þeirra sem ætla má að tilheyri þeim áhættuhópum, þá sé ég enn síður en ella þörfina á því að setja slík sérstök lög.

Ég held líka að menn verði að átta sig á því að hér er of seint að verða vitur eftir á ef afleiðingar þessarar lagasetningar verða þær sem margir óttast, og óttast það með fullum rökum að ég tel, þá gæti mikill skaði orðið sem hugsanlega væri að einhverju leyti eða verulegu leyti hægt að forðast ella.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þetta mál mitt þá ekki lengra. Ég endurtek það að ég tel að hér hafi verið um nokkurt fljótræði að ræða. Ég tel að það hefði átt að ræða betur innan þeirra stétta, sem mest munu að þessum málum vinna, hvernig standa ætti hér að málum og það hefði ekki átt að standa að samningu og framlagningu þessa frv. með svo skjótum hætti. Það var ekki tímabært að mínu mati og nokkurt fljótræði að standa að með þeim hætti. Ég teldi því vænlegast, herra forseti, að við *færum okkur hægt hér í* þessari virðulegu deild þingsins og skoðuðum þetta mál í góðu tómi, tækjum okkur tíma á nýju ári til þess að ræða aftur við alla þá aðila sem hér eiga helst hlut að máli og í sameiningu athuga hvort ekki væri skynsamlegt að fresta því a.m.k. um sinn að setja lög með þessum hætti og kanna þess í stað aðra möguleika svo sem þá að setja

sérstök lög eða endurskoða í heild sinni lög um smitsjúkdóma og í þriðja lagi að hugleiða þann möguleika að komast megi af og jafnvel betur af án þess að setja slík lög yfir höfuð.

Umr. frestað.

Neðri deild, 38. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 9 síðdegis.

Barnabótaauki, stjfrv. 197. mál (þskj. 285). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, GHelg, GGS, HBl, JBH, SighB, KJóh, MB, ÓE, GHG, StG, SV, SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GeirG, IG.

nei: GE.

19 þm. (GJG, HÁ, HG, JS, KH, KSK, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, SJS, SvG, ÞS, EBS, FÞ, GSig, GB) fjarstaddir.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sérstakan barnabótaauka. Þetta er 197. mál.

Efnisákvæði þessa frv. eiga rætur að rekja til kjarasamninga milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands í febrúar 1984 og þeirra samninga sem þessir aðilar vinnumarkaðarins gerðu þá við ríkisstj. um sérstakar ráðstafanir í skatta- og tryggingamálum til hagræðis fyrir þá sem lakast eru settir í þjóðfélaginu.

Í framhaldi af því var með lögum nr. 43/1984 kveðið á um að á árinu 1984 skyldi greiða sérstakan barnabótaauka að fjárhæð 12 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu sem heimilisfast var hér á landi. Var barnabótaauki þessi tengdur bæði tekjum og eignum framfæranda þannig að hann skertist ef tekjur eða eign framfæranda fóru fram úr tilteknu marki.

Með lögum nr. 128/1984 var kveðið á um að á árinu 1985 skyldi greiða sams konar barnabótaauka en fjárhæðin hækkuð í 15 þús. kr. fyrir hvert barn. Með frv. þessu er lagt til að sambærilegur barnabótaauki verði einnig greiddur úr ríkissjóði á árinu 1986. Eru ákvæði frv. þessa samhljóða ákvæðum laga nr. 128/1984 að öðru leyti en því að allar fjárhæðir eru hækkaðar um 36% og er það í samræmi við hækkun skattvísitölu. Raungildi þessarar aðstoðar við lágtekjufólk ætti því að haldast óbreytt milli ára. Kostnaður ríkissjóðs af þessu frv. er talinn vera um 42 millj. kr.

Herra forseti. Ég vænti þess að góð samstaða geti náðst hér milli hv. þdm. um að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfi þm. og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Alþt. 1985. B. (108. löggjafarþing).

Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv. 198. mál (þskj. 287). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, GHelg, GGS, HBl, JBH, SighB, KJóh, MB, ÓE, GHG, StG, SV, SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GeirG, IG.

nei: GE.

19 þm. (GJG, HÁ, HG, JS, KH, KSK, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, SJS, SvG, ÞS, EBS, FÞ, GSig, GB) fjarstaddir.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er í aðalatriðum þríþætt. Það fjallar í fyrsta lagi um frádráttarheimildir vegna vaxtagjalda fyrir húsbyggjendur. Í öðru lagi er kveðið á um skattfrelsismörk eignarskatts og loks eru ákvæði til bráðabirgða um framlengingu um eitt ár á heimild til þess að velja á milli framlaga í varasjóð eða fjárfestingarsjóði.

Meginefni frv. lýtur að vöxtum og meðferð þeirra varðandi húsbyggjendur. Þessi ákvæði eiga rætur að rekja til starfa milliþinganefndar um húsnæðismál sem falið var að kanna greiðsluvanda íbúðareigenda. Nefndin skilaði áliti sínu 7. desember s.l. og í niðurstöðum nefndarinnar er lögð áhersla á að gerðar verði ýmsar lagfæringar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt er lúta að vaxtafrádrætti vegna lána til öflunar eigin íbúðarhúsnæðis.

Í meginatriðum voru tillögur nefndarinnar þessar:

1. Að vextir og verðbætur á sjálfskuldarábyrgðarlánum til húsnæðislána njóti sama réttar og veðlán.
2. Að frádráttartímabil vaxta á skammtímalánum lengist úr 3 og 6 árum í 4 og 7 ár vegna tekjuársins 1985.
3. Að ákvæði um lántökukostnað og frádráttarbærni vaxta verði gerð ótvíræð.
4. Að hámark verðtryggingar- og vaxtafrádráttar verði endurskoðuð til hækkunar. Athuguð verði tenging hámarksins við hreina eign.

Ríkisstj. ákvað að verða þegar við tillögum þeim sem um getur í 1. og 2. lið, þ.e. vextir og verðbætur af sjálfskuldarábyrgðarlánum til húsnæðismála njóti sama réttar og veðlán og að frádráttartímabil vaxta af skammtímalánum lengist úr 3 og 6 árum í 4 og 7 ár vegna tekjuársins 1985. Og jafnframt að því er tillögur í 3. lið nefndarinnar varðar að taka til greina stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað af lánum.

Þá lagði milliþinganefndin til að þeir íbúðaeigendur sem hafa þunga greiðslubyrði vegna íbúðalána fái skuldbreytingu. Skv. 1. gr. frv. er vandi þeirra sem keyptu á árinu 1982 eða síðar eða byggðu á árinu 1980 eða síðar leystur í sambandi við frádráttarbærni vaxta af skuldbreytingalánum en með bráðabirgðaákvæði þessa frv. er stefnt að því að leysa sambærilegan vanda vegna skuldbreytinga hjá þeim sem byrjuðu að byggja á árinu 1979 eða keyptu íbúðarhúsnæði á árunum 1979—1982. Á þeim skamma tíma sem eftir er fram að jólaleyfi Alþingis eru hins vegar ekki tök á að endurskoða frekar ákvæði laganna um vaxtafrádrátt í því skyni að gera þau víðtækari og skýrari eins og nefndin gerði tillögu um. Hér er um mjög flókin og yfirgripsmikil mál að ræða sem krefjast nákvæmari athugunar en hægt er að koma við á svo skömmum tíma.

Þá eru í frv., eins og áður er frá greint, ákvæði um skattfrelsismörk eignarskatts og lagt til að þau hækki í samræmi við hækkun fasteignamats á árinu í staðinn fyrir hækkun í samræmi við tekjubreytingar á milli áranna 1984 og 1985. Eins og kunnugt er ákvarðast skattvísitala fyrir 1986 í samræmi við þá hækkun. Og jafnframt er lagt til að heimild lögaðila til að leggja í varasjóð í stað tillaga í fjárfestingarsjóð verði framlengd um eitt ár.

Ég tel ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara að svo stöddu fleiri orðum um efnisákvæði þessa frv., en vænti þess að góð samstaða geti tekist um það meðal hv. þdm. að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfi og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., stjfrv. 194. mál (þskj. 353). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, GHelg, GGS, HBl, JBH, SighB, KJóh, MB, ÓE, GHG, StG, SV, SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GeirG, IG.

nei: GE.

19 þm. (GJG, HÁ, HG, JS, KH, KSK, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, SJS, SvG, ÞS, EBS, FÞ, GSig, GB) fjarstaddir.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um nefnd til þess að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Ein hliðin á máli Hafskips hf. er að það félag var tekið til gjaldþrotaskipta, sem kunnugt er, 6. þ.m. Skiptaráðandinn í Reykjavík fer nú með forræði þrotabús félagsins og er hlutverk hans m.a. að rannsaka hvort einhver lögbrot tengist gjaldþroti fyrirtækisins og byggt er á gjaldþrotalögum.

Mál þetta hefur aðra hlið en þá sem snýr að gjaldþroti Hafskips hf. og hugsanlegu refsiverðu athæfi í tengslum við það. Ljóst er að Útvegsbanki Íslands, sem Hafskip hf. hafði sín bankaviðskipti við, mun tapa verulegum fjárhæðum vegna gjaldþrots félagsins. Með hliðsjón af þessu taldi ríkisstj. þörf á því að auk þeirrar rannsóknar sem beinist að hugsanlegri refsiverðri háttsemi í tengslum við gjaldþrotið færi fram sérstök könnun á viðskiptalegum þáttum málsins. Af þeim sökum hefur þetta frv. verið lagt fram. Í því er kveðið á um að sett verði á laggirnar þriggja manna nefnd sem Hæstiréttur tilnefni og skal hún hafa það hlutverk að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförnum árum.

Það þótti ekki fært að binda könnunina við ákveðið árabil enda liggur ekki fyrir á þessari stundu hvenær verulega tók að halla undan fæti í rekstri félagsins né heldur með hvaða hætti og á hvaða tíma sú skuldaaukning við bankann varð sem nú hefur leitt til mikils fyrirsjáanlegs tjóns hans við gjaldþrot félagsins.

Í Ed. gerði hv. fjh.- og viðskn., sem fjallaði um þetta mál, þrjár breytingar á frv. Við 2. gr., 1. málsl. er orðalagsbreyting þannig að hann hljóðar nú þannig:

„Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförnum árum eða í viðskiptum Hafskips hf. við aðra aðila."

Í öðru lagi. Við 3. gr., 1. málsl. fyrri málsgr., var gerð orðalagsbreyting þannig að málsgr. hljóðar nú þannig:

„Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum, m.a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands."

Þriðja breytingin sem nefndin gerði var að á eftir 4. gr. komi ný grein sem hljóði þannig:

„Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskiptaráðherra sem gerir Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar."

Þar sem þetta mál hefur verið það mikið rætt hér á Alþingi á undanförnum dögum og vikum þá sé ég ekki ástæðu til þess að hafa mál mitt lengra en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Gjaldþrotalög, stjfrv. 190. mál (þskj. 354). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, GHelg, GGS, HBl, JBH, SighB, KJóh, MB, ÓE, GHG, StG, SV, SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GeirG, IG.

nei: GE.

19 þm. (GJG, HÁ, HG, JS, KH, KSK, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, SJS, SvG, ÞS, EBS, FÞ, GSig, GB) fjarstaddir.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Í meðferð Ed. á frv. til l. um breyting á gjaldþrotalögum komu fram ábendingar til hv. allshn. frá réttarfarsnefnd um orðalagsbreytingar á frv., 2. og 4. gr., þar sem kveðið er skýrar að orði um ákvæði frv. Rétt þótti að verða við þeim ábendingum. Af þeim sökum þarf þetta frv. að koma aftur hér fyrir hv. Nd. Ég vænti þess að deildin sjái sér fært að afgreiða málið í því formi sem Ed. afgreiddi það.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 33. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið, þáltill. 193. mál (þskj. 256, n. 309). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál. um staðfestingu samkomulags um stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið sem hér er til umræðu hefur verið rædd í hv. utanrmn. og er nefndin sammála um að mæla með samþykkt till.

Við fyrri umr. var gerð grein fyrir efni þessa máls, sem hv. þm. er kunnugt, og hv. þm. Páll Pétursson rakti aðdraganda málsins og efnisatriðin þannig að ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, enda má í sjálfu sér segja að tillagan sé einföld í sniðum. En þar með er alls ekki sagt að hún sé ómerk. Þvert á móti hygg ég að hér sé að komast á samstarf þriggja þjóða sem geti orðið gífurlega mikilvægt er stundir líða.

Það er kannske rétt að vekja á því athygli að þetta er e.t.v. í fyrsta skipti í slíku samstarfi þjóða í millum sem Íslendingar eru þeir fjölmennustu og jafnframt líka þeir ríkustu og best settu þrátt fyrir allan barlóm sem við heyrum nú um stundir. Og ég held að það sé heppilegt að hv. alþm. geri sér grein fyrir því að við hljótum að hafa talsvert frumkvæði að því að þetta samstarf, sem hér er boðað og væntanlega verður staðfest af Alþingi, beri verulegan árangur. Við erum á milli þessara tveggja frændþjóða okkar sem fámennari eru og þess vegna er ljóst að við eigum að leitast við að efla þetta samstarf og koma þessu barni á legg eins fljótt og mögulegt er og hvorki að spara til þess tíma né fyrirhöfn. Fjárútlán verða sjálfsagt einhver líka en það er áreiðanlega sameiginlegt hagsmunamál þessara þriggja þjóða að efla sitt samstarf og þá auðvitað fyrst og síðast á sviði sjávarútvegsins og verndar hafsvæðanna í kringum þessi lönd.

Ég geri mér vonir um að starf þessa þingmannaráðs verði liður í þeirri sjálfgefnu stefnu Íslendinga að leitast við að laða þjóðir við nyrstu svæði Atlantshafsins saman um verndunarstefnu á sviði hafréttarins allt frá Noregsströndum og til Kanada. Þar eigum við að hafa frumkvæði. Við höfum haft frumkvæði í hafréttarmálunum Íslendingar og við skulum ekkert vera að miklast af því. Við skulum vera minnugir þess að það er ekki fullnaðarsigur unninn, öðru nær. Við skulum varðveita það sem áunnist hefur, hvort heldur er á Jan Mayen-miðum eða innan okkar sérlögsögu og það gerum við ekki öðruvísi en í góðu samstarfi við næstu nágranna. Ég leyfi mér þess vegna, áður en atkvæðagreiðsla fer fram, af því að ég þykist vita hvernig atkvæði muni falla, að óska bæði okkur og grönnum okkar, Grænlendingum og Færeyingum, til hamingju með það að þessi till. verði hér samþykkt.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil einungis fyrir hönd okkar flm. þessarar till. þakka hv. utanrmn. og formanni hennar fyrir skjót og sköruleg vinnubrögð í þessu máli. Við erum mjög ánægð yfir því að Alþingi er á góðum vegi með að taka þarna afstöðu til málsins.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 372).

Efri deild, 39. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum fundi í Sþ.

Verðjöfnunargjald af raforkusölu, stjfrv. 184. mál (þskj. 342). — Ein umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Það hafa verið gerðar tvær breytingar á þessu frv. í hv. Nd. Önnur breytingin er um það að það komi á undan 1. gr. frv. ný grein og hún varðar breytingu á 8. gr. laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu. 8. gr. laganna nú hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins, Íslenska álfélagsins hf., Íslenska járnblendifélagsins hf. og til húshitunar."

Breytingin er fólgin í því að í staðinn fyrir orðið „húshitunar" komi: rafhitunar eða varmadælna.

Að forminu til þýðir þetta rýrnun á því fjármagni sem verðjöfnunargjaldið gefur en í raun og veru er ekki um neina rýrnun að ræða vegna þess að lögin hafa verið framkvæmd svo sem að stæði það sem segir í breytingu þeirri sem Nd. gerði.

Hin breytingin sem Nd. gerði varðar 1. gr. frv. og er um breytingu á 2. gr. laganna um verðjöfnunargjald af raforkusölu. 2. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðjöfnunargjald skal nema 16% árið 1985."

Breyting sú, sem gerð er í hv. Nd., er fólgin í því að fellt er niður árið 1985 úr 2. gr. laganna. Þessu er ofaukið í raun og veru miðað við lögin eins og þau gilda í dag og miðað við þá breytingu á þeim sem frv. gerir ráð fyrir. Og þó hér sé ekki um efnisbreytingu að ræða heldur aðeins formbreytingu þá fer betur á því að sú formbreyting sé gerð.

Hv. iðnn. þessarar hv. deildar hefur komið saman og athugað þessar breytingar og mælir með því að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 406).

Skráning skipa, stjfrv. 84. mál (þskj. 341 (sbr. 260)). — Ein umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Samgn. Ed. Alþingis hefur fjallað að nýju um frv. til laga um skráningu skipa og þá með sérstöku tilliti til þeirra

breytinga sem gerðar voru á frv. við umfjöllun í Nd.

Þar var um að ræða tvær efnisbreytingar, þó í rauninni einkum eina, sem kemur fram í e-lið frv. eins og það er fram sett eftir breytinguna í Nd., en þar er kveðið á um að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram hérlendis eða stofnast í því sambandi eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingardómurum hér á landi.

Nefndin telur að þessar breytingar séu til bóta og leggur því til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Alþingis.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 407).

Efri deild, 40. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 39. fundi.

Málefni aldraðra, stjfrv. 182. mál (þskj. 343, n. 370). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál og leggur til að það verði samþykkt óbreytt frá afgreiðslu þess í Nd. Það varð alger samstaða um afgreiðslu málsins. Það voru gerðar breytingar á frv. í Nd. Það hefur verið gerð grein fyrir þeim breytingum. Þær eru þess eðlis að tölur eru leiðréttar til samræmis við tilgang frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, stjfrv. 145. mál (þskj. 264 (sbr. 159), n. 322, 362 og 369). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Við tökum hér til 2. umr. frv. til laga um stjórnun fiskveiða 1986 og 1987.

Sjútvn. þessarar hv. deildar hélt tvo fundi um þetta mál og kom þar í ljós strax að nefndin var ekki sammála í þessu efni. Koma hér fram tvö minnihlutaálit. Mér hefur ekki gefist tími til að lesa það seinna sem barst núna í fundarhléinu. En nál. á þskj. 322, sem er nál. meiri hl., hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um málið og einnig átt sameiginlega fundi með sjútvn. Nd. Fulltrúar frá sjútvrn. komu á fund hjá nefndinni og skýrðu ýmsa liði frv. og lögðu fram drög að reglugerð sem farið var yfir. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem Nd. gerði á því, sbr. þskj. 264.“

Virðulegi forseti. Ég ætla að ræða hér nokkuð um þetta frv. og almennt um stjórnun fiskveiða hjá okkur Íslendingum því að um þetta eru og hafa verið skiptar skoðanir. Almennt eru menn sammála um að einhvers konar stjórnun verði að vera á veiðum, eitthvert hámarksmagn megi veiða úr okkar helstu nytjastofnum og þá einkum af þorski.

Haustið 1983 voru samþykkt hér á hæstv. Alþingi mjög ströng lög um fiskveiðistjórnun, svokallaður kvóti. Á þessum tíma voru landsmenn verulega hræddir um að hættuástand væri að skapast á fiskimiðum okkar vegna síminnkandi afla. Árið 1981 var eitt besta botnfiskaflaár í sögu þjóðarinnar. Þá veiddust um 469 þús. lestir af þorski. Árið eftir snarminnkaði þorskaflinn, þá náðust 388 þús. tonn. 1983 náðist ekki að berja upp nema um 299 þús. tonn af þorski þrátt fyrir gegndarlausa sókn okkar öfluga fiskiflota.

Fiskifræðingar sögðu að hrygningarstofn þorsksins færi snarminnkandi og verulegt hættuástand væri fram undan ef ekki yrði gripið til einhverra þeirra ráðstafana sem stilltu sókninni í þorskstofninn verulega í hóf. Hagsmunafélög útgerðar og fiskvinnslu fjölluðu um málið og var niðurstaða þeirra mjög á einn veg, að grípa yrði til einhverra ráðstafana til að hefta sókn í þorskstofninn, þann stofn sem var og er langarðmestur og aðalundirstaðan undir efnahagslífi landsins. Einnig varð að draga úr sókn í aðra botnfiskstofna.

Hæstv. Alþingi fékk málið til afgreiðslu. Eftir mikla vinnu og kannanir samþykkti meiri hluti Alþingis að fara kvótaleiðina svokölluðu til reynslu í eitt ár.

Innan þingsins voru skiptar skoðanir um þessa leið. Sumir vildu heldur taka upp eða halda við hinu gamla skrapdagakerfi, sem svo var kallað, sem var að mínum dómi búið að ganga sér til húðar. Þetta kerfi byggði á því að leyfilegt var að veiða ákveðið hámarksmagn af þorski á vissum veiðitímabilum. Í annan tíma skyldi flotinn nýta sér hinar svokölluðu vannýttu fiskitegundir, einkum ufsa og karfa. Átti þetta einkum við um togaraflotann. En 1983 og fyrr var málum þannig komið að einnig þurfti að fara að skammta þessar tegundir vegna minnkandi stofnstærðar.

Frv. það, er samþykkt var í desember 1983, hafði ýmsa galla svo og reglugerð sú er sett var í beinu framhaldi af samþykkt þess. Þetta var eðlilegt því að þarna var verið að þreifa fyrir sér á nýrri braut sem menn höfðu enga reynslu af hér á landi í svo ítarlegri útfærslu þó að búið væri að taka þetta kerfi upp á loðnu- og síldveiðum hér við land.

Þrátt fyrir ýmsa vankanta á þessu kerfi fyrsta árið reyndist það mun betur en menn þorðu að vona. Aftur var sami háttur hafður á fyrir árið 1985 og reynt að sníða af helstu hnökrana og færa þessa stjórnunaraðferð til meira frjálsræðis, t.d. með valkostinum milli afla- og sóknarmarks.

Hvað mestir erfiðleikar hafa verið með að finna frjálsari leið fyrir smábátana enda varð gífurleg fjölgun í þeim flota á árinu og sóknargeta hans mikil vegna einmuna tíðar allt árið.

Einnig hefur verið allmikil óánægja með þetta stjórnunarkerfi við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Þessir aðilar hafa lagt áherslu á að taka upp svokallaða tegundamarksleið sem er nýtt nafn á gamla skrapdaga-

kerfinu sem ég gat um áðan. Þessar skoðanir hafa verið mjög skýrt fram settar af tveim hv. þm. þessarar deildar, þeim hv. 4. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Vesturl.

Nú liggur fyrir í þriðja sinn frv. um stjórnun fiskveiða fyrir árin 1986 og 1987, kvótafrv. Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa fjallað um frv. á aðalfundum og ársþingum sínum núna í haust. Skoðanir þar hafa verið skiptar eins og áður. Þrír þessara aðila mæltu með samþykkt frv., þ.e. Landssamband ísl. útvegsmanna, þing Sjómannasambandsins og fiskiþing.

Farmanna- og fiskimannasambandið afgreiddi þetta á annan veg. Þeir vildu fara tegundamarksleiðina með sérstakri útfærslu sem mér fannst við fyrstu sýn mjög athugandi. En við nánari skoðun finn ég ekki rök fyrir því að sú leið sé betri en sú sem meiri hl. leggur til að farin verði. Mín skoðun er sú að tegundamarksleiðin bjóði upp á enn meiri mismunun á milli landshluta en nú er og skapi einnig meiri erfiðleika á stjórnun milli veiða og vinnslu en við höfum búið við í dag þótt þar sé víða pottur brotinn.

Hv. Nd., sem fékk þetta frv. fyrst til umfjöllunar og afgreiðslu, gerði nokkrar veigamiklar breytingar á því sem eru allar til bóta og ætla ég ekki að fara nánar út í þær hér. Þær eru á borðum hv. þm. á þskj. 264.

Eins og fram kemur í nál. frá meiri hl. sjútvn. þessarar hv. deildar héldu nefndir beggja deildanna nokkra sameiginlega fundi þar sem voru mættir fiskifræðingar og fulltrúar hagsmunaaðila sem skýrðu sjónarmið sín og samtaka þeirra. Þetta voru fróðlegir fundir sem gáfu nefndarmönnum góða yfirsýn yfir málið.

Þetta frv. gerir ráð fyrir allmiklum breytingum frá fyrra frv. og eru þær mjög til bóta. Frv. sjálft segir ekki nema hálfa sögu um framkvæmd þessara laga, hún er að mestu bundin í reglugerð. Sjútvn. þessarar deildar lagði því mikla áherslu á að fá að sjá þau drög að reglugerð sem búið var að vinna upp þann 17. þ.m., en sú reglugerð er unnin af sjútvrn. og ráðgjafarnefnd í sjávarútvegsmálum. Ráðuneytið varð fúslega við þeirri ósk og komu fulltrúar ráðuneytisins á fund nefndarinnar og skýrðu reglugerðina. Mun ég nú fara yfir nokkur atriði hennar sem liggja fyrir á þeirri stundu sem við sáum hana.

Fyrst vil ég nefna breytingar vegna báta undir 10 lestum sem komnar eru inn í frv. eftir breytingar í Nd. Þar er meginbreytingin sú að alger stöðvun þessara báta er frá 15. desember til 15. janúar 1987. Þarna er þessi stöðvun komin niður í einn mánuð sem var tveir mánuðir skv. frv. í fyrstu. Aðrar stöðvanir hjá þessum bátum eru tíu dagar um páska, tíu dagar í ágústmánuði og sjö dagar í júní og október.

Í reglugerðinni segir að netaveiðar hjá þessum bátum séu á tímabilinu 10. febrúar—15. maí hjá þeim sem um það sækja. Þær eru heimilaðar í 65 daga með 80 lesta þorskafla að hámarki. Ég geri mér ljóst að sumir viðkomandi aðila munu sjálfsagt verða óánægðir yfir því að geta ekki fengið sín 300 tonn eins og sumir fengu í fyrra. En þarna kemur upp sá jöfnuður sem ég held að þessir aðilar geti vel við unað. Ég hef ekki heyrt annað en að þeir séu allvel sáttir við þau frumvarpsdrög sem hér eru rædd og það sem mun áfram koma í reglugerð.

Í öðru lagi vil ég nefna að hin svokölluðu viðmiðunarár, sem aflamarkið var unnið eftir í byrjun, hafa valdið nokkrum deilum. Bersýnileg misskipting hefur orðið á milli svæða og hafa þessi skekkjumörk verið mjög áberandi eftir því hvar skip eru og voru skráð. Kemur þetta berlega í ljós hjá togurunum. Svæðaskiptingin hefur verið þannig að svæði 1 er frá Eystra-Horni suður um að Látrabjargi, svæði 2 frá Látrabjargi norður um að Eystra-Horni. Þessi skipting hefur verið umdeild og er enn. Ef við tökum dæmi af togurum þá hafa togarar á svæði 1, sem við getum kallað suðursvæði, skv. gömlu reglunni fengið 800 tonna þorskmagn á móti 1500 tonnum á svæði 2 sem er vestur- og norðursvæðið og hluti af austursvæðinu að sjálfsögðu.

Ég vil benda á í þessu sambandi að mismunun hefur verið gífurleg líka á milli skipa sem eru undir svokölluðu 39 metra marki. 13 skip eru skráð í þeim stærðarflokki, þar af sjö af svæði 2, eða norður- og vestursvæðinu. Þeim er úthlutað í aflamarki um 1050 tonnum en sex skipum af sömu stærð, sem eru á suðursvæði, er úthlutað um 550 tonnum. Þarna er um ögrandi mismunun að ræða sem ég tel nauðsynlegt að verði leiðrétt og mælist eindregið til þess að ráðgjafarnefndin taki þennan lið alvarlega til athugunar.

Eins er verið að reyna að jafna þetta mark á milli með því að hækka tölur í þessum efnum þannig að viðmiðunarmarkið 1500 verði fært í 1750 á svæði 2. Talan á suðursvæðinu liggur ekki fyrir en þar legg ég áherslu á að verði farið í 1150 tonn á móti 1750 á norðursvæðinu. Það væri mjög til réttlætis í þessum efnum.

Í þriðja lagi má minnast á að í reglugerðinni er kveðið á um að veiðar á línu verði að hálfu utan kvóta í janúar og febrúar. Sjútvn. Ed. leggur áherslu á — og þar er samstaða í nefndinni — að þetta gildi einnig fyrir nóvember—desember eins og í janúar—febrúar. Ég legg áherslu á þetta atriði og undirstrika þetta álit sjútvn. Ed.

Einnig vil ég leggja áherslu á það, sem nefndin varð sammála um, að handfæraveiðar séu á sama hátt undanþegnar þennan tíma. Það er ekkert mál þó að trillukarlar geti farið á handfæri en séu ekki bundnir við ákveðin veiðarfæri ef einhver vill skreppa út, það dregur ekki neitt. Eins ef einhver vildi stunda ufsaveiðar á handfæri, hvort sem það er við Grímsey eða annars staðar, þá er það ekkert til að raska heildardæminu. Þetta er skoðun sem ég vil að komi fram hér og var skoðun nefndarinnar, ég held ég megi segja allrar, ég gekk ekki til atkvæða í þeim efnum en það var tónninn sem ríkti í nefndinni. Aðrir nefndarmenn leiðrétta mig þá ef ég fer með rangt mál.

Það má benda á að í reglugerðinni kemur einnig fram að sóknarmark báta, sem hafa valið sér sóknarmark í sambandi við netaveiðar, rýmkar um fimm daga. Það var sótt mjög fast hjá þeim að geta fengið rýmri heimild. Þetta er einnig strax til bóta.

Ýmis fleiri atriði mætti minnast á í þessu sambandi þótt ég ætli ekki að gera það núna, a.m.k. ekki í byrjun. Ég hef drepið á nokkur helstu atriði. Ég vil aðeins leggja áherslu á að ég er stuðningsmaður þessa frv. og legg áherslu á að það verði samþykkt hér í deildinni. Ég held að við séum þarna á réttri braut. Það má alltaf deila um öll mannanna verk. En eftir nána skoðun fæ ég ekki séð að hin leiðin, sem boðið er upp á, svokölluð tegundamarksleið, leiði okkur nokkuð nær markinu en þessi leið, nema síður sé. Þess vegna legg ég eindregið til að þessi leið verði farin.

Auðvitað er okkur öllum illa við allt sem heitir

miðstýring eða stjórnun. En þrátt fyrir mjög bætt ástand hér í hafinu kringum okkur og betri vonir um að það megi haldast og hér verði betri skilyrði fyrir botnfiska og aðra fiska, sem við eigum allt okkar undir að fái sem mesta viðkomu, og við getum byggt upp okkar fiskistofna, þá verðum við samt að hafa um tíma ákveðna stjórnun á þessu vegna þess arna og vegna markaða einnig til að geta fylgst með.

Ég sé að hv. þm. Karl Steinar Guðnason brosir til mín, hann hefur kallað þetta ýmsum illum nöfnum, en ég tek það ekki nærri mér.

Ég bendi ykkur á aflaárið mikla 1981 þegar við fiskuðum 470 þús. tonn af þorski. Ég veit ekki hvernig við hefðum komist fram úr þeim afla nú á þessu ári með lokaðan skreiðarmarkað eins og er búið að vera tvö s.l. ár. Ég segi ekki stór hluti en verulegur hluti aflans 1981 var hengdur upp í skreið sem liggur enn þá í landinu. Það sem við verðum að hafa að okkar keppikefli og við leitumst við með þessu frv. og öðru í stjórnun fiskveiða er að leita allra ráða til að fá sem mest verðmæti út úr þeim afla sem við drögum úr sjónum. Í því liggja veikleikar okkar enn í dag.

Ég ætla engan dóm að leggja á það hvort kvótafrv. hefur verið til bóta í þeim efnum eða ekki. Ég hef ekki nógu góðar tölur um þau mál. Því er haldið fram af ýmsum aðilum að það hafi orðið stór sparnaður. Ég fullyrði að það á við um loðnuveiðar, þær þekki ég. Þar hefur orðið verulegur sparnaður, einkum í veiðarfærum, við það að viðhafa þessa skömmtun. Ég bendi á að á fundi, sem haldinn var um daginn, var talað um það, þrátt fyrir þessa miklu loðnuveiði sem nú er og góða möguleika sem vertíðin á að gefa, hvort ætti að afnema kvótann og gefa þessum 48 skipum, sem nú stunda loðnuveiðar, þetta frjálst. Það einkennilega skeði að að fenginni reynslu þessara ára, sem menn hafa stundað þessar kvótaveiðar á loðnu, var aðeins einn sem vildi gefa þetta frjálst.

Þetta má kalla sósíalisma allra hluta. Þó að ég sem sjálfstæðismaður vilji hafa þarna ákveðna stjórnun á tek ég það ekki nærri mér. Ég stend alveg hiklaust við mína skoðun í þeim efnum að það þarf á þann veg að vera. En það skal ég taka hér fram að þrátt fyrir kvóta, þrátt fyrir tegundamarksleið og þrátt fyrir frjálsræði þá er það þessi vandi í fiskvinnslunni og útgerðinni sjálfri sem menn þurfa að takast á við, þ.e. að meðhöndla hráefnið á þann veg að það geti komið að sem bestum notum. Það er skylda þeirra manna, sem í þeirri starfsgrein eru, að takast á við það en biðja ekki um miðstýringu í öllum slíkum efnum, það þurfa menn að gera sjálfir. Það þýðir ekki að biðja um miðstýringu annan daginn en segjast vera á móti henni hinn daginn. Ég viðurkenni það hiklaust af þeim kynnum sem ég hef haft af þessu á meðan ég var viðriðinn sjávarútveg að það hefur ekki tekist að koma á þeirri stjórnun sem þarf að vera á milli veiða og vinnslu. Þetta veit ég að hv. 4. þm. Vesturl. getur tekið undir með mér. Þarna er við ýmis vandamál að etja en við verðum einnig að gera kröfur til þeirra aðila sem þessi mál hafa á milli handanna.

Ég vil svo aðeins að lokum, virðulegi forseti, leiðrétta það sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh., þegar hann lagði frv. hér fram, svo það valdi ekki misskilningi, að það hafa misfarist boð til mín um það að vera boðaður á fund í ráðgjafarnefndinni. Ég hef ekki komið þar á fund síðan sameiginlegu nefndirnar komu saman fyrst eftir áramót í vetur. Það hefur verið látið liggja að því víða að ég og formaður sjútvn. Nd. höfum setið fundi í ráðgjafarnefnd. Það höfum við ekki gert. En það er ekki sök ráðherra. Það var hringt í mig og ég var beðinn afsökunar af ráðuneytinu núna fyrir ekki löngu síðan, það höfðu misfarist skilaboð sem áttu til mín að fara. Ég vil undirstrika þetta hér vegna þess að ég hef fengið að heyra það að ég hafi legið á upplýsingum sem ég átti að vita vegna setu minnar í ráðgjafarnefndinni. En þetta er ekki deila á hæstv. ráðherra. Ég vissi að hann gekk í það strax í ráðuneytinu að kippa þessu í lag þegar honum var kunnugt um þetta og ég fékk afsökunarbeiðni þaðan um að fallið hefðu niður til mín boð. Þetta vildi ég leiðrétta svo aðrir nefndarmenn viti um það. (**Gripið fram í:** Hver orsakaði þetta?) Þetta er einhver misskilningur í ráðuneytinu sem ég fer ekki frekar út í. Það hefur komið fram af minni hálfu á þennan veg.

Ég vil svo aðeins að lokum, eftir þessa framsögu, þakka nefndinni fyrir góða samvinnu í þessu efni. Þó við séum ekki sammála þá var samvinnan, eins og ætíð áður, mjög góð og ég vona að við getum þrátt fyrir skiptar skoðanir leitt þessi mál hér farsællega í höfn.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Það er nú ekki meiningin að lesa þetta allt upp. Ég ætla svona að hafa þetta hjá mér hérna, öll þessi plögg sem ég er með.

Það var fróðlegt að heyra lokaorð framsögumanns meiri hluta sjútvn. í sambandi við samráð í sjútvn. deildarinnar og heyra hann biðjast afsökunar á því að hann hefði ekki getað hlýtt kalli ráðuneytisins til samráðsins, vegna þess að einhver misskilningur hafi verið í boðun. (**VI:** Ég var ekki boðaður á fundinn vegna misskilnings í ráðuneytinu.) Já, formaður sjútvn. segist ekki hafa verið boðaður á fundinn vegna misskilnings. Ég vil því spyrja sjútvrh.: Var það samráð, sem samþykkt var í lögum hér fyrir ári síðan, ætlað fyrst og fremst fyrir formenn viðkomandi nefnda? Var ekki ætlast til þess að allir nefndarmenn, ef um samráð væri að ræða, hefðu sama aðgang að því samráði? Ég tók a.m.k. hlutina á þann veg að það samráð væri ekki eingöngu fyrir stjórnarsinnana heldur væri það jafnt fyrir okkur stjórnarandstæðingana.

Ég hef nefnt það áður hér, við 1. umr. þessa máls, að ég tel að það hafi algjörlega brugðist að standa við þau fyrirheit frv. að nefndarmenn í sjútvn. fengju að fylgjast með gangi mála í sambandi við stjórn fiskveiða og í sambandi við undirbúning þess frv. sem hér er verið að ræða nú. Þegar maður heyrir svo að það hafi átt að reyna að betrumbæta þetta á einhvern máta á þann veg að aðeins skyldu kallaðir til stjórnarsinnarnir, formenn nefndanna, þá finnst manni skörin vera farin að færast upp í bekkinn og vinnubrögðin einkennileg. Og flest sem hnígur reyndar að því að þessi stjórnun fiskveiða sé fyrst og fremst einkamál ákveðins flokks og jafnvel ákveðins manns, jafnvel ákveðins ráðherra. Það er hægt að tala um samráð og að það sé opin umræða um þessa hluti en þegar það er upplýst að vinnubrögðin séu á þennan máta þá fer maður að halda að það sé önnur tilætlun í öllu saman.

Við héldum tvo fundi í hv. sjútvn. Til okkar komu starfsmenn ráðuneytisins, ráðuneytisstjóri og fulltrúi úr ráðuneytinu, og upplýstu okkur um stöðu mála í

sambandi við væntanlega reglugerð um stjórnun fiskveiða á næstu tveimur árum. Ég vil þakka fyrir þær upplýsingar sem þar komu fram og þakka einnig fyrir það að nú skuli þó vera komið það langt á veg með reglugerð að hún liggi svo gott sem ljós fyrir. Það er í fyrsta skipti sem það er gert og það má segja að það sé svona viss framför í sambandi við undirbúning á stjórnun fiskveiða að sjútvn. séu kynnt sú reglugerð sem stjórna skal eftir á fiskveiðistjórnunartímabilinu.

Umræður í nefndinni fóru fyrst og fremst í það að fara yfir reglugerðina. Ekki var talin ástæða til þess að kalla fleiri til skrafs vegna þess að tími var naumur. Við gerðum okkur öll grein fyrir því að það varð ekki undan því komist að ganga frá þessu máli í dag og þar af leiðandi ekki tími til þess að kalla hagsmunaaðila til skrafs um málið, þó þess hefði verið full þörf vegna þess að sú umræða sem átt hefur sér stað á fundum sameiginlegu nefndanna var alls ekki á þann veg sem æskilegt hefði verið.

Þegar nefnd sem er skipuð 14 mönnum kallar til sín kannske fjóra til sjö og jafnvel fleiri menn til viðræðna, verður úr því fyrst og fremst fundur, fundur þar sem mjög lítið er hægt að fá fram af því sem æskilegt og unnt er að gera í þrengri hóp, sem sagt fámennari nefnd, auk þess sem vinnubrögðin í nefndinni voru þannig að ég fyrir mitt leyti hafði takmarkaðan áhuga á að spyrja þar mikið. Við vissar aðstæður fékk maður það svar frá áköfustu stuðningsmönnum ráðherrans að maður skyldi bara halda kjafti og í öðrum tilfellum var sagt að maður skyldi frekar færa sig yfir á annan kant borðsins vegna þess að það væri ekki við hæfi að úr þingmannahópi heyrðust raddir sem væru algjörlega meðmæltar þeim mönnum sem voru að ræða við okkur. Slík fundarstjórn og slík umræða er ekki til þess að opna eða gera málin eðlilegri og gefa manni upplýsingar um það sem æskilegt er að fá fram.

Við sjáum nú fyrir endann á þessari umræðu um stjórn fiskveiða. Við vitum nokkurn veginn fyrir víst að það frv. sem hér er til umfjöllunar verður samþykkt hér í hv. deild og verður væntanlega að lögum í kvöld. Við stöndum frammi fyrir því að við erum að samþykkja reglur um það hvernig við skulum sækja fisk í sjó á næstu tveimur árum við þær aðstæður að fiskvinnslan og útgerðin eru að meginhluta til rekin með tapi. Kannske má undanskilja loðnuflotann — að hann skili einhverjum afgangi við hagstæðustu skilyrði síðustu viku og mánaða. Því var lýst yfir af fulltrúum fiskvinnslunnar, sem voru á fundum fyrir nokkrum dögum hér í Reykjavík og gengu á fund stjórnvalda, að fiskvinnslan væri rekin með 8—9% halla og ég hef ekki séð koma fram tölur sem afsanna þá fullyrðingu. Það blasa við og hafa þegar átt sér stað nauðungarsölur skipa og það blasir við að ekki verði langt í það að fiskvinnslan fari á sama veg. Það má kannske ekki orða það á þann máta, sem gert var hér í þinginu fyrir nokkrum dögum, að fjöldi fyrirtækja væru í biðsal dauðans. Fjöldi fyrirtækja, sérstaklega í fiskvinnslu, hefur gengið á eigið fé þannig að við blasir rekstrarstöðvun hjá stórum hluta fiskvinnslunnar.

Það hefur verið gripið til þess hér á höfuðborgarsvæðinu, til að koma í veg fyrir að eitt af stærstu fiskvinnslufyrirtækjunum stöðvaðist, að láta borgarsjóð Reykjavíkur hlaupa undir bagga með því og koma því þannig áfram í rekstri. Ég á hér við Ísbjörninn, ég skal ekki tala neinni tæpitungu um það. Vitaskuld hefur ekkert skeð annað, með tilfærslu og samruna Bæjarútgerðar Reykjavíkur og Ísbjarnarins, en að borgarstjórn Reykjavíkur hefur tekið ábyrgð á rekstri þessa fyrirtækis. Vitaskuld var það nauðsynlegt, þetta er eitt af stærstu atvinnufyrirtækjum í Reykjavík, og slíkrar aðgerðar verður sjálfsagt þörf í auknum mæli víða um landi ef áfram heldur sem horfir að fiskvinnslan í landinu verði rekin með 8—9% halla. Það sjá allir hvað fram undan er ef slíku heldur áfram.

Það hefur sýnt sig að næstum því hver sú ráðstöfun sem hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur gripið til til þess að reyna að styrkja sjávarútveginn, að nafninu til, hefur farið á annan veg. Hún hefur farið á hinn veginn, orðið til skaða fyrir sjávarútveginn. Eilíft umtal og breytingar á rekstrarlánum sjávarútvegsins í það að vera annan daginn tryggt í gjaldeyri, hinn daginn aftur fært yfir í íslenska mynt og síðan nú á síðustu mánuðum yfir í SDR. Það er yfirlýst að hver þátturinn á fætur öðrum hefur verkað beint á þann veg að tap útgerðarinnar og fiskvinnslunnar hefur aukist.

Undanfarin ár, á tímabili þeirrar fiskveiðistjórnunar sem við nú búum við, hefur verið í gangi stöðug millifærsla frá sjávarútvegi til eyðsluþátta þjóðfélagsins, sem við höfum orðað svo, og við höfum séð hvað hefur verið að ske. Við sjáum hvað er að ske hér í versluninni. Við sjáum höllina sem er að rísa í nýja miðbænum. Hvaðan skyldu þessir peningar koma eða á hvaða peninga skyldi vera treyst til þess að standa undir þessu öllu saman? Vitaskuld á þá peninga sem íslenskir fiskimenn og íslensk fiskveiði koma með í þjóðarbúið.

Fiskveiðistefnan, fiskveiðistjórnunin, er vitaskuld ekki nema að hluta völd að þessari útkomu, en hún er ákveðinn þáttur í þessu. Hún gerir það að verkum að umræðan um hana, þessi mikla umræða sem hefur verið um fiskveiðistefnuna, hefur dregið athyglina frá þeirri stöðu sem sjávarútvegurinn í heild er í. Það hefur tekist að halda uppi umræðu mánuðum saman um fiskveiðistefnuna, deila um hvort vera skuli tegundamark eða aflamark, en á sama tíma hefur enginn litið á það hvernig rekstrarstaða sjávarútvegsins væri. Á sama tíma hefur eiginfjárstaða fiskvinnslunnar og útgerðarinnar stöðugt versnað og tap aukist.

Sú fiskveiðistefna sem nú er verið að samþykkja er að sumu leyti að gera það að verkum að Ísland verði síður byggilegt, ég vil ekki segja óbyggilegt, heldur en áður hefur verið. Það er verið að flytja til ágæti landshluta. Það er verið að skammta á þann veg að ganga á hlut þeirra svæða sem búa við betri aðstöðu gagnvart fiskimiðum, það er verið að jafna þetta út, og sú stefna sem núna er tekin upp, sérstaklega þá sóknarmarksstefnan, hún er áframhald þessarar stefnu. Það er verið að gera það að verkum að t.d. Vestfirðir, sem hafa verið í áranna röð eitt besta fiskisvæðið á Íslandi gagnvart því að sækja þorsk í sjóinn, — og ég vil hafa Breiðafjörð þar með — það er verið að gera það að verkum með fiskveiðistefnunni og fiskveiðistjórnuninni að það er ekki betra í sjálfu sér að sækja fisk í sjó frá Vestfjörðum heldur en bara héðan frá Reykjavík. Og með þeirri stefnu sem fiskveiðistjórnunin ýtir undir — að fleiri og fleiri komi sér upp frystitogurum, fleiri og fleiri flytji út fiskinn ísaðan í gámum og þess háttar — þá er enn þá verið að draga úr þeirri sérstöðu sem þessi svæði hafa.

Kvótinn er beinlínis hvati að því að fleiri og fleiri fiskiskip verði gerð þannig út að þau vinni fiskinn um borð. Þegar mönnum er skammtaður ákveðinn afli fara þeir að hugsa sem svo: Hvernig á ég að gera þennan afla sem verðmætastan? Ég hef nægilegan tíma til þess að gera ýmsa hluti öðruvísi en ég hef gert áður. Og menn leita vitaskuld að þessum þætti, að gera aflann verðmætari með því að vinna hans eins mikið um borð og mögulegt er. Það gerir það að verkum að afli til fiskvinnslustöðvanna í landi minnkar og minnkar. M.ö.o. það fer ekki að skipta miklu máli hvort íslensku fiskiskipin eru gerð út frá Hull eða Bremerhaven eða frá Bolungarvík eða Hellissandi. Ef hverju skipi fyrir sig er skammtaður ákveðinn afli þá þarf útgerðarmaðurinn ekki að huga að tímabilum eða ákveðnum degi og ákveðinni aðstöðu til þess að ná í sinn afla. Hann getur dundað við þetta árið út í gegn, honum er aðeins skammtað ákveðið magn. Nákvæmlega sama er að ske í sambandi við gámaútflutninginn. Það er verið að hvetja til þess að hver og einn, sem gerir út bát, líti á þann möguleika að afla sér pínulítið aukinna tekna með því að flytja fiskinn út óunninn. Með þessu er raunverulega verið að gera eyjuna okkar, sem er fyrst og fremst byggileg vegna þess að við erum með fiskimiðin í nálægð við veiðistöðvarnar, að sumu leyti óbyggilega.

Þetta er einn af þeim þáttum sem sú fiskveiðistjórn sem við nú búum við stefnir að. Með hverju ári sem líður verður meira flutt út af gámafiski. Með hverju ári sem líður verða fleiri og fleiri frystitogarar við strendur landsins og taka stærri og stærri hluta af þorskveiðikvótanum okkar sem við þyrftum að afla og færa til lands og gera þar að betri vöru og auka verðmæti hennar.

Hæstv. ráðherra nefndi það hér í framsöguræðu sinni fyrir frv. að átt hefði sér stað mikil verðmætaaukning vegna fiskveiðistjórnunarinnar, vegna kvótans. Hann nefndi m.a., ég man nú ekki hvað hann nefndi þá háa tölu, að rækjan hefði komið vegna kvótans og þar hefði orðið mikil verðmætaaukning og við hefðum fengið aukinn afla, það hefði verið vegna kvótans. Ja, hverju reiddust goðin, mundi nú einhver segja, þegar þessi hlutir skeðu? Hvað gerðist á Íslandi þegar menn tóku upp á því að afla loðnu? Hvaða kvóti var þegar Breiðfirðingar fóru að afla skel? Á að fara að þakka fiskveiðistefnunni það að við erum að veiða rækju? Það eru skrýtnar kenningar. Ef íslenskir sjómenn hafa frelsi til þess að leita á miðin þá gera þeir það vitaskuld. Það þarf enga þvingun og enga skömmtun til þess. Ég veit ekki betur en að Íslendingar, án þess að nokkur kvóti hafi verið til, hafi farið norður í höf og sótt grálúðu. Þeir eru meira að segja að ýta sér undan því núna, undir kvótanum. Ég skil bara ekkert í þessu. Hvernig stendur á því að þeim er ýtt í rækju? Af hverju sækja þeir ekki í grálúðu líka? Mér er sagt að það hafi bara verið orðið frekar lítið um það, þó þeim væri gefið frelsi til þess um mitt sumarið, að sækja grálúðu. Það er vitaskuld út frá því hvað er hagkvæmast að gera. ef sjómenn hafa frelsi til þess þá velja þeir bestu leiðina sem gefur þeim mestar tekjur. En það er ekki fiskveiðistjórn að þakka og síst af öllu þeirri fiskveiðistjórn sem við búum við nú.

Við höfum heyrt undanfarið að það séu nokkuð margir sem bjóði í þau skip sem nú eru til sölu hjá Fiskveiðasjóði, eða sem Fiskveiðasjóður hefur keypt inn á nauðungaruppboðum. Maður hefur heyrt tölu eins og 13 í sambandi við Helga S. og jafnvel eins háa tölu í sambandi við Kolbeinsey en lokafrestur mun vera til að gera tilboð í hana í dag eða á morgun. Maður hefur líka heyrt alls konar sögur um að það sé bara boðið þó nokkuð hátt í þessi skip, það séu þó nokkuð háar tölur sem séu nefndar. En á sama tíma heyrir maður það að hægt sé að fá skip keypt fyrir miklu minni pening ef farið er út fyrir landsteinana, fyrir miklu minni pening en verið er að nefna í sambandi við þessi skip sem eru á uppboði og hægt er að fá keypt hjá Fiskveiðasjóði eftir að búið er taka þau á nauðungaruppboði frá eigendum sínum. Hvað segir þetta? Þetta segir það að sjávarútvegurinn okkar stendur raunverulega enn þá verr en reikningar og matsverð á skipum gefa til kynna. Ef innflutningur skipa væri gefinn frjáls, ef sjávarútvegurinn nyti sömu stöðu og verslunin eða jafnvel bara fragtskipaútgerðin þá gætum við fengið fiskiskip fyrir miklu lægra verð en skráðir reikningar þeirra fyrirtækja sýna sem gera út skip hér á Íslandi. Og hvernig væri staðan þá? Ég býst jafnvel við því að það yrði bara heilmikill skjálfti í mörgum bankaráðum, hvað þá stjórn Fiskveiðasjóðs. Fiskveiðasjóður hefur kannske búið sig betur en margir bankar undir það að slíkir hlutir gætu gerst. Ef verðmæti íslenska fiskiskipaflotans væri nú reiknað á markaðsverði væru mörg fyrirtækin eignalítil og hallinn ansi stór. Það er haldið uppi fölsku verði á íslensku fiskiskipunum með því að loka fyrir endurnýjun og loka fyrir innflutning. Það er haldið uppi fölsku verði á þeirri forsendu að það megi ekki fjölga skipum, það megi ekki stækka íslenska fiskiskiptaflotann. Það eru vitaskuld rök fyrir því að því fylgi ákveðnar hættur að stækka flotann en það eru ekki jafnframt rök fyrir því að verðlagning á flotanum sé í takt við það sem er umhverfis okkur. Til þess að svo megi verða verður vitaskuld að gefa það eftir að kaupa megi skip á erlendum markaði þannig að íslenskur sjávarútvegur fái að njóta þess verðs sem hann getur fengið lægst.

Staðreyndin er sú að íslenski fiskiskipaflotinn er kannske ekki endilega allt of stór. Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. nefndi hér áðan að kvótakerfið hefði bara reynst sæmilega vel á árinu 1984. Það reyndist það vel, eins og ég nefndi hér í ræðu minni við 1. umr., að það tókst ekki að veiða þann skammt sem okkur var ætlaður. Það tókst ekki 1984 með þessum óskaplega stóra flota. Ein af aðalröksemdum ráðherra fyrir flutningi kvóta yfir áramót var að ýmsir hefðu skilið eftir kvóta og þyrftu að færa hann yfir áramótin. Eins og við munum tókst okkur ekki á árunum 1982 og 1983 að veiða það sem lagt var til bæði af ráðuneytinu og Hafrannsóknastofnun. Meira að segja á því mikla aflaári 1981, með þeim mikla afla sem þá var og hv. þm. Valdimar Indriðason var að lýsa hér áðan, komumst við rétt fram úr tillögum ráðuneytisins. Hann lýsti því nefnilega réttilega að flotinn er ekki of stór. Hann hefði mátt vera stærri og það hefði ekki átt að fiska með einstökum kröftum. Það hefði átt að fara aðra leið að því að nýta sjávarfangið okkar, halda ekki áfram þessari kraftafiskisókn sem stunduð hefur verið hér í áraraðir, heldur breyta sókninni frá þeirri hefð sem við höfum búið við og stefna að því að koma með góðan afla að landi, verðmætan afla að landi, miklu verðmætari en við höfum gert á undanförnum árum. En til þess að svo megi verða þurfum við fleiri og betri og líka ný skip. Já, ég sagði fleiri og stærri og betri og sjálfsagt ný skip. En

slík endurnýjun og slík breyting á flotanum kostar mikla peninga. Ég er ekki að segja að hægt sé að koma því í kring í dag en það þarf að breyta til og það þarf að viðurkenna það að við þurfum að fara að endurnýja flotann. Og það þarf að viðurkenna það líka að við verðum að hætta því að koma með jafnlélegan afla að landi og við höfum gert á undanförnum árum. En það gerum við ekki og greinilegt er að það er enginn hvati í þeirri fiskveiðistjórn sem við höfum búið við s.l. tvö ár til þess að ýta undir það. Það er frekar á hinn veginn eins og ég sagði í ræðu minni við fyrri umræðu.

Hv. þm. Valdimar Indriðason nefndi einmitt hér áðan að við yrðum að gera okkur grein fyrir því að við yrðum að koma á hagræðingu í vinnslu og auka gæðin til að auka verðmætin en við værum ekki að biðja um miðstýringu til þess að koma því í kring. Það er einmitt það sem við þurfum að losna við. Við þurfum að losna við þá skömmtunarmiðstýringu sem við höfum nú búið við í tvö ár til þess að koma hagræðingu og verðmætaaukningu við.

Því hefur verið mikið haldið á lofti að frá okkur, sem erum andstæðingar aflamarksins, kvótakerfisins, hafi ekki komið tillögur um aðra leið en þá sem hefur verið farin. Þetta eru hin mestu ósannindi. Það hafa komið fram margar tillögur víðs vegar um landið um aðra fiskveiðistjórnun. En einhverra hluta vegna hafa fjölmiðlar ekki haft áhuga fyrir því að kynna slíkar tillögur. Það hefur verið mjög erfitt að koma gagnrýni á þá stefnu, sem í gildi hefur verið, á framfæri. Má vera að það sé m.a. vegna þess, sem ég nefndi hér um daginn, að hæstv. sjútvrh. hafi með sínum dugnaði tekist að fá fjölmiðlamenn og marga aðra til að trúa því að sú stefna sem hann berst fyrir sé hin rétta vísindalega stefna, hafi tekist það með þeirri aðferð, sem ég vil nefna að vissu leyti óskammfeilni, að fara um landið með vísindamenn sér við hlið sem skýra frá ýmsum staðreyndum í sambandi við sjávarrannsóknir, bæði hita sjávar og stöðu fiskistofna, á sama tíma og hann messar sjálfur sínar pólitísku skoðanir.

Við hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir höfum lagt fram minnihlutaálit á þskj. 362.

Full ástæða væri til að fjalla um fiskveiðistjórnunartillögurnar sem fylgja þessu nál. en ég mun ekki gera það, a.m.k. ekki í þessari ræðu. Það er aldrei að vita hvað ég geri hér seinna. En þar koma fram í fyrsta lagi tillögur sem ég lagði fram í þingflokki Alþb. Fengu þær að sumu leyti svolítið misjafnar undirtektir. Í öðru lagi eru tillögur Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem voru samþykktar af þingi þess sambands. Í þriðja lagi eru tillögur 45. fjórðungsþings fiskideildanna á Vestfjörðum.

Eins og ég sagði áðan komu fram margar tillögur og breytilegar um stjórnun fiskveiða vítt um landið en þessar tillögur hafa því miður fengið litla umfjöllun. Það þjónar kannske ekki tilgangi fyrir okkur hv. 3. þm. Vesturl. að fara að deila um ágæti hvers þáttarins. En jafnsannfærður og hann er um að það kerfi, sem nú er í gangi og á að fara að samþykkja hér, sé hið æskilega kerfi, sem við skulum nota, býst ég við að mikill meiri hluti íbúa heilu landshlutanna sé á allt annarri skoðun. Er það mögulegt fyrir hv. Alþingi að samþykkja tillögur um fiskveiðistjórnun sem ganga þvert á skoðun og þvert á hagsmuni heilla landshluta? Það fullyrði ég að frv., sem verið er að fjalla um hér, geri.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Nú ætlar meiri hluta Alþingis að takast að hefta fiskveiðar í fjötra ofstjórnunar næstu tvö árin til viðbótar þeim tveim árum sem þetta kvótakerfi hefur nú þegar verið við lýði. Í nál. 1. minni hl. sjútvn. eru raktar, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, fleiri tillögur en þær sem við erum að fjalla um hér í frv. Það eru skiptar skoðanir um þetta mál.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um tillögur fiskveiðinefndar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, svokallað tegundamark. Þar er lagt til að miðað verði við heildarafla en skipt niður í tímabil og að heildarstjórnunin fari mest fram á þeim tímum þegar aflinn er hvað mestur, þ.e. yfir sumarmánuðina og á vertíðinni. Aftur á móti verði létt mjög á stjórnun varðandi minni báta og á öðrum tímabilum á árinu. Ég tel að miðað við þann heildarafla, sem við erum nú að miða við, sé grundvöllur fyrir því að létta af þessari ofstjórn og leyfa fiskveiðar fremur í samræmi við slíkar tillögur en að reikna kvóta á hvert einasta skip.

Það kom fram hjá hv. þm. Valdimar Indriðasyni þegar hann mælti hér fyrir meirihlutaáliti að það á að breyta viðmiðuninni við heildarkvótann, þorskkvótann, á milli svæðanna, suðursvæðis og norðursvæðis. Þar með eru fallin rökin fyrir því að miða við árin 1981, 1982 og 1983 því að ef þessi viðmiðun á ekki við um heildarkvóta á milli þessara landshluta á hún ekki heldur við þá reynslu sem miðað er við hvert einasta skip.

Af hvaða ástæðu falla þá ekki þessar nefndir, sem um þetta fjalla, algerlega frá þessum viðmiðunarárum og taka upp nýtt kerfi í stað þess að vera að færa til í heildarkvótum en ekkert eftir öðrum útreikningsreglum? Með þessu eru þeir að viðurkenna að þessi regla standist ekki lengur.

Það hefði orðið minnkun á karfaveiðum sem leiðir það af sér að togarar hér fyrir Suðurlandi geta ekki sótt eins mikið í karfa og áður. Þess vegna þarf að hækka kvótann handa þeim af þorski. En með því að hækka þorskkvótann handa þeim er verið að taka frá öðrum. Þar með held ég að þeir ættu að hugsa sitt ráð og aflétta þessum viðmiðunarárum og reyna að hugsa upp aðrar leiðir og líta á aðrar tillögur sem fram hafa komið en ekki einblína alltaf á kvótann.

Einnig hafa varðandi þessar tillögur, sem komið hafa frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, heyrst þær raddir að þetta séu skoðanir Vestfirðinga. Allt í einu er það orðið tiltökumál að viss landshluti er mjög nálægt gjöfulum fiskimiðum. Þetta er svolítið sérkennileg umræða. Ekki heyrir maður mikið um það rætt hér á þingi að þessi landshluti hér, Reyjavík og nágrenni, búi að einhverjum öðrum gæðum vegna stöðu sinnar hér varðandi þjónustu og annað slíkt sem Vestfirðingar búa ekki við. Menn tala oft fagurlega um byggðastefnu en svo þvert á móti þegar landshlutar liggja nálægt miðum. Ég get ekki séð nokkur rök fyrir því að færa til kvóta milli skipa vegna þess að einn landshluti búi nær gjöfulum fiskimiðum. Ég held að það sé nægilegt óréttlætið sem landsbyggðin býr við í öðru efni, varðandi þjónustu og vöruverð, verð á húshitun og annað slíkt og ekki þurfi að koma á kvótakerfi til að jafna legu þeirra miðað við fiskimiðin.

Í annan stað eru tillögur Farmanna- og fiskimanna-

sambandsins alls ekki sérstaklega sniðnar fyrir Vestfirðinga því að þar er 30% tegundamarkið sett á til að þessir bátar og togarar þurfi að sækja í aðrar fisktegundir en þorsk.

Því hefur oft verið haldið fram að kvótakerfið stuðli að réttlátari skiptingu milli skipa og byggðarlaga. Ég held að það sé alger rangtúlkun og að reynslan þessi tvö ár hafi sýnt okkur það og sýni okkur það og sanni enn frekar nú þegar þarf að hækka í prósentutölu heildaraflamarkið fyrir suðursvæðinu meira en fyrir norðan vegna þess að það kemur verr út fyrir togara fyrir Suðurlandi ef miðað er við þessi viðmiðunarár sem notast hefur verið við.

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram að með kvótakerfinu sé reynt að skapa eins tryggt atvinnuástand um land allt og nokkur kostur er. Reynslan sýnir okkur einnig að þetta hefur ekki við nokkur rök að styðjast. Heilu byggðarlögin eru í dag að mestu leyti atvinnulaus vegna þess að togarar bíða hér uppboða og bíða jafnvel eftir nýjum eigendum. Það er kannske ekki eingöngu hægt að kenna kvótanum um það en hann hefur alla vega ekki hjálpað til við að breyta þessu. Þess vegna hafa slíkar fullyrðingar ekki við nokkur rök að styðjast varðandi kvótann.

Einnig hefur verið bent á að þetta stjórnkerfi, kvótakerfið, bæti meðferð á afla og auki verðmætasköpun. Það er hægt að vera með draumóra í þessu efni en það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að kvótakerfið hafi bætt meðferð á afla eða aukið verðmætasköpun. Þar koma allt aðrir þættir við sögu en kvótakerfið. Við getum litið til s.l. sumars þegar yfir sumartímann barst mjög mikill afli að landi. Sumarið þar áður kom ég á marga staði á landinu þar sem mjög mikill afli barst að landi sem pakkað var í mjög ódýrar pakkningar vegna þess að tími vannst ekki til að gera verðmæta vöru úr því hráefni sem fyrir hendi var. Það var ekki um neina framför að ræða, m.a.s. verra ástand í þessum efnum yfir sumartímann en áður hefur verið, áður en kvótakerfið komst á. Þetta hefur því ekki heldur við rök að styðjast.

Einnig er því haldið fram að kvótakerfið sé hvati til lækkunar tilkostnaðar. Það má vel vera. Ég ætla ekki að segja að það geti ekki verið rök fyrir því að menn nýti betur sín veiðarfæri. En það skal ósagt látið hvort það sé kvótanum að þakka eða eingöngu því að menn hafa ekki efni á að endurnýja veiðarfæri nú og eigi þá frekar á hættu að missa skipin sín eins og margir hafa reyndar gert og reyni þar af leiðandi að nýta betur sín veiðarfæri.

Einnig má benda á að ástandið í sjávarútvegi núna, hvort sem það er í fiskvinnslunni eða útgerðinni víðast hvar, bendir ekki til að kvótakerfið hafi stuðlað að meiri samvinnu milli veiða og vinnslu, betri rekstrarskilyrðum fyrir sjávarútveginn eða betri afkomu fiskvinnslunnar.

Í stuttu máli sagt er víðast hvar mjög bágt ástand í sjávarútvegi hvort sem það er fiskvinnsla eða útgerð. Það þarf eitthvað annað til að koma en útreikningur á kvóta á skip eða sala á kvóta á milli skipa.

Á þeim tveimur fundum sem haldnir voru í hv. sjútvn. var farið yfir drög að reglugerð sem tilbúin var og kemur til framkvæmda þegar og ef þetta frv. verður að lögum. Ég vil taka það fram að ég var sammála því atriði að helmingur af línu- og handfæraafla yrði utan kvóta. Það er vegna þess að þetta er leið til meira frelsis innan þessa kerfis. Þess vegna gat ég tekið undir það. Mér þykir það réttlætismál að það séu sömu reglur um bæði línu og handfæri þannig að sjómenn þurfi ekki að setja línubala um borð, halda síðan úr höfn og veiða á handfæri til að snúa á kerfið. Ef þetta ætti ekki við báðar þessar tegundir veiðarfæra mundi það eingöngu leiða til þess að menn reyndu að snúa á kerfið, eins og þeir reyna reyndar í dag eftir bestu getu.

Það er aldrei hægt á nokkurri skrifstofu að búa til svo fullkomið kerfi að það passi fyrir alla landsmenn og alla landshluta. Það verður alltaf að reyna að finna upp einhverjar heildarlínur með sem mestu frelsi til að hefta ekki athafnafrelsi manna og hefta þá ekki í fjötra ofstjórnunar.

Við 1. umr. þessa máls fór ég nokkuð yfir ýmis atriði varðandi málið, m.a. gögn frá Þjóðhagsstofnun þar sem talað er um þá auknu hagkvæmni í útgerð sem kvótakerfið hefur leitt til. Sagt er í niðurlagi þeirrar skýrslu sem er hvergi orðuð þannig að hægt sé að hengja hatt sinn á:

„Líkt og varðandi bætta meðferð aflans er ekki hægt að fullyrða að þetta stafi eingöngu af breyttri stjórnun fiskveiða en hún hefur án efa ýtt rækilega við mönnum að þessu leyti."

Í þessari skýrslu er bæði verið að tala um hagkvæmni í útgerð og bætta meðferð afla. Það er sem sagt ekki hægt að fullyrða neitt í þessu efni. Þegar farið er yfir gæðaskýrslur kemur fram að miðað við sum veiðarfæri hefur gæðunum hrakað en miðað við önnur hafa þau batnað um 0,1—1,3%. Hér er því ekki um stórar tölur að ræða.

Ef við förum aðeins aftur í tímann og tölum um árið 1983, áður en þessi stjórnun komst á, þá var leyfilegt að veiða 320 þús. tonn en veiddust aðeins 299 þús. tonn. Árið eftir, 1984, með kvótakerfinu, var leyfilegt að veiða 220 þús. tonn en veiddist mun meira. Það segir okkur að kvótakerfið er ekki besta aðferðin til að komast sem næst heildaraflamarki sem ætlast er til eða leyfilegt er að ná á hverju ári. Á yfirstandandi ári var úthlutað 1. janúar 250 þús. tonnum en niðurstaðan verður 317 þús. tonn.

Einnig kemur fram í nál. meiri hl. sjútvn. Nd. að áætlað er að veiða um 100—110 þús. tonn af karfa. Þetta er talið mjög hátt miðað við ástand þess fiskistofns. Við erum því ekki nú að tala um neinar raunhæfar tölur í því sambandi. Talað er um að veiða 300 þús. tonn af þorski. Það verður gaman að sjá niðurstöður á næsta ári því að það er mjög líklegt að þessi 300 þús. tonn af þorski verði orðin að 360 þús. tonnum. Það þykir bara alveg sjálfsagt vegna þess að það var kvótakerfið sem stjórnendur geta sætt sig við og geta rökstutt það með allt öðrum hætti en að það sé sjálft kerfið sem hafi brugðist.

Það er hægt að hafa um þetta mál mjög mörg orð og fara yfir þetta aftur á bak og áfram. En ég ætla ekki að halda um þetta langa ræðu í þetta skiptið. Ég segi eins og hv. þm. Skúli Alexandersson: Það getur verið að ég komi fremur aftur hér í stólinn enda er mjög takmarkaður tími þessa dagana til að undirbúa langar ræður hér á hv. Alþingi. Ef það eru ekki nefndarstörf hálfa nóttina þá er byrjað mjög snemma að morgni og ýtt út úr nefndum viðstöðulaust frumvörpum sem ekki er einu sinni mjög mikil þörf á að afgreiða fyrir áramót. Ég

held að þetta ástand á hv. Alþingi hafi aldrei verið verra, ekki a.m.k. þennan tíma sem ég hef setið hér.

En ég vil sem sagt ítreka að að mínu mati hafa ekki komið nokkur rök fram í sambandi við þetta kvótafrv. sem mæla með því að framlengja þetta kerfi, þessa ofstjórnun. Tel ég slæmt að þetta skuli eiga að samþykkja nú til tveggja ára því að það væri þó nær að sætta sig við þetta í eitt ár til viðbótar í þeirri von að menn mundu á þeim tíma reyna að finna aðrar leiðir til að minnka þessa ofstjórnun, til að leggja ekki, ef þessu heldur svona áfram, jafnvel heilu byggðarlögin í eyði, því að það er stór hætta á því að heilu byggðarlögin fari hreinlega langt niður á við.

Nú er mjög mikill flótti frá landsbyggðinni. Íbúðarhúsaverð t.d. hér ekki alllangt frá, í Vestmannaeyjum, er talið vera aðeins helmingur af því sem er hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er því ýmislegt sem heldur í fólk. Það bókstaflega kemst ekki í burtu. Ég er ekki að segja að kvótakerfið sé kannske að leggja Vestmannaeyjar í eyði eða lækki íbúðarhúsaverð þar. Þar koma kannske fleiri þættir inn í — (**Gripið fram í:** Það hefur engin áhrif.) Það hefur engin áhrif, segir hv. þm. Það eru kannske einhverjir aðrir þættir þar. Lágt kaup í fiskvinnslu gæti t.d. haft þar áhrif og ekki hefur kvótakerfið getað bætt þar um. Ekki hefur kvótakerfið getað bætt um fyrir fiskvinnslunni þannig að hún geti borgað mannsæmandi laun. Það eru því fleiri þættir en bein stjórnun fiskveiða eða bein veiðitakmörkun sem hefur spilað hér inn í.

Ég vil minna á það í lokin að á einum ákveðnum stað, í Grímsey, var kvótinn búinn hjá stærri bátunum í apríl á s.l. ári. Þá gátu þeir aðeins notað báta undir 10 tonnum því að það var leyfilegt að sækja sama fiskinn á bátum sem voru undir 10 tonnum en ekki á stóru bátunum. Menn urðu því að leggja stærri bátunum og fara á litlu trillunum þrátt fyrir að þetta sé eyja norður í Dumbshafi. Slíkt leiðir þetta kvótakerfi af sér og er ekki nokkrum til fyrirmyndar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að gera grein fyrir atkvæði mínu hér á eftir. Vinnuaðstæður hér á hæstv. Alþingi þessa dagana eru með þeim hætti að þær leyfa mér því miður ekki þá ítarlegu umfjöllun um þetta mál sem það á skilið.

Kvennalistinn hefur ákvallt viðurkennt nauðsyn þess að fiskveiðum í fiskveiðilögsögu Íslands sé stjórnað með einhverjum hætti. Einfaldlega vegna þess að fiskistofnarnir eru takmörkuð auðlind og hámarksnýting þeirra, sem okkur er öllum í mun að tryggja, er háð náttúrlegum aðstæðum hverju sinni. Við viðurkennum og höfum ávallt viðurkennt að ótakmörkuð sókn í þessa auðlind með nútíma veiðitækni gæti leitt til þess að auðlindin gengi til þurrðar. Afleiðingar þess fyrir þjóðarbú Íslendinga þarf ég ekki að tíunda. Þær eru vænti ég öllum hv. þm. ljósar.

Það sem Kvennalistinn hefur hins vegar haft á móti frv. hæstv. sjútvrh. um stjórnun fiskveiða á tveimur umliðnum þingum er hversu mikið vald ráðherra er veitt í stjórnun fiskveiðanna. Þegar frv. hæstv. ráðh. um stjórnun fiskveiða birtist hér í þingsölum á síðasta þingi var það réttilega nefnt „ráðherra-ræður-frumvarpið" enda sjútvrh. samkvæmt því nánast einráður um stjórnun veiðanna. Slíka miðstýringu gátum við og getum við Kvennalistakonur ekki samþykkt.

Hins vegar er ljóst að töluvert annað er upp á teningnum að þessu leyti í því frv. sem nú liggur fyrir Alþingi. Bæði er það samið í nánara samráði við aðila í sjávarútvegi og eins gerir það ráð fyrir áframhaldandi samráði um stjórnun fiskveiða. Þar með er fallin frá helsta ástæða þess að við Kvennalistakonur höfum ekki greitt kvótafrumvarpi atkvæði okkar á tveimur umliðnum þingum.

Með því fororði að hæstv. ráðherra sinni þeirri skyldu sinni að gera sitt til að sameina og sætta þau sjónarmið sem enn togast á varðandi tilhögun kvótans mun ég greiða þessu frv. atkvæði mitt hér á eftir. Vera má að heppilegra sé að stytta gildistíma þessa frv. úr tveimur árum í eitt. Við erum enn að fikra okkur áfram með stjórnun fiskveiða og kann að vera að ég muni greiða slíkri brtt. atkvæði mitt ef hún kemur fram.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því, af því að mér láðist það við 1. umr., að óska hæstv. sjútvrh. og Framsfl. til hamingju. Það er í sjálfu sér oft og tíðum tiltölulega lítil ánægja fólgin í því að sigra óvini sína. Það er yfirleitt miklu meiri fullnæging í að svínbeygja þá. Og svo rækilega hefur Framsfl. svínbeygt Sjálfstfl. í þessu máli að ég held að þess þekkist eiginlega varla dæmi í íslenskum stjórnmálum.

Sjálfstfl. hefur boðið sig fram hér síðan hann varð til sem forsvara eignarréttar, sem vörð eignarréttarins. Nú er það almennt sannmæli hér á landi að sú auðlind, sem fiskafli okkar er, er eign þjóðarinnar. Auðvitað kann það að vera skilgreiningaratriði eins og mjög margt annað, hvort þessi afli tilheyri frekar þessari þjóð heldur en annarri, en með samkomulagi þjóða í milli hafa menn slegið eign sinni á þann afla sem finnst innan ákveðinna marka sem menn kalla landhelgi eða efnahagslögsögu. Þetta er eign þjóðarinnar og réttur þjóðarinnar á þessari eign þar af leiðandi ótvíræður. Nú er það líka þannig í stjórnarskránni að þar er kveðið skýrara á um eitt atriði mörgum öðrum fremur en það er um það hvernig eigi að ráðstafa eignum manna og að það skuli ekki hægt að gera nema með lögum, og þá ekki nema að almannaheill krefji. Og til enn frekari áréttingar þá er mjög skýrt á kveðið um það að ekki megi leggja gjöld á menn eða afhenda fjármuni öðruvísi en með lögum.

Í öllum þessum atriðum hefur hér verið farið á svig við stjórnarskrána þannig að þetta vald er einfaldlega tekið frá löggjafanum, eða réttara sagt afsalað til ráðherra, ráðherra Framsfl. Og síðan dingla menn bara í hans spottum eftir hans geðþótta. Auðvitað keppast menn um að komast hér í stól og segja að þeir treysti þessum ráðherra öðrum mönnum fremur til að standa vel að verki. Við öðru er náttúrlega ekki að búast, því að varla gætu menn átt von á því að sækja gull í greipar þessa ráðherra ef þeir færu að hallmæla honum mikið hér í ræðustól.

Ég tel ekki öllu skipta hver er ráðherra hverju sinni í þessu máli. Ég tel bara miklu skipta í þessu máli að hér sé um það að ræða að þessi ráðherra er ráðherra Framsfl., sá stjórnarflokkur sem stjórnar með honum í ríkisstjórn núna er Sjálfstfl. og þeir hafa tekið eign þjóðarinnar og afhent hana þessum eina ráðherra til ráðstöfunar.

Menn telja gjarnan að einhver svartasti blettur í sögu

íslenskrar þjóðar sé sá kafli hennar sem kenndur er við einokunarverslun. Þá var það á eins manns valdi að ákveða hverjir mættu versla hér á landi, þ.e. hverjir mættu bjóða vöru fala, og það var á valdi þessa sama manns að ákveða hverjir mættu versla við tiltekinn kaupmann og engan annan. Ef menn brugðu út af þessum fyrirskipunum þá voru þeir brotlegir við lög og dæmdir eftir þeim. Ég tel að sú aðferð sem hér er notuð sé alveg sambærileg við þessa einokunarverslun. Þetta eru einokunarlög. Maður sér það kannske einna best á viðbrögðum þeirra sem þurfa að þola þessi lög.

Hv. 4. landsk. þm. gat þess í máli sínu í Nd. við umræðu um þetta mál að viðbrögð þeirra manna, sem stunda útgerð og fiskvinnslu hér á landi, hafi verið tiltölulega hörð í fyrstu, árið 1983 þegar þessi lög komu fram. Flestallir lýstu því sem mjög afdráttarlausri skoðun sinni að þetta væri fyrirkomulag sem alls ekki mætti vara lengi. Núna, nærri þremur árum seinna, eftir tveggja ára gildistíma þessara laga og tveggja ára reynslu af þessum lögum, þá eru viðbrögð manna í þessum atvinnugreinum orðin mjög svipuð viðbrögðum tukthúslima að því leyti að menn eru gjörsamlega hættir — með örfáum undantekningum þó — að ræða það grundvallaratriði hvort löggjafinn hafi yfir höfuð þennan rétt og þá að hve miklu leyti og hvort hægt sé að réttlæta það að afhenda þessi völd einum manni — þó hann sé ráðherra. Menn ræða orðið núna eingöngu um það innan þessarar stéttar hvort fengnum sé réttilega skipt, hvort þessi eða hinn eigi ekki að fá þessari prósentunni meira eða minna og hvort þessi eða hinn landshlutinn eigi ekki að fá þessum prósentunum meira eða minna.

Hv. 8. landsk. þm. ræddi það einmitt hér áðan hvað viðræður af þessu tagi geta tekið á sig ankannalegar myndir. Það er eitt landsvæði hér á landi sem liggur mjög nærri gjöfulustu miðum okkar, þ.e. Vestfirðirnir. Þaðan er stutt að sækja á miðin og gnægð fiskjar. Þegar menn fara að vinna eftir reglum sem þessum, sem settar eru með þessum lögum, þá eru menn í alvöru farnir að tala um það að meina Vestfirðingum að nýta þessi fiskimið eða nýta sér þann möguleika sem þessi nálægu fiskimið gefa og nýta sér þá möguleika, sem nálægð þessara fiskimiða getur verið fyrir efnahag þessarar þjóðar. Því auðvitað (**BD:** Eiga þeir miðin? Sagðirðu ekki áðan: þeir eiga þau ekki?) — ég var ekki að tala um eignarrétt. Ég var bara að tala um það að einhver maður býr nálægt gjöfulum miðum. Það þýðir að hann á stutt að fara á miðin. Það þýðir að söknarkostnaður er lítill. Það þýðir að hann getur komið með fisk að landi sem er ferskur, þ.e. gæði fiskjarins eru mikil. Það þýðir að hægt er að vinna þennan fisk á því stigi sem ákjósanlegast er og þar með mestir möguleikar til þess að gera úr honum mikil verðmæti. Og það þýðir möguleika á miklum tekjum fyrir þá sem þessa fiskvinnslu stunda og þessa útgerð og endanlega kemur það íslenskri þjóð til góða. Nei, nú á að fara að stunda jafnaðarmennsku í stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. með þeim hætti að skammta öðrum landshlutum aðgang að þessum miðum og draga úr möguleikum Vestfirðinga til þess að nýta þá.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. kallaði fram í og spurði: Eiga þeir miðin? Það var ekki verið að ræða það, heldur var einfaldlega verið að ræða vegalengdir. Geti menn haft ábata af því að eiga betri aðgang að einhverjum hlutum en aðrir, hvers vegna þá að vera að meina þeim þennan aðgang? Það verður ekki séð að það sé hinum til hagsbóta. Ef við lítum bara á það svona í einhverjum dæmum sem hægt er að lýsa þá getur það ekki verið til hagsbóta fyrir heildina að draga úr söknarmöguleikum Vestfirðinga á þessi mið og úthluta þeim til annarra landshluta, segjum Sunnlendinga eða Austfirðinga, sem þurfa þá að sækja á þessi mið um langtum lengri veg, með miklu meiri tilkostnaði, færa aflann heim um langtum lengri veg, þ.e. miklu meiri líkur eru á því að aflinn sé ekki í eins góðu ásigkomulagi og þegar um Vestfirðinga er að ræða. Þar af leiðandi er endanlegur munur á verði þessa afla í unninni vöru og tilkostnaði miklu minni en þegar um hagstæðari skilyrði er að ræða. Þarna er á ferðinni eignaupptaka. Eignaupptaka studd af útverði eignarréttarins á Íslandi, þ.e. Sjálfstfl.

Hver hefur svo árangurinn orðið af þessari stjórnun? Menn báðu um það hér nokkuð langt fram eftir hausti að fá, ef hægt væri, einhverjar upplýsingar um árangurinn. 16. október 1985 komu þær upplýsingar fram. Þær komu frá Þjóðhagsstofnun og þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Telja má víst að kvótakerfið hafi leitt til sparnaðar.“ En síðan: „Því miður liggja enn ekki fyrir reikningar fyrir útgerðina í heild á árunum 1984 og 1985, en í áætlunum Þjóðhagsstofnunar er reiknað með því að í kjölfar nýju fiskveiðistjórnunarinnar hafi fylgt 9—10% sparnaður í söknartengdum útgerðarkostnaði.“

Hv. þm. Einar Guðfinnsson talaði í 1. umr. um þetta frv. í Nd. og taldi upp nokkrar röksemdir fyrir því að ekki væri hægt að finna nokkurt samhengi milli kvótakerfisins annars vegar og breytinga á útgerðarkostnaði, hvort sem þær hefðu leitt til hækkunar eða lækkunar. Enda segir hvergi í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar að hægt sé að fullyrða með óyggjandi rökum eða óyggjandi sannfæringu að hægt sé að finna samhengi milli kostnaðarbreytinga í útgerðinni og kvótakerfisins, heldur segir eingöngu að það megi telja; kvótakerfið ætti að stuðla að; gæðaflokkun 1985 virðist vera svipuð og 1984. En þar segir líka: Auðvitað er ekki hægt að fullyrða að þessi breyting stafi eingöngu af breyttri fiskveiðistjórn en hún gæti átt hér hlut að máli. Þetta þættu nú ekki þungvæg rök í málsvörn og eru það náttúrlega alls ekki í málsvörn þegar um jafnalvarlegt mál er að ræða og þetta.

Hér hefur verið minnst á tillögur sem fram hafa komið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Þær tillögur miða reyndar líka að fiskveiðistjórnun. Þær tillögur miða að stjórnun sem taki í raun og veru eingöngu til þess tímabils á árinu þegar veruleg hætta er á því að menn fari yfir tiltekið aflamark. Auðvitað er enginn hvati í þessu kvótakerfi til þess að menn, t.d. í útgerð, tempri á einhvern hátt sókn sína, að þeir dragi eitthvað úr henni eða jafni henni. Ef þú hefur eitthvert ákveðið aflamagn, sem búið er að skammta þér, þá sækirðu þennan fisk á sem stystum tíma, með sem minnstum tilkostnaði. Þú hefur tonnafjöldann ákveðinn 1. janúar og þá er það bara þitt að ákveða: Hvenær sæki ég þennan tonnafjölda og hvað ætla ég mér að eyða miklum peningum í það? Og miðað við það að þeirri útgerð sem dýrust er hér á landi, þ.e. togaraútgerð, er náttúrlega hagkvæmast að hugsa mest um þær krónur sem hún þarf að eyða með tilliti til þeirra sem hún fær, þá er náttúrlega auðveldast að taka þennan afla á þeim tíma þegar vel gefur á sjó og auðveldast er að ná í fisk

og það er um sumarið. Þá gerist það að menn moka aflanum á land. Þá gerist það að fiskvinnslan hefur ekki undan. Og þá gerist það að forstöðumenn fiskvinnslunnar hrópa hástöfum og biðja sér vægðar. En þeir fá engin grið vegna þess að þeir hafa engin tæki í höndunum til þess að stöðva þennan landburð. (**Gripið fram í:** Þeir eiga skipin.) Sumir þeirra eiga skipin en ekki allir (**Gripið fram í:** 80%.) og jafnvel þó þeir eigi skipin þá eiga þeir ekki skipstjórana.

Þetta er náttúrlega að nokkru leyti vegna þess að verð aflans er líka ákveðið einhvers staðar suður í Reykjavík og það skiptir ekki nokkru máli hvernig þessi afli berst að landi og í hvaða magni, hvað menn fá borgað fyrir hann. Ef aflinn er eins og kallað er fyrsta flokks vara þá fer hann í fyrsta flokk og ef hann er það ekki þá gerir hann það ekki. En það fer ekkert eftir framboði og eftirspurn. Þegar heitt verður í veðri á mörkuðum í Cuxhaven þá lækkar fiskur í verði. (**EgJ:** Ef hann hækkar ekki.) Hann hækkar ekki, herra 11. landskjörinn. (**BD:** 95% í fyrsta flokk á sumrin ef hann verkast vel.) Gott og vel. En er það eðlilegt miðað við það að fiskvinnslan verði síðan að róta þessu út mestmegnis sem roðfiski? Auðvitað er það ekki eðlilegt. Hún borgar verð fyrir fyrsta flokks vöru en hefur ekki aðstöðu til þess að nýta hana sem slíka. Ef fiskvinnslan réði því hvað hún borgaði fyrir þetta þá reyndu mennirnir ekki að koma með svona mikinn afla að landi. Þá væru þeir farnir að spyrja sig: Hvað fæ ég í krónum á móti mínum tilkostnaði? Það er það sem er verið að tala um þegar menn tala um frjálst fiskverð. Það er það sem er verið að tala um þegar menn fara fram á frjálst fiskverð. Það er mjög einföld leið til þess að samræma hagsmuni fiskvinnslu, útgerðar og sjómanna.

Ég hef aldrei skilið þá undarlegu samstöðu hægri og vinstri afla hér á þingi — þ.e. ég hef alveg skilið hana en ég hef aldrei fengið skýringu á henni, alla vega ekki héðan úr ræðustól — hvað sjálfstæðismenn og vinstri menn ná hjartanlega saman í þessu máli um frjálst fiskverð. Ef menn rekur ekki minni til þess þá standa vinstriflokkafulltrúar hér alltaf upp þegar talað er um frjálst fiskverð og mótmæla því vegna þess að það verður svo erfitt að semja fyrir sjómenn. Líkt eins og þeir samningar sem í gangu eru núna fyrir sjómenn séu svo ákjósanlegir. Líkt eins og það sé það sniðugasta í heimi að vera með þann millifærslusjóð sem Aflatryggingasjóður er til þess að koma aurum úr fiskverði annars vegar yfir til útgerðar, fram hjá sjómönnum. Og sjómenn geta ekkert að gert. En menn vilja ekki tala um frjálst fiskverð. Nei, kvótakerfi skal það vera. Kvótakerfi Sjálfstfl. og Framsfl.

Ég er ansi hræddur um það að þegar við lítum til baka eftir svona 15 ár þá hristi menn hausinn yfir þessu framsóknartímabili í íslenskri sögu, hvernig mönnum gat dottið í hug í raun og veru að rúlla sér til baka niður til áranna í kringum 1950 þegar fjölskyldurnar fengu sendar heim seðla með miðum sem hægt var rífa í sundur eins og strætisvagnamiða og fara síðan með þá út í búð og kaupa fyrir það vöru. Þá minnir mig að maður hafi stundum heyrt eitthvað ætmta í Sjálfstfl. Eða á tímum bátagjaldeyris. Þá minnir mig líka að Sjálfstfl. hafi risið upp til varnar. En ekki nú. Nú lætur Sjálfstfl. sér vel líka og dettur ekki í huga að hreyfa við þessu máli lengur. Ég er auðvitað ekki að tala um þá fáu einstaklinga innan þingflokks Sjálfstfl. sem staðið hafa hér upp og sagt hug sinn í þessu máli, lýst andúð sinni á því og eindreginni andstöðu.

En ég minni á það að þegar þetta kom til álita 1983 þá var lengi fram eftir hausti, t.d. í þessari hv. deild, algjörlega óvíst hvort þetta frv. yrði samþykkt. Svo margir voru andstæðingar þess í fyrstu í þessari deild þá, en síðan beygðust þeir hægt og sígandi. Kannske á mannkynssagan einhvern tíma seinna meir eftir að skýra það út fyrir okkur með hverju Framsfl. beygði þá. (Gripið fram í.) Menn eru farnir að skrifa snöggtum raunsærri og opinskárri mannkynssögu í dag, hv. 2. þm. Austurl., en þeir gerðu fyrrum. (**HS:** En Íslandssöguna?) Íslendingar eru ekki lengur það eyland sem þeir voru. Þeir eiga orðið sitt sæti í mannkynssögunni og býsna skondið á stundum en oft og tíðum þá geta þeir m.a.s. verið svolítið stoltir af því. Og stolt þeirra af sínum þætti í mannkynssögunni snertir nú kannske einmitt sjó og sjávarútveg.

Íslendingar eru tvímælalaust brautryðjendur í landhelgismálum og baráttu fyrir réttindum til hafsbotnsins og efnahagslögsögunnar og sú barátta er enn í gangi. En á meðan þeir berjast fyrir þessum réttindum sínum á alþjóðavettvangi þá skammta þeir landsmönnum sínum viðurværi sitt úr lófa rétt eins og um ölmusumenn væri að ræða. Og menn hafa ekki tækifæri, menn hafa ekki möguleika til þess að sýna hvað í þeim býr. Þetta er þannig séð líka uppeldislega mjög óhollt vegna þess að smátt og smátt er dregið svo gjörsamlega úr sjálfsbjargarhvöt manna að henni er, eins og ég nefndi áðan, nánast hægt að líkja við dvöl tukthúslima í fangelsi þar sem aðaláhyggjumálið er hvað þeir fá í mat í kvöld og hvernig þeir sofa í nótt og hvað þeir fá í mat í fyrramálið. Menn eru gjörsamlega hættir að spyrja: Hvers vegna er ég í þessum sporum og er ekki hægt að breyta þessu?

Það þarf líklega ekki að dyljast nokkrum manni hver afstaða mín til þessa frv. er og þar af leiðandi hvernig ég muni greiða atkvæði, hæstv. forseti. Ég vildi samt sem áður láta það koma fram að ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessu frv. og mun halda því áfram svo lengi sem það er borið upp til atkvæða í þessari deild. En ég vona innilega að ég eigi eftir að lifa það að þetta frv. ljúki sínum lífdögum, að þeir tímar komi að menn átti sig á því að til eru aðrar aðferðir til þess að búa í þessu landi. Það eru til aðrar aðferðir og betri til að bæta lífskjör í landinu og það eru til aðrar aðferðir og betri til að auka sjálfsvirðingu fólks í landinu.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka til máls við þessa umræðu. Ég lýsti skoðun minni á þessu máli síðast. En ég get ekki látið fram hjá mér fara þegar þessi hv. þm., Stefán Benediktsson, formaður þingflokks Bandalags jafnaðarmanna, heldur hér eina af sínum ræðum, þessum sömu ræðum sem haldnar eru tvisvar til þrisvar við hverja einustu umræðu í öllum málum nú. Þessi sama ræða fariseans í musterinu hjá tollheimtumanninum: Guð ég þakka þér að ég er ekki eins og aðrir menn.

Ég get bent hv. þm. á það að haldi hann áfram þessum ræðum þá verða — eins og hann hlýtur nú að fara að sjá sjálfur bráðum — ekki prósentin 2, 3 eða 4, heldur kjósendurnir 2, 3 eða 4 sem fylgja þessum flokki. (**StB:** Ert þú spámaðurinn?) Ég er a.m.k. eins

mikill spámaður í þessum efnum og hv. þm. hefur vit á fiskveiðimálum.

Það var svo margt rangsnúið og ruglað sem hv. þm. sagði að ég veit eiginlega ekki hvar ég á að byrja. En fyrst hann byrjaði á að tala um auðlindir, sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, þá ætti hann að lesa sér svolítið til um það í mannkynssögunni t.d. að sameiginleg nýting auðlinda hefur aldrei tekist og mun aldrei takast. Hún er núna eingöngu við lýði við nýtingu beitilanda á nokkrum vanþróuðum stöðum, t.d. hér á landi, vanþróuðum í landbúnaði. (Gripið fram í.) Ég hefði gaman af að vita hvort hann veit það hvenær hætt var að reyna að nýta olíulindir og námur sameiginlega. Sameiginleg nýting auðlinda leiðir alltaf til ofnýtingar, rányrkju og hruns á þeim auðlindum sem í boði eru. Um það vitnar mannkynssagan sem herra þingmaður ætti sérstaklega að fara að lesa núna vel og ekki eftir 15 ár. **(Gripið fram í:** Það er biskupinn sem er ávarpaður með herra.) Það eru fleiri hér inni sem þyrftu lexíu í þessum málum og ég skil ekkert í hv. þm. þessarar deildar, sem þykjast hafa áhuga á þessum málum og að kynna sér málin til hlítar, að koma ekki á fyrirlestur eins virtasta mannns á alþjóðavettvangi hvað varðar mótun fiskveiðistefnu, dr. Rögnvaldar Hannessonar, sem flutti erindi á þriðjudaginn var vestur í háskóla. Þá var þessi deild einmitt nýbúin að ljúka fundi og þá hefðu menn átt að nota tækifærið. Ég held að ýmsir hér hefðu haft gott af því þó að ég viti svo sem og hafi sagt það áður að engin rök bíta í þessu máli. Þetta er hreint trúaratriði hjá þeim sem það er ekki hreint og klárt hagsmunaatriði, því ég reikna ekki með því að hv. þm. Stefán Benediktsson hafi neinna beinna hagsmuna að gæta í þessum efnum. Það hlýtur að vera hans trú.

Ég sagði hérna í ræðu um daginn, sem hv. þm. hefur sennilega ekki hlustað á, og mér er vel kunnugt um það og það var staðfest af dr. Rögnvaldi um daginn, að engin þjóð þar sem fiskveiðar eru stundaðar, sem nokkru máli skiptir, hefur fundið betri leið til að stjórna þeim en með einhvers konar kvótakerfi. Kvótakerfi geta verið mismunandi. Það getur verið kvóti á menn, kvóti á skip, kvóti á byggðarlög, kvóti á útgerðarfélög og svona mætti lengi telja. Þetta kvótakerfi var ekki fundið upp af Framsfl., síður en svo. Ef einhver maður er höfundur að því þá er það ég. Ég skrifaði um þetta grein fyrst í Dagblaðið Vísi vorið 1980, aðra grein í Ægi sumarið 1980 og ég hef skrifað um þetta fleiri greinar. Mér varð það ljóst þá, þó ég vissi að tíminn væri ekki kominn, að við mundum enda á þessu kerfi og engu öðru. Mér var það alveg ljóst þá. Þá vorum við um það bil að taka upp kvóta á loðnuveiðar og við gátum ekki með nokkru móti stjórnað ofsókn í fiskinn nema með einhverjum hætti þar sem fiskinum er skipt niður eftir ákveðnum fyrir fram ákveðnum reglum.

Það var einkennilegur málflutningur hjá hv. þm. líka að halda því fram — og reyndar er það að æra óstöðugan að eltast við að stöðugt eru andstæðingar þessarar stefnu að fara með rangar tölur, og þar er hv. 4. þm. Vesturl. síst undanskilinn, það er stöðugt farið með rangar tölur um hvaða máli þessi fiskveiðistefna hafi skipt fyrir afkomu sjávarútvegsins. Kerfinu er kennt um það að fólk fæst ekki í fiskvinnu. Kerfinu er kennt um það að afkoma fiskvinnslunnar er eins slæm og raun ber vitni. Auðvitað skiptir gengi dollarans afkomu fiskvinnslunnar höfuðmáli. Það er einkennilegt líka að heyra hv. þm. Stefán Benediktsson tala um að verið sé að taka sjálfsbjargarhvötina og kappið frá mönnum og tala um tukthúslimina, þessa sjómenn okkar og útvegsmenn. Ég skil ekki þennan hugsunarhátt. Hvaða óskapleg væmni er það í mönnum að tala sífellt um það að verið sé að taka eitthvert kapp frá mönnum.

Ég hjó eftir ýmsu í ræðum hv. þm. Skúla Alexanderssonar og Kolbrúnar Jónsdóttur. Það er aðeins eitt sem ég ætla að nefna í því sambandi. Ég nenni ekki að rekja mig eftir því öllu. Það er aðeins eitt sem ég ætlaði að nefna. Það kerfi sem kallað hefur verið „Tillögur Farmanna- og fiskimanna- sambands til stjórnunar fiskveiða" er ekkert kerfi. Þetta eru nokkrir punktar, rammi sem saminn var á nokkrum klukkutímum eftir að nefndin, sem fjalla átti um málið, var sprungin í loft upp. Eftir þessu kerfi er ekki nokkur einasta leið að stjórna. Þetta eru punktar sem gætu hugsanlega orðið að fiskveiðistjórnun ef menn kærðu sig um það. Menn kvarta yfir því að fjölmiðlar hafi ekki fjallað nógu mikið um þetta. Það er einfaldlega af því að þeim fannst það svo ómerkilegt. Tillaga hv. þm. Skúla Alexanderssonar var drepin í föðurhúsum. Hún slapp aldrei út fyrir túngarðinn. Hann var höggvinn á hlaðvarpanum. En um það verður hann að fást við sína fulltrúa í iðnaðarnefndum.

Ef menn geta með nokkru móti fært það sem rök gegn kvótakerfinu að hér sé stunduð nú meiri útgerð sem ber sig, ef menn ætla að finna það kvótakerfinu til foráttu að menn leiti frekar til útgerðar á frystitogurum sem sannanlega bera sig nú og sannanlega selja fyrir meira verðmæti en samanlagt mundi verða það verðmæti sem þeir færðu að landi og unnið verði að fullnustu þar, ef menn vilja færa það kvótakerfi til lasts að fluttur er út fiskur í gámum, minna unninn en ella, þegar það borgar sig, þá skil ég ekki röksemdafærslu. Ef menn vilja halda því fram að einhverjir sem notið hafa forréttinda í gegnum aldirnar, notið hafa forréttinda til að nýta þessar sameiginlegu auðlindir, sem hv. þm. Stefán Benediktsson var að tala um — og þar á ég við þá sem næstir liggja miðunum — þá ættu menn að líta á það hvað gerst hefur síðan kvótakerfið var tekið upp. Það vill nefnilega þannig til að ef við tökum 15 ára tímabilið frá árinu 1968 til 1983, þá var þorskafli Vestfirðinga 15% af þorskafla landsmanna. Í fyrra var hann 17% og verður væntanlega hærra hlutfall í ár. Er verið að svínbeygja þennan landshluta? Ekki get ég með nokkru móti skilið þá röksemdafærslu. En þetta eru tölur sem þessum hv. þm. koma auðvitað ekkert við.

Ég vil líka ítreka það, sem hér kom fram um daginn, að í Grímsey hefur á milli áranna 1984 og 1985 orðið 35% aukning á lönduðum afla. **(KolJ:** Á lönduðum afla?) 35% aukning á lönduðum afla.

Ég veit ekki hvort það þýðir nokkuð að tala lengur um þetta mál. Það getur vel verið að það sé búið að segja of margt um það, en ég ætla að biðja menn fyrir alla muni að halda sig við staðreyndir í málinu.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Þetta mál er orðið allrætt og eðlilegt að menn stytti kannske mál sitt. Það er þó rétt að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Stefáns Benediktssonar þar sem hann orðar það svo að Framsfl. hafi svínbeygt Sjálfstfl. í þessu máli. Skemmti-

legt hefði nú verið að heyra rök með slíkum málflutningi en við því var ekki að búast enda lá það ekki á borðinu. (**StB:** Hvar er frjálsa samkeppnin?) Frjáls samkeppni er allt annað mál. Frjáls samkeppni er hlutur sem þarf einnig að stjórna. Það er hægt að vera með alls kyns slettiorð og setningaröð sem segir hvorki upphaf né endi. En þetta mál hefur unnist sem betur fer á undanförnum mánuðum í allmikilli samvinnu margra aðila. Og þá kannske fyrst og fremst með tilliti til sjónarmiða þorra hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Það hefur verið unnið að ákveðnum breytingum á frv. sem hæstv. sjútvrh. kynnti í haust og hefur gengið vel sú samvinna sem þar hefur átt sér stað að mörgu leyti.

Það heyrðist líka úr munni hv. þm. að Sjálfstfl. væri að brjóta gegn grundvallarsjónarmiðum sínum um eignarrétt með því að vinna að slíku máli. Þetta er auðvitað út í hött, enda fylgdu engin rök þessum fullyrðingum. Þarna er spurningin um mun á stjórn og óstjórn. Illu heilli hefur það orðið hlutskipti BJ að mæla fyrir óstjórn, stjórnleysi. Það er hlutur sem hefur ekki verið aðall Sjálfstfl. og verður vonandi aldrei. Það er þannig að í málflutningi er það leitt að Bandalagið er nú á reki eins og áralaus julla í úfnum sjó. Slíkur er nú málflutningurinn úr þeim búðum. (Gripið fram í.) Sem dæmi um ástæðu til þess að halda stjórn á hlutum má nefna sjónarmið Vestmanneyinga í þeim efnum, úr stærstu verstöð landsins um áratuga skeið, að þeim þykir hæfa að stjórna því að jafnræði sé á milli þátta í þessu máli, að ekki sé lögð höfuðáhersla á það að stunda smáfiskadráp á ákveðnum landsvæðum og koma þannig í veg fyrir að hrygningarstofnar fái tækifæri til að hrygna.

Þetta er stjórnunaratriði í þeirri stöðu sem við búum við, með þann bátaflota sem við höfum í dag, það magn sem við getum veitt ef sjór væri svartur af fiski, en því miður búum við ekki við þær aðstæður í dag og þess vegna er m.a. full ástæða til þess að hafa stjórn á þessum hlutum og ekki að blaðra með hluti í þessu sambandi eins og frjálsa samkeppni.

Það er ruglað saman öllum málum. Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir var að tala um það að kvótinn væri að leggja Vestmannaeyjar í auðn. Hvers lags bull er þetta eiginlega? Væri nú ekki rétt að hafa einhvern stuðning, einhvern hrygg í því máli sem er fjallað um áður en verið er að tala um að þessi stjórnunaraðferð sé að leggja Vestmannaeyjar í auðn? Það er ekkert lítið sagt. (**KolJ:** Hlustaðu betur næst.) Þannig er vaðið úr einu í annað og er rétt að vara við því.

Nokkur atriði, sem hefur verið unnið að á þessu hausti við breytingar og endanlega afstöðu í því frv. sem við fjöllum um, eru t.d. í stuttu máli tvö árin með endurskoðun eftir eitt ár. Smábátabreytingin, sem er gjörbreyting á hugmyndum frá því í haust og réttir verulega af og skapar möguleika fyrir smábátaflota landsmanna og þær þúsundir manna sem hafa framfæri sitt af þeim útvegi. Sóknardagafjöldinn hefur aukist á almennan bátaflota. Bátaflokk hefur verið bætt við til þess að skapa sveigjanleika og aukna möguleika. Sóknardagafjöldi hefur verið aukinn hjá bátum á afmörkuðum veiðum, svo sem togveiðum, árið um kring, aukinn um 30 daga. Það er miðað við, eins og hér hefur komið fram í orðum talsmanna meiri hl. sjútvn. hv. deildar, að lína og færi séu undanþegin kvóta ákveðinn hluta ársins. Það er unnið að því og miðað við að í reglugerð sé hlutfall þorskfisks fyrir togara jafnað milli norður- og suðursvæðis, sem er bráðnauðsynlegt og sanngjarnt. Þannig er á ýmsan hátt unnið að lausn þessa máls með eðlilegum og auknum sveigjanleika, með frjálsræði, auknu frjálsræði innan þeirra reglna sem settar hafa verið með aflamarks- og sóknarmarksleið, og það er vel.

Það er þess vegna ástæða fyrir því, þótt það sé flestra skoðun að það sé neyðarbrauð að fara þessa leið og ekki það æskilegasta í veiðimannaþjóðfélagi, að þarna sé farin leið sem má við una.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Ég ætlaði að fara nokkrum orðum um ræðu hv. þm. Sigríðar Dúnu en hún hefur farið úr salnum og ætli ég sleppi því ekki þar af leiðandi. En það er nokkuð af að taka til þess að svara hv. 5. þm. Norðurl. e. og 3. þm. Suðurl.

Í fyrsta lagi er það nú í sambandi við höfundarréttinn að kvótanum og grundvallarsjónarmið Sjálfstfl. Það er ósköp eðlilegt að þeir leggi allt kapp á það að eigna sér þennan kvóta, að þetta sé nú ekki afkvæmi Framsfl., til að tryggja það að Framsfl. sé ekki að pína Sjálfstfl. til að standa að þessari leið, sem raunverulega er að brjóta niður grundvallarstefnu Sjálfstfl., hina frjálsu samkeppni. Það er náttúrlega ósköp eðlilegt að hv. þm. Björn Dagbjartsson leggi á það mikla áherslu að hann hafi fyrir mörgum árum, löngu áður en almenningur á Íslandi fór að hugsa um að það þyrfti að vera með kvótakerfi, verið búinn að finna út þessa leið og það væri verið að framkvæma hans stefnu núna en ekki stefnu hæstv. sjútvrh. eða Kristjáns Ragnarssonar, sem oftastnær hefur verið talinn aðalhöfundurinn að þessari stefnu. Ég held að sjálfstæðismenn ættu frekar að hugga sig við það að sjálfstæðismaðurinn Kristján Ragnarsson sé höfundur að stefnunni en fara að reyna að tileinka sér þessa hluti út frá einhverjum skrifum sem menn skrifuðu fyrir þetta eða þetta mörgum árum. (**Gripið fram í:** Sjálfstæðismenn eru engar grobbkerlingar og þurfa ekki að láta hugga sig neitt.) Ég er ekkert að reyna að hugga, ég er bara að benda hv. þm. á hvað hann hefur verið að segja hér og á hvaða grundvelli hann hefur verið að reyna að verja sig.

En hv. þm. Björn Dagbjartsson sagði okkur frá því að vitrasti maður á alþjóðavettvangi hefði verið staddur hér á Íslandi fyrir nokkrum dögum í sambandi við fiskveiðistjórnun. (**BD:** Virtasti.) Já, það mun hafa verið virtasti. En það breytir nú ekki mjög miklu. Það er ekki langt á milli að vera vitrastur og virtastur. Það má vel vera að prófessor Rögnvaldur Hannesson sé virtur og ég efast ekkert um það. En mig hryllti við kenningunum hans. Hryllti við þeim.

Hann boðaði það, og sagði einmitt það sama og hv. þm. Björn Dagbjartsson, að það yrði ekki undan því komist að vera með kvótakerfi. Hver sú fiskveiðiþjóð sem ætlaði að stunda fiskveiðar við þá tækni og þá aðstöðu sem nú er yrði að hafa kvótakerfi. Þetta hefðu Norðmenn og þetta hefðu Ný-Sjálendingar. Hann, þessi virti maður — og vitri sjálfsagt líka — lagði fiskveiðiþjóðina Íslendinga, sem sækja 80% af sínum gjaldeyrisafla í sjóinn og svipaða tölu sem raunverulega stendur á bak við þjóðarbúið, að jöfnu við þjóðir eins og Norðmenn, sem eru með 3—4% og Ný-Sjálendinga, ætli þeir séu ekki með brot úr prósenti. (**BD:** Og

Færeyingar líka.) Nefndi hann kannske Færeyinga líka? Ég heyrði það nú ekki. Það getur vel verið að hann hafi nefnt það í Háskólanum en hann nefndi það ekki í útvarpinu. En hann bætti við — og það var nú hryllingurinn sem a.m.k. kom mér til að halda að það gæti ekki verið að þetta væri mjög vitur maður — að afleiðingarnar af svona kvótakerfi hlytu að verða þær að ákveðnir landshlutar færu í eyði. Það yrði að standa frammi fyrir því að byggð drægist saman. Það var grundvöllurinn að kvótauppbyggingunni. Slíkri kvótauppbyggingu mótmæli ég. Og ég er viss um að það eru miklu fleiri í Sjálfstfl. sem eru til í að mótmæla slíkri kvótauppbyggingu en þeir hv. þm. og ráðherrar í Sjálfstfl. sem hafa staðið frammi fyrir því að greiða atkvæði gegn þessari stefnu. Þeir eru miklu fleiri. (**ÁJ:** Velkominn um borð.) Og ég hef grun um það að hv. 3. þm. Suðurl., svona innst inni, muni ekki vera til í það að samþykkja það að áframhaldandi kvótastefna, sem yrði við lýði í nokkur ár, yrði til þess að sú góða byggð, Vestmannaeyjar, yrði lögð í eyði. Að því stefnir kannske eins og hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir benti á hér áðan. Íbúðir í Vestmannaeyjum eru núna á helmingi lægra verði en íbúðir hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. (Gripið fram í.) Þessi þróun í Vestmannaeyjum er afleiðing af kvótanum. (**Gripið fram í:** Það eru engin tengsl.) (**StB:** Það eru heldur engin tengsl við ríkisstjórnina.)

Hv. þm. Björn Dagbjartsson sagði að það væri náttúrlega mesta ósvinna af mér að halda því fram að kvótinn hefði haft einhver áhrif á sjávarútveginn, afkomu sjávarútvegsins. Til hvers erum við þá að stjórna ef það á ekki að hafa áhrif? (**BD:** Til hins verra.) Ja, ekki hefur það komið í ljós að það væri til hins betra vegna þess að staða sjávarútvegsins er núna verri en þegar kvótinn var lögleiddur hér á haustmánuðum 1983. Ég hugsa að þú fáir engan af forystumönnum sjávarútvegsins til þess að segja annað.

En það er alveg rétt að dollarinn hefur líka haft þar áhrif. Hann var í uppsveiflu 1984 og fram á árið 1985. Það lagaði ekkert, það var alveg sama. Jafnvel þó við værum bæði með hækkandi gengi dollara og fiskveiðistefnu Björns Dagbjartssonar og hæstv. ráðherra þá dugði það ekki samt. Jafnvel þótt við græddum svona óskaplega á fiskveiðistefnunni, spöruðum net og ýmislegt fleira. Það dugði ekki.

Hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, fullyrti að Vestmanneyingar hefðu sérstakt sjónarmið í huga í sambandi við fiskveiðistefnuna, þ.e. að andæfa gegn hinu ískyggilega smáfiskadrápi sem ætti sér stað. Það þyrfti að koma í veg fyrir að fiskurinn væri drepinn svo smár, það þyrfti að tryggja það að hann fengi að hrygna. Var þetta nú grundvallarstefnan? En er það æskilegt að við — (**Gripið fram í:** Já, það er æskilegt að fiskurinn fái að hrygna.) Það mun vera æskilegt, já. En ætli það sé sérstaklega æskilegt að stóri fiskurinn sé veiddur á miðum Sunnlendinga? Ætli það væri ekki bara betri útkoma að láta veiða hann sem smáfisk á miðum Vestfirðinga og Breiðfirðinga en að láta veiða hann á miðum Sunnlendinga?

Ég nefndi tölur hér um daginn sem sýndu það hvers lags ósómi viðgengist í sambandi við nýtingu þessa stóra fisks okkar fyrir Suðurlandi. Hvernig hefur verið farið með þennan fisk? Kannske hv. þm. hafi ekki verið inni þegar ég var að segja frá því. Ég skal endurtaka þetta fyrir hann. (**Gripið fram í:** Þetta eru rangar tölur.) Þær eru réttar og beint frá þeirri góðu stofnun, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. (**Forseti:** Það er reyndar komið að því að við frestum fundi, hv. 4. þm. Vesturl.) Já, ég gæti svarað þm. og gefið honum fullkomnar útskýringar í byrjun fundarins. Mun ég þá ljúka máli mínu að sinni og halda áfram ræðu minni þegar við komum hér saman aftur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ræðu hv. þm. er nú frestað og jafnframt þessum fundi. Þegar það er haft í huga að á morgun eiga hv. þm. í vændum langan og strangan vinnudag og jafnvel vökunótt þá var það von og reyndar markmið forseta að komast hjá kvöldfundi í dag. En það er útséð um að svo geti orðið og þess vegna verður þessum fundi nú frestað til kl. 9 í kvöld. Það er gert vegna þess að deildarfundur hefur verið boðaður í Nd. kl. 9 og jafnframt af tillitssemi við starfsfólk hér í þinginu sem er undir miklu álagi. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Alexandersson) frh.: Virðulegi forseti. Það er greinilegt að ég get ekki haldið áfram þar sem frá var horfið þar sem hv. 3. þm. Suðurl. er ekki mættur í salinn. Ég get því ekki greint frá stöðu mála í sambandi við þorskveiðar þeirra Vestmanneyinga. (**Forseti:** Þar fór í verra og ekki vill forseti verða til þess að hv. 3. þm. Suðurl. fái ekki réttar upplýsingar. En það er verið að sækja hann.) Það er af nógu að taka. Ég get því byrjað á öðrum þáttum þessa máls. Það er ekki miklum erfiðleikum háð að halda áfram umræðu um þetta.

Ég ætla að taka svolítinn útúrdúr. Við höfum heyrt í fréttum undanfarið að verið er að ræða um það að sameina þessi svokölluðu vinstri blöð — þó að ég viti ekki almennilega hvort þessi þrjú blöð, sem nefnd hafa verið, geti öll talist vinstri blöð. Orsökin mun líklegast vera sú að eitt af þessum blöðum, NT, mun hafa, eins og mörg önnur fyrirtæki, ekki síst fyrirtæki við sjávarsíðuna, tapað dálitlu af eigin fé, standa illa í rekstrinum. Þess vegna sé nauðsynlegt að reyna að breyta um skipulagsform og fá breiðari grundvöll til að standa á í sambandi við reksturinn — jafnvel svipað og þegar íhaldið bjargaði Ísbirninum — að reyna að leita til annarra vinstri afla í þjóðfélaginu til að standa undir og tryggja rekstur Tímans.

En þegar erfiðleikar steðja að mönnum vilja þeir samt oft sýna að þeir séu miklu sterkari en þeir raunverulega eru. Mér sýnist á Tímanum í dag að hann telji sig þess vel umkominn að senda ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu, jafnvel ráðherrum, skeyti á þann máta að þeim sé sæmra að gera allt annað en að greiða atkvæði gegn því kvótakerfi sem við erum að ræða hér.

Það er mikil reisn yfir blaðinu. Ætli það hefði ekki verið sæmra að láta þessa umræðu eiga sig? Ætli hæstv. viðskrh. hafi ekki bara verið heimilt, án þess að leita leyfis hjá Framsfl. og samráðherrum sínum í ríkisstj., að greiða atkvæði á þann máta sem hann gerði í hv. Nd.? En Framsfl. getur ekki setið á sér að minna Sjálfstfl. á að það sé hann sem stjórni í þessum málum og hann skipi sjálfstæðismönnum fyrir verkum. Það þýðir ekkert að kvarta undan því, hv. þm. Björn Dagbjartsson, þannig er þetta og þannig er tónninn í Tímanum í dag. Það sé ekki líðandi að ráðherra í ríkisstj. greiði atkvæði gegn stjfrv., það sé ekki þessari virðulegu ríkisstj.

sæmandi. Jafnvel er látið að því liggja að hæstv. ráðh. eigi að segja af sér vegna þess að hann tók þessa afstöðu.

Framsfl. finnst hann hafa efni á því sýknt og heilagt, við hvaða tækifæri sem er, að benda sjálfstæðismönnunum á að þeir hafi látið kúgast og þeir fari eftir því sem Sjálfstfl. skipar þeim. Þetta er bara eitt dæmi sem ég vildi minna á og benda hv. þm. Sjálfstfl. á að jafnvel þó að Tíminn standi eins og hann stendur í dag þegar hann biður aðra að koma sér til hjálpar þá þykist hann hafa efni á því að snupra ráðherra Sjálfstfl. vegna þess að hann hefur aðra skoðun en hæstv. sjútvrh. og leyfir sér að greiða atkvæði gegn frv. sjútvrh.

En nú er hv. 3. þm. Suðurl. genginn í salinn og sestur í sæti sitt. Þá get ég upplýst hann um það sem ég ætlaði að gera í lok síðasta fundar, þ.e. hvernig Vestmanneyingar nýta stóra fiskinn, hvernig sjónarmið Vestmanneyinga í tengslum við fiskveiðistefnuna koma fram og hvernig það lýsir sér. Það lýsir sér á þann hátt að miðað við framleiðsluverðmæti á fullstöðnum, blautverkuðum saltfiski á vetrarvertíð í Vestmannaeyjum þá munar 110 millj. á því framleiðsluverði sem Vestmanneyingar fá fyrir sinn saltfisk og því verði sem fengist ef þessi fiskur væri allur framleiddur í 1. flokk.

Aðeins hjá Vestmanneyingum varð slík útkoma á s.l. vetrarvertíð. Þeir voru að veiða stóra þorskinn, stærsta og verðmætasta fiskinn sem við öflum á Íslandsmiðum. Þeir framleiddu 5593 tonn af blautverkuðum saltfiski. Verkunin var þannig að í 1. flokk af þessum verðmæta fiski fóru 13,9%, hv. þm. Þannig nýttist stórþorskurinn við Suðurland. Það bara þekkist varla að saltfiskur verkist mikið undir 60% í 1. og 2. flokk. Hvað skyldi það hafa verið? Það fóru 26,3% í 2. flokk. Í 1. og 2. flokk í Vestmannaeyjum fóru sem sagt 40% af saltfiskaflanum undir þessari fínu fiskveiðistjórnun.

Það er gott að hafa ákveðin sjónarmið um að nauðsynlegt sé að lofa fiskinum að vaxa upp. Ég skal taka undir það með hv. þm. En það verður þá að hafa í huga að ef fiskurinn fær að vaxa upp sé hann nýttur á þann máta að út úr honum komi verðmæti en ekki á þann máta sem gert var í Vestmannaeyjum og víðar á landinu á síðustu vetrarvertíð. Þetta er dómur um ranga fiskveiðistefnu.

Við hv. þm. Björn Dagbjartsson vil ég segja í sambandi við þetta: Ég nefndi þessa tölu við 1. umr. líka. Hann sagði: „4. þm. Vestf. er ekki að fara hér með réttar tölur, hann er ekki að benda á rétta hluti vegna þess að stór hluti af afla Vestmanneyinga fer í tandurfisk. Sú breyting hefur átt sér stað á undanförnum árum.“ Hver skyldi hluturinn vera? Hvað skyldi tandurfiskur hafa verið mikill hluti af framleiðslu Vestmanneyinga á síðustu vetrarvertíð? Þetta hlýtur að vera eitt af því sem hv. stuðningsmenn fiskveiðistefnunnar vita og liggur alveg á kláru. (**Gripið fram í:** Og frystingu.) Við erum að tala hér um saltfiskinn. Ef ég kæmi með frystinguna líka þá mundu tölurnar fyrst verða háar. Hvað skyldi hafa farið í blokk? Hvað skyldi það vera mikið? Ég gæti gefið ykkur þá tölu líka, ég er bara ekki með hana hér útreiknaða á þennan máta.

Hvað skyldi framleiðsla Vestmanneyinga í tandurfisk á vertíðinni 1985 hafa verið mikil? — Blautverkaði fiskurinn var 5593 tonn. — Hún hlýtur að hafa verið dálítið mikil. Nei, hún var bara 399 tonn, það voru öll ósköpin. Matshlutfallið var á ósköp svipuðu stigi, þó aðeins skárra, þannig að það breytti engu.

Ef rök og fullyrðingar hv. stuðningsmanna frv. eru af svipuðu tagi og staðhæfingar hv. þm. Björns Dagbjartssonar við 1. umr. er ekki mikið mark á þeim takandi. Því miður eru kannske flestar fullyrðingarnar um ágæti fiskveiðistefnunnar af þessu tagi. Það er verið að draga upp aðra mynd, oft á tíðum vegna þess að þeir sem talað er við hafa ekki aðstöðu til að sannreyna hlutina. Það er hægt að fullyrða ýmislegt og segja að það sé svona og svona ef sá sem við er talað hefur ekki aðstöðu til að sannreyna það og einnig ef notað er það bragð að hafa við hliðina á sér vísindamenn — eins og ég hef nefnt áður í sambandi við hæstv. sjútvrh. — að halda langar og miklar ræður um stefnu sína og ágæti og hafa vo vísindamann við hliðina þannig að svo líti út sem allt é ein samfelld vísindaleg kenning. En það fór lítið fyrir vísindunum í fullyrðingu hv. þm. Björns Dagbjartssonar.

Varðandi þessa vísindalegu túlkun og yfirbragð á umræðunni tel ég mjög miður að ráðherra skuli hafa gert þetta vegna þess að það sem við þurfum fyrst og fremst í sambandi við sjávarútveginn er að bera fullkomið traust til Hafrannsóknastofnunarinnar. Við þurfum að styrkja þá stofnun og efla hana og við þurfum sem flest, helst öll, að vera þess fullviss að við getum tekið fullkomið mark á því sem þeir menn, sem þar vinna, segja okkur. Við viljum ekki tengja það pólitískum ákvörðunum. Það eru aðskildar ákvarðanir og aðskildar tillögur, hinar pólitísku tillögur og ákvarðanir og svo þær tillögur sem fiskifræðingar gefa út og láta okkur heyra frá sér um.

Ég held að þetta nægi í sambandi við sjónarmið Vestmanneyinga og fiskveiðistjórnunina. A.m.k. falla þau sjónarmið, sem hv. 3. þm. Suðurl. hefur lagt hér fram, um sjálf sig.

En það er annar þáttur sem hefur komið hér til umræðu í sambandi við þá reglugerð sem við höfum fjallað um í sjútvn., tillaga um breytingu á aflakvóta togaranna. Hvað er þar að eiga sér stað? Við Snæfellingar höfum haldið því fram frá því að þetta kerfi tók gildi að mörkin á milli norður- og suðursvæðis væru ranglega staðsett við Látrabjarg, þau ættu að vera við Öndverðarnes. En okkur hefur aldrei dottið í hug að nefna að breyta ætti viðmiðuninni á milli suður- og norðursvæðisins vegna þess að kerfið byggir á þriggja ára viðmiðun, á þeirri viðmiðun sem þá var byggð upp. Ef nú á að fara að gera stórar breytingar á því er verið að færa aflakvóta frá Norðurlandi og frá Austfjörðum á suðursvæðið. Það stenst ekki. Ef við ætlum að byggja áfram á þriggja ára reglunni sem grundvallarreglu stenst ekki að við færum að nokkru marki kvóta á milli svæða.

Ég vil þó taka undir eitt af því sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði í sambandi við þessa tilfærslu. Það er alveg greinilegt að bilið á milli minni togaranna er óeðlilega stórt. Varðandi það tel ég að sé um ákveðna leiðréttingu að ræða. En varðandi hinn þáttinn tel ég að ekki sé um annað en kvótatilfærslu að ræða á stóran og óeðlilegan máta.

Eitt af því sem stuðningsmenn aflamarksins hafa nefnt er að nauðsynlegt sé að hafa kerfið til tveggja, þriggja eða sem flestra ára, þannig að menn geti byggt upp og skipulagt sína útgerð út frá því að þetta sé viðvarandi kerfi. Ég hef bent á að það yrði kannske

fyrst og fremst til þess að menn færu að kunna að spila á kerfið. Einn er sá þáttur sem ráðherra hefur lagt mikla áherslu á, þ.e. að geta flutt afla á milli ára, skilið eitthvað eftir af aflakvóta líðandi árs og flutt það yfir á næsta ár og í öðru lagi farið aðeins yfir og tekið þá af aflamarki næsta árs. Það eru ákveðin rök í þessu og þetta gerir ekki kerfið eins stíft, ég skal viðurkenna það. En mér er spurn, fyrst þetta er svona mikilsvert atriði að helst hefði þurft að samþykkja kerfið til þriggja ára, sumir telja jafnvel lengur: Af hverju var ekki í þessu frv., sem við erum að fjalla um hér, ákvæði sem verkaði aftur fyrir sig, til þeirrar stöðu sem við búum við í dag? Af hverju mátti ekki gera frv. enn þá betra með því? Ef það er betra með því að hægt sé að færa á milli áranna 1986 og 1987 hefði það orðið enn þá betra með því að hægt hefði verið að færa á milli áranna 1985 og 1986.

Mér er kunnugt um að sumir þeir, sem fóru ekki að ráðum og hugmyndum kvótastjórnarinnar sem skipulagði kerfið, sem sagt veiddu allt við bestu aðstæður, heldur hugsuðu fyrst og fremst um byggðir sínar og geymdu nokkuð af kvótanum fram á haustið, eiga nokkurn kvóta eftir vegna þess að þeir reyndu að forðast annmarka kerfisins, sem stuðningsmenn þess sögðu reyndar að væru kostir þess. Ráðherra og vissir stuðningsmenn hafa upp á síðkastið sagt að það væru vondir menn sem hefðu ekki farið að þeirra ráðum og fiskað allt við bestu aðstæður. Ég held að þeir hafi alveg rétt fyrir sér. En þeim er ekki sýnd meiri viðurkenning en svo að það er ekki hugsað til þeirra, að þetta ágæti geti náð til þessara áramóta. Mikil eru gæðin.

Hæstv. ráðh. er víst ekki hér staddur. (**Gripið fram í:** Það má ná í hann.) Ég veit það. En það þarf ekki að spyrja hann um þetta. Ég veit um svarið af því að formaður sjútvn., hv. 3. þm. Vesturl., athugaði þetta fyrir okkur í morgun, kynnti sér afstöðu ráðuneytisins í þessu máli. Hún var alveg klár. Nei, það er ekki gott að beita þessu um áramótin 1985—1986 en það er mjög nauðsynlegt og gott að beita þessu um áramótin 1986—1987. Það er skrýtin rökhyggjan þeirra.

Það er nærri því ótæmandi sem maður gæti spjallað um í sambandi við þessi mál. En við komum okkur saman um það í hv. sjútvn. deildarinnar að koma þessu máli af hér í kvöld. Sjálfsagt breytir ekki miklu þótt enn væri bætt við nokkrum punktum í sambandi við agnúa þessa kerfis. Ég mun því ekki eyða miklu fleiri orðum um þann þáttinn.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson hafði þau orð um tillögur Farmanna- og fiskimannasambandsins að þær væru ekki tillögur og þeim hefði verið sullað saman á örskammri stund. Ég tel því nauðsynlegt að fara um þessar tillögur nokkrum orðum ef vera kynni að hv. þm. Björn Dagbjartsson áttaði sig á því að hann hefði farið þar með rangt mál og að þetta væru dálítið merkar tillögur. Ef hv. þm. kallar ekki tillögur Farmanna- og fiskimannasambandsins tillögur veit ég ekki hvaða nafngift ætti að gefa þeirri fiskveiðistjórnun sem hann ætlar að fara að samþykkja.

„Farmanna- og fiskimannasamband Íslands leggur áherslu á að mörkuð verði veiðistefna til aukins frjálsræðis í veiðum.“ — Það er ósköp eðlilegt að þessi tillögur komi við taugarnar á einkaframtaksmanninum — ég þori ekki að segja: frjálshyggjumanninum — það er óvíst að hann hafi gengið það langt. (**Gripið fram í:** Það er óhætt að segja það.) Það er óhætt að segja það.

Þar er nefnt að þorskafli ársins skuli verða sem næst 350 þús. tonn. Þetta er tala sem fiskifræðingar telja að muni ekki skerða þorskstofninn, við munum búa við nokkuð vaxandi fiskistofn. Þetta er tala sem er þó nokkuð undir þeirri tölu sem greinilega verður aflað samkvæmt því sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Eins og ég hef sagt áður eru allar líkur fyrir því að aflinn samkvæmt því kerfi geti farið allt upp í 450 þús. tonn, verði trúlega á bilinu 400—450 þús. tonn eftir reynslu ársins í ár og ársins 1984.

Þetta er það sem margir hafa verið að tala um í sambandi við tegundamarksstefnu Vestfirðinga og Farmanna- og fiskimannasambandsins, að þeir vilji ganga að þorskstofninum og veiða úr honum án nokkurrar fyrirhyggju. En það hefur sýnt sig einmitt út frá þessum tillögum og af reynslunni af tegundamarkinu eða skrapdagakerfinu að þá var farið miklu minna fram úr en á þeim tveim árum sem kvótinn hefur verið við lýði.

„Frjálsar veiðar með söknarstöðvun og veiðistýringu í aðrar tegundir en þorsk.

Söknartakmörkun og veiðistýring bátaflotans.

Þorskafli bátaflotans skal vera sem næst 165 þús. tonn árið 1986.

Árinu skal skipt í tvö tímabil, 1. jan. til 30. júní með 30 daga skyldustoppi, þar af 10 daga um páska. Viðmiðunaraflamagn skal vera 123 þús. tonn.“

Þarna eru beinar tillögur um hvað gera skuli. Ég get sagt hv. þm. að ég er ekki alveg sammála um þær tölur sem þarna eru inni. Ég tel þarna of mikið fært til togaraflotans miðað við reynslu fyrri ára. En þetta eru ákveðnar tillögur um hvernig skuli framkvæma hlutina. Það er alveg sama hvað hv. þm. hristir mikið hausinn, það breytir ekki þeirri staðreynd að þetta eru tillögur og miklu merkari og betri tillögur en þær sem við erum að fjalla um.

„Árinu skal skipt í tvö tímabil, 1. jan. til 30. júní með 30 daga skyldustoppi, þar af 10 daga um páska. Viðmiðunaraflamagn skal vera 123 þús. tonn.

Á tímabilinu 1. júlí til áramóta skal stoppa 40 daga, þar af 10 daga um verslunarmannahelgi og frá 20. des. til áramóta. Viðmiðunarafli 41 þús. tonn.“

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. En þetta er grundvöllur stefnunnar. Þó að hv. þm. hristi enn höfuðið þá er grundvöllur þessa kerfis að menn megi hafa frjálsræði, að menn séu ekki bundnir af einhverjum klafa fyrri reynslu, menn geti fært sig á milli skipa og notið dugnaðar síns og hæfileika.

Takmörkunin kemur fram á þann hátt að það verður að stoppa ákveðið tímabil, ákveðinn tíma yfir jól, og ef aflasóknin verður of mikil verður dregið úr sókninni og ákveðið stopp gert í veiðisókninni. Ætli það sé ekki nokkuð betra að hafa það á þann máta en eins og reynslan var á síðasta ári þegar bátar, eins og ég hef sagt hér áður, úti á Snæfellsnesi voru búnir með sinn kvóta upp úr páskum, þ.e. þann sem þeir treystu sér til að veiða, lágu yfir allt sumarið, og fiskvinnslustöðvarnar höfðu engan afla til þess að vinna úr. Ætli það sé ekki heppilegra að skipta þessu niður á stopp, breytilega yfir árið, en að hafa það á þennan máta, eins og kerfið sem við búum við núna hefur komið út?

Og áfram, virðulegi forseti, les ég hér upp: „Stoppdagar teljast þrír sólarhringar eða meir. Handfæraveiðar verði óheftar nema 10 daga um verslunarmannahelgi.“ Eitt af því merkilega við þetta kerfi sem við

búum við er þessi eltingarleikur við færabátana, að það skuli vera saknæmt að skjótast hér út á Faxaflóa um helgi — ja, við skulum segja bara fyrir reykvíska heildsala eða reykvíska verkamann, skrifstofumann eða hvern annan — að það skuli vera bannað á Íslandi að skjótast út á skak. Ég efast ekki um að hefði okkur hv. þm. verið sagt það fyrir fjórum árum að þannig yrði komið á árunum 1984—1985 að Íslendingum væri bannað að fara á skak hefðu allir hlegið. Það hefði verið svo mikil fjarstæða að slíkir hlutir gætu átt sér stað.

„Miðað við núverandi möguleika á loðnuveiðum stundi loðnuflotinn ekki þorskveiðar fyrri helming ársins 1986." Það er rétt í sambandi við þennan þátt í þessum tillögum að benda á einn furðuhlutinn í reglugerðinni sem verið er að leggja fyrir okkur núna. Það er takmörkunin á þorskafla loðnuskipanna. Jú, það hefur skeð á því herrans ári 1985 að það hefur verið góður loðnuafli. Þá þarf endilega að hlaupa upp til handa og fóta og takmarka þorskafla þessara skipa. Það má enginn hafa það gott á Íslandi. Það verður að skipuleggja það þannig. Hvað á þá að gerast ef þannig skyldi fara á árinu 1986 að loðnuaflinn mundi bregðast, þó að sem betur fer séu kannske ekki miklar líkur til þess? Á þá að stórauka þorskafla loðnuskipanna? Þetta er slíkur eltingarleikur að það er alveg furðulegt hverju hægt er að taka upp á.

Og áfram, virðulegi forseti: „Stoppdagar sérveiðiskipa, svo sem rækju-, humar-, skelveiði-, síldveiði- og loðnuskipa, teljast aðeins utan sérleyfisveiða." Sem sagt, sérleyfisveiðarnar koma án þess í eðli sínu að trufla nokkuð eðlilega veiðisókn, en þær falla inn í heildarveiðisókn skipsins. Ekki er verið að reikna út með einhverjum sérstökum kvótum og mati á þessari eða hinni fisktegundinni hvað skuli dregið mikið frá eða skertur þorskveiðiaflinn, heldur falli þær á eðlilegan máta inn í það kerfi sem boðið er upp á. Þetta eru sjálfsagt ekki tillögur. Hitt eru tillögur, að reikna rækjuna á þetta og humarinn á þetta, síldina á þetta og loðnuna á þetta og mega svo skipta öllu yfir í þorsk. Það eru vitlegar tillögur að vera með aflamark á þorsk og breyta síðan öðrum fisktegundum í þá tegund.

Og áfram, virðulegi forseti: „Á svæðinu frá Horni suður og austur um að Eystra-Horni má hlutfall þorsks í afla netabáta ekki fara yfir 20% á tímabilinu 1. janúar til 1. febrúar." Þarna er verið að beina netaskipunum fyrst og fremst á ufsann til þess að nýta þann stofn sem hefur ekki náðst að veiða upp í það magn sem áætlað hefur verið og fiskifræðingar hafa talið óhætt að veiða.

Og áfram: „Þorsknetaveiðar á svæðinu Horn—Eystra-Horn hefjast ekki fyrr en 15. janúar." Þarna er ákveðin takmörkun á þorsknetaveiðunum í því augnamiði að í svartasta skammdeginu verði minni sókn og einnig að tryggja það að á harðasta veðurtímabilinu verði ekki verið með þorskanet í sjó og þar af leiðandi verði líkur fyrir því að betri afli berist að landi.

„Þorsknetaveiðar skulu bannaðar 1. júlí til 15. ágúst." Reynslan af þorskanetaveiðum á þessu tímabili hefur verið sú að næstum því hefur verið ókleift að koma með góðan afla að landi, jafnvel þó að menn hafi dregið þar á nokkurra klukkustunda fresti, vegna þess að á þessu tímabili er sjór það heitur, fiskurinn yfirleitt átufullur og á mjög stuttum tíma skemmist fiskurinn á þann veg að þunnildi verða léleg og fiskurinn verður laus í sér. Þetta er sjálfsögð varúðarráðstöfun gegn því að skemma hráefnið og gæti svo sem alveg eins verið í því kerfi sem við búum við núna eins og þessu, en til þess að koma á einhverju sérstöku yfirbragði sem menn kalla frelsi — en heitir að vissu leyti náttúrlega ófrelsi — er sagt að ekki megi skipta sér af slíkum hlutum undir aflamarkskerfinu. Mennirnir hafi eina þvingun og hún sé nóg og það er vitaskuld alveg satt. Hún er nóg. En til þess að forða slysum í sambandi við að koma með lélegan afla er þessi aðgerð sjálfsögð.

Og enn, virðulegi forseti: „Frá Horni suður og austur um að Eystra-Horni skal ekki leyfa smærri möskva en 7 tommur á tímabilinu 15. janúar til 15. maí." Á vetrarvertíðinni síðustu þegar páskar voru snemma, eins og þm. vita, var leyfilegt að fara með 6 tommu möskva eftir páskana á veiðisvæðin við Breiðafjörð. Þetta orsakaði það að fiskiflotinn eða hluti fiskiflotans lagði út 6 tommu möskvann, fékk miklu fleiri fiska en ekki miklu þyngri vigt. Hvað var að gerast? Það var verið að sortera úr smáfiskinn, skilja stóra fiskinn eftir, vinna að því að stóri fiskurinn gæti sjálfsagt vaxið upp og farið á mið þeirra Sunnlendinga og verkast eins og hann verkaðist í fyrra. Jafnframt var náttúrlega verið að koma að landi með miklu verðminni afla vegna þess að allur sá fiskur sem fer í saltfisk er verðlagður eftir stærð. I. flokkur af meginhluta þess fisks sem kom í 6 tommu möskvann er að verðgildi eins og III. flokkur af stórfisknum sem Vestmanneyingarnir voru að vinna. Þetta er nú þessi góða fiskveiðistefna. Hún þorir ekki einu sinni að taka á þessu vandamáli, að stoppa það að 6 tommu möskvi sé notaður hér suðvestanlands og að fiskiskipin sorteri smáfiskinn úr og skilji stóra fiskinn eftir á miðunum. Þannig er þessi fiskveiðistefna. Þannig er það ekki skiljanlegt að hv. þm. Björn Dagbjartsson, sem ég sé nú ekki lengur framan í, skuli ekki líta á þær tillögur sem ég er að fara yfir sem tillögur heldur sem punkta, en þær tillögur sem hann mælir ákafast með sem tillögur, en þær tillögur þora í engu að taka á þessum vandamálum.

Og áfram, virðulegur forseti: „Sjútvrn. fylgist með afla á viðmiðunartímabilum og fækki eða fjölgi stoppdögum eftir þróun veiðanna. Verði þorskafli í marslok meiri en 85 þús. tonn skal fjölga stoppdögum seinni hluta apríl og í maí." Þetta kemur í beinu framhaldi af upphafi tillagnanna.

Og áfram: „Loðnubátar sem hefja þorskveiðar í troll á síðara tímabili sæti sömu sóknartakmörkum og togarar. Þorskafli togara verði sem næst 185 þús. tonn árið 1986. Árið skiptist í tvö tímabil: 1. janúar til 31. maí. Á því tímabili verði skyldustöðvun í 25 daga og viðmiðunarafli 85 þús. tonn af þorski. 1. júní til áramóta verði veiðistopp í 45 daga, þar af 10 daga á tímabilinu 20. júlí til 10. ágúst." Þarna er tekið á einu mesta vandamáli íslenskra fiskveiða undanfarandi tvö ár. Það er gert ráð fyrir því að á miðsumartímabilinu verði veiðar mjög takmarkaðar. Þetta tímabil hefur undanfarin tvö sumur verið aðalaflatímabil togaranna. Og þá hefur það gerst, eins og ég hef nefnt áður í þessari umræðu, að meira og minna af þeim afla sem togararnir hafa komið með hefur skemmst í vinnslu. En í sumar varð kvótakerfið þess valdandi að menn reyndu að bjarga sér frá þessum skemmdum á aflanum með því að flytja aflann út í gámum. Kvótakerfið verður sem sagt þess valdandi, eða aflamarkskerfið, í fyrsta lagi að skemmst hefur stór hluti af afla í fiskvinnslustöðvunum og í öðru lagi að

atvinna og framleiðsluverðmætisaukning í landinu hefur minnkað vegna þess að stór hluti af aflanum var í sumar fluttur út ísaður til Englands í gámum. Um verðlagningu þess fisks og alla þá miklu auglýsingu sem hann hefur fengið gæti ég haldið langa ræðu. En ég ætla ekki að tefja virðulegan forseta með því í kvöld. Það gæti verið að ég hefði tækifæri til þess einhvern tíma seinna. En þar á sér stað ansi mikil blekking sem ég held að hv. þm. ættu svolítið að kynna sér í sambandi við það sem gefið er út að fáist fyrir gámafiskinn og sölufiskinn í Englandi. Í tillögum Farmanna- og fiskimannasambandsins er bent á leið til að komast fram hjá þessum agnúa þess kerfis sem við búum við í dag. Það telur hv. þm. ekki tillögur.

Og áfram, virðulegi forseti: „Veiðar skal stöðva frá 20. desember til áramóta. Viðmiðunarafli 100 þús. tonn af þorski. Heimilt er þeim skipum sem veiða fyrir erlendan markað að stöðva fyrstu 11 daga desembermánaðar.“ Þarna er líka tillaga sem er nauðsynleg ef fiskiskip vilja fara einn túr í skammdeginu, eins og oft og tíðum er með togara. Það er orðin lenska að jafnvel þó að skipin hafi stöðugt fiskað fyrir heimavinnslu fá þau að fara einn túr í skammdeginu á besta sölutímabilinu. Þarna er gefið tækifæri til að færa aðeins til daga til þess að ná betri sölutíma miðað við fyrri ára reynslu. Þetta er ekki tillaga, virðulegi þm.

Og áfram, virðulegi forseti: „Skilyrt sé að heildarársafli togara verði að lágmarki 30% aðrar tegundir en þorskur.“ Þarna er sem sagt verið að binda það í tillögu að við nýtum aðrar fiskitegundir hér við landið en þorsk. Það er ekki verið að gefa tækifæri til þess að skipta á ufsa og þorski og karfa og þorski, heldur er það skilyrt að ákveðinn hluti afla þessara skipa verði úr þessum fiskitegundum sem okkur er nauðsynlegt að nýta ekki síður en rækjuna sem allt í einu fór að veiðast þegar kvótinn var settur á. Og við aflamarksmenn gætum ábyggilega reiknað okkur ansi stórar fúlgur af karfa og ufsa þegar við færum að reikna ágæti okkar kerfis ef við ættum að fara að reikna á eitthvað svipaðan máta og hæstv. sjútvrh. hefur gert. — Það er reyndar ekki hæstv. ráðherra, heldur er það hin virðulega stofnun, Þjóðhagsstofnun, sem hefur reiknað út allan þennan gróða af kerfinu.

Áfram, virðulegi forseti: „Þessa prósentu skal hækka ef í ljós kemur eftir fyrstu fjóra mánuði ársins að hlutur þorsks í heildarveiði togara er meiri en æskilegt getur talist.“ Þetta er sem sagt áframhald á þessum möguleika og þessari nauðsyn.

Og í lokin segir, virðulegi forseti: „Sjútvrn. fylgist með afla á viðmiðunartímabilinu og fækki eða fjölgi stoppdögum eftir þróun veiðanna.“ Það fer ekki mikið fyrir valdi ráðuneytisins í þessu plaggi. Það er beðið um að fylgjast með hvernig hlutirnir eigi sér stað og fylgjast með veiðum sem útilokað er að svindla á eða búa til eitthvert kerfi til að komast fram hjá. Það er von að þeir sjálfstæðismenn telji þetta ekki tillögur. Ég á nú síst að nefna það sem mér datt í hug. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason er ekki hér, en hann nefndi þetta kerfi sem verið væri að byggja upp sérstöku nafni, sósíalisma og svolítið meira ljótt á eftir. Það er það kerfi sem þessir hv. sjálfstæðismenn eru að rífast um hver eigi hugmyndina að og þeir geta ómögulega unnt hæstv. sjútvrh. að vera faðirinn að því. Hvar í flokki eiga þessir menn að vera? Getur það verið að þetta séu flokksmenn Jóns Þorlákssonar og Ólafs Thors? Það er víst. (**EgJ:** Það voru nú fleiri.) Í flokknum, já, þeir hafa nú verið fleiri. (**EgJ:** Flokksmenn þeirra.) Þeir hafa nú verið fleiri. Sem betur fer er einn og einn þm. úr Sjálfstfl. enn þá á því að það sé æskilegra að hafa frelsi til athafna, frelsi til starfa. En það er greinilegt að það fellur ekki í góðan jarðveg hjá samstarfsflokknum. eins og ég nefndi þegar ég kom hér eftir matarhléið fannst samstarfsflokknum eða blaði samstarfsflokksins það hlýða að senda flokksmönnum Sjálfstfl. smákveðjur í leiðaranum í dag, sérstaklega viðskrh. Hann hafði ekki farið sérstaklega skemmtilega að ráði sínu með því að leyfa sér að greiða atkvæði á móti þessu kerfi. Það féll ekki heim og saman við þann anda sem þessi ríkisstj. vildi halda uppi innan síns liðs. En sem betur fer gerði hæstv. viðskrh. það og fleiri sjálfstæðismenn. Og ég vænti þess að fleiri sjálfstæðismenn en þegar er ljóst í þessari hv. deild geri sér grein fyrir því núna við atkvgr. á eftir að það er ekki verið að samþykkja stefnu Sjálfstfl. með því að greiða þessu frv. atkvæði og að þeir mundu frekar nálgast stefnu Sjálfstfl. með því að greiða atkvæði gegn þessu frv. og fella það við atkvgr. hér á eftir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 395, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að þakka hv. þm. Skúla Alexanderssyni fyrir aldeilis ágæta ræðu, einkum þá þætti hennar þar sem hann sýndi svo berlega hve mikla umhyggju hann ber fyrir sjálfstæðismönnum. Á hinn bóginn er það kyndugt að þm. kvartaði yfir því að menn hristu höfuðið yfir ýmsum athugasemdum í spjalli hans. Það hefði kannske verið skynsamlegra fyrir hv. þm. að hafa heldur lægra í ýmsum fullyrðingum sem hann viðhafði, og heldur er það klókara að hrista höfuðið svona nett út í loftið en að berja höfðinu við steininn sýknt og heilagt, eins og hv. þm. gerði í sínum málflutningi, sérstaklega varðandi það skítkast sem hann stundaði gagnvart einu byggðarlagi hér á landi, Vestmannaeyjum, og hefur gert um hríð ítrekað, margoft í hv. Alþingi.

Hann getur sagt það sem honum sýnist um Vestmanneyinga. Þeir kippa sér ekki upp við þus af slíkum gutlbátum, en það er rétt að benda þm. á staðreyndir og vitna til þess sem hann sagði og lagði þunga áherslu á, að það væri hægt að fullyrða ýmsa hluti án þess að sannreyna þá. Nú skal þm. fá það óþvegið ofan í sig aftur.

Áður en ég kem að spjallblaðrinu í hv. þm. vil ég aðeins víkja að skiptingu þorskafla milli norður- og suðursvæðis sem þm. taldi út í hött að ástæða væri til að samræma. Miðað við að það eigi að vera hámarksafli á þorski, miðað við það að orðið hefur gjörbreyting á stöðu fisktegunda frá viðmiðunarárunum 1981—1984, sérstaklega varðandi afla togara og þá sérstaklega varðandi karfaafla, hlýtur það að vera skynsamnlegt að jafna þarna muninn. Þetta eru svo einföld rök og augljós að það ætti ekki að þurfa að hafa um þau mörg orð. En það er annað sem veldur hinum grugguga málflutningi hv. þm.

Annað atriði nefndi hann og gagnrýndi sem ég rétt svaraði í upphafi. Hann gagnrýndi mjög að menn fengju að stunda gámaútflutning. Þess má geta að á þessu ári

hafa verið flutt út 60 þús. tonn að verðmæti 2,5 milljarðar kr. Og ef það er út í hött að hugsa um verðmæti aflans er þetta auðvitað fáránleg niðurstaða. En það eru ekki verðmæti sem skipta máli í málflutningi hv. þm. og aldeilis ekki þegar hann hefur verið að dylgja um Vestmanneyinga sem eru þekktir fyrir allt annað en gutlvinnubrögð og ég mun aðeins rekja nánar tölur í þeim efnum.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess að þorskafli við Vestmannaeyjar veiðist svo til eingöngu á hávertíð á mjög stuttum tíma og þar er töluverð breidd í fiskstærð þó almennt sé fiskurinn mun stærri sunnanlands en norðanlands. Það er því ekki óeðlilegt að ákveðinn hluti af aflanum skemmist á stuttum tíma. Og það er ekki neitt einsdæmi við landið. Það á við um landið allt. Þar sem álag kemur, þar sem veður hamla því að hægt sé að draga veiðarfæri úr sjó o.s.frv. Það er rétt að þetta komi fram aðeins í upphafi.

Það er ástæða til þess að skoða aðeins í ljósi þess hvernig hv. þm. hefur margítrekað verið með skítkast á Vestmanneyinga fyrir vinnubrögð þeirra og framleiðslu að þorskafli hefur á árunum 1981—1984 hvergi dregist eins saman og við Suðurland og við Reykjanes. Þar er mjög sérstök staða. Og ég skal taka í máli mínu dæmi um tvo staði. Ég skal velja einn stað við Breiðafjörð þar sem hv. þm. ætti gerst að þekkja til. Hefur hann reyndar sýnt það í sínum málflutningi að hann á ekki að hætta sér út á úthafið í því að fjalla um mál. Hann ætti að halda sig innan fjarða. Smábátar eiga ekki að fara út á úthafið, síst af öllu áralausir.

Við skulum taka Vestmannaeyjar og Hellissand. Ég vel Hellissand vegna þess að þar eru menn þekktir fyrir að koma með góðan fisk að landi og verka vel og það veit ég að hv. þm. getur staðfest. Árið 1981 var þorskafli í Vestmannaeyjum rétt tæp 30 þús. tonn. Árið 1984 var hann 13 þús. tonn. Það er 60% skerðing. Á Hellissandi var þorskafli árið 1981 5 þús. tonn, en 1984 3600 tonn. Það er 20% skerðing. Þetta hlutfall, sem mætti útfæra í nánari skýringu yfir landið í heild, staðfestir m.a. ástæðuna fyrir því að tegundahlutfall hefur breyst og þess vegna er ástæða til þess að jafna saman afla suður- og norðursvæðis.

Í Vestmannaeyjum árið 1984 — og ég vil undirstrika að nú kem ég að staðreyndum sem hnekkja í öllu máli og dylgjum hv. þm. Skúla Alexanderssonar — fóru um það bil 50% af þorskafla í frost, um það bil 45% eða líðlega það í salt. Þar inni er tandurfiskurinn sem er um það bil 10—15% léttsaltaður fiskur, góður fiskur í dýrum pakkningum. (**SkA:** Er það? Eru dýrar pakkningar hjá þeim?) Það er ástæðulaust að vera með útúrsnúning og réttara að hv. þm. hefði hægt um sig og hlustaði nú vel þótt erfitt kunni að vera að berja tölum og staðreyndum inn í hans höfuð.

Í Vestmannaeyjum er svo til engin skreið af þessu þó verulega þorskaflamagni, u.þ.b. 200 tonn. Á Hellissandi fer 131 tonn í skreið. (**SkA:** Hvaða ár er þetta?) 1984. Mun hærra hlutfall en í Vestmannaeyjum. En það er smámál, látum það liggja á milli hluta. Það er eðlilegt að hluti af aflanum fari í það sem við getum kallað úrkast þó að það sé nýtt í skreið.

Það er líka eðlilegt, þegar mikill afli berst á land á stuttum tíma, að ekki ráðist við það. Það er skiljanlegt hvar sem er í verstöðvum þar sem mikill afli berst á land í einu hendingskasti.

Ýmsar aðrar tegundir en þorskur hafa verið fýsilegri í aðra vinnslu en frost. Fer það mjög eftir stærð, markaði og öðru sem þeir þurfa að hugsa meira um sem þurfa að verka fleiri fisktegundir en eina, sem er ráðandi í afla, eins og t.d. á Hellissandi. Þar er svo til eingöngu veiddur þorskur árið um kring. Það eru kannske 300 tonn af öðrum afla sem berst þar á land. Þegar menn slíta úr samhengi með skítkasti á aðrar landsbyggðir skyldu þeir gá að bjálkanum í eigin auga og kem ég nú senn að því.

Allt snýst þetta um verðmæti, um peninga. Það hlýtur að vera grundvallarviðmiðun að ná sem mestu út úr aflanum. Þá skulum við taka heildarniðurstöður. Í Vestmannaeyjum var aflaverðmætið 700 millj. kr. á s.l. ári, á Hellissandi 49 millj. kr. Ástæða er til að benda á að af þeim 178 þús. tonnum, sem hefur verið landað í Vestmannaeyjum, eru 124 þús. tonn loðna.

Það er einfaldur samanburður á verðmætamati, sem byggist á staðreyndum, að ef við miðum við þorskaflann, sem allt þetta hjal hv. þm. hefur snúist um, annars vegar á Hellissandi og hins vegar í Vestmannaeyjum, þá er 5% meira verðmæti sem fæst fyrir aflann í Vestmannaeyjum en á Hellissandi. Það er metinn afli úr sjó í flokka. Þar kemur fyrsti þáttur verðmætamatsins inn. Miðað við 3500 tonn af þorski á Hellissandi gaf hvert tonn af sér 12 857 kr. eða alls 45 millj. kr. Miðað við 12 þús. tonn af þorskafla í Vestmannaeyjum á sama tíma gaf hvert tonn af sér 13 333 kr. eða 160 millj. kr. Það er 5% meira aflaverðmæti fyrir þennan fisk frá Vestmannaeyjum en Hellissandi. Það er verulegur verðmætamunur, svo mikill að í rauninni er hann óeðlilegur. En þó ætla ég ekki að gefa skýringar á því. Það kann að vera að þar spili inn í ákveðin aflahrota sem gekk yfir Breiðafjörð s.l. vertíð, þar hafi komið talsvert af skemmdum fiski sem er ekki óeðlilegt þegar mikið berst á stuttum tíma. En þetta er hins vegar niðurstaðan. (**SkA:** Er þm. að tala um 1984?) Ég er að tala um verðmæti pr. tonn 1984. Þar situr hv. þm. í súpunni og ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í það.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Fyrst vildi ég aðeins víkja orðum mínum til hv. 3. þm. Suðurl. Ég ætlaði mér ekki að gerast þátttakandi í byggðakapphlaupi því sem fór fram í seinustu ræðu hans heldur aðeins að svara með nokkrum orðum þeim orðum sem hann beindi til mín í fyrri ræðu sinni þar sem hann gaf hugtakinu „frjáls samkeppni“ langt nef.

Ég ætla bara að minna þm. á það að vorið 1983 eða síðla vetrar bauð hann sig fram fyrir hönd flokks sem heitir Sjálfstfl. Þessi flokkur bauð sig fram undir sameiginlegri stefnuyfirlýsingu sem ég hef reyndar getið áður fyrr í mínu máli í annarri umræðu. Þar stendur undir yfirskriftinni „Frá upplausn til ábyrgðar“, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenska þjóðin verður að taka nýja stefnu, stefnu ábyrgðar í stað upplausnar, stefnu sem treystir atvinnu landsmanna með því að leysa atvinnulífið undan ofstjórn ríkisvaldsins og miðar að því að auka framleiðslu og bæta afkomu heimilanna.“ — Ég endurtek: „með því að leysa atvinnulífið undan ofstjórn ríkisvaldsins og miðar að því að auka framleiðslu og bæta afkomu heimilanna“ — „stefnu sem leysir úr læðingi atorku og hugvit einstaklinga og leiðir til nýrra átaka í atvinnuuppbyggingu og hagsældar fyrir þjóðina.“

Ég vil meina að hv. þm. hafi ekki verið kosinn á þing fyrir tónlistarhæfileika sína eða sönghæfileika heldur hafi hann verið kosinn á þing vegna þess að kjósendur hans treystu því að hann ætlaði að standa fyrir og berjast fyrir þessum hugsjónum hér inni á þingi. Þegar hann svo kemur á þing gefur hann hugtaki eins og „frjálsri samkeppni“ langt nef.

Hv. 4. þm. Vestf. hélt ræðu við 1. umræðu þessa máls og sagði þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er hægt að venja hagsmunahópa eða jafnvel heilar stéttir með gjöf á ríkisjötuna. En það rekur að sláturtíðinni fyrr eða síðar. Þeir sem njóta öryggis ríkisafskiptanna í bili verða óþarfir til lengdar við framtíðarskipulag ríkishnappheldunnar. Þannig geta misskildir eiginhagsmunir leitt til sjálfstortímingar. Svo geta krosstré brugðist sem önnur tré ef ekki er að gáð.“

Hérna var hv. þm. að vara við afleiðingum þess að játast í ríkishnappheldu þá sem hér um ræðir. Vítin eru til að varast þau. Við skyldum horfa up á það athugulum augum hver eru að verða örlög bænda t.d. hér á landi. Þeir játuðust í þessa ríkishnappheldu fyrir bráðum 60 árum síðan og hún hefur hert að þeim æ meir síðan þannig að nú er lífsafkoma þeirra gersamlega háð góðvilja ríkisvaldsins. Fækkunin í þessari stétt, sérstaklega á síðasta áratug, er ógnvænleg og þess er alls ekki langt að bíða að það verði engir bændur hér á landi heldur einhver tegund af ríkisbúskap í höndum ríkisins með fáeinu fólki sem mun þá streitast við að reyna að halda uppi þeirri framleiðslu sem nauðsynleg er fyrir landsmenn alla.

Ég er sammála hv. 4. þm. Vestf. um það að með þessari löggjöf erum við að bjóða þessari sömu hættu heim. T.d. tel ég að þess sé mjög skammt að bíða að verslunin með kvótana, sem fram fer, komist á ríkishendi. Það verði því sjútvrh. eða ráðuneytið sem deilir og drottnar, þ.e. selur kvótana milli manna og landshluta. Þá er mjög stutt í það að veiðileyfasala verði að veruleika hérna. Kannske er það það sem sumir menn vilja, kannske er það það sem sumir menn keppa að.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði: Það verður aldrei hægt að nýta sameiginlega auðlind nema með einhvers konar kvótakerfi. Ég held að það sé rangt. Ég er honum aftur sammála um það að þetta sé sameiginleg auðlind okkar allra. Þá verða menn að reyna að svara þeirri spurningu: Ef maður ekki vill bara stjórna og stjórna hvernig vill maður þá fara að? Hver á þessa eign? Eru það útgerðarmenn? Eru það sjómenn? Eru það fiskvinnslueigendur? Er það fiskvinnslufólk? Er það sölufólkið sem selur framleiðsluna? Eru það farmennirnir sem flytja hana? Og þar fram eftir götunum.

Endanlega hlýtur maður að standa frammi fyrir því einfalda svari að sameiginleg auðlind þýðir að hún er eign alþjóðar. Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég lagt fram brtt. við þetta frv. Hún er ekki flókin. Hún snýst einfaldlega um það að viðurkenna þennan eignarrétt. Við erum allir sammála — og það eru allir landsmenn meira að segja, tel ég, líka — að það er okkur ekki í hag að ofnýta fiskistofnana. Þess vegna er eðlilegt að setja hámark á aflanýtingu hverju sinni. Í samræmi við þetta, þ.e. annars vegar að hámarka aflanýtinguna og hins vegar að viðurkenna eignarrétt allra landsmanna á henni, hef ég lagt fram brtt á þskj. 395 við framlagt frv. til l. um stjórn fiskveiða. Till. þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. orðist svo:

Fyrir 1. desember ár hvert skal Alþingi ákveða hámarksafla eftirtalinna fiskistofna: þorsks, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu, skarkola, síldar, loðnu, humars, hörpudisks og rækju.“

Þar með eru þeir fiskistofnar taldir sem helst eru nýttir hér í dag. Það kann vel að vera að í framtíðinni komi fleiri fiskistofnar til nýtingar. Þá kemur það til álita hvort hámarka þurfi nýtingu þeirra líka.

„2. gr. orðist svo:

Ráðherra skal skipta aflamagni hvers stofns jafnt á alla landsmenn og úthluta hverjum sínum hluta af aflamagninu með bréfi fyrir 15. janúar næsta árs.“

Þetta er í sjálfu sér ekki flóknara mál en að leggja skatta á landsmenn og dreifa skattseðli til þeirra allra.

„3. gr. orðist svo:

Einstaklingum er heimilt að ráðstafa sínum úthlutunarbréfum að eigin vild.“

Það er verið að úthluta fólki verðmætum, verðmætum sem eru þekkt að nokkru leyti. Þá ætti fólki að vera heimilt að selja þessi verðmæti þeim sem hafa vilja því verði sem býðst. Ég get ekki í fljótu bragði séð að hægt sé að leysa með öllu einfaldari hætti vandamál eignarréttarins annars vegar og það vandamál að hagkvæmni ráði því hvernig þessir fiskistofnar eru nýttir. Það er þá sú hagkvæmni sem býður mestan ágóða.

Menn gætu spurt sem svo: Hvað þá með þá aðila, t.d. byggðarlög, sem ekki geta keypt aflakvóta? Ef menn eru sammála um það — það kemur í ljós þegar þeir kjósa — að hér skuli haldið uppi byggð í landinu öllu kjósa þeir til þess þá menn sem það vilja tryggja. Það er þá þeirra manna að aðstoða þau byggðarlög, sem skortir nægilegt aflamagn til að hafa af því viðurværi, ef þeir svo vilja, annars ekki. Svo einfalt er það.

Þessi till. er nokkuð seint fram komin en hún er til orðin af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað undanfarin tvö ár um þetta grundvallaratriði, þ.e. rétt Alþingis til að úthluta verðmætum með þeim hætti sem það hefur gert nú undanfarið og með þeim hætti sem það ætlar sér að gera í framtíðinni. Þar sem ég tel að réttlæti sé ekki fullnægt með þeirri aðferð, sem notuð er og nota á, hef ég lagt fram þessa brtt. við frv.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Þessi brtt. hv. þm. Stefáns Benediktssonar er í raun og veru einfaldasta mynd af auðlindaskatti og í sjálfu sér allra góðra gjalda verð. Það hefur verið rætt um auðlindaskatt í fjöldamörg ár.

Auðlindaskatti er hvergi í heiminum beitt á neinar meiri háttar fiskveiðar nema ég heyrði það hjá dr. Rögnvaldi Hannessyni um daginn að hann taldi að Ný-Sjálendingar væru u.þ.b. að taka upp þessa aðferð þar sem útvegsmenn hafa heimild til að kaupa sér veiðileyfi til tíu ára og greiða til sameiginlegra sjóða allra landsmanna.

Það hefur þótt óeðlilegt að leggja auðlindaskatt á sjávarútveg sem nógu báglega væri staddur fyrir. Málið er í raun og veru órætt, eins og flm. gat um. Þetta er byltingarkennt og kannske eigum við eftir að ræða um það í ein tíu ár. En hvað sem því viðvíkur er þetta ekki tillaga sem er alveg út í hött, síður en svo.

Tillögur Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eru gersamlega út í hött. Það er aftur annað mál. Eftir þeim punktum, sem þar voru fram settir, er ekki

nokkur leið að stjórna einu eða neinu. Það fullyrði ég og hef fulla reynslu af því að fást við þvílíka punkta.

Ég sé að hv. þm. Skúli Alexandersson er ekki hér í salnum. Síðasta ræða staðfesti bara mitt álit, að hans sjónarmið á þessu máli öllu saman eru þrengstu eiginhagsmunasjónarmið. Í rauninni vill hann enga stjórnun, aðeins að þeir landshlutar, sem notið hafa forréttinda, geti haldið áfram að auka þau.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Hér er búið að halda margar og snjallar ræður. Það hefur náttúrlega farið á ýmsu um innihaldið. Ég ætla ekki að blanda mér í það nú í lok umræðnanna neitt sérstaklega.

Ég vildi aðeins láta koma fram vegna ræðu 8. landsk. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur að ég held að það hafi verið misskilningur hjá henni að ég hafi haldið því fram í minni ræðu hér í upphafi að auka ætti afla sunnanskipanna eða svæðis 1 á kostnað svæðis 2. Ég held að hún hafi misskilið mig. Það sem ég sagði var að í reglugerðinni, eins og hún var síðast þegar ég vissi, væru hugmyndir um að hækka skip, sem væru allt að 500 tonnum, á svæði 1 úr 800 tonnum upp í 1050 tonn, en skip, sem væru á svæði 2 eða vestur/norður-svæðinu, hækkuðu úr 1500 í 1750 tonn. Þetta er nákvæmlega sama tonnatala sem bætist við skipin — í prósentum reiknað gæti hún fengið hærri tölu en þá sem ætti að koma fyrir norðan, það er alger jöfnun þarna á milli, vegna þess slaka afla sem orðið hefur í þessum aukabúgreinum okkar í karfa, ufsa og öðru sem hefur farið stórminnkandi í veiði sunnanskipanna. Þetta er réttlætismál sem ég vildi benda á en ég mótmæli því að þarna sé verið að mismuna á milli svæða. Menn halda þar sömu tonnatölu.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, það er farið að fækka í salnum. Ég vona bara að frv. geti gengið til atkvæða sem fyrst af því að við höfum lofað því í nefndinni að við skyldum ljúka þessu máli í kvöld. Ég sé því ekki að margar fleiri ræður hafi miklu við að bæta í þessum efnum. Við getum geymt okkur margt af því til seinni tíma sem hér hefur verið sagt í kvöld.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda langa tölu. En varðandi síðustu orð hv. 3. þm. Vesturl. þá er það rétt hjá honum að þetta er sama tala í tonnum. En það væri skemmtileg tilbreyting á Íslandi ef hægt væri að koma við þessu kerfi í launasamningum án þess að sagt væri að verið væri að hækka alla jafnt því að þessu má líkja við sömu krónutölu á laun. Hér er verið að lækka tölu í hlutföllum og það var það sem ég sagði. Hér er verið að breyta þeim reynslugrunni sem kvótakerfið byggir á. Það er hægt að breyta því með því að setja sömu tonnatöluna á misjafnlega háar tölur en við fáum það endanlega út að verið er að lækka þetta í hlutföllum. Ég vona að hv. þm. sé sammála mér um þetta efni því að þetta liggur í augum uppi.

En það var skemmtilegt að fram kom hér úr ræðustól hver er guðfaðir kvótakerfisins og eðlilegt að þeim hv. þm. sé svolítið annt um að þetta kerfi haldi lífi. Eins og hann komst svo skemmtilega að orði í ræðu sinni, við endum á þessu kerfi. Það mátti á honum skilja að þetta væri endatakmarkið, hingað værum við komin með þetta ágæta kvótakerfi og út úr því yrði ekki farið meir. **(Gripið fram í:** Það er rétt skilið.) Já, það er rétt skilið, sagði hv. þm. En ég vona bara að það séu ekki mjög margir sammála honum innan Sjálfstfl. um að það sé hið endanlega takmark, sem Íslendingar skuli ná, að skipta með þessum hætti afla milli skipa og landsmanna.

Hv. þm. sagði að tillögur Farmanna- og fiskimannasambandsins væru ekki hæfar til að stjórna eftir. Það er eðlilegt að manni, sem helst vill stjórna þessu svo rækilega að hverjum einasta fiski verði skipt niður á fiskiflotann, honum finnist lítið til þess koma ef fram koma tillögur um eitthvert frjálsræði innan þessa kerfis. Það skil ég mætavel.

En ég vil undirstrika að ég er algerlega ósammála slíkum skoðunum. Ég held að tillögur Farmanna- og fiskimannasambandsins séu mun betri en þessar tillögur sem hér eru í frumvarpsformi og hv. þm. Skúli Alexandersson fór vel yfir áðan og ég ætla ekki neinu við það að bæta.

En vegna orða Björns Dagbjartssonar, hv. 5. þm. Norðurl. e., varðandi skiptingu á þorskafla milli landshluta, þá er hér ágætis tafla yfir slíka skiptingu. Það má fleira lesa út úr henni en hv. þm. gerði því að þar vildi hann undirstrika að Vestfirðingar hefðu bætt við þorskaflann miðað við 15 ár og síðan tvö s.l. ár. En út úr þessari töflu má líka lesa hvað mikið hefur verið selt af kvóta milli landshluta. Þar kemur fram að Vestfirðingar hafa þurft að kaupa kvóta. Annars vegar kemur fram kvótaúthlutun og hins vegar afli af þorski. Lítill hluti af þessu á Vestfjörðum er vegna söknarmarks vegna þess að það eru fáir togarar á Vestfjörðum á söknarmarki. Það kemur fram að kvótaúthlutun hefur verið um 14% af heildarþorskaflanum en aflinn hefur verið yfir 16%. En þegar maður fer að líta einmitt á þetta, úthlutun kvóta og síðan aflamarkið, eða aflann sem hefur fengist, þá er það áberandi hvað kvótaúthlutun hefur verið mun hærri á Reykjanesi heldur en aflinn segir til um. Það segir okkur einnig að kvóti hefur verið mikið seldur frá Reykjanesi. Og það er staðreynd því að víða um land hafa Reyknesingar meira að segja boðið fram kvóta á 5—6 krónur kílóið af þorski og hérna höfum við þetta í töfluformi. Aflinn er um 19% á móti því að rúmlega 24% voru kvótaúthlutun, þannig að þarna er yfir 4% munur.

Austurland hefur einnig losað sig við sinn afla, þeir hafa ekki getað náð þeim afla sem þeir fengu úthlutað, og Suðurland. Það mætti líka velta því fyrir sér hvort Sunnlendingar hafi jafnvel skipt á þorski og öðrum fisktegundum, en það kemur ekki fram í þessu. Þetta gæti líka falist í því, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson nefndi áðan, að menn geta skipt eða breytt síld, meira að segja síld, yfir í þorsk, og það verndar ekki mikið þorskstofninn þegar slíkt kerfi er við lýði.

Ég ætla ekki að fara út í ræðu hv. 3. þm. Suðurl., Árna Johnsens, þar sem hann er ekki í salnum og ég geri mér fullljóst að svona seint að kvöldi er tími til kominn að þessari umræðu fari að ljúka og hvað sem ég stæði hér lengi og mótmælti þessu kvótakerfi er hæstv. ríkisstj. sannfærð um að koma verði þessu kerfi á.

Ég vil þó í lokin benda á tilfærslu á milli fiskiskipa. Það kemur greinilega fram í Útvegi frá 1984 sem ég vitnaði í varðandi þessa töflu. Ég gleymdi reyndar að fá leyfi hæstv. forseta til þess að vitna í þetta rit en vona að mér fyrirgefist það. **(Forseti:** Það má margt fyrirgefa á þessu kvöldi.) Þakka þér fyrir það, en ég ætla þá að fá

að vitna hér aðeins um hvað aflinn hefur vaxið hjá togurum, en að sama skapi dregist saman hjá öðrum. Hér stendur:

„Nokkur tilfærsla átti sér stað í hlutdeild einstakra veiðarfæra. Netaveiði dróst verulega saman, en afli í önnur veiðarfæri óx, bæði hlutfallslega og að magni. Sem fyrr veiðist mest af þorski í botnvörpu. Nam hlutdeild hennar um 57,8%, sem er nokkur aukning frá fyrra ári. Hlutur togaranna jókst verulega. Af þorskaflanum komu 52,6% í þeirra hlut. Árið 1983 var hlutdeild þeirra 47% og á árinu 1982 44,3%." Þarna sjáum við svart á hvítu hvernig þessi stjórnun hefur fært afla, fært verðmæti frá bátum til togaranna. Hvort þetta er gott eða slæmt ætla ég ekki að láta í ljós skoðun á núna, en það er alla vega ekkert frelsi sem er í því fólgið að færa afla á milli fiskiskipa með stjórnaraðgerðum.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Ég er kominn hér upp fyrst og fremst í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Suðurlands og hefði svolítinn áhuga á að fá hann í salinn ef þess væri kostur. Hv. þm. nefndi þrisvar sinnum í ræðu sinni að ég hefði verið með skítkast í garð Vestmanneyinga. Þessum orðum hv. þm. vil ég mótmæla. Ég var ekki í einu eða neinu að ræða um Vestmanneyinga eða stöðu þeirra sem slíkra heldur var ég að benda á hve sú fiskveiðistjórnun sem við búum við væri gagnslaus við að stefna að því markmiði sem hv. þm. benti á, að grundvallarviðmiðunin yrði að vera gæði og aukin verðmæti. Það kerfi sem við búum við og það kerfi sem hv. þm. ætlar að fara að samþykkja eftir stutta stund hér í hv. deild gerir það sjálfsagt að verkum áfram að Vestmanneyingar liggja undir því sem hann kallaði skítkast. Ekki frá mér heldur frá hverjum og einum sem gerir sér grein fyrir því hvernig farið er með verðmæti, ekki frekar í Vestmannaeyjum en á Hellissandi og annars staðar, undir þessu kerfi. Það er kerfið sem kallar á þessa stöðu. Ég veit vel að Vestmanneyingar eru einir duglegustu sjómenn okkar og færa að landi drjúgan hluta af þeim afla sem færður er að landi af fiskimiðunum umhverfis landið, en það kerfi sem við búum við skapar þeim þessa aðstöðu.

Ég vil einnig benda á að þegar hv. þm. ætlaði að fara að gera sig að einhverjum útreikningsmeistara í sambandi við verð eða mismun á framleiðsluverðmæti frá Hellissandi og Vestmannaeyjum voru honum frekar mislagðar hendur. Hv. þm., sem virðist vera flestum hnútum kunnugur hringinn í kringum landið í sambandi við sjávarútveg — ég efast ekkert um það — tekur árið 1984 sem viðmiðunarár milli Vestmannaeyja og Hellissands. **(Gripið fram í:** Afla upp úr sjó.) Afli upp úr sjó er ekki marktækur í sambandi við þessa hluti, karlinn minn. Þá eru hlutirnir heldur betur mín megin, ef við ætlum að fara að meta það, vegna þess að matið á fiskinum frá Hellissandi og Rifi er mun betra en frá Vestmannaeyjum. Ég vil því ekki taka undir slíka viðmiðun eða fara að bera það saman á þann máta. Framleiðsluverðmætið frá Hellissandi hefur kannske verið minna á þessu ári vegna þess að þá bjuggum við við það að við höfðum ekkert frystihús. Við urðum fyrir þeim skaða að húsið brann hjá okkur og við urðum að vinna okkar afla í saltfisk og ódýrari framleiðslu. (Gripið fram í.) Þá eru hlutirnir enn þá verri, hv. þm., vegna þess að framleiðsluverðmætið frá þessum stöðum er á öfugan veg pr. einingu.

Ég held að hv. þm. hafi farið þarna út á heldur hálan ís og að viðmiðun hans á þennan veg sé því miður í þá átt sem hann staðhæfði að ég væri að segja um Vestmanneyinga. (Gripið fram í.) Já, ég ætla ekki að nefna tölur vegna þess að það eru ekki tölur, en á þann veg eru hlutirnir. Það er ekki nema eðlilegt að þm. þurfi að hlaupa undan þessari umræðu og með þeim orðum mun ég ljúka ræðu minni og þakka forseta fyrir þolinmæði hans í þessari löngu umræðu.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstvirtur forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið. Ég hef ekki tekið til máls fyrr um þetta mál, en hér liggur fyrir brtt. á þskj. 395 sem getur haft stórmikla þýðingu fyrir mitt kjördæmi sem er Reykjavík, enda er hún frá hv. 8. þm. Reykv., og er óþarfi að lesa hana upp. En í fáum orðum felur hún í sér að Alþingi skuli ákveða hámarksafla á hverju ári af ákveðnum fisktegundum, sem þar eru taldar upp, og síðan skuli ráðherra sjávarútvegsmála skipta þessu aflamagni jafnt á milli allra landsmanna fyrir 15. janúar — við höfum þarna jólin og samtals hálfan annan mánuð til þess að gera það — þannig að hver landsmaður fái í sinn hlut skuldabréf upp á þá upphæð sem þá kemur út.

Ég get ekki sem 1. þm. Reykv. verið á móti þessu þó ég efist um að þetta sé nú réttlát till. en get þó ekki stutt till. vegna þess að mér finnst hún ekki vera alveg nógu útfærð. Ég hefði viljað fá að vita hvort ríkir jafnt sem fátækir eigi að fá sömu upphæð í skuldabréfum og hvort fl[illegible]n. gæti ekki hugsað sér að þessi ágætasta hugmynd hans væri þá notuð að einhverju leyti til tekjuöflunar á milli landsmanna og hvort ekki væri þá hægt að koma á einhverju fyrirkomulagi þannig að úthlutun færi fram samkvæmt skattaframtölum, eitthvað slíkt. Og hún yrði ekki framkvæmd af ráðherra því ráðherrar hafa yfirleitt annað að gera en að standa í svona málum — e.t.v. væri hægt að efla félagsmálastofnun, t.d. Reykjavíkur, eða stofna nýja félagsmálastofnun landsmanna til að framkvæma þessa tillögu.

Ég vil ekki segja fleira um þetta, en um slíka till. sem hér er lögð fram segi ég að það hvarflar ekki að mér eitt augnablik að hér sé um einhvers konar grín að ræða. Þetta er djúpt hugsað og ég bið hv. þm. að taka þessa till. alvarlega þó að hún sé kannske ekki tilbúin til þess að hljóta afgreiðslu að þessu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 395,1 felld með 11:2 atkv.

1. gr. samþ. með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SDK, VI, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, HÓ, HS, JHelg, JK, SalÞ.

nei: SkA, StB, ÞK, EG, KSG, KolJ, RA.

EKJ greiddi ekki atkv.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Við núverandi aðstæður og ástand fiskistofna er öllum ljóst að ákveðinnar stjórnunar fiskveiða er þörf. Kvótakerfið er vissulega gallað í margri grein og hefur verið gagnrýnt harðlega, sumt með réttu, annað með röngu. En engar beinar tillögur aðrar um stjórnun og fyrirkomulag hennar liggja hér fyrir. Með þessu frv. hefur verið komið til móts við gagnrýni á núgildandi lögum og

framkvæmd þeirra í veigamiklum greinum, margt til verulegra bóta og annmarkar sniðnir af. Varðandi báta undir 10 lestum hefði ég þó viljað ganga enn lengra en gert er. Ég held að engu að síður séum við á réttri leið í þessum efnum. Verstu ágallar eru sniðnir af, dregið úr ofurvaldi ráðherra og ráðuneytis og önnur leið betri ekki beint í augsýn. Því mun ég styðja frv. í þessari mynd þó ég sé ekki alsáttur við það, einkum ekki 9. gr. þess, en seint mun allt verða þar sem hver og einn vill í öllum greinum. Ég segi því já.

Ragnar Arnalds: Ég álít óhjákvæmilegt að takmarka sókn í fiskistofna með hámarksafla en ég get ekki fallist á að það sé gert með þeirri aðferð sem hér er gerð tillaga um, þessari sérkennilegu blöndu af einræðisvaldi ráðherra og kvótakerfi sem byggist á veiðiláni einhverra skipshafna á undanförnum árum, oft allt annarra skipshafna en nú eru á skipunum. Ég álít þetta kerfi ósanngjarnt og undrast stórum að því skuli enn vera gefið líf. Að öðru leyti vísa ég til ítarlegra röksemda hv. þm. Skúla Alexanderssonar gegn þessu frv. Ég segi nei.

Brtt. 395,2 felld með 11:2 atkv.
2. gr. samþ. með 11:2 atkv.
3.—8. gr. samþ. með 12:2 atkv.
9. gr. samþ. með 10:3 atkv.
10.—20. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 12:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Geislavarnir, stjfrv. 151. mál (þskj. 257 (sbr. 165), n. 375 og 379). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta mál til meðferðar og fengið á sinn fund Örn Bjarnason forstjóra Hollustuverndar ríkisins, Sigurð Magnússon forstöðumann geislavarnadeildar, Ingimar Sigurðsson stjórnarformann og Davíð Á. Gunnarsson stjórnarmann Hollustuverndar ríkisins.

Meðferð þessa máls í heilbr.- og trn. var nokkuð hröð. Það kom fram við umfjöllun málsins að nauðsynlegt væri af ýmsum ástæðum, þó einkum einni, að afgreiða þetta mál núna fyrir áramót með tilliti til þeirra skipulagsbreytinga sem frv. hefur í för með sér. Með lögum frá 1982 voru Geislavarnir ríkisins lagðar niður sem sjálfstæð stofnun og Hollustuvernd ríkisins falið að annast þá starfsemi sem Geislavarnir ríkisins höfðu haft með höndum. Árið 1984 var síðan stofnuð sérstök deild vegna geislavarna. Þar með var að vissu leyti viðurkennt að starfsemi Geislavarna yrði að vera sér á báti. Starfsemin félli ekki nægilega vel að starfsemi annarra deilda. Hún væri það frábrugðin í raun og veru. Það má segja að þessi ákvörðun 1984 hafi verið fyrsta skrefið af því sem nú hefur verið lagt til. Þess vegna má halda því fram að þetta frv. feli í sér að skrefið sé í reynd stigið til fulls.

Ég minnist þess og ég veit að aðrir hv. nm. og raunar deildarmenn allir minnast þeirra raka sem lágu til grundvallar breytingunum sem gerðar voru 1982. Það er, þá var stofnunin lögð niður sem slík og felld undir Hollustuvernd ríkisins eins og ég gat um áðan. Sú aðgerð og þau rök sem færð voru fyrir þeirri aðgerð voru m.a. sparnaðarráðstafanir. Reyndar kom það fram við umfjöllun málsins í heilbr.- og trn. að e.t.v. var meginástæðan þó sú, þrátt fyrir allt, að það hefði reynst nauðsynlegt að vista þessa stofnun, þetta verksvið einhvers staðar.

Það var mikið fjallað um kostnað vegna þessarar stofnunar á þeim tveimur fundum nefndarinnar sem málið var til meðferðar. Ég vil leyfa mér að vitna til umsagnar Fjárlaga- og hagsýslustofnunar í því sambandi, en þar stendur með leyfi forseta:

„Vísað er til umsagnar Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frv. til l. um geislavarnir, dags. 25. nóvember s.l. Var þar bent á að ólíklegt væri að frv. um geislavarnir sem sérstaka stofnun hefði ekki kostnaðarauka í för með sér frá núverandi fyrirkomulagi. Sameining hinna ýmsu deilda Hollustuverndar ríkisins var auk þess gerð með þeim rökum að til sparnaðar og hagræðingar mundi leiða. Auk þess kostnaðarauka sem vafalítið hlýst af sérstakri stofnun í stað deildar innan Hollustuverndar ríkisins hefur nú komið fram brtt. um stjórn stofnunarinnar sem leiðir til aukins kostnaðar. Þann kostnað má ætla um 200 þús. kr. á ári og er þá reiknað með þóknun til forstöðumanns fyrir setu á fundum og undirbúnings þeirra. Slíkt tíðkast gjarnan.

Loks skal lögð á það áhersla, sem og í fyrri umsögn, að kostnaðarauki við frv. í heild falli ekki á ríkissjóð, heldur verði gengið þannig frá að eftirlitsgjöld standi undir rekstri."

Eins og hv. deildarmenn hafa tekið eftir þá varð breyting á frv. í Nd. þess efnis að stofnuninni yrði skipuð sérstök þriggja manna stjórn og verksvið hennar að nokkru leyti tíundað. Sú skipan hefur í för með sér, að dómi Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, töluverðan kostnaðarauka. Ég hygg að ég geti mælt fyrir munn heilbr.- og trn. og sagt að hún geri niðurlagsorð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að sínum, það er að þarna verði ekki um aukinn kostnað að ræða sem falli beint á ríkissjóð. Þess vegna er hiklaust hægt að halda því fram að heilbr.- og trn. leggi áherslu á það að starfsemi Geislavarna verði alfarið kostuð af eigin tekjum, tekjum sem stofnunin aflar sjálf fyrir þjónustu sem hún veitir, enda þótt heildarrekstur kunni eitthvað að aukast við samþykkt þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. en get þess að nefndin varð ekki einhuga í afstöðu sinni til málsins. Hún klofnaði í meiri og minni hl. Minni hl., hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir, skilar séráliti og mun vafalaust gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins. En niðurstaðan er þessi, að því er meiri hl. varðar, að hann leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Frsm. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. heilbr.- og trn. um frv. til l. um geislavarnir á þskj. 379. Þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið á tveim fundum en vegna tímaskorts hefur ekki gefist tækifæri til að athuga málið sem skyldi.

Ekki hefur komið fram neinn rökstuðningur fyrir fjölgun ríkisstofnana með þeim hætti sem hér er gert

ráð fyrir. Undirrituð telur að gæta þurfi aðhalds og sparnaðar í rekstri og uppbyggingu opinberra stofnana.

Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að hægt sé að sinna sem skyldi því eftirliti, sem Geislavörnum er ætlað að annast, hér eftir sem hingað til frá deild innan Hollustuverndar ríkisins eða annarrar ríkisstofnunar.

Alþingi ætti fremur að leita leiða til þess að sameina og fækka ríkisstofnunum en setja á fót nýjar án sýnilegs ávinnings."

Virðulegur forseti. Ég ætla að byrja á því að ítreka vinnubrögð varðandi meðferð á þessu máli en þá er ég ekki að átelja formann nefndarinnar, síður en svo. Það var haldinn nefndarfundur í gærmorgun, því að málinu var vísað til okkar í fyrradag, og við höfðum einn sólarhring til þess að taka ákvörðun um hvort við séum fylgjandi þessu máli eða ekki. Þetta verður að átelja vegna þess að hér er ekki um mál að ræða sem þarf að flýta sérstaklega. Það er ekkert varðandi fjárlagagerðina sem gerir það að verkum að þetta þurfi að afgreiða fyrir áramót, en að því spurðum við sérstaklega. Það er því engin ástæða að mínu mati til að afgreiða þetta mál núna, í þessum önnum fyrir jól. Það er vissulega tilefni til þess að athuga það nánar hvort svo fámenn stofnun, sem telur telur starfsmenn, geti og eigi að vera sjálfstæð. Hvort Geislavarnir eigi ekki frekar að vera deild í Hollustuvernd ríkisins eða Vinnueftirliti ríkisins, eða stofnun eða deild í náinni samvinnu við ríkisspítalana, borgarsjúkrahúsin og sjúkrahúsin um landið, en þar eru langflest þau tæki sem þarf að fylgjast með.

Eins og ég sagði áður þá er hér um örfáa starfsmenn að ræða sem vinna sérhæft starf, þ.e. eftirlit með innflutningi og meðferð geislavirkra efna og geislatækja. Þrátt fyrir þessa sérhæfðu starfsemi sé ég ekki nein rök fyrir því að gera Geislavarnir að sérstakri stofnun. Yfirgnæfandi meiri hluti þessarar starfsemi er eftirlit með tækjum á sjúkrastofnunum, eins og ég hef áður komið að, þ.e. röntgentækjum. Það eru því ekki sannfærandi rök að ekki verði um kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð vegna þessarar breytingar. Næsta víst er að um einhvern kostnaðarauka verður að ræða við þessa stofnun, þ.e. við stjórnun þessarar stofnunar og í rekstri hennar, því að af sjálfstæði hennar leiðir að hún verður að hafa eigið bókhald og ýmsa yfirstjórn. Þá hækka starfsmenn, sem þar vinna, í launaflokkum því að þeir breyta um titla og eins og við vitum þá raðast þeir öðruvísi í launaflokka, hækka alla vega um 2—3 launaflokka og þetta lendir að mestum hluta á ríkinu. Við komumst ekki hjá því. Þess vegna tel ég alls ekki tímabært að samþykkja þetta frv., bæði illa athugað og illa rökstutt að það sé rétt að gera þriggja starfsmanna stofnun að sérstofnun innan ríkiskerfisins þar sem manni finnst að á mörgum sviðum ætti að draga verulega saman.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég get nú tekið undir flest af því sem kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur hér áðan varðandi vinnubrögð í þessu máli og eins þær efasemdir sem hafa verið í mínum huga varðandi málið í heild sinni. Það kann vel að vera að þetta sé hið ágætasta mál þegar það hefur verið gaumgæft. Það hefur hins vegar alls ekki verið gert.

Ég vil ekki átelja formann nefndarinnar fyrir þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið. Ég veit að hann var undir miklum þrýstingi um það að afgreiða þetta mál skilyrðislaust út úr heilbr.- og trn. og helst án þess að athuga það nokkuð. Þetta væri svo lítilvægt mál að það þyrfti í raun og veru ekkert að líta á það. Við fórum hins vegar nokkuð vel yfir málið á tveim fundum. Það má kannske segja að frv. sé meinlaus tilraun til þess að leyfa ákveðnum aðilum að verða kóngar í ríki sínu, að vísu smákóngar, en engu að síður kóngar í ríki sínu, og það mun nú vera meginforsendan að baki þessa frv., að ákveðinn aðili þurfi ekki að vera undir Hollustuverndina gefinn, heldur megi stjórna eigin ríkisfyrirtæki.

Ég segi það hins vegar að auðvitað hlýtur að vera efi í huga okkar, sem stóðum að lagasetningu um Hollustuvernd ríkisins fyrir fáum árum, um þetta mál. Þegar við vorum að ræða um Hollustuverndina á sínum tíma og sameiningu Geislavarna undir þann hatt, þá vorum við vitanlega að huga að því m.a. að þessi stofnun, ef stofnun skyldi þá kalla, var á vergangi hálfgerðum og þurfti einhvers staðar skjól, ef svo mætti segja, og við völdum þann kost að fylgja frv. í þá átt að veita stofnuninni skjól hjá Hollustuvernd ríkisins. Og núna, aðeins þrem árum síðar, erum við að breyta þessu í sjálfstæða stofnun, þessari litlu stofnun en nauðsynlegu, og það tek ég fram að hún er mjög nauðsynleg og hún er mjög sértæk á margan hátt.

Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara vegna þess að ég er hreint ekki sannfærður um það eftir þá litlu athugun sem ég hef gert á málinu að hér sé um nokkurt nauðsynjamál að ræða.

Hins vegar er ekki hægt að neita því að manni hlær nú hugur í brjósti þegar hæstv. ráðherra Sjálfstfl. fer út í þau afskipti af ríkisrekstri sem hér um ræðir og fer að sundurgreina stofnanir og búa til nýjar. Það þykir manni svona svolítið sérkennileg útfærsla á þeim hugmyndum sem þar eru efstar á baugi nú á tímum. (**KSG:** Báknið kjurt.) Það er rétt hjá hv. 6. landsk. þm. að báknið á vitanlega að vera „kjurt" hjá Sjálfstfl., enda hefur enginn flokkur búið þetta bákn til í ríkara mæli en Sjálfstfl. Hann er í raun og veru aðalarkitekt þessa bákns og hefur verið allra flokka duglegastur við að þenja það út þegar hann hefur haft til þess aðstöðu, þannig að þetta er kannske bara smásýnishorn af því, að þegar hæstv. ráðherrar fá tækifæri til, þá skal útþenslan vera í gildi svo sem hún hefur alltaf verið þegar þeir hafa setið við stjórnvölinn.

Það er hins vegar erfitt að tala um einhverja ráðdeildarstarfsemi eða aðhaldsstarfsemi í þessum efnum. Hér þyrftum við í raun og veru að gera miklu meira í því að láta það eiga saman sem saman á í þessu efni. Ég tel t.d. að við þyrftum að samræma margs konar eftirlit sem við höfum á ýmsan veg hér í þjóðfélaginu og hið opinbera þarf vissulega að samræma gjaldtöku fyrir það eftirlit, en engu að síður að sameina það eins og mögulegt er. Það var m.a. gert með lögum um Hollustuvernd og Vinnueftirlit ríkisins er kannske lýsandi dæmi um það einnig og jafnvel mætti þar bæta við fleiri þáttum þegar það eftirlit er komið í þær skorður sem þarf og ef það fær nægilegt fjármagn til þess að ganga til verka eins og það þarf að gera.

Ég skal ekki lengja þennan fund, svo langur sem hann er þegar orðinn, með lengra máli hér um. En skoðun mín nú á þessu máli og umhugsun um það hefur leitt til þess að minn fyrirvari mun breytast í hjásetu um

þetta mál. Ég treysti mér ekki til þess að mæla með því að svo stöddu. En vel kann að vera að hefði hæstv. ráðherra haldið öðruvísi á málum og skynsamlegar og afgreitt málið eftir áramót, þá hefði ég getað hugsað mér að styðja það.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tók þessu frv. með mikilli styggð þegar ég fyrst leit það, einkum vegna þess að ég hef verið þátttakandi í því að sameina stofnanir og fyrirtæki ríkisins og skildi ekki í þessu afturhvarfi sem þarna átti sér stað. Að vísu gerði ég mér grein fyrir því að nú þegar Sjálfstfl. segir: Báknið burt þá meinar hann: Báknið kjurt. Það var svo skammt frá kosningum sem síðasta umræða um þetta fór fram á sínum tíma.

Ég verð að játa það að eftir að hafa fengið þá aðila, sem komu til fundar við nefndina, til viðræðu varð viðhorf mitt það að rétt væri að samþykkja þetta frv. Það liggur fyrir að Geislavarnir ríkisins eru þáttur í kerfinu sem ekki snertir aðra þætti þess, er mjög sjálfstæður og því e.t.v. eðlilegt að hér sé um sjálfstæða stofnun að ræða. Og það vakti undrun mína í þessari umræðu að Geislavarnir ríkisins hafa starfað sem eins konar góðgerðarstofnun ríkisins gagnvart verktökum og tannlæknum á Íslandi, vegna þess að Geislavörnum hefur verið gert að skyldu að skoða tæki tannlækna einu sinni á ári og tekið fyrir það 3000 kr. Þessu hefur Tannlæknafélagið mótmælt og neitað að borga, en það hefur aftur haft það í för með sér að Geislavarnir ríkisins eru komnar í mál við tannlækna. Og þrátt fyrir það að þvílíkir öreigar eiga þarna hlut að máli, tannlæknar á Íslandi, vona ég að takist að innheimta þessa greiðslu sem fyrst.

Það kom einnig fram í viðræðum við þá sem til voru kallaðir að helstu verktakar á Íslandi þurftu að greiða allt að 7500 kr. fyrir skoðun á flóknum tækjum, þessum niftontækjum. Hvernig þessi verðlagning verður til veit ég ekki en ég verð að játa að það er með undarlegri hlutum hvernig þetta þriggja manna starfslið ríkisins þarf að vera á framfæri þess til þjónustu fyrir tannlækna og verktaka á Íslandi. Ég veit ekki hvað veldur þessu en ég er andvígur þessu. Ég er andvígur því að ríkið sé að halda uppi einhverri sérstakri góðgerðarstofnun fyrir verktaka og tannlækna á Íslandi. Ég treysti því að hin nýja stofnun vinni fyrir sér og það þarf að vera svo. Og í trausti þess samþykki ég þetta frv., í trausti þess að stofnunin vinni fyrir sér, taki gjald fyrir sína vinnu, verði ekki ómagi á fátæku alþýðufólki á Íslandi. Ég veit að þetta er hugsjónalega á móti þeirri stefnu Sjálfstfl. að ríkið sjái ekki fyrir fyrirtækjum á Íslandi og m.a. þess vegna samþykki ég þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:1 atkv.
2.—24. gr. samþ. með 13:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 41. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 40. fundi.

Málefni aldraðra, stjfrv. 182. mál (þskj. 343). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 411).

Geislavarnir, stjfrv. 151. mál (þskj. 257 (sbr. 165)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 412).

Stjórn fiskveiða, stjfrv. 145. mál (þskj. 264 (sbr. 159). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VI, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, HÓ, HS, JHelg, JK, SalÞ.

nei: SkA, StB, ÞK, EG, KSG, KolJ, RA.

EKJ greiddi ekki atkvæði.
1 þm. (SDK) fjarstaddur.
Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég tel það mikinn ábyrgðarhlut varðandi framtíð þessa lands að binda aðallífsafkomu þjóðarinnar í hin hörðu bönd miðstýringar og ríkisafskipta með þeim hætti sem gert er í þessu frv. Því segi ég nei.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umræðu um þetta mál nú. Ég hygg að allir viti mínar skoðanir á þessu máli frá því það var rætt hér fyrir tveim árum síðan, og raunar í fyrra líka. Stundum getur líka þögn skilist jafnvel og mörg orð. Ég hef heitið því í mínum flokki að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu hér og nú en á sama hátt heiti ég því að berjast gegn þessu máli á hausti komanda, ef ég þá verð þingmaður,

vegna þess að ég tel þetta mál ekki gott mál. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 413).

Neðri deild, 39. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum fundi í Sþ.

Barnabótaauki, stjfrv. 197. mál (þskj. 285, n. 358). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um sérstakan barnabótaauka. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir tók þátt í afgreiðslu málsins og er samþykk þessari málsmeðferð. Undir þetta rita auk mín hv. þm. Guðmundur Einarsson, Halldór Blöndal, Svavar Gestsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur G. Einarsson, og Stefán Valgeirsson, sem sótti fundi nefndarinnar í forföllum formanns nefndarinnar, hv. þm. Páls Péturssonar.

Þetta frv. á rætur að rekja til samninga á vinnumarkaðnum 21. febrúar 1984. Það var síðan samþykkt að framlengja lögin fyrir yfirstandandi ár og var þá upphæðin hækkuð í 15 þús. kr. fyrir hvert barn. Nú eru upphæðir færðar upp með tilliti til hækkunar skattvísitölu um 36% og er kostnaður ríkissjóðs af frv. þessu talinn vera um 42 millj. kr.

Herra forseti. Við í hv. fjh.- og viðskn. mælum með því að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, stjfrv. 168. mál (þskj. 188, n. 319 og 328, brtt. 294). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, frá meiri hl. sjútvn. Þar segir svo:

„Nefndin fjallaði um frv. á fundum sínum. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Guðmundur Einarsson skilar séráliti."

Undir þetta nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram og Guðmundur H. Garðarsson.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 319. Það er svohljóðandi:

„Þær millifærslukúnstir, sem lýst er í frv. og athugasemdum með því, eru alls ekki viðunandi í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Í stað miðstýringar og skaðlegrar forsjárhyggju, sem ríkir í verðlagsmálum greinarinnar, er nauðsynlegt að koma á fiskmörkuðum og frjálsri fiskverðsmyndun, ásamt frjálsari verðlagningu gjaldeyris. Ef venjuleg lögmál viðskiptalífs fengju þannig að ráða hyrfu skammtalækningar eins og frv. lýsir.

Undirritaður mun greiða atkvæði gegn frv."

Við þetta er raunar litlu að bæta. Sá vandi, sem verið er að leysa með millifærslum á þessum uppsafnaða söluskatti, er einfaldlega heimatilbúinn. Hann er til kominn vegna þess hvernig staðið er að því að skapa þessari grein umhverfi og það er dálítið hart að þau verkefni séu kannske þm. fyrirferðarmest á Alþingi sem þeir hafa þannig skapað sjálfir. Því held ég að menn ættu að snúa sér að því — eins og ég segi hér í álitinu — að búa þessari grein þannig umhverfi að ekki þurfi sífellt að vera með svona kúnstir, hvort sem það er millifærsla á uppsöfnuðum söluskatti eða peningar sem teknir eru úr öðrum sjóðum. Það er augljóst að við svo búið verður ekki lengur unað.

Eins og ég lýsi yfir í álitinu mun ég greiða atkvæði gegn þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 294 felld með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27:1 atkv.

Gjaldþrotalög, frv. 190. mál (þskj. 354, n. 373). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Allshn. deildarinnar hefur athugað frv. til l. um breyting á gjaldþrotalögunum, sem er 190. mál, eftir að málið hafði komið til Nd. frá Ed. með breytingum sem Ed. samþykkti á frv.

Allshn. hefur fjallað um þær breytingar en þær eru ekki stórvægilegar. Í fyrsta lagi er um nokkra orðalagsbreytingu að ræða við 2. gr. frv. og tvær viðbætur við 2. og 4. gr. til þess að gera textann skýrari, en fela ekki í sér neinar efnisbreytingar. Allshn. hefur orðið sammála um að þessar breytingar séu til bóta, hefur samþykkt þær og leggur til að frv. í þeirri mynd, eins og það er komið til Nd. frá Ed., verði samþykkt.

Undir þetta álit allshn. rita, auk mín, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir og Stefán Guðmundsson, en fjarstaddir voru Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson og Guðmundur Einarsson.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég gat af óviðráðanlegum orsökum ekki verið á þessum fundi hv. allshn. en ég er sammála því áliti sem kemur fram í nál. nefndarinnar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 403).

Neðri deild, 40. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 39. fundi.

Barnabótaauki, stjfrv. 197. mál (þskj. 285). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 399).

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, stjfrv. 168. mál (þskj. 188). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 405).

Lánsfjárlög 1986, stjfrv. 2. mál (þskj. 286, n. 359 og 360, brtt. 355, 361, 363). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Nd. um lánsfjárlög. Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fluttar eru á þskj. 361. Minni hlutarnir munu hins vegar skila séráliti.

Þær breytingar sem meiri hl. nefndarinnar leggur til að gerðar verði fela í sér 1241 millj. kr. hækkun á heildarlántökum, þar af 390 millj. kr. á innlendu lánsfé og 851 millj. kr. á erlendu lánsfé. Ráðgert er að afla 4 milljarða og 210 millj. kr. innanlands og 8 milljarða 277 millj. kr. með erlendum lántökum. Frekar er gerð grein fyrir þessu í nefndarálitinu og vísa ég til þess. Sumar þær breytingar sem gerðar eru tillögur um að gera á frv. eins og það kom frá Ed. eru vegna afgreiðslu lánsfjárlaga, en þetta mun vera í fyrsta skipti sem reynt er að afgreiða lánsfjárlög og fjárlög samtímis og má því segja að nú sé um það bil að renna upp stór stund í sögu ríkisfjármálanna þegar hægt verður að ná heilstæðri mynd áður en fjárhagsárið byrjar.

Á bls. 2 í nál. er gerð grein fyrir þessum breytingum. Vegna afgreiðslu fjárlaga verða nokkrar breytingar á frv. svo sem eins og á grein um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er ljóst að 21. gr. frv. er felld út vegna þess að hún var inni fyrir mistök. 26. gr., eins og hún er í frv. frá Ed., fellur niður vegna breytinga sem gerðar voru í fjvn. Gert hafði verið ráð fyrir 100 millj. kr. skerðingu á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs, en frá því ráði var horfið.

Þá skal það tekið fram að brtt. er flutt um nýtt skerðingarákvæði sem komi þá á eftir 27. gr. í frv., eins og það kom frá Ed. Það hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóð til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1986 og skuli þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, skv. 2. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971."

Þetta þýðir, herra forseti, að niður falla úr fjárlögum greiðslur sem ríkið átti skv. lögum að inna af hendi til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, þær greiðslur nema u.þ.b. 20 millj. kr., en verða þess í stað bornar uppi af verðlaginu án þess að verðlag hækki. Þetta stafar af því að skv. 2. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 eru lögð gjöld á landbúnað og landbúnaðarafurðir og munu þau gjöld að nokkrum hluta standa undir þeim greiðslum sem áður voru á ríkissjóði.

Þá er hægt að geta áhrifa breyttra verðlags- og gengisforsendna á suma liði frv. Gert er ráð fyrir að við afgreiðslu fjárlaga hafi verðlag hækkað um 5—5 ½% frá því að frv. kom fram til verðlags dagsins í dag. Þessi verðlagsbreyting er m.a. vegna launabreytinga upp á 3%. Auk þess kemur til launaskrið og gengisbreytingar. Þá er enn fremur í þessu frv., eins og í fjárlagafrv. þegar það kemur til 3. umr., gert ráð fyrir því að bæta við því sem nemur breytingum á verðlagi milli meðalverðlags ársins í ár til ársins 1986. Það skal einnig tekið fram að ekki eru allir liðir sem innihalda ákveðið fjármagn verðbættir í þessu frv. né heldur í fjárlagafrv.

Þá skal þess getið enn fremur að fluttar eru tillögur um skuldbreytingar á skammtímalánum hjá hitaveitum. Á þetta við um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, um Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja. Hér er um verulega háar upphæðir að ræða, en þessar upphæðir hækka ekki skuldastöðuna út á við því hér er um skuldbreytingar að ræða.

Þá vil ég vekja sérstaka athygli á því að á bls. 3 í nál. er vikið að nýrri verklagsreglu, en hæstv. fjmrh. beindi þeim tilmælum til nefndarinnar að hún vekti athygli á því að erfitt er að sjá í lánsfjárlögum á hverjum tíma hve miklar lántökuheimildir hafa verið gefnar á undanförnum árum.

Í lok nál. segir svo, með leyfi forseta:

„Til að koma festu á þessi mál þarf því að koma upp ákveðinni vinnureglu varðandi gildistíma lántökuheimilda í lánsfjárlögum. Meiri hl. telur nauðsynlegt að í lánsfjárlögum hverju sinni verði sett inn sérstök grein sem kveði á um að þær heimildir sem þar komi fram gildi einungis innan fjárlagaársins. Jafnframt er lagt til að farið sé með ónýttar heimildir eins og gert er með fjárveitingar til stofnkostnaðar, að hægt sé að sækja sérstaklega um geymslu, eða m.ö.o. að flytja heimildir milli ára. Beiðni um geymslu lántökuheimilda þyrfti að

hafa borist Fjárlaga- og hagsýslustofnun eigi síðar en 15. nóvember þess árs sem heimildin er veitt skv. lánsfjárlögum.

Varðandi þá aðila sem telja sig eiga ónýttar heimildir frá fyrri árum verður árið 1986 nokkurs konar uppgjörsár þannig að frá og með áramótunum 1986/1987 falla allar eldri heimildir úr gildi."

Ég held, herra forseti, að hér sé hreyft veigamiklu máli, og takist það að koma lánsfjárlögum á sama grunn og fjárlög og verði þessi tvenn lög afgreidd samhliða á Alþingi í framtíðinni eins og nú hefur tekist, eða a.m.k. eins og horfir, er um stórkostlegt framfaraspor að ræða í *fjármálum ríkisins*.

Ég vil aðeins, forseti, víkja fáeinum orðum að Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er ljóst og við reynum ekki að draga dul á það að séu bornar saman tölur í lánsfjárlögum eða lánsfjárlagafrv. og fjárlagafrv. og þær tölur sem birtast a.m.k. nú síðast frá Lánasjóði ísl. námsmanna, munar u.þ.b. 30% á þessum tölum sem gæti þýtt það, ef Lánasjóður ísl. námsmanna hefur rétt fyrir sér og áætlanir hans standast, að 30% vanti á að hægt sé að fullnægja lánaþörf námsmanna skv. þeim reglum sem nú eru í gildi. Það skal tekið fram að hæstv. menntmrh. kom á fund nefndarinnar og skýrði frá því að hann mundi nú innan skamms tíma beita sér fyrir breytingum á reglugerð um Lánasjóðinn og stefna þannig að því að hægt sé að draga úr lánsfjárþörf sjóðsins, eða réttara sagt, úr lánaþörf íslenskra námsmanna. Hann tók hins vegar skýrt fram að staðið verður við allar þær skuldbindingar sem gefnar hafa verið hingað til til þeirra sem eiga rétt á láni úr sjóðnum. Það er því ljóst að á næstu dögum, vikum og mánuðum verður unnið af kappi að því að fara ofan í málefni Lánasjóðsins í því skyni að breyta lánareglum til þess að það sé eðlilegt samræmi á milli fjárþarfar þeirra sem fá lán úr sjóðnum og hinna sem þiggja laun á almennum vinnumarkaði.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að það eru nokkur atriði sem þurfa væntanlega lagfæringar við í frv. eins og það stendur nú og þrátt fyrir þær brtt. sem fluttar hafa verið á þskj. 361. Stefnt verður að því að halda fund í nefndinni á milli umræðna og þess freistað með þeim hætti að samræma endanlega tölur sem þurfa að koma fram í lánsfjárlögum og í fjárlögum fyrir næsta ár. Þar á meðal vil ég benda á að ekki vannst tími til að breyta tölum í 14. gr. frv. eins og það kemur frá hv. Ed., en mér er kunnugt um það að hv. fjvn. hefur þegar gert tillögu til hækkunar á framlagi ríkisins til Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna Lífeyrissjóðs bænda. Þar er um að ræða hækkun vegna verðlagsbreytinga.

Að öðru leyti, herra forseti, get ég vísað til þeirra taflna sem birtast sem fylgiskjöl með nál. meiri hl. Þar er í fyrsta lagi yfirlit um innlendar og erlendar lántökur ef tillögur meiri hlutans verða samþykktar. Í öðru lagi ráðstöfun lánsfjár 1986. Í þriðja lagi greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1986. Í fjórða lagi sundurgreining á fjáröflun og lánveitingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Í fimmta lagi sundurliðun á innstreymi og útstreymi Byggingarsjóðs ríkisins. Í sjötta lagi innstreymi og útstreymi Byggingarsjóðs verkamanna. Í sjöunda lagi er tafla yfir fjármunamyndum 1984—1986 sem unnin er af Þjóðhagsstofnun og þar kemur í ljós að fjármunamyndun eða heildarfjárfesting mun dragast saman um 4,2% skv. áætlun sem nú liggur fyrir um árið 1986. Þar munar mestu um byggingar og mannvirki hins opinbera, en gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting hins opinbera dragist saman um 13,6%. Í þeim lið vega þyngst annars vegar rafvirkjanir og rafveitur, sem dragast saman um tæplega 40%, og byggingar hins opinbera, sem dragast saman um 12,3%.

Þess skal getið að væntanlega kemur fram framhaldsnefndarálit frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Í því verður sýnd staðan í greiðslujöfnuði gagnvart útlöndum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni en ítreka þakkir. Ég vil byrja á því að þakka *meðnefndarmönnum mínum*, *því að þeir hafa* lagt á sig að sitja á löngum fundum og nefndin hefur kallað til sín fjölda manna. Ég vænti þess að hægt verði að ná góðu samkomulagi um það að þetta mál verði samþykkt sem allra fyrst í þessari hv. deild, enda þarf að senda málið aftur upp til hv. Ed. til frekari fyrirgreiðslu.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur ekki haft langan tíma til þess að fjalla um þetta mál. Staðreyndin er sú að þetta mál hefur verið afgreitt á tveimur fundum frá nefndinni. Hygg ég að þess séu fá eða engin dæmi að fjh.- og viðskn. Nd. hafi verið sett í aðra eins pressu við að reyna að afgreiða lánsfjárlög hæstv. ríkisstj.

Þegar málið var tekið út úr nefndinni í gær greiddi ég ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni atkvæði gegn því að málið yrði tekið út úr nefndinni vegna þess að við töldum að það væri ófullburða og gallað í veigamiklum atriðum, allar forsendur lánsfjárlagafrv. óskýrar og á floti og bersýnilegt að stjórnarmeirihlutinn hefði ekki enn þá áttað sig á ýmsum veigamiklum grundvallaratriðum í þessu máli. Engu að síður ákvað hæstv. fjmrh. að strekkja við að þræla þessu máli í gegnum þingið fyrir hátíðar þó að hann örugglega viðurkenni í sínum huga eins og aðrir að flest bendi til þess að hér verði aðeins um skemmri skírn að ræða og ríkisstj. verði óhjákvæmilegt að koma hér inn þegar líður á veturinn með annað lánsfjárlagafrv. til þess að geta bætt úr ófullkomleika þess frv. sem hér liggur fyrir.

Á þskj. 359 höfum við, ég og hv. þm. Guðmundur Einarsson, skilað áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. þar sem við leggjum til að þessu frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Ég vil hefja mál mitt á því, herra forseti, að lesa þetta nál., en það er á þessa leið:

„Ríkisstjórnin vill knýja fram afgreiðslu á lánsfjárlögum fyrir árið 1986 enda þótt flestar forsendur þeirra séu óljósar og málið í heild ótækt til afgreiðslu nú fyrir áramót. Af þeim ástæðum lagðist 1. minni hl. nefndarinnar gegn afgreiðslu málsins út úr nefnd, enda fékk nefndin aðeins tvo daga til að fjalla um málið. Leggur 1. minni hl. til að deildin vísi málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Verður nú vikið að fáeinum atriðum frv.:

1. Aðalgrein frv. um erlendar lántökur var ekki frágengin þegar meiri hl. ákvað að taka málið út úr nefnd í gær þar sem forsendur fjárlagafrv. lágu ekki fyrir. Þegar málið var tekið út úr nefnd lá fyrir að mati meiri hl. að það vantaði 200—300 millj. kr. í erlendar lántökur skv. greininni! Slík var nákvæmnin af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans í þessu máli. Þá er gert ráð fyrir því að hækka töluna yfir innlendar lántökur um

250 millj. kr. án þess að því fylgi ýkja trúverðugur rökstuðningur.

2. Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að strekkjast enn við að heimila 200 millj. kr. lántöku vegna hugsanlegra samninga um stækkun álversins. Hefur komið fram að stjórnarmeirihlutinn bindur helst vonir við kínverskt fyrirtæki í þeim efnum. Allt er málið þó óljóst og bersýnilegt að óþarfi er að taka þessa málsgr. inn í frv. Skal minnt á að sams konar málsgr. var inni í lögunum s.l. vor og meiri hl. heimtaði greinina inn þá enda þótt fyrir lægi að heimildin yrði ekki notuð á þessu ári.

3. Óljós eru fjármál raforkufyrirtækjanna samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið. Mun ríkisstj. þegar hafa tekið ákvarðanir um verðskrár fyrirtækjanna á næsta ári án þess að tekið hafi verið mið af lánsheimildum Orkubúsins og RARIK. Er þar allt óskýrt.

4. Í 5. gr. frv. er fjallað um þróunarfélagið. Formaður stjórnar þess, Davíð Scheving Thorsteinsson, skýrði frá því á fundi nefndarinnar að hann hefði tekið að sér formennsku í stjórninni í trausti þess að félagið hefði 450 millj. kr. til ráðstöfunar á næsta ári. Í ljós kemur að fjárheimild handa félaginu er mun lægri og kom fram í máli formannsins að hann telur vafasamt að félaginu takist að standa við verkefni sín á næsta ári. Einnig kom fram að engin heildarútlánastefna hefur verið mótuð fyrir félagið.

5. Stöðug vandamál komu upp í meiri hl. í sambandi við málefni hitaveitnanna þar sem um er að ræða milljarða skuldir. Tóku þessar tölur því breytingum í Nd. eftir verulegar breytingar í fyrri deild.

6. Harðar deilur standa enn þá milli stjórnarflokkanna um það hvar á að vista 200 millj. kr. vegna skipaviðgerða á næsta ári. Það mál er enn óútkljáð þegar 2. umr. fer fram í Nd.

7. Fram kom í nefndinni algjört stefnuleysi varðandi fiskeldismál og er þeim sem áhuga hafa nú vísað á fjölmarga sjóði auk þróunarfélagsins. Bendir allt til þess að tilviljunarkennd vinnubrögð og stefnuleysi geti stofnað þessari nýju atvinnugrein í hættu ef svo heldur fram sem horfir.

8. Í II. kafla frv. er kveðið á um skerðingu á einstökum sjóðum og verkefnum. Alvarlegasta skerðingin er á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Byggist frumvarpsgreinin á því að sjóðurinn verði skertur um u.þ.b. 400 millj. kr. eða að lán til námsmanna verði skert um 30% á næsta ári. Verði lánareglum ekki breytt á fyrri hluta ársins 1986 vegna þess að lánsloforð hafa verið send út fyrir aprílúthlutun verður ekkert eftir í sjóðnum eftir mitt ár.

9. Það kom fram á fundi nefndarinnar að niðurskurður framlaga til Kvikmyndasjóðs mun valda verulegum vandræðum hjá hópi kvikmyndagerðarmanna. Bætist það við óvissuna sem ríkti á þessu ári. Þessi stefna ríkisstj. er að vísu aðeins hluti af mennta- og menningarstefnu hennar þar sem framlög til lista hafa aldrei verið lægri en nú um langt árabil — eða u.þ.b. 0,37% fjárlaga að því er Sveinn Einarsson upplýsti á fundi fjh.- og viðskn.

10. Það kom fram á fundi nefndarinnar að Fiskveiðasjóður neitar að taka við skipaviðgerðum inn á verkefnaskrá sína. Er það mál sem fyrr segir óleyst við 2. umr. um frv.

11. Bent skal á þá skerðingu sem Framkvæmdasjóður fatlaðra verður fyrir. Kom Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir verkefnum sjóðsins og tilfinnanlegum niðurskurði á framlögum til hans. Verður gerð nánari grein fyrir þessum niðurskurði og verkefnum Framkvæmdasjóðsins í framsöguræðu.

12. Ljóst er að iðnaðurinn á við vaxandi vandamál að stríða, gagnstætt því sem haldið hefur verið fram að undanförnu. Þannig upplýstu forráðamenn Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs að vanskil við sjóðina hefðu aukist talsvert á þessu ári.

13. Í frv. til lánsfjárlaga heldur ríkisstj. uppteknum hætti og skerðir framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Er þetta í annað sinn sem sjóðurinn er skertur. Er það athyglisvert með tilliti til þess að ríkisstj. hefur í orði kveðnu viljað styrkja fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna. Verkin sýna annað.

14. Í III. kafla frv. eru ýmsar heimildir. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að raðsmíðaskipin verði leyst úr slipp. Mjög óljóst er hve mikla fjármuni það kostar og eru vinnubrögð ríkisstj. í þeim efnum fráleit og hafa þegar bakað ríkissjóði verulegt tjón.

15. Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að fella niður framlög til afleysingaþjónustu í sveitum en vísa málinu á stofnlánadeild, m.ö.o. á bændur sjálfa. Þó kom fram hjá meiri hl. að gert er ráð fyrir að velta kostnaðinum af þessu yfir á neytendur í formi hækkaðs vöruverðs.

Hér hafa aðeins verið rakin nokkuð atriði sem sýna að frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 er ótækt til afgreiðslu. Þess vegna gerir minni hl. tillögu um svonefnda rökstudda dagskrá:

Þar sem frv. er illa undirbúið, allar forsendur þess óljósar, auk þess sem víða er harkalega vegið að undirstöðuþáttum velferðar- og menningarsamfélags á Íslandi samþykkir deildin að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Guðrún Agnarsdóttir hefur áheyrnaraðild að nefndinni og stendur að nál. þessu."

Undir þetta rita Guðmundur Einarsson og Svavar Gestsson. Þetta var álit 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Vík ég nú nánar að einstökum þáttum í frv. þessu.

Þegar farið er yfir frv. til lánsfjárlaga er óhjákvæmilegt að ræða almennt um stöðu ríkissjóðs og það hvernig ríkisstj. hefur haldið á fjárhagsmálefnum ríkisins núna að undanförnu. Því var heitið þegar ríkisstj. tók við að hún mundi stuðla að því að reka ríkissjóð í jafnvægi. Þetta fyrirheit ríkisstj. hefur ekki verið staðið við eins og alkunna er. Samkvæmt upplýsingum sem við fengum í fjh.- og viðskn. var staða ríkissjóðs neikvæð um síðustu áramót um 1256 millj. kr. Í lok nóvembermánaðar var staða ríkissjóðs við Seðlabankann orðin neikvæð um 4163 millj. kr. og hafði því versnað á árinu um tæpa 3 milljarða kr.

Þegar litið er á stöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana kemur í ljós að þær hafa verið neikvæðar í heild við Seðlabankann um 1122 millj. kr., um 2666 millj. kr. í lok nóvembermánaðar og hafa því versnað á árinu 1985 um 1½ milljarð kr. Þessar tölur eru glögg heimild um það stjórnleysi sem ríkir í málefnum ríkisbúskaparins á Íslandi um þessar mundir. Bersýnilega hefur hinn nýi fjmrh. ekki náð neinum tökum á þessum verkefnum umfram það sem forveri hans gerði og þótti þó flestum nóg um og nóg komið í þeim efnum, m.a. flokksbræðrum og flokkssystrum þeirra beggja.

Að undanförnu hefur hæstv. fjmrh. hvað eftir annað lýst því yfir að það hafi verið fundið upp á árinu 1980 að taka erlend lán. Hann hefur lýst því aftur og aftur yfir að í rauninni hafi allt leikið hér í lukkunnar velstandi í sambandi við erlend lán til ársins 1980. Þá hafi hin erlenda lántökustefna byrjað.

Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. trúir þessum yfirlýsingum, þessum ómerkilegu frösum. En ef hann gerir það þá er illa farið. Staðreyndin er sú að þá botnar hann í rauninni ekkert í því sem hefur verið að gerast í íslenskum efnahagsmálum á undanförnum árum. Ég hygg að svo sé ekki, ég hygg að hæstv. ráðh. sé það vel ljóst hvað hefur hér verið að gerast. En ég hygg hins vegar að hann kjósi að halda þessari fjarstæðu fram til að reyna að verja sukkið sem hann og núverandi ríkisstj. bera ábyrgð á í ríkisfjármálum og varðandi erlendar lántökur.

M.a. er því haldið fram af núverandi ríkisstj. að það sé hennar stefna og áhersla að draga úr viðskiptahalla og hann ætti helst að hverfa. Helsta gagnrýnisatriði núverandi fjmrh. á fráfarandi ríkisstj. var að þar hefði verið um verulegan viðskiptahalla að ræða. Það er rétt, hann var verulegur á árinu 1982. Þegar komið var fram á mitt árið 1983 hafði dregið verulega úr viðskiptahalla og var ljóst að stefndi í þá átt að unnt var að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1984 ef rétt hefði verið á málum haldið.

Núverandi ríkisstj. kaus aðra leið. Hún kaus að auka stöðugt viðskiptahallann. Það sem liggur fyrir eftir hana í þessum efnum er það að viðskiptahallinn á árinu 1984 varð 6% af þjóðarframleiðslu, 1985 í kringum 5% og 1986 er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 3,7% af þjóðarframleiðslu. M.ö.o. frá því að núverandi stjórn tók við eða á þremur heilum árum núverandi ríkisstj. er gert ráð fyrir því að viðskiptahallinn nemi samtals 15 milljörðum kr. Hér er um hrikalega tölu að ræða, m.a. með tilliti til okkar almennu erlendu skuldastöðu en ekki síður með tilliti til þeirra yfirlýsinga sem Sjálfstfl. gaf þegar hann tók við alræðisvaldi í núverandi ríkisstj. með aðstoð Framsfl.

Það er einnig nauðsynlegt í þessu sambandi, herra forseti, að hafa í huga að gífurleg breyting hefur átt sér stað á lánskjörum íslensku þjóðarinnar erlendis á undanförnum árum. Það er breyting sem enginn, hvorki núverandi, fyrrverandi eða ríkisstjórnin þar áður, gat í raun og veru gert nokkuð við. Það er barnaskapur að halda því fram að þessir hlutir breytist eftir ríkisstjórnum. Við ráðum því miður ákaflega litlu um vaxtakjör erlendis á okkar erlendu lánum. Stökkbreytingin í þessu efni gerðist 1980—1981. Fram til þess tíma voru raunvextir neikvæðir á erlendum lánum íslenska þjóðarbúsins, þannig að um var að ræða að meðaltali 0,6% neikvæða raunvexti á árinu 1980. 1981 og 1982 snerist þetta við, þannig að á árinu 1982 voru raunvextir á erlendum skuldum þjóðarbúsins út á við komnir upp í hvorki meira né minna en 5,6%.

Það er talið og kemur fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. að 1% vaxtahækkun þýði 242 millj. kr. á verðlagi þessa árs í útgjöldum fyrir þjóðarbúið. M.ö.o. sú vaxtahækkun erlendis upp á 5—6% á árinu 1981 og 1982 þýddi ein 1 milljarð í aukaútgjöld fyrir íslenska þjóðarbúið á árunum 1981, 1982, 1983 á ári hverju. Hér er um að ræða gífurlega stóra tölu, 1% af vergri þjóðarframleiðslu. Þegar við erum að horfa til þess að þjóðarframleiðslan hreyfist kannske um 1—2% til eða frá á hverju ári er ljóst að þjóðarbúið hefur orðið fyrir stórfelldum búsifjum á þessum tíma, búsifjum sem var útilokað fyrir nokkurn innlendan aðila að ráða við.

Það sem hins vegar hefur verið að gerast í þessum efnum, herra forseti, er það að vextir erlendis hafa að undanförnu verið að lækka og íslenska þjóðarbúið nýtur góðs af því. Það hefur ekkert með stjórnarstefnuna að gera til eða frá. En það er ljóst að 1% lækkun á vöxtum erlendis bætir stöðu þjóðarbúsins um 250 millj. kr. á ári.

Við þetta bætist svo það, sem er meginmál, að á árinu 1982 verður þjóðin fyrir því að þjóðarframleiðsla dregst verulega saman. Þá er um að ræða mál sem þjóðin eða ríkisstj., hver sem hún er, getur ekki ráðið við. Samdráttur þjóðarframleiðslunnar þýðir sjálfkrafa hækkandi erlent skuldahlutfall. Það er þess vegna ómerkilegur áróður af hæstv. fjmrh., ómerkilegur Heimdellingsáróður sem hann þarf að vaxa upp úr sem fyrst, að setja málin þannig upp að í rauninni hafi verið um að ræða einhverja sérstaka óráðsíu stjórnvalda sem hann er hér að tala um.

Hins vegar hefur þjóðarframleiðsla að undanförnu farið vaxandi. Því er spáð að þjóðarframleiðsla aukist að raun um 2% á árinu 1986 og 2% á árinu 1987. Á þessu ári hefur verið um að ræða aukningu á þjóðarframleiðslu. Það er veruleg aukning á þjóðarframleiðslunni núna á tveggja til þriggja ára bili. Eftir það áfall, sem þjóðin verður fyrir á árinu 1982, má því segja að núverandi ríkisstj. hafi búið við góðæri vegna vaxandi þjóðarframleiðslu annars vegar og lækkandi erlendra vaxta hins vegar núna á undanförnum mánuðum. Þetta tvennt hefur í för með sér bata fyrir þjóðarbúið upp á nokkur hundruð milljónir kr. eða milljarða.

Það er þetta, þessi happdrættisvinningur, sem gerir það kleift að þær tölur, sem hæstv. fjmrh. er stundum að sýna, eru skárri en ella hefði verið. En þegar hann er að breiða sig yfir landslýð og segja: Þetta er allt ríkisstj. að þakka, hún er að laga vandann, þá er það rugl. Ég er viss um að hæstv. ráðh. er þetta ljóst. Hann er hins vegar það mikill áróðursmaður að það ber hann stundum ofurliði. Ég hef tekið eftir því að hann hefur gaman af því að semja fyrirsagnir, hann er gamall blaðamaður eins og ég. En hann verður að gæta þess vandlega að þær fyrirsagnir og ummæli sem hann notar, jafnvel þó að hann sé í áróðursham, séu þó ekki þannig að það sé auðsætt hverju barni að hann sjálfur trúir því ekki einu sinni sem hann er að halda fram.

Ég held að þetta sé rétt, herra forseti, að rifja upp varðandi hinar erlendu lántökur og hvernig þróun þeirra hefur verið hér á undanförnum árum þó að það sé ekki nema til að efna til umræðna um þau mál og fá það fram í þingsölum hvaða skoðanir menn hafi í þeim efnum. Ég er þeirrar skoðunar að ganga þurfi fram með aðhaldssemi varðandi erlendar lántökur. Ég er hins vegar á móti því að gera þá hluti af offorsi þannig að það stofni atvinnulífi, atvinnuvegunum og atvinnunni, í hættu. Ég er þess vegna á móti tillögum Sambands ungra sjálfstæðismanna þótt sumir hér í salnum hampi þeim daglangt og náttlangt svo að segja.

Þessi staða kemur fram í 1. gr. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986, sem hér er til meðferðar, erlendar lántökur. Þegar fjh.- og viðskn. var að afgreiða málið og meiri hl. ákvað að taka málið út úr nefndinni

spurðum við: hvaða tala á að standa í 1. gr. Þá sögðu þeir: Við vitum það ekki nákvæmlega. Hvað haldið þið? spurðum við. Ja, það er svona 2—300 millj. kr. hærra en stendur á blaðinu núna. Ég er ekki að fara fram á að menn séu með smásmygli. En ég er að fara fram á að menn umgangist þetta ekki af slíku kæruleysi eins og mér finnst koma fram í þessu efni.

Staðreyndin er sú, herra forseti, þegar farið er yfir sögu fyrrverandi og núverandi ríkisstjórna í sambandi við ríkisfjármál, erlendar lántökur o.fl., stjórn félagslegra fyrirtækja t.d., að hægri menn fara illa með almannafé. Það er svo að segja alveg lögmálsbundið vegna þess að þeir hafa enga trú á félagslegum rekstri, þeir eru á móti félagslegum rekstri. Þetta sýnir einmitt reynslan undanfarin ár.

Hvernig var afkoma þjóðarbúsins á árinu 1975 þegar Matthías Á. Mathiesen var fjmrh.? Hver var þá staða þjóðarbúsins? Hún var sú að viðskiptahallinn var þá sá mesti sem verið hefur hér um áratuga skeið, eða í kringum 11% af þjóðarframleiðslunni sem samsvarar 11—12 milljörðum á verðlagi ársins 1985.

Hugmyndafræði hægri manna er andvíg félagslegum rekstri. Hún telur að skera eigi niður tekjur ríkisins til að þeir, sem hafa tekjur úti í þjóðfélaginu, geti haft meiri tekjur. Þetta kemur þeim fyrst og fremst til góða sem eru sterkastir fyrir. Niðurstaðan verður sú að hinn félagslegi rekstur ríkisins stendur höllum fæti undir *forustu þessara manna. Allir fjmrh. Sjálfstfl. á síðustu* árum hafa sýnt og sannað að þetta grundvallaratriði er rétt. Hægri menn fara illa með almannafé.

Ég vil þessu næst, eftir að hafa vikið hér, herra forseti, aðeins að 1. gr. frv., rétt fara nokkrum orðum um það að hv. 5. þm. Reykv. flytur hér nokkrar brtt. við frv. Þær eru vafalaust margar góðra gjalda verðar, t.d. till. um þróunarfélagið. En ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki á því enn þá a.m.k. hvernig hv. þm. ætlar sér að skjóta rökum undir þessar till. miðað við núverandi aðstæður þegar fyrirséð er að hér er meiri hl. á Alþingi sem hafnar verulegri tekjuöflun til að draga úr erlendum lántökum.

Það er gott og blessað að flytja till. um að skera niður erlendar lántökur. En menn verða þá á sama tíma að segja: Á að skera niður þennan rekstur, þjónustu eða fjárfestingu, sem verið er að tala um, eða á að afla viðbótartekna? Alþfl. segir: Það á að afla viðbótartekna. En fyrir liggur að meiri hlutinn á Alþingi mun ekki fallast á neinar slíkar till.

Ég held að uppsetning af því tagi, sem víða kemur fram í frv. til lánsfjárlaga og brtt. hv. 5. þm. Reykv., þjóni ekki neinum tilgangi við núverandi kringumstæður. Ég tek það fram hér í upphafi máls míns, svo að segja, að ég mun ekki flytja neinar brtt. við þetta *lánsfjárlagafrv., áskil mér hins vegar rétt til að fylgja* brtt. sem fram kunna að koma. Þar er ég einkum að tala um greinarnar um Framkvæmdasjóð fatlaðra, um Lánasjóð ísl. námsmanna og um 200 millj. kr. lánsheimild handa Landsvirkjun vegna hugsanlegrar stækkunar álversins í Straumsvík.

Einn veigamesti þáttur þessa frv. og þessara mála, herra forseti, eru húsnæðismálin sem ég hyggst koma að í öðru lagi. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki mundi vera kostur á því að kveðja hér til hæstv. félmrh. (**Forseti:** Þess verður freistað að fá hæstv. félmrh. í salinn.) (**Gripið fram í:** Hann finnst ekki.) Þá mun ég fresta því að ræða um húsnæðismálin en koma þess í stað að fjórða þætti máls míns, þ.e. 2. málsgr. 3. gr. Þar er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun fái heimild, til viðbótar því sem greinir í 1. málsgr., til að taka allt að 200 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986. Sams konar till. var lögð hér fram í vor. Þá voru greidd atkvæði um hana og stjórnarmeirihlutinn ákvað að knýja þetta fram þó að augljóst væri að þessi heimild yrði ekkert notuð.

Ég held að þessi heimild sé nákvæmlega jafnóþörf nú og hún var í vor og það sé engin þörf á því að pína fram slíka heimild hér við afgreiðslu lánsfjárlaga. Ég tel reyndar að þær upplýsingar, sem fram hafa komið um haldreipi ríkisstj., kínverskan ríkiskommúnisma, og vonina um að hann bjargi íhaldinu í sambandi við hina erlendu stóriðju, séu með þeim hætti að engin ástæða sé til að vera að taka svona lagað inn jafnvel þó að menn væru þeirrar skoðunar að auka ætti við hina erlendu stóriðju. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessari málsgr., 2. málsgr. 3. gr., vegna þess að ég tel hana út í loftið, óþarfa, auk þess sem ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar að margt annað sé brýnna í íslenskum þjóðarbúskap í dag, að ekki sé meira sagt, en að stækka álverið í Straumsvík.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja að lánsfjárlögunum vorið 1985. Það var í júní sem við *vorum að afgreiða lánsfjárlögin fyrir 1985.* Þá sögðum við, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að hér væri um að ræða lánsfjárlagafrv. sem væri gallað, það tæki ekki tillit til staðreynda, og töldum að hin endanlegu lánsfjárlög mundu fara langt fram úr því sem var afgreitt í júní í sumar þegar hálft ár var liðið af lánsfjárlagaárinu. Við bentum að vísu á þann möguleika að ríkisstj. tæki upp þann hátt að afgreiða lánsfjárlög fyrir árið 1985 í lok ársins 1985 vegna þess að reynslan sýnir að ríkisstj. er ekki treystandi til að gera áætlanir fyrir tímabil nema í lok viðkomandi tímabils. Því miður féllst ríkisstj. ekki á þessa vinsamlegu hugmynd. En ég ætla, herra forseti, að fara yfir það aðeins, skv. upplýsingum frá Seðlabankanum, hvernig lánsfjárlögin komu út á árinu 1985 miðað við fyrirheitin.

Opinberir aðilar áttu að taka að láni á þessu ári 4,3 milljarða kr. skv. lánsfjárlögum sem voru samþykkt í júní. Hver varð útkoman? Varð hún 5,3, varð hún 6,3? Nei, hún varð 7,2 milljarðar kr. á árinu 1985. Í staðinn fyrir 4,3 milljarða stöndum við uppi með það að svokallaðir opinberir aðilar tóku lán á þessu ári að upphæð 7,2 milljarðar kr. Svona gekk áætlanagerðin í þetta skipti.

Ef þessi mál eru skoðuð nánar kemur fleira fróðlegt fram. Lánastofnanir, þ.e. Framkvæmdasjóður og aðrar *slíkar stofnanir, áttu að taka að láni 1,2 milljarða kr. en* tóku að láni 1,9 milljarða kr. Hérna er nú aðhaldsseminni fyrir að fara, aðgæslunni og ráðdeildinni í meðferð ríkisfjármála hjá íhaldinu þegar það kemst til valda í landinu.

Framlög til atvinnufyrirtækja áttu að vera 1,7 milljarðar kr. skv. lánsfjáráætlun sem var samþykkt í júní, herra forseti. En niðurstaðan varð sú að atvinnufyrirtækin tóku ekki 1,7 milljarða að láni heldur 2,4. M.ö.o. hér var um að ræða fullkomið stjórnleysi.

Öll erlend lán áttu að nema 7,2 milljörðum kr. En hver er niðurstaðan? Hún er 11,5 milljarðar. Það er

svona sem íhaldið stjórnar ríkisfjármálunum. Hægri menn fara illa með almannafé, það sýnir reynslan okkur. Það er alveg sama hvar við grípum niður í lánsfjárlögum og tölum um erlendar lántökur 1985, alls staðar hefur verið farið stórkostlega fram úr áætlun en þó mest á liðnum „Opinberir aðilar", úr 4,3 milljörðum kr. upp í 7,2 milljarða kr. Ætlast menn virkilega til að tekið sé mark á því þegar verið er að gera áætlun núna fyrir tólf mánuði 1986 þegar ekki var hægt að gera gáfulegri áætlun fyrir sex mánuði 1985? Staðreyndin er sú að þessar áætlanir eru allar byggðar á sandi, örugglega nú ekki síður en í júnímánuði s.l.

Ég vil þá næst, herra forseti, víkja nokkrum orðum að húsnæðismálunum sérstaklega sem eru veigamikill þáttur og undirstaða lánsfjárlaganna. Í frv. til lánsfjárlaga og í nál. meiri hl. koma fram upplýsingar um byggingarsjóðina á árinu 1986. Ég ætla að bera saman tölurnar fyrir árið 1986, eins og þær koma frá meiri hl. annar vegar, og hins vegar eins og þær koma frá Húsnæðisstofnuninni.

Skv. plaggi, sem mér barst í dag, er greiðsluáætlun byggingarsjóða ríkisins vegna 1986 ef staðið væri við lög og reglugerðir, eins og það heitir, 2646 millj. kr. Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 er útlánatalan hins vegar 2500 millj. kr. Mismunurinn er 146 millj. kr.

Nú ætla ég ekki, herra forseti, að fara út í einstakar forsendur þessa en ég ætla að spyrja um eitt. Fyrir nokkrum dögum lýsti ríkisstj. því yfir að hún ætlaði að tryggja 200 millj. kr. til sérstakra ráðstafana í húsnæðismálum. Hæstv. félmrh. lýsti því yfir að við þetta yrði örugglega staðið og peningar væru til. Í áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins er ekki gert ráð fyrir þessum 200 millj. kr. Þar er aðeins um að ræða almennar hefðbundnar lánveitingar. Það vantar sem sagt algerlega að gera grein fyrir þessum 200 millj. og hvaðan þær á að taka.

Þá er tvennt til í dæminu, herra forseti. Annað er það að ríkisstj. beiti sér fyrir skattlagningu upp á 200 millj. kr. aukalega í húsnæðiskerfið árið 1986. Hitt er það að félmrh. beiti sér fyrir því að skera niður útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins um þessar 200 millj. kr. 1986. Ég hef grun um að það sé það sem stendur til. Þá vil ég fara fram á það að hæstv. félmrh. geri grein fyrir því hér á eftir hvaða atriði það eru sem hann hugsar sér að skera niður í þessu efni. Eru það nýbyggingar? Eru það G-lán? Eða eru það önnur lán sem þarna er um að ræða?

Þá vil ég í annan stað, herra forseti, víkja aðeins að Byggingarsjóði verkamanna. Þar er ég einnig með undir höndum áætlun frá Húsnæðisstofnun ríkisins, hina nýjustu, sem gerir grein fyrir því hvað þyrfti að lána út á vegum Byggingarsjóðs verkamanna á næsta ári miðað við óbreytta starfsemi og miðað við það að standa við þau loforð sem gefin hafa verið.

Það er skoðun Húsnæðisstofnunar ríkisins að í Byggingarsjóð verkamanna þyrfti á næsta ári 1220 millj. kr. En fjárlagatalan, eins og hún er hér, er 938 millj. kr. Í till. Húsnæðisstofnunar ríkisins um Byggingarsjóð verkamanna á næsta ári er gert ráð fyrir heildarlánveitingum upp á 760 millj. kr. Í till. Húsnæðisstofnunar var gert ráð fyrir 1 milljarði í lánveitingar.

Hvernig á að leysa þetta dæmi þar sem eru til 760 millj. kr. í útlán í Byggingarsjóði verkamanna en hann þyrfti í raun að vera með 1 milljarð? Þetta er leyst með því að skera niður. Hvernig er sá niðurskurður framkvæmdur? Fyrst er það borgað sem stendur og byggist á þegar gerðum samningum. Hvað er það mikið sem á að fara í þegar gerða samninga? Það eru 642 millj. kr. Eftir eru þá til nýrra samninga og endursöluíbúða í verkamannabústaðakerfinu 118 millj. kr. nákvæmlega. sem Byggingarsjóður verkamanna hefur í alla nýja starfsemi og allar endursöluíbúðir.

Miðað við venju má gera ráð fyrir því að endursöluíbúðir taki til sín ekki minni upphæð en 150 millj. á árinu 1986. Ég hygg að það sé ekki fjarri lagi. M.ö.o. Byggingarsjóður verkamanna getur ekki hleypt einu einasta nýju verkefni af stað á árinu 1986. Þetta er frv. til lánsfjárlaga Byggingarsjóðs verkamanna um að stöðva starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna 1986.

Hér er um að ræða hrottalega aðför að Byggingarsjóði verkamanna. Það kemur ekki á óvart þegar um er að ræða vinnubrögð núverandi ríkisstj. og þá sem ráða í þessum efnum, sem eru t.d. menn eins og hv. þm. Halldór Blöndal.

En þrátt fyrir þetta, herra forseti, ætlar félmrh. að taka inn á Byggingarsjóð verkamanna húsnæðissamvinnufélögin á næsta ári. Það liggur fyrir, húsnæðissamvinnufélögin eru komin inn. Það var upplýst í fjh.- og viðskn. Nd. í gærmorgun. Þá upplýsti forstjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins og deildarstjóri, Katrín Árnadóttir, að húsnæðissamvinnufélögin væru komin inn. Búið væri að heimila framkvæmdir og staðið yrði við lánveitingar til þeirra, til 16 íbúða í Grafarvogi, ef ég man rétt, og þau lán yrðu greidd út á árinu 1986.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. félmrh. hvort þetta sé ekki örugglega rétt haft eftir hans embættismönnum í húsnæðiskerfinu. Og ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðh. á hvaða lagaákvæðum hann byggir þessa ákvörðun. Ég þykist vita hans svar. Hann byggir það á c-lið 33. gr. húsnæðislaganna. En mér þætti gaman að vita, herra forseti, hver er skoðun hv. 2. þm. Norðurl. e. Er hann víðs fjarri nú, aldrei þessu vant? (**Forseti:** Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur leyfi um stund, forsetaleyfi. Hann verður hér innan stundar.) Ég vil þá beina þessari spurningu til hæstv. fjmrh. Hver er hans skoðun á þessari ákvörðun félmrh.? Mér sýnist að félmrh. hafi tekið hér vel til hendinni, tekið af skarið um gamalt þrætumál stjórnarflokkanna. Það er fróðlegt að vita hver er afstaða þeirra og þar með fulltrúa Sjálfstfl. í húsnæðismálastjórn í þessu efni.

Mér sýnist að áætlun Byggingarsjóðs ríkisins fyrir árið 1986 sé ákaflega knöpp, að ekki sé meira sagt. Mér er tjáð að stjórnarliðar séu þeirrar skoðunar að hún muni standast vegna mikils samdráttar í íbúðarbyggingum á næsta ári. Það var eitthvað annað sem stóð til hjá íhaldinu þegar það tók við húsnæðismálunum á sínum tíma. Þá átti nú að leysa þau úr læðingi. Þegar kommarnir væru farnir út úr stjórnarráðinu átti margt að lagast, m.a. það. Þá áttu menn að fara að byggja, það áttu að fara að rísa upp íbúðir um allt land. En nú binda þeir vonir sínar við að samdráttur verði svo mikill í íbúðarbyggingum á árinu 1986 að þær fari niður úr lágmarkinu 1985. Þeir bera því við að samdráttur verði í íbúðarbyggingum. En síðan birta þeir hér fskj. varðandi framkvæmdir og fjárfestingarþróun á árinu 1986 þar sem kemur fram, á bls. 9 í nál. meiri hl., að íbúðarbyggingar eiga að standa í stað. Þetta gengur m.ö.o. ekki upp, herra forseti. Annars vegar byggja menn útlánaá-

ætlun Húsnæðisstofnunar á því að samdráttur verði í framkvæmdum, hins vegar birta menn framkvæmda- og fjárfestingaráætlun sem byggist á því að framkvæmdir verði óbreyttar. Þetta er auðvitað eins og annað í þessu lánsfjárlagafrv. Það stendur ekki steinn yfir steini. Þessir hlutir mynda ekki rökræna heild, það er kastað til þessa höndunum, það er ekki búið að vinna málin eins og mönnum sæmir hér á hv. Alþingi eða í ríkisstj. í þessu efni.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að fá um það upplýsingar hjá hæstv. félmrh. hvað hann geri ráð fyrir að þessi samdráttur verði mikill á næsta ári þannig að hægt verði þá að koma því inn í fjárfestingartöfluna fyrir árið 1986 því ef samdráttur verður í húsbyggingum á næsta ári er sú tafla vitlaus. Það á auðvitað að leiðrétta hana. Ef ekki verður samdráttur í íbúðarbyggingum vantar 2—300 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins. Það getur ekki hvort tveggja verið rétt, herra forseti. Og það á ekki að vera að reyna að mata menn með misvísandi upplýsingum af þessu tagi eins og hér er gert af stjórnarmeirihlutanum í húsnæðismálum eins og öðrum málum.

Ég kem þessu næst, herra forseti, að því fyrirbæri sem heitir Þróunarfélag. Það var stofnað með lögum í fyrra og það var mikill fögnuður í ríki útvaldra hjá íhaldinu yfir þessu félagi. Þarna væri nú loksins að koma eitthvað sem tæki á atvinnumálunum, hefði frumkvæðið og stuðlaði að nýsköpun. Mér þótti auðvitað alltaf sérkennilegt þegar Framsfl. fór að skrifa upp á þetta orð „nýsköpun". Ég var nokkurn veginn sannfærður um að sú nýsköpun sem hann skrifaði upp á yrði í skötulíki.

Ég veit ekki í líki hvers þetta Þróunarfélag er, en hitt er alveg ljóst að við umræður um málið í Nd., í fjh.- og viðskn., kom það einum manni á óvart fyrst og fremst hvað þetta félag var vitlaust og illa útbúið. Sá eini maður var ekki nm. í fjh.- og viðskn. vegna þess að þeir þekkja þetta mál frá umræðum í fyrra. Maðurinn heitir hvorki meira né minna en Davíð Scheving Thorsteinsson og er formaður Þróunarfélagsins. Hann hélt, þegar hann var ráðinn formaður Þróunarfélagsins af flokksþægð í Sjálfstfl. af því að hann er þar miðstjórnarmaður og mætti á fundinum í Stykkishólmi, að hann ætti að fá 450 millj. kr. verðtryggðar til að leika sér með eða Þróunarfélaginu til ráðstöfunar á árinu 1986. 450 milljónir, sagði hann. Er það ekki örugglega verðtryggt, sagði hann, þegar hann kom á fund í nefndinni. Niðurstaðan varð sú að forustumenn Sjálfstfl. í nefndinni urðu að hryggja manninn með því að fjármagnið væri ekki verðtryggt. En það kom fleira til. Niðurstaðan varð sú að það er ekki einasta að það sé óverðtryggt heldur líka hitt að þetta félag hefur ekki nema 100—200 millj. kr. á árinu 1986.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé meira en nóg. Ég held að í raun og veru sé alger óþarfi að vera að leggja fé í þetta félag eins og það er, þetta gæludýr íhaldsins sem þetta félag er. Ég held að Sjálfstfl. eigi að tryggja að þeirra fyrirtækjamenn kosti sín ævintýri sjálfir og séu ekki að velta þeim á þjóðina, eins og dæmin að undanförnu sanna að getur orðið henni dýrt.

Formaður Þróunarfélagsins sagði, þegar hann hafði heyrt þessi válegu tíðindi: Ég þykist svikinn mjög. Ekki er hann svikinn af stjórnarandstöðunni vegna þess að við höfðum ekki gefið honum nein fyrirheit varðandi þetta félag. En bersýnilegt var að hann taldi og telur að hann hafi tekið við stjórn í þessu félagi á fölskum forsendum. Og það var einnig fróðlegt að hlýða á þær upplýsingar sem fram komu hjá formanni stjórnar Þróunarfélagsins um hvaða fyrirtæki það eru sem hafa lagt í Þróunarfélagið. Ætli einkaframtakið hafi stokkið til með áhættufjármagnið sitt, fullt af ævintýralöngun og uppbyggingarþrá inn í þetta Þróunarfélag? Nei, það var nú eitthvað annað.

Fram eftir öllu sumri mátti lesa í blöðum svardaga frá forustumönnum fyrirtækja og sjóða, flokksmanna í Sjálfstfl., um að þeir myndu aldrei láta peninga í þetta vitlausa kompaní, þetta Þróunarfélag. Það kæmi alls ekki til greina. Og þegar leið á sumarið var bersýnilegt að enginn mundi láta pening í þetta félag. Þá var farið af stað og settar þumalskrúfurnar á rétta menn á réttum stöðum, *og þeim* var sagt að skrá sig fyrir hlut í Þróunarfélaginu.

Hvaða aðilar eru það sem eiga hlut í þessu Þróunarfélagi? Hverjir eru það sem hafa komið þarna til með aukafjármagn, stórfellda fjármuni sumir, aðrir lítið? Lífeyrissjóður SÍS á í þessu félagi 15 millj. kr. Hann átti afgang og langaði að taka þátt í ævintýrinu, þessu mikla Þróunarfélagi, með því að leggja 15 millj. kr. í það. Þó að hann hafi yfirleitt staðið sig illa í að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins var samt hægt að hrúga þarna 1½ milljónatug í Þróunarfélagið. Og það er Lífeyrissjóður verslunarmanna og er nú illa fjarri (Gripið fram í.) — og kominn í salinn hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og er boðinn sérstaklega velkominn. (**GHG:** Ég þori vel að hlusta á þig.) Það veit ég vel. Lífeyrissjóður verslunarmanna er svo aflögufær og brattur að hann lætur 20 millj. kr. í Þróunarfélagið, Lífeyrissjóður verslunarmanna sem einlægt hefur verið að emja undan því að hann ætti að láta peninga í Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. En þegar gæludýrið, Þróunarfélagið frá íhaldinu, kemur opna þeir veskin: 20 millj. kr. eins og ekkert sé. (**Gripið fram í:** Lætur Alþýðubankinn eitthvað?) Og ég vil spyrja hv. þm. af því að hann er hér: Hvaða heimildir eru það sem leiða til þess að Lífeyrissjóður verslunarmanna geti lagt þarna fram fé? Og hvaða von um hagnað fyrir hina öldruðu í landinu felst í Þróunarfélaginu? Er þetta kannske alveg sérstök gæfa fyrir gamalt fólk á Íslandi og einkum aldraða verslunarmenn að þetta Þróunarfélag hefur verið stofnað? Geta hinir öldruðu stólað á það að þetta Þróunarfélag skili svo miklum arði að á komandi árum geti menn greitt góðan lífeyri úr Lífeyrissjóði verslunarmanna? Það hljóta að vera rökin því þetta er lífeyrissjóður fyrst og fremst. Það væri fróðlegt að hæstv. fjmrh. svaraði því hvernig hann fór að því að snúa upp á handlegginn á forustumönnum Lífeyrissjóðs *verslunarmanna* til þess að fá þá til að leggja pening í þetta Þróunarfélag.

En það voru fleiri aflögufærir, það voru fleiri með stórar upphæðir. Fiskveiðasjóður Íslands, þar sem ástandið er eins og kunnugt er og allt í vanskilum og vandræðum, á pening í Þróunarfélagið: 30 milljónir, eins og ekkert sé. Framleiðnisjóður landbúnaðarins sér auðvitað sína uppreisnarvon í Þróunarfélaginu, fyrir landbúnaðinn. Það er nú hætt við. Hann er þarna á blaði. Og Landsbankinn, Landsbankinn kemur auðvitað líka á vettvang og skrifar sig fyrir hlut upp á 20 millj. kr. og Búnaðarbankinn, hann skrifar sig fyrir álitlegum

hlut líka og svo Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þar eru ævinlega til seðlar eða hitt þó heldur. Þeir sendu inn beiðni fyrir lánsfjárlögin upp á 7—800 millj. kr. — ég held þeir hafi fengið afgreiddar 200 — og báru sig í beiðninni eins og þar væri hrein neyð, en samt eiga þeir afgang í Þróunarfélagið. Auðvitað láta þeir sig ekki vanta á þennan góðra vina fund. 20 milljónir láta þeir í Þróunarfélagið en það er sama upphæð og núna er verið að leggja á Stofnlánadeildina til að kosta afleysingaþjónustu í sveitum, 20 millj. þar. Svona er nú Stofnlánadeildin almennileg við Þróunarfélagið.

Skyldu það vera fleiri sem hafa komið þarna við sögu? Jú, það eru nokkrir fleiri aðilar, en þetta eru þeir stærstu sem ég hef talið upp og þetta eru þeir sem formaður stjórnar Þróunarfélagins, Davíð Scheving Thorsteinsson, taldi sérstaklega upp. Ég læt þá liggja á milli hluta einstaklinga sem eru með minni upphæðir. Ég tel að það komi þingheimi nánast ekki við. En þetta voru þeir stærstu sem formaður stjórnarinnar taldi upp.

Þetta er fróðlegt. Öll þessi fyrirtæki segjast vera á hvínandi hausnum. Iðnlánasjóður kemur til fjh.- og viðskn., Iðnþróunarsjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Lífeyrissjóður verslunarmanna er að basla, Lífeyrissjóður SÍS, að ógleymdum bönkunum. Allir segjast forustumenn þessara stofnana standa mjög illa um þessar mundir, mjög illa, og halda langar og hjartnæmar ræður, „rörende" ræður, fyrir fjh.- og viðskn. Nd. Svo þegar þarf að bjarga pólitísku andliti formanns og varaformanns Sjálfstfl. eru þeim allt í einu, þessum fátæklingum, útbærir peningar, milljónatugum saman, í þetta Þróunarfélag.

Þegar formaður stjórnarinnar var spurður hvað Þróunarfélagið ætti að gera sagðist hann ekki vita það. Hann sagðist ekki vita það. Hann sagði að ekkert lægi fyrir um það og að hann vissi það ekki og engin stefna hefði verið mótuð. Hann sagði okkur að vísu að nauðsynlegt væri að tryggja varðandi svona félag að engir pólitíkusar kæmu nálægt því. Í raun og veru væri það forsenda þess að þetta félag mætti blómstra. Ég spurði þá formanninn hverjir væru í stjórn félagsins og hann taldi þá upp. Auk Davíðs Schevings Thorsteinssonar eru það Hörður Sigurgestsson hjá Eimskipafélagi Íslands, Jón Ingvarsson hjá Ísbirninum (**Gripið fram í:** Það heitir Grandi.) — já, Granda reyndar, það er búið að leggja Ísbjörninn niður, hann er búinn að segja sig á hreppinn, eins og kunnugt er, Guðmundur G. Þórarinsson, hann er einn af máttarstólpum atvinnulífsins líklega eða hvað og ópólitískur maður alveg sennilega, og Þorsteinn Ólafsson. (**JBH:** Fyrrum aðstoðarráðherra Hjörleifs.) Það er akkúrat, en hann hefur núna að undanförnu verið í vinnu hjá Erlendi. Þess vegna er honum treystandi til að vera þarna. Þetta eru auðvitað alveg hvítþvegnir menn af allri pólitík, þessir snillingar þarna í Þróunarfélaginu. Þetta er auðvitað orðið þvílíkt grín hvernig stjórnarliðið stendur að þessu Þróunarfélagi að það hlýtur að enda með því að þeir sem þar eru í forustu í stjórnarliðinu fari að átta sig á því að þeir eru að verða sér til skammar með þessu kompaníi. Og auðvitað er það alveg rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. að það má skera niður peningana í þetta gæluverkefni íhaldsins, þetta flokkspólitíska gæluverkefni Sjálfstfl., sem hér er verið að knýja fram. Framsókn fær auðvitað að dingla með — það er nú önnur saga — en ræður auðvitað engu frekar en fyrri daginn.

Herra forseti. Ég kem þá næst, í fimmta lagi, að þeirri gr. frv. sem fjallar um Orkubú Vestfjarða. Það er 4. gr. og þar er gert ráð fyrir að heimila Orkubúi Vestfjarða að taka lán að upphæð 20 millj. kr. á árinu 1986. Það vildi svo til að ég sótti fundi í iðnn. Nd. núna á dögunum og þá kom fram að orkufyrirtækin höfðu tekið ákvörðun um taxta sína fyrir árið 1986 að einhverju leyti og einnig kom fram að þessi hækkun væri ekki alveg í samræmi við það sem orkufyrirtækin teldu óhjákvæmilegt. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort ákvörðun hefur verið tekin um taxta Orkubús Vestfjarða og RARIK á árinu 1986 þannig að það liggi fyrir vegna þess að upplýsingar um það mál fengum við í iðnn. Nd.

Þá vil ég þessu næst víkja, í sjötta lagi, að þeirri grein frv. sem fjallar um hitaveitur. Þeirri grein hefur verið breytt við hverja umræðu málsins frá því að umræðan hófst fyrst í Ed., þrjár umræður, og síðan í Nd. Það er bersýnilega mikill fjárhagslegur vandi hjá hitaveitunum sem þarf engum að koma á óvart. Hér er um að ræða fyrirtæki sem eru dýr og augljóst að það þarf í byrjun að gera ráðstafanir til þess að tryggja að þau geti staðið með skikkanlegum hætti. Það vakti ahygli mína að þegar var verið að afgreiða hitaveiturnar koma skyndilega upplýsingar um það að vegna hitaveitna liggi fyrir óafgreiddar og ónotaðar ríkisábyrgðir upp á 40 milljónir dollara. Það eru heimildir sem liggja hér og þar í kerfinu og hafa hugsanlega þegar verið notaðar að einhverju leyti, eru hugsanlega ónotaðar, en í rauninni hefur enginn yfirlit yfir það hve mikið af þessum heimildum hefur verið notað og hvað ekki. Í tilefni af því lagði Fjárlaga- og hagsýslustofnun til að tekin yrði upp ný verklagsregla við frágang fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga sem frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur væntanlega gert grein fyrir áðan, og ég vil taka fram að ég er algerlega sammála þessari verklagsreglu. Ég hygg hins vegar að þrátt fyrir þær ráðstafanir sem gert er ráð fyrir að gera í lánsfjárlagafrv. vegna hitaveitnanna sé engu að síður um að ræða verulega stór óleyst vandamál. Ég hygg að skynsamlegt væri að reyna að fara yfir þessi málefni í heild, málefni hitaveitnanna, og í því sambandi á auðvitað að kanna allt orkuverð í landinu og niðurgreiðslur á orkuverði, hverjar svo sem þær eru, þannig að upp sé tekin eðlileg, skynsamleg stefna við verðlagningu á orku í þessu landi. Ég held að í þeim efnum höfum við ekki tekið á hlutum eins og vert væri hvorki nú né áður, m.a. vegna þess að við fengum yfir okkur hinar stóru olíuhækkanir sem kölluðu á olíustyrki á sínum tíma og allt þetta kerfi verðlagningar á orku er með þeim hætti að á þeim málum þyrfti að taka miklu betur en okkur hefur auðnast til þessa.

Ég vil þá í sjöunda lagi, herra forseti, víkja að nýrri stofnun sem ríkisstj. setti á laggirnar fyrir nokkrum mánuðum og átti að breyta miklu. Hv. þm. muna örugglega eftir því að það var hérna til stofnun einu sinni sem hét Framkvæmdastofnun. Það þótti sumum vond stofnun, en þó ekki öllum. Og menn voru búnir að tala sig svo hása í sambandi við það að Framkvæmdastofnunin væri vond stofnun að það varð stefnuskráratriði heils stjórnmálaflokks og jafnvel fleiri stjórnmálaflokka að það væri alveg höfuðatriði að leggja hana niður og koma henni fyrir kattarnef.

Í framhaldi af því fóru menn að bauka með það að semja lagafrumvörp um að leggja stofnunina niður, og

sjá, það endaði með því að menn fluttu tillögur um að tvær stofnanir kæmu í staðinn fyrir þessa einu. Þær munu búa þarna í ánægjulegu sambýli við Rauðarárstíg þessar tvær stofnanir sem áður var ein, og ég hef ekki spurnir af því að orðið hafi stórkostlegur sparnaður í rekstri þessara tveggja stofnana umfram það sem var í einni stofnun áður. Ég hef engar fréttir af því að neitt hafi lagast eða breyst til batnaðar við það að þessar stofnanir urðu tvær og Framkvæmdastofnunin var að nafninu til lögð niður. Það kæmi mér ekki á óvart að eftir svona þrjú til fjögur ár eða kannske fimm standi menn í þessum ræðustól og segi: Það á að leggja niður Framkvæmdasjóð og það á að leggja niður Byggðastofnun — og niðurstaðan verði sú að sameina þær í eina stofnun sem heiti Framkvæmdastofnun ríkisins. Allt sem gerðist í kringum þetta mál var tóm sýndarmennska, innihaldsleysið svo algert að hver maður gat séð í gegnum hlutina.

Samkvæmt upplýsingum sem við í fjh.- og viðskn. Nd. fengum frá Byggðastofnuninni kom það fram að vanskil við stofnunina nema 232 millj. kr., við Byggðastofnun. Auk þess hefur stofnunin afskrifað tugi milljóna króna það sem af er starfsferli hennar þó stuttur sé. Og þegar við fórum fram á upplýsingar um Byggðastofnunina og útlánaáætlun hennar 1986 var í rauninni mjög erfitt að henda reiður á þeim upplýsingum vegna þess að lítið hafði verið farið yfir útlánaáformin. en það er augljóst að þessi nýja Byggðastofnun, þetta afkvæmi Framkvæmdastofnunarinnar, mun ekki bæta neitt stöðu byggðanna í landinu. Hún mun ekki bæta neitt stöðu hinna dreifðu byggða á Íslandi. Hagur sjávarútvegsins batnar ekkert við það þó Byggðastofnun sé til. Það er því augljós hlutur að í rauninni mun þessi stofnun ekkert laga í sambandi við byggðaþróun í þessu landi, nema síður væri.

En vegna þess að hæstv. forsrh. heiðrar okkur með nærveru sinni væri kannske fróðlegt að inna hann eftir hvað líður áformum um flutning þessarar stofnunar norður til Akureyrar. Það er mál sem var rætt nokkuð í vor og ég held að væri ástæða til að fá hér á dagskrá í tengslum við umræður um lánsfjárlög.

Í áttunda lagi, herra forseti, vil ég víkja aðeins að Iðnþróunarsjóði og Iðnlánasjóði. Því hefur verið haldið fram að iðnaðurinn hafi staðið alveg sérstaklega vel í tíð núverandi ríkisstjórnar og betur en aðrar atvinnugreinar. Það er til í því. Þegar forráðamenn Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs koma á fund fjh.- og viðskn. Nd. þá upplýsa þeir báðir að um sé að ræða mjög vaxandi vanskil hjá iðnfyrirtækjum í landinu. Það eru nefndar óhugnanlegar tölur um vanskil iðnfyrirtækja í landinu og í rauninni þarf það engum að koma á óvart sem hefur fylgst með fréttum að undanförnu. Það hefur komið fram að stór iðnfyrirtæki, sem hafa notið alveg sérstakrar velvildar og áhuga Sjálfstfl., eru við það að verða gjaldþrota og standa frammi fyrir gífurlegum erfiðleikum. Þess vegna var það í rauninni aðeins staðfesting á blaðafréttum, sem maður hafði séð, sem fram kom hjá talsmönnum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs að iðnfyrirtæki standi ekki vel, a.m.k. ekki öll um þessar mundir. Ég hygg að í þeim efnum sé mörgu um að kenna, en ég er ekki í nokkrum vafa um að hin harkalega framkvæmd vaxtastefnunnar á undanförnum árum er ein meginástæðan fyrir erfiðleikum atvinnuveganna núna, hvort sem um er að ræða iðnað, sjávarútveg eða landbúnað, að nú ekki sé minnst á húsbyggjendur í þessu landi.

Í níunda lagi, herra forseti, vil ég þessu næst víkja að Lánasjóði ísl. námsmanna. Í frv. er gert ráð fyrir að Lánasjóður ísl. námsmanna megi ekki lána út nema 1,1 milljarð á næsta ári. Að undanförnu hafa staðið yfir deilur um það milli menntmrn., fjmrn. og Lánasjóðsins hversu mikið sjóðurinn í rauninni þurfi á næsta ári, Lánasjóður ísl. námsmanna. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur síðan tekið saman bréf um þetta mál og ég ætla að lesa það í heild, með leyfi hæstv. forseta, vegna þess að þar kemur fram skoðun ráðuneytis fjmrh. á vanda Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Í bréfi sjóðsins frá 5. nóvember s.l. er fjárvöntun sjóðsins í fjárlagafrv. talin um 794 millj. kr. Þar af eru um 25 millj. kr. vegna skrifstofuhalds, 11 millj. kr. vegna fjármagnsútgjalda, 24 millj. kr. vegna ferðastyrkja og 734 millj. kr. vegna lánveitinga. Hér á eftir er fjallað stuttlega um einstaka liði og gerð tillaga um meðferð þeirra.“

Síðan er farið hér yfir þessa liði, þeir eru ýmist samþykktir að hluta til eða þeim algerlega hafnað, en síðan segir um lánveitingar Lánasjóðs ísl. námsmanna:

„Áætlaðar lánveitingar sjóðsins árið 1986 nema 1657 millj. kr. miðað við meðalverðlag 1986. Í frv. til fjárlaga er áætlað að verja 924 millj. kr. í þessu skyni og kemur því upp mismunur er nemur 733 millj. kr. til lánveitinga.“ 733 millj. er það sem vantar í Lánasjóð ísl. námsmanna á næsta ári að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. „Sé tillaga sjóðsins reiknuð miðað við sömu breytingar verðlags og fjölgun lánveitinga og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir nema lánveitingarnar 1279 millj. kr. Þetta skýrir 378 millj. kr. af upphaflega mismuninum, þar af eru 329 millj. kr. vegna mismunandi verðlagsforsendna og 49 millj. kr. vegna ólíkra forsendna um fjölgun lánþega. Óskýrður munur nemur því 355 millj. kr.

Við afgreiðslu fjárlagafrv. úr ríkisstj. á liðnu sumri var ráðstöfunarfé sjóðsins lækkað um 300 millj. kr. með ákvörðun, þar af lántökur um 250 millj. kr. og fjárveiting um 50 millj. kr. Afgangurinn eða 55 millj. kr. skýrast af mun meiri lánveitingum 1985 en útlit var fyrir þegar forsendur fyrir sjóðinn lágu fyrir á s.l. sumri.

Samkvæmt framansögðu skortir verulega á að endar nái saman í fjárlagafrv. miðað við núverandi fyrirkomulag útlána. Mismunurinn nemur“ — og þar kemur hin endanlega tala Fjárlaga- og hagsýslustofnunar — „um 355—360 millj. kr. Ef halda á útlánum óbreyttum frá því sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir er ljóst að því verður ekki náð fram nema með lækkun lána.“ Og hve mikil lækkun lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna? Því svarar Fjárlaga- og hagsýslustofnun svona: „Miðað við umræddar forsendur þyrfti að lækka lán sjóðsins um 30% frá ársbyrjun 1986.“

Þegar þessir þættir eru síðan skoðaðir nánar þá vita það allir sem til þekkja að fyrirheit eru gefin íslenskum námsmönnum við upphaf námsárs. Það er búið að gefa út fyrirheit miðað við árið 1986, fyrri hluta þess árs. Og ef greitt verður samkvæmt þeim loforðum úr Lánasjóði námsmanna 1986 þá er sjóðurinn tómur í júní 1986. Það verður ekki túkall eftir í sjóðnum. Ef standa á við það sem hér er sagt í fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun þá er Lánasjóður ísl. námsmanna tómur á miðju ári 1986.

Ég held, herra forseti, að það sé alveg óhjákvæmilegt að nú þegar við þessa umræðu svari hæstv. menntmrh. því: Ætlar hann að bera ábyrgð á þessum niðurskurði Lánasjóðs ísl. námsmanna um 400 millj. kr.? Ætlar hann að skera námslánin niður um 30%? Ætlar hann að horfa upp á það að sjóðurinn verði tómur í júní—júlí á næsta ári?

Í nál. mínu á þskj. 359 eru birt yfirlit yfir Lánasjóð ísl. námsmanna. Þar kemur það fram hvernig staða sjóðsins er. Þar kemur það glöggt fram að Lánasjóður ísl. námsmanna er tómur á árinu 1986 í júní eða júlímánuði. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. menntmrh. sé hér til staðar til að svara því: Ætlar hann að skera niður námslánin í byrjun ársins 1986, koma þannig aftan að námsmönnum sem hafa fengið loforð um lán á þeim árshluta eða ætlar hann að standa við loforðin á fyrri hluta ársins 1986 þannig að sjóðurinn verði tómur í júní—júlí 1986 og námslán á Íslandi verði lögð niður frá miðju næsta ári?

Hér er um að ræða, herra forseti, milli tvö og þrjú þúsund fjölskyldur Íslendinga sem hafa byggt sína afkomu, meðan þetta fólk er við nám, á Lánasjóði ísl. námsmanna og það er ekki við hæfi að standa að hlutum eins og ríkisstj. hyggst gera í þessu efni. Á fundi fjh.- og viðskn. Nd. í gærkvöldi, þar sem ég óskaði eftir að hæstv. menntmrh. yrði kallaður fyrir, upplýsti hann að hann mundi reyna að halda þannig á málum að lánin á fyrri hluta ársins 1986 yrðu ekki skert og hann mundi reyna að halda þannig á málum að hérna yrði ekki um að ræða mjög tilfinnanlegt högg. Ef það er, þá er hann að segja það að þessi afgreiðsla hér sé vitleysa. Þá er hann að segja við hæstv. fjmrh. að hann samþykki að vísu þessa tölu núna við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga en hann ætli sér að koma á næsta ári með beiðni með rökum um þrjú, fjögur, fimm hundruð milljónir króna í viðbót. Og það er ljóst að þær þrjú, fjögur, fimm hundruð milljónir króna í viðbót eru ekki til meðan ríkissjóður sleppir fyrirtækjum og öðrum slíkum aðilum við að borga skatta eins og eðlilegt væri.

Ég vænti þess, herra forseti, að séð verði til þess að hæstv. menntmrh. taki þátt í þessum umræðum ef mögulegt er og geri grein fyrir því hvernig hann ætlar að leysa málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna á næsta ári. Ég sé ekki að hæstv. ráðherra sé kominn í salinn, kannske er hann ekki í húsinu. (**Forseti:** Hæstv. menntmrh. vék sér frá og er ekki í húsinu eins og er, en þessum athugasemdum verður komið á framfæri við hann. Það er hins vegar ekki á valdi forseta að draga neinn í stólinn.) Það er á valdi forseta að fresta umræðunni ef þm. geta ekki haldið henni áfram með eðlilegum hætti. (**Gripið fram í:** Mun hv. frsm. minni hl. klára ræðuna sína í dag?) Það getur vel verið að ég klári ræðuna í dag, þó er ekki útséð um það alveg enn þá. Það eru enn þá 6 tímar til miðnættis. En það væri ekki lakara ef stjórnarliðið vildi sýna þá lipurð að kalla menntmrh. til, ég er viss um að hann vill gjarnan segja eitthvað um þetta mál. Ég vona að hæstv. fjmrh. hafi ekkert á móti því að menntmrh. tali í þessu máli, þó gæti það verið, en ég vil þá heyra í menntmrh.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja að 13. gr. frv. sem fjallar um Kvikmyndasjóð. Þar er gert ráð fyrir því að framlög til Kvikmyndasjóðs á árinu 1986 verði um 16 millj. kr. Á árinu 1985 námu framlög til Kvikmyndasjóðs samtals um 30—32 millj. kr. Sveinn Einarsson kom á fund fjh.- og viðskn. Nd. og greindi okkur frá því að þessi niðurskurður á framlögum til Kvikmyndasjóðs gæti haft mjög alvarleg áhrif á þá íslensku kvikmyndagerðarmenn sem núna eru, sem brautryðjendur, að fara af stað í þessari listgrein. Auðvitað er niðurskurðurinn á Kvikmyndasjóði svipaður og sama eðlis og niðurskurðurinn á fé til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Auðvitað er niðurskurðurinn á Kvikmyndasjóði sama eðlis og niðurskurður á fé til lista- og menningarstarfsemi í fjárlagafrv. Skv. upplýsingum sem við fengum í fjh.- og viðskn. Nd. nema framlög til lista 0,37% af fjárlagafrv. ársins 1986 og hefur þar orðið u.þ.b. fjórðungs lækkun að ræða miðað við fjárlögin núna á nokkru árabili. Í afstöðunni til Lánasjóðs ísl. námsmanna og til menningarmála yfirleitt kemur auðvitað fram stefna af hálfu Sjálfstfl. Það er sama stefna og birtist í plagginu „Ráðdeild í ríkisrekstri", þar sem sérstaklega er vegið að lista- og menningarmálum og gerð tillaga um að þeir þættir verði skornir niður í raun og veru umfram allt annað.

Ég tel að það sé fróðlegt, til að menn skynji þá stefnu sem er á bak við lánsfjárlagafrv. og Kvikmyndasjóð og Lánasjóð námsmanna, að átta sig á í hvaða heimi íhaldið býr í menningarmálum yfirleitt. Það er best gert með því að lesa hér tillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna, en þar ólust þeir upp, varaformaður og formaður Sjálfstfl. Hvaða tillögur ætli þeir geri um niðurskurð á ríkisútgjöldum? Listskreytingasjóður, auðvitað á hann að fara. Þýðingarsjóður, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, leiklistarstarfsemi almennt, Bandalag ísl. leikfélaga, Leiklistarráð, Alþýðuleikhús, Íslenska óperan, Íslenski dansflokkurinn, tónlistarstarfsemi, listasöfn, Myndlistarskólinn í Reykjavík, Myndlistarskólinn á Akureyri, Félag ísl. myndlistarmanna, Bandalag ísl. listamanna, listkynning, styrkir, lista- og menningarmál ýmis, húsfriðun o.s.frv. Auðvitað kemur fram í þessum tillögum hæstv. fjmrh. stefna íhaldsins í menningarmálum. Auðvitað er þetta stefna sem hér er lögð áhersla á og verið að framkvæma.

Þó er það þannig að tilgangurinn með öllu þessu puði okkar á Alþingi eða í stjórnmálaflokkum eða í verkalýðsfélögum, hvar sem við störfum, á auðvitað að vera sá að búa hér betra menningarlífi. Tilgangurinn er ekki hagvöxtur og gróði og aukin þjóðarframleiðsla, heldur betra líf mannsins sjálfs, víðtækt og gott menningarlíf í víðtækasta skilningi. Þessi niðurstaða og tillögur hér í lánsfjárlagafrv. varðandi menningarmál lýsa átakanlegri þröngsýni íhaldsins í þeim málaflokki. Það er svo sem ekki nýtt en í þessu fjárlagafrv. er gengið býsna langt í þeim efnum.

En það er fleira, herra forseti, sem ræður úrslitum um það hvort við getum litið á okkur sem menningarþjóðfélag eða ekki en listsköpunin sem slík. Menning þjóðar ræðst líka af því hvernig hún býr að sínu fólki, einnig fötluðum og öldruðum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að skera Framkvæmdasjóð fatlaðra niður í 80 millj. kr. þegar umsóknir eru upp á 270 millj. kr. Umsóknir í Framkvæmdasjóð fatlaðra fyrir næsta ár eru upp á hvorki meira né minna en 270 millj. kr. og ég held að það sé rétt að lesa þær upp eftir svæðum hverjar þær umsóknir eru og hvaða aðilar það eru sem sækja í þessar 80 millj.

Númer eitt og stærsti umsækjandinn er menntmrn.

Eitt ráðuneytanna sækir þarna í 43,6 millj. kr. af þessum 80. Menntmrn. hefur með öðrum orðum í huga að sækja meira en helming af þeirri upphæð sem á að leggja í Framkvæmdasjóð fatlaðra 1986. Fjölmörg verkefni eru á dagskrá í málefnum fatlaðra í Reykjavík. Þar er sótt um 62,7 millj. kr. Í Reykjaneskjördæmi 56,1 millj. kr. Á Vesturlandi 13,1 millj. kr, Vestfjörðum 5,5 millj. kr., Norðurlandi vestra 10,9 millj. kr., Norðurlandi eystra 33,7 millj. kr., Austurlandi 8,6 millj. kr., Suðurlandi 33,7 millj. kr. eða samtals 268 millj. kr. umsóknir úr 80 millj. kr. sjóði. Ég fæ ekki séð hvernig stjórnarnefnd um málefni fatlaðra ætlar að ráða fram úr þessu verki þegar ríkið sjálft sækir um meira en helminginn af allri upphæðinni í Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Ég veit ekki hvort allir þm. gera sér ljóst hvað það eru fjölþætt verkefni sem þessi sjóður er að fást við. Stundum heyrist sagt að hann sé aðallega að sinna Reykjavík, þéttbýlinu, sinni í raun og veru engu öðru. Ég ætla að rifja hér upp nokkrar staðreyndir um verkefni þessa sjóðs á árinu 1985. Á því ári er það þannig að Framkvæmdasjóðurinn veitir til 12 verkefna í Reykjavík. Það eru sambýli, endurhæfingarstöð, Gigtarfélagið, Sjálfsbjörg, Öryrkjabandalagið, Meðferðarheimilið Trönuhólum og fleiri aðilar. Á Reykjanessvæði veitti sjóðurinn á þessu ári til 10 verkefna. Það eru Reykjalundur, Tjaldanes, verndaður vinnustaður í Kópavogi, sambýli í Hafnarfirði, skammtímavistun í Kópavogi og fleira. Á Vesturlandi veitti þessi sjóður í *þrjú verkefni: Sambýli á Akranesi, þjónustumiðstöð í* Borgarnesi, verndaðan vinnustað á Akranesi. Á Vestfjörðum veitti hann í þrjú verkefni: Bræðratungu Ísafirði, Sjálfsbjörg Ísafirði og grunnskóla, sérdeild, Ísafirði. Á Norðurlandi vestra í fjögur verkefni, á Norðurlandi eystra í sjö verkefni, á Austurlandi í sex verkefni, á Suðurlandssvæði í níu verkefni á árinu 1985. Hér er m.ö.o. um að ræða milli 30 og 40 viðfangsefni sem sjóðurinn tók sér fyrir hendur að reyna að sjá fram úr á árinu 1985. Ég held að við þurfum að gera okkur ljóst hvaða áhrif það hefur til frambúðar á lífskjör á Íslandi ef við búum illa að fötluðu fólki. Fatlað fólk er ekki að fara fram á forréttindi á Íslandi, fatlað fólk er að biðja um jafnrétti í þessu landi. Fatlað fólk er að biðja um jafnrétti til þess að fá að leggja það sem það getur til verðmætasköpunar þjóðfélagsins. Ég hygg að ekki aðeins sé það í rauninni fráleitt frá almennu siðferðilegu sjónarmiði að ganga svo nærri þjónustu við fatlaða eins og hér er gerð tillaga um, heldur hygg ég einnig að með því séu menn að ráðast að fólki sem gæti skapað íslenska þjóðarbúinu verulega aukin verðmæti ef rétt *væri að því búið.*

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja aðeins að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir því að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, eina verðtryggða tekjustofn sveitarfélaganna. Upplýsingar hafa ekki komið fram um það hversu mikil skerðingin verður á árinu 1986 en það er ljóst að hér er verið að taka af sveitarfélögunum mörg hundruð milljónir króna.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að við gerum okkur grein fyrir því að forustumenn Sjálfstfl. lýstu því yfir fyrir síðustu kosningar að þeir ætluðu sér að stöðla að stórauknu og efldu fjárhagslegu sjálfstæði sveitarfélaganna í landinu. Útkoman er sú að þeir skera niður eina verðtryggða tekjustofn sveitarfélaga. Þetta sýnir m.ö.o., herra forseti, að allt geipið um fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna hefur verið markleysa eins og ýmislegt fleira sem kom frá Sjálfstfl. fyrir kosningar og var svo svikið jafnharðan eftir kosningar, nema auðvitað loforðin sem voru gefin forustuliðinu í verslunarráðinu.

Ég vil í fjórtánda lagi, herra forseti, víkja að 29. gr. frv. sem fjallar um sölu á raðsmíðaskipum. Þar er enn þá tillaga um að raðsmíðaskipin verði fimm. Því hefur ekki verið breytt og ég spyr vegna þess að í reglugerð um ríkisábyrgðir vegna smíði fiskiskipa innanlands er aðeins talað um fjögur skip í þessu sambandi. Um raðsmíðaverkefnið má margt segja en það er ljóst að það verður að taka á því máli og það verður að leysa það. Ég held hins vegar að frumvarpsgreinin, eins og hún liggur hér fyrir, sé ekki nægilega skýr vegna þess að ég veit ekki betur en að þessi skip séu fjögur en ekki fimm og það munar um það hvort þau eru fjögur eða fimm því hér er um talsverðar upphæðir að ræða.

Ég bendi á það að 29. gr. er opin. Það er ómögulegt að segja skv. 29. gr. hversu mikið fé fellur á ríkið. Það veit það enginn. Mér finnst öll ástæða til þess að líta rækilega yfir málefni skipasmíðastöðvanna og mér finnst ekkert óeðlilegt þó að komið sé til móts við skipaviðgerðir með þeim hætti sem gerð er tillaga um hér af ríkisstj. En ég held að greinin, eins og hún liggur hér fyrir, verði að breytast á milli 2. og 3. umr. vegna þess að það er ekki sæmandi þinginu að ganga svona frá henni. Greinin er ekki í samræmi við þau lög sem *heimiluðu raðsmíðaverkefnið á sínum tíma*, 1982, og heldur ekki í samræmi við reglugerðina sem var gefin út 21. júlí 1982 af fjmrn. Ég vil því fara þess á leit við hv. stjórnarliða í fjh.- og viðskn. þingsins og hæstv. fjmrh. að hann athugi þessa grein sérstaklega vegna þess að ég held að hún sé vitleysa eins og hún stendur hér og það getur verið dýrt fyrir ríkið að ganga illa frá málum eins og þessu.

Þessu næst vil ég, herra forseti, víkja í fimmtánda lagi að því að á undanförnum árum er mikið búið að tala um fiskeldi. Það á allan vanda að leysa. Ef þröngt er fyrir dyrum í landbúnaðinum, þá er það fiskeldi. Ef þröngt er fyrir dyrum í sjávarútveginum, þá er það fiskeldi. Ef þarf að efla nýjar atvinnugreinar og sækja fram til nýsköpunar, þá er svarið fiskeldi. Þetta hefur kveðið við hér að undanförnu og haldnar langar og margar ræður um þetta hér á hv. Alþingi.

Við afgreiðslu lánsfjárlaga er þessari nýju atvinnugrein vísað á fimm sjóði. Fiskeldinu er vísað á Byggðasjóð. Fiskeldinu er vísað á stofnlánadeild landbúnaðarins. Fiskeldinu er vísað á Framkvæmdasjóð. Fiskeldinu *er vísað á Iðnlánasjóð. Fiskeldinu er vísað á* Fiskveiðasjóð og fiskeldinu er reyndar vísað á Þróunarfélagið. Það eru sex aðilar og það er engin samræming varðandi þessa fjármuni sem á að nota til fiskeldis. Ég held að þetta sé hættulegt, þetta stjórnleysisástand sem uppi er í þessum efnum, ég held það sé beinlínis hættulegt. Ég held að við þurfum að skipuleggja þessa hluti miklu betur og ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því, úr því hann er hér: Hvenær er ætlun ríkisstj. að leggja fram frv. um samræmda stefnu og ákvarðanatöku í þessum efnum?

Ég hef undir höndum skýrslu fiskeldisnefndar sem Gunnlaugur Sigmundsson veitti forstöðu. Hún skilaði áliti núna í þessum mánuði, trúi ég, og auðvitað ekki ástæða til að krefjast þess að menn hafi afgreitt hana nú

þegar eða séu að því núna þessa sólarhringana. En mér finnst margt athyglisvert í þessari skýrslu og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að á því verði tekið nú hið allra fyrsta og strax eftir áramótin að setja lagaramma um fiskeldisstarfsemi í landinu. Þetta er ómögulegt hjá okkur svona, að vera með þetta í fimm eða sex sjóðum, hlutirnir ekki samræmdir og ekki tekið á málinu með neina heildarstefnu í huga.

Það hafa komið fram upplýsingar um að hægt sé að tryggja þjóðarframleiðslu í fiskeldi um aldamót, ef við stöndum rétt að, upp á 11 milljarða króna á núverandi verðlagi. Ég held að þessi von sé í hættu ef ekki verður skipulegar tekið á málefnum fiskeldisins en nú er verið að gera og ég harma að þessi mál skuli vera afgreidd svona við lánsfjáráætlun, að fiskeldinu og þróun þess er vísað á eina sex lánasjóði og enginn samræmingaraðili er til. Ég vil þess vegna endurtaka þessa spurningu mína til hæstv. forsrh.: Hvenær hyggst ríkisstj. taka á þessu máli í samræmingarskyni? Ég tel það hættulegt að þessi grein, sem getur skilað okkur miklum verðmætum, þróist tilviljunarkennt á komandi árum svo sem verið hefur.

Ég vil loks minna á það, herra forseti, í sextánda lagi, að í fjárlögum þessa árs og lánsfjárlögum var gert ráð fyrir 50 millj. kr. til rannsókna og þróunarstarfsemi. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 50 millj. kr. í þessu skyni. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að framlög af þessu tagi til rannsókna og þróunarstarfsemi geta skipt mjög miklu máli og haft afgerandi þýðingu fyrir okkar atvinnulíf í framtíðinni. Ég bendi hins vegar á að ríkisstj. er með óbreytta tölu í þessu efni í fjárlögum ársins 1986 og það er engin tala í lánsfjárlögum. Ég held að það sé í raun og veru mjög alvarlegt mál að við skulum ekki sýna þeirri sókn til betri lífskjara og nýsköpunar í atvinnulífinu meiri áhuga en þetta. Þess vegna mun ég við afgreiðslu fjárlaga flytja sérstaka tillögu um þennan lið því ég held að þarna sé um að ræða eitt mikilvægasta verkefni okkar samtíðar, að stuðla að alhliða eflingu rannsókna og þróunarstarfsemi, samstillingu rannsóknastofnana og umfram allt betri nýtingu þeirra fjármuna sem þegar fara til þessara mála og einnig stuðla að því að Háskólinn geti staðið skipulegar að þessum málum en hann hefur átt kost á að undanförnu.

Herra forseti. Nú væri ég kominn að lokum máls míns ef ekki hefði komið fram í gærkvöldi á fundi fjh.- og viðskn. brtt. frá ríkisstj., ákaflega sérkennileg brtt., sem gerir ráð fyrir því að láta bændur sjálfa borga kostnað við afleysingaþjónustu í sveitum og velta kostnaðinum af þessu út í verðlagið. Þannig er að bændur hafa greitt stofnlánadeildargjald, 1% af sínum framleiðsluafurðum. Þetta gjald hefur ekki komið út í verðlag landbúnaðarafurða. Nú er ákveðið að Stofnlánadeild landbúnaðarins borgi afleysingaþjónustu í sveitum og að stofnlánadeildargjaldið fari út í verðlagið. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, ef hann má nema mál mitt, hvernig hann ætli að fara að því að tryggja að stofnlánadeildargjaldið fari út í verðlagið. Hv. þm. Stefán Valgeirsson lýsti því yfir á fundi fjh.- og viðskn. í gær að þessu yrði velt út í verðlagið en ekki á bændur og ég hefði viljað vita hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að fara að því að pína Sexmannanefndina til að samþykkja þessa hækkun. Ég veit ekki til þess að ríkisstjórnin eða fjmrh. ráði neitt yfir þeirri nefnd með formlegum hætti. Þess vegna fannst mér yfirlýsing hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um það að þetta mundi ekki lenda á bændum afar sérkennileg. Ég er smeykur um að þeir framsóknarmenn hafi misskilið málið mjög alvarlega þegar þeir voru að pína Sjálfstfl. til að samþykkja þetta. Eða var það ekki þannig? Var það ekki framsókn sem beitti sér fyrir því að leggja þetta á bændur og taka afleysingaþjónustu í sveitum út úr ríkissjóði, eða var það kannske Sjálfstfl.? Það væri fróðlegt að vita hvor það var sem átti frumkvæðið.

Herra forseti. Ég hef hér í fáeinum orðum farið yfir nokkur meginatriði í lánsfjárlagafrv. og þeim málum sem því tengjast. Umræðan um þetta mál á þessu þingi verður bersýnilega minni en á síðustu þingum, því miður. En þegar allt kemur til alls og þegar ég fer yfir þetta mál kemst ég að eftirfarandi meginniðurstöðum:

1. Allar forsendur frv. eru á floti. Málið hefur fengið litla meðferð hér í þinginu og augljóst er að ríkisstj. gæti þurft að leggja hér fram frv. til aukalánsfjárlaga þegar líður á árið 1986.

2. Bersýnilega vantar verulegt fjármagn í húsnæðismálin miðað við fyrirheit og óbreytta starfsemi svo nemur hundruðum milljóna króna og bersýnilegt er skv. þessum áætlunum að starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna í nýjum verkefnum á næsta ári verður stöðvuð.

3. Í frv. er ekki tekið á alvarlegum vandamálum í okkar hagkerfi, sbr. vandamál hitaveitnanna sem ég rakti hér áðan.

4. Hvergi örlar í þessu frv. á framsýnni atvinnustefnu. Iðnaðarsjóðir birta vaxandi vanskil. Nýjar stofnanir eins og Byggðastofnun og Þróunarfélag hanga í lausu lofti. Rannsókna- og þróunarstarfsemi er úti og þannig mætti lengi telja af þessu tagi.

5. Hér er mjög harkalega vegið að Lánasjóði ísl. námsmanna og lánin skorin niður um 30%, ella vantar 4—500 millj. kr. í Lánasjóð ísl. námsmanna á næsta ári.

6. Vegið er sérstaklega að mennta- og menningarmálum. Það kemur fram í Kvikmyndasjóði og það kemur einnig fram í framlögum ríkisins til lista og menningarmála skv. fjárlagafrv.

7. Gerð er alvarleg tilraun til þess að stöðva þróun félagslegrar þjónustu m.a. með beinni árás á Framkvæmdasjóð fatlaðra sem er ætlað að hafa á næsta ári 80 millj. kr. þegar umsóknir í sjóðinn nema 268 millj. kr. eins og ég rakti hér áðan.

8. Í frv. er vegið að fjárhag og sjálfstæði sveitarfélaganna.

9. Ég tel að það sé mjög alvarlegt hvað meðferð fiskeldismála er ruglingsleg í þessu frv.

Þetta eru þau meginatriði, herra forseti, sem valda því að ég get ekki tekið þátt í að afgreiða þetta mál, ég var á móti því að taka málið úr nefnd. Við Alþýðubandalagsmenn munum beita okkur fyrir breytingum á þremur greinum frv., þeim sem snúa að stækkun álversins, skerðingu framlaga í Framkvæmdasjóð fatlaðra og skerðingu framlaga í Lánasjóð ísl. námsmanna. Að öðru leyti teljum við að frv. sé með þeim hætti að eðlilegast væri að vísa því til ríkisstj. með rökstuddri dagskrá eins og við leggjum til, þm. Alþýðubandalagsins, Kvennalistans og Bandalags jafnaðarmanna í þessari deild.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra

forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 á þskj. 376 og brtt. með frv. til lánsfjárlaga á þskj. 363. Fyrst örfá orð um í hvaða efnahagsástandi við erum að ræða þessar tillögur.

Hallarekstur, skuldasöfnun og fjármunasóun í ríkisbúskapnum er undirrót vaxandi verðbólgu, misgengis atvinnuvega, sem mönnum er tíðrætt um, og versnandi lífskjara alls almennings. Vextir og afborganir erlendra lána samsvara nú þegar á árinu 1985 söluverðmæti alls þorskafla sem á land berst. Vaxtagreiðslurnar einar samsvara meira en 11% af öllum atvinnutekjum landsmanna, eða mælt á annan mælikvarða: Vaxtagreiðslurnar einar eru jafnvirði 15—16 þúsund ársverka verkamanna í landinu. Þessi tollur erlendra fjármagnseigenda á verðmætasköpun þjóðarinnar er orðinn svo hár að allir heilvita menn hljóta að taka undir kröfuna: Hingað og ekki lengra.

Óbreytt stefna er óútfyllt ávísun á stóraukna skattbyrði alls almennings og verri lífskjör í framtíðinni. Óbreytt stefna er því ábyrgðarlaus atlaga að lífskjörum ungu kynslóðarinnar í landinu og reyndar að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að fjárlög og lánsfjárlög fyrir árið 1986 eru reyndar seinustu forvöð núv. hæstv. ríkisstj. til að snúa frá helstefnunni í skuldasöfnunar- og fjármagnssóunarstefnunni. Hafi stjórnarliðar ekki þrek til að horfast í augu við veruleikann nú munu þeir vissulega ekki vera líklegir til að gera það á kosningaári 1987. Þetta eru seinustu fjárlög sem núverandi stjórnarmeirihluti ber ábyrgð á í framkvæmd. Þessi fjárlagagerð er því í reynd prófsteinn á pólitíska ábyrgðartilfinningu nýs fjmrh., formanns Sjálfstfl.

Tölur tala sínu máli um gjaldþrot óbreyttrar stefnu í ríkisfjármálum. Fjárlög ársins 1985 reyndust markleysa. Hallinn á A-hluta ríkissjóðs verður þrisvar til fjórum sinnum meiri en áætlað var. Að mati Þjóðhagsstofnunar er hallinn fyrstu mánuði ársins áætlaður 2,5 milljarðar, gæti orðið framreiknað til áramóta allt að 2,7 milljörðum króna. Nettóaukning erlendra skulda árið 1985 er áætluð meira en 3,3 milljarðar kr. og reynslan af lánsfjárlögum seinasta árs sýnir okkur að einnig í því efni var farið mörg hundruð milljónum króna umfram ramma lánsfjárlaga. Viðskiptahallinn er áætlaður 5,8 milljarðar í árslok, en það samsvarar u.þ.b. 20 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Aukning skammtímalána er áætluð allt að 4,3 milljarðar kr. í árslok. Þannig má ætla að ríkisútgjöldin vaxi allt að 15% að raungildi milli áranna 1984 og 1985. Hallarekstur og skuldasöfnun í ríkisbúskapnum, bæði á fjárlögum og lánsfjárlögum, viðskiptahalli þjóðarbúsins út á við og hrikaleg aukning skammtímaskulda, allt þetta bendir til þess að hér sé reikul og ráðlaus stjórnarstefna, bæði almennt í ríkisfjármálum, efnahagsmálum og peningamálum. Verði ekki snúið við af þessari braut þegar í stað blasir við efnahagsleg og pólitísk upplausn á komandi misserum.

Frumvörp ríkisstj. til fjárlaga og lánsfjárlaga bera það með sér bæði tvö að áfram á að feta troðnar slóðir, götuna til glötunar. Heildarlántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja, eru áætlaðar 12 487 millj. kr. á árinu. Þar af er ráðgert að afla 8277 millj. kr. með erlendum lántökum. Erlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs verða eftir sem áður hærri en afborganir eldri lána, þannig að það meginmarkmið nýs fjmrh. að halda þeim innan þeirra marka mun ekki standast. Erlendar lántökur í heild sinni til ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja með aðild ríkissjóðs og sjóðakerfis, þ.e. ríkisbúskaparins í heild í A-, B- og C-hluta eins og það er farið að nefna, allt ber þetta með sér að áfram er fylgt í verki óbreyttri stefnu. Þannig er t.d. fjárþörf tveggja stærstu félagslegu lánasjóðanna, þ.e. byggingarsjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna, og næststærsta sjóðsins, Lánasjóðs ísl. námsmanna, áfram mætt með erlendum lánum sem bera ávöxtunarkjör langt umfram greiðslugetu lántakenda þessara sjóða. Þetta er enn ein ávísunin á hærri skatta í framtíðinni. Arðsemiskröfur, eins og t.d. að erlend lán séu því aðeins tekin að fyrirhuguð fjárfesting spari erlendan gjaldeyri eða leiði til aukinnar gjaldeyrisöflunar, er víðast hvar látin lönd og leið, sbr. t.d. erlendar lántökur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, á sama tíma og landbúnaðurinn býr við óseljanlega offramleiðslu, erlendar lántökur til Byggðastofnunar, nú eða t.d. ríkisábyrgð á svokölluðu raðsmíðaverkefni frá árunum 1982—1985, allt ber þetta að sama brunni.

Ekki örlar á viðleitni til breyttra vinnubragða við sjálfa fjárlagagerðina. Fjárlagagerðin einkennist áfram af sjálfvirkum framreikningi verðbólgunnar og óskhyggju ríkisforstjóra um meira fé, samkvæmt Parkinsons-lögmáli, burtséð frá öllu mati á heildarsamhengi efnahagsmála eða einhverri viðleitni til þess að beita fjárlögum ríkisins sem hagstjórnartæki. Áfram er reynt að fylla upp í „fjárlagagatið“ með hefðbundnum aðferðum og óbreyttu skattakerfi, tekjuöflunarkerfi ríkisins, í stað þess að ákveða fyrst viðráðanlega hlutdeild hins opinbera í þjóðartekjunum og miða útgjöldin við raunverulegan efnahag og greiðslugetu skattgreiðenda. Sjálfvirkur útgjaldaauki þessa kerfis er áfram stórlega vanmetinn. Þannig er fyrirsjáanlegt að fjárlög, sem saman eru sett með þessum hefðbundna hætti, munu samkvæmt reynslu reynast marklaus vegna þess að útgjaldahlið þeirra er vanmetin.

Ríkisstj. horfir enn áfram aðgerðarlaus á ranglátt og hriplekt skattakerfi, sem allir viðurkenna þó í orði að sé orðið ónýtt tekjuöflunartæki, hvað þá heldur að það sé nothæft sem tekjujöfnunartæki. Hvergi örlar á þeim pólitíska kjarki sem er nauðsynlegur til þess að stokka upp ónýtt tekjuöflunarkerfi og sjálfvirka útgjaldaþenslu. Þegar er fyrirsjáanlegt, samkvæmt reynslu undanfarandi ára, að ríkissjóður verður áfram rekinn með halla, að markmiðið um stöðvun erlendrar skuldasöfnunar stenst ekki, að vaxtabyrði erlendra lána mun enn þyngjast, að viðskiptahallinn verður áfram háskalega mikill, eða a.m.k. á fimmta þúsund millj. kr. á næsta ári, sem þýðir hækkandi hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu á næstu árum.

Brtt. okkar Alþýðuflokksmanna við fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga fela í sér róttæka stefnubreytingu í ríkisfjármálum. Með þessum tillögum eru stigin fyrstu skrefin, en aðeins fyrstu skrefin, í átt til óumflýjanlegrar kerfisbreytingar í ríkisfjármálum. Fjármálatillögur okkar munu m.a. fela í sér eftirfarandi:

1. Erlend lántaka ríkissjóðs, þ.e. A-hluta ríkissjóðs, mun skv. okkar till. lækka um hvorki meira né minna en 1674 millj. kr. og verður ekki meiri en u.þ.b. 1,2 milljarðar.

2. Veitt lán á vegum ríkissjóðs til B-hluta, þ.e. til

fyrirtækja með eignaraðild ríkisins og sjóðakerfis, eru lækkuð um 350 millj. og verða ekki hærri en 570 millj. kr.

3. Tillögur okkar fela í sér gerbreytingu á núverandi söluskattskerfi. Með afnámi fjölmargra undanþága og breyttu innheimtukerfi er tekjuöflun ríkissjóðs í gegnum óbeina skatta, söluskatt, aukin og jafnframt gerðar ráðstafanir til þess að draga úr stórfelldum og ranglátum skattundandrætti. Að hluta til er auknum tekjum varið til að lækka söluskattsprósentu úr 25% í 20%, þ.e. um 5 söluskattsstig, en til þess er varið 2500 millj. kr. Þessi aðgerð ein út af fyrir sig stuðlar að lækkun vöruverðs í landinu og þar með auknum kaupmætti launa og bættri afkomu heimilanna í landinu.

4. Staðið er við, samkvæmt þessum tillögum, yfirlýstan vilja og samþykkt Alþingis — að tilhlutan okkar Alþýðuflokksmanna og reyndar sjálfstæðismanna — um lækkun tekjuskatts á launþega í áföngum.

5. Í tillögum okkar er eignarskattur einstaklinga upp að vissu marki skuldlausrar eignar — og nær til alls þorra venjulegs fólks í landinu — lækkaður mjög verulega, eða um 76 millj. kr. Hins vegar er tekinn upp stigbreytilegur eignarskattur á félög, þ.e. fyrirtæki þar sem um er að ræða verulegar skuldlausar eignir, og hann er hækkaður um allverulega upphæð eða rúmlega 500 millj. kr.

6. Í þessum tillögum felst að ákvörðun núv. hæstv. fjmrh. um hækkun á vörugjaldi er breytt og vörugjaldið er lækkað.

7. Stigin eru fyrstu skrefin í átt til skattahreinsunar með því að afnema fjölmarga smáskatta sem eru við lýði af gömlum vana en eru dýrir í innheimtu, svara ekki innheimtukostnaði eða eru úreltir af öðrum sökum.

8. Í tillögum okkar er ráð fyrir því gert að stærri hluti af raunverulegum hagnaði Seðlabanka verði tekinn í ríkissjóð.

Ég vek athygli á því að þar sem halli ríkissjóðs er nú fyrst og fremst fjármagnaður með stórfelldum yfirdrætti hjá Seðlabanka, þá er fyrirsjáanlegt, og reyndar staðfest í umræðum í fjh.- og viðskn., að hagnaður Seðlabanka verður af þeim sökum — vegna hallareksturs og yfirdráttar ríkissjóðs — mjög verulegur á yfirstandandi ári. Í fjárlögum er einungis gert ráð fyrir því að taka hluta af þessum hagnaði í ríkissjóð og hann er þar að auki stórlega vanmetinn. Tillögur okkar fela í sér breytingu á þessu.

9. Stórauknum fjármunum er varið til húsnæðismála samkvæmt þessum tillögum og einnig stórauknum fjárhæðum varið til að verja kjör hinna öldruðu og hinna verst settu í þjóðfélaginu með fjárveitingum til sjúkratrygginga og lífeyrisgreiðslna.

10. Leifarnar af niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum eru afnumdar en breytt þess í stað í beinar greiðslur til hinna verst settu í þjóðfélaginu, til bótaþega almannatrygginga.

11. Veigamiklir útgjaldaliðir, sem við flokkum í einu lagi undir velferðarkerfi atvinnuvega og atvinnurekenda á fjárlögum, eru verulega skertir.

12. Rannsóknastofnunum atvinnuvega er breytt samkvæmt þessum tillögum í sjálfseignarstofnanir sem selja þjónustu sína til atvinnulífsins en njóta áfram verulegra ríkisstyrkja til rannsókna.

Í heild sinni er þetta allt saman, eins og ég sagði, herra forseti, fyrstu skrefin í átt til þess að snúa við af þeirri braut sem mun fyrirsjáanlega leiða til ófarnaðar. Þetta eru fyrstu skrefin í þá átt að taka upp algjörlega nýjar grundvallarreglur í opinberri fjármálastjórn og í ríkisbúskapnum í heild.

Brtt. okkar Alþýðuflokksmanna við frv. til lánsfjárlaga eru í fullu samræmi við stefnuna í ríkisfjármálum. Aðalatriði þeirra er að heimild fjmrh. til nýrrar erlendrar lántöku á árinu 1986, samkvæmt lánsfjárlögum, er stórlega lækkuð eða um ekki lægri upphæð en tæplega 1000 millj. kr., nánar tiltekið 924 millj. kr.

Ef við víkjum að einstökum liðum í brtt. okkar á þskj. 363, þá eru þær þessar helstar:

Í fyrsta lagi er brtt. við 3. gr. lánsfjárlaga og felur í sér lækkun erlendra lánsheimilda til Landsvirkjunar um 40 millj. kr.

Í öðru lagi brtt. við 5. gr. sem er um það að skerða lánsheimildir vegna svokallaðs Þróunarfélags úr 100 millj. í 50 millj. eða um 50 millj. kr.

Í þriðja lagi er brtt. við 7. gr. sem varðar lánsheimildir til Framkvæmdasjóðs ríkisins. Þar er um að ræða lækkun á lánsheimildum sem nema í heild sinni 355 millj. kr.

Í fjórða lagi er brtt. við 8. gr., þ.e. um lánsheimildir Byggðasjóðs, þar sem lánsheimildir hans eru lækkaðar um alls 150 millj. kr.

Allt eru þetta tillögur um það að takmarka erlendar lántökur sem ég vík svolítið að nánar síðar.

Þá er að geta brtt. við 18. gr. en sú grein fjallar um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þessi brtt. er um það að sú skerðing á lögboðnum framlögum, sem þar er ráð fyrir gert og miðast við að skerða lögboðin framlög miðað við að þau verði ekki hærri en 80 millj. kr., að skerðingarákvæðið verði rýmkað, þannig að í hlut sjóðsins komi a.m.k. 20 millj. meira, og nálgast það frekar a.m.k. mat Hagsýslustofnunar sem er á þá leið að ef fylgt væri lagaákvæðunum þá ætti þessi upphæð að nema 112 millj. kr. Nú skal það að vísu tekið fram að að mati forráðamanna Framkvæmdasjóðs fatlaðra er hér um deilumál að ræða og álitamál. Að þeirra mati ætti þessi upphæð að vera miklum mun hærri, þ.e. einhvers staðar á bilinu 180—200 millj. kr. Hér er um að ræða ágreiningsmál milli forráðamanna sjóðsins og fjmrn. um túlkun lagaákvæða. En eins og ég segi: Brtt. okkar felur í sér að í hlut Framkvæmdasjóðs fatlaðra komi a.m.k. 20 millj. kr. meira en ráð er fyrir gert í tillögum meiri hlutans.

Loks er að geta brtt. við 23. gr., en hún fjallar um Ferðamálasjóð. Í tillögum stjórnarliða er gert ráð fyrir því að lögboðin framlög séu skert um helming, en tillögur okkar eru í því fólgnar að skerðingarákvæðið falli niður þannig að hann fái af framlögum 15 millj. kr. meira en á hinn bóginn verði skert heimild til erlendrar lántöku sem því svarar.

Þetta eru brtt. sem við flytjum og um þær þarf kannske að fara örlítið nánar orðum. Í fyrsta lagi er þess að geta að erlendar lántökuheimildir Framkvæmdasjóðs ríkisins, 350 millj. kr., eru þarna stærsta upphæðin. Það er í fyrsta lagi um það að ræða að við leggjum til að lántökuheimild Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði skert um 200 millj. kr. og styðst það við augljós rök um aðsemismat fjárfestingar þegar landbúnaðurinn býr við offramleiðsluástand eins og nú er. Aðrar tillögur fela í sér að lántökuheimildir Verslunarlánasjóðs og Stofnlánadeildar samvinnufélaga verði af-

numdar. Ég hef þegar gert grein fyrir brtt. að því er varðar Ferðamálasjóð og því næst er um að ræða tvær brtt., sem nema 50 millj. kr. hvor, um skerðingu á erlendum lántökuheimildum Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs.

Að því er varðar Þróunarfélag Íslands og tillöguna um að skerða erlendar lánveitingarheimildir til hennar um 50 millj. kr., þá þarf ég ekki að orðlengja það því hv. 3. þm. Reykv. fjallaði um það nokkuð ítarlega í ræðu sinni hér áðan. Hér er um að ræða félag með aðild ríkissjóðs sem á að vera áhættufélag. Það er augljóst mál að ef svo á að vera verður að ætlast til þess að þeir aðilar úr atvinnulífinu, sem hafa trú á þessu fyrirtæki, leggi því til áhættufé, vegna þess að þetta er félagsskapur sem á að skila eigendum sínum, hluthöfum, ríkinu, einstaklingum og fyrirtækjum, fjármálastofnunum og sjóðum, sem þarna eiga aðild, hagnaði. Og af þeim sökum er með öllu óþarfi að ríkið beiti sér sérstaklega fyrir erlendri lántöku.

Að því er varðar byggingarlánasjóðina þá hefur það þegar komið fram í mínu máli að í þeim fjárlagatillögum, sem við munum leggja fram væntanlega formlega á morgun, er ráð fyrir því gert að auka framlög úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins um 300 millj. kr. og til Byggingarsjóðs verkamanna um 200 millj. kr. Hér er hins vegar í þessum tillögum ráð fyrir því gert að heimild til erlendrar lántöku fyrir Byggingarsjóð ríkisins, allt að 150 millj. kr. verði afnumin. Ég vísa til þess að tvö s.l. ár hefur fjármagnsþörf byggingarlánasjóðanna að hluta til verið mætt með erlendum lántökum, á yfirstandandi ári um hvorki meira né minna en rúmlega 550 millj. kr., og einnig með umtalsverðri upphæð af erlendu láni á árinu þar á undan. Þetta er að mati okkar með öllu óafsakanleg fjárglæfrastarfsemi. Það er gjörsamlega út í hött og ábyrgðarlaust athæfi að ætla sér að fjármagna þessa sjóði með erlendum lánum. Þau ávöxtunarkjör sem á þessum lánum hvíla eru allt of þungbær, sú gengisáhætta sem tekin er með slíkum ráðstöfunum er með öllu óverjandi. Þessar ráðstafanir einar út af fyrir sig verða til þess að rífa niður eiginfjárhag sjóðanna og lama greiðslugetu þeirra og útlánagetu á næstu árum, þannig að þetta styðst við engin rök og er með öllu forkastanlegt.

Með því að leggja sjóðunum til aukin framlög úr ríkissjóði en takmarka hins vegar heimild til erlendrar lántöku teljum við einnig svigrúm til þess að draga úr heimild til innlendrar lántöku að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins um 50 millj. kr. frá lífeyrissjóðum og að því er varðar Byggingarsjóð verkamanna um 30 millj. kr. Með þessum tillögum erum við að boða aðgerðir sem þýða að eiginfjárstaða sjóðanna er bætt frá því sem ella hefði orðið, vaxtabyrði þeirra verður léttbærari og útlánageta meiri fram í tímann.

Að því er varðar erlendar lántökuheimildir til atvinnuveganna gegnum hið opinbera sjóðakerfi þá miðast okkar tillögur við og eru byggðar á þeim forsendum að erlendar lántökuheimildir þeirra verði skertar sem svarar 135 millj. kr., þ.e. þær verði ekki hærri en 2400 millj. Þetta þýðir ósköp einfaldlega að atvinnulífið, alveg eins og opinberi geirinn, verður að sæta einhverjum takmörkunum að því er varðar erlendar lántökuheimildir þegar skuldastaða þjóðarbúsins er orðin slík sem staðreyndir bera vitni um. Þá reynir á hvort ríkisstjórnin hefur í höndum stjórntæki sem getur fylgt þessu eftir í framkvæmd. Þá á ég við fyrst og fremst langlánanefnd, en gegnum hendur þeirrar nefndar fer gífurlegt erlent fjármagn til ráðstöfunar til einkaaðila.

Almennur rökstuðningur fyrir minni erlendum lántökum sjóðakerfisins byggist á kröfunni um strangara arðsemismat framkvæmda. Í því efni skal rifjað upp að í þjóðhagsáætlun, sem lögð var fram hér á hinu háa Alþingi í upphafi þings, var því slegið föstu að hagkvæmasti fjárfestingarkostur Íslendinga við ríkjandi aðstæður væri í því fólginn að byrja nú að greiða til baka erlend lán með þungum ávöxtunarkröfum. Því var slegið föstu að þetta væri besti fjárfestingarkostur sem völ væri á í íslenskum þjóðarbúskap eins og komið er. Tillögur okkar bera það með sér að við erum sömu skoðunar í reynd, enda mun vera erfitt að benda á þau fyrirtæki í landinu eða þá fjárfestingarkosti sem gætu risið undir þeim ávöxtunarkröfum, þeirri raunvaxtabyrði sem á þessum erlendu lánum hvílir. Ég tala nú ekki um þegar við bætist gengishættan, en staðreyndir tala sínu máli um hversu komið er fyrir skráningu á gengi krónunnar.

Herra forseti. Í tillögum okkar felst einnig að við leggjum til að framlög ríkissjóðs til næststærsta félagslega lánasjóðsins, Lánasjóðs ísl. námsmanna, verði aukin um 200 millj. kr. Jafnframt leggjum við til að erlendar lántökuheimildir sjóðsins upp á alls 400 millj. kr. verði helmingaðar, þ.e. skertar um helming eða sem svarar auknu framlagi úr ríkissjóði. Það hefur áður komið fram í mínu máli að erlendar lántökur miðað við gildandi raunvexti fyrir sjóði af þessu tagi eru með öllu óafsakanlegar. Það kom fram á fundi fjh.- og viðskn. í viðræðum við forráðamenn sjóðsins að gegndarlausar lántökur liðinna ára bitna nú þegar með fullum þunga á eiginfjárstöðu og útlánagetu sjóðsins. Vaxtabyrði hans af erlendum lánum, ekki síst þeim sem tekin voru í ráðherratíð hæstv. fyrrv. fjmrh., Ragnars Arnalds, eru orðnar óbærilega háar. Hæstv. menntmrh. hefur á fundi fjh.- og viðskn. boðað að hann hafi í hyggju að beita sér fyrir breytingum á lögum eða reglugerðum um fjármögnun og útlánareglur þessa sjóðs. Upplýsingar frá honum um nánari tilhögun þess eða innihald slíkra breytinga var ekki að hafa. Meðan slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir er ógerningur að gera aðrar brtt. að sinni en hér eru lagðar fram. Þær eru þá fyrst og fremst þær að auka bein framlög til sjóðsins en létta vaxtabyrði og greiðslubyrði af honum með því að minnka erlendar lántökur hans.

Herra forseti. Ég lét þess getið áðan að ein af brtt. okkar við lánsfjárlögin væri í því fólgin að framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði aukið um 20 millj. kr. Auk þess vil ég geta þess að í fjárlagatillögum okkar, sem lagðar verða fram hér á morgun, er tekinn upp nýr fjárlagaliður vegna rekstrarkostnaðar svæðisstjórna fatlaðra í öllum kjördæmum landsins. Sú till. styðst við þau rök að jafnvel þótt Framkvæmdasjóður fatlaðra geti lagt fram fé til að framfylgja lögum frá Alþingi um stofnkostnað á vegum fatlaðra til að byggja upp nýjar stofnanir, þá er það ljóst skv. upplýsingum svæðisstjórna fatlaðra um land allt að rekstrarfé til að starfrækja þessar stofnanir er mjög af skornum skammti. Þessi till. er því ætluð til að bæta úr því neyðarástandi.

Ég vil minna á að því er varðar till. okkar um aukin framlög til Ferðamálasjóðs en samsvarandi minnkun á

erlendum lántökum að ferðamannaiðnaður er einn af vaxtarbroddunum í íslensku þjóðfélagi. Í viðræðum við forráðamenn sjóðsins í fjh.- og viðskn. kom fram að ferðamannaiðnaðurinn skilar í íslenskan þjóðarbúskap gjaldeyristekjum hátt á þriðja milljarð kr. Hér er því um að ræða arðbærar framkvæmdir sem skynsamlegt væri að styðja við bakið á. En þarna er um að ræða fyrst og fremst markaðan tekjustofn sem við ætlum sjóðnum að njóta betur en gert er ráð fyrir í tillögum stjórnarliðanna.

Herra forseti. Í heild sinni fela þessar róttæku tillögur okkar Alþýðuflokksmanna í sér eftirfarandi breytingar:

1. Þetta er afdráttarlaus stefna, fylgt eftir með raunhæfum tillögum um stöðvun erlendrar skuldasöfnunar.

2. Þessar tillögur þýða í verki stöðvun á sjálfvirkri útgjaldaþenslu í ríkisbúskapnum.

2. Þessar tillögur byggja á forsendum um réttlátara og skilvirkara tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs.

4. Þessar tillögur, ef þær ná fram að ganga, fela í sér minni skattbyrði launþega og þar með auknar ráðstöfunartekjur eða meiri kaupmátt launa í reynd án verðbólgu sem tæki þær kjarabætur til baka.

Þetta væru þess vegna mjög skynsamlegar tillögur til að staðfesta hér á hinu háa Alþingi á þessari stundu þegar vitað er að nú eftir áramótin eru allir kjarasamningar lausir í þjóðfélaginu. Þess vegna væri mjög skynsamlegt ef Alþingi stæði nú að því við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga að taka upp nýja stefnu í ríkisfjármálum þar sem aðhaldinu er fyrst og fremst beitt í ríkisbúskapnum sjálfum en um leið gripið til aðgerða sem verða til að tryggja öllum almenningi, hinum verst settu í þjóðfélaginu, raunhæfar kjarabætur án verðbólguáhættu.

Herra forseti. Það er ljóst að skuldasöfnunar- og fjármagnssóunarstefna stjórnvalda á umliðnum árum bitnar með mestum þunga á unga fólkinu í landinu. Það er unga fólkið í landinu sem verður um síðir að bera ört hækkandi skatta í framtíðinni sem að lokum verður vísað til þeirra ef skuldastefnunni verður fram haldið.

Óbreytt stefna bitnar líka í öðru lagi með fullum þunga á sjávarútveginum, undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, vegna þess að hann er ósamkeppnisfær um fjármagn og vinnuafl við verslun og þjónustu ef þessari stefnu verður haldið áfram.

Í þriðja lagi bitnar óbreytt stefna af fullum þunga á landsbyggðinni þar sem sjávarútvegur og aðrar frumframleiðslugreinar eru uppistaða atvinnulífsins.

Í fjórða lagi er ljóst að óbreytt skuldasöfnunarstefna bitnar af fullum þunga á þeim hluta launþega sem ekki njóta launaskriðs verðbólguþenslunnar sem gildir í sumum greinum hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er einmitt sá mikli fjöldi launþega sem ber uppi atvinnulífið í sjávarútvegi og iðnaði landsmanna.

Það er því, herra forseti, fyrst og fremst í þágu þessara aðila í þjóðfélaginu sem við Alþýðuflokksmenn boðum nú róttæka kerfisbreytingu í ríkisfjármálum sem þessar tillögur lýsa og mun koma enn betur í ljós við afgreiðslu fjárlaga á morgun þegar tillögur okkar um það efni verða fram lagðar.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól til að mæla fyrir brtt. á þskj. 355, sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, um hækkun á framlagi Framkvæmdasjóðs fatlaðra úr 80 millj. í 125 millj. Það mætti hafa um það langt mál hvað þessi sjóður fatlaðra hefur orðið að sæta mikilli skerðingu allt frá því hann var stofnaður 1980. Um það hef ég ítarlega rætt við hverja einustu fjárlagaafgreiðslu s.l. fimm ár. En allt kemur fyrir ekki því að með hverju árinu sem líður er sífellt þrengt meira og meira að þessum sjóði fatlaðra.

Ef gerður er samanburður á raungildi fjárveitinga til sjóðsins árin 1980—1985 og þeirra fjárveitinga, sem orðið hefðu ef verðtryggingarákvæði um sjóðinn hefðu haldið, kemur eftirfarandi í ljós:

Á árinu 1980 var skerðingin 19,4 millj. að raungildi, árið 1981 5,7 millj. að raungildi, árið 1982 8,2 millj., árið 1983 16,7 millj., árið 1984 57,8 millj. og árið 1985 59 millj. að raungildi. Samtals er hér um að ræða skerðingu á árunum 1980—1985 að upphæð rúmlega 167 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir næsta ár kemur í ljós að sjóðnum er ætluð óbreytt krónutala milli ára eða 80 millj. kr. Hér er enn um að ræða gífurlega skerðingu sem nemur 85 millj. kr. Samtals er því um að ræða skerðingu frá stofnun sjóðsins 1980 að upphæð um 250 millj. kr.

Ljóst er að hefðu þessir fjármunir verið til staðar hefði verið hægt að leysa stóran hluta af þeim brýna vanda sem nú er til staðar, einkum í vistunarmálum fatlaðra. Sem dæmi má nefna að svæðisstjórn Reykjavíkur telur sig þurfa á næsta ári tæpar 80 millj. í framkvæmdafé til að leysa brýnasta vandann, en það er allt það fjármagn sem sjóðnum er ætlað á næsta ári og til ráðstöfunar er fyrir landið allt.

Það er líka nauðsynlegt að þm. átti sig vel á því að sjóðnum er ætlað að fjármagna framkvæmdir sem ákveðnar eru með grunnskólalögunum vegna fatlaðra og honum er ætlað að fjármagna skóladagheimili og dagvistarstofnanir fyrir fatlaða. Framkvæmdir vegna skóla- og dagvistarmála þeirra sem heilbrigðir eru eru fjármagnaðir m.a. beint af fjárlögum en ekki gegnum sérsjóð.

Tildrögin að því að sú leið var farin á sínum tíma, 1979, að flytja framkvæmdir vegna skólamála fatlaðra yfir á þennan sjóð, var að lítið sem ekkert hafði miðað til að hrinda í framkvæmd ákvæðum grunnskólalaga vegna sérkennslu fatlaðra. Því var gripið til þess ráðs að Framkvæmdasjóður fatlaðra fengi verulegt fjármagn, m. a. til að standa undir framkvæmdum vegna sérkennslu.

En hvað skeður? Vegna gífurlegra skerðinga á Framkvæmdasjóðnum er hann ekki aflögufær til að standa undir framkvæmdum vegna skólamála fatlaðra. Þó heldur vegna framkvæmda, sem í gangi eru vegna skólamála fatlaðra, orðið að láta um þriðjung af framkvæmdafé sjóðsins á ári hverju til skólamála eða nálægt 30%.

Ég nefni hér einnig að endurbætur og breytingar á eldra húsnæði fatlaðra án aukningar vistrýma hafa tekið annan þriðjung af framkvæmdafé Framkvæmdasjóðsins á fyrstu fjórum árum frá stofnun hans. Svo illa var fyrir þessum málum komið þegar sjóðurinn var stofnaður að rúmlega þriðjungur hans, eða tæplega 33%, hefur runnið til endurbóta og breytinga á eldra húsnæði án aukningar á vistrými.

Í annan stað má nefna að kostnaði vegna viðhalds á stofnunum öryrkja og þroskaheftra, sem áður var gert ráð fyrir í daggjöldum og fram til þessa á fjárlögum eftir

að rekstur stofnana var færður á föst fjárlög fyrir einu eða tveimur árum síðan, er nú vísað á Framkvæmdasjóð fatlaðra og kemur það fram í fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Mér er sagt að stjórn málefna fatlaðra telji þessar viðhaldsframkvæmdir ekki verkefni sjóðsins en nú er þessu verkefni varðandi viðhald stofnana fatlaðra í fyrsta skipti vísað á Framkvæmdasjóðinn. Hér er því enn bætt verkefnum á sjóðinn án aukinna framlaga því að ekki er tekið tillit til viðhaldskostnaðar í rekstri stofnana fatlaðra á fjárlögum.

Fyrir það litla fjármagn sem sjóðnum er ætlað auk framkvæmda vegna sérkennslu og skólamála fatlaðra og nú viðhaldskostnaðar á stofnunum fatlaðra verður sjóðurinn að standa undir framkvæmdum vegna skóladagheimila, dagvistarstofnana, skammtíma fósturheimila, leikfangasafna, meðferðarheimila fatlaðra, sumardvalarheimila, sambýla, hjúkrunarheimila, verndaðra vinnustaða, hæfingar- og endurhæfingarstöðva og vistheimila. Á sex árum hafa einungis runnið tæpar 390 millj. að raungildi miðað við verðlag 1985 til allra þessara framkvæmda, þar með talið vegna skólamála sem löggjafar- og fjárveitingavaldinu ber skylda til að sinna skv. ákvæðum annarra laga, þ.e. grunnskólalaganna, því að fatlaðir eiga á því kröfu jafnt og heilbrigðir að fá lögboðna kennslu.

Lögin um málefni fatlaðra og framkvæmdir í þágu fatlaðra taka til mjög stórs hóps í þjóðfélaginu, eða allra þeirra sem á einhvern hátt eru andlega eða líkamlega fatlaðir. Ég geri ráð fyrir að hér sé ekki um að ræða minni hóp en 15—18 þúsund manns.

Það aukna framlag, sem hér er farið fram á með þessari till. okkar hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, er 45 millj. kr. hækkun á sjóðnum á milli ára, eða 55%, sem er sama hækkun milli ára og Alþingi er þessa daga að samþykkja að því er varðar sjóð aldraðra. Vissulega er nauðsynlegt og brýnt að hækka framlög í Framkvæmdasjóð aldraðra og því ber að fagna. En það er engu að síður nauðsynlegt að hækka framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Hér er þó um nálægt því jafnstóran hóp að ræða og aldraða sem mikið eiga undir að Alþingi sýni málefnum þeirra skilning og ljóst er að þar er þörfin brýn ekki síður en hjá öldruðum.

Ég held að nauðsynlegt sé að stjórnarliðar svari því hér við umræðuna, t.a.m. hæstv. fjmrh., hæstv. félmrh. og hæstv. heilbrrh.: Eru ekki sömu rök fyrir hendi að hækka framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra og í Framkvæmdasjóð aldraðra? Af hverju beitir hæstv. félmrh. sér ekki, líkt og hæstv. heilbrrh. gerir um sjóð aldraðra, fyrir því að sjóður fatlaðra verði hækkaður t.a.m. til samræmis við það sem ákveðið hefur verið um sjóð aldraðra?

Ég verð að segja að þau eru einkennileg forgangsverkefnin hjá þessari hæstv. ríkisstj. Fyrir ekki löngu síðan átti fjmrh. fjármagn, 40 millj. kr., til að fleygja í áfengisútsölu. Ég spyr: Var það brýnna verkefni en að auka framlög til málefna fatlaðra? Hér er farið fram á svipað framlag og fjmrh. fyrrverandi setti í eina áfengisútsölu.

Núna er ríkisstj. aflögufær um 110 millj. til að kaupa húsnæði Mjólkursamsölunnar. Á sama tíma eru framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skert um 85 millj. Í stað 80 millj. á fjárlögum ætti það að vera 165 millj.

Ég bið þm., áður en þeir gera upp hug sinn til þeirrar brtt. sem ég hér mæli fyrir, að leiða hugann að því hvort sömu rök réttlæti ekki að hækka framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Framkvæmdasjóðs aldraðra. Ég fagna hækkun á framlagi til aldraðra en það skulu vera mín lokaorð að ég bið hv. þm. að hafa sama skilning á málefnum fatlaðra.

ATKVGR.

Till. um rökst. dagskrá á þskj. 359 felld með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, KSK, SJS, SG.

nei: EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HB, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, StG, SV, StH, SH, ÞP, ÞS, AS, IG.

JS, JBH greiddu ekki atkv.

10 þm. (BÍG, EBS, GSig, HG, SighB, KJ, KH, ÓÞÞ, GHG, RH) fjarstaddir.

Brtt. 361,1 samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 363,1 kom ekki til atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 361,2 samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 363,2 kom ekki til atkv.
3. gr., fyrri málsgr., samþ. með 20:2 atkv.
3. gr., síðari málsgr., samþ. með 20:5 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 363,3 felld með 21:8 atkv.
5. gr. samþ. með 21:5 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 361,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 363,4 kom ekki til atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 363,5 felld með 22:4 atkv.
8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta heitir kannske athugasemd við atkvæði ef ég man rétt. Hér flytur meiri hl. brtt. um að hækka töluna Lánasjóður ísl. námsmanna úr 1,1 milljarði í 1 milljarð 265 millj., ef ég man rétt. Auðvitað er sú till. skárri. En eðlilegast væri að fella þessar takmarkanir algerlega niður. Þess vegna fer ég fram á nafnakall og mun þegar þar að kemur greiða atkvæði gegn brtt. meiri hl. til að mótmæla þeirri harkalegu skerðingu á Lánasjóði ísl. námsmanna sem hér er í uppsiglingu.

Brtt. 361,4 samþ. með 23:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, JBH, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, IG.

nei: GeirG, GE, GJG, GHelg, SJS, SvG.

JS, KSK greiddu ekki atkv.

9 þm. (BÍG, GSig, GA, HG, SighB, KJóh, KH, ÓÞÞ, RH) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Jafnvel þótt menn væru allir af vilja gerðir að taka undir forsendur, þ.e. andmæli hv. 3. þm. Reykv. í þessu máli er erfitt að verja það fyrir samvisku sinni að greiða atkvæði gegn hækkunartillögu upp á 165 millj. Ég segi því í þessu tilviki já.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Til þess að gera hv. 5. þm. Reykv. ljóst, herra forseti, hvað hér er á ferðinni, þá er hér verið að taka ákvörðun um að skerða Lánasjóð íslenskra námsmanna um 400—500 millj. kr. Þess vegna segi ég að sjálfsögðu nei.

12. gr., svo breytt, samþ. með 21:5 atkv.
13.—17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 355 felld með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, JS, JBH, KSK, SJS, SvG.

nei: GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, EBS, FÞ, FrS, IG.

8 þm. (GSig, HG, SighB, KJóh, KH, ÓÞÞ, RH, BÍG) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vek athygli á því að skv. þeirri hækkunartillögu, sem hér er gerð, er um að ræða sömu hækkun og Alþingi er þessa dagana að samþykkja í Framkvæmdasjóð aldraða. Ég segi já.

Brtt. 363,6 felld með 21:9 atkv.
18. gr. samþ. með 21:2 atkv.
19.—20. gr. samþ. 21 shlj. atkv.
Brtt. 361,5 (21. gr. falli brott) samþ. með 22 shlj. atkv.
22. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 363,7 felld með 22:5 atkv.
23. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 22:1 atkv.
24.—25. gr. (verða 23.—24. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 361,6 (26. gr. falli brott) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 361,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
27. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 361,8 (ný gr., verður 26. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
28. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 361,9 (ný gr., verður 28. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 361,10 (ný gr., verður 29. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
29.—31. gr. (verða 30.—32. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 40. fundi.

Lánsfjárlög 1986, stjfrv. 2. mál (þskj. 400, n. 401, brtt. 402). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Nd. hefur hist á milli umræðna og meiri hl. nefndarinnar hefur samið framhaldsnál. Í því nál. kemur fram að flutt er brtt. á sérstöku þskj., 402. Sú brtt., sem þar er flutt, er við 14. gr. frv. Þar hækkar „framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna Lífeyrissjóðs bænda." Sú uppfærsla á tölum er eingöngu verðlagsuppfærsla í samræmi við till. sem koma frá meiri hl. fjvn., en II. kafli þessa frv. fjallar að sjálfsögðu um skerðingarákvæði sem taka tillit til niðurstöðu fjvn.

Þess skal og getið, sem segir í síðustu málsgr. framhaldsnál., að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að af þeirri lántöku Fiskveiðasjóðs, sem um getur á þskj. 270 og á að ganga til viðgerðar á skipum innanlands, verður ekki að sinni. Þessi ákvörðun breytir ekki heildarfjárhæðum í frv. en lækkar lánveitingar til Fiskveiðasjóðs og má sjá það greinilega á fskj. 4, sem fylgdi nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 360. Þetta þýðir í raun að þessir fjármunir verða til reiðu hjá Framkvæmdasjóði en ganga ekki til Fiskveiðasjóðs nú. Nýjar útlánareglur Fiskveiðasjóðs eru í undirbúningi og um leið og þær taka gildi verður ákveðið hvar 200 milljónirnar verða vistaðar en það er brýnt að sú ákvörðun liggi fyrir sem allra fyrst.

Með þessu framhaldsnál. eru þrjú fskj. sem ég vil vekja sérstaka áherslu á. Í fyrsta lagi fskj. sem sýnir greiðslujöfnuð við útlönd á árunum 1984—1986. Á fskj. II má sjá stöðu þjóðarbúsins út á við, allt frá árinu 1977 til áætlaðrar stöðu 1986. Og loks í fskj. III er greiðslubyrði erlendra lána á árunum 1978—1986 eins og hún er áætluð þá.

Ég vek athygli hv. þm. á því að þetta er í fyrsta sinn, að því er ég best veit, sem hægt er fyrir jólaleyfi að sjá áætlaða stöðu þjóðarbúsins og greiðslujöfnuð við útlönd, þegar fyrir liggja upplýsingar um það hver verður niðurstaða á lánsfjárlögum og fjárlögum íslenska ríkisins og er það mikil framför frá því sem verið hefur.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það hefur ekki áður verið gerð tilraun til þess að setja upp tölur um hugsanlegan greiðslujöfnuð við útlönd fyrir komandi ár á þessum árstíma með þeim hætti sem hér er gert. Hins vegar þá vara ég við því að menn slái því föstu að þar með þekki þeir árið 1986 út í hörgul. Það hefur nefnilega áður gerst að lánsfjáráætlanir hafi ekki staðist ákaflega vel, m.a. lánsfjáráætlun ársins 1985 sem var samþykkt í júní með erlendum lántökum upp á 4,6 milljarða kr. Niðurstaðan í desember, fimm mánuðum seinna, reyndist vera 7,1 milljarður kr. Ég held því að það væri varlegt fyrir menn að hæla sér um of fyrr en þeir sjá niðurstöðu næsta árs í ljósi þess hvernig áætlanagerð stjórnarliðsins hefur tekist til þessa.

Ég vil hins vegar, herra forseti, vekja sérstaka athygli á þessu fskj., sem meiri hl. var svo vinsamlegur að dreifa, sem ber yfirskriftina Greiðslujöfnuður við útlönd 1984—1986. Þar kemur fram viðskiptajöfnuður á árunum 1984, 1985 og 1986. Það var eins og kunnugt er eitt meginmarkmið ríkisstj. að draga úr erlendum lántökum og stuðla að viðskiptajöfnuði. Niðurstaðan

liggur hér fyrir á meðalgengi hvers árs. Hún er sú að árið 1984 var viðskiptajöfnuðurinn neikvæður um 4,1 milljarð, 1985 um 5,2 milljarða, 1986 um 5,5 milljarða. Samtals á þessum tíma sýnist mér viðskiptajöfnuður á verðlagi þessa árs, 1985 hafi verið neikvæður í þrjú ár um 15 milljarða kr. Það er full ástæða til að vekja athygli á þessu, frá þeirri ríkisstj. sem ætlaði sér að keyra niður erlendar lántökur, ætlaði sér að stuðla að viðskiptajöfnuði. Þannig er fjármálasnilldin ákaflega sýr á þessu þskj. hér, viðskiptahalli upp á 15 milljarða kr. sem er auðvitað ekkert annað en ávísum á auknar erlendar lántökur. Hér eru afar fróðlegir hlutir á ferðinni og mér þykir vænt um að meiri hl. fjh.- og viðskn. skuli hafa verið svo hugulsamur að leggja fram hér þessa ótvíræðu sönnun við 3. umr. málsins, þannig að ekkert þurfi að fara á milli mála um þá fjármálasnilld sem ráðið hefur ríkjum í ríkisstj. Steingríms Hermannssonar í þrjú ár.

Ég hef hins vegar ekki, herra forseti, hugsað mér að ræða um þessi mál í einstökum atriðum við þessa umræðu, heldur ætla ég að rifja hér upp nokkrar spurningar sem ég bar fram við 2. umr. málsins til nokkurra ráðherra.

Fyrst til hæstv. félmrh. Gert er ráð fyrir því að veita 200 millj. kr. til sérstakra ráðstafana í húsnæðismálum 1986 skv. yfirlýsingum ráðherrans. Engar upplýsingar liggja fyrir um það hvaðan þessa peninga á að taka. Engar upplýsingar liggja fyrir um það að ríkisstj. ætli að leggja á sérstaka skatta í þessu skyni á árinu 1986 og þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. ráðh.: Hvaðan á að taka þesar 200 millj. kr.? Hvaða liðir í útgjaldaáætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins eru það sem á að skera niður á næsta ári?

Í annan stað vil ég beina fsp. til hæstv. félmrh. og hv. 2. þm. Norðurl. e., hins virðulega skrifara deildarinnar. En þannig er að hann hefur nokkuð látið til sín taka í svokölluðum húnæðissamvinnufélögum. Og á nefndarfundi í fjh.- og viðskn. um níuleytið í gærmorgun vorum við nefndarmenn upplýstir um að það væri meiningin að lána til húsnæðissamvinnufélaga á næsta ári og félmrh. hefði tekið um það ákvörðun. Þetta gladdi auðvitað mitt hjarta að hæstv. félmrh. skyldi hafa tekið á sig rögg og tekið fram fyrir hendurnar á einum aðaltalsmanni ríkisstj. í húsnæðismálum, hv. þm. Halldóri Blöndal. Ég vil fullvissa hæstv. ráðherra um það að við munum gera okkar besta, alla vega við Alþýðubandalagsmenn, til þess að standa við bakið á hæstv. ráðherra í þessu máli. En engu að síður er óhjákvæmilegt að fá það skýrt hvort hér er um að ræða ákvörðun sem tvímælalaust verður staðið við. Og það var þess vegna sem hv. 2. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, lagði fram nokkrar fsp. til húsnæðismálastjórnar í gær og spurði um þetta mál. Í svari Húsnæðisstofnunar ríkisins kemur fram að húsnæðis- og búsetafélög hafa sótt um leyfi til að byggja 234 íbúðir á næsta ári. Stjórnir verkamannabústaða hafa sótt um að byggja á því ári 358 íbúðir. Sótt hefur verið um að byggja 66 leiguíbúðir sveitarfélaga og Félagsstofnun stúdenta hefur sótt um leyfi, ásamt námsmannasamtökum, til þess að reisa 100 íbúðir. Þá hafa Samtök aldraðra í Reykjavík óskað eftir því að fá að byggja 8 íbúðir á vegum Byggingarsjóðs verkamanna. Í svari Húsnæðisstofnunar ríkisins kemur fram að lánveiting til Búseta byggist, að mati Húsnæðisstofnunar, á tilteknum lagagreinum eða eins og segir í bréfi Húsnæðisstofnunar, með leyfi forseta:

„Lánveitingin til Búseta er í samræmi við 58. gr. laga nr. 60/1984 og 24. gr. reglugerðar nr. 89/1985, þar sem kemur m.a. fram að aðilum, sem byggja leiguíbúðir skv. c-lið 33. gr., er heimilt að selja leigutaka eignarhlut í íbúð með ákveðnum kvöðum.“ Síðan segir: „Þeir aðilar sem nefndir eru hér að framan“ — og ég hef áður talið upp — „hafa allir lagt inn umsóknir. Enginn þeirra er kominn eins langt í undirbúningi og Búseti eða hefur lagt inn önnur gögn sem eru í samræmi við gildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.“ M.ö.o., Húsnæðisstofnun telur að engar umsóknir sýni að menn séu komnir eins langt og byggingarsamvinnufélagið Búseti í þessu efni. Og engar aðrar umsóknir séu í samræmi við lögin. Þetta sé í raun og veru eina gilda umsóknin sem fyrir liggur fyrir árið 1986. Þess vegna er ekki að furða þó hæstv. ráðh. hafi tekið ákvörðun um það að þessir aðilar hlytu að komast þarna inn þar sem þeir eru í samræmi við lög en aðrir ekki að mati þeirrar stofnunar sem hann stýrir.

Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Húsnæðismálastjórn samþykkti á fundi 30. október s.l. að heimila Búseta að byggja 15 íbúðir með 15 mánaða framkvæmdatíma að uppfylltum skilyrðum sem sett hafa verið af húsnæðismálastjórn og staðfest af ráðherra.“ Hér er m.ö.o. komið að því deilumáli sem oft hefur verið rætt hér á milli stjórnarflokkanna þar sem Framsfl. hefur alltaf látið beygja sig í þessu máli, hann hefur látið undan ofríki Sjálfstfl., eins og hv. þm. Ingvar Gíslason og hæstv. forseti deildarinnar kallaði það, látið undan ofríki íhaldsins í þessum málum, þangað til nú að fyrir liggur að hæstv. félmrh. hefur skrifað bréf og tekið ákvörðun. Og ég er að halda þessa ræðu hér til að heita félmrh. stuðningi mínum í þessu efni. Hins vegar teldi ég ástæðu til þess að aðalmálsvari Sjálfstfl. í húsnæðismálum í þessari deild, hinn virðulegi skrifari deildarinnar, tjái sig nokkuð um þetta mál til þess að heyra megi hvort hann hafi skipt um skoðun í málinu og látið sannfærast af þeim fortölum og þeim rökum sem hér hafa verið flutt, m.a. af okkur Alþýðubandalagsmönnum og sérstaklega hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Það var þetta, herra forseti, sem ég vildi nefna varðandi húsnæðismál. Síðan kem ég að Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég ræddi þau mál nokkuð í dag og ætla ekki að endurtaka það hér en ég hafði tvær spurningar að leggja fyrir hæstv. ráðh. sem eru eitthvað á þessa leið:

Hefur ráðherra tekið ákvörðun um að skerða lán Lánasjóðs ísl. námsmanna um 30% eins og Fjárlaga- og hagsýslustofnun telur nauðsynlegt ef miða á við töluna 1,2 milljarða, eins og hún mun vera í lánsfjárlögunum núna? Ef hann hefur tekið ákvörðun um að skerða lánin um 30%, þýðir það þá ekki það að þar með væri komið aftan að íslenskum námsmönnum sem hafa fengið yfirlýsingar um full lán á síðari hluta námsársins 1985—1986? Ef aftur á móti hvorugt gerist þá er ljóst að ráðherrann hlýtur að gera ráð fyrir tekjuöflun í Lánasjóð ísl. námsmanna og hann hugsi sér að leita til fjmrh. með 300—500 millj. kr. aukafjárveitingabeiðni þegar kemur fram á árið 1986. Ef svo er þá væri auðvitað hreinlegast að leiðrétta þessa tölu strax vegna þess að hún er bersýnilega markleysa hvernig sem hlutirnir eru skoðaðir. Ef hins vegar ráðherra lætur það gerast að

úthlutun fari fram með venjulegum hætti á fyrri hluta ársins 1986 þá er sjóðurinn tómur í júní 1986 og ekki króna eftir til þess að veita lán til íslenskra námsmanna úr lánasjóðnum á síðari hluta ársins 1986.

Þessar athugasemdir vildi ég láta hæstv. ráðh. menntamála heyra og inna hann eftir því hvernig hann sér fyrir sér framkvæmdina á þessum niðurskurði.

En úr því að ég er að tala við hæstv. menntmrh. og er svo gæfusamur að hafa hann í salnum, þegar ég er hér að halda eina stutta tölu, og vegna þess að málið snertir fjármál og vegna þess að það snertir menntmrn. þá verð ég að leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um það hverju það sæti að hann kaupir hús hér í bæ. Þannig mun vera að hæstv. menntmrh. hefur keypt hús Mjólkursamsölunnar. Mér er ekki kunnugt um að það sé stafur um það hér í lánsfjárlögum eða fjárlagafrv. og mér er ekki heldur kunnugt um það að fjvn. hafi frétt af því að hæstv. menntmrh. væri að kaupa hús. Nú er það vafalaust svo að Þjóðskjalasafnið er vel að húsi komið, það dreg ég ekki í efa. Hitt kynnu einhverjir að hafa talið að úr því að fé var aflögu í ríkissjóði þá hefði kannske verið fullt eins skynsamlegt að hraða verulega Þjóðarbókhlöðunni með þeim fjármunum, þar sem það mun og vera svo, að mér er fortalið, að fyrir Þjóðskjalasafnið hafi verið tekið á leigu húsnæði fyrir nokkrum mánuðum og að í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 séu peningar til að innrétta það húsnæði. Ég bið hæstv. menntmrh. að svara því hverju það sæti að hann, við þessar aðstæður þegar þing situr, fjárveitinganefnd er að störfum sólarhringum saman, lætur sig hafa það að kaupa, svo að segja einhendis, hús Mjólkursamsölunnar fyrir Þjóðskjalasafnið. Og ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh., ef það er ætlun hans að kaupa þetta hús og samningar eru jafnvel frágengnir, hvort það sé ekki meiningin að leggja þetta mál fyrir Alþingi þannig að það verði tekin afstaða til þess við afgreiðslu fjárlaga? Það hlýtur auðvitað að vera þannig en ég vil spyrja vegna þess að ég verð var við það að þetta kom mörgum þm. á óvart.

Í dag spurði ég svo hæstv. forsrh. um það hvað liði áformum um flutning Byggðastofnunar til Akureyrar. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. greindi mér frá stöðu þess máls við þessa umræðu líka þar sem hér er á dagskrá umræða um Byggðastofnun og fjárveitingar til hennar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég bið hv. þm. velvirðingar á því að ég gat ekki svarað þessu við 2. umr. En þetta mál stendur þannig að stjórn stofnunarinnar ákvað að kanna flutning Byggðastofnunar til Akureyrar og fól sérstökum starfsmanni að gera úttekt á því bæði hjá starfsliði stofnunarinnar og einnig að ræða við Akureyringa um það mál. Ég hef ekki séð niðurstöður af þeirri könnun og mér er ekki kunnugt um að henni sé lokið. Þetta er sem sagt í athugun og niðurstaða liggur ekki fyrir eftir því sem ég best veit.

En af því að hv. þm. kom að nokkrum öðrum atriðum í ræðu sinni í dag vil ég fara örfáum orðum um þau.

Hann ræddi m.a. um að það væri lítil breyting að Byggðastofnun er orðin sjálfstæð stofnun. Ég hygg að í ljós muni koma að þetta er töluvert mikil breyting. M.a. hefur Byggðastofnun nú til ráðstöfunar miklu meira fé en nokkru sinni fyrr. Ég hygg að samtals muni það vera um 530 millj. kr. sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar. Að sjálfsögðu er ekki búið að ákveða hvernig því verður skipt en ég veit að stjórn stofnunarinnar er m.a. með í athugun að ráðstafa töluverðu fé til aðstoðar við fiskvinnsluna í landinu, til lengingar lána o.s.frv.

Hv. þm. gat þess réttilega í dag að það er illt að sá rannsóknarsjóður sem settur var á fót á s.l. ári og fékk 50 millj. kr. til ráðstöfunar er óbreyttur að krónutölu nú. Ég er hv. þm. mjög sammála um að þetta er hið þarfasta mál og hefur þegar hleypt verulegu lífi í ýmiss konar rannsóknir og tilraunir sem hér eru í gangi á ýmsum nýjum greinum. Þetta mál er til athugunar hjá ríkisstj. :að þarf að setja lög um þennan sjóð í raun og veru til að hann fái vissan „status", ef má orða það svo, vissa stöðu. Og m.a. í því sambandi er ég að kanna hvort unnt muni vera að afla honum fjár eftir öðrum leiðum með sérstökum tekjum, en það er skammt komið enn.

Loks, ef ég man rétt, þá gat hv. þm. þess að fyrir lægi skýrsla frá fiskeldisnefnd. Þar er aðeins um að ræða áfangaskýrslu. Ég er sammála hv. þm. að þetta er mjög vel unnið verk og ítarlega unnið en nefndin er ekki komin það langt að hún hafi skilað lokaskýrslu og því liggja ekki fyrir neinar tillögur frá henni um það hvernig þessum málum skuli í framtíðinni skipað hjá okkur. Þær tillögur, sem liggja fyrir, eru í fyrsta lagi frv. til l. um fisksjúkdómadeild að Keldum. Nefndin taldi þetta mikilvægasta málið á þessu stigi og nauðsynlegt að hrinda því í framkvæmd. Það hefur verið rætt í ríkisstj. og ákveðið að standa að því að efla fisksjúkdómarannsóknir að Keldum. Sömuleiðis gerir nefndin ráð fyrir því að fjármagni, sem nú er merkt af Framkvæmdasjóði, verði ásamt jafnvel nokkru auknu fé af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs varið í þessu skyni og umsóknir sem inn berast verði metnar af ákveðinni matsnefnd. Ég tel þetta athyglisverða hugmynd og hún mun verða vandlega skoðuð. En ég endurtek, og ég er hv. þm. sammála, að vitanlega þarf að skipa þessum málum í ákveðinn farveg, en niðurstöður frá nefndinni eða tillögur eru ekki komnar um það.

Hv. þm. gat þess réttilega að það er vissulega nýtt og mjög athyglisvert að fá nú yfirlit yfir greiðslujöfnuð þjóðarbúsins, sem fylgir með skjali fjh.- og viðskn., og ég er hv. þm. fullkomlega sammála um að það er allt of mikill viðskiptahalli áætlaður á næsta ári, 3,8% af landsframleiðslu. Þetta er þó lækkun frá því sem er í ár, þegar viðskiptahallinn mun verða um 4,7% af landsframleiðslu, og ef ég man rétt var hann árið 1984 5,1%. Við getum farið aftur til ársins 1981, sem var eitt besta aflaárið sem við höfum haft hér á landi, þegar viðskiptahalli varð 8% vergrar landsframleiðslu en 10% af þjóðarframleiðslu. Það er alveg rétt að það er óafsakanlegt fyrir þjóð eins og okkur að búa við svo mikinn viðskiptahalla. Leiðin til þess er að draga úr útgjöldunum, láta tekjur og útgjöld haldast í hendur.

Langsamlega stærsti liður þjóðarútgjalda er einkaneyslan, eða um 60%, og ég held það verði að segjast eins og er að einkaneysla hér er of mikil, sparnaður ekki nægilegur. Það er búið að skera mjög niður fjárfestingar og verður varla lengra farið á þeirri braut. Þetta er einmitt það mál sem ríkisstj. er að fást við nú, m.a. með þeirri ríku áherslu sem hún leggur á að hafa hallalaus fjárlög og draga úr erlendum lántökum.

Ýmsir hafa lagt á það áherslu að þarna þurfi að ganga miklu lengra og vitanlega er það rétt með tilvísun til viðskiptahallans. En ríkisstj. treystir sér þó ekki til þess á þessu stigi m.a. með tilvísun til þeirrar áherslu sem hún leggur á fulla atvinnu í landinu. En ég vek athygli á því að erlendar skuldir, sem eru þarna áætlaðar rúmlega 54% vergrar landsframleiðslu, — áætlað er að þær fari lækkandi sem slíkar á næsta ári, að vísu mjög lítið — hafa aukist mjög mikið á undanförnum árum. T.d. jukust þær úr rúmlega 27% af vergri landsframleiðslu 1981 upp í yfir 40% í lok ársins 1982, og það er langsamlega mesta stökk sem erlendar skuldir hafa tekið *og stafa vitanlega af þeim mikla viðskiptahalla* sem þá varð. Á þessari braut verður ekki lengur gengið, það er alveg ljóst, og ríkisstj., eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun, stefnir markvisst að því að erlendar skuldir fari lækkandi á næstu árum.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 3. þm. Reykv. um hagi Lánasjóðs ísl. námsmanna vil ég taka það fram að það var auðvitað mitt fyrsta verk í nýju embætti að kynna mér ástæður sjóðsins. Ég lagði mjög mikla og ríka áherslu á það við stjórnendur hans og þá sem við það fást að gera úttekt á högum hans að mér yrðu hið fyrsta staðin skil á allri stöðu og innviðum sjóðsins, starfsemi hans og áætlunum vegna framtíðarstarfsemi. Ég lagði áherslu á að slíkar upplýsingar yrðu komnar í mínar hendur í desembermánuði með tilliti til þess að hægt væri að mynda sér ákveðna skoðun um fjárþörf sjóðsins við afgreiðslu fjárlaga. Þetta tókst ekki og ég gagnrýni engan þess vegna af því sem augljóst er að þetta er viðamikið starf og til þess þarf mjög að vanda. Ég geri mér hins vegar vonir um að um miðjan janúarmánuð muni ég hafa fengið þau gögn í hendur sem gera mér kleift að mynda og móta afstöðu til þessa viðamikla, mikilvæga máls.

Því miður eru staðreyndirnar þessar. Ég hef engar ákvarðanir tekið eða ríkisstjórnin, lokaákvarðanir í þessu máli. Ég legg þó áherslu á að það verður auðvitað leitast við að koma ekki aftan að námsmönnum með nýja skipan mála sem mundi mjög hrugga við áformum þeirra á námsbrautinni. Ég hef þó séð ýmislegt það í starfsemi sjóðsins sem ég tel að gagngerðra úrbóta krefjist og fyrir því mun ég beita mér. Ég fullyrði að okkur mun gefast kostur á, áður en þessu þingi lýkur, að gera okkur fyllstu hugmynd um og afla okkur fullrar vissu um stöðu málsins, þannig að ef til einhverra ráðstafana þarf að grípa gefst okkur ráðrúm til þess.

Eftir sem áður verður það megintilgangur þessa sjóðs að jafna aðstöðu ungs fólks til náms, það er meginundirstaðan. Ég bendi hins vegar á, og það hefur komið fram í umræðum t.a.m. á ráðstefnu sem ég sat á laugardaginn var, að það er ætlun háskólamanna að hið stórvaxandi hlutfall fólks sem hefur háskólanám en hættir því svo, og þá gjarnan mjög snemma á námstímanum, eigi rætur sínar að rekja til þess hversu auðveldan aðgang það á að fjármunum Lánasjóðsins.

Þetta er milljarða sjóður og ekkert undarlegt við það þótt mönnum þyki smátt skammtað miðað við þær áætlanir sem uppi eru. En ég hef fyrir mér ástæður til þess að leggja ekki mjög mikið upp úr þeim áætlunum sem af hálfu þessa sjóðs hafa verið gerðar. Það hef ég án þess að hirða um að rekja það frekar, en að því mun verða komið síðar.

Þetta vildi ég segja um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það þarf að endurskoða alla starfsemi hans, en ég legg hins vegar áherslu á að við gefum okkur nægjanlegan tíma til þess að bera ráð okkar öll saman um þetta því að þessu má ekki kasta höndum. Á það hefur raunar líka verið bent að við þurfum mjög að skoða okkur um bekki áður en við göngum fram í því að taka stórfelld erlend lán til þess arna, en ég hef nú skýrt frá því sem ég hef um þetta að segja á þessu stigi málsins. Menn verða að virða mér til vorkunnar þótt ég hafi ekki komist lengra áleiðis af því sem að ég kom ekki fyrr til verka en þetta, en ég get þess þó að *fyrirrennari minn hafði undirbúið málið.*

Vegna fyrirspurnar hv. 3. þm. Reykv. — hann má heyra mál mitt — um kaup á húsnæði Mjólkursamsölunnar í Reykjavík vil ég segja þetta: Á einhverjum fyrstum dögum sem ég sat í hinu nýja embætti menntmrh. gerði ég mér ferð að líta á aðstöðu Þjóðskjalasafnsins. Nú þarf engum orðum að fara um þær ástæður. Þær eru með þeim hætti að enda þótt Landsbókasafn rýmdi það húsnæði og flytti í hina nýju Þjóðarbókhlöðu — slíkt skammarmál sem það er raunar orðið þegar fyrir þá sem gáfu og ég ætla ekki að fara fleiri orðum um — liggur alveg ljóst fyrir að það húsnæði hvorki hentar né nálægt því nægir til þess að sjá safninu farborða á næstu árum. Til þess að víkja sér undan söfnun skjalanna, varðveislu og nýslu og nýtingu, hafði verið tekin ákvörðun um að lengja skilafrest gagna upp í 30 ár.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessa nauðsyn sem á því var að Þjóðskjalasafnið fengi húsrými vegna þess að ég held að þar skilji okkur ekki á og ég veit að á því hefur hv. fyrirspyrjandi skilning, en ég hins vegar lít svo á að hann hafi verið að spyrja um aðferðina og málsmeðferðina einvörðungu vegna kaupanna.

Þá er frá því að segja að samkvæmt nýjum lögum var skipuð ný stjórn og ég fól formanni þeirrar stjórnar, Sverri Kristinssyni, sem hefur til að bera mikla þekkingu á slíkum málum, að svipast um ef þess væri kostur að finna lausn á þessum mikla vanda. Þar kom hans athugunum að hann bar niður þar sem húsnæði Mjólkursamsölunnar er og hafði verið um hríð til sölu. Gagngerð rannsókn og úttekt fór fram á húsinu og mat. Að því búnu gerði ég tilboð í húsið og verð að játa það að ég gerði tilboð sem ég satt að segja gerði mér ekki háar vonir um að mundi verða tekið, því að allmiklu lægri fjárhæð gerði ég tilboð um en mat stóð til og enn fremur önnur greiðslukjör, svo sem eins og að ekkert fellur til greiðslu fyrr en á árinu 1987. Húsið var, eins og ég segi, rannsakað af hinum hæfustu mönnum og töldu þeir að með ólíkindum — og ég orða það eins og það var orðað við mig — mætti telja gerð hússins, hversu vel hún hentaði til síns brúks. Ég gerði kaupsamning með fyrirvara um samþykki hæstv. ríkisstjórnar og bar upp þetta málefni á fundi ríkisstjórnarinnar á þriðjudaginn er leið. Hún féllst á þessa gerð mína og — svo ég endi á því sem hv. fyrirspyrjandi lauk máli sínu á — þetta mál kemur fyrir Alþingi til afgreiðslu með afgreiðslu fjárlaga áður en þeim málum lýkur hér á hinu háa Alþingi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna ítrekaðra fsp. frá hv. 3. þm. Reykv. þykir mér rétt að ég komi aðeins inn í þessa umræðu og reyni að

svara þeim spurningum sem hann bar fram. Ég sé hann ekki í salnum, en hann er hér í hliðarstúku.

Eins og fram hefur komið áður í umræðum um þessi mál á hv. Alþingi er það ljóst að ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur milliþinganefndar í húsnæðismálum þar sem gert er ráð fyrir að á næsta ári fari 200 milljónir í sérstök viðbótarlán, eða lán til þess að koma til móts við vanda húsbyggjenda, og er það ákveðið. Eins og fram hefur komið í breytingum á fjárlögum og lánsfjárlögum hefur sú fjárhæð sem á að fara til lánveitinga á næsta ári hækkað úr 2 milljörðum og 50 millj. kr. í 2 milljarða og 500 millj. kr. í byggingarsjóði ríkisins. Uppistaðan í þessari hækkun er fyrst og fremst vegna kaupa lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins sem er gert ráð fyrir að hækki um 230 millj. kr. eða upp í 1150 millj. kr., og er þar komin næg staðfesting á því að ríkisstjórnin hefur þannig útvegað fjármagn til umræddra viðbótarlána.

Hv. þm. las upp úr áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins sem hann taldi óyggjandi. Ég vil aðeins upplýsa það að Húsnæðisstofnun ríkisins hefur ekki enn fjallað um neina útlánaáætlun fyrir árið 1986 og gerir það ekki fyrr en fjárlög og lánsfjárlög hafa verið samþykkt. Það er af eðlilegum ástæðum og ósköp skiljanlegt að það er ekki gert því hún getur það ekki fyrr en þessar tölur hafa verið staðfestar. Hins vegar las ég upp fyrir hv. þm. fyrir nokkru á fundi um þessi mál þá greiðsluáætlun fyrir 1986 sem Húsnæðisstofnun eða starfsmenn hennar höfðu sent milliþinganefnd í sambandi við meðferð hennar á þeim tillögum sem hún gerði. Þar var fjárhæðin að vísu 2 milljarðar og 405 millj. kr. sem var skipt þannig að til F-lána, þ.e. nýbyggingarlána, áttu að fara 1220 millj. kr., til G-lána 750 millj. kr., til orkusparandi lána 50 millj. kr., til framkvæmdalána 130 millj. kr., til annarra lána 50 millj. kr. og til viðbótarlána, þ.e. til þess að leysa úr sérstökum greiðsluvanda fólks, 200 millj. kr. Þessar tölur eru óbreyttar frá starfsliði Húsnæðisstofnunar til nefndarinnar og eru að sjálfsögðu áætlunartölur sem stjórn stofnunarinnar eða stofnunin sjálf sem slík er ekki farin að taka afstöðu til. En um leið og þær tölur sem koma fram í lánsfjárlögum og fjárlögum verða samþykktar hér á hv. Alþingi mun Húsnæðisstofnunin og stjórn hennar að sjálfsögðu taka til við, í samráði við félmrn., að gera nákvæma útlánaáætlun fyrir árið 1986 eins og venja hefur verið til.

Og að því er varðar þann lið sem hv. þm. vildi fá svör við, lán til húsnæðissamvinnufélagsins Búseta, er rétt að svara honum því að um þetta mál hefur verið styrr eins og allir vita, en skv. c-lið 33. gr. um félagslegar byggingar er heimilt að lána til þeirra sem byggja leiguíbúðir fyrir öryrkja, námsmenn og aldraða. Húsnæðissamvinnufélagið Búseti breytti sínum lögum til að geta fullnægt þessum ákvæðum og geta þannig byggt leiguíbúðir fyrir þá félagsmenn sína sem væru öryrkjar, námsmenn og aldraðir. Þessar samþykktir voru frágengnar og formlega fram settar og samþykktar af stjórn Húsnæðisstofnunarinnar til útlána en takmarkað við 15 íbúðir á næsta ári. Ég þarf ekki frekar að ræða um þetta, en þetta er upplýst hér með og stendur óhaggað þar sem Húsnæðisstofnunin hefur samþykkt það.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil við afgreiðslu lánsfjárlaga leggja áherslu á að í framhaldsnefndaráliti er lögð áhersla á að það liggi fyrir sem fyrst hvernig þeim 200 millj. kr., sem verja á til meiri háttar viðgerða og endurbóta á skipum í skipasmíðastöðvum hér innanlands, verði varið. Þessar 200 millj. kr. koma til viðbótar þeim lánum sem veitt eru eftir almennum reglum úr Fiskveiðasjóði og eru sama eðlis og þau lán sem veitt eru úr Útflutningslánasjóði til annars konar iðnaðar. Skýringin á því að skipasmíðastöðvarnar eða skipasmíðaiðnaðurinn er ekki inni í Útflutningslánasjóði er einfaldlega sú að þar er um svo háar og miklar fjárhæðir að tefla að sá sjóður hefur ekki treyst sér til að ráða við það verkefni og hefur þess vegna orðið nauðsynlegt að leita annarra ráða. Eins og sakir standa nú virðist liggja beint fyrir að Byggðasjóður fái þetta fé nema um mjög breyttar útlánareglur verði að ræða í fjárfestingarlánasjóðunum þar sem slík lán til viðgerða, meiri háttar viðgerða samrýmast ekki venjulegum reglum fjárfestingarlánasjóða.

Svavar Gestsson, hv. 3. þm. Reykv., spurði mig að því hvort ég væri sáttur við þá samþykkt sem húsnæðismálastjórn gerði 30. október 1985 varðandi lánveitingar skv. c-lið 33. gr. til stofnana eða félagasamtaka vegna byggingar leiguíbúða fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja, og ég gat ekki betur heyrt á hv. þm. en hann væri alls hugar feginn þeirri samþykkt og hugsaði sem svo að frekari flutningur frv. hér á Alþingi til þess að rétta hlut eða tryggja sess Búseta væri óþarfur. Ég leit svo á að í ræðu sinni teldi hann að húsnæðissamvinnufélagið Búseti eða sú hugsjón sem þar liggur á bak við hafi fengið þvílíka viðurkenningu í húsnæðismálastjórn að algjörlega hafi verið óþarft hjá Steingrími J. Sigfússyni hv. 4. þm. Norðurl. e., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu S. Kvaran og Guðrúnu Agnarsdóttur að flytja hér frv. um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt, nánast frumhlaup eins og máli væri komið, enda væri búið að sauma svo að mér að það sem ég hefði sagt um þessi mál heyrði nánast forsögunni til og málið hefði verið afgreitt hjá hæstv. félmrh. og frekari atbeini löggjafarvaldsins þyrfti ekki til að koma. Nú er ég auðvitað afskaplega ánægður yfir því að hv. þm. skuli vera þessarar skoðunar og vildi gjarnan spyrja 1. flm., hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, hvort hann líti þessum sömu augum á þetta mál, að Búseti sé kominn í höfn, Húsnæðisstofnun sé búin að samþykkja það með staðfestingu hæstv. félmrh. og ekki þurfi frekar vitnanna við.

Nú er það svo um samþykkt húsnæðismálastjórnar að í henni felst stefnumarkandi ákvæði varðandi það hversu með skuli fara byggingar leiguíbúða fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja, og ég get ekki neitað því að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum. Kannske fyrst og fremst vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að leiguíbúðir fyrir námsmenn eigi að vera á vegum Bandalags íslenskra sérskólanemenda og Félagsstofnunar stúdenta og annarra slíkra aðila og tel ekki að Húsnæðisstofnun eigi, eins og húsnæðismálum nemenda innan þessara samtaka er fyrir komið, að veita öðrum forgang. Ég skil því ekki þessa samþykkt húsnæðismálastjórnar og ég skil ekki að nokkur alþm. skuli fagna því að Húsnæðisstofnun skuli láta aðra aðila en Stúdentagarðana, en Bandalag íslenskra sérskólanemenda, sitja fyrir varðandi lánafyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði verkamanna.

Ég vil líka segja það varðandi þær umsóknir sem fyrir liggja frá Samtökum aldraðra að hér liggja fyrir um-

sóknir um 30 íbúðir. Það liggur jafnframt fyrir að aðilar eins og Hrafnista í Hafnarfirði hafa verið látnir byggja þjónustuíbúðir fyrir aldraða með verri kjörum en veitt eru úr Byggingarsjóði verkamanna, hafa ekki sætt sömu lánafyrirgreiðslu og þar er veitt. Ég vil líka segja það að ég er þeirrar skoðunar að samtök eins og Hrafnista í Hafnarfirði og önnur þau samtök sem hafa getið sér á löngum tíma orð fyrir mikla vinnu, fórnfúst starf fyrir aldraða, eigi að sitja fyrir þegar takmarkað fé er í ríkissjóði til þess að byggja íbúðir fyrir aldraða.

Ég vil segja í þriðja lagi að ég ber litla virðingu fyrir því ef menn ýta til hliðar Öryrkjabandalaginu eða samtökum fatlaðra, Sjálfsbjörg, þegar kemur að því að byggja yfir öryrkja. Og ef það á að vera stefnumótandi fyrir Byggingarsjóð verkamanna að ýta til hliðar Stúdentagörðunum, ýta til hliðar Bandalagi íslenskra sérskólanema, ýta til hliðar Öryrkjabandalaginu, ýta til hliðar Sjálfsbjörg, ýta til hliðar Blindrafélaginu og ýta til hliðar Hrafnistu í Hafnarfirði og samtökum aldraðra víðs vegar um land, verð ég fjandmaður þeirrar stefnumörkunar.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þau gefast tilefnin til að ræða ýmsa hluti bæði í framhaldi af ummælum hæstv. ráðherra og hv. þm. Ég vil fyrst spyrja hvort hæstv. menntmrh. núverandi sé nálægur. Hann viðhafði þannig ummæli um ákveðna stofnun utan þingsala, Lánasjóð íslenskra námsmanna, að ég held ég verði að fá að eiga við hann svolítinn orðastað, herra forseti. (**Forseti:** Það verður reynt að ná í hæstv. ráðherra.)

En ég get snúið mér, á meðan þetta verður kannað, að hv. skrifara — ég held að það sé skynsamlegt (**HBl:** Herra forseti, er þetta þinglegt ávarp?) — hv. 2. þm. Norðurl. e., virðulegum skrifara deildarinnar (**HBl:** Betra.) og mun svo snúa máli mínu að hæstv. menntmrh., sem nú er genginn í salinn, innan tíðar.

Ég ætla, herra forseti, að spara mér það að fara út í ítarlegar umræður um húsnæðismál þó að hv. 2. þm. Norðurl. e. og virðulegur skrifari deildarinnar hafi sannarlega gefið tilefni til þess. Það er alltaf nokkuð gaman að því þegar hann kemst í sinn ham og tekur þetta tiltekna mál, Búseta, upp á arma sína af miklum þrótti og er þá orðinn slíkur talsmaður verkamannabústaðakerfisins, Öryrkjabandalagsins, Félagsstofnunar stúdenta og yfirleitt allra annarra aðila í þjóðfélaginu sem nokkurn tíma hafa byggt hús að það er með endemum og skín af honum ástúðin og kærleikurinn til þessara aðila allra. En það er auðvitað ein meinloka í öllum málflutningi hv. þm. og hún er sú að hann getur aldrei opnað augu sín fyrir öðru en því að áframhaldandi skömmtun verði á fé og áframhaldandi neyðarástand í húsnæðismálum á Íslandi. Allur málflutningur hv. þm. gengur út á það að slegist verði og barist og bitist um hverja einustu krónu sem hægt verði að fá að láni til húsbygginga. Hann sér sjálfan sig sem skömmtunarstjóra, fullan af mannúð og gæsku auðvitað, sem deilir þessari krónu til Öryrkjabandalagsins og annarri krónu til Félagsstofnunar o.s.frv., en undirstaðan undir öllum hans málflutningi er sú að það verði mikill skortur og þess vegna sé verið að taka eitthvað frá einum og láta annan fá það. Hann sér það sem sagt ekki fyrir sér að það rofi til í húsnæðismálunum á næstu árum og þess vegna talar hann svona eins og raun ber vitni, hv. þm. Þetta er auðvitað sorgleg framtíðarsýn og bágt til þess að vita að svona svartnætti skuli ríkja á stjórnarheimilinu, að helsti talsmaður Sjálfstfl. í húsnæðismálum sér allt biksvart um ókomin ár í húsnæðismálum og það verður ekki hægt að gera neitt fyrir neinn nema að taka það undan nöglunum á einhverjum öðrum, slíkur er nú málflutningur hv. þm.

En hæstv. menntmrh. situr hér nær mér, eins og hann mundi kannske orða það, og ætla ég þá að beina máli mínu til hans lítillega. Hæstv. ráðh. sagði ákveðna hluti um Lánasjóð ísl. námsmanna sem ég var mjög hissa á, herra forseti. Maður á því ekki að venjast að það sé nánast verið með dylgjur í garð slíkra stofnana án þess að það sé þá rökstutt. Hvað er það sem hæstv. ráðherra er að fara þegar hann segir að hann hafi ýmislegt fyrir sér í því að það sé ekki mark takandi á áætlunum frá þessum sjóði, ekki nema svona mjög í hófi? Allt sem frá honum komi sé einhver vitleysa. Hann sagði að ýmislegt í starfsemi sjóðsins þyrfti gagngerra úrbóta, krefðist gagngerra úrbóta. Ég óska skýringa á þessum ummælum hæstv. ráðherra. Á hann við starfsemina sem slíka? Á hann við reksturinn? Hefur verið farið illa með fé þarna? Vinna þarna einhverjir óþokkar? Er verið að sólunda þarna fé? Hvað er á ferðinni, hvers vegna notar hæstv. ráðherra þessara mála svona orðbragð hér án þess að skýra það nánar? Ég óska þess, herra forseti, að við þurfum ekki að hlusta á það að stofnanir eins og Lánasjóður ísl. námsmanna sitji undir slíku ámæli án rökstuðnings. Ég skora á hæstv. ráðherra að falla frá þessum ummælum eða skýra út fyrir okkur ella hvað hann eigi við.

Það kemur nokkuð sérkennilega út að hæstv. ráðherra lýsir því hér yfir og harmar það að hann hafi ekki fengið nein þau gögn sem hann geti notað til þess að mynda sér skoðun um ástand sjóðsins. En hverjir eru að setjast í dómarasætið aðrir en hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn með því að skera niður fjárveitingabeiðnir sjóðsins við trog? Þá vita þeir allt í einu nóg til þess að gerast dómarar. Ég hefði talið rökréttara í framhaldi af því sem hæstv. ráðherra sagði um upplýsingaskort sinn að hann hefði tekið þær skástu fáanlegu upplýsingar sem fyrir liggja, sem eru frá Lánasjóðnum, gildar og látið þær gilda á meðan hann hefur ekki annað haldbetra í höndunum.

En að síðustu, herra forseti, þá er náttúrlega óhjákvæmilegt að halda hér uppi svolitlum málsvörnum fyrir hæstv. fyrrv. menntmrh. þann er næstur sat á undan þessum sem nú er, því þetta voru auðvitað hreinar árásir á hæstv. fyrrv. menntmrh. Hér kom hæstv. ráðherra í stólinn og talaði eins og landnámsmaður í menntmrn. Þar hefði bara verið numið land þegar hann kom þar inn úr dyrum. Þar hefði ekkert verið gert áður og hann væri í slíkum önnum að kynna sér hlutina og fara ofan í saumana á þessu. Það hefur verið dálaglegt ástandið, herra forseti, í þessu ráðuneyti sem virðulegur forseti mun einnig nokkuð kunnugur. Þetta voru ekki fögur lýsingarorð. Það hefur ekki verið vel unnið í þessu ráðuneyti ef maður á að taka mark á málflutningi hæstv. núv. menntmrh. Nei, ég held nú að hæstv. ráðh. verði einnig að skýra nokkuð hvað hann átti við með þessum ummælum svo menn þurfi ekki einnig að sitja undir því að samráðherrar og hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn fái yfir sig svona gusur hér. Menn verða að hafa það þá svart á hvítu.

Það er náttúrlega ekkert óvenjulegt að talsmenn Sjálfstfl. gangi fram í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna með eitthvað svipuðum hætti og hér hefur gerst og ég frábið mér öll ræðuhöld um það að auðvitað eigi þessi sjóður að stuðla að jafnrétti til náms og annars slíks á sama tíma og það er verið að skera getu hans til þess niður við trog. Auðvitað þýðir þetta beint að möguleikar sjóðsins til að sinna lögbundnu hlutverki sínu minnka sem því nemur sem hér er af honum tekið. Það liggur ljóst fyrir. Ég held að það hafi ekki verið staðið þannig að lánsúthlutunum, hæstv. menntmrh., til 1. árs nema — eins og menn vita þá hafa þeir barist í bönkum eins og það var kallað á síðasta ári vegna aðgerða sem hæstv. fyrrv. menntmrh. greip til — og ég hef enga ástæðu til að ætla að það hafi sérstaklega ýtt undir menn um að streyma inn í nám sem lánshæft er frá Lánasjóði ísl. námsmanna.

Það er auðvitað mjög alvarlegt, herra forseti, og ég hugsa að það sé vegna þess að hæstv. menntmrh. kom alveg að sviðinni jörð, þurfti að nema land upp á nýtt og engar upplýsingar lágu fyrir í þessu ráðuneyti þegar hann kom þangað, það hefur sennilega ekki verið til þar bók hvað þá annað. Hann veit sjálfsagt ekkert um þá sögu sem að baki liggur, þá miklu vinnu sem í það var lögð á sínum tíma að ná samkomulagi milli námsmannahreyfinganna í landinu og stjórnvalda um tilhögun þessara mála. Ég ætla þá að fræða hæstv. ráðh. ofurlítið um það, hugsanlega er ég ofurlítið fróðari en hann.

Eftir miklar og langvinnar viðræður þessara tveggja aðila, stjórnvalda og námsmannahreyfinganna, náðist um það samkomulag fyrir nokkrum árum síðan að herða verulega endurgreiðslureglur við Lánasjóðinn gegn því að stjórnvöld sæju sjóðnum fyrir 100% brúun umframfjárþarfar eins og það var kallað og má heita enn. Þ.e. stjórnvöld ábyrgðust þá í staðinn að þau sæju Lánasjóði ísl. námsmanna fyrir nógu fé til að standa fyllilega, 100%, hæstv. ráðherra, í sínu lögboðna hlutverki með námslán. Undir þetta gengust fulltúar námsmanna á þeim tímum, að skrifa upp á samkomulag þar sem endurgreiðslureglurnar voru verulega hertar. Þetta mun skila sér í betri eiginfjárstöðu sjóðsins í framtíðinni, að vísu tekur það nokkurn tíma eðli málsins samkvæmt. Hér er því auðvitað verið að gera aðeins einn hlut, hæstv. menntmrh., það er verið að brjóta þetta samkomulag, koma aftan að námsmönnunum, vegna þess að þetta samkomulag er brotið með þessum aðgerðum. Sé það ekki að koma aftan að mönnum mörgum árum eftir að samkomulag er gert og eftir að námsmenn eru farnir að borga samkvæmt þessu nýja og herta endurgreiðslukerfi, þá veit ég ekki hvað er að koma aftan að mönnum. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að kynna sér hlutina betur áður en hann sest í dómarasætið og tekur þátt í því í ríkisstj. að skera niður fjárveitingar til Lánasjóðsins.

Það er auðvitað svo að Lánasjóður ísl. námsmanna er og verður alltaf að verulegu leyti félagslegur sjóður. Það liggur í hlutverki hans og það á ekki að gera kröfur um að hann beri sig. Það er alveg nauðsynlegt að þeir átti sig á því sérstaklega, hv. sjálfstæðismenn, að það samrýmist ekki hlutverki Lánasjóðsins að hann beri sig. Að ætla t.a.m. að yfirfæra þessa þjónustu yfir í bankakerfið, eins og maður hefur stundum heyrt úr þessum herbúðum, væri mjög óskynsamlegt, hæstv. ráðherra, og ég vona að það komi aldrei til þess að hæstv. núverandi menntmrh. gerist talsmaður þeirra hugmynda, vegna þess að Lánasjóður ísl. námsmanna er og á að vera og þarf að vera í eðli sínu félagslegur sjóður og hann á að tryggja jafnrétti allra þegnanna til náms. Það getur hann þá og því aðeins að hann sé það öflugur að mismunandi efnahagur námsmanna eða aðstandenda þeirra ráði engu um það hvort þeir geta stundað nám eða ekki.

Það er alveg ljóst að ef þessi mikli niðurskurður á að bitna að mestu leyti á útlánum á síðari hluta komandi árs þá verður hann svo harkalegur að nýir námsmenn munu í stórum stíl ekki geta hafið nám, svo að ekki sé minnst á þá tilhögun sem viðhöfð er nú á greiðslum lána til 1. árs nema.

Þetta mun einnig þýða að það verða ekki nema einstöku efnamenn sem komast til náms erlendis. Ef niðurskurðurinn verður látinn bitna hlutfallslega jafnþungt á þeim og á öðrum þá er þar um verulegar fjárhæðir að ræða. Það er ekki óvanalegt að yfirfærsla á hvoru misseri til námsmanna, sem stunda nú nám í Bandaríkjunum og greiða þar full skólagjöld, sé talsvert á annað hundrað þúsund krónur. Það vitum við sem erum umboðsmenn fyrir slíka aðila. Og ef 30—40% niðurskurður verður á slíkum fjárhæðum þá gefur auga leið að þar munar um.

Nei, ég held að hæstv. ráðh. ætti ekki að vera alveg svona dómharður fyrr en hann hefur þá einhverjar upplýsingar í höndunum og er búinn að fá þessi gögn, sem hann talaði um, í janúar. Ég held nefnilega að það hefði verið alveg skaðlaust að gera ráð fyrir því að sjóðurinn gæti átt aðgang að meiri fjármunum. Ef svo gleðilega vildi til að hann þyrfti þess ekki þá yrði það væntanlega ekki mikið vandamál fyrir hæstv. ríkisstjórn. Ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni að hún kæmi því í lóg ef Lánasjóður ísl. námsmanna þyrfti ekki allar þær lántökuheimildir sem honum væru ætlaðar. Ég held nefnilega, herra forseti, að undanfarin ár hafi fjárveitingabeiðnir sjóðsins staðist nokkuð vel, það er a.m.k. mín niðurstaða eftir að hafa skoðað þær nokkur undangengin ár. Reynslan hefur hins vegar verið sú að ef stjórnvöld hafa ætlað að stytta sér leið þá hefur það komið þeim í koll og þau hafa neyðst til þess að veita Lánasjóðnum aukafjárveitingar. Þetta hefur ítrekað gerst á undanförnum árum, einmitt vegna þess að áætlanir sjóðsins um útlán hafa ekki verið teknar trúanlegar og það hefur ekki verið gert ráð fyrir nægum fjárveitingum til þeirra.

Herra forseti. Ég ætlaði satt best að segja ekki að taka þátt í þessari umræðu en sit ekki þegjandi hér í þingsölum þegar hæstv. ráðh. koma hér í ræðustól og láta frá sér fara slík ummæli og slíkar einkunnir til aðila út í bæ án þess að skýra það þá eitthvað nánar. Þess vegna óska ég þess að hæstv. menntmrh. verði svo góður að koma hér upp og standa ofurlítið nánari skil á þessum ummælum.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég orðlengi nú ekki mjög um þetta sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Og ég veit ekki hverjum verður greiði gerður með því nú og hér að ég fari að nefna dæmi sem rökstyðja minn málflutning. En það er eins og mig minni að frá Lánasjóði ísl. námsmanna hafi komið áætlun eigi alls fyrir löngu um fjárþörf á næsta ári upp á u.þ.b. 1850 millj. kr. En ég tók áreiðanlega

rétt eftir því að í gærmorgun á fundi fjh.- og viðskn. hafi sjóðurinn komið með áætlun upp á 1660 millj. kr., eða þar um bil. Ekki er þetta nú nákvæm áætlanagerð. Ég skal nefna annað dæmi um ónákvæma áætlanagerð. Í nóvembermánuði s.l. barst mér beiðni frá Lánasjóðnum um aukafjárveitingu upp á rúmlega 181 millj. kr. vegna fjárþarfar námsmanna á tveimur síðustu mánuðum ársins 1985. Við hæstv. fjmrh. urðum sammála um að síðast á árinu kæmi ekki til greina að koma aftan að námsmönnum með því að verða ekki við þessari aukafjárveitingarbeiðni. Og við þessari beiðni var orðið, svo gott sem. En hvort það hafi liðið hálfur mánuður eða hvort það voru nær þrjár vikur þangað til ég fékk neyðarkall frá Lánasjóðnum um 50 millj. í viðbót, man ég ekki alveg enda skiptir það ekki máli. Og af hvaða ástæðum? M.a. þeim að það hafði gleymst að taka með í reikninginn greiðslu vaxta og afborgana á milli 20 og 30 millj. fyrir áramót. Háttvirtur fjármálaspekingur Steingrímur J. Sigfússon má kalla þetta góðar reiður og skynsamlegar áætlanir og traustvekjandi ef honum svo sýnist.

Að mér steðjar ótrúlegur grúi ungra námsmanna sem hafa kvartanir og klaganir daginn langan að bera upp við mig vegna starfsemi þessa sjóðs. Og það má undarlegt vera ef það hefur ekki borist til eyrna fleiri. Ég ætla ekkert að setja mig í dómarasæti um réttmæti þessara klögumála, það get ég ekki. Og vafalaust segir það unga fólk mér ekki alla söguna og það kunna að vera ýmis atriði sem þau draga undan í skýrslum sínum en ég sé þó lánsloforðin í höndum þeirra. Það er of snemmt fyrir mig að setja á langar tölur um þetta efni. Og þegar hv. þm. er svo óvandaður í málflutningi að kalla það gagnrýni á forvera mína þegar ég er að tala um að ég þurfi að setja mig inn í málin og kynna mér þau, sem ég hef ekki haft nema örfáar vikur til, þá er það náttúrlega málflutningur sem er ekki sæmandi. Ég þarf að mynda mér skoðanir á þessu og koma þeim til stjórnarflokkanna og hins háa Alþingis. Og þá með nýjar tillögur ef mér sýnist, að kynningu og rannsókn lokinni, að nauðsyn beri til.

Það er þýðingarlaust að gera mér upp einhver orð vegna þess að ég tók fram að ég mundi leggja mig fram um að koma ekki aftan að ungum námsmönnum. Vafalaust er of smátt skammtað. En ég sagði líka að þessi kurl yrðu komin til grafar áður en við slitum þessu þingi þannig að þá mætti finna ráð ef nauðsyn bæri til. En það er ekki nokkur minnsti vafi á því að standi ég sjóðinn, sem fer með fé sem nemur milljörðum, að óreiðustarfsemi og lausung þá mun ég taka afar fast á því í tillögum mínum til breytinga og bóta. Þetta mega menn ekki misskilja eða túlka öðruvísi en það er sagt. Og ef menn svo vilja vera láta að ég sé með þessu að taka ákvörðun um að breyta til þannig að um yrði að ræða stórfellda röskun á högum námsmanna, t.a.m. erlendis, þá þeir um það. En þannig er ekki komið sögu enn þá frá mínum bæjardyrum af því mér hefur ekki gefist kostur á að mynda mér skoðanir þar sem ég hef ekki fengið þær upplýsingar sem ég tel nauðsynlegar um alla starfsemi og hagi þessa sjóðs.

Svona standa sakir. Því miður gat ég ekki gert þessu máli fyllri skil og því er ég ekki við því búinn að fylgja einhverjum öðrum fjárhæðum eftir en hér er lagt til. En reglu og reiðu verðum við að hafa á þessu. Meira vil ég ekki segja þótt af ýmsu kynni að vera að taka, vegna þess að ég vil að þeim sem ábyrgðina bera á starfseminni gefist kostur á því að ræða við mig og verja hendur sínar, gefa skýringar áður en ég hef hér uppi pólitískar þrætur við menn um þessi málefni. Og það verð ég að biðja hv. fyrirspyrjanda að skilja. Mönnum er ekki greiði gerður með því að toga þá og teygja sem í umræðunni eiga þess ekki kost að bera hönd fyrir höfuð sér fyrr en að öll kurl eru komin til grafar.

Þessi pólitíska árás, sem verið er að gera vegna þessa sjóðs, hún er of snemma á ferðinni, þetta tal hv. þm., sem var fullt með útúrsnúninga um orð mín og afstöðu, á þessu stigi máls. Það er ekkert nema pólitískur hráskinnaleikur engum til góðs. Og það er vonandi að hv. þm. átti sig á því að þetta er ótímabær árás og það kynni að vera að hann ætti að geyma sér það til betri tíma ef eitthvað kemur fram í málinu sem verður bitastætt til að vega að mönnum fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér í kvöld hafa þrír hæstv. ráðh. svarað nokkrum fsp. frá mér um ýmis mál, Lánasjóð ísl. námsmanna, Byggðastofnun og húsnæðismál. Ég ætla hér að víkja aðeins að þeim svörum sem ég hef fengið um leið og ég þakka ráðherrunum fyrir þær tilraunir sem þeir hafa gert í þessa veru.

Það er þá fyrst í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna. Hvað er hér um að ræða? Hér er um það að ræða, herra forseti, að fyrir liggur að til Lánasjóðs ísl. námsmanna á að verja á næsta ári 1265 millj. kr. Það liggur fyrir að mati fjmrn., ekki Lánasjóðsins. Það er ekki við Lánasjóðinn að sakast heldur Þorstein Pálsson hæstv. ráðh. Það er hann, hæstv. ráðh., sem gefur hér út í dag töluna 1657 millj. kr. og að í sjóðinn vanti 355 millj. kr. segir ráðuneyti hans. Að vera að veitast að starfsliði og skrifstofufólki Lánasjóðsins fyrir feilreikninga í þessum efnum, það er ekki sæmandi.

Úr því að hæstv. ráðh. er hér að kenna þm. mannasiði þá er best að það verði einnig gerð tilraun til kennslustundar í þeim efnum. Það er ekki sæmandi að ráðast að þessu starfsliði fyrir þessa feilreikninga. Eða ætli hæstv. núverandi menntmrh. sé rétti maðurinn til þess að gagnrýna fyrir feilreikninga? Var hann ekki iðnrh. á þeim tíma þegar síðasti samningur var gerður við Alusuisse, þegar reikningarnir og töflurnar sýndu það að þetta nýja samkomulag myndi gefa hærri tekjur en nokkru sinni fyrr og aldrei lægra en hið gamla samkomulag? Þegar þessi gjörð núverandi menntmrh. er lögð fyrir þingið kemur í ljós að þetta er tóm vitleysa, allar forsendurnar tómt rugl. Og niðurstaðan verður sú að reiknivélin hafi bilað á hnjánum á starfsmönnum Seðlabankans. Svo koma menn hér upp og vaða fram með slíkar árásir á starfsmenn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég held að það þjóni engum tilgangi. Það sem liggur fyrir er auðvitað það að hér vantar inn í dæmið tæplega 400 millj. kr. að mati fjmrn. Það er það sem liggur fyrir. Og úr því að hæstv. ráðh. vildi taka einhverja tölu, af hverju tók hann þá þessa tölu, 1256 millj. en ekki 1667, 1131, 944 eða hvað það nú er? Hvaða speki og vísindi eru á bak við þessa tölu, 1256 millj. kr.? Úr því að allir útreikningar eru rugl, tóm endileysa, tóm vitleysa, af hverju tók hann þá bara þessa tölu? Fyrir því eru engin rök, ekki nokkur skv. málflutningi hæstv. ráðh.

Menn eru að skjóta sér á bak við þá staðreynd að það

er ekki hægt að koma fjárlögunum saman. Lánsfjárlögin eru rugl. Þar vantar allar meginforsendur. Og til þess að koma fjárlögunum og lánsfjárlögunum saman búa menn sér til einhverja tölu á Lánasjóð ísl. námsmanna og kenna reiknimeisturunum á kontórunum þar um að þeir reikni vitlaust. Þetta er aðferðin sem ríkisstj. notar í þröngri stöðu til þess að koma fjárlögunum saman. Ekki er það hraustlega gert að ætla að kenna öðrum um ríkisfjármálastjórn þeirrar ríkisstj. sem hæstv. menntmrh. ber auðvitað fulla ábyrgð á.

Lánasjóður ísl. námsmanna er áreiðanlega ekki yfir gagnrýni hafinn og eðlilegt að farið sé ofan í saumana á hans fjármálum. Það er hlutverk menntmrh. að tryggja það og ég vil styðja hann í því fyrir mitt leyti. Ég tel eðlilegt að það sé ævinlega farið rækilega í saumana á svona stórum fjárlagaliðum eins og hér er um að ræða. Ég held að það ætti að fara mjög rækilega og vandlega í fleiri liði. En ég tek það fram að ég tel að slíkir liðir og slíkir þættir í ríkisbúskapnum eigi alltaf að vera til skoðunar. En það á ekki að skjóta sér á bak við starfslið Lánasjóðs ísl. námsmanna í þessu efni. Og ég get ekki neitað því að það hvarflaði að mér, eins og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hér áðan undir ræðu menntmrh., hvílík aðkoman hafi verið eftir hæstv. ráðh. Ragnhildi Helgadóttur. Óskaplega hefur þetta verið erfitt að taka við að hæstv. ráðh. Ragnhildi Helgadóttur. Allt í tómri vitleysu. Áætlanir óskiljanlegar og ómarktækar og í raun og veru óbrúklegar að öllu leyti. Þess vegna er ekkert annað að gera en að setja þarna inn í lánsfjárlögin einhverja slumptölu frekar en ekkert því að menn vilja auðvitað ekki skila auðu. Ég bið ráðherrann forláts á því að ég skuli hafa látið mér detta þetta í hug. En mér kom það þó til hugar undir ræðu hans. Þannig var hún sett upp.

Það liggur fyrir samkvæmt yfirlýsingum hæstv. menntmrh., sem er í mínum huga kannske aðalatriði málsins, að það verður ekki komið aftan að mönnum miðað þau fyrirheit sem gefin hafa verið. Það þýðir að það verður staðið við lánsloforð á fyrri hluta ársins 1986. Það er ljóst. Þar með er hann búinn að eyða um 1000—1200 millj. kr. úr Lánasjóðnum. Þá er eftir seinni hluti ársins 1986. Ráðherrann sagði í ræðu sinni áðan að það væri bersýnilega of naumt skammtað. Ráðherrann ætlar með öðrum orðum að knýja á um viðbótarframlag í sjóðinn á næsta ári. Ég held að það væri hreinlegast að segja það fullum fetum. En þessar yfirlýsingar ráðherrans liggja fyrir og þær eru betri en ekkert. Ef maður les töluna og ekkert annað þá þýðir þetta 30% niðurskurð á lánum til íslenskra námsmanna.

Það er ekki vegna þess, herra forseti, að menn hafi gaman af því að standa í einhverjum pólitískum skætingi að þeir taka þessi mál upp, þó að það sé yfirleitt heldur ánægjulegt að eiga orðastað við hæstv. menntmrh., ég viðurkenni það, heldur vegna þess að það er skylda stjórnarandstöðunnar að spyrja mjög vandlega út í svona hluti og fá upplýsingar um það hvaða forsendur eru á bak við málin. Sú þinglega skylda hvílir á stjórnarandstöðunni og ef hún rækir hana ekki þá er hún ekki að rækja sitt hlutverk. Þá eru þeir þm., sem skipa sér í stjórnarandstöðusveit, ekki að gegna því alvarlega hlutverki sem kjósendur þeirra hafa falið þeim. Þess vegna erum við að fara yfir málin með þeim hætti sem við höfum gert. Ég lagði ákveðnar spurningar fyrir hæstv. menntmrh. í dag og í kvöld. Þeim hefur verið svarað og ég ætla ekki að orðlengja um það frekar.

Varðandi Mjólkursamsöluhúsið, sem ég spurði um, þá skýrði hæstv. menntmrh. frá því að það mál yrði lagt fyrir fjárveitinganefnd, kæmi síðan hér inn í þingið og ekki nema gott eitt um það að segja. Ég var að gagnrýna aðferðina en ekki það að teknar voru snaggaralegar ákvarðanir um að leysa húnæðisvandamál Þjóðskjalasafnsins. Ég fagna því að slíkar ákvarðanir skuli hafa verið teknar og ég vona að þær verði til góðs fyrir Þjóðskjalasafnið. Um það veit ég hins vegar ekkert því ég hef aldrei séð húsið eða skoðað. (Gripið fram í.) Já, utan frá. Og reyndar kaffistofuna á vinnustaðafundum Guðmundur, það er rétt. (**GJG:** Við höfum boðað saman fagnaðarerindið þar.) Já, við höfum haldið þar vissar samkomur, það er rétt.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Ég ætla ekki að fara að rökræða neitt við hann sérstaklega. Ég ætla aðeins að víkja að þessum umræðum um erlendu skuldirnar. Hann er oft að tala um þær og það er gott. Hann segir að ríkisstj. stefni markvisst að því að minnka erlendar skuldir og reka ríkissjóð hallalaust. Hann sagði það líka hér áðan. Hér er verið að afgreiða fjárlög með með nokkur hundruð millj. kr. halla. En hann heldur sig samt við það að ríkisstj. eigi sér þá hugsjón að hafa þetta í jafnvægi. Hann vitnaði til þess að erlendar skuldir hefðu verið 27% af þjóðarframleiðslu 1981 og 40% 1982. Það lá í orðum hans að farið hefði verið mjög geyst í erlendar lántökur á milli þessara ára. Nú vill svo til að við sátum báðir, ég og hæstv. ráðh., í þeirri ríkisstjórn sem þá bar ábyrgð á hlutunum. Það er dálítið sérkennileg tilhneiging hjá hæstv. forsrh. að gagnrýna þessa stjórn og þar með Framsfl. í fortíðinni og öll þau verk sem hann hefur unnið. (**Gripið fram í:** Hann er búinn að koma víða við.) Sem betur fer er það nú ekki þannig með Framsfl., eins og menn geta lesið í bókum Eysteins, að flokkurinn sé sögulaus. Hann hefur t.d. setið í ríkisstjórnum um alllangt árabil hér á landi. En af hverju hækkuðu skuldir sem hlutfall af þjóðarframleiðslu milli áranna 1981 og 1982? Var það vegna þess að menn bættu svona stórkostlega við erlendar skuldir og erlendar lántökur? Hækkuðu erlend lán þjóðarinnar á milli áranna 1981 og 1982 um 50%? Staðreyndin er sú að hækkunin á þessum hlutfallstölum stafar ekki af því að menn tækju aukin erlend lán í svo stórum mæli heldur af því í fyrsta lagi að þjóðarframleiðslan féll verulega og í öðru lagi af því að vextir af erlendum lánum þjóðarinnar hækkuðu frá því að vera neikvæðir upp í það að vera jákvæðir raunvextir milli 5 og 6 prósent. 1% raunvextir á erlendum lánum, hvað þýðir það fyrir þjóðarbúið? Hvert 1% í þessu efni þýðir 250 millj. kr. Sú 5% hækkun á raunvöxtum erlendis sem átti sér stað á milli áranna 1981 og 1982 þýddi á einu ári 1,3 milljarða kr. í aukin útgjöld fyrir þjóðarbúið. Hæstv. forsrh. á auðvitað ekki að gleyma þessum skýringum á hinu hækkandi erlenda lánahlutfalli þjóðarbúsins. Það er fall þjóðarframleiðslunnar og það eru stórhækkaðir erlendir vextir.

Ég vildi síðan vekja athygli á því sem fram kom hér í máli hæstv. félmrh. og hv. þm. Halldórs Blöndals. Mundi vera hugsanlegt að þeir væru hér viðstaddir þessir ágætu menn, einkum og ekki síst Halldór Blöndal, en ekki væri nú verra að hafa ráðherrann líka, þannig að þeir væru tveir? (**Forseti:** Það verður athug-

að.) Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði að samkvæmt mínum orðum hér fyrr í kvöld væri óþarfi að flytja lög um húsnæðissamvinnufélög og ég væri í rauninni að snupra félaga minn hér, Steingrím J. Sigfússon, fyrir að hafa staðið að flutningi slíks frv. Ég veit að hv. þm. veit að þetta er ekki rétt hjá honum. Auðvitað er frv. um húsnæðissamvinnufélög ekki um neitt annað en að festa lagareglur um það form húsnæðis hér á landi. Það sem hins vegar hefur gerst er að hæstv. félmrh. hefur tekið af skarið og ákveðið lán til húsnæðissamvinnufélaga og þannig skákað hv. þm. Halldóri Blöndal út í horn, og var vissulega tími til kominn að mati okkar flestra hv. alþm., gæti ég trúað. Hv. þm. Halldór Blöndal sagði hins vegar: „Ég er á móti húsnæðisstefnu sem úthýsir Bandalagi íslenskra sérskólanema. Ég er á móti húsnæðisstefnu sem úthýsir Félagsstofnun stúdenta. Ég er á móti húsnæðisstefnu sem úthýsir Blindrafélaginu. Ég er á móti húsnæðisstefnu sem úthýsir Öryrkjabandalaginu. Ég er á móti húsnæðisstefnu sem hafnar Samtökum aldraðra.“ Ég veit ekki við hvern hv. þm. var að tala. Var hann að tala við félmrh.? Er hann á móti fötluðum, öldruðum og sjúkum alveg sérstaklega? Eða hvað? Ég skil ekki hvað þessar árásir á hæstv. félmrh. eiga að þýða og ég vildi gjarnan spyrja hv. þm. hvort hann vildi ekki segja okkur af tilraunum sínum til þess að fá hæstv. félmrh. til að taka undir málefni fatlaðra, sjúkra og aldraðra. Vill hann ekki segja frá þeirri baráttu sem hann hefur háð í ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum til þess að leiða hæstv. félmrh. af villu síns vegar, þetta hroðamenni sem er vondur við aldraða, fatlaða og sjúka? Það væri fróðlegt að vita um þær orustur sem hæstv. félmrh. og hv. þm. Halldór Blöndal hafa háð um húsnæðismál fatlaðra, öryrkja og aldraðra. Það væri fróðlegt að vita hvenær þær hafa staðið þessar orustur. Ég skil ekki þessar árásir hv. þm. Halldórs Blöndals öðruvísi og ég vil taka undir með honum: Ég er á móti húsnæðisstefnu sem hafnar þessu fólki og er reiðubúinn að taka þátt í því að berjast gegn slíkri stefnu eins og hv. þm. greindi hér frá áðan. (**HBl:** Þá skaltu bara tileinka þér mína stefnu og þá leysist þetta.) Hitt er fjarstæða að sú stefna sem hv. þm. hefur barist fyrir sé nokkuð sem hægt er að taka undir, enda er hann í minni hluta á Alþingi í þessu efni, sjóðandi minni hluta, og nú hefur hæstv. félmrh. tekið af skarið og lýst því yfir að hann ætli að framkvæma þá stefnu í húsnæðissamvinnufélagamálum sem meiri hluti þingsins stendur að. Þar með er hv. 2. þm. Norðurl. e. settur út í horn og er vissulega tími til kominn og það fagnaðarefni, herra forseti.

Og svo að allra síðustu þetta. Hæstv. félmrh. rakti hér nokkrar tölur um Byggingarsjóð ríkisins. Þær voru svona: Í lánsfjárlagafrv. eru 2050 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins í lánveitingar. Sú tala hefur verið hækkuð upp í 2500 millj. Þar með er búið að gera ráð fyrir þessum fjármunum til sérstakra ráðstafana í húsnæðismálum upp á 200 millj. kr. En þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra vegna þess að inni í þessari tölu er verðlagshækkun og hún ein gleypir 322 millj. kr., þannig að ráðherrann hefur bersýnilega ekki enn þá svarað því hvaðan á að taka þessar 200 millj. kr. Þetta er sönnun þess, sem ég gat um hér í ræðu minni í dag, að í rauninni vantar hér nokkur hundruð milljónir króna til þess að lánsfjárlög varðandi húsnæðismálin gangi upp. Þess vegna eru þessi lánsfjárlög vanburða og ófullkomin að flestu leyti og þess vegna eina rökrétta afstaðan að þingið vísi þeim frá eins og lagt var til hér í dag.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ætli hæstv. menntmrh. sé oss einvers staðar nær? Ég ætlaði aðeins að bæta við leiðbeiningar mínar til hæstv. menntmrh. (**Forseti:** Það verður reynt að ná í hæstv. menntmrh.)

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að eiga örfá orð í viðbót við hæstv. menntmrh. þó ég skildi hæstv. ráðh. reyndar svo að hann væri heldur að biðjast undan því að ræða þessi mál mjög ítarlega hér af einhverjum ástæðum og teldi það ekki tímabært að eiga mikil orðaskipti um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég kemst þó ekki hjá því að benda á hver það var sem upphóf þær með ákveðnum ummælum hér. Það var ekki ég og hefði gjarnan mátt kyrrt liggja mín vegna, en ég kom hér upp vegna ákveðinna orða sem hæstv. ráðherra lét falla og bað um skýringar á þeim. Þær skýringar voru nú svona og svona, herra forseti. Það er nú þegar komið fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að ein aðalákúran, sem hæstv. ráðherra ætli að veita Lánasjóðnum hér, hún beindist í aðra átt, skeytið tók á sig beygju og hitti fyrir hæstv. fjmrh. og hans ráðuneyti og ganga nú gusurnar í ýmsar áttir frá hæstv. menntmrh. og verða þá bæði hæstv. fyrrv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. og formaður flokks hans fyrir.

Ég er þó alveg tilbúinn til þess að skoða það og ræða að ýmislegt mætti betur fara með rekstur Lánasjóðs ísl. námsmanna og reyndar þó ekki kannske ekki svo mjög reksturinn heldur skipulagið og úthlutunarreglur. Ég er í sjálfu sér mjög til í að ræða það að hægt sé að breyta þeim til betri vegar og gera þær sanngjarnari og hugsanlega einfalda þær eitthvað. En ég vil segja það við hæstv. ráðherra í fullri hreinskilni og honum til leiðbeiningar, vegna þess að ég tel mig hafa nokkra þekkingu á málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna, sem viðskiptavinur hans fram undir síðustu ár og sem umboðsmaður fjölmargra námsmanna, að það sem stendur að mínu viti mest fyrir þrifum skilvirkri starfsemi sjóðsins, það er mannekla og það eru ótryggar greiðslur, það óöryggi sem sjóðurinn hefur sífellt mátt búa við varðandi fjármagn. Þess er skemmst að minnast þegar íslenskir námsmenn erlendis máttu bíða í sex vikur umfram venjulegan skilafrest eftir sínum lánum. Áttu varla orðið fyrir mat sumir hverjir. Þetta var í tíð fyrrv. hæstv. menntmrh. Ragnhildar Helgadóttur. Auðvitað á að taka hart á því, hæstv. menntmrh., ef óreiða og lausung með fé á sér einhvers staðar stað, hvort sem það er hjá Lánasjóði ísl. námsmanna eða annars staðar, það er ekki skoðanamunur um það hér á hv. Alþingi og óþarft að ræða það frekar. Ef slíkt sannast á að sjálfsögðu að taka hart á því. En það er líka alvarlegur hlutur að halda nokkru slíku fram og jafnvel að taka sér þau orð í munn nema menn hafi verulega rökstuddan grun um að eitthvað slíkt sé á ferðinni og þess vegna held ég að orð hæstv. ráðherra hér áðan hafi í besta falli verið ógætileg og óheppilegt að nefna þessa hluti, óreiðu og lausung með fé, í sömu andrá og þessa stofnun.

Það sem ég ætla að reyna að útskýra hægt og rólega og vandlega fyrir hæstv. menntmrh. er hvernig hann kemur aftan að námsmönnum. Ég er ekki að segja að hann muni ekki reyna að standa við sín orð gagnvart þeim námsmönnum sem þegar hafa fengið lánsloforð

frá sjóðnum. En ég verð að benda hæstv. menntmrh. á það að í raun er verið að koma aftan að allri námsmannahreyfingunni í landinu sem gerði samkomulag við stjórnvöld um ákveðnar gjörðir, þ.e. hinar nýju og breyttu endurgreiðslureglur, gegn því að sjóðnum yrði tryggt fullnægjandi fjármagn til að veita full lán. Stjórnvöld eru einhliða að brjóta þetta samkomulag nú. Það var reyndar brotið með því að tefja um tvö ár að fjárveitingar til sjóðsins færu í það horf að hann gæti lánað 100% en það tókst þó í tíð forvera hæstv. núverandi menntmrh. Hæstv. ráðherra Ragnhildur Helgadóttir náði þó þeim árangri og það hef ég áður tekið fram að ég met við hana að í hennar tíð komust útlán í 100% í fyrsta sinn. En sú sæla virðist eiga að verða skammvinn og hæstv. núverandi menntmrh. ekki búinn að vera nema nokkrar vikur í þessu ráðuneyti þegar hann leggur í rúst alla þessa gjörð forvera síns í ráðuneytinu. Nei, það er fyrst og fremst þetta samkomulag, hæstv. menntmrh., sem ég tel að stjórnvöld, með slíkum niðurskurði á fjárveitingum til Lánasjóðsins, brjóti einhliða og komi þar með aftan að námsmönnum og þá liggur það vonandi alveg ljóst fyrir hvað ég átti við með því.

Ég held að hæstv. menntmrh. gæti litið í þá vinnu sem forveri hans t.d. var búinn að leggja í gagnvart Lánasjóðnum. Hann veit það sjálfsagt, hæstv. ráðherrann, að það var keypt vinna af einkafyrirtæki — ég held að það sé í Kópavogi — sem gerði úttekt á Lánasjóðnum og það er ekki nema ársgömul skýrsla eða svo. Ég er ekkert sérstaklega að mæla með henni, ég held reyndar að hún hafi verið meingölluð og tiltölulega vitlaus, þannig að ég tek nú hæstv. ráðherra frekar vara við því að fara mikið eftir henni, en þetta var þó hæstv. fyrrv. menntmrh. að gera og vafalaust veit arftaki hans í ráðuneytinu það.

Síðan var það nokkuð skondið að hæstv. menntmrh. skyldi einmitt taka dæmi um aukafjárveitingar sem hann hefði láta renna til Lánasjóðs ísl. námsmanna nú í haust. Hvað þýddi þessi aukafjárveiting, hæstv. ráðherra, annað en það að sjóðnum hafi ekki verið séð fyrir nógu fé við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga á síðasta ári og hefur hæstv. ráðherra einhverja ástæðu til að ætla að þetta fari öðruvísi en einmitt svona ef hann sker niður áætlanir sjóðsins um mörg hundruð milljónir? Nei, auðvitað þýðir það annað af tvennu að námslánin verða skorin niður við trog næsta haust, um helming eða svo af því sem þá lifir eftir af fjárlagaárinu, eða að stórfelldar aukafjárveitingar, og það er það sem mér þykir sennilegra, verði veittar fyrir haustúthlutun Lánasjóðsins á árinu 1986. Það er auðvitað hreinn skrípaleikur, herra forseti, og ég veit að virðulegur forseti mælir ekki með að standa þannig að hlutunum. Ég treysti auðvitað á að það verði þó gert og menn verði ekki látnir á kaldan klaka með sín mál næsta haust. Mér sýnist líta vel út með það að hæstv. menntmrh. muni næsta haust fá aftur erindi frá Lánasjóðnum og þá verður ekki beðið um 181 millj., heldur verður beðið um svona 600—800 millj. í aukafjárveitingu. Vafalaust mun hæstv. menntmrh. veita þær, að langmestu leyti, eða ég ætla a.m.k. að vona að hann geri það. En þetta er auðvitað hreinn skrípaleikur.

ATKVGR.

Brtt. 402 samþ. með 23:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:8 atkv. og endursent Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv. 198. mál (þskj. 287, n. 384 og 385). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 384 við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75 frá 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta er álit meiri hluta fjh.- og viðskn. Nefndin hefur rætt þetta frv. og leggur meiri hlutinn til að það verði samþykkt. Minni hluti mun skila sérliti. Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson og Friðrik Sophusson og með fyrirvara Svavar Gestsson og Guðmundur Einarsson. Hér er um að ræða frv. til laga um vexti og frádrátt fyrir vaxtagjöld.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Með 3. gr. þessa frv. er lagt til að skattfrelsismörk til eignarskatts verði lækkuð og á þannig að hækka eignarskatt af eignum umfram launahækkanir. Alþýðuflokkurinn telur þetta ranga stefnu og hefur lagt til að þessi skattfrelsismörk verði þvert á móti hækkuð og mun byggja brtt. sínar við frv. til fjárlaga 1986 á því. Minni hlutinn leggur því til að 3. gr. frv. verði felld en mælir með samþykkt frv. að öðru leyti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og ástæða hans er sérstaklega ákvæði til bráðabirgða I, breyting á ákvæðum skattalaga um tillag til fjárfestingarsjóða og varasjóða. Að öðru leyti styð ég þetta frv. vegna þess að þar er komið að nokkru til móts við óskir milliþinganefndar í húsnæðismálum.

Ég vil þó láta þess getið, sem er galli á framlagningu málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar, að það liggur ekki fyrir hversu mikil útgjöld þetta hefur í för með sér. Fulltrúi Fjárlaga- og hagsýslustofnunar treysti sér ekki til að svara þeirri spurningu. Hins vegar mun það hafa komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. er hann mælti fyrir málinu að sú breyting á eignarskattsmörkum sem gert er ráð fyrir í frv. gæti haft í för með sér nokkurn tekjuauka fyrir ríkissjóð upp í það tekjutap sem hlýst af öðrum greinum frv. Ég vildi, herra forseti, gera hér grein fyrir þessum fyrirvara mínum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það má að sjálfsögðu deila um það hvort skattfrelsismörk vegna eignarskatts hafi verið of há eða lág á þessu ári. En ef við viljum ganga út frá því að eignarskattsmörkin séu sambærileg milli ára og átt sé við hinn almenna borgara, allan fjöldann, þá er vitaskuld eðlilegt að skattgjaldsvísitala eignarskatts breytist í samræmi við fasteignamat fremur en tekjubreytingar milli ára.

Það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv. að þessi grein feli í sér að skattfrelsismörk til eignarskatts verði lækkuð í þeim skilningi að menn eigi að greiða hærri eignarskatt á næsta ári heldur en því sem nú er ef við

miðum t.d. við íbúðarhúsnæði. Þessi brtt. lýtur að því að miðað við sömu eign í íbúðarhúsnæði sé greiddur sambærilegur skattur. Hins vegar er það rétt ef um annars konar eignir er að ræða, ef eign viðkomandi samanstendur t.d. af mikilli og dýrri bifreið eða öðrum slíkum eignum, þá felur þetta í sér þyngingu eignarskattsins, en miðað við það sem hv. þm. hefur áður sagt hér í deildinni þá held ég að hugsun hans sé alls ekki sú að hlífa slíkri eignasöfnun. En ég vil leggja áherslu á þetta: Það er misskilningur að þetta breytta ákvæði feli í sér þyngingu á eignarskatti miðað við sambærilegt íbúðarhúsnæði á árinu 1985 og árinu 1986. Þvert á móti markar þetta þá stefnu að eignarskattur vegna íbúðarhúsnæðis verði sambærilegur frá einu ári til annars, en það er gagnstætt því sem yrði ef við miðuðum skattfrelsismörk eignarskattsins við launaþróun í landinu.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég hef áheyrnaraðild að hv. fjh.- og viðskn. og vil lýsa skoðun minni á þessu frv. þar sem ég stend ekki að neinu nál. Í athugasemdum við lagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Milliþinganefnd um húsnæðismál, sem falið var að kanna greiðsluvanda íbúðareigenda, skilaði áliti sínu hinn 7. desember s.l. Í niðurstöðum nefndarinnar er lögð áhersla á að gerðar verði ýmsar lagfæringar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt er lúta að vaxtafrádrætti vegna lána til öflunar eigin íbúðarhúsnæðis.“ Síðan eru till. nefndarinnar í þessum efnum raktar og mun ég ekki lesa þær en vísa til athugasemdanna.

Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að koma til móts við þessar till. að svo miklu leyti sem hún sér sér fært. En ég vil undirstrika að það er alveg ljóst að í milliþinganefndinni fór þegar fram málamiðlun og töldu fulltrúar Kvennalista, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags að till. væru í rétta átt en gengju ekki nógu langt. Síðan hefur orðið enn frekari málamiðlun þegar frv. þetta er lagt fram.

Fyrsta grein frv. er til bóta og er í samræmi við till. milliþinganefndarinnar. Önnur grein frv. er sömuleiðis til bóta og auðvitað er hún réttlætismál en í raun óverulegt hagræði. Þriðja greinin kemur ekki því fólki, sem nú er í vanda vegna húsbygginga eða íbúðarkaupa, beint til góða og ég tel vafasamt að lækka skattfrelsismörk þannig að þau nái til verulega lítilla eigna, jafnvel þó að verið sé að binda skattfrelsismörk eignarskatts við raunvirði fasteigna. Fyrirvari minn gagnvart þessu frv. byggist fyrst og fremst á því að mér finnst það ekki nógu myndarlegt en þó miðar það í rétta átt og því mun ég greiða því atkvæði mitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21:2 atkv.
4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., stjfrv. 194. mál (þskj. 353, n. 387, 388, 394 og 396, brtt. 397, 398). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hluta en hann mynda auk mín Friðrik Sophusson, Ólafur G. Einarsson og Halldór Blöndal. Í nál. á þskj. 387 segir svo:

„Nefndin hefur athugað frv. og rætt við Markús Sigurbjörnsson skiptaráðanda. Það er álit nefndarinnar að rannsóknarnefndin eigi að hafa samráð og samvinnu við skiptaráðendur.“

Það er meining okkar að rannsóknarnefndin eigi að starfa þannig að með engum hætti truflist starf skiptaráðanda, sem er að sjálfsögðu mjög mikilvægt, en fylgi síðan eftir ef henni þykir ástæða til eða sýndist að skiptaráðandi vildi ljúka málinu áður en öll kurl væru komin til grafar. Við leggjum áherslu á að þarna verði samvinna á milli og teljum að með því verði best tryggð vönduð rannsókn þessa máls.

Ég þarf ekki að taka það fram að við getum ekki fallist á þá brtt. sem koma frá minni hlutum um málið.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Það hefur löngum verið kunnugt að rannsókn þessa máls á vegum skiptaráðanda fer fram innan settra og lögbundinna marka. Þess vegna er það mín skoðun að það hefði af öllum ástæðum verið mun skynsamlegra og eðlilegt að Alþingi hefði kosið sérstaka nefnd á vegum þingsins svo sem 39. gr. stjórnarskrár gerir ráð fyrir undir slíkum kringumstæðum. Ég met það hins vegar svo að það sé fullreynt að fyrir því sé ekki meirihlutavilji hér á Alþingi. Það er hins vegar sameiginleg krafa allra sem þetta mál þekkja að gera beri allt sem unnt er til þess að rannsaka til hlítar hvort um óeðlilega viðskiptahætti var að ræða í samskiptum ríkisbankans og skipafélagsins.

Menn kunna að bera fyllsta traust til þeirra embættismanna sem hafa fengið það hlutskipti að rannsaka þetta mál á vegum skiptaréttar. Það breytir ekki því að það eru margir aðrir þættir málsins sem eðlilegra hefði verið að þingnefnd fjallaði um og þingnefnd ein hefði getað rannsakað á viðhlítandi hátt. Ég árétta enn þá andstöðu mína við það að Hæstarétti sé blandað inn í þetta mál á þessu stigi þar sem fyrir því eru mjög veigamikil rök og reynsla að málum, sem af þessari rannsókn kunni að leiða, verði til hans vísað. Hins vegar vil ég meta það í nokkru að frv. stjórnarliða hæstv. ríkisstjórnar hefur tekið nokkrum breytingum til bóta í meðferð Ed. þar sem nokkurt tillit hefur verið tekið til þýðingarmikilla atriða sem fram hefur verið haldið af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Með þessum fyrirvörum vil ég að svo stöddu fallast á að frv. verði samþykkt, þó að þeir hlutir kunni að gerast í málinu síðar að við áskiljum okkur allan rétt til þess að beita okkur enn fyrir því að þingið láti þetta mál til sín taka.

Frsm. 3. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 396 hef ég skilað svofelldu nál. sem 3. minni hl. fjh.- og viðskn.:

„Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi þorir ekki að fallast á opna rannsókn Hafskipsmálsins. Hann hefur að vísu neyðst til að koma til móts við stjórnarandstöðuna og

almenning í landinu með nokkrum lagfæringum í efri deild. Þar er hins vegar of skammt gengið og því flytur undirritaður brtt. á sérstöku þskj."

Sú brtt. sem ég flyt er á þskj. 397 og er á þessa leið:

„Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Sameinað Alþingi kýs sex alþm. samkvæmt tilnefningu þingflokka til að fylgjast með rannsókn þessari. Hafa þeir rétt til að hlýða á yfirheyrslur og kynna sér gögn málsins."

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir hafa flutt brtt. á þskj. 398 sem er nokkurn veginn samhljóða þeirri brtt. sem ég er með, en þó með því fráviki að í þeirra tillögu er ekki gert ráð fyrir því að þeir alþm., sem kosnir yrðu samkvæmt tilnefningu þingflokka, fylgist með rannsókn þessari og hlýði á yfirheyrslur, eins og gert er ráð fyrir í minni tillögu. Fari svo, mót vonum mínum, að tillaga mín yrði felld, þá mun ég styðja tillöguna á þskj. 398.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sem er á þskj. 394 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Mál Hafskips hf. og Útvegsbankans hafa verið mjög til umræðu að undanförnu. Spurningar, sem hefur verið varpað fram, hafa varðað

(1) hreina viðskiptaþætti,

(2) siðferði og árekstra hagsmuna í embættisfærslu og stjórnmálum, og

(3) flokkspólitísk áhrif í bankakerfinu.

Undirritaður telur að Alþingi hafi sérstöku hlutverki að gegna við eftirlit með ríkisstjórn og framkvæmdavaldi. Í samræmi við þá skoðun er undirritaður einn flm. að frv. um rannsóknarnefnd Alþingis vegna framangreinds máls.

Rökin, sem hafa verið borin fram gegn þingnefnd, eru aðallega tvenns konar:

Í fyrsta lagi er því haldið fram að Alþingi tengist málinu þegar vegna kosninga í bankaráð og setu alþm. þar og sé því vanhæft.

Í öðru lagi er því haldið fram að pólitísk uppþot af hálfu þm. til að koma höggum á einstaka menn eða flokka muni ónýta störf þingnefndar.

Um fyrri rökin er það að segja að vissulega eru fyrir hendi óheppileg og skaðleg tengsl Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Á það hefur BJ margsinnis bent.

Undirritaður er engu síður þeirrar skoðunar að Alþingi geti, og raunar eigi, að rannsaka það mál sem hér um ræðir. Vegna tengsla við bankaráðin, jafn skaðleg og röng sem þau eru, er enn meiri ástæða til vandvirkni og varúðar. Þeir sem hafna rannsóknarnefnd þingsins alfarið vegna tengslanna við bankaráð hljóta þá að styðja nú og í framtíðinni tillögur um að þingið hætti að kjósa í ráð og stjórnir framkvæmdarvaldsins, þar á meðal bankaráð. Því verður ekki trúað að þeir uni vanhæfni þingsins til rannsóknar á framferði ríkisstjórna og stofnana þeirra.

Seinni rökin eru athyglisverð, þ.e. að þingið sé vanhæft til að rannsaka málið vegna væntanlegra pólitískra skrípaláta. Morgunblaðið hefur notað þessi rök í Reykjavíkurbréfi og hluti þm. virðist sama sinnis. Því er hins vegar ekki hægt að trúa að óreyndu að meiri hluti þm. telji sjálfa sig og kollega sína svo óábyrga að þeir valdi ekki rannsóknarverkinu. Slíkt væri í rauninni yfirlýsing um miklu almennara vanhæfi þingsins og mundi einnig ná til almennra löggjafarstarfa. Það er nefnilega ekki hægt að gera minni kröfur til þingsins í löggjafarstarfi en í rannsóknarstarfi.

Undirritaður telur að þingð eigi að kjósa rannsóknarnefnd. Það fyrirkomulag rannsóknar, sem tillaga er gerð um í þessu frv., er alls ófullnægjandi.

Undirritaður mun greiða atkvæði gegn frv."

Hér hef ég, herra forseti, lýst afstöðu minni til þessa frv. sem hér um ræðir. Þetta frv., um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka og Hafskips og að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn, er til komið sem svar ríkisstjórnarinnar við þeirri almennu kröfu að þetta mál sé rannsakað, ekki einungis hvað varðar viðskiptahætti og hugsanleg refsiverð brot í sambandi við það, heldur verði einnig athuguð siðferðileg mál og hugsanlegir hagsmunaárekstrar í sambandi við þetta.

Með hliðsjón af því að málið er til komið vegna óska um rannsókn held ég að það sé skynsamlegt að athuga þessa tvo kosti sem fyrir eru, þ.e. annars vegar að þingið láti þessa rannsókn fara fram og hins vegar að fundin sé einhver önnur leið til þess, eins og ríkisstjórnin hefur fundið með þessu frv. til l. um nefnd til að rannsaka viðskiptin. Ég legg á það áherslu að það hafa ekki komið fram nein haldbær rök í þessu máli, að mínu mati, til að hafna rannsóknarnefnd á vegum þingsins. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir slíkri nefnd eða fyrir slíkri rannsókn í stjórnarskrá. Og hvað sem mönnum kann að þykja um líkur á pólitískum uppþotum eða skrípalátum, eins og ég segi í þessu nál., þá er það nú einu sinni bara það þing sem hér situr og menn eru að tala um sjálfa sig og kollega sína. Ef menn treysta sjálfum sér og öðrum ekki til þessara rannsóknarstarfa vegna þess að pólitísk uppþot skemmi þar fyrir, þá hlýtur að vera að menn séu um leið að lýsa yfir vanhæfni þingsins til almennra starfa, eins og ég hef tekið fram. Það er ekki hægt að gera neitt minni kröfur til þm. hvað varðar almenn löggjafarstörf heldur en þessi rannsóknarstörf sem rannsóknarnefnd mundi hafa með höndum. Þetta er, eins og ég segi í nál., annar flokkur rakanna sem borin eru fram gegn rannsóknarnefnd.

Hinn flokkurinn er sá að menn telja að Alþingi tengist málinu nú þegar vegna kosninga í bankaráð og setu alþm. þar og þess vegna sé þingið vanhæft. Ég tek undir að tengsl þingsins og bankaráðanna eru skaðleg og mundu valda vissum erfiðleikum ef rannsóknarnefnd þingsins ætti um að fjalla. Það eru þó ekki næg rök til þess að hafna rannsóknarnefndum þingsins. Menn yrðu bara að gera sér grein fyrir þessum vanköntum og halda þá þannig á málum að tengslin við bankaráðin yrðu rannsókninni ekki til skaða. En ég legg líka ríka áherslu á það — og beini þeim orðum mínum sérstaklega til talsmanna Sjálfstfl. sem við ýmis tilefni í þessu svokallaða Hafskips- og Útvegsbankamáli hafa notfært sér það að Alþingi tengist bankaráðum á þennan hátt, hafa notfært sér það til þess að tala ákaft á móti rannsóknarnefndum þingsins — að ef það er trú þeirra að Alþingi sé vanhæft til að rannsaka Útvegsbankamálið vegna þessara tengsla þá hlýtur að vera hægt að ályktа út frá því að þeir telji að þessi tengsl þingsins við bankaráð og önnur ráð og stjórnir framkvæmdarvaldsins beri að slíta. Því það getur ekki verið vilji þessara talsmanna Sjálfstfl. að Alþingi sé vanhæft til að rannsaka allar þær stjórnir og öll þau ráð sem þingið kýs í, vegna þess að ef þessi rök eru notuð áfram þá væri

Alþingi vanhæft til þess að rannsaka Sementsverksmiðju, það væri vanhæft til þess að rannsaka Síldarverksmiðjur ríkisins og það væri vanhæft til þess að rannsaka öll þessi dýrðarinnar kompaní sem Alþingi kýs stjórnirnar fyrir.

Ég trúi því ekki að talsmenn Sjálfstfl. uni því, að þeir uni þessu almenna vanhæfi þingsins til rannsóknarstarfa á framferði framkvæmdarvaldsins. Af því tilefni bendi ég á að ég lagði fram lagafrv., sem voru brtt. við viðskiptabankalög, þar sem Sjálfstfl. er, eins og reyndar öðrum þm., gefinn kostur á að merkja sig í þessu máli. Þ.e. það frv. gengur út á það að Alþingi hætti að kjósa í bankaráð. Það verður mjög fróðlegt að sjá afstöðu fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. þegar þeir skila áliti um það frv. en það hefur þegar verið afgreitt úr nefndinni. Menn bíða þess nú að sjá nál. í því máli.

Ég held að þessu máli eigi að fylgja eftir og ég mun fyrir mitt leyti fylgja því eftir með því að leggja fram brtt. við lög um Síldarverksmiðjur, um Sementsverksmiðju og önnur þessi „drottinsdýrðarkompaní", sem Alþingi telur sér skylt að kjósa í, breytingar sem gera ráð fyrir að viðkomandi ráðherrar skipi í þessar stjórnir. Það hlýtur að vera eina ráðið. Nema menn telji það eðlilegt að Alþingi verði að beygja sig og geti ekki látið fara fram fyrir eigin tilverknað sjálfsagðar rannsóknir á högum þessara fyrirtækja.

Á grundvelli þessara vangaveltna, herra forseti, leggst ég gegn þessu frv. til laga um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips. Það er leið ríkisstj. til þess að komast hjá því að taka á þessu máli eins og þinginu ber samkvæmt stjórnarskrá. Ég uni ekki þessari leið vegna þess að ég tel að þinginu sé vanvirða að því að láta segja sér það og samþykkja það yfir sig, að það sé vanhæft til þess að láta þessa rannsókn fara fram sjálft og verði þess vegna að kalla til Hæstarétt. Það er biti sem ég fyrir mitt leyti ætla ekki að kyngja.

Þó að ég hafi við ýmis tækifæri látið ýmis orð falla um ýmsa siði og ýmsan skikk sem viðgengst innan þessara veggja þá tel ég að hér sé um ákveðið grundvallaratriði að ræða. Ég tel að þeir þm., sem hafna rannsóknarnefnd þingsins og taka þennan kost sem hérna býðst, séu að játast undir þann dóm að þeir séu annaðhvort af vanhæfi eða af tilhneigingum til pólitískra skrípaláta óhæfir til þess að láta fara fram eðlilega rannsókn skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Þess vegna, herra forseti, legg ég áherslu á að þingnefnd er hin rétta leið í þessu máli. Allt annað er undansláttur og því greiði ég atkvæði gegn þessu frv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég er einn þeirra sem skrifa undir nál. meiri hl. og styð að sjálfsögðu þetta frv. sem hér er til umræðu. Ég vil hins vegar að það komi skýrt fram að það er ekki vegna þeirra raka sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, að ég treysti ekki þm. fyrir nefndarstörfum, hvort sem það er í rannsóknarnefndum eða öðrum nefndum, eða haldi að *þm. séu með pólitísk skrípalæti. Þær röksemdir hafa* ekki komið fram frá mér eða öðrum sjálfstæðismönnum á þingi að ég best veit.

Það er hins vegar bent á að það geti verið óeðlileg og seinfær leið að 14 þm. úr öllum stjórnmálaflokkum sitji í slíkri rannsóknarnefnd. Hafa skiptaráðendur tekið það skýrt fram að slíkt geti skaðað rannsóknina sjálfa, enda kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að það væri aðili utan þingsins sem hefði bent á þessa röksemd. Ástæðan fyrir því að við viljum ekki notast við 39. gr. stjórnarskrárinnar er sú að sú grein hefur örsjaldan verið notuð, gefur takmarkaðan möguleika. Slík nefnd hefur verið kosin 1911, 1955 og 1956 og þeir, sem hafa kynnt sér þau mál sem þá voru til umfjöllunar, vita að slíkri nefnd er settur æðiþröngur rammi og þarf ekki annað en að vitna til þessara þriggja mála. Meira að segja hv. varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði á sínum tíma að hér væri á ferðinni úrelt lagaákvæði. Það var 1978 þegar hann flutti tillögu um rannsóknarnefnd sem átti að vera kosin af Sþ.

Síðan — og það er nú aðalástæðan fyrir því að ég kem hér í ræðustól — sagði hv. síðasti ræðumaður að sjálfstæðismenn hefðu aðallega beitt þeirri röksemd fyrir sig að þeir vildu ekki kjósa rannsóknarnefnd vegna þess að hér væri verið að rannsaka m.a. samskipti þm. við aðila utan þingsins. Ég held að sá maður, sem hafi fyrst og fremst notað þessa röksemd, hafi einmitt verið hv. síðasti ræðumaður sem sagði í útvarpsræðu sinni, hinni síðari þegar þetta mál var til umræðu, þ.e. tillaga Alþýðuflokksmanna o.fl. um að kjósa rannsóknarnefnd, orðrétt, með leyfi forseta:

„Þetta fyrirkomulag" — og ég skýt því hér inn í að átt er við það fyrirkomulag að ráðherra skipi bankaráðsmenn, en hv. síðasti ræðumaður hafði flutt frv. þess efnis hér á þinginu — „að ríkisstjórn og ráðherrar beri ábyrgð á fyrirtækjum ríkisins eins og ríkisbönkum er forsendan fyrir því að þær (þ.e. rannsóknarnefndirnar) geti virkað vegna þess að við t.d. sjáum nú að þegar við erum að tala um að setja rannsóknarnefnd til þess að rannsaka starfsemi bankaráðs Útvegsbankans og við erum að tala um að setja þingnefnd, þá er þingið á vissan hátt að tala um að rannsaka sjálft sig." Þetta er ekki úr ræðu sjálfstæðismanna, þetta er úr ræðu hv. síðasta ræðumanns í útvarpsumræðum sem þjóðin hlustaði á fyrir nokkrum dögum. Það er hann fyrst og fremst sem beitir þeim rökum að það sé forsendan fyrir því að slík rannsóknarnefnd geti virkað, að það sé fyllilega skilið í sundur á milli löggjafarvaldsins og eftirlitsvaldsins og framkvæmdarvaldsins hins vegar. Þetta eru æðisterkar röksemdir en hann verður að taka það fram, hv. síðasti ræðumaður, að það er BJ og þó einkum og sér í lagi hv. 4. landsk. þm., sem hafa beitt þessari röksemd sem er æðisterk, gegn því að kjósa rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Í sambandi við það sem hefur verið vísað til útvarpsumræðna þá vék ég að þessu máli í báðum ræðum mínum þar. Ég átti þess kost að tala þar í tveimur umferðum. Ég sagði — ég hef nú því miður ekki þessar ræður hérna fyrir framan mig — í fyrri umferð efnislega það sem ég sagði hér áðan, sem sé að þessi tengsl valdþáttanna, sem við höfum gert að umræðuefni hér í kvöld, gerðu þessari rannsókn erfiðara fyrir en ég teldi samt — enda var ég meðal flm. frv. um rannsóknarnefndir þingsins — að við hefðum engan annan kost en að láta þingið rannsaka þetta mál, en að þessi tengsl legðu okkur þær kvaðir á herðar að við yrðum að gæta þess sérstaklega að tengslin skemmdu ekki rannsóknina. Og síðan í seinni ræðunni þar sem ég tala um forsendur þá er ég að vísa til þess — eins og ég segi hef ég þessa ræðu ekki, hvorki úr þingtíðindum né

úr mínum gögnum vegna þess að ég flutti hana blaðalaust — þegar ég er að tala um forsendur þar þá meina ég það nákvæmlega, hv. þm., að þetta er forsendan fyrir því að þetta eftirlitskerfi gangi áfallalaust. Þetta er forsendan fyrir því að þetta eftirlitskerfi gangi áfallalaust og án vandræða.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir þeim erfiðleikum sem eru á því að láta svona þingnefndarrannsókn fara fram við þessar aðstæður sem eru núna. En eins og ég sagði í ræðu minni í útvarpsumræðunum, og eins og ég hef sagt hér í kvöld, þá tel ég engu að síður að við höfum ekki og eigum ekki annan kost betri. Og forsendan, ef ég hef valið það orð þá er mér það í hug að það er auðvitað forsendan fyrir því að slíkar rannsóknir geti farið fram áfallalaust og án þeirra erfiðleika sem þau tengsl sem nú eru augljóslega valda okkur. Þá er ég ekki síður að hugsa til framtíðar, vegna þess að það virðist vera fyrir því talsverður áhugi innan þingsins að þingið ræki þetta eftirlits- og rannsóknarhlutverk sitt betur en það hefur gert.

Herra forseti. Síðan varðandi það hverjir hefðu notað þessi rök. Ég er ekkert að dylja það að ég hef haft af því áhyggjur og hef af því áhyggjur í þessu máli, að þessi tengsl milli valdþáttanna myndu gera eða hefðu gert svona rannsókn af hálfu þingsins erfiða. Ég hef ekkert leynt þeirri niðurstöðu minni. Hins vegar held ég að ég muni það rétt að í ræðum talsmanna Sjálfstfl. í þessum sömu útvarpsumræðum varýjað að þessum vandkvæðum þó að ræðumenn tækju það ekki eins skýrt fram og ég gerði.

Herra foseti. Ég ítreka þá skoðun mína að sú leið sem lögð er til með þessu frv., þ.e. að kjósa eða fá nefnd frá Hæstarétti, sé ekki viðunandi. Ég tel að þingið hafi engan annan kost en að taka á þessu sjálft þó að aðstæður gætu og hefðu átt að vera betri.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Það hafa þegar komið fram hér á Alþingi ýmsar hugmyndir um það hvernig standa beri að rannsókn þeirra viðskipta sem Hafskip hf. hefur átt við Útvegsbankann og aðra aðila. Ég er fylgjandi þeirri hugmynd að skipa nefnd alþm. til þess að kanna málið, skv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar, og var þess vegna meðflm. að þáltill. ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri hv. þm. í Nd. um það efni.

Það stjfrv., sem hér er til umræðu og leggur til að Hæstiréttur tilnefni þriggja manna nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., er að mínu viti lakari kostur og óskynsamlegri fyrir margra hluta sakir. Ekki síst vegna þess að ég tel að slíkt fyrirkomulag muni ekki að fullu eyða tortryggni og grun manna um að verið sé að hylma yfir eða stinga einhverju undan. Enn fremur tel ég rangt að blanda Hæstarétti í málið á þessu stigi þar sem hann kynni að þurfa að taka á því síðar.

Hins vegar hefur þetta stjfrv. tekið verulegum breytingum til batnaðar við meðferð í hv. Ed. og er það vel. Þó var felld í Ed. mikilvæg brtt. frá þremur þm. stjórnarandstöðunnar sem hefði getað gefið Alþingi beina aðild að því að fylgjast með rannsókn málsins. Það fyrirkomulag er að vísu ekki hið ákjósanlegasta en miðað við aðstæður það eina sem gefið gæti Alþingi kost á því að sinna eftirlitshlutverki sínu þó að takmörkuðu leyti sé.

Ég hef því leyft mér, ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, að endurflytja þá brtt. sem flutt var í Ed. En til þess að auka líkur á því að hún verði samþykkt þá er hún flutt í breyttu formi, þar sem réttur alþm. til að hlýða á yfirheyrslur hefur verið felldur brott, og er það ekki síst vegna ummæla skiptaráðanda á fundi hv. fjh.- og viðskn. um málið. Brtt. er því svohljóðandi:

„Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Sameinað Alþingi kýs sex alþm. samkvæmt tilnefningu þingflokka til að fylgjast með rannsókn þessari og hafa þeir rétt til að kynna sér gögn málsins."

Hógværari og lítillátari getur þessi tillaga ekki orðið sóma Alþingis vegna og því tel ég ekki hægt að sniðganga hana.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 397 felld með 20:10 atkv.
Brtt. 398 felld með 20:8 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29:1 atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 41. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv. 198. mál (þskj. 287). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 415).

Nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., stjfrv. 194. mál (þskj. 353). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30:1 atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Við 2. umræðu þessa frv. hér í hv. Nd. nú fyrir nokkrum mínútum voru felldar brtt. sem lutu að því að kosin yrði sex manna þingmannanefnd til að fylgjast með rannsókn þeirri á málefnum Hafskips og Útvegsbankans sem gert er ráð fyrir í því frv. sem við erum hér að fjalla um. Það eru ákaflega alvarleg tíðindi að meiri hluti Alþingis skuli ekki treysta sér til að fallast á þessar tillögur. Engu að síður vil ég láta það koma hér fram að ég tel að verulegar lagfæringar hafi orðið á frv. Sú niðurstaða, sem liggur fyrir í því núna, er vissulega skref þó að hún sé ekki nærri nógu stórt skref að okkar mati.

Þegar þetta mál var til meðferðar í hv. fjh.- og

viðskn. deildarinnar í dag innti ég skiptaráðandann, Markús Sigurbjörnsson, eftir því hvaða skoðun hann hefði á því ef alþm. yrði gert kleift að fylgjast með rannsókn þessa máls. Skiptaráðandinn upplýsti á fundinum að hann teldi fyrir sitt leyti að ekkert væri á móti því að þingnefndir fylgdust með þeim gögnum sem frá skiptaráðandanum koma jafnóðum og þau falla til.

Ég held að það væri ákaflega mikilvægt ef það lægi fyrir, áður en þetta mál verður að lögum og afgreiðsla þess fer fram nú, hvaða skoðun hæstv. ríkisstj. hefur á þeirri rannsóknarnefnd sem hér er verið að fjalla um, hvort ríkisstj. telur eðlilegt og hvort hún vill beita sér fyrir því að þingnefndir, fastanefndir þingsins, t.d. fjh.- og viðskn. eða aðrar slíkar nefndir, fái að fylgjast með gögnum rannsóknarnefndarinnar jafnóðum og þau falla til á sama hátt og skiptaráðandinn í Reykjavík hefur lýst yfir að sé eðlilegt. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh., sem ég hygg að sé húsbóndi þessa frv. sem við erum hér að fjalla um, hvaða skoðun hann hefur á þessu og hvort hann er tilbúinn til að beita sér fyrir því að fastanefndir þingsins, t.d. fjh.- og viðskn., fái aðgang að gögnum rannsóknarnefndarinnar jafnóðum og þau falla til.

Ég vil einnig skýra frá því hér, herra forseti, að á fundi með skiptaráðandanum í dag kom fram að hann taldi að rannsókn þessa stærsta gjaldþrotamáls síðustu ára á Íslandi mundi líklega ekki taka nema 3—5 mánuði eða svo, eins og hann orðaði það.

Það er gríðarlega langur tími að þurfa að bíða í óvissu eftir niðurstöðum þessa máls í 3—5 mánuði, sérstaklega ef það yrði svo ofan á að eftir að skiptaráðandinn hefði lokið sínum störfum, þá fyrst gæti rannsóknarnefndin hafið sín störf. Ég hygg þó að málið sé ekki svona. Ég hygg að eðlilegt sé að rannsóknarnefndin starfi á sama tíma og samhliða skiptaráðandanum. Óhjákvæmilegt er að þingheimur geri sér grein fyrir því að báðir þessir aðilar, bæði skiptaráðandinn og rannsóknarnefndin, hljóta að starfa samtímis og að mörgu leyti hlið við hlið og verkefni þessara aðila munu óhjákvæmilega skarast nokkuð.

Í frv., sem við erum hér að fjalla um, er gert ráð fyrir því að rannsóknarnefndin hafi það hlutverk að fjalla um hvort um hafi verið að ræða óeðlilega viðskiptahætti í samskiptum Útvegsbankans og Hafskips hf. Ljóst er að slík rannsókn þessarar sérstöku rannsóknarnefndar hlýtur einnig að snerta vinnu skiptaráðandans. Það er óhjákvæmilegt.

Fyrir því vek ég athygli á þessu, herra forseti, að ég og fleiri hafa óttast og óttast enn að rannsókn þessa máls geti tekið ótilhlýðilegan og óhæfilega langan tíma. Ég vil leggja á það áherslu fyrir mitt leyti að því aðeins sé gagn að þessari rannsókn að hún taki skjótt af. Það er best fyrir alla aðila málsins.

Ég vil endurtaka spurningu mína til hæstv. viðskrh. um það hvort hann vill beita sér fyrir því að þingnefndir, t.d. fastanefndir þingsins, eins og fjh.- og viðskn. deilda, fái aðgang að gögnum rannsóknarnefndarinnar jafnóðum og þau falla til með svipuðum hætti og skiptaráðandinn í Reykjavík lýsti yfir að ætti við um hans embætti.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef áður lýst því yfir að lögum samkvæmt er þetta mál í höndum skiptaráðanda og allir vita með hvaða hætti það hefur farið af stað. Það hefur farið af stað með starfi tveggja skiptaráðenda og þriggja svokallaðra bústjóra sem vinna að rannsókn þessa máls samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti.

Meiri hluti Alþingis hefur tekið þá stefnu með samþykkt þessa frv. í Ed. og nú við 2. umræðu þessa máls hér að þess verði farið á leit við Hæstarétt að hann tilnefni þrjá menn í rannsóknarnefnd. Sú rannsóknarnefnd mun væntanlega taka til starfa fljótlega eftir að hún er skipuð og hafa samráð um samstarf við skiptaráðendur þannig að það eigi ekki að tefja fyrir rannsókn málsins. Vænti ég þess að um það náist full samstaða.

Ég hef áður lýst því yfir fyrir hönd ríkisstj. að ekkert verði gert í þeim efnum að fela hvorki eitt né annað, heldur verði lögð á það höfuðáhersla að allt komi fram. Þegar rannsóknarnefndin hefur lokið störfum mun hún skila skýrslu, eins og segir í þessu frv. og margoft er yfirlýst, þar sem málið verður skýrt fyrir Alþingi. En ég tel að ekki sé ástæða til að jafnhliða þessum tveimur aðgerðum, bæði starfi skiptaráðanda og sérstakrar nefndar, verði auk þess þingnefnd í gangi sem taki við skjölum jafnóðum frá rannsóknarnefndinni. Það verður að bíða þangað til skýrsla liggur fyrir eins og margoft hefur komið fram.

Meiri hluti Alþingis hefur tekið þessa stefnu, hefur talið hana hyggilegri og fljótvirkari. En við ráðum ekki við það að þessi mál hljóta að taka langan tíma þar sem hér er um viðamikið mál að ræða sem þarf að skoða í allmörgum löndum. Allt hlýtur það að taka tíma. Höfuðatriðið er það að málið sé vandlega rannsakað og að lokum sé ekki legið á neinum þeim upplýsingum sem fram kunna að koma.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það fer ekki mjög mikið fyrir hv. Alþingi í ýmsum málaflokkum núna. Okkur er öllum ferskt í minni hvernig kvótamálið hefur verið. Þar hefur þingið afar lítið komið nærri og þegar best lætur hefur það komið inn klásúlum í lögin um að það fái að vera nokkurs konar ráðgjafi ráðherra í málum sem þessu viðkemur. Í kvótamálum hefur því þingið redúserast niður á einhvers konar ráðgjafastatus.

Sama virðist mér koma fram í þessu máli hér. Fyrst voru uppi tillögur um það að skipaðar yrðu rannsóknarnefndir þingsins og þingið tæki myndarlega á því, af skörungsskap, að komast til botns í þessu máli sem varðar einhverjar mikilvægustu stofnanir þjóðarinnar, þ.e. bankana og peningakerfið. Ekki var orðið við því.

Síðan voru bornar hérna fram tillögur um að búin yrðu til nokkurs konar gægjugöt fyrir þingmenn. Fram komu tvær tillögur við umræðuna hérna í kvöld um að kosnar yrðu nefndir þm. sem fengju að kíkja á plöggin. Ég harma út af fyrir sig ekki að þær tillögur skuli hafa verið felldar vegna þess að ég álít það alls ekki þinginu samboðið að komast niður á þann status að þurfa að kíkja í gegnum skráargöt.

Hins vegar er augljóst að enginn vill að þingið sé neitt að skipta sér af þessu. Síðast kemur hér upp hæstv. viðskrh. og svarar spurningum um það hvort fjh.- og viðskn. þingsins, sem bankarnir þó heyra undir, verði kannske leyft að fylgjast með málinu svolítið af því að skiptaráðandi taldi í dag að það yrði málinu svo sem ekki til skaða ef þm. færu ekkert að tala um það út í frá. En það er náttúrlega alveg óþarfi að mati ráðherra,

auðvitað eiga þm. ekkert að vera að fylgjast með því heldur.

Þannig er sem sagt komin sú niðurstaða að þingið fær hvorki að taka málin í sínar eigin hendur né fær það að kíkja á skráargötin né á það að fá nokkrar upplýsingar um málið fyrr en skýrslan liggur endanlega í höndum ráðherra.

Af því að menn tala gjarnan um virðingu þingsins ætla ég að rifja upp að við ungir þm. vorum minntir á að ganga hér prúðlega til fara og vera með bindi og sýna Alþingi ýmsan sóma. En virðing Alþingis er ekki spurning um það hvort menn eru í Kórónafötum. Virðing Alþingis hlýtur að vera spurning um allt önnur mál og mér sýnist hún vera orðin býsna lítil.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég held að það sé öllum fyrir bestu að þetta mál verði upplýst til fullnustu og ekkert verði til sparað og reynt að vinna sem vandlegast að því að málið upplýsist. Ég held að það sé komið í eðlilegan farveg, þ.e. að skiptaráðandi fer með málið og við erum hér að samþykkja frv. til l. um sérstaka nefnd sem fylgir því eftir eða fyllir út í, fylgir málinu e.t.v. ítarlegar eftir en skiptaráðandi mundi gera ella, rannsakar m.a. mórölsk atriði málsins ítarlegar en skiptaráðandi mundi kannske gera eða aðra þætti ef henni byði svo við að horfa. Þetta held ég að sé trygging fyrir góðum og vönduðum vinnubrögðum og skipulegri rannsókn málsins.

Þegar síðan niðurstaða liggur fyrir af því starfi sem þarna verður unnið er ekkert sem hindrar þingdeildina eða einstaka alþm. í því að fara yfir málið. Ef þingdeildinni sýndist á þeim tíma eitthvað skorta á um að málið væri að fullu upplýst hefur þingið það í sínum höndum að taka málið upp á ný eða framlengja þessa skoðun með einum eða öðrum hætti.

En ég held að við eigum ekki að fara að trufla þá skoðun sem skiptaráðandi er kominn með í gang. Ég vil láta það koma hér fram að skiptaráðandi kom á fund fjh.- og viðskn. í dag og ég styrktist í þeirri trú á þeim fundi að málið væri í réttum farvegi og í góðum höndum og unnið væri að því af miklum krafti og samviskusemi.

Ég held að við ættum að geyma okkur gægjugötin en láta þar til bæra menn, þessa sem við höfum ákveðið, kanna málið núna. Ef okkur svo sýnist að eitthvað skorti á þegar þeir hafa skilað sínum niðurstöðum getum við þm. tekið málið upp að nýju til ítrekunar ef okkur svo sýnist. En ég held að við ættum alls ekki að fara að blanda okkur í þessa rannsókn á því stigi sem hún er núna og á því stigi sem hún verður næstu vikur

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er erfitt að bindast orða þegar talsmenn ríkisstj. koma hér endurtekið í ræðustól og tala með þessum ólíkindum um nauðsyn þess að þingið komi hvergi nálægt málinu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki hvers vegna það er svona stórhættulegt og skaðlegt að Alþingi komi nokkurs staðar nálægt þessari rannsókn, eins og allur framgangur hennar hljóti að rústast við það eitt að þm. komi nokkurs staðar nærri.

Svo talar hv. 2. þm. Norðurl. v. um að láta „þar til dómbæra menn" um málið. Er hann að gefa í skyn að Alþingi sé ekki dómbært og það verði að fé einhverja sérstaka menn utan úr bæ vegna þess að þeir séu sérstaklega dómbærir öðrum fremur? Ég á því ekki að venjast að menn tali með þessum hætti hér um þátt æðstu valdastofnunar þjóðarinnar í málum.

Það hvarflar að manni, herra forseti, að það hljóti að vera nauðsynlegt fyrir rannsókn Hafskipsmálsins að senda þingið bara heim. Eigum við ekki að slíta þinginu, hæstv. ráðherra og hv. 2. þm. Norðurl. v., til þess að það sé alls ekki til staðar allan tímann meðan rannsóknin fer fram? Ég held að það hljóti að verða næsta skref sem hæstv. ríkisstj. ákveður að taka til að tryggja alveg örugga rannsókn málsins.

Mér finnst furðulegt að hlusta á það hér að það geti tafið og skaðað rannsóknina að fastanefndir þingsins fái að fylgjast með hvernig henni miðar. Og hvað segir svo hv. þm. Páll Pétursson? Ef þd. eða þinginu sýnist svo mánuðum eða jafnvel árum síðar að rannsóknin hafi ekki verið nógu ítarleg og góð getur hún tekið málið upp að nýju og haldið henni áfram eða látið fara ofan í þetta aftur, segir hv. þm. Er þá ekki eðlilegra, hv. þm., að fylgjast með því hvernig rannsókninni miðar, hvernig hún gengur? Þingið getur þá á hvaða tíma sem það kýs gripið inn í málið.

Ég hefði haldið að það væri alveg lágmarksskynsemi af hæstv. ríkisstj. að játa því og beita sér fyrir því að þinginu yrði með einhverjum hætti, ekki endilega daglega en með einhverju reglubundnu millibili, gerð grein fyrir því í gegnum nefndir þar sem allir þingflokkar eiga aðild, eins og fjh.- og viðskn., hvernig rannsókninni miði og þar yrðu lagðar fram helstu upplýsingar um stöðu málsins.

Ég reyni af mikilli samviskusemi og vinsemd að skilja hæstv. ríkisstj. en það er mér illskiljanlegt hvers vegna hún tekur svona á þessu máli. Það er mjög óeðlilegt, að mínu viti, þingræðisins vegna og það er pólitískt svo óskaplega heimskulegt að þó að þessi ríkisstj. hafi oft fengið lágar einkunnir á því sviði á ég enn erfitt með að trúa því upp á hana að hún skuli bjóða heim tortryggni og andúð með þessum hætti.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég harma mjög að hv. þm. Páll Pétursson skyldi taka hér til máls.

Nú hefur verið talsvert reynt að koma hér á fót rannsóknarnefndum við þetta þing og það er raunar rannsóknarefni hvers vegna það hefur gengið svo báglega sem raun ber vitni. En ég hugði þó gott til glóðarinnar vegna þess að ég hugsaði með sjálfum mér: Það eru starfandi rannsóknarnefndir í þinginu og það getur þó enginn lagt þær af. Það eru fastanefndir þingsins. Þær eru hinar föstu rannsóknarnefndir þingsins.

Ég hugsaði með mér þegar ég gekk hnípinn úr ræðustóli áðan að ég væri þó fjh.- og viðsknm. í Nd. og þar á ofan einn af embættismönnum hv. nefndar. Ég var fyrsti embættismaður nefndarinnar sem náðist samstaða um þegar hún var kosin í haust. Ég var kosinn ritari nefndarinnar og ég er hreykinn af því að starfa þar undir stjórn hv. þm. Páls Péturssonar. Ég hugsaði sem svo: Fjh.- og viðskn. beitir sér náttúrlega í málinu undir öruggri stjórn Páls Péturssonar.

Síðan gengur forustumaður þessarar föstu rannsóknarnefndar þingsins, sem enginn getur þó lagt af — ég ætla að vona að það verði ekki gengið svo langt — í stól á hæla mér og lýsir því yfir að hann telji þessa hv. nefnd ekki eiga neitt erindi í þetta mál fyrr en einhvern tíma

þegar búið er að loka öllum bókum. Þetta þykja mér vondar fréttir og þess vegna endurtek ég það, herra forseti, að ég harma að hv. þm. Páll Pétursson skuli hafa talið sig eiga þetta erindi í stólinn vegna þess að jólahátíðin hefði orðið öllu betri hjá okkur ef við hefðum þó getað lifað í þeirri von að kannske blakti þó svo á skarinu þar að þessar fastanefndir þingsins, þessar föstu rannsóknarnefndir þingsins, gætu þó kannske unnið eitthvað af þeim verkum sem menn hafa hér staðfastlega komið í veg fyrir að sérstakar rannsóknarnefndir yrðu settar upp til að vinna.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að svara efnislega þeim tveimur síðustu ræðum sem hér hafa verið fluttar úr ræðustólnum. Vel getur svo farið, vil ég þó segja við hv. síðasta ræðumann, að fjh.- og viðskn. komi til með að skipta sér af þessu máli. Það verður engum bókum lokað í þessu máli. Þær verða skráðar og það verður hægt að fletta upp í þeim ef mönnum þykir ástæða til.

Ég vil benda á að fjh.- og viðskn. er ekki rannsóknarnefnd í skilningi 39. gr. Nefndin hefur mikil verk með höndum. Við skulum einbeita okkur að því að leysa þau fyrst. Síðan í vor, þegar skiptaráðandi hefur lokið störfum — hann tjáði okkur seinast á fundi í dag að hann reiknaði með að hans starf mundi taka 3—5 mánuði — getum við tekið það til mats hvort okkur þykir ástæða til að taka málið upp eða óska nánari skýringa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, KJóh, MB, MÁM, ÓE, PP, GHG, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, EBS, FÞ, FrS, GSig, GeirG, GB, GJG, GGS, HÁ, HBl, JS, JBH, IG.

nei: GE.

SJS, SvG, GA, GHelg greiddu ekki atkv.

7 þm. (KH, KSK, ÓÞÞ, PJ, RH, BÍG, HG) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Með tilvísun í nál. frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn., Jóni Baldvini Hannibalssyni, segi ég já.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er fagnaðarefni að rannsókn fari fram í þessu viðamikla máli. Út af fyrir sig er ég ánægður með það að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því þó að ég hefði að ýmsu leyti kosið að öðruvísi væri í þessa rannsókn farið. En með hliðsjón af því að hæstv. ríkisstj. hefur þverskallast við öllum óskum og öllum tillögum um að veita hv. Alþingi með einhverju móti aðild að rannsókninni og nú síðast hér í kvöld hefur hæstv. viðskrh. ekki tekið undir óskir um að fastanefndum Alþingis yrði gert kleift að fylgjast með framgangi rannsóknarinnar, með hliðsjón af þessum viðbrögðum hæstv. ríkisstj. og þeirri óþingræðislegu málsmeðferð, sem hér hefur verið viðhöfð, mun ég ekki styðja þetta frv. og greiði því ekki atkvæði.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessu frv. Ég er ekki að lýsa vantrausti á þá sem hafa valist til að sinna rannsókn þessa máls. Þvert á móti koma þeir ágætlega fyrir sjónir og heyrn. Hins vegar tel ég þessa leið þinginu ekki samboðna. Það skýtur mjög skökku við að hér koma talsmenn ríkisstj. hver á fætur öðrum og lýsa því yfir að hér verði engu skotið undan og menn keppast við að lýsa því yfir að þetta verði allt saman opið, en samt er hér gengið skref fyrir skref og lokað öllum smugum sem Alþingi hefði getað haft til að fylgjast með þessu máli. Það er ekkert sem bendir til að um þetta verði fjallað á opinn hátt. Því segi ég nei.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Þar sem felld hefur verið brtt. mín og hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur á þskj. 398 svo og svipuð brtt. á þskj. 397 hefur því verið hafnað að Alþingi fái aðild að rannsókn þessa máls, jafnvel óbeina aðild. Það álít ég mjög miður. Þrátt fyrir það að þetta stjfrv. hafi tekið nokkrum umbótum í meðferð þingsins og ég fagni því að rannsókn málsins skuli fara fram og vantreysti í sjálfu sér engum sem að því á að standa, þá uni ég því ekki að eftirlitshlutverki Alþingis skuli svo misboðið og það sniðgengið. Finnst mér í reynd virðingu Alþingis misboðið. Ég get því ekki stutt það stjfrv. sem hér er borið undir atkvæði og mun því ekki greiða því atkvæði mitt. Virðing Alþingis er ekki síst fólgin í sjálfsvirðingu þeirra alþm. sem hér sitja og þeirri virðingu og því trausti sem þeir sýna hver öðrum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég minni á að í upphafi þessa máls tók hæstv. viðskrh. því víðs fjarri að fram færi önnur rannsókn en á vegum skiptaráðanda. Hæstv. fjmrh. tók undir það. Ég lít því svo á að með frv. í núverandi mynd hafi stjórnarandstaðan með málflutningi sínum og tillöguflutningi hér á hinu háa Alþingi unnið hálfan sigur og segi því já þrátt fyrir allt.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 416).

Efri deild, 42. fundur.

Föstudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1986, stjfrv. 2. mál (þskj. 414 (sbr. 400)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Eins og ráð var fyrir gert þegar frv. þetta fór héðan úr deildinni eftir 3. umr. er það komið hingað á ný með nokkrum breytingum, kannske veigaminni en búast hefði mátt við þar sem margir menn voru kallaðir til skrafs og ráðagerða í Nd., en brtt. eru mjög einfaldar og sárafáar. Þar er eiginlega nánast um að ræða breyttar verðlagsforsendur vegna afgreiðslu fjárlaga og svo eru skuldbreytingar til hitaveitna.

Í stuttu máli hækka innlendar lántökur ríkissjóðs um

250 millj. kr. og erlendar lántökur um 326 millj. kr. Hér er um að ræða áætlaðar verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi reyndust forsendur fjárlaganna miðað við áramótaverðlag vera of lágar, laun höfðu hækkað um þrem prósentum meira en gert hafði verið ráð fyrir og rekstrargjöld um 5—5,5% meira. Þá er gert ráð fyrir um 10% meðalhækkun verðlags á næsta ári. Tölur þessar eru því upphækkaðar um 15%.

Sama á raunar við um aðrar tölur sem fram koma á brtt. Þar er fyrst og fremst um að ræða fyrirtæki með eignaraðild ríkisins, þ.e. Landsvirkjun. Þar er hækkunin 70 millj. kr., en það eru eins og áður sagði breyttar verðlagsforsendur og breytt gengi sem því valda.

Þá eru framlög til húsbyggingarsjóða. Þar er miðað við að úr lífeyrissjóðum fáist 38% og ráðstöfunarfé verði nokkru meira vegna breyttra verðlagsforsendna líka þannig að óhætt sé að hækka þessa upphæð um 100 milljónir.

Síðan eru ýmsar lánastofnanir. Það eru allt saman verðlagsbreytingar og fer allt í gegnum Framkvæmdasjóð, þ.e. annars vegar að innlend lán hækki um 40 milljónir og erlend um sömu upphæð.

Því næst eru ýmis atvinnufyrirtæki. Þar er líka miðað við annað verðlag og gengi. Sú upphæð er hækkuð um 415 millj. kr.

Þessar breytingar koma allar fram í brtt. á þskj. 361. Þar að auki er rétt að geta þess að Lánasjóður ísl. námsmanna hefur hækkað úr 1100 millj. kr. í 1265 millj. kr. Það er einnig vegna verðlagsuppfærslu.

Fellt er út skerðingarákvæði varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð þannig að hann fær framlög samkvæmt lögunum um þann sjóð.

Þá er felld út ein grein sem fyrir mistök í miklum önnum kom inn við 3. umr. Það var í rauninni tvítekið það ákvæði sem um Iðnlánasjóð fjallaði.

Þá er framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það er hækkað úr 735 millj. kr. í 805 millj. kr. Það er einnig verðlagsuppfærsla.

Þá er nýtt skerðingarákvæði um að fella niður framlag ríkissjóðs til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum á árinu 1986, en það verði greitt af Stofnlánadeild landbúnaðarins. Sérstök brtt. er raunar um stofnlánadeildina, sem ekki varðar þetta beint, um að framlag þar hækki úr 36,7 milljónum í 41 580 000, og það er einnig verðlagsuppfærsla.

Þá eru loks tvær nýjar greinar sem heimila ríkisábyrgð vegna skuldbreytinga hjá hitaveitum. Annars vegar er þar um að ræða Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, 65 millj. kr., og hins vegar ríkisábyrgð á innlendu láni hjá Fjarhitun Vestmannaeyja, 200 millj. kr.

Hygg ég þá að ég hafi gert grein fyrir þeim brtt. sem fram hafa komið. Þær eru eins og ég sagði kannske minni en búist var við. Ef við drögum þetta saman má segja að í fyrsta lagi sé hér um hreina staðfestingu á afgreiðslu fjvn. á fjárlögum að ræða. Í öðru lagi eru breytingar á verðlags- og gengisforsendum fjárlaga og endurskoðaðrar þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1986 sem endurspeglast einnig í lánsfjárlögum. Og í þriðja lagi eru teknar inn tvær heimildargreinar til ríkisábyrgða vegna skuldbreytinga hitaveitna.

Þær breytingar sem þannig koma fram fela það í sér að 1241 millj. kr. hækkun verður á heildarlántökum. Þar af eru um 390 millj. kr. af innlendu fé og 851 millj. kr. af erlendu lánsfé. Heildarlántökur mundu því nema, að þessu frv. samþykktu með áorðnum breytingum, 12 milljörðum 487 millj. kr. Ráðgert er að afla 4 milljarða 201 millj. kr. innanlands og 8 milljarða 777 millj. kr. með erlendum lántökum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það fór eins og spáð var við fyrri umræðu um þetta mál að tölur lánsfjáráætlunar um erlendar og innlendar lántökur áttu eftir að hækka allverulega í meðförum Nd. Hér er frv. komið til okkar á nýjan leik og er þá gert ráð fyrir að lántökur aukist um 1241 millj. kr. Þar af séu erlend lán hækkuð um hvorki meira né minna en 851 millj. kr.

Ástæða þessa er auðvitað bæði sú að ekki var búið að taka endanlega inn í frv. niðurstöðutölur fjárvöntunar ríkissjóðs eins og hann er orðinn eftir að 3. umr. er fyrirhuguð, en einnig kemur til hitt að allt var dæmið byggt á röngum forsendum, úreltum forsendum. Þarf það kannske ekki að koma neitt á óvart út af fyrir sig því að fjárlagafrv. var á desemberverðlagi þessa árs. Það er reyndar ekki í fyrsta sinn í ár sem fjárlagafrv. er, þegar það er lagt fram, byggt á mjög röngum forsendum. Það hefur oft áður verið gert. Ég minnist þess að þegar ég var í starfi fjmrh. á seinasta kjörtímabili lagði ég aldrei fram fjárlagafrv. miðað við desemberforsendur þess árs þegar fjárlögin voru afgreidd. Ég miðaði hins vegar við áætlaða verðbólgu á komandi ári, hafði að vísu þá áætlun frekar í þrengra lagi, og það var nefnt reiknitala frv., varlega áætluð verðbólga næsta árs. En þá var þó gert ráð fyrir, strax og frv. var lagt fram, að um einhverja verðbólgu yrði að ræða á komandi ári. Núna er frv. lagt fram eins og það var fyrir langa löngu þegar tölur voru allar miðaðar við verðlag í árslok.

Ég ætla ekki að fara að deila um þetta atriði. Þetta skiptir ekki miklu máli, er annað vinnulag ef svo má segja. Það lá hins vegar alltaf ljóst fyrir að forsendurnar væru rangar, dæmið þyrfti allt að reiknast upp á nýjan leik miðað við breyttar forsendur og þá mundu þessar tölur, sem mest hefur verið veifað í sambandi við umræður um erlendar lántökur á næsta ári, allar reynast mjög rangar og allt of lágar. Þetta var fyrir löngu fyrirsjáanlegt og kemur í sjálfu sér engum á óvart. Hins vegar er nauðsynlegt að menn átti sig á því þegar tölur um erlendar lántökur hækka um hvorki meira né minna en 851 millj. kr. á einu bretti. Það var nefnilega verið að gera tilraunir til að lækka þessar tölur fyrr á þessu hausti. Þá lækkuðu erlendu lántökurnar við 2. umr. hér í deildinni um líklega í kringum 800 milljónir. Svo fóru þær að síga upp á við á nýjan leik, hækkuðu um liðlega 300 milljónir við 3. umr. og eru að hækka um hvorki meira né minna en 851 milljón til viðbótar.

Hins vegar verður að segjast eins og er að ekki eru miklar efnisbreytingar fólgnar í þeim breytingum sem hér liggja fyrir fyrir utan þá efnisbreytingu sem fólgin er í því að ríkissjóður þarf á eitthvað meiri erlendum lántökum að halda en áður var reiknað með.

Nú er ákveðið með nýju skerðingarákvæði að fella niður framlag ríkissjóð til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum og kemur það nokkuð á óvart vegna þess að margir munu minnast þess að þegar félagsmálapakkar voru afgreiddir í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar árið

1979 var forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum eini pakkinn sem féll í hlut bænda. Talið var eðlilegt, þegar launamenn fengu ýmiss konar ívilnanir, bráðnauðsynlegar allar, í tengslum við aðgerðir í efnahagsmálum í ársbyrjun 1979, að eitthvað félli í hlut bændastéttarinnar. Mér kemur mjög á óvart ef bændastéttin hefur núna fallist á að afhenda þennan pakka ríkinu aftur og vildi mjög gjarnan, úr því að okkar ágæti hæstv. landbrh. er nærstaddur, spyrja hann hvort hann geti upplýst hvort þessi ákvörðun hafi verið tekin með samþykki Stéttarsambands bænda eða annarra forsvarsmanna bænda, t.d. samþykki stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Mér er nefnilega ekki alveg ljóst hvaðan á að taka þetta fé. (**Gripið fram í:** Úr stofnlánadeildinni.) Mér er ekki alveg ljóst hvar stofnlánadeildin ætlar að að taka þetta fé. stofnlánadeildin hefur engar fastar tekjur frá ríkinu aðrar en framlagið í Lífeyrissjóð bænda sem fer í gegnum stofnlánadeildina. Ég sé ekki betur en að það hljóti að eiga að senda bændum þennan reikning og þá væntanlega í því formi að framleiðendagjaldið sem bændur greiða stofnlánadeildinni gangi til þessa verkefnis. Það er auðvitað, eins og ég hef þegar orðað það, sama og að senda reikninginn beint til bænda.

Ég undrast þetta mjög. Ég leyfi mér að benda á að flestir eru sammála um að bændur hafi átt erfiða daga í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það hefur margt bjátað á. Enginn vafi er á því að stefna ríkisstjórnarinnar hefur komið afar þungt niður á bændum. M.a. kemur það fram í mjög erfiðri skuldastöðu þeirra um allt land og mjög erfiðri skuldastöðu samvinnufélaga og kaupfélaga sem aftur hefur svo haft mjög slæm áhrif á fjármál og viðskiptalíf í þeim bæjum og héruðum þar sem samvinnufélögin og viðskipti þeirra vega þungt. Ég er því undrandi ef það er rétt að forustumenn bænda og landbrh. hafi fallist á að skila þessum félagsmálapakka. Það er mjög sérstætt og þarfnast nánari skýringar.

Að lokum vil ég minna á að málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna liggja jafnafvelta eftir meðferð Nd. á þessu máli sem áður. Hækkunin sem kemur í hlut lánasjóðsins upp á 165 millj. kr. er einvörðungu verðlagsuppfærsla vegna þess að menn taka í notkun raunhæfari verðlagsforsendur en áður var. Vantar þó vafalaust mikið á að þær séu orðnar fullkomlega raunhæfar vegna þess að í þessum verðlagsforsendum er ekki reiknað með nema 20% verðbólgu frá upphafi til loka næsta árs. Ég hygg að yfirgnæfandi líkur séu á því að sú spá muni ekki standast. Það vantar vafalaust um 450 millj. kr. í Lánasjóð ísl. námsmanna til þess að hann geti gegnt skyldum sínum eins og þær hafa verið á undanförnum árum og eru nú áætlaðar af Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlanir sjóðsins ganga hins vegar út á miklu hærri upphæðir. Munurinn þar á milli liggur í mismunandi mati á forsendum, t.d. um fjölgun lántakenda og verðbólgu á komandi ári. En lágmarksupphæðin í þessu sambandi er a.m.k. í kringum 450 millj. kr. eða öllu heldur 430 millj. eins og Fjárlaga- og hagsýslustofnun nefndi í viðræðum sínum við fjvn. Ef þetta ákvæði verður lögfest, að ekki megi á komandi ári greiða lánasjóðnum hærri upphæð en þetta, að fjmrh. sé bundinn á höndum og fótum og megi ekki koma lánasjóðnum til aðstoðar frekar en hér er gert ráð fyrir, er þegar sýnt að lán til námsmanna á síðari hluta næsta árs verða sama sem engin því þegar er búið að ganga frá lánum í upphafi þessa árs og allt útlit fyrir að mikill meiri hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins eyðist upp á fyrri hluta ársins og þá verður harla lítið eftir á seinni hlutanum.

Ég vil að lokum segja það eitt að þetta frv. er bersýnilega með svo stórum ágöllum að verði ákvæðið um Lánasjóð ísl. námsmanna og önnur þau ákvæði sem við Alþýðubandalagsmenn höfum harðlega gagnrýnt í þessu frv. samþykkt treystum við okkur ekki til að greiða þessu frv. atkvæði heldur munum greiða atkvæði á móti.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstvirtur forseti. Það er velkomið að skýra aðeins það atriði sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að í sambandi við breytingu á ákvæðum laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins og forfallaþjónustu bænda. Það er misskilningur að þarna sé verið að skila félagsmálapakka. Þessi þjónusta á að halda áfram. Hins vegar greiðist hún að hluta af því gjaldi sem hefur verið lagt á bændur og tekið af launum bænda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins í staðinn fyrir að hún sé greidd úr ríkissjóði. En að sjálfsögðu mun sá hluti sem rennur til forfallaþjónustunnar koma inn í verðlagið. Þarna er því verið að koma til móts við óskir og samþykktir, sem bændur hafa gert, um að létta að einhverju leyti af þessum launaskatti sem hefur verið lagður á bændur og er 1% í hefðbundnum búskap og svarar þá u.þ.b. 3% af tekjulið þeirra. Gert er ráð fyrir að þetta muni vera u.þ.b. helmingur af gjaldinu sem til þessa þarf. Þarna er því verið að létta af hluta af launaskatti á bændur sem hefur verið allhár. Þetta mál var rætt á stjórnarfundi Stéttarsambands bænda, en hins vegar ekki gerð nein ályktun.

Ég ætla ekki að fara í almennar umræður um skuldastöðu bænda og fleira sem hv. ræðumaður vék að. Vitanlega má lengi deila um hvar uppruninn hafi orðið, en ég skal ekki fara út í þá umræðu á þessari stundu.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. gaf sínar skýringar á þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á gjaldi bænda til stofnlánadeildarinnar. Ætla ég ekki — einkum og sér í lagi þar sem tíminn er að renna frá okkur — að fjölyrða um það mál. Ég hygg þó að það megi færa mjög glögg og greinileg rök fyrir því að bændur séu að skila þessum félagsmálapakka einfaldlega vegna þess að bersýnilegt er að þeir munu taka á sig að greiða kostnað sem áður hefur verið greiddur af ríkinu.

En ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að lokum: Er það ekki rétt skilið að í kjölfar þessara breytinga, sem hann hefur nú boðað og tengjast þessu máli, muni vextir hjá stofnlánadeildinni bersýnilega hækka og óhjákvæmilegt verði að hækka þá einmitt vegna þessara breytinga?

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstvirtur forseti. Ég hygg að það muni ekki gerast að vextirnir hækki. Staða stofnlánadeildarinnar var mjög slæm fyrir nokkrum árum, en með ráðstöfunum sem þá voru gerðar og m.a. komu fram í þessum launaskatti á bændur hefur eiginfjárstaða hennar styrkst mjög verulega þó greiðslustaðan sé erfið. Ég vonast því til þess að ekki þurfi að koma til hækkunar á vöxtum þó þessi hluti af tekjum hennar falli niður.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:7 atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 423).

Þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur deildarinnar fyrir jólahlé vil ég þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir það góða samstarf sem ríkt hefur hér í deildinni og ekki síst fyrir þolinmæði í garð forseta. Ég vil færa hv. þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra bestu jóla- og nýársóskir. Sömu óskir flyt ég skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu og þakka þeim gott samstarf og fyrirgreiðslu alla. Ég óska hv. þingdeildarmönnum, sem eiga um langan veg heim að fara, góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum hittast öll heil á nýju ári.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þingdeildarmanna vil ég þakka hlý orð og góðar óskir okkur og okkar fjölskyldum til handa frá forseta þessarar hv. deildar. Ég vil einnig fyrir okkar hönd þakka forseta hina ágætustu samvinnu í hvívetna svo og röggsama og réttláta fundarstjórn ævinlega. Við færum henni og fjölskyldu hennar okkar bestu jóla- og nýársóskir og vonumst til að hittast öll hér heil á nýju ári. Ég tek undir þakkir forseta til skrifstofustjóra og starfsmanna þingsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á þeim annasömu dögum sem við höfum nú upplifað. Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að staðfesta þessar óskir og þakkir til forseta deildarinnar með því að rísa úr sætum.— [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og ég þakka hv. þdm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár til hv. þingdeildarmanna og alls starfsfólks Alþingis. Að svo mæltu segi ég þessum fundi slitið.

Neðri deild, 43. fundur.

Föstudaginn 20. des., kl. 1.30 miðdegis.

Þingfrestun.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta er síðasti fundur þessarar hv. þingdeildar nú fyrir jólaleyfi. Af því tilefni vil ég leyfa mér að þakka hv. þingdeildarmönnum samstarfið við mig það sem af er þingtímanum. Það samstarf hefur verið mér ánægjulegt í hvívetna.

Ég vil þakka þá mikilvægu aðstoð sem 2. varaforseti þd. hefur veitt mér í starfi, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, en flyt jafnframt fyrri varaforseta, hv. þm. Karvel Pálmasyni, innilega jólakveðju í nafni deildarinnar með ósk um skjótan bata í veikindum hans og að hann megi koma sem fyrst til starfa sinna á Alþingi heill og hress. Skrifurum deildarinnar þakka ég gott samstarf svo og skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólkinu öllu. Ég óska hv. þingdeildarmönnum og starfsfólki Alþingis gleðilegra jóla, farsæls nýárs. Hittumst heil á nýju ári.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég þakka fyrir hönd þingdeildarmanna hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka hæstv. forseta fyrir ágæta og réttláta fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla, árs og friðar og vona að við hittumst heil á næsta ári.

Ég þakka enn fremur skrifstofustjóra og öllu starfsfólki fyrir gott samstarf og óska þeim gleðilegra jóla. Að lokum vil ég biðja hv. þingdeildarnmenn að rísa úr sætum sínum þessum orðum til staðfestingar. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. 4. landsk. þm. vinsamleg orð í minn garð og hv. þingdeildarmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek heillaóskir mínar til hv. þingdeildarmanna og segi þessum fundi slitið.

Sameinað þing, 34. fundur.

Föstudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Á borðum þm. liggur svar frá forsrh. við fsp. minni um bifreiðamál ráðherra. Ég tel mig knúna, herra forseti, til að gera athugasemd við það að 2. tölul. fsp. er ekki svarað, en þar var óskað samanburðar á áhrifum fyrri og núgildandi reglna um bifreiðafríðindi ráðherra.

Í svarinu kemur fram að felld hafi verið niður gjöld af sjö bifreiðum ráðherra frá árinu 1983. Því verður ekki trúað að ekki hafi verið hægt að reikna út hve háar fjárhæðir ráðherrar hefðu fengið vegna þessara sjö bifreiða hefði ný regla um 20% fyrningarfé á ári verið í gildi s.l. tvö ár — eða er staðreyndin sú að fjmrh. eða forsrh. hafi enn ekki gert sér grein fyrir áhrifum nýrra reglna um bifreiðafríðindi ráðherra samanborið við eldri reglur?

Um leið og ég vek athygli á því að þetta er í annað sinn í sömu viku sem athugasemd þarf að gera við ófullnægjandi svör ráðherra óska ég eftir því að hæstv. forseti ræði þetta mál við hæstv. forsrh. þannig að svarað verði á Alþingi 2. tölul. fsp. sem ég hef fram borið. Hér er um einfaldan útreikning að ræða sem ég tel að hæstv. forsrh. geti beitt sér fyrir að liggi fyrir þegar á morgun.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Um það atriði, sem hv. þm. spurði um, eru að sjálfsögðu ekki til neinar upplýsingar í reikningum ríkisstj. Sá starfsmaður, sem fyllti þetta út, leitaðist við að afla sér upplýsinga frá umboðum bifreiðanna um hvað viðkomandi bifreið hefði kostað við endurnýjun-

arverð á þessum árum. Hann gat ekki fengið það á þeim tíma sem hann hafði til að svara fsp. Hins vegar er auðvelt fyrir hvern og einn að spyrja umboðin um endurnýjunarverð bifreiðanna á viðkomandi árum. Ef hv. þm. vill að við önnumst það er út af fyrir sig sjálfsagt að gera það.

Spurningin hljóðar upp á það hver útgjöldin hefðu verið ef ákveðin reglugerð hefði verið í gildi á þessum tíma. Þetta byggir á endurnýjunarverði bifreiðanna. Til að hafa endurnýjunarverð bifreiðanna þarf að vita nákvæmlega hvernig viðkomandi bifreiðar voru útbúnar, t.d. hvaða tæki voru í þeim o.fl. Endurnýjunarverðið fer eftir því. Um þetta var ekki hægt að fá upplýsingar frá umboðunum á þessum skamma tíma.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég tek þessar útskýringar hæstv. forsrh. ekki góðar og gildar. Ég vek athygli á því að í svarinu kemur fram að varðandi þessar sjö bifreiðar eru upphæðir, sem þar koma fram um eftirgefin gjöld, byggðar á útreikningum um tollafgreiðslugengi í nóvember 1985. Það er áætlað að eftirgefin gjöld séu um 60% af bílverðinu. Miðað við það er því mjög auðvelt að reikna út bílverðið. Ég trúi því ekki að ekki sé hægt að fá útreikninga um fyrningarfé ef þessar reglur hefðu verið í gildi á þessum tíma. Ég hef reyndar sjálf látið hagfræðing reikna þessar tölur út og hann gerði það á einu augabragði. Ég trúi því ekki að starfsmenn forsrn. gætu ekki gert slíkt hið sama.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. vildi hafa réttar og nákvæmar tölur. Það er enginn vandi — ég get gert það við borðið hjá mér — að reikna út 40 eða 60%, en ég gaf manninum fyrirmæli um að svara þessari fsp. hárrétt.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég ítreka beiðni mína til hæstv. forseta að hann ræði þetta mál við hæstv. forsrh. og að 2. tölul. fsp. minnar verði svarað hér á Alþingi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseti hefur ekki á móti því að ræða við forsrh. En það hefði mátt ætla að hv. 2. landsk. þm. og forsrh. hefðu þegar rætt um þetta mál.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. 201. mál (þskj. 371). — Fyrri umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um frestun Alþingis. Í till. þessari geri ég ráð fyrir að fundum þingsins verði frestað frá morgundeginum, 21. desember, og að þing komi saman á ný eigi síðar en 27. janúar n.k.

Það hefur ekki verið venja að vísa till. um frestun til nefndar og geri ég ekki till. um það. Samkvæmt nýjum þingsköpum þarf hins vegar þessi þáltill. eins og aðrar að fara í gegnum tvær umræður. Geri ég tillögu um að þessari till. verði vísað til síðari umræðu þegar fyrri umræðu er lokið.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.

Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna, þáltill. 200. mál (þskj. 346). — Fyrri umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna sem hv. utanrmn. flytur. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1986. Samkomulagið er prentað hér sem fylgiskjal."

Till. fylgir grg., sem ég held að skýri málavexti nokkurn veginn nægilega, auk fylgiskjala sem prentuð eru með. En þess skal aðeins getið að mál þetta hefur verið ítarlega rætt á þrem fundum í hv. utanrmn. sem komist hefur að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að rétt sé að leggja til við Alþingi að þáltill. verði samþykkt. Það verður væntanlega gert í dag og þá að sjálfsögðu án þess að henni verði vísað til nefndar.

Framan af var nokkuð á reiki í hve miklum mæli Norðmenn mundu nota sér þessar heimildir, en nú hefur verið upplýst að 30—50 norsk skip muni koma á mið hér við land og heildarveiðin væntanlega verða á bilinu 25—40 þús. tonn. Er það sameiginlegt mat nefndarinnar, utanrrn. og ég hygg útvegsmanna að þessar veiðar beri að heimila.

Auðvitað er það mjög viðkvæmt mál í augum allra Íslendinga að heimila erlendum mönnum veiðar í okkar sérefnahagslögsögu. En þetta mál hefur sérstöðu, eins og rakið er í grg., þar sem samningar eru milli Norðmanna og Íslendinga um skiptingu heildarmagns veiða úr loðnustofninum eins og kunnugt er.

Einnig ber að hafa í huga að samskipti Íslendinga og Norðmanna á sviði fiskveiða munu mjög aukast í náinni framtíð því að þjóðirnar hafa sameiginlegra fiskveiðiréttinda að gæta á gífurlega víðáttumiklu hafsvæði 200 mílur umhverfis Jan Mayen sem einungis skerðast af miðlínum milli landa og 200 mílna efnahagslögsögu okkar. Þessi sameiginlegu og samningsbundnu fiskveiðiréttindi þjóðanna munu þær nýta til jafns að því er aðra stofna varðar en loðnuna og vissulega er tímabært að Íslendingar fari að huga að fiskileit og frekari fiskveiðum á Jan Mayen-svæðinu.

Allt er mál þetta þó mjög flókið og vandmeðfarið þar sem enn hafa ekki náðst samningar við Grænlendinga um hlutdeild þeirra í loðnustofninum og fyrirkomulag veiða og Færeyingar hafa í heimildarleysi farið inn á hagsmunasvæði okkar til loðnuveiða.

Í fyrrasumar brugðust Íslendingar mjög hart við þessari ásælni þeirra, sýndu flaggið, eins og það er kallað á lagamáli, og sendu ítrekaðar og skorinorðar mótmælaorðsendingar til Dana, Færeyinga og Norðmanna sem hlífðust við að verja hina sameiginlegu fiskveiðilandhelgi.

Ljóst er að við hljótum að eiga náin samskipti við nágrannaþjóðir okkar allt frá Jan Mayen-svæðinu suður á Hatton-Rockall-hásléttu. Samningarnir við Noreg um sameiginleg fiskveiðiréttindi á Jan Mayen-svæðinu eru geysiþýðingarmiklir og á framkvæmd þeirra veltur hvernig málum verður háttað um alla framtíð. Sú framkvæmd þarf auðvitað að vera vinsamleg. M.a. þess vegna hefur utanrmn. lagt til að heimila þær veiðar sem hér um ræðir, enda beggja hagsmunir.

Á sama hátt er mikilvægt að náin og vinsamleg samskipti náist með Grænlendingum og Færeyingum og að því stuðlar einmitt sú þál. um vestnorræna ráðið sem hér var einróma samþykkt í gær.

Þess er einnig að gæta að náin samvinna hefur tekist með Færeyingum og Dönum fyrir þeirra hönd varðandi Hatton-Rockall-hásléttuna þar sem Íslendingar og Danir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta um hafsbotnsréttindi langt suður í höf. Vonir standa til að það mál verði til lykta leitt áður en langt um líður, væntanlega á næsta ári. Þá er einnig fyrirhuguð sameiginleg rannsókn Dana og Íslendinga á svæðinu samkvæmt tillögum sem sérfræðingur okkar í hafsbotnsmálum dr. Talwani hefur gert. Að öllu samanlögðu vænti ég þess að Alþingi sameinist um samþykkt þessarar þáltill.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Fjárlög 1986, stjfrv. 1. mál (þskj. 272, n. 409 (samvn. samgm.), brtt. 278, 292, 295, 297, 298, 315, 316, 317, 325, 339, 340, 345, 356, 357, 364, 365, 366, 367, 368, 374, 377, 378, 382, 383, 386, 389, 391, 404, 408, 410 og 417). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur nú lokið störfum við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1986. Í upphafi þessarar umræðu vil ég enn flytja samstarfsmönnum mínum í fjvn. þakkir fyrir mikil og tímafrek störf, störf sem við núverandi kringumstæður eru unnin, sem stundum áður, undir miklu álagi og eru ekki sérstaklega líkleg til vinsælda. Ég vil einnig ítreka þakkir mínar til starfsmanns nefndarinnar, Jóns Rúnars Pálssonar, og til starfsfólks Fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir ómetanlega aðstoð sem kostað hefur mikla vinnu. Þá vil ég einnig leyfa mér að flytja hæstv. fjmrh., bæði núverandi og fyrrverandi, þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram lýsti hæstv. ríkisstj. þeim markmiðum sínum að draga úr þenslu í þjóðarbúskapnum og sporna gegn viðskiptahalla og verðbólgu. Frv. bar þess merki að því var ætlað að þjóna þessum markmiðum. Í fyrsta lagi var erlendum lántökum stillt í hóf, í öðru lagi var frv. með rekstrarjöfnuði og í þriðja lagi var hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu áætlað svið lægra en ætla má að það verði á þessu ári.

Öllum má vera ljóst hve mikilvæg þessi markmið ríkisstj. eru. Eftir langvarandi viðskiptahalla, sem staðið hefur samfleytt í 14 ár að einu ári undanskildu, hafa skuldir okkar erlendis orðið sífellt alvarlegri og greiðslubyrði af erlendum lánum að sama skapi þungbær. Árið 1984 var greiðslubyrði vegna erlendra lána orðin 24% eða sem svaraði því að nærri fjórða hver króna af útflutningstekjum okkar gengi til að greiða vexti og afborganir af lánum.

Rétt er að vekja athygli á því að á þessu ári er talið að þetta greiðsluhlutfall hafi heldur lækkað og sé nú 21%. Eigi að síður verður engum marktækum árangri náð í þessum þætti þjóðarbúskaparins meðan við búum við viðskiptahalla sem er með líkum hætti og verið hefur á síðari árum. Þessum viðskiptahalla og skuldasöfnun okkar erlendis verður á hinn bóginn ekki eytt án þess að annað tveggja komi til, stóraukin þjóðarframleiðsla og útflutningstekjur eða verulega aukinn sparnaður í þjóðarbúskapnum.

Ríkisfjármálin eru að sjálfsögðu veigamikill þáttur í þessu dæmi. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að hann telji ekki grundvöll fyrir því að þrengja meira en orðið er að kaupmætti launafólks í landinu. Því beri að ná auknum sparnaði í útgjöldum hins opinbera. Þetta er sagt jafnt fyrir það þótt áætlanir sýni að einkaneysla þjóðarinnar hafi á yfirstandandi ári vaxið um allt að 4,8%.

Vegna veigamikilla breytinga, sem urðu á gjaldeyrismörkuðum helstu viðskiptaþjóða okkar á liðnu hausti, var talið nauðsynlegt að taka fjárlagafrv. til endurmats og renna þannig styrkari stoðum undir þau markmið ríkisstj. sem ég hef hér að framan lýst. Hæstv. fjmrh. kynnti niðurstöður þessa endurmats við 1. umr. þessa máls og voru brtt. til að framfylgja þeim niðurstöðum sumpart fluttar af meiri hl. fjvn. við 2. umr. fjárlaga en sumpart eru þær fluttar við þessa umræðu.

Í öllu starfi sínu hefur meiri hl. fjvn. leitast við að halda svo á málum að þau markmið, sem kynnt voru með framlagningu þessa frv., raskist ekki, raunar frekar að þau styrkist en veikist. Rétt er að taka fram að minni hl. nefndarinnar hefur ekki gert tilraunir til að bregða fæti fyrir fyrirætlanir okkar í meiri hlutanum hvað þetta snertir.

Vegna þess hve haldið hefur verið fast á málum af hálfu okkar í meiri hl. nefndarinnar til að halda aftur af aukningu útgjalda er mér fyllilega ljóst að margir þeir, sem gengið hafa á fund nefndarinnar eða sent hafa henni erindi og borið upp sín mál við nefndina, hafa gengið bónleiðir til búðar. Er það iðulega þannig að sú niðurstaða verður ekki sársaukalaus.

Þótt vitaskuld megi deila um afgreiðslu nefndarinnar eða meiri hl. nefndar á einstökum málum er ég sannfærður um að sú heildarstefna var rétt og óhjákvæmileg að halda fast á málum.

Eins og fram kom í ræðu minni við 2. umr. þessa máls felur afgreiðsla fjvn. í sér að um verulegan samdrátt fjárfestingar er að ræða samkvæmt því fjárlagafrv. sem nú er komið til lokaafgreiðslu. Þegar frv. til fjárlaga og lánsfjárlaga liggja nú fyrir hér á Alþingi á lokastigi og samkvæmt því, sem vitað er um fjárfestingaráform sveitarfélaga, er reiknað með að opinber fjárfesting í landinu dragist saman á næsta ári um allt að 13,6% og að fjárfesting landsmanna í heild dragist saman um allt að 4,2%. Hér er um mjög mikinn samdrátt fjárfestingar að ræða. Hún er nú talin nema sem svarar 21,6% af þjóðarframleiðslu en hefur oft verið um og yfir 30%.

Ég vil gjarnan ítreka þá skoðun mína að ég tel nauðsynlegt að leita leiða til að draga úr umfangi ríkisbúskaparins og ná fram kerfisbreytingum til sparnaðar í ríkisrekstrinum til að gefa fjárfestingu á vegum hins opinbera aukið svigrúm að nýju. Hjá því verður ekki komist, að mínum dómi, að ná slíkum breytingum fram fyrir fjárlagaafgreiðslu að ári liðnu.

Fyrir 3. umr. fjárlaga komu forustumenn Þjóðhagsstofnunar eftir venju á fund fjvn. og kynntu nefndinni ýmsar upplýsingar um þjóðhagsspá fyrir árið 1985, sem nú er senn liðið, og einnig upplýsingar er varða

þjóðhagsspá fyrir árið 1986. Jafnframt kynntu þeir eftir venju nýtt endurmat á tekjuöflun ríkisins fyrir næsta ár sem byggt er á hinum nýju spám um þjóðhagsforsendur.

Brtt. meiri hl. fjvn. um tekjuhlið frv. eru byggðar á þessum útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Í samræmi við þetta eru niðurstöðutölur á tekjuhlið fjárlagafrv. nú 37 853,7 millj. kr., en voru þegar frv. var lagt fram samtals 33 539,5 millj. kr. og hafa því hækkað um rúma 4,3 milljarða kr. svo sem fram kemur í brtt. meiri hl. nefndarinnar. Inn í þær niðurstöður eru þá komnar þær breytingar á skattkerfi, sem hæstv. fjmrh. kynnti fyrir 2. umr. fjárlaga samkvæmt ákvörðun ríkisstj., miðað við það sem fram kemur í fjárlagafrv. Þessi hækkun á tekjuhlið fjárlagafrv. kemur því nokkuð misjafnlega niður eftir einstökum liðum.

Eins og fyrr eru sölugjöld langsamlega veigamesti tekjupóstur ríkisins samkvæmt þessari áætlun, eða um 14,3 milljarðar kr., gjöld af innflutningi 5,4 milljarðar og tekjuskattar nálega 3,5 milljarðar kr. Miðað við þessa niðurstöðu á tekjuhlið frv. munu skatttekjur ríkisins á næsta ári nema um 28% af vergri þjóðarframleiðslu. Er þá miðað við að þjóðarframleiðslan verði 136 milljarðar kr. og einnig er miðað við hina nýju uppsetningu fjárlaga. Samkvæmt þessari nýju uppsetningu lækka skatttekjur ríkisins á næsta ári miðað við það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. eftir sambærilegri uppsetningu um 0,7% af þjóðarframleiðslu.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun mun skattbyrði einstaklinga sem hlutfall af heildartekjum á næsta ári verða svipuð og hún hefur verið á þessu ári, hvort heldur sem miðað er við skatta til ríkisins eða skatta til ríkis og sveitarfélaga sameiginlega. Á hinn bóginn hefur skattbyrði einstaklinga af tekjum lækkað verulega, t.a.m. frá árinu 1982 til ársins 1986. Þannig hefur skattbyrði einstaklinga miðað við fyrra ár til ríkis og sveitarfélaga lækkað úr 20,3% af heildartekjum árið 1982 í 15,5% árið 1986 eða nærri því um 5 prósentustig, en um 0,9 prósentustig ef miðað er við greiðsluár.

Það sem hér er rætt um skattbyrði og beina skatta byggist á því að skattvísitala verði ákveðin 136 stig miðað við 100 á þessu ári svo sem flutt er um sérstök brtt. af hálfu meiri hl. nefndarinnar.

Verði tillögur fjvn., sem fluttar eru við þessa umræðu um aukin útgjöld fjárlagafrv., svo og tillögur meiri hl. nefndarinnar, tillögur samvinnunefndar samgöngumála um flóabáta og vetrarsamgöngur og tillögur menntamálanefnda um heiðurslaun listamanna allar samþykktar munu útgjöld frv. aukast frá 2. umr. um 4361 millj. kr. og verða samtals 37 670,7 millj. kr. Tekjuafgangur á rekstraryfirliti fjárlaga mundi því verða að þessum tillögum öllum samþykktum 183 millj. kr.

Meginhluti þessarar hækkunar á gjaldabálki frv. er til kominn vegna hækkunar á verðlags- og launaforsendum fjárlaganna. Í brtt. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 368 kemur fram á hvern máta þessi uppfærsla er reiknuð. Þar kemur fram að launaforsendur fjárlagafrv. við 3. umr. eru reiknaðar upp um 12,2% með undantekningum sem skýrðar eru á því þskj. Þessi 12,2% hækkun er fundin þannig að fyrst er reiknuð 4% hækkun launa frá áætlun frv. til þess sem orðið hefur í raun til ársloka 1985. Síðan er samkvæmt ákvörðun ríkisstj. reiknuð 10% hækkun launa frá árslokum 1985 til þess verðlags sem ákveðið er í fjárlagafrv. Í þriðja lagi er tekið inn í þetta dæmi lækkun um 2% samkvæmt sparnaðaráætlun ríkisstj. sem kynnt var við 1. umr. fjárlaga.

Liðurinn Önnur gjöld án eignakaupa í almennum rekstri stofnana hækkar hins vegar um 15,4%. Þar er gert ráð fyrir að verðlag frá áætlun fjárlagafrv. til ársloka hafi hækkað um 5½%, en til viðbótar er tekið inn sem verðlagsforsendur fjárlaga fyrir næsta ár samkvæmt ákvörðun ríkisstj. 11½%. Síðan eru dregin frá 2% til lækkunar á rekstrarliðum ríkisins til samræmis við ákvarðanir ríkisstj. um sparnað í launum og rekstri sem samtals er um 250 millj. kr.

Innflutningsverðlag er talið hækka nokkru meira en sem þessu nemur og er talið verða nokkuð breytilegt eftir einstökum gjaldmiðlum.

Eins og fyrr sagði er hækkun á gjaldabálki frv., samkvæmt þeim tillögum, sem hér liggja fyrir frá fjvn. og meiri hl. fjvn. og samvinnunefndum Alþingis, samtals 4361 millj. kr. Af þessu er hrein uppfærsla verðlags og launa liðlega 3,9 milljarðar kr. Frá því dragast nokkrar lækkunartillögur meiri hl. nefndarinnar, þannig að heildarhækkun samkvæmt brtt. meiri hl. nefndarinnar kostar 3864 millj. kr. Í öðru lagi eru brtt. frá fjvn. sem samtals fela í sér hækkun útgjalda er nemur 476,9 millj. kr. Í þriðja lagi er hækkun útgjalda samkvæmt till. frá samvinnunefnd samgöngumála um 16,9 millj. kr. og tillaga frá menntamálanefndum Alþingis um rúmlega 1 millj. kr.

Ég tel afar mikilvægt að það yfirlit, sem ég hef hér rakið um tekjur og gjöld ríkissjóðs samkvæmt þeim till. sem fyrir liggja frá fjvn. og meiri hl. fjvn., sýnir niðurstöðu á fjárlögum fyrir næsta ár með rekstrarafgangi, sem fyrr segir, upp á 183 millj. kr.

Í yfirliti yfir lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs fyrir næsta ár kemur einnig fram að gert er ráð fyrir því að unnt sé að lækka erlendar lántökur ríkissjóðs frá því sem gert var ráð fyrir þegar fjárlagafrv. var lagt fram um 174 millj. kr. og ganga jafnframt frá fjárlögum fyrir næsta ár með greiðslujöfnuði.

Ég mun hér á eftir gera grein fyrir nokkrum hinna veigamestu breytinga sem gerðar eru tillögur um af hálfu fjvn. og varða A-hluta fjárlagafrv.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að 15 sjúkrahús færist af sjúkratryggingum yfir á föst fjárlög. Meðal þessara sjúkrahúsa er Borgarspítalinn í Reykjavík. Í tillögum nefndarinnar er lagt til að 13 af þessum sjúkrahúsum færist til baka yfir á sjúkratryggingar og daggjaldakerfi. Þessar tilfæringar stafa af því að talið er að meiri tíma þurfi til undirbúnings til að samræma helstu rekstrarliði þessara sjúkrahúsa á þann máta að það geti myndað eðlilegan grundvöll fyrir því að þau verði færð á föst fjárlög. Að þessu mun verða unnið á næsta ári. Því verða það einungis tvö sjúkrahús sem við þessa fjárlagaafgreiðslu færast af daggjaldakerfi sjúkratrygginga á föst fjárlög, þ.e. sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum og Sólvangur í Hafnarfirði.

Lagt er til að hækkun á fjárframlagi til ríkisspítala verði 60,7 millj. kr. og er þá miðað við þann verðlagsgrunn sem er í fjárlagafrv. Í þessum till. er gert ráð fyrir að til rekstrargjalda vegna aukins umfangs verði veittar 36,5 millj. kr. Í aukin launagjöld verði veittar 2,8 millj. kr. sem skýrist þannig að tvær nýjar stöður verði heimilaðar við Kristnesspítala, en við Landspítalann

verði heimiluð ein staða sæfingarlæknis, 50% staða hjartasérfræðings á barnadeild og 25% staða lyflæknis við gervinýra, einnig á Landspítala.

Til meiri háttar viðhalds og tækjakaupa verði varið 5,5 millj. kr., þar af 1,5 millj. kr. til viðhalds og endurbóta á Kristnesspítala.

Þá er lagt til að tekin verði upp ný starfsemi, AIDS-rannsóknir, og til hennar varið 15,9 millj. kr. sem er hvort tveggja til rekstrar og til fjárfestingar við aðstöðu og tækjabúnað.

Þá er rétt að gera grein fyrir því að gert er ráð fyrir að rekstur Hafnarbúða færist til Landakotsspítala frá Borgarspítala.

Í till. er gert ráð fyrir miklum breytingum varðandi útgjöld og rekstur Tryggingastofnunar ríkisins og framlög ríkisins til sjúkratrygginga að miklu leyti í samræmi við þær breytingar sem ég hef lýst hér að framan og varða stofnanir í heilbrigðiskerfinu. Einnig er lagt til að hækka útgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins um 275 millj. kr. miðað við þá starfsemi sem þar var gert ráð fyrir í fjárlagafrv. og á fjárlagaforsendum. Standa þá áfram ákvarðanir um að ná skuli sparnaði um 150 millj. kr. í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins af lífeyristryggingum svo sem fjárlagafrv. greinir.

Þá er lagt til samkvæmt ákvörðunum ríkisstj. að hækka útgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 100 millj. kr. og er þar með horfið frá þeim lækkunum á framlögum sjóðsins sem gerð var grein fyrir í fjárlagafrv.

Lagt er til að Vegagerð ríkisins taki ekki uppfærslu verðlags og launa til sinnar starfsemi líkt og flestar aðrar stofnanir ríkisins. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuhlið frv. er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins verði á næsta ári 2040 millj. kr. sem er hækkun á framlögum til Vegagerðar ríkisins frá því sem ákveðið var við 2. umr. um 33 millj. kr. Í brtt. meiri hl. nefndarinnar er gert ráð fyrir að ekki verði um meiri framlög að ræða til Vegagerðar ríkisins á fjárlögum næsta árs en hér greinir og er það sem svarar 1,7% af vergri þjóðarframleiðslu.

Rétt er að taka fram að samkvæmt samkomulagi sem ég beitti mér fyrir við afgreiðslu vegáætlunar s.l. vor mun ríkissjóður bæta það upp ef markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar kynnu að skila minna en segir í fjárlögum hverju sinni.

Þá vil ég víkja að nokkrum B-hluta stofnunum, en till. meiri hl. fjvn. um B-hluta stofnanir eru á þskj. 391 og 417.

Fjárhagur Pósts og síma hefur verið tiltölulega rúmur nú hin síðustu ár og er það mikil breyting frá því sem var fyrir fáum árum. Stofnunin hefur ekki fengið gjaldskrárhækkun síðan 1. ágúst 1983. Á hinn bóginn var gjaldskrá Pósts og síma lækkuð um 7% 1. júlí 1985. Stofnunin hefur nú lokið lagningu sjálfvirks síma í sveitum og tókst það verk vel. Á næsta ári er gert ráð fyrir að stofnunin skili ríkissjóði arðgreiðslum sem nema 188 millj. kr. Til að mæta þessum greiðslum til ríkissjóðs og fjárfestingu, sem áætlað er að nemi 471 millj. kr. á næsta ári, verður stofnuninni heimilað að hækka gjaldskrá sína um 16—17% 1. febr. n.k. Fylgst verður með því eftir því sem líður á árið hvort frekari gjaldskrárbreytingar kunni að verða nauðsynlegar. Ljóst er að þessar gjaldskrárhækkanir verða verulega undir almennum verðlagshækkunum, ekki síst ef tekið er tillit til þess að ekki hefur verið um hækkun að ræða hjá stofnuninni síðan 1983.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar á vegum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps, geti orðið um 79 millj. kr. Er það byggt á því að stofnunin hækki gjaldskrá sína um 6—8% í byrjun ársins. Fjárhagur stofnunarinnar verður tekinn til athugunar í framhaldi af þessu þegar líður á árið.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar á vegum Rafmagnsveitna ríkisins verði 175 millj. kr. á næsta ári. Er þá gert ráð fyrir að afborganir lána hjá stofnuninni verði 177,2 millj. kr. en tekin lán 90 millj. kr. Fyrir liggur samþykki iðnrn. um 14% hækkun á gjaldskrá frá 1. jan. n.k. og 17,6% hækkun á rafhitun á sama tíma. Þrátt fyrir þessa hækkun gjaldskrár 1. jan. n.k. er ljóst að sú gjaldskrárbreyting dugar ekki stofnuninni til að endar nái saman í rekstri hennar og þyrfti allt að 9% hækkun til viðbótar til að jöfnuður væri í rekstri.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar hjá Skipaútgerð ríkisins. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram fé til að standa undir verulegum hluta af rekstri stofnunarinnar og nemur það 118,5 millj. kr. sem er geigvænlega há tala til reksturs á þessari stofnun. Á stofnuninni hvíla mikil fjármagnsútgjöld vegna fjárfestingar á síðari árum.

Í till. meiri hl. nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir auknum fjárframlögum til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Er þar með ljóst að verulegar breytingar þurfa að eiga sér stað í útlánareglum sjóðsins til að endar nái saman á árinu 1986 í starfsemi hans.

Ég mun hér ekki víkja að fleiri B-hluta stofnunum, aðeins vísa til þess sem fram kemur í brtt., en eftir venju eru allar brtt. við B-hluta frumvarpsins fluttar af meiri hl. nefndarinnar.

Rétt er að vekja á því athygli að í brtt. meiri hl. við A-hluta frv. er lagt til að liðurinn Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum falli niður sem í frv. er 19 913 þús. kr. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir því að þessari starfsemi verði haldið áfram svo sem verið hefur en kostnaður greiðist af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Þá þykir mér rétt að vekja athygli á því hversu laun vega þungt í útgjöldum ríkissjóðs. Miðað við hinar nýju launaforsendur í brtt. meiri hl. nefndarinnar er gert ráð fyrir að launaútgjöld ríkissjóðs nemi á næsta ári 9165 millj. kr. Sést þá að hvert 1% í hækkun á launum þýðir 91,6 millj. kr. í auknum útgjöldum ríkissjóðs. Þessu til viðbótar hafa launahækkanir áhrif á útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins, sem nemur litlu lægri fjárhæð, auk annarra áhrifa. Hér getur því fljótt orðið um stórar fjárhæðir að tefla ef ógætilega er farið í launasamningum.

Ég mun þá, herra forseti, að lokum gera grein fyrir þeim brtt. nefndarinnar sem fluttar eru á þskj. 366 og þegar hefur ekki verið vikið að hér að framan.

Till. er varða menntmrn.:

Háskóli Íslands. Viðfangsefnið Mannfræðistofnun hækkar um 324 þús. og verður 1600 þús. vegna hækkunar rekstrargjalda til að standa straum af kostnaði vegna rannsókna stofnunarinnar.

Íslensk málstöð. Gjöld hækki um 1745 þús. kr. og verða 3728 þús. kr.

Listir, framlög. Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Leikfélög, skuldagreiðslur 2,2 millj. kr. Nokkrar slíkar

stofnanir búa nú við mjög erfiðan fjárhag og miklar skuldir.

Þá eru tillögur er varða utanrrn.:

Ýmis utanríkismál. Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Tækniaðstoð við Kólumbíu. Ætlunin er að íslenskir eldfjallasérfræðingar aðstoði kolumbíska starfsbræður sína við að koma upp svokölluðum hallamælum og einnig að þeim verði í einhverjum mæli gefinn kostur á samskiptum sín á milli. Samtals er gert ráð fyrir að til þessa sé varið 970 þús. kr.

Tillögur er varða landbrn.:

Landgræðsla ríkisins. Lagt er til að sértekjur stofnunarinnar verði lækkaðar um 1200 þús. kr., en það er skoðun nefndarinnar að þær séu ofáætlaðar í fjárlagafrv.

Veiðimálaskrifstofan. Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Laxeldisstöðin í Kollafirði 2,4 millj. kr. Hér er um að ræða framlag til laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði í fyrsta lagi til að greiða skuld sem er 800 þús. kr. og hvílir á stofnuninni, en einnig til að standa undir hluta af rekstrar- og launagjöldum. Þessi stofnun hefur nú orðið fyrir verulegum óhöppum vegna sjúkdóms í seiðum stofnunarinnar sem gerir það að verkum að tekjur stofnunarinnar falla að verulegu leyti niður á næsta ári.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Framlög til stofnlánadeildarinnar hækka um 4880 þús. kr. og verða samkvæmt því 41 580 þús. kr. Það er vegna hækkunar á lífeyri, en eins og kunnugt er er framlag til stofnlánadeildar aðeins bundið greiðslu hennar til Lífeyrissjóðs bænda.

Bændaskólinn á Hvanneyri, sértekjur. Lagt er til að sértekjur lækki um 1200 þús. kr. og verði 18 098 þús. kr., en sértekjur stofnunarinnar eru greinilega ofáætlaðar.

Sjútvrn.:

Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Lagt er til að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Námskeið fyrir fiskvinnslufólk 5 millj. kr.

Dómsmrn.:

Fangamál, ýmis kostnaður. Lagt er til að viðfangsefnið Fangahjálp hækki um 139 þús. kr. og verði 1400 þús. Hér er um að ræða framlag til samtakanna Vernd.

Ýmis kirkjuleg málefni. Lagt er til að liðurinn hækki um alls 352 þús. kr. vegna hækkunar rekstrargjalda á viðfangsefninu Kirkjugarðaeftirlit og 227 þús. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu Ýmislegt sem skipt er með sérstöku bréfi fjvn. til dómsmrn.

Tillögur er varða félmrn.:

Málefni fatlaðra, Reykjavík. Lagt er til að gjöld hækki alls um 1701 þús. kr. vegna þess að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Sambýli, Sóleyjargötu 1531 þús. kr. sem skiptist þannig að laun eru áætluð 1 millj. kr. og 531 þús. kr. til rekstrargjalda. Enn fremur að viðfangsefnið Sambýli, Víðihlíð 7 hækki um 350 þús. kr. vegna launa eins starfsmanns.

Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Viðfangsefnið Nýtt sambýli breytist í Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði, og er lagt til að framlög til þessa sambýlis hækki um 350 þús. kr. vegna launa nýs starfsmanns.

Málefni fatlaðra, Suðurlandi. Lagt er til að viðfangsefnið Svæðisstjórn hækki um 200 þús. kr. vegna launa félagsráðgjafa.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Lagt er til að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Markarfljót, varnargarðar 2,5 millj. kr. gegn jafnháu framlagi frá Viðlagatryggingu Íslands.

Tillögur er varða heilbrrn.:

Tryggingastofnun ríkisins. Ég hef áður skýrt þann lið, en samtals er lagt til að framlag til sjúkratrygginga hækki um 1 865 934 þús. kr. sem er vegna þess að sjúkrahús, sem voru í fjárlagafrv., eru færð yfir á sjúkratryggingar að nýju og nemur sú breyting 1 590 934 þús., en einnig vegna aukins framlags til sjúkratryggingakerfisins um 275 millj. kr. eins og áður hefur verið frá greint.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Ég hef áður frá því greint að lagt er til að hækka framlög hans um 100 millj. kr.

Þá eru tillögur er varða ríkisspítala sem ég hef einnig skýrt hér að framan.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Lagt er til að rekstrargjöld hækki um 2,5 millj. kr. vegna kostnaðar við nýja gjörgæsludeild sem ekki var áætluð fyrir í fjárlagafrv.

Lyfjamál. Viðfangsefnið Lyfsölusjóður hækki um 250 þús. kr. og verði 500 þús. vegna þess að sjóðurinn verður lögum samkvæmt að kaupa lyfjalager af lyfsala á Seyðisfirði sem er að hætta rekstri og enginn lyfjafræðingur hefur sótt um að taka við apótekinu þar.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Lagt er til að tekið verði upp nýtt viðfangsefni, Atvinnusjúkdómar. Er reiknað með að það gæti orðið lokagreiðsla, en á fjárlögum margra undanfarinna ára hefur verið varið nokkru fé til rannsókna á þessu viðfangsefni.

Tillögur er varða fjmrn.:

Uppbætur á lífeyri. Lagt er til að viðfangsefnið hækki um 1056 þús. kr. vegna greiðslu á lífeyri til starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

Samgrn.:

Vegagerð ríkisins. Auk þess sem að framan hefur verið frá greint um Vegagerð ríkisins er lagt til að viðfangsefnð Yfirstjórn hækki um 40 þús. kr. vegna hækkunar á tilfærslum um þá fjárhæð, en þær tilfærslur verði þá alls 500 þús. kr. Þessum lið er síðan skipt með bréfi fjvn. til Vegagerðar ríkisins og ganga þær til þess að styrkja ferðamannaþjónustu og greiðasölu að vetrarlagi í afskekktari byggðum og við fjallvegi landsins.

Siglingamálastofnun ríkisins. Lagt er til að gjöld hækki alls um 1400 þús. kr. Lagt er til að laun hækki um 1260 þús. vegna ráðningar fjögurra nýrra skipaskoðunarmanna, en rekstrargjöld hækki um 140 þús. Nefndin flytur hins vegar till. um hækkun á skipaskoðunargjaldi, sem kemur á tekjuhlið fjárlaganna, um 2146 þús. kr. Skipaskoðunargjaldið verði þá í heild 4346 þús. kr. og er það í samræmi við áætlanir stofnunarinnar sjálfrar.

Sjóslysanefnd. Tekið er upp nýtt viðfangsefni, Öryggismálanámskeið fyrir sjómenn 5,5 millj. kr., vegna námskeiða sem fyrirhuguð eru víðs vegar um landið á næsta ári.

Ýmis framlög. Lagt er til að tekin verði upp tvö ný viðfangsefni. Hið fyrra er Sjálfvirkt tilkynningarkerfi 900 þús., sem er framlag til að halda áfram eða ljúka rannsóknum á sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir skip, en fyrir liggur að þeirri rannsókn lokinni að taka um það ákvörðun hvort ráðast eigi í þá fjárfestingu sem því er samfara að taka þetta sjálfvirka tilkynningakerfi í notkun. Bíður sú ákvörðun næsta árs eða næstu fjárlagagerðar. Tekinn er upp nýr liður, Ferðamálasamtök, sem lagt er til að fái 250 þús. kr.

Tillögur er varða iðnrn.:

Orkusjóður: Lagt er til að framlög til sjóðsins vegna sveitarafvæðingar verði hækkuð um 5 millj. kr. og verði samtals 10 millj. kr. Hér er um framlög að ræða sem ganga til þess að tengja ný hús, sem byggð eru víðs vegar á samveitukerfi landsmanna, og verður að leggja fram nokkurt fé til þess að þau verði tengd. Rétt er að taka fram að á þessum lið er nú skuldahali upp á 9,2 millj. kr. svo að það fjárlagaframlag sem hér er lagt til að verði rúmlega nægir til þess að vinna upp þann hala.

Þá eru hér brtt. frá meiri hl. fjvn. á þskj. 421. Í fyrsta lagi er lagt til að gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra verði hækkað úr 75 millj. kr. í 95 millj. kr. og er það í samræmi við nýafgreidd lög á hv. Alþingi. Með sama hætti kemur á móti sambærilegt framlag þannig að þessi fjárhæð kemur bæði tekna- og gjaldamegin í fjárlagafrv. við afgreiðslu fjárlaganna í samræmi við hin nýsettu lög.

Þá er einnig á tekjuhlið gert ráð fyrir leiðréttingu er varðar slysatryggingagjald sem gert er ráð fyrir að hækki um 7 millj. 221 þús. kr., hækkun sem bætist við á tekjuhlið frv. og er komin inn í yfirlit sem ég hef frá greint, en hér er um leiðréttingu að ræða.

Þá er við 4. gr. gjaldamegin lagt til að framlag til vatnsveitna hækki um 1,9 millj. kr. og verði samtals 9,9 millj. kr. Ég vil gjarnan taka það fram að þessi útgjaldaliður, 1,9 millj. kr., er ekki kominn inn í það yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs sem ég hef greint frá hér að framan og breytast þær tölur í samræmi við það. Þessi till. kom það seint inn.

Þá er hér ný grein, 7. gr., sem tillaga er flutt um af meiri hl. fjvn., svohljóðandi:

„Skattvísitala árið 1986 skal vera 136 stig miðað við 100 stig árið 1985."

Þá hef ég, herra forseti, lokið við að greina frá og skýra brtt. fjvn. og meiri hl. fjvn. utan þess að ég hef ekki skýrt tillögur er varða 6. gr. fjárlaga, þ.e. heimildargrein, en ég vísa til þeirra tillagna eins og þær liggja fyrir. Ég ætla að þær muni skýra sig sjálfar.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef mælt fyrir og fjvn. og meiri hl. fjvn. hafa lagt fram.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1986 var lagt fram á áætluðu desemberverðlagi í ár. Við 2. umr. var ljóst að talsvert vantaði á að það verðlag væri rétt metið og jafnframt að uppfærslan yrði meiri á gjöldum en tekjum. Sama niðurstaða blasti við gagnvart uppfærslu frá réttu desemberverðlagi yfir á meðalverðlag ársins 1986. Til þess að sá halli sem leiddi af slíkri beinni uppfærslu í samræmi við endanlegar forsendur kæmi ekki fram við endanlega afgreiðslu fjárlagafrv. hefur verið gripið til ýmissa ráða.

Má þar fyrst nefna að í stað þess að hækka launaliði í frv. um 14,5% í samræmi við forsendur Þjóðhagsstofnunar um gjöld og tekjur eru launaliðirnir í raun hækkaðir um 12,2%. Rekstrargjöld hafa á sama hátt verið hækkuð frá grunni fjárlagafrv. um 15,4% í stað 17,5%, eins og forsendur Þjóðhagsstofnunar um verðlagsþróun á næsta ári segja fyrir um.

Hér er samtals um að ræða gat á útgjaldahlið fjárlaga um 250—300 millj. kr. og hefur það ekki verið skýrt með öðru en almennum hugleiðingum um sparnað, en slík fyrirheit við síðustu fjárlagaafgreiðslur hafa jafnan reynst marklaus og útgjöldin þvert á móti aukist.

Viðhaldsliðir hafa engri uppfærslu tekið né heldur stofnkostnaðarframlög með örfáum undantekningum.

Vaxtaútgjöld hafa verið færð upp að öðru leyti en því að þau eru miðuð við að halli á ríkissjóði í ár verði sá sem tilgreindur er í grg. fjárlagafrv., en litið fram hjá ítrekuðum spám Þjóðhagsstofnunar um að hallinn verði um 450 millj. kr. meiri en þar er áætlað. Ef sú tala reynist réttari vantar um 150 millj. kr. í fjárlög næsta árs vegna aukinna vaxtaútgjalda af þeim sökum.

Ýmsir útgjaldaliðir eru beinlínis vanáætlaðir í fjárlagafrv. og hljóta enga lagfæringu við endanlega afgreiðslu nú. Má þar nefna skrifstofukostnað Lánasjóðs ísl. námsmanna. Áætlað er að raunveruleg útgjöld á árinu 1985 muni nema ríflega 23 millj. kr. Það gæti þýtt nær 30 millj. kr. á verðlagi ársins 1986. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru þessi útgjöld á hinn bóginn áætluð 8 millj. kr. og taka engri uppfærslu nú við 3. umr.

Inn í útgjöld almannatrygginga vantar enn 150 millj. kr. og hafa engar skýringar fengist á því með hvaða hætti verður vikið frá núgildandi reglum um greiðslur almannatrygginga.

Veigamiklir liðir sem skertir voru í fjárlagafrv. skerðast nú enn meir að raungildi þar sem þeir eru ekki hækkaðir í samræmi við verðlag við uppfærslu á fjárlagafrv. af desemberverðlagi 1985 á meðalverðlag 1986. Má þar helst nefna framlög til húsnæðismála, vegagerðar og Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Sérstök fjáröflun sem átti að tryggja viðbótarfjármagn í húsnæðislánakerfið var samþykkt með samkomulagi allra þingflokka s.l. vor. Sá skattur er með fjárlagaafgreiðslu stjórnarflokkanna nú gerður að almennum skatti í ríkissjóð því að framlag ríkissjóðs til húsnæðismála hefur verið dregið saman sem nemur þessum sköttum sem áttu að tryggja viðbótarfjármagn í húsnæðislánakerfið.

Þessi sérstaka tekjuöflun nam á árinu 1985 353 millj. kr., en er í fjárlagafrv. fyrir árið 1986 áætluð 665 millj. kr. eða 88,4% hærri þar sem skattarnir verða í gildi allt næsta ár en aðeins hluta ársins 1985. Miðað við verðlagsþróun hækkar þessi viðbótarskattheimta að raungildi um 213 millj. kr. á næsta ári skv. fjárlagafrv.

Framlag ríkissjóðs að öðru leyti, sú upphæð sem nýja skattheimtan átti að bætast við, nemur í ár 904 millj. kr. Með 28% verðlagshækkun milli ára ætti hið raunverulega fyrra framlag ríkissjóðs að vera 1157 millj. kr. en nemur í fjárlagafrv. 935 millj. kr. þannig að 222 millj. kr. vantar upp á að það haldi raungildi á sama tíma og nýja skattheimtan vex um 213 millj. kr. að raungildi.

Þannig var þetta í fjárlagafrv. Nú er verið að færa frv. upp til áætlaðs verðlags á næsta ári. Hvernig er þá staðið að þessu máli til að stoppa upp í götin í fjárlögunum?

Sérstaka fjáröflunin, sem samkomulag var gert um í fyrra, hækkar við uppfærsluna úr 665 millj. kr. í fjárlagafrv. í líklega 745 millj. kr. eða um 80 millj. kr. Hækkar þá ekki ráðstöfunarfé húsnæðislánakerfisins um þá upphæð? Nei, heildarsumman á að vera óbreytt, 1600 millj. kr., þ.e. þegar verið er að færa útgjaldaþætti almennt frá desemberverðlagi til meðalverðlags 1986 er annað framlag ríkissjóðs til húsnæðislánakerfisins lækkað um 80 millj. kr., úr 935 millj. í 855 millj. kr.

Þannig hækkar sérstaka fjáröflunin um 293 millj. kr. að raungildi á næsta ári, en almennt framlag ríkissjóðs

lækkar að raungildi um 302 millj. kr.

Sú nýja skattheimta, sem samþykkt var af öllum flokkum á síðasta þingi að yrði viðbótarframlag til húsnæðismála, er því við fjárlagaafgreiðslu nú hirt í almennan rekstur ríkissjóðs í basli stjórnarflokkanna við að tjasla saman fjárlögunum og hafa upp í hallann.

Í greinargerð með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 97 millj. kr. framlagi til vegamála af beinum skatttekjum ríkissjóðs og útgjöld til vegamála á árinu 1986 talin nema 2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu samkvæmt eldri grunni útreiknings á þjóðarframleiðslu.

Við uppfærslu frv. nú fyrir 3. umr. hefur fyrirsjáanlegum halla á fjárlögum verið mætt, eins og ég áðan sagði, með því að skilja eftir göt í frv. svo að nemur mörgum hundruðum millj. kr., með því að hækka ekki upp ýmsa útgjaldaliði.

Þetta á auk húsnæðismálanna, sem ég áðan greindi frá, einnig við um framlag til vegamála þannig að nú stendur hvorugt eftir að 97 millj. kr. sé varið af beinum skatttekjum ríkissjóðs til vegamála né heldur hitt að vegaframkvæmdir á næsta ári nemi 2% af þjóðarframleiðslu, en í langtímaáætlun um vegagerð var gert ráð fyrir að á árinu 1986 yrði 2,4% af þjóðarframleiðslu varið til vegamála.

Við afgreiðslu fjárlaga nú gerist hvort tveggja að markaðir tekjustofnar, bensín- og þungaskattur, hækka mjög að raungildi en framlag til nýrra framkvæmda lækkar að raungildi, hvort sem miðað er við rauntölur fyrir árið 1985 eða það sem gert var ráð fyrir í vegáætlun fyrir árið 1986, en hún var samþykkt á Alþingi 23. maí s.l., fyrir sjö mánuðum.

Ef borin eru saman framlög til nýrra framkvæmda í vegamálum á vegáætlun fyrir árið 1986 og samkvæmt þeim fjárlögum sem hér er verið að samþykkja kemur fram að raungildi framlaga til nýrra framkvæmda verður 34,5% minna en ákveðið var með vegáætlun frá s.l. vori. Skattheimtan, bensíngjald og þungaskattur, hækkar á hinn bóginn um 20,1% að raungildi frá því sem áætlað var í vegáætlun.

Ef nýjar framkvæmdir í vegamálum á næsta ári samkvæmt framlögum á væntanlegum fjárlögum eru bornar saman við framkvæmdir á þessu ári minnka þær að raungildi um 6,5%, en skattheimta af bifreiðaeigendum hækkar á sama tíma um 26,9% að raungildi frá árinu í ár. Samtímis því að skattheimtan er stórlega aukin eru framkvæmdir skornar niður til þess að hafa upp í hallareksturinn og í vaxtahítina hjá ríkissjóði. Þessi niðurskurður veldur því að framlög til vegamála verða á næsta ári ekki 2,4%, eins og ákveðið var að stefna að í langtímaáætlun um vegagerð, og ekki 2%, eins og lýst er yfir í grg. fjárlagafrv., heldur 1,7% miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar um 120 þús. millj. kr. þjóðarframleiðslu á eldri grunni. 140 millj. kr. vantar upp á að staðið sé við þá reglu, sem sett hefur verið eða hefur gilt að undanförnu, að a.m.k. 50% af samanlögðum heildarsköttum af bensíni, þ.e. tollum og söluskatti af bensíni og bensíngjaldi, renni til vegamála.

Afgreiðsla á Lánasjóði ísl. námsmanna er með þeim hætti, í sem fæstum orðum sagt, að miðað við þá afgreiðslu sem stefnt er að við 3. umr. telur stjórn sjóðsins að til lánveitinga samkvæmt núgildandi reglum sjóðsins skorti um 650 millj. kr., en Fjárlaga- og hagsýslustofnun telur að ekki sé séð fyrir um 410 millj. kr. vegna lánveitinga á næsta ári. Það telur Fjárlaga- og hagsýslustofnun að muni hafa í för með sér að lækka þurfi lánin úr sjóðnum um 30%.

Hv. þm. geta haft mismunandi skoðanir á því hversu há námslán skuli veita til einstakra námsmanna, en það er alveg ljóst að sé það stefna stjórnvalda að skera lánin niður um 30% getur það ekki gerst með þeim fyrirvaralausa hætti sem hér er lagt til. Þegar lánveitingar fyrir fyrri hluta næsta árs hafa jafnvel þegar verið tilkynntar verða afleiðingarnar þær að naumast yrði um neinar lánveitingar að ræða á síðari hluta ársins. Ég sé ekki að unnt sé að standa þannig að þessu máli.

Fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði á næsta ári er nú við afgreiðslu fjárlaga ekki aðeins mætt með vanáætlun útgjaldaliða og með því að hirða markaðar tekjur í almenn útgjöld ríkissjóðs heldur gerist það einnig við þessa fjárlagaafgreiðslu að afnotagjöld Pósts og síma eru gerð að almennum skattstofni ríkissjóðs. Þessi nýja skattheimta í ríkissjóð jafngildir öllum ársfjórðungsgjöldum af heimilis- og verslunarsímum. Skatturinn jafngildir því að ársfjórðungsgjöldin þurfi að tvöfaldast og ofan á það bætist söluskattur. Heildarhækkunin nemur því alls 235 millj. kr.

Í áætlun um rekstur Pósts og síma á næsta ári nú við afgreiðslu fjárlaga er gert ráð fyrir því að öll afnotagjöld Pósts og síma hækki um 16—17% í upphafi árs. Af hækkuninni fari ríflega ¾ hlutar beint í ríkissjóð, þ.e. 13% hækkun á afnotagjöldum af 16—17% heildarhækkun fari í ríkissjóð, og ofan á bætist 25% söluskattur.

Þetta er ný aðferð við skattlagningu í ríkissjóð og draga má í efa að hún sé lögleg þar sem ekki er heimilt að ákvarða nýja skatta með fjárlögum einum. Ég tel einnig óvíst að hún samrýmist lögum um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Fjárlagaafgreiðslan að þessu sinni einkennist af því að til viðbótar rekstrarhalla sem samkvæmt núgildandi uppsetningu fjárlaga nemur um 120 millj. kr. á næsta ári vantar mörg hundruð millj. kr. inn í útgjaldahlið fjárlaganna.

Þá eru tekjustofnar, sem ætlaðir voru til sérstakra verkefna, hirtir í almennan rekstur ríkissjóðs.

Tekin er upp ný skattheimta með sérstakri hækkun afnotagjalda Pósts og síma, en sá skattur rennur beint í rekstur ríkissjóðs að viðbættum 25% söluskatti ofan á þann skatt.

Skuldasöfnun ríkissjóðs vex og nemur lántaka til A-hluta á næsta ári 3700 millj. kr. Þar af eru erlend lán tekin til reksturs A-hluta ríkissjóðs 1600 millj. kr.

Vaxtagreiðslur A-hluta hækka á næsta ári úr 1472 millj. kr. í 2370 millj., um 898 millj. kr., eða 61%. Vaxtagjöldin hækka að raungildi um nær 500 millj. kr. á næsta ári. Sú upphæð gæti þó orðið 150 millj. kr. hærri eða 650 millj. kr. raunhækkun ef halli á ríkissjóði í ár verður í líkingu við spá Þjóðhagsstofnunar.

Fjárlagaafgreiðslan markast af sívaxandi skuldasöfnun og auknum vaxtakostnaði sem veldur skerðingu á öllum framlögum til samfélagslegra framkvæmda á sama tíma og framkvæmdir blómstra hjá verslunarrekstrinum á höfuðborgarsvæðinu.

Fjárlagaafgreiðslan ber merki um örvæntingarfulla leit að aðferðum til þess að ná sem næst saman endum á pappírnum, enda þótt um raunverulegan hallarekstur sé að ræða. Hætt er því við að lítið meira mark verði tekið á þeim fjárlögum sem hér er verið að afgreiða en þeim

sem nú gilda, en sýnt er að halli á ríkissjóði í ár verður a.m.k. 1100 millj. kr. og jafnvel 1500—1800 millj. kr. meiri en prentað var í fjárlög fyrir u.þ.b. ári síðan.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Áður en ég kem að meginefni máls míns vil ég geta þess sem gerðist fyrir nokkrum mínútum. Ég fékk þá upphringingu sem gerir það að verkum að ég kemst ekki hjá því að taka mál fyrir í þessum ræðustól sem ég hefði ekki gert annars.

Öfugt við ýmis byggðarlög, sem starfrækt hafa um nokkurt skeið gagnfræðaskóla og barnaskóla í einni stofnun, grunnskóla, hafa Ísfirðingar á umliðnum árum rekið þessar skólastofnanir aðgreindar, annars vegar sem gagnfræðaskóla og hins vegar sem grunnskóla. Það hafa þráfaldlega komið fram frá hæstv. menntmrn. óskir um að þeir Ísfirðingar hyrfu frá þessari stefnu sinni en færu þá leiðina í staðinn að sameina þessar tvær skólastofnanir í einn grunnskóla. Sérstök nefnd til þess að endurskoða þessi mál var sett á laggirnar af hálfu bæjarstjórnar Ísafjarðar fyrir nokkrum mánuðum og starfaði hún að þessum málum í samráði við menntmrn. Samkvæmt sérstakri ósk menntmrn. var fallist á að framkvæma þessa sameiningu skólanna og láta hana koma til strax á þessu hausti. Til þess að það yrði hægt þurfti að leggja í framkvæmdir þá þegar, m.a. við breytingu innréttinga, sameiningu kennslustofa í eina og aðrar byggingarframkvæmdir sem Ísfirðingar hófust þegar handa um og eru búnir að framkvæma fyrir á fjórðu milljón kr. Það vakti hins vegar athygli mína þegar við hófum störf í fjvn. í haust að engin tillaga barst frá hæstv. menntmrn. um framlag til þessra framkvæmda og hafði þó menntmrn. gert tillögur um framkvæmdir langt umfram það sem framkvæmdafé nam í fjárlögum. Tilraunir til þess að fá málið tekið upp innan fjvn. báru ekki árangur, m.a. vegna þess hversu erfitt er að taka upp tillögur sem menntmrn. hefur sjálft ekki gert.

Núna fyrir nokkrum mínútum hringdi einn af starfsmönnum menntmrn. í mig sem starfað hefur að þessu máli með þeim Ísfirðingum. Það var Sigurður Helgason. Hann hafði þá nýlega fengið skeyti frá bæjarstjórn Ísafjarðar þar sem hann var spurður hvernig á því stæði að menntmrn. stæði ekki við samninga sem það hefði gert og samkomulag sem það hefði gert. Sigurður sagði mér að hann ætti ekki orð til yfir það að ráðuneytið hefði hvorki gert tillögur um framlög á þessu ári né næsta ári til þessa verkefnis. Hann tjáði mér að hann væri reiðubúinn til að staðfesta eftirfarandi og ég mætti hafa það eftir sér og hann mun koma í Alþingishúsið innan skamms til þess að staðfesta það við mig sjálfur og væntanlega hæstv. ráðh. líka:

1. Það var ráðist í þessa framkvæmd að fyrirlagi menntmrn. og samkvæmt þess.

2. Menntmrn. hét Ísfirðingum því að helmingur framkvæmdakostnaðar sem lagt yrði í á þessu ári yrði greiddur og lofaðist til þess að gera tillögu um aukafjárveitingu í því skyni.

3. Menntmrn. hét Ísfirðingum því að sjá til þess að tillaga yrði gerð og afgreiðsla fengin á fjárveitingum fyrir næsta ár, árið 1986, til grunnskólans á Ísafirði svo að halda mætti áfram þeim framkvæmdum sem hafnar eru af bæjaryfirvöldum og greiddar hafa verið úr bæjarsjóði að beiðni menntmrn.

Sigurður Helgason tók fram að hann væri reiðubúinn til að staðfesta þessar upplýsingar hvar og hvenær sem er.

Ráðuneytið hefur hins vegar ekkert af þessu gert. Það hefur ekki gert neinar tillögur um aukafjárveitingar til grunnskólans á Ísafirði vegna framkvæmda á þessu ári og það gerði ekki heldur neinar tillögur um fjárveitingar til framkvæmda við skólann á næsta ári.

Herra forseti. Ég geri mér það alveg fyllilega ljóst að úr þessu verður málið ekki tekið upp innan fjvn. sem hefur lokið sínu starfi. En ég vil eindregið óska þess við hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. að þeir taki nú málið til skoðunar og kanni hvort það sé ekki rétt sem Sigurður Helgason hefur staðfest við mig. Sé það rétt er það að sjálfsögðu skylda hæstv. ráðh. að sjá til þess að það sé staðið við fyrirheit og samkomulag sem gert hefur verið við bæjarstjórn Ísafjarðar í þessu máli.

Ég hef jafnframt, herra forseti, óskað eftir því við 1. þm. Vestf. að hann beiti sér fyrir því að þegar eftir jólin verði boðaður fundur með bæjarstjórn Ísafjarðar og menntmrn. til þess að greiða úr þessum málum.

Í ítreka það, herra forseti, að undir eðlilegum kringumstæðum hefði svona mál ekki átt erindi í þessa umræðu, en vegna málsatvika sá ég mér ekki annað fært en taka málið upp á þessum vettvangi og skora á hæstv. ráðh. að leysa úr þessu máli.

Herra forseti. Fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. nú liggur eftirfarandi fyrir:

Í fyrsta lagi: Halli á rekstri ríkissjóðs á árinu 1985 mun nema eigi lægri fjárhæð en 2,3 milljörðum kr. samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar. Engar ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu ríkisstj. til að mæta þessum halla, hvorki með sparnaði né með tekjuöflun. Hallinn mun því koma fram í aukningu erlendra skulda á þessu ári. Það er til vitnis um búskap hæstv. ríkisstj. að í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir útgjöldum til greiðslu vaxta né afborgana nema af hluta þeirrar skuldar sem eftir stendur af árinu 1985 hjá ríkissjóði.

Í öðru lagi: Til viðbótar við hallarekstur ríkissjóðs sjálfs kemur hallarekstur opinberra sjóða, fyrirtækja og stofnana. Samtals nemur hallareksturinn í opinberum búskap á árinu 1985 um það bil 8 milljörðum kr. Allur þessi hallarekstur er fjármagnaður með erlendum lánum.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu í fjármálastjórn hins opinbera á árinu 1985 stendur nú til hefðbundin fjárlagaafgreiðsla sem byggð er í senn á sjálfsblekkingu, óraunsæi og óbreyttri óstjórnarstefnu í fjármálum ríkisins. Áformuð er aukin erlend lántaka ríkissjóðs á næsta ári frá lánsfjárlögum 1985. Horfið er frá samþykktri stefnumörkun Alþingis um 2. áfanga tekjuskattslækkunar á árinu 1986. Gefist er upp við áform um einföldun tollakerfis og lækkun tolla. Gefist hefur verið upp við að tiltaka sparnað að fjárhæð 250 millj. kr., sem fjmrh. boðaði við 2. umr., en reynt að leyna uppgjöfinni með þeirri einföldu aðferð að áætla launa- og reksturskostnað lægri, en áform sjálfrar ríkisstj. um laun og rekstrargjöld ættu að hækka þessa liði í samræmi við verðlagsspá hennar sem öllum er þó ljóst að er gróflega vanáætluð og víðs fjarri veruleikanum. Nýir neysluskattar eru auk þess á lagðir í dulargervi, t.d. skattar, sem eiga að renna í ríkissjóð, á notendur Pósts og síma að fjárhæð 188 millj. kr. Er það í fyrsta sinn sem notendur Pósts og síma greiða með notendagjöldum

sínum ekki bara greiðslur til stofnunarinnar heldur beina skatta í ríkissjóð. Þar að auki eru svo samþykktar framkvæmdir og fjármunatilfærslur án þess að ráð sé gert fyrir tekjum til þeirra. T.d. hefur ríkisstj. fallist á framkvæmdaáform hjá Pósti og síma sem munu krefjast um það bil tvöfalt meiri hækkunar á afnotagjöldum Pósts og síma en vitað er að ríkisstj. hefur þegar fallist á og skilur hún það mál eftir alveg óafgreitt.

Að öllu samanlögðu stendur því til við þessar aðstæður að afgreiða hefðbundin fjárlög sem við afgreiðsluna fela í sér ekki minna en 800—1000 millj. kr. halla á rekstri ríkissjóðs, en í rauninni mun hallinn á árinu 1986 verða eigi minni en hann var og er á árinu 1985 og aukning erlendra skulda vaxa að sama skapi. Þetta er ekki aðeins niðurstaða mín. Það er niðurstaða Morgunblaðsins, málgagns hæstv. ríkisstj., sem komst að þessari sömu niðurstöðu og birti hana fyrir nokkrum dögum, að miðað við óbreytta afgreiðslu fjárlaga eins og nú á að fara fram mundi halli á ríkissjóði á næsta ári verða meiri en hann varð í ár og erlend skuldasöfnun verða meiri en hún hefur orðið á þessu ári.

Hitt er einnig mjög alvarlegt að öllum þessum fjármunum að viðbættum nær öllum tekjum ríkissjóðs er því sem næst einvörðungu varið í rekstur ríkisins sjálfs og stofnana þess en ekki til arðvænlegra framkvæmda því hlutur ríkisins í framkvæmdum í landinu er því sem næst enginn orðinn. Allir þessir fjármunir fara í að halda kerfinu sjálfu gangandi. Ríkissjóður er orðinn eins og mjólkurkýr sem ekki mjólkar lengur. Hvað eina sem ríkissjóði er aflað fer til þess að halda ríkinu og stofnunum þess, kerfinu sjálfu, gangandi.

Þegar þessar horfur voru ljósar taldi þingflokkur Alþfl. það vera algert ábyrgðarleysi að afgreiða fjárlög með hefðbundnum hætti. Ásamt öðrum stjórnarandstæðingum stóðum við því að þeirri tillögu við 2. umr. fjárlaga að fjárlagaafgreiðslunni yrði frestað og fjárlagagerðin tekin til endurskoðunar frá grunni, m.a. með það fyrir augum að gerðar yrðu kerfisbreytingar á ríkisbúskapnum. Til þess að slíkt yrði framkvæmanlegt bauðst Alþfl. til þess að sýna ríkisstj. og fjmrh. það traust að afgreiða á Alþingi þær greiðsluheimildir sem ríkisstj. og fjmrh. teldu nauðsynlegar og einnig bauðst flokkurinn til þess að eiga hlut að endurskoðun fjárlaganna og leggja m.a. fram í því sambandi tillögur sínar og hugmyndir um styrkingu fjárlagagerðarinnar og kerfisbreytingar í ríkisbúskapnum. Þessar tillögur Alþfl. og annarra stjórnarandstæðinga voru felldar við 2. umr. fjárlaga og boðinu um samstarf um grundvallarendurskoðun fjárlagagerðarinnar þar með hafnað.

Í samræmi við afstöðu sína um nauðsyn þess að flokkar Alþingis breyti um viðhorf og taki upp ábyrga stefnu við fjárlagagerð, bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar, telur þingflokkur Alþfl. því rétt að kynna nú við 3. umr. fjárlaga þær breytingar sem hann hefði sérstaklega lagt áherslu á að skoðaðar yrðu ef sú leið hefði verið valin, sem hann lagði til, að fjárlagagerðin yrði endurskoðuð frá grunni.

Þessar tillögur Alþfl. eru hvorki tæmandi tillögur né endanlegar, enda unnar við erfiðar aðstæður og á skömmum tíma, en þær eru hugsaðar sem vísbending frá þingflokki Alþfl. um í hvaða átt hann vill stefna varðandi stjórn opinberra fjármála á Íslandi og hvers konar breytingar hann telur nauðsynlegt að gera við framkvæmd breyttrar stefnu í efnahagsmálum.

Meginmarkmið þeirra brtt., sem þingflokkur Alþfl. flytur á þskj. 377, eru eftirfarandi:

1. að treysta fjárlagagerðina m.a. með því að við fjárlagaafgreiðslu sé áætlað fyrir umtalsverðum rekstrarafgangi hjá ríkissjóði sem geti þá a.m.k. mætt óvæntum áföllum eða ófyrirséðum útgjöldum á komandi ári;

2. að draga mjög verulega úr lánsfjárþörf ríkissjóðs og ríkisstofnana og þar með úr þörf fyrir lántökur erlendis;

3. að taka til endurmats ýmis grundvallaratriði í ríkisbúskap og ríkisrekstri, m.a. í þeim tilgangi að atvinnuvegir landsmanna fái eðlilegt svigrúm og frjálsræði til rannsóknarstarfsemi í sína þágu, en taki þá um leið við aukinni ábyrgð bæði stjórnunarlegri og fjárhagslegri, og

4. að ríkisvaldið geti á ný tekið eðlilegan þátt í framkvæmdum og arðvænlegri uppbyggingu í landinu í stað þess að meginþorra þeirra fjármuna sem til ríkisins ganga sé varið í það eitt að halda kerfinu gangandi.

Þessum markmiðum vill Alþfl. m.a. ná með samræmdum aðgerðum á sviði opinberrar fjármálastjórnar og því hefur þingflokkur Alþfl. nú flutt samræmdar brtt. við fjárlög og lánsfjárlög. Þessar brtt. varða:

I. Lántökuáform ríkissjóðs og opinberra aðila.
II. Tekjuöflun ríkissjóðs.
III. Útgjaldaáform ríkissjóðs.
IV. Kerfisbreytingar í ríkisrekstri.
V. Olnbogarými til athafna, það svigrúm sem þessar breytingar skapa til þess að ríkið geti á ný gerst virkur þátttakandi í þjóðlífinu með framlögum til framkvæmda og félagslegra athafna.

Á öðrum vettvangi, þ.e. við 2. umr. um lánsfjárlög í Nd. Alþingis, hefur verið gerð grein fyrir brtt. Alþfl. við lánsfjárlög sem hafa að markmiði að draga mjög verulega úr lántökum opinberra aðila, einkum lántökum þeirra erlendis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginatriðum í tillögum Alþfl. um breytingar á fjárlögunum sjálfum, þ.e. á ríkisrekstrinum í þrengri merkingu.

I. Um lántökuáform ríkissjóðs og ríkisstofnana. Í brtt. Alþfl. er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum frá áformum fjmrh. í lántökum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja:

1. Lántökuáform ríkisfyrirtækja eru lækkuð um 350 millj. kr. og þeim lántökum breytt í ríkisframlög. Útvegað er fjármagn til þeirra auknu framlaga.

2. Heildarlántökuþörf ríkissjóðs er lækkuð og þar með er erlend lántaka hans lækkuð um 1674 millj. eða meira en helming þess sem ríkisstj. ráðgerir að erlend lántaka nemi á næsta ári.

II. Tekjuöflun ríkissjóðs.

1. Til þess að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs er rekstrarafgangur hans aukinn úr um það bil 190 millj. kr. samkvæmt frv. fjmrh. í um 1200 millj. kr. eða samtals um rösklega 1 milljarð kr.

2. Í tillögum Alþfl. er gert ráð fyrir því að staðið sé við stefnumörkun Alþingis um afnám tekjuskatts af launatekjum og tekjuskattur lækkaður um 740 millj. kr. umfram áform ríkisstj.

3. Alþfl. vill að staðið sé við fyrri áform um einföldun á tollafrumskóginum, sem leiða mun til lækkunar tolla um 340 millj. kr., og flytur tillögu um það.

4. Alþfl. vill ekki að það tekjutap sé bætt með breytingum á vörugjaldi sem leiða mun til mikilla

innbyrðis verðbreytinga, um allt að þriðja tug prósenta, á ýmsum neysluvörum, svo sem brauðvörum. Því flytur flokkurinn tillögu um lækkun á vörugjaldi frá áformum í fjárlögum um á fjórða hundrað milljóna kr.

5. Alþfl. vill skattleggja þá stórfelldu eignasöfnun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum í skjóli skattlauss verðbólgugróða og flytur því tillögu um stighækkun eignarskatts sem mun lækka eignarskatt einstaklinga um rúmlega 80 millj. kr. frá áformum fjmrh. en auka eignarskatt félaga um 577 millj. kr. frá tillögum hans.

6. Alþfl. vill að söluskatturinn sé þannig framkvæmdur að unnt sé að hafa eftirlit með því að honum sé skilað til ríkissjóðs, sem ekki er nú, og flytur því tillögur um fækkun undanþága sem auka mundu tekjur ríkissjóðs af söluskattinum um a.m.k. 5 millj. kr. Fyrir liggja upplýsingar um að ef allar undanþágur frá söluskatti væru felldar niður mundi söluskatturinn skila tvöfalt meiri tekjum en hann skilar eins og hann er framkvæmdur í dag. Við gerum ekki tillögu um að allar undanþágur verði felldar niður frá söluskattinum, en við gerum tillögu um að þeim verði mjög verulega fækkað þannig að almenn viðskiptavelta sé öll söluskattsskyld. Þetta mun gefa ríkissjóði í tekjur um 5 milljarða kr. Þetta svigrúm viljum við nota til þess að lækka söluskattsprósentuna úr 25% í 20% og fer þá um helmingurinn af þeim tekjuauka sem ég var að ræða um hér áðan. Til þess að vega upp á móti áhrifum söluskattshækkunarinnar leggjum við svo til að bætur lífeyristrygginga, svo sem mæðralaun, ekkjubætur, barnalífeyrir, tekjutrygging o.s.frv., verði hækkaðar um 20% sem ásamt með öðrum nýmælum í tillögum flokksins í lífeyristryggingamálum munu auka greiðslur til aldraðra, öryrkja, barnmargra fjölskyldna og lágtekjufólks um 1,9 milljarða kr.

7. Alþfl. vill einföldun skattakerfisins og flytur því tillögur um skattahreinsun, þ.e. um afnám alls konar smáskatta sem flækja skattakerfið og eru auk þess í mörgum tilvikum óréttlátir, dýrir og erfiðir í innheimtu. Samtala þeirra skatta, sem flokkurinn leggur til að hreinsaðir verði út úr fjárlögum með þessum hætti, er á sjöunda tug milljóna kr.

III. Þá komum við að útgjaldaáformum ríkissjóðs, en tillögur Alþfl. um sparnað og niðurskurð í ríkisrekstri miðast ekki eins og tillögur ríkisstj. við ótiltekin áform um samdrátt eða sparnað heldur flytur flokkurinn ákveðnar og afmarkaðar tillögur. Meðal þeirra eru:

1. Niðurfelling heimildar til fjmrh. um að verja allt að 70 millj. kr. til hlutafjárkaupa og stofnfjárframlaga til ótiltekinna aðila.

2. Tilflutningur verkefna frá ríkinu til aðila í atvinnulífinu, svo sem með því að leggja niður ríkisstofnanir sem fást við viðfangsefni sem eðlilegt er að atvinnulífið sjái sjálft um. Meðal slíkra stofnana, sem tillaga er gerð um að niður séu lagðar, eru húsameistari ríkisins, tilraunabú og tilraunastöðvar, fóður- og grasköggla-verksmiðjur, Bifreiðaeftirlit ríkisins, ríkisrekið mat á sjávarafurðum og landbúnaðarafurðum, laxeldisstöð í Kollafirði.

3. Þá flytjum við tillögur um niðurskurð framlaga til óarðbærra framkvæmda og athafna, svo sem til útflutningsbóta, til fjárfestinga í hefðbundnum landbúnaði og til gæluverkefna pólitískra stjórnvalda sem hvorki auka efni né bæta lífskjör þjóðarinnar.

IV. flokkur okkar tillagna fjallar um kerfisbreytingar þær sem gera verður í rekstri hins opinbera ef menn ætla að ná einhverjum varanlegum árangri.

Í fyrsta lagi leggjum við þar til að Kennaraháskóli Íslands verði sameinaður Háskóla Íslands þannig að aðeins verði um að ræða einn Háskóla Íslendinga en ekki tvær háskólastofnanir með tvöfaldri yfirstjórn og tvöföldum stjórnunarkostnaði.

Í öðru lagi leggjum við Alþýðuflokksmenn til að allar þær rannsóknarstofnanir, sem fást við hagnýt rannsóknarverkefni, verði gerðar að sjálfseignarstofnunum með sjálfstæð og sjálfstæði, m.a. um verkefnaval. Í tillögum okkar er gert ráð fyrir því að ríkisvaldið greiði tiltekinn grunnkostnað við starfsemi þessara stofnana sem að öðru leyti kosti starfsemi sína sjálfar, enda ráði þær þá í samráði við atvinnulífið hvaða hagnýt rannsóknarefni eru tekin til meðferðar og atvinnulífið greiði kostnaðinn við slíkar rannsóknir að undanteknum þeim grunnkostnaði sem ríkið greiðir. Um leið gerum við tillögur um að ríkið tvöfaldi framlög sín í rannsóknarsjóð, en þangað geta þessar stofnanir eins og aðrir aðilar sótt um fjárveitingar til einstakra rannsóknarverkefna.

Þriðji þáttur í tillögum okkar um kerfisbreytingar er að Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, þ.e. gömlu atvinnumálaráðuneytin, sem gegna tvöföldu hlutverki, annars vegar opinberir gagnasöfnunaraðilar, hins vegar þjónustuaðilar í þágu hagsmunasamtaka, verði lögð niður sem ríkisstofnanir, en viðkomandi atvinnuvegir yfirtaki rekstur þeirra og stjórn. Opinber gagnasöfnunarverkefni þessara stofnana, svo sem skýrslugerðir og upplýsingasöfnun, verði hins vegar færð yfir til Hagstofu Íslands og gerum við ráð fyrir því í okkar tillögum að fjárveitingum til Hagstofunnar verði hagað samkvæmt því.

Í fjórða lagi gerum við tillögu um það í okkar kerfisbreytingartillögum að ríkisvaldið hætti afskiptum af atvinnurekstri og viðfangsefnum sem í nútíma þjóðfélagi eru eðlileg verkefni annarra aðila, eins og sveitarfélaga eða atvinnufyrirtækja i einkaeigu eða í eigu samvinnuhreyfingarinnar.

Fimmta atriðið í okkar kerfisbreytingartillögum er að niðurgreiðslur á tilteknum neysluvörum, sem stjórnvöld ákveða hverjar skuli vera, verði afnumdar og þeim breytt í beinar niðurgreiðslur til neytenda þannig að neytendurnir fái sjálfir að ráða því hvaða vörur eða þjónustu þeir vilja niðurgreiða af opinberu fé og séu því ekki bundnir við annað neyslumynstur en þeir sjálfir kjósa.

Sú aðferð, sem við höfum í huga varðandi framkvæmd slíkra beinna niðurgreiðslna til neytenda, er ný útfærsla á hinu gamla fjölskyldubótakerfi sem við þekkjum frá fyrri árum, ný útfærsla sem tryggir það í fyrsta lagi að ungt fólk með eitt eða tvö börn á framfæri fái mjög verulegar greiðslur og í öðru lagi að mjög stórar fjölskyldur, þar sem foreldrar hafa mjög mörg börn á framfæri, fái verulegar greiðslur. Þessar greiðslur, sem við gerum tillögu um að upp verði teknar með þessum hætti, nema frá 6 og upp í 8 þús. kr. á hvert barn á mánuði miðað við þær takmarkanir sem ég hef hér lýst.

V. Þá, herra forseti, skilar samtala þeirra breytinga, sem við leggjum til að gerðar verði með þessum hætti, auknu svigrúmi fyrir ríkisvaldið til þess að veita fjár-

munum í félagsleg viðfangsefni og í framkvæmdir. Í samræmi við það gerum við tillögur um að svigrúmið sé m.a. þannig nýtt:

Í fyrsta lagi til þess að stórauka framlög í Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna til þess að unnt verði að leysa vanda húsbyggjenda. Alþfl. leggur til að þessi framlög verði samtals aukin um tæplega 600 millj. kr.

Í öðru lagi gerum við tillögur um aukningu á framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra og til þjónustu við fatlað fólk.

Í þriðja lagi gerum við ráð fyrir því að aukið verði framlag til sjúkratrygginga um alla þá fjárhæð sem ríkisstj. áformar að flytja frá sjúkratryggingum og yfir á sjúklinga sem sérstakan skatt á sjúkt fólk á næsta ári.

Í fjórða lagi leggjum við til að auka framlög til Þjóðarbókhlöðu, til sjúkrahúsabygginga, til framkvæmda við Landspítala, til grunnskóla, til hafnarmannvirkja og til fjölmargra annarra framkvæmdaliða þannig að ríkið geti tekið eðlilegan þátt í framkvæmdum í landinu og staðið við þá verkáfanga og þær framkvæmdir sem ráðgerðar hafa verið af opinberum aðilum á næsta ári.

Í fimmta lagi leggjum við síðan til mjög verulega aukningu á fjárveitingum til þess að efla eftirlit með skattsvikum með sérstakri fjárveitingu til skattrannsókna á vegum ríkisskattstjóra. Þær kerfisbreytingar og sparnaður, sem við gerum tillögur um, gera okkur fært að ná þessum markmiðum og flytja tillögur um auknar fjárveitingar í þessu sambandi.

Herra forseti. Þó að tillögur þær, sem við gerum, séu margar eru þær ekki tæmandi né endanlegar og fullkomnar, enda unnar á skömmum tíma og við erfiðar aðstæður. En þær eru ábendingar okkar Alþýðuflokksmanna um hvernig beri að standa að endurskoðun fjárlagagerðarinnar þar sem frá grunni verði farið ofan í ríkisbúskapinn og tekist á við vandamálin þar af kjarki og einbeitni sem flestar ríkisstjórnir á Íslandi hefur stórlega skort.

Það sem við erum að gera nú hefur aldrei fyrr gerst hér á Alþingi, þ.e. að stjórnarandstöðuflokkur taki sig til og leggi fram heildstæðar tillögur í mörgum liðum, ekki bara um vinsælu viðfangsefnin, ekki bara um aukin útgjöld og aukna eyðslu heldur einnig um mál sem ekki eru vinsæl en er nauðsynlegt að gera ef ná á tökum á ríkisrekstrinum. Það hefur aldrei áður gerst að stjórnarandstöðuflokkur hafi komið fram með þannig tillögur, hafi lýst þannig óhikað stefnu sinni, hafi boðið fram samstarf sitt til þess að endurskoða fjárlagagerð með slíkum hætti.

Eðlilegt er að spurt sé: Hvaða áhrif hafa þessar tillögur Alþfl. annars vegar á afkomu ríkissjóðs, hins vegar á lántökuþörf og erlendar lántökur? Þetta eru lykilorðin í allri umfjöllun um fjárlagagerð á Íslandi. Við Alþýðuflokksmenn höfum fengið Fjárlaga- og hagsýslustofnun til þess að yfirfara tillögur okkar, færa þær upp á rétt verðlag og reikna síðan út afkomuna á greiðsluyfirliti ríkissjóðs eins og því er lýst í 1. gr. fjárlaga. Stærstu tölurnar þar, samkvæmt niðurstöðu Hagstofunnar á endanlegu verði fjárlagafrv., eru þessar:

Samkvæmt tillögum ríkisstj. er gert ráð fyrir því að tekjur umfram gjöld hjá ríkinu verði 188 millj. kr. Samkvæmt tillögum Alþfl. um breytingar við fjárlögin er niðurstaða Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að tekjur umfram gjöld hjá ríkissjóði verði 1215 millj. 946 þús. kr. Samkvæmt áformum hæstv. ríkisstj. gerir hún ráð fyrir því að taka til láns til þess að endurlána ríkisstofnunum 960 millj. kr. á næsta ári. Samkvæmt tillögum Alþfl. er gert ráð fyrir því að taka til láns til þess að endurlána þessum sömu stofnunum 570 millj. kr. Mismuninum þar á milli er ekki eytt með einhverjum æfingum, eins og hæstv. ríkisstj. gjarnan gerir tillögur um, heldur er í tillögum Alþfl. reiknað með því að mismuninum á þessum lántökum sé breytt í bein framlög úr ríkissjóði og eru tillögur um það gerðar hjá okkur. Þrátt fyrir það er rekstrarafkoman hjá okkur á ríkissjóði 1216 millj. kr. á sama tíma og áform ríkisstj. eru um 188 millj. kr. tekjur umfram gjöld. Niðurstaðan á erlendum lántökum miðað við þær brtt. sem við flytjum eru annars vegar samkvæmt fjárlagafrv. 2 milljarðar 550 millj. kr. eða um það bil, en samkvæmt brtt. þeim sem við flytjum, yrðu þær samþykktar, yrði niðurstöðutalan 1 milljarður 50 þús. kr. eða meira en helmingi lægri en þær lántökuþarfir sem hæstv. ríkisstj. ráðgerir.

Þá kem ég að brtt. sjálfum á þskj. 377 og skal fara mjög hratt yfir sögu því þær eru margar og ég vil ekki tefja fundi þingsins með of löngum lýsingum á þeim. Við höfum samið bæði grg. og fengið Fjárlaga- og hagsýslustofnun til þess að áætla annars vegar tekjuauka og hins vegar tekjutap á nýjasta fjárlagaverðlagi með hverri tillögu fyrir sig.

1. till. á þskj. gerir ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að lækka framlag til hluta- og stofnfjárframlaga úr 140 millj. í 70 millj. kr.

2., 3. og 4. till. eru áhrif af þeim breytingum á eignarskatti sem við flytjum tillögur um. Þær lækka eignarskatt einstaklinga um 80 millj. kr., en hækka eignarskatt félaga um 577 millj. kr.

5. till. okkar er varðandi breytingu á tekjuskatti þess efnis að staðið sé við samþykkt Alþingis um lækkun tekjuskatts í áföngum og að árið 1986 verði gert annað áfangaár. Mun sú tillaga, ef samþykkt verður, hafa þær afleiðingar að tekjuskattur einstaklinga mun lækka um 740 millj. kr.

6. till. okkar varðar vörugjald. Við föllumst ekki á að tekjur ríkissjóðs séu jafnaðar, eins og hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir, með því að hækka vörugjald, sem hefði leitt til mjög mikilla verðbreytinga á einstökum útgjaldaliðum heimila, og gerum því tillögu um að frá þeirri hækkun sé horfið. Það mun kosta ríkissjóð um 340 millj. kr.

Loks kemur till. okkar um söluskattinn, afnám undanþága sem mun skila ríkissjóði í auknar tekjur a.m.k. 2,6—2,7 milljörðum kr.

8. og 9. till. ásamt 11. till. eru svo varðandi það sem við höfum kallað skattalagahreinsun, niðurfellingu smáskatta sem menn hafa verið að leggja á og aldrei hefur verið ætlað að standa nema eitt og eitt ár en eiga sumir rætur sínar að rekja allt til ársins 1946. Er raunar fráleitt þegar menn eru með í ríkiskerfinu skatta eins og t.d. lestargjald sem mig minnir að gefi 50—60 þús. kr. í ríkissjóð eða eitthvað nálægt því og er lagt á skip 10 brúttórúmlestir og stærri með 1,50 kr. á hverja brúttórúmlest. Það er alveg fráleitt að menn skuli vera með slíka skatta allar götur frá árinu 1946 og séu ekki enn þá búnir að hreinsa þá út. Þeir skattar sem við leggjum til

að hreinsaðir séu út eru í fyrsta lagi miðagjald, í öðru lagi skoðunargjald ökutækja og prófgjöld, sérleyfisgjald, lestargjald, vitagjald, skipaskoðunargjald og auk þess flugvallaskattur sem skiptir verulegu máli í tekjum ríkissjóðs, 40 millj. kr., en er í raun skattur af samgöngukerfi Íslendinga, bæði innanlands og milli landa.

Síðan gerum við ráð fyrir því í 12. gr. að hækkaðar verði tekjur ríkisins af leigu ríkisjarða. Ríkið er stærsti jarðeigandi á Íslandi og á fleiri tugi jarða sem leigðar eru út bæði til einstaklinga og félaga til ýmissa þarfa. Heildartekjur ríkissjóðs af öllum þessum ríkisjörðum eru áætlaðar 1,4 millj. kr. Það dugar ekki einu sinni til þess að greiða laun þeirrar deildar í landbrn. sem á að hafa eftirlit með og innheimta afgjöldin af þessum jörðum. Við gerum tillögur um að að lágmarki séu þessi afgjöld hækkuð tífalt þannig að í staðinn fyrir 1,4 millj. kr. tekjur hjá stærsta jarðeiganda Íslands fyrir útleigu á öllu sínu jarðnæði komi 14 millj. kr. í tekjur ríkissjóðs af því og þætti sjálfsagt engum mikið.

Þá komum við að útgjaldaliðunum. Fyrsta till. okkar er sú að liðurinn um húsameistara ríkisins falli niður og sú starfsemi flytjist til annarra aðila. 2. og 3. till. varðandi 14. gr. eru um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í eina stofnun.

15. brtt. er um stórhækkun á framlagi í rannsóknarsjóð til þess að styðja og styrkja rannsóknarstarfsemi í landinu.

17. tillaga er um hækkun á framlagi til Námsgagnastofnunar til námsefnisgerðar. Ákvarðanir hafa verið teknar af skólayfirvöldum um að hefja forskólanám og eins um eins árs lengingu skólaskyldunnar. Þeim ákvörðunum hafa hins vegar ekki fylgt ákvarðanir um að hækka fjárveitingar til Námsgagnastofnunar svo að hægt sé að semja námsefni fyrir þessar tvær bekkjardeildir sem hið opinbera hefur þó ákveðið að tekin skuli upp kennsla í.

18. brtt. varðar hússtjórnarskóla þar sem lagt er til að aðeins tveir hússtjórnarskólar verði starfræktir á landinu og reynt að gera betur við þær tvær skólastofnanir en þær mörgu stofnanir sem hefur verið dreift út um byggð ból á landinu.

19. till. er um auknar fjárveitingar í byggingu grunnskóla.

20. till. varðar Lánasjóð ísl. námsmanna og fjallar um að breyta lántökum til lánasjóðsins í framlög af hálfu ríkisins því að við teljum óeðlilegt að sjóðir eins og Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Lánasjóður ísl. námsmanna séu fjármagnaðir með erlendum lánum.

21. till. er um Þjóðarbókhlöðuna sem þjóðin gaf sjálfri sér í afmælisgjöf árið 1974, að haldið verði áfram og lokið því verkefni.

22. till. varðar aukna markaðssókn og markaðsöflun á vegum utanrrn.

23. till. varðar hækkun matvæla- og neyðaraðstoðar við fátækar þjóðir.

24. till. varðar hækkun á framlögum í Jarðasjóð, en Jarðasjóður hefur því hlutverki að gegna að aðstoða þá bændur sem vilja hætta búskap og hverfa af býlum sínum. Hjá mörgum slíkum eru vandkvæðin þau að þeir fá næstum því ekkert fyrir þær eignir sem eru ávöxtur margra ára starfs þeirra, jafnvel alls lífsstarfsins, og þurfa því að halda áfram að velja á milli þess annars vegar að halda áfram að búa þó þeir vilji frá búskap hverfa ellegar þá að skilja allar eignir sínar eftir og flytja á mölina eignalausir menn. Tillaga okkar er um að hækka mjög verulega framlag í Jarðasjóð sem hefur því hlutverki að gegna að hjálpa bændum við slíkar aðstæður og greiða þeim fyrir þær eignir sem eru árangur lífsstarfs þeirra ef þeir vilja hverfa á braut og hætta búskap.

Þá gerum við ráð fyrir því að Búnaðarfélag Íslands falli brott sem ríkisstofnun, en flytjum síðar í þessu þskj. tillögu um hækkun á fjárveitingum til Hagstofu Íslands til þess að taka við gagnasöfnunarverkefni Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands.

26. till. varðar það að við viljum láta leggja embætti veiðistjóra niður.

27. till. varðar það að við viljum láta gera Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, eins og aðrar rannsóknarstofnanir sem stunda hagnýtar rannsóknir, að sjálfseignarstofnun þar sem ríkið greiði ákveðinn grunnkostnað, sem í þessu tilviki er í okkar tillögum lagt til að verði rúmlega launakostnaður fastráðinna starfsmanna, en stofnunin standi að öðru leyti undir sér sjálf.

28. og 29. till. varða annars vegar niðurfellingu mats á landbúnaðarafurðum og hins vegar einangrunarstöð holdanauta í Hrísey sem er alveg fráleitt að sé ríkisstofnun sem ríkið eigi og reki.

30. till. varðar lækkun á jarðræktarframlögum.

31. till. varðar sparnað í uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir.

32. till. er niðurfelling búfjárræktarframlaga, sem eru framlög skv. lögum nr. 31/1973, til þess að kosta verðlaun á hrútasýningum o.s.frv. Við teljum ekki eðlilegt að ríkið greiði verðlaun á hrútasýningum heldur eigi bændur sjálfir, sem þar eiga hlut að máli, að sjá um að verðlauna þá gripi sem bera af öðrum.

Ég hef þegar rætt um Fiskifélag Íslands, en um það er fjallað í 33. brtt., um Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins sem um er fjallað í 34. tillgr. og Ríkismat sjávarafurða sem um er fjallað í 35. tillgr.

Í 36. tillgr. er gerð tillaga um stóraukningu á framlögum til fiskileitar, markaðsöflunar og tilrauna í útgerð.

Í 37 tillgr. er gerð tillaga um mjög verulega hækkuð ríkisframlög í baráttuna gegn ávana- og fíkniefnum.

38. tillgr. gerir ráð fyrir því, sem oft hefur borið á góma en hefur aldrei tekist að framkvæma, að Bifreiðaeftirlit ríkisins verði lagt niður, en sú þjónusta sem það veitir verði flutt á löggild bifreiðaverkstæði.

Í 39. og 40. tillgr. eru lagðar til mjög verulegar hækkanir til húsnæðismála, yfir 500 millj. kr.

Í 41. tillgr. er lögð til hækkun um samtals 30 millj. kr. til málefna fatlaðra.

43. brtt. varðar yfir tveggja milljarða kr. hækkun á framlögum til Tryggingastofnunar ríkisins.

44. brtt. varðar hækkun á framlagi til yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð svo að hægt sé að standa við áformin um byggingu K-byggingar, þ.e. krabbameinsrannsóknabyggingarinnar.

45. tillgr. varðar hækkun á framlögum til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.

46. brtt. er nýr liður, framlög til aðgerða gegn skattsvikum samkvæmt ályktun Alþingis upp á 13,5 millj.

47. tillgr. er nýr liður: Til greiðslu biðlauna vegna breytinga og fækkunar ríkisstofnana og fyrirtækja. Við

gerum ráð fyrir því að sé um það að ræða að fólk missi vinnu sína vegna þess að fækkað sé ríkisstofnunum séu því greidd eðlileg biðlaun. Gerum við að sjálfsögðu tillögu um fjárhæð slíkra biðlauna og að áætlað sé fyrir þeim í ríkisrekstrinum.

48. brtt. er um aukningu á hafnarframkvæmdum.

49. brtt. um að Siglingamálastofnun ríkisins verði gerð að ríkisstofnun, B-hluta fyrirtæki, og hún kosti þjónustu sína við atvinnuveginn sjálf. Skoðunargjöld Siglingamálastofnunar ríkisins eru talin vera 15 sinnum lægri en viðgengst í öllum nálægum löndum. Er þetta eitt dæmið enn um það sem við Alþýðuflokksmenn höfum kallað velferðarkerfi atvinnuveganna þar sem ríkisvaldið er látið niðurgreiða í stórum mæli ýmsa þjónustu sem verið er að veita ýmsum atvinnufyrirtækjum og stofnunum.

51. liður er um að fella niður greiðslur til Sérleyfissjóðs.

52. liður er um að gera Iðntæknistofnun Íslands að sjálfseignarstofnun, eins og við gerum tillögur um varðandi aðrar rannsóknarstofnanir sem stunda hagnýtar rannsóknir.

53. og 54. liður: Lánasjóðir iðnaðarins, framlög til þeirra, og framlög til iðnaðarrannsókna verði felld burt sem sérstakir liðir, en á móti bendum við á stórhækkun á framlagi til rannsókna almennt sem ég hef gert grein fyrir hér áður.

55. Rafmagnseftirlit ríkisins verði gert að B-hluta stofnun.

56. Niðurgreiðslur verði afnumdar eins og þær eru framkvæmdar í dag, en í staðinn verði teknar upp beinar niðurgreiðslur til neytenda sem ég hef þegar lýst.

57. Sértekjur vegna skráningar hlutafélaga standi undir öllum kostnaði við skráninguna en ríkið sé ekki að borga með hlutafélögum og skráningu þeirra í þessu sambandi.

58. Hækkun til Hagstofu Íslands svo að hún geti tekið að sér gagnasöfnunarverkefni Fiskifélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands.

59. Frestað verði fjárfestingum í ríkisbifreiðum.

60. liður og liðirnir þar á eftir varða B-hluta stofnanir. Þar má helst nefna að við gerum ráð fyrir því að hætt verði starfrækslu ýmissa B-hluta stofnana, svo sem tilraunabúsins að Hesti, tilraunastöðvarinnar á Reykhólum, fóður- og fræframleiðslu Gunnarsholti, Stórólfsvallabúsins, fóðuriðjunnar í Ólafsdal, grænfóðurverksmiðju í Flatey, laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði og einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey.

Hvað varðar þá rannsóknarstarfsemi sem þarna hefur farið fram felst ekki í okkar tillögum að við gerum ráð fyrir því að henni verði hætt heldur teljum við eðlilegt um ýmsar þær rannsóknir sem þarna fara fram, t.d. rannsóknirnar og tilraunirnar á Reykhólum, að þær séu framkvæmdar af bændum sjálfum sem hafa t.d. í þessu tilliti áhuga á sauðfjárrækt og áhuga á því þarfa verkefni að rækta fram hreinhvítt sauðfé, — bændurnir sjái um þetta sjálfir og fái stuðning til þeirrar starfsemi frá ríkisvaldinu.

Aðrir liðir eru einfaldlega bókhaldsliðir vegna till. sem ég hef þegar lýst, herra forseti, og varða 4. gr.

Herra forseti. Ég hef hlaupið á helstu atriðunum af þeim 74 brtt. sem við Alþýðuflokksmenn flytjum á þskj. 377. Ég hef lýst tilganginum með tillöguflutningnum sem er nýmæli. Ég tel ekki ástæðu til að hafa að svo stöddu fleiri orð um þetta mál. — [Fundarhlé].

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. í fjvn. fyrir gott samstarf og einnig ritara nefndarinnar.

Nú í ár blasir við halli á ríkissjóði eins og margir hafa minnst á við þessa umræðu og einnig við 2. umr. þessa frv. Hallinn verður ekki aðeins rúmlega 700 millj., eins og áætlað var á s.l. ári, heldur um 2,3 milljarðar eftir nýjustu tölum. Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir þjóð sem er sokkin upp fyrir mitti í skuldasúpunni. Þetta eru alvarleg tíðindi þegar við stefnum í mesta aflaár í sögu landsins.

Aukinn halli á ríkissjóði leiðir til aukinnar erlendrar lántöku, eins og nú er fram komið í lánsfjárlögum sem samþykkt voru í hv. Ed. í dag, en yfirlýst stefna ríkisstj. gengur í þveröfuga átt. Hún hefur stefnt að að lækka erlendar skuldir, en það hefur því miður ekki tekist.

Vegna þess hve erlenda skuldasöfnunin hefur verið mikil á undanförnum árum greiðum við nú 6,7 milljarða kr. í vexti af erlendum lánum. Það er um 1,7 milljörðum hærri upphæð en fer til fræðslu- og menningarmála á vegum menntmrn. á árinu 1986.

Ríkisstj. hefur ekki reynt að bregðast við þessum síaukna vanda varðandi erlenda skuldasöfnun. Það gengur ekki lengur að láta reka á reiðanum og láta börn þessa lands taka við þeim vandamálum sem ríkisstjórnir skilja eftir sig hver á fætur annarri.

Tap þjóðarinnar vegna Kröfluvirkjunar nemur nú yfir 2 milljörðum kr. og fellur beint á ríkissjóð. Auk þess er orðin tímaspurning hvenær ríkissjóður þarf að taka yfir skuldir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, eins og ég minntist á við 2. umr. þessa máls, sem nema yfir 3 milljörðum kr. Ofan á þetta bætist svo Hafskipsævintýrið, en tapið þar er álíka mikið og fer til málefna fatlaðra á vegum félmrn. á n.k. ári.

Það er því engin spurning að hér er verið að ræða um frv. til fjárlaga sem er útgjaldaaukandi en kemur sér ekki betur fyrir þegna þessa lands. Hér er ekki um tímamarkandi fjárlög að ræða heldur eingöngu framlengingu í uppsöfnuðum skuldavanda ríkisstj.

En þrátt fyrir þann skuldavanda, sem við stöndum nú frammi fyrir, slá ráðherrar um sig eins og þeir hafi gnægð fjár. Fréttir berast gegnum opinbera fjölmiðla til hv. þm. í fjvn. um að ríkisstj. hafi ákveðið á fundi að kaupa mjólkurstöð á 110 millj. kr. Það er furðulegt að á sama tíma og dregið er úr framlögum til skólabygginga, heilsugæslu og fleiri málefna er lagt kapp á að safna stofnunum, húsum, ef ekki með því að kaupa þau, þá bara að leigja. Víðishúsið stendur autt að mestu og hefur kostað ríkissjóð stórfé. Þjóðarbókhlaða stendur hálfbyggð og er ekki til fé til að klára þá byggingu.

Nýverið hefur ríkið fest leigu á húsnæði til níu ára fyrir Þjóðskjalasafnið. En hvað skeður svo? Ríkisstj. festir kaup á mjólkurstöð til að hýsa sömu stofnun. Það er ekki mikið að marka fjárlög ef hægt er að kaupa eignir og veita aukafjárveitingar linnulaust án þess að það komi fyrir hv. Alþingi.

Til að mæta kaupsýki hæstv. ríkisstj. þarf að hækka skatta og auka lántökur. Nýjasta skattaaðferðin er að ná tekjum í gegnum Póst og síma. Nú á að skattleggja símnotendur um 188 millj. kr. Á þennan skatt leggst síðan söluskattur sem mun nema um 47 millj. kr. Alls mun þessi aukaskattur nema 235 millj. á næsta ári.

Hreinlegra væri og hefði komið jafnar niður á landsmenn að auka aðra skatttekju en skatt á Póst og síma því að hann kemur verst niður á þeim sem bera hæsta símakostnaðinn. Hér á landi eru það þeir sem búa í dreifbýli og þurfa að sækja bæði gegnum síma og með ferðalögum margt hingað suður á þéttbýlissvæðið. Þessi aukni skattur kemur því mjög misjafnlega niður á landsmenn.

Eins og ég hef áður nefnt leggjast erlendar lántökur undanfarinna ára á með enn meiri þunga á næsta ári. Alls munu vaxtagreiðslur og afborganir nema 13,1 milljarði, en af þeirri upphæð eru á milli 8 og 9 milljarðar greiddir af opinberum aðilum. Þetta er býsna há upphæð. Væri því tímabært að sporna gegn þessum vanda. En það frv., sem hér liggur fyrir, tekur alls ekki á þessu vandamáli þrátt fyrir fagrar yfirlýsingar undangenginna mánaða.

Til að gera breytingar á frv. til fjárlaga þarf meira en að flytja brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir. Til að ná fram breytingum þarf meiri hluta á hv. Alþingi. Þingflokkur BJ hefur lagt fram á Alþingi þingmál og brtt. við fjárlagafrv. undangenginna tveggja ára sem hafa miðað að samdrætti í ríkisbákninu. Þær till. hafa ekki náð fram að ganga. Þar af leiðandi hefur þingflokkur bandalagsins ákveðið að leggja engar brtt. fram við þetta fjárlagafrv. Þingflokkurinn sendi frá sér fréttatilkynningu og ég ætla að fá að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokkur BJ ákvað eftir að fjárlagafrv. kom fram að leggja ekki fram neinar brtt. við frv. Ástæðurnar eru þessar helstar:

1983 lagði þingflokkur BJ fram umfangsmiklar brtt. við fjárlagafrv. Þær miðuðu í fyrsta lagi að tekjusamdrætti, í öðru lagi að útgjaldasamdrætti og í þriðja lagi að átaki til nýsköpunar í atvinnulífi og menntun. Allar þessar tillögur voru felldar.

Haustið 1984 lagði þingflokkur BJ fram á annan tug till. til þál. um samdrátt og breytingar í ríkisrekstri. Þar var lagt til að fjöldi opinberra fyrirtækja og stofnana yrði lagður niður. Margar þessara stofnana eru tímaskekkja í nútíma samfélagi. Sumar þeirra eru beinlínis til óþurftar og verkefnum annarra má sinna á betri og nútímalegri hátt. Þessar till. voru ýmist felldar eða látnar daga uppi í nefndum þingsins.

Við afgreiðslu fjárlagafrv. 1984 lagði þingflokkur BJ enn fram umfangsmiklar brtt. sem miðuðu að því sama og áður, að skera upp velferðarkerfi atvinnuveganna og efla nýsköpun og menntun. Óþarft er að gera grein fyrir örlögum þessara till.

Vinnubrögð við fjárlög eru úrelt. Þar er við stjórnvöld að sakast. Þrátt fyrir 50 millj. kr. útgjöld til nefnda, stjórna og ráða er yfirsýn ríkisstj. yfir áhrif og útkomu fjárlaga ekki meiri en svo að tíu dögum fyrir áramót hefur enginn ráðherra hugmynd um hvernig árið kemur út.

Með hliðsjón af því að hækkanir á fjárlögum ársins 1984 urðu í fjölda liða 50 til 100% og hallinn þrisvar sinnum meiri en ráðgert var er augljóst að án gagngerrar endurskipulagningar á eftirliti og undirbúningi fjárlaga er gerð þeirra markleysa ein. Með hliðsjón af framangreindu telur þingflokkurinn tilgangslaust að leggja fram brtt. við fjárlagafrv. að þessu sinni."

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frv., enda fór ég nokkrum orðum um það við 2. umr. þessa máls og reyndi að skýra mín sjónarmið. Ég tel að það þurfi gagngera uppstokkun á frv. náist fram einhverjar breytingar til batnaðar.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Á spástefnu, sem haldin var í byrjun þessa mánaðar, mun hæstv. forsrh. hafa komist svo að orði að áætlanir um efnahag þjóðarinnar væru í rauninni ekkert flóknari en áætlanir hvers einstaks heimilis í landinu þar sem ganga yrði út frá því að tekjur og útgjöld stæðust á. Ætla má að einhverjum þyki það fullkæruleysislega til orða tekið um sjálfa fjárlagagerðina sem er fullt starf fjölda manna í margar vikur og mánuði og reyndist óvenju harðsnúið dæmi að þessu sinni.

Við 2. umr. um fjárlagafrv. lagði minni hl. fjvn. til að afgreiðslu þess yrði frestað og allt dæmið endurskoðað og reiknað upp á nýtt. Svo sem vænta mátti hafnaði meiri hl. Alþingis þeirri tillögu og er nú komið að lokaafgreiðslu málsins. Ljóst er að margir fulltrúar stjórnarflokkanna eru alveg jafnósáttir við þau fjárlög, sem nú á að fara að samþykkja, og við sem erum í stjórnarandstöðu. Þeir eru, eins og við, ósáttir við þá stefnu sem hér birtist þar sem vegið er að undirstöðum velferðar og samhjálpar og skorður settar við eðlilegri og nauðsynlegri þróun í þjóðfélaginu. Þeir eru alveg jafnóánægðir og við með ómarkvissa tekjuöflun og fálmkenndar tilraunir til sparnaðar í rekstri stofnana og ráðuneyta. En þeir munu gera eins og þeim er sagt og samþykkja þetta allt saman gegn betri vitund.

Við höfum nú séð nýja tekjuáætlun fyrir næsta ár. Hún er að sjálfsögðu töluvert breytt frá frv. í sinni upphaflegu mynd þar eð forsendur eru gerbreyttar. Fallið hefur verið frá veigamiklum þáttum, eins og 400 millj. kr. lækkun tekjuskatts á einstaklinga, breytingum á tollskrá og niðurfellingu ýmissa aðflutningsgjalda og undanþága frá söluskatti.

Hvort þessi nýja tekjuáætlun stenst tímans tönn eitthvað betur en aðrar slíkar er ekki gott að segja. Ýmsar stærðir hafa verið endurmetnar með tilliti til reynslu þessa árs sem nú er að mestu komin fram. T. d. er tekið mið af því að innheimtuhlutfall tekjuskatts einstaklinga hefur reynst lægra en spáð hafði verið og segir það sína sögu.

Reiknað er með 1—1,5% veltubreytingum í þjóðarútgjöldum og í heild má segja að tekjuáætlunin og þjóðhagsspá yfirleitt einkennist af mikilli svartsýni. Hún er gerð í skugga gífurlegs viðskiptahalla sem litlar horfur eru á að réttist af á næsta ári. Við sviptum tæpast upp útflutningstekjum okkar á nokkrum mánuðum, a.m.k. ekki á meðan sjávarútvegurinn er í þeirri lægð sem hann er í. Og fáir vilja hverfa aftur til innflutningshafta fyrri ára.

Ég ætla mér vitanlega ekki þá dul að ég sé betri spámaður en hagfræðingar ríkisstj., en ég get ekki varist þeirri hugsun að þeir séu einum of svartsýnir. Kreppuhugmyndirnar hafa greinilega fengið byr undir báða vængi gagnstætt því sem lesa mátti í þjóðhagsspánni fyrir einu ári. Spámenn ríkisstj. láta það engin áhrif hafa á sig að útlit er fyrir lækkun vaxta á heimsmarkaðinum og einnig er spáð verðlækkun á olíu, en hvort tveggja hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á þjóðarbúskap okkar. Gangi þeir spádómar eftir mun það hafa veruleg áhrif til örvunar í atvinnulífi okkar, bæta hag útgerðar og væntanlega hvetja bankana til að endurlána erlend

lán til arðbærra fjárfestinga.

Það veltur því á miklu hvernig fer í þessum efnum. En vafalaust er rétt að fara að öllu með gát og ofmeta ekki tekjumöguleika okkar, enda tekur það okkur langan tíma að rétta af viðskiptahallann hvernig sem þróunin verður á næsta ári.

En áður en skilist er við tekjuhlið frv. skal tekið undir þær skoðanir að tekjuöflunarkerfið þarfnist rækilegrar endurskoðunar. Um það eru flestir sammála. M.a. hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir að þetta kerfi sé brostið. En við endurskipulagningu þess veldur miklu hver á heldur. Kvennalistinn kvíðir þeirri endurskoðun í höndum núverandi valdhafa. Þeir hafa sýnt undarlegan skilning á því hverjir helst séu aflögufærir í þjóðfélaginu. Við höfum margoft lýst okkur andvígar því að neysluskattar verði lagðir á brýnustu nauðsynjar eins og matvæli, en veruleg ástæða er til að ætla að svo verði gert ef þessi ríkisstj. fær að ráða. Gegn því verður að vinna. Slíkir skattar leggjast þyngst á þá sem síst skyldi. Stighækkandi eignarskattur og veltuskattur á fyrirtæki eru miklu nærtækari leiðir.

Alþfl. er með margar brtt. við þetta fjárlagafrv., m.a. á tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs. Þessar till. eru allrar athygli og umræðu verðar en til þess er varla rétti tíminn nú, enda að sjálfsögðu lagðar fram til kynningar á hugmyndum þeirra Alþýðuflokksmanna.

Gjaldahlið frv. hefur tekið nokkrum breytingum milli umræðna eins og búast mátti við. Enn er þó margt óafgreitt og óljóst, svo sem hvernig eigi að ná þeim niðurskurði, sem stefnt er að, í yfirstjórn ráðuneyta og ríkisstofnana svo og niðurskurði í tryggingakerfinu.

Nokkrar breytingar eru gerðar í nafni allrar nefndarinnar. Kvennalistinn er engu að síður enn sem fyrr ákaflega ósáttur við þær áherslur sem einkenna útgjaldahliðina og skal ég ekki endurtaka í löngu máli það sem áður hefur komið fram um þau efni. Sá rangsnúni sparnaður, sem birtist í niðurskurði á einstökum framkvæmdaliðum í mennta- og heilbrigðiskerfinu, á eftir að koma okkur öllum í koll. Hér ræður ferðinni brenglað verðmætamat og röng arðsemissjónarmið sem ég er sannfærð um að eru þjóðinni dýrkeypt.

Við erum þó ekki talsmenn óhófs á neinum sviðum og teljum raunar að margt mætti betur fara í uppbyggingu t.d. skóla, heilsugæslustöðva og dagvistarheimila. Það mundi áreiðanlega margt verða á betri veg og meira aðhalds gætt ef ákvarðanir og ábyrgð væru færð nær fólkinu.

En nú síðustu daga stækkar sífellt spurningin um það hver fari í raun og veru með fjárveitingavaldið í landinu. Hæstv. ráðherrar virðast nú komnir í hörkukeppni um það hver þeirra sé duglegastur að kaupa hús og skeyta ekki um samráð við einn eða neinn. Það hlýtur að verka ankannalega á þá, sem sótt hafa á um að staðið yrði við fögur loforð og jafnvel skuldbindingar í sambandi við Þjóðarbókhlöðu eða Listasafn Íslands, að heyra allt í einu upp úr þurru fréttir af 110 millj. kr. samningi hæstv. menntmrh. um kaup á gömlu húsi undir Þjóðskjalasafn þótt svo það safn sé að sjálfsögðu alls góðs maklegt.

Þeim hlýtur einnig að bregða í brún, sem ekki fá næga fjárveitingu til að standa við verksamning um K-byggingu á Landspítalalóð, að heyra um kaup hæstv. heilbrrh. á Vörumarkaðshúsinu í Ármúla. Sá samningur hljóðar upp á nær 80 millj. kr., en hugmyndir um kostnað við innréttingar munu hljóða upp á aðra eins upphæð.

Ekkert hefur verið fjallað um þessi kaup í fjvn., en á þskj. 364 er brtt. við 6. gr. á fjárlögum næsta árs þess efnis að heimilt verði að kaupa og innrétta húsnæði þar sem séð verði m.a. fyrir aðstöðu til rannsókna á alnæmi og taka til þess nauðsynleg lán. Síðan segir, með leyfi forseta: „Ákvörðun er bundin samþykki fjvn. Alþingis.“ Þetta ákvæði var að sjálfsögðu orðað svo að gefnu tilefni og segir brtt. meiri hl. fjvn. á þskj. 422 sína sögu um þessi mál. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að kaupa húseign Mjólkursamsölunnar í Reykjavík að Laugavegi 162 og taka til þess nauðsynleg lán.“

Meiri hl. hefur af skiljanlegum ástæðum ekki getað orðað þá till. á sama hátt og aðrar skyldar heimildargreinar.

Hæstv. ráðherrar telja sig ekki þurfa að hafa samráð við Alþingi. Þeir taka sér það vald sem þeim hentar. Þessu hljóta alþm. og öll þjóðin að mótmæla harðlega. Á einum degi ráðstafar hæstv. menntmrh. upp á sitt eindæmi í eitt hús a.m.k. jafnhárri upphæð og ríkissjóður veitir til byggingar grunnskóla á öllu landinu á næsta ári. Og á einum degi ráðstafar hæstv. heilbrrh. upp á sitt eindæmi í eitt hús a.m.k. tvöfaldri þeirri upphæð sem ríkissjóður leggur til byggingar heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa úti á landsbyggðinni. Þessi vinnubrögð eru óafsakanleg með öllu.

Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlagafrv. boðaði ég að Kvennalistinn mundi leggja fram nokkrar brtt. nú við 3. umr. til að reyna að ná fram leiðréttingu á fáeinum liðum. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir munu hér á eftir mæla fyrir þessum brtt. öðrum en till. um hækkað framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna og hef ég því ekki fleiri orð um þær.

Við höfum að sjálfsögðu margt fleira við gjaldahliðina að athuga. Vil ég þar fyrst og fremst nefna Háskóla Íslands.

Fyrir ári fluttum við brtt. um hækkun framlags til kennslufjár Háskólans sem ekki hlaut náð fyrir augum meiri hluta Alþingis. Það er okkur mikið áhyggjuefni hver þróunin er í uppbyggingu Háskóla Íslands þar sem því fer víðs fjarri að mætt sé á viðunandi hátt sífellt fjölda þeirra sem sækja nám á háskólastigi.

Meira en helmingur þeirrar kennslu, sem fram fer við Háskóla Íslands, er í höndum stundakennara og hefur hlutur þeirra í kennslunni farið stöðugt vaxandi. Kennsluálag á fasta kennara skólans er almennt langt umfram skyldu sem kemur stórlega niður á rannsóknarskyldunni sem á að vera 40% af vinnuskyldu háskólakennara. 10% af vinnuskyldu þeirra eru ætluð til stjórnunarstarfa, en vegna hins háa hlutfalls stundakennara fer um 30% vinnuskyldunnar í stjórnunarstörf samkvæmt þeirra eigin upplýsingum.

Við Háskóla Íslands eru um 300 starfsmenn. Haldi einhver að fjöldi þeirra, sem starfa við Háskóla Íslands, sé mikill, jafnvel óeðlilega mikill, má benda á til samanburðar að við háskólann í Sussex í Englandi er fjöldi starfsmanna um 1700 eða nær sexfaldur starfsmannafjöldi Háskóla Íslands, en nemendafjöldi hins vegar svipaður og við Háskóla Íslands.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort hægt væri að hagræða kennslu við Háskólann á annan hátt en því er nú varið, t.d. auka sjálfsnám nemenda. Það er hins

vegar óhugsandi að óbreyttum aðstæðum því að ef farið yrði út á þá braut yrði að stórbæta rannsóknaraðstöðu, sem er bágborin í mörgum greinum, og gera bókasafnið svo úr garði að það geti með réttu kallast háskólabókasafn. Það er verkefni sem ekki má dragast lengur úr hömlu.

Herra forseti. Þá er komið að Lánasjóði ísl. námsmanna. Kvennalistinn hefur frá upphafi látið málefni hans til sín taka og notað hvert tækifæri til að minna á hlutverk hans og nauðsyn þess að búa vel að honum.

Fyrsta veturinn okkar hér á þingi fannst okkur ekki anda nægilega hlýju í garð lánasjóðsins og höfðum verulegar áhyggjur af því að þm. hefðu tapað sjónum á hlutverki hans og hvert gildi hann hefði.

Á síðasta þingi virtist hafa orðið stefnubreyting meðal þm. og var allvel tekið á málefnum lánasjóðsins við afgreiðslu núgildandi fjárlaga. Þeim mun meiri vonbrigði urðu það okkur þegar ljóst varð við framlagningu fjárlagafrv. að enn á að reyna að höggva að sjóðnum og ummæli ýmissa þm. benda til að þeim þyki það við hæfi.

Ljóst er að sjóðurinn tekur til sín mikið fé og á langt í land með að standa undir sér sjálfur og gerir það auðvitað aldrei að fullu. Vöxtur sjóðsins, eða öllu heldur umfang hans, hefði þó ekki átt að koma neinum á óvart. Með síauknum kröfum um meiri og betri menntun og með uppbyggingu framhaldsskóla um allt land hefur lánshæfum umsóknum að sjálfsögðu fjölgað mikið. Það er í mínum huga gleðileg þróun og við eigum að leggja metnað okkur í að búa sem best að námsfólki svo að allir fái notið menntunar og þroskað hæfileika sína óháð efnahag, kynferði eða búsetu. Það er svo alltaf matsatriði hvað er nóg eða hæfilegt í þeim efnum. Miðaldra fólk, eins og við erum flest hér á þinginu, minnist eigin námsára og getur sagt sögur um sult og seyru námsmanna á þeim tíma. Og kannske eru einhverjir þeirrar skoðunar að slík reynsla sé öllum holl og nauðsynleg. En fæstir vilja í alvöru hverfa aftur til slíkra hátta.

Ég er sannfærð um að námsmenn hafa ekkert á móti endurskoðun úthlutunarreglna sjóðsins og skilja réttmæti þess að kjör þeirra séu í hátt við kjör almennings í landinu. En slíkt á ekki að gerast á þann veg sem hér virðist ætlað. Öll meðferð á málefnum lánasjóðsins er fyrir neðan allar hellur og stórlega ámælisverð.

Hæstv. menntmrh. svaraði nýlega spurningum sjónvarpsfréttamanns vegna fram kominnar tillögu um niðurfellingu framlags til UNESCO. Hann var sýnilega hneykslaður á málsmeðferð og sagði í miklum umvöndunartóni: „Svona fer maður ekki að.“ Hann upplýsti fréttamann og áhorfendur um það að fyrst yrði vitanlega að endurskoða aðild að stofnuninni áður en hún væri svipt öllu framlagi. Það er auðvitað alveg rétt. En hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj.: Svona fer maður ekki að eins og þið hafið leikið á námsmenn og lánasjóð þeirra.

Það er hægt að hugsa sér að tekin sé sú ákvörðun að draga úr lánveitingum til íslenskra námsmanna vegna erfiðleika í ríkisfjármálum. Það er hægt að hugsa sér að slík ákvörðun sé tekin á miðju ári við undirbúning fjárlagafrv., en að láta svo árið líða án þess að gera minnstu grein fyrir því hvernig sjóðurinn eigi að ná því marki er vitanlega alger óhæfa. Tveir þriðju af úthlutunum lánasjóðsins fara fram á fyrri helmingi ársins og þessa dagana er verið að ganga frá fyrstu úthlutunum næsta árs. Það segir sig sjálft að námsmenn verða að vita það með góðum fyrirvara ef draga á úr lánveitingum sjóðsins svo að þeir geti gert ráðstafanir í tæka tíð.

Meðferð ríkisstj. á málefnum lánasjóðsins er alveg fráleit og afskaplega langt frá því að styðjast við raunveruleikann. Sem dæmi má nefna að til skrifstofureksturs sjóðsins er ætluð helmingi minni upphæð á næsta ári en raunveruleg rekstrarútgjöld nema nú í ár.

Við Kvennalistakonur gerum tillögu um það á þskj. 357 að hækka beint framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskra námsmanna úr 750 millj. kr. í 1 milljarð. Okkur er mætavel ljóst að sú upphæð dugir ekki að óbreyttri starfsemi og óbreyttum úthlutunarreglum sjóðsins. Við teljum þó að hér sé um mikilvæga leiðréttingu að ræða sem bæta mundi stöðu sjóðsins verulega. Sú upphæð sem ríkisstj. vill leggja fram til lánasjóðsins þýðir einfaldlega að skera þyrfti námslánin niður um 30—40% að óbreyttum reglum. Við það verður ekki unað.

Herra forseti. Í upphafi máls míns minnti ég á orð hæstv. forsrh. á spástefnu Stjórnunarfélags Íslands um horfur í efnahagsmálum þar sem hann sagði að áætlanir um efnahag þjóðarinnar væru í rauninni ekkert flóknari en áætlanir hvers einstaks heimilis í landinu þar sem ganga yrði út frá því að tekjur og útgjöld stæðust á. Það er út af fyrir sig rétt að markmiðið er einfalt, en sniðin eru stærri en svo að hver og einn eigi hægt með að setja sig vel inn í það dæmi. Það er slæmt því ríkisfjármálin koma okkur öllum meira en lítið við. Þau eru stór hluti af lífskjörum okkar.

Á 6. síðu Morgunblaðsins er daglegur rabbdálkur sem Ólafur M. Jóhannesson skrifar. Ég þekki ekki Ólaf, en skrif hans bera oft með sér að hann hefur jarðsamband. Í gær játar hann að hafa dottað yfir sjónvarpsumræðum um ríkisfjármálin og verður það honum tilefni þenkinga um það hvort fjölmiðlar hafi slævt svo skilningarvitin að þau bregðist eingöngu við válegum tíðindum og hneykslismálum. Síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Mér varð einnig hugsað til þess að þau augnablik er ég dottaði undir fyrrgreindu fjárlagaspjalli hefðu máske þegar allt kom til alls skipt mig miklu máli persónulega. Reyndar varð mér hugsað til vinar míns eins er átti lítinn dreng á leikskóla. Svo var mál með vexti að drengurinn bast vináttuböndum við eina fóstruna á leikskólanum. En svo fór fóstran að vinna á skrifstofu... ég gat ekki neitað launungum...var svarið sem pabbi drengsins fékk þegar þeir feðgar kvöddu uppáhaldsfóstruna. Næstu mánuði komu fóstrur og fóru eins og hvítir stormsveipir. Litli drengurinn gerðist ódæll og fór einförum, ekki bætti úr skák að yfirvinnan hafði verið tekin af pabbanum á ríkisstofnuninni þar sem hann starfaði. Pabbinn varð að leita sér að aukavinnu á nýjum stað og sást æ sjaldnar heima. Litli drengurinn byrjaði í alvöruskóla. Einn góðan veðurdag kom hann með bréf heim til pabbans frá kennaranum. Þar stóð m.a.: ... sýnir merki um streitu, náum litlu sem engu sambandi við nemandann, fer lítt fram í námi. Pabbinn leggur frá sér bréfið...hann kveikir hugsi á sjónvarpinu. Af skerminum brosir við honum snyrtilegur hagfræðidoktor: Lækkun ríkisútgjalda er möguleg en erfið. Mörgum útgjaldaþáttum verður að fórna sem sannarlega eru allra góðra gjalda verðir og gott væri að hafa

efni á. Pabbinn slekkur á doktornum, hann stendur upp úr sjónvarpsstólnum og gengur inn í herbergi sonar síns, horfir á sofandi barnið þar sem það hjúfrar sig að gamla slitna bangsanum. Ég skal kaupa handa þér nýjan bangsa á morgun í nýju fríhöfninni, hvíslar pabbinn. Hann á bókað flug daginn eftir á fimm daga ráðstefnu í Köben þar sem ræða á bætta nýtingu fjármagns í ríkisstofnunum."

Herra forseti, ég lýk hér með máli mínu að sinni.

Frsm. samvn. samgm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 409 er nál. um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga frá samvn. samgm.:

„Samvn. samgm. hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum, svo sem Faxaflóa, um Breiðafjörð, Ísafjarðardjúp og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð allt til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar.

Þrátt fyrir að reglurnar hafa verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Nefndinni bárust umsóknir frá 64 aðilum. Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgrn., og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundi nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Skal nú gerð grein fyrir hinum einstöku þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, það er flutninga á sjó. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó að þeir aðilar, er styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina snertir og er það mikil breyting til bóta.

Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram hvað aðstöðumunurinn er mikill hvað kostnað við allar samgöngur varðar og er nefndinni fullkomlega ljóst að full ástæða væri að hafa þessa styrki verulega hærri [í mörgum tilvikum] til að minnka þennan aðstöðumun. En á hitt er einnig að líta að margir kunna þeir að vera sem lítið betur eru settir en enga umsókn hafa sent."

Ég mun lítillega fara yfir stærstu aðilana og byrja á Akraborg:

Í ár er styrkur Akraborgar 7 millj. og 500 þús. kr., og rann hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi við hann, en þannig var það einnig á árinu 1984. Á árinu 1984 var halli á rekstri félagsins Skallagríms hf. samkvæmt rekstrarreikningi 16 millj. 258 þús. kr. Þar kemur einnig fram að í árslok það ár var eigið fé félagsins neikvætt um 54 millj. 424 þús. kr., en var í árslok 1983 rúmar 30 millj. kr. Það liggur því í augum uppi að rekstur þessa fyrirtækis er ekki sem skyldi.

Þá er það Baldur:

Í grg. rekstraraðila bátsins um starfrækslu hans fyrstu tíu mánuði þessa árs segir m.a. að áætlunarferðir Baldurs milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey, Skáleyjum, Hvallátrum og Svefneyjum hafi orðið samtals 139. Báturinn flutti í þessum ferðum 6658 farþega og 1000 bifreiðar. Til samanburðar má geta þess að í 129 ferðum bátsins fyrstu tíu mánuði ársins 1984 flutti hann 4572 farþega og 1016 bifreiðar. Í sumaráætlun bátsins kemur fram að hann fer allt að sex ferðum á viku yfir Breiðafjörð en á tímabilinu 1. okt. til 30 apríl eru að jafnaði farnar tvær ferðir á viku.

Rekstrarstyrkur á yfirstandandi ári var 7 millj. 550 þús. kr., en nú sækir hann um 10 millj. og 670 þús. kr. sem eru 54% hækkun.

Það kemur fram í þessum reikningum að þessi rekstur er mjög erfiður og kostnaðarsamur. Á undanförnum árum hafa verið uppi ráðagerðir um að byggja nýtt skip til þess að þjóna byggðum Breiðafjarðar. Margar hugmyndir hafa komið fram. Það kemur fram í þeirri umsókn sem nefndin fjallaði um að lokið hafi verið undirbúningsstörfum fyrir útboð á smíði Breiðafjarðarferju. Ég tel að það þurfi að endurskoða allt þetta mál með það fyrir framan sig hve erfitt er að reka slíkt skip á þessu svæði og athuga þetta mál betur áður en ráðist er í að byggja stórt skip.

Fram kemur að tekjur Fagranessins, þ.e. djúpbátsins á Ísafjarðardjúpi, eru mjög litlar. Tekjur fyrstu tíu mánuði þessa árs eru ekki nema 2 millj. 544 þús. kr. Það er líka hægt að lesa það út úr rekstrarreikningum að kostnaði við rekstur á þessum bát er mjög í hóf stillt. En þessari þjónustu er heldur ekki hægt að halda uppi nema með verulegum styrk frá hendi ríkisins.

Hríseyjarferja. Flutningar hafa aukist mjög mikið þar bæði á vörum og farþegum. Það kemur fram að flutt hafi verið um 2000 tonn á þessu ári og tæplega 29 þúsund farþega. En það hefur komið hvað eftir annað fyrir að það hefur verið erfitt að koma vörum og farþegum þarna á milli vegna þess hvað skipið er lítið. Og uppi eru hugmyndir um að lengja skipið til þess að mæta þessari þörf.

Drangur. Nefndin telur rétt að rifja upp nú hvernig rekstur og annað sem viðkemur Drangi hefur gengið til á undanförnum árum þar sem rekstraraðilar skipsins hafa gefist upp á rekstri hans og skipið hefur verið leigt vestur um haf.

Skipið Drangur var keypt til landsins í ársbyrjun 1982 frá Noregi og kostaði í norskum krónum 7,5 millj. kr. á þeim tíma. Þegar skipið var keypt voru menn mjög bjartsýnir á að hægt væri að nýta skipið til verulegra flutninga á Norðurlandi og jafnvel víðar, en reynslan hefur sýnt að verkefni hafa farið sífellt minnkandi og svo var komið að engin leið var að halda þessu áfram.

Það verður náttúrlega að þjóna þessum byggðum með einhverjum hætti eftir að búið er að missa Drang þarna. Gert er ráð fyrir að það verði gert með Skipaútgerð ríkisins annars vegar og Flugfélagi Norðurlands hins vegar.

Mjóafjarðarbátur. Nýr bátur var keyptur til að þjóna Mjófirðingum árið 1978 og kostaði hann þá um 40 millj.

kr. Stór hluti kaupverðsins er enn ógreiddur. Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 1984 og 1985 kemur í ljós að rekstur á þessum bát hefur verið mjög erfiður. En þetta er eina samgöngutækið sem Mjófirðingar hafa við umheiminn, og sérstaklega sinn verslunarstað, veturinn og oft fram á vor. Því er búseta í Mjóafirði lítt hugsanleg ef þessi bátur mundi hætta sínum ferðum fyrir þetta byggðarlag.

Þá ætla ég aðeins að minnast á Herjólf:

Í umsókn Herjólfs fyrir næsta ár kemur fram að niðurstöður liggja nú fyrir fyrstu sjö mánuði yfirstandandi árs og er áætlunin byggð á þeim upplýsingum sem úr þeim má lesa.

Segja má að útkoman á rekstri bátsins á yfirstandandi ári sé svipuð og hún hefur verið á undanförnum árum.

Á það skal minnt að á undanförnum árum hefur í 6. gr. fjárlaga hvers árs verið heimild til þess að semja við Herjólf hf. eða rekstraraðila hans um uppgjöf vanskilaskulda fyrirtækisins hjá ríkissjóði, m.a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta. Heimildin var t.d. notuð árið 1982 og þá samþykkti þáverandi fjmrh. niðurfellingu vaxta að fjárhæð 59,6 millj. kr.

Um áramótin 1984—85 var gengið frá skuldabréfi þar sem Herjólfur hf. skuldbindur sig til þess að greiða vanskilaskuld sem stóð eftir eftir þá niðurfellingu sem þá var gerð að upphæð 25,7 millj. kr. sem átti að greiðast á árunum 1985 til 1993. Gjalddagar eru tveir á ári, 1. maí og 1. nóv. Skuldin ber 4% vexti og afborganir greiðslu lánsins eru verðtryggðar. Ákvæði er sett inn í skuldabréfið til tryggingar endurgreiðslu láns þessa. Gert er ráð fyrir að það verði borgað með rekstrarstyrkjum sem félagið kann að fá á fjárlögum vegna útgerðar skipsins á næstu árum. Það er rétt að fram komi að heildarniðurfelling á dráttarvöxtum af skuld sem Ríkisábyrgðasjóður hefur gefið eftir á undanförnum árum er samtals um 100 millj. kr. En þetta Vestmannaeyjaskip er vegasamband Vestmanneyinga til lands og er ómissandi fyrir það byggðarlag.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér, enda er þar um smáar upphæðir að ræða. Þeir eru Dýrafjarðarbátur, Hnúknesbátur og Mýrabátur. Ekki verða heldur tilgreindar sérstakar umsóknir um fjárveitingu til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Samvn. samgm. leggur til að á fjárlögum 1986 verði veittar samtals 73 millj. og 300 þús. kr. til flóabáta og vöruflutninga sem skiptast eins og er lagt til á sérstöku þskj. Er þetta 30% hærri upphæð en veitt var til þessa verkefnis á yfirstandandi ári.

Undir þetta nál. skrifar öll samvn. samgm.

Þá ætla ég að lesa upp þessar fjárveitingar:

Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis 70 þús. kr.; til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi 70 þús. kr.; til vetrarflutninga í Dalahéraði 140 þús. kr.; snjóbifreið í A-Barðastrandarsýslu 40 þús. kr.; til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu 150 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi 70 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi 53 þús. kr.; til vetrarflutninga í Bíldudal 53 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í V-Ísafjarðarsýslu 65 þús. kr.; til vetrarsamgangna við Ingjaldssand 110 þús. kr.; snjóbifreið í Önundarfirði 100 þús. kr.; snjóbifreið um Botnsheiði 85 þús. kr., stofnstyrkur 85 þús. kr.; til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi 370 þús. kr.; til vetrarflutninga í Álftafirði, N-Ísafjarðarsýslu 65 þús. kr.; til vetrarflutninga í Ögurhreppi 40 þús. kr.; til vetrarflutninga í Reykjafjarðarhreppi 40 þús. kr.; til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi 40 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi 40 þús. kr.; til vöruflutninga í Árneshreppi 250 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Árneshreppi 125 þús. kr., stofnstyrkur 450 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi 40 þús. kr.; snjóbifreið á Hólmavík 44 þús. kr.; Fellshreppur 40 þús. kr.; Skefilsstaðahreppur 65 þús. kr.; snjóbifreið í Skagafirði 40 þús. kr.; til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppi 65 þús. kr.; til vetrarsamgangna við Siglufjörð 260 þús. kr.; til vetrarflutninga í Ólafsfirði 65 þús. kr., stofnstyrkur 40 þús. kr.; snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði 25 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Svarfaðardal 70 þús. kr.; snjóbifreið á Akureyri 50 þús. kr.; snjóbifreið í Grýtubakkahreppi 37 þús. kr.; snjóbifreið í Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu 41 þús. kr.; Norðausturleið, Vopnafjörður—Húsavík 550 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Fjallahreppi 160 þús. kr.; snjóbifreið Öxarfjörður—Kópasker 63 þús. kr.; snjóbifreið á Þórshöfn 55 þús. kr.; til vetrarflutninga á Bakkafirði 110 þús. kr.; til vetrarflutninga á Vopnafirði 110 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra 125 þús. kr.; til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi 40 þús. kr.; til póst- og vöruflutninga á Jökuldal 38 þús. kr.; til vetrarsamgangna á Jökuldal 63 þús. kr., stofnstyrkur 130 þús. kr.; til vetrarflutninga í Möðrudal 80 þús. kr., stofnstyrkur 90 þús. kr.; snjóbifreið á Fljótsdalshéraði 35 þús. kr.; snjóbifreið á Fjarðarheiði 440 þús. kr.; snjóbifreið á Oddsskarði og Fagradal 520 þús. kr., stofnstyrkur 500 þús. kr.; snjóbifreið Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur 72 þús. kr.; til vetrarflutninga á Breiðdalsvík 110 þús. kr.; til vetrarflutninga Djúpivogur—Hornafjörður 150 þús., stofnstyrkur 150 þús. kr.; Svínafell í Nesjum 41 þús. kr.; til vöruflutninga á Suðurlandi 390 þús. kr.; óráðstafað 500 þús. kr. Þetta gerir 7 millj. 915 þús. kr.

Síðan eru það flóabátarnir:

Akraborg 10 millj. kr.; Baldur 8 millj. 900 þús. kr., stofnstyrkur 1 millj. 500 þús. kr.; Hnúknesbátur 53 þús. kr.; Mýrabátur 10 þús. kr.; Fagranes 8 millj. 800 þús. kr.; Dýrafjarðarbátur 85 þús. kr., stofnstyrkur 42 þús. kr.; Hríseyjarferja 1 millj. 640 þús. kr., stofnstyrkur 1 millj. 590 þús. kr.; Drangur, stofnstyrkur — því að segja má að ríkissjóður sé ábyrgur fyrir láni sem hvílir á þeim bát — 10 millj. kr.; Mjóafjarðarbátur 1 millj. 510 þús. kr.; Herjólfur 16 millj. 800 þús. kr.; Eyjafjörður—Grímsey 4 millj. 555 þús. kr. Þessi tala er 65 millj. 385 þús. kr. eða samtals eins og áður sagði 73,3 millj. kr.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. orðfærði í upphafi ræðu sinnar ástand skólamála á Ísafirði. Ég skal af hreinskilni játa að fyllstu upplýsingar um stöðu þessa máls bárust mér ekki í hendur fyrr en í gærmorgun snemmendis þannig að ég hafði ekki gert mér grein fyrir stöðu málsins eins og ég segi. Höfuðgalli málsins virðist mér sá í fljótu bragði að ráðuneytið hafi ekki upphaflega gert tillögur, samkvæmt yfirlýsingum sínum, samningum og loforðum til fjárlagagerðar. Ég hef hafið viðræður, lauslegar enn, við fjmrh. um málið og mun reyna að finna lausn á því.

Helgi Seljan: Herra forseti. Þau fjárlög sem við höfum fyrir framan okkur væru vissulega tilefni langra umræðna Frv. ber dapurleg merki þeirrar ríkisstjórnar sem sker niður brýnustu útgjöld, þörfustu framkvæmdir, en hefur afsalað sér tekjum af milliliðum og fjármagnseigendum og telur þá framkvæmd forgangsverkefni að byggja flugstöðvarhöfn með kananum og fyrir þá í Keflavík, ríkisstjórnar sem leggur til atlögu við þær framkvæmdir helst og mest sem sköpum skipta fyrir byggðarlögin á landsbyggðinni, aðstöðu fólksins þar til hinnar margvíslegustu þjónustu. Um þetta ætla ég ekki hér og nú að hafa mörg orð. Hv. 5. þm. Reykn. Geir Gunnarsson, sem allir hér virða fyrir glöggskyggni sína á þessi mál, hefur tætt þessa fjárlagagerð þannig sundur lið fyrir lið, vinnubrögð öll hjá hæstv. ríkisstj., áhersluatriði hennar annars vegar og vanrækt verkefni hins vegar, að betur verður það ekki gert. Slíka dul ætla ég mér a.m.k. ekki.

Margt undarlegt getur að líta í þeim tillögum sem á borð okkar berast. Ein sú frumlegasta varðar forfalla- og afleysingaþjónustu bænda sem nú fellur brott. Þessi félagslegi ávinningur bændastéttarinnar, sem samfélagið tók að sér á sínum tíma, var í raun uppbót á ákveðna kjaraskerðingu sem bændur tóku á sig á sínum tíma ásamt öðrum launþegum. Menn fengu í staðinn einn hinna margfrægu félagsmálapakka sem hafa reynst býsna notadrjúgir vinnandi fólki, ekki síst í kjaraskerðingunni í tíð núverandi ríkisstjórnar. En nú er þessu vísað á Stofnlánadeild landbúnaðarins, lánasjóð landbúnaðarins, og veldur meiri furðu en svo að um þurfi að hafa mörg orð. Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins renna að vísu ákveðin sjóðagjöld, framleiðendagjald, sem bændur greiða sjálfir, á móti ákveðnu neytendagjaldi, og þessi sjóðagjöld hafa verið nýtt til þess að koma Stofnlánadeild landbúnaðarins á réttan kjöl og greiða niður vexti fyrir bændur sem lán taka nú við hin erfiðu verðtryggðu kjör. Nú hlýtur ætlunin að vera sú að láta bændur greiða þessa þjónustu, þennan félagslega ávinning sem samfélagið tók á sig á sínum tíma. Þetta sjónarmið kemur manni á óvart frá þeim sem ævinlega hafa það í munni sér að þeir séu bestu vinir bændanna og beri hag þeirra sérstaklega fyrir brjósti. Og lítil þykja mér geð guma að taka þennan þátt af bændum, einn fárra félagslegra ávinninga þeirra á síðustu árum, með þessum hætti. Bændavinirnir eru sem sagt að sýna hug sinn og er það vel.

Í ágætri ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar við 2. umr. kenndi hann hæstv. ráðherrum, forsætis- og menntmrh., sem ræddu við ungt fólk í sjónvarpi þá skömmu áður, ágæta lexíu varðandi jöfnun námskostnaðar sem er óbreytt upphæð í frv. þessu nú miðað við fjárlög þessa árs. Á sama tíma eru hernaðarútgjöld, sem ég kalla svo, og útgjöld til hermála, eins og hv. þm. nefndi það, aukin í utanrrn. sem sérstakt forgangsverkefni. Þetta nefndi Geir Gunnarsson í samanburði hernaðarmálanna og jöfnunar námskostnaðar og það er rifjað hér upp stuttlega, með leyfi virðulegs forseta. Hann hafði rifjað upp hinn nýlega sjónvarpsþátt þar sem yfirskriftin var: Hvað bíður okkar? Í þættinum var mikið rætt um jafnrétti til náms og þegar unga fólkinu þótti ekki nógu vel tryggður framgangur þess svaraði forsrh.: „Aðalatriðið er að þoka þessu í rétta átt á hverju ári."

Geir benti á að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru framlög til jöfnunar á námskostnaði, þ.e. húsnæðis- og fæðisstyrkir nemenda, óbreytt að krónutölu eða 20 millj. kr. Geir spurði: „Skyldi þetta þokast í rétta átt á næsta ári með óbreyttu framlagi í 30% verðbólgu?" Hann sagði útilokað að afsaka þennan niðurskurð með því að lítið fé væri til ráðstöfunar og benti á að framlög til varnarmálaskrifstofu utanrrn. hækka um 86,8% milli ára. Og orðrétt sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef þróun fjárveitinga til þessara tveggja liða er borin saman í stjórnartíð hæstv. forsrh., sem vill þoka jafnrétti til náms í rétta átt á hverju ári, og fjárveitingar árið 1983 eru settar 100 hefur verðgildi framlaga til þessara tveggja liða breyst með þessum hætti:

1984: Varnarmálaskrifstofan 168, Jöfnun námskostnaðar 114; 1985: Varnarmálaskrifstofan 188, Jöfnun námskostnaðar 86; Fjárlagafrv. 1986: Varnarmálaskrifstofan [hermálaskrifstofa hæstv. utanrrh.] 269, Jöfnun námskostnaðar 66."

Geir segir að lokum orðrétt, með leyfi forseta: „Yfirskrift þessa þáttar sem hæstv. ráðherrar áttu með unga fólkinu var: Hvað bíður okkar? Það virðist nokkuð ljóst hvað bíður liðarins Jöfnun námskostnaðar ef skilningur hæstv. forsrh. á því hvað það er að þoka jafnréttinu í rétta átt á hverju ári fær að njóta sín með sama hætti framvegis og í stjórnartíð hans til þessa."

Nú vil ég gefa hv. stjórnarliðum og alveg sér í lagi hæstv. ráðherrum gullið tækifæri til að efna fögur orð sín við unga fólkið á dögunum með því a.m.k. að láta upphæðina fylgja raungildi og hógvær tillaga okkar félaga um 30% hækkun, raungildishækkun eina milli ára, er eða ætti að vera sanngjörn og líkleg til samþykktar.

Á sama þingskjali hef ég vakið athygli á þeirri áhugastarfsemi sem hér blómstrar nú sem aldrei fyrr, leiklistarstarfsemi áhugafólks. Rétt er það að sú upphæð hefur hækkað nokkuð milli ára. Hvað snertir 70—80 leikfélög með á annað hundrað verkefna á leikárinu, þar sem verkefnaval er orðið eins og best gerist en kostnaður eftir því meiri, er síst of í lagt þó öll til samans hljóti þau 2 millj. kr. eins og tillaga okkar er um. Ég vek á því sérstaka athygli að erlendis er virkilega tekið eftir þessari starfsemi og á vettvangi leiklistar, bæði á Norðurlöndum og reyndar í alþjóðasamtökum ekki síður, höfum við Íslendingar gert okkur mjög gildandi. Nefni ég þar t.d. að Jónas Árnason rithöfundur og fyrrum alþm. átti sæti í Alþjóðaleiklistarráðinu á sinni tíð, hafði þar forustu, og enn er hróður borinn út fyrir landsteinana af þessu fólki. Þar að auki leggjum við flm. á það áherslu að hér er um líflegasta og best rækta menningarþáttinn vítt um land að ræða sem verðugt er til umbunar. Báðar þessar tillögur eru fluttar af þeim hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Steingrími J. Sigfússyni ásamt mér.

Á þskj. 382 hef ég leyft mér að vekja athygli á brýnu máli eystra sem í raun þolir enga bið. Framhaldsskólinn í Neskaupstað, verkmenntaskólinn þar, er nú sóttur af nemendum úr 19 sveitarfélögum utan Neskaupstaðar. Yfir 50 nemendur þurfa þar á aðstoð og heimavist að halda en hún er engin fyrir hendi. Þessi verkmenntaskóli er lýsandi dæmi um samstarf og samhug Austfirðinga sem einhuga hafa sameinast um þennan skóla og munu í framtíðinni leggja honum lið fjárhagslega að sínum hluta þó hlutur Neskaupstaðar sé þar eðlilega langstærstur. Ég hélt satt best að segja að það hefði

verið loforð um það að viss viðurkenningarfjárveiting ætti að fást nú, orð hæstv. menntmrh. væru fyrir því. Ég geri mér ljóst að þessi tillaga verður felld af þeim sem sjá þröng í hverju skoti, en ég hlaut að vekja verðuga athygli á þessu og hef því lagt til eina litla milljón til undirbúnings heimavistarbyggingar við verkmenntaskólann í Neskaupstað.

Að lokum mæli ég hér fyrir tillögu á þskj. 404 um tölvumiðstöð fatlaðra. Meðflm. mínir eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Kristín S. Kvaran. Mér barst í gær svohljóðandi beiðni í símskeyti sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýstofnuð tölvumiðstöð fatlaðra þarf hálfa milljón til rekstrar á næsta ári, sbr. gögn sem send voru fjvn. 15. nóvember. Vinsamlegast leggðu málinu lið.

Arnþór Helgason."

Arnþór Helgason er sá aðili sem hefur hvað mest starfað að stofnun þessarar tölvumiðstöðvar ásamt Hrafni Sæmundssyni félagsmálafulltrúa í Kópavogi. Ég held að það hljóti að vera svo að í fjvn., í þeim miklu önnum og því mikla flóði beiðna sem fjvn. fær, hafi þessi beiðni einhvern veginn lent niður á milli í bunkanum og þar af leiðandi ekki verið tekin til þeirrar æskilegu meðferðar og sjálfsögðu sem ég trúi vart öðru en fjvn. hefði haft á þessari tillögu ef hún hefði á annað borð fjallað um hana, en mér er sagt að það muni ekki hafa verið.

Tölvumiðstöð fatlaðra er stórmerkilegt framtak þar sem tölvan er tekin í þjónustu fatlaðra sem atvinnutæki, sem þjálfunartæki og sem hjálpartæki. Hér er um að ræða framtak fatlaðra sjálfra og starfshóps á þeirra vegum sem ber að styðja og styrkja sem best. Í umræddu skeyti er farið fram á hálfa milljón króna, en í hógværð okkar flm. leggjum við til aðeins 300 þús. til þess að með einhverjum hætti verði kleift að koma þessari tölvumiðstöð á og reka hana með skaplegum hætti á næsta ári. Með því erum við að gera hv. stjórnarþingmönnum auðveldara fyrir að samþykkja þessa hógværu en brýnu tillögu alveg sérstaklega í ljósi þess að í fjvn. mun ekki hafa verið fjallað um þetta erindi og ég hef fyrir því orð margra hv. nm. í fjvn. að gjarnan hefðu þeir viljað styðja að framgangi framlags til tölvumiðstöðvar fatlaðra ef það hefði komið beinlínis til afgreiðslu þar inni.

Kristín S. Kvaran: Hæstvirtur forseti. Þetta frv. er eins og ég gerði að umtalsefni við 1. og 2. umr. ekki í neinum aðalatriðum frábrugðið fyrri frumvörpum um fjárlög. Það er í engu brugðið út af sjálfvirkninni og ekki í neinu reynt að brjóta upp og endurskoða upp á nýtt. Fara nú fyrir lítið, eins og reyndar hefur oftlega áður sannast í tíð hæstv. núverandi ríkisstjórnar, orð fyrrv. hæstv. fjmrh. sem hann lét falla er hann fylgdi sínu fyrsta fjárlagafrv. úr garði, en hann sagði, með leyfi herra forseta:

„Ég vil taka það fram í upphafi að út fyrir þann ramma sem útgjöldum ríkisins hefur verið settur með fjárlagafrv. fyrir 1984 og lánsfjáráætlun verður ekki farið. Þm., sem hafa vafalaust margir uppi góðviljuð áform um útgjaldaaukningu, verða strax að gera sér grein fyrir því að hvorki er hægt að auka við erlendar skuldir né yfirdrátt í Seðlabankanum. Það kemur ekki til greina að auka álögur á landsmenn við núverandi aðstæður. Eina færa leiðin er að draga saman seglin, eins og ráðgert er með þessu frv."

Það hefur auðvitað komið í ljós fyrir löngu hvað þessar fullyrðingar varðar að það er greinilega ekki sama hvort um er að ræða Jón eða séra Jón. Séra Jón eða fyrrverandi hæstv. fjmrh. hefur greinilega ekki tekið eigin orð alvarlega þar sem hann sagði að þm. með góðviljuð áform um útgjaldaaukningu skyldu ekki reyna neitt slíkt. Hann, eins og menn muna, jós þó út úr ríkiskassanum og þá sérdeilis á síðustu dögum embættis síns. Þó ekki væri nema þess vegna finnst mér hreint út sagt ekki nokkurn hlut að marka það sem menn eru að reyna að tína fram sem rök fyrir niðurskurði á ýmsum sérlega mikilvægum liðum eins og t.d. til félagsmála. Ég ætla þess vegna ekki að hafa uppi langt mál um þetta frv. Mér sýnist það vera tilgangslaust. Því miður er sýnt að það verður afgreitt í þinginu þrátt fyrir hve meingallað það er. Réttast hefði verið að fresta afgreiðslu þess fram yfir áramót og taka það til gagngerrar endurskoðunar, eins og tillaga minni hl. fjvn. hljóðaði upp á, á þeim tíma þar til þing kemur saman aftur að loknu jólaleyfi.

Ég hef reynt að rétta af með brtt. nokkra liði í frv., en ég álít að með því mundi þrátt fyrir allt verða örlítið rétt af sú skekkja sem margir liðir í frv. eru óhjákvæmilega haldnir. Þessar brtt. er að finna á þskj. 278. Það eru sem sagt mín góðviljuðu áform um útgjaldaaukningu, eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. kemst svo skemmtilega að orði.

Herra forseti. Ég vil taka til við að rekja þær í örstuttu máli.

Fyrsta brtt. fjallar um það að hækka nokkuð upp liðinn 02-803 í 4. gr. sem nefnist Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Það er auðvitað alveg óþolandi að þessi liður skuli ekki vera hærri en raun ber vitni á fjárlögum. Skyldi það geta átt sér stað að nokkrum heilvita manni detti í hug að þær 40 millj. kr., sem til hans eru ætlaðar, dugi til þess að halda áfram uppbyggingu dagvistarheimila? Það gera ekki nema um 1000 kr. á hvert barn sem er á dagvistarheimilisaldri, en þau börn eru rúmlega 30 000. Það hefur á undanförnum árum stöðugt hallað undan fæti hvað þessa uppbyggingu varðar. Til þess að halda raungildi sínu frá í fyrra þyrfti upphæðin að vera 47 millj. kr., aðeins til að halda í við þá upphæð sem auðvitað var allt of lág.

Þegar svo er komið að það er yfirlýst stefna stjórnvalda að í það minnsta tvo þurfi til að framfleyta heimili er alveg sérstaklega forkastanlegt hve lítið er ætlað til þessa málaflokks. Stjórnvöld verða hins vegar að gera sér grein fyrir því að um leið og slíkri stjórnarstefnu er framfylgt verður jafnframt að vera í þeirri stjórnarstefnu gert ráð fyrir því hvar börnin eigi að vera. Hvar er gert ráð fyrir þeim? Hvergi samkvæmt þessu. Þess sér hvergi stað.

Það er e.t.v. verið að stefna að enn frekari fjölgun slysa á börnum í umferðinni, en ég þarf ekki að hafa um það mörg orð að við Íslendingar eigum nú þegar það vafasama met að vera með alhæstu tíðni þessara óhugnanlegu slysa. Í frv. er greinilegt að stjórnarliðar hafa ekki gert sér neina grein fyrir að um er að ræða rökræna tengingu milli aukinnar tíðni umferðarslysa og þess að skortur er mjög mikill á dagvistarrými. Þar fyrir utan þarf auðvitað ekki að rekja það hvernig þær ómögulegu

aðstæður, sem börnum þessa lands eru búnar, fara með foreldra þeirra. Þeim er gert að vinna utan heimilis á sama tíma og enginn staður er ætlaður fyrir börn þeirra. Þetta er hreint út sagt alveg hroðaleg staðreynd.

Árið 1985 stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að skilningur yfirvalda á þörfum þessara þjóðfélagsþegna, sem auðvitað geta á engan hátt borið hönd fyrir höfuð sér, er alls enginn. Við Íslendingar eigum enn sem komið er ekki heils dags dagvistarpláss fyrir nema u.þ.b. 9% barna í þessum aldursflokki. Það fyrirfinnast sem sagt aðeins 2212 heils dags pláss fyrir börn í þessum aldursflokki, en börnin eru 30 182. Það gerir 9% sem er auðvitað allt of lítið. Til þess að bæta örlítið úr þessari brýnu þörf legg ég til að liðurinn hækki um helming eða í 80 millj. kr.

Í öðru lagi legg ég fram brtt. við lið nr. 06-238 í 4. gr. sem er Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum. Þetta geri ég vegna þess að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að við eigum því miður við að etja stóraukið vandamál á þessu sviði. Þetta er vandamál sem við verðum að taka á og af þeim myndarskap sem okkur sæmir og gæti orðið til þess að við getum vonast til þess að vinna okkur út úr vandanum á næstu árum.

Ef við erum að vinna okkur út úr vandanum getum við betur en ella gert okkur grein fyrir hinu mikla tjóni sem aðallega unglingar hafa orðið fyrir andlega og líkamlega fram að þessu, og sífellt fjölgar þeim. Þetta tjón er á allan hátt svo átakanlegt og óbærilegt að horfa upp á að við hljótum að þurfa að taka okkur tak og gera það sem unnt er til þess að byrgja brunninn. Þess vegna hef ég lagt til að þessi liður verði hækkaður lítillega í frv. eða úr 3 millj. 228 kr. í 4 ½ millj. kr.

Í þriðja lagi legg ég til breytingar á lið 07-701 í 4. gr. sem varðar málefni fatlaðra. Þar er um að ræða tvö atriði til hækkunar á liðum sem fyrir eru í frv. og svo þrír nýir liðir. Þessa sömu tillögu er reyndar að finna á þskj. 297 og er hún flutt af Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu S. Kvaran, Guðrúnu Helgadóttur, Ellert B. Schram, Haraldi Ólafssyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Svavari Gestssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni. Um er að ræða tvö atriði til hækkunar á liðum sem fyrir eru í frv. og svo þrír nýir liðir. Þetta eru þeir fimm liðir sem svæðisstjórn fatlaðra í Reykjavík telur að ekki verði hjá komist að veita fé í þrátt fyrir að svæðisstjórnin hafi lagt sig fram um að hafa upphæðirnar í lágmarki. Öll ósköpin hljóða upp á að rétta hlut fatlaðra um rétt rúmar 5 millj. kr. Þessar 5 millj. kr. munu þó nýtast svo mörgum að með ólíkindum er. Þetta tel ég að muni létta stjórnarliðum að styðja þessa tillögu og vonast ég til þess að svo verði, en þar með er verið að byrja á því að leggja grunn að vernduðum vinnustað fyrir fatlaða á vegum Sjálfsbjargar. Ég mun ekki tíunda þessa tillögu nánar. Ég reikna með því að hún lýsi sér í raun og veru sjálf.

Í fjórða lagi legg ég til að í nýjan lið, 1.92, Rannsóknir á HTLV3 veiru og upplýsingar- og fræðslustarfsemi, sem fellur undir 08-399 í 4. gr., Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, verði veitt 1 millj. og 900 þús. kr.

Ég rakti mjög ítarlega í máli mínu á miðvikudag við umræður um frv. um breytingar á lögum um varnir gegn kynsjúkdómum þau rök sem liggja að baki þessari tillögu. Ónæmistæring er óhugnanlegur raunveruleiki. Það er til marks um hve aðilar þessarar ríkisstjórnar hafa skert raunveruleikaskyn að ekki skuli í þessu frv. til fjárlaga vera gert ráð fyrir svo mikið sem einni einustu krónu til þessa brýna verkefnis, hvorki til aukinna rannsókna né til fræðslu- og upplýsingastarfsemi.

Það ber auðvitað bráða nauðsyn til þess, og það fremur fyrr en seinna, að hleypa af stokkunum öflugri fræðslu- og upplýsingaherferð. Athuganir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum um gildi slíkrar herferðar, sýna að þær hafa borið afar mikinn árangur og virðist þetta vera affarasælasta leiðin sem farin hefur verið á Vesturlöndum til þess að reyna að hefta útbreiðslu þessa voðalega sjúkdóms. En án þess að svo verði gert verður varla skemmtileg framtíð í vændum.

Í fimmta og síðasta lagi legg ég til að nýr liður bætist við 6. gr. er orðist svo:

„Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af öryggisbeltum og barnavögnum og hlutum í þá og af öryggissætum fyrir börn í ökutæki."

Ég talaði í vor fyrir frv. til breytingar á tollskrá sem fól í sér samhljóða breytingu. Þá minnti ég á nauðsyn þess að tollskráin í heild yrði endurskoðuð þannig að um yrði að ræða réttláta og skynsamlega álagningu á þá vöru sem flutt er til landsins. Með þeirri tillögu sem hér er flutt er m.a. verið að gera foreldrum og aðstandendum ungra barna auðveldara að verja börn sín gegn slysum í umferðinni. Miklum áróðri og þrýstingi hefur verið beitt til að fá foreldra til þess að nota öryggistæki fyrir börn sín í bíla. En hvað gagnar nú slíkur áróður og þrýstingur ef þessi öryggistæki eru svo dýr að fólk hikar við að festa kaup á þeim? Hvað mikið ætli það spari ekki ríkissjóði í reynd að fella niður aðflutningsgjöldin af þessum vörutegundum? Með því eykst möguleikinn á því að slysum á þessum ungu þjóðfélagsþegnum fækki og þar að auki möguleikinn á að hægt sé draga úr þjáningum og harmi. Það sparar auðvitað ríkissjóði ómældar fjárhæðir í sjúkrakostnað og endurhæfingu þeirra barna sem lifa af þessi voðalegu slys.

Þar fyrir utan legg ég til að aðflutningsgjöld af barnavögnum verði felld niður. Það vill svo til að það verður 100% hækkun á þeim frá innkaupsverði eins og nú er háttað. Það er þá í formi þess að tollur er 50%. Auk þess er reiknað 24% vörugjald og svo auðvitað söluskattur. Það þýðir auðvitað ekkert að vera alltaf að tauta um það að gera verði aðstæður fólks þannig úr garði að því sé gert kleift að eignast börn eða eins og ég tók til orða þegar ég talaði fyrir þessu máli á sínum tíma, með leyfi herra forseta:

„Það er alltaf verið að tala svo fjálglega um að gera þurfi félagslegar aðstæður þannig úr garði að fólki sé gert það kleift og mögulegt — og ekki hvað síst fýsilegt — að eignast börn."

Það verður að gera þær kröfur að fólk sem talar þannig við hátíðleg tækifæri sýni viljann í verki og felli þennan toll niður.

Herra forseti. Ég vil einnig taka fram að ég er meðflutningsmaður að nokkrum öðrum tillögum þar sem aðrir eru 1. flm. og læt ég þeim að sjálfsögðu eftir að skýra ástæður og rök fyrir þeim. Ég vonast auðvitað eftir því að þessar tillögur, sem ég hef gert hér að umræðuefni, hljóti samþykki hv. þm.

Svo vill til að ég var að renna augunum yfir umræðu um fjárlagafrv. fyrir árið 1983 og þá komst ég ekki hjá

því að reka augun í afar sérstæðar setningar sem eiga mjög vel við í dag þó svo að alveg hafi verið skipt um formerki fyrir því hverjir það eru sem standa að ríkisstjórninni og hverjir það eru sem ekki styðja hana. Þar segir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, með leyfi herra forseta:

„Á meðan við völd situr ríkisstjórn þar sem ráðherrarnir tala í sína áttina hver og engin samstaða er fyrir hendi, sem nauðsynleg er til þess að þjóðin verði leyst úr þessum fjötrum, getum við ekki búist við að hér verði breytingar á. Hvað er til ráða?"

Og mér er spurn: Hvað er til ráða? Ég fæ ekki betur séð en að þessi orð, sem notuð voru við fjárlagaumræðu árið 1982 af hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, eigi alfarið við til þess að lýsa ástandinu sem er ríkjandi í dag. Þó svo að e.t.v. megi deila um hvort ekki hafi einnig verið full þörf á að sú ríkisstjórn færi frá sem þá var við völd er ég þess fullviss að sú þörf er einnig fyrir hendi í dag.

Ég get ekki séð að neitt hafi breyst nema þá einungis til hins verra. Afkoma fólksins í landinu er bágborin svo sem raun ber vitni og húsnæðismálin í algjörum ólestri. Auðvitað er alveg nóg að nefna þessa tvo þætti sem rökstuðning fyrir því að nú er nóg komið og við þurfum á því að halda að fá stjórn sem stendur við það sem lagt hefur verið fyrir þjóðina í kosningum. Það gengur ekki lengur að fólkið í landinu, kjósendur, viti ekki frá degi til dags á hverju það á von. Þetta verður að breytast. Þá á ég ekki við það að ræðurnar þurfi endilega að breytast sem fluttar eru á hv. Alþingi við fjárlagaumræður. Það nægir ekki ef ekki fylgir í kjölfarið að þeim sé fylgt eftir og haldið fast við þá stjórnarstefnu sem lögð hefur verið fyrir þjóðina. Það er það sem er mikilvægt. Þess vegna er það að ef vel ætti að vera væri afgreiðslu þessa frv. frestað þannig að gera mætti á því gagngera endurskoðun svo að hugsanlega gæti orðið eitthvert vit í því.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Nokkrir þm. Reykvíkinga hafa á þskj. 297 flutt brtt. um hækkun á rekstrarstyrkjum fyrir ýmsar stofnanir fatlaðra á Reykjavíkursvæðinu sem ég mæli hér fyrir. Þeir þm. sem flytja þetta ásamt mér eru hv. þm. Kristín S. Kvaran, Guðrún Helgadóttir, Ellert B. Schram, Haraldur Ólafsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Svavar Gestsson, Guðrún Agnarsdóttir og Guðmundur J. Guðmundsson.

Svæðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjavík hefur kynnt fjvn. og þm. Reykvíkinga beiðni um fjárveitingu til brýnustu verkefna vegna þjónustu við fatlaða í Reykjavík. Um var að ræða beiðni um rekstrarstyrki að upphæð 9,5 millj. kr. umfram það sem fram kemur á fjárlögum. Um er að ræða vistheimili fyrir fjölfötluð börn, meðferðarheimili fyrir börn með geðræn og einhverf einkenni, meðferðarheimili fyrir þroskahefta með hegðunarvandkvæði, verndaða vinnustaði á vegum Sjálfsbjargar og rekstrarstyrki til þriggja sambýla.

Við sem flytjum þessa tillögu, sem fram kemur á þskj. 297, teljum að vandlega athuguðu máli að mjög brýnt sé og nauðsynlegt að fjárveitingavaldið komi að verulegu leyti til móts við þessa beiðni svæðisstjórnar, en höfum afmarkað okkur við þau fimm verkefni sem fram koma á þskj. 297 og ég mun hér gera nánari grein fyrir.

Á árinu 1984 og yfirstandandi ári hefur Framkvæmdasjóður fatlaðra úthlutað 5 millj. kr. til vistheimilis fyrir fjölfötluð börn sem áformað er að rísi við Holtaveg. Teikningar og útboðsgögn liggja fyrir og er reiknað með að framkvæmdir hefjist strax eftir áramótin. Áætlanir byggja á því að rekstur geti hafist um áramótin 1986—1987, en frá 1. október verði ráðinn forstöðumaður. Er hér lagt til að veitt verði 109 þús. kr. í rekstur þannig að hann geti hafist 1. okt. n.k., en þá er áformað að ráða forstöðumann.

Í grg. svæðisstjórnar Reykjavíkur segir m.a. varðandi þessa fjárveitingarbeiðni, með leyfi forseta:

„Margar ástæður liggja að baki þarfar á heimili af þessari gerð. Foreldrar geta verið látnir eða veikir. Þá leiðir byrðin sem af fjölfötlun getur stafað til þess að heimilisástæður verða iðulega ópolandi fyrir alla aðila. Deildir stofnana sem taka við þessum börnum eru yfirfullar. Heimilið að Holtavegi mun rúma fimm börn, en átta börn eru á biðlista hjá svæðisstjórn. Þá þykir fullvíst að mun fleiri aðstandendur fjölfatlaðra barna leiti svæðisstjórnar á næstunni. 1 milljón rann til heimilisins 1984, 4 milljónir 1985, en svæðisstjórn mælir með 7 milljónum fyrir árið 1986. Áætlaður kostnaður við bygginguna er 13 milljónir. Teikningar af vistheimilinu eru tilbúnar og voru samþykktar á fundi svæðisstjórnar 30. nóv. 1984. Borgarráð úthlutaði lóð við Laugarnesveg/Hrísateig í nóvember 1984, en vegna mótmæla íbúa hverfisins var sú úthlutun dregin til baka. 19. júní 1985 var úthlutað öðru sinni og nú við Holtaveg. Vegna þessara ófyrirséðu atvika seinkaði framkvæmdum um heilt ár. Lóðin við Holtaveg er tilbúin til notkunar."

Í tillögum okkar þm. Reykvíkinga er lagt til að fjárveiting verði veitt til að hægt sé að auka stöðugildi á sambýlum á vegum Styrktarfélags vangefinna í Víðihlíð 5 og 7. Um er að ræða 1,3 viðbótarstöðugildi fyrir Víðihlíð 7 allt árið 1986 sem kostar 644 þús. og 4 viðbótarstöðugildi fyrir Víðihlíð 5 hálft árið 1986, sem kostar 1455 þús. kr. Nauðsynlegt er að fjármagn fáist fyrir þessum auknu stöðugildum, en Styrktarfélag vangefinna hefur fallist á beiðni svæðisstjórnar Reykjavíkur um vistun nokkurra fatlaðra einstaklinga ef til komi aukin stöðugildi vegna mikillar umönnunar sem þessir fjölfötluðu einstaklingar þurfa. Vil ég, með leyfi forseta, vitna í bréf þar að lútandi, dags. 13. nóv., sem undirritað er af svæðisstjórn Reykjavíkur í málefnum fatlaðra og Styrktarfélagi vangefinna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það ríkir mjög alvarlegt ástand í vistunarmálum vangefinna og einhverfra í Reykjavík. 70 manns eru á biðlista. Þar af þurfa um 35 manns tafarlaust að fá heimili. Í mörgum tilfellum eru foreldri og systkini að bugast undir því mikla álagi sem því fylgir að hafa vangefinn eða einhverfan einstakling á heimilinu. Við þessar aðstæður er það staðreynd að aðrir fjölskyldumeðlimir þurfa oft að leita hjálpar hjá félags- og geðheilbrigðisþjónustunni sem einnig felur í sér stofnanavistanir í lengri eða skemmri tíma. Með því að einstaklingurinn flytji af heimilinu má áætla að aðstæður hans og fjölskyldunnar í heild batni til muna.

Hjá svæðisstjórn Reykjavíkur liggja fyrir þrjár umsóknir um vistun á meðferðarheimili einhverfra barna að Trönuhólum 1. Umsækjendur þessir búa við mjög erfiðar heimilisaðstæður. Auk þess er svæðisstjórn kunnugt um nokkur börn sem bíða eftir plássi að

Trönuhólum 1, en eiga ekki formlegar umsóknir hjá svæðisstjórn Reykjavíkur, m.a. vegna þess að foreldrar vænta ekki úrlausnar í bráð. Í dag eru þrír einstaklingar að verða útskriftarhæfir frá Trönuhólum 1 og því bráðnauðsynlegt að þeir fái sambýlispláss við sitt hæfi. Væntanleg útskrift af Trönuhólaheimilinu er fyrsta útskrift einstaklings af meðferðarheimili einhverfra barna á Íslandi. Er því mikið í húfi að vel sé staðið að þeirri útskrift. Að öðrum kosti er sýnt að sá árangur sem náðst hefur með tilkomu Trönuhólaheimilisins er unninn fyrir gýg.

Styrktarfélag vangefinna mun í þessum mánuði ljúka byggingu þriðja húss af fjórum raðhúsum við Víðihlíð 5—11. Raðhúsin eru ætluð fyrir sambýli og skammtímavistun fyrir vangefið fólk. Fjórða og síðasta áfanga er ætlað að ljúka fyrir mitt árið 1986 svo framarlega sem lokafjárveiting fæst. Upphafleg áætlun um nýtingu þessara húsa var að eitt skyldi vera fyrir skammtímavistun, annað fyrir einstaklinga sem eru lítið sjálfbjarga og þurfa mikla þjónustu. Þessi tvö hús eru komin í notkun samkvæmt þessari áætlun. Hin tvö húsin voru ætluð fyrir einstaklinga sem þurfa mjög takmarkaða þjónustu.

Af þeim 35 manna hópi sem tafarlaust þarf að fá heimili er mesta neyðarástandið á meðal einstaklinga sem þurfa á meiri þjónustu og aðstoð að halda en upphaflega var áætlað að sambýli við Víðihlíð 5 og 7 mundu veita. Styrktarfélag vangefinna vill gjarnan mæta þeirri þörf sem að ofan getur og breyta þar með upphaflegri áætlun um sambýli að Víðihlíð 5 með því að taka inn einstakling frá meðferðarheimilinu að Trönuhólum. Til þess að svo geti orðið eru svæðisstjórn Reykjavíkur og Styrktarfélag vangefinna sammála um að annars vegar þurfi að koma til fjármagn til að ljúka byggingarframkvæmdum við Víðihlíð 5, 2,6 millj. kr., hins vegar þurfi stöðugildi að vera í samræmi við þá þjónustu sem veita þarf. Þetta eru 6,23 stöðugildi auk sérfræðiþjónustu sálfræðings, félagsráðgjafa og geðlæknis. Til þess að hægt sé að hefja rekstur í Víðihlíð 7 þarf einnig að koma til 1,3 stöðugildi við þau 2,3 sem heimild er fyrir nú þegar. Fáist fjármagn í þær stöðuheimildir sem til þarf verður hægt að sinna málum 11 einstaklinga af þeim 35 sem áður voru nefndir og fer þá einn þeirra inn á Trönuhólaheimilið. Þannig heldur áfram sú æskilega þróun sem hafin er í málefnum einhverfra hér á landi. Þá er það hugmynd okkar, sem að þessum málum vinna, að margir af biðlistanum geti nýtt sér tilboð í formi leiguíbúða með lágmarksþjónustu."

Ég vil geta þess, herra forseti, vegna þess sem fram kemur í þessu bréfi, að í fyrsta skipti er útskrifaður einstaklingur af Trönuhólaheimilinu, sem er meðferðarheimili einhverfra barna á Íslandi, að hér er vissulega miklum áfanga náð. Auk þess er mikill sparnaður í því fyrir ríkissjóð ef þessi þróun heldur áfram því það er mjög dýrt að vista einstaklinga á meðferðarheimilinu á Trönuhólum. Kostnaðurinn við hvern einstakling sem þar dvelur er 1478 þús. kr. á ári, en ef við tökum sem dæmi að þessi einstaklingur flytjist í sambýli, t.d. í Víðihlíðina, er kostnaðurinn mun minni eða um 400—500 þús. kr. Þessi þróun er því mjög æskileg og nauðsynlegt að Alþingi stuðli að því að hún geti haldið áfram.

Í tillögum okkar þm. Reykvíkinga á þskj. 297 er því lögð til fjárveiting til sambýlanna Víðihlíð 5 og 7. Ég fagna því að sjálfsögðu að fjvn. hefur í sínum tillögum nú við 3. umr. nokkuð tekið tillit til þeirra tillagna, sem hér hafa verið fram lagðar, þótt þeim sé engu að síður ekki að fullu mætt.

Varðandi þá tillögu, sem fram kemur á þskj. 297, um fjárveitingu vegna rekstrarkostnaðar fyrir verndaðan vinnustað á vegum Sjálfsbjargar, þá er hér um nýtt viðfagnsefni að ræða, en fyrirhugað er að taka á leigu húsnæði fyrir þessa starfsemi. Í bréfi svæðisstjórnar Reykjavíkur, sem sent var öllum þm. Reykjavíkur, segir svo um þessa starfsemi:

„Sjálfsbjörg hefur nú þegar fengið starfsleyfi fyrir verndaðan vinnustað í Reykjavík. Áætlað er að hann veiti 35—40 manns vinnu í lengri eða skemmri tíma. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan kosti 36,3 millj. og að stofnkostnaði verði skipt niður á næstu fimm ár. Beðið er um fjárveitingu vegna launakostnaðar þriggja starfsmanna til að undirbúa starfsemina. Um er að ræða ¾ hluta starfs framkvæmdastjóra, ¾ hluta starfs verkstjóra og ¼ hluta starfs iðjuþjálfa eða 1,75 stöðugildi. Þá er gert ráð fyrir aðkeyptri vinnu sérfræðings fyrir 500 þús. kr."

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að mjög mikil þörf er á verndaðum vinnustöðum fyrir fatlaða og virðist hér vera um hagkvæman kost að ræða sem leggja beri áherslu á að veiti 35—40 fötluðum vinnu.

Að lokum er í tillögunni á þskj. 297 lagt til að veitt verði fjárveiting að upphæð 1 millj. 531 þús. vegna reksturs á sambýli á vegum svæðisstjórnar. Hér er um að ræða lið sem við flm. till. leggjum þunga áherslu á því að hér virðist vera um mjög hagkvæman kost að ræða sem veita mun 5—6 fötluðum einstaklingum úrlausn. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í bréf sem svæðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjavík hefur sent fjvn. um þetta efni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Svæðisstjórn hefur boðist hús til leigu fyrir sambýlið í Reykjavík að Sóleyjargötu 11. Í óformlegum viðræðum við aðstandendur og forráðamenn hefur komið fram að verð á húsaleigu yrði samkvæmt því verðlagi sem ríkisstofnanir greiða almennt og húsaleigusamningur verður gerður til fimm ára. Í húsinu gætu búið fimm til sex manns. Nauðsynleg stöðugildi eru 4,6 svo að einn starfsmaður sé ávallt til staðar. Nokkrar lagfæringar á húsnæðinu eru nauðsynlegar, t.d. vegna breytinga á hreinlætisaðstöðu.

Svæðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjavík fer þess á leit við fjvn. Alþingis að fá fé til reksturs sambýlis að Sóleyjargötu 11 frá 1. júlí 1986 að telja.

Eins og áður hefur verið kynnt eru á biðlista eftir vistunarplássum í Reyjavík skráð 70 nöfn, auk fjölmargra til viðbótar sem vitað er um að ekki hafa sent formlegar umsagnir til svæðisstjórnar. Svæðisstjórn telur að hér sé um að ræða hagstætt leigutilboð sem gæti leyst úr brýnum vistunarvanda nokkurra þeirra sem bíða eftir sambýlisplássum í Reykjavík."

Nú við 3. umr. hefur fjvn. lagt til og tekið upp sem sína tillögu þá tillögu sem fram kemur á þskj. 297 þannig að ráð má gera fyrir að þessi tillaga verði samþykkt og að það geti orðið að veruleika að svæðisstjórn í málefnum fatlaðra í Reykjavík geti tekið þetta húsnæði á leigu. Því ber að sjálfsögðu að fagna.

Á þskj. 356 flyt ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur tillögu um að hækka framlag í Framkvæmdasjóð

fatlaðra um 45 millj. kr. eða úr 80 millj. í 125 millj. kr. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu því að í gær mælti ég fyrir sams konar tillögu við afgreiðslu lánsfjárlaga. Ég vil þó draga fram helstu staðreyndir í málinu.

Frá stofnun framkvæmdasjóðsins 1980 hefur sjóðurinn verið skertur um samtals 167 millj. kr. að raungildi. Mestu munar um skerðingu á árinu 1984 sem var 57,8 millj. kr. og á yfirstandandi ári um 59 millj. kr. Í fjárlögum fyrir næsta ár er Framkvæmdasjóði fatlaðra ætluð óbreytt krónutala milli ára. Hér er um að ræða gífurlega skerðingu sem nemur 85 millj. kr., en framlög til sjóðsins ættu að vera 135 millj. kr. á næsta ári fyrir utan tekjur af erfðafjárskatti, en með honum ætti sjóðurinn að hafa til ráðstöfunar 165 millj. kr. í stað 80 millj. kr. sem nú er gert ráð fyrir. Samtals er því um að ræða skerðingu frá stofnun framkvæmdasjóðsins um 250 millj. kr. að raungildi.

Gífurlegur vandi blasir við víða á landinu í málefnum fatlaðra. Áætlað er að um 150 fatlaðir bíði nú eftir vistrými, ýmist á sambýlum eða sólarhringsstofnunum. Ég vek athygli á því að þessi vandi væri ekki til staðar ef ráðstöfunarfé sjóðsins hefði ekki verið skert svo mikið sem raun ber vitni. Áætla má að kaup á sambýli fyrir þessa 150 einstaklinga hefðu kostað um 200 millj. kr. Það er nauðsynlegt að þm. geri sér grein fyrir því að vistun þroskaheftra einstaklinga á sambýlum er stór þáttur í því að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu að þroskaheftir geti eins og kostur er aðlagast eðlilegu umhverfi og átt möguleika á því að hjálpa sér sem mest sjálfir. Fjöldi einstaklinga sem nú dvelst á sólarhringsstofnunum fatlaðra gæti útskrifast yfir á sambýli sem er í senn manneskjulegra og eðlilegri kostur fyrir þroskaheftan einstakling og ódýrara fyrir samfélagið — á það legg ég áherslu. Vistun fyrir þroskaheftan einstakling, t.d. á Skálatúni í Mosfellssveit, kostar 708 þús. kr. á ári. Margir þroskaheftir sem þar dveljast gætu vistast á sambýlum sem mundu aðeins kosta um 300—400 þús. kr. á ári samanborið við 708 þús. kr. á t.a.m. Skálatúni í Mosfellssveit. Ljóst er að þegar um svo gífurlegar skerðingar er að ræða á framkvæmdafé sjóðsins getur því seinkað um mörg ár að fá sambýli fyrir þessa einstaklinga sem þegar upp er staðið er mun ódýrari kostur fyrir þjóðfélagið.

Fyrir það takmarkaða ráðstöfunarfé sem sjóðurinn hefur til umráða þarf hann að standa undir framkvæmdum vegna skammtímafósturheimila, leikfangasafna meðferðarheimila fatlaðra, sumardvalarheimila, hjúkrunarheimila, sambýla, verndaðra vinnustaða, æfingar- og endurhæfingarstöðva og vistheimila auk þess að standa undir framkvæmdum sem ákveðnar eru með grunnskólalögum fyrir fatlaða, svo sem vegna sérkennslu og einnig skóladagheimila og dagvistarstofnana fatlaðra. Til allra þessara framkvæmda hefur sjóðurinn á sex árum einungis haft til ráðstöfunar tæpar 390 millj. kr. að raungildi. Vegna þess að sú skylda hvílir á sjóðnum að fjármagna framkvæmdir vegna skólamála fatlaðra hafa á þessum árum farið um 30% af ráðstöfunarfé sjóðsins í framkvæmdir vegna skólamála fatlaðra og um 33% hafa runnið til endurbóta og breytinga á eldra húsnæði án þess að um aukningu á vistrými hafi verið að ræða. Úthlutun úr sjóðnum til framkvæmda, sem leitt hafa til aukins vistrýmis, er aðeins um 25% af framkvæmdafé sjóðsins á árunum 1980—1984. Á það má einnig benda að á sólarhringsstofnunum og sambýlum fatlaðra hefur aukning á vistrýmum aðeins orðið 56. Það hefur aðeins fjölgað um 56 vistrými á 11 ára tímabili, frá 1973—1984, eða úr 369 vistrýmum í 425. Athyglisvert er einnig að á árinu 1980 voru viðfangsefni sjóðsins 18, en á árinu 1985 voru viðfangsefni sjóðsins 53.

Með þessum fjárlögum á enn að bæta nýju viðfangsefni á sjóðinn. Það er kostnaður vegna viðhalds á stofnunum öryrkja og þroskaheftra sem áður var gert ráð fyrir í daggjöldum og fram til þess á fjárlögum eftir að rekstur stofnana var færður á föst fjárlög. Þessum viðhaldsverkefnum er nú vísað á Framkvæmdasjóð fatlaðra. Mér er kunnugt um að stjórn málefna fatlaðra telur það ekki vera verkefni sjóðsins að greiða viðhaldskostnað á stofnunum sem nú er í fyrsta skipti vísað á takmarkað fé framkvæmdasjóðsins án einnar einustu krónu í aukningu á fjármagni milli ára.

Ég bendi einnig á að áætla má að um 4—5% þjóðarinnar eða 10—12 þús. einstaklingar þurfi á að halda stöðugri aðstoð vegna fötlunar sinnar og um 12% þurfa einhverja aðstoð. Því má áætla að ekki færri en 15—20 þús. manns eigi mikið undir því að skilningur stjórnvalda ríki í málefnum fatlaðra og að löggjöf sé framfylgt sem á að tryggja réttindi þeirra og sjóðir fatlaðra séu ekki svo gífurlega skertir sem raun ber vitni. Hér er vart um minni hóp að ræða en rétt á samkvæmt lögum um málefni aldraðra. Framkvæmdasjóður aldraðra fær nú 55% hækkun á sínu framkvæmdafé. Því ber að fagna. En þörf fatlaðra er ekki síður brýn en aldraðra og fatlaðir eiga eins og aldraðir mikið undir því komið að stjórnvöld og fjárveitingavaldið sýni skilning á málefnum þeirra. Því hef ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur flutt hér brtt. sem felur það í sér að hækka framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra úr 80 millj. í 125 millj., en það er sama upphæð og þessa dagana er verið að samþykkja á hv. Alþingi til hækkunar á framkvæmdafé í Framkvæmdasjóð aldaðra.

Að síðustu mæli ég fyrir brtt. á þskj. 298 um að aukið verði framlag til aðgerða gegn fíkniefnum úr 1 millj. í 5 millj. kr. Um þessa tillögu þarf ekki að hafa mörg orð því að ógnvekjandi afleiðingar fíkniefnaneyslu ættu öllum að vera ljósar.

Ég minni á að Alþingi samþykkti tillögu 20. des. 1983 um skipulagðar aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu. Um var að ræða þál. frá 20. des. 1983, um skipulegar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis var starfshópi falið það verkefni að gera tillögur um úrbætur á sviði tolla- og löggæslu sem nauðsynlegar væru til að fyrirbyggja dreifingu og innflutning fíkniefna. Starfshópurinn skilaði ítarlegum tillögum um ýmsar aðgerðir í þessu skyni, en ljóst er að skortur á fjármagni kemur í veg fyrir að hægt sé að hrinda mörgum af þeim brýnu verkefnum í framkvæmd.

Ég verð að segja að það vekur furðu að stjórnvöld skuli aðeins beita sér fyrir 1 millj. kr. framlagi til aðgerða gegn fíkniefnum. Ég fullyrði að það er sparnaður í því fólginn að veita verulegu fjármagni til þessara mála. Að öðrum kosti munu afleiðingar fíkniefnaneyslu koma fram í auknum útgjöldum vegna félags- og heilbrigðismála á komandi árum.

Víst viðurkenna allir að aðhalds er þörf í ríkisfjármálum, en fjárveitingar í forgangsröðun verkefna hjá

stjórnarflokkunum eru oft mjög furðulegar svo að ekki sé meira sagt. 40 millj. kr. er hægt að fleygja úr ríkiskassanum í áfengisútsölu, en á sama tíma er ríkissjóður ekki aflögufær nema um 1 millj. kr. til aðgerða gegn fíkniefnum.

Hæstv. menntmrh. sat fyrir svörum hjá ungu fólki í sjónvarpi á dögunum, ungu fólki sem miklar áhyggjur hafði af ört vaxandi vandamálum vegna neyslu fíkniefna. Hæstv. ráðh. sagði við það tækifæri að ekkert mætti til spara til að sporna gegn þessum vágesti. Þessi orð menntmrh. skulu vera mín lokaorð við þessa umræðu. Hér má ekkert til spara. Skora ég á þm. að hafa skilning á þessu máli og samþykkja hækkun á framlögum vegna aðgerða í fíkniefnamálum.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Vísast eru þau fjárlög, sem hér eru til 3. umr., ekki þeirrar gerðar að þau muni standast tímans tönn, eins og fram hefur komið í máli fjölmargra ræðumanna sem á undan mér hafa talað. Það má því vera að til lítils sé að flytja brtt. við þau drög að fjárlögum sem hér liggja fyrir, en þó höfum við þingkonur Kvennalistans ekki geta setið hjá aðgerðarlausar og horft á hvert þjóðþurftarmálið skorið niður og við nögl. Því flytjum við allnokkrar brtt. við þetta fjárlagafrv. og vil ég taka fram að tillögur eru aðeins gerðar um albrýnustu málin. Það er fjöldamargt fleira sem við hefðum viljað sjá ofar á listanum í þessu fjárlagafrv., en því verður ekki gerð tæmandi skil nú.

Ég mæli fyrst fyrir brtt. á þskj. 357, sem er borin fram af þingkonum Kvennalistans, um hækkun á framlagi ríkisins til byggingar dagvistarheimila fyrir börn úr 40 millj. kr., sem er smánarleg upphæð, í þær 128 millj. kr. sem er sú lágmarksupphæð sem þarf til að mæta umsóknum sveitarfélaganna í þessu efni. Í þessum málum er þörfin knýjandi og sívaxandi, ekki síst vegna þess að framlög til dagvistarheimila barna hafa lækkað um 20% að raungildi á síðustu tveimur árum.

Á síðasta þingi lögðum við Kvennalistakonur fram frv. til l. um átak í dagvistarmálum barna. Þar var gert ráð fyrir að á ári hverju yrði veitt úr ríkissjóði upphæð sem nemur a.m.k. 0,8% af A-hluta fjárlaga til byggingar dagvistarheimila fyrir börn. Miðað við niðurstöðutölu A-hluta fjárlaga árið 1985 hefði í ár verið um að ræða upphæð sem nemur 208 millj. kr. Forsendur þessa frv. voru m.a. þær að við gerð kjarasamninga Alþýðusambands Íslands í október 1980 samdi ríkisstj. um að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna skyldi fullnægt á næstu tíu árum. Með bréfi dags. 26. mars 1981 skipaði menntmrh. nefnd til að gera tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila í landinu. Nefndin, sem lauk störfum í apríl árið 1982, lagði fram umbeðna áætlun byggða á tveimur mismunandi forsendum fyrir þörf á dagvistarrými og komst að þeirri niðurstöðu að árlega þyrfti að veita úr ríkissjóði 30 millj. kr. miðað við forsendu 1, en 50 millj. kr. miðað við forsendu 2 til að því markmiði í byggingu dagvistarheimila sem samið var um árið 1980 yrði náð.

Tillögur nefndarinnar um upphæð fjárveitinga voru miðaðar við byggingarvísitölu. Samkvæmt framreikningi Þjóðhagsstofnunar ættu 30 millj. að vera orðnar 113,7 millj. og 50 millj. orðnar 189,4 millj. í janúar 1986. Það er sem sagt á bilinu 114—190 millj. kr. sem hefði átt að veita á fjárlögum ársins 1986 til byggingar dagvistarheimila hefði verið staðið við kjarasamningana frá 1980.

Þess í stað höfum við á því fjárlagafrv. sem fyrir okkur liggur upphæð til þessara mála upp á 40 millj. kr. Það er sem sagt ekki nóg að tvær ríkisstjórnir hafi þverbrotið það sem um var samið í kjarasamningunum 1980 heldur hefur í engu verið tekið tillit til þess frv. um átak í dagvistarmálum barna sem á síðasta þingi var vísað til ríkisstj. með því fororði að taka tillit til þessara mála við næstu fjárlagagerð. Þau tilmæli meirihlutamanna í Ed. eru að engu höfð í því fjárlagafrv. sem við ræðum hér og kemur mér ekki á óvart því að sú ríkisstj. sem nú situr hefur ekki gert annað en að lækka að raungildi framlög til þessara mála jafnt og þétt allan sinn stjórnartíma.

Jafnframt er ljóst að því fer fjarri að þörf fyrir dagvistun barna hafi minnkað á þeim árum sem hér um ræðir. Þvert á móti hefur þörf á dagvistarrými aukist svo umfram framboð sökum núverandi efnahagsástands að neyðarástand hefur skapast í þessum efnum. Við núverandi efnahagsástæður og þann óheyrilega langa vinnutíma sem flestum vinnufærum Íslendingum er boðið upp á hafa feður og mæður lítinn tíma afgangs fyrir börn sín. Skyldu hv. þm. nokkurn tíma hugsa um hvar börnin eru á meðan foreldrarnir eru að vinna?

Ástandið var þannig í þessum málum fyrir rúmu ári að þá var rúm fyrir 43,5% barna á landinu á aldrinum sex mánaða til fimm ára á dagvistarheimilum. Þar af voru 34,6% á leikskólum, sem bjóða aðeins fjögurra stunda fóstrun á dag, en aðeins 8,9% á dagheimilum. Á skóladagheimilum landsins var rúm fyrir 377 börn eða 1,5% barna á aldrinum 6—11 ára. Á meðan rúmlega 80% kvenna og yfir 90% karla eru úti á vinnumarkaðnum er þetta raunveruleikinn. Jafnvel þótt ekki sé tekið mið af núverandi efnahagsástandi, sem kallar foreldra til vinnu utan heimilis án tillits til barna, er það grundvallaratriði í baráttu fyrir jafnri stöðu karla og kvenna á vinnumarkaðnum að öllum foreldrum standi dagvistarþjónusta fyrir börn til boða, að foreldrar geti sjálfir valið hvort börn þeirra sækja dagvistarheimili en að ríkið velji ekki fyrir þá eins og nú er. Því höfum við Kvennalistakonur lagt til á þskj. 357 að sinnt verði beiðnum sveitarfélaganna um framlög til byggingar dagvistarheimila og þau hækkuð úr þeim 40 millj. kr., sem í fjárlagafrv. eru, í 128 millj. kr.

Hv. alþm. ætti að vera ljóst að við svo búið má ekki lengur standa í dagvistarmálum barna. Það er ábyrgðarhlutur okkar, sem sitjum á hv. Alþingi, að sjá til þess að hér verði ráðin bót á og aflétt því neyðarástandi sem nú ríkir í þessum málum. Ég skora því á hv. þm. að kanna nú grannt hug sinn til þessara mála og veita þessu máli liðsinni sitt.

Á þskj. 357 er einnig till. frá þingkonum Kvennalistans um 100% hækkun á framlögum til listrænnar starfsemi í landinu, þ.e. listrænnar starfsemi sem er að finna í lið 02 982 í 4. gr. frv. Þannig er nú málum háttað hér á landi að handhafar framkvæmdavalds tala sjaldan um list. Það er þá ekki nema við hátíðleg tækifæri þegar þeim verður orða vant að gripið er til þess neyðarúrræðis að segja fáein orð um listir. Hér innan þessara veggja fer ekki fram umræða um gildi listrænnar starfsemi fyrir íslenskt þjóðlíf, hvað þá heldur umræða um nauðsyn þess að ríkisvaldið styrki slíka starfsemi. Fjárveitingar ríkisins til listrænnar starfsemi koma helst til umræðu þegar skera þarf niður fjárlög. Er eins og

menn haldi að niðurskurður á því sviði breyti einhverju, sem skiptir máli, um niðurstöður ríkisfjármálanna.

Staðreyndin er sú að íslenska ríkið veitir ótrúlega lágum fjárhæðum til listrænnar starfsemi, svo lágum að hliðstæður er varla hægt að finna meðal vestrænna þjóða. Er þá auðvitað miðað við hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins.

Það mætti ætla að íslenska ríkið hefði aukið framlög sín til lista í samræmi við þá miklu grósku sem ríkt hefur hér á landi á þessu sviði á síðustu árum. Því er hins vegar ekki að heilsa. Þvert á móti hafa framlög ríkisins, ef eitthvað er, rýrnað. Samkvæmt þeim fjárlögum, sem nú eru til umræðu, ætlar ríkisstj. að veita af rausn sinni sem nemur um 0,7% af heildarútgjöldum ríkisins til listrænnar starfsemi.

Staðreyndin er því sú að íslenskri listastarfsemi er í síauknum mæli haldið uppi af sjálfboðavinnu útpískaðra listamanna sem hafa ofan í sig og á með því að vinna í alls kyns óskyldum störfum, svo sem auglýsingagerð og prófarkalestri. Er varla við að búast að íslenskir listamenn verði til stórræðanna, hvað þá heldur samkeppnishæfir á erlendum vettvangi, ef svo heldur áfram.

Áhugaleysi stjórnvalda á þessu sviði íslensks mannlífs hefur einnig þær alvarlegu afleiðingar í för með sér að menningarfjandskapur hvers konar og virðingarleysi fyrir gildi listanna á auðveldara með að ná fótfestu meðal þjóðarinnnar en ella væri. Þetta menningarhatur hefur náð svo langt að ungliðasamtök stærsta stjórnmálaflokks landsins virðast vera gengin þessu hatri á hönd. Á ég þar við fræga tillögu Sambands ungra sjálfstæðismanna um það hvernig megi bjarga þjóðinni með því að skera niður allar fjárveitingar til lista og til mannúðarstarfsemi hvers konar.

Það ætti að vera okkur, sem hér sitjum, verulegt áhyggjuefni að virðingarleysi fyrir listum og menntum er komið á þetta stig meðal ýmissa hópa samfélagsins. Ef einhver dirfska býr á meðal hv. þm. ættu þeir að ganga á hólm við slík sjónarmið með því að efla þá sjóði sem styrkja skapandi listir og efla þar með frjálsa hugsun og víðsýni meðal þjóðarinnar. Að því miðar sú till. okkar Kvennalistakvenna að auka framlög til ýmiss konar listastarfsemi í landinu, þ.e. liðurinn 02 982, um 100% eða um 61 368 þús. kr. Teljum við að með minna verði ekki af komist í þessum efnum. Til að setja þessa upphæð í talnasamhengi vil ég benda hv. þm. á að 61 millj. kr. er vel innan við helmingur þeirrar upphæðar sem ríkið mun fá í sinn sjóð á næsta ári í söluskatt af bókum. Áætlað er að sköpunarstarf rithöfunda muni skila ríkinu um 150 millj. kr. í söluskattstekjur á næsta ári.

Virðulegi forseti. Þær fjárveitingar, sem nú eru ætlaðar til lista, minna frekar á syndakvittanir en fastmótaða stefnu. Þær endurspegla skilningsleysi stjórnvalda á samfélagslegu gildi listanna og þær opinbera áhugaleysi ráðamanna á því að efla frumlega hugsun á meðal landsmanna.

Flestum okkar er orðið ljóst gildi rannsókna og nýsköpunar í raunvísindum fyrir efnahag þessarar þjóðar. En mönnum virðist enn ekki vera orðið ljóst gildi nýsköpunar í hugvísindum og listum fyrir bæði andlega velferð þjóðarinnar og eins fyrir efnahagslega velferð hennar því að án nýsköpunar á huglæga sviðinu verður ekki um að ræða neinar framfarir á því efnahagslega. Við þurfum ekki annað en líta í sögu vísindanna til að sjá þessa staðreynd blasa við og við þurfum ekki annað en líta til nágrannaþjóðanna til að sjá að stjórnvöld þar hafa á þessari staðreynd þroskaðri skilning en stjórnvöld hér.

Það er á ábyrgð stjórnvalda á hverjum tíma að móta mannúðlega menntastefnu sem hefur þann megintilgang að örva hvern og einn landsmann til skapandi hugsunar og auðvelda fólki þannig að opna hug sinn fyrir nýjum hugmyndum og nýjum sjónarhornum. Slík stefna mundi einnig vera mótvægi við það innihaldslausa fóður sem í síauknum mæli er dengt inn í vitund landsmanna, ungra sem aldinna, með hjálp dagblaðaskrums og gegndarlauss auglýsingafárs í sjónvarpi og hljóðvarpi. Það ætti því að vera hv. þm. metnaðarmál að móta slíka stefnu áður en það verður um seinan. En sem fyrsta skref í þá átt og til að sýna vilja í verki ættum við að sjá til þess að sjóðir til nýsköpunar í listum og vísindum verði efldir svo að um muni. Þegar til lengdar lætur mundi slíkt skref efla virðingu þjóðarinnar fyrir listum og vísindum og einnig fyrir þeim hv. þm. sem þessa bekki sitja og eru ekki margir þegar þessi orð eru mælt af munni fram.

Virðulegi forseti. Ég mæli einnig fyrir till., sem er að finna á þskj. 345 og ég flyt ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu S. Kvaran, Guðrúnu Helgadóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur, þess efnis að 1 millj. kr. verði á næsta ári varið til að styrkja þann frjóa en fjársvelta vísindavettvang sem kvennarannsóknir hér á landi eru.

Þegar þessari till. var dreift á borð hv. þm. í gær kom í ljós að sumir hv. þm. vissu ekki hvað kvennarannsóknir voru, töldu jafnvel að flm. hefðu farið ráðuneytavillt við gerð till., hún ætti heima hjá heilbr.- og trrn., t.d. undir liðnum „Borgarspítali", því að hér hlyti að vera um að ræða læknisfræðilegar rannsóknir á konum. Þessi viðbrögð hv. þm. sýna e.t.v. best hversu ósýnileg vinna kvenna er körlum og við hversu ramman reip er að draga í þessum efnum, þar á meðal í svonefndum kvennarannsóknum. Hv. þm. vita einfaldlega ekki hvað er á ferðinni þegar þetta orð birtist þeim á þingskjali. Þeir vita ekki að kvennarannsóknir eru rannsóknir sem konur vinna að. Það eina sem þeim dettur í hug þegar þeir sjá orðið eru rannsóknir á einhverju sem lýtur að líkömum kvenna.

Til þess að taka af allan vafa um það hvað hér er á ferðinni er mér ljúft og skylt að útskýra í fáeinum orðum hvað átt er við með kvennarannsóknum. Kvennarannsóknir eru í stuttu máli hvers konar vísindalegar rannsóknir sem konur stunda og sem annaðhvort beinast að konum á einhvern hátt, t.d. rannsóknir á sögu kvenna eða rannsóknir á bókmenntum eftir konur, eða þá byggjast á ákveðnum kvenlegum viðhorfum, ef svo má segja, þótt rannsóknin sjálf beinist ekki endilega að konum. Sem dæmi um það síðarnefnda má t.d. nefna rannsóknir kvenna á Biblíunni út frá kynbundnum trúarhugmyndum, öðrum nafni kvennaguðfræði.

Á öllum sviðum fræða og vísinda eru konur nú að þreifa sig áfram með nýjar og skapandi rannsóknir af þessu tagi. Þær eru nýjar og skapandi vegna þess að til þeirra bera konur reynslu sína, vitund og lífssýn, en ekkert af þessu hefur áður verið mótandi á nokkru rannsóknasviði.

Fræðilegar rannsóknir hafa fram á síðustu ár verið

einkavettvangur karla. Þeir hafa valið viðfangsefnin, mótað rannsóknaraðferðirnar og þau hugtök sem unnið er með og út frá. Þau viðhorf, sjónarhorn og sá skilningur, sem konur eru nú í fyrsta sinn í aðstöðu til að bera inn í fræðigreinarnar vegna stóraukinnar menntunar kvenna á undanförnum árum, hafa víða verið sem frjóvgandi regn á gróðurmold. Upp hafa sprottið nýjar hugmyndir, ný viðfangsefni, nýjar aðferðir og nýjar niðurstöður sem stundum varpa nýju ljósi á fræðigreinina alla, hvetur fræðimenn til að leita nýrra svara og hvetur þá til nýrra dáða. Það á við um þá fræðigrein sem ég þekki gerst, mannfræðina, þar sem kvennarannsóknir eru viðurkenndar sem einn helsti vaxtarbroddur greinarinnar á undanförnum árum. Svo mun einnig vera um fleiri fræðigreinar þótt ekki sé það alls staðar viðurkennt.

Kvennarannsóknir eiga sér töluverða sögu í nágrannalöndum okkar, en hér á landi hefur fram undir síðasta ár lítið farið fyrir þeim. Þó hafa íslenskar fræðakonur sinnt þessum hluta fræða sinna eftir bestu getu en við bágar aðstæður og stundum gríðarlega vantrú og vanmat starfsbræðra sinna. Hefði því að óreyndu mátt búast við að í íslenskum kvennarannsóknum væri ekki um auðugan garð að gresja. Hins vegar brá svo við að þegar farið var á stúfana fyrir u.þ.b. ári síðan og athugað hvernig þessum málum væri í raun háttað kom í ljós að ótrúlega margar fræðakonur höfðu ýmislegt fram að færa á þessu rannsóknarsviði. Var þeim stefnt saman til ráðstefnu og var fyrsta ráðstefnan um íslenskar kvennarannsóknir haldin með miklum glæsibrag í Háskóla Íslands dagana 29. ágúst til 1. september s.l. Þar fluttu 26 fræðikonur erindi í eftirtöldum fræðigreinum: bókmenntafræði, sagnfræði, lögfræði, landafræði, líffeðlisfræði, fjölmiðlafræði, guðfræði, stjórnmálafræði, uppeldis- og sálarfræði, afbrotafræði, mannfræði, hjúkrunarfræði og erfðaverkfræði.

Aðsóknin að ráðstefnunni sló öll ráðstefnumet, en á annað þúsund manns, aðallega konur á öllum aldri, og úr fjölmörgum starfsgreinum, sóttu ráðstefnuna. Erindi, sem flutt voru á ráðstefnunni, voru gefin út fjölrituð á bók, sem nefnd var Íslenskar kvennarannsóknir, og seldist sú bók upp á ráðstefnudögunum og er nú ófáanleg. Það er því ljóst að áhugi á íslenskum kvennarannsóknum er gríðarlegur. Það er einnig ljóst að á þeim vettvangi er að finna mikinn kraft, hæfni og vilja til stórra verka. Spurningin er: Erum við tilbúin að veita nokkru af almannafé til að skapa lífvænleg skilyrði fyrir þessi fræði?

Sú 1 milljón sem við sem að þessari till. stöndum leggjum til að veitt verði til þessara mála er vitaskuld ekki mikið, ekki einu sinni ein árslaun ráðuneytisstjóra. En þessir peningar skipta máli fyrir þær félitlu vísindakonur sem þarna eiga í hlut. Fyrir þær gildir það sama og fyrir flesta aðra vísindamenn hér á landi sem rannsóknir vilja stunda. Margt smátt gerir eitt stórt og hver króna, sem fæst til þessara hluta, skiptir máli. Að auki yrði sérstök fjárveiting til kvennarannsókna, eins og hér er verið að leggja til, mikilsverð viðurkenning á þeim rannsóknum og því ómetanleg hvatning og styrkur þeim vísindakonum sem í hlut eiga.

Virðulegi forseti. Baráttan fyrir jöfnum rétti kvenna og karla til náms var bæði löng og ströng og víst er að aðstæður kvenna til framhaldsnáms eru enn þann dag í dag í ófáum tilfellum lakari en pilta. Þó hefur mikið áunnist í þessum efnum á undanförnum áratugum og árangurinn lætur ekki á sér standa. Sókn kvenna inn á svið grunnrannsókna í öllum helstu fræðigreinum er aðeins rökrétt framhald af almennt aukinni menntun kvenna og var vísast fyrirsjáanleg á sínum tíma.

Það sem enginn sá hins vegar fyrir var að konurnar fluttu með sér annan skilning, aðra reynslu og aðra veruleikasýn inn í vísindin sem kallaði á nýja tegund rannsókna, ný viðfangsefni og endurmat og endurnýjun fræðigreinanna. Nú hefur þessi sproti skotið rótum í íslenskum jarðvegi og það er okkar, sem hér sitjum, að leggja okkar af mörkum til að búa honum lífvænlegt umhverfi. Því er þessi till. hér fram borin.

Virðulegi forseti. Að lokum fáein orð um framlag okkar til þróunaraðstoðar. Það kom eins og reiðarslag yfir allmarga hv. þm. þegar till. þess efnis að skera niður framlög okkar til matvæla- og neyðaraðstoðar við bágstaddar þjóðir heimsins var samþykkt við 2. umr. þessa fjárlagafrv. Við þetta verður ekki unað og því hafa Kvennalistaþingkonur lagt til á þskj. 408 að upphafleg tala fjárlagafrv., 11 800 þús. kr., standi óbreytt þótt sannarlega sé hún ekki rausnarleg.

Jafnframt leggjum við til að Þróunarsamvinnustofnun Íslands fái þær 46 446 þús. kr. sem henni ber að lágmarki ef farið væri eftir þeirri þáltill. um þróunaraðstoð Íslands sem Alþingi samþykkti samhljóða fyrir fáeinum mánuðum síðan.

Ég tek það fram að hér er um lágmarksaukningu á þessum framlögum að ræða og má ekki minna vera ef Alþingi er í mun að standa að nafninu til við samþykktir sínar. Ég skora því á hv. þm. að skoða nú grannt hug sinn til þessara mála. Rökin fyrir aðstoð okkar við sveltandi og hrjáðar þjóðir hafa öll heyrst hér í þingsölum á umliðnum mánuðum. Það sem eftir er að færa sönnur á er hjartalag hv. þm. — [Fundarhlé].

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nokkrum brtt. við fjárlög. Sú fyrsta, sem ég mæli fyrir, er flutt auk mín af Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur, þingkonum Kvennalistans, og er á þskj. 357 undir lið II, 3. atriði.

Á síðasta þingi fluttu þm. Kvennalista þáltill. þar sem hvatt var til þess að komið verði á kerfisbundinni leit að brjóstakrabbameini hjá konum með röntgenmyndatöku af brjóstum, mammografíu, eins fljótt og unnt er. Till. þessi var samþykkt s.l. vor. Um er að ræða hópskoðun á öllum íslenskum konum í ákveðnum aldurshópum, t.d. 40—69 ára, á tveggja ára fresti.

Brjóstakrabbamein er algengasti illkynja sjúkdómur meðal kvenna og tíðnin eykst stöðugt. Á Íslandi greinast nú um 70—90 konur á hverju ári með þennan sjúkdóm og þrettánda hver kona getur búist við því að fá hann á lífsleið sinni. Á hverju ári deyja um 25 konur af brjóstakrabbameini.

Til þess að bætt tækni við meðferð síðustu áratuga megi nýtast til fullnustu verður að finna æxlið meðan það er enn lítið um sig og hefur ekki náð að breiðast út um líkamann. Öruggasta aðferðin til að finna slík æxli á byrjunarstigi er einmitt röntgenmyndataka af brjóstum. Nýjar rannsóknir í Svíþjóð með þessari tækni sýna lækkun á dánartíðni kvenna allt að 31% á átta ára rannsóknartímabili. Þetta eru niðurstöður sem ekki er hægt að líta fram hjá. Samkvæmt þeim má draga þá ályktun að árlegum dauðsföllum hérlendis vegna þessa

sjúkdóms mundi fækka um átta þegar hópskoðun væri farin að bera árangur.

Það er ekki bara álitamál í mínum huga hve lengi má bíða með að fjármagna slíka hópskoðun. Það er beinlínis ábyrgðarhluti. Tæki til skoðunar hafa þegar verið gefin, húsnæði verið lagt til af hálfu Krabbameinsfélagsins. Það sem á vantar er fyrst og fremst fjármögnun rekstrarkostnaðar, en áætlað er að hann muni nema um 700 kr. á hvern einstakling sem fer í skoðun. Lætur nærri að það jafngildi rekstri um fimm sjúkrarúma á ári.

Það orkar ekki tvímælis að með því að greina snemma krabbamein í brjósti kvenna er unnt að bjóða þeim upp á vægari, mannúðlegri og árangursríkari meðferð. Róttækar og lýtandi skurðaðgerðir geta haft djúpstæð sálræn áhrif auk eðlilegs ótta við sjúkdóminn og dauðann. Það hefur því ekki einungis áhrif á lífslíkur ef sjúkdómur uppgötvast seint heldur beinlínis á gæði og gleði þess lífs sem konan á fyrir höndum. Við höfum því lagt til að auka fé til Krabbameinsfélagsins þannig að því verði gert kleift að hefja þessa hópskoðun sem fyrst. Til þess höfum við gert breytingu við 4. gr., lið 08 399 131, Krabbameinsfélag Íslands, en þar höfum við lagt til að hækkun verði um 10 millj. kr. og ætti það að duga til þess að hleypa þessari hópskoðun af stað.

Ég vil ítreka það við hv. þm. að hér er um að ræða mikið velferðar- og réttlætismál.

Í öðru lagi mæli ég hér fyrir brtt. á þskj. 389, þ.e. brtt. við 4. gr. 06 238, Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum. Þessi brtt. er flutt auk mín af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur. Þar er um að ræða hækkun á þessum lið sem ég áður greindi, fyrir 3228 þús. kemur 4700 þús.

Sá vandi, sem aukin neysla ávana- og fíkniefna hefur fært einstaklingum, fjölskyldum og stjórnvöldum, krefst margvíslegra lausna. Úrbætur á aðhlynningu þeirra sem þegar hafa orðið fíkniefnaneyslu að bráð hafa þegar verið gerðar eða eru í augsýn. Neyðarathvarf hefur verið opnað hér í nágrenninu á vegum Rauða krossins og hæstv. heilbrrh. hefur nýlega tilkynnt um makaskipti á húsnæði ríkis og borgar fyrir unglingageðdeild við Dalbraut.

Sá vandi, sem virðist vera einna brýnastur nú, er að koma í veg fyrir innflutning og dreifingu fíkniefna að svo miklu leyti sem það er hægt. Samkvæmt upplýsingum frá Arnari Jenssyni lögreglufulltrúa fíkniefnadeildarinnar er ekki nægur fjöldi lögreglumanna til þess að vinna að öllum þeim upplýsingum sem embættinu berast og þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna. Enn fremur er mikil nauðsyn fyrir sérstaka rannsóknarlögreglumenn að geta einbeitt sér að langtíma verkefnum. Það eru venjulega hin stærri mál. Þetta er ekki unnt vegna fámennis og aðstöðuleysis.

Þeir sem nú vinna að rannsókn fíkniefnamála eru ofhlaðnir verkefnum og þurfa að sinna gífurlegri aukavinnu. Það er algengt að þeir þurfi að vinna allt að 200 klst. í mánuði.

Starfshópur til að skipuleggja lögreglu- og tollgæsluaðgerðir á sviði fíkniefna sendi dómsmrh. tillögur sínar til úrbóta á s.l. sumri. Þar er ítrekuð mannfæð þeirra deilda sem aðallega fást við eftirlit og rannsóknir fíkniefnamála, en tillögur þær, sem nefndin gerði, eru:

1. Í fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík starfi ekki færri en fjórir fastir rannsóknarlögreglumenn, átta lögreglumenn er komi tímabundið til starfa í deildinni en fari síðan til starfa í almennri löggæslu og aðrir taki við, tveir menn er stjórni leitarhundum og einn lögreglufulltrúi. Er með þessu óskað eftir sex viðbótarmönnum.

2. Í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli starfi tveir lögreglumenn að fíkniefnarannsóknum og er óskað eftir einum viðbótarmanni.

3. Við rannsóknardeildir lögreglunnar í Kópavogi, í Hafnarfirði og á Akureyri starfi einn rannsóknarlögreglumaður í hverri deild sem hafi fíkniefnarannsóknir að aðalstarfi. Væntanlega þarf að bæta við einum manni á hverjum stað vegna þessa. Rannsóknarlögreglumennirnir í Kópavogi og Hafnarfirði vinni með rannsóknardeildinni í Reykjavík þannig að Reykjavíkursvæðið myndi eina heild.

4. Lögreglumaður annist reglulegar ferðir um landið til að kynna öllum lögreglumönnum rannsóknir fíkniefnamála. Jafnframt sinni hann almenningstengslum um fíkniefni.

5. Hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli starfi á hverri vakt tollvörður sem sérhæfður sé í fíkniefnaeftirliti.

Ég tel mjög brýnt að komið verði til móts við þessar tillögur og besta leiðin til að koma í veg fyrir aukna neyslu fíkniefna er auðvitað að minnka framboð á þessum efnum og forða því að nýir neytendur bætist í hópinn. Við verðum að beina kröftum okkar að þeim verkefnum nú því að á skal að ósi stemma.

Við þm. Kvennalista höfum ekki gengið svo langt í brtt. okkar að koma fyllilega til móts við óskir fíkniefnalögreglunnar, en gerum þó ráð fyrir a.m.k. tveimur nýjum stöðugildum í tillögum okkar og teljum það skref í rétta átt.

Ég þarf ekki að lýsa fíkniefnavandanum fyrir hv. þm., svo mikið hefur verið um hann rætt bæði hér í þingsölum og úti í þjóðfélaginu. Öllum ógnar sá vandi og víst er að allir vildu sjá á bak honum. Til þess að svo geti orðið verðum við að taka á málum og veita til þess nauðsynlegu fjármagni. Hér er einungis farið fram á hluta þess fjármagns sem til þarf. Minna getur það varla orðið og ég hvet hv. þm. til þess að styðja þessa brtt.

Ég vil síðan mæla fyrir brtt., herra forseti, á þskj. 389 sem einnig er flutt af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur auk mín og varðar Námsgagnastofnun. Það er við 4. gr., liður 02 422. Þeir liðir, sem við leggjum til að hækki, eru liður 1.20, Framleiðsludeild, úr 58 336 þús. í 60 336 þús. og liður 1.60, Námsefnisgerð, þar sem í stað 5929 þús. koma 7929 þús.

Sú hækkun, sem við leggjum til, miðar fyrst og fremst að því að fjármagna námsgögn fyrir sex ára börn. Nú munu u.þ.b. 97% sex ára barna sækja grunnskóla. Skólatími þeirra hefur lengst verulega og er nú allt að 20 tímar á viku. Jafnframt hafa kröfur um námsefni af ýmsu tagi aukist verulega og er nú þegar unnið að ýmsum verkefnum samkvæmt tillögum nefndar á vegum menntmrn. um yngri barna kennslu. Æskilegt væri að gefa skólum kost á því að taka efni þetta af kvóta sínum hjá stofnuninni eins og er með annað efni, enda oft erfitt að meta hvort námsefni henti betur sex, sjö eða átta ára nemendum þar sem víða er um blandaða aldurshópa að ræða. En mikilvægt er að tryggja nemendum í forskóla jafnan aðgang að námsefni.

Sex ára börn munu vera um 6 þús. talsins á landinu

og menntmrn. áætlar kostnað á hvern nemanda til jafnaðar um 1910 kr. Heildarfjárþörf mun því nema 7640 þús. eða tæpum 8 millj. kr. Við þm. Kvennalista höfum með þessum till. okkar til hækkunar verið bæði raunsæjar og hógværar þar sem við leggjum í raun til að sú hækkun, sem nauðsynleg væri til að sinna að fullu þörfum allra sex ára barna, sé tekin í tveimur áföngum, þ.e. helmingur á þessu ári og helmingur síðar. Minna má það tæplega vera og ég vil leggja áherslu á það við hv. þm. að lengi býr að fyrstu gerð.

Herra forseti. Ég vil næst mæla fyrir brtt. sem er á þskj. 357 og varðar kvennaathvarf í Reykjavík. Það er brtt. við 4. gr., 07 999, 1.40. Samkvæmt fjárhagsáætlun Samtaka um kvennaathvarf mun rekstur athvarfsins og húsnæðis þess að frádregnum sértekjum kosta um 4 millj. 658 þús. kr. á árinu 1986. Þar sem erfiðlega hefur gengið að fá stuðning sveitarfélaga, með nokkrum undantekningum þó, fara samtökin nú fram á að 70% rekstrarkostnaðarins komi af fjárlögum. Eftir sem áður hyggjast samtökin þó leita eftir stuðningi sveitarfélaga, aðallega á Suðvesturlandi, til að greiða 30% rekstarkostnaðar, 1 millj. 397 þús. kr.

Athugun á starfsemi kvennaathvarfsins, sem gerð var af Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðingi, leiddi í ljós að mikil aukning varð á aðsókn í athvarfið milli áranna 1983 og 1984. En í fyrra komu þangað 178 konur og 137 börn. Meðaldvalartími kvennanna var 11,5 dagar, en um 70% þeirra dvöldust 7 daga eða skemur og tæplega 50% einn og tvo daga. Að meðaltali dvöldust 5,6 konur og 6,2 börn í athvarfinu á degi hverjum. Það sem af er þessu ári hefur fjöldinn verið svipaður, en þó ívið minni.

Fjárhagsáætlunin er miðuð við óbreyttan rekstur á næsta ári, þ.e. 6,5 stöðugildi, en athvarfið er opið allan sólarhringinn. Einu tekjur athvarfsins eru daggjöld sem dvalarkonur greiða fyrir fæði og húsnæði. Ekkert er greitt fyrir börn. Daggjaldið hefur verið óbreytt þetta ár en hækkar nú um mánaðamótin í 250 kr. Vegna niðurskurðar á fjárbeiðnum samtakanna þetta ár hefur ekki reynst unnt að framkvæma nauðsynlegt viðhald og endurbætur á húsnæði athvarfsins og er sá liður því enn mjög hár í fjárhagsáætluninni eða um 645 þús. Eigið fé samtakanna frá myndarlegri fjársöfnun árið 1983 er nú uppurið og að hluta bundið í húsbyggingu í Reykjavík sem ákveðið hefur verið að selja til að samtökin geti staðið við skuldbindingar sínar vegna kaupa á húsnæði fyrir athvarfið sjálft og lána sem tekin voru í því skyni. Fjárhagsáætlun kvennaathvarfsins gerir einungis ráð fyrir rekstri neyðarathvarfs fyrir konur sem verða að flýja heimili sín vegna ofbeldis um lengri eða skemmri tíma. Kostnaður við rekstur samtakanna sjálfra er borinn uppi af félagsmönnum og styrktarmönnum.

Þessi starfsemi, sem margir héldu að ekki væri þörf fyrir í þjóðfélagi okkar, hefur þegar sannað tilverurétt sinn og er nú ómissandi. Sá samtakamáttur sem hóf þessa starfsemi og hefur síðan rekið hana af mikilli óeigingirni er lofsverður. Sú sjálfboðavinna sem þarna hefur farið fram er ómæld og hefur lyft grettistaki. Það er nauðsyn að starfsemi kvennaathvarfsins geti haldið áfram. Hún þjónar brýnni þörf samfélagsins. Því er eðlilegt að ríkissjóður beri hluta af rekstarkostnaði hennar.

Sú heildartala sem í fjárlögum stendur nú eru 2 millj. 34 þús. kr. og hefur þar verið steypt saman þeim tölum sem áætlaðar voru til kvennaathvarfsins á Akureyri sem nú hefur lokað og kvennaathvarfsins í Reykjavík. Fjárþörf Reykjavíkurathvarfsins er þó meiri og til að mæta henni höfum við gert tillögu um hækkun upp í 3 millj. og 260 þús. sem þó er ekki sú fjárhæð sem farið er fram á. Við höfum enn á ný verið hógværar í beiðnum okkar og ég vona að þm. taki tillit til þess og að þessi brtt. verði samþykkt.

Að síðustu, herra forseti, þá mun ég mæla fyrir brtt. á þskj. 357, sem er við 4. gr. lið 02-233 um Rannsóknasjóð. — Er hæstv. forsrh. mættur á fundinn eða er hann í húsinu? Ég hefði gjarnan viljað að hann hlustaði á mál mitt. (**Gripið fram í:** Fjmrh. er mættur.) En forsrh.? Er hann í húsinu? (**Forseti:** Það er verið að kanna það. — Það er upplýst að hæstv. forsrh. er ekki í húsinu.) Þá vona ég að hæstv. forsrh. lesi mál mitt síðar.

Í desember á s.l. ári ákvað ríkisstj. að verja 50 millj. kr. í styrki til rannsókna og þróunarstarfsemi. Var þessu fé einkum ætlað að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Páv. hæstv. menntmrh. fól síðan Rannsóknaráði ríkisins að gera tillögur um og hafa umsjón með úthlutun þessa fjármagns. (**Forseti:** Ég vildi nú gjarnan biðja hv. þm. um að hafa örlítið hljóðar um sig, aðra en hv. ræðumann.) Rannsóknaráð ríkisins auglýsti eftir umsóknum um styrki í samræmi við reglur sem menntmrh. setti og rann umsóknarfrestur út 1. september s.l. Alls bárust 122 umsóknir og var heildarupphæð umsókna af fé ársins um 205 millj. kr., en áætlað var að heildarkostnaður rannsóknarverkefnanna, sem mörg standa í a.m.k. 2—3 ár, verði um 680 millj. kr. á núverandi verðlagi. Af umsóknum þessum reyndust 47 vera frá fyrirtækjum, 25 frá einstaklingum, en 16 frá einstökum opinberum stofnunum. Í 33 umsóknum var um að ræða samstarf stofnana og fyrirtækja eða einstaklinga. Umsóknirnar skiptust með eftirgreindum hætti á tegundir verkefna:

Upplýsinga- og tölvutækni. Það voru 38 umsóknir að upphæð 52,3 millj. kr.

Fiskeldi og skyld verkefni. 28 umsóknir að upphæð 36,7 millj. kr.

Orkunýting og efnistækni. 13 umsóknir að upphæð 14 millj. kr.

Matvælatækni. 11 umsóknir að upphæð 15,7 millj. kr.

Lífefna- og líftækni. 10 umsóknir að upphæð 61 millj. kr.

Framleiðni og gæðaaukandi tækni. 7 umsóknir að upphæð 5,7 millj. kr.

Bygginga- og mannvirkjatækni. 5 umsóknir að upphæð 6,9 millj. kr.

Síðan voru ýmis verkefni. Það voru 10 umsóknir að upphæð 12,7 millj. kr.

Stærstum hluta umsóknanna var vísað til faglegrar umsagnar sérfróðra aðila en síðan til sérstakrar matsnefndar sem Rannsóknaráð ríkisins skipaði. Þar sem fé var takmarkað við 50 millj. kr. var einungis hægt að sinna hluta þeirra umsókna sem bárust. Það er hins vegar fullljóst að sárlega skortir og hefur skort nægilegt fé til rannsókna á Íslandi og er það ekki bara skoðun þeirra, sem fást við rannsóknir hérlendis, heldur er það þegar farið að setja mark sitt á atvinnumál okkar. Á ársfundi Rannsóknaráðs ríkisins í febrúar s.l., þangað sem boðaðir voru fulltrúar fyrirtækja og atvinnuveganna, var það samdóma álit ræðumanna að stórauka þyrfti rannsóknir á Íslandi. Var þar bæði rætt um að

tryggja verði fjármagn til grunnrannsókna án tillits til einstakra verkefna, en einnig væri afar mikilvægt að koma á fót verkefnabundinni fjármögnun til nokkurra ára í senn. Þó lögðu margir megináherslu á það að grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir verða ekki slitnar úr tengslum hvor við aðra og nær væri að tala um rannsóknir og hagnýtingu þeirra.

Athugun á íslenskum aðstæðum á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD, leiddi í ljós að Íslendingar verja mun minna fé til rannsókna af opinberu fé en flestar aðrar Evrópuþjóðir og sitjum við þar á bekk með þeim löndum sem skemmst eru á veg komin í Evrópu í þessum efnum og er það slæmt.

Nýlega barst Alþingi svohljóðandi áskorun frá 26 vísinda- og fræðimönnum sem ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Við undirrituð viljum vekja athygli alþingismanna á eftirfarandi:

Á liðnum árum höfum við Íslendingar dregist aftur úr nágrannaþjóðum okkar í nýtingu þekkingar og nýrrar tækni. Þetta hefur leitt til stöðnunar í íslensku atvinnulífi. Fyrir ári beitti ríkisstjórn landsins sér fyrir stórmerku átaki þegar ákveðið var að verja á yfirstandandi ári 50 millj. kr. til rannsókna í þágu nýsköpunar í atvinnulífinu. Umsóknir í þennan rannsóknarsjóð sýndu ljóst hinn mikla fjölda góðra hugmynda sem virkja má til að efla íslenskt atvinnulíf. Sjóðurinn hefði þurft liðlega tvöfalt meira fé til að geta sinnt öllum álitlegum umsóknum.

Við undirrituð skorum því hér með á Alþingi og ríkisstjórn að veita á fjárlögum næsta árs 150 millj. kr. til hins nýja rannsóknarsjóðs."

Undir þetta skrifa, eins og ég sagði áður, 26 einstaklingar og efstur á blaði er þar nýkjörinn háskólarektor, Sigmundur Guðbjarnason, sem einmitt skipaði sæti í þeirri matsnefnd sem fjallaði um þær umsóknir sem bárust um 50 millj. kr. styrk Rannsóknaráðs.

Samkeppnishæfni þjóða og möguleiki þeirra til að hagnýta sér þau tækifæri til nýsköpunar, sem vísindalegar uppgötvanir síðustu ára bjóða upp á, er ekki síst háð því hve sveigjanleg og reiðubúin stjórnvöld eru til að fjárfesta í menntun, endurmenntun og rannsóknarstarfsemi. Í stuttu máli að beina fjármagni í vaxandi mæli inn á nýja braut. Þekking og skilningur eru lífsgæði, lífsgæði sem eru í auknum mæli að verða markaðsvara nútímans og framtíðarinnar. Stjórnvöld verða að hafa vit á því að hefja landnám á þeim lendum þar sem framtíð þjóðarinnar mun liggja. Sá sem engu sáir uppsker heldur ekkert.

Ég vil því beina þessari tillögu sérstaklega til hv. þm. og biðja þá um að beita framsýni. Við höfum beðið um hækkun á þessu framlagi frá 50 millj. upp í 150 millj. eins og stungið er upp á í því bréfi sem Alþingi barst.

Herra forseti. Ég hef nú lokið að mestu að mæla fyrir þeim brtt., sem ég hugðist minnast á, en ég vil þó geta þess að ég er meðflm. að nokkrum öðrum brtt. og vil ég þá fyrst nefna brtt. á þskj. 297, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert ítarlega grein fyrir, bæði þeim rökum og málsatvikum sem hníga að þeirri brtt., en þau eru bæði mörg og þung á metunum. Ég vil fylgja máli hennar eftir með því að leggja mikla áherslu á það að hv. þm. sýni þessari brtt. skilning sinn og velvilja.

Hér er um að ræða lágmarkskröfur frá svæðisstjórn fatlaðra í Reykjavík. Þetta eru í senn raunsæjar og hógværar kröfur. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því hve sambýli er miklu mannúðlegri kostur en vistun á stofnun. Jafnframt hve miklu eðlilegra og virkara mannlíf slík aðstaða býður upp á fyrir fatlaða. Enn fremur er sambýlisfyrirkomulagið talsvert ódýrara en stofnanavistun og munar þar allt að 4—500 þús. kr. á einstakling. Öll þróun í nágrannalöndum okkar stefnir í þessa átt og þykir vera í alla staði jákvæðari og gefa betri raun en sá háttur sem áður var á hafður. Ég vil því að lokum skírskota til mannúðar hv. þm. og framsýni þegar ég hvet þá til að taka jákvæða afstöðu til þessarar brtt.

Samhljóða tillaga hefur reyndar einnig verið flutt á þskj. 278 og hefur hv. þm. Kristín Kvaran þegar mælt fyrir henni. Aðrar brtt., sem ég á aðild að, á þskj. 345, 404 og 408, fyrir þeim hefur þegar verið mælt af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og hv. þm. Helga Seljan. Ég vil því ljúka máli mínu, herra forseti, og vænti þess að hv. þm. sýni þessum brtt. velvilja og skilning.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að mæla hér fyrir brtt. á þskj. 374 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 sem ég flyt ásamt hv. þm. Haraldi Ólafssyni, Ragnari Arnalds, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Stefáni Benediktssyni. Þetta er brtt. við 6. gr. fjárlaga, þ.e. heimildagreinina. Þessi till. hefur ekki í för með sér nein fjárútlát úr ríkissjóði og raunar er tillagan bara stutt viðbót við lið sem þegar er fyrir hendi á 6. gr., en tillagan er svohljóðandi:

„Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi útvarps svo og óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir útvarp." Og þá kemur hér viðbótin: „Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af upptökubifreið sem ríkisútvarpið hyggst kaupa á árinu 1986." Þetta er viðbótin. Síðan heldur greinin áfram eins og hún var: „Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis."

Skal ég nú rökstyðja nokkuð hvað hér er um að ræða. Svo er mál með vexti að frá því að sjónvarpið tók til starfa hefur verið stefnt að því að þar væri til bifreið með fullkomnum upptökubúnaði. Slíkt tæki hefur aldrei verið til og þau tæki, sem notuð eru t.d. við þá útsendingu sem héðan hefur átt sér stað í kvöld í fréttunum, eru gömul, í gömlum bílum, samsett að mestu af starfsmönnum sjónvarpsins og tækin sjálfsagt eingöngu starfhæf vegna þess að þeim er vel við haldið og vegna tæknikunnáttu starfsmanna íslenska sjónvarpsins. Sumt af þessu er uppgjafadót sem okkur hefur verið gefið frá hinum Norðurlöndunum. Það hafa aldrei verið til nein bærileg tæki af þessu tagi hér. En nú er sem sagt stefnt að því að kaupa þau á næsta ári. Sú upptökubifreið, sem hér er um rætt að kaupa, mun kosta með aðflutningsgjöldum í kringum 54 millj. kr. Ef aðflutningsgjöldunum er sleppt er kostnaðurinn rúmlega 30 millj. kr.

Ég vek sérstaka athygli á því hverju hlutverki slíkt tæki gæti þjónað fyrir landsbyggðina vegna þess að með upptökubifreið af þessu tagi er hægt að fara vítt og breitt um landið og senda beint út frá hinum dreifðu byggðum. Þar að auki er slíkt tæki líka nauðsynlegt vegna þess að nú stendur fyrir dyrum að sjónvarpið

flytji í nýtt hús sem er að rísa hér í borginni. Til þess að brúa það bil sem skapast þegar þangað verður flutt er nauðsynlegt að til sé upptökubifreið af þessu tagi þannig að sjónvarp þurfi ekki að falla niður því að hún yrði notuð í stað upptökustjórntækis meðan menn eru að koma sér fyrir í nýja húsinu.

Þessi tillaga hefur sem sagt ekki fjárútlát í för með sér og þess vegna held ég að það geti verið útlátalítið að samþykkja hana. En ég ítreka að hér er um verulegt hagsmunamál að ræða fyrir landsbyggðina og ég tel að það sé nauðsynlegt að efla Ríkisútvarpið nú sem um áramótin mun mæta vaxandi samkeppni og á næsta ári þegar útvarpsrekstur hér verður frjáls.

Það má svo geta þess að þeir sem stunda sjónvarpsupptökur og sjónvarpsmyndagerð þurfa ekki að greiða aðflutningsgjöld og tolla af þeim tækjum sem þeir kaupa. Þess þarf Ríkisútvarpið hins vegar. Venjuleg upptökuvél, eins og notaðar eru, kostar í innkaupum 1,6 millj. Ríkisútvarpið þarf að borga rúmar 3 millj. kr. fyrir slíkt tæki, en fyrirtæki sem eru í þessum rekstri borga 1,6 millj. Þetta er auðvitað fullkomlega óeðlilegt og verður að leiðrétta þetta þannig að Ríkisútvarpið standi jafnfætis þessum fyrirtækjum. Auðvitað væri það opin leið fyrir Ríkisútvarpið að fá eitthvert fyrirtæki til að kaupa upptökuvagn fyrir sig. Slíkt fyrirtæki þyrfti ekki að borga nema rúmar 30 millj. Ríkisútvarpið gæti síðan leigt af þessu fyrirtæki sem slyppi við að borga tolla og aðflutningsgjöld. En ég held að menn geti verið sammála um að það sé ekki sanngjarnt að meiri byrðar séu lagðar á ríkisstofnun með þessum hætti en einkafyrirtæki.

Þá langar mig til að víkja stuttlega að annarri tillögu sem ég er reyndar ekki meðflm. að en var mælt fyrir hér í kvöld. Það má nú með sanni segja að kannske hafi ýmsar undarlegar tillögur séð dagsins ljós í þessari umræðu, en þó held ég að þessi sé einna undarlegust. Hún er á þskj. 345 og flm. eru allt þm. sem eru konur. Í þessari tillögu stendur: kvennarannsóknir 1 millj. kr. Nú er mér nokkur spurn. Hvað þýðir orðið kvennarannsóknir? (Gripið fram í.) Það fyrsta sem mér flaug í hug var: Nú ættu einhverjir menn að flytja tillögu til jafnvægis, þannig að ekki verði um misrétti kynjanna að ræða hér, sem í stæði: karlarannsóknir 1 millj. kr. (Gripið fram í.) Ég skal játa það, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, að mér fannst kannske helst til strákslegt að gera það og kannske aðeins fyrir neðan virðingu Alþingis. Ég skal játa það. (**ÁJ:** Fyrir neðan beltisstað.) Kvennarannsóknir, hvað er það? Mér datt fyrst í hug að þetta ætti heima undir liðnum Sjúkrahús, að þetta væri eitthvað sem kæmi Landspítalanum við. Það mætti líka hugsa sér að breyta þessu þannig að þetta væru kvenna- og karlarannsóknir. Ég veit ekki hvaða stefna er hér á ferðinni. Það er bannað að mismuna fólki eftir kynjum. Ég veit ekki betur. (Gripið fram í.) Já, já, ég kannast við þá skilgreiningu, en hún er mér afskaplega fjarræn ef þannig má til orða taka. Ég held að þetta fyrirbæri, kvennarannsóknir, sé upprunnið í Ameríku hjá amerískum millistéttakonum. Síðan hefur þetta verið apað eftir hér.

Ég hefði skilið þessa tillögu ef hún hefði fjallað um það að greiða sérstaklega fyrir orlofsdvöl verkakvenna eða eitthvað í þá áttina, einstæðra mæðra eða eitthvað því um líkt. En þetta orð, kvennarannsóknir, alveg eins og orðið kvennamenning, er að mínum dómi rugl.

Ég heyrði þegar mælt var fyrir þessari tillögu áðan að þá var talað um fræðakonur og vísindakonur og áðan talaði hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir um dvalarkonur. Ég held að hér sé á ferðinni — og hvar er nú hæstv. menntmrh. sem vill standa vörð um íslenska tungu — atlaga að íslenskri tungu. Og hverjir skulu nú til varnar verða? Hér er talað aftur og aftur um þingkonur.

Þá langar mig enn einu sinni að vitna til orða sem forsrh. þessa lands mælti einu sinni úr þessum ræðustól, árið 1964 var það, þegar verið var að ræða um lífeyrissjóð hjúkrunarmanna og hjúkrunarkvenna. Þá sat ég hér uppi á þessum svölum sem þingfréttaritari er Bjarni Benediktsson hélt stutta ræðu. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Þetta þykir kannske of lítið mál til að deila um, en ég vil alls ekki fallast á það, að konur séu ekki menn. Þetta er hrein málvilla, sem á að fara að láta okkur samþykkja hér. Það er latmæli, tekið upp á síðustu áratugum, að kalla konur ekki menn. Samkvæmt gamalli íslenskri málvenju og algerri hefð eru konur auðvitað menn. Þess vegna er ekki hægt að samþykkja þessa vitleysu, réttast væri að vísa henni frá."

Þetta sagði Bjarni Benediktsson forsrh. þessa lands hér úr þessum ræðustóli fyrir 22 árum. Þegar maður heyrir aftur og aftur þetta leiðinlega latmæli, þessi málspjöll, sem þessir hv. þm. beita sér fyrir hvað eftir annað, er ekki laust við að manni renni í skap. (Gripið fram í.) Já, mér finnst þetta vera fyrir neðan virðingu Alþingis. Þeim finnst þetta, hv. þm. Kvennalistans vera afskaplega skemmtilegt, en ég álít að það sé nokkurt alvörumál þegar þm. á Alþingi Íslendinga gera sér sérstakt far um að spilla íslenskri tungu eins og ég tel tvímælalaust að verið sé að gera með ónefninu þingkona. Sem blaðamaður starfaði ég með konum. Þær urðu ekki reiðari en ef þær voru kallaðar blaðakonur. Þær voru blaðamenn og þær voru fréttamenn. Þetta er réttur skilningur að mínu mati.

Ég veit ekki hvernig menn skilja orðið „kvennarannsóknir". Ég efast um að allir skilji það hér. Ég spurði þrjár konur núna í kvöldmatarhléinu: Hvernig skiljið þið þetta orð? Þær skildu það ekki. Eru þetta rannsóknir framkvæmdar á konum, af konum eða fyrir konur? Auðvitað er þetta tómt rugl. Ég veit að þessi tillaga verður aldrei samþykkt sem betur fer, en mér þykir miður að hún skuli hafa séð dagsins ljós hér. (Gripið fram í.) Og hér er talað um, eins og ég vitnaði til áðan, fræðakonur og dvalarkonur. Þetta er atlaga að íslenskri tungu og ekki til sóma fyrir þá þm. sem að standa. Við höfum þá skyldu hér (Gripið fram í.) að vernda og verja tunguna. — Hvað segir hæstv. ráðherra? (**Samgrh.:** Þetta fellur allt undir kvennarannsóknirnar.) Já, já, það má sjálfsagt. Það verður hver að leggja sína merkingu í það orð og mætti um það ýmislegt segja án þess að nánar sé út í þá sálma farið að þessu sinni. En ég hygg að hæstv. ráðh. skilji alveg hvað ég á við. (**Gripið fram í:** Já, við höfum ekkert hátt um þetta.)

Ég held ég láti þá útrætt um þessa tillögu, hún verðskuldar kannske ekki mikið meiri umfjöllun, en snúi mér að öðrum brtt. sem ég vildi minnast á. Hér liggur fyrir tillaga á þskj. 295 um Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, að liðurinn falli brott, flutt af hv. þm. Halldóri Blöndal og Birni Dagbjartssyni. Raunar afgreiddi hæstv. menntmrh.

þessa tillögu mjög snyrtilega í tveimur setningum eða svo í sjónvarpi í fyrrakvöld þegar hann sagði að hún bæri keim af fumi og fáti, auglýsingamennsku og sýndarmennsku og þar að auki væri ekki rétt að málum staðið vegna þess að við yrðum auðvitað að segja okkur úr þessari stofnun áður en við ákvæðum að hætta að borga til hennar. Nú vil ég segja örfá orð um þessa stofnun.

Það vill svo til að ásamt varaformanni menningarmálanefndar Norðurlandaráðs heimsótti ég þessa stofnun í fyrra sem fulltrúi menningarmálanefndarinnar. Við áttum þar tal við fjölmarga vísindamenn og stjórnendur. Það er ljóst að þessi stofnun er í kreppu. Hún er í kreppu eftir að Bandaríkjamenn sögðu sig úr henni og minnkuðu þannig umráðafé hennar að mjög miklu leyti. Nú hafa Bretar fylgt í fótspor þeirra, þ.e. frú Thatcher, gegn miklum mótmælum í Bretlandi. Okkar viðmælendur þar sögðu: Kannske verður þessi kreppa að verða verri áður en hún getur orðið betri. Nú er kreppan orðin verri þannig að það er von til þess að hún *geti farið að verða betri. Þeir sögðu líka:* Það er ekkert skrýtið þó sá sem er orðinn fertugur, eins og þessi stofnun, hafi gott af því að fara í svolítinn megrunarkúr. Vafalaust er það rétt að ýmislegt hefur þarna mistekist og að stjórnanda þessarar stofnunar, sem á kannske ekki langt eftir af starfstíma sínum þar, hefur mistekist mjög margt og að hann hefur verið óvinsæll. Hann hefur þótt bruðlsamur og ekki gæta hagsýni í rekstri þessarar stofnunar. Þetta er sjálfsagt allt saman rétt og ekki allt undanþegið ámæli eða gagnrýni sem þar hefur verið gert. Hins vegar hefur þessi stofnun gert mjög margt gott. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að undir forustu Íslendinga hafa Norðurlöndin unnið að því að gera úrbótatillögur í rekstri þessarar stofnunar. Þar hefur haft forustu um af okkar hálfu og fyrir hönd Norðurlandanna prófessor Andri Ísaksson. Hann hefur unnið þar einstaklega gott verk. Ég varð mjög áþreifanlega var við það í heimsókn minni hversu mikils álits og trausts hann nýtur meðal stjórnenda og starfsmanna þessarar stofnunar.

Það væri misráðið ef við á þessu stigi segðum okkur úr þessari stofnun. Ég tala nú ekki um að fremja þá lögleysu að greiða ekki okkar skerf eins og við erum *skuldbundin* til. Það er auðvitað út í hött. Við eigum að vinna að því að laga þessa stofnun, bæta hana og gera hana betri. Ég sé að hv. þm. Björn Dagbjartsson hristir höfuðið. Ég er honum ósammála. Við eigum ekki að leggja þessa stofnun niður. Það er unnið merkilegt starf í þróunarlöndunum víða á vegum þessarar stofnunar og hún vinnur merkilegt kynningar- og menningarstarf á mörgum sviðum. Það væri mjög misráðið að hætta þátttöku í henni.

Ég hygg að ef hv. þm. ættu kost á að kynna sér og kynntu sér þessi mál mundu þeir hafa aðra skoðun. En þessi tillaga var í rauninni afgreidd í fréttatíma sjónvarpsins fyrir fáum kvöldum.

Vil ég þá víkja að till. á þskj. 315 sem fjallar um matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstj. Þetta framlag var lækkað mjög verulega við 2. umr. fjárlaga. Á brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, er gert ráð fyrir að þetta framlag verði aftur hækkað, eða þrefaldað. Ég skal viðurkenna að það er verulega mikil hækkun frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. En þrátt fyrir okkar þrengingar og erfiðleika held ég að við séum aflögufær á þessu sviði og eigum að vera aflögufær.

Ég minni á það sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Javier Pérez de Cuellar, sagði á ráðstefnu sem haldin var í Genf í mars á þessu ári til að safna fé til að aðstoða 30 milljónir manna í Afríku sem hungur blasir við: „Hungrið í Afríku nú ógnar fleiri mannslífum en nokkurn tíma hafa farist í nokkru stríði veraldarsögunnar.“ Þetta sagði aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna í mars s.l. Hann hefur sett upp sérstaka skrifstofu til að skipuleggja þessa neyðarhjálp og safna fé handa fólki á þeim 20 svæðum sem verst eru sett í Afríku.

Okkur ber siðferðileg skylda til að leggja meira af mörkum en fjárlagafrv. ríkisstj. eftir 2. umr. gerir ráð fyrir. Ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Ég hygg að öllum sé alvara málsins ljós.

Þá vil ég, herra forseti, víkja stuttlega að till. á þskj. 339 sem ég flyt ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Páli Péturssyni og Stefáni Benediktssyni. Hún fjallar um nokkra hækkun á framlagi til þingflokkanna til greiðslu á sérfræðiaðstoð, þ.e. úr 5343 þús. upp í röskar 6 millj. Ég veit að ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál við hv. þm.

Að síðustu, herra forseti, er ég hér með skriflega brtt. við 4. gr., Dómsmál, ýmis starfsemi, liður 06 281, um að þar komi nýr liður sem heitir Rannsókn umferðarslysa 1.83 500 þús. kr. Nú er það svo að við höfum sérstaka rannsóknarnefnd sjóslysa hér á landi og höfum lengi haft. Ég hygg að starfsemi hennar hafi gefið góða raun og verið til slysavarna. Við höfum sérstaka rannsóknarnefnd flugslysa sem rannsakar hvert einasta slys eða óhapp sem verður á flugvélum. Það þykir nauðsynlegt.

Raunar flýgur mér það í hug núna hvernig fjölmiðlar t.d. fjalla um slys, hvernig flugslys skipa einhvern veginn alltaf ríkari sess í fréttamati allra fjölmiðla en önnur slys. Það er einkennilegt umhugsunarefni. Þegar tveir, þrír menn farast í lítilli flugvél einhvers staðar erlendis fær það svipað rými í fréttum og ef hvolfir ofhlaðinni ferju einhvers staðar í Austurlöndum og drukkna 200 manns. Þetta er fyrirbæri sem ég kann ekki að skýra en er ákaflega einkennilegt.

Við höfum sérstaka rannsóknarnefnd sjóslysa, sérstaka rannsóknarnefnd flugslysa, en í þeim slysum þar sem flestir farast, þar sem flestir hljóta örkuml og flestir bíða bana er engin rannsóknarnefnd. Þar fer ákaflega lítil rannsókn fram á hinum raunverulegu orsökum slysanna.

Ég vakti ahygli á því hér á Alþingi fyrir nokkru að að því er varðar viss slys, ákveðna slysaflokka er slysatíðni *hér á börnum og unglingum — það eru ekki bara* umferðarslys heldur aðrar tegundir slysa líka — með því hæsta sem þekkist í heiminum, með því hæsta sem þekkist í Evrópu á öðrum sviðum. Þetta er alvarlegt mál. Ég held að ef örlítið fjármagn væri látið af hendi rakna til að hefja slíkar rannsóknir, hefja raunhæfar slysavarnir til að við vitum hvernig við eigum að verjast, forsenda þess að við vitum hvað við getum gert er að víta af hverju þetta á sér stað, sé mjög brýnt mál.

Ég veit mætavel að tillögur stjórnarandstöðunnar til hækkunar á fjárlögum eiga af eðlilegum ástæðum ekki upp á pallborðið þegar ríkisstjórnarflokkar eru búnir að reyra saman fjárlögin á erfiðum tímum. En ég held þó

að það verði að skoða hvert mál og meta. Áreiðanlega getum við verið sammála um að fjárveiting á borð við þessa kæmi ansi ofarlega í þeirri röð þegar þessi mál eru skoðuð. Ég mælist til þess í fullri einlægni að þeir sem ráða horfi sérstaklega til þessa máls vegna þess að við getum ekki lengur horft upp á það ástand sem verið hefur og er enn. Við verðum að bregðast til varnar með einhverjum hætti.

Slysavarnafélag Íslands var stofnað á sínum tíma þegar sjóslys voru sjálfsagt algengustu banaslys hér við land og þau slys sem flestir Íslendingar létu lífið í. Starf þess skilaði miklum árangri og þar er vel að verki staðið nú. En í slysavarnakerfi okkar er gloppa þar sem eru umferðarslysin og raunar fleiri slysaflokkar. Ég ítreka það að ég bið menn að hugleiða þetta mál sérstaklega og þá um leið hvort ekki er hægt að veita tillögu af þessu tagi eitthvert brautargengi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hv. þm. Geir Gunnarsson hefur gert hér grein fyrir meginsjónarmiðum okkar Alþýðubandalagsmanna og er þar ekki mörgu við að bæta. Megineinkenni þessa fjárlagafrv. er í fyrsta lagi rangar áherslur af ýmsu tagi, halli, aðallega dulinn, sem á eftir að koma í miklu mæli í ljós og svo aftur það, sem oft hefur verið á bent í seinni tíð, að erlendar lántökur eru enn að aukast.

Þegar þessi stjórn kom til valda gaf hún þá yfirlýsingu að erlend langtímalán sem hlutfall af þjóðarframleiðslu skyldu ekki fara fram úr 60%. Þessi tala var komin upp í tæp 63% á s.l. hausti, í seinasta sinn sem hún var reiknuð út. En svo kænlega hefur ríkisstj. komið fyrir málum að u.þ.b. sem þessi frægi rammi hennar var kyrfilega sprunginn hættu hagfræðingar hennar að reikna þessa prósentutölu út. Nú var þetta kallað landsframleiðsla og þar með duttu tölurnar niður um 10%. Það sem áður hét 63% varð einhvers staðar á bilinu 52—53%.

Það er ekki nóg með að þessi kerfisbreyting sé mjög vel til þess fallin að rugla fólk í ríminu og gera því ókleift að átta sig á því hvernig ríkisstj. gengur að efna þetta heit sitt. Það er bókstaflega ekki hægt að fá neinar upplýsingar um hvernig þetta hlutfall kemur út miðað við gömlu reikningsaðferðina.

Við stjórnarandstæðingar í fjhn. Ed. óskuðum sérstaklega eftir því við Þjóðhagsstofnun að kannað yrði hver þessi prósentutala væri nú og yrði á næsta ári miðað við gömlu útreikningsaðferðina, þ.e. miðað við þjóðarframleiðslu eins og hún var áður reiknuð út, þannig að menn mættu meta hvort þessi tala væri enn á uppleið, hvort þetta fræga hlutfall væri enn á uppleið og hversu langt það væri komið fram yfir loforðin, heitin um 60% hámarkið. En svarið var: Því miður. Þetta gerum við ekki. Þetta verður ekki reiknað. Við snerum okkur til Seðlabankans og fengum sama svar þar. Sem sagt, það er reynt að telja manni trú um það á tölvuöld að þetta hlutfall verði ekki með neinum hætti reiknað út, það sé svo flókið mál að þar verði að hverfa frá.

Ég verð að óska hæstv. fjmrh. og ríkisstj. alveg sérstaklega til hamingju með þennan árangur því að ég minnist þess varla, jafnmarga og ágæta embættismenn og við eigum, að þeir hafi verið jafntalhlýðnir við fyrri ríkisstjórnir og þessa. Það er hreinlega neitað að reikna út dæmi sem kemur sér illa fyrir ríkisstj. Almenningur í landinu á þess engan kost að gera þann samanburð sem hann hlýtur að þurfa að gera til að átta sig á því hvernig ríkisstj. hefur staðið sig á þessu kjörtímabili.

Menn hljóta auðvitað að spyrja að því hvers vegna í ósköpunum halli svo á ágæfuhliðina í ríkisfjármálum. Þar hljótum við að grípa til margra skýringa. Ein er sú, sem ég nefndi áðan, að rangar áherslur eru á ferðinni. Menn gæta sín afskaplega lítið á stóru tölunum en spara þeim mun meira á pínulitlu tölunum sem engu máli skipta. Ég hygg að þetta sé ein helsta ástæðan fyrir því hversu illa hefur farið.

Ég nefni eitt dæmi. Það er ákveðið að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt sjávarútvegsins. Þarna er sannarlega engin smáupphæð á ferðinni, um hálfur milljarður kr. En það er engra tekna aflað í staðinn og engin sérstök tilraun gerð til að skera einhverja útgjaldaliði niður þar á móti. Þetta kemur bara inn í dæmið og gerbreytir því að sjálfsögðu án þess að nokkuð komi þar á móti. Þetta er ein af mörgum ástæðum fyrir því hversu mjög hefur sigið á ógæfuhlið hjá okkur.

Annað augljóst dæmi hefur margsinnis verið rakið af okkur Alþýðubandalagsmönnum, þ.e. hin mikla viðleitni núv. ríkisstj. til að veita atvinnurekendum ýmiss konar skattaívilnanir með glufum og smugum á núverandi skattakerfi sem eiga hvað drýgstan þátt í að svo mikið vantar upp á sem raun ber vitni, t.d. á þessu ári, að endar náist saman.

Þegar menn eru búnir að fara þannig að ráði sínu byrja menn að reyna að skera niður pínulitlu upphæðirnar. Skorin er niður félagsleg þjónusta af ýmsu tagi eða framkvæmdaframlög til sveitarfélaga. Aftur á móti munar menn ekkert um að láta 300 millj. kr. í flugstöð á Keflavíkurflugvelli þó að þar sé um að ræða upphæð sem er álíka há og öll framlögin til sveitarfélaga og framkvæmda á vegum þeirra í grunnskólum, heilsugæslustöðvum, flugvöllum og höfnum.

Málefni Pósts og síma eru svo sérstakur kapítuli út af fyrir sig. Eru þau einungis nefnd sem eitt dæmi af mörgum um þær aðferðir sem nú er beitt til að freista þess að ná endum saman. Þetta dæmi hefur þegar verið rakið í þessari umræðu, en ég verð að vekja enn frekari athygli á því því að það er svo einstæður kapítuli í viðskiptum ríkisins við ríkisstofnanir að það má helst ekki leynt fara.

Það er sem sé ætlunin að hækka taxta Pósts og síma um 16% á næsta ári. En um leið er ákveðið að 13 af þessum 16% gangi til ríkisins sem arðgreiðsla sem mun nema um 188 millj. kr. Þegar svo bætist söluskattsinnheimta ofan á þessa hækkun er um að ræða hreina skattheimtu í ríkissjóð undir dulnefninu „arður frá Pósti og síma“ upp á hvorki meira né minna en 235 millj. kr.

Ég þekki ofurlítið til í fjmrn. og til vinnubragða þar og veit að fjmrh. hafa látið sér detta ýmislegt í hug til að drýgja tekjurnar í ríkiskassann, en það get ég fullyrt að þetta er frumlegasta aðferðin sem menn hafa látið sér til hugar koma, a.m.k. seinasta áratuginn, til að fjölga krónunum í kassanum. Þarna er sem sagt um skattheimtu að ræða sem er dulbúin og falin á einkar sérkennilegan hátt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar almennt um fjárlagafrv. en einungis láta mér nægja að drepa á þær brtt. sem við flytjum á þskj. 386, fimm þm. Alþb.

Þar leggjum við áherslu á að hækka í fyrsta lagi

nokkra liði sem varða framkvæmdir sveitarfélaga. Við hefðum vissulega getað tekið alla þessa liði og gert tillögur um hækkanir en við látum þó nægja að leggja hér áherslu á tvo liði sérstaklega, þ.e. annars vegar dagvistarheimilin og hins vegar byggingu grunnskóla. Hins vegar er ljóst að ekki vantar síður fé í hafnirnar eða flugvellina og er satt best að segja hörmungarástand ríkjandi í samskiptum ríkisins við sveitarfélögin hvað þetta varðar.

Þá erum við með tillögu um Lánasjóð ísl. námsmanna sem nokkuð hefur verið fjölyrt um hér í þinginu seinustu dagana og þarf ekki að bæta þar miklu við. Upplýst hefur verið í fjvn. að það vanti a.m.k. 425 millj. til að lánasjóðurinn geti veitt hliðstæða þjónustu við námsmenn og hann hefur gert á undanförnum árum. Hækkunin, sem tilkynnt var í dag og kemur fram í till. fjvn., er ekkert annað en hækkun vegna verðlagsbreytinga. Verði ekki um aðrar hækkanir að ræða er ljóst að það verður að mestu leyti að fella niður lán á síðari hluta ársins. Það mundi aftur á móti tákna það að þúsundir námsmanna yrðu að hverfa frá námi. Ég hygg að þjóð okkar yrði varla gerður verri grikkur en einmitt sá að menn hyrfu í stórum stíl frá námi.

Við Alþýðubandalagsmenn leggjum hér áherslu á nokkur atriði íslenskrar menningar sem við teljum mjög vanrækt í þessu frv. Við leggjum áherslu á að byggingu Þjóðarbókhlöðunnar verði haldið áfram og teljum algerlega fráleitt að skera niður framkvæmdir þar, ekki síst í því ljósi að þessa dagana er ríkissjóður að kaupa mjög óvænt stórbyggingar og virðist alls ekki vera í eins miklum vandræðum með framlög til slíkra mála og ætla mætti af framlaginu til Þjóðarbókhlöðunnar. Auðvitað ber að halda byggingu hennar áfram og þess vegna gerum við tillögu um það.

Við höfum hvað eftir annað bent á meðferðina á Kvikmyndasjóði. Þarna er um að ræða yngstu grein íslenskrar menningar, kvikmyndalistina, sem hefur verið í miklum uppgangi. Ég tel að verið sé að greiða kvikmyndaiðnaðinum íslenska afar þungt og kannske örlagaríkt högg ef fjárveitingar til þessa sjóðs eru skornar svo niður sem hér er gerð tillaga um.

Það er líka ljóst að listir hafa fengið æ rýrari framlög úr ríkissjóði á undanförnum árum miðað við það sem áður var og þar þarf að bæta úr. Listamennirnir eru ekki beinlínis á launalista ríkissjóðs og því er alltaf hætta á því að ekki fáist fullar verðbætur á framlög til þeirra. Hér er gerð tilraun til að lyfta þessum fjárhæðum ofurlítið upp með hliðsjón af því hversu mjög þær hafa rýrnað á liðnum árum.

Ég vek á því athygli að í tillögu okkar eru gerðar tillögur um tekjuöflun eða niðurskurð framkvæmda sem nema hærri fjárhæðum en samanlögð útgjaldaupphæðin er sem við Alþýðubandalagsmenn gerum tillögu um. Í fyrsta lagi leggjum við til að lagður sé á sérstakur stóreignaskattur að upphæð 300 millj. kr., en í öðru lagi leggjum við til að framkvæmdir við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli frestist og að lán, sem áformað er að taka í flugstöðina, gangi til annarra málefna. Eins og ég hef þegar tekið fram ganga núna ár eftir ár til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli álíka háar fjárhæðir og ganga til allra grunnskóla, allra heilsugæslustöðva, allra flugvalla og allra hafna á landinu. Þetta er hneyksli. Ef menn telja sig hafa þörf fyrir það vegna tekjuleysis að skera niður framkvæmdir átti auðvitað fyrst af öllu að skera niður þessa framkvæmd.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 425, sem var of seint fram komin, samþ. með 35 shlj. atkv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 sem ég flyt á þskj. 383. Það er í fyrsta lagi brtt. um fjárveitingu til Rannsóknasjóðs og í öðru lagi brtt. um fjárveitingu til Blindrabókasafns Íslands.

Varðandi till. um hækkun á framlagi til Rannsóknasjóðs get ég í grófum dráttum vísað til ræðu sem hér var flutt fyrr í kvöld af hv. 3. landsk. þm. sem gerði þessi mál að umtalsefni. Vakti hún m.a. athygli á bréfi sem alþm. hafa borist frá forstöðumönnum fjölmargra íslenskra rannsóknastofnana þar sem þeir leggja á það áherslu að nokkuð verði aukið við það fé sem veitt var á síðasta ári til almennrar rannsóknastarfsemi. Á s.l. ári ákvað ríkisstj. að veita 50 millj. kr. til rannsóknastarfsemi og var sá háttur hafður á að rannsóknastofnunum og einstökum fyrirtækjum var gefin kostur á að sækja um fjármuni úr þessum rannsóknasjóði. Fjöldamörg fyrirtæki gáfu sig fram og rannsóknastofnanir með mjög álitleg verkefni. Er ekki nokkur vafi á að þessi ákvörðun hafði mjög jákvæð áhrif á rannsókna- og þróunarstarfsemi hér á landi strax vegna þess að þarna eygðu menn von um að úr væri að rætast fyrir þessum mikilvæga þætti okkar atvinnu- og menningarlífs. Þess vegna kom það nokkuð á óvart, þegar frv. til fjárlaga var lagt fram fyrir árið 1986, að ríkisstj. skyldi vera með óbreytta krónutölu í þetta verkefni á því ári. Þess vegna er það sem ég flyt hér till. á þskj. 383 um að hækka nokkuð þessa tölu frá því sem er í fjárlagafrv. eða í um 100 millj. kr.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréf sem barst frá fjölmörgum forustumönnum rannsóknastofnana um þetta efni, en þar segja þeir:

„Við undirrituð viljum vekja athygli alþm. á eftirfarandi: Á liðnum árum höfum við Íslendingar dregist aftur úr nágrannaþjóðum okkar í nýtingu þekkingar og nýrrar tækni. Þetta hefur leitt til stöðnunar í íslensku atvinnulífi. Fyrir ári beitti ríkisstjórn landsins sér fyrir merku átaki þegar ákveðið var að verja á yfirstandandi ári 50 millj. kr. til rannsókna í þágu nýsköpunar í atvinnulífinu. Umsóknir í þennan rannsóknasjóð sýndu ljóst hinn mikla fjölda góðra hugmynda sem virkja má til að efla íslenskt atvinnulíf. Sjóðurinn hefði þurft liðlega tvöfalt meira fé til að geta sinnt öllum álitlegum umsóknum. Við undirrituð skorum því hér með á Alþingi og ríkisstjórn að veita á fjárlögum næsta árs 150 millj. kr. til hins nýja rannsóknasjóðs."

Undir þetta rita forustumenn rannsóknastofnana, Háskóla Íslands, Raunvísindastofnunar háskólans, Sambands íslenskra fiskframleiðenda, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Líffræðistofnunar háskólans, Iðntæknistofnunar o.fl. rannsóknastofnana og fyrirtækja, þar á meðal Marels hf.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvað hér er um að ræða stórt og þýðingarmikið atriði fyrir okkar atvinnu- og efnahagslíf á komandi árum, að við bætum aðstöðu rannsóknastofnana okkar. Það er svo sáralítil upphæð sem forustumenn þessara stofnana eru að fara fram á þegar allt kemur til alls. Vissulega munu mörg af

þeim verkefnum sem er verið að sækja um peninga til kannske ekki skila verulegum fjármunum á næstunni. Hins vegar er ljóst að einhver þeirra verkefna geta aftur á móti skilað okkur stórfelldum verðmætum sem geta skipt sköpum og endurgreitt allt það sem við kunnum að leggja í slíka rannsóknastarfsemi á komandi árum.

Alþb. lagði á það áherslu á landsfundi sínum fyrir nokkrum vikum að eitt höfuðverkefni íslenskra stjórnmála um þessar mundir væri að efna til alhliða nýrrar sóknar í atvinnulífinu. Það hefur um áratugaskeið verið hlutverk íslenskra sósíalista að beita sér fyrir frumkvæði og átaki í atvinnulífinu til að bæta möguleika til batnandi lífskjara í landinu og einnig til að treysta efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Við teljum að rannsóknastarfsemi af því tagi sem hér er verið að flytja tillögu um geti skipt ákaflega miklu máli. Ég er þó ekki þeirrar skoðunar að peningar einir geti hér leyst allan vandann. Jafnframt þarf að tryggja að þær rannsóknastofnanir sem til eru starfi sem best saman þannig að fjármunir nýtist sem best og ekki verði um margverknað og tvíverknað að ræða á vegum þessara aðila.

Ég ætla ekki, herra forseti, að endurtaka neitt af því sem ég sagði í gær í umræðum um lánsfjárlög varðandi rannsókna- og þróunarstarfsemi. Ég vildi aðeins fylgja þessari till. minni úr hlaði með þessum orðum og læt hér staðar numið varðandi fyrri till. á þskj. 383.

Á þskj. 383 flyt ég einnig litla till. um að hækka fjárveitingu til Blindrabókasafns Íslands um 2 millj. kr. eða úr 6 millj. 746 þús. kr. í 8 millj. 746 þús. kr. Ef Blindrafélagið og Blindrabókasafn Íslands eiga að geta starfað með eðlilegum hætti á næsta ári og án verulegra aukafjárveitinga verður þessi fjárveiting að koma til. Það er ekkert annað en raunsæi að gera sér það ljóst. Ég vænti þess að ríkisstj. og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi sjái sér fært að samþykkja till., jafnvel þó að hún komi frá stjórnarandstöðunni.

Ég vil í þriðja lagi, herra forseti, minna á að við afgreiðslu fjárlaga nú verður hlutur Reykjavíkur sem byggðarlags ákaflega illa úti. Ef við lítum á framlög til skólamála í Reykjavík kemur á daginn að stór skólasvæði þar sem til hefur staðið að gera við eða byggja upp nýja skóla fá enga fjárveitingu þó þar sé um að ræða margar þúsundir íbúa. Í þessu sambandi bendi ég á Vesturbæjarskóla sem hefur staðið til að hefja framkvæmdir við og ég bendi á að til þess að ljúka Grafarvogsskóla þarf mun meiri fjármuni en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Þá vil ég einnig benda á að Reykjavík hefur setið mjög á hakanum í sambandi við uppbyggingu heilsugæslunnar. Það er búið að byggja upp út um allt land milli 40 og 50 heilsugæslustöðvar. Í Reykjavík hefur í rauninni ekkert hús verið byggt sérstaklega fyrir heilsugæslustöð. Er Reykjavík eina byggðarlagið á landinu þar sem ekki hefur verið byggð upp nein heilsugæslustöð. Að vísu hafa Reykvíkingar aðgang að nýrri heilsugæslustöð þar sem er heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi sem vesturhluti bæjarins hefur aðgang að. Þá er um að ræða heilsugæslustöð í Borgarspítalanum fyrir Fossvogssvæðið, heilsugæslustöð í Asparfelli og heilsugæslustöð í Árbæjarhverfi. Þá er Reykjavíkurborg nú að leggja fram talsverða fjármuni til þess að innrétta heilsugæslustöð við Drápuhlíð. Reykjavíkurborg og borgarstjórnin í Reykjavík fóru fram á fjármuni til þess að hefja framkvæmdir við byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar við Hraunberg í Breiðholti. Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur ekki séð sér fært að koma til móts við þessa tillögu og hlýt ég að láta í ljós verulega óánægju með það, svo og að þm. Reykjavíkur hafa ekki komið saman nema einu sinni til að fjalla um fjárlögin þrátt fyrir óskir þar um til 1. þm. Reykjavíkurkjördæmis, hæstv. iðnrh.

Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir fjárveitingavaldið og ríkissjóð á hverjum tíma að halda þannig á málum að fullt jafnvægi sé á milli byggðarlaga, að fjárveitingavaldið og Alþingi sýni þörfum Reykjavíkur og Reykvíkinga engu síður skilning en íbúum annarra landshluta. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir Alþingi og fjárveitingavald og ríkisstjórn þegar verið er að afgreiða fjárlög að tekið sé á málefnum Reykjavíkur líka. Reykjavík er höfuðstaður landsins og það er skylt að tryggja þar félagslega þjónustu engu síður en í öðrum byggðarlögum.

Ég fullyrði, herra forseti, að heilbrigðisþjónusta í Reykjavík er lakari en í flestum öðrum byggðarlögum. Ég geri ráð fyrir að þeir séu margir þm. Reykvíkinga sem hafa búið við það langt árabil eins og ég að hafa engan heimilislækni. Það eru nefnilega 20 þúsund Reykvíkingar sem hafa engan heimilislækni. Það er vegna þess að uppbygging heilsugæslunnar í Reykjavík hefur setið á hakanum undanfarin ár. Það var eðlilegt að landsbyggðin hefði forgang. Hið gamla héraðslæknakerfi var ófullkomið og það var dýrt og tryggði ekki þjónustu eða öryggi. Þegar heilsugæsla á landsbyggðinni hefur hins vegar verið byggð upp er eðlilegt að menn snúi sér af krafti að uppbyggingu heilsugæslunnar í Reykjavík. Það er vanrækt og svo er einnig í þessu frv.

Borgarstjórinn í Reykjavík, Davíð Oddsson, ræddi þessi mál fyrir nokkru við okkur þm. Reykjavíkurkjördæmis. Hann gagnrýndi mjög harðlega hvernig á þessum málum hefði verið haldið og vitnaði til áætlana sem gerðar voru 1982 í þessum efnum og hann taldi og telur að væri eðlilegt að hrinda í framkvæmd frá sjónarmiði okkar Reykvíkinga.

Það er ekki oft sem talað er um kjördæmismál í Reykjavík í þessum stól. Þó er Reykjavík líka kjördæmi og Reykvíkingar eru líka fólk. Ég held að það væri eðlilegt að um þau mál væri fjallað engu síður en vandamál hinna dreifðu byggða í landinu sem eru bæði stór og alvarleg. Ég held að ein forsenda þess að Reykvíkingar skynji Alþingi sem sitt þing eins og aðrir sé sú að málefnum Reykjavíkur sé sinnt engu síður en annarra. Ég hef hins vegar orðið var við það þau ár sem ég hef setið á Alþingi, en þetta er mitt áttunda eða níunda þing, að þegar ég hef hreyft hér málefnum Reykvíkinga eins og einu sinni tvisvar á hverju þingi hef ég iðulega orðið var við að flestallir þm. hafa talið það hinn mesta óþarfa, hégilju og í rauninni alveg fráleitt. Ég vísa slíkum ásökunum á bug. Ég er fulltrúi fyrir kjósendur í Reykjavík og tel að mér sé skylt að koma sjónarmiðum þeirra á framfæri hvað svo sem aðrir kunna að segja.

Herra forseti. Ég vil í framhaldi af þessum orðum mínum víkja að því að fyrir kosningarnar 1983 var það eitt meginbaráttumál Sjálfstfl. að stuðla bæri að sjálfstæði sveitarfélaganna. Staðreyndin er sú að aldrei hefur í opinberum framlögum verið þrengt eins að sveitarfélögunum og í fjárlagafrv. ársins 1986. Fjár-

framlög til sveitarfélaganna allra eru skorin heiftarlega niður, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson hefur rakið skilmerkilega úr þessum ræðustól nýlega. Það er einnig svo að ríkisstj. undir forustu formanns Sjálfstfl. ræðst sérstaklega á eina verðtryggða tekjustofn sveitarfélaganna. Borgarstjórn Reykjavíkur fjallaði um þetta mál á dögunum. Í dag barst mér í hendur bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík dags. 20. des. 1985 um þessi mál þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur í gær var eftirfarandi ályktun gerð með 21 shlj. atkvæði:

Borgarstjórn Reykjavíkur mótmælir harðlega þeirri stefnu stjórnvalda að skerða hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af söluskatti og aðflutningsgjöldum frá því sem ákveðið er í lögum um tekjustofna sveitarfélaga og skorar á Alþingi og ríkisstj. að falla frá áformum um þetta efni í frv. til fjárlaga fyrir árið 1986."

Eftirfarandi grg. fylgdi till. sem var lögð fram í borgarstjórn:

„Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga á Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ákveðna hlutdeild í innheimtum söluskatti og verðtollstekjum. Á árinu 1984 var sett þak á þessa hlutdeild þegar verið var að stoppa í fjárlagagatið sem fannst snemma á því ári. Þá var jafnframt tekið skýrt fram að hér væri um tímabundna ákvörðun að ræða sem mundi aðeins taka til ársins 1984. Þrátt fyrir gefin fyrirheit, ótvíræð lagaákvæði og sjálfsforræði á tekjustofnum sínum var aftur sett þak á hlutdeild Jöfnunarsjóðs árið 1985 og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 er enn haldið við sömu áform. Að auki hafa ráðstöfunartekjur sjóðsins verið skertar með breyttum uppgjörsreglum vegna innheimtu á barnsmeðlögum. Talið er að skerðingin á tekjum Jöfnunarsjóðs árið 1985 hafi numið um 100 millj. kr., en erfitt er að meta hve fyrirhuguð skerðing er mikil á árinu 1983 þar sem ekki liggja fyrir endanlegar áætlunartölur um innheimtu á söluskatti og aðflutningsgjöldum, en reynslan hefur einnig leitt í ljós að áætlunartölur fjárlaga hafa verið of lágar. Með þessum aðgerðum hafa sveitarfélögin verið svipt einu verðtryggingunni á tekjustofnum sínum á sama tíma og mestur hluti ríkissjóðstekna fylgir verðlagi. Það er réttmæt krafa sveitarfélaga að Jöfnunarsjóður fái lögmæltan hlut í tekjum af söluskatti og aðflutningsgjöldum en ríkissjóður bæti ekki sífellt sinn hag á kostnað sveitarfélaganna."

Þetta var úr bréfi borgarstjórnarinnar í Reykjavík til forseta Sþ. dags. 20. des. 1985.

Að lokum vil ég víkja að því, herra forseti, að á þskj. 359 er birtur samanburður á lánsfjárlögum og erlendum lántökum 1985. Þennan samanburð rakti ég í gær því þar kemur fram að í lánsfjárlögum var gert ráð fyrir 6,8 milljörðum kr., en reyndin varð 10,4 milljarðar kr. Það var nákvæmnin í fjárlaga- og lánsfjárlagagerð þessa árs. Þegar málið var til meðferðar í fjh.- og viðskn. hv. Nd. óskaði ég eftir því við greiðslujafnaðardeild Seðlabankans að upplýsingar fengjust um hve stór hluti lánanna hefði verið kominn inn þegar í júní 1985 þegar áætlunin var gerð. Það er býsna athyglisvert sem þar kemur í ljós. Þar kemur það t.d. fram að þá þegar, í júnímánuði, voru komin inn lán til sveitarfélaganna að upphæð 403 millj. kr., en í áætluninni sem var samþykkt í júní var gert ráð fyrir lánum á öllu árinu upp á 326 millj. kr. Sömu daga og við vorum að afgreiða lánsfjárlögin í þinginu var búið að taka inn lán upp á 400 millj. kr. þó að í lánsfjárlögunum stæðu 320 millj. kr. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Er ekki bersýnilega margt að í þessum efnum þegar áætlanagerð varðandi fjárlög og forsendur þeirra er jafnmikil endileysa, jafnmikil grautargerð og þessi tala ber með sér? Ég óttast að þó að menn séu að afgreiða fjárlög og lánsfjárlög fyrir árið 1986 muni koma í ljós þegar líður á árið að verulega skorti á að allar forsendur standist. Í þeim efnum spái ég því að hæstv. fjmrh. muni á sínu starfsári 1986 lenda í því, sem áður hefur hent forvera hans, að gefa út aukafjárveitingar á aukafjárveitingar ofan til að bjarga hlutunum vegna þess að forsendur standist ekki.

Ég vil að allra síðustu, herra forseti, benda á að nú liggja fyrir tölur um erlendar skuldir í lok þessa árs. Hver er árangurinn? Hafa þær minnkað? Hver er árangurinn? Þjóðhagsstofnun sendi frá sér áætlun um þetta í dag og þar segir: „Erlendar skuldir til lengri tíma en eins árs virðast munu aukast úr 52,2% af landsframleiðslu árið 1984 í 54,8% á þessu ári." Þessar tölur láta ekki mikið yfir sér. Þetta er 2,6% aukning á skuldahlutfallinu af landsframleiðslu. En hvað eru það miklar upphæðir sem ríkisstj. hefur bætt við erlend lán á þessu ári? Þetta eru u.þ.b. 2,6 milljarðar kr., miðað við að landsframleiðsla sé í kring um 100 milljarðar eða svo.

Það er einnig athyglisvert sem fram kemur í þessu plaggi Þjóðhagsstofnunar og styður það sem ég var að segja hér við hæstv. fjmrh. í gærkvöld. Vextirnir ráða úrslitum um greiðslubyrði erlendra lána. Hér segir, með leyfi forseta: „Greiðslubyrði vegna langra erlendra lána er talin verða tæplega 21% af útflutningstekjum sem er lægra hlutfall en 1984, en þá var greiðslubyrðin 24%." — Það er lækkun úr 24% í 21%. Skyldi það vera hinni vitru fjármálastjórn ríkisstj. að þakka, fjmrn. og fjmrh., að þetta skuldahlutfall lækkar? Ber að þakka fjármálastjórninni fyrir þetta mikla afrek eða hvað? Svarið er auðvitað þetta: Í fyrsta lagi hafa vextir erlendis lækkað verulega og í öðru lagi hafa útflutningstekjur aukist. M.ö.o. er hér ekki um að ræða neitt sem skrifast á reikning ríkisstj. Hér hefur hún orðið fyrir óvæntum happdrættisvinningi, lækkandi hlutfalli greiðslubyrði, vegna lækkunar vaxta á alþjóðamarkaði og vegna aukinna útflutningstekna. Þjóðhagsstofnun telur að vextir á dollaralánum á alþjóðamarkaði verði á þessu ári að meðaltali 9%, svonefndir LIBOR-vextir, sem er meira en 1% lægra en 1984. Hvað þýðir þetta, 1% lægri vextir en 1984? Það þýðir sparnað fyrir íslenska þjóðarbúið um 250 millj. kr. Þannig leggst þetta saman: óvenjuhagstæð ytri skilyrði, aukinn afli, auknar útflutningstekjur, lækkandi vextir á alþjóðamörkuðum, aukin þjóðarframleiðsla um 2—2½% og áfram á næsta ári. Samt eru menn að sýna viðskiptahalla á þessu ári, eins og fram kemur í þessum plöggum mjög verulegan, upp á 5% af vergri þjóðarframleiðslu, og lægsta kaupmátt kauptaxta í 30—40 ár. Hvar er nú öll fjármálasnilldin? Svo mikið er víst að hennar hefur ekki enn þá orðið vart í opinberum tölum hjá þeim sem kunna að lesa slíkar tölur. Ég veit að hæstv. fjmrh. kann það mætavel. Hins vegar reynir hann iðulega að blekkja umhverfi sitt með fullyrðingum um eitt og annað, eins og ég rakti t.d. hér í gærkvöld. Það versta væri ef hann færi að trúa tilraunum þeim sem hann gerir til þess að blekkja aðra. Ég vona að það verði seint.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Fyrri ræðu-

menn Alþb. við þessa umræðu í kvöld hafa rætt um forsendur fjárlagafrv. og einstaka liði þess einnig svo ég get farið fljótt yfir sögu hvað varðar hinar almennu forsendur fjárlaganna og yfirbragð þeirra og sparað mér frekari umfjöllun um það, en vík þess í stað beint að þeim afmörkuðu liðum fjárlaganna sem ég vil ræða ofurlítið við 3. umr.

Þá vil ég mæla fyrir brtt. sem ég er 1. flm. að og snertir sérstaklega tvo liði. Það er annars vegar nám á háskólastigi á Akureyri og annars vegar málefni þróunaraðstoðar og þróunarsamvinnu og þær fjárveitingar sem þeim lið eru ætlaðar á íslensku fjárlögunum.

Ég vil þó fyrst sérstaklega nefna einn lið á fjárlögunum og það eru hafnirnar og fjárveitingar til hafnarmála. Það væri gott ef hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hlustaði á það því að ég veit að hann tengist þeim málaflokki nokkuð í gegnum sín helstu hugðarefni. Ég ætla nefnilega að taka dæmi um tvo staði þar sem hafnir eru og nefna lítillega hvers virði þessar hafnir eru efnahag landsmanna. Þessir staðir eru Grímsey og Raufarhöfn, staðir sem ég þekki mætavel og fá í ár báðir heldur lítinn skammt af kökunni sem til hafnarmála er ætluð og er hún þó ekki stór.

Til hafnargerðar í Grímsey ætlar ríkið á næsta ári að verja 400 þús. kr., til hafnarinnar á Raufarhöfn 0 kr. Í heild sinni fá hafnir landsins af ríkisfé 74 millj. kr. Ég fullyrði að þessum 74 millj. kr. mætti auðveldlega koma fyrir í þarfar framkvæmdir í Norðurlandskjördæmi eystra einu saman ár eftir ár og yrði þó enginn skortur á brýnum verkefnum, a.m.k. fyrsta áratuginn sem slíku fjármagni yrði veitt til þeirra framkvæmda.

Á Raufarhöfn búa nálægt 450 íbúar, en um höfnina á Raufarhöfn fara engu að síður líklega fast að 140 þús. tonn af varningi. Þetta er nær allt framleiðsluvara, löndun og útskipun á afurðum til útflutnings. Ég hef lauslega slegið á verðmæti þess útflutnings sem fer um Raufarhöfn á árinu 1985. Ég er ekki viss um að allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því að beint verðmæti þess útflutnings sem fer frá Raufarhöfn á yfirstandandi ári mun slaga í hálfan milljarð ef ekki ná hálfum milljarði íslenskra kr. Fiskverkunin á staðnum og ýmis starfsemi henni tengd munu senda frá sér út úr landinu eitthvað á annað hundrað millj. kr. í vöruverðmæti á þessu ári og loðnuverksmiðjan á staðnum líklega vörur fyrir 350—400 millj. kr. Þetta er þá komið hátt í hálfan milljarð ef ekki yfir hálfan milljarð eða rúmlega 1 millj. kr. á hvert mannsbarn á staðnum. Þetta er dálagleg summa. Við getum margfaldað heildarfjárveitingu ríkisins til hafnarmála 7 til 8 sinnum ef ekki meira til þess að fá út þá tölu sem Raufarhöfn ein flytur út á þessu ári.

Hvernig er svo ástandið í hafnarmálum á Raufarhöfn? Jú, þar eru mikil þrengsli. Þegar loðnubátar eru þar við landanir kemst ekkert kaupskip að, en þau þurfa að lesta vörur til útflutnings nánast vikulega, annaðhvort lýsi eða mjöl, á meðan bræðsla stendur yfir. Enn fremur eru þau skip sem flytja út fiskinn og fiskiskip heimamanna, togari og bátar. Þessi skip þarf sífellt að vera að færa til. Þau þurfa jafnvel að bíða utan við höfnina í misjöfnum veðrum og svo mætti lengi telja. Jafnvel svo sjálfsögð aðgerð og að dæla sandi úr innsiglingunni þannig að loðnuskipin komist hlaðin inn í höfnina fæst ekki framkvæmd. Ár eftir ár er þessi liður skorinn niður vegna fjárskorts. Þetta þýðir að í vondum veðrum verða skipin að bíða utan við höfnina og sæta sjávarföllum til að taka innsiglinguna þegar hæst er í sjó. Af þessu getur skapast hætta, skapast tafir og mikið tjón verður. Samt er þessi lífhöfn sú sem fyrir utan Siglufjörð er sennilega allra mikilvægust af höfnum landsmanna til að standa undir loðnuveiðunum og loðnuvinnslunni. Hefur það best sýnt sig núna þegar mikil loðnuveiði var við Jan Mayen og fyrir norðan land.

Ég held að menn ættu að hugleiða hvers virði hafnaraðstaða er fyrir undirstöðuframleiðsluna og þá áhættu sem einnig er tekin með því að hafa þá hluti í ólestri. Ég held að það sé kannske enginn liður — og eru þó margir grátt leiknir í fjárlagafrv. — sem er jafnmikið úr takt við staðreyndir atvinnulífsins á Íslandi og fjárveitingar til hafnarmála í ár. Það gengur ekki, og það hljóta allir hv. þm. að sjá, að fara þannig með þennan lið sérstaklega ár eftir ár að skera hann niður við trog.

Í Grímsey er ástandið þannig að þangað voru veittar 400 þús. kr. Það er ríflegt fjárveiting í ár, ef ég man rétt, miðað við undanfarin ár. Grímsey er alla sumarmánuðina lífhöfn fyrir smábátaflotann fyrir Norðurlandi sem sækir djúpt á Norðurlandsmið, jafnvel opnir bátar, norður undir Kolbeinsey, og treystir þá gjörsamlega á lægi í Grímsey ef eitthvað bjátar á með veður. Þar eru á mjög þröngri og lítilli höfn iðulega 20—40 aðkomubátar í brælum á sumrin, fyrir utan báta heimamanna, og þeir liggja svo þétt að þeir slást og berjast saman hver um annan þveran. Snúi vindur sér snögglega er Grímseyjarhöfn opin vegna þess að sú grjótvörn sem þar er núna fyrir er allsendis ónóg. Þarna gætu farið niður á einum óveðurssólarhring 10, 20, 30 bátar ef illa tækist til. Þetta vita menn. Slíka áhættu taka menn þarna upp á næstum því hvern einasta dag á sumrin. Samt er ekki nokkur leið að fá fjárveitingu upp á 5—8—10 millj. kr. til að gera þarna grjótvörn þannig að þessi lífhöfn smábátaflotans fyrir Norðurlandi gæti orðið öruggt skjól.

Ég held að menn eigi að setja sig einstöku sinnum inn í staðreyndir málsins á þennan hátt þegar menn eru að fjalla um fjárveitingar. Á bak við þessar tölur eru ákveðnar staðreyndir, ákveðnar aðstæður. Ég er ekki viss um að allir hv. fjárveitingarnefndarmenn hafi vitað og gert sér grein fyrir því t.d. hvernig ástandið er í þessum tveimur höfnum þegar þeir tóku þá djarfmannlegu ákvörðun að skera fjárveitingar til hafnarmála niður við trog, líklega þriðja árið í röð, þannig að þær standa u.þ.b. í stað í krónutölu.

Ég gæti nefnt dæmi um þá framleiðslu sem kemur frá Grímsey þar sem framleitt er fyrir tugi milljóna króna í beinhörðum gjaldeyri á hverju ári. Þær 80—100 manneskjur sem að staðaldri eru í þessari ey framleiða fyrir fleiri tugi milljóna króna í varningi til útflutnings með líklega einhverjum minnsta tilkostnaði sem þekkist í heiminum þar sem sóknarkostnaður er í algjöru lágmarki. Olíukostnaður, er mér sagt, fer stundum niður í að vera 1—2% af aflaverðmæti. Það er alveg áreiðanlega heimsmet, herra forseti.

Ég gerist langorður um hafnir, herra forseti, vegna þess að það er kannske vænlegra að halda sig við fá afmörkuð viðfangsefni en taka þau þá ítarlegar fyrir, m.a. með dæmum, þannig að hv. þm., sem ekki eru kannske mjög kunnugir á slíkum stöðum, geri sér grein fyrir að á bak við tölur eins og 0 kr. til hafnarframkvæmda á Raufarhöfn og 400 þús. kr. til hafnarmála í

Grímsey eru ákveðnar aðstæður og ákveðnar staðreyndir sem snerta undirstöður okkar efnahagslífs.

Ég ætlaði að minnast lítillega á Lánasjóð ísl. námsmanna og þá útreið sem hann fær í frv., en ég gerði það reyndar nokkuð við umræður í gærkvöld, herra forseti, um lánsfjáráætlun og þarf ekki í sjálfu sér miklu við það að bæta. Ég vil þó nota þetta tækifæri til að undirstrika og ítreka mótmæli mín við því samningsrofi og þeirri meðferð sem lánasjóðurinn fær sem ég tel vera ótvírætt brot á því samkomulagi stjórnvalda og námsmannahreyfinganna í landinu sem gert var fyrir nokkrum árum um fjárveitingar og framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Væri hæstv. menntmrh. hér og heiðraði okkur með nærveru sinni mundi ég minnast dálítið á þann möguleika að hefja nám á háskólastigi á Akureyri. Nú veit ég ekki hvort virðulegur forseti vill gera mér þann greiða að kanna hvort hæstv. ráðh. er í húsi, en engu að síður hef ég flutt brtt. við fjárveitingar til Háskóla Íslands um að þar komi nýr liður sem nefnist Til að undirbúa og hefja kennslu á háskólastigi á Akureyri. Ég veit að ég er að ganga í lið með hæstv. menntmrh. í þessu efni því hann hefur á þessu máli gífurlegan áhuga að eigin sögn og er mikill stuðningsmaður þessara hugmynda. Hæstv. ráðh. gaf djarfmannlegar yfirlýsingar á fyrstu dögum sínum í ráðuneytinu og dagblað okkar norðanmanna, Dagur á Akureyri, sem nýlega gekk í tölu fullvaxinna dagblaða, sló því auðvitað upp sem helstu fréttum fjórðungsins þegar hæstv. menntmrh. þjóðarinnar, nýkominn í embætti, lét það nánast verða eitt af sínum fyrstu loforðum að fullvissa Norðlendinga og aðra sem á þessu máli hafa áhuga um það að atbeina hans mundi nú hvergi skorta við að koma þessu námi þarna á fót. Hæstv. ráðh. sagði, með leyfi forseta:

„Ég mun beita mér fyrir háskólakennslu á Akureyri. Ég er jákvæður í þessu máli. Ég mun áreiðanlega beita mér fyrir því að háskólakennsla hefjist á Akureyri fyrr en síðar", sagði Sverrir Hermannsson.

Í leiðara Dags nokkrum dögum síðar en þetta var, en þetta var um miðjan októbermánuð, er skrifað um háskóla á Akureyri og þar segir, með leyfi forseta:

„Sverrir [þ.e. hæstv. menntmrh.] hefur sagt að stefnt skuli að því að þessi kennsla hefjist næsta haust. „Stefnt skal að" getur að vísu verið svolítið teygjanlegt hugtak, en þrátt fyrir það verður ekki efast um vilja ráðherrans í þessum efnum."

Síðan kemur hól um ráðherrann sem hefði verið ákaflega gaman ef hann hefði fengið að heyra sjálfur. (**Forseti:** Það skal upplýst að hæstv. ráðh. er ekki í húsinu.) Þá verður hæstv. ráðh. að missa af þessu hóli um sjálfan sig. Blaðið segir:

„Sverrir Hermannsson er þungur á bárunni þannig að vonandi tekst honum að koma þessu máli heilu í höfn sem fyrst. Það yrði ómetanleg lyftistöng fyrir skólabæinn Akureyri."

Og áfram mætti lesa þessa umfjöllun um háskóla á Akureyri og Sverri Hermannsson, en ég held að ég sleppi því, ekki síst með tilliti til þess að hæstv. ráðh. er nú horfinn af vettvangi. Það er reyndar heldur hvimleiður siður, herra forseti, ef ég má segja þá skoðun mína úr þessum ræðustóli, að fagráðherrar skuli ekki geta hamið sig hér í þinginu á meðan umræður fara fram um fjárlög. Með fullri virðingu fyrir hæstv. fjmrh. getur verið mjög gagnlegt að þeir séu einnig viðstaddir til að hægt sé að eiga við þá orðastað og beina til þeirra spurningum um málefni sem varða þeirra málaflokk beint og kannske faglega.

Hæstv. utanrrh. er hins vegar mættur hingað á kvöldfund, herra forseti, og ég þakka honum fyrir að bregðast vel við óskum mínum um að koma hingað svo ég mætti eiga við hann lítillega orðastað, ekki síst vegna þess að ég ræddi nokkuð eitt málefni sem hans ráðuneyti snertir við 2. umr., en hann var þá með fjarvistarleyfi. Því þykir mér vænt um að hann skuli nú bregðast vel við og vera viðstaddur. Þetta málefni er þróunaraðstoð, það framlag okkar Íslendinga sem til þess málaflokks rennur. Ég ætla að enda mína ræðu á því að fjalla dálítið um það, herra forseti.

Eins og ég lýsti við 2. umr. sætti ég mig ákaflega illa við þær tölur sem birtust okkur í fjárlagafrv. í haust um framlög okkar Íslendinga til þróunarmála og var það ekki síst vegna þess að nokkrum mánuðum áður hafði hv. Alþingi samþykkt sérstaka þál. um að auka þessi framlög og ég þóttist sjá í hendi mér að þær tölur sem í frv. voru mundu engan veginn duga til að standa við þá stefnumörkun. En ég, eins og reyndar fleiri, tók þessu fjárlagafrv. með nokkrum fyrirvara þegar það var lagt fram. Það gerðu reyndar aðstandendur sjálfir eins og frægt er orðið. Því beið ég til 2. umr. til að sjá hvað þá kæmi á daginn í þessum málaflokki eins og fleirum. En þá tók ekki betra við, herra forseti, því allt í einu birtist brtt. frá hv. meiri hl. fjvn. sem lagði til að þessi framlög yrðu ekki aukin, heldur þvert á móti skorin niður eða einn liður þeirra sem gjarnan er talinn til þessa málaflokks þó það sé hæpið út af fyrir sig að telja sérstaka neyðaraðstoð með framlögum okkar til þróunarmála eða uppbyggingar í þróunarlöndunum sem yfirleitt eru flokkuð með nokkuð öðrum hætti. Engu að síður hafði niðurskurðarhnífurinn þarna fundið pínulitla kökusneið til að skera af, þ.e. lið sem hét og heitir Sérstök matvæla- og neyðaraðstoð samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þennan lið lagði hv. meiri hl. fjvn. til að lækka um 7 millj. kr., úr 11,8 millj. í 4,8 millj., og þetta samþykkti þingheimur. Þá var í það óefni komið, herra forseti, að öll framlög okkar til þróunarlandanna jukust ekki nema um fáeinar milljónir króna og þar af leiðandi var fyrir séð að ekki yrði hækkun heldur raungildislækkun á fjárveitingum til þessa málaflokks næsta ár. Við það er heldur illt að una, herra forseti, þegar Alþingi sjálft hefur einróma markað aðra stefnu nokkrum mánuðum fyrr.

Nú hefur það að vísu gerst, og skal ég ekkert draga úr því, að hæstv. fjmrh. hefur lagt fram brtt. við fjárlög, sem er á þskj. 420, þar sem hann leggur til að við 6. gr. bætist nýtt heimildarákvæði um að ráðstafa allt að 6 millj. kr. af tekjum af fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs til þróunaraðstoðar. Ég fagna þessum sinnaskiptum, herra forseti, og geri ekki of lítið úr því því litlu verður Vöggur feginn þegar svona stendur á. Þetta er að vísu nokkuð óvenjulegur fjárlagaliður, að ég held, og ég er ekki alveg viss um að ég hafi séð annan slíkan fyrr, en mér er alveg sama hvaðan gott kemur. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að við hljótum að leita allra færra leiða til að ná einhverjum peningum inn á þennan lið. Því tek ég þessu fagnandi, það litla sem það er.

Hitt er svo alveg ljóst að þetta dugar engan veginn til þess að standa við þá stefnumörkun sem við höfum sett okkur og þyrfti mikið meira til. Ég hef því flutt brtt.,

herra forseti, um að framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði tvöfölduð, fari úr 24 millj. kr. í 48 millj., og að sá rómaði liður sem heitir því mikla nafni Matvæla- og neyðaraðstoð samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar verði hækkaður úr 4,8 millj. eins og hann er eftir 2. umr. í 15 millj. kr. Að þessu öllu samanlögðu yrðu framlög okkar Íslendinga til þróunarmála eitthvað yfir 120 millj. kr. og mætti þá segja, ef naumt er túlkað, að staðið væri við stefnumörkun Alþingis frá s.l. vori. Ég fæ það ekki til að koma heim og saman ef þessi upphæð fer ekki a.m.k. í einar 120 millj. kr.

Það hefur e.t.v. ekki mikið upp á sig, herra forseti, að ræða efnislega um þörfina á þessari aðstoð því nú eru fáir þm. eftir. Þeir sem hér eru þó vita sjálfsagt manna best hversu mikilvægt og nauðsynlegt er að við Íslendingar látum ekki upp á okkur standa með þetta og reynum að leggja okkar af mörkum. Ég vil þó vitna í eitt lítið fréttabréf sem ég hef undir höndum frá Hjálparstofnun kirkjunnar þar sem eru nokkrar nytsamlegar upplýsingar um bilið milli ríkra þjóða og fátækra í heiminum. Ég er ekki viss um að allir hv. þm. geri sér fulla grein fyrir því hve gífurlegt hyldýpisgap er á milli þeirra þjóða sem við mesta velmegun búa, eins og Íslendinga, og þeirra sem búa við bágust kjör.

Á árinu 1983 voru þjóðartekjur á mann í dollurum talið hér á Íslandi 10 270—10 270 dollarar á hvert mannsbarn í landinu. Á þessu ári var meðalaldur Íslendinga 77 ár og barnadauði miðað við þúsund fædd börn á fyrsta ári var átta. Af hverjum þúsund fæddum börnum dóu átta á fyrsta ári. En tökum ríki hinum megin við strikið til samanburðar. Það má nefna Bangla Desh. Þar búa tæpar hundrað milljónir manna. Þar er þjóðarframleiðsla á mann í dollurum 130 á móti 10 270 á Íslandi. Meðalaldur í Bangla Desh er 48 ár og barnadauði á fyrsta ári af þúsund fæddum er 133. Í Sómalíu, þar sem búa um 4½ milljón manna, er þjóðarframleiðslan 250 dollarar á mann. Meðalaldur er 39 ár, næstum helmingi lægri en hann er á Íslandi, og barnadauðinn er 184 börn. Af hverjum þúsund sem fæðast deyja 184 á fyrsta ári.

Ég held ég þurfi ekki að fara með fleiri tölur en þetta, herra forseti. Þetta ætti að gefa mönnum ofurlitla innsýn í hvílíkt hyldýpisgap er á milli okkar í hópi velmegunarríkjanna og hinna þar sem bágust eru kjörin. Það eru einmitt þessi lönd, lönd eins og Eþíópía þar sem þjóðartekjurnar eru 140 dollarar á mann á ári og lönd eins og Capo Verde eða Grænhöfðaeyjar þar sem þjóðartekjurnar eru 360 dollarar, sem við erum að reyna að aðstoða. Ef þjóð sem er ekki bara 10 sinnum ríkari heldur 50 sinnum eða næstum 100 sinnum ríkari en önnur þjóð getur ekki lagt eitthvað af mörkum í þessum efnum er illa komið. Það þýðir ekkert að ætla að hlaupa á bak við það að á Íslandi séu erfiðir tímar og niðurskurðarfjárlög á leiðinni í gegnum þingið þegar maður hefur þessar tölur og þessar staðreyndir á borðinu fyrir framan sig. Það þarf ekki annað, herra forseti, en að líta út um gluggann hvar sem maður er staddur hér í Reykjavík og sjá þá velmegun, sjá þá peninga sem eru í umferð alls staðar í þjóðfélagi okkar til þess að átta sig á því að við getum vel lagt meira af mörkum.

Þetta veit líka íslenska þjóðin og skilur miklu betur en hv. alþm. því að hún hefur fyrir sitt leyti staðið mjög vel við það sem hægt er að ætlast til að almenningur leggi af mörkum með frjálsum framlögum. Þau framlög eru hér á Íslandi miklu hærri að hlutfalli borið saman við framlög ríkisins en í öllum nálægum löndum. Það segir eitt og aðeins eitt: að hlutur fjárveitingavaldsins eða ríkisvaldsins situr eftir. Ég er ekki fjarri því að velta hjálparstofnananna í landinu fari á yfirstandandi ári í 50—70 millj. kr. eða slagi upp í það sem ríkið sjálft leggur að mörkum. Það þykir ekki óeðlilegt að þetta hlutfall sé 3:1, þrjár krónur frá hinu opinbera fyrir hverja eina sem kemur í gegnum félagasamtök og hjálparstofnanir.

Það er einnig dæmigert hversu vel almenningur bregst við þegar safnað er fé með þeim hætti sem t.d. Hjálparstofnun kirkjunnar er nú að gera. Það var gaman að lesa um það í blaði allra landsmanna, Morgunblaðinu, fyrir nokkrum dögum að nokkrum dögum eftir að Hjálparstofnun hrinti sinni söfnun af stað ákváðu nemendur Reykjaskóla að gefa úr ferðasjóði sínum 10 000 kr. Úr þeim ferðasjóði sem þessi skólabörn hafa ugglaust lagt mikið á sig við að safna í til að komast í skólaferðalag ákváðu þau að gefa 10 000 kr., sem sjálfsagt er mikil upphæð fyrir þann sjóð, til hjálparstarfs Hjálparstofnunar kirkjunnar. Mér fannst þetta segja meira en mörg orð um þær aðstæður sem eru uppi og um það hvernig fjárveitingavaldið og ríkisvaldið er gjörsamlega úr takt við almenning í landinu í þessum efnum.

Nú mega menn ekki skilja orð mín svo sem ég hafi eitthvað á móti því að hjálparstofnanir, félagasamtök og einstaklingar leggi sitt af mörkum í þessum efnum og geri það sjálf, síður en svo. Ég fagna því og það er mér í sjálfu sér mikil huggun að á sama tíma og þessi fjárlög eru að fara hér í gegn skuli þetta vera svo meðal almennings í landinu. En ég veit það af kynnum mínum við forráðamenn hjálparstarfsins að þetta er eitt af því sem þeir hafa miklar áhyggjur af. Þeir segja sem svo: Ef árangur okkar við það að safna verður eingöngu til þess að ríkið sker niður sinn hlut, hverju erum við þá bættari? Það má alls ekki gerast. Þess vegna ætti ríkisvaldið sjálfkrafa að leggja af mörkum á móti hjálparstofnunum þegar svona tekst til. Þannig tilhögun er viðhöfð t.d. í Noregi þar sem ríkisvaldið skuldbindur sig til að leggja 4 kr. á móti hverri einni sem almenningur safnar, burtséð frá því hversu mikið safnast. Einmitt þannig hafa mörg nálæg lönd komið sínum framlögum upp í og reyndar fram úr því 1% af þjóðartekjum sem velmegandi ríki innan Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að miða við.

Herra forseti. Með tilliti til þess að hér er á ferðinni umræða um fjárlög en ekki sérstakur dagskrárliður um þróunaraðstoð, sem þó hefði mjög gjarnan mátt vera mín vegna, ætla ég að stytta mál mitt um þetta atriði. Ég verð þó að segja eins og er að það verða mér mikil vonbrigði ef sú stefnumörkun sem Alþingi einróma markaði hér fyrir nokkrum mánuðum verður brotin strax á fyrsta ári, eins og allt virðist því miður benda til. Þá óttast ég að það sæki fljótt í sama farið aftur. Dæmin sýna líka að það sem menn skera einu sinni í þessum efnum, þó það eigi að vera tímabundið, hafa menn tilhneigingu til að krukka í áfram. Þá verður úr sögunni sú viðleitni að koma þessari aðstoð upp í eðlilegt horf á þeim sjö árum sem menn ætluðu sér.

Ég þykist reyndar vita að það sé óþarfi að spyrja

hæstv. utanrrh. að því hvort hann sé sáttur við þessar tölur. Ég þykist enn fremur vita að hann hafi lagt lið sitt við að reyna að fá þá hækkun sem hæstv. fjmrh. nú flytur brtt. um. Ég hefði þó gjarnan viljað að hæstv. utanrrh. kæmi hér upp og lýsti því yfir að þrátt fyrir þessa afgreiðslu fjárlaga muni hann beita sér á vettvangi ríkisstjórnar eða annars staðar þar sem hann hefur áhrif fyrir því að þessi stefnumörkun verði höfð í heiðri og verði höfð í gildi. Liggi ekkert fyrir um að hæstv. ríkisstj. telji þá stefnumörkun marka fordæmi í þessum efnum tel ég að Alþingi Íslendinga eigi sóma síns vegna að flytja þál. sem afnemi þá þál. sem samþykkt var á Alþingi í fyrravor. Ég fæ það ekki til að ganga upp, herra forseti, í mínum huga að við gerum slíkar langtíma stefnumarkandi samþykktir og höfum þær að engu strax við afgreiðslu næstu fjárlaga. Ég held að þá sé sóma Alþingis misboðið og það væri heiðarlegra og eðlilegra að við sameinuðumst um það aftur þegar á þessu þingi eða hinu næsta að flytja þál. sem tæki af hina fyrri stefnumörkun. Það gengur auðvitað ekki að hafa í gildi samþykktir sem hundsaðar eru með þessum hætti.

En, herra forseti, brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni og Ragnari Arnalds á þskj. 378 eru þær breytingar sem ég tel að dugi lægstar til að koma þessu hlutfalli upp í það horf að staðið sé við stefnumörkun Alþingis frá s.l. vori. Það væri slæmt ár að velja sér, herra forseti, til þess að lækka þetta hlutfall nú, þetta ár sem verður að öllum líkindum mesta aflaár í Íslandssögunni að verðmætum til. Það hefur oft verið sagt að afkoma íslensku þjóðarinnar sé afkoma fiskveiðanna eða fiskvinnslunnar og sjávarútvegsins. Þegar vel veiðist og þegar mikill er afli hljóti mikið að vera til skiptanna á Íslandi. Auðvitað er það þannig í reynd. Það gengur ekki upp nema að mjög takmörkuðu leyti að telja íslensku þjóðinni trú um að það sé hallæri og harðæri á Íslandi árið sem fiskafli úr sjó, sem kom í hlut okkar Íslendinga, var meiri en nokkru sinni fyrr. Það eru þá alveg ný sannindi í íslensku hagkerfi og íslensku efnahagslífi ef það eru slík ótíðindi. Þrátt fyrir þessi niðurskurðarfjárlög og þau göt sem í þeim eru er ég ekki í minnsta vafa um og ég fullyrði að íslenska þjóðin hefur efni á því að borga strax þær 700 millj. kr. sem renna ættu til þróunaraðstoðar úr fjárhirslum ríkisins ef að fullu væri staðið við þær alþjóðasamþykktir sem við höfum skuldbundið okkur til að fylgja.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur setið þolinmóður undir þessari ræðu minni, herra forseti, ætla ég að heiðra hann með lokaorðum mínum. Þau eru að þessi niðurskurðar- og sultarfjárlög með öllum sínum götum og þeirri uppgjöf sem í þeim felst við að reyna að hafa stjórn á fjármálum ríkisins og hafa rekstur ríkissjóðs í jafnvægi eru auðvitað mjög merkileg einkum fyrir hans kynslóð, fyrir hans skoðanabræður sem gjarnan hafa verið kallaðir frjálshyggjukynslóðin í hópi sjálfstæðismanna. Ég er viss um að hæstv. fjmrh. afneitar því ekki að teljast a.m.k. að verulegu leyti til þess hóps. Ég vil leyfa mér að orða það svo að þetta sé í raun og veru grafskrift, herra forseti, á hugmyndir frjálshyggjukynslóðarinnar í Sjálfstfl. Þessi afgreiðsla fjárlaganna er sálumessa og jarðarför frjálshyggjuhugsjónanna vegna þess að öll markmið þessara manna eru hér þverbrotin og hundsuð. Hæstv. núverandi fjmrh. er fulltrúi þessara afla, kominn í fjármálaráðherrastólinn loksins, loksins, — eftir langa leiða göngu hefur nú ræst gömul von, eins og segir í kvæðinu, og fulltrúi frjálshyggjumannanna er kominn í sjálfan stól fjmrh. Hver er svo niðurstaðan? Hver er árangurinn? Hann er núll og reyndar miklu, miklu verri og minni en núll, enda hafa ungir sjálfstæðismenn, sem enn eru ekki gengnir af trúnni, þeir fáu sem enn eru ekki gengnir af trúnni, keypt heilan kálf í Morgunblaðinu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, greinilega ekki sáttir með árangur leiðtogans, langt frá því, herra forseti. Þeir sáu ástæðu til þess í allri fátækt sinni að kaupa heilan kálf í Morgunblaðinu til að koma óánægju sinni á framfæri. Þetta er dapurleg jarðarför yfir fleiru en stefnumörkun okkar Íslendinga um aðstoð við þróunarríkin. Þetta er einnig jarðarför frjálshyggjuhugmyndanna í Sjálfstfl. og græt ég þá jarðarför miklu minna en ég harma hina.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Fjölmargar till. hv. þm. stjórnarandstöðunnar eru einnig óskamál okkar stjórnarsinna, en af eðlilegum ástæðum geta þm. stjórnarliðsins ekki flutt slíkar till. eða stutt till. stjórnarandstöðunnar. Það á við í þessu tilliti eins og oft áður að stundum þarf að gera fleira en gott þykir. Það er vissulega eðlilegt að stjórnarandstaðan noti tækifærið við umræður um fjárlagafrv. og veki athygli á ýmsum góðum óskamálum þingmanna með tillöguflutningi um þau. Það er ekki með glöðu geði gert að greiða atkvæði á móti því til dæmis að hækka fjárframlög til ýmissa góðra mála sem fjvn. hefur reyndar vegið og metið og þurft að skera niður fjármagn til, ekki af illvilja, það vita allir, heldur af illri nauðsyn. Í því sambandi má nefna aukin framlög til fatlaðra, þroskaheftra, blindra, til heilbrigðismála, dagvistunarmála, skólamála og þannig mætti áfram telja.

En á þskj. 425 er brtt. frá hv. 5. landsk. þm. Eiði Guðnasyni og sú brtt. gaf mér tilefni til að koma hér í ræðustól og taka til máls, en till. fjallar um rannsóknir umferðarslysa, að til þeirra verði veitt 500 þús. kr. Hv. 5. landsk. þm. bauð mér að vera meðflm. á þessari till. Hann veit að áhugi okkar fer saman í þessu efni og er ég honum þakklát fyrir það. En af eðlilegum ástæðum gat ég ekki þegið það ágæta boð þrátt fyrir áhuga minn á málinu. Það væri vissulega tillitsleysi við aðra þm. stjórnarliðsins.

Ég vildi með fáum orðum taka undir þýðingu þess að komið verði á fót rannsóknarnefnd umferðarslysa. Slík nefnd er liður í því að vinna markvisst að fækkun umferðarslysanna. Við umræður í hv. Ed. 30. okt. s.l. um frv. til umferðarlaga kom ég inn á þetta atriði í ræðu minni og gat þess jafnframt að ég mundi flytja brtt. við frv. um að koma á sérstakri slysarannsóknanefnd. Ég á reyndar von á að allshn. Ed., sem við eigum bæði sæti í, hv. 5. landsk. þm. og ég, flytji sameiginlega slíka brtt. við frv. Þannig vænti ég þess að okkur takist að vinna þessu mikilvæga máli brautargengi með stuðningi Alþingis þó að þessi till. fái e.t.v. ekki afgreiðslu nú með fjárlagafrv.

En ég vildi árétta að varðandi umferðarslysin er það æskufólkið sem er stærsti áhættuhópurinn. Það hefur verið tekið dæmi í þeim efnum um að í skóla þar sem væru t.d. 500 piltar og 500 stúlkur má árlega búast við að slasist 20—25 af þessum 500 piltum og 10—12 stúlkna, sum lífshættulega og mörg varanlega bækluð. Það er því ekkert hjóm að tala um þessi mál af alvöru.

Við megum ekki missa þetta unga fólk og ekki heldur í umferðarslysum.

Það hefur verið upplýst að umferðarslysin kosti þjóðfélagið árlega a.m.k. 1,2 milljarða kr. Það er ekki úr vegi að minna á það þegar við erum að ræða um fjárlög og hvernig eigi að ráðstafa því fjármagni sem til skipta er hverju sinni. Það mætti hafa í huga að hægt væri að stoppa í ýmis göt í fjárlagafrv. í náinni framtíð með því að leggja af mörkum umtalsvert fjármagn til fyrirbyggjandi aðgerða varðandi umferðarslysin. Þá má gjarnan byrja á slíkri slysarannsóknanefnd. Það mætti tala um að ef t.d. tækist að fækka slysum um 10% skulum við segja á næstu sjö árum mundi það þýða 2,8 milljarða lækkun kostnaðar í heilbrigðiskerfinu. Þessa 2,8 milljarða gætum við keypt fyrir 315 millj. kr. ef við notuðum t.d. svipaða upphæð og var eytt í fræðslustarfsemi þegar breytt var yfir í hægri umferðina, en notaðar voru 40 millj. kr. á því ári. Ég tek það fram að þessar tölur miðast við verðlagið í dag.

Mér datt nú í hug að skjóta þessum orðum að í tilefni af tillöguflutningi hv. 5. landsk. þm. Till. hans lætur ekki mikið yfir sér, en er góð till. Þó að hún, eins og ég sagði áðan, fái e.t.v. ekki brautargengi við afgreiðslu fjárlagafrv. af eðlilegum ástæðum eins og margar aðrar góðar tillögur held ég að við á hv. Alþingi gætum með samstilltu átaki og með því að bæta ýmislegt í umferðarmálum unnið þessu máli þarft brautargengi.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon óskaði eftir nærveru minni og spurði mig um ákveðin málefni, en ég sé ekki hv. þm. í sal eins og stendur þannig að spurningin er hvort ég eigi að halda áfram máli mínu eða láta staðar numið og hverfa úr ræðustól. (**Forseti:** Það verða þegar í stað gerðar ráðstafanir til þess að gera hv. 4. þm. Norðurl. e. aðvart og ég vænti þess að hann komi þegar í stað.) Herra forseti. Ég vil taka fram að ég óska ekki eftir nærveru hans, en ef hann vill fá svar við spurningu sinni hlýtur hann að vilja vera nærstaddur og það legg ég á vald forseta. (**Forseti:** Já, forseti hefur þegar tekið sína ákvörðun um að gera ráðstafanir til að fá hv. þm. í salinn.) Þá hlýt ég að bíða í ræðustól. (**Forseti:** Hv. 4. þm. Norðurl. e. gengur nú í þingsal.)

Herra forseti. Ég vil gjarnan svara þeim athugasemdum eða ábendingum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín og ég skildi sem svo að væru þess efnis hvort ég mundi vilja beita mér fyrir því að upprunaleg samþykkt utanrmn. héldi gildi sinu í framtíðinni þrátt fyrir þá afgreiðslu sem útlit væri fyrir að yrði á framlögum til þróunaraðstoðar. Ég get svarað þeirri spurningu mjög auðveldlega játandi.

Ég þarf ekki að upplýsa hv. þm. um sögu þessa máls frá því að utanrmn. gerði sína samþykkt. Þá var um það talað í ríkisstj. og í utanrmn. hvort ekki væri skynsamlegra að ætla sér lengri tíma til að ná því marki sem Sameinuðu þjóðirnar hefðu sett sér að þessu leyti. Utanrmn. ákvað að marka þetta átak innan sjö ára. Ríkisstj. taldi það heppilegra innan tíu ára. En út af fyrir sig skiptir þetta ekki höfuðmáli vegna þess að hvorugt markið er í sjónmáli miðað við þau fjárframlög sem nú er útlit fyrir.

Hins vegar verðum við að játa að við höfum verið í erfiðri aðstöðu. Fjárlagafrv. gerði ráð fyrir 91 millj. kr. í heild til þeirra þátta sem við teljum heyra undir þróunaraðstoð. Þessar 91 millj. lækkuðu um 7 millj. kr. með atbeina og fyrir frumkvæði hæstv. fjmrh. Á þessu stigi málsins hefur málið verið fært í upprunalegt horf. Ég tel ekki raunsætt að ætla okkur stærri áfanga að þessu sinni, en vænti þess að við getum hafið nýja sókn að þessu leyti.

Hinu skulum við alveg gera okkur grein fyrir, að við náum ekki fram hækkunum í fjárframlögum til þessa máls nema við séum reiðubúnir, Íslendingar, að neita okkur sjálfum um fjárframlög til ýmissa þarfra mála. Ég sé það í brtt. að hv. þm. Alþb., sem út af fyrir sig er ekkert við að athuga, flytja fjölmargar brtt. um hækkanir til mjög þarfra mála sem út af fyrir sig væri ástæða til að styðja ef almennt ástand væri ekki þess eðlis að við þyrftum að beita aðhaldi. Því er það sem ég vil segja á þessu stigi málsins að þessi till. hæstv. fjmrh. er sú sem við getum best og helst vænst, en á hinn bóginn ber okkur í framtíðinni að huga að aðstoð við þróunarlöndin betur en við höfum gert. Við getum svo rætt um það í betra tómi og þegar fleiri áheyrendur eru til staðar hvernig slíkri aðstoð yrði best varið. Það má vel vera að við þurfum á stefnubreytingu í þeim efnum að halda.

Með þessu þykist ég hafa svarað fsp. eða ábendingu hv. 4. þm. Norðurl. e.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Við lok þessarar umræðu um fjárlög fyrir árið 1986 vil ég minna á að með afgreiðslu þessa máls, svo og lánsfjárlaga fyrir 1986, hefur náðst verulegur árangur. Okkur hefur tekist að afgreiða saman fjárlög og lánsfjárlög í samræmi við löggjöf sem sett var um það efni s.l. vor. Ég tel að hér sé um mikið framfaraspor að ræða og mikils um vert að unnt sé að afgreiða þessa löggjöf sameiginlega frá Alþingi fyrir upphaf nýs árs og vænti þess að þessi árangur marki þáttaskil í meðferð þessara mála á hinu háa Alþingi.

Okkur hefur tekist við mjög erfiðar aðstæður að afgreiða fjárlög á þann veg að nokkur rekstrarafgangur verður á fjárlögum. Það hefur tekist að halda erlendum lántökum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja við sömu upphæð og nemur afborgunum af erlendum lánum. Það hefur tekist að lækka hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu úr tæpum 55% á þessu ári niður í rúm 51% á næsta ári. Það hefur tekist að draga verulega úr fjárfestingu í þeim tilgangi að draga úr þenslu og við meðferð frv. á hinu háa Alþingi hafa fjárfestingaráform enn verið dregin saman. Sú áherslubreyting hefur þó orðið að samdráttur er meiri á sviðum opinberra framkvæmda en minni en áður var ráðgert á vegum atvinnuveganna. Er það gert í þeim tilgangi að örva framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara fleiri orðum að þessu sinni um efnisatriði frv. eða þau atriði sem fram hafa komið í ræðum hv. þm. við þessa umræðu. Ég vil taka fram að á þskj. 420 hef ég leyft mér að flytja till. um nýjan lið við 6. gr. þar sem lagt er til að fjmrh. verði heimilt að ráðstafa allt að 6 millj. kr. af tekjum af fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs til þróunaraðstoðar. Þetta var einn af þeim liðum, eins og fram hefur komið í umræðunni, sem ráðgert var að skerða. Ég hef ástæðu til að ætla að arður af fyrirtækjum sem ríkið á eignaraðild að muni væntanlega skila meiru til ríkisins á næsta ári en ráðgert var og tel þess vegna fært að flytja till. þessa og í samræmi við þá stefnumörkun sem Alþingi hafði áður markað í þessu efni þó hitt sé

augljóst mál að Alþingi verður oft og einatt að víkja frá þál. og löggjöf sem ákveða útgjöld þegar fjárlög eru afgreidd með tilliti til þess hverjir eru tekjumöguleikar ríkisins hverju sinni.

Að lokum, herra forseti, vil ég færa fjvn. þakklæti fyrir mikið starf við meðferð málsins á þessu þingi. Fjvn. hefur starfað við mjög erfiðar aðstæður vegna þeirrar þröngu stöðu sem fjármál ríkisins eru í og vegna þeirra ákvarðana ríkisstj. að beita sér við meðferð málsins á þinginu fyrir lækkun opinberra útgjalda. Sérstaklega vil ég færa formanni nefndarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni, þakkir fyrir trausta og örugga forustu í nefndarstarfinu, svo og vil ég þakka fjh.- og viðskiptanefndum þingsins og formönnum þeirra fyrir gott starf við afgreiðslu lánsfjárlaga og vona að þessi lagasetning miði eindregið og markvisst að því að við náum þeim markmiðum í efnahags- og fjármálum sem við höfum sett okkur á næsta ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 35. fundur.

Laugardaginn 21. des., kl. 11 árdegis.

Fjárlög 1986, stjfrv. 1. mál (þskj. 272, n. 409 (samvn. samgm.), brtt. 278, 292, 295, 297, 298, 315, 316, 317, 325, 339, 340, 345, 356, 357, 364, 365, 366, 367, 368, 374, 377, 378, 382, 383, 386, 389, 391, 404, 408, 410, 417, 419, 420, 421, 422 425). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 377,1 felld með 36:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBH, KSG, SighB, KJóh, EG, GE, JS.

nei: JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, ÞK.

KH, KSK, RA, SkA, StB, SJS, SvG, EKJ, GeirG, GJG, GHelg, HS greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (KolJ, SDK, GSig, GA, HG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þessa till. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og fleiri Alþýðuflokksmanna og aðrar brtt. sömu hv. þm. Alþfl. sem á eftir fylgja er að mínum dómi ekki fært að líta á sem venjulegar brtt. við fjárlög. Hér er um eins konar hugmyndasafn að ræða sem bersýnilega er flaustrað í tillöguform. Allir sjá að ekki er hægt að fella niður eða steypa saman stofnunum með breytingum á fjárlögum eða ákveða með fjárlagaafgreiðslu að breyta stofnunum ríkisins í sjálfseignarstofnanir. Slíkt og þvílíkt tæki langan tíma og kostaði verulegan undirbúning ásamt breytingum á löggjöf áður en fært væri að breyta með fjárlagaafgreiðslu. Tillögur Alþfl. um þessi efni eru því ekki tímamótaverk, eins og gefið hefur verið í skyn af hans hálfu, heldur ómerkilegt sýndarplagg. Ég segi nei.

Brtt. 386,1 felld með 34:12 atkv.

Brtt. 365 (4110) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 377,2 tekin aftur.

Brtt. 377,3 felld með 34:6 atkv.

Brtt. 365 (41101) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 365 (4111 og 41111) samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 377,4 felld með 36:7 atkv.

Brtt. 365 (4116-7) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 365 (4118) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 365 (4120) samþ. með 35:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, ÞK.

nei: JBH, KSG, SighB, KJóh, EG, JS.

KolJ, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EBS, GSig, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (RH, HG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þessi till. felur í sér þann ásetning stjórnarliða og meiri hluta hér á hinu háa Alþingi að falla frá yfirlýstri samþykkt Alþingis um að fella niður tekjuskatt í áföngum. Því segi ég nei.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Fyrir liggur yfirlýsing fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. um að hér er einvörðungu um að ræða frestun á niðurfellingu tekjuskattsins, sem um hefur verið rætt og yfirlýsingar gefnar um af hálfu ríkisstj., til næsta fjárlagaárs. Þar sem hér er aðeins um frestun að ræða en ekki niðurfellingu segi ég já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og þm. er kunnugt standa ekki efni til þess að fara í frekari skattalækkanir en gert hefur verið. En ég vil vekja aðra spurningu. Ég er hér með tvö frv. frá Alþýðuflokksmönnum um tekju- og eignarskatt, lögð fram á þessu þingi, en ekkert hefur verið lagt fram sem skýrir þá undarlegu fjárlagatillögu sem hér liggur fyrir. Má vera að ný skattalög eigi kannske að koma ári síðar en fjárlögin? Ég hlýt að greiða atkvæði í samræmi við gildandi lög og tillögur á Alþingi og þess vegna segi ég já.

Brtt. 377,5.a tekin aftur.

Brtt. 365 (4121-2) samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 377,5.b tekin aftur.

Brtt. 365 (4123 og 4128) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 421,1.a (nýr 4130) samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 365 (4130) kom ekki til atkv.

Brtt. 365 (420—4221) samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 377,6 felld með 37:6 atkv.

Brtt. 365 (4235—4233) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 377,7 felld með 40:6 atkv.

Brtt. 365 (4240-2—42801) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 377,8 felld með 36:7 atkv.

Brtt. 365 (42802—4290) samþ. með 37:4 atkv.

Brtt. 377,9.a—c felld með 36:7 atkv.

Brtt. 365 (42901—4294) samþ. með 37:5 atkv.

Brtt. 377,9.d felld með 37:6 atkv.

Brtt. 365 (42941—42942) samþ. með 36:5 atkv.
Brtt. 377,9.e felld með 36:7 atkv.
Brtt. 365 (42943) samþ. með 36:10 atkv.
Brtt. 365 (42944) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 377,10 felld með 37:5 atkv.
Brtt. 365 (4301—4302) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 421,1.b (nýr 4303) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 365 (4303) kom ekki til atkv.
Brtt. 365 (4305—4313) samþ. með 36:1 atkv.
Brtt. 377,11 felld með 35:4 atkv.
Brtt. 365 (43131—43132) samþ. með 35:4 atkv.
Brtt. 366,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 365 (43133) kom ekki til atkv.
Brtt. 365 (4314—481) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 377,12.a felld með 38:6 atkv.
Brtt. 365 (48201—48202) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 377,12.b felld með 36:17 atkv.
Brtt. 365 (4823—49991) samþ. með 36:1 atkv.
Brtt. 339 samþ. með 36:18 atkv.
Brtt. 368,6—7 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 377,13 felld með 35:12 atkv.
Brtt. 377,14.a felld með 35:7 atkv.
Brtt. 366,2 samþ. með 43:1 atkv.
Brtt. 377,14.b felld með 35:6 atkv.
Brtt. 378,1 felld með 35:11 atkv.
Brtt. 377,14.c—d tekin aftur.
Brtt. 367,1 samþ. með 36:8 atkv.
Brtt. 368,8 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 366,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 368,9 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 357,II.1 felld með 35:17 atkv.
Brtt. 377,15 felld með 35:13 atkv.
Brtt. 383,1 kom ekki til atkv.
Brtt. 377,16 tekin aftur.
Brtt. 368,10—11 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 382 felld með 34:12 atkv.
Brtt. 389,1.a felld með 34:16 atkv.
Brtt. 377,17 felld með 35:14 atkv.
Brtt. 389,1.b felld með 35:15 atkv.
Brtt. 368,12 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 377,18 felld með 35:5 atkv.
Brtt. 368,13 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 377,19 felld með 35:13 atkv.
Brtt. 386,2 kom ekki til atkv.
Brtt. 357,I.1 felld með 35:14 atkv.
Brtt. 278,1 felld með 36:16 atkv.
Brtt. 386,3 kom ekki til atkv.
Brtt. 367,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 386,4 felld með 35:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, JS, KSG, SighB, KolJ, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG.

nei: FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, JBH, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EKJ, ÞK.

IG, KJóh, EBS greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (HG, RH) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Till. okkar Alþýðuflokksmanna í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna fjallar um að fella niður lántökur til sjóðsins en taka upp ríkisframlög í hans stað því að við teljum óeðlilegt að afla fjár til slíkrar starfsemi með lántökum erlendis eða innanlands. Þessi till. hv. þm. Ragnars Arnalds getur fyllilega samrýmst þeim till. okkar og ég segi því já.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég segi það alveg eins og er að mér ofbýður að horfa upp á að þurfa að hækka þennan lið um 400 millj. samkvæmt þessari till., en á hinn bóginn er mér ómögulegt að sjá hvernig lánasjóðurinn á að standa undir skuldbindingum sínum miðað við þá fjárveitingu sem gert er ráð fyrir og þá fjárþörf sem fyrir hendi er. Ég get þess vegna hvorki varið það fyrir samvisku minni að segja já né nei og greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 377,20 felld með 35:15 atkv.
Brtt. 357,III felld með 36:16 atkv.
Brtt. 367,3 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 340,1 felld með 34:14 atkv.
Brtt. 367,4 samþ. með 34:10 atkv.
Brtt. 383,2 felld með 32:15 atkv.
Brtt. 367,5—7 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 386,5 felld með 37:15 atkv.
Brtt. 377,21 felld með 36:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, JS, JBH, KSG, SighB, KJóh, KolJ, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG.

nei: FÞ, FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, ÞK.

IG greiddi ekki atkvæði.
2 þm. (HG, RH) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ingvar Gíslason: Ég er sammála hæstv. menntmrh. um að þetta mál hefur lent í hinni mestu útideyfu hjá núv. ríkisstj. Hins vegar er einhver von um að Eyjólfur hressist og ég ætla að bíða og sjá hvað gerist og greiði ekki atkvæði.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur lýst því sem stefnu sinni að byggja þjóðarbókhlöðu á fjórum árum. Þessi till., sem nú er verið að greiða atkvæði um, er till. um að Alþingi staðfesti þá stefnu. Verði þessi till. felld hefur þeirri stefnu menntmrh. verið vísað á bug. Ég segi já.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Stefna mín í þessu máli haggast nú lítið þótt felldar séu sýndartillögur á hinu háa Alþingi. Miðað við það verðlag sem hefur verið reiknað ætla menn að til þessara þarfa muni þurfa um 360 millj. kr. Þetta smáræði hv. þm., sem er nú stórtækur á öðrum sviðum sýnist mér í tillögugerð, segir lítið til þeirra þarfa. Ég segi nei.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það hefur nýlega komið fram í fréttum að menntmrh. hefur keypt mjólkursamsölu fyrir 110 millj. Þar sem ráðuneyti þetta hefur meiri áhuga á mjólkursamsölum en þjóðarbók-

hlöðum og er greinilega ekki aflögufært um meira segi ég nei.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Okkur er fjár vant, en það er ekki vansalaust að ljúka ekki við þjóðarbókhlöðuna mjög skjótlega. Eyjólfur kann að hressast og úrræðið er augljóst. Það á að selja útvarpshúsið. Það á ekki að neyða það góða fólk sem vinnur við þá ágætu menningarstofnun til að fara inn í þau ósköp, sem ég legg nú til að allir þm. skoði, heldur selja það hús en klára þjóðarbókhlöðuna. En ég segi nei við þessari tillögu.

Brtt. 386,6 felld með 36:14 atkv.
Brtt. 357,I.2 felld með 37:8 atkv.
Brtt. 386,7 felld með 35:12 atkv.
Brtt. 340,2 felld með 35:14 atkv.
Brtt. 292 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 366,4 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 345 felld með 34:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, GHelg, HS, JS, KSG, KolJ, KH, KSK, ÓÞÞ, RA, SDK, SkA, SV, SJS, SvG, EBS.

nei: GB, GGS, HÁ, HBl, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GSig, ÞK.

GE, GJG, HÓ, JBH, SighB, KJóh, GeirG greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (HG, RH, StB) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að láta ekki öryggisleysi sitt gagnvart hinu óþekkta hlaupa með sig í stráksleg gönur eins og þeir hafa þegar gert. Nær væri þeim, fyrst áhugi þeirra er svo lifandi á þessu efni, að kynna sér framsöguræðu hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur fyrir þessari brtt. þar sem hún lýsir því hvað kvennarannsóknir eru eða geta verið. Sömuleiðis mætti benda öllum þeim þm. sem hér eru inni á að kynna sér hina blómlegu og fjölsóttu ráðstefnu sem haldin var í hugvísindahúsinu Odda snemma í haust um kvennarannsóknir. Þangað komu meira en tvö þúsund manns, mest konur að vísu, og sú bók sem gefin var út með erindum af ráðstefnunni seldist upp á nokkrum dögum. Það sem meira var og óvanalegra: Ráðstefnan borgaði sig og skilaði reyndar hagnaði. Má ég vinsamlega benda hæstv. fjmrh. á það fordæmi, svo og fjvn.

Nei, hv. þm. Látið nú af strák ykkar. Það er ekkert að óttast þó rannsakaður sé hagur kvenna og allar aðstæður — eða hvað? Haldið þið, hv. þm., að eitthvað gruggugt komi í ljós, einhver ójöfnuður sem hagstæðara væri að fela? Það er þó ekki þess vegna sem moldin rýkur hér í logninu? Ég tel það hins vegar mikilvægt fyrir réttindabaráttu kvenna að rannsóknir séu framkvæmdar sem varpa ljósi á stöðu kvenna og hag almennt. Slíkar rannsóknir hljóta að auka á skilning kvenna og vonandi karla líka á því hverju þarf að breyta til þess að réttindi kvenna geti orðið sambærileg á við réttindi karla. Og er nokkur á móti því í þessum sal?

Ég segi já.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið var ekki leitað til fjvn. um framlag til rannsókna á vegum kvenna, til vísindastarfa kvenna, sem mér þykir miður. Ég tel að það hefði verið rétt leið að fara. En því miður treysti ég mér ekki til að greiða atkvæði með þessari till. af skiljanlegum ástæðum og segi því nei.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þar sem það gefur auga leið að þessi tillaga felur í sér lögfestingu á misrétti kynjanna segi ég nei.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef alla tíð verið mikill áhugamaður um rannsóknir á konum og ég tel mikinn feng að því ef nú á að borga fyrir það. Ég segi já.

Brtt. 368,14 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 377,22 felld með 34:13 atkv.
Brtt. 368,15—25 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 378,2 felld með 35:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, GSig, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, JS, KSG, SighB, KJóh, KolJ, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG.

nei: ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞK.

4 þm. (GGS, HG, JBH, RH) fjarstaddir.
Brtt. 408,1 felld með 31:12 atkv.
Brtt. 368,26 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 378,3 felld með 30:16 atkv.
Brtt. 315 felld með 31:17 atkv.
Brtt. 377,23 kom ekki til atkv.
Brtt. 408,2 felld með 30:19 atkv.
Brtt. 366,5 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 295 felld með 45:4 atkv.
Brtt. 368,27 samþ. með 33 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vel þessa leið til að verða við tilmælum hæstv. forseta um að hraða afgreiðslu og til þess að komast hjá því að biðja um nafnakall til að gera grein fyrir því sem ég ætla að mælast til við hæstv. forseta í sambandi við að ég er að bera upp þessa till.

Í þessari till. eru fólgin tvö stefnumarkandi atriði. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að til þess að fá leyfi til að tala um þingsköp þarf að ræða um þingsköp en ekki efnisatriði málsins.) Ég ætla að bera fram óskir við hæstv. forseta um hvernig bornar verða upp til atkvæða ákveðnar tillögur sem mun auðvelda og stytta allan afgreiðslutíma á þeim tillögum sem eftir eru. Hér er um að ræða tvö efnisatriði, annars vegar þá breytingu að fella niður Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag sem ríkisstofnanir og hins vegar að gera hagnýtar rannsóknarstofnanir atvinnuveganna að sjálfseignarstofnunum. Ég leit svo á að með því að afgreiða tölul. 25 og 27 á þskj. 377 séu menn að afgreiða þessi stefnuatriði. Hvort ég kalla til baka þær tillögur sem síðar verða bornar upp um þessi atriði eða ekki fer eftir niðurstöðum þeirrar atkvæðagreiðslu. Þess vegna bið ég hæstv. forseta að bera sérstaklega upp lið 25 og sérstaklega upp lið 27.

Brtt. 377,24 felld með 34:10 atkv.
Brtt. 377,25 felld með 40:9 atkv.

Brtt. 377,26 felld með 37:6 atkv.
Brtt. 377,27 felld með 38:4 atkv.
Brtt. 367,8 samþ. með 39:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GE, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JBH, JHelg, JK, SighB, KolJ, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, ÞK.

nei: GHelg, HS, RA, SkA, SJS, SvG, GSig.

GJG, JS, KSG, KH, KSK, ÓÞÞ, SDK, StB, EG, GeirG greiddu ekki atkvæði.
4 þm. (GA, HG, KJóh, RH) fjarstaddir.
7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem ég held að þessi brtt. þýði í raun að þessi þjónusta verði lögð niður segi ég nei.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mér er tjáð með réttu eða röngu að þessi tillaga sé runnin undan rifjum framsóknarmanna, en hún felur það í sér að kostnaður af þessu verkefni færist yfir á Stofnlánadeild landbúnaðarins og komi þar með inn í verðlag landbúnaðarvara. Ég minni á að aðrar stéttir njóta ekki slíkrar forfallaafleysingaþjónustu á fjárlögum. Ég tel að þetta sé eðlilegri leið og styð því till. Ég segi já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þegar sú ákvörðun var tekin á sínum tíma að setja þennan útgjaldalið inn á fjárlög var það gert í samkomulagi við bændastéttina að tillögum Framsfl. Nú stendur sami flokkur og gerði tillögu um að þetta yrði tekið inn á fjárlög að tillögu um að þetta verði tekið út aftur. Ég fellst á skoðun hans og segi já.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Veturinn 1979 voru samþykktar ýmsar umbætur í málefnum launamanna. Þá þótti sanngjarnt og eðlilegt að bændur fengju það í sinn hlut að ríkið tæki á sig þennan kostnað. Þessar umbætur voru einu nafni nefndar félagsmálapakkar. Nú sýnist mér á öllu að bændum sé með þessari till. ætlað að skila sínum pakka og taka þennan kostnað alfarið á sig. Ég segi nei.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er mikill misskilningur að í þessari till. felist að bændur eigi að taka þetta á sig. Þetta er breytt fyrirkomulag og hver á upphafið að því er mál sem ég ræði ekki hér, en ég segi já.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er tímanna tákn að þessi liður skuli borinn upp í ríkisstj. þar sem Framsfl. á ekki einasta forsrh. heldur einnig landbrh. Í mínum huga getur þessi aðgerð einungis þýtt annað af tvennu: að þessi þjónusta leggst af eða úr henni verður verulega dregið eða að vextir á fjárfestingarlánum til bænda hækka stórlega. Ég segi því nei.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hinn 1. des. 1978 voru laun skert með lögum um 3% og í staðinn komu félagsmálapakkar. Þetta var einn þeirra. Hér er um að ræða breytt fyrirkomulag á greiðslum. Ég styð þetta og segi já.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Við erum nú búin að halda sleitulaust áfram þessu starfi alllanga hríð. Það þykja nú hyggileg vinnubrögð að við tökum okkur frí um hríð. Atkvæðagreiðslunni verður frestað til kl. hálftvö. — [Fundarhlé.]

Brtt. 368,28 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 366,6 kom ekki til atkv.
Brtt. 377,28 felld með 38:6 atkv.
Brtt. 366,7 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 377,29 felld með 38:5 atkv.
Brtt. 366,8 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 377,30 felld með 36:4 atkv.
Brtt. 368,29 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 368,30 samþ. með 34:6 atkv.
Brtt. 377,31 kom ekki til atkv.
Brtt. 377,32 felld með 38:7 atkv.
Brtt. 368,31 samþ. með 34:5 atkv.
Brtt. 366,9 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 377,33—35 teknar aftur.
Brtt. 377,36 felld með 33:13 atkv.
Brtt. 366,10 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 368,32 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 377,37 felld með 32:17 atkv.
Brtt. 389,2 felld með 32:19 atkv.
Brtt. 278,2 felld með 34:21 atkv.
Brtt. 377,38 felld með 36:5 atkv.
Brtt. 298 felld með 33:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, JS, JBH, KSG, SighB, KJóh, KolJ, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, EBS.

nei: FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EKJ, ÞK.

ÓÞÞ, GHG greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (HG, RH) fjarstaddir.
Brtt. 425 felld með 30:15 atkv.
Brtt. 368,33 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 366,11—12 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 377,39—40 teknar aftur.
Brtt. 421,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 368,34 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 404 felld með 35:20 atkv.
Brtt. 377,41 felld með 35:16 atkv.
Brtt. 278,3 tekin aftur.
Brtt. 297,a felld með 34:17 atkv.
Brtt. 366,13.a samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 297,b felld með 33:14 atkv.
Brtt. 297,c (1.29) felld með 33:17 atkv.
Brtt. 297,c (1.32 og 1.40) felld með 33:14 atkv.
Brtt. 366,13.b samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 366,14 og 15 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 356 felld með 36:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, JS, JBH, KSG, SighB, KJóh, KolJ, KH, KSK.

nei: ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÞK.

GSig greiddi ekki atkvæði.
2 þm. (RH, HG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þessi brtt. okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur felur það í sér að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái sömu upphæð eða svipaða og Framkvæmdasjóður aldraðra mun fá. Ég treysti því að einhverjir hv. þm. geti stutt þessa till. svo sanngjörn sem hún er. Ég segi já.

Brtt. 377,42 felld með 33:17 atkv.
Brtt. 368,35—36 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 357,II.2 felld með 35:16 atkv.
Brtt. 366,16 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 368,37.a samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 377,43 tekin aftur.
Brtt. 368,37.b samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 368,37.c samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 366,17 kom ekki til atkv.
Brtt. 368,37.d—e samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 366,18 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 368,38 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 366,19—20 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 377,44—45 felld með 36:11 atkv.
Brtt. 366,21 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 421,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 368,39 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 366,22 kom ekki til atkv.
Brtt. 368,40 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 366,23 kom ekki til atkv.
Brtt. 366,24.a—e samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 368,41.a samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 366,24.f—l samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 368,41.b samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 366,25 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 368,42 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 357,II.3 felld með 33:16 atkv.
Brtt. 366,26 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 278,4 felld með 37:18 atkv.
Brtt. 377,46 felld með 37:15 atkv.
Brtt. 368,43 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 366,27 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 368,44—45 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 325 felld með 33:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, BD, EH, EgJ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GGS, HBl, KolJ, KSK, MB, MÁM, ÓE, PJ, GHG, SalÞ, VI, ÞP, AG, ÞK.

nei: ÁJ, DA, EG, GSig, GeirG, GB, GJG, GA, GHelg, HÁ, HÓ, HS, IG, JS, JBH, JHelg, JK, KSG, SighB, KJóh, ÓÞÞ, PP, RA, SDK, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, SvH, ÞS, AS.

GE, KH, StB greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (HG, RH) fjarstaddir.
Brtt. 317,1 samþ. með 26:22 atkv.
Brtt. 316 samþ. með 35:18 atkv.
Brtt. 377,47 tekin aftur.
Brtt. 367,9—10 samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 366,28 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 367,11 samþ. með 40:2 atkv.
Brtt. 410 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 377,48 tekin aftur.
Brtt. 367,12 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 366,29 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 377,49 tekin aftur.
Brtt. 366,30—31 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 377,50 tekin aftur.
Brtt. 368,46 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 377,51—54 teknar aftur.
Brtt. 368,47 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 377,55 tekin aftur.
Brtt. 366,32 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 367,13 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 368,48 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 377,56—59 teknar aftur.
Brtt. 368,49 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 368,1—5 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 377,60 tekin aftur.
Brtt. 391 (22-201—23-115.5,8) samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 386,8 felld með 37:10 atkv.
Brtt. 391 (23-115.18—24-171.39) samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 377,61 tekin aftur.
Brtt. 391 (24-172.4910—39) samþ. með 38 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Við erum allir af vilja gerðir til að reyna að greiða fyrir þingstörfum. (**Menntmrh.:** Það sýnir sig.) Það er alveg rétt, hæstv. menntmrh., eins og kemur í ljós. Málum hagar þannig að nú koma nokkuð margar tillögur frá Alþfl. um niðurfellingu ýmissa ríkisstofnana, tilraunabúa, fóðurverksmiðja o.s.frv. Ég lít svo á að þessar tillögur séu raunar allar um eitt og það sama. Því mun ég líta á afgreiðslu á næstu till. sem afgreiðslu á þeim öllum. Verði hún ekki samþykkt mun ég draga allar aðrar tillögur til baka nema einhver þm. óski sérstaklega eftir því að um einhverja þeirra verði greidd atkvæði. Þar að auki eru aðrar brtt., herra forseti, sem fjalla um bókhaldsleg atriði í ráðstöfun B-hluta stofnana á efnum sem þegar er búið að fella í tillögum okkur þannig að að afgreiddri till. um tilraunabúið á Hesti — ég geri ráð fyrir því að hún verði felld þó það sé aldrei að vita — tel ég að unnt sé að afgreiða í einu slengi, svo að notað sé íslenskt orðfæri hæstv. menntmrh., allar tillögur um B-hlutann í einni atkvæðagreiðslu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil ekki hafa á móti uppástungu hv. þm. sem hér talaði áðan, en vil þó óska eftir sérstakri atkvæðagreiðslu um 30-101, lið 32, fjármunahreyfingar út, Annað, greitt í ríkissjóð 188 millj., hjá Pósti og síma.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka alla viðleitni til þess að flýta verkinu og ég veit að ég mæli þá fyrir munn alls þingheims. Við höldum áfram og við komumst fram úr þessu ef það styttist nú mjög í því verki sem við þurfum að vinna.

Brtt. 377,62 felld með 37:6 atkv.
Brtt. 391 (24-206) samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 377,63 tekin aftur.
Brtt. 391 (24-207—24-221) samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 377,64 tekin aftur.
Brtt. 391 (24-236) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 377,65 tekin aftur.
Brtt. 391 (24-237) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 377,66 tekin aftur.
Brtt. 391 (24-238) samþ. með 34:1 atkv.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Forseti vor hefur nú sem mest að vinna og gengur skelegglega fram í atkvæðagreiðslunni. En ég vil aðeins, af því sem hann hefur ekki ráðrúm kannske til þess að sökka sér ofan í öll smáatriðin, benda á að eins og nú er komið málum er til meðferðar þskj. 391 frá meiri hl. fjvn. og allar tillögur sem trufla þá afgreiðslu aftur að bls. 46 þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds bað um sérstaka atkvæðagreiðslu undir samgrn., fjármunahreyfingar út, 32. liður þar. Þar af leiðir, ef forseti vor vill svo við hafa, að þetta er greiðasta leiðin, sýnist mér, og svo framhaldið því allar hinar tillögurnar hafa verið dregnar til baka. Að vísu er till. á þskj. 366 sem truflar þennan framgang.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir góð ráð og góðan hug í þessu efni. Ég held að við komumst fram úr þessu og ég reyni að halda áfram.

Brtt. 377,67 tekin aftur.
Brtt. 391 (24-239) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 377,68 tekin aftur.
Brtt. 366,33 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 377,69—74 teknar aftur.
Brtt. 391 (24-246—30-101.26) samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 391 (30-101.32) samþ. með 37:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, ÞK.
nei: KolJ, RA, SkA, StB, SJS, SvG, EBS, GSig, GeirG, GJG, GHelg, HS, JS, JBH, KSG, SighB.
7 þm. (KH, KSK, RH, SDK, GE, GA, HG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér er verið að skattleggja landsmenn um 188 millj. Að viðbættum söluskatti gerir skattlagningin alls 235 millj. og gerist í gegnum bókhald Pósts og síma. Þótt þessi skattlagningaraðferð sé vissulega mjög frumleg er hún fyrst og fremst býsna lúmsk og lýsir vel hugarfari manna sem ekki þora að ganga beint að skattgreiðendum með skattahækkanir sínar heldur reyna að fela skattaálögur sínar. Ég segi því nei.

Brtt. 391 (30-101.19—32) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 417,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 391 (30-211—31-321) samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 417,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 391 (31-331—31-371) samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 364,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 374 felld með 34:10 atkv.
Brtt. 364,2—4 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 419,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 364,5 kom ekki til atkv.
Brtt. 364,6 samþ. með 38:1 atkv.
Brtt. 278,5 felld með 33:12 atkv.
Brtt. 419,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 364,7—12 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 419,3 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 364,13—14 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 364,14.e samþ. með 32:13 atkv.
Brtt. 364,14.f—i samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 317,2 samþ. með 30:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: DA, EG, GSig, GeirG, GB, GJG, GHelg, HÁ, HÓ, HS, IG, JS, JBH, JHelg, JK, KSG, SighB, KJóh, ÓÞÞ, PP, RA, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, SvH, ÞS, AS.
nei: BD, EgJ, EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GE, GGS, HBl, KolJ, KH, KSK, MB, MÁM, ÓE, PJ, GHG, SalÞ, StB, VI, ÞP, AG, ÁJ, BÍG, ÞK.
GA, SDK greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (HG, RH) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Við þessa fjárlagaafgreiðslu hefur verið mjög þröngur stakkur sniðinn og það hefur verið nauðsynlegt að hafa hemil á útgjöldum. Þm. hafa af þeim sökum ekki getað greitt atkvæði með fjárveitingum til mjög margra og góðra verkefna bæði að því er varðar framkvæmdir og opinbera þjónustu. Eigi að síður hafa vinstri flokkarnir hér í þinginu, þrátt fyrir þessar aðstæður, sameinast um að samþykkja hér hækkunartillögur til sjálfra sín með hækkunum á framlögum til þingflokka og blaða þessara flokka. Ég tel það vera ótilhlýðilegt við þessar aðstæður og segi nei.

Brtt. 419,4 samþ. með 37:1 atkv.
Brtt. 420 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 422 samþ. með 35:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GB, GJG, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, ÞK.
nei: GSig, GeirG, HS, JS, SighB, KJóh, KolJ, KH, SkA, AG.
GE, GA, JBH, KSG, ÓÞÞ, RA, SDK, StB, SJS, SvG greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (HG, KSK, GHG, RA, EBS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þar sem mér hefur verið tjáð að þessi kaup hafi átt sér stað á árinu 1985 og séu að fullu frágengin fæ ég ekki séð að það þurfi heimild árið 1986 til að kaupa sömu eign. Ég greiði því ekki atkvæði.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Með vísan til stefnu ríkisstj. að draga í land með bæði erlendar og innlendar lántökur og þess einnig að hér er verið að kaupa gamalt sérbyggt verksmiðjuhús, sem þarf mikillar viðgerðar við áður en hægt er að brúka það til þess sem það er keypt fyrir, segi ég nei.

Brtt. 421,4 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, HÓ, IG, JHelg, JK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, ÞK.

GSig, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg, HS, JS, JBH, KSG, SighB, KJóh, KolJ, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, EBS greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (HG, RH, BD) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Við þessa fjárlagaafgreiðslu höfum við Alþýðuflokksmenn lagt fram alls 74 brtt. Tilgangur okkar með svo ítarlegum tillöguflutningi var tvíþættur: að tryggja örugglega hallalausan ríkisbúskap á næsta ári, sem við teljum ekki tryggðan í þessu fjárlagafrv., og í annan stað að tryggja verulega lækkun erlendra skulda. Þetta gerðum við með tillöguflutningi um aukna tekjuöflun og breytingar á skattkerfi, lækkun ríkisstofnana og lækkun ríkisútgjalda, með kerfisbreytingartillögum, einkum að því er varðaði tillögur um niðurfellingu á því sem við getum kallað velferðarkerfi fyrirtækja á fjárlögum, og í fjórða lagi með því að auka þar með olnbogarými innan fjárlaga til aukinna framlaga til framkvæmda og félagslegrar þjónustu. Allar hafa þessar tillögur verið felldar. Þar með lýsum við ábyrgð á hendur stjórnarmeirihlutanum vegna þeirra afleiðinga sem af munu hljótast á næsta ári og greiðum því ekki atkvæði með þessum fjárlögum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í það fjárlagafrv. sem hér er verið að afgreiða vantar mjög veigamiklar forsendur. Það er augljóst að um er að ræða vanda upp á hundruð milljóna á næsta ári sem er óleystur umfram það sem þegar liggur fyrir í tölum frv. Vegna þess og vegna þess að forsendur eru óljósar greiðum við ekki atkvæði, Alþýðubandalagsmenn, við þessa atkvæðagreiðslu.

Ég vil enn fremur benda á, herra forseti, að þær brtt. sem hafa komið fram til tekjuöflunar hafa verið með þeim hætti að við höfum ekki treyst okkur til að greiða þeim atkvæði eða jafnvel greitt atkvæði gegn þeim. Þannig er t.d. um að ræða till. um að hækka söluskatt um marga milljarða kr. sem bersýnilega kemur á matvæli og lendir þannig á þeim fjölskyldum sem minnst hafa efnin í landinu. Þess vegna er ljóst að eðlilegt væri í framhaldi af þessari atkvæðagreiðslu, herra forseti, og tillöguflutningi að áhrif tillagna þeirra sem fluttar hafa verið, þó felldar hafi verið, verði könnuð mjög rækilega, bæði útgjöld og tekjur.

Í framhaldi af þessu, herra forseti, lýsi ég því yfir að ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 430). — [Fundarhlé].

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. 201. mál (þskj. 371). — Síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 431).

Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna, þáltill. 200. mál (þskj. 346). — Síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 432).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1989, skv. 9. gr. laga nr. 86 1985, um viðskiptabanka, sbr. ákvæði til bráðabirgða II.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér er á dagskrá kjör bankaráða ríkisbankanna. Ég veit að þar er farið að lögum, en ég mótmæli þeim lögum. Ég mótmæli þessum kosningum. Það er að mínu mati með engu móti verjandi, hvorki siðferðilega né stjórnarfarslega, að Alþingi kjósi bankaráð. Ég tel þetta afglöp og hef margflutt brtt. í þessum efnum. Að auki vil ég láta það koma fram að ég tel setu alþm. í bankaráðum ríkisbankanna fullkomlega ósamrýmanlega kröfum um pólitískt siðgæði.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram, sem augljóst er, að kosning í bankaráðin er tekin á dagskrá til að fullnægja lagaskyldu um kosningar í bankaráðin.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram hér, eins og ég hef raunar gert áður, að kosning í bankaráð ríkisbankanna er mér með öllu óviðkomandi. Ég hef mótmælt henni og mun ekki taka neinn þátt í slíkum kosningum. Verði hér ekki atkvæðagreiðsla vil ég að þetta sé þingheimi ljóst.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Guðmundar Einarssonar áðan vil ég rétt einu sinni taka það fram að Alþfl. hefur ekki í fjöldamörg ár kosið þm. í bankaráð. Þá starfsreglu geta því aðrir stjórnmálaflokkar tekið upp að hans fordæmi án nokkurrar lagabreytingar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Þar sem hér stefnir í að ekki verði gengið til atkvæða um kosningu manna í bankaráð vil ég láta það koma hér fram að Kvennalistinn hefur aldrei tekið þátt í að kjósa til bankaráða og mun ekki gera það nú.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég vil aðeins benda á það, vegna þess sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. varðandi kosningu Alþfl. í bankaráð, að hvort sem flokkar kjósa alþm. eða ekki í bankaráð eða í trúnaðarstöður eru þeir á sama hátt pólitískt kjörnir

menn og gegna nákvæmlega sama hlutverki hvort sem þeirra aðalatvinna er að vera alþm. eða eitthvað annað í þjóðfélaginu.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Friðjón Þórðarson alþm.(A),
Stefán Valgeirsson alþm.(B),
Halldór Blöndal alþm.(A),
Þórunn Eiríksdóttir húsfreyja, Kaðalstöðum (C),
Haukur Helgason skólastjóri, Hafnarfirði (D).

Varamenn:
Egill Jónsson alþm.(A),
Þórarinn Sigurjónsson alþm.(B),
Eggert Haukdal alþm.(A),
Helgi Seljan alþm.(C),
Stefán Gunnarsson byggingameistari, Hofsósi (D).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands til fjögurra ára frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1989, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 40. gr. laga nr. 86 1985, um viðskiptabanka, sbr. ákvæði til bráðabirgða III.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Jón M. Guðmundsson hreppstjóri (A),
Gunnlaugur Finnsson fyrrv. alþm. (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Byggðastofnunar svo og þeirra sjóða sem eru í umsjá hennar, skv. 21. gr. laga nr. 64 1985, um Byggðastofnun.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (A),
Kristján Valdimarsson framkvæmdastjóri (B).

Kosning tveggja manna og tveggja varamanna í stjórn Hollustuverndar ríkisins til fjögurra ára frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1989, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 14. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri (A),
Brynjólfur Sveinbergsson mjólkurbússtjóri (B).

Varamenn:
Pálína Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri (A),
Skúli Sigurgrímsson (B).

Kosning tveggja endurskoðenda og jafnmargra varamanna reikninga Húsnæðisstofnunar ríkisins, skv. 4. gr. laga nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Svanhildur Guðmundsdóttir endurskoðandi (A),
Sigrún Sturludóttir skrifstofumaður (B).

Varamenn:
Ólafur Jensson (A),
Unnur Stefánsdóttir (B).

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna umræðna um atkvæðagreiðslu um 4. mál á dagskrá vil ég vekja athygli á því sem segir í 3. mgr. 45. gr. þingskapalaga, en það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skylt er þm., hvort heldur í deild eða Sþ., að vera viðstaddur og greiða atkvæði nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi."

Mig langar til að spyrja hæstv. forseta hvort ekki beri þá að túlka yfirlýsingar sem hérna hafa verið gefnar með þeim hætti að þær séu yfirlýsingar um að skilað sé auðu í kosningum því að hitt er óheimilt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Skil ég hv. þm. rétt að hann meini að samkvæmt þingsköpum beri að leggja fram auða lista? (**FrS:** Nei, það er skylda að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Því var lýst yfir að sumir ætluðu ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslu.) (**Iðnrh.:** Það ber að skilja sem þeir greiði ekki atkvæði.)

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Að þessum orðum sögðum vil ég spyrja hæstv. forseta: Er leyfilegt að vera fjarverandi og taka yfir höfuð ekki þátt í neinum atkvæðagreiðslum hér?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég geri ráð fyrir að hv. alþm. viti gjörla hverjar eru skyldur hv. alþm. Og ég hef ekki gert ráð fyrir því á þessum fundi að skylda þá sem ekki vilja taka þátt í atkvæðagreiðslu til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Ég vænti þess að menn sjái að það er ekki ástæða til þess að gera slíkar ráðstafanir á þessum fundi.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég tel að þessi athugasemd, sem komin er frá hv. 2. þm. Reykv., sé allrar athugunar verð því að þær yfirlýsingar sem hér hafa verið gefnar um að fólk taki ekki þátt í atkvæðagreiðslu má túlka þannig að menn hafi skilað auðu án þess að orða það þannig. En leiki einhver vafi á um slíkar yfirlýsingar held ég að það sé eðlilegast að kanna það með því að höfða mál á hendur þeim mönnum vegna þessara laga — (**HBl:** Þm. eru í þinghelgi.) Þing

stendur ekki allt árið ef þm. leyfist að segja það. — eða fá í þessu máli úrskurð. (**HBl:** Menn eru þm. í þessu húsi.) Já, það veit ég. Ég kom ekki hérna í stólinn, hv. þm. Halldór Blöndal, til þess að grínast. Ég er að tala um þetta í alvöru. Ég tel að það eigi að úrskurða í þessu máli.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vænti þess að menn leggi nú af frekari umræður um þingsköp og atkvæðagreiðslu svo að við getum haldið áfram.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1989, skv. 9. gr. laga nr. 86 1985, um viðskiptabanka, sbr. ákvæði til bráðabirgða II.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri (B),
Árni Vilhjálmsson prófessor (A),
Lúðvík Jósepsson fyrrv. ráðherra (C),
Eyjólfur K. Sigurjónsson endurskoðandi (D).

Varamenn:
Jón Þorgilsson sveitarstjóri (A),
Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir húsfrú (B),
Árdís Þórðardóttir viðskiptafræðingur (A),
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (C),
Georg H. Tryggvason lögfræðingur (D).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til fjögurra ára frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1989, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 40. gr. laga nr. 86 1985, um viðskiptabanka, sbr. ákvæði til bráðabirgða III.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Hólmfríður Árnadóttir viðskiptafræðingur (A),
Guðrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri (B).

Kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1989, skv. 1. gr. laga nr. 42/1962 og 13. gr. laga nr. 23 6. maí 1955.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Stjórn:
Halldór Ibsen skipstjóri (A),
Páll Jónsson sparisjóðsstjóri (B),
Karl G. Sigurbergsson skipstjóri (C).

Endurskoðendur:
Ögmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri (A),
Drífa Sigfúsdóttir (B).

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969 og þingsályktun frá 17. nóv. 1983, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ólafur G. Einarsson (A),
Guðrún Helgadóttir (C),
Páll Pétursson (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Eiður Guðnason (C),
Pétur Sigurðsson (A),
Stefán Benediktsson (C).

Varamenn:
Friðrik Sophusson (A),
Hjörleifur Guttormsson (C),
Davíð Aðalsteinsson (B),
Árni Johnsen (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (C),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Guðrún Agnarsdóttir (C).

Kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1988, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 34 2. maí 1968, um breytingar á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna dagskrárliða nr. 13 og 14. Eins og kunnugt er lýtur síldin pólitískri forsjá allt frá klaki til löndunar samkvæmt kvótafrv. og það fyrirkomulag hefur verið stutt ýmsum rökum. Það hafa hins vegar engin rök heyrst um að nauðsynlegt sé að bræða hana og selja hana líka undir pólitískri stjórn. Því er ég ósamþykkur þessum atkvæðagreiðslum og mundi skila auðu ef mér væri gefinn þess kostur.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri (A),

Kristmann Jónsson útgerðarmaður (B),
Birgir Finnsson fyrrv. alþm. (C).

Varamenn:
Unnsteinn Guðmundsson skrifstofustjóri (A),
Þorleifur Björgvinsson framkvæmdastjóri (B),
Haukur Þorvaldsson netagerðarmeistari (C).

Kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1988, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. lögum nr. 37/1967 um breytingar á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Einar Ingvarsson bankafulltrúi (A),
Björgvin Jónsson framkvæmdastjóri (B),
Hannes Baldvinsson framkvæmdastjóri (C),
Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri (A),
Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri (B).

Varamenn:
Leifur Haraldsson rafvirkjameistari (A),
Einar Baldursson framkvæmdastjóri (B),
Hjálmar Níelsson vélgæslumaður (C),
Ómar Hauksson framkvæmdastjóri (A),
Jón Ingi Ingvarsson rafvirkjameistari (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1989, skv. 9. gr. laga nr. 86 1985, um viðskiptabanka, sbr. ákvæði til bráðabirgða II.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Valdimar Indriðason alþm. (A),
Jóhann Einvarðsson aðstoðarmaður ráðh. (B),
Kristmann Karlsson framkvæmdastjóri (A),
Garðar Sigurðsson alþm. (C),
Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur (D).

Varamenn:
Guðrún Thorarensen framkvæmdastjóri (A),
Jón Kr. Kristinsson framkvæmdastjóri (B),
Björn Guðmundsson útgerðarmaður (A),
Haukur Helgason hagfræðingur (C),
Guðmundur Vésteinsson bæjarfulltrúi (D).

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég mótmæli því að hér eru að hluta endurkosnir bankaráðsmenn Útvegsbanka. Slíka yfirlýsingu af hálfu þingsins um að þeir beri enga ábyrgð á ógöngum bankans þrátt fyrir það að í lögunum um bankann, bæði núgildandi og væntanlegum lögum, séu skýr ákvæði um ábyrgð bankaráðs á yfirstjórn og umsjón með málefnum bankans tel ég siðferðisbrot af hálfu Alþingis og kalda gusu framan í þjóðina.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég mótmæli því að þegar hér standa yfir þingstörf samkvæmt lögum og þm. eru að vinna samkvæmt þingsköpum og eiga að greiða atkvæði samkvæmt samvisku sinni eftir stjórnarskránni vaði menn hér upp trekk í trekk með yfirlýsingar eins og Gabríel erkiengill væri af himni kominn til að hella sér yfir syndum spilltan lýð. Ég mælist til þess að forseti veiti slíkum mönnum vítur fyrir þau ummæli sem þeir viðhafa hér trekk í trekk um siðleysi þm. þó að þeir greiði atkvæði eins og þeim ber lagaleg skylda til.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. þm. ræða nú allmjög um atkvæðagreiðslu. Ég vek athygli á því að það er ekki leyfilegt við atkvæðagreiðslur að ræða mál efnislega. Ég ítreka það, sem ég sagði áður en þessi kosning hófst að gefnu tilefni, að kosningar þær sem nú eru á dagskrá eru settar á dagskrá vegna þess að það er lagaskylda Alþingis að kjósa í þau ráð og nefndir sem hér um ræðir.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég hef ekki dregið í efa að hér sé farið að lögum. Ég tók það fram fyrr í dag. En þegar bornir eru fram listar eins og gert er hér og menn hafa ekki tækifæri til að láta afstöðu sína koma í ljós er þetta eina leiðin sem þm. hafa til þess. Að auki hef ég gert örstuttar móralskar athugasemdir sem ég vona að hitti og virðast reyndar hafa hitt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að það er grundvallarregla að það eru ekki leyfðar umræður við atkvæðagreiðslur. Það er aðeins í undantekningartilfellum ef menn hafa eitthvað að athuga við framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1989, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 40. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sbr. ákvæði til bráðabirgða III.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Ingi R. Jóhannsson endurskoðandi (A),
Haukur Harðarson fyrrv. bæjarstjóri (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd skv. 2. gr. útvarpslaga nr. 68 1985, sbr. 2. mgr. ákvæða til bráðabirgða.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsi forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Guðrún Erlendsdóttir dósent (A),
Helgi Guðmundsson trésmiður (C),
Ingvar Gíslason alþm. (B),
Sigurbjörn Magnússon framkvæmdastjóri (A),
Árni Gunnarsson ritstjóri (C),
Helgi Pétursson ritstjóri (B),
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri (A).

Varamenn:
Bessí Jóhannsdóttir kennari (A),
Ævar Kjartansson varadagskrárstjóri (C),
Sigrún Sturludóttir skrifstofumaður (B),
Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson lögfræðingur (A),
Þráinn Hallgrímsson framkvæmdastjóri (C),
Jón Sveinsson hdl. (B),
Guðrún Víkingsdóttir hjúkrunarfræðingur (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Halldór Blöndal alþm. (A),
Lárus Finnbogason viðskiptafræðinemi (B),
Baldur Óskarsson viðskiptafræðinemi (C).

Kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1986 til 31. des. 1987.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Líndal prófessor (A),
Magnús Már Lárusson fyrrv. háskólarektor (B),
Sigurður Hróarsson kennari (C).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs til fjögurra ára, frá 19. des. 1985 til 19. des. 1989, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. sept. 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361 1977.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björn Bjarnason ritstjóri (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Gils Guðmundsson fyrrv. alþm. (C).

Varamenn:
Gísli Jónsson menntaskólakennari (A),
Ásgeir Bjarnason fyrrv. alþm. (B),
Árni Björnsson þjóðháttafræðingur (C).

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er nú loks komið svo eftir vinnusaman dag að dagskrá þessa fundar er tæmd. En með því að þetta er síðasti fundur Alþingis fyrir þingfrestun vegna jólanna vil ég leyfa mér að flytja öllum hv. alþm., skrifstofustjóra og starfsliði þingsins mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er senn lokið. Ég vil flytja hv. þm. öllum óskir um gleðileg jól og gott og farsælt komandi ár, svo og skrifstofustjóra og öllu starfsliði þingsins. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Ég vona að við hittumst öll heil til starfa þegar Alþingi kemur saman á ný á komandi ári.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Fyrir hönd okkar alþm. vil ég þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég vil líka þakka honum fyrir trausta og örugga forustu um þingstörfin nú sem endranær, eins og glöggt hefur komið í ljós í dag. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar hátíðar, farsæls komandi árs og ég leyfi mér að vænta þess að við megum öll hittast heil að loknu þessu hléi á þingstörfum. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar. Ég þakka öllum hv. þm. fyrir að taka undir orð hv. 3. þm. Norðurl. v.

Ég ítreka óskir mínar um gleðileg jól og gott og farsælt komandi ár öllum alþm. og starfsliði Alþingis til handa.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 108. löggjafarþings, frá 21. des. 1985 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 27. jan. 1986.

Gert í Reykjavík, 19. des. 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Í samræmi við samþykkt Alþingis og það umboð sem forseti Íslands hefur veitt mér lýsi ég því hér með yfir að þessu Alþingi, 108. löggjafarþingi, er frestað hér með, en það verður kvatt saman að nýju í samræmi við bréf forseta Íslands og samþykkt Alþingis eigi síðar en 27. jan. n.k.

Ég vil jafnframt nota tækifærið og óska þm., starfsmönnum Alþingis og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Efnisskrá.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (168. mál) 1931, 1933.
Afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki (125. mál) 1791.
Almannatryggingar (175. mál) 167, 1854, 1855.
Almannatryggingar (186. mál) 1678, 1853, 1855.
Álbræðsla við Straumsvík (134. mál) 1692, 1826, 1840.
Barnabótaauki (197. mál) 1801, 1825, 1840, 1877, 1931, 1933.
Fjárlög 1986 (1. mál) 2011, 2091.
Frestun á fundum Alþingis (201. mál) 2009, 2103.
Geislavarnir (151. mál) 1691, 1925, 1930.
Gjaldþrotalög (190. mál) 1706, 1847, 1864, 1880, 1932.
Heilbrigðisþjónusta (174. mál) 1674, 1740, 1804, 1823, 1839.
Hitaveita Suðurnesja (119. mál) 1805, 1849, 1854.
Iðnráðgjafar (185. mál) 1823, 1852, 1855.
Jarðboranir hf. (108. mál) 1676, 1862, 1865.
Jarðhiti í heilsubótarskyni (167. mál) 1796.
Kosning endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands 2105.
Kosning endurskoðenda reikninga Byggðastofnunar 2105.
Kosning endurskoðenda reikninga Húsnæðisstofnunar ríkisins 2106.
Kosning endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands 2107.
Kosning endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands 2110.
Kosning í bankaráð Búnaðarbanka Íslands 2104.
Kosning í bankaráð Landsbanka Íslands 2107.
Kosning í bankaráð Útvegsbanka Íslands 2109.
Kosning í stjórn Hollustuverndar ríkisins 2105.
Kosning í stjórn landshafnar í Keflavík 2107.
Kosning í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins 2109.
Kosning í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs 2111.
Kosning í Norðurlandaráð 2108.
Kosning í síldarútvegsnefnd 2108.
Kosning í útvarpsréttarnefnd 2110.
Kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar 2111.
Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 2111.
Lánsfjárlög 1986 (2. mál) 1653, 1740, 1933, 1967, 2002.
Málefni aldraðra (182. mál) 1855, 1862, 1865, 1883, 1930.
Nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. (194. mál) 1842, 1863, 1879, 1989, 1996.
Rannsókn á innflutningsversluninni (18. mál) 1777.
Sala Kröfluvirkjunar (121. mál) 1805, 1849, 1854.
Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna (200. mál) 2010, 2104.
Skráning skipa (84. mál) 1852, 1861, 1882.
Skýrsla utanríkisráðherra um töf á brottför sovéska utanríkisráðherrans (107. mál) 1776.
Sóknargjöld (150. mál) 1853, 1855.
Stjórn fiskveiða (145. mál) 1675, 1707, 1883, 1930.
Stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið (193. mál) 1776, 1881.
Tekjuskattur og eignarskattur (198. mál) 1801, 1841, 1863, 1878, 1988, 1996.
Tímabundið vörugjald (170. mál) 1691, 1824, 1840.
Tollskrá (169. mál) 1690, 1825, 1840.
Um þingsköp 1771, 2008.
Varnir gegn kynsjúkdómum (91. mál) 1680, 1866.
Verðjöfnunargjald af raforkusölu (184. mál) 1819, 1850, 1861, 1882.
Verðtrygging tjóna- og slysabóta (120. mál) 1800.
Þingfrestun 2007, 2112.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1772, 1773, 1774, 1775, 2009, 2098, 2100, 2101, 2104, 2106, 2107, 2110, 2112.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 1690, 1703, 1704, 1719, 1726, 1908, 2007.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 1850, 1851, 2007, 2008.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 1773, 1971, 2008, 2009, 2112.
Félmrh. Alexander Stefánsson 1768, 1770, 1860, 1974.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 1690, 1691, 1740, 1763, 1801, 1802, 1804, 1877, 1878, 2090, 2102.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 1677, 1678, 1679, 1680, 1691, 1804, 1851, 1859, 1865.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 1676, 1692, 1698, 1703, 1790, 1840, 1924, 2102, 2104.
Landbrh. Jón Helgason 1706, 1772, 1774, 1880, 2006.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 1851, 1973, 1980, 2044, 2094, 2101.
Samgrh. Matthías Bjarnason 1775, 1879, 1997.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1707, 1737.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 1776, 2089.
Árni Johnsen 1735, 1904, 1916.
Björn Dagbjartsson 1722, 1902, 1920.
Davíð Aðalsteinsson 1696, 1823, 1837, 1846, 1883, 1925.
Egill Jónsson 1882.
Eiður Guðnason 1662, 1701, 1704, 1734, 1772, 1798, 1839, 1844, 1846, 1864, 2007, 2068, 2096.
Ellert B. Schram 1675, 2094, 2096.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1653, 1784, 1824, 1825, 1841, 1842, 1863, 1881, 1930, 2002, 2010, 2095.
Friðrik Sophusson 1779, 1785, 1788, 1805, 1817, 1819, 1822, 1823, 1850, 1862, 1931, 1933, 1968, 1993, 2097, 2106.
Geir Gunnarsson 2019.
Guðmundur Bjarnason 1856, 1857, 1858.
Guðmundur Einarsson 1931, 1932, 1991, 1994, 1998, 2000, 2001, 2104, 2108, 2109, 2110.
Guðrún Agnarsdóttir 1989, 1995, 2002, 2008, 2062, 2095.
Guðrún Helgadóttir 1674, 1675, 1679, 1683, 1771, 1772, 1780, 1853, 2097, 2099, 2104, 2106.
Gunnar G. Schram 1796, 1799, 1805, 1932, 2092.
Halldór Blöndal 1853, 1975, 1988, 2092.
Helgi Seljan 1665, 1702, 1705, 1827, 1924, 1927, 2045.
Ingvar Gíslason 2094.
Jóhanna Sigurðardóttir 1773, 1775, 1776, 1963, 1967, 2008, 2009, 2051.
Jón Baldvin Hannibalsson 1742, 1956, 1966, 1988, 1990, 2002, 2091, 2097, 2103, 2104.
Jón Kristjánsson 1667, 1825, 1847.
Karl Steinar Guðnason 1697, 1730, 1803, 1824, 1838, 1929.
Kjartan Jóhannsson 1674, 1676, 1678, 1679, 1800, 1805, 1813, 1819, 1849, 1851, 1861, 2001.
Kolbrún Jónsdóttir 1695, 1726, 1774, 1894, 1921, 1926, 2034.
Kristín Halldórsdóttir 1760, 2036.
Kristín S. Kvaran 1686, 1774, 1791, 1866, 2047.
Ólafur G. Einarsson 1674, 1854.
Ólafur Þ. Þórðarson 1676, 1810, 1850, 1858, 1860, 2102, 2110.
Páll Pétursson 1776, 1881, 1988, 1990, 2001, 1999.
Pálmi Jónsson 2011, 2091.
Ragnar Arnalds 1660, 1845, 1847, 1864, 1925, 2004, 2006, 2073, 2097, 2100, 2101, 2112.
Salome Þorkelsdóttir 1673, 2088, 2095.
Sighvatur Björgvinsson 1675, 2023, 2093, 2094, 2096, 2097, 2100.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1657, 1833, 1846, 1864, 1897, 2057, 2104.
Skúli Alexandersson 1695, 1711, 1739, 1888, 1906, 1908, 1923.
Stefán Benediktsson 1669, 1690, 1720, 1825, 1832, 1841, 1846, 1847, 1898, 1918, 1930, 2106.
Stefán Guðmundsson 1931.
Stefán Valgeirsson 1852, 1861, 2041, 2097.
Steingrímur J. Sigfússon 1773, 1774, 1788, 1789, 1791, 1814, 1871, 1977, 1986, 1999, 2001, 2080, 2097.
Svavar Gestsson 1675, 1676, 1754, 1770, 1771, 1772, 1777, 1781, 1785, 1788, 1806, 1856, 1858, 1859, 1936, 1966, 1967, 1968, 1982, 1988, 1990, 1996, 2076, 2103.
Valdimar Indriðason 1732, 1883, 1921.
Þorv. Garðar Kristjánsson 1700, 1728, 1739, 1826, 1882.

Sameinað þing, 36. fundur.

Mánudaginn 27. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hinn 15. janúar s.l. var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:
Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 27. janúar 1986 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 15. janúar 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Ég vil nota tækifærið og óska hæstv. forseta, hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Ég þakka liðið ár og býð menn velkomna til þingstarfa. Ég læt í ljós þá ósk mína og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þm. Jafnframt vil ég færa hæstv. forsrh., þm. öllum og starfsliði Alþingis óskir um gott og farsælt ár og ég þakka fyrir ánægjulega samvinnu á liðnu ári. Ég býð alla velkomna til starfa á nýju ári.

Samkvæmt forsetabréfi, sem hæstv. forsrh. hefur hér flutt, er þingfundur settur í sameinuðu Alþingi.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

"Reykjavík, 27. janúar 1986.

Halldór Blöndal 2. þm. Norðurl. e. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Vigfús Jónsson, Laxamýri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Birgir Ísl. Gunnarsson."

Vigfús Jónsson hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Þá hefur borist enn fremur svohljóðandi bréf:

"Reykjavík, 27. janúar 1986.

Svavar Gestsson varaformaður þingflokks Alþb. hefur ritað mér á þessa leið:

Alþt. 1985. B. (108. löggjafarþing).

„Þar sem Ragnar Arnalds 3. þm. Norðurl. v. er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans ósk með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, Þórður Skúlason sveitarstjóri, Hvammstanga, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir, - forseti Ed."

Þórður Skúlason hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Tilkynning frá forsætisráðherra um breytingu á ríkisstjórninni.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í samræmi við bréf þingflokks Sjálfstfl. til mín dagsett 8. desember s.l. var gerð breyting á ríkisstjórninni s.l. föstudag á ríkisráðsfundi og hefur forseti Íslands gefið út eftirgreind bréf í því sambandi, með leyfi forseta:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt að Geir Hallgrímssyni er með bréfi þessu veitt lausn frá ráðherraembætti í ráðuneyti Íslands frá og með 24. janúar 1986 að telja.

Gjört að Bessastöðum, 24. janúar 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Bréf er veitir Geir Hallgrímssyni lausn frá embætti utanríkisráðherra."

Á þeim sama ríkisráðsfundi var jafnframt gefið út eftirgreint bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:
Að ég með bréfi þessu skipa Matthías Á. Mathiesen alþm. ráðherra í ráðuneyti Íslands og skal hann fara með utanríkisráðuneytið. Hann skal vera mér trúr og hlýðinn, halda stjórnskipunarlög landsins og gegna embættisskyldum sínum af trúmennsku og árvekni samkvæmt drengskaparheiti því er honum ber að undirrita.

Gjört að Bessastöðum, 24. janúar 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Skipunarbréf til handa Matthíasi Á. Mathiesen alþm. til að vera ráðherra í ríkisstjórn Íslands."

Í samræmi við það skipunarbréf sem ég hef nú lesið hefur Matthías Á. Mathiesen tekið við störfum utanríkisráðherra í ríkisstjórninni.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að flytja nýjum utanrrh. heillaóskir af minni hálfu þó að ég hafi enga pólitíska ástæðu til að binda sérstakar vonir við störf hans, því miður.

En ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til að víkja

að nokkrum atriðum sem fram hafa komið undanfarnar vikur í stjórnmálum landsins í jólaleyfi þingmanna. Þetta eru atriði sem sýna ákaflega vel að ríkisstjórnin stendur á brauðfótum. Þar er ekki samstaða um neitt annað en það að halda kaupgjaldinu niðri, enda var ríkisstjórnin stofnuð til þess fyrst og fremst á sínum tíma. Ég ætla, með leyfi forseta, að víkja hér að nokkrum *dæmum um vinnubrögð ríkisstj.* að undanförnu ef það mætti verða til þess strax við upphaf þings að skýra nokkur þau atriði sem fram hafa komið af hennar hálfu og einstakra ráðherra undanfarnar vikur.

(Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. ræðumanns á því að það er ekki gert ráð fyrir að stofna til almennrar stjórnmálaumræðu í sambandi við tilkynningu forsrh. um breytingar á ríkisstjórninni. Forseti hefur ekki haft samráð við formenn þingflokkanna um þá umræðu sem kynni að verða hér á eftir. Það var gert 16. október þegar þá var tilkynnt um breytingar á ríkisstjórninni. Þá var samkomulag um það milli flokkanna að hafa umræðuna innan vissra takmarka sem þá voru ákveðin svo að hver flokkur hefði til umráða 15 mínútur og síðar 10 mínútur. Það skal vakin athygli á þessu. Það skal líka vakin athygli á því að það hefur ekki verið venja undir þessum kringumstæðum að stofna til almennrar stjórnmálaumræðu þegar áður hafa verið hliðstæðar tilkynningar um breytingar á ríkisstjórninni.)

Nú vil ég spyrja hæstv. forseta að því hvort hann er að bjóða upp á að hér fari fram einhver stjórnmálaumræða með eins og 10 mínútur á þingflokk eða svo í framhaldi af þessari tilkynningu hæstv. forsrh. eða er hann að bjóða upp á að þær umræður fari kannske fram á morgun? Það væri auðvitað hugsanlegt vegna þess að *það er fjöldi mála sem hefur komið fram undanfarnar* vikur sem er algjörlega óhjákvæmilegt að um verði rætt strax á fyrstu dögum þingsins, strax og tækifæri gefst til. Ég vil einnig skýra hæstv. forseta frá því að ég hafði rætt það, a.m.k. við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar, að einhver slík umræða gæti farið fram hér á þessum fundi. Treystir hæstv. forseti sér til þess að svara þessum spurningum hér og nú?

(Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það sem forseti hafði í huga var það hvort ekki væri grundvöllur fyrir því á þessum fundi að umræða um tilkynningu um breytingu á ríkisstjórninni færi fram innan svipaðra marka og venja hefur verið. Hins vegar er frá sjónarmiði forseta ekkert við það að athuga að tekin sé upp almenn stjórnmálaumræða með tilvísun til þess sem hv. 3. þm. Reykv. sagði. En þá fer betur á því að það sé ekki gert í dag heldur á fundi á morgun til þess að menn hafi fyrirvara um þessar umræður. Samkvæmt reglum um umræður utan dagskrár, sem helst yrði þá að líkja við almennar stjórnmálaumræður nú, er gert ráð fyrir því samkvæmt þingsköpum að það sé tilkynnt um það tveim tímum fyrir þingfund þannig að forseti geti tilkynnt formönnum þingflokka þetta. Samkvæmt þessu þykir eðlilegra að slík almenn umræða verði á morgun.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessi svör, sem eru alveg ótvíræð, og ég fyrir mitt leyti alveg tilbúinn til þess að fresta af minni hálfu umræðum um þessi mál þar til á morgun, enda fari þá fram hér það sem kalla má almenna stjórnmálaumræðu. Það er auðvitað m.a. í tilefni af því að nú er stólaleiknum lokið í bili alla vega. Þó að það séu ýmsir í hinum almenna þingmannahópi Sjálfstfl. vafalaust að mæna á stóla enn þá er sá kafli sem hófst með Stykkishólmsfundinum víst búinn þannig að það er full ástæða til að ræða þau mál.

Hæstv. forseti hefur boðið upp á það að þessi umræða fari fram á morgun og ég get fyrir mitt leyti fallist á það. Forsetinn hefur einnig bent á að einhver venja sé til í þessum efnum. Ég hygg að hún sé tæplega til vegna þess að það er mjög sjaldgæft að ráðherraskipti verði með þeim hætti sem hér hefur orðið. Ég hygg því að það sé heldur vafasamt að vitna til venju í þessum efnum án þess að ég vilji deila við hæstv. forseta sameinaðs þings.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal út af síðustu orðum hv. 3. þm. Reykv. tekið fram að það kann að vera að hæpið sé að tala um venju um það atriði sem hann ræddi og forseti minntist á þó hann viðhefði þau orð. En það er þá vegna þess að það ber svo sjaldan við að slíkar tilkynningar um breytingar á ríkisstjórninni séu gefnar á Alþingi hliðstætt því sem nú er gert. Ég hef í huga tvö önnur tilvik. Það var 1959, þegar tilkynnt var um tilkomu viðreisnarstjórnarinnar, og ég hef annað tilvik frá því 16. október s.l. þegar tilkynnt var um breytingar á ríkisstjórninni. En ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta. Það kann að vera að það sé álitamál hvort það á að tala um venju eða eitthvað annað í þessu sambandi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Með hliðsjón af þeim orðum sem forseti hefur nú látið falla er ekki ástæða til að hafa hér uppi mörg orð. Það heyrir undir almenna mannasiði að flytja fyrir hönd míns flokks árnaðaróskir til nýs utanrrh. og óska honum góðs árangurs í starfi. Að öðru leyti gefur þetta ekki tilefni til nokkurra umræðna um stjórnmál. Hæstv. utanrrh. hefur sjálfur tekið fram skilmerkilega að ekki sé að vænta neinna breytinga á utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar af þessu tilefni og engin ástæða til annars en taka þau orð trúanleg.

Um það sem gerst hefur í stjórnmálum frá því að Alþingi var slitið nokkrum dögum fyrir jól að lokinni afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga er auðvitað hægt að hafa uppi mörg orð, en forseti hefur óskað eftir því að sú umræða fari ekki fram hér og nú og er sjálfsagt að verða við óskum hans um að fresta því.

Hins vegar er kannske ástæða til að vekja athygli þingheims á öðru máli. Það er ekki aðeins að nýr maður hafi tekið við embætti utanrrh. heldur hefur jafnframt verið tilkynnt að forveri hans, Geir Hallgrímsson fyrrv. formaður Sjálfstfl., *muni innan tíðar taka við embætti* sem einn af bankastjórum seðlabanka. Nú geta menn haft skiptar skoðanir á hvert skuli vera hlutverk seðlabanka og hvort seðlabanki sé yfirleitt þörf stofnun í hagstjórn okkar Íslendinga, en hver svo sem skoðun manna kann að vera á því er eitt alla vega ljóst og það er að ef menn telja að seðlabanki hafi einhverju hlutverki að gegna í hagstjórn verður það að teljast mjög varasöm þróun að gera hann að dvalar- eða hvíldarheimili stjórnmálamanna sem dregið hafa sig í hlé frá stjórnmálum. M.ö.o.: ef við ætlum að hafa seðlabanka og ætla honum ákveðið hlutverk þarf þar að vera bankastjórn sem skipuð er á faglegum grundvelli og sem reynir þá að beita hagstjórnartækjum á faglegum grundvelli fremur en að það sé bætt við pólitískt

kjörið bankaráð með pólitískt skipaðri bankastjórn. Það er sérstaklega ástæða til að vekja athygli þingheims á því að það er varhugavert þegar tveir af bankastjórunum eru orðnir fyrrv. stjórnmálamenn og kannske skammt í að sá þriðji víki sæti líka.

Þetta vekur upp spurningar um hvort ekki sé tímabært að gera sérstakar ráðstafanir til að koma á fót sérstakri stofnun fyrir þreytta stjórnmálamenn sem þarf að „parkera" einhvers staðar. Oft hafa menn nefnt utanríkisþjónustuna í þessu samhengi. Það er líka mjög varhugavert að nota hana til þeirra hluta. Sumir eru að vísu þeirrar skoðunar að það sé óþarfi fyrir lýðveldið Ísland að hafa utanríkisþjónustu í þeim skilningi sem við höfum haft, en ef við teljum það nauðsynlegt engu að síður eru líka uppi þau sjónarmið að þar þurfi að vera einhver fagmennska á ferðinni. Ég tek eftir því með ánægju að nýskipaður utanrrh. hefur lýst sérstökum áhuga sínum á því að auka tilstuðlan utanríkisþjónustunnar að markaðsöflun og markaðsmálum þjóðarinnar. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það verði ekki gert nema í mjög takmörkuðum mæli á grundvelli utanríkisþjónustunnar óbreyttrar. Nær væri að leita þar meira til fulltrúa sem skipaðir væru af samtökum atvinnuvega eða fyrirtækjanna sjálfra millilíðalaust.

En ef menn eru á því máli að það sé varhugavert að gera stjórn Seðlabankans eða utanríkisþjónustuna að stofnunum þar sem stjórnmálamenn sem dregið hafa sig í hlé eigi að leita starfa seinustu ár starfsaldurs síns kemur upp sú spurning hvort ekki sé rétt að gera sérstakar ráðstafanir af þessu tilefni. Þm. er kunnugt um glæsilegt fordæmi frá Bretlandi. Þar er sérstök lávarðadeild þar sem menn sem búa yfir mikilli stjórnmálareynslu geta komið og vakið athygli alþjóðar á málum eða hugleiðingum um það sem þeir hafa til málanna að leggja. Ég held að það eina sem þessar breytingar gefi m.ö.o. tilefni til umræðu um sé þetta: Þurfum við ekki hér á hinu háa Alþingi að hugleiða með hvaða hætti við komum þessum málum fyrir „prinsipielt" framvegis? Eigum við að koma á sérstakri lávarðadeild sem væri þá skipuð með öðrum hætti eða ekki?

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er ágætt. Ég vænti þess að við getum við betra tækifæri rætt spurninguna um hvort á að koma upp sérstakri lávarðadeild.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Vegna þeirra orðaskipta sem urðu milli hæstv. forseta og 3. þm. Reykv. um það hvort almenn stjórnmálaumræða ætti að fara fram í dag eða á morgun vildi ég gjarnan beina þeirri fyrirspurn til forseta hvort ég megi skilja hans orð þannig að það fari fram á morgun almenn stjórnmálaumræða frá og með kl. 2 — eða hvenær ætlar hann sér að tímasetja þá umræðu? Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að ef þessi almenna stjórnmálaumræða yrði tímasett einhvern tímann síðla dags sé ég ekki hvers vegna við ættum að sleppa því tækifæri að hafa þessa almennu stjórnmálaumræðu í dag í krafti málfrelsis sem gildir á þingi enn, að því ég trúi. Ég vildi þess vegna fá um þetta skýr svör frá hæstv. forseta.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að það er algjörlega tilefnislaust og óþarfi að óska eftir skýrum svörum frá forseta um það á þessari stund á hvaða stund á morgun yrði hafin almenn stjórnmálaumræða. Það mun fara um þessa framkvæmd eins og venjulega. Það verður ákveðið af forseta þegar þar að kemur með það fyrir augum að umræðan geti farið sem best fram og henni sé ætlaður sem bestur og skynsamlegastur tími.

Um það hvort skilja megi yfirlýsingu forseta á þá leið að hér verði almenn stjórnmálaumræða á morgun, þá er það að segja að ég mun ræða það við hæstv. forsrh. Ég tel að það sé eðlilegt eins og ég hef áður sagt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Nú er að láta af stjórnmálastörfum, a.m.k. um sinn, sá íslenskur stjórnmálamaður sem hefur einna mesta reynslu allra núlifandi stjórnmálamanna. Hann hefur reynslu sem borgarstjóri, sem ráðherra og sem oddviti í stjórnarandstöðu. Ég vil ekki láta þessum fundi ljúka öðruvísi en svo að þakka hæstv. fyrrv. utanrrh. fyrir gott samstarf og góð kynni þó að við höfum verið á öndverðum meiði í stjórnmálum. Sem forustumaður ríkisstjórnar reyndist hann mér drenglundaður, sanngjarn og heiðarlegur og í samstarfi við hann í stjórnarandstöðu komst ég að raun um hversu yfirgripsmikil þekking hans á efnahagsmálum er. Ég efast um að nokkur stjórnmálamaður á Íslandi búi yfir jafnmikilli þekkingu á efnahagsmálum og hæstv. fyrrv. utanrrh.

Auðvitað hefur hann sætt ámæli eins og allir þeir sem eru í forustu í stjórnmálum. Jafnvel hefur hann frekar sætt ámæli af flokksbræðrum sínum en andstæðingum. Margt sem þar hefur verið sagt er ekki sanngjarnt. Ég þakka Geir Hallgrímssyni samstarfið, óska honum góðs og vil jafnframt óska eftirmanni hans í utanríkisráðherraembætti góðs í starfi því að þó að menn séu andstæðingar í stjórnmálum er ástæðulaust annað en að velfarnaðaróskir Alþingis fylgi þeim í þeim mikilvægu störfum sem þeir gegna.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég óska hæstv. nýskipuðum utanrrh. til hamingju með hina nýju stöðu. Við verðum nú vitni að lokataflinu í stólabrallinu. Þetta er út af fyrir sig merkileg stund vegna þess að þetta stólabrall átti að breyta býsna miklu í íslenskum stjórnmálum. Það átti að verða upphafið að mikilli uppstokkun og mjög merkilegri stefnumótun og raunar nýstefnu í íslensku efnahagslífi. Niðurlag þessarar sögu er býsna lágreist. Við höfum horft á hvernig þessu lauk í skattastússinu um áramótin. Stóri stóllinn sem reistur var í haust í ríkisstjórninni undir hæstv. fjmrh. er nú orðinn eins og hálfgerður mjaltakollur.

Ég ætla að láta það bíða til morguns, vona ég, að ræða á almennari hátt um stjórnmál hér. Tilefnin eru býsna mörg. Líklega hafa aldrei verið meiri tilefni og brýnni tilefni til að ræða stjórnmál almennt á Íslandi. En stólabrallið og húsgagnastússið held ég að við látum fullrætt að sinni. Það árar heldur illa fyrir húsgagnaverksmiðjum á Íslandi í dag. Þær eru flestar að fara á hausinn. Mér sýnist að sú sem var að skipta á stólunum hjá sér núna muni gera það líka áður en yfir lýkur og áður en á löngu líður.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Nú þegar hafa nokkrir þingmenn kvatt sér hljóðs. Það er bersýnilegt að verið hefði full ástæða til að hafa strax í dag, á fyrsta

degi þingsins, almenna stjórnmálaumræðu. En eins og fram kom áðan fellst ég á að hún fari fram á morgun fyrir mitt leyti. Ég óska eftir því að forseti ákveði tíma fyrir umræðuna í samkomulagi við formenn þingflokkanna, svo sem venja hefur verið, þannig að hægt verði að ganga frá því þegar í dag og miða annað í þinghaldinu við það.

Ég vil láta koma fram að það eru ýmis mál sem við höfum óskað eftir að ræða fyrir utan hið almenna stjórnmálaástand. M.a. hef ég óskað eftir því við hæstv. menntmrh. að hér fari fram sérstök utandagskrárumræða um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég bar þá ósk fram við hæstv. ráðh. fyrir hönd þingflokks Alþb. fyrir nokkrum dögum og einnig við forseta sameinaðs þings. Það varð að samkomulagi á milli okkar að sú umræða færi fram n.k. fimmtudag þar sem hæstv. menntmrh. er fjarri eins og er. En þetta mál og fleiri, Þróunarfélagið, Seðlabankinn og fleira og fleira, kallar á umræðu strax í upphafi þings. Ég held að þessi umræða hafi nú þegar haft þann árangur í för með sér að menn muni tala saman og skiptast á skoðunum um hlutina á morgun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að haft verður fullt samráð við formenn þingflokka um tilhögun umræðu á morgun. Að loknum þessum fundi er þess óskað að formenn þingflokkanna komi til viðtals við forseta sameinaðs þings í skrifstofu hans.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Menn koma hér í stól hver á fætur öðrum og ræða vítt og breitt um hin ýmsu málefni og ekki er ljóst að neitt sérstakt mál sé á dagskrá nema svonefnd stólaskipti. Ég vil því nota þetta tækifæri og óska nýskipuðum utanrrh. velfarnaðar í starfi fyrir hönd Kvennalistans og jafnframt vil ég þakka fráfarandi utanrrh. prúðmennsku í sínu starfi þótt oft höfum við verið öndverðrar skoðunar.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að þakka hv. þingmönnum, sem upp hafa komið, fyrir árnaðaróskir til mín í tilefni þess að ég hef tekið við embætti utanrrh., en hæstv. forsrh. hefur áður gert grein fyrir að óbreytt er stefna ríkisstj. þó um mannaskipti sé að ræða. Ég vil taka það fram að þrátt fyrir skiptar skoðanir og mismunandi sjónarmið óska ég hér eftir sem hingað til eftir góðu samstarfi við allan þingheim og veit ég að svo muni verða. Ég leyfi mér að taka undir orð þeirra sem hér hafa talað og flutt fyrrv. hæstv. utanrrh. þakkir fyrir hans störf í þessu embætti. Ég veit að undir það tekur þingheimur allur.

Sameinað þing, 37. fundur.

Þriðjudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal tekið fram að í byrjun síðari fundar í dag verður umræða utan dagskrár um stjórnmálaástandið að loknu þinghléi. Sá fundur er skammt fram undan.

Sala á ferskum fiski erlendis, fsp. 79. mál (þskj. 86). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Við hv. 2. þm. Austurl. stöndum saman að þessari fsp. svo og annarri fsp. um sambærilegt mál sem við lögðum fram og báðum um skriflegt svar við og hefur þegar verið svarað.

Hér er um það að ræða, eins og þm. vita, að stöðugt hefur verið að aukast útflutningur á ferskum fiski, nú síðast útflutningur á gámafiski, á sama tíma og atvinnuerfiðleikar hafa steðjað að fiskverkunarfólki og öryggisleysi í fiskverkun hefur verið mjög mikið.

Samkvæmt upplýsingum sem þegar liggja fyrir Alþingi í svörum við fyrri fsp. frá okkur hv. 2. þm. Austurl. liggur nú fyrir að horfur eru á að um eða yfir 60 þús. tonn af ferskum fiski verði flutt út á þessu ári, og þá ekki aðeins til erlendra neytenda beint heldur er talið líklegt, eins og kemur fram í svari hæstv. ráðh., að a.m.k. hluti af þessum afla sé seldur til verkunar í fiskverkunarstöðvum erlendis. Svo virðist vera samkvæmt svörum hæstv. ráðh. að hvorki meira né minna en 40% af þessum mikla afla séu þorskur.

Þá kemur einnig fram í svörum hæstv. ráðh., þó að það séu mjög takmarkaðar upplýsingar sem þar koma fram, að það eru stórvirk fiskiskip á Íslandi sem árum saman selja svo til allan sinn aflakvóta beint á erlenda markaði án þess að sá afli verði til þess að útvega nokkrum atvinnu í landi. Ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu sú, eins og einnig kemur fram í svörum hæstv. ráðh., að aðilar í útlöndum telja sig geta borgað 80–100% hærra fiskverð en aðilar á Íslandi treysta sér til að borga. Það er að sjálfsögðu ástæðan fyrir þessum mikla flótta óunnins hráefnis úr landi.

Þetta horfir hins vegar við gagnvart okkur Íslendingum eins og hafnar séu á ný veiðar vestur-þýskra og breskra fiskiskipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Að vísu má segja að menn fái meira fyrir þann fisk sem þannig er seldur úr landi til vestur-þýskra og breskra neytenda en menn fengu á meðan þeirra eigin fiskiskip veiddu hér, en munurinn er aðeins í fjármunum en enginn eðlismunur. Þetta er það sama eins og Íslendingar hefðu samþykkt að selja eða leigja þessum þjóðum ákveðin veiðiréttindi á Íslandsmiðum og ákveðin nýtingarréttindi á fiskistofnum við Ísland. Og það er umhugsunarvert þegar stór og öflug fiskiskip í kvótakerfi komast upp með það ár eftir ár að selja svo til allan kvóta sinn til erlendra kaupenda. Alvarlegast er þetta þó að sjálfsögðu ef svo háttar að á sama tíma og þetta gerist sé alvarlegur atvinnubrestur hjá fiskverkafólki, atvinnuóöryggi eða erfiðleikar vegna þess að það vanti hráefni. Því höfum við hv. þm. Helgi Seljan leyft okkur að beina svofelldri fsp. til hæstv. viðskrh. á þskj. 86:

„Eru veittar heimildir til sölu á ferskum fiski erlendis þótt svo hátti til í heimahöfn veiðiskips að vinnsla fari ekki fram eða sé stopul í vinnslustöðvum vegna hráefnisskorts?“

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti.

Viðskrn. fer með útgáfu útflutningsleyfa vegna sölu á ferskum fiski erlendis. Ráðuneytið hefur ekki aðstöðu til að kanna í hvert sinn sem slík umsókn berst hvernig atvinnuástandi er háttað í vinnslustöðvum víðs vegar um landið. Ráðuneytið hefur jafnan lagt það í mat útgerðaraðila á hverjum stað hvort eðlilegt þætti að selja ferskan fisk úr landi. Raunar hefur ráðuneytið haft nána samvinnu við Landssamband ísl. útvegsmanna um siglingar fiskveiðiskipa til þess að þess verði jafnan gætt að ekki sé of mikið framboð á ferskum fiski í einu á helstu mörkuðum okkar erlendis.

Með hinni miklu aukningu sem orðið hefur á útflutningi á ferskum fiski í gámum hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því í samráði við Landssamband ísl. útvegsmanna, Fiskifélag Íslands svo og gjaldeyriseftirlit Seðlabankans að settar voru reglur sem eiga að tryggja sem best full gjaldeyrisskil svo og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framfylgja fiskveiðistefnu landsmanna. Þannig er útflytjendum á ferskum fiski í fiskigámum gert skylt að skýra frá aflasamsetningu í hverjum gámi og sömuleiðis hvaðan fiskurinn er keyptur, hvort útflytjandi er fiskvinnslustöð eða hvort fiskurinn er seldur beint úr veiðiskipum. Ráðuneytið hefur stöðugt samráð við Fiskifélag Íslands um framkvæmd þessa máls og fyrirhugaðar eru á næstunni viðræður milli þessara aðila þar sem reynt verður að tryggja sem best góðan framgang útflutnings á ferskum fiski.

Það er rétt að árétta að ráðuneytið hefur ekki aðstöðu til að meta hvort atvinnuástandi sé svo háttað á hinum ýmsu stöðum að ekki megi flytja fisk úr landi. Bæði kemur þar til skortur á starfsfólki svo og að útflutningur á ferskum fiski er löngum skipulagður með allmiklum fyrirvara og þess vegna er afar erfitt fyrir stjórnvöld að fylgjast náið með atvinnuástandi á þeirri stundu sem fiskurinn er fluttur út frá hinum ýmsu útgerðarstöðum.

Ég vil einnig árétta að í mörg ár hefur fiskur verið fluttur út óunninn, einkum af ákveðnum veiðiskipum, og á því hefur ekki orðið nein teljandi breyting. Breytingin sem hefur orðið á síðustu tveimur árum er hinn svokallaði gámafiskur. Heildarútflutningur á ísuðum fiski mun vera nálægt því að vera um 10% af öllum bolfiskafla landsmanna. Þessi aukning stafar af ýmsum ástæðum, m.a. þeirri að hinir smærri bátar og útgerðarmenn fá nú betra verð fyrir sinn fisk og sjómenn almennt nýta sér þetta í hærri tekjum. Sömuleiðis hefur fallið niður að öllu leyti vinnsla á fiski í skreið. Þessi fiskur er að miklu leyti fluttur úr landi nú og hefur verið til mikilla hagsbóta fyrir smærri útgerðir. Kosturinn við þennan útflutning er sá að greiðsla kemur strax fyrir fiskinn, útflutningsgjöld eru greidd á stundinni, en hins vegar er líka mikið samband á milli ýmissa fiskvinnslustöðva og framleiðenda þar sem í mörgum tilfellum er um svipaða eignaraðild að ræða, en erfitt fyrir þá oft og tíðum að ganga á hagsmuni sjómanna í þessum efnum.

Hér er um vandamál að ræða sem ég hygg að erfitt sé að leysa með algeru banni þó að einhver aukning hafi átt sér stað á liðnum árum. Við verðum líka að taka tillit til hinna breyttu viðhorfa sem orðin eru, eins og hvað snertir verkun í skreið og sölu skreiðar úr landi.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það er ekki rétt að bera saman annars vegar þennan útflutning, a.m.k. gámaútflutninginn, og hins vegar skreiðarverkunina. Munurinn er að sjálfsögðu sá að sá afli sem settur var til skreiðarverkunar var yfirleitt lélegasti aflinn af hverju fiskiskipi. Sá afli sem settur er í gáma og sendur út er venjulega sá fiskur sem hefur verið síðast veiddur, nýjasta og besta hráefnið.

Þá hefur því einnig verið haldið fram að þarna væri verið að finna markaði fyrir fisk sem ekki væri hægt að taka til verðmætrar vinnslu hér heima. Það hefur komið fram í svörum ráðherra að magnið af þorski í þessum ferskútflutta fiski er tvöfalt á við magn nokkurrar annarrar fiskitegundar sem svona er flutt út og hvorki meira né minna en ⅔ hlutar af heildarmagninu. Ástæðan fyrir þessu er að sjálfsögðu sú að fiskverð á Íslandi er orðið óeðlilega lágt miðað við það sem fæst fyrir ferskan fisk í nálægum löndum og það sér hver sjálfan sig í því, eins og þetta horfir við gagnvart sjómönnunum, að þeir geta tvöfaldað sínar tekjur með því að selja fisk óunninn, t.d. til breskra eða vestur-þýskra frystihúsa, miðað við það að selja fiskinn hér á landi til þess að útvega vinnu fyrir íslenskar hendur.

Herra forseti. Það væri ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann mundi ekki vilja taka það til athugunar með hæstv. sjútvrh. að stöðva það framferði að fiskiskip sem fær úthlutað kvóta haldi þannig á sínum málum að ár eftir ár selji þetta fiskiskip svo til allan sinn kvóta á erlenda markaði án þess að sjá fyrir atvinnu fyrir íslenskar hendur, hvort ekki sé ástæða til þess að setja einhverjar hömlur við því hversu mikið af afla sem úthlutað er á hvert fiskiskip megi selja með þessum hætti til útlanda vegna þess að áhrifin af þessu eru nákvæmlega þau hin sömu og ef Vestur-Þjóðverjar eða Bretar væru farnir að gera út á Íslandsmið — ekki undir vestur-þýsku eða bresku flaggi, heldur undir íslensku flaggi. Áhrifin af því eru nákvæmlega þau hin sömu. Þetta er eins og þeir leigi eða kaupi sér aðgang að íslenskum auðlindum, að vísu fyrir meira fé en áður, en gjörðin er sú hin sama.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra og ítreka þá fsp. til hans hvort hann muni ekki vilja láta skoða það í samvinnu við sjútvrh. að setja einhverjar hömlur við því að fiskiskip geti ár eftir ár selt svo til allan sinn aflakvóta óunninn til útlanda.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er eðlilega alfarið í hendi sjútvrh. hvort slíkt ákvæði sé sett eins og þetta sem hv. fyrirspyrjandi ræddi um. Hins vegar hefði ég viljað setja ákvæði til að hindra það, þó að ég ráði ekki við það sem viðskrh., að einstaklingar, sem ekki gera skip út, geti selt fiskinn óveiddan í sjónum, og kannske er sá fiskur einnig seldur til útlanda. En það er mál sem ég ætla ekki að fara inn á hér og er lítt hrifinn af þótt meiri hluti þm. hafi verið það og sé það.

Hv. fyrirspyrjandi sagði að fiskverð væri orðið hér óeðlilega lágt miðað við það sem er í okkar nágrannalöndum. Hvenær hefur fiskverðið ekki verið talið óeðlilega lágt hér, ekki á seinni árum heldur á mörgum áratugum? Það fæst meira fyrir fiskinn, einkum þegar hann er góður, á erlendum markaði á uppboðsverði. Hins vegar fara menn auðvitað misjafnlega út úr því. Ef eitthvað er að fiskinum hrynur verðið þannig að það verður enn lægra en hér heima.

Í sambandi við þann fisk, sem ella hefði farið í skreið,

þá var það oft og tíðum sumarfiskurinn, nýr fiskur sem var verið að hengja upp við erfið skilyrði, sem fór í skreið. Því er núna bjargað með þessum hætti. Það eru erfiðleikar líka að segja við sjómenn og útgerðarmenn: Við ætlum að taka þetta af ykkur. Það er heldur engin trygging fyrir því að skip, sem á heima á einhverjum ákveðnum stað þar sem vantar hráefni til vinnslu, landi endilega á þeim stað. Það geta legið til þess ýmsar aðrar ástæður að útgerð og sjómenn á því skipi vilji leita annað. En hins vegar tek ég undir það með fyrirspyrjanda að ég tel að það verði að stemma stigu við þessu. Ég tel þá hugmynd hans sem fram kom í þessum efnum síður en svo óeðlilega, en hún heyrir alfarið undir sjútvrn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Sú fsp. sem er til umræðu er á þann veg hvort veittar séu heimildir til sölu á ferskum fiski án þess að tillit sé tekið til þess hvort um hráefnisskort sé að ræða í heimahöfn veiðiskips. Ég tel — og vil vekja athygli á því — að undir þeirri fiskveiðistjórnun sem við búum við núna sé ekki um það að ræða að grípa inn í málin á þann veg. Sú fiskveiðistjórnun sem við búum við er beinlínis þannig upp byggð að það er ætlast til þess að það sé næstum ótakmarkað frelsi fyrir þann sem hefur leyfi til að sækja fiskinn í sjóinn að fara með hann á hvaða veg sem hann óskar. Það er ekki verið að hugsa um verkafólk í landi eða viðkomandi sjávarþorp þegar verið er að sækja fisk í sjó eða þegar verið er að ákveða hvert skuli fara með hann.

Ég taldi nauðsynlegt að benda einmitt á þennan þátt, að við búum við þannig fiskveiðistjórn, sem hv. alþm. hafa samþykkt og samþykktu til tveggja ára, að þróun eins og sú sem hér hefur verið lýst hlýtur að eiga sér stað. Það er alveg eins heppilegt að gera vissan hluta fiskveiðiflotans út frá Bremerhaven eða Hull eins og frá Ísafirði eða Hellissandi vegna þess að þeim er skammtað ákveðið magn í hendurnar. Það er ósköp eðlilegt að þeir leiti þeirra leiða sem hefur verið leitað og fram kemur í svari ráðherra og fram kemur í því svari sem hér var dreift frá ráðherra í gær við fsp. um hvernig sú þróun hefði verið á undanförnum tveim árum eða á síðasta ári að nú eru flutt út ekki 10%, eins og hæstv. ráðh. sagði, heldur 20%. Ég vil vekja athygli á því að það er fimmtungur af þeim afla sem má veiða samkvæmt kvóta sem er fluttur út ferskur til vinnslu í erlendum fiskvinnslustöðvum og til beinnar sölu þar.

Um þingsköp.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hér var dreift á hv. Alþingi í gær svari við fsp. hv. þm. Helga Seljans og Sighvats Björgvinssonar um útflutning á ferskum fiski. Þar eru upplýsingar um hve mikið hefur verið flutt út á síðasta ári, og ég var að vekja athygli á því að það væru ekki 10%, eins og ráðherra nefndi hér áðan, heldur um 20% af þeim afla sem leyfður er skv. kvóta. 26,6 þús. tonn í gámum og 26,5 þús. tonn í veiðiskipum. (Gripið fram í.) Botnfiskaflinn? Það er kvótaaflinn fyrst og fremst sem er seldur svona.

En það sem ég vildi vekja sérstaka athygli á er að í svarinu er fram tekið að að jafnaði megi gera ráð fyrir að munur á verði sé 80%, og eins og sölunni hefur verið háttað að undanförnu gæti verið um tvöföldun verðs að ræða. Ég vil vefengja þessar tölur, ekki að því leyti til að ég tel að það sé rétt að miðað við frádreginn beinan kostnað séu hlutirnir þannig að hér sé jafnvel um tvöföldun verðs að ræða, þ.e. þegar búið er að draga frá flutningskostnað og sölutoll, sölukostnað erlendis. En það gleymist ansi stór hlutur, og ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því og ég óska eftir að þar um komi frekari svör. Það er rýrnunin á þessum afla. Það er rýrnunin á þeim afla frá því að hann er sendur úr íslenskri höfn eða úr íslensku veiðiskipi þar til hann er seldur erlendis.

Mér er kunnugt um að flestir telja að rýrnunin sé að lágmarki 10%. Í öðrum tilfellum getur þessi rýrnun verið allt upp í 25%. Hver verður þá verðmismunurinn? Mér er kunnugt um að það gerist æ oftar að fiski er landað beint úr veiðiskipum í gáma án þess að vigtað sé þegar komið er í viðkomandi fiskihöfn. Það veit enginn hver rýrnunin er en mér er einnig kunnugt um að annar háttur var hafður á við þessar aðstæður á s.l. vori vestur á Snæfellsnesi. Þeir sem voru að landa í gáma vigtuðu fiskinn upp úr bátum. Síðan kom fram hvað mikið var selt erlendis. Reynslan varð sú að rýrnunin var 24%.

Það er hægt að slá upp svona tölum sýknt og heilagt í fjölmiðlum og jafnvel gefa um það svar hér á hv. Alþingi að verðmismunur hér að lútandi sé 80–100%, en þessar tölur eru ekki réttar nema sá þáttur sem ég hef hér nefnt sé einnig tekinn til greina. Ég óska eftir því við hæstv. ráðherra að við fáum frekari svör um þennan þátt í sambandi við verðviðmiðun á afla lönduðum hér heima og erlendis.

Sameinað þing, 38. fundur.

Þriðjudaginn 28. jan., að loknum 37. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Núna að loknu jólaleyfi þm. er óhjákvæmilegt að okkar mati að taka til umræðna ýmis mál sem fram hafa komið á stjórnmálavettvangi síðustu vikurnar. Það varð að samkomulagi með formönnum þingflokkanna og forseta Sþ. í gær að þessar umræður færu fram í dag með þeim hætti að fulltrúar allra flokka töluðu hér í upphafi 15–20 mínútur hver, ef ég man rétt, og síðan yrði umræðum hagað eftir því sem aðstæður leyfa. Þetta þykir mér ástæða til að taka fram þegar í upphafi þannig að ljóst sé öllum með hvaða hætti samkomulag var gert um þessar umræður.

Ég vil áður en ég vík að hinu almenna stjórnmálaástandi nefna hins vegar atriði sem hafa komið nokkuð til umræðna síðustu daga en snerta hugsanlegar breytingar á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Þannig er að fyrir þinginu liggur stjfrv. um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar sem gerir ráð fyrir breyttum kjördegi til sveitarstjórna frá því sem verið hefur og sömuleiðis því að um verði að ræða 18 ára kosningaraldur við sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Það er óhjákvæmilegt fyrir þingið þegar á fyrstu dögum þess að gefa mjög skýrar og afdráttarlausar

yfirlýsingar í þessu efni þannig að ljóst megi verða hver er vilji þingflokkanna til afgreiðslu á þessu máli. Ég vil fyrir mitt leyti láta það koma fram f.h. þingflokks Alþb. að við höfum lagt á það áherslu í viðræðum við fulltrúa hinna flokkanna að það verði þegar gefin út yfirlýsing um 18 ára kosningaraldur og að kjördagur verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. til breytinga á sveitarstjórnarlögum, þ.e. annan laugardag í júnímánuði. Ég held að nauðsynlegt sé að þessar upplýsingar komi fram í upphafi og væri fróðlegt ef fulltrúar annarra flokka gætu einnig greint frá afstöðu sinni í þessu efni.

Ég vil þessu næst víkja að nokkrum þeim málum sem fram hafa komið í stjórnmálaumræðum nú í jólaleyfi þm. Þessir atburðir sýna svo að ekki verður um villst að meðal stjórnarflokkanna er ekki samstaða um neitt annað en það að halda kaupgjaldinu niðri, enda má segja að ríkisstj. hafi fyrst og fremst verið mynduð til þess. Fjórir viðburðir sýna hins vegar ákaflega vel þau óheilindi milli manna og flokka sem einkenna stjórnarsamstarfið um þessar mundir.

Í fyrsta lagi vil ég í þeim efnum nefna svokallað Þróunarfélag þar sem það hefur gerst að forustumenn þessa félags hafa sagt af sér vegna pólitískra afskipta, að þeir segja, hæstv. forsrh. Ég spyr hæstv. forsrh. í tilefni af þessu máli: Lýstu ráðherrar Sjálfstfl. andstöðu við vinnubrögð forsrh. í þessu efni fyrir fram? Tók forsrh. málið aldrei upp í ríkisstj. varðandi ráðningu framkvæmdastjóra Þróunarfélagsins? Ef hvorugt hefur verið gert, sem ástæða er til að hafa uppi grun um, sýnir það glöggt þau óheilindi í stjórnarsamstarfinu sem hafa komið fram í vaxandi mæli að undanförnu og þó alveg sérstaklega óheilindin gagnvart kjósendum íhaldsins sem nú er af formanni Sjálfstfl. gefið í skyn að hann hafi aðra afstöðu í þessu máli en hæstv. forsrh.

Ég vil í öðru lagi nefna úr stjórnmálaumræðu liðinna vikna skattahækkanir Þorsteins Pálssonar hæstv. fjmrh. sem því miður getur ekki verið hér í dag vegna veikinda. Hæstv. fjmrh. hefur sett hvert skattametið á fætur öðru. Þungaskatti er mótmælt fyrir utan Alþingishúsið svo að segja daglega. Hringl með vörugjald hefur einkennt umræðuna einnig að undanförnu. Fyrstu hugmyndir ráðherrans í þeim efnum reyndust vera óframkvæmanlegar. Hann lýsti því yfir í fyrstu ræðu sinni sem fjmrh. að hann ætlaði að lækka tekjuskatt, en hann hætti við það aðeins nokkrum vikum síðar. Það er bersýnilegt að hæstv. fjmrh. hefur troðið sér inn í ríkisstj. á fölskum forsendum. Það er augljóst að hann getur ekki framkvæmt fyrirheit íhaldsins um skattalækkanir. Hann gengur þvert á móti lengra í skattahækkunarátt en forveri hans, hæstv. fyrrv. ráðherra fjármála Matthías Á. Mathiesen, sem var þó til þess tíma einn stærstur uppfinningamaður í skattamálum sem sögur fóru af í Stjórnarráði Íslands.

Það er einnig ljóst að ekkert hefur verið gert til þess að taka á þeim vanda sem blasir við í rekstri ríkissjóðs. Þar blasir við stórfelldur halli, og það er ljóst að það mun verða mjög örðugt fyrir stjórnina, miðað við þær forsendur sem hún byggir starf sitt á, að koma saman hallalausum fjárlögum fyrir árið 1987. Það er einnig ljóst, og það er alvarlegt umhugsunarefni, að hæstv. fjmrh. ræður ekki við útfærslu einfaldra praktískra verkefna. Bakarar hafa orðið að taka að sér að leiðbeina honum varðandi vörugjaldsálagningu. Ég hygg að það sé í fyrsta sinn um langt árabil sem fjmrh. er hrakinn til baka með embættisathafnir með þeim hætti sem nú hefur gerst með hæstv. ráðh. Þorstein Pálsson.

Þriðja dæmið sem ég ætla nefna úr stjórnmálaumræðu undanfarinna vikna eru yfirlýsingar fyrrv. hæstv. utanrrh. um að núv. hæstv. iðnrh. tali upp úr orðasafni kommúnista, eins og hann orðaði það, vegna þess að hæstv. iðnrh. vildi vefengja þau vinnubrögð sem uppi höfðu verið höfð varðandi kjötinnflutning til hersins á Keflavíkurflugvelli. Hæstv. fyrrv. utanrrh. talaði um það að í rauninni væri hæstv. iðnrh. að brigsla sér um landráð. Ég hygg að það sé algjört einsdæmi að ráðherrar í ríkisstjórn landsins beri slík orð hver á annan milli ólíkra flokka hvað þá heldur þegar um er að ræða ráðherra sama stjórnmálaflokksins. Þegar þannig er komið er bersýnilegt að slíkir ráðherrar eru ekki líklegir til að ráða fram úr flóknum verkefnum.

Ég vil í tilefni af þessu spyrja hæstv. iðnrh. hvernig á því standi að hann ætlar ekki að taka þessi mál upp á Alþingi eins og hann hafði þó lýst yfir að hann ætlaði að gera. Þó að málaflokkurinn heyri ekki undir hann er hann hér sem alþm. og er auðvitað skylt að fylgja eftir sannfæringu sinni samkvæmt því drengskaparheiti sem hann hefur gefið eins og aðrir alþm.

Fjórða atriði undanfarinna vikna ætla ég að nefna lauslega, en vísa kannske frekar til utandagskrárumræðna eftir nokkra daga. Það er Lánasjóður ísl. námsmanna. Þar hefur hæstv. menntmrh. komið fram með þeim hætti að algjört einsdæmi er á undanförnum árum ef ekki áratugum. Hæstv. menntmrh. sagði í þessum ræðustól áður en þinginu lauk: „Ég mun ekki fara aftan að námsmönnum. Ég mun standa við þau fyrirheit sem þeim hafa verið gefin.“ Alþingi var ekki fyrr farið heim í jólaleyfi en hæstv. menntmrh. sá ástæðu til þess að fara aftan að námsmönnum með því að gefa út nýja reglugerð um lán til námsmanna á síðari hluta námsársins 1985–1986. Ég er þeirrar skoðunar að þessi reglugerð sé með þeim hætti að hæstv. menntmrh. hafi gengið á bak orða sinna bæði gagnvart alþm. og námsmönnum. Og ég vil segja: Ákveðnar reglur tíðkast í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu og menn reyna eins og mögulegt er að haga orðum sínum þannig í umræðum eins og um þetta mál að menn séu ekki, að ætla má eftir á, vísvitandi að blekkja. Ég er þeirrar skoðunar, miðað við það sem eftir fór hjá hæstv. menntmrh., að hann hafi gert alvarlega tilraun til að blekkja þingið í þessu máli og því miður hafi margir þm. látið blekkjast vegna fyrirheita sem hann gaf úr þessum ræðustól og á fundi fjh.- og viðskn. Nd. Ég hef aldrei áður upplifað það sem stjórnarandstæðingur þann tíma sem ég hef setið í nefndum þingsins að ráðherra hafi með þessum hætti borið mál fyrir þingnefnd. Aldrei. Og ég vona að ég eigi aldrei eftir að upplifa slíkt á nýjan leik. Ef hæstv. ráðherrar ætla að iðka vinnubrögð af þessu tagi er verið að segja í sundur griðum, brjóta óskráð lög milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þessari stofnun — óskráð lög sem verða að vera til ef menn eiga að geta tekist á um málefnin með eðlilegum hætti.

En það hefur einnig verið ákaflega fróðlegt í þessu máli, herra forseti, að fylgjast með því hvernig Framsfl. hefur verið að reyna að hvítþvo sig í þessu lánasjóðsmáli. Ég las í blaði, reyndar besta dagblaði á Íslandi sem heitir Þjóðviljinn, að hæstv. forsrh. hefði kallað

hæstv. menntmrh. inn á teppið út af þessu máli og skammað hann. Ég hefði gjarnan viljað sjá þann viðburð, hvernig það gekk fyrir sig. (**JBH:** Ég líka.) Hv. 5. þm. Reykv. líka. Ég hugsa að við séum ekki tveir um það heldur fleiri. — Framsfl. samþykkti niðurskurðinn á Lánasjóði ísl. námsmanna, felldi brtt. stjórnarandstöðunnar um að hækka framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er hlálegt og hraklegt þegar Framsfl. er að reyna að gera sig sérstaklega dýrlegan í þessu máli því auðvitað ber hann alla ábyrgð á þessu eins og íhaldið nema hæstv. forsrh. gangi fram og biðjist lausnar fyrir menntmrh. sinn fyrir þau afglöp sem hann hefur unnið í þessu máli. Þá yrði hæstv. forsrh. maður að meiri. Á meðan yrðu framsóknarummælin í þessu eins og hver önnur ómagaorð, hver önnur tilraun Framsfl. til að þvo sig af verki sem hann ber fulla ábyrgð á.

Ég þekki hins vegar af eigin raun þessi vinnubrögð Framsfl. Á fyrri hluta kjörtímabils er hann gjarnan nokkuð í takt við samstarfsflokkinn. Eftir tvö ár eða svo fer hann að halla sér á sveifina með stjórnarandstöðuflokkunum. Á fyrri hluta síðasta kjörtímabils var hann mjög í takt við Alþb. Þegar tvö ár voru liðin fór hann hægt og bítandi, gráðu fyrir gráðu, dag fyrir dag að halla sér á sveifina með íhaldinu og stóð nokkuð þétt með því í verki og orði á fyrstu tveimur árum þessarar stjórnar. Núna er það þannig að formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Ingvar Gíslason, og hv. þm. Haraldur Ólafsson eru stöðugt að gefa yfirlýsingar sem gefa í skyn að framsókn gæti hugsað sér annað kompaní eftir næstu kosningar. Þetta er aðferðin sem framsókn hefur haft. Hún sveiflast þannig til. Hún er að meðaltali stöðupollur, *það er ljóst, en það eru ákveðnar hreyfingar í* þessum polli. Það má segja að þar gæti pólitískt séð flóðs og fjöru.

Ég hef hér nefnt fjögur dæmi um stjórnarsamstarfið sem blasa við þjóðinni frá síðustu dögum og ég held að það sé alveg ástæðulaust að nefna fleiri. Dæmin sýna að í þessu stjórnarsamstarfi vegur nú hver annan af bestu getu.

Tilefni þeirrar umræðu sem við erum að hefja nú er auðvitað m.a. það að skipt hefur verið um ráðherra í ríkisstj. Hæstv. fyrrv. utanrrh. Geir Hallgrímsson hefur látið af þeim störfum og við tekið hæstv. ráðh. Matthías Á. Mathiesen. Ég vil í þeim efnum ekki fara að ræða almennt um utanríkismálin, enda ástæðulítið vegna þess að hæstv. ráðh. hefur sagt að hann muni fylgja í einu og öllu vinnubrögðum fyrirrennara síns. Það er mál sem verða rædd hér síðar. En ég get ekki komist hjá því að benda á að hluti af þessum stólaskiptum felst í því að hæstv. fyrrv. utanrrh. er fluttur í Seðlabankann. Það var eins og kunnugt er mikið keppikefli íhaldsins fyrir síðustu alþingiskosningar að leggja Framkvæmdastofnunina niður og kommissarakerfið. Það var eitur í beinum þeirra og var meginkosningamál manna eins og hv. þm. Friðriks Sophussonar og slíkra talsmanna Sjálfstfl. Núna hefur verið tekin um það ákvörðun að skipta um heimilisfang á kommissarakerfinu. Það er ekki lengur hjá Framkvæmdastofnuninni við Rauðarárstíg heldur í Seðlabankanum. Kommissararnir í Framkvæmdastofnun hétu Sverrir og Tómas. Kommissararnir í Seðlabankanum heita Geir og Tómas. Ég er þeirrar skoðunar að þjóðin þurfi á því að halda að eiga miðbanka sem nýtur almenns pólitísks og víðtæks trausts. Ég tel að ákvörðunin um það að setja Geir Hallgrímsson inn í Seðlabankann styrki ekki þetta traust á Seðlabankanum. Ég tel að með þeirri ákvörðun sé verið að segja að Seðlabankinn sé pólitísk stofnun. Seðlabankinn er stofnun sem tekur undir og vinnur í raun og veru í samræmi við ákvarðanir íhaldsins. Framvegis er ekki meiri ástæða til að taka mark á Seðlabankanum en hverjum öðrum pólitískum samþykktum sem kunna að koma frá Sjálfstfl. þá og þá.

Ég tel að þessi tíðindi séu svo alvarleg að það sé óhjákvæmilegt að yfir það verði farið þegar kostur er á að skipt verði um alla bankastjóra Seðlabankans. Það er bersýnilegt að hér er um að ræða hápólitíska forustumenn sem hljóta að líta á sig sem slíka og munu þess vegna ekki geta verið ráðgjafar annarrar ríkisstjórnar í landinu en þeirrar sem nú situr.

Herra forseti. Ég hef farið hér yfir fáein mál. Ástæða hefði verið til að fara rækilega yfir kjaramálin. Það eru að hefjast kjarasamningar. Þar miðar ekki neitt. Þrátt fyrir batnandi stöðu þjóðarbúsins hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að Vinnuveitendasambandið vilji ganga til móts við verkalýðshreyfinguna í landinu. Kröfur verkalýðshreyfingarinnar eru um 8% kaupmáttaraukningu, en það er svipuð tala og nemur aukinni þjóðarframleiðslu á árunum 1983–1986. Það blasir einnig við um þessar mundir stórfelldur vandi í okkar atvinnuvegum, ekki síst í iðnaðinum. Það sjáum við af fréttum af fyrirtækjum eins og Víði, fyrirtæki eins og Heklu og fleiri slíkum fyrirtækjum í iðnaði sem nú eiga við verulegan vanda að stríða. Og það er einnig brýnt, einmitt um þessar mundir þegar bæði Landsbankinn og Útvegsbankinn búa við stórfelld vandamál, verulega slæma lausafjárstöðu í Seðlabankanum, að það verði tafarlaust tekið á skipulagsmálum bankanna. Allt rekur þetta á reiðanum. Það er ekki tekið á nokkru einasta máli.

Niðurstaðan er sem sagt þessi:

1. Það eru ríkjandi óheilindi milli stjórnarflokkanna og sérstaklega formanna stjórnarflokkanna sem núna bera brigslyrði hvor á annan.

2. Menntmrh. gengur á bak orða sinna gagnvart þinginu og sýnir því þar með sérstaka fyrirlitningu.

3. Innan annars stjórnarflokksins bera ráðherrar landráðabrigsl hver á annan.

4. Ekkert hefur verið tekið á skipulagsmálum bankanna og Seðlabankanum er breytt í flokksútibú Sjálfstfl. með atkvæðum framsóknarþingmanna rétt eins og gerst hefur á öðrum sviðum.

5. Ríkisstjórnin horfir aðgerðarlaus upp á hugsanleg átök á vinnumarkaði og stendur hundrað prósent með atvinnurekendavaldinu og afhjúpar þannig stéttareðli sitt.

6. Undirstöðuatvinnuvegir eru reknir með verulegum halla, nauðungaruppboð eru svo að segja daglegur viðburður og við iðnaðinum blasa sérstök vandamál.

7. Ríkissjóður er rekinn með halla og ríkisstj. mun eiga mjög erfitt með að koma saman fjárlögum fyrir árið 1987.

8. Viðskiptahalli frá því að þessi stjórn tók við nemur 15 milljörðum kr. Þannig hefur þessi stjórn aukið skuldasúpu þjóðarinnar erlendis.

9. Þróunarfélagið, sem átti að glíma við nýsköpun í atvinnulífinu, er nú dauðadæmt samkvæmt yfirlýsingu Þorsteins Pálssonar hæstv. fjmrh.

10. Það ber að minna á að í umræðum um mál að undanförnu hefur ekkert komið fram frá ríkisstj. og stjórnarflokkunum um vaxtamál annað en það sem kemur fram frá hv. 2. þm. Reykv. um nauðsyn þess að hækka almenna vexti.

Þetta liggur fyrir, herra forseti. Ríkisstj. er ekki vanda sínum vaxin. Ríkisstj. á að fara frá hið fyrsta og efna til kosninga. Eftir því sem stjórnin situr lengur magnast vandi heimilanna og framleiðsluatvinnuveganna. Tölurnar um landflóttann segja sitt: 700 manns úr landi umfram aðflutta á s.l. tveimur árum. Tillögur formanns Verslunarráðsins um að leggja niður krónuna segja líka sitt. Niðurstaðan er þessi: Með stólaskiptunum hefur auðvitað ekkert breyst. Vandinn hefur magnast og í stjórninni er enginn vilji, engin samstaða og engin geta til að taka á neinu nema halda niðri kaupgjaldinu í landinu.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Staða ríkisfjármála, verðbólguþróun, erlend skuldastaða, atvinnuástand, viðskiptakjör, framleiðni og hagvöxtur eru algengir mælikvarðar þegar lagt er mat á lífskjör, ástand þjóðmála eða árangur ríkisstjórna. En það er einnig hægt að nota aðra mælikvarða þegar lagt er mat á stefnu og árangur ríkisstjórna og lífskjörin í landinu. Sá mælikvarði er að því leyti mikilvægur að hann segir meira til um stefnu, hugsjónir og baráttumál stjórnmálaflokka sem og stjórnarstefnuna hverju sinni en allar hagtölur sem stjórnmálamenn bera þjóðinni á borð. Sá mælikvarði er hagur, velferð og líðan fólksins í landinu. Sá mælikvarði er hvernig eigna- og tekjuskiptingunni er háttað og hvernig húsnæðisstefnu við rekum. Sá mælikvarði er hvort tekjur launafólks nægja fyrir framfærslu heimilanna. Sá mælikvarði er hvernig búið er að þeim sem minna mega sín. Sá mælikvarði er hvernig stjórnvöld hverju sinni ganga fram í því að uppræta spillingu, misrétti, forréttindi og brask í þjóðfélaginu.

Það er fyrst og fremst þessi mælikvarði sem skiptir máli fyrir fólkið í landinu, fyrir það þjóðfélag sem við viljum búa því, fyrir alþýðuheimilin, fyrir húsbyggjendur og íbúðakaupendur sem berjast í bökkum og sem skiptir máli fyrir hag og velferð einstæðra foreldra og sjúkra og aldraðra í þjóðfélaginu. Ég hygg t.d. að frétt í einum fjölmiðli fyrir skömmu um að sextándi hver Reykvíkingur hafi þurft að leita eftir fyrirgreiðslu hjá Félagsmálastofnun segi fólkinu í landinu meira um árangurinn af stefnu og störfum þessarar ríkisstj. en verðbólgutölurnar sem Steingrímur og Þorsteinn nota sem helsta mælikvarða á ágæti stjórnarstefnunnar. Spyrja má: Hvers virði eru verðbólgutölur Þorsteins og Steingríms láglaunaheimilunum, þegar staðreyndin er sú að framfærslan verður sífellt erfiðari fyrir heimilin þrátt fyrir verðbólguhjöðnun í tíð þessarar ríkisstj., þegar staðreyndin er sú að árangur verðbólguhjöðnunar er nær alfarið á kostnað launafólks og þegar ávinningurinn skilar sér fyrst og fremst til braskara, forréttindahópa og þeirra betur settu í þjóðfélaginu?

Ég teldi nær fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að leita í smiðju til Félagsmálastofnunar en Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar ef þeir vilja draga einhvern lærdóm af stjórnarstefnu þessarar ríkisstj. og hvernig hún hefur leikið heimilin í landinu. Þá kæmust þeir að raun um að yfir 20% einstæðra foreldra þurfa að leita á náðir Félagsmálastofnunar eða 640 af um 3000 einstæðum foreldrum. Þá kæmust þeir líka að raun um að á framfæri sínu hefðu þessir einstæðu foreldrar 1000 börn 16 ára og yngri en það er tæplega fjórðungur allra barna einstæðra foreldra.

Ég hygg líka að sú staðreynd að áttundi hver ellilífeyrisþegi þurfti að leita til Félagsmálastofnunar segi hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. meira um áhrif stjórnarstefnu þeirra en hagtölur Nordals í Seðlabanka eða Jóns Sigurðssonar í Þjóðhagsstofnun. Og þegar reynt er að bæta sultarkjör láglaunafólksins í landinu leggjast hæstv. forsrh. og fjmrh. á sveif með grátkór Vinnuveitendasambandsins í Garðastræti. Í þeirra augum eru hagtölur grátkórsins í Garðastræti hinn heilagi sannleikur, en þeir loka augum og eyrum fyrir hagtölum heimilanna, þeirra verkamanna og verkakvenna sem fórna heilsu sinni, lífshamingju og fjölskyldulífi fyrir atvinnurekendavaldið en geta samt ekki brauðfætt sig og sína. Hvernig væri að Steingrímur og Þorsteinn kynntu sér hagtölur verkakvenna og verkamanna sem finna má í skýrslum Félagsmálastofnunar í Vonarstræti og hvíldu sig eitt augnablik frá grátkórnum í Garðastræti? Þá mundu þeir komast að raun um að 25% þeirra sem leita til Félagsmálastofnunar eru verkamenn og verkakonur sem eiga ekki fyrir brýnustu framfærslu heimilanna. Þá mundu þeir komast að raun um hvernig stjórnarstefnan hefur leikið sjálfsvirðingu einstæðra foreldra, verkamanna og verkakvenna sem þurfa að leita á náðir Félagsmálastofnunar með brýnustu framfærslu fjölskyldu sinnar þrátt fyrir langan vinnudag í atvinnulífinu.

Nýársgjöf hæstv. heilbr.- og trmrh. Ragnhildar Helgadóttur til sjúkra og aldraðra í þjóðfélaginu, sem var að stórhækka sjúklingaskattinn, er varla vitnisburður um það að hæstv. ráðh. viti að 36% þeirra sem leitað hafa aðstoðar Félagsmálastofnunar eru öryrkjar og sjúklingar. Þvert á móti taldi ráðherrann helst ráð að sækja peninga til sjúkra og aldraðra þegar rétta þurfti af slagsíðuna á hagtölum reikningsmeistara ríkisstj. Það sýnir vel áherslur og forgangsröðun þessarar ríkisstj., sem brýnir fyrir fólki sparnað og aðhald, að þessi sjúklingaskattur, nýársgjöf heilbrrh. til sjúkra og aldraðra, færir ríkissjóði 83 millj. á ári. Það er kaldhæðnislegt að þessi útgjöld skuli lögð á aldraða og sjúka á sama tíma og ríkisstj. er aflögufær til að kaupa eitt stykki áfengisútsölu fyrir 40 millj. og súrmjólkurstöð fyrir á annað hundrað millj. kr.

Það sýnir vel hvar ríkisstj. telur að helst eigi að leita peninga að í tíð þessarar ríkisstj. hefur þessi sjúklingaskattur hækkað um 340–733% á sama tíma og ellilífeyrir hefur aðeins hækkað um 125%, tekjutrygging um 182% og meðalkaup verkamanns um 114%. En það stendur ekki á ríkisstjórninni að veita fyrirtækjum og fjármagnseigendum skattalækkanir og vinna síðan upp tekjutap ríkissjóðs vegna þess með sjúklingasköttum og auknum byrðum á láglaunaheimilin. Sannleikurinn er sá að stjórnarstefnunni er ekki hagað í takt við raunveruleikann í daglegu lífi láglaunafólksins. Og eitt er víst að raunveruleikans í daglegu lífi launafólks er ekki að leita hjá Þjóðhagsstofnun eða Seðlabanka heldur má finna hann í skýrslum Félagsmálastofnunar eða hjá uppboðshöldurum og í öllum þeim fjölda nauðungaruppboða hjá fjölskyldum sem eru að missa eigur sínar undir hamarinn af því að stjórnarstefnan er aldrei slegin

í takt við raunveruleikann eða velferð og þarfir launafólks og láglaunaheimilanna.

Stjórnarstefna ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hefur fyrst og fremst haft þær afleiðingar að auka á misrétti í tekjuskiptingunni, að breikka bilið á milli þeirra sem betur mega sín og forréttindahópa annars vegar og hins vegar hins almenna launamanns og þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki mikinn tilgang í því að ræða verk ríkisstj., aðgerðir eða aðgerðarleysi í þinghléinu um jólin. Ríkisstj. hefur ekki brugðið út af vananum á þessum vikum. Hún hefur haldið áfram fyrri iðju sem er fyrst og fremst að leggja á skatta og standa í innbyrðis ágreiningi. Það breytir auðvitað engu um lífskjör fólksins hvort ráðherrar Sjálfstfl. telja tíma sínum best varið í innbyrðis deilur, hvort Geir Hallgrímsson brigsli Albert Guðmundssyni um landráð og kommúnistaáróður vegna deilna um hvort útlendingar á Keflavíkurflugvelli eigi að éta innlent eða erlent kjöt eða hvort Albert telji Geir rökþrota og tilgangurinn sé að flæma Albert úr ríkisstj. Það breytir auðvitað engu um lífskjör fólksins í landinu frekar en sviðsetningin með stólaleik ráðherra Sjálfstfl., frekar en það skiptir máli fyrir fólkið hvort Albert eða Þorsteinn er fjmrh. eða Birgir iðnrh. í stað Alberts eða Matthías utanrrh. í stað Geirs. Ekkert af þessu skiptir máli eða breytir nokkru fyrir launafólk. Fólkið er orðið vant því að ráðherrarnir séu allir uppteknir við að leika á fiðlu meðan Róm brennur. Meðan neyð ríkir hjá fjölda heimila er leikið á fiðlu og Þorsteinn og Steingrímur eyða tíma sínum í að rífast um hvor hafi beitt meiri pólitískum þrýstingi við að ota sínum tota í Þróunarfélaginu eða að Steingrímur og Páll þingflokksformaður eru uppteknir við að telja utanlandsferðir hvor hjá öðrum.

Það er spurning hvort það skiptir miklu máli hvort Þorsteinn baki bakara eða bakarar baki Þorstein í deilunni um skatt á sætabrauð og kökur eða hvort flugvallaskattur er 250 eða 750 kr. þegar fæstir geta leyft sér utanlandsferðir nema þá Páll þingflokksformaður og Steingrímur forsrh. Þessir skattar sýna fyrst og fremst hvers vænta má af nýjum fjmrh. Þorsteini Pálssyni, þ.e. að brjóta endanlega kosningaloforð íhaldsins um skattalækkanir og skattpína almenning og heimilin eins og kostur er. Skattahækkanir fjmrh. í jólaleyfi þingmanna eru bara viðbót við þá miklu skattpíningu sem launafólk hefur mátt þola í tíð þessarar ríkisstj. ofan á skerðingu launa um 25–30%, ofan á samdrátt í félagslegri þjónustu og árás á velferðarkerfið. Sjúklingaskattur hæstv. heilbrrh., valdníðsla hæstv. menntmrh. í málefnum Launasjóðs ísl. námsmanna og skattagleði hæstv. fjmrh. sýna eitt: Þau sýna að stólaskiptin hafa þær afleiðingar að enn verður hert að heimilunum.

Hér mætti auðvitað, herra forseti, nefna mörg dæmi um það hvernig íhaldið hefur svikið sín kosningaloforð, t.a.m. kosningaloforðin sem gefin voru í kosningunum 1983. Þá gaf íhaldið út bækling sem það nefndi „Frá upplausn til ábyrgðar.“ Það má nefna að í þeim bæklingi eru gefin kosningaloforð um að veita 80% lán til íbúðakaupa. Hvað hefur orðið um það kosningaloforð? Þar stendur enn fremur að Sjálfstfl. vilji afnema tekjuskatt á almennar launatekjur. Það loforð hefur einnig að verulegu leyti verið svikið.

Sjálfstfl. tíundaði í þessum bæklingi tvo kosti, annars vegar væri það vinstri stefnan í verki, eins og þeir kölluðu það, og hins vegar stefna Sjálfstfl. Sjálfstfl. sagði að vinstri stefna í verki væri t.a.m. sú að erlendar skuldir hafi aldrei verið meiri og nemi nú helmingi af allri framleiðslu þjóðarinnar, eins og segir í þessum bæklingi 1983.

Hver er staðan nú, hver er hægri stefnan í verki? Hún er sú að erlendar skuldir hafa aldrei verið meiri en nú og nema ekki bara helmingi af allri þjóðarframleiðslu heldur yfir 60%.

Í þessum kosningabæklingi íhaldsins, þar sem talað er um vinstri stefnu í verki, er sagt að þriðji hver fiskur, sem dreginn sé úr sjó, fari í að greiða afborganir og vexti af erlendum skuldum.

En hver er hægri stefnan í verki? Hver er staðan nú varðandi afborganir og vexti af erlendum skuldum? Það fer ekki bara þriðji hver fiskur, sem dreginn er úr sjó, í að greiða afborganir og vexti af erlendum skuldum heldur nálgast það að vera annar hver fiskur. Þetta er hægri stefnan í verki.

Herra forseti. Ég tel að öllum sé það ljóst, jafnvel ráðherrunum sjálfum, að einskis sé að vænta af þessari ríkisstj. En svo vænt þykir ráðherrum Sjálfstfl. og Framsfl. um stóla sína að þeir setja þá ofar hagsmunum fólksins í landinu. Ríkisstj. er í raun óstarfhæf vegna innbyrðis ágreinings, í hann eyðir ríkisstj. tíma sínum í stað þess að takast á við vandamálin sem alls staðar eru óleyst og blasa við. Meira að segja málgögnum stjórnarflokkanna er farið að blöskra getuleysi ríkisstj. sem kannske kemur best fram í stórauknum erlendum lántökum og slæmri stöðu ríkissjóðs sem ekki hefur staðið verr um langan tíma og hefur staðan versnað um 3000 millj. á einu ári.

Nefna má dæmi sem auðvitað vegur ekki þungt í ríkisbúskapnum en segir nokkuð um siðferðisvitund ráðherranna. Orð ráðherra um aðhald og sparnað í ríkisrekstri hafa auðvitað enga merkingu í augum þjóðarinnar þegar ráðherrarnir spara hvergi sjálfir sem best sést á því að rekstrarkostnaður á bílum þeirra getur numið allt að sex mánaða dagvinnulaunum verkafólks og bifreiðahlunnindum á einu ári má jafna til átta árslauna verkafólks.

Herra forseti. Það er aðeins ein ályktun og niðurstaða sem hægt er að draga af stjórnarstefnu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og gjörðum einstakra ráðherra í ríkisstj. Ríkisstj. hefur misst öll tök á efnahagsvandanum. Sitji hún áfram mun það enn auka á efnahagsvandann og misréttið í eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Nú er búið að lýsa hér í ræðum ýmsum uppákomum síðustu vikna og missera og ég held að það væri kannske dálítið fróðlegt að athuga hvort þetta eigi sér einhverja aðra uppsprettu en ósamlyndi á stjórnarheimilinu eða eitthvað þess háttar. Ég held að svo sé. Ég held að stjórnmálum okkar megi lýsa með öðrum samnefnurum, þ.e. í fyrsta lagi miðstýringu, fámennisvaldi og hagsmunaárekstrum, og ég ætla að gera það að umræðuefni vegna þess að ég tel að það sé undirstaðan og rótin að því sem við höfum séð hér að undanförnu.

Miðstýringin er arfur frá stríðsárum, býsna lífseig. Grunntónn hennar er sá að fólk kunni ekki að hafa vit

fyrir sér, hafi ekki vit á því sem það er að segja eða gera. Þetta birtist okkur á ýmsan hátt, t.d. í landbúnaðarstefnu, sjávarútvegsstefnu, í peningastefnu sem fylgt er í landinu. Síðast birtist okkur þetta í dálítið ruglingslegum ummælum hæstv. menntmrh. Sverris Hermannssonar sem mér skilst að ætli að fara að úthluta peningum til námslána og velja þar námsgreinar og fólk eftir einhverri undarlegri forræðisstefnu sem að vísu á eftir að fá á nánari skýringar.

Til þess að hafa þessa stjórn á öllum hlutum þarf auðvitað að setja upp stofnanir. Við þekkjum þessar stofnanir, Framleiðsluráð, Búnaðarfélag, sem í raun stjórna öllum málum landbúnaðarins, þannig að landbrn. er eins og símsvari eða í besta falli símaklefi frá þessum stofnunum. Við þekkjum dæmi í sjávarútvegi og iðnaði, við þekkjum sjóðakerfið sem er ekkert annað en angi af þessum sama hugsunarhætti, að láta forræðið ráða og hafa vit fyrir fólki. Við þekkjum dæmin af þessu í sambandi við æðstu fjármálastofnanir þjóðarinnar, ríkisbankana, Seðlabanka, Framkvæmdastofnun eða Byggðastofnun eða hvaða nafni sem þessi fyrirtæki nefnast, þetta eru allt saman greinar á þessum sama meiði.

Þessum stofnunum er síðan stjórnað þannig að þó að *kannske einhverjum í einfeldni sinni þætti eðlilegt* að ríkisstjórnin stjórnaði þessum stofnunum sem handhafi framkvæmdavaldsins, þá er alls ekki svo. Þá koma allir stjórnmálaflokkarnir til sögunnar og þeir líta ekki á stjórnarfarið eða stjórnarkerfið sem leiðir til að styrkja lýðræði og réttindi fólks heldur leiðir til að styrkja flokksræði og réttindi stjórnmálaflokka. Þeir koma þessum stofnunum upp og síðan koma þeir sér og þjónum sínum í þessar sömu stofnanir alveg án tillits til þess hver er niðurstaða kosninga í landinu og hver fer með ríkisstjórn. Sumt hafa þeir sett í lög og um annað er bara ágætt samkomulag að allir skuli fá að eiga þar sinn mann.

Við þekkjum síðan stóru deildaskiptingarnar í þessu valdakerfi þar sem framsókn er með landbúnaðarkerfið og SÍS, Alþfl. og Alþb. eru með verkalýðshreyfingu og Sjálfstfl. er með atvinnurekendur, stórfyrirtækin í landinu, svo sem sölusamtökin.

Þessar miðstýringartilhneigingar birtast okkur síðan í fámennisstjórn vegna þess að brennipunktum valdsins er safnað saman á fáa staði og þar fara síðan gjarnan sömu mennirnir með völdin eða halda í taumana. Á þessa staði raða flokkarnir síðan mönnum sem þeir treysta.

Um þetta þekkjum við fjölmörg dæmi. Ég ætla að taka nöfn úr umræðu síðustu daga. Ég ætla t.d. að nefna til sögunnar Davíð Sch. Thorsteinsson. Hann er í miðstjórn Sjálfstfl., hann er í bankaráði Iðnaðarbankans, hann er afgerandi í ýmiss konar stefnumörkun Sjálfstfl. í atvinnu- og fjármálum, fyrrv. formaður Félags ísl. iðnrekenda og hefur á úrslitastundum oft verið spurður að því hvort hann mundi ekki gefa kost á sér í formennsku Sjálfstfl. þegar hún er á lausu.

Ég nefni annað dæmi. Þorsteinn Ólafsson er í miðstjórn Framsfl., hann var í framkvæmdastjórn Framsfl., hann er aðstoðarmaður forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga sem er valdamesta fyrirtæki í landinu, hann er formaður stjórnar Samvinnusjóðsins sem á að verða eitthvert sterkasta fjárfestingarfyrirtæki í landinu, hann er formaður stjórnar Íslandslax sem á að verða stærsta laxakompaní í landinu, hann er áhrifamaður um pólitíska stefnumörkun flokksins, hann samdi m.a. hina nýju stefnu flokksins sem var birt á miðstjórnarfundi á Akureyri þegar Framsfl. uppgötvaði framtíðina, fór úr vaðmálsfötunum og kúskinnsskónum og reyndi nýjan búning 20. aldarinnar sem virðist reyndar ætla að fara honum heldur illa.

Stundum taka þessi flokkstengsl á sig dálítið sérstaka mynd. Ég nefni til Val Arnþórsson. Hann er í framkvæmdastjórn framsóknar, hann er formaður stjórnar SÍS, hann er kaupfélagsstjóri KEA, hann er formaður kaffibaunafabrikkunnar fyrir norðan, hann er formaður stjórnar prentsmiðjunnar sem prentar Dag sem hann er líka formaður stjórnar fyrir.

Menn geta síðan í sakleysi sínu velt því fyrir sér hvers vegna það geti komið sér vel að tengja saman Framsfl., SÍS, KEA og prentsmiðjuna og eina dagblaðið á Norðurlandi.

Þannig birtist okkur fámennisstjórnin sem er afleiðing af þessari miðstjórnarstefnu. En svo birtist okkur fámennisstjórnin að nýju og hún er vaðandi í hagsmunaárekstrum því að auðvitað geta menn ruglast á hlutverkum sem hafa kannske tíu, fimmtán á hendi. Við þekkjum dæmi um erfiða hlutverkaskipan þegar *hinum fáu útvöldu kann að verða dálítið erfitt að finna* sína réttu stóla.

Ég nefni hv. þm. Stefán Guðmundsson sem eitt sinn var formaður stjórnar Steinullarverksmiðju, formaður Framkvæmdastofnunar, alþingismaður, kjörinn af Norðurlandi vestra þar sem verksmiðjan er staðsett, alþingismaður, væntanlega berandi hagsmuni heildarinnar fyrir brjósti. Það hefur líklega komið sér vel þegar alþm. samþykkti aðild ríkisins að þessari verksmiðju til þess að stjórn verksmiðjunnar gæti síðan gengið á fund Framkvæmdastofnunar og mælt með því að aðilar verksmiðjunnar fengju lán til að koma þessari verksmiðju á fót.

Ég nefni hv. þm. Halldór Blöndal í bankaráði Búnaðarbanka, í stjórn Byggðastofnunar og alþingismann. Það er engin furða þótt hv. þm. sjái ekki mikla ástæðu til að Norðlendingar fái heimastjórn. Hann heldur þar um alla tauma sem hann telur að þeir þurfi.

Við getum nefnt til fleiri og fleiri slík dæmi. Ég tel að þessi einkenni miðstýringar, flokksræðis og fámennisstjórnar og hagsmunaárekstra séu í raun og veru mergur málsins hér í dag. Við getum bara athugað þau mál sem hafa risið hæst á undanförnum vikum. Hvað með Þróunarfélagið? Þróunarfélagið varð *til* vegna mikillar óánægju, ekki síst sjálfstæðismanna, með Framkvæmdastofnun sem menn töldu of pólitíska. Síðan var sett á fót ný stofnun, Byggðastofnun, sem átti að taka við hinum byggðalega þætti Framkvæmdastofnunar sem menn hafa kannske talið pólitískastan.

Loks var sett á stofn alveg glæný og ópólitísk stofnun sem heitir núna Þróunarfélagið. Þar voru settir algjörlega ópólitískir menn. Sjálfstfl. t.d. setti þar Davíð Sch. Thorsteinsson og Hörð Sigurgestsson. Varamenn þeirra eru algjörlega ópólitískir, Björn Þórhallsson varaforseti ASÍ og Gunnar Ragnars frá Akureyri. Framsfl., kannske í gegnum SÍS eða eitthvert af sínum kompaníum, setti síðan alveg ópólitískan miðstjórnarmann frá sér, Þorstein Ólafsson. Þannig er komið upp algerlega ópólitísku kompaníi.

Hvað gerist síðan? Það sem við erum að sjá núna eru

nákvæmlega þessi átök flokksræðisins og fámennisvaldsins. Þarna eru Sjálfstfl. og Framsfl. að togast á um skæklana. Það er síðan spurning um hentistefnu hverju sinni hvernig sá ágreiningur er látinn birtast, hvort hann er látinn koma eins vel upp á yfirborðið og hann gerði núna. Það hentar stundarhagsmunum þeirra, sjálfstæðismanna, að láta talsvert á því bera að þeir séu óánægðir með Framsfl. og óánægðir með stjórnina.

Þróunarfélagsmálið er angi af þessum samnefnurum sem ég minntist á áðan. Var ekki Hafskipsmálið líka af nákvæmlega sama toga, fámennisstjórnunar? Við munum eftir tengslum Sjálfstfl. í því máli og við munum eftir því hvernig aðrir þögðu þar um eins lengi og þeim var almennilega stætt á að þegja.

Hvað með Húsavíkurtogarann? Við fengum lifandi lýsingar á því í blöðunum núna í jólafríinu hvernig áformum um útboð og einhvers konar viðskipta- og arðsemissjónarmið var á einni nóttu snúið upp í hreinan farsa þar sem t.d. hluti löggjafans hljóp inn og út úr bönkum, stofnunum og sjóðum hér í Reykjavík, pantaði skýrslur, afhenti skýrslur og útvegaði skýrslur og kippti í spotta. Síðan kemur út eitthvað allt annað og algerlega óskiljanlegt sem á ekki neitt skylt við arðsemis- eða viðskiptasjónarmið.

Maður getur spurt sig hvort þeim þm. hefði ekki verið nær að reyna að setja þannig lög í landinu að svona hlutir þurfi ekki að koma fyrir, t.d. setja þannig lög um fiskverð og gjaldeyrisverslun í landinu að ekki þurfi að koma upp árlega einhvers konar Húsavíkurtogaramál.

Við sjáum fyrir okkur gauraganginn sem verður í kringum raðsmíðaskipin. Það verður nú fjör. Þá verða pantaðar skýrslur og þá munu einhverjir léttstígir kjördæmapotarar læðast hægt um laut og gil og reyna að útvega sínum mönnum skip og styrki einhvers staðar. Þar munu flokkarnir togast á og tala við sína menn í viðkomandi sjóðum og stofnunum.

Við getum séð fyrir okkur gauraganginn sem verður í kringum launasamningana. Þar munu flokkarnir tala við sína menn, hvort sem það verður Björn Þórhallsson eða jafnvel hv. þm. sem eru forvígismenn í þessum verkalýðssamtökum. Ég fullyrði að það verða hagsmunir flokkanna sem munu ráða því hvað kemur út úr launasamningum, t.d. hagsmunir flokkanna með tilliti til sveitarstjórnarkosninga og með tilliti til hugsanlegra alþingiskosninga í haust. Það eru þessar kosningar sem ráða því hvernig menn standa að launasamningum. Menn munu ekkert vera að hugsa um hagsmuni launafólks eða hagsmuni heildarinnar, menn munu spyrja sig: Hentar það okkar pólitísku hagsmunum að þjarma að þeim?

Við getum haldið þessu áfram, við getum rakið þetta allt til þessara sömu hluta. Hvað með Geir Hallgrímsson og Seðlabankann? Þar hefur bersýnilega þótt vísast að láta fámennið, flokksræðið og miðstýringuna ráða með því að formanni Sjálfstfl. — ég segi formanni Sjálfstfl., hann er nýlega hættur því — og um leið einhverjum valdamesta manni þjóðarinnar er skotið þar inn fyrir þetta gullna hlið, inn á þetta torg hins eilífa friðar, þar sem bílakjör, risna og lífeyriskjör, sem ekki eru aðgengileg öðru fólki í þessu landi, munu tryggja öllum þar himnaríkissælu.

Ég tel að þessi mál eigi sér öll þessa samnefnara. Þetta væri svo sem allt í lagi ef menn gætu síðan sýnt fram á að það skilaði góðu búi. En hvernig er búið? Lítum í kringum okkur. Það er góðæri til sjávar og sveita. Við fáum dag eftir dag upplýsingar um það í öllum fjölmiðlum að það hafi verið metafli, góð verð, landbúnaður ætti að blómstra samkvæmt öllum venjulegum formúlum, það er gott veður, það er meira að segja næstum hætt að vera vetur á Íslandi.

En hvað gerist síðan? Lífskjör fara versnandi, erlendar skuldir fara hækkandi, fyrirtæki lognast út af. Ýmis þessara dæma hafa verið rakin hér í dag. Þetta er ekki gott bú.

Menn geta tekið eldri dæmi, til að mynda Kröflu sem er ávöxtur þessa sama hagsmunapots, þessarar hagsmunavörslu og þessara hagsmunaárekstra. Hvað kostar Krafla okkur núna? Hún kostar okkur jafngildi 10% launahækkunar fyrir alla opinbera starfsmenn á einu ári. Það er nú bara nokkuð. Svo fara menn hér í blóðug verkföll svo vikum skiptir og reyna að kría út 1 og 2 og 3% út úr samningum. Hvernig væri að líta á það hvernig kerfið fer með peningana?

Svona birtast okkur ávextir þessa valdakerfis. En málið er að þetta er ekkert verra en vant er. Ég hefði getað staðið hér í fyrra eða hitteðfyrra eða árið þar áður, við hefðum kannske verið að tala um önnur mál, það hefðu kannske verið aðrir menn sem við hefðum talið upp, það hefðu kannske verið aðrir flokkar í valdaaðstöðunni, en þetta er innbyggt í þetta kerfi. Og þetta verður alltaf svona nema við breytum skipulaginu.

Við verðum að rífa þetta valdakerfi upp með rótum. Fólk er að byrja að skilja þetta. Fjöldahreyfingin með fylkjunum t.d. fyrir norðan er dæmi um þetta. Fjöldahreyfingin með fylkjaskipulaginu er sjálfstæðisbarátta, hún er sjálfstæðisbarátta fólks sem neitar því að þurfa að láta allan sinn póst og allar sínar langanir fara í gegnum einhverja þingmenn sem þeir kusu og sitja svo hérna fyrir sunnan. Þetta er ekki tæknileg aðgerð, þetta er grundvallarkerfisbreyting. Þetta er eitt dæmi um það að það er að fæðast nýr skilningur í íslenskri pólitík og vei þeim sem ekki skilja.

Fylkjahugmyndirnar eru einmitt það að fólk er að hafna forræði þessa flokkakerfis og er að hafna því að þurfa að fara sífellt í gegnum póstlúgur þingmanna sinna, það vill fá að ráða sér sjálft. Málið er það að þessum breytingum verður ekki náð með því að alþingismenn einir fjalli þar um vegna þess að sagan sýnir að menn saga aldrei greinina sem þeir sitja á sjálfir.

Eina leiðin í þessu er að það þarf að boða til þjóðfundar. Þjóðin á að kjósa sér fólk sem kemur saman og hefur það eina hlutverk að semja nýja stjórnarskrá, nýjar grundvallarreglur sem eru ekki til sóunar og eru ekki til kúgunar og afnema flokksræðið. Við verðum að mínu mati að byrja frá grunni. Sá á að vera lærdómur þessara vikna og þessara missera.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Þm. hittast nú að loknu jólaleyfi og má ætla að þeir hafi ekki verið aðgerðarlausir en nýtt tíma sinn til þess að hafa samband við kjósendur, kynna sér ýmis mál og safna kröftum til að reka mál sín hér á þingi.

Það sem hér er fyrst og fremst til umræðu eru athafnir stjórnarinnar á þessum tíma sem þing hefur ekki setið. Það er lítil nýlunda í vinnubrögðum hennar, herra forseti, þar kveður allt við sama tón. Þó má segja að

offors hæstv. menntmrh. skeri sig nokkuð úr og hafa menn ekki lengi séð jafn fádæma hrokafull og skilningssljó vinnubrögð þó ýmsu séu þeir nú vanir. Er það bæði gagnvart Lánasjóði ísl. námsmanna, og bera margir nú kvíðboga fyrir afdrifum hans, og einnig við embættisveitingar. Þessi hæstv. ráðh. mun þó ekki sitja fyrir svörum í dag og því mun ég ekki beina orðum mínum frekar til hans, þó að brýn ástæða sé til, en bíða til fimmtudags.

Það eru mörg mál sem minnast mætti á í þessari umræðu en ég mun einungis minnast á nokkur þeirra. Sá halli á ríkissjóði, sem stjórnarandstaðan sá fyrir og boðaði við umræðu fjárlaga á sínum tíma, hefur nú verið staðfestur og nemur 2,5 milljörðum kr. Þessi staða er alvarleg og hefur ekkert heyrst frá ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. hvernig á að mæta henni. Því vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. eða staðgengil hans, sem hér mun tala á eftir: Hvernig hyggst hann og ríkisstj. mæta þessum halla upp á 2,5 milljarð kr.?

Á sama tíma og þessi staðreynd er gerð kunn berast tölur um eyðslu vegna bílakostnaðar ráðherra. Auðvitað þurfa ráðherrar ekki síður en aðrir að komast leiðar sinnar snurðulaust svo að þeir megi reka erindi sín án mikilla tafa. Hins vegar eru þau samgöngumál bæði illa skipulögð og óhóflega dýr. Auk þess er þarna um óþarfa flottræfilshátt að ræða sem ráðherrar ættu ekki að láta glepjast út í. Það hlýtur að mega leysa þau mál öðruvísi en nú er, þó þannig að markmiðinu sé náð, þ.e. að flytja mennina úr einum stað í annan, en að minna fé sé til þess eytt.

Sama gildir um fríðindi til ráðherra varðandi bílakaup sem við vorum minnt á með mynd í dagblaði nú nýlega. Þetta er ósmekklegur óþarfi og undrast ég að ráðherrar geti varið slíkt fyrir samvisku sinni eða þá þjóðinni. Og ekki er það skárra þegar svo illa stendur á fyrir ríkissjóði eins og nú, það er beinlínis móðgun við þjóðina. Risna og eyðsla hins opinbera hefur ekki verið dregin saman sem skyldi og verður að standa mun betur að því að minnka hana.

Það var klaufalega staðið að skattaálögum og undarlegt að ekki skuli hafa verið betur hugað að framkvæmdum. Hvers vegna var ekki hugað betur að stöðu ferðamála áður en skellt var á flugvallarskatti? Prentaðir höfðu verið bæklingar og kynningarstarfsemi hafði verið rekin erlendis með venjulegum fyrirvara, sem er langur, þegar þessi skattur var lagður á. Þetta veldur ferðamannaþjónustunni svo augljósum vandræðum að undarlegt má teljast að svo illa skuli að málum staðið af ríkisstj. sem þegar hefur lýst sig hlynnta því að efla þann atvinnuveg sem ferðamannaþjónusta er. Má ég spyrja hæstv. fjmrh. eða staðgengil hans: Hvers vegna var svo illa að þessu máli staðið?

Aukið gjald á kókur og brauð er aðgerð sem stríðir ekki bara gegn þeirri innlendu iðngrein sem bakarar stunda og gæti leitt til aukins innflutnings á erlendum vörum sem þar að auki eru fullar af rotvarnarefnum, hún er líka fjandsamleg þeim sem reka heimili og hafa það innan verksviðs síns að útbúa kaffibrauð fyrir heimilisfólk. Þetta gjald vinnur því gegn konum, einkum þeim konum sem eru útivinnandi og hafa lítinn tíma til baksturs. Hugleiddi hæstv. fjmrh. það?

Málefni Þróunarfélagsins, sem hefur verið drepið á hér í umræðunni, kjötmálið og uppboð á togurum snerta öll það undarlega og fallvalta samstarfsmynstur sem ríkir á milli stjórnarflokkanna og jafnvel milli einstakra ráðherra eða þingmanna innan sama flokks. Sú þreyta, önuglyndi og vandræði, sem þetta stjórnarsamstarf hefur leitt af sér, minnir á slæmt hjónaband, þar sem ávinningur af sambúðinni er orðinn harla lítill eða hverfandi en neikvæðu áhrifin yfirgnæfandi. Og í þessari samlíkingu má heldur ekki gleyma því hve slæm áhrif slíkt hjónaband hefur á börnin. Og víst má vera að mörg landsbörnin eru orðin illa farin af þessari sambúð og mál að linni.

Það blés ekki byrlega fyrir Þróunarfélaginu í byrjun og virtist ætla að ganga erfiðlega að safna til þess nægu fé. Svo fór þó að lokum að það tókst að afla því nægilegs fjár til þess að orðið gæti lífvænlegt. Þetta fé og þau völd og áhrif, sem því og félaginu fylgja, hafa samt orðið bitbein fyrir pólitísk átök um hagsmunagæslu en það er tilbrigði við gamalt stef, eins og hv. 4. landsk. þm. reifaði hér áðan.

Það sem er þó e.t.v. alvarlegast við feril þessarar ríkisstj. eru ekki þær smágárur sem myndast á yfirborðinu á ferli hennar, ekki stormarnir í vatnsglösunum. Fregnir af slíkum veðrum eru í raun dægurmál. Það sem er alvarlegast er undiraldan. Það eru forsendurnar sem ríkisstj. byggir stefnu sína á, forgangsröðun þeirra markmiða sem hún hefur sett sér og aðferðir hennar við að ná þeim markmiðum.

Þrátt fyrir barlóm hafa ýmsar ytri aðstæður ekki verið betri í lengri tíma hér á landi. Eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir minntist á í umræðum um fjárlög er gert ráð fyrir lækkandi vöxtum og lækkandi olíuverði á heimsmarkaði á næstunni. Þessi spá er nú óðum að rætast og hlýtur sú staðreynd að koma íslensku efnahagslífi til góða, hlýtur reyndar að koma því jafnvel og háir vextir og hátt olíuverð komu sér illa áður.

Aflamagn hefur einnig verið meira á s.l. ári en nokkru sinni áður. Þetta er metaflaár í sögu landsins og þriðja hæsta aflaár í sögunni hvað varðar verðmæti afla.

Ytri skilyrði eru því batnandi og betri en oft áður. Þessi ríkisstj. hefur haldið illa á spilum sínum. Nú situr hún með nokkuð góða hendi og öllu skiptir hvernig úr er spilað. Ríkisstj. hefur ekki sýnt að hún verðskuldi það traust þjóðarinnar að hún fái að klúðra þeirri góðu stöðu sem nú býðst. Þess vegna á hún að fara frá.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að verða hér ordmörg um þær fjölbreytilegu uppákomur sem núverandi ríkisstj. hefur staðið fyrir á undanförnum vikum. Það hafa þeir ræðumenn gert sem hér hafa á undan mér talað og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hefur þar um fjallað fyrir hönd Kvennalistans. Ég hef hins vegar þrjár brennandi og beinar spurningar sem ég vil nota þetta tækifæri til að beina til hæstv. forsrh. og til fjmrh. eða staðgengils hans hér í dag, hv. þm. Friðriks Sophussonar, en á fundi þingflokksformanna, forseta og forsrh. í gær var ákveðið að þessi umræða hér í dag mundi einkum beinast að þeim málefnum sem eru í verkahring þessara ráðherra og umræða um aðgerðir menntmrh. bíða fram til fimmtudags. Þær spurningar, sem ég vil beina til forsrh. í þessari umræðu og til forsvarsmanns fjármála landsins þessa stundina, eru þessar:

Í fyrsta lagi, hvernig hefur ríkisstj. hugsað sér að mæta þeim gífurlega halla sem varð á ríkissjóði á síðasta

ári og þeim halla sem fyrirsjáanlegur er á ríkissjóði á þessu ári? Á að gera það með auknum erlendum lántökum? Á að gera það með auknum skattaálögum á þjóðina eða á að gera það með auknum sparnaði og þá hvaða sparnaði? Við þessum spurningum á íslenska þjóðin heimtingu að fá svör vegna þess að svörin munu snerta daglegt líf hennar náið um mörg ár í framtíðinni og því ber ég þessa spurningu hér fram.

Önnur spurningin sem mig langar til að beina til þeirra forsvarsmanna ríkisstj. sem hér sitja fyrir svörum er: Hvernig má það vera að nú þegar hvert aflaárið siglir í kjölfarið á öðru, og það síðasta eitthvert albesta aflaár í sögu nútímaútgerðar á Íslandi, virðist þjóðarhagur ekki taka nokkrum framförum ef marka má síendurtekin ummæli ráðamanna í íslensku þjóðfélagi, bæði innan þings og utan, um erfiða tíma, efnahagsþrengingar og hertar sultarólar? Hvernig má það vera að silfrið úr sjónum skili engu í sameiginlega sjóði landsmanna þeim öllum til hagsbóta? Þessu vil ég fá svör við hér á eftir.

Þriðja spurningin sem ég vil beina til forsvarsmanna ríkisstj. í dag er: Á hvern veg hafa þeir hugsað sér að halda á kjarasamningum við opinbera starfsmenn á næstunni? Ég spyr einungis um opinbera starfsmenn því það er í verkahring ríkisstj. að semja við þá en ekki aðra aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna spyr ég: Á hvern veg hafa þeir hugsað sér að halda á kjarasamningum við opinbera starfsmenn á næstunni?

Í því efni hef ég margar spurningar:

Í fyrsta lagi spyr ég: Hvers vegna eru samningaviðræður ríkisins og opinberra starfsmanna ekki þegar komnar á skrið þegar samningar hafa verið lausir í nærri mánuð? Hafa einhverjar samningaumleitanir farið fram eða situr ríkisstj. aðgerðarlaus í þessum málum, eins og á haustdögum 1984, og bíður eftir óveðrinu?

Í öðru lagi: Hvaða kjarabætur hyggst ríkisstj. bjóða opinberum starfsmönnum í þessum samningum? Hver verður launastefna ríkisstj. nú í kjölfar þess mikla aflaárs sem ég gat um áðan og góðra almennra efnahagsskilyrða? Hyggst hún leiðrétta þá kjaraskerðingu sem hún stóð fyrir fyrir nærri þrem árum? Og hyggst hún leiðrétta hlut opinberra starfsmanna gagnvart þeim sem starfa í einkageiranum? Við þessum spurningum vil ég fá skýr svör.

Í þriðja lagi: Hvers vegna hafa kjör kennara ekki þegar verið leiðrétt, eins og lofað var fyrir margt löngu síðan? Og hvernig hyggst ríkisstj. launa þeim sem sjá eiga um uppfræðslu barnanna okkar í framtíðinni? Við þessu vil ég líka fá skýr svör.

Og að lokum: Hvernig hyggst ríkisstj. leiðrétta það kynbundna launamisrétti sem á sér stað meðal opinberra starfsmanna, eins og alls staðar annars staðar á vinnumarkaðinum? Hvernig hafa hæstv. ráðh. hugsað sér að taka á því máli nú í kjölfar kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna og í kjölfar nýsamþykktra laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla og — ekki má gleyma því — í kjölfar nýsamþykkts alþjóðasamnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum?

Ef hæstv. forsrh. ætlar að svara mér því til, eins og hann gerði í haust, að það þurfi að kanna þessi mál betur áður en hafist sé handa er það hrein bábilja og enn ein undanfærslan því þegar liggja fyrir yfrið nógar upplýsingar, kannanir og úttektir á þessum málum. Leiðrétting á því launamisrétti, sem hér um ræðir og sem nú viðgengst, snýst um pólitíkskan vilja og ekkert annað og um það er spurt. Við þessum spurningum öllum vonast ég til að fá svör.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Þá stöndum við hér, rétt eina ferðina, í utandagskrárumræðum. Að þessu sinni almennt um stjórnmálaástandið. Ég álít hins vegar að umræður sem þessar þjóni í raun og veru harla litlum tilgangi, sérstaklega þegar þær eiga sér stað oftar en einu sinni á sama þinginu.

Það eru svo mörg mál sem eru brýn og sem nauðsynlega þurfa á umfjöllun að halda þannig að þau geti fengið afgreiðslu. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að þessi mál koma fram í dagsljósið í umræðunum hér í dag og hafa raunar gert það nú þegar. Ég álít samt sem áður að tímanum hefði verið betur varið til þess að fara rækilega ofan í kjölinn á hverju máli fyrir sig. Í slíkum tilfellum getur að sjálfsögðu verið bráðnauðsynlegt að hafa um þau utandagskrárumræðu, eins og þá sem ætlað er að verði á fimmtudag, og að þau fáist þá þar með rædd ef ekki í tengslum við frv. og þál. þar að lútandi.

Það er t.d. brýnt að taka á húsnæðisvandanum. Það þarf að taka þann málaflokk til rækilegrar umfjöllunar þannig að ljóst verði hvert þeir sem völdin hafa eru að stefna. Getur einhver svarað því hvert stefnt er í þeim málaflokki? Það efast ég um. Það er varla til nokkur maður sem hefur trú á því lengur að eitthvað raunhæft sé að gerast á vegum ríkisstj. hvað húsnæðismálin varðar. Það situr allt við það sama hvað varðar aðgerðarleysi ríkisstj. Á meðan svo er berst fólk um, það fólk sem er að reyna að koma þaki yfir höfuð sér, og reynir með öllu mögulegu móti að klóra í bakkann meðan kviksyndi skuldafensins læsir sig enn fastar um það og kemur klónum fyrir með endanlegu taki. Það er e.t.v. verið að bíða eftir því að húsbyggjendur taki sig saman og hætti að borga af skuldum sínum.

Það virðist vera orðið máltæki, eða nánast eins og hálfgerður kækur hjá hinum unga fjmrh. okkar hæstv., að taka sér í munn setningar eins og hann gerði þegar hann tók við embætti hinn 16. október s.l., setningar eins og þessa, með leyfi herra forseta:

„Þjóðin á mikið undir því að vel takist til við ákvarðanir á næstu vikum og mánuðum.“ Þetta virðist vera orðið honum tamt því að síðan hef ég margoft heyrt hann segja ýmislegt þessu líkt. En því miður sjáum við þess nú engin merki að einhverjar þær ákvarðanir hafi verið teknar sem þjóðin hafi átt mikið undir, í það minnsta ekki á þann veg að það hafi komið henni neitt til góða. En e.t.v. leggur hæstv. fjmrh. ekki þann skilning í merkingu þeirra orða sem hann raðar saman og notar að þau eigi að hafa í för sem sér einhverja þá framkvæmd er geri það að verkum að árangur sjáist af þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Þá á ég við slíkan árangur að fólkið í landinu fari að bera það úr býtum sem það á skilið fyrir þann ómanneskjulega langa vinnutíma sem það vinnur. Það þarf að gera þær kröfur að hér þurfi menn ekki að berjast í bökkum til þess eins að halda húsnæði sem hart hefur verið lagt að sér við að eignast, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að yfirlýst stefna ríkisstj. er sú sem kölluð hefur verið sjálfseignarstefna í húsnæðismálum. Hæstv. fjmrh. hefur einnig oft haft á orði og þá gjarnan

í framhaldi af setningunni frá 16. október, sem ég minntist á áðan, um að þjóðin eigi mikið undir því að vel takist til við ákvarðanir á næstu vikum og mánuðum, og setningu í framhaldi af henni, með leyfi herra forseta:

„Þær munu ráða miklu um framgang mála í okkar þjóðfélagi, þær munu ráða miklu um það hvort við getum náð betra jafnvægi í efnahagsmálum, stuðlað að auknum hagvexti og bætt lífskjörin í landinu."

Hver kannast ekki við tugguna? En hefur eitthvað gerst? Hefur einhver sú ákvörðun verið tekin sem gerir það að verkum að náðst hafi betra jafnvægi í efnahagsmálum? Hefur hagvöxtur aukist? Getur einhver sagt með hreinni samvisku að lífskjörin í landinu hafi batnað? Hvað er það þá sem menn eiga við með svona tali? Halda þeir að það sé ekki tekið eftir því þegar svona orð eru látin falla þegar tækifæri bjóðast? Hugsanlega eru þau látin falla til þess eins að láta blekkingarvef hylja hinn raunverulega tilgang sem hlýtur að vera að slá ryki í augu þeirra sem til heyra og vonast eftir úrbótum. Það er verst að hæstv. fjmrh. skuli vera fjarverandi í dag, sem er vegna veikinda.

Það er jafnljóst að hæstv. fjmrh., eða staðgengill hans, verður að svara fyrir hvers vegna honum hefur mistekist. Honum hefur mistekist að færa fram þær ákvarðanir sem taka átti á næstu vikum og mánuðum að því er hann sagði í október. Honum hefur mistekist að ná betra jafnvægi í efnahagsmálum, stuðla að auknum hagvexti og bæta lífskjörin í landinu. Þess vegna er það skylda hæstv. fjmrh. eða staðgengils hans að gera okkur grein fyrir hvers vegna honum hefur mistekist og hvað það var sem varð þess valdandi að honum mistókst að ná þeim markmiðum sem hann setti sér í upphafi ferils síns sem fjmrh. Einnig ber honum skylda til þess að gera grein fyrir því hvað það er sem hann hyggst taka til bragðs þannig að þessi markmið geti orðið að veruleika.

Í ræðunni þann 16. október voru það ákvarðanir næstu vikna sem skiptu sköpum. Þjóðin átti mikið undir því að vel tækist til með þessar ákvarðanir. Ég hef hins vegar ekki séð þess nein merki að teknar hafi verið neinar þær ákvarðanir sem skipt hafi sköpum fyrir þjóðina. Það einasta sem maður hefur orðið var við er ómerkilegt pex milli ráðherra. Og þá ekki síst milli ráðherra innan sama flokks. Það er nákvæmlega þess vegna sem, eins og ég sagði í upphafi máls míns, mér finnst umræður eins og þessar svo óumræðilega lítils virði og tilgangslausar. Það verður að gera þær kröfur til ríkisstj. að hún kynni sér hver hinn raunverulegi vandi fólksins í landinu er. Því næst verður að gera þær kröfur til ríkisstj. að hún takist á við og hefjist handa við að leysa hann.

Ef ríkisstj. tækist nú á við að leysa þennan vanda þjóðarinnar í stað þess að eyða tíma sínum og orku í sífellt stapp við að leysa innanbúðarvandamál sín væri vel. Þessi sífellda naflaskoðun er ekki bara óþægileg, heldur einnig ónauðsynleg. Og það sem meira er, hún er einnig algjör sýndarmennska og ómerkilegt sjónarspil.

Það er greinilegt að um er að ræða algjört stefnuleysi ríkisstj. Þrátt fyrir það að á sínum tíma var veifað með miklum glæsibrag framan í landsmenn hinum 25 punktum sem stuðla áttu að framþróun nánast allra þeirra þátta sem gera áttu lífvænlegt að búa hérlendis þá virðist allt slíkt nú kafna í skoðanaágreiningi. Menn virðast ekki á nokkurn hátt koma sér saman.

En þjóðin á heimtingu á því að ríkisstj. leysi úr skoðanaágreiningi sínum og að stýrt verði með styrkri hendi út úr erfiðleikum þeim sem þjóðin á við að etja. Það á ekki að líðast að hver ráðherrann á fætur öðrum sé með yfirlýsingar sem engan veginn standast nánari skoðun. Sjálfstfl. virðist hins vegar hafa mestan áhuga á því einu að fleyta sér á öndvegissúlum borgarstjóra í land í komandi kosningum til borgarstjórnar í vor.

En þar er ekki einu sinni land fyrir stafni. Sem dæmi *má taka að óskabarn Sjálfstfl. frá því í vor, sem þá var* frjálst útvarp, er nú ekki lengur á óskalista þeirra. Þeir þurfa ekki lengur á því að halda, og það er vegna þess að þeir hafa náð tökum á einokuninni í Ríkisútvarpinu. Þannig er það sýnt að þeir haf ekkert að gera lengur við frjálst útvarp. Þess vegna minnast þeir sem minnst á það nú orðið. Og þar með er liðagigt þeirra, þar sem er Ísfilm, nú u.þ.b. að liðast í sundur.

Það sama er að segja um afrek hæstv. menntmrh. Sverris Hermannssonar í kringum Lánasjóð ísl. námsmanna. Og þrátt fyrir að Háskólinn hafi stefnt að opnum háskóla og telji það vera heilladrjúga leið í menntamálum þjóðarinnar, þannig að best komist til skila jöfn aðstaða til náms hvar sem er á landinu, og þá ekki síst að slíkur opinn háskóli muni ekki kosta nema brotabrot af því sem háskóli fyrir norðan kostar, er það eitt af fyrstu embættisverkum hæstv. menntmrh. Sverris Hermannssonar að tilkynna það að hann ætli sér að færa báknið út og stofnsetja háskóla fyrir norðan. En hann sagði reyndar nú í hádegisfréttum að hann ætti bara eftir að afla sér stuðnings við ákvörðun sína í ríkisstj.

Það er þess vegna greinilegt að það er ekki til nein heildarstefna í verkum þessarar stjórnar. Og það er augljóst að hæstv. forsrh. stjórnar ekki þessari ríkisstj. Hæstv. ráðh. komast hver af öðrum upp með yfirlýsingar, aðgerðir og ákvarðanir sem hæstv. forsrh. er greinilega alls ekki á sama máli um. Yfirlýsingar eru gefnar út í fjölmiðlum þrátt fyrir að málin hafi ekki svo mikið sem verið rædd á fundum ríkisstj. og því síður að fengist hafi fyrir þeim samþykki eins og ég gat um með fréttir í hádegisútvarpi í dag. En það er auðvitað lágmark að þess verði krafist af forsrh. þessa lands að hann sjái til þess að ráðherrarnir fylgi þá eftir yfirlýsingum sínum og hann veiti þeim lausn frá embætti samkvæmt því sem þeir eru að láta hafa eftir sér í fjölmiðlum þar að lútandi hver af öðrum.

Nýjasta dæmið er að finna í Þjóðviljanum í dag, þar sem hæstv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, segir, með leyfi herra forseta: „Ég ætla að standa og falla með ákvörðunum mínum í þessu máli." Þessi orð lét hann falla í viðureign sinni við Lánasjóð ísl. námsmanna. Skyldi maður hafa heyrt aðrar eins eða þvíumlíkar yfirlýsingar í svipuðu samhengi áður? Ég er ansi hrædd um það. En þá kemur óhjákvæmilega að því að maður fer að velta fyrir sér hvað það er sem mennirnir meina með því „að standa og falla með ákvörðunum sínum". Það sem maður hefur séð af því hingað til hefur einna helst falist í því að draga til baka ummæli sín, segjast mega hafa skoðun á málinu, og að aðrir megi hafa sína skoðun á málinu, o.s.frv. Þessar yfirlýsingar eru allar óábyrgar og ekkert mark á þeim takandi.

Óhjákvæmilega hefur komið til tals hér í dag sú

álykun að Seðlabankinn sé að verða dvalarheimili fyrir aldraða stjórnmálamenn. En það er eitt sem við verðum að hafa í huga í þessu sambandi: Þetta er og á að vera banki bankanna og þar á að gæta flokkspólitísks hlutleysis. Þessi banki á samkvæmt lögum að vera ríkisstjórnum til ráðuneytis. Þetta á að vera ráðgefandi peningastofnun. Það er hins vegar enginn að tala um það að þessir stjórnmálamenn, sem um ræðir og tekið hafa við stöðum í umræddum banka, séu á neinn hátt óheiðarlegir menn eða óhæfir sem slíkir. Spurningin stendur ekki um það. Hún stendur hins vegar um það að þetta er ekki og átti ekki að vera atvinnubótavinna, hvorki þegar um er að ræða ráðherradóminn né stöðu seðlabankastjóra. Það fer hins vegar ekki hjá því að þessir menn eru í gegnum árin sterklega mótaðir af pólitískri afstöðu sinni og þess vegna verður erfitt fyrir þá að koma að gagni þeim ríkisstjórnum sem hafa önnur flokkspólitísk sjónarmið en viðkomandi bankastjóri. Þess vegna verður að gera kröfu um það að þessari stöðu gegni fagmaður.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hér hafa verið fluttar margar ræður. Ég verð hins vegar að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að þær hljóma ansi mikið eins og endurtekningar og er fátt nýtt sem mér þykir hafa komið fram.

Ég skal reyna að svara því sem til mín hefur verið beint eins og ég frekast get og koma að nokkrum öðrum atriðum sem mér þykir nauðsynlegt að minnast á.

Hv. síðasti ræðumaður taldi að ekkert hefði verið gert í húsnæðismálum. Ekki veit ég hvort þetta er skortur á upplýsingum — vel má það vera — eða hvort hv. ræðumaður hefur bara ákveðið að svona sé þetta. Staðreyndin er þó sú að útlán til húsnæðismála hafa aukist frá 1980 úr u.þ.b. 1,3% þjóðarframleiðslu í 3,6%, eða m.ö.o. ekki aðeins aukist, margfaldast að krónutölu, heldur einnig að raungildi. Þar hefur verið gert verulegt átak til að aðstoða þá ýmsu húsbyggjendur sem eiga í miklum erfiðleikum vegna þeirrar aðlögunar sem íslenska þjóðin gengur nú í gegnum að allt öðru ástandi á fjármagnsmarkaði, aðlögunar sem er óhjákvæmileg frá neikvæðum vöxtum í raunvexti. Til þeirra mála hefur verið varið nokkrum hundruðum millj. kr., ég segi nokkrum hundruðum millj., því á vegum Húsnæðisstofnunar var varið um 300 millj. kr. á síðasta ári í þessu skyni, en við það bætast síðan stórar upphæðir á vegum bankanna í lengingu lána. Mér er það fullkomlega ljóst að margir húsbyggjendur eiga engu að síður í erfiðleikum. En ég hygg þó að það sé staðreynd að afar mörgum hefur verið hjálpað á þennan máta. Starfað hefur milliþinganefnd í húsnæðismálum sem náði víðtæku samkomulagi enn um aðgerðir á þessu sviði sem eru nú að koma til framkvæmda.

Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að vissulega eiga launamenn að bera úr býtum það sem þeim ber og það er of lítið eins og nú er ástatt einmitt í ýmsum grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar. Ég verð hins vegar að segja það að mér þótti engin skýrsla sem ég hef séð nú alllengi ljótari en skýrsla kjararannsóknarnefndar um launakostnað í íslenskri fiskvinnslu. Þar kom fram að tímalaun í íslenskri fiskvinnslu eru miklu lægri hér en í Danmörku og Noregi, mig minnir allt að helmingi lægri. En það kom einnig fram að launakostnaður á hvert kíló af unninni vöru er u.þ.b. 50–60% hærri hér en hjá þessum keppinautum okkar. Þetta er vitanlega ákaflega alvarlegt mál, mjög alvarlegar upplýsingar og kannske ein af skýringunum á því að okkur hefur ekki tekist að halda hér þeim lífskjörum sem okkur tókst um tíma. Við keppum við aðrar þjóðir í niðurgreiddri fiskvinnslu, en erum með svona langtum, langtum minni afköst hjá okkur en þar eru. Því fer víðs fjarri að ég sé að kenna fiskvinnslufólki um þetta. Þar er margt hæft fólk sem leggur sig fram. Staðreyndin er hins vegar sú að það er langtum meiri tilfærsla á fólki hér innan fiskvinnslunnar, langtum meira um það að sumarvinnufólk leysi af á sumrin, miklu minna um það að fastráðið fólk starfi hjá fiskvinnslunni árum saman.

Það er líka alveg rétt að ormurinn sem við eigum við að stríða í fiskinum veldur hér miklu um. Það er einnig eflaust rétt að það veldur óhagkvæmni að fiskvinnsluhúsin hér eru langtum, langtum minni en t.d. í Danmörku, þar sem eitt fiskvinnsluhús er jafnstórt og 20 meðalhús hér á landi. Þetta eru allt saman staðreyndir sem við verðum að glíma við og að sjálfsögðu að reyna að leysa, reyna að leysa með framförum á sviði tækninnar. Ég held að þetta sé eitt af allra stærstu viðfangsefnum nú á næsta leiti. En því nefni ég þetta að þetta er í raun lykilatriði þegar við erum að tala um það að bæta hér kjör, bókstaflega lykilatriði. Við verðum að leysa þetta mál og um það er núna mikið fjallað.

Hv. þm. taldi yfirlýsingar ráðherra miklar og taldi að forsrh. ætti að leysa þá frá störfum. En staðreyndin er eins og margoft hefur verið sagt að íslenskir ráðherrar hafa mjög mikið sjálfræði sinna mála samkvæmt stjórnarskránni. Ég get tekið undir það með hv. þm. að vitanlega verða ráðherrar að fara varlega í yfirlýsingar og geta staðið við það sem þeir segja. En sú ábyrgð hvílir þá fyrst og fremst á þeim sjálfum eins og íslensk stjórnarskrá er. Sum mál eru tekin upp í ríkisstjórn, önnur ekki. Mjög mörg mál eru afgreidd eðlisins vegna af viðkomandi ráðherrum og í viðkomandi ráðuneytum.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir beindi til mín nokkrum spurningum. Því miður óttast ég að ég geti ekki svarað þeim öllum svo hún verði ánægð með. Hún spurði í fyrsta lagi hvernig ætti að mæta halla s.l. árs. Halli s.l. árs er aukin skuld ríkissjóðs og verður að breyta í lengra lán, og er gert, og verður svo að greiðast niður með öðrum skuldum ríkissjóðs. Ríkisstj. treystir sér ekki til að afla tekna með nýjum sköttum og þess háttar til að greiða þennan halla, þótt það hafi út af fyrir sig verið mjög gagnrýnt eins og skuldastaða þjóðarbúsins er.

Ég vil alls ekki gera því skóna, eins og virðist nú gert af ýmsum hv. þm., að halli verði á þessu ári. Þegar eru hafnar á vegum fjmrh. víðtækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir það. Það eru viðræður við öll ráðuneyti um það hvernig mæta megi auknum kostnaði sem verða kann á þessu ári. Við vitum ekki hve mikið. Það fer eftir verðbólgunni. Það verða ræddar leiðir til þess að draga úr kostnaðarhækkun o.s.frv. Þannig að ég vil alls ekki gera því skóna að halli verði og það er eitt af mikilvægum stefnumiðum þessarar ríkisstj. að ríkissjóður verði hallalaus og að því verður unnið með öllum ráðum.

Hv. þm. spyr: Hvernig í ósköpunum má það vera að lífskjörin hafa ekki endurheimst þrátt fyrir töluvert miklar framfarir og endurvöxt þjóðarframleiðslunnar, ef ég má orða það svo. Á árunum frá 1982–1983 féll

þjóðarframleiðslan um u.þ.b. 8%. Á síðasta ári batnaði hún um u.þ.b. 2%. Þannig að við höfum þarna út af fyrir sig töluvert eftir að vinna. Það sem kannske er alvarlegast í þessu sambandi er að á undanförnum fjórum árum, á sama tíma og þjóðarhagur hér hefur að meðaltali staðið nokkurn veginn í núllinu, ef farið er aftur til ársins 1981, þá hefur í öllum löndunum í kringum okkur orðið verulegur vöxtur í þjóðartekjum á hvern mann. Ber þar náttúrlega hæst Japan, þar sem vöxturinn hefur orðið um 25%. Jafnvel í Evrópulöndunum, þar sem þessi vöxtur hefur verið miklu minni, er þó um 11–12% vöxtur þjóðartekna á þessum sama tíma. Þetta er alvarlegt mál og má bæta við að núna er yfirleitt spáð u.þ.b. 3–3,5% vexti þjóðarframleiðslu, en hér á landi rúmlega 2%. Þetta er viðfangsefni sem verður að takast á við því að öll viljum við að sjálfsögðu endurheimta fyrri lífskjör og að lífskjör hér verði sambærileg við það sem er í okkar nágrannalöndum.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að hagur hafi almennt batnað á síðasta ári. Ég tel að það komi fram í þeirri staðreynd að kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst á s.l. ári um u.þ.b. 6%. Það var mikil hækkun. Ég held því miður að það sé meiri hækkun en atvinnuvegirnir gátu staðið undir og er m.a., þó alls ekki eitt sér, valdandi þess að verðbólgan náðist ekki eins langt niður á síðasta ári og að var stefnt. Viðskiptahalli varð og meiri en æskilegt hefði verið.

Hv. þm. spurði um kjarasamninga opinberra starfsmanna og viðræður við þá. Ég get fullvissað hv. þm. um það að þær viðræður eru hafnar á vegum fjmrh. Hann hefur gert mér grein fyrir því. En ég treysti mér ekki til að ræða nánar hér á hinu háa Alþingi um stöðu þeirra viðræðna eða hvað þar er fram undan. Ég vil fullvissa hv. þm. um að þar verður ekkert legið á neinu. Það verður unnið kappsamlega að því að ná þar endum saman. Eins og fram hefur komið hafa opinberir starfsmenn lagt á það mikla áherslu að varðveita lífskjörin, eins og þeir kalla það. Það gæti leitt til lífskjarasamnings sem ég tel að sé mjög athyglisverð hugmynd, sem kom fram á s.l. ári og mjög vert er að athuga, því vitanlega er það sem um þarf að semja en ekki falskar launahækkanir sem renna út í sandinn og leiða til aukinnar verðbólgu.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir ræddi töluvert um slæmt hjónaband o.s.frv. Ég held ég megi fullvissa hana um það að mörg hjónabönd eru verri en hjá þessari ríkisstjórn. Við höfum einsett okkur að ræða deilumálin og gerum það í langflestum eða öllum tilfellum. Við höfum lagt sum slík mál til hliðar. Við höfum kappkostað að hlaupa ekki með slíkt í fjölmiðla þótt ég viðurkenni að það hafi komið fyrir. Þannig að ég vil fullvissa hana um það að ef önnur hjón höguðu sér svona eins og við reynum að gera þá væri miklu betur ástatt hér á landi í hjónaböndum en raun ber vitni. Hún þarf því ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu út af fyrir sig.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson ræddi mikið um miðstýringuna o.s.frv. Ég er ekki sammála því sem hv. þm. boðar hér á Alþingi dag eftir dag og viku eftir viku og mánuð eftir mánuð. Hann ræddi í nokkra mánuði um ferðir til tunglsins, o.s.frv., en nú er það aðallega um miðstýringuna. Ég held að hv. þm. Guðmundur Einarsson kunni að verða stórum hæfari til að taka þátt í íslensku atvinnulífi af því að hann hefur setið á Alþingi og fengið að kynnast þar ýmsum þáttum þjóðlífsins sem hann kannske þekkti ekki áður. Ég mundi a.m.k. treysta honum miklu betur til þess heldur en ég treysti honum áður.

Ég er t.d. algerlega ósammála hv. þm. að það sé óeðlilegt að Alþingi kjósi bankaráð eins og hann hefur oft nefnt. Ég man ekki hvort hann nefndi það áðan. Ég tel ekkert óeðlilegt að Alþingi hafi eftirlit með svo mikilvægum stofnunum í þjóðfélaginu eins og ríkisbönkunum. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisbankar séu óhjákvæmilegir, m.a. til þess að ná þeim kjörum á erlendum lánamörkuðum sem einkabankar ná ekki. Ég hef síðar en svo á móti einkabönkum. Þeir eiga að fá að þróast og verða öflugir, en ég held að ríkisbanki eða bankar séu óhjákvæmilegir og með þeim eigi Alþingi að hafa eftirlit. Ég álít það eðlilegt. Ef þeir menn sem hafa verið kjörnir til þess eru ekki taldir gera það þá á Alþingi að skipta um þá menn. En ég held að ýmsir hafi reynst vel í því starfi.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti sína venjulegu ræðu og skal ég ekki fara mörgum orðum um hana. Það er vitanlega alveg rétt hjá henni að afkoma fólksins í landinu er stór mælikvarði og ég fullyrði að afkoma fólksins hafi batnað þótt ég viðurkenni um leið að hún er hjá mörgum alls ekki nægilega góð og margt þurfi þar að lagfæra og er við það leitast.

Ég vil hins vegar fullvissa hv. þm. um það að þátttaka sjúklinga í sjúkrakostnaði hefur aðeins verið hækkuð til samræmis við verðlagið í landinu og þess verið gætt að halda þeim kostnaði innan þeirrar hundraðstölu sem að undanförnu hefur yfirleitt verið í þessu sambandi. Ég minni hv. þm. á að t.d. hefur þess verið gætt að hækka minna hjá þeim sem ellilífeyris njóta og að sjálfsögðu hjá sjúklingum sem stöðugt þurfa á ákveðnum lyfjum að halda. Það er greitt að fullu af sjúkrasamlagi. Þess hefur verið gætt og vandlega athugað að slíkt væri innan þeirra eðlilegu marka sem verðlagshækkanir hafa sett, en ég get út af fyrir sig tekið undir að það eru allt of miklar hækkanir.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom að nokkrum málum og mun ég reyna að svara honum. Ég vil taka undir það með hv. þm. að sjálfsagt er að kosningaraldur verði 18 ár og eðlilegt að kjördagur verði eins og nú liggur fyrir í frv. á hinu háa Alþingi. Ríkisstj. hefur rætt þetta mál og er fullkomlega sammála um að vinna að því að svo verði og að þetta verði langsamlega eðlilegast gert með því að afgreiða það frv. sem liggur fyrir Alþingi. Mér er tjáð að það geti mjög fljótlega komið frá þeirri nefnd sem það nú er í og ætti þá að geta fengið sæmilega skjóta ferð í gegnum Alþingi. En það er alveg rétt hjá hv. þm. að þetta þarf að liggja fyrir. Ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti að ég lít svo á að 18 ára kosningaraldur sé ákveðið mál og kjördagur verði eins og lagt er til nema hið háa Alþingi breyti kjördegi. Ég hef heyrt skiptar skoðanir meðal þm. um það. Það þyrfti fljótlega að koma í ljós og kemur væntanlega í ljós þegar nefndin skilar sínu áliti.

Hér var nokkuð rætt um Þróunarfélagið og spurði hv. þm. ákveðinna spurninga um það. Ég vil í því sambandi vekja athygli á fáeinum atriðum.

Þegar ákveðið var að stofna Þróunarfélagið var það að sjálfsögðu gert í þeirri von að frá svokölluðum einkageira eða hvað ég á að nefna það kæmi umtalsvert fjármagn í þessu skyni. Nú er það staðreynd að sett hafa verið á fót ýmis fyrirtæki af einkaaðilum í þjóðfélaginu

eða atvinnufyrirtækjum á þeirra vegum sem hafa sama markmið. Ekki er nema hið besta um það að segja. Það verður að segjast eins og er að mér þótti og ég hygg mörgum fleiri allt of lítið fjármagn koma frá þessum aðilum í Þróunarfélagið. Þar er langmest um ríkisfé, þar er um 100 millj. kr. hlutafé frá ríkissjóði að ræða, og fé frá bönkum eða ýmsum opinberum sjóðum. Stafar það eflaust af því að einkaaðilar hafa talið æskilegt að verja sínu fjármagni á annan veg. Það er svo, þrátt fyrir að til fjögurra ára lánar ríkissjóður þeim sem þess óska helming af því fjármagni sem einkaaðilar leggja til félagsins. Sömuleiðis vek ég athygli á því að ríkissjóði er heimilt að veita ríkisábyrgðir fyrir 500 millj. af lánsfé sem Þróunarfélagið kann að taka til starfsemi sinnar. Ég held að því verði þess vegna alls ekki neitað að þetta félag er mjög háð stuðningi ríkissjóðs.

Ég er þeirrar skoðunar að þegar svo er ástatt eins og varð raunin beri bæði fjmrh., sem fer með fjármál ríkissjóðs, og mér, sem samkvæmt lögum fer með málefni félagsins, nokkur skylda til að reyna að hafa áhrif á að þar sé vel með farið og veljist menn til starfsins sem við berum traust til. Þegar lagt var til við mig að Davíð Scheving Thorsteinsson yrði formaður félagsins féllst ég á það því að ég ber traust til Davíðs Schevings og tel að hann geti vel sinnt þeim málum þannig að öruggt sé. Þegar ég vakti athygli á manni sem var á lausu og hefur reyndar verið viðurkennt af öllum að sé mjög hæfur maður í framkvæmdastjórastarfið taldi ég það sömuleiðis mjög eðlilegt. Ákvarðanir eru hins vegar að sjálfsögðu stjórnarinnar og eru teknar þar með atkvæðum hennar.

Hv. þm. spurði hvort þessi mál, eins og ákvörðun um formann eða ákvörðun um framkvæmdastjóra, hefðu verið lögð fyrir ríkisstj. Það er ekki. Þetta er ekki að mínu mati ríkisstjórnarmál eftir að félagið var sett á fót. Hann spurði sömuleiðis að því hvort athugasemdir hefðu verið gerðar af hálfu ráðherra Sjálfstfl. við þá ábendingu sem ég gerði um mann í framkvæmdastjórastöðu. Það hafa engar slíkar athugasemdir borist til mín né hafa komið athugasemdir frá ráðherrum svo að ég viti um val þess formanns sem var í félaginu.

Hv. þm. ræddi töluvert um skattaálögur. Ég vil segja um það í örfáum orðum að í þeirri stöðu sem nú er, þegar leggja verður svo mikla áherslu á að ríkissjóður verði hallalaus, ég álít það grundvallaratriði í efnahagsmálum nú, var ákveðið að hverfa frá þeirri skattalækkun sem áður var ráðgerð og sömuleiðis frá breytingum á tollalögum sem ég tel reyndar að séu ákaflega brýnar og margir fjármálaráðherrar hafa unnið að. Þar er orðinn, eins og hv. þm. veit, hinn mesti frumskógur og þarf að leiðrétta. En það sýndi sig, þrátt fyrir mikla yfirlegu, að ekki væri unnt án umtalsverðs tekjutaps að ryðja þann frumskóg. Þessu var frestað, því miður, til að leggja áherslu á að halda hallalausum fjárlögum.

Aðrir skattar og gjöld sem hafa verið hækkuð voru hækkuð beinlínis á grundvelli þeirra hækkana sem orðið hafa í þjóðfélaginu síðan þessi gjöld voru síðast leiðrétt. Ýmis þessi gjöld höfðu ekki verið leiðrétt um nokkur ár. Þess vegna eru þær leiðréttingar sem nú eru gerðar vissulega í sumum tilfellum mjög miklar. Ég veit að þær koma sumum mönnum á óvart. En í þessari yfirferð upplýsti fjmrh. að þess yrði gætt í öllum höfuðatriðum að leiðrétt yrði með tilliti til hækkunar verðlags.

Hv. þm. taldi öruggt að halli yrði á fjárlögum þessa árs. Ég hef komið að því. Ég hef sagt að á það verði lögð mjög mikil áhersla að svo verði ekki. Það er reyndar nauðsynlegt í þeirri stöðu efnahagsmála sem nú er.

Hv. þm. kom nokkuð að svonefndu kjötmáli. Um það skal ég segja þetta: Þegar ég ákvað að biðja þrjá lögfræðinga að skila áliti var það að sjálfsögðu ekki bindandi fyrir ríkisstj. á nokkurn máta. Ég tel hins vegar að álitið sé vel unnið. Það hefur a.m.k. sannfært mig um að utanrrh. sé heimilt að leyfa þennan innflutning. Skal ég ekki fara mörgum orðum um það, en vek þó athygli á að lögin frá 1928 fjalla ekki fyrst og fremst um bann við innflutningi á kjöti heldur um varnir gegn gin- og klaufaveiki. Það er staðreynd að gin- og klaufaveiki er ekki í Bandaríkjunum. Fleira sem ég veit að hv. þm. hafa eflaust kynnt sér í þessu áliti hefur sannfært mig um að allar þær ríkisstjórnir sem framkvæmt hafa þennan samning á þann veg sem gert hefur verið hafa farið að lögum.

Hitt er svo allt annað mál hvort mönnum finnst eðlilegt að leyfa þennan innflutning. Ég segi í því sambandi að það hafa orðið miklar breytingar á getu okkar Íslendinga að sjá varnarliðinu fyrir góðu kjöti, ekkert síðra kjöti en þeir fá frá Bandaríkjunum. Ég lýsi þeirri von minni að það takist að ná samningum við varnarliðið um að það auki stórlega kaup á íslenskum landbúnaðarafurðum.

Ég vil einnig geta þess að ríkisstj. gekk fyrir sitt leyti frá stórhertum reglum um innflutning til varnarliðsins. Utanrrh. og landbrh. var falið að ganga endanlega frá þeim og þeir eru að því einmitt þessa daga. Það verður tilkynnt varnarliðinu mjög fljótlega.

Ég skal geta nokkurra atriða þar. Í fyrsta lagi verður ekki heimilt að flytja kjöt inn nema frá Bandaríkjunum. Þess verður krafist að með fylgi vottorð um uppruna. Þess verður krafist að með fylgi vottorð um heilbrigði. Það verður algerlega bannað að flytja kjöt út af vellinum. Því miður, verð ég að segja, höfðu ýmsar fjölskyldur sem utan vallarins bjuggu heimild til að taka með sér kjöt af vellinum. Það verður algerlega bannað. Og öllum úrgangi verður eytt. Þarna verður sem sagt leitast við að tryggja að megintilgangi laganna frá 1928 verði fullnægt, þ.e. að slíkur innflutningur hafi ekki í för með sér gin- og klaufaveiki.

Hv. þm. ræddi nokkuð um Lánasjóð ísl. námsmanna. (Forseti hringir.) Herra forseti. Þegar ég á að svara sex ræðum er mér nokkur vandi á höndum þó að ég geti svo sem sleppt því að svara. (**Forseti:** Ég skildi hæstv. aðalforseta svo að hér væri samið um ákveðinn tíma í upphafi, 20 mínútur á flokk. Hæstv. forsrh. hefur þegar talað drjúgt það, en ég skal ekki hindra hann í að svara nauðsynlegustu atriðum í því sem fram hefur komið.) Ég þakka fyrir. Ég mun að sjálfsögðu hlíta fyrirmælum forseta.

Ég skil það svo að um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna verði rætt á fimmtudag og skal ég því leiða það hjá mér. Það gefst ugglaust nægur tími til þess þá. En ég verð að segja að ég hef áhyggjur af því hvernig á að útvega 500 millj. kr. til að fullnægja þörfum lánasjóðsins samkvæmt núgildandi reglum. Ég get ekki stutt að það verði gert með erlendu láni. Ég held að það sé óforsvaranlegt satt að segja. Við verðum að finna einhverjar leiðir til að leysa þau mál án þess að taka slíkt erlent lán.

Nokkuð hefur verið rætt um hæstv. fyrrv. utanrrh. Geir Hallgrímsson og Seðlabankann. Mér þykir það satt að segja undarlegt ef hann er talinn ófær til að gegna þar störfum. Víða eru seðlabankastjórar endurskipaðir við hverja ríkisstjórn. Það er í sumum löndum svo. Með því er lögð áhersla á að seðlabanki og ríkisstjórn starfi mjög náið saman. Vel kæmi til greina að taka upp þá reglu hér að mínu mati. Ég vil taka undir það, sem einn hv. þm. sagði hér í gær, að Geir Hallgrímsson hefur tvímælalaust sýnt að hann er mjög vel að sér í efnahagsmálum þessarar þjóðar. Þó að menn séu ekki allir á sama máli og hann í þeim málum held ég að við hljótum að viðurkenna þetta. Og hann er fullkomlega fær um, sextugur maðurinn, að gegna störfum seðlabankastjóra.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom nokkuð að kjarasamningum. Ég vísa því til vinnuveitenda og ASÍ ef hann telur að þær gangi seint. Ég vil taka fram að fulltrúar Alþýðusambands Íslands gengu á fund ríkisstj. í desember. *Sömuleiðis hafa vinnuveitendur rætt við stjórnina* og hún hefur tjáð þeim að hún er hvenær sem er reiðubúin að taka þátt í þeim viðræðum þegar óskað er. Við höfum unnið ötullega að því að undirbúa okkur undir þá þátttöku þegar eða ef hennar verður óskað. Ég verð hins vegar að segja strax að ég held að því miður sé 8% kaupmáttaraukning ofan á það sem varð á síðasta ári ofviða atvinnuvegunum, enda lýsti hv. þm. miklum áhyggjum út af halla undirstöðuatvinnuveganna. Ég verð að taka undir það með honum. Þetta tvennt fer því miður ekki saman.

Hann lýsti líka áhyggjum út af viðskiptahalla. Slík kaupmáttaraukning mundi svo sannarlega ekki draga úr viðskiptahalla þjóðarinnar. Það er alveg ljóst. Slík kaupmáttaraukning mundi ekki heldur verða til þess að lækka vextina. Ég held hins vegar að það séu nokkur góð batamerki í íslensku þjóðfélagi, eins og reyndar hefur komið hér fram. Ég vek athygli á mikilli hækkun á fiskverði erlendis, t.d. á saltfiski, u.þ.b. 16%, og á frystum fiski í Bandaríkjunum um það bil 5% frá áramótum. Ég hygg að allt þetta muni færa fiskvinnslunni eitthvað á annan milljarð í auknum tekjum. *Kannske verður það til þess að stöðva halla þessa* undirstöðuatvinnuvegar og bæta afkomu hans og hann geti þá tekið á þeim nauðsynlegu málum að lagfæra laun manna í fiskvinnslunni.

Ég vil einnig vekja athygli á því að töluvert hefur dregið úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt upplýsingum sem við höfum fengið, dregið nokkuð úr yfirborgunum á nokkrum sviðum.

Ég vek einnig athygli á því að þrátt fyrir allt eru batamerki í bankakerfinu. Á síðara helmingi síðasta árs varð innlánsaukning miklu meiri en útlánsaukning. Innlánsaukning varð um 50–55% þegar á heildina er litið, en útlánsaukning um 30–35%. Það er í fyrsta sinn síðan 1981 að þetta hefur snúist þannig við og er það tvímælalaust mjög jákvætt.

Þannig gæti ég fleira rakið sem ég tel tvímælalaust vera batamerki. Ég er sannfærður um að unnt er að ná núna umtalsverðum árangri í því að lækka verðbólguna, sem er tvímælalaust það sem kemur launþegum að mestu gagni, og á sama tíma að gera samninga sem tryggja einhverja aukningu á kaupmætti og þar með batnandi lífskjör.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns leiðrétta að ég sé hér sem staðgengill fjmrh. Því miður komst hann ekki hingað í dag vegna veikinda. Ég tala hér sem fulltrúi Sjálfstfl., en hann hefur jafnmikinn tíma og aðrir flokkar í þessari umferð samkvæmt samningi sem gerður var um þá almennu umræðu sem hér fer fram um stjórnmálaviðhorfið að loknu jólaleyfi þm. Af þessum ástæðum get ég ekki svarað fyrir hönd fjmrh. þeim spurningum sem til hans var beint. Ég mun þó gera tilraun til þess að því marki sem hæstv. forsrh. hefur ekki nú þegar svarað fsp. sem komu fram, einkum og sér í lagi frá hv. þm. Kvennalistans.

Það var minnst á það í ræðum hv. þm. Kvennalistans hvað hefði orðið um batann sem varð vegna aukins afla. Reyndar svaraði hæstv. forsrh. því. En við það má bæta að menn verða að hafa í huga þegar samanburður er gerður nú og við þau ár þegar mest var aflað á Íslandsmiðum fyrir nokkrum árum að auk þess að lifa á *þeim afla sem þá fékkst lifðum við á erlendum lán*tökum langt umfram þau lán sem nú eru tekin erlendis. Erlent fjármagn, sem kom inn í landið, stóð því að verulegum hluta undir þeim lífskjörum sem þá voru. Batinn kemur fram samt sem áður, m.a. í auknum sparnaði, sem hæstv. forsrh. minntist á, en einnig í því að fram kemur í opinberum skýrslum, sem ekki hafa verið bornar brigður á, að heildaratvinnutekjur manna hafa hækkað að meðaltali á milli áranna 1984 og 1985 um 3–4%.

Varðandi samninga við opinbera starfsmenn er rétt að fram komi að það er álit hæstv. fjmrh. að kjarasamningar eigi að eiga sér stað við þau skilyrði að hægt sé að semja við alla launþega, sem hafa lausa samninga, í senn. Viðræður hafa farið fram. Það hefur verið rætt þar um ýmis mál, eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Meginstefna hæstv. ríkisstj. hlýtur að vera sú að hægt verði að tryggja kaupmátt launþega án þess að verðbólgan fari af stað af fullum krafti.

Um kynbundið launamisrétti er aðeins hægt að segja að samningar sem gerðir eru við opinbera starfsmenn eru yfirleitt heildarsamningar. Nú hefur það hins vegar gerst að frá því að síðustu heildarkjarasamningar voru gerðir við opinbera starfsmenn hafa stéttir í heilbrigðiskerfinu þar sem konur eru í yfirgnæfandi meiri hluta hækkað mun meira en aðrar starfsstéttir. Á ég þá sérstaklega við hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Þessar upplýsingar koma mjög glöggt fram í nýútkomnu blaði sem Starfsmannafélag ríkisstofnana gefur út. Það sem hins vegar veldur áhyggjum er að launamunur þessa fólks og hinna sem ekki eru faglærðir en vinna á sjúkrahúsum er orðinn nær því ópolandi. Þá á ég við þá sem skipa sér undir merki Sóknar, Sóknarkonur, en þær hafa setið mjög eftir í því launaskriði sem hefur átt sér stað frá síðustu kjarasamningum. Það veldur auðvitað vissum vandamálum og erfiðleikum. Á því verður að taka þegar kjaramálin eru skoðuð. Það eitt út af fyrir sig sýnir hve nauðsynlegt er að kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði og hjá ríkisstofnunum verði samferða.

Hv. 3. þm. Reykv., sem reið á vaðið í dag, minntist í upphafi sinnar ræðu á sveitarstjórnarkosningar og gaf út þá yfirlýsingu að hann styddi 18 ára kosningaraldur og vildi hafa kjördag 14. júní. Í þessu sambandi er rétt að láta koma fram að í jólafríinu hefur verið unnið

talsvert að sveitarstjórnarlagafrv. Sú vinna hefur farið fram í félmrn., en auk þess hefur verið haft samband við formann félmn. Nd. Þessi vinna er unnin á grundvelli þeirra viðhorfa sem komu fram á fundum nefndarinnar fyrir jól. Stærstu efnisbreytingar sem gerðar verða á þessu frv. varða IX. kaflann sem fjallar um lögbundna samvinnu sveitarfélaga.

Hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir því og þingflokkar stjórnarflokkanna, a.m.k. að svo komnu máli, að hægt verði að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Mér er ljóst eins og öllum öðrum að eftir því sem tímar líða fram þeim mun erfiðara er að afgreiða þetta mál, en ljóst er þó, og það hefur komið fram í ræðum fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi að ég held, að það er fullur stuðningur við 18 ára kosningaraldur. Ef tekst að afgreiða sveitarstjórnarfrv. sem nú liggur fyrir Alþingi verður vitanlega hægt að kippa þessum ákvæðum út úr frv. og flytja um það sérstakt frv.

Varðandi kjördaginn hins vegar er enn ekki ljóst hver niðurstaðan verður. Þó hygg ég og hef rætt það við hæstv. félmrh. að a.m.k. á þessu ári verði kjördagar óbreyttir frá því sem verið hefur, þ.e. að kosið verði í kaupstöðum og kauptúnahreppum 31. maí, en 28. júní í sveitahreppum eins og er í núgildandi lögum. Um þetta hafa ekki farið fram samningar á milli stjórnarflokkanna, en það hefur verið viðrað og þessum sjónarmiðum vil ég lýsa hér, einkum og sér í lagi vegna þess að í stærstu kaupstöðunum hefur þegar farið fram ákveðinn undirbúningur. Til að mynda hér í Reykjavík, sem er langsamlega stærsta sveitarfélagið, væri bagalegt ef breytt yrði kjördegi á þessu ári, hvað sem verður um kjördaginn í sjálfu frv., en í frv., ef því væri fylgt og frv. yrði að lögum án bráðabirgðaákvæðis, yrðu kosningar 14. júní. Þetta er enn til skoðunar. Hér hef ég lýst mínu áliti á því hvenær kjördagur eigi að vera í vor, en það er meiri hluti Alþingis sem hlýtur að ráða því.

Nokkuð hefur verið rætt um Þróunarfélagið og kannske ástæða til, enda ræddi hv. 3. þm. Reykv. um það í sinni ræðu. Ég vil láta eftirfarandi koma fram:

Tilgangurinn með því að stofna þetta félag var auðvitað að safna fé til að standa fyrir nýsköpun. Sjálfstfl. vildi frá upphafi að ríkissjóður væri í minni hluta og vildi þannig tryggja áhrif atvinnurekstrarins sjálfs en ekki að útfæra nýja útgáfu af Framkvæmdastofnun ríkisins með sjóðsstofnun.

Í öðru lagi vil ég að fram komi að að því er ég best veit gerðu formenn stjórnarflokkanna með sér samning um að þeir færu með sinn helminginn hvor af hlutafjárloforði ríkissjóðs. Sá samningur stendur enn að ég vona. Hlutur hvors er þá um það bil ⅓ af hlutafjárframlögum. Með þetta hlutafé fóru þeir á síðasta fundi, þ.e. stofnfundi félagsins, Guðmundur G. Þórarinsson fyrir hönd hæstv. forsrh. og Davíð Scheving Thorsteinsson fyrir hönd hæstv. fjmrh.

Í þriðja lagi vil ég að fram komi að það náðist á stofnfundinum víðtæk samstaða um kosningu í stjórn. Þar var ekki um ágreining að ræða. Stjórnarmennirnir koma flestir úr atvinnurekstri og stjórnin var sjálfkjörin. Formaður stjórnar var kjörinn í stjórninni sjálfri. Það var Davíð Scheving Thorsteinsson sem var kjörinn formaður eins og alþjóð veit. Um það gengu engir samningar milli stjórnarflokkanna, enda á ríkissjóður sem slíkur minni hluta í félaginu. Þess skal þó getið, fyrst rætt er um þetta félag, að bankarnir vildu hafa áhrif á stjórnina, en það voru uppi þau sjónarmið, sem mér er kunnugt um, á stofnfundinum að ekki væri rétt að fulltrúar bankanna ættu sem slíkir sæti í stjórn hins nýja félags.

Mín skoðun er sú að það sé ákaflega óeðlilegt að hæstv. forsrh. reyni að hafa áhrif á stjórnarmenn í fyrirtækinu og lýsir það dálítið hugmyndum sem eru allt of einkennandi fyrir Framsfl. fyrr og nú. Gunnlaugur Sigmundsson hefur verið sérstakur kommissar Framsfl. í Framkvæmdastofnuninni á s.l. ári. Það liggur fyrir og er viðurkennt af hæstv. forsrh. að hann hafi lagt til og lagt á það nokkra áherslu að Gunnlaugur yrði framkvæmdastjóri þessa félags. Það hefur haft afleiðingar sem allir þekkja. Það getur verið til gamans og kannske til að hressa upp á hjónabandið í stjórnarherbúðunum að rifja upp þessa áráttu Framsfl. og vitna þá til bréfs frá Steinólfi í Fagradal sem hann sendi Vesturlandsblaðinu um síðustu jól og er nokkuð skemmtilegt bréf þar sem hann er að lýsa trjónukrabbaveiðum. Hann lýsir trjónukröbbunum m.a. með því orðalagi, með leyfi forseta, að trjónukrabbinn hafi augu á stilkum svo sem marsbúar hafa „og getur dýrið horft aftur fyrir sig og fram og haft yfirsýn fyrir báða sína enda jafntímis. Leikur framsóknarmönnum mjög öfund til þessa hæfileika dýrsins." Það má vera að það liggi nokkuð í eðli Framsfl. að vilja vera með nefið ofan í hvers manns koppi og hafa áhrif þar sem hann mögulega getur. Það skilur þessa tvo stjórnarflokka að því að Sjálfstfl. vill að félög á borð við Þróunarfélag Íslands fái að þróast án afskipta stjórnmálamanna, enda var leikurinn til þess gerður.

Jafnframt er rétt að það komi fram, af því að það birtist í blöðum, að ekki er rétt að hluthafar hafi margir sótt um lán til ríkissjóðs til að leggja fram og borga sitt hlutafé. Ég býst við að það hafi verið innan við 5% af hlutafjárloforðunum sem voru þannig útbúin að beðið var um lán úr ríkissjóði, en ég sá haft eftir hæstv. forsrh. að ríkissjóður hefði lánað helminginn. Það var í lögunum heimild til þess arna, en þá heimild kusu langsamlega flestir aðilarnir að nýta ekki.

Í ræðum þeirra sem hér hafa talað í dag hefur nokkuð verið drepið á skatta sem hafa verið lagðir á eða hækkaðir að undanförnu. Í fyrsta lagi vil ég láta það koma fram að samkomulag hefur tekist við Landssamband bakarameistara um framkvæmd á innheimtu vörugjaldsins á kökur, sætabrauð og annað brauðmeti. Verðhækkun á framleiðsluvörum bakaríanna á ekki að verða meiri en 3–4%, en bökurum er í raun í sjálfsvald sett hvernig þeir dreifa skattinum á framleiðsluvörur sínar. Einstakar kökur eða sætabrauð geta hækkað meira, en annað þá minna. Það er áætlað að á þessu ári náist inn tekjur a.m.k. að upphæð 50 millj. kr. af þessu vörugjaldi, en það er nokkru minna en upphaflega hafði verið áætlað. Það er hins vegar alveg út í bláinn, eins og kom fram hjá einum hv. ræðumanni áðan, að telja að hér sé verið sérstaklega að ráðast á konur með því að leggja þennan skatt á. Þvert á móti held ég að þetta vörugjald hljóti að þróast með tíð og tíma í þá átt að verða skattur á sykurvörur eins og gengur og gerist í öðrum löndum. Það er skylt þeim skatti sem lagður er á alls kyns sælgæti og er gert m.a. til að stuðla að heilbrigðara líferni fólksins í landinu.

Varðandi flugvallaskattinn verður að geta þess að flugvallaskatturinn hefur eingöngu verið færður upp til

verðlags. Hann er mjög svipaður nú á föstu verðlagi og hann var fyrir nokkrum árum.

Af því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minntist á það að með þessum hætti væri verið að koma í veg fyrir að aðrir en sérstakir fáeinir útvaldir fengju að fara úr landi ber að rifja það upp að á sínum tíma felldi þessi ríkisstjórn niður 10% skatt af gjaldeyri á ferðamenn en það hlýtur að hafa leitt til þess að auðveldara var fyrir fólk að ferðast úr landi. Það hafa auðvitað ýmsir smáskattar hækkað. Það er eðlilegt til samræmis við aðrar verðhækkanir. Þeir hafa þó hækkað mismunandi mikið og þeir einna mest sem eru sjaldan lagðir á eða eru einungis gjöld fyrir þjónustu.

Einn skattur hefur þó hækkað einna mest en það er gjald fyrir að stunda fasteignasölu. Það gjald hækkaði úr 1600 kr. í 24 300 kr. til samræmis við leyfi til annarrar umboðssölu og vonast ég til þess að hv. þm. Svavar Gestsson kvarti ekki mikið undan þeim skatti. (**SvG:** Nei, ég studdi hann.) Ég þakka hv. þm. stuðninginn og vona að ég megi eiga hann vísan á fleiri sviðum. (Gripið fram í.)

Þegar litið er til fjármála ríkisins er það alveg rétt sem hér hefur verið rætt, og reyndar hefur það komið fram í fréttatilkynningu frá fjmrn., að ríkissjóður var rekinn með verulegum halla á s.l. ári vegna þess að gjöld hækkuðu verulega umfram verðlagsbreytingar og vegna þess einnig að tekjur urðu ekki eins miklar og verðlagsbreytingum nam.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á því sérstaklega að á milli áranna 1984 og 1985 hækkuðu húsnæðismál, framlög úr ríkissjóði, um 167%, Lánasjóður ísl. námsmanna, framlög úr ríkissjóði, um 109%, vaxtagreiðslur hækkuðu um 107% en launaútgjöld um 44%. Þetta held ég að sé ástæða til þess að minna hv. þm. á. Það er hins vegar alveg út í bláinn þegar hv. þm. stjórnarandstöðunnar koma hér upp og segja að ríkisstj. sé að ráðast á sjúka og aldraða. Hér hefur verið talað um sjúklingaskatta og í raun hefur hæstv. forsrh. fjallað nokkuð um það mál. Ég vil aðeins láta þetta koma fram:

Á undanförnum þremur árum hefur það gerst — svo að ég taki dæmi úr heilbrigðis- og tryggingamálum annars vegar og félagsmálum hins vegar, og ég vel þá málaflokka sérstaklega vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. fór með þessa málaflokka í síðustu ríkisstjórn — að útgjöld ríkisins til heilbrigðis- og tryggingamála hafa aukist um 10% á föstu verðlagi á síðustu þremur árum og að útgjöld til félagsmála hafa tvöfaldast á sama tíma. Þetta er nú niðurskurðurinn til félagsmála og til heilbrigðis- og tryggingamála, þegar ég lýsi því ástandi sem nú ríkir og ber það saman við það ástand sem ríkti þegar hv. 3. þm. Reykv. sat yfir þessum tveimur málaflokkum. Það er ástæða fyrir því, herra forseti, að þessar upplýsingar komi nú fram.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna, herra forseti, ætla ég ekki að fjalla. Um hann verður rætt á fimmtudaginn n.k. og mun þá hæstv. menntmrh. sitja fyrir svörum.

Ég get þó ekki hjá því komist að ræða lítillega um Seðlabankann, einkum og sér í lagi vegna orða hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar í gær, þar sem hann kallaði þetta elliheimili stjórnmálamanna og fór niðrandi orðum um þá menn sem þar starfa. Reyndar bætti hv. þm. Sighvatur Björgvinsson dálítið um fyrir honum með því að þakka Geir Hallgrímssyni, fráfarandi utanrrh., fyrir góð og drjúg störf í þágu íslenskra stjórnmála og íslensks þjóðfélags.

En lítum aðeins betur á þetta. Hvar eru fyrri foringjar Alþfl.? Hvert fóru þeir eftir að þeir voru leystir frá störfum? Ég veit ekki betur en að Benedikt Gröndal hafi farið í utanríkisþjónustuna. Sama gildir um Guðmund Í. Guðmundsson og Haraldur Guðmundsson var einnig sendiherra. (**Gripið fram í:** Og Stefán Jóhann.) og að ógleymdum Stefáni Jóhanni Stefánssyni. Það er nefnilega einu sinni þannig að sú reynsla sem fæst í stjórnmálum getur víða reynst gagnleg, m.a. í utanríkisþjónustunni og einnig í Seðlabankanum. Og ég segi það að þegar fyrrv. forsrh., sem hefur haft mikil afskipti af efnahagsmálum, gefur kost á sér til þess að verða seðlabankastjóri þá ber að fagna því.

Herra forseti. Fram undan er mikið starf hjá hæstv. ríkisstj. Stjórnarflokkarnir ætla sér hér á Alþingi að koma fram nokkrum mjög mikilvægum stjórnarfrv. Ég vil hér minnast á seðlabankafrv. sem þarf að komast fram. Í því frv. er gert ráð fyrir því að viðskiptabankarnir fái meira frelsi en nú er til vaxtaákvarðana. Í öðru lagi vil ég minnast á sjóðafrv. sem hæstv. forsrh. hefur sagt að hann muni leggja fram nú á næstu dögum. Í þriðja lagi vil ég benda á að fyrirhugað er að þingið afgreiði frv. um virðisaukaskatt og gerðar verði jafnframt breytingar á tollalöggjöf og löggjöf um vörugjald sem stóð til að gera á s.l. hausti en hætt var við eins og öllum er kunnugt.

Það eru ýmis fleiri járn í eldinum. Við megum búast við því að á þessu þingi verði fjallað um hugsanlegan samning við erlendan aðila vegna kísilmálmvinnslu á Austurlandi og auðvitað verða málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna rædd hér og væntanlega lagt fram lagafrv. Það skiptir mestu máli að ríkisstjórnin haldi áfram að reyna að ná jafnvægi annars vegar í ríkisfjármálum og hins vegar í peningamálum þjóðarinnar. Að því ber að vinna. En umfram allt skiptir máli um þessar mundir að vel takist til í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Í þeim kjarasamningum verður að tryggja kaupmátt án þess að verðbólgan fari af stað aftur af fullum krafti. Á þessu er skilningur meðal flestra fulltrúa verkalýðsins í landinu. Ég vonast til þess að það sé enn fremur skilningur á þessum málum hjá forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Auðvitað eru erfiðleikar á því að koma kjarasamningum saman, einkum og sér í lagi vegna þess að á milli áranna 1984 og 1985 hækkuðu atvinnutekjur landsmanna um 3–4% án þess að kaupmáttur kauptaxta hækkaði nokkuð. M.ö.o. þeir sem ekki eru bundnir af kauptöxtum en taka laun sín samkvæmt öðrum samningum, samningum beint á milli launþega og vinnuveitenda, hafa fengið a.m.k. 5–6% launahækkun á meðan þeir sem eru á kauptöxtum hafa enga launahækkun fengið. Það er þetta misræmi sem veldur því að nú er erfitt að takast á við þetta mál. Ég legg mikla áherslu á það að ríkisstjórnarflokkarnir og stjórnarandstöðuflokkarnir skoði þetta mál með tilliti til framtíðarinnar, ekki með tilliti til þess að nú í vor fara fram kosningar til sveitarstjórna.

Mér er það auðvitað ljóst að það er ótti í stjórnarandstöðuflokkunum. Það er skiljanlegur ótti þegar haft er í huga að í skoðanakönnunum, m.a. einni sem birtist í dag, skuli stjórnarandstöðuflokkarnir tapa fylgi en stjórnarflokkarnir vinna á. (**GA:** Nei, ekki allir.) Að vísu er það með fáeinum undantekningum sem nú skal

getið því að Kvennalistinn fór verulega upp á við. Má telja að hann hafi í þeirri sveiflu tekið nokkuð af því sem Alþb. hefði annars fengið. En þessi ótti má ekki verða til þess að menn missi sjónar á því að við verðum sem ábyrgir stjórnmálamenn að takast á við þann vanda sem þjóðin stendur nú frammi fyrir, en það er að ná jafnvægi í peningamálum, í ríkisfjármálum og í kjaramálum launþeganna sem nú eiga lausa samninga.

Herra forseti. Ég hef hér gert tilraun til þess að svara nokkrum spurningum, sem beint var til mín og hæstv. fjmrh. sem ekki getur verið hér í dag, og fjallað hér um örfá atriði sem fram komu í þessum umræðum og læt hér máli mínu lokið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Eins og fram hefur komið var samkomulag milli þingflokkanna um fyrirkomulag á upphafi þessarar umræðu eða, ef svo mætti að orði komast, fyrstu umferð umræðunnar. Þeim þætti umræðunnar er nú lokið. En þessi umræða fer fram skv. 2. málsgr. 32. gr. þingskapa. Það þýðir að umræðan getur haldið áfram og hún fer fram samkvæmt venjulegum reglum. En það þýðir að frsm. eða flm. getur talað þrisvar, aðrir þm. tvisvar og ráðherrar svo oft sem þeim þykir þurfa.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf við þeim fsp. sem ég bar fram í upphafi þessara umræðna í dag. Ég held að þessar umræður hafi leitt í ljós að það er auðvitað full ástæða til þess að fram fari hér í þinginu af og til almenn pólitísk stjórnmálaumræða. Þingið er ekki einungis, og á ekki að vera, afgreiðslustofnun fyrir tiltekin frv. og tillögur sem fluttar eru, heldur er þingið líka málstofa þeirra stjórnmálaumræðna sem óhjákvæmilegt er að fari fram í landinu, í þingræðis- og lýðræðisríki, og þess vegna skil ég ekki það tal sem stundum er haft uppi um gagnsleysi umræðna af þessu tagi. Ég held að það sé mjög brýnt fyrir alla stjórnmálaflokkana og þm. sem hér sitja að menn beri saman bækur sínar og geri grein fyrir sínum sjónarmiðum þannig að okkur takist sem þm. að átta okkur betur en ella væri á almennum þróunarlínum í stjórnmálunum þá og þá.

Ég ætla þá að víkja að þeim atriðum sem hafa fram komið í ræðum nokkurra aðila og fyrst ætla ég að víkja að ræðu hæstv. forsrh. Hann vék nokkuð að ástandinu í húsnæðismálum og gagnrýndi það sem hv. 1. landsk. þm. hafði sagt um þau mál. Það er út af fyrir sig nokkuð til í því hjá hæstv. forsrh. að það hefur orðið nokkur aukning á framlögum til húsnæðismála beint úr ríkissjóði. En það er ekki það sem ræður úrslitum í dag, heldur hitt að kaupið hefur lækkað svo mikið að fólkið getur ekki byggt, og vextirnir hafa hækkað svo mikið að fólkið getur ekki borgað skuldirnar sínar. Það er þetta sem veldur því ástandi sem nú er um að ræða í húsnæðismálum, sem m.a. kemur fram í því að það er svo að segja ekkert byggt af nýju íbúðarhúsnæði m.a. hér á þéttbýlissvæðinu samkvæmt nýjustu upplýsingum um þau mál. Hæstv. forsrh. á ekki að spyrja fyrst um framlög úr ríkissjóði heldur um það hvað er byggt og hvernig stendur á því að nauðungaruppboðin á íbúðum hafa aldrei nokkurn tímann verið fleiri en núna. Aldrei verið fleiri en núna. Það segir meira um ástandið í húsnæðismálum en allt annað, en allar tölur sem hæstv. ráðh. geta tínt fram í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. vék nokkuð að kjarasamningunum og stöðu fiskvinnslunnar m.a. Hann vitnaði til þess að ég hefði rætt um stöðu framleiðsluatvinnuveganna. Ég vil leiðrétta hann að því er það varðar sem hann hafði eftir mér í þeim efnum. Staða framleiðsluatvinnuveganna hefur verið að batna samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir núna um þróun markaðsverðs síðustu dagana. Það er nú skyndilega komið svo að Þjóðhagsstofnun mun vera komin að þeirri niðurstöðu að meðaltalsfrystihúsið sé með nokkurn veginn eðlilegan rekstrargrundvöll. Þetta stafar af því að verðlag á okkar afurðum erlendis hefur verið að hækka, m.a. á saltfiski, og sú nýja mynd sem blasir við verður ekki fullskýrð nema það verði tekið með líka að olíuverð er að lækka. Eins og menn vita þá er kostnaður við olíu á meðalfiskiskipi í kringum 20% af útgerðarkostnaði núna, þannig að 10% lækkun á olíuverði munar geysilega miklu í afkomu útgerðarinnar um þessar mundir. Það er þess vegna fjarstæða eins og sakir standa að halda því fram að ekki sé hægt að koma til móts við verkalýðshreyfinguna vegna þess að þjóðarbúið eigi nú í miklum þrengingum.

Staðreyndin er sú að þjóðarframleiðsla hefur farið vaxandi allt frá 1983. Erlendir vextir hafa lækkað. Olía er að lækka erlendis. Verð á okkar framleiðsluvörum erlendis fer hækkandi. Birgðahald okkar útflutningsfyrirtækja verður stöðugt ódýrara og minna en áður var. Allt gerir þetta það að verkum að það eiga að vera til þess möguleikar núna að koma til móts við verkalýðshreyfinguna í landinu. Og hvað er hún að biðja um? Það er best að fara aðeins yfir það. Hún er að biðja um 8% aukningu á kaupmætti kauptaxta. Það er málið. Auðvitað er það hárrétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það er ekki einfalt mál að koma þessu fyrir, m.a. vegna þess að yfirborganir hafa færst mjög í vöxt á undanförnum árum. Á sama tíma og Þjóðhagsstofnun mælir 4% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna liggur það fyrir að kaupmáttur kauptaxta — taxtanna sjálfra á milli áranna 1984 og 1985 — hefur heldur lækkað ef eitthvað er. Og ef nú ætti að ná upp kaupmætti kauptaxta ársins 1985, ef það ætti að gerast í dag, þá þyrfti að auka kaupmáttinn núna um 5–6% vegna þess að kaupmáttur hefur í janúar fallið um 4–5%, í þeim mánuði einum. Þannig að verkefnið, að koma þessum kauphækkunum fyrir til þeirra sem vinna á strípuðum töxtunum, er út af fyrir sig ekki einfalt, hvorki frá sjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar né, trúi ég, heldur atvinnurekendasamtakanna.

En það er þetta sem verkalýðshreyfingin er að leggja áherslu á og ég er reyndar þeirrar skoðunar að leiðin í þessu efni geti ekki verið önnur en sú að hækka kaupið, hækka kauptaxtana sjálfa og taka meira í gegnum samneysluna, gegnum félagslega þjónustu, til þeirra sem eru með hraklegustu kauptaxtana í landinu. Það stríðir hins vegar gegn stefnu Sjálfstfl., stefnu markaðshyggjunnar og stefnu ríkisstjórnarinnar og þess vegna er ekki hlustað á úrræði af því tagi. En ég held að þegar menn skoða þetta málefnalega og af sanngirni viðurkenni þeir að þetta sé eina leiðin.

Það er auðvitað alveg hrikalegt að heyra þennan blessaðan hæstv. forsrh. þjóðarinnar vera að tala um það að kjörin hafi batnað. Þvílík ósvífni! Þetta er eins og blaut tuska framan í andlitið á þúsundum heimila í landinu. Þúsundum heimila í landinu. Þar eru nauðungaruppboð, þar eru skuldir og framleiðsluatvinnuvegirn-

ir í viðkomandi byggðarlagi eru að sligast. Fólkið er að flýja af landsbyggðinni. Fólkið er að flýja Ísland. Ætli það sé af því að kjörin hafi batnað? Ætli það hafi orðið fólksfækkun á Vestfjörðum vegna þess að kjörin hafi batnað? Ætli það hafi orðið fólksfækkun á Íslandi vegna þess að kjörin hafi batnað? Auðvitað er ósvífni, ósvífni af hæstu gráðu af hæstv. forsrh. landsins að tala svona um þessar mundir. Þeir eru að vísu til þar sem kjörin hafa batnað og batnað mikið. Þeir eru til. Þeir eru til ýmsir gæðingar Verslunarráðsins. Okurlánastarfsemin, þar geta kjörin hafa batnað hjá þeim sem hana stunda. Hjá hinum almenna manni er þetta fjarstæða og raunar fullkomin svívirða, fullkomin svívirða að halda öðru eins fram. Og ég blæs á alla talnaleikfimi þar sem er gerð tilraun til þess að halda svona rugli fram fyrir þing og þjóð. Hafa menn ekki tekið eftir því að fjölgað hefur um tugi prósenta því fólki sem leitar til Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar um fátæktarhjálp? Það hefur aldrei verið eins margt og í dag. Ætli það sé slóðaskapur eða trassaskapur eða ræfildómur sem því veldur? Auðvitað ekki. Auðvitað er það kaupið og kjörin sem því veldur. Menn eiga að kynna sér hlutina áður en þeir slengja út úr sér fullyrðingum af þessu tagi yfir Alþingi Íslendinga.

Hæstv. forsrh. ræðir svo um það hér í sinni ræðu að hann teldi eðlilegt að gerður yrði heildarsamningur um lífskjör. Út af fyrir sig teldi ég heppilegt að finna aðstæður til að gera slíkan samning. Það er útilokað hins vegar að gera ráð fyrir því að núv. ríkisstj. geri slíkan samning. Eða um hvað er verkalýðshreyfingin að gera kröfur? Hún gerir í fyrsta lagi kröfur um 8% kauphækkun umfram verðhækkanir á árinu 1986. Hún gerir í öðru lagi kröfur um það að kaupmátturinn sem um verður samið verði tryggður. Og hún gerir í þriðja lagi tillögur um stórfellt átak í húsnæðismálum. Það er lágmark áður en ráðherrar fara að láta út úr sér yfirlýsingar um lífskjarasamninga að þeir lýsi því yfir að þeir séu tilbúnir til þess að standa við bakið á verkalýðshreyfingunni í þeim kjaraátökum sem nú standa yfir. Ef einhver vilji væri hjá ríkisstj. í þessu efni mundi hún auðvitað láta þessa hluti koma fram. Nei, talið um lífskjarasamning, vilja til að bæta kjörin, laga afkomuna og allt þetta, þetta er blekkingarleikur. Billegur blekkingarleikur. En hann er dónalegur gagnvart því fólki sem hefur fengið að kynnast fátæktinni inni á heimilum á Íslandi á nýjan leik.

Hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis svöruðu spurningum mínum varðandi kjördaginn og 18 ára kosningaraldur. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að fyrir liggi frá þeim báðum að hvað sem öllu öðru líður þá verði ákvæðin um 18 ára kosningaraldur afgreidd á þessu þingi. Mér þykir það hins vegar miður að stjórnarflokkarnir skuli ekki hafa komið sér saman um kjördaginn varðandi sveitarstjórnarkosningarnar. Ég nefndi 14. júní eða annan laugardag í júní vegna þess að ég taldi að stjórnarflokkarnir stæðu að þeirri tillögu af því að hún stendur í stjfrv. Núna kemur hins vegar hv. 2. þm. Reykv. hér upp og setur viss spurningarmerki við þann dag. Það er ekki aðstaða til þess hér að fara að rökræða um það hvaða dagar eru heppilegastir. Ég vil aðeins segja það af minni hálfu að Alþb. er tilbúið til þess að ganga í það með öðrum þingflokkum núna næstu daga að festa þennan dag, það er alveg meginatriðið, og það verði gefin um það yfirlýsing, hvað svo sem líður frv. ríkisstj. Ríkisstj. vill sjálfsagt fá það afgreitt, en það er hennar að knýja á um það en ekki okkar. Óvissan í þessu efni er í raun og veru ekki boðleg.

Herra forseti. Í ræðum hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. var svo vikið að Þróunarfélaginu. Ég kallaði þetta félag oft undarlega skepnu í ræðum mínum hér á síðasta þingi. Ég komst þannig að orði að þessi undarlega skepna hefði gengið aftur, komið inn í fjárlögin og farið út úr þeim inn í lánsfjárlagafrv. og farið út úr því aftur o.s.frv. *koll af kolli.* Nú hefur hins vegar hv. 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis hjálpað mér við að finna nafn á þessa undarlegu skepnu. Hún heitir trjónukrabbi. Nafngiftin er fengin frá Steinólfi Lárussyni vini mínum í Fagradal á Skarðsströnd og ég tel að það sé óvíða betra að leita að góðu nafni en einmitt hjá honum.

Það stendur yfir forustudeila í trjónukrabbanum um þessar mundir, Þróunarfélaginu. Forsrh. komst þannig að orði: Þegar ég vissi að góður maður var á lausu, þá ákvað ég að beita mér fyrir því að hann yrði ráðinn forstjóri Þróunarfélagsins. Góður maður var á lausu. Alveg fyrir hreina tilviljun. Allt í einu frétti hæstv. forsrh. af því að Gunnlaugur Sigmundsson væri á lausu. Það hefur nú verið stórkostleg stund fyrir hæstv. forsrh. þegar hann skynjaði þessa miklu lausn á vanda Þróunarfélagsins að þessi snillingur var á lausu. Og hann sagði: Málið var ekki lagt fyrir ríkisstjórnina og er ekki mál ríkisstjórnarinnar, en samt er eðlilegt að forsrh. ráði í þessu máli. Og síðan sagði hæstv. forsrh. eftirfarandi setningu, sem er yfirlýsing um það að ráðherrar Sjálfstfl. eru ekki starfi sínu vaxnir, hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Athugasemdir hafa ekki komið til mín frá ráðherrum Sjálfstæðisflokksins."

Hvað er hæstv. fjmrh. að geipa í blöðum og fjölmiðlum um *þetta mál og láta málgögn sín þenja sig síðu upp* og síðu niður um þetta mál þegar hann hefur ekki einu sinni rænu á því að koma athugasemd á framfæri við hæstv. forsrh.? Hverslags ódöngun er þetta eiginlega í íhaldsráðherrunum um þessar mundir? Maður hefði haldið að stólaskiptin hleyptu lífi í einn og einn mann á þeim bæ. En það er nú eitthvað annað. Þeir geta ekki einu sinni ungað út úr sér bókun á ríkisstjórnarfundum eða haft uppburði í sér til að nefna málið við hæstv. forsrh. Hann hefur aldrei heyrt það nefnt að Sjálfstfl. sé óánægður með þetta mál.

Ég vil biðja hv. 2. þm. Reykv., starfandi formann Sjálfstfl. í dag, um að gera grein fyrir því hvernig honum líki þessi embættisfærsla ráðherra íhaldsins. Hverslags eiginlega vesöld og uppdráttarsýki er það sem sækir á íhaldsráðherrana um þessar mundir, þegar þeir geta ekki tíst út úr sér einni bókun á ríkisstjórnarfundum í máli af þessu tagi? Því að það var þetta sem hæstv. forsrh. sagði orðrétt: „Athugasemdir hafa ekki komið til mín frá ráðherrum Sjálfstæðisflokksins um Þróunarfélagið." Það var von að hv. 2. þm. Reykv. teldi nauðsynlegt að kveða fast að orði og vitna í Steinólf í Fagradal til þess að gefa máli sínu litríkt innihald þegar hann ræddi þessi mál hér áðan. En ráðherrar Sjálfstfl., sex stykki, hafa ekki komið þessu frá sér enn þá. Ja, þvílíkt, þvílíkt og annað eins!

Ég ætla aðeins að koma hér að þessu máli á eftir með því að líta á nokkra punkta sem komu fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv. Það var spaugileg ræða, fyrir utan þetta

með trjónukrabbann sem var nú kapítuli út af fyrir sig. Hann sagði: „Það var samið um það að stjórnarflokkarnir fengju sinn helminginn hvor.“ 50 millj. hvor til að ráða Þróunarfélaginu. Hæstv. forsrh. lét Guðmund G. Þórarinsson, alþjóðlegan samningamann Framsfl., fara með sinn hlut. En hvern ætli hæstv. fjmrh. hafi látið fara með sinn hlut? Það var hinn engilhreini og ópólitíski miðstjórnarmaður í Sjálfstfl., Davíð Scheving Thorsteinsson. Það skyldi þó ekki vera að hæstv. fjmrh. hafi beitt Davíð Scheving Thorsteinsson þrýstingi í þessu máli, sett á hann þrýsting? Eða er hugsanlegt að hæstv. fjmrh. hafi ekki sinnt sínum embættisskyldum og þar með látið afskiptalaust hvernig var farið með umboð þessara 50 millj. kr.? Auðvitað er þetta hreinn skrípaleikur hjá íhaldinu. Hreinn skrípaleikur. Og þegar íhaldið þykist ekki vilja láta pólitík koma nálægt peningamálum þá er það auðvitað þvílík fjarstæða miðað við reynsluna af Sjálfstfl. sem ævinlega leggur á það mesta áherslu að standa þannig að hlutunum að skara eld að sinni köku, nota aðstöðu sína í ríkisstjórn til þess að koma peningum til sinna manna. Út á það gengur þeirra aðild að stjórnkerfinu yfirleitt.

Ég vík aftur máli mínu að ræðu hæstv. forsrh. Þegar hann hafði fjallað nokkuð um Þróunarfélagið ræddi hann aðeins um kjötmálið. Ég beindi ákveðnum spurningum í þeim efnum til hæstv. iðnrh. Hæstv. iðnrh. lofaði formanni Sjálfstfl. að taka það mál ekki upp í þinginu og hefur núna runnið af hólmi og ætlar ekki einu sinni að þora að svara fyrirspurnum.

En ég vil segja við hæstv. forsrh. að það er athyglisverð leið sem hann er með tillögu um í utanríkismálum, og það verður ekki sagt um framsóknarmenn að þá skorti alltaf frumleika.

Það er, eins og kunnugt er hlutverk hersins, að sögn íhaldsins og NATO-flokkanna, að verja Ísland fyrir hugsanlegum árásum óvinarins, þ.e. Rússa. Nú hefur Framsfl. fundið það út að rétt sé að setja herinn í alveg nýtt verkefni, þ.e. að éta vandann, landbúnaðarvandann. Hygg ég að þessi ræða forsrh. um að skipa hernum að snæða landbúnaðarvandann sé kannske eitt merkasta innlegg Framsfl. í umræðuna um þessi mál lengi. Og í alvöru talað: Eru menn ekki orðnir þreyttir á — í stjórnarflokkunum líka — þeirri óvissu varðandi lög og reglur í kringum þennan her sem hefur komið í ljós aftur og aftur og hefur orðið til þess að einstakir ráðherrar í ríkisstjórnum botna ekki neitt í neinu? Er ekki kominn tími til þess að herstöðvarflokkarnir geri hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum? Ég held að kjötmálið og deilan og landráðabrigslin séu dæmi um það.

Hv. talsmenn stjórnarliðsins ræddu nokkuð um Seðlabankann og gagnrýni mína á það að Geir Hallgrímsson skyldi skipaður bankastjóri Seðlabankans. Ég fagna því að hæstv. forsrh. tók undir þá skoðun mína að eðlilegt væri að skipta um bankastjóra í Seðlabankanum við stjórnarskipti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þingið og aðrir átti sig á því að hæstv. forsrh. skuli hafa tekið undir þetta sjónarmið því að það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að líta á það með fullri alvöru eftir það sem nú hefur gerst þegar kommissarakerfið hefur verið flutt úr Framkvæmdastofnuninni í Seðlabankann.

Ég vil þá aðeins víkja að nokkrum atriðum sem fram komu í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar. Mér fannst það satt að segja nokkuð merkilegt hvað hann varði einarðlega skattahækkunarstefnu Þorsteins Pálssonar — það var nokkuð athyglisvert — og bar því jafnvel við að þessi skattahækkunarstefna væri ekki aðeins efnahagsleg nauðsyn, heldur gæti hún jafnvel stuðlað að heilbrigðara líferni í sambandi við vörugjald á kókur og brauð.

Ég taldi að innan Sjálfstfl. gætu hugsanlega verið uppi mismunandi sjónarmið varðandi þessa skattahækkunarstefnu. En eftir þá ræðu sem hv. 2. þm. Reykv. flutti áðan tel ég hafa komið í ljós að innan Sjálfstfl. er full samstaða um skattahækkunarstefnuna. Og það hlýtur að vera nokkuð athyglisvert í ljósi þeirra kosningaloforða, sem Sjálfstfl. gaf fyrir síðustu kosningar, og fyrirheita um það að lækka verulega skatta hér í landinu. Þau kosningaloforð, eins og önnur, reynast auðvitað hjómið eitt þegar á hólminn kemur. Sjálfstfl. hefur engan áhuga á að standa við nein kosningafyrirheit. Hann hefur engan áhuga á öðru en að skara eld að sinni köku og sinna manna þar sem þeir sitja á réttum stöðum í kerfinu.

Hv. þm. Friðrik Sophusson vitnaði nokkuð til þess að útgjöld ríkisins til heilbrigðismála hefðu aukist um 10% á föstu verðlagi á árabili sem hann nefndi. Ég hef ekki séð þessar tölur, en ég hygg að þær séu ekki fjarri lagi. Ég hygg að ástæðan fyrir þessu sé fyrst og fremst sú stórfellda uppbygging í málefnum aldraðra sem hófst í tíð síðustu ríkisstj., og það var útilokað fyrir núv. ríkisstj. að stöðva þessa uppbyggingu. Það var hreinlega ekki framkvæmanlegt. Um það hefði aldrei orðið friður í landinu. Það hefði þýtt uppreisnarástand, liggur mér við að segja, í landinu. Þess vegna er þessi hækkun sem þarna er um að ræða á rauntölum til rekstrar í heilbrigðiskerfinu auðvitað fyrst og fremst niðurstaða af verkum fyrrv. ríkisstj. Hins vegar er ljóst að ákvarðanir núv. ríkisstj. um það að draga úr framlögum til framkvæmda í heilbrigðismálum munu hafa í för með sér að þarna mun hægja verulega á á komandi árum frá því sem verið hefur.

Og ég hygg að sama skýring, herra forseti, eigi einnig við að því er varðar félagsmálin. Útgjöld til félagsmála á föstu verðlagi hafa tvöfaldast á nokkrum árum segir hv. þm. Ég hygg að það sé rétt. Ég hef um það upplýsingar að útgjöld til félagsmála fatlaðra á árunum 1980–1986 hafa mikið meira en tvöfaldast. Mér sýnist að þau hafi að raungildi u.þ.b. átjánfaldast á tímanum. Ástæðan fyrir þessu er sú ákvörðun sem var tekin í tíð síðustu ríkisstj. um þjónustu við fatlaða og Framkvæmdasjóð fatlaðra. Og það var svo mikill skriður á þessum framkvæmdum um allt land að það var vonlaust verk fyrir ríkisstj. að gera tilraun til að stöðva það fullkomlega.

Nú hefur hins vegar verið tekin um það ákvörðun að hægja einnig á á þessu sviði þannig að þegar ríkisstj. er að hæla sér af því að eitthvað hafi aukist fjárframlög til heilbrigðismála og félagsmála er það fyrst og fremst vegna þess að um var að ræða víðtækt uppbyggingarstarf í þessum málaflokkum, sérstaklega málum fatlaðra og aldraðra, í síðustu ríkisstj., og það var ekki hægt fyrir ríkisstj., þá sem tók við, að stöðva það þó hún fegin hefði viljað.

Ég hef hér, herra forseti, farið yfir nokkur atriði sem fram hafa komið í málflutningi talsmanna stjórnarflokkanna og ætla ekki að bæta þar miklu við. Ég ætla aðeins að segja þetta að lokum:

Ég held að mjög nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að núna á þessum síðustu dögum janúarmánaðar 1986 er að koma verulegur bati inn í þjóðarbúið, bati sem á að geta skilað sér í betri lífskjörum og hærra kaupi fólksins í landinu. Mér hefur fundist að þessi ríkisstj. gerði allt sem hún gæti í rauninni til að ala á svartsýni þjóðarinnar og trúleysi á að Íslendingar geti lifað eðlilegu lífi í þessu landi. Það kemur fram í landflóttatölunum sem ég nefndi áðan og fleiru. Með þeirri auknu þjóðarframleiðslu sem ytri aðstæður hafa skapað, með hækkandi verði á afurðum okkar og lækkandi olíuverði, sem nú er um að ræða, er alveg augljóst að allir möguleikar eiga að vera til þess að koma með mjög myndarlegum og afgerandi hætti til móts við verkalýðshreyfinguna í landinu í þeim kjarasamningum sem nú eru að hefjast.

Efri deild, 43. fundur.

Miðvikudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem þetta er fyrsti fundur á nýju ári vil ég bjóða hv. þdm. velkomna til starfa og óska þeim og starfsliði Alþingis alls velfarnaðar í störfum á nýju ári.

Verðbréfamiðlun, stjfrv. 202. mál (þskj. 380). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Með þessu frv. er lagt til að lögfestar verði reglur um verðbréfamiðlun, en viðskipti með verðbréf hafa farið sívaxandi hér á landi á undanförnum árum. Markmiðið er að tryggja eftir föngum heilbrigða viðskiptahætti í þessari starfsemi þannig að frelsi manna til samninga fái sem best notið sín. Frv. er ekki beint að samningsfrelsinu heldur gegn misnotkun þess.

Frv. er samið af nefnd sem fyrrv. viðskrh. skipaði 15. febr. á s.l. ári. Sigurgeir Jónsson, aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum, var formaður þessarar nefndar, en aðrir nefndarmenn voru Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri, Eyjólfur Konráð Jónsson alþm., Gestur Jónsson hrl. og Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að nefndinni sé falið að semja reglur um meðferð og sölu skuldabréfa og sé til þess ætlast að nefndin athugi hvort rétt sé að binda starfsemi verðbréfamiðlara við sérstakt starfsleyfi svo og hvort ástæða sé til að herða á eftirliti með verðbréfaviðskiptum, m.a. með kröfu um nafnskráningu skuldabréfa og upplýsingaskyldu verðbréfamiðlara gagnvart almenningi og stjórnvöldum. Þá var þess óskað að nefndin athugaði skattalega meðferð skuldabréfa og gerði tillögur til úrbóta í því efni.

Með samningu þessa frv. og frv. til l. um nafnskráningu skuldabréfa, sem einnig hefur verið lagt hér fram, hefur nefndin að verulegu leyti lokið störfum. Hún á þó eftir að leggja fyrir ráðuneytið tillögur um skattalega meðferð skuldabréfa.

Samkvæmt þessu frv. verður starfsemi verðbréfamiðlara framvegis háð leyfi viðskrh. og skal veita leyfið að fullnægðum fastákveðnum skilyrðum. Jafnframt er lagt til að í starfsemi þessari verði að fylgja ákveðnum grundvallarreglum sem í senn er ætlað að tryggja öryggi þeirra sem eiga viðskipti við verðbréfamiðlara og að eftirlit megi hafa með starfseminni. Skal ég nú víkja í örstuttu máli að einstökum ákvæðum þessa frv.

Í I. kafla eru nokkur hugtök skilgreind sem máli skipta. Segir í 2. gr. að með verðbréfamiðlun sé átt við hvers konar milligöngu um kaup eða sölu verðbréfs, kaup eða sölu verðbréfs í annarra þágu og ráðgjöf sem veitt er gegn endurgjaldi um slík kaup eða sölu. Í þessu sambandi vekur það einkum athygli að veiting ráðgjafar um verðbréfaviðskipti gegn endurgjaldi fellur undir hugtakið „verðbréfamiðlun". Það þykir eðlilegt að þessi þáttur verðbréfaviðskipta falli undir hugtakið og verði þar með háður veitingu starfsleyfis þar sem ráðgjöf í ágóðaskyni til annarra um kaup eða sölu verðbréfs getur eðli málsins samkvæmt verið ein þýðingarmesta ákvörðunarástæða kaupanda eða seljanda um viðskipti.

Í 2. gr. segir enn fremur að til verðbréfamiðlara teljist þeir menn sem hlut eiga að verðbréfaviðskiptum með þeim hætti að það falli undir hugtakið „verðbréfamiðlun" eins og það er skýrt í ákvæðinu. Þá er skilgreint hugtakið „verðbréfasjóður". Er með því átt við sérhvern aðila að lögum sem hefur það markmið að kaupa eða selja verðbréf í eigin nafni, en almenningur getur átt aðild að.

Í II. kafla er fjallað um leyfi til rekstrar verðbréfamiðlunar og verðbréfasjóðs. Er lagt til að óheimilt verði að hafa með höndum verðbréfamiðlun eins og henni er lýst fyrr nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra. Frá þessari meginreglu er þröng undantekning varðandi lögmenn og löggilta endurskoðendur. Það er gert ráð fyrir að leyfi verði persónubundið og er því ekki um það að ræða að félag eða stofnun fái leyfi þetta í eigin nafni heldur er ráðgert að slíkir aðilar verði að lúta stjórn manns sem leyfi hefur fengið að fullnægðum þeim skilyrðum sem sett eru í frv. Tilhögun þessi er lögð til í því skyni að tryggja að félag sem hefur verðbréfamiðlun með höndum sé ekki selt til manna sem ekki fullnægja hæfnisskilyrðum ákvæðisins.

Þessi skilyrði, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að maður geti leyst til sín leyfi, eru í fimm liðum:

Í fyrsta lagi er þess krafist að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari og heimilisfastur hérlendis, í öðru lagi að hann hafi óflekkað mannorð, í þriðja lagi að hann sé fjárráða og hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu, í fjórða lagi að hann hafi lokið viðurkenndu prófi í hagfræði, lögfræði eða viðskiptafræði. Þó er viðskrh. heimilt að víkja frá skilyrði þessu eins og nánar er lýst í d-lið 1. mgr. 4. gr. frv. Í fimmta lagi setji umsækjandi bankatryggingu að fjárhæð 2 millj. til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Þá er einnig lagt til að óheimilt verði að stofna eða starfrækja verðbréfasjóð nema sá maður sem veitir sjóðnum forstöðu og hefur daglega stjórn hans með höndum fullnægi framangreindum skilyrðum og hafi öðlast leyfi ráðherra til starfseminnar. Viðskrh. er jafnframt heimilt að fella úr gildi leyfið missi leyfishafi einhver þeirra skilyrða sem að framan eru greind.

Um það kunna að vera skiptar skoðanir hvort almennt eigi að binda í lög að leyfis sé þörf til að leggja

stund á verðbréfamiðlun. Sú leið hefur þó verið valin í frv. þessu og er þá einkum horft til hagsmuna þeirra sem leita eftir þeirri þjónustu sem verðbréfamiðlarar veita. Ljóst er að ráðgjöf um viðskipti á þessu sviði er vandasöm og þarfnast umtalsverðrar þekkingar, jafnt á hinni reikningslegu hlið viðskiptanna sem hinni lagalegu. Reynslan hefur sýnt að umtalsverðir fjármunir ganga manna í milli í þessum viðskiptum og er augljós sú hætta sem viðskiptamönnum getur verið búin af misferli eða mistökum milligöngumanns. Verður ekki séð að hagsmunum viðskiptamanna verði veitt nægileg vernd fyrir umræddum hættum öðruvísi en reynt sé að tryggja að milligöngumaður um viðskiptin fullnægi ákveðnum almennum kröfum varðandi mannorð, menntun og getu til að standa straum af greiðslu skaðabóta verði honum á mistök í starfi viðskiptamanni til tjóns.

Í III. kafla er fjallað um réttindi og skyldur verðbréfamiðlara. Þar er m.a. að finna ákvæði um upplýsingaskyldu verðbréfamiðlara gagnvart viðskiptamönnum. Einnig eru þar ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir að verðbréfamiðlari mismuni viðskiptamönnum varðandi upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör verðbréfa. Þá er í þessum kafla ákvæði um framsal verðbréfa, þagnarskyldu verðbréfamiðlara og skyldu hans til að kunngera viðskiptamanni fyrir fram hverja þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína.

Í IV. kafla er fjallað um fjárhagslega ábyrgð verðbréfamiðlara gagnvart viðskiptamanni. Meginreglan í þeim efnum verður skv. frv. að almennar skaðabótareglur skuli gilda. Þó er um strangari sérreglur að ræða þegar heimildarskjal eða fjármunir glatast sem verðbréfamiðlari hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns eða verðbréf skortir einhverja þá kosti sem ætla má að áskildir hafi verið.

Samkvæmt V. kafla frv. er bankaeftirliti Seðlabankans falið að hafa eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfasjóðs og skal bankaeftirlitið tilkynna viðskrh. telji það starfsemi þessa brjóta í bága við ákvæði frv. eða eðlilega viðskiptahætti. Getur þá viðskrh. svipt hlutaðeigandi leyfi til verðbréfamiðlunar eins og nánar er lýst í V. kafla frv. um viðurlög við brotum. Í þessum kafla segir enn fremur að það varði sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum hafi maður verðbréfamiðlun eða rekstur verðbréfasjóðs með höndum án tilskilins leyfis. Nú nýlega sendi Jónatan Þórmundsson lagaprófessor nokkrar ábendingar í ráðuneytið sem fjalla um refsiákvæði. Ég mun ekki gera þær að umræðuefni, en ráðuneytið mun senda nefndinni þær ábendingar þegar hún tekur frv. til meðferðar og umfjöllunar.

Lokakafli þessa frv. fjallar um gildistöku þess. Er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. mars 1986. Starfandi verðbréfamiðlurum við gildistöku laga þessara verður heimilt að halda áfram starfi sínu án leyfis viðskrh. til 1. maí á þessu ári. Þessar dagsetningar koma einnig mjög til álita og ekki óeðlilegt að þeim verði eitthvað breytt og fer það eftir því hve hratt gengur að afgreiða málið.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir ákvæði frv. sem hér liggur fyrir og vil að öðru leyti vísa til ítarlegra athugasemda er fylgja frv. Það skal einungis áréttað að meginmarkmið frv. er að vernda almenning og viðskiptalíf gegn misnotkun á því samningsfrelsi sem almennt ríkir í viðskiptum hér á landi.

Að lokinni þessari umræðu er þess óskað að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og mun ráðuneytið kappkosta að koma á framfæri öllum þeim upplýsingum sem snerta efni þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Nafnskráning skuldabréfa, stjfrv. 203. mál (þskj. 381). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. er flutt samhliða frv. til l. um verðbréfamiðlun. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að skuldabréf beri ætíð með sér með ótvíræðum hætti hvert nafn skuldareiganda er. Þó eru víxlar og tékkar undanþegnir ákvæðum frv., enda fyrir hendi þær aðstæður varðandi slík bréf að framsal með nafnritun leiðir til ábyrgðar framseljanda á greiðslu skuldar.

Í lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., er nú þegar að finna ákvæði um nafnskráningu verðtryggðra fjárskuldbindinga. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur hins vegar ekki tekist sem skyldi og þykir ljóst að allnokkuð vanti á að fylgt sé í viðskiptum reglum um nafnskráningu verðtryggðra skuldabréfa og spariskírteina ríkissjóðs. Virðast þessi bréf í umtalsverðum mæli ganga kaupum og sölum með eyðuframsali upphaflegs kröfueiganda. Jafnframt er ljóst að skuldabréf ganga milli manna sem ekki eru verðtryggð og hljóða á handhafa bréfsins.

Ýmis vandkvæði fylgja því að kröfuréttindi hljóða ekki á nafn eigenda þeirra og gangi kaupum og sölum án þess að slíks sé getið á skilríkjum fyrir þeim. Þessi vandkvæði snúa bæði að þeim sem standa á skil á greiðslu kröfu og að opinberum aðilum þar sem hætt er við að misbrestur sé á að eignarhalds á skuldabréfum og viðtöku vaxta af þeim sé getið við skattaframtalsgerð kröfueigenda.

Með þessu frv. er stefnt að úrbótum í þessu efni og að lögfest verði skýlaus ákvæði um skyldu til að skrásetja öll kröfuréttindi sem frv. tekur til á nafn eigenda þeirra. Er gert ráð fyrir að sú skylda nái jafnt til verðbréfa, sem gildandi reglur kveða á um að hljóða eigi á nafn skuldareiganda, svo og til þeirra sem heimilt er að hljóða á handhafa samkvæmt gildandi lögum. Til að tryggja framkvæmd þessara ákvæða er m.a. gert ráð fyrir því í frv. að óheimilt sé að þinglýsa skuldabréfi eða skrásetja með öðrum opinberum hætti réttindi samkvæmt því nema fullnægt sé skilyrðum um nafnskráningu. Jafnframt verður viðskiptabönkum, sparisjóðum, öðrum lánastofnunum og innheimtuaðilum óheimilt að veita skuldabréfi viðtöku til eignar eða innheimtu fullnægi það ekki þessu skilyrði. Svipuð skylda hvílir á verðbréfamiðlurum. Samkvæmt þessum ákvæðum mun bankaeftirlitið fylgjast með því að viðskiptabankar, sparisjóðir og verðbréfamiðlarar veiti skuldabréfi því aðeins viðtöku að það fullnægi ákvæðum þessa frv. ef að lögum verður.

Að öðru leyti vísa ég til ítarlegra athugasemda með frv. þar sem einstök ákvæði þess eru skýrð nánar en ég hef hér gert.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. Hér er hreyft þörfu máli og tekið á því með þeim hætti að ég hygg að minn flokkur geti þar vel við unað, enda bendi ég á að við höfum áður flutt frumvarp í Nd. Alþingis um svipað efni og hér er inn á komið þó það hafi ekki náð fram að ganga.

Ég vildi aðeins koma upp í ræðustólinn til að lýsa yfir stuðningi við meginefni frv. og geta þess um leið að við munum að sjálfsögðu greiða fyrir framgangi þess í samræmi við það að þetta hefur lengi verið áhugamál hjá mínum flokki svo sem sjá hefur mátt í frumvarpsflutningi hans á síðustu árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 44. fundur.

Miðvikudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 208. mál (þskj. 424). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að gefa mér tækifæri til að mæla fyrir þessu frv. Ég skal í staðinn vera mjög stuttorður.

Frv. er um það, eins og glöggt kemur fram, að aðalskrifstofur og stjórnstöð Hafrannsóknastofnunar skuli vera á Ísafirði, en stofnunin reka útibú í Reykjavík og öðrum landshlutum samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar. Í gildandi lögum um Hafrannsóknastofnun er ekki tekið fram hvar aðalskrifstofur stofnunarinnar eigi að vera né heldur að stofnunin skuli starfrækja útibú.

Út af fyrir sig þarf ekki að hafa mörg orð fyrir þessu frv., aðeins minna á að hér er hreyft máli sem er árvisst í sölum Alþingis með einhverjum hætti. Það gerist á hverju ári að þm. utan af landsbyggðinni flytji hér till. og frv. um flutning stofnana út á landsbyggðina. Fyrir liggur og hefur legið í mörg ár skýrsla sérstakrar nefndar sem sett var á laggirnar til að gera tillögur um slíkan stofnanaflutning. Það virðist vera, a.m.k. ef marka má ummæli manna og þá ekki síst landsbyggðarþingmanna, mikill stuðningur fyrir því að slíkur flutningur eigi sér stað. Þrátt fyrir þetta allt saman hefur hins vegar aldrei til þess komið að af slíkum flutningum yrði. Þar er því miður ekki síst um það að sakast að landsbyggðarþingmennirnir sjálfir geta yfirleitt hvorki komið sér saman um hvaða stofnanir eigi að flytja né hvert. Menn hafa að vísu hug á því að fá ríkisstofnanir fluttar heim í sitt kjördæmi, en það er eins og menn geti ekki unnt öðrum landshluta en þeim sem þeir eru sjálfir fulltrúar fyrir að fá einhverja tiltekna stofnun til sín ef þeir ekki fá hana sjálfir. Ef um það er að ræða að velja á milli þess að stofnun sé annaðhvort flutt út í eitthvert landsbyggðarkjördæmi annað en manns eigið ellegar að stofnunin verði áfram í Reykjavík, þá virðist valið oftar en ekki hjá landsbyggðarþingmönnum vera það að betra sé að hafa stofnunina áfram í Reykjavík en í einhverju öðru kjördæmi en viðkomandi. Þetta sjónarmið verður að sjálfsögðu til þess að það gerist aldrei neitt í málinu þrátt fyrir margvíslegan tillöguflutning og þrátt fyrir margvíslegar yfirlýsingar og margvísleg nefndastörf um nákvæmlega þetta. Þetta viðhorf verður að breytast.

Ég tek það sérstaklega fram í grg. að ég tel mjög eðlilegt að t.d. hin nýja Byggðastofnun verði staðsett á Akureyri. Það er orðið í valdi stjórnar Byggðastofnunar að ákveða það. Ef kæmi fram till. á Alþingi um að þeirri stofnun yrði t.d. valinn staður á Akureyri mundi ég styðja þá till. þó ég sé fulltrúi annars landshluta en Norðurlands. Mér finnst eðlilegt að Byggðastofnun yrði sett niður á Akureyri því að Akureyri er nokkurs konar höfuðstaður landsbyggðarinnar og þeir sem eru fulltrúar landsbyggðarinnar, sama hvaðan þeir koma, eiga að geta stutt hver annan í slíkum tilfærslum.

Með sama hætti finnst mér mjög eðlilegt að stofnun eins og t.d. Skógrækt ríkisins sé valið aðalaðsetur á Egilsstöðum og væri ég fús til að styðja slíka tillögu.

Meginatriði með þessum tillöguflutningi er að vekja enn á ný athygli á því að það er kominn tími til að menn fari að láta sjást eitthvað í framkvæmdum af þeim tillögum um stofnanaflutning út á landsbyggðina sem fyrir Alþingi liggja og m.a. er að finna í nál. sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson átti hlut í að semja á sínum tíma. Þetta gerist ekki nema þm. landsbyggðarinnar komi sér saman um að styðja hver annan í slíkum tilvikum. Það strandar oft frekar á andstöðu þeirra við slíkan flutning en á andstöðu þm. þéttbýlisins héðan af suðvesturhorninu. Það er nauðsynlegt, herra forseti, að þm. langsbyggðarinnar geti komið sér saman um slíka hluti. Það er m.a. til þess að gera tilraun til að koma slíkri samstöðu á sem þetta frv. er flutt nú.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál nú, herra forseti, og þakka aftur velvild forseta að leyfa þessu máli að koma á dagskrá. Mér er ekki alveg ljóst hvert eðlilegast væri að vísa frv. Það er sennilega eðlilegast að vísa því til allshn. Einnig gæti komið til greina að vísa því til sjútvn. Ég geri samt tillögu um að vísa frv. til allshn., en sætti mig vissulega við úrskurð forseta og mun draga þá till. til baka ef honum finnst eðlilegra að vísa frv. í aðra nefnd.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég hygg að þegar svona stendur á hafi málum af svipuðu tagi verið vísað til sjútvn., þegar efnið er af því tagi sem þarna ræðir um. (**SighB:** Ef forseti gerir það að tillögu sinni dreg ég mína tillögu um allshn. til baka.) Það er þá gerð tillaga um að vísa frv. til sjútvn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að taka undir málflutning hv. flm. þessa frv. um nauðsyn þess að meira gerist í þeim efnum að dreifa opinberri stjórnsýslu um landið, en frv., þó að það taki aðeins á einum þætti þess máls, fellur að þeim hugmyndum, sem oft hafa verið ræddar á hv. Alþingi og till. komið fram um til stjórnvalda, að dreifa ákveðnum þáttum stjórnsýslunnar með skipulegum hætti út um landið. Ég held að það sé sannarlega mál til

komið fyrir hv. alþm. að taka afstöðu í þessum efnum og fyrir stjórnvöld að láta verða af framkvæmdum í þessum málum með miklu ákveðnari hætti en gerst hefur á undanförnum árum.

Við fjölluðum hér í fyrra um breytingu á stjórnsýslu með myndun Byggðastofnunar upp úr byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þá fór svo að Alþingi, hv. þingdeild hér að meiri hluta, féllst ekki á það ég vil segja sjálfsagða sjónarmið að velja þessari stofnun stað utan höfuðborgarsvæðisins, en till. lágu fyrir um það, studdar af mörgum þm. og aðilum utan þings, að þessi stofnun yrði sett niður á Akureyri. Í stað þess var þetta mál skilið eftir opið og vísað til stjórnar sem er að láta fara fram einhverja faglega úttekt, gott ef ekki hjá Hagvangi, á því hvort það sé fært og skynsamlegt að flytja Byggðastofnun til Akureyrar.

Mér finnst það lýsandi dæmi um undirtektir við mál af þessu tagi að það skuli þurfa einhverja sérúttekt eins og þarna er látin fara fram varðandi Byggðastofnun án þess að ég vilji fullyrða hver verður niðurstaða úr skoðun þessa máls á vegum stjórnar Byggðastofnunar. Hér er auðvitað um pólitískt mál að ræða þar sem þarf pólitíska ákvörðun og það eru slíkar ákvarðanir sem við þurfum að taka hér á Alþingi í ljósi þeirra viðhorfa, að mínu mati, að nota stjórnsýsluna og umsvif ríkisins sem einn þátt í að leiðrétta að einhverju stöðu landsbyggðarinnar sem fer nú versnandi með hverju árinu sem líður eins og öllum hv. alþm. ætti að vera ljóst.

Tilfærsla eða uppbygging ríkiskerfisins í höfuðstað landsins hefur auðvitað átt drjúgan þátt í þeirri þróun, sem við höfum orðið vitni að undanfarna áratugi býsna langt aftur í tímann, að safna fólkinu hér saman í miklu ríkari mæli en skynsamlegt getur talist og eðlilegt. Því er öll viðleitni í þá átt að stinga þar við fæti, allar slíkar tilraunir og tillögur, og þar er auðvitað nærtækast að horfa til ríkisvaldsins og stofnana á þess vegum, góðra gjalda verðar.

Ég hef markað mína afstöðu í þingmáli sem er 3. mál Sþ., þáltill. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, þar sem lagt er til að á þessum málum verði tekið með stefnumarkandi hætti og víðtækt. Það má segja að sá þáttur sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson víkur hér að sé aðeins einn lítill þáttur af því sem þarf að gerast í þessum efnum.

Ég vil hins vegar láta það koma fram að ég tel í rauninni líklegra til árangurs á heildina litið að þoka þeim þáttum þar sem umsvif eru fyrir úti í landshlutunum á sviðum opinberra mála þangað, yfirstjórn þeirra mála, út í landshlutana, þannig að hver landshluti, hvort sem menn tala um fylki eða miða við núverandi kjördæmaskipun og tala um kjördæmi, verði sem sjálfstæðastur um meðferð þeirra mála sem snerta landshlutann þó svo að yfirstjórnin geti verið í Reykjavík. Þetta hefur stundum verið kölluð útibúastefnan. Það má kalla það ýmsum nöfnum. En þarna er um að ræða stóra málaflokka eins og t.d. mennta- og heilbrigðismálin, almannatryggingarnar svo ég nefni eitthvað, húsnæðismálin og fleira sem vakin er athygli á í þeirri þáltill. sem ég flutti í byrjun þessa þings með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Í þeirri till. er m.a. að finna fylgiskjal sem hv. flm. gat um, þ.e. till. svokallaðrar stofnananefndar sem skilaði áliti 28. október 1975. Útdrátt úr þeirri till. er að finna sem fylgiskjal með þessu þingmáli og vildi ég nefna það hér þar sem þetta þingskjal liggur á borðum hv. alþm.

Að öðru leyti ítreka ég stuðning við þau sjónarmið sem koma fram með flutningi þessa máls og vona að á þessum málum verði tekið fyrr en seinna með öðrum og meira ákvarðandi hætti en gerst hefur á liðnum árum.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í þessa umræðu. Vegna þess að þeir sem hér hafa talað hafa vikið að Byggðastofnun og þeirri umfjöllun sem hún hefur fengið hér á þessum vetri vildi ég segja örfá orð. Þeir leiðrétta mig þá sjálfsagt félagarnir, sem hér hafa á undan mér talað, ef mig misminnir í þeim efnum.

Ég hefði gjarnan viljað spyrja þá að því, þessa fyrrverandi ráðherra, Sighvat Björgvinsson og Hjörleif Guttormsson: Hvaða stofnanir voru fluttar út á land í ráðherratíð þeirra? Ég hugsa að tíminn í dag endist okkur til þess að þeir telji þær upp fyrir okkur, svo margar held ég að þær hafi ekki verið.

Til að fyrirbyggja misskilning vegna þess sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði og orðaði svo, að því er ég tók best eftir, í tilefni þess að í Byggðastofnun væru menn að gera einhverja faglega úttekt, og að hann héldi að þeir hefðu falið Hagvangi að gera þessa úttekt. Ég held að hv. þm. hafi orðað þetta nokkurn veginn svo. Margar úttektirnar gerði þessi hv. þm. og ráðherra. Það verð ég að segja. Ég get sagt það hér að Byggðastofnun og starfsmenn Byggðastofnunar höfðu vissulega alla burði til þess og getu að gera þessa úttekt og athugun sem hér er verið að tala um. Við höfðum hina hæfustu menn til að gera það. Við töldum hins vegar að þeir mundu vart teljast hlutlausir í þeirri skoðun. Því var það niðurstaða okkar stjórnarmanna nýrrar Byggðastofnunar að reyna að finna hlutlausan aðila til að skoða þetta mál. Við ræddum við fleiri en eitt fyrirtæki, en niðurstaðan varð að þeim viðræðum loknum að við völdum fyrirtækið Hagvang til að vinna þessa úttekt fyrir okkur. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir, sem styttist óðum í, mun stjórn Byggðastofnunar byggja sína ákvörðun á þeirri niðurstöðu. Ég vildi að þetta kæmi hér fram.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fór eins og títt er um þm. Framsfl. nú á árum að gleyma því að sá flokkur átti hlut að fyrrverandi ríkisstjórn og ríkisstjórnum, kannske þó ekki með hv. þm. og fyrrverandi ráðherra Sighvati Björgvinssyni. En ég verð að segja að staða byggðamálanna var með talsvert öðrum hætti á þeim árum en verið hefur í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Það væri hægt að segja margt um þau efni. En ég ætla ekki að gera það hér. Ég vænti þess að við ræðum byggðamálin við hentugt tækifæri, svo brýn þörf sem er á að taka þau mál til umræðu hér í víðu samhengi.

En varðandi minn hlut að þessu máli í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar vil ég aðeins minna á einn þátt, og ekki lítilsverðan þátt að mínu mati, sem lögfestur var á þeim árum og sem fellur einmitt að þeim sjónarmiðum sem ég mælti hér fyrir, en það er starfsemi iðnráðgjafa í landshlutunum. Þar var efnt til starfsemi með stuðningi ríkisins og samvinnu við samtök heimamanna til þess að renna stoðum undir iðnþróun úti í landshlutunum. Sú starfsemi er enn við lýði, en hefur ekki eflst og vaxið með þeim hætti sem æskilegt hefði verið að mínu mati. En það er einnig mál sem ég ætla ekki að ræða undir

þessum dagskrárlið, stöðu iðnaðarmála, stöðu iðnaðarins og iðnþróunar í landinu hin síðustu misserin og horfur í þeim efnum.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði ekki annað en staðfesta það sem mig hafði minnt um fyrirtækið Hagvang sem ynni þarna að úttekt. Ég var út af fyrir sig ekkert að gagnrýna Hagvang öðrum fyrirtækjum fremur af þessu tagi heldur aðeins að minna á að ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi kinokaði sér við að taka pólitíska afstöðu til staðsetningar Byggðastofnunar, og hv. þm. átti hlut að þeirri ákvörðun, og er í staðinn að velkjast með þetta mál sem enn er í óvissu hér og nú. Hv. þm. lét ekki nokkra skoðun í ljós um þetta, enda er hann að bíða eftir hinni faglegu úttekt Hagvangs á þessu efni. Verður sannarlega fróðlegt að fylgjast með því hver verður framvindan á vegum stjórnar Byggðastofnunar. Kannske gæti verið þörf á því að taka þetta mál hér upp aftur á hv. Alþingi áður en langt um líður.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Vissulega er mjög ákjósanlegt að láta gera alls konar hagrænar úttektir, en það er í fyrsta lagi spurning á hverju á að gera slíka úttekt og í öðru lagi hvaða spurningar eru það sem menn leggja fyrir þá vísu hagfræðinga sem eru að gera slíkar úttektir. Við skulum segja sem svo að stjórnarskrárnefnd hefði falið Hagvangi að gera úttekt á því hvort væri hagrænna eða hvort væri líklegra til þess að skila haglegum árangri að þm. væru 63 eða 10. Hvaða niðurstöðu haldið þið að Hagvangur hefði komist að? Ég þori að fullyrða að Hagvangur hefði komist að þeirri niðurstöðu að það væri miklu betra frá fjárhagslegu sjónarmiði fyrir þjóðina að þm. væru 10 fremur en 63. Það er nákvæmlega þessi niðurstaða sem menn geta gefið sér þegar spurningar eru lagðar fyrir fyrirtæki eins og t.d. Hagvang. Þegar Hagvangur er spurður: Hvort halda menn að sé *ódýrara að hafa Byggðastofnun í Reykjavík eða á* Akureyri? eða jafnvel: Hvort halda menn að það sé ódýrara fyrir þjóðina að hafa ekki Byggðastofnun eða ekki Byggðastofnun? þá held ég að menn geti fyrir fram gefið sér hvert er sjónarmið Hagvangs.

Það er hins vegar ákvörðun sem Alþingi verður að taka, ekki bara út frá hagrænum forsendum heldur ýmsu öðru, m.a. byggðalegum, hvort það sé rétt að stofnanir eins og Byggðastofnun séu staðsettar annars staðar en í Reykjavík. Mín skoðun er að það sé rétt. Það hafa komið fram fjölmargar tillögur um það. Þessi flutningur stofnana hefur sjaldnast strandað á andstöðu þm. Reykjavíkur eða þéttbýlissvæðisins heldur hefur hann strandað á tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri að starfsmenn þessara stofnana, sem eru staðsettar í Reykjavík, hafa frekar viljað hafa þær nálægt sínu heimili en að þurfa að gera það upp við sig hvort þeir ættu að fá sér annnað starf eða flytja sig á brott. Og hins vegar þeirri, og það ber að viðurkenna, að það hefur aldrei verið hægt að ná neinni samstöðu meðal landsbyggðarþingmanna um slíkan flutning stofnana vegna þess að menn hafa verið svo bundnir við sitt eigið kjördæmi að þeir hafa ályktað sem svo: Ef ég fæ ekki viðkomandi stofnun heim til mín er það miklu haganlegra fyrir mig og mína umbjóðendur að hafa hana í Reykjavík en einhvers staðar annars staðar. **(Gripið fram í:** Þetta er alveg rétt.) Meðan þetta er viðhorfið hjá landsbyggðarþingmönnum er tómt mál að tala um að flytja stofnanir og tómt mál að tala um að það sé eitthvert vit í slíkri stefnu og það beri að dreifa stjórnsýsluvaldinu meira út um héruð landsins. Þess vegna tók ég fram í ræðu minni áðan að ég teldi rétt að landsbyggðarþingmenn endurskoðuðu þessa afstöðu sína og tók sérstaklega fram um mína skoðun að ég væri reiðubúinn að fylgja því hvar og hvenær sem er að t.d. Byggðastofnun væri valinn staður á Akureyri. Mér finnst það ekkert óeðlilegt. Miðað við nútíma samgöngutækni og samskiptatækni er ekkert erfiðara fyrir menn utan af landsbyggðinni að komast í samband við Akureyri en Reykjavík.

Herra forseti. Ég býst ekki við því að hv. þm. Stefán Guðmundsson hefði verið ýkja ánægður ef við Alþýðuflokksmenn, í fimm mánaða bráðabirgðastjórn með minni hluta þingheims á bak við okkur, hefðum farið að taka upp á því að flytja stofnanir til og frá í landinu, enda tel ég að við höfum ekki haft umboð til slíks og alveg fráleitt að láta sér detta í hug að bráðabirgðaríkisstjórn sem situr í fimm mánuði geti gert einhverjar slíkar ráðstafanir.

Ég vildi gjarnan minna á að það eru fleiri en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem hafa flutt till. um samræmda mótun byggðastefnu. Það gerði ég einnig fyrir hönd Alþfl. fyrir fjórum árum. Þar lagði ég m.a. til að Framkvæmdastofnun ríkisins yrði lögð niður og Framkvæmdasjóður yrði vistaður annars staðar, þ.e. ég lagði til að hann yrði vistaður í Seðlabanka Íslands, en upp úr Framkvæmdastofnun ríkisins yrði stofnuð sérstök byggðastofnun sem hefði það nákvæmlega að hlutverki að sinna byggðamálum og engu öðru. Ég sé ekki betur en þessi stefna í þáltill. hafi verið framkvæmd af núverandi hæstv. ríkisstj. því sú byggðastofnun sem hefur risið upp úr rústum Framkvæmdastofnunar ríkisins er nákvæmlega sama fyrirbærið og við Alþýðuflokksmenn lögðum til í okkar till. um mótun byggðastefnu að sett yrði á stofn í stað Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Ég ítreka, herra forseti, að það er ekki ástæða til þess fyrir þm. af landsbyggðinni að fara að munnhöggvast enn á ný um þessi mál heldur reyna að leita samstöðu. Ég endurtek að a.m.k. fyrir mína parta er ég alveg reiðubúinn til að standa að því að stofnun eins og Byggðastofnun verði valinn staður á Akureyri þó að það sé ekki endilega í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir hér.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt að Byggðastofnun er ekki á dagskrá. Hins vegar hefur hún samt komist inn í þessa umræðu.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að ég hefði ekki látið í ljós neina skoðun á þessu máli. Það er ekki rétt. Ef hann hefur ekki heyrt það skal ég endurtaka það hér. Mín skoðun á flutningi Byggðastofnunar var augljós. Ég gerði grein fyrir atkvæði mínu. Ég sagði þá og meina það enn að það er réttkjörinnar stjórnar stofnunarinnar að taka ákvörðun um hvar hún skyldi starfa. Það er réttkjörinnar stjórnar að taka ákvörðun. — Hvað segir formaður Alþb.? **(SvG:** Hefur þm. skoðun á málinu?) Já. Hvaða mál ertu að tala um? Á hvoru málinu? Það eru nánast tvö mál sem við erum að tala um. En það er ekki víst að formaður Alþb. hafi fylgst með því því að hann hefur ekki verið í salnum. **(SvG:** Flutningi Byggðastofnunar.) Ég hef skoðun á því

og er búinn að lýsa því hér yfir. Ég bíð eftir því að fá þá skýrslu sem við höfum óskað eftir að yrði unnin af Hagvangi. Þá mun ég taka afstöðu í því máli, en fyrr ekki.

Í sambandi við það mál sem við erum að tala um hér, sem er Hafrannsóknastofnun, getur hv. þm. verið rólegur. Mér skilst að það sé búið að ákveða að vísa því máli til sjútvn. Nd. Ég er formaður fyrir þeirri nefnd svo að ég mun fjalla um það í þeirri nefnd. (**SvG:** Vísa því til Hagvangs.) Ja, ég veit það ekki. Við skulum sjá til. Ég hugsa að við vísum því rétta boðleið til umsagnar, hv. þm.

Það kom fram hjá hv. flm. Sighvati Björgvinssyni að verið væri fyrst og fremst að skoða hvar væri ódýrast að reka Byggðastofnun eða Hafrannsókn. Það er mikill misskilningur. Það er vitaskuld aðeins einn þátturinn sem verður athugaður. Það er miklu, miklu fleira sem þarf að skoða í þessu efni en kostnaðarhliðin ein. Og hún vegur ekki þyngst í mínum huga. Það skal ég taka fram. En það er mikil vanþekking á málinu ef menn halda að það sé það eina sem eigi að skoða, þ.e. hvort það sé ódýrara að reka Byggðastofnun á Akureyri eða í Reykjavík.

Hv. frummælandi og flm. er ekki í salnum svo að ég þarf ekki að segja miklu meira. Það sýnir kannske áhuga hans á málinu. En ég get sagt honum það, ef hann hefur ekki fylgst með því, ég hefði þó haldið að hann hefði gert það sem fyrrv. starfsmaður Byggðastofnunar eða Framkvæmdastofnunar ríkisins um tíma, að búið er að leggja Framkvæmdastofnun ríkisins niður. Það eru að vísu engir flokksbræður hans hér inni heldur, en við reynum að koma þessu til hans sem hér sitjum ef það hefur farið fram hjá hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 219). — Frh. 1. umr.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um breytingar á lögum nr. 16 frá 1978, um varnir gegn kynsjúkdómum. Aðaltilefni þessara breytinga er eins og segir í athugasemdum við lagafrv., með leyfi forseta, að það sé skoðun ráðuneytisins, þ.e. heilbrrn., og landlæknisembættisins að brýna nauðsyn beri til þess að setja lagaákvæði um alnæmi til þess að unnt sé að bregðast við þessum sjúkdómi eins og öðrum kynsjúkdómum.

Í athugasemdunum segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Fyrir því fól heilbr.- og trmrh. þeim Guðjóni Magnússyni, settum landlækni, og Ingimar Sigurðssyni, yfirlögfræðingi í ráðuneytinu, að gera tillögur hér að lútandi ásamt tillögum um aðrar minni háttar breytingar á lögunum með hliðsjón af fenginni reynslu undanfarinna ára. Leggja þeir til að alnæmi verði tekið inn í upptalningu 1. gr. laganna. Þannig yrði sjúkdómurinn m.a. skráningarskyldur sem kynsjúkdómur og heimilt yrði að leita að sýktum einstaklingum og veita þeim meðferð og ráðleggingar til að sporna gegn því að þeir sýki aðra."

Alnæmi, ónæmistæring, eyðni, á ensku acquired immune deficiency syndrome, vanalega skammstafað og borið fram AIDS, er sjúkdómur sem fyrst var skilgreindur árið 1981. Allar rannsóknir virðast benda til þess að hér sé um áður óþekktan sjúkdóm að ræða og á tiltölulega skömmum tíma hefur safnast um hann drjúg vitneskja, bæði faraldsfræðileg og eins um meingerð sjúkdómsins og hegðun. Þó er margt óljóst enn og beinast rannsóknir nú að ýmsum þáttum sjúkdómsins, en ekki síður að því að finna bóluefni til varnar eða nothæf lyf til lækninga.

Ónæmistæringu veldur veira sem nefnd hefur verið HTLV3-veira. Hún er hjúpveira, en hjúp sinn eða kápu fær hún frá þeirri frumu sem hún sýkir, en eins og aðrar veirur getur hún ekki fjölgað sér nema sem sníkill innan í lifandi frumum. Hjúpurinn gerir veiruna mjög viðkvæma, einkum fyrir þurrki, og verður hún mjög fljótt óvirk utan frumu eða líkamsvökva. Sýking með þessari veiru smitast því ekki auðveldlega. Þetta er mikilvægt og því tilgreini ég það hér.

Veiran herjar, að því er virðist, fyrst og fremst á sérstaka tegund eitilfrumna sem nauðsynlegar eru til að verja líkamann gegn ákveðnum öðrum sýkingum. Eyðing þessara mikilvægu frumna og þar með röskun ónæmisvarna líkamans er meginorsök þeirrar sjúkdómsmyndar sem leitt getur af HTLV3-sýkingu og veldur dauða. Þó eru ekki nema um 10–20% af þeim sem smitast sem fá þetta endastig sjúkdómsins. Um 10–20% önnur fá svonefnd forstigseinkenni, en meiri hluti eða um 70–80% þeirra einstaklinga sem smitast eru fullfrískir og einkennalausir.

Þessi vitneskja miðar við rannsóknartímabil það sem liðið er síðan veiran var fyrst uppgötvuð, en það eru um 5–6 ár. Smitun einstaklinga má greina með mótefnamælingu og með því að rækta veiru frá blóði þeirra.

Vegna þess hve stutt er síðan sjúkdómur þessi kom til sögunnar er gangur hans ekki fyllilega ljós, en víst þykir að fjölmargir þættir hafa áhrif á þróun sjúkdómsins í hverjum einstaklingi. Hins vegar er ástæða til að ætla að þeir sem hafa mælanleg mótefni í blóði sínu séu smitberar. Rannsóknir hafa sýnt að þótt veiruna megi finna í ýmsum líkamsvökvum berst hún fyrst og fremst með blóði og sæði. Enn fremur hefur komið í ljós að smitun verður einkum meðal samkynhneigðra karla og þeirra karla sem eiga samfarir bæði með körlum og konum. Athuganir á útbreiðslu ónæmistæringar hafa sýnt að í Bandaríkjunum eru um 71% þeirra sem hafa sýkst samkynhneigðir eða hneigjast bæði til karla og kvenna, en um 86% af þeim sem sýktir eru í Bretlandi. Hefur þetta hlutfall haldist nokkuð svipað þótt tilfellum hafi fjölgað.

Áberandi er hve fáar konur sýkjast, en í Bandaríkjunum hafa um 6% kvenna sýkst og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt. Ber þar og annars staðar á Vesturlöndum mest á sýkingum vændiskvenna. Þessi misskipting sýkingar milli kynjanna er eitt af því sem gerir ónæmistæringu ólíka öðrum kynsjúkdómum. Það virðist fara nokkuð saman að þeim mun fleiri rekkjunauta sem menn eiga, þeim mun hættara er þeim við smitun og þeir sem flesta eiga eru líklegastir til að smitast.

Í ýmsum löndum Afríku þar sem ónæmistæring er talin eiga upptök sín, að öllum líkindum í öpum, virðist þó sýking vera svipuð meðal karla og kvenna, en sá mismunur hefur ekki verið skýrður enn. Það sama virðist reyndar vera að koma í ljós á Haiti þar sem þessi

sýking hefur þekkst um nokkurra ára skeið.

Þar sem veiran hefst við í blóðfrumum getur hún borist með blóði, bæði heilblóði og blóðhlutum, og því var þeim sem þurfa að þiggja slíkt viss hætta búin, einkum dreyrasjúkum og þeim sem þiggja blóð sem er selt en ekki gefið. Úr þessu hefur nú verið bætt eins og ég mun geta um síðar.

Eiturlyfjaneytendur sem skiptast á sprautum og nálum geta auðveldlega borið veiruna milli sín. Enn fremur geta ungbörn smitast í móðurkviði við fæðingu eða síðar. Vert er þó að leggja ríka áherslu á að smitun berst ekki milli manna við venjuleg dagleg samskipti. Sem dæmi má nefna að í 3½ ár hefur verið fylgst með 88 fjölskyldumeðlimum 35 sjúklinga með ónæmistæringu, þ.e. einstaklingum í sambúð þar sem kynmök eiga sér ekki stað. Merki um smitun hafa einungis fundist í einu litlu barni smitaðrar móður sem líklega hefur smitast við brjóstagjöf. Þó hafa samskipti þessara fjölskyldumeðlima við sjúklingana verið mjög náin, t.d. skipst á rakvélum, tannburstum o.s.frv. Heilbrigðisstarfsfólk sem hefur sinnt sjúklingum með ónæmistæringu, bæði áður og eftir að orsök sjúkdómsins var kunn, hefur ekki smitast af þeirri umgengni. Jafnvel því heilbrigðisstarfsfólki sem hefur stungið sig af slysni með nálum menguðum blóði slíkra sjúklinga virðist ekki bráð hætta búin því að einungis þrír starfsmenn af 1758 sem lent hafa í slíkum nálarstungum hafa hugsanlega smitast, þ.e. myndað mótefni gegn veirunni. Það virðast því fyrst og fremst vera ákveðnir áhættuhópar sem vegna lífsháttа sinna eða sjúkdóma eiga það mest á hættu að smitast af ónæmistæringu, samkynhneigðir karlar, karlar sem hneigjast bæði að körlum og konum, eiturlyfjaneytendur sem sprauta sig með nálum, vændiskonur og dreyrasjúkir.

Það er með réttu að sjúkdómurinn ónæmistæring hefur vakið mikla athygli og skiljanlegur er sá ótti sem hlýtur að hafa gripið um sig meðal svonefndra áhættuhópa. Hins vegar er sú hrollvekja og drepsóttarímynd sem vakin hefur verið upp í huga almennings, einkum með æsifréttum fjölmiðla, óverðskuldуð og mjög varasöm. Ástæðulaus og yfirdrifinn ótti manna sem í reynd eru í lítilli sem engri hættu á að smitast kyndir undir fordóma og útskúfun þeirra sem hafa smitast af ónæmistæringu og hefur hún þegar leitt til ýktra og mjög óæskilegra viðbragða. Nægir að minna t.d. á frétt sem kom í Morgunblaðinu í desember. Þar var greint frá sænskum lækni sem lagði það til að sjúklingar með ónæmistæringu verði merktir t.d. með húðflúri í handarkrika. Þykir mörgum þá stutt í þriðja ríkið. Því ekki má gleyma því að enn lifir fólk, gyðingar sem hafa númer tattóveruð innan á framhandlegg sinn síðan það var í fangabúðum nasista í síðasta stríði.

Heilbrigðisyfirvöld flestra landa hafa nú þegar brugðist við þessum sjúkdómi eða eru að ákveða hvaða ráðstöfunum þau muni beita til að hefta útbreiðslu hans. Í helstu nágrannalöndum okkar er það að sjálfsögðu megintakmark, eins og hjá okkur og annars staðar, að hindra frekari smitun, koma í veg fyrir að smitun innan áhættuhópa aukist eða að smitun berist frá áhættuhópum til annarra utan þeirra. Til þess að þetta takist þarf fyrst og fremst að ná sambandi við þá sem tilheyra áhættuhópunum og kanna hvort þeir hafi smitast. Jafnframt þurfa allir sem tilheyra áhættuhópum, en þó einkum þeir sem eru þegar smitaðir, að njóta fræðslu, ráðlegginga og stuðnings þannig að þeir geti forðast það að smita aðra. Með því að beita varúðarráðstöfunum og jafnvel breyta venjum sínum að einhverju leyti geta smitaðir einstaklingar komist hjá því að smita aðra.

Eins og ég gat um áðan er yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem smitast samkynhneigðir karlar og karlar sem hneigjast bæði að körlum og konum. Sumir slíkir einstaklingar hafa þegar gefið sig í ljós og viðurkenna kynhneigð sína opinberlega. Fullvíst þykir þó að þeir séu mun fleiri sem halda raunverulegri kynhneigð sinni leyndri vegna þess að hún brýtur í bága við þær hegðunarvenjur sem eru viðurkenndar í þjóðfélagi okkar. Enginn veit því í raun hve stór þessi áhættuhópur er og að hve miklu leyti hegðunarvenjur hans þyrftu breytinga við.

Sumir þeirra sem hneigjast bæði að körlum og konum eru giftir og lifa að því er séð verður venjulegu fjölskyldulífi. Þeir eiga samt eins og margir aðrir samkynhneigðir menn ákveðinn hluta lífs síns í felum og hafa varið mikilli lífsorku og áhyggjum til að halda þeim hluta lífs síns leyndum til þess að glata ekki virðingu sinni í samfélaginu. Fyrir slíka einstaklinga er mikið í húfi að ekkert verði til að ljóstra upp um þá og ógna félagslegu öryggi þeirra. Reyndar varðar þessi sjúkdómur félagslegt öryggi allra þeirra sem af honum smitast, ekki síst fyrir þá sök að hann er enn ólæknandi og er að því leyti ólíkur öðrum kynsjúkdómum sem nánast í öllum tilvikum eru læknanlegir.

Vegna þessa óvanalega en ráðandi félagslega þáttar hafa heilbrigðisyfirvöld flestra landa íhugað mjög vel hver mundu verða heppilegustu ráð til þess að sem flestir úr stærsta áhættuhópnum, þ.e. samkynhneigðir, treysti sér til þess að koma til mótefnamælingar. Jafnframt hafa heilbrigðisyfirvöld sumra landa þegar fundið sig knúin til þess að flokka þennan sjúkdóm eða setja um hann reglur eða lög. Hefur slíkt, einkum þó lagasetning, almennt vakið miklar umræður vegna þess hve mörg ólík sjónarmið koma þar til greina. Það öryggisleysi sem verður þegar menn standa andspænis áður óþekktum banvænum sjúkdómi sem tengist svo náið einu af grundvallaratriðum lífsins, kynhegðun manna, er skiljanlegt. Það að sjúkdómurinn er ólæknandi eykur á öryggisleysið og þörfina til að gera eitthvað, eitthvað sem gæti haft heftandi áhrif á sjúkdóminn eða þá sem bera hann. Hins vegar er mikið matsatriði að hve miklu leyti lagasetning er gagnleg til þess að hefta útbreiðslu sjúkdómsins og má þar gæta sín að fara ekki eftir máltækinu: Betra er illt að gera en ekki neitt.

Markmið slíkrar lagasetningar er oft sagt vera að tryggja réttarstöðu, væntanlega bæði réttarstöðu hins heilbrigða og eins hins smitaða. Þó getur lagasetningin misst marks, og þetta er grundvallaratriði: að lagasetningin getur misst marks ef ekki er vel að gáð og markmið hennar getur í raun snúist upp í andhverfu sína ef hún verður til þess að fæla þá frá sem helst þyrfti að ná til svo að takmarka megi smit, þ.e. stærsta áhættuhópinn, þá sem eru samkynhneigðir. Helstu atriði sem talin eru geta fælt frá eru tengd óttanum við uppljóstrun, þ.e. skráningu sjúkdómsins, og e.t.v. að minna marki hegningarákvæðum, þ.e. ef hætta er á því að nafnleynd sé rofin eða refsingu er hótað. Þannig getur lagasetning í reynd veikt rétt hins heilbrigða og mögu-

leika hans til að sleppa við smitun fremur en að tryggja hann gegn smitun.

Önnur markmið lagasetningar hafa verið tilgreind, að hindra smitun og fylgjast með útbreiðslu sjúkdómsins. Um þessi markmið geta gilt svipaðar röksemdir og ég nefndi í tengslum við fyrsta markmiðið, þ.e. þau nást ekki vegna gerðar þeirra laga sem sett eru. Lagasetning um ónæmistæringu er því afar vandmeðfarin. Flestöll nágrannalönd okkar hafa nú þegar gefið út eða eru í þann veginn að gefa út leiðbeiningar um smitgát og hegðun sem dregið getur úr smithættu fyrir áhættuhópa og heilbrigðisstarfsfólk. Það má geta þess að hérlendis hefur þegar verið gefinn út bæklingur til varúðar fyrir heilbrigðisstarfsfólk og í undirbúningi er bæklingur fyrir samkynhneigða, hvernig þeir geti notið samlífs án þess að sæði komi í munn eða endaþarm sem er það sem virðist reynast hættulegast fyrir smitun.

Sömuleiðis er nú þegar hafin eða er í bígerð skimprófun á öllu því blóði og blóðhlutum sem safnað er í blóðbönkum til að greina blóðgjafa með mótefni gegn ónæmistæringu þannig að ekki sé hætta á því að veiran geti borist í blóðþega. Er slík prófun einmitt nýlega hafin hérlendis. Jafnframt hefur nokkur hópur einstaklinga úr ýmsum áhættuhópum verið prófaður. Þar kom í ljós að af þeim samkynhneigðu mönnum sem komu til mælinga, en þeir voru ekki mjög margir, það voru einungis 51, reyndust 14 vera jákvæðir, þ.e. báru mótefni gegn ónæmistæringarveirunni. Það voru 27,5%. Af 50 fíkniefnaneytendum sem hafa sprautað sig og hafa farið til prófunar reyndust tveir vera jákvæðir eða 4%. Enginn dreyrasjúkur reyndist mótefnajákvæður, en ellefu af þeim komu til prófunar og 115 aðrir karlar hafa séð ástæðu til þess að mæta til rannsókna og reyndist einn af þeim bera ónæmistæringarveiruna eða hafa mótefni. Af 1900 manns sem komið hafa í Blóðbankann til að gefa blóð hefur enginn reynst bera mótefni gegn veirunni. Þessar rannsóknir eru einungis skammt á veg komnar, en þær gefa ákveðnar vísbendingar. Og það er líklegt að af samkynhneigða hópnum hafi kannske frekast komið þeir sem hafa haft ríkasta ástæðu til að láta prófa sig af þeim sem hafa komið úr felum.

Í Bandaríkjunum þar sem sjúkdómurinn greindist fyrst og þar sem nú síðast í janúar voru tilgreind um 17 þús. tilfelli af öllum þeim rúmlega 20 þús. tilfellum sem tilkynnt hafa verið í alls 75 löndum, þ.e. um 85%, gilda ýmsar reglur og lagaákvæði um ónæmistæringu, en þau eru mismunandi eftir ríkjum.

Í Bretlandi hefur ónæmistæring verið sett undir almenn smitsjúkdómalög og reglugerðir og var það gert í mars 1985. Í þeim er tekið fram að hægt sé að kyrrsetja einstakling á sjúkrahúsi ef engin önnur ráð eru tiltæk eða duga. Það er tekið fram að hægt sé að flytja einstakling með ónæmistæringu í sjúkrahús ef öðrum er hætta búin af honum, enn fremur að halda megi honum í sjúkrahúsi ef engar aðrar ráðstafanir duga til að hindra smitun af hans völdum. Líka má krefjast þess að einstaklingur sem talinn er hafa ónæmistæringu sé rannsakaður af lækni. Engin ákvæði eru um skráningu sjúkdóms í lögum, en í umburðarbréfi frá breska landlækninum til þarlendra lækna segir um trúnað, með leyfi forseta, í lauslegri þýðingu minni:

„Fyllsta trúnaðar þarf að gæta þegar einstaklingur með HTLV3-mótefni er greindur. Þegar einstaklingur er prófaður fyrir smitun með HTLV3-veiru eða fylgikvillum þeirrar smitunar og grunur leikur á um að smitun hafi borist við samfarir ber heilbrigðisyfirvöldum skylda til að varðveita trúnaðarupplýsingar samkvæmt reglugerð um kynsjúkdóma samkvæmt heilbrigðislögum. Ef sjúklingur hefur ekki gefið leyfi sitt má engum sýna persónulegar upplýsingar sem varða heilsu hans undir neinum kringumstæðum öðrum en þeim sem varða meðferð þess sjúklings nema ef slíkra upplýsinga er þörf til að hindra að smitun breiðist út."

Þar stendur jafnframt: „Veiting slíkra upplýsinga í tilgangi öðrum en læknisfræðilegum eða vegna almennra heilbrigðisástæðna gæti leitt til alvarlegra afleiðinga fyrir einstaklinginn. Taka verður upp nægilegar öryggisráðstafanir til að vernda einstakling gegn uppljóstran af hálfu óábyrgra aðila."

Lancet, eitt virtasta og víðlesnasta læknatímarit sem gefið er út, birti leiðara um ónæmistæringu í Bretlandi þann 16. nóv. s.l. Þar er því haldið fram að einu varnarráðstafanir sem gætu haft veruleg áhrif séu heilbrigðisfræðsla sem miðaði að því að draga úr smitun. Þar er enn fremur lögð mikil áhersla á samvinnu, samvinnu við smitbera og góða faraldursfræði fremur en þvingandi lagaaðgerðir sem mundu koma í veg fyrir að hægt væri að safna áreiðanlegum upplýsingum um útbreiðslu og reka menn enn frekar í felur. Síðan eru raktar ítarlega tillögur um leiðbeiningar til að forðast smitun. Lokaorð leiðarans eru eitthvað á þessa leið í lauslegri þýðingu minni, með leyfi forseta:

„Þessar varnarráðstafanir geta einungis borið árangur ef þeim er beitt í samvinnu við almenning og heilbrigðisstarfsfólk getur lagt sitt af mörkum, ekki aðeins með því að kynna sér við hvaða störf og hegðun mest smithætta er bundin, en einnig með því að þróa með sér jákvæða og skilningsríka nálgun til fólks sem hefur aðra lífshætti en það sjálft."

Í bréfi sem mér barst nýlega frá skrifstofu breska landlæknisins eftir að hafa talað við fulltrúa hans í síma stendur m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Við höfum ekki gert ónæmistæringu að skráningarskyldum sjúkdómi hérlendis (enginn kynsjúkdómur er skráningarskyldur) einkum vegna þess að við höldum að skortur á trúnaðarleynd mundi reka sjúkdóminn í felur [eða neðanjarðar eins og þeir orða það] og gera erfiðara um vik að hefta útbreiðslu hans."

Norðmenn höfðu enn ekki sett lög um ónæmistæringu síðast þegar ég vissi, en það má hafa breyst núna eftir áramótin, og sama gilti um Finna þegar ég vissi síðast, en þeir voru enn að hugsa ráð sitt. Þó hafa miklar umræður átt sér stað á opinberum vettvangi í Noregi a.m.k. Ég veit ekki eins vel um Finnland. Danir ákváðu að setja ónæmistæringu ekki undir kynsjúkdómalög, en Svíar settu ónæmistæringu undir ákvæði um kynsjúkdóma en þau lög heyra undir almenn sóttvarnalög í Svíþjóð. Þetta var í september s.l. og þau tóku reyndar gildi 1. nóvember. Um leið og ónæmistæring var sett undir lögin var þeim breytt þannig að skráningarákvæðunum um kynsjúkdóma var breytt og refsiákvæði var fellt niður.

Ég hef talsvert kynnt mér gang mála í Svíþjóð, ekki síst vegna þess að þessi tillaga að lögum hér á Íslandi er einmitt sniðin eftir sænskum lögum, og því hef ég aflað mér gagna úr sænska þinginu, m.a. framsöguræðu ráðherra, Gertrud Sigurdsen, þegar hún flutti frumvarp

um þessa breytingu. Enn fremur hef ég verið í símasambandi við faraldursfræðing ríkisins, prófessor Margareta Böttiger, og lækna sem vinna á kynsjúkdómadeildum og hafa staðið í móttöku samkynhneigðra sérstaklega og annarra sem þurfa að koma til mótefnamælingar. Síðustu fréttir sem ég hafði í morgun vil ég stuttlega rekja.

Prófanir hófust í Svíþjóð s.l. vor. Það var talsvert *mikið og vaxandi annríki á þeim deildum þar sem menn* gátu komið til prófunar þannig að það var allt að þriggja vikna biðtími að fá sig prófaðan. Eftir að lögin tóku gildi varð nokkuð snögg breyting á. Það dró úr aðsókn. Og síðan urðu enn sneggri umskipti. Aðsókn hefur dregist mjög mikið saman núna. Talið er að það sé ekki vegna þess að markaðurinn hafi verið tæmdur, þ.e. að allir þeir sem þurftu að koma í prófun hafi þegar verið prófaðir. Það er miklu fremur hinn gífurlegi ótti manna við uppljóstran sem hefur valdið þessum samdrætti að mati þeirra sem við þessi mál vinna. En ég vil stuttlega rekja hvernig þessi mál voru meðhöndluð í Svíþjóð.

Þar var engin krafa gerð um upplýsingar sem einar sér eða í samhengi við aðrar upplýsingar geta gefið til kynna hver einstaklingur er. Nú er það þannig að sýni er merkt við töku og enn fremur þegar tilfellið er kynnt til faraldursfræðingsins. Til þess að hægt sé að halda einhvers konar faraldursfræðilega samantekt á útbreiðslu sjúkdómsins, sem er auðvitað mjög nauðsynlegt, er það merkt með lykli eða leynimerki, þ.e. tvær fyrstu tölur fæðingarársins og fjórar síðustu tölur fæðingarnúmersins, en þær gefa reyndar til kynna kyn einstaklings. Ef það eru jafnar tölur eru það konur, ef það eru ójafnar tölur eru að karlar. Þetta er fæðingarnúmer eða nafnnúmer einstaklingsins. Læknir sem annast sjúkling hefur lykilinn og segir viðkomandi einstaklingi hvernig sýnið er merkt. Enn fremur eru frekari aðgerðir til að tryggja trúnaðarleynd við einstakling í bígerð.

Refsingarákvæði voru numin brott eða þeim var breytt í kynsjúkdómalögunum frá því sem verið hafði, en að mati þess læknis sem ég ræddi við nú síðast í morgun, sem hefur umsjón með stórri kynsjúkdómadeild í Stokkhólmi, taldi hann að refsingarákvæði væri lítilvægt miðað við óttann við uppljóstrun.

Hér á Íslandi hefur landlæknisembættið ásamt heilbrrn. haft frumkvæði að aðgerðum vegna ónæmistæringar, en í október s.l. var skipuð samstarfsnefnd Landspítala og Borgarspítala sem hefur þegar skipulagt *ýmsar ráðstafanir og sinnir nú* upplýsingamiðlun, læknisskoðun og umsjón með mótefnamælingum. Læknar í þessari nefnd eru sjö talsins og eru sérfræðingar í veirufræði, smitsjúkdómum, ónæmisfræði og geðsjúkdómum. Þeir hafa sinnt upplýsingamiðlun um síma, en jafnframt skoðað einstaklinga og tekið úr þeim blóð til mótefnamælingar á sjúkrahúsi, á heimilum viðkomandi, á læknastofum úti í bæ eða hvar sem óskað er til að nafnleynd sé tryggð. Það er skoðun þess starfsmanns samstarfsnefndarinnar sem sinnir símaþjónustunni að mestu leyti í ljósi þeirrar reynslu sem hann hefur fengið af viðtölum við einstaklinga sem til hans hafa leitað að *verði ónæmistæring sett undir kynsjúkdómalög án þess* að þeim verði breytt séu verulegar líkur á því að slík lagasetning geti fælt smitaða einstaklinga frá því að leita læknis. Þessi skoðun hefur eflst mjög verulega með fenginni reynslu.

Mig langar að vitna hér í bréf frá þessari samstarfsnefnd sem var skrifað hv. heilbr.- og trn. Ed. þingsins þegar þetta mál var þar til umfjöllunar og er dagsett 9. des., með leyfi forseta:

„Samstarfsnefnd Landspítalans og Borgarspítalans um varnir gegn ónæmistæringu, alnæmi, *vill árétta fyrri* umsagnir, dags. 12. 11. 1985, varðandi frv. um breytingu á lögum nr. 16 frá 1978, um varnir gegn kynsjúkdómum. Allir meðlimir samstarfsnefndarinnar standa að eftirfarandi áliti.

Verði alnæmissmitun sett undir lög um kynsjúkdóma teljum við nauðsynlegt að svofelldar breytingar verði gerðar á frv.:

1. Miðað verði í 1. gr. laganna við smitun af HTLV3-veirunni fremur en alnæmi sem einungis á við um þann hluta smitbera sem fengið hafa verulega ónæmisbilun af völdum veirunnar. Í stað alnæmis (acquired immune deficiency syndrome) í fyrirliggjandi frv. þarf því að koma: smitun af HTLV3-veiru.

2. *Ákvæðum um skráningu verði breytt þannig að* einungis verði tilgreint kyn, fæðingarmánuður og ár smitaðra.

3. Hegningarákvæði laganna verði fellt niður.

Við leggjum áherslu á að alnæmissmitun er afar flókið læknisfræðilegt vandamál sem hefur mun afdrifaríkari áhrif á líf þeirra er smitast heldur en þeir sjúkdómar sem nú falla undir lög um kynsjúkdóma."

Undir bréf þetta rita Haraldur Briem, Kristján Erlendsson, Helgi Valdimarsson, Sigurður Guðmundsson, Jóhannes Bergsveinsson og Sigurður B. Þorsteinsson.

Í hópnum er reyndar einnig Björg Rafnar, en hún dvaldist erlendis þegar þetta bréf var sent, einmitt í Svíþjóð við að *kynna sér nýjustu rannsóknaraðferðir* við mælingar á mótefnum gegn ónæmistæringu og hvernig þau mál standa almennt í Svíþjóð.

Eins og nú er gætir samstarfsnefndin fullrar nafnleyndar skjólstæðinga sinna, en skráning fer fram á eftirfarandi hátt:

Hver læknir setur sína eigin upphafsstafi, síðan raðnúmer, þ.e. hvaða sýni það er í röðinni sem hann fær, er þetta fyrsti sjúklingur sem hann sér, er þetta annar sjúklingur sem hann sér, þriðji o.s.frv. — skjólstæðingur réttara sagt, ekki sjúklingur, því að meginatriðið er auðvitað að langsamlega flestir hafa engin einkenni og verða sem betur fer ekki veikir. Þetta *er merkingin* sem sett er á öll blöð og sýni sem fara úr vörslu læknis. Einungis viðkomandi læknir hefur fullar upplýsingar. Læknar samstarfshópsins bera sig síðan saman þannig að enginn einstaklingur sé tvískráður. Þetta gerir reyndar aðeins einn læknanna.

Læknar úr samstarfshópi fara eða skjólstæðingur kemur hvar sem er á landinu til að tryggja að einstaklingar fái sérfræðilega þjónustu og að nafnleynd sé tryggð.

Ef lög um kynsjúkdóma yrðu látin gilda óbreytt mundi þessari skráningu verða beitt þannig að auðveldara væri að greina auðkenni og persónu einstaklinganna. Sú lagasetning sem hér er lögð til er að ýmsu leyti sniðin að sænskri fyrirmynd, eins og ég hef áður minnst á. Hún hefur hins vegar ekki tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu þegar mælt var fyrir sænska frv. né heldur hafa verið gerðar tillögur um breytingar á

kynsjúkdómalögum eins og gert var við lagasetninguna í Svíþjóð til að tryggja að meginmarkmið lagasetningarinnar, það að takmarka smitun, færi ekki forgörðum.

Eins og ég gat um áðan er lagasetning um ónæmistæringu afar viðkvæmt og vandmeðfarið mál og eru ýmsir, bæði leikir og lærðir, þeirrar skoðunar að í reynd sé það ekki tímabært hérlendis enn heldur beri að notast við lagaákvæði sem þegar eru í lögum og gætu náð yfir þau tilvik þegar tryggja þyrfti almenningsheill, en þau munu reynast örfá að fenginni reynslu annarra þjóða.

Í reynd eru engar læknisfræðilegar ástæður sem knýja á um þessa lagasetningu og hafa reyndar margir læknar velt því fyrir sér, ef til kæmi að þessi lög yrðu samþykkt óbreytt, hvað þeir gætu tekið til bragðs til þess að varðveita þá frumskyldu sína við sjúkling eða skjólstæðing sem er trúnaður.

Í 10. gr. læknalaga nr. 80 frá 1969 stendur: „Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál er hann kann að komast að sem læknir nema lög bjóði annað eða hann viti sönnur á að brýn nauðsyn annarra krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komist af með til að afstýra hættu. Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess er einkamálið varðar nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið."

Ég veit að talsverð umræða hefur farið fram í hópi lækna um skyldur lækna gagnvart sjúklingum annars vegar og gagnvart almenningsheill hins vegar og til hvaða ráða læknar geti gripið ef sett verða á þá lög sem þeir treysta sér ekki til að vinna eftir.

Reynsla annarra þjóða sýnir að þeir einstaklingar sem lög þyrftu helst að ná til þannig að almenningsheill verði tryggð eru fyrst og fremst eiturlyfjaneytendur. Ég hef ítrekað símtöl mín erlendis til að kynna mér hvernig ástandið er nú eftir áramótin vegna þess að lagasetningarnar í flestum þessum löndum, hafi þær farið fram, eru það nýtilkomnar að reynslan á þeim er svo stutt. Þetta er kannske þriggja mánaða, fjögurra mánaða reynsla í mesta lagi. Það er reyndar fyrst og fremst um Svíþjóð að ræða sem hefur sett slík lög. Önnur lönd hafa yfirleitt ekki gert það. Reynsla þeirra er sú að það eru fyrst og fremst eiturlyfjaneytendur sem þarf að ná lögum yfir vegna þess að þeir geta reynst umhverfi sínu hættulegir, og það eru fyrst og fremst þeir eiturlyfjasjúklingar eða neytendur sem jafnframt stunda vændi til að fjármagna neyslu sína. Þeir eru langsamlega hættulegastir. Til þess að þessi lög, sem t.d. hafa verið sett í Svíþjóð, verði í raun virk þarf að fara fram dómsmál. Það þarf að fara fram prófmál þar sem eiturlyfjasjúklingur, sem stundar vændi og neitar að fara eftir fyrirmælum læknis eða hirðir ekki um þau en heldur áfram uppteknum hætti og smitar aðra, er dæmdur í þvingun eða refsingu.

Það eru ekki einungis eiturlyfjaneytendur heldur líka aðrir þeir einstaklingar sem af einhverjum ástæðum hafa skerta dómgreind og ábyrgðartilfinningu og það er einkum vegna slíkra einstaklinga sem ákvæði um kyrrsetningu á sjúkrahúsi eru nauðsynleg, og þau eru nauðsynleg, svo og ákvæði sem heimila rannsókn einstaklinga samkvæmt dómsúrskurði. Það er mikið matsatriði hvort þau lagaákvæði sem þegar eru til, eins og t.d. 175. gr. hegningarlaga eða önnur ákvæði, gætu gilt um slíka einstaklinga fremur en kynsjúkdómalög.

Það ber að leggja ríka áherslu á að þessir áhættuhópar eru mjög ólíkir, þ.e. eiturlyfjasjúklingar eru í flestum löndum mikill minni hluti þeirra sem reynast bera mótefni gegn alnæmi. Hins vegar gegnir allt öðru máli um stærsta áhættuhópinn, þ.e. samkynhneigða karla. Þar er meginatriðið að byggja upp traust milli læknis og þeirra sem þurfa að koma til mótefnamælingar. Þarfir þessara hópa eru svo ólíkar að það liggur nærri að lög sem hæfa öðrum hópnum henti ekki hinum og gætu jafnvel beinlínis orðið skaðleg. Ef á að fara að setja lög sem fyrst og fremst miða að minnsta hópnum, eiturlyfjaneytendunum, og þá jafnframt að fæla allt að 86%, þ.e. stærsta áhættuhópinn, frá því að koma í skoðun nær það auðvitað engri átt ef tilgangur laga er sá að hefta útbreiðslu eða smitun. Það segir sig sjálft.

Það er þó ekki óeðlilegt að skilgreina ónæmistæringu sem kynsjúkdóm þar sem smitun verður nær eingöngu við kynmök eða blóðblöndun og það er enginn læknisfræðilegur ágreiningur um það efni. Hins vegar ber að leggja ríka áherslu á að ónæmistæring er að mörgu leyti mjög frábrugðin þeim sjúkdómum sem nú teljast til kynsjúkdóma og hef ég þegar nefnt dæmi eins og það hve kynskipting smitbera er ólík, þ.e. meiri hluti karlar en mjög fáar konur. Langflestir smitberar eru fullfrískir, kenna sér einskis meins og hafa því enga líkamlega knýjandi ástæðu til að leita læknis. Sem betur fer virðist enn að flestir þeirra muni verða það og vonandi það sem eftir er ævi sinnar. Og síðast en ekki síst: Smitun er ævilöng og sjúkdómurinn er ólæknandi. Allt eru þetta atriði sem gera ónæmistæringu á mjög mikilvægan hátt algjörlega frábrugðna öðrum kynsjúkdómum. Þeir sem leita sér hjálpar geta því ekki eins og við aðra kynsjúkdóma vænst neins bata með því að gefa sig í ljós. Þess vegna er það álitamál sem stendur í athugasemdum um þetta frv. — og ég vitna aftur, með leyfi forseta:

„Þannig yrði sjúkdómurinn m.a. skráningarskyldur sem kynsjúkdómur og heimilt yrði að leita að sýktum einstaklingum og veita þeim meðferð."

Því miður er ekki hægt að veita þeim neina meðferð. Það er hægt að veita þeim ráðleggingar til að sporna gegn því að þeir sýki aðra, eins og hér stendur réttilega, en því miður, og það er meginatriði, er enn ekki hægt að veita þeim neina meðferð þannig að það getur ekki orðið hvati að því að menn taki þá áhættu sem þeim sýnist vera og tefli í tvísýnu félagslegu öryggi sínu og eigi það á hættu að glata þeirri virðingu sem flestir vilja njóta í samfélagi við aðra menn með því að koma til mælingar og gefa sig í ljós. Þetta er að mínu mati meginatriðið.

Ónæmistæring er þar að auki nýr sjúkdómur sem býður upp á áður óþekkt vandamál og það er ekki sjálfgefið að við þeim dugi gömul ráð. Víðsýni og skilningur eru lykilatriði til lausnar þeirra vandamála að mínu mati.

Í íslenskri löggjöf eru fjölmörg lög og lagabálkar sem taka til smitsjúkdóma, mörg orðin gömul. Tilkoma þessa nýja sjúkdóms hefur leitt athygli manna að því hve það er orðið löngu tímabært að endurskoða þau lög og samræma. Ef til vill komast menn almennt að þeirri niðurstöðu að heppilegast sé að setja ónæmistæringu undir lög um kynsjúkdóma. Ég hygg að það verði þó aldrei skynsamlegt nema þeim lögum verði breytt, annaðhvort almennt eða að því leyti sem varðar ónæmistæringu sérstaklega.

Hæstv. heilbrmrh. hefur kynnt hér á Alþingi hugmyndir um breytt fyrirkomulag við skráningu sjúkdóms. Ég tel þessa viðleitni hennar skref í rétta átt til að endurskoða málið og fagna þeim skilningi hennar á eðli málsins. Það er vissulega mjög nauðsynlegt að landlæknisembættið eða einhver aðili geti fylgst með útbreiðslu sjúkdómsins hérlendis. En slíkt er mjög vel hægt án þess að trúnaður við nafnleynd einstaklinga sé að nokkru brotinn og það er meginatriði.

Ég tel mikils um vert að við missum ekki sjónar á því sem hlýtur að vera meginmarkið í þessu máli, en það er að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Það hlýtur að vera ofar öllum metnaði, bæði embættismanna og stjórnmálamanna, því að það er meginmarkmið sem varðar almenningsheill. Kapp er best með forsjá, segir máltækið. Kappsmálið að setja lög um þennan sjúkdóm má ekki undir nokkrum kringumstæðum stofna í hættu því meginmarkmiði sem ég áður nefndi. Það verður mjög slæmur dómur reynslunnar og sögunnar ef það verður gert án vandaðri undirbúnings og meiri íhugunar. Mál sem þetta getur heldur ekki gegnt flokkspólitískum línum. Það gera a.m.k. veirurnar svo sannarlega ekki. Hér hlýtur hver maður að þurfa að gera upp hug sinn við eigin vitund fyrst og fremst.

Umtal um þennan sjúkdóm hefur borið einhverja vitneskju um hann til almennings um víða veröld. Skoðanakönnun í Bandaríkjunum leiddi t.d. í ljós að meira en 90% af íbúum Bandaríkjanna vita af þessum sjúkdómi, hafa heyrt um hann í fjölmiðlum eða annars staðar. Þessi vitneskja hefur þegar haft þau áhrif á lífnaðarhætti að menn eru nú almennt gætnari en áður í kynlífi sínu, einkum þeir sem teljast til áhættuhópa, og ég veit til þess að í Bandaríkjunum eru uppi hreyfingar meðal samkynhneigðra karla, eins og ég minntist á áðan reyndar, um leiðbeiningar. Það eru leiðbeiningar og stuðningshópar sem kynna fyrir mönnum hvernig þeir geti notið samlífis án þess að skaða hver annan. Breyting lífnaðarhátta, skynsemi og skilningur verða trúlega affarasælust til að hemja þennan sjúkdóm og halda honum í skefjum.

Víðtæk og mikil rannsóknarvinna fer nú fram sem vekur góðar vonir um bæði meðferðarúrræði og nothæf bóluefni. Það er því engin ástæða til að örvænta.

Mér er mikið í mun að staðið verði að þessu máli á sem skynsamlegastan og árangursríkastan hátt, ekki bara sem alþm. og fulltrúi þess fólks sem ég hef umboð fyrir heldur einnig vegna þess að ég hef varið meira en áratug í nám og störf í veiru- og ónæmisfræði og tel mig því þess umkomna að bera marktækan, faglegan metnað fyrir því að þetta mál fari þannig úr þinginu að það verði til gagns en ekki til óþurftar fyrir almenningsheill.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þar sem 1. umr. um þetta frv. hófst um miðjan desembermánuð þykir mér rétt að draga fram örfá atriði sem fram hafa komið í umræðunum.

Ég vil byrja á því að taka fram eitt atriði sem er svo sannarlega ekki neitt ánægjuefni að þörf skuli vera að ræða, en ekki reyndist tækifæri til þess fyrir jól. Ég vil svara þeim ódulbúnu ásökunum í garð íslenskra heilbrigðisstétta sem fram komu í máli hv. 10. landsk. þm. Þó að nú sé liðinn meira en mánuður síðan þessar ásakanir voru fram bornar vil ég ekki láta umræðu um þetta mál standa í þingtíðindum án þess að fram komi að ummælunum hafi verið mótmælt. Í máli þm. var farið mjög hörðum orðum um það sem hún nefndi lausmælgi íslenskra heilbrigðisstarfsmanna á spítulunum. Farið var um þetta almennum orðum. Ég leyfi mér að vísa þeim á bug sem bæði óverðskulduðum og fyllilega óviðeigandi. Ég held að það sé einmitt þvert á móti faglegur metnaður heilbrigðisstarfsmanna að fara varlega með allar trúnaðarupplýsingar. Það er vitanlega á svo mörgum sviðum í heilbrigðiskerfinu sem nauðsynlegt er að sýna sjúklingum ýtrasta persónulegan trúnað. Er ráð fyrir því gert bæði í læknalögum sem hv. 3. landsk. þm. vitnaði til og einnig er slíkt sérstaklega fram tekið í 7. gr. kynsjúkdómalaganna, þeirra laga sem hér er verið að ræða um að gera breytingu á.

Þá vík ég að tillögum sem læknanefnd sendi þingnefnd á sínum tíma í Ed. um breytingu á lögum um varnir gegn kynsjúkdómum á annan veg en gert var ráð fyrir í upphaflega frv. Svo var að heyra á máli hv. 3. landsk. þm. sem það hefði farið fram hjá henni að tillit var tekið til nokkurra þessara tillagna í Ed. og frv. breytt á þann veg sem á var bent um smitun af HTLV3-veirunni og það var í fleiri en einni grein.

Tillaga læknahópsins um að fella burtu refsiákvæði laganna er skýr vottur um að þar eru þeir ekki að fjalla um læknisfræði heldur um lögfræði. Um lögfræðina í þessu máli er það að segja að brottfelling refsiákvæðisins úr kynsjúkdómalögunum gerði það að verkum að refsing yrði miklu þyngri en þar er greint. Það er nefnilega svo að refsiákvæðið í kynsjúkdómalögunum er einmitt til þess ætlað að hafa mjög milda leið — milt aðhaldsákvæði — miklu mildara en það sem er í hinum almennu hegningarlögum. Þetta vildi ég taka fram því að það gætti greinilega misskilnings um þetta hjá læknunum.

Við erum öll sammála um að aðalatriðið í baráttunni við þennan sjúkdóm er á þessu stigi að verja hina heilbrigðu. Til þess að verja hina heilbrigðu, að hefta útbreiðslu sjúkdómsins telja menn sig hafa ýmis ráð þó að það sé mjög vandasamt og verði auðvitað að byggjast á mikilli samvinnu manna. Þegar ég segi að aðalatriðið í baráttunni við sjúkdóminn nú sé að verja hina heilbrigðu hef ég þó vitanlega í huga hina hlið þess máls sem er að berjast gegn þessum sjúkdómi á öðrum vettvangi og til lengri tíma, ef svo má segja, með hinum mikilvægu vísindarannsóknum víða um heim í því skyni að finna ráð gegn þessum vágesti. Það þarf að efla báða þessa þætti, en frv. sem við erum nú að fjalla um er fyrst og fremst til þess flutt að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

Þetta frv. er, eins og fram hefur komið, flutt að beiðni landlæknisembættisins. Það er skoðun bæði landlæknis hér á Íslandi og þeirra sem hafa með höndum eftirlit með útbreiðslu sjúkdóma, líka í öðrum löndum, m.a. hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, að það sé mjög erfitt að berjast gegn útbreiðslu sjúkdóms ef maður hefur ekki upplýsingar um útbreiðsluna. Þá á ég ekki við að persónulegar upplýsingar liggi á lausu. Það er þvert á móti verið að vinna að því að unnt sé að fylgjast allnákvæmlega með útbreiðslu sjúkdómsins, hvernig útbreiðsla hans breytist í hópum og fleiri slík atriði, til þess að unnt sé að neyta tiltækra ráða til að hefta útbreiðsluna.

Það vil ég sérstaklega undirstrika að þeir hópar sem nú eru taldir mestir áhættuhópar hér á landi hafa af því

mesta hagsmuni að unnt sé að hefta útbreiðsluna og til þess sé ekki kastað höndum á neinn veg.

Það verður líka að taka það fram að hópar þeir sem eru í mestri hættu hverju sinni eru ekki eins samsettir í öllum þjóðfélögum. Nú er það svo að sums staðar annars staðar berst smithættan ekki síður út úr hópi vændiskvenna en að hún berist meðal samkynhneigðra karlmanna, eins og oft er rætt um og virðist vera upphafsþáttur þessarar útbreiðslu. Því miður kemur það líka í ljós með æ áþreifanlegri og sorglegri hætti að ung börn eru í mikilli hættu eða m.ö.o. fóstur í kviði smitaðrar móður. Við erum því ekki einungis að tala um það hvort persóna sem telur sig e.t.v. bera smit sé að ljóstra upp um kynhneigð sína eða ekki. Um það snýst ekki þetta mál.

Ég vil sérstaklega undirstrika þetta: þó að nauðsynlegt sé talið að fylgjast með útbreiðslu sjúkdómsins með einhvers konar skráningu, er setji ekki persónuhagi manna í neina hættu, er ekki um það að ræða að með því eigi sá sem hlíti slíkri skráningu fyrst og fremst á hættu að glata félagslegu öryggi sínu, eins og hv. þm. sagði, eða glata virðingu sinni. Ég er þeirrar skoðunar að það séu einmitt hagsmunir slíks manns að geta látið ganga úr skugga um þetta því að honum hlýtur að vera annt um fleira sem varðar hamingju lífs hans, en það er umhyggjan fyrir þeim sem honum standa næstir. Það eru leiðbeiningar til slíks manns um hvernig hann geti varið þá sem honum standa næstir, eftir atvikum fjölskyldu eða vini, hvernig hann geti varið þá smiti og hvernig hann geti sjálfur varist vanlíðan ef smitið hefur komist á það stig að verða að sjúkdómi. Þó að ekki sé hægt að lækna sjúkdóm er sem betur fer margt gert í hjúkrun og umönnun sem veldur því að líðan manna batnar mjög eða er miklu betri heldur en hún ella kynni að vera. Ég held m.ö.o. að mjög varhugavert sé að fjalla um þetta mál frá því sjónarmiði að hér sé fyrst og fremst verið að tala um félagslega stöðu manna eða virðingu þeirra. Ég held að maður sem leitar læknis af þessum sökum glati síður virðingu sinni með því en ef hann gerir það ekki.

Mér er mætavel kunnugt um að þessi viðhorf eru til og þau hafa verið til og það þarf ekki AIDS-sjúkdóminn til. Slíkt hefur verið til bæði í sambandi við aðra kynsjúkdóma og aðra sjúkdóma. Það er til þó nokkuð af fólki sem vill ekki fyrir nokkurn mun gangast undir læknisrannsókn af ótta við að á daginn komi að viðkomandi sé haldinn hættulegum sjúkdómi. Þetta þekkjum við, en engu síður hljótum við að ráðleggja að slíks sé leitað og þeim sem bera smit eða sjúkdóm sé ráðlagt á allan hátt hvernig við því ber að snúast, þeim sé hjálpað sem og fjölskyldum þeirra til þess að lifa lífinu á sem eðlilegastan hátt án þess að það hafi frekari hættu í för með sér.

Þetta eru atriði sem ég tel nauðsynlegt að draga fram og þess vegna fannst mér það mjög aðdáunarvert, sem fram kom í merkum fræðsluþætti í sjónvarpinu um þessi mál í vetur, þegar ungur maður sem var alllangt leiddur af AIDS-sjúkdómi — var þó ekki alltaf veikur — sagði: Ég hef ákveðið að verja lífi mínu til þess að hjálpa öðrum að verjast þessum sjúkdómi. Og með þessu viðhorfi fékk þessi maður kjark til að bera þetta böl. Þannig að það eru ákaflega mörg viðhorf sem til skoðunar koma.

Ég hlýt að geta þess í sambandi við önnur atriði, þ.e. upplýsingar um lagaákvæði og reglur í öðrum löndum, að sumt af því er ekki sambærilegt við okkar hugmyndir eða okkar lagafyrirkomulag, einfaldlega vegna þess að uppbygging laga í heild er öðruvísi víða í öðrum löndum. Sums staðar eru engin sérstök kynsjúkdómalög og engin sérstök lög um þetta og hitt heldur stórir heildarbálkar.

Aftur á móti er breska reglan þannig að þar eru mjög ítarleg ákvæði um þagmælsku — sem raunar eru sömu atriðin sem gilda hér sem meginreglur og liggja til grundvallar öllum ákvæðum um slík efni, að sjálfsögðu — en Bretarnir hafa það í raun og veru öfugt við það sem við höfum því þeir taka fram í mörgum orðum í lagaákvæði hve nauðsynlegt sé að hlíta þagnarskyldunni o.s.frv., útlista það, en gefa svo allsherjar heimild í lok laganna til þess að heilbrigðisyfirvöld geti, þegar smithætta sé o.s.frv. eða almannaheill bjóði, sett reglur um skráningu og hvað eina, og þar koma allar undanteknингarnar í einu litlu ákvæði. Hér á landi höfum við haft það á hinn bóginn. Við tökum fram í sem skýrustum dráttum hvernig megi haga skráningu sjúkdóma. Við tökum fram í einu litlu ákvæði í hverjum lögum að gæta beri þagmælsku í hvívetna o.s.frv., en þetta er einfaldlega munur á aðferð við lagagerð. Og að því er varðar sænsku lögin þá eru reglurnar sem þar er beitt um skráningu í raun og veru miklu harðari en það sem vera mundi eftir íslensku lögunum þó þetta frv. yrði samþykkt.

Og þá kem ég að einu atriði enn. Mér finnst engin ástæða til að ganga út frá því sem sjálfsögðum hlut að upplýsingar um skráningu þessa sjúkdóms séu á almennri tölvuskrá í spítölunum. Svo var að heyra á máli sumra þingmanna að gengið væri út frá því. Lögin segja það bara alls ekki. Ég sé ekki betur en það sé alveg heimilt innan ramma laganna að gera sérstakan lykil að þeirri skrá sem þarna er verið að ræða um, enda stendur í lagagreininni að það skuli vera sérstök skrá og það þýðir einfaldlega að það sé ekki hin almenna skrá. Hvernig sem því er hagað — einhvern veginn hefur tekist að láta það hljóma mjög skuggalega að sjúkdómurinn sé skráður. Þetta er ekki annað en gildir um alla sjúkdóma með einhverjum hætti og þetta er skráð nú þegar í hópi t.d. þeirra lækna sem með þetta hafa að gera núna, en að sjálfsögðu treystum við því að þeir fari með það sem trúnaðarmál og það verðum við áfram að gera.

Meginmálið er að við vitum um útbreiðslu sjúkdómsins til þess að við getum snúist eins skynsamlega við honum og unnt er.

Að því er varðar þá röksemd að lagasetning dragi úr aðsókn manna til þess að leita læknis veit ég ekki hvort sú fullyrðing stenst alveg. Hér hafa t.d. ekki verið sett nein lög um þetta atriði sérstaklega. Samt hefur dregið úr aðsókninni. Og ég get ekki varist þeirri hugsun að það kunni að vera umræðan, sem fram hefur farið, sem e.t.v. hefur kveikt eða alið á fordómum. Og þegar ég segi þetta vil ég undirstrika það að reynslan af kynsjúkdómalögunum eins og þau eru er mjög góð. Hún hefur orðið til þess að það hefur orðið auðveldara — eða þau hafa m.a. átt þátt í því — að hefta útbreiðslu kynsjúkdóma.

En vitanlega er lagasetning ekkert aðalatriði í öllum þessum málum. Aðalatriðið er vitanlega sjálf meðferð málanna eins og hún verður af hálfu lækna og heilbrigð-

isstarfsmanna og að hún byggist á hinum bestu vísindalegu upplýsingum hverjum sinni — það er auðvitað aðalatriðið. Lögin sem við erum hér að tala um væru lítið spor í þá réttu átt að vinna gegn útbreiðslunni, en með þeim er hins vegar vitanlega ekki allt fengið. Ég vil taka það fram að ég held að það sé nauðsynlegt að hafa þau nokkuð almenns eðlis eins og lögin eru núna. Það er auðvitað alveg út í hött að láta sér detta í hug að það verði einhver lagasetning um sérstaka hópa í þjóðfélaginu, annaðhvort eiturlyfjasjúklinga eða aðra. Slíkt getur auðvitað ekki gengið, enda er kannske ekki í þeim hópi allra löghlýðnasta fólkið í þjóðfélaginu því við vitum að meðferð eiturlyfja er ólögleg og það eitt segir sína sögu um afstöðu hópsins til laganna.

Hins vegar eiga eiturlyfjasjúklingar — eins og aðrir og hver sem er, líka þeir sem hafa lögbrot á samviskunni — sinn grundvallarrétt sem á að vera lögvarinn og þess vegna er það að ef þarf að grípa til frelsissviptingar eða slíks af öryggisástæðum verður það að byggjast á lagaákvæði. Það er mín skoðun og ég hygg að það sé skoðun allra þingmanna þegar við hugsum út í það atriði. Og þess vegna eru slík ákvæði til bæði í sóttvarnalögum og kynsjúkdómalögum og yfirleitt í þeim lögum þar sem fjallað er um hættu sem bægja þarf frá öðru fólki og stafar af einstaklingi er breiða mundi út þessa hættu.

Ég held, herra forseti, að það sé orðið tímabært að þetta frv. fari að komast til nefndar hér í hv. deild, og ég hvet til þess að menn hugleiði mál þetta vel í ljósi þeirrar nauðsynjar að hefta útbreiðslu þessa sjúkdóms. Ég hef óneitanlega borið nokkurn ugg í brjósti vegna þeirrar tafar sem orðið hefur á samþykkt frv. og vek athygli á því að á þeim tíma sem leið frá því að fyrsta AIDS-tilfellið uppgötvaðist í Svíaríki, sem hér hefur verið mjög vitnað til, þar til lagafrumvarp var samþykkt stórfjölgaði tilfellum sjúkdómsins og þar á meðal hjá fólki sem lögin hefðu getað gilt um. Ég held því að við ættum að athuga málið vel, en við eigum ekki að tefja það.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., eins og ég raunar lagði til fyrir jól, en það er svo langt síðan að mér finnst tímabært að endurtaka það á nýju ári.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð til að svara máli hæstv. ráðherra.

Ég er sammála hæstv. ráðherra að það hlýtur að vera meginmarkmið að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Ég margsagði það í mínu máli, það er ekki ágreiningsatriði. Ágreiningsatriðið er fyrst og fremst hvernig. Aðalmarkmið er að vísu að verja hina heilbrigðu, þó ég mundi ekki taka svo til orða, en það er þó ekki síður, og getur ekki verið síður, jafnframt að sinna þeim smituðu, að hjálpa þeim sjúku. Lögin hljóta að vera í þeim tilgangi líka.

Hæstv. ráðh. talaði um að erfitt væri að berjast gegn sjúkdómnum, og vitnaði í Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina m.a., ef ekki liggja fyrir upplýsingar um útbreiðsluna. Það er alveg rétt hjá henni, en það er hægt að gera slíkt án þess að á nokkurn hátt sé gengið á persónuhelgi manna. Og til þess þarf í raun og veru ekki einu sinni að setja lög. Það er hægt að fylgjast með sjúkdómnum því það eru mörg lönd sem ekki hafa sett lög en gefa sínar upplýsingar til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Hæstv. ráðh. gat þess að dregið hefur úr aðsókn eftir lagasetningu t.d. í Svíþjóð. Hæstv. ráðherra minntist líka á að talsvert umtal hefði orðið hérlendis sem e.t.v. hefði haft þau áhrif að draga úr aðsókn. Það er þó kannske fyrst og fremst ótti manna við það að þessi lög verði sett og að þau muni verða á einhvern hátt afturvirk sem dregið hefur úr aðsókn. Menn óttast það sumir að upplýsingar um þá sem þegar liggja fyrir áður en verður af lagasetningu verði gefnar upp eftir að lögin taka gildi. Þá muni nöfn þeirra koma í ljós, þó svo að þeir hafi komið til mælingar áður en lögin verða gild, að lögin verði þannig á óbeinan hátt afturvirk vegna þess að nöfn þeirra liggja fyrir. Ég veit að slíkt hefur valdið ótta einstaklinga.

Í sambandi við umtal þá vil ég vekja athygli ráðherra á því að t.d. í Svíþjóð og einnig í öðrum löndum hefur umtalið aldrei orðið meira heldur en eftir að lögin voru sett. Það hefur orðið óhjákvæmilegt umtal í sambandi við lagasetninguna og undanfara hennar en þó allra mest eftir að lögin voru sett. Og það er ekki hægt að komast hjá því, hæstv. ráðh., vegna þess að þetta er mál sem varðar ekki bara örfáa alþingismenn inni í gráu steinhúsi við Austurvöllinn og örfáa lækna sem koma til með að sinna ákveðnum áhættuhópum, það varðar alla sem búa í þjóðfélaginu. Þess vegna er ekki hægt að komast hjá umtali.

Og ef dregur úr aðsókn t.d. eins og í Svíþjóð — ég var í morgun að tala við lækni sem heitir Erik Sandström og vinnur við Södrasjukhuset í Stokkhólmi, hefur verið kynsjúkdómalæknir þar um nokkurra ára skeið, og hann sagði mér hvernig hefði dregið úr aðsóknninni eftir að lögin voru sett. Ef slíkt verður einnig hérlendis þá skiptir engu máli hvaða skoðun hæstv. ráðh. hefur á því, hvaða skoðun ég hef á því, hvaða skoðun einhverjir læknar hafa á því hvað sé skynsamlegast fyrir fólk að gera. Ef menn koma ekki í skoðun þá er ekki hægt að ná til þeirra af því að enginn veit að þeir tilheyra áhættuhópi. Ef þeir kjósa að koma ekki í skoðun, hvað svo sem ræður gerðum þeirra, hvort það er ótti þeirra sem er yfirsterkari þeirri ábyrgðarkennd sem þeir hafa gagnvart vinum sínum eða fjölskyldu, ef sá ótti er yfirsterkari og ræður gerðum þeirra þá skiptir engu máli hvaða skoðun hæstv. ráðh. hefur eða hvaða skoðun ég hef. Það breytir engu um ákvörðun þessara manna hvort þeir koma eða ekki.

Og hvað ætlar hæstv. ráðh. að taka til bragðs og heilbrigðisyfirvöld ef lagasetningin veldur því að einstaklingarnir úr áhættuhópunum mæta ekki? Þá eru heilbrigðisyfirvöld á vissan hátt að grafa sína eigin gröf að því leyti að þau auka á heilbrigðisvandann og kostnaðinn við rekstur heilbrigðisþjónustunnar vegna allrar þeirrar aðgátar sem þarf að viðhafa til þess að bægja smiti frá fólki utan áhættuhópanna og jafnvel að það breiðist ekki út innan áhættuhópanna.

Í sambandi við það að líðan manna batni ef þeir koma til læknis þá vil ég enn og aftur vekja ahygli á því að 80% einstaklinganna, enn sem komið er, hafa engin einkenni. Þeim líður jafnvel og hæstv. ráðh. og mér. Þeir hafa engin einkenni og þess vegna enga ástæðu til þess að líða neitt betur. Það er meginmál. Bætt líðan eða von um bata er enginn hvati fyrir þá til þess að koma til mælinga. Og ég vil endurtaka eða árétta það

sem ég sagði áðan. Ég ræddi við faraldsfræðing ríkisins í Svíþjóð, prófessor Margaretu Böttiger, og ég hef ástæðu til þess að halda að hún telji að lagasetningin í Svíþjóð hafi gert verulegan óleik. Ég á von á skriflegu erindi frá henni um þetta mál, en ég hef ástæðu til að ætla því að hún telji að lagasetningin hafi verið hindrun.

Hæstv. ráðh. minnti á að kynsjúkdómalögin hefðu reynst gagnleg og ég er viss um að það er alveg hárrétt. En eins og ég tók skýrt fram áðan, þó að þessi sjúkdómur megi sannarlega flokkast á læknisfræðilegan hátt sem kynsjúkdómur vegna þess að hann berst fyrst og fremst með kynmökum, þá er hann samt svo frábrugðinn að mörgu leyti öðrum kynsjúkdómum að hann er ekki fyllilega sambærilegur, sérstaklega hvað varðar félagslegt öryggi smitaðra einstaklinga.

Hæstv. ráðh. minntist á að það væri óeðlilegt að til væri lagasetning um ýmsa hópa. Ég er ekki lögfræðingur en þó er tilfinning mín sú, eftir að hafa unnið hér um þriggja ára skeið, að það sé einmitt oft verið að setja lög um ákveðna hópa sem hafa einhverjar sérþarfir og það sé þess vegna kannske ekki óeðlilegt að slíkt sé gert út af fyrir sig. En ég er sammála hæstv. ráðh. að því leyti til að það geti þurft að grípa til einhverra aðgerða gagnvart einstaklingum sem hafa skerta ábyrgðarkennd, t.d. eiturlyfjasjúklingum. Og ég vil ítreka enn og aftur hversu gerólíkar þarfir þeirra áhættuhópa eru, þar sem annars vegar eru eiturlyfjasjúklingar, sem eru lítill hluti í flestum löndum af þeim sem smitast, og hins vegar langsamlega stærsti hópurinn, samkynhneigðir. Þarfir þessara tveggja hópa eru svo gerólíkar að sama lagasetningin getur tæplega náð til þeirra í raun og veru.

Og í sambandi við það að fjöldi tilfella hefði aukist frá því að fyrsta tilfellið greindist í Svíþjóð og þangað til að lögin voru sett, hæstv. ráðh., er ég sannfærð um það að lög hefta ekki útbreiðslu þessa sjúkdóms. Það er fræðsla og öryggi og skilningur á vandamálum þeirra sem við þennan sjúkdóm fyrst og fremst þurfa að etja. Lögin sem slík eru máttlaus bókstafur sem býr í bókum eða blöðum uppi í hillum inni í húsum. Þau geta ekki sem slík komið í veg fyrir að þessi sjúkdómur breiðist út. Það er fyrst og fremst fræðsla sem að gagni kemur og það að fólk komi óþvingað í fullkomnu trausti til þess að láta mæla sig og fái síðan leiðbeiningar um það hvernig það getur breytt hegðun sinni, sem getur haft áhrif til að draga úr útbreiðslu.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Ég hefði talið það að mörgu leyti eðlilegt að herra forseti hefði átalið að hér væru gerðar athugasemdir við mál þm. sem ekki eru viðstaddir þessa umræðu og hafa fjarvist. Hæstv. ráðh. þótti áðan nauðsyn bera til að gera athugasemd eða átelja það sem fram kom í máli hv. 10. landsk. þm. fyrr við umræðuna. Hæstv. ráðh. þótti nauðsynlegt að gera það við 1. umr. þó að vitað sé að málið á eftir að koma til 2. umr. og e.t.v. 3. Þá hefði verið nægur tími til að gera þessar athugasemdir að hv. 10. landsk. þm. viðstöddum. Mér finnst að ástæða hefði verið til að stöðva átölur hæstv. ráðh. alveg án tillits til innihalds þess sem sagt var bæði nú og þá.

Varðandi það að aðalatriði þessara laga, að því er hæstv. ráðh. sagði hér áðan, sé það að verja hina heilbrigðu vil ég enn einu sinni koma að því að það verður alls ekki gert með lögum sem sett yrðu samkvæmt þessu frv. sem hér er til umræðu. Vegna þess að númer eitt, tvö og þrjú held ég að það sé alveg ljóst að fyrst og fremst þurfi að reyna að virkja þá sem hugsanlega eru í þessum áhættuhópum til að koma og láta athuga sig. Ég held að við gerum það langbest með fræðslu og ég held að reynsla sú, sem dregin hefur verið fram af þeim lögum sem sett voru í Svíþjóð, gefi okkur ekki tilefni til þess að ætla að við fáum einhver önnur viðbrögð hér, enda held ég að það að dregið hefur úr aðsókn til rannsóknar eða athugunar á sýnum eftir að farið var að ræða um það hvort þessi lög yrðu sett — ég er alfarið sammála síðasta hv. ræðumanni um að það að dregið hefur úr aðsókn — er ekki endilega vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið hér inni vegna þess að hana heyra tiltölulega mjög fáir. Við erum núna stödd hér fjögur, fimm og tveir, þrír á pöllunum. Um þessar umræður hefur ekki verið getið í fjölmiðlum þannig að ég held að það sé einungis sú litla umræða eða umfjöllun sem átti sér stað, um að í ráði væri að setja slík lög sem hér er til umræðu frv. um, sem hefur orðið þess valdandi að fólk heldur að sér höndum. Það þorir ekki, það leggur ekki í það fyrr en það veit hvernig þetta verður í laginu og ég vil ekki sitja undir þeim dylgjum að ég hafi átt þátt í því að fólk hafi hætt við að koma til athugunar.

Þar sem aðalmarkmiðið með þessu frv. er m.a. samkvæmt greinargerð að veita smituðum meðferð og ráðleggingar til að sporna gegn því að þeir sýki aðra, þá vil ég aðeins koma að því aftur, sem ég ræddi um hér við umræðuna fyrir jól og aftur við umræðu um fjárlög, þegar ég sagði frá því að fyrir lægju niðurstöður úr könnun, sem gerð var í Bandaríkjunum, um það hvernig best mætti ná því markmiði að ná til áhættuhópanna. Það sýnir sig að best virðist vera hægt að ná til þessara áhættuhópa með fræðslu til þeirra hvers um sig, ekki almennri en til þeirra hvers um sig. Þá virðast þeir koma best fram og þá er hægt að veita þeim þær ráðleggingar, sem væntanlega verða bæði til þess að þeir hafa það sjálfir betra og að þeir sýki ekki aðra. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt ráðherra minnast neitt á þennan þátt sérstaklega og finnst mér að það vanti inn í umræðuna hvort í rauninni sé ekki stærsta sporið fengið í þessari tilraun, til þess að sporna gegn útbreiðslunni, með því að reyna að koma á fræðslu til sérstakra áhættuhópa. Hæstv. ráðh. sagði áðan að lögin yrðu í sjálfu sér lítið spor í áttina til þess að vinna gegn útbreiðslunni og ég er mjög sammála því. Það er einmitt það sem þessi umræða þarf að snúast um og það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að það verður fyrst og fremst hægt að koma í veg fyrir eða hefta útbreiðslu þessa sjúkdóms með fræðslu.

Ég vil einnig geta um það hér, vegna þess að það kom fram í umræðunni, að það er að sjálfsögðu hægt að gefa leiðbeiningar um hegðunarmynstur og hvernig fólki ber helst að koma fram við sína nánustu með fræðslu. Og þar sem dregnar voru fram þær staðreyndir, sem vitaskuld eru heldur óhuggulegar, að það eru ansi mörg börn sem virðast fæðast smituð, þá held ég að það sé ekki af mannvonsku eða að menn vilji endilega verða til þess að smita þá, sem þeir eru nálægt og þá sem þeim þykir vænt um, að þeir myndu ekki koma í mælingu eftir að slík lög hafa verið sett eða núna þar sem umræðan um þau er í gangi, heldur vegna þess að þeir telja sig alveg geta farið eftir leiðbeiningum um hegðunarmynstur sem kemur í veg fyrir að þeir smiti án þess að

vera skráðir einhvers staðar. Þetta held ég að séu ákveðin atriði sem nauðsynlegt sé að komi fram í dagsljósið. Og einnig þetta, að hættuhóparnir hafi af því mesta hagsmuni að unnt sé að hefta útbreiðsluna. Ég verð að segja að það er okkar allra hagur að unnt sé að hefta útbreiðsluna og það er auðvitað þess vegna sem lögð er á það áhersla að ræða málið hér mjög ítarlega til þess að það sé gert á þann hátt að við séum örugg um að það verði unnt að hefta útbreiðsluna. En það verður örugglega ekki hægt með því að ganga svo stíft fram í að setja einhver lög sem fyrir fram virðast ætla að verða þess valdandi — a.m.k. samkvæmt reynslunni núna að dregið hefur úr því að fólk komi til mælingar — að fyrirsjáanlegt virðist að fólk hætti að koma til mælingar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 39. fundur.

Fimmtudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal tekið fram að á þessum fundi verða umræður utan dagskrár um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Umræðan hefst fljótlega og fer fram skv. 2. mgr. 32. gr. þingskapa.

Frestun nauðungaruppboða, þáltill. 104. mál (þskj. 114). — Frh. fyrri umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svo stendur á að það eru allmargar vikur liðnar frá því að mál þetta kom til umræðu og var þá lokið framsögu fyrir málinu. En með því að langur tími er liðinn mun 1. flm. þessarar þáltill. innleiða umræðuna á ný í stuttu máli.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í till. er markmið hennar að leysa vandamál þeirra húsbyggjenda sem eiga nú við greiðsluerfiðleika að stríða með skjótum hætti og án þess að þurfi til að koma lagabreytingar eða tafsamar afgreiðslur Alþingis.

Lykilatriðið í þessari till. er að nú þegar yrði sett á stofn sérstök ráðgjafardeild við Húsnæðisstofnun ríkisins sem hæstv. félmrh. hefur raunar þegar afgreitt og afgreiddi eftir að þessi till. var fram komin þannig að lykilatriðið fyrir afgreiðslu málsins með þeim hætti sem tillaga er gerð um í þessari þáltill. er þegar til staðar. Till. gerir síðan ráð fyrir því að þessi ráðgjafardeild fylgist með kröfum og auglýsingum um nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði og taki frumkvæði ef talið verði að nauðungaruppboði verði vart forðað og bjóði íbúðareiganda ráðgjöf. Þiggi íbúðareigandi ráðgjöf, hvort sem hann leitar sjálfur til ráðgjafarþjónustunnar við slíkar aðstæður eða hún hafi frumkvæði að því að bjóða ráðgjöfina og boðið er þegið, er lagt til í tillgr. að húsbyggjandanum verði bent á eða reynt að tryggja að forsendum sé fullnægt fyrir því að veita megi greiðslustöðvun skv. II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6 frá 5. maí 1978. Þessi ákvæði hafa ítrekað verið notuð ef um er að ræða fyrirtæki sem hefur lent í greiðsluerfiðleikum og þarf að fá greiðslustöðvun með því sem því fylgir. Þetta hefur hins vegar eiginlega aldrei verið notað ef einstaklingur á í hlut, en einstaklingar hafa að sjálfsögðu sama rétt til að grípa til þessa ákvæðis og fyrirtæki.

Í þessum lögum segir orðrétt:

„Sá sem á í verulegum fjárhagserfiðleikum eða vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur til þess ráðið, getur óskað þess að skiptaráðandi heimili honum greiðslustöðvun í allt að þrjá mánuði með þeim réttarverkunum sem í 8. gr. segir."

Sá atbeini sem rætt er um að ráðgjafardeildin veiti er að sjá til þess að íbúðareigandanum sé fengin sú aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda sem samkvæmt greininni er forsenda þess að heimild til greiðslustöðvunar sé veitt og uppboði frestað. Þær réttarverkanir sem slík stöðvun hefur í för með sér eru: 1. Óheimilt er að taka bú skuldarans til gjaldþrotaskipta. 2. Óheimilt er að gera fjárnám eða fógetagerð í eigum hans. 3. Óheimilt er að selja eigur hans á uppboði. 4. Óheimilt er að gjaldfella á hann skuld vegna vanefnda á greiðslum eða riftunar á veði.

Með þessum gerningi er íbúðareigandanum sem sé ekki bara veittur uppboðsfrestur heldur gefin grið fyrir skuldheimtumönnum, fógetaaðgerðum og uppboðshótunum og honum um leið séð fyrir sérfræðingsráðgjöf um hvernig best sé fyrir hann að halda á sínum málum. Þetta er sú leið sem flestöll fyrirtæki velja með greiðslustöðvun þegar þau eiga í greiðsluerfiðleikum og dæmi eru um það frá síðustu mánuðum að mörg þeirra hafi bjargað mjög erfiðri stöðu eftir að hafa fengið slíka heimild. Það er að sjálfsögðu rétt að einstaklingar, sem við slíkar aðstæður eiga að búa, njóti sömu heimildar og sé bent á það og sé hjálpað til að verða sér úti um þá ráðgjöf sem þeir þurfa til þess að greiðslustöðvun geti gengið fram.

Komi í ljós að staða skuldarans sé þannig að með eðlilegum lánafyrirgreiðslum megi ætla, lánalengingum o.fl., að hann geti staðið undir skuldum vegna íbúðar sinnar er lagt til í þessari grein að farin verði leið sem er í gildandi lögum, 6. tölul. laga nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, en lagagreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. tölul. 1-9, enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram."

6. tölul. sem heimilt er að veita lán samkvæmt er eins og stendur í lögunum „sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir". Húsnæðisstofnun hefur túlkað þetta ákvæði nokkuð frjálst, enda var það upphaflega sett inn í lögin til þess að veita lagalega stoð þeim afgreiðslum Húsnæðisstofnunar að veita lán utan lánaflokka til að aðstoða sérstaklega fólk sem ætti við erfiðleika að etja af félagslegum eða öðrum ástæðum. Það eru í lögunum einnig ákvæði um hvaða lán þetta séu, en samkvæmt lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru lán þessi, sem hér er um rætt, til 16 ára, verðtryggð en með aðeins 1% ársvöxtum og eru því tvímælalaust mjög hagstæð. Þessi lán má, eins og segir í lögunum, veita til viðbótar öðrum lánum stofnunarinnar.

Herra forseti. Við flm. þessarar till. höfum hér bent á

leið sem hægt er að nýta til að leysa vanda þeirra íbúðaeigenda sem horfast í augu við eignamissi og uppgjöf með neyðaraðstoð á grundvelli gildandi laga þannig að úrlausnir þurfi ekki að bíða, t.d. eftir lagabreytingum eða afgreiðslum Alþingis. Þessi till. fjallar aðeins um hluta vandamálsins, þ.e. þann hluta þess sem varðar það fólk sem fengið hefur lán en ekki getað undir lánunum risið. Slík neyðarhjálp verður að hafa forgang, en tillögur um endurskipulagningu húsnæðislánakerfisins, m.a. með öruggum og föstum tekjustofnum og breyttum útlánareglum, flytur Alþfl. á öðrum vettvangi.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð fyrir þessari till., en ítreka aðeins þá ábendingu mína að hæstv. félmrh. hefur stofnað til þeirrar ráðgjafarþjónustu sem till. fjallaði um við Húsnæðisstofnun ríkisins eftir að till. var lögð fram. Þar með hefur hæstv. félmrh. raunverulega fengið Húsnæðisstofnun og lánþegum þann lykil sem ætti að duga til þess að leysa greiðsluvandamál þessara húsbyggjenda án þess að til þurfi að koma tafsamar lagabreytingar eða aðgerðir Alþingis. Við flm. vildum aðeins benda á leið sem fær er til þess að ráðast að þessu vandamáli strax og gera á því bragarbót.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. allshn.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Þessi till. hefur verið nokkuð lengi til meðferðar, eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Vestf.

Ég vil aðeins koma inn á það hér þar sem hann sagði að ráðgjafarþjónusta hefði verið sett af stað eftir að þessi till. kom fram. Þetta er náttúrlega misskilningur vegna þeirrar einföldu ástæðu að samkvæmt tillögu félmrh. hófst þessi starfsemi í febrúar 1985 hjá Húsnæðisstofnun með því að setja á laggirnar sérstaka deild, ráðgjafarþjónustu, sem hafði það hlutverk að greiða úr vanda húsbyggjenda. Samkvæmt skýrslu sem var gefin út nú á haustdögum eftir að fyrsta hluta þessarar starfsemi lauk höfðu alls 2300 umsóknir borist um aðstoð gegnum þessa ráðgjafarþjónustu og það höfðu verið veitt samtals 1952 lán að fjárhæð 240,9 millj. kr. í þessu skyni. Þessu til viðbótar hafa síðan verið veittar um 10 millj. vegna eftirstöðva sem voru af þessu máli á s.l. ári, eða samtals lán að fjárhæð 250 millj. kr.

Ég ætla ekki að tefja umræður hér með því að skýra þessa þjónustu. Hún hefur fengið viðurkenningu. Hún kom að ákaflega miklum notum fyrir allt það fólk sem lenti í erfiðleikum í sambandi við húsnæðismálin. Í framhaldi af því og vegna þeirrar reynslu sem þarna fékkst var ákveðið að minni tillögu á s.l. hausti að gera þessa starfsemi að föstum þætti í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins, ráðgjafarstofnun, sem hefur verið að móta sína starfsemi undanfarnar vikur og hefur þegar hafið starf af fullum krafti. Það sem verður aðalmarkmið þessarar starfsemi er að veita upplýsingar og gefa þeim aðilum sem ætla að byggja eða kaupa húsnæði fullnægjandi upplýsingar um hvernig á að standa að slíkum málum. Þessi stofnun hefur sett upp mjög vandað reiknilíkan þannig að hún getur veitt öllum sem þangað koma inn upplýsingar um væntanlega greiðslubyrði, væntanlega möguleika til lántöku og hvernig skynsamlegast er að standa að slíkum málum.

Ég get getið þess hér, af því að þetta kom hér til umræðu, að á stjórnarfundi í Húsnæðisstofnun í gær voru samþykktar reglur að tillögu félmrh. um að hefja nú þegar viðbótarlánveitingar til þeirra húsbyggjenda sem eru enn í vanda, að fjárhæð 200 millj. kr. Þetta verður gert í samstarfi og samráði við bankakerfið á Íslandi. Jafnframt hefur ríkisstj. gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að ganga að því að breyta vanskilaskuldum og skammtímaskuldum í lengri lán, allt að tíu árum. Það verður gefin út opinber fréttatilkynning um þetta væntanlega áður en þessi dagur er á enda.

Ég vildi láta þetta koma fram hér, herra forseti, í framhaldi þess sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Vestf.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því að þann 21. nóvember á s.l. ári lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. eða fyrir réttum tveimur mánuðum. Þar lagði ég fram spurningu um kostnað Alþingis og ráðuneyta við utanlandsferðir þingmanna, ráðherra og embættismanna ráðuneytanna. Í þingsköpum kemur greinilega fram í 31. gr. að svar ætti samkvæmt öllum atriðum sem þar koma fram að hafa borist, en þar segir, með leyfi herra forseta:

„Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fsp. var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum."

Ég vil því eindregið inna eftir því hvað tefur og hvað það er sem gert hefur það að verkum að ekki hefur reynst unnt að gefa svar við þessari spurningu. Ég álít að það geti varla verið vegna tíðra utanlandsferða því að yfirleitt er hæstv. fjmrh. á landinu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að það er venja af hálfu Alþingis að fylgja eftir fyrirspurnum hvort sem þeim á að svara munnlega eða skriflega. Það er venjulega fylgst með hvað líður svörum við skriflegum fyrirspurnum og samkvæmt venju hefur það verið gert um þá fsp. sem hér hefur verið vakin athygli á. Síðast í morgun var athugað um það mál og þingið fékk þá þær upplýsingar að þess væri að vænta að svar kæmi eftir nokkra daga.

Það skal tekið fram að það geta verið lögmætar ástæður fyrir því í undantekningartilfellum að eitthvað þurfi að dragast að svara skriflegum fyrirspurnun. Það er vegna eðlis þeirra upplýsinga sem beðið er um. Það kann að þurfa mismunandi langan tíma. Með tilliti til þessa er það ekki fortakslaust í þingsköpum að svarið skuli vera komið innan sex daga heldur að jafnaði. Og sú breyting var gerð með þingskapalögum þeim sem nú gilda og samþykkt voru á síðasta þingi. Ég vænti að þetta skýri sig.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú fara fram umræður utan dagskrár um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna skv. 2. mgr. 2. gr. þingskapa. Til máls tekur hv. 3. þm. Reykv. (**SvG:** Það er 4. þm. Norðurl. e.) Hv. 3. þm. Reykv. óskaði eftir þessari umræðu, en forseta hafði ekki verið tjáð fyrr en nú að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur þessa umræðu. Tekur hann nú til máls.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég bið virðulegan forseta forláts ef láðst hefur að tilkynna honum að ég mundi hefja þessa umræðu utan dagskrár. Hv. 3. þm. Reykv. fór fram á fyrir hönd þingflokks Alþb. að fá þessa umræðu, en hann er sem kunnugt er starfandi formaður þingflokksins í fjarveru hv. 3. þm. Norðurl. v. og hygg ég að það skýri þetta mál nægjanlega, herra forseti.

Ég hef kvatt mér hljóðs til að ræða málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. menntmrh. varðandi sama efni.

Frá því að Alþingi var að störfum fyrir jólaleyfi hefur ýmislegt það gerst í málefnum lánasjóðsins sem nauðsynlegt er að ræða á Alþingi og það fyrr en síðar.

Ég vil þá fyrst víkja að þeim yfirlýsingum sem hæstv. menntmrh. margendurtók um að það stæði ekki til að koma í bakið á námsmönnum með skertum námslánum á miðju námsári. Slíkar yfirlýsingar hafði hæstv. ráðh. uppi með stórum orðum og miklu málþrjáli, eins og hans er vandi, bæði í fjölmiðlum og hér á Alþingi fyrir jólaleyfi. Hann sagði hæstv. ráðh. í umræðum um lánsfjárlög á Alþingi hinn 19. desember s.l., sbr. Alþingistíðindi dálki 1973, og með leyfi þínu, herra forseti:

„Ég legg þó áherslu á að það verður auðvitað leitast við að koma ekki aftan að námsmönnum með nýja skipan mála sem mundi“ — og nú bið ég menn að taka vel eftir — „mjög hrugga við áformum þeirra á námsbrautinni.“

Samkvæmt upplýsingum frá bókasafni Alþingis þýðir sögnin „að hrugga“ í þessu samhengi að ekki standi til að hreyfa við eða hnika til þeim kjörum sem námsmenn búa við. Hygg ég að þetta megi finna í ekki færri en þremur íslenskum orðabókum. Þannig voru yfirlýsingar hæstv. menntmrh. alveg ótvíræðar þegar hann notaði sögnina „að hrugga við“ í þessu samhengi.

Svipaðar yfirlýsingar hefur hæstv. menntmrh. gefið í fjölmiðlum, bæði um þetta leyti og einnig síðar. En hvað gerðist svo? Hverjar urðu efndir þessarar stóryrtu heitstrengingar til námsmanna? Jú, þvert ofan í þessar yfirlýsingar gaf ráðherra út reglugerð í upphafi nýs árs, reglugerð sem mun vera dagsett 3. janúar 1986, sem skerðir námslánin á síðari hluta yfirstandandi námsárs þannig að lán til námsmanna hér heima haldast óbreytt í krónutölu miðað við útlán á tímabilinu september til nóvember 1985 sem aftur byggðu á framfærslu miðað við ágústverðlag sama árs. Miðað við fyrri reglur kemur því skerðingin fram þegar á lán vegna desembermánaðar og síðan í vaxandi mæli á þessu ári. Verðbólgan mun vera 40% eða þar um bil hjá hæstv. ríkisstj. um þessar mundir þannig að á ársgrundvelli má reikna með að skerðingin, miðað við síðasta mánuð þessa námsárs, verði allt að 30%.

Lán til námsmanna erlendis skerðast þannig að þau eru fest við framfærslu tímabilsins september til nóvember og gengi dagsins 29. nóvember s.l. Ætla má að skerðingin á lánum til námsmanna erlendis verði talsvert minni að meðaltali, en mun ójafnari eins og ég vík að síðar.

Útgáfa þessarar reglugerðar þvert ofan í heitstrengingar um hið gagnstæða, jafnvel úr ræðustól hér á Alþingi, er auðvitað hreyksli, herra forseti, og þættu stórpólitísk tíðindi alls staðar annars staðar í lýðræðisríkjum en hér á Íslandi, en hér höfum við, eins og kunnugt er, í hartnær þrjú ár orðið að búa við blaðurskjóður á ráðherrastólum sem hafa með öllu reynst ófærar um að bera ábyrgð á orðum sínum og yfirlýsingum.

Að þessum formála höfðum, herra forseti, vil ég í fyrsta lagi spyrja hæstv. menntmrh.:

Hvernig telur ráðherra að útgáfa reglugerðar 3. janúar s.l. um skerðingu námslána samræmist ummælum hans og heitstrengingum um að ekki verði raskað högum námsmanna inn á miðju yfirstandandi námsári?

Í öðru lagi: Hyggst hæstv. menntmrh. halda fast við nefnda reglugerð og er ætlunin að láta hana gilda út þetta námsár eða jafnvel út allt árið?

Hæstv. menntmrh. hafði uppi á hinu háa Alþingi 19. desember s.l. ummæli um Lánasjóð ísl. námsmanna og starfsemina þar sem mér þóttu býsna kyndug, en þau skiljast nú betur, þessi ummæli, þegar hæstv. ráðh. hefur í verki endurtekið sýnt hug sinn í þessum málum. Hæstv. ráðh. sagði m.a., með leyfi forseta:

„Ég hef þó séð ýmislegt það í starfsemi sjóðsins sem ég tel að gagngerra úrbóta krefjist og fyrir því mun ég beita mér.“

Og enn fremur:

„En ég hef fyrir mér ástæður til að leggja ekki mjög mikið upp úr áætlunum sem af hálfu þessa sjóðs hafa verið gerðar. Það hef ég nú, án þess að hirða um að rekja það frekar“, sagði hæstv. ráðh.

Við þessar umræður um lánsfjárlög tók ég til máls, herra forseti, og óskaði skýringa á þessum ummælum ráðherrans um lánasjóðinn. Þá sagði ég m.a.:

„Hæstv. ráðh. sagði ákveðna hluti um Lánasjóð ísl. námsmanna sem ég var mjög hissa á, herra forseti. Maður á því ekki að venjast að það sé nánast verið með dylgjur í garð slíkra stofnana án þess að það sé rökstutt. Hvað er það sem hæstv. ráðh. er að fara þegar hann segir að hann hafi ýmislegt fyrir sér í því að það sé ekki mark takandi á áætlunum frá þessum sjóði, ekki nema mjög í hófi, allt sem frá honum komi sé einhver vitleysa? Hann sagði að ýmislegt í starfsemi sjóðsins krefðist gagngerra úrbóta. Ég óska skýringa á þessum ummælum hæstv. ráðh. Á hann við starfsemina sem slíka? Á hann við reksturinn? Hefur verið farið illa með fé þarna? Vinna þarna einhverjir óþokkar? Er verið að sólunda þarna fé? Hvað er á ferðinni? Hvers vegna notar hæstv. ráðh. þessara mála svona orðbragð hér án þess að skýra það nánar? Ég óska þess, herra forseti, að við þurfum ekki að hlusta á það að stofnanir eins og Lánasjóður ísl. námsmanna sitji undir slíku ámæli án rökstuðnings. Ég skora á hæstv. ráðh. að falla frá þessum ummælum eða skýra út fyrir okkur ella hvað hann eigi við.“

Það má taka fram og er reyndar óþarfi að hvorugt gerði hæstv. ráðh. Hann svaraði hins vegar með því að saka lánasjóðinn um að hringla með áætlaða fjárþörf sjóðsins. En við nánari skoðun kom í ljós að þar voru á

ferðinni niðurskurðaráætlanir frá flokksbróður hans og flokksformanni, hæstv. fjmrh. Þorsteini Pálssyni. En hæstv. ráðh. sagði enn fremur:

„Að mér steðjar ótrúlegur grúi ungra námsmanna sem hafa kvartanir og klaganir daginn langan að bera upp við mig um starfsemi þessa sjóðs."

Það var ekkert meira né minna. Og enn sagði ráðherrann:

„Það er þýðingarlaust að gera mér upp einhver orð vegna þess að ég tók fram að ég mundi leggja mig fram um að koma ekki aftan að ungum námsmönnum. Vafalaust er of smátt skammtað, en ég sagði líka að þessi kurl yrðu að koma til grafar áður en við slitum þessu þingi þannig að þá mætti finna ráð ef nauðsyn bæri til. En það er ekki nokkur minnsti vafi á því að standi ég sjóðinn, sem fer með fé sem nemur milljörðum, að óreiðustarfsemi og lausung, þá mun ég taka afar fast á því í tillögum mínum til breytinga og bóta", sagði hæstv. menntmrh. að lokum og lýkur hér tilvitnunum í mál hans.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, með hliðsjón af því sem síðar hefur gerst, að rifja þessar dylgjur hæstv. menntmrh. í garð Lánasjóðs ísl. námsmanna upp því mér sýnist alveg ljóst að þarna hafi hæstv. ráðh. hafið óhróðursherferð gegn stofnun og starfsfólki sem heyrir undir hans ráðuneyti, óhróðursherferð sem síðan hefur staðið nær linnulaust með innslögum frá nefndum ráðherra og með dyggilegum stuðningi stuttbrókarliðsins í Sjálfstfl. og auðvitað hefur hin mesta pappírssóun landsins, Morgunblaðið, ekki látið sitt eftir liggja.

Skömmu síðar var, eins og kunnugt er, framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna vikið úr embætti nær fyrirvaralaust og án undangenginnar aðvörunar eins og lög mæla þó fyrir.

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. ráðh. enn fremur: Telur hæstv. menntmrh. að athuguðu máli að óyggjandi sé að löglega hafi verið staðið að uppsögn Sigurjóns Valdimarssonar framkvæmdastjóra lánasjóðsins á sínum tíma? Það kunna að þykja tíðindi að svo sé spurt, að hæstv. ráðh. sé spurður að því hvort hann telji að hann hafi farið að lögum í embætti sínu, en ég hef það fyrir mér að ýmsir hafa haft uppi efasemdir um lögmæti þessara aðgerða. Má þar nefna prófessor Sigurð Líndal í fréttatíma sjónvarpsins. Hæstv. fyrrv. menntmrh. Ingvar Gíslason mun og hafa haft um þetta efasemdir. Og ég minni á og kannske allra frekast ummæli hæstv. ráðh. sjálfs í sjónvarpinu sem ég hygg að séu nánast einsdæmi þar sem hann sagði efnislega á þá leið: Ja, skítt og laggo með það hvort þetta var löglegt eða ekki. Það var þá þess virði. — Svona hef ég aldrei heyrt nokkurn ráðherra taka til orða fyrr um lagalega stöðu þeirra aðgerða sem hann hefur í frammi. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh.: Hefur hann beitt sér fyrir því eða ráðuneyti hans að fram færi lagaleg úttekt á lögmæti þessa brottrekstrar?

Framkvæmdastjórinn var sakaður um vanrækslu í starfi í uppsagnarbréfi og voru m.a. nefndar lélegar áætlanir um fjármál sjóðsins. Því spyr ég hæstv. ráðh. enn fremur: „Er hæstv. ráðh. ljóst að samkvæmt lögum og reglugerðum um námslán og námsstyrki er það stjórn lánasjóðsins en ekki framkvæmdastjóri sem ber ábyrgð á þessum hlutum og hefði þá ekki verið eðlilegra, hæstv. ráðh., að leysa stjórnina eða a.m.k. formann stjórnar frá störfum á meðan rannsókn fór fram í þessum málum?

Ég spyr enn fremur, hæstv. ráðh.: Hefði ekki verið eðlilegt að gefa framkvæmdastjóra sjóðsins kost á að gefa sínar skýringar á þeim ásökunum sem hann er borinn? Og það mætti e.t.v. spyrja, herra forseti, þó það komi ekki beint þessu máli við: Ef hæstv. ráðh. er að gefa hér fordæmi almennt um að áætlanir skuli standa, er þá ekki ástæða til að segja ýmsum fleirum upp? Það hefur komið fram í fjölmiðlum að yfirmenn sjónvarpsins gerðu dálaglegar áætlanir um kostnaðinn af áramótaknallinu þar sem helstu frammámenn þjóðarinnar fengu að dilla sér framan í þjóðina í nokkra klukkutíma. Hvernig stóðst sú áætlun? Hún stóðst þannig að það vantar 1,5 millj. upp á að þetta dæmi gangi upp. Þarf ekki að reka einhverja menn þarna? Vill ekki hæstv. menntmrh., sem einnig er yfirmaður þessarar stofnunar, fara ofan í saumana á þessu sukki? Eða hæstv. forsrh. ef þetta er nú vinnuregla ríkisstj.? Verður hann ekki að leysa hæstv. fjmrh. frá störfum því þær hafa ekki staðist par vel áætlanirnar í ríkisrekstrinum? Ég er hræddur um að halli ríkissjóðs umfram áætlanir gæfi ekki síður tilefni til að leysa bæði fyrrv. og núv. hæstv. fjmrh. frá störfum ef þessi vinnuregla á að gilda jafnt fyrir alla — eða eru menn hér Jónar og séra Jónar eins og sums staðar annars staðar?

Þá vil ég enn fremur víkja að þeirri óvenjulegu hegðun hæstv. menntmrh. að hundsa tilmæli námsmanna um að taka nýjan fulltrúa á þeirra vegum inn í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hæstv. ráðh. gat talið dreng nokkurn á að kalla til baka lausnarbeiðni sína þegar hann hafði misst sitt umboð, umboð meiri hluta stúdentaráðs, til að sitja sem fulltrúi þess í Lánasjóði ísl. námsmanna og hæstv. ráðh. hefur þverskallast við, þvert ofan í venjur og þvert ofan í eðlilegan lýðræðislegan framgangsmáta, að skipa nýjan fulltrúa í stjórn lánasjóðsins. Þessi ágæti ungi maður, sem m.a. hefur unnið sér það til frægðar að vera umboðsmaður Íslenskra eðalvagna hf. sem fluttu inn lúxusbíla og hefði því ekki verið óeðlilegur ráðgjafi hæstv. ríkisstj. í bílakaupamálum, hafði ekki meiri ístöðu en það að hann lét hæstv. ráðh. telja sig á að sitja þarna áfram í trássi við vilja meiri hluta stúdentaráðs. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða ástæður liggja að baki því að hæstv. ráðh. kýs að halda nýjum og rétt kjörnum fulltrúa núverandi meiri hluta stúdentaráðs utan stjórnar lánasjóðsins með þessum hætti og brjóta þannig bæði heðir og annað eins og ég til vitnaði? Það má nefna í þessu sambandi að yfir 1000 námsmenn í Háskóla Íslands hafa nú undirritað mótmæli gegn því að þessi fulltrúi sitji þarna inni sem fulltrúi þeirra í stjórn lánasjóðsins, enda má öllum ljóst vera að hann er það ekki lengur. Hann er fulltrúi hæstv. menntmrh. ef hann er þá fulltrúi einhvers annars en fyrirtækisins Íslenskra eðalvagna hf.

Í fjölmiðlum hafa birst undanfarið nokkrar upplýsingar um frv. sem sagt er að sé í smíðum á vegum hæstv. menntmrh. um Lánasjóð ísl. námsmanna eða frv. til l. um námslán og námsstyrki eins og það heitir víst réttu nafni. Hér virðast vera á ferðinni vægast sagt alvarlegir hlutir þar sem vegið er að jafnrétti til náms og það látið lönd og leið og félagslegt hlutverk lánasjóðsins þurrkað út. Í Morgunblaðinu sunnudaginn 26. janúar segir á bls. 2 nokkuð frá þessu frv. sem ég tek fram að ég hef ekki séð, og það hafa víst fæstir nema nánasta hirð hæstv. menntmrh. En Morgunblaðið telur sig vita að það sé

nefnd á vegum menntmrh. sem unnið hafi að samningu frv. og samkvæmt heimildum Morgunblaðsins, með leyfi forseta, eru lagðar til miklar breytingar á gildandi lögum. Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaða nefnd er þetta? Getur hann greint okkur frá skipunarbréfi nefndarinnar? Getur hann skýrt frá því hver er t.d. fulltrúi Framsfl. í þessari nefnd eða getur hv. þm. Ingvar Gíslason, sem kynni að koma hér upp í ræðustólinn á eftir, skýrt okkur frá því? Veit hann hver er fulltrúi Framsfl. í þessari nefnd hæstv. menntmrh.? Nei, hann hristir höfuðið. Ég veit það ekki heldur. Ég veit ekki til þess að nokkur maður hafi komist inn í þessa nefnd nema nánasta hirð stuttbuxnaliðsins sem er allt um kring ráðherrann, púkarnir sem sitja á öxlum hans og hvísla í eyru hans um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Þannig er nú þessi nefnd sem hæstv. menntmrh. virðist vera að láta smíða frv. einhvers staðar úti í bæ. Hann hundsar m.a. stjórnskipaða nefnd sem forveri hans í starfi, hæstv. ráðh. Ragnhildur Helgadóttir sem nú gengur í salinn, hafði skipað áður en hún lét af störfum í þessu ráðuneyti til þessa sama verks eða nokkurn veginn það. Hvers vegna var þeirri nefnd ekki falið þetta verk? Hvers vegna var ekki leitað um faglega þekkingu til stjórnar eða starfsmanna Lánasjóðs ísl. námsmanna? Hvers vegna var öðrum stjórnmálaflokkum ekki veitt aðild að þessari nefnd? Hvers konar vinnubrögð eru þetta, hæstv. menntmrh.? Veit hæstv. menntmrh. til að mynda ekki að það tók mörg ár nefndar sem allir stjórnmálaflokkar áttu aðild að og námsmannahreyfingin o.fl. o.fl. að endurskoða og gera tillögur um ný lög fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna sem síðan voru samþykkt 1982? Þannig var talið nauðsynlegt að vinna á þeim tíma með fulltrúum allra stjórnmálaflokka og annarra hagsmunaaðila í málinu.

En nú eru uppi aðrir tímar. Það er alveg greinilegt að skilningur hæstv. menntmrh. á lýðræðishugtakinu er allt annar. Og þetta eru nokkuð sérkennileg vinnubrögð gagnvart samstarfsflokknum án þess að það sé nú beint mín deild að svara fyrir það. Það verður kannske rætt um það hér á eftir ef einhver framsóknarmaður treystir sér til að stíga í stólinn.

Það mætti margt um það segja sem fram kemur í þessum frumvarpsdrögum, sbr. þær heimildir sem ég hef, Morgunblaðið og aðrar slíkar. En það er kannske ekki rétt að ræða það mjög efnislega vegna þess að það liggur ekki fyrir og menn hafa það ekki framan við sig svart á hvítu. Ég vil þó nefna eitt sem dæmi um vinnubrögðin. Það eru þau áform að ekkert tillit skuli tekið til tekna námsmanna við úthlutun námslána samkvæmt þessum nýju reglum. Hér er núna í salnum hæstv. fyrrv. menntmrh. og ég á þar við Ragnhildi Helgadóttur. Þeir eru reyndar fleiri hér staddir, hæstv. fyrrv. menntmrh. En hæstv. ráðh. Ragnhildur Helgadóttir mun hafa haft uppi hugmyndir um þetta sama og áhuga á því sama, eins og fleiri sjálfstæðismenn fá stundum flog með þessum hætti, að það væri rétt að hætta að taka tillit til tekna námsmanna og lána öllum eins og þeim sýndist. Á sama tíma eru helstu röksemdir fyrir þessum breytingum þær að það verði að draga úr kostnaðinum við rekstur lánasjóðsins, að það verði að draga úr útgjöldunum vegna þessa námslánakerfis. Hefur þá hæstv. núv. menntmrh. látið athuga hvað tekjuumreikningurinn sparar lánasjóðnum í útgjöldum? Mér þætti fróðlegt að fá um það upplýsingar. Það er ljóst að bara tekjur námsmanna sjálfra á hverju námsári spara hundruð milljóna. Síðan koma tekjur maka, tekjur barna o.s.frv. þannig að hér gætu verið á ferðinni á þriðja hundrað millj. kr. sem sparast í útlánunum einum vegna þessa.

En málið er ekki þar með búið, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson af Vestfjörðum. Það kemur nefnilega meira til. Það er alveg óyggjandi að hundruð ef ekki þúsundir námsmanna sækja ekki um námslán við gildandi lánakerfi vegna þess að tekjumörkin og tekjuumreikningurinn útiloka þá. Hvað ætlar hæstv. menntmrh. að gera ef næsta haust kæmu inn 1000–1500 nýjar umsóknir frá mönnum sem ekki hafa sótt um lán hingað til vegna þess að tekjuumreikningurinn er í gildi? Þá er ég hræddur um að þessi tala gæti hækkað allnokkuð. Það gætu bæst við fleiri hundruð millj. kr. til viðbótar. Þá verður að auka útgjöldin um kannske hálfan milljarð eða svo. Er hæstv. menntmrh. tilbúinn til þess? Ég held ekki. Það væri þá skrýtið eftir allt það sem á undan er gengið í ræðum hans. Ég held að hann ætli sér að skerða sneiðina sem hver og einn fær. Það verður þá minna til skiptanna. Þetta er nú allt jafnréttið til náms sem með þessum nýju breytingum á að tryggja.

Ég held að þetta sé eitt dæmi og ég læt það nægja, herra forseti, um að þessi vinnubrögð hæstv. ráðh. og þessar hugmyndir eru svo lítt ígrundaðar að það eru endemi. Hér er um að ræða stærstu fjárfestingu á einu bretti í íslenska þjóðfélaginu eins og það leggur sig. Það er sú fjárfesting sem við verjum til náms á hverju ári. Það er ekki bara lánasjóðurinn. Það er líka það sem hver og einn námsmaður leggur af mörkum og það er reksturinn á öllu þessu kerfi. Það er engin ein fjárfesting í íslenska þjóðfélaginu sem kemst í hálfkvisti við þessa fjárfestingu, menntun þjóðarinnar, þannig að hér eru engin smámál á ferðinni. Hér eru meiri mál á ferðinni en svo, með fullri virðingu fyrir greind hæstv. menntmrh., að hann geti af hyggjuviti sínu einu umbylt þessu kerfi öllu saman á örfáum vikum og fengið einhvern botn í það. Það gerist ekki svoleiðis, hæstv. ráðh.

Ég get nefnt annað dæmi sem snertir setningu þessarar reglugerðar hjá hæstv. ráðh. Hún var auðvitað sett þvert yfir alla línuna, skerðir námslán jafnt hjá öllum. Ég tek dæmi um námsmenn í námi erlendis. Þar er gengið fest við eina ákveðna dagsetningu og framfærslan við eina ákveðna dagsetningu og það verður ekkert tillit tekið til þess hvernig þessi mál þróast á næstu mánuðum ef þessi reglugerð verður í gildi. Við skulum segja að dollarinn standi í stað. Þá er það þannig að námslánin til þeirra sem eru í námi í Bandaríkjunum skerðast ekki neitt, ekki miðað við það sem nemur verðbólgu í því landi og hún er ekki ýkja mikil. En síðan taka kannske einhverjar aðrar myntir, t.d. Evrópumyntir, upp á því að hækka mikið í verði á þessum mánuðum. Hvað gerist þá? Jú, þá skerðast námslánin til þess námsmannahóps þannig að útkoman getur orðið mjög ójöfn. Það kostulegasta við þetta allt saman er að samkvæmt upplýsingum frá lánasjóðnum var helst forsenda til þess að skerða námslánin hjá þeim sem voru í námi í Ameríku. Þeir voru að bestu manna yfirsýn taldir standa best að vígi, en þörfin fyrir hækkun væri frekar hjá hinum sem stunda nám víða í Evrópu. Þvert gegn allri skynsemi og öllum rökum verkar því þessi reglugerð hæstv. menntmrh.

Hæstv. menntmrh. og helstu fylgismenn hans hafa kosið að vinna á móti námsmönnum í þessu máli. Þeir hafa ekki valið þá aðferð að láta fyrst á það reyna hvort hugsanlegt væri að ná samkomulagi og samstarfi. Það var farið beint í að gefa út stríðsyfirlýsingar og slá um sig í fjölmiðlum, berja á bumbur og ráðast gegn þessu kerfi öllu eins og það lagði sig í heilagri krossferð. Þetta eru ákaflega óskynsamleg vinnubrögð, mjög óskynsamleg *að mínu mati. Og alveg tekur steininn úr þegar erindismenn* ráðherrans fara að koma á framfæri villandi, jafnvel beinlínis röngum upplýsingum um rekstur lánasjóðsins, um námslán, um skuldir einstakra námsmanna.

Af því að hér situr í hliðarsal nær augum mínum ungur maður, varaformaður stjórnar lánasjóðsins Auðunn Svavar Sigurðsson, vil ég vitna í ummæli sem hann hefur látið hafa eftir sér í fjölmiðlum um að það sé fjöldinn af námsmönnum, fjöldinn allur sem skuldi hér milljónir á milljónir ofan. Þetta sé svo gífurlegt og gegndarlaust. *Það séu milljónaskuldir hjá fjöldanum* öllum af námsmönnum. En hvernig er þetta?

Það er þannig, herra forseti, að 39,5% af öllum skuldurum hjá Lánasjóði ísl. námsmanna skulda innan við 250 þús. kr. og 29,8% skulda á bilinu 250–500 þús. Þessi hópur greiðir öll sín námslán upp á innan við 25 árum, þessi langstærsti hópur skuldara. Síðan fer þetta jafnt og þétt lækkandi. Þegar komið er t.d. í 1,5 millj. kr. er það 1,1% sem eftir er. Það eru 0,36% sem skulda yfir 2,5 millj. Það eru ekki nema 3,8% þeirra námsmanna, sem skulda hjá lánasjóðnum, sem ekki ná að borga upp *öll sín lán og þar af eru samkvæmt núgildandi* kerfi um 10–15% af námslánunum sem ekki greiðast upp. Það hefur ekkert komið fram, hvorki hjá ráðherranum né öðrum, sem bendir til annars en að áætlanir standist um endurgreiðsluhlutfall miðað við núgildandi kerfi. Ég bið þá hæstv. menntmrh. að leggja það hér á borðið.

Vegna þess að við ræddum hér um áætlanir áðan og nákvæmni í áætlanagerð ætla ég að segja eina stutta sögu af slíku. Það er þegar námslögin voru sett árið 1976. Þá var t.d. sami framkvæmdastjóri og hæstv. *menntmrh. rak við störf hjá lánasjóðnum, ef ég fer rétt* með. Það er ekki ólíklegt að hann hafi átt einhvern þátt í þeirri áætlunargerð sem þá var unnin og benti til þess að 66% af lánum mundu greiðast til baka miðað við það kerfi. Nú hefur nokkur tími liðið og menn hafa fengið tímann með sér til þess að láta reynsluna dæma þessa áætlun. Og hver er útkoman? Hún er sú að 65% skila sér til baka. Það munar einu einasta prósenti. Er þetta ekki nokkuð laglega gert, hæstv. ráðh.? Það finnst mér. Þetta finnst mér sýnu skárri áætlunargerð en t.d. hjá þeim í sjónvarpinu, undirmönnum þínum þar. Það er *ekki slæm einkunn sem þeir menn sem að þessu unnu fá* með þessu dómi reynslunnar. Og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að áætlanir um endurgreiðsluhlutfall samkvæmt gildandi lögum, sem tóku gildi 1982, standist einnig og vonandi jafnnærri þessu.

Ég sagði áðan, herra forseti, að hæstv. ráðh. hefði kosið að vinna á móti námsmönnum og það held ég að menn hljóti að hafa sannfærst um með því að fylgjast með fjölmiðlum og fréttum undanfarna daga. Ég sannfærðist alla vega um það, herra forseti, að hann hefur unnið óskynsamlega gagnvart námsmönnum erlendis. Þær fréttir sem þeir hafa fengið af þessum þreifingum ráðherrans hafa nægt til þess að þeir hafa hver á sínum stað safnast saman og rætt þetta mál. Mér hafa borist tugir mótmælaskeyta frá námsmönnum stöddum í ýmsum borgum erlendis. Ég ætla að lesa upp nokkur sýnishorn af þessum skeytum, með leyfi forseta, til þess að menn skynji það og heyri sjálfir hvernig andrúmsloftið er gagnvart hæstv. menntmrh. og brölti hans í þessum lánamálum:

„*Menntmrh.* Sverrir Hermannsson. Við viljum minna á að lög um námslán eiga að stuðla að jafnri aðstöðu til menntunar. Námsmenn í Oregon."

„Lánasjóður ísl. námsmanna er sú stofnun í menntakerfi landsins sem síst má veikja. Námsmenn við Cornell-háskóla í Bandaríkjunum skora á Alþingi að standa gegn öllum þeim breytingum á lögum sjóðsins sem hafa í för með sér skerðingu á jafnrétti til náms með tilliti til námsgreina, námslands eða tekna að námi loknu. SÍNE-deildin í Íþöku."

„Sverrir Hermannsson. Mótmælum harðlega fram *komnum tillögum um skerðingu á kjörum námsmanna.* SÍNE-deild, San Francisco-borg."

(**Menntmrh.:** Átti ég ekki að fá þessi skeyti?) Þau eiga að hafa borist hæstv. menntmrh. Þau eru send ráðherranum í gegnum samtök íslenskra námsmanna erlendis, SÍNE, og ég veit ekki betur en þau hafi verið send ráðherranum í dag, þau skeyti sem þá höfðu borist, en ég fékk af þeim afrit og það munu formenn allra þingflokka einnig hafa fengið á Alþingi upp úr hádeginu. Þetta er varla hernaðarleyndarmál, herra menntmrh., eða ætlast hann til þess að ég hætti *lestrinum? Fer þetta eitthvað í taugarnar á honum?* (**Menntmrh.:** Nei, nei.) Nei. Þá les ég áfram.

„Herra menntmrh. Við 45 íslenskir námsmenn í Vestur-Berlín gefum stjórn SÍNE fullt umnboð til að koma mótmælum okkur við brtt. yðar á starfsháttum LÍN á framfæri. F.h. námsmanna. Ketilbjörn Tryggvason."

„Menntmrh. Sverrir Hermannsson. Við mótmælum harðlega frv. til l. um námslán sem felur í sér gífurlega röskun á jafnrétti til náms. Sýndu þjóðinni sóma þinn og dragðu frv. og reglugerðarbreytinguna frá 3. janúar *til baka. Uppsaladeild SÍNE.*"

Ég hygg að ég þurfi ekki að lesa fleiri texta, herra forseti, eða er ekki forseti mér sammála um að merking þeirra hafi komist nokkuð á framfæri? Ég held að þau sé öll nokkurn veginn í sama dúr.

Ég ætla þá að lesa hvaða hópar námsmanna hafa sent skeyti í svipuðum dúr: Það er SÍNE-deildin í Kaupmannahöfn, það er Samband ísl. námsmanna í New York, það eru námsmenn í Quebec og Torontoborg, það er stjórn SÍNE í Lundi, það eru námsmen í Hamborg, það eru Stokkhólmsdeild SÍNE, það er SÍNE-deildin í Osló, það er námsmenn í Stuttgart í Vestur-Þýskalandi og það er SÍNE-deildin í Kiel.

Þetta lýsir svolítið andrúmsloftinu í garð hæstv. menntmrh. og vinnubragða hans meðal hópa námsmanna erlendis. Yfir 1000 íslenskir námsmenn í Háskóla Íslands hafa einnig undirritað mótmæli gegn vinnubrögðum ráðherrans gagnvart fulltrúa þeirra í lánasjóðnum. Það eru meira að segja ýmis önnur stórmenni beinlínis farin að tyfta hæstv. ráðh. og setja ofan í við hann. Næstum því heilagur maður í Sjálfstfl., Davíð Oddsson borgarstjóri, tekur hæstv. menntmrh. á kné sér eins og skólastrák og tyftar hann fyrir þessa

vitleysu, þessi vinnubrögð. Hann er greinilega eitthvað órólegur að flokksbræður hans skuli haga sér með þessum hætti rétt fyrir borgarstjórnarkosningar og ég skil hann vel. Ég mundi skammast mín fyrir það, ef ég væri einhvers staðar að fara í framboð, að hafa svona menn í mínum flokki eða sem ynnu svona að málunum.

Mig langar, herra forseti, að vitna aðeins í borgarstjórann þó að ég geri það ekki hversdagslega, alla vega ekki öllum öðrum mönnum fremur. Hann kemst svo ágætlega að orði að ég held að ég lesi hér smákafla sem eftir honum er haft í Morgunblaðinu í gær:

„Borgarstjórinn sagði að ekki hefði verið vanþörf á að taka til hendi á skrifstofu Lánasjóðs ísl. námsmanna og koma stjórnun þar í skikkanlegt horf." Síðan kemur innan hermimerkja eins og við segjum hér á Alþingi: „„Á hinn bóginn verður að fara varlega í að skerða þau kjör sem námsmenn hafa búið við og hafa miðað sínar áætlanir við er þeir hurfu til náms, jafnvel með fjölskyldur sínar", sagði Davíð Oddsson. Taldi hann nauðsynlegt að námsmenn hefðu aðlögunartíma ef gengið yrði til breytinga og náið samstarf verði haft við þá um breytingarnar. „Hér er verr farið af stað en heima setið ef gengið er of hart fram í þessum efnum, jafnvel svo að fyrr eða síðar verða menn að kokgleypa eigin ákvarðanir í sig aftur og sitja þá ekki uppi með annan ávinning en þann að hafa valdið umróti og sárindum sem seint gróa."" — kokgleypa eigin ákvarðanir ofan í sig aftur.

Þannig er spádómur borgarstjórans í Reykjavík um gönuhlaup hæstv. menntmrh. og megi honum ratast satt á munn.

Hæstv. ráðh. hefur unnið að þessu máli með sérkennilegum hætti eins og ég hef áður rakið. Hann hefur kosið helsta vígvöll sinn fjölmiðlana og dagblöðin í landinu. Þar hefur hann með stóryrtum yfirlýsingum og stríðsfyrirsögnum barið sér á brjóst sem hinn mikli athafnamaður sem aldeilis taki nú til hendinni og hreinsi til. Mig langar til að vitna í tvennt í því sambandi. Hann sagði í Morgunblaðinu fimmtudaginn 9. janúar, með leyfi forseta:

„Ég held að starfsemi sjóðsins sé sukk og ég ætla a.m.k. að ganga úr skugga um hvernig megi koma þessu í fastara form, t.d. með því að skipta við banka um allar þessar afgreiðslur."

Hann hefur sennilega hugsað sér Útvegsbankann, hæstv. menntmrh., sem trausta og ábyggilega stofnun sem væri vel að því komin að fjalla um þessi mál. (**Menntmrh.:** Garðar Sigurðsson segir að hann sé góður.) Það væri vel við hæfi að fela Útvegsbankanum þessa afgreiðslu núna rétt eftir jólafrí og Hafskipsmál.

Hæstv. menntmrh. var á beinni línu í gær, eins og það heitir víst, hjá Dagblaðinu og þar notaði hann ítrekað sögnina „að slugsa". Ég hafði ekki tíma til að fletta upp í orðabókum — (**Menntmrh.:** Slugsa.) Slugsa, já. — og fá þar ítarlegri útlistun á því hvað þessi sögn nákvæmlega merkir eða t.d. fara í samheitaorðabók og finna samheiti. Það hefði örugglega verið fróðlegt að finna samheiti yfir þetta slugs í námsmönnum. (**Menntmrh.:** Það þýðir sems og hangs.) Já. Hann sagði m.a. þarna á beinni línu:

„Ég er afskaplega skammt á veg kominn með að taka ákvarðanir um þessi mál. Fjölmiðlar eru að taka þær fyrir mig um þessar mundir, en ég ætla samt að fylgjast með því að námsmenn séu ekki að slugsa og gera það fyrir peninga þjóðfélagsins."

Svona ummæli frá hæstv. menntmrh. lýsa slíkri vanþekkingu og slíkri fordild að það er með endemum að annað eins skuli koma frá æðsta yfirmanni menntamála í landinu. Það er hreint með endemum, sú vanþekking, sá miðaldahugsunarháttur sem þarna kemur fram. Veit hæstv. menntmrh. ekki, sennilega ekki, það hlýtur að vera, annars tæki hann ekki svona til orða, að Lánasjóður ísl. námsmanna hefur um árabil gert mjög strangar kröfur um framvindu í námi til þess að menn hefðu þar rétt til lántöku? Þetta veit hæstv. ráðh. ekki. Þetta er skelfileg vanþekking. Ég held að það hafi borið allt of brátt að að hæstv. ráðh. varð að hoppa úr stóli iðnrh. yfir í menntamálin, of lítill undirbúningstími. Hann hefði þurft að fara í fornám, hæstv. menntmrh. — eða hvernig ætlar hæstv. ráðh. að fylgjast með því að námsmenn séu ekki að slugsa? Það er fróðlegt að fá það skýrt hér? Ætlar hann að reka hvern og einn persónulega til náms? Ætlar hann að hlýða hverjum einasta námsmanni yfir á morgnana um heimalærdóminn? Hvernig ætlar hann að tryggja þetta, hæstv. ráðh.? Hvaða aðferð hefur hann hugsað sér?

Þó finnst mér kostulegust forsíða Dagblaðsins: „Ég er rétt að byrja að stjórna." Sjálfumglaður og síbrosandi: „Ég er rétt að byrja að stjórna."

Ja, guð hjálpi oss ef hann fær að stjórna eins og hann vill, ef hann kemst almennilega í gang, ef þetta er byrjunin. Ég segi bara það. Hvers eiga námsmenn þá að vænta í framtíðinni ef áframhaldið verður í samræmi við það sem ráðherrann þarna segir?

Hv. formaður Sjálfstfl. og hæstv. fjmrh., er hann nærstaddur? Það hefði verið fróðlegt að eiga orðastað við hann ef hann væri búinn að ná heilsu og væri mættur hér á meðal vor. Varaformaðurinn svaraði fyrir hann í gær, en hann er ekki hér heldur. Ég ætlaði nefnilega að beina einni spurningu til annarra en hæstv. menntmrh., en þó í Sjálfstfl. Ég ætlaði að spyrja Sjálfstfl. almennt að því hvort þetta gönuhlaup, þessi flumbrugangur í hæstv. menntmrh. í þessu máli væri með vitund, vilja og samþykki Sjálfstfl. alls og hvort það hefði átt sér stað stefnubreyting í viðhorfum til námslánakerfisins hjá Sjálfstfl. 3. gr. gildandi laga um námslán og námsstyrki hefst á þessum orðum, herra forseti:

„Opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað" o.s.frv.

Ég hefði haft gaman af því að heyra frá Sjálfstfl. ef einhver treystir sér til að svara fyrir hann hér. Styður Sjálfstfl. enn þá þá megingrundvallarhugsun sem þarna kom fram sem er í gildandi lögum? Hvað segir hæstv. síðast verandi menntmrh., frú Ragnhildur Helgadóttir? Hafði hún hug á að breyta þessari grundvallargrein laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna eða ekki? Og hvað segja aðrir sjálfstæðismenn hér? Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. menntmrh. vantar e.t.v. stuðning fleiri sjálfstæðismanna en borgarstjórans í Reykjavík.

Nei, herra forseti. Öll þessi krossferð hefur verið með endemum ósmekkleg. Hún hefur verið dæmigerð auglýsingamennska manns sem hefur lítið annað fram að færa í sínu embætti en kjafthátttinn einan saman, sem byggir störf sín ekki á þekkingu á viðkomandi málefni og sem skortir rósemi og yfirvegun til að vinna málin af skynsemi þannig að farsælt geti talist. Þetta eru hörð

orð, en ég skal standa við hvert og eitt þeirra. Ég fullyrði þetta, herra forseti. Annað eins dæmi um flumbrugang á ráðherrastóli höfum við ekki fengið lengi á Íslandi. Og guði sé lof. Guði sé lof að slíkt er sjaldgæft sem betur fer.

Ósmekklegast hefur þó verið af öllu þegar íslensku láglaunafólki er att upp á móti námsmönnum. Reynt er að telja því trú um af Morgunblaðinu og af talsmönnum ráðherrans að það sé sérstakt böl fyrir láglaunafólkið í landinu að það sé við lýði réttlátt og sanngjarnt námslánakerfi á Íslandi. En hverjir halda menn að þurfi mest á slíku að halda aðrir en einmitt láglaunafólkið í landinu? Hverjir yrðu það sem fyrst gæfust upp við að koma börnum sínum til mennta ef þetta kerfi væri ekki fyrir hendi? Jú, auðvitað það fólk sem minnstar hefur tekjurnar. Þar væru aðstæðurnar erfiðastar til að leggja eitthvað af mörkum handa námsfókinu og greiða kostnað þess vegna náms. Þetta gengur ekki. Svo einfalt er fólk ekki á Íslandi. Það hefur enda verið baráttumál alþýðumanna um áratuga bil að tryggja jafnrétti til náms á Íslandi. Það þarf enginn að telja mér trú um að því verði svipt yfir á nokkrum vikum með ósmekklegum áróðri og óhróðri eins og hér hefur verið uppi hafður, jafnvel þó að Morgunblaðið hafi svo mikið við að draga upp línuritin um kjaraskerðinguna í tíð þessarar ríkisstj. Þá voru þau allt í einu orðin góð. Þá var í lagi að birta þau á síðum Morgunblaðsins þegar það átti að nota þau til árása á námsmenn. Þetta eru línurit sem hafa verið bönnuð þar á bæ. Línuritin sem sýna hvernig kjör almennings hafa fallið í tíð þessarar ríkisstj. voru allt í einu nógu góð til að nota þau gegn námsmönnum.

Í stuttri samantekt, herra forseti, sem ég ætla að ljúka máli mínu með, sýnist mér þetta liggja fyrir nokkurn veginn á eftirfarandi hátt:

1. kafli: Nýr maður lendir óvart í embætti menntmrh. Sá hafði áður haft hugann við iðnaðarmál og er því stundarkorn að ná áttum og læra híbýlaskipan á nýjum stað.

2. kafli: Ráðherranum berst til eyrna að undir ráðuneyti hans heyri lánasjóður nokkur sem velti miklum peningum. Ráðherrann þykist skynja að hér sé lag til að slá sér upp og lýsir því yfir að hann þykist taka til hendi, gera rassíu hjá téðum sjóði. En ráðherrann tekur fram og hann ítrekar að enn vanti hann upplýsingar og sé að setja sig inn í málin, hann sé að skoða sig um bekki, eins og hann segir stundum. Hann viti sem sagt mjög lítið um þessi mál enn og var það síst ofsagt.

3. kafli: Litlir púkar setjast á axlirnar á ráðherranum og hvísla í eyru honum að ýmislegt megi nú finna að rekstri stofnunarinnar ef vel sé að gáð. Í stað þess að rannsaka þennan orðróm, í stað þess að biðja stjórn eða starfsfólk um skýringar, í stað þess að halda ró sinni og yfirvegan og yfirvega allar aðgerðir í málinu, í stað þess hreint út sagt að haga sér eins og sæmilega vitiborinn maður, kunnandi helstu leikreglur og almenna mannasiði, rýkur hæstv. ráðh. til og finnur sér blóraböggul, rekur í trássi við lög og rétt framkvæmdastjóra sjóðsins úr starfi fyrir meinta vanrækslu sem reyndar heyrir undir og er á ábyrgð stjórnar en ekki framkvæmdastjórans.

4. kafli: Þvert ofan í fyrirheit ráðherrans kemur hann aftan að námsmönnum á miðju námsári og skerðir námslán frá því sem í gildi var er þeir hófu nám á s.l. hausti. Þannig gerir ráðherrann á einu bretti sjálfan sig ómerkan orða sinna, kemur aftan að námsmönnum og sýnir Alþingi Íslendinga lítilsvirðingu því þar gaf hann þær yfirlýsingar sem ég hef hér vitnað til.

5. kafli og hefst nú gamanið fyrir alvöru: Ráðherra hefur nú náð sér á skrið. Næst er rokið til og að því er virðist hafin frumvarpssmíð sem hvorki er ætlað meira né minna en að umbylta námslánakerfi landsmanna. Verkið er ekki sett í hendur nefndar fyrrverandi menntmrh., ekki er leitað til stjórnar sjóðsins eða starfsmanna um faglegar upplýsingar, ekki talað við námsmannahreyfinguna, ekki leitað til annarra stjórnmálaflokka. Nei, ráðherra setur allt sitt traust á álfana á öxlum sér, á einhverja óskilgreinda klíku að því er virðist, fyrir svo utan auðvitað þann vísdóm sem sóttur er í þekkingu og hyggjuvit ráðherrans sjálfs og ber ekki að gleyma því.

6. kafli: Á meðan þessu fer fram er haldið uppi nokkuð vel skipulagðri óhróðursherferð um Lánasjóð ísl. námsmanna og starfsfólk þar og um allan þann skara námsmanna sem lifi í vellystingum praktuglega og slugsi við nám. Helsta málgagn ráðherrans og skósveina hans í lánamálunum, Morgunblaðið, grefur jafnvel upp línuritin góðu um kjaraskerðinguna, eins og ég hef hér áður vikið að.

Nú er það vonandi orðið ljóst, herra forseti, alveg ljóst, að ég tel aðför hæstv. menntmrh. Sverris Hermannssonar að lánasjóðnum og starfsfólki hans, þá óhróðursherferð sem hann hefur ýtt þar undir, forkastanlega framkomu af hálfu eins ráðherra. Ég kýs að nota hér orðin forkastanlega framkomu af hálfu eins ráðherra. Ég tel reyndar alla framgöngu ráðherrans í þessu máli dæmigert gönuhlaup manns sem hefur ekki þekkingu á viðfangsefni sínu, vill ekki viðurkenna það og anar áfram í blindni. Stóryrðaglamur, skringileg orðatiltæki og digurmæli alls konar duga einfaldlega ekki í svo stórum málum, herra forseti. Það verður að gera meiri kröfur til ráðherra íslenska lýðveldisins en þær að þeir séu sæmilega liðugir í kjaftinum.

Síðasta spurning mín til hæstv. ráðh. er því varðandi það hvers megi vænta um málsmeðferð hans á næstunni. (Gripið fram í.) Þetta er varðandi málsmeðferð þína á næstunni, hæstv. menntmrh. — Ætlar hæstv. ráðh. að breyta til, að róa sig niður, að fara að vinna með fólki í staðinn fyrir á móti, að leita samráðs við námsmannahreyfingarnar í staðinn fyrir að lýsa þeim stríði á hendur, að leita samstarfs við aðra stjórnmálaflokka í staðinn fyrir að hundsa þá, að leita að því sem samstaða getur náðst um og láta á það reyna hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um einhverjar breytingar ef niðurstaðan verður sú að þær séu nauðsynlegar? Ég ætti kannske að minna hæstv. ráðh. aftur á hvernig var staðið að þessum málum síðast, hvaða tíma það tók, hversu marga fundi hv. þm. Friðrik Sophusson sat fyrir hönd Sjálfstfl. í nefnd til að semja ný lög og nýjar reglur um lánasjóðinn á árunum fyrir 1982. Þeir voru ófáir, leyfi ég mér að fullyrða. Þá var eytt miklum tíma og málin skoðuð frá öllum hliðum og allir viðkomandi málinu áttu aðild að þeirri vinnu. Þetta ætti að verða hæstv. ráðh. fordæmi. — Eða, og nú kemur síðasta spurningin, alveg sú síðasta, ætlar hæstv. menntmrh. að halda áfram með því sem ég vil kalla aðferð nashyrningsins þegar hann verður fyrir áreiti, þ.e. að vaða áfram í blindni með hausinn undir sér á hvað sem fyrir verður og láta reyna á það í hvert eitt skipti hvort lætur

fyrr undan höfuðið eða fyrirstaðan?

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er sem betur fer sjaldgæft að þurfa að sitja undir slíku rugli eins og hv. síðasti ræðumaður leyfði sér að hafa hér í frammi, horfa á slíkt vængjabusl, en golubelgir, pólitískir golubelgir Alþb. láta sig ekki muna um þetta. Það er að verða nokkuð tíðkuð aðferð þeirra að ausa mann slíkum svívirðingum eins og hér gat á að heyra, en ekki kippi ég mér upp við það.

Það hafa dálítið truflað um fyrir mönnum að taka efnislega afstöðu til þessara mála þær persónur sem komið hafa við sögu og þá á ég við sérstaklega framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég get aðeins rakið höfuðþætti þess máls. Ef hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon og flokkur hans telur að það séu aðfarir að sporna við framhaldi slíkrar starfsemi og starfshátta, eins og gat á að líta hjá Lánasjóði ísl. námsmanna, þá hann um það og sá flokkur. En ég held að þeir ættu að tala varlega áður en öll kurl eru þar komin til grafar.

Þegar ég kom að menntamálaráðherraembættinu lá þar fyrir beiðni um aukafjárveitingu vegna afgreiðslu á lánum til íslenskra námsmanna í nóvember og desember að fjárhæð 181 millj. kr. rúm. Ég sneri mér til fjmrh. og sagði honum að ég teldi það óbærilegt ef við brygðumst ekki við þessari beiðni þegar svo seint var komið á ári, að við mundum fara aftan að námsmönnum ef þessari beiðni yrði ekki sinnt. Og þessari beiðni var sinnt næstum því nákvæmlega eins og um hana var beðið. Fjárlaga- og hagsýslustofnun skar af 5 millj. rúmar. Og hvers vegna? Af því sem hún hélt sér fast við þá heimild sem þessi sjóður hafði til stöðuheimilda, sex, en sjóðurinn var rekinn með tuttugu og sex og afgangurinn af laununum borgaður út af námslánafjármagninu án nokkurra heimilda. 176,3 millj. kr. voru reiddar af hendi til að lána námsmönnum á tveimur síðustu mánuðum ársins. Þetta var á sömu dögum og við þingmenn vorum að fljúgast á um og biðja grátandi um ásmundarjárn og snæri, þegar við vorum að biðja um einhverjar milljónir í mesta lagi til bráðnauðsynlegustu hluta sem við bárum fyrir brjósti.

Og hvert er svo framhaldið? 2. desember fæ ég upphringingu — og hlusti nú hv. þm. vandlega á (**SJS:** Ég hef heyrt þetta áður.) ef hann metur að þetta sé að mál fari vel úr hendi. Þá er ég hringdur upp með þá tilkynningu að þetta nægi hvergi nærri, þetta fjármagn sem reitt var af hendi. Það vanti 50 millj. í viðbót. Ég var að reyna til við að verja niðurskurð á Listasafni Íslands og fjölmörgum öðrum nauðsynjahlutum sem snerust um örfáar milljónir kr. Mér voru fengnar í hendur 92 millj. kr. að skera niður hjá menntmrh. til ýmissa bráðnauðsynlegra hluta. Og við vitum hvernig því var tekið. Við munum eftir tillögugerð stjórnarandstöðunnar hvar þeir komu til skjalanna og margföldu tillögur sínar um fjárhæðir til þessara hluta sem auðvitað voru nauðsynlegar en við höfðum ekki efni á. Ég skar þar 92 millj. kr. niður. 50 milljónir var beðið um og þegar ég spyr hverju gegni fæ ég afsvör. Þeir eru vanastir því að þurfa ekki að standa skil og gera grein fyrir sínum hlutum í þessum sjóði að því er mér virtist. Og í Ríkisútvarpið — ég hef afskrift af því — mætti framkvæmdastjórinn og sagði: „Ástæðan fyrir því að skortir fé er sú að við fengum ekki fullnægt þeirri beiðni sem við sendum á haustdögum um aukafjárveitingu." Ekkert annað svar. Það voru skornar 5 millj. rúmar af þeirri beiðni, en nú vantaði 50. Þetta eru áætlanir sem segja sex! Það er byggjandi á og vinnandi með slíku fólki.

Þegar var krafist svara kom loks, eftir dúk og disk, sannleikurinn fram í málinu. Þeir höfðu m.a. gleymt að taka tillit til greiðslu vaxta og afborgana til Seðlabanka Íslands og munaði stórum fjárhæðum á áætlunum um lánsfjárþörfina, sem er óskiljanlegt, komið fram á síðustu daga ársins. Þetta eru þær ástæður sem til þess liggja að starfsemin og starfrækslan var með öllu ólíðanleg. Og ef einhver ætlast til þess að ég líði það í opinberum rekstri sem ég mundi ekki líða andartaksstund í einkafyrirtæki mínu er hann misskilningi haldinn.

Og hverju hefði gegnt ef þetta fjármagn hefði ekki verið reitt af hendi? Hvað hefði skeð? Halda menn kannske, hv. 4. þm. Norðurl. e., að framkvæmdastjórinn og starfsfólk Lánasjóðs ísl. námsmanna hefði verið dregið til ábyrgðar ef þetta fjármagn hefði ekki verið reitt af hendi, þessar 50 millj. kr.? Nei ó nei. Við hv. 1. þm. Norðurl. e. vitum hverjir eru kallaðir til ábyrgðar þegar svona hlutir koma upp. Ég hefði verið kallaður til allrar ábyrgðarinnar og e.t.v. henni dreift og skipt eitthvað með hæstv. fjmrh. Enginn annar hefði komið þar við sögu. Það er gaman að geta leikið lausum hala ábyrgðarlaus með milljarðasjóð milli handanna.

Og hverju hefði gegnt, hvað hefði skeð? Það var búið að afgreiða lánsskjöl, bindandi loforð og lánsskjöl til 2420 íslenskra námsmanna hérlendis með loforðum, skuldbindandi, skriflegum, um greiðslu inn á reikninga þeirra 15. desember sem varðaði þessar 50 millj. kr. Fyrir framan þetta átti ég að standa án þess að mjamta kjafti. Við sáum okkur ekki annað fært en að verða enn við þessari fjárbeiðni. Þetta var allt saman borgað út. En fjmrh. lét þess getið að ekki kæmi annað til greina en yrði með einhverjum hætti reynt, af því þessir peningar voru ekki til, að spara á næsta ári. Og af því sem lífsnauðsyn var að fá þetta fjármagn af hendi reitt var óhjákvæmilegt annað en að stöðva sjálfvirkni í útreikningi lána þegar á áramótum — til bráðabirgða meðan maður sér hverju fram vindur, meðan maður sér hvort maður kemur mönnum til ráðs um breytta starfrækslu, breytta starfrækslu, segi ég, án þess að missa marks, án þess að missa sjónar á markmiði þessa sjóðs, sem er að jafna aðstöðu fólks til náms og að hindra að fólk fyrir fátæktar sakir þurfi að sitja heima og verða af náminu. Þetta eru meginmarkmiðin.

Ég skýt því hér inn í, af því sem hv. þm. vitnaði í 3. gr. laganna sem nú gilda, að í því uppkasti sem mér barst á föstudaginn var er að finna þessi sömu markmið með starfsemi sjóðsins.

Og mönnum eru gerðar upp alls konar sakir og þar er lagt út af, í stjórnmálaleiðurum líka, tillögum mínum sem eru ófæddar enn. Með þessum buslugangi sem menn hafa hér í frammi! Hann var þó hálffeiminn við þetta, hv. þm., af því sem hann vissi að þessar tillögur eru ófæddar, aðeins frumhugmyndir lagðar fram af þeim mönnum sem ég fékk til samstarfs við mig, samstarfshópi sem ég þarf hvorki að gera honum né öðrum grein fyrir.

Mér hefur ekki enn gefist kostur á að ræða við einn einasta mann í mínum flokki og ekki formann flokksins

um þá tillögugerð sem ég mun fram leggja og mun vinna að á næstunni. Mér hefur ekki gefist tækifæri á að ræða við samstarfsflokkinn, ekki við fyrirrennara minn sem ég þarf nauðsynlega að gera ráð mitt við á næstunni. Því hefur mér ekki gefist kostur á vegna þess að ég hef ekki gert upp hug minn til málsins. Það vita allir betur um þetta en ég, ég tala nú ekki um Dagblaðsritstjórinn sem leggur út af því í löngu máli í leiðara sínum að hér sé „óráðleg aðför", eins og það heitir á hans máli. (**JBH:** En borgarstjórinn?) Borgarstjóri? Hver var að tala um hann? (**Gripið fram í:** Það var einhver að spyrja um hann.) Hv. 4. þm. Norðurl. e. var að vitna í hann og Morgunblaðið í bak og fyrir sem nýja trúbræður sína. Ég hef sagt að ég hef ekki beðið um ráðleggingar borgarstjórans í Reykjavík og ég muni hafa rænu á að kalla eftir þeim þegar ég þarf á þeim að halda. Og varði mig ekki að hann væri svo kjarklaus að þurfa að fara að skjálfa og glamra í honum tönnurnar vegna borgarstjórnarkosninga á næstunni.

Þessar voru ástæður mínar aðallega til þess að ég taldi mér nauðugan einn kost að setja frá stjórn sjóðsins framkvæmdastjórann, svo ömurlegt sem það er að þurfa að vinna slík verk. En þeir sem vilja bera ábyrgð og hafa tekið hana verða að vinna verk þó óþægileg og ömurleg séu.

En það var fleira sem kom til greina. Ég fékk úttekt á starfsemi sjóðsins, yfirvinnu í tvö heil ár, og þar gat á að líta. Þar virðist framkvæmdastjórinn hafa skrifað upp á meira en 100% yfirvinnu hjá sjálfum sér og hann hefur skrifað upp á allt upp undir 130% yfirvinnu hjá starfsmönnum sínum. Þetta er því miður sukk. Enginn vinnur 174 stundir í mánuði. (**SJS:** Ekki bílstjórinn?) Og éturðu nú upp róginn sem var spunninn upp um ráðherrabílstjóra sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér vegna þessa máls, vegna þess að menn eru að ganga undir með þessum kónum. Og menn í hálfs dags starfi sem tekst að vinna 70 tíma á mánuði í yfirvinnu. Það er líka kraftaverk. Þið sem berið blak af þessu, gjörið þið svo vel. Ég vil fá svör. Mælið þið þessu bót? Svarið þið skýrt og skilmerkilega vegna þess að ég er vændur um valdníðslu og lögbrot.

Ég mun nú reyna eftir hendinni, af því sem kann að vera ósvarað af fsp. hv. þm., rifja það upp sem hann gerði sjálfur um yfirlýsingar mínar sem er að finna í þingtíðindum.

„Ég legg þó áherslu á", með leyfi hæstvirts forseta, eins og þar segir, „að þar verður auðvitað leitast við að koma ekki aftan að námsmönnum með nýja skipan mála sem mundi mjög hrugga við áformum þeirra á námsbrautinni."

Hefur verið horfið frá þessari yfirlýsingu? Er búið að koma með einhverjum hætti aftan að námsmönnum þótt við höfum stöðvað sjálfvirknina í bili? Eru engin ráð eftir til þess að við fáum fangs á viðfangsefninu? Ég ætla ekki, og mun þá taka það sérstaklega fyrir, að láta menn bera upp á sker sem stunda nám erlendis vegna þeirra breytinga sem þetta kann að hafa í för með sér. Þið skulið bóka þessa yfirlýsingu hjá ykkur ef þið megið ekki vera að því að bíða eftir útgáfu þingtíðindanna.

En hvernig, og ég vil fá svar við því, á að reiða fram þær 500 millj., 450–500 millj., sem enn skortir á *fjármagn til þess að fullnægja þeim úthlutunarreglum*, ef þær væru óbreyttar í framkvæmd, sem nú hafa gilt? Gjörið þið svo vel, svarið mér. Á að taka það fé að láni erlendis ofan á allt annað eða á að leggja það á með nýjum sköttum? Þið verðið að svara þessu, golubelgirnir pólitísku sem standið hér á blístri af vandlætingu. Ég bíð eftir svörunum hér á eftir. (**Gripið fram í:** Vilt þú ekki svara þessu?) Skattar eða erlend lántaka. Það er ekki nema um tvennt að tefla. Þeir vaxa ekki á trjánum eins og í Þistilfirðinum, peningarnir, í kringum Þórshöfn. (Gripið fram í.) Þú kannast við það að þeir vaxi á trjánum í kringum Þórshöfn? Togarakaupamenn þar hirða þá á trjánum, peningana. (Gripið fram í.)

Ef við náum samkomulagi. Á það reynir á næstunni og það er mikil vinna eftir við það. Ég get ekki hafið starf að því að reyna að ná samkomulagi við samstarfsflokkinn til að mynda og í mínum eigin flokki fyrr en ég hef gert upp hug minn til þeirra brtt. sem ég hyggst flytja. Um hvað eru menn að tala? Gerast menn ekki offari í þessu máli að búa sér og smíða sér vopn til þess að lemja á mér með pólitískt? Þeim er það sjálfrátt og meira en velkomið. Ég tek það ekki nærri mér vegna þess að ég þykist vera að vinna nauðsynjaverk. Við getum ekki haldið áfram á þessari braut. En við ætlum ekki að missa sjónar á markmiðum með starfrækslu þessa sjóðs vegna þess að við erum sammála um að þessi starfsemi er þjóðinni lífsnauðsynleg og engin fjárfesting er betri en sú sem við fjárfestum í menntun fólksins okkar.

Það er skammur tími liðinn enn og engin slys hent og ekki aftan að neinum farið. Við gerum ráð okkar saman fljótlega og ég vænti þess að við komumst að niðurstöðu sem muni leiða til þess að við náum annarri og betri reglu um starfsemi sjóðsins. Það er engum námsmanni hollt að búa við óbreyttar aðstæður í þessu efni. Það kann vel að vera að yfirgnæfandi flestir námsmenn endurgreiði lán sín, en dæmin hin eru óþolandi að menn geti safnað sér e.t.v. 5 millj. kr. skuld og verði aldrei borgunarmenn nema fyrir einni. Það var aldrei ætlast til þessa. Ég hef lesið framsöguræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. sem hann flutti fyrir frv. til l. sem á sínum tíma var aðdragandi laganna sem nú gilda. Þar kom ekkert slíkt fram auðvitað því að það var ekki ætlast til þess. Fyrir þetta verðum við að girða. Og ég spyr: Hvað þýðir það þegar grannt er skoðað sem hv. 4. þm. Norðurl. e. segir þegar hann varar við hættunni á því að hafa tekið uppreikninginn með í dæminu? Hvað þýðir þetta? Það þýðir að maður sem gæti unnið fyrir sér að sumarlagi mundi eftir sem áður sækja lán til sjóðsins. Hvers vegna mundi hann safna sér láni í sjóðnum ef hann ætti af afrakstri vinnu sinnar nóg til að kosta sig til náms fyrir? Um hvað eru menn að tala? Hann mundi sækja inn í sjóðinn til að taka lán sem hann hefði ekki þörf fyrir og til hvers? Af því að hann gæti ávaxtað þessa peninga betur en hann þarf að standa skil á til lánveitandans. Þetta ætti að blasa við hverjum manni.

Það er of snemmt fyrir mig að orðfæra hér sérstaklega einstaka þætti í þeim tillögum sem ég hef í huga. Þeir sem halda því fram að ekki þurfi úrbóta við í starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna vita ekkert hvað þeir eru að segja eða öllu heldur tala þá um hug sér. Yfirgnæfandi meiri hluti alls þess sem hefur átt samskipti við þennan sjóð veit að það er fjarri öllu lagi að hann standi í sínu stykki sem eðlileg afgreiðslustofnun, *fjarri öllu lagi*, og það er þyngra en tárum taki að rifja það upp og hlýða á kvartanir fólks af reynslu sinni af þessum sérkennilega sjóði og meðhöndlun starfsmanna

hans á viðskiptavinum sínum sem eiga alls ekki að eiga undir högg að sækja á þeim stað. Það er með öllu óskiljanlegt að slíkt geti þrifist og þróast undir opinberri stjórn. Ástæðan er sú að við erum hættir að hafa aga á hlutunum og menn hafa glatað sjálfsaganum líka. Þessu þurfum við að kippa í liðinn.

Svo koma hv. stjórnarandstæðingar fullir með vandlætingu út af bifreiðakostnaði ráðherra, út af launum bifreiðastjóra ráðherra og eru hreint að springa af vandlætingunni. En þegar hreyft er við slíku og þvílíku sem þessu, þar sem milljarðarnir velta fram og aftur milli handanna á mönnum sem kunna ekki með þá að fara, er tekið til varnar af því að þeir halda að í holti sé heyrandi sem þeir geti komið sér vel hjá með pólitískt blaður sitt.

Ég hef ekki dylgjað um einn né neinn. Ég hef ekki hafið óhróðursherferð á hendur neinum. Ég hef sagt það sem ég hef orðið áskynja um. Ég hef sagt frá því. Mér er ekki lagið að dylja hug minn. Það getur vel verið að menn kalli það harkalegar aðfarir, en það verður við það að sitja. Ég á engin önnur ráð en þau að taka þann veg í taumana sem ég nú hef gert. Ég mun þá auðvitað hljóta minn dóm fyrir það ef ég hef farið rangt að.

Hv. þm. spyr mig að því hvort ég telji mig hafa brotið lög eða eigi við uppsögn framkvæmdastjóra fyrrv. LÍN. Það er afar einfalt mál. Hann getur svarað sér þessu sjálfur. Að sjálfsögðu tel ég mig ekki hafa brotið lög. En hver og einn getur leitað réttar síns. Og það dugar ekkert að vísa til ágætra manna eins og Sigurðar Líndal eða hv. þm. Ingvars Gíslasonar. Þeir eru hvorugur dómstóll, það vill nú svo til, og kveða ekki upp dóma. En menn eiga og geta leitað réttar síns og auðvitað beygi ég mig undir þann úrskurð og þarf ekki að svara þessu frekar.

Í lögum um lánasjóðinn og reglugerð er að finna ákvæði um hlutverk stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það fer fram úttekt á sjóðnum nú. Hann vinnur það nýi framkvæmdastjórinn og aðstoðarmaður sem ég réði honum til aðstoðar. Ég hef ekki fengið að sjá einn staf enn þá af þessari úttekt því að þeir eru ekki tilbúnir með hana. Á meðan get ég ekki dæmt nægjanlega um starfsemi stjórnarinnar og sjóðsins.

Ég veit nóg um starfsemi framkvæmdastjórans, hann réði ekki við þetta þótt þetta kunni að vera vænn maður að öðru leyti. Ég hef ekki sakað hann um saknæman verknað, ég hef margtekið það fram. Ég fékk nóg að vita til þess að ég taldi útilokað að ég byggi við hans yfirstjórn lengur.

Það á e.t.v. eftir að koma í ljós vanræksla í starfi stjórnarinnar og þá er að bregða við því. Hún verður auðvitað sótt til ábyrgðar ef í ljós kemur að hún hefur ekki verið starfi sínu vaxin. En ég hef ekki upplýsingar enn í höndum um að þannig hátti til.

Ég leiði hjá mér að upplýsa hér og orðfæra um persónuleg viðskipti mín og framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna. Við áttum tal saman og ræddum málin ítarlega, en hann er ekki hér til að bera hönd fyrir höfuð sér eða skýra sín sjónarmið. Það hefur hann gert kurteislega og myndarlega þar sem hann hefur verið tilkvaddur og þarf engrar hjálpar við hjá golubelgjum pólitískum eins og hér vaða uppi.

Hv. þm. gat um — og ég skrifaði það hér niður hjá mér — áramótadansleik Ríkisútvarpsins. Ég bað reyndar um það í morgun og það er búið að skrifa bréf til útvarpsstjóra þar sem hann er beðinn um skýrslu og skýringar á þessum áætlunum og þeim kostnaði sem lagt var í. Hv. þm. þarf þess vegna ekkert að minna mig á þetta.

Ég er ekki með Lánasjóð ísl. námsmanna einkanlega á heilanum. Hvarvetna þar sem ég ber ábyrgð á mun ég reyna að taka til hendi ef mér sýnist málin ganga úrskeiðis. Ég held að íslenskir stjórnmálaflokkar ættu allir sem einn að setja sér það að reisa okkar opinbera kerfi við. Það er ekki hátt á hrygginn reist eins og nú standa sakir. Við þurfum að ná aga og við þurfum að moka og hreinsa út en ekki að rjúka upp með pólitískum andfælum þegar verið er að reyna að kippa í liðinn jafnmikilvægum málum og þar sem er farið með milljarðasjóði.

Svo kom hv. þm. að stórskemmtilegum kafla í ræðu sinni. Hann var um tilnefningu á nýjum fulltrúa frá stúdentaráði Háskólans. Ég vann í hlutaveltu Félaga Napóleon á Akureyri einhvern tíma í kringum 1950 — þá hét það að vera á tombólu. Það var góður vinningur. Þar segir frá því þegar dýrin tóku völdin á búgarðinum, hröktu Jón bónda í burtu og svínin tóku forustuna. Það voru settar upp kenningar og reglur og ein reglan var svona: Öll dýr eru jöfn. En þegar svínin voru búin að ná undirtökunum, þá var einhvern tíma um nótt bætt við: En sum dýr eru jafnari en önnur. Og það er með Alþb., það er flokkur sem er jafnari en annar flokkur. Maður skyldi halda að allir flokkar ættu að vera jafnir fyrir lögum en það er alveg eins og með svínin hjá félaga Napóleon, George Orwell, að Alþb. er jafnari en aðrir flokkar.

Hér er að mér veist og það er ekki lítill bumbusláttur-inn vegna þess að ég hef ekki tekið við nýrri útnefningu á fulltrúa stúdenta í stjórn LÍN. Þar á núverandi fulltrúi stúdenta eftir eina tvo mánuði af kjörtímabili sínu, tilnefndur á sínum tíma af stúdentaráði og skipaður af menntmrh. eins og lög gera ráð fyrir. Hann var að velta því fyrir sér að segja af sér í stjórninni en samkvæmt beiðni minni dró hann þá úrsögn til baka.

Hér ærist hv. þm. út af þessu og hneykslast á valdníðslu minni, að ég skuli ekki verða við því undir eins þegar félagar hans uppi í Háskóla tilnefna nýjan mann þótt annar sé fyrir löglega skipaður. En hann sér ekkert athugavert við það að maður að nafni Ragnar Árnason, þekktur flokksfélagi hans, miklu þekktari en þm. sjálfur þó að hann sé að sperra stél hér og verði bráðum þekktur að endemum, sé fulltrúi Alberts Guðmundssonar, hæstv. fyrrv. fjmrh. í ein tvö ár og núv. fulltrúi hæstv. fjmrh. Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstfl. (**SJS:** Hefur hann verið beðinn um að segja af sér?) Þetta sér hv. þm. ekkert athugavert við.

Nú er málið það að við höfum ákveðnar reglur til að starfa eftir þótt sérkennilegar séu og víst er það mál, sem við þurfum að taka til umræðu, hvort við eigum að hafa það svo þegar skipt er um stjórn að menn, tilnefndir í stjórnir og ráð eins og í Kísiliðju, Sementsverksmiðju o.s.frv., eigi að sitja þegar ný stjórn hefur verið sett frá völdum.

Kjósendur í landinu felldu ríkisstjórnina sem sat að völdum 1980–1983. En menn, skipaðir í stjórnir og ráð af þeirri stjórn, sitja sem fastast, þar á meðal þessi fulltrúi í stjórn LÍN. Ef þessi flokkur væri ekki jafnari en aðrir flokkar mundi hann auðvitað um leið og hann setti þessa kröfu fram um Alþýðubandalagsfulltrúann

úr Háskólanum draga hinn til baka samræmisins vegna. En leikreglurnar eru þannig að Ragnar Árnason getur setið þar til kjörtímabili hans lýkur og ekkert við því að segja. Við verðum að taka miklu fleira fyrir í þessu dæmi ef við eigum að breyta þeim leikreglum sem hér hafa gilt og ég að vísu tel eðlilegt að breyta. Það er áreiðanlegt að ef það stæði ekki svona á að þeir þurfa alltaf að lúta sérreglum og þykjast hafa sérréttindi, þessir menn, þá mundu þeir hafa tekið eftir þessu og farið eftir þessu, mennirnir.

Hvaða ástæður liggja að baki því að ég treysti mér ekki til að skipta um þessa fulltrúa stúdenta í stjórn? Hvaða ástæður liggja að baki því að það þarf að skipta um þegar aðeins tveir mánuðir eru eftir til stúdentaráðskosninga og þá skiptir um fulltrúa? Má ég fá að vita ástæðuna til þess? Kann að vera að ástæðurnar séu þær að það eigi með þeim hætti að ná meiri hluta í stjórn þessa sjóðs? Til hvers? Til þess að vinna með mér að nauðsynlegum breytingum eða hvað? Það er rétt að spyrja spurninga. (**KH:** Því ekki það?) Það er von að Dagblaðsfrúin spyrji.

Hv. þm. var að spyrja um þessa nefnd. Ég hef þegar svarað því varðandi þennan starfshóp sem hefur verið að huga að þessum málum fyrir mig prívat. Það eru ekkert óeðlileg vinnubrögð að einu eða neinu leyti. Þegar ég verð tilbúinn með mín frumdrög munu þau ganga til samstarfsflokksins og þeir flokkar vinna það fyrst saman. Þar næst skal ég gjarnan beita mér fyrir því að leita lags við aðra flokka í Alþingi hvort við getum orðið sammála um breytingarnar og færi það auðvitað best úr hendi. En málið er ekki nálægt því svo langt komið á rekspöl og menn ofgera í þessu öllu.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þá reynslu sem menn hafa fengið af framkvæmd þeirra laga sem við búum við í dag. Ég get ekki fullyrt um það hverjar eru ráðstöfunartekjur t.d. hv. 4. þm. Norðurl. e. og það er ekki viðfelldið, þótt ég vissi það, að fara að hafa uppi yfirlýsingar um það. Ég veit heldur ekki hvaða fjölskyldustærð hann býr við en hann mun vera giftur maður og ég trúi að hann sé barnamaður líka. En það mætti segja mér að það losaði ekki mikið yfir 40 þús. kr. sem hann hefði í ráðstöfunartekjur á mánuði. Maður með konu og — hvað eigum við að segja — tvö börn. (**SJS:** Tvær konur og eitt barn.) Það er nú öllu erfiðara, það er nú þyngri róður, en ég óska þér til lukku. En ég ætla þetta og nefni þetta sem mögulega tölu, að hann hafi í ráðstöfunarfé á mánuði um 40 þús. kr. þegar skattar og skyldur hafa verið greidd.

En þá er spurningin þessi: Hjón í námi með eitt barn á framfæri geta haft í ráðstöfunartekjur 50–60 þús. kr. Nú vil ég spyrja: Telur hv. þm. þetta eðlilegt? Er þetta að vísu nokkur hemja? Það dragast engir skattar frá þessum fjárhæðum. Erum við ekki of rausnarleg í þessu dæmi? Ég kann kannske ekki að meta þetta en ég bið aðra um að slá mati á þetta með mér. Mér sýnist að svo sé.

Ég leitaði upplýsinga um það á Englandi hvað væru hæstu námslán sem þar voru veitt og þeir svöruðu mér því að alhæstu lán væru 3000 pund á ári eða 180 þús. kr. Það er kannske ekkert til að fíkjast í, ekki er ég að segja það. En það er a.m.k. langtum lægra og helmingi lægra en okkar menn geta átt kost á.

Menn eru að tala hér um ýmsar tillögur sem ég muni e.t.v. færa fram eins og um ávöxtun þess fjár sem tekið er að láni. Það er rétt að í frumdrögum starfshópsins er að finna tillögu um fulla verðtryggingu og 3% vexti fyrir utan lántökugjald. Ég hef ekki tekið ákvörðun í þessu efni. En ég vil aðeins benda ykkur á að á námslánunum sænsku er full verðtrygging og 4,2% vextir.

Í frumdrögum er verið að tala um styttingu endurgreiðslutíma úr 40 árum í 30 ár. Svíarnir endurgreiða þetta á misjöfnum tíma, frá 15 upp í 25 ár. Ég skal ekkert segja um það hvort sanngjarnt er að bera þetta með öllu saman. Það hef ég ekki gert upp við mig og ég þekki ekki aðstæður nægjanlega vel á því landi til að kveða upp um það einhvern úrskurð.

Ég minni reyndar á — og það er ástæða til að minna sérstaklega á það — að námsmenn og stúdentaráð sendu óskir um að reglur um starfsemi sjóðsins yrðu endurskoðaðar á liðnu sumri. Þar á meðal var tillaga inni um að stytta þennan endurgreiðslutíma úr 40 árum í 30 ár. Ég efast um að þeir sem berja þessar bumbur hafi skoðað sig nógu vel um bekki, eins og ég á til að orða það. Mér er nær að halda að það væru skynsamleg vinnubrögð að við slökuðum nú á og hinkruðum við þar til menn hafa séð þær endanlegu tillögur sem ég og minn eigin flokkur og samstarfsflokkur vilja gera í þessu efni. Fyrr komum við væntanlega engu fram.

Ég hlýt að leita lags um samvinnu um þær niðurstöður sem við komumst að. Það sér hver heilvita maður. Annars næst enginn árangur í þessu efni. Það liggur alveg ljóst fyrir að hér er mikilla úrbóta þörf. Ég trúi að þegar menn beita rósemi hugans og jafnvægi komist þeir að raun um að á þessu er hin brýnasta nauðsyn, að við gerum okkar unga námsfólki engan greiða með því að halda svo fram stefnunni sem horfir. Það er ekki víst að þetta séu eins örlagaþrungin efni og menn hafa í æsingu augnabliksins látið sér til hugar koma, einnig með tilliti til þess að menn eru að gera öðrum upp alls kyns skoðanir í þessu efni sem kannske eiga engan flugufót fyrir sér, allt byggt á lausafregnum eða njósnum dagblaða.

Ég vænti þess fastlega að við náum höndum saman um það að gera þessa mikilvægu, einhverja mikilvægustu fjármálastarfsemi í landinu vel og drengilega og heiðarlega úr garði þannig að við náum þessum markmiðum, sem við öll erum sammála um, trúi ég, að Lánasjóður ísl. námsmanna skuli verða til þess að jafna aðstöðu fólks til náms og að hindra að menn sitji af sér nám fyrir fátæktar sakir. Þetta er megintilgangur okkar allra. Við getum þrætt um leiðir en ég hygg að það sé ekki flókið mál að sjá hvar brestur í böndum og hvar við þurfum að bæta úr.

Þetta er það sem ég vildi segja um þetta mál nú. En að öðru leyti er auðvitað nauðsynlegt að hinkra við í framhaldsumræðunni og sjá hverju fram vindur. Hvað er það sem menn geta orðið ásáttir um að leggja fyrir til breytinga í þessu efni? Ég vænti þess fastlega að í næstu viku geti ég rætt í fyrsta lagi við minn flokk og samstarfsflokkinn um útlínur þeirra tillagna sem ég mun þá væntanlega leggja fyrir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. málshefjandi og hæstv. ráðherra hafa báðir haldið ítarlegar ræður í þessari umræðu. Það væri æskilegt að ljúka umræðunni fyrir kvöldmat. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að hv. þm. taki mið af því hver staðan er. Það eru sjö núna á mælendaskrá. Þetta er ekki sagt

vegna þess að það sé ætlunin að takmarka umræður, það er ekki ætlunin. Ef ekki tekst að ljúka umræðunni fyrir kvöldmat verður henni haldið áfram eftir kvöldmat og þar til yfir lýkur. (**Menntmrh.:** Nei, nei, það kemur ekki til mála.) Umræðunni verður lokið. Henni verður ekki frestað.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það er erfitt hlutskipti að koma í þennan ræðustól í kjölfar orðheppinna ræðuskúma eins og hæstv. menntmrh. og hv. 4. þm. Norðurl. e. þótt því verði ekki neitað að stundum ber stráksskapurinn málefnin ofurliði, einkanlega í málflutningi hæstv. ráðherra. En málefnið hlýtur að ráða, hv. þm.

Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hefja þessa þörfu umræðu. Það er brýn nauðsyn til þess að hér fari fram þessi umræða til þess að fá fram sjónarmið sem flestra þm. fram í dagsljósið.

Á þingflokksfundi Kvennalistans 27. jan. s.l. var samþykkt svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Kvennalistinn mótmælir harðlega fram komnum hugmyndum um breytingar á lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Kvennalistinn vill sérstaklega vara við vaxtaálagningu samfara hertum innheimtureglum sem valda mundi mörgum óbærilegri greiðslubyrði vegna námslána. Það er eitt af grundvallaratriðum þessa lánakerfis að fólk geti lært það sem hugur þess stendur til án þess að þurfa fyrst og fremst að hugsa um afkomumöguleika að loknu námi.

Þá lýsir Kvennalistinn yfir eindreginni andstöðu gegn hugmyndum um styrki til námsmanna sem hyggja á þjóðhagslega hagkvæmt nám, en slíkt væri dæmi um fráleitan stórabróðurhugsunarhátt sem leitt gæti út í hinar verstu ógöngur enda á fárra færi að meta hvaða nám muni reynast þjóðhagslega hagkvæmt til lengri tíma litið.

Enn fremur telur Kvennalistinn þá hugmynd fráleita að einskorða lánaúthlutun við fjárlagaupphæð án tillits til annarra aðstæðna. Kvennalistinn varar eindregið við þessum hugmyndum og lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í endurskoðun á lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna en leggur áherslu á að niðurstöður slíkrar endurskoðunar brjóti ekki í bága við yfirlýst markmið sjóðsins um jafnrétti til náms."

Þessu vildi ég koma að hér í upphafi máls míns þar eð þessi yfirlýsing hefur ekki farið hátt enn þótt hún hafi verið send til allra fjölmiðla. Er það svo sem ekki verri afgreiðsla en vant er, en sannar aðeins enn þá einu sinni hvernig aðstöðu við erum í sem ekki höfum tryggan aðgang að fjölmiðlum.

Þá vil ég einnig geta þess að afstaða Kvennalistans í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna ætti að vera þingheimi kunn svo oft sem við höfum látið þau til okkar taka. Sú afstaða var raunar áréttuð í grein í DV 14. jan. s.l. Aðbúnaður námsfólks er í hæsta máta kvennapólitískt mál að okkar dómi — og kem ég nánar að því síðar — enda höfum við allt frá upphafi látið okkur málefni lánasjóðsins varða og notað hvert tækifæri til að minna á hlutverk hans og nauðsyn þess að búa vel að honum.

Fjárfesting í menntun er forgangsverkefni að okkar mati. Í því sambandi er vert að geta þess að hæstv. ráðh. spurði að því áðan hvernig ætti að fjármagna þetta kerfi, hann spurði um skatta um erlend lán en hann gleymdi forgangsröðuninni. Kvennalistinn er tilbúinn að leita með hæstv. menntmrh. og öðrum áhugamönnum um Lánasjóð ísl. námsmanna að kostnaðarliðum sem spara megi svo að lánasjóðurinn fái eðlilega fjármögnun.

Sú umfjöllun, sem nú fer hér fram, er tvíþætt. Annars vegar eru það málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna í heild sinni og þær hugmyndir sem heyrst hafa um breytingar á lögum hans og reglum. Hins vegar er framkoma hæstv. menntmrh. gagnvart fyrrv. framkvæmdastjóra sjóðsins, Sigurjóni Valdimarssyni.

Hæstv. menntmrh. er litríkur maður, orðheppinn oft og snöggur til athafna. Þetta geta verið hinir ágætustu eiginleikar en oft er þó farsælla að hafa þolinmæði til að kynna sér hlutina og velta þeim fyrir sér áður en þeir eru framkvæmdir. Vald er vandmeðfarið og ekki á allra færi. Hæstv. menntmrh. hefur farið illa með það vald sem honum var trúað fyrir. Oft hafa vinnubrögð ráðherra í núv. ríkisstj. vakið furðu og hneykslun. En segja má að með framkomu Sverris Hermannssonar menntmrh. hafi keyrt um þverbak. Á það einkum við um skipan hans í kennarastöðu í Háskólanum og viðskipti hans við framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna. Um hið fyrrnefnda ræði ég ekki nú. Það verður gert síðar þegar til umræðu kemur fsp. sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur lagt fram hér um það efni.

Stöðuveitingar að geðþótta ráðherra eru sannarlega ekki einsdæmi þótt þeim hafi trúlega fækkað á síðari árum og nánast einsdæmi að gengið sé svo freklega gegn vilja ráðgefandi aðila sem í þessu fyrrnefnda tilviki við skipan í lektorsstöðu í Háskóla Íslands. Hins vegar mun afar fátítt að menn séu sviptir stöðu sinni nánast fyrirvaralaust og án þess að gefast tækifæri til að bæta ráð sitt ef um semdist, svo sem raunin varð með framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Sigurjón Valdimarsson hafði unnið hjá lánasjóðnum í 11 ár og hafði átt snurðulausa samvinnu, það ég best veit, við alla menntmrh. þar til Sverrir Hermannsson tók þar sæti og Sigurjón var manna kunnugastur öllum innviðum sjóðsins. Þær ástæður, sem menntmrh. hafði fært fyrir brottrekstri Sigurjóns, eru furðulegar að mínum dómi og benda ekki til þess að hæstv. ráðherra hafi haft fyrir því að kynna sér málefni lánasjóðsins né heldur fylgst með því undanfarin ár hvernig rekstur hans hefur gengið til.

Hæstv. menntmrh. minntist á starfsmannahald í lánasjóðnum áðan og býsnaðist yfir því að þar ynni fjöldi manns án heimilda. Hæstv. menntmrh. lét sem þetta væru nýuppgötvuð sannindi. Ég get upplýst ráðherrann um það að fjárveitingavaldið hefur vitað um þetta a.m.k. þann tíma sem ég hef fylgst með þessum málum. Stjórn sjóðsins hefur sífellt sótt um fjölgun stöðuheimilda og yfirvöld fjármála hafa vitað um þennan vanda alla tíð. Þeirra er ábyrgðin að hafa ekki tekið á þessu þrátt fyrir ótal kannanir og athuganir á rekstri sjóðsins. Staðreyndin er sú að fjölgun starfsmanna sjóðsins hefur haldist í hendur við fjölgun lánþega þau ár sem sjóðurinn hefur starfað.

Ráðherra býsnaðist einnig yfir óhóflegri yfirvinnu. Víst er hún óhófleg. En, hæstv. ráðh., á þessari yfirvinnu eru skýringar hvort sem þær verða teknar góðar og gildar. Og veit ekki ráðherra að víða í opinberri þjónustu eru greiddar stórar fúlgur fyrir

yfirvinnu sem aldrei er unnin? Vill ekki hæstv. ráðh. reyna að gera eitthvað í þeim málum?

Uppgefnar ástæður fyrir brottrekstrinum hafa vakið furðu manna og spurningar um misjafnar kröfur til hinna ýmsu starfsmanna ríkisins, eins og hv. málshefjandi vék að hér áðan. Hæstv. menntmrh. rak Sigurjón Valdimarsson vegna vanrækslu í starfi og nefndi í bréfi sínu sérstaklega óviðunandi upplýsingar um fjárhagsstöðu sjóðsins sem Sigurjón lét ráðuneytinu í té í september s.l. Virðist ráðherra ekki hafa áttað sig á því hvernig slíkar áætlanir eru unnar. Sú áætlun var byggð á tölum námsársins á undan hvað varðar fjölgun og dreifingu námsmanna þar sem tölur vegna haustlána voru ekki farnar að skila sér og skiluðu sér ekki fyrr en löngu síðar. Má undarlegt heita að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa notfært sér reynslu og þekkingu starfsfólks í ráðuneytinu sem hlýtur að hafa einhverja hugmynd um gang mála hjá lánasjóðnum auk þess sem ætla má að fyrrv. menntmrh. hafi verið kominn nokkuð vel inn í þau mál. Er þetta vafalaust til marks um samskiptaörðugleika eins og við heyrum svo oft um á ríkisstjórnarheimilinu.

Þess utan er svo ljóst af lögum og reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna að það er stjórn sjóðsins sem ber ábyrgð á fjárhagsáætlun hans og þar með þeirri „vanrækslu" sem ráðherra sakar Sigurjón um. Það er því álit margra að aðgerð ráðherrans sé byggð á röngum forsendum og varði jafnvel við lög. Um það get ég vissulega ekki dæmt.

Starfsmenn lánasjóðsins hafa skorað á forsrh., sem því miður virðist ekki staddur hér í dag, að láta rannsaka embættisfærslu menntmrh. varðandi brottvikningu Sigurjóns og ítrekar þá beiðni sína auk þess sem þeir hafa lýst yfir fullu trausti við Sigurjón og vitnað um trúmennsku hans í starfi. Væri ástæða til að inna hæstv. forsrh. eftir því hvað hann hyggst gera í því máli, en við því fást væntanlega ekki svör núna þar sem ráðherra er ekki viðstaddur.

Enda þótt það kunni að sannast að brottvikning Sigurjóns standist gagnrýni á lagalegum grunni er jafnvíst að framkoma hæstv. ráðh. í þessu máli öllu hefur gersamlega ofboðið siðferðiskennd allra réttsýnna manna. Kvennalistinn hefur þegar gagnrýnt ráðherrann harðlega á opinberum vettvangi fyrir þessa furðulegu embættisfærslu og ég vil lýsa hér vanþóknun okkar Kvennalistakvenna á gerræðislegum vinnubrögðum ráðherra sem lýsa fádæma skorti á samstarfshæfileikum og vilja til að leysa vandamál á farsælan hátt með tilliti til allra aðila og ekki síst málefnisins sjálfs. Það verður að teljast ljóður á ráði þeirra manna, sem treyst er til stjórnunarstarfa, að kunna illa að umgangast fólk.

Það versta við þetta mál er að með framkomu sinni í þessu máli og með sífelldum yfirlýsingum út um allar trissur hefur hæstv. menntmrh. magnað áhyggjur námsmanna sem enn mega þola óvissu í stað þess afkomuöryggis sem lánasjóðnum er ætlað að veita. Námsmenn eru nú upp til hópa ráðvilltir og kvíðafullir um sinn hag.

Tekist hefur að efla óvild í garð námsmanna og lánasjóðs þeirra með fullyrðingum um misnotkun og klifun á endurtekningum sem eiga að sýna fram á fáránleika þessa kerfis sem byggt var upp til að tryggja öllum jafnrétti til náms óháð kynferði, efnahag eða búsetu.

Ábyrgðarlaust tal þeirra, sem ættu að vita betur, veldur því að fjöldi manns heldur að allur þorri námsmanna fái yfir 50 þús. kr. til framfærslu á mánuði. Sögur eru sagðar af námsmönnum sem feli tekjur sínar, búi í foreldrahúsum og nýti námslánin til fjárfestingar í íbúð, bíl eða skuldabréfum.

Menn hneykslast á vaxtaleysinu og lengd endurgreiðslutímans og býsnast yfir því að eftirstöðvar séu felldar niður. Menn tala þessa dagana eins og það sé frekar reglan en undantekningin að menn endurgreiði ekki námslánin sín til fulls. Hæstv. menntmrh. kyndir undir þessa villutrú, m.a. með orðum sínum hér áðan í ræðustóli og með svörum eins og lesa mátti í DV í gær, þar sem hann var á beinni línu hjá blaðinu. Þar er hann m.a. spurður hvað sá þurfi að borga til baka sem skuldi 5–6 millj. að loknu námi. Þú mundir ekki borga milljón til baka, svarar menntmrh. þar og segist síðan í miðjum klíðum að afnema soddan óráðsíu. Hann tekur undir við fsp. eins og hér sé um líklegt tilvik að ræða þótt staðreyndin sé einfaldlega sú að um 91% þeirra sem skula lánasjóðnum eru með innan við 1 millj. kr. í skuld. Svona er nú farið að því að villa um fyrir almenningi. Er ekki að undra þótt menn haldi hið versta um þetta bákn sem þeim sýnist orðið að skrýmsli, en hæstv. menntmrh. í hlutverki hins hugrakka konungssonar sem ætlar að vinna á óvættinni.

Nei, sannleikurinn um Lánasjóð ísl. námsmanna er vitanlega allt annar. Markmið sjóðsins er að tryggja öllum jafnrétti til framhaldsnáms óháð kynferði, búsetu og efnahag og við megum vera stolt að því að það hefur honum tekist bærilega. Vitaskuld eru einhverjir sem misnota þetta kerfi. Ekkert kerfi er skothelt. Langflestir lántakendur eru þó heiðarlegar manneskjur sem stunda sitt nám með eðlilegum hraða og munu endurgreiða lán sín á 25–30 árum. Undantekningarnar sem sífellt er klifað á eru í rauninni fáar og skipta litlu fyrir heildina.

Lánasjóður ísl. námsmanna tekur vissulega til sín mikið fé, er jafnvel farinn að nálgast heilög vegamálin og á töluvert langt í land með að standa undir sér 90% eins og stefnt er að. Sjóðnum hefur raunar verið gert æ erfiðara að ná því marki þar eð of lág bein framlög úr ríkissjóði hafa neytt hann til mikillar lántöku sem aftur hefur í för með sér óhóflegan fjármagnskostnað. Á þessu ári munu t.d. fara um 200 millj. í fjármagnskostnað meðan innheimtar afborganir eru áætlaðar um 80 millj. á árinu.

Annar veigamikill þáttur sem hægt hefur á uppbyggingu sjóðsins er láglaunastefnan sem gerir það að verkum að endurgreiðslur lána skila sér verr og hægar en reiknað hafði verið með. Og það er láglaunastefna núv. ríkisstj. sem gerir það að verkum að námslán tryggja nú betri kjör en lægstu launataxtarnir. Það er þessi stefna og afleiðingar hennar sem rekið hafa fleyg milli námsmanna og láglaunafólks og alið á tortryggni á milli þeirra sem helst og best ættu að standa saman.

Hins vegar hefði ört vaxandi fjárþörf sjóðsins ekki átt að koma neinum á óvart. Með síauknum menntunarkröfum og uppbyggingu framhaldsskóla um allt land hefur lánshæfum umsóknum að sjálfsögðu fjölgað mikið. Það er aðeins gleðileg þróun. Við eigum að leggja metnað okkar í að búa þannig að námsfólki að allir fái notið menntunar og þroskað hæfileika sína. Menn verða að hugsa dæmið til enda. Þörfin fyrir háar fjárveitingar úr ríkissjóði mun fara ört minnkandi innan tiltölulega fárra ára þegar sá stóri hópur sem nú nýtur

námslána verður farinn að endurgreiða lánin sín. Ætla má að um aldamótin þurfi fjárveiting ríkissjóðs ekki að vera nema sem svarar 100–200 millj. kr. á núvirði, þ.e. ef skammsýnum mönnum tekst ekki að eyðileggja þetta kerfi. Það fólk sem nú nýtur námslána mun að stórum hluta standa undir námslánakerfi barna sinna með endurgreiðslum eigin lána.

Ég vil aðeins víkja að þeim hugmyndum sem heyrst hafa um breytingar á lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Um þær hugmyndir má vitna í ekki ómerkari heimildir en sjálft Morgunblaðið sem virðist hafa nokkuð hæg heimatök í menntmrn.

Í fyrsta lagi hefur verið talað um 3% ársvexti á námslán auk verðtryggingar, en námslán hafa verið verðtryggð í mörg ár, voru raunar á meðal fyrstu lána, ef ekki þau fyrstu, sem voru að fullu verðtryggð. Þessu til viðbótar er rætt um árlega lágmarksendurgreiðslu og gert ráð fyrir að lánin verði greidd til fulls á 30 árum. Þessum hugmyndum mótmælir Kvennalistinn harðlega svo sem fram kom í ályktun okkar sem ég las í upphafi máls míns. Endurgreiðsla lána er nú miðuð við ákveðið hlutfall af launum hvers og eins eða 3,75% sem tryggir að greiðslubyrði vegna námslána fer aldrei fram úr greiðslugetu og setur mönnum ekki óhóflegar skorður við heimilisstofnun og rekstri, íbúðarbygginga eða öðru því sem menn standa í þegar þeir eru að koma sér fyrir í lífinu að námi loknu. Það blasir auðvitað við hverjum slíkt endurgreiðslulágmark kæmi verst. Það eru vitanlega konurnar, hæstv. ráðh., sem alltaf eru tekjulægstar.

Við megum ekki gleyma því að einmitt þetta kerfi, sem við erum hér að tala um, námslánakerfið, hefur geysilega þýðingu fyrir konur og baráttu þeirra fyrir jöfnum rétti til náms og starfa. Árás á námslánakerfið jafngildir að mínu mati árás á jafnréttisbaráttuna. Það sannaðist m.a. þegar yfirvöld menntamála sviptu fyrsta árs nema rétti til víxillána hjá lánasjóðnum haustið 1984. Þá var nokkur hópur sem ekki treysti sér til að hefja nám þar eð bankarnir neituðu að hlaupa undir bagga. ⅔ úr þeim hópi voru konur.

Við vitum líka að margar konur reyna að samræma störf sín uppeldi barna sinna og eðlilegri samveru við þau. Þær reyna því að láta hálft starf eða 75% starf nægja, a.m.k. meðan börnin eru sem yngst. Lágmarksendurgreiðsla námslána mun reynast þeim þung í skauti. Hafði hæstv. menntmrh. hugsað út í þessa hlið málsins eða finnst honum nóg að samþykkja snyrtilega orðaðar yfirlýsingar um afnám mismununar gagnvart konum?

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að þyngri greiðslubyrði vegna námslána kallar vitanlega á hærri laun að loknu námi. Síst mundi ég sýta það að betur yrði gert t.d. við opinbera starfsmenn sem margir eru með langt nám að baki.

Önnur hugsanleg afleiðing er aukinn flótti menntaðra manna til útlanda þar sem hærri laun bjóðast. Þetta hlýtur að vera okkur verulegt umhugsunarefni.

Menn tala um að námslánin séu of ódýr og bjóði upp á misnotkun, óprúttnir námsmenn taki full námslán og fjárfesti í íbúðum, bílum, hávaxtareikningum eða skuldabréfum, meðal annars ríkissjóðs. Heldur hæstv. menntmrh. virkilega að þær ráðstafanir sem hér eru til umræðu muni stöðva þann ósóma sem vissulega er því miður til en vonandi í litlum mæli? Nei, það verða ekki þessir barónar sem hætta að taka námslán þótt þau verði dýrari. Það verða hinir efnaminni, námsmenn utan af landi, börn einstæðra og efnalítilla foreldra og stúlkur sem sjá ekki fram á að geta ráðið við endurgreiðslu þeirra. Það verða einnig konurnar sem verst fara út úr því ef hætt verður að taka tillit til tekna við úthlutun námslána. Þær eiga erfiðara með að fá vel launuð störf og geta síður bætt sér upp óhagstæðari námslán. Þannig leggst allt á eitt. Reiknað er með lækkuðum reksturskostnaði ef hætt yrði að taka tillit til tekna, en nú má búast við að hækkun lánveitinga af þeim sökum verði töluverð og er þá vandséð hver ávinningur yrði af þeirri ráðstöfun.

Þá má svo undarlegt heita að í sömu andrá og verið er að ræða leiðir til að draga úr kostnaði ríkisins vegna námslána er í fúlustu alvöru talað um að koma á fót einhvers konar styrkjakerfi. M.a. á að styrkja efnilega stúdenta í þjóðhagslega hagkvæmu námi, eins og það er látið heita í fyrstu fréttum af þessu. Var nema von að marga hryllti við. Ég fagna yfirlýstu hiki hæstv. menntmrh. í Morgunblaðinu í dag varðandi þessar tillögur. Látum nú vera þótt efnilegir stúdentar væru styrktir umfram hina óefnilegri, sem reyndar reynast oft ekkert síðri þegar lífsbaráttan kemur til, en ef „stóri bróðir" ætlar að fara að ákveða hvaða nám sé þjóðhagslega hagkvæmt og styrkja hina efnilegu samkvæmt því líst mér ekki á blikuna. Slíkum hugmyndum mótmælir Kvennalistinn harðlega. Nægir að vísa til þess að ef slíkt styrkjakerfi hefði verið til fyrir áratug eða svo hefðu líklega flestir efnilegir námsmenn verið styrktir til verkfræðináms og við sætum uppi með hóp manna sem væru sérfróðir í byggingu orkuvera og væru nú komnir til útlanda í vinnu. Handritafræði hefði t.d. tæpast hlotið náð fyrir augum „stóra bróður".

Loks vil ég vara við þeirri hugmynd að einskorða lánaúthlutun við fjárlagaupphæð án tillits til aðstæðna. Það yrði algjört rothögg á það kerfi sem búið er að byggja upp. Reynslan hræðir í þessum efnum. Á hverju einasta ári hefur verið togstreita milli lánasjóðsins og fjárveitingavaldsins. Forsvarsmenn lánasjóðsins hafa reiknað út fjárþörfina miðað við gildandi lög og reglur og líklega fjölgun lánþega, en fjárveitingavaldið haldið fast á móti og ævinlega úthlutað sjóðnum of litlu fé á fjárlögum. Og það er fjarri því að forsvarsmenn sjóðsins hafi verið einir um misgóðar áætlanir. Aukafjárveitingar á hverju einasta ári hafa ekki síður verið vegna þess að fjármálaspekingar ríkisvaldsins hafa spáð ranglega um þróun efnahagsmála. Svo mun enn vera í ár. Viðurkennt er að ef ráðstöfunarfé sjóðsins verður ekki aukið frá því sem ákveðið var á fjárlögum þessa árs þýðir það einfaldlega um 30% lækkun allra námslána. Er það í raun og veru ætlun menntmrh. að námsmenn geti búið við slíkt óöryggi að vita aldrei fyrr en á miðju námsári hverju þeir geta búist við sér til framfærslu á síðari hluta námsársins? Slíkum hugmyndum mótmælir Kvennalistinn harðlega. Slík tilhögun nær ekki nokkurri átt.

Herra forseti. Ég er sannfærð um að námsmenn hafa ekkert á móti endurskoðun úthlutunarreglna lánasjóðsins og skilja réttmæti þess að kjör þeirra séu í hátt við kjör almennings í landinu. Slík endurskoðun verður þó að fara fram í samráði við rétt kjörna fulltrúa námsmanna og með góðu samstarfi við þá. Námsmenn og umboðsmenn þeirra hafa um árabil deilt á afgreiðslu

mála hjá lánasjóðnum og hafa ýmsar tillögur til úrbóta í þeim efnum. Ég þykist líka fullviss um að þeir mundu sætta sig við einhverja lækkun mánaðarlegs framfærslukostnaðar ef fullrar sanngirni væri gætt. En einræðislegum buslugangi menntmrh. verður að linna. Kvennalistinn er reiðubúinn til að taka þátt í endurskoðun á lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna, en leggur áherslu á að niðurstöður slíkrar endurskoðunar brjóti ekki í bága við yfirlýst markmið sjóðsins um jafnrétti til náms. Ég heiti á þingmenn alla að standa vörð um Lánasjóð ísl. námsmanna, eitt helsta skjól jafnréttisins hér á landi.

Ég vil svo vitna í niðurlagsorð greinar eða opins bréfs eftir ritstjóra Stúdentablaðsins, Ágúst Hjört, sem birtist í Morgunblaðinu í gær, en hann segir þar og beinir máli sínu til hæstv. menntmrh. Sverris Hermannssonar, með leyfi forseta:

„Taktu þig nú saman í andlitinu, bæði því pólitíska og persónulega. Nemdu úr gildi reglugerðarbreytinguna, réttu því starfsfólki sem enn er eftir í sjóðnum sáttahönd og ræddu í fullri alvöru við okkur námsmenn. Þú veist manna best hversu mikið veltur á um að vel takist til með menntun minnar kynslóðar því sú tíð rennur upp fyrr en seinna að við þurfum að borga skuldirnar bæði við lánasjóðinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Og þá er eins gott að kunna eitthvað fyrir sér."

Ég vil svo að lokum vekja athygli hæstv. ráðh. á hinum mikla fjölda námsmanna sem fylla nú þingpalla. Rétt áður en ég kom í þennan ræðustól barst mér til eyrna að þrefalt fleiri hefðu orðið frá að hverfa. Það sýnir hug námsmanna til þessa máls. Það sýnir ótta þeirra um málefni lánasjóðsins í höndum hæstv. menntmrh. Og ég vorkenni ráðherra að hafa látið í ljós það álit sitt á námsmönnum, að manni skildist upp til hópa, að þeir væru braskarar sem litu á lánasjóðinn sinn sem tæki til að sækja sér ódýrt fjármagn til ávöxtunar. Það er ómaklegt, hæstv. ráðh., og mig undrar hvers konar fólk hæstv. ráðh. þekkir í hópi námsmanna. Ég þekki ekki námsmenn af þessu tagi.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég er orðinn raddlaus af því að hlusta á þessa miklu raddmenn. En, hæstv. forseti, þrátt fyrir þá Buslubæn sem hæstv. menntmrh. hefur flutt í dag og einhvers konar friðmælingu við „samstarfsflokkinn" sem hann svo kallar nú kemst ég ekki hjá því að láta í ljós mikil vonbrigði með ýmsar yfirlýsingar og ýmsar tiltektir hæstv. menntmrh. varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna nú að undanförnu. Þar á ég m.a. við brottvikninguna á framkvæmdastjóra sjóðsins sem ég tel í rauninni furðulega tiltekt og varla geta staðist að lögum né heldur að ástæða hafi verið til. Ég hygg að það séu margir sem þekkja svo til verka Sigurjóns Valdimarssonar að þeir mundu síst af öllu væna hann um að hann slugsi við sín störf eða að hann sé ekki maður til að sinna fyllilega þeim störfum sem honum eru falin og eftir því sem honum eru settar reglur um.

En herra forseti. Vonbrigði mín eru auðvitað þeim mun meiri sem ég er stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. sem nú situr og ég hef auk þess haft sérstaka trú á því að hæstv. menntmrh. mundi ekki rasa um ráð fram varðandi þau mikilvægu mál sem undir hann heyra heldur mundi hann fjalla um þau ævinlega af sanngirni og góðum skilningi og ekki síst af faglegum og pólitískum metnaði. En nú hefur hæstv. ráðh. brugðist vonum manna — í þessu sérstaka máli a.m.k. Aðgerðir og ummæli hæstv. ráðh. að undanförnu hafa valdið mörgum áhyggjum, beinum áhyggjum. Hæstv. ráðh. hefur orðið til þess, sem ég átti ekki von á frá hans hendi, að opinberri umræðu um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur bókstaflega verið þrykkt niður á stig lágkúru þar sem skilningsleysi og hleypidómar eru látnir ráða ferðinni og þar sem reynt er að etja saman hagsmunahópum á hinn óheppilegasta hátt og hinn furðulegasta hátt.

Það er að vísu nokkuð til í því að alltaf hafa verið til ýmis öfl í landinu sem hafa alið á fordómum gagnvart Lánasjóði ísl. námsmanna öllum öðrum opinberum sjóðum og opinberum stofnunum fremur. Slík öfl hafa vissulega verið til, en þessi öfl hafa þó aldrei orðið mikils ráðandi í umræðunni um sjóðinn m.a. vegna þess að allir menntmrh. í meira en 30 ár hafa lagt í það metnað sinn að berjast gegn fordómum og unnið að eðlilegri þróun sjóðsins miðað við þjóðfélagsaðstæður og jafnan í sem allra nánustu og bestu samstarfi við þingflokka á hverjum tíma. Þingsagan er til vitnis um það síðustu marga áratugi að í öllum stjórnmálaflokkum hefur verið góður skilningur á nauðsyn lýðræðislegs námsaðstoðarkerfis og um þróun þess hefur ríkt tiltölulega gott samkomulag. Ég hef ekki fundið annað, fyrr en þá á allra síðustu misserum, en að allir hugsandi menn um þjóðfélagsmál hvar í flokki sem er teldu að Lánasjóður námsmanna væri óumdeilanlegt og sjálfsagt félagslegt réttindamál, enda sé sjóðurinn lýðræðislega upp byggður og til þess fallinn að eyða forréttindum í þjóðfélaginu, og það er vitanlega aðalmarkmið sjóðsins.

Af því að það er verið að tala hér um breytingar á sjóðnum og nauðsyn þess að breyta þurfi lögunum sem um sjóðinn gilda ætla ég að leyfa mér að benda á að það er höfuðkostur núgildandi laga um Lánasjóð ísl. námsmanna, laga nr. 72 1982, það eru lög sem ekki eru einu sinni orðin fjögurra ára gömul, að þessi sjóður er lýðræðislegur og hann jafnar aðstöðu fólks til að stunda nám. Sjóðurinn starfar þannig að hann kemur í veg fyrir forréttindi efnamanna til náms. Ég get ekki fallist á neinar lagabreytingar, hæstv. ráðh., sem breyta munu eðli sjóðsins í þessu grundvallaratriði. Ég tel því yfirleitt ekki tímabært að ræða það að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, enda óttast ég að ýmsar hugmyndir séu uppi um það að breyta lögunum í grundvallaratriðum þrátt fyrir þá friðmælingu sem hér kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. áðan. Ég hlýt að vara við öllum þeim hugmyndum sem uppi eru um þetta.

Það er að vísu gleðilegt að hæstv. ráðh. hefur nú, bæði í Morgunblaðinu, að því er virðist í morgun, og hann hefur gert það nú í ræðu sinni, dregið mikið í land um þær hugmyndir sem hann hefur komið á framfæri við blöðin þó hann hafi ekki haft fyrir því að koma þeim á framfæri við „samstarfsflokkinn" svokallaða. Þær hugmyndir sem hann hefur verið uppi með eru þannig að það er full ástæða til þess að vara við þeim, en það er jafnframt gleðilegt að hann er nú farinn að átta sig á því að það kunni að vera einhverjir annmarkar á þeim hugmyndum sem helst hafa verið til umræðu undanfarnar vikur.

En það er sannfæring mín, herra forseti, að núgild-

andi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna, þ.e. lög um námslán og námsstyrki eins og þau heita réttu nafni, lög nr. 72 1982, fullnægi fyllilega þeim kröfum sem gera verður um réttlátt og lýðræðislegt námsaðstoðarkerfi. Slíkt kerfi er nauðsynlegt fyrir nútíma velferðarþjóðfélag. Um þetta hélt ég að væri enginn ágreiningur.

Auðvitað eru lögin hluti af ríkjandi menntastefnu, en þau eru fyrst og fremst almennt félagslegt réttindamál á borð við almannatryggingar, lífeyrisréttindi, atvinnuleysistryggingar, heilbrigðisþjónustu og hvað annað sem einkennir vestræn lýðræðisþjóðfélög og velferðarþjóðfélög, þess háttar þjóðfélög sem við viljum lifa í og berum okkur gjarnan saman við. Það eru félagslegar og lýðræðislegar ástæður sem liggja til grundvallar námsstyrktarkerfinu. Á þetta legg ég mikla áherslu. Markmiðið er að tryggja sem verða má fjárhagslegan jöfnuð til náms, þ.e. að allir geti haft sem jafnasta aðstöðu til að stunda nám hvað sem líður efnahag þeirra, hvað sem líður búsetu þeirra. Í samræmi við nútímahugmyndir um persónufrelsi og lýðræði verður slíkt kerfi að grundvallast á almennum reglum. Það verður að vera öllum opið sem falla undir þær reglur sem um slíkt eru settar, þ.e. fólk verður auðvitað að uppfylla viss skilyrði, en kerfið á að vera opið, ekki lokað. Það á að vera almennt. Það á ekki að vera ætlað neinum úrvalshópum.

Núgildandi lög byggja á slíkum almennum reglum og skilyrðum. Þær breytingar sem hæstv. ráðh. hefur verið borinn fyrir og ég óttast því miður að enn þá séu til umræðu í menntmrn. grundvallast að verulegu leyti á allt öðrum hugmyndum. Mér finnst að þessar hugmyndir, þar á meðal um styrkjakerfið sem út af fyrir sig getur kannske átt að einhverju leyti rétt á sér, ég fæ ekki betur séð en að slíkt kerfi sé mengað af forréttindahugarfari. Af því að ég veit það af löngum kynnum við hæstv. menntmrh. að hann er engan veginn mengaður af slíku hugarfari hefur hann nú séð að sér og hann kemur í ræðustól í dag og ber meira og minna af sér sakir í því að hann ætli að fara að koma slíkum hugmyndum fram.

Eigi að síður er það svo, hæstv. menntmrh., að það hefur verið haft eftir ráðherranum að eðlilegt væri að fara að gera nemendum hærra undir höfði ef þeir stunda eitthvað sem hann kallar, og menn gjarnan kalla, hann er ekki einn um það, „arðbært nám". Ég ætla að leggja áherslu á þetta orð, þetta „arðbæra" nám, vegna þess að vissulega er það ekki fundið upp af hæstv. menntmrh. Auðvitað hafa menn verið að henda slíkum hugtökum á milli sín alllengi eða ég veit ekki í hvað mörg ár, kannske 20 ár, frá því að upp var fundin sú kenning að nám væri ágæt „fjárfesting", fjárfesting fyrir atvinnuvegina, fjárfesting fyrir þjóðfélagið. Þá var vissulega byrjað að tala um að til væri „arðbært" nám og þá líklega eitthvað sem heitir „óarðbært" nám. Hæstv. menntmrh. er svo sannarlega enginn höfundur að þessari hugmynd. Þetta er hugtak sem hefur verið að velkjast fyrir okkur lengi. Áður fyrr var talað um að menn stunduðu nám til að þroska sig og til að verða að mönnum og annað slíkt, en síðar var sú kenning fundin upp að það ætti að „fjárfesta" í námi og þá var náttúrlega byrjað að finna út hvað væri „arðbært" nám og hvað væri „óarðbært" nám. En ég verð að segja að það er farið út á hættulega braut ef það á að fara að flokka nám eftir þessum „kategóríum", í arðbært nám og óarðbært nám. Þá kæmu líklega undirflokkar í þessu þar sem lán væru mismunandi arðbær, o.s.frv. o.s.frv. Það á sér sjálfsagt engan enda hvar það mundi lenda.

En ef hæstv. menntmrh. stefnir að lagabreytingu í þessa átt vil ég fyrst biðja hann að gá vel að sér og kasta slíkum hugmyndum algjörlega fyrir róða og gera það strax í dag vegna þess að nú er komið hik á hann. Ég held að hann ætti þá að gera hikið að sannfæringu um það að best sé að kasta slíkum hugmyndum fyrir róða. En ef það skyldi ekki bera árangur að hæstv. ráðh. gerði þetta ítreka ég það við hann að ég mundi ekki vilja styðja slíka breytingu og ég mundi áreiðanlega beita mér gegn því hér í þinginu og þá sérstaklega í mínum flokki að slíkar breytingar yrðu gerðar.

Ég ítreka að það er engin ástæða til að breyta gildandi lögum um námslán og námsstyrki. Það er ekki lítið atriði að menn átti sig á þessu. Það er engin ástæða til að breyta þessum lögum. Ég held að það muni sýna sig ef þau verða athuguð gaumgæfilega að þau eru góð eins og þau eru. Þau eru fyrst og fremst lýðræðisleg og þau eru réttlát eftir því sem hægt er að ímynda sér að lög geti yfirleitt orðið og grundvallarstefna þeirra er rétt. Það er einnig um lögin að segja, og ég bið menn að veita þessum orðum mínum sérstaka athygli, það snýr beinlínis að hæstv. menntmrh., það snýr að ríkisstj. reyndar í heild og það snýr líka að stjórnarflokkunum, ég bið menn að taka eftir þessu, að lögin veita ríkisstj. og meiri hluta Alþingis á hverjum tíma nánast fullt svigrúm til að stjórna fjármálum sjóðsins, þ.e. hvað varðar heildarupphæð ráðstöfunarfjár sjóðsins og það hvert skuli vera mat á framfærsluþörf námsmanna, enda hefur það sýnt sig að ríkisstj., hæstv. menntmrh. og meiri hluti Alþingis telja sig eiga þennan rétt og hafa neytt þessa réttar nýverið. Það má segja að ég hafi tekið þátt í þessu sjálfur. Ríkisstj. og meiri hluti Alþingis neyttu þessa réttar við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Þá var ráðstöfunarfé Lánasjóðs ísl. námsmanna skert stórlega miðað við áætlun sjóðsins. Ég held að þetta verði ekki talin lögbrot. Lögin eru þannig gerð og þau eru ekki óþjálli en það að þau gefa Alþingi færi á því að koma í veg fyrir svokallaðar „sjálfvirkar" hækkanir, sem hæstv. ráðh. var að tala um áðan, og „óviðráðanlega þróun" sjóðsins eins og ég hef heyrt ýmsa „ábyrga" menn tala um og margir óttast svo mjög. Ég veit ekki betur en lögin veiti menntmrh. fullt vald til að ákveða úthlutunarreglur fyrir sjóðinn. Þessar úthlutunarreglur eru ekki lögfestar, ekki skorðaðar með lagaboði. Þær eru eins og mótunarleir í höndunum á ráðherra og hæstv. ráðh. notfærir sér auðvitað þennan rétt.

Mér finnst rétt að menn athugi þetta, ekki síst þeir menn sem óttast svo mjög um það að Lánasjóður ísl. námsmanna sé að vaxa efnahag þjóðarinnar yfir höfuð. Ég ætla að biðja menn að líta á hvað raunverulega felst í lögunum um yfirstjórn og getu ríkisstj. til að hafa fullt vald á fjármálum sjóðsins. Þetta er mjög mikilvægt atriði og því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Er hægt að hugsa sér frjálslegri lög í framkvæmd? Að mínum dómi er það ekki hægt. Ég efast um að nokkur félags- og mannréttindalöggjöf eða löggjöf um framfaramál yfirleitt sé jafnfrjálsleg í framkvæmd og lögin um námslán og námsstyrki — ég held að það séu engin lög.

Ég ætla ekki að halda því fram að þetta sé endilega til að rýra lögin, alls ekki. Ég fæ ekki betur séð en að hæstv. ráðh. hafi mál Lánasjóðs ísl. námsmanna í hendi

sér og sá meiri hluti sem hann styðst við á Alþingi. Og af hverju er hæstv. ráðh. þá að biðja um meira vald eða er það e.t.v. meining hans að vinna að breytingu á lögunum til þess að minnka vald ráðherra yfir málefnum sjóðsins? Ég tel reyndar að sú geti ekki verið ætlun ráðherra og ég óttast að hæstv. ráðh. sé með hugmyndir um að halda öllum þeim reglum sem kveða á um frjálslega framkvæmd ríkisstj. á lögunum og bæta þar reyndar nokkuð við. Hitt óttast ég einnig að í hugmyndum hæstv. ráðh. felist fráhvarf frá hinu lýðræðislega markmiði sem lögin hafa að geyma, því markmiði að vera jafnréttismál hvort heldur sem um er að ræða einstaklinga eða námsgreinar. Markmið lýðræðislegrar löggjafar um námsaðstoð hlýtur að fela í sér að gera öllum hæfum einstaklingum kleift að stunda nám sem þá fýsir og að ekki sé gert upp á milli námsgreina, þær séu aldrei flokkaðar í úrvalsgreinar eða undirmálsgreinar.

Auðvitað er hægt að hugsa sér allt annað skipulag á námsaðstoð. Það er hægt að taka upp fyrirkomulag eins og var við gömlu skólana í Skálholti og á Hólum, ölmusurnar. Það er hægt að taka þær upp. En ég óttast að hæstv. ráðh. sé jafnvel að gæla við nýtt skipulag sem gæti orðið bæði lokað og ólýðræðislegt í framkvæmd. Jafnvel þó að hæstv. ráðh. hafi auðvitað góðan skilning innst inni á þessu máli gerir hann sér ekki fulla grein fyrir afleiðingunum af þessu. Þess vegna endurtek ég þau tilmæli mín til hæstv. ráðh. að hann athugi sem best sinn gang í þessu máli.

Ég ætla á þessu stigi, þrátt fyrir þá tilraun sem hér var gerð til að friðmælast við samstarfsflokkinn, að gera eina mikilsverða athugasemd við ráðslag hæstv. menntmrh. í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna og þá meina ég mikilsverða athugasemd frá manni sem styður þessa ríkisstj. og, ég leyfi mér að segja, frá sjónarmiði samstarfsflokksins, samstarfsflokks Sjálfstfl. í ríkisstj., þ.e. Framsfl. í heild. Eins og hér hefur komið svo greinilega fram í ræðu hæstv. ráðh. hefur hann ekkert samráð haft við samstarfsflokk sinn og alls ekki við þingflokk Framsfl. um neinar breytingar á lögum um námslán og námsstyrki, hvorki breytingar af þessu tagi né aðrar.

Það hefur einnig komið í ljós í umræðunni að nefnd hefur starfað að því að endurskoða þessi lög, kannske tvær nefndir, ég veit það ekki. En það eitt veit ég að hæstv. menntmrh. hefur ekkert samráð haft um þessa nefnd eða nefndir við Framsfl. og í þessum endurskoðunarnefndum er enginn framsóknarmaður. Þar er enginn fulltrúi sem þingflokkur Framsfl. hefur tilnefnt eða getur litið á sem sinn fulltrúa. Hér er beinlínis verið að fara á bak við Framsfl. í stóru máli, máli sem Framsfl. hefur látið til sín taka í meira en 30 ár og þó mest á þeim árum þegar framsóknarmenn hafa gegnt embætti menntmrh. eins og var á árunum 1980–1983 og 1974–1978, en á þessum tímabilum voru einmitt gerðar mestu og mikilvægustu breytingarnar á Lánasjóði ísl. námsmanna, á báðum þessum tímabilum.

Gildandi lög um námslán og námsstyrki voru samþykkt vorið 1982, eins og hér hefur margsinnis komið fram, og það kom í minn hlut sem menntmrh. að stjórna öllum undirbúningi þess máls og flytja málið sem stjfrv., tala fyrir því og vinna að samþykkt þess. Ég réð því og ákvað það í sambandi við undirbúning málsins, þ.e. hvað varðaði endurskoðun á lögunum frá 1976 sem þá giltu, að skipuð var nefnd á breiðum pólitískum og faglegum grunni til þess að fjalla um málið og gera tillögur um framtíðarskipun námsaðstoðarkerfisins.

Ég gerði þetta vegna þess að ég tel að um mál af þessu tagi eigi að vera breið samstaða. Ég geng ekki með neinn skörungsskaparkomplex. Ég geng ekki með neinn dugnaðarkomplex. Hins vegar held ég að mér hafi tekist að koma þessu máli þannig í höfn að það voru engin vandræði með að sigla því í gegnum þingið.

Í þeirri nefnd sem um er að ræða áttu sæti fulltrúar allra þáv. þingflokka og ýmissa hagsmunasamtaka námsfólks. Það var ekki verið að pukrast neitt með skipun þessarar nefndar heldur var markmiðið að ná víðtækri samstöðu um málið milli stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila. Þessari nefnd stýrði af mikilli prýði Eiríkur Tómasson lögfræðingur og í nefndinni voru ýmsir hinir mætustu menn og unnu mjög gott starf, þar á meðal minnist ég Friðriks Sophussonar, hv. 2. þm. Reykv., sem nú er varaformaður Sjálfstfl. Hann átti ólítinn hlut að því víðtæka samkomulagi sem varð í lánasjóðsnefndinni á sínum tíma og varð til þess að greiða för lagafrumvarpsins í gegnum þingið 1981–1982 og hef ég margþakkað hv. þm. Friðrik Sophussyni fyrir það góða starf sem hann innti þá af höndum.

Undirbúningur að gildandi lögum um námslán og námsaðstoð var í hvívetna vandaður og vel að honum unnið. Því fer fjarri, hæstv. menntmrh., að þessi lög séu úrelt svo að þeim þurfi að breyta. Síst af öllu er ástæða til að breyta lögunum í þá stefnu sem hæstv. ráðh. hefur iðulega látið í veðri vaka í fjölmiðlum þó að hann sé nú að draga í land eftir að hann finnur andstöðuna í sínum eigin flokki. Og ég álít að ef slíkt spor yrði tekið, ef ráðist verður í það í fljótræði að breyta lögunum, óttast ég að verið sé að ganga skref aftur á bak.

Og af því að mér er ákaflega hlýtt til hæstv. menntmrh., prívat og persónulega, árétta ég enn þau tilmæli mín til hans að hann gái vel að sér í þessu máli, reyndar bæði efnislega og hvað varðar formsástæður. Efnislega sýnist mér hann vera á villigötum, en hann er það líka og hefur verið það hvað varðar formið, og þá á ég við það að hann hefur verið að ræða það opinberlega, flutt um það margar og miklar yfirlýsingar, að hann hugsi sér að gera grundvallarbreytingar á mikilvægri löggjöf án þess að hafa gert samstarfsflokki sínum fullnægjandi grein eða neina grein fyrir þessum hugmyndum.

Þetta þykir mér af pólitískum ástæðum stóralvarlegt mál. Ég fullyrði að í stjórnarsáttmála Framsfl. og Sjálfstfl. er ekki að finna stafkrók um það að þessi ríkisstj. eigi að beita sér fyrir einhvers konar byltingu á félagslegri löggjöf eða jafnréttismálum í afturhaldsátt, og engin heimild er til um það í stjórnarsáttmálanum að vinna skuli að breytingum á lögum um námslán og námsstyrki, enda eru það tiltölulega nýsamþykkt heildarlög og naumast að þau séu að fullu komin til framkvæmda. A.m.k. er ekki enn farið að reyna á ýmis ákvæði laganna, t.d. endurgreiðslureglurnar, sem í þeim lögum standa og sífellt er verið að ræða um að séu svo voðalegar, því að allt það sem þeir menn sem mest ráðast á gildandi skipulag segja um endurgreiðsluákvæðin og endurgreiðsluástandið er rangt og villandi.

Þær forsendur voru gefnar um svokallað endurgreiðsluhlutfall á sinni tíð, þegar lögin voru samþykkt

og frv. var í undirbúningi, að lán úr sjóðnum mundu endurgreiðast 88%, afföllin yrðu 12%. Það er ekkert sem bendir til annars en að þessi forsenda standist, en á hana er ekki farið að reyna enn þá. Þetta endurgreiðsluhlutfall þótti viðunandi fyrir fjórum árum. Þar á meðal þótti sjálfstæðismönnum það ágætt hlutfall, og ég tel að það sé gott og það sé viðunandi enn í dag og ég er viss um að margir sjálfstæðismenn eru mér sammála enn í dag um þetta atriði. Það er rangt að reglur laganna um endurgreiðslur séu svo slappar að þær muni sliga fjárhag sjóðsins. Þvert á móti. Og má ég, herra forseti, minna á að það er nánast ekkert farið að reyna á endurgreiðslurnar vegna þess að lögin eru svo ný.

Það vissu allir í upphafi að áhrifanna frá endurgreiðslureglunum um 88% hlutfallið, sem svo hefur verið kallað, mundi ekki fara að gæta fyrr en eftir allmörg ár frá setningu laganna. Það gætu liðið 5–7 ár frá setningu laganna þangað til áhrifanna fer virkilega að gæta; en úr því, t.d. þegar kemur fram um aldamót, eins og einn hv. þm. hefur nefnt í ræðu sinni, mun þessara ákvæða fyrst fara að gæta. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að það er einmitt þetta sem við verðum að veita athygli. Við skulum ekki brjóta niður þetta kerfi. Það er ekki enn þá farið að sýna sig í reynd og það er ekki víst að þeir sem ætla sér að breyta þessum reglum og stefna að breytingum á lögunum hitti á vænlegra ráð en er að finna í lögunum nú um endurgreiðslur. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á að einhvers staðar í ráðuneytinu mun finnast reiknilíkan sem sýnir fram á þetta sem ég hef hér verið að nefna.

Ég legg höfuðáherslu á það, herra forseti, að Lánasjóður ísl. námsmanna er félagslegt réttindamál og óhjákvæmileg stofnun til að halda uppi jafnrétti í velferðarþjóðfélagi. Lánasjóður ísl. námsmanna er ekki fjárfestingarsjóður, eins og menn eru sífellt að japla á. Hann er enginn fjárfestingarsjóður, hann er ekki sjóður viðskiptalegs eðlis. Þegar talað er um að menntun sé fjárfesting er það í raun og veru ekkert annað en hugtakaruglingur. Hitt er annað mál að menntun er verðmæti í sjálfri sér og hefur eins mikil áhrif á framfarir í þjóðfélaginu, á efnahagsstöðu þjóðfélagsins og hagvöxtinn, og fjármagnið sjálft og annað fémæti sem nýtanlegt er í þjóðarbúskapnum, enda er menntun sama og þekking og þroski mannsins. Það er menntun. Og þó að þjóðfélagið vanhagi að vísu alltaf um beinharða peninga, fasteignir, skip, vélar og þess háttar kapítal, þá er það þekkingin og menntunin, það er þroski mannsins, sem fær hjólin til að snúast. Og menntunin er þannig a.m.k. jafngild kapítalinu fyrir atvinnulífið, en hún er þó annað og meira en kapítal og engin ástæða til þess að vera sífellt að rugla þessu saman. En það kalla ég að rugla saman óskyldum hlutum þegar farið er að bera Lánasjóð ísl. námsmanna saman við fjárfestingarsjóði atvinnuveganna. Slíkt gera ekki aðrir en þeir sem eru gjörsamlega formyrkvaðir af alls konar peningagrillum og þekkja ekki þau takmörk sem fjárhagslegu og viðskiptalegu gildismati eru sett.

Það er eðlilegt frá viðskiptasjónarmiði séð að krefjast þess að fjárfesting skili arði og að lán til fjárfestingar og atvinnurekstrar yfirleitt skili fullum vöxtum. En það er í fyllsta máta óeðlilegt, ef það er ekki ómanneskjulegt, að krefjast þess að námskostnaður sé látinn bera fulla vexti. Það er fullkomlega réttmætt og rökrétt að önnur vaxtalögmál gildi um námslán en viðskiptalán. Námslán og viðskiptalán eru svo gjörólík að eðli að þau verða ekki borin saman, á þau verður ekki lagt sama gildismat, og var manni þó kennt það í skóla — og ég held það sé gert enn — að það væri heimskra manna háttur að bera saman ósambærilega hluti, og við eigum ekki að bera saman ósambærilega hluti.

Ég tel að sá námsmaður sem greiðir námslán sitt með fullri verðtryggingu hafi með því greitt eðlilega fyrir menntun sína úr eigin vasa og það er engin ofætlun þótt vextir af þessu fé séu greiddir af þjóðfélaginu í heild. Sú upphæð sem þessum vöxtum nemur skilar sér fyllilega í þjóðarbúið í formi þekkingar, í formi verkkunnáttu, sem kemur þjóðfélaginu að beinu gagni, beinu fjárhagslegu gagni. Ég er þess vegna andvígur öllum hugmyndum um vaxtaálag á námslán.

Þegar rætt er um námslán og námsstyrki og um Lánasjóð ísl. námsmanna er nauðsynlegt að átta sig á því hvaða fólk það er sem nýtur þessa kerfis og hefur aðgang að því. Það þarf varla að taka það fram, það liggur í orðanna hljóðan, að það eru eingöngu námsmenn, nemendur í föstum skólum, sem eiga aðgang að námslánakerfinu. Vissulega er það rétt að það er mjög stór hópur námsmanna sem nýtur þessa kerfis og námsgreinar eru margvíslegar og námsgreinar eru sundurleitar. Það er einnig líklegt að ýmiss konar munur sé á öllu þessu námi hvað varðar þörf fyrir einbeitingu, ástundun, samfelldan námstíma o.s.frv. Það er því alls ekki fyrir það að synja að í öllum þessum stóra hópi séu einhvers staðar slakir nemendur að dóla í námi sem þeir ráða illa við og einhverjir sem gætu stundað verulega vinnu með námi sínu og þyrftu ekki á mikilli námsaðstoð að halda, líkt og við gerðum, hæstv. menntmrh., hér fyrir 30 eða 35 árum þegar við vorum á svipuðum tíma í Háskóla Íslands og stunduðum utanskólanám, hreint utanskólanám, milli þess sem við vorum á togurum eða í steypuvinnu.

En ef svona dæmi, eins og ég var að nefna áðan um það að einhverjir kunni að slugsa í námi, finnast eru það undantekningar. Reglan er allt önnur. Reglan er sú að rétthafar að Lánasjóði ísl. námsmanna standa þannig að vígi hvað varðar efnahag og fjölskylduástæður og tímafrekt nám, sem krefst nærri því allra starfskrafta þeirra, að þeir eru nauðbeygðir til þess að taka lán úr sjóðnum til þess að framfleyta sér meðan á námi stendur. Rétthafar að sjóðnum eru í reynd langflestir á aldrinum 20–30 ára, að ég hygg. Margt af þessu fólki hefur stofnað til hjúskapar og margt af þessu fólki er barnafólk. Þessir nemendur eru fullorðið fólk, hafa stofnað sín eigin heimili og leggja auðvitað ekki á sig neina meinlætakvöð frekar en aðrir fullfrískir Íslendingar á þessum aldri. Það kemur ekki til greina að þetta fullorðna fjölskyldufólk og barnafólk sé á framfæri foreldra sinna. Efnahagur foreldranna býður ekki upp á það. Það er þess vegna sem þjóðfélagið fann upp námsstyrktarkerfið og formaði það í námslán. Aðstæður og þörf gerðu þetta kerfi nauðsynlegt. Þetta er félagslegt réttindamál og varðar afkomu almennings í landinu, varðar afkomu e.t.v. tugþúsunda heimila í landinu. Ef námsstyrktarkerfið væri ekki fyrir hendi er augljóst að launamenn í landinu mundu krefjast stórhækkaðra launa til þess að mæta þeirri kvöð sem á þá legðist að kosta nám fullorðinna barna sinna í meira eða minna mæli. Við skulum bara átta okkur á hvað mundi ske ef þetta kerfi væri ekki fyrir hendi. Og ef það væri

ekki til yrði langt og kostnaðarsamt nám beinlínis forréttindi fyrir syni og dætur þeirra sem best mega sín.

Ég ætla því að leyfa mér að leggja það til við hæstv. menntmrh. að hann sé ekkert að skeyta skapi sínu frekar á gildandi lögum um námslán og námsstyrki og hann láti nú dugnað sinn og athafnasemi koma einhvers staðar annars staðar fram. Hann ætti t.d. að snúa athafnaþrá sinni að því sem ég veit að hæstv. ráðh. vill svo gjarnan. Ég hefði gjarnan viljað sjá hann beita athafnasemi sinni við það að koma upp háskólakennslu á Akureyri. Í því máli voru stigin mikilvæg spor í minni ráðherratíð og það gerir hæstv. ráðh. auðveldara að ganga lengra á þeirri leið. Og mér er ljúft að fylgjast með ráðherranum á þeirri göngu og í ótal mörgum öðrum málum því að í ýmsu treysti ég hæstv. ráðh. til góðra hluta.

Herra forseti. Ég hef farið hér vítt og breitt um þetta mál. Ég haf lagt á það áherslu að sjóðurinn er félagslegt réttindamál og það finnst mér vera grundvallaratriðið í öllu þessu máli að menn átti sig á því. Ef menn átta sig á því held ég að menn eigi auðveldara með að skilja þetta mál í heild sinni og varist alla þá hleypidóma og heimsku sem oft á sér stað, því miður, í umræðum um þetta mál. Lánasjóði ísl. námsmanna er ætlað það hlutverk að jafna aðstöðu fólks til náms og lögin sem nú gilda um þetta efni tryggja þetta markmið. Á þetta legg ég höfuðáherslu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en ég beini því enn til hæstv. ráðh. að hann aðgæti vel sinn gang í öllu þessu máli. Ég vænti þess að það komi í ljós, sem reyndar kom að hluta til í ljós í þessum umræðum, að hann er að draga í land með ýmsar sínar stærstu yfirlýsingar sem heyrst hafa frá honum undanfarnar 3–4 vikur.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mér sýnist á öllu að fyrirmynd hæstv. menntmrh. í þessu máli sé John Wayne. John Wayne átti eitt kjörorð, sem var svona: Shoot first, ask questions later. Og fyrir þau mörgu átrúnaðargoð Johns Waynes, sem harma að hann er dauður, og Reagan orðinn heldur laslegur, þá hljóta þeir að anda léttar nú þegar þessi nýja stjarna er fædd, þessi íslenski hæstv. menntmrh., Sverrir Hermannsson. Hvert filmunafn hans verður í framtíðinni er óljóst, Cool Kid eða eitthvað svoleiðis, Buffalo Bill.

Ef við athugum feril þessarar ríkisstjórnar í menntamálum er hann mjög skrautlegur. Það var að sumu leyti dálítið svipað mál sem kom hérna upp um haustið þegar ríkisstj. tók sér fyrir hendur að bæta skólakerfið hvað varðaði kennara. Á örfáum vikum risu kennarar landsins í heild upp gegn ríkisstj., gegn þáv. hæstv. menntmrh. og þeim ráðum sem ríkisstjórnin taldi sig hafa til úrbóta. Nákvæmlega það sama gerist núna í sambandi við námsmenn. Reyndar núna á örfáum sólarhringum, á örfáum klukkustundum rísa námsmenn, íslenskir námsmenn hvar sem þeir eru staddir í heiminum, upp allir sem einn og mótmæla. Málið er nefnilega það að þessi ríkisstj. hefur enga stefnu í menntamálum. Það er nefnilega stefna í menntamálum að hafa stefnu í launamálum kennara og það tilheyrir stefnu í menntamálum að hafa stefnu í sambandi við lánamál námsmanna. En hvorugt hefur þessi ríkisstj. og ég held að það sé ekki nokkur ríkisstjórn sem á eins hörmulegan feril í afskiptum sínum af mennta- og skólakerfi þjóðarinnar og þessi. Síðan er þetta dulbúið með einhverjum loftkenndum yfirlýsingum um að það sé verið að skoða málin frá rótum. Það er skotið fyrst og spurt síðan spurninga síðar, alveg eins og John Wayne gerði.

Við, vænti ég, erum öll tilbúin til þess að athuga málin, fara ofan í kjölinn á þeim. Við erum til í að skoða námslánakerfið ef við fáum upplýsingar um að þar sé verulega ábótavant og að það þjóni alls ekki sínum tilgangi, hvort sem varðar það að skila íslensku námsfólki þannig fram að það verði þjóðinni til gagns eða hinu hlutverkinu að tryggja félagsleg réttindi og félagslegan jöfnuð. Það er alveg rétt að okkur hættir oft til að rugla saman markmiðum og þeim stofnunum sem eru settar á fót til þess að ná viðkomandi markmiðum. Við skulum hafa augun opin og vera tilbúin til að ræða þau mál hvenær sem er, en við skulum ekki ganga fram eins og kúrekar í því.

Menn geta sett sér ýmis markmið eins og um öryggi borganna heima fyrir. Menn hafa sett sér markmið um frið í heimi. Menn hafa sett sér markmið um heilsuhreysti og menn hafa sett sér mark um menntun. Svo hafa menn sett upp stofnanir. Menn hafa sett upp lögreglu til að ná öryggi. Menn hafa sett upp heri og hernaðarbandalög til að ná friði og menn hafa sett upp spítala til að ná heilsuhreysti og skóla og sjóði til að ná markmiðum í menntun. Svo gerist það oft að menn rugla saman þessum stofnunum og markmiðunum. Það gerist t.d. að efasemdum um lögreglu er snúið upp þannig að menn vilji ekki frið innanlands, eða að efasemdir um skólakerfi og efasemdir um námslán bendi til þess að menn meti ekki gildi menntunar og jafnræðis til náms. Við skulum alltaf vera tilbúin til þess að endurskoða hlutina og okkur ber skylda til þess, en við verðum að haga okkur eins og menn.

Það er í sannleika sagt alveg ótrúlegt, eins og ég sagði í byrjun, hvernig þessi ríkisstj. hefur komið að málum skóla og skólastofnana í þessu landi. Ég ætla aðeins að telja upp örfá mál. Fyrst voru það launamál kennara. Það sem gerðist þar var að það er flótti úr kennarastéttinni í landinu. Kennarar sitja við borð sín og kenna nemendum sínum, en eru með annað augað á smáauglýsingadálkum eða atvinnuauglýsingum blaðanna til þess að ná sér í annað „djobb". Stéttin er auk þess reið og andsnúin þeim stjórnvöldum sem eiga að móta stefnu. Og það er illt.

Annað dæmi um stórkostlegan vilja þessarar ríkisstj. til átaka í skóla- og menntamálum er Tjarnarskóli. Það var sparkað út í loftið. Það var engin markmiðasetning. Þetta var fullkomin hentistefna og jafnvel segja sumir klíkuskapur. Þetta er ekki stefna í menntamálum.

Og nú er síðasta dæmið Lánasjóður ísl. námsmanna, þar sem menn eru að reyna að fá fólk til þess að rugla tvennu saman. Annars vegar er skapvonska menntmrh. sem hefur hvorki geðslag né kannske þolinmæði til þess að setja sig inn í málin og það er reynt að fá menn til þess að rugla því saman við einhverja djarfa framtíðarsýn og heildarstefnumótun og vilja til að endurskoða frá grunni. Ef slíkt væri þá værum við nú ekki að bíða eftir tillögum ráðherrans. Eins og ráðherrann marglýsti yfir hér áðan þá hefur hann engar tillögur. Ríkisstj. hefur engar tillögur. Hann á eftir að sýna sínum formanni þær, segir hann, og hann á eftir að sýna sínum flokki þær og sínum samstarfsflokki og svo náttúrlega Alþingi.

Það eru ekki nokkrar tillögur til og þess vegna er hérna alls ekki eitthvað á ferðinni sem er framtíðarsýn og heildarstefnumótun eða vilji til að endurskoða frá grunni. Þetta er bara skapvonska.

Við getum líka athugað sögu þessa máls. Til þess að reyna að færa þetta í málefnalegan búning er það t.d. dregið upp að áætlanir hafi verið ófullnægjandi. Því hefur verið svarað víða og oft. Það hefur verið útskýrt að það á sér skýringar að áætlanir hafi verið ófullnægjandi. Því hefur verið svarað víða og oft. Það hefur verið útskýrt að það á sér skýringar. Auðvitað er ekki gott að hafa lélegar áætlanir. En það hefur t.d. komið fram að sjóðurinn, væntanlega þá stjórn og framkvæmdastjóri, voru að vinna og hafa nú raunar komið upp eigin tölvu- og upplýsingakerfi, sem m.a. hefur kostað þessa miklu yfirvinnu, til þess að bæta úr upplýsingaþörf sjóðsins, til þess að bæta áætlanagerð. Það hafa komið yfirlýsingar um yfirvinnu og heimildarlausar stöður. Það hefur líka verið skýrt út, m.a. er skýringin þvergirðingsháttur stjórnvalda sem eins og ævinlega taka ekkert mark á þeim tillögum sem menn senda inn til þeirra og strika síðan með pennum sínum í bak og fyrir og taka geðþóttaákvarðanir.

Ég trúi varla að hæstv. ráðh. ætli að sjóðurinn hefði getað verið rekinn með sex manns. Það hefur komið fram að það hafi margsinnis verið óskað eftir fleira fólki til starfa. Annað sem er dregið upp eru yfirlýsingar um fólk sem fær gífurleg lán og aldrei greiðir aftur. Í fyrsta lagi er augljóslega, eins og hefur verið rakið hér í dag, um að ræða örfá tilfelli. Og það er ekki séð að það þurfi að gjörbylta öllu þessu kerfi, öllum lögunum til þess að koma í veg fyrir slíkt. Auðvitað á ekki að vera hægt að misnota þetta kerfi, frekar en öll önnur kerfi. Það má engin kerfi misnota. En það er ekki séð af þessum gögnum að það þurfi að taka þetta hreinlega allt upp á asnaeyrunum.

Það er líka eitt sem skiptir máli í þessu varðandi hina fáu einstaklinga sem hafa hin stóru lán, og það er það, að þeir einstaklingar sem halda áfram og fara í framhaldsnám, kannske eftir Bachelors-gráðu eða Mastersgráðu, fara í rannsóknarnám, t.d. til doktorsnáms, þeir skilja eftir sig gjarnan 8–10 ára nám. Og það er nú einu sinni svo að ef menn vilja skoða þetta allt í ljósi fjárfestinganna þá getum við bara sagt við okkur að við séum að setja þarna fram visst áhættufé. Það er nú einu sinni þannig að við borgum ekki okkar sérfræðingum, okkar vísindafólki, þannig laun að við getum gert neinar sérstakar kröfur til þess um að það borgi með fullri verðtryggingu og háum vöxtum til baka allan þann kostnað sem það verður fyrir vegna framfærslu, vegna skólagjalda og annars á tíu ára námsferli. En við viljum fá þetta fólk heim. Og við viljum veðja á það peningum, jafnvel þó ekki verði nema einn af hverjum fimm sem virkilega skarar fram úr, sem virkilega skilar sér.

Ég er ekki viss um að Einstein hefði þótt vera að fást við mjög gagnlega hluti á sínum tíma. Ég er ekki viss um að menn hefðu verið til í að lána honum stóra peninga til þess að liggja og grúska yfir einhverjum fáránlegum kenningum, fáránlegum hlutum, sem allir töldu bull.

Ef við lítum síðan á þetta kerfi eins og það er núna, jafnslæmt og menn segja að það sé, þá er þó staðreynd að níu af hverjum tíu krónum koma verðbættar til baka. Það skilar sér að talið er, ef ég man rétt, 87%. Það er nú bara ansi gott miðað við að þarna er sjóður sem á að gegna þessu tvíþætta hlutverki, annars vegar að gæta jafnræðis og hafa þetta félagslega hlutverk, og síðan að standa undir endurnýjun og fjárfestingu í fólki landsins.

Annað sem er dregið upp er brottrekstur framkvæmdastjóra með alls kyns dylgjum um vanrækslu. Það hefur samt komið fram að stjórn sjóðsins vann jafnt að þeim hlutum og ábyrgð stjórnarinnar er augljós. Í þokkabót, sem alls ekki kemur heim og saman við þessa miklu ábyrgð og ávirðingar framkvæmdastjórans, þá virðist manni komin sérstök traustsyfirlýsing til meiri hluta stjórnar sjóðsins, sem manni skilst að sé inni á teppum hjá ráðherrum, svo sem á hverjum degi til þess að móta stefnuna. Þeir ættu þó að bera fulla ábyrgð á rekstri, á áætlunum og annarri vinnu sem þarna hefur farið fram.

Maður getur spurt sig: Af hverju þurfti að ganga fram eins og Clint Eastwood eða John Wayne? Af hverju þurfti að skjóta fyrst og spyrja svo? Af hverju þurfti að reka? Og af hverju þurfti að æra alla námsmenn landsins og alla íslenska námsmenn heimsins upp — alveg eins og kennarana forðum? Ef þessi málstaður er svo góður, af hverju eru þá þessar aðferðir viðhafðar? Það er vissulega þörf úrbóta í sambandi við ýmis mál í Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég sagði reyndar ráðherra það á fundi í hv. fjh.- og viðskn. Nd., þar sem þessi mál voru rædd fyrir jól, að ég teldi fulla þörf á og mundi taka þátt í því að endurskoða þar ýmis mál, fara þar yfir. T.d. eins og mál sem varða afgreiðslu, mál sem varða mjög flókinn útreikning lána. Ég tel sjálfsagt mál að endurskoða lánsupphæðir, sem virðast býsna háar eftir þeim upplýsingum sem hafa komið fram, a.m.k. miðað við almenn lífskjör í þessu landi. Það er líklega rétt, það er líklega réttlátt og ekki vel siðferðilega verjandi að námsmenn fái með þessum neyslulánum betri lífskjör en fólkið í landinu verður að þola. Og þetta er allt hægt að gera án þess að skjóta menn.

Svo vil ég taka fram, í sambandi við þær miklu ofsjónir sem menn sjá í þessum mikla lífeyri sem námsmenn fá með þessum lánum, að þetta eru lán en ekki styrkir. Þetta eru lán en ekki styrkir. Og kannske er á endanum námsmönnunum sjálfum mestur ógreiðinn gerður með því að láta þá binda sér alla þessa miklu bagga. En alla þessa hluti er hægt að bæta án þess að fara offari á þennan hátt.

Annað líka sem er mjög athyglivert í þessu, og sem ég held að starfsfólk sjóðsins ætti að velta dálítið fyrir sér, en það er að það er alveg makalaust hvernig pólitíkusum, sérstaklega pólitíkusum í Sjálfstfl., hefur tekist að koma ávirðingum af þessu sem ég nefndi, eins og þessum háu upphæðum, afgreiðslumálum og þessu reiknikerfi, yfir á starfsfólkið. Starfsfólkið er að vinna eftir lögum og reglugerðum sem þeir, pólutíkusarnir, settu sjálfir. Og ef menn sjá einhverjum ofsjónum yfir þessu þá eiga þeir að líta í eigin barm. Þetta starfsfólk er líka að vinna við þær undarlegu aðstæður að það eru kannske tvö, þrjú reiknikerfi í gangi í einu vegna þess að þessum lögum og reglum hefur verið breytt, ekki af starfsfólkinu, heldur af pólitíkusunum sem sömdu lögin og sömdu reglurnar. En svo tekst með lymsku og með því að birta ýmiss konar línurit í ýmsum fjölmiðlum að koma þessu yfir á starfsfólkið! Ég hef m.a.s. horft upp á starfsfólk, m.a.s. fyrrverandi framkvæmdastjóra sjóðsins, þar sem mér sýndist hann hálfpartinn vera að bera í bætifláka fyrir þetta. Það er rangur skilningur. Starfs-

fólkið er þarna greinilega að vinna eftir reglum og lögum sem eru ákveðin af stjórnvöldum og þessu fólki er síðan falið að vinna eftir.

Það er svo sem lítið hægt að fara nákvæmlega ofan í saumana á því sem við á að taka í öllum þessum buslugangi. Þar hefur heyrst ýmislegt en ekkert verið birt. Hæstv. ráðh. segir sjálfur áðan að það séu óáreiðanlegar upplýsingar sem hafi fengist fyrir snuðr dagblaða og annarra fjölmiðla. Eitt atriði hefur þó verið mjög uppi og það er styrkjakerfi einhvers konar, sem menn eru að tala um að láta taka við, alla vega að einhverjum hluta. Mér virðist þetta styrkjakerfi á ýmsan hátt höfða til manna innan Sjálfstfl. Og það finnst mér alveg furðulegt að pólitíkusar sem hafa þó jafnoft notað tækifærin til þess að benda á að forsjá einstaklinganna, forsjá markaðarins sé þó sú sem sé skárri en stjórnskipaðra nefnda eða einhvers konar „apparata" sem setjist niður og reyni að vega hluti og meta.

Við getum alveg ímyndað okkur hvernig það væri fyrir einhverja styrkjanefnd, sem ætti að fara að úthluta styrkjum til íslenskra námsmanna, hvernig það væri fyrir þá menn og hvernig þeim mundi farast úr hendi að meta hvað væri þjóðhagslega hagkvæmt. Við hvað á fólkið okkar að vinna eftir fimm eða tíu ár? Hverjir eru góðir námsmenn? Hverjir eru lélegir? Hverjir eru framsóknarmenn og hverjir eru sjálfstæðismenn? Ég held að þetta væri illt og gæti aldrei orðið til neinna bóta. Það er líka annað sem við mundum vita, að þegar menn færu að reyna að meta hlutina á þann hátt út frá einhvers konar hagrænum eða arðsemissjónarmiðum, þá kæmi náttúrlega í ljós að grundvallarrannsóknir, grundvallarstarfsemi, sem ekki hefur augljóst arðsemisgildi í augnablikinu, mundi auðvitað standa mjög höllum fæti.

Fyrir þá sem horfðu á Nóbels-spekingana í gær er það kannske fróðlegur þanki að minnast þess sem þeir sögðu um arðsemi og um grundvallarrannsóknir. Í hverju einasta landi t.d. á Vesturlöndum, Bandaríkjunum og Bretlandi, þar sem menn hafa vaknað upp og tekið eftir því hvað það kostar mikla peninga að halda uppi menntun, að gera fólki kleift að fara í skóla og halda uppi rannsóknarstarfsemi, þá hefur þessi sami þanki komið upp: Setjum þá í eitthvað arðbært. Og þetta hefur alltaf leitt til ófarnaðar. T.d. er nú svo komið að háskólamenn í Bretlandi telja að það muni taka 10–20 ár að bæta þann skaða sem Thatcherstjórnin, með forsjárhyggju af þessu tagi, hefur valdið skólakerfi Breta. Í fyrsta lagi með því að vera að reyna að stýra því hvert peningar í rannsóknir og nám fari, og í öðru lagi með því að gera námið svo dýrt, t.d. fyrir útlendinga, að þar hafi einungis örfáir útvaldir efni á. Um þetta ættu menn að hugsa þegar þeir setjast niður í Sjálfstfl. og þykjast ætla að fara að hugsa þetta mál upp frá grunni og búa til eitthvað nýtt og gott kerfi.

Reyndar kom í ljós í niðurlagi ræðu ráðherrans að hann er orðinn beygður og hræddur. Hann vísaði til mannúðar og miskunnsemi og samvinnu í þessum síðustu orðum sínum. Það fór fyrir honum reyndar eins og Reagan, sem er kominn í þetta hlutverkið núna, að horfa votum augum framan í heiminn og höfða til mannúðarsjónarmiða. Þannig hörfar ráðherrann frammi fyrir hinni miklu fordæmingu sem þetta framferði hans hefur hlotið og þeim vanda sem það augljóslega skapar, vegna þess að það kann ekki góðri lukku að stýra að ganga um á þennan hátt. Það er reynt að láta líta svo út, eins og ég sagði áðan, að geðvonska og fákunnátta á fyrsta mánuði starfans sé nú vilji til þess að byggja upp og bæta og breyta.

Ég lýsi því yfir aftur — því hafa reyndar, held ég, allir ræðumenn lýst yfir — að menn eru tilbúnir til þess að skoða þessa hluti, taka þá upp á eyrunum, eins og sagt er, og fara ofan í saumana á þeim. En við verðum að spyrja fyrst og skjóta svo. Við verðum að fá á borðið fyrir framan okkur upplýsingar, við verðum að fá rökstuðning fyrir því að það þurfi að taka virkilega á þessu máli. Það er ekki nóg að segja okkur að þetta kosti peninga. Við vitum að þetta kostar peninga. Þetta hefur alltaf kostað mikla peninga. Alltaf. En við verðum að spyrja fyrst og skjóta svo. Annað er okkur ekki samboðið.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Hér hefur nú ýmislegt bæði margt og merkilegt komið fram en einnig að vísu mjög margt ómerkilegt. Ég verð þó að segja það alveg hreint eins og er að ræða hv. þm. Ingvars Gíslasonar opnaði augu mín fyrir því að e.t.v. leynist með honum sá neisti að hann, eins og hann reyndar sagði sjálfur, ætlaði ekki að kyngja þessu bulli, sem oltið hefur hvað eftir annað upp úr hæstv. menntmrh., og að hann mundi ekki samþykkja lagabreytingu. En markmið laga um námslán, þeirra sem nú eru í gildi, er að gera öllum kleift að stunda nám, að afla sér menntunar. Það er sem sagt markmiðið að stuðlað verði að jafnrétti til náms.

U.þ.b. 40% þeirra sem eiga rétt á námslánum hér á landi sækja um námslán. Þannig er staðan í dag. Það væri út af fyrir sig áhugavert verkefni og verðugt að kanna þann hóp fólks sem rétt á til láns en sækir ekki um. Hæstv. menntmrh. hefur með afskiptum sínum af námslánakerfinu öllu, með brottrekstri framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna, með afnámi reglugerðar um námslán og með flausturslegum vinnubrögðum og yfirlýsingum reynt að telja þjóðinni trú um að með námslánin sé bruðlað. Að með þau sé mikið bruðlað. Námsmenn eru útmálaðir sem afætur á kerfinu, fólk sem dundi sér, sér og sínum til yndis, við það að sitja á skólabekk á kostnað — já, á kostnað þessa lands.

Ég vil segja að þó ekki kæmi neitt annað til þá virkar allt þetta upphlaup ráðherrans rétt eins og vantraust á störf fyrrverandi menntmrh. Vantraust vegna þess að hún hafi látið viðgangast alla þessa óráðsíu hjá Lánasjóði ísl. námsmanna, og að hún skyldi ekki hafa tekið til hendinni og sópað út eins og hæstv. menntmrh. taldi rétt að láta verða eitt sitt fyrsta verkefni í embætti. Og eins og hann réttilega gat um áðan að þar vantaði aga. Það er sá agi sem hún greinilega hefur látið eiga sig að sýna. Þess vegna er það að þessar yfirlýsingar hæstv. menntmrh. eru í raun vantraustsyfirlýsingar á hæstv. fyrrv. menntmrh.

Hæstv. menntmrh. hefur á afar kæruleysislegan hátt dregið fram tölur úr gögnum Lánasjóðs ísl. námsmanna sem hafa að hans mati átt að sýna fram á sældarlíf námsmanna. T.d. að þeir hafi fengið yfir 2,5 millj. kr. sem þeir þurfi ekki að greiða til baka. Það er þá meira sældarlífið. Til samanburðar má geta þess að það er námvæmlega sama upphæð sem nýjasti ráðherrabíllinn

kostaði, eða 2,5 millj. kr. Ef haft væri fyrir því að sýna slíkt fordæmi af hálfu ríkisstjórnarinnar að eftir væri tekið og talið til eftirbreytni þá væri hálfur sigur unninn í því efni að boða niðurskurð.

Þá hafa starfsmenn Lánasjóðs ísl. námsmanna orðið fyrir ómaklegum aðdróttunum á svipaðan hátt. Tíundaðar hafa verið yfirvinnustundir eins starfsmanns sjóðsins í einn mánuð. Og með ofurháum tölum um laun þessa eina manns, þennan eina mánuð, hefur hæstv. menntmrh. talið þjóðinni trú um að það sé verið að bruðla með opinbert fjármagn. Staðreyndir þessa máls um Lánasjóð ísl. námsmanna eru að öllum líkindum víðs fjarri því sem ráððgjafar hæstv. ráðh. halda að honum. Ætla má að með eftirliti um framvindu náms og með tekjueftirliti því, sem starfsmenn Lánasjóðs ísl. námsmanna sinna, sparist 2–300 millj. á hverju ári. Hæstv. menntmrh. einblínir hins vegar á óeðlilega yfirvinnu starfsfólksins. Þetta allt heldur hæstv. ráðh. áfram að nota sem röksemd þrátt fyrir að margsinnis hafi verið reynt að skýra út fyrir honum og ráðgjöfum hans að við stofnunina hefur verið unnið að tölvuvæðingu á upplýsingagögnum og afgreiðslugögnum, sem m.a. hefur gert það að verkum að um hefur verið að ræða feiknamikið starf hjá starfsmönnum sjóðsins. Enda hefur það óðum verið að koma í ljós við þá úthlutun sem nú á sér stað úr sjóðnum að sú vinna er að skila sér í bættum afköstum sem m.a. kemur fram í hraðvirkari afgreiðslumáta en áður hefur tíðkast og verið hægt að veita. Þrátt fyrir þetta þrástagast hæstv. menntmrh. á þessari útslitnu tuggu um óeðlilega yfirvinnu starfsfólksins.

Þess vegna hvarflar það óneitanlega að manni að miklu líklegra sé að fyrir ráðgjöfum hæstv. ráðh. menntamála — sem áðan voru nú kallaðir héðan úr ræðustól púkar á öxlum hans — vaki það fyrst og fremst að losa ríkið við námsmenn. Með öðrum orðum að hrekja fólk frá lánasjóðnum, að það sé álit þeirra að allt of margt fólk sæki um námslán. Ég vil í því sambandi vitna í fréttaskýringu sem birtist á síðum Morgunblaðsins í dag. Af innlendum vettvangi, heitir það eftir Óla Björn Kárason, en hann vitnar í drög að frv. að lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem þm. hafa nú ekki fengið að sjá enn þá en eru honum greinilega mjög vel kunn. Með leyfi herra forseta:

„Þá er einnig bent á mikilvægi þess að sjóðurinn verði fjárhagslega sjálfstæður þ.e. endurgreiðslur standi undir útlánum.“ Og síðar segir: „Vegna þess að hagur þjóðfélagsins af háu menntunarstigi er mikill, er talið rétt að námslán beri lægri vexti en markaðsvexti þannig að þau séu ætíð í hópi hagstæðustu lána. Undir þessi síðustu orð skal tekið, en jafnframt er dregið í efa að markmiðið með 3% raunvöxtum náist, þ.e. draga úr eftirspurn eftir lánum.“

Herra forseti. Hér er þeirri fréttaskýringu beitt að tilgangurinn sé að draga úr eftirspurn eftir lánum og dæmi svo hver fyrir sig.

Önnur röksemd hæstv. ráðh. og mikilvægt veganesti er sú skoðun fylgisveina hans að námslán beri að greiða að fullu til baka. Er þá aftur gripið til dæma, sem eru algerar undantekningar, með því að benda á þá námsmenn sem skulda allra mest og ekki greiða nema hluta námslánanna til baka á þeim 40 árum sem þeim er gert að greiða lánið til baka. Staðreyndirnar eru allt aðrar en þessi undantekning. Langflestir námsmanna munu greiða lán sín að fullu til baka samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru. Sé miðað við allan þann hóp sem tók lán eftir 1982 er gert ráð fyrir því að endurgreiðslan nemi 85–90% af upphaflegu námslánunum með vísitölu ofan á. Í dag nemur endurgreiðsluupphæðin 3,75% af heildartekjum einstaklinga eins og þær eru eða verða að afloknu námi. Það lætur nærri — og ég bið hv. þm. að veita orðum mínum vel athygli — að þetta sé sama upphæð og ef tekjuskattur þessa fólks yrði hækkaður um 50%. Og þá er miðað við ástandið eins og það er í dag. Þetta er hin margfræga greiðslubyrði eða öllu heldur það sem úthrópað hefur verið sem gjöf samfélagsins til námsmanna. Þetta samsvarar því að tekjuskattur meðalskattgreiðanda hækkaði um 50%. Og þá reikna ég með því að tekið sé mið af þeim forsendum, sem í gildi eru, eða þeirri staðreynd að að meðaltali greiða menn 7–8% af bruttótekjum sínum í tekjuskatt. Endurgreiðsluupphæðin nemur sem sé 3,75% af heildartekjum einstaklinga eins og þær eru eða verða að afloknu námi. Það má þess vegna segja að það jafngildi því að tekjuskattur þessa fólks yrði hækkaður um 50%.

Nei, því miður bera vinnubrögð hæstv. menntmrh. þess ekki vott að skynsamlega sé á málum haldið. Getgátur um velsæld námsmanna og ómaklegar árásir á starfsfólk Lánasjóðs ísl. námsmanna er engum til sóma. Í fyrsta lagi skulum við vera þess minnug að ganga má út frá því sem vísu að lánskerfið hefur að öllum líkindum gert fleirum en ella kleift að stunda nám. Ef ekki nyti við þessara lána gætu hinir fjölmörgu námsmenn, sem í dag leita til Lánasjóðs ísl. námsmanna, alls ekki stundað nám. Svo einfalt er það nú.

Það á ekki með undantekningardæmum að brjóta niður námslánakerfið eins og nú virðist ætlun yfirvalda. Þetta kerfi, eins og það er uppbyggt í dag, stuðlar að jafnrétti til náms. Inn í umræðuna um námslánin hafa blandast vangaveltur um það hvort það sé hlutverk námslánakerfisins að framfleyta fjölskyldum sem tryggingar og almannasjóðir ættu í reynd að styrkja. U.þ.b. 400 börn einstæðra foreldra sem eru í námi fljóta hér með. En samtals munu um 3000 börn vera í fjölskyldum námsmanna sem njóta námslána. Samanburður er gerður á dagvinnutöxtum verkafólks og námslánum. En því miður er það nú svo að þessi umfjöllun öll og samanburður er okkur til háborinnar skammar. Lágtekjufólkið, sem býr í leiguhúsnæði eða er að berjast við að koma yfir sig eigin húsnæði, hefur smánarkjör og lifir ekki af þeim. Það sama gildir um námsmenn sem hafa þunga framfærslu. Við leysum hins vegar engan vanda með því að útiloka þetta fólk frá námi með skertum námslánum.

Síðustu tilkynningar hæstv. ráðh. menntamála þjóðarinnar hljóða upp á það að í framtíðinni skuli styrkja þá til náms sem koma þjóðinni að gagni. Eða eins og það hefur verið orðað: „Fyrir efnilega stúdenta í þjóðhagslega hagkvæmu námi.“ Hver skyldi nú eiga að beita þeirri mælistiku? Og hvort skyldi nú verða notast við kvarða Framsfl. eða Sjálfstfl.? Þetta yrði líklega eitt deilumálið enn milli þessara ríkisstjórnarflokka. Sjálfsagt vakir fyrir hæstv. ráðh. að þeir njóti styrkja sem hyggja á nám sem fleyta muni þjóðinni fram á við — hvað sem það nú annars þýðir og hver sem á að meta hvort svo er. Þannig munu t.d. þeir sem leggja stund á andleg fræði einskis njóta. Það var minnst hér áðan á Einstein og það sem hann var að dútla við og hversu

mikla styrki hann hefði fengið. En tökum eitt dæmi:

Fyrir stuttu síðan andaðist einn af mestu andans mönnum þessarar þjóðar, Jón Helgason, prófessor í Kaupmannahöfn. Dettur einhverjum í hug að hann nyti eins eða neins úr forðabúri frjálshyggjunnar hefði hann verið að hefja nám á þessu herrans ári 1986, í svo vitagagnslausum fræðum sem íslensk fræði hljóta að vera samkvæmt skilgreiningu ráðherrans: Fyrir efnilega stúdenta í þjóðhagslega hagkvæmu námi?

Því miður. Aðgerðir hæstv. ráðh. hafa að undanförnu verið með þvílíkum endemum að engu tali tekur, enda tekur því varla að tíunda síðustu afrekin er reglugerð var afnumin, síðan endurvakin og með viðbót sem kostar ríkið 150 millj. kr. í ofanálag við 600 millj. kr. gat sem var í fjárlögum fyrir árið 1986, miðað við áætlanir Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er auðvitað sjálfsagt að endurskoða og endurskipuleggja allar stofnanir og kerfi sem sett hafa verið á stofn, og ekki síður þetta heldur en önnur. En það má bara ekki byrja á öfugum enda vegna þess að slíkt leiðir ekki ætíð góðs.

Herra forseti. Það reynir á stjórnarsamstarfið í þessu máli. Hér takast á nýhyggjusjónarmið frjálshyggjunnar í Sjálfstfl. og verndun jafnréttis til náms. Greinilegt er að þar eru sem betur fer samstarfsflokkarnir í ríkisstjórn ekki sammála og hv. þm. Ingvar Gíslason er sammála mér og fleirum um það að niðurrif námslánakerfisins leiðir til ójöfnuðar í þjóðfélaginu. Og svo er vonandi farið um sem flesta hv. þm.

Herra forseti. Við erum þó alltént að tala um okkar eigin börn og möguleika þeirra til náms í framtíðinni. Ég vonast til að við berum gæfu til að vera skynsöm og sýna skilning og þá sanngirni, sem leiða muni til farsældar fyrir framtíð þessa lands, sem, hvernig sem á málið er litið, hlýtur m.a. að vera það unga fólk sem leggur það á sig að stunda nám við þær aðstæður sem því eru búnar.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það vakti athygli mína í málflutningi hv. 4. landsk. þm., og hefur gert það reyndar áður, hversu hetjusagnir hans úr bernsku og frá unglingsárum virðast allar vera sóttar í hugmyndaheim vestur til Ameríku. Hetjur hans eru einhverjir náungar sem heita Jón hinn hégómlegi eða Vísunda Billi eða aðrir slíkir, en mér hefur heyrst á sveitunga mínum frá Djúpi, hæstv. menntmrh., að hans hetjur væru kannske meira sóttar í sögur eins og Fóstbræðrasögu, af þeim görpum Þormóði og Þorgeiri. Kannske væri nær að líkja samskiptum hæstv. menntmrh. við hinn brottrekna framkvæmdastjóra lánasjóðsins við samskipti garpsins Þorgeirs Hávarssonar þegar hann á suðurleið sá karl húka fram á staf og stóðst ekki freistinguna að láta höggið ríða af því að hann lá svo vel við höggi. (**Gripið fram í:** Það var á Hvassafelli.) Var það á Hvassafelli? Jæja.

Það vakti líka athygli mína að hv. 1. þm. Norðurl. e., hæstv. fyrrv. menntmrh., kvaðst ekki haldinn neinum skörungskomplexum og beindi því til eftirmanns síns að láta nú skörungsskap sinn koma annars staðar niður heldur en í umræddum lánasjóði, svo sem eins og þegar þeir félagar tóku til hendinni á námsárum sínum í galeiðuþrældómi á togurum, skildist mér, eða í steypuvinnu sem þeir hefðu auðvitað ekki gert nú samkvæmt núgildandi reglum eða hvað, hæstv. ráðherrar núverandi og fyrrverandi?

Ég nenni ekki að þæfa þetta mál lengi af þeirri einföldu ástæðu að þótt sveitungi minn hæstv. menntmrh. hafi ekki staðist freistinguna að láta höggið ríða hefur hann margtíundað það að hann hafi engar tillögur fram að færa. Hann hefur að vísu haft uppi stór orð um þennan sjóð, bágborinn rekstur hans, ábyrgðarleysi, vitlausa áætlunargerð, lélega nýtingu fjármuna, en honum er eiður sær að hann hafi uppi nokkrar tillögur og allsendis ótímabært að ræða þær eða kynna þær. Hann hefur ekki kynnt þær. Hann hefur ekki mátt vera að því að ræða þær við formann í eigin flokki. Hann hefur ekki, þrátt fyrir góðan vilja, mátt vera að því að ræða þær við forvera sinn og „samstarfsflokk svokallaðan", eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. kallaði það, samstarfsflokk svokallaðan. Hann hefur reyndar ekki séð þessar tillögur og og varla séð þessa nefnd sem er að vinna að tillögunum. Meðan svo er er auðvitað öldungis ótímabært að við stjórnarandstæðingar séum að láta einhver orð falla um eitthvert slúður úr blöðum, einhverjar tillögur einhverrar leyninefndar sem hvergi er neitt að sjá um nema þá í slúðurdálkum blaða.

Hitt er auðvitað gamanmál þegar hæstv. ráðherra gerir það að forsendu sinni fyrir brottvísan starfsmanns að hann sé bágborinn áætlunarmaður. Þegar við ræddum hér fjárlög fyrir jól urðu ýmsir til þess að rifja upp árangurinn af áætlunargerð hins opinbera. Reyndar minni ég á að við þær umræður rifjaði ég upp og vitnaði í formann Sambands ungra sjálfstæðismanna sem hafði í ágætu erindi hjá Hagfræðingafélaginu farið í gegnum reynsluna af áætlanagerð fjmrh. s.l. áratug eða svo og fjmrn. þar sem skakkaði aldrei minna en nokkrum þúsundum milljóna á því hversu mikið áætlanir þeirra voru út í bláinn. Reyndar hélt hann því fram að öll fjárlagagerð ríkisins væri tóm della, þ.e. tekjuöflunin byggð á mjög veikum forsendum, útgjaldaáætlanir allar byggðar á tilbúnum forsendum, vanáætlanir stórkostlegar, enda skemmst að minnast reynslu hæstv. fyrrv. fjmrh. sem lagði hér fram fjárlagafrv. þar sem gert var ráð fyrir 700 millj. kr. hagnaði og endaði með tæplega 3 milljarða dúndrandi halla. Þetta er svona dæmigert fyrir áætlunargerð ríkisins í fjármálum.

Sennilega er þeim einhver vorkunn þarna uppi í sjóði. Í fyrsta lagi var það ekki framkvæmdastjórinn sem bar ábyrgð á þessari áætlunargerð. Óvissuþættirnir hjá þeim eru fleiri. Þeir þurfa að spá í gengi, þeir þurfa að spá í verðbólgu, þeir þurfa að spá í fjölda námsmanna, þeir þurfa að spá í ýmsa hluti sem þeim í fjmrn. hefur illa tekist að spá í. Kannske er þetta bara eins og með hann Þorgeir Hávarsson; kannske ekki mjög skynsamlega að farið að byrja á því að reka þennan framkvæmdastjóra, hengja kannske bakara fyrir smið áður en hæstv. ráðh. er farinn að leggja niður fyrir sér hverju hann vill breyta. Hann er gagnrýninn á sukk og óstjórn en ekki búinn að leggja niður fyrir sér hverju hann vill breyta. Hann er búinn að magna upp draug, þ.e. allt slúðrið í blöðunum. Það er búið að eigna honum ákveðnar tillögur og hann er búinn að magna upp óvild og fjandskap og geðshræringar þúsunda námsmanna. Honum hafa láðst þau hyggindi að ræða svolítið við svokallaðan samstarfsflokk og hefur stefnt málinu yfirleitt í þá stöðu að það er allsendis óvíst að nauðsynlegar breytingar á þessum nefnilega ágæta sjóði nái fram að ganga vegna vinnubragðanna.

Ég er annars hingað kominn fyrst og fremst til þess að

svara einni fsp. frá hæstv. ráðh. Mig undrar það nefnilega að hæstv. stjórnarandstæðingar hafa ekki virt hæstv. ráðh. svo mikils að svara þessari spurningu hans. Þó hann hafi sjálfur engar tillögur fram að færa um það hvernig hann ætli að breyta þessum sjóði eða reglum hans spurði hann: Hverjar eru tillögur stjórnarandstæðinga um það hvernig eigi að mæta þeirri fjárþörf, sem nú liggur fyrir frá þessum sjóði, umfram það sem heimilað var í fjárlögum, 450–500 millj.?

Rifjum aðeins upp: Við fjárlagaafgreiðsluna samþykktum við 865 millj., ef mig minnir rétt, í framlögum frá ríkissjóði. Í lánsfjárlögum var af báðum svokölluðum samstarfsflokkum samþykkt 400 millj. kr. erlend lántaka, dollaralán, gengistryggð, á 9% raunvöxtum til endurlána vaxtalaust. Síðan segir hæstv. ráðh.: Til viðbótar vantar 450–500 millj. Og hvað leggur stjórnarandstaðan til? Hvar á að sækja þá peninga? Hann spyr: Á að sækja þá í vasa skattgreiðenda eða á að bæta þeim við þessar 60–70 þús. millj. kr. sem við þegar höfum tekið í langtímalánum erlendis frá? Og hverjir eiga svo að borga það þegar þar að kemur?

Ég ætla að svara þessari spurningu fyrir mitt leyti. Ég ætla nefnilega að rifja það upp fyrir hæstv. ráðh. hvað gerðist við fjárlagaafgreiðslu. Þá gerðist það m.a. að því er varðaði lánsfjárlög að sá sem hér stendur lagði það til að heimildir Lánasjóðs ísl. námsmanna til erlendrar lántöku yrðu minnkaðar um helming úr 400 millj. í 200 millj. og hefði náttúrlega verið æskilegast að þurrka þær út með öllu því það er frámunaleg heimska að ætla að reka slíkan sjóð með erlendum lántökum. En okkar tillaga var sú að lækka þær alla vega um 200 millj.

Í annan stað fluttum við við fjárlagaafgreiðslu tillögur um að auka framlög ríkisins um 200 millj. og bæta þar með lánagetu sjóðsins um meira en sem því svarar vegna þess að vaxtabyrðin og vaxtabilið milli lántöku og útlána hefði þá orðið miklum mun minna.

Og það var ekki bara þetta. Við lögðum raunverulega fram önnur fjárlög sem svara fullnægjandi fsp. hæstv. ráðh. Við lögðum fram fjárlagatillögur þar sem við gerðum ráð fyrir því að minnka útgjöld ríkisins um rúmlega 2000 millj. Við lögðum fram tillögur um það að fækka ríkisstofnunum. Við lögðum fram tillögur um það að hætta að gefa atvinnurekendum og samtökum þeirra þjónustu á vegum hins opinbera heldur ætlast til þess að atvinnuvegirnir greiði sjálfir þessa þjónustu. Við lögðum til að velferðarkerfi fyrirtækjanna, upp á 3 milljarða, yrði aflagt af fjárlögum. Við lögðum til með þessum hætti að ný erlend lán ríkissjóðs og ríkisgeirans yrðu minnkuð um 1700 millj. Jafnframt tókst okkur að koma hlutunum þannig fyrir að greiðsluafgangur ríkisins hefði verið meiri á þessu ári heldur en áætlaður var af stjórnvöldum.

Svör okkar við fsp. hæstv. ráðh. eru mjög skýr. Við erum algjörlega andvígir því að Lánasjóður ísl. námsmanna verði rekinn á erlendum lánum, algjörlega. Í annan stað: Við gerðum tillögur um gjörsamlega breytt tekjuöflunarkerfi ríkisins sem gæti skilað ríkissjóði auknum tekjum, en lánasjóðinum upp á kannske 1–2 þús. millj. verður ekki haldið uppi nema með skattlagningu. Honum verður ekki haldið uppi með erlendum lánum. Það er dálítið athyglisvert að enginn af stjórnarandstæðingum skyldi hafa vikið að þessu einu einasta orði, ekki einu einasta orði. Og það er dálítið merkilegt að stjórnarliðar, sem sjálfir gengu frá kolvitlausum fjárlögum, sem munu bregða sem svarar svona 3000 millj. frá því sem þeir samþykktu núna fyrir jól og þangað til þau fjárlög verða gerð upp um áramót — það er dálítið skondið að stjórnarliðar sjálfir með hæstv. menntmrh. í fararbroddi eru að spyrja stjórnarandstöðuna um slíkar tillögur. Sjálfir tóku þeir þátt í því að leggja þær byrðar á þennan lánasjóð að taka 400 millj. kr. af erlendu fé í þennan sjóð og ráku þó allt á dúndrandi halla, allan ríkisgeirann, byggðu alla þessa draumóra sína í hinum opinbera geira á lántökuþörf upp á 12 300 millj. og gerðu ráð fyrir því að taka ný erlend lán upp á 8300 millj. Hvílík speki, þvílík fjármálasnilld, þvílík fyrirmynd til handa hinum ungu mönnum í lánasjóðnum.

Það má bæta við: Er sá sem hér stendur reiðubúinn að lýsa því yfir að hann sé ánægður með núverandi skipan lánasjóðsins? Vil ég óbreytt lög og óbreyttar reglur? Mitt svar við því er nei. Og hvers vegna ekki? Hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti hér mjög þekkilega ræðu, húmaníska og góða ræðu sem var honum til sóma og ánægjulegt að heyra hana. Hann sagði, ef ég skildi hann rétt: Hér á engu að breyta. Þetta eru góð lög, þetta eru réttlát lög, þetta eru lýðræðisleg lög og í guðanna bænum, hæstv. menntmrh., firr okkur skörungsskap þínum og láttu lögin í friði.

Nú er spurningin: Er það virkilega svo að þetta séu svo góð lög? Hvað hef ég við þau að athuga? Það er tvennt eða þrennt. Árið 1983 kom til valda ríkisstjórn sem báðir þessir heiðursmenn styðja, annar sem ráðherra og hinn sem stuðningsmaður óbreyttur, en áhrifamaður í sínum þingflokki, skulum við segja. Fyrsta verk og reyndar eina verk þessarar ríkisstjórnar, sem máli skiptir, var það að afnema vísitölukerfi launa. Laun höfðu áður verið tengd framfærsluvísitölu. Munurinn á launum eftir það og lánum til námsmanna er sá að lánin til námsmanna voru áfram vísitölutengd, þ.e. þau eru byggð á framfærslu og hækka með framfærslukostnaði og það gerist á nokkurra mánaða fresti reglulega. Hver er niðurstaðan? Ef við tökum nóvemberverðlag er niðurstaðan sú að fólk á vinnumarkaðinum, t.d. einhleyp kona með tvö börn sem vinnur í BÚR, fær fyrir sína vinnu 16 þús. kr. á mánuði, einstæð kona með tvö börn. Hæstv. ráðh. var að upplýsa það hér áðan að einstæð kona við nám með tvö börn fengi í lánasjóði lán sem gæti verið á bilinu 50–60 þús. kr. Þetta sagði hæstv. ráðh. Með öðrum orðum: munurinn á launum hinnar einstæðu konu í BÚR og þá þeim lánum sem hin konan, samkvæmt upplýsingum ráðherra, ætti að geta fengið er ekki smálítill, 16 þúsund í samanburði við 50–60 þús. Ef menn hins vegar rengja þessar tölur þá geri menn það. Ég er að vitna til orða ráðherrans sjálfs.

Spurning: Er þetta réttlátt, er þetta sanngjarnt, er þetta eðlilegt, eigum við að styðja þetta? (Gripið fram í.) Er þetta satt? Já. Ef það er satt er ég ekki þeirrar skoðunar að það sé sanngjarnt, réttlátt og eðlilegt. Af hverju ekki? (Gripið fram í.) Vel má vera að það þurfi ekki að breyta lögunum. Það er hins vegar sjónarmið — ef ég les rökstuðning málsvara lánasjóðsins, sbr. þessa bók, Upplýsingar um Lánasjóð ísl. námsmanna — sjónarmið þeirra að það sé lögbrot ef Alþingi skerðir framlög til sjóðsins þannig að hann geti ekki úthlutað samkvæmt óbreyttum lögum og reglum, þ.e. á grundvelli hækkandi framfærslukostnaðar, samkvæmt áætlunum sjóðsins. Því er haldið fram að það sé lögbrot og

krafan er sú að Alþingi sjái til þess að framkvæmdavaldið standi við lög. En ég endurtek: Munurinn er þessi, ef upplýsingar ráðherrans eru réttar, á nóvemberverðlagi 16 þúsund á móti 50 til 60 þús.

Hverjir borga þennan mun? Þetta er auðvitað millifærslukerfi í þjóðfélaginu og það er greitt af sköttum. Hverjir borga skatta á Íslandi? Það ættu hv. alþm. að vera farnir að vita. Þeir sem borga skatta á Íslandi eru hinir efnaminni, fyrst og fremst, það eru launþegar í landinu og hinir efnaminni. Hverjir borga ekki skatta á Íslandi eða hafa sjálfdæmi um skatta? Það eru hinir efnameiri. Er þá þetta kerfi tekjujafnandi og er það réttlátt? Er það réttlátt að af skattpeningum launþega á Íslandi hverra launum er með lögum stjórnvalda búið að þrýsta niður á þetta stig — og um leið greiða þeir af þessum hungurlaunum skatta sína og útsvör — sé greitt með þessum hætti til námsmanna? Menn svari hver fyrir sig. Mitt svar við því er að þetta geti ekki staðist.

Því er haldið fram, og það er staðfest hér á skýrslum, að námsaðstoðin hér sé rausnarleg í samanburði við aðrar þjóðir. Því er t.d. haldið fram að hún sé talsvert ríflegri en Danir telja sig hafa efni á, eða sem svarar, miðað við 1983-verðlag, 26% hærri, og hærri en Svíar telja sig hafa efni á. Það er upplýst, a.m.k. að því er varðar Svía, að vextir séu greiddir af slíkri námsaðstoð.

Spurningin er: Þjóðfélag eins og okkar, sem er í djúpri efnahagslegri kreppu, fyrst og fremst af mannavöldum, af völdum heimskulegrar og lélegrar hagstjórnar, ekki bara þessarar ríkisstjórnar heldur ríkisstjórna þar á undan: á hverju hefur það efni? Hefur það efni á því að gera þannig upp á milli manna að ætla einstæðri móður á vinnumarkaðinum 16 þús. kr., en ætla kynsystur hennar í svipaðri aðstöðu með jafnmörg börn á framfæri 50–60 þús. skattfrjálst?

Mál númer tvö: Er það eðlilegt kerfi og eigum við að leggja blessun okkar yfir það að námslánin séu með einum eða öðrum hætti vinnuletjandi, þ.e. að menn séu ekki hvattir til þess að afla tekna eftir því sem þeir geta vegna þess að það bitni á þeim, mönnum sé refsað fyrir það að afla tekna? Flestir mundu nú svara því á þann veg að það væri ekki æskilegt og mjög margir nemendur, mjög margir stúdentar, taka undir það að þessu þurfi að breyta. Þetta kann að vera erfitt í framkvæmd, og það kom fram í máli eins ræðumanns að ef þessu væri breytt mundi það þýða að hundruð námsmanna, sem nú hafa of miklar tekjur og sækja ekki um, mundu sækja um slíkt lán. Þá svara aðrir: Mundu menn gera það ef þessi lán bæru 1% vexti, ef þetta væru m.ö.o. lán? Og ef endurgreiðslan væri ekki skert, miðað við eitthvert hlutfall af tekjum, heldur væru lánin meðhöndluð eins og hver önnur lán sem menn yrðu að greiða aftur til baka, a.m.k. verðtryggð, hugsanlega með 1% vöxtum, alla vega greiða til baka? Þetta kann að vera erfitt í framkvæmd.

Þriðja atriðið, sem verður að fást upplýst ef á að taka einhverja afstöðu í þessari umræðu, er þetta með endurgreiðslurnar. Menn spyrja: Er það rétt, sem hér hefur verið haldið fram af hverjum ræðumanni á fætur öðrum, að þetta sé lánakerfi? Eru lán í reynd endurgreidd? Hvert er þetta endurgreiðsluhlutfall? Ég ætlast til þess að hæstv. menntmrh. gefi upplýsingar um það.

Ég hef hér í höndum skýrslu um Lánasjóð ísl. námsmanna sem tekin var saman fyrir fyrrv. menntmrh. af fyrirtæki sem heitir Könnunarstofan hf., Rannsóknir og kannanir — Ráðgjöf um rekstur og stjórnun. Dagsett 5.3. 1984. Í þessu riti er því haldið fram, fullum fetum, að áætlanir frá 1976 og 1982 um endurgreiðsluhlutfall, 66% og 88%, séu fjarri öllum sanni, standist engan veginn. Í raun og veru er því haldið fram að endurgreiðsluhlutfallið að því er varðar fyrri spána, 66%, megi áætla á bilinu 46 til 55 og að því er varðar seinni spána, 88%, geti það að líkindum orðið einhvers staðar í kringum 75%, ef ég man rétt. En það er ekki öll sagan sögð með því. Hér eru birtar töflur yfir tímabilið 1971–1983 þar sem rakið er hvað framlag ríkissjóðs er hátt hlutfall af ráðstöfunarfé lánasjóðsins, allt á verðlagi 1983. Framlag ríkissjóðs er sem hlutfall af ráðstöfunarfé yfirleitt á bilinu frá því um 50% upp í 70, 80 og 90% framan af en síðan svona á bilinu 60 til 70% seinni árin. Tekin lán voru framan af í hófi en einkum eftir árið 1979–1980 fóru þau vaxandi. Erlend lán sem uppruni ráðstöfunarfjár eru þetta á bilinu frá 27 og upp í 35%. Síðan kemur heil tafla yfir endurgreiðslur, afborganir og vexti af fyrri lánum sem hlutfall af ráðstöfunarfé og það er á árabilinu 1971–1983 og það er upp að telja: 3%, 2,3%, 2,1%, 2,7%, 1,9%, 2,8% og síðan áfram upp í 4,5%, 4,4%, 5,6%. Í þessari sömu könnun segir svo, með leyfi forseta:

„Á árabilinu 1971–1983 nemur framlag ríkissjóðs til LÍN 2482 millj. kr. Þetta framlag eykur höfuðstól sjóðsins aðeins um 1,1 milljarð kr. rúmlega. Mismunurinn, 1334 millj., er horfinn. Á þá upphæð má líta sem kostnað við lánsfjármagnið og rekstur sjóðsins."

Árið 1976 var tekin upp verðtrygging. Samt sem áður eru þessar tölur birtar og ég vek athygli á því að aðalböl þessa sjóðs er það að einkum og sér í lagi eftir 1979 var hann rekinn á erlendum lánum, sem þýðir að uppbygging á eiginfjárstöðu sjóðsins fram í tímann var eyðilögð rétt eins og gert var við Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna af sömu ríkisstj. og sömu ráðamönnum, m.a. af flokki þess manns, Alþb., sem hóf þessa umræðu hérna áðan. Eru menn kannske eitthvað ósammála þessari athugasemd? Nei. Í þessari skýrslu sérfræðings sjóðsins segir svo í grg. eftir Guðmund Sæmundsson á bls. 2, með leyfi forseta:

„Frá árinu 1979 hefur sú vonda venja verið tekin upp að láta sjóðinn taka stórar fúlgur að láni. Í upphafi var þetta gert vegna þess að fjárframlög nægðu ekki og er þá fyllt upp í skarðið með lántökuheimild. Síðan varð þetta að venju, þ.e. að gera frá upphafi ráð fyrir að greitt yrði of lítið fé til sjóðsins á fjárlögum en bæta svo við með lántökum. Ljóst er að þetta er slæm ráðstöfun og ákaflega óhagkvæm, bæði fyrir sjóðinn og ekki síður fyrir stjórnvöld og þjóðina alla því að auðvitað þarf að greiða öll þessi lán."

Svona fjármálastjórn á ekkert skylt við tilraun til að byggja upp félagslegt tekjujöfnunarkerfi. Þetta er ábyrgðarlaus stjórnsýsla manna sem hreinlega vita ekkert hvað þeir eru að gera eða gefa skít í það hvaða afleiðingar þetta hefur, vegna þess að þetta þýðir að svo langt sem litið verður fram í tímann, 10 ár fram í tímann, þá mun endurgreiðsluhlutfall þessa sjóðs ekki lagast að ráði. Fyrir því hef ég orð sérfræðinga sem eru þaulkunnugir þessum málum.

Menn geta ekki gert ráð fyrir því miðað við t.d. hvort tveggja, fyrirsjáanlega fjölgun lántakenda í sjóðnum og takmörkun endurgreiðslu. Fjölgunin er núna ekki eins og áætlað var hér 3% á ári heldur 20% á næsta ári.

(**Gripið fram í:** Á hvaða ári?) Ég er að tala um áætlun um fjölgun nemenda, þ.e. fjölgun lántaka sjóðsins. Þar eru mínar upplýsingar þær að í starfi nefndarinnar, sem vann að undirbúningi löggjafarinnar 1982, hefur verið gert ráð fyrir því að lánþegum mundi fjölga milli áranna 1983 og 1984 að meðaltali um 3%. Staðreyndin varð aftur á móti sú að fjölgunin varð 20,6%. Þar munar langmest um gífurlega fjölgun nemenda í sérskólum hér innanlands sem varð 49%.

Af því að hæstv. fyrrv. menntmrh. vitnaði í líkanið *góða sem á að vera inni í menntmrn. verður að geta* þess að þessi tala, áætlunartala um 3% fjölgun nemenda, er í því ágæta líkani alveg eins og áætlanirnar um endurgreiðsluhlutfallið. Munurinn er sem sé á þessu árabili, 1983–1984, orðinn 17% að því er varðar áætlaða fjölgun nemenda og ef upplýsingarnar eru réttar, sem hér er að finna í þessari skýrslu, þá eru spárnar um endurgreiðsluhlutfallið líka ákaflega tvísýnar.

Ég hef gert hér þrennt að umtalsefni, herra forseti:

1. Samanburðurinn milli námsstyrkja og lána á vinnumarkaðinum.

2. Efasemdirnar eða spurningarnar um hvert endurgreiðsluhlutfallið er og hvert það getur orðið.

3. Spurningin um hvernig kerfið virkar að því er varðar hvatningu manna til að afla tekna jafnhliða námi.

Þetta eru kannske að mínu mati stærstu efasemdirnar um núverandi kerfi. Hins vegar er aðalspurningin þessi, svo að ég dragi þetta allt saman í eina spurningu: Er núverandi kerfi raunverulega tekjujafnandi? Menn halda enn í dag að skattakerfið á Íslandi sé tekjujafnandi. Það er það ekki. Það er mismunandi vegna þess að íslenska skattakerfið flytur tekjur frá hinum efnaminni til hinna efnameiri. Menn héldu að húsnæðislánakerfið væri tekjujafnandi. Það er það ekki. Það er stórkostlegur fjármagnstilflutningur frá hinum efnaminni og einkum og sér í lagi leigjendum og öðrum skattgreiðendum til þeirra sem eru að byggja villur, svo að ég ekki segi félagsheimili, yfir sjálfa sig og fjölskyldur sínar.

Spurningin er: Hvernig virkar þetta kerfi? Mér finnst að það *vanti alla vinnu, allar upplýsingar sem máli* skipta á borð þm. áður en við getum svarað þeirri spurningu óyggjandi.

Auðvitað eru kjör þeirra sem stunda nám gífurlega ólík innbyrðis. Auðvitað eru til nemendur, einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, sem stunda nám í Háskóla Íslands og eru frá bjargálna heimilum, geta búið heima hjá sér og stundað nám með tiltölulega mjög litlum kostnaði. Það er dýrara fyrir nemendur utan af landi að sækja nám. Námskostnaður manna, sem stunda nám erlendis, er mjög mismunandi.

Það liggur fyrir að stór hluti nemenda við Háskóla Íslands tekur ekki námslán. Það liggur líka fyrir sem staðreynd, þó að erfitt sé að upplýsa, að umtalsverður hópur nemenda er ekki svo vitlaus að hann neiti sér um að taka þessi lán þó að hann þurfi ekki á þeim að halda vegna þess að staðreyndin er sú að þetta eru hagkvæmustu lán sem fáanleg eru á markaðinum fyrir utan kannske byggðastofnunarlánin í tíð hæstv. fyrrv. kommissars Sverris Hermannssonar. Þetta eru einhver hagstæðustu lán á markaðinum.

Ég er ekkert að liggja á því að ég veit af tilviljun um hóp nemenda í námi í viðskiptadeild sem tók ekki námslánin fyrstu árin, þurfti ekkert á þeim að halda. En þegar þeir sáu að þeir gátu fengið þessi lán, fullnægðu þessum skilyrðum, og að þeir gátu ávaxtað þessi lán á íslenska verðbréfamarkaðinum með raunvöxtum umfram verðbólgu upp í 17% stóðust þeir náttúrlega ekki þessa freistingu.

Ég hef ekki hugmynd um hvort þetta eru einstök dæmi. Ég veit einfaldlega að vaxtapólitíkin á Íslandi er orðin þannig að þess eru mörg dæmi að menn eru hættir að stunda atvinnurekstur vegna þess að þeir geta ávaxtað sitt fé miklu betur í spekúlasjón í pappír. Það liggur fyrir að menn, sem eru að stunda sitt nám í viðskiptafræði og hafa kannske einn hóp til að kanna mismunandi vaxtakjör á Íslandi, sjá sér leik á borði í að fá þarna ódýr lán til að forvalta með verulegum og dægilegum hagnaði.

Þetta er að sjálfsögðu ekki nægilegt dæmi til að fordæma heilt kerfi. En þessi dæmi, sem ég er búinn að nefna, eru næg til þess að varpa fram spurningum. Er þetta kerfi óumbreytanlegt? Er nákvæmlega þetta kerfi, þessi lög og þessar reglur það eina sem til greina kemur? Má ekki hugsa sér að breyta þessu kerfi á ýmsan hátt? Það verður ekki gert í ræðustól á Alþingi og það verður ekki gert á fjöldafundum og það verður ekki gert með þeim aðferðum sem hæstv. menntmrh. hefur notað, ekki með því að kasta fram sprengjum, vekja upp deilur, tortryggni og segja seinna: Við skulum svo skoða tillögurnar síðar meir. Þetta er mikið verk, það krefst mikillar vinnu. En við skulum engan veginn slá því föstu að það kerfi, sem við nú búum við, sé heilagt, hafið yfir gagnrýni, ekki út frá sjónarmiðum nemenda sjálfra heldur.

Það er erfitt að breyta þessu kerfi snögglega. Það er mjög mismunandi hvaða breytingar menn geta hugsað sér til skamms tíma og hvað væri til lengri tíma. Ég held t.d. að til lengri tíma sé mjög nauðsynlegt að því er varðar þróun stofnana, bæði Háskóla Íslands og annarra sérskóla hér í Reykjavík, að leggja á það áherslu að koma upp ódýru leiguhúsnæði fyrir stúdenta. Það gerist ekki nema á löngum tíma, byggja m.ö.o. fleiri stúdentagarða, tryggja mönnum aðstöðu til náms í ódýru húsnæði. Það væri ekki lítil búbót.

Það væri meiri háttar breyting til bóta — en það verður ekki gert á skömmum tíma — að lækka stúdentsprófsaldur á Íslandi og endurskipuleggja allt skólakerfið miðað við það að ná því markmiði að menn hefji sérhæft framhaldsnám fyrr en þeir gera nú. Við erum allt of gamlir þegar við byrjum þetta.

Venjur Íslendinga eru að verulegu leyti aðrar en með öðrum þjóðum, þ.e. menn byrja hér kannske fyrr að stofna til fjölskyldu og barneigna en með ýmsum öðrum þjóðum. Það gerir mönnum erfitt fyrir í námi.

Ég er ekki tilbúinn að vísa hugmyndinni um að veita óafturkræfa styrki í sumum tilvikum alfarið á bug, t.d. hugmyndinni um að styrkja menn til náms að því er varðar ferðastyrki til útlanda og frá eða að veita sérstökum styrkjum að því er varðar mjög sérhæft nám erlendis eða — eins og gert var áður um áratuga skeið — að veita styrki til afburðanemenda þó að það verði væntanlega ekki nema í tiltölulega fáum tilvikum. Þetta þarf ekkert að vera forkastanlegt og gæti verið að sumu leyti mjög æskilegt.

Ég held líka að það sé mjög skynsamlegt að gera greinarmun á því hvað er styrkur og hvað er lán.

Sjálfsagt er að reyna að leita lausna á því að námslánaeða námsaðstoðarkerfið verði ekki vinnuletjandi. Eitthvert samræmi verður að vera á milli þess sem menn taka í laun fyrir vinnu sína hér á vinnumarkaðinum og þeirrar námsaðstoðar sem í boði er. Það getur ekki staðist og er óæskilegt að hægt sé að halda því fram með rökum gagnvart vinnandi fólki að það sé verið að leggja á það óbærilegar byrðar.

Ég vil engan veginn færast undan því að ræða þessi mál málefnalega. Ég tek að sumu leyti undir gagnrýni á núverandi kerfi. En þess er enginn kostur að taka skilmerkilega afstöðu til neinna sérstakra tillagna, sem fram hafa komið, vegna þess að þær eru engar. Málið er alls ekki á því stigi. Innanhússnefnd ráðherrans er kannske búin að gera eitthvað, það vitum við ekki um. Hann er ekki farinn að sjá þær tillögur og við vitum ekkert hvaða tillögur hann ætlar að koma fram með. Ef hv. 1. þm. Norðurl. e. er talsmaður síns flokks spáir það ekki byrlega um að þær tillögur komist í gegnum þetta stjórnarsamstarf.

Sennilega er þetta allt saman stormur í tebolla. Einu skulum við þó ganga út frá sem gefnu. Ég trúi því og treysti því, sem hæstv. ráðh. sagði í upphafi þegar þessi mál komu til umræðu við fjárlagaafgreiðsluna fyrir jól, að hann muni undir engum kringumstæðum koma aftan að námsmönnum, undir hans forustu verði það ekki gert að reglum verði breytt þannig að stúdentar, sem nú eru í námi á miðju námsári, standi frammi fyrir því að þeim upphæðum, sem þeir höfðu gert ráð fyrir að fá í sinn hlut samkvæmt óbreyttu kerfi, að því verði breytt afturvirkt. Það er alla vega krafa sem ég held að allir taki undir. Og ég slæ því föstu að hæstv. ráðh. muni standa við það og tek þá sérstaklega eftir því þegar hann segir að frystingin skv. reglugerðinni frá 3. janúar sé til bráðabirgða meðan leitað sé annarra úrræða.

Að öðru leyti er öllum aðilum hollt að ræða þessi mál málefnalega. Ég vara sérstaklega við því að sú staða komi upp að allur þorri vinnandi fólks í landinu geti með réttu gagnrýnt það að þetta kerfi sé einhvers konar forréttindakerfi reist á þeirra herðum og sé gersamlega úr takt við það sem vinnandi fólk í landinu verður að sætta sig við í sínum kjörum. Það verða stúdentar að skilja og virða líka að sínu leyti.

Hins vegar er æskilegt að vinna að þessum málum þannig að það samkomulag, sem hefur verið um það að nauðsynlegt sé að hafa ákveðið kerfi til námsaðstoðar, verði sem mest. Það má helst ekki halda þannig á málum að það veki upp hugmyndafræðilegt stríð milli stjórnmálaflokka þar sem málið er málað svörtum og hvítum litum. Slíkt samkomulag hefur verið bærilegt.

Auðvitað er hægt að finna leiðir til að lagfæra vankantana á núverandi kerfi án þess að hleypa öllu í bál og brand. Til þess þarf kannske dálítið önnur vinnubrögð en hæstv. menntmrh. hefur slysast til að taka upp nú. En það er enn ekki of seint að reyna að bæta fyrir það.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta mál allrækilega hér í dag og flest rök með og á móti aðgerðum hæstv. menntmrh. hafa komið fram. Hann hefur sjálfur svarað fjölmörgu af því sem á hann hefur verið borið og um hann hefur verið sagt og vil ég ekki nema að litlu leyti ræða það efni.

Ég vil þó lýsa því strax yfir að ég held því fram að aðferðir hans við að taka þetta mál á dagskrá séu með þeim hætti að gagnrýnisvert sé. Það eru stór orð að segja um stjórn ríkisstofnunar að þar ríki sukk og svínarí. Það hlýtur að vekja ákaflega margvíslegar hugrenningar hjá þeim sem hlusta á.

Það fyrsta, sem mönnum dettur í hug, er að sjálfsögðu að hér sé um saknæmt atriði að ræða. Því hefur hæstv. ráðh. algerlega vísað á bug en í staðinn tekið upp sönginn um vanrækslu í starfi. En einnig það atriði er ekki mjög sannfærandi.

Ég held að því miður hafi verið farið offari í þessu máli, það hafi verið tekist á við það á þann hátt sem ekki var til þess að gera umræðu um þetta svo málefnalega sem nauðsynlegt er til að vandamál bæði námsmanna og ríkisins í þessu efni verði leyst með víðtæku samkomulagi. Ég vil eindregið taka undir þau ummæli hv. síðasta ræðumanns að víðtæk pólitísk samstaða náist um þetta mál.

Í öðru lagi vil ég taka fram að ég tel það forsendu þess að unnt sé að fara að ræða þetta mál að lausn verði fundin á því hver fulltrúi stúdentaráðs í stjórn lánasjóðsins er. Það er mál sem hlýtur að snerta mjög framgang væntanlegra tillagna og væntanlegrar umræðu um fyrirkomulag og skipulag sjóðsins núna á næstu vikum. Ég tel að stúdentaráð hafi lýst svo eindregnum vilja sínum að koma sínum raunverulega fulltrúa að að bæði sá fulltrúi og hæstv. menntmrh. ættu að taka það til mjög rækilegrar íhugunar hvort ekki eigi að fara að óskum stúdentaráðs í því efni.

Ég hafði vænst þess að hæstv. menntmrh. kynnti hér þær hugmyndir og hugsanlegar tillögur sem hafa verið viðraðar í fjölmiðlum núna undanfarna daga. Því miður var það ekki — eða eigum við kannske að segja sem betur fer, því að sannast sagna hafa þær tillögur verið með þeim hætti að ég — ég get nú ekki talað nema fyrir sjálfan mig — gæti ekki samþykkt þær eins og þær hafa komið fram. En hæstv. menntmrh. kvaðst enn ekki hafa gert upp hug sinn, hann kvað ekki frv. vera tilbúið, hér væri einungis um fjölmiðlafár að ræða. (**Menntmrh.:** Og frumhugmyndir.) Frumhugmyndir. Það er gott að vita það. En það væri þá ánægjulegt ef hæstv. ráðh. vildi skýra nokkuð nánar þessar frumhugmyndir.

Það er að mínu mati ekki frumhugmynd að segja t.d.: Við viljum efla sjóðinn, við viljum bæta skipulagið o.s.frv. Það sem máli skiptir eru einmitt ákveðnar afmarkaðar tillögur um það hvernig málum skuli háttað.

Ég hef einnig nokkrar frumhugmyndir um það hvernig ég tel að skipa mætti málum. En þær eru allar innan þeirra marka sem lögin setja. Í ágætri ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. var mjög rækilega skýrt hvernig núgildandi lög eru nægilegur grundvöllur fyrir þeim breytingum sem hugsanlega væru nauðsynlegar og heppilegar á skipulagi sjóðsins.

Það var annað í ræðu hæstv. menntmrh. sem mér þótti mjög ánægjulegt. Ég vil þakka honum fyrir að hafa nú hér á hinu háa Alþingi komið fram og lýst svo eindregið yfir sem hann gerði að hann væri fús til víðtæks samkomulags um þessi efni. Hann er þá væntanlega horfinn frá einhverjum af þeim frumhugmyndum sem hafa flogið fyrir í fjölmiðlum núna undanfarna daga.

Ég held að þessi ummæli hans geti verið grundvöllur

að víðtæku pólitísku samkomulagi um þetta efni. Ég held nefnilega að mjög áhrifamiklir menn í samstarfsflokki okkar hafi áttað sig á því að hér er um mjög heitt pólitískt mál að ræða þar sem farið hefur verið að svo að hugsanlega gæti skaðað hagsmuni þess flokks. Og þó að nauðsyn sé á aga í þjóðfélaginu og hæstv. menntmrh. telji að þar þurfi margt að gera komumst við ekki hjá því að verða að taka nokkurt tillit til fjölmennra hópa þegar nálgast kosningar.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefur pólitískt nef í betra lagi og hann hefur áttað sig á því að hér var ekki um að ræða mál sem væri til þess fallið að styrkja hann eða hans flokk ef það væri gert að ströngu flokksmáli.

Það eru því allar líkur á því, sem betur fer, að hæstv. menntmrh., sem er fjölmargt vel gefið, átti sig nú og fari að kynna okkur samstarfsflokki sínum t.d. eitthvað nánar frumhugmyndir um þetta efni, þannig að við getum komið til móts við hann í hans skörungsskap og gáska — við skulum ekkert vera að draga úr því. Það var að vísu einn af merkari stjórnmálamönnum íslenskum á þessari öld sem lét einhvern tíma svo ummælt: Hvað hafa Íslendingar við skörung að gera? En við skulum samt ekki gera of lítið úr því. Við skulum mætast án stóryrða, án bægslagangs, án þess að láta höggið ríða þar sem heppilegt er að koma því á, og fjalla um þetta mál þannig að Alþingi og ríkisstj. verði sammála um skynsamlega niðurstöðu sem verði til heilla og hagsældar fyrir menntun og menningu í þessu landi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef nú dvalið við það í dag að lesa Víga-Glúmssögu ef ég mætti nokkra skýringu finna á hátterni hæstv. menntmrh. En þar sem vikið hefur verið að skörungsskap og slíku þykir mér hlíta að lesa hér þau lokaorð þar sem minnst er á kappa þennan, en ég veit að hæstv. menntmrh. hefur löngum metið hann mikils. Með leyfi forseta:

„Það var almæli manna að Glúmur hafi verið tuttugu vetur mestur höfðingi í Eyjafirði, en aðra tuttugu vetur engir meiri en til jafns við hann. Það er og mál manna að Glúmur hafi bestur verið að sér allra vígamanna hér á landi. Og lýkur þar Glúmssögu."

En vel að merkja að Morgunblaðið kom ekki út á þessum árum og gerði mönnum engan óleik þá þeir undirbjuggu mál og vildu ráða ráðum sínum. Ég hygg að rétt sé að víkja ögn að félaga Napóleon og hans aðgerðum á búi Jóns bónda. Ég hygg að hæstv. menntmrh. hafi ekki farið nægilega vel með þá sögu að það sé verjandi að hún fari í þingtíðindi með þeim hætti.

Svínin stóðu fyrir uppreisninni og stjórnuðu dýrunum, það var allt saman satt og rétt. En það svínið, sem stjórnaði, hét Snækollur og vildi hafa réttlæti mikið. (**Menntmrh.:** Ásamt með Napóleon.) M.a. hafði Snækollur vit á því að þiggja ekki ráð Napóleons. Hann setti reglur og bauð mikið jafnrétti. M.a. var það tryggt að dýrin áttu að halda sínum afurðum og hænsnin áttu að halda sínum eggjum. En svo varð bylting og byltingin étur ávallt börnin sín. Þá komust svartflekkóttu svínin til valda, hæstv. menntmrh., og Snækollur fór hrakfarir hinar mestu og var drepinn. En þar sem dæmisagan er nú nokkurn veginn rétt upp sett miðað við ræðu hæstv. menntmrh. þykir mér nú rétt að hann ræði inn í hlutverkin og geti þess hverjir séu hin svartflekkóttu svín og hver hin. Ég vildi gjarnan heyra það í hans lokaræðu hér á eftir. En það var félagi Napóleon sem komst að því að vissulega ættu allir að vera jafnir en aðeins mismunandi jafnir.

Ég hygg að hæstv. menntmrh. hafi eigi gáð að því í sínum vopnaburði að hann hefur í fyrsta lagi atyrt þingið harðlega fyrir að hafa samþykkt ónothæf lög. Í annan stað hefur hann vikist mjög harkalega að fyrrv. menntmrh., beinlínis haldið því fram að undir stjórn hæstv. menntmrh., sem í dag er hæstv. heilbrrh., hafi verið stjórnleysi á Lánasjóði ísl. námsmanna, þar hafi ónothæfur stjórnandi verið til staðar, þar hafi verið sukk á greiðslum til starfsmanna og yfirvinna óhóflega mikil.

Sá hæstv. menntmrh., sem sat þegar þetta ástand ríkti, hefur ekki enn borið hönd fyrir höfuð sér. En það setur að manni hroll við þá tilhugsun að hæstv. fyrrv. menntmrh. er í dag hæstv. heilbrrh. og þar er varið miklu stærri fjárhæðum en í menntakerfinu. Hvert stefnir þá á þeim bæ? Það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni.

Hitt er þó ekki síður alvarlegt að í ljós hefur komið að varaformaður Sjálfstfl., sá sem stjórnar trjónukrabbadeildinni, hv. 2. þm. Reykv., hefur reynst óhæfur til að semja lagafrv. Eru það mikil vonbrigði. Hann hefur einnig valið þann kostinn að víkja af fundi nú síðdegis enda er setuliðið í slíkri sókn að fáheyrt er.

Ég hygg að það sé ærið umhugsunarefni hvort réttlátt sé að skamma þá svo mjög sem stóðu að seinustu lagasetningu um Lánasjóð ísl. námsmanna þar sem ákveðið var að um 85–90% af fjármunum skiluðu sér aftur til sjóðsins, að vísu vaxtalaust, og breyta því kerfi sem verið hafði þar sem um 65% skiluðu sér verðtryggt til baka.

Mér er ljóst að menn setja markið hátt og ég held að ég verði, með leyfi hæstv. forseta, að fá að lesa hér úr Minnisblaði um menntamál sem SUS hefur látið frá sér fara eða skilið eftir á glámbekk. Þar er minnst á uppstokkun á aðstoð við háskólanám og kannske eru þetta hugleiðingarnar sem dynja yfir hæstv. menntmrh. þessa stundina. Með leyfi forseta vil ég fá að lesa hér örstuttan pistil:

„Lagt er til að endurskoðaður verði sá háttur sem nú er hafður á við aðstoð við háskólanám. Krafin verði skólagjöld í Háskóla Íslands en um leið verði veittir námsstyrkir og námslán þannig að enginn, sem yfirleitt á erindi í háskóla, þurfi að hverfa frá námi af fjárhagsástæðum. Námsstyrkir skulu enn fremur ná til náms í erlendum háskólum eftir því sem við á.

Þeir nemendur, sem stunda nám með bestum árangri og af mestri skyldurækni, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir með námsstyrki. Lagt er til að veittur verði árlegur fyrir fram ákveðinn fjöldi námsstyrkja í einstökum greinum, þó með nægilegum sveigjanleika vegna nýrra námsbrauta og mismunandi áhuga nemenda frá ári til árs.

Námslánum verði þannig hagað að sérhver stúdent fái tiltekna ábyrgðarkvóta frá ríkinu. Lánasjóðurinn verði lagður niður í núverandi mynd en í hans stað komi ábyrgðarsjóður námslána. Ábyrgðarsjóðurinn skal ábyrgjast skuldabréf fyrir námsmenn í samræmi við ábyrgðarkvóta þeirra. Námsmenn eiga síðan að selja þessi skuldabréf bönkum og sparisjóðum, lífeyrissjóðum eða með öðrum hætti. Skuldabréfin, er ábyrgðarsjóðurinn ábyrgist, geta verið til langs tíma, 20–40 ára,

verðtryggð og með vöxtum. Falli ábyrgðin á sjóðinn má fara með slíkt eins og vanskil á núverandi námslánum."

Ég hygg að rétt sé að nota Morgunblaðið til að meta það hvaða afleiðingar þessi breyting gæti haft í för með sér. Í Morgunblaðinu frá því í gær er verið að ræða um það hvort hafa eigi vexti á námslánum eða ekki og hvaða afleiðingar það hafi verði þeir upp teknir. Enn vil ég, með leyfi hæstv. forseta, fá að lesa hér upp úr Morgunblaðinu:

„Annað atriði, sem skiptir miklu í sambandi við hugmyndir um að reikna vexti af námslánum, eru launakröfur háskólamanna og annarra er tekið hafa lán til þess að fjármagna sína skólagöngu. Hækki menntunarkostnaður manna hljóta kröfur þeirra um hærri laun að námi loknu að fylgja í kjölfarið af eðlilegum ástæðum. Það er ekki aðeins beinn kostnaður vegna menntunar sem hefur áhrif á kaupkröfurnar heldur er starfsævi þeirra, sem leggja út á langskólabrautina, yfirleitt styttri en annarra.

Þingmenn verða að vega það og meta hvort auknar kaupkröfur langskólagenginna manna séu æskilegar eða ekki og í framhaldi af þessu skal á það bent að stór hluti háskólamanna er í vinnu hjá hinu opinbera. Aukinn launakostnaður ríkisins og sveitarfélaga virðist því óumflýjanlegur nái hugmyndir um fulla endurgreiðslu og vexti fram að ganga."

Þetta er dómur Morgunblaðsins og ég hygg að það sé fullrar umhugsunar virði hvort þessi dómur er ekki hárréttur. Það eina, sem að honum má finna, er það að vissulega er ekki víst að allir þeir Íslendingar, sem njóta námslána, eigi eftir að verða starfandi menn hér heima á Íslandi. E.t.v. eiga sumir þeirra eftir að eyða allri sinni starfsævi erlendis og þannig höfum við menntað upp menn sem aðrar þjóðir njóta. Það er vissulega hugsanlegt hvort það ætti að hafa annað endurgreiðslukerfi við slíkar kringumstæður.

Ég hygg aftur á móti að hæstv. ráðh. hljóti að standa við þá yfirlýsingu sína, sem hann gaf fyrir jólin á fundi fjh.- og viðskn., að ekki yrði komið aftan að námsmönnum. Þeir hafa gert sínar áætlanir um nám í sumar til vors það minnsta og það er ákaflega óeðlilegt ef ekki er hægt að standa þannig að þeim málum að nokkuð megi treysta því að þær upplýsingar, sem námsmaður fær hjá Lánasjóði ísl. námsmanna um að hann eigi rétt á einhverjum fjárhæðum til að lifa af ákveðinn vetur, standist.

Ég vil einnig í þessari umræðu undirstrika það að ég hefði gjarnan talið það heppilegri vinnubrögð að ráðherra færi ekki svo geyst á stað í sinni umfjöllun um lánasjóðinn að hann þvingaði fram umræðu á Alþingi Íslendinga áður en upplýsingar liggja fyrir um hvað það er sem hann vill breyta. Það hefði verið stórum betra að hafa þær tillögur strax til umfjöllunar ef hann er svo ákveðinn í því að það þurfi að leggja fram frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. En sumir hlutir eru þess eðlis að þeir verða illa þolaðir.

Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, hefur viljað undirstrika að þar væru lýðræðissinnar og það efa ég ekki. Sú regla hefur gilt að stúdentar hafa ráðið sínum fulltrúa í lánasjóðnum. Þeir hafa haft það fyrir fasta reglu að leita eftir skiptum hafi orðið þar stjórnarskipti. Sá fulltrúi sem nú situr væri ekki enn orðinn fulltrúi stúdenta í lánasjóðnum ef þessi regla hefði ekki verið til staðar hjá þeim sem í Háskólanum eru. Og það er ákaflega vandséð á hvaða forsendum hæstv. menntmrh. telur að hann þurfi að hafa vit fyrir stúdentum í þeim efnum hvaða fulltrúi eigi að vera í sjóðsstjórninni. Vænt þætti mér um ef hann vildi hugleiða hvílíka bölvun hann gerir hinu lýðræðislega félagi Vöku með því að standa svo fast á þessu. Auðvitað hugsa menn sem svo: Er það eitt sem stjórn Vöku segir í blöðum og annað sem hún hvíslar að ráðherrunum? Er það í reynd svo að Vaka vilji að ástandið sé á þennan veg þó að þeir í blöðum haldi öðru fram? Ég tel að ráðherra þurfi að hugleiða það í fullri alvöru að annaðhvort hlýtur þetta að þýða að Vaka breyti sínu nafni og kallist ekki lengur lýðræðissinnaðir stúdentar eða það að hann meti svo þá ungu menn sem eru hans flokkbræður í Háskólanum að þeir fái að segja við sína félaga: Við erum lýðræðissinnaðir stúdentar og við viljum að fulltrúi stúdenta sé valinn eftir lýðræðislegum leikreglum og við viljum að þær venjur sem hafa gilt í þessum efnum séu virtar. Þetta bið ég hann að hugsa alveg sérstaklega því að það er engum til góðs í þeirri umfjöllun sem á eftir að verða um þessi mál ef deilumálum eins og þessum á að halda til streitu. Það er engum til góðs og allra síst þeim unga manni sem nú situr í stjórn lánasjóðsins rúinn trausti sinna félaga.

Ég sat í menntmn. þegar fjallað var um þau lög sem nú eru svo hart gagnrýnd. Þá var lagt fyrir frv. sem mikil samstaða hafði orðið um á milli stjórnmálaflokka og stúdenta. Engu að síður ákvað menntmn. þá, og það studdi ég, að þyngja endurgreiðslurnar miðað við það sem frv. gerði ráð fyrir. En frv. veitti ráðherra aftur á móti mikinn ákvörðunarrétt til að hafa úrslitaáhrif um hversu háar upphæðir væru lánaðar á hverjum tíma. Þar getur hann með reglugerðarákvæði sett upp hverjar viðmiðanirnar eiga að vera. Það er vissulega rétt að á þeim tíma þegar rofið var vísitölukerfið gagnvart launamönnum hefði það ekki verið óeðlilegt að þáv. hæstv. menntmrh. hefði einnig ákveðið að svipaðar leikreglur giltu gagnvart stúdentum. En það er spurning hvort hæstv. núv. menntmrh. telur að ríkisstj. eða flokkur hans vaxi við að það sé hrópað út á torgum að nú þurfi að fara að stjórna. Það er nefnilega hægt að segja þessa setningu á annan veg: Það var stjórnleysi og hver er þá toppurinn og hver ber þá ábyrgðina? Auðvitað hæstv. fyrrv. menntmrh.

Ég hygg að þó að þessi umræða, sem í dag hefur farið fram, hreinsi e.t.v. andrúmsloftið að nokkru leyti sé það mikil nauðsyn í jafnstóru máli og þessu að menn beri gæfu til að setjast niður og skoða þessi mál með opnum huga. Ég læt ekki frá mér fara neinar yfirlýsingar um að þau verk sem voru unnin í menntmn. þegar seinasta frv. var þar til meðferðar sem nú er orðið að lögum séu svo alfullkomin að þar megi engu breyta. Auðvitað viljum við skoða það sem fram hefur komið í ljósi reynslunnar. Hver vill ekki hagnýta sér upplýsingar ef eitthvað nýtt liggur fyrir? En það er ekki leiðin að mínu viti að hefja fyrst slíkt auglýsinga"show" að það veit enginn hvaðan á sig stendur veðrið.

Hv. 5. þm. Reykv. taldi að hæstv. menntmrh. væri smitaður af hetjuskap Þorgeirs Hávarssonar og honum hefði orðið á það sama og þegar Þorgeir reið um túnið á Hvassafelli og smalamaður húkti fram á prikið og hann stóðst það ekki að láta öxina falla. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að þegar hv. 5. þm. Reykv. er nýlega búinn að taka þessa sögu sem sérstakt dæmi um

hvernig hetjur eigi ekki að hafast að, hvað þær eigi ekki að gera, flutti hér mjög vandaða ræðu þar sem hann hafði þetta sem eitt aðalinntak sitt, að svona mætti bara alls ekki vinna eins og Þorgeir Hávarsson, þá finnst mér það ekki nógu gott ef þessi ásökun hv. 5. þm. Reykv. er rétt. Ég hef aftur á móti engin gögn í höndum til að fullyrða eitt eða neitt á þessari stundu um þá ákvörðun ráðherrans að láta framkvæmdastjórann fara. Ég hef engin þau gögn í höndum að ég geti fullyrt að sú ákvörðun sé forkastanleg eða hún sé réttmæt.

Hins vegar hefði ég talið vel við hæfi að eitthvað annað kæmi fram bitastætt en yfirvinnan sem hér hefur verð minnst á og lélegar áætlanir. Með fullri virðingu fyrir stjórnmálamönnum held ég að það sé ekki staður né stund til að taka menn af fyrir lélegar áætlanir og allra síst ef menn eru nýkomnir úr iðnrn. En hitt get ég tekið undir með ráðherra að það er náttúrlega glórulaust ef tímafjöldi er skrifaður á þann veg að manni er nánast óskiljanlegt hvort menn séu enn lifs sem hafa lagt á sig alla þá vinnu. Það hlýtur að vera umhugsunarefni.

Ég vænti þess að Alþingi Íslendinga beri gæfu til að íhuga þessi mál í rósemd og ég vænti þess að hæstv. menntmrh., sem ég tel dreng góðan, hugleiði hvort ekki sé vitlegra að bakka með sumt en að efla þann ófrið sem orðið hefur.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það eru tvö meginatriði sem mig langar að fjalla um í þessari umræðu, sem mér finnst skipta máli í umræðunni og hefur ekki verið fjallað mikið um það sem af er dags, í fyrsta lagi heildarupphæð þess fjár sem fer til Lánasjóðs ísl. námsmanna og í öðru lagi hlutfall miðað við laun í landinu, þ.e. hlutfall námslána. Mér finnst rétt að þetta komi fram til skýringar þegar menn meta alla þætti málsins.

Fjárlög landsins á þessu ári nema 33 þús. millj. kr., 33 milljörðum. Beiðni Lánasjóðs ísl. námsmanna í haust, fyrsta beiðni sem lögð var fyrir fjvn., hljóðaði upp á liðlega 1800 millj. kr. Hún lækkaði fljótlega um 200 millj. eða þar um bil og munaði um, en hafði þó hækkað verulega frá síðasta ári og kem ég að því eilítið síðar. Útlán Lánasjóðs ísl. námsmanna árið 1985 voru 1230 millj. kr. með aukafjárveitingum. Endurgreiðsla til sjóðsins var 70 millj. Miðað við líkanið umrædda sem skila á 88% eða þar um bil í endurgreiðslu er einnig hægt að vitna í upplýsingar manna sem gleggst þekkja um að það líkan sé eingöngu líkan og alls óvíst hverju það skilar til baka af fjármagni. Menn fara allt niður í 45% af skilum, þeir sem gerst þekkja að mínu mati í dag. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?)

Það er þannig í þessu tilviki og þessu sambandi í fyrsta lagi ástæða til að vekja athygli á því að það fjármagn sem fer í gegnum lánasjóðinn, þann milljarðasjóð sem hæstv. menntmrh. er tíðrætt um, er verulegur hluti af fjárlögum íslenska ríkisins, þjóðarbúsins í heild. Á það verður að horfa. Á fjárlögum 1985 voru 668 millj. kr. til lánasjóðsins. Ég hef sagt að útlánin voru 1230 millj. kr. Sem sagt: útlán sjóðsins eru nær 100% hærri en fjárlagatillagan 1985 gerir ráð fyrir. Á sama tíma eru allar verðlagshækkanir við gerð fjárlaga miðaðar við 28% hækkun þannig að við erum að tala um dæmi sem þýtur með ólíkindum fram úr öðrum þáttum þjóðfélagsins.

Nú er ég ekki að tala um að það eigi að skera við nögl til námsmanna. Mitt grundvallarsjónarmið er sterkur Lánasjóður ísl. námsmanna. En þetta eru hlutir sem verður að taka tillit til og meta þegar rætt er um fjárlög íslenska ríkisins. Þetta mál er ekki bara tilfinningamál eða pólitískt mál. Þetta er mál sem varðar alla og allir eru sammála um í grunnatriðum nema þeir sem vilja nýta vanda sem kemur upp í málinu til þess að geta gert úr því pólitískt moldviðri.

Þegar rætt er um þessar heildartölur er líka rétt að horfa til þess að lánþegar sjóðsins á síðsta ári voru um 7000 talsins, en á framfæri lánasjóðsins má hins vegar segja að séu um 15 þús. einstaklingar með börnum og mökum námsmanna. Það er há tala líka þegar um er að ræða námslán sem að hluta eru styrkir.

Það eru 33 þús. millj. kr. fjárlög. 1300 millj. kr. eru ætlaðar á fjárlögum þessa árs með erlendu lánunum, sem er náttúrlega langsamlega verstur hluti þessa dæmis, dýrasti hlutinn. En hvað er veitt á fjárlögum í alla framkvæmdaliði íslenska þjóðarbúsins, í alla grunnskóla landsins, í allar hafnir landsins, í öll sjúkrahús landsins, alla flugvelli, allar dagvistunarstofnanir, allar nýbyggingar í þessum þáttum? Það eru 350 millj. kr. á sama tíma og þörfin, miðað við gerða samninga og gerðar áætlanir sem unnið er að, er 1200–1400 millj. Þetta verðum við einnig að horfa á þegar rætt er um hvað hægt er að leggja mikið til menntunar í landinu og allra annarra þátta.

Það hefur hér verið vikið að brottrekstri eins manns. Ég tek undir að það hlýtur alltaf að vera sárt að þurfa að sinna slíkum verkum. Það hlýtur alltaf að vera sárt og er að mínu mati aldrei gert af illindum einum. En menn verða að taka af skarið. Það má hins vegar spyrja hvort það sé eðlilegt hlutfall í slíkri umræðu. Það er tiltölulega lítið mál gert úr því þótt 160 verkamönnum úti á Granda hafi verið sagt upp störfum. Það er aldrei í fréttum þegar verið er að segja skipstjórum skuttogaraflotans upp störfum vegna þess að þeir, að mati þeirra sem reka fyrirtækin, þykja ekki skila nógu miklum afla á land þó þeir sannarlega skili mjög miklum afla en kannske ekki nógu miklum miðað við það sem kostar að reka skipin. Það er ekki heldur í fréttum þegar mönnum er sagt upp störfum sem gegna mikilvægum störfum í landinu víðs vegar. Þannig hefur verið reynt að gera þetta, að mínu mati án þess að ég sé að fjalla sérstaklega um þann mann sem hér um ræðir, að tilfinningamáli og píslarvættismáli. Það finnst mér ekki til hagsbóta fyrir stöðu íslenskra námsmanna og stöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Hv. málshefjandi sagði að þetta mál væri eitt af þeim flogum sem sjálfstæðismenn fengju. Hann má kalla það því nafni sem honum sýnist. Þetta er fyrst og fremst mál sem er ástæða til að skoða ofan í kjölinn og rétta af þar sem á hallar. Þetta er svo stór sjóður, þetta er svo mikilvægur sjóður, ekki bara vegna þess hve hann er stór þáttur í útgjöldum ríkisins, heldur vegna þess að þarna er um að ræða framtíðarmenntun landsmanna og á þeim grunni er réttlætanlegt að taka fast á í þessu máli. Flog sjálfstæðismanna, sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Samt er það svo að núverandi ríkisstj. hefur látið námsmenn hafa sérstök forréttindi undanfarin ár í þróun lánasjóðsins, slík forréttindi að ekki eru til dæmi um annað eins.

Ég vakti á því athygli á Alþingi haustið 1983 að þá

væri að eiga sér stað þróun í Lánasjóði ísl. námsmanna sem ástæða væri til að skoða. Það var ekki sagt vegna þess að það væri verið að tala gegn námslánum eða námsmönnum, en það var bent á ákveðna þróun sem ætti sér stað. Nú skal ég benda á einfaldar staðreyndir sem sýna fram á það svart á hvítu að þessi ríkisstj. hefur betur en aðrar ríkisstjórnir stutt við bakið á námsmönnum.

Það er þá kannske rétt að það komi í hennar hlut að taka þar á er farið hefur úr böndunum. Veturinn 1983 voru námslán 8300 kr. á mánuði. Laun fólks í fiskvinnslu voru 8900 kr. Þessi viðmiðun hafði átt sér stað um árabil, að námslán nálguðust eða fylgdu í kjölfarið á vinnulaunum fólks í fiskvinnslu. Þegar vísitöluhækkun launa var afnumin var vísitöluhækkun námslána ekki afnumin. Það hefði verið einfalt atriði ef ástæða hefði þótt til að gera það með reglugerðarbreytingu. Það hefði ugglaust verið eðlilegt ef menn hefðu tekið þann þátt upp. (**SJS:** Gleymdist það?) Þetta kemur ekki saman við gerð laganna sem vitnað hefur verið í og smíði þeirra. Það má kalla það hvaða nafni sem er, hvort það hefur gleymst eða ekki. Ég hygg að menn gleymi ekki slíku. Það hefur upplaust verið matsatriði. En þetta eru engu að síður staðreyndir málsins.

Það er þarna sem hlutfallið raskast í viðmiðun á ráðstöfunarfé heimila og einstaklinga í landinu. Það er bláköld staðreynd. Og þessi breyting þýðir að í dag hafa námsmenn á námslánum farið 25% fram úr grunnlaunum í fiskvinnslu. Í dag eru grunnlaun í fiskvinnslu milli 15 og 16 þús. kr., en námslán til einstaklings eins og öllum er kunnugt liðlega 20 þús. kr., milli 20 og 21 þús. Þegar námsmenn horfa á þessa staðreynd, og það hef ég sannreynt í viðtölum við marga stúdenta og námsmenn á undanförnum vikum og mánuðum, horfa þeir öðruvísi á þetta mál, þá horfa þeir á það með sanngirni og skynsemi, engum tilfinningablæstri heldur blákalt, að menn í þessu þjóðfélagi vilja almennt ekki standa fetinu framar eða ganga á rétt annarra.

Það hefur verið rætt hér um hugmynd að sérstökum styrkjum til námsmanna, hugsanlega þá til námsmanna sem nema í ákveðnum greinum sem væntanlega mundu þá fyrst og fremst vera greinar sem mundu stuðla að aukinni framleiðslu, auknum verðmætum í þjóðarbúinu. Þarna verður að gera nokkurn greinarmun á andlegum verðmætum og veraldlegum sem eru þau verðmæti sem við getum fengið peninga fyrir og sinnt okkar menningarlífi fyrir andvirðið. Þá á ég við fiskvinnslu og annað.

Hvers vegna er ástæða til þess að standa við bakið á slíkum hugmyndum? Ég skal nefna örfá atriði sem styrkja þann grunn. Í Háskóla Íslands eru núna u.þ.b. 4000 stúdentar. Af þessum 4000 stúdentum eru u.þ.b. 1200 í lögfræði og viðskiptafræði. Önnur 1200 eru í heimspeki- og félagsvísindadeild. Sem sagt: 60% af stúdentum Háskóla Íslands stunda nám í fjórum deildum sem allar eiga að skila fólki fyrst og fremst inn í þjónustukerfi landsins, ekki í hið almenna, eins og við tölum um, framleiðslukerfi landsins. Við viljum taka stór skref í lífefnaiðnaði og öðru sem skapar möguleika á framleiðslu í framtíðinni, en það kostar slíka fjármuni að það er nær tómt mál að tala um slíkt enn sem komið er. En í ljósi þessa dæmis, án þess að hallað sé á þá sem stunda nám í þessum greinum því allt þetta nám nýtist á margan hátt, er ástæða til að styðja og hvetja til náms í fögum sem geta skilað okkur inn í framtíðina með meiri nýtingu og framleiðslu.

Þegar maður segir að það borgi sig ekki í dag að hætta námi eru rök fyrir slíku. Fólk sem hefur lokið námi í Háskóla Íslands á undanförnum tveimur árum hefur í mörgum tilvikum lækkað í framfærslueyri með því að fara út á hinn almenna vinnumarkað, svo sem eins og að fara úr heimspekideild í kennslu. Slíkt hlýtur að vera öfugþróun þegar á heildina er litið þótt enginn sé ofsæll hvorki af grunnlaunum í fiskvinnslu eða þeim námslánum sem upp á er boðið í dag.

Mér barst í dag bréf frá samstarfsnefnd stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags ísl. námsmanna, SÍNE og Iðnnemasambands Íslands. Þar eru skoðanir sem sjálfsagt er að hlusta á og taka tillit til, en það er ein setning sem mér finnst sérstaklega slæmt að skuli standa í því bréfi og ég ætla að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Við bendum á að ráðstöfunarfé lánþega í námi og eftir það er svo við nögl skorið að ekki er á útgjöld bætandi."

Mér finnst óforskammað, ef menn horfa á dæmið í heild, ef menn horfa á þau laun og þá stöðu og þann samdrátt í hinum almennu framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga sem hefur átt sér stað, að benda á í slíku bréfi að ráðstöfunarfé lánþega í námi sé svo við nögl skorið að það sé til skammar. Það mætti miklu fremur segja í þessari stöðu og með þeim tilvitnunum sem ég hef nefnt um laun kennara miðað við námsmanna að standa ætti í setningunni að eftir það, að loknu námi, sé svo við nögl skorið að ekki sé á bætandi. Hitt finnst mér bera vott um vanþakklæti sem ég er sannfærður um að þorri námsmanna stendur ekki að og hefur ekki þá skoðun á málinu þótt einhver samstarfsnefnd, þröngur hópur, setji svona mistök á blað.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að það verk sem hæstv. menntmrh. er að vinna í þessu máli væri auglýsingamennska manns. Það fannst mér marhnútleg yfirlýsing. Var stjórnleysi? spurði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Það er ljóst þegar málið er skoðað ofan í kjölinn, og hefur t.d. komið sérstaklega til umfjöllunar í fjvn. Alþingis s.l. tvö ár og með meiri þunga á s.l. hausti eins og gefur að skilja, að málið hefur vaxið, sjóðurinn og framkvæmd hans hefur vaxið úr stakk sínum á síðustu mánuðum sérstaklega og hefur vandinn orðið mestur á síðustu mánuðum þannig að mér finnst hálfloðmullulegt að vera að hræra þessu máli yfir á aðra fyrrv. menntmrh. Það er einfaldlega að vandinn blasir við með sérstökum þunga og þá reynir á hvort menn hafa þrek og þor til þess að taka á vandanum í stað þess að ýta honum á undan sér og leggja ekki út á djúpið eins og marhnútum er ekki eiginlegt.

Gundvallaratriðið í þessu máli, herra forseti, ég mun stytta mál mitt með tilliti til tímalengdar, er einmitt það atriði, sem hæstv. menntmrh. hefur lagt áherslu á, að Lánasjóður ísl. námsmanna á að vera sterkur sjóður og standa við bakið á námsmönnum sem á þurfa að halda. Ég hygg að þorri námsmanna sé sáttur við að sjóðurinn hafi sterkan hrygg, fólk almennt hafi skilning á því að eðlilega sé búið að íslenskum námsmönnum. En auðvitað verður að ætlast til þess að námsmenn sýni gagnkvæman skilning þegar tekið er tillit til þjóðarheildarinnar og ég ber svo mikið traust til námsmanna að ég er sannfærður um að þorri þeirra vill koma þessu máli á

hreint. Það er ekki úttalað enn eða uppgert, en þegar námsmenn og aðrir í þessu landi kynna sér alla þætti mála er sýnt að það var full ástæða til að spúla dekkið.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Mér duttu í hug hendingar úr kveðskap þegar hv. síðasti ræðumaður var að tala um að leggja á djúpið. Ætli það sé ekki sálmur, virðulegur forseti, sem byrjar einhvern veginn svona:

> Legg þú á djúpið, þú sem enn ert ungur,
> og æðrast ei þó straumur lífs sé þungur o.s.frv.

(**ÁJ:** Hann var ekki saminn til marhnúta.) Mér finnst þessi sálmur út af fyrir sig eiga ágætlega við. Þetta eru hvatningarorð Sjálfstfl. til unga fólksins sem er að leggja út í lífið núna. Það er reyndar athyglisvert það andlit sem Sjálfstfl. sýnir ungu fólki á Íslandi í dag í gegnum grímuna á Sverri Hermannssyni. Það verður ef til vill einhverjum ungum kjósendum að umhugsunarefni — þeir verða fleiri við næstu kosningar en nokkru sinni fyrr — það andlit sem þessi flokkur sýnir með þessum hætti.

En ég mun með tilliti til aðstæðna, virðulegur forseti, stytta mál mitt sem kostur er megi það verða til þess að við getum lokið þessari umræðu á þessum fundi án þess að gera á honum hlé, en það tel ég vera vilja forseta.

Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir greinargóða og merkilega ræðu sem hér var flutt og hefði ég talið að þá væri fullmælt fyrir Framsfl. í raun þá hann hafði talað þó að ég ætli ekki að lasta hina þá ágætu ræðumenn sem lögðu einnig til málsins af hálfu Framsfl. En mér fannst í raun allt koma fram sem segja þurfti í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e.

Hann hefði reyndar að mínu viti mátt svara nokkuð fyrir hæstv. fyrrv. menntmrh. svo ómaklega sem hæstv. núv. menntmrh. hefur ráðist að þeim í dag sem og í ölllu þessu máli. Það er reyndar óvenjulegt mjög og með endemum að heyra einn ráðherra tala þannig um ástand mála hjá forvera sínum og það jafnvel flokksbróður eða systur eins og hæstv. síðasti fyrrv. menntmrh. var. Það hefur ekki verið glæsileg aðkoman ef marka má orð hæstv. menntmrh. Öðru nær. Það hefur verið ljóta ástandið sem hann stóð þarna frammi fyrir þegar hann kom þarna til starfa. Og hverjum er það að kenna? Jú, væntanlega fyrrv. hæstv. menntamálaráðherrum, flokkssystur hans Ragnhildi Helgadóttur og e.t.v. einnig Ingvari Gíslasyni og öðrum sem gegnt hafa embætti á undan honum.

En þeir sjálfstæðismenn hafa kosið að svara hér litlu til og í þeim hópi er hæstv. heilbrrh. Ég tel það rétt naumlega með þó að hv. 3. þm. Suðurl. hafi haldið hér nokkurt ræðukorn. Hann er að vísu í Sjálfstfl., en einhvern veginn fannst mér ekki skýrast mikið afstaða þess flokks til málsins þó að hann héldi stutta tölu. Hann var þó helst bandamaður hæstv. ráðh. af þeim sem talað hafa hér í dag nema ef nefna skyldi hv. formann Alþfl., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Það er þá orðið ágætis tríó og dálaglegt, þeir kumpánar, hæstv. menntmrh. og þessir ágætu hv. þm.

Það mætti ýmislegt um þetta mál segja, herra forseti. Ég hefði gaman af því að fara yfir þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. menntmrh. og þau rýru svör sem við þeim komu, en það hefur kannske ekki mikið upp á sig. Eins og menn heyrðu, eins og þingheimur og áheyrendur fengu að heyra er hæstv. ráðh. nú í mikilli nauðvörn, siglir lens undan vondum málstað og slakri framkomu og framgöngu í þessu máli. Ég hirði ekki um sérstaklega að hrekja hann á flóttanum meira en ástæða er til.

Það er þó eitt sem ég held að sé rétt að allir glöggvi sig á. Það er að þær breytingar sem hæstv. ráðh. hefur uppi áform um að gera til að mynda á endurgreiðslureglum námslána eru breytingar fyrir framtíðina. Það er verið að ákvarða greiðslukjör barnanna okkar, ef svo má að orði komast, og þær breytingar munu að öðru óbreyttu ekki hafa nein teljandi áhrif á fjárhag Lánasjóðs ísl. námsmanna á næstu árum og áratugum. Það verður komin ný öld, herra forseti, áður en frumvarpsdrög hæstv. ráðh. eru farin að hafa veruleg áhrif á afkomu sjóðsins að öðru óbreyttu. Það er vegna þess, sem allir mega skilja sem gefa sér tíma til að hugsa um þessi mál augnablik, að fjárhagur sjóðsins og tekjur hans í dag eru fyrst og fremst afleiðing af endurgreiðslureglum sem í gildi voru fyrir árið 1976 og að hluta til fyrir árin 1976–1982, þó í mjög litlum mæli enn þá, þannig að í þessu kerfi er mikið bil milli þess að menn taki lán og þangað til þeir hefja að borga af þeim að einhverju marki. Þetta mega allir skilja sem gefa sér tíma til að hugleiða málið þó að hæstv. menntmrh. virðist ekki hafa gert það. Annaðhvort hefur hann skort tímann til þess eða einhverjar aðrar efnislegar ástæður liggja því að baki að hann hefur ekki glöggvað sig á þessu.

Það er sem sé þannig að hæstv. ráðh. breytir ekki fjárhag og afkomu lánasjóðsins með þessum breyttu endurgreiðslureglum. Ætli hann að gera þar róttækar og snöggar breytingar þarf að gera þær með öðrum hætti og þá fyrst og fremst að skera lánin niður við trog. Það er væntanlega það sem til stendur.

Það má svo hugleiða stöðu og örlög þeirrar kynslóðar sem mundi bera greiðslubyrðina af þessum nýju reglum í augnablik. Það er kannske allt í lagi að þingheimur sem hér situr og hæstv. ríkisstj., sem hefur verið að auka erlendar skuldir þjóðarinnar, sem hefur byggt upp ákveðið neyðarástand í húsnæðismálunum, hugleiði augnablik að það er sama unga fólkið sem mundi greiða þessi dýru námslán til baka og borga af þeim vexti og á væntanlega að borga niður erlendu skuldirnar sem ríkisstj. er að safna og á að koma inn á húsnæðismarkaðinn eins og hann nú er. Við getum hugleitt augnablik ástandið hjá fjölskyldu, kannske þessari frægu fjölskyldu sem fær 50 þús. kr. sem standa þvert í hálsinum á hv. þm. Árna Johnsen. (**ÁJ:** Hver segir það?) Taki fjölskylda slík lán í fimm ár eða þar um bil má ætla að skuldir hennar verði á þriðju milljón kr. og með 3% vöxtum væri greiðslubyrðin af því láni, vextirnir einir saman, orðin á milli 60 og 70 þús. kr. á hverju ári. Menn geta sjálfir sagt sér hvernig aðkoman væri fyrir það unga fólk úti á til að mynda húsnæðismarkaðnum eins og hann væri í dag með þá skuld á bakinu og greiðslubyrðina sem þessu nemur þar að auki. Það svaraði til þess að þetta unga fólk hefði þegar á bakinu greiðslubyrðina af einni íbúð þegar það kæmi út á vinnumarkaðinn.

Menn virðast ekki heldur hafa gert sér grein fyrir því hvers vegna velta Lánasjóðs ísl. námsmanna er jafnmikil og raun ber vitni nú á þessum árum. Það hefur enginn maður nefnt það í þessari umræðu að það eru stærstu árgangar Íslandssögunnar sem eru að fara í

gegnum skólakerfið núna, árgangarnir um og upp úr 1960. Það hefur enginn nefnt að þegar gerðar voru breytingar á lánasjóðslögunum síðast voru teknir inn ýmsir nýir aðilar sem urðu lánshæfir, sérskólar og aðrir slíkir, og þetta allt saman hefur valdið því, til viðbótar því að nú fara fleiri að hlutfalli í nám en áður gerðu, að velta sjóðsins hefur aukist mjög hratt á undanförnum árum. Við erum því að brúa ákveðið erfitt tímabil í sögu námslána á Íslandi. Við erum að brúa það tímabil þegar stærstu árgangar Íslandssögunnar koma á markaðinn, þegar ákveðin sprengja varð í framhaldsnámi á Íslandi og þegar verið er að taka upp nýjar og hertar endurgreiðslureglur og verðtryggingu lána án þess þó að það sé farið að skila sér í tekjum sjóðsins. Þetta mun breytast og breytast mikið eftir fáein ár og þá munu rauntekjur sjóðsins aukast mjög og hann verða tiltölulega peningalega sjálfstæður fái hann tóm til þess. Að vísu gæti vaxandi tilhneiging stjórnvalda til að láta hann byggja fjárhag sinn upp með lántökum spilað þarna inn í eins og öllum má ljóst vera.

Það *mætti, herra forseti, segja nokkur orð um þá* hræsni og þann tvískinnung sem kemur fram í máli þeirra manna hér sem nú hafa allt í einu svo mikla samúð með láglaunafólkinu á Íslandi að þeir nærri því tárfella í ræðustólnum þegar þeir tala um hin kröppu kjör launafólksins. Menn sem standa að ríkisstj. sem hefur skorið lífskjör þessa sama fólks niður við trog eru nú allt í einu fullir mærðar og samúðar og halda langar tölur um hversu launin séu óbærilega lág hjá þessu fólki. Og hvaða aðferðir eru þá notaðar við samanburðinn? Jú, það eru teknir lægstu finnanlegir kauptaxtar og bornir saman við hæstu möguleg námslán. Það er samanburðarfræðin hjá þessum herrum, hv. skrifara þingsins m.a. Auðvitað er hægt að fá óhagstæða útkomu með þessu móti. En mér er sem ég sjái hæstv. forsrh. koma í stólinn og tala um lægstu kauptaxtana og vorkenna fólkinu fyrir þá, taxta sem hvergi eru í raun og veru til lengur, eru ekki greiddir. Það eru ekki einu sinni notuð lágmarkslaunin. Það er verið að tala hér um kauptaxta sem eru ekki til á vinnumarkaðnum í dag, neðan við allt sem borgað er. Þetta er samanburðarfræðin.

Síðan eru teknir tveir námsmenn sem búa saman, báðir í fullu námi og hafa börn á framfæri, og það er notað í samanburðinum. Bara með því að taka meðaltalslán til sömu hópa, til einstæðra foreldra eða til hjóna í námi og bera það saman við ráðstöfunartekjur eins og þær eru gefnar upp af Alþýðusambandi Íslands gerbreytist þessi samanburður. Og vegna þess að nafni minn og hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson hefur nánast gert ráðstöfunartekjurnar heilagar í ræðum sínum á Alþingi undanfarið ætla ég að nota þær einnig. Þá kemur t.d. út að einstætt foreldri með eitt barn fær í hámarkslán á Íslandi í nóvember s.l. 29 þús. kr. rúmar, meðallán til þessa hóps, einstæðra foreldra með eitt barn, eru 24 500 kr. En hverjar eru heimilistekjur láglaunafólks í Alþýðusambandi Íslands samkvæmt könnun frá sama tíma? Þær eru þó 35 327 eða rúmum 10 þús. kr. hærri en meðallánin til sama hóps. Það er líka hægt að taka þennan samanburð. Og svo væri líka hægt að taka samanburð af launum bankastjóra Seðlabankans eða ráðstöfunartekjum forstjóra álversins og bera þær saman við lánin til einstæðra foreldra t.d. Og hvað kæmi þá út? Hvað eru 10 þús. dollarar í dag borið saman við lán til einstæðrar móður eða til fjölskyldu á stærð við þá sem forstjóri álversins hefur? Svari hver sjálfum sér. Og ekki hafa þó námsmennirnir þau fríðindi önnur sem þessir hátekjumenn í íslenska þjóðfélaginu hafa. Því má ekki bera einu sinni kjör námsmanna saman við þessa hópa?

Hæstv. menntmrh. hefur í raun reist allan sinn málflutning og alla sína framgöngu í þessu máli á því fyrst og fremst að það sé sukk og óráðsía hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Aftur og aftur fer hann í það að reyna að réttlæta gerðir sínar með því að þar sé með endemum illa að hlutunum staðið og hafi verið og það sé alveg fortakslaust hvernig þeir menn hafi leyft sér að skrá á sig yfirvinnu og ráða fólk sem ekki séu heimildir til í störfum. Ég taldi í ræðu minni áðan, herra forseti, að þá væri ástæða til að láta ýmis höfuð fjúka ef slæm áætlanagerð væri orðin svo saknæm í íslenska þjóðfélaginu.

Ég ætla þá að víkja að öðru sem hæstv. menntmrh. hefur iðulega nefnt. Það er að hjá lánasjóðnum hafi verið *fólk í störfum sem ekki hafi verið stöðuheimildir* fyrir. Ég ætla að taka dæmi úr íslensku fjárlögunum, þeim nýjustu og næstu þar á undan, um hvernig ráðdeildin er á sumum öðrum bæjum. Það er fjárlagaliður 211-237, Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Hvernig halda menn nú að ráðdeildarsemin við rekstur inn og aðhaldið hafi verið á þeim bæ og hversu vel halda menn að virtar hafi verið þær stöðuheimildir sem þar hafa verið á undanförnum árum? Jú, það kemur í ljós að í fjárlögum ársins 1985 þurfti að taka upp 73 nýjar stöður hjá þessum embættum, ekki vegna þess að ný störf væru að koma þar fram, ekki vegna þess að álagið hefði sérstaklega aukist á embættunum. Nei, heldur þótti rétt að reyna að leiðrétta fyrir störfum sem hafa verið unnin inni í þessum embættum um árabil af fólki sem ekki hafa verið til stöðuheimildir fyrir. Það segir í grg. með fjárlagafrv. frá 1985 um bæjarfógeta og sýslumenn, með leyfi forseta: „Föstum stöðugildum fjölgar verulega frá því sem nú er eins og meðfylgjandi yfirlit ber með sér. Hér er þó ekki um raunverulega fjölgun stöðugilda að ræða.“ M.ö.o.: þessi störf voru unnin og það var fólk í störfunum fyrir. 73 nýjar stöður voru teknar upp hjá þessum embættum einum saman á árinu 1985, á því ári þegar naumast nokkur staða fékkst annars staðar, nýjar stöðuheimildir.

Þá eru það gildandi fjárlög fjárlagaársins 1986. Sami fjárlagaliður heitir enn þá Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Og hvað gerðist þarna annað árið í röð? Jú, með leyfi forseta:

„Frekari skoðun í ljósi fenginnar reynslu hefur leitt í ljós að fjárveitingar voru naumt skammtaðar í nokkrum tilvikum. Er leitasat við að lagfæra það sem á við og skýrir það hækkun fjárframlaga umfram það sem almennt gerist. Hér fer á eftir yfirlit yfir nýjar stöður hjá embættunum. Athuga ber að þessar stöður hafa verið setnar undanfarin ár þótt ekki hafi verið tekið tillit til þeirra við fjárlagagerð. Hér er því ekki um eiginlega aukningu umsvifa að ræða.“

M.ö.o.: hér hafði verið fólk í störfum í stórum stíl sem ekki voru stöðuheimildir fyrir og 20 nýjar stöður í viðbót voru teknar upp á þessu ári hjá þessum embættum. Mér er spurn, herra forseti: Á ekki yfirmaður dómsmála í landinu að láta nokkur höfuð fjúka? Hvers konar frammistaða er nú þetta ef við notum vinnureglu

hæstv. menntmrh.? Hvers konar reiður hafa eiginlega verið í þessu kerfi undanfarin ár? Ég bendi á að hefði ég náð mér í fjárlög frá fyrri árum hefði mátt finna þar svipuð dæmi enn þá lengra aftur, svo lengi hefur það staðið að menn hafa verið að reyna að leiðrétta fyrir stöðum sem verið hafa hjá þessum embættum langt umfram heimildir á fjárlögum.

Ég vona að þetta eitt dæmi hafi skýrt það nokkuð að ef menn eru að fara út í þetta á annað borð má víða finna brotinn pott í þessum efnum. Ég leyfi mér reyndar að fullyrða að óvíða hafi þörfin fyrir nýjar stöður verið meiri en hjá lánasjóðnum á undanförnum árum, enda hefur margoft verið beðið um fjölgun á starfsfólki þar.

Vandræði sjóðsins og þær slæmu reynslusögur sem menn hafa hér rakið stafa, eftir því sem ég best veit, einmitt af því í mörgum tilfellum að þarna hefur verið undirmannað og það hefur í raun ekki verið starfsfólk til að sinna öllum þeim störfum sem þarft hefði verið og skylt hefði verið.

Það kemur einnig úr hörðustu átt þegar hæstv. menntmrh. ætlar að nota klögumál gegn þessari stofnun til að klekkja á henni. Ég veit það og fullyrði það hér að yfirgnæfandi meiri hluti umkvartana íslenskra námsmanna vegna lánasjóðsins stafar af því að námsmenn eru óánægðir og telja að þeir hafi ekki fengið jafnmikið fé í hendur og þeim bar og ber samkvæmt lögum. Það er vegna þess að starfsfólk lánasjóðsins hefur á undanförnum árum reynt að gæta hagsmuna sjóðsins og halda þar aftur af útgjöldum með öllum tiltækum ráðum að námsmenn hafa í ýmsum tilfellum verið að kvarta undan þessari stofnun. Svo kemur þessi hæstv. ráðherra, sem ætlar að auka sparnað og ætlar að auka ráðdeildarsemi, og sakfellir menn einmitt fyrir þetta tiltekna atriði. Ja, heyr á endemi! Þvílík framkoma hæstv. ráðh. Ég held að hann hefði átt að kynna sér hvað liggur að baki þessum umkvörtunum í langflestum tilfellum.

Herra forseti. Það mætti ýmislegt fleira um þetta segja eins og ég hef reyndar áður sagt. Hér væri hægt að halda langar ræður og hafa fullt tilefni til. En þetta er líklega að verða nóg að sinni. Það mál vel vera og er ekki ólíklegt að málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna beri aftur á góma á þessu þingi, e.t.v. vegna þess að hæstv. ráðh. þumbast við og kemur fram einhverri frumvarpsnefnu, hvort sem það verður nú stjfrv. eða eitthvað annað, eitthvert einkaframtak af hans hálfu. En hann virðist helst til liðfár orðinn þegar samstarfsflokkurinn hefur neitað að styðja hann í þessu og menn úr hans eigin flokki hafa jafnvel lýst gagnrýni sinni á þessar hugmyndir.

Ég segi það, og það má öllum vera ljóst, að ég tel íslenska námslánakerfið eins og það er vera gott. Ég tel það að mörgu leyti vera réttlátt og sanngjarnt kerfi og vel hafi verið til þess vandað á sínum tíma þegar þessi löggjöf var sett. Ég er þar með ekki að segja að ekki sé sjálfsagt mál að endurskoða það. Auðvitað er það þannig með allar mannlegar gerðir að þær hljóta að koma til endurskoðunar á breyttum tímum. Það er þó langt í frá rétt, eins og oft er haldið fram, að við Íslendingar gerum svo vel við okkar námsmenn að hvergi finnist dæmi um annað eins og að námsmenn lifi hér í einhverjum sérstökum lúxus umfram aðrar stéttir þjóðfélagsins. Ég get nefnt sem dæmi að upplýsingar hef ég um það frá Bandaríkjum Norður-Ameríku að aðstoð alríkisstjórnar Bandaríkjanna við námsmenn beint nemur 15 milljörðum dala. Þar fyrir utan eru, eins og menn vita, allir aðrir styrkir og framlög til menntunar í Bandaríkjunum sem eru af fjölmörgu tagi, bæði frá háskólunum sjálfum, frá fylkjum og frá fleiri aðilum. Þessi upphæð svarar til að höfðatölureglunni 630 millj. kr. íslenskum. Það er hærri upphæð, mun hærri upphæð en raunframlag íslenska ríkisins til lánasjóðsins er á hverju ári undanfarin ár vegna þess að lánveitingarnar allar í heild sinni eru auðvitað ekkert raunframlag ríkisins til náms á Íslandi. Það er eingöngu sá hluti sem ekki greiðist aftur og þeir styrkir sem greiddir eru eins og ferðastyrkir og aðrir slíkir. Það lætur nærri að það séu um 340 millj. kr. á síðasta ári. Raunframlag íslenska ríkisins er næstum því helmingi lægra en framlag alríkisstjórnarinnar í Bandaríkjunum einnar saman, fyrir utan allt annað sem þar er lagt til menntunar.

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég þakka forseta fyrir að leyfa þessa umræðu og fyrir skörulega fundarstjórn og ég þakka enn fremur þeim þm. og hæstv. ráðh. sem hér hafa tekið þátt í umræðunni.

Efnisskrá.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun 2113.
Frestun nauðungaruppboða (104. mál) 2189.
Nafnskráning skuldabréfa (203. mál) 2164.
Rannsóknir í þágu atvinnuveganna (208. mál) 2165.
Sala á ferskum fiski erlendis (79. mál) 2120.
Tilhögun þingfundar 2189.
Tilkynning frá forsætisráðherra um breytingu á ríkisstjórninni 2114.
Um þingsköp 2123, 2192.
Umræður utan dagskrár 2124 (stjórnmálaástandið að loknu þinghléi); 2193 (Lánasjóður ísl. námsmanna).
Varamenn taka þingsæti 2113.
Varnir gegn kynsjúkdómum (91. mál) 2171.
Verðbréfamiðlun (202. mál) 2161.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2113, 2116, 2117, 2119, 2155, 2189, 2192, 2193, 2212.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 2161.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 2166.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2113, 2114, 2143.
Félmrh. Alexander Stefánsson 2191.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 2181.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 2205.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2120, 2122, 2161, 2164.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 2119.
Árni Johnsen 2249.
Friðrik Sophusson 2150.
Guðmundur Einarsson 2118, 2132, 2227.
Guðrún Agnarsdóttir 2136, 2171, 2185.
Haraldur Ólafsson 2243.
Helgi Seljan 2165.
Hjörleifur Guttormsson 2166, 2168.
Ingvar Gíslason 2219.
Jóhanna Sigurðardóttir 2129.
Jón Baldvin Hannibalsson 2116, 2235.
Kristín Halldórsdóttir 2213.
Kristín S. Kvaran 2140, 2187, 2192, 2232.
Ólafur Þ. Þórðarson 2245.
Sighvatur Björgvinsson 2118, 2120, 2121, 2165, 2169, 2189.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2119, 2138.
Skúli Alexandersson 2123.
Stefán Benediktsson 2117.
Stefán Guðmundsson 2168, 2170.
Steingrímur J. Sigfússon 2193, 2253.
Svavar Gestsson 2114, 2118, 2124, 2155.

Leiðrétting. Neðstu greinaskil í 2089. dálki 10. heftis:

Hins vegar verðum við að játa að við höfum verið í erfiðri aðstöðu. Fjárlagafrv. gerði ráð fyrir 91 millj. kr. í heild til þeirra þátta sem við teljum heyra undir þróunaraðstoð. Þessar 91 millj. lækkuðu um 7 millj. kr. Með atbeina og fyrir frumkvæði hæstv. fjmrh., á þessu stigi málsins, hefur málið verið fært í upprunalegt horf. Ég tel ekki raunsætt að ætla okkur stærri áfanga að þessu sinni, en vænti þess að við getum hafið nýja sókn að þessu leyti.

Efri deild, 44. fundur.

Mánudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv. 199. mál (þskj. 299). — 1. umr.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Hér er frv. til l. um breytingu á lögum frá 1975 um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Með lögunum frá 1975 var ríkisstj. heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd þessar alþjóðareglur og þær síðan auglýstar eins og lög gera ráð fyrir.

Í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar hefur verið unnið á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að breytingum á alþjóðasiglingareglum sem samþykktinni fylgja. Með ályktun frá í nóvember 1981 samþykkti þing stofnunarinnar ýmsar breytingar á reglunum. Er hér um minni háttar breytingar að ræða sem taldar eru æskilegar með tilliti til fenginnar reynslu þann tíma sem reglurnar frá 1972 hafa verið í gildi.

Í samræmi við 4. tölul. 6. gr. samþykktarinnar tóku breytingar þessar gildi 1. júní 1983 gagnvart samningsaðilum eins og um getur í grg. með frv., þ.e. þeim sem mótmæltu þeim ekki fyrir þann tíma. Hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi töldu rétt að Ísland gerðist aðili að umræddum breytingum og fyrir því er þetta frv. hér flutt.

Meðfylgjandi er fskj. þar sem koma fram þær reglur sem gilda frá 1972 ásamt og með þeim breytingum sem gerðar voru 1981.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, frv. 163. mál (þskj. 182). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég flyt þetta frv. ásamt hv. 11. landsk. þm. og hv. 3. þm. Suðurl.

Þetta frv. felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkvæmt gildandi lögum er fóstureyðing heimil af þrenns konar ástæðum, þ.e. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðrum refsiverðum verknaði.

Með frv. þessu er lagt til að fella niður að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiða aðrar breytingar sem í frv. felast.

Það er skoðun okkar flm. að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu þegar ætla má, eins og það er orðað, „að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna". Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það til hvers skuli tekið tillit við mat á því hvað er „of erfitt" í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður".

Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkvæmt þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum ástæðum skal lífi þess tortímt ef óskað er.

Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú að fóstureyðing geti verið heimil ef konan býr við „bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu".

Þriðja leiðbeiningarreglan er sú að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna ásku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt".

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggja vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagsleg vandamál. En spurningin er hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimildir til fóstureyðinga. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum aðgerðum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðinga rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað ískyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverja 100 lifandi fædda árið 1965 voru 1,4, árið 1970 2,5, árið 1975 6,3, árið 1980 11,6, árið 1981 13,7, árið 1982 14,1 og árið 1983 15,7.

Á árinu 1965 voru fóstureyðingar 68, árið 1970 99, árið 1975 274, árið 1980 523, árið 1981 597, árið 1982 613, árið 1983 687 og árið 1984 um 730. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum. Aukningu fóstureyðinga frá því að lögin voru sett 1975 er eingöngu til þeirra að rekja.

Raunar hefur fóstureyðingum af læknisfræðilegum ástæðum ekki fjölgað á síðustu árum. Það eru nú um 9 af hverjum 10 fóstureyðingum framkvæmdar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Það er því fullkomin öfugþróun sem átt hefur sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25 frá 1975. Með frv. þessu er lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Frv. felur í sér að fóstureyðingar verði ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum.

Enginn neitar samt að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geta skapað félagsleg vandamál. En spurningin er: Hvernig á að bregðast við þeim vanda? Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðinga. Þjóðfélag sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum lítur fram hjá hinum raunverulega vanda. Það er þjóðfélag sem sættir sig við óleyst vandamál því að félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráð-

stöfunum.

Það vill svo til að í þessu landi búum við að víðtækri almennri tryggingalöggjöf og margs konar opinberri aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar félagslegum vandamálum. En satt er það að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna og fjölga mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta við vöggustofum, dagvistarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um allt land, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu svo að barnið sem hún gengur með verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé sem best tryggður.

Ekkert annað er til lausnar þeim vanda sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir sem ekki eru til að hafa orð á samanborið við það óbætanlega tjón sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

En hvað sem þessu líður, svo alvarlegt sem það er fyrir þjóðarheildina, varðar frv. þetta fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því að það er um mannslíf að tefla þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði að þetta mannslíf hefur rétt til að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja megi auðsætt að barnið verði svo vangefið að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða eða konan hafi orðið þunguð af refsiverðu atferli. Það er á þessum forsendum, hæstv. forseti, sem frv. þetta er flutt.

Þegar núgildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975 var borin fram brtt. við frv. að lögum þessum þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Brtt. náði ekki fram að ganga. Þessi brtt. hefur verið tekin upp á ný á fjórum þingum í formi frv. til l. sem voru samhljóða því sem hér er nú lagt fram. Þá hlutu frv. ekki afgreiðslu. Þess er nú freistað enn á ný að leggja málið fyrir Alþingi í trausti þess að það nái nú fram að ganga.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta mál að sinni. Áður hef ég margoft þaulrætt efni þessa frv. Vísa ég og til ítarlegrar grg. og fskj. sem er að finna með frv. þessu.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til heilbr.- og trn. í trausti þess að nefndin láti nú ekki farast fyrir að skila áliti svo að málið geti fengið þinglega meðferð á þessu þingi.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. hefur nú flutt þetta mál enn einu sinni í hv. deild. Hann hefur flutt fyrir sínu máli eins og hans er von og vísa glögga ræðu ákveðinna viðhorfa sem við mörg könnumst mætavel við. Þær skoðanir þessa mæta hv. þm. virði ég svo sannarlega þó ég hafi áður lýst því yfir og sé þeim enn ósammála, eins og margoft hefur komið fram í umræðum hér áður.

Ég vil þó taka það skýrt fram út af síðustu orðum hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um að hann óski sérstaklega eftir því að hv. heilbr.- og trn. afgreiði þetta frv. frá sér, skili áliti um það, að ég hef setið í þessari nefnd áður og það hefur aldrei staðið á mér að skila áliti um þetta mál út úr nefnd og mun heldur ekki verða svo nú.

Þó að ég hafi lýst yfir andstöðu við það meginefni sem við hér erum að ræða vil ég þó ekki láta hjá líða að taka sérstaklega undir með hv. 1. flm., sem hann kom hér inn á, þá miklu áherslu sem hann lagði á aukningu félagslegrar samhjálpar, aukna nauðsyn aðgerða þar á öllum sviðum, því að þær eru svo sannarlega knýjandi og betur vildi ég að það sæist í verki hjá hæstv. núv. ríkisstj., sem hv. flm. fylgja, að það væri gert, m.a. í þeirri andhverfu sem við sjáum í því atriði, sem hv. flm. lagði mikla og réttilega áherslu á, aukinni þörf fyrir fleiri dagvistarrými.

Ég segi líka að það frv. til l. sem er fylgifrv. þessa um breytingu á lögum um almannatrygggingar varðandi hækkun mæðralauna væri vissulega góðra gjalda vert. Ég hlýt hins vegar að spyrja hv. flm. að því í framhaldi af þeirri stórhækkun sem þar er gert ráð fyrir og þá alveg sérstaklega með mæðralaunum til þeirra mæðra sem eru með eitt barn hvort þetta frv. eða þau útgjöld sem því tengjast og eru forsenda þessa máls að nokkru leyti hafi stuðning þess þingflokks sem þessir hv. þm. tilheyra og hvort hæstv. núv. fjmrh., sem þetta heyrir nú helst undir, sé sammála því að hér verði um þessa hækkun mæðralauna að ræða. Það er nauðsynlegt að fá það fram vegna þess að við vitum að þar væri um býsna mikla stökkbreytingu að ræða, býsna þung útgjöld einnig. Þá vaknar þessi spurning eðlilega vegna þess að ef horft er til síðustu fjárlagagerðar og til áforma núv. ríkisstj. í þessum efnum hlýtur maður að efast nokkuð um að þetta hafi jafneinróma stuðning og annars mætti vænta hjá þingflokki hv. flm. og hjá fjmrh. þeirra hæstv. alveg sér í lagi.

Að sjálfsögðu get ég tekið undir þær breytingar sem þar eru til hækkunar og kannske alveg sérstaklega breytingu sem þyrfti að verða, svo sannarlega, á árlegum mæðralaunum með einu barni sem nú eru í hróplegu ósamræmi við það sem þó gildir um tvö börn eða fleiri.

Ég skal hafa um þetta fá orð nú. Ég hef svo margrætt það og áður átt í orðræðum um þetta mál, að ég hlýt að vísa til þess sem ég hef áður sagt þar um. Ég bendi aðeins á að löggjöf sú sem hér um ræðir var sett í tíð hæstv. ráðh. Matthíasar Bjarnasonar sem heilbr.- og trmrh., sem hefur nú fyrir stuttu látið af því starfi, og sú löggjöf var vel undirbúin í hvívetna. Ég hygg að hæstv. ráðh. hafi þá gert þá málamiðlun sem flestir gátu sætt sig við.

Það hefði verið forvitnilegt nú þegar við erum að fjalla um þessi mál að vita hver skoðun hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. væri á þessu máli. Hæstv. ráðh. er nú fjarri vettvangi, en það gefst eflaust tími til þess síðar og tækifæri að spyrja hæstv. ráðh. hver hans skoðun sé á þessu máli. Ég veit alveg hver skoðun hæstv. fyrrv.

heilbr.- og trmrh. var á þessu. Hann taldi að menn hefðu náð þeirri málamiðlun í þessu efni sem væri affarasælust. Ég held að ástand mála þá hafi einmitt knúið á um ákveðnar breytingar og ég man eftir því úr ræðum hæstv. ráðh. Matthíasar Bjarnasonar þá að hann vék rækilega að því og það gerðu fleiri í umræðunum.

Aðeins skal nú minnt á tvennt sem mér er þar minnisstætt. Annars vegar ólöglegar fóstureyðingar og hins vegar fóstureyðingar erlendis hjá þeim sem höfðu efni á. Það var ekki síður notað sem rök þá en nú og skal ekki fjölyrt um frekar. Ég ítreka enn þá meginskoðun mína, sem ég hlýt að gera að helstu röksemd minni gegn breytingum á löggjöfinni, því trausti og trú sem ég hef á dómgreind íslenskra kvenna til að fara með þetta vald. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt að minna enn og aftur á forsendurnar varðandi ráðgjöf og aðstoð alla, sem óneitanlega þarf að stórauka, svo og alla fræðslu almennt um kynlíf og barneignir. Ég skal játa að þessi þáttur, sem átti að vera mjög samhliða þeim breytingum sem þarna voru gerðar, hefur legið eftir og ég skal vera fyrstur manna til að viðurkenna það, en þá þarf þar fyrst og fremst úr að bæta í stað þeirra breytinga sem hér eru lagðar til.

Ég fullyrði enn og aftur að fóstureyðing er ævinlega nauðvörn, neyðarúrræði sem til er gripið í allra síðustu lög. Ég þekki slík dæmi. Ég þekki einnig gagnstæð dæmi þar sem sú leið var af móður eða mæðrum valin að eiga börnin. Ég þekki nokkuð til þess hversu örðug og átakanleg hin fyrri ákvörðun er og var. Ég veit að ráðgjöf og þjónusta var ekki slík sem skyldi og er ekki slík sem skyldi. En ég tel það hins vegar ekki röksemd fyrir því að breyta um áherslur og fella hinar félagslegu ástæður út.

Það er vissulega rétt að hér er allt of margt ógert og þarf virkilega úr að bæta. Ég held líka að allir talnaleikir í sambandi við þetta, bæði varðandi ólöglegar fóstureyðingar og fóstureyðingar erlendis, sem mjög hefur verið vitnað til, miðað við þær tölur sem nú eru, allir slíkir talnaleikir séu ómarktækir að miklu leyti þegar lögin voru þrengri og farið var á bak við þau og leitað til útlanda. Ég hef a.m.k. á því fullan fyrirvara að þær tölur sem þar hafa verið hafðar uppi eigi við rök að styðjast.

Ég segi það líka að ég harma hversu stór og þung orð hafa verið látin falla í garð þeirra íslensku kvenna sem af einhverjum ástæðum hafa neyðst til að grípa til þessa ráðs. Þar hefur ákæran verið óvægin og hörð og komið frá þeim sem síst skyldi, m.a. frá kirkjunnar mönnum, og engum til sæmdar að taka svo til orða sem allt of oft hefur heyrst varðandi þetta.

En lokaorð mín skulu þau sem ég hef áður gert að mínum: Nauðsyn krefur að lögunum í heild sé framfylgt svo vel sem kostur er, en fyrst og síðast ber að virða rétt konunnar og ákvörðunarvald hennar set ég sem áður öllu ofar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Hér er nú komið fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 25 frá 1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, frv. þess efnis að nema brott lagaheimild til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum.

Nú er það svo að um langt árabil hefur það verið eitt af baráttumálum allra kvennahreyfinga að tryggja konum þau grundvallarréttindi sem nauðsynleg eru til þess að þær geti sjálfar borið ábyrgð á lífi sínu og gjörðum og átt nokkurt val þar um sem ábyrgir, sjálfstæðir og fullveðja einstaklingar. Þetta er sú hugsun sem liggur að baki lögunum frá 1975 en þau voru á sínum tíma stórt skref fram á við í réttindabaráttu kvenna. Lögin frá 1975 gera ráð fyrir stóraukinni almennri fræðslu um kynlíf og barneignir og þau gera ráð fyrir ódýrum og aðgengilegum getnaðarvörnum fyrir alla. Þetta eru þættir sem enn hafa ekki verið framkvæmdir og ég kem að á eftir. Þannig var lögunum ætlað að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Væri hins vegar um ótímabærar þunganir að ræða var það lagt í hendur kvenna sjálfra að ákveða, ef aðstæður voru á þann veg, hvert framhald þungunarinnar yrði. Með því móti voru konum fengin þau réttindi og jafnframt sú skylda að bera sjálfar ábyrgð í þessum efnum, bæði fyrir sjálfum sér, samfélagi sínu og skapara sínum. M.ö.o.: íslenskum konum var og er treyst til að bera ábyrgð sjálfar á líkama sínum og lífi og þar með einnig því lífi sem þær geta fætt af sér, enda eðlilegt og réttmætt þar sem konur eru fullveðja, ábyrgir og sjálfstæðir einstaklingar.

Sú hugsun sem lögð var til grundvallar lögunum frá 1975 er því enn í fullu gildi og speglast e.t.v. skýrast í orðum þess hv. þm. sem sagði mér að hann hefði ekki þegið boð um að gerast meðflm. að því frv. sem hér er til umræðu vegna þess að hann teldi sig ekki vera þess umkominn að taka ákvörðun sem þessa fyrir aðra. Þannig virðast hins vegar flm. þessa frv. ekki hugsa. Frv. byggir á því að það sé Alþingis að taka þessa ákvörðun fyrir allar íslenskar konur og þar sem svo er eru þeir ekki líklegir til að ljá eyru þeim viðhorfum til kvenna sem ábyrgra einstaklinga sem lögin frá 1975 eru byggð á. Læt ég því ekki fleiri orð falla um það í bili, en ítreka aðeins að þau viðhorf standa vitaskuld óhögguð í dag.

Nú er það svo að ég er ekki frekar en flm. þessa frv. meðmælt fóstureyðingum í sjálfu sér. Ein sú ósk sem við Kvennalistakonur bárum í brjósti er við tókum til starfa hér í þingsölum var að breyta þessu þjóðfélagi á þann veg að konur þyrftu ekki að grípa til þess neyðarúrræðis að láta eyða fóstri. Hér á Alþingi höfum við flutt hvert málið á fætur öðru sem miðar að því að bæta hag barna og foreldra þeirra og gera þetta þjóðfélag vinsamlegra litlum börnum og foreldrum þeirra, að þjóðfélagi sem tekur opnum örmum á móti sérhverju barni og þar sem réttur kvenna til að eiga börn er ótvíræður. Ég endurtek þetta síðasta, þar sem réttur kvenna til að eiga börn er ótvíræður, því um það snýst málið að mínu viti. En við höfum hingað til talað fyrir daufum eyrum. Við höfum talað fyrir daufum eyrum og ekki komið nokkru slíku máli fram hjá þeim stjórnarmeirihluta sem flm. þessa frv. eru aðilar að. Það er þeim mun kynlegra þar sem í grg. með þessu frv. er margsinnis tiltekið sem ein meginröksemd fyrir frv. að félagslegan vanda eigi að leysa með félagslegum ráðstöfunum, eins og þar segir, en ekki með fóstureyðingum.

Mér er því spurn: Hvar voru flm. þessa frv. þegar ég á síðasta þingi og þinginu þar á undan einnig flutti hér í hv. deild frv. til laga um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði og óskert kjör foreldra meðan á fæðingarorlofinu stendur, það frv. sem nú liggur á borði hv. þm. í þriðja sinn og hefur mála-

númerið 180? Hvar var t.d. 1. flm. þess frv., sem hér er til umræðu, þá? Alla vega ekki í þessum ræðustól að lýsa stuðningi við fæðingarorlofsfrv. sem raunverulega bætir hag foreldra og ungra barna og gæti því dregið úr fóstureyðingum yrði það að veruleika. Ekki var hann hér þá til að benda á mikilvægi þess að búa betur að börnum þessa lands. Og hver hafa verið örlög þessa frv. um lengingu fæðingarorlofs á tveimur síðustu þingum? Um það geta hv. þingdeildarmenn lesið á bls. 4 í frv., en þar kemur fram að í tvö skipti hefur frv. verið frá fjórum upp í sex mánuði í heilbr.- og trn. þessarar deildar og ekki átt afturkvæmt aftur inn í deildina til atkvæðagreiðslu fyrir þinglausnir.

Það dugði ekki til á síðasta þingi til að hreyfa því málinu úr nefndinni að heilbr.- og trn. voru á vordögum afhentar 4200 undirskriftir því frv. til stuðnings og áskorun um að afgreiða það hið snarasta úr nefndinni. Allt kom fyrir ekki. Þetta frv. um lengingu fæðingarorlofs naut ekki stuðnings flm. þess frv. sem hér er til umræðu eða annarra meirihlutamanna, ella hefði það væntanlega átt afturkvæmt úr heilbr.- og trn. og væri e.t.v. orðið að lögum núna mæðrum og nýfæddum börnum til hagsbóta.

Eða eigum við að taka dagvistarmálin? Dagvistarmálin eru nauðsynjamál fyrir börn og foreldra, ekki síst í þjóðfélagi þar sem nánast allir foreldrar ungra barna verða að vinna úti allan daginn til að eiga fyrir nauðsynjum og skuldum.

Við skulum taka dagvistarmálin. Á síðasta þingi flutti ég frv. til laga um sérstakt átak í dagvistarmálum barna. Í frv. var gert ráð fyrir að lögbundin yrði ákveðin prósentutala af fjárlögum ríkisins á ári hverju til þessa málaflokks. Í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, þar sem þetta frv. var tekið fyrir, var ekki um það deilt að átaks væri þörf í dagvistarmálum barna. Samt sem áður treystu meirihlutamenn í hv. fjh.- og viðskn. sér ekki til þess að mæla með að frv. væri samþykkt hér við 2. umr. heldur var því vísað til ríkisstj. með því fororði að bæta nú um betur. Efndir ríkisstj. í þessu máli voru hins vegar þær að á meðan frv. hefði veitt á bilinu 120–190 millj. til dagvistarmála á fjárlögum ársins í ár var á fjárlögum veitt 40 millj. til þessara mála. Sú upphæð sem ég nefndi og sem frv. gerir ráð fyrir byggir á samningi sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér árið 1980, en þar lofuðu íslensk stjórnvöld að koma til móts við óskir verkalýðsfélaganna um átak í dagvistarmálum barna. Orð og fögur fyrirheit en engar efndir.

Eða launamálin? Eigum við að taka launamálin því eins og hv. flm. vita væntanlega þá lifa konur og börn á launum eins og aðrir? Þá vaknar spurningin: Hvernig stendur á því að flm. þessa frv., sem ítreka í grg. með frv. að félagslegan vanda eigi að leysa með félagslegum ráðstöfunum en ekki fóstureyðingum, geta þá, eins og þeir hafa gert, stutt þá launastefnu sem ríkisstjórn Íslands stendur nú fyrir og sem skapað hefur gríðarlegan vanda fyrir fjölmargar mæður og feður í landinu og sem hefur bitnað harðast á konum sem lægst hafa launin og eiga því erfiðast með að lifa af þeim? Hvernig geta þeir stutt slíka stefnu? Mér þætti fróðlegt að fá að heyra það hér á eftir. Ef þeir segja að fyrir þessum vanda sé séð með fylgifrv. á þskj. 183, þar sem gert er ráð fyrir hækkun svonefndra mæðralauna, er það auðvitað fráleitt því að þær lágu upphæðir sem þar eru á ferðinni leysa engan veginn fjárhagslegan og félagslegan vanda einstæðra mæðra. Þessar upphæðir kaupa t.d. einstæðum mæðrum ekki húsnæði, en samkvæmt skýrslu félmrh. um könnun á vanda einstæðra foreldra frá haustinu 1984 var skortur á eigin húsnæði efst á blaði. Þetta fylgifrv. getur engan vanda leyst, því miður, og raunar með ólíkindum að menn skuli leyfa sér að bera það fram sem slíkt. Mér er nær að halda að annaðhvort geri flm. þessa frv. sér ekki grein fyrir þeim vanda sem blasað getur við mæðrum og börnum í þessu þjóðfélagi eða þá að allt þeirra tal um félagslegar úrbætur þeim til handa er skrum eitt.

Virðulegi forseti. Til þess að draga úr fóstureyðingum hér á landi er aðeins eitt nokkurn veginn öruggt ráð og það er að stuðla að raunverulega bættum hag foreldra og barna í íslensku þjóðfélagi. Að auki mundi stóraukin fræðsla um kynlíf og barneignir auk ódýrari getnaðarvarna vera til mikils gagns. En lagabreyting af því tagi sem hér er lögð til og hér er til umræðu getur ekki komið í veg fyrir áframhaldandi fóstureyðingar af félagslegum ástæðum og skal ég nú útskýra hvernig á því stendur.

Hin meginrökin sem tiltekin eru í grg. með frv. sem rök fyrir flutningi þess eru að með lögunum frá 1975 hafi fóstureyðingum fjölgað mjög hér á landi. Þessu hlýt ég að mótmæla því við vitum að fyrir árið 1975 var töluvert um ólöglegar fóstureyðingar hérlendis og einnig vitum við að íslenskar konur sóttu til annarra landa í þessu skyni fyrir árið 1975. Við vitum ekki hversu margar þessar fóstureyðingar voru og því vitum við ekki hvort þeim fjölgaði með tilkomu laganna árið 1975. Þær ályktanir sem dregnar eru af tölum um fjölda fóstureyðinga í grg. með frv. eru því sannanlega ekki réttar. Það sem þessi reynsla af fóstureyðingum í trássi við lög ætti hins vegar að kenna okkur er að lög um bann við fóstureyðingum af félagslegum ástæðum duga ekki til að koma í veg fyrir slíkar fóstureyðingar. Þótt það frv. sem hér er til umræðu yrði að lögum mundu fóstureyðingar af félagslegum ástæðum að öllum líkindum áfram verða framkvæmdar hér á landi ólöglega eins og var fyrir gildistöku laganna árið 1975 og einnig munu þær konur sem það geta þá sem fyrr væntanlega leita til nágrannalandanna þar sem fóstureyðingarlöggjöfin væri þá rýmri en hún væri orðin hér.

Stjórnsemi með líf annarra, eins og birtist í þessu frv., mun ekki duga til að koma í veg fyrir fóstureyðingar. Ef við viljum í raun sporna við fóstureyðingum, og það vil ég, gerum við það, eins og ég sagði áðan, aðeins með því að bæta raunverulega hag og alla aðstöðu barna og foreldra í íslensku þjóðfélagi. Fyrsta skrefið í þá átt gæti t.d. verið að samþykkja það frv. til laga um fæðingarorlof sem nú liggur á borðum hv. þingdeildarmanna. Það er aðeins fyrsta skrefið því þau yrðu að vera miklu fleiri, en með því að fara þá leið gætum við sannanlega á endanum tryggt rétt íslenskra kvenna til þess að eiga börn.

Virðulegi forseti. Síðasta atriðið sem ég vil nefna hér og sem vantar nú reyndar að minnst sé á í grg. með frv. er einn megintilgangur laganna frá 1975, en hann var sá að tryggja ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir ótímabæra þungun.

Í svörum hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. menntmrh. við fsp. frá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, bæði á 106. löggjafarþingi og einnig á því þingi sem nú

situr, hefur komið fram að fræðslu um þessa hluti er enn í dag, tíu árum eftir setningu laganna, stórlega ábótavant. Einnig kom fram í þessum svörum að sjúkrasamlög taka ekki þátt í kostnaði vegna getnaðarvarna þótt slíkur vilji komi afdráttarlaust fram í 5. gr. laganna. Það má því ljóst vera að aðeins hluta laganna frá 1975 er framfylgt og er það mjög miður þar sem fullnægjandi fræðsla og ódýrar getnaðarvarnir eru án nokkurs vafa hvort tveggja mikilvæg úrræði til að koma í veg fyrir ótímabæra þungun og þar með fóstureyðingar.

Ég veit ekki hvort hv. flm. þessa frv. hafa hugsað út í þetta atriði eða hlustað á hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og hæstv. *ráðh. þegar þessi mál hafa verið til* umræðu í sameinuðu þingi, en ég bendi þeim á að bæði hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. menntmrh. eru í sama þingflokki og þeir sjálfir og ég skora á þá að beina því til þessara ráðherra sinna að sjá til þess að þessum hluta laganna frá 1975 verði nú framfylgt. Eins skora ég á þá og aðra hv. þingdeildarmenn að leggjast nú á eitt með okkur Kvennalistakonum við að breyta þessu þjóðfélagi á þann veg að það verði lífvænlegra en það er nú fyrir börn. Þannig og aðeins þannig verður þetta mál unnið.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns skerðir þetta frv. þann rétt sem íslenskar konur hafa í dag til að bera sjálfar ábyrgð á líkama sínum og lífi bæði gagnvart sjálfum sér, samfélagi sínu og skapara sínum. Á þann veg lýsir þetta frv. vantrausti á konur sem ábyrga og fullveðja einstaklinga. Þótt hv. flm. frv. virðist ekki gera sér fulla grein fyrir því eru þetta viðhorf til kvenna sem íslenskar konur taka almennt ekki gild. Er ekki kominn tími til að menn láti af bábilju sem þessari og snúi sér þess í stað að því verkefni að tryggja þann sjálfsagða rétt eða eigum við að segja frelsi kvenna til að eiga börn, frelsi þeirra til að bera ábyrgð á sínu eigin lífi og frelsi þeirra til að búa börnum sínum mannsæmandi líf? Hér er stórt verkefni á ferðinni og það er verkefni sem þolir enga bið.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust að tala lengi um þetta, en vildi þó aðeins leggja orð í belg, kannske fyrst og fremst til að lýsa andstöðu minni við þetta frv. Ég treysti mér ekki til að greiða því atkvæði og mun greiða atkvæði gegn því þegar það kemur hér til atkvæða.

Ég geri það vegna þess að ég tel að eins og þessum málum er nú háttað hér í þjóðfélaginu séu þessi mál með tiltölulega skaplegum hætti og það sé ekki ástæða til að gera þær breytingar sem hér er gert ráð fyrir. Ég held raunar að það væri verulegt skref aftur á bak ef það væri gert, en dreg ekki í efa góðan hug flm. að baki þessu máli. Ég held hins vegar að hann sé kannske svolítil tímaskekkja og á misskilningi byggður án þess að sé farið nánar út í siðfræðilegar umræður um þau efni. En ég mun sem sagt greiða atkvæði gegn þessu frv.

Hv. síðasti ræðumaður, 11. þm. Reykv., kom nú býsna víða við í sinni ræðu og talaði um hversu illa þenkjandi menn sætu á hinu háa Alþingi sem fengjust ekki til að samþykkja öll hin góðu frv. Kvennalistans, bæði varðandi fæðingarorlof og ýmislegt annað. Ég hef áður sagt það og segi það enn að vandalaust er að setja saman góð og falleg frv. sem kostar verulegt fé að framkvæma. Það er enginn vandi. Ég minnist þess ekki að í frv. sem hér var gert að umtalsefni áðan, um fæðingarorlof, sé gerð grein fyrir því hvernig eigi að fjármagna þann aukakostnað sem af því hlýst. (Gripið fram í.) Það er ekki í því frv. sem hér var gert að umræðuefni. Það eru engin ákvæði um það. Það er bara eins og vinnubrögð þingmanna Kvennalistans hafa verið að *flytja frv. til útgjalda án þess að gera nokkra* grein fyrir því hvernig skuli þeim mæta. Síðan eru aðrir þm. sakaðir um allt að því illmennsku þegar þeir ekki fást til að greiða þessum frv. atkvæði. Þetta er heldur ódýr aðferð til að slá sér upp. Það verður að segjast alveg hreint eins og er. Og þetta eru afskaplega ómerkileg vinnubrögð. (Gripið fram í.) Ég var ekki að *tala við hæstv. iðnrh. að þessu sinni.* Ég var að víkja að þeim málatilbúnaði þm. Kvennalistans að flytja jafnan tillögur um útgjöld og það mikil útgjöld á sviðum þar sem allir eru sammála um að gera þarf betur, en gera þetta með svo ábyrgðarlausum hætti sem raun hefur borið vitni. Þetta þykja mér ekki merkileg vinnubrögð. Ég veit að það eru líka uppi mjög skiptar skoðanir um það frv. um fæðingarorlof sem hv. þm. gerði að meginumræðuefni áðan, þ.e. að fiskvinnslukonan skuli fá kannske 17 000 kr. á mánuði, en konan sem er alþm. skuli fá sextíu og eitthvað þús. kr. á mánuði eða þar um bil í laun í fæðingarorlofi. Ég veit að það eru mjög skiptar skoðanir um þetta. En það eru þm. Kvennalistans sem flytja þetta frv.

Mér þótti líka svolítið einkennilega til orða tekið hér þegar ævinlega var talað um rétt íslenskra kvenna og rétt kvenna í sambandi við það að eiga börn. Börn eru ekki eingetin. Það eru foreldrar sem eiga þarna hlut að *máli. Hvort sem Kvennalistinn kýs að viðurkenna það* eða ekki er það staðreynd sem ég hygg að þær eigi mjög erfitt með að breyta. Það eiga báðir foreldrar þarna rétt og þýðir ekkert að tala ævinlega eins og börn séu eingetin, eins og gert var áðan. Það er merkilegt að þurfa að hlusta á það aftur og aftur.

Varðandi fræðsluna sem um var talað er sjálfsagt rétt að þar má ýmislegt bæta og margt sem þarf nánari athugunar við. Ég get alveg tekið undir það. Hins vegar finnst mér það ekki rétt þegar ellefu ára börnum í skólakerfi þessa lands eru fengnar í hendur kennslubækur um æxlun og um kynferðismál þar sem til þess er ætlast að þau taki afstöðu til þess hvenær þau telji eðlilegt að fara að lifa kynlífi. Þetta held ég að sé fræðsla á villigötum. Þess vegna tek ég undir að það þarf mjög margt að athuga í þessu sambandi og endurskoða. Ég er ekkert viss um að tillögur Kvennalistans í þeim efnum séu endilega það eina rétta. Ég *held hins vegar að* þm. þess ágæta stjórnmálaflokks séu stundum á villigötum alveg eins og hendir sjálfsagt okkur öll á stundum.

En virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv. þegar það kemur hér til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég kem aðallega í ræðustól til að lýsa andstöðu minni við þetta frv. Ég tel það stórt skref aftur á bak ef við ætlum að afnema þann lagalega rétt að framkvæma megi fóstureyðingar *af félagslegum ástæðum. Við eigum að beina* kröftum okkar í þá átt að bæta félagslegar aðstæður hér á landi og koma á þann hátt í veg fyrir eins og hægt er að það þurfi að framkvæma fóstureyðingar. Fóstur-

eyðingar eru mjög viðkvæmt mál og ekki síður fyrir konur en þá karlmenn sem flytja þetta frv. eða þær konur sem kemur fram í grg. að styðja þetta frv. Ég tel fóstureyðingar afskaplega viðkvæmar og erfitt að ræða um þær, en það kemur enginn í veg fyrir á stundum að það þurfi að framkvæma fóstureyðingar.

Mér finnst það óþarfa skítkast, ef svo má segja, af ræðumanni sem talaði á undan mér í garð Kvennalistans að tala um að þær geri ekki tillögur um að mæta þeim kostnaði sem frv. þeirra fela í sér. Þær hafa, eftir því sem ég man best, flutt fylgifrv. jafnframt, eins og hér er gert, um að mæta þeim kostnaði sem þær hafa lagt til. Það fer ansi margt í súginn í þessu þjóðfélagi sem skilar sér hvergi, en ég held að því fjármagni sem færi til að bæta félagslegar aðstæður kvenna og barna sé ekki kastað á glæ. Ég held að óþarfi sé að telja upp þær upphæðir sem hafa farið í ýmis ævintýri sem stjórnmálamenn hafa ákveðið að leggja í.

Ég tel að fyrst og fremst sé það fræðsla og félagslegar aðstæður sem við eigum að bæta hér á landi. Ég þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir góða ræðu áðan þar sem hún nefndi mörg þau mál sem betur mega fara í þjóðfélaginu. Ekki er þar síst að nefna launin sem skert hafa verið að undanförnu þannig að fólk hefur varla ofan í sig og á nema þá með óhæfilegum vinnutíma sem bitnar aftur á börnum. Ekki eru það síður þær ástæður sem gætu verið orsök þess að fleiri fóstureyðingar hafa verið framkvæmdar nú en áður. Það eru ýmsar orsakir sem geta legið þar að baki aðrar en sem hér eru látnar í veðri vaka.

Það fylgifrv. sem fylgir með þessu frv. get ég stutt þar sem það er til hækkunar á mæðralaunum og tel að taka mætti það frv. eitt og sér og samþykkja það án þess að það væri numið úr lögum að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingar. Ég teldi það þó sýna í verki að þeir þm. sem vilja draga úr fóstureyðingum vildu gera tilraun til að athuga hvort hækkun á mæðralaunum vægi eitthvað upp á móti, mundi koma í veg fyrir að fjölgun fóstureyðinga ætti sér stað. En eins og hv. þm. Sigríður Dúna kom að áðan kemur þessi einfalda breyting ekki í veg fyrir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Það verður einfaldlega farið til annarra landa eða framkvæmdar fóstureyðingar ólöglega. Við skulum horfast í augu við staðreyndir. Þessi bókstafur breytir ekki þörfinni. Það verða einfaldlega farnar aðrar leiðir.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð út af þeirri ræðu sem hv. þm. Eiður Guðnason hélt áðan. Það var að vísu ræða af þeim toga að ég tel fæst í henni vera svaravert, en hins vegar vil ég láta það koma hér fram þannig að á því leiki enginn vafi að með því fæðingarorlofsfrv. sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni áðan fylgir annað frv., það er á þskj. 206, 181. mál þessa þings, þar sem gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun til að standa straum af þeim kostnaði sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér. Það frv. mun, ef að lögum yrði, ná inn í ríkissjóð rúmlega ⅔ þess kostnaðar sem lenging fæðingarorlofs hefði í för með sér.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram og eins það að ég tel það heyra til undantekninga á Alþingi Íslendinga að menn flytji fjáröflunarfrv. með sínum kostnaðarfrv. Orð hv. þm. Eiðs Guðnasonar voru því að öllu leyti ómakleg.

Einnig taldi hann mig vilja meina að börn hér á landi og væntanlega þá öll mannanna börn væru eingetin. Það hef ég vitaskuld aldrei sagt. Hins vegar hef ég stundum rætt um að það eru konur sem fæða börnin og bera þau undir brjósti. Ég er farin að halda að það atriði sé orðið hv. þm. nokkuð þungbært.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Það væri hægt að flytja langt mál um ýmislegt sem fram hefur komið sem andsvar við frv. sem hér er til umræðu. Ég mun ekki bregða á það ráð nú. Það hefur að ég hygg ekkert nýtt sem máli skiptir komið hér fram í sjónarmiði þeirra sem eru andstæðir þessu frv., ekkert nýtt frá því sem áður hefur komið fram í umræðum þegar þetta mál hefur áður verið á dagskrá.

Ég sagði: sem máli skiptir. Ég hygg að það hafi samt ekki komið fram fyrr í umræðum um þetta mál sú fullyrðing, sem hv. 11. þm. Reykv. lét sig hafa að koma með hér, að fóstureyðingum hefði ekki fjölgað raunverulega frá því að gildandi lög voru sett. Ég hef ekki heyrt þetta sjónarmið áður og auðvitað var þetta algerlega órökstutt. Það verður erfitt að koma þessu heim og saman við skýrslur um þessi efni þegar samkvæmt þeim liggur fyrir að fóstureyðingar hafa um það bil fjórfaldast frá því að lögin voru sett.

Í þessu sambandi er að vísu gripið til þess — það hef ég heyrt áður í umræðum um þetta mál — að áður en lögin komu til hafi verið mikið um ólöglegar fóstureyðingar og fóstureyðingar erlendis og það yrði að hafa það í huga. Ég hef leitast við að kynna mér þessa fullyrðingu eftir föngum. Og þessi fullyrðing er fyrir löngu komin fram. Ég held að hér sé stórlega ýkt og ofmælt.

Ég nefni aðeins sem dæmi að athugað var um þessi mál í Bretlandi. En það var talið að íslenskar konur hefðu fyrr á árum leitað frekast til Bretlands. En hvað kom í ljós þegar athugað var um hvað gerst hafði okkur viðkomandi þar? Samkvæmt heilbrigðisskýrslum heilbrigðisstjórnarinnar bresku fyrir árið 1974, árið áður en lögin hér taka gildi, kemur fram að 23 íslenskar konur létu eyða fóstri í Bretlandi það ár.

Ég held að þetta breyti ekki mikið heildarmyndinni og það sé ekki hægt að draga slíkar ályktanir af þessu sem hv. 11. þm. Reykv. gerði. Auðvitað hefur verið hægt að framkvæma þessar aðgerðir á íslenskum konum víðar en á Bretlandi. En eins og ég sagði áðan hygg ég að það hafi aðallega verið til Bretlands sem konur sóttu héðan frá Íslandi í þessu sambandi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta eða ýmsar fullyrðingar sem hv. 11. þm. Reykv. kom með og augljóslega falla um sjálfar sig. Hv. 11. þm. Reykv. sagði um okkur flm. þessa frv.: Annaðhvort gera þeir sér ekki grein fyrir málinu eða þeirra gerð er skrum eitt. Þessi orð voru notuð. Ég sé ekki ástæðu til að fara að svara þessu. Þessu verður ekki svarað efnislega. Þetta er ekki efnislegt innlegg í umræðurnar.

Hér hafa komið fram, eins og ég gat um áður, í meginatriðum sömu sjónarmið og áður hafa komið. Og það er í fyrsta lagi að það er lögð áhersla á rétt konunnar, að konan verði að hafa frelsi, það sé hennar mál eingöngu hvort fóstureyðing er leyfð eða ekki og það megi ekki hefta frelsi konunnar. Það er ágætt að tala um frelsið og ekki skal ég draga úr mikilvægi frelsisins. Það kann að vera að ég sé ekki eins mikill

unnandi frelsins og hv. 11. þm. Reykv., en ég leyfi mér þó að efast um það því að hv. þm. og þeir sem halda sjónarmiði hv. þm. fram um frelsi til handa konunni gleyma frelsi til þess að mega lifa og mega fæðast í þennan heim. Og svo best verður hlúð að frelsi eins að það skerði ekki frelsi annars. Ég hygg að þetta verði að hafa í huga.

Það hljómar vel að tala um frelsi. Og hér hefur verið talað í þeim anda. En ég hef einhvern tíma áður í umræðum um þetta efni vikið að því að mér hefur komið til hugar í þessu sambandi land frelsisins, Bandaríki Norður-Ameríku. Og ég veit að þegar minnst er á frelsi verður mönnum líka hugsað til þessa lands frelsisins.

Fyrir einni öld og aldarfjórðungi betur fóru fram kappræður milli tveggja manna á mörgum fundum á sléttum Illinois-ríkis. Þar deildu menn hart um frelsið.

Annar kappræðumannanna var einn af áhrifamestu stjórnmálamönnum Bandaríkjanna á þeirri tíð, glæsilegur ræðumaður, öldungadeildarþingmaður frá Washington, Stephen Douglas. Hann hélt því fram í nafni frelsisins — það var í nafni frelsisins — að það ætti að vera á valdi hinna einstöku ríkja Bandaríkjanna að ákveða hvort þar skyldi verða lögleitt þrælahald eða ekki. Hinn kappræðumaðurinn var lítt þekktur málafærslumaður frá afskekktum stað sem þá var lítið sveitaþorp, Springfield, Illinois. Þessi maður var Abraham Lincoln. Hann hélt því fram að svo mjög sem bæri að virða frelsið ættu hin einstöku ríki Bandaríkjanna ekki að hafa frelsi til að kveða á um hvort þar skyldi vera lögleitt þrælahald eða ekki.

Lincoln byggði þessa skoðun sína á því að þrælahald væri rangt í sjálfu sér og samræmdist ekki þeim manngildishugsjónum sem hinir vísu landsfeður hefðu lagt til grundvallar þeirri stjórnarskrá sem Bandaríkjunum var í upphafi sett að loknu frelsisstríðinu gegn breska heimsveldinu. Lincoln hélt því fram að allir hefðu sams konar rétt til þess að ráða lífi sínu og það skipti þar engu hvort hörundslitur manna væri svartur eða hvítur.

Þessar frægu kappræður þeirra Stephens Douglas og Abrahams Lincoln vöktu storma og stríð, svo sem alkunnugt er og leiddu til atburðarásar sem að lokum færði þrælum í Bandaríkjunum frelsi. Enginn frýr nú Abraham Lincoln fjandskapar við frelsið þótt hann samþykkti ekki frelsi til að hneppa menn í fjötra.

Við skulum jafnan gjalda varhug við því þegar frelsishugsjóninni er hampað í þeim tilgangi að heimta frelsi til handa þeim sem vilja beita aðra órétti. Það er þetta sem við skulum hafa í huga þegar rætt er um fóstureyðingar. Frelsi ber ekki að veita til fóstureyðinga vegna þess að það brýtur þann grundvallarrétt sem hvert mannslíf í móðurkviði hefur, réttinn til þess að fæðast í þennan heim.

Annað atriði, sem hér hefur komið fram og hefur jafnan áður verið vikið að, er það sem flm. halda fram, að félagslegan vanda eigi að leysa með félagslegum aðgerðum en ekki með fóstureyðingum. Engir sem tala eru á móti félagslegum aðgerðum eða félagslegum framförum. Við erum öll sammála um það. Og ég hygg að það verði raunar naumast lögð meiri áhersla á þann þátt þessa máls en við flm. þessa frv. gerum. En svo er að skilja að þeir sem eru andvígir þessu frv. segi: Já, gott og vel. Við bætum félagslegar aðstæður, en við eigum samt sem áður að vera á móti því að banna fóstureyðingar. — Í þessari röksemdafærslu virðist mér felast að það megi ekki banna fóstureyðingar af félagslegum ástæðum fyrr en allur félagslegur vandi hefur verið leystur og raunar eigi ekki að banna þessar fóstureyðingar með lögum því að það sé ónauðsynlegt af því að um engar fóstureyðingar geti verið að ræða af félagslegum ástæðum þegar enginn félagslegur vandi verði fyrir hendi.

Hv. þm., sem eru andvígir þessu frv., tala, að því er mér virðist, í þessum anda. Ef þetta er ekki rétt spyr ég hvort andstæðingar þessa frv. geti gefið eitthvert hugboð um hvað þurfi að gera mikið eða hvað langt verði komið í félagslegum aðgerðum og framförum til þess að það sé réttlætanlegt að banna fóstureyðingar.

En þessi þankagangur er næsta undarlegur. Samkvæmt þessari kenningu færi það eftir mati hvers og eins hvenær engin félagsleg vandamál væru fyrir hendi hjá viðkomandi svo lífi fósturs væri þyrmt. Þessu mætti jafna við það að ekki mætti banna fátæklingi gertæki eða þjófnað fyrr en allur fjárhagslegur vandi hefði verið leystur og raunar aldrei að banna gertæki með lögum því að það sé ónauðsynlegt af því að um ekkert gertæki eða þjófnað geti verið að ræða af fjárhagslegum ástæðum þegar enginn fjárhagslegur vandi yrði fyrir hendi. Samkvæmt þessari kenningu færi það eftir mati hvers og eins hvenær engin fjárhagsleg vandamál væru fyrir hendi hjá viðkomandi svo að hann virti eignarrétt annarra.

Enginn er haldinn þessum þankagangi þegar um eignarréttinn er að ræða. Það er litið svo á að það sé í sjálfu sér siðferðislega rangt að skerða eignarréttinn. Þess vegna er eignarrétturinn verndaður. Þessi þankagangur er þeim mun furðulegri þegar um lífið er að tefla. Það er litið svo á að það sé í sjálfu sér siðferðilega rangt að tortíma mannlegu lífi. Þess vegna er rétturinn til lífsins verndaður.

Það verður ekki undir neinum kringumstæðum lagt minna upp úr friðhelgi mannlegs lífs en friðhelgi eignarréttarins. Þess vegna ber skilyrðislaust að banna fóstureyðingar hvað sem líður félagslegum ástæðum eins og eignarrétturinn er skilyrðislaust verndaður hvað sem líður fjárhagslegum ástæðum. En þetta breytir á hinn bóginn engu um nauðsyn þess að bæta félagslegar ástæður og leysa félagslegan vanda.

Ég hef hér vikið að þeim höfuðatriðum sem mér virðast liggja til grundvallar þeim sjónarmiðum sem koma fram hjá andmælendum þessa frv. Ég hef gert það í stuttu máli í þetta sinn og skal ekki orðlengja þetta.

Þetta er í fimmta sinn sem frv. er borið fram. Það kann að vera að einhverjum þyki ofgert í því efni. En okkur flm. finnst það ekki. Höfum við þá í huga hvernig ástandið hríðversnar frá ári til árs í þessu efni að því leyti að fóstureyðingum fjölgar svo geigvænlega sem skýrslur bera vott um. Og það þyrfti ekki að vera óhugsandi að þeir sem ekki sáu þennan voða fyrir nokkrum árum — voru að bíða eftir reynslunni af lögunum frá 1975 — teldu að þeir væru núna reynslunni ríkari og það gæti verið að þeir þyrftu að endurskoða afstöðu sína til þessa frv.

En auðvitað er þá ekki gengið út frá því sem hv. 5. landsk. þm. sagði í umræðunum áðan. Hann sagði að ástandið í þessum efnum væri gott. Það er fullyrðing

sem ég tel að eigi enga stoð í veruleikanum. Ég vil leggja áherslu á þessi orð mín með því að fjölyrða ekki frekar um þessa fullyrðingu.

Hæstv. forseti. Ég sagði í framsöguræðu minni fyrir þessu frv. að ég vænti þess að frv. fengi í þetta sinn þinglega meðferð og kæmi úr nefnd. Ég verð að segja að í þessum orðum mínum fólst ekki ádeila á einn eða neinn fyrir að svo hefði ekki verið áður. Þetta mál er viðkvæmt. Það er margþætt og þarf góðrar athugunar við. En ég tel að í þau skipti sem hv. heilbr.- og trn. hefur fengið þetta mál til meðferðar hafi það verið ákaflega vel athugað — a.m.k. í sumum tilfellum — og fyrir liggi á þeim vettvangi margs konar upplýsingar sem eru handhægar nú. Það er því ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því að hv. heilbr.- og trn. takist nú að afgreiða málið þannig að það komi til meðferðar í þessari hv. deild á ný.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir að gefa mér leyfi til að gera örstutta athugasemd. Ég vil aðeins leiðrétta það sem hv. síðasti ræðumaður kom að fyrst í sinni ræðu áðan. Hann taldi mig hafa sagt hér að ég teldi að fóstureyðingum hefði ekki fjölgað með tilkomu laganna árið 1975. Orð mín voru þau að við vissum ekki hvort þeim hefði fjölgað vegna þess að það eru ekki til neinar áreiðanlegar skýrslur um fjölda ólöglegra fóstureyðinga hérlendis né um fjölda þeirra fóstureyðinga sem framkvæmdar voru á íslenskum konum erlendis fyrir þann tíma. Þar af leiðandi, sagði ég, eru þær niðurstöður sem dregnar eru af opinberum skýrslum í grg. með frv. ekki með öllu marktækar.

Þar sem ég hef ekki leyfi til að gera hér meira en þessa einu örstuttu athugasemd er mér nauðugur sá kostur að vísa til þeirrar ræðu sem ég flutti áðan, en þar er að finna rök gegn öllum þeim ágreiningsatriðum sem eru á milli mín og hv. síðasta ræðumanns í þessu máli.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Aðeins eitt orð í tilefni af því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði.

Þm. sagði að hann hefði ekki sagt að fóstureyðingar hefðu ekki aukist. Ég skrifaði þetta orðrétt niður. En ég tek gilt og það kom fram í minni ræðu að hv. 11. þm. Reykv. átti við að þarna þyrfti að hafa í huga ólöglegar fóstureyðingar og svo fóstureyðingar sem færu fram erlendis.

Í minni ræðu kom ég með eitt dæmi um hvaða þýðingu það hefði að reikna með því sem gerst hefði með því að íslenskar konur hefðu látið framkvæma fóstureyðingar erlendis. Það er mín skoðun að það dæmi gefi sanna vísbendingu um að ólöglegar fóstureyðingar og fóstureyðingar erlendis skekki ekki stórkostlega þá mynd sem skýrslur draga upp af tíðni fóstureyðinga. Þess vegna séu það áreiðanlegar upplýsingar í sjálfu sér sem við flm. höfum byggt á og þær einu upplýsingar sem hægt er að byggja á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 164. mál (þskj. 183). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér ásamt þeim Agli Jónssyni og Árna Johnsen hv. 11. landsk. þm. og hv. þm. Suðurl., að flytja það frv. sem hér er til umræðu um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Þetta frv. felur í sér félagslegar ráðstafanir sem ætlað er að bæta úr þeim félagslegu ástæðum sem nú heimila skv. lögum fóstureyðingar. Með frv. þessu er lagt til að bætt sé úr þessum félagslegu ástæðum með því að gera breytingar á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum sem eru í hjúskap eða í sambúð, en eru hjálpar þurfi.

Ég skal nú gera grein fyrir þessu frv.

Í 1. gr. er fjallað um mæðralaun. Þar er kveðið svo á að mæðralaun skuli vera árlega sem þar segir: Með einu barni 50 000 kr. með tveim börnum 75 000 kr. og með þremur börnum eða fleiri 125 000 kr. Hér er um að ræða verulega breytingu frá gildandi lögum og að það er með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi eru mæðralaunin stórlega hækkuð frá því sem nú er. Auk þess er breytt hlutföllum á mæðralaunum milli konu með eitt barn og konu með tvö börn og svo konu með þrjú börn eða fleiri, þ.e. hækkunin er mest þegar um eitt barn er að ræða og það er einnig veruleg hækkun þegar um tvö börn er að ræða.

Til glöggvunar skal þess getið að skv. lögum eru mæðralaun nú með einu barni 22 340 kr. á ári. Hér er lagt til að þau verði 50 000 kr. Með tveim börnum eru mæðralaun nú samkvæmt gildandi lögum 58 530 kr. á ári, en hér er lagt til að þau verði 75 000 kr. Samkvæmt gildandi lögum eru mæðralaun með þrem börnum eða fleiri nú 103 817 kr., en hér er gert ráð fyrir að þau verði 125 000 kr.

Ástæður til þess að gerð er tillaga um þessar breytingar eru augljóslega þær að ekki verður með neinum hætti talið að það sé nóg að gert í þessum efnum samkvæmt gildandi lögum. Það sjá menn best með því að líta á þær tölur sem ég hef hér gert grein fyrir, upphæð mæðralaunanna eins og þau eru.

Ég kem þá að öðru atriði sem er að finna í 2. gr. frv. Ég vil segja um það, sem reyndar á við 3. gr. frv. líka, að samkvæmt þeim greinum báðum eru teknar upp nýjar bætur til einstæðra mæðra, nýjar bætur sem nú er ekki fyrir að fara í íslenskri löggjöf. Litið er á að einstæð móðir verður við fæðingu barns oft eða oftast fyrir ákveðinni röskun á stöðu og högum. Ekki er óeðlilegt að hin einstæða móðir njóti aðstoðar til að mæta þessu. Við gerum slíkt í öðrum tilfellum. Við höfum t.d. sérstakan ekkjulífeyri þegar kona missir maka sinn. Það er hugsað til þess að aðstoða konuna vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum sem það er fyrir hana að missa eiginmanninn. Af svipuðum ástæðum þykir okkur flm. rétt að veita aðstoð til einstæðrar móður til að bæta henni upp röskun á stöðu og högum sem hún verður fyrir og getur orðið með margvíslegum hætti við barnsfæðingu.

Skv. 2. gr. frv. er ákveðið að þær bætur sem gert er ráð fyrir af þessum ástæðum til einstæðrar móður séu jafnháar og ekkjubætur skv. 1. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Þessum bótum á ekkja rétt á í sex

mánuði. Við gerum ráð fyrir að hin einstæða móðir hafi rétt til bótanna í jafnlangan tíma.

Í 17. gr. almannatryggingalaga er svo í framhaldi af ákvæðum um ekkjubætur, sem ég hef hér vikið að, ákvæði um að ef bótaþegi eigi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu eigi hann rétt á bótum í tólf mánuði til viðbótar. Í 3. gr. þessa frv. er mælt svo fyrir að hin einstæða móðir skuli undir þessum kringumstæðum, þ.e. ef barn innan 17 ára er fyrir á framfæri hennar, eiga rétt á hinum sérstöku bótum í tólf mánuði til viðbótar eins og ekkjan.

Í þessu sambandi er rétt að víkja að því hve ekkjulífeyrir getur numið hárri upphæð, en það er mismunandi. Það lægsta er 2757 kr. á mánuði núna, en það getur farið a.m.k. upp í 5514 kr. á mánuði. Það er gert ráð fyrir að hin einstæða móðir geti notið hliðstæðrar aðstoðar eins og ég hef nú gert grein fyrir.

Í 4. gr. þessa frv. sem við nú ræðum er gert ráð fyrir að ný grein komi inn í lög um almannatryggingar þar sem tekin verði upp sérstök heimildarákvæði til aðstoðar í fyrsta lagi við einstæða móður og í öðru lagi við konu í hjúskap eða í sambúð undir vissum kringumstæðum. Hvað varðar konu sem er einstæð móðir er svo kveðið á í 1. mgr. 4. gr. frv. að þegar niður falla bætur þær sem ég hef áður gert grein fyrir og eru skv. 2. og 3. gr. frv. sé tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings skv. 11. gr. almannatryggingalaga ásamt tekjutryggingu skv. 19. gr. Hér er sett inn heimildarákvæði sem að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir að verði notað nema undir vissum aðstæðum, þ.e. sé það nauðsynlegt til aðstoðar við hina einstæðu móður. Hér er vitnað til lífeyris einstaklings skv. 11. gr. laga um almannatryggingar, þ.e. eins og segir í skýringu með frv. að gert er ráð fyrir að upphæð þessara bóta sé sem svarar til þess sem segir í 11. gr., en þar er ákvæði um ellilífeyri. En ellilífeyrinn er mismunandi svo sem kunnugt er eftir því hvort hann er fyrst tekinn við 67 ára aldur eða 75 ára aldur eða einhvers staðar þar á milli.

Það er ekki ástæða að mínu viti til að kveða nánar á um hve upphæðin á að vera há. Samkvæmt heimildarákvæðum 1. mgr. 4. gr. frv. hefur tryggingaráð í hendi sér að meta það. En þó þykir mér líklegt, þar sem um heimildarákvæði er að ræða, að þetta muni ekki fara yfir lægsta flokk ellilauna, þ.e. ef miðað er við að ellilaunin séu fyrst tekin við 67 ára aldur. Það er veruleg upphæð samt á ári eða a.m.k. um 5514 kr. á mánuði og til viðbótar því kemur svo tekjutryggingin sem nemur í dag 8080 kr. á mánuði. En með því að þetta er heimildarákvæði er að sjálfsögðu í valdi tryggingaráðs að meta hve upphæð þessi yrði há í einstöku tilfelli.

Allt sem ég hef sagt fram að þessu varðar bætta aðstoð við einstæðar mæður, en frv. þetta sem við nú ræðum gerir ráð fyrir að það geti verið að fleiri séu aðstoðar þurfi í þessu efni en einstæðar mæður. Það getur verið að svo sé ástatt um konu í hjúskap eða í sambúð. Þess vegna gerir 2. mgr. 4. gr. frv. ráð fyrir að tryggingaráð fái heimild til að ákveða greiðslu til kvenna í hjúskap eða í sambúð, sams konar greiðslur og gert er ráð fyrir til einstæðra mæðra, en ekki skilyrðislaust. Þetta verði bundið því skilyrði að tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og auk þess að ástand á heimilum þessara mæðra sé það slæmt að það jafngildi þeim ástæðum sem samkvæmt gildandi lögum heimila fóstureyðingu. Þetta er tekið skýrt fram í 4. gr. frv. því að þar segir að þessar bætur komi aðeins til að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi kona alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.

2. Eigi kona við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.

3. Vegna annarra ástæðna sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

Þetta ákvæði er orðrétt upp úr gildandi lögum, orðrétt tilteknar þær ástæður sem geta heimilað fóstureyðingu. Þetta frv. er raunar byggt á þeirri forsendu að ekki sé eðlilegt að fóstri sé eytt af félagslegum ástæðum, það eitt sé eðlilegt að leysa og bæta úr hinum félagslega vanda.

Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt í framhaldi, ef svo mætti segja, af því frv. sem við sömu flm. höfum flutt um breytingar á lögum sem fjalla um fóstureyðingar og við höfum nýlokið að ræða við 1. umr. Í því frv. er lagt til að félagslegar ástæður geti ekki heimilað fóstureyðingar. Ég flutti framsögu fyrir því máli og lagði þá áherslu á það sjónarmið að þjóðfélaginu bæri að leysa þessar þjóðfélagslegu ástæður með öðrum hætti en að gripið væri til fóstureyðinga. Þarf ekki að ítreka þetta sjónarmið svo skammt sem nú er liðið frá því ég flutti framsögu fyrir hinu frv. En þetta frv., sem við nú ræðum, er flutt í framhaldi af hinu fyrra frv. um fóstureyðingar og til að árétta þetta sjónarmið.

Þetta frv., sem felur í sér tilteknar breytingar á tryggingalöggjöfinni, er að mínu viti um það sem mest er um vert að gert sé og á heima í lögum um almannatryggingar. Ég veit að það geta verið ýmsir aðrir erfiðleikar fyrir hendi sem þetta frv. nær ekki til. En ég tel að þetta frv. geti verið þýðingarmikið spor í þá átt að þjóðfélagið taki á sig þá skyldu að aðstoða hinar einstæðu mæður í staðinn fyrir að hlaupa frá þessum skyldum með því að heimila fóstureyðingar af félagslegum ástæðum.

Við munum aldrei — já, ég segi óhikað aldrei þó að mér hafi komið til hugar að segja seint, en ég hygg að það sé óhætt að segja að við munum aldrei hafa það ástand í þessu landi í félagslegum efnum að ekki sé alltaf hægt að finna einhverja erfiðleika sem ekki verður séð við í löggjöf. En við erum á mikilli framfaraleið í þessum efnum. Það höfum við verið á síðustu árum og síðustu áratugum. Við erum alltaf að bæta okkur í þessu efni. En það yrði enn þá aukin hvatning ef nú yrði fellt úr lögum að félagslegar ástæður gætu heimilað fóstureyðingu. Samkvæmt því sem ég hef lagt til ásamt meðflm. mínum í því frv. sem við höfum hér flutt á að afnema skilyrðislaust félagslegar ástæður sem heimild fyrir fóstureyðingu.

Þrátt fyrir mikilvægi hinna félagslegu ástæðna, sem ég legg mikla áherslu á að bæta úr, er ástæðan fyrir því að ekki eigi að leyfa fóstureyðingar af félagslegum ástæðum fyrst og fremst siðferðileg. Við skulum og hafa í huga að umhyggja fyrir barni sem fæðist í þennan heim fer ekki alltaf eftir ríkidæmi eða því hve félagsmálalöggjöfin er fullkomin. Það hafa margir orðið góðir þegnar sem alist hafa upp við þröngan kost á sama hátt sem jafnvel ríkidæmi er engin trygging í þessu efni. Ég vil, þó að ég leggi mikla áherslu á hinar miklu félagslegu umbætur, einnig leggja áherslu á þessi víðtækari sjónarmið sem við verðum einnig að hafa í huga.

Ég leyfi mér að vænta þess, hæstv. forseti, að bæði frv. um fóstureyðingar, það sem við höfum áður rætt um og frv. sem við nú ræðum, fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég þarf ekki að leggja frekari áherslu en ég hef þegar gert — bæði í þessum umræðum og umræðunni um hið fyrra frv. varðandi fóstureyðingar — á mikilvægi þessa máls. Og ég vænti þess að þessi hv. deild beri gæfu til að afgreiða þetta frv. á jákvæðan hátt.

Að lokinni þessari umræðu vil ég leyfa mér, hæstv. forseti, að óska þess að frv. þessu verði vísað til heilbr.- og trn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Eins og fram hefur komið styð ég ekki það frv. sem var síðast til umræðu. Það frv. sem nú er til umræðu styð ég hins vegar eindregið. Þær fáu krónur sem þetta frv. gæti fært mæðrum leysa ekki þann vanda sem einstæðar mæður búa gjarnan við. Til þess er vandinn of stór og bæturnar of litlar. Hins vegar mun hækkun á mæðralaunum verða dálítil búbót í léttar pyngjur einstæðra mæðra og annarra félítilla kvenna og því styð ég þetta frv.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Áður en þessu frv. verður vísað til nefndar, sem ég á von á að verði gert, er eitt atriði sem ég vildi fá upplýst hjá hv. flm. Hvernig tengist þetta frv., sem nú er til umræðu, beinlínis hinu fyrra frv. um breytingar á lögum um fóstureyðingar? Verði frv. um breytingar á fóstureyðingarlöggjöfinni fellt er þá þetta frv. dregið til baka eða verður þá ekki unnið að því að koma því gegnum þingið? Og eins: Verði frv. um breytingar á lögum um fóstureyðingar samþykkt er þá tryggt að þetta frv. fari í gegn? Ég held að við þurfum að átta okkur á því hvort þessi frv. eru það nátengd að það verði annaðhvort að samþykkja þau bæði eða fella bæði.

Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Einstæðar mæður eru sá hópur í samfélaginu sem býr við hvað lökust kjör. Ég get vel stutt verulegar bætur þeim til handa án þess að tengja það öðrum málum.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Það var spurt um hver væru tengsl þessa frv. og frv. um fóstureyðingar sem við sömu flm. flytjum og rætt hefur verið hér í dag. Og það var spurt um það: Þarf að samþykkja þau bæði eða fella þau bæði?

Frv. eru nátengd í hugum okkar flm. Og við höfum litið svo á að það væri ein af forsendunum — og misjafnlega sterkar forsendur eftir því hvaða þm. á í hlut — fyrir því að samþykkja frv. um breytingar á fóstureyðingarlögunum að hitt frv. sé samþykkt líka. Ég á raunar ekki von á að frv. um breytingar á lögunum um fóstureyðingar verði samþykkt nema þetta frv. verði samþykkt líka eða jafngildi þess eða eitthvað í þá átt.

Hvað á að gera ef frv. um fóstureyðingar er fellt? Er þá sjálfgefið að fella það frv. sem við hér ræðum? Mín skoðun er sú að það frv. sem við hér ræðum hafi sjálfstæða þýðingu og það sé þess vert og eðlilegt að samþykkja það jafnvel þó að hitt frv. sé fellt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða þetta frekar. En mér finnst ástæðulaust að gera lítið úr því frv. sem hér um ræðir, ástæðulaust að vera að tala um þær fáu krónur o.s.frv. Þetta frv. er veruleg réttarbót. T.d. hækka mæðralaun um 50%. Í sambandi við mæðralaunin skulum við hafa í huga að þau hafa verið að hækka á undanförnum árum. Frá árinu 1982 hafa þau hækkað, mæðralaunin með einu barni, um 1074%. Fleiri hliðstæður, þó það séu nú ekki skerandi tölur, væri hægt að nefna. Ég bið hv. þm. að gera ekki lítið úr þessari réttarbót og þessum stuðningi við einstæðar mæður og líka mæður í hjúskap og í sambúð sem hér er gert ráð fyrir að geti notið góðs samkvæmt þessu frv. Það undirstrikar það, sem ég sagði raunar áður, að frv. þetta er þess eðlis að það hefur sjálfstæða þýðingu og kemur að gagni þó hitt frv. sé ekki samþykkt.

En í mínum huga er það aðalatriðið að samþykkja frv. sem kveður svo á að ekki séu heimilaðar fóstureyðingar af félagslegum ástæðum og þjóðfélagið hætti að víkja sér undan félagslegum vanda með því að fórna mannslífum, hætti að víkja sér undan vandanum, breyti lögunum um fóstureyðingar og það megi verða hvatning til enn þá meiri aðgerða í félagslegum efnum í framtíðinni en frv. sem við nú ræðum gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Mánudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 208. mál (þskj. 436). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 219). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, stjfrv. 196. mál (þskj. 277). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um endurskipulagningu stjórnkerfisins til þess að gera það virkara og betra. Er það sérstaklega tekið fram að lagt verði fyrir Alþingi frv. að nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands. Fyrir þessu frv. mæli ég nú.

Ég skipaði, í samræmi við þessa ákvörðun, nefnd hinn 18. ágúst 1983 til að vinna að undirbúningi þessarar löggjafar. Nefndin skilaði drögum að frv. til

laga um Stjórnarráð Íslands. Þau drög hafa í nokkrum atriðum tekið breytingum í meðferð ríkisstjórnarinnar. Þó er í meginþáttum á þeim byggt í því frv. til laga um Stjórnarráð Íslands sem ég nú mæli fyrir.

Lög sem nú gilda um Stjórnarráð Íslands eru nr. 73 frá 28. maí 1969. Fram til þess tíma var löggjöf um stjórnarráð mjög í molum og að stofni til byggð á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands, eins og svo var nefnt, frá 3. október 1903, sem gildi tók hinn 1. febrúar 1904. Þau voru um stofnun Stjórnarráðs Íslands eftir að innlendur ráðherra hafði verið skipaður. Þeirri löggjöf var breytt 1917 er ráðherrum var fjölgað úr einum í þrjá. Þá var breyting á gerð 1938 þegar ákveðið var að skrifstofustjórar, nú ráðuneytisstjórar, í Stjórnarráði Íslands skyldu vera fjórir í stað þriggja, og var þá sett á stofn sérstök utanríkismáladeild, eða ráðuneyti utanríkismála, til viðbótar gömlu ráðuneytunum þremur, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Þótt ekki væri breytt lögum fyrr en með gildandi lögum frá 1969 þróuðust ýmsar breytingar í tímans rás án lagasetningar, m.a. var ráðuneytum fjölgað um sjö. Öll þau ráðuneyti voru stofnuð samkvæmt ákvörðunum hlutaðeigandi ríkisstjórnar á hverjum tíma og liggja yfirleitt ekki fyrir skriflegar upplýsingar um stofnun þeirra, hvorki forsetaúrskurðir, ráðherrabréf né aðrar hliðstæðar heimildir. Fjárveitingar til hinna nýju ráðuneyta voru þó teknar upp í fjárlög og lagði löggjafarvaldið á þann hátt blessun sína yfir stofnun þeirra. Þegar gildandi stjórnarráðslög voru sett var því orðið mjög tímabært að taka af skarið og ákveða að ráðuneyti mætti hvorki setja á stofn né leggja af nema með lögum. Síðan hefur ráðuneytisskipting verið ákveðin í lögum og í þessu frv. er lagt til að svo verði áfram, en hins vegar gert ráð fyrir að kveðið verði á um skiptingu ráðuneyta í skrifstofur og starfsdeildir í reglugerð um framkvæmd laganna.

Ég held að menn greini ekki á um það að lögin frá 1969, þar sem steypt var saman í ein lög fyrirmælum um skipulag og starfshætti í Stjórnarráði Íslands, hafi verið mjög til bóta. Hafa þau á margan hátt reynst vel þótt nú þyki svo komið vegna breyttra aðstæðna og viðhorfa í þjóðfélaginu, m.a. í stjórnun, að ástæða sé til að gera ákveðnar breytingar á æðstu stjórnarstofnun ríkisins. Mun ég nú fara nokkrum orðum um meginatriði frv.

Í fyrsta lagi er áréttuð sú meginregla íslenskrar stjórnskipunar að einstakir ráðherrar fari með æðsta stjórnvald í málefnum sem undir þá heyra og beri jafnframt ábyrgð á stjórnarathöfnum á því sviði. Regla þessi er sérstaklega áréttuð m.a. með því að auka fjárhagslega ábyrgð hvers ráðuneytis. En því er ekki að leyna að mönnum finnst sem í æ ríkari mæli hafi gætt tilhneigingar til þess að draga úr ábyrgð einstakra ráðuneyta í þeim efnum og flytja til fjármálaráðuneytis. Er gert ráð fyrir að í hverju ráðuneyti starfi sérstakur starfsmaður eða starfsdeild beinlínis að undirbúningi fjárlagatillagna ráðuneytisins og stofnana þess, annist eftirlit með fjárreiðum og vinni að hagræðingu í ríkisrekstri sem undir það ráðuneyti fellur.

Er það auðvitað augljós starfsskylda hvers ráðherra að reyna að halda ríkisútgjöldum niðri og gera rökstuddar tillögur um fjárþörf og úttekt á nýtingu fjárveitinga til ráðuneytisins og stofnana þess. Eftir sem áður yrði samræmingar- og hagsýslustarfsemi innt af höndum í fjármálaráðuneytinu í samráði við þann starfsmann eða starfsdeild hvers ráðuneytis sem það starf annast. Hygg ég að menn séu nokkuð á einu máli um nauðsyn þess að bætt sé aðstaða ýmissa ráðuneyta í þessu tilliti. Má raunar benda á að í menntmrn. hefur sérstök deild eða skrifstofa sinnt þessum þætti og hefur það þótt gefa góða raun. Með því að kveða á um þetta atriði í frv. er leitast við að styrkja stöðu einstakra ráðuneyta út á við, ekki síst í skiptum við þær stofnanir sem undir þau heyra.

Í frv. kemur fram skilgreining á hlutverki ráðuneytis, þ.e. að framkvæma stefnu ráðherra, hafa eftirlit með þeim stofnunum sem undir ráðuneytið heyra og sinna þeim verkefnum öðrum sem því eru falin í lögum.

Á síðustu árum og áratugum hefur færst í vöxt að ráðuneytin tækju við ýmiss konar afgreiðslumálum sem orðið hafa æ fyrirferðarmeiri í stjórnarráðinu. Nauðsynlegt er að spornað sé við þessari öfugþróun og stjórnarráðinu gert kleift að beita sér að þeim meginhlutverkum sínum að hafa með höndum æðstu stjórn í íslenskri stjórnsýslu og að hafa eftirlit með því að ríkisstofnanir fari í hvívetna að lögum.

Meðal þeirra ákvæða frumvarpsins, sem ætlað er að auðvelda ráðherrum að móta stefnu í einstökum málaflokkum og hrinda henni í framkvæmd, er ákvæði 8. gr., þar sem ráðherra er heimilað að ráða til starfa í ráðuneyti sérstakan ráðherraritara sem gegni starfi svo lengi sem ráðherra kýs, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur. Er svo kveðið á að ráðherraritari geti ritað undir stjórnvaldserindi og hafi boðvald gagnvart öðrum starfsmönnum ráðuneytis en ráðuneytisstjóra. Þó getur ráðherra ákveðið að fela ráðherraritara stjórn ráðuneytis undir yfirstjórn sinni. Í gildandi stjórnarráðslögum er réttarstaða aðstoðarmanna ráðherra mjög óljós og hefur m.a. verið litið svo á að þeir hefðu ekki heimild til þess að undirrita stjórnvaldserindi. Hefur það valdið því að störf þeirra hafa í mörgum tilvikum verið fjarri því að nýtast sem skyldi. Ég hygg að orð Bjarna Benediktssonar, þáverandi forsætisráðherra, í framsögu fyrir gildandi stjórnarráðslögum, þar sem hann fjallaði um aðstoðarmenn ráðherra, séu enn í fullu gildi, en hann sagði, með leyfi forseta:

„Hér hafa ráðherrar lengi orðið varir þessarar þarfar. Það hefur stundum verið bætt úr því með því að menn hafa ráðið eins konar bráðabirgðamenn sér til aðstoðar. Í öðrum tilfellum og kannske oftar hefur lausnin verið sú að ráðherrar hafa tekið inn nýja fasta starfsmenn sem þeir hafa talið sig sérstaklega hafa aðgang að. En hitt verða menn að skilja að það er eðlilegt að þegar menn koma að nýjum störfum í ráðuneyti, þar sem þeir eru öllum mönnum ókunnugir og e.t.v. flestir eða allir starfsmenn skipaðir af andstæðingum þeirra, óski þeir eftir að hafa einhverja sérstaka trúnaðarmenn. Starfskraftar ráðherra og ráðuneyta í heild notast mun betur ef þessi háttur er hafður á."

Þörfin fyrir sérstaka trúnaðarmenn ráðherra í ráðuneytum var því ljós þegar fyrir gildistöku núverandi stjórnarráðslaga. Hins vegar hefur reynslan því miður oft orðið sú að ekki hefur reynst unnt að nýta þá til fulls vegna óvissrar réttarstöðu þeirra. Er að því stefnt að bæta nú úr í því efni. Rökin að baki tengjast líka augljóslega þeim meginhugmyndum frv. að auka áhrif og jafnframt ábyrgð einstakra ráðherra og auðvelda þeim að hrinda stefnu sinni og ákvörðunum í fram-

kvæmd. Ráðherraritara er fyrst og fremst ætlað að aðstoða ráðherrann við að móta stefnu sína og hrinda henni í framkvæmd en ekki að fara með daglega stjórn ráðuneytis. Það hlutverk verður eftir sem áður í höndum ráðuneytisstjóra. Engum ætti að vera það ljósara en þm. að ráðherra þurfi að verja verulegum hluta starfs síns utan ráðuneytis ekki síst vegna setu á Alþingi. Jafnframt þurfa ráðherrar auðvitað að halda sambandi við eigin þingflokk og kjósendur í kjördæmum sínum. Hlýtur því að teljast eðlilegt að þeir geti falið nánum samherja sínum að stýra ráðuneytum á meðan þeir eru sjálfir fjarverandi ef þeir kjósa að gera svo. Ætti það að vera til þess fallið að auka virk áhrif ráðherra á stjórnarstörf.

Á hitt ber að leggja áherslu að samkvæmt frv. er það ráðherra sjálfum sem heimilt er að ráða sér ráðherraritara sem sinn eigin trúnaðarmann. Þingflokkunum eða þeim aðila sem ábyrgð ber á ráðherrunum er ekki ætlað að ráða vali ráðherraritara, enda er ekki um að ræða aðstoðarráðherra, heldur sérstaka trúnaðarmenn ráðherranna sjálfra. Er sú leið sérstaklega til þess fallin að leggja áherslu á ábyrgð ráðherra, að þeir fái sjálfir að ráða næstráðendum sínum í ráðuneyti. Eiga þeir að sjálfsögðu mikið undir því að velja sér við hlið hina hæfustu menn sem færir eru um að axla þá ábyrgð sem ráðherrarituru er ætluð. Það skal tekið fram að ekkert er því til fyrirstöðu að ráðherraritari sé úr hópi starfsmanna ráðuneyta enda vafalítið oft að finna þar menn sem búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem sóst væri eftir hjá ráðherraritara.

Ég hef heyrt nokkuð rætt um þetta heiti á stöðunni, þ.e. ráðherraritari, og þá á þann veg að það kunni að vera villandi og valda misskilningi vegna þess að auðvitað eru starfandi í ráðuneytunum ritarar, m.a. ritarar ráðherra. Út af fyrir sig finnst mér ekki skipta höfuðmáli hvaða nafn þessum nýja starfsmanni er gefið. Nefnd sú sem vann að þessu frv. vísaði til þess að í stjórnskipunarlögunum, sem gildi tóku 1. febr. 1904, var ákvæði um landritara sem var yfirmaður stjórnarráðsins, gekk næst ráðherranum og var staðgöngumaður hans í fjarveru hans. Þangað er fyrirmyndin að nafninu sótt og finnst mér þessi nafngift betri en aðstoðarmaður ráðherra þótt út af fyrir sig skipti hún ekki höfuðmáli eins og ég hef áður sagt. Rétt er að leggja áherslu á að gert er ráð fyrir að dagleg stjórn verði í höndum ráðuneytisstjóra og hann og aðrir embættismenn muni starfa áfram í ráðuneytunum óháð ráðherraskiptum og skapa þá kjölfestu sem er nauðsynleg.

Ég mun nú í nokkrum orðum útskýra þær reglur sem er að finna í 10. gr. frv., um tímabundna ráðningu í störf í stjórnarráðinu. Ég tel næsta víst að hér á þinginu sé yfirgnæfandi fylgi við að afnema beri æviráðningu embættismanna, enda má segja að hún standi nútímastjórnunaraðferðum að ýmsu leyti fyrir þrifum. Er hér lagt til að í stöður embættismanna í stjórnarráðinu verði ráðið til allt að sex ára í senn. Enn fremur verði meginreglan sú að maður geti ekki gegnt embætti í sama ráðuneyti lengur en 12 ár samfellt. Þó er ráðherra heimilað að framlengja þann tíma um allt að 6 ár til viðbótar ef sérstakar ástæður mæla með því.

Sú regla að maður megi ekki gegna embætti í sama ráðuneyti meira en að hámarki 18 ár kann að vera umdeild. Ég held þó að ekki verði hjá slíku ákvæði komist ef menn vilja tryggja vissan hreyfanleika í stjórnsýslunni og raunar fremur að þessi tími sé of langur heldur en of stuttur. Ef þetta er ekki gert er sú hætta fyrir hendi að menn væru nánast sjálfkrafa endurráðnir í lok hvers ráðningartímabils, annað kynni t.d. að þykja særandi fyrir hlutaðeigandi starfsmann.

Menn verða að gera sér grein fyrir að í stjórnarráðinu er að finna æðstu stjórn í íslenskri stjórnsýslu og auðvitað er það svo að eftir höfðinu dansa limirnir. Það er því ekki einungis æskilegt heldur nauðsynlegt að stjórnarráðsmenn séu sem hæfastir, og það sem meira er, frjóir og hugmyndaríkir svo að forustan og frumkvæðið komi í auknum mæli úr stjórnarráðinu. Með því að afnema æviráðningu hjá stjórnarráðsmönnum og ráða þá til starfa tímabundið er leitast við að koma í veg fyrir stöðnun í stjórnarráðinu, án þess þó að varpa fyrir róða þeim stöðugleika sem þar er nauðsynlegur.

Með hliðsjón af stjórnunar- og eftirlitshlutverki stjórnarráðsins hljóta starfsmenn þess öðru fremur að verða að búa yfir almennri menntun og reynslu, en síður sérþekkingu þar sem hennar má ætíð leita hjá sérfræðingum í öðrum stofnunum. Æskilegt er að í stjórnarráðinu starfi menn með sem víðtækasta reynslu og þekkingu t.d. úr atvinnulífinu. Þess vegna er nauðsynlegt að opna leiðir til þess að menn sem starfað hafa annars staðar en í ráðuneytum geti komið þar til starfa. Og jafnbrýnt er að embættismenn úr stjórnarráðinu geti horfið til annarra starfa.

Ég held að sú venja sem skapast hefur, að menn starfi í sama ráðuneyti áratugum saman og allan sinn starfstíma jafnvel, sé ekki til þess fallin að tryggja þann ferskleika og frumkvæði sem á að einkenna æðstu stjórnsýslu ríkisins. Nú er það jafnvel svo að það er litið hornauga ef menn, sem ekki hafa áður starfað í ráðuneyti, eru ráðnir þangað í góð embætti og þá gjarnan talað um að gengið hefi verið fram hjá starfsmönnum með lengri starfsreynslu. Þennan hugsanagang tel ég af hinu illa, ekki aðeins fyrir hlutaðeigandi starfsmenn, heldur fyrir starfsemi stjórnsýslunnar og þar með alla þjóðina.

Markmiðið með þessu ákvæði 10. gr. er að stuðla að hreyfanleika í stjórnsýslunni þannig að þeir, sem æðstu störfum gegna, búi yfir sem margvíslegastri reynslu t.d. úr öðrum ráðuneytum; hafi t.d. verði deildarstjóri í einu ráðuneyti, skrifstofustjóri í öðru, og verði svo ráðuneytisstjóri jafnvel í því þriðja, eða hafi að baki stjórnunarreynslu úr atvinnulífinu.

Menn hafa borið því við að með þessu nýja kerfi væri verið að svipta starfsmenn stjórnarráðsins því öryggi sem þeir hafa búið við og því væri vafasamt að hæfir menn fengjust til starfa. Mitt sjónarmið er að svo sé alls ekki. Hæfir starfsmenn eiga það tryggt að geta verið alla sína starfsævi innan stjórnarráðsins eða stofnana þess þó að það feli ekki í sér að þeir verði allan þann tíma í sama ráðuneyti. Gert er ráð fyrir að í reglugerðarákvæðum verði stuðlað að því að slíkir menn gangi fyrir störfum sem losna í stjórnarráðinu eða við opinberar stofnanir.

Ég hef líka þá trú að ungu, dugmiklu fólki finnist það jafnvel kostur við starf að það sé tímabundið, vitneskjan um að ný viðfangsefni taki við að tilteknum tíma liðnum virki hvetjandi á það en ekki letjandi.

Nú mun ég víkja að einstökum greinum frv. eftir því sem tilefni er til. Um fyrstu grein vil ég segja þetta:

Í 2. málsgr. 1. gr. eru gerðar breytingar á orðalagi til að leggja sérstaka áherslu á að hver ráðherra fari með æðsta stjórnvald í þeim málum sem undir hann heyra og beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum í þeim málaflokki. Sú tilhneiging sem vart hefur orðið, að leggja málefni undir fleiri en einn ráðherra, jafnvel ríkisstjórnina í heild, er aðeins til þess fallin að gera málsmeðferð þyngri í vöfum og draga úr ábyrgð einstakra ráðherra á stjórnarstörfum. Hins vegar geta flokkar sem mynda með sér ríkisstjórn auðvitað gert með sér samkomulag, t.d. í stjórnarsáttmála, um tiltekin málefni og afgreiðslu þeirra.

Í annarri grein eru talin upp viðfangsefni ráðherrafunda og kemur þar m.a. fram að stefnumótun ríkisstjórnarinnar skuli tekin fyrir á ráðherrafundum. Að öðru leyti kemur fram í greininni efni 17. gr. stjórnarskrárinnar. Í upptalningu á viðfangsefnum ráðherrafunda kemur óbeint fram að ráðherra verður ekki atkvæðum borinn í máli sem undir hann heyra nema hann kjósi það sjálfur. Hins vegar liggur í hlutarins eðli að ráðherra er bundinn af pólitískri stefnumótun þeirrar *ríkisstjórnar sem hann tekur þátt í*, sem og af *stjórnar*sáttmála og öðrum hugsanlegum samningum stjórnarflokka.

Fjórða grein er að mestu óbreytt að því undanskildu að Hagstofa Íslands er ekki talin meðal ráðuneyta. Gert er ráð fyrir að Hagstofan verði framvegis sjálfstæð stofnun og verður á næstunni lagt fram frv. þess efnis. Sú skilgreining á starfi ráðuneyta, sem fram kemur í 6. gr. þessa frv., leiðir sjálfkrafa til þess að Hagstofan telst ekki lengur ráðuneyti þar sem hún hefur ekki með höndum stjórnunar- eða eftirlitsstörf með sama hætti og ráðuneyti.

Ég get ekki leynt því að ég hefði gjarnan kosið að í þessari grein frv. yrði gerð tillaga jafnvel um róttæka breytingu á því hvernig stjórnarráð skiptist í ráðuneyti. Um það varð því miður ekki samstaða. Ég gæti t.d. vel hugsað mér að stjórnarráðið skiptist í eftirtalin tíu ráðuneyti: Forsætisráðuneyti, utanríkis- og utanríkisviðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðismálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, atvinnumálaráðuneyti — þar með talin verslun — og efnahags- og þróunarráðuneyti. Samkvæmt slíkri hugmynd tæki nýtt atvinnumálaráðuneyti við meginverkefnum iðnaðar-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyta, að auki mundu málefni verslunar heyra undir það. Með slíkri skipan væri leitast við að stuðla að meiri samræmingu milli hinna einstöku atvinnugreina og draga úr hugsanlegum árekstrum og tortryggni þeirra á milli. Undir efnahags- og þróunarráðuneyti féllu efnahagsmál, sem nú heyra undir forsætisráðuneyti og ýmis ráðuneyti önnur, svo og málaflokkar á borð við nýsköpun í atvinnulífi, orkumál og vísindarannsóknir. Utanríkisráðuneytið færi einnig með utanríkisviðskipti og félagsmálaráðuneyti með tryggingamál.

En eins og ég sagði náðist ekki samstaða um breytingu á núverandi skipan að þessu sinni. Reyndar voru þar ýmsar hugmyndir reifaðar. Hins vegar tel ég það ekki vera meginbreytinguna sem þörf er á í stjórnarráðsfrumvarpi, heldur hin ákvæðin þar sem gert er ráð fyrir hreyfanleika í stjórnsýslunni og betri möguleikum ráðherra til þess að koma stefnu sinni í framkvæmd eins og ég hef þegar rakið.

Í fimmtu grein er það aðeins ítrekað, sem í gildi er, að hvert ráðuneyti skuli óskipt lagt til eins og sama ráðherra þótt orðalagi hafi verið breytt til að taka af öll tvímæli.

Um sjöttu grein er ekki nauðsynlegt að fara mörgum orðum enda ræddi ég um grunnhugmyndir að baki henni áður.

Í sjöundu grein er kveðið á um að verkaskipting milli ráðuneyta skuli ákveðin í reglugerð á sama hátt og nú er. Mun slík reglugerð fylgja strax í kjölfar nýrra laga um þetta efni og er gert ráð fyrir að á undan fari ítarleg úttekt á starfsemi allra ráðuneyta. Þá er gert ráð fyrir því að framvegis verði í reglugerð kveðið á um skiptingu ráðuneyta í skrifstofur og starfsdeildir en samkvæmt gildandi lögum getur hver og einn ráðherra ákveðið *skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir*. Hefur starfsdeildum og deildarstjórum í ráðuneytum enda fjölgað ört á síðustu árum. Er þetta ákveðið í því skyni að fjölda skrifstofa og starfsdeilda verði haldið í skefjum. Ástæða er til þess að leggja á það áherslu að aðeins er gert ráð fyrir að heimildin til þess að skipta ráðuneytum upp í skrifstofur verði notuð í stærstu ráðuneytunum. Skrifstofustjórar verða þá aðeins starfandi í þeim ráðuneytum sem skipt er upp í skrifstofur. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ráðuneytisstjórar fari með daglega stjórn og deildarstjórar verði aðeins yfir raunverulegum deildum sem starfræktar verði innan ráðuneyta.

Um áttundu grein frv. hef ég fjallað hér á undan og tel að hún útskýri sig að öðru leyti sjálf.

Í níundu grein er að finna ákvæði um embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra í ráðuneytum. Samkvæmt frv. yrðu ráðuneytisstjórar áfram æðstu embættismennirnir sem ekki hyrfu úr starfi við ráðherraskipti. Skrifstofustjórar yrðu jafnmargir og skrifstofur ráðuneytis en sé ráðuneyti lítið verður ekki skipt í skrifstofur og því enginn skrifstofustjóri starfandi. Sama á við um fjölda starfsdeilda og deildarstjóra í hverju ráðuneyti. Þó skal tekið fram að ekkert væri því til fyrirstöðu að sami deildarstjóri stjórnaði fleiri deildum en einni ef slík skipan þætti henta.

Áður hefur verið fjallað um grundvallarhugmyndir sem fram komu í 10. gr. og ekki *er þörf endurtekninga*. Þó skal tekið fram að það liggur í hlutarins eðli að ákvæði greinarinnar um tímabundna ráðningu til allt að sex ára taka ekki til ráðherraritara þar sem hann er ráðinn með þeim kjörum að hann hverfi úr starfi þegar ráðherra þóknast og geti aldrei gegnt því lengur en sá ráðherra sem réði hann. Þá eru ákvæði um að menn sem gegnt hafa embætti í stjórnarráðinu í samfellt sex ár eða lengur skuli njóta biðlauna í þrjá mánuði hverfi þeir úr starfi. Þykir það sanngjörn regla. Það skal tekið fram, herra forseti, að í athugasemdum virðist hafa orðið prentvilla, þar sem talað er um biðlaun eftir 10 ára samfellt starf. Bið ég nefndina að taka það til athugunar.

Herra forseti. Ég hef leitast við að skýra aðalákvæði og megintilgang þessa frv. Ég dreg ekki dul á að ég tel þörf breytinga í íslensku stjórnkerfi og tel ástæðu til þess að stíga fyrsta skrefið efst í stjórnkerfinu því þaðan á stjórnunin og eftirlitið að koma.

Ég vil taka það fram að hér er ekki um flokkspólitískt mál að ræða og óska því eftir sem bestri samvinnu við stjórnarandstæðinga um meðferð málsins. Þetta mál

hefur tekið töluvert langan tíma í undirbúningi, m.a. vegna þess að ég lagði áherslu á að samband yrði haft við fulltrúa þingflokka og sömuleiðis við starfsmenn stjórnarráðsins, og það hefur tekið töluverðan tíma. Aðalatriðið er að úr þessu verði lög er sem flestir alþm. og starfsmenn stjórnarráðsins geti vel við unað.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það frv. um Stjórnarráð Íslands sem hæstv. forsrh. hefur mælt hér fyrir er eins og fram kom í máli hans síðla fram komið þar sem hér er um að ræða eitt að stefnumálum ríkisstj., en nú er ekki eftir nema um eitt ár af starfsferli hennar eða a.m.k. eitt ár til alþingiskosninga ef að líkum lætur.

Þetta frv. sætir heldur ekki neinum tíðindum. Það er sannarlega allt önnur og rýrari uppskera en hefði mátt vænta eftir hinn langa meðgöngutíma á vegum ríkisstj. og stjórnarflokka. Hæstv. forsrh. gat þess við lok síns máls að ein af ástæðunum fyrir því hversu seint málið sé fram komið væri samráð sem haft hefði verið við þingflokka um þetta efni. Vissulega kannast ég við samráð í því formi að síðla sumars 1984 voru fulltrúar frá þingflokkum stjórnarandstöðunnar kvaddir til viðræðna við þá nefnd sem ríkisstj. skipaði og stjórnarandstaðan átti enga aðild að. Ég hygg það hafi verið fundir sem ég kom á með þesari nefnd og kynnti þar viðhorf okkar Alþýðubandalagsmanna til þessa máls og einstakar hugmyndir þar að lútandi, jafnframt því sem nefndin greindi frá hvar starfi hennar væri komið og hvaða hugmyndir væru uppi innan hennar.

Raunar lágu þá fyrir drög að frv. til laga um Stjórnarráð Íslands á vegum nefndarinnar í verulega mikið öðrum búningi en það frv. sem hér er lagt fram. Ég hygg raunar að nefnd þessi hafi skilað áliti þegar 15. nóv. 1983 eða hálfu ári eftir að ríkisstj. settist á stóla, en þau drög verið send til baka til nefndarinnar með leiðbeiningum frá ríkisstj. og ósk um nánari vinnu.

Nú eru sem sagt liðin meira en tvö ár frá því þessi fyrstu lög stjórnskipaðrar nefndar lágu fyrir á borði ríkisstj. Og hvað er það svo sem liggur fyrir í formi þessa frv.? Það eru sáralitlar breytingar frá gildandi lögum um stjórnarráðið frá 1969. Í rauninni eru það aðeins tvö efnisatriði sem má segja að skipti einhverju máli frá þeim lögum sem í gildi eru og þeirri hefð sem mótast hefur á grundvelli þeirra laga. Það eru ákvæðin um svokallaðan ráðherraritara, þ.e. breytt staða aðstoðarmanns ráðherra frá því sem er í gildandi lögum, og mun ég víkja að þeirri nýbreytni sem hér er lögð til síðar í máli mínu, og í öðru lagi er það afnám æviráðningar stjórnarráðsstarfsmanna sem er vissulega túlkunaratriði hvort teljast æviráðnir eða ekki, a.m.k. er heimild til að víkja mönnum úr starfi. Hér er lögð til sex ára ráðningarregla sem meginviðmiðun, en þegar nánar er litið á er heimild til tólf ára ráðningar og raunar til átján ára ráðningar sama manns innan sama ráðuneytis, eins og fram kemur í þessum texta.

Þetta er í rauninni allt kjötið á þeim beinum sem felast í þessu frv. Það er ekki lögð til ein einasta breyting á skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Og það sætir fyrst og fremst tíðindum að ríkisstj. skuli eftir meira en þriggja ára valdaferil og ráðslag um þessi efni leggja hér á Alþingi fram frv. sem nánast skiptir engu máli, a.m.k. sáralitlu máli eins og málið er fyrir lagt. Það eru fyrst og fremst þær breytingar sem ekki eru lagðar til sem eru tíðindi í sambandi við þetta efni.

Ég varð var við það á samráðsfundi með þeirri nefnd sem starfaði undir forustu Eiríks Tómassonar lögmanns að tillögugerð fyrir ríkisstj. um þetta efni ásamt öðrum tilkvöddum mönnum frá stjórnarflokkum að þar voru uppi hugmyndir um verulegar breytingar m.a. á skipan ráðuneyta, en eftir að ríkisstj. hefur haft þetta á borði sínu í tvígang eða þrígang hefur niðurstaðan orðið sú að við engu má hrófla, nákvæmlega engu, í þessum efnum.

Það er táknrænt í sambandi við þessi efni að þar er ekki minnst einu orði, að ég fæ séð við lestur þessa frv., á málaflokk sem hefur þó verið til umræðu hér á Alþingi og ég hélt jafnvel innan ríkisstj. að þyrfti að fá rúm í stjórnarráðinu vegna breyttra aðstæðna á undanförnum áratugum og endurspeglast í breytingum innan stjórnarráðsins og í heiti ráðuneyta, en það eru umhverfismál. Umhverfismál eiga engan stað innan þessa frv. Það er sannast sagna hneykslanlegt að ríkisstj. skuli nú koma fram með frv. um stjórnarráðið án þess að minnst sé orði í því frv. á þann málaflokk, ekki einu sinni í athugasemdum með frv. Ég leyfi mér ekki einungis að spyrja hæstv. forsrh. um hverju þetta sæti heldur einnig viðstaddan hæstv. félmrh. sem ég hygg að hafi ætlað sér að fá fram einhverja breytingu í þessum málum og verið ætlast til að undirbyggi löggjöf um umhverfismál og jafnhliða kæmu fram breytingar á skipan stjórnarráðsins sem tækju mið af breyttum aðstæðum í þessum efnum svo við yrðum ekki endalaust langt á eftir öðrum Norðurlöndum í meðferð þessa málaflokks því að nú hafa öll hin Norðurlöndin sameinað meginþætti sem snerta umhverfismálin, annaðhvort stofnað um það sérráðuneyti, sjálfstæð umhverfisráðuneyti, eða fundið þeim skilmerkilegan stað innan annarra ráðuneyta, og nú síðast í Finnlandi sem var síðast fyrir utan Ísland þar sem þetta mál er ekki á blaði. Ég vænti þess að hæstv. félmrh. tjái sig um þetta efni og hvar sé komið vinnu að mótun löggjafar um umhverfismál þar sem sé fyllt í þær eyður sem á vantar í þessum mikilvæga málaflokki.

Eitt af því sem ég flutti inn á vettvang þessarar nefndar frá mínum þingflokki var sá vilji þingflokks Alþb. að stofnað yrði sérstakt umhverfisráðuneyti, sjálfstætt umhverfisráðuneyti. Við værum vissulega reiðubúnir til að skoða einhverja þá skipan mála sem sameinaði þennan gilda málaflokk öðrum þáttum ef um það mætti takast málamiðlun, en a.m.k. að umhverfismálin komi þá fram sem þáttur í viðkomandi ráðuneyti, í heiti þess, til að setja þennan málaflokk á þann stað og stall sem honum ber fyrir löngu í okkar stjórnkerfi.

Ég hlýt að gera að umtalsefni hér sérstaklega þennan meginþátt í uppbyggingu stjórnarráðsins, þ.e. hugmyndir um breytingar á samsetningu og skipan ráðuneyta sem engar eru í þessu frv. Ég er ekki að segja að það séu endilega þær einu réttu hugmyndir sem við Alþýðubandalagsmenn höfum viðrað og viðruðum í þessari nefnd og ekkert annað komi til greina, en ég fullyrði að það er orðin brýn þörf á því að endurskoða þessi mál, uppbyggingu stjórnarráðsins hvað snertir skipan ráðuneyta, eftir þau 17 ár sem liðin eru frá því lög voru sett um Stjórnarráð Íslands 1969. Ég heyrði það raunar hjá hæstv. forsrh. að hann viðraði hér tilteknar hugmyndir. Ekkert hef ég á móti því að hæstv.

ráðh. geri það, en maður spyr hvort hann hefði ekki átt að halda til haga fleiri hugmyndum sem hefðu komið upp á borðið hjá ríkisstjórn hans í þessu efni þannig að við fengjum einhverja mynd af þeirri umræðu sem þar hefði farið fram um þetta. Það hefði verið forvitnilegt að vita í hverju ágreiningurinn var fólginn sem olli þeirri magalendingu sem hér liggur fyrir. Í hverju var sá ágreiningur fólginn og hverjir báru fram hugmyndir sem ekki gengu upp þannig að málið endaði í patti? Ég tel það eiginlega lágmarkskurteisi hæstv. forsrh. gagnvart samráðherrum sínum og samstarfsflokki í ríkisstj. að hann geri okkur alþm. grein fyrir því hverjar voru hugmyndir annarra ráðherra. Hann er búinn að kynna sína eigin hugmynd sem hann hefði getað hugsað sér. Ég bið hæstv. forsrh. að greina okkur frá því hvaða hugmyndir voru þar uppi og get ekki hugsað mér að það sé slíkt trúnaðarmál að það geti ekki legið fyrir í 1. umr. um þetta mál.

Þá skal ég koma að því sem við ræddum í þingflokki Alþb. að kæmi til greina í þessum efnum og ég flutti inn á vettvang þessarar samstarfsnefndar að lokinni umræðu í okkar þingflokki sumarið 1984. Ég vil ekki fullyrða hér og nú hvort þingflokkurinn var fullskipaður á fundum þetta sumar þegar um það var rætt. Ég vil ekki fullyrða um það. En þær hugmyndir sem ég bar þarna inn að þeirri umræðu lokinni voru m.a. í sambandi við skipan ráðuneyta.

Ég hef þegar getið um umhverfisráðuneyti sem var eindregin tillaga frá okkur og varatillaga auk þess í þeim efnum í sambandi við hugsanlega samtengingu umhverfismála og skipulagsmála og fleiri þátta sem eru innan félagsmálaráðuneytis. Jafnréttismál koma til umræðu í því samhengi, þörfin á að lyfta þeim málaflokki sérstaklega í sambandi við þessa endurskoðun.

Fyrir utan umhverfismálin var okkar tillaga sú að stofnað yrði sérstakt efnahagsráðuneyti sem tæki við ýmsum gildum þáttum í sambandi við efnahagsmálin og þar á meðal utanríkisviðskipti sem talsvert hefur verið um rætt og gefnar yfirlýsingar um á Alþingi að sameina utanríkisráðuneyti, en við teldum að utanríkisviðskiptin gætu vel fallið undir slíkt efnahagsráðuneyti. Í verkahring þess væri að vera aðalráðgjafi ríkisstj. í heild í efnahagsmálum og það tæki þannig að sér ákveðinn þátt sem nú er að nafninu til a.m.k. undir forsrn., sem er mjög vanmáttugt eins og það hefur verið byggt upp faglega séð til að vera sá ráðgjafi, og tæki auk þess yfir ákveðna þætti sem nú heyra undir fjmrn.

Bankastarfsemin væri auðvitað mjög eðlilegur þáttur í slíku efnahagsráðuneyti og Þjóðhagsstofnun ætti einnig að falla undir það. Meðal verkefna þessa efnahagsráðuneytis ætti að vera að gera tillögur að fjárfestingaráætlun fyrir þjóðarbúið, að lánsfjáráætlunum og þjóðhagsáætlunum, þáttum sem nú eru unnir á vegum Þjóðhagsstofnunar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Ég er sannfærður um að slík breyting, stofnun slíks efnahagsráðuneytis með þessum þáttum og fleiri sem þar gætu heyrt undir, væri til verulegra bóta í sambandi við stjórnskipan okkar og meðferð efnahagsmála. Við erum ekki að leggja til að fjmrn. verði sameinað slíku efnahagsráðuneyti heldur gæti það starfað áfram.

Þriðja megintillagan, að viðbættu umhverfisráðuneyti og efnahagsráðuneyti, er sú hugmynd þingflokks Alþb. að sameina ráðuneyti atvinnumála. Ég hygg að menn geti greint á um það í mínum flokki eins og víðar hvort beri að sameina öll atvinnumálaráðuneytin í eitt, en ég er eindregið þeirrar skoðunar og hef verið það nokkuð lengi að það væri tvímælalaust skynsamlegt og til bóta og líklegt til miklu heilstæðari málsmeðferðar á atvinnumálum þjóðarinnar að afnema *þá mjög svo gervikenndu skiptingu á meðferð atvinnumálanna* sem m.a. hlýst af uppdeilingu þeirra í þrjú ráðuneyti innan stjórnarráðsins og þær hefðir sem hafa þróast í tengslum við þá meðferð mála.

Hvaða skynsemi sýnist vera í því að starfrækja sérstakt iðnaðarráðuneyti sem fer aðeins með lítinn hluta af raunverulegum iðnaðarmálum í okkar landi þar sem fiskiðnaðurinn sem gildasta grein iðnaðar í landinu liggur annars staðar? Hvaða eðlismunur er á hinum almenna útflutningsiðnaði og útflutningi unninna fiskafurða? Tengist þetta ekki allt saman? Hafa ekki viðhorfin breyst frá því lög voru sett 1969 um Stjórnarráð Íslands? Við höfum gengið í EFTA, erum orðnir aðilar að fríverslun og okkar heimaiðnaður, iðnaður fyrir heimamarkað, er háður bullandi og opinni samkeppni við innfluttan varning. Þetta lýtur allt saman sömu lögmálum markaðarins. Og það væri sannarlega líklegt til heilstæðari meðferðar á atvinnumálum og atvinnuþróun í landinu ef atvinnumálin yrðu þannig sett undir eitt ráðuneyti.

Við ræddum í okkar þingflokki að ef farið yrði að okkar tillögum um stofnun efnahagsráðuneytis og sjálfstæðs umhverfisráðuneytis gæti komið til álita að sameina ákveðna þætti í starfi félagsmálaráðuneytis og heilbrigðismál. Það gæti komið til greina. Þetta er eitt dæmið um endurskipan, en að því tilskildu að það tækist að stofna burðugt sjálfstætt umhverfisráðuneyti. Við höfum verið opnir fyrir því sem möguleika að sameina umhverfismál og félagsmál, ýmsa þætti sem þar eru innan veggja.

Þetta eru meginbreytingarnar í sambandi við fyrirsagnir eða heiti ráðuneyta sem ég kynnti þarna sem hugmyndir eftir umræðu í þingflokki okkar Alþýðubandalagsmanna. Það er ekki um að ræða fjölgun ráðuneyta. Við leggjum þarna til samruna þriggja ráðuneyta í eitt jafnhliða því sem tvö ný eru stofnuð þannig að ekki er um það að ræða. Við teljum að það sé skynsamlegt í sambandi við endurskipulagningu af þessu tagi að leitast við að jafna umfang innan ráðuneytanna, a.m.k. betur en tekist hefur til þessa því það er vissulega með mjög ólíkum hætti.

Ég tek út af fyrir sig eindregið, svo ég víki að ráðningu starfsmanna innan stjórnarráðsins, undir þá hugsun sem hér kemur fram, að vísu með harla veikum hætti, í sambandi við tímabundna ráðningu starfsmanna í stjórnarráðinu, jafnhliða eðlilegum launakjörum sem þessir starfsmenn þurfa að búa við, því að fá störf eru mikilvægari en þau sem unnin eru eða vinna þarf innan stjórnarráðsins. Ég tel að það hafi gætt allt of mikillar íhaldssemi eða rangra áherslna í sambandi við uppbyggingu stjórnarráðsins og stofnana á þess vegum. Ég tel að ráðuneytin sjálf, sú stofnun sem almennt gengur undir nafninu Stjórnarráð Íslands, hafi verið og séu faglega of veik, en stofnanir undir ráðuneytunum hafa fengið að velta upp á sig, hafa bólgnað út og aukið við mannskap og verkefni, oft verulega umfram raunverulegar þarfir, á sama tíma og heilabúið, sem á að stýra þessum stofnunum, er skilið eftir hálfvisið og veikburða

varðandi faglega meðferð og eftirlit og stýringu á þessum stofnunum sem safnað hefur verið upp í kringum ráðuneytin og heyra að nafninu til a.m.k. undir eftirlit viðkomandi ráðuneyta. Þetta eru áherslur sem ég vildi sjá breyttar. En menn hafa náttúrlega talað sig næstum niður í núll hér með því að taka óskilgreint undir kröfuna „Báknið burt" og vísa númer eitt á stjórnarráðið, það sé höfuðóvinurinn, það sé báknið. Á sama tíma hafa menn leyft stofnunum á vegum stjórnarráðsins meira og minna eftirlitslitlum eða eftirlitslausum að bólgna út og ekki gert stjórnarráðinu í rauninni kleift að sinna sínu eftirlits- og stjórnunarhlutverki á þeim mörgu starfsmönnum sem þar eru við störf. Skal ég út af fyrir sig ekki lasta margt af því sem þar er unnið og vel gert, en þetta eru kerfislega rangar áherslur að mínu mati.

Þá kem ég að blessuðum aðstoðarmönnum ráðherra og þeim ráðherrariturum sem hér er lagt til að svo verði kallaðir og hvernig því er nú fyrir komið, einu aðalnýmæli þessa frv. að hinu, varðandi ráðningartímann, fráteknu. Það eru bara þessi tvö litlu atriði sem skipta einhverju máli í þessu frv. Ja, hvernig er nú því fyrir komið? Það er sannarlega glæsilegt á að líta í 8. gr. þessa frv. og segir sitt um hvernig gagnsóknin hefur tekist hjá embættismannaliðinu í þessum efnum. Ég hygg að þeir hafi haldið nokkuð fast á sínu, ráðuneytisstjórarnir í Stjórnarráði Íslands, og passað að hafa ákveðið auga á þessum þáttum, í sambandi við ráðherraritarana, svo ekki yrði gengið of langt með þá. Það er út af fyrir sig skiljanlegt, en það óbermi sem út úr þessu kemur er ég satt að segja annsi smeykur um að eigi ekki allt eftir að verða mjög farsælt. Við skulum aðeins líta á 8. gr. Með leyfi forseta vitna ég í hana:

„Ráðherra er heimilt að ráða til starfa í ráðuneyti sérstakan ráðherraritara er veiti honum aðstoð við að móta stefnu sína og hrinda henni í framkvæmd. Gegnir ráðherraritari störfum svo lengi sem ráðherra kýs, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur."

Þetta gæti út af fyrir sig allt staðist, en það sem á eftir kemur er dálítið kyndugra. Þar segir:

„Ráðherraritari getur ritað undir stjórnvaldserindi og er starfsmönnum ráðuneytis öðrum en ráðuneytisstjóra skylt að hlíta fyrirmælum hans."

Ég tek það fram að ég held að ég lesi þetta rétt. Það stendur þarna: „og er starfsmönnum ráðuneytis öðrum en ráðuneytisstjóra skylt að hlíta fyrirmælum hans." Ég verð að biðja hæstv. forsrh. að skýra það vel út fyrir okkur af hverju blessaður ráðuneytisstjórinn er gerður hornreka þarna og þarf ekki að hlíta fyrirmælum hans á *meðan allir limirnir sem undir ráðuneytisstjóra* eru settir, starfsmenn ráðuneytisins, eiga að hlíta fyrirmælum ráðherraritarans. Hvað er hér á ferðinni? — Síðan kemur:

„Ráðherra getur þó falið ráðherraritara að fara með stjórn á ráðuneyti undir yfirstjórn sinni."

Þetta nægir sem tilvitnun í þessa grein. Hitt var um biðlaun ráðherraritara sem ekki mega gleymast. Það er allt á sínum stað.

Mér sýnist að hér sé hreinn óskapnaður á ferðinni. Ég sé ekki betur. Menn hafa verið að glíma við spurninguna um það og það er mjög réttmætt að velta því fyrir sér: Er eðlilegt til að styrkja hina pólitísku stýringu innan ráðuneytanna að setja þar inn pólitískan ráðuneytisstjóra sem fari með verkstjórn í umboði ráðherra innan ráðuneytis og þar sé af embættismanna hálfu skrifstofustjóri sem sjái um að fylgja fram fyrirmælum og annast verkstjórn innan ráðuneytis? Þetta tel ég alveg umræðu vert. Þá ættu menn líka að stíga skrefið til fulls og vera ekkert að kinoka sér við því, ræða a.m.k. málið í fullri alvöru. Væri ekki réttmætt að setja þarna inn mann til styrktar hinu pólitíska valdi hverju sinni í ráðuneytinu, pólitískan ráðuneytisstjóra sem yrði ráðinn og starfaði í umboði ráðherra og jafnlengi og viðkomandi ráðherra situr? Það væru ekki nein þokukennd skil milli embættisins og þessara pólitísku aðila, ráðherraritarans eða hvað hann heitir og ráðherrans sjálfs, og þeir gæfu sín fyrirmæli eftir því sem þeir skipta með sér verkum þar og síðan væri það embættismannanna að vinna að framkvæmd þeirra undir verkstjórn embættismanns.

Á það legg ég áherslu að auðvitað hljótum við að gera þá kröfu að embættisverk eða undirskriftir á ráðherraákvörðunum séu framkvæmdar af ráðherra eða hans fulltrúa, hvað sem hann heitir, og embættismanni, en það sé ekki hægt að láta ákvarðanir út ganga sem eru undirritaðar af tveimur pólitískum aðilum í viðkomandi ráðuneyti. Ég veit satt að segja ekki alveg hvort það er skýrt í *þessum mjög svo þokukennda texta* 8. gr. hvort þeir gætu tekið sig til, ráðherrann og aðstoðarráðherrann, og afgreitt mál út úr sínu ráðuneyti með eigin undirskriftum og embættismenn kæmu þar hvergi nærri. Það held ég að sé ekki farsælt að tefla á það tæpa vað. Við vitum að embættismenn undirrita í umboði ráðherra og samkvæmt hans vilja, en þeir hafa þó alltént möguleikann á að ræða við hið pólitíska vald um þann gjörning sem verið er að framkvæma hverju sinni. Og hvernig er það með þessar blessaðar hornrekur, ráðuneytisstjórana, sem er verið að setja upp þarna? Við fáum væntanlega útlistanir frá hæstv. forsrh. hér á eftir hvernig þeirra stöðu á að vera háttað samkvæmt ákvæðum þessa frv. Ja, *ég öfunda þá ekkert* að sitja úti í horni eftir að ráðherraritarinn er farinn að ráðskast með það starfslið sem þeir hafa verið settir yfir.

En svona geta hlutirnir þróast í ríkisstj. með tíu sundurþykka ráðherra. Við höfum orðið vitni að ýmsu á þeim bæ á liðnum árum og í vaxandi mæli á síðustu vikum og mánuðum þannig að það er ekki að undra þó að slíkt óbermi komi fram sem tillaga forsrh. Íslands sem frv. til laga um Stjórnarráð Íslands.

Um önnur atriði sem hér er vitnað til fylgir yfirleitt í athugasemdum um einstakar greinar að þar sé í rauninni verið að lögfesta það sem þegar sé orðin hefð og það sé verið að kveða ótvírætt á um valdsvið einstaks ráðherra. Það getur verið allt á sínum stað. Og þessi spurning um hið fjölskipaða stjórnvald sem oft hefur verið rætt um. T.d. gilda í Svíþjóð verulega aðrir hættir en hér á Íslandi eins og mál hafa þróast hér innan ríkisstjórna. Það er æskilegt að ábyrgð hvers ráðherra sé sem ljósust og þeir þurfi að standa reikningsskil sinna gjörða og þá fyrir dómstólum ef talið er að þeir hafi farið út fyrir verksvið sitt, eins og stundum heyrist. En hitt á að vera jafnljóst að í landi sem býr við samsteypustjórnir, hefur gert það að jafnaði í sögu okkar lýðveldis, er mjög eðlilegt að í stjórnarsáttmála sé kveðið á um þau atriði og þau bundin fastmælum sem ríkisstjórnin ætlar að framfylgja og þeir aðilar sem standa saman að ríkisstjórn hverju sinni telja eðlilegt að binda í sínum

sáttmála, slá varnagla. Slíkt hlýtur auðvitað að standa eftir sem áður og mér sýnist að stundum hefði verið æskilegt að ganga betur frá hlutum í þeim efnum við stjórnarmyndun til að koma í veg fyrir mikinn ásteyting þegar út í stjórnarsamstarf er komið. Þá hlýtur að mega til þess ætlast að hver ráðherra taki mið af því sem um er samið við stjórnarmyndun.

Það fór ekki mikið fyrir þeim efnum í sáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem mynduð var 26. maí 1983 og enn situr. Að vísu hét það svo að það væri endurnýjaður sáttmáli hennar að ári liðnu, en það hefur nú fennt í þau sporin, held ég, enda sést það á stjórnarathöfnum og athöfnum einstakra ráðherra að samhljómurinn er ekki ýkja mikill sem frá þessari ríkisstjórn kemur. Hún var í upphafi sammála um eitt og fyrst og fremst eitt, og því hefur hún fylgt dyggilega eftir, að keyra niður kjör þorra launamanna í landinu. Það var hennar ætlunarverk og hugsjónamál og um það hefur verið samstaða en fátt annað.

Herra forseti. Þó ástæða gæti verið að ræða einstaka þætti sem hér koma fram betur og ítarlegar af minni hálfu get ég látið staðar numið, en vil þó aðeins undir lokin vitna til þess sem segir í upphafi athugasemda með lagafrv. um markmiðið með starfi þeirrar nefndar sem hafði þetta mál með höndum í umboði ríkisstj., með leyfi forseta:

„Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði að markmið slíkra stjórnkerfisbreytinga væri að einfalda opinbera stjórnsýslu, bæta hagstjórn og samræma ákvarðanir í opinberri fjárfestingu, draga úr ríkisumsvifum og efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdavaldinu."

Það var nú ekkert minna markmiðið með þessu starfi. Og hvað hefur síðan komið út úr starfinu? Það er sagan um fjallið og músina enn einu sinni sem þar er ljóslifandi á ferðinni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég mun ekki flytja langt mál né ítarlegt, enda sé ég ekki að þetta litla frv. gefi tilefni til þess. Eins og hv. fyrri ræðumaður minnist ég þess að ég var af mínum þingflokki sumarið 1984 kvaddur til tveggja viðræðufunda við þá hina miklu nefnd sem þá hafði í smíðum nýtt frv. til laga um Stjórnarráð Íslands. Erindi mitt hingað upp í ræðustólinn er fyrst og fremst að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh. hvað varð raunverulega af þessum tillögum þessarar ágætu nefndar því að ef mig ekki misminnir þeim mun hrapallegar voru þær tillögur þó á allt annan veg og miklum mun ítarlegri en hér liggur fyrir, en í athugasemdum segir hér þó aðeins, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur samið drög að frv. þessu, en þeim hefur síðan verið breytt í nokkrum atriðum í meðförum ríkisstjórnarinnar."

Miðað við þau gögn sem þessi nefnd lagði fram og rædd voru á samráðsfundum hafa breytingarnar orðið meira en litlar því eiginlega allt sem bitastætt var úr þeim tillögum og þeim hugmyndum er horfið og meðan það er ekki upplýst hvað varð af þessum hugmyndum og þessum tillögum hlýtur maður að ætla að það sé vegna þess að uppi sé slíkur pólitískur ágreiningur innan stjórnarflokkanna að þeir hafi ekki getað náð samkomulagi um aðalatriðin.

Aðalatriði varðandi tillögugerð um nýskipan Stjórnarráðs Íslands hlýtur að varða t.d. skipan ráðuneyta, verkaskiptingu milli ráðuneyta, og þar voru uppi margar athyglisverðar hugmyndir og miklar umræður um þær. Í 4. gr. hér, II. kafla, eru hins vegar nánast engar breytingar fram settar heldur skal allt vera óbreytt. Við spurningum eins og þeim hvort viðunandi sé í framtíðarskipan stjórnarráðs að heilum viðamiklum málaflokkum, svo sem eins og t.d. landbúnaðarmálum, sé stjórnað úti í bæ, fást engin svör lengur. Spurninga sem hv. fyrri ræðumaður vék að, 5. þm. Austurl., þ.e. um veigamikla endurskipulagningu stjórnarráðs með því að stofna til sérstaks atvinnumála- og efnahagsmálaráðuneytis, sem voru uppi ákveðnar hugmyndir um í tillögum nefndarinnar, sér hér hvergi stað.

Stundum er að því vikið að fjmrn. í núverandi skipan stjórnarráðsins sé eins konar yfirráðuneyti. Það hefur að sjálfsögðu þýðingarmiklu hlutverki að gegna, en það stýrir ríkisbúskapnum sjálfum. Hins vegar er hér í reynd ekkert raunverulegt efnahags- eða atvinnumálaráðuneyti, þ.e. ekkert atvinnumálaráðuneyti sem mótar atvinnustefnu eða auðlindanýtingarstefnu, og reyndar er því svo fyrir komið að það er hlutverk forsrh. fyrst og fremst innan ráðherrahópsins að vera ábyrgur fyrir mótun almennrar efnahagsstefnu.

Ég fyrir mitt leyti lýsi stuðningi við þau sjónarmið, sem fram komu í máli hv. 5. þm. Austurl., að það sé æskilegt að sameina málefni atvinnuveganna í eitt atvinnuvega- eða „wirtschafts"ráðuneyti þar sem atvinnustefnan í heild, áætlunargerð, auðlindanýting, væri á einni hendi, en síðan væru undirdeildir fyrir hvern málaflokk eins og landbúnað, iðnað, sjávarútveg, verslun og þá kannske hugsanlega með aðstoðarráðherrum fyrir hvern þeirra.

Það sem í raun er sett fram í þessu frv. er kannske þrennt. Það er hið umdeilda ákvæði um hinn pólitíska aðstoðarráðherra eða ráðherraritara. Það er í annan stað sú tilhögun að í hverju ráðuneyti verði sérstök deild eða starfsmaður sem verði ábyrg fyrir undirbúningi fjárlaga gagnvart fjmrn. og annist samskiptin við það. Og í þriðja lagi er það sem hér segir um ráðningartíma og endurnýjun á ráðningartíma embættismanna í ráðuneytum með 12–18 ára ráðningartíma. Þetta er rýr eftirtekja eftir mikið nefndarstarf, sér í lagi þegar það litla sem það er er umdeilanlegt. Það sýnist mér t.d. ákvæðið um ráðherraritara tvímælalaust vera.

Í athugasemdum um einstakar greinar segir um það atriði í 8. gr., með leyfi forseta:

„Í núgildandi stjórnarráðslögum er réttarstaða svonefndra aðstoðarmanna ráðherra mjög óljós. Hér er aftur á móti kveðið skýrt á um réttarstöðu ráðherraritara að öðru leyti en því er lýtur að sambandi hans við hlutaðeigandi ráðuneytisstjóra. Er hann ýmist hliðsettur ráðuneytisstjóra eða yfirmaður hans ef ráðherra mælir svo fyrir um."

Þetta heitir á máli flutningsmanna að taka af tvímæli um eða skýra réttarstöðu aðstoðarmanns ráðherra. Ég held að það sé þvert á móti. Ég tek undir athugasemdir hv. 5. þm. Austurl. um það. Ég held að þessi klásúla sé með öllu óviðunandi vegna þess að hún vekur upp fleiri spurningar en hún svarar og vekur upp efasemdir um verkaskiptingu og valdsvið sem verður að leysa með öðrum hætti en hér er kveðið á um.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég ætla ekki að nota tækifærið til að lýsa í löngu máli þeim tillögum sem við kynnum að hafa uppi um endurskipulagningu stjórnarráðsins. Hér eru ekki

gerðar tillögur um neinar markverðar breytingar. Ég vil fyrst og fremst árétta að lokum að ég lýsi eftir því hvað varð af tillögum nefndarinnar sem margar hverjar voru athyglisverðar og á allt annan veg en er lýst í þessu frv. Hver er skýringin á því að þeim hefur verið hafnað? Er það eingöngu vegna þess að stjórnarliðar hafa ekki getað náð samkomulagi um það? Er m.ö.o. samkomulag um að flytja hér tillögur um smávægilegar breytingar? Það væri ekki síður, ef þetta er niðurstaðan, fróðlegt að heyra með hvaða rökum þeim tillögum öllum var vísað á bug.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu, frv. til laga um Stjórnarráð Íslands, en það er eitt atriði sem ég vildi fyrst og fremst ræða. Það er atriði sem ekki er í þessu frv., en ég vil gera það að umtalsefni við 1. umr. til þess að hv. allshn. Nd., sem fær þetta mál til meðferðar, geti um það fjallað.

Í II. kafla þessa frv., 4. gr., er upp talið hvernig Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti. Þar er í meginatriðum haldið þeirri ráðuneytaskiptingu sem verið hefur þrátt fyrir að miklar umræður hafi verið í þjóðfélaginu upp á síðkastið um nauðsyn þess að þarna verði gerðar breytingar á. Þar kem ég að því sem ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á, en það eru þau mál sem tengjast viðskiptum við önnur lönd. Eins og málum er nú háttað í okkar stjórnkerfi eru þau mál í mörgum ráðuneytum.

Þar skal fyrst telja viðskrn. sem fer að sjálfsögðu með mjög mikilvæga þætti í okkar viðskiptum við útlönd, viðskiptasamninga svo eitthvað sé nefnt.

Utanrrn. fer með vissa þætti í gegnum starfsemi sinna sendiráða og mörgum hefur fundist að sá þáttur í starfsemi utanrrn. mætti vera meiri. Það er gleðiefni að núverandi hæstv. utanrrh. skuli hafa lýst því yfir að hann hafi það að sérstöku áhugamáli að efla viðskiptalega starfsemi sendiráðanna og utanrrn.

Sjútvrn. fer með mikilvæga þætti í þessum efnum, það sem lýtur að fiski og fisksölu, en hefur upp á síðkastið verið að auka sína starfsemi á þessu sviði m.a. með sérstöku starfi sem lýtur að því að flytja íslenska tækniþekkingu í sjávarútvegi út úr landinu og hafði sérstakan starfsmann í því til skamms tíma a.m.k.

Iðnrn. fer með mjög mikilvæga þætti mála sem snerta viðskipti við önnur lönd. Ég nefni t.d. að nýlega hefur undir forustu iðnrn. verið breytt lögum um Orkustofnun þar sem gert er ráð fyrir að sú tækniþekking sem Orkustofnun ræður yfir verði útflutningsvara hjá sérstöku fyrirtæki sem lýtur stjórn Orkustofnunar. Iðnrn. fer með samninga við erlend fyrirtæki varðandi stóriðju og varðandi fjárfestingar í íslenskum iðnaði. Skemmst er að minnast hugmynda sem fyrrv. hæstv. iðnrh. var með þess efnis að á vegum þess ráðuneytis yrðu starfandi sendifulltrúar sem ynnu að því að draga ný fyrirtæki, draga nýjar fjárfestingar í iðnaði til Íslands.

Landbrn. fer einnig með þætti sem snerta viðskipti við önnur lönd og það er ýmiss konar frumkvæði varðandi sölu á landbúnaðarafurðum sem ber þar hæst.

Í alla þessa starfsemi vantar samræmi að mínu mati.

Norðmenn hafa nýlega breytt skipulagi hjá sér og ég vil beina því til hv. nefndar að hún kynni sér það sem Norðmenn hafa sérstaklega gert á þessu sviði. Þeir hafa nú, að því er mér hefur verið tjáð, ég hef ekki skrifleg gögn um það í höndum, ákveðið að stofna sérstakt utanríkisviðskiptaráðuneyti sem fari meira og minna með öll þau mál sem tengjast viðskiptum við önnur lönd. Flestar þjóðir halda uppi umfangsmikilli kynningarstarfsemi, bæði til að selja sína vöru og ekki síður til að kynna viðkomandi land sem vettvang fyrir fjárfestingar í nýjum atvinnugreinum eða kynna landið sem vettvang fyrir samvinnu að öðru leyti en að því er beinar fjárfestingar snertir, vettvang fyrir samvinnu um nýjar atvinnugreinar, en slík samvinna getur að sjálfsögðu verið í ýmsu formi, öðru formi en beinum fjárfestingum.

Menn geta deilt um hvort og í hve miklum mæli erlendar fjárfestingar eru æskilegar, en ég hygg að við hljótum þó að geta orðið sammála um að þær séu æskilegar og nauðsynlegar í einhverju magni eigum við að byggja upp tæknivætt atvinnulíf. En sú starfsemi sem að því lýtur er í molum hjá okkur. Það er enginn einn aðili í þjóðfélaginu sem hefur uppi kynningarstarfsemi af þessu tagi, en maður verður mjög var við að sumar þjóðir halda því ötullega á loft. Þar vil ég nefna t.d. Norðmenn sem eru mjög ötulir í því að taka þátt í sýningum þar sem þeir kynna ekki eingöngu sínar vörur heldur landið sem tæknivætt þjóðfélag sem sé góður vettvangur til samvinnu við erlend fyrirtæki eða önnur lönd um hvers konar nýja framleiðslu og nýjar atvinnugreinar. Ég tala nú ekki um Íra og Skota sem vinna mikið starf að þessu leyti.

Þetta er hvergi unnið hjá okkur í dag. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að við reynum að fella þessa starfsemi saman í eitt ráðuneyti. Hvort það á heima í utanrrn. og þá efldu utanríkisráðuneyti eða nýju utanríkisviðskiptaráðuneyti skal ég ekki um segja. Ég skal ekkert um það fjalla á þessu stigi. En ég tel að um þetta þurfi hv. þingnefnd að hugsa og afla sér gagna um það hvernig þessu er háttað hjá okkar næstu nágrönnum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. stjórnarandstæðingar sem hér hafa talað hafa gert lítið úr þeim breytingum sem felast í þessu frv. Ég get út af fyrir sig tekið undir að þær eru minni en ég stefndi að þegar þetta starf hófst. Hins vegar held ég að þeir geri of lítið úr þeim breytingum sem þarna eru, bæði um æviráðningu og ráðherraritara og sömuleiðis um aukið sjálfstæði ráðuneyta í fjárhagsmálum sem þarna er tekið af skarið með.

Rætt hefur verið nokkuð um ráðherraritarana og þykir mönnum sú grein ekki nægilega skýr. Eins og kemur fram í þeirri grein þarf ákvörðun ráðherra til að ráðherraritari fari með daglega stjórn ráðuneytis, en það kemur fram í þeirri grein að ráðherra getur ákveðið þann hátt. Ég held að hinu verði alls ekki á móti mælt að staða aðstoðarmanna ráðherra í dag er ákaflega óljós og hefur hvað eftir annað reyndar verið vefengd af ýmsum mönnum í ráðuneytinu. T.d. er ekki á það fallist af ýmsum að aðstoðarmaður ráðherra skrifi undir bréf með starfsmanni í ráðuneytunum. Þetta hefur nánast verið samkomulagsatriði innan ráðuneytis. Ég vil taka það fram að í mínu ráðuneyti er það samkomulag. Minn aðstoðarmaður gerir þetta ásamt öðrum starfsmönnum í ráðuneytinu og er það ekki vefengt. En það er hvergi til lagabókstafur um það. Ég held því að menn ættu að skoða þetta í því ljósi hvernig ástatt er núna.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fann að því að ekki

er sérstakt umhverfismálaráðuneyti eða því a.m.k. skipaður staður í öðru ráðuneyti. Í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar var ákveðið að umhverfismál yrðu innan félmrn. og þeirri ákvörðun hefur ekki verið breytt. Ég get vel fallist á að ráðuneytið nefnist félags- og umhverfismálaráðuneyti. Ég hef gert ráð fyrir því að í þeirri reglugerð sem fylgir setningu þessara laga verði tekið af skarið með það hvað teljist til umhverfismála. En því er ekki að neita að hvorki í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar né í þeim ríkisstjórnum sem síðast hafa setið, m.a. ekki í þeirri ríkisstjórn sem við 5. þm. Austurl. sátum saman í, tókst, því miður, að skipa saman þeim málum sem eiga að falla undir umhverfismál. Við vitum allir að í núv. ríkisstj. er búið að gera til þess töluverðar tilraunir og er enn verið að vinna að frv. þar sem ætlunin er að taka af skarið og ákveða hvað á að fara með umhverfismálum undir félmrn. og hvað ekki. Í þessu hafa setið ýmsar nefndir hinna færustu manna, en því miður ekki náðst samstaða.

Hv. þm. finna að því að ekki skuli vera ákveðin endurskipulagning ráðuneyta. Ég lýsti áðan hugmynd sem ég hef verið hlynntastur í því sambandi og reyndar finnst mér hún að ýmsu leyti vera svipuð og það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ég held einnig sá sem á eftir honum talaði, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, lýstu hér.

Spurt var að því hvaða aðrar tillögur hefðu komið fram. Það komu ekki fram aðrar tillögur frá ráðherrum í ríkisstj. um þessa breytingu. Nefndin hreyfði hins vegar ýmsum hugmyndum sem ég hygg að hv. þm. hafi einhverjar séð.

Í þessu sambandi tel ég einna mikilvægast að sameina utanríkisviðskiptin og utanrrn. Ég fagna því sem síðasti hv. ræðumaður sagði um það. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu og tel eðlilegt að allshn. taki slíka hugmynd og skoði hana og athugi hvort hún gæti orðið að lögum.

Mín niðurstaða er sú að skipan ráðuneyta verði að takast upp í stjórnarsáttmála þegar ríkisstjórn er mynduð. Þá eru hægust heimatökin að ákveða breytta skipun ráðuneyta. Vitanlega mætti gera það með því fororði að ekki komi til framkvæmda fyrr en ný ríkisstjórn er mynduð. Þeirri hugmynd hefur stundum verið hreyft.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að einlæg von mín er að hv. þm. í allshn. taki þetta mál til málefnalegrar skoðunar. Að sjálfsögðu verður þar, eins og ég heyri, hreyft ýmsum fleiri breytingum. Vel má vera að þær hljóti meirihlutafylgi.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð í sambandi við það sem hér hefur komið fram, sérstaklega hjá hv. 4. þm. Reykv. sem vék að sameiningu viðskrn. og utanrrn. Þessi hugmynd hefur verið á dagskrá og enn sem komið er hafa þeir aðilar sem um þessi mál hafa fjallað ekki talið rétt að slíkt yrði gert.

Þegar unnið var að undirbúningi þessa frv. var leitað álits hjá útflytjendum, sem að sjálfsögðu hafa hér mestra hagsmuna að gæta, og þeir töldu svo til allir að óskynsamlegt væri að gera eitt ráðuneyti úr þessum tveimur ráðuneytum þannig að utanrrn. færi með viðskiptamálin alfarið.

Auðvitað eru allar hugmyndir til þess að skoða þær. Þar sem hv. þm. benti á að rétt væri að við virtum fyrir okkur hvernig þessum málum væri háttað hjá okkar nágrönnum, þeim sem við erum í samstarfi við, er rétt að minna á að fyrir fjórum árum, þegar mynduð var ný ríkisstjórn í Svíþjóð, sameinaði þáv. forsrh. og núv., Olof Palme, utanrrn. og viðskrn. Sú sameining hafði ekki staðið nema í einn og hálfan mánuð þegar hann skipaði sérstakan utanríkisviðskiptaráðherra. Dæmið var þá orðið þannig að utanrrn. var ráðuneyti með pólitískri deild og viðskiptadeild og þar voru tveir ráðherrar og hafa verið. Þannig er það einnig í Finnlandi. Fyrirkomulag Norðmanna er líkara okkar fyrirkomulagi. Þar hafa einnig verið uppi hugmyndir um sameiningu, en þær hafa mætt mikilli andstöðu.

Ef við aðeins virðum fyrir okkur hvernig uppbygging viðskrn. er fer þar saman útflutningurinn, gengismálin, fjármögnun framleiðslunnar, þ.e. peningamálin, innflutningurinn og verðlagsmálin. Það að sameina þessi mál, þ.e. verðlagsmálin, innflutningsmálin og bankamálin, í einu ráðuneyti er nokkuð sérstætt. Hjá Norðmönnum, Svíum og Finnum hafa þeir ráðherrar sem fara með viðskiptamálin aðeins með utanríkisviðskiptin að gera en ekki aðra þá málaflokka sem hér eru í viðskrn.

Ég vildi láta þetta koma fram. Ég vil gjarnan líka láta koma fram að mjög náið samstarf verður að sjálfsögðu að vera á milli útflytjenda, viðskrn. og utanrrn. Þar gegna sendiráðin þýðingarmiklu hlutverki. Auðvitað er hægt að efla þá starfsemi, skapa meira frumkvæði hjá þeim aðilum. Við fjöllum vonandi innan tíðar um frv. til l. um útflutningsráð þar sem gert er ráð fyrir að útflytjendur sameinist til átaka í útflutningi og um fyrirkomulag útflutningsmála í samráði við viðskrn. og utanrrn. Ég lét þess getið þegar ég tók við störfum utanrrh. að ég vildi beita mér fyrir því að þessi starfsemi yrði efld. Ég á ekki von á öðru en það verði í mjög nánu samstarfi við viðskrn. og samtök útflytjenda. Það er auðvitað þýðingarmest að gert sé eins og þeir óska eftir og telja að geti orðið til árangurs.

Allar hugmyndir eru til þess að skoða þær. En ég vildi í þessari umræðu aðeins láta þessi sjónarmið koma fram.

Umr. frestað.

Lántökur ríkissjóðs, frv. 207. mál (þskj. 424). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breytingu á lögum nr. 103 frá 1. des. 1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér 1. gr., en hún hljóðar svo:

„Síðasti málsliður 1. gr. laganna svohljóðandi: „Heimilt er þó að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, enda séu fasteignakaupin samþykkt af fjmrn.“ falli niður.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Hér er ekki neitt stórmál á ferðinni hvað orðafjölda snertir. Hér er aftur á móti á ferðinni stórt mál hvað það snertir hvort Alþingi Íslendinga þurfi að samþykkja kaup á fasteignum, veita til þess leyfi í fjárlögum eða hvort hægt sé að standa þannig að slíkum kaupum að ráðherra einhvers fagráðuneytis geti með blessun fjmrh. ákveðið að kaupa einhverja eign, fá andvirðið

allt að láni og binda framtíðinni þá bagga sem slíkt hefur í för með sér. Þetta er raunverulega heimild, eins og þetta er í lögunum, fyrir ráðherra til að ráða fjárlögum eftir nokkur ár án þess að þingið geti rönd við reist, þ.e. Alþingi stendur frammi fyrir gerðum hlut. Það er búið að gera kaupin. Til þess að forðast skaðabætur er ekki um annað að ræða en að samþykkja á fjárlögum að veita greiðslur eins og samningar hljóða upp á.

Ég tel að með þeirri framkvæmd á þessum lögum á þann hátt sem ég hef hér lýst hafi upprunalegur andi laganna verið mistúlkaður, en hann ætla ég að hafi verið sá að hafi Alþingi veitt heimild til kaupa á einhverri fasteign hafi fjmrh. verið ætlað það rými að þó að upphæðin sem Alþingi veitti til þessara hluta dygði ekki væri heimild til að semja um að eitthvað af andvirði fasteignarinnar yrði fengið að láni í tengslum við kaupin.

Það er augljósara en um þurfi að ræða að ef þessi heimild er inni eins og hún hefur verið eru fjárlögin á Íslandi opin. Þau eru ekki samþykkt af þinginu fyrir framtíðina. Þau eru samþykkt fyrir hvert ár. En með því að hafa þau opin á þennan veg geta ráðherrar ráðskast með fjárlögin fram í tímann eins og þeim sýnist. Og þá skulum við hugleiða í fúlustu alvöru hverjir það eru sem líklegir eru til að hafa áhrif á ráðherrana í þessu skyni. Annars vegar eru það aðilar sem stjórna stofnunum ríkisins, sem oft og tíðum eru í húsnæðishraki eins og við vitum öll, og hins vegar aðilar sem þurfa að selja ákveðna eign, annaðhvort vegna fjárfestingar sem þeir hafa farið út í eða vegna fjármálalegrar stöðu þeirra sem einstaklinga eða fjármálalegrar stöðu fyrirtækis.

Mér er ekki að fullu ljóst hvor hópurinn sækir fastar á ráðherra að taka ákvarðanir um kaup á eignum, stjórnendur ríkisfyrirtækja eða hinn hópurinn sem vill selja. En hitt blasir við að ef stjórnandi ríkisfyrirtækis finnur aðila sem vill selja og sá aðili er ráðherra mjög þóknanlegur er með þessu móti búið að útbúa leið fyrir ráðherra til þess að ráðskast með upphæðir eins og honum sýnist án samþykkis Alþingis. Alþingi kemur hvergi til sögunnar fyrr en eftir á. Ég tel að stjórnarskráin skipti valdinu í þessum efnum mjög eðlilega á milli framkvæmdavaldsins og þingsins og ég tel óeðlilegt að þingið afsali sér í almennum lögum því valdi sem það hefur í stjórnarskránni í þessum efnum. Ég tel það sjálfsagðan hlut að mál séu það vel undirbúin varðandi kaup á fasteignum að þau komi inn í heimildargrein fjárlaga á hverjum tíma en ekki sé hægt að sigla slíkum fjármálaviðskiptum fram hjá Alþingi með þeim hætti að öll kaupin eru gerð í skuld.

Ég tel að erfið staða ríkissjóðs nú á dögum hljóti að undirstrika að það er ekkert sem mælir með því að hafa í lögum heimild eins og þá sem hér getur um. Hún býður hættunni heim. Hún býður heim hættu á misnotkun. Hún býður heim hættu á vaxandi halla á fjárlögunum og er þó ekki á bætandi.

Ég óska eftir því, herra forseti, að þegar þessari umræðu er lokið verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Útlán og eiginfjárstaða ríkisbankanna, fsp. 183. mál (þskj. 215). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í þeim umræðum sem fram hafa farið á hv. Alþingi, bæði á þessu og síðasta þingi, hefur mikið verið rætt um svokallaða bankaleynd og hvernig haldið hefur verið frá Alþingi upplýsingum um stöðu og hag bankanna sem óskað hefur verið eftir að fá fram hér á hv. Alþingi. Ég minni á í því sambandi að á síðasta Alþingi óskaði ég eftir að fá upplýsingar um heildarfyrirgreiðslu banka og sparisjóða til fimm stærstu lántakenda. Við þeirri spurningu fengust engin svör og var borið fyrir sig bankaleynd og að bönkum væri óheimilt að veita upplýsingar er snerta hag viðskiptamanna bankans. Að því var einnig látið liggja að verið væri að biðja um nöfn á stærstu lántakendum bankanna sem þó var alrangt.

Ég tel, herra forseti, að atburðir síðustu vikna staðfesti hvað nauðsynlegt er að Alþingi hafi greiðari upplýsingar að öllu er snertir hag ríkisbankanna og það sé í raun óþolandi að Alþingi sé meinað að fá upplýsingar til að það geti á virkan hátt gegnt sínu aðhalds- og eftirlitshlutverki með ríkisstofnunum og á ég þar ekki síst við ríkisbankana.

Sú fsp. sem hér er fram borin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvert var hlutfall heildarfyrirgreiðslu af eigin fé Útvegsbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands til fimm stærstu lántakenda hvers um sig í árslok 1983, 1984 og 1. des. 1985?

2. Er í einhverju tilfelli um að ræða lántakendur, einn eða fleiri, sem eru svo fjárhagslega tengdir öðrum lántakendum stofnunarinnar að skoða beri heildarfyrirgreiðslur til þeirra í einu lagi?

3. Getur viðskiptaráðherra staðfest að fullnægjandi tryggingar séu fyrir ofangreindum lánafyrirgreiðslum?

4. Hver var eiginfjárstaða ríkisbankanna í árslok 1983, 1984 og 1. des. 1985?"

Þessi fsp. er m.a. fram borin vegna þess að það er ekkert ákvæði í bankalöggjöfinni sem tryggir að viðskiptabankar láni ekki einum viðskiptaaðila svo mikið fé að það stofni hag og afkomu bankans í hættu. Slík ákvæði eru þó fyrir hendi í okkar nágrannalöndum, enda er hér um grundvallaratriði að ræða til að tryggja hag banka og innistæðueigenda og sem tryggja á að mikil og óeðlileg lánafyrirgreiðsla til eins og sama aðila stofni ekki öllum bankarekstri og innistæðum sparifjáreigenda í stórfellda hættu.

Málefni Hafskips og Útvegsbankans eru ótvíræð staðfesting á því hve mikilvægt er að slík ákvæði séu í okkar bankalöggjöf. Meðan svo er háttað að ekkert slíkt ákvæði er fyrir hendi og bankarnir hafa í raun frjálsar hendur með alla lánafyrirgreiðslu er eðlilegt að slík fsp., sem ég hef hér fram borið, komi fram á Alþingi.

Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. veiti skýr svör við þessari fsp.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á þskj. 215 er beint til mín fsp. í fjórum liðum um útlán og eiginfjárstöðu ríkisviðskiptabankanna. Ráðuneytið hefur aflað upplýsinga frá bankaeftirliti Seðlabankans vegna fsp. og er byggt á þeim upplýsingum þegar einstökum liðum er svarað.

Hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands liggja ekki fyrir upplýsingar um heildarfyrirgreiðslu einstakra ríkisviðskiptabanka til stærstu lántakenda þeirra í árslok 1983 og 1984 né heldur upplýsingar um greiðslu tryggingar vegna þeirrar fyrirgreiðslu. Ekki er heldur unnt að upplýsa stöðu mála að þessu leyti hjá ríkisviðskiptabönkunum miðað við 1. des. 1985. Á hinn bóginn fór fram á árinu athugun á vegum bankaeftirlitsins á stærstu lánþegum Útvegsbanka Íslands miðað við stöðu lána 30. júní 1985 og jafnframt stendur yfir athugun á stærstu lánþegum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands miðað við stöðu lána 30. nóvember sama ár. Þessum lið fsp. er því unnt að svara miðað við þær dagsetningar sem að framan eru greindar. Jafnframt skal tekið fram að miðað er við bókfært eigið fé 31. des. 1984, framreiknað til verðlags 30. júní 1985 hjá Útvegsbanka og til verðlags 30. nóv. 1985 hjá Landsbanka og Búnaðarbanka. Eigið fé Landsbanka hefur þó verið leiðrétt til samræmis við sambærilegan uppgjörsmáta á fasteignum eins og tíðkað er hjá öðrum bönkum.

Miðað við þessar forsendur er hlutfall heildarfyrirgreiðslu af eigin fé ríkisviðskiptabankanna til fimm stærstu lántakenda hvers banka sem hér segir:

1. Landsbankinn 83,6%, Búnaðarbanki 56,8%, Útvegsbanki 145%.
2. Landsbanki 65,4%, Búnaðarbanki 37%, Útvegsbanki 130,6%.
3. Landsbanki 65,1%, Búnaðarbanki 35%, Útvegsbanki 40,5%.
4. Landsbanki 56,1%, Búnaðarbanki 31,7%, Útvegsbanki 39,8%.
5. Landsbanki 33,8%, Búnaðarbanki 22,7%, Útvegsbanki 36,6%.

Svar við 2. tölul.: Þar sem um fjárhagslega tengda aðila er að ræða eru þeir teknir sem einn aðili í því svari sem ég hef þegar gefið.

Svar við 3. tölul.: Að því er varðar Landsbankann og Búnaðarbankann er ekki unnt að svara þessum lið fyrr en í lok þessa mánaðar, en þá mun væntanlega verða lokið athugun bankaeftirlitsins á stöðu stærstu lántakenda í þessum tveimur bönkum. Sú athugun er miðuð við stöðu lána 30. nóv. 1985 eins og áður segir. Á hinn bóginn er það alkunna að fullnægjandi tryggingar hafa ekki verið teknar hjá Útvegsbankanum. Það mál er nú í höndum sérstakrar nefndar sem Hæstiréttur hefur tilnefnt og niðurstöður nefndarinnar verða kynntar hér á Alþingi þegar þær liggja fyrir.

Svar við 4. og síðasta tölul.: Samkvæmt reikningum ríkisviðskiptabankanna var eigið fé þeirra sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings svo sem hér segir í árslok 1983 og 1984:

Landsbankinn: 5,7% 1983, 5,4% 1984, Búnaðarbankinn: 9% 1983, 8,2% 1984, Útvegsbankinn: 6,6% 1983, 5,2% 1984.

Upplýsingar um eiginfjárstöðu 1. des. 1985 liggja ekki fyrir, en innan skamms munu liggja fyrir tölur um stöðuna í árslok 1985. Þegar gengið hefur verið frá reikningum bankanna munu þær upplýsingar koma frá bankaeftirlitinu.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Hann las upp mikinn fjölda af tölum sem erfitt var að ná niður á einu augabragði. Þó er ljóst af svörum hæstv. ráðh. að Alþingi fær gleggri upplýsingar en það hefur fengið hingað til um þessi mál, en alls ekki fullnægjandi.

Ef ég hef skilið svör ráðherrans rétt las hann upp hér heildarfyrirgreiðslur til fimm stærstu lántakenda en ekki, eins og um er beðið í fsp., heildarfyrirgreiðslur til hvers um sig af fimm stærstu lántakendum. Ég held að málið snúist nefnilega miklu frekar um það að hægt sé að fá slíkar upplýsingar vegna þess að það er mjög mikilvægt að lánastofnanir, bankar og sparisjóðir, haldi sig innan viss ramma að því er varðar lánveitingar til einstakra lántakenda til þess að stofna ekki hag og rekstri bankans í hættu. Þó er ljóst að hér er um töluvert hátt hlutfall að ræða ef það er rétt að hér hafi verið teknar heildarfyrirgreiðslur fimm stærstu lántakenda saman í eina tölu og ef ég hef náð þessu rétt er það allt upp í 125%. (**Samgrh.:** 145.) 145. Nú, ekki bætir það málið. Ég verð líka að lýsa furðu minni á því að bankaeftirlitið hafi ekki upplýsingar um stöðu tryggingа og heildarfyrirgreiðslu á árunum 1983 og 1984 til fimm stærstu lántakendanna.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann telji ekki í ljósi þeirra upplýsinga sem hafa komið fram ástæðu til þess að setja inn í lög um viðskiptabankana ákvæði sem setji ákveðið þak á heildarfyrirgreiðslu sem bankar geta veitt einum viðskiptamanni. Ég minni á að slíkt ákvæði er fyrir hendi hjá okkar nágrannaþjóðum og ég tel mjög brýnt að slík trygging sé líka fyrir hendi hjá okkur. Væri slíkt ákvæði fyrir hendi væri t.a.m. sú fsp. sem ég hef borið fram kannske óþörf. Því vil ég spyrja hæstv. ráðh. að þessu. Einnig hvert álit hans sé á því hlutfalli, sem hér kemur fram og hann hefur hér lýst, á heildarfyrirgreiðslum til þessara fimm stærstu lántakenda, hvort hann telji ekki ástæðu til þess í ljósi þeirra upplýsinga sem hann ber hér fram — mér sýnist að þetta sé allhátt hlutfall — að þetta mál verði athugað nánar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Sérstaklega vegna þeirra ummæla sem hér féllu hjá hv. síðasta ræðumanni vil ég inna eftir því hvort ég hafi ekki skilið það rétt að taldir hafi verið upp í röð fimm stærstu lántakendurnir hjá hverjum banka fyrir sig og fyrsta talan sem tilgreind var fyrir hvern banka hafi verið fyrir þann sem hæst hafði hlutfallið, þar næst fyrir þann sem næsthæst hafði og þannig upp í fimm hjá þeim bönkum sem tilgreindir voru. Út úr þessu megi því lesa að samtals hafi lánafyrirgreiðslan til fimm stærstu aðilanna hjá Landsbanka Íslands verið nálægt 300% af eigin fé, hjá Búnaðarbanka Íslands eitthvað um 180% samtals af eigin fé og hjá Útvegsbankanum samtals til þessara fimm efstu einhvers staðar í kringum 400% af eigin fé. Það komi þannig í ljós skv. þessum tölum þegar þær eru skoðaðar að fimm stærstu lántakendurnir hjá Landsbanka Íslands hafi á hendi sér um það bil þrefalt eigið fé Landsbankans, að fimm stærstu lántakendurnir hjá Útvegsbankanum hafi um ferfalt eigið fé Útvegsbankans, eða útlán til þeirra nemi því, og að því er Búnaðarbankann varði sé þetta innan við 200%.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er réttur skilningur hjá hv. síðasta ræðumanni. Hins vegar verður einnig að taka tillit til þess að þessir viðskiptamenn eru auðvitað með margvísleg veð og sum mjög góð og flest vonandi góð nema hjá þeim eina sem orðið hefur fyrir skakkafalli. En eftir að skýrslan kom um Útvegsbankann, ég held 12–13 dögum eftir að ég varð viðskrh., óskaði ég þegar í stað eftir skýrslu um hina tvo ríkisbankana. Að þeirri skýrslu er nú unnið og, eins og ég sagði í svari við þessari fsp., er von á henni í þessum mánuði þannig að upplýsingar í þeim efnum eiga vonandi að liggja fyrir fyrir mánaðamót.

Út af fsp. hv. 2. landsk. þm. hef ég hugleitt að flytja frv. um breytingu á lögum um viðskiptabanka, um þak á lán til eintakra aðila, en það er vandasamt verk og þessi lög eru nú nýkomin til framkvæmda, eða búin að vera í rúman mánuð. Að vissu leyti eru ýmsir erfiðleikar á framkvæmd þeirra laga vegna þess að frv. um Seðlabanka átti að vera samhliða þessum viðskiptabankalögum, en það liggur nú hér fyrir Alþingi og kemur til umræðu. Að mörgu er því að hyggja í þessum efnum, en þetta er eitt af því sem við höfum mjög verið að hugleiða í ráðuneytinu.

Hins vegar er því ekki að leyna, og það er mín skoðun, að nauðsyn er á að setja ríkisábyrgð á starfsemi ríkisbanka einhverjar skorður og setja meira aðhald á bankastjórnir viðskiptabankanna þannig að þessar ábyrgðir séu ekki galopnar. Ég tel líka koma til greina að setja löggjöf um ríkisábyrgðir sem nái einnig að einhverju leyti til einkabanka þannig að þeim sé ekki haldið algerlega utan við. En þetta er mjög vandasamt verk.

Þetta ræddi ég síðast í gær við fremstu menn á þessu sviði og það var ákveðið að hugleiða þetta mál allt og festa niður á blað og reyna að láta fyrstu drög koma fram sem allra fyrst sem við gætum svo frekar rætt um og gert fullkomnari eftir að nánari umræður eiga sér stað.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég spurði um afstöðu hæstv. viðskrh. til þeirra upplýsinga sem hann gefur Alþingi hér um hlutfall heildarfyrirgreiðslu til fimm stærstu lántakenda. Þó hæstv. ráðh. hafi ekki beint svarað því var það ljóst af ummælum í síðustu ræðu hans að hann hefur verulegar áhyggjur af þeirri þróun sem orðin er að því er varðar lánveitingar bankanna. Ég fagna því, sem fram kom í ræðu hans, að hann hafi hug á að leggja hér fram frv. með ákvæðum sem setji bönkunum ákveðnar skorður varðandi fyrirgreiðslu til lántakenda.

Ég minni á að slíkt ákvæði bar ég fram við afgreiðslu á lögum um viðskiptabankana og það var fellt. Ég kynnti það hér fyrir jólaleyfi þm. að ég mundi leggja slíkt frv. fram. Ég taldi það brýnt í ljósi þess sem fram hafði komið í Hafskipsmálinu, en það mál er ég með í undirbúningi og mun leggja það fram næstu daga.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Ég veit nú ekki, virðulegur forseti, hvort ég kemst yfir það sem ég þarf að segja með örstuttri athugasemd, en ég mun tala mjög stutt. **(Forseti:** Það skal tekið fram að ekki er leyfilegt að gera nema örstutta athugasemd. Ef við ætlum að reyna að halda þessum umræðum innan þeirra marka sem þingsköp gera ráð fyrir þurfum við að leitast við að halda okkur innan við það.) Ég tel að það sem fram hefur komið, virðulegur forseti, í fréttamiðlum, ríkisfréttamiðlum, um starfsemi og stöðu ríkisbankanna sé það alvarlegt mál að það þurfi meira en örstutta athugasemd. En ég virði ákvörðun forseta og segi því ekkert þó hann taki af mér málfrelsi á þennan hátt, á löglegan hátt.

Svik og gallar í varanlegri fjárfestingarvöru, fsp. 221. mál (þskj. 449). — Ein umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. 3. maí s.l. gaf fjh.- og viðskn. Nd. út svohljóðandi nál. á þskj. 840:

„Nefndin hefur athugað frv. um breyt. á l. um lausafjárkaup og er samþykk því að það efnisatriði, sem er undirrót frv., varðandi skaðabætur vegna galla í varanlegri fjárfestingarvöru eins og steinsteypu þarfnist sérstakrar athugunar, enda sé með öllu óviðunandi að seljendur slíkrar vöru beri ekki raunverulega ábyrgð á vöru sinni, sbr. dóm Hæstaréttar frá 27. júní 1983. Hins vegar getur nefndin ekki fallist á frv. í núverandi mynd og telur að málið þarfnist sérstakrar athugunar. Með tilliti til þess að málið er brýnt telur nefndin að vinna eigi þegar sérstakt frv. um þetta atriði án tillits til endurskoðunar kaupalaganna að öðru leyti.

Nefndin telur eðlilegt að ríkisstj. láti vinna þetta verk og leggi fyrir næsta þing frv. um þetta efni.

Með tilvísan til þessa leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Undir nál. rituðu Páll Pétursson, Halldór Blöndal, Kjartan Jóhannsson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Svavar Gestsson.

Í tilefni af þessu nál. og þeirri niðurstöðu sem þar með var samþykkt hér á hv. Alþingi varðandi breytingar á kaupalögunum hef ég ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni lagt fram svohljóðandi fsp. til viðskrh. um aðgerðir til þess að tryggja rétt neytenda gegn svikum og göllum í varanlegri fjárfestingarvöru, svo sem steinsteypu:

„Hvað hefur ráðuneytið gert til undirbúnings að flutningi frv. til þess að tryggja rétt neytenda gegn svikum eða göllum í varanlegri fjárfestingarvöru, sbr. nál. fjh.- og viðskn. Nd. frá 3. maí 1985 á þskj. 840 og afgreiðslu deildarinnar á frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 frá 19. júní 1922 í framhaldi af því?"

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Viðskrn. sendi fjh.- og viðskn. bréf, dags. 20. nóv. 1985, þar sem greint er frá niðurstöðum Arnljóts Björnssonar prófessors varðandi breytingu á kaupalögum í þá átt að tryggja betur rétt neytenda vegna svika eða galla í varanlegri fjárfestingarvöru. Þar er greint frá afstöðu ráðuneytisins og óskað eftir svörum frá þingnefndinni um það hvort hún geti sætt sig við vinnubrögð ráðuneytisins. Engin slík svör hafa borist og hefur þess vegna verið litið svo á að nefndin sætti sig við vinnubrögðin. Skal ég nú lesa upp bréfið sem ráðuneytið sendi fjh.- og viðskn. Nd.:

„Ráðuneytið vísar til bréfs frá Alþingi, dags. 14. maí 1985, þar sem tilkynnt er að frv. til l. um breyting á 54. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, hafi verið vísað til ríkisstj. samkvæmt tillögu í nál. frá fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis. Í álitinu segir að nefndin telji að ríkisstj.

eigi að láta vinna annað frv. sem hafi að geyma breytingar á 54. gr. laga nr. 39/1922 og leggja það fyrir næsta löggjafarþing.

Að fengnu bréfi Alþingis ákvað ráðuneytið að fara þess á leit við Arnljót Björnsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, að hann tæki saman álitsgerð um nauðsyn breytinga á umræddri lagagrein. Arnljótur varð við beiðninni og skilaði ráðuneytinu álitsgerð, dags. 19. sept. 1985, sem fylgir bréfi þessu í 10 eintökum.

Í álitsgerðinni mælir Arnljótur gegn breytingum á 54. gr. laga nr. 39/1922 í þá átt sem fyrrgreint frv. gerði ráð fyrir. Jafnframt lýsir hann þeirri skoðun sinni að þar sem nú hilli undir gagngera endurskoðun laga nr. 39 1922 sé ekki ástæða til að breyta 54. gr. einni til samræmis við tillögur norrænu kaupalaganefndarinnar. Þá bendir Arnljótur á að hæstaréttardómur 1983, 1469, sem var tilefni þess að umrætt frv. var flutt á síðasta löggjafarþingi, hafi takmarkað fordæmisgildi og segi ekkert um hvort kaupandi hefði getað krafist bóta á grundvelli almennra skaðabótareglna utan samninga.

Að lokinni athugun á álitsgerð Arnljóts og með vísun til þess sem að framan greinir er það tillaga ráðuneytisins að endurskoðun á 54. gr. haldist í hendur við heildarendurskoðun laga nr. 39/1922. Norræna kaupalaganefndin, sem vísað er til í álitsgerðinni, hefur nýlega skilað af sér tillögum að nýjum norrænum lögum um lausafjárkaup. Tillögur nefndarinnar, sem eru afrakstur margra ára undirbúningsvinnu, hafa verið sendar til umsagnar hagsmunaaðilum á hinum Norðurlöndunum. Að fengnum þeim umsögnum er ætlunin að ganga endanlega frá lagafrumvörpunum. Viðskrn. hefur fylgst með þessari vinnu frá miðju ári 1982 en ekki gerst beinn þátttakandi. Það er hins vegar stefna ráðuneytisins að hefja heildarendurskoðun laga nr. 39/1922 þegar ljóst er orðið að umrædd lagafrumvörp verða lögð fyrir þjóðþing hinna Norðurlandanna. Þess er að vænta að þau mál skýrist þegar líða tekur á veturinn.

Fallist fjh.- og viðskn. ekki á þessa tillögu um meðferð málsins er ráðuneytið reiðubúið til að undirbúa frv. til breytinga á 54. gr. þar sem fylgt yrði tillögu Arnljóts Björnssonar um breytt orðalag greinarinnar.

Þá vill ráðuneytið upplýsa að dómsmrn. hefur verið send álitsgerðin en Arnljótur vekur þar m.a. athygli á nauðsyn breytinga eða endurskoðunar á reglum fyrningarlaga frá 1905.

Ráðuneytið væntir svara frá yður við fyrsta hentugt tækifæri."

Það svar hefur ekki borist frá virðulegri fjh.- og viðskn. hv. deildar.

Svavar Gestsson: Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör sem er mjög æskilegt að komi hér til meðferðar og umræðu fyrir þingheimi öllum. Það er ljóst að viðskrn. telur ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að taka þetta ákvæði kaupalaganna út úr heldur vill bíða heildarendurskoðunar laganna um lausafjárkaup en er tilbúið til þess að taka þetta atriði út úr ef nefndin telur þá niðurstöðu ekki fullnægjandi.

Formaður fjh.- og viðskn. er hér í salnum og hefur ekki tekið þetta mál fyrir á fundum nefndarinnar, en ég geri ráð fyrir að hann sé tilbúinn til þess þegar í stað þegar nefndin kemur saman á ný. (**Gripið fram í:** Það er fundur í fyrramálið.) Auk þess hefur hann boðað fund í fyrramálið, vafalaust af þessu sérstaka tilefni, og ég vænti þess þá að nefndin komist að niðurstöðu sem ég geri ráð fyrir að verði sú sama og í vor, þ.e. sú niðurstaða að nauðsynlegt sé að þetta sérstaka ákvæði kaupalaganna sé tekið út úr vegna þess að fólk býr við óþolandi réttleysi að því er varðar skemmdir á steinsteypu, sem menn þekkja m.a. af blaðafregnum að undanförnu, bæði á húsum og jafnvel á mannvirkjum eins og t.d. Höfðabakkabrúnni sem hefur nokkuð verið rætt um að undanförnu. Ég tel að hér sé um stórmál á ferðinni og þess sé ekki neinn kostur að bíða eftir heildarendurskoðun kaupalaganna. Þar er um að ræða viðamikil mál og tekur vafalaust fleiri en eitt þing að ná niðurstöðu í því, eins snúið og það er að endurskoða kaupalögin í heild, og ég tala nú ekki um að samræma kaupalög Norðurlandanna allra eins og ætlunin mun að gera og ekki er óeðlilegt.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. viðskrh. fyrir svörin og sömuleiðis snaggaraleg viðbrögð formanns fjh.- og viðskn. Nd. sem hefur ákveðið að boða fund í nefndinni, þann fyrsta eftir áramót, vafalaust í tilefni af þessum orðum hæstv. viðskrh., og mun ugglaust beita sér fyrir því að nefndin komist að sömu niðurstöðu og hún komst að í vor í þessu stóra máli.

Hollustuvernd ríkisins, fsp. 131. mál (þskj. 144). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 144 að bera fram svofellda fsp. til hæstv. heilbrrh. um Hollustuvernd ríkisins:

„Hvenær hyggst heilbrrh. ljúka endurskoðun laga um hollustuhætti og hollustuvernd?"

Í lögunum er ákvæði um að þau skuli endurskoða innan tiltekins tíma þegar reynsla er fengin af lögunum, og það má segja að hæstv. núv. ríkisstj. hafi í raun og veru þegar beitt sér fyrir nokkurri endurskoðun á þessum lögum þar sem Geislavarnir ríkisins hafa verið teknar út úr Hollustuverndinni og gerðar að sjálfstæðri ríkisstofnun á ný. Ég tel fyrir mitt leyti að það hafi í rauninni orkað mjög tvímælis að það væri rétt af ríkisstj. að búa þannig til eina sjálfstæða stofnun til viðbótar við aðrar út úr Hollustuverndinni en með lögum um hollustuhætti og hollustuvernd var stigið skref í þá átt að sameina nokkrar stofnanir og aðila sem unnið höfðu að heilbrigðiseftirliti hér á landi.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé eitt brýnasta verkefni þingsins að taka á vinnubrögðum margra ríkisstofnana sem eru iðulega að vinna sömu og svipuð verk. Þar er um að ræða tvíverknað og margverknað sem kostar ríkið og þjóðina umtalsverða fjármuni. Ég taldi þess vegna að með lögunum um Hollustuvernd ríkisins væri stigið skref í áttina til virkara heilbrigðiseftirlits og hagkvæmara heldur en verið hafði. Ég vil hins vegar inna eftir því hvaða hugmyndir núv. hæstv. heilbrrh. hefur um endurskoðun laganna um hollustuhætti og hollustuvernd sem á nú að fara að ljúka. Ætlar ráðherrann að leggja hér fyrir þingið frv. um endurskoðun þessara laga eða hvaða hugmyndir hefur ríkisstj. og þingflokkar stjórnarliðsins í þessu efni? Þess vegna er fsp. borin fram á þskj. 144, herra forseti.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra

forseti. Hér er spurt: „Hvenær hyggst heilbrrh. ljúka endurskoðun laga um hollustuhætti og hollustuvernd."

Skv. 10. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 109/1984, en áður giltu lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, eins og lögin heita, skulu lögin endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku. Þetta þýðir að ef fyrri lögin hefðu áfram verið í gildi hefði þetta átt að vera fyrir 1. ágúst 1987 vegna þess að þau tóku ekki gildi fyrr en frá þeim tíma árs.

Lögin sem sett voru 1984 eru undirrituð 14. nóvember það ár. Þannig má segja að ákveðnir þættir laganna hafi verið endurskoðaðir þá og enn fremur voru breytingar gerðar á lögunum núna í vetur eins og hv. þm. greindi frá. Ætlun ráðuneytisins hafði verið að hefja frekari endurskoðun á þessu ári þannig að unnt yrði að leggja fram frv. til nýrra laga í upphafi næsta þings. Um frekari framkvæmd þess máls liggur meira fyrir snemma á þessu ári eða undir vorið vegna þess að ætlunin er að kveðja til aðila frá nokkrum stofnunum, þ.e. Sambandi ísl. sveitarfélaga og öðrum sem málið snertir til þess að standa að þeirri athugun.

Ég vil enn fremur benda á að nú sem stendur er unnið að athugun skv. 9. tölul. í ákvæðinu til bráðabirgða þess efnis hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögunum starfsemi aðila sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Að þessari athugun er unnið á vegum heilbr.- og trmrn., samgrn., landbrn., félmrn. og sjútvrn., en á vegum þessara ráðuneyta starfa aðilar sem fara með ýmiss konar heilbrigðiseftirlit, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins, Ríkismat sjávarafurða, yfirdýralæknir og Vinnueftirlit ríkisins. Ég vænti þess að niðurstöður þeirra athugana geti legið fyrir á næstunni.

Skipun formanns stjórnar Ferðamálasjóðs, fsp. 227. mál (þskj. 455). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. samgrh. nokkrar spurningar varðandi stjórn Ferðamálasjóðs.

Eins og þingheimi mun kunnugt voru samþykkt hér á s.l. vori ný lög um skipan ferðamála í landinu og í þeim lögum var kveðið á um breytta skipan á stjórn Ferðamálasjóðs. Það mætti ýmislegt segja um þau örlög sem þegar hafa orðið hjá þessum lögum. Hæstv. ríkisstj. beið ekki lengi með að grípa til ýmissa þeirra aðgerða sem þegar hafa brotið eða skert þessi nýgildandi lög um skipan ferðamála. Má þar nefna t.d. meðferðina á tekjum Ferðamálasjóðs eða ferðamálaráðs, en í þessum nýsettu lögum voru ákvæði um það hvernig skila skyldi tekjum til Ferðamálasjóðs af söluhagnaði Fríhafnar og þau lög voru ekki margra mánaða, jafnvel ekki nema nokkurra vikna, þegar tekið var til við að skerða þau ákvæði. Einnig mætti nefna skattagleði hæstv. fjmrh. sem brýtur algjörlega í bága við þá stefnu sem verið var að marka með setningu nýrra laga um skipan ferðamála.

En eitt er það enn sem bæst hefur við og það er það að Ferðamálasjóði hefur ekki verið sett full stjórn um mánaða skeið vegna þess, að mér er tjáð, að hæstv. samgrh. hafi dregið það mjög að skipa fulltrúa sinn og formann sjóðsstjórnar. Þetta hefur valdið óánægju og vandræðum hjá ýmsum aðilum sem starfa að ferðamálum sem ekki hafa getað fengið nein svör hjá þessari stofnun um afgreiðslu sinna mála. Um það er mér kunnugt og þess vegna, þegar þing kom hér saman að nýju og enn hafði hæstv. ráðherra ekki skipað þennan nefnda formann, lagði ég fram eftirfarandi spurningar, með leyfi herra forseta:

Í fyrsta lagi: „Hvers vegna hefur ráðherra ekki skipað formann stjórnar Ferðamálasjóðs eins og honum ber skv. lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála?"

Ég spurði í öðru lagi hvort þess sé að vænta að samgrh. muni skipa hann á næstunni, enn fremur, í þriðja lagi, hversu margar umsóknir bíði nú afgreiðslu hjá Ferðamálasjóði og hvort afgreiðsla þeirra hafi tafist.

Ég tel það í sjálfu sér auðséð mál að hún hefur gert það, og jafnvel þó að þær hefðu ekki allar verið afgreiddar hafa engin svör fengist um væntanleg afdrif þeirra umsókna sem beðið hafa afgreiðslu hjá sjóðnum um mánaða skeið. Allir sem eitthvað þekkja til ferðamannaþjónustu vita að það kemur sér mjög illa fyrir þá sem standa í þeim atvinnurekstri að geta ekki skipulagt sína vertíð marga mánuði fram í tímann, m.a. með tilliti til auglýsinga og útgáfu kynningarbæklinga.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það vill nú svo til að formaður stjórnar Ferðamálasjóðs var skipaður með bréfi ráðuneytisins dags. 29. janúar s.l. eða degi áður en fsp. hv. þm. kom fram. Formaður stjórnarinnar er Hólmfríður Árnadóttir viðskiptafræðingur, en aðrir í stjórninni, sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu ferðamálaráðs, eru Ágúst Hafberg framkvæmdastjóri og Sigurður Skúli Bárðarson hótelstjóri.

Að beiðni formanns Ferðamálasjóðs er stjórnin skipuð frá og með 15. febrúar vegna þess að hún fékkst ekki til að taka við skipun vegna anna annars staðar. Ástæðan fyrir því að ekki var skipað á áramótum í stjórnina var að ég vildi fá yfirlit yfir stöðu Ferðamálasjóðs þannig að þeir aðilar sem tækju við stjórninni vissu nokkurn veginn hvernig Ferðamálasjóður stæði. Þannig er háttað um áramót að Ferðamálasjóður var í vanskilum við Framkvæmdasjóð sem nemur 14,5 millj. kr. og samþykktar umsóknir fyrrv. stjórnar ferðamálaráðs voru upp á 15 millj. kr. þannig að tæpum helmingi af ráðstöfunarfé sjóðsins á þessu ári er búið að ráðstafa í umsóknir um lán eða þá að hann fer upp í vanskil við Framkvæmdasjóð.

Ég hygg að það muni vera þrjár formlegar umsóknir sem liggja fyrir það er ég veit um. Þessar umsóknir verða vafalaust ekki teknar til endanlegrar afgreiðslu mjög fljótt, ekki fyrr er búið er að sjá fyrir því að tekjur séu komnar inn til þess að greiða út lánsloforð frá fyrra ári. Ég sá enga ástæðu til annars en að væntanlegur formaður Ferðamálasjóðs vissi nokkurn veginn stöðu mála þegar hann tæki við og það fólk sem ég ræddi við í þessu sambandi taldi allt sjálfsagt að þær upplýsingar lægju fyrir. Þessar upplýsingar fékk ég 20. janúar svo að það var ekki lengi beðið eftir skipun formanns í sjóðsstjórnina.

Hitt er svo önnur saga, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, skerðing á tekjum þessa sjóðs eins og fleiri sjóða. En það hefur verið háttur allmargra ríkisstjórna að undanförnu að skerða lögboðin framlög til sjóða. Þá má leita nokkuð langt aftur í tímann. Hér er því ekki um neitt

nýtt að ræða hvað þetta snertir þó að það sé hábölvað að mínum dómi.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég vil taka fram að ég aflaði mér upplýsinga hjá þeim sem gerst vissu samdægurs og ég lagði fram þessa fsp. og þá vissi enginn maður til þess að hæstv. ráðh. hefði skipað formann sjóðsstjórnar og voru margir orðnir langleitir mjög.

Ég tel að ástæður þær sem hæstv. ráðh. færði hér fram skýri að vísu hvers vegna honum tókst svo til, en ég tel það þó engan veginn réttlæta þá miklu töf sem þarna varð á. Ég bendi hæstv. ráðh. á að hann hefði getið skipað formann stjórnar löngu fyrr án þess að það þýddi sjálfkrafa að sá formaður tæki til við að ausa út fé, sé það af skornum skammti, og það dreg ég reyndar ekki í efa. Sá formaður hefði þó a.m.k. getað komið þeirri sjóðsstjórn saman eins og lögin gera ráð fyrir og hún hefði þá getað gefið þeim sem til sjóðsins leituðu einhver svör, a.m.k. þau svör sem hæstv. ráðh. hefur nú gefið þingheimi.

Það sem ég gagnrýni fyrst og fremst er að ferðamálaráð skipaði sína fulltrúa þegar fljótlega eftir að ný lög höfðu tekið gildi, en það hefði hæstv. ráðh. einnig getað gert að mínu mati þó að hann hefði farið þess á leit við nýja stjórn að hún tæki ekki til við að úthluta fyrr en fjárhagsstaða sjóðsins lægi endanlega og skýrt fyrir og er það út af fyrir sig skiljanlegt. En að láta þessi lög taka gildi og síðan líða marga mánuði áður en sjóðsstjórnin er fullskipuð er heldur klén frammistaða, leyfist mér vonandi að segja, herra forseti. (**Samgrh.:** Það eru 29 dagar en ekki mánuðir.) Ég geri ráð fyrir því að hæstv. samgrh. viti hvenær lögin tóku gildi og ég geri einnig ráð fyrir því að hæstv. samgrh. viti hvenær ferðamálaráð skipaði sína fulltrúa. Hann getur svo borið saman það vinnulag sem haft var á þessum tveimur bæjum og haft um það sínar meiningar eins og honum sýnist fyrir mér, en ég stend við þá skoðun mína að ferðamálaráð og stjórn Ferðamálasjóðs hefði betur verið fullskipuð þegar og eins fljótt og kostur var eftir að ný lög tóku gildi.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég veit ekki við hvern hv. fyrirspyrjandi á þegar hann segist hafa hringt og beðið um upplýsingar um þessa skipan því að ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri ráðuneytis, ég og fleiri í samgrn. vissu þessa skipan daginn áður. Ég geri ekki ráð fyrir því að því hefði verið haldið neitt leyndu ef spurt hefði verið um það í samgrn. Stjórn Ferðamálasjóðs var starfandi út s.l. ár svo að hér er ekki um langt tímabil að ræða. En ég get vel skilið að þeir sem eiga að taka við einhverjum störfum vilji fá glöggar upplýsingar um hvernig mál standa áður en þeir taka við skipan.

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 4. febr., að loknum 40. fundi.

Skýrsla iðnaðarráðherra um raforkuverð til álversins í Straumsvík, 111. mál (þskj. 434).

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 122 liggur fyrir beiðni frá tíu þm. A.-b. um skýrslu frá iðnrh. um raforkuverð til álversins í Straumsvík. Skýrsla mín og svar er á þskj. 434 og er svohljóðandi:

ÍSAL greiddi 12,5 mill á kwst. fyrir raforku frá Landsvirkjun allt árið 1985, en það er hið samningsbundna lágmarksverð.

Þegar samið var um 3. viðaukann við rafmagnssamning Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. á árinu 1984 var gerð spá um raforkuverð til ÍSALs í samræmi við fyrirliggjandi álverðsspár frá tveimur aðilum, Chase Econometrics of Research Statistics í Bandaríkjunum og James King í Bretlandi. Varð niðurstaðan sú að gera mætti ráð fyrir að meðalverðið til ÍSALs 1985 yrði 13,5 mill hver kwst.

Varðandi lækkunina á raungildi raforkuverðsins á árinu 1985 vegna lækkunar bandaríkjadollars gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu leitaði ráðuneytið til Seðlabankans og er svar bankans birt í sérstakri töflu með þessari skýrslu.

Sé miðað við tímabilið nóvember til október hefur bandaríkjadollar lækkað sem hér segir: Vegið meðalgengi um 6,5%, gagnvart SDR 5,9%.

Á sama tíma hefur framleiðslukostnaður í OECD-löndum hækkað um 3,6%. Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi dollarans vegna gengisbreytinga og verðbólgu rétt um 10% á tímabilinu.

Þá er spurt um horfur á raforkuverði 1986. Landsvirkjun endurskoðar áætlanir um orkuverð til ÍSALs í samræmi við nýjustu spár um álverð eftir því sem þær berast fyrirtækinu. Miðað við nýjustu spár sem Landsvirkjun hefur nú undir höndum um þróun álverðs er meðalverðið til ÍSALs varlega áætlað 12,55 mill pr. klst. á árinu 1986. Ráðuneytið hefur sjálft ekki lagt mat á þessar spár.

Ég sé ekki ástæðu til að lesa þessar töflur upp, en hér fylgir tafla um vegið meðalgengi bandaríkjadollars miðað við nóvember 1984, þá reiknað sem 100, og gengi bandaríkjadollars gagnvart SDR á sama tíma reiknað á sama hátt og framfærslukostnaður í OECD-löndum reiknaður á sama hátt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta svar lengra nema sérstakt tilefni gefist til.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur hér kynnt og útbýtt var fyrir nokkru í hv. Sþ. Með tilliti til þess að mál þetta var til meðferðar á sínum tíma, staðfesting samninga um 3. viðauka rafmagnssamnings við Alusuisse vegna álversins í Straumsvík, er annar maður gegndi starfi iðnrh., þ.e. hv. núv. menntmrh., þætti mér æskilegt ef hæstv. menntmrh. gæti einnig verið viðstaddur þessa umræðu þar sem ég hlýt að víkja nokkuð að því sem haldið var fram af honum og öðrum talsmönnum þessa máls fyrir tveimur árum eða svo. Það er komið á annað ár síðan samningar voru gerðir. Herra forseti. Ef hæstv. menntmrh. er í húsinu þætti mér gott að hann yrði látinn vita um þessa ósk mína. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til að kynna hæstv. menntmrh. óskir hv. ræðumanns.)

Þær upplýsingar sem hér koma fram frá hæstv. iðnrh. eru vissulega fróðlegar þegar litið er til þess sem haldið

var fram af talsmönnum ríkisstj., ráðherra, samningamönnum, í sambandi við samningana um 3. viðauka vegna álversins í Straumsvík í nóvembermánuði 1984, en þá voru þeir til umræðu hér á þingi. Það er ljóst að þær forsendur sem þar voru lagðar til grundvallar við gerð rafmagnssamnings Landsvirkjunar og Alusuisse hafa engan veginn staðist. Röksemdir talsmanna þessa samnings við Alusuisse hafa í rauninni hrunið eða brostið, a.m.k. að verulegu leyti, og reynst markleysa margt af því sem þá var haldið fram. Þar komu við sögu hæstv. þáv. iðnrh. Sverrir Hermannsson og auk hans hér á þingi hv. 2. þm. Reykn. Gunnar G. Schram sem sæti átti í samninganefndinni og enn á sæti að því ég best veit í viðræðunefnd um stóriðju á vegum ríkisstj., fyrir svo utan aðra samningamenn sem eru utan þings og forstjóra Landsvirkjunar. Þau svör sem hæstv. iðnrh. hefur reitt hér fram um þróun raforkuverðsins á þeim tíma sem liðinn er og líkurnar varðandi yfirstandandi ár að mati Landsvirkjunar leiða m.a. eftirfarandi í ljós:

Í fyrsta lagi að raforkuverðið til ÍSALs var í lágmarki miðað við samning allt árið 1985, þ.e. 12,5 mill á kwst. í stað 13,8 mill á kwst. sem spáð var þegar rafmagnssamningurinn var til umræðu hér á Alþingi og gert var ráð fyrir í rekstraráætlunum Landsvirkjunar í ársbyrjun 1985 fyrir það ár. Tekjutap Landsvirkjunar á síðasta ári, 1985, vegna þessarar misvísunar, sem þarna kemur fram, hefur orðið mismunandi eftir því hvort miðað er við raunkaup á raforku á árinu eða þá afhendingarskyldu sem á Landsvirkjun hvílir. Landsvirkjun er skuldbundin til að vera reiðubúin að afhenda álverinu í Straumsvík 1360 gwst. á ári, en það keypti á síðasta ári aðeins 1232 gwst. Ef miðað er við full orkukaup, sem Landsvirkjun þarf að gera ráð fyrir að geta staðið undir, er hér um að ræða mismun sem nemur nærri 1,8 millj. bandaríkjadala eða 73,3 millj. ísl. kr. reiknað á vegið meðalgengi dollara á síðasta ári. Sé hins vegar miðað við orkukaupin eins og þau urðu í reynd vegna skerðingar á framleiðslu ÍSALs þá er þessi upphæð nokkru lægri eða 1,6 millj. bandaríkjadala eða 66,5 millj. ísl. kr. Þetta er árið 1985.

Þar við bætist að á þessu sama ári hefur orðið rýrnun á raungildi þeirra tekna sem þarna koma inn til Landsvirkjunar fyrir raforkusölu til álversins vegna þess að lágmarksgjaldið sem greitt var þetta ár er óverðtryggt, er algerlega óverðtryggt, og hefur rýrnað samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðh. í skýrslu hans hér um hvorki meira né minna en 10% á síðasta ári. Þessi upphæð svarar til 1,7 millj. bandaríkjadala miðað við full orkukaup ÍSALs frá Landsvirkjun eða um 70 millj. ísl. kr., rétt rúmum 70 millj. ísl. kr. sem verðgildið hefur rýrnað. Og samtals, ef þetta er talið saman, er rýrnunin á þessu miðað við spá og hins vegar það sem út kemur u.þ.b. 140 millj. ísl. kr. á þessu eina ári vegna þess hvernig spárnar brugðust og vegna þess að lágmarksgjaldið er ekki verðtryggt.

Ef litið er til þess sem spáð er á þessu ári samkvæmt skýrslu ráðherra þá gerir Landsvirkjun ráð fyrir því að raforkuverðið verði nánast í botni þetta ár. Þeir eru nokkuð nákvæmir í sínum útreikningum og telja að það verði 0,05 mill á kwst. yfir lágmarkinu að meðaltali yfir árið eða 12,55 mill á kwst. Í þeim gögnum sem lögð voru fram sem fylgiskjöl með 3. viðauka, þegar hann var lagður hér fram í nóvember 1984 af ríkisstjórninni, var spáð að raforkuverðið yrði á árinu 1986 ekki 12,55 mill, heldur 14,8 mill eða þar um bil, sem lesa má út úr töflum sem voru fylgiskjöl með nefndu frv. ríkisstjórnarinnar.

Þessar horfur varðandi næsta ár svara til þess að tekjutap Landsvirkjunar umfram það sem áætlað hafði verið þegar samningurinn var lagður hér fyrir Alþingi nemi rösklega 3,1 millj. bandaríkjadala miðað við fulla kaupskyldu, 1360 gwst. á ári, en það svarar til 140,8 millj. ísl. kr. ef miðað er við meðalgengið 45 kr. fyrir bandaríkjadal. Vissulega er það óvissu háð hver gengisþróun verður en við þennan útreikning hef ég miðað við að þarna yrði um að ræða lækkun á krónu gagnvart dollar sem þessu nemur. Skal ég út af fyrir sig ekki dæma um það, svo mikilli óvissu sem sú þróun er háð. Sé miðað hins vegar við minni kaupskyldu sem í rauninni er ekki eðlilegt í samanburði sem þessum, t.d. 1250 gwst., þá er þarna um að ræða 130 millj. kr. minni tekjur en gert var ráð fyrir þegar samningurinn var lagður fyrir Alþingi.

Þannig liggur það ljóst fyrir að miðað við þessi tvö ár sem við teljum okkur sjá nokkurn veginn hvert stefnir í sambandi við þennan samning og reynsluna af honum, þá munar varðandi raforkukaupin ein og fulla kaupskyldu — eða fulla orkuafhendingu Landsvirkjunar til ÍSALs, sem Landsvirkjun er jú skuldbundin til að geta mætt — þá munar 214 millj. kr. á þessum tveimur árum. Sé miðað við skert kaup eins og ég gat um er talan nokkru lægri eða 196 millj. ísl. kr. Þetta liggur sem sagt nálægt 200 millj. og rösklega það miðað við þær forsendur sem ég hef hér gengið út frá. Þar við bætist síðan þessi rýrnun á rauntekjum, á raunvirði þess sem greitt er, 70 millj. á síðasta ári, og ef það verður álíka á því næsta þá er þarna um mjög háar upphæðir að ræða, hátt í 300 millj. miðað við rýrnun á síðasta ári. Ef svipað gerist á þessu ári þá er komin þarna upphæð sem nemur um 350 millj. kr. sem tekjur Landsvirkjunar af viðskiptum við ÍSAL eru minni en gert var ráð fyrir þegar samningurinn var lagður fyrir og vegna þess að talsmenn samningsins reyndu jú að halda því fram að þessi raforkusala væri í rauninni verðtryggð. En við, andstæðingar samningsins í stjórnarandstöðu, bentum á það — að sjálfsögðu með gildum rökum þar sem það lá fyrir í samningi — að ramminn sjálfur, sem verðið gat hreyfst innan, var óverðtryggður. Væri raforkuverðið í lágmarki þá var ekki um neina verðtryggingu að ræða. Það er það sem hefur gerst og spáð er einnig af iðnrn. eða Landsvirkjun sem er hér borin fyrir þessum spám fyrir árið í ár. Þetta segir vissulega sína sögu.

En athugum horfurnar áframhaldandi á þessu fimm ára tímabili sem samningurinn er óhreyfanlegur, því að haldið er fram af talsmönnum hans og inni eru ákvæði sem að forminu til gera kleift að taka upp samninginn til endurskoðunar miðað við tilteknar breytingar. Mjög veik endurskoðunarákvæði svo ekki sé meira sagt. Ég lít því aðeins til þess sem reitt var fram í þskj. með þessu frv. sem varð að lögum 30. nóv. 1984. Þá var sem sagt spáin fyrir 1985 13,8 mill á kwst., fyrir 1986 14,8 mill á kwst., fyrir 1987 16 mill á kwst., fyrir 1988 18 mill á kwst. og fyrir 1989 18,5 mill á kwst. eða hámark þess sem samningurinn gerði ráð fyrir.

Ég skal ekki fara að spá fram í tímann varðandi þessi þrjú ár sem taka við á þessu fimm ára tímabili að þessu loknu, en get bent á það að í spádómum sem reiddir voru fram í sambandi við 4. viðauka, sem var til

umræðu hér í desembermánuði s.l. í þinginu, þá er af einu spáfyrirtækinu, sem samningamenn okkar byggðu á og miðuðu við, engan veginn gert ráð fyrir svona stöðugri þróun upp á við í álverði, t.d. gert ráð fyrir því að álverð lækki um 17% milli áranna 1987 og 1988. Og enn er engin sú hreyfing á álverði sem getur vakið vonir um að þarna verði sú breyting á varðandi t.d. næsta ár sem spámenn ríkisstj. og talsmenn samningsins frá 1984 gerðu sér vonir um og leyfðu sér að halda fram máli sínu til stuðnings þegar þetta mál var hér til meðferðar í þinginu.

Það er sérstaklega fróðlegt að virða fyrir sér umræðurnar á Alþingi um þetta mál með tilliti til raforkusamningsins hér á þinginu í nóvember 1984. Því var m.a. haldið fram af talsmönnum samningsins, hæstv. ráðh. og hv. samningamanni, 2. þm. Reykn., Gunnari G. Schram, að rafmagnssamningurinn fæli í sér 15 mill sem grunnverð. Þeirri tölu var mjög hampað hér til stuðnings þessum rafmagnssamningi. Við bentum á það andstæðingar þessa samnings að hér væri um firrur einar að ræða. Þessa tölu 15 mill sem grunnverð væri hvergi að finna inni í þessum samningi. Það liggur nú fyrir að það er býsna langt a.m.k. í þetta grunnverð á fyrsta ári þessa samnings og fyrirsjáanlega á öðru ári hans þannig að það nægði varla að reka sig upp í rammann 18,5 á árunum sem þar komu á eftir til þess að ná því út sem meðalverði ef það var það sem menn voru að reyna að halda fram blekkjandi sem einhvers konar grunnverði í þessum rafmagnssamningi.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, án þess að fara í langar tilvitnanir í þessar umræður í nóvember, aðeins vitna hér í stuttar glefsur úr löngum ræðum manna um þetta efni, 3. viðaukann og frv. til staðfestingar honum og vitna hér fyrst í örstuttan kafla úr máli mínu við 2. umr. þessa máls í hv. Nd. 28. nóv. 1984 varðandi rafmagns samninginn. En þar sagði ég:

„Að mati Landsvirkjunar, sem byggir á spám ráðgjafa um líklega þróun álverðs, er gert ráð fyrir að samningurinn geti gefið meðalverðið 13,7 mill á kwst. á næstu fimm árum á verðlagi ársins 1984. Allt tal um 15 mill sem eitthvert grunnverð í þessum samningi er gersamlega út í hött.

Varðandi þróun álverðs er til þess að vísa að þar er miðað við ferns konar viðmiðun og samninganefndin hafði fyrir sér spádóma þriggja sérfræðiaðila um þessi efni og bar mikið á milli. Og því má og bæta við að t.d. Chase Econometrics breytti stórlega spásögn sinni um þróun álverðs frá því í febrúar til ágústmánaðar á þessu ári, 1984. Þannig lækkaði það verð, sem þeir sáu fyrir á árinu 1984 og höfðu miðað við, úr að mig minnir 76 sentum á pund niður í tæp 60 eða 59 komma eitthvað sent. Þannig að menn sjá hversu gífurlega þarna munar og færðu einnig til lækkunar líklega verðþróun á ári 1985 og 1986."

„Á heildina litið er rafmagnssamningurinn algerlega ófullnægjandi fyrir Landsvirkjun," sagði ég við þessa umræðu sem niðurstöðu úr mati á þessum samningi. En það var annað hljóð í hæstv. iðnrh. um þetta efni. Hann sagði, þegar hann mælti fyrir þessu máli í Ed. Alþingis 8. nóvember 1984, eftirfarandi í upphafi síns máls um rafmagnssamninginn, með leyfi forseta:

„Um rafmagnssamninginn vil ég segja að útlistun á honum og umsögn um hann er að finna í fskj. frá forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar. Á þessi atriði vil ég drepa:" Og það er aðeins a-liður sem ég vitna hér til úr máli hæstv. ráðh.:

„Orkuverð verður í framtíðinni breytilegt þannig að grunnverð verður 15 mill á kwst. Verðið breytist í samræmi við vísitölu álverðs, þó þannig að orkuverðið verður aldrei undir 12,5 mill á kwst. og ekki yfir 18,5 mill á kwst. Vísitalan er reiknuð út frá hreyfingum fjögurra álverða, sem nákvæmlega eru skilgreind í rafmagnssamningnum."

Hæstv. ráðh. sagði við 3. umr. um þetta efni:

„En nú höfum við samið um grunnverðið 15 mill og standa vonir til þess að ná upp undir 18,5."

Þetta sagði hæstv. þáv. iðnrh., nú menntmrh., í útvarpsumræðum, í útvarpi til alþjóðar. Og hann sagði í Ed. þingsins við 1. umr. um þetta efni: „Við eigum nú og eins og sérfræðingar segja, sem eru jafnvel enn betur að sér í þessum málum en hv. 11. þm. Reykv.," — sem hæstv. ráðh. var að svara með þessum orðum — „að séu líkur á að muni verða yfir 17 mill að meðaltali á samningstímabilinu." Að raforkuverðið verði yfir 17 mill að meðaltali á samningstímabilinu. Ég held að hæstv. núv. menntmrh. hljóti að verða svolítið hugsi þegar hann horfir til baka og lætur sér líða um hug þau orð sem hann mælti í Ed. í nóvember, og reyndar Nd., í umræðum um þetta mál á þeim tíma.

Ætli hv. 2. þm. Reykn. sé ekki í þingsal? Ég hélt að hann ætlaði að vera viðstaddur þessa umræðu, hann var hér við upphaf hennar. Það væri vel til fundið, virðulegi forseti, að gera honum aðvart. Mér þætti eðlilegt að þm. ómakaði sig til að vera hér viðstaddur umræðu um þetta mál, svo skylt sem honum er það. Ég vænti þess að hv. þm. komi von bráðar í þingsal. Á meðan ég hinkra hér við eftir hv. 2. þm. Reykn. vil ég nefna það að verðið á áli nú um þessar mundir, eða um miðjan janúar, var rétt um 1200 dollarar á tonn eða 54,5 sent á pund. En það þarf að hækka um nálægt 4 sent til viðbótar til þess að raforkuverð lyftist yfir botninn 12,5 mill á kwst., 58 sent fyrir pund á kwst. gefa 12,59 mill samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið þar um, þannig að það skortir nokkuð á það að þessi botn raforkuverðsins lyftist miðað við samninginn.

Ég ætlaði að vitna aðeins til fáeinna orða hv. 2. þm. Reykn. varðandi raforkuverðið og það eru ummæli hans í Nd. Alþingis 28. nóvember 1984, með leyfi forseta:

„Þá kem ég enn að öðrum þætti þessa máls. Við höfum hér bil, orkuverðið hleypur á 12,5 til 18,5 mill. Ég held að það hafi komið mjög glögglega í ljós í samningaviðræðunum við Alusuisse að um tvær leiðir var að fara. Annaðhvort að hafa slíkt bil í verðmynduninni eða semja um eitt ákveðið verð með einhvers konar verðtryggingu. Það lá ljóst fyrir að sú tala hefði verið við neðri mörkin, nálægt 12,5. Það hefði verið mjög ólíklegt ef öllu hærri tala en 12,5–13 mill hefði út úr því fengist. Sá kostur var þess vegna tekinn að hafa bil hvað verðið snertir allt upp í 18,5 mill og verðtryggja það með tengslum við álverð."

Og í framhaldi af þessu segir þm.:

„Almennt séð og til að gera langa sögu stutta er það niðurstaða Landsvirkjunar í ljósi þessara sérfræðiálita, að álverðið geti sveiflast milli 54 senta og 93 senta á pundið á tímabilinu 1985–1989. En það meðalverð sem orkuverð til ÍSALs miðast við samkvæmt nýjum samningum sveiflast að líkindum minna. Áætlunin í samræmi

við spár ofannefndra sérfræðinga er þá sú, að mati Landsvirkjunar, að álverð muni sveiflast um 76 sent á pundið," — núna er það 54,5 sent — og verður þá orkuverð á þessu tímabili 15 mill á verðlagi ársins 1984, þegar gjaldeyrismarkaðir hafa náð því jafnvægi sem spáð er. Verði sú tala, burtséð frá allra næstu mánuðum, að teljast langlíklegust sem langtímameðalverð á áli að mati Landsvirkjunar og þeirra ráðgjafarfyrirtækja sem hér eiga hlut að máli."

Stuttu síðar segir þm.: „Það er sem sagt gert ráð fyrir því að verðið verði almennt á tímabilinu um 15 mill." Læt ég þetta nægja sem tilvitnun í mál manna um þessi efni og væri þó af mörgu að taka úr umræðunni hér á Alþingi um álsamninginn sem þá lá fyrir í nóvember 1984.

Við sjáum af þessu hversu víðs fjarri veruleikanum talsmenn þessa samnings hafa verið og hversu rangar forsendur voru lagðar hér fyrir Alþingi í þessum efnum og ekkert hlustað á aðvörunarorð okkar stjórnarandstæðinga um það að hér væri farið offari í sambandi við líklega verðþróun á áli. Fyrir nú utan allar talnablekkingarnar sem virtust vera nauðsynlegar í sambandi við þennan slæma málstað sem þarna var talað fyrir, hvort sem það var nú til þess að blekkja alþjóð eða þingbræður viðkomandi hv. þm. og hæstv. ráðh. til þess að tryggja þessum samningi brautargengi og meirihlutafylgi hér á Alþingi.

Ég vil undir lok máls míns um þetta efni, virðulegi forseti, vekja alveg sérstaka athygli á því hvernig þarna var haldið á máli, enn einu sinni, í sambandi við samningsgerð við Alusuisse. Eins og gerðist í lok síðasta árs þegar 4. viðauki, sem lögfestur var í desember s.l. og varðaði einkum skattkerfi gagnvart ÍSAL, lá hér fyrir til umræðu, þá var það — eins og síðar og eins og fyrr — að talsmenn ríkisstjórnarinnar, þeirra flokka sem nú sitja í ríkisstjórn og hafa lagt fyrir marga af þeim viðaukum við upphaflegan álsamning sem orðið hafa að lögum, 1975 og síðan í tvígang í tíð þessarar ríkisstj., reyna að styðja mál með þeim hætti að að skömmum tíma liðnum liggur það fyrir að um staðlausa stafi hefur verið að ræða. Að reynslan og staðhæfingarnar stangast á í mjög veigamiklum atriðum. Þessum ágætu mönnum og samningamönnum ríkisstjórna á þessu tímabili virðist gersamlega fyrirmunað að læra nokkuð af reynslunni, að gæta sín ögn í sambandi við svo afdrifaríka samninga sem þarna er um að ræða við þetta stóra fyrirtæki og þá miklu hagsmuni sem þar er að ræða. Þeir koma hér æ ofan í æ inn á Alþingi með málflutning sem er hruninn í ljósi reynslunnar skömmu síðar.

Ég ætla ekki hér að fara að rekja reynsluna af upphaflega álsamningnum, af 3. viðauka, af 2. viðauka við álsamninginn 1975. Það liggur allt saman fyrir. Þar var ekki breytt hlutaskiptunum við Alusuisse í nokkru. Þegar litið var yfir það tímabil sjö árum síðar þá var niðurstaðan sú að þeir höfðu hagnast verulega á breytingunni á heildina litið. Það er þegar að koma í ljós í sambandi við þennan 3. viðauka og það verður fróðlegt að líta til baka varðandi 4. viðauka og skatttekjurnar af álverinu og þann 4. viðauka sem lögfestur var hér í desember s.l. af stuðningsliði ríkisstj. hér á Alþingi. Það væri vissulega efni í sérstaka úttekt, sem mér sýnist að sé síst vanþörf á að gera, hver reynsla hefur orðið af þessum endurteknu samningum við Alusuisse og hvernig forsendur og rökstuðningur íslenskra samningamanna hefur að skömmum tíma liðnum verið dæmdur í ljósi reynslunnar, hefur hrunið í veigamiklum atriðum í ljósi fenginnar reynslu.

Ég er að draga þetta hér fram, og sá ástæðu til þess að óska eftir skýrslu frá hæstv. iðnrh., til þess að reyna að opna augu manna, hvar í flokki sem þeir eru, í sambandi við þessi efni. Því enn eru íslenskir samningamenn og sumpart þeir sömu og áttu hlut að þessum málum að leitast við að semja við erlenda aðila og undirbúa samninga við erlenda aðila um stór hagsmunaatriði sem varða Ísland. Það er fyllsta ástæða til þess að vara þessa aðila við og spyrja þá: Ætla þeir enn og aftur að láta leika á sig, láta erlenda samningamenn vefja sér um fingur sér? Ég veit að það virðist vera býsna þykk höfuðskelin á þeim sem þarna hafa staðið í samningum, en ég el þó þá von í brjósti að mönnum sé ekki með öllu fyrirmunað að læra eitthvað af reynslunni og gæta sín í ljósi hennar, einnig í sambandi við þennan samning sem hér er verið að meta í ljósi þeirra upplýsinga sem hæstv. iðnrh. hefur komið fram með.

Ég vil aðeins nefna, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu að hér í þinginu kom nýlega fram skriflegt svar við fsp. frá hv. 5. þm. Reykn. varðandi einn þátt í starfsemi álversins í Straumsvík. Í þessu skriflega svari hæstv. iðnrh. á þskj. 233 koma vissulega fram fróðlegar tölur í sambandi við þróun þeirra mála innan álversins. Það er oft verið að vitna til þess að það sé fleira en tekjur af raforkusölu og fleira en skatttekjur sem við höfum upp úr þessum viðskiptum. En þegar litið er á þróun launatekna, reiknað í dollurum, á undanförnum árum, t.d. á starfstíma þessarar ríkisstj., þá er það ekkert falleg mynd sem blasir þar við. Ég nefni hér aðeins að miðað við árin 1982 annars vegar og 1984 hins vegar, þ.e. á síðasta starfsári fyrri ríkisstjórnar og síðasta ári sem upplýsingar eru fyrir um þetta, því ég hef ekki tölur og þær liggja ekki fyrir í þessu svari varðandi árið 1985, þá hafa launagreiðslur álversins í Straumsvík til starfsmanna sinna lækkað um 6 millj. bandaríkjadala á milli þessara ára. Hvert var nú hagræðið af raforkusölunni sem svo mjög var básúnað og reiknað hér upp í milljörðum? Hver var hagurinn? Við skulum láta tölu ársins 1985 tala. Það var 7,4 millj. dala frá samningnum eins og málin stóðu, 6,5 mill á kwst. áður en 3. viðauki var gerður. Breytingin nemur 7,4 millj. dala. Alusuisse hefur sparað álíka upphæð í launagreiðslum, það munar þarna 1,4 millj. dala í tölum, sem þeir hafa sparað í lækkuðum launagreiðslum. Vissulega kemur hér til hækkun á gengi bandaríkjadals á þessu tímabili en það kemur líka fram í þessu stórfelld lækkun á launum starfsmanna í Straumsvík eins og gagnvart öðrum íslenskum launþegum vegna beinna aðgerða núv. ríkisstj.

Ef við lítum svo til skattanna og þeirra breytinga, sem þar voru gerðar bæði 1984 með 3. viðauka og aftur í desember 1985 með 4. viðauka, stefnir sýnilega í það að hér er ekki skipt bara á sléttu, eins og Alusuisse gætir sín yfirleitt á í viðskiptum við íslenska samningamenn, heldur er hætt við að það komi til með að halla á heildarhagsmuni Íslands þegar þessi mál eru gerð upp. Svo hraklega hefur verið á þessum málum haldið.

Margt fleira má lesa út úr þessu svari sem ég vitnaði hér til frá hæstv. iðnrh. vegna fsp. hv. þm. Geirs Gunnarssonar, en ég ætla ekki að orðlengja þetta

frekar. Tölur tala hér sínu máli og reynslan hefur þegar kveðið upp allóvæginn dóm yfir þeim samningamönnum sem stóðu að baki því frv. sem lögfest var 30. nóv. 1984 og enn voru að í sambandi við 4. viðauka sem lögfestur var í desember s.l.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. iðnrh. fyrir stuttorða og greinargóða skýrslu sem hann mælti hér fyrir áðan. Ég þarf ekki að fara mjög löngum orðum um þessa skýrslu, það kemur ekkert í henni mér á óvart. Ég vil vekja athygli á því að þó að hv. síðasti ræðumaður hafi vitnað til bjartsýnna spáa, sem settar voru fram um orkuverð þegar málið var til meðferðar á þinginu í fyrra, þá var það ekki svo með alla stuðningsmenn ríkisstj.

Ég ætla að leyfa mér að vitna til nál. á þskj. 195 frá síðasta þingi sem er flutt af 1. minni hl. iðnn., okkur hv. þm. Ingvari Gíslasyni. Við leggjum í upphafi til að frv. verði samþykkt, þ.e. að staðfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium. „Þrátt fyrir þessa afstöðu okkar," segjum við síðan, „höfum við undirritaðir ýmsar athugasemdir að gera varðandi þetta mál í heild. Þótt atvik og aðstæður í málinu leiði til þeirrar niðurstöðu að rétt sé að staðfesta fyrirliggjandi samning með lögum fer því fjarri að aðrar eða víðtækari ályktanir sé hægt að draga af því um ágæti samskipta Íslendinga við svissneska auðhringinn Alusuisse í fortíð, nútíð og framtíð.

Aðalsamningurinn frá 1966, sem er grundvöllur allra viðskipta Íslendinga við Alusuisse, er þess eðlis að ekki er að vænta góðrar samningsstöðu um breytingar Íslendingum til hagsbóta. Á þetta að sjálfsögðu við um samninginn í heild en þó helst um þau ákvæði sem fjalla um orkuverð, skatta og meðferð deilumála fyrir dómstólum. Hafa öll þessi ákvæði reynst þung í vöfum og óhagstæð Íslendingum, seinvirk og afar kostnaðarsöm.

Miðað við anda og efni aðalsamningsins frá 1966 var því ekki að vænta meiri árangurs en fram hefur komið í starfi samninganefndar Íslendinga við Alusuisse um þann ágreining sem uppi hefur verið síðustu tvö, þrjú ár um skattamál, orkuverð og ýmis önnur atriði í samskiptum aðila. Aðalsamningur verndar Alusuisse og Íslenska álfélagið í bak og fyrir um flest þau atriði sem mestu skipta.

Þá kemur það til, sem ekki hefur bætt aðstöðu samninganefndar iðnrh. þegar til kastanna kom, og á þetta leggjum við undirritaðir mikla áherslu, að orkuverð til álbræðslna hefur verið að lækka að undanförnu í heiminum og er enn lækkandi og ríkir alger óvissa um hvort eða hvenær það kynni að hækka í framtíðinni.

Ástæðan til þess að orkuverð fer lækkandi er augljós. Áliðnaður er í lægð og óálitlegur atvinnuvegur eins og stendur og framtíð áliðnaðar getur ekki talist ákaflega björt heldur hið gagnstæða. Að vísu hafa gestir iðnn. kynnt nm. svo kallaðar „spár" erlendra ráðgjafarfyrirtækja sem gera sér það að atvinnu að spá um framtíðarhorfur í áliðnaði, þ.e. hvenær líkur séu fyrir því að hagur áliðnaðar taki að vænkast, en um það eru spámenn þessir nú spurðir.

Undirritaðir nm. telja varhugavert að gera mikið úr slíkum spám og vona á þær, ekki af því að spámennirnir kunni ekki vel til verka svo sem verða má, heldur vegna þess að hér er um þess háttar líkindareikning að ræða sem háður er mikilli óvissu og spá af þessu tagi er fjarri því að vera óskeikul. Allt eins má hugsa sér að álkreppan eigi eftir að vaxa enn og vara lengur en séð verður." Kemur þá í ljós að við hv. þm. Ingvar Gíslason reyndumst meiri spámenn en Chase Econometrics of Research Statistics í Bandaríkjunum og James King í Bretlandi. Ekki sendum við þó ráðuneytinu reikning fyrir þessar ráðleggingar, enda var ekki farið eftir þeim.

Síðar í nál. segjum við: „Með tilliti til þessa tvenns sem hér hefur verið rakið, í fyrsta lagi óhagstæðs aðalsamnings frá 1966 og í öðru lagi kreppu í áliðnaði, teljum við undirritaðir að samningsaðstaða Íslendinga við Alusuisse um hækkað raforkuverð hafi ekki verið góð. Því teljum við að ekki sé ástæða til að vanmeta þá niðurstöðu sem fyrir liggur um raforkuverðið. Sé málið virt í heild var naumast við betri kjörum að búast. Íslendingar eru og verða heftir af grundvallarsamningi um álbræðsluna í Straumsvík frá 1966. Af þeim samningi hljóta Íslendingar að súpa seyðið til loka samningstímabilsins. Telja verður þó að miðað hafi í rétta átt um endurbót á aðalsamningi að því leyti að bætt hefur verið í hann nýju ákvæði um endurskoðun raforkuverðs á fimm ára fresti."

Í niðurlagi nál. segjum við, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir þessar almennu athugasemdir og fyrirvara um einstök atriði, sem tengjast þessu máli, teljum við þá hækkun orkuverðs, sem um er samið, mikilvæga úrbót miðað við þau óviðunandi kjör sem Íslendingar hafa búið við skv. núgildandi orkusamningi og mælum því með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir."

Þetta var undirritað á Alþingi 27. nóv. 1984.

Ég leyfi mér að efast um að við næðum þessu verði núna þótt við sendum okkar dýrustu sérfræðinga til samninga og ég fullyrði að niðurstaða okkar Ingvars Gíslasonar reyndist hárrétt. Við gerðum okkur engar gyllivonir um að í þessum samningi fælist eitthvað annað og meira en þar stóð. Það er sannarlega skárra að veita viðtöku 12,5 millum, eins og við fáum nú, en því orkuverði sem skv. gamla samningnum mundi vera greitt okkur ef ekki hefði fengist fram þessi hækkun og væri líklega talsvert neðan við 10 mill og gilti í ráðherratíð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Niðurstaða okkar hv. þm. Ingvars Gíslasonar hefur reynst rétt og ég vil í allri hógværð láta það koma hér fram.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að nokkrar stuttar og tiltölulega hógværar athugasemdir séu gerðar við þá staðlausu stafi og þau gífuryrði sem fólust í ræðu hv. 5. þm. Austurl. hér áðan í þessum ræðustól vegna fyrirspurnar og skýrslu hæstv. iðnrh. um raforkuverð til álversins í Straumsvík skv. beiðni nokkurra þm. Alþb.

Þeim ágæta þm. fór líkt og fyrri daginn þegar málefni álverksmiðjunnar í Straumsvík eru á dagskrá og samskipti og samningar við Alusuisse að hið sjúklega hatur þm. á þessum aðilum blindar svo dómgreind hans að varla var mark takandi á nokkru orði sem hann sagði í sinni ræðu hér áðan.

Það sem um er að ræða, og ákaflega skýrt kemur fram í svari hæstv. iðnrh., er það að niðurstaðan hvað raforkuverðið varðar til Landsvirkjunar frá álverinu í Straumsvík á árinu 1985 er 12,5 mill á kwst. en ekki, eins og spádómar stóðu til og upplýst var í álitsgerð forstjóra Landsvirkjunar þegar þessir samningar voru á döfinni, 13,8 mill fyrir árið 1985.

Með frv. því, sem lagt var fyrir Alþingi 1984 um lagagildi viðaukasamningsins, þ.e. breytingarnar á rafmagnssamningnum milli ÍSALs og Landsvirkjunar sem gerðar voru með því frv., fylgdi fskj. sem inniheldur umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðar breytingar á rafmagnssamningnum. Í þeirri umsögn forstjóranna er vikið að áætlun um framtíðarorkuverð sem þeir byggja sínar spár á. Sérstaklega byggja þeir sínar spár á grundvelli spáa sem þrjú sérfræðifyrirtæki erlend höfðu gert að þeirra beiðni, þ.e. Chase Econometrics og sérfræðinganna James King og Robin Adams, en allt eru þetta þekkt ráðgjafarfyrirtæki á sviði álviðskipta og álframleiðslu.

Það var á grundvelli þessara spáa hinna erlendu þriggja sérfræðifyrirtækja sem forstjórar Landsvirkjunar gáfu út álit sitt og umsögn sem er fskj. I með frv. frá 1984. Þessi sjónarmið og þessar niðurstöður kynnti ég iðnrh. þáv. og aðrir ræðumenn sem þátt tóku í þessum umræðum og vitnuðu til þessara upplýsinga.

Nú ætlar allt um koll að keyra í huga hv. 5. þm. Austurl. vegna þess að þessar spár, sem hv. þm. Páll Pétursson gerði einnig að umtalsefni áðan, hafa ekki fyllilega staðist, á þeim er u.þ.b. 8 eða 9% munur. Af hverju er þessi tiltölulega mjög litli munur? Vegna þess að eins og allir vita er ákaflega erfitt að spá og um framtíðina sér í lagi! Skýringuna á því er greinilega að finna í svari hæstv. iðnrh. sem liggur hér á borðum þm. í Sþ. í dag.

„Sé miðað við þessar forsendur," segir hér orðrétt í umsögninni, „er heildarlækkun á verðgildi dollarans vegna gengisbreytinga og verðbólgu rétt um 10% á tímabilinu." Það kemur heim og saman að hér er um þennan mismun að ræða. Ástæðan er lækkun — hér er ég að tala um lækkun á raungildi raforkuverðsins á árinu 1985 — vegna lækkunar bandaríkjadollarans gagnvart alþjóðlegum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu. Það er vegna þessa, eins og segir hér orðrétt í svarinu, sem ráðuneytið leitaði til Seðlabanka Íslands og er svar bankans birt í sérstakri töflu sem með þessari skýrslu fylgir. Þar kemur fram að heildarlækkun á verðgildi dollarans er um 10% á þessu tímabili.

Ég held að málið liggi alveg ljóst fyrir. Menn sáu ekki fyrir þá verulegu lækkun á raunverði dollarans sem síðan átti sér stað og kom í ljós.

Það getur vel verið að hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hafi haft einhverjar einkaupplýsingar um að slík mundi verða gengisþróun dollarans. Hafi hann haft þær upplýsingar komu þær ekki fram í ræðu þessa hv. þm. 1984 þegar þessi mál voru til umræðu í Nd. Alþingis.

Hér er um atriði að ræða sem mjög erfitt er að segja fyrir um og spá fyrir um. Það vita allir að eitt af því erfiðasta sem menn taka sér fyrir hendur að segja fyrir um er gengisþróun, bæði íslensks en þó fyrst og fremst erlendra gjaldmiðla. Þess vegna hafa vitanlega allir slíkir fyrirvarar verið hafðir á þessum spám.

Hv. þm. reynir að gera sem allra mest úr því að hér er munurinn á verðinu sá að í stað þess að skv. spádómunum var gert ráð fyrir 13,8 millum er það ekki nema 12,5. Út af þessu leggur hann á þann hátt að hér hafi samninganefndarmenn og hæstv. þáv. iðnrh. verið vísvitandi að blekkja þingbræður sína og hér hafi verið hraklega að málum staðið. Þetta eru svo fáheyrð gífuryrði að þau eru vitanlega ekki svaraverð.

Þegar maður heyrir slíkar fullyrðingar er kannske ekki úr vegi að víkja að því hver er hagurinn að þessu samkomulagi fyrir Landsvirkjun, fyrir íslensku þjóðina í heild. Þá erum við ekki að byggja á neinum spádómum sem vissulega geta reynst skeikulir fram í framtíðina. Við skulum bara líta á þau ár sem liðin eru. Hver er hagur okkar af þeim raforkuverðsákvæðum jafnvel þó að við reiknum með lágmarksverðinu 12,5 millum sem er að finna í samningnum?

Við skulum líta á hvernig raforkuverðið var til Landsvirkjunar frá ÍSAL þegar hv. 5. þm. Austurl. lét af störfum eftir nærri fimm ára setu í embætti iðnrh. Við skulum líta á hvernig raforkuverðið var þá statt og hvaða tekjur íslenska þjóðin hafði af þeim samningi sem þáv. iðnrh. stóð að framkvæmd á í nærfellt fimm ár. Hvert var raforkuverðið til Landsvirkjunar alla hans ráðherratíð?

Það er lýðum ljóst eða ætti að vera það eftir þær miklu umræður sem hann m.a. sjálfur hefur staðið fyrir um þessi mál, og virðist kannske örlítið misráðið af honum að vera að draga þessi mál of mikið fram í dagsljósið miðað við feril hans í þessum málum, að allan þennan tíma, öll þessi fimm ár var raforkuverðið 6,5 mill. Þrátt fyrir góðan vilja og ýmsar tilraunir til að fá þessari staðreynd breytt, þessu verði sem hann tók við þegar hann settist í ráðherrastól 1978 varð sú barátta algerlega árangurslaus. Hún var raunar ekki aðeins árangurslaus heldur stórkostlega neikvæð vegna þess að á þessu fimm ára tímabili tókst þessum hv. alþm. að forklúðra svo álmálinu í heild, samstarfinu við Alusuisse og álverið í Straumsvík, að heita mátti að viðræður gætu ekki lengur farið fram milli aðila vegna þess andrúmslofts sem þessi fyrrv. ráðherra hafði skapað í þeim málum. Samningsgrundvöllur virtist því enginn vera fyrir hendi þegar hann lét af embætti. Í svo ofboðslega sjálfheldu og klúður hafði þessum fyrrv. ráðherra tekist að koma þessu máli.

Ég segi ekki að það hafi verið eins og við manninn mælt að þegar hann hvarf úr embætti hafi hlutirnir farið að breytast til batnaðar. (**Gripið fram í:** Það var nærri því.) Það tók nokkurn tíma, það tók rúmlega ár að semja um nýtt raforkuverð, það sem hv. þm. hafði ekki tekist á fimm ára ráðherratíð.

Hvað gerðist þá með þeim samningi sem við báðir höfum gert hér að umtalsefni í dag, breytingu á raforkusamningnum, sem lagður var fyrir Alþingi á haustdögum 1984? Hvað gerðist þá, hvað fólst í breytingunum? Það voru engin smátíðindi sem í þeirri breytingu fólust. Það var ekki annað en það að rafmagnsverðið, sem auðhringurinn illi í Sviss var nú skyldugur til að greiða Landsvirkjun og íslensku þjóðinni, nánast tvöfaldaðist. Í staðinn fyrir að þiggja vesæl 6,5 mill úr hendi auðhringsins í Sviss skuldbatt nú auðhringurinn sig til að borga nánast helmingi meira fyrir raforkuna, eða 12,5 mill, nokkrum mánuðum eftir að hv. þm., fyrrv. ráðherra, hvarf úr embætti.

Hvað þýðir þetta í tekjum fyrir íslensku þjóðina? Það er kannske ekki úr vegi, í ljósi svigurmæla og gífuryrða hv. 5. þm. Austurl., að velta því fyrir sér hvað þessi nýi samningur, sem hér er nú úthúðað á alla lund, þýðir fyrir íslensku þjóðina í auknum tekjum. Við skulum velta því fyrir okkur augnablik því að það er vitanlega mergurinn málsins.

Verðið hækkaði um 6 mill með þessum nýja raforku-

samningi, 6 mill gefur hann Landsvirkjun og þá íslenska þjóðarbúinu í tekjur hvorki meira né minna — það er nettóhækkunin — 320 millj. kr. á ári. Ég spyr: Er það ekki nokkurt fé? Það er von að spurt sé. Það má vel vera að hv. 5. þm. Austurl. þyki þetta ekki vera nema vasapeningar. Að vísu tókst honum aldrei að ná þessum auknu tekjum inn til Landsvirkjunar og inn í íslenska þjóðarbúið. En þetta eru vitanlega allmiklar aukatekjur sem náðust með þessum samningi sem hér er nú sem mest gagnrýndur.

Álverðið er sem betur fer að stíga upp á við. Það veit vitanlega enginn hve hátt það fer eða hve lengi hækkunin varir. Við skulum því ekki vera að spá neinu hærra álverði og þar af leiðandi um orkuverð því að orkuverðið er tengt álverðinu. Við skulum bara reikna með því að á næstu árum gildi lágmarksákvæði rafmagnssamningsins nýja og verðið verði 12,5 mill. Við skulum binda okkur við botninn og reikna með því. (Gripið fram í.) Hvað mundi þetta þýða, það sem kalla má svartsýnisspá, eins og stundum er gert í spádómum? Við skulum bara halda okkur við lágmarkið. Hvað mundi það lágmark gefa íslenska þjóðarbúinu miklar tekjur frá því að samningurinn var gerður til 1989, á fimm ára tímabili? Þær auknu tekjur, sem lágmarksverðið eitt gefur Landsvirkjun og íslenska þjóðarbúinu — það er staðreynd því að niður úr því verður ekki farið — á þessu fimm ára tímabili, 1984–1989, eru hvorki meira né minna en 1,6 milljarðar kr. Það er hagurinn sem við munum örugglega, sannanlega og óvefengjanlega hafa af hinum nýja raforkusamningi sem tók gildi og var hér fyrir Alþingi 1984. Er þá aðeins miðað við lágmarkið 12,5 mill. Öll hækkun verður til þess að við förum upp úr þessum 1,6 milljörðum í tekjum.

Það má vel vera og það var spá Landsvirkjunarforstjóranna á sínum tíma að hagnaðurinn yrði rúmlega 2,2 milljarðar kr. á þessu tímabili. En, eins og ég segi, með því að miða við alsvartsýnustu spá, miðað við lágmarkið, er hann samt 1,6 milljarðar kr. Þetta er samningur sem má vel vera að hv. 5. þm. Austurl. telji óhagstæðan íslensku þjóðarbúi. En það er ákaflega erfitt fyrir mig að komast að sömu niðurstöðu. Fyrir þá upphæð — svo ég taki aðeins dæmi af verklegum framkvæmdum sem alltaf eru öðru hverju til umræðu í sölum Alþingis — hefði mátt malbika allan hringveginn og vel það, svo mönnum sé aðeins ljóst hvaða upphæðir eru hér í veði. Það er sambærileg tala sem það mundi kosta.

Síðan má gjarnan í þessu sambandi leiða hugann að því hvers íslenskt þjóðarbú hefur farið á mis, hve miklum verðmætum við höfum glatað vegna þess að orkumálum þjóðarinnar á tímabilinu 1978–1983 stýrðu menn sem ekki báru gæfu til þess að ná jafnvel þessari „ómerkilegu“ hækkun upp í 12,5 mill. Þeir voru alltaf að rembast eins og rjúpa við staur innan 6,5 milla. Ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði borið gæfu til þess ári eftir að hann tók við embætti 1979 að gera þennan margumtalaða og illa umtalaða raforkusamning, sem ég átti þátt í að gera 1984 ásamt öðrum kollegum mínum í samninganefnd um stóriðju, ef hv. þm. hefði nú borið gæfu til þess að gera þennan samning strax 1979, skömmu eftir að hann tók við embætti iðnrh., hver hefði þá verið hagur íslenska þjóðarbúsins af þeim samningi sem því miður var aldrei gerður? Það liggur alveg ljóst fyrir. Ef þessi samningur hefði verið gerður 1979 hefði íslenska þjóðarbúið hagnast fram að þeim tíma sem hann raunverulega var gerður, 1984, um hvorki meira né minna en 2,3 milljarða ísl. kr.

Það er þess vegna kannske skiljanlegt að stjórnmálasamtök ungra manna hafi látið prenta reikning að gamni sínu í fyrra í tímariti einu. Reikningurinn var stílaður á fyrrv. iðnrh. Hjörleif Guttormsson. Hann var upp á upphæð sem var mjög svipuð þeirri sem ég nefndi, þ.e. tekjurnar sem aldrei runnu til Íslands, tekjuaukinn sem fyrrv. iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni tókst ekki að afla íslenska þjóðarbúinu vegna þess að alla hans ráðherratíð sátum við í 6,5 millunum. Ef hann hefði borið gæfu til að semja um það sem var samið um af fyrrv. iðnrh. Sverri Hermannssyni fyrir tveimur árum, 1984, ef hann hefði borið gæfu til að semja um það sama þegar hann settist í embætti væri íslenska þjóðarbúið 2,3 milljörðum kr. ríkara en raun ber vitni. Þess vegna segi ég: Það er stundum dýrt að hafa iðnrh. sem tekst ekki að semja eins og kollegum þeirra sem síðar taka við embætti.

Ég hef gert nokkrar staðreyndir í þessu máli að umtalsefni. Ég hef ekki verið að tala um neinar spár eða spádóma. Ég hef farið með tölur sem eru staðreyndir vegna þess að þær byggja allar á lágmarksorkuverðinu sem um er samið í þessum raforkusamningi. Ég hef vegna orða hv. 5. þm. Austurl. talið alveg óhjákvæmilegt að draga þær fram í dagsljósið og minna á þær vegna þess að vitanlega eru þessar tölur, þessi gífurlegi hagur, helmingshækkun á raforkuverðinu 1984, kjarni og mergur málsins en ekki hitt að spár forstjóra Landsvirkjunar frá 1984, í fskj. með frv. sem þá var lagt fyrir þingið, sem byggðar voru á bestu spám þekktustu fyrirtækja í áliðnaði, hafa brugðist vegna utanaðkomandi forsendna, en þó ekki nema um sem tiltölulega litlu munar.

Það er alveg hárrétt að vitanlega hefðu 13,8 mill árið 1985 og 13,8 eða 14 mill á árinu sem nú er að fara í hönd gefið meiri tekjur en þær verða ella. Það liggur alveg í augum uppi. Ég er út af fyrir sig alveg sammála hv. 5. þm. Austurl. um að það er mjög miður að þróunin í álverðinu fyrst og fremst og einnig að því er varðar raungildi dollarans hefur orðið sú sem raun bar vitni. En það eru þættir sem við ráðum því miður ekki við.

En ég vísa því alfarið heim til föðurhúsanna að hér hafi þingheimur á nokkurn hátt verið blekktur. Það stendur skýrum stöfum hverjir stóðu að þessum spám sem voru endurteknar hér í þingræðum. Ég mótmæli að hraklega hafi verið að þeim samningum staðið sem hækka orkuverðið nánast um helming 1984. Það er ekki hrakleg frammistaða, allra síst í ljósi ferils fyrrv. iðnrh. sem í fjögur, nánast fimm ár hafði reynt að gera það sama gersamlega án árangurs, en kemur nú í þennan ræðustól úttútnaður af vandlætingu til að gagnrýna þá menn sem hafa nánast tvöfaldað tekjur ríkisins úr hendi auðhringsins í Svisslandi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það eru aðeins í upphafi míns máls nokkur orð til hv. þm. Páls Péturssonar, 2. þm. Norðurl. v., sem vitnaði til nál. í sambandi við afgreiðslu frv. til l. vegna 3. viðauka í nóvember 1984. Hann, ásamt hv. þm. Ingvari Gíslasyni, stóð að þessum samningi, sem þá var gerður, og studdi hann. Þeir vöruðu hins vegar réttilega við

bjartsýnum spám, eins og fram kom í upprifjun hv. þm., en töldu það fram sem meginröksemd fyrir því að styðja þetta frv. ríkisstj., greiða atkvæði með samningnum, að aðalsamningurinn á sínum tíma hafi verið svo slæmur að það hefði ekki verið von á betri uppskeru úr samningunum við Alusuisse.

Ég benti á það á sínum tíma hversu fráleit þessi röksemdafærsla væri. Þarna var verið að brjóta upp aðalsamning og spurningin um það hversu langt við næðum til leiðréttingar var auðvitað um pólitískan styrk og pólitíska samheldni í togstreitunni um þennan samning. Þar gaf Framsfl. sannarlega eftir á reipinu 1984, aftur 1985 og hafði raunar gert það 1975 líka þegar 2. viðauki við þennan samning var gerður þannig að hlutur Framsfl. í þessari samningagerð, þrátt fyrir ýmis góð varnaðarorð hv. þm. Páls Pétursson fyrr og síðar í sambandi við þetta mál, er ekki fagur og á hæstv. forsrh. nokkurn þátt í því máli öllu saman alveg aftur á daga upphaflegs samnings á sjöunda áratugnum.

Er hv. þm. Gunnar G. Schram horfinn úr þingsal? Mér þætti vænna að hv. þm. væri viðstaddur þessa umræðu, en það var vegna orða hans fyrst og fremst sem ég bað aftur um orðið. Hann kom hér upp og viðhafði málflutning, sem er orðinn mjög kunnuglegur úr hans munni og ekki út af fyrir sig ástæða til að hafa mjög mörg orð um þann málflutning allan, til réttlætingar sínum gerðum. En það var sannarlega athyglisvert hvaða völl hv. þm. hasladi sér í sambandi við útreikninga nú. Það var nokkuð annar völlur en hann stakk út 1984 í þessu efni. Ég vitnaði til hans máls þar sem hann sagði m.a.: „Verður þá orkuverð á þessu tímabili 15 mill á verðlagi ársins 1984." Það var grunnurinn sem hann stóð á þá. Nú þykir honum varlegra að halda sig við botninn. Þetta eitt út af fyrir sig segir kannske meira en mörg orð um hver raunveruleg staða þessa máls er og hvernig hv. þm. hefur séð sig tilknúinn að lækka svolítið flugið í sínum málflutningi. Ég get ekki annað en óskað honum til hamingju með að hafa tekið þá stefnu niður á við í orðum sem lesa mátti út úr máli hans áðan.

Síðan var hann að reyna að skýra hvers vegna spárnar hefðu brugðist og taldi að þarna væri 8 eða 9% munur og hann væri tilkominn vegna þess að dollar hefði rýrnað um 10% á tímabilinu. Ja, þetta var skrýtinn reikningur. Þarna var hv. þm. að gera samasemmerki á milli verðþróunar á áli, finna beint samhengi á milli verðþróunar á áli og gengi bandaríkjadals. Ég held að það hefði mátt halda því fram með nokkrum rökum að lækkun dollars upp á síðkastið hefði átt að ýta undir áliðnaðinn og valda hækkun á álverði en ekki öfugt. Þessa röksemdafærslu, sem hv. þm. var með sem skýringu á því hvers vegna spárnar hefðu brugðist svo herfilega, þyrfti að lýsa betur inn í en ég ætla að gera hér. Ég bendi einfaldlega á hversu barnalega er þarna haldið á máli, hversu fjarstætt það er að ætla að draga þarna samasemmerki á milli.

Svo fór hv. þm. í gamla farið að reikna út hvað samningurinn frá 1984 hefði nú gefið allt það tímabil sem ég var iðnrh. ef hann hefði verið í gildi. Þetta er hv. þm. var búinn að reikna út trekk í trekk hér í þingsölum, maðurinn sem ásamt öllu stjórnarandstöðuliði Sjálfstfl. á árunum 1978–1983 stóð vörð um gamla samninginn, stóðu í ræðustól tímunum saman fram á árið 1982, þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, og vörðu álsamninginn og rafmagnssamninginn milli Landsvirkjunar og ÍSALs í líf og blóð og töldu honum ekkert til foráttu. (**GGS:** Ég var ekki kominn á þing þá.) Hv. þm. var í biðsal þá, sjálfur ekki kominn inn á þing, en þeir voru nógu margir samt og allt of margir, flokksbræður hans hér á Alþingi á þeim tíma, sem rembdust við það eins og rjúpa við staur að verja þennan rafmagnssamning og hef ég oft bent á það, m.a. óskað eftir því að hv. 4. þm. Reykv., sem stendur í samningum um stóriðjumál fyrir núv. ríkisstj., kæmi í þennan ræðustól og benti okkur á hvenær fyrst hafi örlað á því hjá talsmönnum Sjálfstfl. á þessum tíma að tekið væri undir málflutning minn og annarra á þeim árum að þennan raforkusamning yrði að brjóta upp og fá honum breytt. Ég bíð enn þá eftir hv. þm. (**GGS:** Hv. þm. Þetta verður ekki gert.)

Á þessum árum var skapaður sá grunnur sem samningamenn núv. ríkisstj. höfðu til að fá breytingar á þessum samningi, en svo illa var haldið á máli sem raun ber vitni að sá grunnur nýttist ekki nema að litlu leyti í endurskoðun á rafmagnssamningnum og jafnhliða var glutrað niður fjölmörgum þáttum í sambandi við skattamál og önnur samskiptamálefni sem leiða það af sér að heildarhagur Íslands virðist ætla að verða lítill, kannske enginn til lengri tíma litið, út úr þessari samningsgerð. Auðvitað veit hv. þm. það, og það vita allir sem eitthvað hafa fylgst með þessu máli, að hefði ekki verið farið ofan í saumana á viðskiptaháttum álversins í Staumsvík á árunum 1980 og þar um kring og dregið fram í dagsljósið hvernig Alusuisse stóð að uppgjörsmálum gagnvart íslenska ríkinu, þá hefði núv. ríkisstj. ekki haft mikið í höndum til þess að ná fram breytingum á samningum. En hún hélt illa á þeim spilum og því fór sem fór.

Það sem vantaði á þeim árum sem ég fór með iðnaðarmál í ríkisstj. var samheldni og stuðningur páv. stjórnarandstöðu og að hluta til einnig stjórnarliða eins og í Framsfl. til að knýja Alusuisse til samninga. Hér á Alþingi var staðan nokkurn veginn til helminga stjórnarandstaða og ríkisstj. og brotalamirnar náðu alla leið inn í ríkisstj. Um þetta vissi Alusuisse nákvæmlega upp á hár og hafði auðvitað enga ástæðu til að fara að semja við slíkar aðstæður. Hins vegar stóðu bakreikningar á auðhringnum á þessum árum sem hann ekki gat hlaupið frá og voru komnir fyrir dóm og áttu m.a. þátt í því að knýja fyrirtækið til samninga að lokum sem hins vegar gáfu ekki þá uppskeru sem vera hefði átt og allar forsendur af Íslands hálfu gáfu tilefni til, öll staða Íslands gaf tilefni til.

Svo aðeins nokkur orð í sambandi við útreikninga hv. þm. Hann var að reikna út hversu mikill hagurinn ætti að verða, a.m.k. miðað við botninn, á þessu fimm ára tímabili. Það er sannarlega fróðlegt að bera saman útreikningana og þingskjölin sem lögð voru fram til stuðnings þessum samningi og þá útreikninga sem hv. þm. nú heldur sig við. Hagurinn varðandi raforkuverðið eitt og óverðtryggðan dollar er í tölum: 7,4 millj. dollarar á ári x 5 gefur 37 millj. dollara. Hvað stóð í fskj. I, hv. 2. þm. Reykn., um þetta efni sem líklegur hagur Íslendinga af þessum raforkusamningi? Það voru ekki 37 millj. dollarar. Það voru 64 millj. dregnar upp í línuritum og töflum. Við eigum eftir að sjá hver leikslokin verða í þeim efnum. En þessi dollar er óverðtryggður. Þessi samningur er óverðtryggður alveg eins og lágmarkssamningurinn varðandi skattgreiðslur

sem gerður var í desember s.l. og uppskeran af honum fer því sírýrnandi frá ári til árs.

Raunar er það svo, vegna þess að ÍSAL hefur möguleika til að draga úr framleiðslu sinni og minnka orkukaupin en Landsvirkjun hefur skyldur að sjá fyrirtækinu fyrir ákveðinni orku á ári og verður að hafa þá framleiðslugetu og fjárfesta í henni, að staðan er sú varðandi síðasta ár: Kaupafhendingarskyldan er 1360 gwst., orkukaupin hjá ÍSAL 1232. Ef við berum þetta saman og lágmarksverðið 12,5 og reiknum það miðað við kaupskylduna er verðið fyrir kwst. í reynd ekki 12,5 heldur 11,3 mill fyrir þá orku sem fyrirtækið raunverulega kaupir og svo hefur þetta rýrnað um 10% á árinu.

Ég vil svo aðeins segja að lokum, herra forseti: Þó að fyllsta ástæða sé til þess að fara yfir þær blekkingar sem fram hafa verið bornar og þann aumlega málflutning sem hér er enn viðhafður í þessu efni vil ég aðeins vekja athygli á því að í beiðni okkar þm. Alþb. um skýrslu um þetta mál var ekki aðeins óskað eftir áliti Landsvirkjunar á horfum varðandi 1986 heldur beðið um álit iðnrn. Það var ákveðin hugsun að baki í þeim efnum. Ég held að reynslan sýni okkur að það er þörf á því að fleiri en Landsvirkjun fjalli um og reiði fram spár handa íslenskum stjórnmálamönnum. Það hefur sýnt sig að þær spár sem þar eru saman dregnar og sumar eru komnar úr Seðlabankanum standast ekki ýkja vel. Þess vegna er fyllsta ástæða til þess fyrir iðnrn. sjálft að reyna að afla sér þekkingar til að leggja sjálfstætt mat á hlutina en treysta ekki á spámenn Landsvirkjunar og það sérfræðingalið sem hún dregur fram hverju sinni því að þær spár hafa reynst mjög skeikular. Tekið er fram í skýrslu hæstv. ráðh. að iðnrn. hafi ekki lagt neitt sjálfstætt mat á þessar horfur. E.t.v. er það vegna þess að það hefur ekki verið lögð í það vinna innan ráðuneytis eða á þess vegum, sjálfstæð vinna til þess að leggja mat á spádóma Landsvirkjunar. Ég vona að á þessu verði breyting því að ég tel að það sé full ástæða til þess. Ég tala nú ekki um vegna þess að ekki er heldur um óskylda aðila að ræða þegar litið er á samninganefnd íslenska ríkisins og Landsvirkjun sem orkusölufyrirtæki. Og betur eiga að sjá augu en auga í máli sem þessu eins og svo víða.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Farið hefur verið fram á umræðu utan dagskrár um leigu á Fokkerflugvél Landhelgisgæslunnar. Það verður orðið við þessari ósk og umræðan fer fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Í pósthólf hv. alþm. var í gær lögð ályktun sem gerð var á stjórnarfundi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 30. jan. s.l. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vill vekja athygli alþm. á þeirri hættu og því öryggisleysi sem kynni að skapast ef tæki Landhelgisgæslu Íslands yrðu leigð eða lánuð til annarra starfa en þeim er ætlað skv. lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands. Er vísað nánar til 1. gr. um markmið laganna, liði a, b, c, d og g. Reynslan fyrr og nú hefur sýnt svo að ekki þarf að tilgreina stund eða stað að tækjabúnaður Landhelgisgæslunnar er sá eini er sjómenn og landsbyggðarfólk geta átt tilkall til þegar vá ber að höndum.

Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands leggur á það sérstaka áherslu að flugvélar Landhelgisgæslunnar verði ávallt undir stjórn starfsmanna gæslunnar og tiltækar með mjög stuttum fyrirvara þegar á þarf að halda."

Tilefni þessarar samþykktar eru m.a. þær sögusagnir sem eru á kreiki og blaðafréttir um að í ráði sé eða jafnvel þegar ákveðið að leigja TF-SYN, Fokkerflugvél Landhelgisgæslunnar, og að leigusamningur verði jafnvel gerður til eins árs.

Í máli þessu sem öðrum er best að hafa sem minnst um óstaðfestar sögusagnir. Ég fór þess því á leit við hæstv. forseta að fá að spyrja hæstv. dómsmrh. hér utan dagskrár á Alþingi um stöðu þessara mála. Ég vil því beina eftirfarandi spurningu til hæstv. dómsmrh.:

Stendur til eða hefur þegar verið gengið frá leigu á Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN? Ef svo er, hver er leigutakinn og til hve langs tíma er leigan og ef leiga er fyrirhuguð eða þegar frágengin hvaða ástæður urðu þess valdandi að vélin er leigð? Er það af fjárhagsástæðum eða telja stjórnendur Landhelgisgæslunnar að verkefnum gæslunnar verði sinnt þrátt fyrir það að Fokker-vélin verði ekki til staðar?

Ég vænti þess að fá svör við þessum spurningum og um leið fá hv. alþm. og alþjóð upplýsingar um hvort svo er komið að Landhelgisgæslan sé ofskipuð tækjakosti til að sinna sínu hlutverki.

Ég vil, herra forseti, taka undir það, sem segir í samþykkt stjórnar farmannasambandsins, og gera að mínum, að reynslan fyrr og nú hafi sýnt svo ekki þurfi að tilgreina stund og stað að tækjabúnaður Landhelgisgæslunnar er sá eini sem sjómenn og landsbyggðarfólk og almenningur allur getur átt tilkall til þegar vá ber að höndum. Um þetta þurfum við ekki að taka dæmi. Þau eru svo nærtæk, m.a.s. hér í hv. sölum Alþingis.

Ég tel að mjög veigamikil atriði sem ég get ekki áttað mig á þurfi að vera til staðar og verða þess valdandi að tækjakostur Landhelgisgæslunnar verði skertur. Hitt er nærtækara að það þurfi að auka tækjakost gæslunnar og styrkja rekstur hennar svo að hún sé enn betur búin til að sinna hlutverki sínu en nú er.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Mér er ljúft að svara þeim spurningum sem hv. 4. þm. Vesturl. bar fram. Hann vitnaði í upphafi til bréfs frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands sem mér hefur nú ekki borist í hendur enn af einhverjum ástæðum, en sjálfsagt er það á leiðinni.

En sem svar við þessu vil ég byrja á að lesa greinargerð frá Landhelgisgæslunni um væntanlega leigu Fokker-vélar Landhelgisgæslunnar:

„Á s.l. hausti leituðu Flugleiðir eftir því að fá leigða Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, fjóra daga í viku hverri á tímabilinu 1. júní til 15. sept. 1986. Jafnframt var óskað eftir því að fá vélina leigða dag og dag á miklum annatímum, t.d. um jól og páska, eins og oft hefur komið fyrir áður.

Ástæða fyrir beiðni þessari mun vera sú að Flugleiðir áætla að bæta talsvert við flug sitt næsta sumar. Viðbótartími vegna þessa er þó ekki svo mikill að hann réttlæti kaup á flugvél eða leiguvél erlendis frá nema störf reynist mun meiri en áætlað hefur verið á þessum

flugleiðum.

Eftir að ljóst var að dómsmrn. var hlynnt því að reynt yrði að verða við beiðni Flugleiða eftir því sem kostur væri var rætt við fulltrúa Flugleiða um minni leigu en upphaflega var beðið um svo að leigan hefði sem minnst áhrif á gæsluflug. Liggur nú fyrir uppkast að samningi þar sem gert er ráð fyrir leigu á TF-SYN þrisvar í viku, samtals um 12 flugtíma eða um 50 flugtíma á mánuði. Til samanburðar skal þess getið að í forsendum fjárlaga fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að TF-SYN fljúgi um 65 tíma á mánuði, en Fokker-vélar Flugleiða fljúga á sama tíma 150 klukkustundir. Landhelgisgæslan verður því greinilega ekki í vandræðum með að ná þeim flugtíma á TF-SYN sem henni er skammtaður á umræddu tímabili af hv. Alþingi.

Þá er einnig gert ráð fyrir að stærri þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, muni geta annast gæsluflug með ströndum fram þá daga sem TF-SYN er í leigu hjá Flugleiðum.

Eins og ætíð hefur verið þegar flugvél Landhelgisgæslunnar hefur verið leigð til annarra eru skýr ákvæði í leigusamningnum um að leigutaki láti vélina lausa ef leigutaki þarf á henni að halda vegna bráðrar nauðsynjar, t.d. ef á henni þarf að halda vegna leitar- og björgunarstarfa. Til frekari skýringar á þeim þætti í störfum Landhelgisgæslunnar skal þess getið að á undanförnum fimm árum hafa 2,5 flugtímar að meðaltali á ári verið yfir áðurnefnt tímabil, 1. júní til 15. september.

Herra forseti. Ég vil bæta við þetta örfáum orðum ef ég má. Það sem fyrst og fremst lá að baki því að ég féllst á að þarna væri reynt að ganga til samninga var að þetta gerði kleift að skipta um þyrlur hjá Landhelgisgæslunni. Í staðinn fyrir litlu þyrluna, sem ekki var hægt að taka sjúkrabörur inn í, var hægt að fá stærri vél sem tekur tvennar sjúkrabörur. Það tel ég vera mjög mikið atriði fyrir landsbyggðarfólk og sjómenn að fá slíkt miklu betra tæki. Það er því einmitt til að auka og bæta tækjakost Landhelgisgæslunnar sem þetta er verið að gera, þar sem það skapar möguleika til þess.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég tel mjög varhugavert að leigja Fokker Landhelgisgæslunnar nema mjög takmarkað og mun takmarkaðra en komið hefur fram í máli hæstv. ráðh. sem taldi að Fokkerinn gæti náð áætluðum flugtíma. Ekki er hægt að skipuleggja fyrir fram að mínu mati hvað er æskilegur flugtími í slíkum tilvikum. Þarna er um neyðartæki að ræða m.a.

Ákvæði um not á flugvél, að grípa til vélar sem hefur verið leigð, ganga ekki upp í því sem fyrirhugað er í þessu sambandi vegna þess að áætlað er að nota þessa vél, ef hún verður leigð, til flugs milli Færeyja og Skotlands og þá er hún ekki til taks ef á þarf að halda eða þegar slík staða getur komið upp hérlendis.

Í fyrsta lagi getur Landhelgisgæsluvélin haft radíósamband við skip og er eina vélin hérlendis sem getur það. Hún er þess vegna bæði mjög mikilvæg sem stjórnstöð úr lofti og leitartæki. Slík tæki, sem geta haft samband við skip, eru í millilandavélum, en í engri vél staðsettri hérlendis nema gæsluvélinni.

Fokkerinn getur miðað út gúmbjörgunarbáta á tíðninni 121,5 neyðarbylgju. Slíkt er einnig í vél flugmálastjórnar, en ekki í öðrum vélum hérlendis.

Fokkerinn vantar miðunarloftnet á hlustun á örbylgju, en hluti af þeim búnaði er kominn um borð og er áætlað að ljúka uppsetningu á því fyrir næstu skoðun á þessu ári. Jafnframt er reiknað með að miðunartæki fyrir skip verði sett upp fyrir næstu skoðun í haust.

Gæslufokkerinn hefur tíu tíma flugþol á móti fimm tíma flugþoli hjá hinum venjulegu Flugleiðafokkerum. Það má nefna t.d. að þegar færeyska skipið Rona fórst fyrir ekki alllöngu 80–100 mílur suðaustur af landinu fundust bátar um kl. 3 og Fokker Landhelgisgæslunnar gat flogið þar yfir í liðlega tvo tíma þar til togari kom á staðinn og bjargaði mönnum. Það skiptir því miklu máli að vél með slíkt flugþol geti verið til staðar í landi.

Ég kem að þeim atriðum síðar í mínu máli, en vil þó bæta við í þessu sambandi að gæslufokkerinn hefur mun meiri burðargetu en aðrar hefðbundnar leitarvélar hér á landi. M.a. er hægt að varpa gúmbjörgunarbátum og öðrum björgunarbúnaði út um þar til gerðar dyr aftast á vélinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér virðist vera mikið alvörumál á ferðinni þegar það upplýsist að Landhelgisgæslan og dómsmrn. eru nánast búin að leigja þann öryggisventil sem er í gæsluflugi í kringum landið og hjálpartæki, það eina sem til er, til þessara hluta. Ég skora á hæstv. ráðh. að breyta þessari ákvörðun. Það er augljóst að ekkert kemur í staðinn fyrir þetta tæki. Þegar um slíkan öryggisventil er að ræða geta menn ekki kallað hann úr leiguflugi hvenær sem er. Ég held að það sé alveg augljóst að Alþingi getur ekki látið þetta mál fara fram hjá sér án þess að gera allítarlegar ályktanir um að slíkir hlutir verði ekki gerðir.

Það er alveg augljóst að verði slys sem þarf að sinna og hefur verið sinnt af Landhelgisgæslunni verður það ekki gert með öðrum hætti en með þessari vél. Flugmálastjórnarvélin sinnir því ekki. Þyrlur gera það ekki. Hér er verið að taka úr höndum gæslunnar þann öryggisventil sem verður að vera fyrir hendi ef ekki á illa að fara í verstu tilvikum. Ég skora eindregið á stjórnvöld sem hér ráða ferðinni og forstjóra gæslunnar ekki síst að koma í veg fyrir að þetta verði gert með þessum hætti. Hér er allt of mikið alvörumál á ferðinni til þess að Alþingi geti látið það orðalaust fara í gegn að slíkir hlutir eigi sér stað.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Skúla Alexanderssyni fyrir að vekja máls á þessu hér. Ég held að hér hafi verið farið út á mjög hæpnar brautir, að ekki sé meira sagt, þegar eignir ríkisins eru notaðar til þess að leysa rekstrarvanda Flugleiða. Ef Flugleiðum er flugvéla vant í sínu innanlandsflugi eiga þeir auðvitað að leysa það mál sjálfir án atbeina ríkisins og kaupa þá nýja vél eða vélar til að anna þeim flutningum sem þeir telja sig þurfa að gera en ekki að skerða þjónustu og tækjakost Landhelgisgæslunnar. Það er verið að lama Landhelgisgæsluna að nokkru leyti þegar er verið að taka þetta sérhæfða tæki og flytja það yfir í flota Flugleiða — tímabundið. Það er auðvitað fáránlegt þegar hæstv. dómsmrh. kemur í ræðustól og heldur því fram að í rauninni sé verið að auka tækjakost Landhelgisgæslunnar og bæta. Þetta eru auðvitað hrein öfugmæli og ekkert annað. Hafi verið þörf á þessari flugvél á sínum tíma er þörfin fyrir hana ekkert minni núna. Það er ekkert sem rökstyður hvers vegna þetta

skuli gert.

Ég vil við þessa umræðu minna á þál. sem samþykkt var hér á Alþingi 2. apríl 1981, till. sem upphaflega var flutt af þm. Alþfl., þeim Benedikt Gröndal og Árna Gunnarssyni, þar sem kveðið er á um að kjósa sjö manna milliþinganefnd um að kanna eflingu Landhelgisgæslunnar þannig að hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt. Það hefur verið starfandi nefnd að þessu máli. Hún mun hafa skilað einhverjum áfangaskýrslum. En það segir hér í þáltill. eins og Alþingi samþykkti hana 1981: „Nefndin skal ljúka störfum áður en þing kemur saman að hausti.“ Nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvað líði störfum þessarar nefndar, hvenær hún muni ljúka störfum, hafi hún ekki gert það, séu þær upplýsingar réttar sem ég aflaði mér í morgun.

Ég bara minni á þetta mál í sambandi við þetta vegna þess að hér er verið að draga úr mætti Landhelgisgæslunnar til að gegna þeim hlutverkum sem henni er ætlað.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Í framhaldi af því sem hér hefur verið rætt þykja mér kannske hvað einkennilegust þau tilsvör hæstv. dómsmrh. að til þess að unnt væri að bæta þjónustuna þyrfti að ástunda leigu á öryggistækjum Landhelgisgæslunnar. Það sagði hann hér og það varð ekki skilið öðruvísi en forsendan fyrir því að bæta þjónustuna væri sú að stunda útleigu á tækjum Landhelgisgæslunnar.

Hann tók einhvern veginn þannig til orða að til þess að hægt væri að fá betri þyrlu hefði þetta verið nauðsynlegt. Hver minnist þess að lagt hafi verið fyrir Alþingi að það væri forsendan fyrir þyrlukaupunum, kaupunum á stærri þyrlunni, að útleiga færi fram á öðrum tækjum Landhelgisgæslunnar? Kom það fram í ræðu fjmrh. við afgreiðslu fjárlaga? Kemur það fram í greinargerðinni við fjárlög? Hefur það komið fram í umræðum á þinginu? Hefur öllum þm. verið ljóst að þegar þeir afgreiddu fjárlögin hafi þessar verið forsendurnar?

Ég get ekki skilið ráðherra öðruvísi en að hann sé að halda því fram að forsendan undir þyrlukaupunum hafi verið sú að ástunduð yrði útleiga á þeim tækjum sem hér hafa verið gerð að umræðuefni.

Ef þetta er virkilega þannig, að ráðherra lítur svo á að þessar séu forsendurnar undir þyrlukaupunum, er ég handviss um að þm. hefur aldrei verið það ljóst, að þm. hefur ekki verið gerð grein fyrir því, að þingið hefur verið blekkt.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vék að því fyrr í máli mínu að Fokker gæslunnar er slíkum tækjum búinn að hann hefur sérstöðu meðal íslenskra flugvéla. Það getur engin önnur vél komið í staðinn fyrir hann sem neyðartæki og hjálpartæki.

Átta manna áhöfn getur verið í Fokkervélinni á tíu tíma flugi og það er mjög mikilvægt þegar sinna þarf stærri verkefnum og hefur margoft sýnt sig.

Gæslufokkerinn hefur verið til staðar í einstökum neyðartilfellum þegar þurft hefur að flytja sjúklinga t.d. á milli landa. Það er grundvallaratriði að mínu mati að vélin sé ekki leigð nema þannig að hægt sé að grípa til hennar með mjög stuttum fyrirvara. Það er ekki hægt í millilandaflugi.

Það er komið að tíu ára skoðun á þessari vél í haust og er ástæða til að vekja athygli á því. Það er stór skoðun og dýr. Það má minna á að það hefur verið mikið baráttumál að fá 360 gráðu radar í þessa flugvél sem er dýrt tæki en skiptir auðvitað miklu máli til þess verkefnis sem vélin á að vera tilbúin í hverju sinni. Í vélinni er aðeins veðurradar.

Það vantar ýmis önnur tæki, svo sem aðflugsbúnað og fleira, en ég ætla ekki að tíunda það hér.

Það er skiljanlegt að Landhelgisgæsluna vanti fé og reyni að hugsa til þess að afla fjár því að að mínu mati hefur fé til gæslunnar verið af skornum skammti um alllangt árabil.

En ég vil ítreka og leggja á það áherslu að Landhelgisgæslufokkerinn er neyðartæki. Hún er öryggistæki fyrir sjómenn og aðra landsmenn. Hún er hjálpartæki. Mér finnst kannske að það sé hægt að kristalla viðhorfið í þessu með þeirri samlíkingu að maður leigir ekki hjartabílinn til skemmtiferða. Að því leyti hefur gæsluvélin verið notuð í neyðartilvikum að hægt er að líkja þessu saman.

Ég hvet til þess að ekki séu gerðir samningar á þeim nótum sem hæstv. ráðh. hefur hér bryddað á heldur með mjög mikilli takmörkun sem er ekkert óeðlilegt, en þannig að bæði öryggið og hjálpin geti verið í fyrirrúmi ef slíkt kemur upp.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég hlýt að taka undir með hv. málshefjanda, Skúla Alexanderssyni, í þessu máli og ítreka að slíkt öryggistæki verður að vera til hjá réttum aðilum. Sjómenn sem aðrir ætlast til þess að svo sé. Fólkið úti á landsbyggðinni ætlast til að svo sé. Fyrir þetta fólk er það í raun og veru eins og hver önnur hrollvekja að upplýsa að þetta öryggistæki eigi að vera í bindandi flugi hjá fyrirtæki hér á landi.

Eitt kemur mér á óvart í svörum hæstv. ráðh. Það er afstaða Landhelgisgæslunnar sjálfrar, sem reyndar hefur verið komið hér inn á einnig, hversu lítilþæg, liggur mér við að segja, hún virðist vera í þessum efnum. En um leið kemur einnig fram hjá hæstv. ráðh., beint í svörum hans, ófögur lýsing á afgreiðslu Alþingis og þar með þess meiri hluta sem skipar Alþingi nú og þeirrar ríkisstj. sem hæstv. ráðh. er aðili að, ófögur lýsing á því hvernig farið er með Landhelgisgæsluna á fjárlögum, að henni skuli skorinn svo þröngur stakkur að til þessara ráða verði að grípa svo að þar megi eitthvað ganga.

Annars get ég í lokin tekið undir með hv. 3. þm. Vestf. Ég held að hann hafi sagt allt það sem hér þurfti að segja. Og það sem meira er: Við skulum minnug þess að hann mælir þar nokkuð af eigin raun.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég hjó eftir því hjá hæstv. ráðh. að hann sagði að það væri hægt að endurheimta þessa flugvél úr leiguflugi með stuttum fyrirvara. Hver er sá stutti fyrirvari hjá hæstv. ráðh.? Hvað telur hann að það taki langan tíma að endurheimta þennan öryggisventil gæslunnar til flugs á vegum hennar? Og ég spyr stjórnarliða hér inni aðra en þann eina sem hefur talað: Ætla þeir að láta þetta líðast? Ætla þeir ekki að taka í þá taug sem þarf til þess að breyta þeim áformum sem hér eru uppi? Það er fyrst og fremst þeirra. Þeim er nærtækast að hafa þau áhrif að hér verði breytt um stefnu. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Er það virkilega óumbreytanleg ákvörðun hans og

forstjóra gæslunnar að leigja Flugleiðum þennan öryggisventil í gæsluflugi, þann öryggisventil sem þarf og verður að vera til staðar hvenær sem kallið kemur til þess að bjarga mannslífum?

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég þakka svör ráðherra þó að þau hafi komið mér að mörgu leyti á óvart. Einnig þakka ég þær undirtektir og þann stuðning við það málefni sem ég hef hér hafið umræðu um frá hv. þm.

Það er í sjálfu sér ekki miklu að bæta við það sem hv. þm. hafa bent á í sambandi við nauðsyn þess að þetta björgunartæki sé til staðar hvenær sem er og við breytilegar aðstæður. En í sambandi við upplýsingar ráðherra um hvernig leigu væri háttað og að ráðherra benti á að hér væri ekki nema um 50 flugtíma að ræða tel ég að þegar þeim tíma er bætt við sem nauðsynlegur er til að breyta flugvélinni úr björgunarvél, gæsluvél, leitarvél í farþegavél, þá sé kominn svipaður tími og flugtími flugvéla Flugleiða er, eins og ráðherra upplýsti áðan. Það tekur sjálfsagt tvo til þrjá tíma eftir hvert flug ef á að breyta vélinni í það hlutverk sem hún á að sinna í hvert skipti þannig að notkunartími Flugleiða á þessari vél verður sjálfsagt a.m.k. tvöfaldur ef ekki jafnvel þrefaldur miðað við þann flugtíma sem hér er lagt til að verði gengið út frá.

Hinn þátturinn er að það sé nauðsynlegt að leigja þetta björgunartæki til að afla annars björgunartækis í hendur Landhelgisgæslunnar. Það gengur vitaskuld ekki upp að þannig sé gengið frá fjármálum gæslunnar að hún geti ekki á eðlilegan máta, og þar tala ég um eðlilegan máta, að hún hafi ekki fjárveitingar til að endurnýja tækjakost sinn á annan máta en með því að leigja önnur björgunartæki gæslunnar og hafa af þeim tekjur. Ég er alveg viss um að enginn af þeim þm. sem stóðu að því að fjármagn fékkst í gæsluna til að kaupa þessa vél hefur látið sér detta í hug að í nokkurt skipti yrði þessi vél leigð til að hafa af henni tekjur til rekstrar Landhelgisgæslunnar. Það er af og frá.

Ég undirstrika að það kemur vitaskuld ekkert í staðinn, eins og hv. þm. Karvel Pálmason sagði, fyrir þetta tæki um leið og það er tekið úr höndum Landhelgisgæslunnar. Síst af öllu er hægt að búast við því að það sé hægt að grípa til þessa tækis fyrirvaralítið.

Í frétt í Dagblaðinu 1. febrúar er sagt, með leyfi forseta:

„Flugleiðir stefna að því að hefja áætlunarflug milli Færeyja og Skotlands í vor með Fokker-vélum. Farin verður ein ferð í viku á þriðjudögum frá maí til september. Að sögn Sæmundar Guðvinssonar blaðafulltrúa Flugleiða byggist þetta á því að Flugleiðir fái Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar leigða nokkra daga í viku í sumar. Drög að leigusamningi liggja þegar fyrir. Skotlandsflugið verður í framhaldi af flugi Flugleiða milli Reykjavíkur og Voga í Færeyjum. Flugvélin heldur áfram frá Færeyjum til Glasgow og sömu leið til baka. „Það er mikill áhugi, bæði í Færeyjum og Skotlandi, á þessu flugi", sagði Sæmundur."

Ég er ansi hræddur um að það sé víða á Íslandi lítill áhugi fyrir þessu flugi, ekki síst þegar í ljós kemur að það er verið að leigja þetta björgunartæki okkar, ekki til innanlandsflugs heldur jafnvel til flugs milli annarra landa. Ég veit að landsbyggðin lítur til þessa tækis sem björgunartækis. Við megum ekki láta þetta ske. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. og forstjóri Landhelgisgæslunnar íhugi hvort ekki væri um það að ræða að falla frá þessum samningi, a.m.k. ef til er ætlast að þessi flugvél verði langtímum saman erlendis en ekki á íslenskri grund þannig að möguleikarnir til að kalla hana til björgunarstarfa verði enn þá minni en þó væri ef vélin væri leigð til innanlandsflugs.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég held að hv. alþm. hljóti að viðurkenna að það eru öfugmæli að segja að núv. ríkisstj. hafi staðið illa að öflun öryggistækja fyrir Landhelgisgæsluna þar sem á síðasta ári kom mjög fullkomin þyrla með betri björgunartækjum en hér hafa verið fyrir hendi áður. Það sýnir vissulega að þar er vilji fyrir hendi.

Það er alveg rétt að í þessa vél, Fokker-vélina, vantar ýmis tæki. En þessi vél var komin til landsins áður en núv. ríkisstj. tók til starfa. Það voru aðrar ríkisstjórnir sem fjölluðu einnig um þau mál. Það er rétt að æskilegt er að Landhelgisgæslan fái tæki í þessa vél sem kosta 80 millj. kr. Vissulega væri ég ánægður ef Alþingi veitti slíka fjárveitingu svo að það væri hægt að fá þau.

En eins og fram kom í greinargerðinni sem ég las frá Landhelgisgæslunni var það hennar mat að séð væri fyrir öryggisþörfum með m.a. nýju þyrlunni og þeim fullkomnu leitartækjum sem þar eru.

Það kom fram í máli hv. 3. þm. Suðurl. að vélin þyrfti að fara í skoðun. Því miður er rétt að þessi tæki þarf að skoða öðru hverju og þá eru þau vitanlega lengur frá, miklu lengur en þá tíma sem er um að ræða í sambandi við leiguna.

Það getur vel verið að Alþingi vilji veita, eins og ég sagði, aukið fé til Landhelgisgæslunnar, en hún verður að sníða sér stakk eftir þeim vexti sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Innan þeirrar fjárveitingar sem er nú á fjárlögum rúmuðust ekki þau vélaskipti sem ég benti á áðan, en það eru skipti á eldri þyrlunni og nýju þyrlunni sem er miklu betra verkfæri og miklu meira öryggistæki fyrir landsbyggðina en eldri þyrlan var. Sú þyrla er væntanleg á næstu vikum til landsins. Þar er hægt að setja inn sjúkrabörur. Ég tel því að það hafi verið gert margt til að auka og bæta tækjakost Landhelgisgæslunnar einmitt á þessu sviði síðustu mánuði og ár þannig að það sé öfugmæli að segja að þar sé illa að verki staðið.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu, en ég vil ítreka að að mati Landhelgisgæslunnar sé þarna ekki um að ræða afturför frá því sem hefur verið vegna þess aukna tækjakosts sem þar er nú til staðar.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég tek undir með hv. málshefjanda og spyr hæstv. ráðh. hvort það sé virkilega svo að beinlínis sé ætlunin að þessi tiltekna flugvél þjóni því nýja áætlunarflugi sem Flugleiðir hyggjast taka upp um Færeyjar og alla leið til Skotlands. Við vitum einnig að Flugleiðir fljúga á Fokker-flugvélum til fleiri landa. Þannig er til að mynda yfir sumarmánuðina flogið á einn ef ekki tvo staði í Grænlandi. Vélar ekki hraðfleygari en Fokker Friendship-vélar eru eru þó nokkra stund á leið þangað og til baka aftur, svo að ekki sé nú talað um frá Skotlandi og heim. Það gefur auga leið að það sem hér hefur verið sagt um möguleikana á því að kalla þessa vél til hvenær sem er, þó hún væri í leiguflugi, hverfur ef þessi tiltekna vél er

komin langleiðina til Skotlands eða til Narssaq á Grænlandi full af farþegum og það tekur fleiri, fleiri klukkustundir ef ekki jafnvel dægur að koma vélinni heim. Þá verður lítið úr þeim áformum eða góða ásetningi Flugleiðamanna og annarra sem hafa hugsað sér að hægt væri að kalla vélina til þjónustu hvenær sem er þrátt fyrir að hún væri í leigu.

Ég held að það sé alveg óviðunandi að þessari umræðu verði slitið án þess að það liggi alveg ljóst fyrir hvort fyrirvarar hafa verið settir um þetta atriði.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal taka fram að þessari umræðu verður auðvitað slitið og það eru komnar nokkrar mínútur fram yfir þann tíma sem samkvæmt þingsköpum átti að slíta þeim. Og það er eins með þessar umræður og hvaða umræður sem er. Þeim er slitið hvort sem einn eða annar þm. telur að þær hafi ekki skilað þeim árangri sem þm. vill.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég er mjög óánægður með það hjá hæstv. ráðh. að svara ekki þeim fsp. sem beint er til hans. Ég spurði, vitnaði í orð hans sjálfs í upphafi: Hvað er langur þessi stutti fyrirvari á því að hægt sé að kalla vélina til baka? Og ég spurði hæstv. ráðh.: Er það óumflýjanleg ákvörðun, óumbreytanleg ákvörðun af hálfu hæstv. ráðh. og forstjóra Landhelgisgæslunnar að leigja þennan öryggisventil gæslumála?

Mig skiptir engu máli hvaða ríkisstj. á í hlut. Pólitík kemur þessu máli ekkert við. Hér er um mannslíf að tefla fyrst og fremst, þjónustu við sjómenn sem þurfa á þessu að halda og þjónustu við landsbyggðina sem þarf á þessu að halda. Pólitík kemur þessu máli ekkert við. Þessi ríkisstj. er kannske ekkert verri en aðrar undanfarið í garð Landhelgisgæslunnar, en það skiptir ekki meginmáli. Málið er að þetta verði afturkallað.

Ég ítreka við hæstv. ráðh. að hann svari því hver fyrirvarinn er, hvað er hægt að kalla vélina til baka með stuttum fyrirvara, og ætlar hæstv. ráðh. að halda sér við þessa ákvörðun? Ef svo er er ástæða til þess fyrir Alþingi að taka málið frekar upp.

Ég býð hæstv. ráðh. að leggja í púkkið með ríkisstj. um skattlagningu til að ná peningum inn af almenningi í landinu til að borga brúsann sem þeir ætla að láta Flugleiðir borga gæslunni fyrir þann öryggisventil í gæslumálum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það voru tvö atriði í svarræðu hæstv. ráðh. sem ég vil benda á og mér fannst að væru ansi skrýtin.

Í fyrsta lagi lagði hann áherslu á að það væri einhver samjöfnuður í sambandi við þann tíma sem færi í að skoða vélina, eðlilega skoðun, og þennan leigutíma. Það er fjarstæða að tala á þann máta þegar verið er að tala um þau mál á þessum vettvangi.

Í öðru lagi sagði ráðherra að það væri ekki um afturför að ræða í sambandi við björgunarmál þegar þessi nýja þyrla bættist í flugkost Landhelgisgæslunnar.

Hér er ekki um neinn jöfnuð að ræða. Hér er ekkert samasemmerki á milli. Ég fagna því að þessi þyrla hafi verið keypt þó að ýmsir segi að vantað hafi allar heimildir til þess að sú þyrla væri orðin eign Landhelgisgæslunnar. Ég hef heyrt það. Ég ætla ekki að fara að blanda því inn í þessar umræður. En það er af og frá að jafna því björgunartæki við það björgunartæki sem við erum hér að ræða um. Möguleikar Fokker-vélarinnar eru allt aðrir og á breiðari grundvelli en möguleikar þeirrar þyrlu sem hefur nýverið verið keypt til Landhelgisgæslunnar. Ég bendi á þann möguleika er sem betur fer hefur sýnt af sér árangur, þ.e. að geta gripið til þessa verkfæris á Reykjavíkurflugvelli við ýmsar breytilegar aðstæður þegar íslenskir læknar telja að betur sé farið með læknisaðgerðir í öðrum löndum en hér. Við gerum það ekki á þyrlunni. Við gerum það með þessari vél. Við höfum þarna vél sem hefur upp undir 9–10 tíma flugþol, en sú þyrla sem hér er verið um að ræða hefur mjög stutt flugþol og alls ekki sama hraða og þá sömu möguleika og þessi vél hefur upp á að bjóða.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns um að það sé fjarstæða að jafna saman skoðun og þeim tíma sem vélin væri bundin er það alveg rétt að skoðun tekur miklu lengri tíma en þetta.

Ég get ekki svarað í mínútum því sem hv. 3. þm. Vestf. spurði um, hvað tekur langan tíma að kalla vélina til baka en vegna hinnar spurningar hans um hvert framhaldið verði á þessu mun ég að sjálfsögðu taka til athugunar þær ábendingar sem hér hafa komið fram og ákvörðun verður tekin í ljósi þess.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það hefur verið blandað saman við þetta kaupum á minni þyrlunni sem er væntanleg innan tíðar. Ef ég man rétt er 5 millj. kr. munur á söluverði og kaupverði minni þyrlanna tveggja. Þess vegna hefði verið fróðlegt að heyra hverjar væru áætlaðar tekjur af leigu á Fokker-vélinni eins og fyrirhugað var.

En að lokum árétta ég það og geri þá athugasemd að gæslufokkerinn getur haft radíósamband við skip. Hann hefur tíu tíma flugþol, helmingi meira en aðrar Fokker-vélar á landinu. Hann er neyðarstaðsetningartæki umfram aðrar vélar á landinu. Það hefur þótt aðalsmerki gæslunnar að þessi vél hefur verið til taks hvenær sem er og á hefur þurft að halda með örstuttum fyrirvara.

Efri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Fæðingarorlof, frv. 180. mál (þskj. 205). — 1. umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að leita svara við fáeinum spurningum hjá formanni heilbr.- og trn., hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni, ella hjá varaformanni nefndarinnar, hæstv. forseta Ed. Nú sé ég að formaður nefndarinnar er ekki í þingsal og að forseti hefur engan varaforseta. (**Forseti:** Hv. formaður heilbr.- og trn. mun vera í síma í hliðarherbergi. Ef þm. gæti aðeins beðið með fsp. ætti að vera hægt að fá svar við henni.) Ég þakka forseta fyrir. Það get ég auðveldlega gert. (**Forseti:** Vill þm. hefja mál sitt eða bíða eftir formanni heilbr.- og trn.?) Ég kýs frekar að bíða eftir formanni nefndarinnar, þar sem fsp. mín er í upphafi máls míns,

frekar en að slíta mál mitt í sundur á öðrum stað. (**Forseti:** Það er hægt að koma skilaboðum.) Þar sem hv. þm. er nú genginn í salinn er mér ekki lengur neitt að vanbúnaði að hefja mál mitt.

Virðulegi forseti. Ég freista þess að flytja í þriðja sinn þetta frv. til l. um breytingu á lögum nr. 97 frá 1980, um fæðingarorlof, og breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 1971, *ásamt með síðari breytingum*. Ég segi freista þess vegna þess að miðað við reynslu fyrri ára er alls ekki ljóst hvort þetta frv. fær þá þinglegu meðferð sem Alþingi er skylt að veita þeim málum sem þar eru borin fram.

Þm. til upprifjunar vil ég geta þess, að frv. var fyrst flutt á 106. löggjafarþingi og var því þá vísað til heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar að lokinni 1. umr. þann 8. febrúar, en það fékkst ekki afgreitt úr nefndinni til 2. umr. og atkvæðagreiðslu fyrir þinglausnir 22. maí sama ár. Umsagnir meðmæltar frv. bárust þá m.a. frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum kvenna á vinnumarkaðnum, Stéttarsambandi bænda og Kvenfélagasambandi Íslands. Jafnframt beindi Félag einstæðra foreldra þeirri áskorun til Alþingis að veita frv. þessu framgang en án árangurs.

Frv. var síðan endurflutt á 107. löggjafarþingi og var því þá vísað til heilbr.- og trn. Ed. að lokinni 1. umr. um það 17. desember. En það fór á sama veg og árið áður. Frv. fékkst ekki afgreitt úr nefndinni til 2. umr. og atkvæðagreiðslu fyrir þinglausnir 21. júní s.l. Í þetta skipti sendi nefndin málið hvorki út til umsagnar né sá hún ástæðu til að taka það fyrir oftar en þrisvar á þeim sex mánuðum sem frv. var í vörslu hennar. Ekki dugði það heldur til að hreyfa málinu úr nefndinni að um vorið eða þann 18. apríl s.l. voru nefndinni afhentar 4200 undirskriftir frv. til stuðnings og áskorun um að afgreiða það hið snarasta úr nefndinni. Allt kom fyrir ekki.

Í ljósi þessa vil ég strax í upphafi máls míns nú beina þeirri spurningu til formanns heilbr.- og trn. Ed., hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar, á hvern veg hann hafi hugsað sér að standa að afgreiðslu þessa frv. nú. Má vænta þess að nefndin skili frv. í einhverri mynd aftur til þessarar hv. deildar til 2. umr. og atkvæðagreiðslu, eins og nefndinni er reyndar skylt skv. þingsköpum, eða má búast við því að enn á ný verði frv. stungið svefnþorni í möppum nefndarmanna? Við þessu vil ég fá skýr svör á eftir, virðulegi forseti, finnst enda heldur tilgangslítið ella að mæla fyrir þessu frv. fyrir daufum eyrum ár eftir ár.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er megintilgangur þess að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra tímabilið á eftir fæðingu barns. Eins og hv. þdm. vita hefur íslenskt þjóðfélag tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum árum. Þær breytingar hafa m.a. orðið á högum fólks hér á landi að það er nú fjárhagsleg nauðsyn fyrir fjölmörg heimili í landinu að hafa tvær fyrirvinnur. Á þetta ekki síst og reyndar einna helst við um þá aldurshópa sem nú eru að koma sér upp húsnæði í fyrsta sinn, hasla sér völl í atvinnulífinu og að eignast börn.

Nauðsyn þess að hvert heimili hafi tvær fyrirvinnur sést m.a. á þeirri gífurlegu aukningu sem orðið hefur á atvinnuþátttöku kvenna undanfarin ár. Árið 1960 unnu 29% kvenna utan heimilis, en nú er áætlað að um 80% kvenna séu útivinnandi. Það gefur auga leið að við slíkar aðstæður gefst konum lítið svigrúm til að sinna nauðsynlegri umönnun ungabarna. Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan heimilis til þess að helga sig því mikilvæga hlutverki að annast um barn á fyrsta æviskeiði þess. Enn fremur fer þeim heimilum sífellt fjölgandi þar sem fyrirvinnan er aðeins ein, en nú mun um áttunda hvert barn á landinu vera á framfæri einstæðrar móður. Það ber því brýna nauðsyn til að við skipan fæðingarorlofsmála sé komið til móts við þessar breyttu þjóðfélagsaðstæður og fólki gert það fjárhagslega kleift að eignast börn. Það verður hins vegar ekki gert nema með því að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk kvenna, móður- og fjölskylduhlutverk þeirra annars vegar og nauðsynlega og sjálfsagða þátttöku þeirra í atvinnulífinu hins vegar. Auk þessa meginmarkmiðs er með frv. ítrekað mikilvægi barnaumönnunar og móður- og föðurhlutverksins fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og fyrir samfélagið í heild.

Breytingar frá núgildandi lögum samkvæmt þessu frv. eru þær að í fyrsta lagi er í frv. gert ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir allar konur. Greiðsla fæðingarorlofs tryggir móður næði og öryggi til samskipta við barn sitt eftir fæðingu þess. Þó að sex mánaða gamalt barn sé enn háð uppalanda sínum og sé hvergi nærri sjálfbjarga er það þó mun þroskaðra til að takast á við umhverfið en þriggja mánaða gamalt barn. Jafnframt er móðurinni gefið tækifæri til að ná sér eftir áreynslu barnsburðarins og aðlagast þeirri gerbreytingu sem hann veldur á högum hennar.

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir velferð og þroska barns að náið og traust samband myndist *milli* þess og *móður* þess *eða nánasta* uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungabörn er einnig ótvírætt, bæði til næringar og til verndar gegn sýkingum. Þó að allt sé betra en ekkert í þeim efnum hefur löngum verið miðað við a.m.k. sex mánuði sem æskilegan lágmarkstíma brjóstagjafar, en eftir þann tíma fer ónæmiskerfi barnsins að geta annað eigin vörnum. Jafnframt er brjóstagjöf mjög virk til að mynda sterk tilfinningatengsl milli móður og barns.

Heilsa og heilbrigði barns fyrstu mánuði lífsins byggist framar öðru á móður þess, heilsu hennar, næringarástandi og félagslegum aðstæðum hennar. Heilsusamlegt gildi móðurmjólkur fyrir ungabörn er ótvírætt og benda allar rannsóknir til þess að geti barn notið móðurmjólkurinnar fyrstu ævimánuðina verður það ekki einungis hraustara fyrsta aldursárið heldur eflist einnig mótstaða þess og ónæmi gegn ýmsum sjúkdómum síðar á lífsleiðinni. Efnasamsetning brjóstamjólkur stuðlar að hæfilegum og eðlilegum vexti barns, sér því fyrir vítamínum og steinefnum í nákvæmlega því magni sem það getur nýtt sér og þarf á að halda og mótefni hennar veita vörn gegn sjúkdómum og draga úr hættu á ofnæmi hvers konar. Auk þess mun brjóstagjöf einnig draga úr tannskemmdum barna, eyrnabólgum, maga- og þarmasýkingum og einnig minnka hættu á brjóstakrabbameini hjá konum. Brjóstagjöf er því í rauninni frumheilsugæsla og fyrir utan mannlegan ávinning þess að heilbrigði manna, andlegt og líkamlegt, sé gott má ljóst vera að þessi heilsugæsla sparar sameiginlegum sjóðum landsmanna ófáar krónurnar sé til lengri tíma litið. Sá

kostnaður sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér skilar sér því tvímælalaust aftur í beinhörðum peningum.

En brjóstagjöf verður ekki afgreidd með því einu að tala um efnasamsetningu móðurmjólkur eða sparnað í heilbrigðiskerfinu. Hún er flóknara mál en svo. Brjóstagjöf byggist framar öðru á tilfinningatengslum móður og barns. Hafi móðir ekki næði til þess að sinna barni sínu eftir fæðingu þess er viðbúið að hún missi mjólkina og geti ekki haft barnið á brjósti. Nú til dags er öllum fæðandi konum tjáð að æskilegt sé að hafa barn á brjósti í a.m.k. sex mánuði og ófáar eru þær konurnar sem gengið hafa fullar af sektarkennd út á vinnumarkaðinn þremur mánuðum eftir fæðingu barns og ekki átt annarra kosta völ. Með fullri vinnu utan heimilis getur kona ekki búist við að geta haft barn sitt á brjósti og tvískinnungur þess samfélags sem segir henni að hafa barnið á brjósti í sex mánuði en sendir hana út á vinnumarkaðinn eftir þrjá mánuði er forkastanlegur.

Þessi tvískinnungur er því miður ekki óalgengur af hendi löggjafans. Heimilið og fjölskyldan, börnin og móðurástin, allt er þetta dásamað og í heiðri haft í orði en sjaldnar á borði, því miður. Til þess að sinna börnum, ekki bara hvað brjóstagjöf varðar heldur almennt, og rækta þann garð sem heimilið er og þarf að vera þarf tíma, og sá tími er ekki fyrir hendi á mörgum heimilum vegna þeirrar vinnuskyldu sem þjóðfélagið leggur svo mörgum foreldrum á herðar. Þessu verðum við að breyta og það er ábyrgðarhlutur okkar sem hér sitjum á hæstv. Alþingi að gera það. Lenging fæðingarorlofs, sem ég er hér að mæla fyrir, er aðeins einn þáttur slíkra breytinga.

Lengra fæðingarorlof gefur foreldrum betri tíma til að annast um börn sín á fyrstu og viðkvæmustu mánuðum á ævi barnanna. Það gefur færi á að þau tilfinningatengsl sem samskipti foreldra og barna byggja á til frambúðar geti myndast og það gerir konum raunverulega kleift að hafa börn sín á brjósti a.m.k. þá sex mánuði sem hér um ræðir ef þær sjálfar vilja það.

Hvað brjóstagjöfina varðar vil ég taka það skýrt fram, að ég er með þessu ekki að segja að konur eigi að hafa börn sín á brjósti í sex mánuði, en ég vil hins vegar að þær geti það ef þær sjálfar vilja og þess vegna m.a. legg ég til að fæðingarorlofið verði lengt sem því nemur.

Til samanburðar má geta þess að í nágrannalöndum okkar er fæðingarorlof víðast hvar lengra en hér á landi. Í Frakklandi er fæðingarorlof fjórir mánuðir og fjórir til fimm mánuðir eftir aðstæðum í Noregi og Danmörku. Í Hollandi er fæðingarorlof sex mánuðir, níu mánuðir í Svíþjóð og í Finnlandi er það heilt ár, en þar er það lengst. Við erum því nokkrir eftirbátar nágranna okkar á því sviði eins og áður hefur komið fram.

Í annan stað er gert ráð fyrir því í frv. að fæðingarorlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris þannig að foreldri verði ekki fyrir fjárhagslegu tapi vegna fæðingarorlofs. En þetta er það atriði sem virðist vera hvað umdeildast í þessu frv. Ástæður þess, og nú bið ég þá hv. þm. sem hafa eitthvað til málanna að leggja í þessum málum að hlusta grannt eftir, — ástæður þess að þetta er haft svona í frv. eru þær í fyrsta lagi að með þessu er verið að viðurkenna að störf þau er lúta að umönnun og uppeldi barna eru engu síður mikilvæg en störf á hinum almenna vinnumarkaði og að foreldrahlutverkið er a.m.k. jafnmikils virði og fyrirvinnuhlutverkið í krónum talið. Það er verið að viðurkenna að ekkert starf sem foreldri þiggur laun fyrir skuli virða meira og launa hærra en það starf að annast um nýfætt barn og er þetta spurning um grundvallarmat á umönnunar- og uppeldisstörfum. Þetta er fyrsta ástæðan.

Önnur ástæðan er sú að hér er um beint fjárhagsatriði að ræða fyrir konur sem eru úti á vinnumarkaðnum og lækka mundu í launum við töku fæðingarorlofs. Konur eru fyrirvinnur rétt eins og karlar og við núverandi fjárhagsástæður fjölmargra heimila í landinu, svo ekki sé minnst á fjárhag einstæðra mæðra, munu fá heimili geta borið launaskerðingar af einu eða öðru tagi, einkum og sér í lagi ef launin eru í lægra kantinum.

Kvennalistinn mun fyrir sitt leyti a.m.k. ekki standa fyrir því að skerða laun kvenna, síst af öllu refsa þeim með launaskerðingu fyrir að eiga börn. Barátta fyrir bættum kjörum kvenna snýst ekki um að lækka þær konur í launum sem eru það heppnar að geta e.t.v. lifað af þeim heldur snýst hún um að hækka þau skammarlega lágu laun sem flestar konur búa við og fá því til leiðar komið að allar konur fái mannsæmandi laun fyrir vinnu sína. Það mundi skila sér inn í fæðingarorlofsgreiðslur ef þær eru hafðar með því fyrirkomulagi sem lagt er til í frv.

Fæðingarorlofsgreiðslurnar mundu þannig miða við afkomutryggingu heimilanna og þannig eru þær mikilvægur þáttur þess, og það er þriðja ástæðan fyrir því að þetta er haft svona, að feður, sem flestir afla stærri hluta heimilistekna vegna þess sem við köllum venjulega kynbundið launamisrétti á vinnumarkaðnum, geti nýtt sér réttindi til fæðingarorlofs og þar með borið aukna ábyrgð á umönnun barna sinna. Eins og nú standa sakir nýta feður sér lítið núgildandi heimild til fæðingarorlofs. Á síðasta ári voru þeir aðeins 123 af 3846 fæðingarorlofsþegum. Í Svíþjóð t.d., þar sem foreldrar fá 90% launa sinna greidd í fæðingarorlofi, voru feður hins vegar um þriðjungur fæðingarorlofsþega á síðasta ári og vegur afkomutrygging þar greinilega þungt.

Í nágrannalöndum okkar er ekki óalgengt að fæðingarorlofsgreiðslur séu miðaðar við 70–90% af launum foreldra nema í Frakklandi og Hollandi þar sem foreldrar fá greidd full laun í fæðingarorlofi. Það fá reyndar sumir fæðingarorlofsþegar á Íslandi líka, og nú vil ég aftur biðja hv. þm. að leggja vel við eyrun, því að um langt árabil hefur þessi skipan fæðingarorlofsmála, þ.e. að foreldrum séu tryggð óskert kjör meðan á fæðingarorlofi stendur, verið í gildi hjá opinberum starfsmönnum og hjá bankamönnum. (**Gripið fram í:** Þetta er samningamál þeirra.) Þetta er samningamál þeirra, það er rétt, en þetta er einnig mál sem Alþýðusamband Íslands hefur lagt á gríðarlega áherslu í öllum sínum samningaviðræðum og það er eitt af stefnumálum Alþýðusambandsins að foreldrar njóti óskertra launa í fæðingarorlofi.

Fjórða ástæðan fyrir því að þetta er haft svona í frv. er því sú að samræma skipun þessara mála fyrir alla launþega hér á landi, að það gildi það sama hvort sem menn eru í Alþýðusambandi Íslands, í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða í Sambandi bankamanna hvernig fæðingarorlofsgreiðslum þeirra er háttað.

Ég vil einnig láta það koma fram í þessu sambandi vegna þess misskilnings sem gætir sums staðar varðandi þetta frv. að heimavinnandi konur og konur í hlutastarfi

eru einu konurnar sem samkvæmt þessu frv. hækka beinlínis í launum við töku fæðingarorlofs. Aðrar konur standa aðeins í stað, hækka hvorki né lækka í launum, halda þeim aðeins óskertum.

Að hlut heimavinnandi kvenna og kvenna í hlutastarfi kem ég nánar hér á eftir, en áður vil ég láta þess getið að öll hróp um að verið sé að mismuna konum með þessu frv. eiga ekki við rök að styðjast. Þvert á móti reynir þetta frv. eftir fremsta megni — og sannarlega er engin ein lausn algild eða altæk, mér dettur ekki í hug að halda því fram — að draga úr þeirri mismunun sem konur búa við launalega í íslensku þjóðfélagi. Það hækkar í launum þær sem ekkert eða minnst bera úr býtum peningalega og gætir þess jafnframt að konur verði ekki fyrir launaskerðingu við það að eiga barn.

Staðreyndin er einnig sú að íslenskar konur á barneignaraldri hafa flestar tiltölulega svipuð laun hafi þær einhver laun á annað borð. Þær konur sem há laun hafa og eru einnig á barneignaraldri teljast til undantekninga. Það er yfirleitt ekki fyrr en á síðari hluta ævinnar, eftir að konur eru komnar úr barneign, að þær njóta þeirra réttinda að þiggja góð karlmannslaun fyrir vinnu sína. Vandann, ef einhver er í þessum efnum, er ekki að finna meðal kvenna, ekki í hópi kvenna. Það er engin hætta á því að Tryggingastofnun ríkisins þurfi að útdeila háum upphæðum til kvenna ef þetta frv. yrði að lögum.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, þar sem stundum hefur verið minnst á laun þingkvenna í þessu máli, að þingkonur njóta nú þegar óskertra launa í fæðingarorlofi þar sem þær njóta sömu lífeyrisréttinda og opinberir starfsmenn og það breytist hvorki til né frá með tilkomu þessa frv.

Vandann, ef það er rétta orðið, ég er ekki viss um að það sé rétta orðið yfir það sem hér er á ferðinni, er að finna meðal karlanna, í hópi feðranna, því að þar er launamismunurinn mikill og ef einhver hætta er á að Tryggingastofnun ríkisins verði að greiða út háar upphæðir vegna þessa frv. þá er það til feðra en ekki til mæðra.

Ég get fyrir mitt leyti vel tekið undir þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram við fyrri umræður þessa frv., að óeðlilegt sé að Tryggingastofnun ríkisins greiði út í fæðingarorlofi laun sem fara t.d. yfir 100 þús. kr. á mánuði. Til að forðast allan misskilning vil ég taka fram að það er sama hver í hlut á. Ég vil einnig taka það skýrt fram, og ég bið hv. þm. að leggja við eyrun, að ég set mig ekki á móti því að heilbr.- og trn. íhugi hvort eðlilegt væri að setja þak á fæðingarorlofsgreiðslurnar einhvers staðar þannig að þær færu aldrei yfir einhverja ákveðna upphæð. Hins vegar vil ég strax benda á að ég tel ekki æskilegt að miða fæðingarorlofsgreiðslur við eitthvert prósentuhlutfall af launum foreldra, t.d. að hafa það 90% eins og er í Svíþjóð eða 70% eins og er sums staðar, því prósentuskerðingar koma ævinlega verst niður á þeim sem lægst hafa launin. Þá væri öllu heppilegra að fara þá leið að hafa einhverja hámarksupphæð ef menn vilja setja einhver mörk á þessar greiðslur.

Ég vil að síðustu vísa aftur til þess sem ég sagði áðan um ástæður þess að frv. gerir ráð fyrir óskertum launum foreldra í fæðingarorlofi, þ.e. að meta umönnunarstörfin til jafns við önnur störf, að tryggja foreldrum óskert kjör á þessu viðkvæma tímabili og samræma þessa skipan mála fyrir alla launþega þar sem sumir njóta þessa þegar en aðrir ekki.

Þá vil ég segja fáein orð um heimavinnandi konur og þær sem eru í hlutastarfi og teljast heimavinnandi í aðalstarfi.

Í frv. er gert ráð fyrir að allar konur fái óskerta lágmarksfæðingarorlofsgreiðslu, sem 15. okt. s.l. var 24 655 kr. á mánuði nákvæmlega, án tillits til atvinnuþátttöku. Þannig eru þau skerðingarákvæði sem nú eru í gildi gagnvart heimavinnandi konum afnumin og þar með er í verki viðurkennd réttarstaða heimavinnandi móður og gildi starfa hennar fyrir þjóðfélagið í heild. Ég vil taka það skýrt fram að með þessu er engan veginn verið að leggja endanlegt mat á störf heimavinnandi kvenna. Slíkt starfsmat er ekki til og verður ekki hrist fram úr erminni. Mér þætti hins vegar mjög gaman ef slíkt starfsmat yrði einhvern tíma gert og hef talað fyrir því hér við önnur tækifæri, um nauðsyn þess að meta heimilisstörfin og reikna þau inn í þjóðarframleiðsluna þannig að sá stóri hópur sem vinnur þessi störf geti notið sambærilegra réttinda og annað vinnandi fólk hér á landi.

Með þessu er því ekki verið að meta heimilisstörfin endanlega. Það er hins vegar verið að tryggja að heimavinnandi konur njóti fullra viðmiðunargreiðslna, að skerðingarákvæðin séu numin úr gildi. Það er því miður eina færa leiðin til að tryggja fullan rétt heimavinnandi kvenna til fæðingarorlofsgreiðslna á meðan mat á störfum þeirra er ekki fyrir hendi. Á meðan ekkert starfsmat er til fyrir heimavinnu er engin önnur leið fær en taka þá viðmiðun sem lögin byggja á.

Heimavinnandi konur eru, eins og ég sagði áðan, einu konurnar sem hækka beinlínis í launum við að taka fæðingarorlof og það finnst mér í hæsta máta sanngjarnt þar sem þær njóta alla jafna engra peningalauna fyrir sín störf. Að vísu hefur það komið fram að ýmsum finnst þar heldur ríflega skammtað þar sem þær eru einu konurnar sem ekki standa í stað tekjulega við töku fæðingarorlofs heldur hækka beinlínis í launum, en ég vil á móti benda á að heimavinnandi konur og konur í hlutastarfi búa oft og tíðum engu síður við fjárhagslegt óöryggi en þær konur sem hafa fulla launaða vinnu og stundum jafnvel öllu meira og því er brýnt að það öryggi sem full greiðsla fæðingarorlofs veitir nái einnig til þeirra. Í leiðinni viðurkennum við einnig að þær eru vinnandi konur og eigi rétt á einhvers konar launum fyrir störf sín þótt langur vegur sé í það að þau hafi þar með verið að fullu metin til fjár.

Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir því að faðir eigi þess kost að taka fæðingarorlof í tvo mánuði með samþykki móður í stað þess eina mánaðar sem núgildandi lög kveða á um. Þá skerðist fæðingarorlof móður sem því nemur og verður fjórir mánuðir ef faðir tekur þá tvo mánuði sem hann á rétt á.

Að mínu viti er það ekki síður mikilvægt að faðir hafi tök á að tengjast barni sínu sem nánast og sem fyrst og að foreldrum gefist báðum tækifæri til að leggja grunninn að jafnri ábyrgð á börnum sínum. Til þess er sá eini mánuður sem feður eiga nú rétt á samkvæmt gildandi lögum mjög naumur. Í frv. er ekki gert að skilyrði að um sé að ræða tvo síðustu mánuði fæðingarorlofsins heldur ráða foreldrar tilhögun orlofstökunnar sjálf án afskipta löggjafans. Sveigjanleiki í tímaákvörðunum er æskilegur að þessu leyti vegna breytilegra aðstæðna fjölskyldna og því getur faðir tekið orlof sitt hvenær sem

er á þessum sex mánuðum svo fremi sem móðir sé því samþykk. Ákvæðið um samþykki móður er óbreytt frá núgildandi lögum og tekur sem fyrr mið af því að það er móðirin sem þarf að ná sér heilsufarslega eftir áreynslu barnsburðarins.

Þá er gert ráð fyrir því í frv. að fæðingarorlof lengist um tvo mánuði sé um tvíburafæðingu að ræða og allt að fjóra mánuði eignist kona fleiri en tvö börn. Slíkar fæðingar eru ákaflega fáar hér á landi þannig að ekki er um neinn umtalsverðan kostnað að ræða af þessum sökum. Hins vegar er ljóst að fjölburaforeldrar þurfa lengri tíma til að aðlagast breyttum aðstæðum en einburaforeldrar og barnaumönnunin sjálf er umfangsmeiri eftir því sem börnin eru fleiri.

Að síðustu er gert ráð fyrir því í frv. að fæðingarorlof verði aldrei skemmra en þrír mánuðir ef móðir lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Sama gildir ef um fósturlát er að ræða sem jafna má til fæðingar þar sem gera má ráð fyrir að sérhver kona þurfi a.m.k. þrjá mánuði til að jafna sig andlega og líkamlega eftir þá áreynslu. Jafnframt er sett inn ákvæði er varðar fæðingu ándvana barns þar sem rétt þykir að kona sem fæðir andvana barn njóti sama réttar og kona sem missir barn sitt skömmu eftir fæðingu þótt það fæðist lifandi. Einnig er gert ráð fyrir að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eigi sama rétt á fæðingarorlofi og aðrir foreldrar og hlýtur það eðlilegt að teljast þar sem tíma þarf til að aðlagast breyttum aðstæðum fyrir þá foreldra og fyrir barnið rétt eins og sé um blóðforeldra að ræða.

Þá er komið að kostnaðarhlið þessa máls, en í hvert skipti sem það hefur verið flutt hér hefur verið gerð ítarleg grein fyrir kostnaði vegna þess. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins munu á síðasta ári hafa verið greiddar út 195,5 millj. kr. í fæðingarorlof til 3846 fæðandi kvenna og 123 feðra. Þessar greiðslur skiptast þannig að fullt fæðingarorlof fengu 2877 konur og 123 karlar, ⅔ hluta fæðingarorlofs fengu 504 konur og enginn karl og ⅓ hluta fæðingarorlofs fengu 465 konur og enginn karl. Ef allir fæðingarorlofsþegar hefðu fengið fullt fæðingarorlof eins og frv. kveður á um hefðu fæðingarorlofsgreiðslur hækkað um 13,2% og er það um helmings lækkun á hækkun frá því í fyrra vegna þess að barnsfæðingum hefur fækkað töluvert hér á landi. Í fyrra hefði fullt fæðingarorlof hækkað þessar greiðslur um 21,7% en í ár aðeins um 13,2%. Við þetta hefði heildarupphæð greiðslnanna orðið 221,3 millj. kr. Þarna hefðu sem sagt bæst við 26 millj. kr. við það að afnema skerðingarákvæðið sem heimavinnandi konur og konur í hlutastarfi búa nú við. Ef miðað er við lágmarksfæðingarorlofsgreiðslur til allra kvenna, sex mánaða fæðingarorlof, sem sagt lengt um helming, og að konur haldi launum sínum í fæðingarorlofi óskertum væri áætlaður heildarkostnaður vegna frv. 442,6 millj. kr., þ.e. þá mundi fæðingarorlof hér á landi kosta það, en kostnaður vegna frv. er um 250 millj. kr. þar af.

Það er rétt að taka fram að samkvæmt útreikningum Tryggingastofnunar ríkisins skiptir sama og engu máli hvort allar konur fá fulla lágmarksgreiðslu, þ.e. þær 25 þús. kr. sem tilteknar eru í frv., eða haldi sínum launum óskertum. Það breytir engu fjárhagslega fyrir Tryggingastofnun ríkisins vegna þess, og nú bið ég hv. þm. að taka vel eftir, að meðallaun kvenna á aldrinum 15–44 ára, þ.e. þeirra kvenna sem eru á barneignaraldri, eru nánast þau sömu og lágmarksgreiðslan. Þau eru nánast þessar 24 655 kr. á mánuði þannig að það breytir engu fyrir Tryggingastofnun ríkisins og fyrir heildarupphæðina hvort þessi lágmarksgreiðsla er greidd út eða hvort konur haldi launum sínum óskertum. Það er mér tjáð af mönnum þar á bæ. Allt tal um mismunun fellur því endanlega um sjálft sig með þessum tölum er ég hrædd um.

Niðurstöðukostnaðartalan vegna fæðingarorlofsgreiðslna er sem sagt í kringum 442,6 millj. kr. á ári, en 250 millj. kr. af því eru tilkomnar vegna frv. Nú er ekki ólíklegt að sem fyrr finnist einhverjum að hér sé um töluverða fjárhæð að ræða. Mikið eða lítið er vitaskuld háð mati hverju sinni og við hvað menn miða þegar þeir segja að eitthvað sé lítið eða mikið. Hér er um að ræða mikið fé sé miðað við það sem við veitum þegar til þessara mála, lítið fé sé miðað við framlög til ýmissa annarra mála. Eins og fyrri daginn snýst þessi spurning um það m.a. hvaða málum við viljum veita forgang og að mínu viti krefjast aðstæður ungbarnaforeldra þess í dag að þessu máli sé sinnt þannig að það komi að gagni.

Til þess að verða ekki alfarið að treysta á fé úr ríkissjóði til að standa straum af kostnaði vegna þessa frv. hef ég enn á ný, rétt eins og á síðasta þingi, lagt fram fylgifrv. með þessu frv. til að afla tekna vegna lengingar fæðingarorlofs. Það frv. hefur málanúmerið 181, er á þskj. 206, og ég mun gera grein fyrir því hér á eftir. En ég vil rétt aðeins minnast á það nú að þetta frv. mun ekki eingöngu ná að mæta ⅔ hluta þess kostnaðar sem fæðingarorlofsfrv. hefur í för með sér eins og fram kemur í grg. heldur mun það gera meira en mæta þeim kostnaði vegna þess hversu mikið fæðingum hefur fækkað. Þess vegna væri óhætt að lækka þá prósentutölu sem fylgifrv. gerir ráð fyrir að innheimt verði af launum í landinu. Við erum, vegna þess hversu barnsfæðingum hefur fækkað mikið, komin upp fyrir það mark sem þarf til að mæta þeim kostnaði sem fæðingarorlofsfrv. hefur í för með sér. En ég mun gera nánar grein fyrir því frv. á eftir þegar það verður tekið formlega á dagskrá. Ef bæði frumvörpin yrðu að lögum yrði því ekki um neinn aukalegan kostnað fyrir ríkissjóð að ræða.

Einnig hef ég bent á að það fæðingarorlofsfrv. sem hér er til umræðu felur í sér sparnað sé til lengri tíma litið því að ríkissjóður mun örugglega spara sér margar krónurnar á sviði félags- og heilbrigðismála við lengingu fæðingarorlofs. Hér er í reynd verið að leggja til að við fjárfestum í framtíðinni meira en við gerum þegar og veitum auknu fé til aðbúnaðar barna okkar og einnig að við sýnum að við metum nokkurs þann mannlega ávinning sem því fylgir.

Virðulegi forseti. Eins og ljóst má vera er mál þetta mikið réttlætismál fyrir alla foreldra hér á landi. Jafnframt er ljóst að eigi konur í raun og veru að hafa eitthvert val um það hvernig lífi þeirra og störfum er háttað er nauðsynlegt að þær geti átt þess kost að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk sín, þ.e. að samhæfa móður- og fjölskylduhlutverkið og þátttöku í atvinnulífinu, en það gengur konum alla jafna mun verr en körlum vegna þess að meginhluti ábyrgðarinnar á umönnun og umsjón barna hefur hvílt á þeirra herðum.

Í þessu frv. er leitast við að gera einmitt þetta, að

samhæfa þátttöku og mikilvægi kvenna og foreldra allra í atvinnulífinu annars vegar og hið mikilvæga foreldrahlutverk hins vegar. Jafnframt er hér verið að treysta innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkja hana á skeiði sem er bæði mjög þýðingarmikið og viðkvæmt. Það er verið að reyna að tryggja betur en nú er velferð barna á fyrstu æviárum þeirra og það er verið að reyna að gefa feðrum kost á að taka aukinn þátt í umönnun barna sinna. Að síðustu er hér verið að viðurkenna almennt þjóðfélagslegt gildi foreldrahlutverksins og þeirra starfa sem því fylgja þar sem hér er lagt til að allar starfandi konur njóti sama réttar án tillits til atvinnuþátttöku.

Virðulegi forseti. Að síðustu þetta: Þörfum ungabarna og ungbarnaforeldra verður ekki breytt, hvort sem okkur líkar betur eða verr sem hér sitjum, og ef ekki er rúm fyrir þau í þjóðfélagi nútímans verðum við einfaldlega að reyna að breyta þjóðfélaginu til þess að svo megi verða.

Eins og ég gat um áðan í máli mínu er konum sagt að hafa börn sín á brjósti í sex mánuði, en þeim er í raun ekki gert kleift að gera það nema í þrjá mánuði. Konum er sagt að það skipti miklu að hlúa vel að börnum sínum. Og það þarf ekki að segja þeim það. Þær vita það. Það vita allir foreldrar. En þeim er sniðinn þröngur stakkur í þeim efnum. Alls staðar er skorið við nögl, í fæðingarorlofsmálum, í dagvistarmálum, í mati á heimilis- og uppeldisstörfum og í launum kvenna úti á vinnumarkaðnum, og eftir sitja konurnar áhyggjufullar um börn sín og sakbitnar því að margar halda að þetta sé allt þeim að kenna en ekki stjórnvöldum sem eru áhrifavaldar í því að skapa þeim þessar aðstæður, stjórnvöldum sem einum of oft setja þær og börnin aftast í forgangsröðina þegar verið er að skipta því fé sem við eigum sameiginlega. Þessu verðum við að breyta og á þessu verðum við að taka með lagasetningu sem hefur raunveruleg áhrif til bóta. Að mínu viti eru lög um fæðingarorlof ein slík lög og því er þetta frv. hér fram borið.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. og eins og ég gat um í upphafi máls míns áðan vonast ég til að frv. eigi afturkvæmt í þetta skipti úr hv. heilbr.- og trn. í einhverri mynd.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, beindi til mín orðum vegna þess að ég er formaður heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar. Svo var að skilja á hv. þm. að ég hefði sem nefndarformaður jafnvel beitt í mínum störfum ofríki í nefndinni. Nú held ég að svo hafi ekki verið.

Hv. þm. gat um að málið hefði ekki fengið þinglega meðferð á þeim tveimur þingum sem um þetta mál, fæðingarorlofið, hefur verið fjallað, á 106. og 107. löggjafarþingi. Ég held ég þori að fullyrða að sú ákvörðun sem tekin var, raunar í bæði skiptin, að málið kæmi ekki aftur fyrir deildina, hafi ekki verið óþingleg í sjálfu sér. Slíkar ákvarðanir er hægt að taka, enda þótt ekki séu þær bókaðar. Nú ætla ég mér ekki að fara að vitna í samtöl mín við einstaka nm. né heldur að fara að rekja umfjöllun um málið eins og hún gekk fyrir sig á þeim þingum sem um hefur verið rætt og þar sem málið hefur verið til umfjöllunar.

Ég vil segja frá því að þegar þetta mál hefur verið til meðferðar hef ég að sjálfsögðu og e.t.v. fleiri haft samband við fulltrúa ríkisstj. um hvort eitthvað nýtt væri fyrirhugað varðandi fyrirkomulag fæðingarorlofs. Hvað ríkisstj. og fjárútlát varðar í þessu efni held ég að niðurstaðan hafi orðið sú, a.m.k. hvað varðar okkur stjórnarliða, þrátt fyrir að við höfum séð mikla gagnsemi í þeirri aðgerð sem frv. felur í sér, að við höfum ekki treyst okkur til að leggja til að þetta frv. yrði samþykkt óbreytt. — Ég segi óbreytt.

Nú vil ég segja frá því að það hefur verið minn skilningur að hv. flm. kysi jafnvel fremur að málið lægi í nefnd en að það kæmi hér til atkvæðagreiðslu á þeim þingum sem það hefur verið flutt á, það væri fremur vilji hv. flm. að það væri látið kyrrt liggja, ekki einu sinni að hv. flm. kysi að það kæmi hingað með einhverjum breytingum. Nú kann þetta að vera rangt mat.

Hvað varðar aðra nm. en stjórnarliða hafa ekki komið fram á þessum umræddu þingum neinar kröfur um að málið yrði afgreitt úr nefnd. Málsmeðferðin hefur m.ö.o. byggst á formlegu og óformlegu samkomulagi eftir atvikum. Það fullyrði ég.

Nú krafði hv. þm. mig um það sem formann nefndarinnar hvernig ég hygðist haga málsmeðferðinni. Ég skil það svo að hv. þm. ætlaðist til þess að ég lýsti því yfir hver yrði niðurstaða í nefndinni. Mér er lífsins ómögulegt, enda þótt ég sé formaður nefndarinnar, að fullyrða um slíkt á þessu stigi einfaldlega vegna þess að á þessu þingi hefur nefndin ekki fjallað um málið og ofríkið er nú ekki meira en svo að ég fer ekki að tala fyrir munn einstakra nefndarmanna. Ég lofa bæði sjálfum mér, hv. þm. og deildinni allri því að málið fái þinglega meðferð eins og ég tel að það hafi raunar fengið áður. Ég mun standa við það.

Hv. þm. vék að því að heilbr.- og trn. hefði ekki einu sinni sent málið til umsagnar á síðasta þingi. Þetta er laukrétt. Ég held að það hafi komið greinilega fram við umfjöllun málsins í nefndinni að hv. heilbr.- og trygginganefndarmenn eru mjög kunnugir þessu máli. M.a. eru þeir kunnugleikar á frv. byggðir á umsögnum sem áður höfðu borist um frv. Þeir kunnugleikar varða að sjálfsögðu viðhorf almennings til frv. Þau viðhorf eru mjög jákvæð. Það er ekkert launungarmál. Ég hygg að það sé ekkert einsdæmi að mál sem flutt er nokkur þing í röð séu ekki ævinlega send til umsagnar. Það fer eftir atvikum að sjálfsögðu, hversu aldnar umsagnir eru. En í þessu tilviki er það mat nefndarinnar að viðhorf hafi ekki breyst, síður en svo, til viðkomandi frv.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þetta mál. Ég get að sjálfsögðu, og geri, tekið heils hugar undir fjölmargt, kannske flest, í efnislegri umfjöllun hv. þm. um þetta mál, ekki síst mikilvægi þess að móðir geti dvalið sem allra lengst með sínu barni og ekki síst á fyrstu mánuðum æviskeiðs barnsins. Undir þetta tek ég heils hugar.

Varðandi viðhorf verkalýðshreyfingarinnar til þessa máls, þ.e. Alþýðusambands Íslands, er það rétt að Alþýðusambandið mælir með þessu frv. Það hefur komið fram að lenging fæðingarorlofs hafi verið viðruð í samningum. Ég lít svo til með tilliti til reynslunnar að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafi metið aðra ávinninga meira í samningum en fæðingarorlofið. Þeir um það.

Nú megum við ekki gleyma því að þetta frv. gerir ráð

fyrir allverulegum álögum á atvinnurekstrinn, við megum ekki gleyma því, og fram hjá því geta alþm. ekki horft. Ég er ekki þar með að segja að sá aukni kostnaður sé óyfirstíganlegur. Á þessu stigi legg ég ekki mat á það.

En niðurstaðan hefði verið sú af hálfu launasamtakanna í landinu að meta aðra ávinninga meira. Og ég endurtek: Það er í sjálfu sér e.t.v. ekki nauðsynlegt fyrir alþm. að draga einhlítar ályktanir af því.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að fjalla í löngu máli um þetta frv. efnislega. Ég vil að endingu lýsa þeirri skoðun minni, og legg þá ekki mat á tímalengd fæðingarorlofs, að ég teldi eðlilegt að allar konur hefðu sama rétt til fæðingarorlofs.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að fara að svara frekar fyrir þá nefnd, sem ég á þó sæti í, varðandi afgreiðslu þessa frv., ég er þar ekki ráðandi aðili, þó að ég segi það hér og lýsi því yfir að það er mjög gott samstarf í þessari nefnd um fjölmörg mál og unnið af heilindum að afgreiðslu mála. Mér dettur ekki í hug að ásaka hv. formann nefndarinnar Davíð Aðalsteinsson um að hann vilji á nokkurn hátt liggja á málum. Því er ekki þannig varið varðandi þetta. Þetta finnst mér rétt að komi alveg skýrt fram af því að mér skildist á formanni nefndarinnar að hann hafi tekið það svo að það væri verið að ásaka hann um að liggja á þessu ákveðna máli og afgreiðslu þess.

Mér þótti það satt að segja heldur mikið sagt af hv. flm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að segja að hún hafi talað algerlega fyrir daufum eyrum í þessu máli. Ég minnist þess að ég hef held ég í öll skiptin komið hér upp og tekið undir meginmál hennar þó okkur hafi greint á um viss framkvæmdaatriði, framkvæmdaatriði sem hún velti talsvert fyrir sér í þessari framsöguræðu sinni nú og sagði að vissulega væri engin leið einhlít í þessum efnum.

Ég hygg að áherslumunur og skoðanamunur okkar á milli varðandi þessi mál sé ekki ýkja mikill. Ég vil a.m.k. frábiðja mín eyru frá þessum daufu sem hv. þm. talaði um. (Gripið fram í.) Nú, það er gott að það hefur verið misskilningur í því efni.

Hins vegar tók ég það svo að hv. þm. væri að herða á þessu með því að segja nokkrum sinnum í ræðu sinni að nú bæði hún þessa daufheyrandi menn að taka alveg sérstaklega vel eftir því að nú ætlaði hún að upplýsa menn um alveg sérstaklega mikilvæg atriði máli sínu til sönnunar. Ég tók þau rök góð og gild og hef hlustað á þau áður og hef tekið undir mjög veigamikil rök í því efni. Þess vegna var það sem ég tók þetta alveg eins til mín og annarra að við hefðum setið hér daufum eyrum undir ræðum hennar og framsögum áður um þetta mál. En gott er ef svo er ekki.

Ég vil hins vegar minna á það, sem reyndar kom að nokkru leyti fram í máli hv. 5. þm. Vesturl., að við höfum skoðað málið allvel í nefnd. Ég hef viljað skoða sérstaklega þar hvort áfangalausn væri hugsanleg og að þeirri afgreiðslu hef ég lýst mig reiðubúinn að standa. Hins vegar hef ég líka skilið aðstöðu stjórnarsinna í nefndinni, eins og kom fram í máli hv. 5. þm. Vesturl., sem þurfa í raun að fá samþykki sinnar ríkisstj. til þess að málið megi ná fram að ganga með einhverjum þeim hætti, verða samþykkt eða með einhverri áfangalausn. Ég efa sem sagt að það samþykki hafi legið fyrir og veit raunar að svo hefur ekki verið. Þá hefði eðlileg afgreiðsla meiri hl., og það bið ég hv. flm. að athuga, verið sú að vísa málinu til ríkisstj., leggja til við hv. deild að málinu yrði vísað til ríkisstj. Ég segi það alveg eins og er að að slíkri afgreiðslu hefði ég ekki staðið því að svo mikið er traust mitt ekki á hæstv. ríkisstj. Ég hefði talið að það hefði verið að vísa málinu eins og nú standa sakir nokkurn veginn endanlega frá. Mér dettur ekki í hug, og það legg ég einnig áherslu á, ég þekki svo vel mitt samnefndarfólk í hv. heilbr.- og trn., að það hefði lagt til að fella þetta frv. Það er ég alveg sannfærður um. Það hefði enginn lagt það til í þeirri nefnd. Ég hef aldrei heyrt þá rödd að það bæri að fella þetta frv. Það hefur engin rödd í nefndinni heyrst um það eða rödd sem hefur verið andvíg meginsjónarmiði þessa frv. Ég vil hins vegar benda á nú og get ekki stillt mig um það, sérstaklega af því að hæstv. ráðh. er í salnum, að núv. hæstv. ráðh. þessara mála hefur áður sýnt þessum málum sérstakan áhuga og beitt sér m.a. sem hv. þm. fyrir ákveðinni áfangalausn sem ég hef áður greint frá úr þessum ræðustól og öllum hv. þdm. á reyndar að vera kunnugt. Það kann því vel að vera, ég útiloka það alls ekki, að stjórnarliðar í heilbr.- og trn. fái nú önnur og betri boð frá sinni ríkisstj. en áður um afgreiðslu á ákveðinni áfangalausn þessa máls. Þá er skylt að bíða og sjá hvað setur hvað þetta varðar.

Þetta mál er hins vegar margrætt af minni hálfu allt frá því að þáltill. Bjarnfríðar Leósdóttur kom hér fram á Alþingi fyrir nær hálfum öðrum áratug, frá þeirri áfangalausn sem ég minnti á áðan og hæstv. heilbr.- og trmrh. beitti sér hvað mest fyrir, ákveðnar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til þeirra sem ekki nutu neinna bóta, frá tveim áfangalausnum sem ríkisstjórnirnar 1978–1983 beittu sér fyrir og varðandi þetta mál nú sem hér er enn flutt. Ég hef sem sagt svo oft rætt það að ég tel ekki ástæðu til þess að bæta þar miklu við. Ég hef hins vegar oft lýst því yfir og vil ítreka það nú að hér er eitt brýnasta málið í jafnréttisbaráttunni á ferðinni og það félagslega réttlætismál sem við þurfum kannske sem best og skjótast að þoka fram. Þetta er engin ný skoðun frá minni hálfu, en hún er enn meir knýjandi held ég eftir því sem árin líða og kjör fólks fara ævinlega heldur niður á við en hitt í mörgum greinum.

Ég verð hins vegar að segja að þegar menn eru beinlínis á niðurskurðarbuxunum, eins og þessi hæstv. ríkisstj. er, í málaflokkum af þessu tagi að miklu leyti, og allt nýtt þar er vitanlega ekki til í dæminu þó að kannske sóun og bruðl séu nú á öðrum sviðum, þá er ekki við því að búast að veruleg réttarbót fáist á þessu, jafnvel svo sjálfsögðu máli, að jafna og rétta hlut kvenna til fæðingarorlofs. Ég er því ekkert of bjartsýnn á þetta þrátt fyrir mín orð áðan, en ég tel þó skylt að láta á það reyna í heilbr.- og trn. hversu þoka megi þessu máli til réttara horfs, bæði til lengingar og jöfnunar og hækkunar lágmarksgreiðslna þó e.t.v. fyrst og síðast. Ég tel rétt að láta reyna á hversu megi ná fram áfangalausn handa þeim lakast settu og með ákveðinni almennri lengingu. Þetta segi ég, og bið hv. 5. þm. Vesturl. að hlusta sérstaklega af því að menn hafa verið beðnir um að hlusta hér, sakir þess að í Nd. hafa flokksbræður hv. 5. þm. Vesturlands flutt frv. um jöfnun fæðingarorlofs. Það mun hafa verið hv. 5. þm. Vestf. sem var þar ötull flm. og ákafur baráttumaður, það mun vera rétt, ásamt hv. þm. Stefáni Valgeirssyni.

En þeir gerðu það m.a. á síðasta þingi að flytja um þetta sérstakt þingmál, ef mig misminnir ekki því meira, og ég veit að hv. 5. þm. Vesturl. á ekki amalegan hauk í horni í hæstv. ríkisstj. þar sem er hæstv. félmrh. varðandi þetta mál.

Ég veit það að þegar núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. fer að vinna að þessu hugðarefni sínu á hún einhvern skeleggasta liðsmann sem í hefur heyrst hér á Alþingi varðandi fæðingarorlof kvenna þar sem er hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson. Hans síðasta verk, „nota bene" áður en hann fór í kosningar og varð svo ráðherra upp úr því, var að flytja hér frv. og stórfallega framsöguræðu fyrir því sama frv. um jöfnun og lengingu fæðingarorlofs sem ég hlustaði á með mikilli athygli og reyndar hreifst af, svo mikil var málafylgja hans og svo mikil umhyggja. Ég er því alveg öruggur um að ef hv. 5. þm. Vesturl. leitar til þessa flokksbróður síns fær hann þar dyggilegan stuðning af því að ég veit, og eðli málsins samkvæmt er það vissulega rétt, að stjórnarliðar þurfa á því að halda að hæstv. ríkisstj. gangi inn á einhverja áfangalausn í þessu máli. Ég á því von á bandamanni í áfangasigri í þessu efni í nefndinni einmitt í hv. 5. þm. Vesturl. og það er ekkert launungarmál að við höfum rætt um hvort unnt væri að þoka þessu máli fram með þeim hætti. Við höfum rætt oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hvort það væri einhver flötur á því máli að gera þetta og hvort á því væri möguleiki. Og ég þykist vita að eins og á síðustu þingum muni hv. 5. þm. Vesturl. vera allur af vilja gerður að reyna að koma þeirri lausn á.

Efnisleg umræða skal sem sagt ekki verða mikil hér. Það er endurtekning ein, m.a. eins og hv. flm. kom inn á, varðandi form og fyrirkomulag fæðingarorlofsgreiðslna. *Ég hef hér verið með ákveðnar áherslur á að* þær færðust í svipað form og almennar tryggingagreiðslur þar sem jöfnuður sæti í fyrirrúmi. Mánaðatalan ein segir ekki allt heldur upphæðin sem hver kona fær og að þær heildarupphæðir séu sem jafnastar yfir fulla tímalengd. Þá fyrst getum við talað um sama fæðingarorlof fyrir allar konur. Viðbáran getur hins vegar átt rétt á sér á móti gagnvart þeim mikla launamismun sem ríkir, m.a. hjá konum innbyrðis, þó að víðar og harkalegar sé um þann mun að ræða en innbyrðis hjá þeim. Sömuleiðis hlýt ég að taka undir það með hv. flm. að ekki dettur mér í hug að áunnin samningsbundin réttindi verði tekin af konum í þessu efni þar sem eru bæði opinberir starfsmenn og eins bankamenn. Það er vitanlega rétt að einmitt vegna þessa hefur Alþýðusambandið á undanförnum árum lagt á það höfuðáherslu að ná einhverju fram í þessu máli. Sannleikurinn er sá að það er kannske ekki vegna þess að önnur áhersluatriði hafi orðið yfirsterkari, heldur hreinlega að málið sé þannig að það hefur algerlega strandað á viðsemjendum Alþýðusambandsins og hefur ekki verið gefinn kostur á neinni úrlausn til viðbótar við gildandi lögboðnar greiðslur af hálfu þeirra. Ég held að málið sé einfaldlega þannig að öllum málaleitunum Alþýðusambandsins í þessa átt hafi verið þverlega neitað af viðsemjendum þess, en ekki það að *það hafi tekið aðrar áherslur fram yfir og önnur mál* fram yfir.

Ég skal hins vegar játa að hér er auðvitað um grunnatriði kjara að ræða. Við höfum oft rætt það áður, við hv. 11. þm. Reykv., að hér er um að ræða hina almennu kjarabaráttu úti í þjóðfélaginu í samningum og auðvitað þarf að sækja jöfnuð í þessum greiðslum þangað fyrst og síðast, á hinn almenna vettvang kjaramálanna hvar sem er. Ég hef minnt á það æðioft og hef gert það m.a. núna að þetta sé mál áfangasigra í gegnum árin og vissulega er nú langt um liðið, því ber ekki að neita, frá hinum síðasta.

Það er ekki bjart yfir þessum málum enn nema hæstv. heilbr.- og trmrh. varpi einhverjum ljósgeisla inn í deildina áður en þessari umræðu lýkur. En ég endurtek að áfanga þarf að ná. Og þó ég taki undir lokamið þessa frv., réttmæti þess og réttlæti, þ.e. fulla jöfnun, sem ég tel að eigi nú í þessu að felast fyrst og síðast, standa mál svo nú að hver sigur hlýtur að vera dýrmætur og hver áfangi mikilvægur. Að því ber því að vinna og að því hygg ég að ég muni reyna að vinna eftir bestu getu í þeirri nefnd sem ég á sæti í.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég byrja á því að þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að endurflytja þetta frv. og skildi sneiðina til mín varðandi það ákvæði í frv. að hér sé um misjafnar greiðslur að ræða eftir því í hvaða launaflokki það fólk, bæði konur og karlar, er sem mundi fá orlofsgreiðslur í fæðingarorlofi.

Það er grundvallarsjónarmið hjá mér að ríkisvaldið sé til þess að jafna hlut einstaklinga og ég tel jafnmikilvægt að jafna hlut kvenna og karla sem eru á lægri launum. Ég tel jafnmikilvægt að ríkið greiði þessu fólki sömu upphæð fyrir að annast börn sín. Ég get ekki séð að þarna eigi að vera munur á, eigi ríkið að greiða fyrir fólk á hinum almenna vinnumarkaði, hvort sem um aðrar tryggingabætur er að ræða eins og t.d. fyrir fatlaða eða aldraða. Gætum við hugsað okkur að þar væri farið eftir þeim launatöxtum sem þetta fólk hafði áður en það var orðið svo gamalt að það hefði bætur frá ríkinu eða hefði hlotið einhverja fötlun?

Mér finnst það grundvallarmarkmið, eins og ég nefndi áðan, að þarna sé um sömu upphæð að ræða. Ég get ekki séð að ríkið eigi að mismuna körlum og konum. Eins og hv. þm. nefndi er mjög kynbundið launamisrétti hér á landi. Þetta hef ég áður nefnt og nefndi á síðasta þingi ansi háar tölur. Ef ég man rétt nefndi ég að til væru karlmenn sem eru með allt að 150 þús. kr. mánaðarlaun. Hver getur réttlætt að karlmaður fengi jafnvel fyrir einn mánuð það sem konur fengju fyrir sex?

Eins og hv. þm. nefndi áðan vildi hún hafa markið í 100 þús. kr. Fyrir ofan 100 þús. kr. taldi hún ekki réttlætanlegt að fæðingarorlof yrði ef ég hef skilið hana rétt. Hún nefndi þá tölu. (**SDK:** T.d. yfir 100 þús. kr.) Já, hún nefndi 100 þús. kr. Ég vil hafa þetta mark nákvæmlega jafnt fyrir alla, eins og ég hef áður sagt, og ég tel að mun fyrr gætum við náð þeim áfanga að jafna stöðu kvenna, hvort sem þær eru úti á vinnumarkaðnum eða heimavinnandi, með því að setja markið við að allir fái sama í sinn hlut.

Hv. þm. kom einnig að því í sinni ræðu, sem ég skildi reyndar ekki alveg hvað hún átti við með, að meðallaun kvenna væru kringum 24 þús. 655 kr. og þar af leiðandi *mundi hækkun á fæðingarorlofi ekki leiða til heildar*hækkunar. Ég náði þessu reyndar ekki alveg, en þetta er meðaltalið og þá eru einhverjar hærri og aðrar lægri. Þá þyrfti að greiða eftir þeim stiga þannig að lágmarkið yrði aldrei 24 þús. heldur yrði það meðaltalið. Þá fengju

einhverjar konur 14–15–16 þús. og aðrar 35 þús. ef við erum að tala um meðaltal. En hún skýrir þetta kannske örlítið betur þannig að ég nái samhenginu í því um hvað hún var að ræða.

Það hefur verið mikið fjallað um af ræðumönnum á undan mér hvernig meðferð þessa máls hefur verið á undanförnum tveimur þingum. Við höfum rætt það mjög í þeirri nefnd sem þetta hefur haft til meðferðar og einmitt fjallað um hvort væri möguleiki að koma þessu í gegnum þingið með breytingum. En eins og ég hef lýst núna er ég ekki sammála frv. eins og það liggur fyrir, enda höfum við ekki rætt neitt um hvaða breytingar hv. flm. væri tilbúinn að gera á frv. Ég hef alltaf skilið það sem svo að hún vildi fá þessu framgengt, annaðhvort yrði það fellt eða samþykkt í óbreyttri mynd, en það getur verið misskilningur af minni hálfu.

Ég ætla að spyrja um ættleiðandi foreldra eins og kemur fram í frv. Er þar ekki tekið neitt tillit til aldurs þeirra barna sem eru ættleidd? Það getur verið að það komi fram í grg., en það kom ekki fram í ræðu hv. þm. Mér finnst það skipta dálitlu máli hvort barn er ættleitt eins, tveggja eða þriggja ára eða jafnvel eldra eða hvort þar er um ungabarn að ræða því að fyrst og fremst erum við að ræða um umönnun ungabarna.

En eins og áður er ég tilbúin að ræða þetta mál og mundi fagna því mjög ef fengist einhver áfangi til viðbótar því sem nú er og tel það mikilvægasta atriðið að ná fram jöfnuði. Ég tel reyndar að ríkisstj. megi til að taka á þessu máli með tilliti til þess hvað hlutdeild kvenna hefur aukist gífurlega á vinnumarkaðnum og þeirrar staðreyndar að ekki er hægt að framfleyta fjölskyldu á tekjum eins aðila.

Ég tel það enga goðgá að spara eða auka skattheimtu þó að ég ætli ekki við umræður um þetta frv. að ræða hvaða leið hv. þm. vill fara. Ég mundi helst vilja að leitast væri við að spara til að mæta þessum aukna kostnaði því að ég er sannfærð um, og gæti nefnt hér dæmi, að það er hægt að auka sparnað víða í ríkisgeiranum.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það fer auðvitað eftir smekk hvað er áhersluatriði eða áhersluþáttur mestur í því máli sem hér um ræðir hjá hv. flytjanda, en mér finnst að í málflutningi hv. þm. sé meira um að ræða almenna vangaveltu um miðstýringu og ofstjórn sem ég held að gangi svo langt að jafnvel Búlgarar væru stoltir af slíku. Mér finnst ruglað saman æðimörgum þáttum í málinu. Mér finnst það ekki á ljósu hverra hagsmuna er gætt fyrst og fremst. Mér finnst t.d., miðað við það frv. sem hér liggur fyrir, að ef það á að gera mun á greiðslum vegna barnsfæðinga væri í rauninni meiri ástæða til að greiða þeim konum sem hefðu lægri launin hærri bætur en þeim konum sem hefðu hærri laun. Ég met það svo að þær konur og þær fjölskyldur sem hafa hærri laun séu betur í stakk búnar til að taka á móti nýfæddu barni og hafa meira svigrúm til þess sem þarf í þeim efnum en sú kona sem hefur lág laun. Ég rek mig þarna strax á eitt grundvallaratriði sem skiptir miklu máli og stuðlar að ójöfnuði. Það er alveg sama hvað hv. þm. biður þm. að sperra eyrun. Það er ekki hægt að ganga fram hjá slíkum sjónarmiðum.

Spurningin um að gera fólki kleift að eignast börn getur auðvitað verið margslungin og ég ætla ekki að fara sérstaklega út í það í máli hv. flytjanda. Ég vil þó aðeins drepa á að þó að veifað sé undirskriftalistum 4200 einstaklinga finnst mér fiskað í frekar grunnum sjó vegna þess að í flestum sjoppum landsins lágu frammi þessir listar sem fólk var beðið um að skrifa undir. Ég sá þessa lista í þó nokkrum sjoppum á ferðum mínum um landið og þar var fólk beðið að skrifa undir til stuðnings máli númer þetta á Alþingi. Engar skýringar fylgdu þessum listum. Ég spurði nokkra, sem ég horfði á skrifa á þessa lista, hvort þeir vissu hvað lægi á bak við: Nei. Ekkert nema það að konur áttu að fá meiri peninga við að fæða börn. — Það finnst mér ekki heiðarlegt að safna undirskriftum á slíkum forsendum að ganga að fólki og segja: Heyrðu. Skrifa þú undir. Þetta er gott mál.

Þetta er slíkt mál talnalega að þá er maður kominn að því sem skiptir ekki síður máli því að allir eru sammála um að mikil ástæða sé til þess að hlúa að mæðrum og nýfæddum börnum og skapa þeim þann frið og það svigrúm sem æskilegast er á fyrstu mánuðum og árum barnsins. Það er engin spurning um það. Þetta er spurning um kostnaðarþætti og ég vík aðeins að því síðar.

Mér finnst það til vansa fyrir þjóðfélagið að jafna ekki fæðingarorlof og þar sé mismunur á fyrir útivinnandi og heimavinnandi konur, en það er erfitt að skilgreina þar á hvaða forsendum konur eru heimavinnandi og það er ekki víst að slíkt réttlæti endilega að þar þurfi að taka tillit til allra þessara þátta. Samt sem áður er eðlilegast að mínu mati að þarna sé alger jöfnuður.

Frummælandi minntist á að brjóstagjöfin byggðist algerlega á tilfinningasambandi við barn. Þetta er auðvitað rangt. Þetta er hluti af málinu. Það eru margar konur sem mylkja önnur börn og hefur tíðkast lengi á Íslandi án þess að um sérstök tilfinningatengsl sé að ræða. Það verður að horfast í augu við það að brjóst er fyrst og fremst líffæri sem gefur af sér mjólk eftir barnsburð og brjóstið þarf að nýta. Ef enginn er til að drekka mylkir ekki brjóstið. Svo einfalt er málið. Þannig er óþarfi að vera að búa til of mikið tilfinningamál um þetta líffæri sem er ágætt út af fyrir sig og ekkert að því að finna.

Það er einkennilegt líka í málflutningi hv. þm. þegar hann ræðir um að meta störf fyrir uppeldi, að það eigi að meta störf að uppeldismálum á heimili til jafns við störf á almennum vinnumarkaði. Er þá ekki tvískinnungur að bera ekki fram frv. þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að konur sem vinna heima og sinna börnum, ekki bara að sex mánaða aldri, sex ára, tíu ára eða hvað sem er, eigi einnig að búa við sömu aðstæður og konur með nýfædd börn þótt þarna sé munurinn á brjóstagjöf og ekki brjóstagjöf? Mér finnst að það sé tvískinnungur í að benda þá ekki á það. Það hefur verið bent á það, og hefur verið skoðun margra og ég hef látið það koma fram hér, að ástæða sé til að jafna þarna aðstöðu, svo sem með helmingaskiptum hjóna, svo sem með sérstökum auknum frádrætti á skatti fyrir konur sem eru heimavinnandi, og það tel ég góðra gjalda vert, en þarna finnst mér koma fram mismunun sem er alveg full ástæða til að skoða ef horft er til þessa málflutnings þar sem á að taka fullt tillit til launa foreldra, móður og föður.

Kostnaðurinn er þó kannske sá þáttur sem mér finnst furðulegastur í málflutningi hv. frummælanda. Nú er

það að vísu á öðru þskj., en hv. þm. vitnaði í það skjal og gaf upp tölur svo að ég held að ég verði að fjalla um það þótt það sé ekki beinlínis til umræðu enn. Það stendur í grg. með frv. sem þm. vitnaði í, með leyfi forseta:

„Á fjárlögum 1985 er gert ráð fyrir að lífeyristryggingagjald atvinnurekenda nemi 595 millj. kr. og miðað við þá upphæð er hér um að ræða nær 300 millj. kr. tekjuaukningu ríkissjóðs. Nemur þessi tekjuaukning ríflega ⅔ þess kostnaðar sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér."

Þetta þýðir einfaldlega, eins og segir í frv. og grg., að kostnaðaraukinn er 450 millj. kr. eða þar um bil og að auki er miðað við fjárlög 1985 sem þýðir þá að það vantar verðlagsuppfærslu. Miðað við það sem stendur í grg., ég get ekki vitnað í annað, ég hef ekki kynnt mér aðrar tölur, er þarna því um að ræða 600 millj. kr. kostnaðarauka. Ég minnist þess að í ræðu fyrr í hv. deild, líklega í hitteðfyrra, þar sem fjallað var um málið, var um að ræða tölur sem námu nær 2% af fjárlögum ríkisins. Miðað við tæplega 600 millj. kr. nú samkvæmt orðanna hljóðan í þessu frv. er hlutfallið svipað. Það er þetta fyrst og fremst sem menn horfa í einnig fyrir utan ójöfnuðinn sem ég vék að fyrr.

Að sjálfsögðu geta menn verið sammála um mörg atriði í svona frv., en þarna er um útfærsluatriði að ræða. Það eru almenn mannúðarsjónarmið sem koma fram og menn eru sammála um, en þá greinir á um í fyrsta lagi hvernig eigi að skipta greiðslum. Ég er algerlega andvígur slíku. Ég tel að þar eigi að vera ein tala á bak við. Á hinn bóginn er þarna um að ræða slíkar fjárhæðir í heild að það verður að vera lag til að ganga til slíkra mála og samþykkja þau.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka öllum þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og þakka einnig þær umræður sem hér hafa orðið og mér finnst fara batnandi með hverju árinu sem líður. Ef til vill er það vegna þess að við hér á hv. Alþingi fjöllum um svo mörg mál og þurfum að leita svo víða að því oftar sem við getum fjallað um sama málið, því betri aðstæður höfum við til að kynna okkur það.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, formaður heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar, kom upp og svaraði þeim fsp. sem ég beindi til hans og ég þakka honum kærlega fyrir að hafa brugðist skjótt og vel við beiðni minni.

Þm. taldi að ég hefði ásakað hann um að beita ofríki í nefndinni. En það lá alls ekki í orðum mínum. Ég var ekki að ásaka formanninn eða nefndarmenn um eitt eða neitt. Ég spurði einfaldlega hvort við því væri að búast að frv. fengi þá meðferð, sem er venjulega hér í þingsölum kölluð „þingleg meðferð", þá meðferð að það yrði afgreitt úr nefndinni. Þar sem mér fannst ekki eðlilegt að spyrja alla nefndarmenn hlaut ég að spyrja oddvitann, hv. formann, þótt kannske hafi verið svolítið erfitt að vera formaður þessarar nefndar einmitt í dag.

Það eru engar ásakanir á hendur formanni nefndarinnar að þessu leytinu til. Mér þótti samt heldur einkennilegt að hann setti hér fram þá fullyrðingu, ef ég hef tekið rétt eftir, að það væri ekki óþinglegt að mál komi ekki aftur til deildar. Það væri óskandi að menn mér þingreyndari og fróðari um þingsköp hefðu eitthvað um þetta mál að segja, en minn skilningur á þingsköpum er sá að ef flm. óskar eftir því að mál sé afgreitt úr nefnd séu það þingleg vinnubrögð að afgreiða málið úr nefndinni.

Ég vil líka taka það fram út af því sem fram kom í orðum hv. formanns nefndarinnar og í orðum annarra nefndarmanna, að þeirra skilningur hafi verið sá að ég hafi ekki viljað neinar breytingar á þessu máli eða jafnvel að ég hefði viljað láta það kyrrt liggja í nefndinni, að þetta er ekki rétt. Og mér er í rauninni óskiljanlegt hvernig þessi skilningur er upp kominn. Á síðasta þingi tjáði ég hins vegar hv. formanni nefndarinnar að mér þætti eðlilegt að nefndin tæki sjálf afstöðu til breytinga á frv. og ég mundi síðan taka afstöðu til þeirra breytinga þegar frv. kæmi aftur til deildar. Ég á ekki sæti í hv. heilbr.- og trn. og mér fannst eðlilegast að nefndin ynni þetta á þinglegan máta, skilaði frá sér sínum tillögum og ég mundi síðan taka afstöðu til þeirra.

Og ég endurtek það, sem ég hef sagt hér á umliðnum tveimur þingum en man ekki hvort kom fram í máli mínu áðan, að allar úrbætur í þessum efnum skipta máli. Auðvitað vildi ég helst að frv. væri samþykkt óbreytt. Annað væri líka óeðlilegt. Ég veit ekki betur en að þegar menn bera fram frv. hér vilji þeir hafa málin eins og lagt er til í frv. Allar réttarbætur á þessum sviðum eru til bóta þótt mér detti ekki í hug að neita því að auðvitað vildi ég helst hafa þetta eins og það er í frv. og mun áfram berjast fyrir því.

Hv. formaður vísaði til ríkisstj. varðandi framgang þessa máls í nefndinni og það kom reyndar fram í máli hv. þm. Helga Seljans líka. Ég veit það vitaskuld fullvel að þetta mál er ríkisstjórnarmál ef svo má segja. Það er sennilega ekki á færi annarra en ráðherra að taka afstöðu til þessa frv., hvort þessi mál eigi að vera á þann veg sem hér er lagt til eða á einhvern annan veg.

Nú er miður að hæstv. heilbr.- og trmrh. er horfinn úr salnum, en hefði þess verið kostur hefði mér þótt vænt um að heyra hver hennar sjónarmið eru í þessu máli. Við vitum hver sjónarmið hæstv. núv. félmrh. eru, eins og hv. þm. Helgi Seljan kom að, en ef hæstv. heilbr.- og trmrh. er viðlátinn þætti mér vænt um að fá að heyra hennar sjónarmið. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. tjáði mér rétt fyrir kl. 3.30 að hún væri nauðbeygð til að fara vegna þess að hún átti að hitta aðila annars staðar en hér í þinghúsinu, en hún óskaði jafnframt eftir því, ef ástæða væri til, að umræðum um þetta mál yrði frestað svo að hún hefði tækifæri til þess að taka þátt í þeim á næsta fundi. En hún gat ekki verið hér lengur í dag. Þess vegna, ef flm. óskar eftir því, er ekkert því til fyrirstöðu að fresta umræðunni eftir að flm. hefur lokið sínu máli, enda ekki fleiri á mælendaskrá, og taka málið upp aftur á næsta fundi.)

Virðulegi forseti. Nú háttar svo til að ég mun hverfa af þingi í tvær vikur frá og með byrjun næstu viku þannig að það er óhægt um vik að fresta málinu, en mér dettur í hug sú lausn að við frestum fylgifrv. og tökum það þá fyrir þegar ég kem aftur til starfa að tveimur vikum liðnum. Þá gæti ráðherra e.t.v. tekið þátt í umræðum um það mál. (**Forseti:** Ef hv. þm. leggur áherslu á að ráðherra taki þátt í umræðu um málið nú við 1. umr. er ein leið að gera það með þessum hætti eða vísa því til nefndar og taka þráðinn upp við 2. umr. Það er ekkert því til fyrirstöðu að hafa þann hátt á að afgreiða þetta mál, en fresta þá hinu.)

Ég þakka forseta fyrir. Ég kýs að afgreiða þetta mál þannig að nefndin geti strax hafist handa við að vinna að málinu og mun fara þess á leit við forseta að fresta 4. dagskrármálinu, ef ég man töluna rétt. (**EgJ:** Byrja á morgun.) Þá er ekkert því til fyrirstöðu að hv. heilbr.- og trn. geti byrjað á morgun að vinna að þessu frv. eins og hv. þm. segir, heyri ég.

Ég vil einnig þakka formanni hv. heilbr.- og trn. fyrir að taka undir kannske allt, eins og hann sagði, sem ég hafði efnislega sagt í framsöguræðu minni áðan. Þetta þykir mér skörulega mælt af formanni nefndarinnar og vonast ég til að það skili sér í afgreiðslu nefndarinnar á þessu máli og á ekki von á öðru heldur ef hv. formaður nefndarinnar fær að ráða.

Hann gerði það að sínum lokaorðum hér að allar konur ættu að hafa sama rétt til fæðingarorlofs og þetta atriði gekk eins og rauður þráður í gegnum mál þeirra sem hér tóku til máls. Það er alveg ljóst að þeir sem hér hafa tekið til máls hafa ekki allir sama skilning á því hvað er jafn réttur. Ég tel mig vera að tryggja jafnan rétt kvenna í þessu frv. á þann veg að allar konur hafi rétt á því að halda óskertum launum, þær hafi allar þann sama rétt að halda sínum launum óskertum og þær sem engin laun hafa eða lítil laun hækki upp við töku fæðingarorlofs. Ég geri ráð fyrir að það sé ekki það sem hv. formaður nefndarinnar var að hugsa um heldur að allar konur fengju sömu upphæð í fæðingarorlofsgreiðslu. Þetta kom reyndar fram í máli annarra sem hér töluðu líka og þá langar mig til, þó að liðið sé á fundartímann, að beina því til hv. þm. sem hér hafa talað, hvort þeim finnist þá öllum að allar konur eigi að hafa sömu laun fyrir vinnu sína hvar sem þær eru og hvað sem þær starfa í þjóðfélaginu og ef allar konur eigi að hafa sömu laun fyrir sína vinnu hvort þeim finnist þá að allir karlar eigi að hafa sömu laun og að karlar og konur eigi að hafa sömu laun þannig að allir hafi sömu laun fyrir sína vinnu. (**Gripið fram í:** Í Búlgaríu.) Það er ekki gert ráð fyrir því í þessu fæðingarorlofsfrv., en mér heyrðist hv. þm. Árni Johnsen einmitt vera á þessari Búlgaríulínu áðan. Ég hefði mjög gaman af að heyra hvort þetta er réttur skilningur hjá mér. Þetta á reyndar líka við þá fulltrúa Framsfl., BJ og Alþb. sem hér hafa talað. Má það kannske til mestra tíðinda telja við þessa umræðu um þetta frv. að meiri hluti þeirra þm. sem eiga sæti í hv. deild aðhyllast grundvallarjafnaðarmennsku þvílíka að telja að öll laun í þjóðfélaginu eigi að vera ein og söm. Þetta er dálítið merkileg niðurstaða ef rétt reynist þótt hún komi fram við umræðu um mál sem er ekki beint launamál vegna þess að í fæðingarorlofsfrv. stunda menn ekki samningaviðræður og breyta ekki launaskölum þjóðfélagsins.

Hv. þm. Helgi Seljan taldi að ég hefði sagt að ég hefði talað fyrir daufum eyrum fram að þessu. Það sagði ég ekki. Ég sagði að ef málið fengist ekki afgreitt úr nefndinni í þetta sinn fyndist mér eins og ég talaði fyrir daufum eyrum. Þegar ég bað menn að hlusta vel með jöfnu millibili átti ég reyndar ekkert sérstaklega við hv. þm. Helga Seljan heldur ýmsa aðra sem hér hafa stundum geystst í ræðustól með stór orð um ýmislegt án þess að hafa lesið frv. vel eða hlustað grannt eftir því sem ég hef verið að segja.

Hins vegar vil ég þakka hv. þm. Helga Seljan góð orð og þykist vita að hann láti ekki sitt eftir liggja frekar en fyrri daginn að vinna ötullega að þessu máli í nefnd.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir taldi það sitt grundvallarsjónarmið í þessu máli að það ætti að vera hlutverk ríkisvaldsins að jafna hlut einstaklinganna, eins og ég hef skrifað niður eftir henni. Það gildir það sama um þetta atriði og ég sagði þar um áðan. Ég get tekið undir þetta sjónarmið, en það er alveg greinilegt að ekki er sami skilningur á því hjá þeim þm. sem hér hafa tekið til máls hvaða rétt er verið að jafna. Minn skilningur er sá að rétturinn sé jafnastur þegar við tryggjum að konur skerðist ekki í launum við að taka fæðingarorlof og að þær sem lítil og lægstu launin hafa fái a.m.k. þau 25 þús. sem Tryggingastofnun ríkisins tjáði mér að væru nokkurn veginn meðallaun kvenna á barneignaraldri. (Gripið fram í.) Ég kem að því rétt á eftir.

Það var örlítill misskilningur hjá hv. þm. varðandi það hvar þakið ætti að vera. Ég tók einfaldlega dæmi og sagði að mér fyndist óréttlátt að Tryggingastofnun ríkisins greiddi út kannske yfir 100 þús. kr. í fæðingarorlofsgreiðslu á mánuði til einhvers, sama hvort um karl eða konu væri að ræða, en það þýðir ekki að ég hafi sagt að þakið ætti að vera þar frekar en einhvers staðar annars staðar.

Upplýsingar Tryggingastofnunar ríkisins um að meðallaun kvenna á barneignaraldri væru í kringum 25 þús. kr. komu mér mjög á óvart. Ég hef það einfaldlega eftir mínum reikningsmeisturum þar að dæmið líti svona út, að það skipti ekki máli hvort við allar fáum þessa lágmarksupphæð eða hvort konur haldi sínum launum. Ég bið hv. þm. að athuga það að opinberir starfsmenn halda nú þegar launum sínum óskertum í fæðingarorlofi. Þær konur sem fengju að halda launum sínum óskertum með tilkomu þessa frv. eru flestar í ASÍ og við vitum að í ASÍ er launaskalinn hvað lægstur. Þar er sennilega skýringin á því að kostnaður vegna frv. verður ekki tiltakanlega meiri, ekki svo að máli skipti að mati Tryggingastofnunar ríkisins, þ.e. hvort sem við greiðum þessi 24 þús. út til allra eða hvort við einfaldlega setjum þá meginreglu að konur haldi óskertum launum. (Gripið fram í.) Jú, lágmarkið er 25 þús. Jú, jú, alls ekki niður fyrir þessi 25 þús. Það er gert ráð fyrir því í frv. að afnema skerðingarákvæðin. Þetta er eftir að þau hafa verið afnumin þannig að það eru 26 millj. sem bætast við aukalega. Það þykir mér vera líklegasta skýringin á að þetta skuli vera svona.

Hv. þm. spurði einnig um ættleiðandi foreldri. Ég verð að segja eins og er að þetta ákvæði er eins orðað og það sem er í núgildandi lögum og mér er ekki kunnugt um hvernig það hefur verið notað í framkvæmd, hvort það hafa verið sett ákveðin aldursmörk hvað varðar börnin sem ættleidd eru. Ég vil láta það koma fram hér sem mína skoðun að ég held að aldur barnsins sé ekkert aðalatriði því að ef barnið er komið á legg er þetta líka erfiður tími fyrir foreldrana og barnið sem verða að kynnast og læra að búa saman. Ég held því að það sama eigi að gilda hvort sem börnin eru komin nokkuð á legg eða ekki.

Hv. þm. Árni Johnsen sagði hér nokkur orð og ef ég hef skilið þm. rétt setti hann fram þá hugmynd að eðlilegast væri, til þess að ná fullum jöfnuði í þessum málum, að snúa dæminu við, þ.e. að tekjuhæstu foreldrarnir minnkuðu nokkuð við sig í tekjum þegar þeir tækju fæðingarorlof af því að þeir gætu frekar minnkað við sig en aðrir og þeir tekjulægri tækju þá hærri laun. Þetta er kannske alveg prýðishugmynd.

E.t.v. ættum við að taka þetta upp á vinnumarkaðnum og hafa það þannig að menn skiptust á launum nokkuð reglulega. Þeir sem hafa lág laun eitt árið hafa þá háu launin næsta árið og öfugt. Ef þetta er réttur skilningur á hugmynd þm. finnst mér þetta ekki svo galið og ég mundi styðja frv. þessa efnis ef þm. bæri það fram á þingi.

Hvað varðar undirskriftirnar þá hafði þm. eitthvað um það að segja hvernig undirskriftunum hefði verið safnað. Ég get í raun og veru ekki skorið neitt úr um það vegna þess að ég stóð ekki að þessum undirskriftum. Það eina sem ég veit er að það voru konur austur á fjörðum sem tóku það upp hjá sjálfum sér að safna undirskriftum undir þetta frv. og síðan færðist þessi undirskriftaralda norður í land og kom þaðan hingað suður. (Gripið fram í.) Þetta er það eina sem ég veit um þessar undirskriftir og ég þori ekki að segja neitt af eða á um það hvernig nákvæmlega var að þeim staðið.

Þm. talaði um tvískinnung í því sambandi að vilja greiða heimavinnandi konum fæðingarorlof án þess að vilja greiða þeim sömu upphæð fyrir það að annast um börn sín þangað til þau eru komin af höndum og vaxin úr grasi. Ég væri því afskaplega fegin og mjög glöð ef fæðingarorlofsgreiðslur til heimavinnandi kvenna væru greiddar út t.a.m. í 3–4 ár og ekki bara til heimavinnandi kvenna heldur til allra kvenna þannig að konur fengju í raun og veru laun fyrir að ala upp börn. Það hef ég oft orðað í þessum ræðustól og við mörg tækifæri á hv. Alþingi. Ef hv. þm. vantar stuðningsmann í því efni stendur einn hér.

Síðan er það varðandi fylgifrv. og tölurnar sem þar eru. Þessi frv. bæði, fæðingarorlofsfrv. og fylgifrv., komu fram í desember. Það var áður en tölur fyrir árið 1985 lágu fyrir, áður en Tryggingastofnun ríkisins gat gert grein fyrir því hversu margar konur hefðu fengið fæðingarorlof og hversu há upphæð það hefði verið sem Tryggingastofnun greiddi út. Mér var því sá kostur einn fyrir hendi, þegar ég lagði fram frv., að miða við að ástandið væri óbreytt milli ára. Hins vegar kemur það á daginn þegar árið 1985 er gert upp að fæðingum hefur fækkað töluvert og þar af leiðandi hefur kostnaður vegna fæðingarorlofs lækkað, sem þýðir hvað fylgifrv. varðar, að upphæðin sem þar er lögð til að verði tekin inn með gjöldum á laun, þær 300 millj. sem þar er um að ræða, gera meira en að mæta þeim kostnaði sem ég hélt að lenging fæðingarorlofs hefði í för með sér. Vegna þess hversu miklu færri börn fæðast núna en árið á undan er fæðingarorlofið orðið ódýrara sem því nemur. Þess vegna mæta þessar 300 millj. meira en ⅔ hlutum þess kostnaðar sem frv. hefur í för með sér, en þær mæta náttúrlega ekki öllum þeim kostnaði sem ríkið mundi hafa af fæðingarorlofinu. Ríkið ber nú þegar, miðað við tölur síðasta árs, 195,5 millj. kostnað vegna fæðingarorlofs. 250 millj. mundu bætast við vegna frv. Þá eru þetta orðnar nærri 450 millj. Þær 300 millj. sem fylgifrv. halar inn duga því meira en fyrir þeim 250 millj. kostnaðarauka sem fæðingarorlofsfrv. hefur í för með sér. Eftir standa náttúrlega þær skuldbindingar sem ríkið hefur þegar.

Þá vona ég að þetta sé skýrt og ég þakka aftur þeim þm. sem hér tóku til máls og vona að þetta frv. nái því að koma aftur til 2. umr. og atkvæðagreiðslu áður en þingi lýkur.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Mér fannst hlýlegt af hv. málflytjanda að hafa orð á því að hv. deildarþm. væru nú farnir að venjast máli hennar í þessum þætti svo sem eins og þegar börn eru vanin á brjóst. Það má venja menn á ýmislegt.

Á hinn bóginn vil ég víkja að örfáum atriðum. Þm. spurði um skoðun á launum til fólks fyrir vinnu. Ég vil undirstrika að við erum hérna að fjalla um sérstakt mál og ég met það svo að það sé í rauninni hægt að tala um jafna fæðingarorlofsgreiðslu vegna þess að það er nær því sama vinna fyrir allar konur að eiga börn. Það er hægt að gera þar samanburð á annan hátt en menn geta gert á hinum almenna vinnumarkaði. Við erum að tala þarna um ákveðinn verknað, ákveðna athöfn sem er nokkurn veginn hægt að meta til jafns milli kvenna og karla.

Það kom líka fram hjá hv. þm. að kannske væri ástæða til að breyta hlutfallsgreiðslum. Ég vil aðeins undirstrika það sem ég vakti athygli á. Ég sagði að það væri mitt sjónarmið að ef það ætti ekki að vera jöfn greiðsla væri meiri ástæða til að greiða lægra launuðum konum hærra fæðingarorlof en hinum. En ég lét það líka koma skýrt fram að ég teldi að þarna ætti að vera jöfn greiðsla. (**SDK:** Hvað með launin í þjóðfélaginu almennt?) Ég er ekkert að svara um launin í þjóðfélaginu. Við erum að tala hérna um ákveðinn styrk, fæðingarstyrk, það má kalla það laun eða styrk eða hvað sem er, fyrir sömu vinnu.

En það var annað atriði sem mér fannst furðulegra að þm. skyldi ekki svara því að það stendur út af í kostnaði. Það munar hvorki meira né minna en nær 350 millj. kr. á málflutningi hv. þm. og þeim tölum sem koma fram í þeirri grg. sem hér er vitnað í. Það er sagt að 300 millj. séu tekjuauki en jafnframt nemi sú upphæð um ⅔ af kostnaðarauka vegna frv. Það þýðir að kostnaðaraukinn er 450 millj. Þá eru eftir verðuppbækkanir sem eru rúmar 100 millj. kr. Þarna munar nú hvorki meira né minna en tölu sem á fjárlögum er veitt til allra framkvæmdaliða ríkissjóðs, til allra sjúkrahúsa landsins, allra skóla, allra hafna, allra flugvalla og allra dagvistarstofnana. Þetta stendur svart á hvítu. Ég las þess vegna hér úr grg. frv. Þarna þarf að fá haldbetri skýringar. Það er nokkuð laust í reipunum þegar munar 350 millj. kr. eða þar um bil út frá grunntölu sem er 250.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal vera mjög stuttorð því að klukkan er rétt að verða fjögur. (**Forseti:** Það er ein mínúta til stefnu.) Já, ein mínúta.

Hv. flm. varpaði fram þeirri spurningu varðandi sjónarmið mitt um hlutverk ríkisins hvort ég teldi að í þjóðfélaginu ættu að vera sömu laun burtséð frá því hvað fólk gerir. Mitt sjónarmið er það fyrst og fremst að fólk eigi að hafa sömu laun fyrir sömu vinnu. Ég álít umönnun barns, alveg sama hvaða kona á í hlut, vera nákvæmlega það sama hvar sem konan er í launaflokki.

Um launastefnu og kjaramál er ekki hlutverk okkar alþm. að fjalla. Það eiga sem betur fer að gilda frjálsir samningar í þessu landi. En tvímælalaust mætti jafna launamun hér á landi. Það hefur komið glöggt í ljós á mörgum undanförnum árum. Ekki er á okkar valdi að ráða slíku. En þar sem ríkið á í hlut á ríkið að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir og ég skal reyna að vera mjög snögg.

Það er varðandi fjárhagshliðina. Kostnaðarauki vegna frv. er 250 millj. kr. Fylgifrv. geri ég ráð fyrir að nái inn 300 millj. kr. Þar af leiðandi aflar fylgifrv. meira fjár en þarf til þess að standa straum af kostnaði vegna fæðingarorlofsfrv. Eftir standa þær 200 millj. sem ríkið er þegar skuldbundið til að greiða í fæðingarorlof þannig að þar eru aðrar 200 millj.

Hvað varðar launamuninn og þær spurningar, sem ég beindi til þm. hér áðan, þ.e. hvort það væri þeirra stefna að laun ættu að vera jöfn í þjóðfélaginu rétt eins og í fæðingarorlofsgreiðslum, þá báru svörin keim af undanfærslum.

Annars vegar sagði hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir: Við eigum ekki að ræða um laun hér á Alþingi. Það er rætt og samið um þau annars staðar. En hún tók það fram að hún vildi jafna launamun á milli fólks. Þar er ég henni innilega sammála. Hv. þm. Árni Johnsen taldi að þetta væru ekki laun heldur styrkir.

Mér finnst, og vil láta það verða mín lokaorð í þessari umræðu, að það jöfnunarsjónarmið sem fram hefur komið í máli hv. þm. varðandi þetta fæðingarorlof — ég tek fram að minn skilningur á jöfnuði og jöfnum rétti allra til að halda sínum launum er líka jöfnunarskilningur — en að sá jöfnunarskilningur, sem fram hefur komið í máli þm., er svolítið á þá leið að sumir séu jafnari en aðrir. Konur skulu allar standa hníjafnar þegar þær fæða börn en ekki ella og ekki heldur aðrir launþegar úti á vinnumarkaðnum.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarráð Íslands, stjfrv. 196. mál (þskj. 277). — Frh. 1. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hafði fyrr við þessa umræðu gert grein fyrir meginviðhorfum til þessa frv. til laga um Stjórnarráð Íslands og bent á að frv. þetta er með ólíkindum rýrt hvað efni snertir þar sem þar er nær eingöngu tekið á tveimur efnisþáttum sem til nýmæla heyra, þ.e. varðandi ráðherraritara og ráðningartíma starfsmanna stjórnarráðsins. Er þó margt í þoku varðandi sérstaklega hið fyrrnefnda atriði, stöðu ráðherraritara.

Ég ætla ekki að gera það hér frekar að umtalsefni. En vegna umræðna, sem hér fóru fram, og atriða, sem fram komu m.a. í máli hæstv. forsrh., vil ég drepa hér á svolítið til viðbótar. Gert er ráð fyrir því skv. 7. gr. í þessu frv. að sett verði reglugerð um stjórnarmálefni sem falli undir ráðuneyti. Í 4. gr. er hins vegar kveðið á um hver þessi ráðuneyti skulu vera.

Ég vil inna hæstv. forsrh. eftir því hvert svigrúm hann telji að sé skv. þessari 7. gr. varðandi stjórnarmálefni og hvort hann hafi þar ákveðna þætti í huga sem færðir skuli vera á milli ráðuneyta þeirra sem nú eru. En varðandi heiti ráðuneyta er engar breytingar að finna skv. 4. gr.

Þá er í 9. gr. gert ráð fyrir því að skrifstofustjórar stjórni skrifstofum og deildarstjórar starfsdeildum ráðuneyta. Í athugasemd með þessari grein kemur fram að gert sé ráð fyrir heimild til að skipta ráðuneyti upp í skrifstofur og því einungis að um slíkar skrifstofur, fleiri en eina, sé að ræða innan ráðuneytis komi til skipunar skrifstofustjóra. Sé ráðuneyti ekki skipt upp í skrifstofur verði enginn skrifstofustjóri ráðinn. Það kemur skýrt fram í athugasemdum með 9. gr.

Ég vil inna hæstv. forsrh. eftir því hvað valdi þessari nokkuð sérstæðu skipan sem þarna virðist hugmyndin að taka upp, að fara að búa til embætti fleiri en eins skrifstofustjóra innan ráðuneytis, skipta því þannig upp með ákvæðum í reglugerð, en hins vegar að gera alls ekki ráð fyrir neinum skrifstofustjóra ef ekki er um slíka deilingu innan ráðuneytis að ræða.

Mér sýnist að þarna gæti ekki ósvipaðs tvískinnungs og kemur fram í sambandi við stöðu ráðuneytisstjóranna og ég vakti athygli á með tilliti til verksviðs ráðherraritara, breytingu á stöðu núverandi aðstoðarmanna ráðherra. Mér er nokkuð til efs að þessi nýbreytni skv. 9. gr., að skipta ráðuneyti upp í fleiri en eina skrifstofu og síðan í deildir, sé nauðsynleg eða horfi sérstaklega til bóta.

Það væri æskilegt að hæstv. forsrh. greindi okkur frá ástæðum fyrir því að gert er ráð fyrir þessu. Eru það kannske gerðir fyrrverandi hæstv. menntmrh. sem tók upp þá nýbreytni, ég hygg fyrstur ráðherra í Stjórnarráði Íslands, að skipa fleiri en einn skrifstofustjóra í ráðuneyti sínu? Þær aðgerðir þess hæstv. ráðh. urðu tilefni sérstakra umræðna hér á þingi eftir að fleiri en einn skrifstofustjóri hafði verðið skipaður í menntmrn. Þetta eru atriði sem mér finnst æskilegt að séu nánar skýrð hér við 1. umræðu.

Ég innti hæstv. félmrh. eftir viðhorfum í sambandi við umhverfisráðuneyti og hvað liði undirbúningi löggjafar um umhverfismál. Ég sá að hæstv. ráðh. var kominn hér í þinghúsið við upphaf fundar. Væri æskilegt að hann vildi greina okkur frá stöðu mála að þessu leyti ef hæstv. félmrh. er hér í þinghúsinu. (**Forseti:** Vegna ummæla hv. þm. skal fram tekið að félmrh. mun hafa orðið að bregða sér af þingfundi til annarra starfa.) Nú, ég mun út af fyrir sig ekki gera kröfu til þess að málinu verði frestað af þeim sökum einum en vænti þess að þetta mál verði upplýst við fyrstu hentugleika af hæstv. félmrh.

Ég vek athygli á því enn frekar en orðið er hversu óburðugt þetta frv. er nánast að öllu leyti. Grg. með þessu frv. er afar rýr, það er ekki haft fyrir því að draga upp mynd af stjórnarráðinu og skipulagi innan þess og hvaða atriði það eru í stjórnarráðinu nú sem hafi komið til álita að breyta. Ekki er að finna neitt slíkt yfirlit. Hefði það vissulega verið æskilegt bæði fyrir hv. þingdeild og þá nefnd sem á að taka við þessu máli.

Ég vek líka athygli á því að ekki er rætt neitt í þessu frv. eða grg. með því um hvaða kröfur sé eðlilegt að gera til starfsmanna í Stjórnarráði Íslands. Einungis er fjallað um ráðningartíma sem er afar teygjanlegur, eða

frá sex og upp í átján ár innan sama ráðuneytis skv. ákvæðum 10. gr. En ekkert er fjallað um hvaða faglegar kröfur séu gerðar til starfsmanna í stjórnarráðinu.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, sem er stórt mál og ég hafði raunar ætlað mér að taka upp hér fyrr við umræðuna, þ.e. það ákvæði í 1. gr. að stjórnarráðið hefur aðsetur í Reykjavík og að ekkert er að finna í þessu frv. um dreifingu stjórnsýslunnar út fyrir höfuðstað landsins. Nú hefur það verið mikið á dagskrá og mikið í umræðu að flytja einstaka þætti stjórnsýslunnar, einstaka þætti ríkiskerfisins út í landshlutana og taka á þeim verkefnum sem þar eiga heima í reynd innan hinna einstöku svæða. Ég hef m.a. flutt um þetta till. á yfirstandandi þingi og fleiri þm. hafa lagt fram till. um tilfærslu stofnana í ríkiskerfinu út á land.

Ég hefði talið eðlilegt að einmitt í sambandi við þetta frv. um Stjórnarráð Íslands og undirbúning þess hefði ríkisstj. markað einhverja stefnu að þessu leyti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að sú þingnefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, taki á þessu atriði og fjalli um það hvort ekki sé eðlilegt að reyna nú að gera atrennu að því sem mikið hefur verið um rætt og till. liggja fyrir um frá mörgum þm. og reyndar stjórnskipuðum nefndum, um valddreifingu á verkefnum ríkiskerfisins og þar á meðal þátta sem nú heyra undir stjórnarráðið. Það er líka spurning um dreifingu á valdi innan ráðuneytanna sjálfra, t.d. varðandi fjárhagsmálefni og það mikla vald sem fjmrn. hefur í sambandi við fjármál.

Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. taldi það eitt af því sem færa mætti til tekna þessu frv. að með því væri fjárhagslegt sjálfstæði ráðuneyta aukið frá því sem nú er. Ég held að þetta sé eingöngu skrautfjöður. En þar er væntanlega átt við ákvæði 6. gr. laganna þar sem segir:

„Í hverju ráðuneyti skal sérstakri starfsdeild eða starfsmanni falið að búa fjárlagatillögur ráðuneytisins og stofnana þess í hendur fjmrn., annast eftirlit með fjárreiðum og vinna að hagræðingu í rekstri."

Ég veit ekki betur en það séu allar heimildir til að framkvæma þetta innan ráðuneyta að gildandi lögum og í sumum ráðuneytum a.m.k. — það þekki ég frá iðnrn. — hafa verkefni af þessu tagi verið í höndum tiltekinna starfsmanna ráðuneytis. Ég sé ekki að hvaða leyti valdsvið fjmrn. er skert frá því sem verið hefur með þessu ákvæði og væri æskilegt ef hæstv. forsrh. fyndi rök fyrir þeirri staðhæfingu sinni að hér sé um að ræða aukið fjárhagslegt sjálfstæði ráðuneyta með ákvæðum þessarar greinar.

Ég vænti þess líka að hæstv. forsrh. segi okkur frá því hvort hann telji ekki réttmætt að taka upp spurninguna um dreifingu stjórnsýslunnar í tengslum við meðferð þessa frv. sem er svo rýrt í roðinu að ég tel þörf á því að það verði alveg unnið upp á nýtt af þeirri þingnefnd sem fær þetta til meðferðar. Það er nánast engin bót að þessari ónefnu sem hér liggur fyrir þinginu sem stjfrv. Full ástæða er því til að taka á þessu máli frá grunni. Ég hygg að þingflokkar stjórnarandstöðunnar hefðu ekki á móti því — það gildir a.m.k. um Alþb. — að leggja í það vinnu og gera tillögur um róttækar breytingar með allt öðru formerki en fram kemur í þessu frv. sem hefur sáralítil sem engin nýmæli að geyma. Vil ég þó út af fyrir sig ekki fordæma allt sem fram kemur í efni þess og hefð hefur skapast fyrir frá því að lög voru sett um stjórnarráðið síðast 1969.

Þetta vildi ég, herra forseti, að fram kæmi hér fyrir lok umræðunnar og ég vænti þess að hæstv. forsrh. geti skýrt nánar þau atriði sem ég hef óskað eftir skýringum á.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. hefur endurtekið það æði oft nú í tvo daga að þetta frv. hafi engin eða sáralítil nýmæli að geyma. Ég held að það sé ekki rétt hjá honum. Ég held að þau atriði, sem ég hef vakið athygli á, séu töluvert mikilvæg — ég vil láta það koma fram einu sinni enn — eins og t.d. um aðstoðarmenn ráðherra núverandi og æviráðningu.

Af því að hv. þm. nefndi sérstaklega fjárhagslegt sjálfstæði ráðuneyta þá hef ég a. m. k. þann tíma, sem ég hef verið ráðherra, oft fundið fyrir því að fjmrn. telur sig nánast þurfa að stjórna daglegri ráðstöfun þess fjármagns sem Alþingi hefur ákveðið til ákveðinna málaflokka sem falla undir fagráðuneyti. Það kann að vera að þetta sé einstæð reynsla mín, þó hygg ég að svo sé ekki.

Hugmyndin með þessu er sú að eftir að ákveðin er ráðstöfun fjármagns á fjárlögum verði notkun á því fjármagni í höndum viðkomandi ráðuneytis, þ.e. hvenær greiðslur skv. því eru inntar af hendi o.s.frv.

Fjárhagsáætlanir hafa skv. minni reynslu oft verið þannig að þær koma frá viðkomandi ráðuneyti, oft frá stofnunum til ráðuneytis, ekkert hreyft við þeim þar, sendar áfram til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og svo sjá menn eftir dúk og disk hvað þeirri stofnun þóknast að setja í fjárlagafrv. Þetta hefur oft verið svo af því að menn hafa sagt: Það þýðir lítið fyrir okkur í ráðuneytinu að fara að endurskoða áætlun einhverrar ákveðinnar stofnunar, það er lítið mark tekið á því í fjmrn.

Ég veit ekki hvort ég er að lýsa hér einstakri reynslu minni, ég held að fleiri hafi sömu sögu að segja. Ég hef oft heyrt svo kveðið að orði.

Hv. þm. spurði um 7. gr. Skv. gildandi lögum er það í valdi viðkomandi ráðuneyta í hvaða starfsdeildir skrifstofu eða ráðuneyti er skipt. Þegar fjallað var um þann vilja menntmrn. að skipta ráðuneyti sínu í fleiri skrifstofur er niðurstaðan sú að skv. gildandi lögum og reglugerð væri þetta á valdi viðkomandi ráðherra.

Með 7. gr., eins og hún er nú orðuð, er ætlunin að kveða hér fastara að og ákveða í reglugerð hvaða skipting skuli vera á einstökum ráðuneytum. Þetta tel ég út af fyrir sig vera töluvert mikla framför. Þá er í þessari reglugerð einnig — enda svo tekið til orða nú í þessu frv. — gert ráð fyrir því að raða verkefnum eftir athugun á mestu hagkvæmni slíkrar niðurröðunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarmálefni falli undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar er forseti Íslands setur samkvæmt tillögu forsrh. Skyld málefni skulu felld undir eitt og sama ráðuneyti, þannig að sem mest hagkvæmni náist í stjórnsýslunni."

Þetta er líka nýmæli og setur miklu meiri kvaðir á gerð reglugerðarinnar. Nú er hafist handa við að skoða það miklu nánar en áður hefur verið gert hvernig megi ná þar fram meiri hagkvæmni. Ég sagði hér í annarri ræðu minni að m.a. yrði þá ákveðið hvaða málefni færðust undir það ráðuneyti sem fer með umhverfismál. Um það hafa verið mjög skiptar skoðanir þó að sú ákvörðun standi enn þá að umhverfismál eigi að falla

undir félmrn.

Af því að hv. þm. beindi spurningu til hæstv. félmrh. get ég upplýst hann um það að enn er unnið að gerð frv. um umhverfismál. Samin var mjög ítarleg till. til þál. um þau mál sem því miður náðist ekki samkomulag um og ég held að það gangi þvert í gegnum alla flokka. Eftir að hún hafði verið rædd allítarlega er nú enn einu sinni verið að semja frumvarpsdrög.

Hv. þm. spurði um 9. gr. og hvers vegna gert væri ráð fyrir því að skipta mætti ráðuneyti í fleiri skrifstofur. Ég held að í sumum tilfellum geti það verið hagkvæmt. Tökum t.d. ráðuneyti sem gæti heitið félags- og umhverfismálaráðuneyti eða félagsmálaráðuneyti um umhverfismál. Þá væri ekki óeðlilegt að umhverfismálin tilheyrðu sérstakri skrifstofu. Annað kannske enn þá ljósara dæmi væri það ef utanríkisviðskipti tengdust í framtíðinni utanrrn. Þarna nefni ég dæmi, annað, sem ég tel vera á næsta leiti, um umhverfismál, hitt er kannske fjær þótt ég telji að það muni þróast þannig með tíð og tíma. En það eru líka til dæmi í núverandi skipan. Hér er gert ráð fyrir því að hagsýslan verði ekki ráðuneyti heldur gæti hagsýslan verið sérstök skrifstofa innan fjmrn. ef það yrði talið rétt.

Hitt má svo um deila hvort skrifstofustjóra sé þörf eða ekki þörf í mjög litlu ráðuneyti þar sem kannske ráðuneytisstjóri gegnir meira og minna störfum skrifstofustjóra líka. Forsrn. er fámennt. Stofnanir, sem meira er stuðst við, eru utan ráðuneytisins, eins og Þjóðhagsstofnun. Ég tel ekki þörf á skrifstofustjóra í forsrn., svo ég segi það hér og nú.

Hv. þm. taldi að það væri galli á þessu frv. að ekki eru þar settar fram kröfur um faglega þekkingu eða hæfni starfsmanna. Ég er á móti því að setja slíkt í lög. Ég held að hæfni starfsmanna geti ráðist af fjölmörgu sem aldrei verður allt tekið fram í lögum, t.d. af reynslu. Það getur t.d. verið ákaflega gott fyrir sum ráðuneyti að fá menn með mikla reynslu úr atvinnulífinu til starfa í ráðuneytinu. Ég held því að alls ekki eigi að setja slíkt í lög og varasamt að setja það jafnvel í reglugerð.

Hv. þm. ræddi um að dreifa stjórnsýslunni. Ég held að við getum báðir verið sammála um að það kemur til greina að dreifa ákveðnum stofnunum stjórnsýslunnar þó að staðreyndin sé sú að menn hafa ekki treyst sér út í það. Menn hafa ekki treyst sér t.d. til að flytja Rafmagnsveitur ríkisins norður á Akureyri. Hv. þm. var yfirmaður þeirrar stofnunar lengi. En þetta var ein af tillögum þeirrar nefndar sem fjallaði um dreifingu stjórnsýslunnar.

Ég verð að viðurkenna það að ég skil mætavel erfiðleikana á slíku. Það er nú einu sinni svo að allar samgöngur liggja meira til höfuðborgarinnar, það verðum við að viðurkenna. Það gerir sumum landshlutum ákaflega erfitt fyrir að nálgast þessar stofnanir. Ég tek þó undir það að það þarf að leita að slíkum leiðum. Hér er hins vegar um stjórnarráðið að ræða. Ég held að það sé ákaflega erfitt að dreifa stjórnarráðinu um landið. Sú dreifing, sem t.d. þegar er orðin um Reykjavíkurborg, er til mikils skaða og veldur því að í einstökum ráðuneytum er alls ekki sú stjórnun sem þarf að vera.

Ég veit að hv. þm. þekkir það. Ef ég man rétt var hluti af hans ráðuneyti utan meginskrifstofunnar. A.m.k. hygg ég að það hafi verið einn eða tveir sem sátu einhvers staðar utan garðs, ef ég má orða það svo. Sú meginviðleitni er núna — og við erum einmitt að fjalla um það — að reyna heldur að sameina einstök ráðuneyti, þótt utan Arnarhvols sé, en að dreifa mörgum ráðuneytum eins og verið hefur. Ég get ekki séð að í þessu frv. komi til greina að ákveða að stjórnarráðinu skuli dreift.

Hv. þm. boðaði það að miklar brtt. væru væntanlegar frá Alþb. Ég get ekkert annað en fagnað því og ég vona að þær verði teknar til málefnalegrar skoðunar. Hins vegar er ekki alltaf að þær tillögur, sem virðast róttækastar á yfirborðinu, séu þær skynsamlegustu. Sumt, sem lætur minna yfir sér, getur leitt til verulegra endurbóta og þannig held ég að það sé satt að segja í þessu frv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans ábendingar hér og svör við mínum fsp. Sumt hefur skýrst við hans mál. Ég vil aðeins gera athugasemd varðandi fjárhagslegt sjálfstæði ráðuneyta. Ég fæ ekki lesið það út úr texta frv. sem hæstv. ráðh. er að tíunda hér að felist í því. Það er það sem ég geri athugasemd við að þessu leyti. Hins vegar hef ég alls ekki á móti þeim hugmyndum sem hæstv. forsrh. viðraði um aukið svigrúm fagráðuneyta til að ráðstafa því fjármagni sem skv. fjárlögum fellur undir viðkomandi ráðuneyti.

Herra forseti. Að lokum, því að ég er hér aðeins að gera örstutta athugasemd, vildi ég minnast á faglegar kröfur til starfsmanna stjórnarráðsins sem ég vék að. Ég teldi mjög eðlilegt að að því væri vikið í frv. sem þessu, hvort sem það er í texta þess eða grg. Ég held að ein ástæðan fyrir því að stjórnarráðinu hefur haldist misjafnlega á starfsfólki og allt of illa í rauninni, sé sú að ekki hafa verið gerðar skilgreindar samræmdar kröfur til starfsmanna, misjafnar eftir einstökum ráðuneytum. Launakjör þyrftu líka að vera með þeim hætti að stjórnarráðinu héldist á sínum starfsmönnum og það fengi staðist samkeppni við aðra sem sækja í þá krafta sem þangað ráðast.

Allra síðast í mínu máli varðandi dreifingu stjórnsýslunnar tel ég að það séu ekki fjarlægðirnar sem eigi að koma í veg fyrir að dreifa stjórnsýslunni. Ég tel að fjarskiptatæknin geri það kleift. Það ætti einmitt að vinna að því við meðferð þessa máls að létta á verkefnum stórra ráðuneyta eins og menntmrn. með því að færa þá þætti, sem verkefnalega heyra til einstakra svæða á landinu, út í landshlutana og leysa þau mál þar undir samræmdri stjórn ráðuneytis sem ég er ekki að gera tillögu um að flytjist sem slíkt burt frá Reykjavík.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Lántökur ríkissjóðs, frv. 207. mál (þskj. 424). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 393). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem hér liggur fyrir byggir á tillögum bankamálanefndar sem var skipuð í júlímánuði 1981. Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að endurskoða allt bankakerfið, þar á meðal löggjöfina um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans með það að markmiði að mynda stærri og virkari heildir og einfalda bankakerfið innan ramma heilsteyptrar löggjafar um viðskiptabanka. Formaður bankamálanefndar var skipaður Halldór Ásgrímsson sjútvrh. en aðrir nefndarmenn voru Jón G. Sólnes fyrrv. alþm., Kjartan Jóhannsson alþm., Lúðvík Jósepsson fyrrv. ráðh. og Matthías Á. Mathiesen utanrrh. Halldór Ásgrímsson og Matthías Á. Mathiesen létu af störfum í nefndinni 1983 en í þeirra stað voru skipaðir Þorsteinn Pálsson fjmrh., sem formaður, og Björn Líndal, deildarstjóri í viðskrn.

Bankamálanefnd skilaði tillögum sínum til ráðuneytisins í mars 1984 og fylgdu þeim sérálit tveggja nefndarmanna, Kjartans Jóhannssonar og Lúðvíks Jósepssonar. Við undirbúning tillagnanna aflaði nefndin margvíslegra gagna, þar á meðal um starfsháttu seðlabanka á Norðurlöndum og átti viðræður við bankastjórn Seðlabankans. Frá því tillögurnar bárust ráðuneytinu hafa þær verið þar til athugunar og í meginatriðum hefur verið ákveðið að fylgja tillögum meiri hluta bankamálanefndar.

Upphaflega var ætlunin að seðlabankafrv. yrði lagt fram á síðasta þingi um líkt leyti og þingið tók til meðferðar frv. til laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Slík málsmeðferð hefði verið mun æskilegri enda var nánast gert ráð fyrir því í viðskiptabanka- og sparisjóðafrv. að breytingar yrðu samtímis gerðar á lögum um Seðlabankann. Nægir í þessu sambandi að nefna tilhögun vaxtaákvarðana. Úr þessu gat því miður ekki orðið en þm. fengu hins vegar í hendur drög að frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem trúnaðarmál í júní s.l.

Gildandi lög um Seðlabanka Íslands eru nr. 10 frá 1961. Með lögunum var Seðlabankinn gerður að sjálfstæðri stofnun en áður hafði Landsbankanum verið skipt í tvær deildir, seðlabanka og viðskiptabanka, en hvor um sig laut sérstakri stjórn, sbr. lög nr. 63 frá 1957 um Landsbanka Íslands. Þegar þau lög voru sett höfðu lengi staðið yfir umræður á Alþingi um stofnun sérstaks seðlabanka. Upphaflega var það Landsbankinn, sem stofnaður var 1885, er lét prenta fyrstu íslensku peningaseðlana. Árið 1903 fékk hins vegar Íslandsbanki einkaleyfi til þess að gefa út gulltryggða seðla samkvæmt lögum sem Alþingi samþykkti á árinu 1901. Íslandsbanki hélt þessum rétti til ársins 1921 en frá og með 1922 var Landsbankanum á nýjan leik falið að annast seðlaútgáfuna. Með lögum nr. 9/1928 um Landsbanka Íslands var Landsbankanum skipt í þrjár deildir, seðlabanka, sparisjóðsdeild og veðdeild og var seðlabankanum fengin seðlaútgáfurétturinn. Þannig stóðu mál þar til ný lög voru samþykkt árið 1957.

Núgildandi lög um Seðlabankann eiga 25 ára afmæli á þessu ári og eru enn að mestu óbreytt. Á hinn bóginn hafa ýmis önnur lög verið sett sem bæði skýra nánar hlutverk Seðlabankans eins og það er markað í seðlabankalögunum og fela bankanum ný verkefni. Hér má t.d. nefna lög nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, sem að meginhluta eru nánari útfærsla á 6. gr. seðlabankalaga. Með lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., var Seðlabankanum falin umsjón með reglum um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Er þar bæði um að ræða verðtryggingarkjör í viðskiptum innan og utan innlánsstofnana. Samkvæmt lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, eru Seðlabankanum falin veigamikil störf á sviði gjaldeyrismála. Má segja að lögin séu að hluta til nánari útfærsla á verkefnum sem sagt er í lögum um Seðlabankann að bankinn skuli hafa með höndum, sbr. 2.–4. tölul. 3. gr. seðlabankalaga. Þá er að finna ákvæði í lögum sem kveða svo á að leita skuli samráðs eða samþykkis bankastjórnar Seðlabankans við ákvörðun vaxta, t.d. hjá fjárfestingarsjóðum, sbr. lög nr. 13/1975, um launajöfnunarbætur, og loks er í lögum, reglugerðum eða samkvæmt sérstöku samkomulagi ráðuneyta og Seðlabanka, bankanum falin umsjá og varsla ýmissa sjóða. Má hér t.d. nefna ríkisábyrgðasjóð, útflutningslánasjóð, norræna iðnþróunarsjóðinn og þjóðhátíðarsjóð.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, eru lagðar til margvíslegar breytingar á lögum nr. 10/1961 um Seðlabankann. Meginhlutverk bankans, sem er að vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, verður hins vegar óbreytt. Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Rekstur Seðlabankans er í auknum mæli bundinn við hefðbundin verkefni seðlabanka.

2. Ákvæðum um stjórntæki bankans er skipað með öðrum hætti en gert er í gildandi lögum. Miðað er við að bindiskyldu innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka verði fyrst og fremst beitt til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaðnum. Seðlabankanum verður heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark og meðaltal lauss fjár. Almenn heimild Seðlabankans til þess að ákveða innláns- og útlánsvexti innlánsstofnana er felld niður. Reglur um lán ríkissjóðs úr Seðlabanka eru hertar. Afskipti Seðlabanka af stofnun nýrra útibúa hjá bönkum og sparisjóðum falla niður.

3. Sett eru ákvæði um starfsemi og starfsheimildir bankaeftirlitsins.

4. Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum Seðlabankans er almennt bannað að sitja í stjórn annarra stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri utan bankans. Samkvæmt frv. verða bankastjórar eigi ráðnir til lengri tíma en 6 ára í senn.

5. Hagnaður Seðlabankans er skattlagður.

Með þeim breytingum sem hér hefur stuttlega verið lýst og nánar verður vikið að síðar mun seðlabankalöggjöfin verða með svipuðu sniði og þekkist víðast í Vestur-Evrópu þótt vitaskuld sé tekið tillit til sérístenskra aðstæðna. Skal nú vikið nánar að einstökum breytingum og nýmælum sem felast í frv.

Í I. kafla frv., sem fjallar um skipulag bankans og hlutverk, er ekki um veigamiklar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Þó ber að nefna að gildissvið 3. tölul. 3. gr. núgildandi laga, þar sem segir að hlutverk Seðlabankans sé að vera banki annarra banka og peningastofnana, hefur verið þrengt þannig að í stað orðsins „peningastofnanir“ kemur orðið innlánsstofnanir. Verður komið nánar að þessu við umfjöllun um III. kafla frv.

Í I. kafla er að finna þá grein sem einna oftast er vísað til í umræðum manna á meðal um Seðlabankann. Hér er átt við 4. gr. frv. en í henni er leitast við að skilgreina stöðu Seðlabankans innan framkvæmdarvaldsins og þá einkum gagnvart ríkisstjórn. Í frv. hefur ekki þótt ástæða til að breyta þessari grein enda hefur hún um margt gefist vel. Í henni felast þrjú meginatriði eins og fram kemur í athugasemdum við frv. að núgildandi seðlabankalögum:

1. að bankinn skuli hafa nána samvinnu við ríkisstjórn og gera henni grein fyrir skoðunum sínum,
2. að bankanum sé rétt sem sjálfstæðum sérfróðum aðila að halda fram skoðunum sínum opinberlega, jafnvel þótt um ágreining við ríkisstjórn sé að ræða,
3. að endanlegt ákvörðunarvald um stefnu í efnahagsmálum hljóti ætíð að vera hjá ríkisstjórninni og undir það hljóti Seðlabankinn ætíð að beygja sig að lokum.

Þessi meginatriði eru enn í fullu gildi og í góðu samræmi við þau sjónarmið sem erlend seðlabankalöggjöf byggir á. Í þeim felst ekki að Seðlabankinn ákveði markmið á sviði peningamála. Það verkefni hlýtur að vera í höndum ríkisstjórnar á hverjum tíma og á hennar ábyrgð. Þannig segir t.d. beinum orðum í 28. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., að Seðlabanki Íslands skuli sjá um að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í efnahags- og verðlagsmálum eins og þau eru sett fram í skýrslu ríkisstjórnarinnar um þjóðhagsáætlun. Sjálfstæði Seðlabankans á einkum að vera í því fólgið að hann geti sem sérfróður aðili metið og ákveðið í samræmi við 4. gr. hvaða stjórntækjum bankans hagkvæmast sé að beita til þess að ná þeim markmiðum er ríkisstjórn hefur sett.

Í frv. hefur nýrri málsgr. verið bætt við 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir að bankinn sendi viðskrh. a.m.k. tvisvar á ári greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum. Er ákvæðinu ætlað að tryggja aukið samband ráðuneytis og Seðlabanka.

Í II. kafla frv. er fjallað um seðlaútgáfu og mynt. Á því skal vakin athygli að II. kafli núgildandi laga um Framkvæmdasjóð Íslands var felldur úr gildi með lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins. Jafnframt hafa tvær greinar III. kafla núgildandi laga sem fjallar um seðlaútgáfu og mynt verið felldar brott. Önnur greinin hafði að geyma ákvæði þess efnis að fjmrn. gæti samið við Seðlabankann um að hann tæki við útgáfu myntar af ríkissjóði. Slíkt samkomulag var gert árið 1966. Hin greinin fjallar um hvernig tryggja skuli seðla- og myntveltu og er löngu úrelt. Um það efni er nú fjallað í 28. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

Í III. kafla frv. er fjallað um innlend viðskipti Seðlabankans. Þar er um ýmsar veigamiklar breytingar að ræða. Áður er vikið að því að frv. er ætlað að þrengja hóp þeirra sem átt geta viðskipti við Seðlabankann. Samkvæmt frv. er meginreglan sú að viðskiptaaðilar í Seðlabankanum séu innlánsstofnanir, ríkissjóður og ríkisstofnanir sem eru á fjárlögum. Innlánsstofnanir eru skilgreindar á sama hátt og verið hefur og teljast til þeirra viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir eða félög sem taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þá er sérstaklega tekið fram að í stað þess að hver sparisjóður hafi viðskiptareikning í Seðlabankanum sé heimilt að semja við lánastofnun sparisjóðanna um sameiginlegan viðskiptareikning sparisjóða hjá bankanum. Þá er viðskrh. heimilt þegar sérstaklega stendur á að ákveða í reglugerð að Seðlabankinn taki við innlánum frá öðrum peningastofnunum. Seðlabankinn setur nánari reglur um innlánsviðskipti sín samkvæmt þessari grein, þar á meðal um vaxtakjör af innlánsreikningum.

Í 8. gr. frv. er fjallað um innlánsbindingu en heimildir til að binda fé innlánsstofnana í Seðlabankanum voru fyrst teknar í lög nr. 63/1957 um Landsbanka Íslands. Þær voru í upphafi hæst 15 og 20% af spari- og veltiinnlánum, en hafa síðan hækkað og nema samkvæmt núgildandi lögum hæst 28% af heildarinnstæðufé. Þegar hætt var endurkaupum afurða- og rekstrarlána af innlánsstofnunum voru bindihlutföll lækkuð í 18% með sérstakri aðgerð og samkomulagi við innlánsstofnanir. Samkvæmt þessari grein frv. er gert ráð fyrir að Seðlabankinn meti bindiþörf hverju sinni og ákvarðanir bankans verði háðar samþykki ráðherra. Með orðalaginu: „Þegar sérstaklega stendur á“ er átt við að bindingu verði einungis beitt þegar telja má að önnur stjórntæki bankans dugi ekki til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Í greininni er lagt til að heimilt verði að miða bindingu við ráðstöfunarfé innlánsstofnana í stað innlánsfjár en það ráðstöfunarfé getur m.a. falið í sér erlent lánsfé stofnunar og hugsanlega fjáröflun á innlendum lánsfjármarkaði. Í lokamálsgr. 8. gr. er að finna mikilvægt nýmæli um stjórntæki sem bankinn hefur beitt nokkra hríð. Hér er um setningu reglna að ræða er mæla fyrir um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem innlánsstofnunum ber að hafa yfir að ráða á hverjum tíma. Felst í ákvæðinu frekari útfærsla á 35. gr. laga um viðskiptabanka og 39. gr. laga um sparisjóði sem þykir rétt að styðja með beinni lagaheimild.

Samkvæmt 10. gr. verður það meginregla að vextir við innlánsstofnun skuli ráðast af markaðsaðstæðum í stað þess að vera ákveðnir beint af Seðlabanka í samráði við ríkisstjórn. Þó verður þeim möguleika haldið opnum að Seðlabankinn geti gripið inn í þróun vaxtamála með beinum aðgerðum en á það ber að leggja áherslu að þar er um undantekningu frá meginreglunni að ræða sem einungis verður beitt þegar fullreynt er að aðrar leiðir duga ekki til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Komi til afskipta Seðlabankans af vaxtastigi á grundvelli þessarar undantekningarreglu ber að gæta þess að vextir verði ætíð yfir verðbólgustigi eins og glöggt kemur fram í ákvæðinu. Þessi breyting felur ekki í sér, eins og sums staðar hefur komið fram, að ríkisstjórn muni engu ráða um vaxtastig í landinu. Eftir sem áður geta ríkisstjórn og Alþingi ráðið miklu um vaxtastigið, t.d. með breyttum reglum um skattalega meðferð á framlögum í atvinnurekstur og með samdrætti ríkisútgjalda.

Sú meginregla á sviði vaxtamála sem hér hefur verið lýst er studd nokkurri reynslu. Á árinu 1984 var bönkum og sparisjóðum fengið í hendur takmarkað vaxtaákvörðunarvald á grundvelli gildandi lagaheimildar. Nú er ljóst að sú stefnubreyting, sem þessi aðgerð fól í sér, hefur skilað árangri. Árið 1984 námu t.d. innlán hjá innlánsstofnunum 27,5% af landsframleiðslu

en höfðu árið 1978 farið niður fyrir 20%. Á síðasta ári stefndi áfram í rétta átt í þessu efni og nam þá hlutfall innlána af landsframleiðslu um 30%. Raunaukning innlána árið 1985, þ.e. hækkun þeirra umfram hækkun lánskjaravísitölu, nam 10%. Peningalegur sparnaður í bankakerfinu fer því óðum vaxandi. Íslendingar eiga þó enn töluvert í land til að ná þessum sparnaði á sama stig og þekkist í nágrannalöndum okkar. Þessi staðreynd kemur glöggt fram í tölum frá árinu 1984 sem sýna hlutfall peningamagns af landsframleiðslu á hinum Norðurlöndunum. Er hér um að ræða tölur þar sem peningamagn er skilgreint á þann hátt að það er að meginhluta til sparifé og tölurnar eru þessar:

Í Noregi 54,9%, í Danmörku 49,3%, í Finnlandi 42,5% og í Svíþjóð 56,9%, en þessi tala frá Svíþjóð er frá árinu 1982. Á Íslandi er þetta 28,4% eins og áður segir. Námu innlánin þá 27,5% af landsframleiðslu.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að fylgja óbreyttri stefnu á sviði vaxtamála. Einnig kemur til sú staðreynd að mikilvægar breytingar til hins betra hafa orðið á útlánalið bankakerfisins. Á árinu 1985 jukust útlán innlánsstofnana um 30% á móti tæplega 50% aukningu innlána. Raungildi útlána minnkaði því um rúm 3%. Þessi aukning innlána umfram útlán hefur birst í því að lausafjárstaða innlánsstofnana hefur batnað og er það í fyrsta skipti sem slíkt gerist síðan 1980.

Því skal ekki neitað að ýmsir samverkandi þættir hafa haft áhrif á þessa þróun mála. Hins vegar er það ljóst að einn þessara þátta er raunsæ vaxtastefna sem að meginstefnu til hefur verið fylgt frá miðju ári 1984. Sú stefnumörkun sem felst í meginreglu 10. gr. mun koma til með að hafa áhrif á ákvæði laga nr. 56/1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl. Samkvæmt þeim lögum er heimilt í viðskiptum utan innlánsstofnana að áskilja ársvexti sem séu jafnháir tilteknum útlánsvöxtum hjá bönkum og sparisjóðum. Er við það miðað, sbr. 2. gr. laganna, að Seðlabankinn hafi ákveðið vextina. Meginregla 10. gr. er eins og áður segir að innlánsstofnanir ákveði sjálfar sín vaxtakjör. Ber því nauðsyn til að ákvæðum núverandi okurlaga sé breytt til samræmis við þær aðstæður sem skapast við framkvæmd þessarar meginreglu. Hefur verið ákveðið að leggja til að ákvæðin verði færð í frv. til vaxtalaga sem lagt verður fyrir Alþingi innan skamms.

Ákvæði þessa frv. gera ráð fyrir að innlánsstofnanir muni við gildistöku nýrra seðlabankalaga njóta frelsis til að ákveða vaxtakjör sín nema Seðlabanki telji nauðsynlegt að nota heimild sína í 10. gr. seðlabankafrv. Að öðru leyti verði lánamarkaðurinn bundinn í vaxtaákvörðunum sínum af hæstu útlánsvöxtum banka og sparisjóða eins og þeir verða skráðir hjá Seðlabanka á hverjum tíma nema sérlög mæli á annan veg. Verður framkvæmd þessara ákvæða með sama hætti og framkvæmd núgildandi okurlaga hefur verið. Sé farið út fyrir þau mörk sem að framan er lýst er um ólöglegt athæfi að ræða samkvæmt væntanlegu refsiákvæði vaxtalaganna sem er hliðstætt því sem nú er í 6. gr. okurlaganna. Hin nýju ákvæði verða þannig löguð að breyttum aðstæðum án þess að í breytingunni felist breytt mat á refsinæmi þeirrar háttsemi að taka hærri vexti en nú verða leyfilegir samkvæmt hinum nýju reglum. Er því engin ástæða til að ætla að fyrirhugaðar lagabreytingar hafi áhrif á framgang eða úrslit þeirra okurmála sem nú eru í rannsókn.

Þá hefur verið ákveðið að grípa til ýmissa hliðarráðstafana vegna nýskipunar í vaxtamálum. Fela þær í sér aukna neytenda- eða lántakendavernd sem er þannig uppbyggð að hún á ekki að skaða efnahags- og atvinnulíf. Þessar ráðstafanir eru þær sem hér segir:

1. Lagt hefur verið fram á Alþingi frv. til laga um verðbréfamiðlun sem miðar að því að festa í sessi heilbrigða viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum. Þar er einnig gert ráð fyrir að verðbréfamiðlun verði háð eftirliti bankaeftirlitsins.

2. Lagt hefur verið fram á Alþingi frv. til laga um nafnskráningu skuldabréfa.

3. Einhvern næstu daga verður lagt fyrir Alþingi frv. til laga um breyting á samningalögum og mun það hafa að geyma ákvæði um almenna heimild dómstóla til þess að víkja til hliðar eða breyta samningi sem talinn er ósanngjarn eða andstæður góðri viðskiptavenju.

4. Eins og áður segir er frv. til laga um vexti á lokastigi og verður lagt fyrir Alþingi í næsta mánuði. Auk reglna um samningsvexti er m.a. gert ráð fyrir að lögfestar verði ákveðnar reglur um útreikning dráttarvaxta.

5. Í undirbúningi er samningur frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum þar sem gert er ráð fyrir að misneytingarákvæði laganna verði rýmkað og refsivernd gegn hvers konar misneytingu í viðskiptum aukin.

Í sjötta lagi er í athugun hvort rétt sé að setja reglur á grundvelli laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem mæli fyrir um upplýsingaskyldu seljenda í afborgunarkaupum.

Af öðrum nýmælum í III. kafla frv. má nefna 11. gr. Þar er fjallað um viðskipti ríkissjóðs við Seðlabankann og hert á ákvæðum núgildandi laga um lántöku ríkisins úr bankanum. Er gert ráð fyrir að lán, sem ríkissjóður tekur hjá bankanum, skuli greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárhagsárs með lántöku og/eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans.

Í IV. kafla frv. er fjallað um bankaeftirlitið. Í núgildandi lögum er fjallað um þá starfsemi í einni lagagrein en frv. markar starfssvið eftirlitsins með fimm greinum. Samkvæmt þessum ákvæðum er áfram gert ráð fyrir að bankaeftirlitið sé starfrækt innan Seðlabankans. Sú skipan mála er í samræmi við þau sjónarmið sem njóta nú mests fylgis erlendis og það ber að viðurkenna að eftirlitið getur í störfum sínum haft veigamikinn stuðning af Seðlabankanum.

Á hinn bóginn eru bein tengsl eftirlitsins og viðskrn. efld og er það gert með tvennum hætti. Annars vegar skipar ráðherra forstöðumann eftirlitsins, en hann er nú ráðinn af bankastjórn Seðlabankans. Hins vegar er sett á stofn sérstök samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka sem fær það hlutverk að fylgjast með störfum eftirlitsins. Með þessu móti er leitast við að tengja ráðuneytið beint við bankaeftirlitið en tengsl þessara tveggja aðila hafa lengst af einkum farið fram með milligöngu stjórnar Seðlabanka.

Samkvæmt ákvæðum IV. kafla skal bankaeftirlitið leggja sérstaka áherslu á að fylgjast með því að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila gagnvart innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu sem felst í viðskiptunum, m.a. með hliðsjón af eigin fé stofnunarinnar. Verður að skoða þetta ákvæði í tengslum við þau fyrirmæli viðskiptabankalaga og sparisjóðalaga að

bankaráð og sparisjóðsstjórnir skuli setja reglur um þessi atriði. Er hér leitast við að tryggja að útlán innlánsstofnunar til eins og sama aðila eða skyldra aðila verði ekki óhæfileg miðað við eigið fé stofnunarinnar án þess að það sé gert á þann hátt að skaði viðskipta- og atvinnulíf.

Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða eigið fé bankakerfisins. Síðustu tölur, sem liggja fyrir hjá bankaeftirlitinu, eru frá 31. des. 1984. Þá nam eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða samtals 3,3 milljörðum kr. Þar af var eigið fé ríkisviðskiptabanka 2,1 milljarður kr., eigið fé sparisjóðanna var rúmlega 600 millj. kr., en tæpar 600 millj. hjá hlutafélagabönkunum.

Miðað við ákvæði 36. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er hlutfall eigin fjár viðskiptabanka af niðurstöðutölu efnahagsreiknings svo sem hér segir:

Landsbanki Íslands 5,7%,
Búnaðarbanki Íslands 10,7%,
Útvegsbanki 5,7%,
Iðnaðarbanki Íslands hf. 7,8%,
Samvinnubanki Íslands hf. 11,8%,
Verslunarbanki Íslands hf. 14,9% og
Alþýðubankinn hf. 7,9%.

Að meðaltali var því eiginfjárhlutfall viðskiptabanka 6,9% í árslok 1984. Hjá sparisjóðum nam þetta meðaltal 12,5% í árslok 1984, sé miðað við ákvæði 40. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði.

Í IV. kafla frv. er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið geti gefið innlánsstofnunum fyrirmæli um að þær veiti eftirlitinu tilteknar upplýsingar, þar á meðal um eigið fé á þann hátt sem það ákveður. Í því sambandi má geta þess að ráðuneytið mun mjög fljótlega gefa út reglur um gerð ársreikninga á grundvelli laga um viðskiptabanka og sparisjóði og hafa þær reglur verið undirbúnar af bankaeftirlitinu.

Loks hefur frv. að geyma nákvæmar reglur um hvernig bankaeftirlitið skuli bregðast við ef í ljós kemur að innlánsstofnun fylgir ekki lögum eða öðrum reglum sem gilda um starfsemi stofnunar eða eftirlitið telur rekstur hennar með öðrum hætti óheilbrigðan. Getur bankaeftirlitið við slíkar kringumstæður skipað viðkomandi stofnun eftirlitsmann sem samkvæmt frv. fær víðtækar heimildir til að kanna gögn stofnunarinnar. Einnig getur bankaeftirlitið gripið til viðurlaga gagnvart innlánsstofnun, svo sem dagsekta, refsivaxta eða sérstakrar bindingar á innlánsfé, sbr. 4. málsgr. 18. gr. og 42. gr. frv.

Í V. kafla frv. er fjallað um gengismál og erlend viðskipti. Samkvæmt ákvæðum þessa kafla er áfram gert ráð fyrir að ákvörðun um gengi krónunnar verði í höndum Seðlabankans en háð samþykki ríkisstjórnar.

Í VI. kafla frv. er fjallað um hagskýrslugerð Seðlabankans og eru þau ákvæði að mestu óbreytt frá gildandi lögum.

Í VII. kafla er fjallað um stjórn bankans. Þar er einkum um þrjár breytingar að ræða:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að bankastjórar verði ekki ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn en endurráðning sé heimil. Er hér um sams konar breytingu að ræða og nú hefur öðlast gildi gagnvart bankastjórum ríkisviðskiptabankanna.

Í öðru lagi eru möguleikar bankastjóra og aðstoðarbankastjóra til að gegna aukastörfum utan Seðlabankans þrengdir frá því sem nú er. Eins og málum háttar til nú geta bankastjórar sinnt slíkum störfum að fengnu samþykki viðskrh. en samkvæmt frv. verður slíkt aðeins heimilt sé um bein lagafyrirmæli að ræða eða um sé að ræða stofnun sem Seðlabankinn á aðild að. Þess ber hins vegar að gæta að þessu ákvæði er ekki ætlað að koma í veg fyrir að seðlabankastjórar eða aðstoðarbankastjórar taki þátt í starfi ýmiss konar áhugamannafélaga eða svipaðra stofnana.

Í þriðja lagi er í þessum kafla að finna það nýmæli að ráðherra skipi sérstakan löggiltan endurskoðanda hjá Seðlabankanum.

Í VIII. kafla frv. er fjallað um reikningsskil og er þar m.a. gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um reikningsskil Seðlabankans og gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaráðs. Við gerð þessara reglna mun þess verða gætt að reglurnar hafi að geyma ákvæði sama efnis og nú er að finna í lögum nr. 36/1983 en þau munu falla úr gildi verði frv. samþykkt óbreytt sem lög frá Alþingi. Í þessum kafla er einnig að finna ákvæði um skattlagningu Seðlabankans. Er gert ráð fyrir að Seðlabankinn greiði skatt til ríkissjóðs sem nemi 50% af meðalhagnaði síðustu þriggja ára.

Í IX. kafla frv. er ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna bankans og undanþágu bankans frá skattlagningu að öðru leyti en greint hefur verið hér frá áður.

Í X. og síðasta kafla frv. er fjallað um gildistöku þess og er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 5. maí á þessu ári. Jafnframt er í þessum kafla gert ráð fyrir að ráðherra gefi út reglugerð um Seðlabankann þar sem sett verði nánari ákvæði á grundvelli nýrra laga.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir það frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem hér er til umræðu. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Áður en ég vík að efnisatriðum þessa frv. langar mig til að varpa nokkru ljósi á efnisþátt sem varðar þessi mál en er ekki í frv.

Við skulum hugsa okkur að fimm menn leggi fram 100 þús. kr. hver, alls upp á hálfa millj. kr. og fái í staðinn í vasann skuldabréf upp á sömu upphæð, þ.e. hver um sig upp á 100 þús. kr. Af þessu myndast sjóður. Einum aðilanum er falið að ávaxta sjóðinn. Hann kaupir skuldabréf á almennum markaði fyrir hluta af þessari fjárhæð, kaupir þau með afföllum, þ.e. á gengi undir nafnverði. Þeim mun vafasamari sem bréfin eru, þeim mun meiri verða afföllin. Síðan setjast menn niður og reikna út hver ávöxtunarprósentan hafi verið eða verði miðað við þessi afföll og gera það eins og tíðkast. Við getum t.d. hugsað okkur að bréfin hafi verið verðtryggð, þau sem keypt voru, með 6% vöxtum, en þegar afföllin voru tekin með í dæmið, þá fá menn það að reiknuð ávöxtun sé upp á 20%.

Þeir sem að þessu standa ákveða að nota einungis helminginn af upphaflega fénu, hinni upphaflegu hálfu millj., til skuldabréfakaupa en hinum helmingnum er varið í auglýsingar til að segja frá því hvaða ávöxtun geti nú verið í boði, þ.e. þau 20% sem menn hafa reiknað út miðað við afföllin. Jafnframt eru gefin út fleiri skuldabréf á sjóðinn og auglýst að menn geti fengið þessi bréf til kaups og komist inn í dýrðina.

Úr því að sjóðurinn hefur náð svona mikilli ávöxtun er hann auðvitað orðinn verðmætari en hann var þegar hann var stofnaður. Sjötti aðilinn, sem kemur inn til að

kaupa bréf á eftir stofnendunum fimm, fær því ekki að koma inn á sömu kjörum og hinir upphaflegu. Hann og aðrir þeir sem koma á eftir verða að kaupa nýju bréfin á yfirgengi.

Ef fólki líst vel á kjörin og kaupir bréfin streyma peningarnir inn þegar fleiri af hinum almennu bréfum þessa sjóðs eru keypt. Reiknuð ávöxtun er auglýst, en það er auðvitað ekkert greitt út. Vel að merkja, sjóðurinn greiðir enga vexti á þá peninga sem koma inn, greiðir enga vexti á þau bréf sem hann er að gefa út. Eina ráðið fyrir þann sem hefur keypt bréf af sjóðnum, til að fá raunverulega vexti útgreidda er að selja bréfið sitt. Bréfseigandinn á það samkvæmt því undir því hvernig bréfið selst hvaða ávöxtun hann fær í rauninni, hvað svo sem hefur verið auglýst á sínum tíma.

Þegar menn standa að stofnun sjóðs af þessu tagi hljóta menn að gera ráð fyrir því að einhverjir muni kaupa þessi bréf á sjóðinn. Menn sjá að það er of mikil óvissa ef ekki fengist nein tilvísun um það hvert bréfseigandi eigi að snúa sér til að fá þessi bréf keypt af sér og til þess að fá þannig hina raunverulegu vexti.

Auðveldasta ráðið er að sjá við þessu með því að tilgreina á bréfinu að sjóðurinn sé sjálfur reiðubúinn til að kaupa bréfin með vissum skilyrðum. Skuldabréf, sem þannig eru gefin út, mundu þá tilgreina að sjóðurinn væri tilbúinn til að kaupa bréfin með ákveðnum fyrirvara. Það má t.d. orða það svo að hann geri það með sex daga fyrirvara. En vel að merkja, það getur verið svolítið vafasamt. Til öryggis er því kannske rétt að sjóðsstjórnin eða hinir upphaflegu stofnendur hafi eitthvert meira svigrúm.

Dæmi um það hvernig menn geta farið að er að ætla mönnum að tilkynna sölu sína til sjóðsins á sjóðsbréfunum með ákveðnum fyrirvara og sjóðurinn sé skuldbundinn til að kaupa bréfin að þeim tíma liðnum, segjum að 90 dögum liðnum. Engu að síður gæti staðið illa á þá. Það væri kannske öruggara að hafa einhvern fyrirvara, þannig að sjóðsstjórnin gæti ætlað sér lengri tíma. Engu að síður gætu menn auglýst að í rauninni væru bréfin keypt með sex daga fyrirvara, hitt væri einungis varnagli.

Hvað hefur þá gerst? Jú, gefin hafa verið út bréf með ávísun á sjóð sem hefur notað peninga sína til að kaupa skuldabréf úti í bæ. Á grundvelli þess reiknar hann út einhverja ávöxtun sem hann telur að sé á bréfunum miðað við þau afföll sem þá eru í gildi, en sjóðurinn greiðir enga vexti.

Leiðin til þess að menn geti einhvern tíma fengið þessa ávöxtun, sem út er reiknuð, er sú að menn geti selt þau bréf sem þeir hafa keypt. Aðalkaupandi bréfanna er sjóðurinn sjálfur. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að kaupa þau ekki nema með ákveðnum skilyrðum og með ákveðnum fyrirvara.

Hvers vegna rifja ég þetta upp? Vegna þess að það er eitthvað af þessu tagi sem er að gerast í okkar þjóðfélagi. Þetta getur allt saman gengið vel um hríð en kannske ekki lengi vegna þess að sjóðir eins og þessi byggja á því að innstreymi sé ætíð meira en útstreymi á peningum. En það er ekki gefið að svo verði ætíð og ævinlega.

Hugsum okkur að upp komi einhver órói í efnahagslífinu sem valdi því að fólk vill hafa peninga lausa milli handanna, m.ö.o. að það vilji selja bréf af því tagi sem ég var hér að gera að umræðuefni. Þetta gæti t.d. gerst vegna þess að tollar á bílum lækki tímabundið eða vegna þess að af einhverjum ástæðum telji menn nauðsynlegt að hafa fé á milli handanna. Þá hlaupa menn til og vilja selja bréfin sín. En það vill enginn kaupa. Sjóðurinn sjálfur getur áskilið sér frest á frest ofan ef þannig er frá gengið í skilmálum þeim á bréfunum sem hann hefur selt. Bréfin hljóta þá að lækka í verði ef enginn vill kaupa.

Sjóðirnir geta lent í greiðsluvandræðum. Hvernig eiga sjóðirnir að bregðast við því? Þeir hljóta að reyna að selja skuldabréfin sem þeir hafa keypt fyrir þessa fjármuni. Ef það verður mikið framboð af slíkum bréfum mundu þau væntanlega falla mjög í verði. Ef margir vilja selja sjóðsbréfin verður að selja skuldabréfin sem sjóðirnir eiga. Þá falla skuldabréfin í verði, þá falla sjóðsbréfin í verði. Hin reiknaða ávöxtun, sem mönnum hafði verið boðuð, verður þá að engu því að markaðurinn tekur auðvitað ekki við miklu magni í einu nema þá að bréfin séu seld með miklum afföllum og þá eru þau fallin í verði og hin reiknaða ávöxtun líka að engu orðin.

Í blöðum hafa að undanförnu birst auglýsingar frá ýmsum aðilum, t.d."Kjarabréf, 26,8% ársávöxtun". Þetta er ekki útgreidd ávöxtun, þetta er útreiknuð ávöxtun sem getur aldrei orðið að raunveruleika nema bréfin séu seld. Hversu margir af þeim, sem hafa keypt svona bréf, hafa gert sér ljóst að svo sé? Hversu margir hafa gert sér ljóst á hversu veikum grunni þetta er byggt? Er öruggt að menn geti selt bréfin sín?

Hvaða skilmála setja menn í svona bréf, kjarabréf t.d.? Jú, það stendur að sjóðurinn sé skuldbundinn til að innleysa kjarabréfið á því sölugengi sem gildir sex dögum fyrir innlausn að frádreginni innlausnarþóknun, en hún skal hæst vera 3%. Sölugengi kjarabréfsins skal reikna daglega eftir ákveðnum reglum sem sjóðsstjórnin sjálf hefur sett sér um markaðsvirði bréfanna og kostnað við að reka sjóðinn.

Síðan segir: „Krafa um innlausn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði er stjórnin lætur útbúa. Krafa um innlausn skal berast eigi síðar en fyrir 10. maí árið 2005, sem er endanlegur gjalddagi þessara bréfa. En innlausn skal fara fram eigi síðar en 90 dögum frá þeim degi er innlausnarkrafa barst sjóðnum, eða næsta virkan dag þar á eftir."

Eftir að krafan hefur verið lögð fram eru þess vegna ekki sex dagar sem líða þangað til sjóðurinn kaupir, heldur á innlausnin að fara fram eigi síðar en 90 dögum eftir að krafan barst. En við er bætt: „Stjórn sjóðsins er heimilt að fresta innlausn umfram þessa 90 daga telji hún ástæðu til þess, sbr. þó ákvæði um endanlegan gjalddaga."

Telji stjórn sjóðsins að það sé ekki gott að kaupa þessi bréf af þeim einstaklingum sem hafa keypt þau getur hún skv. þessu frestað því allt til ársins 2005. Kemur það mjög skýrt fram í auglýsingum um þetta ávöxtunarform að ekki sé víst að menn fái að njóta ávaxtanna og ávöxtunarinnar fyrr en árið 2005?

Ef eitthvað af því tagi gerist sem ég var að rekja hér áðan, að það yrði „rush", eins og stundum er sagt, á svona sjóð, margir vildu losa fé, þá er enginn ábyrgur. Það stendur ekkert á bak við, sjóðurinn á ekkert nema þau verðbréf sem mundu falla sífelldlega í verði um leið og hreyfing kæmist á hlutina.

Sumir vilja sjálfsagt að svona sjóðir, svona form sé fyrir hendi í þjóðfélaginu. Sumir vilja það ekki. En hvort sem menn vilja það af einlægni eða ekki held ég að allir hljóti að sameinast um það að það sé lágmarksskilyrði að þeim, sem eiga viðskipti við sjóði af þessu tagi, séu gerð greinargóð skil á því hvað sé um að ræða.

Ég er sannfærður um að mjög litlum hluta þeirra, sem hafa farið í að kaupa svona bréf, hvort sem þau heita kjarabréf, kostabréf eða einingabréf, er ljóst hverja feiknaáhættu þeir eru að taka og að sú ávöxtun, sem auglýst er, er einungis til á pappírnum og eina leiðin til að fá einhverja ávöxtun útgreidda er að selja bréfin og eini skuldbundni kaupandinn er sjóðurinn sjálfur sem áskilur sér rétt til að fresta kaupunum allt til ársins 2005.

Hafa einhverjir keypt bréf af þessu tagi? Í Morgunblaðinu 21. nóv. 1985 er gerð grein fyrir útbreiðslu bréfa af þessu tagi, einingaskuldabréfa eða kjarabréfa, sem útgefin eru af Verðbréfasjóðnum hf. annars vegar og hins vegar á vegum Hávöxtunarfélagsins sem er rekið í tengslum við Kaupþing. Gerð er grein fyrir því hversu til hafi tekist. Samkvæmt Morgunblaðinu þennan 21. dag nóvembermánaðar 1985 hafa 1250 einstaklingar keypt einingahlutabréf Hávöxtunarfélagsins fyrir um 50 millj. kr. Ég tel ekki ólíklegt að álíka vel hafi til tekist með kjarabréf Fjárfestingarfélagsins sem hafa verið ekki síður, jafnvel enn þá betur auglýst. Það má því vel vera að um 2000, kannske fleiri en 2000 einstaklingar hafi keypt þessi bréf að upphæð 100–200 millj. kr.

Ég held að þeir aðilar hafi ekki upp til hópa gert sér grein fyrir hvernig þetta mál er í pott búið eða að þeir hafi lesið skilyrðin á bréfunum sínum nægilega glöggt, hafi gert sér það ljóst að sú prósenta, sem auglýst er, er einungis útreiknuð prósenta á vegum sjóðsstjórnarinnar sjálfrar, að þeir hafi gert sér ljóst að áhættan, sem þeir eru að taka, sé svo mikil sem raun ber vitni.

Hitt er ljóst að það er mjög auðvelt að stofna svona sjóð. Hér hefur ekkert lögbrot verið framið því að lög um þetta eru nánast engin. Spilaklúbbur getur tekið sig saman, 100 þús. kr. á mann, stofnað svona sjóð. Og það sem meira er, sjötti til hundraðasti eða sjötti til tólfhundraðasti og fimmtugasti maðurinn, sem koma inn í sjóðinn, hafa ekkert með hann að gera. Það eru hinir upphaflegu stofnendur sem ráða öllu. Hinir eru að eiga viðskipti við hina upphaflega stofnendur. Hinir eigendur bréfanna eiga ekkert nema bara þetta bréf í höndunum. Þeir hafa engan íhlutunarrétt um stjórn þessa sjóðs, þeir eru ekki hluthafar í sjóðnum eða neitt slíkt. Spilaklúbburinn, þessir fimm menn, hefur vald á öllum þessum fjármunum og þeir ráða einn mann til að fara með þetta eða kannske einhverja skrifstofu.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að þessi starfsemi, einingabréfasölurnar, hefur risið upp í tengslum við verðbréfasölu af öðru tagi. Það eru kannske þeir, sem eru með verðbréfasöluna að öðru leyti, sem eru forsvarsmenn þessara einingasjóða eða hvað menn vilja kalla þá, þessara kjarasjóða. Það hlýtur að vera ákaflega hagkvæmt fyrir þá að búa til eftirspurn eftir skuldabréfunum sem þeir eru að selja með því að auglýsa í blöðunum að ef menn kaupi einingabréf geti menn fengið 25–30% ávöxtun og peningarnir, sem koma inn fyrir einingabréfin, fara svo til þess að kaupa skuldabréf af verðbréfasala sem er einn og sami aðili eða kannske er hér um móður- og dótturfyrirtæki að ræða.

Ég sagði áðan að vafalaust væru skiptar skoðanir um það hvort bjóða ætti upp á ávöxtunarform af þessu tagi. Það er staðreynd í okkar þjóðfélagi að við höfum þetta núna og þarna eru verulegir fjármunir. Það er líka staðreynd að það eru engin lög sem fjalla um þetta. Ekki heldur lögin, sem hæstv. ráðh. var að tala um hér áðan, um verðbréfamiðlun, taka að neinu leyti að mínum dómi á þessu atriði.

En er það ekki lágmark, ef menn vilja hafa þetta, að um það gildi einhverjar reglur og einhver lög og upplýsingaskylda um það í hvað menn eru að fara ef þeir kaupa svona bréf? Er það eðlilegt að svona bréf séu seld með þeim skilmálum að enginn sé skuldbundinn til að kaupa þau, ekki útgefendurnir, ekki félagið, ekki neitt, fyrr en í síðasta lagi árið 2005, eins og dæmið er um sem ég rakti áðan?

Ég veit ekki hvort hv. þm. er ljóst að ríkið er aðili að svona sjóði. Ríkið er aðili að svona sjóði þar eð Framkvæmdasjóður stendur að slíku í gegnum Fjárfestingarfélagið.

Ríkið stendur þannig óbeint að þeim skilmálum, sem ég gat um áðan, um 90 daga frestinn plús hinn óendanlega frest á því að kaupa svona bréf af þeim sem hafa keypt. Það sem meira er, ríkið hefur lagt það á sig að bjóða þessi bréf til kaups í öllum pósthúsum landsins. Öll pósthús landsins eru orðin verðbréfasalar fyrir þessa sjóði. Ef auglýsingarnar frá þeim eru glöggt lesnar kemur í ljós að bréfin eiga að vera til sölu á öllum pósthúsum landsins.

Ég rek þetta af því að ég tel og hef talið um nokkra hríð að ákvæði um ávöxtunarfyrirtæki, eins og ég hef nefnt fyrirtæki af þessu tagi, skorti gjörsamlega í íslenska löggjöf. Ég gæti auðvitað rakið það fyrir mönnum hér í lengra máli hvernig megi spila á svona fyrirtæki, hvenær eigi að kaupa bréf og hvenær eigi að selja bréf og hver sé aðstaða mannsins eða þeirra aðila, sem eru bæði verðbréfasalar og forvaltarar sjóðs af þessu tagi, til að maka krókinn. En ég ætla að sleppa því. Mér finnst þetta vera nógu ljóst, sem ég hef þegar rakið, til þess að allir eigi að sjá að um svona atriði eigi að fjalla í löggjöf.

Þegar bankamálanefnd var að störfum gerði ég það ítrekað að umræðuefni í nefndinni að nauðsyn bæri til að koma einhverju taki á þessi ávöxtunarfyrirtæki sem þá voru að rísa upp. Menn voru ekki til þess reiðubúnir þá en ég hef getið þess í séráliti, sem er prentað með í frv. til laga sem hér er til umræðu, að til eru þau fyrirtæki á Íslandi sem taka við fé frá almenningi til ávöxtunar. Þar segir: „Með þeim þarf að hafa eftirlit og upplýsa almenning um líklega áhættu af viðskiptum við slík fyrirtæki. Setja á ótvíræð ákvæði um þetta efni í þann kafla laganna sem fjallar um bankaeftirlit."

Þetta má heita stuttaraleg afgreiðsla af minni hálfu um það leyti sem bankamálanefnd var að ljúka störfum. En eftir að hafa skoðað þetta frekar hef ég enn frekar sannfærst um nauðsyn þess að á þessu máli verði tekið. Hafi ég ekki gert nægilega góða grein fyrir þessum sjónarmiðum fyrr tel ég að af því, sem ég hef nú rakið, eigi að vera ljóst hverja nauðsyn ber til þess að taka á þessum málum.

Ég er fullviss um að stór hluti þeirra, sem hafa haft viðskipti við þessa aðila, hefur ekki hugmynd um hvað

hann er að gera eða hvaða áhættu hann er að taka. En eins og menn vita skortir ekki auglýsingarnar um það hversu girnilegt þetta sé.

Ég skal nú, herra forseti, víkja að öðrum atriðum í þessu frv. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ræða þetta efni frekar ef menn hafa á því áhuga en ég skal láta hér staðar numið um það að sinni. En vegna þess hversu mér þykir alvarlegt að allt skorti um þetta efni hef ég gert það að umræðuefni fyrst.

Hæstv. ráðh. mælti hér fyrir frv. til laga um Seðlabanka Íslands. Hann sagði að æskilegra hefði verið að það hefði getað fylgt frv. um viðskiptabanka á s.l. ári. Þá vaknar spurningin: Hvers vegna fylgdi það ekki frv. um viðskiptabanka á s.l. ári og hvað hefur gerst í millitíðinni? Það fylgdi ekki frv. um viðskiptabanka á s.l. ári af því að menn höfðu ekki náð samkomulagi um ýmis atriði sem voru í hinu upphaflega frumvarpsformi. Það sem gerst hefur í millitíðinni er það að mjög mörgum greinum frv. hefur verið bylt mjög verulega og breytt þannig að þau sérálit, sem hér fylgja með og varða hið upprunalega frv. eins og það kom frá bankamálanefnd, verða kannske svolítið ankannaleg. Það er langur kafli í mínu sérálíti um afurðalánakerfið og bindingu innlána sem hefur tekið algjörum breytingum, bæði í framkvæmd og í þessu frv. frá því frv. sem bankamálanefnd sendi frá sér.

Það er hér hrós um ákveðin atriði í sérálíti Lúðvíks Jósepssonar. Þeim atriðum flestum er búið að breyta, þannig að það sem Lúðvík fagnaði í sínu sérálíti, þótt hann hefði ýmislegt á hornum sér varðandi önnur atriði, er honum væntanlega ekkert fagnaðarefni lengur vegna þess að ákvæðunum hefur gjörsamlega verið snúið við.

Í þessum greinum má taka nokkur atriði. Það er t.d. fagnaðarefni hjá Lúðvík Jósepssyni að verið sé að þrengja verksvið bankans. Hæstv. ráðh. lagði líka á það nokkra áherslu að það væri verið að gera með þessu frv. En það eru hér ný ákvæði bæði í 6. gr. og 11. gr. þessa frv. sem opna það sem lokað er í öðrum greinum, undantekningarákvæði varðandi viðskipti Seðlabankans við aðra aðila en ríkið og viðskiptabankana, peningastofnanir í þrengsta skilningi. Það var meining nefndarmanna — um það voru þeir þó allir sammála hvaðan úr flokki sem þeir voru, hvort sem þeir eru nú fjmrh. eða ekki — að eðlilegt væri að Seðlabankinn væri fyrst og fremst banki bankanna og ríkissjóðs í þröngum skilningi.

Í 6. gr. er nú tekið fram að þegar sérstaklega standi á — það er viðbót sem hefur átt sér stað í sumar — megi gera þetta að engu, þ.e. Seðlabanki geti þá ákveðið í reglugerð að taka við innlánum frá öðrum peningastofnunum en þeim sem þrengingin náði til og skilmerkilega er tekið fram áður.

Það var líka tekið fram í frv. nefndarinnar að það væru einungis innlán ríkissjóðs en ekki ríkisstofnana sem ættu að geymast í Seðlabankanum, ríkissjóður „próper" svo að segja. Þessu hefur nú verið breytt. Í 11. gr. hefur verið bætt inn í að ekki skuli þar einungis geymast innlán ríkissjóðs heldur þeirra ríkisstofnana einnig sem eru á fjárlögum. Ánægja Lúðvíks Jósepssonar yfir frv. trúi ég að sé að því er þetta atriði varðar að engu orðin því að það sem átti að þrengja hefur nú verið gefinn möguleiki á að útvíkka eftir því sem mönnum þykir henta hverju sinni.

Í frv. eins og það kom frá bankamálanefnd var afurðalánakerfið í fullu fjöri. Bindingin átti að geta farið upp í 28 + 5%, eða 33% við venjulegar aðstæður. Þetta er nú með allt öðrum hætti í frv. eins og það er núna, m.a. vegna þess sem gerst hefur, þ.e. að menn hafa valið þá leið að afurðalánakerfið færi yfir á erlendan lánamarkað, og af öðrum ástæðum.

Eitt af því sem Lúðvík Jósepsson fagnaði í sambandi við þetta frv. var að hann taldi að bein samsvörun ætti að vera milli þessara 28% og afurðalánakerfisins. Sú beina samsvörun er ekki fyrir hendi lengur í þessu frv.

Um bindinguna verður það eitt sagt að í frv. eins og það er núna er ekkert þak á henni. Seðlabankinn getur ákveðið þá bindingu sem honum dettur í hug. Alþingi hefur ekkert með það að gera. Það er ekkert þak sett á það hver hæsta binding í innlánsfé geti verið, eins og verið hefur í lögum, eins og var í frv. bankamálanefndar og eins og var í sérálíti mínu, þó að mitt sérálit gerði ráð fyrir 15% hámarki en ekki 33%, eins og meiri hluti nefndarinnar. Það skýrist m.a. af því að ég vildi gera uppstokkun á afurðalánakerfinu þannig að Seðlabankinn útvegaði lán í ákveðnu hlutfalli miðað við það hver þörfin væri hjá mismunandi lánastofnunum miðað við þarfir atvinnuveganna í viðskiptum við hina ýmsu banka. En um það þarf ekki að fjölyrða frekar því menn hafa þar fundið aðra leið.

Eitt af því sem núverandi formaður Sjálfstfl. og núverandi fjmrh. fagnaði mjög þegar hann starfaði í nefndinni var það vaxtafrelsi sem átti að innleiða. Hæstv. ráðh. lét þess getið hér að eitthvað hefði verið hnikað til í þessum efnum vegna þess að Seðlabankanum er gefið vald til þess að afnema vaxtafrelsið ef honum sýnist þess þurfa.

Ekki veit ég hvort hæstv. fjmrh., núverandi formaður Sjálfstfl., er jafnánægður með að vaxtafrelsið skuli þessum takmörkunum háð skv. frv. og hann var ánægður yfir því að vaxtafrelsið skyldi komast inn í frv.

Um þetta atriði gerði ég athugasemdir nokkrar þegar nefndin gekk frá sínu áliti. Ég benti á að það skorti grg. um hvernig vaxtamunur inn- og útlána skyldi skilgreindur og hvernig ætti að beita því stjórntæki. Ég var hins vegar í grundvallaratriðum sammála því að vaxtastigið í landinu ætti að ákveða með því að viðskiptavextir Seðlabankans við aðra banka væru ákveðnir af honum eða bankamálaráðherra og ég taldi reyndar að bankinn ætti að ákveða það, mundu ákveða vaxtastigið. Ég var líka sammála því að nauðsynlegt væri að veita aðhald með því að munur á innláns- og útlánsvöxtum væri hafður undir smásjánni og aðhald veitt í þeim efnum af Seðlabanka þó að það væri aldrei hægt að fá nánari skýringar á því hvernig framkvæmdinni skyldi hagað.

Það var líka eindregin skoðun hæstv. núverandi fjmrh. Þorsteins Pálssonar, sem var formaður nefndarinnar á seinni hluta starfs hennar, að Seðlabankinn ætti einungis að veita ríkissjóði lán til skamms tíma og slík lán ættu að greiðast upp við lok hvers fjárhagsárs og með slíkum lánum skyldi telja alla ríkisvíxla, skuldabréf og önnur verðbréf sem eru útgefin af ríkissjóði og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af peningastofnunum.

Hvað hefur gerst? Í fyrsta lagi hefur nú verið lengdur tíminn til uppgjörsins um þrjá mánuði frá lokum fjárhagsárs. Látum það nú kannske vera. En að öðru

leyti hefur innihaldi þessarar setningar verið gjörsamlega snúið við. Í staðinn fyrir að ríkisvíxlar, skuldabréf og önnur verðbréf skuli teljast með lánum Seðlabankans skulu þau skv. frv., eins og það liggur fyrir núna, ekki teljast með. Það er kannske smávægileg breyting að bæta inn í bara einu orði, orðinu „ekki" í seinustu málsgr. 11. gr. En þetta er eitt af því sem hefur breyst frá því að bankamálanefnd hafði þetta til umfjöllunar og sem aðrir nefndarmenn létu undan þrýstingi og áliti Þorsteins Pálssonar þáverandi nefndarformanns um *hvernig skilgreint skyldi og hvernig með skyldi fara.*

Það var reyndar líka í frv. eins og bankamálanefnd gekk frá því að það skyldi ótvírætt að bankastjórar væru ekki í öðrum störfum. Ég má kannske vekja athygli á því að skv. ákvæði til bráðabirgða í þessu frv., eins og það liggur nú fyrir, er ekki gert ráð fyrir að það ákvæði taki gildi gagnvart þeim sem núna eru við störf bankastjóra í Seðlabankanum. Svolítið fráhvarf hlýtur það að teljast frá því sem bankamálanefndin taldi á sínum tíma.

Þetta eru nokkur þau atriði sem hafa breyst frá því að frv. fór frá bankamálanefnd. Þau eru reyndar fleiri. Ég veit ekki hvort ástæða er til að ég reki þau öllu nánar á þessu stigi. Það er nýtt ákvæði hér um reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár. Ég held að það ákvæði sé til bóta. En annað, sem ég hef talið upp, er ég ekki sannfærður um að sé til jafnmikilla bóta.

Það var líka og ekki síst álit nefndarinnar að bankaeftirlitið ætti að fá aukið sjálfstæði frá því sem áður hefði verið. Um þetta sagði Lúðvík Jósepsson í sínu sérálíti að hann teldi það til bóta, sem þar hefði náðst, þó að hans skoðun væri reyndar sú að bankaeftirlitið ætti að vera algerlega sérstök stofnun. En í frv. nefndarinnar var tekið fram að hér væri um sjálfstæða stofnun að ræða þó að til málamiðlunar létu menn það frá sér fara þannig að hún heyrði engu að síður til Seðlabankanum.

Nú er þetta breytt. Nú er bankaeftirlitið orðið alger undirsáti í Seðlabankanum og undir þeim sem þar fara með völd að öðru leyti. Ekki trúi ég að Lúðvík Jósepsson fagni ákvæði laganna jafninnilega núna og hann gerði þegar þetta var sett fram og ekki skal ég segja um aðra nefndarmenn. En svo mikið er víst að mikið var þetta rætt.

Í sérálíti mínu benti ég á ýmis atriði sem ég taldi að vantaði í þetta frv. og ég skal nú gera það eilítið að umtalsefni. Ég hef áður minnst á eftirlit með ávöxtunarfyrirtækjum. Ég tel að ég hafi gert því nægilega glögg skil. Annað atriði var svokölluð trygging innlána, að stofnaður yrði tryggingarsjóður til að verja menn áhættu af því að bankar færu á hausinn. Í því máli vannst þó nokkur sigur í fyrra, þ.e. tekið var inn í viðskiptabankalöggjöfina, sem samþykkt var í fyrra, ákvæði um þetta efni í 51. gr. laganna þess efnis að stofnað skyldi til tryggingarsjóðs viðskiptabanka sem væri sjálfstæð stofnun og jafnframt að yfirstjórnin væri í höndum viðskrh. og hann skyldi setja nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.

Ég vil nú spyrja hæstv. viðskrh. hvort við getum ekki fengið að heyra ákvæði þessarar reglugerðar vegna þess að hún hefur væntanlega ekki verið gefin út síðar en 1. febr. s.l. Um það eru skýr lagaákvæði að sjóðnum skuli sett reglugerð eigi síðar en 1. febr. 1986. Ég vil óska eftir því við hæstv. viðskrh. að hann greini okkur frá efnisatriðum þessarar reglugerðar. En markmið þessa sjóðs var að tryggja full skil á innlánsfé þegar viðskiptabanki er í greiðsluþroti. Sjóðurinn á að tryggja eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar bú viðskiptabanka er tekið til skipta.

Ég verð að segja að ég er mjög ánægður með það að Alþingi skyldi samþykkja þetta ákvæði á s.l. ári, ég tala nú ekki um í ljósi þess sem síðar hefur gerst hjá Útvegsbanka Íslands. Hvernig hefði farið hér hjá okkur ef það hefði verið einkabanki en ekki ríkisbanki sem lenti í því feni sem Útvegsbankinn var í? Þá hefðu *inneignir sparifjáreigenda getað tapast vegna þess að* engin trygging var á bak við, ef það hefði verið hlutafélagabanki, ekki ríkisbanki, sem hefði farið jafnhrikalega að ráði sínu og Útvegsbankinn. Það hefur því sannast síðan að þessa ákvæðis var fyllilega þörf.

Þriðja atriðið, sem ég nefndi í sérálíti mínu, var ákvæði um kreditkort, að það skorti ákvæði í lögum um kreditkort og ég teldi eðlilegt og nauðsynlegt að setja það inn í seðlabankalögin. Ég vil taka það fram að ég er ekki á móti kreditkortum. En ég hef talið lengi, eins og reyndar fleiri þm., að um þetta atriði ættu að vera til lagaákvæði og eftirlit með starfsemi fyrirtækja af þessu tagi *væri nauðsynlegt og styddist* við lagaákvæði. Það hefur oft verið talað um að flytja frv. til slíkra laga en enn þá vantar þau.

Fjórða atriðið var um vaxtamál og um það hef ég þegar fjallað þó nokkuð.

Fimmta atriðið var um almannaaðhald. Ég minni á að Alþingi hafði nýlega sett lög um upplýsingaskyldu bankanna varðandi risnu og bílakost og því um líkt. Þau ákvæði voru inni í lögum bæði um ríkisbankana og Seðlabankann. Í fyrra var með nýju viðskiptabankalögunum upplýsingaskylda bankanna um þetta atriði felld út úr lögum. Nú er meiningin að gera það sama að því er varðar Seðlabankann.

Ég benti líka á það í sérálíti mínu að ég teldi nauðsynlegt — og rétt að það komi fram hér alveg eins og í umræðunum um viðskiptabankana — að ráðherra gæti haft heimild til tímabundinnar stöðvunar á stofnsetningu útibúa. Ekki það að ég fylgi ekki þeirri almennu reglu sem hér er sett fram um að það sé ekki neitt reglugerðarákvæði um þetta, heldur hitt að ég taldi nauðsynlegt að ef eitthvað sérstakt kæmi upp á gæti viðskrh. stöðvað stofnsetningu allra útibúa þannig að eitt yrði yfir alla að ganga í þeim efnum um ákveðinn tíma, t.d. eitt ár.

Um gjaldeyrisviðskiptin er það að segja að ég lagði áherslu á að skilið yrði á milli heimildar til þess að stunda einfalda sölu á gjaldeyri til almennings og stofnsetningar kostnaðarsamra gjaldeyrisdeilda. Þetta vil ég endurtaka nú og það vísast til sérálits og þeirrar umræðu sem fór hér fram í fyrra varðandi viðskiptabankana.

Ég benti líka á það í þessu sérálíti mínu að ég teldi nauðsynlegt að setja sérstök lög um peningamálastjórn og benti sérstaklega á Noreg sem fordæmi í þeim efnum.

Tveimur atriðum gerði ég sérstök skil í sérálíti mínu og ég tel ástæðu til að ítreka þau nokkuð hér. Það var um valdsvið og ábyrgð bankans. Vísast þá til þeirrar 4. gr. sem ráðherra gerði hér sérstaklega að umtalsefni, um það að í öllu starfi sínu skuli Seðlabankinn hafa náið samráð við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og

framkvæmd hennar. En sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða er stjórn Seðlabanka rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Engu að síður skuli hún telja það sitt hlutverk að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar frekar en sinni eigin. Þetta er gamalt ákvæði og hefur í engu verið breytt.

Vegna þessa ákvæðis, eins og það er orðað, hafa orðið margvíslegir árekstrar milli Seðlabankans og ríkisstjórna. Eða kannske væri ekki rétt einu sinni að nefna það árekstra, heldur að ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafi afsakað sig hvort með öðru. Það hefur ekki verið óalgengt á undanförnum árum að ráðherrar, jafnvel forsrh., hafi sagt: Seðlabankinn ræður þessu, á sama tíma og Seðlabankinn var að bíða eftir ákvörðun ríkisstjórnar.

Að mínu áliti á að breyta þessu. Það á að breyta því með þeim hætti að ríkisstjórnin á að lýsa markmiðum sínum í peningamálastjórn fyrir Seðlabankanum og með opinberum hætti, en síðan að láta Seðlabankann um að beita þeim tækjum og ráðum á þessum sviðum sem hann telur nauðsynleg til að ná þessum markmiðum. Ríkisstjórnin getur svo hvenær sem er endurskoðað markmið sín, hún hefur rétt og skyldur til þess hvenær sem hún telur það nauðsynlegt. En ef þessi háttur yrði upp tekinn fengist langtum gleggri verkefnaskipting og skýrari valdskil en núna tíðkast og frv. gerir ráð fyrir.

Ég taldi að vísu ekki nauðsynlegt að breyta 4. gr. ef ákvæði hennar yrðu áréttuð annaðhvort með viðbótarmálsgrein í 4. gr. eða með nýrri sérstakri grein um það að ríkisstjórnin skuli í ársbyrjun og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega birta Seðlabankanum stefnu sína og markmið í peninga- og efnahagsmálum, þar á meðal um *peningamagn í umferð, raunvaxtastig, markmið í sambandi* við viðskiptajöfnuð og hugmyndir um útlána- og innlánaþróun í samræmi við það. Og síðan: „Hlutverk Seðlabankans er að framfylgja þessum markmiðum með þeim tækjum og ráðum sem hann hefur til umráða."

Mín skoðun er sú að ef þetta væri gert mundum við losna við það og hættuna af því, sem við höfum oft orðið að upplifa að undanförnu, að hér væri ráðleysi vegna þess að ríkisstjórn og Seðlabanki væru að kenna hvor öðrum um.

Í mínu séráliti er fjallað þó nokkuð um stjórntæki Seðlabankans. Það á að vera hlutverk Seðlabankans m.a. að sjá til þess að peningamagn í umferð og framboð á lánsfé sé hæfilegt miðað við sem stöðugast verðlag og hagkvæma nýtingu á framleiðslugetu atvinnuveganna. Hann verður vitaskuld í þessu sambandi að hyggja að fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við og að tryggja frjáls viðskipti við útlönd.

Hann hefur ekki mörg tæki undir höndunum til að sinna þessum markmiðum. Mér telst svo til að þau séu fimm auk gengisins. Það er í fyrsta lagi bindingin sem við höfum eilítið gert að umræðuefni bæði í dag og fyrr. Í öðru lagi eru það vaxtaákvarðanir, annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti. Í þriðja lagi eru það verðbréfaviðskipti. Í fjórða lagi er takmörkun á erlendum lántökum og í fimmta lagi er svo að reyna að beita fortölum, eins og við höfum haft dæmin um, þar sem leitast er við að semja við viðskiptabankana um útlánastefnu.

Bindingin, eins og við höfum framkvæmt hana, hefur verið fyrst og fremst til þess að standa undir afurðalánunum. Hún hefur þess vegna ekki verið stjórntæki. Hún hefur bara verið fyrirgreiðsluform, eitt form af fyrirgreiðslu til að veita peningum ákveðinn hring í þjóðfélaginu, frá bönkunum til Seðlabankans og frá Seðlabankanum aftur til bankanna í öðrum hlutföllum en þetta var tekið af bönkunum í upphafi. Sem stjórntæki hefur bindingin þess vegna ekki verið virk. Vaxtaákvarðanirnar vitum við hvernig til hefur tekist með. Við bjuggum löngum við neikvæða raunvexti og ekki eru allir mjög sáttir við vaxtastefnuna eins og hún er núna.

Þriðja stjórntækið, verðbréfaviðskipti, hefur í rauninni ekki verið til, ekki á vegum Seðlabankans.

Takmörkun á erlendum lántökum er fjórða stjórntækið. Hvað um það? Það hefur verið í höndum Alþingis, að heita hefur átt. Ég held að menn geti verið sammála um að ekki hafi tekist neitt sérlega vel til í þeim efnum, jafnvel að hafa það stjórntæki hjá Alþingi.

Fimmta stjórntækið er fortölurnar. Um það þekkjum við sögurnar og sjáum að það hefur nánast tekist hörmulega oftast nær.

Ég taldi og tel nauðsynlegt að þessi stjórntæki gætu verið virk að einhverju leyti. Með því að taka afurðalánakerfið út, eins og ég gerði tillögur um og nú hefur reyndar verið gert, átti bindingin að geta verið stjórntæki, en þá þurfti bindingin heldur ekki að vera upp úr öllu valdi, enda eru engin dæmi um það í nágrannalöndum okkar.

Vaxtatækinu taldi ég að unnt væri að beita með því að vaxtastig í landinu væri ákveðið í gegnum vexti Seðlabankans á viðskiptum sínum, eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

En ekkert af þessu hefur í rauninni fengið neina sérstaka umfjöllun og kannske er sárast að ekki skuli hafa verið tekið á þeirri valdstreitu sem er milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar eins og þessum málum er nú háttað.

Þegar flett er í gegnum þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, slær það mann að aftur og aftur enda greinarnar á því að Seðlabankinn setji nánari reglur um þetta atriði: „Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein." „Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd." Grein eftir grein endar með þessum hætti.

Ég veit ekki hvort mönnum þykir þetta góð stjórnarstefna, góð lagasmíð. Sjálfsagt á bankamálanefndin þátt í þessum greinum mörgum hverjum. En ég held, hvort sem skoðun mín hefur verið sú þegar ég var í *bankamálanefndinni* eða ekki, að það sé eðlilegt að ráðherra hafi heldur meiri afskipti og ábyrgð í þessum málum. Það sé því hans að segja til um eða staðfesta flestar þær reglur sem Seðlabankinn setur sér í þessum efnum.

Eitt er það atriði sem ég held að sé nauðsynlegt að fjalla eilítið um vegna sérstaklega þeirrar umræðu sem í gangi hefur verið. Það er um útlán viðskiptabankanna til einstakra aðila. Í kaflanum um bankaeftirlit í þessu frv. er í 16. gr. sagt að bankaeftirlitið eigi að fylgjast með að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu, sem í viðskiptunum felst, með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og eigin fé stofnunarinnar. Þarna er vísað m.a. til eigin fjár. Síðan segir:

„*Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins* viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með

tilliti til útlánaáhættu verður að skoða sameiginlega skuldbindingar þeirra við innlánsstofnun."

Ég held að rétt sé að það komi fram hér að í bankamálanefndinni var mikið rætt um hvort ekki væri ástæða til að setja ákveðin mörk um það að viðskiptabanki mætti ekki lána nema tiltekna prósentutölu af eigin fé sínu til eins aðila. Menn stöldruðu kannske við prósentutölu eins og 35–40%. Hvers vegna varð ekki úr þessu? Vegna þess að menn uppgötvuðu að eins og bankakerfið er hjá okkur mundu a.m.k. 15–20 stærstu fyrirtækin í landinu, sem væru í viðskiptum við bankana, lenda ofan við þessi mörk og ættu í rauninni hvergi heima í viðskiptum ef þessi mörk væru sett. Stór hluti af skuldbindingum þeirra færi fram úr þessum mörkum.

Þetta var í rauninni staðfest í gær í svari viðskrh. við fsp. frá Jóhönnu Sigurðardóttur um það hversu stór hundraðshluti af eigin fé væri í útlánum til stærstu aðila. Þarna voru 14 fyrirtæki tilgreind sem voru með yfir 34% af eigin fé þessara banka. Framkvæmdin á ákvæði af þessu tagi er því ekki einföld og nefndin hreinlega treysti sér ekki til að taka á þessu atriði, svo að ég segi hlutina alveg nákvæmlega eins og þeir eru.

Skýringin er vitaskuld sú að bankakerfið hjá okkur er allt of veikt. Bankarnir eru svo litlir. Þeir geta ekki mætt þörfum fyrirtækjanna fyrir utan það að stundum vanda þeir sig ekki, eins og Útvegsbankinn gerði ekki í sambandi við eitt ákveðið fyrirtæki.

Þá kem ég að síðasta atriðinu, herra forseti, í þessari umfjöllun minni núna, nefnilega því að bankamálanefndinni var sett fyrir að skapa stærri og virkari heildir í bankakerfinu einmitt til að mæta þörfum fyrirtækjanna og atvinnulífsins. Í því máli brást bankamálanefndin gersamlega. Hún gerði ekkert í því.

Við Lúðvík Jósepsson lögðum til að Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn yrðu sameinaðir með lögum og Alþingi tæki afstöðu til málsins. Meiri hluti nefndarinnar vísaði málinu frá sér til viðskrh. með sérstöku bréfi og óskaði eftir að hann skoðaði málið. Hann skipaði aðra nefnd sem skilaði svo áliti hér á dögunum þegar Hafskips- og Útvegsbankamálið var í sem mestu uppnámi.

Þetta verkefni eigum við óleyst, að skapa sterkari og virkari heildir. Það verkefni verður að leysa. Nú er tækifæri til þess. En kannske lægi næst fyrir að spyrja þá hæstv. viðskrh.: Hvað er að gerast í þeim efnum? Hvað er að gerast í málefnum Útvegsbankans? Hvað er að gerast í því að sameina Útvegsbankann t.d. Búnaðarbankanum eða koma betra skikki á skipulag bankamálanna í landinu að þessu leyti?

Umr. frestað.

Sameinað þing, 42. fundur.

Fimmtudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Kosning eins manns í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað í stað Páls Jónssonar sem sagt hefur starfi sínu lausu.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Þorsteinn Árnason, skipstjóri, Keflavík.

Kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til sex ára, frá 1. janúar 1986 til 31. desember 1991.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri.

Málefni myndlistarmanna, þáltill. 19. mál (þskj. 19). — Fyrri umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Seint á síðasta þingi flutti ég ásamt þremur öðrum þm. Alþb. till. til þál. um málefni myndlistarmanna. Till. komst þá til nefndar, en fékk enga meðferð vegna þess hvað hún kom seint fram á þinginu.

Þessi till. er flutt í framhaldi af myndlistarþingi vorið 1985 sem Samband ísl. myndlistarmanna beitti sér fyrir. Var þingið haldið undir yfirskriftinni „Myndlist sem atvinna".

Till. til þál., sem flutt er af mér ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni og Ragnari Arnalds, er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa í samvinnu við Samband ísl. myndlistarmanna nefnd er vinni að tillögum um úrbætur í hagsmunamálum myndlistarmanna.

Bendir Alþingi á eftirfarandi atriði sem rétt er að nefndin hafi til hliðsjónar:

1. Að undirbúin verði stofnun launasjóðs myndlistarmanna með tekjum eins og bent var á í ályktun myndlistarþings vorið 1985.
2. Að fullgild aðild Íslands að Flórens-sáttmála varðandi flutning listaverka milli landa verði tekin til athugunar og ákveðin á næsta þingi.
3. Að samin verði drög að lagafrv. sem tryggi betur en nú er gert að myndlistarmenn fái notið réttar síns samkvæmt höfundalögum.
4. Að ákveðið verði hvernig ríkið styður framvegis Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
5. Að sveitarfélög taki fullan þátt í átaki til að efla myndlistarstarfsemi.
6. Að Listskreytingasjóður fái það fjármagn sem honum er ætlað skv. lögum.
7. Að farið verði yfir tillögugerð myndlistarmanna frá síðustu árum og þær tillögur hagnýttar sem nefndin kemur sér saman um.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt að unnt verði að taka álit hennar til meðferðar á næsta löggjafarþingi."

Þannig hljóðar tillagan, herra forseti, og tilgangur hennar er að koma málefnum myndlistarmanna á dagskrá hv. Alþingis. Þau hafa ekki mikið verið rædd hér á undanförnum árum nema lítillega í tengslum við lögin um Listskreytingasjóð. Ég tel að það sé eðlilegt að þessi þáttur listsköpunar hér á landi fái umræðu og meðferð þannig að Alþingi fái kost á því að taka afstöðu til einstakra þátta þessara mála.

Í grg. sem fylgir till. eru birtar ályktanir og ábendingar myndlistarþings frá vorinu 1985. Í þessari ályktun segir m.a., með leyfi forseta:

„Myndlistarþing 1985 telur hag myndlistar standa höllum fæti miðað við aðrar listgreinar. Þrátt fyrir einstæðan áhuga almennings á myndlistum eru listasöfn enn í fjársvelti og geta því ekki framfylgt lögum sínum. Hráefni og tæki til myndlista hafa verið tolluð árum saman meðan aðrir listgreinar fá niðurfellingu gjalda. Höfundaréttur er enn ekki virtur sem skyldi og ekki tekið tillit til myndlista í gerðardómi vegna ljósritunar kennsluefnis í skólum. Þörfum fyrir vinnustofur hefur lítið sem ekki verið sinnt.

Myndlistarþing telur þó brýnast mála að stofnaður verði launasjóður myndlistarmanna til að jafna hag þeirra svo að fleiri geti nýtt menntun sína og kunnáttu að fullu. Nú vinnur þingskipuð nefnd að heildarendurskoðun sjóða vegna lista. Bindur þingið vonir við starf hennar og væntir leiðréttinga fyrir myndlistarmenn.

Vegna kröfu um stofnun launasjóðs myndlistarmanna vísar myndlistarþing til hliðstæðra sjóða í öðrum listgreinum og beitir sömu rökum og voru fyrir stofnun þeirra. Bendir þingið á ýmsar leiðir til fjáröflunar í slíkan sjóð, m.a. söluskatt af endursölu listaverka á uppboðum og söluskastt af efni til listiðju. Öðrum tillögum til tekjuöflunar í sjóðinn, svo sem ákveðnum hundraðshluta af sölu listaverka á sýningum og greiðslum fyrir höfundarétt verka í opinberri eigu, vísar þingið til nánari umfjöllunar Sambands ísl. myndlistarmanna.

Myndlistarþing lýsir ánægju sinni vegna stofnunar menningarsjóða sveitarstjórna og fyrirtækja. Jafnframt hvetur myndlistarþing þau bæjar- og sveitarfélög, sem bolmagn hafa til, að taka upp þann hátt Reykjavíkurborgar að veita árlega starfslaun listamanns. Þingið lýsir ánægju sinni yfir starfslaunum Reykjavíkurborgar til myndlistarmanns, en mælist til að þeim verði fjölgað og um þau farið að lögum varðandi launatengd gjöld.

Þingið telur að Íslandi beri nú þegar að gerast fullgildur aðili að Flórens-sáttmálanum um tollfrjálsan flutning listaverka milli landa, en tollhömlur hafa skapað mikinn vanda í sýningum íslenskra listamanna erlendis."

Í greinargerð myndlistarþings segir enn fremur: „Myndlistarþing ítrekar ályktun frá þinginu frá 1981 um að of hægt miði til þess að myndlistarmenn fái notið réttar síns samkvæmt höfundalögum. Enn búa myndlistarmenn við það óréttlæti, einir listamanna, að ekkert fast umsamið endurgjald er fyrir birtingu hugverka þeirra á opinberum vettvangi. Við slíkt verður ekki unað öllu lengur.

Myndlistarþing beinir þeim tilmælum til stjórnar Sambands ísl. myndlistarmanna að könnuð verði réttarstaða myndlistarmanna varðandi greiðslur fyrir ljósritun á hugverkum þeirra í skólum í kjölfar gerðardóms þess er féll hinn 4. maí 1984 um greiðslu ríkisins til höfunda vegna ljósritunar.

Myndlistarþing knýr á um það að við stjórnun og rekstur listasafna skuli fræðileg menntun á sviði myndlistar gerð að skilyrði. Forstöðumenn séu ráðnir tímabundinni ráðningu og til stjórnunar og stefnumótunar, en ekki sem framkvæmdastjórar stjórnar heldur hafi sér til fulltingis ráðgjafarnefnd.

Rekstur sölu- og sýningasala myndlista má heita nýr hérlendis, en þeir hafa þegar sannað hlutverk sitt í menningarlífi og listmiðlun. Þess er vænst að viðkomandi yfirvöld veiti nauðsynlega fyrirgreiðslu svo að þeir megi gegna hlutverki sínu.

Myndlistarþing 1985 fagnar stofnun Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og skorar jafnframt á stjórnvöld ríkis og borgar að styðja þetta merka framtak einart og afdráttarlaust svo að hús Sigurjóns Ólafssonar fái að standa óhögguð á sínum stað á Laugarnesi með því safni listaverka er hann skildi þar eftir sig. Því aðeins væri það þjóðinni til sæmdar að hér væri vel stutt að, svo sem sæmir minningu þessa mikla listamanns og brautryðjanda.

Myndlistarþing 1985 fagnaði stofnun Listskreytingasjóðs ríkisins, en að gefnu tilefni skorar þingið jafnframt á stjórnvöld að þau virði lög um að 1% af byggingarkostnaði ríkisins fari til sjóðsins og gæti þess að fé til sjóðsins verði ekki skert. Jafnframt er skorað á sveitarfélög að taka fullan þátt í fjármögnun sjóðsins, enda eiga þau hagsmuna að gæta og eiga fulltrúa í stjórn Listskreytingasjóðs.

Jafnframt er athygli borgar- og bæjaryfirvalda vakin á því að á síðustu árum hefur mjög dregið úr kaupum höggmynda fyrir opinbera staði.

Myndlistarþing mælist til þess að skipuð verði nefnd til að kanna hvaða kostir séu á húsnæði fyrir vinnustofur listamanna í eldri hverfum borgarinnar. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá Sambandi ísl. myndlistarmanna, Arkitektafélagi Íslands, menntmrn. og Reykjavíkurborg.

Því er beint til skipulagsyfirvalda að þau geri ráð fyrir lóðum á nýbyggingarsvæðum þar sem reist verði íbúðarhús með vinnustofum fyrir listamenn. Myndlistarþing krefst þess af viðkomandi aðilum að heiðursbústað Jóhannesar Kjarvals á Seltjarnarnesi verði skilað aftur og húsið nýtt svo að sem bestum notum komi fyrir myndlist. Aðeins þannig verði upphaflegri ætlun hússins fullnægt. Jafnframt gerir þingið þá kröfu að greitt verði fyrir afnot hússins aftur í tímann og gæti féð verið framlag til launasjóðs myndlistarmanna.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík hefur lengi stefnt að því að innrétta gestavinnustofu í húsnæði sínu að Korpúlfsstöðum. Sakir fjárskorts hefur ekki verið unnt að ganga svo frá húsnæðinu að sæmandi sé að bjóða það gestum. Því ályktar myndlistarþing að borgaryfirvöld í Reykjavík ættu að veita styrk til þessa verkefnis.

Stjórn myndlistarþings vill koma því á framfæri að bygging gestavinnustofu fyrir erlendan listamann á vegum Norrænu myndlistarstöðvarinnar er vel á veg komin í Hafnarborg í Hafnarfirði og talsverðu fé hefur verið varið til hennar frá Norræna menningarsjóðnum. Ísland hefur verið nokkuð seint á sér að fullnægja þessari kvöð sem nú er létt af ríkissjóði. Hlýtur því að teljast eðlilegt að nokkuð komi frá opinberum aðilum á móti."

Á fyrsta degi þessa árs flutti Sigurður A. Magnússon rithöfundur ræðu sem vakti mikla athygli. Þar gagnrýndi hann stjórnvöld, Alþingi og ríkisstj., ákaft fyrir skort á stefnumótun í menningarmálum. Við meðferð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1986 kom það fram að framlög til lista og menningarmála hafa lækkað sem hlutfall af fjárlögum úr um það bil 0,47% í 0,35%. Ég held að þetta sé verulegt áhyggjuefni og ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir Alþingi að gera sér grein fyrir því að

það er margt sem skiptir máli og margt sem þarf að taka á, einnig þeir þættir menningarmála sem hér eru gerðir að umtalsefni.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að núverandi ríkisstj. hafi stefnu í menningarmálum. Sú stefna kemur fram í niðurskurði framlaga til menningarmála. Það er stefna sem ég get fyrir mitt leyti ekki fallist á því tilgangurinn með öllu okkar striti og starfi, bæði hér og annars staðar, er auðvitað sá að þjóðin geti átt gott menningarlíf.

Ég vil taka það fram að lokum, herra forseti, í tilefni af þessari till. að Alþingi hefur þegar ákveðið fyrir árið 1986 að styrkja nokkuð Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og hæstv. fyrrverandi menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, beitti sér fyrir því að á síðasta ári var varið nokkru fé í aukafjárveitingu til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Það er þess vegna ljóst að ríkisstj. og Alþingi hafa í rauninni þegar ákveðið að taka þetta dýrmæta safn undir sinn verndarvæng og hjálpa til við að tryggja að þetta safn fái að njóta sín framvegis.

Ég vil einnig að allrasíðustu benda á það, herra forseti, að á síðasta þingi fór hér fram dálítil umræða um Launasjóð rithöfunda. Þar kom fram að framlögin í Launasjóð rithöfunda eru u.þ.b. 1/10 af öllum söluskatti af bókum sem innheimtur er hér á landi. Þannig eru rithöfundar skattlagðir verulega í ríkissjóð með stórfelldum upphæðum upp á tugi milljóna króna umfram það sem rennur til þeirra aftur í gegnum Launasjóð rithöfunda.

Í umræðum um þetta mál á síðasta þingi tóku hæstv. þáverandi menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir og hv. þm. Halldór Blöndal mjög vel í þær ábendingar sem fram hafa komið um þessi efni og undir forustu hv. þm. Halldórs Blöndals hefur starfað þingskipuð nefnd að heildarendurskoðun sjóða vegna lista.

Hæstv. núverandi menntmrh. boðar veikindaforföll í dag þannig að ekki er kostur á að inna hann eftir því hvað líður starfi þessarar nefndar, en kannske forveri hans vildi vera svo vinsamlegur að segja okkur af því hvernig þessi mál standa, hvaða áform ríkisstj. hefur í þessum efnum og hvers er að vænta frá hennar hendi varðandi þessa heildarendurskoðun.

Herra forseti. Ég hygg að það sé í samræmi við hin nýju og breyttu þingsköp að ég leggi til að þessari till. verði vísað til hv. félmn.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er rétt, sem 1. flm. þessarar till., hv. 3. þm. Reykv., segir, að umræða fór fram um þetta mál þegar langt var liðið á síðasta þing.

Tildrög þessa máls eru í stuttu máli þau að ályktanir sem myndlistarþing hafði gert voru fluttar inn á Alþingi í formi þáltill. Alþb. Það kann að valda misskilningi því að því fer svo víðs fjarri að hér sé um að ræða sérstaklega mál Alþb. Hér er drepið á svo fjölmörg atriði sem sumpart eru fram undan, sumpart eru komin í framkvæmd og sumpart eru í vinnslu. Ég hygg að það hafi komið mjög rækilega í ljós þegar umræðan fór fram á þingi á s.l. vori að hér er um mál að ræða sem er ekki flokksmál neins einstaks heldur er sem betur fer, ég veit ekki betur, um að ræða sameiginlegt áhugamál þm. Ég held að það hljóti að vera svo að þessi listgrein, sem nýtur svo almenns áhuga í landinu og almenns stuðnings eins og á margan hátt má sjá í lífi almennings, eigi sér rúm í huga hvers einasta þm.

Hitt er annað mál að margt má betur gera og væri unnt að gera til að tengja listina betur ýmsum þáttum í hversdagslífi okkar og afkomu landsmanna. Ég vil þess vegna geta t.d. um eitt atriði sem ég tel að ríkisstj. ekki síst hafi sýnt mikinn áhuga. Það er vaxandi fræðsla í listiðnaði, listhönnun og slíkum greinum til að sameina listina og ýmiss konar hagnýta vinnu landsmanna í þeim tilgangi að listin njóti sín enn þá betur og setji meiri menningarsvip á það sem landsmenn framleiða. Þess vegna hafa verið á döfinni áætlanir um listiðnaðardeildir eða listhönnunardeildir í myndlistarskólum. Bæði hefur það mál verið í athugun að því er varðar Myndlistarskólann á Akureyri og eins varðandi Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Það má segja að nú sé það alls ekki mitt hlutverk sérstaklega að fjalla um einstök atriði þessa máls, en ég tel ástæðu til að benda á að ég veit að margir mikilvægir þættir þess sem um er fjallað í þessari till. eru í vinnslu í menntmrn. M.a. má nefna hið mikilvæga starf sem nefndin undir forustu Halldórs Blöndals hefur unnið. Í tíð forvera míns var byrjað á úttekt á þýðingu listanna í efnahagsmálum landsmanna og úr þeirri skýrslu vann svo Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, sem hafði verkefni með höndum í menntmrn. Hann vann úr þeirri skýrslu grg. sem fyrir liggur í því ráðuneyti. Ýmis atriði þessa máls eru því í fullum gangi.

Ég minni á að einn þm. Sjálfstfl., hv. núverandi 2. þm. Reykn., flutti á sínum tíma till. um aðild að Flórens-sáttmála og frv. í því sambandi. Þetta var samþykkt og þessu hefur ríkisstj. komið áfram á ýmsan veg.

Hv. þm. vék að Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Mér er óhætt að segja að um það hafi verið tekin ákvörðun og gerð skipulagsskrá þannig að því hafi þegar verið markaður fastur sess og á hvern veg það nýtur stuðnings opinberra aðila. Það tel ég vera mjög mikilvægan þátt í okkar listalífi. Það atriði liggur fyrir.

Enn fremur skal geta þess að studdar eru norrænar vinnustofur fyrir myndlistarmenn. Því máli hefur einnig verið sinnt og a.m.k. ein slík er komin upp. Hún er reyndar gefin af einkaaðilum. En það er stofnun sem vitanlega er á ýmsan veg til fyrirmyndar í þessu og sjálfsagt fyrir Íslendinga að taka þátt í þessu samstarfi.

Herra forseti. Hér er um mjög áhugavert mál að ræða, enda spannar það öll aðalatriði sem fram undan eru á sviði myndlistarinnar. Það var niðurstaða myndlistarþingsins þar sem fulltrúar allra greina myndlistar og fulltrúar opinberra aðila áttu sæti. Menn voru sammála um þau atriði sem þarna lágu fyrir.

Mér er óhætt að segja það fyrir hönd eftirmanns míns, sem nú hefur fjarvistarleyfi, að hann er áreiðanlega ekki minni áhugamaður um þessi efni en forverar hans. Ég þykist vita að hann hefði viljað eiga þess kost að ræða þetta mál. Til slíks gefst væntanlega tækifæri síðar á þinginu. Hæstv. forseti tekur þá afstöðu til þess hvort hann vill fresta umræðunni vegna fjarveru hæstv. ráðh. Það verður auðvitað í úrskurðarvaldi hæstv. forseta. En ég vildi draga þessi atriði fram.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir þátttöku í þessum umræðum og þær ábendingar sem hún kom með varðandi það sem þegar hefur verið unnið að og er í gangi í

þessum efnum.

Það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. ráðh. að hér er um að ræða hugmyndir sem fram komu á myndlistarþingi vorið 1985. Tilgangurinn með því að flytja þetta mál er fyrst og fremst sá að reyna að vekja upp einhverja umræðu í þinginu um málefni myndlistarmanna. Ég geri ráð fyrir að það sé rétt hjá hæstv. ráðh. að þm. úr öllum flokkum vilji gjarnan takast á við mál af þessu tagi. Þá er kostur á því í framhaldi af þessari umræðu hvort sem það er nákvæmlega í formi þessarar till. eða verulega breyttrar till. Það skiptir mig í rauninni engu. Það sem mér finnst skipta mestu máli er að Alþingi sýni þessum þætti okkar þjóðlífs sóma. Það er sjaldgæft að rætt sé um myndlistarmálefni hér á hv. Alþingi. Satt að segja man ég ekki eftir því að það hafi oft gerst þau ár sem ég hef setið hér.

Ég heyrði ekki betur en hæstv. heilbr.- og trmrh. væri að nefna þann möguleika að umræðunni yrði frestað þar til hæstv. menntmrh. væri viðstaddur. Mér finnst það eðlilegt því mér er einnig kunnugt um að hæstv. fyrrverandi menntmrh., Ingvar Gíslason 1. þm. Norðurl. e., mun hafa haft hug á því að taka þátt í þessari umræðu. Ég vil því leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta að umræðunni verði frestað ef kostur er þannig að henni megi halda áfram á næsta fundi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að það er neyðarkostur að þurfa að fresta umræðu sem þessari. Aðalreglan hlýtur að vera sú að Alþingi geti rætt mál sem heyra undir einhvern ráðherra þó að ráðherrann sé ekki við. Það gæti þrengst kostur hv. þm. ef sú regla ætti að gilda að þeir gætu ekki rætt sínar till. og fengið þær afgreiddar nema ráðherra sé við. Ef það kemur ósk frá flm. um að umræðunni sé frestað verður það tekið til úrskurðar. Það hefur ekki komið fram ósk um frestun frá menntmrh. Ég lít svo á að það sé ekki formleg ósk um frestun og er þá umræðunni lokið.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Svört atvinnustarfsemi, þáltill. 56. mál (þskj. 57). — Fyrri umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir till. á þskj. 57 um skipan nefndar til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“ og tillögur þar til úrbóta. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“, þ.e. atvinnustarfsemi þar sem m.a. er komist hjá að greiða lögboðin opinber gjöld, og benda á leiðir þar til úrbóta.

Forsrh. skipi formann nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir árslok 1986.“

Í grg. segir m.a.:

„„Svarta atvinnustarfsemi“ á Íslandi má nánast skilgreina á tvo vegu:

1. Skattsvik þar sem fjármunum er velt án þess að gerð séu skil á opinberum gjöldum eða staðið við aðrar þær reglukvaðir sem almennur atvinnurekstur verður að hlíta.

2. Starfsemi án tilskilinna leyfa og réttinda.

Hér skal ekki fullyrt hversu stórt og víðtækt þetta vandamál er. Um það liggja ekki fyrir upplýsingar. Það er hins vegar mat þeirra er um hafa fjallað að umfang þess sé mikið. Hér er um að ræða óþolandi mismunun milli einstaklinga og fyrirtækja. „Svört atvinnustarfsemi“ raskar grundvelli samkeppni milli þeirra sem hana stunda og þeirra sem reka atvinnufyrirtæki sín eftir settum reglum og standa skil á sköttum og skyldum. Fyrirsvarsmenn þeirra fyrirtækja krefjast þess að samkeppnisstaðan verði í þessum efnum jöfnuð.

Iðnþing Íslendinga hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um þessa starfsemi og leitað leiða til að sporna gegn þessari spillingu. Það er ástæða til að fagna því alveg sérstaklega að Landssamband iðnaðarmanna hefur lýst sig reiðubúið til samstarfs ef verða mætti til að finna orsök þessa vanda. Á 40. iðnþingi 1983 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Koma þarf á samstarfi ríkisvaldsins og samtaka fyrirtækja, sem rísa undir því nafni, til þess að uppræta svarta atvinnustarfsemi, enda eigi þessir aðilar sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessum málum. Landssamband iðnaðarmanna vill leggja sitt af mörkum til að koma slíku samstarfi á og óskar eindregið eftir því að ríkisvaldið hafi forgöngu um þá samvinnu.“

Í stefnuskrá, sem samþykkt var á 39. iðnþingi, segir m.a.:

„Ríkisvaldið, sveitarfélög og fleiri aðilar, sem reka alls konar þjónustu, t.d. viðhalds- og viðgerðarþjónustu, í tengslum við starfrækslu ýmissa stofnana sinna og fyrirtækja, ættu að meta hagkvæmni þessara eigin þjónustudeilda út frá því að skatta og skyldur bæri að greiða af þeim. Af þessari „eiginþjónustu“ er lítið sem ekkert greitt í skatta, t.d. í söluskatt. Sé þessi þjónusta hins vegar veitt af almennum fyrirtækjum, sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu, er hún margskattlögð. Hér má því segja að fjölmargir aðilar, þar á meðal úr hópi opinberra stofnana, leggi stund á nokkurs konar svarta atvinnustarfsemi.

Iðnlöggjöfin er m.a. sett til að tryggja atvinnuréttindi iðnaðarmanna í löggiltum iðngreinum. Atvinnuréttindi fjölmargra annarra stétta eru nú á tímum lögvernduð og þeim lagaákvæðum virðist fylgt eftir af ríkisvaldinu. Þess er krafist að iðnréttindi njóti sama réttar í þessu efni, en verði ekki hornreka í kerfinu.

Iðnaðarlögin eru ekki síður sett í þeim tilgangi að gæta hagsmuna neytenda og tryggja þeim góða og faglega þjónustu og/eða framleiðsluvörur af hendi þeirra sem reka löggiltar iðngreinar. Þess er krafist að ríkisvaldið takmarki starfsemi ófaglærðra á hefðbundnu starfssviði löggiltra iðngreina, enda teljist slíkt liður í almennri neytendavernd. Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt ber að fylgjast með framkvæmd iðnaðarlöggjafarinnar, þurfa að taka á sig rögg og fara með iðnlagabrot í samræmi við það sem lög bjóða.“

Á það er skylt að benda að „svört atvinnustarfsemi“ er ekki aðeins bundin iðnaði, hún þrífst í ýmsum atvinnugreinum. Það eru ekki aðeins atvinnurekendur sem slíka iðju stunda. Það er algengt að launþegar, sem margir stunda aðalstarf sitt hjá fyrirtækjum sem bera þær atvinnurekstrarlegu kvaðir sem ríkisvaldið leggur þeim á herðar, hverfi að reglubundnum vinnutíma loknum til starfa við „svarta atvinnustarfsemi“ í beinni samkeppni við aðalvinnuveitanda sinn.

Á það er einnig rétt að benda að ýmis starfsemi á sér stað hér á landi með innflutning, sölu og dreifingu ásamt framleiðslu á ýmiss konar varningi án þess að viðkomandi hafi aflað sér nauðsynlegra leyfa. Sú starfsemi er einnig svört."

Þessir aðilar hafa oft ekki fasta starfsaðstöðu heldur koma og fara á markaðinn eftir því hve hagstæður hann er hverju sinni. Þessir leyfislausu aðilar veita því hinum, sem sinna þjónustu við almenning, samkeppni þegar markaðurinn er hagstæður, en hverfa þegar kemur að því að uppfylla þarf skyldurnar.

Það er alveg sérstök ástæða að skora á stjórnvöld og almenning að berjast hart gegn þessari atvinnustarfsemi, sem hér er kölluð svört, í hverri þeirri mynd sem hún kann að birtast. Fólk þarf að átta sig á því að hafna þjónustu þessara aðila og stjórnvöld að herða aðgerðir gegn þessari starfsemi.

Þegar talað er um „svarta atvinnustarfsemi" detta mönnum fyrst í hug undanbrögð frá því að skila innheimtum söluskatti eða alls ekki að innheimta hann. M.a. af þessu hefur söluskattsformið ekki verið talin góð skattheimtuaðferð ef svo mætti segja. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af innheimtum söluskatti á þessu ári eru um 15 milljarðar kr. Ef við lítum á hve söluskatturinn er mikilvægur tekjustofn fyrir ríkissjóð og hversu formið er ódýrt í innheimtu er það umhugsunarefni hve lítið hefur verið gert til að lagfæra þá galla sem komið hafa í ljós þannig að skilvísin væri sem best.

Hér þurfa hinir hæfustu menn um að fjalla. Ég held að ástæða sé til að íhuga þetta mál af gaumgæfni áður en breytt er um form. Spurning er í mínum huga hvort ekki sé skynsamlegra hér að bæta en að breyta. Það er ekki hægt að fullyrða að ósanngjörn og órökræn skattheimta sé hér orsökin. Ég held einmitt að svo sé alls ekki.

Eftir þá úttekt sem skattrannsóknarstjóri lét framkvæma nú í haust á starfsemi ákveðinna fyrirtækja í nokkrum kjördæmum landsins vona ég að menn átti sig betur á þeim vanda sem hér er verið að tala um.

Herra forseti. Ég hlýt að harma að þessi þáltill. skyldi ekki hafa verið afgreidd á síðasta þingi. Þann 23. mars var málið tekið fyrir í atvmn. Sþ. og sent til umsagnar. Þann 17. apríl höfðu umsagnir borist. Af einhverjum ástæðum komst málið aldrei frá nefndinni þrátt fyrir að allar umsagnir væru mjög jákvæðar.

Með leyfi, herra forseti, ætla ég að lesa örstutta kafla úr nefndum umsögnum.

Landssamband iðnaðarmanna segir m.a. í sinni umsögn:

„Landssambandið fagnar því að svört atvinnustarfsemi skuli rædd á hinu háa Alþingi og athygli þingheims á þann hátt vakin á því vandamáli sem hér er við að etja. Þáltill. og grg. sú er fylgir till. úr hlaði er í flestum atriðum á þann veg að Landssamband iðnaðarmanna getur lýst stuðningi við framgang till. Er það að vonum þar sem flm. vísa mjög til þess kafla stefnuskrár Landssambands iðnaðarmanna er ber yfirskriftina: Svört atvinnustarfsemi."

Síðar í þessari umsögn frá Landssambandi iðnaðarmanna segir:

„Landssambandið leyfir sér því að vænta þess að þáltill. fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi og að ríkisstj. tryggi skilvísa framkvæmd hennar."

Alþýðusamband Íslands mælir einnig með samþykkt till. og segir hér:

„Miðstjórnin vísar til umsagnar stjórnar frá 25. mars um till. um sama efni og mælir með till."

Vinnuveitendasamband Íslands hefur þetta um till. að segja m.a.:

„Vinnuveitendasamband Íslands telur að með þáltill. þessari sé hreyft mjög þörfu máli. Mikilvægt er að öll atvinnufyrirtæki sitji við sama borð gagnvart opinberum reglum og álögum og ekki sé um mismunun að ræða eftir rekstrarformi eða öðrum ástæðum. Komist einhverjir undan því að standa skil á sköttum og skyldum skekkir það að sjálfsögðu samkeppnisstöðu almenns atvinnurekstrar. Með vísan til þess er Vinnuveitendasambandið hlynnt því að fram fari athugun af því tagi sem gert er ráð fyrir í þáltill. þessari."

Skattrannsóknarstjóri var einnig spurður og niðurlagsorð hans í umsögninni eru þessi:

„Ég er í meginatriðum sammála þeim sjónarmiðum er að baki till. liggja."

Það voru fleiri spurðir. Fjmrn. svaraði einnig og ég ætla að lesa kafla úr svari frá fjmrn. um þessa till. Þar segir m.a.:

„Eins og fram kemur í till. eru aðalþættir þessa vandamáls þeir að hið opinbera verður að öllum líkindum af verulegum tekjum af ýmsum gjöldum, auk þess sem starfsemi af þessu tagi raskar mjög samkeppnisstöðu á markaðnum. Að auki má nefna að hagsmunir neytenda eru ekki eins tryggir og ella væri ef um starfsemi af þessu tagi væri að ræða. Því má segja að tímabært sé að úttekt af þessu tagi fari fram."

Ég hef að vísu velt því mjög fyrir mér hvernig á því gat staðið að þessi till. komst ekki frá hv. nefnd.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að sú nefnd sem till. gerir ráð fyrir að skipuð verði skoði bæði orsakir og afleiðingar þessarar starfsemi og leggi fram tillögur. Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er að vekja athygli á og fá umræður um það margslungna vandamál sem nefnist hér „svört atvinnustarfsemi" og leita leiða til að brjótast úr þeim vítahring spillingar sem viðgengist hefur hér á þessu sviði. Ég ætla ekki að nefna neinar tölur um hugsanleg undanbrögð frá því að greiða lögboðin gjöld til samfélagsins, en ég ætla þó að fullyrða að hér er um gífurlega háar fjárhæðir að ræða. — Ég endurtek að hér er um gífurlega háar fjárhæðir að ræða. Og þá neðanjarðarstarfsemi og þann hulduher sem hér hefur viðgengist verður að uppræta.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Menningar- og fræðasetur á Skriðuklaustri, þáltill. 195. mál (þskj. 268). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 268 hef ég leyft mér ásamt hv. 4. þm. Austurl. Jóni Kristjánssyni að bera fram svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að minnast þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Gunnars Gunnarssonar skálds árið 1989 með því að gera Skriðuklaustur, gjöf skáldsins til íslenska ríkisins, að menningar- og fræðasetri, griða- og vinnustað listamanna og vísindamanna.

Samstarf verði haft við heimaaðila, félagasamtök lista- og vísindamanna og afkomendur skáldsins um framkvæmd þessa svo að tryggt verði að aldarafmælis skáldsins verði minnst á veglegan og verðugan hátt."

Í grg. með þessari till. segir að flm. telji mikla nauðsyn á því að minningu þessa mesta skálds Austfirðinga verði á loft haldið á verðugan hátt á aldarafmæli hans 1989. Gunnar Gunnarsson gaf á sínum tíma íslenska ríkinu Skriðuklaustur og fylgdi því það eina skilyrði að þar yrði menningarstarfsemi rekin af reisn og þrótti, að þar yrði sannkallað menningar- og fræðasetur.

Vissulega hefur merkileg starfsemi í þágu íslensks landbúnaðar farið fram um langt skeið á Skriðuklaustri og ekki draga flm. úr mikilvægi þess. Sömuleiðis hafa ákveðnir samningar verið gerðir um byggingu safnahúss á Egilsstöðum sem óumdeilanlega er tengt Skriðuklaustri og gjöf skáldsins. Hins vegar er Skriðuklaustur ekki nú það fræðasetur, sá griða- og vinnustaður listamanna og vísindamanna sem skáldið hugsaði sér.

Að öðru leyti skal ekki um þetta fjallað af hálfu flm. í grg., en þess er látið getið að flm. láti fylgja með álitsgerð sem þeir taka undir í flestum atriðum. Þessi álitsgerð er samin af þeim Helga Hallgrímssyni, náttúrufræðingi á Akureyri, og Þórarni Lárussyni, núv. tilraunastjóra á Skriðuklaustri, og við tökum undir flest atriði hennar. Aðaláhersla þeirra er að vísu á fræðasetur jafnhliða þeirri starfsemi sem þar er rekin nú, en við flm. leggjum til að ekki síður verði hér um að ræða griða- og vinnustað lista- og vísindamanna og er það mjög í samræmi við það gjafabréf sem þau hjón létu ríkið hafa á sínum tíma.

Ég vísa í þessa ítarlegu greinargerð sem hér fylgir frá þeim félögum því að í henni gera þeir glögga grein fyrir ýmsum þeim hugmyndum sem þeir hafa um Skriðuklaustur, eins og ég nefndi, í þá veru að staðurinn megi halda sem mest í heiðri minningu mikils rithöfundar, að tilgangi gjafabréfs þeirra hjóna verði sem best náð.

Við tökum undir að þar eru sannarlega á ferð athyglisverð atriði, en ég ætla ekki að fara að rekja þau hér, ekki heldur ýmislegt varðandi rekstur og stjórnskipan, rekstrartekjur og annað því um líkt sem þar er nákvæmlega rakið. Um þetta geta menn lesið í þeirri skemmtilegu og vel sömdu greinargerð sem hér fylgir með og hefur verið gerð á Akureyri á allraheilagramessu 1985.

Það er heldur ekki ætlan mín að rekja hér þróun mála frá þeim tíma er þau hjón afhentu gjafabréf til ríkisins fyrir þessari vildisjörð og þeim miklu og veglegu byggingum, því glæsilega húsi í dönskum herragarðsstíl sem þar var og er staðarprýði enda þótt nokkuð hafi skort á um viðhald þess á síðustu árum og jafnvel áratugum. Það starf sem þar hefur verið unnið í þágu íslensks landbúnaðar hefur verið mikið og gagnlegt og engin ástæða til að kasta á það rýrð þó merkið sé reist enn hærra nú og það gert af enn ákveðnara tilefni, aldarafmæli skáldsins sem verðugt er Austfirðingum sem allri þjóðinni að halda myndarlega á lofti.

Við flm. drögum heldur enga dul á að Safnastofnun Austurlands, sú merka menningarstofnun, hefur notið og mun njóta hins besta af samningum sem gerðir voru um framkvæmdir á Egilsstöðum fyrir þá starfsemi í tengslum við Skriðuklaustur. Þar hefur að vísu hægar miðað en skyldi, en í engu hefur þessi till. þann tilgang að draga þar úr eða tefja framkvæmdir sem eru þar hafnar, enda vel fyrir séð samningslega og ætti að vera öruggt um framhaldið.

Ég bendi á, af því að ég minnti á Safnastofnun Austurlands, að skipulag þeirra mála, safnamála á Austurlandi, hefur orðið fyrirmynd annars staðar í uppbyggingu safnamála og raunar hefur það þótt eftirtektarvert erlendis einnig hvernig þar hefur verið tekið á málum.

Það sakar ekki að geta þess að grunn að þessu lagði á sínum tíma hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson af dugnaði og framsýni og sameinaði þar ólíkustu krafta að einu marki, því að koma á heildarskipulagi þessara mála.

En vegur Skriðuklausturs þarf að verða sá sem skáldið og kona hans sáu í draumum sínum og beinum tillögum í gjafabréfi sínu. Rómuð fegurð þessa fjalladals, sem mótar umhverfi og svip Skriðuklausturs, spillir hér ekki fyrir og tengdast ævistarfi skáldsins væri það vissulega að Skriðuklaustur yrði sá griðastaður skálda og listamanna þar sem þeir gætu unað og unnið að list sinni, vinnustaður næðis og rósemdar, friðar og fegurðar, fjarri skarkala og ysi við fljótsins dreymnu ró, svo að maður leyfi sér örlitla háfleygni í þessum ræðustól. Ég hygg að ef þar yrði vel að búið og aðstaða sköpuð sem allra best mundi marga fýsa til farar austur þangað til að erja akur bókmennta og annarra listgreina við hliðina á uppbyggingarstarfi athugana og tilrauna í þágu gróðurs og grænna skógarlunda, en Fljótsdalur er einmitt og þeir bændur þar kunnir fyrir tilraunir sínar um nýjungar í skógrækt.

Annars er það efst í huga okkar flm. að þetta tilefni verði til þess nýtt að hrinda hugarsýn skáldsins í framkvæmd sem allra best, minna um leið á störvirki hans í bókmenntum okkar, halda minningu mikils rithöfundar í alfremstu röð þessarar aldar svo á loft sem sæmir okkur sem bókmenntaþjóð. Hér á ríkisvaldið að hafa forustu svo sem vera ber, en verði þar knálega róið í fyrirrúmi vitum við flm. að ekki mun skuturinn eftir liggja því áhugi fyrir þessu máli er ærinn eystra, margir aðilar þar þess albúnir að leggja hönd á plóg.

Í trausti þess að sameinað átak allra megi til koma er þessu máli hreyft. Enn er nokkur tími til stefnu, en hann þarf að nýta vel. Núverandi tilraunastjóri, Þórarinn Lárusson, hefur unnið kappsamlega að því að fá fram nauðsynlegar endurbætur á hinu veglega en illa farna íbúðarhúsi. Þær eru hafnar fyrir tilstuðlan fjárveitingavaldsins sem þar hefur komið myndarlega til móts við brýna þörf þó að enn sé margt og mikið óunnið. En átaks er þörf sem fyrst ef menn vilja á annað borð nú eftir um 40 ár fara að þeim meginvilja þeirra hjóna að gjöf þeirra mætti nýtast jafnt til veraldlegra sem andlegra hluta og þá einmitt beinlínis í þá veru sem till. lýtur að.

Ég held að þegar nú er talað um nauðsyn þess að varðveita móðurmálið og efla varðstöðu um íslenskt mál sé nauðsynlegt að í þeirri sókn hljóti að fara í fremstu röð rithöfundar þeir og listamenn sem framvegis ættu þá að eiga griðastað sinn á Skriðuklaustri til starfa í anda þess mikla skáldjöfurs sem á Skriðuklaustri bjó heim kominn og gaf þessa góðu eign íslenska ríkinu til ávöxtunar á sviði lista og vísinda framar öllu öðru. Ekkert gæti frekar verið til að halda ágætri minningu Gunnars Gunnarssonar enn betur á loft en slíkt hlut-

verk Skriðuklausturs sem hér er lagt til. Þjóðin stendur öll í þakkarskuld við skáldið fyrir þau stórvirki andans sem hann færði okkur að gjöf. Þá þakkarskuld ber að gjalda.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að lokinni þessari umræðu að leggja til að málinu verði vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil bæta örfáum orðum við ræðu hv. 1. flm. að till. þessari um menningar- og fræðasetur að Skriðuklaustri.

Það er í okkar huga þungamiðja tillögugerðarinnar að skapa húsi því sem Gunnar Gunnarsson skáld gaf íslenska ríkinu, húsinu á Skriðuklaustri, verðugt hlutverk. Skáldið sjálft ætlaðist til þess að þar færi fram rannsóknarstarfsemi í landbúnaði eða einhvers konar menningarstarfsemi samkvæmt gjafabréfi því sem fylgdi þessari eign á sínum tíma.

Það verður að segja eins og er að saga Skriðuklausturs síðustu áratugina hefur hreint ekki verið að öllu leyti með þeim hætti sem skáldið ætlaðist til þó að húsið hafi verið notað fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins og hún hafi rekið þar myndarlega starfsemi oft á tíðum. Húsið var lengi vel notað sem geymsla fyrir muni minjasafns Austurlands, en það hafði ekkert hlutverk í þágu íslenskra bókmennta eða íslenskra fræða að öðru leyti.

Þessi mál voru, eins og hv. flm. kom inn á áðan, í hnút, en leystust að nokkru leyti árið 1979 þegar samstarf tókst með aðilum austanlands um byggingu nýs safnahúss á Egilsstöðum. Þá var gerður samningur milli menntmrn. og landbrn. um afnot, rekstur og viðhald á húsinu á Skriðuklaustri. Samningur þessi, sem dags. er 12. okt. 1979, er undirskrifaður af Ragnari Arnalds þáv. menntmrh., Steingrími Hermannssyni þáv. landbrh. og Tómasi Árnasyni þáv. fjmrh. 2. gr. hans hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Viðhaldi húss Gunnars Gunnarssonar skal hagað með tilliti til þess að það haldi sínu upprunalega horfi og ekki verði gerðar á því breytingar né byggt við það eða næst því nema til komi samþykki þjóðminjavarðar er jafnframt skal hafður með í ráðum varðandi viðhald.

3. gr. Í húsinu skal vera herbergi eða sérstök deild, er sérstaklega verði helguð minningu frú Francisku og Gunnars skálds, og skal við nánari ákvarðanir um það haft samráð við þjóðminjavörð."

5. gr. samningsins hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Minningarherbergi eða deild, sbr. 3. tölul., svo og húsið að öðru leyti, skal vera aðgengilegt til skoðunar fyrir almenning á þeim tíma sem þjóðminjavörður, Safnastofnun Austurlands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins koma sér saman um."

Undanfarin ár hefur verið unnið að viðhaldi hússins á Skriðuklaustri samkvæmt ákvæðum samningsins, en starfsemi tilraunabúsins er í lágmarki nú þannig að húsið er mjög vannýtt og stendur nánast autt.

Að mínum dómi og okkar flm. beggja væri eðlilegt að skapa húsinu hlutverk við hæfi og tengja þær framkvæmdir hundrað ára minningu Gunnars Gunnarssonar. Við horfum þá einkum til þess að gera húsið að vinnustað lista- og vísindamanna. En til þess að það megi verða þarf nokkru til að kosta og skapa því líf til þess að sá vinnustaður rísi undir nafni og þar sé lifandi og frjótt umhverfi fyrir vísindamenn og listamenn að hverfa að.

Það er sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa gott samstarf við heimaaðila, áhugamenn og félagasamtök lista- og vísindamanna um þessi efni. Þarna kemur ýmislegt til greina og áhugamenn um þessi efni hafa haft ýmsar hugmyndir uppi í því sambandi. Þær koma fram í álitsgerð sem fylgir till. Undir það getum við tekið að mörgu leyti, einkum að æskilegt væri að búa húsið bókasafni eða öðrum gögnum sem koma að gagni í því að skapa lifandi og frjótt umhverfi. Hins vegar kemur þessi álitsgerð inn á fjölda marga þætti. En þungamiðjan í tillöguflutningi okkar er að gera húsið, gjöf skáldsins, að menningar- og fræðasetri og vinnustað lista- og vísindamanna.

Herra forseti. Ég hef ekki meiru við þetta að bæta, enda hefur 1. flm. gert grein fyrir málinu í framsöguræðu. Ég vona að þetta mál fái afgreiðslu á þessu hv. Alþingi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Fundarsókn þingmanna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er nokkur tregða að fá hv. þm. í þingsalinn til atkvæðagreiðslna. Það verður þó að hafa í huga að það getur verið allt með felldu að einhvern tíma taki að menn komi. En það þykir rétt að fullnægja ákvæði þingskapalaga eins og það er orðað í þingsköpum: „Að lokinni 1. umr. skal málið borið undir atkvæði." Það er auðvitað gert ráð fyrir að það sé gert strax að lokinni umræðu. Það verður að ætla að það séu eðlileg vinnubrögð í þinginu að þetta sé bókstaflega framkvæmt á eðlilegum þingtíma, milli kl. tvö og fjögur. Það er ekki góður svipur, eins og hefur komið fyrir hér í dag, að það hefur verið einn þm. að hlusta á ræðumann. Með því að menn séu í nánari tengslum við þingsali og komi til atkvæðagreiðslu verður frekar spornað á móti þessu ástandi. Þegar fundir eru ekki á venjulegum fundartíma eftir kl. fjögur verður hins vegar ekki ætlast til þess að þm. verði alltaf viðlátnir til þess að atkvæðagreiðsla geti farið fram strax að lokinni umræðu.

Að gefnu tilefni vildi forseti taka þetta fram.

Bifreiðamál ríkisins, þáltill. 204. mál (þskj. 392). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 392 um að fella úr gildi ákvæði 10. gr. reglugerðar um bifreiðamál ríkisins nr. 190 1985.

Bifreiðamál ráðherra og bankastjóra hafa alloft verið til umræðu á hv. Alþingi. Ég hygg að flestir hv. alþm. geti verið mér sammála um að þær umræður, sem fram hafa farið á Alþingi, og þær till., sem fluttar hafa verið um bifreiðamál bankastjóra og ráðherra sem og úrslit þeirra mála, beri þess glöggt vitni að vilji Alþingis hefur verið að fella niður bifreiðafríðindi ráðherra og embættismanna. Þess vegna er það afar einkennilegt, svo að vægt sé til orða tekið, að í kjölfar mikilla umræðna fyrri

partinn á síðasta ári, sem og þingmála sem fólu í sér að fella niður bifreiðafríðindi ráðherra og bankastjóra, skuli framkvæmdavaldið gefa út reglugerð sem nánast felur í sér að ráðherrar og bankastjórar haldi sínum bílafríðindum þótt í nokkuð breyttu formi sé.

Í grg. með þessari þáltill. er að nokkru rakin saga þessara mála hér á Alþingi. Þar er minnt á stjfrv., sem flutt var á 100. löggjafarþingi, um að fella niður heimild í tollskrá um niðurfellingu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra. Væntanlega hefur þetta stjfrv., sem hæstv. þáverandi fjmrh. Tómas Árnason mælti fyrir, verið flutt með samþykki allra ráðherra í ríkisstj.

Rök ríkisstj. fyrir flutningi þessa frv. á sínum tíma voru einföld og skýr, en í grg. með frv. kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar, er verði einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en gilda í landinu."

Það er nokkuð sérkennilegt að hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, sem sæti átti í þessari ríkisstj., sem taldi þá, fyrir fimm árum, að óeðlilegt væri að ráðherrar fái bifreiðar, er verði einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu, skuli nú, þegar hann hefur forustu fyrir ríkisstjórn fimm árum síðar, leggja blessun sína yfir reglugerð sem felur í sér gjörbreytt viðhorf hans til þessara mála. Ég tel að það hljóti að liggja í augum uppi að þegar þáverandi ríkisstj. leggur fram á Alþingi 1979–1980 frv. um að hætt verði að veita ráðherrum undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum með þeim rökum að ríkisstj. telji óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar, er verði einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu, þá hafi varla vakað fyrir ríkisstj. að með öðrum hætti yrði fundin leið til að ráðherrar gætu haldið ígildi fyrri fríðinda. Frv. þetta náði ekki fram að ganga, en sýnir þó ljóslega hver afstaða ríkisstj. til þessara mála var á þeim tíma.

Tvö önnur þingmál má nefna af sama toga. Á 106. löggjafarþingi fluttu þm. Alþfl. þáltill. um afnám bílafríðinda embættismanna og var hún samþykkt í maí 1984. Á 107. löggjafarþingi fluttu þm. Alþfl. frv. til laga um breytingu á lögum um tollskrá þess efnis að fella úr gildi ákvæði í tollskrá um bifreiðafríðindi ráðherra.

Nauðsynlegt er að rekja í nokkrum orðum meðferð þessa frv. hér á hv. Alþingi og í framhaldi af því reglugerðarsetningu framkvæmdavaldsins sem nú er í gildi því einsýnt er að með útgáfu þeirrar reglugerðar hafi framkvæmdavaldið gengið í berhögg við vilja Alþingis í þessu efni.

Frv. um að fella úr gildi ákvæði í tollskrá um bifreiðafríðindi ráðherra hlaut þá afgreiðslu á hv. Alþingi að meiri hluti fjh.- og viðskn. lagði til 19. apríl 1985 að frv. yrði vísað til ríkisstj. með þeim rökum í fyrsta lagi að fjmrh. hefði ákveðið að leggja fram frv. til tollalaga, en í því frv. yrði felld niður heimild um niðurfellingu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra, og í öðru lagi að reglugerð væri í undirbúningi þar sem þegar í stað yrði tekið fyrir veitingu slíkra fríðinda. Ég tel því ljóst í ljósi þessarar afstöðu sem og ályktunar Alþingis um afnám bílafríðinda embættismanna að vilji Alþingis sé afdráttarlaus um að afnumin verði þau bifreiðafríðindi sem ráðherrar og embættismenn ríkisstofnana njóta og það hafi varla hvarflað að þm. að framkvæmdavaldið gæfi út reglugerð nokkrum dögum síðar sem fæli í sér ígildi fyrri bílafríðinda og gengi þar með í berhögg við vilja Alþingis í þessu máli.

Það er, herra forseti, því allsérkennilegt, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að fyrrverandi fjmrh. gefi út reglugerð örfáum dögum eftir þessa afgreiðslu málsins á þingi eða 30. apríl 1985 sem felur í sér að ráðherrar, ef þeir svo kjósa, geti fengið úr ríkissjóði nánast ígildi þeirra aðflutningsgjalda sem Alþingi og ríkisstj. lýstu yfir nokkrum dögum áður að bæri að afnema.

Í 10. gr. reglugerðarinnar frá 30. apríl 1985, um bifreiðamál ríkisins, er að finna ákvæði er varðar sérstaklega bifreiðafríðindi ráðherra. Í því ákvæði er kveðið á um að ráðherrar hafi tvo valkosti varðandi bifreiðafríðindin: Í fyrsta lagi að hver ráðherra geti fengið til umráða ríkisbifreið sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Í öðru lagi eiga ráðherrar þess kost að nýta *eigin bifreið til embættisstarfa* og ber þá ríkissjóður allan kostnað af rekstri slíkrar bifreiðar. Auk þess greiði ríkissjóður ráðherra fyrningarfé er sé hvert ár 20% af virði bifreiðarinnar. Ég tel að sú regla feli nánast í sér ígildi fyrri bifreiðafríðinda, þ.e. gefi ráðherranum í raun það sama og niðurfelling aðflutningsgjalda gerði áður.

Áætla má, miðað við fyrri reglur sem giltu um eftirgjöf af gjöldum vegna bifreiða ráðherra, að eftirgefin gjöld hafi numið 60% af bílverði. Niðurfellingu á gjöldum gátu ráðherrar fengið á þriggja ára fresti. Það svarar til 20% á ári af bílverðinu sem er sama prósentutala og valin er sem árleg fyrning í nýrri reglu sem nú gildir um bifreiðamál skv. reglugerðinni sem gefin var út 30. apríl s.l.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt, þegar svo er komið málum að framkvæmdavaldið gengur með þessum hætti í berhögg við vilja Alþingis, að flytja þetta þingmál, sem ég hér mæli fyrir, þannig að ótvírætt fáist úr því skorið hver sé vilji Alþingis í þessu efni og hvort löggjafarvaldið ætli þegjandi að láta framkvæmdavaldið *troða á sér með þeim hætti sem raun ber vitni.*

Ekki verður skilið við þessa umræðu án þess að farið sé nokkrum orðum einnig um bílafríðindi bankastjóra þegar reglugerðarsetningin frá 30. apríl s.l. hefur einnig haft þau áhrif að bankastjórar geta haldið ígildi fyrri bílafríðinda þrátt fyrir að Alþingi hafi samþykkt ályktun sem kveður á um að felld verði úr gildi bifreiðafríðindi yfirmanna ríkisstofnana, svo sem ríkisbanka, eða bílafríðindi hliðstæð þeim fríðindum sem ráðherrar njóta.

Ég þarf varla að rifja upp þá umræðu sem átti sér stað á hv. Alþingi á s.l. ári um bílafríðindi bankastjóra. Í stað niðurfellingar á aðflutningsgjöldum ákvörðuðu bankaráðin þeim 450 þús. kr. launaauka sem mikið var gagnrýndur á hv. Alþingi sem annars staðar í þjóðfélaginu. Ég tel að ég muni rétt að allir þingflokkar hér á Alþingi hafi sent frá sér ályktun og gagnrýnt harðlega *þennan launaauka bankastjóra.* Ég vil, með leyfi forseta, rifja upp ummæli þingflokksformanna Sjálfstfl. og Framsfl. á hv. Alþingi við það tækifæri.

Formaður þingflokks Framsfl. Páll Pétursson las upp ályktun þingflokks Framsfl. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Þingflokkur framsóknarmanna telur óeðlilegt að greiða bankastjórum ríkisbanka árlega 450 þús. kr. í launaauka vegna bifreiðakaupa. Telur þingflokkur framsóknarmanna rétt að laun og starfskjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna verði

framvegis ákvörðuð af kjaradómi og mun þingflokkurinn beita sér fyrir viðeigandi lagabreytingu."

Formaður þingflokks sjálfstæðismanna Ólafur G. Einarsson lýsti einnig við þá umræðu samþykkt þingflokks sjálfstæðismanna, en hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Vegna þeirrar samþykktar bankaráða ríkisbankanna að greiða bankastjórunum 450 þús. kr. á ári vegna bifreiðakaupa ályktar þingflokkur sjálfstæðismanna eftirfarandi: Þingflokkurinn telur þessa upphæð vera úr öllu hófi og ekki réttlætanlega þótt bankarnir hafi áður greitt tolla af bifreiðum bankastjóra. Framkvæmd þessarar samþykktar verði frestað eins og viðskrh. óskaði. Endurskoðað verði frá grunni fyrirkomulag bifreiðahlunninda hjá ríkisbönkum og í öllum opinberum rekstri."

Hér kemur það skýrt fram, t.a.m. hjá þingflokki Sjálfstfl., að þeir telja ekki réttlætanlegt að greiða bankastjórum þennan launaauka, telja hann úr öllu hófi og ekki réttlætanlegan þó að bankarnir hafi áður greitt tolla af bifreiðum bankastjóra. Spurningin er þá hvort þessi launaauki í formi 20% árlegs fyrningarfjár í stað niðurfellingar á aðflutningsgjöldum sé réttlætanlegur að dómi þingmanna Sjálfstfl.

Hæstv. fyrrverandi viðskrh. sendi bankaráðum viðskiptabankanna bréf í byrjun september s.l. þar sem bankaráðunum er falið að endurskoða reglur um bílamál bankastjóra þar sem ákvæði reglugerðar um bifreiðamál, einkum 10. gr. í reglugerð um bifreiðamál ríkisins, verði höfð til hliðsjónar, en það er einmitt ákvæðið um greiðslur á fyrningarfé í stað fyrra ákvæðis um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum.

Svo að mér sé kunnugt hefur a.m.k. eitt bankaráð, bankaráð Landsbankans, þegar samþykkt reglur um greiðslu fyrningarfjár vegna bílakaupa bankastjóra. Mér er ekki kunnugt um hverjar lyktir urðu á því máli í öðrum bankaráðum. Þar sem hér situr formaður bankaráðs Útvegsbankans væri fróðlegt að hann upplýsti Alþingi um það við þessa umræðu hverjar hafi orðið lyktir þessa máls hjá bankaráði Útvegsbankans, þ.e. hvernig með hafi verið farið ósk fyrrverandi viðskrh. um að hafa hliðsjón af þessari reglugerð við ákvörðun bílafríðinda bankastjóra.

En það verður varla annað sagt, herra forseti, en að mikils tvískinnungs gæti í þessu máli af hálfu stjórnarflokkanna. Fyrir liggur ályktun Alþingis um að fella úr gildi bílafríðindi bankastjóra, fyrir liggja ályktanir þingflokka stjórnarflokkanna sem fordæma launaauka bankastjóra sem komi í stað fyrri fríðinda, þ.e. niðurfellingu aðflutningsgjalda á bifreiðum bankastjóra. Samt er gefin út reglugerð sem bankaráðunum er uppálagt að hafa hliðsjón af við ákvörðun á bílafríðindum bankastjóra sem felur í sér launaauka í formi fyrningarfjár til bankastjóra og enginn gerir neina athugasemd við. Spyrja má hvort þessi reglugerð, sem felur í sér ný bílafríðindi til ráðherra og sem viðskrh. felur bankaráðum að hafa hliðsjón af við ákvörðun á bílafríðindum bankastjóra, hafi verið sett með vitund og vilja stjórnarflokkanna.

Það reynir á það nú á hv. Alþingi hvort stjórnarflokkarnir meintu eitthvað með því sem þeir hafa sagt um þetta mál. Það reynir á það nú hvort þessi þáltill., sem felur í sér afnám þessara fríðinda, njóti stuðnings þessara flokka og þar með hvort mark sé takandi á orðum þeirra í þessu efni.

Herra forseti. Það hefði verið æskilegt að hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. hefðu verið viðstaddir þessa umræðu vegna þess að ég hefði viljað spyrja þá að því hvort þeir teldu ekki, í ljósi þeirra upplýsinga sem fram fram voru lagðar á Alþingi fyrir jólaleyfi þm. um rekstrarkostnað af bifreiðum ráðherra, tilefni til að taka til gagngerrar endurskoðunar rekstrarkostnað ráðherrabíla. Það stendur sjaldan á hæstv. ráðh. að brýna fyrir þjóðinni ráðdeild og sparnað eða að skera niður laun fólksins í landinu, en þegar kemur að þeim sjálfum að spara, að sýna ráðdeild og sparnað, er litlu fyrir að fara. Það getur varla kallast ráðdeild eða sparnaður að rekstur eins ráðherrabíls geti kostað ríkissjóð nálægt 140 þús. kr. á mánuði eða sjöföld dagvinnulaun verkafólks. Ríkisstj. getur varla ætlast til þess að launafólk taki orð um aðhald og sparnað alvarlega eða að trúverðugt sé að ekki sé hægt að bæta sultarkjör láglaunafólksins í landinu á sama tíma og ráðherrar skammta sér óhófleg fríðindi.

Það er ekki nóg með að rekstur eins ráðherrabíls á mánuði geti kostað sjöföld dagvinnulaun verkafólks heldur er sparnaði ráðherranna ekki meira fyrir að fara en það að dæmi eru einnig um að risna ráðuneyta hækki yfir 200% milli ára og tína mætti einnig fjölmörg dæmi úr fjárlögum sem sýna að lítil ráðdeild er í yfirstjórn ráðuneyta sem algengt er að hækki langt umfram verðlagshækkanir milli ára.

Hæstv. ráðherrar eru ekki viðstaddir þessa umræðu, en ég vænti þess að þegar mál þetta kemur úr nefnd, sem ég verð að vona, svari þeir þessari spurningu.

Þótt kostnaður við ráðherrabíla og rekstur þeirra sé að vísu ekki stórt hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs er engu að síður brýnt, ef ríkisstj. vill fá þjóðina til liðs við sig í baráttunni við efnahagsvandann, að ráðherrarnir sýni þjóðinni gott fordæmi og gæti fyllsta aðhalds og sparnaðar í útgjöldum er þá sjálfa varðar. Tvöfalt siðgæði í þessu efni, að brýna fyrir þjóðinni ráðdeild og sparnað en breyta svo á annan veg sjálfir, er ekki til þess fallið að skapa skilning hjá þjóðinni um þann vanda sem við er að glíma. Að því er rekstrarkostnað ráðherrabílanna varðar er því brýnt að fram fari gagnger endurskoðun og leitað verði leiða til að finna hagkvæmara og ódýrara fyrirkomulag á þeim málum.

Ég bendi á að í 3. gr. þessarar reglugerðar er ákvæði sem ég tel að vel sé athugandi að komi í stað bílafríðinda ráðherra sem lagt er til í þessari þáltill. að felld verði úr gildi. Ég vil að lokum, herra forseti, leyfa mér að lesa upp þetta ákvæði reglugerðarinnar sem ég tel að geti komið í staðinn fyrir þau ákvæði sem lúta sérstaklega að bifreiðum ráðherra, en það er almennt ákvæði í 3. gr. sem gildir um þessi mál og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þegar hagkvæmt er talið að sinna vissum verkefnum stofnana ríkisins með eigin bifreiðum kaupir ríkið bifreiðar til þessara þarfa og rekur þær á eigin kostnað. Skulu ríkisbifreiðar greinilega auðkenndar og eru einkaafnot starfsmanna af þeim óheimil. Að loknum starfsdegi skulu ríkisbifreiðar skildar eftir í vörslu stofnunar. Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt að fengnu samþykki fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, að leyfa starfsmanni að hafa slíka bifreið í sinni vörslu utan vinnutíma þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Sérstök akstursbók skal fylgja hverjum ríkisbíl

og færir ökumaður í hana hverja einstaka ferð þar sem kemur fram erindi, vegalengd og staður sem ekið er til. Akstursdagbók færist í tvíriti og skal forstöðumanni eða þeim sem hann tilnefnir sent afritið eigi sjaldnar en mánaðarlega til staðfestingar með áritun."

Hér er um að ræða ákvæði sem almennt gilda um bifreiðamál ríkisins og er það mín skoðun að þessi almenna regla gæti vel gilt að því er ráðherra varðar og að hún muni tryggja sparnað og aðhald að því er útgjöld í þessu skyni varðar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Hv. flm. beindi því til mín hvort ég gæti upplýst hvernig þessi mál stæðu í bankaráði Útvegsbankans og skal ég leitast við að svara því. Þau voru tekin fyrir til afgreiðslu nú í febrúarmánuði. Eins og kom fram hjá þm. var þar farið eftir þeirri reglugerð sem bankamálaráðherra sendi bönkunum til að hafa til hliðsjónar í þessum málum. Niðurstaðan í Útvegsbankanum var sú að þar er það valkostur hvort bankastjórarnir vilja hafa bíl sem er í eigu bankans eða þá eiga hann sjálfir með þeirri reglu sem um var getið, en þar er sett þak á, þessi farkostur má ekki fara yfir 1 millj., bæði afskriftareglan og þeir bílar sem bankastjórum væru skaffaðir til afnota færu ekki yfir þá upphæð. (Gripið fram í.) Þetta er ekki afstaða fulltrúa Alþfl. í nýkjörnu bankaráði Útvegsbankans vegna þess að hann var búinn að taka aðra afstöðu í Landsbankanum, sem bankaráðsmaður þar, fyrir áramót og afgreiða málin þar á dálítið annan veg sem mér er þó ekki nákvæmlega kunnugt um. Hann gat ekki breytt þeirri ákvörðun sinni og er með sams konar bókun í bankaráði Útvegsbankans.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er mjög til skaða að hæstv. ráðherrar skuli ekki vera viðstaddir þessa umræðu og jafnframt fleiri hv. þm. því að hér er verið að tala um mál sem er ekki allt sem sýnist.

Ég býst við að það sé mjög vinsælt að leggja til að ráðherrar landsins hafi sem allra minnst bílafríðindi. Ég er sammála því ef slíkt fjallar um þeirra eigin eign. Ég tel ekki ástæðu til þess að ráðherrar eignist bíla á ódýrari hátt en annað fólk. En ég hlýt að spyrja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvort hún ætlist til þess að ráðherrar landsins aki sjálfir sínum eigin bílum meðan þeir eru við störf. Ég þori að lýsa því yfir hér: Ég tel að það sé enginn sparnaður og ekkert vit. Mér finnst enginn sparnaður í því að ráðherrar landsins eyði tveim tímum, eins og ég í morgun, í að láta gera við bílið dekk. Ég tel að þeir eigi að vera að gera eitthvað allt annað. Í þessu nuddi yfir því að ráðherrar hafi bíla til umráða felst hreinlega vanvirða á störfum þeirra.

Ég harma að hér eru ekki blaðamenn, þingfréttaritarar. Ég hefði nefnilega gaman af að segja þeim góðu mönnum, sem skrifa náttúrlega um þetta á morgun með feitu letri, að þeir hafa miklu hærri tekjur en ég. Þetta vita menn kannske ekki. (**JBH:** Blaðamennirnir?) Þetta vita menn kannske ekki, meiri tekjur. (**JBH:** Blaðamennirnir?) Já, þeir hafa það. Þessi eilífi söngur, sem þm. sjálfir þora ekki að taka á móti, um há laun þm. og enn þá hærri laun ráðherra er auðvitað eintómur þvættingur. Forustumenn verkalýðssambandanna hafa miklu hærri tekjur. Þá tala ég um tekjur. Við skulum ekkert vera að tala um laun því að það er ekkert að marka neina launataxta í þessu landi.

Hvað lengi ætla hv. þm. að sitja undir því að þeir vinni ekki fyrir kaupinu sínu? Við höfum föst laun, en við höfum afskaplega langan vinnudag. Ef við ættum að fá reiknaða, eins og annað fólk í landinu, eftirvinnu fyrir alla þá vinnu sem unnin er utan vinnutíma er ég ansi hrædd um að við fengjum nokkru hærri laun en við höfum nú.

Ég held þess vegna að Alþingi sjálft eigi að hafa frumkvæði að umræðum um þau og upplýsa þjóðina um hvers eðlis þessi störf eru sem við erum að vinna og hvernig þau eru metin til tekna. Við eigum ekkert að vera feimin við að tala um það. Sem þm. vil ég endilega að þjóðinni sé það ljóst að ég tel mig fyllilega vinna fyrir þeim launum sem ég hef.

Til er fólk í þessu landi sem veit ekki einu sinni að alþm. borga skatta. Ég hef hitt fólk sem heldur að alþm. séu skattfríir og annað slíkt dettur upp úr fólki í sambandi við þessi mál.

Ég tel alveg fráleitt að ráðherrar landsins auki eigur sínar á einhvern hátt, eins og með niðurfellingu aðflutningsgjalda á bifreiðum. En ég tel jafnsjálfsagt að ráðherrar landsins hafi ráð á bílum ríkisins og bílstjóra til að flytja sig á milli staða og sjá um rekstur þessara bifreiða. Ég tel að þeim tíma, sem í slíkt fer á hverju venjulegu heimili, sé illa varið ef sá tími er tekinn af vinnutíma ráðherra landsins og ég held ekki að sá kostnaður skipti neinum sköpum í ríkisrekstrinum.

Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta hvort ekki er mál til komið að einhver umræða fari fram um þessi mál, heiðarleg og með nokkurri virðingu fyrir þessari stofnun.

Við eigum öll aðstandendur sem vinna hjá hinum ýmsu fyrirtækjum, og við vitum mætavel að þetta fólk er miklu hærra launað en venjulegur hv. alþm. Ég er ekkert alveg viss um að mér finnist það eðlilegt. Ég skal ekki eyða tíma þingsins í að skilgreina í hverju starf alþm. er fólgið, ég býst við að þeir, sem hér eru, viti það. En það væri svo sannarlega mál til komið að skýra þjóðinni frá því.

Ég vil þess vegna lýsa því yfir, herra forseti, að ég er mjög sammála því sem þáltill. felur í sér. En ég vil jafnframt að það komi fram hvernig þá eigi að leysa á ódýrari máta bifreiðamál ráðherra því að ég lýsi því jafnframt yfir að ég er algjörlega mótfallin því að þeir hafi ekki bifreið til umráða. Slíkt væri algjör fjarstæða. Má þá vænta þess að bifreið verði tekin af forseta Íslands? Vilja menn það? Nei, ég held ekki að Alþingi sé gerður neinn sómi með því að stunda svo fáránlegan sparnað ef menn telja það sparnað.

Herra forseti. Ég legg á það áherslu að um þessi mál fari hér fram innan þingsins, t.d. meðal forseta, skrifstofustjóra og ráðherra, einhverjar vitrænar umræður um hvernig þessum málum verði betur fyrir komið. Öll hagræðing má þar mín vegna eiga sér stað. En ég tel það algjöra fjarstæðu að þessi umræða gangi svo langt að farið verði að taka bifreiðar af ráðherrum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram í tilefni af orðum hv. 10. landsk. þm. að forseti mun taka til athugunar hugmyndir, sem þm. setti fram, um að umræður færu fram um störf og kjör alþm. Forseti mun ræða þessi mál við formenn þingflokkanna.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Mér fannst tvennt koma fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Í fyrsta lagi gerði hún að umræðuefni laun og kjör þm. og kom fram í hennar máli að hún taldi að þeir væru ekkert of sælir af sínum launum. Auðvitað má undir það taka en það fer þó eftir því hvaða viðmiðun menn nota í því sambandi. Ef við miðum við t.d. kjör láglaunafólks, sem er stór hópur í þessu þjóðfélagi, þá eru þm. töluvert hátt launaðir. En ef við berum okkur saman við ýmsa aðra hópa í þjóðfélaginu, bæði innan embættismannakerfisins og á einkamarkaðinum, þá eru þm. vitaskuld ekki hátt launaðir.

Hv. þm. beindi til mín spurningu um það hvort ég teldi að ráðherrar ættu ekki að hafa bíl til umráða og hvort ég teldi að þeir ættu t.d. ekki að hafa einkabílstjóra. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur ekki fylgst grannt með ræðu minni áðan vegna þess að ég nefndi einmitt það sem koma ætti í staðinn fyrir niðurfellingu á þessari 10. gr. í reglugerðinni sem ég vil fella úr gildi. Í 10. gr. í reglugerðinni eru sérákvæði að því er varðar bifreiðafríðindi ráðherra. Ég tel að það þurfi engar sérreglur að gilda um bifreiðafríðindi ráðherra. Ég tel að þeir geti fallið undir hið almenna ákvæði sem er í þessari sömu reglugerð, þ.e. í 3. gr. Hún felur í sér að þegar hagkvæmt er talið að sinna vissum verkefnum stofnana ríkisins með eigin bifreiðum kaupi ríkið bifreiðar til þessara þarfa og reki þær á eigin kostnað. Síðar í þessari sömu grein stendur:

„Þó er forstöðumönnum stofnunar heimilt að fengnu samþykki fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að leyfa starfsmanni að hafa slíkar bifreiðar í sinni vörslu utan vinnutíma þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi." Og síðan kemur: „Sérstök akstursbók skal fylgja hverjum ríkisbíl og færir ökumaður í hana hverja einstaka ferð þar sem fram kemur erindi og svo fleira."

Ég tel t.a.m. ekki eðlilegt — og það væri fróðlegt að vita hvort hv. þm. Guðrún Helgadóttir telur að það sé eðlilegt — að hv. þm. hafi t.d. einkabílstjóra og geti rekið sína einkabifreið á kostnað ríkissjóðs í sínu sumarleyfi eða bara í sínum einkaerindum. Ég tel það t.d. ekki eðlilegt og alls ekki nauðsynlegt að þeir hafi einkabílstjóra til slíkra erinda.

Það er dýrt fyrir hinn almenna launamann að fara kannske í sumarfrí hér kringum landið, hann þarf að borga rekstrarkostnað af sínum bíl fyrir það. En ég tel að ráðherrarnir, eins og málum er háttað nú, geti — og ég tel að þeir geri það — notað þennan bíl í sínum einkaerindum. Þess vegna tel ég að þessi almenna regla geti gilt, að ríkið eigi bifreiðar sem ráðherrar hafi afnot af.

Ég tel það óþarfa að hver og einn ráðherra hafi einkabílstjóra, 10 samtals, sem kannske bíða eftir þeim í marga klukkutíma meðan þeir á fundi, kannske á sama fundinum eins og hér í þinginu. Ég tel að hægt sé að hafa meiri hagkvæmni í þessu og það sé hægt að koma á meiri sparnaði og þeir þurfi ekki allir að vera með einkabílstjóra. Það mættu vera kannske nokkrar bifreiðar sem væru til afnota fyrir ráðherra þar sem þeir gætu skipst á eftir því sem þeir þurfa í sínar ferðir að hafa þessar bifreiðar til afnota og þá bílstjórana einnig.

Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. þyki það bruðl að einkabílstjórar ráðherra þurfi t.d. að bíða tímunum saman á næturvinnukaupi kannske eftir því að ráðherrar ljúki sínum erindum á fundi eða annars staðar. Það kom fram í svörum ráðherra við fsp. minni hér fyrir jól að verulegur hluti af rekstrarkostnaðinum fer einmitt til að greiða laun fyrir einkabílstjóra ráðherra. Ég er ekki að segja það í sumum tilfellum geti verið nauðsynlegt að þeir hafi einkabílstjóra en mér finnst að hægt sé að leita ódýrari og hagkvæmari leiða í því efni heldur en að við búum við í dag.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Kannske má til sanns vegar færa að umræða um bílamál ráðherra, bankastjóra, ríkisforstjóra og annarra toppa í þjóðfélaginu hér á hinu háa Alþingi verði Alþingi seint til mikils sóma. Satt að segja er það eitt með hvimleiðari og lágkúrulegri fyrirbærum í íslenskum stjórnmálum, bílaleikur ráðherra, sem virðist vera reglulegt fyrirbæri í þjóðmálaumræðu og væri nú æskilegt að menn gætu komið sér niður á einhverja eðlilega og heilbrigða skipan þessara mála í eitt skipti fyrir öll. Það er kannske ekki svo auðvelt.

Ég vil minna á að Alþingi Íslendinga hefur þegar orðið sér til skammar í þessu máli, herra forseti, með leyfi. Rökin fyrir því eru ósköp einföld. Alþingi Íslendinga hefur lýst vilja sínum með samþykkt um að afnema bílafríðindi embættismanna, þ.e. manna eins og forstjóra ríkisfyrirtækja og ríkisbanka, afnema það kerfi að þeir njóti bílafríðinda sem væru sambærileg við bílafríðindi ráðherra. Þetta hefur verið samþykkt, þetta er yfirlýst stefna Alþingis og falin framkvæmdavaldinu til framkvæmda. Með þessa ályktun og með þessa samþykkt hefur ekkert verið gert, ekki nokkur skapaður hlutur.

Tilraun Alþingis til að koma þessum málum á hreint hefur því hreinlega mistekist. Það er ekkert tillit tekið til meirihlutavilja Alþingis í þessu máli. Það er ekkert tillit tekið til þess að meiri hluti í ríkisstjórn á sínum tíma, 1978 og 1979, lagði fram frv. þar sem ráðherrar höfðu afgreitt frá ríkisstjórn stefnu í þessum málum: Ríkisstjórn telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðir, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu. Þetta var yfirlýst stefna ríkisstjórnar þar sem í sátu ráðherrar bæði í þessu tilviki míns flokks og Framsfl., þ.e. stjórnarforustuflokksins hér. Þetta frv. var að vísu ekki afgreitt en eigi að síður skyldi maður ætla að forustumenn t.d. Framsfl. væru skuldbundnir af þessari afstöðu sem hefur hins vegar ekki reynst vera svo í reynd.

Á sínum tíma þegar blöð flettu ofan af bílamálum bankastjóra brugðust forsvarsmenn þingflokka við hver á fætur öðrum með yfirlýsingum um það að þeir teldu þetta óeðlilegt og hver á fætur öðrum töldu þeir að nú væri æskilegt að þessi mál yrðu leyst með kjaradómi. Við það var auðvitað ekkert staðið. Þessu hefur ekki verið vísað til kjaradóms. Málinu var vísað til fyrrv. embættismanns af hæstv. viðskrh. Hann skrifaði skýrslu, þokukennda mjög og lítt skiljanlega. Niðurstaðan varð síðan sú að ráðherra hefur sett reglugerð þar sem sömu hlutunum er komið fyrir bakdyramegin bara með öðru orðalagi. Upphefst umræða um málið á ný, málið er í nákvæmlega sama farinu.

Það sem ég hef um þetta að segja er ósköp einfaldlega þetta: Það er alveg óþarfi og það eru engin rök fyrir því að setja samasemmerki milli bifreiðamála ráðherra og annarra ríkisforstjóra í fyrsta lagi. Hvernig

eru þessi bifreiðafríðindi ráðherra tilkomin? Þau eru fyrst og fremst skattamál. Málið er þannig tilkomið að ráðherrum er gefinn kostur á að eignast bifreið með afslætti og fríðindum sem hann getur síðan selt á almennum markaði og notað andvirðið til að mæta gífurlega háum skattgreiðslum eftir að hann lætur af ráðherraembætti vegna þess að það á við um venjulega menn að þeir lækka mjög í tekjum þegar þeir láta af ráðherastörfum. Þetta var nú hugsunin upphaflega.

Þetta er ekki gott fordæmi. Eðlilegast væri að ef menn telja endilega æskilegt að ríkið eigi og reki bíla fyrir ráðherra verði það gert skv. þeim almennu reglum sem fram komu í máli hv. síðasta ræðumanns, þ.e. um afnotarétt af þessu skv. einhverjum eðlilegum reglum svo sem gerist í öðrum þjóðfélögum, skv. akstursbók o.s.frv. Það er meira en lítið vafasamt að verið sé að setja reglur um stjórnmálamenn sem byggja raunverulega á þeirri hugsun að bæta þeim kjör undir borðið fram hjá eðlilegri framkvæmd skattalaga.

Ráðherrar eru stjórnmálamenn. Þeir koma og fara, eins og þeir segja í embættiskerfinu. Embættismenn eru hins vegar æviráðnir og sitja að sínum fríðindum og hlunnindum ævilangt. Það er ekkert samasemmerki þess vegna þar á milli.

Svo að ég segi það nú enn einu sinni að því er varðar t.d. bankastjóra, það er engin starfsnauðsyn bankastjórum að bankar afhendi þeim bíl. Eðli starfs bankastjóra er að sitja í sínum bönkum og það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að þeir hafi nákvæmlega sama máta á og aðrir landsmenn að koma sér til og frá vinnu.

Hinir ábyrgu bankaráðsmenn, sem eru hins vegar að mæla þessu bót, þessu eilífa bakdyrafúski í þessum málum, mundu segja: Er nú ekki óeðlilegt að bankastjóri í ríkisbanka, með alla þá ábyrgð sem á honum hvílir, sé miklu launalægri en forstjóri þeirra fyrirtækja sem hann er að veita fyrirgreiðslu. Forstjóraveldið á Íslandi hefur 150-250 þús. kr. í laun. Bankastjórinn hefur 100 þús. Þess vegna er bankastjóranum bætt þetta upp með allra handa hlunnindum, svo sem eins og að leggja honum til bíl sem hann þarf ekki að hafa neinn kostnað af, sem hann getur eignast á afsláttarkjörum. Hann heldur launum sínum óskertum þó að hann láti af starfi. Hann greiðir ekki í lífeyrissjóð en heldur fullum réttindum.

Þetta er gamla aðferðin í hinu opinbera kerfi að reyna að mæta þeim mun, sem er á kjörum hins opinbera geira og einkageirans, með skattafúsksbakdyraleið sem er öllum til skammar. Þetta á að þurrka út, þetta á að afnema, vegna þess að þetta eru í eðli sínu forréttindi og í skjóli þessara forréttinda þrífst spilling.

Eitt af nauðsynjaverkum stjórnmálamanna er það að þeir njóti trausts. Þessar starfsaðferðir eru vísasti vegurinn til að grafa undan eðlilegu trausti. Ef menn hafa ástæðu til að ætla að pólitískt skipaðir embættismenn séu eilíflega að nota aðstöðu sína til að bæta kjör sín eftir óeðlilegum bakdyraleiðum missa menn auðvitað allt traust á slíkum aðilum.

Hitt er svo annað mál að það er hverju orði sannara sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði um launamun á Íslandi. Hann fer ekki eftir neinum töxtum enda er það allt saman tómt rugl og vitleysa, formsatriði. Launamunur á Íslandi hefur vaxið hrikalega á undanförnum verðbólguárum. Ef gengið er út frá því sem gefnu að það er minnihlutahópur í þjóðfélaginu sem lifir á nöktu lágmarkstaxtakaupi, 16–17 þús. kr., þá er dæmi þess að forstjóraveldi á Íslandi hefur í laun 200–300 þús. kr.

Launamunurinn er orðinn gífurlegur. En hann er ekki sannanlegur með tölum á blaði. Hann kemur ekki í dagsljósið með opinberum gögnum vegna þess að laun og kjör eru sitt hvað. Það er orðin lenska af skattaástæðum að greiða laun fyrst og fremst í formi hlunninda. Þetta á að sjálfsögðu við í einkageiranum þar sem menn taka laun sín í fríðu, í formi þess að hafa verulega risnu, að skrá kostnað útgjaldamegin hjá fyrirtækjum sínum, að láta fyrirtækin eiga og reka bíla, láta fyrirtækin greiða ferðalög, veitingar og annan risnukostnað o.s.frv. eða beinlínis hreinlega neyta þess að gefa ekki upp þau laun sem raunverulega eru greidd.

Samt sem áður — jafnvel með opinberum hætti þegar gerðar eru kjarakannanir, t.d. ýmissa samtaka sérfróðra aðila, ég get nefnt sem dæmi Hagfræðingafélagið — kemur á daginn að menn, sem gegna stjórnunarstörfum í einkageiranum, eru miklum mun betur launaðir en skv. einhverjum töxtum í opinbera geiranum. Þetta vita allir menn.

Laun alþm. eru rúmlega 70 þús. kr. Þá er hann u.þ.b. hálfdrættingur á við venjulegan forstjóra og kannske tæplega það. En þá er á hitt að líta að almenningur í landinu trúir ekki þessum tölum og segir sem svo: Mikill fjöldi stjórnmálamanna bætir sér þetta upp með því að fá umbun fyrir nefndarstörf, þannig að raunverulegt laun þeirra endurspeglast ekki á launaseðli þm. Þau eru miklum mun hærri þegar betur er að gáð.

Þegar nefndakóngaskýrslan er gefin út árlega eru þess dæmi að nefndakóngar stjórnarflokkanna eru með hlunnindagreiðslur sem nema nokkrum hundruðum þús. kr. Mundi þó margur maðurinn alls ekki trúa því í einkageiranum, það mundu a.m.k. vera mörg fyrirtæki sem ekki væru reiðubúin til að greiða þær upphæðir fyrir ráðgjöf margra þessara hv. sérfræðinga nefndakerfisins.

Hvernig á að breyta þessu? Það á að breyta þessu með því í fyrsta lagi að afnema þessi forréttindi, hverju nafni sem nefnist. Það er ekki hægt, það er ekki gerlegt í opinberri stjórnsýslu að koma á umbótum að því er varðar skattundandrátt og skattsvik hér á landi ef skattundandráttaraðferðir vegna kjara eru orðnar ríkjandi vinnubrögð í hinu opinbera kerfi.

Það á m.ö.o. að svipta forstjóraveldi ríkisins að mestu leyti þessum hlunnindum. Ef það veldur síðan því að ekki er hægt að fá hæfa menn til starfa hjá hinu opinbera, þá á að hækka laun þessara manna. En af þessum launum á að greiða skatta skv. eðlilegum forsendum. Ef menn horfast síðan í augu við það að þeir þykjast ekki geta ráðið við skattundandráttar- og fúskkerfið hjá einkageiranum, þá ber að mæta því með því að endurskoða skattakerfið frá rótum.

Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það sem ég þegar hef sagt. Lokaorðin eru fyrst og fremst þau: Alþingi hefur þegar mótað stefnu í þessum málum. Það hefur samþykkt þáltill. þar sem það hefur falið framkvæmdavaldinu að afnema þessi fríðindi að því er varðar toppembættismenn. Hér er flutt till. sem er um það að vara við því líka — það er vakin athygli á því — að nota bifreiðafríðindareglugerð ráðherranna til þess að hún gildi líka um alla aðra embættismenn kerfisins. Ráðherrar eru reyndar ekki embættismenn. Þeir eru stjórnmálamenn. Að þessu leyti er þessi þáltill.

þörf af því að hún er um það að taka einhverja prinsippafstöðu og einfalda flókið, stórgallað og spillt kerfi sem nú er ríkjandi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég tel mér skylt að leiðrétta hv. 5. þm. Reykv. því að þingmannslaunin fara ekki yfir 70 þús. kr. á mánuði, þau eru nákvæmlega 68 128 kr. á mánuði og lífeyrissjóðsiðgjald að sjálfsögðu dregið frá því.

En það má segja eins og skáldið að „aldrei var því um Álftanes spáð" o.s.frv. Hér stendur þm. Alþb. og ver bifreiðafríðindi ráðherra svokölluð, enda vil ég leggja á það áherslu að ég er ekki að því. Það eiga auðvitað engin bifreiðafríðindi að eiga sér stað. Menn eiga að fá greidd laun fyrir sína vinnu. Og ég er hjartanlega sammála hv. 5. þm. Reykv. að sé þáltill. samþykkt hér á hinu háa Alþingi ber að sjálfsögðu að fara að henni.

En ég held að full ástæða sé til að ræða þessi mál opinskátt vegna þess að öll sú blekking, sem er höfð í frammi í launamálum hér á landi, er til algers vansa. Ég er alveg sannfærð um það, herra forseti, að ef aðilar vinnumarkaðarins kæmu sér nú saman um í yfirstandandi samningsgerð að greiða öllum Íslendingum 70 þús. kr. á mánuði yrði að því stór sparnaður því að launamismunurinn hér í landi er að verða ærið dýr og einmitt, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, fyrst og fremst með alls kyns hlunnindum, fríðindum og samningum undir borðum með tilheyrandi skattsvikum og öðru slíku sem þjóðfélagið tapar milljörðum á, eins og margsinnis hefur komið hér fram.

Þess vegna held ég að það sé mjög mikilsvert að umræða um kjör þeirra manna, sem valdir eru til þingstarfa og til ráðherrastarfa, séu rædd gersamlega fyrir opnum tjöldum. Hér er ekkert að fela. Vegna þess að ég yrði ekki hissa þó að vinir okkar hér uppi á þingfréttaritarapöllum gerðu sér þó nokkurn mat úr umræðu sem þessari vil ég minna þá á að þegar þeir fá minn góða félaga og hv. þm. Svavar Gestsson til að eyða heilu kvöldi í sjónvarpssal fær hann það ekki greitt en það fá þeir. Laun þm. eru einungis föst mánaðarlaun þeirra í velflestum tilvikum.

Eins og hér kom fram er vissulega eitthvað um það að menn sitji í launuðum nefndum. En við skulum heldur ekki gleyma því að það kynni að vera töluverð vinna unnin í þeim nefndum sem vert væri e.t.v. að greiða fyrir eins og vinnu annars fólks í landinu.

Minna má á að þm. eru ekki í öruggum sessi né heldur ráðherrar. Oft er það svo að menn hafa sagt starfi lausu sem þeir eiga ekki auðveldan aðgang að aftur ef þjóðinni sýndist svo að þeir ættu ekki að halda störfum áfram hér.

Við skulum heldur ekki gleyma því álagi sem því fylgir að vera eilífur skotspónn þjóðarinnar og undir sífelldri smásjá eins og vera ber. Það fylgir því visst álag sem gerir þessi störf afar ólík öllum öðrum störfum.

Fátt leiðist mér meira persónulega en þegar verið er að ýja að því hversu gífurleg laun við höfum hér. Ég leyfi mér að fullyrða að minn vinnudagur er sjaldan undir 14 vinnustundum og þjóðin mín má svo sannarlega vita það að ég fæ rúmar 40 þús. kr. upp úr launaumslaginu mínu. Hún má líka vita að það nægir mér ekki til framfærslu. Þetta er nefnilega ekki nóg handa nokkru heimili og þess vegna eru önnur laun skv. launatöxtum orðin gersamlega út úr kortinu, enda tæplega nothæf. Það segir sig sjálft að manneskja, sem hefur 16–17 þús. kr. á mánuði, er annaðhvort í verulegri aukavinnu eða í öðru starfi til því að það er óhugsandi að lifa af slíkum launum.

Ég held að það sé kominn tími til að þetta verði rætt og ég vil endurtaka það að ég er sannfærð um að ef hver einasti vinnandi Íslendingur fengi 70 þús. kr. á mánuði sem hann gæti lifað af, þá væri það stór sparnaður fyrir þjóðfélagið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eldvarnir í opinberum byggingum, þáltill. 209. mál (þskj. 437). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 437 hef ég leyft mér ásamt hv. 3. þm. Reykv. Svavari Gestssyni að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja áætlun um eldvarnir í opinberum byggingum hér á landi. Í þeirri áætlun skal verkefnum raðað í forgangsröð svo sem frekast er kostur jafnframt því sem gerð verði grein fyrir áætluðum kostnaði. Ríkisstj. skal láta ljúka áætlun um þessi verkefni í tæka tíð svo að unnt verði að taka mið af henni við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1987."

Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi er flutt til að vekja enn frekari athygli á miklu vandamáli og um leið ýta sem best á eftir því að raunhæfar aðgerðir fylgi í kjölfarið. Alþingi getur ekki látið sem ekkert sé þegar því er beinlínis haldið fram með réttu eða röngu að fjárveitingavaldið hafi árum saman ýtt til hliðar brýnum verkefnum eins og eldvörnum í opinberum byggingum. Skylda þingsins er að breyta þessum málum, ríkisstjórnar er að vinna skipulega áætlun um viðamikið verkefni og í kjölfarið þarf að veita nauðsynlegt fé til að vinna brýnustu verkefnin og halda verkinu svo fram að viðunandi lausn fáist sem fyrst.

Ekki er þörf á því nú að rekja þetta mál ítarlega í grg., svo mjög sem það hefur verið til umræðu að undanförnu. Ljóst er að hörmulegur atburður á Kópavogshæli í þessum mánuði hefur orðið til þess að vekja menn til umhugsunar og ýta við mörgum manninum í þessum efnum. Ber þar hæst víðtæka söfnun Kiwanismanna til eldvarna á Kópavogshælinu, sem ber að meta sérstaklega og þakka. Um leið verður ekki hjá því komist að benda rækilega á það að eldvarnir eru því miður í megnasta ólagi í mörgum opinberum stofnunum.

Í þessari till. er gert ráð fyrir framkvæmdaáætlun um eldvarnir í opinberum byggingum. Eðlilegt er að ríkisstj. ákveði hverjir annast skuli gerð áætlunarinnar. Það hlýtur að verða að kalla til fulltrúa Brunamálastofnunar, Innkaupastofnunar ríkisins, tryggingafélaganna og fleiri aðila auk þeirra fagráðuneyta sem fara með málefni einstakra stofnana. Sérstök áhersla er lögð á að áætlunin verði tilbúin tímanlega fyrir gerð næstu fjárlaga."

Ég held að það þjóni ekki tilgangi að fara út í frekari útlistun þessa máls umfram það sem er í grg. þessarar till. Því miður er það oft svo að hörmuleg tilvik eða orsakir valda upphlaupsumræðu eða skyndiáhuga á málefni en svo hverfur áhuginn, umræðan koðnar niður

og, það sem verst er, oft má segja á eftir að svo sé eins og ekkert hefði gerst.

Hér er ekki um verkefni að ræða, ef litið yfir heildina alla, sem er skjót- eða auðleyst og allt kostar það ærna fjármuni. Einmitt þess vegna er nauðsyn á því að skipulega sé að því unnið en þó umfram allt að unnið sé þótt í áföngum verði, að ekki verði beðið með allar aðgerðir þar til eitthvað dynur yfir á ný.

Ásakanir til og frá þjóna heldur ekki tilgangi. Fjárveitingavaldið, við hér á Alþingi verðum að reka af okkur það slyðruorð sem á okkur hefur sannarlega verið borið án þess að ég ætli í því máli að taka þar undir þó að ég viti það að vel hefði betur mátt gera í mörgum greinum.

Ég legg áherslu á að lausn þessa máls verði í senn örugg og án þess aukakostnaðar sem oft vill fylgja að ófyrirsynju því að ærið oft hendir það okkur að hafna ódýrari lausnum, þó að öruggar séu, fyrir fokdýrar sem skila tiltölulega litlu betri árangri. Umræður í fjölmiðlum hafa leitt í ljós að víða er hér stór hætta á ferðum og þarf ekki að leita lengra en á stærstu sjúkrastofnun landsins til að sjá hættuboðana rísa ógnvekjandi hátt. En til þess er þetta mál ekki flutt að fá um það meiri umræður þótt þarfar kunni að vera heldur til þess að hefja sem fyrst raunhæfar aðgerðir til úrbóta og láta næstu fjárlagagerð sýna þess glögg merki að við ætlum að bæta öryggið, breyta hættuástandi, vinna okkur út úr sem allra fyrst óviðunandi ástandi allt of víða. Til þess er þessu máli hreyft hér.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, þáltill. 218. mál (þskj. 446). — Fyrri umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 446 um að hætta ríkisrekstri Fiskifélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands. 1. flm. að þessari till. er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem nú hefur vikið af þingi, var hér varaþm. á s.l. hausti, en meðflm. eru aðrir þm. Alþfl.

Ályktunarorðin eru á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera allar viðhlítandi ráðstafanir til þess að Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands megi leggja niður sem ríkisstofnanir.

Í þeim undirbúningi skal m.a. felast:

að öll gagnasöfnun og skýrslugerð um fiski- og landbúnaðarmál, sem nú fer fram hjá þessum stofnunum, verði færð til annarra stofnana, svo sem Hagstofu Íslands,

að hefja viðræður við samtök viðkomandi atvinnuvega um hvort þau óski eftir að starfrækja sjálf og þá á eigin kostnað þá þjónustu aðra en gagnasöfnun og skýrslugerð sem Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands nú inna af höndum við umrædda atvinnuvegi og þá hvernig.

Niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en í árslok 1986 svo að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir samfara afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987."

Þessari till. var fyrst hreyft í umfangsmiklum brtt. þm. Alþfl. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986. Till. er liður í heildaráætlunum þingflokks Alþfl. um sparnað í ríkisrekstri, fækkun ríkisstofnana og tilflutning verkefna frá ríkissjóði til annarra aðila.

Með þessum fjárlagatillögum settum við okkur það mark í fyrsta lagi að tryggja með öruggum hætti hallalausan rekstur ríkisins á þessu ári, í annan stað að draga mjög verulega úr nýjum erlendum lántökum, sem samsvaraði 1,7 milljörðum kr. á desemberverðlagi. En í heild fólu tillögurnar í sér í fyrsta lagi umtalsverða minnkun ríkisútgjalda, í öðru lagi breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins og aukna tekjuöflun, í þriðja lagi fækkun ríkisstofnana, í fjórða lagi kerfisbreytingu sem fól m.a. í sér afnám á svokölluðu velferðarkerfi fyrirtækja í ríkisbúskapnum, en með því eigum við að þjónusta sem ríkið annast eða skattgreiðendur greiða fyrir en er í þjónustu eða þágu atvinnulífs og atvinnuvega verði greidd með eðlilegum hætti af þeim sem þjónustunnar njóta, í fimmta lagi gerðu þessar tillögur okkar ráð fyrir því að ríkisbúskapnum mætti haga þannig að í stað sjálfvirkrar þenslu rekstrarútgjalda yrði meira afgangs, meira olnbogarými til virkra framlaga til fjárfestingar, bæði á vegum ríkisins sjálfs og ríkis og sveitarfélaga í sameiningu.

Það var m.ö.o. ný stefna í ríkisfjármálum sem Alþfl. boðaði með þessum tillögum sínum. Það vekur svo athygli nú, rúmum mánuði eftir afgreiðslu fjárlaga, að aðilar vinnumarkaðarins hafa snúið sér í sameiningu til ríkisstj. og óskað eftir viðræðum við ríkisstj. um forsendur kjarasamninga þar sem ein meginósk aðila vinnumarkaðarins sameiginlega er að beina því til ríkisstj. að hún spretti upp þeim fjárlögum og breyti þeirri ríkisfjármálastefnu sem meiri hluti stjórnarliða hér á Alþingi veitti brautargengi við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir jól.

Minnkun ríkisútgjalda er forsenda fyrir þeim skattalækkunum sem aðilar vinnumarkaðarins eru nú að óska eftir og vilja fá sem forsendu í allsherjarsamkomulagi eða lífskjarasáttmála fyrir sem því sem svarar lægri kaupkröfum í krónutölu. Þessi till. er ein af fjölmörgum slíkum tillögum sem við fluttum við fjárlagaafgreiðsluna með það beinlínis í huga að haga ríkisfjármálastefnunni í samræmi við ástand og horfur í efnahagsmálum og greiða þannig fyrir nýjum lífskjarasáttmála og allsherjarsamkomulagi um vinnufrið á vinnumarkaðnum og launaþróun í samræmi við þau markmið að halda verðbólgu í skefjum. Hér er m.ö.o. um að ræða kerfisbreytingu í ríkisrekstri.

Þetta eru aðeins fyrstu skrefin í þá átt því að fyrir utan þær tillögur sem við þegar höfum flutt við fjárlagaafgreiðsluna mætti auðvitað taka fleiri skref og nefna fleiri dæmi af svipuðum toga.

Fiskifélag og Búnaðarfélag eru í reynd hin gömlu atvinnumálaráðuneyti okkar Íslendinga, enda þótt þau séu fyrst og fremst innan vébanda hagsmunasamtaka atvinnuveganna fremur en beinar stjórnsýslustofnanir. Vegna þessarar forsögu hafa þessum stofnunum verið falin ýmis opinber stjórnsýsluverkefni, svo sem gagnasöfnun og skýrslugerð, sem félögin sinna enn þótt í millitíðinni hafi risið upp öflugar opinberar stofnanir og ráðuneyti til þess að sinna slíkum verkefnum. Þar að auki hafa þessi félög verið og eru enn hagsmunasamtök umræddra atvinnuvega og starfa í nánum tengslum við önnur slík og að verulegu leyti undir þeirra stjórn.

Þar sem þessar stofnanir eru ríkisstofnanir er kostn-

aður við þær greiddur af ríkissjóði, enda þótt tekjuöflun þeirra sé líka nokkur. Þannig er greitt jafnt fyrir gagnasöfnun og skýrslugerð sem þá starfsemi sem beinlínis felur í sér þjónustu eða hagsmunagæslu í þágu viðkomandi atvinnuvega, fyrirtækja eða jafnvel einstaklinga. Kostnaðurinn við samkomur þessara félaga í hagsmunagæsluskyni er þannig greiddur úr ríkissjóði, t.d. var kostnaður við þinghald þeirra til skamms tíma greiddur með sama hætti og kostnaður við löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hlutverk þessara þinga hefur m.a. verið að taka til umsagnar erindi til löggjafarsamkomunnar frá hagsmunasjónarmiði ýmissa aðila, einstaklinga og félaga. Jafnvel dæmi þess að smíða lagafrv. til flutnings á Alþingi um slík hagsmunamál.

Að sjálfsögðu er ekkert við þess háttar hagsmunagæslu að athuga annað en það að ríkið kostar hana. Slíkt á ekki við um aðrar sambærilegar samkomur, svo sem iðnþing eða stéttaþingin, þing Alþýðusambands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna eða Stéttarsambands bænda, og eru þó viðfangsefni og hlutverk funda þessara samtaka ekki mjög ólík hlutverkum fiskiþings og búnaðarþings. Þess vegna þykir skynsamlegra, frekar en að taka upp ríkisrekstur allra hagsmunasamtaka og þrýstihópa í landinu, að ein og sama reglan gildi um öll þessi samtök, líka Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, nefnilega sú regla að þessi samtök starfi sjálfstætt að vilja og á ábyrgð viðkomandi hagsmunaaðila en ekki ríkissjóðs.

Óeðlilegt er líka með öllu að samtök, sem a.m.k. öðrum þræði eru hagsmunasamtök, hafi með höndum opinbera gagnasöfnun og skýrslugerð. Slík verkefni þarf að sjálfsögðu að vinna, en þau eiga að vera í höndum óhlutdrægra opinberra stofnana. Ekkert mælir hins vegar á móti því að sjálfstæð hagsmunasamtök annist einnig slík verkefni og þá að sjálfsögðu á eigin kostnað og eigin ábyrgð. Það er hvorki æskilegt né nauðsynlegt að hagsmunasamtökum sé jafnframt falið að safna gögnum og skila hagskýrslum, enda á það fyrirkomulag rætur sínar að rekja til þess tíma þegar ekki voru opinberir aðilar til að sinna slíkum verkefnum.

Þessi þáltill. gerir ráð fyrir að þessu Janusarhlutverki Fiskifélags og Búnaðarfélags ljúki. Hún felur það ekki í sér að félögin sem slík verði lögð niður, fjarri því, heldur að ríkisrekstri þeirra, að svo miklu leyti sem um hann er að ræða, verði hætt og hagsmunaaðilum, sem að þeim standa, verði í sjálfsvald sett hvort og þá hvernig rekstri þeirra verði haldið áfram á nýjum grundvelli. En sú gagnasöfnun og skýrslugerð sem félögin vinna nú í þágu opinberrar stjórnsýslu er að sjálfsögðu nauðsynleg og ber að vinna hjá réttum aðilum, þ.e. þeim opinberu stofnunum sem að slíkum verkefnum starfa. Í flestum tilvikum mundu þau koma í hlut Hagstofu Íslands.

Till. gerir ráð fyrir því að ríkisstj. láti undirbúa aðgerðir til þess að umrædd skipulagsbreyting megi ná fram að ganga, m.a. með viðræðum við hagsmunaaðila, þannig að Alþingi geti tekið allar nauðsynlegar ákvarðanir við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1986.

Herra forseti. Að loknum umræðum um þessa till. legg ég til að henni verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjálfstæðar rannsóknastofnanir, þáltill. 219. mál (þskj. 447). — Fyrri umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sjálfstæðar rannsóknastofnanir, eflingu hagnýtrar vísinda- og rannsóknarstarfsemi og aukin tengsl atvinnulífs og rannsókna. 1. flm. þessarar till. var hv. 3. þm. Vestf. Sighvatur Björgvinsson er sat hér sem varaþm. á liðnu hausti, en meðflm. eru aðrir þm. Alþfl.

Þessi till. kom fyrst fram í yfirgripsmiklum brtt. Alþfl. við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 og er í flokki þeirra till. okkar Alþýðuflokksmanna sem kveða á um sparnað í ríkisrekstri, fækkun ríkisstofnana og flutning verkefna frá ríki til annarra aðila. Markmið till. er að þær stofnanir, sem fást við hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuvega og eru nú ríkisstofnanir, verði teknar úr ríkiseigu og gerðar að sjálfseignarstofnunum og starfi eftir það á eigin ábyrgð og undir sjálfstæðri stjórn í nánu samstarfi við atvinnuvegina.

Ályktunarorðin eru þau að fela ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að eftirtöldum skipulagsbreytingum á sviði hagnýtrar rannsóknarstarfsemi í því skyni að efla slíkar rannsóknir, auka tengsl hagnýtra rannsókna og atvinnulífs, svo og sjálfstæði rannsóknastofnana:

1. Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðar, Rannsóknastofnun landbúnaðar og Rannsóknastofnun byggingariðnaðar verði gerðar að sjálfseignarstofnunum þar sem m.a. samtökum viðkomandi atvinnuvega verði boðið að gerast stofnaðilar. Í skipulagsskrá er nánar kveðið á um stjórn stofnananna og rekstrarfyrirkomulag. En þær skulu starfa sem sjálfstæðar stofnanir, verðleggja sjálfar þjónustu sína og taka sjálfar allar ákvarðanir um rekstur, mannahald, verkefnaval og viðfangsefni. Aðalhlutverk þessara stofnana verði að annast hagnýtar rannsóknir í þágu viðkomandi atvinnuvega eftir óskum og þörfum í atvinnugreininni og ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

2. Samningur skal gerður milli fjmrn. fyrir hönd ríkissjóðs og viðkomandi stofnunar þar sem ríkissjóður leggur hverri stofnun til ákveðið grunnframlag á ári hverju sem greiðist upp í fastakostnað við starfrækslu. Sérstakur samningur skal einnig gerður milli stofnananna og ríkissjóðs um áframhaldandi nýtingu stofnananna á ríkiseignum, svo sem húsnæði, en tæki, vélar og annað það sem þessar stofnanir hafa nú yfir að ráða skal áfram fylgja þeim og skoðast stofnframlag ríkisins til sjálfseignarstofnananna.

3. Önnur hagnýt rannsóknarstarfsemi sem ríkið hefur rekið og kostað í beinum og óbeinum tengslum við Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðar, Rannsóknastofnun landbúnaðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðar eða aðrar opinberar stofnanir — og er þá fyrst og fremst átt við tilraunastöðvar og tilraunabú — skal eftirleiðis skoðast sem viðfangsefni viðkomandi sjálfstæðra rannsóknastofnana og á ábyrgð þeirra hvort og þá hvernig starfseminni verður haldið áfram.

4. Ákveðið verði í sérstökum lögum fast árlegt framlag úr ríkissjóði til næstu fimm ára til rannsókna- og þróunarstarfsemi og með reglugerð ákveðin almenn skilyrði til lán- og styrkveitinga af því fé sem sjálfstæðar rannsóknastofnanir hafi sama rétt og aðrir til þess að sækja um styrki eða lán til einstakra verkefna.

Undirbúningi þessum verði lokið á árinu 1986 þannig að Alþingi geti samhliða afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 gert þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að það fyrirkomulag, sem hér hefur verið lýst, nái fram að ganga.

Með þessum skipulagsbreytingum vinnst að okkar mati margt:

1. Rannsóknastofnanir öðlast aukið sjálfstæði og sjálfræði, bæði í stjórn, starfsemi og í verkefnavali.

2. Líklegt er að áhrif vísindamanna og rannsóknarmanna á starfsemina aukist og mun það án efa styrkja vísindalega rannsóknarstarfsemi að hagnýtum viðfangsefnum.

3. Beinni tengsl verða á milli atvinnulífs og rannsóknastofnana, meðal annars af því að gert er ráð fyrir að bein kostnaðarleg tengsl verði á milli rannsóknarverkefna og atvinnufyrirtækja eða atvinnugreina þar sem í till. er gert ráð fyrir að ríkið greiði grunnkostnað við rannsóknastofnanirnar en einstök verkefni séu valin í samráði við atvinnuvegina og kostuð af þeim.

Frá sjónarmiði ríkisins er einnig um ótvíræða kosti að ræða við þá skipulagsbreytingu sem till. gerir ráð fyrir. Eðlilegt er að ríkisvaldið kosti rannsóknarstarfsemi sem fremur er vísindaleg en hagnýt eða a.m.k. skilar ekki sjáanlegri framleiðniaukningu, tekjuaukningu eða framleiðslunýjungum á tiltölulega skömmum tíma. Einnig er sjálfsagt og eðlilegt að ríkisvaldið greiði tiltekinn grunnkostnað við starfsemi að hagnýtum rannsóknum og tryggi þannig að sú starfsemi geti farið fram.

Jafnframt er eðlilegt að ríkið styðji með öðrum hætti rannsóknar- og vísindastarfsemi í landinu, t.d. með sjóðsstofnun eða framlagi í sjóð sem rannsóknaraðilar geta sótt fyrirgreiðslu til vegna tiltekinna verkefna. Hins vegar er óeðlilegt að ríkið reki og kosti hagnýt rannsóknarverkefni í þágu atvinnuvega eða fyrirtækja. Slíkt leiðir til óæskilegs viðhorfs til atvinnurekstrar og þeirra verkefna sem atvinnurekendur sjálfir eiga að annast og er þáttur í því sem við jafnaðarmenn höfum kennt við velferðarkerfi fyrirtækjanna.

Með því kerfi hefur ríkisvaldið verið að taka á sig ýmis verkefni fyrirtækja og atvinnuvega og jafnvel gengið svo langt að veita beina og óbeina ríkisábyrgð á rekstri einstakra fyrirtækja. Það fyrirbæri hafa menn ýmist nefnt „þjóðnýtingu tapsins“ eða „sósíalisma andskotans“ eftir atvikum. Er merkilegt að þeir aðilar, sem þar hafa gengið fram fyrir skjöldu um að setja slíkar ábyrgðir og verkefni á ríki og skattgreiðendur, hafa seinastir manna viljað láta kenna sig við þjóðnýtingu eða sósíalisma.

Hagnýt rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuvega og fyrirtækja á fyrst og fremst að vera viðfangsefni fyrirtækjanna sjálfra. Vilji atvinnulífsins til að kosta slík verkefni eða taka þátt í kostnaði við þau á að vera mælikvarði á hvort þessi verkefni teljist vera fýsilegur og arðvænlegur kostur. Þetta er hinn eðlilegi grundvöllur hagnýtrar rannsóknarstarfsemi og með slíku fyrirkomulagi öðlast atvinnulífið sjálft jafnframt bein áhrif á verkefnaval og starfsemi stofnunarinnar.

Eins og fram kemur í till. eru þær ríkisstofnanir sem lagt er til að gerðar verði að sjálfseignarstofnunum og starfræktar í nánum tengslum við atvinnulífið þessar:

Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Till. gerir ráð fyrir því að búnaður þessara stofnana, svo og tækjakostur og eigið húsnæði, verði áfram lagður þeim til og skoðist sem stofnfé frá ríkissjóði. Aðilum í viðkomandi atvinnugreinum verði jafnframt boðið að gerast stofn- og eignaraðilar og á stofnfundi verði sjálfseignarstofnununum sett stofnskrá er kveði á um hlutverk þeirra, stjórn og starfsemi. Eftir það starfi þær sjálfstætt að rannsóknarverkefnum sínum á eigin ábyrgð og án starfslegra eða fjármálalegra fyrirmæla frá hinu opinbera.

Í samningi milli fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og sjálfseignarstofnananna verði kveðið á um árlegt grunnframlag úr ríkissjóði til stofnananna, sem gæti t.d. verið framlag er næmi áætluðum fastakostnaði stofnananna, en verkefnakostnaður verði greiddur af sjálfsaflafé. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að gerð verði fimm ára áætlun um aukin fjárframlög ríkisins í sjóð til að efla rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landinu og að samin verði reglugerð eða sett lög um þá starfsemi þar sem m.a. er gert ráð fyrir að stofnanir, fyrirtæki, einstaklingar eða samtök geti sótt um lán eða styrki úr sjóðnum til einstakra verkefna og hafi jafnan rétt til slíkra umsókna. Vísir að slíkri starfsemi er sérstakt fjárframlag í þessu skyni sem veitt hefur verið á fjárlögum 1985 og 1986.

Að lokum skal tekið fram að till. gerir ráð fyrir því að öll hagnýt rannsóknarstarfsemi, sem nú er á vegum ríkisins, skuli færð til umræddra aðila eða annarra slíkra sem nauðsynlegt kann að þykja að koma á fót. Þetta á við t.d. um tilraunabú, sem nú eru rekin á kostnað ríkisins, nema e.t.v. Fóður og fræ í Gunnarsholti, en álitamál getur verið hvort fé fengist frá öðrum aðilum til hennar þar sem ekki er víst að viðfangsefnið þyki fjarska hagnýtt fyrir íslenskan landbúnað frá skammtímasjónarmiði. Engu að síður er nauðsynlegt að halda þeim rannsóknum og tilraunum áfram sem þar eru gerðar og kæmi vísast á ríkið að standa straum af þeim kostnaði hver svo sem hefði framkvæmdina á hendi.

Herra forseti. Ég legg svo til að þessari till. verði vísað til síðari umr. og til umfjöllunar í allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (164. mál) 2276.
Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (199. mál) 2261.
Bifreiðamál ríkisins (204. mál) 2394.
Eldvarnir í opinberum byggingum (209. mál) 2406.
Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands (218. mál) 2407.
Fóstureyðingar (163. mál) 2261.
Fundarsókn þingmanna 2394.
Fæðingarorlof (180. mál) 2334.
Hollustuvernd ríkisins (131. mál) 2306.
Kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands 2381.
Kosning í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað 2381.
Lántökur ríkissjóðs (207. mál) 2298, 2362.
Málefni myndlistarmanna (19. mál) 2382.
Menningar- og fræðasetur á Skriðuklaustri (195. mál) 2390.
Rannsóknir í þágu atvinnuveganna (208. mál) 2280.
Seðlabanki Íslands (205. mál) 2363.
Sjálfstæðar rannsóknastofnanir (219. mál) 2410.
Skipun formanns stjórnar Ferðamálasjóðs (227. mál) 2307.
Skýrsla iðnrh. um raforkuverð til álversins í Straumsvík (111. mál) 2309.
Stjórnarráð Íslands (196. mál) 2280, 2357.
Svik og gallar í varanlegri fjárfestingarvöru (221. mál) 2304.
Svört atvinnustarfsemi (56. mál) 2387.
Umræður utan dagskrár 2325 (leiga á flugvél Landhelgisgæslunnar).
Útlán og eiginfjárstaða ríkisbankanna (183. mál) 2300.
Varnir gegn kynsjúkdómum (91. mál) 2280.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2325, 2333, 2387, 2394, 2400.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2280, 2296, 2360.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 2306, 2385.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 2303, 2310.
Landbrh. Jón Helgason 2326, 2332, 2334.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2301, 2303, 2304, 2308, 2309, 2363.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 2261, 2297.
Árni Johnsen 2327, 2329, 2334, 2349, 2356.
Birgir Ísl. Gunnarsson 2295.
Davíð Aðalsteinsson 2343.
Eiður Guðnason 2269, 2328.
Guðrún Helgadóttir 2399, 2405.
Gunnar G. Schram 2318.
Haraldur Ólafsson 2279.
Helgi Seljan 2263, 2330, 2345, 2390, 2406.
Hjörleifur Guttormsson 2287, 2310, 2322, 2357, 2362.
Jóhanna Sigurðardóttir 2300, 2302, 2303, 2394, 2401.
Jón Baldvin Hannibalsson 2293, 2402, 2407, 2410.
Jón Kristjánsson 2393.
Karvel Pálmason 2328, 2330, 2333.
Kjartan Jóhannsson 2302, 2329, 2370.
Kolbrún Jónsdóttir 2270, 2348, 2356.
Ólafur Þ. Þórðarson 2298.
Páll Pétursson 2317.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2265, 2271, 2275, 2279, 2334, 2351, 2357.
Skúli Alexandersson 2325, 2331, 2333.
Stefán Guðmundsson 2387.
Steingrímur J. Sigfússon 2307, 2309, 2332.
Svavar Gestsson 2304, 2305, 2306, 2382, 2386.
Valdimar Indriðason 2399.
Þorv. Garðar Kristjánsson 2261, 2272, 2275, 2276, 2279.

Sameinað þing, 43. fundur.

Mánudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

"Reykjavík, 10. febr. 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Guðrún J. Halldórsdóttir skólastjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Ég vil leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þetta til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur kynnt sér gögn þessi og leggur til að kjörbréf Guðrúnar J. Halldórsdóttur verði samþykkt.

Það hefur komið fram að 1. og 2. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík hafa ekki talið sér fært að taka sæti þannig að til kasta 3. varamanns hefur komið.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Guðrún J. Halldórsdóttir, 11. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Guðrún J. Halldórsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Efri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 10. febr., að loknum fundi í Sþ.

Greiðsluskilmálar húsnæðislána, frv. 106. mál (þskj. 116). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 116 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um greiðsluskilmála húsnæðislána.

Það er nokkuð langt síðan þetta frv. var fram lagt, en ýmsar aðstæður hafa ráðið því að framsaga fyrir þessu máli hefur dregist eins lengi og orðið er og fer ég ekki nánar út í það.

Frv. þessu er, eins og segir í grg., ætlað að taka afdráttarlaust af allan vafa um þann sjálfsagða rétt fólks í þessu landi að eignast íbúðarhúsnæði án þess að fórna til þess rétti sínum til heilbrigðs lífs.

Frvgr. eru bara þrjár og hljóða þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„1. gr. Tilgangur þessara laga er að tryggja réttláta greiðslubyrði af öllum lánum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota.

2. gr. Greiðslur af lánum, sem lánastofnanir veita eða hafa veitt einstaklingum vegna öflunar eigin húsnæðis, skulu miðast við að heildargreiðslubyrði hjá lántakanda verði ekki meiri en svo að hann geti framfleytt sér og sínum samtímis því að endurgreiða lánin á 40 árum.

3. gr. Lög þessi öðlist þegar gildi."

Virðulegi forseti. Hvað 1. gr. viðvíkur, þ.e. tilgangi þessara laga að tryggja réttláta greiðslubyrði af öllum lánum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis, er skemmst frá því að segja að undanfarin tvö ár hefur Húsnæðisstofnun haft uppi tilraunir eða viðleitni til að jafna greiðslubyrði einstaklinga af þeim lánum sem Húsnæðisstofnun sjálf hefur veitt. Sú viðleitni hefur greinilega borið árangur. Það er að vissu leyti ekki síst vegna þess að greiðslubyrði þeirra lána sem fólk hefur tekið hjá Húsnæðisstofnun er þegar léttasta byrðin sem fólk ber af húsnæðislánum. Byrðin af lánum sem það hefur tekið í bankastofnunum eða öðrum stofnunum en hjá Húsnæðisstofnun er miklu þyngri og það er sú byrði sem er að sliga fólk nú.

Á síðasta ári gerði Húsnæðisstofnun líka tilraun til að hjálpa fólki, sem átti í erfiðleikum við að standa skil á lánum sínum hjá öðrum lánastofnunum, með því að veita fólki viðbótarlán úr lánasjóði Húsnæðisstofnunar með nokkuð svipuðum kjörum og almennt tíðkast um lán þar, þ.e. um það bil 15 ára greiðslutíma. Þessi hjálp var náttúrlega vel þegin, en hún dugði því miður í flestum tilvikum afar skammt. Nú er komið að öðrum lánastofnunum en Húsnæðisstofnun að taka þátt í því að greiða fyrir fólki. Við erum ekki að tala um aukin útgjöld fyrir lánastofnanir. Þetta er útlátalaust fyrir þær. Hér er um það að ræða að breyta þeim lánum, sem fólk er með í bönkum og sjóðum sem lána til skamms tíma, í lengri lán og hér er líka um það að ræða að fólk, í samvinnu við þær lánastofnanir sem það skiptir við, skipuleggi skuldagreiðslur eða skuldabyrði sína þannig að það geti staðið undir henni með sæmilegum hætti eða eins og er sagt í 2. gr.: Hámark þeirrar kröfu sem hægt sé að gera í þessu tilviki er að heildargreiðslubyrði hjá lántakanda verði ekki meiri en svo að hann geti framfleytt sér og sínum samtímis því að endurgreiða lánin á 40 árum.

Ég tel að hér sé verið að tala um sjálfsagt sameiginlegt hagsmunamál lántakanda og lánastofnana. Það er afskaplega lítill tilgangur í því fyrir lánastofnanir að lána fólki peninga algerlega án tillits til þess hvort fólkið getur endurgreitt þessi lán eða hvernig. Auðvitað hlýtur það að vera báðum aðilum sameiginlegt hagsmunamál að þessi viðskipti gangi þannig fyrir sig að hvorugur aðilinn skaðist af þeim en báðir haldi sínu.

Þessi stuttu lán til fólks sem stendur í fjárfestingum, eins og hefur verið stundað hér, hafa bæði stuðlað að og stafað af — það er erfitt að gera grein fyrir því hvort er eggið og hvort er hænan í þessum leik — að veltuhraði þeirra peninga sem verið er að lána til einstaklinga er gífurlega mikill. Það virðist eins og það sé bönkunum ákveðið kappsmál eða hagsmunamál að halda þessum veltuhraða uppi og auka hann ef nokkuð er. Við vitum af hverju þetta stafar. Þetta stafar að nokkru leyti af því að það fé sem bankarnir hafa til umráða til að lána einstaklingum er takmarkað vegna þess að mjög stór hluti innistæðna í bönkunum er bundinn í annars konar lánum. Til þess, eins og bankarnir orða það, að geta sinnt sem flestum auka þeir veltuhraða þeirra takmörkuðu peningaupphæða eða „fjármuna", eins og kallað er, til að geta dreift „fyrirgreiðslu sinni", eins og bankarnir kalla það, til fleiri. — Í framhjáhlaupi verð ég að viðurkenna að mér finnst betur fara á að tala um peninga en fjármuni því að hér erum við að tala um peninga. Auk þess er afskaplega leiðinlegt orð sem notað er í viðskiptum banka við einstaklinga og fyrirtæki, en það er „fyrirgreiðsla". Auðvitað er ekki um fyrirgreiðslu að ræða þegar einstaklingur fær lán í banka. Það er einfaldlega um viðskipti að ræða, leigu á peningum.

Þess vegna, virðulegi forseti, álít ég að hér hvíli ábyrgðin ekki bara á herðum þeirra einstaklinga sem leita eftir lánum til bankanna og bjóða fram persónulegar ábyrgðir eða veð. Ábyrgðin hvílir auðvitað líka á bönkunum. Þá á ég ekki bara við þeirra ábyrgð að því leyti að ávaxta það fé sem þeim hefur verið falið af sparifjáreigendum heldur líka þá ábyrgð að þau viðskipti sem þeir stofna til við lántakendur sína séu með það eðlilegum hætti að, eins og ég sagði í upphafi máls míns, hvorugur skaðist af en báðir haldi sínu.

Hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. létu að því liggja í máli sínu fyrir áramót að þeir mundu mælast til þess við bankana að þeir tækju upp þau vinnubrögð sem er lýst í þessu frv. Ég verð að viðurkenna að ég taldi kannske þar af leiðandi minni ástæðu til að flytja þetta frv. úr því þessir háu herrar voru búnir að taka upp á sína arma það markmið sem þessu frv. er ætlað að fullnægja. En nú er reynslan sú að annaðhvort hafa bankarnir ekki hlustað mjög grannt á hæstv. forsrh. eða fjmrh. eða þá að þessir hæstv. ráðh. hafa ekki komið þessum tilmælum sínum til bankanna. Mig grunar, ég hef reyndar fyrir því orð bankamanna, að þessi tilmæli hafi alls ekki komið frá fjmrh. eða forsrh. til bankanna. Til þess að létta þessum háu herrum róðurinn væri auðvitað einfaldast að samþykkja stuttleg lög eins og þau sem hér er verið að leggja til.

Nú geta menn sagt sem svo: Til hvers að vera að lögbinda atriði sem þessi sem raunverulega ættu að tilheyra því sem menn kalla frjálsa samninga og sjálfsagða hluti? Vandræðin eru þau að menn líta greinilega ekki á þetta sem sjálfsagða hluti. Vandræðin eru þau að fjöldi fólks á eignir sínar undir hamrinum, þ.e. á alls ekki lengur sínar eignir í raun og veru, vegna þess ástands sem skapast hefur af þeim orsökum að menn líta ekki á samningsgerð á borð við þessa sem sjálfsagðan hlut. Vegna þess að það eru mannréttindi að menn eigi þak yfir höfuðið verður stundum að grípa inn í viðskipti um jafnsjálfsagða hluti og þessa með lagagreinum sem fyrst og fremst er ætlað að tryggja einstaklingum þann rétt að koma þaki yfir höfuð sér ásamt því að geta framfleytt sér og sínum á u.þ.b. hálfri ævinni. Lengra er nú ekki gengið í þeim kröfum sem fram koma í þessu frv.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég mun ekki gera að umræðuefni húsnæðismálin almennt í minni örstuttu tölu um þetta frv. Það sem fyrst vekur athygli mína varðandi þetta frv. er hversu magurt það er, hversu ógreinilegt það er í framsetningu. Ég get að sjálfsögðu tekið undir efni þessarar sem ég vil kalla viljayfirlýsingar. Frv. er raunar ekkert annað en viljayfirlýsing. Ég held fyrir mitt leyti að það sé afskaplega örðugt að framkvæma það sem fram er sett í frv. á grundvelli frv. 1. gr. frv. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja réttláta greiðslubyrði af öllum lánum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota."

1. gr. lokið. Síðan skyldi maður ætla að það kæmi sæmileg skilgreining á því með hvaða hætti ætti að ná umræddu markmiði:

„2. gr. Greiðslur af lánum sem lánastofnanir veita eða hafa veitt einstaklingum vegna öflunar eigin íbúðarhúsnæðis skulu miðast við að heildargreiðslubyrði hjá lántakanda verði ekki meiri en svo að hann geti framfleytt sér og sínum samtímis því að endurgreiða lánin á 40 árum."

Að framleyta sér og sínum. Þá spyr ég: Við hvað er átt? Er þar átt við einstaklinginn sjálfan sem kaupir íbúðina, hans nánustu og jafnframt þá sem næst koma að fjölskylduböndum? Nú er ég ekki að hártoga. Nú er ég með það í huga að þegar þarf að framkvæma lög verða menn að lesa það út úr þeim sem framkvæma skal og hvernig á að vinna verkið.

Í frv., hvað sem líður útskýringum hv. flm., er ekki skilgreint um hvaða lánastofnanir er að ræða, hvort það eru allir viðskiptabankarnir, sparisjóðirnir, Húsnæðisstofnun, lífeyrissjóðirnir o.s.frv. Það er ekkert skilgreint hvort hér er um að ræða allar þær stofnanir sem lána með einum eða öðrum hætti til húsbyggjenda í landinu.

Vegna frv. mætti einnig vekja athygli á að hv. flm. getur hvergi, hvorki í lagagreinunum né í grg. né heldur í framsögu sinni, um einhver stærðarmörk í þessu efni. Og ég spyr: Ætlast flm. til að skuldir verði eftir gefnar ef það skyldi verða niðurstaðan að kaupandi húsnæðis geti ekki framfleytt sér og sínum, hvað sem það nú táknar, samtímis því að greiða lánin niður á 40 árum? Það má vel vera að í fjölmörgum tilvikum standi húsbyggjandi frammi fyrir því eftir atvikum hvaða framfærslustig er lagt til grundvallar. Það hef ég einfaldlega ekki hugmynd um og það hefur ekki komið fram í máli hv. flm.

Ég sagði í upphafi míns máls að ég gæti fellt mig við þetta sem viljayfirlýsingu, en lagafrv. er þetta ekki. Að mínum dómi er það allsendis óframkvæmanlegt eins og það er sett hérna fram.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa um þetta langt mál. Flm. hefur nú fengið æðimargar spurningar frá hv. 5. þm. Vesturl. um það hversu hann hyggist framkvæma það frv. sem hér liggur fyrir. Vissulega er gott að fræðast og fá upplýsingar um það og það fáum við örugglega á eftir hjá hv. flm.

Mér er miklu meiri forvitni á að vita um hvað þeir sem mestu ráða um þessi mál, flokksbræður hv. 5. þm. Vesturl., eru að hugsa í þessum málum og hvernig þeir ætla sér að framkvæma það sem þeir gáfu sem fegurst loforð um fyrir síðustu kosningar og skulu ekki rifjuð upp hér, en eitthvað minnir mig 80% lán til allra vera þar efst á baugi, 80% lán til langs tíma með góðum kjörum. Eitthvað hljómaði þetta kunnuglega á framboðsfundunum. (**DA:** Það var ekki í lögum.) Það var ekki í lögum, nei, enda hafa sumir þessir menn ekki einu sinni framfylgt lögum þó þau væru til í þessu landi yfir ýmislegt, hvað þá loforðum. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Vesturl. að það er svo sem ekki við því að búast.

Ég skal ekki fara í neina efnislega umræðu um húsnæðismálin almennt þó á því væri vissulega full þörf. Við vitum það og erum sjálfsagt öll sammála um það, sem hér erum inni, að hér er hreyft því máli, hvort sem við deilum um form þess eða hvernig það skuli framkvæmast, sem heitast brennur á flestum.

Ég skal játa að ýmislegt hefur verið gert af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins undir forustu hæstv. félmrh. til að létta greiðslubyrði af lánum Húsnæðisstofnunar og hlaupa undir bagga, síðast með hinum svokölluðu greiðsluerfiðleikalánum eða hvað þau heita nú, einhverju óþjálu nafni sem ég man ekki nákvæmlega hvað er. Vissulega er þetta allt til hjálpar og aðstoðar, en í mörgum tilfellum dugir það engan veginn til, eins og hv. flm. kom inn á, og ýmis átök í þessu efni hafa verið fálmkennd og ekki verið fylgt nógu vel eftir heldur þannig að menn hafa eftir þessa aðstoð að miklu leyti setið eftir í sömu vonlausu skuldasúpunni að undanteknum kannske 100 eða 150 þús. kr. sem hefur verð skuldbreytt til lengri tíma. Það segir lítið miðað við hvernig lánamálum þessa fólks er komið í dag.

Það er svo rétt að taka fram þegar við ræðum húsnæðismál almennt, þó það verði ekki gert hér nú að neinu marki, að vissulega hafa menn reist sér þar hurðarás um öxl í mörgum tilfellum. Við Íslendingar byggjum býsna stórt. Þó ég sé ekki að segja að menn eigi ekki að vera djarfir og stórhuga hefur mér þótt sem sú kynslóð sem nú er að byggja og hefur verið að byggja á undanförnum árum og jafnvel áratugum hafi byggt býsna vel yfir sig hvað stærð og rými snertir. Þetta segi ég vegna þess að mér þykir stökkið svo gífurlegt frá þeim ótrúlega þröngu húsakynnum sem menn bjuggu við áður, og mátti kannske miðla mun, eða það að fara út í þau félagsheimili, sem ég kalla svo, sem margir byggja í dag.

En kannske er það ekki það fólk, sem félagsheimilin byggir, sem við erum að tala um nú. Ég hygg að flest af því fólki sem byggir stærst og veglegast hafi nokkurn veginn allt sitt á hreinu og sigli sléttan sjó.

En hv. flm. kom alveg sérstaklega inn á lánastofnanirnar, bankana þá alveg sér í lagi. Ég veit að það hafa komið fram yfirlýsingar frá stjórnvöldum um að þess yrði leitað við bankana að lán þar yrðu lengd. Ég fullyrði hins vegar hér að því hefur ekki verið fylgt eftir, alls ekki á þann máta sem nauðsynlegt var, og tregða í bankakerfinu hefur óneitanlega verið allt of mikil til þess annars vegar að veita mönnum fullnægjandi aðstoð, aðstoð sem dygði. Niðurskurðarstefnan þar hefur verið svo gífurlega mikið allsráðandi að ef maður hefur beðið um t.d. 200 þús. og þurft 200 þús. og getað bjargast með það með skikkanlegum samningum hefur hann fengið 100 þús. sem hefur þá engan veginn nægt og maðurinn hefur kannske staðið verr eftir en áður. Þetta þekkjum við mýmörg dæmi um og svo hins vegar það að lánin séu til allt of skamms tíma.

Vitanlega er það rétt hjá hv. flm. að engin lánastofnun er bættari með því að gera fólk vísvitandi, ég segi vísvitandi, með þessum hætti að vanskilafólki þar sem það lendir í meiri og minni erfiðleikum með þá örðugu greiðslubyrði og þær hröðu greiðslur sem af þessum lánum eru. Ég geri mér hins vegar vonir um það nú að í framhaldi af þeim samningum sem nú standa yfir á vinnumarkaðnum og ríkisstj. er að vissu leyti aðili að, en er auðvitað fyrst og fremst milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna og launþegasamtakanna, kunni að koma verulegar úrbætur. Ég fagna því að í þeim samningum er nú lögð mikil áhersla á verulegt átak í húsnæðismálum sem er vitanlega komin til af mikilli þörf og mikilli neyð fjölmargra þeirra sem í þessum launþegasamtökum eru. Þar af leiðandi er það eðlilegt og sjálfsagt og ekki þakkarvert að launþegasamtökin skuli reisa þetta merki jafnrækilega og þau gera núna og bera vonandi gæfu til að gera meira en reisa það, fylgja því eftir þannig að úrbætur verði að veruleika.

Það má vissulega vænta margra góðra hluta úr þeim viðræðum sem nú fara fram og ég geri mér vonir um að menn nái þar landi á þann hátt að launafólk megi í einhverju rétta verulega sinn hlut. En mín lokaorð skulu þau að mikilvægast af þessu öllu er kannske það ef varanleg lausn, m.a. í gegnum lífeyrissjóðakerfið okkar, mætti finnast út úr samningum nú með aðstoð ríkisvaldsins á húsnæðismálum þess fólks sem í mestum vanda er í dag.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem þetta frv. hefur fengið. Það fer stundum þannig fyrir mönnum þegar lögð eru fram frumvörp sem ekki eru reglugerðir heldur nálgast kannske að verða eitthvað líkt því sem lög eiga að vera, að verða hálfklumsa eða það virtist mér á hv. 5. þm. Vesturl. Allt í einu hætta menn að skilja einföldustu orð og orðasambönd og sjá hættur á hverju horni.

Ég held að ekki þurfi að útskýra fyrir neinum sem hér er inni hvað er lánastofnun. Það er stofnun sem lánar fólki peninga og það að hún lánar fólki peninga stafar yfirleitt af því að henni hefur verið falið að ávaxta sömu peninga í umboði einhverra annarra. Eina stofnunin sem gróflega sker sig úr í því tilviki er náttúrlega Húsnæðisstofnun þar sem þessi sama ávöxtunarkrafa liggur ekki fyrir. Hvað það er að afla eigin húsnæðis held ég að sé nokkuð auðskilið. Þar með ætti að vera öllum nokkuð ljóst að við erum að tala um lán sem lánastofnanir hafa veitt einstaklingum sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið.

Þá komum við að síðari hluta setningarinnar í 2. gr. frv. þar sem segir: „Þessi lán [þ.e. greiðslur af þeim] skulu miðast við að heildargreiðslubyrði lántakanda verði ekki meiri en svo að hann geti framfleytt sér og

sínum samtímis því að endurgreiða lánin á 40 árum."

Við skulum byrja á versta möguleika sem gæti gerst. Það er að það sitji maður fyrir framan þann sem lánveitingunum stýrir. Þessi maður hefur í raun og veru engar tekjur. Þá er ekki hægt að ætlast til þess að stofnun, sem á að ávaxta annarra manna fé, geti lánað þessum manni. Þar af leiðandi fær þessi maður ekkert lán og þar af leiðandi ber hann heldur enga greiðslubyrði.

Allt frá því að skoða það dæmi verður lánastofnunin, og ég tel að það sé hennar ábyrgðarhlutur, að skoða hvaða tekjur þessi viðkomandi einstaklingur hefur eða fjölskylda hans, þ.e. hann og hans, og hvaða lán hann er þegar með, þ.e. hver er sú greiðslubyrði sem hann þegar þarf að standa undir, og síðan að meta hvaða lán hún geti veitt honum og hvaða greiðslubyrði hún geti boðið honum sem skerði ekki til muna möguleika hans á að framfleyta sér af þeim tekjum sem um ræðir. Einstaklingar sem ekki hafa nægar tekjur til að framfleyta sér og sínum verða náttúrlega að leita...(Gripið fram í.) Auðvitað metur lánastofnunin það. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli. Hvers vegna ekki? Það hlýtur að vera samkomulagsatriði lánastofnunarinnar og mannsins sem er að skipta við hana að þau skilji þannig að skiptum að hann hafi nóg eftir til að lifa af en hún hafi samt sem áður getað lánað honum á þeim kjörum sem hann getur staðið við.

Við erum að tala um sjálfsagða hluti og eðlilega. Aftur á móti vitum við að lánastofnanir hér á landi stunda það ekki almennt að skoða greiðslubyrði manna í heild, þ.e. athuga hvaða lán menn eru með í öðrum lánastofnunum, hvaða greiðslubyrði menn eru með í öðrum lánastofnunum og hverju menn geta yfir höfuð áorkað. Auðvitað verður þetta að fara saman. Maður getur staðið með 4–5 lán sem hann þarf að borga af kannske ca. 10 þús. kr. á mánuði. Til þess að bjarga málunum býðst honum eitt lán til þriggja ára upp á 300 þús. Hann þarf að borga með afborgunum og vöxtum og verðbótum langt yfir 100 þús. á ári til viðbótar því sem hann hefur fyrir. Fólk sem hefur eitthvað á milli 20 og 30 þús. kr. í tekjur stendur ekki auðveldlega undir slíku.

Auðvitað leggja viðskiptahættir sem þessir mjög aukna áherslu á að sú fyrirgreiðsla sem fólki býðst hjá því opinbera sé með þeim hætti að fólk þurfi ekki að leita til lánastofnana nema í litlum mæli. Við erum fyrst og fremst að leggja áherslu á að það að koma yfir sig þaki er 40 ára verkefni. Það er æviverkefni. Hér á Íslandi hefur það verið svo á undanförnum árum þegar verst lét, og ég segi verst lét vegna þess að þá var verðbólgan mikil, að menn borguðu húsnæði sitt upp, eins og kallað er, á 5–8 árum. Þetta er fyrirbæri sem þekkist hvergi annars staðar í veröldinni. Þetta var hægt með því að brenna upp sparifé. Nú er þetta ekki hægt þar sem búið er að girða fyrir að hægt sé að brenna sparifé með þeim hætti sem áður var og þess vegna verða menn að leita annarra leiða til að sinna því sjálfsagða mannréttindaverkefni sem það er að koma húsnæði yfir sig og sína.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég átti þess ekki kost að vera við upphaf þessara umræðna, en ég vil ekki að 1. umr. um málið ljúki svo að ég geti ekki komið því sjónarmiði mínu hér á framfæri að ég tel að í rauninni séum við að ræða þáltill. en ekki frv. Þetta er ekki lagafrv. eins og þetta er samið. Um það er engum blöðum að fletta. Ég held að vinnubrögð við gerð lagafrv. þurfi að vera miklu vandaðri og allt önnur en hér kemur fram.

Í 1. gr. er tilgangur laganna, síðan er almenn stefnuyfirlýsing í 2. gr. og í 3. gr. segir auðvitað: „Lög þessi öðlast þegar gildi." Þessu fylgir svo grg. upp á sjö eða átta línur. Þetta eru vinnubrögð sem ekki eru sæmandi hér á hinu háa Alþingi og þetta frv., þó að það sé frv. að formi til, er að efni til ekkert annað en þáltill. og ætti sem slíkt að ræðast í Sþ.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Mér finnst leiðinlegt að þurfa að tvítaka það sem þegar er búið að koma fram í umræðunum, en út af athugasemd hv. 5. landsk. þm., sem þóttist hafa fundið hér þáltill. í stað lagafrv., vil ég eingöngu benda á það sem ég sagði þegar í upphafi. Við erum ekki að setja reglugerð. Við erum að fjalla um mjög einföld lög um mjög sjálfsögð mannréttindi, mjög sjálfsögð mannréttindi, hv. 5. landsk. þm., sem ekki eru virt í þessu landi. Bankastofnanir komast upp með að hundsa þarfir fólks í viðskiptum sínum við það. Þessum lögum er eingöngu ætlað að gera bönkunum skylt að horfa á aðstæður viðskiptavina sinna og taka tillit til heildarstöðu þeirra í fjárfestingum þeirra og með þeim fyrirvörum sem fram koma í 2. gr.

Ég býst við að það sé óþarfi að tilgreina að þetta frv. er ekki sprottið beint undan mínum penna. Að þessu frv. stóð fjöldi manns. En vegna þess að hér er um að ræða, eins og ég sagði, mjög einföld og sjálfsögð mannréttindi þótti engum sem að þessu stóð ástæða til að fara að mæla og meta það, sem menn eiga að geta samið um, þ.e. að gera úr þessu reglugerð, og þess vegna endaði það í þessu tiltölulega mjög einfalda formi.

Ég ætla að minna menn á að við höfum fjölda laga, mjög vel unnin eins og það er kallað hér í þingsölum. Þessi lög eru þannig orðin að það er nánast orðin regla að menn verða að brjóta þau til að geta framkvæmt það sem þessum lögum var upphaflega ætlað. Ég er t.d. að höfða til þeirra greina í lögum um Húsnæðisstofnun sem fjalla um endurkaup á íbúðum verkamannabústaða þar sem í gildi eru orðnir svo margvíslegir skilmálar á kjörum við upphafleg kaup og á kjörum við endurgreiðslu á mismunandi byggingarflokkum á mismunandi tímum að þeir menn sem eiga að framkvæma mat á þessum eignum og endurgjaldi til þeirra sem eru að láta af hendi eignir innan verkamannabústaðakerfisins eða innan kerfis félagsbyggingar verkamanna, þeir aðilar sem bera ábyrgð á því verða yfirleitt á endanum að þverbrjóta lögin til að geta veitt því fólki úrlausn sem um er að ræða hverju sinni. Þessi lög eru m.a. búin að flækja svo aðstöðu fólks innan þessa kerfis að misréttið, sem allir þekkja, innan verkamannabústaðakerfisins verður líklega aldrei leiðrétt nema til komi einhver maður eða einhverjir einstaklingar sem höggva á þann hnút með ákvörðun sem reyndar verður þá sjálfsagt endanlega skoðuð sem brot á gildandi lögum. En vegna þess hverjum vandræðum þessi lög hafa valdið gegnum tíðina verður að leysa þetta þannig. Það er ekki dyggð að semja né samþykkja flókin lög.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 464). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 464.

Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn 19 manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati dómsmrn. uppfylla þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum.

Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnbreytingar og gilt hafa síðustu árin. Við afgreiðslu laga um veitingu ríkisborgararéttar á s.l. vori var samþykkt ákvæði þess efnis að þeir, sem fengið höfðu ríkisborgararétt með lögum áður en Alþingi hvarf frá þeirri skilyrðislausu kröfu að taka upp íslenskt nafn, gætu fengið nafni sínu breytt þannig að það samræmdist þeim reglum sem settar voru um þá sem ríkisborgararétt fengu með lögunum á s.l. ári. Heimild þessi gilti til loka síðasta árs. Allmargir kusu að nota heimildina eða um 85–90 manns. Ekki er þó lokið afgreiðslu allra umsókna sem bárust.

Við afgreiðslu umsókna samkvæmt þessari heimild kom fram nokkur óánægja hjá þeim sem þannig er ástatt fyrir að sum systkina eru fædd fyrir töku ríkisfangs föður en önnur síðar. Verða þau síðarnefndu að kenna sig til íslenska nafnsins, sem tekið var upp við ríkisfangstökuna, þegar eldri systkin mega nota ættarnafn föðurins. Þykir þessum einstaklingum óeðlileg þessi mismunun milli systkina. Mun ég láta nefnd þeirri sem málið fær til meðferðar í té erindi þessara einstaklinga til athugunar.

Enn fremur mun nefndin að venju fá margar umsóknir sem ráðuneytinu hafa borist en ekki uppfylla öll þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir veitingu ríkisborgararéttar.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frv. 166. mál (þskj. 186). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 186 flyt ég frv. til l. um breytingu á lögum nr. 86 frá árinu 1985, um viðskiptabanka. Þetta frv., sem ég flyt hér, var flutt sem brtt. við frv. um viðskiptabanka þegar það var til umfjöllunar og afgreiðslu á vori sem leið. Það hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„1. gr. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður er orðist svo:

Alþingi kýs fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagsbanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutafé hvers banka miðað við eignir hans og viðskiptastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutafélagsbanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. jan. 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, eftir því sem við á.

Nefndin skal bjóða hlutabréf bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5% hlutafjár. Umboð nefndarinnar til sölu hlutabréfa fellur niður 31. des. 1987. Óseld hlutabréf skulu þá falin í vörslu viðkomandi banka og skulu bankaráð annast sölu þeirra.

Viðskrh. fer með atkvæði óseldra hlutabréfa á aðalfundi.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Grg. með þessu frv. er stutt, virðulegi forseti, þar sem ég talaði fyrir þessu máli í vor sem leið eins og áður sagði, en þar kemur fram sú skoðun mín, sem flestum ætti að vera kunnug í þessari deild, að það rekstrarfyrirkomulag bankastarfsemi sem sparifjáreigendum hefur staðið til boða s.l. 50 ár hefur sýnt og sannað að ekki er siðferðilega verjandi að standa lengur að því af löggjafans hálfu að sparifé landsmanna eða skattfé sé misnotað með þeim hætti sem ríkisvaldið hefur gert og gerir enn í gegnum ríkisbankana.

Við komum aðeins inn á þetta áðan og hv. 2. þm. Austurl. lýsti stuttlega t.d. þeim viðskiptavenjum sem eru því miður allt of algengar í viðskiptum ríkisbankanna og viðskiptabanka almennt við viðskiptavini sína, þ.e. yfirleitt allt of lítil viðskipti, miklu minni en þau sem menn æskja og þá ekki stunduð í ljósi þess að viðskiptin eigi að gera báðum aðilum jafnmikið gagn heldur að viðskiptin séu nokkurs konar „fyrirgreiðsla", eins og það er kallað, eða ölmusa af hálfu lánastofnunar til þess sem lánið fær og hann megi þykjast góður með það sem hann fær.

Bankastofnanir eru ekki og eiga ekki að vera fyrirgreiðslustofnanir heldur viðskiptastofnanir og það á að vera þeirra markmið að leita viðskiptavina, ekki bara sparifjáreigenda heldur líka lántakenda. Ég tel að hluti af þeim óeðlilegu viðskipta háttum sem hér hafa skapast stafi af því að bankar hafa verið að stærstum hluta ríkiseign og því hugarfari sem þá hefur búið að baki rekstri þeirra svipað því og almennt gerist um þá þætti eða þá starfsemi sem ríkið annast, að menn líta ekki á þetta sem einfalda og sjálfsagða þjónustu við viðskiptavini sína heldur pólitíska fyrirgreiðslu, og að þessu verði ekki breytt nema með því að bankarnir verði látnir í hendur almenningshlutafélögum.

Ég hef áður, virðulegi forseti, bent á þær einföldu staðreyndir að þetta fyrirkomulag í bankarekstri er með öllu óþekkt annars staðar á Vesturlöndum, þ.e. að ríkið eigi alla helstu og stærstu bankana. Það eitt ætti kannske að verða mönnum að umhugsunarefni. Það sem við höfum horft upp á núna á síðustu mánuðum og síðasta ári í starfsemi bankanna, og þá á ég við t.d. Útvegsbankann, ætti líka að færa mönnum heim sanninn um að það er ekki hollt að ríkisvaldið, hið pólitíska vald, beri ábyrgð á rekstri þessara stofnana. Í því felast bæði óeðlileg völd og óeðlileg ábyrgð sem hið pólitíska vald getur skotið sér undan með því að dreifa henni á herðar sinna umbjóðenda að geðþótta þegar með þarf.

Þess vegna, virðulegur forseti, hef ég lagt þetta frv. til breytinga á lögum nr. 86 frá 1985 fram enn einu sinni. Ég lagði það fram sem brtt. við viðskiptabankafrv. þegar það var hér til umfjöllunar. Það hlaut ekki

samþykki þá. En ég legg það fram enn einu sinni til að kanna hvort viðhorf manna í þessum efnum hefur ekki hugsanlega, ekki hvað síst í ljósi reynslu síðustu mánaða, eitthvað breyst.

Auk þess legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Framkvæmd eignarnáms, frv. 240. mál (þskj. 468). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir á þskj. 468 um breytingu á lögum nr. 11 frá 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms, er engan veginn nýtt af nálinni. Það hefur verið flutt oft áður, alloft áður a.m.k., í þessari hv. deild, en eigi hefur það enn náð fram að ganga. Enda þótt undirtektir við efni þess hafi verið jákvæðar í hvívetna og enda þótt frv. hafi verið sent að ég hygg öllum oddvitum sveitarstjórna á landinu og hafi þar sömuleiðis fengið hinar jákvæðustu umsagnir hafa menn ekki treyststst til að samþykkja þetta hér á hinu háa Alþingi enn sem komið er a.m.k.

Þessu frv. er ætlað að breyta þeim reglum sem gilda við ákvörðun eignarnámsbóta í þá átt að afnema óréttlæti sem flm. telja að nú viðgangist og hafi viðgengist lengi, stuðla að eðlilegri þróun byggðar og gera það að meginreglu laga að ekki skuli taka tillit til verðbreytinga er rekja megi til tilgangs eignarnámstökunnar. Að þessu leytinu er í þessu frv. mörkuð ný stefna frá því sem verið hefur þar sem það miðar að því að tryggja einstaklingum sanngjarnt verð fyrir eignir og tryggja jafnframt mjög ríka hagsmuni samfélagsins.

Við þm. Alþfl. höfum á allmörgum undanförnum þingum flutt frv. til laga um breytingar í þessar áttir, en svo sem ég áðan sagði hefur lagabreyting ekki náð fram að ganga þrátt fyrir jákvæðar undirtektir. Við höfum flutt þetta mál í nokkrum myndum. Í þessari mynd eins og frv. liggur hér fyrir er einkum stuðst við ákvæði norskra laga um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta, en þau ákvæði hafa þótt gefast allvel í Noregi.

Það er megintilgangur frv. að tryggja framgang þeirrar stefnu að eignarnámsbætur skuli miða við þá notkun sem eign er í þegar eignarnemi tekur málið til umfjöllunar og tilkynning þar að lútandi er send eignarnámsþola og ekki séu metnar verðbreytingar sem rekja megi til tilgangs eignarnámstökunnar. Það er alkunna, og það er auðvitað nokkur kjarni þessa máls, hverjir eru þeir erfiðleikar sem þéttbýlissveitarfélög hafa átt við að etja þegar hefur þurft að taka land eignarnámi, land sem liggur að þessum sveitarfélögum, vegna eðlilegs vaxtar og þróunar viðkomandi sveitarfélags.

Í grg. með frv. um þetta efni sem var flutt fyrir fáeinum árum var birt erindi eftir Jón G. Tómasson hæstaréttarlögmann þar sem hann fjallaði um ákvörðun eignarnámsbóta. Í erindi sínu sagði hann m.a.:

„Samkvæmt þeim reglum sem taldar hafa verið í gildi hefur eignarnámsþoli vissulega átt möguleika á mikilli hagnaðarvon vegna verðhækkana sem stafa af fjárfestingu eða framkvæmdum hins opinbera. Þetta hefur skapað ójöfnuð og vandamál í þjóðfélagi nútímans sem nauðsynlegt er að leysa. Samhliða því að ríkið og sveitarfélög leggja mikið fjármagn í opinberar framkvæmdir hafa einstakir landeigendur gert háar kröfur um bætur fyrir verðmætisaukningu sem rekja má til þessara sömu framkvæmda. Skattgreiðandinn þarf því ekki aðeins að borga fyrir framkvæmdirnar heldur er einnig gerð krafa um að hann greiði fyrir þá verðhækkun á eigninni sem framkvæmdirnar af sjálfu sér leiða af sér."

Þessi sjónarmið hafa vissulega reynst sveitarfélögum erfið. Þau hafa haft takmarkaða tekjumöguleika og vaxandi skyldum að gegna, m.a. við uppbyggingu á nýjum byggingarsvæðum og uppbyggingu á alhliða þjónustukerfi fyrir íbúana þar. Vandamál sem leitt hefur af háu landverði, hvort heldur það byggist á eignarnámsmati eða á samningsverði sem oftast hlýtur að taka mið af áætluðum eignarnámsbótum, hafa leitt til seinkunar á framkvæmdum eða til þess að hagstæðari kosturinn er ekki alltaf valinn. Spurningin sem leita þarf svars við er sú hvort hið opinbera skuli við eignarnám greiða bætur fyrir verðmæti sem það sjálft hefur skapað og leiðir af athöfnum þess, m.ö.o. hvort sækja eigi í vasa skattborgaranna greiðslu fyrir verðmæti sem þeir hafa þegar greitt fyrir og raunar sjálfir skapað.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ástæðulaust í rauninni að hafa um þetta miklu fleiri orð, en að mati flm. er nauðsynlegt að í þessum lögum séu ákvæði til bráðabirgða er taki til þess þegar eignarnámsbætur skv. þessum lögum reynast lægri en fasteignamat á landinu, þ.e. lægra en það hefur verið næstliðin tíu ár á undan, en fasteignagjöld hafa þá verið greidd skv. fasteignamati. Í því tilviki er gert ráð fyrir að bæta sérstaklega þann mismun sem eignarnámsþoli hefur greitt í fasteignagjöldum á þessu tímabili umfram það sem verið hefði ef fasteignamat hefði verið jafnhátt bótaupphæðinni. Gert er ráð fyrir að þetta bráðabirgðaákvæði gildi í 15 ár frá gildistöku laganna.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 47. fundur.

Mánudaginn 10. febr., að loknum fundi í Sþ.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 393). — Frh. 1. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu á sér allsérkennilega sögu og aðdraganda. Árið 1981 var skipuð bankamálanefnd undir forustu hæstv. núv. sjútvrh. Síðan var skipt um formann í nefndinni við

stjórnarskipti og hæstv. núv. fjmrh. varð formaður í nefndinni og nefndin skilaði áliti á árinu 1984. Hún skilaði frv. að nýjum seðlabankalögum til hæstv. fyrrv. viðskrh. sem hann hafði í huga að leggja fyrir hv. Alþingi, en þó að frv. væri samið undir handleiðslu formanns Sjálfstfl. og viðskrh. hefði áhuga á að koma frv. fyrir Alþingi sá það aldrei dagsins ljós hér vegna þess að Jóhannes Nordal seðlabankastjóri gat ekki fellt sig við ákvæði frv. eins og það lá fyrir í tillögum nefndarinnar. Hann bannaði ráðherranum að flytja frv. í upphaflegri mynd. Hann hlýddi því. Síðan breytti Seðlabankinn frv. mjög verulega frá tillögum bankamálanefndar og það er það afkvæmi sem liggur hér fyrir, nú flutt af hæstv. ráðherra Matthíasi Bjarnasyni.

Frv. eins og það liggur hér fyrir er gjörbreytt. Í grg. frv. er með hefðbundnum hætti fjallað um einstakar greinar þess, en það ber að gagnrýna sérstaklega hvernig málið er fram lagt af hæstv. viðskrh.

Í grg. eru birt tvö fylgiskjöl, sérálit Lúðvíks Jósepssonar og hv. þm. Kjartans Jóhannssonar um tillögur bankamálanefndar að frv. til l. um Seðlabanka Íslands. Þessi sérálit eiga við frv. eins og bankamálanefndin gekk frá því. Ríkisstj. sá þrátt fyrir þetta ekki ástæðu til þess að birta sem fskj. frv. bankamálanefndarinnar í heild af einhverjum ástæðum. Ég vil gagnrýna þessi vinnubrögð viðskrn. sérstaklega, að koma ekki á framfæri tillögum bankamálanefndarinnar eins og þær litu út, vegna þess að það að birta sérálitin eins og þau koma fyrir gefur auðvitað engan veginn rétta mynd af stöðu mála. Ég ætla að nefna um það þrjú dæmi úr séráliti Lúðvíks Jósepssonar.

Hér segir í fyrsta lagi: „Ég tel ýmsar breytingar, sem í frv. felast, vera til bóta frá gildandi lögum. Þar tilnefni ég sérstaklega þau ákvæði sem miða að því að þrengja verksvið bankans og binda það sem mest við eðlileg seðlabankastörf.“ Þannig leit frv. út þegar það fór frá bankamálanefndinni. Það átti að binda starfssvið Seðlabankans við eðlileg miðbankastörf. Þegar frv. liggur fyrir Alþingi hefur þessu verið breytt.

Í 2. málsgr. 6. gr. segir: „Þegar sérstaklega stendur á má ákveða í reglugerð að Seðlabankinn taki við innlánum frá öðrum peningastofnunum en greinir í 1. málsgr.“ Það sem er í 1. málsgr. og bankamálanefndin lagði til er tekið aftur í 2. málsgr. sem ríkisstj. nú gerir að sinni tillögu, vafalaust samkvæmt kröfum frá Seðlabankanum.

Í annan stað stendur í séráliti Lúðvíks Jósepssonar: „Þá er ég samþykkur því ákvæði frv. að tengja saman svonefnt bindiskyldufjármagn og endurkaup bankans á rekstrar- og afurðalánum.“ Frv., eins og það liggur hér fyrir, tengir þetta engan veginn saman. Það hefur verið tekið upp annað afurðalánakerfi og samtengingin á milli afurðalána og bindingar fjármagns í Seðlabankanum er gjörsamlega horfin. Samt sem áður er sérálit Lúðvíks Jósepssonar birt, eins og ekkert hafi breyst og hérna séu menn að fjalla um upphaflegar tillögur bankamálanefndarinnar.

Síðan segir í nefndaráliti Lúðvíks Jósepssonar: „Þá tel ég mjög til bóta að herða á reglum um það að bankastjórar Seðlabankans sinni ekki störfum utan bankans.“ Einnig þessu ákvæði hefur verið breytt frá því að bankamálanefndin samdi sitt frv. og sendi það frá sér í upphafi.

Ég tel að framlagning af þessu tagi sé í raun og veru með öllu óeðlileg. Ég tel ástæðu til að gagnrýna hana mjög harðlega og ég geri þá kröfu til ríkisstj. að hún leggi fram sem sjálfstætt fskj. með þskj. 393 álit bankamálanefndarinnar, eins og það var í upphafi. Það er í raun og veru ekkert annað sæmilegt í þessu efni vegna þess að með því að menn lesi sérálit þeirra Kjartans Jóhannssonar og Lúðvíks Jósepssonar er verið að gefa í skyn að í frv. standi annað en þar er, eins og það er nú lagt fyrir Alþingi.

Þá vil ég einnig benda á að bankamálanefndin mun hafa safnað ítarlegum gögnum um bankamál. Hún mun hafa farið yfir og fengið upplýsingar um bankamál í grannlöndum okkar, kostnað við að reka banka í grannlöndum okkar, mannfjölda hér í bankastörfum miðað við nágrannalöndin o.s.frv. Fjöldamargar slíkar tölur munu liggja fyrir einhvers staðar í gögnum bankamálanefndar. En bankamálanefnd hefur aldrei skilað frá sér greinargerð, skýrslu um stöðu bankakerfisins á Íslandi, eins og er auðvitað eðlilegt að krefjast af henni. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Mun hann sjá til þess að bankamálanefndin skili af sér, skili skýrslu til ráðherra og síðan Alþingis um þessi mál?

Ég tel að sú greinargerð sem birtist á vegum bankamálanefndarinnar 1973 sé ein besta heimildin sem til er um starfsemi bankanna hér á landi frá síðari áratugum. Það hefði verið mikill fengur að því að fá hliðstæða skýrslu fyrir þessi ár. 1983, 1984, 1985 og 1986, þegar jafnmiklar breytingar eru að verða í bankakerfinu og raun ber vitni um núna. Það er auðvitað alveg kostulegt ef ráðherrann ætlar að líða formanni bankamálanefndarinnar Þorsteini Pálssyni að skila ekki af sér áliti og greinargerð eins og venja er að nefndir geri og eðlilegt er í þessu efni þegar búið er að leggja umtalsverðan kostnað í gagnasöfnun af ýmsu tagi.

Nei, herra forseti. Seðlabankinn þoldi ekki upphaflegt frv. bankamálanefndarinnar og það var samið nýtt. Þar er um að ræða gjörbreytingu varðandi marga þætti, bindinguna alveg sérstaklega, stöðu bankaeftirlitsins og fleiri atriði.

Kem ég þessu næst að efnisatriðum frv. og ætla áður en ég fer yfir þau lið fyrir lið aðeins að víkja hér að 4. gr. frv. Hún er óbreytt frá gildandi seðlabankalögum. Hún er í raun og veru alveg kjarninn í pólitískri stöðu Seðlabankans í landinu því að þar segir: „Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna sem ríkisstj. markar að lokum nái tilgangi sínum.“

Nú hefur það gerst nokkrum sinnum á liðnum árum og áratugum, herra forseti, að það hafa orðið deilur milli ríkisstj. og Seðlabanka, m.a. um framkvæmd vaxtamála. Seint á árinu 1982 gerði Seðlabankinn tillögu um verulega vaxtahækkun. Þáverandi ríkisstj. lýsti andstöðu við þessa vaxtahækkun. Engu að síður ákvað Seðlabankinn að framkvæma þessa hækkun. Ég tel að við slíkar kringumstæður eigi ríkisstj. að ráða úrslitum, ríkisstj. eigi að hafa vald við slíkar kringumstæður, þegar upp kemur ágreiningur af þessu tagi um framkvæmd peninga- og efnahagsmálastefnunnar. Það er óþolandi og óeðlilegt að Seðlabankinn geti tekið

fram fyrir hendurnar á ríkisstj. með þeim hætti sem gerst hefur og gert er ráð fyrir í þessu frv. sem er að vísu óbreytt frá gildandi seðlabankalögum sem sett voru í tíð Alþfl. og Sjálfstfl. 1961.

Ég vil síðan víkja að einstökum atriðum í sambandi við þetta frv. og segja í fyrsta lagi: Ég tel það galla á frv. að í því skuli ekki vera ítarlegur kafli um almenna peningamálastjórn. Í raun og veru er hvergi minnst á almenna peningamálastjórn í þessu frv. Ég held að ef slíkur kafli er ekki í seðlabankalögum eigi að vera til sérlög um almenna peningamálastjórn, en Seðlabankinn er auðvitað mjög stór aðili að almennri peningamálastjórn í landinu. Ég vil inna hæstv. viðskrh. eftir því hvaða skoðun hann hefur á þessu atriði varðandi lagaákvæði um almenna stjórn peningamála. Það eru engin slík lagaákvæði til. Seðlabankinn hefur getað stjórnað peningamálum svo að segja eftir sínu höfði. Hann hefur getað tekið sínar ákvarðanir þar og framkvæmt þær jafnvel í blóra við ríkisstj. Þess vegna tel ég að óhjákvæmilegt sé að fá upplýsingar um það hjá hæstv. núv. viðskrh. hvaða hugmyndir hann hefur um almenna peningamálastjórn í landinu. Er hann ánægður með það kerfi sem nú er eða vill hann einhverjar breytingar á því? Vill hann taka það inn í sérlög eða inn í seðlabankalög?

Ég vil í öðru lagi, herra forseti, gagnrýna það alveg sérstaklega að í þessu frv. er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið verði eins konar útkjálkastofnun í Seðlabanka. Það er algjörlega óeðlilegt fyrirkomulag. Bankaeftirlitið á að vera sjálfstæð stofnun, óháð Seðlabankanum, og á að hafa eftirlit með honum líka, ekki síður en viðskiptabönkunum. Ég tel að það veiti ekkert af því. Og mér finnst kostulegt ef ríkisstj. ætlar sér að afgreiða þessa viðamiklu löggjöf núna án þess að taka á þessu máli, að bankaeftirlitið hafi algjörlega sjálfstæða stöðu en sé ekki niðursetningur hjá Seðlabankanum eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum lagt fram á Alþingi sérstakt frv. um sjálfstætt bankaeftirlit sem er á dagskrá síðar á þessum fundi þannig að ég mun ekki fara út í það nánar að sinni en benda á að fari svo mót vilja mínum að ríkisstj. keyri í gegn þessi ákvæði um bankaeftirlitið teldi ég að athuga ætti mjög vandlega hvort menn geti ekki náð samkomulagi um að bankaeftirlitið sé enn frekar undir stjórn bankaráðsins en bankastjóra. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið sé undir stjórn bankastjóranna. Það tel ég óheppilegt fyrirkomulag. Eðlilegra væri að það væri alfarið undir bankaráðinu. Það væri skárra miðað við allar aðstæður.

Þá vil ég einnig varðandi þessi ákvæði benda á síðustu málsgr. 14. gr. þar sem gert er ráð fyrir sérstakri nefnd til að fylgjast með starfsemi bankaeftirlitsins. Í nefndinni skulu eiga sæti, segir hér, fulltrúi ráðuneytis, einn bankastjóri Seðlabankans og forstöðumaður bankaeftirlitsins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Ég er þeirrar skoðunar að bankastjóri Seðlabankans, hver sem hann er, eigi ekki að vera í þessari samstarfsnefnd um bankaeftirlitið. Ég teldi að ef menn hverfa að því ráði að hafa bankaeftirlitið undir Seðlabankanum ætti þarna frekar að vera forstöðumaður endurskoðunardeildar Seðlabankans en bankastjóri bankans.

Ég vil einnig víkja að síðustu málsgr. 18. gr. þar sem gert er ráð fyrir að Seðlabankinn gefi viðskrn. skýrslu um starfsemi bankaeftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Ég tel eðlilegt að bæta því við að ráðuneyti bankamála sé skylt að gefa Alþingi skýrslu um þessi mál einu sinni á ári þannig að Alþingi fái að vita um þessa hluti milliliðalaust strax og Seðlabankinn hefur lagt sínar greinargerðir fyrir ráðuneytið.

Ég vil í þriðja lagi, herra forseti, víkja að 6. gr. frv. Það var upphaflega ætlunin að takmarka vald Seðlabankans. Hann ætti ekki að vera að vasast í almennum viðskiptabankaverkefnum. Hann ætti ekki að vera með alls konar sjóði atvinnuveganna og þjónustusjóði af ýmsu tagi inni hjá sér. Þeir ættu að vera í viðskiptabönkunum sjálfum.

Þegar frv. fór frá bankamálanefndinni var gert ráð fyrir því að takmarka starfssvið Seðlabankans að þessu leyti og taka út úr honum ýmsa sjóði sem þar hafa verið. Nú hefur frv. verið breytt frá tillögum bankamálanefndar þannig að hér segir: „Þegar sérstaklega stendur á má ákveða í reglugerð að Seðlabankinn taki við innlánum frá öðrum peningastofnunum en greinir í 1. málsgr.“ Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Hvernig hyggst hann framkvæma 2. málsgr. 6. gr. frv.? Hvaða sjóði ætlar hann að taka út úr Seðlabankanum? Hvaða sjóðir eiga að verða eftir í Seðlabankanum skv. hans skilningi og stefnu í þessum efnum? Ætlar hann sér kannske að hafa þetta óbreytt þannig að Seðlabankinn verði áfram að vasast með þessa sjóði upp á fleiri milljarða króna eða ætlar hann tafarlaust að beita sér fyrir því að þessir sjóðir verði fluttir með eðlilegum hætti til viðskiptabankanna í landinu?

Þá vil ég í fjórða lagi víkja að 8. gr. frv. í sambandi við bindingu sparifjár. Í upphafslögum um bindingu sparifjár var gert ráð fyrir að Seðlabankinn gæti bundið 15% af innistæðufé viðskiptabankanna. Síðan var þetta hlutfall hækkað nokkrum árum síðar í 20%. Alllöngu seinna var ákveðið að Seðlabankinn mætti binda 28% af innlánsfé viðskiptabankanna. Rökin á bak við þessa innlánsbindingu í upphafi voru tvíþætt: Í fyrsta lagi til þess að hafa áhrif á almenna eftirspurn á peningamarkaði og í öðru lagi til þess að fjármagna sjálfvirk afurðalán útflutningsatvinnuveganna.

Um þessi mál hafa oft verið harðar deilur á Alþingi. Þm. Sjálfstfl. í Ed. hafa flutt frv. um að lækka bindiskyldu Seðlabankans mjög verulega frá því sem nú er og þegar sjálfstæðismenn hafa verið í stjórnarandstöðu hafa þeir ævinlega gagnrýnt þetta ákvæði hástöfum. Þegar þeir hins vegar sitja í stjórnaraðstöðu heyrist ekkert í þeim í þessu efni. Og jafnvel þó þeir sitji sem formenn bankaráða ríkisbankanna sem eigi við verulega erfiðleika að etja, eins og Landsbankinn, eins og Útvegsbankinn, um þessar mundir, þá heyrist ekkert í þeim í þessu efni. Hér leggja þeir til, hv. þm. Pétur Sigurðsson og hv. þm. Valdimar Indriðason, að Seðlabankinn geti bundið sparifé innlánsstofnana eins og honum sýnist. Það er ekkert þak á því. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort hv. þm., formenn bankaráða ríkisbankanna, sérstaklega Landsbankans og Útvegsbankans, láta þetta yfir sig ganga og þá banka sem þeir eiga að veita forstöðu. Eftir því verður grannt tekið þegar umræður um þessi mál fara fram. Ég tel að eðlilegt væri að setja ákveðið þak í þessu efni, þannig að Seðlabankinn geti ekki þarna farið upp úr öllu valdi.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja að 10. gr. frv., en hún er nokkuð skrýtin, nokkuð sérkennileg. Senni-

lega hefur hún orðið til í einhverju bralli á milli stjórnarflokkanna. Annar stjórnarflokkurinn þykist nefnilega vera á móti vaxtafrelsi, en er með því í framkvæmd, en hinn stjórnarflokkurinn vill markaðsvexti. Hæstv. viðskrh. hefur farið í það að reyna að þvæla saman óskiljanlegri setningu um þessi mál til að brúa bilið á milli stjórnarflokkanna í þessu efni. Þegar hann hélt hér ræðu sína um daginn um þetta kom það fram að sá maður, Matthías Bjarnason, hæstv. ráðherra, sem alla jafna kveður skýrt að orði og kann iðulega að koma betur fyrir sig orði en aðrir menn, hann flutti texta sem var örugglega óskiljanlegur þingheimi og sennilega honum sjálfum líka. Enda eru refirnir kannske til þess skornir, þegar allt kemur til alls, að enginn botni í þessum texta. Hann hljóðar svo, herra forseti:

„Seðlabankinn getur bundið ákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum meðal annars til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána."

Hér í vor var samþykkt frv. um viðskiptabanka sem gerði ráð fyrir svokölluðu vaxtafrelsi, nær algjöru. Það er alveg augljóst mál — og ég vil lýsa því yfir af minni hálfu og míns flokks — að hægt er að framkvæma 2. málsgr. 10. gr. þannig að ríkisstjórnin og Seðlabankinn geti ráðið vaxtastiginu þegar þeim sýnist. Það er alveg sama þó hæstv. ráðh. reyni í sínum textum að leggja áherslu á markaðsviðmiðanir í þessu efni. Ráðherra, sem vildi fara aðra leið, getur framkvæmt vaxtastefnuna samkvæmt þessari málsgrein þannig að vaxtafrelsið margrómaða verði allt tekið til baka strax og annar ráðherra tæki við viðskrn. Það er kosturinn við þessa grein og það ber að þakka hæstv. viðskrh. fyrir að hafa komið þessari grein svona inn vegna þess að hún skapar möguleika til að stýra vaxtastiginu í landinu og á að geta komið í veg fyrir flóð vaxtahækkana eins og við höfum upplifað að undanförnu. Eða hvað?

Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig hyggst hann framkvæma greinina? Ætlar hann að láta Seðlabankann og ríkisstjórnina stýra vöxtunum eða hyggst hann láta markaðinn ráða? Verði markaðurinn látinn ráða munu vextir hækka stórkostlega hér á næstunni. Hvora leiðina ætlar hæstv. ráðh. að fara upp úr þessari loðmullugrein sem þarna hefur verið samin til þess að stinga einhverju upp í óánægða fulltrúa ríkisstjórnarinnar? En ég tek fram að við þær aðstæður að við gætum haft áhrif á framkvæmd þessara mála mundum við túlka 2. málsgr. 10. gr. þannig að Seðlabanki og ríkisstjórn gætu ráðið vaxtastiginu í meginatriðum og þar með afnumið svokallað vaxtafrelsi með einu pennastriki, reglugerðarákvæði strax við stjórnarskipti.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja hér að ákvæði sem hefur ekki eins mikla þýðingu en er í 20. gr. frv. Þar segir:

„Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar og sparisjóðir rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ráðherra."

Ég sé ekki betur en að hér sé blessunarlega verið að stíga skref í þá átt að viðskrn. geti haft nokkuð með það að segja hverjir fara með gjaldeyrisverslun hér í landinu, verið sé að stíga nokkurt skref til baka frá því sem stefna ríkisstj. hefur verið í þessum efnum. Augljóst er að greinin heimilar ráðherra að þrengja mjög verulega úthlutun leyfa til gjaldeyrisverslunar. Mjög verulega. Í raun og veru getur hann sett þær reglur í þeim efnum sem honum sýnist eins og textinn hljóðar í þessu frv.

Í sjöunda lagi vil ég hér víkja að 21. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum eftir því sem um verður samið."

Ég tel að það sé óþarfi að binda svona ákvæði í lögum, að Seðlabankinn eigi skilyrðislaust að vera milliliður varðandi samninga af því tagi sem hér er um að ræða. Ríkið á að geta fengið aðra aðila til þess að gera það, aðrar fjármálastofnanir í landinu ef ástæða þykir til. Ég tel eðlilegt að Seðlabankinn sinni þessum alþjóðlegu fjármálaviðskiptum og samningum og lánasamningum í mörgum tilvikum, en ég tel ekki að það þurfi að vera undantekningarlaust. Þarna sé eðlilegra að það sé fjmrn. sem hefur með þessi mál að gera, og það sé afdráttarlaust tekið fram, en að Seðlabankinn geti auðvitað í umboði þess eða beiðni þess sinnt þessum málum, en ég tel ekki rétt að hann sé þarna algjörlega *í forgrunni eins og gert er ráð fyrir í þessari grein.*

Ég vil síðan, herra forseti, í áttunda lagi, víkja að miklu minna atriði í þessu frv., en það er að í frv. er alls staðar talað um að yfirstjórn Seðlabankans sé í höndum viðskrh. Ég teldi eðlilegt að orða þetta þannig að yfirstjórn Seðlabankans og bankamálanna yfirleitt sé í höndum þess ráðherra sem fer með bankamál. Það eru uppi hugmyndir um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands og ég held að það væri eðlilegra að taka eingöngu fram að hér sé átt við þann ráðherra sem fer með bankamál.

Í níunda lagi kem ég að 27. gr. frv. sem fjallar um bankastjórn Seðlabankans: „Bankastjórnin kýs sér formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn." Ég teldi rétt að láta það koma fram í greininni að óheimilt sé að kjósa sama manninn formann bankastjórnarinnar lengur en tvö kjörtímabil í röð eða svo.

Ég vil síðan í tíunda lagi víkja að 29. gr., en ég kem nánar að starfsemi bankastjóranna hér á eftir. Í 29. gr. segir svo í 2. málsgr.:

„Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að."

Ég tel eðlilegt að þarna væri einfaldlega fellt niður ákvæðið um stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að því að ef um slíkt er að ræða þá eigi aðrir en bankastjórar að vera inni í stjórn þeirra stofnana. Hérna er verið að opna fyrir það að bankastjórar geti verið að grauta í stjórn alls konar stofnana hér og þar úti í bæ. Það er óeðlilegt og þess vegna ber að þrengja þetta ákvæði mjög verulega. Ég hafði hugsað mér að flytja brtt. um þetta atriði ásamt fleiri brtt. sem ég mun hér leggja fram síðar við meðferð málsins.

Í ellefta lagi vil ég víkja að greininni um hagnað Seðlabankans og skattlagningu Seðlabankans. Hvernig á að skattleggja Seðlabankann? Á að skattleggja hann eins og hvert annað fyrirtæki? Nei. Hvernig á að gera það? Samkvæmt tillögum frv. er gert ráð fyrir því að árlega skuli helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í arðsjóð, greiddur í ríkissjóð. Það kemur ekkert fram hvernig meðalhagnaður á að reiknast út. Og af hverju er miðað við meðalhagnað síðustu þriggja ára? Gæti þetta ekki verið haganlegt fyrirkomulag fyrir heimilin í landinu, að mega miða sínar skattgreiðslur við meðaltöl aftur í tímann? Ég tel að þetta sé í raun og veru óeðlilegt ákvæði og Seðlabankann eigi að gera upp eins og hverja aðra stofnun hér í landinu, a.m.k. með mjög skýrum reglum, en þær eru óskýrar í þessu frv.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. af þessu tilefni: Hefur hann undir höndum yfirlit um hagnað Seðlabankans síðustu 10 ár á verðlagi ársins 1985? Þetta er yfirlit sem bankamálanefndin undir forustu Þorsteins Pálssonar, hæstv. fjmrh., hefur sjálfsagt aflað sér og liggur sennilega einhvers staðar í pappírshaugunum sem nefndin hefur ekki komið frá sér í formi grg. En það væri fróðlegt ef ráðherrann gæti upplýst um þetta þannig að þingheimur átti sig á því hver gróði Seðlabankans hefur verið og hversu mikla fjármuni hefði verið unnt að sækja í ríkissjóð ef þessi ákvæði hefðu verið í framkvæmd á undanförnum árum.

Síðan segir hér að það eigi að draga frá í varasjóð, í arðsjóð, 40 millj. kr. miðað við verðlag í árslok 1984. Hvað er arðsjóður? Til hvers er arðsjóður? Hver stofnaði arðsjóð? Hver borgaði í hann? Hvernig er hann ávaxtaður? Ég held að það væri nokkuð fróðlegt fyrir okkur að fá upplýsingar um eignir Seðlabankans, m.a. þennan arðsjóð — ég er þá ekki að tala um peningalegar eignir hans sem seðlabanka — t.d. væri fróðlegt að fá yfirlit yfir ýmsar fasteignir Seðlabankans, kostnað við húsið hér við Kalkofnsveg og fleira. Alla vega er óhjákvæmilegt að biðja um upplýsingar um þennan arðsjóð, hvernig hann er hugsaður, hvað í honum er, hver stjórnar honum og hver úthlutar úr honum. Það er rétt að hæstv. viðskrh. veiti upplýsingar um það, en auðvitað hefðu upplýsingar um þetta átt að vera hér í grg., ef frv. hefði verið almennilega fram lagt af ríkisstjórninni, sem það er ekki.

Síðan segir: „... helmingur árlegra tekna hans [arðsjóðs] skal renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Vísindasjóð.“ Ég held að það sé afskaplega þarflegt að tekjur af Seðlabankanum renni til menningarmálastarfsemi og vísinda. Hins vegar kann það að orka tvímælis hvernig að þessu er farið í lögunum um Vísindasjóð, sem munu vera nr. 51/1957. En ákvæðin um uppgjör Seðlabankans eru öll óljós og þess vegna er óhjákvæmilegt að óska eftir því að ráðherrann komi nánari upplýsingum á framfæri hér við þingið.

41. gr. er gildistökuákvæði frv. Þau eru nú venjulega þannig samin að þau eru einföld og skýr eða þannig samin að þau eru óskiljanleg nema menn fletti mestöllu lagasafninu. Hér er setning sem hljóðar svo, með leyfi forseta, á þessari undarlegu lagalatínu:

„Ákvæði VIII. kafla um reikningsskil gilda um reikningsárið 1985.“ Síðan kemur: „Ákvæði 2. málsl. 2. málsgr. 27. gr. og 2. málsgr. 29. gr. tekur einungis til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara.“

Hvað þýðir þetta nú á mæltu máli? 2. málsl. 2. málsgr. 27. gr. er um að bankastjórar séu ráðnir til sex ára í senn og hitt ákvæðið, 2. málsgr. 29. gr., er um það að bankastjórar megi ekki sitja í ráðum og nefndum utan bankans. Hreinlegra hefði verið að orða þetta þannig: Þó gilda ákvæði þessa frv. ekki um Jóhannes Nordal. Það hefði verið miklu skýrara og ljósara, bæði fyrir þm. og aðra sem fara yfir þetta plagg. (Gripið fram í.) Vegna þess að ég styð ekki þá tillögu. Það væri nær að hv. 2. þm. Reykv. flytti þá tillögu. Þó gilda ákvæði þessa frv. ekki um Jóhannes Nordal. Það þýðir á mannamáli þessi lagalatína sem er þarna neðst á síðu 8 í frv. Í fyrsta lagi gildir endurnýjunarreglan ekki um þá sem ráðnir hafa verið, þessi sex ára regla, þeir mega sitja fram úr. Og í öðru lagi mega þeir sitja í ráðum og nefndum eins og fara gerir áfram samkvæmt þessari tillögu. Í stjórn Landsvirkjunar, stóriðjunefnd, Fiskveiðasjóði, og hvað það heitir nú allt saman eiga þessir menn að vera sem þar eru nú, en þeir sem kunna að verða ráðnir síðar gætu átt það yfir höfði sér að lagaákvæðin gildi um þá. Auðvitað væri eðlilegra að þessi ákvæði giltu alveg skýlaust um bankastjóra Seðlabankans sem þar eru í dag, alveg skýlaust. Ég tel reyndar að þessi stjórnarmál Seðlabankans séu með þeim hætti að nauðsynlegt sé að taka þau almennt til sérstakrar umræðu hér á þinginu.

Eftir að Geir Hallgrímsson og Tómas Árnason hafa verið ráðnir bankastjórar Seðlabankans hefur kommissarakerfið verið flutt innan af Rauðarárstíg niður á Kalkofnsveg. Fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. sitja þarna á fleti fyrir, stýra þessum banka ásamt Jóhannesi Nordal. Ég tel að það sé alveg augljóst mál að það er útilokað fyrir aðra stjórn en þá sem nú situr að treysta ráðgjöf bankastjóra Seðlabankans. Það er útilokað. Í ljósi þess sem núv. ríkisstj. hefur ákveðið í þessu efni tel ég að tvennt komi til greina: Í fyrsta lagi það að núverandi bankastjórum Seðlabankans verði öllum sagt upp hið fyrsta og að ráðnir verði bankastjórar á almennum, faglegum forsendum til t.d. fjögurra eða sex ára, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., eða sú ákvörðun verði tekin að skipt verði um bankastjóra Seðlabankans í hvert skipti sem breytt er um ríkisstjórn í landinu, ef hin nýja stjórn telur ástæðu til þess.

Eftir að Sjálfstfl. og Framsfl. ákváðu að setja þessa pólitísku kommissara inn í Seðlabankann er ekki ástæða til þess að taka mark á Seðlabankanum í efnahagsmálum frekar en hverri annarri flokkssamþykkt innan af Rauðarárstíg frá Framsfl. eða innan úr Valhöll frá Sjálfstfl. Það eru pólitískir trúnaðarmenn þessara flokka sem þarna sitja og það er auðvitað stóralvarlegur hlutur að þannig skuli vera farið með Seðlabankann, miðbanka sem þarf að njóta trúnaðar þjóðarinnar ef nokkur kostur er. (**FrS:** Hver skipaði Guðmund Hjartarson?) Seðlabankinn hefur að þessu leytinu til verið brotinn niður. Tiltrú manna á honum getur engin verið eftir þessa niðurstöðu. (**FrS:** Hvað sagði þm. um Guðmund Hjartarson, hver skipaði hann?) Ég tel nú í rauninni að það komi þessu máli ekkert við, hv. þm., komi því ekkert við. Aðalatriðið er auðvitað það að Framsfl. og Sjálfstfl. eru búnir að setja pólitíska forustumenn sína inn í þennan banka, Seðlabankann, menn sem þóttust vera að brjóta niður hið pólitíska vald í Framkvæmdastofnuninni, en í stað þess fluttu þeir það

inn í Seðlabanka. Framkvæmdastofnunarleikurinn var allur sýndarmennska, blekking og ekkert annað. (**ÞP:** Er ekki hægt að skýra það hvers vegna Guðmundur Hjartarson kom bankanum ekki við?) Við getum farið nánar yfir það, hæstv. fjmrh., sérstaklega ef þú gerðir grein fyrir áliti bankamálanefndar og skilaðir af þér í þeim efnum. Ég hygg að enginn nefndarformaður hafi nokkurn tímann í sögunni á undanförnum árum komist upp með það að ganga ekki betur frá sínum pappírum en hæstv. núv. fjmrh., sem getur ekki gaufast við að skila nefndaráliti bankamálanefndar. Þar skaltu ræða um Guðmund Hjartarson og fleiri mæta menn, á þeim vettvangi.

Ég vil þessu næst víkja almennt að ákvæðum frv. um bankaráðin. Ég tel að það þurfi að setja í frv. miklu skýrari ákvæði og skarpari um bankaráð Seðlabankans. Ég tel að vald þess þurfi að styrkjast á kostnað bankastjóranna. Það á við um margar greinar frv., en þó alveg sérstaklega um bankaeftirlitið sjálft eins og ég rakti hér áðan.

Ég hef í fjórtánda lagi spurt hæstv. ráðh. sérstaklega um arðsjóðinn og óska eftir upplýsingum um það mál hér á eftir.

Ég vil í fimmtánda lagi víkja að 10. gr. frv. þar sem segir: „Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir." Þetta finnst mér allsérkennilegt ákvæði, að Seðlabankinn geti ákveðið vexti af þessum lánum öllum. Hver er skoðun viðskiptabankanna á þessu ákvæði? Auðvitað væri eðlilegra í þessu efni að aðrir aðilar komi þarna við sögu og Seðlabankinn sé ekki gerður að einvaldi í þessu efni, fulltrúar viðskiptabankanna hafi þarna nokkuð um að segja og þó alveg sérstaklega ríkisstjórnin sjálf. Ég teldi að ákvæði 1. mgr. 10. gr. ætti einfaldlega að segja: Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir, að fengnu samþykki bankamálaráðherra. Það er algjörlega óþolandi að Seðlabankinn geti ákveðið þessa okurvexti á viðskiptabankana sem við höfum kynnst að undanförnu, þar sem er um að ræða refsivexti á annað hundrað prósent. Það er algjörlega óþolandi að afhenda Seðlabankanum einveldi í þessu máli vegna þess að með því að hækka vexti viðskiptabankanna er Seðlabankinn auðvitað að auka sínar tekjur. Ég hygg að það sé algjört einsdæmi að stofnun hafi þannig einhliða vald til þess að auka stórkostlega tekjur sínar jafnvel á kostnað viðskiptabankanna og umfram allt sem kalla mætti eðlilegar og rökréttar þarfir í þessu efni.

Ég vil í sextánda lagi, herra forseti, víkja nokkuð að endurteknum fullyrðingum ráðherranna um það að vaxtastefnan hafi skilað auknum innlánum og minnkandi útlánum. Hvað er hæft í því? Upplýsingar um það efni komu fram í ræðu hæstv. viðskrh., en þm. þurfa ekki annað en að lesa Hagtölur mánaðarins fyrir janúar 1986 til þess að sjá að upplýsingar hæstv. ráðh. í þessu efni voru annaðhvort vísvitandi eða óviljandi blekkingarleikur. Í fyrsta lagi kemur það fram í Hagtölum mánaðarins hvaða innlán það eru sem jukust á s.l. ári. Hvaða innlán ætli það séu? Það eru svokölluð almenn óbundin spariinnlán. Það eru ekki verðtryggðu lánin með hærri vöxtum til lengri tíma sem hér er um að ræða, heldur almenn óbundin spariinnlán sem í mjög mörgum tilfellum bera vexti sem eru sagðir undir verðbólgustigi. Það er þess vegna ekki vaxtastefnan, lokkandi ávinningar vaxtastefnunnar, sem hafa dregið sparifé inn í bankana. Það er alveg bersýnilegt því að það eru almenn spariinnlán sem hafa hækkað langmest á s.l. ári.

Síðan er því haldið fram að útlán hafi aukist miklu minna á síðasta ári en nemur verðbólgustigi. Einnig það eru falsanir, beinar falsanir sem hæstv. ráðherrar fjármála og viðskipta hafa beitt sér fyrir á opinberum vettvangi. Öll útlán jukust um 31,5% samkvæmt Hagtölum mánaðarins, en það segir ekki nema hluta sögunnar vegna þess að stórfelld birgðaminnkun átti sér stað í sjávarútveginum á s.l. ári og það þýðir sjálfkrafa minni afurðalán. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að afurðalánin minnka auðvitað stórkostlega vegna kerfisbreytingar kemur það í ljós að útlán bankanna á síðasta ári jukust um 45,5% sem er 7% raunaukning útlána. Tilraun til þess að halda því fram að stefna ríkisstj. hafi dregið verulega úr útlánum og þannig dregið úr peningaþenslu stenst því ekki þessar tölur í Hagtölum mánaðarins. Það er einnig vert að benda á að auðvitað hlýtur hallinn á ríkissjóði á s.l. ári upp á milljarða króna að hafa veruleg þensluáhrif í öllu hagkerfinu. En tölurnar um stóraukin innlán annars vegar og minni útlán hins vegar, sem stafi af breyttum vaxtakjörum, þær eru blekking. Þær eru vísvitandi blekking sem Seðlabankinn kemur upp um í þessu riti, Hagtölum mánaðarins, með því að birta samanburðartölur. Menn sjá niðurstöðuna ef þeir nenna að leggja það á sig að fara í gegnum þær töflur. Ég taldi óhjákvæmilegt, herra forseti, að mótmæla þessum fullyrðingum hæstv. viðskrh. Hér er um að ræða blekkingarleik og ekkert annað.

Í sautjánda og síðasta lagi, herra forseti, vil ég minna á að í tengslum við þetta mál er eðlilegt að fá upplýsingar um skipulagsmál bankanna. Hvað er að gerast í þeim efnum? Hefur viðskrh. beitt sér fyrir könnun á því hvort unnt er að sameina banka, Útvegsbankann og Búnaðarbankann? Hefur það verið kannað að hve miklu leyti Landsbankinn gæti komið inn í þá mynd, að hve miklu leyti einkabankarnir gætu hugsað sér að vera hér aðilar að, eða hvað er eiginlega uppi af hálfu ríkisstj. í þessu efni?

Fyrir 4–5 vikum heyrði ég í útvarpi viðtal við núv. seðlabankastjóra, Tómas Árnason. Hann skýrði frá því að í rauninni væri komin sú niðurstaða að einkabankarnir myndu nú ekki sameinast mikið, það stæði þannig. Hins vegar væri sameiningarleiðin ofarlega á blaði með ríkisbönkunum. Og það var ómögulegt að skilja seðlabankastjórann öðruvísi en svo að um það leyti sem þing kæmi saman yrði lagt fram frv. um sameiningu Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Einhverra hluta vegna hafa þessar yfirlýsingar bankastjóra Seðlabankans ekki staðist. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að inna hæstv. viðskrh. mjög ákveðið eftir því hvaða hugmyndir hann hugsar sér að framkvæma í þessu efni. Er eitthvað verið að vinna í málinu eftir þær yfirlýsingar sem bæði hann og þó sérstaklega hæstv. forsrh. hafa gefið um að það sé óhjákvæmilegt að taka hér og nú á þessum skipulagsmálum bankanna, þegar ljóst er að bæði Útvegsbankinn og Landsbankinn líka, þrátt fyrir allgóða afkomu á síðasta ári, eiga við vanda að etja meðan vissir bankar í landinu fleyta rjómann ofan af alls konar verslunarviðskiptum en sleppa tiltölulega ódýrt í þjónustu við hina hefðbundnu atvinnuvegi?

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. ræddi í löngu máli á síðasta fundi um frv. um Seðlabanka, en langur kafli fór þó í ræðuhöld um það sem í raun og veru kemur ekki þessu frv. við.

Hann gerði nokkrar fsp. til mín, m.a. um það hvort reglugerð um tryggingarsjóð viðskiptabanka hefði verið samin og jafnframt hvort hún hefði verið birt. Þessi reglugerð var undirrituð af mér 31. janúar s.l. og hefur verið birt en núna er búið að biðja um sérprentun sem mér er sönn ánægja að senda hv. þm. þegar hún kemur úr prentun.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er settur með stoð í 51. gr. laga um viðskiptabanka frá s.l. ári og öðlast þegar gildi. Tryggingarsjóður hefur að markmiði að tryggja full skil á innlánsfé við viðskiptabanka ef bú bankans er tekið til gjaldþrotaskipta. Það er stefnt að því með þessum tryggingarsjóði að eigið fé tryggingarsjóðs nemi 1% af heildarinnlánsfé viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánsfé um næstu áramót á undan. Ráðherra ákveður nánar þetta hlutfall að tillögu stjórnar tryggingarsjóðs.

Í tryggingarsjóði verður þriggja manna stjórn skipuð til þriggja ára. Tveir stjórnarmanna skulu skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. viðskiptabanka og skal annar þeirra koma frá ríkisviðskiptabönkum en hinn frá hlutafélagabönkum. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og er hann jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Forstöðumanni bankaeftirlits er heimilt að sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti. Þessi skipun hefur ekki farið fram. Það er leitað eftir tilnefningu bankanna á sínum tveimur mönnum. Ég hef þegar ákveðið hvern ég mun skipa formann stjórnar, en læt það ekki uppi fyrr en tilnefning er komin frá bönkunum.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði að umræðuefni framlagningu frv. um Seðlabanka og kvartaði mjög undan því að skýrsla bankamálanefndar hefði ekki legið fyrir. Ég held að það sé rétt munað hjá mér að bankamálanefndin lauk störfum og skilaði af sér 21. mars 1984. Þar með hefur hún lokið sínum störfum. Ég sé ekki ástæðu til, þó ég hafi tekið við starfi viðskrh. í október 1985, að krefjast þess af nefnd sem látið hefur af störfum hálfu öðru ári áður að hún skili ítarlegri skýrslu. Hún er búin að ljúka störfum og skila af sér því frv. sem fyrir liggur.

Hv. 3. þm. Reykv. býsnaðist mikið yfir 4. gr. þessa frv. sérstaklega. Ég tel að 4. gr. frv. um bindiskylduna sé mjög til bóta frá því sem var í því frv. sem fjh.- og viðskn. þingsins fengu seint á s.l. ári eða fyrir þinglok, fyrir afgreiðslu frv. um viðskiptabanka. Hér er tekið út það hlutfall sem Seðlabankinn getur ákveðið að binda. Ég tel að það sé af því góða. Seðlabankinn þarf undir högg að sækja. Hann þarf að hafa samþykki viðskrh. eða bankamálaráðh. fyrir ákvörðun um bindiskyldu. Ég get því ekki séð að það þurfi að yggla brún yfir þessari breytingu nema síður sé.

Minnst var á hugmyndir um almenna peningastjórnun. Af hverju á hún endilega að vera inni í seðlabankalögunum? Hún er að vissu marki inni í lögunum um viðskiptabanka það sem nær til þeirra. Hugmyndir um peningastjórnun eru mjög viðamiklar og þeim verða ekki gerð glögg skil í einni ræðu.

En varðandi þá fsp., sem kom fram síðast í máli hv. þm., hvað liði tillögum og aðgerðum í sambandi við sameiningu banka eða stærri eininga í bankakerfinu, þá hafa farið fram ítarlegar viðræður á milli viðskrn. og fulltrúa allra ríkisbankanna, sömuleiðis fulltrúa þeirra tveggja einkabanka sem óskuðu eftir því að ræða þessi mál við ráðuneytið. Engar ákvarðanir hafa enn þá verið teknar. Hér er um afar vandmeðfarin og viðamikil atriði að ræða. Það er byggt á áliti svokallaðrar bankamálanefndar eða Gylfanefndar sem svo hefur verið kölluð. Þar er bent á tiltekin atriði sem ekki hefur verið neitt lagst á því að það nefndarálit hefur verið birt frá orði til orðs í flestum eða öllum dagblöðum landsins og þar koma ákveðnar hugmyndir til greina. Þessar hugmyndir allar verður að skoða.

Það er ekki hlaupið að því þó að á móti blási hjá einum ríkisbanka, eins og Útvegsbankanum sem hefur orðið fyrir alvarlegu áfalli, að leggja hann niður svo að segja á engum tíma án þess að huga nánar að því hvernig sú starfsemi öll, sem hann hefur farið með, á að verða í framtíðinni. Í Útvegsbankanum eru fyrirtæki, einkum í sjávarútvegi, einnig í iðnaði og verslun, sem þarf að sjá fyrir að komist í viðskipti í öðrum bönkum. Það er engin ástæða til að óttast um þá sem innlánsfé eiga. Þeim eru allar dyr opnar á hverjum tíma. En hér er um að ræða t.d. heilu byggðarlögin í atvinnulegu tilliti sem þarf nánar að huga að og ná samkomulagi um hvernig komið verði fyrir.

Ég vil líka vekja athygli á því að þegar við tölum um að takmarka útlán til einstakra aðila, einstakra fyrirtækja eins og hafa komið hér til umræðu, skulum við einnig líta á það og miða þá við eiginfjárstöðu hvernig eigið fé í hlutfalli af niðurstöðutölu efnahagsreiknings bankanna hefur breyst á undanförnum árum. T.d. var það hjá viðskiptabönkum 10% á árinu 1960, en í lok árs 1984 er það komið niður í 5,6%. Sparisjóðir hafa hins vegar frá 1962 hækkað úr 7,4% í 12,5% á árinu 1984. Ef við lítum á eigið fé að frádregnum varanlegum rekstrarfjármunum í hlutfalli af niðurstöðutölu efnahagsreiknings að frátöldum varanlegum rekstrarfjármunum hefur það farið úr 9,1% hjá viðskiptabönkunum á árinu 1960 og er í árslok 1984 komið niður í 1,4%. Hins vegar má segja að það hafi heldur aukist hjá sparisjóðum eða frá árinu 1972 úr 3,6% í 5,3%. Allir sjá af þessu að eiginfjárstaða banka í þessu landi stendur mjög höllum fæti. Þegar maður heyrir talað um bankaauðvaldið eins og sumir gera held ég nú að það sé óhætt að segja að íslenskir bankar standi ekki traustum fótum. Landsbankinn, eftir 100 ára starf, er ekki kominn með nema hátt á annan milljarð í eiginfjárstöðu. Það tel ég að sé heldur léleg útkoma eftir 100 ára starf þrátt fyrir sáralitlar afskriftir á mörgum undanförnum árum.

Traust viðskipti byggjast auðvitað á því að bankarnir eigi eitthvað sjálfir, hafi eitthvað upp á að hlaupa. Það hljóta allir að skilja. Hv. 3. þm. Reykv. talar um að það þurfi skýrari ákvæði um skattamál Seðlabankans og af hverju hann borgi ekki eins og einstaklingarnir í landinu. Hvert fer það fé sem eftir er hjá Seðlabankanum? Er því dreift út um borg og bý? Það er í eigu þjóðarinnar. Það er til þess að styrkja peningastofnanir í landinu. Ég er hræddur um að ef Seðlabankinn hefði ekki átt neitt hefði orðið erfitt að halda uppi reglulegri starfsemi eins ríkisbankans undanfarna mánuði.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði að það hefði verið óskiljanlegt í minni framsöguræðu sem varðaði vaxtamálin.

Hann las það síðan upp og skýrði það nokkuð vel sjálfur. Ég var alveg hissa hvað hann skildi þetta vel. Þess vegna vísa ég því heim til föðurhúsanna að hv. þm. hafi ekki skilið nákvæmlega það sem ég var að segja. Ríkisbankarnir ráða ferðinni í vaxtamálum. Ríkisbankarnir á Íslandi eru alls ráðandi í bankaviðskiptum. Það vitum við allir. Með lögunum um viðskiptabanka er þeim fengið stóraukið vald í vaxtamálum og bankaráðum viðskiptabankanna er fengið það vald. Hverjir skipa bankaráðin? Það eru þeir sem Alþingi kýs. Það eru fulltrúar Alþingis, fulltrúar fólksins í landinu. Þeir hljóta að vera á hverjum tíma að meiri hluta stuðningsmenn ríkisstjórnar. Sama er að segja um seðlabankastjóra. Þessir aðilar hafa töglin og hagldirnar þegar vextir eru ákveðnir á hverjum tíma. Þetta veit ég að hv. 3. þm. Reykv. skilur mætavel.

Varðandi það hvort ég hafi í höndum yfirlit um gróða Seðlabankans í tíu ár reiknað til verðlags í dag, þá verð ég að segja hv. þm. að ég hef það ekki í höndunum. Ég skal líka segja honum að ég hef ekki heldur beðið sérstaklega um það í tíu ár. En þetta allt saman er til.

Mér fannst ástæðulaust hvernig hv. þm. talaði um þá grein sem fjallaði um gildistöku þessa frv. og að hann þyrfti að fara vítt og breitt um allt lagasafnið til að skilja hana. Svo skilgreindi hann hana með einu mannsnafni litlu síðar. Ég er alveg sannfærður um að hann hefur ekki flett öllu lagasafninu til að skilja greinina um gildistöku frv. Þar var hann að bregða á leik. Það má hann auðvitað eins og aðrir.

Mér finnst fulllangt gengið að tala um að það megi alveg eins setja eitt mannsnafn í sambandi við þetta. Ég tek ekki undir þetta sífellda neikvæða tal um Jóhannes Nordal seðlabankastjóra. Vitaskuld má eitthvað að honum finna eins og að okkur öllum hinum, en ég held að það fari ekki á milli mála að Jóhannes Nordal hefur unnið gífurlega mikið starf að efnahagsmálum og banka- og peningamálum þessarar þjóðar og að hann býr yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og hefur meiri kunnugleika en flestir ef ekki allir aðrir í sambandi við þá sem við þurfum oft og tíðum til að leita. Ég sé því ekki ástæðu til að taka undir þessi sífelldu hnjóðsyrði í hans garð heldur öfugt.

Hv. 3. þm. Reykv. brá sér í alveg nýtt gervi þegar hann talaði um að það næði ekki nokkurri átt að fyrrverandi þingmenn eða stjórnmálamenn væru bankastjórar Seðlabankans og það ætti helst að reka þá alla og koma með einhverja fagmenn. Ég sé ekki neitt athugavert við að fyrrverandi fjmrh. og fyrrverandi viðskrh. og lögfræðingur, eins og Tómas Árnason, sé einn af bankastjórum Seðlabankans. Ég sé heldur ekkert athugavert við að maður eins og Geir Hallgrímsson, lögfræðingur, einn af fremstu stjórnmálamönnum á liðnum áratugum í sambandi við þekkingu á efnahagsmálum, sé bankastjóri í Seðlabankanum. Báðir eru þetta traustir menn og öruggir starfsmenn ásamt fagmanninum Jóhannesi Nordal sem búinn er að vera öll þessi ár í Seðlabankanum. Ég bið hv. 3. þm. Reykv. að gleyma því ekki að það hafa fleiri flokkar en núverandi stjórnarflokkar tekið menn úr sínum herbúðum í bankastjórastörf. Menn mega ekki gleyma þó að viðkomandi Alþýðubandalagsmaður sé kominn yfir sjötugt að hann hafi verið bankastjóri. Þar var settur fyrir nokkrum árum bankastjóri Guðmundur Hjartarson sem lét af störfum fyrir aldurs sakir. Eftir því sem ég best veit um sér hann um byggingarframkvæmdir seðlabankahússins svo hann nýtur þó nokkuð góðrar vinnu í ellinni og mætti mörgum þykja það gott þegar þar að kemur. Ég bið formann Alþb. og hv. 3. þm. Reykv. að setja ekki upp algeran helgisvip og gleyma alveg því sem gerðist nokkrum árum áður. Ef hann er búinn að gleyma þessu skal ég minna hann á að sá sem skipaði Guðmund Hjartarson var Lúðvík Jósepsson sem hann vitnaði mikið til í sambandi við bankamálanefndina.

Eitt eiga þeir sameiginlegt þeir félagar sem hér hafa talað, hv. 3. þm. Reykn. og 3. þm. Reykv., að þeir minntust hvorugur á það sem verið er að gera jafnhliða þessum málum og þessum málaflutningi öllum, en það eru þau frv. sem annaðhvort er búið að leggja fram á Alþingi eða eru væntanleg og marka á margan hátt nýmæli í peninga- og viðskiptamálum. Það var eins og það hefði farið fram hjá þeim báðum. En ég er alveg sannfærður um að það hefur farið fram hjá hvorugum. Þeir hafa talið það vera eitthvað skemmtilegra að reyna að telja það sem þeir töldu vera neikvætt en sleppa því sem er jákvætt.

Ég vil því minna hv. þm. á að fyrir Alþingi liggja frv. til l. um verðbréfamiðlun og nafnskráningu skuldabréfa. Í þeim frv. er að finna mikilvæg ákvæði sem ættu að stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum á þessu sviði.

Það er gert ráð fyrir að þessi starfsemi verði leyfisbundin samkvæmt frv. og mun veitingarvaldið vera í höndum ráðherra. Við veitingu leyfis til þessa starfa skal verðbréfamiðlari setja bankatryggingu allt að fjárhæð 2 millj. kr. til að standast greiðslu skaðabóta vegna skaða sem hann kann að valda viðskiptamanni sínum. Samkvæmt frv. skal verðbréfamiðlari veita viðskiptamanni greinargóðar upplýsingar um þá viðskiptakosti sem honum standa til boða. Einnig segir í sama frv. að verðbréfamiðlari beri ríka ábyrgð gagnvart viðskiptamanni vegna fjárhagslegs tjóns sem viðskiptamaður kann að verða fyrir og er verðbréfamiðlara skylt að bæta slíkt tjón eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Eftirlit með því að verðbréfamiðlari haldi skyldur sínar gagnvart frv. er í höndum bankaeftirlitsins. Til viðbótar má nefna ógildingarákvæði samningalagafrv. sem ríkisstj. mun leggja fram á Alþingi, rýmkun á misneytingarákvæði hegningarlaga og frv. um nafnskráningu skuldabréfa.

Samkvæmt gildandi lögum um verðlag, samkeppnishömlur og ólögmæta viðskiptahætti geta þeir sem telja óviðunandi viðskiptahætti viðgangast í verðbréfaviðskiptum snúið sér til verðlagsráðs sem getur gripið til aðgerða.

Ég held að eftirtektarvert sé og athyglisvert að leggja á það mjög þunga áherslu hversu veikt okkar bankakerfi er og að eiginfjárstaða bankanna er langt frá því að vera með þeim hætti sem sómasamlegt getur talist. Þess vegna þarf að stefna að því í bankamálum að efla bankakerfið sem fyrir er. Útlánaþörfin er svo mikil, miðað við þau lög sem núna eru, að jafnvel ber nauðsyn til að setja ákvæði um hámark lána til einstakra viðskiptaaðila, en það getur leitt af sér að þau viðskipti og þau fyrirtæki sem þurfa mikið fjármagn þurfi að geta leitað á erlendan peningamarkað. Ég tel það koma fyllilega til greina að gera breytingu í þá átt að gera stærri fyrirtækjum kleift að leita á peningamarkað erlendis. Jafnvel gæti ég hugsað mér fyrir mitt leyti að hér væri leyft að hafa skrifstofur frá erlendum bönkum

sem flyttu inn peninga til að lána bæði íslensku atvinnulífi og til uppbyggingar. Það varð árásarefni á mig fyrir nokkru í einu dagblaði þessa lands er ég var spurður að því af fréttamanni hvort ég teldi ekki eðlilegt og sjálfsagt að leyfa þeim sem peninga eiga að færa þá í erlendan gjaldeyri þannig að þeir gætu keypt skuldabréf á alþjóðamarkaði fyrir peninga sína. Ég taldi það alveg fráleitt. Það kæmi ekki til greina að mínum dómi að allir peningamenn landsins fengju þau forréttindi að geta breytt íslenskum peningum í erlent fjármagn og þá í sterkustu myntir heims og stundað verðbréfaviðskipti á alþjóðamarkaði. Þetta var talið fráleitt af mér að segja og ganga ekki inn á að leyfa slíkt. Hvað mundi það þýða fyrir almenning og atvinnureksturinn í landinu? Samdrátt á öllum sviðum og fækkun fyrirtækja og stöðvun þeirra og þar með auðvitað stórfellt atvinnuleysi. Ég vil endurtaka hér að ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að fara inn á slíka stefnu. Ég tel hana meira en varhugaverða. Ég tel hana fullkomlega hættulega.

Ég frábið mér þá gagnrýni, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að ég hafi verið að fela nokkurn skapaðan hlut við framlagningu þessa frv. Sérálit tveggja manna í bankamálanefndinni eru birt. Þau eru birt sem álit sem fylgdu nál. Hins vegar skýrði ég ítarlega hverja einustu breytingu sem gerð var á frv. frá því að bankamálanefndin skilaði af sér. Lengra var ekki hægt að ganga í þeim efnum. Það má kannske gagnrýna það helst að maður hafi birt þessi sérálit með frv. En hér er ekkert verið að dylja og ýmis atriði í þessum ræðum hljóta að koma til umræðu og umfjöllunar í þeirri nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar sem verður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Ég sé ástæðu til að gefa svolítið yfirlit um peningamál á s.l. ári. Þegar litið er á stöðu reikninga Seðlabankans um síðustu áramót og þær breytingar sem urðu á henni frá fyrra ári felast helstu breytingarnar í verulega bættri gjaldeyrisstöðu bankans sem eykst úr 2,1 milljarði í 7,6 milljarða. Kröfur á innlánsstofnanir minnka hins vegar úr 10 milljörðum í 5,7 milljarða og grunnfé eykst um 2,1 milljarð, úr 8,5 í 10,6 milljarða kr. Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir námu í árslok 1985 3,1 milljarði samanborið við 1,1 milljarð árið á undan. Aðrar stærðir, svo sem bundnar innstæður, seðlar og mynt, breyttust óverulega frá árinu á undan.

Í sambandi við kröfu Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir er rétt að líta á þróun þeirra mála frá t.d. árinu 1978 til ársloka 1985. Á þessu tímabili hefur staðan ætíð verið ríkissjóði neikvæð. Verst var staðan á fyrri hluta árs 1979, en skárst á árinu 1983. Síðan þá hefur heldur hallað undan fæti og nam skuldin um síðustu áramót um 3,1 milljarði kr.

Heildarinnlán innlánsstofnana námu um síðustu áramót 38,2 milljörðum kr. á móti 38,6 milljörðum í heildarútlán. Heildarinnlán jukust um 12,5 milljarða frá fyrra ári samanborið við 8,9 milljarða aukningu á útlánum. Þrátt fyrir þetta var lausafjárstaða innlánsstofnana neikvæð um 2 milljarða kr. um síðustu áramót.

Það er athyglisvert að skoða tölur frá 1978 til loka ársins 1985 um lausafjárstöðu innlánsstofnana. Þar kemur fram að lausafjárstaðan var yfirleitt jákvæð fram til fyrri hluta árs 1982, en hefur síðan verið neikvæð. Lökust var staðan síðari hluta árs 1984, en hefur frá þeim tíma heldur batnað, enda þótt hún hafi numið um 2 milljörðum kr. um síðustu áramót eins og ég sagði fyrr.

Úr reikningum viðskiptabanka má sjá að eignir og skuldir viðskiptabankanna námu í árslok 51,5 milljörðum miðað við 40 milljarða árið áður. Af eignaliðum eru útlán langstærsti liðurinn, 47,3 milljarðar. Þar af var endurlánað erlent lánsfé 13,5 milljarðar. Ýmsar innistæður í Seðlabanka námu 6,3 milljörðum og neikvæð lausafjárstaða viðskiptabanka nam um 2,2 milljörðum um síðustu áramót. Útlán jukust um 7,5 milljarða á árinu samanborið við 8,6 milljarða árið á undan. Af þessari aukningu munaði mest um mikla aukningu á víxlum og verðtryggðum útlánum. Af skuldum viðskiptabanka voru eðlilega innlán frá viðskiptamönnum langstærstar eða um 31,8 milljarðar og höfðu vaxið um 10,5 milljarða kr. Af þessu sést að innlán hjá viðskiptabönkum jukust talsvert meir en útlán og var þar með þróuninni frá árinu á undan snúið við sem betur fer. Mikil aukning innlána er að mestu til komin vegna mikillar aukningar á almennum bókum og öðru óbundnu sparifé. Einnig jukust innstæður á hlaupa- og gíróreikningum verulega svo og á verðtryggðum innlánum, sex mánaða, og á gjaldeyrisreikningum. Af öðrum skuldum viðskiptabanka má nefna fyrirgreiðslu Seðlabankans upp á 2,1 milljarð. Framleiðslulán vegna afurða eru 3,9 milljarðar, voru 1,4 milljarðar árið áður. Erlent lánsfé til endurláns nam tæpum 12 milljörðum kr., en 9,9 milljörðum kr. árið áður. „Annað" er nettó tæpur 1 milljarður og eigin fé nam í árslok 2,7 milljörðum sem er nánast óbreytt frá árinu á undan.

Eignir og skuldir sparisjóða námu 6 milljörðum um síðustu áramót, sbr. 4,1 milljarð árið á undan. Lausafjárstaða þeirra var jákvæð um 0,2 milljarða, ýmsar innstæður í Seðlabanka námu 1,5 milljörðum og útlán námu 4,3 milljörðum kr. sem er aukning um 1,3 milljarða miðað við árið á undan.

Af heildarútlánum innlánsstofnana fór langstærstur hluti þeirra til fyrirtækja sem eru um 72% af heildarútlánum innlánsstofnana. Þar af er hlutur sjávarútvegs stærstur 31%, hlutur verslunar 27%, hlutur iðnaðar 17% og landbúnaðar 15%. Til þjónustustarfsemi var varið 6% og til annarra 4%. Til einstaklinga var varið 21% af útlánum innlánsstofnana. 3% fóru til annarra lánastofnana en banka, rúmlega 2% fóru til bæjar- og sveitarfélaga og tæplega 2% fóru til ríkissjóðs.

Við samanburð á útlánum á milli viðskiptabanka og sparisjóða kemur í ljós að viðskiptabankarnir lána mest af sínum lánum til fyrirtækja meðan sparisjóðirnir lána hlutfallslega mest af sínum útlánum til einstaklinga. Þannig námu lán til fyrirtækja sem hlutfall af útlánum viðskiptabankanna um 75%, en hjá sparisjóðum var þetta hlutfall aðeins 43%. Útlán til einstaklinga sem hlutfall af heildarútlánum námu hins vegar 48% hjá sparisjóðum, en hjá viðskiptabönkum 18%. Ef útlán eru flokkuð eftir tegundum lána kemur í ljós að u.þ.b. helmingur þeirra eru löng lán og eru vísitölubundin lán þar langþyngst á metunum. Fjórðungur þeirra eru afurðalán og fjórðungur önnur stutt lán. Bankar lána nærri öll afurðalán, en sparisjóðir lána hlutfallslega meira af sínu útlánsfé til langs tíma eða u.þ.b. ⅔.

Af einstökum bönkum er Landsbankinn langstærstur með 40% af öllum innlánum sem bankar hafa yfir að ráða og um 50% af öllum útlánum bankanna voru frá

honum. Næststærstur er Búnaðarbankinn með 22% af innlánsfé bankanna og lánaði út 20% af heildarútlánsfé þeirra. Þá kemur Útvegsbankinn með 12% og 12% af heildarútlánsfé, Iðnaðarbankinn með 9 og 7%, Samvinnubankinn 8 og 6% og Verslunarbankinn 6 og 3%. Alþýðubankinn er þeirra minnstur með tæplega 3% af innlánsfé bankanna og 2% af útlánsfé þeirra.

Ef litið er á aukningu inn- og útlána á s.l. ári kemur í ljós að innlánsaukning banka og sparisjóða nam um 48% að meðaltali, en útlánsaukning banka nam 28% að meðaltali en sparisjóða 43%. Við samanburð á innlánsaukningu einstakra banka kemur í ljós að innlánsaukning var mest hjá litlu bönkunum, hjá Alþýðubankanum, Verslunarbankanum, Samvinnubankanum, og hjá Búnaðarbanka og Iðnaðarbanka var aukningin hvorki meira né minna en 57%, en var minnst hjá Landsbankanum 37%. Þetta er í hlutföllum. Auðvitað vega krónurnar í hlutfalli meira hjá litlu bönkunum en tiltölulega lítið hjá risunum eins og gefur að skilja. Það breytir engu að síður ekki þeirri staðreynd að Landsbankinn vegur hér langmest eins og ég sagði fyrr í minni ræðu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni. Það fer til fjh.- og viðskn. og þar gefst nm. og fulltrúum flokkanna á Alþingi tækifæri til að óska eftir margvíslegum upplýsingum sem ekki mun standa á viðskrn. að útvega að svo miklu leyti sem það er á þess færi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. svaraði fsp. minni um tryggingarsjóðinn. Hann gerði kannske ekki nákvæma grein fyrir reglugerðinni, en hafði uppi góð orð um að það mundi ekki líða á löngu þangað til ég fengi hana sérstaklega afhenta og er það vel.

Um önnur atriði sem ég gerði að umtalsefni hafði ráðherra hins vegar færri orð. Ég vil þess vegna ítreka spurningu mína um hvað líði hugmyndum um sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka eða sameiningu Útvegsbanka og annarra banka eða yfirleitt um stöðu Útvegsbankans vegna þess að ég sé ekki betur en samkvæmt gildandi lögum sé ráðherra skylt að leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til.

Í 45. gr. gildandi laga um viðskiptabanka eru ákvæði um hvernig með skuli fara þegar eigið fé viðskiptabanka fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögunum. Bankaeftirlitið á þá að krefja bankaráð viðkomandi ríkisviðskiptabanka tafarlaust um grg. þar sem fram kemur til hvaða ráðstafana bankaráðið hyggist grípa og bankaeftirlitið skal þegar í stað afhenda ráðherra reikningsuppgjör skoðunarmanna og grg. bankaráðs ásamt umsögn sinni. Í næstu málsgr. segir:

„Skal ráðherra síðan leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til af þessu tilefni."

Samkvæmt þessu ber ráðherra að gera Alþingi grein fyrir þessu máli og leggja tillögur um það fyrir Alþingi. Reyndar segir í seinustu málsgr. 45. gr. að þegar ráðherra hafi borist gögn skv. 3. málsgr. eða lokið er meðferð skv. 4. málsgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 36. gr. og síðan sé honum heimilt að framlengja þann frest ef til þess eru ríkar ástæður.

Mér sýnist þess vegna fyllsta ástæða til að ítreka þá fsp. til ráðherra hvenær þess sé að vænta að hann leggi tillögur fyrir Alþingi um ráðstafanir í þessum efnum. Hér er um ótvíræða lagaskyldu að ræða og það hefur verið vitað um allnokkra hríð hver staða Útvegsbankans sé.

Ég gerði líka að umtalsefni svokölluð kreditkort og vil nú ítreka það vegna þess að þetta er ekki í fyrsta skipti sem kemur til umræðu hér á Alþingi að þörf sé fyrir löggjöf varðandi kreditkort. Oft hefur um það verið rætt að slík löggjöf yrði sett, en efndirnar hafa látið á sér standa.

Ég gerði líka að umtalsefni að í séráliti mínu hefði ég talið eðlilegt að auk seðlabankalaganna verði sett sérstök lög um peningamálastjórn. Sama atriði kom í rauninni fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann taldi eðlilegt að lög um peningamálastjórn væru inni í lögunum um Seðlabanka. Ráðherra sagði að til þess væri engin sérstök ástæða. Ég get í sjálfu sér tekið undir þá skoðun ráðherra að það geti verið sérlög, en það sem á skorti hjá ráðherranum var spurningin um hvaða skoðun hann hefði á slíkri löggjöf, hvort hún væri í undirbúningi og hvort þess væri að vænta að slík lög yrðu sett bráðlega.

Í fjórða lagi langar mig þá til að víkja að atriði sem ég gerði að umtalsefni sérstaklega í minni fyrstu ræðu um þetta málefni og það varðar svokölluð ávöxtunarfyrirtæki. Mér þótti ráðherra fara heldur losaralega með það mál í sínum málflutningi. Hann orðaði það svo að ég hefði fjasað um hluti sem kæmu þessu frv. ekkert við, en það kom ekkert fram í máli ráðherrans um hvernig hann teldi að halda ætti á málum af þessu tagi eða hvað hann hygðist fyrir nema það að hann vísaði í frv. sem lagt hefur verið fram um verðbréfamiðlun. Það er mér vitaskuld kunnugt um að hér sé fram lagt og ég gat um það í upphafsræðu minni, en ég tel það algjörlega ófullkomið til þess að fást við það viðfangsefni sem hér er um að ræða.

Í útvarpinu kom fram nýlega einn af forsvarsmönnum sjóða af þessu tagi, einn af forsvarsmönnum Hávöxtunarfélagsins, Pétur H. Blöndal. Tilefni þess að hann tók til máls í Ríkisútvarpinu var sá málflutningur sem ég hafði uppi haft í þinginu um þessa ávöxtunarsjóði. Það var athyglisvert að þessi talsmaður sjóðanna mótmælti ekki einu einasta atriði í málflutningi mínum og sagði að margt af því sem ég hefði sagt væri réttmætt og eðlilegt og löggjöf væri eðlileg í þessum efnum. Hins vegar taldi hann að ég væri á neikvæðri braut í umfjöllun minni um þetta mál þó að ekki hafi verið bent á að ég hafi farið að neinu leyti rangt með heldur einmitt hitt, sem þessi talsmaður sjóðanna tók fram, að margt af því sem ég hafði sagt hafi verið réttmætt.

Hverjar voru þær jákvæðu hliðar sem ég átti ekki að hafa gert að umtalsefni? Jákvæðu hliðarnar áttu að vera þær að hér væri smælingjunum gefinn kostur á hárri ávöxtun. Við eigum eftir að sjá hver ávöxtunin verður eins og var í rauninni minn boðskapur. Menn eiga eftir að reyna það þegar þeir fara að reyna að selja þessi bréf.

Mér skildist að annað jákvætt væri það að hér kæmu peningar til atvinnulífsins. Ég get ekki séð að þessir peningar komi neitt frekar til atvinnulífsins þessa leið en þó þeir væru til ávöxtunar í bönkum eða í öðrum skuldabréfum með öðrum hætti. Hins vegar hef ég bent

á að eins og þessir sjóðir halda á málflutningi sínum get ég ekki séð að þeir séu að leitast við að leiða fólk í sannleika um hvernig þessum málum sé háttað. Ég vísa því þess vegna gjörsamlega á bug að ég hafi fjallað um þessi mál með einhverjum sérstökum neikvæðum hætti. Tilgangur minn hér með því að gera þetta að umtalsefni er að vekja athygli á hvernig málið er í pott búið. Og við skulum rifja það upp í stuttu máli.

Nú eru engin lög eða reglur í gildi um svona sjóði. Hvaða spilaklúbbur sem er getur stofnað sjóð af þessu tagi. Sumir sem að þessu standa geta verið ráðvandir, aðrir ekki. Í öðru lagi ráða upphaflegir stofnendur sjóðsins öllu um hann. Þeir sem kaupa ávöxtunarbréfin hafa engan íhlutunar- eða eftirlitsrétt. Þessir sjóðir eru ekki undir neinu eftirliti. Þeir reikna sjálfir út hvert þeir telja vera verðgildi bréfanna. Þeir reikna sjálfir út hver þeir telja að ávöxtunin hafi verið. Menn hafa ekkert annað að leita til þess að ganga úr skugga um hvernig þeir útreikningar eru gerðir eða að hve miklu leyti þeir standast.

Þessir sjóðir virðast geta auglýst hvað sem þeim sýnist og ráðamenn þeirra geta farið með sjóðinn eins og þeim sýnist. Sú ávöxtun, sem auglýst er og verið er að telja mönnum trú um að menn séu að fá, er útreiknuð ávöxtun en ekki það sem getur talist staðreynd. Og það er ekkert sem tryggir mönnum neina tiltekna lágmarksávöxtun í framtíðinni. Það er engin ávöxtun útgreidd jafnóðum, eins og ég hef gert að umtalsefni. Eina ráðið sem menn hafa til að fá raunverulega vexti á fé sitt er að selja ávöxtunarbréfin og einu kaupendurnir að þessum bréfum eru sjóðirnir sjálfir sem áskilja sér rétt allar götur til ársins 2005, sagði ég víst í ræðu um daginn en nú hef ég komist að því að hinn sjóðurinn hefur það allar götur til ársins 2010, að kaupa þessi bréf.

Hvernig auglýsa svo þessir sjóðir? Þeir auglýsa ekki með neinu smáletri. „Til hamingju. Þið völduð rétta kostinn. Á hálfu ári hafa kjarabréfin skilað eigendum sínum 26,8% ársávöxtun umfram verðtryggingu." Síðan kemur lítil stjarna og stjarnan vísar til smáleturs í horninu um að sú ávöxtun sem hér sé verið að auglýsa miði við tiltekið tímabil sem er 17. maí 1985 til 17. nóvember 1985. Valdir dagar væntanlega, ekki til að sýna lága ávöxtun heldur valdir dagar til að sýna sem hæsta ávöxtun. Og það má rekja með hvaða hætti menn geta fengið svo háa útreiknaða ávöxtun.

Þeir klípa ekki utan af því. Auglýsingarnar eru stórar og þær birtast í litum. Hér segir að kjarabréfin séu stórmerk nýjung. Þetta er auglýsing úr Morgunblaðinu og segir þar að „á hálfu ári hafa þau skilað eigendum *sínum 26,8% ársávöxtun umfram verðtryggingu*". Þau hafa skilað því með þeim hætti að þetta er útreikningur sjóðsins sjálfs. Það þarf ekki eyrir að hafa farið til eigendanna í útgreiddum vöxtum eða í útreiddu fé.

Þeir segja líka í þessari auglýsingu: „Kjarabréfin eru stórmerk nýjung." Þar eru nokkrir punktar. Ég gríp niður í þeim. Einn punkturinn er svona: „Þú getur innleyst kjarabréfin hjá verðbréfasjóðnum með nokkurra daga fyrirvara." — Þetta er auglýst í blöðunum: Þú getur innleyst bréfin hjá sjóðnum með nokkurra daga fyrirvara. Þetta eru kjarabréfin. Það var um þau sem ég greindi frá því að til þess að fá innlausn þyrfti að senda umsókn á sérstöku eyðublaði. Síðan ætti stjórn sjóðsins að innleysa bréfin samkvæmt ákvæðum í bréfinu eigi síðar en 90 dögum frá þeim degi að innlausnarkrafa barst eða næsta virkan dag þar á eftir, en að stjórn verðbréfasjóðsins sé heimilt að fresta innlausn telji hún ástæðu til þess, sbr. þó ákvæði um endanlegan gjalddaga sem er árið 2005. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Þó nokkuð. (**Forseti:** Þá er komið að því að þessum fundi verður lokið í dag og þessu máli verður haldið áfram síðar.)

Umr. frestað.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal þess getið að á síðari fundi í dag verða umræður utan dagskrár um verðlagningu á olíu.

Stefnumörkun í menningarmálum, fsp. 217. mál (þskj. 445). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég mæli fá orð fyrir fsp. um stefnumörkun í menningarmálum sem ég flyt ásamt hv. 10. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur og er svohljóðandi til hæstv. menntmrh.:

„Hyggst menntmrh. beita sér fyrir vinnu að ákveðinni stefnumörkun í menningarmálum í samráði við helstu áhugaaðila um menningarstefnu?"

Tilefni þessarar fsp. er af tvennum toga. Annars vegar fluttum við fyrirspyrjendur fyrir nokkrum árum till. til þál. um stefnumörkun í menningarmálum þar sem sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir gerð almennrar stefnumörkunar í menningarmálum í því skyni að jafnt atvinnu- sem áhugamennska í þessum efnum hafi við ákveðnari viðmiðun að styðjast frá hálfu ríkisvaldsins, ekki síst varðandi einstök menningarleg átök, viss forgangsverkefni sem út undan hafa orðið og aukna tryggingu fyrir eðlilegum skipulegum fjárhagsstuðningi við alhliða menningarstarfsemi. Í því efni þarf að kanna sem best allar mögulegar leiðir, beinar sem óbeinar, til aðstoðar áhugafélögum á hinum ýmsu sviðum listsköpunar. Sömuleiðis hvernig best megi auka stuðning hins opinbera við íslenska menningarstarfsemi með beinum fjárframlögum, niðurfellingu ýmissa tolla og skatta og með öðrum örvandi áhrifum."

Af hálfu okkar flm. þá var lögð rík áhersla á að hér ætti ekki að vera um opinbera forsjá að ræða, enn síður valdboð að ofan um menningarstefnu.

Grg. okkar var að meginhluta unnin af ágætu kunnáttufólki, Niðri P. Njarðvík rithöfundi, sem þá var í forsvari sinna samtaka, og Helgu Hjörvar, þáverandi framkvæmdastjóra Bandalags ísl. leikfélaga, núverandi skólastjóra Leiklistarskólans.

Um þetta mál urðu nokkrar umræður með og móti, en það fékk þó ekki þær undirtektir sem við höfðum vænst.

Hitt tilefnið var ádrepa Sigurðar A. Magnússonar rithöfundar á síðasta degi liðins árs við afhendingu styrks til hans úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins, ádrepa sem eftir var tekið og, hvort sem menn eru sammála eður ei, ádrepa um stefnuleysi í menningarmálum almennt. Þessi ádrepa ýtti einnig við tillögumönnum. Sjálfsagt þykir því að spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir vinnu að ákveðinni stefnumörkun í þessum málum eður ei.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hefði auðvitað löngun til að svara þessari spurningu játandi eins og hún er lögð fram. Ég fór að velta því fyrir mér hvar væri t.a.m. að finna mörkun slíkrar stefnu í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstj. og satt best að segja mundi ég ekki að svo fátæklegt væri þar um að litast eins og raun gefur vitni um því að ég mátti marglesa yfir stefnuyfirlýsinguna áður en ég hnaut um orðið menntun. Það er að finna í aukamálsgrein aftan við það sem sagt er um utanríkismál að ríkisstj. muni leggja áherslu á velferð, jafnræði, öryggi, menntun, félagslegar umbætur og góða heilbrigðisþjónustu.

Það var þá ekki loku fyrir það skotið að ég hnaut um orðið menntun í stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstj. sem ég á sæti í. Af því mega menn marka að heldur hefur verið fátæklegt um að litast í opinberri stefnumótun í menningar- og menntamálum — eða menningarmál skulum við halda okkur við því að hér auðvitað er verið að spyrja um menningarstefnur. Ég er þó ekki þar með að segja að þetta sé allt af hinu illa vegna þess að það sem kannske hefur komið einna mestu óorði á einræðisríkin er hin miðstýrða menningarstefna sem þar hefur verið að finna, og sýnir sig að með þeim hætti blómstrar og dafnar menning aldrei, enda er alveg áreiðanlega ekki átt við það af hálfu fyrirspyrjanda að til neins slíks sé gildrað.

Ég býst við því að ég sé ekki fyrsti menntmrh. sem þannig háttar til um að ekki stýri eftir mótaðri og markaðri menningarstefnu. Mér er nær að halda að ég sé sá síðasti af öllum hinum sem þannig háttar til um. A.m.k. er það ekki svo að ég minnist þess að hafa hnotið um það, þegar ég fer að velta málinu fyrir mér, að opinber menningarstefna hafi verið skýrt eða fast mótuð.

Ég verð að segja að í örstuttum fyrirspurnatíma gefst auðvitað enginn tími til að fjalla um þessi mikilvægu mál sem vert væri og það væri áreiðanlega ómaksins vert fyrir hið háa Alþingi að setja einhvern tímann á eldhúsdag um svo mikilvæg málefni. Ég mundi fagna því ef menn gætu orðið sammála um það því margt ómerkara er rætt hér löngum stundum.

Auðvitað hefur þess orðið vart og um það hefur maður lesið að menn hafa ekki verið á eitt sáttir um með hvaða hætti eða hvort taka bæri upp opinbera stefnu í menningarmálum. Ég held þó að þetta sé svo víðfeðmt svið að að allverulegu leyti mætti marka árangursríka stefnu og móta í þessum mikilvægu efnum og láta ekki kylfu ráða kasti og tilviljanir, eins og allt of oft gefur raun vitni um. Ég minni á hvernig það vill fara úr hendi þegar við erum að fást við stefnumótun, framkvæmd einhverrar ímyndaðrar menningarstefnu sem á sér stað við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Ég ætla engum orðum að fara um það, en ég verð að játa að í fyrsta og eina skiptið sem ég hef um þau mál vélt varð ég fyrir ákaflega miklum vonbrigðum án þess þó að þar væri stórt lagt undir.

Ég held að umræða á hinu háa Alþingi væri ákaflega gagnleg, rækileg umræða um þessi mál, þar sem menn líka gætu komið að því sem vissulega gæti talist varhugavert ef menn ætla að ganga of rækilega til skjalanna um einhverja miðstýrða menningarstefnu. Ég vænti þá og er þess fullviss að þó menn greini hér á um ýmsar pólitískar leiðir, þá dettur mér ekki í lifandi hug að hér sé yfirleitt að finna neinar slíkar skoðanir að á Íslandi bæri að taka upp einhverja miðstýrða menningarstefnu.

Þegar ég var að velta fyrir mér svari við þessari spurningu hugsaði ég með mér að ég mundi hafa þær einar signingar yfir svarinu að lýsa mig reiðubúinn til þess að setja á umræður um mótun eða vinna að stefnumörkun í samráði auðvitað við helstu áhugaaðila um menningarstefnu. En ég álít að fram hjá Alþingi mætti allra síst ganga í þeim efnum.

Ég hef auðvitað sáraskamma reynslu af setu í embætti menntmrh. og þess vegna get ég orðið til lítillar leiðsagnar yfirleitt ef menn vilja kafa í þessi mál nú og hér. En ég er reiðubúinn til og hef raunar mikinn áhuga á því að leggja fram krafta ráðuneytisins þar sem hlýtur þó að vera að finna ýmsar þær upplýsingar og gögn sem að gagni mættu koma við árangursríkar umræður til að byrja með um stefnumótun í menningarmálum. Ég er tilbúinn til þess að leggja allt slíkt af mörkum. Og ég hefði afskaplega mikinn áhuga á að heyra meira um hugmyndir manna með hvaða hætti við ýttum úr vör að þessu leyti. Ég legg áherslu á að orð eru til alls fyrst og að það er mikils vert að menn setji sig ekki í of þröngar stellingar þegar í upphafi heldur ræði þetta í rúmum ramma áður en menn taka fastari og ákveðnari afstöðu til einstakra þátta því allt er þetta ákaflega viðkvæmt í sjálfu sér. Ég man ekki betur en einhvern tímann væri það orðað svo að best færi á því að láta menninguna í friði með öllu af hálfu opinberra afskipta og mikið kann að vera til í því. En allt að einu getur hið háa Alþingi, t.a.m. við afgreiðslu fjárveitinga, haft úrslitaáhrif á einhverja mikilvægustu þætti í þessu sambandi, hvernig þeim vindur fram.

Eins og ég sagði gefst ekki tóm til þess nú að ræða þetta að neinu gagni. Herra forseti. Ég skal stytta mál mitt mjög, en ég var rétt að því kominn að minna á jafnmikilsverða þætti, sem margræddir hafa verið hér á hinu háa Alþingi, og starfslaun og ritlaun rithöfunda, rithöfundasjóðinn. Menn reiddu hátt til höggs á sínum tíma hvernig til hans skyldi aflað fjár, en það er ekki að verða undantekning að hið háa Alþingi brjóti lög sem það setur í slíkum efnum heldur alger regla þegar að því kemur að standa við fjárútvegun í þessu skyni.

Ég man ekki tölur til að fara með, en mér er nær að halda að í rithöfundasjóðinn ættu samkvæmt gömlu lögunum að hverfa einar 150 millj. kr., ef ég man það rétt, sem reiknað hafði verið út að ætti að vera af bóksölu, en ég man ekki hvort við höfum úr 1/10 eða 1/20 hluta af slíku að spila á þessu starfsári.

Þetta nefndi ég aðeins sem dæmi, en svarið get ég endurtekið, að ég er reiðubúinn til þess að vinna að stefnumörkun, en vil fyrst setja á einhvers konar ráðstefnu, sem við getum líka fengið hið háa Alþingi beinlínis til að taka þátt í, um málefnið áður en lengra verður haldið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki hefja langt mál, en ég taldi mig eiga nokkurn rétt, þar sem ég er meðflytjandi þessarar fsp., að segja hér nokkur orð.

Það gleður mig að heyra hvernig hæstv. ráðh. tók undir þessa fsp. og ég hef enga ástæðu til að halda annað en að honum sé nokkur alvara í því sem hann hér sagði.

Mér þykir rétt að minna hið háa Alþingi á að ekki hefur öllu verið gleymt í þingsölum á síðustu árum hvað varðar íslenska menningu. Ég vil minna á Þýðingarsjóð Íslands sem hér varð að lögum fyrir líklega þremur, fjórum árum og hefur þegar sýnt ágæti sitt, en það frv. fluttum við hv. þm. Ingólfur Guðnason. Listskreytingasjóður varð lögbundinn í tíð hæstv. fyrrverandi menntmrh. Ingvars Gíslasonar. Kvikmyndasjóður var stórlega bættur í tíð hæstv. þáverandi ráðh. Ragnars Arnalds og ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens setti það að skilyrði fyrir stjórnarsamstarfi að verulega skyldi unnið að smíði Þjóðarbókhlöðu. Þetta er allt gott og blessað, en enn þá er mikið ógunnið og ég held að sjaldan hafi verið sótt eins að íslenskri menningu og núna.

Ég veit, herra forseti, að ég er kannske að syndga upp á náðina, en ég vil aðeins leggja áherslu á að það er tvennt sem er arðbært á Íslandi og aðeins tvennt. Það er fiskurinn í sjónum og íslensk menning. Annað hefur aldrei verið arðbært á Íslandi. Þetta vil ég biðja hv. alþm. að muna. Það er ekki tilviljun að ekki er hægt að gera við íslenska þjóð hvað sem stórveldum sýnist. Á því er aðeins ein skýring. Við kunnum að lesa og skrifa og gerum það harla vel. Það veit ég að hæstv. ráðh. veit eins vel og ég.

Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðh. um að það er mjög nauðsynlegt að efna til málþings um stefnumótun íslenskrar menningar. — Ég treysti því að hæstv. ráðh. láti ekki hv. þm. Garðar Sigurðsson segja sér að það sé bara fiskur sem sé arðbær. — Það þarf nefnilega að efna til málþings nú um íslenska menningu, framtíð hennar og mótun. Ég er alveg sammála því að það þarf ekki að vera nein miðstýrð menning, en ég held að aldrei hafi verið meiri þörf á stefnumótun. Fyrsta skilyrðið er auðvitað að einhver megi vera að því að sinna menningu og fræðslu í staðinn fyrir að eyða öllum tíma sínum í brauðstrit til þess að geta skrimt í þessu þjóðfélagi.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. hinar jákvæðu undirtektir hans.

Varðandi umræður um menningarstefnu er það auðvitað einfalt af hálfu okkar flm. þeirrar till. sem ég rakti í upphafi að endurflytja hana í einhverju formi á Alþingi þannig að hér gefist kostur á því að ræða um almenna stefnumörkun í lengri tíma en hér er til umráða í stuttum fyrirspurnatíma. Ég vil líka taka það fram að við drögum ekkert, eins og ég sagði reyndar áðan, úr gildi frjálsrar menningarstarfsemi. Það er hið ótvíræðasta. En eins og hæstv. ráðh. kom reyndar sjálfur inn á: Nauðsynlegur stuðningur og nauðsynleg uppörvun við þessa menningarstarfsemi er nákvæmlega jafnmikilvæg. Ég bendi á að ekki hafa nágrannaþjóðir okkar að ófyrirsynju markað ákveðna rammastefnu í menningarmálum og reynt að fylgja henni eftir, sérstaklega til þess að fjárveitingarvaldið hefði þar visst aðhald og vissa leiðbeiningu um á hvað skyldi leggja áherslu hverju sinni. Ég held að það sé þess vegna ótvírætt að nauðsynlegt er að hafa ákveðinn ramma þar um. Og fyrir hina ýmsu menningaraðila, bæði áhugaaðila og þá aðila sem hafa það beinlínis fyrir atvinnu, er þó enn brýnna að vita hvar þeir standa í þessum málum, enda hafa þeir aðilar mjög knúið á um þessa skipan mála í nálægum löndum og reyndar hér á landi einnig.

Hér gefst ekki tími til að rekja ýmis atriði úr þeirri grg. sem fylgdi till. okkar hv. 10. landsk. þm. á sínum tíma, en þar lagði t.d. skólastjóri Leiklistarskólans núna, Helga Hjörvar, áherslu á að með stefnumörkun á þessu sviði væri líklegt að fjármunir, sem til þessara verkefna væri varið, mundu nýtast miklu betur en nú er miðaða við það handahóf sem hæstv. ráðh. kom réttilega inn á að gilti um fjárveitingar í þessum efnum.

Ég geri kannske lokaorð Njarðar P. Njarðvík að mínum þar sem hann segir í lok þessarar grg. eftir ítarlegan rökstuðning fyrir nauðsyn stefnumörkunar, ekki forsjá, ekki miðstýringu heldur stefnumarkandi áhersluatriðum, sérstaklega varðandi stuðning hins opinbera. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Íslensk menning má ekki verða minningin ein, hún þarf að vera síung, og til þess að svo megi verða þarf að hlúa vel að henni. Í raun og veru höfum við ekki efni á öðru sem þjóð en snúa við blaðinu og hefja íslenska menningu til vegs með myndarlegum stuðningi í stað þess að gera hana að hornreku í fjárlögum okkar eins og nú hefur verið of lengi."

Ég treysti á hæstv. ráðh. að hann geri þennan dóm um hornreku íslenskrar menningar í fjárlögum okkar sem fyrst að markleysu.

Ingvar Gíslason: Þetta verður örstutt athugasemd, herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. um að það eru ansi mikil brögð að því, þegar samdir eru stjórnarsáttmálar, að hvergi sé minnst á menningarmál, og það hefur sennilega hent þá stjórn sem nú situr að gefa hæstv. menntmrh. heldur litlar og fáar forskriftir um hvernig hann skuli stýra menningarmálunum. En um það er best að tala sem minnst á þeirri einni eða tveimur mínútum sem ég hef til umráða.

En ég vil taka undir það sem hæstv. menntmrh. sagði, að það væri æskilegt að „setja hér á eldhúsdag" um menningarmál, en það mun merkja á venjulegu mæltu máli að nauðsynlegt sé að ræða menningarmál á Alþingi í nokkuð víðu samhengi. Ég held að ef þessi fsp. verður til þess að hér verður „tekinn" þess háttar eldhúsdagur, að það fari fram þess háttar umræður, þá sé nokkuð unnið við fsp.

Hins vegar held ég jafnframt að það sé mjög erfitt mál að ætla sér í einu vetfangi að marka heildstæða menningarstefnu eins og menn tala um. Það er býsna erfitt að gera slíkt, og kannske hefur það aldrei verið gert. En það þýðir reyndar ekki að það sé engin menningarstefna til á Íslandi. Auðvitað hefur hér í áranna rás og svo lengi sem þingið hefur starfað sem löggjafarþing að vissu leyti verið mörkuð menningarstefna. En vafalaust er rétt að það er nokkuð óljóst við hvað miðað er þegar slík stefna er framkvæmd og væri vissulega æskilegt að geta frekar markað hana, sett eins konar rammalög um hvernig við verjum fé úr almannasjóðum til uppbyggingar menningarmálum.

Þetta vildi ég segja almennt um þetta, en enginn tími er til þess að gera þessu nein heildstæð skil. En ég vil

taka undir það, sem hér hefur komið fram og hæstv. menntmrh. benti reyndar á sjálfur, að það væri æskilegt að hefja hér almennar umræður um menningarmál.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Svo stendur á að 3. mál á dagskrá þess fundar sem enn stendur er fsp. sem ég bar fram á fyrsta fundi þings eftir að það kom saman að loknu jólahléi. Þetta er fsp. um afstöðu tveggja hæstv. ráðherra í ríkisstj. til hagsmunamála kennara sem mjög eru til umræðu þessa daga og undanfarnar vikur og ég hafði vænst þess að fá svör við þessari fsp. mjög skjótlega eftir að hún var lögð fram eða við fyrstu hentugleika.

Nú er kominn annar eða þriðji fyrirspurnatími í Sþ. án þess að svör hafi verið veitt af hæstv. ráðherrum. Hæstv. fjmrh. hefur nú í annað sinn ekki verið viðstaddur á fundi þingsins þegar fsp. hafa verið teknar fyrir, en ég beindi fsp. til hans og til hæstv. menntmrh.

Ég ræddi um það í byrjun fundar við hæstv. menntmrh. og raunar við hæstv. forseta líka, hvort ekki væri unnt að taka a.m.k. hluta þessarar fsp. fyrir og helst að leita eftir því að hæstv. fjmrh. kæmi til þingfundar ef kostur væri til þess að veita svör við máli sem ber hvað hæst í þjóðmálum þessa dagana. Það er beðið eftir svörum þessara hæstv. ráðherra varðandi þau efni sem fsp. fjallar um. Hæstv. menntmrh. tók vel undir að leita eftir því við flokksbróður sinn, hæstv. fjmrh., hvort hann gæti ekki komið til þingfundar þrátt fyrir boðaða fjarvist og ég hafði vænst þess að þingfundi yrði ekki slitið áður en á það reyndi. Ég vildi mælast til þess, hæstv. forseti, að á þetta mætti reyna áður en þingfundi lýkur og að hluti fsp., a.m.k. sá hluti sem snýr að hæstv. menntmrh., yrði tekinn hér til umræðu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Fyrst til að taka er nokkuð óvenjulegt að fsp. sé gerð til tveggja ráðherra, sama fsp. Það er þó heimilt skv. þingsköpum. En það breytir ekki því að sú regla gildir eftir sem áður að taka ekki til umræðu fsp. nema sá ráðherra, sem á að vera fyrir svörum, sé viðstaddur. Þess vegna var þessi umræddа fsp. skv. 3. dagskrárlið ekki tekin til umræðu. Skv. þingvenju og hlutarins eðli er ekki hægt að taka fsp. til ráðherra til umræðu nema ráðherrann sé viðstaddur. Fjmrh. hefur fjarvistarleyfi, svo sem kunngert var í upphafi fundar. Fjmrh. er ekki vanur frekar en aðrir ráðherrar að biðja um fjarvistarleyfi nema það sé af sérstökum og brýnum ástæðum. Svo er nú með fjmrh.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef litlu við þetta að bæta sem kom fram hjá hæstv. forseta. Ég mun hafa samband við fjmrh. og ræða það við hann hvernig við fyrst og best getum gert þessum spurningum skil. Ég hef verið tilbúinn til þess að svara mínum hluta fsp. og raunar er það svo með fyrri tvo liðina sem ætlaðir eru fjmrh. að nokkuð fullgild svör við þeim komu fram í bréfi, sem hann skrifaði á sínum tíma til fjölmenns fundar sem við hv. þm. sátum báðir uppi á Sögu, til Kennarasambandsins eða Bandalags kennarafélaganna og eins er það að af því hefði mátt ráða nokkuð í svör við þessum spurningum. Ég mun, herra forseti, leita eftir því við fjmrh. að setið verði fyrir þessum svörum hið allra fyrsta.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að venja er að forseti leitar eftir að fsp. sé svarað eins fljótt og þingsköp gera ráð fyrir. Ef óhjákvæmilegur dráttur verður á því að hægt sé að taka fyrir fsp. er leitast við af hálfu forseta að hraða því. Hæstv. menntmrh. verður studdur í þeirri viðleitni sinni í þetta sinn og það verður athugað með hverjum hætti er hægt að leysa þetta mál sem farsællegast.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ekki að fara þess á leit að brugðið verði út frá þingsköpum né venjum í þinginu í sambandi við þetta efni, en ég taldi óhjákvæmilegt að vekja athygli á því hvernig á stæði um þetta mál sem svo lengi hefur verið á dagskránni. Ég þakka fyrir undirtektir um það að hæstv. ráðherrar verði beðnir um — og raunar hefur hæstv. menntmrh. tekið undir það — að standa þinginu skil á svörum við þessari fsp. við allra fyrstu hentugleika. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti hefur í huga að það geti orðið síðar á þessum degi, en ég vil mælast til þess að það dragist þá ekki lengur en til upphafs næsta fundar í Sþ. á fimmtudaginn kemur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal ítrekað að forseti mun leitast við að fá lausn á þessu máli svo fljótt sem kostur er.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 11. febr., að loknum 44. fundi.

Bifreiðamál ríkisins, þáltill. 204. mál (þskj. 392). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 37:1 atkv.

Eldvarnir í opinberum byggingum, þáltill. 209. mál (þskj. 437). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, þáltill. 218. mál (þskj. 446). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Sjálfstæðar rannsóknastofnanir, þáltill. 219. mál (þskj. 447). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 31:3 atkv.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sem kunnugt er hefur orðið stórfelld breyting á verði á olíuvörum á undanförnum vikum þar sem um lækkun er að ræða frá nálægt 270 dollurum á tonn af gasolíu, svo að dæmi sé tekið, niður í 173,5 bandaríkjadali þegar verðið fór lægst. Hins vegar liggur það fyrir að hérlendis hefur engin breyting orðið á verði gasolíu síðan 23. okt. s.l. að verð á lítra hækkaði úr 11,10 kr. í 11,90 kr. Svartolíuverð hefur að vísu lækkað lítillega eða um 1000 kr. tonnið og bensínlítri smávegis einnig eða um 1 kr. á lítrann, en gasolían hefur ekki hreyfst hvað verð snertir frá því að það hækkaði í okt. s.l. haust.

Seint á síðasta ári keyptu olíufélögin inn mjög mikið magn af olíuvörum á háu verði, gasolíuna á 237–269 bandaríkjadali tonnið. Þessar birgðir eru taldar endast, skv. upplýsingum verðlagsstjóra, fram undir sumarmál eða til 20. apríl. Svartolíubirgðir eru taldar endast til viðlíka langs tíma.

Ljóst er að hér er um stórfellt hagsmunamál að ræða fyrir þjóðarbúið, einkum fiskiskipaflotann og loðnuverksmiðjur. Á sama tíma og lítri af gasolíu er seldur hér á tæpar 12 kr. lítrinn er verðið um 7 kr. í Bretlandi og litlu hærra í Danmörku. Miðað við að togari brenni 5 þús. lítrum af gasolíu pr. sóknardag, sem að mati LÍÚ er nálægt lagi, svarar umframkostnaðurinn hér til 25 þús. kr. á sólarhring og um 6,75 millj. kr. á ári miðað við 270 úthaldsdaga. Þetta er vissulega óheyrilegur munur. En ársnotkun miðað við gildandi verð fyrir togara sem brennir gasolíu er nálægt 16 millj. kr.

Útgerðarmenn reyna að sjálfsögðu að komast yfir ódýrari olíu erlendis og þá í tengslum við siglingar með fisk og láir þeim það vissulega enginn. Það liggur því fyrir að þessi mikli verðmunur, sem hér er á olíuvörum miðað við það sem er í grannlöndum okkar, leiðir til þess að atvinna dregst saman í landi, að meira er flutt út af óunnum fiski heldur en ella væri og það þarf ekki að fara mörgum orðum um þjóðhagsleg áhrif af slíkri starfsemi.

Ég tel mig hafa heyrt það býsna oft að undanförnu að þörf væri á að framleiða meira af freðfiski fyrir markað í Bandaríkjunum t.d. þar sem verðlag hefur farið hækkandi. Menn hljóta að spyrja: Hversu lengi á það að ganga þannig fyrir sig að verðbreytingar, verðlækkun, verði á olíuvörum án þess að það komi fram í verðlagningu hér innanlands? Er ekki eðlilegt að mikil verðlækkun á olíu komi fram með einhverjum hætti og helst með skjótum hætti hér innanlands? Er ekki eitthvað bogið við það kerfi sem við búum við í innkaupum og verðlagningu á olíuvörum? Ég spyr hæstv. viðskrh. og vænti þess að hann geti svarað því hér við umræðuna. Er þess ekki að vænta að ríkisstj. beiti sér fyrir lækkun á olíuvörum alveg á næstunni?

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram hefur komið lækkuðu bæði svartolía og bensín fyrir hálfum mánuði síðan. Hins vegar hefur sá háttur verið hafður á við verðlagningu á olíum að hún heyrir undir verðlagsráð þar sem í eiga sæti fulltrúar hinna ýmsu greina, bæði launþega og viðskipta ásamt verðlagsstjóra og formanni ráðsins.

Eins og menn vita er hér innkaupajöfnunarreikningur sem tekur við sveiflum á verðlagningu og þegar verð hefur farið upp hafa birgðir verið seldar áfram á lægra verði á meðan þær endast. Sama hlýtur að gilda þegar olía lækkar. Staða innkaupajöfnunarreiknings er áætluð um næstu mánaðamót, hvað gasolíu snertir, -30,8 millj. kr. Það verður útstreymi á innkaupajöfnunarreikningi miðað við það verð sem núna er, 11,90 kr. Verðið hefði þurft að vera 12 kr. til þess að útstreymið hætti. Ef verð lækkaði skyndilega til samræmis við neðsta verð á heimsmarkaði, en það hefur stigið aftur núna og í dag er það yfir 200 dollarar svo að það er gott að taka alltaf bara lægsta daginn, mundi verða hér stórfellt útstreymi á innkaupajöfnunarreikningi sem þýðir það að gengið er á fjármagn bankanna sem mér skilst að margir alþm. telji að láni of mikið.

Ef þessi þróun heldur áfram er ég ekki þeirrar skoðunar að bíða eigi fram í miðjan apríl eftir lækkun. Ég er að vinna að því nú að lækkunin verði miklu fyrr á gasolíunni. Ég vil þó ekki nefna á þessari stundu ákveðinn dag. En sú ákvörðun getur kostað og kemur til með að kosta verulega aukið útstreymi á innkaupajöfnunarreikningi þannig að ef verð heldur áfram að lækka verður verðlækkun hægari því fyrr sem við grípum til þessara aðgerða. Ríkisstj. er hlynnt þessari leið og það mun verða leitað samráðs við verðlagsyfirvöld í þessum málum, en að þeim er nú unnið. Hins vegar er þetta mál meira og stærra en svo að hægt sé að svara því í tveggja mínútna ræðutíma.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var haft eftir hæstv. viðskrh. í DV nýlega að þegar verð hækkaði á heimsmarkaði hækkaði ekki olíuverðið hjá okkur og þegar það lækkaði lækkaði það að sjálfsögðu ekki heldur. Við höfum nú orðið að upplifa ýmsar hækkanir að undanförnu en lækkanir virðast vera æðilengi á leiðinni.

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. viðskrh. að hann talaði um að varasamt væri að miða við lægsta daginn. Það er í sjálfu sér rétt miðað við það kerfi sem við búum við vegna þess að það er engin hætta á því að nokkurn tíma komi til Íslands olía sem keypt er þá daga sem verð á olíunni er lægst. Í fyrsta lagi er þannig frá gengið í samningum við Sovétmenn að þeir hafa val um það á hvaða degi þeir afgreiða olíuna og þeir sem hafa skoðað línurit yfir olíuverðssveiflur á Rotterdam-markaði verða þess fljótlega varir að það er ekki í dölunum heldur er það í toppunum sem innkaupin eru gerð. Það er eitt af því sem skýrir olíuverðlagið á Íslandi.

Í annan stað hafa olíufélögin engan hag af því að vera að berjast við að kaupa olíu lágu verði því að þau fá ekki að njóta þess í neinu og fyrir bragðið fáum við ekki heldur að njóta þess í neinu. Ef eitthvert olíufélagið

skyldi slysast til þess að kaupa ódýra olíu hefur það engan hag af því. Það lendir bara á einhverjum innkaupajöfnunarreikningi sem ævinlega er öfugur, eins og kunnugt er, a.m.k. þegar um hann er spurt.

Ég held að það sé tímabært fyrir Íslendinga að hugleiða fyrirkomulag olíuinnkaupanna í heild sinni. Við höfum búið hér við skömmtunar- og leyfiskerfi varðandi olíumálin, skriffinnsku og sjóðsreikninga út og suður, bæði að því er varðar innkaup og verðjöfnun og þar fram eftir götunum, og það skilar okkur ævinlega háu olíuverði, skilar okkur fyrst og fremst háu olíuverði af því að olíufélögin hafa engan hag af því að gera góð og hagkvæm innkaup.

Ég lagði hér í fyrra fram till. til þál. um það að við skyldum taka upp frelsi í innflutningi á olíuvörum. Ég held að það sé eina raunhæfa leiðin til þess að ná hér fram raunverulegri lækkun á olíuvörum, lækkun sem mundi stafa af því að menn færu að haga innkaupum sínum með hagkvæmum hætti og sem mundi leiða til þess að það væri öfugmæli að ráðherra stæði upp og segði: Auðvitað má ekki miða við olíuna þegar hún er ódýrust, vegna þess að það er því miður rétt að miðað við núgildandi kerfi verður það aldrei, að hún sé keypt þegar hún er ódýrust, en ef við værum með skynsamlegt kerfi fengjum við líka ódýra olíu stundum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það geta vissulega talist betri fréttir en engar að hæstv. ríkisstj. hafi í hyggju að ná fram lækkun á gasolíuverði fyrir sumarmálin. Einhvern tíma fram að þeim tíma megum við vænta þess að verð á gasolíu verði lækkað frá því sem nú er.

Ég benti á hversu tilfinnanlegt það er að verðmunur hérlendis annars vegar og hins vegar í grannlöndum okkar á olíuvörum skuli verða með þeim hætti sem nú hefur orðið og er það raunar engin ný bóla að gasolíuverð sé til muna lægra í nágrannalöndum okkar heldur en hér innanlands. Það er því fyllsta ástæða til þess að fara ofan í saumana á því hvernig á því stendur að þessi staðreynd liggur fyrir og virðist vera nánast óumbreytanleg. Ég tek því undir það að á þau mál sé litið. Ég minni hins vegar á að hér er um flókið mál að ræða eins og raunar hæstv. viðskrh. nefndi og tilraunir sem á sínum tíma voru gerðar í sambandi við innkaup á olíu frá Bretlandi og áttu að færa okkur tekjur í okkar þjóðarbú reyndust snúast upp í andstæðu sína. Gott ef það var ekki þegar hv. 3. þm. Reykn. var viðskrh. að sú tilraun var innleidd.

Ég minni líka á að ég óskaði eftir því við umræðu um þessi mál, af tilefni þáltill. hér á þinginu í fyrra, að við fengjum um það skýrslu frá viðskrh. hver hefði verið þróun á liðnum tíma á verðlagi olíuvara í grannlöndum okkar annars vegar og hér hins vegar. Slík skýrsla hefur hins vegar ekki komið til þingsins og væri fyllsta ástæða til þess. Sá verðmunur sem hér er um að ræða er sannarlega með þeim hætti að það verður að teljast algerlega óviðunandi og það er ekki óeðlilegt, ef menn hafa trú á því að verðlag á olíuvörum haldist til muna lægra heldur en það var þegar keyptar voru inn miklar birgðir í lok síðasta árs, að þessi breyting verði látin koma strax fram með einhverjum hætti í verðinu. Auðvitað er það ákveðið áhættuspil. Menn sjá ekki allt fyrir í þessum efnum, en ég tel þó eðlilegt að menn taki þarna nokkra áhættu og reyni auk þess að endurskoða það kerfi sem í gildi er þannig að við getum vænst þess að þessi saga endurtaki sig ekki og við eigum að búa við þær aðstæður sem nú hafa skapast oft í framtíðinni. Á því tel ég mikla nauðsyn.

Þau olíufélög sem annast innkaupin á olíuvörum til landsins hafa ekki sýnt sig að vera févana ef litið er til fjárfestinga þeirra og samkeppni á undanförnum árum sem allir landsmenn þekkja. Það væri því ástæða til þess að auka hlut þeirra í þessari áhættu fyrir utan það að leita allra leiða til að ná verðinu niður svo geysilega stórt sem þetta hagsmunamál er fyrir okkur öll.

Ég vil að lokum, herra forseti, upplýsa það að á árinu 1984, sem er síðasta árið sem tölur liggja fyrir um olíunotkun hér innanlands, notuðu fiskiskipin 111 021 tonn af gasolíu og af svartolíu 52 523 tonn. Iðnaður og þá einkum loðnuverksmiðjur keyptu á því ári 67 830 tonn. Þetta eru stórar upphæðir og þegar litið er á þann verðmun sem ég gat um hér áðan, 5 kr. verðmun á lítra af gasolíu, eru hér sannarlega stórar upphæðir á ferðinni fyrir íslenskt þjóðarbú.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. sagði að hann vildi algjört frjálsræði í olíuinnflutningi. Hann var að vísu ekki langan tíma viðskrh., en hann var einnig sjútvrh. og ég vil spyrja hann hvaða tillögur hann hafi verið með í frjálsum innflutningi á olíu. Vill hv. þm. veita algjört frelsi í útflutningi á sjávarafurðum og brjóta niður samtök útvegsins eins og í frystum fiski, saltfiski og öðrum afurðum? Vill hann frjálsræði í útflutningi, koma í veg fyrir að Ísland geti á þann hátt gert samninga við Sovétríkin sem hafa verið áratugum saman í gildi? Vill hann hætta á það að við getum ekki selt nokkra síld þannig að um síldveiði verði ekki að ræða á næstu árum? Er þetta stefnan sem hv. þm. hefur núna? En hver var stefnan sem hann hafði þegar hann var ráðherra?

Verðjöfnun á olíu og beinn samanburður við ýmsar hafnir erlendis er ekki réttlætanlegur. Í okkar olíuinnflutningi er reiknað með og enginn hefur dregið í efa að það þurfi að vera birgðir hér sem endist tvo og hálfan til þrjá mánuði. Þessar birgðir eru dreifðar um landið. Það hefur ýmislegt komið fyrir. Hafís hefur legið fyrir Norður- og Norðausturlandi og þá væri nú heldur betur ráðist á stjórnvöld ef hafís kæmi og engar birgðir væru í landinu. Það geta komið líka fyrir tafir á afskipunum á margvíslegan hátt og ef olíulaust væri í landinu og fiskiskipaflotinn yrði þar af leiðandi að liggja í landi held ég að mundi heyrast hljóð úr horni víða. Hér er um verðjöfnun að ræða um allt land. Vill hv. fyrirspyrjandi afnema það? Það er hægt að lækka olíuverðið með því, en þá er líka verið að hækka verð út um hinar dreifðu byggðir landsins. Það var baráttumál strjálbýlismanna og allra þeirra þm. sem á sínum tíma vildu réttlæti að koma á jöfnu verði. Það var gert með þessum hætti.

Það er ekki hægt að halda uppi því formi sem er á innkaupajöfnunarreikningi og segja svo: Okkur varðar ekkert um hvernig innkaupajöfnunarreikningur stendur. Við eigum að draga úr útlánum bankanna, en við eigum samt í öðru orðinu að segja við bankana: Þið eigið að halda áfram að lána í olíuna og útstreymi á innkaupajöfnunarreikningi. Þetta er ekki svo einfalt. Það var rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, 5. þm. Austurl., að þetta væri ekki einfalt mál. Hins vegar var þetta mjög

einfalt mál fyrir 3. þm. Reykn. Hann hefur lausn á takteinum þegar hann hefur enga ábyrgð. Tal hans hér áðan var gersamlega ábyrgðarlaust með öllu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er sagt að vegir guðs séu órannsakanlegir og stundum er erfitt að skilja verðlagningar"prósessinn" hjá olíufélögunum. Hækkanirnar eru venjulega nokkuð fljótar að koma fram, en svo þarf aftur á móti að bíða lengi eftir lækkununum. Ég held að þjóðarbúið þurfi á því að halda að njóta hagsmuna af þeirri lækkun sem orðið hefur á olíuverði. En því stend ég upp að ég held að það séu tvær hliðar á þessu olíumáli og önnur hefur ekki verið hér til umræðu. Það er nefnilega ekki víst að þessi verðlækkun verði okkur til gagns þegar á allt er litið, a.m.k. ekki til frambúðargagns.

Ég hafði tækifæri til að hlusta á tvo erlenda sérfræðinga flytja erindi um þessa efnahagsþróun og þau áhrif sem olíuverðssveiflurnar hafa á hana. Annar þeirra er Klaus Sahlgren sem er framkvæmdastjóri ECE í Genf og hinn var formælandi vinnuveitendasambandsins í Svíþjóð. Þeir vöruðu við mjög miklum og alvarlegum efnahagslegum örðugleikum sem fylgdu í kjölfar þessarar olíuverðslækkunar og þeir rökstuddu mál sitt báðir tveir með því að aðrar orkulindir yrðu ekki samkeppnisfærar við olíuna meðan svona stæði á. Aðrar orkulindir yrðu sem sagt ekki samkeppnisfærar við olíu, olíuleit mundi stöðvast, beislun nýrra olíulinda mundi stöðvast og það yrði hætt að vinna olíu úr óarðbærari lindunum. Á endanum hættir olíuverðið að lækka, það getum við gefið okkur nú þegar, og þessi deila endar með því að leysast. Þá kemur aftur bakslag sem þessir sérfræðingar spáðu að yrði hrein verðsprenging og groddalegri en hefur nokkurn tíma áður orðið á olíu. Hvenær kemur sú sprenging? kann maður að spyrja. Það er erfitt að sjá fyrir. Kannske er það ár sem er í það, kannske eitthvað skemmra, kannske lengra. Sveiflur á verði þessarar mikilvægu vöru eru óæskilegar, en við verðum að njóta góðs af þessu lága verði meðan það varir.

Það er spursmálið í mínum huga hvort við eigum ekki að reyna að búa okkur undir mögru árin, njóta þess hags sem við komum til með að hafa tímabundið af lækkuninni og búa okkur undir mögru árin þegar olíuverðið hækkar aftur. En ég vara við því að menn séu að ávísa á bata sem muni hljótast á efnahagslífinu af þessum sökum.

En að lokum, herra forseti, ég tel að frjáls innflutningur á olíu sé ekki ráðlegur.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvort er svartara, svartnætti Páls Pétursssonar eða Matthíasar Bjarnasonar.

Páll Pétursson hefur boðað okkur að verðlækkun á olíu muni þýða hörmungar. Ég veit ekki nema heimsbyggðin líði jafnvel undir lok vegna þess að verðlækkun á olíu sé eitthvað það hættulegasta sem geti komið fyrir okkur. Hæstv. viðskrh. Matthías Bjarnason boðar það í rauninni að ef við tökum upp viðskiptafrelsi á þessu sviði muni líða yfir okkur ægilegt svartnætti. Það verði birgðaskortur, það muni ekki seljast sporður af fiski úr landi og verðlag muni að öllum líkindum fara upp úr öllu valdi. Þetta er myndin sem mennirnir draga af framtíð okkar. (**Samgrh.:** Ég nefndi ekki viðskiptasamning.) Ég skal segja hæstv. ráðh. að þegar hann hafði yfir svartagallsraus sitt áðan minnti hann mig á umræðuna sem fór fram þegar viðreisnarstjórnin ákvað að taka upp nokkurt frelsi í viðskiptum. Þá héldu sumir því fram að það yrði matarlaust meira og minna á Íslandi vegna þess að forsjáin mundi ekki vera fyrir hendi til að sjá til þess að cornflakes og kornmeti og ýmsar aðrar innfluttar vörur kæmu til landsins. Þetta er argasti útúrsnúningur. Svona gerist þetta ekki og það veit hæstv. viðskrh. Olían mun halda áfram að berast til landsins þó viðskiptafrelsi væri tekið upp á þessu sviði.

En hæstv. ráðh. vék sér undan því að ræða hvernig það kerfi hefði gefist sem við erum með, hvers konar olíuverð við hefðum fengið, hvernig sjóðsbókhaldið út og suður hefði leikið okkur. Hv. þm. Páll Pétursson hafði þó vit á því að segja að sér fyndist erfitt að skilja þessa verðlagningu og ég er hræddur um að almenningur á Íslandi sé sammála því.

Ég held að hæstv. ráðh. ætti að taka sig til og líta á galla þess kerfis sem við búum við og hann ætti að líta til þess fordæmis sem við höfum haft af því að taka upp frelsi í viðskiptum. Það er það sem við getum litið á, annars vegar hvernig þetta kerfi hefur reynst okkur og hins vegar hvernig það hefur reynst okkur að taka upp frelsi í viðskiptunum. Þá er ég sannfærður um að hæstv. ráðh. tekur sinnaskiptum.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ráðlegg hv. 3. þm. Reykn. að vera mun heiðarlegri í málflutningi en hann er. Ég sagði áðan að ég bæri kvíðboga fyrir því hvað yrði um sölu á afurðum til Sovétríkjanna, m.a. síldinni, sérstaklega síldinni, en þá segir hv. þm. að ég hafi sagt að það mundi ekki vera hægt að selja sporð ef olían væri gefin frjáls. Þetta er málflutningur í lagi. En hann kom sér undan að svara því að hann hefði ekkert gert meðan hann var ráðherra og engar tillögur lagt fram. Þetta er ábyrgðarlaust hjal hjá þm. og honum til mikillar minnkunar.

Kerfið í olíuinnflutningi þarf sannarlega athugunar við, en við gerum það ekki með því að auka útstreymi bankakerfisins á innkaupajöfnunarreikningi. Sami þm. er alltaf að tala um of mikil útlán til einstakra fyrirtækja. Það gerði hann í gær í Nd. En það er sjálfsagt að auka þetta útstreymi þegar hann kemur í Sþ. Hvað verður á morgun?

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Olíumál og viðskipti með olíu voru mjög rædd á síðasta þingi og ég held að það væri gott fyrir alla að rifja upp í stórum dráttum hvað sagt var. Það hefur verið deilt um hvort við ættum að hafa olíuviðskipti við Rússland eða ekki. Þetta er spurning sem menn þurfa að velta mjög fyrir sér. En ég er sammála hæstv. bankamálaráðherra og sem betur fer fleiri þm. Ég spyr: Hver yrði okkar staða í útflutningi til Rússlands á saltsíldinni t.d. ef við lokuðum fyrir viðskiptin við Rússland? Það er ákaflega gaman að tala um frjálsræði á öllum sviðum, en við verðum samt að vera raunsæ og líta á þá markaði sem við er að glíma. Ég veit ekki til þess að einn einasti markaður kaupi af okkur saltaða síld nema rússneski markaðurinn, nema þá í mjög litlum mæli, og hvað segja menn um það að við fellum þann atvinnuveg niður þó að við þurfum að kaupa einhverja olíu af þeim?

Árið 1984 flytjum við inn 499 000 tonn af olíuvörum.

Af því eru 66% frá Rússlandi. Hitt er tekið að langstærstum hluta af okkar frjálsa markaði. Í miklum viðræðum við olíufélögin í fyrra kom fram að þau töldu það vera sinn aðalvanda að þeim væri skipað af ríkisvaldinu að kaupa þetta stóran hluta frá Rússlandi og þau gætu þess vegna ekki beitt þeirri stýringu í dreifingu og verðlagningu á olíu sem þau óskuðu eftir. Það náðist ekki samkomulag um að ganga nógu langt að mínu mati til að lagfæra þetta. En það voru sett ný lög í fyrra og þar með var lagður niður hinn svokallaði innkaupajöfnunarreikningur. Hann er lagður niður frá síðustu áramótum. Það sem talað er um núna er sú skuld sem er enn þá t.d. vegna gasolíu. Hún var nefnd áðan og er 36 eða 38 millj., ef ég man rétt. Það er skuld á gasolíudæminu þar. Hún er fyrir hendi. Að öðru leyti, mér vitanlega, er innkaupajöfnunarreikningur nokkurn veginn sléttur.

Það áttu að taka gildi um áramótin lög um að hvert hinna þriggja olíufélaga hérlendis fengi sinn eigin innkaupareikning til að skapa þeim hvata til hagstæðari innkaupa. Það hafa þau getað gert. Hefðu þau viljað gera það ættu þau að hafa getað gert það á eigin innkaupareikning. Það átti að stuðla að því að þau gætu farið í samkeppni með þessa vöru út um landið. Hún yrði seld á sama verði alls staðar, hvort það væri í Reykjavík eða fyrir norðan, en hagstæð innkaup áttu að skapa þann möguleika að geta selt olíuvörur lægra verði og þá á sama verði um allt land, Shell þetta verð, BP þetta og ESSO þetta ef þau hefðu viljað. Það var vottur af samkeppni sem þarna átti að taka upp. Ég vil fylgja því eftir að þau geri þetta því að þau hafa verið undir of mikilli ríkisvernd sem þau búa sér til sjálf. Ekki er það að öllu leyti á hendi ríkisvaldsins heldur taka þau það upp hjá sjálfum sér. Þau eru búin að vera of lengi undir vernd ríkisins. Þess vegna var verið að veita þarna smugu til að þau gætu komið sér af stað. Ég vil að því sé fylgt eftir að þau vinni eftir reglum sem settar voru með lögunum á Alþingi s.l. vetur.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er kannske rétt að láta það koma fram að hæstv. ráðh. gerði ekki ráð fyrir því að allir atvinnuvegir hryndu, en hann taldi mikla söluerfiðleika úr landi ef við gripum til þess ráðs að koma okkur upp innflutningsfrelsi í olíuvörum.

En það bættist engu að síður við svartnættishjalið því að ofan á allt annað sem hann var búinn að nefna í fyrri ræðu sinni taldi hann líka samkvæmt hinni seinni að það yrði útstreymi á peningum úr bönkunum svo að þeir mundu væntanlega fara endanlega á hausinn ef þetta yrði gert. Ég hef ekki nokkra trú á því. Ég held að það sé einmitt þetta forsjárkerfi sem við höfum búið við og hv. þm. Valdimar Indriðason var að lýsa sem ræður því að olíufélögin ganga í bankana og ganga fyrir bönkunum og bankarnir eru með þessar byrðar. Ég er alveg sannfærður um að það er ein meginskýringin þannig að þvert á móti því sem hæstv. ráðh. hefur sagt held ég að þetta mundi létta byrðar bankanna.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði ekkert gert meðan ég var ráðherra. Ég gerði kannske sitt af hverju. En að því er olíumálin varðar vill svo einkennilega til að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að kvarta undan því rétt áðan að ég hefði verið með alls konar tillögur og tilraunir meðan ég var ráðherra. Svo kemur hæstv. ráðh. og segir að ég hafi ekkert gert. Ég get kynnt mínar tillögur fyrir ráðherranum, bæði þær sem Hjörleifur var að vitna til og fleiri tillögur í þessum efnum. En það sem skiptir máli er að við lítum á stöðuna eins og hún er í dag.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu innan örskammrar stundar. Hæstv. ráðh. talaði um að ég ætlaði að loka á viðskiptin við Rússland. Hvaða þvættingur er þetta? Ég hef aldrei talað um það. Ef viðskiptin við Rússana í olíuvörunum eru jafnhagkvæm og sumir vilja vera láta verður þeim auðvitað haldið áfram. Ég veit ekki betur en það sé fjöldi þjóða sem á viðskipti við Sovétríkin án þess að grípa til hafta og hömlukerfis eins og hér er verið að mæla bót.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég held að það sé óþarfi að tala um svartnætti í sambandi við þær kenningar sem við hæstv. viðskrh. höfum haft á lofti. Ég held að það sé miklu réttara að kenna þær við raunsæi. Ég bið menn að minnast orða minna þegar olían hækkar aftur. Heldur virkilega hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson að olíuverð haldi áfram að lækka í það óendanlega eða heldur hann kannske að það stöðvist og komist á jafnvægi niðri í öldudalnum? Ég held að það sé óraunhæf bjartsýni að ímynda sér það.

Það eru ákveðnir kostir við núverandi fyrirkomulag og ákveðnir gallar á núverandi olíuverslunarfyrirkomulagi. Við höldum uppi þreföldu dreifingarkerfi og það er mjög dýrt og sumt af fjárfestingu olíufélaganna sér maður ekki að sé nauðsynlegt. En það eru áberandi kostir við núverandi kerfi líka og þeim megum við ekki gleyma. Það er t.d. sama verð um land allt og olíuviðskiptin við Sovétríkin hafa reynst okkur vel og reynst okkur tiltölulega hagstæð.

Það var rétt hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að minna á það sem hann gerði í olíumálum þegar hann var viðskrh. Hann lét Morgunblaðið æsa sig upp í að gera ákaflega óviturlegan samning við Breta og við töpuðum á því milljónatugum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu taka fram að ég er fylgjandi því að verðjöfnun sé í sambandi við olíu á landinu öllu. Ég tel að íhlutun ríkisins í þessi mál sé fyrst og fremst og ekki síst réttlætanleg til að tryggja slíka verðjöfnun á olíu sem annarri orku. Við umræðuna hér hefur það hins vegar komið fram hjá ýmsum þeim sem talað hafa að einn vandi þessa kerfis er hinn staðnaði þríhöfða þurs sem annast dreifinguna á olíuvörunum og hefur reynst afar dýr þjóðarbúinu. Það er ánægjuefni að heyra þm. úr Sjálfstfl. og raunar Framsfl. líka taka undir það sjónarmið því að svo oft höfum við Alþýðubandalagsmenn á það bent í umræðum að þar þyrfti sannarlega að verða breyting á. En það er full nauðsyn á að fara niður í alla þætti á þessu kerfi til þess að reyna að tryggja í senn eðlilega hagkvæmni og sem hagstæðust innkaup sem þeir þrír einokunaraðilar sem versla hér með olíuvörurnar hafa ekki reynst geta haldið betur á en raun ber vitni og skýrt hefur komið fram undanfarnar vikur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er venja í slíkum umræðum sem þessum að heimila ekki stutta athugasemd nema einu sinni. En hv. 3. þm. Reykn. hefur kvatt sér hljóðs til að bera af sér sakir og segist

munu gera það í einni setningu. Er honum það hér með leyft.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka tillitssemina. Páll Pétursson sagði að ég hefði klúðrað samningnum við Breta. Ég undirbjó samninginn við Breta. Það var hv. þáv. þm. og ráðherra Tómas Árnason, flokksbróðir Páls Pétursonar, sem gekk frá samningnum og klúðraði honum.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Þegar maður hefur hlustað á þessar umræður fær maður það á tilfinninguna að Rússar haldi uppi góðgerðarstarfsemi með því að selja Íslendingum olíu. Ég held því fram að Rússar hafi einhvern hag af því að selja okkur olíu og kaupa af okkur vörur.

Ég held að setningar eins og þær að ríkisstj. beiti sér fyrir að lækka olíuna eigi ekki að heyrast í svona umræðum. Sú setning kom fram hjá hv. málshefjanda Hjörleifi Guttormssyni 5. þm. Austurl. að ríkisstj. beitti sér fyrir lækkun á olíu alveg á næstunni. Ég held að frelsi í þessum viðskiptum sé það sem við þurfum þar sem er samkeppni um að fá olíuna á sem lægstu verði til landsins og að þau olíufélög sem hafa einkaleyfi á sölu á olíuvörum beri ábyrgð á því á hvaða verði þau kaupa inn olíuna. Það er allt of mikil samtrygging á milli þessara olíufélaga. Við þurfum ekki annað en að líta í kringum okkur á þær fjárfestingar sem þessi fyrirtæki hafa lagt í til að sjá að þau virðast hafa þó nokkuð af peningum á milli handanna þrátt fyrir að kerfið sé svo þungt í vöfum að helst ekki fái nokkur maður botnað eitt né neitt í því.

Það er verið að auka útstreymi á olíuinnkaupareikningi — það er mjög títt skipt um nöfn á þessum reikningum — og þar hallar á milli 30 og 40 millj. Hafa þessir menn ekki þrátt fyrir þetta útstreymi nokkuð rúm fjárráð? Er ekki hægt að gera þær kröfur til þessara fyrirtækja að þau kaupi inn olíu á hagstæðu verði? Þrátt fyrir Rússamarkaðinn, en um 66% af allri olíu sem flutt er inn koma frá Rússlandi, hafa þau smásvigrúm en auðvitað ekki meira. Þau virðast vera ansi dugleg að kaupa inn olíu, helst fylla alla sína tanka rétt áður en olía lækkar. Fylgjast þau ekkert með markaðsmálum erlendis?

Það er margt fleira sem mætti koma að í þessari umræðu varðandi olíuverð og fiskverð en, herra forseti, ég skal ljúka máli mínu því það er mjög skammur tími sem maður fær í utandagskrárumræðum.

Grasköggla verksmiðjan í Flatey, þáltill. 123. mál (þskj. 136). — Fyrri umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. á þskj. 136 um grasköggla verksmiðjuna í Flatey.

Það vakti nokkra eftirtekt á s.l. vori að þegar stuttur tími var til þingloka var útbýtt hér á Alþingi svari við fsp. Salome Þorkelsdóttur um grasköggla verksmiðjur ríkisins. Þar kom m.a. fram að rekstur grasköggla verksmiðjunnar í Flatey hafði staðið traustum fótum. Þar hafði ekki á löngu starfstímabili verið um rekstrarhalla að ræða nema lítillega í tvö ár í upphafi starfsferils verksmiðjunnar. Þar kom líka fram að verksmiðjan hefði nánast greitt stofnkostnaðarskuldir sínar upp.

Það vakti þess vegna líka athygli að í sama tilvitnaða svari var frá því skýrt að tekin hefði verið ákvörðun um að stöðva rekstur þessarar verksmiðju á s.l. sumri. M.ö.o.: Rekstur þeirrar verksmiðju sem bjó við traustastan og bestan fjárhag, verksmiðju sem hafði mesta möguleika á því að framleiða grasköggla við líðanlegu verði og hafði þannig möguleika á því að starfa til frambúðar, var stöðvaður.

Nú þykir mér vert að taka það fram til þess að fleiri hliðar málsins séu rétt skýrðar að verksmiðjan bjó líka við þær sérstæðu aðstæður að birgðasöfnun hafði átt sér stað og tiltölulega þröngt var í birgðaskemmum verksmiðjunnar þannig að erfiðleikum hefði valdið að koma framleiðslu síðasta sumars þar fyrir. Það er svo annað mál, sem ég sé ekki ástæðu til að ræða hér nánar, hver sé ástæða fyrir birgðasöfnun í Flatey og með hvaða hætti má m.a. skýra hana með tilliti til aðgerða í heildarstjórnun á grasköggla verksmiðjunum sem í raun lúta að meira eða minna leyti heildarstjórn sameiginlega.

Verksmiðjan í Flatey hóf starfsemi sína árið 1975. Hún hefur framleitt að meðaltali á þessum tíma 2363 tonn árlega og eru þá talin með fyrstu árin þegar verksmiðjan var að sjálfsögðu í lágmarki, en verksmiðjan býr yfir framleiðslugetu sem er um eða yfir 3000 tonn og hefur ræktunarland til að vinna þá framleiðslu af.

Eins og fram kemur í fskj. með till. eru skuldir verksmiðjunnar 1. nóv. s.l. rétt rúmar 9 millj. kr., þ.e. eftirstöðvar af föstum lánum, sem að sjálfsögðu er tiltölulega mjög lágur kostnaður og þá sérstaklega með tilliti til þess hvaða verðmæti standa þar á bak við. Þar kemur enn fremur fram að ef bornar eru saman birgðir grasköggla og útistandandi skuldir annars vegar og rekstrarskuldir og afborganir vaxta og fastra afurðalána hins vegar nema birgðir og útistandandi skuldir rúmlega 2 millj. kr. hærri tölu. Ef verksmiðjunni hefði auðnast að selja sínar birgðir hefði hún getað greitt upp sínar skuldir og raunar aðeins betur.

Ég hef ekki tölur um þróun þessara mála síðan, en ég óttast hins vegar að sala á grasköglum hafi gengið hægt á þessum vetri. Það er þó ekki fyrir það að synja að út af fyrir sig er það góður kostur ef bændur geta dregið úr kaupum á grasköglum eins og öðrum aðföngum og það á áreiðanlega sinn þátt í samdrættinum á sölu grasköggla í Flatey, þau almennu viðhorf í landbúnaði að leitast við að búa sem allra mest af því sem fæst í búi bóndans sjálfs. En hér kemur það líka til að nokkrar verksmiðjur, hreyfanlegar verksmiðjur, sem hægt er að ferðast með á milli bænda, hafa hafið framleiðslu úr heyi, framleiðslu heyköggla. Það er augljóst að bændur kunna að meta kosti þess að geta skipt þannig við sjálfa sig og af þeirri ástæðu má ætla að sá markaður verði til þess að draga úr sölu á grasköglum.

Þess vegna er eðlilegt að líta til þessara tveggja atriða sérstaklega þegar metin er framtíð verksmiðjunnar í Flatey og með hvaða hætti sé hægt að taka til við störf og framleiðslu að nýju. Í þeim efnum vil ég leggja sérstaka áherslu á að einungis verði miðað við að framleiða þar úrvalsfóður sem verði samkeppnisfært við það sem best gerist hér á markaði, hvort heldur sem um er að ræða innflutt fóður eða þá fóður framleitt annars staðar. Með tilliti til þess hve markaðurinn hefur gengið saman er eðlilegt að hagnýta einungis besta hluta af ræktunarlendum í Flatey, besta hluta túnanna, og til

viðbótar við grasкögglaframleiðsluna þar verði hafin fjölbreyttari framleiðsla — eins og ég minni á í grg. — og þá sérstaklega tekið til við kornrækt sem yrði ákveðinn hluti af starfseminni þar. Í þessum efnum er rétt að vekja athygli á að Flateyjarverksmiðjan er í fremur lítilli fjarlægð frá mikilli útgerðarstöð á Höfn í Hornafirði og þess vegna auðvelt að fá þar til blöndunar þýðingarmikil fóðurefni til að auka á gæði og fjölbreytni framleiðslu grasкögglaverksmiðjunnar í Flatey. Þetta teldi ég að ætti að vera meginmarkmið rekstrarins í Flatey þegar tekið verður til starfa þar á nýjan leik. Ætla mætti að þar væri hentugt að framleiða gras á ca. 250 hekturum. Síðan mætti hugsa sér að framleiða korn á eitthvað svipaðri landstærð og nýta besta og ákjósanlegasta tíma sumarsins til þeirrar framleiðslu.

Í þessu sambandi er eðlilegt að sérstaklega verði metið hvaða rekstrarform hentar best í Flatey, hvort það er áframhaldandi ríkisrekstur eins og verið hefur eða hvort hægt væri að koma þessum rekstri fyrir heima í héraði. Ég má þá kannske minna á það að fyrir nokkrum árum flutti núv. hæstv. menntmrh. þáltill. um það hér á Alþingi að þessari verksmiðju yrði komið í eigu heimamanna. Og ég má kannske líka minna á að heima í héraði hafa komið fram tillögur um að verksmiðjunni yrði komið í hendur heimamanna með einum eða öðrum hætti. Ég geri mér ljóst að við þær aðstæður sem nú eru getur þetta dæmi tæpast gengið upp, m.a. vegna þess að túnin í Flatey voru ekki hirt á s.l. sumri. Án þess að ég fari að ræða það hér fræðilega hlýtur það að valda nokkurri óvissu um það hvernig þau koma út úr slíku hirðuleysi. Þess vegna verður að líta á þessar sérstöku aðstæður þegar tekið verður tillit til frambúðarreksturs grasкögglaverksmiðjunnar í Flatey.

Í lok míns máls, herra forseti, minni ég svo á það sem ég sagði áðan, að þessi verksmiðja er afar gott fyrirtæki. Um tæki þar og búnað hefur alla tíð verið afar vel hugsað og mikið til fyrirmyndar sú hirðusemi sem þar hefur jafnan gætt. Að vísu er vélabúnaður farinn að eldast en eigi að síður býr í honum mikil framleiðslugeta. Í Flatey er ágætis starfsmannahús þar sem er aðstaða fyrir fjölskyldu og 12–13 starfsmenn. Þar er líka einbýlishús, sem er nýlega reyndar komið í eigu verksmiðjunnar, en það hafði byggt einn fyrsti starfsmaður verksmiðjunnar, sem þurfti að bregða þar búi og flytja á Höfn vegna þess að starfsemin var lögð niður. Þess vegna kemur ekki annað til mála en að fundnar verði leiðir til þess að koma verksmiðjurekstri í Flatey aftur í eðlilegt horf. Þar verða menn að fara inn á nýjar leiðir og leita nýrra hugmynda og m.a. með tilliti til þess er þessi tillaga fram komin.

Ég vil svo í lok máls míns, herra forseti, gera það að tillögu minni að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til atvmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja örfá orð hér um. Hv. flm. hefur nú gert glögga grein fyrir þessu máli og er það ekki að ófyrirsynju því að þess ber að geta sérstaklega að fyrir utan það að vera gjörkunnugur málum þessarar verksmiðju þá er hv. flm. í raun og veru forgöngumaður um þessi mál í héraði, var það á sínum tíma og ber að geta þess að verðleikum hversu vel hann vann að því máli ásamt öðrum bændum austur þar að koma þessari verksmiðju á fót.

Ég held að það sé þarft umhugsunarefni fyrir okkur hversu illa er í raun og veru komið málum hjá okkur þegar svo er farið fyrir innlendri fóðurframleiðslu. Ég hélt að það væri einróma álit okkar og þjóðhagsleg nauðsyn um leið að við ættum að stuðla að því að styðja svo innlenda fóðurframleiðslu að innkaup fóðurbætis erlendis frá væru ónauðsynleg að mestu eða öllu leyti. Ég hélt að nauðsyn áframhaldandi þróunar í þá átt að gera innlenda fóðurframleiðslu enn fullkomnari, enn fjölþættari væri hafin yfir allan efa. Og þrátt fyrir það að ég viti um vissar ástæður fyrir því að þarna hefur illa gengið held ég að engu að síður sé það staðreynd að hér sé ekki nógu vel að málum hugað af okkur að styðja þessa merku starfsemi og um leið að spara okkur þann gjaldeyri sem í það fer að kaupa erlendan fóðurbæti.

Ég ætla að staðfesta orð hv. flm., þó ég sé því ekki eins kunnugur, um sérstaklega vel rekna verksmiðju. Það er óhætt að segja það. Það fer ekkert á milli mála. Með afbrigðum vel rekna verksmiðju þarna austur frá. Af því að menn tala nú gjarnan um það að fyrirtæki í ríkisins eigu séu meðhöndluð af mönnum á þann hátt að þar fari þeir um með kæruleysi og sinni lítt hag fyrirtækisins af þeim ástæðum að þeir eigi það ekki sjálfir, þá hefur þessu þar verið öfugt farið miðað við það orðspor — sem að vísu er alrangt í allflestum eða öllum tilfellum — vegna þess að þar hafa menn farið höndum um eins og þetta væri þeirra eigin eign og eigin eign sem þeir vildu virkilega fara vel með og gæta vel að. Ég held að við eigum að hlúa að þeim verksmiðjum sem fyrir eru og tryggja eðlilega þróun þar. Ég tek undir með hv. flm. með það að það beri að reyna að afla þessum verksmiðjum nýrra verkefna. Aukin fjölbreytni er þar sjálfsögð. Hann minnti á kornræktina í þessu sambandi og aðstæðurnar í Flatey sem eru hinar ákjósanlegustu og ég tek einnig undir það með honum.

Ég ætla ekki að ræða um rekstrarformið á verksmiðjunni. Þar er áreiðanlega nokkur áherslumunur á milli okkar hv. flm. og ekki ástæða til þess hér að við förum að deila um þann meiningarmun, sem er þar á milli okkar. Ég veit það hins vegar vel að skaftfellskir bændur eru allra manna best hæfir til félagslegs rekstrar — það er að vísu rétt — og kunna allra best að vera með félagsbú og byggja þau þannig upp að það kemst næst því, sem einu sinni var sagt að hér ætti að leggja grunn að, eins konar samyrkjubúum, þó e.t.v. ekki í þeirri merkingu sem hv. flm. veit kannske versta í þeim efnum, heldur þar sem menn vinna virkilega saman, margir að sameiginlegu verkefni og fá út úr því þann arð sem þeim ber hverjum og einum eftir því tilleggi sem þeir leggja þar fram.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. flm. að þörf sé á að athuga starfsemi grasкögglaverksmiðjunnar í Flatey út frá því sjónarmiði að reyna að gera það sem hægt er til að nýta þá aðstöðu sem þar er til fóðurframleiðslu. Þetta mál er reyndar búið að vera til umræðu alllengi og hv. flm. er í nefnd sem ég hef óskað eftir að fjalli um þetta og ég veit ekki betur en að hann muni mæta til fundar m.a. nú í vikunni til að ræða þá stöðu sem er í rekstri grasкögglaverksmiðjanna í heild.

Í máli flm. kom fram ástæðan fyrir því að ég féllst á þá tillögu stjórna verksmiðjanna að þar yrðu ekki framleiddir grasköglar á s.l. ári. Ástæðan sem hann nefndi var sú að geymslur voru allar fullar og sala mjög hæg. Og því miður var sala fram að s.l. áramótum a.m.k. einnig mjög hæg hjá þessari verksmiðju því heildarsala fjögurra verksmiðja var ekki nema 1700 tonn, að mér var tjáð, frá 1. september til áramóta. Nokkur hluti af því þar sem hafði verið blandað saman grasköglum og korni o.fl. var selt þannig sem blöndur. Ég tek undir það með báðum ræðumönnum, sem hér töluðu á undan, að auðvitað er nauðsynlegt að skoða hvort ekki er hægt að auka fjölbreytni og gera okkar íslenska fóður sem allra best. Hitt er svo annað, sem flm. vék reyndar einnig að, en það er sú breyting sem á hefur orðið þegar bændur sjálfir eru farnir að nýta sitt hey til kjarnfóðurframleiðslu að hálfu leyti með köggl-un á heyi og íblöndun með korni, fiskimjöli og steinefn-um. Ég veit að sumir sunnlenskir bændur framleiddu þannig allt sitt kjarnfóður úr eigin korni og grasi og fiskimjöli. Aðeins 10% voru steinefni og bætiefni innflutt til landsins. Bjuggu þeir þannig til blöndur af kjarnfóðri sem óhætt er að segja að er fyllilega eins gott og innflutt fóður og vissulega er það sem við þurfum að stefna að.

Þessar viðhorfsbreytingar í sambandi við grasköggla-verksmiðjurnar sem orðið hafa síðustu árin eru aðeins eitt dæmi um það hvað viðhorf eru að breytast ört í landbúnaðinum og vegna þess hvers eðlis hann er þá er það auðvitað erfitt fyrir hann þegar slíkar viðhorfs-breytingar verða og margt sem þá þarf að huga að.

Ég er síður en svo á móti því að heimamenn eignist meiri hlutdeild í rekstrinum ef vilji eða möguleiki er fyrir hendi á því sviði, þó að ég efist ekkert um að það sé rétt sem fyrri ræðumenn sögðu, að umgengni þeirra, sem hafa átt að sjá um verksmiðjuna, sé til fyrirmyndar og þeir hafi hugsað um hana eins og sitt eigið fyrirtæki. Af þeim sökum sé það kannske ekki brýn ástæða. Ég tek undir þörfina á að skoða rekstur þessarar verk-smiðju og annarra grasköggla verksmiðja og reyna að finna þær leiðir sem allra bestar eru. Vissulega er það mikill munur að þannig skuli vera statt með fyrirtækið, að tiltölulega litlar skuldir hvíli á því og auðveldara við málin að eiga þar sem þannig hagar til, þó að grundvall-aratriðið hljóti auðvitað alltaf að vera að framleiðslan seljist.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég kem hingað einvörðungu til þess að þakka fyrir góðar undirtektir við þetta mál. Það kom mér reyndar ekkert á óvart þótt hv. 2. þm. Austurl. tæki vel og myndarlega undir við þennan tillöguflutning. Ég átti ekki von á neinu öðru. En samt sem áður finnst mér nauðsynlegt að fram komi þakkir fyrir þann stuðning sem í því felst.

Með sama hætti vil ég þakka hæstv. landbrh. fyrir hans stuðning við þessa tillögugerð. Ég er sannfærður um að ef menn leggjast á eitt með að takast á við þann vanda, sem þessi verksmiðja og grasköggla verksmiðj-urnar búa við, þá verður hægt að færa rekstur þeirra í eðlilegt horf með tilliti til breyttra viðhorfa í land-búnaði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bann við framleiðslu hergagna, þáltill. 124. mál (þskj. 137). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem er 124. mál þessa þings á þskj. 137, um bann við hönnun og framleiðslu hergagna eða hluta þeirra hér á landi. Flm. auk mín eru aðrir þm. Kvennalista, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að lýsa yfir andstöðu við hugmyndir um að íslenskt hugvit verði nýtt til hátækniiðnaðar sem tengist vígbúnaði þannig að Íslendingar gerist þátttak-endur í þeim gereyðingaráformum sem vopnafram-leiðslu fylgja.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því að á Íslandi verði ekki smíðuð kjarnorkuvopn eða svonefnd varnarvopn gegn þeim,

að hérlendis verði hvorki hönnuð né smíðuð nein þau tæki sem eru hluti af kjarnorkuvopnaútbúnaði, kjarnorkuvopnakerfi eða svonefndu varnarkerfi gegn þeim,

að á Íslandi verði hvorki reknar neinar þær rannsókn-ir sem tengjast hönnun, samsetningu eða smíði kjarn-orkuvopna né heldur svonefndra varnarvopna gegn þeim."

Í nóvember 1983 skipaði félmrh. starfshóp til að kanna áhrif nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi í næstu framtíð. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu sumarið 1984 en afhenti hæstv. félmrh. skýrslu um niðurstöður sínar 15. maí 1985. Á haustdögum var þessari skýrslu dreift, m.a. til alþm. og hún varð tilefni viðtala í ríkisfjölmiðlum. Í þeim komu fram hugmyndir um að nýta hernaðarlega legu landsins og varnarsamninginn við Bandaríkin til þess að fara fram á hlutdeild Íslend-inga í þeim hátækniiðnaði sem varnarliðið notar.

Formaður starfshópsins, Ingvar Ásmundsson, ræddi þar sameiginlegar niðurstöður hópsins en lýsti jafn-framt persónulegri skoðun sinni. Hann taldi að við yrðum að nota okkur hernaðarlega legu landsins og varnarsamninginn við Bandaríkin til þess að fara fram á vaxandi hlutdeild íslenskra og erlendra fyrirtækja, sem kynnu að verða staðsett hér, í þeim hátæknibúnaði sem varnarliðið notar. Ingvar taldi rétt að áætlun yrði gerð um þetta sem tryggði það að Íslendingar nái því að verða hátækniiðnaðarþjóð.

Félmrh. hæstv., Alexander Stefánsson, var spurður álits um þessa skoðun Ingvars og taldi að ef við ættum að vera áfram í Atlantshafsbandalaginu þá væri þetta ekki óeðlileg hugmynd, svo fremi sem íslensk tækni-þekking kæmist á það stig að hún gæti ráðið við hvaða verkefni sem er á þessu nýja sviði. Félmrh. vildi ekki afskrifa þessa hugmynd þótt hann teldi að málið þyrfti að athuga vandlega. Hann taldi engan vafa á því að þessi tækniþróun gefur tekjur, þetta sé þegar gert meðal annarra þjóða og ef Íslendingar geta notfært sér það á eðlilegan máta, þá því ekki það, sagði hæstv. ráðherra.

Vaxandi fjöldi þjóða tekur nú beint eða óbeint þátt í vopnaframleiðslu. Háþróaður tækniiðnaður gegnir lykilhlutverki í vopnakerfum nútímans og má framleiða hluta úr vopnum eða stoðbúnaði þeirra víðs vegar um heim þótt samsetning fari síðan endanlega fram í því landi sem vopnin á.

Áætlað er að á árinu 1985 verði varið 800–1000 milljörðum dollara til vígbúnaðar. Það er þúsundföld

upphæð íslenskra fjárlaga þessa árs. Þessi vígbúnaður er óþarfur vegna þess að stórveldin og bandamenn þeirra — sem eru langstærstu vopnaframleiðendurnir — hafa þegar safnað vopnabirgðum langt umfram varnarþörf sína.

Í Morgunblaðinu þann 10. október á s.l. ári, er greint frá landsþingi breska íhaldsflokksins sem haldið var í Blackpool og ég vitna, með leyfi forseta, í viðtal við Michael Heseltine, sem þá var varnarmálaráðherra Breta, en hefur nú reyndar nýlega sagt af sér embætti. Hann sagði sem svo þegar talað var um viðræður Sovétmanna og Breta um afvopnun:

„SS-20 flaugar Sovétmanna eru aðeins hluti af kjarnorkuvopnabúri þeirra," sagði Heseltine, „en kjarnorkuflaugar Breta eru það eina sem við höfum til að vega *upp á móti öllum þeirra kjarnorkuvopnaforða.*" Hin umdeilda ákvörðun Margrétar Thatcher, um að skipta á hinum bresku Polaris-skeytum og bandarískum Trident-kjarnorkuflaugum í kafbáta næsta áratug, var staðfest með yfirgnæfandi meiri hluta á þinginu — þ.e. þessu landsþingi breska íhaldsflokksins.

Á sama tíma fóru á stúfana 3000 læknar, bæði heimilislæknar, sjúkrahúslæknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn í Bretlandi, sem útbýttu bæklingum og miðum meðal sjúklinga sinna um það hvernig væri hægt að nota þær 11 billjónir sterlingspunda sem verja átti í kaup á Trident-eldflaugunum. Þeir bentu á að það mætti fremur nota þessa fjárupphæð til þess að koma í veg fyrir fátækt meðal barna, til þess að kaupa blóðskilunarvélar fyrir nýrnasjúklinga, til þess að bæta umönnun aldraðra og til þess að fjármagna leghálskrabbameinsleit meðal kvenna. Sá sem hóf þessa baráttu var Sir Douglas Black, sem er fyrrum forseti bresku læknasamtakanna. Og ég vil vekja athygli herra forseta og hv. þm. á því að alþjóðleg samtök lækna gegn kjarnorkuvá fengu friðarverðlaun Nóbels á s.l. ári ekki síst fyrir baráttu sem þessa.

Það virðist ekki öllum nægilega ljóst hve skaðvænlegar pólitískar og efnahagslegar afleiðingar hljótast af vaxandi kostnaði við vígbúnaðarkapphlaupið. En hernaðar- og gróðahyggja gagnsýrir pólitíska hugsun um víða veröld í allt of ríkum mæli. Það fé, sem eytt er til vígbúnaðar árlega, jafngildir þjóðarframleiðslu allra þeirra landa þar sem fátækari helmingur jarðarbúa býr. Árleg eyðsla heimsins til vígbúnaðar jafngildir allri skuld hinna fátækari þjóða við hinar efnaðri, en vaxtagreiðslur af þessum skuldum eru að kyrkja efnahagslíf margra fátækra þjóða. Ef 10% af því fé, sem eytt er til vígbúnaðar árlega, yrði varið til að grynnka á þessum skuldum myndu þær hverfa á innan við 20 árum.

Í fréttum í Þjóðviljanum af þeim fundi, sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn héldu í Seoul á s.l. ári, kom í ljós að í rómönsku Ameríku einni saman gengu 38% af samanlögðum tekjum þeirrar álfu af útflutningi til þess að greiða vexti á síðasta ári, vexti af erlendum lánum. Og þar kom einnig fram að ótti valdsmanna við skuldakreppuna var ekki einungis pólitískur. Hann var enn fremur tengdur því að skuldheimtan við þessi fátæku lönd, eins og hún hefur verið rekin hingað til, grefur í raun undan því að í framtíðinni geti viðkomandi ríki framleitt sig út úr skuldakreppunni. Allir sjóðir þeirra eru tæmdir og fjárfestingar hafa skroppið saman. Það má taka sem dæmi að lönd eins og Mexíkó, Argentína, Brasilía og Venezúela skulda einum aðila, Chase Manhattan bankanum, 6,1 milljarð dollara. Þetta svarar tvöföldum höfuðstóli þessa bankarisa.

Á þessum fundi í Seoul var spurt að því hvort menn ætluðu að koma í veg fyrir þá öflugu pólitísku sprengju sem skuldakreppan væri og koma í veg fyrir að hún færi í loft upp og rifi e.t.v. með sér fjármálakerfi heimsins. Þeirri spurningu var ekki svarað á þessum fundi og kannske ekki von.

Um 2 milljarðar manna, herra forseti, eiga ekki kost á hreinu drykkjarvatni en mengað drykkjarvatn veldur m.a. þarmasýkingu og niðurgangi sem er tíðasta dánarorsök ungbarna í heiminum. Er talið að tugir milljóna barna látist af þessum sökum árlega. Útgjöld þau, sem *til vígbúnaðar er varið í hálfan dag*, mundu nægja til að greiða fyrir bólusetningar allra barna heimsins gegn algengum smitsjúkdómum. En, herra forseti, aðra hverja sekúndu deyr barn úr sjúkdómi sem hægt er að koma í veg fyrir. Og aðra hverja sekúndu örkumlast barn líkamlega eða andlega fyrir lífstíð úr sjúkdómi sem líka má koma í veg fyrir. Það er ekki síst vegna þess að á hverri sekúndu, herra forseti, sem líður er eytt sem svarar 25 þús. dollurum til vígbúnaðar í heimimum. 6 mánaða vígbúnaðarkostnaður dygði til að hrinda í framkvæmd 20 ára áætlun sem sjá mundi öllum þróunarlöndum fyrir nauðsynlegri fæðu og heilsugæslu. Samt eyða hin efnaðri lönd heimsins meira en 200 sinnum meira fé til vígbúnaðar en til þróunaraðstoðar. Mig langar til að lesa úr grein sem birtist í Morgunblaðinu 12. nóv. s.l., með leyfi forseta. Þar segir:

„Samanlögð útgjöld allra ríkja til hermála munu á þessu ári verða um 800 milljarðar dollara, 60 milljörðum dollara meiri en á s.l. ári. Hafa þau vaxið árlega allt frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Bandaríkjamenn og Sovétmenn, sem eru 2% mannkyns, standa undir helmingi heimsútgjaldanna og rúmlega þó. Í Bandaríkjunum og bandalagsríkjum þeirra í Evrópu eru árleg útgjöld til hermála um 45 dollarar á hvert mannsbarn, en til heilsugæslurannsókna fara 2 dollarar. Ef allur heimur er hafður í huga er 450 dollurum að jafnaði varið til að mennta hvert barn, en kostnaðurinn við hvern hermann er aftur á móti 25 600 dollarar.

Þessar upplýsingar koma fram í skýrslu World Priorities, hagrannsóknastofnunar, sem ýmis samtök eiga aðild að, t.d. Rockerfeller-stofnunin og eru tölurnar sóttar í opinber gögn í Bandaríkjunum og víðar. Tilgangur stofnunarinnar er að draga úr vígbúnaðarkapphlaupinu og vekja athygli á því hve miklu meira fé fer til hermála en til heilbrigðismála, almannatrygginga og menntunar. Þar kemur m.a. fram:

Sovétmenn fara með meira fé til hermála en ríkisstjórnir allra þróunarríkjanna verja til menntunar og heilsugæslu fyrir 3,6 milljarða manna. Fjárlög bandaríska flughersins eru meiri en nemur kostnaði við menntun 1,2 milljarða barna í Afríku, Suður-Ameríku og Asíu, þar með talið Japan. Iðnríkin fara að jafnaði með 5,4% af þjóðarframleiðslunni til hermála en 0,3% í þróunarhjálp.

Frá 1960 hefur herkostnaður þriðja heims ríkja fimmfaldast og þjóðum, sem herforingjar stjórna, hefur fjölgað úr 22 í 57. Sovétmenn hafa um 778 þús. hermenn í 22 ríkjum utan Sovétríkjanna og Bandaríkjamenn um 479 þús. hermenn í 40 ríkjum utan Bandaríkj-

anna.“

Ég vil enn vitna í grein úr NT frá 9. okt. 1985. Þar segir:

„1,5 millj. Bandaríkjamanna eru hungraðir. Skv. nýrri bandarískri könnun, sem náði til 36 borga og þéttbýlissvæða, fá a.m.k. 1,5 millj. Bandaríkjamenn ónóga fæðu vegna ófullkominnar fátækrahjálpar stjórnvalda.

Könnunin var skipulögð af kristilegum samtökum sem kalla sig „Brauð handa heiminum“. Skipuleggjendur hennar segja að hungrað fólk, sem hafi ekki nóg að borða, sé örugglega fleira í Bandaríkjunum en könnunin hafi sýnt þar sem hún náði aðeins til 36 svæða og sýndi aðeins hve margir væru svangir á þeim.

Arthur Simon, framkvæmdastjóri „Brauðs handa heiminum“, segir sorglegt að hugsa til þess að á sama tíma og rætt sé um efnahagsbata í Bandaríkjunum fjölgi þeim sem fá ekki fylli sína. Hann sagði að stjórn Reagans hefði aukið hungrið með því að draga úr aðstoð ríkisins við fátæklinga.

Bandarískí þingmaðurinn Mickey Leland, sem er fulltrúi fyrir eitt af svæðunum sem könnunin náði til, sagði þegar niðurstöður hennar lágu fyrir að fátækasta fólkið hefði stöðugt minna að borða. Hann benti á að fyrir peningana, sem ein B-1 sprengjuflugvél kostaði mætti fæða hálfa milljón manna í heilt ár.“

Þann 5. febr. s.l. kom í kvöldfréttum frétt sem barst frá Reuter. Hún kom frá Bandaríkjunum, þessi frétt. Það var talað um að reikna mætti með 4% hagvexti í ár, en s.l. ár hafði hann verið 2,5%. Það var líka talað um það að Bandaríkjastjórn mundi vinna að lækkandi gengi bandaríkjadollars á komandi ári til að verð á útflutningsvörum Bandaríkjanna verði hagstæðara og viðskiptahalli minni.

Það kom líka fram ævintýraleg tala sem tengist því máli sem ég ræði hér. Halli á fjárlögum Bandaríkjanna hefur reyndar farið vaxandi undanfarin ár en áætlaður halli á árinu 1987 er hvorki meira né minna en 143 milljarðar dollara. Á s.l. ári var hallinn nær 200 milljörðum dollara.

En það er ekki einungis fjármagn sem er sólundað í vígbúnað. Margir af afkastamestu vísindamönnum og tæknifræðingum heimsins vinna að rannsóknum, hönnun og framleiðslu vígbúnaðar fremur en að því að bæta lífsgæði og heilbrigði jarðarbúa. Það er áætlað að einn af hverjum fimm vísindamönnum og tæknifræðingum vinni að vígbúnaði. Þetta er ófyrirgefanleg sóun á hugviti. Sagan öll af þeirri forgangsröðun, sem ríkir í þessum efnum, er eins og frásögn af martröð, ekki raunveruleika mannkyns sem annt er um líf sitt og framtíð.

Á þessari öld hefur mönnum orðið það æ ljósara að þjóðir heimsins mynda eina heild. Vígbúnaðarkapphlaupið, mannréttindabrot og gengdarlaus peningahyggja, sem hvarvetna spillir friði, hamingju og framtíð mannkynsins, eru ógn öllu mannkyni. Íslendingar hafa um langan aldur verið fyrst og fremst matvælaframleiðendur og hafa aldrei borið vopn á aðrar þjóðir.

Tillaga þessi er flutt vegna þess að nýlega hafa komið fram hugmyndir um að Íslendingar selji hugvit sitt í þágu vígbúnaðar og gerist þar með þátttakendur í þeim gereyðingaráformum sem vopnaframleiðslu fylgja. Flm. lýsa yfir andstöðu við slíkar hugmyndir og vísa jafnframt til þáltill. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi vorið 1985. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti. Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum. Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj. að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti, enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun. Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.“

Erindi þessarar till., herra forseti, og allur andi hennar er í algerri andstöðu við sérhverja hugmynd sem leitt gæti til þess að íslenskt hugvit væri nýtt til framleiðslu hergagna. Við værum illa stödd ef okkur þætti sæmandi að hafa viðurværi af hátækniiðnaði sem tengdist vígbúnaði.

Að lokinni umræðu um þessa till. vil ég leggja til að henni verði vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það efast enginn um vilja eða ásetning flm. þessarar till. en ég vil aðeins vekja athygli á því að þegar talað er um að lýsa yfir andstöðu við hugmyndir um að íslenskt hugvit verði nýtt til hátækniiðnaðar sem tengist vígbúnaði, þá gæti slíkt hugvit verið nýtt til hátækniiðnaðar sem tengdist einhverju öðru er gæti nýst til annars en vígbúnaðar. Hér eru mörkin á milli þess að hugvit sé nýtt til góðra hluta og svo til hluta, sem við erum andvíg, ákaflega nákvæm. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu hér, þannig að slík tillaga til samþykktar sé ekki þannig úr garði gerð að við séum að lýsa andstöðu við þróun, við séum að lýsa andstöðu við nýtingu íslensks hugvits til hluta sem við viljum svo mjög gjarnan að fái tækifæri til þess að þróast mannkyninu til góðs, hvort heldur það er fyrir okkur hér eða aðra sem þess gætu notið.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram. Eins og ég sagði áðan efast enginn um góðan vilja og ásetning þeirra sem þessa till. flytja. En mörkin hér á milli eru svo nákvæm að áður en slík till. yrði samþykkt yrði Alþingi að gera sér virkilega grein fyrir því hvar það stæði í sambandi við slíka hluti.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil taka hér eindregið undir þá þáltill. þm. Kvennalistans sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hefur mælt hér fyrir. Ég geri það með fullri og góðri sannfæringu og ég tel mig

mæla þar fyrir hönd míns flokks því að till. efnislega sama eðlis var samþykkt á landsfundi Alþb. í nóvembermánuði s.l. Hér er hreyft mjög stóru máli og þörfu út frá *mínum* sjónarhóli og ég vænti þess að geta átt hlut að því að þessi till. fái framgang á vettvangi utanrmn.

Flm. eru hér að fjalla um efni sem því miður fær langt frá því alls staðar þær undirtektir sem skyldi. Er þar skemmst að minnast þess óhugnanlega kapphlaups sem gætir í sumum Evrópulöndum um hlutdeild í hinni stóru áætlun Bandaríkjamanna sem gengur undir skammstöfuninni SDI eða geimvopna- eða geimvarnaáætlun eins og hún er stundum kölluð. Þar erum við vitni þess að Þjóðverjar láta draga sig út í hlutdeild í rannsóknum á hernaðarsviði eingöngu verkefnanna vegna eins og orðið hefur reyndin hjá stjórn Bretlands, svo að dæmi sé tekið, og ýtt er mjög á eftir svipaðri niðurstöðu í Vestur-Þýskalandi. Þarna er ekki matið lagt á hvert er verið að halda með framleiðslu sem þessari heldur að eignast hlutdeild í því fjármagni sem þarna er veifað í þessu tilviki af Bandaríkjunum.

Tilefni þessarar þáltill. eru hugmyndir, eins og fram kemur í till. og flm. hefur getið, um að tengja íslenskt hugvit við framleiðslu á hernaðarsviði. Slíkt er hugsunarháttur sem betur væri gleymdur og grafinn og hefði aldrei heyrst hérlendis. Ég vona að þessi till. verði til að stuðla að því að fleiri slíkar raddir vakni ekki á næstunni.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka stuðningsorð við þessa till. Ég vildi segja nokkur orð í tilefni af máli hæstv. utanrrh. Ég vil byrja á því að taka það fram að það eru alveg ákveðnar hugmyndir sem gefa tilefni til þess að þessi till. er flutt. Það er vegna viðtala í ríkisfjölmiðli, í útvarpi, bæði við samráðherra hæstv. utanrrh., hæstv. félmrh., og formann starfshóps sem unnið hafði skýrslu á vegum félmrn. Þau ummæli, sem þar voru viðhöfð, gáfu tilefni til flutnings till.

Hæstv. utanrrh. talaði um að mörkin væru nákvæm á milli þess hvort væri verið að framleiða hátæknibúnað fyrir vígbúnað og hergögn eða til nytsamlegra hluta. Vandamálið er að mínu viti einmitt ekki að mörkin eru nákvæm. Vandamálið er fyrst og fremst það að mörkin eru mjög óljós og grá. Fjársveltir vísindamenn geta beygt sig og teygt talsvert langt með því að svæfa siðferðisvitund sína til þess að ná sér í fé til að vinna að vísindum sínum ef þeir fá ekki það öðruvísi. Og reyndin hefur orðið sú, eins og hv. 5. þm. Austurl. var að vitna til áðan, að vísindamenn víða um veröld hafa látið hafa sig út í það að sækja fé í draumórakenndar og stórhættulegar áætlanir um stjörnustríð fyrst og fremst til þess að útvega sér fjármagn til að starfa.

Ég tel því mjög hættulegt ef ekki vaknar umræða um þessi mál að slíkar athugasemdir falli óáreittar sem komu fram í því viðtali sem ég áður gat um. Það er alveg ljóst að t.d. kjarnorkueldflaug er í raun einskis nýt, má segja, ef henni fylgir ekki burðarvagn og skotpallur. En það má hefja viðræður við siðferðiskennd sína og segja: Ég er ekki að smíða vopn, ég er bara að smíða vagn eða pall. Það er ekki vopn sem ég er að smíða. En eldflaugin er gagnslaus, það er ekki hægt að skjóta henni, hún kemst ekki á áfangastað nema hún hafi burðarvagn og skotpall. Mörkin eru mjög óljós og grá. En ég held að umræðan um þessi mörk sé mjög þörf og reyndar nauðsynleg í kjölfar þeirra orða sem féllu í áðurnefndu viðtali.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja nokkur orð um þessa till. Við Íslendingar erum sú þjóð sem er búin að vera lengst vopnlaus. Það hefur verið okkar aðalsmerki og á að vera á erlendum vettvangi okkar aðalsmerki að halda því á lofti að vopnabúnaður eigi að hverfa og reyna að stuðla að því að það verði samkomulag um að draga úr smíði þeirra eftir því sem mögulegt er. Í réttu framhaldi af því, ef þetta er okkar hugsun, hljótum við enn fremur að lýsa því yfir að við viljum ekki að í okkar landi sé hannað né framleitt nokkuð sem til hernaðar gæti talist.

Hér er þó eitt orð í þessari till. sem ég stöðvast við, „gereyðingaráform". Er það áform einhverra, gereyðing? Er það ekki frekar gereyðingarmöguleikar? Getum við ætlað nokkrum það að áforma slíkt? Ég held ekki. Það væri brjálaður maður eða brjálað fólk sem hugsaði þannig. Þess vegna mundi ég vilja breyta þessu orði.

En ég held að sú nefnd, sem fjallar um þetta, utanrmn., hljóti, ef við erum sjálfum okkur samkvæm, að leggja til að tillaga í þessa átt, hvort sem hún á að vera nákvæmlega svona orðuð, verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Frysting kjarnorkuvopna, þáltill. 187. mál (þskj. 223). — Fyrri umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna á þskj. 223. Flm. auk mín eru hv. þm. Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Haraldur Ólafsson, Þórarinn Sigurjónsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Kristjánsson og Davíð Aðalsteinsson. Till. orðast svo:

„Alþingi ályktar að lýsa þeirri skoðun sinni að Ísland eigi að leitast við að ná samstöðu með öðrum ríkjum Norðurlanda um „frystingu" á framleiðslu kjarnavopna og bann við tilraunum með kjarnavopn. Ísland skal hafa frumkvæði um tillöguflutning á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um þau mál á grundvelli ályktunar Alþingis frá 23. maí 1985."

Greinargerð hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í ályktun Alþingis um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum, sem samþykkt var einróma 23. maí 1985, segir m.a.:

„Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj. að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnavopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti, enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og

hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið."

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er til umfjöllunar tillaga um „frystingu" kjarnorkuvígbúnaðar flutt af Mexíkó, Svíþjóð og fleiri ríkjum. Afstaða Íslands var sú að sitja hjá. Þeirri afstöðu viljum við breyta. Þess er rétt að geta að Norðmenn höfðu sömu skoðun en hafa nú breytt afstöðu sinni og styðja tillöguna.

Flm. telja eðlilegt að Íslendingar hafi frumkvæði að sameiginlegri stefnumótun Norðurlanda."

Fyrr í vetur urðu hér nokkrar umræður um afstöðu Íslands til frystingar kjarnorkuvopna. Umræðan var vakin í sambandi við atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um tillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja. Páv. utanrrh. taldi að sú tillaga stangaðist á við ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 um afvopnunarmál. Það taldi ég raunar ekki vera.

Í kjölfar umræðna, sem þá urðu, kom í ljós að sumir hv. alþm. litu svo á að það að hafa ekki sömu skoðun og hæstv. utanrrh. um blæbrigði á tillögugrein ætti að skoða sem vantraust á páv. utanrrh. Þetta var mikill misskilningur vegna þess að þótt ég sé ekki í öllum atriðum ævinlega nákvæmlega sammála hæstv. ráðherrum starfa þeir þó á mína ábyrgð, enn þá a.m.k. Ef ég vil ekki styðja setu þeirra í ráðherrastólum lengur mun ég komast skilmerkilega að orði þar um. Ég get lofað hæstv. ráðherrum að gera þeim það ljóst ef ég uni ekki setu þeirra í ráðherrastólum lengur og þá mun ég segja þeim það alveg umbúðalaust.

Ég vitna til ræðu sem hæstv. páv. utanrrh. Geir Hallgrímsson hélt í Sþ. 5. des. 1985 og var að svara spurningu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um það hvers vegna ákvörðun hefði verið tekin um að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um frystingartillögu Mexíkó, Svíþjóðar og fleiri ríkja. Ég vitna til 8. heftis Alþingistíðinda, dálks nr. 1183:

„Herra forseti. Ég svara fyrri fsp. á þá leið að það er einmitt afvopnunartillaga sú, sem samþykkt var á Alþingi s.l. vor, sem gerir það að verkum að ákveðið var að atkvæði Íslands skyldi vera óbreytt frá fyrri árum þegar þessi tillaga hefur verið borin undir atkvæði. Að vísu hafa fengist nokkrar endurbætur á þessari tillögu, m.a. vegna tilrauna okkar og Norðmanna, en ekki nægilega miklar til þess að fullnægt yrði skilyrðum till. til þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi s.l. vor. Þar eru gerð eftirfarandi skilyrði fyrir því að um bann eða frystingu kjarnavopna sé að ræða:

1. Að traust eftirlit sé fyrir hendi og þetta trausta eftirlit sé á þann veg útbúið að sé í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun, málsaðilar uni því og treysti. Þessu skilyrði var ekki fullnægt.
2. Að jafnframt frystingu kjarnavopna sé reglubundið árlega dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu skilyrði var heldur ekki fullnægt.
3. Það skilyrði var sett að samkomulag kjarnorkuveldanna lægi til grundvallar slíkri frystingu. Þessu skilyrði var heldur ekki fullnægt.

Það var þess vegna ekki ástæða fyrir okkur að breyta atkvæði okkar við þessa tillögu. Ég gerði grein fyrir þessu á fundi utanrmn. s.l. mánudag."

Þannig hljóðuðu rök páv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar fyrir því að Ísland tók þá afstöðu sem alkunnugt er. Ég vil varðveita það góða samkomulag sem náðist á Alþingi í fyrravor um afvopnunarmál og þess vegna vil ég að þeir agnúar, sem páv. hæstv. utanrrh. sá á frystingartillögunni, verði sniðnir af og Ísland taki forustu við mótun samnorrænnar afstöðu og einmitt á grundvelli ályktunarinnar frá 23. maí 1985.

Ég tel mjög mikilvægt að Norðurlönd móti sameiginlega afstöðu út á við þar sem það er unnt. Norðurlönd geta sameiginlega komið ýmsu góðu til leiðar í veröldinni. Þau njóta virðingar annarra þjóða og ég leyfi mér að fullyrða að þegar þau eru samstiga geti þau ýmsu áorkað. Ég tel að okkur Íslendingum ætti að vera það kappsmál að efla þessa samstöðu. Okkar lóð verður ekki þyngra með öðru móti.

Hugmyndin um frystingu kjarnorkuvopna fékk byr undir vængi er bandarísku öldungadeildarþingmennirnir Edward Kennedy og MacHatfield kynntu þáltill. 10. mars 1982 með svofelldum texta:

„Þar sem mikilvægasta verkefni okkar í dag er að koma í veg fyrir að kjarnorkustyrjöld brjótist út hvort sem er fyrir slysni eða af ásettu ráði, þar sem kjarnorkuvopnakapphlaupið eykur háskalega hættuna á gereyðingu, sem yrði hinsta styrjöld mannkyns, og þar sem þörf er stöðvunar, sem fylgt væri eftir með verulegri fækkun kjarnaodda, eldflauga og annarra árásartækja til að stöðva kjarnorkuvopnakapphlaupið og draga úr hættunni á kjarnorkustríði, ályktar öldungadeild og fulltrúadeild Bandaríkjanna á sameinuðu þjóðþingi:

1. að í þágu eftirlits með langdrægum vopnum skuli Bandaríkin og Sovétríkin nú þegar:

a) stöðva kjarnorkuvopnakapphlaupið algjörlega,

b) ákvarða hvenær og hvernig framkvæmd skuli gagnkvæm og sannanleg stöðvun er nái til tilrauna, framleiðslu og frekari dreifingar kjarnaodda, eldflauga og annarra árásartækja og

c) athuga sérstaklega þá gerð vopna sem fyrir hefur verið komið og ætla mætti að gerðu stöðvun erfiðari en ella.

2. Í kjölfar þessarar stöðvunar skulu Bandaríkin og Sovétríkin gagnkvæmt og sannanlega fækka verulega kjarnaoddum, eldflaugum og öðrum árásartækjum. Miðað skal við árlegan hundraðshluta eða aðra árangursríka tilhögun þannig að stöðugleiki aukist. Þeir Kennedy og Hatfield gáfu út bók til kynningar á hugmyndum sínum. Formála bókarinnar ritaði Averell Harriman, fornfrægur bandarískur stjórnmálaskörungur. Þar segir hann m.a.:

„Þegar rætt er um kjarnorkuvopn og hvað af þeim getur hlotist skiptir ekki máli hvar í flokki menn standa. Því ber að fagna því að annar höfunda þessarar bókar, Kennedy öldungadeildarþingmaður, er demókrati og hinn, Hatfield öldungadeildarþingmaður, er repúblikani. Slík samvinna frammámanna í báðum flokkum er nauðsynleg því andspænis þessu máli erum við umfram allt Bandaríkjamenn og framtíð Bandaríkjanna er órjúfanlega tengd því hvernig vopnaeftirlit mun þróast. Og umfram allt erum við öll mannverur og viljum vernda þessa plánetu og það líf sem þar getur þrifist.

Siðmenning á sér u.þ.b. tíu þúsund ára sögu. Á þeim stutta tíma sem við lifum hér á jörðu fáum við að ráða nokkru um það hvernig heim við látum afkomendum okkar í té. Tilvist kjarnorkuvopna leggur þeim sem nú byggja þessa jörð þungar skyldur á herðar. Ef við bregðumst verður enginn sagnfræðingur til að festa það á spjald."

Þetta voru orð Averell Harrimans. Síðan hefur mikið

vatn runnið til sjávar. Hugmyndin hefur þróast og henni hefur vaxið fylgi. Nú síðast er kominn miklu jákvæðari og raunhæfari tónn í Mikhail Gorbatsjoff og talsvert mikils að vænta af þeim viðræðum sem nú standa yfir. Það er sennilega ekki ástæða til að glata voninni um að þessi hugmynd geti náð fram að ganga.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég legg til að tillögu okkar verði vísað til utanrmn. til athugunar. Ég treysti formanni nefndarinnar til þess að afgreiða tillöguna jákvætt og án langrar tafar. Ég tel enn fremur að núverandi utanrrh. sé rétti maðurinn til að hafa forustu um framkvæmd ályktunar þeirrar sem ég vonast til að Alþingi geri. Hæstv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen er reyndur og mikils metinn forustumaður í norrænu samstarfi og nýtur þar hins mesta trausts. Hann hefur í tvígang verið forseti Norðurlandaráðs og þar að auki verið foringi ráðherranefndarinnar. Þess vegna er mjög vel til fundið að hann fái það hlutverk að samræma afstöðu Norðurlanda til frystingar kjarnorkuvopna.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í till. þeirri til þál. sem flutt er á þskj. 223 og hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur gert grein fyrir er hvatt til að Íslendingar leitist við að ná samstöðu með öðrum ríkjum Norðurlanda um frystingu kjarnavopna og bann við tilraunum með kjarnavopn. Þá er enn fremur lagt til að Íslendingar skuli hafa frumkvæði um tillöguflutning á vetvangi Sameinuðu þjóðanna um þau mál á grundvelli ályktunar Alþingis 23. maí 1985.

Áður en lengra verður haldið vil ég því víkja að nokkrum efnisatriðum ályktunar Alþingis um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var einróma 23. maí 1985. Í nefndri ályktun Alþingis er í upphafi lögð áhersla á tvö undirstöðuatriði: Í fyrsta lagi gagkvæman samning kjarnorkuveldanna um alhliða afvopnun og í öðru lagi að framkvæmd afvopnunar verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti. Þá er því beint til ríkisstj. að hún skuli styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti. Enn fremur að ríkisstj. skuli hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Það eru þannig sett nokkur skilyrði fyrir því að Íslendingar geti staðið að eða stutt tillögur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um bann við notkun eða frystingu kjarnavopna.

Stefna ríkisstjórnarinnar í afvopnunarmálum er í samræmi við framangreinda ályktun Alþingis. Á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna voru Íslendingar þannig í hópi þeirra ríkja sem fluttu tillögu um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn. Þessi tillaga uppfyllti skilyrði framangreindrar ályktunar Alþingis, enda var í henni lögð höfuðáhersla á virkt eftirlit með slíku banni, m.a. með alþjóðakerfi jarðskjálftamælinga.

Menn verða í þessu efni að vera raunsæir og viðurkenna staðreyndir svo sem að tómt mál er að tala um afvopnun án vilja og samkomulags risaveldanna. Ljóst er að forsendur slíks samkomulags eru m.a. hernaðarlegt jafnvægi og eftirlit sem aðilarnir una við. Í ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 um afvopnunarmál er tekið tillit til slíkra atriða. Sömu sjónarmiða hefur verið gætt af hálfu Íslands þegar greidd hafa verið atkvæði í afvopnunarmálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Í grg. með till. á þskj. 223 er hvatt til að Íslendingar hverfi frá þeirri afstöðu að sitja hjá við atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um frystingartillögu Svía, Mexíkómanna og fleiri. Vísað er til þess að Norðmenn hafi stutt tillöguna á síðasta allsherjarþingi, en þeir höfðu áður setið hjá eins og Íslendingar og reyndar gengur till., sem hv. 5. þm. Austurl. er 1. flm. að og hér kemur til umræðu á eftir, í þá átt.

Í þessu sambandi er vert að geta þess að fyrir síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, sem var hið 40. í röðinni, lágu 74 tillögur um afvopnun. Slíkum tillögum fjölgar ár frá ári og flestar eru síðan endurfluttar. Meðal þessara tillagna eru nokkrar um frystingu kjarnavopna. Við afgreiðslu þeirra hafa Íslendingar ýmist setið hjá eða greitt atkvæði á móti. Þannig greiddu Íslendingar atkvæði gegn frystingartillögu Sovétmanna, enda er hún sett fram í pólitískum tilgangi. Íslendingar sátu á hinn bóginn hjá þegar sú tillaga um frystingu var borin undir atkvæði sem hér skiptir máli, en það er tillaga Svía, Mexíkómanna og fleiri. Þeirri afstöðu réði sú skoðun Íslendinga að í henni gætti ekki nægjanlegs raunsæis. Þannig er fullyrt í þessari tillögu að jöfnuður ríki milli risaveldanna á sviði kjarnavopna. Það er litið fram hjá hinum nýju kjarnaflaugum Sovétmanna í Evrópu. Íslendingar hafa á undanförnum árum reynt að ná fram breytingum á sænsk-mexíkönsku tillögunni þannig að þeim og fleiri þjóðum sé gert kleift að greiða atkvæði, en þær tilraunir hafa lítinn árangur borið.

Norðmenn voru sama sinnis og Íslendingar í þessu efni, en breyttu afstöðu sinni hvað atkvæðagreiðsluna snertir á síðasta allsherjarþingi. Rétt er að greina frá ástæðum þeirra sinnaskipta og rökstyðja hvers vegna Íslendingar geta ekki látið þau hafa áhrif á sína afstöðu. Eftir þingkosningarnar í Noregi hefur ríkisstjórn Kåre Villochs afar nauman meiri hluta í stórþinginu. Tveir eða þrír þingmenn stjórnarliðs hótuðu að hætta stuðningi við ríkisstjórnina ef hún breytti ekki afstöðu sinni til sænsk-mexíkönsku tillögunnar. Niðurstaðan varð sú að norska ríkisstjórnin afréð að koma til móts við kröfur þessara þingmanna varðandi atkvæðagreiðsluna á allsherjarþinginu og forða þar með stjórninni frá falli.

Ef borin er saman atkvæðaskýring Norðmanna við atkvæðagreiðsluna um þessa tillögu annars vegar árið 1984 og hins vegar 1985 er greinilegt að ekki eru efnisleg rök fyrir breyttri afstöðu við atkvæðagreiðsluna. Í atkvæðaskýringu á 39. allsherjarþingi 1984 töldu Norðmenn að mikilvægis fullnægjandi eftirlits væri ekki nægjanlega gætt í sænsk-mexíkönsku tillögunni. Þá gerðu þeir athugasemdir við málsgreinar er drógu í efa réttmæti varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Einnig gerðu þeir athugasemdir við þann stuðning við stefnu annars kjarnorkuveldisins sem fram kemur í tillögunni þrátt fyrir að umrætt ríki, þ.e. Sovétríkin, haldi áfram uppsetningu kjarnavopna, aðallega í Evrópu.

Tillagan sem borin var fram á 40. allsherjarþinginu 1985 var í öllum atriðum óbreytt frá árinu áður. Þar var raunhæfu og framkvæmanlegu eftirliti ekki veitt það vægi sem Íslendingar og Norðmenn höfðu áður kosið og þar var enn að finna gagnrýni á varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Í atkvæðaskýringu Norðmanna við afgreiðsluna 1985 segir að Norðmenn hafi afráðið að styðja tillöguna þótt hún sé í sumum atriðum ekki í samræmi við skoðanir þeirra í afvopnunarmálum. Norðmenn leggja áherslu á að samkomulag risaveld-

anna og virkt eftirlit sé forsenda árangurs. Þeir undirstrika stuðning sinn við varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins og í því sambandi víkja þeir sérstaklega að hinni tvíþættu ákvörðun ráðherrafundar NATO 1979 þar sem ákveðið var að vega upp forskot Sovétmanna á sviði meðaldrægra kjarnaflauga. Norðmenn taka það skýrt fram að þótt þeir greiði atkvæði með sænsk-mexíkönsku tillögunni felist ekki í því gagnrýni á þau ríki sem nú eru að koma upp meðaldrægum kjarnaflaugum á grundvelli ákvörðunar frá 1979.

Af þessu öllu er ljóst að það voru innanlandsstjórnmál í Noregi sem réðu því að ríkisstj. ákvað að greiða umræddri frystingartillögu atkvæði sitt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sú ákvörðun var liður í lausn kreppu sem norska ríkisstjórnin stóð frammi fyrir. Íslendingar breyta vitaskuld ekki afstöðu sinni á þessum grundvelli. Við höldum fast við sannfæringu okkar og sjálfstæði.

Á undanförnum vikum og mánuðum hafa átt sér stað atburðir sem gera það að verkum að ég sé ekki ástæðu fyrir okkur Íslendinga að álykta sérstaklega um tiltekna þætti afvopnunarmála á þessari stundu. Leiðtogar risaveldanna, þeir Ronald Reagan og Mikhail Gorbatsjoff komu þannig saman til fundar í nóvember s.l. og voru þá sex ár liðin frá því að leiðtogar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna héldu síðast með sér fund. Í kjölfarið hafa afvopnunarviðræður í Genf hafist á nýjan leik. Ef einhver árangur verður af þeim fundum mun það væntanlega hafa áhrif á málflutning og tillögugerð um afvopnunarmál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Gera má ráð fyrir að á 41. allsherjarþinginu í haust verði fluttar tillögur sem taka mið af þeim viðræðum risaveldanna sem munu hafa átt sér stað þegar allsherjarþingið kemur saman að nýju. Það er t.d. talið líklegt að sænsk-mexíkanska tillagan um frystingu kjarnavopna verði ekki lögð þar fram í óbreyttri mynd. Það sem einkum vekur vonir um að einhvers árangurs megi vænta af afvopnunarviðræðum risaveldanna er að svo virðist sem Sovétmenn hafi loks afráðið að koma til móts við fyrri tillögur Bandaríkjamanna um niðurskurð kjarnavopna.

Mikilvægasti þáttur nýlegra tillagna Gorbatsjoffs er, ef rétt reynist, að Sovétmenn munu fallast á gagnkvæmt og fullnægjandi eftirlit með framkvæmd afvopnunar. Í fyrri samningaviðræðum risaveldanna hefur synjun Sovétmanna á slíku eftirliti komið í veg fyrir haldgóðan árangur. En það á eftir að koma í ljós hvort hugur fylgir máli. Ég hef áður bent á að það er vilji stórveldanna, vissa þeirra um hernaðarlegt jafnvægi og viðunandi eftirlit sem ræður úrslitum í þessum efnum.

Ég dreg saman í örstuttu máli það sem hér hefur komið fram.

Íslendingar hafa greitt atkvæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með þeim hætti að samrýmist skilyrðum ályktunar Alþingis um afvopnunarmál frá 23. maí 1985. Veigamikil rök voru fyrir því að þeir sátu hjá þegar greidd voru atkvæði í allsherjarþinginu um sænsk-mexíkönsku frystingartillöguna. Norðmenn breyttu afstöðu sinni í atkvæðagreiðslu af ástæðum sem ekki geta haft áhrif á afstöðu Íslendinga. Á síðustu vikum hefur komist skriður á samningaviðræður stórveldanna um afvopnun sem hugsanlega mun breyta viðhorfum manna og tillögugerð á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Með hliðsjón af öllu þessu tel ég ekki rétt að Alþingi álykti á þessari stundu um frystingu kjarnavopna eða breyti á nokkurn hátt fyrri ályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ástæðan fyrir þessum tillöguflutningi var sú að við töldum að ekki hafi verið svigrúm til að greiða atkvæði á þann veg sem við töldum rétt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í vetur er leið. Tillagan sem hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur mælt fyrir er beint framhald af tillögunni frá því í maí í fyrra sem var samþykkt einróma hér á Alþingi. Hún er í raun og veru ekkert annað en undirstrikun hennar þar sem segir að Íslendingar skuli eftir megni vinna fyrir því að kjarnorkuvopnum verði útrýmt, að hætt verði tilraunum með kjarnorkuvopn o.s.frv. Það er því meginatriðið í málflutningi okkar flm. till. að við séum að halda áfram, undirstrika og hvessa tillöguna frá því í maí í fyrra.

Varðandi samninga risaveldanna vildi ég aðeins gera örstutta athugasemd við ummæli hæstv. utanrrh. Kjarni málsins er að smáþjóðir og þjóðir heims, þær þjóðir sem ekki ráða yfir kjarnavopnum, þær þjóðir sem standa utan við, telja að þessi vopn séu þess eðlis að það komi hverjum einasta jarðarbúa við. Þær telja að þetta sé ekki mál Gorbatsjoffs eða Reagans. Þetta er mál allrar heimsbyggðarinnar. Og smáum þjóðum sem stórum ber skylda til að þrýsta á þau ríki, þá stjórnmálamenn og þær ríkisstjórnir sem fara með þessi vopn til að gera raunhæfa samninga til útrýmingar þessum stórkostlegu og ægilegu vopnum.

Við getum vafalaust endalaust deilt um hvenær hernaðarlegt jafnvægi er í veröldinni, en það vita allir að það „jafnvægi" sem talað er um í sambandi við kjarnorkuvopn stafar ekki af því að einhver ákveðin megatonn séu jöfn. Það skiptir engu máli hve mörgum megatonnum meira Sovétmenn hafa eða Bandaríkjamenn hafa. Það sem skiptir máli er að þessum vopnum verði ekki beitt, að það verði dregið úr tilraunum með þau, það verði dregið úr framleiðslu þeirra og smám saman verði þeim útrýmt. Það er kjarni málsins. Allar umræður um jafnvægi eru út í bláinn þegar rætt er um þessa tegund vopna.

Ég tel að það sé einmitt hlutverk smárra þjóða að leggja sitt af mörkum til að knýja á stórveldin að taka af skarið í þessum málum, hætta tilraunum með kjarnorkuvopn, fækka þeim og helst að útrýma þeim. Síðan er það annað mál að hættan af venjulegum vopnum er kannske nokkuð sem hefur gleymst ákaflega oft í þessari umræðu. Fyrir nokkrum mánuðum sat ég einmitt alþjóðlega ráðstefnu um þau efni þar sem rætt var um þá gífurlegu hættu sem stafaði af framleiðslu og verslun með það sem kölluð eru hefðbundin vopn. Ég held að við ættum að fara að athuga hvort ekki sé tími til kominn að einmitt Norðurlöndin fari að ræða þau mál ekki síður en kjarnavopnin.

En núna eru kjarnavopnin það ægilega, sú ógnun sem við viljum draga úr, því það vita allir að verði kjarnavopnin notuð þýðir það útrýmingu menningar á stórum svæðum jarðarinnar. Mannkynið þyrfti raunverulega að byrja upp á nýtt. Við hljótum því að vona að þeim verði aldrei beitt. En bara það að lifa undir þessari ógnun, lifa við það að hugsanlega verði þau notuð, er það ægilegt álag að það er ekki leggjandi á fólkið á þessari jörð.

Ég held að við ættum að íhuga líka annað í þessu

sambandi og það er að víða í heiminum eru hópar manna, jafnvel þjóðabrot, sem mundu gefa mikið fyrir að ráða yfir slíkum vopnum og væru tilbúin að beita þeim. Sú hætta er vissulega alltaf fyrir hendi. Við þurfum ekki annað en að minnast á Austurlönd nær. Við getum minnst á Afríkuríki. Jafnvel víðar í veröldinni er hugsanlegt að slíkum vopnum verði beitt. Sumir hafa m.a.s. komið með þá kenningu að stórveldin muni í tímanna rás prófa kjarnavopn eða réttara sagt láta aðra prófa þessi kjarnavopn í litlum mæli. En um leið og kjarnavopnin eru notuð einhvers staðar í veröldinni, hvort sem það gera terroristar eða einhverjir aðrir, er skrefið stutt yfir í það allsherjareyðingarstríð sem núna vofir eins og sverð yfir mannkyninu.

Ég vil þess vegna eindregið hvetja til þess að þessi tillaga verði samþykkt og að Íslendingar láti heyra frá sér í þessu máli annað en það sem stórveldunum þykir gott að heyra.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans innlegg, en ég verð þó að lýsa því að ég varð fyrir talsverðum vonbrigðum því ég sá ekki fyrir að hann gæti lagst gegn samþykkt þeirrar tillögu sem hér er til umræðu.

Mér fannst reyndar hluti af ræðu hæstv. utanrrh. nokkuð utan brautar og ekki beinlínis vera umræða á grundvelli þeirrar tillögu sem hér er á dagskrá. Hann er fremur að svara öðrum tillögum sem síðar eru á dagskránni um svipað efni.

Ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 er grundvöllur að afstöðu Íslendinga til afvopnunarmála og við eigum að standa á þeim grundvelli. Ég er ekki að biðja um neitt annað, en ég bið um að það sé staðið við ályktunina frá 23. maí. Við erum ekki að biðja um það með þessari tillögu að Ísland greiði texta tillögu Svíþjóðar og Mexíkó óbreyttum atkvæði. Við erum að biðja um að samræmd verði afstaða Svía, Norðmanna, Dana og Finna og okkar Íslendinga.

Hæstv. utanrrh. fór mörgum orðum um afstöðu Norðmanna. Ég læt þær söguskýringar liggja á milli hluta.

Ég er ekki sammála skoðun hæstv. utanrrh. að ekki sé ástæða til að samþykkja þessa tillögu. Ég tel að það sé rétt og nauðsynlegt að samþykkja tillöguna og rétt og nauðsynlegt að Ísland standi fyrir sameiginlegum tillöguflutningi Norðurlanda. Það er rétt að vonir hafa vaknað um breytt andrúmsloft og það er rétt að Norðurlönd leggi sitt lóð á þá vogarskál að þrýsta Gorbatsjoff og Reagan til samninga. Samþykkt þeirrar till. sem hér um ræðir er rökrétt framhald af ályktun Alþingis frá 23. maí. Ég mun leggja áherslu á að Alþingi álykti í vor í rökréttu framhaldi af ályktuninni frá í fyrravor. Þar með kæmust við í stöðu til þess að fá samþykkta á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna næsta haust tillögu sem við gætum verið ánægðir með. Ég legg áherslu á að menn reyni að varðveita einingu um þessi viðkvæmu og mikilvægu mál. Við tillögumenn þykjumst hafa lagt okkur í framkróka um að varðveita þá einingu og ég vona að aðrir verði ekki til þess að spilla henni.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru örfá orð út af ræðum þeirra tveggja flm. þessarar tillögu.

Ég vil svara hv. 1. flm. því að ég gerði í ræðu minni grein fyrir sjónarmiðum varðandi þá tillögu sem þeir hér hafa flutt. Ég teldi óskynsamlegt eins og málum er háttað nú að út frá þeirri samþykkt sem Alþingi hefur gert verði brugðið. Í tillögu þeirra er lagt til að ná samstöðu með öðrum ríkjum Norðurlanda. Á móti því hef ég að sjálfsögðu aldrei. En hér er talað um ákveðna aðferð í sambandi við vandamál kjarnorkunnar og þar er ekki samræmi að mínum dómi á milli þeirrar ályktunar sem Alþingi hefur gert og þess sem þarna er farið fram á. Við viljum umfram allt, eins og hv. þm. sagði, varðveita samstöðu í þessu máli og ég efast ekkert um að það verður reynt að gera það eins og mögulegt er.

Varðandi það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði er það auðvitað málefni allra, ekki síður þeirra smáu en þeirra stóru. Einmitt það hvernig komið er í sambandi við þessi mál, sem betur fer, að komnar eru af stað viðræður á milli forustumanna stórveldanna um nákvæmlega þau atriði sem samþykkt voru á Alþingi 23. maí 1985, sýnir okkur að sú yfirlýsing var viturlega gerð af Alþingi. við eigum að halda okkar striki og meta að þeir sem fara með yfirráð yfir þessum ógnarvopnum hafa kannske hlustað á það sem hér var samþykkt og gera sér grein fyrir með hvaða hætti þarf að þessum málum að vinna eins og fram hefur komið. Við skulum vona að okkur takist með þeirri stefnu sem Alþingi hefur samþykkt að ná árangri í þessum málum. Það er ævinlega svo að lítil þjóð á að láta til sín heyra í þessum málum. Mér sýnist að það sem hér hefur verið að gerast sé e.t.v. að á það hefur verið hlustað.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Í trausti þess að á okkur hafi verið hlustað, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það, tel ég fulla ástæðu til að álykta áfram í fullu samræmi og í rökréttu framhaldi af ályktun Alþingis frá 23. maí í fyrra um þetta efni. Ég tel að einmitt hafi ræða hæstv. utanrrh. verið rökstuðningur fyrir því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Frysting kjarnorkuvopna, þáltill. 188. mál (þskj. 224). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Valdhafar í Bandaríkjunum, Sovétríkjunum og bandaríkjum beggja hljóta að finna til geysilegrar ábyrgðar gagnvart því að verja þjóðfélagsskipun sína, hagkerfið og landamæri sín. Þetta hljóta menn að álykta þar sem þau halda Evrópu og reyndar sjálfum sér sem gíslum andspænis gereyðingarógn kjarnorkuvopna í þessu skyni. Bæði stórveldin eiga fleiri kjarnaodda en þau gætu mögulega notað án þess að valda svonefndum kjarnorkuvetri og samt halda þau áfram að smíða og dreifa sífellt háþróaðri og hættulegri vopnum.

Um margra ára skeið var boðskapur dagsins ógnarjafnvægi. Okkur var sagt það lengi vel að það akkeri sem haldið hefði þjóðarskútunum stöðugum á úthafi hins eilífa ófriðar, a.m.k. í vesturheimi, væri hinn gagnkvæmi fælingarmáttur þeirra kjarnorkuvopna sem stórveldin hafa safnað af mikilli ábyrgðartilfinningu til þess að varðveita frið og velferð þjóða sinna. Þannig

hefur okkur verið sagt að ógnarjafnvægið milli austurs og vesturs hafi tryggt frið í Evrópu um 40 ára skeið og forðað okkur frá þeim styrjöldum sem annars hefðu óhjákvæmilega orðið.

Herra forseti. Þetta er röksemdafærsla sem hvorki er hægt að sanna né afsanna. Þetta er í raun bæði fullyrðing og trú. Þessi röksemdafærsla minnir að sumu leyti, herra forseti, á hegðun prestaveldis hinna fornu þjóðfélaga Maya og Azteka í Suður-Ameríku. Þessar þjóðir áttu allt sitt undir árstíðunum og því að sá á réttum tíma. Þær áttu sér hæfa stjörnuspekinga. Valdhafarnir vissu að náttúran tók háttbundnum breytingum og þeir beittu athyglisgáfu sinni af alefli að því að uppgötva hvert eðli þessara hefðbundnu breytinga var til þess að þeir gætu lært að stjórna þeim og hagnýta þær, ekki einungis í þágu þjóða sinna heldur fyrir mannkyn allt svo það mætti lifa af.

Sérhver mínúta lífs þeirra var háð stöðu himinhnattanna, héldu þeir. Þeir óttuðust að væri guðunum ekki friðþægt mundu þeir eyða heiminum eins og þeir þekktu hann. Því var það að sérhverjum guði varð á réttum tíma að bera þær bænir og fórnir sem hverjum þótti hæfa. Eftirsóknarverðustu fórnirnar voru mannshjörtu sem slitin voru úr fórnarlömbunum meðan þau enn slógu.

Það var heilög skylda sérhvers Azteka að handsama fanga til fórna. Þegar stóri píramídinn hjá Huitzilopochtli var vígður í Mexíkó 1486 hafði Ahuitzotl konungur safnað meira en 20 þúsund föngum til fórna í tveggja ára herferð sinni til Oaxaca. Sú staðreynd að reikistjörnurnar héldust kyrrar á brautum sínum og árstíðirnar birtust með skilum sannaði svo fyrir valdhöfum að röksemdafærsla þeirra var rétt og því hélst áfram við lýði sú skuldbinding að útvega fórnarlömb til mannfórna þar til Spánverjar komu með sína útgáfu á kristindómnum.

Ef við notum svipaða röksemdafærslu, herra forseti, og segjum að fælingarmáttur kjarnorkuvopna hafi haldið friðinn milli stórveldanna síðastliðin 40 ár, er það þá ekki heilög skylda okkar að halda áfram að safna kjarnorkuvopnum til þess að tryggja friðinn? Hvað finnst ykkur um þessa samlíkingu, hv. þm.?

Nú er það samt svo að boðskapur dagsins hefur skipt um vers. Reagan Bandaríkjaforseti telur nú að ógnarjafnvægið frá því í gær sé siðferðilega óverjandi og því beri að skipta um áherslu. Hann vill reisa ósamkomulag stórveldanna út í geiminn, hafa frumkvæði að því sem hann kallar geimvarnaáætlun, umdeild og draumórakennd áætlun sem ögrar heilbrigðri skynsemi alls þorra manna og hvetur til geigvænlegrar aukningar vígbúnaðarkapphlaupsins.

Nei, reyndin er sú að stór meiri hluti manna telur kjarnorkuvopn óalandi og óferjandi og sættir sig ekki lengur við að búa við þá ógn sem þau bjóða lífi og framtíð á þessari jörð, sættir sig ekki lengur við þær risafjárhæðir sem blæðir til vígbúnaðar frá nauðþurftum. Þess vegna krefst almenningur þess að stórveldin stöðvi vígbúnaðarkapphlaup sitt umsvifalaust og hefji síðan afvopnun. Annað er gjörsamlega óþolandi.

Það er sömuleiðis gjörsamlega óþolandi að stjórnvöld lýðfrjálsra landa, sem standa utan stórveldanna, skuli ekki beita öllum tiltækum ráðum til að þrýsta á stórveldin í þessum efnum og fara þannig að vilja þess fólks sem kaus þau. Þetta stendur þó til bóta meðal ýmissa þjóðþinga í Evrópu sem nú eru loks farin að hlusta á rödd fólksins og hlýða henni.

Það er sömuleiðis gjörsamlega óþolandi að stjórnvöld Íslands skuli ekki hafa hugrekki og dug til þess að beita sér í þessum efnum.

Í desemberbyrjun 1983 hóf ég umræðu utan dagskrár hér á Alþingi um tillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja á þingi Sameinuðu þjóðanna um frystingu kjarnorkuvopna. Tilgangur umræðunnar var að fá svar frá hæstv. utanrrh. um afstöðu Íslands til þeirrar till., en atkvæðagreiðsla um hana var væntanleg innan fárra daga. Hæstv. utanrrh. sem þá var sagði að Ísland mundi sitja hjá við atkvæðagreiðsluna eins og aðrir. Kvennalistinn taldi mjög mikilvægt að Alþingi Íslendinga tæki afstöðu til þessa máls og flutti því till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna sem byggð var á umræddri tillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja. Þessi tillaga var svo flutt aftur á næsta þingi og reyndar höfð til hliðsjónar ásamt öðrum þegar samin var ályktun um stefnu Íslands í afvopnunarmálum sem Alþingi samþykkti á s.l. vori.

Ég býst við því að fulltrúar flestra þingflokka hér á Alþingi hafi reiknað með því að samþykkt þessarar afvopnunartillögu mundi í raun tryggja að Íslendingar mundu styðja tillögu Svíþjóðar og Mexíkó um frystingu kjarnorkuvopna. Það kom þó í ljós eftir að afhent höfðu verið gögn á fundi utanríkismálanefndar s.l. haust að Norðmenn mundu styðja tillöguna en Íslendingar yrðu einir Norðurlandaþjóða til þess að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna ásamt fimm öðrum þjóðum, þ.e. Bahamaeyjum, Kína, Lúxemborg, Hollandi og Spáni. Þetta var tilefni utandagskrárumræðna hér á Alþingi í desember s.l., sem getið hefur verið um af hv. þm. Páli Péturssyni, þar sem þess var krafist að Íslendingar styddu þessa tillögu. Allt kom fyrir ekki. Metnaður fráfarandi utanrrh. var í veði, en hann hafði þegar gefið afstöðu Íslendinga til kynna og vildi ekki breyta henni. Þessi afstaða varð tilefni þess að þingflokkur Kvennalista ákvað að leggja fram tillögu sína eina ferðina enn í þeirri von að hún yrði samþykkt áður en svipuð tillaga yrði næst borin fram á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Þessi tillaga er nú 188. mál þingsins á þskj. 224 og er flutt af þm. Kvennalista. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1. Allsherjarbann við tilraunum með framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og skotbúnaðar þeirra. Enn fremur algera stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.

2. Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I og SALT II samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algert bann við kjarnorkuvopnatilraunum.

3. Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með, en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til."

Ég ítreka að þessi till. er nánast samhljóða þeirri till.

sem hér um ræðir og var flutt af Svíþjóð og Mexíkó á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Það er að mati þingflokks Kvennalistans gjörsamlega óviðunandi að embætti hæstv. utanrrh. skuli vera þannig farið að hann er í raun einráður um slíkar ákvarðanir fyrir Íslands hönd. Hæstv. ráðh. hlýtur að verða að hlíta vilja þjóðarinnar og þar með þingsins og því er nauðsynlegt að þingið taki afstöðu í þessu máli.

Ég tek eindregið undir þau orð hv. þm. Páls Péturssonar að æskilegt sé að Norðurlönd séu samstiga í þessum efnum. Jafnframt legg ég áherslu á að Norðurlönd hafa sameiginlegt hlutverk á alþjóðavettvangi sem er mjög mikilvægt og má hvorki vanrækja né vanmeta.

Varðandi ummæli hæstv. utanrrh. hér áðan um þau skilyrði sem fyrrverandi hæstv. utanrrh. setti fyrir því að hægt væri að samþykkja slíka tillögu vil ég taka fram að það er tæknilega löngu mögulegt að framkvæma það eftirlit sem nægjanlegt er til þess að fullvissa sig um hvort kjarnorkuvopn felast á landi einhvers eða ekki. Það er löngu hægt að beita slíku eftirliti svo og eftirliti með öllum tilraunum með kjarnorkuvopn sem gerðar eru.

Hæstv. utanrrh. minntist líka á það að Íslendingar hefðu leitað breytinga á þessari tillögu Mexíkó og Svíþjóðar margsinnis, en ekki fengið, ekki fengið nægilega miklar breytingar fram til þess að geta staðið að tillögunni. Samt er nú svo komið að Ísland er eitt Norðurlandanna sem ekki getur staðið að tillögunni.

Hæstv. utanrrh. minntist á að Norðmenn hefðu breytt afstöðu sinni í atkvæðagreiðslu vegna þrýstings frá innanlandsstjórnmálum, þ.e. vegna innanlandsstjórnmála hefðu þeir breytt afstöðu sinni. Og ég spyr nú: Vegna hvers annars ættu þeir eiginlega að breyta afstöðu sinni ef ekki vegna þeirra stjórnmála sem eru í landi þeirra, þ.e. vilja þess fólks sem býr í landinu?

Ég er sammála hæstv. utanrrh. þegar hann segir að við eigum að halda okkar striki. En ég vil ganga lengra. Ég vil standa á þessu striki og beita mér. Þess vegna legg ég til, og ég styð það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan, að við þurfum að halda áfram í átt eftir þessu striki. Við þurfum að færa það áfram og vera óhrædd við að lýsa vilja okkar í þessum efnum.

Að loknum umræðum legg ég til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í sambandi við þá till. sem hér er til umræðu leyfi ég mér að vísa að verulegu leyti og öllu til þeirrar ræðu sem ég flutti áðan við umræður um till. á þskj. 223 og til þeirra raka sem ég þar bar fram. Ég vil þó leyfa mér að víkja að tveimur atriðum sem fram komu í ræðu hv. 3. landsk. þm. þar sem vikið var að hlutverki utanrrh. og því valdi sem hann hefði til ákvarðanatöku um atkvæðagreiðslu eins og í þessu máli á s.l. hausti.

Hæstv. þáverandi utanrrh. gerði grein fyrir því í utandagskrárumræðunum 5. desember um leið og hann las upp ályktun Alþingis frá 1985 og benti á að afstaða hans til atkvæðagreiðslunnar á þingi Sameinuðu þjóðanna væri fullkomlega í samræmi við þá ályktun sem Alþingi hafði gert. Hv. þm. orðaði það svo að það hefði verið skilyrði fyrrverandi utanrrh. Það er skýrt tekið fram í ályktun Alþingis með hvaða hætti Alþingi styður það sem hér er um að ræða. Það eru þau skilyrði sem ályktun Alþingis fjallar um sem gera verður kröfu til að séu fyrir hendi til þess að hægt sé að styðja slíka tillögu sem reynt hefur verið að gera og það hefur verið reynt að fá fram breytingar á tillögu Svíþjóðar og Mexíkó í samræmi við ályktun Alþingis, en það ekki tekist því miður.

Hv. þm. vék að orðum sem ég sagði, þ.e. að það hefðu verið innanlandsstjórnmál í Noregi sem réðu afstöðu Norðmanna. Ég var einmitt að undirstrika að það voru sérstakar aðstæður að kosningum loknum sem urðu þess valdandi hvernig Norðmenn greiddu atkvæði, en grg. sem fylgdi sýndi að það var ekki breyting á þeim skoðunum sem þeir höfðu á tillögunni á allsherjarþinginu 1984. Það voru sömu skoðanir sem þeir höfðu 1985, en af þessum sérstöku ástæðum töldu þeir þó rétt að greiða atkvæði með tillögunni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það kemur fyrir að maður hefur á tilfinningunni að það ætti að vera óþarfi að ræða mál hér á hinu háa Alþingi og ekki síst þau mál sem nú hafa verið á dagskrá og reyndar fleiri.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum frá upphafi og löngu áður en nokkur umræða hófst af skynsamlegu viti á hinu háa Alþingi um þetta mál lagt fram ótal tillögur um að vígbúnaðarkapphlaupið yrði stöðvað eða a.m.k. að Íslendingar beittu sér fyrir því. Heldur hefur þokast í áttina að umræðu um þessi mál á hinu háa Alþingi og þess vegna ríkti að sjálfsögðu fögnuður hér þegar till. var samþykkt um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum 25. maí 1985. En það er greinilegt á máli hæstv. utanrrh. að honum tekst að lesa þá ályktun ansi miklu öðruvísi en okkur hinum.

Í þeirri ályktun stendur: „Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins."

Í sömu till. sem Alþingi Íslendinga samþykkti segir líka: „Leita verður allra leiða til að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið."

Hvað eru þeir hv. þm. sem hér hafa talað fyrir tveim till. og þeir hv. þm. sem lagt hafa fram till. sem liggur fyrir á þskj. 225 að gera annað en að reyna að leggja þeirri viðleitni lið? Orðhengilsháttur á borð við þann sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. getur ekki skipt neinu minnsta máli í þessu samhengi.

Ég sé ekki hvaða máli það skiptir nákvæmlega hvernig þessar till. eru orðaðar. Aðalatriði þessa máls er auðvitað að stöðva þá vitfirringu sem á sér stað og öllum heiminum stafar meira en ógn af. Menn og konur í þjóðþingum heimsins sitja og ræða um menningu þjóða, verndun náttúruauðlinda og framtíð barna heimsins og um önnur atriði er varða framtíð mannkynsins, en á sama tíma er eytt milljörðum í að búa til tæki til að leggja þetta líf í auðn! Þetta er svo gjörsamlega fráleitt og mælir svo móti allri skynsemi að ég býst við að stéttarsystkin hv. 3. landsk. þm. hljóti að flokka þetta undir geðsjúkdómafræði. Og það er auðvitað sú tilfinning sem sækir á mann við að horfa á fréttir dagsins að við búum á einu allsherjar geðveikrahæli.

Það hefur löngum verið viðfangsefni hverrar lifandi og hugsandi manneskju að halda viti sínu og helst að samræma það tilfinningum sínum, en þessar aðgerðir eru eitthvað allt annað og nálgast undarlegan geðklofa

eða hvað það nú heitir í geðsjúkdómafræði. Um það veit hv. 3. landsk. þm. meira en ég. En að heyra hæstv. utanrrh. Íslendinga vera að fárast yfir því hvernig tillögur um að stöðva þessa geggjun séu orðaðar er sorglegt. Ég bið hæstv. ráðh. forláts, en mér fundust þetta satt að segja lítilfjörlegar röksemdir.

Þá þykir mér ástæða til að taka upp hanskann fyrir hæstv. forsrh. Noregs þótt fátt eigum við sameiginlegt annað en kannske það að vera tvær lifandi manneskjur á þessari jörð áður en hún verður eyðilögð. Ég væri feimin við að bera honum það á brýn að hann hafi séð sér leik á borði til að fá að lafa í forsætisráðherrastól sínum að vera svo sem nokkuð sama þó að Noregur druslaðist þá til að greiða atkvæði með tillögu um frystingu kjarnorkuvopna. Svo ómerkilegur trúi ég ekki að forsrh. Noregs sé. Þetta er raunar skynsamur maður að mörgu leyti. Ég held að hann hafi einungis gert það sem ég vildi óska að íslenska ríkisstjórnin gerði líka. Hann hefur sest niður og farið að hugsa á vitrænan hátt og komist að þeirri niðurstöðu að nú væri nóg komið, þetta gæti ekki gengið lengur.

Við sjáum dag hvern atburði gerast sem jafnvel tæknilærðustu menn heims hafa ekkert vald á, eins og atburð þann sem gerðist á Kennedy-höfða fyrir nokkrum dögum. Þar voru 1,2 milljarðar sænskra króna sprengdir í loft upp. Það mun láta nærri að vera um 60 milljarðar íslenskra kr. Á einu andartaki þrátt fyrir allan undirbúning og sjö manneskjur fengu þar að fara sömu leið! Halda menn að slík óhöpp geti ekki komið fyrir þrátt fyrir alla þá tækni sem maðurinn ræður yfir? Hættan liggur í því að hafa þessi skelfilegu tæki undir höndum.

Og nú á að færa leikinn út í himingeiminn og menn tala um geimvarnaáætlun. Á meðan svíða menn sína eigin jörð. Á hverju ári eru höggnir skógar á svæði sem er jafnstórt Svíþjóð. Hungursneyð er yfirvofandi í Brasilíu vegna þess að regnskógunum hefur verið eytt. Á þessa vitfirringu alla saman hlustum við og hvað getum við í raun og veru gert annað en reyna að spyrna á móti?

Ég er ekki viss um að við Íslendingar getum mikið ráðið þessari ferð, en við getum að minnsta kosti reynt. Og þessar dauðyflislegu skýrslur starfsmanna hæstv. utanrrh. um orðalagsbreytingar til eða frá sæma ekki jafnljúfum og um margt góðum manni og hæstv. utanrrh. er. Ég veit að hann vill ekki taka þátt í þessu heldur. Og ég veit að hann er ekki það barn að hann viti ekki að herstöðin á Miðnesheiði er meiri hætta Íslendingum en nokkuð annað. Ekki heyrði ég betur en þeir marskálkar þar suður frá viðurkenndu í fréttatíma íslenska sjónvarpsins fyrir stuttu að vitanlega væri herstöðin skotmark.

Hversu lengi ætlum við að leika þetta leikrit? Það er löngu komið að því að hætta þessu. Ég skal ekki vera að erfa alla þá vitleysu sem menn hafa látið á okkur dynja, Alþýðubandalagsmönnum, sem augljóslega náðum fyrr áttum í þessu máli. Ég held að það sé engin ástæða til að erfa það. En því aðeins að menn reyni að taka sönsum. Og að Íslendingar sitji hjá ásamt örfáum öðrum þjóðum við atkvæðagreiðslu um tillögu eins og sænsk-mexíkönsku tillöguna á þingi Sameinuðu þjóðanna er auðvitað fráleitt. Alþingi Íslendinga á að taka þarna af skarið og fara að þeirri till. sem var samþykkt á Alþingi 23. maí 1985 þar sem fram kemur afgerandi vilji þingsins til að hafa frumkvæði um allt það er stuðlað geti að því „að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins".

Herra forseti. Ég gæti haldið áfram lengi, en ég skal nú láta máli mínu lokið. Ég bið hv. þm. að taka höndum saman í hverju því máli sem hér er borið fram sem stuðla mætti að stöðvun þessa skelfilega leiks.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 10. landsk. þm. góð orð hennar um þetta mál og tek undir það sem hún sagði.

Í sambandi við fyrirslátt gegn því að samþykkja þessa till. kemur fram að eftirlitið er eitt af vandamálunum. Í þeirri afvopnunartillögu sem samþykkt var á þinginu s.l. vor stendur „undir traustu eftirliti". Það stendur líka svo ég vitni, með leyfi forseta: „að banninu verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti".

Í þeirri tillögu sem borin er fram af Svíþjóð og Mexíkó og þýdd í utanrrn. stendur, með leyfi forseta: „Hún yrði háð viðeigandi eftirlitsráðstöfunum og reglum svo sem þeim er þegar hefur orðið samkomulag um í SALT I og SALT II samningunum, svo og þeim sem grundvallarsamstaða hefur náðst um í undirbúningsviðræðum þríhliða samninganna um allsherjarbann við tilraunum sem haldnar eru í Genf.

Í tillögum þingflokks Kvennalistans er næstum samhljóða ítrekun á því sem ég áður las og hef reyndar þegar lesið. Þar er enginn merkingarmunur.

Í hverju er það fólgið að þær eftirlitsráðstafanir sem vitnað er til sem dæmis í SALT I og SALT II samningunum eða sú grundvallarsamstaða sem náðist í undirbúningsviðræðum þríhliða samninganna um allsherjarbann við tilraunum, hvers vegna er það ekki nægjanlega traust eftirlit? Þeirri spurningu vil ég beina til hæstv. utanrrh.

Ef ég man rétt var annað atriði. Þetta er talsvert löng setning í afvopnunartillögunni og hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj. að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna."

Hvers vegna getum við ekki samþykkt á alþjóðavettvangi tillögu sem er samhljóða fyrri hluta setningarinnar? Af hverju þurfum við að samþykkja alla setninguna í einu? Ef ég man rétt var ein af ástæðunum fyrir því að við gátum ekki samþykkt tillögu Mexíkó og Svíþjóðar sú að það var ekki talað um þar að það yrði árlega reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þetta er óháð hvort öðru í raun og veru. En stöndum við ekki við fyrri hluta setningarinnar alveg eins og við setninguna í heild sinni? Ég skil ekki alveg af hverju við getum ekki samþykkt fyrri hlutann. Hann hlýtur að vera gildur því hann er ekki í neinu sérstöku samhengi við seinni hlutann. Ég skil ekki fyrirsláttinn. Getur það verið að þetta séu einhverjar hártoganir? Getur það verið? Ég get alls ekki skilið að hæstv. utanrrh. sé ekki í raun og veru sammála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar, þáltill. 189. mál (þskj. 225). — Fyrri umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Íslendingar hafa verið minntir á þau stóru mál sem hér er verið að ræða í þingsölum með þeim hætti að meiri hluti landsmanna og kannske drjúgur meiri hluti hefur ekki komist hjá að veita því athygli þar sem var sýning íslenska sjónvarpsins á mynd um afleiðingar kjarnorkustyrjaldar sem bar nafnið „Præðir" og fékk áreiðanlega ýmsa sem á horfðu til þess að staldra við. Þessi mynd hafði legið um eins árs skeið hjá íslenska sjónvarpinu áður en loks var tekin ákvörðun um að sýna hana, svo viðkvæmt er að draga fram fyrir íslenskan almenning hvaða líkur eru á afleiðingum kjarnorkustríðs hvar sem er á heimsbyggðinni þar sem kjarnorkusprengja fellur. Ég hygg að þessi mynd hafi orðið, a.m.k. í bili, til þess að breyta allverulega afstöðu manna til kjarnorkuvopna og afvopnunarmála yfirleitt.

Í framhaldi af sýningu þessarar myndar var m.a. rætt við formann Almannavarna ríkisins, Guðjón Petersen. Hann var spurður um viðbúnað af Íslands hálfu til að mæta hugsanlegri vá af kjarnorkuvopnum á Íslandi, nánar tiltekið á Suðurnesjum og Reykjavíkursvæðinu. Það var sannast sagna nokkuð sérkennileg mynd sem þar var dregin upp af forstöðumanni Almannavarna, mynd sem í rauninni sagði okkur það, orð forstöðumannsins, að af hálfu íslenskra stjórnvalda hefði nánast ekkert verið hugað að öryggi Íslendinga ef kjarnorkustyrjöld brytist út eða ef kjarnorkusprengju yrði varpað á suðvesturhelming landsins.

Í kjördæmi hæstv. utanrrh. var það mat forstöðumanns Almannavarna að 4–5 klukkustundir þyrfti til að rýma það svæði frá því að aðvörun bærist um yfirvofandi árás, en ef það ekki tækist væru líkur á því að mannfallið á Suðurnesjum strax í kjölfar kjarnorkuárásar á Keflavíkurflugvöll með eins megatonns sprengju væri um 10 000 manns.

Spurður um höfuðborg landsins, sem er örskot frá Keflavíkurflugvelli í loftlínu mælt, voru svörin þau að það hefði aldrei verið litið á Reykjavík sem skotmark í þessu samhengi. Það hefði að vísu verið gerð áætlun um það fyrir 16 árum hvort hægt væri að skýla Reykvíkingum fyrir kjarnorkuárás á Keflavíkurflugvöll og þá hefði verið metið að unnt væri að koma um 70% íbúa höfuðborgarinnar fyrir í kjöllurum þar sem þeir teldust sæmilega óhultir vegna geislunar af eins megatonns sprengju sem félli í Keflavík. En síðan ekki söguna meir. Síðan hefur ekkert að þessum málum verið hugað af hálfu íslenskra almannavarna. Og þegar dregin var upp myndin af viðbúnaði var það allt á eina bókina lært hvað þetta snerti, öryggi hinna íslensku borgara. Þar var nánast ekkert tiltækt sem teldist lágmarksbúnaður, ekki þjálfaður mannafli til að bregðast við slíku, ekki geislamælistöðvar, ekki skýli, ekki viðvörunarkerfi, ekki birgðir af öryggisbúnaði, tæknilega og þjálfunarlega væru Almannavarnir illa undirbúnar.

Nú kann það að vera sjónarmið hjá stjórnvöldum eins lands að gera ekki ráð fyrir að slík vá gerist í reynd, það getur verið sjónarmið, treysta á það eitt að hafa í landinu herstöð annars risaveldisins sem augljóslega býður hættunni heim, hættu sem er vissulega slík að sterkar líkur benda til þess að menn séu þar hvergi óhultir miðað við mat fremstu sérfræðinga og vísindamanna á áhrifum af meiri háttar kjarnorkuátökum, hinn svokallaða kjarnorkuvetur.

En við hljótum að staldra við þessi efni þegar verið er að ræða um blekkinguna varðandi það öryggi sem okkur Íslendingum á að vera búið af því að hafa herstöð í landi okkar, að vera hér með búnað sem tekið getur við kjarnorkuvopnum, að vera með áætlanir vestur í Washington sem gera ráð fyrir því að fluttar verði kjarnorkusprengjur til Íslands, 48 talsins, og gögn sem utanrmn. voru sýnd sem staðhæfðu og báru stimpla um að Bandaríkjaforseti hefði á sínum tíma veitt heimild til slíks. Og Bandaríkjastjórn hefur ekki borið það til baka og gerði íslenska utanrrh. afturreka þegar hann spurði í einfeldni sinni og barnaskap: Hvernig í ósköpunum stendur á því að svona gögn eru á kreiki?

Við erum ekki að ræða sérstaklega um herstöðina í Keflavík og annars staðar á landinu þó það tengist þeim málum sem hér eru til umræðu. Við erum að ræða um afstöðu Íslands til afvopnunarmála, til kjarnorkumála. Og þau mál komu til umræðu utan dagskrár í Sþ. að gefnu tilefni þann 5. des. s.l., þegar degi eftir að það varð uppvíst, sem þáv. hæstv. utanrrh. hafði haldið fyrir sig, einnig gagnvart utanrmn. Alþingis, að Ísland stæði eitt eftir Norðurlanda í afstöðu til frystingartillögu Mexíkó og Svíþjóðar.

Ég hafði innt hæstv. utanrrh. eftir því á mánudegi, á fundi í utanrmn., hver yrði afstaðan. Hann sagði rétt til um það. Hugmyndin er að fylgja óbreyttri afstöðu. En hann greindi ekkert frá því mati sem upp væri komið og þeirri breyttu afstöðu annarra Norðurlanda sem Íslendingar þó hafa hengt sig aftan í í þessum efnum, hafa hengt sig aftan í fyrst Dani og Norðmenn, síðan Norðmenn eina, en síðan stöndum við eftir eins og þvörur, og hæstv. utanrrh. landsins stóð hér í ræðustól og reyndi að beita fyrir sig samhljóða samþykkt Alþingis um afstöðu til afvopnunarmála til að rökstyðja þessa dæmalausu afstöðu sína á þingi Sameinuðu þjóðanna og arftaki hans, núverandi hæstv. utanrrh., er við sama heygarðshornið. Hann vill nota samþykkt Alþingis frá 23. maí s.l. til að verja sig í þessu máli, sem rökstuðning fyrir þessari steingerðu afstöðu Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem menn sátu með hendur í skauti á sama tíma og hendur allra annarra Norðurlanda ýttu á græna hnappinn með jái við tillögunni. Hvað segir hæstv. utanrrh. okkur hér? Hann segir okkur: Ja, afstaða Norðmanna er bara óbreytt. Það er óbreytt afstaða frá 1984 hjá Norðmönnum. — En munurinn er sá að þeir greiddu till. atkvæði og að baki var breytt afstaða í norska þinginu til málsins. Meiri hluti í norska þinginu var á móti afstöðu hægri manna. Svo talar hæstv. utanrrh. um afstöðu Íslendinga og afstöðu Norðmanna eins og það sé einhver einn pakki, það sé heilagur pakki.

Það gæti verið að jafnvel núv. hæstv. utanrrh. ætti eftir að lifa þá stund, ef ekki sem ráðherra þá sem þm., að það væri ekki þessi steingerða afstaða, krafa Bandaríkjanna til Íslands um afstöðu í þessu máli, sem gilti á Íslandi. Það gæti svo farið, en til þess þurfa aðstæður á Alþingi Íslendinga að breytast frá því sem nú er. Til þess þurfa flokkar sem ekki hafa getað gert upp hug sinn í þessu máli að taka afstöðu. Þar hlýt ég að nefna fyrstan samstarfsflokk núv. hæstv. utanrrh. í ríkisstj., Framsfl., sem ekki hefur tekið hreina afstöðu í þessu

máli, varð fyrir því degi eftir umræðuna 5. des. og reyndar samdægurs að formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., arkaði yfir fordyri Alþingis yfir til forsrh. og greindi honum frá: Ef þessir piltar, formaður þingflokks Framsfl. og hans nótar þar í flokki, ætla að fara að derra sig eitthvað í utanríkismálum, ætla að fara að hafa uppi einhverja aðra skoðun á þeim en mér hentar er þessari stjórn slitið, þá er þessu stjórnarsamstarfi slitið. Þetta voru skilaboðin. Að vísu hafði hæstv. forsrh. ekki fyrir því að flytja samflokksmönnum sínum þessi skilaboð þannig að þeir fengu þau í gegnum morgunfréttirnar morguninn eftir. Þar heyrðu þeir fyrst af þessari stjórnarslitahótun Sjálfstfl. og þótti nú ýmsum nokkuð byrst og fóru að gefa yfirlýsingar, en þeir voru náttúrlega kveðnir í kútinn og innsiglaðir samdægurs, þetta var á föstudegi.

Hv. þm. Páll Pétursson mælti fyrir till. sem ég hef leyft mér að kalla hálfgerða moðsuðu í sambandi við þetta mál, sérstaklega með tilliti til tilefnisins. Þessi tilraun hans og þingflokks framsóknarmanna til að halda andlitinu með einhverjum hætti hefur tekist mjög óhönduglega í þessu efni. Hv. þm. var 1. flm. þess máls sem var næstsíðasta málið sem lagt var hér fyrir. Hann var gjörsamlega kveðinn í kútinn í þingflokki Framsfl. með þá hugmynd sína að styðja eindregið till., sem ég hafði undirbúið, um að Alþingi tæki afstöðu með Svíþjóðar-Mexíkó-tillögunni um frystingu, greiddi atkvæði með henni. Um það snerist málið. Hv. þm. Páll Pétursson lét sig svo hafa það, eftir að hafa orðið þarna undir í þingflokki, að standa að þessari moðsuðu, að reyna að verja undanhaldið. Það er mannlegt og það er skiljanlegt. Og till. er meinlaus sem slík. En hún skiptir ekki máli. Hún er skot fram hjá.

Þegar þetta lá fyrir, um það leyti sem þeir voru að gera upp gagnvart Páli Péturssyni þingflokksformanni niðri í þingflokksherbergi framsóknar, tók Kvennalistinn þá afstöðu að endurflytja till. sína um frystingu kjarnavopna sem þingflokkur Kvennalistans hafði flutt á tveim þingum áður að ég hygg. Og því ekki það? Góð vísa aldrei of oft kveðin. En til þeirrar till. höfðum við tekið afstöðu þegar hún lá fyrir í utanrmn. í sambandi við samþykkt afvopnunartillögunnar 23. maí. Þar er tekin afstaða með frystingu kjarnavopna. En auðvitað styð ég till., sem hér var til umræðu áðan frá Kvennalistanum, um slíka afstöðu. Sú till. er efnislega hin sama og ég mæli fyrir og liggur fyrir á þskj. 225, till. til þál. um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar. Hún er flutt af mér og Steingrími J. Sigfússyni og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi lýsir yfir stuðningi við ályktunartillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna (frystingu) og felur ríkisstj. að styðja þá tillögu á allsherjarþinginu eins og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert."

Þessi till. er hér flutt. Ég legg til, herra forseti, að henni verði vísað til utanrmn. sem væntanlega fær þessar þrjár till. til meðferðar. Ég skal ekkert segja að hve miklu leyti á þetta mál reynir í því formi sem þessi till. fjallar um á þessu ári við upphaf næsta allsherjarþings eða á 42. allsherjarþinginu, en að því er vikið í lok grg. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Gera má ráð fyrir að hliðstæð tillaga og L.18 verði flutt að ári á 41. allsherjarþinginu og má heldur enginn vafi leika á um afstöðu Íslands þegar þar að kemur. Einnig þess vegna er tímabært að Alþingi taki af allan vafa um afstöðuna til hugmyndarinnar um frystingu kjarnavopna. Raunar er eðlilegt að Ísland leiti eftir að gerast meðflytjandi að tillögu Svíþjóðar, Mexíkó o.fl. ef hún kemur fram á 41. þingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1986."

Nú er það svo, herra forseti, að nýr hæstv. utanrrh. tekur við utanríkismálum í landinu þegar mikil hreyfing hefur komist á umræðuna um afvopnunarmál milli risaveldanna og með hlutdeild margra annarra ríkja og þar á meðal ríkja sem leyfa sér þann munað, sem hæstv. utanrrh. vill helst frábiðja Íslandi, að hafa frumkvæði í þessum efnum og hafa sjálfstæða skoðun í þessum efnum eins og Svíþjóð og Mexíkó og fjölmörg önnur ríki sem hafa látið að sér kveða á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og knúið á risaveldin um að slíðra vopnin, að taka upp samræður um afvopnun, að forða mannkyninu frá þeirri gereyðingu sem annars er á næsta leiti nema þarna verði snúið við blaði.

Auðvitað eru það tíðindi þegar annað risaveldanna, eins og Sovétríkin, hefur lýst og viðrað á alþjóðavettvangi tillögur sem eru með þeim hætti að æðstu ráðamenn vestur í Washington glenna upp skjáinn og spyrja, og ég hygg að hæstv. utanrrh. geri það líka: Hvað er að gerast? Að mati Reagans, ég hef það hér skráð í blaðaummælum fyrir framan mig, er um stórtíðindi að ræða sem hann og hans menn hafa enn ekki skýrt afstöðu sína til.

Ég inni, herra forseti, um leið og ég dreg í land með mál mitt hér og nú, hæstv. utanrrh. eftir afstöðu hans til þeirra tillagna sem aðalritari kommúnistaflokks Sovétríkjanna hefur kynnt á alþjóðavettvangi og hafa þótt verulegum tíðindum sæta. Hver er afstaða hans til þeirra tillagna og hvað telur hann líklegt að geti orðið framhaldið í ljósi þess frumkvæðis sem þó kom fram á þessum vettvangi og full ástæða er til að taka eftir? Reagan orðaði það svo í blaðaummælum að þetta sé í fyrsta sinn sem sú hugmynd sé sett fram að losa heiminn á ný við kjarnavopn. Ég hygg að það hafi verið aldamótin sem þessi forustumaður Sovétríkjanna nefndi í þessu samhengi.

Nú vil ég ekki vera að gera því skóna að Sovétríkin hafi aðeins einn og engilhreinan vilja í sambandi við afvopnunarmál. Menn hljóta að skoða þeirra tillögur gagnrýnið og af fyllsta raunsæi hvað þar er á ferðinni, en menn mega þó ekki láta það henda sig að kasta tækifærum sem skapast, hvaðan sem þau koma, til þess að brjóta ísinn, til þess að rjúfa vítahring vígbúnaðarins. Við heyrðum Edward Kennedy lýsa þeirri skoðun frá Moskvu fyrir fáum kvöldum að svo virtist sem þau skilyrði sem Bandaríkin helst hafa borið fyrir sig vegna þeirra mjög svo nýstárlegu hugmynda sem forustumenn Sovétríkjanna hafa kynnt í þessum efnum, eins og það að Bandaríkin falli með öllu frá SDI eða stjörnustríðsáætluninni, séu í reynd ekki fyrir hendi. Er mögulegt á árinu 1986, sem af hálfu Sameinuðu þjóðanna hefur verið lýst ár friðarins, séu að skapast skilyrði til að vinna sig út úr þeim geigvænlega og mér liggur við að segja brjálaða heimi sem við búum í og búum við þessa stundina? Í þessum málum hefur Alþingi Íslendinga ekki efni á að taka ekki afstöðu. Alþingi Íslendinga á að taka afstöðu til þessara mála. Flokkar sem ekki geta gert upp hug sinn, eins og Framsfl., og ég lýsi líka eftir

afstöðu Alþfl., eiga að gera upp sinn hug til afvopnunarmálanna. Það má ekki leika vafi á því hvað felst í þeim ályktunum sem Alþingi samhljóða hefur gert þannig að utanrrh. Íslands og aðrir geti ekki skotið sér á bak við orðhengilshátt og túlkanir sem eru þeirra einkaskoðanir að margra mati.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur gert grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi þá till. sem hann hefur flutt. Reyndar ræddi hann töluvert meira um þessi mál sem eru tengd þeim atriðum sem eru á dagskrá í dag.

Ég vildi þó undirstrika það sem ég gerði að umtalsefni áðan varðandi afstöðu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna á s.l. ári og skoðun hæstv. fyrrv. utanrrh. sem hann réttilega gerði grein fyrir utan dagskrár 5. des. s.l. og vísaði til samþykktar Alþingis í sambandi við afstöðu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ég tók líka eftir því að hv. þm. talaði um skoðanir einstaklinga, þó ekki almenna túlkun. Þar má vel vera að hann hafi átt við skoðanir hæstv. fyrrv. utanrrh., en því mætti alveg eins halda fram að skoðanir hans væru persónulegar og einkaskoðanir á túlkun á samþykkt Alþingis frá 1985. Hæstv. fyrrv. utanrrh. byggði sína afstöðu á skilningi sínum á till. sem Alþingi samþykkti.

Hv. 5. þm. Austurl. spurði mig um afstöðu mína til tillagna Gorbatsjoffs. Ég sagði í ræðu minni fyrr í dag að mikilvægasti þátturinn í tillögum Gorbatsjoffs væri ef rétt reyndist að Sovétmenn muni fallast á gagnkvæmt og fullnægjandi eftirlit með framkvæmd afvopnunar, einmitt það sem sérstaklega er tekið fram í ályktun Alþingis frá 1985 og grundvallaratriði í mótun afstöðu til tillögu Svíþjóðar og Mexíkó, krafan um að þetta atriði væri þar með. Ég gat þess í upphafi máls míns að mér sýndist að hér væru stórveldin þegar búin til viðræðna um lausnir þessa máls með svipuðum hætti og Alþingi Íslendinga hefði ályktað og því bæri að sjálfsögðu að fagna. Ég undirstrikaði einmitt að við ættum þess vegna mjög að halda að þeirri stefnu sem Alþingi hefði samþykkt og hér voru allir sammála um.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég spurði hæstv. utanrrh. tveggja spurninga áðan sem einmitt vörðuðu þá till. um afvopnunarmál sem við höfðum samþykkt hér á síðasta vori. Önnur var um eftirlit og hin var um hvers vegna ekki væri hægt að standa að samþykkt sem væri samhljóða fyrri hluta setningar, hvers vegna þurfti öll setningin að vera með til að hægt væri að samþykkja? En hæstv. utanrrh. svaraði mér ekki. Ég velti því fyrir mér hvort hann kynni að vilja svara mér í þessari umræðu þar sem hún er skyld.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta eftir ræðu hæstv. utanrrh. áðan, þakka honum fyrir að láta skoðanir sínar í ljós í þessari umræðu og ég vænti þess að við hann megi takast gott samstarf þótt skoðanir séu skiptar í ýmsum efnum að því er þessi mál varðar.

Ég vil að endingu, þar sem ég hygg að umræða þessi sé senn á enda og máli þessu verði vísað til nefndar, ítreka að við hljótum hér á Alþingi Íslendinga, að því vil ég a.m.k. stuðla, að taka afstöðu til svo brýnna og stefnumarkandi mála, eins og spurningarinnar um frystingu kjarnavopna sem lágmarksaðgerð, á þinginu sjálfu og á alþjóðavettvangi þannig að ótvírætt sé. Ég mun beita mér fyrir því, ef hliðstæðar tillögur koma fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna næsta haust og svo fremi að ég sitji þá á þingi, að tekin verði afstaða til þeirra hér áður en málin koma til afgreiðslu og atkvæða á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þannig að ekki fari eins og gerðist í desember s.l. að Ísland standi þar eitt uppi Norðurlanda með sérstöðu í máli þar sem að margra mati, og ég heyrði það einnig á máli hv. þm. Páls Pétursonar, voru bornar við ástæður og efni í ályktunartillögu Alþingis sem hann taldi ekki réttar. Við slíkar aðstæður ber Alþingi að skýra afstöðu sína og móta stefnu fyrir Íslands hönd eða a.m.k. að gera kröfu til réttra stjórnvalda um að stefnumótun þingsins sé fylgt eftir.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. beindi til mín áðan tveim fsp. sem mér láðist að svara.

Í sambandi við eftirlitið held ég að það liggi í því að krafan um fullkomið eftirlit hefur ekki verið tekin til greina þegar reynt hefur verið að fá breytingar á þeirri tillögu sem við hér höfum verið að ræða um, Svíþjóðar og Mexíkó, á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Hvað snertir samanburð á því eftirliti sem þm. vék að áðan er ég ekki reiðubúinn að svara því hér á stundinni þar sem ég hef ekki haft aðstöðu til að bera það saman.

Í sambandi við atkvæðagreiðsluna met ég svo að sundurskilja fyrri hluta og síðari hluta geti ekki efnislega átt sér stað. Þess vegna hafi ekki fyrri hluti verið borinn upp og síðari hlutinn svo sérstaklega. Ég hlýt að meta það svo. Ég hef hins vegar ekki haft tækifæri til að athuga sérstaklega hvort um slíkt hefur verið beðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kostnaður vegna getnaðarvarna, þáltill. 210. mál (þskj. 438). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur leyfi ég mér að bera fram till. til þál. um þátttöku sjúkrasamlaga í kostnaði vegna getnaðarvarna. Till. er á þskj. 438 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að hrinda nú þegar í framkvæmd ákvæði 5. gr. laga nr. 25/1975 þess efnis að sjúkrasamlög greiði sinn hluta af kostnaði við getnaðarvarnir."

Ég vil taka það fram þegar í upphafi máls míns að till. þessi er aðeins einn liður í átaki sem við þingkonur Kvennalistans leggjum til að gert sé til þess að efla fræðslu um kynlíf og barneignir og stuðla að aukinni notkun getnaðarvarna. Þessi aðgerð er eitt af því sem við teljum vænlegt til árangurs til að fækka ótímabærum þungunum sem oft enda með fóstureyðingu. Um aðrar aðgerðir til úrbóta vísast til till. okkar á þskj. 439 sem mælt verður fyrir síðar.

Þegar lögin um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir voru sett árið 1975 var mjög réttilega, að okkar mati, lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir. Framkvæmdir hafa hins vegar ekki fylgt í kjölfar lagasetningarinnar

svo að viðunandi sé. Í lögum nr. 25/1975 segir m.a. svo í 5. gr., með leyfi forseta:

„Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegun getnaðarvarna m.a. með því að sjúkrasamlag taki þátt í kostnaðinum."

Er skemmst frá því að segja að þessu ákvæði hefur aldrei verið framfylgt og svör heilbrigðisyfirvalda við ítrekuðum fyrirspurnum undanfarin ár gefa ekki tilefni til bjartsýni. Því er hér gripið til þess ráðs að fá Alþingi til að árétta þann vilja sinn sem bundinn var í lagagrein þegar fyrir 11 árum.

Í september 1985 gaf landlæknisembættið út skýrslu sem Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir tók saman um fóstureyðingar árin 1976–1983 og helstu breytingar sem orðið hafa í kjölfar laga nr. 25/1975. Þar er margvíslegar upplýsingar að finna, m.a. um notkun getnaðarvarna. Er greinilegt að því yngri sem konurnar eru þeim mun minni er notkun getnaðarvarna. Er það í sjálfu sér skiljanlegt, ekki síst með tilliti til allt of lítillar fræðslu í þessum efnum.

Ætla má að fyrirhöfnin og kostnaðurinn við útvegun getnaðarvarna vaxi mörgum í augum, ekki síst ungu og reynslulitlu fólki. Mikilvægt er því að fækka hindrunum eftir föngum og hvetja beinlínis til notkunar getnaðarvarna m.a. með því að draga úr kostnaðinum. Það mætti t.d. gera með því að hafa sjálfsala með verjum á almannafæri og hugsanlega mætti greiða slíkar verjur niður. Sú getnaðarvörn, sem sjúkrasamlög helst geta þó greitt niður, eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir, er að sjálfsögðu pillan svonefnda sem er mikið notuð getnaðarvörn.

Því miður liggja ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um heildarnotkun getnaðarvarna hér á landi. Nýjustu heimildir er að hafa í tímaritinu Heilbrigðismál, sem Krabbameinsfélag Íslands gefur út, 2. tbl. 30. árg. frá 1982. Þar segir m.a. svo í grein eftir Jónas Ragnarsson, annan af ritstjórum blaðsins, með leyfi forseta:

„Það var fyrst árið 1971 sem farið var að spyrja um notkun getnaðarvarna hjá þeim konum sem komu í hópskoðun vegna leitar að leghálskrabbameini. Þá reyndust 36% kvenna á aldrinum 20–44 ára nota pilluna og 11% lykkjuna. Síðan hefur notkun lykkjunnar aukist mjög mikið, eða í 34% árið 1981, og notkun pillunnar minnkað verulega, eða í 21%, og hefur reyndar verið óbreytt síðustu 3 ár, vegið meðaltal hvert ár. Heildarnotkun þessara tveggja algengustu getnaðarvarna kvenna hefur því aukist á einum áratug úr 47% í 55%.

Sé litið á notkun þessara getnaðarvarna eftir aldursflokkum árið 1981, þá sést að yngstu konurnar nota pilluna mest, 34% á aldrinum 20–24 ára, en síðan dregur jafnt og þétt úr notkuninni og er 7% kvenna 40–44 ára. Hins vegar er lykkjan vinsælust á aldrinum 30–34 ára, 44%. Samanlögð notkun þessara tveggja getnaðarvarna er mest á aldrinum 25–34 ára, 61%. Auknar vinsældir lykkjunnar síðasta áratug á kostnað pillunnar hafa dreifst nokkuð jafnt á alla aldursflokka."

Síðar segir svo í sömu grein: „Miðað við heildarfjölda kvenna á aldrinum 20–44 ára má áætla að meira en 8000 íslenskar konur á þessum aldri noti pilluna. Við það má svo bæta pillusölu til þeirra sem eru undir tvítugsaldri og 45 ára eða eldri. Heildarnotkun getnaðarvarnapilla er því nokkuð á þriðju milljón stykkja á ári hérlendis."

Þegar við grennsluðumst fyrir um kostnað vegna getnaðarvarna kom í ljós að hann er ákaflega mismunandi. Sem dæmi má nefna að hægt er að fá lykkjuna fyrir 500 kr. á Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík en það mun hins vegar kosta um 1500 kr. að fá lykkjuna hjá sérfræðingi á venjulegri stofu. Rétt er svo að hafa í huga að konum, sem ekki hafa eignast barn, er síður ráðlagt að nota lykkjuna.

Það segir sig því sjálft að það er hin víðfræga pilla sem er helsta getnaðarvörn ungra stúlkna. Hún er yfirleitt afgreidd í þriggja mánaða skömmtum sem eru misdýrir eftir tegundum, en sem dæmi má taka mjög algenga tegund sem kostar 442 kr. skammturinn. Nú greiðir neytandi 310 kr. fyrir samlagsskylt erlent lyf út úr lyfjabúð. Hér er því um 132 kr. mismun að ræða og þykir vafalaust mörgum ekki há upphæð. Höfum við enda fengið nokkur viðbrögð við því síðan þessi till. kom fram. En skólastúlku eða lágtekjumanneskju með allt niður í 97 kr. í tímakaup munar sannarlega um hverja krónu. Þetta er heldur ekki eini kostnaðurinn því að heimsókn til læknis og útvegun lyfsins í hvert skipti kostar sitt auk þess sem reglubundið eftirlit er í öllum tilvikum nauðsynlegt.

Hér hefur fyrst og fremst verið fjallað um getnaðarvarnir fyrir konur þótt ekki sé síður nauðsynlegt að hvetja til aukinnar notkunar getnaðarvarna fyrir karla. Ég nefndi áðan þá leið að hafa sjálfsala með slíkum verjum á almannafæri en fullyrða má að torvelt aðgengi að þessum hlutum hafi hindrað marga, sérstaklega unga pilta, í útvegun þeirra. Margt fleira mætti gera í þessum efnum sem ég kem nánar inn á í framsögu fyrir till. okkar Kvennalistakvenna á þskj. 439.

Skv. fyrrgreindri skýrslu landlæknisembættisins um fóstureyðingar árin 1976–1983 höfðu engar getnaðarvarnir verið notaðar í um 70% tilvika þegar þungun varð. Tíðni fóstureyðinga var tiltölulega há meðal kvenna 25 ára og yngri, enn fremur meðal áður giftra kvenna, þ.e. fráskildra eða ekkna, svo og meðal einstæðra mæðra sem reyndar eru einnig að stórum hluta áður giftar. En þetta eru einmitt þær sem ætla má að hafi síst efni á og aðstæður til að nota getnaðarvarnir eins og pilluna að staðaldri.

Ótímabær þungun er alltaf áfall, ekki síst kornungum stúlkum, og neyta verður allra ráða til að koma í veg fyrir slík tilvik, m.a. með því að auðvelda notkun getnaðarvarna. Það er markmiðið með þessari tillögu okkar þingkvenna Kvennalistans. Með tilliti til félagslegrar stöðu kvenna, sem að stórum hluta skipa láglaunahópa þjóðfélagsins, hlýtur að teljast sanngirnismál að kostnaður vegna getnaðarvarna sé að hluta greiddur úr sameiginlegum sjóði eins og raunar Alþingi kvað á um með setningu laga nr. 25/1975. Að þessari till. samþykktri yrði vart undan vikist að framkvæma ákvæði 5. gr. laganna um þátttöku sjúkrasamlaga í kostnaði vegna getnaðarvarna.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um till. okkar legg ég til að henni verði vísað til hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Loðdýrarækt, þáltill. 235. mál (þskj. 463). — Fyrri umr.

Flm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Á þskj. 463 flyt ég till. til þál. um áætlun um skipulag í loðdýrarækt.

Till. fylgir allítarleg grg. sem ég sé ekki ástæðu til að lesa. Ég vildi aðeins fara nokkrum orðum um málið í heild sinni.

Það hefur verið margt og mikið rætt um bjarta framtíð loðdýraræktar. Ýmsum þykir það mál sótt af miklu meira kappi en forsjá og vissulega hafa margir orðið kallaðir en ekki útvaldir. Það eru mörg dæmi um menn sem byrjuðu þegar þeir urðu að hverfa frá búskap af einhverjum orsökum og eru hættir eða farnir á höfuðið nú þegar. Fyrstu árin var lögð höfuðáhersla á loðdýrarækt sem aukabúgrein með u.þ.b. 40 tófum og e.t.v. nokkrum tugum minka. Það þótti engin ástæða til að hugsa sérstaklega fyrir fóðri. Þau svör heyrðust úr landbrn. að það væri nóg að menn ættu hakkavél og frystikistu. Síðan fengu allir lán, alveg burtséð frá því hvort þeir gætu með nokkru móti rekið búskapinn með hagnaði.

Einn tilgangur þessarar till. er að menn staldri nú við og skoði hvernig hægt sé að reka þennan búskap með hagkvæmum hætti og helst hagnaði en ekki af tómu kappi. Það er auðvitað spurning hvort við séum þegar komnir of langt í skipulagsleysinu og hvort ekki verði snúið við nú þegar allir verða að fá sömu fyrirgreiðslu hvort sem þeir eru aleinir í 200 km fjarlægð frá næstu fóðurstöð, eru byrjendur með tvær hendur tómar eða gamlar grónar fóðurstöðvar sem geta skilað hagnaði og hafa þegar sýnt það.

Sú skoðun er býsna ríkjandi að loðdýraræktin eigi að koma í stað hefðbundinna búgreina til sveita. Það virðist gleymast að það gilda allt aðrar forsendur fyrir þessa atvinnu, að gott beitiland eða ræktunarmöguleikar eru einskis virði fyrir loðdýrabúskap, að gömul fjós eða fjárhús eru ekki endilega kjörin loðdýrahús, að fóðurkostnaður er helmingur af veltu og má ekki vera mikið meira, að loðdýraeldi er vandaverk og verður ekki stundað í hjáverkum, að þetta er atvinnurekstur sem getur gefið nokkuð í aðra hönd ef vel er á haldið.

Ævar Hjartarson ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar segir í Degi 30. jan. s.l., með leyfi forseta:

„„Það er ekki slæmur kostur að fara út í loðdýrarækt, sérstaklega ef birtir til í sambandi við fóðurkostnaðinn. Hann ætti að lækka með auknum fjölda búa.“ Ævar benti á að fóðurstöðvarnar væru raunverulega búnar að fjárfesta meira en þær þyrftu með þann dýrafjölda sem er í búunum í dag. Fjármagnskostnaðurinn væri nokkuð þungur meðan stöðvarnar geta ekki nýtt afkastagetuna að fullu.“

Valgerður Sverrisdóttir frá Lómatjörn segir í erindi sem hún flutti á ráðstefnu Fjórðungssambands Norðurlands s.l. vor, með leyfi forseta:

„Ef fyrirhugað loðdýrabú er á einu af þeim svæðum sem þegar hafa komið sér upp fóðurstöð horfir málið vel við. Ef um byggðarlag er að ræða þar sem loðdýrarækt er ekki hafin er sjálfsagt að setja sig í samband við nágranna og athuga hvort fleiri eru áhugasamir eða jafnvel boða til fundar og fá ráðunauta og bændur með reynslu í þessum efnum til að upplýsa menn. Fóðurframleiðsla fyrir eitt einstakt bú — ég tala nú ekki um ef það er einhvers staðar inn til dala — er ekki raunhæft mál að tala um.“

Hún segir enn fremur um bústærð: „Menn verða að ákveða bústærðina með tilliti til aðstæðna. Ef einn maður er talinn geta sinnt 5–700 minkalæðum eða 150–200 blárefalæðum, ef hann fær fóður heimkeyrt en auk þess einhverja hjálp, t.d. maka eða barna, þegar annir eru mestar, þá er rétt að benda á að það er mikil áhætta fyrir reynslulausan aðila að fara af stað með bú sem er stærra en þetta.“

Aðrir gagnkunnugir heimildarmenn mínir segja að fjölskylda, þ.e.a.s. hjón með tvö börn, geti annast 200–250 tófur eða 800–1000 minkalæður með því að kaupa ca. 3–4 mannmánaða vinnu. Slíkt bú getur gefið af sér 5–6 millj. kr. eins og nú er og þar af fari u.þ.b. 2½–3 millj. í fóður. Fjölskylda með aðstoðarfólki geti því haft um 1 millj. kr. í kaup út úr þessu. Menn sjá það í hendi sér að 20% meiri fóðurkostnaður rýrir tekjur eða laun fjölskyldunnar um helming. Búnaðarmálastjóri segir í sínu áramótayfirliti, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld hafa gert marga góða hluti fyrir loðdýraræktina að undanförnu og ekki hvað síst á liðnu ári. Felld hafa verið niður gjöld af byggingarefni, framlög tekin upp til loðdýrabygginga og framlög til búháttabreytinga miða í rétta átt. Stuðningur er nú verulegur til fóðurstöðva og til skinnaverkunarstöðva. Unnið er áfram að skipulagsmálum.“

Það er að sjálfsögðu rétt að stjórnvöld hafa gert margt gott fyrir loðdýraræktina en það er enn þá „unnið áfram að skipulagsmálum“. Það er einmitt þetta, það er „unnið áfram að skipulagsmálum“, en menn veita svo fé út og suður að því er virðist. Ég held því fram að það séu til nægar upplýsingar til að hægt sé að byggja þessa atvinnugrein skipulega upp.

Ég vil ekki að menn, sem kannske þurfa að hætta hefðbundnum búskap af einhverjum orsökum, séu blekktir til að byrja á loðdýrarækt á fölskum forsendum eða með óljósum hugmyndum um ýmsa kostnaðarþætti. Það er tilgangslaust að halda því fram sí og æ að fóður sé svo sérstaklega ódýrt hérlendis að þess vegna hljóti menn að græða mikið á þessum atvinnurekstri. Sannleikurinn er sá að raunkostnaður fóðurs a.m.k. mjög fjarri fóðurstöðvum er orðinn býsna nærri kostnaði við fóðuröflun í nágrannalöndunum, ef ekki hærri en þar, þar sem lengst er. Það er annað mál að hægt er að stofna til jöfnunar á flutningskostnaði og breyta þessu dæmi en það er aftur spurning hvort sá jöfnuður á rétt á sér fyrir atvinnuveginn í heild.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að þessari till. verði vísað til atvmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð, enda langt liðið á fundartíma hér, þó að hér sé um að ræða mjög veigamikið mál sem vissulega hefði þurft nokkuð ítarlega umræðu um eins og fleiri mál hér raunar. Nauðsyn þess að tekið verði skipulega á þessum málum er hafin yfir allan efa. Staðreyndin er sú að við höfum verið alveg ótrúlega sein í því að taka við okkur í þessum efnum og gera okkur grein fyrir því að það þyrfti að huga að öllum þáttum þessa máls. Menn hafa lagt hér á ofuráherslu án þess að gera viðhlítandi ráðstafanir á þeim sviðum sem hv. flm. leggur einmitt megináherslu á í sinni till.

Um leið og menn stefndu að því að snúa í svo ríkum mæli yfir á braut loðdýraræktar vegna samdráttar í hefðbundnum búskap — því að sú stefna var tekin að verulegu leyti og menn hafa fylgt henni í æ ríkara mæli — hefði þurft að skoða þessa grein með tilliti til þeirrar framtíðarsýnar sem þar væri æskilegust, bæði hvað varðar skipulagningu hennar og því hvernig henni yrði

dreift um landið.

Hv. flm. talaði um kapp og að það væri meiri nauðsyn á því að huga að arðsemissjónarmiðum og skynsemissjónarmiðum í því efni og ég tek undir það með honum. Hér hefur verið farið með ekki bara kappi heldur ofurkappi í ýmsum greinum. Sérstaklega hafa menn ekki gert sér grein fyrir því í upphafi hversu ríkur þáttur og meginundirstaða fóðurstöðvarnar eru. Sá þáttur virtist næstum gleymast í allri þessari umræðu um að menn skyldu taka upp loðdýrarækt. Auðveld fóðuröflun og nálægð við fóðurstöð er þó ein frumforsendan fyrir því að þetta geti heppnast. Því meiri ástæða er til enn frekari skipulagningar og hagræðingar í þessum rekstri og að tryggja það sem best að viðunandi arður náist svo sem flm. gat um.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að í þessum efnum hafa gerst ákveðin slys. Menn hlaupa ekki út í atvinnugrein af þessu tagi algerlega reynslulausir, það er útilokað. Ég veit að íslenskir bændur eru vel af guði gerðir en fyrr má nú vera samt sem áður að þeir reikni með því að þeir geti nokkurn veginn án minnsta undirbúnings farið yfir í svo viðkvæma og vandasama grein sem þessa.

Að kynningarmálum, fræðslumálum í þessu efni hefur alls ekki verið staðið á þann hátt sem skyldi. Menn hafa hreinlega ekki getað það nema þá þeir sem hafa farið erlendis til að afla sér ákveðinnar þekkingar, þó um mjög skamman tíma. Það er ekki fyrr en þá núna, að búin fóru að verða fleiri og menn fóru að geta nýtt sér þekkingu annarra, að menn hafa aðstöðu til að ná sér í nauðsynlega þekkingu á þessum málum þó að ótrúlega vel hafi þetta blessast hjá mönnum. En það sýnir kannske einmitt hæfni íslenskra bænda til að laga sig að nýjum aðstæðum og dugnað þeirra við að koma þessari grein svo myndarlega á fót sem þó hefur tekist þrátt fyrir þá annmarka sem ég var að lýsa.

Til viðbótar þessu hefur verið ákveðið aðstöðuleysi mjög víða. Ég talaði um fóðurstöðvarnar áðan. Þær hafa verið visst vandamál. Vissulega hefur fyrirgreiðsla verið í lágmarki. Hún hefur þó farið mjög vaxandi og orðið betri með árunum.

Ég játa það að þó að ég leggi ekki lítið upp úr því að við eigum að byggja hér upp loðdýrarækt hef ég ekki verið einn af þeim sem hafa álitið að öll vandamál íslensks landbúnaðar yrðu leyst með loðdýraræktinni einni saman. Mér dettur ekki í hug annað en halda því fram hér og nú eins og ég hef gert annars staðar. Mér hefur þótt sem menn legðu allt of mikið upp úr þessu og hefðu þess vegna ekki á þá aðgát sem nauðsynleg er til að hafa a.m.k. eðlilega framtíðarsýn til þessara mála í heild sinni, sem ég hygg að hafi vantað mjög mikið upp á. Ef þetta er gert á þann skipulagslausa hátt sem raunin hefur orðið — og af því verða meiri háttar slys — getum við ímyndað okkur að það er ekki greiði við íslenskan landbúnað og hinar dreifðu byggðir að standa þannig að málum.

Ég styð því þessa till. eindregið og vona það eitt að hún sé ekki of seint fram komin eða verði ekki of seint samþykkt hér á hinu háa Alþingi heldur hrundið í framkvæmd til þess að við getum séð þennan atvinnuveg blómstra í framtíðinni til gagns fyrir íslenskan landbúnað og hinar dreifðu byggðir.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég þakka flm. fyrir flutning á þessari till. þó að ég haldi að þessi skipulagsmál, a.m.k. í sumum héruðum, séu ekki alveg eins bágborin og mér heyrist á hv. flm. og hv. 2. þm. Austurl. En þarna er að mörgu að hyggja. Það sem er vandamálið í sumum þessum héruðum er fyrst og fremst fóðrið, þ.e. að geta safnað því saman á þeim tímum sem það fellur til og geyma það fram að þeim tímum sem mest þörfin er.

Ég get ekki tekið undir það með hv. þm. Helga Seljan að fyrirgreiðslan sé ekki næg í þessum efnum. (**HS:** Hafi verið ónóg.) Hún er orðin mjög góð og langtum betri en er í öðrum greinum. Eftir að lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins var breytt 1979 var sýnilegt, eins og á stóð, að koma þyrfti fleiri stoðum undir landbúnaðinn. Þá var stefnt að því að reyna að vinna að þessari búgrein. Það átti að gerast með þeim hætti og hefur verið gert að landbrn. hefur gefið út leyfi. Við lögðum á það margir áherslu strax að fyrst þyrfti að byrja á fóðurstöðvunum og síðan ætti að gefa leyfin út miðað við þær fóðurstöðvar sem hægt væri að byggja.

Það var meining okkar margra þá að samið yrði við þá sem fengju lán og fyrirgreiðslu um að dregið yrði úr hinni hefðbundnu framleiðslu jafnóðum og þetta færi að gefa tekjur og reyna að semja um að sumir hverjir mundu hætta framleiðslu því að það var sýnilegt að þetta fer ekki saman, t.d. sauðfjárrækt og refarækt, vegna þess að annatíminn kemur á svipuðum tíma hjá báðum.

Það er alveg rétt, sem hefur komið fram, að þetta skipulag, sem áformað var, hélt ekki. En það er ekki vegna þess að það hafi ekki verið settar línur. Það voru gefin leyfi dálítið tilviljunarkennt án þess að hugsa fyrir fóðurstöðvunum.

Mesta vandamálið nú er það að búið er að laga fjárhag fóðurstöðvanna að ég tel. Ég er í þeirri aðstöðu að ég hlýt að fylgjast með þessum málum og ég tel að því hafi verið bjargað. Þær stöðvar, sem voru a.m.k. verst settar, hafa fengið fyrirgreiðslu. Ekki var hægt að byggja stöðvarnar miðað við örfá bú. Það var reiknað með að þetta mundi þróast og þess vegna var það út af fyrir sig hagkvæmt að byggja þær nokkuð mikið stærri en þörf var fyrir í bili en það ætti að jafna sig nú a.m.k. á næstu tveimur árum, þessar stöðvar ættu flestar að hafa sæmilega afkomu.

Mér kemur það á óvart ef menn halda því fram að fóðurkostnaðurinn sé um helmingur af veltu. Það er ekki miðað við þær tölur sem mér eru upp gefnar. Ég verð að segja það, miðað við fjármagnskostnað af nýjum búum, að ef fóðurkostnaður fer yfir 50% er öllu til skila haldið að það sleppi. Ég hef haldið að þetta væri í kringum eða innan við 40% miðað við 7 kr. verð eins og ég held að það sé í flestum stöðum. Annars er þetta auðvelt reikningsdæmi, þessi dýr þurfa um 250 grömm á dag sem eru orðin fullvaxin.

Það sem þarf að huga að í þessu sambandi er að það vantar frystihús, það vantar möguleika til að frysta og geyma þessa vöru. Það þarf að koma einhvern veginn í veg fyrir það að nokkrum úrgangi sé hent í sjóinn frá flotanum því að það eru að verða miklir möguleikar á að nota úrganginn, t.d. beinin, ekki einungis í loðdýraeða fiskeldi heldur til manneldis. Það er alveg nýtt, en við sjáum að það hillir undir það nú. En ég ætla ekki að fara meira út í það hér.

Við erum svo heppnir núna og vonandi í framtíðinni að við höfum nokkuð mikið af loðnu, en loðnan er langbesta fóðrið í fiskeldi. Ég lagði leið mína í fjórar rannsóknarstöðvar á Norðurlöndum til þess að spyrjast fyrir um þeirra tilraunir og ég hitti menn sem eru búnir að vinna við þetta í yfir 20 ár. Þeim bar saman um að loðnumélið og loðnan jafnvel beint sé besta fóðrið í fiskeldi. Það er auðvitað hægt að nota líka úrgang úr fiski og er gert, en það er talið lakara.

Ég held að eins og horfir fyrir landsbyggðinni nú í sambandi við þá möguleika að afsetja bæði mjólkurvörur og kjötvörur, ef byggðin á ekki að skreppa saman á næstu árum, þurfi einmitt að skoða þessi mál út frá því sjónarmiði að það eru ekki margir sýnilegir möguleikar til að breyta til. Það er loðdýrarækt. Það er fiskeldi mjög víða, sérstaklega ef hægt er að koma á félagslegu átaki í því efni. Ég fékk mann með mér t.d. til að skoða möguleikana í Norður-Þingeyjarsýslu á milli jóla og nýárs. Miðað við þær forsendur og líkur sem heimamenn gefa sér þar var talið og er talið, ekki einungis af þeim manni sem ég var með heldur af sérfræðingum sem hafa skoðað þetta úti í Noregi, að það ætti að vera hægt að framleiða vandalítið a.m.k. 20 þús. tonn í Axarfjarðarsandi einum af laxi, sandhverfu, bleikju og fleiri tegundum. Það sem kannske verður helsta vandamálið er kalt vatn, ekki heitt. Ég segi þetta í þessu samhengi.

Ég endurtek svo þakklæti mitt fyrir að þessu máli skuli hreyft, en það þarf að athuga þetta og kannske breyta till. því að það sem fyrst þarf að huga að nú er að safna saman fóðrinu á þeim tímum sem minnst er af því vegna þess að þörfin fyrir mesta fóðrið er á þeim tíma sem minnst fellur til. Það kostar mikið að byggja frystiskemmur fyrir það og þarf þá að gera úttekt á því hvort þetta borgar sig ef það reynist rétt sem hv. flm. taldi, sem mér kemur á óvart, að nú sé fóðurkostnaðurinn helmingur af veltunni.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu sem hefur raunar verið ágæt. Ég vil hins vegar taka undir það sem hér hefur komið fram um þakklæti til flm. fyrir að flytja þetta mál á Alþingi.

Það liggur ljóst fyrir að nokkuð ákveðnar aðgerðir í skipulagsmálum í hefðbundnum búgreinum eiga sér nú stað. Unnið er eftir nokkuð föstum áformum við að draga úr framleiðslu í hefðbundnum búgreinum. Raunar hefur hún átt sér stað í sambandi við sauðfjárræktina þannig að þar má ekki meira að gera. Miðað við hin svokölluðu kvótaár, árin 1976, 1977 og 1978, hefur samdráttur í sauðfjárrækt núna numið yfir 17%. Mjólkurframleiðslan er hins vegar ekki farin að dragast saman að marki frá því sem þá var. Þess vegna heyrast kannske þungar og háværar raddir þessa síðustu daga þar sem menn verða vitni að því að í þessum efnum standa menn í sömu sporum og þeir gerðu fyrir 1980 þrátt fyrir að alltaf væri verið með boðskap um samdrátt og stjórn.

Það er ekki síst af þessari ástæðu að mikil þörf er á að hyggja að öðrum verkefnum í sveitum landsins. Þar er loðdýrarækin nærtækasta dæmið. Sjálfur hef ég orðið vitni að því að loðdýrarækt hefur tekist vel, sums staðar jafnvel mjög vel. Ég tek undir það, sem hv. 2. þm. Austurl. Helgi Seljan sagði áðan, að í raun og veru er undravert að bera saman frjósemistölur sem lýsa árangri bænda hér á landi miðað við það sem er annars staðar þar sem þessi búskapur er stundaður, en þar kemur í ljós að íslenskir bændur standa alveg jafnfætis því sem best gerist í þeim efnum.

Mikilvægi þessarar till. byggist fyrst og fremst á því að gert verði átak til að valda þann árangur og það starf sem hér hefur farið fram. Þá er áreiðanlega tvennt langsamlega mikilvægast. Það er aukin fræðsla og það er bætt skipulag í sambandi við fóðurstöðvarnar og aukið fjármagn til þeirra, m.a. vegna þess að það er ekki hægt að fullnýta þær nema á lengri tíma vegna þess að framleiðslan er að sjálfsögðu í lágmarki meðan greinin vex ekki meira.

Í þeim efnum vil ég leggja sérstaka áherslu á, og þá ekki síst vegna ummæla síðasta ræðumanns þar sem hann var að tala um byggingu á frystigeymslum, að þar verða menn sérstaklega að huga að öllum þeim miklu og stóru frystigeymslum sem til eru í landinu. Það er hreint óráð að fara að byggja frystigeymslur við loðdýrabúin hvort sem það er sameiginlega eða eitt út af fyrir sig. Við höfum gífurlega miklar frystigeymslur. Ég hef séð þess merki að þetta hefur verið tvinnað saman prýðilega vel. Ég nefni t.d. norður í Vopnafirði og ég nefni það sem núna er verið að vinna að á Höfn í Hornafirði. Þarna þarf held ég mjög óvíða að koma til ný fjárfesting. Þetta eru varnaðarorð.

En að öðru leyti endurtek ég þakklæti mitt til flm. og raunar get ég tekið undir flest af því sem hefur komið fram í þessari umræðu.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir sem talað hafa hér þakka flm. fyrir að leggja fram þessa till. og get ekki stillt mig um að lýsa stuðningi við meginefni hennar. Ég er reyndar lítt kunnug þessu efni, loðdýrarækt, en mér er það ógleymanlegt þegar ég gerði tilraun til þess á s.l. ári að kynna mér ofurlítið hvernig staðið væri að málum í þessari atvinnugrein. Mér ofbauð gersamlega að heyra um það skipulagsleysi sem ríkt hefur í þessum efnum. Ég spurði m.a. búnaðarmálastjóra að gefnu tilefni hvaða skilyrði menn þyrftu að uppfylla til þess að fá leyfi til rekstrar loðdýrabús. Svarið var, eins og ég raunar vissi þá fyrir, að þau væru engin nema þá það eina skilyrði að menn væru að draga saman í hefðbundnum búskap og fara út í loðdýrarækt í staðinn. Menn þurftu sem sagt ekki að kunna nokkurn skapaðan hlut til verka og ég er ekki í nokkrum vafa um að sú fákunnátta sem lagt var upp með í uppbyggingu loðdýraræktar hefur þegar orðið okkur nokkuð dýrkeypt.

Þarna er að sumu leyti sömu sögu að segja og í fiskeldinu og ýmsum fleiri atvinnugreinum. Okkur Íslendingum hættir til að geysast heldur fyrirhyggjulítið út í eitt og annað. Ég get ekki látið vera að lýsa því að ég skelfist nokkuð þær hrikalegu áætlanir sem maður heyrir um í þessari búgrein, loðdýraræktinni. Ég held að menn ættu að fara örlítið hægar í sakirnar og legg áherslu á að efld verði þekking í loðdýrarækt.

En ég endurtek að ég styð efni þessarar till.

Flm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég þarf í raun og veru held ég í engu að svara því sem hér hefur komið fram. Ég vil aðeins þakka góðar undirtektir.

Í sambandi við það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði

um fóðurkostnað er mér því miður kunnugt um að hann er til yfir 50%, en auðvitað á hann ekki að vera það, þar er ég innilega sammála honum. Hann má ekki vera svo mikill. Á þeim stöðum sem næst standa góðum fóðurstöðvum er hann töluvert lægri. Það er auðvitað það sem við þurfum að stefna að.

Það er alveg laukrétt, sem hv. 11. landsk. þm. sagði, að það er dregið úr hefðbundnum búskap með skipulögðum hætti. Þess vegna hefðum við átt að vera tilbúnir með skipulegar aðgerðir í því sem við tæki. Það er einmitt meiningin með þessari till. og ég get tekið undir það með hv. þm. Helga Seljan að við verðum bara að vona að það sé ekki of seint.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv. 199. mál (þskj. 299, n. 490). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 7 26. febr. 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

Nefndin tók frv. til umræðu og fékk á sinn fund Magnús Jóhannesson siglingamálastjóra til viðræðu um efni þess, en hér er nánast um að ræða alþjóðasiglingareglur þrátt fyrir þetta langa nafn á frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. En þess skal getið að eftir að nefndin hafði afgreitt frá sér frv. hafði fulltrúi utanrrn. samband við nefndina og óskaði eftir því að fá að koma á framfæri athugasemdum sem fela í sér nákvæmari samræmingu við enska texta alþjóðasamningsins. Nefndin hefur fallist á að taka þetta til athugunar og vil ég að það komi fram hér. Við munum óska eftir því að taka þessar athugasemdir til athugunar milli 2. og 3. umræðu.

Ég vil að þetta komi fram um leið og ég mæli fyrir nál. Að sjálfsögðu munum við taka þessar athugasemdir til umræðu og afgreiðslu áður en frv. kemur til 3. umræðu en viljum óska eftir því að því verði eigi að síður vísað til 3. umræðu nú.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Póstlög, stjfrv. 248. mál (þskj. 477). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir frv. til póstlaga. Í febr. 1985 skipaði ég nefnd til að endurskoða gildandi póstlög, en þau eru frá árinu 1940, nánar tiltekið nr. 31 12. febr. það ár. Þessi lög eru því nokkuð komin til ára sinna, orðin hálffimmtug og sett á umbrotatímum styrjaldar og örra þjóðfélagsbreytinga.

Í nefndinni, sem fjallaði um þetta mál og samdi þetta frv., áttu sæti Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgrn., sem var formaður nefndarinnar, Rafn Júlíusson póstmálafulltrúi og Óskar Kristjánsson forstjóri. Nefndin naut aðstoðar og ráðgjafar Árna Guðjónssonar hrl., lögmanns Póst- og símamálastofnunarinnar og Ragnhildar Hjaltadóttur deildarlögfræðings í samgrn.

Áður en ég geri efnislega grein fyrir frv. langar mig til að stikla á fáeinum atriðum í sögu póstþjónustunnar á Íslandi. Póstþjónusta af hálfu hins opinbera hefst á Íslandi með útgáfu tilskipunar Kristjáns konungs VII. um Póststofnun á Íslandi hinn 13. maí 1776. Opinberum póststofnunum var komið á fót víðast hvar í Evrópu á 16. og 17. öld, í Danmörku, svo að dæmi séu nefnd, 1624, í Noregi 1647 og í Svíþjóð 1636.

Skv. tilskipuninni skyldi póstur ganga þrisvar á ári úr hverjum landsfjórðungi til Bessastaða í tengslum við póstskip milli Íslands og Danmerkur. Stjórn og skipulag póstmála var í höndum stiftamtmanns og sýslumannanna 18. Í tilskipun er skýrt tekið fram að póstferðum sé fyrst komið á fót til þess að áríðandi embættisbréfum yrði greiðlega komið áfram.

Það vekur athygli að ekki er gert ráð fyrir póstferðum frá Bessastöðum til baka. Þá var og í sparnaðarskyni gert ráð fyrir að sýslumenn mættu senda bréfin með t.d. vermönnum. Ætla hefði mátt að undinn hefði verið bráður bugur að því að koma póstferðunum á en það dróst allt til ársins 1782 að fyrsta póstferðin væri farin.

Gjaldskrá var svo gefin út 8. júlí 1779 og skyldi burðargjald skv. henni vera 2 skildingar fyrir bréf úr einni sýslu í aðra og síðan bættust tveir skildingar við fyrir hverja sýslu sem bréfið var flutt um. Hvergi var minnst á burðargjöld fyrir bréf til útlanda og verður því að ætla að þau hafi verið flutt ókeypis.

Fyrsta póstferðin hófst 10. febr. 1782 og hét pósturinn Ari Guðmundsson. Hann lagði upp frá Reykjarfirði við Ísafjarðardjúp, hélt þaðan um Ögur til Ísafjarðar og síðan gangandi alla firði suður uns hann kom 16. febr. að Haga á Barðaströnd. Þar bjó sýslumaður, Davíð Scheving. Þar sem pósturinn hafði aðeins örfá bréf meðferðis þótti sýslumanni ekki svara kostnaði að senda Ara áfram suður heldur bað hann vermann á leið suður fyrir bréfin. Fleiri voru póstferðir ekki það árið og það var ekki fyrr en 1785 að póstferðir í samræmi við tilskipunina frá 1776 hófust reglulega.

Stiftamtmaður hafði með höndum yfirstjórn póstmála til 1803, að bæjarfógetinn í Reykjavík tók við bréfaafgreiðslunni. Fjármál Póststofnunarinnar höfðu aftur frá upphafi verið í höndum landfógeta. Sýslumenn voru sem bréfhirðingarmenn. Að því kom þó að farið var að fela öðrum en sýslumönnum að annast póstafgreiðslu og er fyrsta dæmið um slíkt í Rangárvallasýslu árið 1845 en þá var heimilað að setja póstafgreiðsluna í Odda þar sem sýslumaður hafði þá tekið sér bólfestu í Vatnsdal í Fljótshlíð.

Smátt og smátt fjölgaði póstferðum og um miðja 19. öld munu þær hafa verið átta á ári. Milli Danmerkur og Íslands sigldi póstskip reglulega allt frá 1778, fyrst einu sinni á ári en 1851 var ferðum fjölgað í þrjár á ári.

Framkvæmd og rekstur póstþjónustunnar var ekki í höndum eiginlegrar póststofnunar og ekki einu sinni undir umsjá dönsku póststjórnarinnar heldur heyrði

undir ráðuneyti það sem með önnur Íslandsmálefni fór, „Rentekammeret". Umræður um hvort eigi mundi heppilegt að setja póstþjónustuna á Íslandi undir dönsku póstþjónustuna hófust í kjölfar nýrra póstlaga í Danmörku 1851 og útgáfu fyrstu dönsku frímerkjanna það ár. Það var þó fyrst hinn 25. ágúst 1869 að gefin var út tilkynning um að frá 1. mars 1870 muni danska póststjórnin annast póstferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands. Póststöðvar voru stofnaðar í Reykjavík og á Seyðisfirði og sérstakur póstmeistari skipaður, Óli Finsen.

Þessi danska póstþjónusta stóð í tvö ár því að 26. febr. 1872 var gefin út ný tilskipun um póstmál hér á landi. Tilskipunin gerði ráð fyrir að stofnsettar yrðu 15 póstafgreiðslur og 54 bréfhirðingar. Með henni má segja að grundvöllurinn hafi verið lagður að póstþjónustu og póstlöggjöf eins og henni er háttað nú á dögum.

Fyrstu póstlögin voru sett árið 1907. Þeim lögum var breytt nokkrum sinnum en heildarlöggjöf var gefin út 1921 og síðan var sett sú löggjöf sem þetta frv. til póstlaga fellir úr gildi, þ.e. póstlögin frá árinu 1940.

Tilefni endurskoðunar póstlaganna frá 1940 er í fyrsta lagi það hversu úrelt þau eru orðin um allt, bæði vegna þróunar póstmála hér á landi en ekki síst vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á alþjóðavettvangi og Ísland hefur þegar gengist undir með aðild sinni að alþjóðapóstsamningum. Óhætt er að fullyrða að í reynd hefur þessi skipan mála ekki komið svo mjög að sök, hvorki fyrir viðskiptavini né rekstur póstþjónustunnar sem slíkrar, þar sem í gjaldskrám og reglugerðum, settum með heimild í lögunum frá 1940, hefur þess verið gætt að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum breytingum.

Markmið þessa frv. er því fyrst og fremst það að lögfesta þær breytingar á þjónustu póstsins sem þegar eru að nokkru leyti komnar til framkvæmda. Jafnframt eru tekin inn ákvæði sem nefndin, er samdi frv., taldi að horfðu til bóta svo og er þess freistað að færa ákvæði núgildandi laga í nútímahorf. Frv. er flutt hér nánast óbreytt frá því sem nefndin skilaði því, með einni undantekningu þó.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. lagði nefndin til að það nýmæli yrði tekið inn í frv. að póstgíróstofunni verði heimilað að veita viðskiptamönnum sínum hliðstæða þjónustu og bankar og sparisjóðir veita varðandi inn- og útlán. Á þetta var ekki fallist en það er að sjálfsögðu opið fyrir þingnefnd að taka málið upp ef hv. þm. sýnist svo. Ég ákvað að taka þetta út úr frv. af þeirri einu ástæðu að ég tel eins og fleiri að nóg sé til af bönkum í þessu landi. Hins vegar er það opið hv. þdm. hvort þeir vilja taka þetta inn í frv. eða ekki.

Í starfi sínu leitaði nefndin víða fanga og kynnti sér m.a. póstlöggjöf Dana og Svía. Enn fremur fór hún vandlega yfir og ræddi álit nefndar sem Norðmenn komu á fót í nóv. 1980 og skilaði áliti ásamt drögum að frv. til póstlaga seint á árinu 1983. Að sögn nefndarinnar auðvelduðu gögn þessi mjög allt starf hennar.

Frv. er skipt í 8 kafla og 39 lagagreinar. Í I. kafla er póstþjónustan skilgreind og verksvið hennar markað.

II. kafli fjallar um einkarétt póstþjónustunnar og eru efnisákvæði hans að mestu óbreytt frá núgildandi póstlögum.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um póstleynd. Í núgildandi póstlögum eru nokkuð skýr fyrirmæli um það hvað leynt skuli fara með í meðferð póstsins þannig að ekki var talin ástæða til að breyta þar um en rétt er að benda á 10. gr. frv. sem veitir heimild til þess að opna póstsendingar í undantekningartilvikum eftir sérstökum reglum er settar skulu af ráðherra.

IV. kafli frv. fjallar um meðferð póstsins og eru ákvæði hans efnislega hliðstæð ákvæðum núgildandi póstlaga en lagagreinum er fækkað með það í huga að gera ákvæðin skýrari. Mörg atriði í núgildandi lögum varðandi póstmeðferð eiga frekar heima í reglugerð og önnur atriði eru orðin úrelt.

Í V. kafla frv. eru ákvæði er snerta gjaldskrá póstsins og frímerki. Engin nýmæli eru þar á ferðinni en þess er freistað að gera ákvæðin skýrari.

VI. kaflinn fjallar um skaðabætur og í VII. kafla er greint frá viðurlagaákvæðum frv.

Rétt er að benda á tvö nýmæli í kaflanum um skaðabætur. Í fyrsta lagi er það nýmæli í 33. gr. að verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsvæði greiðast skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða, enda sé það hagstæðara fyrir hlutaðeigandi tjónþola.

Í öðru lagi er nýmæli í 34. gr. Þar er sett inn ákvæði sem heimilar Póst- og símamálastofnuninni að bæta tjón skv. almennum skaðabótareglum ef ástæður eru slíkar að ákvæði þessa kafla þykja ekki eiga við.

Ég hef hér greint frá þeim efnisatriðum frv. til póstlaga sem ég tel skipta mestu máli og sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsögðu lengri. Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umræðu og hv. samgn.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. því að mér gefst kostur á að fylgjast með vinnu þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær frv. til umfjöllunar.

Ég ætla að beina hér spurningu til hæstv. samgrh.: Ef þetta frv. verður að lögum kemur það í veg fyrir að starfsemi annarra aðila, sem nú tíðkast, t.d. Póstfax — ef ég man nafnið rétt á þeirri stofnun sem fer með hraðsendingar á milli landa — geti haldið áfram?

Þegar maður les yfir þessi lagaákvæði finnst manni einkaréttur Pósts og síma orðinn ansi teygjanlegur, sem hann reyndar hefur verið. Er þörf á því að hafa þetta svona fast niðurneglt að helst ekki nokkur maður megi fara með bréf á milli staða án þess að það sé frímerkt, eins og kemur hér fram í 6. gr.?

„Enn fremur má flytja fyrrnefndar sendingar utan pósts ef þær eru frímerktar skv. gildandi gjaldskrá fyrir póstþjónustu og frímerkin síðan gerð ógild, eða þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða aðila sem hann starfar fyrir." Á að skilja þetta ákvæði svo að hér eigi að fara að herða reglur eða hafa þessi einokunarlög verið það hörð að það má helst ekki fara með skriflegar sendingar á milli staða, hvorki fyrir sjálfan sig né aðra, án þess að hafa á þeim frímerki frá Pósti og síma?

Einnig segir hér í 4. gr., b-lið, með leyfi forseta: „Aðrar lokaðar sendingar, sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í póst að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrá og svipuðum fylgiskjölum eða sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina póstþjónustunnar."

Ég verð að viðurkenna að ég geri mér ekki fyllilega grein fyrir því hvað þetta ákvæði þýðir, að það sé eingöngu hægt að flytja á milli staða skriflegar sendingar, tilkynningar, prentaðar eða skriflegar, sem ekki eru vörureikningar, fylgiseðlar, farmskrár eða svipuð fylgiskjöl. Ég vildi aðeins fá nánari útlistun á því hvað þetta þýðir.

Þegar maður les yfir grg. frv. verður maður lítils vísari um innihald þess. Enn fremur þegar maður fer yfir athugasemdir um breytingu á einstökum greinum, þá er efnið samhljóða 10. mgr. eða 20. gr. núgildandi laga eða nefnt er að ákvæði þessarar greinar séu mjög svipuð og þær lagagreinar sem nú eru í gildi, en mjög lítið um breytingar. Er ekki tími til kominn að við stokkum þetta upp og léttum svolítið á þessari einokun? Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. með það að við höfum nóg af ríkisbönkum hér á landi þótt við hefðum ekki Póst og síma sem einkapóstþjónustuaðila og þar að auki ríkisbanka. Ég tek alveg fyllilega undir þá skoðun ráðherrans en vildi fá aðeins nánari útlistun á því hvað þessar vafagreinar þýða.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég heyrði því miður ekki alla framsöguræðu hæstv. ráðherra, þannig að það má vera að hann hafi skýrt það mál sem ég ætlaði að spyrja hér um, en það er varðandi það sem segir hér í athugasemdum. „Í áliti sínu til ráðherra," segir hér, með leyfi forseta, „lagði nefndin til að það nýmæli yrði tekið inn í frv. að póstgíróstofunni yrði heimilað að veita viðskiptamönnum sínum hliðstæða þjónustu og bankar og sparisjóðir veita varðandi inn- og útlán. Við umfjöllun ráðuneytisins á frv. var ekki fallist á þessa tillögu."

Nú starfar póstgíróstofan að töluverðu leyti sem banki. Þó að hún, að mér skilst, hafi ekki leyfi til að auglýsa sína þjónustu eru margir sem hafa þar t.d. launareikninga alveg á sama hátt og í bönkum, m.a. vegna þess að þar fá þeir, að ég held, töluvert hærri vexti en bankar greiða af ávísanaheftum og á ýmsan hátt betri þjónustu en bankarnir veita eða kannske ætti ég að segja aðra þjónustu, öðruvísi þjónustu.

Á öllum Norðurlöndunum eru starfræktir póstbankar og póstgíróbankar með mjög umfangsmikla starfsemi og ég veit að póststofurnar hafa haft leyfi til gjaldeyrisviðskipta óhjákvæmilega vegna þess að þær taka við greiðslum í gjaldeyri frá erlendum póstgíróbönkum. Þess vegna er mín fsp. til ráðherra þessi: Hvaða breytingar hefur þetta frv., ef að lögum verður, í för með sér á þeirri starfsemi sem póstgíróstofan annast nú?

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég ítreka fsp. sem hv. 5. landsk. þm. flutti í sambandi við það sem kemur hér fram í athugasemdunum um stöðu póstgíróstofunnar og þau nýmæli sem ráðherra hafði lagt til að væru tekin inn í frv., hvort og af hverju þau standa ekki áfram.

Að öðru leyti fagna ég því að þetta frv. er fram komið. Ég tel að þetta mál þurfi að skoða allvel og rækilega í nefnd. Það eru það margþættar spurningar sem menn velta fyrir sér í sambandi við póstþjónustuna, bæði hve hún er misjöfn gagnvart vissum hlutum landsbyggðar og aðra þætti sem þm. hafa ábyggilega áhuga á að skoða.

Það er vissulega kominn tími til að þessi lög verði endurskoðuð. Um póstþjónustuna gilda lög frá 1940, 46 ára gömul lög. Ég lýsi því þess vegna yfir að ég fagna því að þetta frv. er hér komið fram. Ég legg áherslu á að þeir þættir sem hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir nefndi áðan, um vissan einkarétt póstþjónustunnar, og aðrir sem eru til umræðu manna á meðal og varða þann einkarétt sem póstþjónustan hefur á vissum sviðum verði skoðaðir vel og rækilega í nefnd.

Hv. formaður samgn. er ekki staddur í salnum, en ég treysti því að þetta frv., eins og önnur þau frv. sem hann hefur fengið til umfjöllunar, verði vel skoðað af nefndinni.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Varðandi þær fsp. sem fram hafa komið, fyrst fsp. hv. 8. landsk. þm., vil ég segja að einkaréttur Pósts og síma verður að vera ef við ætlum að halda uppi starfrækslu vítt og breitt um landið. Ef við gefum eftir þennan einkarétt er það ákaflega miður farið þar sem hið opinbera á að halda uppi starfseminni, en fyrir fram er vitað að tap er á henni. Það var það sem Vilmundur kallaði hérna í gamla daga „sósíalisma andskotans" ef maður má nota þau orð. Ég tel því að þetta þurfi að vera.

Hins vegar hefur í framkvæmd verið beitt stórauknu frjálsræði með tilkomu nýrra flutningsaðila þannig að það sem áður fór í gegnum póstinn fer nú að miklum meiri hluta eftir öðrum flutningaleiðum, t.d. með flugfélögum, sérleyfisbifreiðum o.s.frv. Jafnvel innanbæjar lætur pósturinn frelsi yfirleitt sitja í fyrirrúmi þannig að ekki eru settar skorður við því að fyrirtæki og stofnanir beri út sendingar. Í sumum tilfellum má auðvitað um það deila, en í allri túlkun póstlaga hefur það verið túlkað á mjög frjálslegan hátt eins og á að gera, að mínum dómi. Breytingarnar í frv. eru ekki í þá átt að þrengja, eða auka einkarétt Pósts og síma, heldur þveröfugt. Lagagreinum er fækkað, þær eru gerðar skýrari og það er gert mögulegt að túlka starfsemina miklu frekar í reglugerðum sem er auðvitað nauðsynlegt því að reglugerðir þarf oft að endurskoða og breyta, en of mikið er í lagt að breyta lögum með tiltölulega stuttu millibili.

Varðandi fsp. hv. 5. landsk. þm. og hv. 4. þm. Vesturl., þá skýrði ég frá því sem um var spurt í minni framsöguræðu. Gíróþjónustan er óbreytt eins og hún er nú. Ég sagðist hafa ákveðið að taka ákvæði um aukningu á gíróþjónustunni út úr frv. Ég vil heldur setja það í vald þingnefndar og þingdeildarinnar hvort hún sér ástæðu til að taka upp þau ákvæði. Það hefur komið fram ákveðinn vilji frá aðilum innan póststjórnarinnar og fleirum að þessu sé breytt. En við höfum aftur heyrt æðimargar ræður fluttar um mikinn fjölda banka í þessu litla þjóðfélagi svo að ég vildi a.m.k. ekki vera faðir að þessu barni. Ég ætlaði að gefa öðrum tækifæri til þess.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar. Ég vil því mælast til þess að deildarmenn fái að sjá ákvæðin, sem voru felld niður úr frv. eins og nefndin skilaði því, þannig að hv. þm. í þessari deild hafi þá tækifæri til að flytja þessa tillögu ef nefndin kýs ekki að gera það. Ég er þeirrar skoðunar að á ýmsan hátt megi auka og bæta þá þjónustu sem

póstgírókerfið veitir og ég held að það geti kannske að sumu leyti verið hagkvæmara að það sé gert á þeim vettvangi heldur en að bankakerfið sé sjálfgefið ódýrari og betri kostur.

Það er auðvitað rétt, sem hæstv. ráðherra segir, að hér þykja vera býsna margir bankar, en þá verða menn líka að hafa það í huga að bankar í dag gegna allt öðrum hlutverkum en bankar gegndu fyrir 15–20 árum. Pósthús gegna líka allt öðrum hlutverkum nú en pósthús gerðu fyrir 10 árum, að ekki sé tekinn skemmri tími. (**Samgrh.:** Þetta vill oft gleymast.) Já, það er rétt. Þetta gleymist þegar menn eru að tala um þessa aukningu. Þetta eru alls ekki sömu stofnanirnar, sem verið er að tala um í dag, og talað var um fyrir 10–12 árum. Það er auðvitað hárrétt, sem kom fram líka hjá hæstv. ráðherra, að þó svo að hér sé að forminu til einokun Pósts og síma á svona flutningum vita það allir, sem hafa einhver skipti við landsbyggðina, að þessi einokun er ekkert í framkvæmd. Ef menn þurfa að koma bréfi áleiðis í fljótheitum fara þeir með það á flugfélagið eða BSÍ og fara fram hjá póstinum og þetta er látið átölulaust þannig að hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna, 8. landsk. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur, er held ég ekki alveg ljóst hvernig þetta kerfi er í rauninni. Og það er líka rétt að margs konar dreifing á höfuðborgarsvæðinu á sér stað fyrir tilstilli annarra aðila en póstsins. Ýmis félög hafa af því nokkrar tekjur til sinnar starfsemi að dreifa ýmiss konar efni í hús fyrir aðila og þetta er allt látið óátalið af póstþjónustunni, enda þótt strangt tekið, séu lögin túlkuð til hins ýtrasta, sé þetta kannske ekki löglegt. En ég held að fyrirkomulagið varðandi þetta sé í góðu lagi.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér finnst gott að fá það fram á hv. Alþingi að það á ekki að fara að þrengja þá þjónustu sem fer fram í dag. Mér er fullkunnugt um hvernig þessi þjónusta fer fram. En til hvers erum við að setja lagabókstaf ef ekki á að fara eftir honum? Mér finnst mjög gott að heyra það hér úr ræðustól frá hv. 5. landsk. þm. að það sé bara allt í lagi með þetta því að ekki er farið eftir þessum lagabókstaf.

Mér er fullkunnugt um að það er farið með bréf hér á milli staða bæði með rútu og flugvélum. Og mér þætti ansi hart ef ætti að breyta því á einhvern hátt. En hér stöndum við sem sagt frammi fyrir því að þetta er bara ágætisframvarp því að það á ekkert að fara eftir því.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég tel það alveg sjálfsagt að verða við beiðni hv. 5. landsk. þm. um að samgn. komi því áleiðis til þeirra þm. hv. deildar sem ekki eiga sæti í nefndinni hver þessi tillaga hafi verið frá endurskoðunarnefndinni þannig að þm. geti, ef hann kærir sig um, flutt brtt. þar um, ef nefndin kemur ekki til með að gera það, sem ég auðvitað veit ekki um.

Það er mikill misskilningur hjá hv. 8. landsk. þm. að það sé verið að setja lög sem ekki á að fara eftir. Þetta eru fyrst og fremst lög um það sem eru skyldur Pósts og síma. Síðan kemur aftur framkvæmd laganna, hvað Póstur og sími ætli að ganga langt í þessum skyldum sínum. En eftir sem áður hvíla skyldurnar á Pósti og síma og jafnframt er hægt að koma í veg fyrir að stórfelld misnotkun eigi sér stað, þannig að farið sé að bera út bréf í hverfi almennt af einhverjum óskyldum aðila, en Pósti og síma sé aftur á móti ætluð sú skylda að fara, þó að komi bara eitt bréf, og bera þau út um allt land. Þetta er það sem er höfuðatriði þessa máls. Og þá auðvitað bregður Póstur og sími við.

Það er erfitt að segja fyrir um hvað eigi að gera og hvað ekki. Það sem þetta frv. gerir ráð fyrir er að geta stýrt þessu fremur með reglugerðum og frjálslega. Þau rúm 2½ ár sem ég hef verið samgrh. hafa komið á mitt borð tilmæli um stöðvun á útburði bréfa á tilteknum stöðum þar sem farið hafi verið inn á verksvið Pósts og síma og ég hef úrskurðað það að menn skyldu ekki skipta sér af því þar sem það er innan þeirrar heiðar sem hefur verið látin viðgangast. Og þannig er ætlunin að framkvæma þetta frv., ef að lögum verður, því þarna er í raun og veru lítil breyting frá hinum 45 ára gömlu lögum. En allt þetta er miklu auðveldara með tilliti til breyttra tíma, breyttra verkefna, að stýra fremur með reglugerðum. En til þess að reglugerð sé gild þarf hún að hafa stoð í lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, stjfrv. 259. mál (þskj. 492). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Fyrir afkomu þjóðarbús og landsmanna allra skiptir það miklu máli að vel takist til með sölu á framleiðslu okkar á erlendum mörkuðum. Óneitanlega hefur þáttur sölu- og markaðsstarfsins oft verið vanmetinn hér á landi. Það hefur vissulega tekið okkur lengri tíma en aðrar þjóðir að viðurkenna þýðingu sameiginlegs átaks á sviði markaðs- og kynningarmála erlendis. Tilgangurinn með því að setja á stofn Útflutningsráð Íslands, eins og lagt er til í fyrirliggjandi frv., er að ráða á þessu nokkra bót.

Sameiginlegt starf okkar að markaðs- og kynningarmálum erlendis hefur verið heldur fátítt á undanförnum áratugum. Ástæða er að minna á það merka átak sem gert var þegar Ísland tók þátt í heimssýningunni 1939 og enn fremur má minna á þátttöku landsins í heimssýningunni í Montreal 1967. Á fyrstu áratugum eftir síðari heimsstyrjöldina var einnig á vegum vörusýninganefndar skipulögð sameiginleg þátttaka íslenskra útflytjenda í vörusýningum í Evrópu. Það er hins vegar ekki fyrr en með tilkomu Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins að sett er á laggirnar sérstök stofnun til að sinna markaðsmálum.

Hvatinn að stofnun Útflutningsmiðstöðvarinnar var aðild Íslands að EFTA og þótti þá nauðsynlegt að styrkja iðnaðinn í samkeppni á heimamarkaði og aðstoða útflytjendur iðnaðarvara við að mæta hinni vaxandi samkeppni sem leiddi af afnámi tollverndar.

Í sambandi við EFTA-aðildina veittu Norðurlöndin fjármagnsaðstoð til stofnunar Norræna iðnþróunarsjóðsins til að auðvelda aðlögun iðnaðarins að fríverslsuninni. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur á starfsferli sínum unnið merkilegt brautryðjandastarf. Enda þótt henni hafi verið ætlað að sinna þörfum iðnrekenda hefur Útflutningsmiðstöðin unnið mjög almennt að því að kynna land og þjóð á erlendum vettvangi. Vörusvið

Útflutningsmiðstöðvarinnar hefur aftur á móti verið mjög þröngt þar eð iðnaðarvörur sem Útflutningsmiðstöðin fjallar einkum um voru aðeins lítill hluti heildarútflutningsins. Sú skoðun hefur því átt vaxandi fylgi að fagna að nauðsynlegt væri að færa markaðsstarfsemina út þannig að hún næði til alls útflutningsins og þá einnig sölu á íslenskri þjónustu. Það er ekki aðeins nauðsynlegt að auka verðmæti útflutningsins og kynna hefðbundna gæðavöru heldur þarf einnig að stuðla með margvíslegum hætti að þróun og sölu nýrra vara. Þá þarf ekki aðeins að rækta mikilvæga og rótgróna markaði heldur einnig þreifa fyrir sér á nýjum mörkuðum.

Haustið 1984 samþykkti ríkisstj. að í samráði við útflytjendur og samtök þeirra yrði hafist handa um heildarendurskoðun á útflutningsmálum og með hvaða hætti æskilegt væri að ríkisvaldið stæði að þeim málum. Hér var m.a. átt við hvort ekki væri rétt að ein og sama stofnunin, útflutningsmiðstöð, annaðist aðstoð við útflytjendur þar sem fulltrúar frá öllum greinum útflutnings ættu aðild að ásamt fulltrúum ríkisvaldsins í sérstöku útflutningsráði.

Viðskrh. ber skv. réttarreglum um Stjórnarráð Íslands stjórnskipulega ábyrgð á utanríkisviðskiptum. Skipaði Matthías Á. Mathiesen þáv. viðskrh. hinn 11. jan. 1985 nefnd til að athuga og gera tillögur um fyrirkomulag útflutningsmála og þá sérstaklega með hvaða hætti mætti efla samstarf útflytjenda og stjórnvalda á sviði útflutnings. Formaður nefndarinnar var skipaður Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda. Nefndin skilaði tillögum sínum til mín í lok des. s.l. og fylgdi því frv. það sem ég nú mæli fyrir. Vil ég nú gera nánari grein fyrir frv.

Skv. því skal stofna Útflutningsráð Íslands og er hlutverk þess þríþætt. Í fyrsta lagi skal ráðið koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum er lúta að eflingu útflutnings. Í öðru lagi skal ráðið veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Í þriðja lagi skal ráðið vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

Rétt er að taka fram að aukið samstarf þeirra er sinna útflutningi getur haft margháttað hagræði í för með sér, t.d. í sambandi við kynningu á útflutningsvörum Íslendinga og Íslandi sem ferðamannalandi í ýmsum löndum. Hlutverk ráðsins er ekki einskorðað við útflutning vöru heldur tekur það einnig til þjónustu. Þar undir kemur verkefnaútflutningur, t.d. á sviði sjávarútvegs og jarðhita. Þá tengist ráðið aukningu ferðamannaþjónustu, t.d. með sameinaðri kynningu á Íslandi sem ferðamannalandi og útflutningsvörum okkar. Nokkur reynsla er komin á slíka kynningu erlendis við ákveðin tækifæri, t.d. heimsókn forseta Íslands til annarra landa. Þjónusta ráðsins mundi ekki aðeins felast í kynningarstarfi erlendis, m.a. á vörusýningum eða kynningu á vörum samhliða landkynningarstarfsemi, heldur margs kyns markaðsþjónustu fyrir íslenska útflutningsaðila. Þar undir kæmu almennar markaðskannanir og fyrir einstaka útflutningsaðila og margvísleg aðstoð í því sambandi, t.d. við skjalagerð. Eiginleg sala yrði hins vegar ekki hlutverk ráðsins heldur verkefni einstakra fyrirtækja eða sölusamtaka þeirra.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vöru og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Af hálfu stjórnvalda eiga fulltrúar sex ráðuneyta aðild að ráðinu, viðskrn., utanrrn., iðnrn., landbrn., samgrn. og sjútvrn. Almennir fundir ráðsins skulu að jafnaði haldnir tvisvar á ári eða oftar eftir ákvörðun viðskrh. eða stjórnar ráðsins. Viðskrh. eða sá sem hann tilnefnir boðar til þessara funda og stýrir þeim. Stjórn útflutningsráðs skipa síðan átta menn, valdir til tveggja ára í senn. Í stjórninni sitja fulltrúar tveggja ráðherra, viðskipta- og utanríkis-, auk þess fulltrúar fimm fyrirtækjasamtaka, fulltrúar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, Félags ísl. iðnrekenda og Flugleiða. Loks skal einn stjórnarmaður tilnefndur sameiginlega af aðilum í útflutningsráði öðrum en þeim sem í stjórninni sitja. Viðskrh. skipar stjórnina skv. tilnefningu viðkomandi aðila.

Útflutningsráðið skal starfrækja skrifstofu hérlendis þar sem starfar framkvæmdastjóri og annað starfslið. Mikilvægur þáttur í starfsemi útflutningsráðs verður þó á vegum fastra starfsmanna erlendis og með ferðalögum að heiman um markaðssvæðið. Aðeins með þeim hætti er unnt að skapa þau tengsl við markaðinn sem eru nauðsynleg forsenda árangurs. Í þessu sambandi má benda á að undanfarin ár hafa starfað viðskiptafulltrúar við sendiráð erlendis. M.a. starfaði Sveinn Björnsson skrifstofustjóri í viðskrn. í nokkur ár sem viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í París og nú starfar Stefán Gunnlaugsson deildarstjóri í viðskrn. sem viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í London. Þá starfa nú tveir viðskiptafulltrúar á vegum Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, Úlfur Sigurmundsson fyrrv. framkvæmdastjóri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins sem viðskiptafulltrúi í New York og Björn Guðmundsson sem er viðskiptafulltrúi í Þórshöfn í Færeyjum. Skal útflutningsráði heimilt að ráða viðskiptafulltrúa að höfðu samráði við viðskrn. og utanrrn. og starfa þeir í sendiráðum Íslands.

Um aðstöðu þeirra við sendiráðin skal að sjálfsögðu semja við utanrrn. Þá yrði útflutningsráði einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðinu er ætlað að sinna. Tekjur útflutningsráðs eru af útflutningsgjaldi, iðnlánasjóðsgjaldi, árgjöldum aðila, framlagi ríkissjóðs, þóknun fyrir veitta þjónustu og sérstökum framlögum. Breyta þarf lögum um útflutningsgjald og Iðnlánasjóð vegna tekjuöflunar ráðsins. Miðað er við að útseld þjónusta standi undir kostnaði við þau störf sem unnin eru skv. beiðni einstakra fyrirtækja, a.m.k. ef þessi þjónusta fer umfram ákveðin mörk.

Varðandi tekjuöflun útflutningsráðs af útflutningsgjaldi lét fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna í nefndinni bóka að hann væri andvígur því að taka ætti hluta útflutningsgjalds til ráðsins. Sem svar við þessu létu fulltrúar helstu útflutningssamtakanna er sæti áttu í nefndinni bóka að sameiginlegt átak í útflutningsmálum styrkti stöðu allra sem að þeim málum vinna. Þeir tóku fram að æskilegast virtist að geta nýtt þann tekjustofn sem útflutningsgjald væri í stað þess að leggja á nýtt gjald. Leiddi hins vegar sú endurskoðun sem nú stæði yfir til þess að útflutningsgjaldið yrði fellt niður yrði að sjálfsögðu að leita þarna annarra fjármögnunarleiða. Viðskrh. getur skv. tillögu stjórnar útflutningsráðs sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi ráðsins í

reglugerð. Skv. frv. mundu lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins falla úr gildi við gildistöku laganna um Útflutningsráð Íslands og tæki ráðið við starfsemi miðstöðvarinnar. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur um margt haft svipað hlutverk á sviði iðnaðar og Útflutningsráði Íslands er ætlað. Hlutur Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins í iðnlánasjóðsgjaldi mundi renna til útflutningsráðs.

Á Alþingi hafa ýmsir þm. oft rætt um nauðsyn þess að efla markaðsstarfsemi fyrir íslenskar vörur og þjónustu erlendis. Þetta er einmitt tilgangur þessa frv. og vænti ég þess að það fái fljóta og góða afgreiðslu Alþingis, en í því er gert ráð fyrir gildistöku laganna 1. júní n.k. Ég tel að leggja beri höfuðáherslu á að þau ráðuneyti, sem þetta mál og Útflutningsmiðstöð varðar mestu, komi til með að hafa aukin áhrif þegar fjallað er um þau málefni eða þá málaflokka sem undir þau heyra.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins fyrst láta í ljós ánægju mína með að þetta frv. er komið fram. Það hefur haft nokkuð langan meðgöngutíma, enda kannske skiljanlegt þar sem mörg sjónarmið þarf að samræma og reyndar sér þess örlítil merki í sumum greinum frv. að þar er um málamiðlun að ræða, m.a. í 4. gr. sem fjallar um stjórn útflutningsráðsins.

Ég vona að með þessu frv., sem vonandi verður að lögum á þessu þingi, verði brotið blað í sögu útflutningsmála á landinu. Lýsir þetta áhuga stjórnvalda almennt á útflutningsmálum. Það nægir að nefna í því sambandi áform fyrrv. iðnrh. um úthlaup í markaðsstarfsemi til hinna fjærstu heimshorna. Utanrrh. lýsti því yfir þegar hann tók við því embætti nú nýskeð að hann hefði mikinn áhuga á þeim málum og hefur heitið öflugum stuðningi. Þá hefur sjútvrh. stofnað til sérstaks markaðsátaks á sviði sjávarútvegsverkefna.

Það er aftur á móti svolítið vafamál hvort kannanir á vegum ríkisins leiði til byltinga í atvinnulífinu, hvort ný starfsemi, eins og t.d. verkefnaútflutningur, verði til beinlínis fyrir atbeina ríkisins. Ríkið hefur í þessu tilfelli ekkert að selja. Markaðsleit á vegum ráðuneytis fyrir vöru og þjónustu, sem það ráðuneyti ræður ekki yfir, er a.m.k. afar einkennileg aðferð. Einstaklingar og fyrirtæki verða að sjá sér hag í því að efla starfsemi sína á þennan hátt. Reynsla og sérþekking manna er yfirleitt ekki ríkiseign hér á landi.

Mín sannfæring er sú að ráðgjafarstarfsemi eða verkefnaútflutningur, verktakastarfsemi, sem rætt hefur verið um sem vænlega útflutningsgrein, sé miklum mun árangursríkari á vegum einkafyrirtækja en ríkisins eins og gerist í Austur-Evrópu. Það getur tekið nokkurn tíma að skapa sér nafn úti í hinum stóra heimi. Þar á ríkisvaldið auðvitað að koma til aðstoðar með áhættulánum. Auðvitað þarf að koma til margvísleg önnur velvild ríkisvaldsins. Það má nefna t.d. að mikil sérþekking er þegar saman komin á hinum ýmsu rannsóknarstofnunum og í Háskóla Íslands, það er mikilvægt að starfsmenn þessara stofnana geti fengið launalaust leyfi til að vinna við verkefni um skamman tíma, t.d. ef íslenskir verktakar erlendis þurfa á því að halda.

En við getum svo sem búið okkur til hálfopinber verktaka- eða ráðgjafarfyrirtæki þar sem opinberar stofnanir leita að viðfangsefnum fyrir verkefnalitla sérfræðinga. Vísir að þessu er Orkustofnun erlendis sem rekin er að nokkru leyti af fé frá iðnrn. og verður næstu þrjú ár. Við gætum alveg eins hugsað okkur Hafrannsóknastofnun á heimsmarkaði sem væri rekin af sjútvrn.

Ég hef hins vegar þá trú að slík fyrirtæki, sem eru í raun og veru undir pilsfaldi ríkisins, verði ekki langlíf. En þau gætu haft varanleg og alvarleg áhrif á einkarekstur á sama sviði sem ekki þyldi ríkisniðurgreidda samkeppni.

Það er hægt að benda á ýmislegt annað sem stjórnvöld geta gert til aðstoðar fyrir verkefnaútflutning og hvernig hægt er að hleypa slíkri starfsemi af stokkunum. Hollensk stjórnvöld stofnuðu t.d. verkefnaútflutningsfyrirtæki fyrir 25 árum, en það er sameignarfyrirtæki flestra hollenskra fyrirtækja sem stunda verktakastarfsemi og verkfræðilega ráðgjöf erlendis. Síðan gekkst hollenska stjórnin fyrir stofnun Holland Fish Foundation sem er ráðgjafarsamsteypa á sviði sjávarútvegs.

Danska stjórnin hefur gengist fyrir svipaðri þróun þar í landi. Það má nefna að Integrated Fisheries Project from Denmark auglýsa nú stíft um heiminn og verður nokkuð vel ágengt.

Í Svíþjóð og Japan er 50% af kostnaði við tilboðsgerð bókstaflega lagt fram sem áhættufjármagn af hinu opinbera. Í Danmörku er slík aðstoð allt að 45% en háð stærð verkefnis og samvinnu a.m.k. þriggja danskra fyrirtækja. Danska utanrrn. hefur m.a. það hlutverk að safna upplýsingum um útboð og koma þeim á framfæri heima og koma dönskum fyrirtækjum á lista um líklega bjóðendur í verk erlendis hjá bönkum og sjóðum úti í heimi. Danska utanrrn. hefur sérstakar skrifstofur og deildir til að aðstoða í þessum efnum út um allan heim. Hollenska ríkisstjórnin hefur mjög svipaða afstöðu og svipaða starfsemi í gangi.

Svo er þróunaraðstoð ýmissa landa beint og óbeint notuð til að afla verkefna fyrir ráðgjafa og verktaka. Ég get sagt frá því að ég kynntist þessu af eigin raun austur í Sri Lanka fyrir nokkrum árum. Þar var forstjóri norsku barnahjálparinnar að ferðast um með umboðsmenn norskra fiskimjölsverksmiðja. Ég rakst á þá í kokkteilboði einu sinni þar sem þeir voru í óða önn að stunda sölumennsku undir handleiðslu barnahjálparsérfræðingsins. Hann var búinn að vera á Ceylon í mörg ár og þekkti orðið mjög marga og notaði þessi sambönd alveg hiklaust til að koma norskri verslunarvöru á framfæri.

Nú skal því alls ekki haldið fram að okkur henti að apa allt upp eftir Dönum eða öðrum nágrannaþjóðum í þessum efnum. Við getum þurft að finna okkar eigin farveg. Við höfum nokkuð lengi átt okkar Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, eins og hæstv. ráðherra gat um. En hún hefur verið á nokkuð þröngt afmörkuðu starfssviði og með heldur litlu olnbogarými.

Þetta frv. um útflutningsráð er að mínu mati stórt skref á framfarabraut og lofar góðu ef að lögum verður, sem ég vona svo sannarlega, og menn kunna að notfæra sér þá möguleika sem það býður. Gert er ráð fyrir því að sameina kraftana með öflugum stuðningi ríkisvaldsins til að kynna íslenska söluvöru erlendis, hvaða nafni sem sú söluvara nefnist. Þessi viðleitni er allra góðra

gjalda verð og alveg sérstaklega nauðsynleg. Það er verið að viðurkenna í þessu frv. að við getum bæði gert meira fyrir okkar hefðbundnu útflutningsvörur en jafnframt er litið á þörfina fyrir nýjar útflutningsgreinar.

Við þurfum að læra að hægt er að skapa gjaldeyri með fleiru en fiskútflutningi. Við þurfum að læra að það er ekki endilega sjálfgefið að lán séu svo til sjálfvirk til kaupa á fiskiskipum til að afla hráefnis til gjaldeyrisöflunar. Það er hægt að skapa gjaldeyri með öðrum aðgerðum. Við þurfum vissulega hjálp til að nýta þau viðskiptasambönd sem við eigum erlendis, t.d. ónýtta kvóta í vöruskiptaverslun. Sumir hafa nefnt Sovétríkin í þessu sambandi og tekið mið af verktakastörfum Finna þar í landi. Gallinn er þó líklega sá að Rússar líta frekar á okkur sem þróunarland og telja ólíklegt að eggið geti kennt hænunni mikið í þeim efnum. Það er þó aldrei að vita nema að við gætum á afmörkuðum sviðum komið okkar þekkingu og reynslu á framfæri og á markað fyrir austan tjald.

Við þurfum aðstoð stjórnvalda til að nýta opinber sambönd í alþjóðastofnunum, þó ekki endilega bein afskipti stjórnvalda, það álít ég að sé svolítið vafasamt. Ríkisstjórnir ýmissa þróunarlanda virðast nefnilega líta svo á að ef opinber afskipti koma til við einhvers konar tilboðsgerð þá sé það sjálfvirkt tilboð um þróunaraðstoð eða a.m.k. þá samhjálp eða „joint venture", eins og það er kallað á erlendum málum, við lausn vandamála þróunarríkisins. Það læðist óneitanlega að sá grunur t.d. að mörg af þeim samböndum, sem sjútvrn. skapaði á s.l. ári og gerir jafnvel enn með sinni starfsemi á þessu sviði, hafi bókstaflega komið til fyrir þann misskilning að í boði væri rífleg þróunaraðstoð vegna þess að það var ráðuneyti með í spilinu. Það er jafnvel spurt feimnislaust — og ég þekki dæmi um það: Hvað ætlið þið að leggja mikla peninga með ef þið fáið tiltekið verkefni að vinna?

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég fagna því, eins og ég sagði áðan, að þetta frv. skuli nú hafa séð dagsins ljós og vona að það fái skjótan framgang.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. 5. þm. Norðurl. e. að hér sé á ferðinni gott frv. á framfarabraut, eins og hann orðaði það. Ég fagna því að ríkisstj. skuli nú hafa lagt þetta frv. hér fyrir og byggt á þeim aðalforsendum sem það er byggt á, þ.e. samstarfi ríkisins og þeirra sem þurfa að flytja út vöru. Það ber að fagna því að sú ríkisstj., sem boðar það fyrst og fremst að losna við þátttöku ríkisins í sem flestu, skuli nú hér á þinginu flytja frv. eftir frv. í þeim anda sem stangast algjörlega á við það sem þeir eru að segja í öðru orðinu, þ.e. að þeir vilji forða því að það sé ríkisþátttaka í þessu eða hinu.

Hér er lagt til að stofnað verði útflutningsráð sem skuli standa fyrir auknu samstarfi samtaka útflutningsins og stjórnvalda í þeim málum sem lúta að eflingu útflutnings. En ég vil benda á að á þessu frv. eru nokkrir gallar. Sá galli, sem mér finnst vera eftirtektarverðastur, er sá að ekki er ætlast til að þessi samvinna sé á mjög breiðum grundvelli, hún sé fyrst og fremst samstarf ráðuneytanna eða ríkisins og atvinnurekenda. Aðrir aðilar, eins og samtök launþega, eiga ekki að taka þátt í þessu samstarfi eða byggja það upp. Þeir sem eru tilnefndir í stjórn þessa fyrirtækis eru, eins og sagt er í 4. gr. frv., með leyfi forseta:

„Stjórn útflutningsráðs skipa átta menn, valdir til tveggja ára í senn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Flugleiðir hf., Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Félag ísl. iðnrekenda tilnefna einn mann hver. Viðskrh. og utanrrh. tilnefna einn mann hvor og einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af aðilum í útflutningsráði."

Í þessum hóp, sem á að skipa stjórn þessa fyrirtækis, er enginn frá þeim sem skapa framleiðsluna fyrst og fremst, launþegasamtökum landsins eða öðrum þeim stofnunum sem eru utan við hin stóru atvinnurekendasambönd sem þarna eru tilnefnd. Ég held að þetta frv. nái ekki tilgangi sínum nema að þetta verði byggt upp með því móti að sem breiðust samfylking sé bak við þá stefnu sem þarna er verið að túlka og er meining laganna.

Það er annar sérstakur þáttur sem ég vil einnig benda á í þessu frv. og það eru tekjur þessa ráðs. Í a-lið 6. gr. er getið um tekjur af útflutningsgjaldi skv. lögum nr. 52/1983 og í grg. með frv. er sagt, með leyfi forseta:

„Til viðbótar er síðan gert ráð fyrir að ráðið fái tekjur af útfluttum sjávarafurðum sem nemi 0,15% af gjaldstofni útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Á árinu 1986 gæti þetta numið 35 millj. kr. á núverandi gengi."

Það eru ekki margir dagar síðan hæstv. sjútvrh. stóð í þessum ræðustól og lýsti því yfir eða a.m.k. taldi líklegt að þetta gjald yrði fellt niður, það yrðu allir sjóðir sjávarútvegsins lagðir niður og einhverjir nýir þættir teknir upp. Starfandi er nefnd sem vinnur beinlínis að því að fella niður útflutningsgjald af sjávarafurðum. Svo er hér lagt fram frv. þar sem gert er ráð fyrir því að aðaltekjustofn þessarar stofnunar byggist á þessu gjaldi. Tekjur þessa útflutningsráðs eiga m.ö.o. að byggjast á tekjustofni sem sjútvrh. stefnir að að verði felldur niður.

Ég taldi rétt að benda sérstaklega á þessa tvo annmarka sem mér finnst vera á þessu frv. Að öðru leyti tek ég undir efni þess og tel sjálfsagt að svona ráð sé stofnað en það á að vera byggt upp með sem breiðustum bakgrunni.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu um útflutningsráð. Ég tel, eins og þeir hv. þm. sem hafa talað á undan mér, að hér sé um gott mál að ræða og þarft. Þetta mál er til komið af auknum áhuga fyrir útflutningsmálum, en það er grundvallarmál fyrir okkur Íslendinga að auka okkar útflutning og styrkja okkur á alþjóðavettvangi að því leyti.

Ég er sammála því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að auðvitað kemur frumkvæðið að þessari starfsemi frá þeim fyrirtækjum sem hafa eitthvað að framleiða eða eitthvað að bjóða til útflutnings. Eigi að síður er það jafnnauðsynlegt að gott samstarf komist á milli opinberra aðila og þessara fyrirtækja og að ríkisvaldið láti útflutningsaðilum í té þá aðstoð og þau sambönd sem það hefur yfir að ráða og utanríkisþjónustan sé nýtt í þessu skyni eins og mönnum finnst við hæfi að gera.

Ég hef heyrt að íslenskir aðilar hafi sýnt erlendis framleiðsluvörur sínar og þjónustu, verið með ágæta sýningarbása hver fyrir sig en það hafi skort alla heildarsamræmingu á þessu átaki. Hefði verið full þörf á því að einhver aðili gæti samræmt átak sem atvinnu-

og þjónustufyrirtæki vilja gera á þessu sviði.

Ég vil víkja aðeins að einu atriði í sambandi við þetta mál sem fram komu um raddir í okkar þingflokki þegar þetta mál var kynnt þar, þ.e. hvort ekki sé við hæfi að sjútvrn. eigi virkari aðild að útflutningsráðinu og skipi þar fulltrúa í stjórn. Ég vil beina því til fjh.- og viðskn., sem fær þetta frv. til meðferðar og ég á reyndar sæti í, að skoða þennan þátt sérstaklega.

Auðvitað ber þessi grein keim af málamiðlun og menn geta spurt sem svo: Af hverju þá ekki fleiri ráðuneyti, eins og iðnrn. og landbrn.? En það má þá geta þess að innan sjútvrn. hefur verið í gangi sérstakt markaðsátak og þar er þörf á því að samræma starf þeirra aðila sem hafa upp á eitthvað að bjóða í sambandi við útflutning á tækniþekkingu og reynslu í sjávarútvegi. Menn horfa mjög til þess að þar séum við lengra á veg komnir en í öðrum atvinnugreinum, við séum þar samkeppnishæfir á erlendum mörkuðum og við höfum þar mikla möguleika. Ég vildi aðeins benda á þetta í þessari umræðu. Ég veit reyndar að fjh.- og viðskn. tekur þetta til athugunar. Ég þekki þar til starfa og veit að þar eru þau atriði könnuð sem óskað er eftir. Ég á reyndar sæti í nefndinni sjálfur en ég vildi láta þetta koma fram.

Hér er hreyft mjög þörfu máli, máli sem hefur verið til umræðu núna um alllangan tíma í þjóðfélaginu, þ.e. að þörf væri á því að gera aukið átak í útflutningsmálum okkar Íslendinga. Ég vona að þetta frv. fái hér greiða afgreiðslu.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Mér fannst það óþarfi hjá hv. 4. þm. Vesturl. að brigsla ríkisstj. um sérstakan sósíalisma þó að hún væri að koma af stað þessari nauðsynlegu starfsemi. Það er einmitt hlutverk ríkisstj. — og hún skilur það — að styðja við bakið á nýjungum og það er einmitt tilgangur þessa frv.

Auðvitað kostar það nokkra peninga að selja vöru. En ég er ekki í nokkrum vafa um það að innan skamms mun þessi starfsemi ekki þurfa neinar sérstakar tekjur af útflutningsgjöldum eða af öðrum mörkuðum tekjustofnum. Hún mun mjög fljótt standa undir sér og þeir sem í útflutningi standa munu þá sjá henni fyrir tekjum.

Það er svo aftur annað mál á hversu breiðum grundvelli slíkt útflutningsráð á að starfa. Það getur vel verið að það væri alveg sjálfsagt að atvinnuverkalýðsforingi úr Verkamannasambandinu ætti að sitja þar í stjórn. En fagmennska í útflutningi er allt annað. Það kemur ekki síður launþegum til góða ef vel tekst til í útflutningsstarfseminni hver sem situr í stjórn útflutningsráðs. Það lagði hæstv. ráðherra alveg sérstaka áherslu á.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim, sem hér hafa tekið til máls um þetta frv., að ég tel þetta mjög til bóta og framfara, nauðsynlegt skref í þá átt, sem stefnt hefur verið að, að auka okkar útflutningstekjur og möguleika á okkar mörkuðum. Við getum deilt um það hvort of mikill sósíalismi felst í því eða ekki, það er allt annað mál. Þetta er spor í rétta átt.

En vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. áðan, þá held ég að það sé nokkur misskilningur hjá honum að gengið hafi verið fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, eins og við köllum, Alþýðusambandi, Vinnuveitendasambandi og öðrum, því að það stendur greinilega um 3. gr. í grg., með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að útflutningsráð sé opið öllum þeim aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða vinna að gjaldeyrisöflun á annan hátt. Í ráðinu verði einnig samtök þeirra atvinnugreina sem tengjast útflutningi á einn eða annan hátt, fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og af hálfu ríkisins fulltrúar viðskrn., utanrrn., iðnrn., landbrn., sjútvrn., samgrn. og menntmrn.“ Þessir aðilar eiga allir kost á því að tjá sig í þessu útflutningsráði.

Þetta er sennilega mjög líkt og t.d. hjá Hafrannsóknastofnun. Þar er sérstakt ráð sem fjallar um ýmsar tillögur sem berast ráðinu en svo er aftur sérstök stjórn sem er yfir því og útfærir þær tillögur sem þaðan koma. Gert er ráð fyrir að þessar hugmyndir allar komi inn í þetta útflutningsráð sem heldur fundi tvisvar á ári, en svo er stjórn yfir öllu fyrirtækinu. Þess vegna tel ég ekki að þarna sé á nokkurn hátt girt fyrir það að hin ýmsu samtök vinnumarkaðarins geti komið sínum tillögum þarna á framfæri, það er beinlínis gert ráð fyrir því hér í frv. sjálfu.

Ég vildi aðeins benda á að þetta er fyrir hendi sem hv. þm. var að ræða um. Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja um þetta núna. Þetta kemur fyrir nefnd sem ég á sæti í. En ég tel þetta frv. stórt framlag til þeirra mála sem við höfum lengi stefnt að.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það er kannske ekki rétt að fara að deila beinlínis hér í hv. deild um það hvort hér er um sósíalisma að ræða eða kapítalisma. En mér heyrðist nú samt á hv. 5. þm. Norðurl. e. að hann viðurkenndi að þetta væri samt ekki hinn hreini, góði kapítalismi eða rétta frjálsa framtak. Hann viðurkenndi að það ætti að vera hlutverk ríkisstjórnar að styðja við bakið á þessum aðilum, eins og hann orðaði það. Þá held ég að við séum kannske komnir að því að geta fallið frá því að þetta sé beint sósíalismi heldur sé þetta hinn góði pilsfaldakapítalismi sem við höfum búið við hér og okkar þjóðfélag er að miklu leyti byggt upp af. Íslenski kapítalistinn stendur ekki einn. Hann verður að hafa ríkisvaldið til að styðja sig og hjálpa sér á mörgum sviðum.

Ég fagna því að sjálfstæðismenn skuli viðurkenna þessa staðreynd og að þeir séu ekki alltaf jafnuppfullir af því að frelsi markaðarins og frelsi hins frjálsa framtaks skuli alls staðar fá að ráða og alls staðar vera í öndvegi.

En hitt vil ég ítreka að uppbygging stofnunarinnar sé á þann veg sem ég var að benda á áðan. Ég skal taka undir það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði að það er tekið fram í 3. gr. og í athugasemdum við 3. gr. að gert er ráð fyrir því að samtök eins og ASÍ geti gerst aðilar að þessu. En skv. lögunum er það bundið að þessi samtök geti ekki átt fulltrúa í stjórn. (**Gripið fram í:** Jú, þetta er rangt hjá þér.) Nei, það er ekki rangt, það er bundið hverjir skuli vera í stjórn. (**Gripið fram í:** Lestu greinina.) Ég skal lesa 4. gr. aftur, með leyfi forseta, þannig að hv. 5. þm. Norðurl. e. geti nú áttað sig á því að það er um útilokunaraðferð að ræða gagnvart launþegasamtökunum að þau eigi fulltrúa í stjórn útflutningsráðsins. Greinin er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn útflutningsráðs skipa átta menn, valdir til tveggja ára í senn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,

Samband ísl. samvinnufélaga, Flugleiðir hf., Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Félag ísl. iðnrekenda tilnefna einn mann hver. Viðskrh. og utanrrh. tilnefna *einn mann hvor og einn stjórnarmaður skal tilnefndur* sameiginlega af aðilum í útflutningsráði." (Gripið fram í.) Það er tilnefnt af útflutningsráði en það yrðu þá líkur fyrir því að þessi ágæti hópur færi endilega að kjósa fulltrúa ASÍ í stjórnina. Það er engin tilætlun í lögunum og frekar hitt, eins og ég sagði áðan, það er útilokunaraðferð að þessir aðilar eigi ekki mann í stjórn. (Gripið fram í.) Kannske er það yfirbragð yfir þessari stjórnarskipun, eins og hv. sjálfstæðismenn hafa verið að nefna hér undanfarandi, að þetta sé ópólitísk stjórn, það sé kannske engin pólitík í þessari stjórn. Það er trúlegt. Það er nú þarna víst einn frá Félagi ísl. iðnrekenda. Hann er sjálfsagt ópólitískur. (**Gripið fram í:** Hann er öruglega ekki stjórnmálamaður.) Ábyggilega ekki stjórnmálamaður og aðrir eftir því. Vitaskuld er verið að búa hér til pólitíska stjórn og næstum því frá einum flokki. Næstum því frá einum flokki, þó að framsókn fái þarna aðeins að svífa inn í með Sambandinu sínu. (**Gripið fram í:** Þetta er bara ekki rétti flokkurinn eða rétta kerfið.) Við erum nú ekki búnir að búa til rétt kerfi enn þá og kannske langt í land að það verði. En ég vildi aðeins undirstrika þetta. Ég veit að hv. fjh.- og viðskn. mun líta á þennan þátt og eins á tekjuþáttinn þar sem er ætlast til að þessi stofnun hafi sem aðaltekjur fjármagn frá sjóði sem á að fara að leggja niður. En hitt, að þessi stofnun fari að afla sér eigin tekna á þessu eða næsta ári, finnst mér ansi miklir draumórar hjá hv. 5. þm. Norðurl. e.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. Ég vil byrja á að fagna því að umræða er hafin um útflutningsmál. Þar sem mjög skammt er síðan þetta var lagt fyrir Alþingi þá getur maður ekki gert sér fyllilega grein fyrir því hvort þetta á að vera akkúrat á þennan hátt eða annan. En ég vil gera athugasemd við ákvæði í 5. gr. þar sem talað er um að útflutningsráðið sé undanþegið opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Hér er verið að tala um ráð sem getur aflað sér tekna sjálft. Enn fremur er sagt að ríkið skuli styrkja slíka starfsemi. Hvað er því til fyrirstöðu að þessir aðilar borgi sína skatta eins og aðrir? Þeir geta þá fengið hærri styrki á móti ef ástæða þykir til. Ég tel að jafnt eigi yfir alla að ganga og tel það alrangt að undanþiggja aðila frá sköttum með lögum, hvort sem er til ríkissjóðs eða sveitarfélaga.

Og önnur athugasemd varðandi 2. gr.: „Heimili og varnarþing Útflutningsráðs Íslands skal vera í Reykjavík." Í athugasemdum segir að þessi grein þarfnist ekki skýringa. Það er sem sagt sjálfsagt mál að útflutningsráðið skuli staðsett í Reykjavík. Ég tel þetta ekkert sjálfsagt mál. Ég tel að þessir aðilar geti komið sér saman um það hvar þeir vilji hafa sína starfsemi. Þó líklegt sé að það verði í nágrenni Reykjavíkur þá er alveg óþarft að binda það í lögum.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessari umræðu en geri það í örfáum orðum vegna þess að hv. 4. þm. Vesturl. lenti í nokkrum útistöðum í umræðunni. Ég ætla mér fyrst og fremst að víkja að 4. gr. frv. Ég held að það fari ekkert á milli mála að það er réttur skilningur hv. 4. þm. Vesturl. að það sé ekki og alls ekki beinlínis gert ráð fyrir því að fulltrúar launþegasamtaka í landinu velji einn af stjórnarmönnum útflutningsráðs. Ég held að um þetta þurfum við ekki að deila. Hins vegar er það jafnljóst að það er ekkert sem bannar það, einfaldlega vegna þess að Alþýðusamband Íslands er fyrst upp talið af þeim aðilum sem aðild munu eiga að ráðinu. (**Gripið fram í:** Samkvæmt stafrófinu.) Já, já, það getur vel verið að sú uppröðun sé á grundvelli stafrófs. Það er ekkert sem bannar það að þessi sameiginlegi aðili á vegum útflutningsráðsins verði einmitt frá ASÍ. En það er ekkert sem gerir ráð fyrir því að þaðan komi stjórnarmaður. Í þessu efni mætti allt eins segja að þeir aðilar, sem viðskrh. og/eða utanrrh. eiga að skipa í stjórn útflutningsráðsins, gætu verið frá ASÍ. Það er ekkert sem bannar það. Ég ætla ekki í þessari umræðu að halda því fram að það sé óumflýjanlegt að fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands eigi sæti í stjórninni. Ég er ekki viss um að það sé meginmál í þessu efni þó ég viðurkenni það að allur sá varningur sem seldur er sé unninn af höndum þess fólks sem þar á aðild að. Í þessu efni vil ég einmitt taka undir orð hv. 5. þm. Norðurl. e. þar sem hann vék að þeirri sérhæfni sem þarf til þess að fjalla um þessi mál, sölumálin.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil taka undir — eins og raunar allir aðrir sem hér hafa tekið til máls — að þetta er mjög þarft frv. og er að meginefni í þeim anda sem ég hefði getað hugsað mér að fyrirkomulag þessara mála verði. Ég óttast hins vegar að slíkt ráð geti orðið of mikið bákn, að öll málsmeðferð geti orðið, ef menn ugga ekki að sér, of þung í vöfum. Og ég vil mælast til þess að þegar til framkvæmdarinnar kemur þá verði reynt að sníða þessari starfsemi einfaldan en skilvirkan stakk.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 257. mál (þskj. 488). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég hef á þskj. 488 leyft mér að flytja frv. til laga til breytinga á útvarpslögum sem samþykkt voru hér í júní á s.l. ári og tóku gildi um síðustu áramót.

Skemmst er frá því að segja, og óþarfi að rifja það upp í mjög löngu máli, að þegar þessi lög voru samþykkt og afgreidd hér frá hinu háa Alþingi fór síðari umræða um þau fram í Ed., í þessari hv. deild. Þá var staða málsins sú að stjórnarþm., meiri hlutanum í þessari hv. deild, voru settir þeir afarkostir af hálfu menntmrh. og ríkisstj. að þessum lögum yrði ekki breytt hér, ekki stafkrók, eða frv. eins og það kom frá Nd., hér yrði ekki breytt stafkrók. Og það varð að lögin fóru í gegnum þessa hv. deild án þess að í þeim væri nokkru breytt frá því sem hv. Nd. afgreiddi þau, enda þótt á það væri oftlega bent að á frv. væru margvíslegir annmarkar sem gerðu það að verkum að Alþingi gæti sóma síns vegna ekki samþykkt þau í þeirri mynd sem þau komu frá Nd.

Ég sagði þá að óhjákvæmilegt væri að flytja ýmsar brtt. við lögin ef þau yrðu samþykkt óbreytt. Ég hef nú gert það á þessu þskj. sem áður var um getið. Án þess

svo sem að fara út í almenna umræðu um útvarpslögin ætla ég bara stuttlega að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég flyt á þessu þskj.

1. brtt. er við 3. gr. laganna, þar sem fjallað er um skilyrðin fyrir því að útvarpsréttarnefnd geti veitt sveitarfélögum og öðrum aðilum leyfi til að reka útvarp. 1. brtt. er við 3. tölul., þ.e. þar er lögð sú skylda á útvarpsstöðvar að þeim beri að varðveita til frambúðar frumflutt dagskrárefni sem talið er hafa menningarlegt eða sögulegt gildi.

Mér er ljóst að þetta er orðað hér mjög almennum orðum og má sjálfsagt um það deila hvaða efni hafi sögulegt og menningarlegt gildi. Ég hygg þó að í framkvæmdinni sé þetta ekki mjög erfitt. Auðvitað má hugsa sér annað orðalag á þessu. Ég held að það sé nauðsynlegt að svona ákvæði sé til staðar í lögunum vegna þess að á Ríkisútvarpið er lögð slík skylda, en í 17. gr. laganna segir: „Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar." Þetta er nú reyndar mjög ankannalega orðað: Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því. Það er engin fortakslaus skylda sem hvílir á Ríkisútvarpinu um að varðveita þetta efni, heldur ber því aðeins að stuðla að því. En ég kem betur að þessu síðar. Ég held að slík skylda eigi að hvíla á öllum útvarpsstöðvum og því er þessi 1. brtt. flutt.

Í öðru lagi er breyting við 7. tölul. 3. gr. sem nú hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði." Mér hefur verið á það bent af einum hv. þm. í þessari deild — sem er sjálfsagt rétt ábending — að hér ætti í rauninni að standa: Óheimilt er að aðrir aðilar en þeir sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar. Ég orðaði mína brtt. bara eins og þetta er orðað hér í frv., en ég hygg að þessi ábending, sem ég hef fengið, sé alveg rétt og réttmæt. Ég legg til að þetta verði orðað svona:

„Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð eða einstaka dagskrárliði. Þetta gildir þó ekki um áður framleitt efni, svo sem kvikmyndir eða fræðslu- og skemmtiefni af myndböndum."

Þessi brtt. er flutt vegna þess að eins og 7. tölul. er hér, þá er hann ekki einungis óskiljanlegur heldur er hann algerlega óframkvæmanlegur þegar til þess kemur að aðrir aðilar fari að reka útvarpsstöðvar en Ríkisútvarpið.

3. gr. er till. um nýjan tölul. Ég sé nú raunar í einu dagblaðanna að hæstv. menntmrh. hefur gefið út reglugerðir í dag þar sem um þetta er fjallað. Sé nokkuð að marka blaðafregnir síðdegisblaðsins þá er þetta nokkuð með sama hætti og ég hef hér lagt til, þ.e. að erlendu sjónvarpsefni, sem sýnt er í íslenskum sjónvarpsstöðvum, skuli jafnan tylgja tal eða texti á íslensku, eftir því sem við á hverju sinni, nema um sé að ræða beina útsendingu eða endurvarp erlendis frá þar sem þýðingu verður ekki við komið.

Á þeirri ágætu ráðstefnu, sem hæstv. menntmrh. beitti sér fyrir í Þjóðleikhúsinu 1. desember, var samþykkt tillaga, held ég, um að allt efni skyldi þýtt eða textað. En það er auðvitað ekki hægt vegna þess að það þýddi í raun bann við því að taka á móti beinum útsendingum um gervihnött og það dettur auðvitað engum í hug. Ég held að þetta ákvæði eigi að vera í lögum, ekki reglugerð, og sé skynsamlegast að hafa það í þessa veru eins og hér er orðað. Sem sagt að þessi þýðingarskylda sé nema um sé að ræða beina útsendingu. — Hinu vildi ég svo skjóta inn í, þar sem ég á sæti í útvarpsráði, að útvarpsráð hafði látið í ljós þær óskir að fá þessar reglugerðir ráðherrans um útvarpsrekstur og annað a.m.k. til skoðunar, helst umsagnar, áður en þær yrðu látnar á þrykk út ganga og gildi taka. En við því hefur ekki verið orðið og ég held að það séu heldur óheppileg vinnubrögð vegna þess að ég á von á því að útvarpsráð hefði e.t.v. getað komið með ýmsar ábendingar sem betra er að komi fram á undan en eftir.

Í fjórða lagi geri ég brtt. við 17. gr. laganna þar sem segir eins og ég hef áður vitnað til: „Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni verði varðveitt til frambúðar." Ég held að þetta eigi að vera miklu ótvíræðara og legg til að þessi grein verði orðuð þannig:

„Útvarpsstjóri setur að fengnu samþykki útvarpsráðs reglur um frambúðarvarðveislu þess dagskrárefnis stofnunarinnar sem rétt er talið að varðveita vegna menningarlegs eða sögulegs gildis." Síðari hluti greinarinnar er óbreyttur.

Ég held að útvarpsstjóri eigi að setja slíkar reglur. Og eins og margvíslegar aðrar reglur, sem útvarpsstjóri setur, eru þær lagðar fyrir útvarpsráð einfaldlega til þess að útvarpsráð geti komið að sínum athugasemdum, en það er útvarpsstjóri sem hefur þetta vald.

Þá vildi ég, með leyfi forseta, aðeins minnast hér á annað mál sem er á dagskrá næst á eftir og ég hef einnig flutt frv. um. Í lögum um Þjóðskjalasafn er nú ákvæði sem er á þessa leið: „Ríkisútvarp (hljóðvarp, sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri og útvarpsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð." Ég gerði nokkrar athugasemdir við þetta á sínum tíma í nefndinni þegar um þetta var fjallað en vildi ekki flytja brtt. á því stigi vegna þess að það var lögð mikil áhersla á að afgreiða þetta frv. um Þjóðskjalasafn. Ég held að þjóðskjalavörður, með fullri virðingu fyrir embætti hans, geti ekki og hafi ekki aðstæður til að blanda sér inn í daglegan rekstur Ríkisútvarpsins með þeim hætti sem þetta ákvæði gerir honum skylt. Það þarf daglega meira og minna að taka ákvarðanir um hvaða efni skuli varðveitt til frambúðar úr dagskrá dagsins áður, dagskrá undangenginnar viku eða mánaðar. Það þarf stöðugt að vera að taka þessar ákvarðanir og ég held að allar ákvarðanir um þetta eigi að taka innan Ríkisútvarpsins. Þarna er mikið efni sem kemur til greina að varðveita. Það er mikill kostnaður sem fylgir þessari varðveislu vegna þess að myndsegulbönd, a.m.k. sem nota þarf til að varðveita það efni sem flutt er í sjónvarpi, eru dýr. Þetta er spurning um kostnað. Og auðvitað er þetta spurning um pláss og rými. Jafnvel þótt ágætt Þjóðskjalasafn hafi nú fengið heila mjólkurstöð til umráða þá kemur líka að því að þar þrýtur rými. Þetta þarf líka að vera aðgengilegt til endurflutnings. Ég held að þetta ákvæði í lögunum um Þjóðskjalasafn sé út í hött og það eigi að fella niður, þessu máli sé ágætlega borgið með því að þetta sé í höndum útvarpsstjóra og starfsmanna stofnunarinnar.

Þá kem ég að 5. gr. þessa frv. sem er breyting á 34. gr. laganna. Í henni segir að hver sá, sem hafi heimild til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum, skuli varðveita í 18 mánuði a.m.k. hljóðupptöku af öllu frum-

sömdu efni. Ég margbenti á það í fyrra, virðulegur forseti, að þessi grein er tómt rugl. Af hverju á að varðveita frumsamið efni í 18 mánuði? Ef tilgangurinn með þessari varðveislu er bara sá sem segir í síðustu setningu greinarinnar, að skylt sé að láta þeim sem telji misgert við sig í útsendingu í té afrit af hljóðupptöku, þá á það ekki að gilda eingöngu um frumsamið efni, það á að gilda um allt efni sem flutt er í dagskránni. Og 18 mánuðir er þá óhæfilega langur tími. Venjan er sú að þetta eru fjórir mánuðir eða sex mánuðir.

Mín tillaga er sú að hver sá, sem heimild hefur til rekstrar útvarps, skuli varðveita í a.m.k. fjóra mánuði hljóðupptöku af útsendri dagskrá. Þetta er til að tryggja það, ef ágreiningur rís út af einhverju sem sagt hefur verið eða ekki sagt, að þá gerist það innan fjögurra mánaða. Það er því miður tiltölulega skammt síðan Ríkisútvarpið fór að varðveita alla dagskrána frá morgni til kvölds. Ég ítreka að 34. gr. útvarpslaganna eins og hún er nú er tómt rugl og raunar til vansa.

Í síðasta lagi er það tillaga mín að við ákvæði til bráðabirgða bætist — þar segir nú að lögin skuli endurskoða innan þriggja ára og mér þykir rétt að um það séu ákvæði hér líka — að menntmrh. leggi fyrir Alþingi nýtt frv. til útvarpslaga á árinu 1988, þannig að tryggt sé að endurskoðunin leiði til þess að breytt frv. verði lagt fram, og í öðru lagi að menntmrh. skuli árlega flytja Alþingi skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins og framkvæmd útvarpslaga. Ég held að það sé nefnilega mjög góður siður, og kemur alveg heim og saman við það sem hæstv. ráðh. sagði í gær, að við ættum að hafa svona menningarmálaumræðu hér í þinginu sem fastan lið. Ég held að það ætti að vera fastur liður að ræða málefni Ríkisútvarpsins á Alþingi einu sinni á ári, og ræða framkvæmd útvarpslaga, sérstaklega eftir að margir aðilar verða farnir að útvarpa og sjónvarpa.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegur forseti, að fara fleiri orðum um þetta en legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til 2. umr. og menntmn. þessarar hv. deildar.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég skal taka greiðlega undir það hjá hv. 5. landsk. þm. að það væri bæði fróðlegt, nytsamlegt og skemmtilegt að taka málefni útvarpsins til rækilegrar umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Raunar er það svo að Alþingi lætur sig allt of litlu skipta svo þýðingarmikla þætti í þjóðlífinu eins og útvarp og sjónvarp er orðið nú til dags og heldur áfram að eflast. Það er raunar minn vilji, og ég vil taka það skýrt fram, að ég mun reyna að efla íslenska Ríkisútvarpið eftir fremstu getu. Ég er fylgismaður hins frjálsa útvarps og hef ekkert á móti því að þeir spjari sig sem geta en þarna verðum við a.m.k. að standa mjög fast í ístaðinu. Þetta á við um alla menningarstarfsemi og þetta á alveg sérstaklega við um varðveislu íslenskrar tungu.

Ég fylgdist með því hér á vordögum á síðasta ári þegar átökin stóðu um útvarpslögin nýju og ég ætla ekkert að draga í efa að ýmsu hafi verið ábótavant. Trúlega stungu menn við fótum og vildu ekki á neinar breytingar hlusta af því sem þeir álitu að þá hefði farið í verra að lögin sjálf hefðu þá stöðvast, enginn tími hefði gefist til að senda þau milli deilda, og er þetta auðvitað vandræðaleg niðurstaða.

Ég ætla nú ekki að leggja dóm á brtt. þær sem hér eru fram fluttar. 3. gr. brtt. fjallar um íslenskan texta og ég þykist hafa tekið nokkuð djúpt í árinni þess vegna með útgáfu reglugerðar þar sem þetta er skylt að texti íslenskur, á góðu íslensku máli, fylgi myndum. Og enn fremur að með beinni útsendingu er að jafnaði skylt að þýða beint eða endursegja á lýtalausu íslensku máli. En af því sem þetta er nú ekki auðgert mál og ég velti þessu töluvert fyrir mér þá varð niðurstaða mín sú að láta þessa reglugerð aðeins gilda til 1. janúar 1987, en ekki eins og til stóð og lögin raunar, til loka ársins 1988. Þetta er nýtt fyrir okkur og þess vegna er ástæðulaust að setjá reglur til lengri tíma, ef við hnjótum um eitthvað, sem er illframkvæmanlegt eða sem betur mætti fara, að laga okkur þá sem tíðast að aðstæðum.

Ég veit að þetta frv. til laga um breytingar á útvarpslögum verður sent til umsagnar og ég ætla að hinkra við og sjá til um álit manna. Ég vona nú að í þetta skipti geti menn skoðað þessi atriði af rósemi hugans þótt menn af tímaskorti leiddu þau hjá sér á liðnu ári. Mér sýnist nú um varðveislu efnis og eins það sem segir hér á öðru frv. um brottnám úr lögum um varðveislu, þá sýnist mér nú að fari betur á því sem hér er lagt til og get tekið undir þau atriði að því leyti sem fram koma í þessu frv. En ég geymi mér alla frekari útlistun á afstöðu minni þar til að umsagnir liggja fyrir um þessi mál. Ég á von á því að þær umsagnir hvíli á yfirveguðu áliti en afgreiðsla þeirra markist ekki af tímaskorti eins og henti hér við afgreiðslu laganna á liðnu vori.

Haraldur Ólafsson: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er flutt verður væntanlega sent til menntmn. þessarar hv. deildar. Þar mun ég gera grein fyrir afstöðu minni og ég vænti þess að það hljóti þar afgreiðslu. Mér sýnist að hér sé ýmislegt fært til betri vegar sem ekki vannst tími til í vor. Ég held að það hljóti að vera áhugamál þessarar hv. deildar og hins háa Alþingis að útvarpslög séu vel úr garði gerð. Við hljótum að líta mjög á hvort hér sé ekki um nauðsynlegar og réttmætar umbætur að ræða.

Ég vil aðeins, svona til að fyrirbyggja misskilning, minnast á eitt atriði í grg. hv. flm., þar sem segir, með leyfi forseta: „Stjórnarþingmönnum í Ed. var gert að tryggja að ekki yrði þar haggað kommu eða punkti. Það gerðu þeir.“ Þetta er náttúrlega hálfsannleikur. Stjórnarþingmenn fluttu brtt. sem stjórnarandstaðan hjálpaði til að fella.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 393). — Frh. 1. umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég mun þá fram halda ræðu minni frá því síðast. Ég hafði beint spurningum til viðskrh. um ýmis ákvæði í því frv. sem hér er til

umræðu um Seðlabanka Íslands og kannske þá fyrst og fremst um atriði sem ég taldi vanta. Ég spurði um kreditkort, hvort væri að vænta löggjafar í þeim efnum, hvernig hún yrði og hvenær. Um það er búið að tala lengi. Ég gerði að umtalsefni lög um peningamálastjórn og vildi gjarnan vita um hug ráðherra í þeim efnum, hvort hann hygðist beita sér fyrir sérstakri löggjöf í þeim efnum, hvort heldur sem væri viðbót við þessa löggjöf eða sérlög eins og ég hafði reyndar gert ráð fyrir. Og ég spurði sérstaklega um málefni Útvegsbanka Íslands, sbr. lög um viðskiptabanka, einkanlega með tilvísun í 45. gr. þeirra laga, þar sem talað er um skyldur ráðherra að leggja mál eins og hér um ræðir fyrir Alþingi og tillögur sínar um það efni, og spurðist fyrir um hvort ekki væri orðið tímabært að hæstv. ráðh. flytti á Alþingi þá skýrslu sem gert er ráð fyrir í þeim lögum og þær tillögur sem þar er enn fremur gert ráð fyrir.

Þá hafði ég hafið að ræða eilítið um það sem ég leyfi mér að kalla ávöxtunarfyrirtæki, en ráðherra hafði kinokað sér við að ræða það mál í umræðum hér, lét ekki í ljós neina skoðun í þeim efnum, ekki heldur á því hvort þörf væri lagasetningar varðandi þetta atriði. Eftir því vil ég sérstaklega inna ráðherra og þá í ljósi fáeinna staðreynda sem ég hlýt að minna á í þessu sambandi.

Ég hafði minnt menn á þær staðreyndir að engin lög eða reglur gilda nú um sjóði af þessu tagi og jafnframt, þrátt fyrir orð ráðherra, að hér er ekki um venjuleg verðbréfaviðskipti að ræða sem greinilega er ekki tekið tillit til í frv. til laga um verðbréfamiðlun og mun skýrast frekar af því sem ég segi hér á eftir.

Ég minnti á að hver sem er, hvaða spilaklúbbur sem er getur í rauninni stofnað til sjóðs af þessu tagi og það brýtur að sjálfsögðu ekki í bága við nein lög því að engin lög eru um þetta og það er heldur ekki gert ráð fyrir neinu varðandi svona sjóðsstofnanir í því frv. til laga um verðbréfamiðlun sem hér liggur fyrir.

Ég minnti á að upphaflegir stofnendur svona sjóðs ráða öllu varðandi hann og þeir sem kaupa ávöxtunarbréf síðar hafa engan íhlutunar- eða eftirlitsrétt með svona sjóði. Ég minnti jafnframt á að sjóðirnir eru ekki undir neinu eftirliti og þeir virðast geta auglýst hvað sem þeim sýnist eða hafa a.m.k. gert það og ráðamenn sjóðsins, hinir upphaflegu stofnendur, geta farið með sjóðina eins og þeim sýnist. Þetta sýnist mér að gefi tilefni til sérstakrar lagasetningar og það muni hrökkva skammt þó að einhver einn úr þessum hópi eigi að fá leyfi viðskrh. sem virðist vera helsta ákvæði í frv. til laga um verðbréfamiðlun.

Ég minnti á að sú ávöxtun sem þessir sjóðir auglýsa er einungis útreiknuð ávöxtun en ekki útgreidd ávöxtun og útreikningurinn er á vegum sjóðanna sjálfra og þeir einir hafa staðið að þeim útreikningi. Enginn hefur litið eftir því hvers eðlis sá útreikningur er eða hvernig hann er gerður eða hvernig hann fær staðist. Ég hefði talið að það væri lágmarkskrafa að eftirlit væri haft með slíkum útreikningi og það væru gerðar lágmarkskröfur um hvernig auglýsingar mætti birta um hluti af þessu tagi og að þær megi ekki vera misvísandi.

Ég minnti á að engin ávöxtun er útgreidd jafnóðum og eina ráðið til að fá raunverulega ávöxtun er að selja þau bréf sem menn hafa keypt og að einu kaupendurnir sem vísað er til eru sjóðirnir, en sjóðirnir sjálfir áskilja sér ýmsan rétt í þessu sambandi eða frestunarrétt á kaupum allt til ársins 2005 eða 2010.

Ég taldi að það væri athyglisvert að skoða með hvaða hætti sjóðir af þessu tagi auglýsa starfsemi sína. Ég hafði, trúi ég, bent mönnum á auglýsingu ekki alllitla t.d. frá því í nóvember um svokölluð kjarabréf þar sem stendur að sá sjóður sem að þessu stendur, sem er Verðbréfasjóðurinn, sé stórmerk nýjung og á hálfu ári hafi hann skilað eigendum sínum 26,8% ársávöxtun umfram verðtryggingu. Ég bendi á að sjóðirnir hafa ekki skilað eigendum sínum neinu í rauninni. Peningarnir eru þá inni í sjóðnum ef þeir hafa ávaxtast með þessum hætti. Eina ráðið til þess að fá ávöxtunina út er að selja bréfin. Menn hafa ekki peningana í hendi öðruvísi en að bréfin fáist keypt og þá væntanlega á þessu gengi.

26,8% stendur hér. Það er ekkert smáræði. En hvernig eru þessi 26,8% fundin? hljóta menn að spyrja. Í smáu letri í einu horni auglýsingarinnar er tekið fram að þessi ávöxtun sé miðuð við 17. maí til 17. nóv. 1985, hvort tveggja reiknað á ársgrundvelli. Skyldi það vera einhver tilviljun að sjóðirnir velja einmitt þessa tvo daga, sem er reyndar hálft ár en ekki heilt, til þess að tilgreina í þessum efnum? Getur verið að ársávöxtunin sé einhver önnur og lægri á öðrum tímum?

Það slær mann líka að í auglýsingu frá hinum aðilanum, Kaupþingi hf., eru sömu mánuðir tilgreindir, frá maí til nóvember s.l., þó að auglýsingin hafi komið núna í janúarmánuði. Þeir velja sér sem sagt tilteknar dagsetningar þar sem útreikningsaðferðir þeirra hafa gefið þeim greinilega tiltölulega háar tölur.

Mér er reyndar spurn og mér leikur forvitni á að vita hvort í þessum auglýsingum sé tekið tillit til þeirrar söluþóknunar sem þessir sjóðir áskilja sér sjálfir fyrir að kaupa nú bréfin sem þeir hafa vísað á sjálfa sig um það að þeir mundu kaupa. Verðbréfasjóðurinn áskilur sér 3% í söluþóknun fyrir að selja sér bréfið. Hefur það verið dregið frá þannig að það sem sala hefði skilað eigendum sínum sé 26,8%, m.ö.o. að hin útreiknaða ávöxtun hafi þá verið 29,8% samkvæmt kokkabókum þeirra í Verðbréfasjóðnum? Hefur þessu verið haldið til haga? hlýtur maður að spyrja. Þeir klípa ekki utan af því varðandi kjarabréfin sín því að í auglýsingunni stendur: „Þú getur innleyst kjarabréfin hjá Verðbréfasjóðnum með nokkurra daga fyrirvara.“ Hver er þessi nokkurra daga fyrirvari? Ég minnti á í fyrri ræðu minni að sjóðurinn áskilur sér 90 daga í fyrsta lagi til að verða við ósk um að innleysa bréfið, um það að kaupa bréfið. Innlausn skal fara fram eigi síðar en 90 dögum frá þeim degi að innlausnarkrafa berst Verðbréfasjóðnum, reyndar á sérstöku eyðublaði, eða næsta virkan dag þar á eftir, en jafnframt kemur í næstu setningu að stjórn Verðbréfasjóðsins er heimilt að fresta innlausn telji hún ástæðu til, sbr. þó ákvæði um endanlegan gjalddaga sem upplýst er að sé 10. maí árið 2005. Þetta kalla þessir menn og leyfa sér að auglýsa að bréf sé innleyst með nokkurra daga fyrirvara þegar áskilinn er í fyrsta lagi 90 daga frestur og í annan stað mér liggur við að segja óendanlegur frestur, frestur allt fram til ársins 2005. Er þetta ekki misvísandi auglýsing? Getur ekki verið að það séu ýmsir sem hafa átt viðskipti við sjóðinn sem hafa tekið auglýsinguna trúanlega og hafa ekki lesið hið smáa letrið, letrið á bréfinu sjálfu og það sem þar getur að lesa?

Hinn sjóðurinn, sá sem er á vegum Kaupþings, telur

að hann gefi sér ekki eins mikinn frest og þeir hjá Verðbréfasjóðnum. Hjá Hávöxtunarfélaginu á vegum Kaupþings heita þetta einingaskuldabréf. Þar stendur: „Skuldina samkvæmt einingaskuldabréfi þessu skal endurgreiða hinn 1. febrúar", ekki árið 2005 heldur „árið 2010". En síðan kemur: „Hávöxtunarfélaginu er þó fram að þeim tíma skylt að innleysa skuldabréf að jafnvirði 1/50 af útistandandi eignum ávöxtunarsjóðsins í hverjum mánuði innan mánaðar frá framvísun." 90 dagarnir eru hér orðnir að mánuði. Víst er það skárra. Og víst lítur það vel út að 1/50 skuli innleystur á hverjum mánuði. En menn skulu ekki halda að það þýði að á fimmtíu mánuðum hafi öll bréfin verið innleyst. Það gerist vitaskuld ekki því að orðalagið er: 1/50 af því sem eftir er. Ég gerði það mér til dundurs að líta aðeins á, ef til þess kæmi að eigendur einingaskuldabréfa vildu hagnýta sér þennan rétt til úrlausnar, hvað það væri líklegt, ef þeir færu til í þessum efnum og ekkert sérstakt fjárstreymi væri inn í þennan sjóð, að þeir þyrftu að bíða lengi. Mér reiknast svo til að lengur en eitt ár mundu 80% þurfa að bíða. Mér reiknast svo til að lengur en tvö ár mundu 60% þurfa að bíða, þ.e. á fyrsta ári yrðu 20% bréfanna innleyst, heildareignarinnar, á fyrstu tveimur árum væru það nálægt 40%, reyndar tæp, á þremur árum væri búið að innleysa helminginn og á fjórum árum væri búið að innleysa rúmlega 60% þannig að upp undir 40% þeirra sem vildu fá innlausn samkvæmt þessari göfugu reglu mundu þurfa að bíða fjögur ár eða lengur eftir því að röðin kæmi að þeim. Þannig virka formúlur af þessu tagi, nefnilega þannig að sjóðurinn tæmist alls ekki á þessum 50 mánuðum, menn mundu ekki fá fé sitt til baka á þessum 50 mánuðum, það væru um 60% sem hefðu verið útgreidd, 40% þyrftu að bíða lengur, og vitaskuld þyrftu einhverjir að bíða allar götur til ársins 2010. Þannig virkar þessi regla.

Það er fleira fróðlegt í auglýsingum um þessa sjóði. Hér stendur í auglýsingu um kjarabréfin: „Þú færð hámarksávöxtun en tekur lágmarksáhættu." Lágmarksáhættu? Er það nú víst, þegar svo er í pottinn búið, að menn séu að taka lágmarksáhættu? Það eru auglýstar útreiknaðar verðhækkanir, útreiknuð ávöxtun aftur í tímann en menn vita ekkert hver hún verður í framtíðinni og menn vita ekkert um það, ef þeir vilja fá þetta innleyst, hvað þeir þurfa þá að bíða lengi.

Lágmarksáhættu? Ég er hræddur um að ýmis önnur bréf sem eru til sölu á markaðnum, að ég ekki spyrji um það að ávaxta fé sitt í bönkum eða sparisjóðum, hafi í för með sér mun minni áhættu en þetta. Þetta er vitaskuld misvísandi. Þeir sem fara inn á þessa braut eru að taka þátt í áhættubúskap og þeim á vitaskuld að gera ljóst að þeir séu einmitt að taka áhættu en ekki að firra sig áhættu, eins og auglýsingin gefur til kynna þar sem hér er sagt að menn taki lágmarksáhættu.

Það þriðja eða fjórða sem stingur í augun í auglýsingu af þessu tagi er það að þess er getið að menn geti keypt kjarabréf í næsta pósthúsi. Póstþjónusta landsins hefur sem sagt tekið að sér sölumennsku á þessum bréfum. Finnst mönnum eðlilegt að pósthús landsins standi fyrir sölumennsku sem auglýst er með jafnmisvísandi hætti og hér er gert, þar sem mönnum er talin trú um að þeir séu ekki að taka áhættu, þar sem gylltar eru fyrir mönnum vonir um 23–27% ávöxtun og þar sem því er haldið fram að þessi bréf megi innleysa með fárra daga fyrirvara þegar allt annað er í rauninni það sem gert er og það sem heimilt er samkvæmt þeim bréfum sem út eru gefin?

Finnst mönnum ekki ástæða til þess að löggjöf sé a.m.k. um það með hvaða hætti mönnum leyfist að kynna svona starfsemi? Það heyrir svo til þessari sögu að ríkissjóður er aðili, eins konar langafi, að Verðbréfasjóðnum vegna þess að ríkissjóður á Framkvæmdasjóð og Framkvæmdasjóður á í Fjárfestingarfélaginu og Fjárfestingarfélagið á í Verðbréfasjóðnum. Ríkissjóður er þannig aðili að þessu, ríkissjóður og ríkiskerfið með tvennum hætti. Annars vegar er ástunduð dreifing í gegnum pósthús landsins og hins vegar er hann eignaraðili, eins konar bakábyrgðaraðili að auglýsingum af þessu tagi.

Ég vil líka minna á að það eru gjarnan verðbréfasalar sem standa að ávöxtunarsjóðum af þessu tagi. Með því móti eru þeir að skapa markað fyrir sjálfa sig. Þegar Pétur Blöndal mætti í útvarpið skömmu eftir að ég hafði haldið ræðu mína í síðustu viku um þetta efni taldi hann það sjóðunum til hróss að þeir hefðu lækkað vextina á markaðnum vegna þess að nú keyptu þessir sjóðir upp svo mikið af bréfum. Það hlýur að vera einkar hentugt að vera verðbréfasali og starfrækja sjóð af þessu tagi og skapa sér tvöfalda söluþóknun, annars vegar gegnum söluna á einingabréfunum og hins vegar gegnum söluna á verðbréfunum sem ávöxtunarsjóðirnir kaupa. Ég tel að tengsl af þessu tagi eigi ekki að eiga sér stað ef þeir sjóðir sem hér um ræðir, ávöxtunarsjóðir af þessu tagi, eru fyrir hendi. Það er eitt af því sem kveða ætti á um í löggjöf.

Annars var það athyglisvert um það viðtal sem birtist við Pétur Blöndal að hann hafði í rauninni enga gagnrýni uppi á þann málatilbúnað sem ég hafði hér í s.l. viku. Hann hrakti ekki orð af því sem þar kom fram. Hann tók fram að margt hefði verið réttmætt hjá mér og hann tók fram að það væri þörf fyrir löggjöf. Þess vegna spyr ég og hlýt að spyrja hæstv. viðskrh.: Er virkilega ekki að dómi viðskrh. þörf fyrir sérstaka löggjöf í þessum efnum og þá langt umfram það sem gert er ráð fyrir í frv. til laga um verðbréfamiðlun vegna þess að hér er um allt öðruvísi starfsemi að ræða en fjallað er um í því frv.? Ég vænti þess að einhverjir aðstoðarmenn hans geti komið þessum boðum til hans. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. mun vera í Ed. að mæla fyrir máli einmitt nú.) Og er hann hér aðstoðarlaus eða er forsrh. honum til halds og trausts? Ég mun engu að síður halda áfram ræðu minni, herra forseti, nema fram komi sérstök ósk um það frá deildinni að ég geri hlé á máli mínu. Ég áskil mér hins vegar rétt til þess að fá að taka til máls oftar einungis til þess að ítreka fsp. mínar.

Hins vegar sagði Pétur Blöndal, forsvarsmaður annars sjóðsins, að ekki væri rétt að tala um þessa starfsemi í neikvæðum tón og mér skildist að hann hefði ætlast til þess af mér að ég teldi fram ýmsa kosti í sambandi við sjóði af þessu tagi. Ég tók eftir því að þessi forsvarsmaður sjóðanna sagði að þeir væru að hjálpa venjulegu fólki að fá góða ávöxtum, sérstaklega gömlu fólki. Mér er spurn: Hefur þessu gamla fólki verið gerð góð grein fyrir því að ávöxtunin er óviss, að veruleg áhætta er tekin, að e.t.v. getur það þurft að bíða fram yfir dauðdaga sinn til að fá innlausn á þessum bréfum, nefnilega til ársins 2005 ef það vill skipta við Verðbréfasjóðinn eða jafnvel til ársins 2010 ef það skiptir við sjóð

Péturs H. Blöndals? Hefur þessu gamla fólki verið gerð grein fyrir því? Ekki hef ég séð neinar auglýsingar, ekki heldur frá þeim sjóði sem er á vegum Kaupþings, þar sem mönnum væri sérstaklega bent á hvers konar áhættu væri verið að taka með kaupum á svona bréfum né heldur að innlausn gæti dregist nokkuð lengi eða til ársins 2010.

Pétur Blöndal taldi líka að með þessu væri verið að hjálpa fyrirtækjunum í landinu, það væri verið að skapa atvinnu, þetta færi inn í atvinnureksturinn. Já, það má vel vera. Margir peningar leita í atvinnureksturinn. En fyrr má nú vera atvinnurekstur sem stendur undir 23–27% vöxtum. Hvaða atvinnurekstur er það sem stendur undir slíkum vöxtum? Og ef allir þeir sem eru að útvega peninga með þessum hætti eru fyrst og fremst að skapa atvinnu í landinu, hvers vegna voru menn þá að rífast hér og tætast og stefna mönnum fyrir okurlánastarfsemi? Fóru ekki þeir peningar líka til þess að skapa einhvers konar atvinnu einhvers staðar í landinu? Ég held að þessi rök fái ekki staðist.

Ég held reyndar að ef þessi ávöxtun er virkilega fyrir hendi, ef það er virkilega svo að einhverjir greiða í kringum 30%, ef tekið er tillit til söluþóknunar samkvæmt því sem ég hef upplýst hér, þá held ég að þeir hljóti að vera í algerri neyð. Ég held að þetta séu neyðarlán einhverra sem eru að þrotum komnir. Menn geta velt því fyrir sér hvort ekki sé eitthvað bogið við peningakerfið í landinu þegar svo er komið.

En það eru margar spurningar sem hljóta að vakna í sambandi við þessa sjóði. Ég rakti áðan að menn gætu þurft að bíða æðilengi eftir því að fá innlausn. Segjum sem svo að margir vilji selja ávöxtunarbréf af þessu tagi. Hver er það þá sem ákveður hvaða bréf eru keypt og hvaða bréf eru ekki keypt, í hvaða röð bréfin eru keypt? Ja, það mundu væntanlega vera þessir upphaflegu stofnendur sjóðsins. Aðrir hafa þar engan íhlutunarrétt. Hafa menn einhverja tryggingu fyrir því að það sé gengið fram með eðlilegum og sanngjörnum hætti? A.m.k. er ekki með því neitt eftirlit.

Hér kemur svo annað atriði þar sem eftirlit þarf vitaskuld að vera fyrir hendi, annað atriði sem að mínum dómi knýr á um kröfuna um löggjöf í þessum efnum. Þegar búið er að gefa út dálítið af bréfum af þessu tagi, skyldi það þá ekki geta komið fyrir að eitthvert bréfið glataðist? Hvað gerist þá? Ekki hef ég hugmynd um það. Það er ekkert um það á þessum bréfum frá sjóðunum hvernig með skuli fara ef bréf glatast. Væntanlega eru eigandanum þá peningarnir glataðir og þessi spilaklúbbur, ef svo vildi verkast, sem hefði stofnað sjóð af þessu tagi, sæti uppi með þá eign. Það er svolítið öðruvísi en ef sparisjóðsbók glatast. Þá eiga menn nokkurn rétt. Þá geta menn fengið að halda eign sinni með ákveðnum hætti, auglýsingu í Lögbirtingablaðinu o.s.frv.

Eru þeir sem kaupa svona bréf þá ekki að taka þarna líka einhverja áhættu? Væri ekki ástæða til að kíkja á hvort það sé eðlilegt ef bréf glatast að það sé þá bara glatað og sú eign sem sem í því felst lendi í höndum sjóðsstjórnar?

Skylt þessu er vitaskuld að jafnvel þótt bréfið hafi ekki glatast er ekki víst að það komi fram fyrir hinn tiltekna dag, 10. maí árið 2005, eða einhverja aðra dagsetningu árið 2010. Sitja þá sjóðsstjórnarmenn uppi sem eigendur þess fjár sem stóð á bak við þau bréf sem ekki voru innleyst? Þetta er vitaskuld líka atriði sem er ástæða til að taka tillit til. Allt hnígur þetta að því að þörf sé á eftirliti. Það er þörf á rammalöggjöf. Það er þörf á því að sjóðir af þessu tagi, svo framarlega sem þeir eiga að vera til, uppfylli tiltekin skilyrði og að tekið sé á atriðum eins og þeim sem ég hef hér rakið.

Ég gat þess áðan að sjóðirnir reiknuðu sér einhverja ávöxtun sem enginn kannske veit og hvergi er upplýst utan sjóðanna hvernig sé fengin. Þannig ákveða þeir hver þeir telja að ávöxtunin hafi verið. Það er athyglisvert að velta því fyrir sér hvernig slíkur útreikningur gæti átt sér stað þegar markaður er fallandi eða markaður fellur. Við skulum segja sem svo að sjóður eigi verðbréf sem hann hefur keypt áður með verulegum afföllum þannig að heildarávöxtun reiknaðist einhvers staðar í kringum 20% þegar bréfin voru keypt. Svo fellur markaðurinn, þ.e. ávöxtunarkrafan lækkar. Það er þetta sem Pétur H. Blöndal var að tala um að hefði verið að gerast, afföllin minnka.

Eigum við að gera ráð fyrir því að ávöxtunarkrafan á markaðnum lækki niður í t.d. 5% raunvexti? Hvernig hugsar og reiknar þá svona sjóður stöðu sína? Hann gæti t.d. sagt sem svo: Ég er með þessi bréf sem ég keypti á þessum feikna afföllum. Nú get ég selt þau nokkrum mánuðum síðar, einum, tveimur, þremur mánuðum síðar, og grætt mjög mikið á mjög skömmum tíma. Ef það væri svo umreiknað til ársávöxtunar vegna verðlækkunar sem hefði orðið á markaðnum á mjög skömmum tíma, einum mánuði, tveimur mánuðum, má fá reiknaða ávöxtun vegna þessa reiknaða gróða upp úr öllu valdi, liggur mér við að segja, herra forseti. Það skyldi þó ekki vera að þessi fína ávöxtun, sem verið er að auglýsa hér, sé fengin með þessum hætti? Vegna þess að markaðurinn féll, vegna þess að vextir voru fallandi reiknuðu menn sér að þeir gætu selt bréfin með miklum hagnaði yfir skamman tíma og svo þegar það er reiknað til heils árs koma út háar prósentutölur vegna fallandi markaðar.

Ég get þessa vegna þess að það er hugsanlegt að þannig hafi menn reiknað. Og hvað er þá meira misvísandi en að auglýsa vexti upp úr öllu valdi vegna þess að markaðurinn hafi fallið? Um þetta atriði er líka vitaskuld nauðsyn að setja löggjöf, um það með hvaða hætti mönnum leyfist að útreikna sér þessa vexti. Það er mörg gryfjan, en þessar háu tölur, sem menn hafa fengið, gætu hugsanlega verið fengnar með þessum hætti og það segi ég í ljósi þeirra upplýsinga sem komu fram hjá Pétri Blöndal í útvarpsviðtali um að einn árangurinn af starfi sjóðanna hefði verið lækkandi vextir.

Ég þykist, herra forseti, og ég mundi segja það við hæstv. ráðh. ef hann hefði verið hér, hafa fært allverulega rök að því að það sé mikil þörf á löggjöf í þessum efnum og eins og ég hef áður getið um hef ég talið um nokkra hríð að sú löggjöf ætti heima í löggjöfinni um Seðlabanka Íslands eða kannske réttara sagt um bankaeftirlit. Og hvers vegna það? Vegna þess að eins og starfsemi þessara sjóða er rekin eru þeir að taka við fé frá almenningi til ávöxtunar. Þannig auglýsa þeir sig nákvæmlega með sama hætti og bankarnir. Þetta eru engin venjuleg verðbréfaviðskipti. Þeir eru að leita til almennings um það að hann leggi inn fé til þeirra til ávöxtunar. Það er þá orðið næstum því eins og skilgreiningin á bönkunum. Bankar eru í viðskiptalagafrv.

skilgreindir sem aðilar sem auglýsa að þeir taki við fé til ávöxtunar, gera það heyrum kunnugt að þeir taki við fé til ávöxtunar frá almenningi.

Herra forseti. Ég tel að þær upplýsingar, sem ég hef hér gefið, gefi fyllstu ástæðu til að þessi mál verði skoðuð sérstaklega. Ég ætla að vona að sú nefnd, sem fær þetta til umfjöllunar, skoði þetta mál vandlega og láti það ekki dragast og setji sig í stellingar til að koma inn í það frv. sem hér er til umræðu ákvæðum sem varða starfsemi sjóða sem þessara og eftirlit með þeim.

Ég skal nefna fáein atriði sem ég tel að eigi heima í löggjöf um sjóðarekstur af þessu tagi. Ég tel að þar eigi heima ákvæði um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að stofnsetja slíkan sjóð. Ég tel að það þurfi ákvæði um opinbera innsýn í sjóðinn á vegum Seðlabanka Íslands, þar á meðal um hvernig ávöxtun er reiknuð, sbr. þau dæmi sem ég hef ég rakið, það geti fengist staðfest af opinberum aðila með hvaða hætti ávöxtunin hefur verið reiknuð. Ég tel að það þurfi ákvæði um hvernig með skuli fara þegar bréf týnist eða þegar bréf kemur ekki fram á hinum endanlega gjalddaga. Ég tel að það þurfi ákvæði um hvernig stjórnun slíks sjóðs skuli háttað og með hvaða hætti skylt sé að upplýsa þá sem eiga einingabréf eða ávöxtunarbréf af þessu tagi. Ég tel að það verði að vera ákvæði um að svona sjóðir skuli vera óháðir verðbréfasölum sem standa í almennum verðbréfaviðskiptum þannig að þeir séu ekki að skipta við sjálfa sig. Ég tel að það þurfi að setja sérstök ákvæði um skyldur varðandi innlausn. Ég hef hér rakið að það eru sín ákvæðin hjá hvorum þessara tveggja sjóða, annars vegar galopin þannig að það má geyma allt til ársins 2005, hins vegar að 1/50 af því sem innistandandi er skuli innleyst í hverjum mánuði sem þýðir greinilega að sumir, um það bil 37–40%, mega búast við að bíða fjögur ár eða lengur eftir innlausn ef svo verkast vill.

Ég tel að það þurfi ákvæði um hve rekstrarkostnaður við svona sjóð megi vera mikill. Það er eitt af þeim atriðum sem fram koma í þessum bréfum að annar sjóðurinn áskilur sér fyrir umsýslu á sjóðnum, þ.e. ávöxtunarsjóðurinn hjá Hávöxtunarfélaginu, allt að 2% þóknun af andvirði eigna sjóðsins í lok hvers árs. Ef það eru komnar 100 millj. í þennan sjóð eru það þó nokkrir peningar. Ég spyr nú ekki að ef það er uppreiknað samkvæmt ávöxtunarformúlu. Ég tel að það þurfi ákvæði um hvernig kostnaður við svona lagað megi vera og hver hann megi vera hið mesta og eftirlit með því að ekki sé bruðlað í þeim efnum.

Sumir vilja sjálfsagt ekki að svona sjóðir séu til. En ég held að það sé betra að gera ráð fyrir því að til svona sjóða geti verið stofnað og setja ákvæði um það í lög hver skilyrði skuli þá uppfylla og síðast en ekki síst mjög ströng ákvæði um hvernig almenningur skuli upplýstur, með hvaða hætti skuli leyft að auglýsa og með hvaða hætti ekki. Það ítreka ég enn og aftur, herra forseti, vegna þess að ég hef orðið þess áþreifanlega var að fólk yfir höfuð tekið hafði ekki hugmynd um hvers konar sjóðir þetta væru eða með hvers konar skilmálum þessi bréf væru og hefur leitað til mín unnvörpum eftir að ég gerði grein fyrir þessu í síðustu viku, bæði með fyrirspurnir og eins með þakklæti fyrir að hafa upplýst hvernig þetta væri í raun og sannleika.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend ekki upp til að svara hinum ýmsu spurningum sem hv. þm. beindi til hæstv. viðskrh. Hins vegar stend ég upp til að segja að mér þótti ræða hans um verðbréfamarkaðinn athyglisverð. Ég er honum algerlega sammála um það að vitanlega er nauðsynlegt að setja þeim markaði ákveðnar reglur og strangar, hafa með honum eftirlit. Þótt ekki væri nema brot af því svo sem hann lýsti er þarna um mjög alvarlegt mein að ræða.

En mér voru það vonbrigði, sem hann sagði, að hann teldi að frv. til l. um verðbréfamiðlun væri tilgangslítið í þessu sambandi. Frv. var ekki lagt fram með það í huga. Það var þvert á móti lagt fram með hitt í huga, að með þeim lögum yrði unnt að ná nokkurri stjórnun og það góðri stjórnun á verðbréfamarkaðnum. Þær umsagnir hef ég m.a. frá Seðlabanka að sú löggjöf sem þar er gert ráð fyrir sé nauðsynleg í þessu skyni.

Það er rétt að verðbréfamarkaðurinn þarf að fá leyfi og það atriði er út af fyrir sig ekki stórt, en þeir sem hyggjast selja verðbréf þurfa að leggja fram bankatryggingu upp á 2 millj. og það er held ég spor í rétta átt. Það sem er kannske mikilvægara er að þessir menn eru upplýsingaskyldir. Þeir eru skyldugir til að leggja fram allar upplýsingar sem bankaeftirlitið krefst. Þeir eru felldir undir bankaeftirlitið. Ég hef litið svo á að 15. gr. þessa frv. væri ein sú mikilvægasta þar sem segir:

„Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfasjóða. Skal bankaeftirlitinu heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum í starfseminni sem það telur nauðsynlegt. Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfasjóða brjóti í bága við lög þessi eða eðlilega viðskiptahætti skal það tilkynna það viðskrh."

Ég er algerlega sammála hv. þm. um að auglýsingar eins og hann greindi frá áðan eru ekki eðlilegir viðskiptahættir, langt frá því. Ég hef bundið vonir við að verði þetta að lögum, ég er ekki að fara hér yfir ýmis önnur ákvæði t.d. nafnskráningu sem er skv. sérstöku frv., verði einmitt unnt með eftirliti bankaeftirlitsins að krefja þessa aðila um eðlilega viðskiptahætti, m.a. í auglýsingum. Það eru ekki eðlilegir viðskiptahættir ef almenningur er blekktur svo sem kom fram í ræðu hv. þm.

Ég vil því fagna því að hv. þm. hefur vakið athygli á þessu máli og mikilvægi þess að þarna sé stjórnun, en ég vonast eindregið til þess að hv. þm. komi á framfæri, t.d. í sambandi við meðferð á frv. til l. um verðbréfamiðlun, þeim breytingum sem þar kynni að þurfa að gera til að ná betri tökum á þessu máli. Ég held að fjh.- og viðskn., sem um það mál fjallar nú, hljóti að taka slíkar ábendingar til meðferðar.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að ég gat ekki hlýtt að öllu leyti á hv. 3. þm. Reykn. því að ég var að mæla fyrir tveimur málum í Ed. Ég hygg þó að ég hafi verið búinn að fá flestar spurningar hans í byrjun ræðunnar á síðasta fundi hv. Nd.

Skal ég þá fyrst víkja að starfsemi ávöxtunarsjóða. Hv. þm. fann að þremur atriðum er varða starfsemi sjóðanna, ófullnægjandi upplýsingum þeirra til viðskiptaaðila um raunverulega samningsskilmála, réttindaleysi eigenda verðbréfa sem gefin eru út af þessum sjóðum gagnvart stofnendum og stjórn sjóð-

anna svo og þeirri staðreynd að sama fyrirtæki hefur oft með höndum bæði verðbréfamiðlun og starfrækslu ávöxtunarsjóðs. Hann sagði einnig að lagafrv. um verðbréfamiðlun, sem liggur fyrir hv. Ed., tæki að sínum dómi ekki að neinu leyti á þessum atriðum.

Þessar athugasemdir hv. þm. kunna að eiga við um ástand mála í dag. Hitt er ekki rétt að frv. um verðbréfamiðlun láti sig engu varða þau atriði sem hann nefnir og finnur að. Frv. er beinlínis ætlað að taka til starfsemi ávöxtunarsjóða, sem í frv. eru nefndir verðbréfasjóðir, og vísa ég þá til 3. gr. þess frv. Það gerir einnig ráð fyrir að rík upplýsingaskylda hvíli á verðbréfamiðlara gagnvart viðskiptaaðilum hans. Þegar verðbréfamiðlari veitir upplýsingar skal hann taka tillit til hags og þekkingar viðskiptamanns og til þess að tryggja að þessu ákvæði svo og öðrum ákvæðum frv. sé framfylgt er bankaeftirlitinu falið eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara.

Að mínu viti er það ekki næg ástæða til lagasetningar að uppbygging ávöxtunarsjóðs sé með þeim hætti að áhrif þeirra sem eiga verðbréf sjóðsins séu ekki tryggð á stjórn hans. Einstaklingar og fyrirtæki verða að meta áhættuna af því annars vegar að festa fé sitt í bréfum sjóðs af þessu tagi og hins vegar að leggja það sem sparifé í banka eða sparisjóð. Ávöxtunin í síðast töldu stofnuninni kann að vera eitthvað lægri, en hún er einnig um leið að mínum dómi öruggari.

Sami þm. vék að viðskiptaaðilum Seðlabankans og sagði efnislega að í því væri allt við sama heygarðshornið og samkvæmt gildandi lögum. Þegar þetta er athugað nánar kemur í ljós að ákvæði frv. þrengja hóp þeirra er átt geta viðskipti við Seðlabankann frá því sem er í núgildandi lögum um Seðlabanka Íslands. Þessum aðilum má skipta í tvo hópa ef maður á að leggja út í það. Annars vegar er um að ræða peningastofnanir og hins vegar ríkissjóð og ríkisstofnanir. Um fyrri hópinn er fjallað í 6. gr. frv., en um hinn síðari í 11. gr.

Samkvæmt 6. gr. frv. er meginreglan að einungis innlánsstofnanir, þ.e. viðskiptabankar, sparisjóðir og innlánsdeildir samvinnufélaga, geti átt viðskipti við Seðlabankann. Hér er um verulega þrengingu að ræða frá gildandi lögum. Á hinn bóginn er ekki gengið jafnlangt og tillögur bankamálanefndar gerðu ráð fyrir því að í 6. gr. segir að ráðherra geti í reglugerð ákveðið að aðrar peningastofnanir skuli eiga viðskipti við Seðlabankann.

Það er og misskilningur hjá hv. þm. að það sé Seðlabankinn sem skuli ákveða hvort þessar stofnanir séu teknar í viðskipti. Það er alfarið ákvörðun viðskrh. skv. frv. Ég bið hv. þm. að blanda ekki þessum tveimur aðilum saman. Einnig er heimild ráðherrans í þessu efni sniðinn þröngur stakkur, það skal játað. Hann getur einungis tekið ákvörðun af þessu tagi ef sérstaklega stendur á. Það er skýrt nánar í hinum almenna hluta athugasemdanna sem frv. fylgja. Þar segir að einkum væri um þau tilvik að ræða þar sem geyma þyrfti erlent lánsfé með þeim hætti að það yrði ekki notað til tímabundinnar lánafærslu eða þar sem réttmætri lánsfjárþörf tiltekinna peningastofnana yrði ekki mætt nema með lánum úr Seðlabankanum. Enn fremur segir í athugasemdum að áður en ákvörðun um viðskipti annarra peningastofnana við Seðlabankann sé tekin skuli þess gætt að slíkt stangist ekki á við þá reglu frv. að Seðlabankanum sé óheimilt að keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Með þessu móti er að mínum dómi komið verulega til móts við tillögur bankamálanefndar en um leið allrar varfærni gætt.

Þess skal einnig getið að í nýju norsku seðlabankalögunum er að finna mun rýmri heimildir en í þeim íslensku um viðskipti Seðlabankans við aðra aðila en ríki og innlánsstofnanir. Um 11. gr., þar sem fjallað er um viðskipti ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana sem eru á fjárlögum við Seðlabankann, skal það sagt að efnisrök skorti fyrir tillögu bankamálanefndar að mínum dómi. Það er að mínu viti óeðlilegt að stjórn lánasjóðs geti upp á sitt eindæmi ákveðið hvort sjóðurinn skuli eiga viðskipti við Seðlabankann eða viðskiptabanka, en um þetta geta verið skiptar skoðanir. Þetta lagði hins vegar nefndin til. Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkisins og því þarf það ekki að vera óeðlilegt að einstakar ríkisstofnanir eigi við hann viðskipti. Ég minni aftur á ákvæði nýju norsku seðlabankalaganna, en þar er gert ráð fyrir að norski seðlabankinn geti annast bankaþjónustu fyrir ríkissjóð og opinbera fjárfestingar- og lánasjóði. Ég tel að um þessi efni verði einnig að fara töluvert eftir þeim ráðuneytum og ráðherrum sem fara með hina einstöku sjóði eða hin einstöku mál og beri að taka tillit til þeirra óska sem fram kunna að koma á hverjum tíma.

Loks má ekki gleyma því varðandi stöðu viðskiptaaðila Seðlabankans að skv. frv. er það ákvæði núgildandi laga fellt niður sem mælir svo fyrir að innlánsstofnanir, aðrar opinberar lánastofnanir og fjárfestingarsjóðir skuli geyma laust fé sitt í reikningi í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið. Þetta bætir stöðu viðskiptaaðila Seðlabankans, m.a. að því er varðar ákvörðun vaxtakjara hjá bankanum en þau voru gerð að umtalsefni s.l. mánudag.

Hv. 3. þm. Reykn. fjallaði um 8. gr. frv., en hún kveður á um heimildir Seðlabanka til innlánsbindingar eða bindingar ráðstöfunarfjár. Eins og ég vék að í minni framsöguræðu er gert ráð fyrir því að þessu stjórntæki verði einungis beitt þegar sérstaklega standi á. Það merkir að því verður einungis beitt þegar telja má að önnur stjórntæki bankans dugi ekki til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Einnig er kveðið svo á að samþykki ráðherra þurfi áður en til beitingar kemur. Þetta ætti að tryggja að bindingu verði beitt í hófi. Ákvæðið verður meðal annara orða ekki túlkað öðruvísi en svo að það feli í sér þrengri heimild en er í gildandi lögum.

Hv. þm. kvartaði undan því í ræðu sinni að ríkisvíxlar, skuldabréf og önnur verðbréf, sem eru útgefin af ríkissjóði og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af peningastofnun til að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, skuli ekki teljast lán til ríkissjóðs. Skv. 2. málsgr. 11. gr. frv. er þetta svo. Meginefni greinarinnar fjallar hins vegar um lánveitingar Seðlabanka til ríkissjóðs og er þar kveðið svo á að Seðlabankinn geti einungis veitt ríkissjóði lán til skamms tíma og skuli slík lán greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans. Með þessu er reynt að fyrirbyggja að lántökur ríkissjóðs leiði til nýrrar peningamyndunar hvernig sem á stendur í efnahagsmálum. Ríkissjóður verður þannig að greiða almennan lántökukostnað sækist hann eftir meira lánsfé en svo að samrýmist því ákvæði sem hér er um rætt.

Verðbréfaviðskipti Seðlabankans á markaðnum, bæði með skuldabréf ríkissjóðs og önnur trygg verðbréf, eru af öðrum toga. Hér er um eitt af stjórntækjum Seðlabankans að ræða til að fylgja eftir þeirri stefnu sem mörkuð er á hverjum tíma á sviði peningamála. Þessu tæki hefur ekki verið beitt enn af Seðlabankanum, en á næstu árum gæti komið til þess að því yrði beitt. Markmiðið væri þá ekki að afla ríkissjóði lánsfjár heldur að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, stýra lausafjárstöðu einkaaðila og innlánsstofnana. Væru skuldabréf ríkissjóðs, sem keypt væru í þessum tilgangi, þannig lán til ríkissjóðs gæti það að ófyrirsynju gefið til kynna að fjárhagsstöðu ríkissjóðs væri þannig háttað að hann þyrfti að afla sér lánsfjár á almennum markaði.

Á það ber jafnframt að leggja áherslu að til þess að Seðlabankinn geti beitt þessu stjórntæki í þeim tilgangi sem ég hef hér lýst er nauðsynlegt að hann hafi töluvert sjálfstæði um beitingu þeirra stjórntækja sem hann hefur yfir að ráða lögum samkvæmt. Á það ber einnig að líta að ósennilegt er eðli málsins samkvæmt að Seðlabankinn kaupi skuldabréf ríkissjóðs á markaði samtímis því að ríkissjóður selur ný bréf.

Að því er varðar athugasemd hv. þm. um kaflann um bankaeftirlitið skal það fúslega viðurkennt að heldur hefur verið dregið í land frá tillögu bankamálanefndar, en það er oft sagt, sem hann sagði í sinni ræðu, að bankaeftirlitið sé samkvæmt frv. orðið alger undirsáti í Seðlabankanum og undir þeim sem þar fara með völd að öðru leyti. Ég vil benda á tvennt: Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi forstöðumann bankaeftirlitsins og sérstök samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka fylgist með starfseminni. Með þessu móti eru bein tengsl eftirlitsins og viðskrn. efld.

Þá varpaði sami hv. þm. fram þeirri fsp., sem ég svaraði að vísu á mánudaginn, hvað liði útgáfu reglugerðarinnar um tryggingarsjóð viðskiptabanka. Þessi reglugerð, eins og ég sagði þá, var gefin út 31. janúar og ég vænti þess að bæði viðskiptabankar og einkabankar tilnefni í næstu viku sína menn í stjórn sjóðsins. Eins og ég sagði á mánudaginn væri ég tilbúinn að skipa formann tryggingarsjóðs.

Þá spurði þm. hvað liði fækkun og sameiningu viðskiptabanka, að bankaeftirlitið hefði krafið skoðunarmenn Útvegsbankans um reikningsuppgjör skv. 45. gr. laga um viðskiptabanka. Þess er að vænta að reikningsuppgjör berist ráðuneytinu innan tíðar ásamt greinargerð bankaráðsins um málefni bankans og umsögn bankaeftirlitsins. Þegar þessi gögn liggja fyrir kveða lögin svo á að ráðherra skuli leggja fyrir Alþingi tillögur um ráðstafanir er grípa skuli til. Hér er um grundvallargögn að ræða þegar rætt er um fækkun og sameiningu viðskiptabanka. Þess vegna verður Alþingi enn um sinn að bíða þangað til unnt er lögum samkvæmt að leggja fyrir þingið tillögur um ráðstafanir, en það verður hins vegar gert þegar þetta liggur fyrir.

Þá spurði hv. 3. þm. Reykn. hvers væri að vænta í sambandi við greiðslukort og hvort væri að vænta framlagningar frv. til laga um greiðslukort. Það er mín skoðun að ekki séu nægar ástæður til sérstakrar lagasetningar á þessu sviði heldur beri að setja reglur um greiðslukort á grundvelli gildandi laga. Í 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 56 frá 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, kemur fram að þegar horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar geti Verðlagsráð ákveðið tilteknar aðgerðir er miða að því að hindra að slíkt gerist. Meðal þessara aðgerða er setning reglna um verðlagningu og viðskiptakjör sem Verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni. Með vísan til þessa ákvæðis í fyrrnefndum lögum óskaði viðskrn. eftir við Verðlagsstofnun snemma í síðasta mánuði að hún gerði tillögu til ráðuneytisins varðandi tvo þætti greiðslukortaviðskipta.

Í bréfi ráðuneytisins er óskað eftir að samdar verði reglur er geri verslunum óheimilt að veita notendum greiðslukorta betri kjör en þeim sem staðgreiða. Ráðuneytið telur að þessu markmiði verði m.a. náð með því að banna útgefanda greiðslukorta að leggja kostnað við rekstur greiðslukerfisins á þá sem samþykkja að taka við greiðslum gegn framvísun greiðslukorta frá hlutaðeigandi útgefanda. Einnig gæti komið til greina að mati ráðuneytisins að skylda verslanir sem taka við greiðslukortum til þess að veita viðskiptavinum sem staðgreiða sérstakan afslátt sem væri sá sami og kostnaður verslunarinnar vegna greiðslukortaþjónustunnar. Þá er jafnframt óskað eftir að athugað sé hvort unnt er að takmarka notkun greiðslukorta við tiltekin viðskiptasvið. Í því sambandi leggur ráðuneytið áherslu á að athugað verði hvort notkun greiðslukorta sé heppileg í matvöruviðskiptum og telur rétt að kannað sé hvernig notkun greiðslukorta fari fram að þessu leyti í helstu nágrannaríkjum.

Þessi beiðni ráðuneytisins hefur legið fyrir Verðlagsráði og verðlagsstjóra síðan og er nú unnið að tillögum í þessu efni. Að vísu var settur frestur til síðustu mánaðamóta, en mér hefur verið tjáð að þetta mál væri svo erfitt og tímafrekt að nauðsynlegt væri að framlengja þennan frest nokkuð. Vitaskuld er ekki nema eðlilegt og sanngjarnt að gera það.

Ég held að ég hafi þá svarað í öllum höfuðatriðum beinum fsp. hv. þm., en eins og ég sagði bæði við lok framsöguræðunnar þegar ég fylgdi frv. úr hlaði og eins í ræðu minni á mánudaginn eru hér auðvitað mörg atriði sem koma til athugunar hjá þeirri hv. nefnd sem fær frv. til meðferðar og þá verður hægt að skýra mun nánar og betur það sem þm. óska eftir að fá upplýsingar um.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka svörin frá ráðherra svo langt sem þau náðu. Vitaskuld er rétt að það er verið að þrengja hóp þeirra sem geta haft viðskipti við Seðlabankann frá gildandi lögum, enda tók ég fram í minni ræðu að það væri verið að víkka hann frá frv. bankamálanefndar á sínum tíma. Það held ég að hæstv. viðskrh. hafi viðurkennt.

Að því er varðar viðskipti ríkisstofnana, hvort þau eigi að vera í viðskiptabönkunum eða Seðlabankanum, geta menn náttúrlega haft hvora skoðunina sem þeir vilja, en þarna hefur átt sér stað, eins og kom fram hjá ráðherra trúi ég, breyting frá því sem bankamálanefnd hafði lagt til.

Um 11. gr., sem ráðherra gerði mjög að umtalsefni, að því er varðaði ríkisvíxla, skuldabréf og önnur verðbréf útgefin af ríkissjóði, hafði ég vakið athygli á því að meiningu þeirrar málsgreinar hefði verið gjörbreytt frá því sem var í hugmyndum bankamálanefndar. En víst kemur til álita að opna með þessum hætti þessa leið fyrir ákveðið stjórntæki þó að það hafi ekki verið hugmynd bankamálanefndarinnar.

Varðandi sjálfstæði bankaeftirlitsins kom fram hjá

hæstv. ráðh. að það væri öðruvísi en bankamálanefnd hefði gert ráð fyrir. Ég held að við ættum ekki að setja á neina tölu um hversu ósjálfstætt það sé orðið. Ég segi bara æ, æ.

Hæstv. ráðh. upplýsti það varðandi Útvegsbankann í tilefni af fsp. minni á grundvelli 45. gr. viðskiptabankalaganna að skoðunarmenn hefðu verið krafðir um grg. en hún ekki borist, en hún mundi væntanlega koma og þá mundu tillögur frá ráðherra koma. Ég hefði gjarnan viljað vita hvaða tímasetningar væru í þessu, hvaða frestur skoðunarmönnum hefði verið gefinn, hvort þess væri ekki að vænta að þetta gæti gerst fljótlega og hvort ráðherra treysti sér ekki til að koma með einhverjar dagsetningar í því tilviki.

Ráðherra svaraði ekki fyrirspurn minni um löggjöf um peningamálastjórn og að því er greiðslukortin varðar vil ég vekja athygli á því vegna ummæla ráðherra að það eru einkum tvö atriði sem ég tel að hafi ekki komið fram í þeirri nálgun þessa vandamáls sem ráðherra lýsti að hann hefði gert ráð fyrir að tileinka sér. Það er spurningin um hvaða réttar menn njóta og hvernig með skuli fara þegar kort glatast eða komast í hendur aðila sem fara rangt með þau, eiga ekki með það að gera að vera með þau undir höndum. Hitt er það atriði, sem ég tel að eigi sérstaklega heima í þeirri löggjöf sem hér er til umræðu, og það er að með útgáfu kreditkorta er í raun verið að gefa út peninga og stunda lánastarfsemi. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir Seðlabankann og bankaeftirlitið að hafa rétt til þess að fylgjast með því hversu mikil umsvif eru í þeim efnum ef menn ætla að hafa sínar heildarstærðir í lagi varðandi peningaumsvif í þjóðfélaginu og greiðslustrauma. Það ákvæði tel ég að eigi alla vega alveg ótvírætt heima í þeirri löggjöf sem við erum að fjalla um núna.

Ráðherra svaraði kannske ekki fsp. minni um þörf fyrir sérstaka löggjöf varðandi ávöxtunarsjóði heldur vitnaði til frv. til laga um verðbréfamiðlun. Ég verð að endurtaka það, sem ég hef sagt áður, að ég tel að það frv. taki ekki nægjanlega á þeim atriðum sem hér um ræðir, að það sé ekki sniðið að þeim vandamálum og viðfangsefnum sem við þurfum að taka á í sambandi við ávöxtunarsjóði. Nú veit ég að vísu og það kom fram hjá hæstv. ráðh. að hann hafði ekki fylgst með ræðu minni áðan nema að hluta til og ég skal ekki endurtaka það sem ég sagði þá, aðeins drepa á að ég minnti á atriði eins og það hvernig með skyldi fara þegar bréf glataðist eða væri ekki innleyst, ég minntist á að sjóðirnir ættu að vera óháðir verðbréfasölum, ég minntist á skilyrði um innlausnarákvæði sem eru í þessum bréfum, ég minntist á auglýsingamálin og ég minntist á nauðsyn þess að þessum fyrirtækjum væri ekki frjálst að útreikna einhverja ávöxtun og birta hana og auglýsa út og suður án þess að nokkur innsýn væri í það og ég minntist á birtingu að öðru leyti á gögnum sjóðanna, kostnað við sjóðina og þar fram eftir götunum. Mér finnst að þau lög um verðbréfamiðlun sem ég hef lesið snerti aðeins við því að svona fyrirbæri geti verið fyrir hendi, þau innihaldi ekki ákvæði sem séu sniðin að og sem gera verði kröfu til að fyrir hendi séu þegar í rekstri eru ávöxtunarsjóðir af þessu tagi.

Ég vil sem sagt aðeins vísa til ræðu minnar í þeim efnum og vænti þess að ráðherra sjái sér fært að fá útskrift af henni og kynna sér hana eða láta starfsmenn sína líta á hana með tilliti til þessa máls þannig að unnt verði að taka á því með viðunandi hætti og menn geti náð saman um það höndum.

Mín skoðun er sú að hugsanlegt sé að hafa einungis hluta af ákvæðunum varðandi þetta tilgreinda efni í seðlabankalöggjöfinni, en að öðru leyti mætti gera ákvæði frv. til laga um verðbréfamiðlun fyllri en þau eru til að taka á þessu verkefni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna ræðu hæstv. viðskrh. varðandi greiðslukort.

Öll þessi umræða var um vandræði sem skapast þegar peningun þjóðarinnar er beint inn á nýjar brautir og er auðvitað sjálfskaparvíti vegna þess að hér er ekki um neina stjórnun að ræða. Greiðslukortafaraldurinn stofnaðist. Um hann voru ekki sett nein lög og þau hafa ekki verið sett enn. Það er stundum of seint að setja lög um orðinn hlut. Og hafi hæstv. viðskrh. einhverjar hugmyndir um að hægt sé að takmarka að einhverju leyti notkun greiðslukorta nú er ég ekki viss um að það sé rétt. Sannleikurinn er sá að stór hluti þjóðarinnar lifir nú á greiðslukortum. Og ég get ekki séð fyrir mér að nú væru þrengdar mjög reglur um notkun þeirra. Þá held ég að það kæmi tímabil í lífi hverrar fjölskyldu þar sem yrði smátt um brýnustu nauðsynjar. Sannleikurinn er sá að hlutir gerast aldrei. Þeir eru gerðir. Þegar svo var komið að ljóst var að kjör fólks færu hríðversnandi varð að finna nýja leið til að viðhalda þenslunni og bjarga kaupmönnum. Það varð að finna fólki einhverja nýja leið til að geta eytt peningum. Greiðslukortin gegna auðvitað því hlutverki nú.

Sama er að segja um verðbréfamarkaðinn. Hann er látinn vaxa úr öllu hófi án þess að stjórnvöld geri minnstu tilraun til að stýra honum. Þegar allt er í óefni komið er farið að tala um að setja löggjöf, og ætti nú hæstv. utanrrh. og þáverandi hæstv. viðskrh. að minnast orðaskipta okkar á hinu háa Alþingi varðandi þessi mál. Það þarf nefnilega stundum að sjá fyrir hvernig hlutir æxlast en ekki að fara að reyna að stjórna því sem er löngu orðin staðreynd í þjóðfélaginu. Ef hæstv. viðskrh. þarf ekki að nota greiðslukort, því að ráðherrar eru sagðir hafa slík ógnarlaun, get ég upplýst hann um að menn eiga að greiða greiðslukortaskuld sína 3. hvers mánaðar. Greiði þeir hana 4. dag mánaðarins fá þeir sömu dráttarvexti og ef þeir greiddu hana 28. eða 29. dag mánaðarins.

Þannig eru bankarnir farnir að gefa eftir. Fólk er farið að semja um að greiða með afborgunum greiðslukortaskuld sína þannig að þetta kerfi er að taka sífelldum breytingum. Ég get vel skilið fátækt fólk sem greiðir þá alveg eins skuldina sína síðasta dag mánaðarins eins og 4. dag mánaðarins úr því að dráttarvextirnir eru hvort sem er hinir sömu. En þetta bjargar auðvitað ekki vítahring fjölskyldnanna í landinu sem ráða engan veginn við að sjá sér farborða. Það er þess vegna engin goðgá að leyfa sér að halda því fram að fólk sem hefur jafnvel á milli 60 og 70 þús. kr. í mánaðarlaun, eins og hv. alþm., geri ekki meira en að hanga í því sem talið er nauðsynlegt af Hagstofu Íslands til að lifa af. Allt fólkið sem hefur minni tekjur er í þessum vítahring.

Sú var tíðin að einn barnakennari gat unnið fyrir fjölskyldu. Síðan flykktust konur í stéttina og það var auðvitað eins og við manninn mælt að launin urðu helmingi lægri. Nú nægir kennara ekki að vera giftur

einum kennara. Hann þyrfti helst að vera giftur tveimur til þess að fjölskyldan geti haft þær tekjur sem taldar eru nauðsynlegar. (**Samgrh.:** Það er eins gott að þær eru fleiri hérna.) Hæstv. viðskrh. Þetta verður að segjast vegna þess að þetta er staðreynd. Og það er auðvitað engin afkoma nokkurrar þjóðar að lifa við það vinnuálag og þá þrælkun sem viðgengst í þessu þjóðfélagi.

Ég skal ekki lengja mál mitt, herra forseti, en með nokkurri skarpskyggni hef ég komist að þeirri niðurstöðu að það er tvennt sem ríkisstjórn Íslands er að gera. Stærsti flokkur þjóðarinnar er að taka eignir af öllum þorra landsmanna sem þeir hafa unnið fyrir á undanförnum áratugum. Hinn stjórnarflokkurinn, Framsfl., vinnur að því öllu afli að leggja landbúnaðinn á Íslandi í gröfina. Ég held þess vegna, hæstv. ráðh., að stjórnarflokkarnir ættu að halda þing og vita hvort ekki hefur orðið veruleg stefnubreyting í málum þessara stjórnmálaflokka.

Þetta skulu verða mín lokaorð. En ég held að einhver verði að segja sannleikann um kjör fólksins í landinu. Hæstv. ráðh. þrengir ekkert reglur um notkun greiðslukorta héðan af. Hann er búinn að setja þjóðina — og samráðherrar hans og stuðningsflokkar – í þá aðstöðu að greiðslukortin eru núna neyðarúrræði fjölskyldnanna í landinu. Ef það neyðarúrræði kemst í algera blindgötu sannið þið til að það gerist eitthvað annað til að bjarga fólki í bili. En best væri að áður en slíkir hlutir gerast yrðu þeir séðir fyrir og um þá sett lög. Það er verkefni hins háa Alþingis.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðskiptabankar, frv. 245. mál (þskj. 474). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 474 um breytingu á lögum um viðskiptabanka. Þar sem ég flyt einnig frv. til laga um breytingu á lögum um sparisjóði, sem fram kemur á þskj. 475, sem að meginefni til er sams konar og frv. um viðskiptabanka á þskj. 474, vil ég, með leyfi forseta, til að spara tíma deildarinnar fá að mæla fyrir báðum þessum frv. nú, enda rökstuðningurinn fyrir flutningi beggja þessara frv. nánast sá hinn sami.

Sú meginbreyting sem lögð er til í báðum þessum frv., þ.e. um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, er sú að þak verði sett á lánveitingar til viðskiptavina lánastofnana, þ.e. að heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka eða sparisjóð megi aldrei nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé innlánsstofnunar. Sama gildi um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með hliðsjón af útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar þeirra gagnvart viðskiptabanka eða sparisjóði í einu lagi. Jafnframt er kveðið á um að í sérstökum tilfellum, ef fyrir liggur að því er viðskiptabankana varðar einróma samþykki bankastjórnar og samþykki meiri hluta bankaráðs og að því er sparisjóði varðar einróma samþykki sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra, megi heildarskuldbindingar viðskiptaaðila nema hæst 50% af eigin fé bankans eða sparisjóðsins.

Ég hygg, herra forseti, að rökstuðningur fyrir þessari breytingu sé nokkuð augljós og þurfi vart að fara um hann mörgum orðum. Fram hefur komið, bæði að því er varðar viðskipti Hafskips og Útvegsbanka Íslands og einnig með vísan til svars viðskrh. við fsp. minni um lánafyrirgreiðslu fimm stærstu viðskiptaaðila ríkisviðskiptabankanna, að a.m.k. ríkisviðskiptabankarnir hafa farið langt út fyrir eðlileg mörk í lánveitingum til einstakra aðila. Í því felst veruleg áhætta sem stefnt getur afkomu banka í stórfellda hættu og það svo að veruleg hætta er á að þegar bankar eiga svo mikið undir einum viðskiptaaðila komið geti það riðið bankanum að fullu. Við höfum dæmið á borðinu að því er varðar viðskipti Hafskips og Útvegsbankans þar sem mikil fyrirgreiðsla bankans til þessa fyrirtækis leiddi til taps bankans svo hundruðum milljóna skipti.

Af svörum ráðherra við áður greindri fsp. minni má ljóst vera að lánafyrirgreiðsla ríkisbankanna til einstakra viðskiptaaðila hefur verið með þeim hætti að það fjármagnshrun sem Útvegsbankinn hefur staðið frammi fyrir gæti hvenær sem er endurtekið sig. Í svari ráðherrans kom fram að lánafyrirgreiðsla til stærsta lántakanda hjá hverjum ríkisviðskiptabanka var frá tæplega 57% af eigin fé upp í 145% af eigin fé viðkomandi banka og að skuldir fimm stærstu lántakenda ríkisviðskiptabankanna námu frá tæplega tvöföldu upp í fjórfalt eigið fé ríkisviðskiptabanka. Öllum má því ljóst vera að lánveitingar ríkisviðskiptabankanna eru úr öllu hófi og geta fyrirvaralaust teflt rekstri og hag bankanna í stórfellda hættu. Ég tel því brýnt að þegar í stað verði sett ákvæði í lög um viðskiptabanka og sparisjóði sem takmarki verulega lánafyrirgreiðslu bankanna til einstakra viðskiptaaðila þannig að tryggt verði að bankarnir eigi ekki allt undir því komið að einn og sami lántakandi standi við skuldbindingar sínar.

Margar þjóðir hafa talið brýnt að binda slík ákvæði um takmörkun lánveitinga í lög. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er miðað við 10% af eigin fé bankanna, í Svíþjóð 15%, í Danmörku 35% og í Noregi og Vestur-Þýskalandi 50%. Hér á landi hafa slík ákvæði verið til staðar í löggjöf um sparisjóði, en þau voru sett árið 1941 en felld úr gildi á s.l. ári. Ég vil, með leyfi forseta, rifja upp þau rök sem að baki lágu þeirri lagasetningu á árinu 1941. Í grg. með frv. sem sett var um þetta efni segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Í frv. til l. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, er bankanefndin hefur samið, leggur hún til að ákveðið verði hámark þess sem lánastofnanir megi lána einstökum viðskiptamönnum og fleirum sem eru fjárhagslega tengdir. Í samræmi við það eru ákvæði 16. gr. frv. til l. um sparisjóði. Nefndin leggur mikla áherslu á að slík ákvæði verði lögfest hér. Er hvort tveggja að öll reynsla hér á landi mælir með að þess sé full þörf og að aðrar þjóðir hafa talið ástæðu til að ákveða svipað í sínum banka- og sparisjóðslögum. Einnig hefur nefndin orð bæði danskra og sænskra bankafræðinga fyrir því að mjög sé nauðsynlegt að fylgja því vel eftir að lánastofnanir bindi ekki fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptamönnum. Telja þeir að flest ef ekki öll bankahrun á Norðurlöndum hafi stafað af því að ekki hefur verið gætt nægilegrar varfærni í því efni.

Það er líka augljóst að ekki er heppilegt fyrir lánastofnun að binda fé sitt svo hjá einum eða fáum mönnum að hrun þeirra geti leitt af sér hrun lánastofnunar. Er mjög hætt við að þá verði freistast til að halda lánveitingum áfram lengur en nokkurt vit er í til þess að

fresta hættulegu uppgjöri og að jafnvel geti farið svo að það sé fremur lánþegi sem hafi lánastofnunina í hendi sér en hún hann.“

Þessi rök, herra forseti, eru auðvitað í fullu gildi nú ekki síður en fyrir 45 árum og árétta tvímælalaust nauðsyn þess að samstaða náist hér á Alþingi um að lögbinda slík ákvæði. Það hefur heyrst að ef sett væru slík ákvæði hér á landi, sem takmörkuðu lánveitingar til eins viðskiptaaðila, hefðu slík ákvæði þá hættu í för með sér að rekstri stærstu fyrirtækjanna væru settar svo þröngar skorður að hætta væri á að um samdrátt yrði að ræða hjá þeim, minnkandi umsvif og jafnvel atvinnuleysi. Vissulega eru þetta góð og gild rök út af fyrir sig, en þau breyta því ekki að það er með engu móti forsvaranlegt að bankarnir taki þá áhættu sem felst í því að lána einum og sama viðskiptaaðila svo hátt hlutfall af eigin fé bankans sem raun ber vitni.

Hitt er svo aftur á móti ljóst að svar viðskrh. við fsp. minni um lánveitingar til stærstu viðskiptaaðila ríkisbankanna staðfestir að endurskipuleggja þarf bankakerfið og sameina og fækka innlánsstofnunum þannig að þær myndi stærri og öflugri heildir sem hafi þá burði og bolmagn til að standa undir lánveitingum sem stærstu fyrirtækin hér á landi þurfa á að halda án þess að tefla í tvísýnu afkomu bankanna.

Ég tel, herra forseti, að með engu móti sé hægt að réttlæta svo miklar lánveitingar eins og raunin hefur orðið á þannig að bankar eigi allt undir því komið að einn og sami viðskiptaaðili standi undir sínum skuldbindingum, þegar allt eigið fé bankans og meira til hefur verið lánað til eins og sama viðskiptaaðila. Það gengur auðvitað ekki að réttlæta það með þeim rökum að stærstu fyrirtækin þurfi á svo miklu lánsfé að halda til að geta haldið rekstri sínum gangandi eða umsvif fyrirtækisins krefjist svo mikils lánsfjár. Það er of mikið í húfi fyrir bankastofnanir okkar til að slík rök séu réttlætanleg. Við eigum engu að síður að draga af þessu ákveðinn lærdóm og bregðast við með viðeigandi hætti, þ.e. að endurskipuleggja bankakerfið og sameina banka og innlánsstofnanir.

Í frv. því sem ég mæli fyrir um viðskiptabanka er líka ákvæði sem kveður á um upplýsingaskyldu ráðherra til Alþingis að því er varðar hag og rekstur ríkisviðskiptabankanna. Í 10. gr. núgildandi laga um viðskiptabanka er kveðið á um að ráðherra geti krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag banka. Sú viðbót sem ég legg til með þessu frv. að bætist við þetta ákvæði er að það verði sett skýrt ákvæði um að unnt sé að fá fram á Alþingi upplýsingar um rekstur og hag banka, t.d. með fsp. til ráðherra eða beiðni um skýrslu. Ég tel að reynslan sýni ljóslega að nauðsynlegt sé að lögfesta slíkt ákvæði því að margoft hefur framkvæmdavaldið neitað Alþingi um upplýsingar er snerta hag og rekstur banka þegar leitað hefur verið eftir þeim. Væri slík upplýsingaskylda ráðherra lögfest veitti hún Alþingi nauðsynlegt svigrúm til að halda uppi virku eftirliti og aðhaldi með starfsemi ríkisviðskiptabanka.

Herra forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Ég treysti því að hv. Alþingi og nefnd sú sem málið fær til umfjöllunar veiti þessu máli brautargengi og að samstaða náist um að lögfesta þau ákvæði sem hér er gert ráð fyrir. Það liggur fyrir og er staðfest að a.m.k. ríkisviðskiptabankarnir hafa farið langt út fyrir öll eðlileg mörk í lánafyrirgreiðslu til einstakra aðila. Þegar liggur fyrir afleiðing þess hjá einum ríkisviðskiptabanka. Það er skylda Alþingis að búa svo um í löggjöf að slíkt geti ekki endurtekið sig og að Alþingi tryggi eins og kostur er að sparifjáreigendur geti ekki orðið fyrir gífurlegu fjárhagstapi eða að skattgreiðendur eigi ekki alltaf yfir höfði sér að fá sendan reikninginn vegna óhóflegrar fyrirgreiðslu bankanna til einstakra viðskiptaaðila.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. um viðskiptabanka vísað til hv. fjh.- og viðskn. sem og því frv. sem síðar er hér á dagskrá um sparisjóði, að því verði einnig vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni hvað bankakerfið hefur liðið við að einstök fyrirtæki hafi fengið óeðlilega háa fyrirgreiðslu miðað við eiginfjárstöðu bankakerfisins. Út af fyrir sig er það alveg rétt. Hún telur að af þeim ástæðum sé rétt að endurskoða útlánastefnu bankanna og þá beindi hún í ræðu sinni athyglinni að útlánum bankanna til innlendra aðila. Það eru talin vera óhæfilega mikil útlán miðað við eiginfjárstöðu bankanna. En hver er eiginfjárstaða bankanna? Af hverju er athyglinni beint að einu fyrirtæki sem hefur fallið í þá ógæfu að þurfa að loka þó ekki skuldugra en svo að það munar kannske einum og hálfum til tveimur togurum sem nú er verið að gera upp en er þó með fimm til átta eða níu farskip í ferðum á milli landa, á þessu eylandi langt úti í Atlantshafi?

Það var nýlega frétt í sjónvarpi, ríkisfjölmiðlum, frá Landsbanka Íslands þar sem getið var um að greiðslustaða bankans væri um 500 millj. kr. í mínus. Í þeirri frétt var ekki talað um hver yfirdráttur bankans væri þá hjá Seðlabankanum. En það er annað sem kom fram, sem ég vona að hv. þm. hafi tekið eftir, að útistandandi kröfur Landsbanka Íslands voru sagðar í þessari frétt vera 29 milljarðar. Nú hefur líka komið fram að heildarnettóeign bankanna og sparisjóðanna í landinu ku vera um 3,7 milljarðar. Einhverjir aðilar sem hafa lánað Landsbanka Íslands þennan mismun hljóta þá að vera í hættu sem er þó minni en upphæðirnar gefa tilefni til að óttast vegna þess að það er ríkisábyrgð á bak við þessar peningastofnanir.

Ég legg því til að þær hv. nefndir sem fá þessi mál til athugunar skoði meira en bara útlánastefnu bankanna, líka lánastefnu bankanna almennt, bæði lán sem þeir taka í eigin nafni og í nafni annarra, og á ég þá við ábyrgðir sem þeir veita sínum viðskiptavinum. Þetta er stóra hættan í málinu, ekki þó eitt og eitt fyrirtæki fari yfir um af eðlilegum ástæðum.

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. 225. mál (þskj. 453). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 453 flyt ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Steingrími J. Sigfússyni frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar sem gerir ráð fyrir því að við úrskurð um örorku verði kostur á því fyrir öryrkja að skjóta máli sínu til örorkumatsnefndar sem verði skipuð

fulltrúum Öryrkjabandalags Íslands, Hæstaréttar og heilbr.- og trmrn.

Þetta frv. hefur áður verið flutt á Alþingi og hefur ekki hlotið afgreiðslu. Þó liggja fyrir frá fyrri þingum mjög ítarlegar umsagnir um þetta mál. Það er eðlilegt að gera þá kröfu til hv. Alþingis að frv. verði afgreitt á þessu þingi. Þetta er í fjórða sinn sem ég flyt frv. og af einhverjum undarlegum ástæðum hafa menn ekki einu sinni skilað nál. um það hvað þá heldur meir þó að hér sé um að ræða mál sem snertir verulegan fjölda fólks og hefur hlotið meðmæli Öryrkjabandalagsins.

Ég hef séð umsagnir um þetta mál frá síðasta þingi frá fleiri aðilum en Öryrkjabandalaginu og þá sérstaklega frá tryggingayfirlækni, Birni Önundarsyni, sem að sjálfsögðu leggst gegn frv. Það er eðlilegt miðað við það sem áður hefur frá honum komið um þessi efni. Það er eðlilegt vegna þess að hann fer með það vald sem þarna er verið að taka á að skert yrði skv. frv. sem hér er á ferðinni.

Ég tel að hér sé um að ræða gífurlega stórt réttindamál fyrir öryrkja í landinu og þá sem þurfa að skipta við Tryggingastofnun ríkisins. Ég tel að það sé í raun og veru alveg kostulegt að hv. Alþingi skuli láta það líðast þing eftir þing og ár eftir ár að snerta ekki á þessu máli. Hér er um að ræða það óvenjulega ástand að öryrkjar á Íslandi, sem þurfa að sækja um mat á sinni örorku, verða að búa við einveldi eins manns. Þetta er auðvitað alveg óþolandi fyrirkomulag. Ég tel að það sé raunar algert lágmark að heilbr.- og trn. hv. Nd. myndi sér skoðun á þessu máli og taki á því. Ég skora á hv. heilbr.- og trn., sem fær málið væntanlega til meðferðar, að taka á þessu máli og afgreiða það með einhverjum hætti. Auðvitað vildi ég helst að það yrði afgreitt jákvætt, en mér leiðist að nefndin sé að væflast með mál af þessu tagi ár eftir ár án þess að þora að taka afstöðu til þess bara vegna þess að umræddur embættismaður reynir að beita þm. þrýstingi í þessu máli.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjálfstætt bankaeftirlit, frv. 176. mál (þskj. 199). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um sjálfstætt bankaeftirlit sem fyrir liggur á þskj. 199 og er 176. mál þingsins. Frv. flytja með mér hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, Geir Gunnarsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Það má kannske segja, herra forseti, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að hefja hér langa ræðu um sjálfstætt bankaeftirlit vegna þeirra umræðna sem nú hafa átt sér stað dögum saman um frv. það sem fyrir liggur til laga um Seðlabanka Íslands, en ég held að ekki verði hjá því komist að gera nokkra grein fyrir þessu frv.

Það gerir ráð fyrir að bankaeftirlitið verði sjálfstæð stofnun sem hafi með höndum eftirlit með starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar sem tekur við innstæðum frá almenningi og stofnunum eða rekur sambærilega starfsemi að mati þess.

Eins og lög eru nú er bankaeftirlitið deild í Seðlabanka Íslands, eins og kunnugt er, og lýtur stjórn hans. Að öðru leyti sinnir það þeim verkefnum sem hér hafa verið talin. En þeim til viðbótar gerir frv. þetta ráð fyrir að bankaeftirlitinu sé einnig skylt að fylgjast með starfsemi þeirra aðila sem annast kaup og sölu verðbréfa hvers konar, en til þessa hefur sú starfsemi verið utan verksviðs þess. Ég mun ekki fara nánar út í það vegna þeirra umræðna sem farið hafa fram og þá ekki síst vegna þess sem fram hefur komið í máli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og tel ástæðulaust að endurtaka það.

En meginefni þessa frv. er að það gerir ráð fyrir að bankaeftirlitið verði sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn forsrn. og þar með ríkisstj. allrar, enda varða bankamál sannarlega fleiri ráðuneyti en viðskrn.

Það hefur verið rætt um það um langt skeið að bankaeftirlitið ætti að vera sjálfstæð stofnun sem væri óháð bankakerfinu og engum hefur verið það ljósara en starfsmönnum þess sjálfs. Bankaeftirlitið á að fylgjast með að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum sem þeim hafa verið settar og sjá til þess að rekstur þeirra sé með eðlilegum hætti svo að hagur hins almenna innstæðueiganda sé jafnan tryggður og ávöxtun fjármuna hans örugg. Þetta er raunar atriði sem ber að leggja sérstaka áherslu á, að bankaeftirlitið á að tryggja hag hins almenna innstæðueiganda, en hagur hans hefur gjarnan gleymst í allri meðferð peningamála.

Í *íslenskum lögum eru engin ákvæði um hámark* útlána í hlutfalli við eigið fé innlánsstofnana, en eðli málsins samkvæmt hlýtur það að vera skylda bankaeftirlitsins að fylgjast með því að innlánsstofnanir stofni ekki eigin fé sínu í hættu, þ.e. fjármunum almennings, með óhóflegum lánum til áhættusamra fyrirtækja. Til þess þarfnast bankaeftirlitið meira sjálfstæðis en það nýtur nú sem deild í Seðlabankanum.

Í 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir í 5. lið, en greinin fjallar um hlutverk hans, með leyfi forseta:

„Að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum".

En jafnframt segir í 4. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna sem ríkisstj. markar að lokum nái tilgangi sínum." — Ég vil leyfa mér að skjóta inn að ég kann heldur illa við að Seðlabankinn hafi skoðanir á einhverju, en það er önnur saga.

Þar með er augljóst að seðlabankastjórn, sem hinir þrír bankastjórar bankans skipa, er skv. lögum bundin stjórnmálastefnu hverrar ríkisstjórnar og því pólitísk í eðli sínu. Bankaeftirlitið ætti aldrei að vera háð stjórnmálastefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er hverju sinni og því brýnt að skilja milli starfsemi þess og Seðlabankans. Aðeins með því getur bankaeftirlitið sinnt starfi sínu án íhlutunar stjórnar hans.

Við þekkjum nýlega atburði í viðskiptalífinu sem nú ógna tilveru eins ríkisbankanna. Slíkir atburðir knýja á

um að starfsemi bankaeftirlitsins verði efld, en við það starfa nú einungis sjö manns. Þá er ekki síður nauðsyn á að rekstri þess verði tryggt fé til þess að það geti hagað störfum sínum eftir því sem talið er nauðsynlegt og því tryggður nægilegur starfskraftur. Með frv. þessu er gerð tillaga um fjármögnun starfseminnar.

Frv. gerir enn fremur ráð fyrir að innlánsstofnanir sem óska eftir að opna ný útibú eða innlánsskrifstofur leiti leyfis bankaeftirlitsins en geri síðan viðskrh. grein fyrir stöðu stofnunarinnar. Nú er sótt um slík leyfi til Seðlabankans.

Þá er lagt til að forsrh. skipi forstöðumann bankaeftirlitsins, en nú skipa hann bankastjórar Seðlabankans.

Ég mun ekki endurtaka, herra forseti, eins og ég hafði gert ráð fyrir, sögu frv. þess til laga um Seðlabanka Íslands sem hér hefur verið rætt um í marga daga því að sú saga er eins og kunnugt er orðin alllöng og hæstv. viðskrh. hefur þegar gert grein fyrir störfum þeirrar nefndar sem skipuð var í júlímánuði 1981 og þeim sérálitum sem sú nefnd skilaði og fylgja með frv. um Seðlabanka Íslands þó að það sé alls ekki það frv. sem sérálitin áttu við. Ég vil einungis ítreka að Lúðvík Jósepsson skilaði séráliti í nefndinni þar sem hann lagði áherslu á að bankaeftirlitið yrði algerlega aðskilið frá Seðlabanka Íslands, enda hafa þm. Alþb. oftsinnis lagt það til. Því er stjórn Seðlabankans auðvitað mótfallin, enda dróst að leggja frv. fram þar til nýlega eða nær hálfu öðru ári eftir að það var samið og seðlabankamenn hafa að sjálfsögu haft sitt fram að venju.

En ég held, herra forseti, að til þess að gera grein fyrir nauðsyn sjálfstæðs bankaeftirlits sé óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um eðli þess, markmið og tilgang. Bankaeftirlit eru stofnanir sem þekkjast í öllum vestrænum iðnríkjum í dag. Verkefni þessara stofnana eru um margt mismunandi og þar með um leið umfang starfseminnar. Orsakir þess má bæði rekja til mismunandi sögulegra forsendna, stöðugleika í hagþróun og þróun á peningamörkuðum og svo mismunandi verkaskiptingar milli bankaeftirlits og annarra stofnana viðkomandi ríkja. Helstu iðnríki Vestur-Evrópu hafa þróast í nánu peningalegu samstarfi og samhengi, einkum Efnahagsbandalagsríkin. Í þessum ríkjum eru ákvæði laga um bankaeftirlit mjög sambærileg. E.t.v. má almennt fullyrða að Frakkland og Ítalía styðjist við meiri miðstýringu um stjórn þessara mála en t.d. Þýskaland og Holland, en Bretland, sem setti árið 1979 lagaákvæði um bankaeftirlit eftir þrýsting frá öðrum Efnahagsbandalagsþjóðum, hefur í dag lagaákvæði sem ganga mjög langt hvað varðar eðli og umfang þessarar starfsemi.

Tilgangurinn að baki stofnunar bankaeftirlita er sá að styrkja stjórn peningamála, sem yfirleitt er í aðalatriðum á hendi seðlabanka viðkomandi ríkja, með því að setja sífellt flóknari peningaviðskiptum eðlilegar viðskiptareglur hvað varðar ábyrgð, hagkvæmni og samkeppnisverðlagningu. Sums staðar hafa lögin aðeins tekið til innlánsstofnana í því skyni að tryggja hag sparifjáreigenda í bönkum og sparisjóðum. Annars staðar, þar sem fleiri sparnaðarform hafa vaxið fram og verið boðin á almennum markaði, hafa bankaeftirlit fengið mun víðtækari verkefni hvað varðar almennt eftirlit fyrir hönd þriðja aðila, sparifjáreigenda.

Vandi þróaðra hagkerfa hefur oft reynst sá að stórfyrirtæki stækka og aðstæður til samkeppni minnka, ekki síst í peningaviðskiptum. Þetta hefur knúið á um eftirlit með viðskiptaháttum, gjaldskrám og verðskrám banka, sem og annarra aðila peningamarkaðarins. Hagkerfi í iðnríkjunum búa oft við sérstök vandamál, einkum jaðarríkjanna, sem einkennast af því að þessi hagkerfi sporðrenna sérhverri sveiflu á erlendum peningamörkuðum, en eiga einnig sjálf við að glíma þráláta innri kreppu sem stöðugt skapar nýtt misgengi við svonefndan heimsmarkað. Bankaeftirlit í þessum löndum fá sérstök verkefni að fylgjast með innlendri öflun erlends lánsfjár og meðferð þess, svo og með starfsemi erlendra fjármálastofnana á innlendum vettvangi.

Ég hafði lofað forseta að stytta mál mitt sem ég gæti, en ég hlýt þó að fara örstuttum orðum um hvernig verkefni bankaeftirlits er í þeim löndum sem næst okkur standa.

Í Danmörku er verkefni bankaeftirlits að fylgjast reglulega með málum banka og sparisjóða og ber þeim að leggja bankaeftirlitinu til öll nauðsynleg gögn. En bankaeftirlitið hefur einnig með höndum að fylgja eftir lögum um hringamyndanir og að fylgjast með gjaldskrám og vaxtaákvörðunum banka og sparisjóða.

Í Finnlandi er verkefni bankaeftirlitsins að hafa eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða og annarra lánastofnana og endurtryggingarkerfi bankanna.

Bankaeftirlitið í Noregi hefur með höndum eftirlit með bönkum, sparisjóðum, öðrum innlánastofnunum og fjármögnunarfyrirtækjum og skulu athuganir bankaeftirlitsins beinast að því að ganga úr skugga um að þessar stofnanir séu reknar á hagkvæman og öruggan hátt og í samræmi við yfirlýstan tilgang.

Bankaeftirlitið í Svíþjóð hefur það hlutverk með höndum að hafa eftirlit með bönkum, sparisjóðum og öðrum innlánastofnunum, lánastofnunum atvinnuvega, húsnæðislánakerfi og verðbréfasölum. Bankaeftirlitinu ber að fylgjast með rekstri stofnana þessara bæði varðandi hagkvæmni og að þær starfi í samræmi við lög og reglur. Bankaeftirlitinu ber einnig að vera á verði gagnvart hringamyndunum og fylgjast með samkeppnisaðstæðum og hafa náið eftirlit með gjaldskrám og vaxtakjörum þessara aðila.

Í Bretlandi er verkefni eftirlitsins að fylgjast náið með starfsemi banka og sparisjóða varðandi tryggingar á innstæðum, auk almenns eftirlits. Bankaeftirlitið hefur með höndum skráningu á innlánsstofnunum og sérstakt eftirlit með starfsemi erlendra banka.

Og loks um Frakkland. Þar eru lög um banka mun skýrari og víðtækari um form rekstrar og skilyrði fyrir rekstrarleyfum en víðast annars staðar. Bankaeftirlitið hefur þess vegna umfangsmeiri verkefni að skrá þessar stofnanir og fylgjast með að skilyrðum laga sé fylgt um rekstrarform, t.d. lágmarksupphæð eigin fjár o.fl., auk almenns eftirlits.

Í frv. því sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið heyri beint undir forsrn. og þar með ríkisstj. alla. Lagt er til að kostnaður greiðist af þeim stofnunum sem eftirlit er haft með í hlutfalli við heildarinnstæður í hverri innlánsstofnun í upphafi hvers reikningsárs. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn bankaeftirlitsins í þessu frv., en vel má vera að menn telji hana nauðsynlega. Á því máli yrði væntanlega tekið í þeirri hv. nefnd sem frv. fær til umfjöllunar.

Einnig hér er fróðlegt að líta til nágrannalanda um

hvernig háttað er um stjórn bankaeftirlits í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Í Danmörku er bankaeftirlitið starfrækt á ábyrgð iðnrh. skv. lögum um banka og sparisjóði frá 1974. Yfirmenn eru skipaðir af drottningu, en stofnunin heyrir að öðru leyti undir yfirstjórn ráðuneytisins. Yfirmaður má ekki taka lán í þeim stofnunum sem heyra undir bankaeftirlit nema með sérstöku leyfi ráðherra. Starfsmenn mega hvorki reka sjálfstæðan atvinnurekstur né vera í fyrirsvari fyrir slíkum rekstri eða þeim stofnunum sem heyra undir eftirlit bankaeftirlitsins nema með sérstöku leyfi ráðherra. Kostnaður við rekstur bankaeftirlitsins í Danmörku er greiddur af þeim stofnunum sem heyra undir eftirlitið.

Í Finnlandi er bankaeftirlitið starfrækt skv. sérstökum lögum um bankaeftirlit undir stjórn fjmrn. Yfirmaður er skipaður af forseta, bankaeftirlitsmaður af ríkisráði, en aðrir starfsmenn af ráðuneytinu. Skýr lagaákvæði eru um mennntun bankaeftirlitsmanna. Starfsmenn þess mega ekki starfa við stofnanir sem heyra undir eftirlit bankaeftirlitsins og þeir þurfa sérstök ráðherraleyfi ef þeir ætla að taka lán í stofnun sem heyrir undir það. Kostnaður vegna þess er greiddur af þeim stofnunum sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með lögum samkvæmt.

Í Noregi er bankaeftirlitið starfrækt skv. sérstökum lögum um bankaeftirlit sem sjálfstæð stofnun. Forstöðumaður og staðgengill hans eru konungskipaðir, en aðrir starfsmenn eru ráðnir af fjmrn. Starfsmenn mega hvorki eiga né reka fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með. Starfsmenn bankaeftirlitsins mega ekki taka lán í fyrirtækjum sem heyra undir eftirlit bankaeftirlitsins nema með leyfi þess, en yfirmenn skulu háðir leyfi ráðherra. Kostnaður af bankaeftirlitinu skal greiddur af þeim aðilum sem háðir eru eftirliti bankaeftirlits.

Og í Svíþjóð er bankaeftirlit starfrækt á grundvelli konungstilskipunar með stoð í lögum um bankastarfsemi o.fl. sem sjálfstæð stofnun. Yfirmenn eru konungskipaðir og sitja fjórir æðstu yfirmenn jafnframt í stjórn bankaeftirlitsins ásamt þremur þingkjörnum fulltrúum, en yfirmaður eftirlitsins er jafnframt formaður stjórnar þess. Starfsmenn mega hvorki eiga né reka fyrirtæki sem háð eru ákvæðum um eftirlitsstarfsemi bankaeftirlits. Starfsmenn mega ekki taka lán í þeim fyrirtækjum sem háð eru eftirliti bankaeftirlits nema með leyfi yfirmanna þess, en yfirmenn þess þurfa konungsleyfi til hins sama. Bankaeftirlitið starfar í þremur deildum. Það eru lögfræðideild, almenn eftirlitsdeild með innlánsstofnunum og endurskoðunardeild. Kostnaður vegna reksturs þess er skipt á þá aðila sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með lögum samkvæmt, en það er einmitt eins og gert er ráð fyrir í frv. því sem hér liggur fyrir og það er svo á öllum hinum Norðurlöndunum.

Flm. er ljóst að vel má vera að nauðsynlegt sé að tryggja starfsemi bankaeftirlitsins með ítarlegri löggjöf og reglugerð nægi þar ekki til eins og frv. okkar gerir ráð fyrir. En til þess þyrfti að skipa nefnd færustu manna á sviði fjármála sem semdi frv. til þeirra laga og tæki það óhjákvæmilega langan tíma. Brýna nauðsyn ber hins vegar til að losa bankaeftirlitið úr viðjum ofurvalds Seðlabankans og til þess er þetta frv. flutt. Brtt. okkar Alþýðubandalagsmanna við frv. til laga um Seðlabanka Íslands verða einnig í samræmi við það.

Herra forseti. Um starfsemi innlánsstofnana og þjónustu þeirra við almenning mætti hefja langt mál. Það skal ekki gert hér nú. Það verður hins vegar ljóst að vera að meginverkefni og skylda sjálfstæðs bankaeftirlits er auðvitað að tryggja hag stærsta viðskiptavinar innlánsstofnana, almennings í landinu, sem nú hefur glatað allri tiltrú til bankakerfisins. Fjármálaheyksli þessa vetrar hafa átt sinn þátt í því. Þessa tiltrú verður að endurvekja. Sjálfstætt bankaeftirlit gæti gegnt þar miklu hlutverki en gegnir því varla meðan það er háð stjórn Seðlabanka Íslands.

Herra forseti. Hér hafa farið fram umræður í marga daga um peningamál í landinu og mátti ekki seinna vera. Hér viðgengst nú skipulögð eignaupptaka og sú kynslóð sem harðast lagði að sér við að eignast þak yfir höfuðið missir það nú óðum vegna fáránlegs ástands peningamála. Sem dæmi um hvernig komið er fyrir fólki skal aðeins eitt slíkt rakið hér.

Maður sem fékk 100 þús. kr. lán í ágúst 1983 í banka hér í bæ er búinn að greiða af þessu 100 þús. kr. láni rúmar 77 þús. kr. og nú er komið að gjalddaga í sjötta sinn. Eftirstöðvar lánsins eru 96 þús. Frádráttarkennsla fer að verða ærið skondin ef almenningur í landinu ætti að fara að útreikningi bankakerfisins.

Til viðbótar því sem gera þarf í vaxtamálum þjóðarinnar vil ég aðeins minna á og ítreka til viðbótar því sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur gert grein fyrir að mikla nauðsyn ber einnig til að láta nú loks úr því verða að setja löggjöf um notkun greiðslukorta. Ég hef raunar lesið í dagblöðum að hæstv. viðskrh. hafi einhverja reglugerð á prjónunum, en þar held ég að þyrfti að koma ítarleg löggjöf. Eins og ég benti á þegar þessi þjónusta fór að ryðja sér til rúms er þar komin enn ný lánastarfsemi og um hana þyrfti svo sannarlega að setja lög eins og aðra slíka. Næstum á hverju ári hefur hæstv. viðskrh. sagt mér að það frv. sé rétt ókomið, en það hefur ekki séð dagsins ljós enn.

Herra forseti. Ég legg til að umræðu lokinni að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og treysti því að um það verði fjallað bæði eitt sér og í sambandi við umfjöllun um frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem ríkisstjórnin hefur lagt fram.

Ég held að ef Alþingi Íslendinga á að eiga einhverja tiltrú almennings í landinu varðandi lífskjör fólks og launakjör hljóti á þessum vetri að verða unnið að því að lagfæra þá óráðsíu sem nú viðgengst í peningakerfinu öllu. Ekki veit ég hvernig þeim gengur að semja nú á skrifstofum Vinnuveitendasambandsins, þeim fóstbræðrum Vinnuveitendasambandi Íslands og verkalýðshreyfingunni, en eitt vil ég segja að Alþýðubandalagsmenn munu ekki taka minnsta mark á rauðum strikum og óljósum loforðum um breytingar á húsnæðislánum sem enginn launamaður mun nokkru sinni geta greitt. Við verðum hins vegar að láta þá um það, forustumenn verkalýðshreyfingarinnar og Vinnuveitendasambands Íslands, hvort þeir ætla að hafa það svo í framtíðinni að þeir geri engar kröfur aðrar en að ríkisstj. sjái um að greiða laun fyrir atvinnurekendur. Það verður að vera þeirra mál og þeir munu standa ábyrgir fyrir því. En Alþingi Íslendinga getur gert ýmislegt til að bæta kjör almennings í landinu. Það getur t.d. stöðvað þá eignaupptöku sem nú á sér stað. Og ég treysti því að stærsti stjórnmálaflokkur landsins, sem alla mína ævi hefur hamrað það inn í alþýðu manna að hún eigi að eiga húsnæði, hún eigi að eiga sig sjálf, vera eigin

húsbóndi — ég ætla að vona að hann stöðvi þá þróun, sem nú er að gerast hér í þjóðfélaginu, að allt þetta fólk sé að verða að þrælum.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 46. fundur.

Fimmtudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Laun, samnings- og verkfallsréttur og lögverndun á starfsheiti kennara, fsp. 213. mál (þskj. 441). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mörg hildi hefur verið háð á vinnumarkaði undanfarin misseri. Enginn hópur launamanna hefur þó staðið í öðru eins stappi við ríkisstj. og kennarar. Engin starfsstétt hefur fengið jafnmörg loforð frá ríkisstj. sem hafa verið svikin jafnharðan. Það hefur kostað kennara harða baráttu og verkföll að reyna að halda sínum hlut og fá viðurkenningu ríkisvaldsins á kennarastarfinu og um leið á gildi skólastarfs í landinu.

Í fyrravetur voru kennarar í Kennarasambandi Íslands þátttakendur í margra vikna verkfalli opinberra starfsmanna og skólastarf í grunnskólum lá niðri á meðan. Í marsmánuði í fyrra gengu á fimmta hundrað félagar í Hinu íslenska kennarafélagi út úr skólunum og framhaldsskólar í landinu voru að drjúgum hluta lamaðir á meðan á því stóð.

Enn á þessu skólaári hafa kennarar orðið að fylkja liði til að minna ríkisvaldið á marggefin loforð og krefjast leiðréttinga á sjálfsögðum atriðum eins og því að kennarar með sömu menntun búi við sömu kjör fyrir hliðstæð störf innan skólanna.

Fundur um 700 kennara á Reykjavíkursvæðinu, sem haldinn var á Hótel Sögu 29. janúar s.l., minnti hæstv. menntmrh. og staðgengil fjmrh. á loforð ríkisvaldsins undanfarin misseri og þar voru boðaðar aðgerðir ef ekki yrði orðið við kröfum um lágmarksleiðréttingu. En sú mikla samstaða, sem þar kom fram, dugði ekki til að ráðherrarnir áttuðu sig. Það er fyrst með fjöldaaðgerðum Kennarasambands Íslands um land allt í þessari viku sem hæstv. fjmrh. virðist hafa rumskað.

Á fyrsta starfsdegi Alþingis eftir jólahlé, þann 27. janúar, lagði ég fram svofellda fsp. til hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh.:

„Hvernig ætla stjórnvöld að koma til móts við kröfur Kennarasambands Íslands

a. um jöfnun launa kennara án tillits til þess í hvaða stéttarfélagi þeir eru,

b. um fullan samnings- og verkfallsrétt til handa Kennarasambandi Íslands,

c. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara?“

Ég vænti þess, herra forseti, um leið og ég þakka fyrir að sérstakur fundur skuli vera haldinn hér í Sþ. til að ræða þessa fsp. að á þessum fundi fáist loks skýr svör frá hæstv. ráðh. varðandi þessi hagsmunamál kennara sem varða ekki síður nemendur í skólum landsins, foreldra þeirra og raunar þjóðina í heild.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Til mín er beint tveimur fsp., í fyrsta lagi um það hvernig stjórnvöld ætli að jafna laun kennara án tillits til þess í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Það er rétt að það komi fram sem svar við þessari fsp. að ákvarðanir hafa verið teknar sem tryggja að kennarar innan Kennarasambands Íslands fái sömu laun og aðrir kennarar innan Bandalags kennarafélaga.

Varðandi 2. tölul. spurningarinnar, um fullan samnings- og verkfallsrétt til handa Kennarasambandi Íslands, er rétt að taka það fram að ákvarðanir hafa verið teknar sem veita Bandalagi kennarafélaga, sem Kennarasamband Íslands á aðild að, samningsrétt.

Það er rétt að taka fram að með bréfi, sem skrifað var 29. janúar s.l., var Bandalagi kennarafélaga boðinn samningsréttur. Það hefur verið afstaða fjmrn. að ekki væri unnt að tryggja varanlega sömu laun fyrir sömu vinnu nema kennarar semdu á einum vettvangi, í einum kjarasamningi. Því var ákveðið að nota heimildir í lögum til þess að viðurkenna Bandalag kennarafélaga sem samningsaðila og á þann eina veg, sem fyrir hendi var, að tryggja sömu laun fyrir sömu vinnu. En rétt er að minna á að kennarar innan Kennarasambands Íslands höfðu á fyrri hluta síðasta árs hærri laun en kennarar innan Hins íslenska kennarafélags en síðan snerist þetta hlutfall við.

Þetta tilboð var gert 29. jan. Hinn 11. febr. skrifar svo Hið íslenska kennarafélag og lýsir sig þar reiðubúið til þess að standa að kjarasamningum með Kennarasambandi Íslands. Í framhaldi af því barst svo bréf frá Bandalagi kennarafélaga í gær, 12. febr., þar sem bandalagið segir:

„Í ljósi viðræðna síðustu daga lýsum við því yfir fyrir hönd stjórnar Bandalags kennarafélaga að við föllumst á þá lausn á samningsréttarmálum kennara að fjmrh. viðurkenni Bandalag kennarafélaga sem heildarsamtök sem fari með fyrirsvar ríkisstarfsmanna innan vébanda Bandalags kennarafélaga á grundvelli laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þó með þeirri undantekningu að Hið íslenska kennarafélag getur ekki komið undir þann samningsrétt fyrr en það er laust undan skuldbindingum sínum við BHMR.“

Í framhaldi af þessu var skrifað bréf í gær til Bandalags kennarafélaga þar sem segir:

„Með vísun til bréfs Bandalags kennarafélaga, dags. 12. febr. 1986, hefur fjmrh. ákveðið að viðurkenna Bandalag kennarafélaga sem heildarsamtök til að fara með fyrirsvar ríkisstarfsmanna innan sinna vébanda um gerð aðalkjarasamnings á grundvelli 3. gr. laga nr. 62 1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.“

Nú fyrir skammri stundu afhenti ég Kennarasambandi Íslands bréf þar sem segir m.a.:

„Með hliðsjón af framangreindu og í ljósi þess að í framtíðinni verður samið um kjör allra kennara á einum vettvangi hefur fjmrh. ákveðið að frá og með 1. febr. 1986 taki meðlimir Kennarasambands Íslands sömu laun og greidd eru öðrum félögum í Bandalagi kennarafélaga sem starfa við grunnskóla og framhaldsskóla skv. þeim samningum sem um þá gilda. Ákvörðun þessi tekur til launastiga, röðunar í launaflokka og annarra ákvæða um greiðslur eða önnur kjaraatriði í samningum þessum.“

Það er rétt að taka fram í þessu sambandi vegna fullyrðinga, sem fram komu af hálfu hv. 5. þm. Austurl., að tilboð ríkisstj. um samningsrétt til Bandalags kennarafélaga var sett fram 29. jan. s.l. Ef við hefðum þann dag eða daginn eftir fengið samsvarandi bréf frá Bandalagi kennarafélaga og við fengum í gær hefði verið unnt að leysa málið samstundis. En það bréf barst ekki fyrr en í gær og þess vegna er óhætt að fullyrða að komist hefur verið að þessari niðurstöðu, sem fengin er, þrátt fyrir þær aðgerðir sem hafðar hafa verið í frammi af hálfu kennara síðustu daga.

Vegna þeirra umræðna, sem hér urðu s.l. þriðjudag vegna fjarvista minna á Alþingi þann dag og gagnrýni sem fram kom þá af hálfu hv. 5. þm. Austurl. og einstakra forustumanna í fjölmiðlum, vil ég segja þetta: Á þeirri stundu, sem sú umræða fór fram, átti ég fund með formanni Hins íslenska kennarafélags og það var einmitt niðurstaða þess fundar sem þá var haldinn sem leiddi til þeirrar lausnar, sem nú er fengin, að Hið íslenska kennarafélag og Bandalag kennarafélaga í framhaldi af því féllust á að taka við samningsrétti á grundvelli þess bréfs sem skrifað var 29. janúar. Fjarvera mín stafaði af því að á því augnabliki var ég á fundi sem leiddi til lausnar á þessari deilu og ég taldi það vera starfsskyldu mína að sinna því verki. Ég lít hins vegar svo á að með því að hv. þm. og þeir forustumenn kennara, sem þetta hafa gagnrýnt, máttu vita hvað var á döfinni beri gagnrýni þeirra kannske nokkurn vott um það að þeir hafi haft meiri áhuga á að viðhalda óróleika um þessi efni en finna lausn á málinu.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á s.l. ári var skipuð nefnd til að vinna að gerð lagafrumvarps um lögverndun starfsheitis kennara. Sú nefnd hefur lokið störfum og eru tillögur nefndarinnar í formi frumvarpsdraga sem mér voru afhent í morgun. Þau munu nú svo fljótt sem kostur er ganga fyrir hæstv. ríkisstj. og að því búnu mun því verða hraðað að frumvarpið verði lagt fyrir hið háa Alþingi.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir lögverndun starfsheitanna grunnskólakennari og framhaldsskólakennari. Frumvarpsdrögin fela enn fremur í sér endurskoðun á lögum nr. 5l/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil bara nota tækifærið til þess að gera hér örstutta athugasemd vegna umræðna sem urðu á síðasta fundi hv. Sþ. í fyrradag, eða á þriðjudaginn. Þá kom hér fjölmenni á þingpalla vegna fréttar í Ríkisútvarpinu þar sem sagt var, sem er mjög óvenjulegt, að þetta mál sem nú er á dagskrá yrði tekið fyrir.

Í fréttinni í Ríkisútvarpinu var þess getið að þrjár fsp. frá hv. 5. þm. Austurl. yrðu teknar fyrir á þeim fundi. Eins og allir vita gat hæstv. fjmrh. ekki komið til þessa fundar og hann hefur þegar skýrt hvers vegna, enda hafði hann fjarvistarleyfi, en afleiðingin af þessu kom m.a. fram í viðtali í Þjóðviljanum undir fyrirsögninni „Þorsteinn lét ekki sjá sig" þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„„Það voru okkur geysileg vonbrigði að fjmrh. skuli ekki hafa mætt í þingið þegar fjalla átti um launakjör kennara. Það er með endemum að ráðamenn þjóðarinnar skuli ekki hafa áhyggjur af því að skólahald er í upplausn," sagði Sigrún Ágústsdóttir, formaður Kennarafélags Reykjavíkur, í samtali við Þjóðviljann í gær þegar ljóst var að Þorsteinn Pálsson mundi ekki mæta til að svara fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um málefni kennara."

Af þessu tilefni, herra forseti, hringdi ég í Ríkisútvarpið og spurði hver væri heimildarmaður fréttarinnar og fékk þær upplýsingar að það væri ekki þingfréttaritari sem eðlilegt er því að hann þekkir starfsemi Alþingis. Hins vegar væru heimildarmenn Margrét Helgadóttir og Sigrún Ágústsdóttir, formaður Kennarafélags Reykjavíkur, sem áðan var vitnað til viðtals við í Þjóðviljanum. Sjálfsagt er þetta gert í góðri trú. Allir vita, sem þekkja störf Alþingis, að fyrirspurnir eru mislengi á dagskrá og stundum er erfitt að svara þeim þegar spurningar eru til tveggja hæstv. ráðherra. Ég tel að Ríkisútvarpið hefði átt að leita til réttra aðila til að fá upplýsingar um hvaða mál átti að taka fyrir á viðkomandi þingfundi til að koma í veg fyrir þau leiðindi að hingað á þingpalla sé stefnt fjölda fólks sem síðan fer bónleitt til búðar.

Ég vil að lokum, herra forseti, vænta þess að slíkt þurfi ekki að koma fyrir aftur en lýsi því yfir að ég fagna því að fengist hefur botn í þetta mál og vonast til þess að kennarar séu sáttir við niðurstöðuna.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir svör þeirra. Þó að mikið skorti á að í þeim komi fram þau viðbrögð, sem ég hefði talið eðlileg og æskileg við kröfum kennara, hafa ekki oft síðustu misseri komið fram hér á Alþingi upplýsingar um ákvarðanir af hálfu ríkisvaldsins sem geta talist skref í rétta átt, eins og það sem kom hér fram hjá báðum hæstv. ráðherrum.

Ég vek athygli á því, sem kom fram í máli mínu áðan, að þessi viðbrögð ríkisvaldsins eru fyrst fengin eftir órofa samheldni þessa launamannahóps, kennaranna, gegn ríkisvaldinu sem hefur sýnt mikla óbilgirni gagnvart sjálfsögðum sanngirniskröfum þeirra. Þegar ég tala um að þetta séu aðeins skref er það ljóst að varðandi samningsréttinn er ekki verið að veita kennurum fullan og óskoraðan samningsrétt með verkfallsrétti, heldur einungis þann rétt sem Bandalag háskólamanna hefur og þar á meðal að sætta sig við gerðardóm ef ekki næst samningar.

Ég vek einnig athygli á því í sambandi við leiðréttingu á launamun að það er fyrst frá 1. febr. s.l. sem á að leiðrétta það misrétti sem kennarar hafa búið við hálft síðasta ár a.m.k. frá því að launamunur jókst stig af stigi milli kennara innan Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands. Þetta eru auðvitað allsendis ófullnægjandi viðbrögð af hálfu ríkisvaldsins sem hefði átt að sjá sóma sinn í að láta þessa ákvörðun gilda a.m.k. frá 1. nóv. s.l.

Þá vil ég segja það vegna ummæla hæstv. fjmrh. — hann fann að því að ekki hefðu komið viðbrögð frá Bandalagi kennarafélaga við erindi hans frá 29. jan. s.l. fyrr en þann 11. febr. — að mér finnst þetta vera einkennilegar aðdróttanir að félagi sem sameinar innan sinna vébanda tvenn samtök kennara, sem búa við ólíkar aðstæður og ólíka samninga við ríkisvaldið, þar sem með erindi hæstv. fjmrh. var verið að hlutast til um þeirra málefni á þann hátt að að sjálfsögðu urðu þessi samtök að athuga sinn gang nákvæmlega, inn í hvað þau

væru að ganga. Nú hafa þau tekið sínar ákvarðanir þar að lútandi og ég vona að það skref verði kennarasamtökunum í heild til heilla.

Ummæli formanns Sjálfstfl. og varaformanns hér í ræðustól í sambandi við athugasemdir sem ég lét falla s.l. þriðjudag sýna aðeins að taugarnar eru farnar að láta sig. Það er vert fyrir aðra hópa launþega að taka eftir þessum viðbrögðum. Hæstv. fjmrh. taldi nauðsynlegt — ég vek athygli á því — að boða formann Hins íslenska kennarafélags á fund upp í ráðuneyti sitt nákvæmlega á sama tíma og fundur var að hefjast hér í Sþ. þar sem fyrir lá fsp. um þetta efni þriðju vikuna í röð. Þannig mat hæstv. fjmrh. sínar þingskyldur. Ég ætla ekki að leggja mat á það.

Ókyrrðin innanbrjósts hjá varaformanni Sjálfstfl. er sannarlega athyglisverð og sú leyniþjónustustarfsemi sem hann er farinn að stunda — ég ætla ekki að finna að henni — því það er sannarlega athyglisvert hversu uppnæmir þessir forystumenn Sjálfstfl. eru þegar greint er frá því hvað er á dagskrá á Alþingi. Ég hygg að það hafi ekki verið annað sem greint var frá í Ríkisútvarpinu. En það hentaði þeim ekki.

Hæstv. menntmrh. Ég vænti þess að fylgt verði eftir því frv. sem kynnt var að fram kæmi og þar verði staðið við það samkomulag sem virðist hafa tekist, ef ég hef skilið ráðherrann rétt, innan nefndarinnar og því verði fylgt eftir með framlagningu þess frv. óbreytts hér á Alþingi þannig að þingið geti um það fjallað og tekið til þess afstöðu.

Ég þakka hæstv. forseta þolinmæðina.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Síðari ræða hv. 5. þm. Austurl. sýnir best hversu rökþrota hann er í gagnrýni sinni á ríkisstj. vegna þessa máls. Ég ætla fyrst að víkja að því þegar hann segir í umræðunni að ég hafi boðað formann Hins íslenska kennarafélags til fundar við mig á sama tíma og taka átti þessa fsp. til meðferðar hér á hinu háa Alþingi.

Sannleikurinn er sá að það lá fyrir bréf frá 29. jan. um tilboð um samningsrétt og við því þurfti ráðuneytið að fá svör. Formaður Hins íslenska kennarafélags óskaði eftir því að fá fund með ráðuneytinu þennan umrædda dag. Því fer víðs fjarri að það hafi verið fyrir frumkvæði eða að ósk ráðuneytisins. Hann boðaði komu sína í ráðuneytið. Ég féllst á að halda þennan fund og það var mjög ánægjulegur fundur og leiddi til þessarar farsælu niðurstöðu. En útúrsnúningar hv. þm. sýna fyrst og fremst hversu rökþrota hann er í þessari gagnrýni sinni.

Hann heldur því enn fram að um seinagang hafi verið að ræða af hálfu ríkisstj. Ég ítreka að tilboðið um samningsrétt kom fram 29. jan. Síðar í ræðu sinni segir hann: Samtökin þurftu eðlilega nokkurn tíma til þess að hugsa ráð sitt eftir að þetta tilboð kom fram — og ég er honum alveg sammála. Ég tel það ekkert óeðlilegt að kennarasamtökin hafi þurft nokkurn umþóttunartíma. Það er fullkomlega eðlilegt og ég hef aldrei gagnrýnt það. En það er ekki hægt að gagnrýna ríkisstj. fyrir þann drátt sem á varð vegna þess að kennarasamtökin þurftu eðlilegan tíma til umhugsunar.

Varðandi verkfallsrétt er þess að geta að eins og lög segja til um var eini möguleikinn, sem fyrir hendi var án lagabreytinga, sá að veita heildarsamtökum kennara samningsrétt. Allt annað og allar frekari ákvarðanir um samnings- og verkfallsrétt hefðu þurft lagabreytingar. Og nú spyr ég: Telur hv. þm., eða er það stefna Alþb., að það eigi að koma á þann hátt fram við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja að við eigum að vera í samráðsviðræðum við það bandalag um fyrirkomulag samningsréttar en veita svo hverju félagi sem gengur úr bandalaginu sjálfkrafa samnings- og verkfallsrétt? Það teldi ég ekki vera góða framkomu af hálfu stjórnvalda gagnvart Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Eða er það kannske sú afstaða gagnvart því bandalagi sem kemur fram í ræðu hv. þm., að þannig eigi sérstaklega að verðlauna þau félög sem ganga úr Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en vera svo í samráðsviðræðum við það bandalag að öðru leyti? Þau vinnubrögð er ég ekki tilbúinn til að hafa. Það standa yfir núna samráðsviðræður í tengslum við kjarasamninga um samningsréttarmálin. Ég er þeirrar skoðunar að í þeim efnum verði að gæta heildarsjónarmiða og að félög opinberra starfsmanna eigi öll að sitja við sama borð í því efni eftir því sem tök eru á. Auðvitað er aðstaðan mismunandi hjá einstökum félögum eins og fram hefur komið í verkföllum sem háð hafa verið. Á grundvelli laga hafa tilteknir starfshópar vegna eðlis starfs þeirra verið skyldaðir til þess að vinna í verkföllum.

Að öðru leyti er það mitt sjónarmið að ríkið eigi að tryggja einstökum aðildarfélögum, þegar til lengdar lætur, sömu aðstöðu í samningsréttarmálum og það væri ekki rétt að verðlauna félög eitt og eitt eftir því sem þau ganga úr Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja með því að veita þeim verkfallsrétt. Þar verða menn að horfa á mál frá heildarsjónarmiðum og heildarhagsmunum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hjá hæstv. fjmrh. hver bannaði honum að veita svör við margítrekuðum kröfum Kennarasambands Íslands fyrr en þann 29. jan. s.l. Fulltrúaráð Kennarasambands Íslands hafði haldið fundi 10. og 11. jan. og ítrekað þar kröfur sínar sem höfðu verið kynntar fjmrn. og hæstv. fjmrh. í viðræðum. Svo er hæstv. fjmrh. að koma hér og afsaka það að hafa fyrst brugðist við þegar boðað hafði verið til fjölmenns fundar á Hótel Sögu, sem hann gat ekki sótt vegna veikinda, þar sem fram var lagt umrætt bréf.

Alveg sama kemur fram hér í sambandi við samningsréttarmálin og verkfallsrétt. Hæstv. fjmrh. virðist ekki átta sig á þeim staðreyndum sem ég hélt að lægju fyrir einnig gagnvart BSRB að Kennarasamband Íslands er gengið út úr BSRB. Ætlar hæstv. fjmrh. að reka það til baka? Ætlar hann að halda þessum fjölmenna starfshópi frá þeim sjálfsögðu réttindum að fá verkfallsrétt eins og starfsmenn innan BSRB hafa? Ég spyr hæstv. ráðherra.

Ég minni síðan á, herra forseti, að þó að ríkisstj. hafi nú loks hopað fyrir kröfum og samstöðu kennara í málum sem geta varðað miklu eru enn stór mál, stóru málin í sambandi við réttindi kennara og stöðu skólanna í landinu óleyst. Þau verða ekki rædd hér. En það er eins gott að ríkisstj. fari að velta þeim stóru málum fyrir sér ef marka má þann tíma sem það hefur tekið að leysa sjálfsögð réttindamál kennara á undanförnum vikum.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Kennarasambandið sagði sig úr BSRB í lok síðasta árs. Það hefur komið fram í þessari umræðu að launamismunur

hefur verið á þann veg á síðasta ári að á fyrri hluta ársins höfðu félagsmenn í Kennarasambandi Íslands hærri laun en kennarar innan Hins íslenska kennarafélags. Þetta snerist síðan við. Það hefur þess vegna verið alveg ljóst að ekki hefur verið hægt að tryggja jöfnun þarna á milli til frambúðar nema um væri að ræða einn samningsaðila og einn samning. Eftir að Kennarasambandið gekk úr BSRB var reynt að finna leiðir sem gætu tryggt þessa stöðu með eðlilegum hætti til frambúðar. Eina lagalega heimildin sem var fyrir hendi til þess að veita samningsrétt var að veita heildarsamtökum innan opinberra starfsmanna þennan rétt og það var gert með því að bjóða Bandalagi kennarafélaga samningsréttinn á þeim grundvelli að taka þá ákvörðun sem tekin var fyrr í dag. Ég mótmæli því þess vegna harðlega að það hafi verið um neinn óeðlilegan drátt af hálfu ráðuneytisins að tefla í þessu máli.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er eins og mig minni að hv. 5. þm. Austurl. hafi átt sæti í ríkisstjórn í nálægt fimm ár. Það er að vísu ekki tími til þess nú, hvorki fyrir mig til þess að orðlengja um það mál né heldur að krefjast svara við þeim fyrirspurnum hvort ekkert hafi á skort í réttindum kennara allt það tímabil og einnegin að fá upplýst með hvaða hætti stuðlaði þessi hæstv. páv. ráðherra að lausn þeirra mála. Þessi yfirboð og það kjaftæði sem hér gengur á hjá þessum hv. þm. tekur auðvitað engu tali. Hann gleymdi aðeins einu í málafærslu sinni og það var að biðja kennara afsökunar á að hafa narrað þá hingað niður eftir erindisleysu á þriðjudaginn var.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Lærdómurinn af þessu máli er sá að ríkisstjórnin er á flótta. Það er niðurstaðan sem liggur fyrir og sá lærdómur nýtist vonandi samtökum annarra launamanna á komandi vikum og mánuðum. Það er til marks um ástandið í Sjálfstfl. núna og taugaveiklunina sem hefur gripið um sig þar þegar varaformaður Sjálfstfl. er gerður út í sérstakan njósnaleiðangur til að grafa upp hvernig fréttamenn á fréttastofu Ríkisútvarpsins skrifa sínar fréttir. Þetta eru fróðlegar upplýsingar um ástandið í þessum flokki, Sjálfstfl., **(Fjmrh.:** Eru það ekki opinberar upplýsingar?) um leið, hæstv. fjmrh., og flótti stjórnarinnar má verða öðrum samtökum launafólks lærdómsefni á komandi dögum og mánuðum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Vegna þeirra ábúðarmiklu umræðna sem hér hafa farið fram kynnu menn að ætla að það væru geysilega miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og hér væri um að ræða mikla kjarabót til handa kennurum. Hér er um að ræða leiðréttingu sem er gerð í nafni kjörorðsins um sömu laun fyrir sömu vinnu. 3000 manns fái 5% kauphækkun til samræmis. Þetta eru kannske rúmlega 1000 kr. á mánuði eða svo. Af því tilefni er rétt að rifja upp að sú gamla þumalfingursregla hefur lengi gilt í fjmrn. að af kauphækkun opinberra starfsmanna um hverja eina krónu, að gefnum forsendum um meðalverðbólgu s.l. 10–15 ár, 40% á ári, skili 75% sér greiðlega og mjög fljótlega í ríkissjóð aftur. Með hliðsjón af því hversu laun kennara eru nú orðin lág og verðbólgustigið er nálægt þessu meðaltali má eiginlega slá því föstu að meira en ⅔ hlutar, meira en 75 aurar af hverri einustu krónu eða meira en 750 kr. af þessum umræddu þúsundkalli skili sér strax til gjaldheimtu eða í gegnum neyslu og óbeina skatta til ríkissjóðs aftur. Það er rétt að þessar upplýsingar komi fram, að þetta verði rifjað upp, vegna þess að ella kynnu menn að hafa haldið að hér væri um meiri háttar gjafmildi eða örlæti ríkisstjórnar að ræða eða áfangasigur í kjarabaráttu, en svo er ekki.

Sameinað þing, 47. fundur.

Fimmtudaginn 13. febr., að loknum 46. fundi.

Grasköggla verksmiðjan í Flatey, þáltill. 123. mál (þskj. 136). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Bann við framleiðslu hergagna, þáltill. 124. mál (þskj. 137). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Frysting kjarnorkuvopna, þáltill. 187. mál (þskj. 223). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Frysting kjarnorkuvopna, þáltill. 188. mál (þskj. 224). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar, þáltill. 189. mál (þskj. 225). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til utanrmn. með 40 shlj. atkv.

Kostnaður vegna getnaðarvarna, þáltill. 210. mál (þskj. 438). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til félmn. með 40 shlj. atkv.

Loðdýrarækt, þáltill. 235. mál (þskj. 463). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til atvmn. með 41 shlj. atkv.

Undirbúningur að svæðabúmarki, beiðni um skýrslu, 267. mál (þskj. 500). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin samþ. með 40 shlj. atkv.

Fræðsla um kynferðismál, þáltill. 211. mál (þskj. 439). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur leyfi ég mér að bera fram till. til þál. um fræðslu meðal almennings um kynferðismál. Till. er á þskj. 439 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að efna til fræðsluherferðar um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15 til 19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir. Fræðsluherferðin verði á vegum landlæknisembættisins í samráði við menntmrn. og stofnanir þess, svo sem skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, Æskulýðsráð ríksins og Ríkisútvarpið. Gerð skal áætlun um kostnað í tæka tíð fyrir gerð næstu fjárlaga svo að unnt verði að hefja fræðsluna af fullum krafti á næsta ári."

Þessi till. er að sjálfsögðu nátengd till. okkar um þátttöku sjúkrasamlaga í kostnaði vegna getnaðarvarna sem ég mælti fyrir s.l. þriðjudag og verið var að vísa til nefndar áðan.

Það er bjargföst skoðun okkar flm. að vænlegasta leiðin til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir sé stóraukin fræðsla um kynlíf og getnaðarvarnir og auðveldari nálgun slíkra hluta sem mundi leiða til aukinnar notkunar getnaðarvarna og ábyrgðarfyllri afstöðu fólks til kynlífs yfirleitt. Við höfum reynt að ýta við þessum málum áður hér í þingsölum með fyrirspurnum til yfirvalda heilbrigðismála og menntamála strax haustið 1983 og aftur á s.l. hausti. Engan sýnilegan árangur hafa þær umræður borið og skal því nú reynt að fá Alþingi til að lýsa yfir eindregnum vilja í þessum efnum. Sá vilji er raunar bundinn í lögum, en allt of lítið hefur orðið úr framkvæmdum eins og við höfum ítrekað bent á.

Í maí 1975 voru afgreidd frá Alþingi lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. 2. gr. þeirra laga er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð."

Að margra áliti skortir verulega á það nú, tæpum ellefu árum eftir setningu laganna, að þessi lögboðna fræðsla og ráðgjöf sé framkvæmd á viðunandi hátt. Er það þeim mun alvarlegra sem hér er í raun og veru um að ræða grundvöll lagasetningar um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir sem II. kafli laga nr. 25/1975 tekur til.

Einkum er ástæða til að hafa áhyggjur af vanþekkingu unglinga sem að mati félagsráðgjafa og annarra sem um þessi mál fjalla virðast afar fáfróðir um kynferðismál og getnaðarvarnir. Er fyllsta ástæða til að ætla að bein tengsl séu á milli þessarar fáfræði og mikils fjölda þungana meðal íslenskra stúlkna á aldrinum 15 til 19 ára. Þá virðist enn skorta mjög á að piltum sé ljóst að þeirra er ábyrgðin á afleiðingum samlífs ekki síður en stúlknanna og er brýn nauðsyn að vinna að breyttum viðhorfum hvað það varðar.

Til stuðnings þessum fullyrðingum mætti vitna til fjölmargra skrifa í blöðum og tímaritum. Þau eru orðin býsna mörg dæmin sem ég hef safnað um þessi mál á s.l. árum og þar er flest á eina lund. Kvartað er yfir skilningsleysi, ónógri fræðslu og óeðlilegri umfjöllun þessara mála. Hér er ekki tími til að taka dæmi úr því safni, en aðeins ítrekað að það er að okkar mati algjörlega óforsvaranlegt að yfirvöld heilbrigðismála og menntamála skuli ekki standa sig betur í þessum málum en dæmin sanna.

Samkvæmt skýrslu landlæknisembættisins um fóstureyðingar árin 1976–1983, sem kom út í september 1985, er fæðingartíðni meðal stúlkna undir tvítugu langtum hærri hér en á hinum Norðurlöndunum. Vitnað er í tölur frá 1981, en þá voru 49 lifandi fædd börn á hverjar 1000 stúlkur 15 til 19 ára hér á landi samanborið við 24 í Noregi, 17 í Finnlandi og 14 í Danmörku og Svíþjóð. Fæðingartíðnin hefur farið lækkandi í öllum þessum löndum, en einna minnst á Íslandi. Þá hefur fóstureyðingum fjölgað í þessum aldurshópi hér á landi á undanförnum árum um leið og þeim hefur fækkað á hinum Norðurlöndunum. Vert er þó að geta þess að enn er tíðni fóstureyðinga hjá stúlkum undir tvítugu allt að helmingi lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Allar þessar staðreyndir tala sínu máli.

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið markvisst á hinum Norðurlöndunum að fræðslu um kynferðismál, getnaðarvarnir, barneignir og fóstureyðingar, og er það átak talið hafa skilað verulegum árangri í fækkun þungana hjá 15 til 19 ára stúlkum. Má það vera okkur til hvatningar og eftirbreytni.

Í fyrrnefndri skýrslu landlæknisembættisins eru marg-

ar fróðlegar og umhugsunarverðar upplýsingar og vil ég sérstaklega benda nefndarmönnum í hv. félmn., sem ég vænti að fái þetta þingmál til umfjöllunar, á að kynna sér efni þessarar skýrslu. Hér er ekki tími til að vitna ítarlega í skýrsluna, en ég get þó ekki stillt mig um að vitna í niðurlag hennar. Þar segir svo á bls. 141, með leyfi forseta:

„Í umræðum á Alþingi um frv. það sem varð að núgildandi lögum um fóstureyðingar voru þm. ósammála um ýmis atriði, en um eitt voru þeir almennt samdóma og það var mikilvægi I. kafla, sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, og kom skýrt fram í máli þeirra að á þetta bæri að leggja áherslu.

Eins og fram kemur í II. kafla þessarar skýrslu hefur ýmislegt gerst á sviði ráðgjafar og fræðslu um kynlíf og barneignir, en það starf hefur einkum beinst að heilbrigðisstofnunum og skólum. Fræðslu- eða upplýsingaherferð fyrir almenning, t.d. með hjálp fjölmiðla, gerð veggspjalda eða aðgerðir til að auðvelda fólki aðgang að getnaðarvörnum, hefur ekki komist lengra en á umræðustig, m.a. vegna fjárskorts. Vantar talsvert á að ákvæði laganna um ráðgjöf og fræðslu hafi náð fram að ganga eins og til var ætlast.

Hin mikla fjölgun fóstureyðinga á undanförnum árum og sú staðreynd að í sjö af hverjum tíu fóstureyðingum voru engar getnaðarvarnir viðhafðar er þungun varð gefur tilefni til að álykta að ekki hafi verið nóg gert í sambandi við fyrirbyggjandi starf. Er því átaks nú þörf til að ákvæði laganna í þessum efnum verði að veruleika. Auka þarf kynfræðsluefni fyrir skóla og almenning og fylgja því eftir með námskeiðum fyrir kennara og aðra sem málinu tengjast. Huga ber að því hvort beina eigi fræðslu sérstaklega til þeirra þjóðfélagshópa sem öðrum fremur fá fóstureyðingu, þ.e. ungra ógiftra eða áður giftra kvenna. Athuga þarf hvort starfsfólk heilbrigðisstétta fái markvissan undirbúning í sínu námi fyrir það hlutverk sem margra bíður á sviði ráðgjafar og fræðslu. Auka þarf kynningu á þeim aðilum sem lögum samkvæmt ber að hafa ráðgjöfina með höndum og einnig að vekja þá til umhugsunar um hlutverk sitt í þessum efnum. Mikilvægt er að fræðsla og ráðgjöf um kynlíf og barneignir sé aðgengileg fyrir jafnt konur sem karla."

Og í lokaorðum á bls. 142 segir svo, með leyfi forseta:

„Vert er að minna á að fjöldi fóstureyðinga á hverjum tíma ræðst af fleiri þáttum en lagaákvæðum eingöngu, svo sem öryggi getnaðarvarna og notkun þeirra og viðhorfum fólks til barneigna og fóstureyðinga. Meginforsenda þess að hægt sé að hafa áhrif á fjölda fóstureyðinga er að þessi atriði liggi ljóst fyrir og hópurinn sem beina skal að fyrirbyggjandi starfi sé þekktur. Athugun á fóstureyðingum undanfarinna ára sýnir að í um 70% tilvika höfðu engar getnaðarvarnir verið notaðar er þungun varð og að tíðni fóstureyðinga var einna hæst meðal kvenna 25 ára og yngri, áður giftra og ógiftra. Þá kemur og fram að mikið vanti á að ákvæðum laganna um fræðslu og ráðgjöf hafi verið fram fylgt sem skyldi. Barneignir og fóstureyðingar eru vart einkamál kvenna og því ber að hafa í huga að fyrirbyggjandi starf nái ekki síður til karla en kvenna. Verði átak gert í þessum efnum ætti að vera hægt að snúa þróuninni við svipað og gerst hefur á hinum Norðurlöndunum þar sem tíðni fóstureyðinga fer nú lækkandi."

57 konur úr öllum stjórnmálaflokkum og ýmsum starfsstéttum mynduðu áhugahóp um þessi efni fyrir tæpum þremur árum. Þær vöktu athygli á þeim vanefndum sem orðið hafa á framkvæmd I. kafla laga nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, og skoruðu á ráðamenn mennta- og heilbrigðismála að ráða bragarbót á því ófremdarástandi. Þær lögðu til að landlæknisembættinu yrði falið að skipuleggja átak til fræðslu um kynferðismál fyrir almenning og með sérstöku tilliti til unglinga. Þær lögðu einnig til að myndaður yrði sérstakur hópur unglinga til að fá viðbrögð þeirra við efni og tillögum og ábendingar frá þeim áður en gengið væri frá því fræðsluefni sem unglingum væri ætlað. Eftirfarandi eru nánari tillögur þessa áhugahóps um hvernig að slíkri fræðsluherferð um kynferðismál meðal almennings mætti standa og vitna ég hér beint til þess bréfs sem hópurinn sendi ráðherrum, með leyfi forseta:

„1. Gerð verði fræðsluþáttaröð fyrir sjónvarp í 3–4 hlutum sem fjalli um æxlun, getnaðarvarnir, kynlíf, kynsjúkdóma, rétt til fóstureyðingar og foreldraábyrgð. Þættir þessir verði varðveittir á myndböndum sem Námsgagnastofnun, framhaldsskólar, kynfræðsludeildir og fleiri aðilar sem við kynfræðslu fást hafi síðan aðgang að og noti.

2. Landlæknir beiti sér fyrir samstarfi við útvarp, m.a. umsjónarmenn unglingaþátta.

3. Landlæknir láti gera 2–3 sjónvarpsauglýsingar sem hvetji unglinga til að nota getnaðarvarnir. Fjármagni verði veitt til að birta þessar auglýsingar nokkrum sinnum ár hvert.

4. Landlæknir láti hanna 2–3 veggspjöld sem hafa sama markmið og sjónvarpsauglýsingarnar. Þau verði hengd upp í framhaldsskólum, apótekum, læknastofum, heilsugæslustöðvum, æskulýðsmiðstöðvum, íþróttahúsum og öðrum samkomustöðum unglinga.

5. Jafnframt verði gerður upplýsingabæklingur sem beinist að unglingum 15–19 ára og dreifist á sömu stöðum. Í bæklingnum verði unglingar m.a. hvattir til að leita frekari fræðslu hjá kynfræðsludeildum þar sem þær eru.

6. Landlæknir birti auglýsingu á áberandi stað í símaskrá með símanúmeri kynfræðsludeilda og hvatningu til almennings til að leita hennar.

7. Aðgangur unglinga að getnaðarvörnum verði bættur, t.d. með sjálfsölum á almannafæri."

Þessar tillögur og viðvörunarorð kvennanna vöktu athygli og umtal á sínum tíma, en annan sýnilegan árangur hefur framtak þeirra ekki borið.

Tvívegis hefur verið reynt að ýta við yfirvöldum menntamála og heilbrigðismála með fyrirspurnum á Alþingi, í nóvember 1983 og í nóvember 1985. Þessi till., sem hér er til umræðu, er enn ein tilraunin til að fá núverandi ástandi breytt til betri vegar. Það er sannfæring flm. þessarar till. að með stóraukinni fræðslustarfsemi og aðgerðum til aukinnar notkunar getnaðarvarna megi koma í veg fyrir fjölda ótímabærra þungana og þar með fóstureyðinga og barnsfæðinga hjá kornungum stúlkum.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um mál þetta legg ég til að því verði vísað til hv. félmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Mál þetta hefur verið hér

ítarlega reifað og einnig verið rætt hér nokkrum sinnum áður. Í þeim umræðum hef ég tekið þátt, m.a. og alveg sérstaklega í tengslum við frv. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir sem hér var réttilega minnt á að hefði verið afgreitt sem lög frá Alþingi 1975. Það þarf því ekki miklu við þessa framsögu að bæta efnislega af minni hálfu.

Hins vegar eru þessi mál nú blessunarlega rædd af hispursleysi en jafnframt alvöru eins og vera ber, þó að ekki séu enn allir fordómar úr sögunni. En slík feimnismál, sem þau voru, eru þessi mál þó ekki lengur.

Við ræddum í Ed. á dögunum frv. til laga um fóstureyðingar. Þar vék ég að því sama og kemur fram í þessari grg. og hert er vel á, þ.e. þeim grunni þessara laga sem ég nefndi áður og voru mjög merk á sínum tíma, tímamótamarkandi, eins og sagt er. Þar var beinlínis um málamiðlun að ræða sem hæstv. þáv. heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason beitti sér fyrir að ná og var byggð á býsna traustum grunni. Einn hornsteininn í þessu máli er að finna í 2. gr. laganna, eins og hér er reyndar getið um í grg., þ.e. að þá aðstoð skyldi veita sem við ætti, bæði varðandi fræðslu og ráðgjöf í fjórum liðum.

Ég fullyrti þá, eins og ég hef gert oft áður, að þetta ákvæði lægi mjög eftir, eins og reyndar kom fram í máli hv. flm., fræðslan jafnt og ráðgjöfin.

Fræðsluherferð, sem er meginefni þessarar till., ákveðið átak, er vitanlega af hinu góða. Það vekur athygli og skilar örugglega árangri og vissulega er þannig ástatt að slíks átaks er þörf eins og réttilega kom þarna fram. Um það erum við hins vegar sjálfsagt sammála, flm. og ég, að það skiptir öllu að þessum sjálfsagða þætti sé sinnt af hálfu heilbrigðis- og skólayfirvalda alltaf og ævinlega, að hann sé tekinn inn sem eðlilegur námsþáttur án allra óeðlilegra áherslna og falli inn í fræðsluna almennt sem sjálfsagður hlutur. Ég reikna með því að þrátt fyrir það að hér sé lögð slík áhersla á fræðsluherferð, ákveðið skipulegt átak, séum við sammála um að sífellt og stöðugt þurfi að vinna að þessum málum.

Hvað sem líður minni feimni við opna umræðu og minni fordómum varðandi opinskáa fræðslu er sjálfsagt að viðurkenna og leggja áherslu á það enn einu sinni að þessi fræðsla öll er býsna vandasöm og viðkvæm og það er ekki öllum gefið að inna hana af höndum svo að vel sé og svo að hún komi að tilætluðum notum og skapi jafnvel ekki meiri fordóma og meiri vanda en annars yrði. Þessi fræðsla öll er það viðkvæm og vandasöm. Sem gamall skólamaður þekki ég það mætavel að það þarf vel til verka að vanda hvað það snertir til þess að hafa jafnvel ekki öfug áhrif miðað við það sem menn ætluðu sér þó með góðum vilja. Þess vegna legg ég áherslu á það að heilbrigðisyfirvöldin og heilbrigðisstéttirnar þurfa að taka þátt í þeirri almennu fræðslu sem veitt er um þessi mál.

Hitt atriðið skiptir ekki minna máli, þ.e. ráðgjöfin. Við deildum um það í Ed. um daginn hvort hún væri nægileg þegar svo alvarlegir hlutir sem fóstureyðing eða ófrjósemisaðgerð er annars vegar. Að því þarf sérstaklega vel að hyggja þótt ég efi ekki að margt muni þar vel gert og af ýtrustu samviskusemi af þeim sem eiga að veita þessa ráðgjöf áður en slík aðgerð er framkvæmd. En á hitt legg ég áherslu að á ráðgjöfinni, sem bestri upplýsingu um þetta og aðstoðinni byggjum við einmitt alla þessa löggjöf, eins og réttilega kemur fram þegar í upphafi grg. Hún er í raun og veru hornsteinn þessarar löggjafar, skilyrði þess að þessi löggjöf geti farið vel úr hendi og sem áfallaminnst. Ég hlýt því að taka undir tillöguflutning og grg. en minni aftur á nauðsyn sívakandi starfs í þessum efnum þótt sérstök herferð sé vissulega góðra gjalda verð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skólasel, þáltill. 229. mál (þskj. 457). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Á yfirstandandi skólaári þurfa 459 nemendur á aldrinum 7 til 12 ára að dveljast í heimavist hér á landi. Þar af eru 180 á aldrinum 7–9 ára. Dvalartími er mislangur, 7–24 vikur hjá yngri börnunum en 16–30 vikur samtals hjá þeim eldri.

Þessar upplýsingar komu fram í svari menntmrh. við fsp. minni í nóv. s.l. en svarið er birt í heild sinni sem fskj. á þskj. 457. Upplýsingarnar, sem þar koma fram, hafa vakið talsverða athygli og umtal enda er hér minnt á vanda sem margir þéttbýlisbúar eiga erfitt með að gera sér grein fyrir.

Í ljósi þessara upplýsinga hef ég leyft mér að leggja fram till. til þál. um skólasel ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Till. er á þskj. 457 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að sjá til þess að skólaseljum, þ.e. útibúum frá aðalskólum fyrir yngstu bekki grunnskóla, verði komið á fót þar sem þeirra er þörf. Stefnt skal að því að engin börn innan 10 ára aldurs þurfi að dveljast í heimavist á næsta skólaári.“

Áhugi þingflokks Kvennalistans á þessu máli vaknaði á ráðstefnu sem Kvennalistinn á Vesturlandi hélt í júní 1985 þar sem m.a. var fjallað um skólamál í dreifbýli. Hópur kvenna hafði kynnt sér skólahald, einkum á Vesturlandi. Þær höfðu rætt við kennara og foreldra og grúskað í lögum, reglugerðum og skýrslum. Niðurstaða þeirra var sú að margt mætti betur fara. En eitt fannst þeim brýnast alls og það var afnám þess sem þær kölluðu „nútímafráfærur“, þ.e. heimavistardvöl skólabarna.

Nú vill svo til að fyrir því er lagaheimild því að í 4. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, segir svo, með leyfi forseta: „Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7–10 ára börn þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.“

Þrátt fyrir þessa lagaheimild hafa aðeins fá slík útibú verið stofnsett og starfrækt hér á landi til þessa. Vafalaust eru ýmsar ástæður fyrir því að ekki hafa enn verið stofnsett fleiri skólasel. Það er ljóst af orðalagi greinarinnar að fræðsluráð viðkomandi staða ráða mestu um framkvæmdina. En fyrst og fremst hljóta það að vera foreldrarnir sem knýja á um aðgerðir og víst er að það hefur ekki alls staðar verið auðsótt mál. Veit ég til þess að a.m.k. á einum stað hafðist þetta ekki í gegn fyrr en eftir mikla baráttu og fyrir algera samstöðu

heimafólks. En þar ríkir síðan mikil ánægja með þetta fyrirkomulag.

Reyndar er rík ástæða til að ætla að mörgum foreldrum sé allsendis ókunnugt um þennan möguleika til úrlausnar og hafi því ekki reynst sá þrýstihópur sem virðist þurfa til auk þess sem foreldrar eru oft býsna ósamstæður þrýstihópur.

Rökin, sem heyrst hafa gegn skólaseljum, hafa einkum verið þau að rekstur þeirra sé of kostnaðarsamur, þau verði alltaf illa búin námsgögnum vegna nemendafæðar og erfitt sé að fá kennara til að taka að sér kennslu í skólaseljum, einkum vegna þess að þeim þyki þeir verða einangraðir frá stærri skólum. Þessi rök eru léttvæg miðað við þann ávinning sem skólaselin hafa í för með sér og engin afsökun fyrir því að nýta ekki þessa lagaheimild. Auk þess getur í mörgum tilvikum verið um hreinan peningalegan sparnað að ræða eftir því sem mér er tjáð, það fer allt eftir aðstæðum.

Stofnun skólaselja þarf alls ekki alls staðar að vera svo mikið fyrirtæki þar sem víða má nýta lítt notað húsnæði svo sem félagsheimili eða sveitaheimili þar sem aðstæður hafa breyst og rýmkast. Kennsla í yngstu bekkjum grunnskóla krefst heldur ekki svo mikilla gagna að það geti á nokkurn hátt verið hindrun í vegi fyrir stofnun skólaselja. Erfiðast kann að vera að fá kennara til starfa en það er gömul saga sem á rætur sínar í ómaklegum kjörum þeirrar stéttar sem við treystum fyrir uppfræðslu og að hluta til uppeldi barnanna okkar.

Í rauninni finnst mér vart sæmandi að blanda peningamálum í þessa umræðu. Það er allt of mikið horft í kostnað og reynt að spara fyrirhöfn þegar börn eiga í hlut en of lítið skeytt um sálarheill.

Þótt bernskuárin séu orðin fjarlæg ætti hver og einn fullorðinn að geta sett sig í spor foreldris sem verður að láta frá sér 7–12 ára barn sitt vikum saman og veit oft lítið hvað það má reyna. Aðstæður í heimavist eru yfirleitt gerólíkar því sem barnið hefur vanist á heimili sínu og viðbrigðin eru gífurleg. Slík reynsla getur haft varanleg áhrif á viðkvæma barnssál og áreiðanlega í fleiri tilvikum til hins verra.

Ég vil nú, með leyfi forseta, vitna beint í erindi sem tvær konur í skólamálahóp Kvennalistans á Vesturlandi fluttu á fyrrnefndri ráðstefnu á Varmalandi. Konurnar heita Svava Guðmundsdóttir og Sigríður Pétursdóttir. Þær segja m.a.:

„Með hagsmuni barna og foreldra í huga teljum við að þau eigi rétt á að vera hjá foreldrum sínum svo lengi sem kostur er. Hér er um að ræða börn sem í flestum tilfellum hafa lítið sem ekkert dvalið annars staðar en heima hjá sér, t.d. ekki á leikskólum og dagheimilum, ekki einu sinni á róló eins og flest þéttbýlisbörn. Því verða viðbrigðin geysileg.

Hugsum okkur bara 6–7 ára barn sem er að fara að heiman frá pabba og mömmu í fyrsta sinn á ævinni. Þetta barn kemur inn í stóran hóp barna sem flest eru eldri en það sjálft, allt upp í 16–17 ára slöttólfa. Lætin eru óskapleg miðað við rólegt fjölskyldulíf og barnið hefur aldrei kynnst neinu slíku og þekkir sennilega ekkert þá sem ólátunum valda. Eðlileg fyrstu viðbrögð hljóta því að verða hræðsla við það sem koma skal. Og hvert getur barnið leitað með ótta sinn? Það þekkir ekkert starfsfólk skólans. Um kvöldið á barnið svo að sofa í ókunnu herbergi með þrem öðrum börnum, stundum eldri börnum sem eru með yfirgang. Kannske er sums staðar í skólum kona sem les fyrir litlu krakkana á kvöldin, segir sögu eða les bænir með þeim og klappar á litlu kollana áður en þau fara að sofa og þess háttar. En því miður, það er ekki nema sums staðar. Svo er vistunum læst, enginn fullorðinn þar lengur, bara tugir krakka á öllum aldri.

Það var mikil umræða í vetur um grimmd eldri barna við þau yngri á leikvöllum í Reykjavík þá stuttu stund sem er milli kennslustunda í skólunum þar. Hvernig er þá mórallinn í heimavistarskólunum þar sem börnin þurfa að umbera hvert annað fimm daga vikunnar? Þau komast aldrei út úr hópnum, hvergi er afdrep þar sem þau geta verið ein utan við skarkalann sem skólum og heimavistum hlýtur alltaf að fylgja. Við mæður þekkjum vel þegar börnin okkar koma heim á föstudögum alveg örþreytt. Oftast fara þau beint upp í rúm að leggja sig og eru svo að ná sér yfir helgina. Oft verða þau öryggislaus og kvíðin, nokkuð sem mjög erfitt getur verið að losna við og það getur haft slæm áhrif á skólagöngu þeirra og líf svo árum skiptir.

En hvað er þá helst til ráða? Við teljum skólaselin vera bestu lausnina í þeim sveitum þar sem heimanakstur kemur ekki til greina. Þar læra börnin að umgangast önnur börn og sá hópur, sem er saman í skólaseli, stendur gjarnan saman þegar í móðurskólann kemur. Það er líka mikill munur á hvað börn eru orðin þroskaðri og betur undir það búin að fara að heiman 10 ára gömul en þrem til fjórum árum fyrr.

Sjálfsagt þykir einhverjum þetta afturför til þeirra tíma þegar farkennsla var algeng í sveitunum í gamla daga. En var það í rauninni svo slæmt? Við sem munum þessa gömlu sveitaskóla vitum að tíminn var vel nýttur og nú finnst mér með ólíkindum hvað börn lærðu mikið þann stutta tíma sem skóli var oft starfræktur, enda var skólaleiði víst svo til óþekkt fyrirbrigði í þá tíð.

Það eru örugglega allflestir, bæði börnin og foreldrarnir, sem finnst það of snemmt að krakkar fari að heiman 10 ára gömul, hvað þá fyrr, og komi úr því eins og gestir heim, aðeins um helgar allan veturinn. Núverandi ástand þar sem eingöngu er heimavist minnir einna helst á fráfærurnar í gamla daga nema hvað nú eiga í hlut foreldrar og börn en ekki sauðfé."

Í umræðum um þetta erindi fengum við, sem tókum þátt í þessari ráðstefnu, að heyra margar reynslusögur og þær ófagrar sumar. M.a. sagði ein kona frá því þegar hún kom í heimsókn í stóran heimavistarskóla að hún hafði heyrt skarkala og óp frá salernum drengjanna og var þá verið að baða einn pollann upp úr klósettskálinni. Vonandi eru slíkir atburðir ekki algengir en víst er að skólastjórar, kennarar og umsjónarmenn heimavista bera mikla ábyrgð sem misjafnlega gengur að axla. Börnin eru líka eins misjöfn og þau eru mörg og ekki þarf nema einn gikk til að skapa illviðráðanleg vandamál í heimavist. Þótt allt sé með felldu er heimavistardvöl ávallt áraun og því meiri sem barnið er yngra.

Eftir að till., sem hér er til umræðu, var kynnt í þingfréttatíma útvarpsins hafði m.a. samband við mig sveitakona sem á tvö ung börn, að mig minnir 7 og 9 ára, í heimavistarskóla. Þeirra reynsla er slík að börnin eru nánast yfirkomin af þreytu þegar þau koma heim um helgar og foreldrarnir geta vart á heilum sér tekið að þurfa að leggja þetta á þau og eru að velta fyrir sér

að flytja í þéttbýlið þess vegna.

Þá frétti ég af tónlistarkennara sem kennir í tveimur skólum á landsbyggðinni, annar er heimavistarskóli, hinn heimanaksturskóli. Hann sagði erfiðara að ná athygli barnanna í heimavistarskólanum á þriðjudegi en barnanna í heimanaksturskólanum á föstudegi.

Í sambandi við heimanakstur má kannske geta þess að flestir virðast telja að hann sé betri, það sé betra að hafa heimanakstur en heimavist. Þó getur sá kostur reynst mjög erfiður þeim sem lengst eiga og dæmi eru um börn sem þurfa að eyða allt að 2–3 klst. daglega í skólabíl. Þarf ekki mörg orð um það hvílík raun það getur verið ungu barni sem auk þess er svo ætlað að skila heimavinnu.

Slíkar aðstæður eru vitanlega ekki sæmandi og víða hefur niðurstaðan orðið sú að börnin fá mjög samþjappaða kennslu í nokkra daga en eru svo heima hjá sér á milli. Þá getur stundaskráin hljóðað eitthvað á þessa leið: Lestur, skrift, reikningur, lestur, skrift, reikningur. Má geta nærri hvað orðið eru um áhugann og eftirtektina í síðustu kennslustundunum.

Raunin eru sú að fjölmörg íslensk börn búa við skerta skólagöngu en foreldrar þeirra kjósa fremur skerta skólagöngu en langa heimavistardvöl. Í rauninni ætti ekki að þurfa að bjóða nokkru barni undir 12 ára aldri upp á það að dveljast langdvölum í heimavist fjarri foreldrahúsum en að fyrirmynd grunnskólalaganna setur till. okkar, sem hér er til umræðu, mörkin við 10 ára aldurinn. Sjálfsagt finnst okkur þó að stefna að því á allra næstu árum að börn innan 12 ára þurfi ekki að dveljast í heimavist.

Enda þótt lagaheimildin virðist gera ráð fyrir að frumkvæðið að stofnun skólaselja komi frá fræðsluráðum viðkomandi staða er ábyrgðin hjá menntmrn. og því eðlilegt að það taki nú af skarið um að koma á fót skólaseljum þar sem þeirra er þörf.

Okkur flm. er þó ljóst að þrátt fyrir tvímælalausan rétt foreldra og barna um allt land eru aðstæður sums staðar slíkar að ekki er unnt að framfylgja markmiðum þessarar till. En lögð skal áhersla á að leitað verði ýtrustu leiða til að gera hér verulegt átak til úrbóta. Mér þykir vænt um að hæstv. menntmrh. hefur gefið sér tíma til að hlusta á framsögu mína hér og vona að hann sé mér sammála um að hér þurfi að ráða bót á. Í þjóðfélagi okkar, sem við viljum kenna við velferð, er með öllu óverjandi að bjóða 180 börnum undir 10 ára aldri upp á það að þurfa að dveljast langdvölum í heimavist.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að því verði vísað til hv. félmn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil hér í stuttu máli taka undir þessa till. sem hv. flm. Kristín Halldórsdóttir hefur mælt hér fyrir og rökstutt í sínu máli. Ég tel að hér sé þörfu máli hreyft og ástæða til þess af hálfu Alþingis að álykta um það í þá veru sem hér er gerð tillaga um. Ég þekki nokkuð til þróunar þessara mála varðandi skólasel úr mínu kjördæmi, Austurlandi, þar sem slík sel eru starfrækt á nokkrum stöðum. Að því er ég hef heyrt er reynslan af þeirri starfsemi talin fremur góð þó að við ýmsa erfiðleika geti verið að etja eins og flm. gat raunar um í máli sínu áðan.

Það er auðvitað æskilegt og raunar mín skoðun að heimaaðilar eigi að ráða sem mestu um tilhögun skólahalds, hver á sínu svæði. Æskilegast er að frumkvæði að skipan mála geti komið úr heimabyggðum og fái eðlilega meðferð og séu framkvæmd á grundvelli tillagna frá fræðsluráðum, foreldrasamtökum og öðrum sem láta sig einkum skólamálin varða. Og vissulega höfum við ágætt dæmi um að þannig sé tekið á málum. Hitt sakar ekki — síður en svo — að framkvæmdavaldiðýti þar á eftir og greiði fyrir því að slík þróun eigi sér stað.

Ég vek athygli á því í þessu samhengi að mjög eru gagnrýndir af hálfu sveitarfélaga uppgjörshættir og fjármálaskil ríkisins gagnvart sveitarfélögunum í sambandi við grunnskólahald. Ég hygg að fyrir utan ýmsan eftirrekstur af hálfu menntmrn. í sambandi við þessi efni, bæði upplýsingar um möguleika og fyrirgreiðsla af þeirra hálfu, skipti það mjög miklu máli fyrir dreifbýli það sem hér er um að ræða fyrst og fremst að breyting verði á ýmsu sem snertir uppgjörshætti ríkisins gagnvart sveitarfélögum varðandi skólakostnað af grunnskólahaldi.

Ég er ekki hér með fyrir framan mig upplýsingar og ályktanir sem ég veit að stjórnvöldum hafa borist að undanförnu um þessi efni. En ég geri ráð fyrir því að þm. og hæstv. menntmrh. kannist við rökstuddar umkvartanir af hálfu fræðsluráða í heilum kjördæmum varðandi þessi efni sérstaklega. Á þessu þarf nauðsynlega að verða breyting því að hér er í rauninni um klyfjar að ræða sem ríkið hleður á sveitarfélögin gagnstætt lögum, að mínu mati, og um stóra hagsmuni að ræða, ekki síst hjá hinum fámennari sveitarfélögum.

Ég hef vikið að málefnum skólaselja í sambandi við eitt þingmál fyrr á yfirstandandi þingi, þ.e. till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Ég benti þar í grg. á leiðir til að örva sameiningu sveitarfélaga en viðhalda jafnframt sjálfræði dreifbýlishreppanna í ákveðnu formi. Ég benti á í framsögu fyrir þessu máli og í grg. með þessari till., sem ég flyt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að þótt sveitarfélög sameinist, svo sem æskilegt getur talist, í stærri heildir, sé þrátt fyrir það algerlega ástæðulaust að svipta minnstu sveitarfélögin, hreppana sem nú eru, yfirumsjón með þáttum sem eingöngu varða íbúa þeirra. Ég nefndi þar sem dæmi fjallskil, félagsheimili og skólasel.

Á bak við þennan tillöguflutning felst það sjónarmið, sem einnig kemur fram í þeirri þáltill. sem við ræðum hér, að æskilegt sé að unnt sé að leysa fræðslu yngstu árganga barna heima fyrir, sem næst foreldrahúsum. Það er svo vissulega rétt, sem flm. gat um hér áðan, að ekki er alls staðar unnt að ná fram þeirri stefnu með skjótum hætti við þær aðstæður sem við nú búum við. Sums staðar getur það verið álitamál hvað hægt er að leggja mikinn daglegan akstur á yngstu nemendur því að vegalengdir eru í vissum tilvikum slíkar að það getur verið tvísýnt hvort sé skárri kostur að aka nemanda til skólasels eða að um sé að ræða dvöl í heimavist. Það er vissulega matsatriði í vissum tilvikum.

Einnig þarf að gæta þess að til staðar sé í skólaseljum eða hið næsta þeim lágmarksbúnaður til að bregaðst við aðstæðum sem geta alltaf skapast í okkar misvindasama og óblíða landi hvað veðráttu snertir, þannig að nemendur geti fengið aðhlynningu um nótt og jafnvel svo dögum skiptir. Á þetta vildi ég aðeins minna í sambandi við þetta þarfa mál, sem hér hefur verið reifað, um leið

og ég lýsi fylgi mínu við tillöguna.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Ég er að vísu meðflm. þessarar þáltill. en vil gjarnan lýsa yfir stuðningi mínum við þessa till., ítreka mikilvægi hennar og þakka hv. 1. flm. fyrir að bera hana fram.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að ráða bót á þessum mikla vanda sem þarna kemur fram. Ég vil gjarnan hér minnast ferðar sem ég fór þegar ég var kennari við Fósturskóla Íslands. Þá fór ég á foreldrafund við heimavistarskóla þar sem fóstra var starfandi með yngstu börnin sem er víst í örfáum tilfellum. Ég veit að vísu ekki hvort svo er nú en alla vega var það þá í nokkrum tilfellum. Þessi fóstra hafði talað við mig fyrir fram og beðið mig að koma á þennan foreldrafund vegna þess að foreldrarnir væru mjög órólegir um hag barna sinna. Vildi hún biðja mig að segja, í örfáum orðum a.m.k., frá þeirri menntun t.d. sem hún hefði og hvernig hún væri þá að mínu mati í stakk búin einmitt til að bregðast við því að vera starfandi á slíkum stað sem þessum.

Þegar hún talaði við mig um að koma á foreldrafundinn var hún að lýsa fyrir mér því að henni fyndist að það væri nánast um það að tefla að sálarheill barnanna væri í veði. Þarna væri mikið um grát á kvöldin, einmanaleikinn væri oft yfirþyrmandi og börnin ættu í miklum erfiðleikum. Stríðni tíðkaðist mikið og miklu meira en í almennum skólum þar sem hún þekkti til og hafði kennt. Þetta leiddi oft til þess að hennar mati og varð þess valdandi að þau fóru að væta rúmið í miklu meiri mæli en verið hafði áður og stríðnin þar af leiðandi jókst eftir það. Þetta leiddi að sjálfsögðu til þess að börn áttu í miklum erfiðleikum með nám sem ella áttu það ekki. Ég vil taka það til að á þessum fundi voru spurningar foreldranna eftir mína stuttu framsögu um þetta mál með miklum ólíkindum. Þeir höfðu greinilega miklar áhyggjur af börnunum og þótti þetta nánast alfarið óviðunandi ástand.

Þess vegna vil ég taka undir það, sem kemur fram í þessari þáltill., að það eru mjög miklar líkur á því að foreldrunum sé allsendis ókunnugt um þennan möguleika. Ég tel að það sé brýn þörf á að kynna þennan möguleika og að þessi lagaheimild verði nýtt.

Þetta var í örstuttu máli það sem ég vildi að kæmi fram við þessa umræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afplánun dóma vegna fíkniefnabrota, þáltill. 261. mál (þskj. 494). — Fyrri umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þeir sem stunda fíkniefnasölu eða dreifingu á fíkniefnum eru í mínum huga eins konar launmorðingjar, menn sem dreifa vörum sem eyðileggja líf, og jafnvel munu þess dæmi að þeir auðgist á því í leiðinni. Í mínum huga er ekki nóg að þessir menn séu dæmdir ef afplánun dregst von úr viti eins og ég tel að sé allt of algengt og hafi verið allt of algengt að undanförnu. Mín skoðun er sú að þessa aðila eigi að taka úr umferð og mér finnst afleitt að þeir geti komist aftur til iðju sinnar ef þeim sýnist svo þótt þeir hafi hlotið dóm.

Sú till. sem ég mæli hér fyrir er á þá lund að beina því til dómsmrh. að sjá til þess að fangelsisdómum vegna fíkniefnabrota verði ætíð fullnægt þegar í stað og hafi afplánun slíkra dóma þannig forgang að öðru jöfnu.

Mér er ljóst að forgangur getur ekki verið algjör. Einhver frávik verða að vera á slíkum forgangi. Ég tel að tekið sé tillit til þess í ályktunartillögunni. Hins vegar er það skoðun mín að hér sé um svo alvarleg brot að ræða að fyllsta ástæða sé til þess að afplánun sé tafarlaus. Þess vegna er þessi þáltill. flutt.

Að lokinni umræðu legg ég til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til allshn. Ég sé ekki ástæðu til lengri framsögu. Till. er einföld og skýrir sig sjálf.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er vikið að miklu alvörumáli.

Þessi till. er svo nýkomin á borð okkar að maður er nýbúinn að lesa hana. Það vill til að hún er stutt og grg. einnig þannig að það er fljótlegt að fara yfir hana.

Vissulega er ástæða til að taka af festu á þessum málum öllum, m.a. varðandi dóma vegna fíkniefnabrota. Ég dreg ekkert úr því.

Það er vissulega hart til þess að vita að menn skuli eiga jafnvel þrjá, fjóra dóma yfir höfði sér vegna þess að þeir hafa sloppið út aftur og komist til sinnar fyrri iðju, eins og hv. flm. nefndi. Ég þekki því miður til nokkurra ógæfumanna af þessu tagi sem hafa í þessu lent. Þá er ég kannske kominn að þeirri ástæðu sem varð til þess að ég kom hér upp.

Ég dreg ekkert úr sekt þeirra sem við þetta fást, síður en svo. Ég veit það hins vegar að mjög margir þeirra eru aðeins verkfæri í annarra höndum, því miður. Ég bendi á að í allt of mörgum tilfellum eru þeir sakfelldir og dæmdir, réttilega vegna þess að þeir eru að framkvæma ólöglegt athæfi, en þeir sem höfuðábyrgðina bera og arðinn hirða af þessari ógeðslegu starfsemi sleppa. Stórlaxarnir á bak við sleppa. Það er kannske umhugsunarefni nú þegar till. af þessu tagi kemur fram hvernig í ósköpunum við því megi bregðast. Það hafa menn reynt annars staðar, í öðrum löndum þar sem þessi vá hefur verið miklu meiri og alvarlegri, stundum tekist, en í miklu fleiri tilfellum mistekist að ná til þeirra sem þar bera aðalábyrgð.

Til viðbótar er svo rétt að benda á að á bak við sölu og dreifingu fíkniefna stendur mikið fjármagn. Það eru engir fátæklingar eða aumingjar sem hafa þessa menn í sinni þjónustu og nota þá úti á akrinum, ef svo má segja, svo fallegur sem sá akur er. Það eru engir aumingjar þó vissulega sé það til einnig að menn séu að fást við þetta m.a. með smygli milli landa í minni mæli. En meginhlutinn af þessu er alls staðar fjármagnaður af einhverjum fjársterkum bakaðilum sem líka hafa kannske þau ítök og þau völd og þau áhrif að til þeirra verður aldrei náð.

Ég vil ekki taka afstöðu til þessarar till. að öðru leyti en því að mér þykir það býsna sjálfsagt að þessum dómum verði fullnægt sem allra fyrst. Ég veit nefnilega dæmi þess að slík mál hafa verið það lengi að veltast í kerfinu og dómur komið það seint að í raun og veru, eins og ég hef stundum orðað, hefur það verið allt annar maður sem dæmdur er en sá sem framdi brotið. Ungan mann sem ég þekki mætavel held ég að sé útilokað að telja sama manninn og þann sem var fyrir nokkrum árum verkfæri í höndum aðila til þess að

annast dreifingu og sölu á fíkniefnum. Sá maður stundar nú sitt starf, hefur gengið í gegnum skóla og stofnað heimili og í raun og veru snúið gjörsamlega frá því líferni sem hann er að taka út dóm fyrir einmitt þessa dagana.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir þessa till. og styðja hana fyrir hönd Kvennalistans.

Ég vil enn fremur leggja áherslu á að það þarf ekki bara að hraða afplánun dóma. Það þarf, eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, að hraða málsmeðferðinni allri í gegnum dómskerfið. Það er mjög mikilvægt. Og ég tek undir það sem fyrri ræðumaður nefndi, hv. þm. Helgi Seljan, að það er mjög mikilvægt að menn sem hafa breytt hegðun sinni og eru, eins og hann sagði, orðnir aðrir menn tveim, þrem árum síðar þurfi ekki þá að brjóta upp fjölskyldulíf sitt og fara og afplána dóm fyrir hegðun sem þeir eru orðnir fráhverfir. Það er mikið atriði.

Í annan stað: Þeir sem hafa staðið í sölu fíkniefna eru oft stórskuldugir. Þeir þurfa að borga skuldir og þurfa mjög fljótt að skipuleggja næstu sendingu og sölu fíkniefna til að greiða þá fyrri. Þetta er vítahringur sem verður ekki rofinn nema með því að taka menn úr umferð. Ég styð því þessa till.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil einungis þakka þær undirtektir og ábendingar sem hér hafa komið fram hjá þeim hv. þm. sem til máls hafa tekið, líka varðandi nauðsyn þess að menn verði ekki að bíða lon og don eftir dómum og séu síðan allt aðrir menn þegar að því kemur að afplána dóminn.

Sú þáltill. sem ég hef hér mælt fyrir er orðuð eins og hún er orðuð vegna þess að ég tel að við Íslendingar, Alþingi, löggjafinn hafi þegar gert ráðstafanir til að leitast við að flýta dómsmeðferð mála af þessu tagi með því að setja upp sérstakan dómstól. Alvarlegasta brotalömin er hins vegar í afplánuninni sjálfri. Þess vegna tekur till. einungis til þess.

En ég þakka þann stuðning sem hér hefur komið fram og þær ábendingar og annan rökstuðning sem hér hefur birst í ræðum þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Afplánun dóma vegna fíkniefnabrota (261. mál) 2563.
Afstaða Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar (189. mál) 2485, 2552.
Almannatryggingar (225. mál) 2538.
Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (199. mál) 2499.
Bann við framleiðslu hergagna (124. mál) 2464, 2552.
Bifreiðamál ríkisins (204. mál) 2450.
Drengskaparheit unnið 2413.
Eldvarnir í opinberum byggingum (209. mál) 2450.
Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands (218. mál) 2450.
Framkvæmd eignarnáms (240. mál) 2423.
Frysting kjarnorkuvopna (187. mál) 2470, 2552.
Frysting kjarnorkuvopna (188. mál) 2478, 2552.
Fræðsla um kynferðismál (211. mál) 2553.
Grasкögglaverksmiðjan í Flatey (123. mál) 2459, 2552.
Greiðsluskilmálar húsnæðislána (106. mál) 2413.
Kostnaður vegna getnaðarvarna (210. mál) 2490, 2553.
Laun, samnings- og verkfallsréttur og lögverndun á starfsheiti kennara (213. mál) 2545.
Loðdýrarækt (235. mál) 2492, 2553.
Póstlög (248. mál) 2499.
Rannsókn kjörbréfs 2413.
Ríkisborgararéttur (236. mál) 2421.
Seðlabanki Íslands (205. mál) 2424, 2520.
Sjálfstæðar rannsóknastofnanir (219. mál) 2451.
Sjálfstætt bankaeftirlit (176. mál) 2539.
Skólasel (229. mál) 2558.
Stefnumörkun í menningarmálum (217. mál) 2444.
Tilhögun þingfunda 2444.
Um þingsköp 2449.
Umræður utan dagskrár 2451 (verðlagning á olíuvörum).
Undirbúningur að svæðabúmarki (267. mál) 2553.
Útflutningsráð Íslands (259. mál) 2506.
Útvarpslög (257. mál) 2516.
Viðskiptabankar (167. mál) 2421.
Viðskiptabankar (245. mál) 2535.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2413, 2444, 2449, 2450, 2458.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2527.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 2546, 2549, 2550.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 2538.
Landbrh. Jón Helgason 2421, 2462.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 2445, 2449, 2519, 2547, 2551.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2435, 2452, 2454, 2456, 2499, 2504, 2505, 2506, 2528.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 2468, 2473, 2477, 2481, 2489, 2490.
Björn Dagbjartsson 2492, 2498, 2509, 2513.
Davíð Aðalsteinsson 2416, 2515.
Egill Jónsson 2459, 2463, 2497.
Eiður Guðnason 2419, 2423, 2503, 2504, 2516.
Friðrik Sophusson 2547.
Guðrún Agnarsdóttir 2464, 2469, 2478, 2484, 2489, 2565.
Guðrún Helgadóttir 2447, 2482, 2534, 2539.
Haraldur Ólafsson 2413, 2476, 2520.
Helgi Seljan 2417, 2444, 2447, 2461, 2494, 2556, 2564.
Hjörleifur Guttormsson 2449, 2450, 2451, 2451, 2453, 2458, 2468, 2485, 2489, 2545, 2548, 2550, 2561.
Ingvar Gíslason 2448.
Jóhanna Sigurðardóttir 2535.
Jón Baldvin Hannibalsson 2551.
Jón Kristjánsson 2499, 2512.
Kjartan Jóhannsson 2441, 2452, 2455, 2457, 2459, 2520, 2532, 2563, 2566.
Kolbrún Jónsdóttir 2459, 2502, 2505, 2515.
Kristín Halldórsdóttir 2490, 2498, 2553, 2558.
Kristín S. Kvaran 2563.
Páll Pétursson 2455, 2458, 2470, 2477, 2478.
Skúli Alexandersson 2503, 2511, 2514.
Stefán Benediktsson 2413, 2418, 2420, 2421.
Stefán Valgeirsson 2470, 2495.
Svavar Gestsson 2424, 2538, 2551.
Valdimar Indriðason 2456, 2513.

Efri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. 257. mál (þskj. 488). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, stjfrv. 268. mál (þskj. 501). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 frá 1. júlí 1979, sbr. lög nr. 70 30. maí 1984. Frv. þetta er raunar fylgifrumvarp frv. sem er hér til meðferðar í hv. deild um endurskoðun laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Það þótti nauðsynlegt að flytja þetta frv. vegna væntanlegrar lagabreytingar á því sviði.

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 7 frá 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, felur í sér tillögu um lögfestingu á nýju almennu ógildingarákvæði, eins og segir þar í 6. gr. þess frv. sem liggur hér fyrir hv. deild. En það er gert ráð fyrir í 6. gr. þess frv. að 36. gr. þeirra laga orðist svo: „Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga."

Ákvæði þetta mun, ef að lögum verður, veita íslenskum dómstólum víðtækari heimild til ógildingar eða leiðréttingar ósanngjarnra samninga en gildandi réttarreglur heimila. Meginbreytingin frá gildandi rétti felst í því að hin nýja regla mun taka til allra samningstegunda á sviði fjármunaréttar og almennt veita heimild til þess að taka tillit til aðstæðna sem ekki voru fyrir hendi við samningsgerð ef talið yrði að ógilda eða leiðrétta þyrfti slíka samninga skv. reglunni.

Tekið skal fram að almenn ógildingarregla var lögleidd í Danmörku 1975, í Svíþjóð 1976 og í Noregi 1983. Hér er því miðað að því að samræma íslenska löggjöf réttarþróun á Norðurlöndum. Þetta er það sem er meginástæðan fyrir frv. um breytingu á lögum nr. 7 frá 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem hér liggur til umræðu.

Viðskrn. lagði til að 11. gr. laga um húsaleigusamninga yrði algerlega felld niður. Ef fallist hefði verið á þá tillögu hefðu húsaleigulögin sjálf ekki borið með sér að samningi gæti lokið af ógildingarástæðum. Á þessa tillögu var því ekki fallist í félmrn. Þess vegna var gerð tillaga að nýrri 11. gr. húsaleigulaga þar sem fram kemur að leigusamningi getur lokið vegna ógildingarástæðna. Hins vegar var fallist á að ógildingarákvæði skv. 6. gr. frv. um breytingu á lögum nr. 7/1936 gildi einnig um húsaleigusamninga, enda þar rýmri ógildingarheimild en nú felst í 11. gr. húsaleigulaganna.

Eins og kemur fram, virðulegi forseti, er hér um að ræða að breyta 11. gr. núgildandi laga og hún orðist svo:

„Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga."

Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986."

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Þetta skýrir sig sjálft. Að vísu reikna ég með því að hv. deild hafi til meðferðar nokkuð jafnhliða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þetta fylgist að.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Þjóðskjalasafn Íslands, frv. 258. mál (þskj. 489). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég gerði raunar nokkra grein fyrir efni þessa frv. hér í þessari hv. deild s.l. miðvikudag er ég mælti fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum. En í örfáum setningum er meginefni þessa máls það að felld verði niður ein málsgr. úr 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands. Sú málsgr. er svohljóðandi:

„Ríkisútvarp (hljóðvarp, sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri og útvarpsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð."

Ég tel rétt að þessi málsgrein verði felld út úr lögunum um Þjóðskjalasafn þar sem ákvæði um þetta eiga tvímælalaust heima í útvarpslögum og það frv., sem ég hef flutt til breytinga á útvarpslögum, hefur að geyma ákvæði um þetta. Ég tel með öllu óeðlilegt að þjóðskjalavörður eða hans virðulega embætti hafi bein og dagleg afskipti af því hvaða efni úr dagskrá útvarps og sjónvarps er varðveitt. Það er í fyrsta lagi óeðlilegt og í öðru lagi er það óframkvæmanlegt, sem er nú kannske meginatriði málsins. Þess vegna eiga þessi ákvæði að vera í útvarpslögum.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég get fyrir það fyrsta fallist á þá skoðun flm. þessa frv. að umrædd ákvæði, sem nú eru í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, eigi fremur heima í útvarpslögum. Hins vegar er grunur minn sá að ástæðan fyrir því að þessi ákvæði voru sett þar á sínum tíma hafi ekki síst verið til þess að tryggja á lagagrunni að um yrði að ræða samstarf Ríkisútvarpsins og þjóðskjalavarðar. Nú er ég ekki þar með að segja að slíkt samstarf mundi ekki verða enda þótt slíkum ákvæðum væri ekki til að dreifa. Sú breyting eða tilfærsla, ef ég má svo að orði komast, sem hér er gerð er breyting að nokkru öðru leyti að mínum dómi.

Í 4. gr. frv. á þskj. 488, sem er frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og hefur verið rætt hér, er hið

nýja ákvæði, það ákvæði sem fært hefur verið til. Þar er ekki gert ráð fyrir samráði við þjóðskjalavörð enda þótt augljóst sé af lögum um Þjóðskjalasafn Íslands að frumkvæði Þjóðskjalasafnsins er ævinlega til að dreifa þegar um er að ræða varðveislu og söfnun efnis og skil á því frá skilaskyldum aðilum. Ekki einasta það, heldur líka eftirlit Þjóðskjalasafns Íslands vegna ónýtingar efnis fyrir fullt og fast. Ég tel að þrátt fyrir þessa augljósu frumkvæðisskyldu þjóðskjalavarðar og Þjóðskjalasafnsins sé eðlilegt að þegar reglur verða samdar um frambúðarvarðveislu dagskrárefnis Ríkisútvarpsins, þá verði slíkar reglur samdar í samráði við þjóðskjalavörð. Ég held að það geti að vissu leyti einfaldað alla framkvæmd þessa máls.

Vík ég þá að 2. tölul. 4. gr. laganna um Þjóðskjalasafnið, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn m.a. gegna á þann hátt að:

2. líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar."

7. gr. umræddra laga hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala."

Ég hef tekið það fram, og vil endurtaka raunar, að ég tel eðlilegt að þegar reglur verða samdar um þetta efni af hálfu Ríkisútvarpsins, útvarpsstjóra, útvarpsráðs, þá verði jafnframt ákveðinn lagagrunnur í samráði við þjóðskjalavörð.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Það má svo sem til sanns vegar færa að það sé ekkert óeðlilegt við það að slíkar reglur sem hér um ræðir séu samdar í samráði við þjóðskjalavörð. En ég sé hins vegar ekki að þjóðskjalavörður sé eða geti verið í þeirri aðstöðu að eiga betra með að meta en starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem um dagskrána hafa fjallað, hvaða efni sé þess virði að vera varðveitt til frambúðar.

Raunar er alveg sama hvernig við lítum á þetta mál, hvort okkur greinir á um það eða erum sammála, að ákvæðin um varðveislu efnis, eins og þau eru nú í þeim útvarpslögum sem tóku gildi 1. janúar s.l., eru auðvitað með þeim hætti að þau eru ónýt. Það var til vansa fyrir Alþingi að samþykkja þau ákvæði eins og gert var í fyrra og á var bent. Ég held að útvarpsstjóra og starfsmönnum útvarpsins að höfðu samráði við útvarpsráð sé mætavel treystandi til að móta slíkar varðveislureglur sem ég held að verði að vera til. Ég fæ ekki séð að þjóðskjalavörður og hans virðulega embætti sé hreinlega í neinni aðstöðu til þess að móta þetta og ég held að í rauninni sé það hluti af sjálfstæði Ríkisútvarpsins að vera nokkuð sjálfrátt um þessa hluti. Ég tel að þeim mönnum sem starfa þar við dagskrárgerð og stjórnun sé fyllilega til þess treystandi að þessi mál geti verið í góðu horfi.

Ég bendi á að um þetta gilda núna engar reglur, engar reglur aðrar en þær ruglreglur, sem er að finna í útvarpslögunum sem tóku gildi um s.l. áramót, en eftir þeim er ekki hægt að vinna og þess vegna verður að breyta þeim eins og búið er að benda á hér oftlega áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Fjarnám ríkisins, frv. 271. mál (þskj. 505). — 1. umr.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um fjarnám ríkisins, en frv. hefur verið dreift og er á þskj. 505. Heitið fjarnám felur í sér fræðslu og nám þar sem þeir sem námið stunda hafa aðsetur fjarri þeim sem fræðsluna veita.

Fjarnám hefur alllengi verið iðkað á Íslandi. Telja verður að það hafi byrjað þegar Bréfaskóli Sambands ísl. samvinnufélaga var stofnaður haustið 1940. Bréfaskólinn hefur gegnt og gegnir enn mikilvægu menntunarhlutverki. Um 25 ára skeið var uppi allmikið samstarf milli Bréfaskólans og Ríkisútvarpsins. Aðallega var þar um framburðarkennslu tungumála að ræða. Þessi samvinna lagðist af þegar endurnýja þurfti kennsluefni, þ.e. seint á sjöunda áratugnum. En sá áratugur hefur einmitt víða verið nefndur blómatími fullorðinsfræðslunnar og skýtur þarna allskökku við um þróun mála hér á landi og erlendis, því að í sama mund og hljóðvarps- og sjónvarpsfræðsla efldist erlendis visnaði sá vísir sem að henni var hér á landi. Eftir stofnun sjónvarpsins íslenska voru á dagskrá þess nokkrir kennsluþættir sem byggðu á bóknámi og útsendingum sjónvarps. En veigamesta kennsluefnið sem Ríkisútvarpið hefur haft á boðstólum á undanförnum árum er án efa Hildur, kennsluefni í dönsku fyrir sjónvarp og hljóðvarp, ásamt lesefni. Efnið hefur einnig fengist á hljóðböndum og myndböndum. Þetta efni var gert í samvinnu Dana og Íslendinga og fjármagnað að stórum hluta af Dönum. Margir ágætir fræðsluþættir eru á dagskrá sjónvarps og hljóðvarps, en engin heildarskipulagning er þar á né samvinna við fræðslustofnanir um nýtingu efnis.

Nokkrar umræður um skipulagningu fjarnáms hafa átt sér stað hér á landi á umliðnum áratug. Árið 1974, nánar tiltekið þann 26. ágúst, var stofnuð nefnd þriggja manna til að gera tillögur um nýtingu sjónvarps og útvarps til kennslu bæði fyrir almenning, svo sem í sambandi við fullorðinsfræðslu, og einnig í þágu skóla. Í nefndinni sátu Andri Ísaksson prófessor, formaður nefndarinnar, Andrés Björnsson útvarpsstjóri og Benedikt Gröndal alþingismaður. Nefndin skilaði áliti að fimm árum liðnum og bar það heitið Útvarpsskólinn, álit útvarps- og sjónvarpsfræðslunefndar. Aðalatriðið í tillögum nefndarinnar var að stofnað skuli til fastrar og aukinnar fræðslustarfsemi í Ríkisútvarpinu, útvarpi og sjónvarpi, fyrir almenning og beri sú fræðslustarfsemi nafnið Útvarpsskólinn. Gert er ráð fyrir að samvinna verði milli menntmrn., Ríkisútvarpsins og frjálsrar fullorðinsfræðslu í þessu sambandi.

Nefndin mun hafa lagt mikla vinnu í gerð tillagna sinna, en þær virðast enn sem komið er ekki hafa hlotið þann byr sem skyldi. Nú hefur hæstv. menntmrh. skipað nýja nefnd sem fjalla á um fjarkennslu á æðri stigum menntakerfisins og vil ég vona að sú nefnd gaumgæfi bæði þessar tillögur og aðrar sem nýta má.

Í frv. til laga um fullorðinsfræðslu, sem Vilmundur Gylfason, þáv. menntmrh., lagði fram á Alþingi 7. febr.

1980, voru tvær greinar er varða fjarnám sérstaklega, þ.e. 4. gr. sem fjallar um fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpi og tengsl þess við aðra fullorðinsfræðslustarfsemi í landinu og 5. gr. sem fjallar um það sem þar er nefnt Farnámsflokkar Íslands og er hliðstæða þess sem hér er nefnt fjarnám.

Nú liggur hér fyrir frv. til laga um fjarnám ríkisins þar sem augum er fyrst og fremst beint að fræðslu og námi þeirra sem minnsta skólamenntun hafa. Frv. gerir ráð fyrir samvinnu og samhæfingu þeirra krafta sem virkja mætti til fræðslunnar, svo sem útvarps- og bréfaskóla og þeirra aðila sem stunda skipulagða fræðslu á þessum stigum, þ.e. í efri bekkjum grunnskólastigs, framhaldsskóla, svo og í starfsnámi ófaglærðra, sem er harla óplægður akur enn sem komið er, en þeim mun mikilvægari.

Í útvarpslögum nr. 68/1985 segir svo í 16. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum." Samkvæmt þessari grein ætti því samvinna við Ríkisútvarpið að vera sjálfsögð. Bréfaskólinn er aftur á móti sjálfstæð stofnun í eigu ýmissa félagasamtaka og ekkert í lögum sem knýr þau til samstarfsins, en gera má ráð fyrir að þau séu fús til þess þar eð slíkt samstarf er hér um ræðir mundi efla bréfaskólann til muna. Fjarnám ríkisins mundi einnig annast sjálft bréfafræðslu þar sem þurfa þætti.

Í grg. með frv. er sagt frá innihaldi hinna ýmsu kafla og greina og ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa kafla úr henni. Í athugasemdum með 1. gr. stendur:

„Víða úti um land eiga skólar í erfiðleikum með að veita þá fræðslu sem óskað er vegna fámennis eða kennaraeklu. Við slíkar aðstæður mun fjarnám og fjarfræðsla koma skólum og nemendum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi að góðum notum, einnig sem viðbót við kennslu í einstökum kennslugreinum. Margir nemendur búa svo afskekkt að þeir verða að dveljast langdvölum að heiman til að fá almenna skólafræðslu. Fjarnám og fjarfræðsla gæti stytt þeim dvölina að heiman og lækkað námskostnað þeirra til muna. Ekki síst mundi fjarnám koma fullorðnum að gagni þar eð þeir eiga enn erfiðara um vik að sækja nám fjarri heimaslóðum en ungmennin. Vaktavinnufólk og fólk með skerta ferligetu mundi með fjarnámi fá mjög bætta aðstöðu til náms.

Í greininni er einnig rætt um starfsnám. Þar er átt við starfsnám ófaglærðs starfsfólks í mörgum greinum, ekki síst í höfuð- og undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, en þar er um lítt plægðan akur að ræða og brýnt að úr verði bætt hið fyrsta. Í annan stað er mikill skortur á starfsnámi fyrir ófaglært fólk í umönnunarstörfum sem unnið gæti við hlið hinna faglærðu."

Um meginmarkmið laganna er það að segja að þeim er ætlað að jafna aðstöðu fólks, bæði ungmenna og fullorðinna, til náms. Í dreifbýlu landi eins og Íslandi ber nauðsyn til að gera ráðstafanir til að létta þeim námsöflun sem strjált búa. Það er alkunna að fullorðnir vinna langan vinnudag hér á landi og margir bera þungar fjárhagslegar byrðar. Frá ábyrgð og skyldum getur fólk ekki hlaupist og þær verða því oft fjötur um fót þegar náms skal afla til að bæta afkomu og lífsaðstöðu. Þennan vítahring, sem margir eru í, þarf að rjúfa.

Fjölmargar aðrar ástæður geta legið til þess að fjarnám er eina færa leiðin fyrir þá sem búa við skerta ferligetu og aðra er stunda vaktavinnu eða eru bundnir yfir börnum og sjúkum.

Í annan stað er það markmið laganna að efla og samhæfa þá mörgu tiltæku miðla sem lítt eða ekki eru nýttir til skipulagðs náms og fræðslu í landinu. Í greininni er það nýmæli að þar er rætt um fræðslustöðvar. Þar er átt við það að í hverju fræðsluumdæmi þarf að vera ein stöð a.m.k. sem þeir er fjarnám stunda geti leitað til og fengið leiðsögn og nýtt kennslugögn og tæki þar. Fræðslustöðin væri best komin í nánum tengslum við kennslugagnamiðstöðvar þær sem koma þarf upp í fræðsluumdæmunum, en á meðan slíkar kennslugagnamiðstöðvar eru ekki til væru fræðslustöðvar fjarnáms í tengslum við fræðslustjóra hvers umdæmis.

Þar sem rætt er um námsefni það sem helst þyrfti að kenna í fjarnámi ríkisins eru taldar upp í 6. gr. ýmsar greinar sem reynsla hefur sýnt að er mikill hörgull á kennslu í og þörf á að bæta við, þ.e. almennar kjarnagreinar svo sem eins og íslenska, stærðfræði, danska og enska. Það er alls staðar og alltaf þörf fyrir aukna kennslu í þessum greinum. Þá eru námsgreinar sem erfitt er að veita kennslu í á fámennari stöðum, svo sem eins og raungreinar, sænska og norska. Sænska og norska eru olnbogabörn í íslensku menntakerfi enn sem komið er. Við þetta mætti bæta löngum lista verklegra og huglægra greina, til að mynda uppeldis- og sálarfræði og tölvufræðum. Listinn er í rauninni óendanlegur. Því er verkefnið stórt sem í má ráðast.

Í þriðja lagi er námsefni handa ófaglærðu fólki til fræðslu sem skv. kjarasamningum eða ákvörðun stjórnvalda ætti að vera í boði. Um námsefni ófaglærðs fólks er það að segja að vinda þarf bráðan bug að samantekt þess, en það mundi verða í verkahring starfsfólks fjarnámsins og í samvinnu við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Á síðustu árum hafa komið til sögu æ fleiri náms- og fræðslumiðlar og eru þeir helstu nefndir í 7. gr. og öllum raunar kunnir hér, en öflugasta fræðslan fer þó fram frá leiðbeinanda til nemanda. Því er mikilvægt að í fræðslustöðvum sé starfsmaður með góða almenna kennaramenntun og að til námskeiðanna, sem gert er ráð fyrir að haldin séu í sambandi við fjarnám ríkisins, verði valdir hæfustu kennarar. Á námskeiðunum mundi svo fara fram ýmislegt sem ekki er hægt að fara með annars staðar, t.d. tilraunir og talæfingar í tungumálum. Þar mundu einnig vera námshópar, umræðuhópar sem fjölluðu um hin margvíslegustu efni í huglægum greinum.

Í 8. gr. er rætt um að próf og kunnáttukannanir yrðu með sama hætti og fræðslan, þ.e. með heimaverkefnum og prófum og námskeiðum eða í skólum eftir því sem handhægast þætti í hvert sinn. Í greininni er einnig getið um það sjálfsagða atriði að námsmat frá fjarnámi ríkisins skuli vera jafngilt námsmati hins almenna skólakerfis, enda ættu nemendur með slíkt námsmat rétt á inngöngu í skóla til jafns við nemendur úr hinu almenna skólakerfi. Telja verður eðlilegt að námsmat úr starfsnámi verði hægt að meta til stiga eða punkta til jafns við valgreinar á framhaldsskólastigi. Þetta er nýtt fyrirbæri sem ég nefni hér, en eiginlega mjög nauðsynlegt að komi inn í lögin og verður alla vega að vera í reglugerð um þau.

Í 9. gr. er rætt um yfirstjórn fjarnáms ríkisins, að hún

eigi að vera í höndum menntmrn. en að ráðuneytinu beri að hafa sem víðtækast samráð við þá sem hagsmuna eiga að gæta. Þar er m.a. um að ræða sveitarfélög og verkalýðsfélög og svo einnig þá aðila sem miðlun fræðslunnar munu annast. Það mun sennilega nauðsynlegt að setja á stofn samstarfs- og samráðsnefndir til að sjá um framkvæmd þessara laga.

Í 10. gr. er rætt um starfslið fjarnáms ríkisins. Í miðstöð fjarnáms yrði að vera starfandi fjarnámsstjóri og fagstjórar auk aðstoðarfólks, en í fræðslustöðvum yrðu einnig að vera einn eða fleiri leiðbeinendur eftir því sem þörfin leiddi í ljós að yrði að vera. Miðstöð fjarnáms yrði komið fyrir í námunda við Námsgagnastofnun ríkisins og ætti náið samstarf við hana svo og aðra sem miðla mundu fræðsluefni. Fræðslustöðvar yrðu að vera a.m.k. ein í hverju fræðsluumdæmi og væri komið fyrir, eins og áður er sagt, í námunda við kennslugagnamiðstöðvar eða fræðslustjórana. Auk þess starfsfólks sem hér hefur verið nefnt er líklegt að lausráða þurfi kennara til að kenna á námskeiðum sem haldin yrðu um landið.

Í 11. gr. er rætt um kostnað við fjarnám ríkisins, að hann verði greiddur á sama hátt og við hið almenna skólahald í grunn- og framhaldsskóla. Um kostnað hljóðvarps og sjónvarps þurfa að koma til þær reglur sem um útsendingu annarra dagskrárliða gilda. Um kostnað við gerð námsefnis starfsnáms og kennslu á þeim vettvangi yrði að setja sérstök reglugerðarákvæði unnin í samvinnu við fulltrúa ríkisins, stéttarfélög og vinnuveitendur.

Líklegt er að setja verði tvær reglugerðir um fjarnám ríkisins, aðra um nám sem er hliðstætt almennu skólanámi, hina um starfsnámið. Þó að lög þessi hafi að geyma ýmis nýmæli er auðvelt að hrinda þeim í framkvæmd og fimm ára undirbúningstími ætti því að vera yfrið nægur.

Í 14. gr. er svo getið um endurskoðun þessara laga.

Frv. þetta um fjarnám ríkisins er ekki sett fram til að leysa af hólmi stofnanir sem fræðslu stunda í landinu og hafa haldið uppi fjarnámi eða fullorðinsfræðslu í einhverri mynd heldur er því ætlað að efla og örva samstarf þeirra og fylla upp í þau skörð sem kunna að vera í framboði náms og fræðslu. Hverri þjóð sem vill kenna sig við menningu og framfarir er þörf á því að halda uppi fjölbreyttri fræðslu fyrir þegna sína og því betri sem grunnfræðslan er, þeim mun líklegra er að háu marki verði náð á efri stigum skólakerfisins. Þess vegna fjallar frv. um fjarnám á undirstöðustigum menntunar bæði almennrar og verklegrar.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðu um frv. legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það kemur auðvitað oft fyrir í þessari hv. deild að okkur detti í hug að það sé ekki vansalaust að við skulum ekki eiga víðtæka og almenna löggjöf um fullorðinsfræðslu og endurmenntun, sérstaklega í samhengi við það að við höfum fengið hér inn í þessa deild oftar en einu sinni lagabálka, kannske fulllanga lagabálka um hvernig fara ætti með fullorðinsfræðslu í landinu og með það mörgum fylgiskjölum að menn hafa jafnvel ekki treyst sér til að lesa allt saman yfir í önnum daganna. Hér er hins vegar komið inn á ákveðna þætti þessa með beinum og ákveðnum hætti. Þar er eflaust ýmislegt sem þyrfti að koma til athugunar varðandi framkvæmd alla, en ég lýsi því yfir að mér þykir hér um mjög athyglisverða leið að ræða sem ég held að sé verð allrar athugunar, mjög athyglisverða leið. Það er ekki vansalaust fyrir okkur, eins og ég sagði áðan, úr því að við höfum ekki þá víðtæku löggjöf sem við þyrftum vissulega að hafa, að standa að málum eins og við gerum í dag.

Það má kannske segja að meðan við höfum ekki einu sinni komið okkur í það verkefni að byggja upp framhaldsskólalöggjöfina sé eðlilegt að þetta sitji einnig eftir, en nú sé ég að hæstv. menntmrh. hefur ákveðið að taka á sig rögg — kannske er það ekki rétt orðað vegna þess að hann er nýkominn í embætti — eða taka til hendi varðandi það vanrækta verkefni að koma á ákveðinni framhaldsskólalöggjöf sem allra fyrst og hefur sett í það nefnd sem einmitt einn af hv. deildarmönnum hér stýrir og ég býst við að muni skila árangri og vona svo sannarlega að geri það sem allra fyrst, enda kannske fátt annað þar eftir til ágreinings en kostnaðarhlutdeild, annars vegar ríkis og hins vegar sveitarfélaganna, varðandi það nám allt.

Ég skal ekki vera að tefja tímann varðandi þetta mál sem mér sýnist hið athyglisverðasta, skýrt framsett, einfalt og ætti þar af leiðandi ekki að vefjast fyrir mönnum því að vissulega þurfum við að nýta alla möguleika til að koma ákveðinni fræðslu, ákveðinni starfsmenntun, ákveðinni endurmenntun til þess fólks sem vill en getur ekki og á í erfiðleikum með að nýta sér það.

Hér hafa verkalýðssamtökin farið inn á athyglisverðar tilraunir í þessu efni með sínum skóla sem vissulega ber að meta og er kannske, fyrir utan almenna bréfaskóla, námsflokka og annað því um líkt, eina alvarlega tilraunin sem hefur verið gerð til þess arna, en um leið mjög merkileg vegna þess að þar hefur verið um það að ræða að ófaglært fólk með öllu og fólk sem hefur hlotið litla skólagöngu hefur einmitt nýtt sér skóla verkalýðssamtakanna þó að það hafi reyndar verið miklu meira í námskeiðaformi að því er ég best veit, en hér inni situr nú einmitt sá maður sem kannske veit einna mest um þann skóla og þarf ég því ekki að skýra nánar í hverju það nám er fólgið, en vissulega hef ég orðið var við marga sem þaðan hafa komið sem hafa talið sig græða virkilega á námskeiðahaldi því sem MFA hefur staðið fyrir.

Ég legg líka áherslu á það sem hv. flm. kom inn á varðandi það að hér þarf að jafna aðstöðu fólksins sem vill en getur ekki, vill en hefur ekki til þess aðstöðu. Það fólk sem vinnur nú myrkranna á milli vill jafnvel leggja það á sig, ef aðstaðan er fyrir hendi, að nema jafnhliða þessum þrældómi, nema eitthvað, bæði til að gera sig færari um að sinna sínu starfi og ekki síður til að auðga anda sinn í þeirra orða bestu merkingu.

Ég styð það að þetta mál fái vandlega athugun. Það er ekki svo flókið eða viðamikið þó það geti orðið býsna víðfeðmt, það sé ég náttúrlega þegar, að menn ættu ekki að geta nokkurn veginn skammlaust tekið afstöðu til þess hvort þeir væru með því eða móti.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Frv. til laga um fjarnám ríkisins er nýjung sem vert er að gefa mikinn gaum. Reyndar er það svo að hingað í Alþingi koma frv. sem fjalla um menntun, frv. sem eru, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, miklir lagabálkar og

ýmsum hugmyndum varpað fram. En ég tel að ýmislegt er lýtur að almennri fræðslu í landinu sé í skötulíki, eins og hæstv. menntmrh. orðar það oft, og það þurfi betra skipulag á ýmsar greinar.

Ég minni á það, eins og reyndar kom fram hjá hv. flm., að ýmislegt er í gangi í þessum efnum. Minntist hún á Bréfaskóla SÍS sem reyndar er bréfaskóli Alþýðusambandsins einnig. Þess ber að geta einnig, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að viðamikil fræðsla fer fram í verkalýðssamtökunum um félagsleg málefni, málefni kjarasamninga, málefni vinnumarkaðarins, og ýmiss konar námskeið og námsefni er víða að finna í þjóðfélaginu án þess að fyrir því sé nokkur löggjöf. En ég minni á að verkalýðssamtökin hafa óskað eftir því að sett verði sérstök lög um Félagsmálaskóla alþýðu sem geri hann styrkari og traustari í sessi. Við höfum trú á því að sú fræðsla sem þar fari fram henti betur en nokkuð annað því fólki sem er þátttakendur í starfi verkalýðssamtakanna og er úti á vinnustöðunum og hefur lokið sinni menntun eða ekki fengið aðra menntun. Ég bendi líka á að auk félagsmálaskólans fer ýmiss konar fræðsla fram víðs vegar um landið.

En það sem ég vildi sérstaklega minnast á, sem um er getið í 6. gr. frv. c-lið, er það sem sagt er um námsefni, námsefni handa ófaglærðu fólki til fræðslu sem skv. kjarasamningum eða ákvörðun stjórnvalda á að vera í boði.

Í fyrsta lagi tel ég að þetta verði að vera í nánu samstarfi við verkalýðssamtökin. Í öðru lagi vil ég minnast á að við Íslendingar erum mjög aftarlega í þessum efnum. Ég fullyrði að nágrannaþjóðir okkar, t.d. Danir, eru komnir mörgum árum á undan okkur í því að fræða það fólk sem er úti á vinnumarkaðnum. Nýlega hélt danska verkalýðshreyfingin upp á 20 ára afmæli laga sem sett voru um starfsfræðslu fólks á vinnumarkaðnum. Þeirrar starfsfræðslu hafði þá notið 1 milljón manna. Sú starfsfræðsla er í því fólgin að kenna fólki vinnubrögð með verkþjálfun og öðru. Það er samdóma álit verkalýðsfélaga og vinnuveitendafélaga að þessi fræðsla hafi komið að miklu gagni dönskum iðnaði, danskri verkkunnáttu og orðið til þess að gefa svigrúm til launahækkunar. Þetta er allt eftir hjá okkur. Við höfum afskaplega stutt farið í þessum efnum.

En einmitt þessa mánuðina er að fæðast nokkuð í svipuðum dúr og þar hefur tíðkast lengi. Þann 15. júní s.l. var gert samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um að koma á námskeiðum fyrir sérhæft fiskvinnslufólk, fiskvinnslufólk sem hefur verið mjög aftarlega á merinni hvað launakjör snertir. Það hefur verið íslensku þjóðinni til skammar hversu lítið hefur verið hugað að þeim málum. Alveg frá því að þetta samkomulag var gert hefur farið fram mikil vinna aðila vinnumarkaðarins, þ.e. Verkamannasambandsins og Vinnuveitendasambandsins, en fyrir nokkru tókst samstarf við sjútvrn. um þessa hluti og ráðuneytið hefur lýst sig boðið og búið til að stuðla að því að af þessu geti orðið.

Þessi fræðsla er hugsuð þannig að námskeið geti átt sér stað víðs vegar um landið og til þess fengnir hæfustu kennarar. Námsefni verði í tíu hlutum sem standi yfir í fjórar klukkustundir hvert svið. Þar er fjallað um hráefni og meðferð þess, líkamsbeitingu, á ljótu máli ergonomia, öryggi á vinnustöðum, hreinlæti og gerlagróður, þjálfun og verkþjálfun, kjarasamninga og lög, launakerfi í fiskvinnslu, vinnslurásir og verkunaraðferðir, afurðir og markaði og mannleg samskipti. Það er meiningin að svona námskeið, sett saman úr tíu þáttum, verði fyrir það fólk sem starfar í fiskvinnslu, starfar í frystingu, saltfiski, skreið og öðru slíku er lýtur að fiskiðnaði. Ég er sannfærður um að reynslan af þessu á eftir að verða svipuð og hefur átt sér stað í Danmörku.

Hugurinn reikar kannske til þess að athuganir hafa verið gerðar á því að framleiðni í fiskiðnaði er mun meiri í Danmörku og ýmislegt er lýtur að betri vinnubrögðum er talið vera á besta vegi í Danmörku. Þeir þakka það þessum skólum, þessari verkþjálfun, þessari þekkingu.

Ég er sannfærður um að verði þetta að veruleika, sem ég tel að verði, verði um að ræða gjörbyltingu í þessum málum á Íslandi. Það er skoðun mín að það eigi ekki að staðnæmast við fiskiðnaðinn einan heldur eigi þetta að gerast líka í iðnaði, reyndar eins og er á Norðurlöndunum, og þetta verði að njóta forustu verkalýðssamtakanna eða aðila vinnumarkaðarins beggja og með stuðningi ríkisins.

Sjútvrn. hefur tekið þessu verkefni mjög vel, en ég minni á að frumkvæðið hefur allt komið frá verkafólkinu sjálfu, ekki að ofan, sem mér þykir merkilegt, enda sýnir það kannske hvernig þessum málum er komið og að það þarf að reka á eftir þessu.

En þessi vinna er í fullum gangi og mun fara af stað núna á næstunni. Við búumst við að þeir sem hafa lokið þessu námi og þessari verkþjálfun fái kaupauka í sinn hlut og fiskiðnaðurinn njóti betri starfskrafta en ella.

Ég minntist á að sjútvrn. væri aðili að þessu, en í frv. er alltaf talað um menntmrn. Það er nokkuð sem þyrfti að skoða, hvaða ráðuneyti eigi að taka þessi mál fyrir, hvort það eigi að vera í einu ráðuneyti, menntmrn., sjútvrn. eða hvað sem það er. Það er mín skoðun að fræðsla er lýtur t.d. að sjávarútvegi eigi að vera í sjútvrn. Sjómannaskólanum eigi t.d. að vera stjórnað þaðan og Fiskvinnsluskólanum. Ég tel að þessi tengsl verði styrkari og betri ef þessi menntunarmál eru sett undir þau ráðuneyti sem fjalla um þau svið almennt. Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. segi sína skoðun á því.

Ég hygg að þegar sett verða lög um almenna fræðslu, fullorðinsfræðslu, verði sú reynsla sem Norðurlöndin hafa af fullorðinsfræðslu skoðuð og einkum með tilliti til þess sem er að gerast í starfsfræðslu ófaglærðs fólks. Það fólk þarf ekki endilega að verða sprenglært í íslensku, dönsku og sænsku heldur í vinnubrögðum í því er lýtur að þeim verkefnum sem það á við. Ég er ekki að tala af óvirðingu um tungumálanám, hv. flm. má ekki taka það þannig, en ég á við að það er nokkurs virði að sérhæfa þessa þekkingu og gera fólki kleift að ná þeirri þekkingu sem það þarf á að halda án þess að of mikið verði af aukagreinum ef svo mætti segja.

Ég vildi aðeins minnast á þetta. Ég fagna umræðu sem vissulega kemur til með að verða um þetta frv. og tel það lofsvert frumkvæði að brydda upp á þessu. Ég vildi segja frá því sem er í burðarliðnum hjá verkalýðssamtökunum og því sem er fyrir hendi þar.

Ég tel hins vegar að við þyrftum að huga mun betur að þeirri fullorðinsfræðslu sem fyrir hendi er í hinu almenna skólakerfi. Mér er kunnugt um að t.d. í fjölbrautaskólum, þar sem talað er um að starfræktar séu öldungadeildir, er oft mjög erfitt að fá það nám sem menn vilja vegna þess að hinar ýmsu greinar eru

kannske ekki kenndar svo árum skiptir, en það gerir því fólki erfitt fyrir sem ætlar sér að fara í gegnum þetta nám.

Ég tel þörf á því að setja reglur eða lög um fjarnám ríkisins. Um efnisatriði tel ég ástæðulaust að ræða frekar fyrr en ég hef skoðað það frekar, og það gerist náttúrlega í nefndum, en taldi rétt að minna á að ýmislegt er að gerast og ýmislegt verður sjálfsagt á döfinni. Meira er verið að gera en það sem ég hef sagt frá hér. Ég minni á hlutverk Iðntæknistofnunar t.d. sem mætti lúta að því að mennta ófaglært iðnverkafólk, það er hugmyndin að svo verði gert, og jafnvel faglært verkafólk. En það hefur ekkert í því skeð að marki. Það hefur ekki orðið eins ör þróun í því og þyrfti að vera. A.m.k. er það þar eins og í sjávarútveginum að við erum mörgum, mörgum árum á eftir nágrönnum okkar í þessum efnum.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv.

Ef ég skil hv. flm. rétt er þetta frv. fyrst og fremst flutt til að fylla í skörðin þar sem á skortir í okkar menntakerfi. Ég vil hins vegar vara við því að það kunni að verða togstreita á milli fræðslustöðvanna og fræðslustjóranna ef þetta frv. verður að lögum. Ég hefði kosið að það væri kveðið á um meira samstarf þar á milli, einfaldlega vegna þess að það getur komið til mjög örðugt mat skv. frv. hvort upp skuli taka svokallað fjarnám eða hvort haldið verði áfram eðlilegri uppbyggingu skólastarfs. Þá er ég ekki síst með í huga skóla víða út um land, út um hinar dreifðu byggðir.

Sannleikurinn er sá að enn þá skortir mjög mikið á að grunnskólakerfið hafi verið byggt upp eins og lög mæla fyrir um. Við þekkjum það vegna árlegrar umfjöllunar um fjárlög hversu miklar fjárhæðir vantar til að standa við lög í þessum efnum, byggja upp okkar grunnskólakerfi eins og lög gera ráð fyrir..

Ég er ekki með þessum orðum að víkja mér undan því að taka ásamt öðrum á þessu máli, síður en svo, en ég vil vara við því að við flýjum ekki, ef ég má svo að orði komast, úr einu víginu í annað.

Okkur er öllum að sjálfsögðu fullkunnugt um að það er örðugur rekstur ýmissa skóla úti á landsbyggðinni. Þeir erfiðleikar stafa af ýmsum ástæðum. Við skulum segja sem svo að fleiri en færri nytu svokallaðs fjarnáms í hinum fámennari byggðum. Hvernig yrði um viðkomandi skóla? Að sjálfsögðu yrði enn þá örðugra að reka skóla í viðkomandi umdæmi. Ég vil aðeins benda á þetta. Auðvitað kemur þetta allt til mats.

Ég hygg að skv. 4. gr. frv. geti slíkt mat reynst mjög örðugt í sannleika sagt, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Allir þeir sem eru ofar skólaskyldualdri eiga rétt á þátttöku í fjarnámi, svo og þeir á skólaskyldualdri sem vegna ytri aðstæðna eða persónulegra ástæðna verða að nýta sér fjarnám fremur en samfellda skólasetu."

Hins vegar vil ég taka undir með fjölmörgum sem að því hafa vikið, reyndar ekki í þessari umræðu, hversu nauðsynlegt er að skólakerfið okkar sé hreyfanlegt. Þjóðfélagið breytist allört og við megum ekki steinrenna þegar um skólakerfið er að ræða. Það þarf að vera nokkuð hreyfanlegt.

Að öðru leyti ætla ég ekki að víkja að þessu frv. Ég tek undir með öðrum ræðumönnum að hér er hreyft þörfu máli, en við þurfum að skoða það vel. Ég sakna þess að vísu að ekki er gerð tilraun til að meta hugsanlegan kostnað af frv. Ég geri engar kröfur um það og e.t.v. er tæplega hægt að ætlast til þess af hálfu flm. að slíkt kostnaðarmat liggi fyrir, enda geri ég mér grein fyrir því að ef fjarnámi af þessu tagi yrði komið á eða fjarfræðslu veit enginn í hversu ríkum mæli slíkt yrði.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég held að nokkurs misskilnings gæti, eins og hjá hv. 5. þm. Vesturl., að fjarkennslan komi í stað skólakerfis sem við búum við. Hún verður í besta falli viðbót nokkurn veginn alveg. Við getum ekki yfirgefið gömlu aðferðina okkar við kennslu, hin persónulegu tengsl og aðra skipulagningu sem að því lýtur.

Ég þykist nú ekki eiga að svara fyrir það sem ekki hefur komið á ofan í skólakerfi okkar enn þá, en að því dregur náttúrlega því lengur sem ég sit í því sæti sem ég nú geri. En ég hef oft leitt hugann að því hvort hinir margfrægu og margnefndu aðilar vinnumarkaðarins hefðu ekki átt að láta meir og betur til sín taka á ýmsum sviðum en raun ber vitni um. Ég er raunar að gera nokkra tilraun til þess að ná við þá sambandi. Ég finn t.d. til þess sem fyrrverandi forustumaður í samtökum verslunarfólks að harla skammt miðar áfram um menntunaraðstöðu þess miðað við t.a.m. það sem fólk býr við á öðrum löndum eins og hið næsta okkur, á Englandi eða öðrum Norðurlöndum. En allt á þetta kannske sína skýringu. Annað skólakerfi kann að bjóða upp á það sem ella er stundað með þessum hætti þó ég dragi það allmjög í efa.

Ég hafði frumkvæði að því við hæstv. sjútvrh. að hefja umræður um möguleika á samvinnu ráðuneytanna um t.a.m. Fiskvinnsluskólann og ég gerði það vegna þess að mér sýnist fóstrið hjá fagráðuneytunum vera miklu árangursríkara en í bendunni hjá menntmrn. Er ég þó ekkert að færast undan því sérstaklega þar sem það á við fiskiðnað að sinna þeim verkum. En ég ber saman fjárveitingar til Fiskvinnsluskólans á Íslandi og Búnaðarskólans á Hvanneyri sem þegar nýtur háskólaréttinda. Ég man ekki þá tölu nákvæmlega, en mismunurinn er sá að til Bændaskólans á Hvanneyri hverfa einhverjar 45–46 millj. kr., ég er þó ekki að sjá ofsjónum yfir því, en Fiskvinnsluskólinn nýtur einhverra 6 milljóna. Á Íslandi! Og hann hefur verið olbogabarn. Menn hafa ekki um þetta skeytt. Matvælaiðjulandið Ísland skeytir ekki um matvælaiðnaðinn sem skyldi. Skipstjórnarmenn þykja ekki til þess bærir eða ekki þörf á því að mennta þá í meðferð fisks og fiskafurða sem maður skyldi þó halda að hefði legið beint við og þess vegna hefðum við rekið hér sjávarútvegsskóla skipulagðan að þessu leyti þar sem bæði öflun, meðferð og vinnsla hefðu verið miklu betur tengd.

Við höfum til þess nefnt tvo menn úr hvoru ráðuneyti, við hæstv. sjútvrh., að finna leið í þessu efni, svo að ég segi frá þessu og hvað mun þykja til hliðar við það sem hér er til umræðu, en ég vildi þó að gefnu tilefni að þetta kæmi fram.

Ég er ekki að tala um að þau tegnsl við menntakerfið yrðu með öllu rofin sem gilda, en eins og ég leyfi mér að orða það hef ég mikinn áhuga á að koma slíkum sérgreinum í fóstur hjá fagráðuneytunum vegna þess að

ég held að það yrði miklu meiri og betri umönnun um þær en undir núverandi skipulagi. Ég fann t.d. til þess dálítið þegar ég var iðnrh. að það þótti ekki taka því, þegar skipuð var nefnd til að endurskoða iðnfræðslulögin, að iðnrn. ætti þar beina aðild að. Þetta skil ég ekki og þess vegna er það að þegar ég er kominn í þá stöðu sem ég nú er í hlýt ég að haga mér dálítið öðruvísi og breyta til ef það gæti orðið til að efla þessar einstöku greinar sem ég er sannfærður um að getur orðið. En allt þurfum við þó að hafa þetta í samhengi þannig að hin skipulagslegu tengsl geti haldist eftir sem áður.

Án þess að ég ætli að lengja þessar umræður mjög eru allar slíkar umræður og tillögugerðir, eins og hér liggur fyrir frá hv. 11. þm. Reykv., af hinu góða. Við erum að byrja að velta þessum möguleikum fyrir okkur sem verða ómælanlegir að kalla í framtíðinni eftir hinum nýju leiðum fjölmiðlunar. Við höfum fyrir framan okkur aðeins spurningar enn þá sem við þurfum að leita svara við. Til þess að greiða fyrir því hafa hér verið fluttar tillögur eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur flutt í Sþ. um opinn háskóla og nú frá hv. 11. þm. Reykv. Ég hef þess vegna skipað nefnd þriggja manna til að hefja upplýsingaöflun í þessu skyni sem hv. 2. þm. Reykn. Gunnar G. Schram hefur tekið að sér að veita forstöðu og í eiga sæti með honum háskólarektor og útvarpsstjóri. Þetta er aðeins yfirstjórn þeirrar gagnaöflunar og frumálitsgerðar sem ég hyggst beita mér fyrir því að ég held að tíminn kunni að vera naumur og við þurfum að taka þegar til óspilltra málanna, hef þá ekkert á móti því að ályktunartillögur eða tillögur með öðrum hætti gangi í gegnum Alþingi vegna þess að nefndastörf geta greitt fyrir gagnaöfluninni. T.a.m. vænti ég þess að þegar þetta frv. hverfur til nefndar bregði nefndin hart við um að senda það til þar til bærra aðila til umsagnar því að það getur, eins og ég segi, orðið innlegg í bankann okkar, þennan fræðslubanka, upplýsingabanka sem við þurfum að koma okkur upp og að þessu máli lýtur. En þótt haldin væri hér ráðstefna á laugardaginn um opinn háskóla er það misskilningur ef menn halda að þessi nefnd eigi einvörðungu að hafa með höndum þau atriði sem að opnum háskóla lúta, heldur um fjarkennslu einnegin, hvers lags fjarkennslu.

Ég er ekki sérfróður maður að þessu leyti, en gerði það af áhuga að kynna mér þetta aðeins á Englandi fyrir skemmstu. Ég get ekki um það dæmt að hve miklu leyti það getur átt við okkar þjóðfélag sem þar er tíðkað. Ég held að við þurfum að rannsaka þau mál afar ítarlega. Ég held að undirbúningurinn skipti mestu að þessum málum, að við rösum ekki um ráð fram, en við megum ekki slugsa yfir þessum málum heldur taka til óspilltra málanna og undirbúa sem best ef það á að gefa þá raun sem við væntum.

Maður leiðir hugann að mjög mörgum atriðum, eins og t.a.m. endurmenntun og réttindamenntun kennara sem er mjög sársaukafullt atriði og við þurfum verulega að huga að. Getum við ráðið þá gátu með þessum hætti? Í stað þess að smala öllum saman á námskeið, sem hefur gengið treglega, að sumarlagi getum við kannske með fjarkennslunni kippt þessu að verulegu leyti í liðinn. Enn fremur hljótum við að leiða hugann að þeim sem eiga af öðrum ástæðum erfitt um vik að sækja venjulega skóla, hreyfihamlaða með einhverjum hætti, sem hlýtur nú að vera eitt aðaláhugamál manna að sinna þeim, og eins öldruðum. Það er geysilega skemmtileg tilhugsun að geta sinnt þessu fólki heima hjá sér með fræðslu í margháttuðum greinum allt upp í háskólastig.

Maður leiðir hugann líka að því sem vinnuveitendur og aðilar vinnumarkaðarins eins og það heitir hafa verið afskaplega daufir um, að þjálfa fólkið sitt, þjálfa það í starfinu. Það gera Bretar. Þeir þjálfa ýmsar greinar í gegnum fjarkennslu. Ég held að aðilar vinnumarkaðarins ættu að taka þetta alveg sérstaklega fyrir. Það er grundvallarmisskilningur hjá fiskiðnaðinum í landinu, vinnuveitendum í fiskiðnaði, ef þeir halda að það borgi sig að halda fólkinu óþjálfuðu og ómenntuðu og geta af þeim ástæðum haldið því í lægstu laununum. Þetta eru hundgömul alúrelt viðhorf. Þvert á móti sýnir það sig að þegar til lengdar lætur gefur þetta meira og betra í aðra hönd. (**Gripið fram í:** Þeir hafa talið til þessa að þetta borgað sig.) Já, og þessu þurfum við líka að breyta. Sannleikurinn er sá að þeir eru orðnir eftirbátar vinnuveitenda og viðhorfa þar í stétt á öðrum löndum og hið næsta okkur. Og þótti mér satt að segja, þegar ég gerði mér grein fyrir þessu, heldur illt að heyra og skilja.

Ég, virðulegi forseti, orðlengi þetta ekki frekar. Ég ítreka að ég legg ekki dóm á það hér hvort hið háa Alþingi vill afgreiða frv. með þessu sniði eins og það er lagt fram hér. En umræðan er af hinu góða, starf í nefnd til þess að afla frekari gagna er af hinu góða og getur liðkað fyrir og þess vegna fagna ég fram komnu frv.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka og fagna því hversu jákvæðar undirtektir hafa verið undir þetta frv. af hálfu þeirra sem hér hafa tekið til máls. Örlítið hefur þó örlað á misskilningi.

Hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinsson, sem er ekki í salnum núna, hélt að það mundi verða mikil togstreita milli fræðslustjóra og fræðslustöðvanna. Það má vera. Ég held þó að með góðum vilja muni vera hægt að komast fram hjá því. Einnig vil ég undirstrika það, sem kom fram hjá hæstv. menntmrh., að þessi fræðsla er ekki hugsuð til að brjóta niður skólana úti um landið heldur á hún að verða þeim stoð og stytta í fræðslunni. Ég er alveg viss um að það er fullt af skólum út um allt land sem þurfa að fá hjálp til að halda uppi kennslu í fögum sem erfitt er að fá kennara í. Þarna sé ég einmitt góða aðferð til þess. Það stendur í 4. gr., sem hv. 5. þm. Vesturl. vitnaði í, dálítið sem hv. þm. sleppti. Hann las ekki lok 4. gr. þar sem stendur: „. . . .eða sem viðauka og uppbót á það skólanám sem í boði er á heimslóðum nemenda.“ Það liggur einmitt á bak við þessi orð að skólar sem vegna fámennis eiga erfitt með að bjóða upp á margslungna kennslu geti leitað til fjarnáms ríkisins og fengið fræðslu handa nemendum sínum á þann hátt.

Hæstv. menntmrh. nefndi það að nefnd sú sem hann hefur stofnað eigi að fjalla um hvers lags fjarkennslu. Ég fagna því. Ég var á umræddum fundi á laugardaginn og þá virtist mér að eingöngu væri rætt um að þessi nefnd mundi fjalla um kennslu á háskólastigi og hugsanlega í tveimur efstu bekkjum menntaskóla. Það er þá misskilningur af minni hálfu.

Hann ræddi einnig um að það væri skemmtileg tilhugsun að geta sinnt fötluðum og öldruðum og veitt þeim fræðslu heima. Þetta er rétt og nauðsynlegt. En í því sambandi vildi ég líka benda á að fyrir aldraða og

fatlaða er einmitt samkoman sjálf, þ.e. að hittast og læra saman og vinna saman, afskaplega mikils virði. Þetta þarf því að vera blandað og gerir hann sér vafalaust grein fyrir því.

Hv. 6. landsk. þm. ræddi um námsefni ófaglærðs starfsfólks og talaði um að það væri af hinu góða að fræða fólkið sem mest um það efni sem starfi þess viðkemur. Það er auðvitað hárrétt. Ég hef nokkra reynslu af því sjálf að reka námskeið fyrir ófaglært starfsfólk í umönnunargreinum. Ég hef séð, og undirstrika það hér, að það er ekki alveg nóg að kenna fólkinu bara það sem viðkemur daglegu donti þess. Það veitir því einnig afskaplega mikla reisn, ef þannig má að orði komast, að fræða það um ýmislegt fleira sem viðkemur lífi þess og kannske tengist starfinu en er ekki beint fræðsla um hvernig það eigi að vinna starfið. Vegna þeirrar reynslu að hafa horft upp á fólkið verða beinna í baki og djarfara bara af því að fá fræðslu sem viðkemur störfunum en er ekki kannske beint um starfið sjálft, þá vil ég endilega að það gleymist ekki. Það mætti gjarnan fjölga þessum tíu sinnum fjórum tímum um tuttugu tíma og bara með slíku efni. Ég meina þá tímana sem hann nefndi að færu í fræðslu fiskverkafólks.

Ég fagna þeim jákvæðu undirtektum sem málið hefur fengið hér og ég vona að það muni fá í framtíðinni jákvæða umfjöllun. Að lokum vildi ég geta þess að þó að fjarnám ríkisins heyri undir menntmrn. er í 9. gr. gert ráð fyrir að haft sé sem mest samstarf við þá aðila sem hagsmuna hafa að gæta. Þar hlýtur náttúrlega líka að vera um að ræða þau ráðuneyti sem hafa með mál hinna ýmsu atvinnuvega og starfsgreina að gera. Þannig er ekkert því til fyrirstöðu að sjútvrn. fjalli um og hafi yfirumsjón með kennslunni þó að menntmrn. síðan styðji það með fjarnámi ríkisins.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Vegna orða hv. flm. og reyndar líka vegna orða hæstv. menntmrh., sem er ekki lengur í salnum, vil ég ekki fallast á að ég hafi misskilið þetta frv. Mér dettur ekki í hug að halda og þaðan af síður að halda því fram að þetta frv. sé flutt til að brjóta niður hinn hefðbundna grunnskóla eða framhaldsskólakerfið eða annað sem að þessu lýtur þegar lengra dregur í skólakerfinu. Alls ekki. Ég varaði í mínum orðum við vissum þáttum þessa máls og ekki síst að því er varðaði frjálst val á svokölluðu fjarnámi, eins og það er nefnt hér, í hinum dreifðu byggðum. Í þessu efni vil ég endurtaka að marga skóla í fámennum byggðum skortir ýmislegt á svo að þeir séu reknir með eðlilegum hætti. M.a. þess vegna hygg ég að reynst hafi örðugt að fá kennara til þessara skóla. En fleira kemur til.

En áfram með misskilninginn. Ég leyfi mér að vitna til þess sem stendur um 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Víða úti um land eiga skólar í erfiðleikum með að veita þá fræðslu sem óskað er vegna fámennis eða kennaraeklu. Við slíkar aðstæður mun fjarnám og fjarfræðsla koma skólum og nemendum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi að góðum notum, einnig sem viðbót við kennslu í einstökum kennslugreinum. Margir nemendur búa afskekkt og þeir verða að dveljast langdvölum að heiman til að fá almenna skólafræðslu. Fjarnám og fjarfræðsla gæti stytt þeim dvölina að heiman og lækkað námskostnað þeirra til muna."

Þetta segir mér að í vissum tilvikum komi fjarnámið í stað skólavistar. Því verður ekki móti mælt. Þess vegna vísa ég því á bug að ég hafi misskilið eitthvað í þessu frv. Tilgangur minn með því að koma öðru sinni í ræðustól vegna frv. var einmitt að taka af öll tvímæli um það.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins að segja nokkur orð varðandi þá skoðun flm. að það þurfi að gera meira en að fræða fólk aðeins um það er lýtur að starfsgrein þess. Ég er sammála því og ég taldi upp nokkur atriði sem mörg hver fjalla um slíka hluti. Það er stefnt að því að fræðsla fari fram er lúti að starfinu og ýmsu er getur orðið til uppbyggingar að öðru leyti.

Ég minntist á það líka að nú er í bígerð að setja á fót námskeið í tíu hlutum, afmarkaðar fjórar stundir hvert. Það er auðvitað allt of skammur tími. En við sjáum fyrir okkur að ef við ætluðum að taka 20 tíma í hvert námseefni yrði ekkert úr þessu. Þá yrði ekkert úr þessu og enginn fengi neina fræðslu. Þess vegna er meiningin að byrja á að afmarka tímann og koma þessu af stað. Síðar er meiningin að koma á fleiri námskeiðum, ítarlegri og betri námskeiðum, meiri menntun og meiri þjálfun fyrir fólkið á vinnustöðunum. Við erum að þreifa okkur af stað og ég vona að sú leið sem nú er valin verði til þess að af þessu geti orðið.

Ég verð þó að hryggja menn með því að við, sem með þetta höfum að gera, töldum að það þyrfti um 20 millj. til að koma þessu vel af stað. Alþingi var svo rausnarlegt að láta okkur hafa 5 millj. í þetta og þá, þegar 5 millj. höfðu fengist í þetta, var búið að eyða 1 millj. kr. svo að við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér í þessu efni. En fjárveitingavaldið sýndi ekki mikinn lit. Hitt er annað að vonir okkar stefna í að hægt verði að láta þetta verða að veruleika og við treystum því og trúum og munum berjast fyrir því.

En ég ætlaði ekki aðeins að einskorða þessa umræðu við þetta heldur vildi ég segja það líka að frv. um fullorðinsfræðslu hefur hvað eftir annað komið fram á Alþingi og ekki fengið meðferð vegna hvers konar ágreinings hinna ýmsu aðila og vegna andstöðu fjárveitingavaldsins. Framhaldsmenntun eða fullorðinsfræðsla er mjög brýnt mál í þjóðfélaginu og það þarf að sinna því mjög vel. Mér sýnist þetta frv. lúta að þessu sem beinagrind að nokkru leyti. En ég hygg að sú skoðun flm. að setja upp nýtt kerfi, eins og mér skilst á 10. gr. þar sem rætt er um starfslið og daglega framkvæmd, að dagleg framkvæmd verði í höndum starfsfólks í miðstöð fjarnáms ríkisins, kalli á hugrenningar um hvar eigi að fá peningana. Oft er það sem góður vilji verður að lúta í lægra haldi vegna þess að fjármunir eru ekki fyrir hendi.

En ég vona og vænti þess að það frumkvæði sem hefur átt sér stað með flutningi þessa frv. verði til þess að umræður um fullorðinsfræðslu geti orðið marktækar og verði til að ýta við fólki, ýta við atvinnulífinu, ýta við ráðamönnum í þá átt að sinna þessum málum betur en gert er.

Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að það er gert ráð fyrir að fólk sem hefur notið lítillar skólamenntunar geti haft aðgang að fjölbrautaskólum. Því miður er ástandið þannig að fólk hefur það ekki nema mjög takmarkað. Ég þekki til dæma frá minni heimabyggð þar sem fólk þarf að vera í mörg ár í slíku námi í öldungadeild vegna

þess að hinar ýmsu greinar fást ekki kenndar. Ég held að við ættum að sinna því betur eins og öðru.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Í framhaldi af orðum síðasta ræðumanns vegna fjárveitinga til starfsfræðslunámskeiða í fiskvinnslu finnst mér ástæða til að árétta að þar var um að ræða afgreiðslu sem var að vísu samkvæmt lágmarksþörf til þeirra námskeiða eins og þau voru skipulögð. Þegar ég segi lágmarksþörf á ég við það sem ákveðið var í samráði við sjútvrn. sem hafði milligöngu og forgöngu um tengingu við fjárveitingavaldið í þeim efnum. Ég held að það sé ástæða til að víkja nokkrum orðum að þessum þætti sem er mjög mikilvægur.

Á síðasta þingi flutti ég þáltill. ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni o.fl. um starfsfræðslu í fiskvinnslu. Í þeirri tillögu var gert ráð fyrir að slík starfsfræðsla yrði unnin í samvinnu menntmrn., sjútvrn. og fleiri aðila. Ég held að einmitt á þeim pósti sé sá galli á gjöf Njarðar eins og málið stendur nú að það er ekki nógu mikil tenging við menntmrn. Ég held að fiskvinnslunámskeiðin eigi að fara í gegnum skólakerfið, en í samvinnu við aðra aðila. Þetta er stórt mál sem auðveldara er að vinna fram á þann hátt. Sérstaklega eru tvö atriði sem valda því.

Í fyrsta lagi er auðveldara að afla fjár innan skólakerfisins til að sinna þessu verkefni og reikna með því fast og ákveðið í skólakerfinu. Í öðru lagi er hægt að nýta margs konar húsnæði sem er til í landinu í bóklega þættinum, en síðan kæmi til verklegi þátturinn, þá væntanlega í fiskvinnsluhúsum og á öðrum stöðum sem gætu boðið upp á slíkt. Ég held að mjög miklu máli skipti að taka á þessu máli á þennan hátt til þess að raunhæfur árangur náist á sem skemmstum tíma.

Jafnframt er ljóst, og það er ég viss um að hv. þm. Karl Steinar Guðnason getur tekið undir, að ef unnt er að tengja þetta umrædda nám, þessa starfsfræðslu, menntakerfinu er auðveldara að vinna með því grunn til launahækkana en ef það er á sjálfstæðum námskeiðagrunni í tengslum við sjútvrn. Það hefur sýnt sig í öllu launakerfi landsins að þar sem unnt er að tengja námskeið sjálfu menntakerfi landsins sem föstum lið hefur það gefið hærri laun hvort sem við erum að tala um námskeið hjá kennurum eða öðrum.

Ég held að menn verði að horfast í augu við að þarna þarf að hnýta betur saman. Það er hyggilegast að vinna þetta á breiðum grundvelli þannig að menn geti nýtt það kerfi sem til er og stutt þannig við bakið á fiskvinnslufólki í þessu tilviki um leið og við erum að skapa mun betri aðstæður til að vinna verðmætari afurðir úr okkar hráefni. Ég vona að þetta muni þróast í þessa átt. Ég reikna með að endurflytja þá till. sem ég gat um. Þetta er mál sem skiptir mjög miklu máli í allri grunnmenntun og endurmenntun og fræðslu í þessu tilviki fiskvinnslufólks í landinu.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir): Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. 3. þm. Suðurl. um að það er æskilegt að tenging sé milli menntmrn. og einstakra ráðuneyta sem fjalla um hinar ýmsu starfsgreinar og þar af leiðandi láta sig allt starfsnám miklu skipta.

Við hv. 6. landsk. þm. erum algerlega sammála um að það verður að velja og hafna ef ekki er fé til og velja kennslugreinar sem heppilegastar og nytsamastar eru í hvert sinn. Úr því að fjármagnið sem fæst er alltaf minna en þarf á að halda verður náttúrlega ýmsu að hafna.

Hv. 5. þm. Vesturl. sá fyrir sér örlitla hættu á því að nemendur sætu heima frekar en mæta til skóla í strjálbýli. Ég sá aftur á móti fyrir mér þá hættu að nemendur sem búa afskekkt mættu ekki til skóla sem þeir ættu að koma í og fengju enga fræðslu. Þetta geri ég vegna þess að ég hef rekist á fjölda fólks sem þannig er ástatt fyrir. Það hefur búið afskekkt og það hefur ekki sótt tilskilda skólamenntun af þeim sökum. Það hafði ekki fé til að afla menntunarinnar og það var engin fær leið fyrir það. Það er þess vegna m.a. sem þetta er inni í 1. gr. frv.

Ég veit ekki hvort er við hæfi að nefna það, en ég get ekki stillt mig um það, að fyrir nokkrum árum kynntist ég konu sem var þrítug og hafði lokið skóla 12 ára gömul. Hún bjó í sveit og hafði af einhverjum ástæðum ekki haldið áfram námi. Þegar hún var búin að vera í viku í skólanum hjá okkur byrjuðu kennararnir að kvarta undan henni því að hún var svo klár. Það varð að færa hana úr lélegustu deild í næstu þar fyrir ofan og þegar hún var búin að vera þar í hálfan mánuð var hún aftur færð um bekk og lauk öllu grunnskólanámi á hálfum vetri. Þessi stúlka hafði greinilega geysilega námshæfileika, en hún hafði ekki notið þess á nokkurn hátt. Að vísu hafði hún öðlast alls konar þekkingu. Hún hafði ekki komist hjá því slík gáfumanneskja sem hún var. En skólanám hafði hún ekki. Þarna geystist hún fram úr öðrum nemendum og á þessu hálfa ári aflaði hún sér þeirrar þekkingar sem boðið var upp á og var náttúrlega hæst um vorið. Hún var með næstum 10 í hverri einustu grein. Síðan fór hún í gegnum öldungadeildina í Hamrahlíð á líkum hraða. Slíku fólki höfum við ekki efni á að missa af, jafnvel þótt það búi afskekkt.

En ég veit að við hv. 5. þm. Vesturl. erum ekki ósammála um þessi mál. Við nálgumst málið frá tveimur hliðum, hann frá hlið skólans síns í sveitinni og ég frá sjónarhóli manneskju sem hefur rekist á of marga slíka nemendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 265. mál (þskj. 498). — 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Ég endurflyt hér frv. sem var samþykkt í hv. Ed. á síðasta þingi en náði ekki afgreiðslu vegna anna í Nd.

Í grg. frv. eru færð rök fyrir því hvers vegna beri að afnema einokun á því er frv. fjallar um og bent á hversu langt menn seilast í því að hafa í frammi einokun í þjóðfélaginu.

Ég vænti þess að hv. deild samþykki frv. eins og hún gerði á síðasta þingi og það nái fullnaðarafgreiðslu áður en þingi lýkur og verði skref í átt til aukins frelsis í viðskiptaháttum okkar Íslendinga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 49. fundur.

Mánudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Talnagetraunir, stjfrv. 232. mál (þskj. 460). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir á þskj. 460 um talnagetraunir felur í sér heimild til að veita Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til getraunastarfsemi. Getraunastarfsemi þessi fari fram með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð talna og/eða bókstafa.

Tilgangur þessara getrauna yrði að afla fjár fyrir starfsemi þessara aðila, annars vegar til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan vébanda Íþróttasambands Íslands og Ungmennasambands Íslands, hins vegar til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands og til að standa undir annarri starfsemi þess bandalags í þágu öryrkja.

Frv. þetta er byggt á samkomulagi sem þau landssamtök sem ég hef áður nefnt hafa gert um þennan rekstur, þar á meðal um stjórn, skiptingu ágóða o.fl. Er gert ráð fyrir því sem meginreglu að íþróttahreyfingin njóti 60% ágóða en Öryrkjabandalagið 40%.

Að því er varðar skiptingu milli íþróttasamtakanna innbyrðis er gert ráð fyrir því að hlutur ÍSÍ verði 46,67% og UMFÍ 13,33% og eru það sömu hlutföll og gilda um ágóðaskiptingu skv. lögum um getraunir, þ.e. íþróttagetraunir.

Eins og hv. þingdeildarmönnum er í minni var á síðasta Alþingi lagt fram frv. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands þar sem gert var ráð fyrir að það bandalag fengi heimild til bókstafagetrauna. Ekki náðist á þinginu samstaða um afgreiðslu frv. þar sem talið var að gengið væri á hlut íþróttahreyfingarinnar sem skv. lögum frá 1972 hefur heimild til að starfrækja talnagetraunir.

Hæstv. forsrh., sem gegndi þá störfum dómsmrh. í fjarveru minni, lagði til að leitað yrði samkomulags á milli þessara aðila um getraunastarfsemi og er frv. þetta flutt á grundvelli slíks samkomulags.

Herra forseti. Ég tel að eigi þurfi að fylgja frekari grg. með frv. þessu og vísa að öðru leyti til athugasemda með frv. Að sjálfsögðu munu fulltrúar þessara samtaka og ráðuneytisins fúsir til að gera frekari grein fyrir máli þessu. Ég vænti þess að um afgreiðslu frv. geti náðst samstaða og legg til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 393). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sjálfstætt bankaeftirlit, frv. 176. mál (þskj. 199). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 225. mál (þskj. 453). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frv. 245. mál (þskj. 474). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frv. 246. mál (þskj. 475). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 48. fundur.

Þriðjudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal þess getið að á síðari fundi sameinaðs þings í dag fer fram utandagskrárumræða skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa um búmark í mjólkurframleiðslu.

Norsku- og sænskunám í grunnskóla og framhaldsskóla, fsp. 253. mál (þskj. 483). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég hef á þskj. 483 lagt fram fsp. um aðstöðu til norsku- og sænskukennslu í grunn- og framhaldsskólum.

Grunnskólalög kveða á um að kenna skuli öðrum þræði erlend mál sem stuðlað geti að varðveislu tengsla þjóðarinnar við norræna menningu og uppruna sinn. Í samræmi við fyrirmæli grunnskólalaga hafa skólar á grunnskóla- og framhaldsskólastigi haft norræn mál á kennsluskrá sinni. Ýmsar augljósar ástæður eru fyrir því að danska hefur oftast verið það norræna mál sem kennt hefur verið, en á síðustu 15–20 árum hefur íslenskum grunn- og framhaldsskólanemum, sem búið hafa í Svíþjóð eða Noregi en flutt heim til Íslands, fjölgað mjög.

Fyrir 15 árum var farið að veita a.m.k. þeim nemendum sem á Reykjavíkursvæðinu búa kennslu og aðstöðu til að taka próf í sænsku eða norsku í stað dönsku. Þá voru hóparnir ekki stórir og stundum kennt saman fleiri en einum árgangi. Kennarar voru tveir, Björg Juhlin norskukennari og Sigrún Hallbeck sænskukennari. Þær voru ráðnar til stundakennslu í þessum greinum. Bráðlega fóru þær líka að veita nemendum út um landið aðstoð með því að senda þeim lesefni, æfingar og próf.

Skólaárið 1980–1981 voru grunnskólanemendur sem stunduðu norsku í dönsku stað 65 alls, en 100 í sænsku. Þá voru áðurnefndir kennarar skipaðir í hálfa stöðu hvor til að veita nemendum á höfuðborgarsvæðinu kennslu og nemendum vítt og breitt um landið sömu þjónustu og fyrr.

Enn hefur nemendafjöldinn aukist. Nú munu vera í norsku rúmlega 100 nemendur á grunnskólastigi og 35–40 á framhaldsskólastigi og 160 nemendur eru á höfuðborgarsvæðinu í sænsku á grunnskólastigi og sennilega 40 úti um land, en 55–60 á framhaldsskólastigi auk nokkurs fjölda út um land.

Nú hefur ríkið ráðið þessa tvo kennara í fulla stöðu hvora fyrir sig og nægir það engan veginn til að veita lágmarksfræðsluþjónustu.

Enn reyndi á velvilja og áhuga stjórnvalda í haust er við blasti sá vandi sem nemendafjöldinn skapar. Nú var gripið til þeirra úrræða að koma á eins konar farkennslu í sænsku og norsku í Reykjavík og nágrenni. En betur má ef duga skal. Mér er kunnugt um að nokkur brögð eru að því að nemendur sæki ekki þessa kennslu vegna fjarlægðar og óheppilegs skólatíma. Einn helsti tálmi nemenda hefur verið skortur á kennsluefni og það hve sænskar og norskar kennslubækur eru dýrar. En bækur fyrir norska og sænska nemendur eru notaðar til kennslu þeirra nemenda sem hér um ræðir því þeir eru oftast allvel talandi á umræddar tungur. Ef við óskum að bjóða fram kennslu í norsku og sænsku til jafns við dönsku er ég hrædd um að það sé langt í land því þá kemur í ljós mikill skortur á kennslubókum og Námsgagnastofnun fjárvana eins og menn vita.

Þeir nemendur sem koma heim frá Noregi og Svíþjóð eða eru svo tengdir þessum löndum að þeir tala málin að meira eða minna leyti og þekkja menningu og líf þessara frændþjóða okkar eru fjársjóður sem okkur ber að leggja rækt við en ekki að gera þeim svo erfitt fyrir að þeir gefist upp á að viðhalda þekkingu sinni í málunum hvað þá að bæta hana. Það að við skulum leggja á okkur nám í Norðurlandamálum er einn þátturinn í viðleitni okkar til að halda menningu okkar og sjálfstæði og það er sannarlega ómaksins vert.

En við erum líka að gera annað þó að við hugsum e.t.v. ekki oft út í það. Við erum að opna frændþjóðum okkar leið til tjáskipta við þá þjóð sem þrátt fyrir allt hefur varðveitt hlóðaeld norrænnar menningar og tungu hvað best. Þau tengsl mega ekki rofna og sá eldur ekki kulna. Því hef ég borið þessa fsp. fram.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 11. þm. Reykv. á þskj. 483 vil ég taka fram:

Í upphafi s.l. skólaárs hófst átak til að bæta stöðu þeirra grunnskólanemenda sem kjósa að læra sænsku og norsku í stað dönsku. Fram til þess tíma var nemendum sem þetta kusu aðeins boðin kennsla í Námsflokkunum, en í haust var hafin kennsla í norsku í fjórum grunnskólum í Reykjavík og í sænsku í átta skólum í borginni. Nemendur í skólum þar sem ekki er boðið upp á kennslu í þessum tungumálum geta stundað nám í nálægum skóla. Þegar er hafin kennsla í þessum tungumálum í nokkrum skólum í Reykjaneskjördæmi og á Akureyri og nokkrum öðrum stöðum á landinu. Stefnt er að því að fjölga þeim grunnskólum sem kenna sænsku og norsku í upphafi næsta skólaárs. Kennslu fyrir grunnskólanemendur er einnig haldið uppi enn þá í Námsflokkunum, bæði í Reykjavík og á Akureyri, en stefnt er að því að hún flytjist alveg inn í grunnskólana.

47 nemendur eru nú í norskunámi í grunnskólum Reykjavíkur, 29 í skólum í nágrenni Reykjavíkur og 24 á öðrum stöðum. 112 nemendur stunda sænskunám við grunnskóla Reykjavíkur, 46 í Reykjaneskjördæmi og 24 annars staðar á landinu.

Ekki er boðið upp á reglulegt nám í norsku og sænsku í framhaldsskólum, en hent hefur að boðið væri upp á einstaka námsáfanga. Þeir framhaldsskólanemendur sem kjósa umrædd tungumál fremur en dönsku sækja kennslu í þeim til Námsflokkanna.

Ekki eru uppi sérstakar áætlanir um að bæta þessum greinum á námsskrár framhaldsskólanna, en líklegt er að svo verði í framtíðinni ef eftirspurn eftir kennslu í þeim eykst.

Sem svar við síðari lið fsp. vil ég taka fram: Á áætlun Námsgagnastofnunar fyrir árið 1986 er útgáfa námsefnis í norsku og sænsku handa 9. bekk. Sænskunámsefnið hefur þegar verið sett og handrit liggur fyrir að meiri hluta norskunámsefnisins. Áætlaður kostnaður vegna þessarar útgáfu er 1,3 millj. kr.

Skömmu eftir áramótin barst Námsgagnastofnun bréf frá umsjónarkennurum í norsku og sænsku með beiðni um útgáfu námsefnis handa 5.–8. bekk. Ekki verður unnt að sinna þessari útgáfu á yfirstandandi ári, enda tekur gerð námsefnisins tíma og gera má ráð fyrir því að tvö ár hið minnsta líði frá því hafist er handa um slíka námsefnisgerð þar til henni er lokið.

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör hans og fagna því að eitthvað mun þokast áleiðis í málefnum norsku- og sænskunema. En ég vil endurtaka að gera þarf mjög stórt átak til þess að málin komist á almennilegan rekspöl. Mér er kunnugt um að bara það

sem af er þessum vetri hefur þurft að ljósrita handa þessum nemendum kennslubókaefni upp á 60 000 blaðsíður. Það er afskaplega óheppileg aðferð til að halda uppi námsefni handa þessum nemendum. Þetta er svo dýrt. Því fagna ég því að það skuli vera komin hreyfing á að framleiða meira námsefni fyrir sænsku og norsku, en einnig get ég hugsað mér að það væri hægt að fá námsefnið ódýrara frá hinum Norðurlöndunum með því að fá Norðurlandaþjóðirnar til að fella niður söluskatt sem þær hafa verið fremur tregar til að gera.

Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, fsp. 216. mál (þskj. 444). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 444 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh. varðandi lánsfjármagn til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum:

„Hvernig hyggst ríkisstj. beita sér fyrir útvegun fjármagns til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum í framhaldi af ákveðnum tilmælum meiri hluta fjh.- og viðskn. Ed. um nauðsyn á útvegun lánsfjár til þessa verkefnis?"

Það er kannske rétt að taka fram að það má segja, miðað við það nál. sem þar kom fram, að það hefði verið fullt eins eðlilegt að beina þessari fsp. til hæstv. viðskrh., en ég treysti því engu að síður að það skipti ekki öllu og hæstv. fjmrh. svari þessari fsp.

Við afgreiðslu lánsfjárlaga í Ed., þar sem fyrir lá brtt. frá mér um nokkurt beint lánsfjármagn eða útvegun á lánsfjármagni til þessa verkefnis, kom fram að meiri hluti fjh.- og viðskn., og alveg sér í lagi formaðurinn, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, var á þeirri eindregnu skoðun að hér væri um hið þarfasta verkefni að ræða og brýn nauðsyn fjármagns til þessa, svo sem fram kemur bæði í nál. og framsögu hv. formanns. Það var því fullur skilningur á málinu. En í nál. segir að vísað sé á langlánanefnd og aðrar lánastofnanir varðandi verkefnið og því treyst að því sé sinnt á þeim vettvangi.

Nú er blessunarlega góð loðnuveiði og ekkert nema gott um það að segja, brætt sem aldrei fyrr. En við sjáum afleiðingarnar allt of víða í stórkostlegri mengun sem er íbúunum á þeim svæðum þar sem brætt er mest til ama, óþæginda og hefur jafnvel áhrif á heilsufar. Hagur verksmiðjanna ætti vissulega að batna og gera þeim betur kleift að ráðast í verulegar endurbætur og það fyrir næstu loðnuvertíð, en það er auðvitað alveg augljóst að það þarf vissa aðstoð til, visst lánsfjármagn, vegna þess að í upphafi er um nokkuð dýrar framkvæmdir að ræða og skal ekkert úr því dregið.

Ef ríkisstj. beitir sér nú fyrir því annars vegar að framkvæma samþykkt Alþingis frá s.l. ári og tryggir um leið eðlilega lánsfyrirgreiðslu kæmi hreyfing á málið. Ég treysti því á hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. að tryggja sem best framgang málsins, ekki síst í ljósi þess hve málinu var vel tekið af stjórnarmeirihlutanum í Ed. þó að brtt. mín um sérmerkt fjármagn næði ekki þar fram að ganga.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið var ekki gert ráð fyrir því við afgreiðslu Alþingis á lánsfjárlögum fyrir árið 1986 að sérstök lántökuheimild væri til þessa verkefnis. Ég hygg að ekki hafi verið ágreiningur um á því stigi máls að ógerningur væri að seilast lengra af opinberri hálfu til innlendrar lántöku og fullt samkomulag um að ekki var unnt að ákveða meiri erlendar lántökur en lánsfjárlög gera ráð fyrir.

En eins og fram kemur í nál. frá meiri hluta hv. fjh.- og viðskn. Ed. segir að það sé mat nefndarmanna að hér sé um þarft verkefni að ræða og rétt þyki að beina þeim fyrirtækjum sem æskja lána í þessu skyni til langlánanefndar og innlendra lánastofnana. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér frá viðskrn. hafa enn ekki borist lánsbeiðnir frá fiskimjölsverksmiðjunum til langlánanefndar að því er þessi verkefni varðar.

Ég er hins vegar sammála því áliti, sem hv. fjh.- og viðskn. Ed. lét í ljós við afgreiðslu lánsfjárlaga, að hér er um mikilvægt mál að ræða og full þörf á að gera átak í mengunarvörnum hjá fiskimjölsverksmiðjunum. Hins vegar eru ekki fyrir hendi sérstakar heimildir á lánsfjárlögum til erlendrar lántöku í þessu skyni, en það eru heimildir til lántöku á vegum langlánanefndar undir liðnum Atvinnufyrirtæki sem samtals nemur 2,5 milljörðum kr.

Ég legg á það áherslu með sama hætti og hv. fjh.- og viðskn. Ed. að fyrirtækin leiti þeirra leiða, sem þar er bent á, að óska eftir lántöku á þessum grundvelli eða hjá innlendum lánastofnunum. Hv. fjh.- og viðskn. beindi ekki sérstökum tilmælum til ríkisstj. að þessu leyti. Ég tel rétt að sú ábending, sem fram kom í nál. til viðkomandi fyrirtækja, verði höfð í huga í þessu sambandi, en útilokað að auka á heimildir til erlendrar lántöku þó vissulega sé hér um að ræða mjög þarft og brýnt verkefni.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Mér þótti sem greinilegur skilningur væri á nauðsyn þessa máls í máli hans. Ég legg á það áherslu að ég held að það sé full ástæða fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að huga að þessum þætti mála og hlynna að því að þessar mengunarvarnir megi komast á sem allra bestar og ríkisstj. þurfi að hafa visst frumkvæði til þess að ýta á það. Ég efa ekki að það sé rétt að ekki hafi verið sótt á þetta af hálfu þeirra verksmiðja sem hér eiga hlut að máli. Það er nú svo að það er misjafn áhugi manna á þessum mengunarvörnum og mörgum þykja þær reyndar heldur óþarfar og óþarfa kvartanir íbúanna yfir þeim fnyk sem leggur yfir byggðarlögin af völdum þessara verksmiðja. Ég er ekkert hissa á því þó að ekki hafi verið sótt af mikilli hörku á fjármagn í þessu efni. Ég held að frumkvæðið þurfi einmitt að koma frá ekki síst þeim aðila í hæstv. ríkisstj. sem sér um heilbrigðismál því hér er vissulega um heilbrigðis- og umhverfismál að ræða.

Ég vil svo aðeins segja að á síðasta Alþingi var samþykkt einróma þál. sem segir allt sem segja þarf um þær áherslur sem hæstv. ríkisstj. þarf að hafa á þessu máli. Hún var samþykkt 13. júní 1985 og segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við eigendur og samtök þeirra, svo og yfirvöld heilbrigðismála. Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir verði fullnægt í öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum og feli jafnframt

í sér mat á fjárþörf og þeim tíma sem slíkar aðgerðir tækju. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bætta nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum."

Ég held að ég þurfi ekki að segja neitt frekar um þetta. Ég held að þarna sé skýrt ákveðið af hálfu Alþingis að hæstv. ríkisstj. eigi að gera áætlun af þessu tagi og það er bent á það einnig, og var bent á í rökstuðningi með þessari till. á sínum tíma, sem var samþykkt sem ályktun Alþingis, að hér væri ekki einvörðungu um kostnað að ræða heldur virkilegan orkusparnað og um leið mjög bætta nýtingu hráefnisins. Ef menn hugsuðu stórt og hugsuðu svolítið fram í þessum efnum er öruggt mál að þetta er fjárfesting af því tagi sem borgar sig í beinhörðum peningum bæði fyrir verksmiðjurnar og þjóðarbúið í heild.

Útflutningur á ferskum fiski, fsp. 220. mál (þskj. 448). — Ein umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Á þskj. 448 flutti ég ásamt hv. þáverandi 3. þm. Vestf., sem sat hér sem varamaður, Sighvati Björgvinssyni, svohljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh. um útflutning á ferskum fiski:

„Er sjútvrh. reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að komið verði í veg fyrir að einstök veiðiskip selji meiri hluta fiskafla síns ferskan til útlanda?"

Tilefni þessarar fsp. af hálfu hv. fyrra fyrirspyrjanda, Sighvats Björgvinssonar, var í raun og veru að um þetta efni urðu nokkur orðaskipti milli hæstv. viðskrh. og hv. fyrirspyrjanda sem ég ætla að minna á hér. Ég tek þá fyrst það sem kom fram í máli fyrirspyrjanda til viðskrh. um þetta efni, en með leyfi forseta sagði fyrirspyrjandi svo:

„Það væri ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því hvort hann mundi ekki vilja taka það til athugunar með hæstv. sjútvrh. að stöðva það framferði að fiskiskip sem fær úthlutað kvóta haldi þannig á sínum málum að ár eftir ár selji þetta fiskiskip svo til allan sinn kvóta á erlenda markaði án þess að sjá fyrir atvinnu fyrir íslenskar hendur, hvort ekki sé ástæða til þess að setja einhverjar hömlur við því hversu mikið af afla, sem úthlutað er á hvert fiskiskip, megi selja með þessum hætti til útlanda."

Síðan ítrekar fyrirspyrjandi hvort hæstv. viðskrh. vilji ekki láta skoða það í samvinnu við sjútvrh. að setja einhverjar hömlur við því að fiskiskip geti ár eftir ár selt svo til allan sinn aflakvóta óunninn til útlanda.

Hæstv. viðskrh. svaraði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er eðlilega alfarið í hendi sjútvrh. hvort slíkt ákvæði sé sett eins og þetta sem hv. fyrirspyrjandi ræddi um. Hins vegar hefði ég viljað setja ákvæði til að hindra það, þó að ég ráði ekki við það sem viðskrh., að einstaklingar, sem ekki gera skip út, geti selt fiskinn óveiddan í sjónum og kannske er sá fiskur einnig seldur til útlanda. En það er mál sem ég ætla ekki að fara inn á hér og er lítt hrifinn af þótt meiri hluti þm. hafi verið það og sé það."

Síðast segir svo hæstv. viðskrh. í svari sínu við máli fyrirspyrjanda, með leyfi forseta:

„En hins vegar tek ég undir það með fyrirspyrjanda að ég tel að það verði að stemma stigu við þessu. Ég tel þá hugmynd hans sem fram kom í þessum efnum síður en svo óeðlilega, en hún heyrir alfarið undir sjútvrn." Því er eðlilegt að fá úr þessu skorið hjá hæstv. sjútvrh. sem hefur verið sterklega vísað til í þessu efni.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Mér var ekki ljóst fyrr en nú hvað lá að baki þessarar fsp., en í stuttu máli get ég svarað þessari fsp. með einu orði og það er nei. Ég tel að ekki sé ástæða til að koma í veg fyrir að einstök veiðiskip selji meiri hluta fiskafla síns á erlendum markaði einfaldlega vegna þess að ákveðin skip hafa einkum sérhæft sig í því og hafa getið sér góðan orðstír á erlendum mörkuðum og þessum mörkuðum þarf að sinna sem öðrum.

Ég get nefnt sem dæmi að veiðiskip hafa landað erlendis nánast sama magni í mörg ár. Á fjögurra ára tímabili eru það um 35 þús. tonn á ári. Hér er um markaðina í Bretlandi og Þýskalandi að ræða sem hafa reynst okkur verðmætir. Þótt auðvelt sé að selja allan fisk núna kann að verða erfitt að komast inn á þessa markaði þegar syrtir að í markaðsmálum okkar.

Að því er varðar gámafisk hefur sá útflutningur farið vaxandi. Hann varð mestur 1985 eða um 32 þús. tonn. Þetta eru 10–11% af botnfiskaflanum sem flutt eru með veiðiskipum eða gámum til útlanda.

Það hefur nýlega verið ákveðið að lækka þær uppbætur sem greiddar eru vegna gámafisks og trúlega verður það til að draga úr þeim útflutningi. Ástæða er til að reyna að koma málum þannig fyrir að ekki sé jafnmikið flutt út með gámum. Vissulega er ég þess fýsandi að sem mest af afla sé unnið innanlands til að skapa sem mesta atvinnu. Hins vegar þurfum við að gæta þess að sinna sem best öllum okkar mörkuðum, sérstaklega með tilliti til þess að litlar líkur eru á því að skreiðarmarkaðir muni opnast að nýju. Því tel ég ekki ástæðu til þess að svo komnu máli að setja sérstök ákvæði um þetta í fiskveiðilöggjöfina. Hins vegar eru veitt útflutningsleyfi fyrir öllum fiski sem seldur er á erlendan markað og ef ástæða þykir til að grípa á einhverju stigi inn í tel ég rétt að gera það hvað snertir útflutningsleyfin.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Þau voru skýr í upphafi. Eitt orð nægði hæstv. ráðh. Síðan kom hæstv. ráðh. inn á að hann vildi draga m.a. úr útflutningi gámafisks, taldi fulla ástæðu til að gera ráðstafanir til þess að þar yrði ekki um of mikinn útflutning að ræða. Hins vegar yrðum við að sinna vel öllum okkar mörkuðum. Ég tek vissulega undir að á því er full nauðsyn. En ég hlýt að vekja athygli á því, um leið og hæstv. ráðh. eru þökkuð svörin, að einmitt orðaskipti hæstv. viðskrh. og hv. fyrirspyrjanda Sighvats Björgvinssonar urðu til að hreyfa þessari fsp. þar sem svo alfarið var vísað af hæstv. viðskrh. á hæstv. sjútvrh. í þessu efni um það til hvaða ráða hann vildi grípa.

Í skriflegu svari við fsp. frá okkur Sighvati Björgvinssyni kom einmitt fram sú mikla aukning sem hefur orðið á útflutningi fersks fisks, alveg sérstaklega gámaútflutningnum, og þar á meðal horfur á að um 60 þús. tonn af ferskum fiski yrðu þannig flutt út á þessu ári og m.a. hluti til verkunar í fiskverkunarstöðvum erlendis. Það er fullljóst. Þróunin í heild sinni í þessari atvinnugrein er vitanlega ískyggileg. Á vissum stöðum er öryggisleysi og atvinnuleysi fiskverkunarfólks. Annars

staðar er flótti vegna kjara og vinnuálags úr þessari atvinnugrein. Síðan kemur útflutningur sem er gefinn upp með ákveðnum verðmismun sem komið var inn á í umræðunum þá af hv. 4. þm. Vesturl. að væri ekki allur sem sýndist og sá gróði sem af þessum útflutningi væri væri ekki sá sem hann sýndist vera í fljótu bragði og væri gefinn upp og tíundaður mjög rækilega.

Ég ætla ekki að fara út í almenna sjávarútvegsumræðu í þessum stutta fyrirspurnatíma hér, en þessi gífurlega ásókn í sölu á fiski erlendis sýnir kannske betur en annað hver staða fiskvinnslunnar í heild sinni í þessu landi er.

Innkaup á innlendum iðnaðarvörum, fsp. 241. mál (þskj. 470). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á þskj. 470 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Til hvaða aðgerða hefur ríkisstj. gripið til að stuðla að opinberum innkaupum á innlendum iðnaðarvörum eftir að samstarfsnefnd um opinber innkaup var lögð niður haustið 1983?"

Ég leyfi mér að fara örfáum orðum um stefnu í þessum málum á fyrri árum, en það var við myndun ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens í febrúar 1980 að í stjórnarsáttmála um iðnaðarmál var getið sérstaklega um að ríkisstj. vildi stuðla að opinberum innkaupum og marka um það stefnu.

Það gerðist svo á Alþingi 2. apríl 1981 að samþykkt var þáltill. Flm. hennar var hv. 6. þm. Suðurl. Eggert Haukdal. Með þeirri samþykkt Alþingis var ríkisstj. falin athugun á leiðum til að auka verulega innkaup ríkisins, sveitarfélaga og stofnana á íslenskum iðnaðarvörum og bent m.a. á að nota skyldi markvisst útboð í þessu samhengi.

Þann 1. júní 1982 flutti ég till. í ríkisstj. sem iðnrh. um opinbera innkaupastefnu og þar var gerð sérstök ríkisstjórnarsamþykkt sem gerði ráð fyrir fyrirmælum til stofnana og fyrirtækja ríkisins varðandi opinber innkaup. Þessi samþykkt var í fimm liðum og samkvæmt henni var ákveðið að skipa sérstaka samstarfsnefnd um opinber innkaup, sjö manna nefnd, sem m.a. var skipuð fulltrúum frá samtökum iðnrekenda, svo og frá verkalýðshreyfingunni sem lagði þar til menn á móti, en forustu hafði deildarstjóri í iðnrn. Jafet Ólafsson.

Þessi nefnd hélt allmarga fundi, en síðan urðu stjórnarskipti og þann 30. okt. 1983 ákveður þáv. iðnrh. að leggja nefndina niður og hún lauk þá störfum.

Þessi mál komu til umræðu hér á hv. Alþingi síðast að ég veit þann 18. des. 1984 af tilefni fsp. frá hv. 6. þm. Suðurl. og þá fyrst var það upplýst að þessi samstarfsnefnd um opinber innkaup hefði verið afmunstruð af hæstv. fyrrv. iðnrh.

Páv. ráðherra iðnaðarmála, Sverrir Hermannsson, gat um fyrirmæli sem hann hafði gefið um þessi efni í ársbyrjun 1984 sem m.a. gerðu ráð fyrir að opinberar stofnanir og ráðuneyti skiluðu skýrslu til iðnrn. um hvernig framfylgt væri þessum málum. Ég beini fsp. til hæstv. núv. iðnrh. um þessi mikilsverðu mál til þess að forvitnast um hvernig núv. ríkisstj. heldur á þeim og hæstv. iðnrh. sérstaklega.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda ber hann fram fsp. á þskj. 470, svohljóðandi:

„Til hvaða aðgerða hefur ríkisstj. gripið til að stuðla að opinberum innkaupum á innlendum iðnaðarvörum eftir að samstarfsnefnd um opinber innkaup var lögð niður haustið 1983?"

Svar mitt er: Hinn 1. júní 1982 voru samþykkt í ríkisstj. fyrirmæli til stofnana og fyrirtækja ríkisins varðandi opinber innkaup. Samkvæmt samþykktinni var skipuð sérstök samráðsnefnd um opinber innkaup. Hins vegar var framkvæmd fyrirætlana falin hverju ráðuneyti fyrir sig gagnvart þeim fyrirtækjum og stofnunum er undir þau heyra. Með vísan til þess að framkvæmdin heyrði undir einstök ráðuneyti og málefni þetta var komið á framkvæmdastig þótti ekki ástæða til að halda starfi samráðsnefndarinnar áfram og var hún lögð niður haustið 1983.

Á fundi ríkisstj. hinn 11. jan. 1984 var samþykkt ný tillaga frá iðnrh., svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. samþykkir að beina eftirfarandi fyrirmælum til allra stofnana og fyrirtækja ríkisins í því skyni að efla innlenda atvinnustarfsemi:

1. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að kaupa íslenskar vörur til opinberra nota.

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að haga útboðum og hönnun á verksamningum þannig að þeir miðist eins og frekast er kostur við íslenskar vörur og atvinnustarfsemi.

3. Hvert ráðuneyti skal sjá um framkvæmd þessara fyrirmæla gagnvart þeim fyrirtækjum og stofnunum sem undir það heyra."

Í framhaldi af þessari samþykkt sendi iðnrh. bréf, dags. 18. jan. 1984, til allra stofnana og fyrirtækja er heyrðu undir starfssvið iðnrn. þar sem lögð var áhersla á það að stjórnendur þessara stofnana og fyrirtækja hefðu þessa ríkisstjórnarsamþykkt til hliðsjónar við öll innkaup. Jafnframt var óskað eftir reglubundnu yfirliti um gang þessara mála hjá viðkomandi aðila.

Viðbrögð fyrirtækja og stofnana gagnvart þessum óskum ráðuneytisins voru almennt mjög jákvæð. Fram kom í svörum þeirra að góð reynsla hefði verið af því að beita útboðum varðandi opinber innkaup þar sem mögulegt var að koma því við og höfðu hagstæðir samningar tekist yfirleitt. Leituðust fyrirtæki jafnframt markvisst við að kaupa íslenska framleiðslu fremur en erlenda, jafnvel þótt íslenska framleiðslan væri eitthvað dýrari miðað við sömu gæði. Ráðuneytið óskaði síðan eftir því hinn 8. mars 1985 í ljósi áður fenginna upplýsinga um málið að fyrirtæki og stofnanir sem undir það heyrðu sendu árlega inn yfirlit til ráðuneytisins um opinber innkaup viðkomandi aðila. Hefur verið reynt að stuðla að óformlegu eftirliti með að ríkisstjórnarsamþykktinni verði framfylgt. Svarið mótast af aðgerðum þeim er iðnrn. hefur gripið til til að stuðla að opinberum innkaupum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um framkvæmd samþykktarinnar hjá öðrum ráðuneytum.

Í framhaldi af þessari fsp. má segja að ég hafi farið að kynna mér betur hvernig þessi mál stóðu og standa, og þann 12. þ.m. var svohljóðandi bréf sent til stofnana og fyrirtækja er heyra undir iðnrn.:

„Með bréfi ráðuneytisins dags. 18. jan. 1984 var

öllum stofnunum og fyrirtækjum er heyra undir iðnrn. kynnt eftirfarandi ríkisstjórnarsamþykkt frá 11. jan. 1984 um opinber innkaup:

Ríkisstj. samþykkir að beina eftirfarandi fyrirmælum til allra stofnana og fyrirtækja ríkisins í því skyni að efla innlenda atvinnustarfsemi:

1. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að kaupa íslenskar vörur til opinberra nota.

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skulu leitast við að haga útboðum og hönnun á verksamningum þannig að þeir miðist eins og frekast er kostur við íslenskar vörur og atvinnustarfsemi.

3. Hvert ráðuneyti skal sjá um framkvæmd þessara fyrirmæla gagnvart þeim fyrirtækjum og stofnunum sem undir það heyra.

Ráðuneytið lagði á það áherslu í bréfinu að stjórnendur stofnana og fyrirtækja er undir það heyra hefðu þessa samþykkt framvegis til hliðsjónar við öll innkaup. Voru viðbrögð viðkomandi jákvæð gagnvart þessum tilmælum.

Með bréfi frá 8. mars 1985 var óskað eftir því við þessa sömu aðila að ráðuneytinu yrðu send yfirlit um opinber innkaup þeirra og skyldi yfirlitið sent í janúarmánuði fyrir hvert nýliðið ár. Óskaði ráðuneytið jafnframt eftir því að í yfirlitinu kæmi fram eftirfarandi:

1. Hlutfall í prósentum innlendrar framleiðslu af heildarinnkaupum fyrirtækisins.

2. Sundurliðun innkaupa skv. helstu vöruflokkum og skiptingu í prósentum þeirra vöruflokka í innlend og erlend kaup.

3. Stefna fyrirtækisins í innkaupamálum og hvernig tekist hafi að framfylgja henni.

Þá eru fyrirtæki hvött til að láta þá aðila sem beint gætu vörukaupum erlendis frá til innlendra aðila, svo sem nýiðnaðardeild Iðntæknistofnunar Íslands, Félag ísl. iðnrekenda og ráðuneytið, vita um vöruflokka sem hugsanlega mætti framleiða hér á landi þannig að stuðla mætti að því að efla innlendan iðnað.

Ráðuneytið ítrekar þessi fyrirmæli um árlegt yfirlit yfir opinber innkaup ýðar og er þess óskað að það berist ráðuneytinu eigi síðar en í lok mars 1986." Albert Guðmundsson og Páll Flygenring skrifuðu undir.

Þetta er mitt svar við þeirri fsp. sem hv. fyrirspyrjandi hefur sent mér.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á í sambandi við þessa fsp. að nauðsynlegt er að þm. sé kunnugt um hvernig háttað er kaupum á svokölluðum innlendum iðnaðarvörum. Þegar stjórn Borgarbókasafns bauð út smíði húsgagna í hið nýja útibú í Gerðubergi varð nokkur deila milli formanns Félags ísl. iðnrekenda og stjórnar Borgarbókasafns vegna þess að til stóð að kaupa sérsmíðuð dönsk bókasafnshúsgögn. Stjórnin beygði sig fyrir rökum formanns Félags ísl. iðnrekenda — og ég minnist þess að hv. þm. Eggert Haukdal tók þetta mál einnig upp hér á Alþingi — og útboð fór fram að nýju og tvö íslensk fyrirtæki fengu smíði þessara húsgagna.

Nú verður þetta bókasafn tekið í notkun að stuttum tíma liðnum, en í ljós kemur að annað þessara íslensku fyrirtækja sem fékk þessa smíði hefur skilað húsgögnum sem að 70% eru innflutt frá Danmörku. Ég vil því benda hv. þm. á að ekki er alltaf allt sem sýnist með svokölluð innkaup á íslenskum iðnaðarvörum þegar fyrirtæki Hjalta Geirs Kristjánssonar, í þessu tilviki, lofar að smíða íslenskar iðnaðarvörur og kemur með þær að 70% innfluttar frá Danmörku.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Ég met líka að hann hefur tekið þessi mál upp í framhaldi af því að þessi fsp. var lögð fram og hefur ítrekað erindi til ráðuneyta og stofnana sem áður hafði verið sent án þess að staðið væri við það af þeirra hálfu sem óskað var eftir nema það dæmi sem hæstv. ráðherra gat um.

Ég gagnrýndi nokkuð, þegar þessi mál voru til umræðu hér 18. des. 1984 af tilefni fsp., að umrædd samstarfsnefnd um opinber innkaup hafði verið lögð niður og tekinn upp annar háttur af núv. hæstv. ríkisstj. Hugsunin á bak við samstarfsnefndina á sínum tíma var sú að tryggja með virkum hætti að að þessum málum væri unnið bæði með upplýsingastreymi milli samtaka iðnaðarins og einstakra fyrirtækja og eins gagnvart markaðinum og að fylgt væri eftir gagnvart einstökum ráðuneytum og stofnunum þeirri stefnu sem ríkisstj. hafði samþykkt. Ástæður hæstv. fyrrv. iðnrh. fyrir að leggja þessa nefnd niður voru nokkuð óljósar. Hann upplýsti að hann hefði misst formanninn fyrir borð, eins og hann orðaði það og þá hefði hann brugðið á það ráð að leggja nefndina niður. Það voru harla einkennileg rök að mínu mati.

Ég vil ekki vanmeta það sem verið er að reyna að gera með núverandi skipan mála af hæstv. ríkisstj. en tel þó að það sé miklu minni von til þess en með þeirri tilhögun sem tekin var upp 1982 um þessi mál að ná þarna raunverulegum árangri. Aðrar þjóðir nota opinbera innkaupastefnu sem lið í iðnþróun hjá sér. Hér er tæpast um að ræða að það verði með þessum hætti og ég tel tiltölulega auðvelt fyrir ráðuneyti að smjúga fram hjá þessum óskum sem þarna liggja fyrir þar sem ekki er um skipulegan eftirrekstur og eftirlit með þessu að ræða.

Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. fylgi þessum málum eftir, m.a. í ljósi þeirra svara sem honum væntanlega berast við erindi sínu frá 12. febr. s.l. Ég efast ekki um að hann hafi áhuga á því að þessi mál taki aðra stefnu en verið hefur að undanförnu því að hér er um að ræða eitt af helstu tækjum hins opinbera til þess að stuðla að æskilegri innlendri iðnþróun og veitir sannarlega ekki af í þeirri stöðu sem okkar innlendi iðnaður stendur nú í.

Ég læt þessi orð nægja, hæstv. forseti, en vænti þess að ríkistj. fylgist með virkum hætti með þessum málum í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég vil ekki taka upp umræður um þá hlið þessa máls sem Guðrún Helgadóttir, hv. 10. landsk. þm., gat um en tel það að sjálfsögðu vítavert ef íslensk iðnaðarfyrirtæki gera tilboð um íslenska framleiðslu en flytja svo inn erlenda framleiðslu til þess að fullnægja sínum tilboðum. Það tel ég vítavert.

En það er rétt sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Austurl., að ég tók þetta mál upp eftir að ég kynnti mér það betur og fsp. hans hafði komið fram og ég vil upplýsa hv. þm. um það að ég var mikill talsmaður í þessa veru þegar ég var „aktífur", ef ég má orða það þannig, í borgarstjórn Reykjavíkur og barðist fyrir því m.a. að t.d. yfirbyggingar á strætisvagna mættu

vera 30% dýrari hjá innlendum framleiðendum heldur en erlendum framleiðendum. Þrátt fyrir þennan mikla mun álít ég að íslenska framleiðslan hafi verið ódýrari ef — eins og ég held að þurfi að gera þegar borin eru saman íslensk tilboð annars vegar og erlend tilboð hins vegar — menn átta sig á því að verið er að bjóða bruttótölu frá innlendum framleiðendum á móti nettótölu erlendra framleiðenda. Þess vegna hef ég verið talsmaður þess — meira að segja í dag fyrir hádegi á fundi sem ég sat — að bæði skattar og útsvör, og útsvör starfsmanna, ekki bara fyrirtækja, væru dregin frá íslenskum tilboðum þegar þau eru borin saman við erlend þannig að erlendu tilboðin og íslensku tilboðin séu þá hvor tveggja á nettóverði.

Að sjálfsögðu er það skylda okkar allra að stuðla að æskilegri þróun innlendrar framleiðslu og iðnþróunar og að því mun ég sannarlega starfa áfram og er til samstarfs við hv. forvera minn í því starfi og óska eftir að fá að ræða við hann einslega um þær tillögur sem hann kann að eiga enn í fórum sínum frá sinni ráðherratíð.

Afurðalán skreiðarframleiðenda, fsp. 249. mál (þskj. 479). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 479 að flytja svohljóðandi fsp.:

„Hvað líður framkvæmd og afgreiðslu á yfirtöku eða ábyrgð skv. 29. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1985 á afurðalánum allt að 250 millj. kr. sem veitt hafa verið skreiðarframleiðendum vegna óseldra skreiðarbirgða í árslok 1984?"

Tilefni þess að ég spyr um þetta er það að skreiðarverkendur hafa mjög kvartað yfir því hversu seint hafi gengið að afgreiða þessa hluti. Ég minni á að lánsfjáráætlun 1985 gerir ráð fyrir þessu. Hreyfing mun engin hafa átt sér stað á árinu 1985 í þessa veru, en ég hef frétt af því að eitthvað hafi skeð núna síðustu vikurnar árið 1986.

Ég minni á að skreiðarverkendur hafa átt mjög erfitt uppdráttar vegna mjög mikilla óseldra birgða sem menn hafa legið með í mörg ár sumir hverjir og auðvitað er heimildin í lánsfjárlögum til komin vegna þessara erfiðleika. Skreiðin er enn óseld þrátt fyrir einhverjar vonir um úrbætur, en ég óska eftir því að fá upplýsingar um það hvernig að þessum málum hefur verið staðið, hvort og hvernig og þá líka hvort allir sem ættu að fá þessa fyrirgreiðslu hafi fengið hana. Ég hef grun um að svo sé ekki og að mikill ruglingur sé á þessum málum ef ég má nota það orð. En ég óska svars.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Í samráði við samtök skreiðarframleiðenda og bankana, svo og nokkra sparisjóði, var ákveðið að nýta heimild í 29. gr. lánsfjárlaga ársins 1985 þannig að ríkissjóður greiddi vexti af hluta afurðalána sem veitt höfðu verið út á skreiðarbirgðir í árslok 1984. Á tímabilinu frá okt. til des. á síðasta ári tókust samningar milli ríkissjóðs og 11 bankastofnana um að ríkissjóður greiði mánaðarlega frá 1. júní 1985 til 31. des. 1988 afurðalánavexti af hluta þeirra afurðalána sem veitt höfðu verið skreiðarframleiðendum. Það er þess vegna rangt, sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, að ekkert hefði verið gert í þessu máli á síðasta ári. Öllum samningum um þetta atriði við viðskiptabanka og sparisjóði var lokið fyrir árslok 1985. En það er rétt að samningsgerðin tók langan tíma vegna þess að hver einstakur skreiðarframleiðandi þurfti að undirrita yfirlýsingu um að hann þekkti efni samningsins og væri honum samþykkur og fyrst og fremst vegna þessara formsatriða dróst af hálfu bankanna að leggja málin þannig fyrir að unnt væri að ganga fyrr frá samningum við þá. En hlutur ríkissjóðs í afurðalánum skv. þessum samningum er um 237 millj. kr. og í framhaldi af þessari samningsgerð hefur ríkissjóður greitt um 29,5 millj. kr. í afurðalánavexti miðað við 10. febr. s.l.

Þess er einnig rétt að geta í þessu sambandi að á fundi ríkisstj. í morgun var samþykkt í fyrsta lagi að ekki verði innheimtur gengismunur af skreið sem framleidd hefur verið fyrir 1. júní 1983 en greidd er eftir 1. jan. 1986, og í öðru lagi að felld verði niður útflutningsgjöld af skreið sem framleidd hefur verið fyrir árslok 1984 en greidd eftir 1. jan. 1986. Jafnframt var samþykkt að frekari afstaða til þeirra tillagna sem skreiðarframleiðendur hafa lagt fram verði tekin þegar skreiðin hefur verið seld og greidd og í ljós er komið hver fjárhagsstaða skreiðarframleiðenda verður. Þetta þýðir að tekin verður afstaða til þess þegar skreiðin hefur verið seld að hve miklu leyti um verður að ræða yfirtöku ríkissjóðs á þessum allt að 250 millj. kr. lánum sem samið hefur verið um. Fyrr en niðurstaða er fengin í þessu máli verður ekki unnt að ákveða á hvern veg þetta fer, en hér er um að ræða áhættulán og það verður að koma í ljós hver skaði skreiðarframleiðenda verður þegar skreiðin hefur verið seld og þá verður metið að hve miklu leyti um verður að ræða yfirtöku á þessum lánum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég held að varla sé of mikið sagt af hv. fyrirspyrjanda að í kringum þettta mál hafi verið ansi mikill ruglingur. Og mér virðist sá ruglingur halda áfram hér í ræðu hæstv. fjmrh. Hann segir að sá dráttur sem varð á afgreiðslu þessa máls hafi m.a. og kannske aðallega verið vegna þess að skreiðareigendur hafi þurft að kynna sér yfirlýsingar sem þeir þurftu að undirrita vegna þeirrar endurgreiðslu sem verið var að undirbúa eða átti að framkvæma. Yfirlýsing Landsbankans var nú ekki merkilegra plagg en það að viðkomandi aðili þurfti að lýsa því yfir að eftir að skreiðin hefði verið seld mundi hann vera tilbúinn að endurgreiða þessa vexti. Varla hefur það getað tekið það langan tíma, sem þetta mál hefur verið að veltast í stofnunum, fyrir viðkomandi aðila að kynna sér það og vera ábyrgir fyrir því að endurgreiða ríkissjóði aftur þessa vexti ef skreiðin seldist. Það var ekki mikið meira í þeirri yfirlýsingu.

Það er annar þáttur í málinu. Hér er verið að styrkja og styðja skreiðarframleiðendur. En fyrst og fremst er verið að endurgreiða vexti hjá þeim sem hafa fengið lán út á sínar skreiðarbirgðir. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvers eiga hinir að gjalda sem ekki hafa fengið lán út á sínar birgðir? Er ekki von til þess að þeir komist einhvern veginn inn í þetta og það verði skipt upp til þeirra á svipaðan máta og til þeirra sem skulda? Sumar bankastofnanir hafa jafnvel tekið skreiðarlánin úr öðrum afurðum sem þessir aðilar hafa verið að selja í

gegnum bankann og þar af leiðandi standa skreiðarbirgðir þeirra uppgreiddar og á þeim eru engin áhvílandi lán. Þeir fá ekki þessa endurgreiðslu vaxta. Hver verður hlutur þeirra?

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið, en það kom fram í þeim að afar seint hefur gengið með þessi mál. Ég vek aftur á því athygli að í lánsfjárlögum 1985 er þessi heimild en byrjað er að huga að henni seinni part þess árs. Það er fyrst nú á þessum síðustu dögum sem farið er að láta þetta koma til framkvæmda. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem eru dæmigerð fyrir þá hugsun sem lýtur að sjávarútveginum hjá ríkisstj. En við skulum vona að Eyjólfur hressist, ekki síst þegar maður fær upplýsingar um það nú að jafnvel í morgun hafi verið rætt um þessi mál og talað um að fella niður gengismun af skreið sem ekki hefur verið seld sem þykir guðsþakkaverk. (**Gripið fram í:** 1983). Fyrir 1983, já. Mér virtist sem ráðherra þætti það guðsþakkaverk. Það þykir mér ekki. Mér finnst það sjálfsagður hlutur og eðlilegur. Enda er það svo að sá útvegur eða sú grein er lýtur að skreiðarverkun hefur átt í miklum erfiðleikum, meiri erfiðleikum en nokkur önnur grein innan sjávarútvegsins á síðustu árum.

En sem sagt, ég vona að Eyjólfur hressist og betur takist til, og ég fagna því að nú loks á árinu 1986 séu menn að sjá árangur af þeirri heimild sem var samþykkt árið 1985.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég get alveg tekið undir að það hefur dregist allverulega að koma þessum málum frá, en rétt er að minna á að lánsfjárlög voru ekki samþykkt fyrr en komið var fram á sumar s.l. ár þannig að með öllu var útilokað að hefjast handa við þetta verk fyrr en á síðari hluta ársins vegna þess að fyrr voru lánsfjárlög ekki samþykkt. Af hálfu fjmrn. var gengið frá lánsskjölum við banka um leið og gögn komu frá þeim þannig að af hálfu ráðuneytisins hefur ekki orðið dráttur á afgreiðslu lánsskjalanna.

Varðandi fsp. hv. 4. þm. Vesturl. er rétt að minna á að heimild lánsfjárlaganna er við þetta atriði bundin en ekki önnur, en það hafa farið fram viðræður á milli ríkisstj. og skreiðarframleiðenda um ýmis atriði sem koma mættu skreiðarframleiðendum til hagsbóta í þessari erfiðu stöðu. Á tvö þeirra minntist ég fyrr í umræðunni sem ákvörðun hefur verið tekin um og frekari viðræður munu væntanlega fara fram á milli ríkisstj. og skreiðarframleiðenda um þessi efni, en heimild lánsfjárlaganna var við þetta atriði bundin.

Starfsmaður Veiðimálastofnunar á Egilsstöðum, fsp. 252. mál (þskj. 482). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 482 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„Hvað líður ráðningu starfsmanns við útibú Veiðimálastofnunar á Egilsstöðum?"

Þessari fsp. er eðlilega hreyft nú þegar komið er á annað ár frá því að starfsmaður útibúsins sem þá var lét af því starfi og flutti hingað suður. Það var býsna erfið barátta og þungur róður að fá þetta útibú viðurkennt á sínum tíma, en Austurland hafði óneitanlega um allt of langan tíma legið eftir í sambandi við veiðimál, rannsóknir sem aðgerðir í þeim efnum, nema það sem áhugamenn höfðu unnið að þessum málum heima fyrir og skal það síst lastað. Austfirðingar leggja því eðlilega mikla áherslu á það að fastur starfsmaður sé við útibúið og leggi lið og stýri þeim mörgu verkefnum víða í fjórðungnum sem við er að fást.

Til að allrar sanngirni sé gætt er rétt að taka það fram að sá maður sem síðast gegndi þarna starfi, Árni Helgason, hefur áfram unnið að verkefni í Vopnafirði sérstaklega og eins hefur Jón Kristjánsson unnið að svokölluðu silungaverkefni á þessum tíma sem liðinn er frá því að starfsmaðurinn hvarf frá Egilsstöðum, en fastan starfsmann þarf að fá sem fyrst og á það er knúið af heimamönnum og því er um þetta spurt.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum sem komið hafa frá veiðimálastjóra sem svar við fsp. hv. 2. þm. Austurl. um ráðningu starfsmanns að Egilsstöðum vil ég lesa eftirfarandi bréf frá veiðimálastjóra, með leyfi forseta:

„Í bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 12. þ.m., er óskað umsagnar um fsp. frá Helga Seljan alþm. á þskj. nr. 482, um hvað líði ráðningu starfsmanns við útibú Veiðimálastofnunar á Egilsstöðum.

Ráðinn hefur verið maður í nefnt starf. Hann lýkur líffræðiprófi frá Háskóla Íslands á komandi vori og mun hefja störf í maí. Að fenginni kynningu á starfinu í Reykjavík og víðar mun hann flytjast austur til Egilsstaða í júlíbyrjun. Maðurinn heitir Steingrímur Benediktsson.

Árni H. Helgason fiskifræðingur, sem áður var á Egilsstöðum, hóf störf í Reykjavík í janúar 1985 sem sérfræðingur í fiskeldismálum, en hann hafði við framhaldsnám lagt sérstaka stund á fiskeldi. Síðan til kom að Árni flyttist til hefur verið reynt að fá hæfan mann til starfa á Austurlandi en það hefur ekki tekist fyrr en nú nýverið. Þeim fiskifræðingum, sem komið hafa til greina síðan, hefur verið boðið starfið, en þeir hafa ekki viljað fara austur.

Nauðsynlegt er að fá til starfsins mann sem getur sinnt því sómasamlega, enda er það fjölbreytilegt þar sem ekki er nægjanlegt að sinna fiskifræðilegum málum eingöngu heldur einnig að veita ráðgjöf og leiðbeiningar og vinna að félagsmálum á sviði veiðimála, þ.e. í sambandi við veiðifélög, stangaveiðifélög og önnur samtök. Von mín er að hæfur maður sé nú fundinn til starfsins."

Það skal tekið fram að þótt Árni Helgason hafi fiskeldismálin nú sem aðalverkefni þá hefur hann að hluta sinnt veiðimálum á Austurlandi á árinu 1985. Þetta kom einnig fram í máli hv. fyrirspyrjanda og einnig að það hefur verið unnið að svokölluðu silungaverkefni á Austurlandi síðustu árin sem er mjög merkilegt starf og gefur vonir um að þar geti bændur nýtt sér silunginn í veiðivötnunum miklu meira en þeir haf gert og verið til styrktar byggðarlögunum þar sem slíka aðstöðu er að hafa.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin og fagna því sem þar kom

fram að væntanlega kæmi nú innan tíðar starfsmaður að þessu útibúi Veiðimálastofnunarinnar. Það er full þörf á því að sinna margþættum verkefnum sem þar bíða og í raun og veru mjög bagalegt að hér skuli hafa fallið að mestu úr rúmt ár — það verður u.þ.b. hálft annað ár sem fellur úr — að undanskildum þeim tveim verkefnum sem ég minnti á hérna áðan, silungaverkefnið svokallaða, og hins vegar þau verkefni sem eru sérstaklega bundin Vopnafirði.

En ég fagna því að við Austfirðingar skulum fá þarna hæfan og vel menntaðan mann til starfa eystra og óska þeim nýja væntanlega starfsmanni alls góðs og vænti þess að hann uni sér vel eystra og geri þar það mikla gagn sem maður með þekkingu og hæfileika af þessu tagi getur vissulega gert í fjórðungnum.

Stálbræðsla, fsp. 266. mál (þskj. 499). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á fundi forustumanna Stálfélagsins með forsrh. og iðnrh. hinn 15. nóv. s.l. komu fram eftirfarandi upplýsingar meðal annarra:

Í fyrsta lagi var á það bent að Alþingi Íslendinga hefði hvatt til stofnunar Stálfélagsins með setningu laga um stálbræðslu 25. maí 1981.

Í öðru lagi var bent á það að í kjölfar þessarar lagasetningar hefði félagið verið stofnað og þegar á stofnfundi hefði komið fram mikill og almennur áhugi einstaklinga og fyrirtækja og væru hluthafar nú orðnir yfir 1000 talsins.

Í þriðja lagi var á það bent að á grundvelli þessa ákvæðis laganna, um að ríkissjóður legði fram allt að 40% hlutafjár, hefðu farið fram viðræður við þáv. iðnrh., Sverri Hermannsson, í lok ársins 1983.

Í grein frá forráðamönnum Stálfélagsins í Morgunblaðinu 28. desember s.l. eru þessu máli gerð ítarlegri skil og m.a. á það bent að stjórnin hafi rætt við iðnrh., og eins og segir í greininni, með leyfi forseta:

„Ráðherra hvatti forráðamenn eindregið til þess að halda áfram af fullum krafti uppbyggingu stálbræðslu. Ráðherra kvaðst þurfa janúarmánuð næstkomandi til að útvega ríkisábyrgð og hlutafjárframlag ríkisins samkvæmt lögum frá 1981."

Í þessari sömu grein er á það bent að hinn 18. júlí 1984 hafði Morgunblaðið það eftir þáv. fjmrh. að hann hafi ákveðið að veita Stálfélaginu ríkisábyrgð vegna lánsumsóknarinnar til Norræna fjárfestingarbankans í samræmi við lögin frá 1981.

Það er hins vegar skemmst af að segja að mikill dráttur hefur orðið á afgreiðslu stjórnvalda á málum þessa félags. Þetta hefur haft það í för með sér að áhugamenn um verulega þátttöku í félaginu hafa hætt við og ríkisbankar ekki fengist til viðskipta við félagið. Eins og segir í plaggi frá fundi félagsins og forráðamanna þess með forsrh. og iðnrh., frá 15. nóv. 1985, sem ég var að enda við að vitna í, þá er vegna alls þessa svo komið að við blasir gjaldþrot ef ekki verður að gert. Athuganir sem stjórn félagsins hefur látið gera benda eindregið til þess að grundvöllur sé fyrir rekstri stálbræðslu hér á landi, einkum vegna þess að framleiðslan notar innlent hráefni, innlenda orku og hefur fjarlægðarvernd.

Í þessu plaggi frá Stálfélaginu segir einnig:

„Á grundvelli laga og gefinna fyrirheita fer Stálfélagið hf. hér með fram á það við ríkisstjórnina að hún sjái til þess að núverandi vandi félagsins verði leystur þannig að hægt verði að halda áfram uppbyggingu stálbræðslu hér á landi."

Ég hygg að þessar ábendingar Stálfélagsins hf., sem ég hef hér vitnað til, skýri í meginatriðum eðli þessa máls, og skýri hvers vegna við höfum, þrír þingmenn, hv. þm. Geir Gunnarsson, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ég, borið fram þessa fsp., en hún er svohljóðandi:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma til móts við Stálfélagið hf. í viðleitni þess til að koma á fót stálbræðslu hér á landi?"

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Norðurl. v., er beint til mín fsp. á þskj. 499 frá honum sem 1. flm., Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni, svohljóðandi:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma til móts við Stálfélagið hf. í viðleitni þess til að koma á fót stálbræðslu hér á landi?"

Svar mitt er svohljóðandi:

Lög um stálbræðslu voru samþykkt á Alþingi árið 1981. Lög þessi eru heimildarlög þar sem þátttaka ríkisins er m.a. skilyrt því að hlutur ríkisins verði ekki yfir 40% af hlutafé félagsins, og hlutafé félagsins verði minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar.

Í 2. gr. laganna segir að ríkisstjórninni sé heimilt að leggja fram allt að 12 millj. kr. miðað við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981. Enn fremur að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 17,5 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt enda hafi verið tryggð öflun annars nauðsynlegs lánsfjár vegna stofnkostnaðar. Fjmrh. fer með framkvæmd þessarar greinar.

Þá er í lögunum frá 1981 ákvæði til brb. þar sem segir að ekki sé heimilt að leggja fram hlutafé eða ábyrgjast lán fyrr en tryggð hafi verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár.

Á s.l. ári gekkst ég fyrir því, þá sem fjmrh., að samþykkt voru lög nr. 82 1. júlí 1985, um heimild gegn þeim tryggingum sem fjmrh. metur gildar að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1,55 millj. bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt.

Auk skilyrða laganna nr. 37/1961 um ríkisábyrgðir verði þess gætt að hlutafé fyrirtækisins sé a.m.k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, að samningar séu fyrir hendi við banka er tryggi rekstrarfé til fyrirtækisins og að gætt verði náttúruverndarsjónarmiða.

Eins og rakið hefur verið hér að framan hafa stjórnvöld komið til móts við þá aðila sem staðið hafa fyrir stofnun stálbræðslufyrirtækisins eins og kostur er. Stálfélagið hf. hefur aftur á móti ekki getað uppfyllt þau skilyrði sem sett hafa verið vegna þátttöku ríkissjóðs. Þannig eru t.d. engir samningar enn fyrir hendi við banka um að tryggja rekstrarfé til fyrirtækisins. Standa málin í dag því þannig að það er ekki á valdi ríkisstjórnarinnar að koma frekar til móts við Stálfélagið hf. fyrr en að uppfylltum settum skilyrðum.

Vegna þess sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v.,

þegar hann fylgdi þessari fsp. úr hlaði, vil ég ekki taka undir það að Alþingi sem slíkt hafi beint hvatt til stofnunar fyrirtækisins þó Alþingi hafi að beiðni áhugamanna samþykkt umrædd lög sem síðan urðu kannske til þess að fyrirtækið var stofnað.

Ég get ekki rætt um þær viðræður sem hafa átt sér stað við forvera minn í starfi, né heldur greinar sem birst hafa í Morgunblaðinu, né heldur tekið undir það, né heldur hafnað að hann hafi hvatt eða latt til áframhaldandi starfa í sambandi við stofnunina. Fjmrh. ákveður að sjálfsögðu að veita ríkisábyrgðina þegar hann álítur að skilyrðum samkvæmt lögum sé fullnægt. Ef nú blasir við gjaldþrot stofnaðila, þá er það ekki ríkisstj. að kenna í einu eða neinu, heldur því að því miður hafa stofnaðilar — þótt þeir séu þúsund — ekki getað fullnægt þeim skilyrðum sem gert er ráð fyrir að félagið geri samkvæmt lögum. Því get ég ekki séð að það sé réttmæt krafa, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, 1. flm. þessarar fsp. á þskj. 499, að nú sé það ríkisstjórnarinnar að sjá um að vandinn verði leystur.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svar hans þótt ekki geti ég nú sagt að ég sé ánægður með svarið eða telji það fullnægjandi.

Ég held að það geti ekki dulist neinum að viðhorf stjórnvalda til uppbyggingar þessa fyrirtækis og undirtektir við þau áform, sem uppi voru fyrir tveimur árum síðan, voru allt aðrar og miklu jákvæðari en þær virðast vera nú. Ég gerði grein fyrir undirtektum iðnrh. þegar málið var rætt við hann haustið 1983 og ég hygg að það hafi nú einmitt verið í ljósi mjög jákvæðra undirtekta ráðherrans, sem m.a. komu skýrlega fram í blaðaviðtölum á þeim tíma og þarf ekkert að velta neitt vöngum yfir að voru fyrir hendi, að framkvæmdir voru hafnar á vegum félagsins um áramótin 1983–1984. Það var gerður samstarfssamningur við sænskan aðila, Halmstad Järnverk, sem einnig gerðist þar með hluthafi í félaginu. Og til þess að hefja framleiðslu söluhæfrar vöru var þá ákveðið að reisa fyrst völsunarhluta verksmiðjunnar en bræðsluhlutann í beinu framhaldi þess.

Það var sem sagt hafist handa, gerður samningur um kaup á lóð, byggingarframkvæmdir hafnar, reist þjónustuhús, sprengivinna unnin við grunn verksmiðjuhússins og starfsmenn reyndar sendir út til þjálfunar erlendis og hafin hönnunarvinna. Allt var þetta auðvitað gert á þeim grundvelli að það virtist aðeins vera tímaspursmál hvenær endanlega væri frá þessu máli gengið af hálfu stjórnvalda og undirtektir á þann veg að ekki var að efast um að stuðningur fengist.

En síðan hefur þetta allt breyst mjög og fyrst til verri vegar og það ber að harma. Ég álít að þetta fyrirtæki sé nauðsynjafyrirtæki, það sé þjóðþrifafyrirtæki og allar líkur bendi til þess að það væri þjóðhagslega hagkvæmt að reisa það og reka hér á landi. En því miður: Málið er nú strand. Og mér sýnist að meðferð stjórnvalda á þessu máli sé svona heldur ófagur minnisvarði um lítið frumkvæði og litla forustu núv. ríkisstj. í atvinnumálum. Það hefur ekkert meðalstórt iðnaðarfyrirtæki risið hér á landi í tíð þessarar stjórnar, að frumkvæði hennar og undir forustu hennar.

Ég harma það mjög að ríkisstj. hefur verið svo neikvæð í þessu máli sem raun ber vitni og skora mjög eindregið á hana að endurskoða afstöðu sína til þessa félags.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég skil það á ummælum og áherslum hv. 3. þm. Norðurl. v. að hann er ekki ánægður með það svar sem ég gaf. Lái ég honum það ekki en það verður að vera hans vandamál. En ég vil ítreka að það hefur ekki verið af ríkisstjórnarinnar eða stjórnvalda hálfu neitt neikvætt í meðhöndlun þessa máls. Það voru samþykkt lög — mér skilst, miðað við það sem hér stendur, að þau hafi verið samin árið 1961 — áður en forveri minn kom í embætti og viðhorf stjórnvalda hefur verið jákvætt. Stjórnvöld hafa verið reiðubúin til þess að veita ríkisábyrgð, þau hafa verið tilbúin til þess að taka þátt í stofnun félagsins, en að ákveðnum skilmálum og skilyrðum fullnægðum.

Það hefur enginn ætlast til þess að stjórnvöld tækju forustuna af frumkvöðlunum. Stjórnvöld koma inn í og hjálpa til ef það er gerlegt. Alþingi hefur samþykkt lög og eftir þeim lögum verður ríkisstjórnin að fara sem framkvæmdarvald. Og það hefur ríkisstjórnin verið reiðubúin að gera. Ég undirstrika aftur það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að þrátt fyrir það að hluthafar séu um 1000 eins og hann gat um, þá er hlutafé og hlutafjárframlög og innborgað hlutafé ekki nægjanlegt til þess að fullnægja þeim skilyrðum sem gera ríkisstjórninni kleift að koma inn í fyrirtækið á sama hátt og þar segir.

Ég vil upplýsa það hér að fyrrverandi stjórn fyrirtækisins kom á minn fund og óskaði eftir ríkisábyrgð, ekki bara fyrir þeim peningum sem þeir áttu að leggja fram sem hlutafé, heldur rekstrarfé líka. Ríkisábyrgð fyrir erlendum lánum upp á 800 millj. kr. Ég hafnaði því. Síðan fór stjórnin að athuga með notaðar verksmiðjur og kom til baka og óskaði eftir 200 millj. kr. ríkisábyrgð og þá var ekki talað um að á ríkisábyrgð þyrfti að halda fyrir lánum til þeirra eigin hlutafjárframlaga. Þetta var gangur málsins þá.

Ég ætla ekki að mæla því á móti að þetta geti verið nauðsynlegt fyrirtæki, enda hafa undirtektir mínar aldrei verið neikvæðar og sést það best á því að þann tíma sem ég var fjmrh. lagði ég til að ríkisábyrgð yrði veitt þessu fyrirtæki — að sjálfsögðu með ákveðnum tryggingum og skilyrðum sem Alþingi samþykkti.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þessari ríkisstjórn hafa verið mislagðar hendur með margt. Þetta er eitt dæmi af slíku og varðar atvinnumál. Það hefur komið fram varðandi þetta mál af hálfu talsmanna Stálfélagsins, og ekki verið vefengt af hæstv. ráðh., að þeir hafi á vissum tímum hvatt fyrirtækið til að hefja framkvæmdir út á úrlausnir sem ráðherrar töldu sig hafa í hendi. Þá á ég fyrst og fremst við fyrrv. hæstv. iðnrh. og samræður hans við forráðamenn Stálfélagsins í árslok 1983. Það liggur líka fyrir frá hæstv. núv. iðnrh. að hann sem fjmrh. var jákvæður um skeið gagnvart fyrirtækinu. Og hæstv. forsrh. landsins orðar það svo samkvæmt bréfi frá Stálfélaginu, þegar það boðaði þm. til að mæta á aðalfund sem haldinn var seint í síðasta mánuði að hann teldi að ríkisstjórnin væri siðferðilega skuldbundin í þessu máli. Því miður er hæstv. forsrh. ekki hér viðstaddur til að staðfesta þessi ummæli. En er að furða þó menn spyrji: Hvað veldur vinnubrögðum af þessu tagi af hálfu ríkisstjórnarinnar? Það var upplýst af hálfu talsmanna Stálfélagsins að sá mikli dráttur, sem

varð á eðlilegum svörum frá stjórnvöldum í þessu máli, varð til þess að fjársterkir aðilar, sem höfðu lofað hlutafjárframlagi, drógu það loforð til baka, ráðstöfuðu fjármagni sínu í annað. Og þannig er um fleira. Nei, þetta er mál þar sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið sannarlega illa í ístaðinu, ráðherrar verið ósamstiga og það er eðlilegt að þeir 1000 hluthafar, sem hafa gerst aðilar að Stálfélaginu, krefji ríkisstjórnina sagna og skila á sínum hlut í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Af því að núv. hæstv. menntmrh., og fyrrv. iðnrh., er kominn hér í salinn og vegna þess að nafn hans hefur mjög borið á góma í þessum umræðum þá vildi ég eindregið skora á hann að taka þátt í þessum umræðum, því að hann hlýtur að hafa rétt til þess sem þm., og gera kannske ofurlitla grein fyrir því hvort honum finnist ekki, í ljósi þeirra fullyrðinga sem fram hafa komið hjá forustumönnum Stálfélagsins, að hann hafi mjög hvatt til þess að haldið væri áfram undirbúningi þessa máls, og að hann hafi eindregið ýtt undir það að undirbúningi væri haldið áfram og lagt út í umtalsverðar fjárfestingar, hvort honum finnist ekki að það sé dálítið erfitt bæði fyrir hann og fyrir ríkisstjórnina í heild að hlaupa nú frá öllu saman án frekari aðgerða og horfa á fyrirtækið stefna í gjaldþrot og þar með að málinu sé siglt algerlega í strand. Væri ekki hugsanlegt að hæstv. ríkisstj. vildi taka þetta mál til endurskoðunar og það m.a. með tilstyrk fyrrv. iðnrh.? Væri hann ekki tilbúinn að koma hér í ræðustól og segja eitthvað til um afstöðu sína til þessa þannig að hugsanlega mætti endurskoða þau skilyrði sem sett hafa verið og m.a. tryggja fyrirtækinu bankafyrirgreiðslu í ríkisbönkunum, áður en til þess er látið koma að fyrirtækið velti um?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er ástæða til að vekja athygli á því að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði rétt til þess að gera örstutta athugasemd samkvæmt þingsköpum. Þm. hefur skorað á fyrrv. iðnrh. að tala í þessu máli og gera grein fyrir málinu og hv. þm. sagði að ráðherrann hlyti að hafa rétt til þess. Það skal tekið fram að samkvæmt þingsköpum hefur ráðherrann ekki rétt til þess. Ráðherrann hefur rétt til þess að gera örstutta athugasemd ef hann óskar. En því sem hér er sagt er ekki sérstaklega beint til hv. 3. þm. Norðurl. v., heldur er það almenn undirstrikun á því að við leitumst við að fylgja hinum nýju þingsköpum til þess að við njótum þess hagræðis sem þau gera ráð fyrir við afgreiðslu fyrirspurna.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til þess, til að menn skilji í hvaða aðstöðu framkvæmdarvaldið er, að lesa hér upp ákvæði til brb. sem fylgja lögunum um stálbræðslu. Með leyfi forseta hljóðar það þannig:

„Ekki er ríkisstjórninni heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölul. 2. gr., né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölul. 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að áliti viðskrn."

Síðan, með leyfi forseta, vil ég taka það fram, sem ég er reyndar búinn að gera, að ég var jákvæður um tíma, eins og kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, og er það enn þá. Loforð mín sem fjmrh. stóðust. Loforð sem iðnrh. hef ég engin gefið. En, með leyfi hæstv. forseta, efndin á loforðum mínum voru lög sem ég vitnaði til hér áðan, nr. 82 frá 1. júlí 1985, lög um sjálfskuldarábyrgð ríkisins af lánum vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju. Þar segir í 1. gr., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1,55 millj. bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju í Vatnsleysustrandarhreppi. Auk skilyrða laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, verði þess gætt að hlutafé fyrirtækisins sé a.m.k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, að samningar séu fyrir hendi við banka er tryggi rekstrarfé til fyrirtækisins og að gætt verði náttúruverndarsjónarmiða."

Ég get ekki með nokkru móti ímyndað mér að Alþingi — eftir allar þær umræður sem hér hafa farið fram um pólitísk afskipti af þessu fyrirtækinu og hinu og einkaaðilum í bankakerfinu, og m.a.s. með því að tala um að útiloka Alþingi frá því að kjósa úr sínum röðum í bankaráð — að Alþingi skuli ætlast til þess að ríkisstjórnin sjálf fari þá að tryggja bankaviðskipti fyrir einn eða annan.

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 18. febr., að loknum 48. fundi.

Kosning aðalmanns í stjórn Kísiliðjunnar hf. við Mývatn í stað Lárusar Jónssonar bankastjóra.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvæðagreiðslu:

Björn Jósef Arnviðarson lögfræðingur.

Fræðsla um kynferðismál, þáltill. 211. mál (þskj. 439). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Skólasel, þáltill. 229. mál (þskj. 457). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Afplánun dóma vegna fíkniefnabrota, þáltill. 261. mál (þskj. 494). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur verið farið fram á að utandagskrárumræður fari fram nú um búmark í mjólkurframleiðslu. Það hefur verið orðið við þessari ósk og fer umræðan nú þegar fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa. En hv. 3. þm. Norðurl. v. tekur nú til máls um þingsköp.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp vegna þessarar beiðni, en það stafar ekki af því að ég hafi neitt á móti að umræða þessi fari fram. Síður en svo. Ég álít að hér sé um mjög þýðingarmikið umræðuefni að ræða sem eigi að taka sem fyrst til umræðu. En ég vek á því athygli að við þm. Alþb. höfum á þskj. 500 borið fram fsp. um nákvæmlega þetta sama mál og það meira að segja mjög ítarlega fsp. með ósk um svar í skýrsluformi. Við höfum óskað eftir því að ráðherra gefi þinginu á þinglegan hátt skýrslu um þetta mál í heild. Ég hlýt því að spyrja að því hvort hæstv. forseta finnist eðlilegt að rétt áður en fsp. þessari er svarað, væntanlega fáeinum dögum áður, og áður en allar upplýsingar liggja fyrir á grundvelli þeirrar fsp. sé málið tekið hér á dagskrá og það meira að segja af stjórnarþm. sem sennilega ber býsna mikla ábyrgð á því hvernig komið er.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. forseta hvort það sé með öllu eðlilegt að mál sem fyrir liggur beiðni um skýrslu um sé tekið með forgangshraða fyrir til umræðu.

Í öðru lagi vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh. hvenær von sé á svörum við beiðni um skýrslu því að ég álít að þegar það svar liggur fyrir sé fyrst raunhæfur möguleiki á því að taka þetta mál til þeirrar rækilegu umræðu sem þörf er á.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að oft kann að vera álitamál hvort forseti á að leyfa utandagskrárumræðu eða ekki. En það hvort hann leyfir utandagskrárumræðu eða ekki fer ekkert eftir því hvort stjórnarþm. biður um utandagskrárumræðu eða stjórnarandstæðingur. Það er allt annað sem ræður úrslitum um það hvort utandagskrárumræða er heimiluð.

Ástæðan fyrir því að utandagskrárumræður hafa tíðkast og ástæðan fyrir því að bein ákvæði eru nú um utandagskrárumræður í þingsköpum er sú að rétt þykir að þm. geti vafningalaust komið með þýðingarmikið mál inn í þingið án þess að þurfa að fara venjulegar leiðir sem taka langan tíma. En til þess að réttlætanlegt sé að beita þessu ákvæði verður að meta svo að það sé eðlileg ástæða fyrir því að málið þurfi að koma vafningalaust til umræðu á þinginu.

Í þessu tilviki lítur forseti svo á að þetta mál sé þess eðlis og því hefur forseti leyft þessa umræðu. Það breytir engu þó að fyrir liggi beiðni um ítarlega skýrslu um mál sem varðar sama efni. Það tekur venjulega nokkurn tíma að fá slíka skýrslu og þá verða venjulega ítarlegar umræður um málið og engar hömlur eða takmarkanir á umræðum. Þegar beitt er 1. mgr. 32. gr. þingskapa um utandagskrárumræður geta ekki ítarlegar umræður farið fram. Og það er ekki gert ráð fyrir að þær fari fram. Það er aðeins gert ráð fyrir því að í örstuttu máli sé vakin athygli á því sem menn óska að leggja áherslu á og menn geti tjáð sig um það í jafnstuttu máli.

Það eru þessi sjónarmið sem liggja til grundvallar því að það hefur verið leyfð þessi utandagskrárumræða. Það skal tekið fram, sem sagt var í upphafi, að auðvitað kann það oft að orka tvímælis hvort á að heimila utandagskrárumræður eða ekki, en þær eru heimilaðar nú.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur misskilið mig allhrapallega ef hann heldur að ég sé að andmæla og spyrjast fyrir um þessa utandagskrárumræðu vegna þess að fyrirspyrjandi sé stjórnarliði. Svo er ekki. Ég skaut því hins vegar að í framhjáhlaupi að það vildi svo merkilega til að fyrirspyrjandi væri einn af þeim sem bæri ábyrgð á því hvernig komið er í þessum málum. Það er allt annað mál.

Ég vildi hins vegar vekja athygli á þessum óvenjulegum vinnubrögðum og ég vildi um leið spyrja hæstv. landbrh. hvað liði hinu raunverulega svari við fsp. sem við höfum borið fram og vek á því athygli að við höfum ekki heyrt svör hans enn.

Að öðru leyti þýðir ekki að deila við dómarann heldur verður að una niðurstöðu hans. En að sjálfsögðu munum við taka fullan þátt í þeirri umræðu sem hér fer fram.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal að gefnu tilefni tekið fram að forseti hefði ekki látið sér koma til hugar að nefna stjórnarstuðningsmann og stjórnarandstæðing nema að gefnu tilefni, að hv. 3. þm. Norðurl. v. viðhafði þessi orð. Og ég tek fullgildar þær skýringar sem hv. þm. gaf nú.

Það skal og tekið fram að það er engin óvenjuleg málsmeðferð hér í dag. Við erum að leitast við núna að móta venjur um framkvæmd á nýjum ákvæðum í þingsköpum. Ég ætla að ég megi segja að allir þm. hafa hjálpast að við að gera þetta. Og ég hef ekki orðið var við annað en að þm. væru yfirleitt ánægðir með þessa framkvæmd. Ég vænti þess að svo geti verið.

Framkvæmd utandagskrárumræðu getur verið stefnt í tvísýnu ef hægt er að opna leið til að koma í veg fyrir hana með því að bera fram tillögur eða beiðnir um skýrslur. Það má ekki tefja mál ef það er metið nauðsynlegt að taka það strax fyrir, hversu þýðingarmiklar sem skýrslubeiðnir eru til þess að ræða mál ítarlega.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. spurðist fyrir um hvenær von væri á skýrslu sem þm. Alþb. hafa óskað eftir um fullvirðismörk í landbúnaði. Eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. veit er þetta mjög sundurliðuð beiðni þannig að spurst er fyrir um

ákaflega marga þætti. Það eru aðeins fáir dagar síðan þessi beiðni kom fram og svar við sumum spurningunum liggur alls ekki fyrir í dag. Ég þori því ekki að dagsetja hvenær skýrslan mun liggja fyrir, en ég óskaði eftir því að þegar í stað yrði hafin vinna við að afla þessara upplýsinga sem vissulega eru mjög gagnlegar að ég held fyrir marga aðila.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um þingsköp vegna þess að samkvæmt þeim yfirlýsingum sem fyrir liggja nú frá hæstv. forseta er bersýnilegt að hann túlkar mjög rúmt ákvæði þingskapanna um þennan sérstaka hálftíma utandagskrárumræðna sem settur var inn í þingsköp á síðasta þingi.

Það sem fyrir forseta vakir er bersýnilega að fá fram umræður um málin þegar þm. óska eftir því vafningalaust, eins og hann orðaði það aftur og aftur, og ég hygg að það beri að túlka yfirlýsingu forseta þannig að þm. geti þá framvegis vafningalaust komið á framfæri málum þegar þeir telja það nauðsynlegt, jafnvel þó að þau mál séu þegar á dagskrá þingsins.

Ástæðan til að ég segi þetta er sú að það hefur verið tilhneiging til þess hjá forseta að draga úr utandagskrárumræðum þegar mál voru komin á dagskrá þingsins með öðrum hætti. Núna liggur hins vegar fyrir að forseti telur að það þurfi ekki að hindra utandagskrárumræður í þessum hálftíma og fagna ég því sérstaklega. Það þýðir rýmra málfrelsi þm. en verið hefur og afleiðingin af því hlýtur að verða sú að menn nýti sér þann rétt þegar upp koma mál eins og þessi landbúnaðarmál sem vissulega er brýnt að taka fyrir núna.

Ég vil jafnframt segja það í tilefni af orðum hæstv. landbrh. að ég tel að mjög nauðsynlegt sé að sú skýrsla sem þm. Alþb. hafa beðið um komi mjög fljótt því að það er brýnt að þessi mál verði rædd hér og það ítarlega. Hér er um það stór mál að ræða sem hafa vakið mikla athygli og snerta lífsafkomu mörg þúsund heimila í landinu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. þm. Reykv. lagði svo út orð forseta áðan þegar hann nefndi vafningalaust að það þýddi að menn gætu undir öllum kringumstæðum farið í utandagskrárumræður. Þetta er misskilningur. Forseti verður að meta hvað á að skoða svo þýðingarmikið að réttlæti að það sé farið í umræður vafningalaust. Það er rétt að þetta sé tekið fram þannig að enginn vafi leiki á í þessu efni.

Ég vænti að það sé ekki ástæða af hálfu forseta að vera að ræða frekar um þingsköp. En ég vildi vekja athygli á þeirri beiðni um skýrslu frá hæstv. landbrh. sem hér hefur verið rætt um og biðja menn að athuga hve víðtæk sú skýrsla er. Það er allt annað en það takmarkaða umræðuefni sem hér er um að ræða og gert er ráð fyrir í utandagskrárumræðum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. 3. þm. Reykv. um að úrskurður forseta um utandagskrárumræður nú er réttur og ber vott um röggsemi hans og réttan skilning á þeim þingsköpum sem við höfum nýlega sett.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er greinilega talsvert mikið mál á ferðinni og svar forseta í þessum efnum hefur ekki verið svo vafningalaust sem skyldi. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. forseti fari yfir það með formönnum þingflokkanna hið fyrsta hvernig beri að túlka reglur um þessi mál, hvað er vafningalaust og hvað ekki. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann reyni að skýra það bæði fyrir sér og þingheimi betur en mér sýnist hafa tekist á þessum fundi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég minnist þess ekki að í ákvæðum um þingsköp séu nein fyrirmæli um að forseti eigi að lesa það í gegnum gleraugu þingflokksformanna hvernig túlka beri þingsköp. Það er nú einu sinni svo að það var mjög ákveðin ábending frá ágætu skáldi íslensku, Þorsteini Erlingssyni, að menn skyldu ekki lesa í gegnum annarra gler. Ég mælist til þess að forseti túlki þingsköpin eins og hann telur réttast og gæti jafnræðis á milli þm. í þeim efnum því að það fer ekki milli mála að það er grunnatriðið að þm. standi jafnt, ekki stjórnarandstæðingar eða stjórnarþm. í þessu sambandi.

Því miður get ég ekki að því gert að mér fannst það koma fram í framhjáhlaupinu hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að þar sem hv. 3. þm. Suðurl. bæri vissa ábyrgð á þeim lögum sem eru í gildi væri óeðlilegt að hann hefði forréttindaaðstöðu til að ræða þau mál á undan þeirri skýrslu sem Alþb. hefði óskað eftir. Nú er það svo að í ágætu kvæði stendur:

> Ein réttlætisstund er bjartari og betri
> en bænrækni stöðug í 30 ár.
> Svo stendur í Múhameðs máttugu letri,
> svo mælti spámannsins andi hár.

Ef einhver hefur iðrast gagnvart lagasetningu er það náttúrlega mjög jákvætt. En ég vænti þess að það beri að túlka afstöðu forseta á þann hátt að hann telji að þó að komin sé fram beiðni um skýrslu geti verið réttlætanlegt að taka mál á dagskrá og ég tek undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þetta er það rúm túlkun að hún hlýtur að skoðast í framtíðinni í því ljósi að það sé réttlætanlegt að taka mál á dagskrá í utandagskrárumræðum þó að það liggi fyrir í þinginu. Það finnst mér vera sú niðurstaða sem hér kemur fram, en ég mótmæli því að það eigi að skoða þingsköpin í gegnum gleraugu formanna stjórnmálaflokkanna eða þingflokkanna í þinginu. Það á forseti að gera einn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Mér sýnist að það gæti töluverðs tvískinnungs í þessari umræðu. Hér er um það að ræða að hv. 3. þm. Suðurl. nýtir sér þann rétt, sem þm. hafa, að óska eftir hálftíma umræðu um mál, sem er mjög ofarlega á baugi að ekki sé meira sagt, skv. 32. gr. þingskapa. Þegar fram hefur verið lögð fyrir fáum dögum beiðni um skýrslu um þetta sama mál, þó auðvitað miklu yfirgripsmeira og víðara, er gerð athugasemd um að þetta mál sé tekið fyrir utan dagskrár. Ljóst er af þskj. 500 að sú skýrslugerð sem þar er um beðið hlýtur að taka langan tíma. Þar eru níu atriði upp talin. Það er mikið verk að vinna slíka skýrslu. Þar sér hver maður sem les þessa beiðni. Ber þá að skilja þetta svo, að með því að leggja fram slíka skýrslubeiðni sé hægt að koma í veg fyrir að mál sé rætt skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa? Það var raunar að skilja að sumu leyti á hv. málshefjanda, 3. þm. Norðurl. v. (**SvG:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er ekki útúrsnúningur, hv. þm. Svavar Gestsson. Ég held að

skilningur forseta á þessu sé alveg hárréttur. Þess vegna skil ég ekki og mér finnst gæta tvískinnungs í því að gerð er athugasemd við að þessi umræða skuli fara hér fram, sem þm. eiga rétt á að óska eftir í hálfa klukkustund, enda þótt beiðni um skýrslu sé komin fram. Ef vísað væri til þess að þetta mál væri þegar orðið þingmál, eins og er á þskj. 500, væri með því verið að útiloka þm. frá því að neyta þessa réttar. Það væri auðvitað rangt og andstætt anda þingskapa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vænti nú að við getum lokið þessum gagnmerku umræðum um þingsköp. En til þess að liggja ekki undir ámæli fyrir að skilja ekki sjálfur hvað ég á við þegar ég tala um „vafningalaust" skal það tekið fram að ég tel það vafningalausa meðferð þegar mál er tekið fyrir í utandagskrárumræðum. Það á ekki að vera neinn ágreiningur um hvað er vafningalaust í þessum skilningi eða ekki.

Hins vegar er ekkert óeðlilegt við að mönnum geti sýnst sitt á hvað um hvaða mál eiga að hlíta vafningalausri meðferð. Það sjónarmið skil ég. Það hefur verið ítrekað sagt af mér að oft getur verið vafamál hvað á að gera í þessu efni. En ég treysti því að hér eftir sem hingað til sameinist þingheimur um að framkvæma hin nýju þingsköp um utandagskrárumræður í þeim anda sem okkur hefur tekist að framkvæma þau á þessu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Árni Johnsen: Herra forseti. Fundur 600 sunnlenskra bænda, haldinn í gærkvöld í Njálsbúð í Rangárvallasýslu, lýsti yfir miklum áhyggjum vegna stöðu mála í framleiðslu mjólkur. Sú staða er svo alvarleg að það getur skipt sköpum fyrir afkomu þúsunda fjölskyldna í landinu. Menn eru almennt sammála um að skerðing þyrfti að koma til að ákveðnu marki, en skerðingin varð í raun mun meiri en um hafði verið talað, varð 12–14% í stað 6–7% eins og vilyrði höfðu verið gefin um og skerðingin er allt upp í 18–20%. Erfitt er að finna algilt réttlæti í þessum efnum, en það er ljóst að margir annmarkar eru á framkvæmd þessari og ákvörðun þar sem seinagangur er með eindæmum.

Höfuðmeinið í þessari stöðu er það að ekki lá ljóst fyrir í haust hver skerðingin yrði, en það hefur nú dregist í fimm mánuði hjá landbrn. að afgreiða málið þannig að bændur gætu hagrætt sínu starfi eins og kostur var. Nú þegar framleiðsluárið er nær hálfnað fá menn að vita sannleikann sem kippir fótunum undan öllu eðlilegu starfi bóndans sem þarf að gæta ýtrustu hagsýni til þess að reksturinn geti talist viðunandi.

Það er ljóst að miklir meinbugir eru á reglunum sem við er miðað. T.d. er komið aftan að mönnum með því að framleiðsla síðasta árs vegi svo þungt í búmarkinu sem raun ber vitni. Það kom fram í viðtali við hv. þm. Pálma Jónsson í Morgunblaðinu s.l. sunnudag að með þessu móti er þeim refsað sem reynt hafa að minnka framleiðslu á skynsamlegan hátt, en hinum er hampað. Jafnframt þýðir þetta að óbreyttu að verið er að þurrka út búmarksrétt einstakra jarða sem bændur hafa treyst á að ekki yrði af þeim tekinn, jafnvel þótt þeir noti ekki þann rétt til hins ýtrasta af ýmsum ástæðum.

Það var þungt hljóðið í sunnlenskum bændum í Njálsbúð í nótt og ekki að undra því að ekki skrúfa menn svo augljóslega fyrir kýrnar. Margir bændur eru því í sjálfheldu.

Á fundinum í Njálsbúð kom fram m.a. að bændur telja að til þess að unnt sé að vinna sig út úr þessum vanda þurfi að koma til lækkun útsöluverðs með auknum niðurgreiðslum og lengri aðlögunartími að búmarksbreytingu, 1–1½ ár. Þá kom fram það sjónarmið að bændur skyldu draga úr kjarnfóðurnotkun.

Einnig vil ég leggja sérstaka áherslu á aðstoð við bændur, aðallega yngri menn sem hafa staðið í nýbyggingum út á auknar framleiðsluheimildir á undanförnum árum. Með þeirri skerðingu sem átt hefur sér stað í þeim efnum eru tekjurnar teknar af mönnum, en þeir skildir eftir með skuldirnar. Um slíkt má nota stór orð þegar menn eru þannig leiddir í gapastokk. Það er ljóst að stokka þarf spilin á ný fyrir framtíðina. Landbúnaður er atvinnugrein sem á mikla framtíð fyrir sér ef við sinnum af festu öllum þáttum sem þörf er á og þá sérstaklega markaðs- og söluþættinum.

Þá er ljóst að hlutur afkastamesta mjólkurframleiðslusvæðis landsins, Suðurlands, er fyrir borð borinn með framkvæmd búmarksins, sérstaklega með tilliti til þess að öll viðmiðunartímabilin þrjú voru mjög óhagstæð sunnlenskum bændum vegna illviðris. Fyrir utan verulegt tap á framleiðslurétti af þessum sökum er nú hálfrar milljón lítra skerðing á sunnlenskum bændum í framleiðslu umfram aðra.

Bændafundurinn í Njálsbúð er líklega sá fjölmennasti sem sögur fara af á landinu og hann lýsti fullri ábyrgð á hendur hæstv. landbrh. á því ófremdarástandi sem framleiðslustjórnunin er komin í. Það eru þungar ásakanir, en undirstrika aðeins að í þessu sem öðru er lýtur að stjórnun verða menn að þora að taka af skarið og það á réttum tíma. Bændur máttu reikna með skerðingu því um það höfðu samtök bænda samið, en skerðingin verður mun meiri en reiknað hafði verið með og kemur allt of seint fram, svo seint að ill- eða óframkvæmanlegt virðist að standa við það sem til er ætlast. Hvað hyggst hæstv. landbrh. gera í stöðunni?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Eins og kom fram áðan eru aðeins tvær mínútur til stefnu svo að ekki er hægt að ræða þetta umfangsmikla mál, en vissulega væri ástæða til að gera það ítarlega á Alþingi. Undir það vil ég taka.

Það voru margar spurningar sem hv. 3. þm. Suðurl. bar fram. Þær voru ræddar á 600 manna fundi í nótt, eins og hann sagði, og þar gefin svör við mörgum þeirra.

Kjarni málsins er sá að mjólkurframleiðslan hefur farið vaxandi síðustu árin og ef við byggjum nú við lögin sem í gildi voru áður, framleiðsluráðslögin, væri verið að framleiða mjólk án þess að lægi ljóst fyrir hversu stór hluti af henni fengist greiddur. Það yrði fyrst nokkrum mánuðum eftir að verðlagsárinu lyki, 1. september n.k., sem það lægi fyrir. Þá hefði komið gífurlegur bakreikningur á bændur vegna þess að þá væri útilokað að ná fullu verði á grundvelli hinna eldri laga.

Það var strax stefna landbrn. að vinna að þessu máli í nánu samráði við Stéttarsamband bænda og þannig hefur verið staðið að verki. Komið hefur í ljós að þar eru svo mörg sjónarmið, sem sett hafa verið fram og lögð áhersla á að tekið væri tillit til, að verkið hefur

tekið lengri tíma en menn ætluðu. En þrátt fyrir að reynt hafi verið að gera slíkt er enn þá bent á agnúa sem æskilegt hefði verið að lagfæra, en tími vannst ekki til að skoða þá nánar.

Það liggur ekki ljóst fyrir enn þá hvert verður endanlegt búmark einstakra bænda vegna þess að það var ákveðið að skilja eftir 5% af fullvirðisrétti hvers svæðis sem heimamenn ráðstöfuðu til þeirra sem þeir teldu mesta þörfina hafa fyrir það. Fer það eftir þeim tillögum sem þaðan koma hversu mikil skerðing einstakra manna verður frá framleiðslu síðasta árs eða hversu miklu verður bætt við framleiðslu síðasta árs hjá mönnum eftir því sem ákvæði reglugerðarinnar kveða á um og menn telja að sé nauðsynlegast. Þegar endanleg úthlutun liggur fyrir verður að sjálfsögðu athugað á hvern hátt verður hægt að bregðast við málinu þannig að tekjuskerðing bænda verði sem allra minnst. Ég hef lagt áherslu á að hægara er að gera það eftir því sem framleiðslan er minni, eftir því sem bændur leggja í minni kostnað við að framleiða mjólk.

Það er í lögunum um framleiðslu búvöru ákvæði um Framleiðnisjóð, að hann skuli stuðla að hagræðingu í búrekstri og búháttabreytingu. Á þeim grundvelli hafa þegar verið teknar ákvarðanir sem eiga að hjálpa til að leysa þessi mál. Þegar tillögur heimamanna hafa komið verður athugað nánar hvernig þar verður hægt að bregðast betur við.

Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Suðurl. að vissulega er æskilegt að lækka verðið, en það má ekki verða á kostnað bænda. Þeim veitir ekki af því að fá sinn hlut.

Það er rangt að verið sé að þurrka út búmark. Sú reglugerð sem nú hefur verið gefin út á eingöngu að gilda fyrir þetta verðlagsár. Hún verður auðvitað til leiðbeiningar um þær reglur sem verða gerðar fyrir næsta verðlagsár og ég hef lagt áherslu á að liggi fyrir sem allra fyrst.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ekki ætla ég að fara að skipta mér mjög af deilum hv. stjórnarsinna um þetta mál eða undarlegar aðgerðir hæstv. landbrh. á síðustu dögum gagnvart bændastéttinni.

Ég velti því fyrir mér þegar ég heyrði að hér yrði utandagskrárumræða um búmark hvaða stjórnarandstæðingur ætlaði nú að snúa hnífnum í sárinu eftir bændafundinn á Suðurlandi, hver ætlaði nú að nýta sér það. Það kom þá í ljós að þetta var framhald af atlögunni í Morgunblaðinu, sem hefur verið að undanförnu gegn hæstv. landbrh., hjá hv. 3. þm. Suðurl. og gert allt í því augnamiði að reyna að snúa ábyrgðinni frá sjálfstæðismönnum með öllu af þessum undarlegheitum sem þeir auðvitað bera sameiginlega ábyrgð á báðir stjórnarflokkarnir. Ábyrgðin á framleiðsluráðslögunum og þeim látum sem í kringum þau voru í fyrra fer auðvitað ekki milli mála. Hún er beggja. Afleiðingin er að koma í ljós núna og þá rjúka þeir sjálfstæðismenn upp til handa og fóta og eru alveg hissa. Það mega þó framsóknarmenn eiga að þeir hafa sjálfsagt séð fyrir að svona færi fyrir bændum. Þar af leiðandi eru þeir ekkert hissa.

Nei, þeirra er mátturinn og dýrðin, enda sögðu þeir í fyrra að það lægi á, það þyrfti að koma þessum framleiðsluráðslögum í gegn sem allra fyrst. Hvers vegna? Hvað sagði hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson í Morgunblaðinu? Hann er ekki staddur hér, því miður. Hann sagði að það væri gert til að hætta vitleysunni í landbúnaðinum. Það yrði að drífa þessi lög í gegn til að hætta vitleysunni í landbúnaðinum. Það var DV-tónninn frægi sem þar var á ferðinni. Og bændahöfðingjarnir í Sjálfstfl. flýttu sér til og afgreiddu þessi lög ásamt framsóknarmönnum til þess að hægt væri að „hætta vitleysunni í landbúnaðinum".

Aðlögun gagnvart þessum lögum er vitanlega engin. Á þetta bentum við margsinnis í fyrra. Á það var ekki hlustað. Menn vildu ana áfram í þetta beint án þess að hugsa um afleiðingarnar.

Vitanlega er hér um að ræða bæði afleiðingu af þessum lögum og reyndar af þeirri stjórnarstefnu í heild sem fer þannig með bændur. Kjaraskerðingin í landinu, kjaraskerðing fólksins í landinu hefur auðvitað ekki hvað síst komið við bændur. Það vita allir. Kjaraskerðingin kemur við þá á tvöfaldan máta, bæði gagnvart þeim sem launþegum í raun og hins vegar gagnvart þeim kaupmætti sem fólk hefur til að kaupa fyrir þær vörur sem bændur selja. Og það verður gaman að fara ofan í niðurgreiðslurnar einhvern tíma síðar, hvernig þær hafa hríðlækkað í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Ég held að hv. 3. þm. Suðurl. ætti að snúa sér að hæstv. fjmrh., sem ber þar höfuðábyrgð, og spyrja hann hvers vegna í ósköpunum þessar vöru eru nú svo miklu dýrari af þeim ástæðum.

Ég ætla ekki að fara að verja þessar aðgerðir, þær eru með öllu óverjandi, enda ekki til þess tími nú, það gefst tækifæri til þess síðar, en það er með afbrigðum segi ég þegar sá flokkur sem ber jafnmikla ábyrgð á þessum lögum og Sjálfstfl. gerir, fer að gera athugasemdir við beinar afleiðingar þessara laga.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið. Þessi mál verða ekki rædd svo að nokkurt lag sé á á þeim tveim mínútum sem einstakir þm. hafa til umráða.

Hér er mikill vandi á ferðum eins og fram kom í máli hæstv. landbrh. Mjólkurframleiðslan hefur farið vaxandi og það svo mjög að sumir telja að hún stefni í 120 millj. lítra á þessu ári ef ekki verður spyrnt við fótum. Þetta veldur nú stórkostlega miklum vanda. Frá miðju ári 1980 til miðs árs 1983 var þessi vandi ekki ýkja mikill. Þá hafði verið tekið á málunum og þá var það svo að framleiðslan var að meðaltali í kringum 105 millj. lítra eða u.þ.b. 5% umfram innanlandsneyslu. Það hefði verið miklu heppilegra að geta komið því við að setja á héraðabúmark undir slíkum kringumstæðum og þurfa ekki í sömu andránni að draga svo saman eins og nú er nauðsynlegt.

Ég mun hér ekki ræða þessi mál mikið efnislega, enda er það ekki hægt. Ég vil þó þakka hæstv. ráðh. fyrir það að hann gaf hér yfirlýsingu þess efnis að þær reglur sem settar hafa verið með reglugerð um skiptingu á einstaklingskvóta muni ekki gilda nema út þetta verðlagsár, enda finnst mér þær reglur vera með þeim hætti að þær reyri allt of fast rétt einstakra bænda innan svæða og þar að auki séu ýmsir vankantar á þannig að þar fari miðstýring stórlega vaxandi gagnstætt því sem á að vera að mínum dómi við setningu héraðabúmarks.

Ég vil þó einnig segja það út af orðum hv. síðasta ræðumanns Helga Seljans að sjálfstæðismenn bera vissulega fulla ábyrgð á þeirri lagasetningu sem var

afgreidd á síðasta Alþingi og ég eins og aðrir þó að ég væri hér ekki staddur þá. En sú reglugerð sem sett er á grundvelli laganna er allt annað en lögin sjálf. Það er alveg augljóst að við berum ábyrgð á þeirri stefnu að það þurfi að draga saman mjólkurframleiðsluna þannig að hún nálgist að vera litlu meira en innanlandsneyslan og þannig er óhjákvæmilegt að halda á málum, en spurningin er aðeins um aðferðir, spurningin er um reglur, spurningin er um að ranglæti verði ekki viðhaft. Á þeim nótum hljótum við að verða að halda á málum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Í júní s.l. voru sett lög um stjórnun búvöruframleiðslunnar í landinu fyrir atbeina ríkisstjórnarliðsins á Alþingi. Þau lög voru sett gegn viðvörun stjórnarandstæðinga, þau voru sett gegn mótmælum bænda sem áttuðu sig á því að framkvæmd þessarar löggjafar gæti orðið nokkuð brotagjörn og hættuleg fyrir bændastéttina í landinu.

Í lok ágústmánaðar samdi hæstv. landbrh. við Stéttarsamband bænda um 107 millj. lítra mjólkurframleiðslu, en það er komin þorrabyrjun þegar hann kemur út reglugerð um hvernig skuli jafnað á búmarkssvæði og á einstaka framleiðendur. Það eru búnir nær fimm mánuðir af framleiðsluárinu þegar framkvæmdavaldið setur reglugerð um þessi efni. Þessi vinnubrögð eru auðvitað alveg dæmalaus og þau eru þess eðlis að það hlýtur að vera uppi almenn krafa um að fallið verði frá þeim ákvörðunum sem þarna voru teknar vegna þess að það er ekki hægt að útfæra þær með neinum skynsamlegum hætti gagnvart þeim aðilum sem í hlut eiga. Og spurningin er um það gagnvart stjórnarliðinu: Ætla menn að standa við þetta? Ætla menn að standa við þessi ólög og þær ákvarðanir sem teknar eru í krafti þeirra? Um það snýst málið. Hvernig hefði það mælst fyrir í sambandi við stjórn fiskveiða ef í lok vetrarvertíðar hefði verið sett fyrst reglugerðin um skiptingu kvóta á skip? Hvernig hefði mönnum þótt það?

En hitt er svo sannarlega með fádæmum að Sjálfstfl. skuli nú vera, á miðju verðlagsári, að reyna með skipulegum hætti að þvo af sér ábyrgðina á þessari löggjöf, eins og Morgunblaðið hefur reynt, eins og fyrrv. hæstv. landbrh. hefur einnig reynt hér í ræðustól, e.t.v. með réttu, ég skal ekki segja hvernig að þessum málum hefur verið staðið innan ríkisstj. En hv. þm. Egill Jónsson og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, sem voru í hópi þeirra sem undirbjuggu lögin sem sett voru hér í júnímánuði, undirbjuggu þau með tilköddum aðilum frá Framsfl., bera auðvitað alla ábyrð á þessari lagasetningu og afleiðingum hennar. Ég spyr hæstv. landbrh.: Hvernig var staðið að setningu reglugerðarinnar? Hverjir komu þar við sögu? Var hún ekki sýnd neinum sjálfstæðismönnum, neinum þm. Sjálfstfl. eða ábyrgum aðilum þar í flokki?

Hv. 6. þm. Suðurl. Eggert Haukdal hefur samkvæmt útvarpsfréttum talið brýna nauðsyn að hækka verulega niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, krafa sem Alþb. hefur borið fram þing eftir þing. Það liggur fyrir að fyrir ári hafði hlutfall niðurgreiðslna á dilkakjöti lækkað um 31% frá því sem það var árið 1982, á mjólk 43%, á smjöri yfir 50%. Halda menn að þetta hafi ekki áhrif á innanlandsframleiðsluna, þessi stjórnun? En það ætti að vera stutt á milli hv. 6. þm. Suðurl. og 1. þm. Suðurl. sem heldur um ríkiskassann ef það væri einhver vilji á þessum bæ til að taka á þessum málum en ekki bara að vera með loddaraleik til að reyna að bjarga andlitinu vegna þeirra ókjara sem bændastéttinni nú eru búin og hittir auðvitað miklu fleira en hana, landslýð allan, því það er byggðin í landinu sem er í húfi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég held að það orki ekki tvímælis að sú reglugerð sem hér er um að ræða sé í samræmi við þau lög sem voru sett á s.l. vori. Hvorugt er hins vegar gallalaust.

Það var auðvitað nauðsynlegt að takmarka mjólkurframleiðsluna og það áttu allir bændur að vita. Það er ekki gild afsökun að það þurfi að koma flatt upp á bændur nú að þeir hafi þurft að draga saman eftir lagasetninguna, sérstaklega eftir lagasetningunga í fyrravor þar sem ákvarðað var að 30% samdráttur á útflutningsbótum yrði á einu ári.

Héraðakvótinn var sjálfsagður og eðlilegur. Það er hörmulegt til þess að vita að hv. þm. Pálmi Jónsson skyldi ekki beita sér fyrir honum í sinni ráðherratíð. Það hefur reyndar tekist að sumu leyti óhönduglega til við setningu héraðakvótans og þá sérstaklega skiptingu framleiðsluréttar á milli einstakra bænda vegna þess að það er gróflega hallað rétti þeirra svæða og sérstaklega þeirra bænda sem urðu við tilmælum stjórnvalda að draga saman á sínum tíma. Þeirra hlutur er skertur mjög á kostnað þeirra sem ekkert mark tóku á stjórnvöldum og framleiddu eins og ekkert hefði í skorist og jafnvel juku við framleiðslu sína.

Mín samúð er ekki sérstaklega með þeim svæðum og þeim einstaklingum sem á þessu verðlagsári hafa ausið fóðurbæti sem aldrei fyrr og aukið framleiðslu sína í stórum stíl, kannske um fjórðung eða meira einstöku menn. Þetta hafa menn gert vitandi vits um að þeir yrðu að draga verulega saman á síðari hluta ársins eða þá að framleiða verðlausa mjólk í árslok.

Samúð mín er fyrst og fremst með þeim sem drógu framleiðslu sína saman og fá nú verulega skerðingu ofan á mikinn samdrátt frá viðmiðunarárunum.

Ég tel að sú reikniregla sem var notuð til að skipta á milli einstakra bænda sé stórgölluð. Búmarkið er eign bóndans. Búmarkið ákveður lífsbjargarmöguleika af hefðbundinni framleiðslu á viðkomandi jörð. Eðlilegra hefði verið að hlutfall af búmarki hefði vegið þyngra í skiptingunni milli bænda. Ákvörðun um að enginn fái að framleiða meiri mjólk en hann gerði í fyrra plús hugsanlega 10%, hversu langt sem hann var undir búmarki, er ekkert annað en að svipta menn réttmætri eign sinni. Með þeirri aðferð sem nú er upp tekin þorir náttúrlega enginn bóndi annað en að framleiða að fullu upp í framleiðslurétt sinn hvort sem hann ætlaði sér að gera það eða ekki því annars á hann á hættu að glata því. Bændur geta í mörgum tilfellum hagrætt framleiðslu sinni verulega þannig að samdráttur í framleiðslu þarf ekki að vera samdráttur í nettótekjum.

Ég held að héraðakvótann hafi þurft að setja og skipting milli einstakra framleiðenda í þetta skipti sé ófullkomin frumsmíð. Ég held að sú stefna megi ekki verða ofan á, sem örlað hefur á í umræðunni undanfarið, að það beri að stækka stóru búin og gera minni bændunum ókleift að búa. Þeirri stórbændastefnu er ég algjörlega andvígur.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þessi umræða verður athyglisverðari með hverri ræðunni sem

flutt er. Ekki eru það bara sjálfstæðismenn sem koma hér upp og þvo hendur sínar eins og Pílatus forðum af allri ábyrgð á gjörðum hæstv. landbrh. heldur kemur rakleitt á hæla þeirra formaður þingflokks framsóknarmanna og gjörir slíkt hið sama. Og fer þá hæstv. landbrh. að verða harla einmana.

Ég tek auðvitað með fullum þunga undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á vinnubrögð og framkvæmdir í þessum efnum. Hér hefur hraklega tekist til og rætist þá sú spá mín að við værum vanbúnir mjög til að taka á þessum málum í framhaldi af ótímabærri lagasetningu á Alþingi s.l. vor. Var ég síst of hrakspár í þeim efnum. Komið er nú inn á mitt framleiðslu- og verðlagsár, eins og fram hefur komið, og er það auðvitað forkostuleg framkoma við bændur að ætla sér þá að skikka til um framleiðslurétt þeirra. Réttilega var hér borið saman við það ef sjómenn fengju tilkynningu um leyfilegt aflamark sitt þegar komið væri undir lok vetrarvertíðar. En þó er sá munurinn á að bátana er hægt að binda og drepa á vélunum, en hæstv. landbrh. mun ekki finna á einni einustu belju á Íslandi rofa til að slökkva á henni eins og hægt er að gera við vélarnar í bátunum og þaðan af síður eru á þeim kranar sem hægt er að skrúfa fyrir — eða ætlar e.t.v. hæstv. landbrh. að ríða um sveitir í sumar og hnýta fyrir annan hvern spena á beljum landsmanna?

Þetta eru stórfurðuleg vinnubrögð, en furðulegust af öllu er þó, eins og hér hefur réttilega verið bent á, framkoma þeirra sjálfstæðismanna sem nú sverja af sér alla ábyrgð á framkvæmdunum. Hvar voru þessir sömu hv. sjálfstæðismenn s.l. vor og hvað hafa þeir verið að gera allt þetta haust, fram á vetur, fram yfir jól og fram á þorra? Hafa þeir ekki fylgst með störfum ráðherra í ríkisstj. sem þeir styðja? Það er einum of billegt að ætla sér að sleppa svona í þessum efnum.

Næg eru nú vandræði íslenskra bænda fyrir þó ekki bætist þessi vinnubrögð hæstv. landbrh. við. Argvítug stefna þessarar ríkisstj., m.a. í vaxtamálum, verðlags- og kaupgjaldsmálum, bitnar sennilega á fáum þyngra í landinu en íslenskum bændum. Síðan bætist þetta við. Það er alveg augljóst að hæstv. ráðh. er vægast sagt illa ríðandi í þessari smölun, eins og sagt er um smalamenn sem lítið gengur undan. Mér er nær að halda að hann sé einnig hundlaus, jafnvel gangandi og þá sennilega berfættur í skónum.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er ekki aðalatriðið að reyna að þvo hendur sínar heldur horfast í augu við þann vanda sem orðinn er.

Það er eðlilegt að hinn fjölmenni bændafundur, sem haldinn var á Suðurlandi s.l. nótt, hafi kveikt í mönnum. Það segir til sín hér á þingi í dag. Það er vitað mál að þetta er rætt meira og minna um allt land meðal bænda. Hitt verður að játa að það var æðimikil ýtni á bak við setningu laganna á s.l. vori og gerðu ýmsir athugasemd við það, m.a. samtök bænda.

Það vita allir að takmarka þurfti mjólkurframleiðsluna. En að því er Vesturland varðar má segja svipað og um Suðurland. Yfir Vesturlandskjördæmi höfðu gengið þrjú slæm sumur, en s.l. sumar var mjög gott og það er eðlilegt að það segi til sín í aukinni framleiðslu.

Nú hafa verið settar ákveðnar reglur og eins og jafnan er ná ekki neinar reglur, hversu vel sem þær eru samdar, yfir öll tilvik. Það er vitað mál að nokkrir menn verða sérstaklega illa úti. Það er ekki nokkur sanngirni að það verði látið bitna á þeim. Ungir bændur sem hafa verið að byggja upp á síðustu árum eiga vitanlega sinn rétt og þeir hafa farið eftir þeim reglum sem um hefur verið að ræða.

Ég ætla ekki að ræða þessi mál nú. Það eru haldnir fundir víðar en á Suðurlandi. Það er a.m.k. einn fundur á Vesturlandi í kvöld og tveir á morgun. En ég ætla að bíða eftir þeirri skýrslu sem hæstv. landbrh. mun gefa vonandi mjög fljótlega. Þá er full ástæða til að ræða þetta mál mjög ítarlega.

Egill Jónsson: Herra forseti. Af því að borist hefur inn í þessa umræðu hvað við sjálfstæðismenn ættum í þessari lagagerð er kannske vert að rifja upp að það fyrsta sem kom fram og ég veit um í sambandi við sérstakan samning um búvöruframleiðsluna, sem væri ríkistryggður, kom fram í tillögu sem Pálmi Jónsson var 1. flm. að og flutti ásamt 14 þm. Sjálfstfl. árið 1979. Það fyrsta sem ég sá í sambandi við svæðabúmark var í till. sem ég flutti ásamt 19 þm. Sjálfstfl. árið 1980. Við þurfum þess vegna ekki að sverja neitt af okkur hér.

Það er vandalítið að tala hér með sama hætti og Alþb. gerir. En málið er að því leyti einfalt að framleiðslurétturinn sem bændur hafa núna í höndunum er upp á 143 millj. lítra. (**Gripið fram í:** Höfðu í höndunum.) Þeir hafa þann framleiðslurétt samkvæmt kvótakerfinu. Það væri gaman að fá vitneskju um það hjá Alþb. hvort þeir telja eðlilegt að heimila bændum að nýta sér þennan framleiðslurétt. Ef menn komast að því að það beri ekki að viðhafa það verður vitanlega að skerða hann. Þá væri líka eðlilegt að Alþb. segði frá því hvaða aðferðum það vill beita við að færa þennan framleiðslurétt niður. Þá væri líka afar mikilvægt ef Alþb. segði frá því hér hvað það vildi fara langt niður með þennan framleiðslurétt. Skerðingin er nefnilega rétt um það bil 7% frá viðmiðunarárunum. Viðmiðunarárin eru þrjú af fimm hæstu framleiðsluárum sem verið hafa á Íslandi í mjólkurframleiðslu. Samningurinn sem var gerður á s.l. hausti er nákvæmlega um sömu framleiðslu og hefur verið að meðaltali sjö síðustu ár. Þetta þarf Sjálfstfl. ekki að fyrirverða sig fyrir.

Það er svo annað mál að mikið vandaverk er að skipta þessari framleiðslu og það er bagalegt að þær þrjár stóru ákvarðanir sem löggjöfin byggir á í þessum efnum, þ.e. samningurinn, svæðabúmarkið og staðgreiðslan, skyldu ekki birtast samtímis. En það eru jafnverðmætar ákvarðanir fyrir því. Ég er alveg sannfærður um það og reyndar veit það, m.a. vegna vinnu sem hefur verið unnin í einu búnaðarsambandi á Íslandi, í Austurlandskjördæmi, kjördæmi Helga Seljans og Hjörleifs Guttormssonar, og er ég ekkert hræddur við að tala við þá heiðursmenn um málefni bænda. Þetta sýnir að það er hægt með góðum vilja að ná fram bærilegri niðurstöðu í þessum málum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er dálítið undrandi á því hvernig sumir hv. þm. hafa hér talað, t.d. eins og hv. þm. Helgi Seljan og raunar fleiri, að það hafi verið ótímabært og það hafi verið gert í miklu flaustri, að mér skildist, að setja þessa löggjöf. Hvernig var staðan? Staðan var sú að *það var auðséð að það yrði* framleitt á yfirstandandi framleiðsluári um 120 millj. lítra. Það var auðséð að stóran hluta af því mundu

íslenskir bændur ekki fá neitt verð fyrir. Í þeirri stöðu þorði ég fyrir mitt leyti ekki annað en standa að því að setja þessa löggjöf af því að þetta blasti við þótt ég viðurkenni hitt, að það eru ýmis ákvæði í þessum lögum sem ég hefði viljað hafa á allt annan veg.

En þegar tveir flokkar eru í samstjórn er ekki hægt að koma fram málum öðruvísi en með málamiðlun. Ég skal líka viðurkenna að það var hart tekist á um sum atriði í þessum lögum. Hitt er annað mál að það er vandi að skipta því sem er til skiptanna. Ég hugsa að flestir séu óánægðir með sinn hlut.

Það er ekki tóm til að fara ofan í þessi mál nú. En einhvern tíma síðar gefst tækifæri til að minna hv. þm. Alþb. á afstöðu þeirra til landbúnaðarins í ágústmánuði 1982. Það væri hægt að tíunda ástæður þess að erfiðleikarnir eru svo miklir. Það er alveg rétt, sem síðasti hv. ræðumaður sagði, að sá kvóti, sem menn hafa fengið, mun vera um 142–143 millj. lítra. Hvernig stendur á þessum kvóta? Því hefur hann vaxið svona á undanförnum árum? Það er mál sem þarf að ræða um og leiða fram í dagsljósið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hygg að það sem fyrst og fremst megi að þeim lögum finna, sem sett voru í fyrra, er að þau voru sett þremur árum of seint. Og það vil ég taka undir, sem kom frá hv. 1. þm. Norðurl. v., að það hefði verið ólíkt auðveldara að taka á þessum málum ef það hefði verið gert. Hitt er alveg vonlaust að gera ráð fyrir því að nokkur þjóð geti hagað sér í landbúnaðarframleiðslu á þann veg að ekki sé samræmi á milli framleiðslunnar og þeirra sölumöguleika sem eru á vörunni. Því verða menn að gera sér grein fyrir jafnvel þó að þeir séu Alþýðubandalagsmenn.

Hitt vil ég undirstrika að mér þykir það dálítið skrýtið að þegar heyrast raddir — þótt þær komi frá Sjálfstfl. — um auknar niðurgreiðslur skuli það vera sérstakt árásarefni á viðkomandi aðila af því að þeir hafi tekið undir eitthvað sem Alþb. hefur talað um í þeim efnum. Menn verða hikandi við að taka undir jákvæðar tillögur þegar þær koma frá Alþb. ef það er pottþétt mál að það þýðir hörkuskammir héðan úr ræðustólnum.

Ég vil vekja á því athygli aftur á móti að tveir af þremur hv. þm. sem Sjálfstfl. á á Suðurlandi virðast hafa tekið þá stefnu, sem ég fagna, að eini möguleikinn til að tryggja meiri aðlögun að núverandi kvótakerfi er að auka niðurgreiðslurnar. Það er eini möguleikinn til að auka aðlögunina. Ég vænti þess að þeir veiti þeim eina, sem eftir er úr sínum hópi, þá aðför að það dugi, því að vilji menn tala um þessi mál í alvöru hlýtur það að vera grundvallaratriði hvort hægt er með einhverjum aðgerðum að tryggja að meira samræmi verði á milli framleiðslunnar og neyslunnar. Í stöðunni í dag er það eitt hægt að gera að auka niðurgreiðslurnar ef mönnum finnst aðlögunartíminn vera of knappur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Við höfum á þessum fundi talað mikið um þingsköp. Það er rétt að vekja athygli þingheims á því að nú er að líða sá tími sem við höfum til þessarar umræðu skv. þingsköpum. Til þess að okkur takist að framkvæma ákvæði þingskapa skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa, um utandagskrárumræður, er mest um vert að þm. geri sér grein fyrir því að þessar umræður eru ekki vettvangur fyrir almennar umræður um málefnin því að það er ekki tími til þess. Ég veit að hv. þm. eru mér sammála um þetta. Nú eru aðeins örfáir á mælendaskrá. Þeir hafa áður talað í þessum umræðum en fá að ræða aftur um málið í trausti þess að við getum fljótlega lokið umræðunni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá þeim hv. þm. Alþb. sem hér hafa talað að við þm. Sjálfstfl. séum eitthvað að þvo hendur okkar af þeirri lagasetningu sem átti sér stað s.l. vor. Hitt er annað mál að sumir okkar a.m.k. eru ekki sérlega ánægðir með öll ákvæði þeirrar reglugerðar sem sett hefur verið, þ.e. framkvæmd laganna sem er í höndum eins ráðherra ríkisstj. Ég ætla ekki að fara út í að skýra það neitt frekar nema eftir því sem tími gefst þá til. Við erum hins vegar ekki að þvo hendur okkar af þessum lögum.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði að það hefði verið hörmulegt að Pálmi Jónsson hefði ekki í sinni landbúnaðarráðherratíð sett héraðakvóta. Ég setti til þess nefnd 1982 að undirbúa þetta mál. En því miður tók tíma að vinna þessu máli skilning. Sú nefnd skilaði ekki áliti fyrr en 1984. Það hefði verið mjög ákjósanlegt og gagnlegt ef þá hefði verið horfið að því að koma þessum kvóta á vegna þess að þá var orðinn skilningur fyrir honum. Fyrr var það því miður ekki.

Ég vil hins vegar þakka Páli Péturssyni fyrir það að hann flutti hér ræðu sem var að heita mátti endurtekning á því viðtali sem ég átti við Morgunblaðið s.l. sunnudag svo að ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Þar erum við ágætlega sammála.

Ég ætla svo aðeins að segja það hér að héraðakvótinn á að mínum dómi að hafa það í för með sér að hann geti dregið úr miðstýringu og afskiptum af búháttum einstakra bænda. Þess vegna er reglugerðin um framleiðslu einstakra bænda of fast reyrð og gengur þannig í öfuga átt. Með héraðakvóta á einnig að vera hægt að koma við meiri áhrifum heimamanna á framleiðsluþróun í hverju héraði. Enn fremur á héraðakvótinn að hafa það markmið að vernda rétt einstakra svæða, þannig að þau tapi ekki rétti sínum þó að framleiðsla dragist saman í því héraði um stundarsakir vegna áfalla, t.a.m. vegna árferðis. Þetta eru meginatriði.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni að ég þurfi neitt að vera að þvo hendur mínar hér. Mínar eru hreinar. Það er hins vegar einfalt að hafa veruleg áhrif, hv. þm., á mjólkurmagn úr kúm með kjarnfóðurgjöf svo að það er óþarfi að ætla landbrh. að hnýta fyrir spenana.

Það er rétt að það er seint í rassinn gripið með þennan samdrátt. Það var löngu tímabært að setja lög. Fyrrv. hæstv. landbrh. Halldór E. Sigurðsson reyndi í sinni ráðherratíð að setja lög 1973 og hefði betur orðið meira ágengt. Fyrrv. hæstv. landbrh. Steingrímur Hermannsson reyndi í sinni landbúnaðarráðherratíð að fá samstöðu um samdrátt og varð talsvert ágengt. Síðan hins vegar kom sorglegt uppihald og af því erum við að súpa seyðið.

Lögin frá því í fyrra voru hins vegar gölluð þótt nauðsyn væri á að setja lög um Framleiðsluráð. Samdráttarstefnan var of hröð og höggið of þungt og þess vegna vildi ég ekki taka ábyrgð á þeim.

Út af ræðu sem 1. þm. Norðurl. v. flutti áðan, þar

sem hann afsakaði það af hverju hann hefði ekki komið í verk að setja héraðakvótann, vil ég rifja það upp að hann stóð að setningu brbl. 23. júní 1980. Hann sendi drög að þeim brbl. til Framleiðsluráðs sem svaraði þeim bréflega 9. júní 1980 og þar segir m.a.:

„Framleiðsluráð landbúnaðarins telur tillögur þessar stefna í rétta átt við lausn þeirra vandamála er við blasa á þessu ári. Það telur þó að betur fari á að orða 1. gr. lagafrv. svo:

Réttur þeirra, sem draga úr búvöruframleiðslu sinni eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð. Enn fremur skal í reglugerð kveðið á um rétt frumbýlinga, skiptingu framleiðsluréttar á jörð ef stofnað er til fleirbýlis og hvernig réttur endurbyggðra eyðijarða verði ákveðinn. Þá skal einnig heimilt að ákveða sérstök frávik frá skerðingarmörkum fyrir þá bændur, sem hafa mikinn kostnað af nýlegum fjárfestingum, innan þeirra stærðarmarka sem lánað hefur verið til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins."

Því miður komst þetta aldrei inn í brbl. nema að litlu leyti. M.a. þess vegna erum við að súpa það seyði sem við erum að súpa í dag.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er ljóst að hluti af þeim vanda, sem hér er ræddur, er sá að framleiðsla á mjólkurafurðum hefur geyst áfram það sem af er yfirstandandi verðlagsári, 14% aukning til loka janúar. En mér er spurn: Hvað var gert af stjórnvalda hálfu og forustu bændasamtakanna til að gera bændum ljóst hvert stefndi í þessum efnum? Höfðu menn ekki uppgjör frá mánuði til mánaðar um framleiðsluaukninguna? Ég minnist þess ekki að það hafi komið neitt ákall til bænda að hægja nú á þó að þetta blasti við skv. skýrslum sem að vísu var ekki dreift á Alþingi, því að við höfum engar upplýsingar fengið hér um þessi efni.

Það er alveg ljóst að það er viss hluti bændastéttarinnar sem harðast verður úti í þessum efnum. Það eru þeir sem löghlýðnastir hafa verið. Það eru þeir sem hafa viljað virða hið upphaflega búmark, sem þeim var úthlutað 1980, en ekki sótt eftir undanþágum um að því væri lyft. (**ÓÞÞ:** Hverjir hafa brotið lög af hálfu bænda?) Það eru þeir sem verða fyrir skerðingu og þeir sem ekki sóttu formlega um að fá búmarkinu lyft.

Í svari, sem dreift var hér á Alþingi 21. maí s.l., kemur í ljós að aukningin við búmark frá 1980 til 1985 nemur hvorki meira né minna en 10%, 9,85% nákvæmlega talið. Það kemur ekki jafnt niður á landshlutana, það er flokkað eftir skýrslum. Það er upp í yfir 14% í sumum sýslum landsins og víða yfir 10%.

Hér hefur verið þannig á málum haldið af stjórnvöldum að það er með fádæmum, fyrir utan það, herra forseti, (**EgJ:** Þú varst ráðherra þegar þetta var.) að viðleitnin til einhverrar heildstæðrar skipulagningar í landbúnaðinum af hálfu Sjálfstfl. og Framsfl. hefur engin verið, ekki bara á liðnum fáum árum heldur um margra áratuga skeið. Þeir hafa ekki viljað líta á það að skipuleggja eftir aðstæðum hvað snertir beitarþol landsins varðandi sauðfjárafurðir, hvað snertir aðstæður til markaðar varðandi mjólkurframleiðslu. Það var bannorð að taka fjárfestinguna inn í, landgæðin inn í, markaðinn inn í.

Ég vænti þess svo að hæstv. landbrh. svari því sem hefur verið til hans beint áður en umræðunni lýkur, þar á meðal þessu: Sýndi hann einhverjum þm. Sjálfstfl. þessa reglugerð áður en hún var sett? Sýndi hann hana kannske í ríkisstj.? Það væri fróðlegt að hæstv. landbrh. greindi okkur frá því.

Svo vona ég bara að bændur í landinu etji ekki kappi hver við annan í þessum efnum, taki ekki upp tón eins og ég heyrði frá einum bændaforingja af Suðurlandi, að það eigi að leggja niður mjólkurframleiðslu í tilteknum landshlutum fyrir aðra. Bændur hafa ekki efni á slíkum málflutningi nú.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég verð að játa að mér finnst þessar umræður á margan hátt hafa verið broslegar. Menn firra sig ábyrgð á þeim lögum sem sett voru í fyrra um þessi efni og rífast hver í kapp við annan um mál sem hefði átt að vera búið að framkvæma fyrir löngu síðan. Ég minni á að það eru upp undir 20 ár síðan Alþfl. byrjaði að boða þá stefnu að það þyrfti að draga saman í framleiðslu landbúnaðarafurða og það yrði að vera jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar. Á þetta hefur ekki verið hlustað og þess vegna eru menn komnir í þetta óefni sem er í dag.

Það er alveg ljóst að bændur eiga við mikla erfiðleika að stríða og meðal margra bænda er fátækt. Hér skamma menn landbrh. fyrir að framkvæma þau lög sem menn samþykktu hér á síðasta þingi, lög sem menn áttu að vita hvað þýddu. Reyndar má segja að það hafi verið afskaplega illa að því staðið hversu seint búmarkið var tilkynnt. En ég bið menn að leiða hugann að því að það er ekki aðeins þetta vandamál sem lýtur að bændastéttinni nú á næstu mánuðum eða árum, heldur líka það að það er markvisst stefnt að því að venja fólk af því að éta landbúnaðarvörur.

Kindakjöt, mjólk og mjólkurafurðir eru það dýrar að venjulegt fólk kýs að kaupa annað. Smjör hreyfist varla í verslunum, fólk kaupir Sólblóma frekar en smjör. Fólk kaupir kjúklinga og svínakjöt frekar en kindakjöt vegna þess að þessar landbúnaðarvörur eru svo dýrar. Ég hygg að ef svo heldur áfram sem verið hefur megi bændur eiga von á miklu verri tíð en ella vegna þess að allur almenningur, launþegar í landinu, mun kjósa sér aðrar afurðir ef verðlag verður svo hátt sem raun ber vitni.

Nú þegar menn standa í kjarasamningum og óska eftir því að gera kjarasamninga á lágum nótum þar sem verðbólga yrði færð niður hafa aðilar óskað eftir því að þessi mál yrðu skoðuð. Mitt í þeirri umræðu vitum við það að um næstu mánaðamót mun landbúnaðarvöruverð hækka verulega en það mun verka eins og olía á eld. Ég tel að menn þurfi að gæta að þessu og ekki síst með tilliti til þess að bændur munu því miður gjalda þess ef fólk hættir að kaupa þær vörur sem þeir framleiða.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég hef því miður ekki verið við þessa umræðu nema að hluta. Mér skilst að vinnubrögð við lagasetninguna og reglugerðarsmíðina hafi verið hér mjög gagnrýnd og get ég að sumu leyti tekið undir það. Reglugerðin kemur t.d. núna þegar verðlagstímabilið er hálfnað og skv. henni er samdrátturinn miklu meiri en menn höfðu búist við og um var talað meðan á smíði hennar stóð. Það er því ósköp eðlilegt að upp rísi alda þegar slíkt skeður.

Höfuðmarkmið laganna um staðgreiðslu á búvörum

og beina samninga við ríkisvaldið hefur hins vegar náðst og tiltölulega góður samningur náðist í haust enda þótt æskilegast hefði verið í þessari stöðu, sem við erum í, að hann hefði verið nokkru hærri. En höfuðvandinn, sem við er að glíma í dag, er sá að stjórnun undangenginna ára hefur ekki tekist. Það verður að viðurkenna. En það sem misfarist hefur í stjórnun undangenginna ára er ekki hægt að taka nú í einu höggi eins og gerist ef reglugerðin gengur fram óbreytt og ekkert verður að gert. Þess vegna tel ég að draga verði úr þessu höggi sem reglugerðin boðar og m.a. verði að koma til auknar niðurgreiðslur þannig að ríkisvald og bændur taki höndum saman til helminga — ég vil láta það koma eindregið fram — um verulega lækkun vörunnar til að örva sölu. Niðurgreiðslur eru allt of litlar og hafa minnkað undangengin ár.

Mér skilst að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi rætt áðan um nauðsyn þessa, að halda uppi háum niðurgreiðslum. En hvað var í hans ráðherradómi? Einmitt í tíð fyrrv. ríkisstj. lækkuðu niðurgreiðslur mjög. Þær hafa að vísu gert það líka allt of mikið í tíð núv. stjórnar. En þær stórlækkuðu í tíð hans. Það er ákaflega gott fyrir menn að prédika það sama þegar þeir eru ráðherrar, og utan stjórnar. Það hefur nú hent hv. þm. eins og fleiri að láta það ekki alveg falla saman.

Alþýðusamband Íslands hafði á tímabili uppi gagnrýni á niðurgreiðslur. Ég vona, m.a. með tilliti til ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar áðan, að nú gæti orðið breyting í þeim efnum og þar kæmi jákvæðari afstaða. Ég held að það væri æskilegt í stöðunni núna í kjarasamningum að stórauka niðurgreiðslur, sem um leið greiddu fyrir því vandamáli sem hér er talað um.

Ég skal þá ekki hafa þessi orð fleiri. En ég vona að með auknum niðurgreiðslum og öðrum endurbótum í þessu máli verði dregið úr því mikla höggi sem nú ríður yfir bændastéttina.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er greinilegur taugatitringur hér inni hjá hv. stjórnarliðum og ég skil það mætavel vegna þeirrar óánægju bænda sem nú blossar upp og þeir eru býsna hissa á í kjölfar þeirrar lagasetningar sem þeir stóðu að í fyrra. Hv. 1. þm. Vesturl. lýsti þeirri lagasetningu réttilega á þann veg að þar hefði ráðið mikil ýtni og verið varað við því að setja þessi lög í því flaustri sem þá var gert því að svo undrandi sem hv. 3. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson var á minni ræðu, þá var ég ekki undrandi á hans ræðu. Hann sagði nefnilega að hann hefði ekki þorað annað þegar allt kom til alls en að standa með þessu þótt veigamikil atriði hefðu verið á allt annan veg en hann hefði kosið.

Svo kemur hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hér upp og segir að jafnvel Alþýðubandalagsmenn eigi að skilja það að samræmi þurfi að vera milli framleiðslu og sölu. Ja, drottinn minn. Ég get sagt hv. þm. það að þegar við höfum haldið þessu fram á framboðsfundum eystra, þm. Alþb., nú um langt skeið að hér þyrfti að stjórna framleiðslunni á þann veg að þarna yrði samræmi á milli, þá höfum við verið ásakaðir fyrir hinar verstu aðgerðir í garð bænda, atlögu að bændum.

Ég man vel eftir því, af því að hv. 11. landsk. þm. á eftir að koma hér upp á eftir, að hann hefur tekið þátt í þeim leik að halda því fram að þarna værum við að ráðast að bændum með því að ganga þannig til verks.

Af því að ég minnist á hv. 11. landsk. þm. er rétt að minna hann á það, ef hann skyldi vera búinn að gleyma því, að hann var harðasti gagnrýnandi landbúnaðarstefnu hv. þm. Pálma Jónssonar þegar hann var ráðherra og sagði að ef hann fengi einhverju að ráða mundi ekki slík haftastefna verða sett á landbúnaðinn. Þá yrði allt frjálst og gott og rúmt um bændastéttina í landinu.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég tók það einmitt fram í minni fyrri ræðu að ég hefði verið fyrsti þm. sem hreyfði því hér á Alþingi að taka upp héraðakvótann. Það var nú allt frelsið.

Það vekur nokkra athygli við þessa umræðu að menn eru að tala um lagasetninguna frá s.l. ári, hún hafi verið svona og hún hafi verið hinsegin, hún hafi verið góð og hún hafi verið slæm. Enginn einasti maður hefur sagt frá því hvað honum hafi fundist að þessari lagasetningu nema hv. þm. Páll Pétursson. Það sem hv. þm. Páll Pétursson segir að hafi verið að lagasetningunni er að það hafi verið farið of hratt í að telja niður landbúnaðarframleiðsluna. Það er búið að semja, kaupa og greiða bændum í landinu allt það kindakjöt sem þeir komu með í verslun á s.l. ári. Það er búið að semja við þá um kaup á mjólk sem er að magni til sú sama og verið hefur sjö undanfarin ár. Hv. þm. Páll Pétursson hlýtur að hafa ætlað að segja að honum hafi ekki fundist vera nóg gert að því að auka framleiðsluna í landbúnaði.

Ég var á fundinum hjá Sunnlendingum í nótt og ég verð að segja það alveg eins og er, þrátt fyrir þann mikla fjölda sem þar var, að mér fannst það ekki vera sannfærandi fundur. Það sem mér þótti langsamlega athyglisverðast við þann fund var einmitt það sem bændur á Suðurlandi sögðu um nýju lögin og þau úrræði sem í þeim felast. Þeir hefðu áreiðanlega orðið hissa á máli þeirra alþm. sem hafa verið að gagnrýna nýju búvörulögin, ef þeir hefðu mátt á þá hlýða.

Að lokum vil ég svo aðeins segja það að umræðan, sem orðið hefur núna í landbúnaðinum um þessi mál, er öll af hinu góða. Það þarf enginn að halda að hægt væri að takast á við þennan vanda öðruvísi en að stór hluti af bændastéttinni fyndi fyrir honum með einum eða öðrum hætti. En bændastéttin á nægan styrk til að mæta þessu með þeim hætti að það verði hvergi nein slys af þessu ástandi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Fyrst vil ég geta þess að hér hefur tvívegis talað hv. 2. þm. Austurl. og látið að því liggja að þau lög, sem sett voru í fyrra, séu vandamálið. Það er alger misskilningur. Það væri gaman að hlusta á þann hv. þm. útskýra það fyrir bændum hvernig staðan væri hefðu þau ekki verið sett. Það væri gaman að hlusta á hann flytja slíkt mál.

Ég hygg að þó að menn vilji vaða grunnt og busla séu takmörk fyrir því hvað þeir geta vaðið grunnt án þess að verða hlægilegir. Haldið þið að það hefði verið gott ástand hjá bændum að framleiða og framleiða á þessu ári og fá svo bakreikninginn á næsta ári fyrir mjólk sem þeir hefðu ekkert fengið borgað fyrir?

Ég man ekki betur en að Alþb. hafi beitt sér fyrir því í fyrrv. ríkisstjórn að draga úr útflutningsbótaréttinum. (**EgJ:** Og niðurgreiðslum líka.) (**RA:** Alrangt, hvort tveggja.) Menn eru fljótir að sverja af sér hlutina hér. En það var dálítið annað þá. Það var vitað að fjmrh. beitti sér gegn útflutningsbótaréttinum og vildi að það yrði dregið úr honum á sínum tíma. En þó blöskrar mér

fyrst þegar hv. 5. þm. Austurl. leyfir sér héðan úr ræðustól að tala um að löghlýðnasti hópurinn hafi farið verst út úr þessum aðgerðum. Ég vil fá hann hér upp í stólinn til að gera grein fyrir hvaða bændur hafa brotið lög og ég mælist til þess að hann sé maður til að láta stefna þeim mönnum fyrir lögbrotin eða biðjist ella afsökunar á þessu orðbragði sínu. Það er hópur manna í einni stétt sem virðist hafa brotið lög í landinu. Það er sjálfsagt að hann komi hér upp og geri grein fyrir því að hann ætli að beita sér fyrir því að þeir menn verði þá dregnir fyrir dómstóla fyrir tiltækið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta er fróðleg umræða þótt auðvitað sé þess enginn kostur að ræða þetta mál neitt efnislega á þeim stutta tíma sem mönnum er hér skammtaður, en ég verð að segja að mér þykir einkennilegt að heyra þá heilögu vandlætingu sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni t.d. sem talaði hér af meiri þunga og var meira niðri fyrir en ég minnist að hafa heyrt eða orðið vitni að hér áður. Hv. 2. þm. Austurl. kemur líka og segir: Við Alþýðubandalagsmenn höfum um langt skeið talað fyrir framleiðslustjórnun. Ég hef ekki átt sæti á hinu háa Alþingi mjög lengi. Ég minnist þess þegar heillaráð Alþb. í landbúnaðarmálum var að framleiða meira, og eins og sumir orðuðu það: Það væri hægt að leysa þennan vanda með því að borða meira. Það voru lausnarorð Alþb. á sínum tíma. Það er gott að þeir skuli hafa séð að sér og séð nauðsyn framleiðslustjórnunar í landbúnaði sem Alþfl. hefur talað um í áratugi og allir viðurkenna nú.

Hitt er svo það að það hefur tekist mjög illa til um framkvæmdina núna, alveg hrapallega. Um það eru menn sammála og um það bera vitni þeir fjölmörgu fundir sem bændur boða nú til víða um land. Þetta verður auðvitað að leiðrétta, en það er ekki deilt um nauðsyn framleiðslustjórnunar. Fulltrúar Alþýðuflokksins hér á þingi hafa talað um þetta í mörg ár. Bændum varð þetta snemma ljóst. Forustumönnun bændastéttarinnar varð þetta seinna ljóst, en nú er öllum þetta ljóst og auðvitað verður að vinna að því að framkvæma þetta með skynsamlegum hætti. Það hefur ekki tekist núna, það hefur tekist mjög óhönduglega til. Raunar er annað vandamál sem er kannske miklu stærra og það er að þessar hefðbundnu búvörur, eins og lambakjötið og minnst hefur verið á hér, eru ekki lengur samkeppnisfærar. Þar hleðst og hrannast upp vandamál sem menn hafa ekki byrjað á að leysa.

Ég tek undir það að að ýmsu leyti hafa bændur verið blekktir og það er ljóst að við mörgum einstaklingum í bændastétt blasir nú alveg gífurlegur vandi. Þess vegna eru það stór orð sem hv. 11. landsk. viðhefur er hann segir: Það verða hvergi nein slys í þessu sambandi. Betur að satt væri, en ég efast stórlega um að hann sé maður til að standa við slíkar fullyrðingar. Ég vona að það verði engin slys en þetta er ansi stórt til orða tekið. Hér hefur illa tekist til og úr því þarf að bæta. Það er hægt, vissulega. Það tekur tíma, en sú gagnrýni sem hér hefur verið sett fram á fullan rétt á sér. Hæstv. fjmrh. er nú illa fjarri góðu gamni. Þingbróðir hans og flokksbróðir, hv. þm. Eggert Haukdal, hefur lýst þeirri bjargföstu skoðun sinni að hækka beri og auka niðurgreiðslur. Ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. sé á öðru máli og það væri fróðlegt að heyra hvort þriðji fulltrúi Sjálfstfl. úr þessu bænda- og landbúnaðarkjördæmi hefur kannske þriðju skoðunina á þessu máli, en það kemur væntanlega í ljós hér á eftir.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Menn eru orðnir svo æstir, það liggur við slagsmálum. Ég veit að hæstv. forseti fagnar því að fá einn rólyndan mann í stólinn svona til tilbreytingar. En þegar menn æsa sig upp, jafnvel bestu bændur úr Landeyjum, er hætt við að menn verði ekki nógu nákvæmir. Nákvæmni er hins vegar æskileg. Hann sagði að niðurgreiðslur hefðu verið dregnar saman í stjórnartíð Alþb. Það er óskaplega rangt. Ég get sagt hv. þm. Eggert Haukdal að t.d. 1982 eru niðurgreiðslur meira en tvöfalt hærri en nú. Nú eru þær 870 millj. kr. en voru þá meira en tvöfalt hærri. Ef niðurgreiðslustigið væri það sama nú og 1982 væri kindakjötið 31% dýrara en nú, og mjólkin er núna 43% dýrari en hún gæti verið við sömu niðurgreiðslu og smjörið 51% dýrara. Þetta er staðreyndin.

Það sem stóð upp úr nær öllum sem voru á þessum mikla bændafundi og skemmtilega í gær var að það hefði verið stjórnleysi í þessum málaflokki til margra ára og ég held að allir hljóti að sjá að það er rétt. Það var líka sagt á þessum fundi af ábyrgum mönnum og merkum bændum að það hefði verið látið reka á reiðanum í þessum málaflokki. Þetta eru þung orð en ég tek mikið mark á þessum merku bændahöfðingjum í mínu kjördæmi.

Hvernig ætli það hefði líkað ef hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson hefði verið að grauta í kvótagerð frá því í janúar og fram undir Jónsmessu? Það er akkúrat þetta sem gert er í landbrn. Kvótinn er settur þegar verðlagstímabilið er hálfnað. Þannig á maður ekki að vinna. Þá er betra að gera ekki neitt.

Herra forseti, ég hef heyrt bjölluhljóminn, en ég er sannfærður um að enn má éta vandann. Dæmi um það var tekið austur á fundinum í gærkvöldi og sagt: Ef hver maður drekkur ¼ lítra meira af mjólk á dag þýðir það á ársgrundvelli, eins og orðað var fyrir nokkrum árum, yfir 20 milljónir lítra og vandinn er horfinn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að mæla fleiri orð í þessari umræðu því að ég veit að hálftíminn er sprunginn fyrir allnokkru. En að gefnu tilefni er ég kominn hér í þriðja sinn. Ég hef ekki tíma til að eiga orðastað við hv. þm. Eið Guðnason og uppfræða hann um afstöðu Alþb. til landbúnaðarmála á liðinni tíð, hann verður að lesa sér betur til þangað til við getum rætt þau mál nánar.

En það voru orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hér í ræðustólnum sem fengu mig til að biðja um orðið og leiðrétta þær staðhæfingar sem hann hafði hér uppi og túlkun hans á mínu máli. Það er nokkuð þykk á hv. þm. höfuðskelin á stundum. Hann vill túlka lýsingarorðið „löghlýðinn“ þannig að ef einhver er löghlýðinn þá eru einhverjir aðrir sannanlega lögbrjótar. Ég eftirlæt íslenskumönnum að fjalla um þau efni. En til nánari skýringar fyrir hv. þm. vil ég segja: Þeir sem tóku mark á búmarkinu 1980, tóku það alvarlega, héldu sig við það og óskuðu ekki eftir að fá þakinu lyft, eins og reyndist tiltölulega auðvelt — sbr. það að búmark hefur aukist um 10% fram á vor 1985 — hafa farið mun verr út úr skerðingunni en hinir sem fengu búmarkinu breytt og fengu á sig þær viðmiðanir sem nú koma fram skv.

reglugerð hæstv. ráðherra. Ég vona að hæstv. ráðherra komi hér í stólinn áður en umræðu lýkur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég nam það rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að hann talaði um löghlýðnasta hópinn. En hitt vil ég fræða hann um, að þó að búmarkið hefði ekkert hækkað og allir haldið sér innan þess, eins og það var áður en aukningin varð um 10%, þá væri það miklu meiri framleiðsla en sú sem nokkrar líkur eru á að hefði orðið í þessu landi þó að engin lög hefðu verið sett. Svo fjarri var búmarkið þeim veruleika sem við var að glíma í þessum efnum. (**HG:** Ekki alls staðar.) Þetta hefði verið jákvætt að hefði verið á hreinu hvað sem þykkt á höfuðskepjum líður.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það virðist hafa verið full ástæða til þess að ræða málið hér á hv. Alþingi þrátt fyrir þröskuldshátt Alþýðubandalagsmanna í upphafi. Ég vil þakka málefnalega umræðu um þennan vanda nema málflutning Alþýðubandalagsmanna þar sem sýndarmennskan ríður ekki við einteyming. Það er ekki verið að ræða af þeirra hálfu vanda bænda, þeir eru einfaldlega í örgustu fýlu vegna þess að málið er rætt hér og þeir hafa ekki getað blásið til herlúðra einhvers staðar og einhvers staðar fyrir þessa umræðu.

Vikið hefur verið að því hver væri afstaða mín til aukinna niðurgreiðslna í þessari stöðu. Það hefur hvergi mátt skilja svo mál mitt í þessum umræðum í dag að ég væri búinn að taka afstöðu til þess að eina leiðin til að leysa þennan vanda væri auknar niðurgreiðslur. Til þess að geta sagt slíkt þarf maður að hafa ljóst og borðleggjandi að fjármagn sé til slíks. En þetta atriði er auðvitað eitt af því sem verður að skoða í málinu í heild. En mín afstaða er ekki sú borðleggjandi að það sé eina lausnin.

Þegar reglur eru mótaðar til framleiðslustjórnar hljóta þær að eiga að efla traust bænda á slíkri stjórnun þegar vandi er á höndum. Þess vegna skiptir öllu máli að í þeim felist ekki augljóst ranglæti eins og ljóst er þótt leiðin í heild sé líklega sú eina sem unnt er að ná víðtæku samkomulagi um. En þessar reglur eiga fyrst og fremst að draga úr miðstýringunni á búháttum einstakra bænda og auka áhrif heimamanna á framleiðsluþróum og vinnsluþróun í hverju héraði.

Það er verulegt misræmi í mörgu er lýtur að landbúnaðarframleiðslu. Má þar t.d. nefna að bændur skuli fá lagfæringar á kvóta og leyfi til að byggja yfir ákveðna framleiðslu en síðan kemur annar aðili innan kerfisins sem segir: Nei, því miður, þú mátt ekki nota þessa fjárfestingu. Það er álíka og að leyfa byggingu vatnsaflsvirkjunar án þess að nokkurt sé vatnið til að knýja aflvélar og afla tekna fyrir fjármagnskostnaði og rekstri.

Um skeið hefur bændum verið talin trú um að þeir væru til vandræða á þjóðarheimilinu og að framleiðsla þeirra væri allt að því óþörf. Landbúnaður er eins og önnur veiðimennska, það árar misvel og afurðir eru mismiklar. Á þeirri sveiflu þarf að finna rétta punktinn til viðmiðunar.

Ljóst er að margs konar brask hefur átt sér stað í landbúnaðinum, í kerfinu, dreifingarkerfinu og öðru sem ekki er hægt að fjalla um hér. En að mörgu þarf að hyggja og ljóst er að það eru margar spurningar sem þarf að fá svör við. En sá vandi, sem blasir nú við, er augljós. Stjórnun og framkvæmd framleiðslu er farin úr böndum og það þarf að freista þess að finna viðunandi lausn. Skerðing er augljós og hún er vissulega sár og erfið en stakkinn, sem á að vinna í, þarf að sníða betur.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það hefur komið í ljós, sem sagt var í upphafi, að með þessu umræðuformi væri ekki hægt að ræða þetta mál málefnalega enda hafa þessar umræður of mikið einkennst af upphrópunum og fullyrðingum án þess að komið hafi fram ábendingar um aðrar leiðir.

Það hefur komið hér fram að á fundinum, sem haldinn var í gærkveldi og í nótt austur í Landeyjum, bentu flestir á þörfina á að fyrr hefði verið tekin upp sú stjórnun sem hin nýsettu lög heimila og vandinn stafaði af því að slíkt hefði ekki verið gert. Það styður betur en nokkuð annað þörfina á lagasetningunni á s.l. sumri og þá er ekki um það að sakast að þau eru sett, heldur frekar að ekki hafi tekist að koma þeim fram fyrr. Þau voru því ekki sett gegn bændum að mati þeirra sem töluðu á fundinum heldur til að vernda þeirra stöðu. Mönnum er það ljóst að þeir sem að landbúnaði vinna verða að hafa viðunandi afkomu og til þess þurfa þeir að hafa einhverja lágmarksbústærð og það verður ekki gert nema með stjórnun.

Ég get ekki skilið hvernig menn geta haldið því fram að ráðið væri nú að falla frá ákvörðunum reglugerðar og laganna og ákveða enga stjórnun í mjólkurframleiðslunni á þessu verðlagsári, það hefur verið bent á hvað þá yrði gífurlegur skellurinn sem kæmi á bændur með skerðingum eftir á nú á næsta hausti. Það er því ekki leiðin.

Reglugerðin var fyrst og fremst unnin í samvinnu við Stéttarsamband bænda. Ég óskaði eftir því að þegar samningur hafði verið gerður á s.l. sumri kæmu um það tillögur frá Stéttarsambandinu hvernig þessu magni yrði skipt. Það var ákvörðun Stéttarsambandsins að óska eftir svæðabúmarki og það hefur komið hér fram í máli manna að þeir telja að það sé rétt stefna. En vinnan við það tók hins vegar of langan tíma — það sagði ég strax í upphafi — lengri en menn gerðu sér grein fyrir. En það kom hér fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. áðan að það hefði tekið langan tíma að gera tillögur um að hér skyldi tekið upp svæðabúmark svo að það ætti að vera öllum augljóst að það er ekki gert á einni stundu að móta fullskapaða reglugerð um svo viðkvæmt mál. Formaður Stéttarsambands bænda hefur sagt að reglugerðin byggist í öllum aðalatriðum á tillögum Stéttarsambands bænda og það er það sem ég tel að sé nauðsynlegt.

Hér hefur verið fullyrt að lambakjötið hrannaðist upp. Eins og öllum þm. er kunnugt var verð á lambakjöti lækkað nú snemma vetrar og sú verðlækkun hafði þau áhrif að sala á nokkrum vikum varð á þriðja þúsund tonn. Það hefur því vissulega verið gert átak til að auka söluna innanlands og það er markmiðið að halda slíku áfram.

Úrræðið núna er áreiðanlega ekki það að ætla sér að halda áfram að láta reka á reiðanum og að það sé betra að gera ekki neitt en að stjórna. Ég held að það ætti að vera öllum ljóst — það verður það a.m.k. áður en langt um líður — að þetta eru algerlega óhjákvæmilegar aðgerðir og bændastéttinni brýn nauðsyn.

Skiptingu á búmarkinu er ekki lokið, eins og ég sagði. Því hefur verið vísað til manna heima í héraði að gera tillögur um nokkurn hluta þess og það liggur ekki

ljóst fyrir fyrr en þær tillögur koma hvernig endanleg skipting verður. En það er augljóst, og ég vil ítreka það að lokum, að það verður að leita allra leiða — og um það þarf að hafa samstarf við bændasamtökin — til að auðvelda þessa stjórnun sem nú hefur verið tekin upp. Það kom fram í máli manna á fundinum austur í Landeyjum að það eru menn reiðubúnir til að gera.

Hagkvæmni útboða, þáltill. 243. mál (þskj. 472). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 472 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni, Skúla Alexanderssyni, Karvel Pálmasyni, Steingrími J. Sigfússyni og Davíð Aðalsteinssyni að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ítarlega könnun á hagkvæmni útboða og því hvort aðrar leiðir séu heppilegri og æskilegri fyrir byggðarlög og þjóðarheild. Sérstaklega verði athuguð áhrif útboða á byggðarþróun í landinu og samhliða heildarhagkvæmni þeirra verði litið til röskunar á rekstri ýmiss konar þjónustu á landsbyggðinni.

Settar verði nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra á þann veg að smærri verktakar á einstökum svæðum og aðilar heima í héraði hafi sem besta möguleika á því að taka sér verkefni í nágrenni sínu. Jafnframt verði undirbúnar reglur sem koma í veg fyrir að einstakir aðilar geti einokað verktakastarfsemina."

Till. þessi var flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Ég veit ekki hvort ég fer að hafa langa framsögu um þetta mál nú, ég hafði hana í fyrra býsna langa og studdi ýmis atriði þess gildum rökum. Við flm. töldum þá rétt að láta reyna á hina ýmsu þætti í þessum málum því að ekki er allt sem sýnist, ekki eru allar þær tölur, sem upp eru gefnar í upphafi, nú þær endanlegu og væri freistandi að fara yfir eitthvað af þessum atriðum.

Ég bendi á það t.d. í grg. — og við flutningsmenn höfum ítrekað það — að forráðamenn Verktakasambandsins hafa rætt sín vandamál varðandi undirboðin og afleiðingar þeirra fyrir hina smærri verktaka. Þeir hafa séð sér þá eina leið færa að bjóða svo lágt í verk að þeir hafa hreinlega farið á höfuðið og orðið að hætta stundum við hálfnað verk. Hins vegar hafa undirboð í smærri verk af hálfu hinna voldugustu verktaka ekki skaðað þá því að þetta hafa verið eins konar aukaverkefni sem þeir hafa séð sér unnt að vinna til hliðar við eða í hléum frá stórverkefnum.

En veigamesta ástæðan fyrir því að við endurflytjum þessa till. nú og viljum fá virkilega marktæka könnun á heildarhagkvæmni þessara útboða snertir landsbyggðina, þjónustuaðilana þar og möguleika þeirra í þessari samkeppni, eða spurninguna um það hvort eigi hreinlega að útiloka þá frá þessum markaði. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að hvert meðalstórt byggðarlag þarf á því að halda að þar séu vinnuvélaeigendur og vörubifreiðastjórar sem sinni ákveðinni þjónustu. Ef þessir aðilar missa gersamlega af möguleikunum á því að taka þátt í þessum verkum er hætt við að þeirra lífsafkoma sé í hættu.

Nú erum við flm. ekki að segja að við séum á móti útboðsstefnu almennt enda værum við þá ekki að fara fram á könnun á heildarhagkvæmni útboðanna. Við erum vissulega á því að það fari mjög vel á því að bjóða mörg hinna stærri verka út. Við erum heldur ekki að mæla með því að heimaaðilar geti einokað ákveðin verkefni. En ég held að það þurfi að huga að því að hjálpa þeim til að taka þátt í vegagerð, hafnagerð, flugvallagerð og þó kannske alveg sérstaklega vegagerðinni þar sem þessir aðilar fá þá viðspyrnu og þá viðbót sem dugar þeim svo til að sinna þjónustuhlutverkinu heima fyrir. Ef þeir missa möguleikana til þátttöku í þessum verkum eða jafnvel alla möguleika þá leggst starfsemi þeirra einfaldlega niður og við sjáum þess merki nú þegar að þetta er að gerast í æ ríkara mæli.

Það er nefnilega stórkostlegt atriði fyrir byggðarlögin og heimabyggðirnar að þessir þjónustuaðilar geti haldið áfram að starfa, hvort sem það eru vinnuvélaeigendur eða vörubifreiðastjórar, og að þeir fái til þess hjálp, aðstoð og möguleika og heldur ekki það að það sé verið að eltast við alla hluti varðandi útboð.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál. Ég bendi á það t.d. að kostnaður Vegagerðar ríkisins í kringum sum verkefni, sem boðin hafa verið út, er ærinn. Við hv. 4. þm. Austurl. þekkjum dæmi um það að austan að verk hefur verið boðið út og talað um að það væri þetta og þetta mikið fyrir neðan kostnaðaráætlun. Síðan hefur Vegagerð ríkisins lagt þessum sama verktaka til skúra, verkstjóra, verkfræðilegar og tæknilegar leiðbeiningar um allt verkið og aðstoðað hann á allan mögulegan hátt. Þegar þannig er komið sjáum við auðvitað ekki þá hagkvæmni sem var verið að tala um í upphaflegu tölunni.

Ég nefni það líka bara sem sláandi dæmi um það að fylgja þessari útboðsstefnu jafnblint og okkur þykir gert að Vegagerð ríkisins á Austurlandi seldi sín mölunartæki og taldi sig geta fengið þessi verk unnin miklu ódýrara af verktökum. Það hafði líka reynst svo, verktakar höfðu boðið í þessa mölun mun ódýrara og lægra. Sannleikurinn var bara sá að um leið og Vegagerð ríkisins var búin að selja sín tæki og fór svo að bjóða út mölun kom bara tilboð upp á 115%. Það var engin samkeppni og þessir aðilar vissu að þeim var óhætt að fara þetta langt því að Vegagerðin gat ekki mætt því á annan hátt en að taka þeirra tilboði þó að hátt væri.

Erfitt er að segja fyrir um framkvæmd og setningu reglna um þetta allt saman. Vörubifreiðastjórar eystra hafa t.d. viljað fara út í svæðaskiptingu. Ég veit ekki hversu raunhæft það er, það eru ekki allir sáttir við þá hugmynd. En ég held að aðstoð við smærri verktaka og heimaaðila alveg sérstaklega komi til greina. Síðast en ekki síst þarf að huga að því hvaða verk eigi að bjóða út og hver hin þjóðfélagslega hagkvæmni fyrir heildina verður svo þegar upp er staðið.

Við birtum með grg. með þessari till. okkar í fyrra ályktun frá vörubifreiðastjórafélaginu Snæfelli á Austurlandi. Þar var að vísu nokkuð harkalega til orða tekið og ég dreg ekkert úr því. Ég ætla ekki að fara að vísa mikið í það. En það má segja að mikil sé hógværð okkar flm. í þessari grg. okkar og tillögugerðinni miðað við áherslur þær og ályktanir sem þessir hagsmunaaðilar gerðu og við vorum taldir vera að flytja, a.m.k. við hv. 4. þm. Austurl., inn á vettvang Alþingis. Því fór mjög

fjarri þó að þar hafi líka komið fram beinar tillögur um það hvernig að þessum málum mætti standa og m.a. um ákveðnar millileiðir í þessu sambandi eins og við erum að tala hér um.

Ég vil svo geta þess að lokum að Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur lýst yfir sérstökum, eindregnum stuðningi við þessa tillögu og bent á það að hlutlaus könnun allra þessara þátta hlyti að vera til góðs fyrir alla, verktakana líka. Svo mikið veit ég að stjórnarmenn þar, sem eru kunnugir sínum málum hver í sínu sveitarfélagi, hafa af því hinar mestu áhyggjur hversu öll þjónustustarfsemi á þessum stöðum á nú í mikilli þröng vegna útboðanna, vegna þess kannske að þeim hefur ekki tekist að laga sig að aðstæðum, ekki neita ég því, en fyrst og fremst vegna þess að þessi bylgja kemur svo skjótt yfir. Við vitum það vissulega, flm., að Alþingi hefur gengið þannig frá málum að það er ósköp eðlilegt að svona sé gengið til verks. Við viljum þá líka að Alþingi, sem ákvað þessa skipan, taki á sig rögg og samþykki að gera ítarlega heildarkönnun á hagkvæmni þessara útboða og hvort ekki sé heppilegra og æskilegra fyrir byggðarlög og þjóðarheild að fara í ýmsu aðrar leiðir.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því að þessari till. verði vísað til síðari umræðu og hv. atvmn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég er út af fyrir sig ekkert að hafa á móti því að athugun sé gerð á hagkvæmni útboða en mér finnst neikvæður tónn í þessari till. í garð útboðanna og þess vegna tek ég til máls því að ég er honum ekki sammála. Ég tel að reynsla af útboðum hafi verið yfirleitt góð og ég óttast ekki annað en að það komi í ljós ef athugun er á þessu máli gerð.

Ég held að það sé misskilningur hjá hv. flm., a.m.k. er það ekki reynsla úr mínu kjördæmi, að stórverktakar einoki verk. Smærri verktakar eru engan veginn útilokaðir frá því að taka að sér ákveðin verkefni og hafa tekið fullan þátt í því, a.m.k. í Norðurl. v. Það er skylda okkar, sem erum valdir til þess að fara með almannafé, að reyna að láta það nýtast sem best, fá sem lengstan veg fyrir hverja milljón, láta sem mest verða úr hverri milljón við verklegar framkvæmdir.

Ég hef undanfarið hvatt vélaeigendur og bílstjóra í Norðurl. v. til að bjóða í verk. Það þarf vissa þjálfun og visst áræði til að byrja en þegar menn hafa náð valdi á því verkefni leyfi ég mér að fullyrða að það er góð reynsla af útboðum í Norðurl. v. Verklegum framkvæmdum þar hefur miðað miklu betur en ella þar sem útboðsleið hefur verið farin. Verk hafa verið unnin af heimamönnum í flestum tifellum og við höfum eignast stóran hóp þjálfaðra og hæfra verktaka sem líka gegna veigamiklu þjónustuhlutverki í sínum heimabyggðum.

Útboðin mega náttúrlega aldrei verða allsráðandi og geta heldur ekki orðið allsráðandi en ég tel að þau eigi að vera gildur þáttur í framkvæmdum. Ég hef ekkert á móti því að þessi athugun sé gerð. Ég hef hins vegar á móti þeim neikvæða tón í garð útboða sem mér finnst að skíni hér í gegn vegna þess að ég tel að athugun, ef gerð verður, komi til með að sanna réttmæti útboða, m.a.s. fyrir þm. Austurl., því að væntanlega vilja þeir sem lengsta góða vegi fyrir það fjármagn sem til ráðstöfunar er í kjördæminu og sem besta nýtingu á opinberu fé til mannvirkjagerðar í sínu kjördæmi.

Alþt. 1985. B. (108. löggjafarþing).

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég þarf í rauninni ekki að hafa langt mál um þessa till. sem hér liggur fyrir, það hefur verið talað fyrir henni bæði hér áðan af 1. flm. og á síðasta þingi. Málið er í rauninni einfalt, það er farið fram á könnun á hagkvæmni útboða. Ég vil leiðrétta það, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að hér er í sjálfu sér ekki um að ræða neinn neikvæðan tón í garð útboða heldur viljum við fá réttar upplýsingar um hvernig þau koma út að lokum og að þar sé tekinn með allur kostnaður sem á hvert verk fellur.

Sum útboð, t.d. á Austurlandi, hafa komið vel út, önnur hafa tekist miður. Það hafa komið upp þar slæm dæmi um mistök í útboðum. Auðvitað viljum við fá sem lengsta og besta vegi. En við viljum samt eigi að síður að smærri verktakar í heimabyggð geti haldið áfram að veita þá nauðsynlegu þjónustu sem þeir hafa veitt hingað til. Það er ástæða til að geta þess að það er nauðsynlegt fyrir verktaka að þjappa sér saman um verkefni, læra til þess að bjóða í verk. En eigi að síður er þessi könnun nauðsynleg. Það getur vel verið að hún leiði það í ljós að útboðin séu besta tækið til að fá langa og góða vegi. En það ætti þá að hreinsa andrúmsloftið í umræðunni um þessi mál og vera öllum til góðs. Þess vegna vona ég að þessi till., sem hér er til umræðu, fái þinglega meðferð og dagi ekki uppi á þessu þingi eins og hinu síðasta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Seðlabanki Íslands, frv. 228. mál (þskj. 456). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem ég flyt ásamt hv. þm. Valdimar Indriðasyni. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og er endurflutt nú óbreytt, en grg. sem þá fylgdi frv. er nú prentuð með þeirri grg. sem fylgir því að þessu sinni. Málið er þar af leiðandi kunnugt hv. þingdeildarmönnum og kannske ekki af þeim sökum ástæða til að hafa mjög langt mál um efni þess. Hins vegar skilst mér á hæstv. forseta að ekki liggi mjög mikið fyrir af málum í þessari hv. deild í dag og af þeim sökum væri þess vegna hægt að hafa hér nokkuð langt mál og jafnvel að hafa almenna umræðu um peninga- og efnahagsmál. En við sjáum hvað setur í því efni, hvort þingdeildarmenn, sem eru nú raunar fáir mættir, vilja taka þátt í slíkri umræðu eða ekki.

Þó að mál þetta virðist kannske lítið að sniðum er þetta eitt af allra stærstu málum þessarar þjóðar í dag að mínu mati. Það er enginn vafi á því í mínum huga að um mjög langt skeið hefur verið fylgt alrangri stefnu í peningamálum þessarar þjóðar. Það er auðvitað fólgið í því að sparifé landsmanna hefur nánast verið gert upptækt til opinberra stofnana, óbeint auðvitað til ríkissjóðs. Þetta hefur verið gert með þeim hætti að sparifé hefur í verulegum mæli verið fryst hjá Seðla-

banka Íslands og síðan hafa peningarnir verið lánaðir út, oft með neikvæðum vöxtum sem hafa stundum numið tugum prósenta. Þannig hafa fjármunirnir gengið frá fólkinu til hins opinbera valds og ýmiss konar óarðbærs reksturs. Þetta er það sem ég hef leyft mér að kalla heimatilbúna kreppu.

Þegar að því ráði var loksins horfið að verðtryggja peninga og gera vexti jákvæða var ekki létt af þessari bindiskyldu. Það getur ekki með nokkru móti gengið upp að hafa vexti frjálsa en að loka jafnframt inni peningana. Þá er auðvitað peningaþurrð, lánsfjárskortur, lánsfjárkreppa og okurvextir því að peningarnir hverfa þá á svartan markað. Þegar fólk getur ekki fengið peninga í hinum eðlilegu lánastofnunum leitar það annað í nauð sinni og vextir verða óbærilegir. Ef eðlilegt framboð er á lánsfjármagni, eins og skylt er lögum samkvæmt og Seðlabankanum ber að sjá um og ríkisvaldinu, ríkisstj., verða vextir auðvitað hóflegir. Þeir leita jafnvægis. Framboð og eftirspurn leitar jafnvægis. En hér er fylgt tveim gagnstæðum stefnum, stefnum sem geta ekki gengið upp þegar þeim er báðum fylgt, annars vegar að gefa ekki út neina peninga og hins vegar að hafa vexti frjálsa. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú að íslenska krónan, íslenski gjaldmiðillinn, er í raun og veru hrunin.

Það er yfirlýst að nú séu þeir peningar sem kallaðir eru innlendir a.m.k. að ⅔ hlutum erlendir. Vega þar mjög þungt afurðalánin sem öll eru orðin erlend nú þó að þau séu veitt í íslenskum peningum en að vísu með gengistryggingum eða verðtryggingu. Þessi stefna er sem sagt gengin sér til húðar og það fyrir allnokkuð löngu.

Tilefni þess að frv. þetta var flutt í fyrra var það að á einni nóttu var horfið að því ráði að prenta frv. þar sem heimild Seðlabanka til bindiskyldu var hækkuð úr 28% í 38%. Þá skyldi höggið reitt þannig að endanlega væri búið að koma í veg fyrir heilbrigði á fjármagnsmarkaði. Hvort sem þetta frv. átti þátt í því eða ekki var snúið við af þessari braut og í stað þess að binda 28% var horfið niður í það að binda 18% sparifjárins. Enn þann dag í dag eru 18% alls sparifjárins eða eitthvað nálægt 7 milljörðum kr. bundin í Seðlabankanum þótt hann hafi losnað við svo til öll afurðalán, en áður var þessi binding réttlætt með því að Seðlabankinn yrði að standa undir svo gífurlegum afurðalánaveitingum.

Þegar frv. þetta kom til afgreiðslu í þessari hv. deild gerði minni hl. grein fyrir sérálíti sínu. Minni hl. sem vildi vísa málinu til ríkisstj., þeir hv. þm. Jón Kristjánsson og Egill Jónsson, gerði grein fyrir afstöðu sinni m.a. með þessum orðum — nál. er örstutt og ég les það í heild, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur rætt þetta mál ítarlega og fengið til viðtals seðlabankastjóra, formann Sambands viðskiptabankanna, sem jafnframt er bankastjóri Landsbankans, og bankastjóra annarra ríkisbanka, Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Meðan nefndin vann að málinu hefur ríkisstj. í samráði við Seðlabanka Íslands ákveðið að endurkaup afurðalána færist til viðskiptabankanna og bindiskylda verði lækkuð vegna þessara breytinga úr 28% í 18%. Jafnframt hefur ríkisstj. lýst því yfir að frá 1. maí muni bændur fá innlagða mjólk greidda að fullu innan mánaðar og sláturafurðir um áramót og verði þetta m.a. gert kleift með rýmkun á reglum um afurðalán.

Eðlilegt er að reglur Seðlabankans um bindingu sparifjár verði teknar til endurskoðunar þegar séð er hver áhrif þeirra breytinga verða sem nú standa yfir. Í ljósi þess leggja undirritaðir nefndarmenn til að frv. verði vísað til ríkisstj."

Þetta var sem sagt nál. minni hl. í fyrra. Nú hafa afurðalánin verið flutt frá Seðlabankanum og með þessum rökstuðningi þykist ég mega treysta því að þeir sem að nál. stóðu muni nú geta fylgt þessu frv.

Það sem um er að ræða hér er raunar afgömul kennisetning sem engir hagfræðingar mér vitanlega, sem nokkurt nafn bera, utan þá Íslands, styðja enn þann dag í dag, þ.e. að leiðin til að kljást við verðbólgu sé sú að takmarka lánsfé og frysta atvinnuvegi, framkvæmdir og framfarir á sviði almennings. Afleiðingin af þessari stefnu, sem reynt var að koma á erlendis en tókst þó í mjög litlum mæli þar sem þar eru bankar í einkaeigu og hlíta auðvitað ekki fyrirmælum ríkisins nema mjög takmarkað, var samt sú að hún hjálpaði til við að herða olíukreppuna sem svo var kölluð.

Alveg er ljóst miðað við ástandið t.d. hér á landi sem nú er, að eignum manna er haldið niðri með þeim hætti að það er ekki hægt að fá lánsfé með eðlilegum kjörum, að eignirnar lækka í verði. Við skulum taka sem dæmi húsbyggjandann sem kannske átti þriðjung af andvirði íbúðar sinnar þegar hann byggði hana fyrir tveim, þrem árum eða fjórum eða fimm. Hann á kannske ekkert í henni lengur vegna þess að íbúðin hefur hreinlega lækkað í verði á sama tíma sem hann þarf að borga þessa okurvexti. Þetta er heimatilbúin kreppa. Það er alveg á sama veg heimatilbúin kreppa þegar ekki er hægt að afla fjár til reksturs atvinnufyrirtækja, jafnvel þó þau séu stórrík. Kannske er einn versti þátturinn í þessari heimatilbúnu kreppu sá að stjórnendur fyrirtækjanna geta ekki komið við nýjungum og öðru slíku þar sem þeir fá hvergi fjármagn til þess. Þeir eru önnum kafnir við það kannske meiri hluta vikunnar að reyna að skrapa saman peninga til að geta greitt út vikulaunin eða mánaðarlaunin þegar þau falla, eru kannske meira og minna andvaka aðfaranótt föstudags af því að þeir hafa enga hugmynd um hvar þeir geti náð í fé til að borga starfsfólki sínu. Þetta þekkja allir sem við atvinnurekstur hafa fengist. Og þetta er líka heimatilbúin kreppa.

Þessi kreppa er ekki þessari ríkisstj. að kenna. Það er alveg ljóst. Þessi kreppa var búin til af fyrri vinstri stjórnum. Ekki vísvitandi heldur vegna þess að menn trúðu á þá kenningu að leiðin til að kljást við verðbólgu væri að herða stöðugt að á lánsfjármarkaði. Afleiðingin varð sú að verðbólgan fór allt upp í 130% og seinni vinstri stjórnin og sú versta féll með þeim gauragangi sem alkunna er. (Gripið fram í.) Já, ég sagði, hv. þm., sú versta. Niðurstaðan sýnir það. (**Gripið fram í:** Versta vinstri stjórnin?) Versta vinstri stjórnin, já. Um það þarf ekki frekar vitnanna við. Hún skildi við þjóðfélagið með gífurlegum erlendum skuldum og í 130% verðbólgu, atvinnuvegirnir komnir að hruni, húsbyggjendur búnir að tapa eigum sínum og landið gersamlega stjórnlaust.

Það var einn þátturinn í þessari stefnu, þegar allir íslenskir peningar voru frystir, að taka stanslaust erlend lán og dylja að fjármálakerfið væri hrunið. Það var hrunið þegar núv. ríkisstj. tók við. Skuldir þjóðarinnar voru orðnar það miklar að peningakerfi okkar var þá

þegar hrunið. Það hefur verið reynt að hressa upp á það, en það tekst auðvitað ekki nema nægilegt lánsfjármagn sé boðið fram eins og er frumskylda Seðlabanka Íslands þar sem segir í 3. gr. laganna um hann að hann skuli „annast seðlaútgáfu og vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

Ef við tökum þennan þátt kenningarinnar um takmörkun peninga í umferð, eins og það heitir á fallegu hagfræðimáli, getum við litið til nokkurra landa, hvernig þar hefur tekist til. Byrjum á Svisslandi. Þar bíða bankastjórarnir á tröppunum til að biðja fólk að taka lán. Þar eru vextir lágir og þar hefur aldrei verið verðbólga. Þegar Arabapeningarnir byrjuðu að streyma til Bandaríkjanna fyrir allnokkrum árum, eftir að olíuverð hækkaði sem mest, hvarf verðbólgan í Bandaríkjunum, þegar lánsfjármagn varð ótakmarkað. Eftir því sem hert hefur verið á bindiskyldu á Íslandi hefur verðbólgan aukist. Og ef það hefði tekist í fyrra að maska peningakerfið þannig að hækka bindiskylduna upp í 38%, eins og barið var í gegn á einni nóttu í löggjöf en góðu heilli ekki framkvæmt, er alveg öruggt að við hefðum misst alla stjórn á verðbólgunni nákvæmlega eins og síðasta vinstri stjórn gerði.

Það er kannske skemmtilegt að við skulum ræða þetta mál einmitt nú á þessum degi því að það eru allar horfur á því að samtök verkalýðs og vinnuveitenda og ríkisvaldið séu að sjá að sú stefna sem fylgt hefur verið á Íslandi í hálfan annan áratug meira og minna óslitið er gengin sér til húðar. Verðbólgustefnan er gengin sér til húðar. Nú er verið að reyna að ná samningum um breytta stefnu. Það er alveg rétt. Það er breytt stefna sem verið er að tala um síðustu daga milli vinnuveitenda og samtaka verkalýðs og síðan tala þessi samtök sameiginlega við ríkisvaldið. Þau tala um að losa um peningana. Að vísu eru sérstaklega nefndir lífeyrissjóðirnir, og það er góðra gjalda vert að losa um peninga í lífeyrissjóðunum til að reyna að bjarga húsbyggjendum sem búa við sára neyð margir hverjir, en það verður auðvitað að gerast með samkomulagi því að með löggjöf verður það ekki gert. Það væri stjórnarskrárbrot því að sjóðirnir eru sjálfseignarstofnanir.

Ég hef alla trú á því að með samkomulagi náist að losa þar um verulegt fjármagn. En það nægir ekki. Það verður að losa um fjármagnið í Seðlabankanum. Það verður að gefa út ávísanir á íslenskan auð, ekki alltaf á erlendan. Hér áður fyrrum létu menn sér nægja að ávísa á gull sem er svo sem einskis virði ef í það færi. Ég gæti t.d. haft hringinn minn úr einhverjum allt öðrum málmi. En nú er ávísað á gífurleg auðæfi. Peningar eru bara eitt, ávísanir á auðæfi, ávísanir á þjóðarauðinn. Íslendingar hafa aldrei verið eins ríkir og í dag. Hvers vegna má þá ekki nota íslenska peninga? Hvers vegna má ekki ávísa á okkar auðlegð heldur alltaf á auðlegð Araba og Ameríkana? Þetta eru þversagnir. Þetta er endaleysa upp úr og niður úr. Þetta er heimatilbúin kreppa. Og henni verður að linna ef við ætlum að halda í við aðrar þjóðir um lífskjör og framfarir. Þá verðum við auðvitað að skilja að við erum sjálfstæð þjóð og eigum að vera það í peningamálum eins og öðrum málum.

Það eina sem ekki má skammta eru peningar. Ég hef sagt það áður að hægt er að skammta kaffi og sykur, við fengjum öll jafnt. Við gætum vel lifað þó við fengjum ekki neitt. En það verður aldrei skapað heilbrigt þjóðfélag ef það á að skammta peningana, kannske á neikvæðum vöxtum svo að nemur tugum prósenta. Þá verður óréttlætið algert. Þannig var sköpuð fátækt á Íslandi. Það hefur verið sköpuð fátækt á Íslandi á síðustu 6–7 árunum sem ekki var til áður í 20 ár í sama mæli. Óréttlætið er miklu meira nú en það hefur verið um langa fortíð. Það var gert með þessum hætti. Það eru þeir sem meira hafa í höndum sér sem fá peningana. Það er ekki fátæka fólkið. Það er jafnvel svo komið að fjölskylda, sem kannske á talsverðar eignir enn þá eftir, jafnvel hundruð þúsunda í íbúð sinni, getur ekki fengið kannske 20–30 þús. kr. bráðabirgðalán þó hún hafi ekki fyrir mat af því að það er sagt í bönkunum: Peningar eru ekki til. Það er enginn auður til á Íslandi. Það er ekkert til að vísa á á Íslandi. — Þetta er sagt. Þetta höfum við öll heyrt. Nei, þessi stefna gengur ekki upp. Það er algerlega augljóst að henni verður að breyta og það fyrr en síðar.

Ég nefndi Sviss, að þar hefði aldrei orðið verðbólga, og hún hefði horfið í Bandaríkjunum þegar peningarnir streymdu þangað. Hvar er verðbólgan? Hún er þar sem peningar eru skammtaðir og peningar eru ekki til, fyrirtækjunum meinað að afla þeirra, í Suður-Ameríkuríkjum t.d. Hún hefur verið mikil líka í Ísrael af því að þeir hafa búið við styrjaldarástand og mjög hatramma löggjöf í peningamálum. En engin þjóð hefur gengið jafnlangt og við með löggjöf þó, ekki einu sinni Ísraelar, þegar svokölluð Ólafslög voru sett, rangnefnd auðvitað því að sá forsætisráðherra sem þá sat var tregur til að flytja það frumvarp sem var samsafn af greinargerðum hagfræðinga út um allan bæ sett í lagaparagrafa, ríkisstj. mun, stefnt skal að, peningamagn í umferð má ekki fara yfir þetta, vextirnir eiga að vera svona og svona og verðbólgan mun verða þetta og hitt o.s.frv. Þegar búið var að segja að hún ætti að vera 30% í september var farið að reyna að hagræða því, hvernig það gæti gerst með vísitölufölsunum og öðru slíku. Auðvitað sprakk þetta allt í andlitið á mönnum og mundi gera enn þann dag í dag ef ekki væri snúið við blaðinu.

En það er önnur hlið á sama máli og það eru okurtollarnir og álögurnar sem ríkisvaldið hefur allan þennan tíma og það í vaxandi mæli allt fram undir þetta lagt á fólkið. Leiðin hefur verið sú, þegar peningakreppan heimatilbúna var farin að sverfa svo að atvinnuvegum að þeir gengu ekki lengur, að fella gengið og stórhækka neysluskatta. Það var ekki bara miðað við krónutölu, heldur ekki miðað við þessar nýju minni krónur eftir gengisfellinguna. Nei, nei. Prósenturnar voru alltaf látnar hækka. Þetta var allt í prósentutölum. Síðan var verðlagið sprengt upp þangað til fólkið gat ekki staðist þetta lengur. Þá hækkuðu launin auðvitað líka. Og hver eru nú útgjöld ríkissjóðs þegar upp er staðið? Því þorir nú enginn hagfræðingur að mótmæla, sem ég hef haldið fram margsinnis í blaðagreinum og á fundum, að útgjöld ríkissjóðs eru nánast ekkert annað en beinar og óbeinar launagreiðslur innanlands og hins vegar gjaldeyrisnotkun. Þegar gengið er fellt og launin hækkuð með sköttum og aðgerðum ríkisvaldsins sjálfs hækkar auðvitað tekjuhlið fjárlaganna, það er alveg ljóst, en gjaldahliðin hækkar nákvæmlega jafnmikið.

Tekjuhliðin hefði bara hækkað meira ef kaupgeta fólksins hefði verið svolítið meiri, ef þetta hefði ekki verið gert. Svona er dæmið einfalt. Tollar og söluskattur eru samanlagt á mjög margar vörutegundir, fólk trúir því varla fyrr en það er útreiknað fyrir það, á mjög margar brýnustu nauðsynjavörur, yfir 200%. Það er yfir helmingur af verðinu sem við borgum í búðinni fyrir vöru sem kostar 100 kall á hafnarbakkanum. Ýmiss konar nauðsynjavara, pakkavara, niðursuðuvörur, ljósaperur jafnvel og glösin þarna á borðinu o.s.frv., allar mögulegar vörur sem hver einasta fjölskylda notar og auðvitað mest þær sem eru fátækastar kannske af því að þær eru barnmargar, þar eru munnarnir flestir og þess vegna þarf t.d. fleiri tannbursta og meira tannkrem, eru tollaðar með þessum hætti. Það er þyngri baggi fyrir þær fjölskyldur en okkur sem erum þó búin að koma börnunum okkar upp. Nei, nei, á þessu fólki er níðst með því að taka þessa okurtolla. Af vörunni sem kostar 100 kall á hafnarbakkanum er greiddur 80% tollur. Síðan er lagt ofan á það 30% vörugjald sem gerir 51 kr. Þá er komið í 230 kr. Svo fá kaupmaðurinn og heildsalinn 50% af því, ekki af 100 kallinum heldur af vöruverðinu sem þeir borga, og síðan er 24% söluskattur ofan á allt gillið. Þá er komið á fimmta hundrað króna. Og þetta hefur fólk látið bjóða sér!

Það er opinbert leyndarmál að ég gerði það að fyrirvara við myndun þessarar ríkisstj. áður en hún var mynduð, fyrirvara um stjórnarsáttmála, að fyrsti liður í svokölluðum mildandi aðgerðum væri sá að stórlækka okurtolla sem legðust með miklum þunga á helstu nauðsynjavörur heimilanna. Þetta hefur aðeins verið gert í mjög litlum mæli, en það var þó stöðvað að bætt yrði ofan á þetta í haust. Þegar fyrstu fjárlögin voru sýnd átti enn að hækka þessi gjöld. Það var snúið við blaðinu þar. Nú þessa dagana eru menn loksins, úr öllum flokkum og öllum stéttum, að tala um að gera nákvæmlega þetta sem er auðvitað það einasta rétta. Og það er ekki svo að þá yrði gat á ríkissjóði. Það verður gat á ríkissjóði ef þetta er ekki gert vegna þess að þá verður auðvitað kaupsprenging. En ef þetta er gert fara hjól atvinnulífsins í gang, þá batna kjör fólksins, kaupmátturinn eykst og hallinn á ríkissjóði, sem hefur verið viðvarandi í 15 ár, hverfur en vex ekki. Svo einfalt er málið ef það er hugsað niður í kjölinn.

Ég sagði að við gætum kannske haft hér almenna pólitíska umræðu um fjárhags- og efnahagsmál í dag af því að lítið er á dagskrá, kannske ekkert mál nema þetta, en ég hef svo oft skrifað um þetta og haldið svo margar ræður hér að hv. þingdeildarmenn þekkja þetta allir. En þetta mál gengur til fjh.- og viðskn. og þar verður það rætt og skoðað og talað við þá menn sem mestu ráða um peningamálin. Síðan kemur það væntanlega hingað aftur til umræðu og afgreiðslu. Þess er að gæta að í Nd. er líka frv. um Seðlabanka og það er raunar heildarlöggjöf. En þar er ekkert ákvæði um hámark bindiskyldu. Þess vegna fluttum við Valdimar Indriðason aftur þetta frv. til að það væri til athugunar í báðum deildum væntanlega. Það er að vísu svo að áskilið er samþykki viðskrh. fyrir hækkun á bindiskyldu og ég treysti mjög vel núv. hæstv. viðskrh. til að standa þar í ístaðinu og hafa bindiskyldu takmarkaða. En ég veit ekki hvaða ráðherra kann að taka við af honum. Þá væri hægt að binda allt sparifé, maska fjármálakerfið endanlega. Það er ekkert hámark. Það má vera 100%. Ísland mundi auðvitað ekkert farast þótt tekinn yrði upp dollari, SDR-mynt eða eitthvað slíkt í eitt eða tvö ár meðan við værum að byggja upp okkar mynt að nýju. Ég sagði að þjóðin mundi ekkert farast fyrir það. Þegar við byggðum upp okkar nýju mynt mundi hún auðvitað ekki heita króna, þá mundi hún heita mörk og eyrir, íslensk heiti. Við erum ekki konungsríki, við erum lýðveldi. (Gripið fram í.) Já, það skiptir máli. Verðgildið skiptir mestu máli en það skiptir líka máli að tala íslensku, hafa íslensk heiti og hafa fornar hefðir í heiðri. En þetta var nú kannske útúrdúr. Ég er sammála hæstv. iðnrh. um það að auðvitað er það verðgildið sem skiptir meginmáli. Þessu bætti ég við, að það er skemmtilegra að vera ekki með krónu í lýðveldi. En það er ekki aðalatriði.

Ég skal nú ekki orðlengja um þetta frekar. Ég hef orðið þess var að tveir hv. þm. a.m.k. eru búnir að biðja hér um orðið og ég fagna því að við notum þennan tíma eitthvað til að rabba saman um þessi stóru mál. En ég legg til, hæstv. forseti, að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni umræðu hér.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna orða hv. 4. þm. Norðurl. v. um að við höfum ekki mál til að ræða á þessum fundi umfram þetta mál sem nú er til umræðu vil ég taka það fram að það stendur þannig á að hér eru tvö stjfrv. á dagskrá, annað málið og það þriðja. Hæstv. viðskrh., sem hefði mælt hér fyrir öðru dagskrármálinu, er bundinn á fundi í Nd. En hæstv. forsrh., sem hafði gert ráð fyrir að mæla fyrir þriðja dagskrármálinu í dag, frv. um ríkisendurskoðun, er bundinn á fundi en er væntanlegur hingað rétt fyrir kl. 3 og gerir þá ráð fyrir því að geta mælt fyrir því máli. Hér verður því ekki um að ræða að taka upp almenna pólitíska umræðu á þessum fundi heldur bið ég hv. þdm. að halda sig við það mál sem hér er á dagskrá og hafa þetta í huga því að svo gæti farið að það yrði að fresta þessari umræðu ef henni lýkur ekki áður en hæstv. forsrh. kemur. En næstur á mælendaskrá er hv. 8. þm. Reykv.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir hans framsögu hérna. Það er alltaf hressandi að heyra hér öðru hverju alla vega í mönnum í ræðustól með skoðanir. Það sló mig dálítið suður á Melum á sunnudaginn var þar sem ég var á fundi í Háskólabíó að þar hóf einn ræðumanna mál sitt með því að spyrja sig þeirrar spurningar hvenær þau ósköp, sem þessi fundur í raun og veru fjallaði um, eiginlega hófust. Hann sagði: Ég á erfitt með að skýra það öðruvísi en þannig að þessi ósköp, sem við erum hér að fjalla um, hófust þegar menn hættu að hafa skoðanir og fóru að hugsa eingöngu í prósentum. Þá átti hann við að menn hættu einhvern tíma á einhverju stigi í stjórnun íslensks þjóðlífs að hafa skoðanir á því hver kjör fólks ættu að vera í landinu, fóru að skoða alla hluti í töflum í meðaltölum og prósentum og komast að niðurstöðum sem voru svo fáránlegar og eru svo fáránlegar að þær hafa slitið líf fólks úr öllu sambandi við raunveruleikann með mjög alvarlegum hætti.

Eins og þm. hér mun vafalaust kunnugt hefur t.d. kaupmáttarrýrnunin á árunum frá 1978 til ársins í ár verið 33,3%, þ.e. að til þess að launamaður ætti að ná sama kaupmætti og hann hafði 1978 yrðu kröfur verka-

lýðsfélaganna að vera í dag 50% kauphækkun. Kaupmátturinn er orðinn 60%, það þarf að hækka hann um 50% til þess að hann nái 100%. Nú er ég farinn að tala í prósentum. Það sem ég er að tala um er að maður, sem er með 20 þús. kr. laun í dag ætti, ef hann ætti að vera með sambærileg laun við launin 1978, að vera með 40 þús. kr. Sé hægt og sé eðlilegt að gera kröfu til þess að fólk leggi þriðjung launa sinna í húsaleigu, húsabyggingar eða húsakaup, þá er komin hér skýringin á því hvers vegna fólk á ekki lengur þennan þriðjung launa sinna til að leggja í þá hluti.

Það frv., sem hér er verið að fjalla um, snertir einmitt þessa hluti. Það að fólk hefur ekki peninga í höndunum er mikið til tilkomið vegna þess að þessir peningar eru lokaðir inni. Menn fá ekki aðgang að þeim. Menn fá aftur á móti aðgang að því að nota peninga utanlands frá. Þetta frv. var flutt hér í fyrravetur og þá veitti ég því ekki stuðning. Þannig stóð á að þá var verið að semja frv. um Seðlabanka Íslands og sagt var að í því frv. yrði tryggilega frá þessum málum gengið.

Nú er þetta frv. komið fram um Seðlabanka Íslands og er til umfjöllunar hér í Nd. Í 8. gr. þess frv., þar sem fjallað er um bindiskyldu, eru engin takmörk sett á það hver bindiskyldan er. Ég tel, eins og hv. frsm. gat um, að það sé ekki hægt að reiða sig á það hver góðvild eða geðsmunir viðskrh. eru hverju sinni. Það er hlutverk löggjafans að ákveða svona hluti. Ég tel með því að túlka þá skoðun sem fram kemur í framlögðu seðlabankafrv. ríkisstj. — þá á ég við þá skoðun sem augljóslega felst í því að vilja ekki setja neinar takmarkanir á bindingu sparifjár — að þar með sé verið að halda opinni þeirri leið að halda áfram sams konar hagstjórn og hefur verið beitt hér undanfarin ár. Við getum því alveg eins átt það á hættu að einhver viðskrh. eða einhver ríkisstjórn láti sér detta það í hug að loka nánast allt fé inni ef þeir telja það á einhvern hátt sér hagkvæmt.

Hv. frsm. talaði þó nokkuð mikið um afkomu fólks í dag og minntist á fyrirvara sinn sem hann gerði fyrir stuðningi við þessa ríkisstj. Hann gat þess reyndar ekki að hann gerði að því nokkuð mikla gangskör strax haustið 1983 að reyna að láta fara fram þá úttekt á tollamálum hér sem gerði okkur kleift, löggjöfunum, að ganga til verks í því máli að lækka tolla. Sannast sagna strandaði þessi vinna öll á tveimur atriðum. Fyrra atriðið er kannske öllu mikilvægara, þ.e. að það var alveg greinilegur óvilji stjórnvalda til að taka þátt í þessari úttekt. Hins vegar var það líka greinilegt að þessi mál eru hreint og beint orðin svo flókin að það eru ekki nema örfáir menn á Íslandi sem hafa yfirsýn yfir tollamál þannig að þeir geti talað um þau við annað fólk á mannamáli.

Ég get samt sem áður ekki látið hjá líða að gera athugasemdir vegna þess að frsm. gat þess að komið hefði verið í veg fyrir tollahækkanir núna í haust. Það er öllum kunnugt að hinn nýi ungi fjmrh., sem við eignuðumst á síðasta ári, hefur hingað til ekki skorið sig úr fyrir margt nema þá helst það að vera afskaplega duglegur við að leita að götum sem hægt væri að fylla í með sköttum. Hann er skattglaður maður, það er mjög greinilegt. Hann er svo skattglaður maður að einn daginn lýsti hann því yfir að hann væri búinn að leggja 30% toll á sætabrauð. Þegar svo barninu datt í hug að spyrja úti í bæ: Hvernig ætlar maðurinn að fara að því að aðgreina sætabrauð frá öðru brauði? þá varð honum nokkuð svarafátt. Tilfellið er að þessi sami fjmrh. á mannorð sitt undir samvinnuvilja bakara nú í dag því að endalok þessa máls eru þau að þessum tolli, sem átti að lenda á sætabrauði, er núna búið að dreifa á allt korn en reyndar ekki sem vörugjaldi, eins og hann heitir, heldur sem framleiðslugjaldi, þ.e. álögðu eftir að búið er að vinna úr korninu. Það virðist vera þegjandi samkomulag aðila sem að þessu máli standa til að gera ekki minnkun fjmrh. meiri en hún er orðin eftir þessa fáránlegu uppákomu þegar hann lagði þennan toll á, að þegja um þetta. Án þess að við höfum hugmynd um eða nokkur hafi gert sér þá fyrirhöfn að tilkynna okkur það hafa allar bökunarvörur á Íslandi núna hækkað um þá prósentu sem því nemur að dreifa þessum tolli af sætabrauðinu á allan bakstur á Íslandi.

Ekki hefur því tekist algerlega að koma í veg fyrir tollahækkanir hér á landi. Aftur á móti er ég alveg sammála hv. frsm. um það að slíkt væri þarfaverk og mundi trúlega skipta miklu meiri sköpum fyrir bata íslensks efnahagslífs en allir kvótar sem settir eru á hér á landi, einfaldlega að afnema alla tolla.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um það frv. til laga sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Ég vil láta hér í ljós skoðun á frv. í örfáum orðum en sleppa öðrum málum sem verið hafa hér til umræðu, eins og tollamálum, því að það er bálkur sem er þörf á að ræða sérstaklega en ekki í tengslum við það mál sem hér liggur fyrir.

Frv. kveður á um það að breyta 11. gr. laga um Seðlabanka í það horf að hámark bindiskyldu af innistæðufé verði fært úr 28% skv. núgildandi lögum í 10%, en bindiskyldan er nú 18%. Ég vil benda á það, sem reyndar kom fram í framsögu hv. flm., að hér á hv. Alþingi er nú til meðferðar frv. til l. um Seðlabanka Íslands sem fjallar nokkurn veginn um sama efni og er miklum mun víðtækara en það frv. sem hér liggur fyrir. Það er mín skoðun að miklu eðlilegra sé að fjallað sé um þessi mál í tengslum við það frv. eða fella efni þessa frv. að því.

Í seðlabankafrv. er fjallað um þessi mál. 8. gr. þess hefst á orðunum: „Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn með samþykki ráðherra ákveðið að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum.“ Þannig er breytt um áherslur og ríkjandi ástand gert að undantekningarákvæði.

Ég vildi láta þetta koma fram hér við 1. umræðu málsins. Að sjálfsögðu er rétt að fjalla mjög rækilega um þetta mál í fjh.- og viðskn. og leiða þar fram rök og gagnrök í sambandi við þær peningamagnskenningar sem hv. flm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur haldið fram og fá þar hina færustu sérfræðinga til að leiða saman hesta sína á því sviði. Ég mun ekki fjalla um þær kenningar hér sérstaklega en vil styðja það að málið fái mjög rækilega umræðu í hv. fjh.- og viðskn.

Ég vil benda á það að aukin þensla á peningamarkaðinum gæti kallað á aukinn viðskiptahalla og aukinn viðskiptahalli kallar á auknar erlendar lántökur. Það er því ekkert einhlítt í þessum efnum.

Ég vil aðeins benda á það í sambandi við ræðu hv. 8. þm. Reykv., þar sem hann ræddi um húsnæðismál, að e.t.v. eru vandamál húsbyggjenda ekki eingöngu fólgin í því að húsbyggjendur fái ekki lánsfé. Vandamál

húsbyggjenda er verðbólgan í landinu og afgjaldið fyrir peninga, verðtrygging og vextir. Á þeim málum verður því að taka, eins og menn eru reyndar að reyna þessa dagana.

Ég vildi ekki láta þessa umræðu hjá líða án þess að láta þá skoðun mína í ljós að eðlilegast hefði verið að fjalla um þetta frv. í samhengi við frv. til l. um Seðlabanka Íslands og fella þá efni þess að því frv. Ég er þeirrar skoðunar að það sé tæpast eðlilegt að lögbinda einhver ákveðin mörk bindiskyldu og tel eðlilegra að stjórnvöld hafi svigrúm til ákvarðana í þessum efnum.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira að þessu sinni. Mér gefst tækifæri til að fjalla um þessi mál í hv. fjh.- og viðskn. og við afgreiðslu málsins á síðari stigum.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örstutt vegna orða hv. 4. þm. Austurl. um það að vandamál húsbyggjenda á Íslandi væri verðbólgan. Ég ætla að mótmæla því vegna þess að jafnvel þó að verðbólgan væri sett algerlega niður eru vandamál húsbyggjenda á Íslandi ekki verðbólgan heldur það að þeir hafa ekki laun. Þá vantar þennan þriðjung upp á launin sem þau hafa rýrnað og þessi þriðjungur er það sem hægt er að krefjast af fólki að það noti til að greiða sinn húsnæðiskostnað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv. 260. mál (þskj. 493). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið á vegum viðskrn. af tveimur lögfræðingum, Viðari Má Matthíassyni héraðsdómslögmanni og Þorgeiri Örlygssyni dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Meginmarkmið frv. er tvíþætt. Því er ætlað að bæta úr réttarstöðu neytenda í viðskiptum og sporna gegn misnotkun á reglunni um samningsfrelsi sem er ein af grundvallarreglum íslensks fjármunaréttar. Í þessu skyni er lagt til í frv. að lögfest verði nýtt ákvæði, almennt ógildingarákvæði í III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem venjulega eru nefnd samningalögin. Þetta ákvæði mun veita íslenskum dómstólum víðtækari heimildir til ógildingar eða leiðréttingar ósanngjarnra samninga en gildandi réttarreglur heimila. Er þar einkum um tvær breytingar frá gildandi rétti að ræða. Annars vegar mun ákvæðið taka til allra samningstegunda á sviði fjármunaréttar og hins vegar almennt veita heimild til að taka tillit til aðstæðna, sem ekki voru fyrir hendi við samningsgerð, ef talið yrði að ógilda eða leiðrétta þyrfti slíka samninga skv. ákvæðinu.

Samhliða þessari breytingu er í frv. lagt til að þrjár aðrar breytingar verði gerðar á III. kafla samningalaga. Í fyrsta lagi er lagt til að 35. og 36. gr. núgildandi samningalaga verði felld úr gildi, enda eru þær óþarfar sé hið nýja ákvæði lögleitt.

Í öðru lagi er lagt til að efni 7. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., verði flutt í III. kafla samningalaganna.

Í þriðja lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á 37. gr. núgildandi samningalaga og efni hennar og orðalag þannig samræmt hinu nýja ógildingarákvæði.

Vegna þessara breytinga er óhjákvæmilegt að breyta númeraröð einstakra greina í III. kafla samningalaganna og hefur ráðuneytið í því efni fylgt tillögum höfunda frv. um framsetningu þeirra breytinga.

Frv. gerir einnig ráð fyrir að numið verði úr gildi ógildingarákvæði einstakra sérlaga, enda verði slík ákvæði óþörf við lögleiðingu almenns ógildingarákvæðis í samningalögum. Um þessa tilhögun mála hefur verið haft samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti. Í kjölfar þess hefur félmrh. lagt hér fram á Alþingi frv. til l. um breytingu á lögum nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. Í því frv. er gert ráð fyrir að efnisregla ógildingarákvæðis laganna sé felld brott en í þess stað vísi ákvæðið til hins almenna ógildingarákvæðis samningalaga sem lagt er til að verði lögfest skv. því frv. sem hér er til umræðu.

Eins og ég sagði áður er það annað af meginmarkmiðum þessa frv. að sporna gegn misnotkun reglunnar um samningsfrelsið, en í reglunni felst m.a. frjálsræði um efni löggerninga að svo miklu leyti sem það stríðir ekki gegn ófrávíkjanlegum lagareglum og almennu velsæmi. Sú regla stendur í nánum tengslum við regluna um að gerða samninga beri að halda. Leiðir af þessum reglum að samningsaðili getur almennt séð ekki komið sér hjá því að efna samningsskyldur sínar þó svo þær megi telja ósanngjarnar í hans garð. Er þá haft í huga að samningur hafi verið gerður milli jafnsettra aðila.

Það blandast fæstum hugur um að þessar reglur eru mikilvægar grundvallarreglur í viðskipta- og atvinnulífi hér á landi. Sú hætta er þó ætíð fyrir hendi að samningsfrelsið sé misnotað og á það einkum við þegar ekki er fullt jafnræði með samningsaðilum. Til að varna slíkri misnotkun og efla neytendavernd er vissulega árangursríkast að efla svo sem frekast er unnt samkeppni á sviði viðskipta. Í tíð núv. ríkisstj. hafa verið stigin þýðingarmikil skref til að efla samkeppni. Þar á meðal hafa ýmis verðlagshöft verið afnumin.

Auk þess ber löggjafanum skylda til að huga að setningu lagareglna sem spyrnt geta gegn misnotkun samningafrelsisins. Það verður hins vegar að gerast með þeim hætti að kostir samkeppninnar fái notið sín til fulls. Með þessu frv. er lagt til að slík almenn lagaregla verði lögfest en í því efni fylgt fordæmi Dana, Norðmanna og Svía sem hafa á síðustu 11 árum lögfest alla ógildingarreglu með breytingu á samningalögum sínum.

Þess ber þó að geta að víða í íslenskri löggjöf er að finna reglur er miða að því að sporna gegn misnotkun samningsfrelsisins, svo sem í III. kafla samningalaga þar sem talin eru upp sérstök tilvik er valdið geta ógildi löggernings. Þá gilda ófrávíkjanlegar lagareglur um vissar samningstegundir, svo sem húsaleigusamninga. Einnig hafa verið lögfestar reglur um heimild dómstóla til að víkja til hliðar bersýnilega ósanngjörnum samningum á ákveðnum réttarsviðum, sbr. t.d. ógildingarreglu höfundalaga. Loks má nefna að óskráðar réttarreglur um brostnar forsendur og réttaráhrif þeirra geta veitt heimild til ógildingar eða leiðréttingar samninga eða samningsákvæða vegna atvika sem áttu sér stað eftir samningsgerð og hafa íslenskir dómstólar beitt þeim reglum.

Í athugasemdum með frv. er gefið ítarlegt yfirlit yfir

réttarreglur sem veita dómstólum heimildir til að ógilda eða leiðrétta ósanngjarna samninga. Eru reglurnar flokkaðar eftir skyldleika og samstöðu og veitir yfirlitið góða yfirsýn yfir íslenska löggjöf í þessu tilliti. Á hinn bóginn er rétt að leggja áherslu á að það er skoðun ráðuneytisins að þessar réttarreglur leiði engan veginn til þeirrar niðurstöðu að ekki sé þörf á því að lögfesta almennt ógildingarákvæði er taki til allra samningstegunda á sviði fjármunaréttar eins og lagt er til í þessu frv.

Hvatinn að nýlegum breytingum á ógildingarreglum samningalaga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í þá veru, sem lagt er til í þessu frv., var ekki hvað síst sá að treysta betur réttarstöðu neytenda. Í þessu sambandi má nefna að höfundar frv. telja að könnun á stöðluðum samningsskilmálum, sem tíðkaðir eru í viðskiptum hér á landi við kaup á ýmsum veigameiri neysluvörum, sýni að í þeim er oft og einatt að finna ákvæði sem telja verður ósanngjörn í garð kaupandans. Má hér sem dæmi nefna samningsákvæði í afborgunarkaupum þar sem seljandi áskilur sér rétt til að endurheimta hið selda án þess að endurgreiða kaupanda nokkuð af kaupverði ef afborgun er ekki greidd á réttum gjalddaga. Slík ákvæði geta verið afar ósanngjörn í garð kaupandans, sérstaklega ef verulegur hluti kaupverðs hefur verið greiddur.

Jafnframt má nefna stöðluð samningsákvæði um ábyrgð seljanda, en einkenni þessara ákvæða er að þau veita í fæstum tilvikum kaupandanum meiri rétt en hann hefur nú þegar skv. lögum nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Að þessu leyti hefur almennt ógildingarákvæði veigamiklu hlutverki að gegna fyrir neytendur og má almennt ætla að ákvæðið verði til þess að treysta réttarstöðu neytenda. Einnig er rétt að undirstrika að lögfesting þessa ákvæðis mundi að öllum líkindum hafa þau varnaðaráhrif að ósanngjörnum samningsákvæðum í garð neytenda fækkaði.

Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt ber að undirstrika að ógildingarákvæði frv. er í eðli sínu undantekningarregla. Hún stendur andspænis þeim grundvallarreglum sem áður er getið um, samningsfrelsi og skyldu manna til að efna gerða samninga. Þess vegna er sérstök ástæða til að árétta að til þess er ætlast að dómstólar fari mjög varlega í beitingu reglunnar. Óhófleg beiting hennar væri mjög til þess fallin að skerða öryggi í viðskiptum og skapa réttaróvissu. Það er hins vegar engan veginn varhugavert að leggja það í hendur dómstóla að beita þessari reglu og reyndar er hér ekki um nýmæli í lagasetningu að ræða hér á landi.

Auk ógildingarákvæðis frv. hefur það að geyma tvær aðrar breytingar sem rétt er að fara nokkrum orðum um. Er þar annars vegar um að ræða flutning á 7. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., yfir í samningalögin, en þessi lagagrein er hið svonefnda misneytingarákvæði. Þykir eðlilegt að þetta ákvæði sé í samningalögum og er það í samræmi við tilhögun á hinum Norðurlöndunum. Ákvæðinu hefur ekki verið breytt efnislega og því ekki ástæða til að fjalla ítarlega um það við þessa umræðu. Á hinn bóginn er rétt að minna á að unnið er að breytingu á almennu hegningarlögunum og er þar gert ráð fyrir að refsivernd gegn hvers konar misbeitingu verði aukin.

Hina breytinguna er að finna í 7. gr. frv., en hún er samhljóða ákvæði 37. gr. núgildandi samningalaga. Er þar um orðalagsbreytingu að ræða sem gerð er til samræmis við orðalag 6. gr. frv. sem hefur að geyma hið almenna ógildingarákvæði.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið í meginatriðum efni þess frv. sem hér liggur fyrir. Á það er vert að benda að frv. fylgja óvenjulega ítarlegar athugasemdir sem ættu að vera mjög til skýrleiksauka.

Að því er varðar gildistöku frv. er gert ráð fyrir að það öðlist gildi 1. maí n.k. Vera má að hér sé færst helst til of mikið í fang og læt ég þá hv. nefnd og þingdeildinni eftir að ákveða hvort rétt sé að fresta gildistökunni um 1–2 mánuði þegar hún hefur fjallað um þetta frv. Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, stjfrv. 272. mál (þskj. 506). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Frv. til laga um ríkisendurskoðun var lagt fram á síðasta þingi, en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess þá. Í frv. sem ég nú mæli fyrir er byggt á sama grunni, en tekið tillit til þeirra brtt. og ábendinga sem komu fram við meðferð málsins á síðasta þingi. Mun ég í þessari framsögu minni því ekki fara eins ítarlega út í ýmsar greinar frv. og vísa til þess sem til er í þskj. frá því í fyrra um það.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er ákvæði þess efnis að ríkisendurskoðun skuli breytt á þann veg að hún heyri undir Alþingi. Tengist það meginhugmyndum um breytingar á stjórnkerfinu, m.a. um að efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdarvaldinu. Slíkar hugmyndir hafa áður komið fram á Alþingi og þmfrv. þess efnis verið flutt.

Stjórnarskrá ríkisins fær Alþingi valdið til að ákveða fjárveitingar. Hún gerir jafnframt ráð fyrir endurskoðun á þess vegum því að í 43. gr. hennar er boðið að reikningum fyrir hvert fjárhagsáætlunartímabil skuli safna saman í einn reikning er leggja á fyrir Alþingi til samþykktar. Með þessu ákvæði er ríkisstj. skylduð til að standa löggjafanum reikningsskil á framkvæmd fjárlaganna. Þessum reikningsskilum hefur Alþingi fylgt eftir með því að kjósa sérstaka trúnaðarmenn til þess að endurskoða ríkisreikninginn. Hefur því verið svo frá hnútum gengið frá setningu stjórnarskrárinnar að löggjafanum beri að annast endurskoðun ríkisreikninga.

Með lögum frá 1931 var komið á fót sérstakri endurskoðunardeild í fjmrn. og frá 1970 hefur ríkisendurskoðun verið sérstök stjórnardeild undir fjmrh.

Störf ríkisendurskoðunarinnar hafa aukist ár frá ári með vaxandi umsvifum ríkisins á öllum sviðum. Hins vegar hefur eftirlit og endurskoðun löggjafans með framkvæmd fjárlaga ekki getað vaxið að sama skapi. Þeir þrír menn sem Alþingi kýs til þess að annast endurskoðun geta illa komist yfir allt það verk samtímis öðrum störfum og Alþingi hefur ekki verið búin aðstaða til þess að gegna eftirlits- og endurskoðunarhlutverki sínu á þessu sviði. Hefur raunar ítrekað verið vakin athygli á þessum vanda hér á Alþingi og á það

bent að afar litlar umræður og skýringar fylgi ríkisreikningi á þinginu.

Hinu opinbera hafa á undanförnum árum og áratugum verið falin æ fleiri verkefni og æ stærri hluti þjóðartekna fer til sameiginlegra þarfa. Mönnum er ljóst að ekki er unnt að auka hina opinberu starfsemi og samneyslu óendanlega. Sumir hafa viljað ráðast gegn vaxandi hlutdeild samneyslunnar í þjóðartekjum með því að leggja niður ýmiss konar þjónustu og starfsemi. Slíkt hefur þó lengst af reynst örðugt í framkvæmd. Ég tel ekki síður ástæðu til að leggja allt kapp á að þeir fjármunir sem eytt er til sameiginlegra þarfa nýtist sem best í þágu þjóðarheildar og í samræmi við vilja fjárveitingarvaldsins.

Eftirlit Alþingis með framkvæmd fjárlaga þarf að aukast og það er skoðun ríkisstj. að ríkisendurskoðun eigi að vera tæki Alþingis í eftirlits- og aðhaldshlutverki þess. Alþingi beri að axla ábyrgðina af þessu eftirliti og aðhaldi í ríkisrekstrinum. Því ber að vísa veginn, en oft hefur viljað brenna við að Alþingi gefi heimildir og samþykki fjárframlög án þess að fylgja því nægilega vel eftir hvort fjármunirnir nýtast á þann veg sem fyrirhugað var.

Með því að flytja ríkisendurskoðun undir vald Alþingis er að því stefnt að styrkja starfsaðstöðu Alþingis við gerð fjárlaga og gert er ráð fyrir að ríkisendurskoðun leggi þingnefndum til sérhæfða starfskrafta sem geta starfað að margs konar umsögn og upplýsingaöflun varðandi fjárhagsmálefni ríkisins.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls sé ég ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um einstakar greinar frv., en fyrst og fremst um þær sem breytt hefur verið frá því frv. sem lagt var fram á síðasta þingi.

Í 1. gr. frv. er nú kveðið á um að ríkisendurskoðun skuli ekki aðeins vera þingnefndum til aðstoðar við störf sem lúta að fjárhagsmálefnum ríkisins heldur er henni jafnframt sérstaklega falið að vera yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til aðstoðar við þau störf er þeir gegna skv. stjórnarskránni. Að fengnum ábendingum Alþingis þykir eðlilegra að tengja með þessum hætti störf þessara tveggja endurskoðunardeilda en að yfirskoðunarmenn skipi beinlínis stjórn ríkisendurskoðunar eins og gert var ráð fyrir í frv. í upphaflegri gerð þess. Þá er gerð sú orðalagsbreyting að ríkisendurskoðun skuli óháð ráðuneytum og öðrum handhöfum framkvæmdarvaldsins í stað orðalagsins „stjórnvöldum" sem virðist hafa valdið nokkrum misskilningi þótt segja megi að um hið sama sé að ræða.

Í 2. gr. frv. er gerð tillaga um að forsetar Alþingis ráði í sameiningu forstöðumenn ríkisendurskoðunar til sex ára í senn. Er það ákvæði hliðstætt ákvæði í þingskapalögum að forsetar þingsins skipi skrifstofustjóra þess í sameiningu. Þó er sá munur á að gert er ráð fyrir tímabundinni ráðningu ríkisendurskoðanda til sex ára í senn og er það í samræmi við tillögur í frv. sem nú liggur fyrir Alþingi um Stjórnarráð Íslands. Talið hefur verið rétt að hverfa frá gömlu reglunni um æviráðningu og skipun í störf. Sem starfsmaður Alþingis ber ríkisendurskoðandi ábyrgð gagnvart því og geta forsetar Alþingis vikið honum úr starfi ef meiri hluti þingmanna í sameinuðu þingi felst á tillögu þar að lútandi. Ef nauðsynlegt kynni að reynast að setja ríkisendurskoðun frekari starfsreglur væri það hlutverk forseta þingsins, enda hefur enginn framkvæmdarvaldshafi reglugerðarheimild samkvæmt þessu frv. þar sem gert er ráð fyrir að ríkisendurskoðun heyri beint undir Alþingi.

Í 3. gr. er nú að finna ákvæði sem tryggja á sjálfstæði ríkisendurskoðanda í starfi sem best. Samkvæmt því er ríkisendurskoðandi ekki bundinn af fyrirmælum um daglegan rekstur og einstaka þætti starfs síns. Á hinn bóginn geta forsetar Alþingis, hvort sem er að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum einstakra þingmanna, krafið ríkisendurskoðanda skýrslna um einstök mál. Hér tel ég um mikilvægt ákvæði að ræða því að þinginu er opnuð leið til að láta sína eigin stofnun rannsaka einstök mál ef spurningar vakna um hvort óeðlilega eða óvarfærnislega hafi verið staðið að fésýslu af hálfu þeirra sem fara með opinbera fésýslu. Er nærtækt að minnast þess að slíkar spurningar hafa komið upp á þingi hvað eftir annað og hefði óneitanlega verið kostur ef þingið hefði haft á að skipa eigin stofnun sem óháð stjórnvöldum gæti kafað ofan í mál og rannsakað þau.

Í upphaflegu frv. var gert ráð fyrir að stjórn ríkisendurskoðunar gæti ákveðið hvernig starfseminni yrði skipt í deildir. Það ákvæði hefur nú verið fellt niður, enda þykir ekki ástæða til að kveða á um slíka deildaskiptingu í lögum. Ríkisendurskoðanda er nauðsynlegt að geta leitað til endurskoðenda utan stofnunar sinnar þegar aðstæður krefjast. Er slíkt raunar talið æskilegt og veita möguleika á fjölbreyttari vinnubrögðum en ella.

Í upphaflegri gerð frv. var gert ráð fyrir að sá aðili sem hverju sinni sætti slíkri endurskoðun bæri kostnað af henni. Frá því hefur verið horfið, ekki síst með tilliti til þess að það þykir ekki viðunandi fyrir stofnun að ríkisendurskoðun geti tekið ákvarðanir sem kunna að leiða til stórfellds útgjaldaauka fyrir þá stofnun, jafnvel á miðju fjárhagsári þegar fjárveitingar til hennar hafa verið ákveðnar. Þykir eðlilegra að í fjárveitingum til ríkisendurskoðunar verði gert ráð fyrir þessum kostnaðarlið, en gengið er út frá því að fjárlagatillögur ríkisendurskoðunar verði afgreiddar með tillögum Alþingis þar sem um er að ræða stofnun á þess vegum.

Í 6. gr. frv. kemur fram sú almenna regla að öll meðferð ríkisfjár skuli sæta endurskoðun. Ég tel mikilvægt að stofnun þingsins annist þetta hlutverk, enda tel ég nauðsynlegt að þingið leitist við að fylgjast betur en verið hefur með þeim frávikum sem iðulega verða milli fjárlaga og niðurstöðu ríkisreiknings. Leita þarf skýringa á því í hverju þau eru fólgin og reyna að gera bragarbót í þeim efnum. Hér er gert ráð fyrir að ríkisendurskoðun endurskoði reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður og reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði. Eftir sem áður verður auðvitað að fara fram ákveðin innri endurskoðun hjá framkvæmdarvaldinu, enda telst töluverður hluti núverandi starfa ríkisendurskoðunar til stjórnsýslustarfa. Gert er ráð fyrir því að sambandið milli ríkisendurskoðunar á vegum Alþingis og stofnana stjórnvalda sé áþekkt og menn þekkja slíkt hjá stórum fyrirtækjum og óháðum löggiltum endurskoðendum sem fyrir þau starfa.

Þá er ríkisendurskoðuninni ætlað að endurskoða reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira og eru þar með taldir ríkisbankar og hlutafélög. Lagt er til að Alþingi hætti að kjósa endurskoðendur skv. sérstökum lögum og tilnefningar ráðherra á endurskoðendum í fyrirtækjum eða stofnunum ríkisins samkvæmt fyrir-

mælum í lögum þar um verði lagðar af. Þegar Alþingi hefur fengið sína eigin stofnun til þess að annast endurskoðun hlýtur að teljast með öllu óþarft að það kjósi sérstaka endurskoðendur til slíkra starfa.

Í 7. gr. er kveðið á um heimildir ríkisendurskoðunar til að kanna hvernig framlög og styrkir úr ríkissjóði hafa verið notuð. Svo er litið á að þeir sem sækja um styrki og framlög af almannafé sætti sig jafnframt við að gengið sé úr skugga um að féð hafi komið að þeim notum sem að var stefnt. Þetta ákvæði er óbreytt frá frv. sem lagt var fram á síðasta þingi.

Í 8. gr. eru rakin markmið endurskoðunar á hverjum tíma og er sú grein óbreytt.

Í 9. gr. er að finna ákvæði um svonefnda stjórnsýsluendurskoðun sem er í því fólgin að kannað sé hvort gætt hafi verið hagræðingar og hagkvæmni í ríkisrekstri. Er gert ráð fyrir að ríkisendurskoðun sinni fjárhagslegu eftirliti í ríkisrekstri og geri tillögur um úrbætur til hlutaðeigandi stjórnvalda þar sem hún telur að betur megi fara.

Á 10. gr. hafa ekki verið gerðar breytingar frá upphaflegu frv. þar sem hún var að vísu 13. gr.

Í 11. gr. er sú skylda lögð á herðar ríkisendurskoðanda að hann geri fjvn. Alþingis grein fyrir ákvörðunum sínum um að kanna reikningsskil stofnana og sjóða, sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu, og athugunum á ráðstöfun styrkja og framlaga á fjárlögum. Enn fremur hefur verið talið rétt að ríkisendurskoðandi geri fjvn. grein fyrir því ef stjórnsýsluendurskoðun á að fara fram hjá ríkisfyrirtækjum. Þá getur fjvn. með heimild í niðurlagsákvæði 11. gr. sjálf haft frumkvæði að því að ríkisendurskoðun láti fara fram athugun sem gert er ráð fyrir í greininni.

Í 12. gr. er ekki að finna efnislegar breytingar frá fyrri gerð frv.

Skv. 13. gr. frv. er ríkisendurskoðun þingsins ætlað að starfa á grundvelli þessara laga frá 1. janúar 1987. Þá er gert ráð fyrir að niður verði felld ákvæði um ríkisendurskoðun í gildandi lögum sem og ákvæði, sem allvíða er að finna í lögum, um að endurskoðendur ýmissa ríkisstofnana skuli kjörnir af Alþingi eða skipaðir af ráðherrum, jafnvel samkvæmt tilnefningu þingflokka. Þegar Alþingi hefur fengið eigin endurskoðunarstofnun sýnist allsendis óþarft að hafa af því sérstakan kostnað að kjósa endurskoðendur með þessum hætti svo sem tíðkast hefur.

Ég hef nú, virðulegi forseti, gert grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. og reyndar minnst á nokkur önnur atriði þess og ég hygg að menn muni sjá í þessari hv. deild, sem fjallaði ítarlega um frv. í fyrra, að tekið hefur verið tillit til þeirra ábendinga sem fram komu í meðferð hv. fjh.- og viðskn. í þessu sambandi. Frv. hefur einnig verið skoðað ítarlega í samráði við ráðuneytisstjóra fjmrn. og ríkisendurskoðanda og náðst breiðari samstaða um það, leyfi ég mér að fullyrða, en áður var.

Fram kom í umræðum hér í fyrra að fróðlegt væri að vita hvernig háttað er ríkisendurskoðun í öðrum löndum. Ég hef þær upplýsingar við hendina og sjálfsagt að nefndin fái þær eins og hún óskar.

Í fáum orðum vil ég þó geta þess að í Bretlandi tóku ný lög um ríkisendurskoðun gildi 1. janúar 1984. Er ríkisendurskoðun með þeim gerð að stofnun þingsins, en hafði áður verið háð framkvæmdarvaldinu. Í Kanada voru samþykkt ný lög 1977 sem tengja ríkisendurskoðun en setja hana ekki, eins og í Bretlandi, beint undir þingið. Í Noregi er ríkisendurskoðunin stofnun Stórþingsins. Í nokkrum löndum, eins og t.d. í Austurríki, Vestur-Þýskalandi og Sviss og reyndar einnig í Frakklandi, er ríkisendurskoðun á vegum ríkisins, en er sem dómstóll og bæði óháð þjóðþingi og framkvæmdarvaldi. Þannig er þetta vissulega nokkuð breytilegt, en þær breytingar sem hafa verið gerðar í kringum okkur upp á síðkastið hafa yfirleitt fært ríkisendurskoðun fjær framkvæmdarvaldinu, þ.e. þeim stofnunum sem það á að endurskoða.

Ég vil að lokum ítreka þá skoðun að ég tel að í þessu frv. sé að finna ýmis ákvæði sem til þess eru fallin að auðvelda löggjafarvaldinu eftirlit með ráðstöfun þess fjár sem það hefur samþykkt að veita til tiltekinna verkefna. Ég vil láta í ljós þá von mína að það stuðli að meiri festu í ráðstöfun opinberra fjármuna.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. þessu verði að lokinni umræðu nú vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Miðvikudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv. 238. mál (þskj. 466). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fyrir rétt rúmu ári skipaði ég nefnd til að endurskoða lög nr. 51/1970 um Siglingamálastofnun ríkisins. Í nefndinni voru Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri, sem var jafnframt formaður hennar, Friðrik Ásmundsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, og Halldór Ibsen, útgerðarmaður í Keflavík.

Nefndin skilaði í nóv. s.l. tillögum að frv. til laga um Siglingamálastofnunina og er frv. flutt óbreytt frá hennar tillögum. Við störf sín hafði nefndin hliðsjón af tillögu þriggja manna nefndar um frv. að nýjum lögum fyrir stofnunina sem skilað var til samgrh. fyrir 5 árum síðan en aldrei lagt fyrir Alþingi.

Áður en ég rek í aðalatriðum efni þessa frv. sem liggur fyrir finnst mér við hæfi að rekja með nokkrum orðum forsögu skipaeftirlits hér á landi.

Á fyrsta fjórðungi aldarinnar var farið að huga að skipulegu eftirliti með skipum og bátum og urðu þá til fyrstu lög og reglur um það efni. Fram til 1970 var Skipaskoðun ríkisins kunnast sem heildarheiti hinnar opinberu stjórnar þessa málaflokks og nefndist yfirmaður þeirrar stofnunar skipaskoðunarstjóri. Hann stýrði jafnframt Skipaskráningarstofu ríkisins sem laut forsjá fjmrn. Með lögum nr. 51/1970, sem enn eru í

gildi, voru þessar skrifstofur sameinaðar í Siglingamálastofnun ríkisins, verkefni skilgreind að nýju og embætti siglingamálastjóra stofnað.

Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er í stórum dráttum að vera ríkisstj. til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar, hafa eftirlit með smíði og búnaði skipa skv. lögum og reglugerðum um það efni, annast framkvæmd laga og reglna um mælingu og skráningu skipa, annast skýrslugerð um íslenskan skipastól og gefa árlega út skrá yfir íslensk skip, annast framkvæmd laga og reglna um varnir gegn mengun sjávar og kafarastörf, auk þess sem hún skal fylgjast með og taka þátt í fjölþjóðasamstarfi um þau mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.

Helstu breytingar sem í þessu frv. er gert ráð fyrir að verði á gildandi lögum um Siglingamálastofnunina eru:

Í fyrsta lagi að komið verði á fót við stofnunina sérstakri ráðgjafarnefnd sem í frv. er kölluð siglingamálaráð.

Í öðru lagi að rannsóknarnefnd sjóslysa verði lögð niður.

Í þriðja lagi verði komið á fót umdæmisskrifstofum fyrir Siglingamálastofnunina utan Reykjavíkur.

Ég ætla að gera nánar grein fyrir þessum breytingartillögum en auk þeirra eru gerðar tillögur um ýmsar minni breytingar á lögum um Siglingamálastofnunina þar sem um er að ræða ákvæði sem ýmist eru orðin úrelt eða óþörf á þeim 16 árum sem lögin hafa verið í gildi.

Í 5., 6., og 7. gr. þessa frv. eru ákvæði um siglingamálaráð. Lagt er til að í ráðinu verði fulltrúar allra þeirra samtaka sem í dag eiga aðild að rannsóknarnefnd sjóslysa, en þar eiga nú sæti fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands. Auk þess er lagt til að fulltrúar tveggja samtaka sem ekki eru í rannsóknarnefndinni fái nú aðild að ráðinu, en það eru Félag dráttarbrauta og skipasmiðja og Samband íslenskra kaupskipaútgerða.

Með þessum hugmyndum um siglingamálaráð, sem raunar á sér hliðstæðu í danskri löggjöf um siglingamál, er stefnt að því að mynda aukin tengsl milli þeirra aðila sem fulltrúa eiga í ráðinu við Siglingamálastofnun ríkisins, svo og við samgrh. og ráðuneyti, en ráð er fyrir því gert að embættismaður úr ráðuneytinu verði formaður siglingamálaráðs. Jafnframt er gert ráð fyrir að rannsóknarnefnd sjóslysa sé lögð niður og hef ég flutt um það sérstakt frv. um breytingu á lögum nr. 52/1970, um eftirlit með skipum. Í frv. er gert ráð fyrir að 45. gr. laganna falli niður, en hún fjallar einmitt um rannsóknarnefnd sjóslysa. Það frv. er á dagskrá á eftir og skýrir sig sjálft en ég kem nánar inn á það atriði síðar.

Ég lít svo á að með skipun siglingamálaráðs sé í raun og veru verið að víkka eða færa út starfssvið rannsóknarnefndarinnar og kalla þar fleiri til ráða en gert er skv. gildandi lögum um önnur þau málefni sem heyra undir Siglingamálastofnunina. Jafnframt vil ég minna á að í siglingalögum, sem samþykkt voru á Alþingi s.l. vor, er í 230. gr. gert ráð fyrir heimild til samgrh. að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því, t.d. ef stórslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenjumikil. Nefndin sem samdi tillögur að frv. undirstrikaði sérstaklega að hún teldi ekki rétt að leggja niður rannsóknarnefnd sjóslysa fyrr en gengið hefði verið frá skipun og reglugerð fyrir rannsóknarnefnd skv. 230. gr. siglingalaga.

Til stendur að leggja fram annað frv. fljótlega um breytingu á siglingalögunum, 230. gr., þar sem þessi mál verða betur formuð en nú er og komið í fastara form. Hefur formaður öryggismálanefndar sjómanna og ráðuneytisstjóri samgrn. tekið að sér að semja frv. um breytingu á siglingalögum innan þessara marka og mun í því sambandi verða haft náið samstarf við Siglingamálastofnun, við aðra þá aðila sem hér eiga hlut að máli og sömuleiðis við öryggismálanefnd sjómanna sem í eiga sæti níu alþm. Vænti ég þess að þetta frv. geti legið fyrir fljótlega. Er ætlun mín að leggja það fyrir þessa hv. deild þannig að þessi frv. geti þá fylgst að þó að þetta frv. sé komið til nefndar og til vinnslu. Það tekur til viðameira og víðáttumeira verksviðs heldur en það frv. sem von er á sem fjallar um þetta tiltekna atriði.

Mér þykir rétt að leggja áherslu á að starfsemi hins nýja siglingamálaráðs á ekki að hafa aukin útgjöld í för með sér frá því sem nú er því að hún er færð frá rannsóknarnefnd sjóslysa yfir í þetta siglingamálaráð. Hins vegar getur sú breyting sem ég var að greina hér frá haft einhver aukin útgjöld í för með sér.

Þriðja megintillagan í þessu frv., sem er stofnsetning umdæmisskrifstofa, hefur í för með sér verulega skipulagsbreytingu á starfsemi Siglingamálastofnunarinnar. Skv. gildandi lögum á stofnunin að hafa skrifstofu í Reykjavík, en landinu er síðan öllu skipt upp í eftirlitssvæði með skipaða eftirlitsmenn fyrir hvert svæði um sig en þeim er síðan skipt í skoðunarsvæði. Skv. frv. er hins vegar gert ráð fyrir að Siglingamálastofnun hafi sem hingað til aðsetur í Reykjavík en á fimm stöðum utan Reykjavíkur verði stofnaðar umdæmisskrifstofur, þ.e. í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum.

Um það má deila hvort það séu endilega þessir staðir sem slíkar skrifstofur eiga að vera á, en þó held ég að vart sé um það deilt að nauðsynlegt sé að setja slíka skrifstofu á stofn á Snæfellsnesi. Um það er heldur ekki deilt að slík skrifstofa þarf að vera á Vestfjörðum og allra hluta vegna held ég að Ísafjörður sé tvímælalaust rétti staðurinn. Hins vegar kemur mjög til álita fyrir nefndina hvort nauðsynlegt sé að breyta því svæði og þá vil ég t.d. vitna til þess að Húnaflóasvæðið má gjarnan vera eitt og það sama. Ef á að þjóna þessu eftirliti frá Ísafirði í Strandasýslu er ekkert á móti því að það sé einnig gert hinum megin við flóann. Ég tel því fulla ástæðu til þess að nefndin athugi það atriði sérstaklega. Ég hygg að Akureyri sé tilvalinn staður fyrir Norðurland að öðru leyti og Norðausturland. Hins vegar má deila töluvert um það hvort Reyðarfjörður eigi endilega að vera sá staður sem þessi skrifstofa á að vera á á Austfjörðum því þar koma eðlilega aðrir staðir einnig til greina. Hins vegar hygg ég að enginn deili um að sjálfsagt er að slík skrifstofa sé höfð í Vestmannaeyjum.

Þetta tel ég eðlilegt að nefndin athugi nánar og tel að þessar ábendingar sem ég hef nefnt eigi fullan rétt á sér. Enda er það ekki neitt úrslitaatriði frá minni hendi að ekki megi breyta stafkrók í þessum efnum.

Hér er um að ræða töluverða breytingu frá gildandi lögum en hún er ekki eins mikil í reynd. Fyrst og fremst er hér verið að stefna að aukinni hagræðingu og sparnaði. Eftirlitsmenn eru nú þegar starfandi á öllum

þessum stöðum nema á Reyðarfirði en hins vegar er skipaeftirlitsmaður búsettur í Neskaupstað. Auk þess eru sérstakir skipaskoðunarmenn á Fáskrúðsfirði og loks er svo skrifstofuaðstaða fyrir hendi á Akureyri. Þar er einnig skipaskoðunarmaður en ekki á hinum stöðunum. Það er því fyrst og fremst um það að ræða að koma á fót sæmilegri aðstöðu á þessum stöðum fyrir einn til tvo fastráðna skipaskoðunarmenn. Með þessari skipulagsbreytingu mundi það vinnast að fastara form kæmist á skipaskoðun og eftirlit sem yrði þá jafnframt virkara en áður. Það er þó ljóst að í ýmsum tilvikum þyrfti að leita um sérfræðiþekkingu til aðalskrifstofunnar í Reykjavík, en það er engin breyting frá því sem er í dag.

Mikið hefur verið rætt um það á undanförnum árum að það þyrfti að dreifa starfsemi opinberra stofnana meira um landið en nú er. Ef einhverjar af þessum hugmyndum eru raunhæfar á það ekki síst við um þær hugmyndir sem hér eru fram settar. Ég vil sérstaklega taka það fram í lok máls míns að enda þótt hér sé gerð tillaga um að rannsóknarnefnd sjóslysa verði lögð niður er ekki með því verið að segja að starfsemi hennar hafi verið óþörf. Þvert á móti hefur nefndin unnið að mjög þörfum verkefnum á undanförnum árum, og vinnur enn, bæði að rannsókn sjóslysa og þróun öryggisbúnaðar og björgunartækjum. En ég tel að með þeim breytingum sem hér er gerð tillaga um bæði hvað snertir siglingamálaráð og rannsóknarnefnd, skv. 230. gr. siglingalaganna, eða þeirri breytingu á þeim lögum sem ég lýsti hér áðan, sé þessum málum komið í enn betri farveg en er í dag.

Ég tel að starfsemi margra þeirra sem unnið hafa að öryggismálum sjómanna hafi miðað vel áfram og ég tel að það hafi verið mjög þörf ákvörðun að skipa öryggismálanefnd sjómanna sem hefur að mínum dómi unnið mikið og þarft verk og haft samvinnu við þá aðila sem hér skipta mestu máli. Ég tel líka mjög mikilvægt að með því var aukin samvinna á milli Alþingis og allra þeirra manna sem eiga hlut að máli. Því er rétt að taka við ábendingum frá þessum aðilum öllum í sambandi við þá breytingu sem ég boðaði á 230. gr. siglingalaganna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. — eða réttara sagt frv. báðum því ég tel ekki ástæðu til þess að flytja aðra framsöguræðu fyrir hinu málinu — vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að taka sum efnisatriði þessa frv. til meðferðar þar sem þau ganga þvert á þá stefnu sem samgn. hv. deildar hafði þegar rætt var um siglingalögin á síðastliðnu sumri.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðh. að hann telji sjálfsagt mál að breyta einhverju sem stendur í þessu frv., og ég vona að samkomulag verði á milli nefndarinnar og hæstv. ráðherra um þá breytingu sem ég tel veigamesta í þessu tilliti. Ég fagna líka 8. gr., um umdæmisskrifstofur, sem lagt er til að verði á nokkrum stöðum á landinu, en við mig hafa talað menn sem mundu vilja breyta þessu og jafnvel fjölga þeim um eina en ég ætla ekki að ræða það frekar að sinni.

Þann 1. júlí s.l. gengu í gildi ný siglingalög, nr. 34 1985. Í XIII. kafla þeirra laga, sem nefnist Um sjópróf o.fl., er á allítarlegan hátt fjallað um rannsóknir sjóslysa. Áður voru lagaákvæði um það efni bæði fá og fátækleg og fer ekki milli mála að tímabært var orðið að endurskoða þau, svo sem gert var, enda þótt e.t.v. sé ekki við því að búast að allir þeir sem hagsmuna hafa að gæta eða sem áhuga hafa á þessum málum séu sammála um ágæti allra hinna nýju ákvæða.

Í hinum nýju ákvæðum XIII. kafla siglingalaganna er m.a. gert ráð fyrir nokkrum nýmælum sem hljóta a.m.k. að teljast athyglisverð þótt eigi séu þau óumdeild. Einkum koma þar til álita tvö atriði sem nýjabragð er að en það eru fyrirmæli laganna um lögreglurannsóknir sjóslysa, sbr. 2.–4. málsgr. 221. gr. siglingalaganna og ákvæði 130. og 131. gr., um skipun og starfsemi sérstakrar rannsóknarnefndar vegna tiltekinna sjóslysa.

Svo sem kunnugt er mun frumrannsókn sjóslysa miðuð við ákvæði nýju laganna fyrst og fremst og í langflestum tilvikum fara fram fyrir dómi, eins og lengi hefur tíðkast, þ.e. sjópróf, og þá gjarnan með atbeina lögreglu. Rannsóknarnefnd sjóslysa og Siglingamálastofnun ríkisins er ætlað að fylgjast með þessum frumrannsóknum og geta lögum samkvæmt sent fulltrúa sína til þess að vera viðstaddir rannsóknina, bæði fyrir dómi og við lögregluranns6kn, og geta þeir haft áhrif á gang rannsóknarinnar.

Þá geta þær stofnanir sem hér voru nefndar óskað eftir að sjópróf séu haldin. Rannsóknarnefnd sjóslysa er síðan ætlað að fjalla nákvæmlega um hin alvarlegri sjóslys eftir því sem frumrannsókn hefur farið fram og birta niðurstöður eða álit sitt á orsökum slysanna og hvaða lærdóm megi af þeim draga.

Það er hins vegar einungis í undantekningartilfellum að sérstakar rannsóknarnefndir, sbr. 230. gr., verða settar á stofn. Þær geta eftir atvikum annast frumrannsókn slysa frá upphafi þótt ekki sé samt útilokað að sjópróf hafi farið fram að einhverju eða jafnvel öllu leyti þegar þær hefja störf sín.

Hin fasta rannsóknarnefnd sjóslysa hefur starfað um 15 ára skeið og er starfsemi hennar fyrir löngu komin í fastan farveg. Fram hefur komið að störf þeirrar nefndar hafi almennt eigi sætt mikilli gagnrýni enda þótt vafalaust sé það engum ljósara en þeim — það kom fram í fyrra í viðræðum við þessa menn — sem starfa eða hafa starfað í henni, að ýmislegt hafi þar mátt betur fara og margt betur gera en raunin hefur orðið á. Að einhverju leyti tel ég þó að þar megi því um kenna að löggjafinn mótaði ekki starfssvið og heimildir nefndarinnar nægilega í upphafi né heldur hefur það verið gert með reglugerð sem þó er heimilað í lögum, að ég tel.

Nefnd sú sem samdi frv. til nýrra siglingalaga lagði ekki til í frv. sínu að neinar umtalsverðar breytingar yrðu gerðar á starfi eða skipan rannsóknarnefndar sjóslysa, nema hvað þar var kveðið á um sjálfstæða heimild fyrir nefndina til að krefjast þess að sjópróf fari fram. Við meðferð siglingalagafrumvarpsins á Alþingi var sömu stefnu fylgt en þó með eindreginni ábendingu um að ástæða væri til að styrkja og efla aðstöðu rannsóknarnefndar sjóslysa með lagaráðstöfunum áður en langt um liði, sbr. það sem segir síðar.

Nú hefur það hins vegar gerst að nefnd, sem samgrh. skipaði á síðasta vetri til að endurskoða núgildandi lög nr. 51 frá 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, hefur nýverið samið drög að frv. til nýrra laga um starfsemi þeirrar stofnunar þar sem m.a. er gert ráð fyrir að 45.

gr. laga nr. 52 frá 1970, um eftirlit með skipum, falli brott og þar með rannsóknarnefnd sjóslysa í sinni núverandi mynd. Í frv. er lagt til að sett verði á stofn sérstakt siglingamálaráð sem hafi með höndum ýmis mikilvæg verkefni, þar á meðal að fjalla um niðurstöður úr rannsóknum sjóslysa og sjá um birtingu þeirra árlega eða oftar ef sérstök ástæða þykir til.

Meginverkefni siglingamálaráðs verði annars það að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra í málum varðandi starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins, svo og öðrum þeim málum sem ráðsmenn eða siglingamálastjóri telja rétt að ráðið fjalli um. Ætlast er til að ráðið verði m.a. skipað fulltrúum hinna ýmsu hagsmunaaðila í siglingum og sjávarútvegi svo og Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja. Er jafnframt gert ráð fyrir að siglingamálaráð hafi aðsetur hjá Siglingamálastofnun ríkisins og hafi að öðru leyti mjög náin tengsl við þá stofnun.

Í þessu sambandi vil ég taka fram að þegar á heildina er litið má margt gott um frv. segja og hugmyndin um stofnun siglingamálaráðs er vafalaust meir en tímabær. En þetta segir þó ekki alla sögu því að umdeilanlegt er, svo að ekki sé meira sagt, hvort réttmætt geti verið að sami aðili fjalli um rannsóknir sjóslysa og birti álit um það efni annars vegar og sé jafnframt á hinn bóginn ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra í málum varðandi starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins, svo að notað sé orðalag frv. Verður þetta rökstutt nánar á eftir.

Augljóst ætti að vera að siglingamálaráð getur starfað með sóma og haft næg verkefni, enda þótt það fjalli ekki um sjóslysarannsóknir. Mælir ýmislegt með því að þessir þættir verði aðskildir í framtíðinni þótt ný lög um Siglingamálastofnun taki gildi á þessu þingi.

Í 45. gr. laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, er kveðið á um skipun og starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar fimm menn í rannsóknarnefnd sjóslysa, til sex ára í senn, fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands, og formann sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.

Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir. Skal nefndin og starfsmaður hennar hafa náið samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins.

Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna eða verulegt eignatjón. Skal fulltrúi nefndarinnar fyrir dómi hafa allan sama rétt og eftirlitsmaður skv. ákvæðum 39. gr. laganna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og skólastjóra sjómannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helstu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að koma í veg fyrir þau. Verksvið starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

Samgönguráðherra ákveður laun starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld rannsóknarnefndar sjóslysa greiðist eftir reikningi er ráðherra úrskurðar."

Áður hafði um nokkurra ára skeið starfað sérstök nefnd sem tók til athugunar sjóslys um tiltekið árabil. Tildrögin að stofnun þeirrar nefndar voru þau að hinn 10. apríl 1963 var samþykkt á Alþingi þál. um opinbera rannsókn sjóslysa svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega rannsókn á orsökum hinna mörgu skipstapa sem Íslendingar hafa orðið fyrir s.l. 2–3 ár. Rannsókn þessi skal m.a. gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna, Slysavarnafélag Íslands, sjómannaskólana, Skipaskoðun ríkisins og þau tryggingafélög sem annast skipatryggingar.

Rannsókn þessari skal hraða eftir því sem unnt er og ef ástæða þykir til skulu lagðar fram tillögur að nýjum reglum um sjóhæfni íslenskra fiskiskipa, um breytingar á eldri skipum, staðsetningu veiðarfæra og hjálpartækja og útbúnað skips í sambandi við þau og annað það er aukið getur öryggi sjófarenda frá því sem nú er."

Hinn 8. ágúst 1963 skipaði samgrh. nefnd til þess að vinna að rannsóknum þeim sem tillagan gerði ráð fyrir. Í nefndinni áttu sæti auk formanns fulltrúar eftirtalinna aðila: Sambands ísl. tryggingafélaga, Slysavarnafélags Íslands, Skipaskoðunar ríkisins, skólastjóra Stýrimannaskólans, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.

Nefndin starfaði frá haustinu 1963 til vorsins 1965 og frá henni kom mjög ítarleg og fróðleg greinargerð sem byggðist einkum á rannsóknum 106 sjóslysa sem áttu sér stað á árunum 1960–1964, en að auki fjallaði hún að nokkru leyti um sjóslys frá tímabilinu 1946–1959.

Er nefndin hafði lokið störfum var hún leyst upp og lágu rannsóknir þess efnis, sem henni hafði verið falið að framkvæma, niðri þar til í febrúar 1971 að samgrh. skipaði rannsóknarnefnd sjóslysa samkvæmt fyrrnefndum lögum nr. 52 frá 1970, um eftirlit með skipum. Fyrrgreint ákvæði 45. gr. um rannsóknarnefnd sjóslysa var ekki í frv. því til laga um eftirlit með skipum sem varð að lögum nr. 52 frá 1970, heldur kom það til sögunnar í formi brtt. frá viðkomandi þingnefnd. Um það atriði sagði Jón Árnason alþm. í þingræðu, en hann var frsm. viðkomandi brtt., sbr. Alþingistíðindi 1969, dálki 1102, með leyfi forseta:

„Hin alvarlegu sjóslys, sem átt hafa sér stað á íslenska bátaflotanum, kalla á að eitthvað raunhæft sé gert til þess að upplýsa orsakir sjóslysanna. Það er álit margra reyndra sjómanna að með auknu eftirliti, fræðslu og leiðbeiningum um slysavarnir mætti draga verulega úr sjóslysahættunni. Í þeim efnum má einskis láta ófreistað. Það er álit sjútvn. þessarar hv. þingdeildar að sjódómurinn einn út af fyrir sig leysi ekki þann vanda sem hér er á höndum. Fyrir því hefur nefndin leyft sér að bera fram brtt. við frv. sem fela það í sér að ráðherra skipi sérstaka nefnd til sex ára í senn, rannsóknarnefnd sjóslysa. Hlutverk nefndarinnar skal vera m.a. að safna upplýsingum sem gætu skýrt eða upplýst orsakir sjó-

slysa og miðla slíkum upplýsingum til þeirra sem hér eiga mest í húfi.“ (Hér er stuðst við ársskýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa frá árinu 1971.)

Í fyrstu var þáverandi aðstoðarsiglingamálastjóri formaður nefndarinnar en hann lét af því starfi að eigin ósk á miðju ári 1972, en síðan hafa tveir lögfræðingar gegnt formannsstörfum og hafa þeir eigi verið tengdir samgrn. eða Siglingamálastofnun.

Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur eftir föngum leitast við að fullnægja þeim skyldum sem á hana eru lagðar í fyrrnefndri lagagrein. En um starfsemi hennar í einstökum atriðum má fræðast í árbókum hennar sem gefnar eru út í þúsundum eintaka og m.a. mikið lesnar meðal sjómanna. Má segja að starfsemi nefndarinnar hafi einkum falist í eftirliti með sjóprófum almennt, einkum fyrir tilstilli starfsmanns nefndarinnar og í sérstakri könnun einstakra sjóslysa, einkum meiri háttar slysa, og er þá notast við endurrit sjóprófanna, en nefndin fær send öll sjópróf sem haldin eru í landinu. Atvikalýsingar hinna meiri háttar slysa eru síðan birtar í árbókinni ásamt niðurstöðum nefndarinnar um orsakir slysanna og áminningar nefndarinnar í því sambandi.

Þá kemur nefndin einnig ýmsu til leiðar varðandi úrbætur í öryggismálum með ábendingum til viðkomandi aðila sem hvergi eru birtar og með því að senda stjórnvöldum erindi um ýmislegt það sem ábótavant er á þessu sviði að mati nefndarinnar. Þá hefur nefndin beitt sér fyrir ýmsum tæknilegum nýjungum á sviði öryggismála og kostað hönnun útbúnaðar í því sambandi, sbr. t.d. sleppiútbúnað gúmmíbjörgunarbáta sem mikið hefur verið til umræðu að undanförnu.

Hin síðari árin a.m.k. hefur verið mjög gott samstarf milli rannsóknarnefndar sjóslysa og Siglingamálastofnunar, að mér er tjáð, og ýmsir sameiginlegir fundir hafa verið haldnir varðandi öryggismálin og í september 1984 gengust nefndin og stofnunin sameiginlega fyrir viðamikilli ráðstefnu um öryggismál sjómanna sem var fjölsótt, m.a. af sjómönnum. Þetta samstarf hefur að sjálfsögðu engin áhrif haft á sjálfstæða stöðu rannsóknarnefndar sjóslysa.

Einstaka menn hafa stundum bent á að nokkuð kunni að orka tvímælis hvort núverandi samsetning rannsóknarnefndar sjóslysa sé að öllu leyti heppileg vegna hlutverks hennar sem sjálfstæðrar og hlutlausrar rannsóknarnefndar en nefndin er m.a. skipuð fulltrúum hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, sbr. ummæli hv. þm. Karvels Pálmasonar sem vitnað verður í hér á eftir. Þetta viðhorf kann að eiga nokkuð til síns máls. En mér er tjáð að aldrei hafi þess orðið vart að þetta kæmi að sök í starfi nefndarinnar. Hitt skiptir svo vissulega einnig máli að fulltrúar þessara hagsmunasamtaka hafa frá upphafi verið þrautreyndir menn með mikla þekkingu í sjómennsku og öryggismálum. En sé hér um að ræða veikleika hjá nefndinni verður a.m.k. ekki bætt úr honum með því að fá rannsóknir sjóslysa í hendur væntanlegu siglingamálaráði því að ætlunin er að það verði að meiri hluta til skipað fulltrúum hinna helstu hagsmunasamtaka.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um sérstakar rannsóknarnefndir skv. 230. og 231. gr. siglingalaganna. Viðkomandi greinar í frv. til nýrra siglingalaga hljóða svo, með leyfi forseta:

„230. gr. Samgrh. getur skipað sérstaka nefnd til að rannsaka sjóslys ef sérstaklega ríkar ástæður mæla með því, t.d. ef stórslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenjuumfangsmikil, einkum ef ætla má að þörf sé samvinnu sérfræðinga á fleiri sviðum. Hafi sjópróf eigi þegar farið fram má þá láta það niður falla. Formaður nefndarinnar skal ætíð vera embættisdómari eða lögfræðingur með embættisgengi til dómarastarfa og sérþekkingu í sjórétti ef kostur er en aðrir nefndarmenn skulu vera sérfróðir, hver á sínu sviði.

Nefnd, sem skipuð er eftir því sem segir í 1. málsgr., skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf, eftir því sem við verður komið, og um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum, eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar séu opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar séu veittar um framvindu rannsóknar. Haft skal samráð við Siglingamálastofnun ríkisins og rannsóknarnefnd sjóslysa (sbr. 45. gr. laga nr. 52/1970) við rannsókn máls, eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað er í hlut á, svo og Rannsóknarlögreglu ríkisins, er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar, eftir því sem aðstæður leyfa. Einnig getur nefndin leitað álits eða aðstoðar sérfræðinga eða rannsóknarstofnana í þágu rannsóknar máls.

Kostnaður vegna rannsóknar máls samkvæmt þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.

Samgrh. getur sett nánari reglur um starfsemi nefndar eftir þessari grein.

231. gr. Rannsóknarnefnd, sem starfar eftir ákvæðum 230. gr., skal að rannsókn lokinni semja ítarlega skýrslu um rannsóknina og niðurstöðu hennar og skal þar m.a. einkum greint frá sönnuðum eða líklegum orsökum tjóns.

Skýrslu rannsóknarnefndar skal skilað til samgrn. Þeim sem hagsmuna hafa að gæta er heimilt að fá endurrit skýrslunnar. Samgrn. getur birt skýrsluna opinberlega ef nægar ástæður, svo sem almannahagsmunir, mæla með því.“

Í grg. sem fylgdi með frv. segir um 230. gr.:

„Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða sem á sér beina fyrirmynd í siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Væntanlega verður nefnd af því tagi sem hér um ræðir aðeins skipuð í algerum undantekningartilvikum þegar ætla verður að rannsóknin verði svo viðamikil, margslungin eða háð samhæfingu fjölbreyttrar sérfræðikunnáttu, að hún sé af þeim sökum ofviða dómstólum eftir venjulegum starfsaðferðum við sjópróf. Tryggt verður að vera að í rannsóknarnefnd eigi hverju sinni sæti hinir hæfustu menn sem völ er á, en að öðru leyti þykir rétt að ráðherra geti sett nánari reglur um starfsemi rannsóknarnefndar af þessu tagi. Ekki þykir rétt að binda í lögum fjölda nefndarmanna, heldur verður í því efni að miða við þarfir hverju sinni.“

Þótt þessi skýring í grg. sé stuttorð kemur þar vel fram hvað vakti fyrir þeim mönnum sem frv. sömdu og sýnist vart þurfa að orðlengja frekar um ætlun þeirra. Svo fóru leikar að 231. gr. frv. var lögtekin óbreytt og sömuleiðis 3. og 4. málsgr. 230. gr. frv. Nokkrar breytingar voru gerðar á 1. og 2. málsgr. þeirrar greinar. Hljóða þær nú svo í hinum nýju siglingalögum, með leyfi forseta:

„Samgrh. er heimilt að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því, t.d. ef stórslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenjuumfangsmikil. Hafi sjópróf eigi farið fram má láta það niður falla. Formaður nefndarinnar skal ætíð vera embættisdómari eða lögfræðingur með embættisgengi til dómarastarfa og með kunnáttu og reynslu í sjórétti ef kostur er en aðrir nefndarmenn skulu vera sérfróðir hver á sínu sviði.

Nefnd, sem skipuð er skv. 1. málsgr., skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf, eftir því sem við verður komið, og um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum, eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar séu opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar séu veittar um framvindu rannsóknar. Nefndin getur leitað til Siglingamálastofnunar ríkisins og rannsóknarnefndar sjóslysa, sbr. 45. gr. l. nr. 52/1970, við rannsókn máls, eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar, eftir því sem aðstæður leyfa. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknarstofnana, svo og Landhelgisgæslu Íslands, í þágu rannsóknar máls og er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsóknina í heild eða sérstaka þætti hennar."

Nýmælið um heimild til stofnunar sérstakrar rannsóknarnefndar er m.a. til komið vegna þess að þeim sem sömdu frv. var vel ljóst að hin hefðbundnu sjópróf hefðu um of einskorðast við hefðbundna skýrslutöku og athugun framlagðra gagna, úrdrátta úr dagbók eða leiðarbók og sjókorta og því um líkt, en vettvangsrannsókn hefur verið talin stopul og stundum heldur yfirborðsleg ef hún hefur farið fram og að sjálfsögðu misjafnt hvort dómendur eða aðrir sem viðstaddir eru sjópróf hafa haft næga þekkingu til að meta það hvenær þörf sé á nánari sérrannsókn af hálfu tiltekinna sérfræðinga. Verður að ætla að eftir þess háttar rannsókn hafi iðulega ekki verið leitað þótt ætla megi að hún hefði komið að gagni við að upplýsa slysið eða þegar lærdóm skal draga af því. A.m.k. er þessu haldið fram. Rannsóknarnefnd sjóslysa fær slysamálin venjulega heldur ekki til meðferðar fyrr en alllöngu eftir að dómsrannsókn lýkur og er þá stundum of seint að leita eftir aðstoð sérfræðinga auk þess sem nefndin hefur enga lagalega og sjálfstæða heimild til þess að krefjast slíkrar aðstoðar.

Á síðari árum hafa m.a. verið þróaðar aðferðir til þess að kafa niður að sokknum skipum og kanna orsakir skipsskaða m.a. með myndatöku og töku sýnishorna auk þess sem unnt væri nú í mörgum tilfellum að ná sokknum skipum upp á yfirborð sjávar ef þurfa þætti í þágu rannsóknar. Aðferðir af þessu tagi geta að sjálfsögðu verið mjög kostnaðarsamar en engu að síður talist nauðsynlegar í þágu rannsóknar máls, þar á meðal út af grun um refsiverðan verknað, t.d. íkveikju í skipi sem síðan hefur sokkið, svo að dæmi sé nefnt. Í reynd hefur þeim lítt sem ekki verið beitt hérlendis en góð reynsla hefur fengist af þessu, m.a. meðal sumra nágrannaþjóða okkar.

Augljóst er að venjulegur dómstóll er illa í stakk búinn til að stjórna aðgerðum af þessu tagi eða öðrum flóknum og umfangsmiklum rannsóknum og þótti því heppilegra að heimila stofnun sérfræðinefndar þegar svo stendur á.

Af 230. gr. er ljóst að mikill eðlisskyldleiki er með rannsóknarnefnd, sem þar er um fjallað, og rannsóknarnefnd flugslysa, sem starfar eftir 141. gr. laga nr. 34 1964, um loftferðir, og sem vikið verður að hér á eftir.

Frv. til siglingalaga, sem var til meðferðar á Alþingi s.l. vetur, var að sjálfsögðu sent til umsagnar ýmissa aðila, embætta, stofnana og hagsmunasamtaka eins og venja er til. Fjölmargar umsagnir bárust viðkomandi þingnefndum. Athyglisvert er að fæstir umsagnaraðila tjáðu sig að neinu leyti um efni 230. og 231. gr. frv. Var það helst siglingamálastjóri sem hafði nokkrar athugasemdir við þessar greinar eða tillögur um breytingar á þeim. Vildi hann m.a. að um fastanefnd yrði að ræða.

Miklar umræður urðu hins vegar um greinina á nefndarfundum í samgn. beggja deilda og bar starf og stöðu rannsóknarnefndar sjóslysa m.a. mjög á góma í þeim umræðum. Umræður um þessi efni urðu þó raunar minni í samgn. Ed., þar sem frv. var fyrst til meðferðar, en í samgn. þessarar hv. deildar, sem fékk það síðan til athugunar, og frá hinni síðarnefndu komu þær tillögur til orðalagsbreytinga á 1. og 2. málsgr. 230. gr. sem að lokum voru samþykktar á Alþingi.

Í framsöguræðu minni með brtt. frá samgn. Nd. ræddi ég um þessa grein frv. og koma þar mjög greinilega fram skoðanir nm. í þeirri nefnd, að minnsta kosti flestra, á efni hennar og á starfsemi og hlutverki rannsóknarnefndar sjóslysa á komandi árum. Sagði ég m.a. orðrétt (Alþingistíðingi 1984–85, umræður, dálkar 5716–5717), með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að sjálfstæði og úrræði sérstakrar rannsóknarnefndar sé vel tryggt, en nefndin leggur áherslu á að hér sé ekki um fastanefnd að ræða og ætla verður að nefnd af þessu tagi verði einungis kvödd saman þegar alvarlegar og sérstakar ástæður mæla með því. Í þessu sambandi vill nefndin taka fram að hún telur að æskilegt hefði verið að í XIII. kafla frv., þar sem fjallað er um rannsóknir sjóslysa, hefði jafnframt verið ákvæði um hina föstu rannsóknarnefnd sjóslysa sem starfað hefur um allmörg ár og sem ákvæði eru nú um í 45. gr. laga nr. 52 frá 1970, um eftirlit með skipum. Telur nefndin að síst sé ástæða til að raska eða draga úr starfsemi þeirrar nefndar sem sjálfstæðs rannsóknaraðila. Þrátt fyrir tilkomu nýs ákvæðis um sérstakar rannsóknarnefndir í einstaka tilfellum hefði þess háttar ákvæði um rannsóknarnefnd sjóslysa þá þurft að vera nokkru fyllra en núverandi ákvæði í 45. gr. laga nr. 52 frá 1970 og a.m.k. á þann veg orðað að starfssvið og heimildir þeirrar nefndar væru skýrari og ótvíræðari en nú er í lögum og því betur tryggt en nú er að hún geti rækt hið mikilvæga starf sitt á sjálfstæðan hátt og þá m.a. kvatt til aðstoðar rannsóknarstofnanir, Landhelgisgæslu o.s.frv. í þeim tilvikum er mál lúta ekki sérstakri rannsókn skv. 230. gr. Örðugt þótti þó að semja slík ákvæði nú þar sem svo mjög er liðið á þingtímann og mikilvægt að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, en nefndin leggur á það þunga áherslu að á vegum samgrn. og með samráði við rannsóknarnefnd sjóslysa verði hið fyrsta hafist handa um samningu frv. til laga um þetta efni sem bætt verði við hin nýju siglingalög og þá verði 45. gr. laga nr. 52 frá 1970 jafnframt afnumin.

Vonast nefndin til þess að frv. í þá átt verði lagt fram á Alþingi á hausti komandi."

Á þingfundi urðu almennt mjög litlar umræður um frv. til siglingalaga og einungis einn þm., hv. þm. Karvel Pálmason, sem einnig á sæti í samgöngunefnd Nd., tók til máls í framhaldi af fyrrgreindum ummælum mínum og var hann ekki að öllu leyti sammála þeim. Orðrétt sagði Karvel m.a. (Þingtíðindi 1984–85, umræður, dálkar 5717–5718), með leyfi forseta:

„... hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og ég tel rétt að gera með örfáum orðum grein fyrir því hvers vegna ég skrifa undir með fyrirvara. Sá fyrirvari snýr einvörðungu að 19. brtt., þ.e. við 230. gr.

Eins og hv. þdm. er örugglega kunnugt um hefur starfað í nokkurn tíma nefnd sem kölluð hefur verið öryggismálanefnd sjómanna og eitt af þeim málefnum sem þar hafa verið rædd og ekki það sísta er spurningin um hvernig bæta megi úr og koma í veg fyrir að sjóslys eigi sér stað og koma rannsóknum á sjóslysum sem verða í sem best horf. Í þeim tilvikum hafa menn borið sig nokkuð saman við hvernig staðið er að rannsóknum þegar flugslys eiga sér stað. Ég vil ekki kalla það ágreining við meðnm. mína þó að ég hafi sérskoðanir. Hér er lagt til, með leyfi forseta:

„Samgrh. er heimilt að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því, t.d. ef sjóslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenjuumfangsmikil."

Eins og allir vita er til rannsóknarnefnd sjóslysa sem er ekki rannsóknaraðili í þessu tilviki heldur sá aðili sem fylgist með rannsókninni. Í rannsóknarnefnd sjóslysa eru svokallaðir hagsmunaaðilar og á engan hátt vil ég gefa í skyn að þeir muni í einu eða neinu tilviki misbeita aðstöðu sinni í þeirri nefnd. Ég er hins vegar sannfærður um að nauðsyn er á því að hafa til staðar nefnd sérfræðinga sem eru óháðir öllum hagsmunaaðilum sem að þessu gætu komið. Mín skoðun er sú að þessi sérstaka nefnd kunnáttumanna, sérfræðinga, eigi að vera fastanefnd, eigi að vera til staðar, skipuð, og það þurfi ekki nema eitt símtal af hálfu viðkomandi ráðherra til þess að sú nefnd sé komin af stað ef á annað borð er talið að hún eigi að rannsaka slys. Ég óttast það nefnilega að ef á að fara að skipa þessa nefnd í hvert skipti sem til hennar þyrfti að taka gæti það tekið of langan tíma.

Ég vek athygli á því að þetta sjónarmið hefur komið fram hjá núverandi siglingamálastjóra. Hann hefur lagt á það nokkra áherslu að hann teldi, eins og augljóst má vera, að í flestum tilvikum mætti engan tíma missa og nauðsynlegt sé því að slíkir aðilar geti komið á vettvang sem allra fyrst. Það er af þessu tilefni sem ég tel að eðlilegra hefði verið að gera ráð fyrir að hér væri föst nefnd en starfaði eigi að síður ekki nema því aðeins að ráðherra ákvarðaði slíkt og þá í hvert skipti. Eins og brtt. er núna er ráðherra heimilt að skipa þessa nefnd og mun þá gera það í hverju tilviki sem hann telur þurfa. Breytingin er einvörðungu sú að fastanefndin yrði til og í hana kallað ef ráðherra teldi til þess ástæðu.

Ég veit að í umræðum um öryggismálanefnd sjómanna hafa allir nefndarmenn og allir þeir sem komið hafa til viðtals við nefndina um þennan þátt mála lagt á það áherslu að allt verði gert til þess að tryggja eins og mögulegt er að ítarlegar rannsóknir eigi sér stað á þeim sjóslysum sem verða þannig að allar upplýsingar sem hugsanlegt er að fá geti legið fyrir sem víti til varnaðar í þessu mikilvæga máli. Menn staðnæmdust þá fyrst og fremst við það og sérfræðingar ræddu um það að t.d. þegar flugslys eiga sér stað væri þannig við brugðist sem hvað best hefði tryggt eðlilegar, nauðsynlegar rannsóknir í tilvikum sem þeim."

Þegar til kom greiddi þó hv. þm. Karvel Pálmason ekki atkvæði gegn viðkomandi grein frv. þegar það kom til endanlegrar afgreiðslu.

Rétt er að hafa í huga að hinum fyrrgreindu ummælum mínum um rannsóknarnefnd sjóslysa og starfsemi hennar var almennt eigi andmælt við umræður í Nd. Alþingis og verður því að líta svo á að þau hafi í stórum dráttum gefið til kynna hug og vilja þdm. í þá átt að sjóslysanefnd starfi framvegis á sama veg eða á svipuðum grundvelli og hingað til, en að starfseminni verði markaður skýrari rammi en verið hefur, m.a. varðandi heimildir og úrræði nefndarinnar þannig að starf hennar verði markvissara og árangursríkara.

Annar skilningur en hér var lýst kom heldur eigi fram við umræður um siglingamálafrumvarpið í Ed. Alþingis er það var til meðferðar þar. Sýnist mér af þessum sökum ekki fráleitt að tala um viljayfirlýsingu Alþingis í ofangreinda átt og sem beint var til samgrh. enda þótt eigi kæmi þetta fram í formlegri þál. Um það efni kunna þó að vera skiptar skoðanir en ég get a.m.k. ómögulega séð að farið hafi verið eftir fyrrnefndri ábendingu samgn. Nd. þegar nýverið var samið frv. sem fól það í sér að rannsóknarnefnd sjóslysa skyldi lögð niður. Því hlýt ég sem formaður nefndarinnar að koma fram með athugasemdir við þetta frv. þar sem meginatriði þess eru í andstöðu við þær skoðanir sem ég talaði fyrir þegar siglingalögin voru til afgreiðslu á síðasta vori hér í hv. deild.

Því miður er fyrrnefnd frumvarpstillaga um að leggja niður rannsóknarnefnd sjóslysa lítt rökstudd í grg. með þessu frv. Þar virðist gert ráð fyrir því sem sjálfsögðum hlut sem ekki þarfnist mikilla skýringa að núverandi starfi sjóslysanefndar verði beint í eina flatsæng með málum sem varða starfsemi Siglingamálastofnunar og undir einum hatti.

Ef viðkomandi væru krafðir sagna um haldbær rök fyrir framangreindri tillögu yrði þeim þó sennilega ekki svarafátt. Líklegt er að þá kæmu fram orð eins og einföldun, sparnaður og hagræðing, sem mikið heyrist nú þessa dagana. Einnig er hugsanlegt að fram kæmi athugasemd um að til rannsóknarnefndar sjóslysa hafi verið stofnað á sínum tíma vegna óánægju tiltekinna aðila með vissa þætti í stjórnun eða starfsemi Siglingamálastofnunar en nú sé kominn tími til sátta og samlyndis og sé rétt að sýna viljann til þess í verki með því að leggja sjóslysanefnd niður.

Síst af öllu vil ég mæla því í mót að orðin einföldun, sparnaður og hagræðing megi sem oftast heyrast og vera framkvæmd í raunveruleikanum og bæta þannig stjórnsýsluna í ýmsum málum. Staðreyndin er þó sú að mínu mati og margra annarra að þau eiga ekki alltaf við. Til eru þeir þættir eða svið ríkisvaldsins þar sem almennt er einmitt viðurkennt að best fari á því að tilteknar stofnanir, sem í eðli sínu þjóna svipuðum hagsmunum þegar á heildina er litið, séu aðskildar. Og að sú skipan mála samrýmist almannahagsmunum betur en ella væri. Að sjálfsögðu fylgir þeim aðskilnaði meiri

kostnaður en samruna eða sameiningu undir einum hatti. En í þróuðum menningarríkjum þykir slíkt ekki áhorfsmál ef almannaheill krefst þess og ef með því móti er stuðlað að gagnkvæmu aðhaldi í stjórnkerfinu. Dæmi um þetta eru augljós og alkunn en hafa þó ekki alltaf náðst fram baráttulaust.

Vart ætti t.d. að þurfa að minna á þrígreiningu ríkisvaldsins, þ.e. aðgreiningu þess í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sem er grundvallaratriði í stjórnskipun okkar. Á hinn bóginn er ekki svo ýkja langt síðan — að vísu nokkrir áratugir — að allt ríkisvaldið var á einni hendi, þ.e. í höndum einvaldskonungs, og fáir myndu nú vilja hverfa aftur að þeim stjórnarháttum. Og ef litið er á dómsmálasviðið hérlendis, þann þátt ríkisvaldsins sem m.a. lýtur að rannsóknum refsiverðra afbrota, kemur þessi nauðsynlega aðgreining einnig fram innan þess sviðs. Það þótti mikil framför á réttarkerfinu þegar handhöfn ákæruvaldsins var skilin frá almennu dómsmálastjórninni, þ.e. dómsmrn., fyrir fáum áratugum síðan og eins var það almennt talinn mikill ávinningur þegar lögreglurannsókn afbrotamála var fyrir fáum árum skilin frá embætti yfirsakadómara í Reykjavík og stofnað sjálfstætt embætti Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem að vísu heyrir undir dómsmrn. eins og aðrar lögregludeildir. En þó þætti óviðeigandi að ráðuneytið ráðskaðist með rannsóknir einstakra mála þar.

Langt er síðan þessum tveimur framfaramálum var fyrst hreyft og langan tíma tók — og gekk ekki baráttulaust — að hrinda þeim í framkvæmd. Og svo að dæmi séu tekin, sem eru augljóslega hliðstæð eða a.m.k. náskyld sjóslysarannsóknum, þegar rannsóknir alvarlegri flugslysa voru fengnar í hendur sjálfstæðri nefnd, sem að vísu heyrir undir samgrh. en starfar formlega óháð flugmálastjórninni. Það þótti horfa til framfara og bóta. En að þessu mun ég koma betur síðar.

Í því tilfelli gerðu ráðamenn sér að lokum grein fyrir því að ekki fór vel á því að undir einni stofnun, eða í nánum tengslum við hana, starfi bæði þeir menn sem eiga að framfylgja lögum og reglum á viðkomandi sviði og þeir sem eiga að rannsaka og meta hvort aðrir hafi brotið þessar reglur, þar á meðal þeir sem áttu að framfylgja þeim.

Að sjálfsögðu ætla ég ekki að halda því fram að starfsemi sjóslysanefndar sé fullkomlega sambærileg við starfsemi þeirra stofnana sem ég nefndi hér að framan. Sjóslysanefnd er ekki dómstóll og hún fer ekki með lögregluvald og auðvitað eru núgildandi lagareglur um rannsókn sjóslysa og flugslysa ekki alveg sambærilegar, m.a. vegna þess að frumrannsókn flugslysa fer ekki fram fyrir dómi eins og er með sjóslysin. En þó er einnig auðvelt að benda á skyldleikann við þær stofnanir sem ég nefndi. Enda þótt sjóslysanefnd kveði ekki upp dóma í venjulegum skilningi reynir hún að komast að niðurstöðum um orsakir þeirra sjóslysa sem hún tekur til meðferðar og hvaða lærdóm megi af þeim draga og birtir þær athugasemdir sínar árlega í skýrslu sem kemur út í þúsundum eintaka. Í því sambandi er oft óhjákvæmilegt að kveða upp eins konar áfellisdóm yfir þeim mönnum sem valdið hafa slysunum af vítaverðri vangá og er mér sagt að undan þeim dómum hafi stundum sviðið ekki síður en öðrum dómum.

Sjóslysanefnd framkvæmir heldur ekki frumrannsóknir á sama hátt og lögreglu og dómstólum er ætlað að gera, sbr. XIII. kafla siglingalaganna. En hún hefur þó áhrif á frumrannsóknir einkum fyrir tilstilli siglingafróðs fulltrúa nefndarinnar sem viðstaddur er rannsóknirnar og nefndin leitast stundum við að afla frekari gagna eftir að sjóprófi er lokið, t.d. álitsgerðar sérfræðinga, auk þess sem hún rannsakar eftirrit þeirra sjóprófa sem henni berast.

Ef til vill verður spurt: Hvers vegna ætti hið nýja siglingamálaráð ekki að geta annað þessu hlutverki eins vel eða jafnvel betur en sjóslysanefnd? Því er þá til að svara að frv. það til nýrra laga um Siglingamálastofnun, sem hér hefur verið gert að umræðuefni, gerir ráð fyrir mjög nánu sambandi milli siglingamálaráðs annars vegar og samgrn. hins vegar. Formaður ráðsins skal samkvæmt frv. vera embættismaður úr samgrn. sem lýtur pólitískum embættismanni ráðherra, og að sjálfsögðu hefur þessi embættismaður náin dagleg samskipti við ráðherra og er mjög háður honum.

Siglingamálaráð á einnig samkvæmt frv. að sitja í húsakynnum Siglingamálastofnunar og til þess er ætlast að siglingamálastjóri sitji þar oftast á fundum með ráðinu. Og hvað með það, spyrja e.t.v. einhverjir. Jú, þó ekki væri nema það að rannsóknarnefnd sjóslysa hefur iðulega þurft að gera athugasemdir út af störfum Siglingamálastofnunar, með fullri virðingu fyrir þeirri stofnun. Og til samgrn. hefur hún, að mér er tjáð, jafnframt þurft að beina aðfinnslum stundum vegna ónógra afskipta þess ágæta ráðuneytis af öryggismálum sjómanna. Mætti nefna dæmi um þetta ef nauðsyn bæri til. Þetta hefur nefndin getað gert í skjóli sjálfstæðis síns þar eð hún starfar til hliðar við hið almenna stjórnkerfi í siglingamálum og nefndarmenn eru ekki háðir því kerfi.

Þannig hefur nefndin starfað sem eins konar öryggisventill í kerfinu, ef svo má að orði komast. Menn geta hins vegar reynt að gera sér í hugarlund hvernig þessu sjálfstæði verður háttað í siglingamálaráði ef starfsemi nefndarinnar verður flutt þangað. Ég tel af fyrrgreindum ástæðum að það yrði um mistök að ræða við lagasetningu og spor aftur á bak á sviði öryggismála og er mér þó vissulega óljúft að þurfa að segja þetta hér.

Því má svo bæta við að mér virðist talsverð hætta á því, fyrir utan allt annað sem fyrr er talið, að starfsemi eða hlutverk siglingamálaráðs verði svo viðamikið almennt séð að það fengi ekki sinnt sjóslysarannsóknum sem skyldi, enda hafa þær hingað til verið ærið verkefni fyrir sjóslysanefnd eftir því sem samgn. Nd. var tjáð í fyrravor. Ég er með hugmyndir um hvernig breyta ætti 231. gr. siglingalaganna þannig að sjóslysanefnd mundi starfa eins og samgn. Nd. lagði ákveðið til á síðasta þingi. Ég mun ræða það í nefndinni og við þá menn sem sömdu það frv. sem hér er til umræðu.

Ég vil aðeins segja að lokum að þetta hefur orðið lengra mál en ég ætlaði í upphafi en ég tel nauðsynlegt að við þessa umræðu komi þessi sjónarmið fram sem voru svo mikið rædd á s.l. vori. Það er nauðsynlegt að hv. alþm. taki afstöðu til þessara mála hér og nú og láti hv. samgn. Nd. fá að vita um viðhorf sín til þessa atriðis, þeirra breytinga sem hæstv. samgrh. hefur lagt til í þessu frv., þar sem það kom svo greinilega fram á s.l. vori að nefndin varð því sem næst sammála um að reynslan hefði sýnt að það væri nauðsynlegt að rannsóknarnefnd sjóslysa héldi áfram sínu starfi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við ítarlega ræðu hv. síðasta ræðumanns, 3. þm. Norðurl. e. og formanns samgn. deildarinnar, að bæta. Ég vil þó láta það koma fram við 1. umr. málsins að ég deili með honum að mörgu leyti efasemdum um réttmæti þess að leggja niður rannsóknarnefnd sjóslysa. Þar með er ekki sagt að ég telji þær breytingar að öðru leyti sem hér eiga að fara fram á lögum um Siglingamálastofnun þarfar. Ég fagna reyndar því ákvæði sem til stendur að setja inn í lögin um umdæmisskrifstofur. Það er mjög í þeim anda sem ég hef sjálfur talað fyrir og barist fyrir um að dreifa starfsemi og færa út starfsemi eftir því sem kostur er frá höfuðstöðvum eða miðstjórnarvaldi, sem er oftast hér á Reykjavíkursvæðinu, og út um landið. Ég held að það liggi einnig veigamikil skipulagsleg rök fyrir því að framkvæma þessar breytingar. En efasemdir mínar beinast fyrst og fremst að því að leggja niður sjálfstæða rannsóknarnefnd sjóslysa og færa hennar verkefni undir svonefnt siglingamálaráð sem setja á á fót samkvæmt frv. þessu og fjallað er um í 5., 6. og 7. gr. frv.

Efasemdir mínar lúta að því að það virðast eiga að vera mjög náin tengsl milli annars vegar samgrn. og Siglingamálastofnunar og hins vegar þessa siglingamálaráðs. Þessari nýju stofnun, siglingamálaráði, er ætlað miklu víðara verksvið en rannsóknarnefnd sjóslysa hefur haft. Ráðið á að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra og það á að fylgjast með tækniþróun, gera tillögur um breytingar á lögum og reglum varðandi verkefni Siglingamálastofnunar ríkisins o.s.frv.

Í 4. lið er síðan vikið að því að þetta ráð skuli fjalla um niðurstöður úr rannsóknum sjóslysa og sjá um birtingu þeirra árlega. Ég tel, herra forseti, að hér sé blandað saman ólíkum verkefnum, mjög ólíkum verkefnum. Það er ekkert við því að segja og ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, vilji Siglingamálastofnun og/eða samgrn. eftir atvikum hafa sér til ráðuneytis í þessum málum siglingamálaráð, þá er ekkert sjálfsagðara og eðlilegra en að það komi því á fót. En mér er stórlega til efs að þessi 4. liður, undirliður í 5. gr. frv., eigi rétt á sér í þessu samhengi. Ég teldi eðlilegra að þetta siglingamálaráð væri þá eingöngu faglegt ráð til ráðuneytis og ráðgjafar og til að fylgjast með þróun og hafa eftirlit með framförum á þessu sviði, en hefði engu hlutverki að gegna sem rannsóknaraðili. Ég tel óheppilegt að blanda slíkum mismunandi verkefnum saman og langeðlilegast að til sé einhver sjálfstæður, óháður aðili í landinu sem hafi eingöngu það hlutverk að rannsaka slys og koma upplýsingum á framfæri í framhaldi af því.

Ég vil einnig mótmæla því sem sagt er í athugasemdum við frv., að ákvæði 230. gr. um sérstaka rannsóknarnefnd í lögum um Siglingamálastofnunina, sem samþykkt voru s.l. vor, sé á nokkurn hátt rökstuðningur fyrir því að leggja rannsóknarnefnd sjóslysa niður. Þvert á móti gengu allar umræður í samgn. Nd., þar sem ég á sæti, út á það að til viðbótar við sjálfstæða og óháða rannsóknarnefnd sjóslysa gæti verið eðlilegt að hafa í lögum ákvæði um alveg sérstaka rannsókn þegar sérstakar ástæður mæltu með. Ég tel eðlilegt að hæstv. menntmrh. fái hér orðið á eftir og tali úr ræðustól en ekki annars staðar í þingsalnum ef hann hefur áhuga á að leggja eitthvað til málsins. (**SvH:** Er strákurinn farinn að stjórna líka, herra forseti?) Hæstv. menntmrh. hefur nú sýnt hv. deild þann sóma að yfirgefa þingsalinn og þá þurfum við ekki að vænta meiri truflana af hans hálfu hér í þessari umræðu, vonandi.

Ég vildi koma þessum athugasemdum mínum á framfæri, herra forseti, og ég mótmæli þeim skilningi sem fram kemur í athugasemdum við frv. að lögin um Siglingamálastofnun frá því í vor, um sérstaka rannsóknarnefnd í einstökum tilfellum, sé á nokkurn hátt rökstuðningur fyrir því að leggja rannsóknarnefnd sjóslysa niður eða að hafa aðra hliðstæða stofnun starfandi í landinu. Eins og hv. síðasti ræðumaður réttilega benti á þá gengu umræður í samgn. hv. deildar frekar út á hitt, að ástæða væri til að breyta valdsviði og verksviði rannsóknarnefndarinnar á þann hátt að færa það meir til þess fyrirkomulags sem er á um rannsóknir flugslysa. Það má öllum ljóst vera að þá eru menn ekki að tala um það að leggja þessa stofnun eða aðra hliðstæða niður, heldur þvert á móti að gera starf hennar markvissara og auka árangur þess.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri að sinni, herra forseti. Ég vildi koma þessum athugasemdum á framfæri. En ég tel óhjákvæmilegt að samgn. þessarar deildar fari mjög vandlega ofan í saumana á því frv. sem hér er til umræðu og athugi mjög vandlega rök bæði með og á móti þeim breytingum sem frv. að þessu leyti fjallar um. Hér eru slík alvörumál á ferðinni að það er óhjákvæmilegt að íhuga mjög vandlega hvort þessar breytingar eiga rétt á sér.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Í þessu frv. er lagt til að í siglingamálaráði verði fulltrúar allra þeirra samtaka sem í dag eiga aðild að rannsóknarnefnd sjóslysa, en þar eiga nú sæti fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands. M.ö.o. bæði fulltrúar yfirmanna og undirmanna, fulltrúar útgerðar og Slysavarnafélags Íslands. Nefndin sem semur frv. telur sjálfgefið að þessir aðilar eigi aðild að ráðinu sem fulltrúar sjómanna almennt og fiskiskipaútgerðar. Enn fremur er lagt til að fulltrúar tvennra samtaka, sem ekki eiga nú aðild að rannsóknarnefnd sjóslysa, fái aðild að þessu ráði, en það eru Félag dráttarbrauta og skipasmiðja og Samband íslenskra kaupskipaútgerða. Starfsemi Siglingamálastofnunar snertir verulega hvor tveggja þessi samtök og þess vegna gerir sú nefnd sem þetta frv. samdi þetta að sinni tillögu.

Við skulum aðeins líta á hverjir áttu sæti í þessari nefnd. Það er ráðuneytisstjóri þess ráðuneytis sem fer með siglingamál; það er skólastjóri annars sjómannaskólans sem fer nú með menntamálin; það er forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands; það er formaður stærsta sjómannafélagsins og það er útgerðarmaður sem hefur unnið trúnaðarstörf fyrir Landssamband ísl. útvegsmanna. Allir þessir aðilar eru sammála um að leggja þetta til.

Þetta frv. felur í sér þá höfuðbreytingu að færa eftirlit með skipum, skrásetningu og eftirlit skipa, meira út á land en nú er gert. Það er verið að draga úr miðstýringunni. Í öðru lagi er verið með tilkomu þessa siglingamálaráðs að samræma meiri vinnu og meira starf. Færa það út. Starfsemi sjórannsóknar verður áfram þar. En auk þess boðaði ég breytingu á siglingalögunum með

sérstakri skipan þessara mála. Í sambandi við rannsóknir flugslysa gildir ekki að hafa stofnanir eða þessa aðila nógu marga, heldur fyrst og fremst að hafa þá góða og að þeir starfi vel og skipulega að þessum málum svo að mér finnst gæta allmikillar íhaldssemi í málflutningi hv. 3. þm. Norðurl. e., og mér skildist að félagi hans úr sama kjördæmi, 4. þm. Norðurl. e., væri líka allíhaldssamur í þessum breytingum. Ég tel að gerðar hafi verið meiri breytingar en áratugum saman í öryggismálum sjómanna almennt. Með þessum breytingum er verið að gera þessar rannsóknir miklu meiri.

Rannsóknarnefnd sjóslysa er alls góðs makleg og hefur unnið margt ágætt starf, en ekki finnst mér það vera góð nýting á tíma að eiga fulltrúa inni í hverju einasta sjóprófi. Ég held að þau heyri eiginlega mörg hver til liðnum tíma. Ég þekki þetta líka af eigin reynslu. Ég var framkvæmdastjóri fyrir tryggingafélag í mörg ár. Ósköp fannst mér koma yfirleitt lítið út úr sjóprófum. Hins vegar vil ég fyrir mitt leyti, sérstaklega þegar slys verða, læra af mistökum sem verða, færa þessar rannsóknir inn á nýtt og betra svið í mjög góðri samvinnu við þá sem um þessi mál fjalla. Ég boðaði hér í minni framsöguræðu fyrir frv. aukna og betri samvinnu við öryggismálanefnd sjómanna sem í eiga sæti níu alþm. Ég vil gjarnan halda áfram því samstarfi sem komið hefur verið á en mér finnst ekki boða gott að segja að ekki megi breyta neinu sem fyrir er en bæta aðeins nýju við. Það sem aðallega vakir fyrir mér er að breyta ekki um breytinganna vegna, heldur breyta hér um til að koma fastari skipan og fastara formi á þessi mál.

Væntanlegt siglingaráð getur vel fjallað áfram sem hingað til — því að þetta eru sömu aðilarnir — um það sem er minna virði. En hitt sem ég boðaði var aftur um það þegar slys verða og þarfnast frekari rannsóknar og er hugmyndin að haga henni þá meira í ætt við það sem nú tíðkast í sambandi við rannsókn flugslysa.

Þegar á heildina er litið er þetta frv. mjög til góðs þegar því fylgir sú breyting sem ég boðaði. Sömuleiðis er hér verið að færa starfsemi meira út um land, auka starf og ábyrgð embættismanna úti á landi og draga úr miðstýringu höfuðstöðvanna hér syðra.

Ef horfið er frá því að siglingamálaráð eigi að fjalla um nokkrar rannsóknir á sjóslysum þá tel ég að starfsemi þessi sé varla þess virði að það eigi að vera inni í frv. Ég tel það mjög koma til athugunar þó að ég vilji ekki taka svo stórt upp í mig að ég vilji gjarnan að það falli niður. En ég tel það mjög koma til athugunar í sambandi við meðferð málsins hjá þeirri nefnd sem fær það hér í hv. þingdeild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirlit með skipum, stjfrv. 237. mál (þskj. 465). — 1. umr.

(Um framsögu fyrir málinu sjá umræður um 238. mál hér að framan.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öryggi á vinnustöðum, stjfrv. 275. mál (þskj. 510). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem er 275. mál Alþingis á þskj. 510, um breytingu á lögum nr. 46 frá 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frv. þetta er aðeins tvær greinar:

„1. gr. 5. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna orðist svo:

Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fyrir árslok 1990.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um þessi lög sem í gildi eru. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum voru samþykkt á Alþingi vorið 1980 en tóku gildi hinn 1. jan. 1981. Þau leystu af hólmi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952, en á undan þeim voru í gildi lög um eftirlit með vélum og verksmiðjum frá 1928.

Með hinum nýju lögum var Vinnueftirlit ríkisins sett á laggirnar og tók það við allri starfsemi og aðstöðu Öryggiseftirlits ríkisins og hluta af verkefnum heilbrigðisnefnda auk nýrra verkefna sem lögin kveða á um. Undanþegin lögunum eru siglingamál, loftferðir og algeng heimilisstörf í einkaíbúðum.

Endurskoðun löggjafarinnar má rekja til samkomulags aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í vinnuverndarmálum vorið 1977 sem m.a. fólu í sér að óskað var eftir slíkri endurskoðun við ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar sem þá var við völd. Ríkisstjórnin tók vel í þessar óskir og setti á laggirnar níu manna nefnd til að semja frv. að nýjum lögum og áttu í henni sæti fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Alþýðusambands Íslands auk fulltrúa stjórnvalda.

Frv. um þessi mál var fyrst lagt fram á Alþingi vorið 1979 en náði ekki fram að ganga á því þingi. Það var lagt fram á ný í ársbyrjun 1980 og eftir að þing kom saman að afloknum kosningum í des. 1979 og ný ríkisstjórn hafði verið mynduð.

Frv. var samþykkt með nokkrum breytingum sem lög frá Alþingi í maí 1980 eins og fyrr greindi. Fljótlega eftir samþykkt laganna var sett á laggirnar nefnd til að undirbúa gildistöku þeirra og fara yfir gagnrýni og ábendingar sem fram höfðu komið við umfjöllun um málið á Alþingi. Í þessari nefnd áttu sæti 11 menn, fulltrúar sömu aðila á vinnumarkaði og áður að viðbættum fulltrúum BSRB og Sambands ísl. sveitarfélaga. Fulltrúi heilbr.- og trmrn. tók og sæti í nefndinni. Lauk nefndin störfum í október 1980 og skilaði skýrslu til félmrh. Hún lagði ekki til neinar breytingar á lögunum.

Sú þróun mála, sem lýst er að framan, var í grófum dráttum í samræmi við það sem gerst hafði í nágrannalöndunum. Þar hafði löggjöf um þessi mál víðast verið endurskoðuð og stofnanir, sem annast fræðslu, eftirlit og rannsóknir, verið efldar samtímis því að stóraukin áhersla var lögð á samstarf starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja innan vinnustaðanna sjálfra. Vinnuverndarmál höfðu einnig hlotið aukna áherslu í alþjóðasamstarfi sem m.a. kom fram í samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, og í gerð sérstakrar samstarfsáætlunar Norðurlandanna um vinnuvernd.

Einnig höfðu nýjar rannsóknir aukið þekkingu manna á áhættuþáttum í starfsumhverfi. Rannsóknir leiddu m.a. í ljós að hin stóraukna notkun ýmiss konar efnasambanda á vinnustöðum gat haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir starfsmenn ef ekki voru gerðar nægar varúðarráðstafanir, afleiðingar sem í sumum tilfellum komu ekki í ljós fyrr en eftir margra ára eða jafnvel áratuga snertingu við efnin.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í vinnuverndarmálum, sem fyrr er getið, var kveðið á um nauðsyn könnunar á ástandi þessara mála. Núverandi ríkisstj. beitti sér fyrir framkvæmd slíkrar könnunar og náði hún til 158 fyrirtækja með rúmlega 8200 starfsmönnum um allt land.

Eins og fyrr sagði tóku lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, gildi þann 1. jan. 1981. Fimm ár voru því liðin frá gildistöku þeirra um síðustu áramót. 5. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna hljóðar svo: „Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra."

Þann 1. ágúst 1985 skipaði félmrh. að höfðu samráði við stjórn Vinnueftirlitsins nefnd fjögurra manna til að gera tillögur um endurskoðun laganna. Í nefndinni áttu sæti eftirtaldir: Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri, sem var formaður, Þórarinn V. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri VSÍ, Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmiðasambands Íslands, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Nefndin var skipuð án tilnefninga.

Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að ekki væri ástæða til að breyta ákvæðum laganna enn sem komið er og leggur hún til að endurskoðun þeirra verði frestað um fimm ár og 5. tölul. bráðabirgðaákvæðis þeirra breytt í samræmi við það.

Meginástæður þessarar niðurstöðu voru eftirfarandi:

Samstaða var í nefndinni um markmið laganna eins og þeim er lýst í 1. gr. þeirra.

Ábyrgt samstarf hefur verið með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldinu í stjórn Vinnueftirlits ríkisins um framkvæmd laganna.

Nefndin taldi það stjórnarfarslega fyrirkomulag, sem nú er í þessum málum, heppilegt og leiða til lítillar skörunar við aðra málaflokka. Eðlilegt sé að öll málefni, sem löggjöf fjallar um á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum, myndi sjálfstæðan málaflokk undir sameiginlegri stjórn aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins og undir yfirstjórn félmrn. sem fer með málefni vinnumarkaðarins.

Lögin eru mjög viðamikil og óhjákvæmilegt að langan tíma taki að koma þeim til framkvæmda og byggja upp þá starfsemi sem þau gera ráð fyrir. Ekki hefur fengist nægilega löng reynsla af framkvæmd þeirra og sum ákvæði þeirra hafa enn ekki komið til framkvæmda.

Þau vandkvæði og álitamál, sem upp hafa komið frá því lögin tóku gildi, taldi nefndin að unnt væri að leysa við framkvæmd þeirra að mestu leyti.

Nefndin tók saman ítarlega skýrslu um þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 46/1980 fram til þessa og um starfsemi Vinnueftirlits ríkisins og er hana að finna í athugasemdum við þetta frv.

Í þessari skýrslu setur nefndin einnig fram ábendingar um eftirtalin verkefni á sviði vinnuverndar sem hún telur brýnt að vinna að á næstu árum: Varnir gegn heyrnarskemmdum, aðgerðir til að koma í veg fyrir heilsutjón af völdum lífrænna leysiefna, varúðaraðgerðir vegna notkunar eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum, endurbætur á gagnagrunni vinnuverndarstarfsins, aukin starfsemi á vegum iðjufræði og aukin fræðslustarfsemi á sviði vinnuverndar.

Við umfjöllun um lagasetningu á Alþingi kom fram gagnrýni á að lögin skyldu ná til landbúnaðar. Var sett í þau bráðabirgðaákvæði um setningu sérstakrar reglugerðar um framkvæmd laganna í þeirri grein. Slík reglugerð var sett í júní 1981 og skv. henni var sérstök stjórn sett á laggirnar til að annast þessi mál í landbúnaði með aðild Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands. Mjög gott samstarf hefur tekist í þessari stjórn um framkvæmd eftirlits, fræðslustarfs og aðra fyrirbyggjandi starfsemi.

Herra forseti. Þessi stofnun, Vinnueftirlitið, stendur að öllu leyti undir sér með iðgjöldum sem vinnuveitendur greiða og með tekjum skv. gjaldskrá. Hún fær því enga fjárveitingu úr ríkissjóði á fjárlögum. Ábyrgt samstarf er í stjórn Vinnueftirlitsins við undirbúning reglna sem kveða á um kröfur til vinnuveitenda og starfsmanna um öryggi, hollustuhætti og aðbúnað. Allar slíkar reglur hafa fram til þessa verið afgreiddar með samhljóða samkomulagi og er mikil undirbúningsvinna lögð af mörkum til þess að svo megi takast. Sem dæmi má taka nýjar reglur um hávaðavarnir sem voru fjögur ár í smíðum. Þær miða að því að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir en með sem allra hagkvæmustum hætti því að hér er um kostnaðarsamar ráðstafanir að ræða.

Vinnueftirlitið er alls ekki eftirlitsstofnun eingöngu, heldur annast hún einnig umfangsmikið fræðslu- og leiðbeiningarstarf sem miðar að því að gera mönnum kleift að annast þessi mál sem mest innan vinnustaðanna sjálfra í samstarfi vinnuveitenda og starfsmanna. Sem dæmi má taka að nýlega gaf stofnunin út rúmlega 130 bls. handbók um hávaðavarnir til að auðvelda fyrirtækjum úrbætur á því sviði. Vinnueftirlitið annast ýmiss konar bráðnauðsynlegt tæknilegt eftirlit í nútímaþjóðfélagi, svo sem með tækjum sem sprengjuhætta stafar af, svo sem gufukötlum, loftþjöppubúnaði og þrýstihylkjum, lyftubúnaði, fólkslyftum, skíðalyftum, farandvinnuvélum, sprengjuhættu við losun og lestun olíuskipa og vinnu við eldsneytistanka, innflutning og framleiðslu hættulegra véla o.fl.

Eðlilegt er að hér sé um sérstakan málaflokk að ræða vegna hinna sterku stjórnunartengsla við aðila vinnumarkaðarins sem eru forsenda þess að árangur náist og með sem hagkvæmustum hætti. Af sömu ástæðum er rétt að þessi mál falli undir það ráðuneyti sem fer með vinnumarkaðsmál, jafnvel þó sum þeirra málefna, sem um er fjallað, teljist til annarra málaflokka í faglegu tilliti.

Náið og gott samstarf hefur tekist við heilbrrn. og Hollustuvernd ríkisins um þau mál sem krefjast samstarfs þessara aðila. Sérstök ákvæði eru í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit um samstarfsnefnd forstjóra þessara stofnana sem fara með ýmiss konar eftirlit til að koma í veg fyrir skörun og stuðla að eðlilegu samstarfi. Enn fremur starfar sérstök samstarfsnefnd um framkvæmd eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum. Vinnueftirlitið hefur auk þess sam-

starf við ýmsar aðrar stofnanir, svo sem Iðntæknistofnun.

Hér er um grundvallarréttindi hins vinnandi manns að ræða. Löggjöfin er í samræmi við viðhorf sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu, m.a. í samþykktum ILO. Hvatinn að baki henni er virðing fyrir hinum vinnandi manni sem skapar auðæfi þjóðfélagsins með starfi sínu. Hann á rétt á að njóta sérstakrar verndar gegn slysum og sjúkdómum sem tengjast starfi hans og að honum ber að búa vel á vinnustað. Hann á rétt á að njóta fræðslu um hugsanlegar hættur í vinnuumhverfinu og hann á að geta leitað fulltingis hlutlauss aðila ef hann æskir upplýsinga eða telur á hlut sinn gert í þessum málum.

Vinnuslys þarf að rannsaka gaumgæfilega, bæði í fyrirbyggjandi tilgangi og til að réttur hins slasaða verði ekki fyrir borð borinn. Það er einnig mikilvægt fyrir vinnuveitendur að þessi mál séu í föstum skorðum og þeir geti leitað ráðgjafar hjá stofnun sem hefur reynslu og þekkingu á þessum málum, sem m.a. byggir á rannsókn raunverulegra atvika.

Vinnuslys og atvinnusjúkdómar leiða til truflana á starfsemi og vinnutaps vegna fjarvista. Slæmar vinnuaðstæður geta hæglega leitt til lakari afkasta starfsmanna og óánægju þeirra. Séu þessi mál ekki í föstum farvegi og um þau annast á þann veg að njóti trausts beggja aðila er hætta á óróa á vinnumarkaði sem getur leitt til staðbundinna verkfalla.

Ríkið hefur einnig hagsmuna að gæta í þessum málum. Hér er um fyrirbyggjandi starfsemi að ræða sem miðar að því að fækka slysum og sjúkdómum og auka vellíðan manna á vinnustað. Náist árangur með starfi dregur hann úr kostnaði við heilbrigðisþjónustu og tryggingar og stuðlar að aukinni framleiðni í atvinnulífinu.

Það er lögð á það áhersla af hálfu fulltrúa launþega að a.m.k. fimm ár verði til næstu endurskoðunar svo að ráðrúm gefist til að vinna á næstu árum af fullum krafti að því að koma ýmsum ákvæðum til framkvæmda. Verði tímabilið styttra þarf að fara að huga að endurskoðuninni fljótlega og þá getur orðið erfitt að ná fram framkvæmd á því sem til endurskoðunar er.

Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem hefur þá sérstöðu að algert samstarf er um það meðal aðila vinnumarkaðarins. Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira um þetta að sinni en legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er gerð tillaga um að framlengja vinnuverndarlögin óbreytt. Ég tel að það sé ástæða til að fagna því að núverandi stjórnarflokkar virðast hafa komist að þeirri niðurstöðu að sú gagnrýni, sem uppi var höfð á þessa skipan vinnuverndarmála á Íslandi af hálfu Sjálfstfl. þegar þessi mál voru til meðferðar á sínum tíma, virðist hafa fallið um sjálfa sig og Sjálfstfl. hættur að halda henni til streitu.

Í þessum efnum vil ég minna á það að ákvæðið um endurskoðun laganna var sett inn að kröfu félmn. Nd. á sínum tíma sem þá starfaði undir forustu núverandi hæstv. félmrh. Ég hygg að sú krafa hafi átt rætur að rekja til afstöðu Sjálfstfl. sem vildi ekki afgreiða málið eins og það lá þá fyrir. Ég tel ástæðu til að fagna því að Sjálfstfl. hefur séð að sér í þessu efni og hefur núna samþykkt, að því er mér virðist, að vinnuverndarlögin gildi áfram eins og þau voru sett á sínum tíma. Það er dómur um lögin, dómur um það að gagnrýnin var ekki á rökum reist, dómur um það að lögin hafa reynst vel og framkvæmd þeirra hefur tekist öll eftir atvikum.

Þá er það einnig sérstaklega ánægjulegt að það virðist hafa tekist að leysa eitt helsta gagnrýnisatriðið á þessi lög á sínum tíma mjög farsællega, þ.e. það atriði sem snýr að bændum sérstaklega. Á sínum tíma setti ég reglugerð um þau mál, vinnuverndarmál sem snúa að bændum, í samráði við Stéttarsamband bænda og svo virðist sem um þau mál hafi einnig tekist góður friður og gott samkomulag.

Þess vegna sýnist mér að það hafi komið á daginn í ljósi reynslunnar að ekki hafi verið ástæða til þeirrar gagnrýni og þeirra efasemda sem uppi voru hafðar, einkum af þm. Framsfl. og Sjálfstfl., á sínum tíma og það er ástæða til að fagna því sérstaklega.

Hitt er svo rétt að nefna, herra forseti, að þrátt fyrir þessi lög okkar blasir það engu að síður við í íslenska þjóðfélaginu að hér er um að ræða víða óheyrilega vinnuþrælkun. Fulla vinnu viljum við hafa en þá óheyrilegu vinnuþrælkun, sem hér tíðkast og kemur bæði niður á fjölskyldum, félags- og menningarlífi, viljum við ekki hafa og því viljum við breyta. Það hefur verið skoðun Alþb. að það sé eitt brýnasta verkefni íslenskra þjóðmála og kjaramála, menningarmála og félagsmála á komandi árum að gerður verði bindandi samningur milli aðila vinnumarkaðarins til nokkurra ára um að stytta hér raunverulegan vinnutíma. Núverandi ástand í þeim efnum er algerlega óþolandi, það stefnir heilsu fólks og lífi fjölskyldnanna í stórkostlega hættu.

Herra forseti. Ég taldi ástæðu til að láta þessar tvær athugasemdir koma fram, aðra um leið og ég fagna því að lögin eru framlengd og svo hina varðandi vinnuþrældóminn. Ég tel sérstaka ástæðu til að benda á að þær efasemdir um þessi lög á sínum tíma, sem látnar voru í ljós af mönnum úr Sjálfstfl. og Framsfl. og einum og einum manni úr bændasamtökunum, hafa reynst þarflausar og ástæðulausar með öllu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 50. fundur.

Fimmtudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal þess getið að á þessum fundi fer fram utandagskrárumræða um tölvukaup fyrir grunnskóla. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Hagkvæmni útboða, þáltill. 243. mál (þskj. 472). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Nefnd til að kanna okurlánastarfsemi, þáltill. 133. mál (þskj. 147). — Fyrri umr.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um rannsóknarnefnd þm. til að kanna okurlánastarfsemi, sem er 133. mál Sþ. á þskj. 147. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Kristín S. Kvaran, Stefán Benediktsson og Guðmundur Einarsson. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi samþykkir að kjósa rannsóknarnefnd skipaða níu þm. til að gera athugun á okurlánastarfsemi sem upplýst er að viðgengist hefur hér á landi að undanförnu. Skal nefndin m.a. leita svara við eftirtöldum spurningum:

1. Hverjar eru orsakir okurlánastarfsemi?
2. Hversu umfangsmikil hefur starfsemin verið hér á landi undanfarin ár hvað varðar fjölda okurlána, fjölda viðskiptavina, lánakjör, fjárhæðir, áhrif á verðlag og hlut okurlána í íslensku efnahagslífi?
3. Með hvaða hætti er hægt að rétta hlut þeirra sem af bágindum hafa lent í klóm okurlánara, t.d. vegna hættu á að missa íbúðarhúsnæði?

Rannsóknarnefndin skal afla sér upplýsinga bæði munnlega og skriflega hjá þeim sem hlut eiga að máli. Nefndinni skal veitt fé til þess að tryggja sér sérfræðilega aðstoð. Að lokinni athugun sinni skal rannsóknarnefndin gefa Alþingi skýrslu og gera tillögur til úrbóta eins fljótt og við verður komið."

Þegar upplýst er að umfangsmikil okurlánastarfsemi hefur átt sér stað hér á landi undanfarin ár er mikilvægt að löggjafinn láti það mál til sín taka með því markmiði að reyna að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig ekki.

Það okurlánamál, sem nú hefur komið fram í dagsljósið, er með stærstu rannsóknarmálum sem hér hafa komið upp þrátt fyrir að þetta margumtalaða mál, sem lokið er rannsókn á, er ugglaust alls ekki eina okurlánastarfsemin sem hér á sér stað. Því er það nauðsynlegt að grafast fyrir um orsakir fyrir því að þvílík spilling viðgengst.

Árið 1954 var flutt till. til þál. um okur hér á hv. Alþingi. Flm., Einar Olgeirsson, sagði þá í framsögu með till. m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég býst við allir hv. þdm. séu sammála um að það okur, sem er á almannavitorði að nú viðgengst í Reykjavík, sé með óhugnanlegustu fyrirbrigðum í okkar fjármálalífi. En hins vegar er því svo háttað með þetta fyrirbrigði að það er engan veginn auðvelt að því að komast eða grípa það með höndum sem það ólöglega fyrirbrigði sem það er. Venjulega er þar allkænlega um hnúta búið þannig að þessi okurlánastarfsemi lítur út sem mjög venjuleg verslunarstarfsemi, enda líka oft höfð aðstoð manna, sem hafa vel vit á lögum, við að framkvæma hana. En afleiðingin af þessari starfsemi er sú að það tíðkast nú í Reykjavík að það sé raunverulega lánað fé með 5-6% vöxtum mánaðarlega þegar reiknað er með þeim afföllum eða með því verði sem verðbréf eða víxlar eða annað slíkt er látið manna á milli."

Þetta þættu ekki háir vextir í dag miðað við þau okurlán sem nú eiga sér stað því að þar er talað um 10–12% vexti mánaðarlega og þaðan af miklu hærri. En það er eflaust það sama hægt að segja um okurlánin nú að það er mjög kænlega farið með þessa starfsemi. Til þess að vitna í eitt slíkt dæmi ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér tilvitnun úr DV síðan í nóv. s.l. Þar stendur stórum stöfum:

„100 þús. urðu að 416 þús. kr. á sjö mánuðum.

Ég varð fyrir því óhappi að lenda í gapastokki okurlánara, fékk lánaðar 100 þús. kr. Ég var í fjárhagsörðugleikum. Þær krónur urðu mér dýrkeyptar. Þær voru orðnar að 416 þús. kr. skuldabagga á nokkrum mánuðum, sagði einn viðmælanda DV sem varð fyrir barðinu á mönnum sem lánuðu peninga með okurvöxtum og notuðu sér bágindi annarra til þess að auðgast."

Í þessari tilvitnun kemur fram að þarna kunnu menn lagið á lagalegu hliðinni því að seinna í þessari frétt kemur fram að þeir sem keypt höfðu skuldabréfið — fyrst voru þetta víxlar sem síðan var breytt í skuldabréf — neituðu því staðfastlega að þeir hefðu nokkurn tíma sjálfir útvegað skuldabréfið heldur bara keypt það af manninum. Hann reyndi að kæra þetta mál en dró það til baka því að honum reyndist ekki stætt á því.

Þetta er ugglaust ekki eina dæmið um slíkt. Með því að tala við fólk, bara almenning á götunni, fréttir maður af ótrúlega mörgum dæmum um að fólk verður að greiða allt að tvöfalda þá upphæð sem það fær að láni eftir eitt ár. Slíkt getum við ekki látið viðgangast og verðum því hér á hv. Alþingi að taka þessi mál alvarlega, ekki bara ræða þau einn dag utan dagskrár á Alþingi heldur að grafast fyrir um það hvernig í ósköpunum stendur á því að spillingin er orðin svo mikil í þjóðfélaginu að þetta þykir sumum bara ekki vera neitt mál. En það var annað fyrir 22 árum síðan því að þá var till. þessi, sem ég nefndi hér áðan, samþykkt á Alþingi. Margir tóku þar til máls og er um margt merkilegt að lesa þá umræðu sem þá átti sér stað og eflaust mörgum hv. þdm. holl lesning.

En til þess að finna svör við spurningunni um orsakir okurlánastarfsemi þarf að endurskoða það peningakerfi sem við búum við. Það þekkist ekki í nokkru vestrænu ríki að ríkisvaldið stjórni á milli 80 og 90% af því peningamagni sem er í umferð til útlána. Pólitísk stjórn á banka- og sjóðakerfi hefur hér sitt að segja. Það hafa ekki allir jafnan aðgang að fjármagni.

Það er því mikilvægt að sú rannsóknarnefnd, sem hér er lagt til að verði kjörin, grafist fyrir um orsakir þess að okurlán eiga svo auðvelt uppdráttar sem raun ber vitni. Sé ekki grafist fyrir um orsakir verða tillögur til úrbóta marklausar.

Eins og ég nefndi áðan er umfang okurlánastarfseminnar ekki bundið við þann eina aðila sem hér hefur komist upp um en það mál er nú til meðferðar hjá ríkissaksóknara. Því hefur verið haldið fram að hér sé aðeins toppurinn á ísjakanum eða pilsfaldinum rétt lyft upp, eins og kom fram í Þjóðviljanum þann 14. nóv. s.l. Þar segir einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tvö þúsund fjölskyldur lifa á okurvöxtum. Fjármálamenn skipta peningamarkaðnum í þrennt, hvítt, grátt og svart svæði. Þeir sem best fylgjast með og þekkja til íslenska peningamarkaðarins fullyrða að ekki færri en tvö þúsund fjölskyldur lifi eingöngu á því vaxtaokri sem viðgengst í landinu. Það sem meira er, það fé, sem fæst með þessum hætti, bæði eftir löglegum og ólöglegum leiðum, er skattfrjálst." — Það er líka eitt

af þeim dæmum, sem mega teljast hálf hjákátleg, að menn geti þar að auki haft þessa peninga skattfrjálsa í sinni vörslu, umsjá og eigu. — „Íslenskir fjármálamenn skipta íslenska peningamarkaðnum í þrennt, þeir kalla bankana hvítt svæði, verðbréfamarkaðinn grátt svæði og ólöglega okurlánastarfsemi svart svæði."

Það var mikið rætt um þetta mál og skrifað í blöðin á þeim tíma þegar þetta mál var mest hér til umræðu í nóv. s.l. Þá kom eftirfarandi fram í Helgarpóstinum sem ég ætla að vitna í, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýjasta og öruggasta okurlánaleiðin er að taka út peninga í stað vöru á krítarkortið sitt gegn góðri þóknun verslunareiganda."

Þetta er mjög athyglisvert og hefur meira heyrst um þetta síðan í nóv. s.l. Það sé sem sagt hægt að fara inn í verslun og taka út á krítarkortið sitt. Með því kannske að skrifa 10 000 kr. á seðilinn fái fólk 8000 kr. í peningum en enga vöru. Þrátt fyrir að ég geti ekki fært neinar sannanir á slíkt hef ég heyrt nú undanfarið mjög mikinn orðróm um þetta. Ég tel að sé svo komið að fólk þurfi að nýta sér allar þær smugur til að komast yfir peninga þá sé ástandið orðið ansi alvarlegt, sem það er eflaust og örugglega.

Hér er aðeins nánar farið út í þessi mál, hvernig þessi viðskipti eiga sér stað og tekið dæmi. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér beint upp úr greininni:

„Tökum t.d. fyrirtækjakort þar sem má taka út á þeim um 130 þús. kr. á hverju tímabili. Handhafi þess fær í lið með sér verslunareiganda sem stimplar 13 10 000 kr. nótur og skrifar „vörur" á hverja þeirra. Handhafinn skrifar undir, lætur búðarmanninum eftir 30 000 sem þóknun eða vexti en heldur eftir 100 000 kr. í beinhörðum peningum sem hann þarf svo vitaskuld að greiða krítarkortafyrirtækinu í byrjun næsta tímabils. Það er þá líklega eftir 45 daga. Nafn búðareigandans kemur þarna hvergi nærri, aðeins nafn verslunar hans. En það kemur fyrir ekki því að ekki er heiglum hent fyrir yfirvöld að komast að því hvort varan, sem skrifuð er á allar nóturnar, hafi einhvern tíma verið tekin út."

Ég verð að viðurkenna að ég geri mér ekki fyllilega grein fyrir hvernig svona viðskipti geta átt sér stað án þess að brotin séu skattalög því að ég hélt að söluskatt þyrfti að greiða af útseldri vöru. Þessar sölunótur, sem skrifaðar eru út, hljóta einfaldlega að vera rifnar. En einhvern veginn er þetta í eðli sínu neðanjarðarstarfsemi sem ætti ekki að líðast í nokkru þjóðfélagi.

Auk þess er margs konar lánastarfsemi á mörkum þess að vera lögleg. Þar má nefna afborgunarskilmála en í þeim tilfellum höfum við mörg dæmi. Það er t.d. hægt að kaupa sér bíl á afborgunum. Ég er með eitt dæmi hér fyrir framan mig sem ég ætla að vitna í. Með því að staðgreiða bílinn kostar hann 735 000 kr. En með því að taka hann á afborgunarskilmálum, sem sagt er að séu vaxtalausir en vextirnir heita bara fjármagnskostnaður, er bíllinn kominn upp í 856 894 kr. Auk þess kemur vísitala ofan á þessa síðarnefndu upphæð. Þarna er því vaxtaprósentan orðin ansi há. En það eru ekki vextir heldur heitir það fjármagnskostnaður í þessu tilfelli.

Nú er komið nýtt upp. Mér er ekki kunnugt nákvæmlega hvað það þýðir mikla vexti en það er hægt að kaupa bíla á kaupleigusamningum. Ég verð að segja að ég varð hálf hissa þegar ég heyrði þetta og kynnti mér það lítillega. En það er þá staðreyndin og þá heita vextirnir ekki vextir heldur leigugjald. (Forseti hringir.) Ég verð að biðja forseta afsökunar. Ég áttaði mig ekki á því að kortérið væri svona fljótt að líða, en það er víst sá afmarkaði tími sem maður hefur til þess að mæla fyrir þál.

Herra forseti. Ég skal reyna að vera mjög fljót, stytta mál mitt eins og unnt er. En til þess að við komumst eitthvað til botns í slíkum málum verðum við að taka þetta föstum tökum eins og ég hef áður sagt og setja á laggir rannsóknarnefnd sem fer ofan í saumana á þessu, fer ofan í saumana á því hvernig okkar fjármálamarkaði hér á Íslandi er fyrir komið því að þar er eflaust margt sem við þyrftum að breyta og bæta í löggjöfinni til að fyrirbyggja slíkt og þvílíkt sem viðgengst og gera till. að mörgu leyti til úrbóta. Til þess að svo verði verður hv. Alþingi að kjósa rannsóknarnefnd þm. til að rannsaka okurlánin eins og ég hef áður sagt. Ég geri till. um að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til allshn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér hefur verið mælt fyrir, fjallar um mál sem eðlilega hefur verið mikið á dagskrá í umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu og einnig hér á Alþingi. Ég geri mér ljóst að það er góður hugur á bak við flutning þessarar till. frá flm. og hefði ekkert á móti því að ofan í þessi mál verði farið af sérstakri rannsóknarnefnd.

En ég vil benda á að flutt hefur verið í Nd. þingsins sérstakt frv. til laga um stöðvun okurlánastarfsemi. Það er á þskj. 166, flutt af öllum þm. Alþb. í Nd. þingsins. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að öll skuldabréf skuli skráð á nafn og nafnnúmer. Handhafaskuldabréf, sem útgefin eru eftir gildistöku þeirra laga, skuli skráð á nafn á næsta gjalddaga. Skattstofum séu veittar upplýsingar um skuldabréf, kaupanda og seljanda. Leyfi þurfi fyrir starfrækslu verðbréfamiðlunar eða fasteignasölu og bankaeftirlitinu sé heimilt að rannsaka fjárhag og rekstur þeirra aðila sem leyfi hafa hlotið til verðbréfamiðlunar. Það er einnig gert ráð fyrir sérstökum reglum sem félmrn. setji um þessi mál og fjölmargt fleira er tekið fram í þessu frv. sem vísað var til fjh.- og viðskn. Nd. 4. des. s.l. og er þar sem sagt til meðferðar.

Þarna er tekið með ákvarðandi hætti á þessu máli og það verður að sjálfsögðu að líta á þessi mál í samhengi. Ef þetta frv. til laga, sem Alþýðubandalagsmenn hafa flutt í Nd., yrði lögfest væri tekið myndarlega á þessu máli af löggjafanum.

Þingið þarf að skoða þessi mál í samhengi, hvort rétt er og nauðsynlegt að setja sérstaka rannsóknarnefnd þm. til að kanna þessa starfsemi. Það má vel vera að það sé réttmætt og að full ástæða til þess. Ég hygg að margt gæti komið þar fram sem gæti orðið að gagni við athugun þessara mála. Ég hef sem sagt ekkert á móti því en vildi vekja athygli á þessu frv. til laga sem er til meðferðar í fjh.- og viðskn. Nd.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Jöfnun orkukostnaðar, þáltill. 135. mál (þskj. 149). — Fyrri umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 149

er till. til þál. um jöfnun orkukostnaðar sem Guðmundur Búason flutti, en hann sat á þingi fyrr í vetur sem varaþm.

Till. hljóðar um það að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta nú þegar gera tillögu sem miði að því að jafna orkukostnað landsmanna hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Í grg. kemur fram að mjög hafi verið hvatt til nýtingar innlendra orkugjafa og sú stefna hafi borið góðan árangur þar sem þeir eru nú að langmestu leyti notaðir til upphitunar húsa. Hins vegar hafi af ýmsum ástæðum farið svo að orkuverð sé nokkuð mismunandi hjá hinum ýmsu orkuveitum og þar sem um svo veigamikinn útgjaldalið hjá hverjum aðila er að ræða sem upphitunarkostnaðurinn er skapi það misjafna aðstöðu fyrir menn eftir því við hvaða aðstöðu þeir búa.

En ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. allshn. og síðari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er till. sem er þörf. Þar er gert ráð fyrir að Alþingi feli ríkisstj. að láta nú þegar gera tillögur sem miði að því að jafna orkukostnað landsmanna hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Ég flutti á tveim næstliðnum þingum till. um svipað efni, en hún náði ekki fram að ganga. Þar var gert ráð fyrir hnitmiðaðri áætlun og átaki í þessu skyni. En sú till. fékk ekki undirtektir, því miður, og enn er óhæfilegur munur, svo ekki sé sterkara að orði kveðið, milli landsmanna varðandi orkukostnað. Það á bæði við um hitunarkostnað en einnig um raforku til heimilisnota, svo að ekki sé minnst á þann mun sem atvinnutæki í landinu búa við, þau sem starfa að stóriðju svokallaðri m.a. og hins vegar að almennum iðnaði.

Um það mætti margt segja. Ég ætla ekki að orðlengja það hér og nú. Ég vil hins vegar af þessu tilefni, af því að hæstv. iðnrh. er hér viðstaddur og hæstv. fyrrv. iðnrh., nú menntmrh., er einnig hér viðstaddur, inna þá eftir því hvað líði úttekt á orsökum hins háa orkukostnaðar í landinu, úrvinnslu á því máli, en Alþingi samþykkti fyrir alllöngu sérstaka þál. um það efni sem ég held að mig misminni ekki að gert hafi verið ráð fyrir að skilað yrði til síðasta Alþingis, en enn bólar ekkert á þessari úttekt.

Ég skal, herra forseti, endurtaka þessa fsp. af því að hæstv. iðnrh. er kominn í þingsal. Ég var að inna eftir úttekt sem samþykkt var á Alþingi að gerð yrði á orsökum hins háa orkukostnaðar hérlendis með tilliti til orkukostnaðar í grannlöndum okkar. Nú getur væntanlega hæstv. iðnrh. sagt okkur hvað þessari úttekt líði og forveri hans í starfi sem er hér einnig viðstaddur. Ég hygg að þetta hafi verið eitt fyrsta mál þings, ef ekki síðasta þá næstsíðasta Alþingis. Ég vil ekki fullyrða það hér því að ég hef ekki þskj. handa á milli, en ég man að það var gerð sérstök ályktun Alþingis um þetta mál.

Ég vil einnig geta þess að í sambandi við almennan heimilistaxta raforku hefur aukist að undanförnu sá munur sem er á taxta rafveitna úti á landi, sérstaklega Rafmagnsveitna ríkisins, og hins vegar hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur á hinum almenna heimilistaxta og það bætist við þann mikla mun sem er á upphitunarkostnaði.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég var því miður fjarverandi þegar hv. síðasti ræðumaður hóf mál sitt, en hann endurtók spurninguna og ég skil það vonandi rétt að hér er hann að tala um nefnd þá sem hefur verið að störfum undir forustu Júlíusar Sólness. Þessi nefnd hefur starfað vel og starfað lengi, það er rétt, en fyrir nokkrum dögum skilaði nefndin áliti. Það álit er í skoðun í ráðuneytinu og ég hef beðið Júlíus Sólnes og nefndina að gera drög að frv. Ég vona að það líði ekki margir dagar þangað til ég get kynnt þetta álit hér.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans. Það eru vissulega góð tíðindi að þessi nefnd, sem lengi hefur verið að störfum, hefur skilað áliti og að von er á frv. í framhaldi af því. En mig langar að inna hæstv. ráðh. eftir því um hvaða efni slíkt frv. muni fjalla, hvort þar verði tekið á því máli sem þáltill. fjallar um, lækkun og jöfnun orkukostnaðar meðal landsmanna og aðgerðir til að draga úr þessum mikla mismun. Það væri mjög forvitnilegt fyrir okkur þm. að fá einhver svör um það hvert verði efni þess frv. sem hæstv. ráðh. hér boðar.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég er nú ekki með alla skýrsluna í höfðinu, en frv. fjallar um þó nokkrar breytingar, m.a. niðurfellingu á verðjöfnunargjaldi og ákveðna gjaldtöku eða skatt í staðinn. En mér er ljúft að láta ljósrita þessa skýrslu, hún er ekkert leyndarmál í ráðuneytinu, og afhenda hv. þm. til athugunar. Ég held að ég gæti gefið honum bestar upplýsingar á þann hátt frekar en rifja upp skýrsluna eftir minni og eftir einn yfirlestur, má segja, á þessu stigi málsins.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, þáltill. 226. mál (þskj. 454). — Fyrri umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands þannig að öll kennarafræðsla á háskólastigi verði á vegum einnar og sömu skólastofnunar og þannig megi nýta reynslu og þekkingu sem til er í báðum skólum og samnýta og koma á sameiginlegri yfirstjórn þessara tveggja skóla.

1. flm. var Sighvatur Björgvinsson sem fluttí till. sem varaþm., en að öðru leyti eru aðrir flm. allir þm. Alþfl.

Till. var fyrst flutt sem brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 sem þáttur í umfangsmikilli tillögugerð okkar Alþýðuflokksmanna um sparnað í ríkisrekstri og bætta nýtingu fjármuna ríkisins. Markmið till. er að sameina þessa tvo skóla þannig að öll kennaramenntun á háskólastigi verði á vegum einnar og sömu stofnunar, eins háskóla Íslendinga. Þannig fengist betri nýting m.a. á starfskröftum, reynslu og þekkingu, auk þess sem einhver beinn fjárhagslegur sparnaður hlyti óhjákvæmilega að verða þegar tvöfalt stjórnkerfi er einfaldað eins og yrði ef þessar tvær skólastofnanir yrðu sameinaðar í eina.

Þegar Kennaraskóli Íslands var framhaldsskóli fyrir neðan háskólastig fór framhaldsmenntun kennara fram á háskólastigi í Háskóla Íslands að mestu. Eftir að stúdentspróf eða ígildi þess var gert að inntökuskilyrði í

Kennaraskólann og Kennaraskólanum hafði verið breytt í kennaraháskóla fór kennaramenntunin fram á háskólastigi í tveimur stofnunum þótt e.t.v. hefði mátt telja eðlilegast að Kennaraháskólinn annaðist alla þá menntun um leið og almennri kennaramenntun var lyft á háskólastig. Þannig hafa í rauninni starfað tveir háskólar á Íslandi sem annast menntun kennara og fá flm. ekki séð að slíkt sé skynsamlegt fyrirkomulag með svo fámennri þjóð fremur en t.d. að starfræktir væru tveir háskólar á sviði annarra menntamála eða fræða, svo sem eins og sviði félags- og stjórnmálafræða, læknisfræði, lögfræði eða viðskiptafræði.

Það er út af fyrir sig afrek svo fámennri þjóð sem Íslendingar eru að starfrækja einn háskóla með fjölbreyttu háskólavali, háskóla sem talinn er standa jafnfætis sambærilegum menntastofnunum hjá miklu fjölmennari og ríkari þjóðum. Við eigum fullt í fangi með að byggja sómasamlega upp þennan eina háskóla þannig að hann geti fylgst með tímanum og veitt menntun í þeim greinum sem þar eru kenndar sambærilega við þá sem kröfur eru gerðar til með öðrum þjóðum. Við höfum ekki efni á að dreifa þeim kröftum með því að starfrækja aðrar sambærilegar skólastofnanir til að inna af höndum áþekkt eða jafnvel sams konar starf og Háskóli Íslands sinnir. Þvert á móti eigum við í þessu tilviki að láta alla kennarafræðslu á háskólastigi fara fram í einni og sömu stofnun, í Háskóla Íslands, þannig að sem mest gagn megi hafa af þeirri þekkingu og reynslu, búnaði og þeim fjármunum sem Íslendingar hafa yfir að ráða til að mennta kennara í háskóla. Kennaraháskóli Íslands gæti þannig mætavel orðið ein af deildum í Háskóla Íslands, sem sæi þá um alla kennaramenntun á háskólastigi, og háskóladeildin gæti jafnvel haldið sínu sama nafni, Kennaraháskólinn, án þess að menn þyrftu að leggja í þann tvöfalda kostnað sem óhjákvæmilega fylgir skiptingu kennaranámsins milli tveggja sjálfstæðra kennaraháskóla.

Það er fyrst og fremst til að spara fé og nýta betur reynslu og þekkingu, búnað og tæki sem þessi till. er flutt. Það er þó ekki fyrst og fremst þess vegna heldur ekki síður vegna þess að með sameiningu kennaraháskóla og háskóla færi öll kennaramenntun á háskólastigi fram í einni og sömu stofnun, en það telja flm. að yrði til eflingar kennaramenntun í landinu.

Að lokum, herra forseti: Að loknum umræðum leggjum við til að þessari till. verði vísað til síðari umr. og félmn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel að það geti vel komið til greina að athuguðu máli að sameina kennaramenntun í landinu í einni stofnun og hugsanlega með þeim hætti sem hér er vísað til þó að ég vilji alls ekki taka afstöðu til þess að óathuguðu máli.

Mér finnst að röksemdirnar fyrir þessari till., eins og þær koma fram í grg. og í máli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, séu fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis, að flm. vænti verulegs sparnaðar af sameiningu þessara tveggja stofnana. Hugsanlegt er að eitthvað mætti spara við slíka sameiningu. Hitt er ljóst að mikil nauðsyn er á að efla kennaramenntun í landinu og veita í rauninni auknu fjármagni til að styðja við kennaramenntun og endurmenntun kennara sem engan veginn er sinnt sem skyldi. En ef með endurskipulagningu kennaramenntunarinnar og sameiningu þeirra þátta sem fram fara í Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum mætti spara teljandi fjármagn væri það visslega vel þegið.

Mér finnst hins vegar að till. beri óþarflega mikinn keim af fjárhagssjónarmiðinu einu saman og rökstuðningurinn fyrir henni. Ég minni á í þessu samhengi að það er vissulega löngu tímabært að endurskoðuð verði lög um Kennaraháskóla Íslands. Þau voru sett árið 1971 og áttu að gilda aðeins í tvö ár og hljóta þá endurskoðun, en hafa ekki verið endurskoðuð enn þann dag í dag, ekki af þinginu. Það var gerð atrenna að þessu máli í tíð ríkisstjórnarinnar 1974–1978. Nefnd var að störfum. Ég man ekki hvort hún var skipuð af þáv. menntmrh. Vilhjálmi Hjálmarssyni eða af Magnúsi Torfa Ólafssyni í tíð vinstri stjórnarinnar 1971–1974, en frv. var lagt fram 1976 sem afrakstur af þessu starfi og endurflutt 1977 en strandaði í þinginu. Síðan hefur ekki verið gerð, mér vitanlega, veruleg atrenna að þessu máli þó það hafi e.t.v. verið til meðferðar á vegum ráðuneytis síðan.

Ég tel að það sé full þörf á því að fara yfir þessi mál og gildandi lög um kennaramenntunina í landinu, fyrst og fremst með það að markmiði að treysta hana og efla. Ég tel að vissir þættir kennaramenntunar og ekki síst endurmenntunar kennara þurfi að fara fram úti á landi. Það þurfi að flytja endurmenntunina nær vettvangi. Þar hafa verið uppi ákveðnar tillögur, m.a. í mínu kjördæmi á Austurlandi, unnar af kennurum þar á vettvangi, um að efla sérkennslu, endurmenntun kennara og reyndar grunnmenntun í sérkennslu. Það hefur verið sótt um fjármagn í því skyni sem ekki hefur enn fengist.

Þau rök sem fram komu í grg. hjá flm. í þessu máli eru þess eðlis að ég tel að þau beinist í rauninni frekar gegn því að færa ákveðna þætti kennaramenntunarinnar út á land. Það er tekið svo til orða í grg. að við séum fámenn þjóð og eigum fullt í fangi með að byggja sómasamlega upp þennan eina háskóla þannig að hann geti fylgst með tímanum og jafnan veitt bestu menntun í þeim greinum sem þar eru kenndar.

Ég vildi inna hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sem er 2. flm. þessarar till., eftir því hvort í þessu felist andstaða af hans hálfu við því að taka upp ákveðna þætti háskólamenntunar utan Reykjavíkur, utan Háskóla Íslands, t.d. andstaða við þær hugmyndir að setja upp háskóla á Akureyri sem tæki á ákveðnum menntaþáttum á háskólastigi. Það mætti skilja þessi orð í grg. í þá átt að þar felist andstaða gegn því. Ég geri ráð fyrir að það megi auðveldlega reikna út að það sé óhagkvæmara að dreifa fræðslu á háskólastigi þannig á fleiri staði á landinu, en ég tel hins vegar auðsætt að aðrir þættir vinnast í leiðinni. Ég er mikill talsmaður þess að færa ákveðna þætti í okkar menntakerfi og stjórnsýslu út á land. Það væri fróðlegt að vita hver væri hugur hv. flm. í þessu efni.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Í tengslum við þessa þáltill. langar mig til að geta þess að ég hafði hugsað mér að hreyfa því máli á þessu þingi að leggja til að Fósturskóli Íslands yrði sameinaður Kennaraháskóla Íslands. Að þeirri hugmynd liggja að mörgu leyti sömu rök og tekin eru til í þessari þáltill. um að sameina Kennaraháskóla Íslands Háskóla Íslands. En þar segir í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar Kennaraháskóli Íslands var framhaldsskóli neðan háskólastigs fór framhaldsmenntun kennara á

háskólastigi fram í Háskóla Íslands. Eftir að stúdentspróf eða ígildi þess var gert að inntökuskilyrði í Kennaraskólann og Kennaraskóla Íslands hafði verið breytt í Kennaraháskóla Íslands fór kennaramenntun á háskólastigi fram í tveim háskólastofnunum þótt e.t.v. hefði mátt telja eðlilegast að Kennaraháskólinn annaðist alla þá menntun um leið og almennri kennaramenntun var lyft á háskólastig."

Þessi rök eiga líka við um Fósturskóla Íslands. Þau inntökuskilyrði eru komin í Fósturskóla Íslands að það skuli vera stúdentspróf.

Ég tel einnig gild þau rök sem hér er bent á, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig fengist betri nýting m.a. á starfskröftum, reynslu og þekkingu auk þess sem einhver beinn fjárhagslegur sparnaður hlýtur óhjákvæmilega að verða þegar tvöfalt stjórnkerfi er einfaldað eins og verða mun þegar þessar tvær sjálfstæðu skólastofnanir verða sameinaðar undir eina yfirstjórn."

Ég bendi á að í Fósturskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands fer fram kennsla í uppeldisfræðum og sálarfræði. Í Háskólanum, Kennaraháskólanum og Fósturskólanum fer einnig fram að hluta til kennsla í félagsfræði og félagsráðgjöf. Það er verið að kenna þessar greinar allar á þremur stöðum á sama stigi, jafnvel oft með öllum sömu kennurum. Enn fremur er um að ræða að námskeið eru haldin í endurmenntunarskyni á öllum stöðunum með sömu kennurum.

Ég mundi telja að mjög mikil hagræðing gæti orðið að því að uppeldis- og kennaramenntun væri öll á sama stigi og að það séu ekki dregin mörk á milli þess þroskastigs sem börnin eru á sem um ræðir að kennt verði eða annast um.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það er mín skoðun að mjög vafasamt sé að sameina Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands nema allt háskólastigið sé tekið til endurskoðunar. Það er hægt að hugsa sér slíka tengingu á þann veg að Háskóli Íslands sé gerður að fullkomnari menntastofnun með alla rannsóknarmöguleika sem slíkur háskóli þarf í rauninni að hafa, en þá tel ég jafnsjálfsagt að starfsmenntastofnanir, eins og landbúnaðarskóli, kennaraskóli, listaskóli, fiskvinnsluskóli og tækniskóli svo að dæmi séu nefnd, væru sjálfstæðar verkmenntastofnanir þó að þær væru í tengslum við Háskóla Íslands. Það held ég að sé mun hyggilegra. Ég held að eins og staðan er sé beinlínis hættulegt að tala um að sameina Kennaraháskóla Íslands Háskólanum. Það er vonandi stefna sem verður ofan á að samtengja grunnmenntunina og verkmenntunina. Hæstv. menntmrh. hefur lýst það skoðun sína og vil ég taka undir það.

Ég nefni sem dæmi að ég held að það sé ekki sú aðstaða í Háskóla Íslands að verkmenntaþættirnir í Kennaraháskóla Íslands, kennsla í listum og verkmenntagreinum, kennsla í t.d. smíðum, hannyrðum, heimilisfræði, tónlist og íþróttum, fái notið sín í Háskóla Íslands eins og þær njóta sín innan sjálfstæðrar stofnunar, Kennaraháskóla Íslands. Þessar greinar tel ég vera að mörgu leyti lykilatriði í starfi Kennaraháskóla Íslands.

Það má segja að það hafi verið fremur dræmur skilningur á gildi sérmenntaðra starfsmanna á sviði uppeldis í landinu, þó það sé á réttri leið, en ég tel að Kennaraháskóli Íslands sé vörn fyrir kennaramenntunina og það þurfi að verja Kennaraháskóla Íslands gegn því að hann sé limaður í sundur. Þess vegna held ég að þetta sé ekki tímabær tillaga.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Umræða um þetta efni er af hinu góða. Það er mjög nauðsynlegt að hafa vakandi auga með þróun mála og ekki síst í menntakerfi okkar. Fyrirrennari minn, hæstv. núv. heilbrrh., hafði áhuga á þessari sameiningu og setti á stofn starfshóp til að gera athugun á efninu.

Ég hef leitt hugann að málefnum Kennaraháskólans og er að hluta viðbúinn því að ræða þessa möguleika um sameiningu, en mig skortir enn öll rök fyrir henni. En prófessor við Háskólann, Þórólfur Þórlindsson, er að gera athugun á málefnum Kennaraháskólans fyrir mig þessa dagana og mun enda sækja sér aðstoð víðar að. Þar til hans álit liggur fyrir og í framhaldi af því frekari umræður og rannsóknir á viðfangsefninu get ég ekki tekið undir og er heldur ekki viðbúinn af skiljanlegum ástæðum til að hafa uppi neinar áætlanir eða áform um breytingu á þessu kerfi í þá átt sem hér er lagt til.

Ég kann heldur ekkert að meta að svo komnu hvort hér er um einhverja hagræðingu í rekstri að tefla sem getur orðið fjárhagsatriði sem um munar. Ég dreg það stórlega í efa og læt mér ekki ótt um slík áform því að í þessum efnum gengur ýmislegt fyrir því að velta fyrir sér hinum ýtrustu sparnaðarráðstöfunum. Ég held að ýmislegt fleira verði að koma til álita á undan, áður en menn hyggja á frekari áform en orðið er og uppi eru höfð á hinu háa Alþingi um niðurskurð og samdrátt í mennta- og menningarkerfi þjóðarinnar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er ekki fyrst og fremst verið að tala um niðurskurð eða samdrátt í menntakerfi þjóðarinnar. Það er verið að tala um að gæta hagkvæmni og að öll kennaramenntun á háskólastigi verði á vegum einnar og sömu skólastofnunar. Það er ekki verið að tala um að draga úr eða gera minni kröfur. (**Menntmrh.:** Hvað með Hvanneyri?) Já, Hvanneyri gæti auðvitað komið undir þetta líka. Það er kannske mál sem væri vert að ræða betur í öðru samhengi, þ.e. framhaldsmenntun í búvísindum, það menntakerfi sem er við lýði og þau ríkisbú sem nú keppa við bændur um framleiðslukvóta, nauman kvóta. Það væri hægt að ræða það hér undir öðrum dagskrárlið væntanlega síðar.

En það sem ég vildi minnast á við þessa umræðu og raunar hefur aðeins komið fram hér í máli hv. 5. þm. Austurl. er sú staðreynd að í lögunum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 segir, með leyfi forseta, í 25. gr.:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, sbr. þó 24. gr. þessara laga. Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra."

Þessi endurskoðun hefur aldrei farið fram. Það er ekki vansalaust af hálfu allra þeirra hæstv. menntmrh., sem setið hafa síðan tvö ár voru liðin frá gildistöku þessara laga, að þessi endurskoðun skuli ekki hafa farið fram. Ég spyr hæstv. núv. menntmrh.: Ætlar hann að beita sér fyrir því að þessi endurskoðun fari fram og fram verði þá lagt nýtt frv. til laga um Kennaraháskóla

Íslands? Við þá endurskoðun hlýtur sú till., sem hér er nú til umræðu, mjög að koma til athugunar.

Ég hef vissar efasemdir um það að 250 000 manna þjóð eigi að vera með mjög marga háskóla. Í þessum umræðum hefur verið minnst á að Fósturskóli ætti að vera háskóli líka. Allir vilja vera háskóli. Er ekki rétt að íhuga hvort það sé bara ekki best að setja allt framhaldsnám á háskólastig? Af hverju ætti frekar að þurfa háskólapróf til að gæta lítilla barna — það er vissulega vandaverk og ábyrgðarstarf – en að stýra 1000 tonna fiskiskipi eða að stýra stóru búi?

Ég held að við þurfum svolítið að gæta okkar í þessari umræðu. Það má ekki verða svo að það verði launaspursmál hvort einhver fræðsla fer fram á háskólastigi eða ekki. Ég held að það liggi ærið oft á bak við í þessari umræðu að menn telja sig geta krafist hærri launa ef hægt er að veifa háskólaskírteini og skiptir þá litlu eðli starfsins. Af hverju er ekki skipstjórnarmenntun t.d. á háskólastigi? Ef þeir sem gæta barna á dagheimilum eru með háskólapróf fyndist mér ekki síður ástæða til að þeir, sem afla þess gjaldeyris sem þessi þjóð lifir á, séu menn með háskólapróf ef það er talið slíkt sáluhjálparatriði sem mér virðist sumum vera. Ég held að þessi umræða sé öll komin út á vitlausar brautir og því voru kannske þessi dæmi nefnd.

Guðrún J. Halldórsdóttir: Herra forseti. Mér hefur ekki gefist tækifæri til þess að íhuga mjög nákvæmlega till. þá sem um er að ræða hér, en á hinn bóginn hef ég vasast í fræðslumálum síðustu áratugina og fylgst þar af leiðandi þó nokkuð náið með ýmsum skólum á framhaldsskólastigi.

Ég dreg í efa að skólar verði betri þó að þeir verði stærri. *Ég dreg í efa að kennaramenntun á Íslandi verði* nokkuð betri þó að hún verði öll undir Háskóla Íslands. Hitt er annað mál að það mætti kannske íhuga hvort ætti ekki að færa kennaramenntunina, sem er í Háskólanum, inn í Kennaraháskóla, það væri hugsanlega hin leiðin.

Hvað viðkemur sérskólum, sem eru nánast á háskólastigi líka, eins og Fósturskólinn og ýmsir aðrir skólar, þá dreg ég líka í efa að þeir yrðu betri þó að þeir væru settir í einhvern stærri bás. Það má vera, en ég held samt að ágæti þeirra byggist kannske líka á því hvað þeir eru smáir. Ég hef dæmi um það, sem er Þroskaþjálfaskóli Íslands, sem er búið að gera að stórkostlega góðri stofnun á háskólastigi, á því stigi sem mundi kallast kannske „college". Ég held að það byggist m.a. á því að það er hægt að gera þetta við þessa smáu einingu.

Hvað viðkemur skipstjórum, hvort þeir hafa einhvern áhuga á því að flokkast undir háskólamenntaða, þá dreg ég það mjög í efa. Ég held nefnilega að skipstjórar hafi almennt betri laun en háskólamenntaðir. Þetta var nú aukaatriði.

Um endurskoðun laga vildi ég rétt nefna að það er *ekki vansalaust að það hefur verið dregið að endur*skoða ekki bara þessi lög sem hv. þm., sem talaði hér á undan mér, nefndi, heldur ýmis önnur lög um skóla og þyrfti að gera gangskör að því. Það væri ánægjulegt ef núv. hæstv. menntmrh. vildi gjöra svo vel og gera það, athuga hversu mörg lög um skóla það væru sem þyrfti að endurskoða.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra *forseti*. Þetta var þörf ábending hjá hv. 11. þm. Reykv. og vissulega hef ég áhuga á þessu. En þetta er hið mesta völundarhús. Og þótt mönnum þyki umræðan ganga í öfugar áttir og úr hófi fram, þá er umræðan af hinu góða. Ég held raunar að í þessu sem fleiru hafi hið háa Alþingi dregið allt of mikið við sig að setja á umræður um þessi mikilvægu málefni.

Það er misskilningur að ákvæða laganna um endurskoðun á kennaramenntuninni hafi ekki verið gætt, að vísu ekki innan þeirra tímamarka sem þar er kveðið á um. Endurskoðuð lög hafa verið lögð fyrir hið háa Alþingi en það ekki getað á endurskoðunina fallist. Það er auðvitað allt annars eðlis.

Ég hef mikinn áhuga á að endurskoða allt skólakerfið. Til starfa hefur tekið endurskoðunarnefnd um framhaldsskólalögin. Þessa dagana er verið að ganga frá skipun endurskoðunarnefndar um grunnskólalögin. Kennaraháskólinn er til sérstakrar athugunar og í framhaldi af því ætla ég mér að leggja fyrir hið háa Alþingi endurskoðuð lög um Kennaraháskólann.

Hér er endalaus álitamál um að tefla og menn þurfa að gá til allra átta auðvitað. Það vill svo til að þessa dagana er stödd hér fjögurra manna nefnd á vegum OECD, Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París, sem er að gera mjög gagngera athugun á skólakerfinu íslenska. Nefnd þessi dvelur hér í tíu daga og ferðast einnig út á land til þess að athuga um aðstæður þar, er t.d. á Egilsstöðum nú þessa dagana. Ég er mjög áhugasamur um það hver niðurstaðan verður hjá þessum mönnum sem eru alveg utanaðkomandi en hafa stundað þetta á fjölmörgum öðrum löndum, síðast á Spáni. Hún getur orðið okkur til leiðbeiningar.

Ég er vissulega mjög gagnrýninn á íslenskt skólakerfi. *Ég hef ekkert dregið dul á það. Ég verð að minna á* að gamni mínu að langa ræðan, sem ég einu sinni hélt úr þessum stóli, var um grunnskólalög en kom að vísu ýmsum öðrum málum við. Ég hef verið gagnrýninn á hina löngu skólaskyldu. Ég er fylgismaður styttingar skólaskyldu en ég vil halda fræðsluskyldu jafnlangri. T.a.m. get ég vel hugsað mér skólaskyldu í 7 ár en fræðsluskyldu aftur á móti í 9.

Menn halda kannske að þetta komi í einn stað niður, en það er líka misskilningur. Að vísu er það reynsla skóla að níunda árið sækja 96% af nemendum að meðaltali. En allt að einu, ég vil ekkert njörva þessi 4% endilega niður, binda þau við þennan rúmstuðul, ef þau vilja taka annað fyrir, vinna fyrir sér með öðrum hætti. Hér er því vissulega að mörgu að hyggja.

Öll umræða um þetta efni — ég tala nú ekki um hér á hinu háa Alþingi þar sem ýmsir eru mjög vel kunnugir veigamestu þáttum skólakerfisins — er af hinu góða. Þessi þáltill. er mjög eðlileg og á eðli hennar hefur verið mikill áhugi. Ég legg eindregið til að hún gangi hið fyrsta til nefndar þannig að nefnd leggi okkur líka lið í athugun á verkefninu.

Ég held hins vegar að allt óbagot í þessum efnum sé *ekki til góðs. Þótt menn gagnrýni ýmsa þætti* er ég þeirrar skoðunar að skólakerfið okkar sé ekki alvont og oft hættir mönnum til að taka þar hluta fyrir heild — „finni hann laufblað fölnað eitt þá fordæmir hann skóginn". En margt mætti áreiðanlega betur fara og ég ætla hér með að nota tækifærið til þess út af þessu sérstaka tilefni og vegna fsp. hv. síðasta ræðumanns að

geta þess að ég mun beita mér fyrir gagngerðri endurskoðun á lögum um Kennaraháskólann og leggja þau fyrir hið háa Alþingi svo fljótt sem kostur er.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem spunnist hafa hér í tilefni af þessum tillöguflutningi. Það virðist ekki hafa komið nægilega skýrt fram í mínu máli, þótt skilmerkilega sé tekið fram í grg., að það sem flm. gengur til er alls ekki fyrst og fremst fjárhagslegur sparnaður eða betri nýting fjármuna vegna þess að það er ekki aðalatriði þessa máls. Ég hygg að það sé hægt að benda á marga staði í ríkiskerfinu, reyndar líka í skólakerfinu, þar sem hægt væri að nýta betur fjármuni en mundi hljótast af framkvæmd þessarar till., það er alls ekki aðalatriðið þótt sá ávinningur kunni að verða nokkur.

Aðalatriði málsins er þetta: Ákvörðunin, sem tekin var með löggjöf 1971, um að færa alla kennaramenntun á háskólastig og stofna sérstakan Kennaraháskóla, reyndar gera þann framhaldsskóla sem þá var að háskóla, var gerð með fyrirvara um að þessi löggjöf skyldi hlíta einhvers konar sólarlagsákvæði, verða endurskoðuð í ljósi reynslunnar að tveimur árum liðnum, eða árið 1973. Síðan er liðið talsvert á annan áratug og þessi endurskoðun hefur ekki farið fram og verður nú ekki beinlínis kennt við óðagot frekar en annað í endurskoðun á skólakerfi. Ef þessi till. getur því orðið liður í slíkri endurskoðun, sem er löngu tímabær, þá er það gott. Og auðvitað fagna ég því að hæstv. ráðh. telur ástæðu til að beita sér fyrir með bestu manna yfirsýn einni allsherjar endurskoðun á íslensku skólakerfi. Þar kemur náttúrlega margt til álita.

Í fyrsta lagi spurningin sem hann sjálfur reifaði: Er eðlilegt miðað við þær stökkbreytingar sem orðið hafa á þessu þjóðfélagi að viðhalda áfram níu ára skólaskyldu? Eða væri rétt, eins og ráðherrann lýsti að hann væri fylgjandi, að draga úr skólaskyldu þótt fræðsluskyldu væri haldið? Ég tek undir það, ég held að þá hugmynd mætti gjarnan taka til skoðunar.

Ef við erum að tala um fjárhagslegan sparnað í skólakerfi mundum við vafalaust geta beint sjónum frekar að öðru. Ég nefni sem dæmi: Sá merki pólitíski hugsuður og skólafrömuður Jónas Jónsson frá Hriflu, frumkvöðull héraðsskóla sem hann setti á stofn víða um land miðað við þjóðfélag á kreppuárum, mundi hugsanlega nú ekki telja það óðagot þótt það væri endurskoðað hvaða hlutverk við eigum að finna héraðsskólum. Við getum nefnt nokkra héraðsskóla þar sem svo er komið að aðsókn að þeim er nærri því engin. Þeir hljóta að gegna allt öðru hlutverki nú, þeir eru ekki þær burðarstoðir sinna héraða sem þeir voru áður.

Við getum nefnt sérhæfða skóla eins og húsmæðraskóla. Húsmæðrafræðsla eða hússtjórnun og matreiðslufræði eru komin inn í marga framhaldsskóla. Enn erum við með hússtjórnarskóla sem eru því sem næst tómir, það hefur engin aðsókn verið að sumum þeirra mörg ár en þeim er haldið áfram af gömlum vana. Þegar jafnvel heyrast raddir frá sveitarstjórnarmönnum um að nýta það húsnæði til annarra og skynsamlegri þarfa hefur það gerst að menntmrh. hefur verið boðið kaffi af aðstandendum viðkomandi skóla og síðan gleymt málinu. (**Menntmrh.:** Það á ekki við um mig.) Það er ekki búið að bjóða hæstv. núv. menntmrh. í kaffi enn, það kemur kannske að því, kaffi og hnallþóruköku með og stríðstertur.

Eitt af því, sem ég held að væri tímabært að endurskoða ef það á að endurskoða allt skólakerfið, er það að hér er verið að útskrifa fólk stúdenta 19 og 20 ára gamla upp á almennt gagnfræðapróf svo sem það hefði verið fyrir nokkrum árum. Það þýðir að í mörgum tilfellum eru Íslendingar orðnir þrítugir þegar þeir eru búnir að ljúka háskólanámi og sextugir þegar þeir hætta störfum. Ég held að það væri mjög tímabært í þessari heildarendurskoðun að stefna að því að nemendur ljúki þessu svokallaða stúdentsprófi, sem virðist vera almennt inntökupróf inn í hvers kyns framhaldsnám, ekki eldri en sautján vetra gamlir. Þetta held ég að sé lítill vandi vegna þess að mér sýnist það af almennri reynslu minni sem kennari og sem foreldri að það megi þess vegna sleppa tveimur árum úr skólaskylduferli kerfisins og útskrifa nemendur jafnvel að sér bara með svolítið öðru fyrirkomulagi og ögn meiri kröfum og vinnuaga. Þetta mundi leysa mörg vandamál og er auðvitað fyrst og fremst svo út frá sjónarmiði nemenda sjálfra.

Að því er varðar þessa till. sérstaklega um að sameina þessa tvo skóla: Hvaða rök eru því helst til framdráttar? Það er jú ekki fyrst og fremst einhver fjárhagslegur sparnaður, eins og ég nefndi áðan, það er allt annað.

Að lokinni þessari almennu skólaskyldufræðslu, sem heitir stúdentspróf, leita menn til háskólanáms í mörgum greinum. Menn eru engan veginn búnir að gera það upp við sig hver starfi þeirra verður að loknu almennu háskólaprófi. Hvort heldur menn fara í nám í hinum æðstu hugvísindum, eins og stærðfræði, eða einhverjum raungreinum eða tungumálum eða einhverjum öðrum fræðum er ekki þar með sagt að menn viti það fyrir fram hvort þeir leggja fyrir sig einhver sérhæfð störf á þessum sviðum eða stunda kennslustörf.

Þess vegna er það að fyrir ekki fjölmennari þjóð væri ósköp eðlilegt að við hefðum hér einn háskóla þar sem menn sæktu menntun sína í þessum akademísku greinum. Ef menn síðar að loknu námi eða síðar á námsbrautinni vildu nýta þessa þekkingu sína sem kennarar væri eðlilegt að þeir byggju sig undir það sérstaklega. Menn læra sömu stærðfræðina hvort sem þeir nýta hana til kennslu eða ekki. Menn læra sömu tungumálin hvort sem þeir nýta þau til kennslu eða ekki.

Þessi háskóli ætti síðan að hafa einhverja sérstaka fagmenntun vegna kennslustarfsins sjálfs, þ.e. í uppeldis- og kennslufræðum og öðrum slíkum fræðum. En það er nánast eins og hliðar- eða viðbótarnán. Menn þurfa ekki að vera í sérstakri stofnun til að læra að kenna ensku eða stærðfræði. Menn eru væntanlega að læra þessar greinar á akademískum standard og sú fagmenntun, sem menn fá til kennslustarfa, er eins konar viðbótarmenntun þó að ég persónulega sé reyndar þeirrar skoðunar að mönnum verði aldrei kennt að verða kennarar hversu lærðir sem þeir ella yrðu í sínum fræðum.

Þá er spurt: Er stór skóli endilega betri en lítill? Ég er alveg sammála hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur þegar hún sagði að svo væri ekki. Háskóli Íslands er að vísu ekki stór skóli, hann er reyndar bara pínulítill skóli. Hins vegar þarf deildaskiptur háskóli heldur ekki að vera neitt risavaxið bákn. Við erum því út af fyrir sig ekki að ná neinni hagkvæmni stærðar þótt við steypum þessum skólum saman. Það er ekki málið.

Hitt er annað mál að lítill skóli er ekki endilega mjög góður skóli, hann getur verið of lítill líka. Það getur verið að einstakar háskóladeildir séu það vanburðugar að kennslukröftum eða búnaði að þær nýtist ekki. Nú eru mörg fræði í örri breytingu og það er alkunna með íslenska skóla almennt að þeir eru vanbúnir. Örtölvubyltingin sjálf t.d. er varla farin að halda innreið sína í sambærilegum mæli við aðrar þjóðir inn í skólastofurnar. Þetta er hjálpartækni sem á að nota í nærri því flestum kennslugreinum. Miðað við ekki stærri háskóla en Háskóli Íslands er eru hagkvæmnisrökin fyrir því að kenna greinina akademískt á einum stað með þeim besta búnaði sem völ er á í flestum tilfellum nokkuð gild.

Þýðir þetta þá að menn séu andvígir því að háskólakennsla færist út um landið? Eru menn t.d. þess vegna ekki hrifnir af hugmyndinni um það að fara að kenna ensku á háskólastigi norður á Akureyri? Ég fyrir mína parta á eftir að sjá og heyra einhver sérstök rök fyrir einhverjum sérstökum háskóla norður á Akureyri eða á Egilsstöðum eða þá vestur á Ísafirði.

Hér hefur verið flutt hið merkasta mál um fjarkennslu og að nýta miðil eins og sjónvarp í kennsluskyni. Það finnst mér í fljótu bragði miklu stærra mál, miklu þýðingarmeira mál en spurningin um að dreifa háskóladeildum hér og þar um landið. Þá á ég bæði við aðstöðu fólks til að nema á háskólastigi í gegnum þessa boðmiðla og ekki hvað síst aðstöðu fólks úti á landi, sem er fjarri bæjardyrum Háskólans, til að nýta sér þá fræðslu sem Háskólinn og hinir bestu menn okkar í hinum ýmsu fræðum gætu komið á framfæri í framhaldsmenntun og í fullorðinsfræðslu, símenntun eða hvað menn kalla þetta.

Við höfum farið þá leið að færa nærri því alla framhaldsskólamenntun upp á háskólastig. Einhver nefndi hér að þetta hefði oft verið gert ekki fyrst og fremst út af einhverju faglegu mati heldur sem þáttur í kjarabaráttu. Þannig er fullt af sérhæfðum skólum sem gera nú þá almennu kröfu til inntöku að menn hafi þetta almenna stúdentspróf og slíkir skólar eru býsna margir eins og sjá má á skránni frá Lánasjóði ísl. námsmanna t.d. Það er ekki einsýnt að það gildi þau rök um þá alla að það sé best að sameina þá alla í einum allsherjar háskóla. Ég geri ráð fyrir því að nám í búvísindum sé vel staðsett á Hvanneyri og ég gæti ímyndað mér að nám í matvæla- og fiskvinnslufræðum væri vel komið í öflugum sjávarútvegsbæ og þyrfti ekki endilega að vera fyrirkomið í Reykjavík. Þessi rök gilda því ekki almennt séð.

En að því er varðar kennaramenntunina vil ég að lokum bara leggja áherslu á eitt. Við bætum ekkert skólakerfið á Íslandi nema að við séum sitellt að bæta kennaramenntunina sjálfa. Skóli er nefnilega ekki húsnæði, skóli er fólk og skóli er fyrst og fremst þær manneskjur sem manna skólann. Þess vegna er tómt mál að tala um skipulag, ytri ramma, endurskipulagningu, ef við höfum ekki á að skipa vel menntuðum kennurum.

Ég geri ráð fyrir því að ekki verði aftur snúið með það að kennaramenntunin verði sótt til háskóla. Og þá er ég alveg sannfærður um það, miðað við aðstæður hér á landi, að menn sækja þessa menntun best í þann háskóla sem við búum best að. Þetta þjóðfélag býr illa að kennarastéttinni. Kennarastarfið er lágt metið og það er illa launað. Á meðan svo er að óbreyttu getum við ekki búist við því til lengdar að halda í við aðrar þjóðir ekki bara í tækni og vísindum heldur að lokum ekki einu sinni í framförum í atvinnulífi.

Þeim mun betur mun kennarastéttinni sækjast að bæta sín kjör og sína starfsvirðingu ef um það verður ekki deilt að hún sé vel menntuð. Þá kemur að því fyrr eða síðar að þjóðfélagið metur það og viðurkennir, jafnvel í beinhörðum peningum. Rökin fyrir þessari till. eru því fyrst og fremst þau að við þurfum að leggja rækt við kennaramenntunina. Við göngum út frá því sem gefnu að hún fari fram á háskólastigi, annaðhvort hér á landi í Háskóla Íslands eða erlendis. Ég hygg að við getum ekki með góðu móti dreift þeim kröftum á mjög margar stofnanir.

Síðan koma þau rök að í fjölmörgum tilvikum hafa nemendur ekki tekið um það neina ákvörðun fyrir fram — ég tala nú ekki um ef þeir væru yngri þegar þeir hæfu háskólanám — hvernig þeir ætla að nýta sína háskólamenntun, hvort það verður til kennslu eða annarra hluta. Af þeim sökum er ég frekar á móti því að skilja menn að annars vegar í einhvern sérhæfðan kennaraháskóla og hins vegar í einhvern almennan akademískan háskóla strax í upphafi náms.

Í því landi, þar sem ég þekki best til skipunar framhaldsmenntunar, sem er Bretland, er almenna reglan sú að menn stunda sitt nám á háskólastigi burtséð frá því hvaða starf þeir að lokum velja sér. Síðan eru sérstakir kennaraþjálfunarskólar sem menn leita til ef þeir ætla síðar að loknu háskólanámi að leggja fyrir sig kennslustarf sérstaklega. Það fyrirkomulag miðast náttúrlega við milljónaþjóðfélag og sérstakar aðstæður þar í landi og er óþarft hér. Ef hin akademíska menntun fer fram í einum háskóla gæti hins vegar fagmenntun kennarans verið hvort heldur er í sérstakri stofnun eða þá í sérhæfðri deild innan háskólans.

Herra forseti. Að lokum þakka ég fyrir þessar umræður og vona að þessi till. geti orðið liður í löngu tímabærri endurskoðun á gildandi löggjöf um kennaramenntunina og einnig liður í þeirri heildarendurskoðun sem hæstv. ráðh. boðar að því er varðar skólakerfið í heild sinni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa gagnlegu umræðu mikið. Mér fannst seinni ræða hv. talsmanns þessarar þál. betri en hin fyrri, einkum að því er varðaði gildi kennaramenntunar og nauðsynina að efla hana og búa betur að kennarastarfinu og þeim sem því sinna. Það var greinilega dregið í land frá þeim áherslum sem lesa mátti út úr grg. með þessari till. að þessu leyti.

Ég tók það fram í fyrri ræðu minni um þetta efni að ég teldi engan veginn einsýnt að þessu markmiði væri náð með þeirri sameiningu sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel að sú ábending, sem hér kom fram frá hv. 11. þm. Reykv., um hagkvæmni stærðarinnar og það sem mælir gegn því að hafa skóla allt of stóra, eigi að koma inn í þá skoðun mála og eins geti alveg komið til greina að sameiningin yrði þannig að færa kennaranám út úr Háskóla Íslands að athuguðu máli inn í Kennaraháskóla. En þetta er mál sem þarf vandlegrar athugunar við og vonandi verður gerð gangskör að því í framhaldi af því starfi sem fram fór hér fyrr á árum og ég minnti á.

Á sama hátt er gott að heyra um ásetning hæstv.

menntmrh. um að endurskoða ákveðna þætti í löggjöf og raunar varðandi skólakerfið í heild. Þar eru tveir þættir alveg sérstaklega sem setið hafa eftir af hálfu löggjafans, þ.e. framhaldsskólastigið og háskólastigið. Full þörf er á í fyrsta lagi samræmdri löggjöf um framhaldsskóla og endurmati á háskólastiginu í heild sinni, vissulega með tilliti til mögulegrar og æskilegrar dreifingar á einstökum þáttum háskólamenntunar.

Ég vil taka það skýrt fram í sambandi við háskólastigið að þó að ég telji að við eigum að skoða það mjög jákvætt að stofna til háskólamenntunar utan Reykjavíkur er ég ekki þar með að leggja til mikla dreifingu á þessu stigi máls. Sú hugmynd sem mest hefur verið rædd, um háskólamenntun á Akureyri, er mjög eðlilegt framhald af þróun þessara mála. Menn ætla sér ekki þar með að taka einstaka þætti háskólamenntunar upp víðar um landið að svo komnu þótt að því kunni að draga.

Ég held að það séu ákveðnir þættir sem menn þurfa hins vegar að skoða vel í þessu samhengi. Í þessari umræðu og nýlega í umræðum á þinginu hefur verið vikið að fjarmenntun. Það er tiltölulega auðvelt að færa endurmenntun sem næst vettvangi úti í landshlutunum, að færa hana til þeirra sem á henni þurfa að halda, og mun kostnaðarminna en að smala fólki saman eða ætla fólki að taka sér alveg leyfi frá störfum til að sækja endurmenntun. Fari hún fram nálægt vettvangi eiga menn að geta rækt hana að nokkru samhliða starfi án þess að fá sérstakt leyfi frá störfum og leita langt burt frá heimilum sínum og heimaslóðum.

Það er eitt atriði sem ég vildi árétta hér í lokin, herra forseti, vegna þess að hér barst inn í umræðuna af hálfu hæstv. ráðherra spurningin um fræðsluskyldu og skólaskyldu, mál sem rætt var nokkuð hér og af nokkrum hita seint á síðasta þingi vegna brtt. um grunnskólalögin frá hv. varaþm. Páli Dagbjartssyni. Sú umræða endaði með því að brtt. við það frv. frá hv. 5. þm. Vestf. hlaut hér samþykki í hv. Nd. með naumum mun atkvæða, 18 atkvæðum gegn 16, að 6 þm. fjarstöddum. Síðan dagaði málið uppi á síðasta degi þings í hv. Ed. þingsins. Menn greindi mjög skarpt á um þetta efni.

Ég vakti athygli á því við umræðuna um þetta í Nd. í hvaða flokk menn ætluðu að setja Ísland með því að færa skólaskyldu kannske niður í 7 ár í landinu og setja á fræðsluskyldu í staðinn. Þá værum við að taka okkur út úr hópi annarra Norðurlanda sem öll hafa 9 ára skólaskyldu. Nokkur lönd hafa raunar lengri skólaskyldu, eða 10 ára, jafnvel 11 ára, eins og Bretland mun hafa skv. þeim upplýsingum sem mér voru aðgengilegar. En við værum aðallega að setja okkur á bekk með Miðjarðarhafslöndum, sem eru tiltölulega skammt komin í félagslegu tilliti, ef við færum að lækka hér skólaskylduna. En það er mál sem auðvitað verður tekist á um ef hæstv. ráðherra fer að koma hér inn í þingið með það hugðarefni sitt að lækka skólaskylduna, eins og hann nefndi.

Hæstv. ráðherra gat um úttekt, sem nú væri hafin á vegum OECD, á íslenska skólakerfinu. Það er ekkert nema gott um það að segja að fá álit sérfróðra útlendra manna á slíku efni. Ég er viss um að það getur verið gagnlegt. En meira máli skiptir þó að við beinum kröftum okkar að því að bæta það hér heima fyrir og taka á þessum málum því að það er það sem stjórnvöld og Alþingi hafa vikið sér undan allt of lengi, að taka á augljósum vanköntum í okkar skólakerfi. Þó að menn greini þar á er það skylda manna að leiða málið til lykta á lýðræðislegan hátt í þessum efnum en ekki láta doða og deyfð draga þennan grundvallarþátt í okkar starfi niður, fræðsluna í landinu, menntamálin í landinu. Um það þyrftum við hér að sameinast á hinu háa Alþingi.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Þessi umræða hefur verið nokkuð undarleg. Ég get ekki tekið undir með þeim sem telja hana mjög gagnlega því að mér finnst sárafátt hafa komið hér fram sem ekki er margsagt áður og ég hef ekki heldur heyrt þau rök fyrir þáltill. sem valdi því að hún verði talin til stórtíðinda.

Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands er mál sem ekki verður afgreitt með einni þáltill. frá Alþingi. Þar hlýtur að koma til langtum ítarlegri athugun og íhugun um það hvað Háskóli Íslands er og hvert hans hlutverk er og hvað Kennaraháskóli Íslands er og hvert hans hlutverk er og á að vera.

Ég vil aðeins benda á örfá atriði. Í fyrsta lagi: Það er mikill eðlismunur á þessum tveimur skólum. Háskóli Íslands er samsettur úr mörgum deildum, þar er fengist við fjölbreytt viðfangsefni, hann er í senn embættisskóli, skóli fyrir embættismenn, hann er skóli fyrir kennara og hann er skóli fyrir þá sem ætla sér að fara út í ýmis ótilgreind störf jafnframt því sem hann á skv. lögum að vera rannsóknarstofnun.

Hlutverk Kennaraháskóla Íslands er fyrst og fremst að útskrifa kennara, kennara sem hafa réttindi til kennslu á grunnskólastigi. En hann á jafnframt að vera sérfræðiskóli um kennslumálefni. Hann á að fást við rannsóknir á mörgu því sem lýtur að kennslu og kennslufræðum. Að því leyti tengist hann að sjálfsögðu ýmsu því sem fram fer í Háskóla Íslands, einkum og sér í lagi kennslu- og uppeldisfræði.

Þegar verið er að ræða um að sameina Kennaraháskólann og Háskólann gæti það ekki orðið nema þannig að Kennaraháskólinn kæmi inn í Háskólann sem sérskóli. Í raun og veru ynnist því ekki neitt nema að þarna væri hann settur sem ein deild í Háskólanum. Ég get ekki séð fyrir mér öðruvísi fyrirkomulag.

Þá er það líka spurning hvort það er heppilegt fyrir kennaramenntunina í landinu, grunnskólakennaramenntun, sem er að mínum dómi ein hin almikilvægasta í öllu menntakerfi landsins, að vera undirsett Háskóla Íslands, skóla sem hefur allt önnur markmið og allt annað hlutverk en Kennaraháskólinn. Ég held að það sé auðveldara, ódýrara og á allan hátt heppilegra og eðlilegra að grunnskólakennarar séu í sérstökum skóla, sem er Kennaraháskóli Íslands. Þar hafa þeir tækifæri til að fást við viðfangsefnin á annan hátt en sem eins konar undirdeild í Háskólanum. Sjálfstæði Kennaraháskólans er að mínu viti nokkuð sem ekki á að fórna alveg svona með einni þáltill. Og hefur verið leitað álits Háskóla Íslands og Kennaraháskólans á þessari þáltill.?

Hæstv. menntmrh. hefur rætt hér um að öll þessi mál séu í athugun og það er vel. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að kanna þessi mál rækilega og við þurfum stöðugt að endurskoða hvort sem það er Kennaraháskólinn, Háskólinn eða menntaskólarnir, grunnskólakennslan o.s.frv. En ég held að það sé ekki til neins hagræðis eða neinna bóta, að það flýti ekki fyrir, að það geri ekki auðveldara, að samþykkja þáltill. út og suður um málefni sem þegar eru í skoðun og athugun og verða

væntanlega lagðar fram till. um á grundvelli nákvæmari athugana en oftast nær liggja að baki þáltill. Þetta hef ég að segja um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Ég held að það mál sé alls ekki á því stigi að hægt sé að taka um það ákvörðun og ég er mjög efins um að það væri heppilegt, allra síst fyrir Kennaraháskóla Íslands.

Þá hafa nokkur önnur atriði komið hér upp sem væri ástæða til að ræða. Það er þó aðeins eitt sem ég ætla að minnast á og það er stúdentsprófið. Það er alveg rétt að víða taka nemendur stúdentspróf yngri en hér, 17–18 ára er næsta algengt. Við erum með 19 og 20 ára fólk í þeim prófum. En þetta tengist öðru máli, þ.e. inntökuskilyrðunum til æðra náms, til framhaldsnáms og háskólanáms. Er það nægjanlegur undirbúningur fyrir 17 ára ungling með tveggja ára nám ofan á grunnskólanámið að fara inn í háskóla, t.d. Háskóla Íslands, flestar deildir hans? Yrði ekki að koma til einhver undirbúningur í háskólanum sjálfum á annan hátt en nú er? Yrðum við að fara inn í það að hafa 1–2 ára nám á því sem í Bandaríkjunum er kallað „college"-stig?

Eigum við að hafa inntökupróf í Háskólann sem mundi þýða í mörgum tilvikum að fólk yrði að bíða í 1–2 ár meðan það væri að ná prófum? Að vísu er það svo í sumum greinum að mjög margir verða að verja 1–2 árum til þess hreinlega að komast inn í námið — ég nefni læknadeild, tannlæknadeild, lagadeildina og reyndar fleiri deildir. Það mætti auðvitað nefna úr öllum deildum en þessar þrjár hafa einkum verið þekktar fyrir að gera allstrangar kröfur í byrjun.

Erum við tilbúin að lækka stúdentsprófsaldurinn og taka upp inntökupróf, inngangsnám, 1–2 ára undirbúningsnám í Háskólanum? Þetta verðum við að athuga. Ætlum við sem sagt að lengja háskólanámið á kostnað menntaskólanámsins eða ætlum við að bæta menntaskólanámið þannig að ekki þurfi á því að halda nema í undantekningartilvikum að fólk sé 1–2 ár að komast inn þó svo að það ljúki ekki stúdentsprófinu fyrr en um tvítugt.

Svo skulum við líka horfa á annað. Við skulum bara gera okkur fulla grein fyrir því sem Nils Christie hefur reyndar löngum hamrað á — og ég veit að fyrrv. skólameistari á Ísafirði þekkir hans kenningar mjög vel — þ.e. að skólinn sé fyrst og fremst geymslustofnun og það spari ríkinu stórfé að hafa fólk sem lengst hvort heldur sem er í menntaskólum eða háskólum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er á ferðinni till. til þál. sem upphaflega birtist í þessum sölum sem brtt. við frv. til fjárlaga. Markmið hennar er því ekki bætt stjórnun Kennaraháskóla Íslands eða almenn umhyggja fyrir þeirri stofnun heldur hitt að nýta betur fjármuni ríkisins. Nú er það góðra gjalda vert að nýta vel fjármuni ríkisins. Hitt er og verður spurning hvort fjármunir ríkisins verði betur nýttir með því að slaka á stjórnun yfir einhverri stofnun því það er fyrst og fremst í stjórnunarþættinum sem einhverjum sparnaði mætti við koma ef þetta yrði upp tekið.

Ég tel ákaflega hæpið að það leiði almennt til sparnaðar að slaka á stjórnunarþættinum. Það er ekki verið að ræða það hér að menn telji að sá húsakostur sé til staðar á Melunum að þangað megi færa alla þessa starfsemi og reka hana í einni stofnun á einum stað. Nei, þessi umræða gengur út á það að húsnæðið verði notað eins og það er í dag en yfirstjórnin verði færð frá Háteigsvegi vestur á Mela, því að ég geri ekki ráð fyrir því að 1. flm. hafi gert neinar gælur við þá hugsun að flytja bæri yfirstjórnina frá Háskólanum á Melunum að Háteigsvegi. Ég hygg að það hafi ekki hvarflað að honum. Mér er yfir höfuð ekki ljóst að við bætum stjórnun á neinni stofnun með því að flytja yfirstjórnunina frá því húsi eitthvað annað. Hverjir trúa því almennt að það sé til bóta?

Það eru vissulega sögulegar ástæður fyrir því að sú ákvörðun var tekin að hafa þessa stofnanir tvær. Ástæðan var í upphafi sú að vegna aukinnar kröfu til kennara um menntun var ákveðið að stúdentspróf yrði gert að inntökuskilyrði í Kennaraskóla Íslands og hann þar með kominn á háskólastig og honum breytt í kennaraháskóla. Með þeirri aðgerð urðu engin tengslarof við þá starfsemi sem gamli skólinn hafði staðið að. Hér var aðeins um framþróun að ræða.

Ég get tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, að það hefur ekki verið nægilega vel búið að Kennaraháskóla Íslands og það hefur ekki verið nægilega vel búið að kennurum og skólum þessa lands. Þess vegna er nú ærinn órói í þeirra röðum. En ég er ekki búinn að sjá að betur yrði búið að Kennaraháskólanum ef hann yrði sameinaður Háskóla Íslands og yrði nokkurs konar útibú í verulegri fjarlægð frá aðalstofnuninni. Ég óttast mjög að við slíkar kringumstæður yrði hann hafður að hornreku.

Ég tel að þó að það sé vissulega rétt hjá flutningsmönnum að um vissa skörun geti verið að ræða í kennaramenntun á Íslandi hvað það snertir að menn geti bæði aflað sér menntunar í Kennaraháskólanum og Háskóla Íslands til sömu starfa, þá sé grunnlínan í þessum efnum alveg á hreinu, að Kennaraháskólinn hefur það markmið að mennta þá kennara sem starfa í grunnskólum landsins.

Óneitanlega sækir að manni sú hugsun þegar maður les þessa grg. að það sé ekki rétt sem sagt er á bls. 2 og haft sem lokaorð, með leyfi forseta: „Telja flutningsmenn að með því sé verið að styrkja og efla kennaramenntun í landinu."

Upphafið er sparnaður, niðurlagið eru áhersluorð um að það sé verið að efla menntunina. Er það trúlegt að svo snilldarlega sé þessi till. saman sett að hún feli bæði í sér verulegan sparnað fyrir ríkið og skili einnig kennaramenntuninni langt fram á veginn? Ég er ekki trúaður á það. Mér sýnist að í hugleiðingunum, sem koma hér í miðri grg. þar sem verið er að undirstrika það að við Íslendingar séum lítil þjóð og það sé afrek að starfrækja einn háskóla, sé verið að draga frekar í land og nánast verið að biðjast undan þeirri ábyrgð að við séum hér með sjálfstæðan háskóla í landinu á sama tíma og hæstv. menntmrh. hefur hug og djörfung til að sækja fram á þessu sviði, m.a. á Akureyri og einnig með sínum hugmyndum um opinn háskóla.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í tilefni af þessum framhaldsumræðum og sérstaklega í tilefni af orðum hv. 9. þm. Reykv. Haralds Ólafssonar áðan er óhjákvæmilegt að beina til hans einni spurningu. Hún er þessi: Telur hv. þm. og háskólakennari að Kennaraháskóli Íslands sé annars flokks háskóli? Rökin eru nefnilega þau að það sé eðlismunur á þessum skóla annars vegar og Háskóla Íslands. Í mínum huga er það

svo að kennarar sækja akademískt nám sitt í hinum ýmsu greinum, hvort heldur er stærðfræði, hugvísindi, saga, heimspeki, eðlis- eða efnafræði eða hvað sem er, á akademískum faglegum grundvelli og þeir eiga að gera það í þeirri stofnun sem veitir þessa menntun með sem bestum hætti. Viðbótarmenntun þeirra eða þjálfun sem kennarar er síðan þar fyrir utan og á að veitast þeim sem taka þá ákvörðun að nýta þessa þekkingu sína til kennslu.

Ég skildi ræðu hv. þm. á þá leið að árið 1971 hafi verið tekin ákvörðun um að gera framhaldsskóla að nafninu til að háskóla en þessi kennaraháskóli stæði síðan ekki undir nafni, fullnægði ekki þeim kröfum sem gera bæri til háskóla. Ef þetta er meining hv. þm. verður að taka það skilmerkilega fram því að ef það væri svo skildi ég þau rök sem í ræðu hans voru en ella ekki.

Að því er varðar ræðu hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, þá er þessi till. ekki um nýtingu á húsnæði og kemur húsnæðismálum Kennaraháskóla og Háskóla ekkert við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að vekja athygli á því að þessa dagana er skólastjórum grunnskólanna á Íslandi og raunar framhaldsskóla líka að berast bréf undirritað af hæstv. menntmrh. þar sem fjallað er um tölvumál og þar sem skólastjórum er frá því skýrt að menntmrn. hafi ákveðið að hafna öllum þeim tilboðum sem borist hafa um kaup á tölvum til notkunar í grunnskólunum.

Hér tel ég vera býsna alvarlegt mál á ferðinni. Á s.l. vori ákvað þáv. hæstv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, sem nú gegnir embætti heilbrrh., að fram skyldi fara útboð vegna fyrirhugaðra kaupa á tölvubúnaði til notkunar í grunnskólum. Þetta útboð fór fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins og frestur til að skila tilboðum var til 10. september. Alls munu um 20 fyrirtæki, sem flytja inn tölvur og tölvubúnað, hafa skilað tilboðum.

Síðan er starfshópur tilnefndur af menntmrn. sem starfar og kemst að þeirri niðurstöðu að ráðuneytið skuli hafna öllum tilboðum sem borist hafa og ekki verja fé til kaupa á tölvubúnaði fyrir grunnskólana. Hins vegar kemur fram að verið sé að taka saman á vegum ráðuneytisins almennar upplýsingar um skilyrði sem æskilegt er að tölvubúnaður fyrir grunnskóla fullnægi og verði þær sendar skólum og fleirum.

Í bréfi, sem af hálfu Innkaupastofnunar ríkisins var skrifað til þeirra 20 fyrirtækja sem sendu tilboð, segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ekkert tilboðið er þannig að hópurinn treysti sér til að mæla með því umfram önnur og enginn þessara bjóðenda er með búnað sem sérstaklega er ætlaður grunnskólum."

Hér er mjög einkennilega til orða tekið. Það er eins og ráðuneytið eða ráðherra hafi búist við að til séu einhverjar sérstakar tölvur, sérstaklega hannaðar fyrir grunnskóla. Þetta er mikill misskilningur.

Ástæðan fyrir því að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli á þessu máli er sú að hér er verið að draga lappirnar, ef þannig má taka til orða, hér er verið að tefja mál. Í ýmsum grunnskólum, m.a. hér í Reykjavík, var nemendum í 9. bekk boðið upp á tölvukennslu í haust. Það var beðið ákvörðunar ráðuneytisins um hvaða tölvur yrðu keyptar. Drátturinn og handarbakavinnubrögðin við þetta hafa valdið því að nú hefur verið hætt við þessa kennslu, hún verður ekki boðin. Nemendur hafa orðið af námi. Þeir völdu tölvunámið frekar en ýmislegt annað, höfnuðu einhverju öðru, hafa síðan beðið og nú er þetta allt komið í óefni. Það verður að átelja það harðlega þegar ráðuneyti og stjórnvöld standa svona að málum. Einn ráðherrann býður út og annar ákveður að ekkert skuli síðan gert án þess að frambærileg rök séu til staðar í málinu, að ég hygg.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þetta er á misskilningi byggt, allt sem skiptir máli og fram kom í ræðu hv. 5. landsk. þm.

Ég held að við getum verið sammála um að hér er um afar mikilvægt málefni að tefla, sem er tölvukennsla og tölvuvæðing skólanna, grunnskólans ekki síst, og til þess þarf að vanda til hins ýtrasta. Þegar ég settist í stól menntmrh. var málið á þeim rekspöl sem hv. þm. nú hefur tíundað. Ég hafði velt fyrir mér tölvumálum allmikið í fyrra starfi mínu og þykist hafa gert mér grein fyrir því að fyrir dyrum stendur eða kannske má segja er skollin á tölvubylting og við þurfum að aðlaga okkur þessum breyttu, nýju viðhorfum. Mér var ekki sú tilhugsun í öllu falli geðfelld eða skapfellileg, svo ómanneskjulegt sem fyrirbrigðið hefur virst mér, en ég hef hins vegar látið töluvert huggast við að sjá hvernig ungmenni hafa þreytt þetta nám og leik, sem getur farið saman, við tölvuna.

Ég leitaði ráðs og gerði ráð mitt með manni sem ég hygg að flestir geti verið sammála um að hafi mesta þekkingu á málefninu og það er nýskipaður prófessor í tölvunarfræðum, ef menn vilja nefna það svo, við Háskóla Íslands, Jóhann Malmquist, bað hann um að ráðleggja mér, og ráð hans komu í þann stað niður að engum tilboðum skyldi tekið af þeim sem gerð voru vegna útboðsins á liðnu hausti. Og ástæðan er afar einföld. Það er hans skoðun og raunar vissa að ný kynslóð tölva komi á markaðinn fyrir árið 1990.

Það skiptir öllu að við undirbúum tölvuvæðinguna rétt og samræmi verði í hlutunum, bæði varðandi tegund tækjanna og svo hugbúnað allan. Á meðan munum við undirbúa kennslu í þessum fræðum hjá Kennaraháskóla Íslands sem ekki veitir af að þjálfa til hins ýtrasta til þess að geta sinnt þessum mikilvægu störfum í grunnskólunum. Það vill þannig til að við erum ekki tilbúin. Skólakerfið er ekki tilbúið nema til þess að taka við þessu sem fikti. Og ekki ætla ég að efna til þess eða verja stórkostlegum fjármunum til þess að með þeim hætti verði staðið að verki. Það er alveg ljóst eða ég er um það sannfærður að með því að gefa sér betri og lengri tíma til undirbúnings mun margt vinnast og raunar allt vegna þess að ef menn rasa um ráð fram mun það hafa í för með sér margfaldan kostnað og margfalt minni gagnsemi en ella.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði að ræða mín áðan hefði verið á misskilningi byggð. Hann nefndi ekki eitt einasta dæmi um það í

hverju sá misskilningur væri fólginn.

Ég hef hlustað á hans rök. Hann segir: Sérfræðingar segja mér að það muni koma nýrri og fullkomnari tölvur á markaðinn í kringum 1990, ný kynslóð. Áreiðanlega er það rétt. Og staðan verður líka sú 1990 að þá verður enn ein ný kynslóð af tölvum áreiðanlega rétt væntanleg á markaðinn.

Ég starfaði einu sinni hjá opinberri stofnun þar sem var keypt töluvert af tæknibúnaði. Síðustu árin var stefna tæknilegs stjórnanda þar sú að það voru aldrei keypt nein tæki vegna þess að það voru alltaf að koma önnur betri. Einhvern tíma verða menn að taka ákvörðun.

Ég veit að margir skólar hafa beðið og bíða. Þeir munu ekki bíða fram til 1990. Það er tómt mál um að tala. Mér finnast það einkennileg ummæli hæstv. menntmrh. þegar hann talar um að nú sé þessi fræðsla þegar í „ýmsum" skólum. Hún þyrfti að vera miklu, miklu víðar. Það sem á að gera í grunnskólunum er að nota á ódýrar tölvur — þær eru til, margar tegundir sem kosta kannske 15–20 þús., það á ekki að vera með einkatölvur sem kosta 100 þús. — þannig að nemendurnir í grunnskólunum fái smjörþefinn af þessu. Hæstv. ráðh. kallaði það fikt og sagðist ekki ætla að beita sér fyrir fikti. Ég held að það sé einmitt mjög nauðsynlegt og gagnlegt að nemendur í grunnskóla kynnist þessum tækjum og þeirra miklu möguleikum til að geta síðan fikrað sig áfram eftir brautinni.

Mér finnst vera illa að þessu staðið þegar einn ráðherra ákveður þetta útboð og það senda mörg fyrirtæki hagstæð tilboð. Það er viðurkennt að með tilboðum á þessum vettvangi er hægt að lækka verð um kannske 30–40%. Það er svo með eina tegund tölva, algengustu tegund leiktölva sem hingað eru fluttar og eru kannske alneðsta þrepið í þessum tölvustiga, að þær eru til á tíunda hverju íslensku heimili. Þetta er nefnilega miklu útbreiddara en menn halda. Mér finnst það vera hættuleg stefna þegar ráðuneytið ætlar að hafa þessi mál í biðstöðu næstu árin. Það er mjög alvarlegt mál. Ég veit að í mörgum skólum hafa menn beðið eftir ákvörðun alveg frá hausti og nú hefur nemendum verði tilkynnt að það verði engin kennsla vegna þess að engin ákvörðun hafi verið tekin. Þetta er alvarlegt mál. Þetta er sá þáttur sem við eigum óhjákvæmilega að leggja mjög mikla rækt við í okkar menntakerfi á næstu árum.

Hvers vegna á stöðugt að bíða og bíða eftir því að betra komi? Það eru út af fyrir sig alltaf að koma betri og fullkomnari tæki á markaðinn. Einhvern tíma verða menn að taka ákvörðun og einhvern tíma verða menn að byrja. Ég held að það sé of seint að byrja eins og sú tillaga gerir ráð fyrir sem ráðherrann talaði fyrir.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er vissulega eðlilegt að eftir því sé grennslast hvað valdi því að ekki hefur verið haldið fram þeirri stefnu sem fyrrv. hæstv. menntmrh. virtist hafa í þessum efnum í sambandi við kaup á tölvum til grunnskólanna þannig að hægt væri að taka myndarlega á í þessum þýðingarmikla þætti.

Ég hef ekki kynnt mér efnisþætti þessa máls sérstaklega og vil ekki leggja dóm á það hér hvort eðlilega sé að staðið með því að doka nú við eins og hæstv. ráðherra hefur getið um. Hitt þykir mér ekkert óeðlilegt að menn skoði sinn gang ef um það er að ræða að afla slíkra tækja fyrir grunnskóla landsins í heild og gæti þess að þar sé aflað tækja sem líklegt er að hentað geti fyrir þá fræðslu sem um er að ræða án þess að farið sé í óþarflega mikinn tilkostnað. Á fáum sviðum er þróunin örari en þessum. Það er vissulega rétt, sem hv. málshefjandi sagði, að við höfum ekki efni á því að bíða lengi eftir því að hægt sé að taka á þessum málum svo sem eðlilegt er innan grunnskólanna. Ég vænti þess að það sé ekki í hug hæstv. menntmrh. að svo verði og skildi út af fyrir sig ekki hans mál þannig.

Það er einnig grundvallaratriði, sem hæstv. ráðh. vék að, að kennarar verði í færum að sinna þeirri fræðslu sem þarna er um að ræða, verði ekki langt á eftir nemendunum eins og gæti nú gerst og kannske er til staðar hjá þeim sem eldri eru a.m.k. og skiptir það mjög miklu máli.

Ég bendi á í þessu samhengi að hér er einmitt svið sem eðlilegt er að tekið verði upp úti í landshlutunum, þ.e. að mennta starfandi kennara í að fást við kennslu í tölvufræðum, hafa námskeið úti í landshlutunum og gera þau aðgengileg starfandi kennurum þannig að menn þurfi ekki að leita þessarar fræðslu, grunnmenntunar á þessu sviði, hingað suður til Reykjavíkur eingöngu þó að eðlilegt sé að Kennaraháskólinn hafi forgöngu og annist samræmingu í sambandi við þessi efni.

Ég orðlengi þetta ekki frekar, herra forseti, en hvet til þess að menn taki þarna á og taki ákvarðanir sem fyrst, skynsamlegar ákvarðanir, þannig að unnt verði að sinna þessum fræðsluþætti svo sem brýnt er fyrr en seinna.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég vil taka undir áherslu manna á nauðsyn þessa máls og harma að ráðuneytið skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu sem það hefur komist að því að ég tel að hér sé á ferðinni álíka mikilvægt mál og þegar hafin var ókeypis dreifing námsbóka í því mikla átaki að koma þessari þjóð allri til mennta og læsis. Ég álít að þetta mál, sem hér um ræðir, sé einfaldlega um „læsi" framtíðarinnar, nákvæmlega jafnmikilvægt og það þótti áður að menn gætu lesið staf á bók, og þess vegna er full þörf á því að væða alla skóla, sem haldið er úti, þessum tækjum.

Ég vil meira að segja ganga svo langt að fullyrða að ókeypis dreifing ríkisvaldsins á ódýrum tölvum til allra barna á skólaaldri mundi skila sér í miklum verðmætum á næstu áratugum, að gera börnum kleift strax á skólaaldri að verða læs á þau tæki sem verða vinnutæki þeirra í framtíðinni. Það má benda á að við höfum náð hér á Íslandi ákveðnum árangri og forskoti fyrir þá einu tilviljun að tölvur voru ekki tollaðar hérna þannig að þær voru miklu ódýrari en annars staðar. Ég vil þá líka að gefnu tilefni í öðru máli vara við þeirri stefnu að ætla að fara að tolla tölvur.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég ætla einungis að taka á því sem ég held að sé kjarni þessa máls svo framarlega sem ég hef skilið það rétt.

Hæstv. menntmrh. segir: Ég vil ekki að það verði staðið að neinu fikti fram til 1990 því að þá tekur við ný öld og allt verður betra og þess vegna ætla ég ekki að hafa áhrif á þessa þróun. Ég ætla ekki að beita mér nema með þeim hætti sem ég hef þegar beitt mér, að

menn skuli ekki leggja sig í þessi tölvukaup gegnum mitt ráðuneyti.

Ég held að hér sé grundvallaratriði til skoðunar. Ég held nefnilega að hæstv. menntmrh. muni ekki stöðva þróunina með þessum hætti. Ég held að krafan frá nemendum, frá foreldrum, frá þjóðfélaginu sjálfu muni verða jafnrík eftir sem áður um að það fari fram menntun í þessum greinum. Ef ráðherra tekur þá afstöðu sem hann hefur tekið og heldur sig við hana held ég að hann sé einungis að fórna því að geta haft einhver áhrif á þróunina, þróunin muni hafa sinn gang, þetta verði kennt, tölvurnar verði keyptar og þar fram eftir götunum, en menntmrn. hafi afsalað sér mögguleikanum til að hafa þar einhver áhrif eða að stuðla að hagkvæmni á þessu sviði. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. menntmrh. að hann hugleiði þetta mál betur.

Ég er nú svo gamall sem á grönum má sjá í tölvumálum. Ég var reyndar með þeim fyrstu á Íslandi sem tileinkuðu sér þessa tækni. Það var áður en menn gátu stungið apparötunum í vasann eða haft þau með sér í lítilli ferðatösku heim til sín. Og auðvitað er ég orðinn úreltur svo að segja. Af minni reynslu er alveg ljóst að þróunin er stöðug og það verða ávallt að koma nýjungar. En það sem hefur breyst er það að nú er komin krafa upp í þjóðfélaginu um að menn fái að kynnast þessari tækni. Þá kröfu getur hæstv. menntmrh. ekki hundsað eða þrýst henni niður. Hann getur engu um það ráðið. Hins vegar getur hann ráðið einhverju um hvernig haldið verður á þessum menntunarmálum og hversu hagkvæm þau eru ef hann beitir sér í þeim efnum. Þess vegna skora ég á hæstv. menntmrh. að skoða þessi mál betur.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vildi taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, 3. þm. Reykn. Það er mikil spurning um hvort hæstv. menntmrh. kýs að reyna að hafa áhrif á þessa þróun. Þetta er spurning um læsi, þetta er spurning um hvort við höfum efni á að beita ekki jöfnuði á nokkra árganga barna og unglinga sem eiga að erfa þetta land. Þeim mun fyrr sem þau ná þessari læsi, þeim mun betur geta þau beitt sér. Ef ég man rétt var hv. málshefjandi að geta þess að tölvur væru á tíunda hverju heimili. (**EG:** Miklu meira.) Já, en hvað með þau heimili sem ekki hafa tölvur? Þetta er spurning um jöfnuð.

Og ég tek undir það sem hv. 3. þm. Reykn. sagði. Þetta er mjög ör þróun og það verður þar bylting eftir byltingu. Við getum ekki beðið eftir því að ná fullkomnuninni vegna þess að málin eru í svo hraðri þróun. Þess vegna vil ég leggja áherslu á og hvetja hæstv. menntmrh. til að endurskoða hug sinn um þessi mál.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil að síðustu hvetja hæstv. menntmrh. til að endurskoða þessa afstöðu sína. Í Morgunblaðinu í dag er viðtal við Bjarna Júlíusson, nýráðinn forstöðumann tölvumála hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þar kemur fram að skólar og kennarar hafa keypt á síðasta ári 500 tölvur í gegnum Fjárlaga- og hagsýslustofnun þannig að þessi þróun er komin af stað, hún verður ekkert stöðvuð eins og hér hefur komið fram. Það er mjög mikilvægt að allir nemendur í grunnskóla eigi kost á því að kynnast þessum tækjum, hvernig þau eru notuð. Það er hægt að gera með því að kaupa ódýrar tölvur.

Ég beini þeirri eindregnu áskorun til hæstv. menntmrh., sem er maður víðsýnn og vill vel í þessum efnum, að hann endurskoði þetta þannig að það komi ekki fyrir fleiri nemendur í fleiri skólum að þeir velji sér þetta nám, en síðan verði að fella það niður vegna þess að engar ákvarðanir eru teknar eða vitlausar ákvarðanir.

Fullorðinsfræðslulög, þáltill. 263. mál (þskj. 496). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Kristínu Halldórsdóttur borið fram svolátandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta semja frv. til l. um fullorðinsfræðslu sem taki til fræðslu á öllum menntunarstigum og hafi það að markmiði að stuðla að jafnrétti fólks til fræðslu og náms."

Í grg. er skýrt frá því að gerðar hafi verið nokkrar tilraunir til að koma á heildarlögum um fullorðinsfræðslu, en þær tilraunir ekki náð fram að ganga. A.m.k. tvö lagafrv. í þá veru hafa verið lögð fyrir hið háa Alþingi. Hið fyrra og viðameira var samið á árunum 1971–1974. Það var unnið af sjö manna nefnd sem séra Guðmundur Sveinsson skólameistari hafði forsæti fyrir. Frv. var lagt fram á 95., 96., 97. og 98. löggjafarþingi þjóðarinnar en hlaut ekki afgreiðslu.

Frv. gerði ráð fyrir æðimikilli stjórnaryfirbyggingu, þ.e. níu manna fullorðinsfræðsluráði og stórum fullorðinsfræðslunefndum í hverju fræðsluumdæmi. Einnig gerði það ráð fyrir stofnun fullorðinsfræðslusambanda, en þau eru næsta fá á Íslandi. Enn fremur gerði frv. ráð fyrir mjög auknum framlögum ríkissjóðs til fullorðinsfræðslu hvers konar.

Nefndin hafði leitað fanga víða, en haft norsku fullorðinsfræðslulögin mjög að fyrirmynd að því er mér virðist.

Þetta lagafrv. hafði að geyma mörg nýmæli fyrir Íslendinga og margt er til framfara horfði, en gerði óneitanlega ráð fyrir allmiklum kostnaðarauka og eins og áður segir var yfirbyggingin stór. Það hefur líklega ráðið úrslitum um örlög þess.

Á umræddum þingum voru þó samþykkt tvenn lög um efni sem snerta fullorðinsfræðslu. Hin fyrri voru lög um almenningsbókasasöfn sem sett voru árið 1976. Hin síðari lögin um Skálholtsskóla sem samþykkt voru síðla vetrar 1977. Það olli nokkrum vonbrigðum að ekki skyldu fást fram lög um lýðháskóla almennt, en lög um lýðháskóla voru þó fegins- og fagnaðarefni.

Á 104. löggjafarþingi var lagt fram frv. til l. um framhaldsskóla. Í því frv. voru og eru tvær greinar er varðar almenna fullorðinsfræðslu, sú 15. og 16. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að fólk sem orðið er 19 ára fái aðgang að einstökum námsáföngum við hlið reglulegra nemenda skólans. Í öðru lagi er þar gert ráð fyrir að framhaldsskólar geti stofnað til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri. Enn er þar kveðið á um að húsnæði skólanna sé nýtt fyrir almenna fræðslustarfsemi, þar á meðal endurmenntun. Lög um framhaldsskóla hafa ekki verið samþykkt á Alþingi, en starfað er eftir þessum tveimur

greinum víða um land.

Síðsumars árið 1978 skipaði þáv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson nefnd fimm manna til að semja nýtt frv. til l. um fullorðinsfræðslu. Formennsku í nefndinni hafði Haukur Ingibergsson, þáv. skólastjóri Samvinnuskólans að Bifröst, og lítur út fyrir að skipun þessarar nefndar hafi verið eitt síðasta verk Vilhjálms á stóli menntmrh. því að daginn eftir tók ný stjórn við þar sem Ragnar Arnalds fór með menntamálin. Nefndin starfaði áfram samkvæmt fyrirmælum Ragnars og lauk störfum í apríl 1979. Þá var mjög liðið á þingtíma og svo fór að Ragnar lagði aldrei fram þetta frv. Það varð hlutskipti næsta menntmrh., Vilmundar Gylfasonar, sem lagði það fram 7. febr. 1980, síðasta dag sinn í embætti. Frv. hlaut ekki umfjöllun Alþingis. Svo undarleg hafa örlög þessa lagafrv. orðið.

Við sem að þessari þáltill. stöndum álítum að það væri ómaksins vert að menntmrh., menntamálanefndir og þm. almennt kynntu sér þetta frv., sem hér er fskj., því að það hefur að geyma margt er til bóta og framfara horfir og gæti orðið grundvöllur að nýju frv. til laga um fullorðinsfræðslu. Nefndin sem samdi þetta frv. hafði hið fyrra frv. til hliðsjónar og þekkti vel til opna háskólans í Bretlandi, en byggði fyrst og fremst á innlendri reynslu.

27. jan. 1981 bar Jóhanna Sigurðardóttir fram fsp. um hvað liði heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu. Þá upplýsti menntmrh. Ingvar Gíslason að hann hefði í undirbúningi frv. til l. um fullorðinsfræðslu og stefndi að því að leggja það fram á þingi. Svo varð ekki.

Á árunum 1974–1979 starfaði nefnd sem gera átti tillögur um nýtingu útvarps og hljóðvarps til kennslu fyrir almenning. Nefndin skilaði áliti sem bar heitið Útvarpsskólinn og gerði ráð fyrir stofnun hans og skyldi hann starfa í samvinnu við frjálsa fullorðinsfræðslustarfsemi í landinu og menntmrn. Árið 1979 var enn fremur skipuð nefnd til að gera tillögur um eftirmenntunarnámskeið og starfsþjálfun.

Einn er sá þáttur í fullorðinsfræðslu sem nauðsyn er að efla stórlega, þ.e. fræðsla ófaglærðs fólks. Á tímum þegar við ætlum að hefja átak til að efla atvinnuhætti þjóðarinnar og auka útflutning á unnum vörum hlýtur það að teljast undarlegt að aðeins sé efld fræðsla um markaðsleit og námskeið haldin í markaðsöflun. Það er ekki nóg að finna markað ef það sem selja á er ekki boðlegt.

> Varðar mest til allra orða
> undirstaðan sé réttlig fundin,

stendur í kvæðinu Lilju eftir Eystein munk og það á við jafnt í dag sem þá. Verkafólk til sjávar og sveita og í fiskvinnslu og verksmiðjum er undirstaðan undir velgengni okkar í útflutningsmálum. Fólkið í undirstöðuatvinnugreinum þarf að fá tækifæri til að bæta þekkingu sína og vel að merkja á sú fræðsla að fara fram í vinnutímanum. Ef við eflum slíka fræðslu vinnst tvennt: Við eignumst fróðari, sjálfstæðari og hæfari þjóðfélagsþegna og við bætum framleiðslu og framleiðsluhætti. Það er ekki einasta ófaglært fólk í framleiðslustörfum sem ber að fá starfsfræðslu. Geysileg þörf er fyrir starfsfræðslu ófaglærðs fólks á öllum sviðum þjóðlífsins. Ef Íslendingum tækist að koma á almennu starfsfræðslukerfi fyrir ófaglært fólk í öllum greinum mundum við lyfta því menningarlega grettistaki sem nægði e.t.v. til að hækka svo menntunarstaðal þjóðarinnar að útflutningur á íslensku hugviti færi að verða eitthvað annað en fagur draumur.

Það liggja án efa margar orsakir til þess að heildarlöggjöf eða rammalöggjöf um fullorðinsfræðslu hefur ekki verið sett. Engar getgátur skulu hafðar uppi um orsakirnar, en telja verður að tregða þessi á heildarstefnumörkun um fullorðinsfræðslu hafi orðið fræðslustarfseminni til baga. Vissum þáttum hefur verið hampað, aðrir orðið hornrekur. Það er til að mynda ekki vansalaust hve seint hefur gengið að koma á öflugri útvarpskennslu.

Um tíma héldu menn að öldungadeildir leystu allan vanda fullorðinsfræðslu og gömul fyrirbrigði eins og námsflokkar heyrðu fortíðinni til. Þetta er auðvitað alrangt því að eðli námsflokka og öldungadeilda er ólíkt á margan hátt og svo á það að vera. Ekkert eitt fyrirbæri í fullorðinsfræðslu né annarri fræðslu leysir allan vanda og uppfyllir allra þörf. Því þarf margþætta og fjölbreytta fullorðinsfræðslustarfsemi og rúmgóða löggjöf þar um. Það væri fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. menntmrh. við þessu efni, en hann mun nú ekki vera viðstaddur.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að hafa frumkvæði að því að flytja þessa till. inn í þingið og þakka henni raunar fyrir ýmis þörf efni sem hún hefur á stuttum tíma hér á Alþingi vakið máls á og flutt í formi tillagna, atriði sem hafa legið óþarflega lengi hjá garði þótt á sumum þeirra hafi verið tekið á fyrri stigum án þess að þau fengju þá afgreiðslu sem vert hefði verið.

Ég tek eindregið undir efni þessarar þáltill. og get tekið undir ég held allt sem fram kom í máli hv. flm. hér áðan um nauðsyn þessa máls. Ég þekki nokkuð til þeirrar þróunar sem hún rakti í þessum efnum, var sjálfur áhugamaður um þessi efni þegar ég sinnti skólamálum heima í héraði og fékk m.a. á þeim tíma til umsagnar þann mikla tillögubálk sem hv. þm. minnti á, frv. sem lagt var fram margsinnis í tíð Vilhjálms Hjálmarssonar þáv. menntmrh., en án þess að þingið tæki til þess afstöðu. Ég var alveg sama sinnis og kom fram hjá hv. þm. áðan, að þar var óþarflega mikill umbúnaður um þarft mál. Ég hygg að það hafi dregið úr mönnum kjarkinn e.t.v. að setja lög um þetta efni þó að það sé ekki eitt út af fyrir sig afsökun því að þinginu átti auðvitað að vera ljóst hver nauðsyn var á að taka á þessu máli.

Það eru tveir þættir sem þetta snýst aðallega um. Það er stuðningur við frjálsa starfsemi á þessu sviði og ákvæði sem þarf að leiða í lög um stuðning við slíka frjálsa fullorðinna fræðslu og síðan hvernig hið lögboðna skólakerfi tekur á þessum málum og styður við slíka fræðslustarfsemi, bæði á eigin vegum og við hina frjálsu fræðslu.

Það urðu mér vonbrigði þegar kom í ljós að fyrrv. hæstv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir hafði ekki hug á að vinna að þessum málum með þeim hætti sem hér hefur verið rætt um heldur lét við það sitja að flytja frv. varðandi stuðning við öldungadeildir, út af fyrir sig gott og gilt mál sem var lögfest á síðasta eða næstsíðasta þingi, en afar takmarkað og kemur engan veginn í stað þeirrar rammalöggjafar sem setja þarf um stuðning hins opinbera við fullorðinnafræðslu í landinu.

Ég reyndi sem iðnrh. á sinni tíð að leggja þessum

málum svolítið lið með því að efnt var til Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins á þeim tíma, sem enn er starfrækt og hefur unnið þegar gott starf til að ýta undir fræðslu, starfsmenntun, á sviði atvinnulífsins, og þar er enn þá unnið að þeim málum undir forustu Þuríðar Kristjánsdóttur sem veitir þessari fræðslumiðstöð forstöðu af atorku að mér best er kunnugt.

Ég hvet til þess að á þessum málum verði tekið eins og hér er lagt til án þess að ég sé þar með að taka afstöðu til þess frv. til l. um fullorðinsfræðslu sem birt er sem fskj. með þessari till. Ég hygg þó að þar sé mjög margt sem gæti orðið gott og gilt í löggjöf um þessi efni, en það er nokkuð um liðið síðan þessi till. kom fram og sjálfsagt að líta á málið með tilliti til aðstæðna og þróunar síðar.

Það er tvímælalaust hægt án stórfellds tilkostnaðar að ýta undir og styðja við starfsemi á þessu sviði ef á því er tekið af skynsemi og með jákvæðum huga, sérstaklega að tryggja að skólakerfið, sem ríkið stendur að sjálft eða með sveitarfélögunum, ljái þessari starfsemi lið og að starfsleg uppbygging skóla og einnig hönnun taki mið af fullorðinna fræðslunni og símenntun sem á að geta farið fram innan veggja starfandi skóla.

Ég nefni hér aðeins að lokum, herra forseti, eitt dæmi sem varðar þetta mál og ég reyndi að koma til leiðar þegar ég átti sæti í byggingarnefnd menntaskóla austur á landi, en það var um að byggja upp gagnasafn þess skóla, sem nú er starfandi á Egilsstöðum, Menntaskólans á Egilsstöðum, byggja þar upp gagnasafn sem tæki mið af þörfum fullorðinnna fræðslu og opnaði skólann gagnvart umhverfinu, að þar yrði um samstarf að ræða milli heimaaðila um slíkt gagnasafn, þar á meðal bókasafn skólans og umhverfisins. Slíkt gagnasafn yrði eins og andlit út á við og laðaði fólk að til þess að taka þátt í þeirri fræðslustarfsemi sem ég vonaði að þar yrði komið á fót til þess að opna skólann. Ég held að þetta sé eitt dæmi um það hvernig hægt er að hjálpa til í þessum efnum og gera starfandi skólastofnanir meira aðlaðandi fyrir fólkið hið næsta og aðra sem sækja vilja til slíkra stofnana. Auðvitað er svo hægt að taka á þessum þáttum í námskeiðsformi utan reglubundins starfstíma viðkomandi stofnana og þá að nýta þann búnað, húsnæði og aðstöðu sem þar liggur fyrir.

Mjög mikið starf hefur verið unnið af frjálsum samtökum í sambandi við fullorðinna fræðslu og er í gangi fyrir atorku fólks víða um land. Hv. 1. flm. þessarar tillögu hefur lengi verið starfandi við góðan orðstír á þessum velli og veitt mörgum lið, veit ég, út um landið og á hún þakkir skildar fyrir þá aðstoð.

Ég vænti þess að þessi tillaga sofni ekki í nefnd heldur fái þar afgreiðslu og á eftir fylgi undirbúningur að löggjöf um þetta efni. Verði hins vegar framkvæmdarvaldið ekki við því þá ber okkur þm. auðvitað skylda til þess að flytja þetta mál í formi lagafrv. hér inn í þingið og reyna að tryggja framgang skynsamlegrar löggjafar um fullorðinna fræðslu.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að leggja fram þessa tillögu, sem ég tel mjög þarfa og tímabæra. Hún hefur einnig lagt fram frv. í Ed. Alþingis um svipað efni og ég held að þetta sé mjög gott framtak og tek undir hennar orð í framsöguræðunni hér.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð hér um en ég vil benda á eitt. Hæstv. menntmrh. hefur rætt mikið um opinn háskóla og það er gott og gilt, en til þess að opinn háskóli nýtist fullorðnu fólki víðs vegar um landið, sem hefur ekki greiðan aðgang að því öldungadeildakerfi sem til er í þéttbýli, þarf það að hafa greiðari aðgang að undirbúningsmenntun. Það sem kemur fram í þessari tillögu bæði varðandi menntun í gegnum fjölmiðla og annað mundi því nýtast þessu fólki til þess að geta síðan áframhaldandi nýtt sér þá góðu hugmynd sem kemur fram í opnum háskóla. Ég vildi undirstrika þetta, en að öðru leyti tek ég undir það sem hér hefur komið fram í þessari umræðu.

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir undir þessa hugmynd okkar starfssystra sem við höfum borið hér fram. Frv., sem lagt er hér fram sem fskj., er aðeins plagg að mínum dómi sem hægt er að nota og byggja á í framtíðinni, þegar fólk býr til nýtt frv. til laga um fullorðinsfræðslu. Því eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi þá er frv. nú orðið nokkurra ára gamalt og þarf auðvitað örlítilla breytinga við, þó ótrúlega lítilla miðað við að það er þó orðið sex ára.

Hvað viðkemur opnum háskóla vil ég sérstaklega taka undir orð hv. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur um það að opinn háskóli mun ekki nýtast þeim sem minnsta menntun hafa fyrr en önnur fjarkennsla er komin á undan eða einhver önnur kennsla til að byggja á grunni. Þetta tvennt vildi ég taka undir.

Í minni framsöguræðu gat ég auðvitað ekki um allt sem gert hefur verið á fullorðinsfræðslusviðinu og sem til gagns og gæfu hefur verið fyrir þjóðina, svo sem eins og starfsemi Iðntæknistofnunarinnar sem hefur verið hin merkasta. Ég hef litið svo á að gagnasöfn, eins og gagnasafnið sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat um á Egilsstöðum, ættu að vera víðs vegar um landið og að fullorðinsfræðsla gæti byggst upp í kringum slík söfn. Fyrir nokkrum árum sá ég í London stofnun sem kallast City Litt. Þar er gagnasafn mikið og afskaplega ánægjulegt að sjá þá líflegu notkun sem hjá almenningi er á því safni.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sölu- og markaðsmál, þáltill. 247. mál (þskj. 476). — Fyrri umr.

Flm. (Árni Johnsen): Herra forseti. Ásamt 15 öðrum þm. Sjálfstfl. flyt ég till. til þál. um skipulagningu náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því með samstarfi menntmrn., viðskrn., utanrrn. og aðila vinnumarkaðarins að skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innan lands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskiptalífinu, víðtæku námi í sölumennsku, markaðsöflun, áróðurs- og auglýsingatækni og samningagerð.“

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en má segja að

hafi frosið inni í því mikla málaflóði sem þar var og er endurflutt hér. Það skýtur sannarlega skökku við að þjóð sem þarf að selja nær alla sína framleiðslu til annarra landa skuli hvergi í skólakerfinu hafa skipulagt víðtækt nám sem tengist sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeirri sérstöðu sem Íslendingar búa við, þ.e. fámenni þjóðarinnar og þeirri staðreynd að sjávarafurðir eru grundvöllur undir gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Möguleikar til náms á þessu sviði eru ekki fyrir hendi í grunnskólum, fjölbrautaskólum, framhaldsskólum, sérskólum né Háskóla Íslands, nema að mjög takmörkuðu leyti, og þá helst í Háskóla Íslands, en ekki er mér grunlaust um að sú bók sem helst er notuð í þeim efnum þar sé 25 ára gömul og dönsk.

Í framhaldi af umræðum hér á hinu háa Alþingi í þessu máli s.l. vetur kom upp ákveðin hreyfing að stofna vísi að slíkum skóla og á vegum ákveðinna samtaka. Það hefur gerst síðan að þann 6. janúar s.l. stofnuðu Stjórnunarfélag Íslands og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins vísi að skóla sem heitir Útflutnings- og markaðsskóli Íslands. Þessi skóli hefur nú skipulagt nám næstu 10–11 mánuði og nokkur styttri námskeið á þessu tímabili. Þarna tel ég vissulega vera spor í rétta átt, en þó aðeins spor því þarna er mikið verk óunnið og mikil ástæða til að tengja þennan þátt og þessa þætti hinu almenna menntakerfi landsins, ekki aðeins á sérsviðum heldur einnig hinu almenna menntakerfi.

Sölumennska hefur um langt árabil verið litin hornauga á Íslandi og í raun höfum við kannske lengst af verið lélegir sölumenn. Einhvers konar minnimáttarkennd eða einangrun lítillar þjóðar í langan tíma virðist hafa leitt til skilningsleysis á því hversu mikilvægt er að keppa af festu og einbeitni á öllum mörkuðum þar sem hægt er að bæta söluaðferðir og þar með afkomu þjóðarinnar. Þótt margir hafi vissulega staðið sig vel í samkeppninni á alþjóðavettvangi, eins og t.d. á sviði flugmála, siglinga, sjávarafurða og vísinda, þá þarf að herða þarna verulega á með samstilltu átaki og markvissri vinnu með framtíðina í huga. Íslendingar eiga ekki og þurfa ekki að biðjast afsökunar á því sem þeir bjóða á erlendum mörkuðum því hérlendis er allra kosta völ í þessum efnum ef rétt er að verki staðið í framleiðslu, markaðs- og sölumálum.

Við eigum t.d. nær allt okkar undir sölu sjávarafurða en í einhliða framleiðslu felst mikil áhætta ef eitthvað fer úrskeiðis. Þess vegna þarf sífellt að vera á verði í þeim efnum, sem og öðrum þáttum okkar framleiðslu, leita nýrra leiða, nýrra markaða um allan heim. Þótt við vitum hvað við höfum verðum við að gæta þess að láta ekki þar við sitja heldur leita nýrra leiða. Þróunin og aðstæður allar kalla á það að við stefnum að fullvinnslu alls okkar hráefnis innan lands, hvort sem er á vettvangi sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, hvort sem við viljum selja íslenska þekkingu og reynslu á alþjóðavettvangi eða t.d. náttúrufegurð landsins til að laða að ferðamenn, hvað þá hráefni okkar lands.

Hæstv. fyrrv. viðskrh., Matthías Á. Mathiesen, skipaði fyrir nokkru þrjár nefndir í markaðsmálum. Eina til að örva íslenska útflutningsstarfsemi og glæða áhuga almennings á markaðsmálum og útflutningsmálum með sérstakt markaðsátak á Norðurlöndum í huga árið 1986, og að því er nú unnið, aðra nefnd til þess að greiða fyrir útflutningi verkefna og þjónustu á sviði sjávarútvegs og orkuvinnslu og þriðju nefndina til að fjalla um samstarf útflytjenda og stjórnvalda til að efla útflutning. Til þess að fylgja slíku starfi eftir þarf að koma á námi í sölu- og markaðsmálum þar sem vænlegt er bæði í skólum landsins og í atvinnulífinu.

Á næstu árum þarf að hrinda í framkvæmd margþættu starfi á sviði sölu- og markaðsmála, afla meiri þekkingar á mörkuðum og möguleikum, skipuleggja hvernig nýta má þá möguleika sem Íslendingar hafa til að ná árangri í takt við nýjustu tækni og upplýsingamiðlun á alþjóðavettvangi. Full ástæða er til þess að sem fyrst verði sendir tugir manna til starfsnáms erlendis til þess að kynna sér vinnubrögð, markaði og söluleiðir fyrir íslenskar afurðir; kynna sér störf sem varða íslenska hagsmuni erlendis og störf við fyrirtæki sem tengjast íslenskum hagsmunum; kynna sér lönd eða markaðssvæði þar sem Íslendingar selja ekkert en möguleikar á sölu kunna að leynast þegar að er gáð. Meginmáli skiptir að vel takist til í útflutningsmálum og við verðum að hætta að láta hlédrægnina ráða ferðinni í sölu á okkar afurðum. Við megum ekki líta sölu- og markaðsmál hornauga.

Sérstaða Íslendinga í baráttunni í sölu- og markaðsmálum er framar öllu fólgin í því að við verðum að klæðskerasauma þessa vinnu, finna leið sem hentar íslenskum aðstæðum, búa til tækni þar sem engin fyrirmynd er til, þótt nýta megi þar að auki ýmislegt sem til er á alþjóðavettvangi. Þessi útfærsla verður umfram allt að henta okkur og má ekki vera algerlega í forsjá ríkisins, heldur með þeim hætti að forusta og frumkvæði liggi að hluta til í atvinnulífinu þar sem skilningurinn á að vera mestur og áþreifanlegastur. Með því að taka til höndum í þessum efnum erum við að vinna tíma og verðmæti fyrir framtíð íslenskrar þjóðar. Við verðum að herða okkur á því sviði sölu- og markaðsmála að kunna að taka púlsinn með sölu- og markaðsmál í huga. Við höfum látið undir höfuð leggjast að skipuleggja þennan þátt sem hvað mestu máli skiptir í samkeppninni um meira verð fyrir minni vinnu og við hverja einingu í framleiðslunni. Það eru sömu lögmál í þessum efnum hvort sem við erum að tala um Hafnarfjörð eða Hong Kong, Búðardal eða Brussel. Þetta er spurning um þekkingu.

Til að árétta það hvað við leggjum litla rækt við sölumennsku og menntun í þeim efnum má segja að kannske skýrist það best í því að við erum með líklega nær 1000 innflytjendur í landinu en fáa tugi útflytjenda sem hægt er að tala um sem raunverulega útflytjendur. Það hefur líka verið sagt að ef Dani og Íslendingur eru á ferðalagi í erlendu landi þá er Daninn að selja en Íslendingurinn að leita sér að umboði eða skemmta sér. A.m.k. getum við í þessum efnum lært af Dönum sem er einhver harðskeyttasta sölumennskuþjóð á jörðinni í dag. Við búum að mörgu leyti við staðnað kerfi, jafnvel þar sem við höfum náð mestum árangri í sölumennsku og þurfum að vera sívakandi fyrir endurskipulagningu og nýjum möguleikum byggðum á nýjustu tækni, áróðri og öðrum slíkum möguleikum í fjölmiðlum og sviðsljósi þjóðanna. Það er því eitt stærsta mál næstu framtíðar, að mínu mati, að setja hrygg í okkar sölu- og markaðsmál og framkvæmd þessarar tillögu á að geta stuðlað að slíku.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Afplánun dóma vegna fíkniefnabrota (261. mál) 2609.
Afurðalán skreiðarframleiðenda (249. mál) 2599.
Almannatryggingar (225. mál) 2588.
Eftirlit með skipum (237. mál) 2667.
Fjarnám ríkisins (271. mál) 2572.
Fullorðinsfræðslulög (263. mál) 2698.
Fræðsla um kynferðismál (211. mál) 2608.
Hagkvæmni útboða (243. mál) 2631, 2672.
Húsaleigusamningar (268. mál) 2569.
Innkaup á innlendum iðnaðarvörum (241. mál) 2595.
Jöfnun orkukostnaðar (135. mál) 2676.
Kosning í stjórn Kísiliðjunnar hf. 2608.
Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum (216. mál) 2591.
Nefnd til að kanna okurlánastarfsemi (133. mál) 2673.
Norsku- og sænskunám í grunnskóla og framhaldsskóla (253. mál) 2589.
Ríkisendurskoðun (272. mál) 2646.
Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands (226. mál) 2678.
Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar (260. mál) 2643.
Seðlabanki Íslands (205. mál) 2588.
Seðlabanki Íslands (228. mál) 2634.
Siglingamálastofnun ríkisins (238. mál) 2650.
Sjálfstætt bankaeftirlit (176. mál) 2588.
Skólasel (229. mál) 2608.
Sparisjóðir (246. mál) 2588.
Starfsmaður Veiðimálastofnunar á Egilsstöðum (252. mál) 2601.
Stálbræðsla (267. mál) 2603.
Sölu- og markaðsmál (247. mál) 2702.
Talnagetraunir (232. mál) 2587.
Tilhögun þingfunda 2588, 2672.
Um þingsköp 2609.
Umræður utan dagskrár 2613 (búmark í mjólkurframleiðslu); 2693 (tölvukaup fyrir grunnskóla).
Útflutningur á ferskum fiski (220. mál) 2593.
Útvarpslög (257. mál) 2569.
Verslun ríkisins með áfengi (265. mál) 2586.
Viðskiptabankar (245. mál) 2588.
Þjóðskjalasafn Íslands (258. mál) 2570.
Öryggi á vinnustöðum (275. mál) 2668.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2588, 2607, 2609, 2610, 2611, 2613, 2621, 2672.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 2640.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2646.
Félmrh. Alexander Stefánsson 2569, 2668.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 2591, 2599, 2601.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 2596, 2598, 2604, 2606, 2607, 2677, 2678.
Landbrh. Jón Helgason 2587, 2602, 2610, 2614, 2630, 2676.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 2580, 2590, 2682, 2684, 2694.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2643, 2650, 2666.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2594.
Árni Johnsen 2585, 2613, 2629, 2681, 2702.
Davíð Aðalsteinsson 2570, 2579, 2583.
Eggert Haukdal 2624.
Egill Jónsson 2620, 2626.
Eiður Guðnason 2570, 2571, 2612, 2627, 2682, 2693, 2694, 2697.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2634.
Friðjón Þórðarson 2619.
Garðar Sigurðsson 2628.
Guðrún Agnarsdóttir 2697.
Guðrún J. Halldórsdóttir 2572, 2582, 2585, 2589, 2590, 2683, 2698, 2702.
Guðrún Helgadóttir 2597.
Haraldur Ólafsson 2690.
Halldór Blöndal 2611.
Helgi Seljan 2575, 2591, 2592, 2593, 2594, 2601, 2602, 2615, 2625, 2631.
Hjörleifur Guttormsson 2595, 2598, 2606, 2617, 2623, 2628, 2676, 2677, 2678, 2679, 2688, 2695, 2700.
Jón Baldvin Hannibalsson 2678, 2685.
Jón Kristjánsson 2634, 2642, 2692.
Karl Steinar Guðnason 2576, 2584, 2586, 2599, 2601, 2624.
Kjartan Jóhannsson 2696.
Kolbrún Jónsdóttir 2673, 2701.
Kristín S. Kvaran 2680.
Ólafur Þ. Þórðarson 2612, 2621, 2626, 2629, 2691.
Páll Pétursson 2618, 2622, 2633.
Pálmi Jónsson 2616, 2622.
Ragnar Arnalds 2603, 2605, 2607, 2609, 2610.
Skúli Alexandersson 2600.
Stefán Benediktsson 2640, 2643, 2696.
Stefán Valgeirsson 2620, 2653.
Steingrímur J. Sigfússon 2618, 2665.
Svavar Gestsson 2611, 2671.

Efri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. 181. mál (þskj. 206). — 1. umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Á þskj. 206 hef ég lagt fram frv. til l. um breytingu á lögum nr. 103 frá árinu 1980, um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 1971, með síðari breytingum. Hér er um að ræða fylgifrv. með frv. til l. um fæðingarorlof sem ég hef þegar flutt á þessu þingi.

Þegar ég mælti fyrir því frv., sem hefur málanúmerið 180, lét ég í ljós þá ósk að hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsti hér hug sínum til þessara mála og ef hæstv. ráðh. er viðlátinn þætti mér vænt um að hann gæti verið viðstaddur þessa umræðu. (**Forseti:** Já, ég skal láta athuga hvort ráðherrann getur komið hér inn.) Takk.

Nú sé ég að hæstv. ráðh. gengur í salinn og vil ég þá láta þess getið aftur að þá er ég mælti fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um fæðingarorlof fyrir tveimur vikum lét ég í ljós þá ósk að hæstv. heilbr.- og trmrh. gæti hér að einhverju leyti lýst hug sínum í garð þessara mála. Það skipaðist þá þannig að slíkt var ekki unnt á þeim fundi hér í hv. Ed. sökum anna hæstv. ráðh. og þar sem ég er nú að flytja fylgifrv. með fæðingarorlofsfrv. fór ég þess á leit við virðulegan forseta að hæstv. ráðh. gæti verið viðstaddur þá umræðu og látið hér í ljós álit sitt á þeirri skipan fæðingarorlofsmála sem ég hef mælt fyrir í hv. deild.

Í grg. með frv. á þskj. 206 segir, með leyfi forseta:

„Frv. var áður flutt á 107. löggjafarþingi. Það gerir ráð fyrir 1% hækkun á framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga og er flutt til þess að afla tekna til aukinna fæðingarorlofsgreiðslna, sbr. frv. til l. um breytingu á lögum nr. 97 frá 1980, um fæðingarorlof, breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 61 frá 1971, með síðari breytingum.

Á fjárlögum árið 1985 er gert ráð fyrir að lífeyristryggingagjöld atvinnurekenda nemi 595 millj. kr. og miðað við þá upphæð er hér um að ræða nær 300 millj. kr. tekjuaukningu ríkissjóðs."

Síðan stendur í grg.: „Nemur þessi tekjuaukning ríflega ⅔ þess kostnaðar sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér." Þetta er rangt og vil ég nú útskýra hvernig á því stendur.

Þetta frv. var lagt fram á hæstv. Alþingi á s.l. hausti, í nóvemberlok minnir mig, og það var áður en Tryggingastofnun ríkisins hafði handbærar tölur um fjölda fæðingarorlofsþega og upphæð fæðingarorlofsgreiðslna á árinu 1985. Í grg. með frv. er því miðað við óbreyttar tölur milli ára og því stendur þarna að áætlað sé að frv. muni ná að mæta ⅔ hlutum þess kostnaðar sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér.

Nú bregður hins vegar svo við að fæðingum fækkaði töluvert á árinu 1985. Þær voru 3846 í stað 4258 á árinu 1984. Mér telst til að þar sé um u.þ.b. 10% fækkun fæðinga að ræða. Auk þess hafa laun kvenna enn rýrnað á árinu. Launaskriðið svonefnda hefur sniðgengið margar konur og það lækkar enn kostnað við það fæðingarorlofsfrv. sem ég hef hér áður flutt, en þar er gert ráð fyrir að foreldri njóti launa sinna óskertra í fæðingarorlofi eins og hv. þm. rekur eflaust minni til. Niðurstaðan er því sú að þetta fylgifrv., sem ég er hér að mæla fyrir, gerir meira en greiða þann kostnað sem af lengingu fæðingarorlofs hlýst.

Fylgifrv. skilar 300 millj. í ríkissjóð á meðan þær breytingar á fæðingarorlofslöggjöfinni sem ég hef lagt til hefðu kostað í heild sinni, miðað við verðlag ársins í fyrra, 250 millj. kr. Sem sé: vegna fækkunar fæðinga og rýrnandi launa kvenna er því hér um 50 millj. kr. tekjuafgang, ef svo má segja, að ræða í fjáröflunarviðleitni minni. Ef svo fer fram að fæðingum heldur áfram að fækka er okkur óhætt að lækka enn prósenturnar sem frvgr. hljóðar upp á, jafnvel færa hana úr 3% niður í 2,5% og væri þá um að ræða 0,5% en ekki 1% hækkun á framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga.

Ég vil beina þessum ábendingum til hv. heilbr.- og trn. sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar. Það er ljóst að kostnaðaráætlanir verður að endurmeta ef sveiflur eiga sér stað í fjölda fæðinga á milli ára, eins og gerst hefur á milli áranna 1984 og 1985, og ef breytingar verða í launaskiptingu þjóðfélagsins.

Síðan segir áfram í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 er hagur atvinnurekstrar í landinu að undanskildum sjávarútvegi allgóður um þessar mundir. Á það einkum við um verslun, iðnað og ýmsar greinar þjónustu og munu þessar atvinnugreinar því geta borið þá gjaldaaukningu sem hér er lögð til. Bætt aðstaða foreldra og ungbarna, sem lenging fæðingarorlofs felur í sér, skilar sér án nokkurs vafa í heilbrigðari einstaklingum. Á það jafnt við um börnin sem í hlut eiga og um foreldra þeirra sem nú eru uppistaða vinnuafls í landinu. Öllum atvinnurekstri er hagur að því að fá til starfa heilbrigða einstaklinga og því er sjálfsagt að atvinnurekendur leggi nokkuð af mörkum til þess að svo megi vera."

Hér lýkur grg. með frv. Ég vil aðeins taka það fram að lagagreinin sjálf er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í stað 2% kemur 3%.

Ég hef nýverið gert ítarlega grein fyrir nauðsyn á lengingu fæðingarorlofs svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka röksemdir mínar þar um nú. Það frv. sem hér er á ferðinni felur einfaldlega í sér öflun tekna til að standa straum af kostnaði vegna lengingar fæðingarorlofs þannig að ekki þurfi að treysta á fé úr ríkissjóði til þessara hluta.

Það þarf í sjálfu sér lítið meira um þetta frv. að segja nema e.t.v. að ég tel að varla sé með því verið að ganga nærri atvinnurekstri í landinu. Hann hefur blómgast að undanförnu í skjóli núverandi ríkisstj., eins og allar tölur sýna og sanna, og ætti því að geta borið þá gjaldaaukningu, sem hér er lögð til, án stórskaða.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Frú forseti. Ef ég má byrja þessa ræðu á smáathugasemdum um þingsköp spyr ég þessa hv. deild hvort henni þyki nokkuð við það að athuga að við hættum að veigra okkur við að segja frú forseti. Þegar kvenmaður situr í

forsetastól eru menn alltaf að finna upp eitthvert lýsingarorð framan við starfsheitið í stað þess að menn segja feimnislaust „herra" þegar karlmaður situr í forsetastól. Ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því, nema síður sé og þykir þar enn meiri virðing að, að forseti fengi að halda sínum frúartitli líka í forsetastól. Þess vegna segi ég, ef ekki verður við það gerð athugasemd, frú forseti.

Ég þakka hv. flm. þessa frv. fyrir þá virðingu sem hún sýndi mér með því að gera boð eftir mér. Hér er vissulega verið að ræða um mikilvægt mál.

Mig langar til að vekja á því athygli, sem ég raunar hef áður gert í sambandi við umræður um fæðingarorlof, að ég tel að við verðum að varast að rugla saman hugtökum í sambandi við þetta mál. Þá ítreka ég að minn skilningur á orðinu „fæðingarorlof" og sá skilningur sem lengi vel ríkti líka í umfjöllun um tryggingalöggjöf er: greiðsla sem kemur í stað þeirra atvinnutekna sem maður missir vegna forfalla af völdum fæðingar. M.ö.o.: reglur um fæðingarorlof fela í sér að það er verið að viðurkenna barnsfæðingu og nokkurn tíma í kringum þann atburð sem lögleg forföll af vinnumarkaði til að gefa móðurinni og síðar reyndar föðurnum líka tækifæri til að vera heima og sinna hinu nýfædda barni og svo líka jafna sig eftir fæðinguna. Þessu miðaði afar hægt lengi vel. Ég segi enn að ég tel að stærsta skrefið sem stigið var í þessu efni hafi í fyrsta lagi verið þegar lögleitt var þriggja mánaða fæðingarorlof kvenna sem vinna hjá hinu opinbera og svo í öðru lagi þegar lögleidd var sú skylda að greiða tiltekna upphæð í fæðingarorlof til kvenna sem voru í öðrum launþegafélögum en hjá hinu opinbera.

Nú er það svo að þegar við gerum ráð fyrir að fæðingarorlof sé greitt úr opinberum sjóðum en ekki af hálfu vinnuveitanda hvers og eins er afar örðugt eins og á stendur um okkar grundvallarsjónarmið í tryggingalöggjöfinni að lögleiða að upphæðir sem einhverjir allt aðrir en hið opinbera sjálft ákveða séu greiddar úr þeim sjóðum. M.ö.o.: það er mjög erfitt að taka upp eina tegund bóta sem greidd er úr almannatryggingasjóði og hafa hana háða almennum ákvörðunum einstakra vinnuveitenda en ekki að hún sé lögbundin ásamt öðrum grundvallarupphæðum í almannatryggingum. Ástæðan fyrir því að þetta er mjög örðugt er að það þýðir að mjög erfitt er að gera kostnaðaráætlanir. Það er ekki nóg með að við sjáum ekki alltaf nákvæmlega fyrir hversu margar fæðingar verða á hverju fjárhagsári þó að við sjáum nokkuð langt fram á það ár vafalaust. Þetta yrði allt enn þá örðugra ef upphæðirnar yrðu mismunandi eftir því hjá hvaða vinnuveitanda konan hefði unnið. Þess vegna hefur það verið mín skoðun að fæðingarorlof sem greitt er fyrir tilstilli almannatrygginga skyldi vera tiltekin upphæð, tiltekin viðmiðun sem væri sem næst meðallaunum, en hins vegar væri um það sem þar væri fram yfir sérstaklega samið milli launþega og vinnuveitenda. Ég tel að þegar við erum að fjalla um ráðstöfun fjár úr opinberum sjóðum væri slík skipan miklu eðlilegri, enda er það svo að menn hljóta tilteknar upphæðir í lífeyri, í mæðralaun og ýmiss konar bætur alveg án tillits til þess hjá hverjum maður hefur áður unnið eða hverjar tekjur manns hafa að öðru leyti verið.

Hitt er svo annað mál að það getur verið og er að mínu viti skynsamlegt að koma því kerfi á að miða við lífsafkomu manns að öðru leyti þegar litið er á lífeyrisupphæðir. Það hefur til þessa verið talið hlutverk sem almannatryggingar og lífeyrissjóðir gegndu sameiginlega en ekki einungis almannatryggingar þar sem menn eru skyldugir aðilar og greiða tilteknar fjárhæðir. Mér þykir því vanta e.t.v. grundvöllinn undir framkvæmd þeirrar hugmyndar í þetta.

Ég hef gert nokkurn greinarmun á því sem ég kalla fæðingarorlof og yrði greitt konum sem misst hafa launatekjur úti á vinnumarkaðnum vegna forfalla í kringum fæðingu og svo aftur á móti bótum eða fjárhæð sem greidd væri konum sem hvort sem er voru heimavinnandi og eiga að því er ég tel að heita, eins og bætur til handa öllum fæðandi konum, fæðingarstyrkur. Það væri einfaldlega hækkun á fæðingarstyrknum sem ákvæði gilda um þegar í almannatryggingalögum. Menn geta haft það sjónarmið að það ætti að stórhækka þann styrk. Þá verðum við líka að skoða forgangsröð á ýmsum bótum almannatrygginga. Hvað er það í raun og veru sem við teljum þar liggja mest á? Hvort er það að hækka bætur til þeirra sem eru við fulla heilsu og vel bjargálna eða þá að hækka bætur til þeirra sem e.t.v. hafa engar tekjur nema ellilífeyri? Þetta eru atriði sem á sínum tíma ollu því, þegar ég var að berjast fyrir slíku frv. fyrir ellefu árum, að ég kaus að leggja til að sjóður utan almannatrygginga fjármagnaði þessar greiðslur. Mér er ljóst að með sérstöku fyrirkomulagi er unnt að hafa þetta innan almannatrygginga, en þá verður einnig að taka enn ríkara tillit til þess að það séu alveg fastar reglur sem gilda um þessar bætur.

Að því er varðar það hvernig við viljum styðja foreldra ungra barna til að sinna þeim sem allra mest eða bæta úr ýmiss konar félagslegum örðugleikum, sem hæstv. forseti Sþ. hefur rætt um í sambandi við frumvörp sín um breytingu á lagareglum sem gilda um fóstureyðingar, ef við lítum á hvernig við viljum koma til móts við foreldra ungra barna betur en nú er gert, þá er það mín skoðun að það séu fyrst og fremst barnabætur sem við eigum að beina athyglinni að. Barnabætur ná til barna ekki aðeins nýfæddra heldur líka fram yfir þann tíma sem fæðingarorlofsgreiðslur mundu ná til foreldranna. Aftur á móti þykir mér eðlilegt að fæðingarorlofsgreiðslurnar haldi sér með svipuðum skilningi og verið hefur. Það eina sem ég tel að við gætum athugað í því sambandi væri e.t.v. lenging.

En ég vil taka fram að sjónarmiðunum sem sett eru fram í þessu frv. þykir mér að öðru leyti vera langbest fullnægt með aðferðum sem ná þá til að aðstoða börn eða öllu heldur foreldra til að annast vel þeirra afkomu og framfæri, með barnabótunum sem við eigum að beina augum að. Alveg ljóst er að vandinn minnkar ekkert hvað snertir framfæri barna þó að þau séu orðin þriggja mánaða, fjögurra mánaða, fimm mánaða, sex mánaða eða þaðan af eldri. Og hvað snertir einnig aðstoð við þá foreldra sem einstæðir eru tel ég líka að hún ætti að hafa forgang.

Það grundvallaratriði sem ég hef verið að ræða snertir hugmyndirnar um fæðingarorlof og vík ég þá aðeins að því frv. sem tengist því og liggur hér fyrir og er um hækkun á gjaldskyldu atvinnurekenda. Ég sé ekki annað en það mál sé þess eðlis að það hljóti að koma inn í viðræður aðila vinnumarkaðarins hvort ætti að fara að skylda atvinnurekendur til að greiða meira í þennan almenna sjóð. Menn standa í viðræðum út af lífeyris-

sjóðum sem atvinnurekendur greiða í. Atvinnurekendur greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð og slysatryggingar. Ég tel að það væri eðlilegt að opinberir aðilar og Alþingi ræddu mál sem þetta við aðila vinnumarkaðarins. Að vísu er það ekki skylt. Alþingi getur ákveðið hvað sem er með lögum. En ég hygg að reynslan sýni okkur og lýðræðishugur manna almennt sýni okkur að það sé skynsamlegt að athuga hvort þarna verði ekki samkomulag að standa að baki.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir að hafa tekið til máls við þessa umræðu. Eftir að hafa hlýtt á hennar mál gæti ég trúað því að það þyrfti ekki ýkja margt að skilja okkar á milli í þessu máli.

Ráðherra hóf mál sitt á að tala um hvaða skilning við legðum í fæðingarorlof og vildi hún leggja þann skilning í það að fæðingarorlof væri greiðsla sem kæmi í staðinn fyrir tekjumissi vegna forfalla foreldris á vinnumarkaði. Þetta er að hluta til einnig minn skilningur og það er einmitt þess vegna sem ég hef lagt til að foreldri njóti fullra launa sinna í fæðingarorlofi.

Að auki hef ég þann skilning á fæðingarorlofi að þar sé einnig verið að greiða nokkurs konar laun fyrir vinnu sem foreldrar inna af hendi fyrstu mánuði í ævi barns. Eins og við vitum getur það verið ákaflega yndislegur en líka ákaflega annasamur tími í lífi þeirra sem í hlut eiga.

Fyrir mér er fæðingarorlof því greiðsla sem tryggir afkomu foreldra og ungabarna fyrstu mánuðina í ævi barns og að auki laun eða nokkurs konar umbun fyrir það starf sem foreldrar ungra barna inna af hendi á þessum mánuðum. Á þeim grundvelli hef ég lagt til að þeir foreldrar sem heimavinnandi eru njóti þessara greiðslna einnig og hefur mér þótt það vera lágmarksviðurkenning á þeim störfum sem heimavinnandi konur vinna alla jafnan launalaust inni á heimilum landsins og sem hvergi koma fram sem verðmætasköpun eða sem hluti af þjóðarframleiðslunni.

Hæstv. ráðh. vildi meina að það væru nokkur vandkvæði á því að Tryggingastofnun ríkisins gæti greitt fæðingarorlofsgreiðslur út samkvæmt launum foreldra vegna þess að þau væru breytileg. Ég gerði það einmitt að umtalsefni í ræðu minni áðan að sveigjanlegar kostnaðaráætlanir væru nauðsynlegar í því efni. Fæðingum getur fækkað eða fjölgað, launakjör kvenna geta breyst til batnaðar eða til hins verra. Þetta gerir strik í reikninginn. Hins vegar er það svo að opinberar stofnanir inna þegar af höndum ýmiss konar greiðslur sem eru launatengdar og fara eftir launum á vinnumarkaðnum. Ég held að það ættu ekki að vera meiri vandkvæði með fæðingarorlofsgreiðslur að þessu leyti en aðrar greiðslur af því tagi.

Eins vil ég láta það koma hér fram, sem ég gerði að umtalsefni þegar ég mælti fyrir frv. um lengingu fæðingarorlofs, að samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins eru laun kvenna á aldrinum 15–44 ára hér á landi, þ.e. þeirra kvenna sem eru í barneign og ekki njóta þegar fullra launa í fæðingarorlofi eins og opinberir starfsmenn gera og konur sem eru aðilar að Sambandi bankamanna, laun þessara kvenna, sem flestar tilheyra ASÍ, eru mjög svipuð eða mjög nálægt því að vera að meðaltali það sem fæðingarorlofsgreiðslan er í dag eða tæpar 25 þús. kr. á mánuði. Þeirra hluta vegna er því mjög auðvelt að gera nokkuð nákvæmar kostnaðaráætlanir vegna greiðslu fæðingarorlofs.

Ráðherra varpaði fram þeirri hugmynd að eðlilegt væri að Tryggingastofnun ríkisins eða ríkið greiddi út ákveðnar fæðingarorlofsgreiðslur og síðan gætu fæðingarorlofsþegar samið um afganginn við atvinnurekendur hver á sínum stað, þ.e. ef fæðingarorlofsþegi hefði hærri laun en nemur hinni föstu greiðslu. Ég held að það fyrirkomulag muni ekki reynast ýkja vel þar sem konur eru þegar í töluverðri undirmálsstöðu á vinnumarkaðnum og ég hef ekki trú á því að þær eigi hægt með að sækja sinn rétt að þessu leyti til atvinnurekenda. Ég tel það ekki vera fyrirkomulag sem er líklegt til að skila konum árangri.

Hæstv. ráðh. gerði ekki að sérstöku umtalsefni lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði, en hún ræddi um barnabætur, nauðsyn þess að auka þær og að þær væru greiddar út vegna barna sem væru orðin eldri en þau börn sem um er að ræða vegna fæðingarorlofsgreiðslna. Ég tel að ekki sé rétt að blanda saman fæðingarorlofsgreiðslum og barnabótum. Ég held að það sé æskilegt að halda þessu tvennu aðskildu. Annars vegar er um að ræða greiðslur vegna fæðingar barns og hins vegar er um að ræða greiðslur vegna framfærslu barns. Hins vegar er ég sammála hæstv. ráðh. í því að barnabætur þurfi að auka og ég hef flutt tillögur þess efnis hér á hv. Alþingi. Við afgreiðslu frv. til skattalaga fyrir rúmu ári síðan t.d. gerði ég tillögu um að þeim 200 millj. sem þá var varið til samsköttunar hjóna yrði þess í stað varið til greiðslu barnabóta. Sú till. var reyndar felld. En ég er ráðherra hjartanlega sammála um að barnabætur þarf að auka. Þær eru handhæg leið til að koma greiðslu fyrir barnauppeldi til skila til þeirra sem hlut eiga að máli.

Að lokum gerði ráðherra að umtalsefni, ef ég skildi hana rétt, að sjálfsagt væri að viðra þá tekjuöflunarhugmynd, sem ég var að gera grein fyrir áðan, í þeim samningum sem nú standa yfir milli aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt benti hún réttilega á að Alþingi er í sjálfsvald sett að setja lög um þessa hluti. Ég er eindregið fylgjandi því að þessi hugmynd verði viðruð í umræðum aðila vinnumarkaðarins, ég hvet mjög til þess að henni verði beint þangað og að þeir sem hlut eiga að máli þar taki einhverja afstöðu til hennar.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Frú forseti. Hv. flm. þessa frv. ræðir um hæfilega umbun til handa heimavinnandi húsmæðrum, þeim sem annast börn sín heima, og nefnir í því sambandi sem umbun til heimavinnandi húsmæðra fæðingarorlof jafnhátt og til þeirra sem missa af launatekjum við barnsburð. Ég er þeirrar skoðunar að þessi samanburðargrundvöllur sé alrangur.

Í fyrsta lagi: Ef frú Sigríður, sem er heimavinnandi húsmóðir, eignast barn getur hún átt kost á einhverri heimilishjálp, hún getur jafnað sig heima, hún þarf ekki að biðja neinn um frí úr vinnu sem hún kannske mundi missa ef hún kemur ekki aftur eftir 12 daga eða 14 daga eins og það var til skamms tíma. Aftur á móti er frú Guðrún útivinnandi. Hún var þannig sett áður en fæðingarorlof var lögleitt að hún varð stundum að gera svo vel að standa fyrir innan búðarborð við afgreiðslu 12 dögum eftir barnsburð. Ef hún gerði það ekki átti

hún á hættu að missa vinnuna sem var lífsframfæri hennar.

Ég tel að það hafi verið nauðsynlegt að rétta hlut Guðrúnar að þessu leyti og sjá til þess að hún yrði a.m.k. eins vel sett heima fyrir og sú sem áður hafði ekki verið úti á vinnumarkaðnum, þ.e. í þessu dæmi Sigríður. Ég get ekki skilið þann samanburðargrundvöll að líta svo á að Sigríður hafi misst spón úr aski sínum við það að Guðrúnu voru veitt þessi réttindi. Það get ég ekki skilið. Ég held að við verðum að vera menn til þess að rétta hlut þeirra sem eru illa settir án þess að aðrir, sem betur eru settir, sjái ofsjónum yfir því og vilji fá sams konar fjárhæðir sér til handa. Þetta er önnur ástæðan.

Hin ástæðan er að mér þykir ekki frambærileg röksemd fyrir þessu að tala um umbun til heimavinnandi húsmæðra þar eð þeirra störf séu lítt sem ekki metin til fjár. Mér þykir hv. flm. frv. vera heldur lítilþægur að telja að það sé umbun til heimavinnandi húsmóður að fá laun sem svara launum úti á vinnumarkaðnum í 3–6 mánuði. Hvað þá með allan hinn tímann sem hún er heima á sínu heimili og sinnir e.t.v. mörgum börnum eða þá konu sem hefur alls ekki legið á sæng nýlega eða er kannske barnlaus, sinnir kannske sjúklingi eða gamalmenni á heimili sínu?

Ég held að við séum að tala hér um að leysa margt ólíkt með einni og sams konar greiðslu eða bótategund úr almannatryggingum. Ég held að þau atriði, sem hér hafa verið rædd, þurfi þrenns konar lausnir:

Í fyrsta lagi eru þær konur sem eru launþegar og þurfa að fá frí en hafa öryggi samt á vinnumarkaðnum og komast í vinnu sína, sem var þeirra lífsframfæri, aftur. Þær fái fæðingarorlofið. Heimavinnandi konur geti fengið slíkt kannske í frjálsum tryggingum eða að einhverju marki eins og nú er í lögum. Til að jafna aðstöðu allra foreldra og bæta yfir höfuð aðstöðu barna og foreldra sem annast börn séu fyrst og fremst barnabæturnar. Loks tel ég að ef við erum að tala um umbun til handa heimavinnandi húsmæðrum, sem hið opinbera eigi með einhverjum hætti að standa á bak við, sé það ekki fæðingarorlofsgreiðsla sem leysir það mál heldur skattalögin. Þess vegna held ég að sú regla, sem stundum hefur verið talað um, að skipta tekjum hjóna til helminga áður en skattur er á þær lagður, sé miklu nær því að vera einhver raunveruleg umbun til handa þeim sem eru heimavinnandi eða að slíkt fyrirkomulag gefi báðum hjónum miklu meira svigrúm til að ákveða hvort aflar teknanna eða hvernig þau standa að því, hvort þau gera það bæði eða hvernig.

Með slíku fyrirkomulagi getum við komið á miklu meira jafnrétti milli heimavinnandi kvenna og útivinnandi karla, bænda þeirra, eða þá öfugt, heimavinnandi bænda og útivinnandi húsmæðra eins og stundum er nú á síðari árum. Það er ekki búið að lögvernda heitið „bóndi“ svo að maður má tala um bónda sinn enn þá án þess að brjóta lög. En þetta finnast mér vera grundvallaratriði. Til þess að ná hverju þessara markmiða fyrir sig þurfum við líka mismunandi leiðir eftir því hvert markmiðið er.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Það kom því miður fram dálítill misskilningur í máli ráðherra áðan. Ég hef ekki lagt til að heimavinnandi konur fái sömu upphæð í fæðingarorlofsgreiðslur og þær konur sem útivinnandi eru eins og hún virðist álíta. Ég hef lagt til að þær konur sem útivinnandi eru fái laun sín óskert í fæðingarorlofsgreiðslum og njóti þannig fullrar afkomutryggingar og ég hef lagt til að þær konur sem heimavinnandi eru fái þær greiðslur að fullu sem nú er miðað við í fæðingarorlofslöggjöfinni, þ.e. tæplega 25 þús. kr. á mánuði.

Ég tel að heimavinnandi konur geti engu síður en útivinnandi konur búið við fjárhagslegt óöryggi, ekki síst þær konur sem eru heimavinnandi vegna þess að þær komast ekki út að vinna vegna fjölda barna. Þær konur eru enn til á Íslandi þótt tala fæðinga gefi til kynna að þeim kunni e.t.v. að fara fækkandi. Eins eru konur sem eru heimavinnandi vegna þess að þær komast ekki út á vinnumarkaðinn þótt þær þurfi þess vegna umönnunar gamla fólksins eða vegna umönnunar fatlaðra einstaklinga. Það er því ekki síður brýnt að heimavinnandi konum sé tryggt nokkurs konar lágmarksafkomuöryggi þann viðkvæma tíma sem í hönd fer strax eftir fæðingu barns.

Ég hef margoft sagt það úr þessum ræðustól að þar með er ég ekki að leggja til að um sé að ræða einhvers konar fullnaðarumbun fyrir starf heimavinnandi kvenna. Fjarri því. Ég hef sagt: Þetta er eina færa leiðin innan ramma fæðingarorlofslaganna til að tryggja rétt heimavinnandi kvenna á meðan ekkert mat er til á störfum þeirra. Á meðan heimavinnandi konum eru ekki greidd nein peningalaun fyrir sín störf er þetta eina leiðin í fæðingarorlofsgreiðslum. Ég er þá vitaskuld eingöngu að tala um greiðslu fæðingarorlofs en ekki vanda heimavinnandi í heild sinni.

Hins vegar hef ég hér margoft talað fyrir nauðsyn þess að meta störf heimavinnandi á einhvern hátt og að þau verði á einhvern hátt talin til verðmæta í þessu þjóðfélagi. Það er vitaskuld ekki gert með fæðingarorlofslöggjöf. Í fæðingarorlofslöggjöfinni snýst málið um að ná til heimavinnandi kvenna því að við getum ekki leyst vanda heimavinnandi kvenna með löggjöf um fæðingarorlof. Því hefur aldrei verið haldið fram hér, a.m.k. ekki af þeim þm. sem hér stendur.

Ég nefndi skattalögin áðan og hæstv. ráðh. gerði það einnig. Okkur greinir á um hvernig réttur heimavinnandi verði best tryggður í skattalögunum. Ég nefndi þau lög vegna þess að þau eru einmitt dæmi um löggjöf þar sem hægt er að tryggja rétt heimavinnandi. Það er annað mál en núna vona ég að það sé nokkuð skýrt hvað fæðingarorlofsfrv. gengur út á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Fjarvistarréttur foreldra, frv. 264. mál (þskj. 497). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Á þskj. 497 flyt ég frv. til l. um fjarvistarrétt foreldra vegna veikinda barna. Mál þetta var flutt á þingi í fyrra og reyndar flutti ég það líka í hitteðfyrra, en frv. hlaut í hvorugt skiptið afgreiðslu.

Frv. gerir ráð fyrir því að þeir sem eiga rétt til uppsagnarfrests vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, annaðhvort samkvæmt ráðningarsamningi eða skv. lögum

nr. 19 frá 1. maí 1979, njóti þess réttar, ef um foreldri er að ræða, að mega ráðstafa allt að einni viku af áunnum rétti sínum til fjarvistar vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum á að greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

Mál þetta er sniðið að þeim kjarasamningi sem opinberir starfsmenn gerðu haustið 1982 við ríkisvaldið og heimilaði félagsmönnum BSRB og BHM að nota hluta af veikindaleyfi sínu til fjarvistar vegna veikinda barna. Reyndar hafði árið áður verið gerður samningur af hálfu ríkisins við starfsmannafélagið Sókn um hliðstæð réttindi.

Ég álít að þetta sé eðlilegur réttur foreldra og að sanngjarnt sé að slík ákvæði nái til allra launamanna. Nú eru þetta forréttindi opinberra starfsmanna, starfsmanna ríkisins, starfsmanna sveitarfélaga og starfsmanna í starfsmannafélaginu Sókn, en ég tel sjálfsagt og eðlilegt að þessi réttindi nái til allra launamanna og undrast satt best að segja að enn skuli ekki hafa verið samið í samningum aðila vinnumarkaðarins um þennan rétt.

Ég get að vísu upplýst, þótt ég hafi ekki nákvæmar upplýsingar um það, að í þeim samningum sem nú standa yfir milli Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins hefur mjög verið rætt um að réttindi af þessu tagi yrðu viðurkennd og kæmi þá væntanlega til kasta Alþingis að setja löggjöf um þetta efni. Mér er hins vegar sagt að samkomulag sé ekki orðið endanlegt um þetta atriði og enn sé nokkur ágreiningur og nokkur ýtingur um hver eigi að borga brúsann. Atvinnurekendur munu hafa mikla tilhneigingu til að koma þessum kostnaði alfarið yfir á ríkið, yfir á Tryggingastofnun ríkisins, þannig að Tryggingastofnunin endurgreiði atvinnurekendum þann kostnað sem af þessu hlýst, en það mál mun ekki vera frá gengið.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að það eigi að vera takmörk fyrir því að hve miklu leyti atvinnurekendur velta kostnaði vegna starfsmanna sinna yfir á skattgreiðendur, yfir á ríkisvaldið. Hér er um takmörkuð réttindi að ræða. Það er alls ekki svo að hver einasti maður njóti þessa heldur er hér miðað við að rétturinn skapist eftir fast starf hjá sama atvinnurekanda um nokkurt skeið. Þegar þannig stendur á finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að atvinnurekandinn greiði þennan kostnað. Hitt gæti verið til athugunar að þeir sem ekki næðu rétti sínum samkvæmt þessu frv. og þessum lögum fengju þá hliðstæð réttindi hjá Tryggingastofnun ríkisins.

En nóg um það. Við fáum sjálfsagt fréttir af því innan tíðar hvort eitthvað verður af þessu í samningum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga og í hvaða formi það verður. Engu að síður er nauðsynlegt fyrir Alþingi að hyggja að þessu máli. Það kemur í hlut þess að gera það hvernig sem allt veltur.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu frv. verði vísað til hv. félmn. að lokinni þessari umræðu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Þetta frv. er orðinn gamall kunningi hér í hv. Ed., en ég vil ekki láta hjá líða að lýsa hér eindregnum stuðningi mínum við þá hugsun sem frv. byggir á. Ég vil einnig láta það koma fram að ég tel sjálfsagt, þótt efni þessa frv. sé til umræðu í samningum aðila vinnumarkaðarins, að Alþingi fjalli um þetta mál og móti fyrir sitt leyti stefnu í málum sem þessum. Þetta mál má skoða sem lið í því að hagræða íslensku þjóðfélagi á þann veg að aukið svigrúm verði fyrir börn, þarfir barna og þarfir foreldra barna.

Ég hef eina spurningu varðandi þetta frv. 1. gr. þess er takmarkandi. Hún kveður á um hverjir geta notið þeirra réttinda sem frv. fjallar um. Spurning mín er þessi: Því er þetta ekki haft á þann veg að hér sé um að ræða grundvallarreglu sem nær til allra launþega? 2. gr. frv. kveður á um að um áunnin réttindi sé að ræða. Ég hefði álitið að það ætti að duga sem viðmiðun til að ákveða rétt hvers og eins.

Ástæða þess að ég vek máls á þessu hér er að ég geri mér ekki fulla grein fyrir því hvort frv., eins og það er orðað, nær t.d. til þeirra sem eru í hlutastarfi úti á vinnumarkaðnum. Í hlutastörfum eru konur fjölmennar og ástæða þess er oft sú að þær komast ekki með góðu móti út af heimilunum til að stunda fulla vinnu vegna barna. Þetta er því hópur sem þau réttindi sem frv. kveður á um munu væntanlega skipta miklu máli. Þess vegna spyr ég: Ná þau réttindi sem frv. kveður á um til fólks í hlutastörfum? Einnig spyr ég: Ná þau til þeirra sem búa við ótryggt atvinnuöryggi, svo sem þeirra sem við fiskvinnslu starfa? Mér finnst skipta miklu að þessi réttindi nái til þessara hópa einnig því þetta eru þeir hópar sem þurfa ekki hvað síst á þeim að halda.

Eins og fram kemur í grg. með frv. njóta félagsmenn sumra launþegasamtaka þegar þessara réttinda og frv. er að nokkru leyti flutt til að félagsmenn í öðrum launþegasamtökum njóti þeirra líka ef ég hef skilið flm. rétt,. Þetta er því samræmingarfrumvarp og ég tel eðlilegt að fyrst um slíka samræmingarviðleitni er að ræða þá verði þessi mál samræmd þannig að allir launþegar njóti þessara réttinda, þar með talið fólk í hlutastörfum.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. flm. þessa frv. er þetta ekki í fyrsta skipti sem frv. er lagt fram á hv. Alþingi. Ég hef áður gert grein fyrir minni afstöðu varðandi þetta mál, en ætla að endurtaka það í fáeinum orðum.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. Ég tel að þessi réttur ætti að ná til allra launþega og ætti að vera bundinn við þann rétt sem fólk hefur til greiðslna í veikindaforföllum. Þarna er verið að taka af rétti á veikindadögum til að sinna veikum börnum. Þess vegna tel ég óþarft að miða við 1550 vinnustundir á ári, eins og kemur fram í grg., og tel að þetta mætti vera einfaldara og miðast við áunninn rétt til greiðslu í veikindum.

Í öðru lagi er í 2. gr. talað um eina viku. Ég hef áður nefnt það hér að þetta, að nefna eina viku, segir ekki til um fjölda daga, hvort verið er að tala um fimm eða sjö daga. Þarna er ekki talað um eina vinnuviku sem er fimm dagar. Það er aðeins sagt: „Heimilt er foreldri að ráðstafa allt að einni viku.“ Þegar þetta ákvæði var samþykkt í samningum hjá BSRB breyttu félög úti á landi þessu orðalagi og settu í staðinn sjö daga þannig að það væri á hreinu hvað við væri átt. Ég tel að í lagagrein þurfi það að vera skýrara eða koma fram í grg. við hve marga daga er átt með þessu ákvæði.

Það er ánægjulegt að rætt skuli vera núna milli

vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna um að koma þessu á í samningum. Það er alltaf besta leiðin að slíkt sé ákveðið í samningum milli vinnuveitenda og launþega. Engu að síður finnst mér rétt að þetta sé sett í lög þar sem um er að ræða réttindi foreldra til að nota sinn áunna rétt til veikindaforfalla til að sinna börnum sínum. Þar af leiðandi tel ég rétt að setja þetta í löggjöf. Þetta er víða gert þótt það sé ekki í samningum. Það tíðkast mjög víða að atvinnurekendur leyfi foreldrum að taka veikindadaga sína út til að sinna veikum börnum. En það eru alltaf til margir vinnuveitendur sem ekki taka þátt í slíku.

Það er grundvallaratriði að fólk geti sinnt sínum börnum. Nógu ill eru þau tíðindi að við sláum nú met í slysatíðni hvað börn snertir. Þar spilar eflaust inn í að foreldrar þurfa að vera mjög mikið í burtu frá heimilum og börn eru mikið ein. Hvert það skref sem við tökum í þá átt að foreldrar geti verið meira heima er því örugglega til góðs.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Það er e.t.v. ekki mörgu að bæta við þessa umræðu.

Eins og fram kom hjá hv. flm. hefur þetta mál verið til umfjöllunar fyrr í þessari hv. deild og þar af leiðandi verið til umfjöllunar í félmn. á tveimur undanförnum þingum. Á síðasta þingi bárust umsagnir um þetta mál og ég tel eðlilegt að hv. deild viti um viðhorf aðila vinnumarkaðarins á þessu stigi umfjöllunar málsins.

Það er skemmst frá að segja að auðvitað mælir Alþýðusamband Íslands eindregið með samþykkt þessa frv. eða gerði það þegar það var til umfjöllunar í fyrra. Það er auðvitað laukrétt, sem fram hefur komið, að þetta mál hefur verið þráfaldlega til umræðu í kjarasamningum á undanförnum árum, en ekki fengist sú niðurstaða í því sem er þekkust Alþýðusambandinu, ef ég má svo að orði komast.

Vinnuveitendasamband Íslands sendi jafnframt umsögn um þetta mál. Í þeirri umsögn er að því vikið að það séu fremur viðhorf Vinnuveitendasambandsins að hér sé um samningsmál að ræða. Reyndar gætir nokkurs þótta í því bréfi, ég skal viðurkenna það, þar sem er að því vikið, jafnvel berum orðum, að Alþingi eigi ekki að vera að skipta sér af svona málum. Tek ég ekki undir slíkan málflutning.

Hins vegar vil ég taka undir þá umsögn að því leyti að ég hefði fremur kosið að þetta mál yrði leitt til lykta á grundvelli frjálsra samninga. Hins vegar er alveg ljóst að í þessum málum er, eins og hér hefur raunar verið vikið að, um allverulega mismunun að ræða á vinnumarkaðnum milli þeirra aðila sem þessa réttar njóta óyggjandi á grundvelli samninga og hinna sem ekki hafa að bakstuðningi samningsgjörð í þessum efnum.

Það er líka rétt að í raun er um að ræða mismunun, og á ég þá við þá aðila sem ekki njóta þessa réttar á grundvelli samninga, einfaldlega vegna þess að það eru mjög mismunandi aðstæður í atvinnulífinu til að veita fólki leyfi til að vera heima, sem er gert í sumum tilvikum, þegar um veikindi barna er að ræða. Þar kemur líka fram mismunun. Að því er auðvitað að gá að þrátt fyrir líka stöðu varðandi atvinnureksturinn með tilliti til hinna ýmsu atvinnurekenda eru þeir mjög misliprir við sitt starfsfólk.

Það má gera ráð fyrir því að að þessu frv. samþykktu, sem ég skal ekkert fullyrða um hvort verður, mundi verða um að ræða einhvern kostnað sem einhver þyrfti þá að greiða. Nú er raunar deilt um það, eins og hér hefur komið fram, hvar hann skuli lenda, á ríkinu, á atvinnurekendum, á báðum aðilum eða hvað. Um það standa nokkrar deilur. Ég ætla ekki að kveða neitt upp úr með hvað skynsamlegast er í þeim efnum. Hitt er nokkuð ljóst í mínum huga að vegna þess eins og menn vita er þetta nokkuð „praktíserað", ef ég má svo að orði komast, er þegar fyrir hendi að hluta til allverulegur kostnaður í atvinnulífinu af þessum sökum þannig að viðbótin er ekki alger með tilliti til þess að þessi réttur yrði færður í hendur allra launþega í landinu að því leyti sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Á þessu stigi er ekki ljóst hverju fram vindur í þeim samningum sem nú standa yfir og að sjálfsögðu bíða menn eftir niðurstöðu þar. Hvað snertir málsmeðferð af hálfu flm. hefði ég ráðlagt hv. flm. að stofna til meiri pólitískrar breiddar um meðferð málsins á fyrstu stigum. Nú vil ég sérstaklega taka það fram að mig gildir einu hvaðan gott kemur.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Samkvæmt margföldum áskorunum hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég styð þetta frv. og tek þó undir þær athugasemdir sem fram komu hjá 8. landsk. þm.

Tilefni þess að ég kem hér upp er óbeint tengt þessu frv., þ.e. þeirri staðreynd að einföldum réttlætismálum eins og þessum skuli miða svo hægt í þinginu. Menn verða annaðhvort að fara að hugleiða grundvallarlega allt önnur vinnubrögð, og þá á ég við þá umræðu sem hefur átt sér stað um gjörbreytingu á skipan þingsins, þ.e. að skipa því í eina deild, eða þá að menn verða að koma sér saman innan þingsins um að flokka mál eftir eðli sínu og þá í þeim tilgangi að einföld réttlætismál eins og það sem hér um ræðir fari miklu greiðar í gegnum þingið en raun er. Það er einkennilegt og nánast kjánalegt að fylgjast með því að mál eins og þetta eru lögð hér fyrir þingdeildir ár eftir ár, sofna svo að hefðbundnum hætti í nefnd og verða síðan endurflutt á næsta þingi. Á meðan bíða þeir sem mál þessi snerta eftir úrlausn þeirra og gera sér ekki nema að takmörkuðu leyti grein fyrir möguleikum sínum og rétti. Það má kannske segja að í þessu dæmi mætti leysa málið í samningum fyrir alla aðila, en við vitum að svo verður ekki alltaf gert. Þetta er ekki lagasetning sem gengur á móti frjálsum samningsrétti, heldur fyrst og fremst lagagrein sem skilar einföldu réttlæti til þeirra sem það viðkemur.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm., sem tekið hafa til máls um þetta frv., fyrir ábendingar þeirra og undirtektir sem allar voru mjög eindregið jákvæðar og allar athyglisverðar.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir benti á að í þessu frv. væri réttur foreldra takmarkaður og að þetta næði ekki til alveg allra foreldra. Þetta er alveg laukrétt. Þetta kom líka fram í mínu máli. Ég setti frv. upp í nákvæmlega sama búningi og er á samningi opinberra starfsmanna við ríkið. Það er ástæðan fyrir því að frv. er á þennan veg en ekki hinn að ég taldi rétt, a.m.k. á fyrsta stigi, þegar málið væri flutt og kynnt, að það væri í þeim búningi sem ríkið hefur um samið við opinbera starfsmenn.

Hins vegar verð ég að viðurkenna að það eru ákveðnar ástæður fyrir því að frv. var samið á þennan veg en ekki einhvern allt annan. Það er alveg ljóst að þessi réttindi gætu ekki náð til allra launamanna á hinum almenna launamarkaði á þann veg að skyldan væri lögð á herðar atvinnurekenda. Það verður að vera eitthvert ákveðið fast vinnusamband milli launamannsins og atvinnurekandans til þess að það sé sanngjarnt að leggja þessa byrði á atvinnurekandann. Ég veit að hv. þm. Sigríður Dúna skilur það vel.

Svo ég taki dæmi: Ég ræð mig í vinnu hjá hv. þm. Sigríði Dúnu til að skúra þar gólf. Okkar vinnusamningur nær ekki nema út vikuna. Ég á að mæta þar á þriðjudegi og svo aftur á föstudegi. Ef það kemur upp að barn mitt veikist undir vikulokin og ég þarf að vera yfir því í eina viku væri kannske ekki sanngjarnt að hún þyrfti síðan að greiða mér laun þá vikuna sem fylgdi í kjölfarið.

Sem sagt: það er alveg ljóst að daglaunamenn, fólk sem vinnur hjá einum atvinnurekanda í dag og öðrum á morgun, geta ekki fallið undir regluna eins og hún er hér. Við verðum að finna eitthvað annað sem hentar því fólki. Það var einmitt þess vegna sem ég lauk máli mínu hér áðan með því að segja að ég teldi að Tryggingastofnun ríkisins gæti einmitt komið inn í myndina og ætti að koma inn í myndina þegar um væri að ræða fólk sem þessi lög gætu ekki náð til. Mér finnst ekki sanngjarnt og eðlilegt að leggja þessa skyldu á atvinnurekendur nema um sé að ræða fasta starfsmenn. Hvað á að teljast fastur starfsmaður eða hversu staðfast vinnusambandið þarf að vera til þess að okkur finnist sanngjarnt að leggja þessa kvöð á atvinnurekandann getur verið mjög svo teygjanlegt og sveigjanlegt.

Ég miða hins vegar hér, eins og gert var í samningum BSRB, við það vinnusamband sem í lögum veitir mönnum uppsagnarfrest frá störfum og laun vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Það eru ákveðin lög sem tiltaka hvað vinnusambandið þarf að hafa staðið lengi og hvers eðlis það þurfi að vera til að sá réttur skapist. Þegar um þetta var samið milli ríkisins og BSRB fannst mönnum eðlilegt að miða við þessi lög. Ég hygg að það séu ákveðin rök fyrir því. En ég viðurkenni hins vegar athugasemd þm. mjög fúslega. Hún var alveg réttmæt og eðlileg. Við þurfum fyrst og fremst að hyggja að því hvað hægt væri að gera fyrir það fólk sem ekki hefur verið svo lengi í störfum hjá sama atvinnurekanda sem hér er gert ráð fyrir eða er yfirleitt aldrei nema stuttan tíma hjá sama atvinnurekanda.

Varðandi hlutastörfin hygg ég að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þetta nái til hlutastarfa. Ég efast t.d. ekkert um að kennari í hálfu starfi eða annar starfsmaður ríkisins í hlutastarfi nýtur þessa réttar eins og þeir sem eru í fullu starfi.

Ég get svo að lokum tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur. Orðalagið sem er í frv. er gallað. Það er alveg rétt hjá henni. Að segja að rétturinn gildi í eina viku er kannske óþarflega óljóst. Eðlilegra væri að segja þarna sjö dagar. En þetta skýrist sem sagt einfaldlega af því að frv. var lagt fram í nákvæmlega sama formi og gildir í samningi opinberra starfsmanna við ríkið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég er vitaskuld sammála flm. um að það þarf að vera einhvers konar fast vinnusamband á milli launþega og atvinnurekenda til þess að það fyrirkomulag sem þetta frv. kveður á um geti átt við. En hv. flm. tók alveg ágætis dæmi, dæmið um skúringarnar. Það er ljóst að ef hann réði sig í skúringar til mín í viku gætu ákvæði þessa frv. ekki átt við. Ef hann réði sig hins vegar í skúringar til mín í heilan vetur og það þarf bara að skúra hjá mér einu sinni í viku ætti þetta frv. ágætlega við hann sem starfsmann. Samt sem áður nær hann ekki þeim 1550 vinnustundum sem grg. gerir ráð fyrir að viðkomandi starfsmaður þurfi að hafa til að geta fengið þessi réttindi. Það eru hlutastörf sem þessi sem ég var að tala um, þ.e. ekki daglaunastörfin, heldur þau störf sem eru innan við þennan vinnustundafjölda en byggja samt sem áður á föstu sambandi launþega og atvinnurekenda.

Ég tek einnig undir það að heppilegra væri að leysa vanda þeirra sem daglaunavinnu stunda eða eru í einhvers konar tímabundnu sambandi við launagreiðanda með því að tryggingarnar annist þeirra réttindi og ég vildi þá gjarnan sjá frv. þess efnis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs. 102

Forseti (Ingvar Gíslason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Alþingi, 24. febrúar 1986.

Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. á Austurlandi, Tryggvi Gunnarsson skipstjóri, Vopnafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Sverrir Hermannsson,
3. þm. Austurl."

Tryggvi Gunnarsson hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Ég býð Tryggva velkominn til starfa á Alþingi.

Eftirlit með skipum, stjfrv. 237. mál (þskj. 465). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv. 238. mál (þskj. 466). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgn. með 31 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, stjfrv. 275. mál (þskj. 510). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 54, n. 525, 527 og 529, brtt. 526, 528 og 530). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27:1 atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. hv. félmn. Nd. Það nál. er á þskj. 525, en meiri hl. flytur jafnframt brtt. á þskj. 526. Minni hl. nefndarinnar eru tveir og skila þeir báðir sérstöku nál. á tveimur þskj. og jafnframt skila þeir inn brtt. á tveimur þskj. Munu hv. frsm. minni hl. gera grein fyrir viðhorfum þeirra.

Það er afar brýnt, herra forseti, að þetta frv. fái afgreiðslu úr þessari hv. deild þegar í þessari viku því að helst þyrfti frv. að verða að lögum í næsta mánuði ef hv. Alþingi hyggst á annað borð samþykkja nýtt frv. um sveitarstjórnarmál. Ástæða þess að það verður að hraða þessu máli er sú að þegar í næsta mánuði ber félmrn. að senda sveitarstjórnum bréf þar sem sagt er frá frestum og framlagningu kjörskrár, en framlagningu kjörskrár vegna kosninganna 31. maí 1986 þarf að auglýsa í síðasta lagi 27. mars n.k., eða með öðrum orðum tveimur mánuðum og þremur dögum fyrir kjördag skv. 19. gr. laga nr. 52/1959, með síðari breytingum.

Félmn. hefur fjallað mjög ítarlega um þetta mál. Frv. var fyrst lagt fram á síðasta þingi og sendi nefndin þá Sambandi ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtökum og sýslunefndum frv. til umsagnar. Félmrn. hafði áður fengið umsagnir fjölda sveitarstjórna og voru þær nefndarmönnum tiltækar. Þær umsagnir voru reyndar um frv. eins og gengið var frá því af hálfu svokallaðrar endurskoðunarnefndar sem sett var á löggina fyrir nokkrum árum til þess að endurskoða sveitarstjórnarlögin. Auk þessara umsagna sem fengust frá áðurtöldum aðilum bárust aðrar umsagnir, en ekki vannst tími til þess á síðasta þingi að afgreiða málið úr nefnd. Þetta frv. var síðan endurflutt snemma á þessu þingi og númer málsins er 54.

Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður ráðherra og fyrrum bæjarstjóri, vann með nefndinni og enn fremur kom á nokkra fundi Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari og gaf hann lögfræðilegar ráðleggingar í málinu, en Steingrímur Gautur Kristjánsson var á sínum tíma formaður svokallaðrar endurskoðunarnefndar. Á fund nefndarinnar kom fjöldi manna, eins og sagt er frá í nál. meiri hl., og er óþarfi að telja allan þann fjölda upp. Ég vil þó geta þess sérstaklega að þrír löggiltir endurskoðendur lásu kaflann um fjármál sveitarfélaga sérstaklega yfir og starfsmenn Hagstofunnar lásu kaflann um kosningar til sveitarstjórna. Vil ég þakka þessum aðilum fyrir aðstoðina.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem meiri hl. gerir tillögu um á sérstöku þskj., nr. 526. Langsamlega stærsta og veigamesta breytingin, sem þar er gert ráð fyrir að verði á frv., varðar það að IX. kafli frv. er felldur brott, en hann fjallar um lögbundið samstarf sveitarfélaga. Þess í stað er gerð sú breyting á 6. gr. frv. að þar er gert ráð fyrir að héraðsnefndir komi í stað sýslunefnda og kaupstaðir geti fengið aðild að þeim héraðsnefndum. Þannig er opnuð leið til að sameina héraðsnefndir, tvær eða fleiri, og jafnvel hluta þeirra ef hagkvæmt þykir, t.d. af landfræðilegum ástæðum. Eins og allir vita hefur sú þróun átt sér stað hér á landi á undanförnum árum og áratugum að stærri sveitarfélögin hafa sóst eftir því að fá kaupstaðarréttindi, einkum og sér í lagi til þess að komast hjá því lögþvingaða samstarfi sem á sér stað í sýslunefndum.

Í X. kafla frv. er gert ráð fyrir samvinnu sveitarfélaga, hvort sem hún byggir á frjálsu samkomulagi sveitarfélaga eða er samkvæmt nýrri grein sem meiri hl. gerir tillögu um á þskj. 526 og er það 39. brtt. meiri hl. nefndarinnar. Ef þetta samstarf er lögbundið skal um stofnun byggðasamlaganna fara eftir ákvæðum X. kafla með þeim frávikum sem kunna að felast í viðkomandi lögum.

Í reynd má segja að ákveðin hefð hafi skapast í samstarfi sveitarfélaganna, en rétt þykir að vekja athygli á nauðsyn greiðra upplýsinga frá samtökum þeirra til einstakra sveitarstjórna, t.d. með því að senda þeim fundargerðir stjórna samtakanna og fleira í þeim dúr. Þetta er auðvitað gert til þess að tryggja það að sveitarstjórnarmenn í þeim sveitarfélögum sem eiga aðild að byggðasamlögum geti sinnt sinni eðlilegu eftirlitsskyldu. Þannig er reynt að koma til móts við minni hlutann, hvort sem það er minni hlutinn í sjálfum byggðasamlögunum, af því að sveitarfélag er lítið, eða vegna hins að minni hlutinn í einstökum sveitarfélögum á ekki mann í stjórn viðkomandi byggðasamlags.

Þess skal getið að nefndin reyndi eftir mætti að finna nýtt orð í stað byggðasamlags en það tókst ekki og er kannske ekki brýn nauðsyn að breyta þessu hugtaki í lögunum þar sem gera má ráð fyrir að einstök byggðasamlög verði nefnd fyrst og fremst eftir verkefnum sínum. Hugtakið byggð, sem samnefnari eða sameiginlegt heiti fyrir sveitarfélögin, er notað í frv. og ekki er lagt til að það breytist, en á sínum tíma féllst Samband ísl. sveitarfélaga á að þetta hugtak yrði viðurkennt sem samnefni fyrir sveitarfélögin.

Eins og öllum er kunnugt hafa menn ýmsar skoðanir á því hvort leggja skuli niður sýslunefndir eða ekki. Í þessu frv. og með þeim brtt. sem meiri hl. gerir á sérstöku þskj. er gert ráð fyrir að sýslunefndir verði lagðar af. En til að koma til móts við sveitarfélög, sérstaklega í þeim sýslum þar sem ekki eru kaupstaðir, er í 43. brtt. á þskj. 526 gert ráð fyrir að umboðsmönnum ríkisins, sem oftast eru sýslumenn, sé gert skylt að annast framkvæmdastjórn fyrir héraðsnefndir, sem taka við verkefnum sýslunefnda, sé þess sérstaklega óskað, enda greiðist kostnaður vegna fram-

kvæmdastjórnarinnar eða annarrar aðstöðu af viðkomandi héraðsnefnd. Með þessum hætti er komið til móts við þau sjónarmið að breytingin frá sýslunefndarfyrirkomulaginu til aukinnar sjálfsstjórnar sveitarfélaga og samstjórnar þeirra á milli fái að þróast í ákveðinn, tiltekinn tíma. Það er gert ráð fyrir því í tillögum meiri hl. að sýslunefndarmenn verði kjörnir á grundvelli gildandi laga við sveitarstjórnarkosningar í ár en umboð þeirra verður tímabundið, eða aðeins til loka ársins 1987. Er þá gert ráð fyrir að sýslunefndir og oddvitar þeirra verði nokkurs konar skilanefndir sem taki að sér það starf að koma væntanlegum lögum í eðlilega framkvæmd.

Í tillögum meiri hl. er ekki gert ráð fyrir svokölluðu millistjórnarstigi. Tillögur meiri hl. byggjast á því að stjórnsýslustigin séu tvö, annars vegar ríkið og hins vegar sveitarfélögin, en reynt er með ýmsum hætti að ýta undir samvinnu sveitarfélaga og sameiningu en án þess að það sé gert með lögþvingun. Þetta lýsir sér m.a. með því að meiri hl. nefndarinnar gerir ekki brtt. um lágmarksíbúatölu sveitarfélags en leggur til að hún verði eins og gert er ráð fyrir í frv. og miðist við 50 íbúa. Auðvitað mæla fjölmörg rök með því að sveitarfélög verði í framtíðinni stærri, jafnvel þótt engar blákaldar röksemdir hafi komið fram, hvorki hér á landi né annars staðar, um að litlum sveitarfélögum sé verr stjórnað en þeim stærri. Það sem hins vegar hlýtur að leiða til erfiðleika er að tekjur sveitarfélaganna eru ákaflega mismiklar eins og dæmin sanna og hefur reyndar verið fjallað um á öðrum vettvangi. Það er hins vegar skoðun okkar, sem stöndum að meirihlutaálitinu, að ekki sé tími til kominn að stækka sveitarfélögin með lögþvingun, en eins og ég sagði áður er lagt mikið upp úr því að samvinna sveitarfélaganna aukist og þau verði sameinuð með frjálsum hætti og þá í vissum tilvikum undir forustu ríkisvaldsins og þá að sjálfsögðu félmrn.

Ef ég rek í stuttu máli, herra forseti, nokkrar helstu brtt., sem koma fram á þskj. 526, er eðlilegast að byrja fyrst á kjördeginum. Í 5. brtt. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 526 er lagt til að sveitarstjórnarkosningar fari fram fjórða hvert ár, síðasta laugardag í maí. En þau sveitarfélög sem smæst eru geta þó sótt um frest og er þá kosið annan laugardag í júní í þeim sveitarfélögum sem sækja um þann frest, enda eru það sveitarfélög þar sem stærsti hluti íbúanna býr utan kauptúna. Ástæðan fyrir því að hér er farin sú leið að velja tvo kjördaga í stað eins, sem yrði þá skylt að hafa yfir landið allt, er sú að ekki fara saman sjónarmið þéttbýlisins og dreifbýlisins í þessum efnum. Eftir að kjördagur var færður af sunnudögum og á laugardaga má gera ráð fyrir því að erfiðara sé fyrir fólk á þéttbýlli stöðunum að kjósa, og þess vegna er ráð fyrir því gert að aðalkosningadagurinn sé í maí, áður en ferðalög fólks verða jafnalgeng og þegar sumarið hefst fyrir alvöru, í júní- og júlímánuði, en við vitum jafnframt að maímánuður er ákaflega erfiður í sveitum þar sem sauðfjárbúskapur er stundaður.

Við gerum ráð fyrir, og um það fjallar 7. brtt. á þskj. 526, að kosningarréttur í sveitarstjórnarkosningum miðist við lögheimili á sama degi, hvort sem kosningar fara fram í maí eða júní. Þetta er auðvitað gert til að draga úr líkum á því að sami kjósandi geti kosið í tveimur sveitarfélögum en á undanförnum árum og áratugum hafa verið einhver brögð að því.

Í 12. brtt. á þskj. 526, sem er brtt. við 42. gr. frv., er lagt til að aukinn meiri hluta þurfi til að ákveða að sveitarstjórnarmenn gæti þagnarskyldu skv. sérstakri ákvörðun, en þetta breytir að sjálfsögðu ekki þagnarskyldu sem byggist annaðhvort á lögum eða eðli máls.

Skv. 51. gr. frv. geta fundir sveitarstjórna gert ályktun ef meiri hluti sveitarstjórnarmanna er viðstaddur, enda ráði afl atkvæða úrslitum. Í 16. brtt. á þskj. 526 gerir meiri hl. þá tillögu að fellt sé niður ákvæði þess efnis að nauðsynlegt sé að meiri hluti viðstaddra þurfi að samþykkja tillögu til að hún verði ályktun sveitarstjórnar. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu: Það er nægilegt að meiri hluti sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur og taki þátt í atkvæðagreiðslunni en ekki skylt skv. tillögum meiri hl. nefndarinnar að meiri hluti samþykki fram komna tillögu til þess að hún teljist ályktun sveitarstjórnarinnar.

Í 18. brtt. meiri hl., sem er við 54. gr., er tekið af skarið um það að ályktanir sveitar- og borgarafunda séu ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Hins vegar er því ákvæði ekki breytt að almenn atkvæðagreiðsla getur verið bindandi hafi sveitarstjórn ákveðið slíkt fyrir fram.

Í 22. brtt. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 526, sem er við 65. gr. frv., er fellt niður það skilyrði að ályktun nefnda um fjárútlát þurfi að berast sveitarstjórn í sérstöku erindi til afgreiðslu. Látið er nægja að skylda sveitarstjórnir til að setja og fylgja eigin samþykktum í þessu efni. Mér er kunnugt um það að ýmsir sveitarstjórnarmenn telja ástæðu til þess að lögbinda að sérstakt erindi fylgi fundargerðum frá nefndum sem starfa á vegum sveitarstjórna til þess að sveitarstjórnir geti tekið af skarið um fjárútlát sem nefndir hafa ákveðið en hafa ekki hlotið afgreiðslu hjá viðkomandi sveitarstjórn. Með brtt. meiri hl. eru sveitarstjórnir skyldaðar til þess að setja í sínar samþykktir hvernig afgreiða skuli slík erindi frá nefndum og síðan er þeim skylt að fara eftir slíkum samþykktum.

Í 26. brtt., sem er við 76. gr., er fjallað um áætlanir um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélaga. Það er skoðun meiri hl. nefndarinnar að slíkar áætlanir verði aðeins til lauslegrar viðmiðunar, enda er útilokað að gera raunhæfar áætlanir vegna óvissu um verðbreytingar, tekjubreytingar og ríkisframlög sem aðeins eru ákveðin frá ári til árs.

Mín skoðun er sú að þetta ákvæði og reyndar ákvæðið í 77. gr. hefðu gjarnan mátt falla brott, en þar sem mikill áhugi er á því hjá sveitarstjórnarmönnum, til þess að áætlanir allar verði betri en hingað til hefur verið, að lögþvinga sveitarstjórnir til þess að setja upp slíkar rammaáætlanir amast ég ekki við þessu ákvæði. En ég vil undirstrika það sérstaklega að þessar áætlanir geta aldrei orðið annað en mjög lauslegar vegna þess að ytri skilyrði ýmiss konar geta breyst á svipstundu. Þetta þekkja sveitarstjórnarmenn og reyndar allir landsmenn, ekki síst á tímum eins og við lifum nú á, þegar ríkisvaldið tekur ákvörðun um að skera niður framkvæmdir og þá framlög í sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga. Þá geta slíkar ákvarðanir, slíkar sérstakar sparnaðarákvarðanir, gjörbreytt öllum áætlunum sem þegar er búið að gera hjá viðkomandi sveitarstjórn. Þess vegna er út í bláinn að ímynda sér að hægt sé að gera slíkar áætlanir þannig að eitthvert vit sé í þeim.

Eins og ég hef sagt áður lásu þrír endurskoðendur og einn fyrrum sveitarstjóri kaflann um fjármál sveitarfélaga. Ýmsar breytingar eru gerðar á þeim kafla, sem ég ætla ekki að ræða hér, en það er von okkar sem stöndum að þessum brtt. að kaflinn eins og hann lítur út eftir að brtt. hafa verið lagðar fram sé betri en hann var í frv. þegar það var lagt fram og geti gert verulegt gagn fyrir þá sem starfa á vegum sveitarstjórna, annaðhvort sem kjörnir fulltrúar eða starfsmenn einstakra sveitarfélaga.

Við gerum ekki tillögu um efnisbreytingar á 107. gr. frv., sem fjallar um byggðasamlög sem byggjast á frjálsu samstarfi sveitarfélaganna. Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar ástæðu til þess að í hverjum samningi sem gerður er á milli sveitarfélaga um samstarf á grundvelli byggðasamlagsfyrirkomulagsins séu ákvæði um upplýsingaskyldu samlagsstjórnar til sveitarstjórnarmanna í viðkomandi sveitarfélögum. Má t.d. benda á í því sambandi hve nauðsynlegt það er að fundargerðir og allar upplýsingar, sem ástæða er til að gangi til sveitarstjórnarmanna í einstökum aðildarsveitarfélögum, verði sendar þeim. Slík skylda á að tryggja aðhalds- og eftirlitshlutverk sveitarstjórnarmanna og er sjálfsögð gagnvart minni hlutanum sem ekki á aðild að stjórnum byggðasamlaga.

Í frv. ríkisstj., í 114. gr. í XI. kafla, sem nefnist „Stækkun sveitarfélaga", stendur nú, með leyfi forseta:

„Með lögum þessum er stefnt að því að öll sveitarfélög verði, eftir því sem við verður komið, svo fjölmenn og styrk að þau geti rækt öll þau verkefni sem þeim eru falin með lögum þessum eða öðrum lögum og tekið að sér önnur verkefni í samræmi við óskir íbúa sinna. Stefnt er að því að dregið verði úr samrekstri ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna og að þau verði í auknum mæli falin sveitarfélögum einum til úrlausnar."

Meiri hl. nefndarinnar þótti þetta orðalag varla vera þess eðlis að það ætti heima í lögum og gerir þess vegna tillögu til breytinga á þessu ákvæði. Meiri hl. telur hins vegar afar mikilvægt að þeim atriðum, sem þarna eru felld út úr frv., þeim stefnuatriðum verði fylgt í raun. Við teljum að draga þurfi úr samrekstri ríkis og sveitarfélaga og einstök verkefni verði í auknum mæli falin sveitarfélögunum einum til úrlausnar og bendum á að ný verkefna- og tekjuskipting sé eðlilegt framhald af setningu þessara laga. Brottfall þessarar málsgr. úr greininni þýðir þess vegna ekki að við séum á móti efnisatriðum málsgr., þvert á móti. Hins vegar teljum við ekki ástæðu til þess að þetta orðalag, jafnóákveðið og það er, verði fest í lögum.

Í 45. lið brtt. meiri hl. eru bráðabirgðaákvæði, m.a. um sveitarstjórnarkosningar á þessu ári. Þessi tillaga þarf reyndar ekki skýringa við, en þess skal þó getið að kosningar í ár fara samkvæmt þessari brtt. fram 31. maí og 14. júní og gilda þá sömu reglur um kosningar 14. júní eins og eru í núgildandi lögum að öðru leyti en því að kjördagur er færður fram um tvær vikur.

Í frv., sem er á þskj. 54, er í athugasemdum getið um þau meginsjónarmið sem endurskoðunarnefndin hafði að leiðarljósi við samningu frv. og er ástæðulaust að endurtaka þau hér.

Varðandi helstu nýmæli í frv., þá halda þau sér þótt brtt. meiri hl. verða samþykktar, að öðru leyti en því að nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag en ekki fyrsta dag næsta mánaðar eftir kjördag, en það er í raun og veru engin efnisleg breyting. Eins verður breyting á 8. lið upptalningarinnar á bls. 28 í athugasemdum frv., sem hlýst af því að felldur er niður IX. kafli frv. en í staðinn gerð brtt. um 6. gr. frv. og einnig að inn komi ný grein sem verði þá á eftir 107. gr. í frv. eins og það lítur út nú.

Með nál. meiri hl. á þskj. 525 er fskj. sem ég vil vekja athygli á. Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari samdi þessa skýrslu, þessa upptalningu, á grundvelli tölvuútskriftar frá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar sem dagsett var 13. febr. á þessu ári. Við teljum að með þessari upptalningu sé verið að auðvelda mönnum sem um þetta mál fjalla að gera þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera þegar og ef þetta frv. verður samþykkt.

Herra forseti. Eins og ég hef þegar sagt í mínu máli þá eru ekki gerðar tillögur um það af hálfu meiri hl. að stækka sveitarfélögin með lögbundnum hætti. Við teljum að frv. ásamt þeim brtt. sem við höfum lagt til séu til bóta og auðveldi samstarf sveitarfélaga, hvort sem þau eru stór eða smá, og hvetji til þess að þau sameinist, annaðhvort alveg eða þá um einstök verkefni. Við teljum — eins og sjálfsagt minni hlutarnir einnig — að starfinu sé ekki lokið þótt þetta frv. verði að lögum, en álítum að hér sé stigið fyrsta skrefið sem verði til þess að fleiri verði stigin á eftir.

Herra forseti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem meiri hl. flytur og leggur áherslu á að hægt verði að afgreiða málið úr deild í þessari viku vegna þess hve tíminn er skammur. Ég vil einnig nota tækifærið, herra forseti, til þess að þakka minni hl. nefndarinnar fyrir það að leyfa umræðu um þetta mál hér í dag með afbrigðum, sem er mjög óvenjulegt þegar um jafnstórt mál er að ræða með jafnmörgum brtt., og sömuleiðis vil ég þakka þeim þingflokkum sem ekki eiga aðild að nefndinni fyrir að láta þessi vinnubrögð viðgangast.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Mikil umræða hefur farið fram á undanförnum árum á Alþingi á vettvangi sveitarstjórna og víða í þjóðfélaginu um brýna nauðsyn þess að auka sjálfstjórn og sjálfsforræði sveitarfélaga. Um það virðist a.m.k. í orði kveðnu ríkja einhugur að efla beri sjálfsstjórn landsbyggðarinnar, auka valddreifingu og draga úr miðstjórnarvaldi með því að færa aukin verkefni, tekjur og sjálfsákvörðunarrétt til sveitarfélaganna. Rökin fyrir slíkri nýskipan byggðamála er augljós og þarf ekki að fara um mörgum orðum.

Sú gagnrýni er vissulega réttmæt, sem frá landsbyggðinni kemur, að ákvörðunartaka um málefni einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga hafi í auknum mæli sogast til höfuðborgarsvæðisins. Þar séu hin raunverulegu völd, ákvarðanir teknar og fjármagni stýrt og skammtað til landsbyggðarinnar, í stað þess að aukin völd og ákvarðanataka samfara framkvæmd og fjárhagslegri ábyrgð á verkefnum séu hjá heimamönnum úti á landsbyggðinni sem betur þekkja til staðhátta og hvernig fjármagn og tekjur hvers sveitarfélags nýtist best til uppbyggingar og framfara í hverju sveitarfélagi og byggðarlagi fyrir sig. Með þessu aukna miðstjórnarvaldi frá höfuðborgarsvæðinu og valdboði þaðan um dreifingu fjármagns til landsbyggðarinnar hefur öll

ákvarðanataka, stýring og dreifing fjármagns verið handahófskennd og langt frá því að nýtast landsbyggðinni sem skyldi.

Í ljósi þeirra umræðna sem orðið hafa um nauðsyn þess að auka valddreifingu, efla og styrkja sveitarfélögin og færa þeim aukin verkefni, fjármagn og ákvörðunarrétt í eigin málum, þá hefði mátt ætla að ný sveitarstjórnarlög, sem hér eru nú til afgreiðslu, tækju mið af þeim sjónarmiðum. Gífurleg vinna hefur verið lögð í endurskoðun sveitarstjórnarlaganna, en nefnd vann að því máli á árunum 1981–1984. Segja má að með þeim tillögum, sem endurskoðunarnefndin lagði til, hafi verið stigið ákveðið skref að þeim markmiðum, sem ég hef hér lýst, sem þó eru langt frá því að vera fullnægjandi. Þegar frv. var lagt fram á Alþingi hafði ráðherra gert töluverðar breytingar á því frá tillögum endurskoðunarnefndar og ber sérstaklega að átelja það að ráðherra hafi látið undan þrýstingi og lækkað lágmarksíbúatölu sveitarfélaga í 50 úr 100, sem var tillaga endurskoðunarnefndar. Auk þess gerði ráðherrann umtalsverðar breytingar á héraðsskipan frá tillögum endurskoðunarnefndarinnar. Þegar við framlagningu frv. hafði því ráðherra gert breytingar á frv. frá tillögum endurskoðunarnefndar sem í raun ganga þvert gegn yfirlýstum markmiðum um að styrkja og efla sveitarfélögin og gera þeim fært að takast á við aukin verkefni og skapa nauðsynlega forsendu fyrir því að færa aukin völd, verkefni og ákvarðanatöku til sveitarfélaganna.

Nú við afgreiðslu frv. úr nefnd er þannig staðið að málum af hálfu meiri hl. að skrefið er stigið enn lengra aftur á bak og enn úr því dregið að stuðlað sé að því með nýjum sveitarstjórnarlögum að efla og styrkja sveitarfélögin og gera þau að þeim öflugu heildum sem nauðsynlegt er til þess að þau hafi bolmagn og styrk til að takast á við aukin verkefni. Meiri hl. félmn. leggur til í sínum tillögum að kaflinn um lögbundið samstarf sveitarfélaga í frv. falli niður. Alþfl. taldi kaflann að vísu gallaðan í veigamiklum atriðum en telur að skynsamlegar hefði verið að málum staðið ef gerðar hefðu verið á honum breytingar sem fælu í sér fækkun héraða, beinar kosningar til héraðsstjórna og aukin verkefni þeirra. Meiri hl. félmn. hefur þó gert ýmsar tillögur um breytingar og lagfæringar á frv. varðandi starfsreglur og fjármál sveitarfélaga sem flestar horfa til bóta og sem Alþfl. mun styðja við atkvæðagreiðslu um málið. Meginniðurstaðan sem lesa má úr brtt. nefndarinnar er að Sjálfstfl. og Framsfl. hafa sameinast um að gera engar meiri háttar breytingar eða uppstokkun á stjórnsýslunni sem stuðlað hefðu að nýskipan byggðamála. Samkvæmt frv. áttu héraðsnefndir með lögbundnu samstarfi sveitarfélaganna að taka við verkefnum sýslunefndar. Var kveðið allítarlega á um slíkt lögbundið samstarf sveitarfélaganna í IX. kafla frv., m.a. skiptingu landsins í 18 héruð, hvernig kosningu væri háttað til héraðsþinga og verkefni héraðsþinganna. Þennan kafla leggur meiri hl. til að fella niður en í staðinn komi almennt ákvæði um að verkefni þau, sem sýslunefndum séu falin með lögum, skuli falla til sveitarfélaga og héraðsnefndir myndaðar um lausn verkefna þessara. Að öðru leyti er einungis vísað til X. kaflans um hvaða ákvæði skuli gilda um héraðsnefndir en sá kafli fjallar um frjálsa samvinnu sveitarfélaga sín á milli.

Það er því í veigamiklum atriðum mjög óljóst og raunar undir hælinn lagt hvernig eða innan hvaða marka héraðsnefndir starfa sem taka eiga við af sýslunefndum, enda segir í grg. með frv. um X. kafla, en ákvæði hans eiga samkvæmt tillögum meiri hl. að gilda um héraðsnefndir sem taka við verkefnum sýslunefndar, að samvinna sveitarfélaga, af því tagi sem ráð er fyrir gert í þessum kafla, sé ekki bundin við sveitarfélög innan sýslu eða kjördæmis heldur gangi hún í mörgum tilvikum þvert á slík mörk. Síðan segir að samvinna sveitarfélaga af þessu tagi sé venjulega bundin í stofnsamningum, en ekki hafi verið sett um hana almenn ákvæði í lögum. Geti það því í ýmsum tilvikum valdið vandkvæðum, t.d. þegar ágreiningur kemur upp milli sveitarstjórna, sem að slíkri samvinnu standa, og þegar aðstæður breytast vegna þróunar byggðar og verkefna.

Eftir stendur síðan aðeins kaflinn um samvinnu sveitarfélaga, þ.e. byggðasamlög, sem í veigamiklum atriðum er mjög óljós og gallaður því að með ákvæðum frv. að því er slíka samvinnu varðar er sveitarfélögum settur mjög óljós lagalegur rammi. Enda er það nokkuð sérkennilegt, ef út í það er farið, að binda þurfi í lög frjálsa samvinnu sveitarfélaga með ákvæðum eins og segir t.d. í 106. og 107. gr., að sveitarfélög geti haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, og að sveitarfélög geti myndað byggðasamlög sem taki að sér einstök verkefni. Auk þess er engin tilraun gerð í frv. eða í tillögum meiri hl. til að tryggja rétt minni hlutans í slíku samstarfi því að einungis er kveðið á um að í samningi sem gerður er um byggðasamlag skuli vera ákvæði m.a. um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra og kjörtímabil.

Ég tel því að þessi nýju sveitarstjórnarlög muni enga verulega breytingu boða á vettvangi sveitarstjórnarmála og lítil tilraun sé gerð með ákvæðum þessa frv., ekki síst eftir breytingu þá sem meiri hl. vill á því gera, til að koma á þeim stjórnkerfisbreytingum í sveitarstjórnarmálum sem í reynd muni skila landsbyggðinni aukinni sjálfsstjórn og ákvörðunarrétti um málefni byggðarlaganna.

Þótt svo illa hafi tekist til í því máli sem ég hér hef lýst er þó að finna ýmis ákvæði í frv. og tillögum meiri hl. sem eru til bóta. Má þar nefna ýmis ákvæði um starfshætti og starfsreglur sveitarstjórna, svo og fjármál sveitarfélaga, eins og ég hef áður lýst. En veigamesta breytingin er þó, auk þess að leggja niður sýslunefndir, ákvæðið um 18 ára kosningaraldur og kjörgengi sem sérstaklega ber að fagna. Að því er kjördaginn varðar þá telur Alþfl. eðlilegra að miða við einn kosningadag, þ.e. síðasta laugardag í maímánuði, en ekki að ákvæði séu um tvo kosningadaga eins og meiri hl. leggur til. Alþfl. hefur þó ekki gert athugasemd við þá tilhögun sem ráð er fyrir gert í komandi kosningum en telur eðlilegra að nú við endurskoðun sveitarstjórnarlaga hefði verið lögfest að eftir næstu kosningar væri einn og sami kjördagurinn um land allt.

Herra forseti. Nauðsynlegt hefði verið að samhliða því frv., sem hér er til afgreiðslu um ný sveitarstjórnarlög, lægju einnig fyrir tillögur um tekjustofna sveitarfélaga og skýra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það er auðvitað grundvallaratriði sem eðlilegt er að ræða nú og taka afstöðu til þegar sveitarstjórnarlögin eru til meðferðar á hv. Alþingi. Ég vil beina því til

hæstv. félmrh. hvenær vænta megi tillagna á Alþingi um tekjustofna sveitarfélaga, hvaða meginhugmyndir séu uppi í því efni og hvað sé fyrirhugað að því er verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðar.

1. minni hl. flytur á þskj. 528 tvær veigamiklar brtt. við frv. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í hluta nál. 1. minni hl. sem skýrir þær brtt. sem ég hér mæli fyrir, en þar segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Alþfl. telur brýnt að gerð verði róttæk uppstokkun á stjórnkerfi sveitarstjórnarmála með nýskipan byggðamála. 1. minni hl. mun því nú við afgreiðslu frv. leggja fram brtt. en með samþykkt þeirra yrði veigamikið skref stigið til að ná þeim markmiðum.

Þessar tillögur fela í sér eftirfarandi:

1. Að lögboðin verði stækkun sveitarfélaganna með nýjum ákvæðum um lágmarksíbúafjölda þeirra. Lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi verði 400 nema í algjörum undantekningartilvikum þegar landfræðileg sérstaða kallar á aðra skipan.

2. Að félmrh. skipi nefnd til að gera tillögur um skipan nýrra stjórnsýslueininga á héraðsgrundvelli og frv. þar að lútandi verði lagt fyrir Alþingi veturinn 1988–89. Við það skal miðað að stjórn héraðanna verði kjörin beint af atkvæðisbærum íbúum þeirra og að þau hafi sjálfstæða tekjustofna og verkefni, sem nú eru í höndum ríkisins eða sveitarfélaga, verði færð til héraðsstjórnanna. Skýr verka- og tekjuskipting liggi fyrir milli stjórnsýslustiga og tryggt að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.

Ljóst er að fámennustu sveitarfélögin hafa ekki það bolmagn sem þarf til að ráða við þau mörgu verkefni sem íbúarnir gera kröfu til að sveitarfélagið annist. Þegar þessi verkefni eru ekki leyst af hendi leita margir íbúanna burt og vangeta sveitarfélagsins eykst. 400 manna sveitarfélag, sem hér er lagt til að lögboðið verði sem lágmark, hefur talsverða getu til átaka í framfaramálum byggðarinnar og skapar forsendu fyrir því að færa aukin völd, verkefni og áhrif til sveitarfélaganna.

Jafnframt því að stækka sveitarfélögin þarf að lögbjóða samstarf þeirra á héraðsgrundvelli. Má minna á tillögur endurskoðunarnefndarinnar um ný sveitarstjórnarlög og sérálit fulltrúa Alþfl. og Alþb. í þeirri nefnd um beina kosningu til héraðsnefnda. Slíkar stjórnsýslueiningar hafa verið nefndar þing, ömt eða fylki og hugmyndin hefur verið að fá þeim í hendur ýmis verkefni sem leysa verður í héraði, svo sem heilbrigðismál, mál framhaldsskóla, svæðaskipulag, almannavarnir, atvinnumál og menningarmál. Að undanförnu hefur hugmyndinni um slíkt millistig í stjórnsýslunni — þriðja stjórnsýslustigið — vaxið fylgi og vart hefur orðið áhuga á henni víðs vegar um landið og fer það saman við vaxandi óánægju með aukna miðstýringu í Reykjavík."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þó að þriðja stjórnsýslustigið kosti eitthvað í rekstri getur það líka sparað mikla fjármuni með bættri nýtingu á stofnunum og ýmiss konar rekstri í héraði.

Meiri hl. félmn. leggur til að kaflinn um lögbundið samstarf sveitarfélaga í frv. falli niður. Alþfl. taldi kaflann að vísu gallaðan en hefði viljað gera við hann brtt. um fækkun héraða, beinar kosningar til héraðsstjórnar og aukin verkefni þeirra frá því sem er í frv.

Meirihlutavilji virðist þó ekki vera á Alþingi fyrir svo mikilvægri breytingu og einsýnt að samkomulag getur ekki tekist um aðra viðunandi skipan á stjórn héraðanna að þessu sinni. 1. minni hl. vill þó freista þess að flytja brtt. við frv. þess efnis að með ákvæði til bráðabirgða verði sérstakri nefnd falið að semja tillögur um þetta efni og skila áliti nægilega tímanlega til þess að Alþingi geti sett lög um héraðsstjórn sem taki gildi við upphaf þess kjörtímabils sveitarstjórna sem hefst árið 1990.

Á það verður einnig að leggja megináherslu að fyrir liggi skýr verka- og tekjuskipting milli stjórnsýslustiga. Áherslu ber enn fremur að leggja á að fækkað verði sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga og verkefni færð í auknum mæli til hinna nýju stjórnsýslueininga — samfara því að tryggt verði að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.

Það er skoðun 1. minni hl. að náist samstaða um slíkt ákvæði til bráðabirgða sé veigamikið skref stigið til að efla og styrkja sjálfsstjórn landsbyggðarinnar."

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð og hef lokið máli mínu, herra forseti.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það liggur nú við að ég geti gert síðustu orð hv. síðasta ræðumanns að mínum og haft mína ræðu ekki lengri. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mjög mörg orð um þetta frv. einfaldlega vegna þess að hér eru ekki þau tíðindi á ferðinni að til þess sé sérstök ástæða.

Það væntu þess margir að umtalsverðar breytingar yrðu — ekki aðeins á sveitarstjórnarlöggjöf heldur og jafnvel hinni almennu stjórnskipun í landinu eða uppbyggingu hennar — þegar því verki, sem hafið var fyrir mörgum árum síðan, að endurskoða sveitarstjórnarlöggjöfina, lyki með lagasetningu hér á Alþingi. Það liggur nú fyrir í frv. þessu og þó sérstaklega eftir þær brtt. sem meiri hl. hefur flutt við það að þetta verður ekki. Höfuðeinkenni þessara breytinga verða litlar breytingar og engin stórtíðindi eru hér á ferðinni. Það sem mestum tíðindum sætir er að með öllu er gefist upp við að lögfesta nokkuð um samstarf sveitarfélaga eða almennt um stjórnsýsluna milli ríkisins og sveitarfélaga, þann hluta stjórnsýslunnar sem eðli málsins samkvæmt liggur þar á milli. Það er eiginlega forðast að nefna það nema þá í mjög almennum orðum og á engan hátt bundið það skipulag sem á því skal vera.

Þetta er heldur neyðarleg lending, herra forseti, í ljósi þeirrar miklu umræðu sem farið hefur fram á undanförnum árum og í ljósi þeirrar miklu vinnu sem endurskoðunarnefndin var búin að leggja akkúrat í þetta atriði. Það er ýmislegt fleira í niðurstöðum meiri hlutans sem veldur vonbrigðum, t.a.m. niðurstaðan um kjördag. Menn höfðu vænst þess að nú næðist sameiginleg niðurstaða hér á þinginu um einn kjördag í sveitarstjórnarkosningum fyrir allt landið. Kostir þess eru ótvíræðir að hafa það þannig en mér sýnist alveg ljóst að enn um sinn verði kosið á mismunandi tímum í landinu í hinum einstöku byggðarlögum í ljósi þeirrar niðurstöðu sem meiri hl. hefur sett hér fram í formi brtt. Mér er ljóst að ýmsir höfðu margt við það að athuga að festa niður annan laugardag í júní sem sameiginlegan kjördag allra landsmanna til sveitarstjórna en það var þó sú niðurstaða, það samkomulag sem náðst hafði og þetta frv. gerir ráð fyrir. En meiri hl. hefur nú fallið frá því og flytur brtt. um annað.

Fyrir utan þetta sem ég hef hér nefnt er ég andvígur

nokkrum brtt. sem meiri hl. flytur við frv. Ég tel þær vera til hins verra frá því sem frv. gerir ráð fyrir og ástæða er til að gagnrýna það að meiri hl. sjái ástæðu til að hrófla við ýmsum viðkvæmum atriðum sem náðst hafði samkomulag um eftir mikla umræðu og víðtæka málamiðlun í endurskoðunarnefndinni. Sú niðurstaða, að fella með öllu út úr frv. IX. kaflann, þar sem gert var ráð fyrir héraðsnefndum, og setja nánast ekkert í staðinn nema eitt orð, vekur nokkra undrun, herra forseti. Þeir sem eru kunnugir gildandi lögum um sveitarstjórnir muna eflaust og vita eflaust að í þeim er alllangur kafli sem fjallar um sýslufélög og sýslunefndir. Þar er ítarlega kveðið á um ýmsa hluti í sambandi við þeirra störf og þeirra skyldur en þetta ætlar virðulegur meiri hl. að leysa með því að setja inn eina stutta grein þar sem nýrri stofnun er gefið nýtt nafn. Nefndum sem taka skulu við verkefnum sýslufélaganna eða sýslunefndanna er gefið nafnið héraðsnefndir og sagt að þær skuli mynda um lausn þeirra verkefna sem áður voru á höndum sýslunefnda, taka við eignum og skuldum eftir ástæðum. Þá er sagt að kaupstaðir geti átt þar aðild og síðan er bætt við, með leyfi forseta, í 2. brtt. meiri hl.: „Um héraðsnefndir gilda ákvæði X. kafla eftir því sem við getur átt."

Og hvað er þessi X. kafli, herra forseti? Jú, það er sá kafli þar sem settur er almennur rammi um samvinnu sveitarfélaga, mjög almennt orðaður. Þar segir t.d. um stjórnun byggðasamlaga, sem þar er fjallað um, að í samningi sem gera skuli um byggðasamlög skuli vera ákvæði m.a. um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skipti. Hliðstæð eru mörg ákvæði þessa X. kafla og í hann er sem sagt vitnað. Héraðsnefndirnar skulu taka sér þennan kafla til fyrirmyndar eftir því sem ástæða er til og eftir því sem við getur átt svona hverju sinni. Þannig er þetta mál leyst og það vekur nokkra athygli.

Ég held að öll þessi ákvæði séu mjög óljós, herra forseti, og satt best að segja býður manni í grun að ekki verði ýkja miklar breytingar á því fyrirkomulagi sem viðgengist hefur um áratuga skeið því m.a.s. er í 43. brtt. meiri hl. boðað að ef þessar komandi héraðsnefndir óski þess skuli umboðsmaður ríkisins annast framkvæmdastjórn fyrir þessar nefndir enda sé kostnaðurinn greiddur af héraðsnefnd. Og þá er nú orðið stutt í það að sýslumaður sitji og stjórni sinni sýslunefnd eins og verið hefur. Þannig er þessi lending mjög á einn veg, herra forseti, og sætir litlum tíðindum nema þá helst fyrir það hversu litlar breytingar hér eru á ferðinni eftir allt saman.

Aðrar brtt. meiri hl. sem ég vil sérstaklega nefna og ég tel vera til bölvunar, til hins verra frá því sem frv. gerir ráð fyrir, er t.a.m. 16. brtt. við 51. gr. Ég lýsti því í félmn. að ég væri alfarið andvígur því að fella út úr 3. málsgr. 51. gr. setninguna: „Engin tillaga hlýtur þó samþykki í sveitarstjórn nema meiri hluti viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykki hana." Mér er kunnugt um það, herra forseti, að um þetta atriði, akkúrat þetta atriði, fóru fram mjög miklar umræður í endurskoðunarnefndinni og það varð þar sameiginleg niðurstaða að þetta væri rétt að hafa einmitt svona og það væri til bóta fyrir starfið í sveitarstjórnunum að þetta bindandi ákvæði væri þar inni að þessu leyti til að tryggja að lýðræðislegar ákvarðanir væru þar teknar með eðlilegri ábyrgð þess meiri hluta sem að þeim stæði hverju sinni. Maður getur stillt upp ýmsum dæmum, ef þessi setning er tekin burtu, um það hversu fáir menn geta í undantekningartilfellum borið ábyrgð á meiri háttar ákvörðunum sveitarstjórna ef ekkert slíkt atriði er inni í lögunum. Ég tel í hæsta máta óeðlilegt að meiri hlutinn skuli fella þetta ákvæði í burtu og ég lýsi vonbrigðum mínum yfir því.

Þá vil ég einnig nefna 18. brtt. meiri hl., við 54. gr., þar sem fjallað er um almennar atkvæðagreiðslur og almenna borgarafundi eða sveitafundi. Meiri hl. hefur ákveðið að fella burtu í 4. málsgr. viðaukasetninguna „nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera", þ.e. nema sveitarstjórn hafi fyrir fram ákveðið að ályktanir gerðar á almennum borgarafundi eða sveitarstjórnarfundi skuli vera bindandi séu þær það ekki. Þetta hefur meiri hl. ákveðið að fella niður og þá stendur eftir einfaldlega í 4. málsgr.: „Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn." Þar með er í mínum huga í raun búið að gera þessa fundi næsta tilgangslitla og taka í burtu þann höfuðkost smárra eininga í stjórnsýslunni, sem ég tel eiga að vera fyrir hendi eins og í litlum sveitarfélögum, að geta kallað beint til ábyrgðar og beint til ákvarðanatöku íbúana þar sem aðstæður leyfa svo. Það er einmitt það fyrirkomulag, sem tíðkað hefur verið um langa hríð í minni sveitarfélögum, að stærri málum er hægt að skjóta til íbúa annaðhvort með almennri atkvæðagreiðslu eða með almennum sveitarfundi. Mér sýnist að þessi niðurstaða meiri hl. geri þetta ákvæði harla marklaust. Í raun væri með öllu óþarft að nefna þessa fundi sérstaklega falli þetta ákvæði niður úr lögunum því að fundafrelsi gildir að sjálfsögðu í landinu og sveitarstjórnir geta boðað sína íbúa til fundar eins og aðrir aðilar. Það er ástæðulaust að nefna sérstaklega í frv. úr því að þetta ákvæði er tekið í burtu.

Ég nefni þetta, herra forseti, vegna þess að röksemdaforustumenn virðulegs meiri hluta hafa iðulega tíundað að ástæðulaust sé að telja fram í lögum það sem sé sjálfsagt og eðlilegt og önnur lög heimili. Þess vegna finnst mér í raun að þeir hefðu getað sparað sér ómakið úr því að þeir eru að þessu á annað borð. (Gripið fram í.) Ég tel, virðulegur frsm. meiri hl., að það sé verið að gera mjög lítið úr þessum fundum og í raun gera þá næsta marklitla með því að banna að ákvarðanir þeirra séu bindandi. Það er verið að taka þann rétt af íbúum sveitarfélaganna að mæta á almennum borgara- eða sveitarfundi og taka ákvarðanir um málefni síns sveitarfélags. Þessi réttur er tekinn með lögum. Það hefði þá verið nær að fella alla setninguna niður að mínu mati, hv. 2. þm. Reykv. Hvers vegna er þá ástæða sérstaklega til að banna mönnum það ef þeir vilja svo við hafa? Ég held að þetta sé í hæsta máta óeðlilegt og ég satt best að segja skil ekki hvaða röksemdir liggja að baki því að standa svona að málum, herra forseti.

Fleira mætti nefna af þessum brtt. sem ég tel síst vera til bóta. Margar þeirra eru það þó að sjálfsögðu, t.a.m. brtt. við kaflann um fjármál sveitarfélaga. Þar eru margar þarfar lagfæringar á ferðinni.

Ég vil aðeins nefna 107. gr. þar sem fjallað er um samvinnu sveitarfélaga og sérstaklega um stjórn byggðasamlaga. Við þá grein hefði að mínu mati annaðhvort þurft að flytja brtt. eða flytja sérstaka grein sem kvæði nánar á um hvernig þessum byggðasam-

lögum og héraðsnefndum, að svo miklu leyti sem þær eiga að taka mið af þessum kafla, skuli stjórnað. Í brtt. sem ég flyt er tekið á þessu tiltekna atriði.

Það var rætt í félmn. hvort mögulegt væri að flytja brtt. eða bæta þar inn ákveðnum ákvæðum t.a.m. til að tryggja aðild minnihlutaaðila að stjórnun slíkra stofnana, byggðasamlaganna, eða jafnvel tryggja aðild heilla sveitarstjórna eða hreppsnefnda sem væru í miklum minni hluta í slíku samstarfi og ættu jafnvel ekki fulltrúa þar að. Meiri hl. taldi ekki ástæðu til þess og við það situr, en ég hef sem sagt á þskj. 530 flutt sérstaka brtt. um nýja grein sem komi þarna og fjalli um þetta atriði.

Þá vil ég nefna 41. brtt. meiri hl. um 114. gr. þar sem fjallað er um stækkun sveitarfélaga. Það er XI. kafli frv. Þar hefur meiri hl. ákveðið að flytja brtt. um nýja grein sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga."

Þetta kemur í stað þeirrar 114. gr. sem í frv. er. M.a. er þar felld út setning sem hv. frsm. félmn., 2. þm. Reykv., vék reyndar að á nokkuð sérkennilegan hátt. Þar inni í er setningin til að mynda: „Stefnt er að því að dregið verði úr samrekstri ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna og að þau verði í auknum mæli falin sveitarfélögunum einum til úrlausnar."

Einnig er dregið úr þeirri áherslu sem löggjafinn leggur á stækkun sveitarfélaga greinilega með þeim texta sem meiri hl. leggur til að komi í stað þeirrar 114. gr. sem í frv. er. Hvort tveggja tel ég vera mikla afturför frá þeim texta sem frv. gerði ráð fyrir. Mér fundust rök hv. frsm. satt best að segja harla sérkennileg þegar hann tók það sérstaklega fram að um leið og meiri hl. legði til að fella þessa setningu niður úr lögunum tæki hann fram og vildi undirstrika að hann teldi að þetta ætti engu að síður að gera, að þessu skyldi engu að síður unnið og að þessu skyldi engu að síður stefnt. Svona röksemdafærslu er ég harla óvanur að hlusta á, herra forseti, að menn skuli mæla fyrir brtt. um að ákveðin atriði skuli felld niður úr lagatexta, en taka það sérstaklega fram í leiðinni að mikil þörf sé á því að eftir þessu sé samt unnið og þessu sé hrint í framkvæmd. Þetta er nokkuð óvenjulegt. Og ástæðan kom svo hjá hv. frsm. Jú, þetta voru ekki nógu skýr og afdráttarlaus ákvæði, ekki nógu ákveðin ákvæði um þetta tiltekna atriði. Þá eru auðvitað tvær leiðir færar og mér sýnist að meiri hl. hafi valið þá sem er miklu verri og miklu óeðlilegri, þ.e. að gefast upp við að reyna að koma þessum texta í það ákveðið horf að þeir gætu sætt sig við hann, kveða það skýrt að að þeir gætu unað þeim texta. Í staðinn fella þeir hann burt með öllu og fyrir vikið er þetta sérstaka tiltekna atriði hvergi nefnt í lögunum. Það er auðvitað mikil afturför, herra forseti. Sé þetta eindreginn vilji og eindregin stefna meiri hl., eins og mér skildist á hv. frsm. meiri hl. félmn., er mjög miður að þeim skuli bregðast svo íslenskan að þeir treysti sér ekki til þess að koma því í eðlilegan lagatexta og hafa það í frv. Það er mjög miður. Eiginlega harma ég að þeir skuli ekki hafa reynt að fara í smiðju til einhverra kunnáttumanna, t.a.m. hv. 2. þm. Norðurl. e. sem stundum hefur látið sig málfar á þessu frv. nokkuð varða, og fá hann í lið með sér til að reyna að koma þessum texta í skiljanlegt horf. Ég verð satt best að segja og vona, herra forseti, að menn endurskoði þetta ofurlítið og leiði að því hugann hvort ekki sé hægt að finna setningu eða tvær sem koma þessu markmiði, þessum vilja meiri hl., og vel að merkja mínum einnig því að ég styð þetta að sjálfsögðu, í skiljanlegan texta og setja hann aftur inn í frv. verði tillaga meiri hl. samþykkt. Ég tel mjög slæmt ef hvort tveggja gerist í senn að út úr frv. verður felld sú áhersla sem í því var á stækkun sveitarfélaga, sá vilji löggjafans sem þar átti að koma fram skv. frv. um stækkun sveitarfélaga og það tiltekna atriði að stefna skuli að því að draga úr samrekstri ríkis og sveitarfélaga og að meiri verkefni færist út til sveitarfélaganna til úrlausnar og framkvæmdar.

Ég gæti nefnt fleiri af brtt., en þetta eru þær sem ég tel helstar vera og ekki til bóta frá frv. eins og það liggur fyrir. Ég sé ekki röksemdir til að breyta frv. að þessu leyti. Þvert á móti. Ef menn á annað borð færu að hrófla við texta 114. gr. væri ástæða til að kveða þar fastar að orði.

Ég vil nú, herra forseti, gera nokkra grein fyrir þeim brtt. sem ég flyt sérstaklega. Ég vil í fyrsta lagi taka fram að auðvitað væri ástæða til að breyta þarna ýmsu. En ég hef valið þann kost að taka nokkur mikilvæg atriði, sem ég tel ekki viðunandi eins og frv. og brtt. meiri hl. liggja fyrir, og flytja brtt. um þau sérstaklega.

Þá er það í fyrsta lagi við 5. gr. þar sem kveðið er á um lágmarksíbúatölu sveitarfélaga. Það hefur lengi verið í lögum að lágmarksíbúatala sveitarfélaga skyldi vera 100. Það er skoðun Sambands ísl. sveitarfélaga að svo skuli vera og sú skoðun kom víða fram að eðlilegt væri að stefna að því að minnstu einingarnar yrðu a.m.k. ekki fámennari en 100. Niðurstaða meiri hl. hefur orðið sú að flytja enga brtt. og láta frv. eins og það liggur fyrir um 50 gilda án nokkurra viðbótar- eða bráðabirgðaákvæða. Þessari niðurstöðu finnst mér erfitt að kyngja, herra forseti, vegna þess að burtséð frá þeirri sjálfsögðu kröfu að almennt skuli menn ráða sínum málum sjálfir, hvort sem þeir eru í litlu sveitarfélagi eða stóru, eru agnúarnir og erfiðleikarnir, sem því eru samfara í nútímaþjóðfélagi að vera með jafnsmáar einingar sem eiga að hafa jafnmikilvæg verkefni með höndum og þetta frv. gerir ráð fyrir, yfirgnæfandi. Ég hef því flutt brtt. um að þarna verði áfram miðað við töluna 100 eins og verið hefur í lögum, en þó með ákvæði til bráðabirgða sem fylgi frv. og gefi nokkurn aðlögunartíma að þessari tölu vegna þess að það eru allmörg sveitarfélög sem liggja á þessu bili með íbúafjölda, á bilinu 50-100. Þeim yrði skv. þeim brtt. sem ég flyt gefinn fimm ára aðlögunartími þangað til ákvæðið um 100 tæki gildi eða fram í ársbyrjun ársins 1991. Ég tel ekki óeðlilegt að standa svo að málum, herra forseti, og vonandi yrði það þá til þess að ekki þyrfti með lögum að grípa til sameiningar nokkurra sveitarfélaga, enda hef ég verið slíkum aðgerðum andvígur og því tel ég eðlilegt að standa svo að því að setja fram vilja löggjafans í þessu efni að gefa þarna ákveðinn aðlögunartíma. En talandi um sameiningu sveitarfélaga með lagaboði er þó ljóst og liggur fyrir að talan 50 er mun hærri en íbúafjöldi fámennustu sveitarfélaganna hvort sem er þannig að hér er á stigsmunur en ekki eðlis.

Í öðru lagi flyt ég brtt. við 11. gr., herra forseti, og

hún er um þann fjölda sem vera skal í sveitarstjórnum miðað við íbúafjölda viðkomandi sveitarfélaga. Eins og frv. lítur út eru í sveitarfélögum þar sem íbúar eru 50 þús. eða fleiri 15–27 aðalmenn í stjórn, í sveitarfélögum þar sem eru 10–50 þús. íbúar eru 11–15 aðalmenn. Mér hefur fundist þessi uppröðun, herra forseti, eins og 11. gr. lítur út í frv., nokkuð óeðlileg. Það sem ég tel sérstaklega óeðlilegt er hvernig bilið breikkar eftir því sem sveitarfélögin stækka. Það eru í því tilfelli að íbúar séu orðnir 50 þús. eða fleiri allt frá 15 og upp í 27 aðalmenn í bæjarstjórn. Það er að mínu viti óeðlilega mikið bil að þarna geti munað 12 fulltrúum. Það má einnig nefna að í Reykjavík, sem hér er sérstaklega til umfjöllunar því að hún er eina sveitarfélagið á landinu sem nær þessari stærð, gætu borgarfulltrúar samkvæmt þessu orðið fæst 15, en skv. gildandi kosningalögum gætu þm. Reykjavíkur, sem einnig er kjördæmi, orðið fleiri en þetta eða allt að 19. Þetta er að mínu mati í hæsta máta óeðlilegt, herra forseti. Ég sé engin rök fyrir því að sveitarfélag þurfi ekki a.m.k. jafnmarga borgarfulltrúa og viðkomandi kjördæmi á þingmenn.

Það er ekki samræmi heldur í þeirri dreifingu fulltrúa sem gert er ráð fyrir þar sem munar tveimur í sveitarfélögum þar sem íbúar eru færri en 200 eða 200–999. Það munar fjórum í þeim sveitarfélögum þar sem íbúar eru á bilinu 1000–50 000. En bilið er tólf þegar íbúar eru 50 000 eða fleiri. Þetta er í hæsta máta óeðlileg dreifing að mínu mati, herra forseti. Ég hef því flutt brtt. sem gerir ráð fyrir að þessi dreifing verði á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir: Þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn, þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn, þar sem íbúar eru 1000–9999 7–11 aðalmenn, þar sem íbúar eru 10 000–19 999 11–15 aðalmenn, þar sem íbúar eru 20 000–49 999 15–21 aðalmaður og þar sem íbúar eru 50 000 eða fleiri 21–27 aðalmenn.“

3. brtt. er um nýja grein sem komi á eftir 106. gr. og verði þá 107. gr. og hljóði svo (og þessi grein kæmi í X. kaflann, um samstarf sveitarfélaga):

„Kosningu fulltrúa í stjórnir byggðasamlaga og héraðsnefnda og ákvörðun um fjölda stjórnarmanna, svo og kosningu fulltrúa á ársfundi landshlutasamtaka, skal haga þannig að tryggð sé lýðræðisleg dreifing fulltrúa og eðlileg aðild meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnum. Eigi sveitarstjórn eða minni hluti í sveitarstjórn ekki kjörna fulltrúa í stjórn byggðasamlags eða héraðsnefndar, sem sveitarfélag er aðili að, skal þeim heimilt að skipa a.m.k. einn sameiginlegan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til að sitja stjórnarfundi.“

Þessi till. er flutt að því gefnu tilefni, herra forseti, að mér þykja ákvæðin um stjórnun byggðasamlaga og sömuleiðis það litla sem sagt er í lögunum um héraðsnefndir og landshlutasamtök öll með einu marki brennd, sem sagt því að hvergi er tekið á þeim mikla vanda, sem verið hefur í allri uppbyggingu þessa samstarfs, að lýðræðislegt umboð þeirra stjórna sem með málin fara er með engu móti tryggt. Þetta hefur stundum verið orðað þannig að hér sé á ferðinni samstarf meiri hluta meiri hlutanna og minnihlutaaðilar og jafnvel minnstu sveitarfélögin eigi hér enga aðild að. Það er alveg ljóst og verður væntanlega í vaxandi mæli, herra forseti, að mikið af þeim verkefnum sem lögunum samkvæmt eru á ábyrgð og eiga að vera hjá sveitarfélögunum verða í raun framkvæmd í gegnum þessi byggðasamlög því að þegar er fyrir mjög víðtækt samstarf milli sveitarfélaga sem væntanlega gengur inn í þetta nýja skipulag byggðasamlaga. Þannig verður e.t.v. meiri hluta af fjármunum viðkomandi sveitarfélaga og meiri hluta af verkefnum þeim sem þau hafa á sinni könnu ráðstafað í gegnum þessi byggðasamlög en ekki af sveitarstjórnunum sjálfum. Það gefur þá auga leið að mjög mikilvægt er að sem allra lýðræðislegast sé staðið að stjórnun þeirra og eðlilegt umboð stjórnanna frá fulltrúum í viðkomandi sveitarfélögum sé tryggt. Þetta er ekki gert á nokkurn hátt eins og að þessu er staðið í frv. Ég les aftur, með leyfi forseta, þau ákvæði um stjórnun byggðasamlaga sem eru í X. kaflanum, 107. gr., en þar segir:

„Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað byggðasamlag sem tekur að sér framkvæmd verkefnisins.“

Hér mun brtt. vera frá meiri hl. um að í staðinn fyrir byggðasamlag komi byggðasamlög, enda er gert ráð fyrir því að hér verði um mörg byggðasamlög að ræða en ekki eitt byggðasamlag. Síðan segir:

„Í samningi sem gera skal um byggðasamlag skulu vera ákvæði m.a. um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.“

M.ö.o. er hér ekki sagt neitt um hvernig skuli stjórna þessum byggðasamlögum. Það er allt skilið eftir gersamlega opið. Sama gildir um héraðsnefndirnar, það litla sem þær eru nefndar, svo ekki sé minnst á landshlutasamtök sveitarfélaga. Þessi höfuðókostur frv. og laganna, ef af verður, er mér mikill þyrnir í augum, herra forseti, vegna þess að menn höfðu uppi hugmyndir um að koma á þriðja stjórnsýslustigi eða lögbundnu samstarfi sveitarfélaga þar sem lýðræðislega væri staðið að stjórnun. Nú hefur verið endanlega gefist upp við það og þá sitja eftir allir þeir ókostir þessa samstarfs eins og það hefur víða verið án þess að reynt sé að girða fyrir það á nokkurn hátt með þessu frv. Ég tel því eðlilegt að flytja brtt. sem gerir annars vegar ráð fyrir að sett sé inn í lögin almenn markmiðssetning um að það skuli leitast við að standa svona að samningum og uppbyggingu þessara samlaga og slíkt almennt ákvæði í lögum yrði þeim minnihlutaaðilum eða minni sveitarstjórnum sem hér gætu átt undir högg að sækja tvímælalaus vörn. Einnig tel ég eðlilegt að fari svo engu að síður að minnihlutaaðilar í pólitískt kjörnum sveitarstjórnum, hugsanlega í stórum sveitarfélögum, eigi enga aðild að stjórnum þessara byggðasamlaga eða minni sveitarstjórnir sem taka þátt í samstarfi margra sveitarfélaga komi ekki manni inn í stjórnir slíkra samtaka, þá sé ótvírætt ákvæði í lögunum um að þeim beri réttur til að skipa fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til að sitja stjórnarfundi slíkra byggðasamlaga. Það er mín skoðun, herra forseti, að með öllu sé óviðunandi að við afgreiðum frv. eins og það liggur fyrir með brtt. minni hl. án þess að nokkur trygging komi inn í lögin að þessu leyti.

Ég minni á og bendi á að framar í frv. eru sett inn ákvæði sem tryggja minnihlutaaðilum aðgang að byggðaráðum eins og það mun heita í þessu frv. þegar sveitarstjórn heldur ekki reglulega fundi yfir sumartímann. Þetta ákvæði er sett inn í frv. að gefnu tilefni vegna

þess að það hafa verið dæmi um að fulltrúum minni hlutans hafi verið gersamlega haldið utan við þessar stofnanir svo mánuðum eða jafnvel árum skiptir. Þeir hafa jafnvel ekki fengið póst hvað þá annað sem þessum stofnunum berst. Það varð um það almenn samstaða í endurskoðunarnefndinni að setja inn tryggingarákvæði hvað þetta varðar og því tel ég fyllilega eðlilegt og ekki síður ástæðu til að koma hliðstæðu ákvæði inn í kaflann um stjórnir byggðasamlaga.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, herra forseti, að það er mjög líklegt að mjög veigamiklir hlutar af verkefnum sveitarfélaganna, hinna minni sveitarfélaga, verði í framtíðinni unnir í gegnum slík byggðasamlög og héraðsnefndir og að minnstu af tekjum þeirra sveitarfélaga verði í raun eytt á heimaslóð. Þar af leiðandi gæti farið svo að stjórnir þessara byggðasamlaga yrðu jafnvel þýðingarmeiri og valdameiri stofnanir en sveitarstjórnirnar sjálfar, a.m.k. hvað einstaka málaflokka varðar.

Ég hef einnig flutt brtt. við 114. gr. sem er eðlileg leiðréttingartillaga. Ég er andvígur, eins og ég áðan sagði, brtt. meiri hl. um nýjan texta í 114. gr. og legg til að hún verði felld og frv. látið halda sér eins og það er. Ég flyt því brtt. sem nauðsynleg er til lagfæringar á þeim texta sem þar er nú. Í stað orðsins „héraðsnefnd" þurfa að koma orðin: einstök sveitarfélög. Þær héraðsnefndir sem þetta frv. fjallar um eru allt aðrar héraðsnefndir en brtt. meiri hl. gera ráð fyrir.

Þá er það 5. brtt. við 122. gr. svohljóðandi:

„Á eftir orðunum „sameiningu sveitarfélaga" komi: jafnframt skal ráðuneytið hlutast til um aðstoð við sveitarfélög úr ríkissjóði í sama tilgangi þar sem sérstakar ástæður mæla með slíku."

Hér er vikið að því að í 122. gr. er fjallað um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og skal ráðuneytið, þ.e. félmrn., hlutast til um slíkt. Ég tel ekki síður ástæðu til þess að inni í lögunum sé ákvæði sem opni fyrir að einnig geti komið til aðstoð úr ríkissjóði þegar sérstakar ástæður mæla með slíku. Ég teldi þá eðlilegt að félmrn. hefði einnig milligöngu um að koma óskum um slíkt á framfæri. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn dragi hvergi af sér í þeirri viðleitni að ýta undir sameiningu og greiða fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Ég held að það sé ekki nóg að nefna Jöfnunarsjóðinn einn í þessu sambandi, enda sé ég því ekkert til fyrirstöðu að ríkissjóður geti komið þarna til aðstoðar einnig þar sem sérstakar ástæður mæla með.

Að síðustu er svo ákvæði til bráðabirgða tengt þeirri brtt. sem ég flyt við 5. gr. um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélagi. Ég hef þegar kynnt hana. Hún frestar gildistöku tölunnar 100 fram í ársbyrjun 1991, en frá og með gildistöku laganna og til þess tíma skal lágmarksíbúatalan vera 50.

Þessar eru þær brtt. mínar, herra forseti, sem ég hef nú kynnt og ég ætla þá að lesa það nál. sem 2. minni hl. félmn. hefur sent frá sér og er svohljóðandi:

„Félmn. hefur haft frv. til sveitarstjórnarlaga til umfjöllunar um hríð. Mikill fjöldi umsagna og athugasemda við frv. hefur borist og hefur nokkurt tillit verið tekið til þeirra. Ýmsar ábendingar hafa einnig komið fram á fundum nefndarinnar með fulltrúum hagsmunaaðila. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni hafa boðað allmargar brtt. við frv. Eru þær helstar að fella með öllu niður IX. kafla frv. um héraðsnefndir. Virðist þá liggja ljós fyrir sú niðurstaða að engar umtalsverðar breytingar verða á uppbyggingu stjórnsýslunnar aðrar en þær að sýslunefndirnar skipta um nafn. Þau markmið verkefna og valddreifingar sem ýmsir höfðu vonað að næðu fram að ganga í tengslum við ný sveitarstjórnarlög eru að engu orðin.

Að svo miklu leyti sem tekið er á þeim hluta stjórnsýslunnar er liggur milli ríkisvalds og einstakra sveitarfélaga er sá höfuðókostur áfram við lýði að lýðræðislegt umboð byggðasamlaga, héraðsnefnda eða landshlutasamtaka frá íbúum viðkomandi svæða er ekki á neinn hátt tryggt. Ákvæði um byggðasamlög eru óljós og fjöldi þeirra og stærð gætu orðið mjög breytileg frá einu svæði til annars og hlýtur það að valda erfiðleikum.

Sem vænta mátti er þó ýmislegt til bóta í frv. frá gildandi lögum um sveitarstjórnir. Brýnt er orðið að koma í lög ákvæðum um 18 ára kosningaraldur og kjörgengi í samræmi við löngu markaða stefnu þar um og er reyndar ekki vansalaust hversu seint þær breytingar eru á ferðinni með hliðsjón af komandi sveitarstjórnarkosningum.

Engu að síður er það skoðun undirritaðs að það sé ýmsum vandkvæðum bundið að afgreiða frv. nú og má í því sambandi nefna:

1. Ekkert bólar á niðurstöðum úr því starfi sem staðið hefur yfir við endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga. Og þar sem tekjumöguleikar sveitarfélaga skipta mestu um alla möguleika þeirra til að ráða við verkefni sín er þetta mjög bagalegt. Einnig þyrfti að marka stefnu um samskipti ríkis og sveitarfélaga, og þar með talda verkefnaskiptingu, til að heildarmynd fengist af samskiptum ríkis og sveitarfélaga og verkefnum sem ný sveitarstjórnarlög gætu tekið mið af.

2. Þar sem stjórnarflokkarnir hafa nú ákveðið að fella niður með öllu IX. kafla frv. um lögbundið samstarf sveitarfélaga án þess að nokkuð komi í staðinn er ljóst að gefist er með öllu upp við að skipa með lögbundnum hætti meðferð þeirra verkefna sem liggja milli ríkis og sveitarfélaga eða færa mætti frá ríkisvaldinu til svæða eða landshluta — og í flestum tilfellum eru ofvaxin einstökum sveitarfélögum. Það er skoðun 2. minni hl. að leggja hefði átt meiri vinnu í að fara yfir tillögur endurskoðunarnefndarinnar og leita samstöðu meðal stjórnmálaflokka um mögulega útfærslu á millistjórnsýslustigi, bundnu svæðum eða landshlutum. En ljóst er að samþykkt þessa frv. breytir engu í þá átt að færa verkefni og vald frá höfuðstöðvum miðstjórnarvaldsins út um landið.

3. Þegar IX. kafla frv. hefur verið kippt burtu er auðséð að það heildarskipulag, sem endurskoðunarnefndin og væntanlega einnig höfundar þessa frv. höfðu í huga, er hrunið. Ákvæðin um byggðasamlög eru að ýmsu leyti gölluð og of takmörkuð og yfirtaka sveitarfélaga eða héraðsnefnda á verkefnum sýslunefnda eru lítt útfærð — á sama tíma og fella á niður öll ákvæði gildandi laga um sýslufélög.

2. minni hl. er andvígur nokkrum þeirra brtt. sem fulltrúar meiri hl. hafa boðað, sérstaklega þeim sem veikja í einhverju tilliti stöðu minnihlutahópa til að hafa aðgang að stjórnsýslu sveitarfélaganna og hafa áhrif í samræmi við styrk sinn.

Undirritaður flytur nokkrar brtt. við frv. Þær helstu

eru að marka með greinilegum hætti vilja löggjafans í þá átt að sveitarfélögin stækki og eflist á næstu árum. Talið er eðlilegt að gefa nokkurn aðlögunartíma, en að honum liðnum skuli öll sveitarfélög í landinu orðin með 100 íbúa eða fleiri. Einnig er talið rétt undir vissum kringumstæðum að ríkisvaldið geti komið til aðstoðar og hjálpað til við sameiningu sveitarfélaga með fjárframlögum.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á fjölda aðalmanna í sveitarstjórnum miðað við íbúatölu. Óeðlilegt er að fjöldi fulltrúa í kaupstað með yfir 50 þús. íbúa geti sveiflast á bilinu allt frá 15 til 27 eða um 12 fulltrúa eins og gert er ráð fyrir í frv.

Þá eru einnig sett inn ákvæði sem eiga að stuðla að lýðræðislegri aðild minnihlutahópa að stjórn byggðasamlaga, héraðsnefnda og landshlutasamtaka.

Niðurstaða 2. minni hl. er sú, að fengnum nauðsynlegum lagfæringum á frv. þessu sem fluttar eru sérstakar brtt. um, að það sé til bóta frá gildandi lögum svo langt sem það nær. Ljóst er engu að síður að lög um sveitarstjórnarmál hljóta að koma til endurskoðunar innan tíðar samfara breyttri verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga.

2. minni hl. leggur því til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj."

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að flytja hv. félmn. sérstakar þakkir fyrir þá miklu vinnu sem hún hefur lagt í meðferð þess lagabálks sem hér er til 2. umr. Það var alveg ljóst í upphafi að endurskoða þyrfti ýmis ákvæði þessa frv., en ég vil taka það fram að ekkert frv. hefur fengið eins mikla umfjöllun á undanförnum árum og einmitt það sem hér um ræðir, bæði á vegum endurskoðunarnefndarinnar og eins eftir að það kom frá henni, en þá var það sent hverjum einasta sveitarstjórnarmanni á Íslandi, sýslunefndarmönnum o.s.frv., og beðið um viðbrögð og sömuleiðis rætt um það á ýmsum ráðstefnum sem haldnar hafa verið um þessi mál og landshlutasamtakafundum.

Það er alveg ljóst að þetta frv. hefur aukið á umræðuna um þörfina á því að stuðla að breyttu stjórnsýslukerfi hér á landi og viðhorf til þeirra mála hafa skýrst í þeirri miklu umræðu sem um þessi mál hefur farið fram. Ég vil leggja áherslu á að þetta frv., svo mikilvægt sem er að það verði að lögum, opnar áframhaldandi umræður um þessi mál og gerir viðhorfin til þeirra skýrari þannig að menn geri sér grein fyrir því hver á sínu svæði á hvað ber að leggja meiri áherslu til framtíðar en áður hefur þekkst.

Ég tek það fram að ég geri mér grein fyrir því að auðvitað hlýtur umræðan, eftir að þetta frv. er orðið að lögum, að beinast fyrst og fremst að því hvaða ákvörðun á að taka í sambandi við hið svokallaða þriðja stjórnsýslustig. Samþykkt þessa frv. lokar á engan hátt fyrir það heldur eykur þvert á móti þörfina á þeirri umræðu og ákvörðunartöku.

Ráðuneytið mun að sjálfsögðu, eftir að þetta frv. verður að lögum, leggja gífurlega mikla vinnu og áherslu á aukið samstarf sveitarfélaga og sameiningu þeirra í stærri heildir til að taka við auknum verkefnum sem allir eru sammála um að hljóti að verða viðfangsefni á næstu misserum og árum.

Það er ljóst, eins og hefur raunar komið fram í umræðunni, að margir hv. þm. tengja þetta mál við endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem hefur farið fram um nokkurt skeið. Það er eðlilegt því að auðvitað er ljóst að um leið og aukin verkefni færast til sveitarfélaga þurfa tekjustofnar að vera fyrir hendi. Ég get sagt það hér að þessi endurskoðun er núna á lokastigi og áformað er að leggja frv. um tekjustofna sveitarfélaga fyrir í byrjun næsta mánaðar eða það tímanlega að það sé í samræmi við breytta skipan um þingsköp og hægt verði að taka það til umræðu og skoðunar og senda það út svo að taka megi það til lokaafgreiðslu á næsta þingi.

Sömuleiðis er alveg ljóst að umræðan um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er komin á það stig að það þarf að fara að vinna úr henni og taka ákvörðun. Það eru uppi áform um að viðkomandi ráðuneyti ásamt Sambandi ísl. sveitarfélaga muni taka það mál til sérstakrar umfjöllunar núna í vor og sumar og reyna að einangra þetta mál þannig að hægt sé að taka ákveðna málaflokka sem fylgja þá lokaákvörðun um breytta tekjustofna sveitarfélaga.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að lengja þessar umræður. Ég skil áhuga manna fyrir þessu máli. Þetta er mál sem snertir hvert einasta mannsbarn í þessu landi. Ekki skal ég draga úr þeim rökum sem hér hafa komið fram um að auka vald sveitarfélaganna úti um landið og efla sjálfstæði þeirra og þannig valddreifingu. Það er sú stefna sem ég vil fylgja og tel mig fylgja. Í frv. sem hér er til lokaafgreiðslu er einmitt ýmislegt sem opnar fyrir þá stefnu og gerir auðveldara að vinna að þeim málum eftir að þetta frv. verður að lögum.

Ég endurtek svo þakkir mínar til félmn. og til þeirra aðila sem að þessu frv. hafa komið. Ég vænti þess að það sem kom fram í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl., 2. þm. Reykv., verði tekið til greina og greitt verði fyrir því að þetta frv. verði að lögum sem allra fyrst til þess að hægt sé að gera þær stjórnarfarslegu aðgerðir sem til þarf til þess að þau komi til framkvæmda á þessu vori.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Enn þá einu sinni hefur okkur tekist að láta umræðuna fara fram um annað en það sem fólkið í landinu er að tala um.

Það hefur verið heldur magurt á efnisskrá undanfarið, en nú eru sveitarstjórnarmál á dagskrá. Sveitarstjórnarmál hafa verið brennandi umræðuefni í mörg misseri allt í kringum landið á fundum, jafnvel sérstakra samtaka sem hafa verið stofnuð um þessi efni. Svo kemur stjfrv., afgreitt úr nefnd, og það er skilið eftir aðalmálið. Það er sleppt samviskusamlega úr allri þeirri umfjöllun því sem fólkið í landinu hefur áhuga á, en það er hvernig það geti raunverulega aukið völd sín, hvernig það geti aukið umsvif sín, hvernig það geti náð til sín völdum sem hafa safnast saman í stofnanaveldi, hvort sem er í Reykjavík eða annars staðar. Þetta frv. hérna kemur þar ekkert nærri.

Hæstv. ráðh. segir að þetta frv. skapi jarðveg eða opni fyrir umræður um það mál. Ef þessi ríkisstjórn og ef þetta þing vildi vera í einhverju sambandi við það fólk sem þó kaus bæði þingmenn og ráðherra til þessara starfa ættu þingmenn og ráðherrar að vera að ræða um þriðja stjórnsýslustigið, um valddreifingu. Þannig hefur okkur tekist að sleppa aðalatriðinu.

Um þetta frv. er að þessu mæltu afar lítið gagnlegt

eða gott hægt að segja. Eins og ég segi er skilið eftir aðalatriðið, en það er um valddreifingu, um það hvernig fólkið í landinu fái að ráða meiru um sína hagi. Það sem eftir stendur eru ýmiss konar tæknileg atriði sem ég efa ekki að eru mörg hver til ágætra bóta. Mér sýnist á nál. að það hafi fjöldi fólks verið kallaður til viðræðu og um þetta hafi fjallað margir mætustu menn. Eins og ég segi efa ég ekki að í heildina bæti samþykkt þessa frv. á einhvern hátt framgang hinna tæknilegu atriða sveitarstjórnarmála, en það sem varðar lýðræði og það sem varðar hið raunverulega samband fólks og stjórnvalda er samviskusamlega skilið eftir. Það tel ég að sé aðalatriði þessa máls.

Um allan hinn vestræna heim er fólk nú að krefjast þess í stórauknum mæli að endurheimta og ná til sín völdum sem það hefur misst til ýmissa stjórnvalda, hvort sem það eru sveitarstjórnir eða landsstjórn. Þessi viðleitni birtist á mjög mörgum sviðum. Það eru stofnuð íbúasamtök sem vilja ráða meiru um skipulag síns nánasta umhverfis. Það eru stofnuð foreldrafélög þar sem foreldrar vilja ráða miklu meiru um það sem gerist í skólunum. Það eru stofnuð verkalýðsfélög innan fyrirtækjanna þannig að verkafólkið geti ráðið miklu meiru um starfsemi fyrirtækjanna, um það umhverfi sem því er þar búið og um þau laun sem þessi fyrirtæki greiða fólkinu. Íbúar á tilteknum landsvæðum vilja meiri völd og vilja ráða meiru um eigin hagi. Þannig verðum við vör við mjög stóra og víðtæka hreyfingu þar sem fólk sækir eigið forræði í hendur þeirra sem hafa tekið það, hvort sem það eru ríkisstjórnir eða ráðuneyti eða einstakar stofnanir. Hin pólitísku markmið þessarar hreyfingar eru einfaldlega að auka áhrif fólks á stjórnkerfin og færa ákvarðanatöku nær þeim sem þessar ákvarðanir varða.

Röksemdirnar fyrir þessari auknu þátttöku almennings eru ýmsar. Í fyrsta lagi telja menn að valddreifingin sé til varnar borgurum. Þeir geti betur varið sig annaðhvort gegn aðgerðum eða jafnvel aðgerðaleysi stjórnvalda, menn gleymi því aldrei að stjórnvöld eru till borgaranna vegna.

Í öðru lagi telja menn að því fleiri sem eiga þátt í að taka ákvörðun og móta hana, þeim mun betri verði hún og þeim mun líklegra sé að íbúarnir virði afleiðingar og niðurstöður þeirrar ákvörðunar. Nú hnussar náttúrlega í mörgum kerfiskarlinum. Það er nefnilega orðin viðtekin trú að best sé að sem fæstir taki ákvarðanirnar, þannig séu þær bestar og þannig sé einhver von að þær standi. En raunin er sú að þannig teknar ákvarðanir reynast illa vegna þess að fólk virðir þær ekki. Þær eru ekki teknar í samræmi við vilja fólksins.

Í þriðja lagi er talið að þátttaka í stjórnun á þennan hátt þroski fólk. Með því að eiga hlutdeild að stjórninni, með því að taka ákvarðanir sem þar þarf að taka finnur fólk til aukinnar ábyrgðar og öðlast meiri þekkingu og meiri skilning á málefnum samfélagsins.

Í fjórða lagi má líka segja að aukin þátttaka borgaranna eða valddreifing varði í sjálfu sér réttindi þeirra og skyldur og þurfi ekki neina aðra sérstaka réttlætingu, hvorki efnahagslega né félagslega. Það sé einfaldlega réttur og meira en réttur því að það sé skylda borgaranna að taka sem mestan þátt í öllum ákvörðunum sem eru teknar.

Ef við lítum á þessi rök er raunar komið svo að það er mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnmála að brjóta upp þá miðstýringu sem hér hefur ríkt á öllum sviðum. Þetta er mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnmála. Þess vegna er alveg makalaust að það skuli einmitt vera það sem vantar í frv. til sveitarstjórnarlaga.

Málum hefur þannig verið stýrt að í stað þess að treysta einstaklingum, fyrirtækjum eða landshlutum til eigin stefnumörkunar og sjálfsbjargar er efnahagslífi stjórnað með almennum stórvirkum ráðstöfunum sem ekkert tillit taka til raunverulegra aðstæðna í landinu. Að baki þessum ákvörðunum eru notaðar lífvana reiknitölur úr meðaltalsmaskínum ríkisstofnana sem koma hvergi nærri fólki. Við höfum ágæt dæmi þessa dagana þar sem er verið að reyna að reikna yfir menn einhvers konar kjarabót. Hún er fólgin í því að með því að þeir Ásmundur Stefánsson og Magnús Gunnarsson taka upp alls konar tölur um líf og þjáningar fólks í þessu landi geta þeir reiknað út að það náist 4 eða 5% bót lífskjara með einhverjum tilteknum aðgerðum. Málið er að það skiptir ekki nokkru máli fyrir manninn sem fær 17 þús. kr. á mánuði hvort hann fær 17 þús. eða 17 680. Hans vandamál veltur ekki á 700 kr. sem fást með 4% kauphækkuninni. Hans vandamál veltur miklu frekar á 7 þús. kr. sem hann þyrfti eða kannske 70 þús. kr. Þarna er dæmi um að það er verið að fjalla um fólk. Það eru einhverjir menn sem loka sig einhvers staðar inni og fara að fjalla um fólk og líf þess út frá einhverjum tölum í staðinn fyrir að fólkið fái sjálft að segja sitt álit og ráða því og marka það hvernig ákvarðanir eru teknar um líf þess. Það er þessi hugsunarháttur sem þarf að brjóta niður hvort sem er í sveitarstjórnarmálum eða annars staðar. Það er um þetta sem menn eiga að vera að tala í sambandi við sveitarstjórnarlög, hvernig hægt sé að hleypa fólki til valda.

Það má rekja fjöldamörg dæmi um valdaafsal fólksins. Við höfum t.d. núna þá niðurstöðu að bændur eiga stærð búa sinna undir útreikningum einnar nefndar í höllinni við Hagatorg og þeir eiga verðlag afurðanna undir ákvörðunum annarrar nefndar. Kemur þetta einhvers staðar nálægt bændum? Þetta er í tölvu vestur á Hagatorgi.

Sjávarútvegurinn sækir aflamark sitt í ráðuneytið, hann sækir vörugæði í Ríkismatið og verðmætið í verðlagsráðið. Svona ráða menn miklu um eigin hag í útveginum.

Áhugafólk um nýsköpun í atvinnuháttum um allt land þarf að fara bónarveg að vörslumönnum sjóða eða í bönkum eða vörslumönnum ýmissa þeirra stofnana sem menn hafa komið á fót til að ráða fyrir aðra.

Sveitarstjórnarmenn þurfa að koma árlega suður og sækja sporslur í ríkissjóðinn og síðan þurfa þeir að útskýra þarfir hundraða og jafnvel þúsunda sveitunga sinna á 15 mínútum ef þeir eru heppnir. Ef þeir eru heppnir fá þeir 15 mínútur hjá fjvn. til að útskýra þarfir allra umbjóðenda sinna og reyna að útskýra þær fyrir mönnum sem sitja víðs fjarri verkefnunum og hvorki eiga að fylgja né raunar geta fylgt skattfénu þannig út í smæstu verk. Það er t.d. um þá hluti í sambandi við sveitarstjórnarmál og samstarf sveitarfélaga og ríkisvalds sem við þurfum að tala. Þess vegna er mjög miður að því skuli vera sleppt í umræðum um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Afleiðing þessarar stefnu er margvísleg. Þær afleiðingar sem sérstaklega varða sveitarstjórnir og lands-

hluta eru t.d. þær að þessi miðstýring hefur drepið fjölbreytileika, frumkvæði og tilraunir fólks. Stjórnkerfið virðist álíta að það séu ráðherrarnir og starfsmenn þeirra í kringum Arnarhólstúnið sem viti meira um málefni sveita og héraða en heimafólkið sjálft.

Það er leitast við að beita sömu aðferðum við lausn mála hvar sem er á landinu. Það eru t.d. sett lög í félags- og skólamálum sem er nánast ómögulegt að framfylgja í sumum landshlutum.

Tilraunir heimamanna til eigin útfærslu og nýjunga stranda gjarnan á lögum og reglugerðum sem henta einhvers konar meðalaðstæðum, einhverjum útkomum úr reiknimaskínum, en alls ekki raunveruleikanum sjálfum. Þar kemur á endanum að sjálfsbjargarviðleitni fólks minnkar og menn fara að bíða hjálparinnar „að sunnan". Þannig hafa Akureyringar t.d. beðið eftir álverksmiðju um árabil og Austfirðingar bíða enn þá eftir kísilmálmverksmiðjunni. Hvað halda menn að það hafi skaðað Austfirðinga eða Akureyringa að bíða *sífellt eftir frumkvæði, eftir einhverri aðgerð að sunnan* í sambandi við álverksmiðju eða í sambandi við kísilmálmverksmiðju? Á meðan öll þau mál eru í pípunum einhvers staðar láta menn fara fram hjá sér eða leita ekki að alls kyns nýjum tækifærum til eigin athafna. Það er t.d. um slíka hluti sem menn ættu að vera að ræða í sambandi við sveitarstjórnarmál, hvernig er hægt að renna stoðum undir, eins og það heitir í 17. júní ræðunum, frumkvæði heimamanna.

Þessi miðstýring hefur gert sveitarfélögin allt of háð duttlungum ríkisvalds. Enda þótt það sé á stefnuskrá hverrar einustu ríkisstjórnar sé að auka sjálfstæði sveitarstjórna er það svo að völd, verkefni og tekjur sveitarfélaganna sveiflast til eftir geðþótta ríkisstjórna og meiri hluta Alþingis hverju sinni. Nú hafa nýju ráðherrarnir, Ásmundur Stefánsson og Magnús Gunnarsson, t.d. samið um að lækka útsvör. Völdin liggja því víða annars staðar en hjá sveitarstjórnum þó að um sé að ræða einungis þau mál sem sveitarstjórnirnar einar eigi að hafa völd á og fólkið.

Þó að allir flokkar hafi talað um nauðsyn aukins *frumkvæðis og sjálfsstjórnar sveitarfélaganna hefur* stjórnlyndið ævinlega borið alla flokka ofurliði þegar þeir hafa komist sjálfir í þá aðstöðu að ráða ríkisstjórn. Þessar miðstýringartilhneigingar hafa síðan valdið því að ríkisstj. og stofnanir hennar einbeita sér að lausn alls kyns smáverkefna í stað þess að móta heildarstefnu og langtímaaðgerðir. Það sést t.d. á því að pósthólf og skrifborð ráðherra, opinberra embættismanna og þingmanna eru full af alls kyns smáverkefnum úr heimahéruðum sem augljóslega á að vinna og leysa heima fyrir. Ríkisvaldið er því að glíma við að leysa alls kyns staðbundin vandamál sem í mörgum tilfellum eru orðin til vegna þess að reynt er að leysa þau úr fjarlægð. Fjarstýringin skapar vandamálin sem menn taka aftur upp og senda suður og reyna að fá leyst fyrir sunnan. Þetta smámálaþvarg veldur því að stefnumótun og önnur nauðsynleg pólitísk verkefni sitja á hakanum.

Þessi miðstýringarhefð veldur því að ákvarðanir eru teknar af embættismönnum sem eru fjarlægir kjósendum og aldrei gerðir ábyrgir gagnvart þeim. Þetta þekkjum við t.d. úr samtökum sveitarfélaga sem hafa verið sett upp víða um landið og eru mörg hver ágætisstofnanir að því leyti að þau sinna verkefnum sem einhver þarf að sinna og þarf stærri einingar til að sinna en hafa verið fyrir hendi á mörgum stöðum á landinu. En málið er að þeir sem stjórna þessum samtökum eru yfirleitt ráðnir embættismenn viðkomandi sveitarfélaga og á engan hátt ábyrgir gagnvart fólkinu. Bæjarstjórar eða bæjarritarar eru ráðnir til vinnu af þeim sem mynda meiri hluta á viðkomandi stöðum og setjast síðan í stjórn þessara samtaka og fara að höndla um líf fólks í raun, jafnvel ábyrgðar- og umboðslausir. Samþjöppun valdsins og samtrygging flokkakerfisins í kringum þetta vald gerir fólki gjarnan ómögulegt að ná til þeirra embættismanna sem þó eru sífellt að taka ákvarðanir um líf sama fólks. Þannig verður það að þessir aðilar, sem í rauninni eru í vinnu hjá kjósendum og ættu að vera í þeirra þjónustu, hafa sest í sæti valdsmannanna og eru oft varðir af pólitískum tengslum eða frændsemi.

Við getum rakið fleiri dæmi. Eitt sem við vitum um miðstýringuna er að hún er eðli sínu samkvæmt fjarlæg verkefnunum. Hún einkennist af alls kyns þungu skrifræði. Miðstjórnin kemur áhrifum sínum til skila með *stórum og þunglamalegum stofnunum* eins og Rafmagnsveitum ríkisins, Innkaupastofnun ríkisins, skipulagsstjóra, húsameistara ríkisins, Skógrækt ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins svo að nokkur dæmi séu nefnd. Í öllum þessum dæmum mætti stórlega auka valddreifingu og í mörgum tilfellum mætti hreinlega leggja þessar stofnanir niður, en þær eru angar á meiði forsjárhyggjunnar og miðstýringarinnar.

Það mundi æra óstöðugan að fara að telja upp öll einkennin sem við sjáum í peningastarfsemi í landinu, en það eru sveitarstjórnarmál líka.

Það eru ærnar ástæður til að flytja völd og verkefni til fólks á heimaslóð og sum viðfangsefnin eru þess eðlis að vegna umfangs og kostnaðar þarf til þeirra stærri einingar en sveitarfélögin eru núna. Sameining sveitarfélaga hefur ekki sýnt að hún geti leyst þann vanda. Það er búið að tala um sameiningu sveitarfélaga í langan tíma, en það virðist ekki ganga vegna þess að ýmsar félagslegar, sögulegar og jafnvel landfræðilegar ástæður koma í veg fyrir að þessar sameiningartilraunir gangi upp.

Menn hafa reynt að leysa þennan sameiningarvanda með því að hefja upp samstarf sveitarfélaga, eins og ég lýsti áðan. Samtök sveitarfélaga hafa verið sett á fót og hafa reynst ágætlega sem samráðsvettvangur og til að sinna einhverjum tilteknum þjónustuverkefnum. En þau líða fyrir skort á lýðræðislegu skipulagi. Við getum ekki liðið það. Við megum ekki setja upp stofnanir eins og samtök sveitarfélaga, horfa upp á að þau taki til sín sífellt fleiri verkefni og hafi sífellt meiri áhrif á líf fólks en við yppum öxlum yfir því að þar skortir hið lýðræðislega samband á milli kjósenda og þeirra sem fara með valdið. Kjósendur hafa í mörgum tifellum ekkert um verkefnin að segja og áhrif einstakra sveitarfélaga eru ekki í hlutfalli við íbúafjöldann. Svo sitja í stjórnunum embættismenn sem eru ekki ábyrgir gagnvart kjósendum. Þannig skipuð ráð eða stjórnir geta aldrei komið í stað kjörins stjórnvalds.

Það er svo komið að menn ræða sífellt meir um kosti þess að koma á fót þriðja stjórnvaldsstiginu, fylkinu, amtinu eða hvað sem menn vilja það kalla. Það er bara tímaspursmál hvenær það kemur. Það held ég að geti ekki gerst aftur að það setjist við völd ríkisstjórn sem skili af sér frv. til sveitarstjórnarlaga og taki ekki á þessu aðalmáli. Þó að það sé á vissan hátt orðið

einkenni íslenska stjórnkerfisins að takast á við aukaatriði og láta aðalatriðin eiga sig held ég að í þessu tilfelli, þegar við komum að þessu aðalatriði þriðja stjórnsýslustigsins, líði fólk ekki öllu lengur að það sé hundsað. Það er m.a.s. orðið þannig að það eru til samtök með þúsundum fólks um allt land sem fjalla nánast um þetta atriði og ekkert annað, sem krefjast þess að það sé tekið á þeirri lýðræðislegu kröfu fólks að fá að ráða á heimaslóð. En ríkisstj. svarar því þannig að sleppa því úr sveitarstjórnarlagaumfjölluninni.

Kostir þriðja stjórnvaldsins eru t.d. þeir að það verður nægilega stórt og öflugt til að taka völd og verkefni frá ríkisvaldi og jafnvel frá sveitarfélögum og sinna þeim þannig að fólk fái þar einhverju um ráðið.

Í öðru lagi mun þetta stjórnvald losa okkur úr vandkvæðum sameiningarinnar sem hefur reynst illframkvæmanleg eins og áður segir og getur verið óþörf og jafnvel skaðleg. Mörg núverandi sveitarfélög eru hæfileg þjónustueining og þau þurfa ekki að sameinast neinum til að sinna ágætlega t.d. sorphreinsun, heilsugæslu eða einhverju slíku. Þá eru þjónustuvandamál hinna dreifðu byggða. Þau leysast ekki með sameiningu. Við leysum ekkert vandamál einnar dreifbýllar sveitar með því að sameina hana tveimur eða þremur jafndreifbýlum sveitum. Þar felst vandamálið hreinlega í fjarlægðinni sem er svo mikil að skapar vandamál. Vandi þeirra leysist ekki með sameiningunni einni saman. Þar þarf annað að koma til.

Í þriðja lagi er hinn mikli kjarni þriðja stjórnvaldsins sá að þar munu kjósendur ráða stefnumálum fylkisstjórnarinnar. Það mun hafa mjög mikil áhrif á alla stjórnmálaumræðu í landinu. (**Forseti:** Þar sem nú er kominn fundartími þingflokka vildi ég gjarnan spyrja hv. þm. hvort hann eigi miklu ólokið af ræðu sinni.) Ég á þó nokkuð eftir, herra forseti. (**Forseti:** Þá held ég að sé rétt að þessu máli verði frestað.)

Umr. frestað.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Kaup ríkissjóðs á húseign í Borgarnesi, fsp. 279. mál (þskj. 515). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 515 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. um kaup ríkissjóðs á tiltekinni húseign í Borgarnesi. Fsp. er í sjö liðum, þ.e.

1. Hvenær var gengið frá kaupum ríkissjóðs á þessari fasteign, Dílahæð 3, handa heilsugæslulækni í Borgarnesi?
2. Hver tók ákvörðun um kaup ríkissjóðs á þessari eign?
3. Hvenær var heimild til kaupanna veitt?
4. Var auglýst eftir húsi fyrir heilsugæslulækni í Borgarnesi?
5. Var kannað með einhverjum hætti hvort til sölu væru aðrar fasteignir en Dílahæð 3 í Borgarnesi er betur kynnu að henta í þessu augnamiði?
6. Hvert var kaupverð fasteignarinnar Dílahæð 3 og hverjir greiðsluskilmálar?
7. Er kaupverð eðlilegt, svo og greiðsluskilmálar, að mati fjmrh. miðað við markaðsverð sambærilegra fasteigna í Borgarnesi að undanförnu?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Í 1. lið fsp. er spurt um það hvenær gengið var frá kaupum ríkissjóðs á fasteigninni Dílahæð 3 handa heilsugæslulækni í Borgarnesi.

Með bréfi heilbr.- og trmrn., sem dags. var 17. jan. s.l. og barst fjmrn. 21. sama mánaðar, er skýrt frá kaupum á fasteigninni Dílahæð nr. 3 í Borgarnesi til afnota fyrir heilsugæslulækni. Jafnframt er minnt á að í hlut ríkissjóðs komi að greiða 85% af kaupverðinu og óskað eftir umframfjárveitingu fyrir þessari fjárhæð. Með bréfinu fylgdi ljósrit af kaupsamningi sem dagsettur var 6. nóv. Kaupsamningurinn var þannig gerður 6. nóv., en ósk barst frá heilbr.- og trmrn. til fjmrn. með bréfi sem dags. er 17. jan. um aukafjárveitingu í þessu skyni.

Í öðru lagi er spurt: Hver tók ákvörðun um kaup ríkissjóðs á þessari eign?

Samkvæmt ljósriti af kaupsamningi sem fjmrn. barst með beiðni heilbr.- og trmrn. kemur fram að stjórn heilsugæslustöðvarinnar í Borgarnesi hefur tekið ákvörðun um kaupin og var kaupsamningurinn gerður með fyrirvara um samþykki heilbr.- og trmrn. Með bréfi dags. 25. okt. 1985 til stjórnar heilsugæslustöðvar í Borgarnesi hafði heilbr.- og trmrn. hins vegar samþykkt fyrir sitt leyti sölu á gamla læknisbústaðnum við Skúlagötu í Borgarnesi, enda yrði andvirði hússins varið til kaupa á nýju íbúðarhúsnæði fyrir heilbrigðisstarfsfólk á staðnum eða til annars stofnkostnaðar vegna heilsugæslu í umdæminu.

Í þriðja lagi er að því spurt hvenær heimild til kaupanna hafi verið veitt.

Í frv. sem lagt var fram til fjárlaga s.l. haust var ekki gert ráð fyrir því að heimild til þessara kaupa yrði samþykkt. Við meðferð frv. hér á hinu háa Alþingi var að tillögu fjvn. samþykkt heimild til þessara kaupa, en eins og áður hefur komið fram höfðu þau þá verið gerð með samningi frá 6. nóv. með fyrirvara um samþykki heilbr.- og trmrn.

Í fjórða lagi er spurt hvort auglýst hafi verið eftir húsi fyrir heilsugæslu í Borgarnesi og hvort kannað hafi verið með einhverjum hætti hvort til sölu væru aðrar fasteignir en Dílahæð 3 í Borgarnesi er betur kynnu að henta í þessu augnamiði.

Þessi kaup fóru ekki fram á vegum fjmrn. og mér og ráðuneytinu er því allsendis ókunnugt um hvort auglýst hefur verið eftir húsnæði eða aðrir möguleikar kannaðir, enda fóru kaupin ekki fram á vegum fjmrn.

Í sjötta lagi er spurt: Hvert var kaupverð fasteignarinnar á Dílahæð 3 og hverjir greiðsluskilmálar?

Samkvæmt kaupsamningi nam kaupverðið samtals 4,3 millj. kr. sem greiðist allt á einu ári talið frá afhendingardegi eignarinnar 1. febr. 1986 þannig að 1. febr. greiðist 1 millj. kr., 1. maí 1 millj., 1. ágúst 1 millj., 1. nóv. 500 þús. og 1. febr. 1987 800 þús. kr.

Í sjöunda lagi er spurt að því hvort kaupverð sé eðlilegt, svo og greiðsluskilmálar, að mati fjmrh. miðað við markaðsverð sambærilegra fasteigna í Borgarnesi að undanförnu.

Eins og fram hefur komið fóru þessi kaup ekki fram á vegum ráðuneytisins og kaupsamningur var ekki gerður með vitund þess þannig að ráðuneytið hafði ekki aðstöðu til að kanna þessi atriði svo sem venja er til þegar ráðuneytið sér um kaup á fasteignum, en ég hef gert ráðstafanir til þess að biðja Fasteignamat ríkisins um að meta þennan kaupsamning með hliðsjón af markaðsverði á fasteignum í Borgarnesi á þessum tíma.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin sem voru skýr og skilmerkileg nema að því er varðaði síðasta lið fsp. Hann greindi frá því að hann hefði falið Fasteignamati ríkisins að kanna það mál sérstaklega. Því vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvernig hann hyggist koma þeim upplýsingum á framfæri á hinu háa Alþingi.

Það er alveg ljóst af svörum hæstv. fjmrh. við þessum spurningum að hér hefur ekki verið staðið að verki með eðlilegum hætti þegar ríkið er að kaupa fasteign undir starfsemi á vegum ríkisins. Ég hjó eftir því að hæstv. fjmrh. sagði að samningur hefði verið gerður með fyrirvara um samþykki heilbr.- og trmrn. Ég hélt að hér þyrfti samþykki Alþingis að koma til og slíka samninga ætti að gera með fyrirvara um samþykki Alþingis, en það er ljóst af svörum hans að það var engin heimild til þessara kaupa þegar kaupin eiga sér stað. Henni er bætt inn á eftir og heimildin er veitt þegar fjárlög eru samþykkt, en þá eru þessi kaup búin og gerð.

Ég hef um það rökstuddan grun að vitneskja um þetta hafi ekki borist fjmrn. fyrr en töluvert löngu eftir að allt var um garð gengið. Ég held að mál sem þessi eigi að heyra undir eignadeild fjmrn. og ég held líka að það eigi að vera föst venja þegar ríkið kaupir fasteignir að auglýsa eftir eign. Það er gert í ýmsum tilvikum. Það var hins vegar ekki gert í þessu tilviki. Ég get svo sem ekki verið að krefja hæstv. fjmrh. svara við því vegna þess að hann hefur skýrt frá því að allt hafi þetta gerst á vegum heilbr.- og trmrh., en má vera að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé nú að greina fjmrh. frá því hvernig þessi kaup á eyrinni gerðust.

Það hefur verið afar einkennilega að þessu máli staðið. Ég vil bara spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji að hér hafi verið eðlilega staðið að því að verja fé skattborgaranna til kaupa á fasteign, hvort það séu eðlileg vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð. Ég er þeirrar skoðunar að hér hafi verið viðhöfð í hæsta máta óeðlileg vinnubrögð og ámælisvert og gagnrýnivert sé hvernig hér hefur verið að málum staðið. Ég hef grun um að Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafi t.d. ekkert komið nálægt þessum kaupum. Ég vil eindregið mælast til þess að fá álit hæstv. fjmrh. á því hvort hér hafi verið rétt að staðið.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi innti eftir því hvort upplýsingar yrðu veittar um niðurstöðu úr könnun Fasteignamats ríkisins varðandi samanburð á markaðsverði og þeim kaupsamningi sem gerður var um þetta húsnæði. Að sjálfsögðu verða þær upplýsingar veittar þegar niðurstöður liggja fyrir.

Varðandi vinnubrögð við kaup á fasteignum skal ég taka fram að fjmrn. skrifaði ráðuneytum bréf í byrjun októbermánaðar þar sem greint var frá tillögum fjmrn. í fjárlagafrv. um heimildir er snerta eignir og fjárlagafrv. gerði ráð fyrir að heimilt yrði að kaupa. Í þessu bréfi segir svo, með leyfi forseta:

„Heimildir í fjárlögum eru háðar ákvörðunum fjmrh. Ráðuneytið lítur svo á að fallist Alþingi á heimildir þessar verði beiting þeirra í höndum fjmrh., þar með talið umboð til kaupa og afsals eigna."

Ég tel rétt og nauðsynlegt að á þann veg verði farið með heimildir í fjárlögum til kaupa og afsals á eignum. Út af því hefur verið brugðið í þessu tilviki. Fjmrn. mun fyrir sitt leyti ganga eftir því við önnur ráðuneyti að þessari starfsreglu verði fylgt. Það á hins vegar eftir að koma í ljós þegar mat liggur fyrir af hálfu Fasteignamats ríkisins hvort það verð sem kaupsamningurinn gerir ráð fyrir sé í eðlilegu samræmi við markaðsverð á íbúðum í Borgarnesi á þessum tíma og verður ekki leitt í ljós fyrr en það mat liggur fyrir. En ég er þeirrar skoðunar og mun fylgja því eftir af minni hálfu að þær heimildir sem veittar eru í fjárlögum verði nýttar með þessum hætti þannig að fjmrn. hafi frumkvæði og annist þá samningsgerð til þess að fyllsta samræmis sé gætt og fjárskuldbindingar ekki gerðar nema í samræmi við þá hagsmuni sem fjmrn. er ætlað að gæta.

Lækningarmáttur jarðsjávarins við Svartsengi, fsp. 155. mál (þskj. 169). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Á síðasta Alþingi spurðist ég fyrir um það hvað liði könnun á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi á Reykjanesi. Tilefni þeirrar fsp. voru fregnir um að allnokkur fjöldi manna hefur á síðustu misserum talið sig fá verulega bót á ýmsum húðsjúkdómum við böð í Bláa lóninu svonefnda en það er mönnum vel kunnugt úr fréttum. Þar er fyrst og fremst um að ræða þá sjúklinga sem þjást af sjúkdómnum psoriasis, en þeir telja hvorki meira né minna en u.þ.b. 5000 hér á landi, en einnig menn sem þjást af margs konar exemi. Þegar þetta kom til umræðu á síðasta þingi lýsti þáverandi heilbrrh. því yfir að til stæði að landlæknisembættið léti gera rannsókn á lækningarmætti vatnsins í Bláa lóninu og stóð til að sú rannsókn yrði framkvæmd að einhverju leyti eða jafnvel að öllu leyti á síðasta sumri. Í tilefni af þessu hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til heilbr.- og trmrh. á þskj. 169 um lækningarmátt jarðsjávarins við Svartsengi, með leyfi forseta:

„Hverjar eru niðurstöður rannsóknar, sem gerð var á vegum heilbrrn. á liðnu sumri, á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi?"

Að undanförnu hafa heilbrigðisyfirvöld landsins greitt kostnað við ferð hóps psoriasissjúklinga til Suðurlanda ár hvert. Árlega munu það vera a.m.k. 40 sjúklingar sem hafa farið í slíkar ferðir, að þessu leyti til á vegum ráðuneytisins og kostnaðurinn er greiddur af því. Það fer ekki milli mála að í hinu suðræna loftslagi hafa þessir sjúklingar talið sig fá verulega bót meina sinna. Ekki síður er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort unnt er að fá bata slíkra sjúkdóma við böð hér á landi og þá fyrst og fremst í jarðsjónum við Svartsengi. Ljóst er að ef læknisfræðilegar rannsóknir benda til þess að svo sé skapast hér nýir og mikilvægir möguleikar til lækninga, bæði fyrir okkur Íslendinga en einnig fyrir útlendinga, en fjölmargar fyrirspurnir hafa borist til samtaka psoriasissjúklinga erlendis frá um þessi mál.

Ef af slíku yrði skapast einnig grundvöllur undir stofnun heilsubaðstaðar við Svartsengi þar sem menn

gætu fengið skjótari og betri bót meina sinna en hingað til hefur verið kleift hér á landi.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrirspurnin á þskj. 169 hljóðar svo: „Hverjar eru niðurstöður rannsóknar, sem gerð var á vegum heilbrrn. á liðnu sumri, á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi?"

Landlæknisembættið hefur unnið að þessari rannsókn mánuðum saman. Tilgangurinn var að kanna hvort reglubundin böðun í hinu svokallaða Bláa lóni í fjórar til sex vikur hefði bætandi áhrif á psoriasis. Hér var um forrannsókn að ræða og samvinna var við Samtök psoriasis- og exemsjúklinga, húðsjúkdómalækna og við Landspítalann um alla framkvæmd rannsóknarinnar. Frá miðjum júlí fram í septemberbyrjun böðuðu 10 einstaklingar sig reglulega í Bláa lóninu. Þar sem sá hópur þótti of lítill til að hægt væri að draga ályktanir um árangur var í byrjun september óskað eftir fleiri þátttakendum. 14 einstaklingar voru í þeim hópi sem þá myndaðist. Fjöldi skipta sem hver einstaklingur baðaði sig var mjög mismunandi, 12–44 skipti. Niðurstöður sem liggja fyrir úr þessum hluta rannsóknarinnar eru þær að hjá flestum hafa útbrot minnkað, afhreistrun verið allgóð og töluvert dregið úr kláða. En eins og menn vita fylgja þau einkenni þessum sjúkdómi. Hins vegar varð einn einstaklingur að hætta þátttöku þar sem útbrot og kláði jukust og tvo varð að leggja inn á sjúkrahús að lokinni meðferð þar sem líðan versnaði. Enginn hefur alveg gróið við meðferðina.

Landlæknisembættið hefur litið á þennan hluta rannsóknarinnar sem forrannsókn og því talið nauðsynlegt að fara út í ítarlegri rannsókn. Forsendur þess eru einkum að forrannsókn hefur ekki fært sönnur á árangur böðunar en gefið vísbendingu um jákvæðan árangur.

Vitanlega er vísbending ekki nægileg í þessu tilfelli. Við verðum að fá meiri vitneskju. Gerð hefur verið rannsóknaráætlun um samanburðarrannsókn í samvinnu við húðlækningadeild Landspítalans. Tilgangur þeirrar rannsóknar er að kanna lækningarmátt jarðsjávarvatns við Svartsengi með því að bera árangur af daglegri böðun í Bláa lóninu í þrjár vikur saman við hefðbundna meðferð á psoriasis á göngudeild húðlækningadeildar Landspítalans. Þátttakendur eru valdir út frá ákveðnum skilyrðum og þeim skipt í tvo hópa og hending ræður í hvorum hópnum einstaklingurinn lendir.

Niðurstaðna úr þeirri rannsókn er að vænta á þessu ári en þær liggja því miður ekki enn þá fyrir. Ég hef margoft spurt um þessar niðurstöður þannig að það er alveg ljóst að á það er knúið að fá þessa vitneskju. Því miður hafa fagmenn ekki treyst sér til að ljúka þessum niðurstöðum enn þá þannig að á þeim væri nægilega byggjandi, og ég tel sjálfsagt að við dokum enn við til þess að fá þeim mun áreiðanlegri niðurstöður.

Svona stendur málið og það er mála sannast að svari við þessari fsp. hefur verið frestað æ ofan í æ því ég hef ævinlega búist við að niðurstaðna væri að vænta a.m.k. fyrir næsta fyrirspurnafund. En þar sem niðurstöðurnar lágu ekki fyrir enn þá vildi ég skýra frá því, herra forseti, hvernig þetta mál stæði. En að sjálfsögðu yrði það kynnt Alþingi, e.t.v. með skriflegum hætti, þegar niðurstöðurnar liggja fyrir, undir eins og það verður.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að flytja heilbrrh. bestu þakkir fyrir svarið við fsp. minni, sem hún flutti hér, og þær að mörgu leyti markverðu upplýsingar sem þar komu fram. Það fólst í svari hennar að forrannsókn hefur þegar átt sér stað í þessum efnum. Það var mjög athyglisvert og mjög fróðlegt að heyra þá yfirlýsingu hennar að þær forrannsóknir hefðu gefið vísbendingu, eins og hún orðaði það, um jákvæðan árangur. Það eru út af fyrir sig merk tíðindi. Réttilega benti ráðherrann á að hér er aðeins um forrannsókn að ræða. Til þess að fyrir liggi full vissa um lækningarmátt jarðsjávarins í Svartsengi gegn þessum sjúkdómum þarf ítarlegri rannsókn. Og ég vil leyfa mér að fagna því að ráðherra hefur lagt á það áherslu við landlæknisembættið að slík rannsókn fari fram — hún stendur nú yfir — og jafnframt að henni verði hraðað sem mest og niðurstöðurnar að henni lokinni kynntar hér á Alþingi. Ég vil einnig fagna þeirri yfirlýsingu ráðherra að hann hefði hvað eftir annað ítrekað nauðsyn þess að þessari meginrannsókn málsins lyki sem fyrst.

Eins og ég sagði í upphafsorðum mínum er hér um mikilvægt mál að ræða fyrir allstóran hóp manna. Ég nefndi tölu psoriasissjúklinga hér á landi. Þeir hafa með sér samtök, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga, og aðeins psoriasissjúklingar eru taldir vera um 5000 talsins. Hér er því um mikið heilbrigðismál og merkilegt að ræða ef endanleg niðurstaða rannsókna landlæknisembættisins leiðir í ljós að unnt er að fá allnokkurn, jafnvel verulegan bata þessa sjúkdóms hér á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaður af starfsemi Krabbameinsfélags Íslands, fsp. 255. mál (þskj. 486). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Krabbameinsfélag Íslands var stofnað árið 1951. Það er félag áhugamanna sem beint hefur kröftum sínum að baráttu gegn krabbameini. Þetta hefur félagið gert með hnitmiðuðu leitarstarfi, einkum hjá konum, umfangsmiklu fræðslustarfi og endurhæfingu krabbameinssjúklinga eftir aðgerð. Enn fremur hefur verið gerð á vegum félagsins ítarleg skráning á öllum krabbameinum sem greinst hafa á Íslandi síðan 1954. Krabbameinsfélag Íslands hyggst nú færa út kvíarnar og bæta við leitarstarf sitt, bæði með því að hefja hópskoðun kvenna með röntgenmyndatöku af brjóstum til að leita að brjóstakrabbameini á byrjunarstigi og eins að leita að krabbameinum í meltingarvegi og verður þá körlum boðið að taka þátt í skipulögðu leitarstarfi. Ýmis önnur framtíðarverkefni blasa við eins og fyrirhugað norrænt átak gegn krabbameini á árinu 1986, og síðast en ekki síst hyggst Krabbameinsfélagið hefja söfnun lífssýna á skipulegan hátt til rannsókna á orsökum og eðli krabbameina. Verða slík sýni geymd og nýtt til rannsókna, bæði hérlendis og eins í samvinnu við erlenda aðila.

Það er mjög mikilvægt að þeir sérstæðu möguleikar sem íslenskt þjóðfélag og heilbrigðiskerfi bjóða upp á til rannsókna á krabbameinum og þróunarferli þeirra verði nýttir til hins ýtrasta. Það er eðlilegt að veita aðstöðu til slíks rannsóknarstarfs í tengslum við starfsemi Krabbameinsfélagsins og efla grunnrannsóknir á þessum sjúkdómum. Árangur leghálskrabbameinsleit-

arinnar, sem rekin hefur verið á vegum Krabbameinsfélags Íslands síðan 1964 í Reykjavík og síðan 1969 um allt land, hefur verið mjög góður og leitt til marktækrar lækkunar á nýgengi sjúkdómsins. Er það einkum vegna þess að forstigsbreytingar finnast í tíma. Enn fremur hefur orðið marktæk lækkun á dánartíðni vegna þessa sjúkdóms og það er vert að geta þess að Ísland hefur einmitt fyrir nokkru verið valið af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem fyrirmyndarland vegna leitarstarfs að þessum sjúkdómi. Krabbameinsfélag Íslands, sem er í raun áhugamannafélag, hefur þannig stundað mikilvægt heilsuverndar- og forvarnarstarf fyrir landsmenn um þrjátíu ára skeið og hefur í raun tekið að sér drjúgan hluta þess heilsuverndarstarfs sem skv. lögum á að sinna á heilsugæslustöðvum. Leitarstarfið er í reynd stærsti útgjaldaliður félagsins.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. heilbrmrh.:

Í fyrsta lagi: Hve mikill hluti af rekstrarfé Krabbameinsfélags Íslands kemur frá ríkissjóði? Hvernig er starfsemi félagsins fjármögnuð að öðru leyti?

Önnur spurningin er: Hve mikill er heildarkostnaður við skoðun hverrar einstakrar konu sem kemur til leghálskrabbameinsleitar hjá leitarstöð Krabbameinsfélagsins?

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. hv. þm. má svara eins og hér fer á eftir samkvæmt nýjustu upplýsingum Krabbameinsfélags Íslands.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir starfsárið 1985 var heildarrekstrarkostnaður fyrir Krabbameinsfélag Íslands 37 122 336 kr., en tekjur sama árs 34 234 291 kr. Af tekjum félagsins komu 12,5 millj. kr. sem framlag úr ríkissjóði, en af þeirri upphæð voru 500 þús. sérstaklega ætluð til fræðslustarfsemi. Félagið hafði um 10 millj. í tekjur fyrir útselda þjónustu. Frá leitarstöð 3 444 275 kr., frumurannsóknastofu 2 702 958 kr. og röntgendeild 2 181 540 kr., en á síðastnefndu deildinni eru aðeins rannsakaðar konur sem vísað er til deildarinnar frá læknum vegna einkenna í brjóstum.

Tekjur frumurannsóknastofu rýrnuðu um 3 millj. á árinu 1985 þar sem ekki hafði fengist greitt fyrir útselda vinnu. Fyrir liggur í fjmrn. beiðni um aukafjárveitingu af þessum sökum og hygg ég að hún sé annaðhvort þegar afgreidd, án þess að þar um sé komin vitneskja í mínar hendur, eða þá rétt um það leyti að vera afgreidd. Helstu tekjustofnar aðrir eru af rekstri happdrættis, sölu minningarkorta, áheitum og gjöfum.

Annar hluti fsp. Á leitarstöð fellur allur kostnaður varðandi skipulagningu, undirbúning, stjórnun og faglegt uppgjör leitarstarfsins, hvort heldur konan kýs að koma til eftirlits til Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð, til sjálfstætt starfandi sérfræðinga á læknastofum eða til heilsugæslulækna og sjúkrahúslækna. Á árinu 1985 mættu um 19 800 konur til eftirlits hvaðanæva af landinu, en það er um 70% þeirra kvenna sem fengu innköllunarbréf frá leitarstöðinni. Leitarstöð Krabbameinsfélagsins framkvæmdi um 10 þús. skoðanir. Samanlagður kostnaður Krabbameinsfélagsins vegna reksturs leitarstöðvar og frumurannsóknastofu var árið 1985 18 808 838 kr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að benda hæstv. ráðh. á að það kostar nú konu 600 kr. að fara í krabbameinsleit. Það þýðir að iðnverkakona er sex klukkutíma að vinna fyrir því gjaldi sem þar er krafist eða nær allan daginn. Það eru um það bil ¾ af vinnudegi hennar sem slík skoðun kostar. Svo er nú komið kjörum íslenskra kvenna og það verður varla til framdráttar því að sem allra flestar konur mæti til slíkrar skoðunar.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þessi ábending hv. 10. landsk. þm. er út af fyrir sig eðlileg þegar rætt er um þessa hluti, en hún snertir hins vegar beint næstu fsp. á eftir. Þess vegna var það sem ég ræddi ekki þennan hluta málsins. Ég vil að þessi skýring liggi fyrir.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hennar. Ég náði nú ekki niður öllum þessum tölum sem hún las upp, en ég mun gaumgæfa þær betur síðar. En ég vil benda á uppgjör Krabbameinsfélagsins frá 1984 sem trúlega er mjög áþekkt.

Mér reiknast til að þær tölur sem hæstv. ráðh. taldi upp, það voru 12 millj. frá ríkissjóði, 10 millj. vegna útseldrar þjónustu, 3,4 frá frumurannsóknastofu og 2,1 frá röntgendeild, væru tekjur. Var það ekki rétt tekið eftir hjá mér? Mér reiknast líka að það séu samtals 27 millj., en tekjur voru taldar 34 millj. Þannig munar 7 millj. Er það ekki rétt reiknað hjá mér?

Í uppgjöri frá 1984 þar sem reiknaðar eru í prósentum þær tekjur sem Krabbameinsfélag Íslands fær er framlag ríkissjóðs ekki nema 23% af heildartekjum félagsins, en gjafir og áheit ásamt happdrætti eru 60%. Spurning mín var einmitt borin fram ekki síst vegna þess að Krabbameinsfélagið hefur lagt til mjög mikilvæga frumheilsugæslu sem í raun er hlutverk ríkisins að bjóða þegnum sínum og það er mikilvægt fyrir Krabbameinsfélag Íslands að geta snúið sér frá frumheilsugæslu fyrir landsmenn að öðrum jafnvel brýnari verkefnum fyrir slíkt áhugafélag. Mér finnst óeðlilegt að frumheilsugæsla landsmanna sé rekin með happdrætti. Þetta hlutfall sem ég fæ með tölum sem hæstv. ráðh. gaf samsvarar ekki alveg hlutfalli fyrir 1984 þannig að ég þarf að gaumgæfa það betur. En við getum kannske vikið að næstu spurningu sem ég mun bera fram að loknu máli mínu nú.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd um það hversu stór hundraðshluti af tekjum félagsins komi úr ríkissjóði. Mér reiknast til að það sé röskur þriðjungur því að tekjurnar úr ríkissjóði eru 12,5 millj. en heildartekjurnar eru 34,5.

Leghálskrabbameinsleit, fsp. 256. mál (þskj. 487). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Megintilgangur þessara tveggja fsp., sem hvor fylgir annarri á tveimur þskj., er sá að á s.l. mánuðum hafa konur, margar konur, komið að máli við mig og kvartað yfir því hve hátt skoðunargjald þær þurfa að greiða hjá leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands fyrir leghálskrabbameinsleit. Með samanburði sín á milli hafa þær

komist að því að gjaldið hefur hækkað, sem konur eiga að greiða fyrir skoðun, og veit ég til þess að einhverjar stúlkur og konur hafa hætt við að koma í skoðun vegna þess að gjaldið er of hátt.

Margar konur hafa það naumt fé milli handa, eins og hv. 10. landsk. þm. gat um áðan, að þeim getur reynst erfitt að greiða þær 750 kr. sem upp eru settar fyrir slíka skoðun og laun margra kvenna eru svo lág, 20–30 þús. kr. á mánuði, að slík fjárhæð skiptir máli og ekki síst síðari hluta mánaðar. Auk þess eru margar konur sem láta sjálfar sig mæta afgangi og bíða, en setja þarfir annarra ofar. Inn í þetta kemur svo einnig skortur á fræðslu um mikilvægi slíkrar skoðunar, kvíði gagnvart skoðuninni sem slíkri og síðan misjafnlega mikið dulinn ótti við krabbamein sem fælir konur frá skoðun. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja á þskj. 487 hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Hve mikinn hluta kostnaðar af leghálskrabbameinsleit hjá leitarstöð Krabbameinsfélagsins greiða konur sjálfar? Hverjir aðrir aðilar taka þátt í greiðslu þess kostnaðar? Er sama gjald tekið af konum við slíka skoðun um land allt?

2. Hefur einhver breyting orðið á hlutdeild kvenna í þeim kostnaði á s.l. ári?

3. Ef svo er, hefur sú breyting haft áhrif á aðsókn kvenna að leitarstöð Krabbameinsfélagsins?“

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrsti hluti þessarar fsp. hljóðar svo: „Hve mikinn hluta kostnaðar af leghálskrabbameinsleit hjá leitarstöð Krabbameinsfélagsins greiða konur sjálfar? Hverjir aðrir aðilar taka þátt í greiðslu þess kostnaðar? Er sama gjald tekið af konum við slíka skoðun um land allt?“

Greiðslur fyrir læknisskoðun og rannsókn frumusýnis, sem komu í hlut Krabbameinsfélagsins, voru á árinu 1985 samanlagt 6 147 233 kr. Aðeins þær konur sem fengu læknisskoðun í leitarstöð Krabbameinsfélagsins greiddu fyrir þann hluta til félagsins. Konur sem voru skoðaðar annars staðar greiddu fyrir læknisskoðunina á viðkomandi stað. Krabbameinsfélagið fékk aftur á móti greiðslur fyrir allar rannsóknir frumusýna þegar þær fengust greiddar.

Á árinu 1985 var heildarkostnaður fyrir rekstur leitarstöðvar og frumurannsóknastofu félagsins vegna krabbameinsleitar hjá konum 18 808 838 kr. Krabbameinsfélagið greiddi 12 661 605 kr. af þessum kostnaði á árinu 1985.

Konur greiða mismunandi gjald fyrir læknisskoðun og fer það m.a. eftir búsetu. Allt að 100% munur getur verið á milli staða. Einfalt göngudeildargjald er grundvöllur greiðsluþátttöku neytandans í kostnaði við læknisskoðunina vegna leitarstarfsins. Þetta gjald hrekkur ekki til fyrir kostnaði. Á sumum stöðum á landinu hefur verið gripið til þess ráðs að konurnar tækju sjálfar þátt í umframkostnaði vegna skoðunarinnar.

2. liður fsp. var þessi: „Hefur einhver breyting orðið á hlutdeild kvenna í þessum kostnaði á s.l. ári?“

Frá 1. jan. 1985 greiddu konur ekki fyrir rannsókn frumusýnis í sambandi við krabbameinsleitina. Var þetta samkvæmt ákvörðun heilbr.- og trmrn. um að rannsóknir frumusýnanna féllu undir ákvæði reglugerðar 436 frá 1985 og greiddust því af Tryggingastofnun ríkisins. Tryggingaráð taldi þessa krabbameinsleit hins vegar óháða starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá 1. júlí 1985 ber konum að greiða sérstaklega fyrir rannsókn frumusýnis samkvæmt ákvörðun páv. heilbr.- og trmrh., þ.e. hlutunum var þá aftur breytt til síns fyrra horfs vegna þessarar afstöðu tryggingaráðs. Ég vil víkja nokkru nánar að þessum þætti.

Afstaða tryggingaráðs byggist á því að úr sjúkratryggingum beri fyrst og fremst að greiða sjúkrahjálp en að þetta falli ekki í strangasta skilningi undir það heldur sé hér um að ræða heilsuverndarverkefni, leit, rannsókn, sem þá vissulega hefur um leið öryggisþýðingu fyrir þá sem við stöðina skipta. Þess vegna er það að ég læt vinna að athugun á því þessa dagana hvort unnt sé að koma fyrir einhvers konar sérstakri skor innan tryggingganna til að taka þátt í starfsemi sem þessari á svipaðan hátt og gert er t.d. með göngudeildarþjónustu. Vissulega geta konur fengið þessa þjónustu hjá sínum lækni eða sínum sérfræðingi og í framhaldi af því með göngudeildarþjónustu, en að því leyti til sem Krabbameinsfélagið rekur slíka starfsemi tel ég að það þurfi að koma hlutum svo fyrir að það rúmist innan reglna Tryggingastofnunarinnar. Ég tel aftur á móti að það þurfi nokkrar breytingar á reglum til og það er ekki algerlega einfalt mál. Þess vegna læt ég vinna að því einmitt núna um þessar mundir.

Síðan var 3. liður fsp. ef breyting hefur orðið á hlutdeild kvenna: „Ef svo er, hefur sú breyting haft áhrif á aðsókn kvenna að leitarstöð Krabbameinsfélagsins?“

Til þess að geta svarað þessari fsp. með rökum þarf að hafa dregið marktækt úr þátttöku kvenna í krabbameinsskoðun. Bráðabirgðauppgjör Krabbameinsfélagsins um aðsókn kvenna til eftirlits gefur engar sannanir um slíkt að sögn forráðamanna félagsins. Hins vegar hafa Krabbameinsfélaginu borist kvartanir og ábendingar frá konum, fulltrúum svæðafélaganna og staðarlæknum ýmsum víðs vegar um landið um að konur með lítil fjárráð telji sig ekki hafa efni á þeirri þjónustu sem í boði er, en að því er þetta varðar vísa ég til þess sem ég áður sagði og miðar m.a. að því að jafna þessa aðstöðu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hennar. Upplýsingar sem ég hef undir höndum gefa til kynna að áætlaður kostnaður Krabbameinsfélagsins við hverja skoðun á konu sem kemur til leitarstöðvarinnar í leghálskrabbameinsskoðun sé um 1200 kr. Af því hefur konan verið látin greiða frá 1. júlí 1985 um 750 kr., en mismuninn, þ.e. 450 kr., hefur Krabbameinsfélagið sjálft greitt af sínum tekjum. Þarna kemur ríkið einungis inn í að mjög litlum hluta. Ég fagna því að hæstv. ráðh. skuli beita sér í þessu máli, ekki síst með tilliti til þeirra upplýsinga sem hún sjálf hefur komið á framfæri hér, þ.e. kvartana frá svæðafélögum Krabbameinsfélagsins og frá konum almennt um að þær hafi ekki fjárráð til að greiða fyrir slíka skoðun. Með leyfi forseta vil ég fá að lesa upp úr skýrslu Krabbameinsfélagsins fyrir árið 1985. Þar segir:

„Dánartíðni meðal þeirra kvenna sem ekki mæta til skoðana og fá leghálskrabbamein er tífalt hærri en meðal þeirra kvenna þar sem krabbameinið greinist við leit. Þetta byggist á þeirri staðreynd að hjá flestum þeirra kvenna þar sem krabbameinin greinast við leit eru þau á fyrsta stigi sjúkdóms þar sem batahorfur eru bestar. Flestar þeirra þar sem sjúkdómurinn greinist

utan leitar hafa meinið á hærri stigum þar sem batahorfur eru síðri."

Og áfram segir: „Þær konur sem álitnar eru í hvað mestri hættu á að greinast með leghálskrabbamein eru þær sem aldrei eða mjög óreglulega mæta til skoðana. Þessi staðreynd kemur fram þegar skoðuð er leitarsaga þeirra 77 kvenna er fengu leghálskrabbamein á tímabilinu 1980–1984. Um ⅔ hlutar þessara kvenna höfðu aldrei mætt eða ekki mætt síðustu þrjú árin fyrir greiningu sjúkdómsins. Síðustu árin hefur innköllunarkerfi leitarstöðvar því verið beint að þeim hópi kvenna er ekki hafa mætt síðustu fimm árin. Ábyrgum staðarlæknum utan Reykjavíkur var sendur listi yfir þessar konur og þeir beðnir um að ná til kvennanna. Þessar aðgerðir svo og aukinn áróður skila þeim árangri að heildarmætingin hefur batnað."

Nú horfir svo að dregið geti úr þessu aukna átaki sem Krabbameinsfélagið hefur gert til þess að ná til þeirra kvenna sem eru í mestri hættu og í raun þurfa mest á þessari þjónustu að halda. Megintilgangur þess leitarstarfs sem stundað er hjá Krabbameinsfélagi Íslands er að koma í veg fyrir krabbamein eða að öðrum kosti að greina þau á byrjunarstigi þannig að það megi lækna þau. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að þátttaka almennings í leitarstarfinu sé góð og það er reyndar meginatriði í hvers konar heilsuvernd að allur þorri fólks taki þátt í henni. Þess vegna fagna ég því mjög að hæstv. ráðh. skuli ætla að beita sér fyrir því að auðvelda konum að taka þátt í þessu mikilvæga leitarstarfi.

Ég vil vekja athygli samþm. minna á því, ég veit að ráðherra veit þetta sjálf, að það kostar 10 þús. kr. á dag að gista rúm á Borgarspítalanum. Áætlaður kostnaður við sjúkrarúm á Landspítalanum er ekki minni. Þetta eru reyndar ekki tölur í hámarki. Ég vil leggja áherslu á að það er mun dýrara að sinna krabbameinssjúklingum um óákveðinn tíma í sjúkrarúmi fyrir a.m.k. 10 þús. kr. á dag en verja fé til að fá heilbrigt fólk til skoðunar.

Endurskoðun fjarskiptalaga, fsp. 254. mál (þskj. 484). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 484 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um endurskoðun fjarskiptalaga.

Svo er mál með vexti að í fyrravor, þegar frv. til útvarpslaga var hér mjög til umræðu á hinu háa Alþingi og var svo samþykkt sem lög, var af hálfu talsmanna Alþfl. lögð mikil áhersla á að inn í útvarpslög kæmu ákvæði um svokölluð boðveitukerfi eða kapalkerfi eftir því hvaða orð menn kjósa að nota. Öllum tilmælum og tillögum um slíkt var hafnað á þeirri forsendu að hafin væri endurskoðun fjarskiptalaga og þessi ákvæði ættu heima í fjarskiptalögum fremur en útvarpslögum. Og því er nú spurt á þskj. 484:

„1. Hverjir annast þá endurskoðun fjarskiptalaga sem greint var frá á Alþingi í fyrra að væri hafin?

2. Hvenær má ætla að endurskoðuninni ljúki?"

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er ekki rétt að á þeim tíma sem frv. til núgildandi útvarpslaga var til meðferðar hér á Alþingi um þetta leyti fyrir ári hafi verið í undirbúningi frv. til nýrra fjarskiptalaga. Í umræðum á Alþingi 27. febr. 1985 um útvarpslagafrv. svaraði ég sams konar fsp. frá hv. 5. þm. Austurl. á eftirfarandi hátt:

„Það er á misskilningi byggt að í samgrn. sé unnið að frv. til l. um þessi mál, enda ný lög um fjarskipti ekki ársgömul. Aftur á móti starfar sérstök sjö manna nefnd á vegum ráðuneytisins að samningu reglugerða um fjarskiptamál og á grundvelli þessara nýju fjarskiptalaga. Hér er um vandasamt starf að ræða sem mun taka lengri tíma en bæði ég og aðrir gerðu ráð fyrir fyrst og fremst vegna þeirra fjölmörgu atriða sem fjalla þarf um."

Í framhaldi af þessum orðum mínum á Alþingi fyrir um það bil ári lét ég þess getið að ef störf nefndarinnar leiddu til þess að nauðsyn sé talin á að breyta ýmsum ákvæðum núgildandi laga mundi ég beita mér fyrir að svo yrði gert. Með bréfi frá nefndinni dags. 30. jan. s.l. lauk nefndin störfum. Hún samdi drög að þremur reglugerðum um fjarskiptamál á grundvelli laga um fjarskipti:

1. Reglugerð um eftirgjöf á hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

2. Reglugerð um notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi. Hún fjallaði m.a. um innflutning og smíði notendabúnaðar, viðurkenningu Póst- og símamálastofnunar á slíkum búnaði, málskot, synjanir stofnunarinnar á viðurkenningu á búnaði og starfsréttindi til að annast uppsetningu.

3. Reglugerð um leynd og vernd fjarskiptatækja sem dags. er 31. jan. s.l. Reglugerðin er sett skv. VI. kafla laga um fjarskipti og fjallar um leynd fjarskipta, þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja og um vernd fjarskipta, þar á meðal hverjir skulu hafa aðgang að fjarskiptavirkjum.

Hinn 8. jan. s.l. var sett ný reglugerð um starfrækslu jarðstöðvar fyrir móttöku sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl. Í fjarskiptalögum er í fyrsta sinn veitt heimild til að víkja frá einkarétti Póst- og símamálastofnunar til að stofna og reka fjarskiptavirki.

Nokkuð hefur verið rætt um endurskoðun fjarskiptalaga og ég tók það fram hér í umræðum fyrir tæpu ári um útvarpslög að ég vonaðist til þess að nefndin mundi ljúka störfum um eða eftir mitt s.l. ár. Það fór á annan veg. Störf nefndarinnar urðu miklu meiri en ráð hafði verið fyrir gert. Þetta var vandasöm endurskoðun, en ég taldi og hef talið frá byrjun að ekki væri ráðlegt að byrja endurskoðun á fjarskiptalögum fyrr en reglugerðarsamningu væri lokið. Nú er starfi nefndarinnar lokið, eins og ég sagði hér áðan, og þá verður fljótlega skipuð nefnd til að endurskoða fjarskiptalögin í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er og þeirra öru breytinga sem átt hafa sér stað.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það eru enn óleyst atriði um boðveitur sem við köllum svo. Ég veit ekki hvaða nafn verður ofan á að lokum, en allir vita við hvað er átt. Þetta er mjög vandasamt verk, en við vildum, og það í samráði við helstu tæknimenn á þessum sviðum, að eftir þessu væri beðið áður en hæfist öðru sinni endurskoðun fjarskiptalaga.

Þau fjarskiptalög sem núna eru í gildi tók æðimörg ár að endurskoða. En ég hygg, og þá hef ég ráð þeirra sem betur þekkja til tæknilega, að endurskoðun þessara laga muni taka tiltölulega skamman tíma og jafnvel skemmri

tíma en setning þeirra reglugerða sem ég hef nú þegar greint Alþingi frá.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Það kemur skýrt fram í þeim að endurskoðun fjarskiptalaganna er ekki hafin heldur hefur eingöngu verið unnið að samningu reglugerða. En tilefni fyrirspurnar minnar er það að í fyrra þegar útvarpslögin voru hér til umræðu var brtt. um boðveitur vísað á bug af þáv. hæstv. menntmrh. vegna þess að verið væri að endurskoða fjarskiptalögin, og ég sé mig knúinn til, herra forseti, að vitna hér í þingtíðindi frá 12. júní 1985, þar sem hæstv. þáv. menntmrh., núv. heilbr.- og trmrh. sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Annað atriði, sem umdeilt hefur verið og þá einkanlega á milli hv. þm. Alþfl. og annarra, varðar eignarhald á boðveitum. Í fyrsta lagi held ég að hv. þm. séu nú allir sammála um að ákvæði um boðveitur eigi í eðli sínu heima í fjarskiptalögum. Ég tel að við verðum að virða hina stjórnskipulegu verkaskiptingu milli ráðuneyta og þess vegna tel ég að það sé sjálfsagt að fela þetta verkefni samgrh. Við höfum æskt þess, sjálfstæðismenn, við hann að hin nýja nefnd sem vinnur að endurskoðun nýju fjarskiptalaganna taki þetta efni sérstaklega til meðferðar."

Sá sem þetta mælir kallaði þá fram í: „Hefur sú nefnd verið skipuð?" Hæstv. þáv. menntmrh. svaraði: „Það má ég segja að hæstv. ráðherra," — hann á þá við hæstv. núv. samgrh. — „sem því miður fór utan í morgun, hefur margítrekað, bæði á flokksfundum og ég veit í viðtölum við hv. nm. og raunar í svari við fsp. fyrr í vetur, hver hans meginskoðun er á eignarhaldi þessara fjarskipta."

Hér kemur sem sagt í ljós, herra forseti, að hæstv. menntmrh. í fyrra sagði okkur hv. þm. í Ed. að yfir stæði endurskoðun fjarskiptalaga. Nú kemur hæstv. samgrh. hér í stólinn og segir okkur að þessi endurskoðun sé ekki enn hafin. Það var aðalröksemd þeirra sjálfstæðismanna að fresta bæri öllum ákvörðunum um að taka boðveituákvæðið inn í útvarpslögin vegna þess að verið væri að endurskoða fjarskiptalögin. Nú er einfaldlega komið í ljós að sú staðhæfing að verið væri að endurskoða fjarskiptalögin var ekki sönn. Þm. í Ed. var hreinlega ekki sagt satt um það sem var að gerast. Hæstv. þáv. menntmrh. sagði orðrétt og ég ítreka það: „Við höfum æskt þess, sjálfstæðismenn, við hann að hin nýja nefnd sem vinnur að endurskoðun nýju fjarskiptalaganna taki þetta efni sérstaklega til meðferðar." Þetta er bara alrangt. Það var engin endurskoðun komin í gang og hún er ekki komin í gang enn þá og þessi fsp. hefur sem sagt leitt það í ljós að sú endurskoðun sem okkur var sagt í fyrra að væri hafin er ekki hafin enn.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil nú láta það koma fram að ég hef ekki sagt Alþingi annað en sannleikann. Ég segi í lok ræðu ... (**EG:** Ég var að vitna í orð hæstv. menntmrh.) Já, ég skal játa það að sem leikmaður á þessu sviði hélt ég að samning reglugerða mundi taka tiltölulega skamman tíma. Ég hef hvað eftir annað rætt við formann þeirrar nefndar sem nú fer með þessi mál og hann hefur skýrt mér frá hvað margt sé þarna flókið og þurfi ítarlegrar athugunar við. Því skil ég núna, miklu betur en áður, að þetta tekur óhjákvæmilega lengri tíma en við hefðum kosið. En ég get fullvissað hv. fyrirspyrjanda og aðra um það að ég hef fullan hug á að fylgja þessum störfum vel eftir og í framhaldi af því að hefja nýja endurskoðun fjarskiptalaga. Svoleiðis að mín skoðun hefur verið óbreytt frá því sem ég skýrði Alþingi frá hér í febrúarmánuði.

Ég var því miður ekki viðstaddur þegar hæstv. fyrrv. menntmrh. flutti þá ræðu sem fyrirspyrjandi vitnar í. Getur þetta ekki stafað af einföldum misskilningi, að hæstv. menntmrh. hafi átt við þá nefnd sem vann að samningu reglugerða á grundvelli fjarskiptalaga? Er það ekki allt sem hefur gert þennan misskilning? Ekki trúi ég því að nokkur ráðherra fari að segja frá því að endurskoðun sé í gangi sem ekki er komin af stað. Ég get ekki ímyndað mér að um annað sé að ræða en þetta. En þessi endurskoðun kemur til með að eiga sér stað og frá því verður ekki hvikað, og það finnst mér vera höfuðatriðið. Annað hefur einnig verið stórt og veigamikið atriði í þessu, að sjá þessar reglugerðir verða til og hvernig þær líta út fyrir hina væntanlegu nefnd sem kemur til með að gera í framhaldi af því nauðsynlegar tillögur til breytinga á gildandi fjarskiptalögum. Ég er sama sinnis og áður að fjarskiptalögin eiga að vera í höndum samgrh. sem fer með yfirstjórn póst- og símamála og ég hygg að um það þurfi ekki að verða neinar stórdeilur og við verðum að taka tillit til þess að þeim einkarétti sem einu sinni var verðum við að beita með allt öðrum hætti í framkvæmdinni við breyttar aðstæður og með breyttri tækni.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég sé mig knúna til þess að vísa því algjörlega á bug og andmæla því harðlega sem hv. 5. landsk. þm. fullyrðir, að ég hafi farið með ósannindi í ræðu minni um útvarpslagafrv., um kaflann þar sem hv. þm. vék að boðveitum. Hv. þm. las sjálfur upp orðréttan kaflann og í þeim kafla felst alls ekki fullyrðing um að nefnd hafi verið skipuð. Hann greinir sjálfur frá því að hann hafi gripið fram í og spurt hvort tiltekin nefnd hafi verið skipuð og þáv. menntmrh., þ.e. sú sem hér stendur, hafi þá sagt: Það má ég segja, annars fór hv. samgrh. utan í morgun. — Hins vegar vissi ég að það var unnið að skoðun á þessum lögum og það er ekki hægt að setja reglugerð á grundvelli laga án þess að skoða þau viðkomandi lög og í því er auðvitað fólgin athugun þessa máls og þegar sagt er að nefnd sem vinnur að máli muni gera þetta og þetta, eða geri þetta og þetta, eins og þarna stendur, er einfaldlega verið að nota þá íslensku málvenju sem mælt var sérstaklega fyrir í seinasta þætti Ríkisútvarpsins um íslenskt mál. Íslenskufræðingurinn mótmælti harðlega notkun sagnorðsins „að munu". Hann telur að það sé alveg óþarft í íslensku máli að segja ævinlega: þetta mun gert o.s.frv., nefnd mun vinna í stað þegar nefnd vinnur að, það getur verið hvort heldur er nútíð eða framtíð. En það lá ljóst fyrir að það var verið að vinna að reglum á grundvelli þessara laga og að skoðun samgrh. hafði margoft komið fram á eignarhaldi boðveitna eins og raunar hér var ítrekað.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það er illt fyrir hæstv. núv. heilbrmrh. að geta ekki breytt því sem stendur í þingtíðindum frá í fyrra, en ég vil bara

vekja athygli á því hér að ég vitnaði til svars hennar og geri það enn á ný, með leyfi forseta:

„Við höfum æskt þess, sjálfstæðismenn, við hann að hin nýja nefnd sem vinnur að endurskoðun nýju fjarskiptalaganna taki þetta efni sérstaklega til meðferðar.“

Þetta tekur auðvitað af öll tvímæli. Ég hef svo sem ekki nennu til að vera að elta ólar við þetta frekar. (**Heilbrmrh.:** Vill ekki hv. þm. lesa áfram.) Jú, jú, ég er búinn að lesa það. Spurt var: „Hefur sú nefnd verið skipuð?“ „Það má ég segja . . . ,“ segir hæstv. ráðherra. (**Heilbrmrh.:** Er þetta fullyrðing?)

Eg dró það mjög í efa í fyrra að þessi nefnd hefði verið skipuð, en þá var hinu gagnstæða haldið mjög stíft fram eins og hér kemur fram í þingtíðindunum. En ég tek alveg undir með hæstv. samgrh. að það má vissulega færa að því rök að ákvæði um boðveitur eigi heima í fjarskiptalögum. Aðalatriðið er að reglur verði settar um þessi mál og það var það sem við lögðum megináherslu á í fyrra en þá var ævinlega sagt að það væri verið að endurskoða fjarskiptalögin. Að vísu sagði hæstv. samgrh. það ekki vegna þess að hann tók ekki þátt í þessum umræðum. En þá var það ævinlega sagt að það væri verið að endurskoða þessi lög og sjálfsagt má finna fleiri dæmi um það í þingtíðindunum.

Húsfélög, fsp. 251. mál (þskj. 481). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Á þskj. 481 flyt ég fsp. til félmrh. um stofnun húsfélaga í húsum sem byggð voru á vegum Byggingarfélags verkamanna. Fsp. er í tveimur liðum:

„1. Hvers vegna mega íbúðareigendur einstakra húsa, sem byggð voru á vegum Byggingarfélags verkamanna, ekki stofna húsfélög um hvert hús eins og íbúðareigendur í fjölbýlishúsum?

2. Hvers vegna gefur ráðherra út reglugerð með ákvæðum um húsfélög, sbr. 31. gr. reglugerðar nr. 89/1985, með stoð í 66. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, en frestar framkvæmd laganna þó að ákvæðum reglugerðar hafi verið fullnægt?“

Í 66. gr. laga nr. 60/1984 — það eru lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins sem þá voru samþykkt — segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félmrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.“

Ég hef þessa reglugerð reyndar ekki undir höndum en í grófum dráttum fjallar 31. gr. reglugerðarinnar um það að einstakir byggingarhlutar, sem byggðir voru af Byggingarfélagi verkamanna á sínum tíma, verði að stofna sameiginlega húsfélög og lýsa til þess vilja sínum. Það er þá um það að ræða að mörg hús verða að stofna húsfélag sameiginlega.

Nú hafa einstakir byggingarflokkar lýst áhuga sínum á því að stofna slík húsfélög í samræmi við þessi ákvæði reglugerðarinnar en samt sem áður verður ekki af því að til þess komi. Út á það gengur eiginlega mín fsp. til hæstv. félmrh.: Hvað er það sem kemur í veg fyrir að þetta fólk fái að mynda húsfélög með þeim hætti sem reglugerðin gerir ráð fyrir? Í raun hefði ég viljað ganga lengra í þessu tilviki og spyrja: Hvað er það sem kemur í veg fyrir að þetta fólk fái að stofna húsfélög um sínar eignir eins og annað fólk, þ.e. ekki það að mörg hús þurfi að koma saman til þess að stofna húsfélag, eins þungt og það er augljóslega í vöfum, heldur að hvert hús fyrir sig geti stofnað húsfélag um sína eign?

Það hafa farið fram þó nokkrar bréfaskriftir milli ráðuneytisins og þessa fólks og þær bréfaskriftir enda þann 16. janúar þegar félmrn. sendir viðkomandi hópi bréf sem ég vil mega lesa, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Eftirfarandi skal upplýst: — Ofangreint erindi var tekið fyrir á fundi félmrh. með fulltrúum BVR [Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík] og stjórnar Verkamannabústaða í Reykjavík þann 13. janúar 1986. Niðurstaða þess fundar var sú að gerð skuli athugun á því með hverjum hætti uppgjör BVR við sérhverja íbúð í byggingarflokknum . . . hvað varðar viðhaldskostnað geti átt sér stað þannig að framkvæmanlegt verði að hvert hús stofni sitt eigið húsfélag og taki að sér sameiginlegt viðhald þeirra. Uppgjör þetta mun taka nokkurn tíma. Að því loknu verður tekin til athugunar í ráðuneytinu breyting á reglugerð nr. 89/1985 um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar að því er lýtur að því atriði er hér um ræðir.“

Því les ég þetta bréf upp að ég vil spara hæstv. félmrh. að tjá mér slíka hluti, heldur æski ég þess að svar hans beinist að því að skýra í hverju vandinn liggur og hvenær þetta fólk má vænta úrlausnar sinna mála.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég leitast við að svara þessari fsp. Eins og öllum er kunnugt var Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík stofnað 5. júlí 1939. Frá stofnun þess til ársins 1971 byggði félagið 526 íbúðir í 15 sjálfstæðum byggingarflokkum skv. sundurgreiningu sem hægt er að leggja fram. Byggingarflokkarnir eru sem sé 15. Hver byggingarflokkur fékk sjálfstætt lán til byggingarframkvæmda úr Byggingarsjóði verkamanna og hefur frá upphafi verið rekinn sem sjálfstæð rekstrarleg eining, óháð fjölda húsa í byggingarflokknum. Á sama hátt er hver byggingarflokkur sjálfstæð viðhaldsleg eining þar sem íbúðareigendur greiða hlutfallslega í viðhaldssjóð eftir stærðarhlutföllum íbúðanna. Greiðslur til viðhalds eru í samræmi við viðhaldsþörf hverju sinni skv. beiðnum íbúðareigenda og mati viðhaldsfulltrúa félagsins.

Þegar ný lög um verkamannabústaði tóku gildi var ákveðið að Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík fengi að halda áfram starfsemi sinni og yrði sérliður eins og hér hefur verið skýrt frá, undir 66. gr. núgildandi laga. Hlutverk félagsins breyttist mjög þannig að það er í raun að innheimta vexti og afborganir af eldri lánum og að sjá um viðhald sameiginlega á hverjum byggingarflokki fyrir sig.

Þegar reglugerðin var sett um nýju lögin var það gert með hliðsjón af þessu, að eftir því sem kom fram hjá stjórn Byggingarfélags verkamanna virtist vera útilokað að aðskilja þetta í einingar þannig að reglugerðin var sett fyrir hvern byggingarflokk fyrir sig. Hins vegar var ekkert því til fyrirstöðu að stofna sérhúsfélag fyrir hvert hús ef um það næðist samkomulag. Og það hefur sem

sagt verið í vinnslu síðan þ.e. að stjórn Byggingarfélags verkamanna, sem stýrir þessu félagi skv. lögum og ákveðnum félagssamþykktum sem voru síðast gefnar út og staðfestar 28. nóv. 1984, heldur þannig á þessu máli að ekki er sundurliðaður kostnaður fyrir viðhald hvers húss, eða hverrar íbúðar, heldur í einu lagi fyrir hvern byggingarflokk fyrir sig. Þetta þýðir það að til þess að hvert hús geti fengið þá meðferð sem óskað er eftir þarf að gera þetta sérstaklega upp og um það hefur staðið ágreiningur milli stjórnar og ýmissa félaga en þessi breyting þó aldrei fengist staðfest á aðalfundum félagsins, hvað þetta snertir.

Til þess að gera langt mál stutt er hlutverkið alveg augljóst. Það er í 11. gr.:

„Stjórn félagsins skal sjá um allt ytra viðhald húsa ásamt lögnum í jörðu sem lagðar voru á vegum félagsins. Komi í ljós að viðhaldsþörf sé vegna gáleysis eða kæruleysis íbúa getur stjórn félagsins gert þeim að endurgreiða viðhaldskostnaðinn í viðhaldssjóð viðkomandi byggingarflokks. Íbúðareigendum innan sama byggingarflokks er heimilt að taka sameiginlegt viðhald flokksins í sínar hendur í samræmi við ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1. júlí 1984. Kostnaður við allt sameiginlegt viðhald sem stjórn félagsins annast framkvæmdir á skal lagður á viðkomandi byggingarflokk í heild en síðan jafnað niður á íbúðareigendur eftir eignarhlutföllum þeirra. Stjórninni er heimilt að auka þátttöku viðhaldssjóðs í ýmsum sameiginlegum kostnaði telji hún það hagkvæmt eða um það beinar skriflegar óskir meiri hluta íbúðareigenda hvers byggingarflokks."

Það er þess vegna ljóst að þetta er innanfélagsvandamál sem verður að leysa og í samræmi við það sem hv. 8. þm. Reykv. las hér upp áðan hef ég haldið fundi, síðast núna í janúar, með þessum aðilum ásamt með stjórn Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík, og reynt að leysa þennan ágreining. Ég hef falið stjórninni, stjórn Byggingarfélags verkamanna, að gera upp hvern byggingarflokk fyrir sig þannig að það komi greinilega í ljós hvert viðhald hefur verið á hverri einingu og hvernig það stendur gagnvart þessum svokallaða hússjóði eða viðhaldssjóði. Það er gert ráð fyrir að hraða þessu eftir föngum og skv. lögum hefur ráðuneytið heimild til þess að láta eftirlitsmenn fara niður í þetta mál og strax og þessu lýkur, sem ég vona að verði alla vega fyrir sumarið, verður gengið í það að semja nýja reglugerð þannig að hver eining geti myndað sérstakt húsfélag eins og virðist vera mikill vilji fyrir í félaginu þó ekki sé samt algjör einhugur um það eins og það hefur komið fram í fundargerðum. Það er unnið að þessu máli eftir föngum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ein af ástæðunum fyrir því að ég vek máls á þessu er sú að afgreiðslu þessara mála þarf að hraða vegna þess að við erum að tala um það t.d. að í þessum hópi er mikið af ellilífeyrisþegum sem greiða að meðaltali um 2000 kr. á mánuði í viðhaldskostnað í þessum byggingarflokkum, svona meðalíbúð, og það þýðir að þeir greiða sem sé tveggja mánaða elli- og lífeyristryggingu á ári í viðhald á þessum húsum. Hvað sem fullyrðingum manna líður virðist manni við nánari athugun að það séu svona alls kyns aðferðir í því að framfylgja þessu eftirliti og þar komi ekki alltaf vilji íbúa hvers húss endilega til skila þegar um ræðir.

Ég held að fullyrðingar þess fólks sem hér um ræðir séu réttar og sannar. Hér er um að ræða ákveðið mál sem ekki verður leyst innan þessa félags. Ég held að ráðherra eða ráðuneyti verði að leysa þetta mál. Við erum að tala um 15 byggingarflokka, 526 íbúðir, eins og ráðherrann sagði, byggðar á mjög löngu árabili, í mjög mismunandi ástandi, og við erum að tala um það að Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík er haldið á lífi vegna þess að það á samkvæmt orðanna hljóðan að innheimta afborganir af þessum íbúðum sem um ræðir sem enn þá eru í gangi. Þar erum við að tala um það að innheimta peninga sem eru fyrir löngu orðnir algjörlega verðlausir og gjörsamlega skynsemislaust að halda áfram að innheimta í raun og veru. Að sama skapi erum við að tala um það að gera upp viðhald undanfarinna ára þar sem hver sú upphæð sem um ræðir, sem er orðin meira en fjögurra eða fimm ára gömul, er gjörsamlega marklaus í raun og veru og þýðingarlaust að tala um hana eða hugsa um að taka tillit til hennar í þessu uppgjöri. Þess vegna álít ég að hér sé virkilega verkefni fyrir hæstv. félmrh., að fara að dæmi hins forna nafna síns og höggva á þennan hnút með sama hætti og hann gerði og leysa hann í eitt skipti fyrir öll með því að gefa mönnum sem þarna um ræðir fyrirskipun um að leysa þetta mál hér og nú og taka alls ekki tillit til þeirra hluta sem eru eldri en fimm ára í þessu dæmi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins bæta því við í sambandi við þessar umræður að þetta er mjög viðkvæmt mál. Þarna er mikið af eldra fólki sem einnig er hrætt við hina hlið málsins, að það verði skilið eftir eitt með viðhaldið á þessum íbúðum, þannig að margs er að gæta. Ég tek undir það að þetta getur ekki gengið svona lengur og ég hef lagt áherslu á það s.l. tvö ár að reyna að fá þetta uppgert en það hefur verið við ramman reip að draga þar sem stjórnin hefur talið sig hafa vald til þess að haga sínum málum eins og gert hefur verið. Þeir halda á hverju ári aðalfund og þar eru samþykktir stjórnar venjulega ofan á.

Samt sem áður hefur þessi ákvörðun verið tekin. Ég get bætt því við að ég geri alveg ráð fyrir að skynsamlegasta lausnin á vanda félagsmanna í Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík sé sú að leggja félagið niður í áföngum. Það mætti hugsa sér að gera það á þremur til fimm árum þannig að það fari fram uppgjör á hverri íbúð fyrir sig og viðkomandi aðili fái á henni hreint kvaðalaust eignarhald og þannig verði hægt að gera upp þessi gömlu mál öll og reyna að koma þessu í það form að þessu ástandi verði lokið.

Ég hef trú á að það takist og mun láta athuga það jafnframt því að þessi endurskoðun er nú í fullum gangi á uppgjöri fyrir fólkið.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Ég vil aftur þakka hæstv. ráðherra fyrir þau orð sem hann mælti hér en ég leyfi mér þó að spyrja þeirrar einu stuttu spurningar í framhaldi af orðum hans þar sem hann talaði um að láta gera upp eignir félagsmanna. **(Forseti:** Má ég biðja hv. ræðumann að gefa forseta hljóð augnablik. Það skal tekið fram að gefnu tilefni að það getur naumast talist vera við hæfi að leggja fram spurningar fyrir ráðherra eða aðra þingmenn sem hafa

ekki rétt til þess að tala skv. þingsköpum því að ráðherra hefur þegar talað tvisvar.) Herra forseti. Ég býst við að hæstv. ráðherra geti nýtt sér þann rétt sem við allir höfum til þess að gera örstutta athugasemd vegna athugasemdar. Er það ætlan ráðherrans að menn geri upp eignir Byggingarfélags verkamanna til jafnlengdar þess tíma sem þetta félag hefur verið til?

Nýting lánsfjár úr Iðnlánasjóði, fsp. 276. mál (þskj. 511). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 511 að leggja þrjár fsp. fram til iðnrh. sem hljóða svo:

„1. Hversu mikið af húsnæði, sem byggt hefur verið fyrir lán úr Iðnlánasjóði, hefur verið tekið til annarra nota en iðnaðarstarfsemi?

2. Hvernig er eftirliti með nýtingu lánsfjárins háttað?

3. Hve mikið af lánsfénu hefur verið endurkrafið vegna rangrar nýtingar?"

Í lögum um Iðnlánasjóð nr. 68/1967 segir í 1. gr.:

„Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum eins og nánar er kveðið á um í 10. gr. laga þessara."

Í 3. gr. segir, með leyfi forseta:

„Iðnrh. skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar."

Þarna eru fulltrúar iðnaðarins inni í stjórninni svo að auðvelt ætti að vera að fylgjast með hvort þessi lán nýtast til þess sem þau eru ætluð.

Í 5. gr. segir, með leyfi forseta — gjaldið hefur tekið ýmsum breytingum að vísu:

„Tekjur Iðnlánasjóðs eru ... gjald er innheimtist af iðnaðinum í landinu."

Og í fjórða lagi segir síðan í síðasta málsl. 3. gr.:

„Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ítarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda." — Sem og hefur verið gert.

Að lokum, herra forseti, segir í 12. gr.:

„Um lánveitingar til nýrrar framleiðslu, svo og um lánveitingar sem sjóðsstjórnin telur leika vafa á hvort veita skuli, skal hún leita álits sérfróðra manna. Allan kostnað vegna slíkra athugana og álitsgerða skal lánbeiðandi bera, enda hafi honum verið tilkynnt um það fyrir fram."

Ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég ber fram þessa fsp. er sú að nokkur grunur leikur á að það húsnæði sem byggt hefur verið fyrir lán úr Iðnlánasjóði sé alls ekki nýtt fyrir iðnaðarstarfsemi heldur alls kyns aðra starfsemi, verslun og annað þess háttar. Þess vegna eru þessar fsp. fram bornar.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda þá beinir hún til mín þremur fsp. á þskj. 511:

1. Hversu mikið af húsnæði, sem byggt hefur verið fyrir lán úr Iðnlánasjóði, hefur verið tekið til annarra nota en iðnaðarstarfsemi?

2. Hvernig er eftirliti með nýtingu lánsfjárins háttað?

3. Hve mikið af lánsfénu hefur verið endurkrafið vegna rangrar nýtingar?

Ráðuneytið hefur leitað til Iðnlánasjóðs til upplýsingaöflunar og svar Iðnlánasjóðs er svohljóðandi — en svörin eru ekki nauðsynlega í sömu röð og spurningarnar:

Um síðustu áramót voru útistandandi hjá Iðnlánasjóði um 1720 byggingarlán sem voru frá því að vera nokkrir tugir þúsunda að eftirstöðvum í allt að um 15 millj. kr. Alls eru útistandandi byggingarlán hjá sjóðnum 31. des. 1985 um 1,4 milljarðar kr. Ljóst er að með slíkum fjölda lána dreift um allt land er erfitt og kostnaðarsamt að koma á nákvæmu eftirliti.

Með stóraukinni eftirspurn til sjóðsins á s.l. tveimur árum, m.a. til bygginga og kaupa á iðnaðarhúsnæði, hefur þörfin fyrir eftirlit með nýtingu iðnaðarhúsnæðis sífellt farið vaxandi. Var starfslið sjóðsins á síðasta ári aukið, m.a. til þess að annast eftirlit með fyrirtækjum sem hafa fengið lán hjá sjóðnum. Samþykktir sjóðsstjórnar á byggingarlánum eru byggðar á þar til gerðum umsóknum þar sem gerð er grein fyrir þörf fyrir húsnæði ásamt nýtingu þess. Auk þess eru meiri háttar fjárfestingar skoðaðar og metnar sérstaklega. Stjórn sjóðsins tekur mið af þessum atriðum við ákvörðun um lánafyrirgreiðslu. Hámarkslán í hverju tilfelli er um 45–50% af fjárfestingarkostnaði og oft talsvert lægra hlutfall ef nýting húsnæðisins er ekki eingöngu til iðnaðarreksturs. Við eigendaskipti á iðnaðarhúsnæði þar sem gert er ráð fyrir yfirtöku kaupanda á áhvílandi iðnlánasjóðsláni ber samkvæmt ákvæðum skuldabréfa sjóðsins að leita eftir samþykki framkvæmdastjórnar sjóðsins. Meiri hluti iðnaðarhúsnæðis eru sérbyggð hús sem henta helst undir iðnrekstur. Þegar um er að ræða kaupanda sem rekur iðnaðarstarfsemi er yfirtaka lána undantekningarlaust heimiluð. Ef kaupandinn er ekki starfandi í iðnaði er seljanda gert að flytja lánið á aðra eign, ef það á við, eða greiða lánið upp að öðrum kosti.

Í örfáum tilfellum hefur það verið mat stjórnar sjóðsins að hagsmunum hans eða viðkomandi iðnfyrirtækis hafi verið betur borgið með því að heimila aðila sem ekki stundar hefðbundinn iðnað yfirtöku á iðnlánasjóðsláni. Ekki liggur fyrir hvað þannig útlán gætu verið stór í fjárhæðum en fullyrða má að það er ekki yfir 1–2% heildarútlána sjóðsins til byggingarfjárfestinga.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans, en ég er ekki ánægð með þau.

Það er alveg ljóst að stjórn Iðnlánasjóðs virðist ekki hafa hugmynd um að hve miklu leyti þeir peningar, sem lánaðir hafa verið úr sjóðnum til uppbyggingar iðnaðar, eru nýttir til þess.

Það er auðvitað sjálfgefið að sé notkun á því húsnæði, sem byggt hefur verið með lánum Iðnlánasjóðs, breytt og t.d. farið að reka verslun í því húsnæði, þá verða þau lán að greiðast til baka. Það eru afgerandi ákvæði í lögum um Iðnlánasjóð til hvers fé sjóðsins á að fara, enda er það iðnaðurinn í landinu sjálfur sem greiðir kostnaðinn.

Ég sé heldur ekki hvaða þýðingu það hefur að sé iðnaðarhúsnæði selt til annarra nota að þá sé — ef ég skildi ráðherra rétt — lánið flutt á aðra eign. Ég skildi

ekki hvort það er önnur eign kaupandans eða eign þar sem einhver iðnaður fer fram. Ég átta mig ekki á hverju það í raun og veru breytir. En það er þó gleðilegt að eftirlit hefur verið aukið og mér sýnist ekki veita af því. Því það segir okkur auðvitað ekki neitt um nýtingu þessa fjár hve miklar útistandandi skuldir eru úr Iðnlánasjóði ef við vitum ekkert hvernig það nýtist.

Ég er t.d. nokkuð viss um að stórhýsi Þýsk-íslenska verslunarfélagsins var byggt að verulegu leyti fyrir fé úr Iðnlánasjóði. Ég get ekki séð að þar fari nein iðnaðarstarfsemi fram. Þannig held ég að mætti lengi telja. Þetta er auðvitað ekki að fara að lögum, nema síður sé, og ég skora á hæstv. iðnrh. að reyna að bæta úr þessu og tryggja það að lögin um Iðnlánasjóð sem hv. alþm. settu hér í góðri trú séu notuð til þess sem hið háa Alþingi ætlaði.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Eins og fram kom í svari mínu gerir sjóðsstjórnin ráð fyrir að það séu 1–2% af heildarútlánum sjóðsins sem gætu hugsanlega verið bundin í öðru húsnæði en iðnaðarhúsnæði í dag. Ég vil því leyfa mér að, ekki mótmæla, heldur leiðrétta hv. fyrirspyrjanda þegar hún segir að stjórn sjóðsins hafi ekki hugmynd um hve stór hluti lána sé bundinn í öðru en iðnaðarhúsnæði. Ég sem ráðherra hef ekki aðrar upplýsingar um störf stjórnar Iðnlánasjóðs en að hún vinni störf sín af mikilli samviskusemi og hef ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við hennar störf.

Sameinað þing, 52. fundur.

Þriðjudaginn 25. febr., að loknum 51. fundi.

Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, þáltill. 226. mál (þskj. 454). — Frh. fyrri umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Samkvæmt þingsköpum þeim sem gilda eru tvær umræður um allar þáltill. Það er ein af hinum merkilegu nýjungum sem settar voru í þeim þingsköpum sem við nú viðhöfum.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Sölu- og markaðsmál, þáltill. 247. mál (þskj. 476). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Fullorðinsfræðslulög, þáltill. 263. mál (þskj. 496). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Aðild Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu, stjtill. 287. mál (þskj. 532). — Ein umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Tillaga þessi lýtur ekki hinni venjulegu takmörkun á umræðutíma við 1. umr. þáltill.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvær viðbótarbókanir vegna aðildar Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu.

Hinn 1. janúar 1986 urðu Spánn og Portúgal aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og Stálbandalagi Evrópu. Vegna þessa er nauðsynlegt að gera breytingar á samningum Íslands við þessi Evrópubandalög og fá heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvo viðbótarsamninga, svokallaðar viðbótarbókanir, vegna aðildar Spánar og Portúgals að bandalögunum.

Þar er gert ráð fyrir því að bókanirnar gangi í gildi hinn 1. mars n.k. og er ljóst að skjótrar meðferðar er þörf ef slíkt á að takast. Viðbótarbókanirnar sem slíkar eru skref í átt til aukinnar fríverslunar 18 Evrópulanda, þ.e. 12 EBE-ríkja og 6 EFTA-ríkja. Þar eð Portúgal hefur verið aðili að EFTA verða ekki umtalsverðar breytingar á tengslum Íslands við það land. Hins vegar hafa fríverslunartengsl Spánar við önnur Evrópulönd, m.a. Ísland, verið mun minni, þannig að breytingarnar verða aðallega varðandi tengsl Spánar við hin Evrópulöndin 17.

Aðalbreytingin vegna aðildar Íslands að bókununum verður sú að Íslendingar munu eiga greiðari aðgang að spænska markaðnum fyrir iðnaðarvörur sínar og ýmsar sjávarafurðir. Er því hagkvæmt að gera þessa alþjóðasamninga.

Í samningagerðinni felst efnislega að ákvæði samninga Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og aðildarríki Kola- og stálbandalags Evrópu um fríverslum með ýmsar vörur taka við gildistöku viðbótarbókananna einnig til viðskipta Íslands við Spán og Portúgal. Í megindráttum leiðir ekki aðeins af þessu að tollar og gjöld, sem hafa sömu áhrif og tollar, falla þá niður af iðnaðarvörum heldur og ýmsum sjávarafurðum og vörum sem unnar eru úr landbúnaðarafurðum. Þetta gerist þó í áföngum á tæplega sjö ára aðlögunartíma sem endar 1. janúar 1993.

Vissar undantekningar eru frá lengd aðlögunartímans. Sé litið á iðnaðarvörur sést að bókanirnar munu aðallega hafa áhrif á viðskiptin við Spán, en fríverslunartengsl Íslands við það land hafa verið minni en við aðildarríki EBE og EFTA-ríkin. Ísland og Portúgal höfðu sem EFTA-ríki með sér fríverslun samkvæmt ákveðnum reglum þannig að ekki verður um neinar teljandi breytingar að ræða í viðskiptum Íslands við það land.

Til að auðvelda aðlögun Spánar og Portúgals að fríverslun var samið um það, aðallega við Spán, að heimilt væri að halda innflutningstakmörkunum á iðn-

aðarvörum í nokkur ár. Er ekki talið að slíkar takmarkanir hafi í för með sér neikvæð áhrif á útflutning þeirra iðnaðarvara sem Íslendingar hafa flutt til þessara landa að undanförnu, t.d. áls til Spánar.

Aðlögunartíminn við innflutning sjávarafurða til Spánar og Portúgals verður einnig tæp 7 ár, en þó tæp 10 ár fyrir fisk, feiti og lýsi. Tollarnir lækka í áföngum í þessum löndum á þeim sjávarafurðum sem bókun nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands og EBE tekur til. Um sjávarafurðirnar gildir þá sú regla að á aðlögunartímabilinu fær enginn aðili betri kjör við innflutning til Spánar og Portúgals en ákvæði aðildarsamnings þessara ríkja við EBE kveða á um. Af þessu leiðir að tollar á vissum íslenskum sjávarafurðum, sem nutu tollfrelsis í Portúgal meðan það var í EFTA, verða hærri um skeið en þeir voru þar eð útflutningur okkar á sjávarafurðum til Spánar og Portúgals að undanskildum saltfiski hefur svo til enginn verið. Skiptir þetta þó ekki neinu sérstöku máli. Af sömu ástæðum felast engar sérstakar hættur í innflutningsmörkuðunum gagnvart þeim sjávarafurðum er fríðinda njóta skv. bókun nr. 6.

Það sem sagt er um saltfisktoll EBE og tilraunir bandalagsins til að tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi í þáltill. skiptir ekki máli varðandi afgreiðslu tillögunnar. Vil ég því ítreka áherslu mína á að tillagan hljóti skjóta meðferð þingsins þannig að viðbótarbókanirnar sem verða okkur ótvírætt til hagsbóta geti gengið í gildi á þeim tíma sem um ræðir í þeim, m.ö.o. 1. mars n.k. Í þessu sambandi vil ég taka fram að athygli utanrmn. hefur þegar verið vakin á því að mál þetta sé aðkallandi, en málið var kynnt utanrmn. í gærmorgun, þannig að fulltrúar allra flokka höfðu fengið málið í sínar hendur.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál. Þessu fylgir ítarleg grg. sem skýrir sig að öðru leyti sjálf. Ég legg til að þessari umræðu verði frestað og málinu vísað til hv. utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

Rannsókna- og tilraunastöð fiskeldis, þáltill. 277. mál (þskj. 513). — Fyrri umr.

Flm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Á þskj. 513 hef ég leyft mér að bera fram þáltill. um rannsókna- og tilraunastöð um fiskeldi sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að beita nú þegar heimild í 62. gr. laga nr. 76/1970 og standa fyrir myndun félagsskapar ríkisins og þeirra, er fiskeldi stunda, um rekstur rannsókna- og tilraunastöðvar. Tilraunastöðin í Kollafirði verði rekin af slíkum félagsskap sem tilraunastöð fyrir erfðafræðirannsóknir og kynbætur á eldisfiskum, til lífeðlisfræðirannsókna, svo og til rannsókna á fisksjúkdómum og verði með aðstöðu til leiðbeiningar og fræðslu um varnir gegn fisksjúkdómum, fóðrun fiska og aðra þýðingarmikla þætti ferskvatns- og sjávareldis."

Tillögunni fylgir allítarleg grg. sem ég sé ekki ástæðu til að lesa í heild. Ég vil aðeins benda á tilvitnun í grein eftir Pétur Bjarnason fiskeldisfræðing sem birtist í Morgunblaðinu 5. maí 1984 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi þarf að stunda markvissar rannsóknir svo eldismál séu leyst á kerfisbundinn hátt í tilraunaeldisstöð en ekki á þann hátt, eins og nú er, að hver eldisstöð sé að eyða dýrmætum tíma og fjármunum til þess að komast að hlutum sem hægt væri að komast að með einu símtali við virka tilraunaeldisstöð.

Í öðru lagi þarf að koma upp leiðbeiningakerfi til þess að fyrirbyggja óþarfa mistök og koma nýrri þekkingu sem fyrst á framfæri.

Í þriðja lagi þarf að búa svo að fisksjúkdómayfirvöldum að þau geti annast eftirlits- og þjónustuhlutverk sitt af þeim myndugleik sem þarf til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómar og smit valdi meira tjóni en óhjákvæmilegt er og svo til hins að erlendir kaupendur framleiðslunnar geti treyst því að vel sé á málum haldið og að útflutningur þurfi því ekki að stranda á vottorðaleysi."

Ég vil hér aðeins bæta við nokkrum orðum til frekari áréttingar þeim rökstuðningi sem í grg. till. felst. Í fyrsta lagi er í grg. tiltölulega lítið vikið að fræðsluhlutverki slíkrar stöðvar sem um ræðir, of lítið, eftir á að hyggja. Íslendingar vöknuðu upp við það fyrir tveim til þrem árum að á sviði fiskeldis var eitthvað að gerast sem vert væri að taka þátt í. Ungt fólk byrjaði að þyrpast í norska skóla til að læra a.m.k. almennar reglur um það hvernig umgangast á eldisfisk. Sumir leituðu meiri menntunar en eftir situr að verklega reynslan var mest bundin við sjókvíalax í norskum fjörðum.

Nú er rétt að undirstrika það að við eigum endilega að notfæra okkur erlenda reynslu hvenær sem við getum. En við erum hér í fiskeldinu að leggja út á aðra braut en Norðmenn og okkar praktísku reynslu getum við ekki alfarið sótt þangað. Þess vegna er tilraunastöð, eins og lögð er til hér, einmitt svo nauðsynleg, til að þjálfa fólk við íslenskar fiskeldisaðstæður.

Menn vöknuðu líka upp við vondan draum í menntunarmálum fiskeldis og alls konar menntabrautir komu fram, svo sem fiskeldisbraut á Kirkjubæjarklaustri, „sporðbraut" á Hólum, jafnvel háskólanám í tengslum við sjávarútvegsfræði í Háskóla Íslands. Minna virðist hafa verið hugsað fyrir því að væntanlegir nemendur fengju verklega þjálfun jafnframt.

Á rannsókna- og tilraunasviðinu eru líka ótalmörg verkefni sem kalla á úrlausn, úrlausn sem ekki verður veitt nema með tilraunaaðstöðu. Ófullkomin upptalning verður að nægja hér. Hún er að hluta til tekin úr drögum að þeirri skýrslu sem Rannsóknaráð ríkisins er að láta vinna um þróun fiskeldis. En sökum þess að þau drög eru ekki opinber enn þá verða hér engar beinar tilvitnanir heldur allt á ábyrgð flytjenda þessarar þáltill.

Það þarf að kanna helstu líffræðilegar forsendur fiskeldis, rannsaka innbyrðis áhrif þeirra þannig að byggja megi á þeim fjárfestingar- og arðsemisútreikninga. Það verður að athuga helstu forsendur fyrir innlendri fóðurframleiðslu til fiskeldis, prófa innlent þurrfóður sem tryggi góða fóðurnýtingu, góðan vöxt og litla mengun. Úttekt á sjávarhita innfjarða í kringum landið auk annarra landkosta, sem nauðsynlegir eru, floteldi í sjó, fjarðaeldi, lónaeldi, reykeldi, hefur heldur ekki verið gerð. Það þarf að gera tölvulíkan yfir helstu reiknistærðir í fiskeldi sem nota má við arðsemisúttektir. Það verður að hefja tilraunir með eldi nýrra tegunda eins og lúðu, sandhverfu og jafnvel þorsks.

Til þess að nýta hinar sérstæðu aðstæður hér, þ.e.

jarðhitann og svo hæfilegan sjávarhita, a.m.k. við Suðvesturland, gæti þurft að flýta hrognatöku og klaki um tvo til þrjá mánuði og ala síðan seiðin upp í 200–800 grömm á öðru ári eftir klak.

En e.t.v. allra álitlegasta valkostinn, keraeldi allan eldistímann, verður mjög nauðsynlega að athuga betur. Það er mikilvægt í því sambandi að geta slátrað sem jafnast yfir árið. Því verður sennilega nauðsynlegt með kynbótum eða öðrum aðferðum að fá fram stofna sem hrygna oft á ári, þ.e. ekki allir fiskar samtímis.

Kynbætur á íslenska laxastofninum með það markmið að auka endurheimtur, vöxt og lífsþrótt í eldi og fá fram stofna með breytilegum hrygningartíma er mjög mikilvægt rannsóknarefni. Auk þess eru svo rannsóknir á gerð og eiginleikum búnaðar sem til eldisins þarf.

Til þess að undirstrika það sem gera þyrfti fyrst og fremst í væntanlegri tilraunaeldisstöð er þetta:

Markmiðið er að greina og leysa þau líffræðilegu og tæknilegu vandamál sem laxeldi á við að etja í dag, að leita að hagkvæmustu aðferðum í matfiskseldi við íslenskar aðstæður og að koma á samstarfi opinberra og hálfopinberra stofnana og fyrirtækja um samræmt rannsóknarstarf til stuðnings fiskeldi í landinu.

Herra forseti. Ég leyfi mér einnig að vitna hér í Norsk fiskeopdret áramótahefti 1985-1986. Þar segir frá risavöxnum áformum um fiskeldi á Íslandi, eldi í kerum á landi. Viðmælendur, norskir fiskeldismenn, eru spurðir: Hvað á að gera við þessa 20–30 rúmmetra af úrgangi sem til falla í hverri landstöð? Svarið er: Það er unnið að lausn á Íslandi. En að hreinsa kerin? Jú, það verður bara að hafa nóg vatn, meira en 10 tonn á mínútu. En ef laxinn verður nú kynþroska of snemma í heita vatninu og hættir að vaxa? Svarið er: Það eru norskir og íslenskir líffræðingar að vinna að lausn þessa vandamáls.

Hvað ætli sé á seyði hér? Eru Norðmenn hugsanlega að leiða landann í ógöngur? Ætli okkur veiti nokkuð af því sjálfir að byggja upp þekkingu á þessu sviði áður en við förum að láta nota okkur hér sem tilraunadýr?

Við höfum fyrir langa löngu vanist þeirri hugsun að tilraunabú séu nauðsynleg til að ná árangri í kvikfjárrækt. Það ætti að vera deginum ljósara að kvikfjárrækt, sem við erum að byrja á, þarfnast tilraunastarfsemi miklu fremur. Það var og viðurkennt fyrir áratugum að atvinnuvegirnir þarfnast allir rannsókna og tilraunastarfsemi. Þetta var rækilega staðfest með lögunum um rannsóknastofnanir atvinnuveganna 1964.

Í takt við tímann liggur nú fyrir Alþingi till. um að rannsóknastofnanir atvinnuveganna verði sjálfseignarstofnanir í líkingu við það sem hér er lagt til. Við verðum að hugsa fyrir þessum málum í sambandi við fiskeldið, hinn nýja atvinnuveg. Við verðum að gera það áður en við eyðum milljörðum í framkvæmdir.

Herra forseti. Það hefur verið lögð fram brtt. við þessa þáltill. mína. Að vísu á almenn umræða um brtt. víst ekki að fara fram fyrr en við síðari umræðu en ég hef í sjálfu sér ekkert nema gott um þessa brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að segja. Ég get þess reyndar í grg. að efni till. sé vissulega athugunar vert. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í stöðinni í Kollafirði og næsta nágrenni eru aðstæður að mörgu leyti góðar þó að auðvitað þurfi að bæta ýmsu við og lagfæra. Það er augljóst að rannsókna- og tilraunastöð, eins og hér um ræðir, þyrfti minnstan undirbúning ef hún yrði reist þar. Þess er þó jafnvel að vænta að hagkvæmt gæti orðið að reisa og reka fleiri slíkar stöðvar annars staðar á landinu þar sem aðstæður eru frábrugðnar en fiskeldi þýðingarmikil atvinnugrein eins og t.d. í Þingeyjarsýslum."

Ég get sem sagt tekið undir efni þessarar brtt. sem hér er fram komin, ég vildi aðeins bíða og sjá hver afdrif þessi tillaga fær áður en lengra verður haldið.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það verður ekki sagt að skortur hafi verið á tillögum og málatilbúnaði um fiskeldi og fiskirækt hér á hinu háa Alþingi núna á allra síðustu árum. Er það af hinu góða og vitnar um vaknandi og vaxandi áhuga á þessu málefni. Einhver hefði sjálfsagt sagt að fyrr hefði mátt vera og þegar maður kynnir sér brautryðjendastarf manna eins og Þórðar Flóventssonar frá Svartakoti, sem snemma á þessari öld tók sig til á gamals aldri og aflaði sér upplýsinga og fróðleiks um fiskirækt og fiskeldi og ferðaðist síðan um landið til að miðla öðrum af þeirri þekkingu sinni, þá getur maður spurt sjálfan sig hvort það sé ekki merkilegt að við skulum vera jafn seint á ferðinni með tilöguflutning eins og einmitt hér er til umræðu. En betra er seint en aldrei og miklu betra og ég fagna því að hér er hreyft við einum merkilegum þætti þessara mála, þ.e. spurningunni um rannsókna- og tilraunastarfsemi á þessu sviði. Er það síst ómerkasti hlutinn af þessu máli.

Ég tel sem sagt hér vera þarfa tillögu á ferðinni og er henni efnislega sammála. Það er nauðsynlegt að koma skipulagi á og hefja hið allra fyrsta rannsóknir og tilraunir á þessu sviði. En ég gæti hugsað mér að standa mætti að þessu með ofurlítið öðrum hætti en sjálf tillögugreinin gerir ráð fyrir og hef því lagt fram brtt. við þessa till. til þál. og ég geri það með tilvísan til síðustu setningar 1. málsgr. 33. gr. þingskapa Alþingis, en þar segir að ráðherrar eða einstakir þingmenn geti lagt fram brtt. við hvaða umræðu þingmáls sem er. Ég hef því kosið að leggja þessa till. fram hér nú þegar við fyrri hluta umræðunnar um tillöguna til þess að hún liggi fyrir og ég geti vitnað til hennar í máli mínu og sömuleiðis til þess að sú þingnefnd, sem fær þáltill. til meðferðar, geti haft hana til hliðsjónar. Mér er þó vel ljóst, herra forseti, að slíkar brtt. koma ekki til afgreiðslu fyrr en við lok umræðu um þáltill. En brtt. mín, sem liggur frammi á þskj. 534, gerir ráð fyrir að tillögugrein þál. verði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að beita nú þegar heimild í 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og standa fyrir myndun félagsskapar ríkisins og þeirra er fiskeldi stunda um rekstur rannsókna- og tilraunastöðvar. Fiskeldisstöðin í Kollafirði skal nýtt í þessu skyni, einkum til kynbóta og erfðafræðirannsókna, rannsókna á fisksjúkdómum og annarrar skyldrar starfsemi sem henta þykir að stunda þar.

Einnig skal komið á fót tilraunastöð í seiðaeldi og fiskirækt við Öxarfjörð. Þar skal rannsaka sérstaklega þá möguleika sem miklar ferskvatnsuppsprettur í Kelduhverfi með kjörhitastigi til seiðaeldis bjóða upp á til seiðaframleiðslu í stórum stíl. Einnig skulu rannsakaðir í stöðinni möguleikar á eldi í ferskvatni í stórseiðastærð eða allt í sláturstærð. Þá skal enn fremur við uppbyggingu stöðvarinnar taka mið af mögulegri hagnýtingu jarðvarma frá háhitasvæði í Öxarfirði til

fiskeldis og æskilegrar tilraunastarfsemi í því sambandi.

Stöðin í Kollafirði og tilraunastöðin við Öxarfjörð skulu í sameiningu hafa með höndum leiðbeiningar- og fræðslustarfsemi um varnir gegn fisksjúkdómum, fóðrun fiska og aðra þýðingarmikla þætti ferskvatns- og sjávareldis."

Ég legg einnig til að fyrirsögn tillögunnar verði: „Tillaga til þál. um rannsókna- og tilraunastarfsemi í seiðaeldi og fiskirækt."

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, herra forseti, að við Öxarfjörð eru mjög sérstakar aðstæður og miklir möguleikar til fiskeldis, seiðaeldis og fiskiræktar. Ég vil leyfa mér að segja að hvergi á einu svæði á landinu finnist á jafnlitlu landsvæði jafnmiklir og fjölbreyttir möguleikar og þar er að finna. Er þar fyrst til að taka að þar er nægjanlegt ferskt vatn, bæði kalt til íblöndunar og einnig volgt sem nota má beint til eldis við kjörhitastig og það í miklum mæli. Það er hreint, ómengað jarðvatn sem kemur þar upp úr jörðinni í stórum uppsprettum með kjörhitastigi. Þar má velja sér það hitastig, sem menn vilja, án nokkurrar íblöndunar, e.t.v. með því að færa borholur svo nokkrum metrum munar til eða frá.

Þetta hefur sú starfsemi, sem þegar hefur verið komið á fót þarna, sannað og sýnt. Sennilega verður hvergi í heiminum hægt að fá vatn beint inn til stöðvar fyrir minni tilkostnað en þarna gefst. Það má ætla að slíkur tilkostnaður verði með tímanum hverfandi þáttur í rekstri þessara stöðva og gefur þá auga leið að það er mikið hagræði þar sem víða annars staðar er einmitt kostnaður við að afla vatns og fá rétt hitastig á vatn stór þáttur í rekstri slíkra stöðva.

Ég held einnig að íslenskar aðstæður almennt í fiskeldi, sérstaklega í laxaeldi, krefjist þess að þessi þáttur verði rannsakaður mjög vandlega vegna þess að þarna er ekki bara um að ræða möguleikann á því að ala upp seiði í venjulega seiðastærð eða smáseiðastærð heldur kemur líka til skoðunar sá möguleiki, sem margir sérfræðingar eru nú mjög spenntir fyrir, að ala seiðin inni í stöðinni upp í svonefnda stórseiðastærð, þ.e. það stór seiði að þau geti á einu sumri við rétt hitastig í sjó náð fullri sláturstærð. Það gefur auga leið að ef þessi möguleiki reyndist sæmilega viðráðanlegur við aðstæður eins og fyrir hendi eru í Kelduhverfi og jafnlágan tilkostnað og þar má ætla að verði, gæti þar orðið um byltingu að ræða í fiskeldismálum. Miðað við aðstæður í sjónum hér við Suðvesturland, þar sem þær eru hagstæðastar, gæti þetta einfaldlega þýtt að við Íslendingar gætum framleitt lax af sláturstærð á mun styttri tíma en þær þjóðir sem við komum til með að keppa við og væri þá mikið fengið.

Ég vil einnig nefna að við Öxarfjörð er hald manna að sé að finna háhitasvæði. Það væri þá annað af tveimur háhitasvæðum landsins sem liggja við sjó eða alveg fram í sjó, gott ef ekki út í sjó. Þar væru því allir möguleikar til að nýta háhitann með varmaskiptum til að hita upp sjó og ala fisk við þau skilyrði. Þetta allt gerir það að verkum að ég held að full efnisleg rök séu til þess að slík tilraunastöð komist á legg einmitt þarna á þessum stað á landinu. Þar er hægt að sameina sérstakar aðstæður að þessu leyti og það er óhjákvæmilegt að það verði tekið inn í dæmið.

Ég var á ferð í Kelduhverfi með sérfróðum manni á þessu sviði og við skoðuðum þær aðstæður sem þarna eru. Þá kviknaði hugmynd að þessari starfsemi sem hér er flutt tillaga um. Það var mat og niðurstaða þessa sérfræðings að þarna væru aðstæður ekki aðeins sérstaklega hagstæðar og ástæða til að skoða þær út frá sjónarmiði og hagsmunum alls Íslands heldur væru jafnvel þarna möguleikar svo stórkostlegir að ætla mætti að þarna gæti orðið um framleiðslu að ræða sem gæti þjónað miklu stærri markaði en Íslandi einu — þá er ég hér að tala um seiðaframleiðslu. Það má öllum ljóst vera, sem komið hafa að Litluá í Kelduhverfi og skoðað uppspretturnar sem þar eru, að þarna er um stórkostlega möguleika að ræða í bókstaflegri merkingu þess orðs.

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Tilgangur minn með því að flytja þessa brtt. var að vekja athygli á því að heppilegt væri að undir einni og sömu yfirstjórn risu rannsóknastöðvar sem tækju á öllu þessu verkefni. Ég er sammála flm. till. um að Kollafjarðarstöðin hlýtur að vera þar inni í myndinni en ég vildi einnig vekja athygli á því að sérstakar aðstæður á sviði fiskeldis og fiskiræktar við Öxarfjörð réttlæta það fullkomlega að mínu mati að þar verði einnig byggð upp rannsóknaraðstaða af þessu tagi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja nokkur orð í sambandi við þessa þáltill. sem hér er til umræðu. Ástæðan fyrir því er m.a. sú að ég á sæti í nefnd sem er að fjalla um þessi mál og á, eins og segir í skipunarbréfi til nefndarinnar, að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar. Í þessari nefnd eru átta menn, þar af þrír alþm., hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Kjartan Jóhannsson auk mín. Í þessari nefnd eru menn með nokkuð mikla þekkingu á þessu sviði, þ.e. Árni Ísaksson og Jónas Matthíasson. Þeir hafa bæði þekkingu og reynslu í þessum málum.

Ég held að ég megi segja að þessi nefnd sé á einu máli um að það sé sjálfsagt að reyna að efla tilraunastöðina í Kollafirði til að annast þær rannsóknir eða hafa yfirumsjón með rannsóknum sem þarf að gera í þessum málum. Gallinn er bara sá í augnablikinu að stöðin er þannig sett að hún má ekki selja neitt frá sér og þannig gæti það farið í tvö, þrjú ár eins og nú horfir. Því miður eru fleiri stöðvar með þennan nýrnasjúkdóm sem gætu lent í sölubanni á seiðum. Það er ákaflega erfitt um vik varðandi allar rannsóknir á meðan á þessu banni stendur, a.m.k. í stöðinni sjálfri. Það er þungt áfall þegar svona kemur upp og ekki síst í rannsókna- og tilraunastöð.

Það er áreiðanlega rétt, sem hefur komið fram hjá þeim tveimur hv. þm. sem hafa rætt um þessi mál hér, að hér á landi virðast vera mjög miklir möguleikar í sambandi við fiskeldi. Það byggist fyrst og fremst á jarðhitanum. Menn eru nokkuð bjartsýnir með þetta kvíaeldi. Ég var að heyra það að í Grundarfirði eru þeir að hugsa um mikið kvíaeldi í sjó. En það getur engum blandast hugur um það að þarna er um verulega áhættu að ræða. T.d. hafa verið gerðar mælingar í sjó fyrir Suðurlandi, t.d. inni í Hvalfirði. Þá hefur hitinn farið ofan í 0 gráður í staðinn fyrir að hitinn á Grundarfirði virðist vera um 3 gráður. Maður hefði ekki trúað þessu að óreyndu en mælingarnar sýna þetta hvort tveggja.

Ef hitinn í Hvalfirði mundi falla um 0,6 gráður eða rúma hálfa gráðu er sá fiskur, sem er í kvíaeldi þar, kominn í hættu. Í Grundarfirði eða annars staðar fer

þetta svo mikið eftir straumum, þetta árið getur þetta blessast, annað árið ekki.

Næstkomandi fimmtudag hefst ráðstefna í Osló þar sem sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum koma saman til að bera saman bækur sínar um eldi á landi í tönkum. Það er verið að prófa þetta í Norður-Noregi og við vitum það náttúrlega að hafinn er undirbúningur undir slíkt hér á landi. Talið er að þarna höfum við möguleika fram yfir flesta aðra vegna jarðhitans. En það er ekki nóg að hafa jarðhita, það þarf líka að hafa nægilegt ferskt vatn.

Norðmenn eru komnir langt á þessu sviði. Ég tók eftir því að frummælandi, hv. þm. Björn Dagbjartsson, minntist t.d. á að við ættum hugsanlega að taka upp lúðueldi. Norðmönnum hefur ekki tekist að klekja út lúðu, það lifðu aðeins tvö seiði í haust hjá þeim frá s.l. vori og þeir eru búnir að átta sig á því hvers vegna. Þær lifa á miklu dýpi og þyngdarþrýstingur er mikill og allt annar en er á þessum landstöðvum. E.t.v. komast þeir yfir það. En ýmislegt annað eldi gengur þar vel, sérstaklega með sandhverfu, og með bleikju bæði frá Noregi, Íslandi og Kanada. Ég hef ekki trú á að á *næstunni* verði hægt að stunda lúðueldi enda er það kannske óþarfi vegna þess að sandhverfan er fiskur sem er mjög gott að eiga við í eldi og er svipað verð á á erlendum mörkuðum. Það er mikill möguleiki líka á urriða og jafnvel þorski, Norðmenn virðast vera búnir að ná tökum á því.

Ég ferðaðist dálítið um Norðurlönd í fyrrasumar á eigin vegum og skoðaði tilraunastöðvar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Í Svíþjóð eru þessar tilraunastöðvar fjármagnaðar af virkjununum eingöngu. Í Danmörku er þetta með líku sniði og þáltill. leggur til, þ.e. að það er þjónusta við þá sem reka eldisstöðvar. Í stöð, sem er í úthverfi Kaupmannahafnar, eru einir tíu sérfræðingar á ýmsum sviðum sem þjóna þessum stöðvum og selja sína þjónustu.

Sú nefnd, sem fær þessa till. til umfjöllunar, ætti að skoða þessi mál mjög vel. Ég er ekki alveg sannfærður um að það sé rétta lausnin sem þarna er lögð til. Ég held að ríkið eigi fyrst og fremst að reka þessa stöð, eina stöð. Það getur verið spurning hvort eigi að selja þessa þjónustu. En ég legg til að þessi mál verði skoðuð. Þetta eru brýn mál og það þarf að hefjast handa sem fyrst.

Flm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Fyrst og fremst vildi ég gera það að tillögu minni að þessari till. verði vísað til hv. atvmn. sem mér láðist að gera áðan. Í öðru lagi vildi ég þakka þær undirtektir sem till. hefur fengið.

Mér fannst gaman að hv. 4. þm. Norðurl. e. minntist á hinn merka mann Þórð í Koti og má vísa á gagnmerka grein um þann mann og hans merku störf í Árbók Þingeyinga eftir dóttursonarson Þórðar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um annað sem fram kom hjá hv. þm. Ég vildi þó aðeins minnast á lúðueldi sem hv. 3. þm. Norðurl. e. kom hér inn á. Það er rétt — ég hef líklega þessar sömu upplýsingar og hann — að lúðuklak hefur gengið ákaflega stirðlega hjá Norðmönnum. Hins vegar hefur þeim tekist að ala lúðublöð upp og það er að takast hér líka í smærri tilraunum suður á Reykjanesi. 140 lúðublöð, sem veidd voru s.l. haust, hafa nú tekið vel við sér, aðeins 7 þeirra hafa drepist. Nú er búið að kenna þeim átið og þau eru að byrja að taka við sér. Þessar hugmyndir held ég að séu allrar skoðunar verðar en ég er alveg sammála hv. þm. um það að sjálfsagt er langt í land með það að við getum stjórnað öllum þeim lífsferli. Að öðru leyti vil ég ekki orðlengja þetta frekar en þakka undirtektir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Kostnaðarhlutur útgerðar, stjfrv. 288. mál (þskj. 533). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla mjög mikið um mál þetta því að það er hv. þdm. kunnugt frá fyrri tíð. Hafa verið gerðar á lögum þessum nokkrar breytingar af og til þannig að það hefur komið til umfjöllunar á Alþingi árlega síðan lög þessi voru sett á sínum tíma með brbl. vorið 1983.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því að auka þann hluta kostnaðarhlutar útgerðar, sem til skipta kemur, um 2,5%. Ákvörðun þessi er tekin fyrst og fremst í ljósi þess að afkoma útgerðar hefur farið batnandi, olíuverð hefur lækkað og afli aukist nokkuð. Um þetta mál var fullt samkomulag við fiskverðsákvörðun sem tekin var 13. febr. 1986. Forsenda þeirrar fiskverðsákvörðunar af hálfu sjómanna og útgerðarmanna var sú að þessi breyting væri gerð.

Með frv. þessu fylgja frétt frá Verðlagsráði sjávarútvegsins um þá ákvörðun, rekstraráætlanir botnfiskveiða og -vinnslu miðað við fiskverðsákvörðun í febr. 1986, áætlað rekstraryfirlit frystingar og söltunar við fiskverðsákvörðun í febr. og bréf til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins um lægri bætur vegna útflutnings á svokölluðum gámafiski.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umræðu og hv. sjútvn. og mun frekari upplýsingum að sjálfsögðu verða komið á framfæri við nefndina eftir því sem hún óskar eftir.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni, eins og hæstv. ráðherra sagði, gamall kunningi sem hefur verið hér árlega á borðum þm. Þó er rétt að fagna því sérstaklega að það er þó þróun til annarrar áttar sem kemur fram í þessu frv., þ.e. að nú er farið að minnka kostnaðarhlut útgerðar og auka hlut sjómanna. Ég tel að það sé ekki verið að leggja þetta fyrir þing til annars en að samþykkja það. Um annað er ekki að ræða. Það er búið að ganga frá því á milli útvegsmanna og fiskvinnslunnar að þannig skuli gengið frá fiskverði sem hér er tíundað.

Við höfum fengið fréttir í dag um að verið sé að ganga frá samningum sem fela í sér, eftir því sem manni virðist, að vissir hlutir þurfi að koma hér inn á hv.

Alþingi til staðfestingar, þ.e. þeir þættir sem ríkisstj. tekur til ábyrgðar. Það má segja sem svo að þetta sé kannske fyrsta frv. sem miðast við það að ríkisstj. tryggi að þessir samningar geti átt sér stað. Ég held að fiskverðssamþykktin hafi átt sér stað með þá hugmynd fyrir stafni að verðbólgan yrði fest einhvers staðar í eins stafs tölu, 9% eða kannske 7%, og að samningar milli sjómanna og útvegsmanna hafi byggst að miklu leyti á því.

Maður hefur heyrt það undanfarandi að fiskvinnslan í landinu sé ekki sérstaklega vel á sig komin. Þær fréttir bárust út í gær að fulltrúar fiskvinnslunnar mundu ætla að ganga á fund ríkisstj. — og þá sjálfsagt sjútvrh. fyrst og fremst — til að ræða við hana um stöðu fiskvinnslu ef ákveðið yrði að gengi yrði fest til nokkuð langs tíma. Ég held að það væri ástæða til að heyra það frá hæstv. sjútvrh. hver niðurstaða hafi orðið af þeim fundi, hver afstaða sjútvrn. og fiskvinnslunnar sé til þessa máls og hvernig áætlað er að staða fiskvinnslunnar verði á næstu mánuðum miðað við að gengið verði bundið. Ég tel að þetta mál og það frv., sem hér liggur fyrir, séu svo samtengd að eðlilegt sé að við fáum aðeins að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig staða mála sé í þessu nú þegar manni virðist sem verið sé að ganga frá því að gengið verði fest í ákveðinn tíma og að undirskrifa launasamning í landinu kannske út frá þeirri aðalforsendu þó að það hafi komið fram endurtekið frá fiskvinnslunni að mjög erfitt sé fyrir fiskvinnsluna að búa við það að gengið verði bundið til ákveðins tíma.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og síðasti ræðumaður nefndi hér áðan og hæstv. ráðherra er þetta frv. gamall kunningi sem fylgir yfirleitt í kjölfarið á fiskverðsákvörðunum. Hér er þó aðeins verið að létta á þeim kvöðum þar sem 29% voru tekin fram hjá skiptum og lækkuð þarna um 2,5%. Því ber að fagna. En ég hef oft áður úr þessum ræðustól lýst yfir óánægju minni með síendurtekin afskipti ríkisvaldsins af fiskverðsákvörðunum. Hér er verið að ákveða verð á fiski burtséð frá því hvað fæst fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum. Í stað þess er lækkun á olíuverði lögð til grundvallar og hve mikið má fara í hlut skipverja til skipta.

Eins og síðasti ræðumaður nefndi áðan stendur fiskvinnslan ansi höllum fæti og væri gott að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig tekið verður á því máli, hvort nokkuð verði gert til að leysa þann vanda til lengri tíma í stað þess að vera sífellt með einhverjar bráðabirgðaráðstafanir með skuldbreytingum eða lánveitingum, hvort eitthvað verði gert til þess að frystihúsin nýti sína fjárfestingu betur.

Markaðurinn kallar á annars konar vöru og við höfum þá staðreynd fyrir augunum að við þurfum ekki á öllum þessum fasteignum í frystiiðnaði að halda. Þær standa einfaldlega ekki undir því að greiða það verð fyrir fiskinn sem þarf miðað við hvað markaðurinn erlendis greiðir fyrir t.d. gámafisk, ferskan fisk sem sendur er héðan, seldur erlendis og jafnvel unninn þar. Það fæst mun hærra verð fyrir þann fisk, allt að þrefalt eða fjórum sinnum hærra verð en frystihúsin greiða hér innanlands. Þróunin verður því sú að sífellt meira verður flutt af fiski í gámum eða með öðrum hætti og frystihúsin nýtast þá sífellt verr.

Þetta mál leysum við ekki með því að skuldbreyta hjá frystihúsunum eða létta þeim róðurinn á þann veg eingöngu. Það þarf meira til að koma. Það þarf jafnvel til að koma að endurskipuleggja eða hjálpa frystihúsunum við að endurskipuleggja sína starfsemi, þ.e. að kanna hvort ekki sé hægt að koma upp vaktakerfi í fiskfrystingu og nýta þannig jafnvel ekki nema helming þess húsrýmis, sem nú er notað, undir frystihúsin. Ég tel sem sagt að ráðgjöf sé vænlegri til að taka á þessum vanda, að hjálpa þeim við endurskipulagningu, heldur en að framfleyta þessu í 2–3 mánuði með alls konar millifærslum eins og hingað til hefur verið gert.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. 8. landsk. þm. að ekki sé tekið tillit til verðlags á mörkuðum við fiskverðsákvörðun. Það er einmitt forsenda í lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins þar sem skýrt kemur fram að það skuli fyrst og fremst haft til viðmiðunar við ákvörðun fiskverðs. Það má því segja að það sé grundvöllur þeirrar löggjafar.

Að því er varðar fsp. hv. 4. þm. Vesturl., þá hef ég ekki tekið þátt í samtölum um þau mál, sem hann ræddi um, í dag eða gær. Hins vegar er það rétt, sem hann sagði hér, að fulltrúar frystiiðnaðarins sérstaklega hafa miklar áhyggjur af afkomu sinni á árinu 1986. Þetta kemur skýrt fram í töflu 2 á bls. 5 sem er fskj. með þessu frv. Þar kemur fram að ef miðað er við 6% vexti í ársgreiðslu er frystingin án hagnaðar eftir fiskverðsákvörðun en söltun með 5,7% hagnað. Hér er miðað við það kaupgengi sem var á bandaríkjadollar þegar fiskverðsákvörðun var tekin, þ.e. 42,30, en því miður hefur dollarinn veikst nokkuð síðan og, ef ég man rétt, var hann kominn í 41,30 í gær. Það er því ljóst að hér er teflt mjög tæpt og launahækkanir frystiiðnaðarins verða því þess valdandi að nokkur taprekstur verður á frystingu á árinu 1986 miðað við 6% ársgreiðslu.

Það er hins vegar reynslan að á vetrarvertíðinni gengur þessi atvinnurekstur yfirleitt betur vegna þess að hér er almennt um blandaðan rekstur að ræða, þ.e. frystingu og söltun saman. Hins vegar versnar oft afkoman þegar líður að sumri af ýmsum ástæðum sem ég þarf ekki að rekja hér.

Hitt er svo annað mál að afkoma botnfiskveiðanna er mun betri en við höfum lengi áður séð. Tap veiðanna hefur verið mikil byrði á vinnslunni um langt skeið. Skv. þeim tölum, sem hér koma fram um afkomu botnfiskveiðanna, kemur í ljós að þar er nokkur hagnaður og mun það að sjálfsögðu breyta mjög miklu fyrir vinnsluna.

Það er hins vegar mikils virði fyrir sjávarútveginn ef samningar nást sem leiða af sér þá lækkun á verðbólgu sem um er rætt. Það mun t.d. koma fram í lækkuðum fjármagnskostnaði og miklu meiri stöðugleika en við erum vön. Það er sjávarútveginum mjög mikils virði og mikið framtíðarmál fyrir hann. Þess vegna má segja að það sé allmiklu til fórnandi að slíkt geti orðið raunin.

Hins vegar skiptir vissulega miklu máli hvernig framtíðarþróunin verður, t.d. hver þróun dollarans verður. Getum við reiknað með fiskverðshækkunum á okkar mörkuðum í Bandaríkjunum með vorinu? Öll þessi atriði hljóta að skipta meginmáli þegar það er metið hvort það, sem nú er verið að reyna, muni takast eins og við vonum.

Ég geri mér grein fyrir því að afkoma frystingarinnar

er mjög tæp við þessi skilyrði. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að betri afkoma söltunar en áður hefur verið og betri afkoma botnfiskveiðanna geri það mögulegt fyrir frystiiðnaðinn að standa að þeim málum sem nú er verið að tala um. Í því sambandi hefur verið rætt um að létta einhverjum gjöldum af útflutningsiðnaðinum, m.a. til þess að gera honum enn frekar mögulegt að standa að þeim samningum sem nú er sem mest rætt um. Hins vegar hef ég ekki heyrt meira um það mál í dag en hv. þm. því að ég hef aðeins heyrt það í fréttum og hef ekki tekið þátt í fundahöldum á þessum degi um þau mál. Ég get þess vegna því miður ekki upplýst hann frekar um það.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og fagna þeim bjartsýnistóni sem þar varð vart í sambandi við fiskvinnsluna. Við verðum allir að vona að það standist að þróun mála verði ekki á þann veg að sú staða, sem hér er tíunduð, verði jafnvel verri en gert er ráð fyrir í töflu 2 á bls. 5, að frystingin standi í járnum. Með þeirri gengisbreytingu, sem hefur átt sér stað síðan þessi fiskverðsákvörðun var tekin, hefur, eins og ráðherra benti á, hnigið á ógæfuhlið í sambandi við Bandaríkjamarkað. Þar er því þegar kominn þáttur sem er á hinn verri veg.

En stöðugt verðlag, minnkandi útgjöld, geta vegið upp á móti þessu. Fjármagnskostnaður er einn stærsti gjaldaliður í fiskvinnslunni, kemur sjálfsagt í mörgum tilfellum strax á eftir launakostnaði eða er jafnvel svipaður. En miðað við fréttir í dag — það er kannske ekki að marka þær allar, þær eru kannske gripnar úr lausu lofti — um að Seðlabankastjórn og bankamenn hafi setið á fundi og verið að ræða um það hvað skuli gera ef þeir samningar verða undirskrifaðir sem liggja í loftinu, þá fannst mönnum ekki stórmannlegt að þegar verið er að tala um að færa eigi verðbólguna niður í 7 stig ætluðu blessaðir bankamennirnir að halda vaxtafætinum samt yfir 20%. Ég sé að hv. þm. benda hér á bankaráðsmann Seðlabankans og væri gaman að heyra hvað rætt hefur verið í þeirri stofnun um þessa hluti.

En ef gengið verður frá því í dag eða á morgun að stefnt verði að því að verðbólga verði ekki meiri en 7% og áfram skuli halda vöxtum í 20% eða þar yfir held ég að við værum ekki að minnka raunvexti gagnvart fiskvinnslu og öðrum atvinnugreinum í landinu heldur jafnvel að auka þá. Það gefur auga leið að ef verið er að ganga frá málum gagnvart atvinnuvegum og gagnvart launþegum í landinu, minnka verðbólgu, þá hlýtur það að fylgja eftir að fjármagnskostnaður verði lækkaður um leið, en það verði engin framtíðarsýn. Skv. fréttum Ríkisútvarpsins gætu vextir jafnvel verið komnir niður í 12% í sept. En það átti ekki að gera jöfnum höndum og skrifað væri undir samninga við launþega í landinu og gengið út frá rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækjanna. Ég tel að lækkun vaxta niður í 20% núna sé raunverulega að þyngja vaxtabyrðina hjá sjávarútveginum en ekki að létta hana.

Ég taldi ástæðu til þess að benda einmitt á þennan þátt sem atvinnufyrirtækin, fiskvinnslan, hljóta fyrst og fremst að spyrja um þegar verið er að ganga frá fiskverði, þegar verið er að ganga frá launakostnaði, hver á fjármagnskostnaðurinn að vera? Ætlar bankakerfið í landinu áfram að halda þeirri stefnu varðandi vaxtakostnað gagnvart aðalatvinnuvegunum að þeir séu að borga til þeirra hluta hærri gjaldahlut en til launa, að þegar verið er að lækka launin, halda í við launin sé ekki hægt að gera sömu hluti gagnvart fjármagnskostnaðinum?

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. um það hvað væri á döfinni í Seðlabanka Íslands vegna vaxtamála vil ég fyrst taka það fram að hvorki málefni Seðlabankans né heldur vaxtamálin eru sérstaklega hér á dagskrá. Hins vegar taldi ég mér skylt vegna þessarar fsp. hv. 4. þm. Vesturl. að koma því á framfæri að bankaráð Seðlabankans hefur ekki enn fjallað formlega um ákvarðanir í þessum málum en mun gera það á morgun.

Ég er ekki í stakk búinn á þessu stigi til að kveða upp úr með viðhorf mín til vaxtabreytinganna einfaldlega vegna þess að ekki hefur legið fyrir fyrr en þá fyrst núna hverjar niðurstöður samninganna eru. Menn hljóta að draga sínar ályktanir af þeim niðurstöðum og meta vaxtabreytingar m.a. í ljósi þeirra niðurstaðna. En meira er ekki um þetta að segja á þessu stigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 54, n. 525, 527 og 529, brtt. 526, 528, 530, 545). — Frh. 2. umr.

Guðmundur Einarsson (frh.)**:** Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni um þetta mál síðast að í það vantaði það eina sem skipti verulegu máli, þ.e. kaflann um sjálfsstjórn, kaflann um heimastjórn og það hvernig Alþingi svarar þeim sívaxandi kröfum fólks um allt land að fá að ráða meiru um eigin hagi. Ég lýsti því líka að það væri augsýnilegt að það ætti ekkert að ræða þetta mál í sambandi við frv., þ.e. heimastjórnarmálið, enda er það mjög í takt við það sem er að gerast þessa dagana að Alþingi komi sér hjá því að ræða eitthvað sem skiptir máli. Það er kannske vísast að senda þetta frv. upp í Garðastræti og fá þá yfirráðherrana Ásmund Stefánsson og Magnús Gunnarsson til að fjalla um þetta og gefa síðan ríkisstj., hvar sem hún er, álit á því hvort þeir telji að fylkisstjórnir, ömt eða einhvers konar heimastjórn sé það sem koma skal. Þetta verður kannske tekið fyrir í næstu samningum. Ég vil gera það að tillögu minni til ríkisstj., ef hún ekki treystir sér til að taka á þessu fylkjamáli sjálf, að hún fari þess þá á leit við aðila vinnumarkaðarins að þeir fjalli um þetta gaumgæfilega í næstu launasamningum vegna þess að í Garðastrætinu virðist vera orðið aðsetur landsstjórnarinnar. Menn geta síðan velt því fyrir sér hvort hugmyndir BJ um að það þurfi eitthvað að taka á stjórnkerfinu í þessu landi eigi ekki svolítið meira erindi en ýmsir hafa viljað vera láta. Mér sýnist að það sem er að gerast þessa dagana sé einhver stórkostlegasta vantraustsyfirlýsing á öllu

stjórnkerfinu og öllu því lýðræðislega uppbyggða kerfi sem menn hafa sett upp hér síðan í lok stríðsins. Ég held að menn ættu að kíkja á hvort ekki sé komin ástæða til að ræða það á Alþingi hvort eitthvað þurfi á að taka.

Í þetta frv. til sveitarstjórnarlaga vantar sem sagt það eina sem skiptir verulegu máli, kaflann um hvernig hér yrði breytt til þess vegar að fólk fengi einhverju að ráða um eigin hagi. Það sem eftir stendur í þessu frv. er röð að tæknilegum „selvfölgelighedum" sem engu máli skipta fyrir fólkið í landinu. Eina ástæðan fyrir því að það er verið að þræla þessu í gegn núna er að m.a. er hér kveðið á um kosningadag og þess vegna finnur ríkisstj. hjá sér vissa hvöt til að reka á eftir því og taka burt eina bitann sem einhverju máli skipti.

Ég veit ekki hvort þingið mun svara þeim sívaxandi kröfum sem eru allt í kringum okkur í samfélaginu um að taka á þessum heimastjórnarmálum. Hér var eitt tækifærið til þess, þ.e. í sambandi við frv. til sveitarstjórnarlaga, og það tækifæri hefur ekki verið notað. Það er annað tækifæri til þess, þar sem er till. til þál. um gerð frv. til stjórnskipunarlaga um fylkisstjórnir sem BJ flutti í haust. Þar er lagður fram rammi um þetta mál. Ég veit ekki hvort það verður fyrirskipun ríkisstj. til formanns hv. nefndar í Sþ., sem hefur með þetta mál að gera, að þetta mál verði ekki látið koma til umræðu heldur verði haldið uppi þeim sið að ræða hér alls ekki það sem einhverju máli skiptir. En það er mitt mat og okkar Bandalagsmanna að heimastjórnarmálið sé í raun og veru eitthvað það brýnasta sem menn geta fjallað um þessa dagana í sambandi við sveitarstjórnarmál. Tæknilegar lagfæringar á ákvæðum um endurskoðun og þess háttar eru auðvitað góðra gjalda verðar og slík endurskoðun á auðvitað sífellt að vera í gangi. Menn geta bisað við að breyta þessu og bæta þetta í smáatriðum eins lengi og þeir vilja, en þeir geta ekki komið sér hjá því endalaust að taka á stærsta þætti sveitarstjórnarmálanna sem er samband fólks í heimahögum og ríkisvaldsins og hvort ekki sé óumflýjanlegt að koma þarna upp nýju valdstigi, amti eða fylki, til að taka við verkefnum og völdum frá þeim valdstigum sem nú eru fyrir hendi.

Ég tel að fyrst ekki er ákveðið að taka þetta fyrir í frv. til sveitarstjórnarlaganna eins og það liggur fyrir hérna sé í raun og veru ekkert um það frekar að segja. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni síðast að það væri grundvallaratriði. Ég rakti dæmi um að miðstýring og sóun sem henni fylgir af ýmsu tagi er ein aðalskýringin á því hvers vegna hér á landi eru einhverjar hæstu þjóðartekjur í heimi, en einhver lélegasti kaupmáttur á Vesturlöndum. Menn verða að spyrja hvað gerist frá því að þjóðarkakan er bökuð og þangað til að sneiðunum er skilað til fólksins í landinu. Hér er bökuð einhver stærsta þjóðarkaka á Vesturlöndum, en sneiðarnar sem fólkið fær eru einhverjar þær minnstu. Það er skylda okkar að svara því af hverju þetta mylst niður á gólfið. Svarið felst m.a. í óhóflegri miðstýringu og óhóflegu valdaráni stofnana í Reykjavík sem hafa tekið til sín völd og forsjá frá fólkinu sjálfu og neita að skila því, neita því svo staðfastlega að þegar tækifærin koma upp í hendurnar, eins og þetta frv. hér, er kaflanun um það staðfastlega sleppt, en sjálfsagðir hlutir, eins og tæknilegar lagfæringar á ýmsum lagagreinum, látnir ganga fyrir og menn láta eins og hér sé verið að fjalla um stórmál. Þetta er smámál.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að beina örfáum spurningum til hv. formanns félmn. Nd. og frsm. meiri hl. ef hann væri hér í húsinu, en mun engu að síður hefja mál mitt því ég kem seinna að þessum spurningum ef það væri hægt að kanna hvort hann vildi vera viðstaddur umræðuna. — Hann er viðstaddur. Ég þakka fyrir.

Herra forseti. Ég hef verið þess heiðurs aðnjótandi að sitja í svonefndri byggðanefnd þingflokkanna sem er skipuð fulltrúum allra þingflokka og var sett á laggirnar vorið 1984. Formennsku gegnir Lárus Jónsson, fyrrverandi þm. Sjálfstfl., núv. bankastjóri Útvegsbankans. Eins og viðstaddir vafalaust vita og muna var þessi nefnd þáttur í samkomulagi formanna stjórnarflokkanna eða formanna allra fjögurra gömlu flokkanna, ég man reyndar ekki hvort heldur var. Þessi nefnd átti vafalaust að friða þá sem voru ósáttir við breytingar á kosningalögunum sem gerðar voru það vor, en þær breytingar töldu margir þm. landsbyggðinni í óhag. Þessi nefnd hefur haldið allnokkra fundi. Þeir hafa að vísu legið niðri í meira en hálft ár þangað til í gær, en starfsmenn nefndarinnar hafa ekki setið auðum höndum og eru í miðjum klíðum að semja skýrslu sem okkur nefndarmönnum gafst raunar kostur á að kynnast lítillega á fundi í gær. Skýrslan verður væntanlega kynnt öðrum þm. síðar og mun stefnt að því að reyna að ná samkomulagi um hana fyrir lok þessa þings.

Því er ekki að neita að stundum hefur hvarflað að manni að þessi ágæta nefnd væri óþörf því reyndin er sú að flest það sem hún hefur verið að fjalla um og velta vöngum yfir hefur einmitt verið til umfjöllunar annars staðar í kerfinu. Svo er einmitt um það mál sem hér er til umræðu, þ.e. stjórnkerfi sveitarfélaganna, en það hefur verið til umræðu meira og minna á öllum fundum byggðanefndarinnar ef ég man rétt. Til okkar hafa komið ýmsir gestir, m.a. fulltrúar landshlutasamtaka, og upp hafa hlaðist gögn og skjöl. Engin endanleg niðurstaða er fengin af þessu starfi enn, ekki í tillöguformi eða neinu í þá veru, og fæst kannske ekki. Ég þori varla að vera svo bjartsýn. En eitt þykist ég þó mega fullyrða sem niðurstöðu af starfi og umfjöllun hv. byggðanefndar og viðræðum við fjölda aðila: Menn vilja breyta stjórnkerfi sveitarfélaganna og telja það raunar brýna nauðsyn og það virðist vera víðtækur vilji fyrir því að taka upp þriðja stjórnsýslustigið, þ.e. millistig á milli sveitarfélaga og ríkisvalds. Sé þetta rangt hjá mér kann ég ekki að túlka mál manna né öll þau bréf og skjöl og greinar í blöðum og tímaritum og aðra þá umfjöllun sem um þessi mál hefur verið. Þess vegna varð ég ekki lítið undrandi þegar ég sá niðurstöðurnar af starfi hv. félmn. þar sem um virðist vera að ræða algera uppgjöf gagnvart þessu atriði.

Þegar þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi varð fljótlega ljóst að mikil og víðtæk óánægja var með IX. kafla frv. Þess vegna undrar mig út af fyrir sig ekki að honum skuli hafa verið hafnað. En það er sannarlega undrunarefni að sjá þar ekkert í staðinn. Sú niðurstaða hlýtur að valda mörgum miklum vonbrigðum eins og þegar hefur komið í ljós.

Það er mitt mat að það sé góður grundvöllur fyrir því að ná samkomulagi um að treysta lagalega stöðu landshlutasamtakanna og gera þeim fært að gegna þessu hlutverki sem þriðja stjórnsýslustiginu er ætlað.

Ég hef hins vegar ekki getað heyrt á máli þeirra, sem hafa í þessari umræðu skýrt störf félmn. Nd., að alvarleg tilraun hafi verið gerð til þess og það er miður að mínum dómi. Kvennalistinn er þeirrar skoðunar að stjórnsýslustigin þurfi að vera þrjú. Sérstaklega með tilliti til þess hve illa hefur gengið að fá sveitarfélögin til að sameinast og auka bolmagn til framkvæmda með því móti. Ég held að það sé þrautreynt. Við viljum hins vegar ekki kippa fótunum undan minnstu einingunum og erum eindregið andvígar því að valdbjóða breytingar á hreppamörkum sem eru ákaflega viðkvæm.

Öðru máli gegnir með þjónustusvæði sem ekki þarf að taka mið af öðru en landfræðilegri hagkvæmni, svo og þeim fjölda sem þarf til að bera þjónustuna uppi. Þriðja stigið eða öllu heldur miðstigið er því nauðsynlegt til að taka við verkefnum frá ríki og sveitarfélögum, fyrst og fremst ríkinu. Það virðist eiga að vera hlutverk byggðasamlaganaa, en ég óttast að ákvæðin um þau eins og þau er skýrð í brtt. meiri hluta nefndarinnar muni ekki reynast nægilega hvetjandi þó ekkert skuli fullyrt um það að óreyndu.

Það er auðvitað ekki hægt að líta alveg fram hjá þeirri staðreynd að með tilkomu millistigs og flutningi verkefna heim í héruðin kann ákvarðanataka að reynast flóknari og erfiðari og rifrildið að færast heim í héruðin í stað þess að nú geta menn látið sér nægja að skamma þingmenn kjördæmisins fyrir að taka einn skóla fram yfir annan og þessa sveit fram yfir hina eins og stundum vill verða. En það verður víst ekki á allt kosið og aðrir kostir vega hér, að mínum dómi, tvímælalaust upp á móti.

Hér er rétt að komi fram að Kvennalistinn er eindregið fylgjandi beinni lýðræðislegri kosningu til þriðja stjórnsýslustigsins, þegar það kemur sem hlýtur að verða, án allrar takmörkunar á kjörgengi. Þ.e. að þetta sé ekki bundið við sveitarstjórnarmenn.

Þetta vil ég láta koma fram þó tæpast sé tilefni til mikillar umfjöllunar um þetta atriði né neinna stóryrða þar eð á þessu er engan veginn tekið í þessu frv., þ.e. eftir umfjöllun nefndarinnar.

Þær till. sem gerðar eru til breytingar á frv. eru þó allnokkrar og að mínum dómi þyrftu þær miklu meiri og almennari umfjöllun en boðið er upp á með þeim vinnubrögðum sem viðhafa á við afgreiðslu málsins. Ég hef ekki nú við þessa umræðu heyrt þau rök fyrir þessari afgreiðslu sem sannfæra mig um að hún sé nauðsynleg. Mér hefði þótt eðlilegast að taka út úr þau atriði sem þarf að afgreiða vegna sveitarstjórnarkosninganna í vor og geyma umfjöllun um aðrar greinar frv. svo unnt væri að kynna þessar tillögur miklu víðar og fjalla rækilega um þær. Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hv. formann félmn. og frsm. meiri hl., Friðrik Sophusson, að því hvaða nauðsyn beri til að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem hér er lagt til. Kom ekki til álita að afgreiða sérstaklega þau atriði sem beinlínis snerta væntanlegar kosningar í vor? Og í framhaldi af því: Hvernig metur hv. 2. þm. Reykv. möguleika á því að ná fram frekari breytingum á stjórnsýslu sveitarfélaganna? Versna ekki möguleikarnir á því með því að afgreiða þetta á þennan hátt? Er ekki málið raunverulega lagt í margra ára salt með þessu? Ég óska eindregið eftir því að heyra álit hv. þm. á þessum atriðum og beini því enn fremur til hæstv. félmrh. hvort hann sé sáttur við þessa meðferð mála og hvernig hann metur stöðuna, möguleikana á áframhaldandi umfjöllun og möguleika á þeim breytingum sem að mínum dómi er víðtækur vilji fyrir og ég trúi ekki öðru en næðist samkomulag um. Þá er ég vitanlega fyrst og fremst að tala um þriðja stjórnstigið, millistig sveitarfélaga og ríkisvalds.

Kvennalistinn á ekki aðild að félmn. Nd. Vafalaust hefðum við fengið áheyrnaraðild ef eftir hefði verið leitað, en það gerðum við reyndar ekki. Það þarf oft að velja og hafna og setja í forgangsröð. En þess vegna höfum við aðeins haft örskamman tíma til að skoða nál. og brtt. og því miður höfum við af ýmsum ástæðum ekki haft tök á að fjalla um brtt. í þingflokknum, hvað þá heldur á breiðari grundvelli. En þótt hart sé eftir rekið gefst vonandi einhver tími til að skoða málið í félmn. Ed. þar sem Kvennalistinn á aðild.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til frekari ræðuhalda á þessu stigi né til að lýsa afstöðu til einstakra brtt. af þessum ástæðum sem ég nefndi áðan. Í þessu frv. og till. nefndarinnar og annarra þm. eru ýmsar breytingar til bóta á núgildandi lögum og það er ekki ætlan mín á þessari stundu að Kvennalistinn muni standa gegn afgreiðslu frv., en skelfing er nú rýr eftirtekjan. Og ég vil ítreka spurningar mínar til hv. 2. þm. Reykv. og til hæstv. félmrh.: Eru þeir virkilega sáttir við þessa niðurstöðu? Ætla þeir að beita sér fyrir því að áfram verði unnið að breytingum á stjórnkerfi sveitarfélaganna með valddreifingu og virkara lýðræði að markmiði?

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 545, sem var of seint fram komin, samþ. með 24 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel að það hafi verið mikið gæfuleysi hjá Alþingi Íslendinga að vera ekki búið að taka fyrir og afgreiða nýja stjórnarskrá fyrir þetta land. Hún hlýtur að vera sú grunngerð að ákvarðanatöku, sem við erum hér m.a. að fjalla um, hvernig eigi að standa að því að auka sjálfsákvörðunarrétt íbúanna til ákvarðanatöku um sínar heimabyggðir.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að án þess að skipta landinu upp í fylki sé vonlaust að færa það vald frá ríkisvaldinu út á land sem þarf að flytja. Lítil sveitarfélög geta aldrei tekið við það stórum verkefnum sem eðlilegt væri að stjórnað væri af byggðunum sjálfum. Nú er það svo að ákvörðun um slíka skiptingu verður ekki tekin í einhverjum skjótheitum í almennum lögum og breytt á næsta ári með almennum lögum. Hér hljótum við að vera komin að slíkri grunngerð að ákvarðanatakan þarf að vera varanleg ákvörðun, mótandi ákvörðun um uppbyggingu þjóðfélagsins sem heildar. Ég er sannfærður um að þeim mun meir sem menn hugleiða þessa hluti, þeim mun ljósara er þeim að við sköpum aldrei jafnræði í þjónustu ef við annars vegar ætlum 400 manna byggðarlagi að sjá um þjónustuna og hins vegar byggðarlagi með upp undir 90 000 íbúa. Hér er strax sá styrkleikamunur sem gerir það að verkum að allt jafnræði verður vonlaust.

Ég hygg að þetta hafi raunverulega verið niðurstaða félmn. Hún gerir sér grein fyrir því að það er ekki raunhæft að ætla að fara að skipta landinu upp eins og upprunalegu tillögurnar gerðu ráð fyrir. Ég horfi t.d. á brtt. frá Hjörleifi Guttormssyni þar sem hann leggur til að Norðurlandi verði skipt í tvennt. Og enn spyr ég:

Hvaða rök mæla með því að við brjótum Norðurland í tvennt? Eru það landfræðileg rök, háir fjallgarðar sem skilja að þannig að vonlaust sé að komast þar um með eðlilegum hætti? Eru það stórfljót sem brjótast þar í gegn? Hvað er það sem veldur því að menn leggja til að Norðurlandi verði skipt í tvennt? Ef þessi rök ættu að koma má þá ekki spyrja: Hvers vegna á Austurland að vera ein heild? Eru samgöngurnar þar í svo miklu betra lagi? Er búið að koma á tengslum milli Vopnafjarðar og Héraðs eða frá Héraði að Hornafirði þannig að það sé sjálfgefið að Austurland skuli ein heild? Ég styð það að Austurland verði ein heild, en ég bið menn að vera ekki svo bundna að þeir hugleiði ekki hvað þeir eru að ákveða ef þeir leggja til að Norðurland verði brotið í tvennt.

Ef við stöndum að því að skipta landinu niður í fylki mun hvert einasta fylki berjast fyrir því að sambærileg þjónusta sé rekin innan þess fylkis og er rekin í fylkinu við hliðina. Ef við tökum ákvörðun um að Norðurland skuli vera tvö fylki erum við að taka ákvörðun um að það skuli komið upp háskóla á Sauðárkróki. Þá erum við að taka ákvörðun um að það skuli reist álíka öflugt sjúkrahús í Norðurlandi vestra og er í Norðurlandi eystra. Hvers vegna eigum við að vinna að því á Alþingi Íslendinga að sundra Norðlendingum? Hvers vegna? Ég sé engin rök sem mæla með slíkum vinnubrögðum.

Ég tel að fjórðungaskipunin forna eigi að vera grunnurinn þegar þessi ákvörðun er tekin. Sú fjórðungaskipun er í vitund hvers einasta manns sem eitthvað hefur kynnt sér sögu landsins og þó að ungir menn sem lært hafi lögfræði eigi erfitt með að skilja (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) að það hugtak sé til að vera Norðlendingur, að vera Austfirðingur eða Sunnlendingur... (**HG:** Hvar voru skilin á fjórðungunum?) (**FrS:** Úr hvaða goðorði er þm.?) Það er ánægjulegt ef svo mikið fjör færist í leikinn að það er sótt bæði frá hægri og vinstri samtímis þannig að ekki má koma við svörum með eðlilegum hætti.

Það er rétt að byrja á að geta þess varðandi skilin á fjórðungunum að sé miðað við Vesturland eða Vestfirðingafjórðung hinn forna var miðað við Botnsá að Hrútafjarðará. Eldri skil miðuðu við Hvítá, en þegar menn fóru að komast yfir Hvítá með eðlilegum hætti lögðu þeir til að miðað yrði við Botnsá í Hvalfirði. Frá Hrútafjarðará var haldið austur að kjördæmamörkum Norðurlands eystra og Austfjarða. Frá Austfjörðum voru svo skiptin eins og þau eru nú nokkurn veginn á milli Suðurlands og Austurlands. (**HG:** Nokkurn veginn?) Já. (**HG:** Hvernig þá?) Ég hygg að hv. 5. þm. Austurl. þurfi ekki að gera það að miklu deilumáli í þessum efnum. Ég hygg að honum sé ljóst að hér er hann að deila um keisarans skegg. Og ég mælist til þess að menn komist út úr skóglendinu og villist ekki í runnunum, reyni að komast upp á einhvern fjallatoppinn til að horfa yfir og halda eðlilega áttum. Hvers vegna eigum við að horfa á það sem gefna staðreynd að við brjótum Suðurland í sundur? Hvers vegna getum við ekki haft eitt Stór-Reykjavíkurfylki og leyft Sunnlendingafjórðungi að halda að öðru leyti sínu landsvæði?

Ég hygg að þetta mál, sem hér er verið að takast á um og ræða, sé á margan hátt eitt grundvallaratriðið í öllum átökum innan stórra ríkja. Við þurfum ekki annað en líta á Evrópu og skiptinguna. Við þurfum ekki annað en líta á Bandaríkin og hvernig þau byggðu upp elsta lýðveldið. Auðvitað er þetta alltaf spurningin um hvaða aðstöðu miðstjórnarvaldið á að hafa til að deila og drottna í smæstu málum í héruðunum. Mig undrar ef sú hugsun er raunverulega til staðar hjá Alþingi Íslendinga að það sé meiri ástæða til að sópa saman litlum sveitarfélögum í stærri sveitarfélög án þess að hugleiða um landfræðilegar forsendur en að segja t.d. við Stór-Reykjavíkursvæðið: Herrar mínir. Það gengur ekki lengur að Reykjavíkurborg skipuleggi sitt gatnakerfi og Kópavogur skipuleggi sitt gatnakerfi og svo passi götunar ekki saman. — Ég sé að þm. Reykvíkinga er þegar farinn að hugleiða stöðuna.

Það er búið að vera aðhlátursefni landsbyggðarinnar hvernig hægt er að deila um það ár og síð hvorum megin við einn læk hafi átt að leggja braut niður Fossvogsdalinn. Þeir hafa ruglast á því hverjir áttu landið þannig að Reykvíkingar skipulögðu land sem Kópavogur átti og létu byggja á því. Auðvitað þarf að taka á slíkum málum með sameiginlegri yfirstjórn. Auðvitað yrði hér litið svo á að Reykjavíkurborg næði ekki bara yfir það svæði sem Reykjavíkurborg nær yfir í dag. Það yrði litið svo á að Stór-Reykjavíkurfylkið, sem ég kalla svo, tæki til sín þá byggðakjarna sem eru ekkert annað en úthverfi Reykjavíkurborgar.

Ég ætla ekki að eyða löngu máli í þessa umræðu. Ég er sannfærður um að þegar menn skoða þessi mál í ljósi sögunnar mun margur spyrja: Hvað dvaldi þessa þjóð í því að setja sér nýja stjórnarskrá? Og hver verða svörin? Hlægilegt sundurlyndi þegnanna og þingmanna, að ég ekki tali um það að stundum heyrðist það jafnvel að við mundum upphefja einhvern ákveðinn einstakling allt of mikið í Íslandssögunni ef undir hans forsæti færi stjórnarskrá í gegnum sali þingsins. Svo mögnuð hefur þessi deila verið. Og hún er okkur til skammar. Ég tel að það fari ekki milli mála að menn vilja vel með þeim tillögum sem þeir leggja fram í sveitarstjórnarmálum. Ég tel að það fari ekkert milli mála. En ég er jafnviss um hitt að ástæðan fyrir því að hugmyndirnar um millistigið hrynja eins og spilaborg hér í þingsölum er sú að þessum málum á að skipa í upphafi með stjórnarskrá.

Auðvitað verða menn jafnframt að gera sér grein fyrir því að til þessa millistigs verður að kjósa beint af hinum almenna kjósanda. Það gengur ekki að þetta millistig verði kosið af sveitarstjórnum. Það væri ekki lýðræðisleg framkvæmd ef við veldum þann kost. Ég er líka sannfærður um að það væri jafnrangt ef við tækjum ákvörðun um að millistigið fengi á einu bretti öll þau verkefni sem æskilegt væri að það fengi þegar horft væri til lengri tíma. Það væru mistök. Við eigum að byrja á því að koma því á í gegnum stjórnarskrána. Því næst á löggjafinn að fela því verkefni jafnt og þétt og láta umsvif þess vaxa í samræmi við þau markmið að eðlilegt sé að hvert hérað stjórni sem mest sínum málefnum. Það er ekki spurningin um að Norðurland ætli að fara að drottna yfir Stór-Reykjavíkursvæðinu ellegar að Vestfirðingafjórðungur ætli að fara að drottna yfir Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það er spurningin um hvort Sunnlendingar fái að ráða sínum málum sjálfir í öllum aðalatriðum, Austfirðingar fái að ráða sínum málum sjálfir, Norðlendingar fái að ráða sínum málum sjálfir og Vestfirðingar eða Vestlendingar, hvort sem yrði ofan á með nafngiftina, fái að ráða sínum málum sjálfir.

Ég veit að það eru margir sem vilja fiska á gruggugu í þessum efnum. Þeir vilja að nafninu til setja fram hugmyndir um að það eigi að setja eitthvert millistig á. En þeim er engin alvara með að þetta kerfi verði tekið upp með skipulegum hætti. Það blasir við, og það sér hver einasti maður sem skoðar það stjórnkerfi sem við búum við í dag, að Stór-Reykjavíkursvæðið mun eitt ráða öllu í þessu landi. Og spurningin er: Er trúlegt að það sé skynsamlegt að ganga þannig frá málum? Ég segi nei.

Ég vil að gætt sé jafnræðis milli þegnanna og mér finnst að það sé gætt jafnræðis milli þegnanna ef Norðlendingar ráða sinni „Miklubraut" í gegnum Norðurland og ef Reykvíkingar ráða sinni Miklubraut í gegnum þetta svæði. En ég sé ekki annað en það muni leiða til mjög óæskilegrar þróunar á samskiptum milli hinna ýmsu svæða landsins ef aðstaðan er orðin slík að einn aðilinn hefur þar hreinan meiri hluta. Það væri fróðlegt að spyrja hv. 2. þm. Reykv. þeirrar beinu spurningar hvort hann mundi vilja leggja hlutafé í fyrirtæki sem Samband ísl. samvinnufélaga ætti 60% í. Ég sem Vestfirðingur tel að ekki sé rökrétt að taka þátt í því stjórnkerfi sem býður upp á að einn aðilinn ráði þar 60%. Ég fæ ekki séð hvernig það stjórnkerfi getur þróast á jákvæðan hátt. Þess vegna hlýtur millistigið að vera sú jákvæða niðurstaða sem sameinar Íslendinga í því að allir þegnar þessa lands geti haft jafnan rétt. Auðvitað eiga allir þegnar landsins t.d. að hafa jafnan rétt í ákvörðun um utanríkismál þessarar þjóðar, svo að ég taki dæmi. (**FrS:** En jafnan kosningarrétt?) Jafnan kosningarrétt, segir hv. 2. þm. Reykv., þ.e. að einn hópurinn á að ráða 60% hlutanum og hinir 40 að vera með upp á punt. Ég held að skilningurinn á því hvort menn eigi að fá að ráða sínum landsvæðum eða ekki sé skilningurinn á því hvort menn vilja vinna að sáttum í þessu landi eða ekki.

Ég hef horft á þá tilhneigingu ríkisvaldsins að á sama tíma og menn tala um að það eigi að dreifa valdinu siglum við stöðugt inn í meiri og meiri miðstýringu. Við viljum ráða því hvenær karlarnir í Grímsey fara á sjó. Við viljum ráða því hvar þeir fá að byggja sín skip. Við viljum, að því er sýnist og séð verður, ráða nánast í smáatriðum hvernig menn hafa möguleika til athafnasemi í landinu. Það er athyglisvert að einkaframtakið virðist ekki hika við að taka undir harðsvíruðustu miðstýringartillögur. Hugsjónin er sett til hliðar, ofan í poka. Það er horft á það hverjir fá að stjórna þá stundina.

Ég hef að sumu leyti nokkuð gaman af því hvað þessi þverbrestir geta komið skoplega út. Kannske er eitt besta dæmið að hv. 2. þm. Reykv. hefur verið hvað grimmastur talsmaður þess að fulltrúar atvinnuveganna eigi að semja og ríkisstj. og Alþingi ekki að koma þar nálægt. Við sitjum hér og vitum að það er óvíst hvort í annan tíma hafa stærri ákvarðanir verið teknar utan þingsins en teknar hafa verið að undanförnu.

Ég hef ekki hugsað mér að bera fram brtt. við þetta frv. eða þær brtt. sem hér eru lagðar fram. Mér hefur virst að það væri skynsamlegast, miðað við mínar skoðanir, að velja þann kostinn að sitja hjá, einfaldlega vegna þess að ég tel að án þess að breyta stjórnarskránni sé vonlaust að koma þessum málum í þann farveg sem ég teldi það nálægt þeim skoðunum sem ég hef að hægt sé að bera ábyrgð á framkvæmdinni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. það sem hér er til 2. umr. á sér býsna langan aðdraganda. Það er að stofni til unnið af nefnd sem skipuð var 13. júní 1981, eins og fram kemur í athugasemdum með frv. Það er ekki að undra að frv. af þessu tagi sé býsna lengi í undirbúningi. Mál þetta er vandasamt. Það þarf að taka tillit til margra sjónarmiða, breytilegra aðstæðna.

Hér er verið að fjalla um löggjöf um grunneiningar stjórnkerfisins, sveitarfélögin og þann samstarfsvettvang sem þeim skal vera búinn í lögum, og löggjöf um þessi efni þarf vissulega að vera vönduð. Að minni hyggju er betra að doka við, bíða eitt, tvö eða jafnvel fleiri ár með afgreiðslu á slíku máli, en flaustra henni af. Þó að í þessu frv. eins og það kemur frá hv. félmn. sé að finna ýmis ákvæði til bóta í löggjöf um sveitarstjórnarmál finnst mér að mál þetta sé ekki nægilega vel unnið enn þá. Ýmis ákvæði þess eru óljós, jafnvel vafasöm, og enn eru sum sem sýnast jafnvel stefna í öfuga átt.

Nú er hér um stjfrv. að ræða og ég hygg að hæstv. félmrh. leggi nokkuð upp úr því að koma þessu máli áfram. Ég vil þó segja að mál þetta er ekki í eðli sínu flokkspólitískt mál þó að öll mál megi í rauninni gera að flokkspólitískum málum. Það er ekki í eðli sínu flokkspólitískt. Ég vil og láta þess getið að málið er ekki fullrætt í þingflokki Sjálfstfl.

Ég dreg í efa að þrátt fyrir að hv. félmn. kynni að vilja vinna vel á milli 2. og 3. umr. takist að sníða þessu frv. þann búning sem ég teldi að þyrfti að vera til þess að það rísi undir því að vera grunnur að vandaðri löggjöf sem við gætum haldið fram að væri líkleg til að standa með sóma þegar til framkvæmdanna kemur.

Meginbreytingar í frv. eins og það liggur fyrir nú við 2. umr. með breytingum meiri hl. félmn. eru í rauninni aðeins tvær. Það er í fyrsta lagi að fella niður sýslunefndir og í öðru lagi að taka upp ákvæði í lög um frjálst samstarf sveitarfélaga. Vitaskuld eru þarna mörg önnur atriði sem eru nýmæli og breytingar, en þessar sýnast mér vera veigamestar.

Því hefur verið haldið fram að sýslunefndir séu úrelt fyrirkomuleg til stjórnsýslu og séu leifar frá gömlum tíma sem ekki henti því sem þarf að taka tillit til í nútímaþjóðfélagi. Þetta dreg ég í efa. Það er vissulega rétt að miklar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu. Það hefur orðið fjölgun á kaupstöðum í landinu og það þarf að hugleiða á hvern máta kaupstaðir gætu átt aðild að þeim samstarfsvettvangi sem sýslunefndir nú mynda fyrir meðferð ýmissa mála er varða stjórnsýslu í strjálbýli. Tillögur um þessi efni hafa komið fram. Býsna skýrt mótaðar tillögur voru raunar í frv. eins og það var lagt fyrir. Aðrar tillögur hafa einnig komið fram um þetta efni sem mér sýnist vera skýrari en var í frv. og þyrfti a.m.k. að mínum dómi að hugleiða betur.

Nú skal viðurkennt að Reykjavíkur- og Reykjanessvæðið hefur orðið mikla sérstöðu hér á landi og það er mjög erfitt að finna form á löggjöf um sveitarstjórnarmálefni sem nær því með sama hætti að geta gilt fyrir kaupstaðina á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu og um hin strjálbýlli landsvæði. Ef ekki tekst að finna um slík efni nákvæmlega sambærilegt form í lögum er að leita að því á hvern máta frávik þurfa að vera til þess að hægt sé að segja að um góðar og gildar reglur sé að ræða fyrir stjórnsýslu í báðum hlutum landsins, þ.e. í aðalþéttbýli þess annars vegar og strjálbýli þess hins vegar.

Það er athyglisvert í sambandi við þetta mál og brtt. meiri hl. nefndarinnar að þar er gert ráð fyrir að þeim verkefnum sem nú er sinnt af sýslunefndum verði skipað með lögum undir svokallaðar héraðsnefndir og að héraðsnefndir taki við þeim verkefnum sem sýslunefndir fara með nú. Með áliti meiri hl. nefndarinnar birtist einnig fylgiskjal yfir þau lagaákvæði sem fjalla um sýslunefndir og verkefni þeirra og er það þakkarvert og býsna fróðlegt plagg því þar eru taldir upp lagabálkar, sem eru á milli 40 og 50, þar sem orðið sýslunefnd kemur fyrir og fjallað er um verkefni sýslunefnda. Þó að það sem kveðið er á um í þessum lagabálkum sé vissulega mismunandi þýðingarmikið og sumt úrelt sannar þetta þó að ýmsu þarf að breyta í annarri löggjöf til þess að þar rekist ekki eitt á annars horn.

Í brtt. sem meiri hl. nefndarinnar leggur fram um héraðsnefndir segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefni þau, sem sýslunefnd er nú falið með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna.“

Við þessa málsgr. eins og hún er fram sett er það að athuga að engin ákvæði fylgja t.a.m. um kosningar til héraðsnefnda eða yfirstjórn héraðsnefnda og forustu í þeim. Það segir að héraðsnefndir skuli taka við eignum og skuldum sýslunefnda, en það er fátæklega að því vikið á hvern hátt sú eignayfirfærsla skuli fara fram og heimilað er að einstök sveitarfélög geti tekið til sín sinn hluta í eignum sýslunefnda en átt samt aðild að nýrri héraðsnefnd og ekki að því vikið á hvern máta það sveitarfélag héldi réttindum sínum til ákvarðana, til fjárframlaga o.s.frv., til jafns við önnur sveitarfélög ef það héldi eftir sínum hluta í eignum sýslunnar og sýslunefndar. Að engu því er vikið í þessum tillögum. Vitaskuld þarf að kveða skýrt á um slík atriði sem gætu ella orðið til að valda miklum misskilningi og miklum ágreiningi.

Enn fremur þyrftu að vera í lögum um slík atriði reglur um það með hvaða hætti kaupstaðir kæmu inn í sýslunefndir, inn í héraðsnefndir ef þær hétu það, með fullum réttindum, hvaða eignarhlut kaupstaður sem stendur utan sýslunefndar þyrfti að leggja fram í nýrri héraðsnefnd til þess að halda þar að fullu rétti sínum gagnvart þeim sveitarfélögum sem flytja fyrri eignir sínar úr sýslunefnd yfir til héraðsnefndar. Engin slík ákvæði eru í þessum tillögum og ekki á nokkurn máta kveðið á um það hvernig réttarstaða slíkra sveitarfélaga yrði í þessu nýja samstarfi.

Þá er ekki að finna nein ákvæði í þessu frv. né brtt., sem ég hef komið auga á, um tekjustofna þeirra héraðsnefnda sem hér er gerð tillaga um.

Þetta sýnist mér vera býsna laust í reipum og úr því að skylt væri skv. þessum tillögum að mynda samstarfsvettvang þeirra sveitarfélaga sem nú eiga aðild að sýslunefndum um þau verkefni sem sýslunefndir hafa með höndum, hvers vegna skyldum við þá ekki halda sýslunefndunum áfram í breyttu formi og laga þær að breyttum aðstæðum með hlutdeild kaupstaða á því svæði, í stað þess að taka upp þessa skipan? Auðvitað skipta nafnbreytingar ekki miklu máli í þessu efni en þó skipta þær kannske nokkru.

Hér er sem sé verið, að minni hyggju, að riðla skipan, kannske að þarflausu eða þarflitlu a.m.k., sem í flestum tilvikum hefur gefist vel og mætti bæta að formi til og byggja upp eðlilegar og góðar reglur um sem vel gætu haldist, en taka upp aðra skipan í lögum sem er sýnilega laus í reipum og e.t.v. til þess löguð fremur að sundra en sameina. Sennilega mundi með þessum hætti verða veikt staða strjálbýlis gagnvart meginþéttbýli landsins þó að mér detti ekki í hug að ganga jafnlangt í dómum um það og síðasti ræðumaður gerði, hv. skrifari Ólafur Þ. Þórðarson, sem sagði að sýnilegt væri að Reykjavíkursvæðið réði eitt öllu í landi hér, eitt öllu í landi hér, og var nokkuð langt gengið að mínum dómi af hans hálfu.

Ég tel að sýslunefndir og forsvarsmenn þeirra hafi í mörgum tilvikum reynst traustir málsvarar strjálbýlis og verið oddamenn í hagsmunamálum sinna byggðarlaga og haldið fram hlut strjálbýlis á þann máta að veruleg vörn hefur verið í og stundum sókn fyrir þá landshluta. Við megum að mínum dómi ekki við því að úr slíku dragi. Ég efast um að hin nýja skipan haldi til jafns við hina gömlu hvað þetta snertir.

Nokkur einstök atriði er að finna í þessu frv. og þeim breytingum sem þar eru gerðar við brottfall sýslunefndanna sem sýnilega verða til þess að auka á miðstýringu og draga úr valdsviði og áhrifum heimamanna. Ég nefni aðeins tvö atriði. Hið fyrra og veigameira er að fjárreiður smærri sveitarfélaga heyra skv. núgildandi lögum undir yfirstjórn og eftirlit og endurskoðun á vegum sýslunefnda í hverju héraði, vissulega undir sameiginlegri yfirstjórn félmrn. Skv. þessu frv. og brtt. sem fyrir liggja yrði hér breyting á. Yfirstjórn fjárreiða sveitarfélaga færðist beint undir félmrn. án millistigs heima fyrir. Hér er því um augljóslega aukna miðstýringu að ræða þar sem um leið er dregið úr áhrifum á meðferð mála heima í héraði. Enn fremur er ákvæðum er varða sameiningu sveitarfélaga breytt á þann máta að þar er ekki um fjallað af hálfu sýslunefndar né heldur af hálfu hinnar nýju héraðsnefndar, ef hún kæmist á, en í stað þess er um þau mál fjallað af Sambandi ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökum sveitarfélaga, að vísu í báðum tilvikum undir forustu félmrn. Hér er líka verið að draga úr a.m.k. umsagnarþætti heimamanna í hverju héraði og færa hann til fjarlægari umsagnaraðila og fjarlægara stjórnvalds.

Þetta styður það sem mér finnst nokkuð bera á í þessari frumvarpsgerð, að verið sé að draga úr áhrifavaldi þeirra manna sem hafa haft forustu fyrir sveitarstjórnarmálum í héruðum um strjálar byggðir landsins og jafnvel flytja þau í einstökum atriðum til miðstýringar í stjórnkerfinu. Það er reyndar svo að ég hygg að þær breytingar sem hér er verið að gera ráð fyrir að komi fram á þessari skipan séu ekki til komnar vegna óska manna úr strjálbýlinu heldur mun þetta fyrst og fremst til komið vegna óska sveitarstjórnarmanna úr þéttbýli.

Þá er hinn þáttur þessa máls, sem ég ætla að hafa færri orð um, það eru lagaákvæði varðandi frjálst samstarf sveitarfélaga. Ég tel í sjálfu sér að fengur sé að því að setja ákvæði í lög um slíkan samstarfsvettvang sem hér er kallaður byggðasamlög. Þó sýnist mér að þar orki a.m.k. tvímælis hvort rétt sé að gera íbúatölu sveitarfélaganna sem aðild eiga eða kunna að eiga að þessu byggðasamlagi jafnhátt undir höfði og frv. gerir ráð fyrir, til að mynda þar sem fjallað er um skiptingu

eigna við slit á slíku samlagi og væntanlega einnig um valdsvið innan slíks félagsskapar því að í ýmsum tilvikum getur hentað önnur skipting á framlögum til tiltekinna verkefna en bein íbúatala eða jafnvel beinir tekjustofnar þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli. Ég nefni aðeins í þessu tilliti að ef slíkt samlag, sem kallað er hér, væri myndað um samrekstur og sameign grunnskóla, eins og mjög víða tíðkast í sveitum landsins, er það alsiða, þar sem ég þekki til, að það sveitarfélag sem skólinn rís í ber sýnu meiri hlut í kostnaði við fjárfestingu og rekstur en önnur aðildarsveitarfélög miðað við íbúafjölda eða miðað við tekjustofna sveitarfélaganna. Og það er vitaskuld vegna þess að það er hagur að því fyrir sveitarfélag að hafa slíkan skóla, eða slíka stofnun af einhverju tagi, innan sinna vébanda. Ég læt þetta aðeins koma hér fram sem vafamál sem þyrfti að huga betur að og þau eru ýmis slík efni sem þyrfti að hugleiða, að mínum dómi, nokkuð betur í þessu frv. áður en samþykkt yrði.

Ég ætla ekki að fjalla hér um fleiri efnisatriði þessa máls. Ég endurtek aðeins að mér sýnist að sú skipan sem lagt er til að komið verði á, og þá að teknu tilliti til brtt. frá meiri hl. félmn., sé í ýmsum tilvikum óljós og ekki nógu vönduð til þess að það væri að mínum dómi rétt að afgreiða þetta mál í þessum búningi og það þurfi að leggja í það meiri vinnu en þegar hefur verið gert, þó svo að sú vinna sé orðin ærin.

Ég vil hins vegar gera athugasemdir einnig um allt annað en efnisatriði og þá á ég við málfar. Ég á við nýyrði sem upp eru tekin. Í X. kafla frv., sem fjallar um hin frjálsu samtök sveitarfélaganna, er lagt til að það samstarf sveitarfélaga nefnist byggðasamlög. Þetta finnst mér ekki vera nothæft orð og fellur það að mínum dómi illa að því hugtaki sem það á að þjóna. Auk þess stangast það á við málvenju sem ég hygg að hafi ríkt hér á landi, a.m.k. í ýmsum landshlutum, miklu lengur en ég man til, kannske frá alda öðli.

Mér sýnist að hægt væri að finna þarna skárri orð heldur en þetta þó að ég hafi þau ekki mörg á takteinum. Mér sýnist að það væri t.a.m. hægt að nota orðið hverfi. Nú má vel vera að einhverjum sýnist það ekki vel gott vegna þess að staðarnöfn eru til í málinu sem heita þessu nafni. Þar á ég við t.a.m. Höfðahverfi og Fljótshverfi. Hverfi er gamalt og gott og gróið íslenskt orð sem fellur sæmilega vel að þessu hugtaki sem hér er verið að tala um. Og þetta er einnig til í samtengdu orði nákvæmlega varðandi slíkt viðfangsefni og þar á ég við orðið skólahverfi. Skólahverfi getur náð yfir nokkur sveitarfélög og gerir það oft. Nokkur sveitarfélög geta myndað hverfi án þess að það fari á nokkurn hátt í bága við málvenju á Íslandi. Það mætti allt eins vel, ef við kennum slík hverfi við verkefni sem væri sennilega nærtækast, tala um bókasafnshverfi, fjallskilahverfi — í staðinn fyrir fjallskilaumdæmi — heilbrigðishverfi o.s.frv., eftir þeim verkefnum sem sveitarfélögin mundu bindast samtökum um í frjálsu samkomulagi varðandi þessi málefni. Enn fremur kæmi til álita, ef menn kysu það heldur, að kenna slík hverfi við landsvæði og væri vitaskuld miklu nær en byggðasamlög, og t.a.m. væri Mýrahverfi eða Borgarfjarðarhverfi miklu betra en Mýrabyggðasamlag eða Borgarfjarðarbyggðasamlag eða Héraðsbyggðasamlag af því að hér stendur hv. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson. Ekki færi það vel í munni, Héraðsbyggðasamlag, en sæmilega gæti hljómað Héraðshverfi.

Þetta er annað þeirra atriða sem ég vil gera alveg sérstaklega athugasemdir við varðandi málfar og nýyrði. Ég geri kröfur til þess að þegar sett eru fram nýyrði af þessu tagi þá séu þau ekki þeirrar gerðar að þau raski eða stangist á við aldagamla málvenju.

Annað atriði er hér í VI. kafla frv. sem fjallar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélaga eða sveitarstjórna. Þar kemur fyrir samheiti sem kallað er byggðarráð og á að ná yfir það sem kallað er borgarráð í Reykjavík, bæjarráð í öðrum kaupstöðum og hreppsráð, hér í frv., í hreppum. Þetta orð finnst mér jafnvel sýnu verra en hið fyrra og brýtur gersamlega í gegn málvenju, jafnvel enn meira en fyrra orðið. Að mínum dómi og eftir minni þekkingu — nú er ég auðvitað ekki fræðimaður um íslenskt mál — en eftir mínum málsmekk og minni málkennd þá þýðir byggð landsvæði sem fólk hefur tekið sér bólfestu á, þ.e. byggt land, en annað land er ýmist kallað óbyggð eða óbyggðir. Við tölum einnig um byggðarlög og byggðarlag fer hvergi nærri saman við hreppamörk eða sveitarfélög eða annað slíkt. Það er óbundið af slíkum mörkum. Byggðarlag markast af landfræðilegum mörkum en ekki neinum sveitarfélagamörkum. Ef þetta orð væri notað væri verið að lögfesta það að byggð þýddi eitt sveitarfélag og byggðarráð væri æðsta stjórnsýslunefnd þess sveitarfélags. Ég fæ ekki séð neinn mun eða nein skil í byggðina hér á milli Reykjavíkurkaupstaðar og Seltjarnarneskaupstaðar og sé ekki betur en samkvæmt íslenskri málvenju sé þetta ein byggð. Og svo ég leiti norður til míns kjördæmis sé ég ekki nein skil í byggðina í Miðfirði á milli Fremri-Torfustaðahrepps og Ytri-Torfustaðahrepps. Það er eitt byggðarlag, það er ein byggð, þó í tveimur hreppum sé. Það eru heldur engin skil í byggðina í Vatnsdal á milli Áshrepps og Sveinsstaðahrepps. Þar er ein byggð. Og það eru heldur ekki nein skil í byggðina á milli Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði og Seyluhrepps. Það er allt ein byggð. Menn tala um byggðarlag og byggð í Miðfirði, byggðina í Vatnsdal og Þingi. Og menn tala um byggðina raunar í Skagafirði og jafnvel austan Vatna og vestan Vatna í Skagafirði. Það fer ekki eftir hreppamörkum.

Orðið byggðaráð og merking þess hér brýtur gegn þessari málvenju og ég hlýt að ætlast til þess að ekki sé verið að brjóta niður með löggjöf það sem hefur haldist í munni manna kynslóð eftir kynslóð hér á landi, að ekki sé verið að fyrirskipa það með lögum að nú skuli þetta þýða allt í einu eitthvað allt annað. Vitaskuld er hægt að finna samheiti yfir þessi ráð á vegum sveitarstjórna ef menn kjósa. Hér er einvörðungu um framkvæmdastjórn sveitarstjórna að ræða og ef nauðsynlegt þykir að hafa um það samheiti þá getur að minni hyggju orðið framkvæmdastjórn gilt. Ég skal ekki fara að bera það saman við þann lagatexta sem hér er í frv. en það er þó hægt að gera það í t.a.m. tveimur greinum. Þá stæði í 55. gr. 1. málsgr.:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosin skuli framkvæmdastjórn úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni o.s.frv. Í 56. gr. gæti staðið:

Framkvæmdastjórn fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með yfirstjórn framkvæmda og fjármála að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin o.s.frv. Og þarf engan að meiða þó að slík æðsta nefnd á vegum

sveitarstjórnar hvers sveitarfélags sé kölluð framkvæmdastjórn en ekki sé verið að finna upp sameiginlegt orðskrípi yfir þessa nefnd sem brýtur gegn aldagamalli málvenju í íslensku máli.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessar athugasemdir fleiri eða lengri. En ég vil láta þess getið að þessi mál eru hreint ekki sársaukalaus þó smávægileg virðist.

Eins og fram hefur komið í máli mínu legg ég til að ekki sé hrapað að þessari lagasetningu. Ég tel að það þurfi að vanda mál þetta betur. Ef ekki tekst að koma lagi á það á þessu Alþingi þarf að sjálfsögðu að afgreiða þau atriði sem snerta sveitarstjórnarkosningar á vori komanda, en ég tel að það skipti meira máli að afgreiða vönduð lög, ekki síst um þessi efni, en hvort þau lög séu sett einu árinu fyrr eða seinna. Ég skil mætavel áhuga hæstv. félmrh. á því að koma málum fram sem undir hann heyra. En ég lít svo til að virðing hans yrði því meiri sem lögin verði betri og það alveg jafnt þó seinna verði. Ég tel að það væri tilefni til þess varðandi þau atriði þessa mikilvæga lagabálks sem mest varða strjálbýli landsins, hvort sem settar yrðu á héraðsnefndir skv. brtt. meiri hl. nefndar eða ekki, og þau lagaákvæði sem þurfa að gilda um lögboðinn samstarfsvettvang sveitarfélaga. Svo að komist verði hjá margs konar árekstrum og deilum og vandræðum legg ég til að reyndir sveitarstjórnarmenn úr strjálbýli verði fengnir til að líta á ákvæði sem um slík efni fjalla alveg jafnt fyrir það þótt það yrði til þess að meginefni þessa frv. næði eigi fram að ganga á þessu Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er framhald umræðu um mikilsvert mál, þar sem er frv. til sveitarstjórnarlaga og sitt hvað sem því tengist. Ég ræddi þetta lítillega við 1. umr. málsins og nú erum við komin í 2. umr. og fyrir liggja nál. og brtt. við frv., m.a. frá meiri hl. félmn. Ég hefði kunnað því vel, herra forseti, ef við umræðuna væri einnig viðstaddur, auk hæstv. félmrh. sem hér situr dyggilega, talsmaður meiri hl. félmn. því ég geri ráð fyrir því að víkja í máli mínu einhverjum orðum að tillögum meiri hlutans og inna hv. 2. þm. Reykv. eftir viðhorfum í því sambandi. (**Forseti:** Vegna þessara ummæla hv. ræðumanns skal það upplýst að hv. 2. þm. Reykv., sem var frsm. félmn., er því miður fjarstaddur eins og er og lét þess getið. En staðgengill hans er hér, hv. 3. þm. Norðurl. e., og mun svara fsp. ef fram verða bornar, og þá er spurning hvort það nægi.) — Virðulegur forseti. Ég mun láta mér það nægja í bili a.m.k., en kannske rætist úr með viðveru hv. 2. þm. Reykv. og við sjáum þá til.

Ég vil í mínu máli aðallega gera grein fyrir brtt. sem ég flyt við þetta frv. á þskj. 545. En áður en að því kemur ætla ég þó að víkja að nokkrum þáttum málsins almennt eins og það liggur nú fyrir og sérstaklega brtt. af hálfu hv. félmn. Ég tel að eins og frv. liggur fyrir með brtt. meiri hlutans þá sé hér sannarlega orðið um veigalítið frv. að ræða. Það stendur í rauninni sáralítið eftir í þessu frv. sem stóru máli skiptir, hvað þá að tíðindum sæti, og sumt í rauninni fært til verri vegar og það allverulega frá því að frv. lá hér fyrir til 1. umr.

Það hefur líka komið hér fram við umræðuna og í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að þetta frv. sé engan veginn fullrætt í öðrum þingflokki stjórnar, stuðningsflokki ríkisstj., þ.e. í þingflokki sjálfstæðismanna. Ég vænti að menn hafi lagt eyra við þessum orðum hv. 1. þm. Norðurl. v., því það sætir vissulega nokkrum tíðindum að hér skuli vera komið stjfrv. út úr nefnd án þess að þingflokkur sjálfstæðismanna sé búinn að taka til þess afstöðu. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hvatti ítrekað og eindregið í sínu máli til þess að ekki yrði reynt að knýja frv. fram með þeim hætti sem fyrir liggur og fram hefur komið frá talsmanni meiri hl. félmn., þ.e. að frv. verði lögfest hér í þeim búningi sem það kemur í frá meiri hl. félmn. á næstu dögum, fari héðan út úr þingdeild í þessari viku og síðan í gegnum Ed. þingsins í næstu viku ef ég hef getið rétt í málflutning talsmanns félmn. Þetta eru vissulega ótæk vinnubrögð, svo ekki sé meira sagt, í stóru máli og sannarlega í frásögur færandi hvernig stjórnarliðið stendur að þessu máli. Ég tek eindregið undir þær kröfur sem fram komu í máli síðasta hv. ræðumanns, Pálma Jónssonar, um að ekki verði reynt að taka afstöðu til þessa frv. eins og það liggur hér fyrir af hálfu meiri hl. heldur skoði menn sinn gang og leiti að þeim atriðum sem nauðsyn er talin á að lögfesta, tæknilegum atriðum svo sem varðandi kosningaaldur og kosningadag til sveitarstjórna, en ég hygg að það séu í rauninni þau atriði sem að mati meiri hl. félmn. reka á eftir í þessu máli og annað ekki, því að um alla aðra þætti skiptir auðvitað ekki nokkru máli hvort þeir fara í gegn hér fyrr eða síðar, þar sem í verulegum atriðum er verið að fjalla um tæknileg atriði sem mörg hver eru raunar þegar orðin hefðbundin í meðferð sveitarstjórna og í samskiptum milli sveitarstjórna.

Ég vil taka það fram að ég er eindreginn stuðningsmaður þess, eins og ég hygg að sé um flesta alþm., að kosningaaldur til sveitarstjórna verði hinn sami og til Alþingis, en hitt get ég ekki látið hjá líða að nefna að mér finnst að tillögurnar varðandi kjördag til sveitarstjórna séu harla kynlegar og sérstaklega sú niðurstaða, sem hér birtist í till. meiri hl., að hafa annan kjördag til sveitarstjórna í þéttbýli en gert er ráð fyrir í alþingiskosningum. Ég hef ekki heyrt nokkur frambærileg rök fyrir því að gera þarna tillögu um annað og hygg að hér sé eitt dæmið um það hvernig flokki hæstv. félmrh. er þröngvað í máli sem þessu, líklega að vilja borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík, hentugleika Davíðs borgarstjóra um að láta kjósa fyrir lok maímánaðar en ekki annan laugardag í júní eins og lög gera ráð fyrir varðandi alþingiskosningar og raunar er gert ráð fyrir heimild til varðandi dreifbýlishreppa í landinu.

Ég ætla ekki að gera stórt mál úr þessu út af fyrir sig, en þetta er þó dæmi um einkennileg vinnubrögð að mínu mati og algerlega ástæðulaus. Það getur dregið til þess hvenær sem er að kjósendur í landinu þurfi að ganga að kjörborði með hálfs mánaðar millibili, annars vegar til að kjósa sveitarstjórnir og hins vegar til að kjósa til Alþingis. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hví ætla menn landsmönnum að búa við slíkt? Hvaða ástæða er til þess? Ég bið hv. 2. þm. Reykv., talsmann meiri hl., um rök í þessu máli og ég bið hann og einnig hæstv. félmrh. um að greina okkur frá hvort það sé tillaga beggja stjórnarflokkanna að standa svona að máli.

Í sambandi við sýslunefndir og það sem lagt er til um þau efni samkvæmt tillögum meiri hl. er þar sannarlega á ferðinni afturfótafæðing og hin mesta hrákasmíð sú tilhögun sem þar er lögð til um breytingar frá ríkjandi kerfi sem ég tek alveg undir að ástæða er til að breyta og tek inn í brtt. sem ég flyt við frv. að sýslunefndir

verði af lagðar með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir. En sú tilhögun sem till. meiri hl. félmn. gera ráð fyrir um þetta efni eru sannarlega kynlegar, svo ekki sé meira sagt, og nær hefði verið að láta núverandi kerfi þó gilda áfram en hrapa að þeim breytingum, mjög óljósum og loðnum, sem þar eru fram settar um niðurlagningu sýslna og tilkomu héraðsnefnda á rústum þeirra. Ætla ég ekki að fara að rekja þann lopa hér nánar. Menn hafa heyrt um hann og menn hafa lesið sér til um hann.

Í þessu frv. er sáralítið að finna sem treystir stöðu sveitarfélaga í landinu, hvað þá landsbyggðarinnar í heild. Ég vildi fá rök fyrir því og dæmi um það hvaða stórmerki það eru í þessu frv. sem réttlæti þá málsmeðferð sem hér er lögð til og hvaða verulegur styrkur sveitarfélögum vítt um landið er í þeim breytingum sem hér liggja fyrir. Ég get alveg tekið undir að hér eru ýmis atriði sem eru til bóta á gildandi sveitarstjórnarlögum, minni háttar atriði, en þau sæta ekki tíðindum og breyta í rauninni engu varðandi stöðu sveitarfélaganna, engu teljandi. Frv. um tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga liggur ekki fyrir og það er þó kannske það mál sem einhverju skiptir, eða við skulum ætla það, um þær tillögur sem hæstv. félmrh. hefur boðað að liggi fyrir innan fárra daga. Hann sagði okkur á síðasta fundi Nd., hæstv. ráðh., að tillögur hans um þetta efni mundu liggja fyrir upp úr mánaðamótum og þau eru skammt undan. Mér finnst það í rauninni óhæfa að vera að fjalla um þetta mál sér á parti án þess að við höfum fyrir okkur tillögur ríkisstj. og stjórnarliðsins um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga. Það er enn eitt atriði sem rennir stoðum undir það viðhorf að menn eigi ekki að hraða afgreiðslu þessa máls hér í þinginu.

Ég vil þá varpa fram þeirri spurningu: Hvernig getum við þm. af landsbyggðinni í rauninni setið hér í þinginu, staðið í ræðustól og fjallað um þessa frumvarpsómynd ríkisstjórnarliðsins með tilliti til þess sem er að gerast á landsbyggðinni og með tilliti til þess sem við þyrftum að vera að fjalla hér um til þess að bregðast við þeirri vá, þeim ótíðindum sem við heyrum viku eftir viku, mánuð eftir mánuð og fáum æ gleggri upplýsingar um hvert stefnir fyrir landsbyggðina? Við höfum fengið enn einar upplýsingarnar frá Hagstofu Íslands enn eitt árið í viðbót sem sýna ljóslega hvert stefnir í fólksflutningum í landinu. Hv. þm. hafa kynnt sér þau efni og ég ætla hér ekki að fara að hafa uppi langt mál um þá hluti, en breytingarnar á síðasta ári varðandi fólksflutninga í landinu og íbúafjölda eru viðbót við það sem hefur verið að gerast á undanförnum árum. Eftir stutt jafnvægisskeið í íbúatölu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu á árunum 1975–1980 eða svo, hefur verið hraðfara öfugþróun síðan, versnandi frá ári til árs, Íslandsmet slegið árið 1984 í þessum efnum þegar 1113 manns umfram aðflutta fóru frá landsbyggðinni, féllu út af íbúaskrá á landsbyggðinni, en höfuðstaðurinn tók þessa tölu og alla aukningu í fólksfjölda til viðbótar. Hún er 3500 manns nettófækkunin á landsbyggðinni frá 1980 talið. 1113 1984, á því eina ári, og á síðasta ári töpuðu Vestfirðir 212 íbúum. 212 var fækkunin á Vestfjörðum. Í Austur-Skaftafellssýslu einni saman 59 talsins. Það varð fækkun í öllum hreppum þar í sýslu nema einum og þar á meðal í þéttbýlinu á Höfn í Hornafirði. Þetta er dæmi um öfugþróun sem er slík að við þm. og umbjóðendur landsbyggðarinnar hér á Alþingi verðum að líta á þessi mál í ljósi slíkra talna.

Annað er það sem við blasir. Það er hvernig háttar um undirstöður atvinnulífs út um landið alveg sérstaklega. Hvernig komið er málefnum undirstöðugreina í atvinnulífinu í landinu, undirstöðu sem er að meginhluta úti á landsbyggðinni, rekstrarstaða og hagur fyrirtækja í sjávarútvegi. Um það hafa verið rakin dæmi hér. Ég ætla ekki að tíunda þau hér og nú. En mér sýnist að það sem er til umræðu í þjóðfélaginu núna séu engin sérstök fagnaðartíðindi heldur í þeim efnum, t.d. fyrir stöðu fiskiðnaðarins í landinu. Við höfum nýlega rætt hér hvar komið er í landbúnaði og hvert stefnir í landbúnaði. Hvaða áhrif skyldi það hafa á byggðaþróunina í landinu? Hvað ætli þeim fjölgi sveitarfélögunum á næstu árum þar sem íbúunum fækkar? Mörkin sem menn eru að tala hér um, 50, 100, 200, úreldast því ansi fljótt er ég hræddur um. Iðnaðarfyrirtæki á landsbyggðinni eru að hrynja hvert af öðru, stoppa rekstur, í gær á Akureyri, í dag í Vík í Mýrdal, svo dæmi séu tekin um það hvað er að gerast í iðnaði, og jafnvel verslunin, ef treysta má upplýsingum frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, verslunin í dreifbýli er sögð á horriminni á sama tíma og verið er að byggja yfir hektara í einu verslunarmusteri hér í Reykjavík, og er raunar verið að reisa slík musteri á einum tíu svæðum í borginni og sum hver kannske komin í gagnið sem eru innifalin í þeirri tölu.

Þetta er einn þátturinn í stöðunni á landsbyggðinni sem við ættum að vera að ræða hér í staðinn fyrir það frv. sem hér á að knýja í gegn á næstu dögum.

Hvað segja okkur upplýsingar um framlög ríkisstjórnarmeirihlutans til opinberra framkvæmda í landinu, framkvæmda sem skipta sköpum fyrir byggðarlögin út um land? Um það fengum við svör alveg nýlega frá hæstv. fjmrh. Þau er að finna á þskj. 521, svar við fsp. frá mér um hver hafi verið þróun opinberra framlaga á fjárlögum frá árinu 1982 til ársins 1986 að telja, m.a. reiknað á föstu verðlagi ársins 1986. Þar blasir við sú mynd, sem ég ætla ekki að rekja hér í einstökum atriðum, að í stórum og mikilvægum þáttum hefur orðið 100% rýrnun og meira að raungildi á framlögum til stórra málaflokka opinberra framkvæmda þar sem ríkið stendur að málum með sveitarfélögunum. Í mennta- og fjölbrautaskólum hafa framlögin rýrnað frá árinu 1982 úr 123 millj. röskum niður í 54 millj. 1986. Í byggingum grunnskóla hafa þau rýrnað úr 218 millj. röskum niður í 120 millj. á þessu árabili. Í dagvistarheimilum, þar sem þó liggur fyrir staðfest áætlun um átak, hefur rýrnunin orðið úr tæpum 50 millj. í 40 millj., í byggingu sjúkrahúsa úr 403 millj. röskum niður í 240 millj. á sama árabili, til hafnarmannvirkja og lendingarbóta úr 271 millj. niður í 118 millj. 1986, til flugvalla úr 103 millj. niður í 61 millj. Ja, þetta eru nú tíðindi. Þetta eru svörin frá hæstv. fjmrh. Þau verða væntanlega ekki vefengd, enda gerð á grundvelli reynslunnar og liðins tíma og samþykkta varðandi fjárlög yfirstandandi árs.

Og hvernig skyldu málin standa í sambandi við húsbyggingar, byggingu íbúðarhúsnæðis, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni á undanförnum árum? Ég hef hér, herra forseti, fyrir framan mig tölur um þessi efni, sem ég hef fengið frá Húsnæðisstofnun ríkisins, og ég vil leyfa mér að nefna nokkrar tölur úr því yfirliti, sem ég fékk frá Húsnæðis-

stofnun fyrir nokkrum vikum, um byggingarstarfsemina á undanförnum árum yfir tímabilið frá 1978 til 1984 og sumpart lengra aftur í tímann. Hvað kemur fram á því yfirliti? Örfá dæmi:

Fyrst varðandi fjölda íbúða sem byrjað var á árlega á þessum árum. Árið 1978 var byrjað á 1065 íbúðum á landsbyggðinni, 1209 í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Hlutföllin voru: 47% á landsbyggðinni, 53% í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Samtals var byrjað á 2274 íbúðum þetta ár. Síðan er öfugþróun sem hefst á árinu 1981, en fer hraðfara versnandi síðan frá ári til árs og árið 1984, því tölurnar fyrir árið 1985 eru ekki komnar, er staðan þessi: Það var byrjað á 387 íbúðum á landsbyggðinni samtals á árinu 1984, en á Reykjavíkursvæðinu 1348. Hlutföllin eru komin niður í 22% af heildarfjölda íbúða sem byrjað er á á landsbyggðinni, en í 78% í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Talan lækkar á landsbyggðinni nær þrefalt, en hækkar tölulega í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, á því svæði sem við gjarnan köllum höfuðborgarsvæðið þó að Suðurnes séu þar vissulega í nokkrum sérflokki.

Og aðeins til viðbótar við þetta — ég mun veita mönnum aðgang að þessum tölum því þær eru upplýsandi um stöðuna og þróun í hverju einasta kjördæmi á landinu — varðandi fjölda íbúða sem fengu frumlán á þessu tímabili:

1978: Á landsbyggðinni voru veitt frumlán til 898 íbúða, í Reykjavík og Reykjanesi á sama ári 985. Hlutföllin 48% á móti 52% í seinna tilvikinu, Reykjavík og Reykjanes. 1984: Hæstv. félmrh. Hver ætli hlutföllin séu þá? Þá eru veitt frumlán til 362 íbúða á landsbyggðinni, en 1117 í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Hlutföllin eru 24,5% á móti 75,5%. (**Félmrh:** Það hafa allir hv. þm. undir höndum þessa skýrslu frá Húsnæðisstofnun). Það er ágætt, en það er líka ástæða til að koma þessari þróun á framfæri í sambandi við þá umræðu sem hér fer fram um sveitarstjórnarmál og það sem við þyrftum að vera að gera í þeim efnum. Það getur vel verið að hæstv. félmrh. finnist slæmt að heyra þessar tölur hér úr ræðustól og fá þær inn í þingtíðindi, en það væri ástæða til að lesa miklu fleiri um þróunina á þessum tíma og er ég þó ekkert sérstaklega að sakast við hæstv. félmrh. í sambandi við þessi efni. Hann hefur víst nóg að bera samt þó ég sé ekki að bæta þar á frekar í sambandi við umræðu um þetta frv.

Þetta segir ekki alla sögu. Þróunin varðandi verð fasteigna á landsbyggðinni, hver hefur hún verið? Við höfum fengið upplýsingar um það nýlega að markaðsverð fasteigna miðað við brunabótamat hefur farið hríðlækkandi að undanförnu. Mig minnir hlutfallið á Akureyri vera 68% og ég veit að víða úti um landið er það komið enn þá neðar, niður undir 60%, kannske enn þá neðar, þannig að við eru ekki lengur til fyrir lánunum sem mönnum bjóðast í þessum efnum, enda skortir það ekki á í húsnæðismálum að lán standi til boða, það er annað sem við er að glíma þar, lánstími, vaxtakjör og misgengi.

Skólamálin hafa líka verið rædd hér í þinginu. Hvernig ætli staðan sé í þeim stóra málaflokki, annars vegar landsbyggð, hins vegar Reykjavíkursvæðið? Varðandi kennara með réttindi annars vegar og hina sem ekki hafa réttindi til kennslu standa mál þannig að í heilum landshlutum er það aðeins um helmingur kennara í skólum sem er með full réttindi til starfa og ástandið víða eftir því. Þó að ég taki skýrt fram að réttindamælikvarðinn einn segir engan veginn alla sögu, menn geta verið ágætlega starfi vaxnir þó þeir hafi ekki fengið ýtrustu réttindi, er þetta þó á heildina litið hin uggvænlegasta þróun.

Undirrót að þessari stöðu á landsbyggðinni er í fyrsta lagi stefna núverandi stjórnarflokka, ríkisstjórnarstefnan í atvinnumálum, í húsnæðismálum, í menntamálum og raunar nánast hvar sem á mál er litið, í atvinnumálum ekki síst, en það er líka röng stefna um langt árabil varðandi uppbyggingu stjórnsýslu, hinnar opinberu stjórnsýslu í landinu. Þar er ekki núverandi ríkisstjórn ein í sök. Þær rætur liggja lengra til baka. En erum við að fá einhverja bót í þeim efnum í þeim frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir yfirstandandi þing? Hvernig líta málin út ef við lítum á frv. um Stjórnarráð Íslands sem nýlega var rætt hér í hv. deild? Það er jafnvel enn þá ómerkilegri pappír en það frv. sem hæstv. félmrh. lagði hér fyrir og hefur versnað í meðförum meiri hl. félmn. Frv. um Stjórnarráð Íslands skiptir nánast engu máli, enda eins víst að það sofni í meðförum og væri bættur baginn. — Hv. 2. þm. Norðurl. v. kom hér í gættina. Hann hefði gjarnan mátt taka þátt í þessari umræðu og hlýða á hana.

Hvernig standa mál varðandi störf hinnar svonefndu byggðanefndar þingflokkanna? Hv. 7. landsk. þm. ræddi það í sínu máli áðan, gerði því nokkur skil. Ég vil taka undir hennar málflutning að því leyti og reyndar í flestum ef ekki öllum efnum sem hún vék að í sínu máli. En byggðanefnd þingflokkanna, sem sett var á laggirnar líklega fyrir einum tveimur árum, hefur ekki komið saman í heila átta mánuði, ekki verið kvödd til fundar í átta mánuði. (Gripið fram í.) Það er full ástæða til, hv. þm. Karvel Pálmason, að ræða þau efni hvernig að þeim málum hefur verið staðið. Þessi þingnefnd undir forustu Lárusar Jónssonar bankastjóra og fyrrv. alþm. hefur ekki verið kvödd saman um átta mánaða skeið, nefnd sem samkvæmt yfirlýsingum ríkisstj. og formanna þingflokkanna átti að bæta úr ýmsum þeim efnum sem á hallaði í sambandi við meðferð frv. um kosningar og afgreiðslu kosningalaga. Ég ætla ekki að ræða þau efni hér sérstaklega, en það er óhjákvæmilegt að gagnrýna þessi dæmalausu vinnubrögð. Ég hef að vísu séð þær hugmyndir sem fyrir liggja í drögum frá starfsmanni þessarar nefndar, drög sem ekkert hafa verið rædd fyrr en nefndin loks var kvödd til fundar í gær eftir átta mánaða hlé, en mér sýnist að það vanti ansi mikið á að fyllt verði upp í eyðurnar í þeim hugmyndum sem þar liggja fyrir frá starfsmanni nefndarinnar, enda órætt mál í byggðanefnd þingflokkanna og mikil bjartsýni í rauninni hjá hv. 7. landsk. þm., ég hygg að það hafi komið fram í hennar máli, að það yrði kannske til skýrsla fyrir vorið, fyrir þinglok sem skipti einhverju máli. (**KH:** Ég lýsti nú ekki bjartsýni.) Kannske er það mistúlkun, en ég get a.m.k. ekki tekið undir slíka bjartsýni í þeirri stöðu sem mál eru fyrir þessari nefnd. Það er ástæða til að gagnrýna þessa stöðu verulega.

Herra forseti. Við þurfum á því að halda í ljósi þeirrar þróunar sem ég hef hér verið að rekja, og það er ekki að ástæðulausu að ég tengi það þessu máli, að hér verði gripið til aðgerða strax, aðgerða sem máli skipta, með lagasetningu á Alþingi og með ákvörðun af hálfu ríkisstjórnar og framkvæmdavalds til að stemma stigu við þeirri háskalegu þróun sem nú er í gangi varðandi

hag landsbyggðarinnar og ég trúi ekki öðru en að þm. í öllum flokkum á Alþingi deili þessum áhyggjum með mér og átti sig á því að hér stefnir í slíkan ófarnað með búsetu út um landið, atvinnulíf og eignir manna að það er skylda okkar á Alþingi að taka á þessum málum hér og nú.

Ég hef, herra forseti, lagt hér fram till. á þskj. 545 til breytinga á þessu frv. til sveitarstjórnarlaga og vil leyfa mér að mæla fyrir þeirri brtt. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni.) Herra forseti. Ég hef farið almennt yfir sviðið í aðdraganda þess að ég ætla að mæla fyrir brtt., en það tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma. Að öðru leyti hef ég í rauninni lokið meginhluta af minni ræðu. (**Forseti:** Klukkan er nú fjögur og það er auglýstur þingflokksfundatími, en ef hv. ræðumaður verður ekki mjög lengi að þessu höfum við enn kannske tíu mínútur. (**FrS:** Er ekki rétt að byrja á kjarna málsins á næsta fundi?) Ég legg það í vald forseta. Ég hygg að tíu mínútur nægi mér ekki því málið er allstórt sem hér er fjallað um og er alveg reiðubúinn að taka þráðinn upp í byrjun næsta fundar. (**Forseti:** Ef svo er vinnst ekki tími til að ljúka þessari umræðu nú eða þeirri ræðu sem verið er að flytja. Ég fer fram á það við hv. ræðumann að geyma ræðulokin til morguns.) Það er velkomið, herra forseti.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 53. fundur.

Fimmtudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókna- og tilraunastöð fiskeldis, þáltill. 277. mál (þskj. 513). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Aðild Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu, stjtill. 287. mál (þskj. 532, n. 549). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Það mál sem hér er til meðferðar hefur verið kynnt hv. Alþingi. Það var kynnt utanrmn. s.l. mánudag og á þriðjudag gerði hæstv. viðskrh. grein fyrir efni þessarar þáltill. Ætla ég ekki að lengja fundinn með því að rifja þau atriði upp. Þetta er um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvær viðbótarbókanir sem til eru komnar vegna aðildar Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu.

Eins og kunnugt er var Portúgal meðlimur EFTA fram að síðustu áramótum, en gekk þá úr því bandalagi yfir í Efnahagsbandalagið. Það gerir nauðsynlegt að útvíkka samkomulag EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalagið svo að það nái til Spánar og Portúgals.

Eins og fram hefur komið, bæði í athugasemdum við þessa þáltill. og í ræðu hæstv. viðskrh., hefur þetta *sáralítil áhrif á viðskipti Íslands við téð lönd að sinni.* Reyndar má gera ráð fyrir að þetta verði fremur hagkvæmt þegar fram í sækir. Það var einróma álit utanrmn. að mæla með því að þáltill. verði samþykkt. Einu athugasemdirnar sem fram komu voru þær að málið væri seint fram komið og æskilegt hefði verið að hið háa Alþingi hefði haft meiri tíma til að kynna sér það, en með tilliti til þess að hér er um nokkuð sjálfsagt mál að ræða og enn fremur að gerð var rækileg grein fyrir því í utanrmn. af ráðuneytisstjóra viðskrn. telur nefndin ekki ástæðu til að gera neina sérstaka athugasemd við þetta, mælir sem sagt einróma með samþykkt ályktunarinnar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 554).

Endurskoðun laga um smitsjúkdóma, þáltill. 278. mál (þskj. 514). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 514 um endurskoðun og samræmingu á lögum um smitsjúkdóma. Flm. auk mín eru hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir, sem hér dvaldi sem varamaður fyrir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur s.l. tvær vikur, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Kristín S. Kvaran.

Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á heilbrrh. að láta fara fram, svo fljótt sem unnt er, endurskoðun og samræmingu á þeim lögum sem taka til smitsjúkdóma. Lagt verði fram frv. þar að lútandi eigi síðar en á næsta þingi.“

Tilefni þessa tillöguflutnings er fyrst og fremst það að í íslenskri löggjöf eru ýmis lög og lagabálkar sem taka til smitsjúkdóma og eru mörg orðin gömul. Má sem dæmi nefna lög um varnir gegn holdsveiki frá 1898 og 1909, berklavarnalög frá 1939, lög til varnar gegn fýlasótt frá 1940, sóttvarnarlög frá 1954, farsóttalög frá 1958, lög um ónæmisaðgerðir og lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978.

Skilningi manna og þekkingu á eðli smitsjúkdóma hefur fleygt fram á s.l. áratugum. Jafnframt hefur greining þeirra, meðhöndlun og varnir gegn þeim tekið miklum stakkaskiptum frá því að lög um þá voru sett. Eru því mörg ákvæði laganna orðin úrelt. Það er því bæði eðlilegt og reyndar löngu tímabært að endurskoða þau til samræmis við nútímaþekkingu og starfshætti. Sömuleiðis er eðlilegt að líta á smitsjúkdóma sem heild við lagasetningu þannig að heildstæð löggjöf nái til allra smitsjúkdóma, en frávik og sérstaða verði mörkuð með reglugerðum.

Þessi lög varða ekki aðeins framfarir í smitsjúkdómum sem slíkum heldur líka ýmsa breytta lifnaðarhætti og

stjórnhætti á Íslandi. Sem dæmi um það hversu úrelt mörg þessi lög eru vil ég leyfa mér að vitna í lög um útbúnað og ársútgjöld til spítala handa holdsveikum mönnum frá 1898, með leyfi forseta. Þar stendur í 5. gr.:

„Í stjórn spítalans eru amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu og landlæknir. Ef deild Oddfellow-reglunnar í Danmörku verður stofnsett hér á landi skal stjórn hennar hafa rétt til að skipa stjórn spítalans einum manni úr flokki reglunnar. Landshöfðingi semur eftir tillögum frá yfirstjórn spítalans reglugerð fyrir hann og erindisbréf fyrir þjónustumenn spítalans."

Í lögum um aðgreiningu holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala frá 1898 segir enn fremur um hegðunarvenjur holdsveikra manna í 3. undirgrein 4. greinar:

„Holdsveikir menn skulu hafa sér hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna."

Þetta eru aðeins tvö kannske fremur spaugileg tilvik, en í raun gefa þau glögga mynd af því hversu gömul og úrelt þessi lög eru orðin og hygg ég að það sé ekkert álitamál að endurskoðun þeirra verði að fara fram sem fyrst.

Flm. till. leggja til að endurskoðunin verði hafin hið fyrsta og henni ljúki með því að lagt verði fram frv. að heildstæðri löggjöf um smitsjúkdóma eigi síðar en á næsta þingi.

Ég vil svo vísa þessari till. til hæstv. félmn. að lokinni umræðu, herra forseti.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta mál er eins og stundum er um tillögur að góðum málum að þar koma sem þingskjöl áskoranir um að unnið sé að málum sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um að gera og það fyrir þó nokkru. Ég vil upplýsa að svo er um þetta mál. Í desembermánuði var tekin ákvörðun um að endurskoða sóttvarnalöggjöfina í heild sinni. Ég hygg að ég hafi minnst á það lauslega við hv. þm. En þar inni í eru allir smitsjúkdómarnir.

Sóttvarnalöggjöfin er á margan veg orðin afar úrelt. Þar er um að ræða m.a. sjúkdóma sem varla eru til. Hitt er annað mál að þetta er flókin löggjöf. Hún fjallar um flókin réttindaatriði manna og hún fjallar um heimildir yfirvalda til að skerða þann rétt sem er undir venjulegum kringumstæðum eðlilegur og sjálfsagður og afar vandmeðfarinn. Þess vegna legg ég mikið upp úr því að hafa með í starfi að endurskoðuninni menn sem hafa mikla reynslu af sjálfri framkvæmdinni. Þá á ég við hina lögfræðilegu hlið þessa máls sem er óneitanlega mjög flókin. Ég tel að það sé ekkert vit að kasta á neinn veg höndum til slíkrar löggjafar. Ég hef litið svo á að þetta verk tæki allmikinn tíma. Til að við horfumst í augu við staðreyndir tel ég afar hæpið að það náist að hafa slíkt frv. í góðu lagi fyrir upphaf næsta þings. Það verður vitanlega unnið að því og verkinu hraðað eftir því sem föng eru á, en í vinnunni að svona máli þurfa að liggja fyrir mjög glögg gögn á ýmsum sviðum og frá ýmsum aðilum, bæði hér og erlendis, og ég tel að með þeim hætti þurfum við að vinna að þessari löggjöf sem er í mörgum greinum orðin mjög gömul en er nauðsynlegt að færa til nútímahorfs og hafa hana þannig að hún sé framkvæmanleg.

Þetta vildi ég upplýsa til ábendingar fyrir þá nefnd sem málið fær til umfjöllunar, en ég er að því leyti til sammála flm. að það er nauðsynlegt að gera þetta, enda hef ég fyrir allmörgum vikum tekið ákvörðun um að það verði gert og rætt við nokkra aðila sem að þessu munu standa. En þannig stendur á að þeir aðilar sem ég hafði ætlað að fela þetta verkefni eru ekki tiltækir fyrr en í vor og ég taldi skynsamlegt að doka við eftir því.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. orð hennar. Ég vissi ekki að þegar hefðu verið gerðar ráðstafanir til að endurskoða og samræma þessi lög þó að ég vissi að fullur hugur væri á því. Ég fagna því að svo sé. Hvað varðar lögfræðileg atriði og réttindastöðu þeirra sem annaðhvort eru smitaðir eða eru í hættu á því að smitast, þá hefur hún kannske breyst mun minna í raun en þekking manna á smitsjúkdómunum sjálfum þannig að ég sé ekki að það ætti að tefja málið mikið. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. að það þarf að vanda til starfsins og taka tillit til sambærilegrar löggjafar í nágrannalöndum okkar. Mér finnast það mjög eðlileg vinnubrögð. Þó að það yrði ekki í upphafi næsta þings sem slíkt frv. yrði lagt fram væri e.t.v. hægt að leggja það fram á næsta þingi og mundi ég vilja hvetja til þess að það yrði gert.

Eitt atriði í viðbót, herra forseti. Það færi kannske betur á því að þessu máli væri vísað til hv. allshn. þar sem um er að ræða samræmingu á lögum. Ég tiltók félmn. áðan.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og allshn. með 32 shlj. atkv.

Fundi frestað.

Neðri deild, 53. fundur.

Fimmtudaginn 27. febr., kl. 2.30 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 54, n. 525, 527 og 529, brtt. 526, 528, 530, 545). — Frh. 2. umr.

Hjörleifur Guttormsson (frh.): Herra forseti. Ég átti eftir að gera grein fyrir brtt., sem ég flyt við frv. til sveitarstjórnarlaga, á þskj. 545, en fyrr í máli mínu dró ég saman ýmis atriði sem varða þróun byggðamála að undanförnu og hversu afar skuggalega horfir þar á mörgum sviðum eins og ég nefndi um mörg skýr dæmi. Ég tel því að við meðferð þessa máls sé mjög brýnt að leitað verði nýrra leiða í sambandi við stjórnskipun í landinu til þess að treysta stöðu landsbyggðarinnar. Brtt. mín lýtur að þessu markmiði og mun ég nú víkja að henni.

Ég geri till. um að við 6. gr. frv. í stað 1. málsgr. komi tvær nýjar málsgr. sem orðist svo:

„Sett skal á fót nýtt stjórnsýslustig, héruð, milli ríkis og sveitarfélaga til að treysta byggð í landinu, koma á virku lýðræði og dreifa valdi frá ríki til landshluta.

Verkefni, sem sýslunefndum hafa verið falin með lögum, skulu falla til héraða nema sveitarfélög komi sér saman um annað."

Í öðru lagi flyt ég um það till. að IX. kafli frv., væntanlegra laga, orðist svo:

„Um héruð. 97. gr. Landinu skal skip í héruð svo sem hér segir:

1. Suðurnes. Nær yfir Gullbringusýslu, Grindavíkur-, Keflavíkur- og Njarðvíkurkaupstað.
2. Kjalarnes. Nær yfir Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfjarðar-, Seltjarnarnes-, Kópavogs- og Garðakaupstað.
3. Vesturland. Nær yfir Vesturlandskjördæmi.
4. Vestfirðir. Nær yfir Vestfjarðakjördæmi.
5. Norðurland vestra. Nær yfir Norðurlandskjördæmi vestra.
6. Norðurland eystra. Nær yfir Norðurlandskjördæmi eystra.
7. Austurland. Nær yfir Austurlandskjördæmi.
8. Suðurland. Nær yfir Suðurlandskjördæmi."

Ég vil víkja aðeins nánar að efni þessarar greinar. Hér er það lagt til að landinu verði skipt upp í átta héruð. Varðandi sex þeirra verði fylgt núverandi kjördæmismörkum, en um tvö þeirra, þ.e. suðvesturhornið, suðvesturhlutann, Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi, verði breytt til um mörk þannig að Suðurnes verði sér en Stór-Reykjavíkursvæðið verði sameinað í einu héraði.

Ég viðurkenni vissulega að skipting af þessu tagi er alltaf álitamál og ég tel það út af fyrir sig ekki meginmál í þessu samhengi hvar slík mörk eru dregin og væri reiðubúinn til þess að skoða aðrar hugmyndir.

Eins og menn muna og vita er í IX. kafla frv. gert ráð fyrir myndun héraða með öðrum hætti en hér er gerð till. um. Meiri hl. félmn. leggur til að sá kafli í heild falli brott. Þar var gert ráð fyrir tvöfalt fleiri héruðum að mig minnir og skiptingu sem fylgdi nokkurn veginn sýslumörkum, þó ekki alls staðar að mig minnir, en í meginatriðum fylgt sýslumörkum. Það eru átján héruð sem þar er lagt til að stofnuð yrðu, eða héraðsnefndir eins og það er kallað, en hér er gert ráð fyrir mun stærri svæðum eða átta og að fylgt verði kjördæmismörkum sem meginreglu með fráviki hér suðvestanlands.

Í máli hv. 5. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar í gær kom það fram að hann mælti mjög eindregið með því að stofnað yrði þriðja stjórnsýslustig, en taldi að þar ættu menn að endurreisa hina fornu fjórðunga og hafa þetta enn stærri svæði en ég er að leggja til. Ég tel ekki vera nein skýr rök fyrir slíkri skipan mála í rauninni og tel vafasamt að farið sé út í slíka skiptingu, tel að þau svæði sem þar er um að ræða séu í rauninni of stór miðað við þau markmið sem æskilegt er að ná fram með slíku nýju stjórnsýslustigi. En ég trúi því ekki að þetta sé meginásteytingsefni og að það sé ekki hægt að ná saman milli þeirra sem eru í reynd þeirrar skoðunar að stofna beri slíkt stjórnsýslustig. Það kom fram hjá hv. þm. þegar hann var um það spurður að fjórðungamörkin eru ekki alveg skýr og klár, a.m.k. reyndust þau ekki vera það hjá honum, og ég hygg að það hafi gerst breytingar á þjóðveldisöld í sambandi við þau efni. Heyrt hef ég það að mörk Austurlands- gagnvart Suðurlandsfjórðungi hafi verið um Fúlalæk eitt sinn eða Jökulsá á Sólheimasandi og báðar Skaftafellssýslur hafi fylgt Austfirðingafjórðungi hinum forna, að minnsta kosti um skeið. Um þetta vil ég ekki neitt fullyrða, ég hef ekki kannað þetta sérstaklega, en nefni þetta hér vegna þess sem fram kom í máli hv. þm.

Ég eyði ekki frekar orðum að þessari tillögu um svæðaskiptinguna, um skiptingu landsins í héruð, en brtt. mín við 98. gr. er þannig, með leyfi forseta:

„Héruð taka við svæðisbundnum verkefnum frá ríkinu eftir því sem fjármagn og tekjustofnar leyfa og Alþingi og viðkomandi héraðsþing samþykkja. Einnig geta sveitarfélög innan héraða falið þeim stjórn eða umsjá sameiginlegra mála að fengnu samþykki héraðsþinga.

Færa skal frá ríki til héraða hið fyrsta m.a. eftirtalda málaflokka að því er varðar svæðisbundin verkefni: húsnæðismál, almannatryggingar, skipulagsmál, byggðamál, menntamál, þjóðminjavernd, heilbrigðismál, vegamál, orkumál, opinbert eftirlit (með rafmagni, heilbrigði, öryggi og annarri hliðstæðri starfsemi), ráðgjöf í atvinnumálum.

Samhliða slíkri tilfærslu verkefna til héraða skal dregið úr umsvifum stjórnarráðsins og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu."

Með þessari till., herra forseti, er alveg ljóst að fyrst og fremst er um að ræða að flytja verkefni frá ríkinu út til héraðanna, en síðan er það hreint samkomulagsatriði við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði hvort og í hve miklum mæli héruðin yfirtaka verkefni frá sveitarfélögunum. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin hafi ekki rétt til að skylda héruðin til þess heldur þurfi héraðsþingin að samþykkja slíka yfirtöku verkefna ef óskað er eftir og samkomulag er um. Þetta bið ég menn að hafa í huga. Þetta er alveg skýrt eins og það er lagt fyrir. Hér er það fyrst og fremst tilfærsla á verkefnum frá ríkinu, frá hinu miðstýrða valdi sem safnast hefur upp í höfuðstað landsins, í stjórnarráði og stofnunum, sem gert er ráð fyrir að færa út í landshlutana. Upptalningin er ekki tæmandi. Auðvitað koma margir fleiri málaflokkar til álita og vissulega getur tekið tíma að ná slíkri tilfærslu fram. Aðalatriðið er að ganga í verkið og styrkja héruðin og styrkja landsbyggðina alveg sérstaklega með þeirri tilfærslu sem þarna er um að ræða þó að héraðaskipanin varði einnig höfuðborgarsvæðið og falli mjög vel að því samstarfi og nauðsynlega samráði sem þarf að verða á þessu svæði og samstöðu um margháttaða þjónustuþætti sem ríkið nú veitir og sveitarfélögin gætu lagt til ef þeim sýnist til Kjalarness.

Varðandi nafngiftina Kjalarnes tek ég það fram að hún er ekki frá mér komin. Ég tók hana upp úr frv. sjálfu þar sem gert var ráð fyrir Kjalarneshéraði með sömu mörkum og þarna er gert ráð fyrir. Ég hefði alveg getað hugsað mér Kjós eða eitthvert annað heiti á þetta hérað og eftirlæt mönnum út af fyrir sig að spreyta sig á slíkri nafngift.

Í 99. gr., herra forseti, er vikið að tekjustofnum héraða og þar gert ráð fyrir að til þeirra renni framlög frá ríkinu skv. fjárlögum og þá skipt svæðisbundið á málaflokka sem héruðin yfirtaka frá ríkinu. Ég geri sem sagt ráð fyrir því að það verði ráðstafað við gerð fjárlaga óskiptu fjármagni til einstakra málaflokka yfir til héraðanna og það væri verkefni héraðsþinganna að skipta því niður. Alþm. losni við það verkefni, ég skal ekki segja hversu kært það er mönnum, að vera að skipta aurunum, sem ráðstafað er í þessa málaflokka við fjárlagaafgreiðslu, niður á einstaka þætti. Ég tel miklu farsælla að fela heimamönnum að glíma við það verkefni og ég er alveg viss um að þó það geti valdið mönnum höfuðverk á þeim vettvangi ekki síður en hér á Alþingi leiði það fyrr en varir til skynsamlegri deilingar og samvinnu um verkefni innan héraða í þeim málum

sem um er að ræða og þá fyrr en varir til betri nýtingar fjármagns og betri verkaskiptingar og ákvarðana um einstaka þætti. Ég er alveg sannfærður um að ef við berum gæfu til að lögfesta þessa skipan, sem hér er gert ráð fyrir, verður það fyrr en varir til þess að heimaaðilar ná fyrr saman um verkefni og hagfellda skipan stórra mála en nú er.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að meðal tekjustofna héraða verði hluti af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti samkvæmt nánari ákvörðun af hálfu Alþingis. Hversu stór hluti það yrði er ekki gert upp hér. Því er vísað til nefndar, sem gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða, en það gæti orðið umtalsverður hluti og síðan skipt á héruðin í samræmi við íbúatölu. Þarna er um að ræða aukið fjármagn. Þarna yrði um að ræða fjármagnstilfærslu af þessum gildasta tekjustofni ríkisins sem nú er ráðstafað að meginhluta eða verulegu leyti hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. Þannig mundi vera um að ræða tekjutilfærslu til landsbyggðarinnar umfram það sem gerist við núverandi skiptingu, t.d. í fjárlögum.

Þá er gert ráð fyrir því að aðstöðugjald eða hluti af aðstöðugjaldi fyrirtækja og stofnana í ríkiseigu eða sem ríkið á hlut að renni til héraða, svo og gjald frá aðilum sem fá stóran hluta tekna sinna af viðskiptum víða um land. Það eru nefnd tryggingafélög, skipafélög, innflutningsfyrirtæki — sem eru jú ekki fá hér í Reykjavík fyrst og fremst — bankar og hliðstæð fyrirtæki. Gert er ráð fyrir ákvörðun í sérlögum um skiptingu á þessu gjaldi.

Síðan sem 4. atriði í d-lið, að sveitarfélögin leggi til héraða fjármagn í samræmi við þau verkefni sem þau kjósa að ráðstafa til héraða.

Þetta er um tekjustofnana og vissulega getur sitthvað fleira komið þarna til greina, en það skiptir auðvitað ekki öllu máli að þarna fylgi með fjármagn til ráðstöfunar, eins og hér er gerð till. um, og saman fari yfirtaka verkefna og nauðsynlegt fjármagn — og aukið fjármagn — út til landsbyggðarinnar í þessi verkefni.

Í 100. gr. er fjallað um héraðsþingin og segir þar, með leyfi forseta:

„Héraðsþing fara með málefni héraða, þar á meðal skiptingu fjármagns til framkvæmda og rekstrar í málaflokkum sem héruð taka að sér, sbr. 98. gr.

Til héraðsþinga skal kosið í almennum hlutfallskosningum fjórða hvert ár, um leið og kosið er til sveitarstjórna, samkvæmt nánari reglum í kosningalögum.

Fjöldi fulltrúa á þingi hvers héraðs skal vera fimmföld tala alþm. sem kjörnir eru í viðkomandi kjördæmi þar sem saman fara mörk héraðs og kjördæmis. Í Suðurnesjahéraði skal kjósa 30 fulltrúa á héraðsþing og í Kjalarneshéraði 60 fulltrúa.

Kjósa skal jafnmarga varamenn á héraðsþing af hverjum lista og aðalmenn eru.

Alþm. viðkomandi kjördæma eiga rétt til setu á héraðsþingi með málfrelsi og tillögurétti, svo og varamenn þeirra.

Einnig eiga rétt til setu á héraðsþingi með málfrelsi og tillögurétti fulltrúar frá sveitarstjórnum í héraðinu, einn frá hverjum lista sem fengið hefur kjörinn fulltrúa í sveitarstjórn, svo og sveitarstjórar. Sveitarstjórn, sem kosin hefur verið óhlutbundinni kosningu, hefur á sama hátt heimild til að senda einn fulltrúa á héraðsþing.

Kostnað af setu alþm. á héraðsþingum greiðir Alþingi samkvæmt nánari reglum. Kostnað af þátttöku fulltrúa sveitarstjórna á héraðsþingum greiða viðkomandi sveitarfélög."

Í 101. gr. er fjallað um tilhögun á starfi héraðsþinga svofellt:

„Héraðsþing skulu koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í janúar- og septembermánuði og er hinn síðari fundur aðalfundur. Í janúar skal skipt fjármagni til einstakra verkefna, m.a. á grundvelli fjárlagaafgreiðslu. Héraðsþing kýs árlega héraðsstjórn með hlutfallskosningu og skulu stjórnarmenn eigi vera færri en sjö. Héraðsstjórn fer með málefni héraðsins milli héraðsþinga og í umboði þeirra og ræður framkvæmdastjóra fyrir héraðið, undirbýr mál fyrir héraðsþing og hefur umsjón með viðfangsefnum í samvinnu við hlutaðeigandi."

Þetta eru þær greinar sem fjalla um héraðsþingin, hvernig til þeirra er kjörið, hverjir hafa þar seturétt fyrir utan kjörna fulltrúa og um lágmarksfundahald á vegum héraðsþinganna.

Eins og hér kemur fram, herra forseti, er það tillaga mín að kosið verði með beinum hætti í hlutbundinni kosningu fjórða hvert ár til héraðsþinga. Um tölu fulltrúa á héraðsþingum er gert ráð fyrir tölu sem er nálægt 30 varðandi minnstu kjördæmin, heldur meira varðandi kjördæmi sem fjölmennari eru og sérreglu varðandi Suðurnesja- og Kjalarneshérað. Auðvitað er ákvörðun um fjölda fulltrúa á héraðsþingi álitamál og sú viðmiðun, sem hér er sett fram, er mér engan veginn heilög. Það kann að vera að eitthvað fleiri eða eitthvað færri væri skynsamleg skipan mála. Þetta er álitamál og ég er mjög sáttur við að það verði athugað nánar ef áhugi er á því að ná saman um þessa tillögu.

Ég tel æskilegt að tengja alþm. við störf héraðsþinga með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, þó þannig að þeir séu þar ekki með atkvæðisrétti. Menn benda eflaust á að þeir þurfi að deila sér upp á tvö héraðsþing í Kjalarneshéraði og Suðurnesjahéraði. Ég tel þeim það enga ofætlan að skjótast á milli á þessu landsvæði þar sem samgöngur eru greiðar og vegalengdir stuttar og unnt sé að haga þinghaldi þannig að þm. Reykjaneskjördæmis, sem hér ættu í hlut, gætu farið á milli og fylgst með störfum þessara héraðsþinga.

Einnig er hér að mínu mati gert ráð fyrir eðlilegri aðild sveitarstjórnarmanna að héraðsþingum, sem auðvitað er nauðsynlegt að geti fylgst með störfum þeirra og haft þar eftir atvikum áhrif á afgreiðslu mála.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, að lengja ræðu mína með því að fara yfir þær greinar sem ótaldar eru, 102.–105. gr. sérstaklega, þar sem er meira um að ræða fyrirkomulagsatriði og tæknileg atriði varðandi starfsemi héraðsþinga, fundasköp, kostnað af störfum þeirra og gerð fjárhagsáætlunar. 105. gr. er samhljóða till. í frv. því sem hér er til umræðu en síðan er ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

„Vegna ákvæða laga þessara um héruð sem þriðja stjórnsýslustig skal sett á fót nefnd á vegum félmrn. með aðild eins fulltrúa frá hverjum þingflokki og fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Nefnd þessi skal gera nánari tillögur um tekjustofna héraða, sbr. 99. gr., og tilfærslu verkefna frá ríki til héraða, sbr. 98. gr. Nefndin skal einnig fjalla um önnur álitaefni vegna tilkomu héraða sem nýs stjórnsýslustigs og skila tillögum sínum fyrir 1. okt. 1986."

Þetta er tillaga mín um ákvæði til bráðabirgða. Síðan er gert ráð fyrir að fyrirsögn verði: „Frumvarp til laga um sveitarstjórnir og héruð", þetta verði lög um sveitarstjórnir og héruð til þess að eðlileg áhersla komi fram í heiti frv. þar sem gert er ráð fyrir lögfestingu á nýju stjórnsýslustigi.

Ég tek eftir því, herra forseti, að hér eru margir þm. sem tala fyrir lagasetningu eða ákvörðun um nýtt stjórnsýslustig ekki ósvipað og hér er gerð till. um þó að þeir geri ekki um það markaðar tillögur eins og ég hef leyft mér hér að leggja fyrir hv. þingdeild. Ég heyrði það í máli hv. 7. landsk. þm., talsmanns Kvennalistans, að þar er að finna eindreginn stuðning við stofnun þriðja stjórnsýslustigsins.

Ég heyrði það á hv. 5. þm. Vestf. að hann er eindreginn talsmaður slíkrar skipunar mála. Ég geri mér hins vegar ekki grein fyrir hversu víðtækan stuðning slík skipan á í þingflokki hv. 5. þm. Vestf. og væri vissulega æskilegt að fá um það nánari vitneskju. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er fulltrúi Framsfl. í byggðanefnd þingflokkanna og mun á þeim vettvangi hafa verið talsmaður þriðja stjórnsýslustigsins. En ef marka má frv. og brtt. hv. félmn. virðist ekki vera eindreginn stuðningur við þessa skipan mála í þingflokki Framsfl. En kannske víkur hæstv. félmrh. að þessu atriði hér síðar í umræðunni því að vissulega væri æskilegt að fá um það fyllri vitneskju en hér liggur fyrir.

Sama gildir um Sjálfstfl. Hann virðist ekki hafa markað sér stefnu í þessum efnum. Ég hef ekki orðið var við eindregna talsmenn úr röðum þeirra sjálfstæðismanna fyrir þriðja stjórnsýslustigi. En það væri æskilegt að frsm. félmn., hv. 2. þm. Reykv., gæti upplýst um viðhorf síns flokks í þessum efnum.

Ég tel skylt að geta þess hér að í þingflokki Alþb. er ekki fullur stuðningur við þá skipan mála sem ég mæli hér fyrir. Sú er ástæðan fyrir því að ég flyt þessa till. í eigin nafni en hún er ekki flutt af talsmanni 2. minni hl. félmn. þó að hann sé stuðningsmaður þriðja stjórnsýslustigsins, enda flm. ásamt mér að 3. máli yfirstandandi þings, till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, en sú till. gerir einmitt ráð fyrir því að Alþingi álykti um þetta efni og lýsi vilja sínum um stofnun nýs stjórnsýslustigs.

Það hefur líka komið fram hjá fulltrúa Alþb. í byggðanefnd þingflokkanna að meiri hluti þingflokks Alþb. styður slíka skipan mála. Það var innt eftir því í erindi í febrúarmánuði í fyrra af hálfu byggðanefndar þingflokkanna hvert væri viðhorf þingflokkanna til þessa efnis. Það kom fram í erindi frá byggðanefndinni að innan hennar væri vilji fyrir slíkri skipan mála og fulltrúi Alþb. í nefndinni, hv. þm. Helgi Seljan, flutti þau boð frá þingflokki Alþb. að þingflokkurinn væri að meiri hluta til meðmæltur því að leitað yrði samstöðu um tillögur varðandi þriðja stjórnsýslustigið.

BJ hefur lýst sínum vilja í þessu efni. Hv. 4. landsk. þm. hefur oft mælt hér úr þessum ræðustóli með þriðja stjórnsýslustiginu og fyrir liggur þáltill. um skipan nefndar til að gera breytingar á stjórnarskránni í þessa veru. Það er hins vegar ekki nauðsynlegt þó að það geti vissulega komið til greina að fella slík ákvæði inn í stjórnarskrá, en unnt er að skipa slíkum málum með lögum. Það er ekkert sem stangast á við stjórnarskrá okkar sem gerir það ekki kleift að lögfesta þessa skipan. Ég tel satt að segja ekki sérstaklega vænlegt að vísa þessu máli að svo komnu yfir til stjórnarskrárnefndar eða ætla að bíða þess að menn nái saman á slíkum vettvangi um þetta. Ég tel málið í rauninni miklu brýnna en svo að við getum beðið eftir slíku.

Það eru mörg mál sem varða endurskoðun stjórnarskrárinnar og mörg brýn verkefni, ég dreg ekkert úr því. En ég tel þetta mál svo brýnt að það sé nauðsynlegt fyrir Alþingi að taka á því hið allra fyrsta og reyna að ná hér saman í þinginu um stofnun slíks þriðja stjórnsýslustigs.

En það er sem sagt stuðningslið ríkisstj., Framsfl. og Sjálfstfl., sem ekki hafa svarað jákvætt í þessum efnum. Byggðanefnd þingflokkanna spurði um þetta efni formlega fyrir ári síðan. Þessir þingflokkar hafa ekki svarað þessu máli jákvætt að meiri hluta til og engin svör í rauninni gefið önnur en þau að fella hér niður IX. kafla sem vissulega er vísir að stofnun þriðja stjórnsýslustigs, stofnun héraðsnefnda með þeirri skipan sem þar er lagt til þó að ég geti ekki undir þá tillögu tekið, ekki síst vegna þess að þar var gert ráð fyrir því að eingöngu sveitarstjórnarmenn væru kjörgengir til héraðsnefnda en ekki kosið til þeirra með beinum hætti eins og hér er gerð tillaga um.

Herra forseti. Ég er sannfærður um að úti í þjóðfélaginu og alveg sérstaklega á landsbyggðinni, í þeim sex kjördæmum sem gert er ráð fyrir að verði svæði fyrir héruð sem þriðja stjórnsýslustig, er mjög ríkur vilji hjá mörgum fyrir því að slík skipan mála nái fram að ganga. Við höfum orðið varir við það á mörgum vettvangi, alþm. og fleiri, og það hefur komið fram í ályktunum m.a. áhugasamtaka um jafnrétti milli landshluta. Það hefur einnig komið fram í umsögnum um þá þáltill., sem ég er 1. flm. að, um valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur t.d. mælt með samþykkt þeirrar till. og ýmsir fleiri aðilar, þar á meðal stjórnir ýmissa landshlutasamtaka sveitarfélaga, hafa mælt með samþykkt þeirrar till., þó í eitthvað breyttu formi að sumra áliti.

Ég vænti þess, herra forseti, að menn beri gæfu til þess að taka á þessum málum fyrr en seinna. Ég geri mér því miður ekki vonir um að þessi brtt. mín eigi meirihlutastuðning hér í hv. þingdeild enn sem komið er. En ég vona að það dragist ekki lengi að meiri hluti hv. þm. nái saman um skipan mála í líkingu við það sem till. mín gerir ráð fyrir. Ég vænti þess að flutningur hennar hér og málflutningur minn í sambandi við þetta efni verði til þess að gera mönnum ljósari hugmyndir í þessa átt, hugmyndir sem ég hef reifað í þáltill., og menn eigi auðveldara með að ræða þessi mál í ljósi þessarar brtt. sem ég er flm. að.

Ég vil svo, herra forseti, undir lok máls míns nefna tvö atriði í sambandi við frv. og brtt. við það, í fyrsta lagi þær tillögur sem eru um takmörkun á fjölda íbúa í sveitarfélögum og þar með á stærð sveitarfélaga miðað við íbúafjölda. Ég geri ekki mikið með þær tillögur sem þar hafa komið fram en get út af fyrir sig stutt það að 50 manna íbúafjöldi sé lágmark fyrir sveitarfélag. Ég hef látið það koma fram í mínum þingflokki að ég sjái ekki að það breyti neinu í reynd þótt menn fari að færa lágmarkstölu varðandi íbúafjölda sveitarfélaga upp í 100, hvað þá upp í hærri tölu. Ég er ekki reiðubúinn að standa að lögfestingu sem slíkri og mun því sitja hjá við afgreiðslu á þeim brtt. Ég tel þær út af fyrir sig ekki stórskaðlegar en ég tel að menn nái í raun ekki neinu

því fram sem máli skiptir með því að fara að lögbjóða hærri tölu en þarna er gert ráð fyrir. Ég tel að leiðin liggi í gegnum þriðja stjórnsýslustigið og þá valddreifingu og fjármagnsdreifingu sem á að nást fram í krafti þess. Þetta er í sambandi við íbúafjölda í sveitarfélögum.

Þá eru það aðeins nokkur orð í sambandi við tillögur meiri hl. félmn. um héraðsnefndir og niðurlagningu, afnám sýslufélaganna. Ég verð að segja að ég hef ekki séð öllu kynlegri tillöguflutning en þann sem þarna er á ferðinni. Ég held að þeir verði margir út um landið — og ekki bara sýslunefndarmenn og þeir sem hafa staðið að verkum á vegum sýslufélaga — sem reka upp stór augu þegar þeim verður ljóst hvað hér er á ferðinni, hvers konar afmánartillaga þarna er á ferðinni af hálfu meiri hl. félmn. Ég segi: Þegar þeim verður það ljóst, því að ég er alveg sannfærður um að þrátt fyrir þá fulltrúa fjölmiðla sem sitja hér og fylgjast með störfum Alþingis hefur þessum boðum frá meiri hl. félmn. ekki verið komið til skila út til almennings í landinu.

Ég er alveg sannfærður um að menn gera sér ekki ljóst að þarna sé verið að gera tillögu um afnám sýslunefndanna og sýsluskipanarinnar í landinu og það amöbuform — ég veit ekki hvort menn kannast við það litla dýr, amöbuna — sem verið er að gera till. um að eigi að taka við starfsemi sýslufélaganna, því að það er sannarlega engin leið að átta sig á hvers konar skipan eigi þar að verða niðurstaðan.

Það er opnað fyrir það að einstök sveitarfélög geti tekið sig út úr héraðsnefndunum, sveitarfélög innan svæðismarka núverandi sýslufélaga, fá eða mörg eftir atvikum, og standi ekki að héraðsnefndunum. Ég sé ekki að það sé neitt sem skyldi sveitarfélög til að standa að héraðsnefndum.

Síðan er ákvæði um það að héraðsnefndir geti sameinast að hluta til eða í heild. Þetta er ekta amaba á eilífri ferð og flugi. Ég held að hv. 2. þm. Reykv. ætti að líta í smásjá og skoða tiltektir amöbunnar áður en hann fylgir þessu máli hér fastar fram. (Gripið fram í.) Ég er alveg viss um að þeir menn eru til í þingflokki Sjálfstfl. sem eru alveg reiðubúnir til þess að leiðbeina hv. 2. þm. Reykv. í þessum efnum, jafnvel með hjálp smásjár, ef nauðsyn krefur. Ég gæti t.d. ímyndað mér að hv. 1. þm. Norðurl. v. væri í þeim hópi. Hann hefur þegar mælt mjög sterk aðvörunarorð hér. Og ekki kæmi mér á óvart að sessunautur hv. 2. þm. Reykv. hér í þingdeild, hv. 1. þm. Vesturl., væri líka reiðubúinn til að rétta hv. frsm. meiri hl. félmn. hjálparhönd í þessum efnum og jafnvel lána honum gleraugun sín, ef það gæti hjálpað.

Það eru mín lokaorð, herra forseti, í sambandi við þetta mál nú að ég bið meiri hlutann hér á Alþingi að skoða sinn gang áður en menn fara að knýja fram lögfestingu á þessum vanskapnaði, sem hér er til umræðu, í mörgum greinum. Það er fyrst og fremst eitt sem rekur á eftir lagasetningu varðandi sveitarstjórnarmálin, kosningaaldurinn, kjördagur. Það er flest sem mælir með því að menn doki við og bíði t.d. eftir frv. um tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hæstv. félmrh. hefur boðað að sjái dagsins ljós væntanlega hér í hv. þingdeild eftir nokkra daga. Það væri meira en lítið slys ef við færum að senda þetta mál frá okkur án þess að hafa séð þær tillögur. En við stjórnarandstæðingar höfum þetta mál ekki í hendi okkar. Það er meiri hlutinn, ríkisstjórnarliðið hér á Alþingi, sem verður að ná áttum í þessu efni.

Ég vænti þess svo að gæfa þingsins verði sú að taka á nýskipan stjórnsýslunnar í landinu fyrr en seinna, þannig að með nýskipan á því sviði náist einhver viðspyrna gegn þeirri óheillaþróun sem er í fullum gangi varðandi byggðamál í landinu. Við þurfum á því að halda og við þurfum á því að halda að sameinast um þau efni og það ætti að vera nærtækt fyrir okkur þm. landsbyggðarinnar hér á Alþingi að vinna að því að ná slíkri skipan mála fram.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Frv. til sveitarstjórnarlaga var lagt fram á haustþingi. Það hefur undanfarna mánuði verið til meðferðar í félmn. Nú hefur hv. nefnd skilað áliti, þríklofin, að einum nm. fjarstöddum og lagt fram nokkuð marga tugi af brtt. Það er því ekki úr vegi að líta á frv. þetta í þeirri mynd sem það kemur nú fram á sjónarsviðið og fara um það nokkrum orðum.

Hér er svo sannarlega um mikilvæg og margþætt málefni að ræða sem snerta hvern einasta þegn þjóðfélagsins á einn eða annan veg. Ekkert er því eðlilegra en að skoðanir manna séu skiptar og sitt sýnist hverjum um ýmsa þætti málsins.

Það er alkunna að skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar skal ríkisstjórnin hafa umsjón með stjórnsýslu sveitarfélaga eða, eins og greinin segir efnislega, rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

Gildandi sveitarstjórnarlög eru aldarfjórðungsgömul, nr. 58/1961. Sum ákvæði þeirra eru eldri að stofni til eins og gerist og gengur og nokkur þeirra má jafnvel rekja til tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872. Segja má því að full þörf sé á að endurskoða ýmis ákvæði þeirra, eins og margir sveitarstjórnarmenn hafa bent á og haldið fram og mikið rætt um. Ekki af því að gömul lagaákvæði séu verri en ný. Þvert á móti má telja að gömul ákvæði, sem staðist hafa tímans tönn, séu búin að sanna gildi sitt. Á hinn bóginn verður að sjálfsögðu að breyta lögum með breyttum tímum, sérstaklega á byltinga- og breytingaskeiðum í lífi þjóðanna því að rétturinn ber eins og annað „keim og eim síns aldarfars", eins og komist hefur verið að orði og nú er nýr aldarháttur sleginn á ýmsum sviðum.

Í nál. frá meiri hl. félmn. á þskj. 525 segir m.a. að meiri hluti nefndarinnar leggi til að gerð verði sú meginbreyting að IX. kafli frv., um lögbundið samstarf sveitarfélaga, verði felldur niður. Það er hverju orði sannara hjá meiri hl. félmn. Hér er um meginbreytingu að ræða sem gengur út á það að afnema með einu pennastriki eða svo allt lögbundið samstarf sveitarfélaga á sýslu- eða héraðagrundvelli sem hefur gilt um aldir á Íslandi og gefist, það fullyrði ég, mjög vel á margan hátt.

Til þess að glöggva sig lítið eitt á þessum málum er nauðsynlegt að horfa um öxl og athuga nokkuð hvað sagan segir okkur um þessi efni. Frá fornu fari hefur löndum og ríkjum verið skipt niður í héraðsstjórnarumdæmi. Menn, sem búa í sömu sveit eða héraði, eiga alla jafna margvíslegra sameiginlegra hagsmuna að gæta. Alkunna er að hreppaskiptingin hér á landi er mjög forn. Hún hefur verið við lýði allt frá landnámsöld, lítt breytt fram á þennan dag, þó að menn séu ekki alveg á eitt sáttir um uppruna hennar af því að

greinilegar heimildir skortir. En það er talið að elsta varðveitta eða skráða heimildin um þessi efni, sem mjög varðar héraðaskipan og héraðsstjórnarmálefni, sé tíundarlögin sem sett voru á Alþingi árið 1096. Af setningu þeirra og þeim umræðum, sem þá fóru fram, sést að þá þegar hefur hreppaskiptingin verið komin á á Íslandi og sennilega þegar á landnámsöld.

Á síðari árum hafa margir haft áhyggjur af því hvað hrepparnir eru orðnir fámennir margir hverjir. Talið hefur verið mjög æskilegt að sameina fámenna hreppa. Sáralítið hefur miðað í þá átt þó að í gildi séu góð lög um þetta efni, nr. 70/1970. En þar segir efnislega í 1. gr. að félmrn. skuli í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, stendur þar.

Ekki hafa menn hingað til treyst sér til þess að lögbjóða sameiningu sveitarfélaga þó að víða væri æskilegt að af henni gæti orðið — með frjálsu samkomulagi viðkomandi aðila.

Sýslurnar eiga á sama hátt og hrepparnir mjög fornar rætur í íslensku þjóðlífi. Þær má rekja til skiptingar landsins í vorþingsumdæmi. T.d. kemur nafnið Þórsnesþing sem heiti á ákveðnu umdæmi fyrst fyrir í lögbókinni Járnsíðu frá 1271. Það var þá talið ná yfir landsvæðið allt frá Hítará vestur í Gilsfjarðarbotn, en þetta umdæmi skiptist síðar í fleiri sýslur.

Orðið „sýslumaður" kom hingað með Jónsbók árið 1281. Samkvæmt ákvæðum þeirrar lögbókar er landinu deilt í sýslur, að vísu í þágu umboðsstjórnar eða framkvæmdavalds. Ekki var haggað við hreppaskipuninni með þeirri lögbók, en með tilskipuninni frá 1872 voru sýslur gerðar að héraðsstjórnarumdæmum og ákveðið að sýslunefnd færi með héraðsstjórn í sýslu.

Gildandi ákvæði um sýslufélög eru nú í IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 1961, 92.–109. gr. Sýslufélögin eru hin einu lögbundnu samtök sveitarfélaga í landinu.

Í 92. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um hlutverk sýslufélaga í tíu stafliðum og það er ekki neitt lítið sem þeim er ætlað að fást við. Má minnast á það örfáum orðum. Það segir þar m.a. að hlutverk sýslufélaga sé að annast:

a. eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja sem rekin eru á vegum hreppanna,

b. umsjón með því að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum skv. gildandi lögum og reglugerðum,

c. setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prenta eigi sjaldnar en tíunda hvert ár skrár yfir fjármörk og einnig hestamörk þar sem þess þykir þörf,

d. umsjón og stjórn vegamála skv. vegalögum...,

e. afskipti af forðagæslu ... eftirlit skv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki ... og úrskurðun og greiðslu reikninga skv. lögum nr. 52 frá 1957, um eyðingu refa og minka,

f. setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna...,

g. álitsgerðir um mál er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað,

h. tilnefningu þriggja hreppstjóraefna þegar skipa skal hreppstjóra. Eru þeir tilnefndir sem flest atkvæði fá, enda sé hlutfallskosning heimil. Sýslumaður skipar síðan einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra."

Þá er í umsjá sýslunefndar stjórn allra sveitarstjórnarmála er varða sýsluna í heild svo og tillögur um hvað eina sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri. Og loks önnur þau störf er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Þetta ákvæði, sem segir að sýslunefnd skuli annast stjórn allra sveitarstjórnarmála er varða sýsluna í heild svo og tillögur um hvað eina sem verða má sýslunni til gagns, sýnir hvað hlutverk sýslunefnda er víðtækt.

Á fskj. sem prentað hefur verið með nál. um frv. til sveitarstjórnarlaga eru talin upp lagaákvæði um sýslunefndir. Þessa skýrslu samdi Steingrímur Gautur Kristjánsson og er ekki efi á því að hún er vandlega unnin. En ef menn renna augum yfir þessi ákvæði sjá þeir náttúrlega fljótlega í hendi sér að það tekur sinn tíma að afnema orðin „sýslunefnd" eða „sýslufélag" úr lagasafninu, Stjórnartíðindum og öðrum heimildum þar sem þetta orð ber á góma. Ég vil segja að menn geri ekki annað á meðan. Það eitt út af fyrir sig hlýtur að taka nokkuð mörg ár.

Auk þess er ákvæði í lögum um að sýslumenn séu oddvitar sýslunefnda, en þeir hafa að sjálfsögðu fjölmörg önnur störf með höndum.

Síðast liðinn aldarfjórðungur hefur verið tími mikilla breytinga hér á landi. Byggðaröskun hefur orðið mikil og búseta landsmanna með öðrum hætti en áður var. Sveitarfélögin eru mjög misstór. Annars vegar fámennir hreppar, en hins vegar allfjölmenn kauptún. Annars vegar dreifbýli landsins, hins vegar hið mikla þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu. Þetta allt veldur auknum vanda þegar leitað er að einföldu og skilvirku kerfi sem er aðgengilegt og hentugt fyrir allan almenning og atvinnulífið í landinu.

Sú nefnd sem vann að endurskoðun laganna hefur unnið mikið starf, eða þær nefndir því að ég held að þær séu fleiri en ein. En sú nefnd sem síðast vann að endurskoðun laganna hefur unnið ágætt starf að vissu leyti. Hún kveðst m.a. hafa haft það að leiðarljósi í fyrsta lagi að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka, í öðru lagi að réttarstaða allra sveitarfélaga verði sem líkust, í þriðja lagi að stuðla beri að vald- og verkefnadreifingu. Allt eru þetta góð og gild og lofsverð áform. En auk þess hafði sú nefnd að markmiði að leggja niður sýslufélög og sýslunefndir. Kemur það m.a. glöggt fram í athugasemdum við lagafrv. þar sem fjallað er um IX. kafla, en þar segir m.a. efst á bls. 42, með leyfi forseta:

„Af þessum ástæðum er lagt til að sýslufélögin, sem nú hafa þjónað um 100 ára skeið, verði lögð niður með öllu þar sem þau hafa ekki á síðari árum verið sá samnefnari og framkvæmdaaðili sem sveitarfélögunum var nauðsynlegur."

Það má vel vera að sýslunefndir séu misjafnlega starfsamar og sýslumenn misjafnlega áhugasamir um héraðsmál, en ég held þó að a.m.k. þær sýslunefndir sem ég þekki nokkuð til hafi stuðlað að eflingu sveitarfélaganna hver á sínu svæði og reynt að stuðla á allan veg að þeirra framgangi, hvergi brugðið fæti fyrir þau sveitarfélög þar sem fólkinu fjölgaði, þar sem þorp mynduðust, heldur reynt á allan máta að styðja þau og

efla í framfarasókn þeirra. Þetta fullyrði ég. En endurskoðunarnefndin gerði þá tillögu að héraðsnefndir kæmu í stað sýslunefnda og viðurkenndi þar með að eðlilegt mætti telja að nágrannasveitarfélög hefðu einhvern vettvang til að ræðast við og starfa saman í heimahéraði.

Þessi IX. kafli frv., um lögbundið samstarf sveitarfélaga, er að vísu meingallaður. En þó er sú hugsun rétt að mínum dómi, sem að baki honum býr, að æskilegt og nánast óhjákvæmilegt sé að sveitarfélög haldi uppi ákveðnu samstarfi heima fyrir þó að þau séu misstór og sum jafnvel búin að fá kaupstaðarréttindi. Slík héraðskennd manna er víða ákaflega rík á Íslandi. Héraðsbúar eru vanir að vinna saman og breyta ekki um hug né hjartalag þó að byggð þeirra breytist úr hreppi í kaupstað. Þeir vilja halda áfram að starfa saman að héraðsmálum og hafa til þess einhvern vettvang.

Ólafsvíkurkaupstaður er yngsti kaupstaður landsins. Ólafsvík hlaut kaupstaðarréttindi vorið 1983 og naut til þess fulls stuðnings af minni hendi og margra annarra hv. alþm. Þáv. sýslunefndarmaður Ólafsvíkur, Ólafur Kristjánsson, kjörinn árið 1982, var boðinn velkominn á næsta aðalfund sýslunefndar Snæfellinga einum rómi eftir að Ólafsvík fékk kaupstaðarréttindi. Hann hefur sótt alla sýslufundi, bæði auka- og aðalfundi, sem haldnir hafa verið á Snæfellsnesi frá 1983 og til þessa dags. Hann var boðinn velkominn í sýslunefndina með sérstakri samþykkt sem sýslunefndin gerði um að hann hefði þar fullt málfrelsi og tillögurétt og hann hefur tekið virkan þátt í störfum sýslunefndarinnar þessi ár hvað sem síðar verður.

Þetta er gott dæmi um að héraðskenndin býr áfram í brjósti manna þó að skipan mála þróist á misjafnan veg í sveitarfélögum innan sama sýslufélags í sama héraði. En nú hefur meiri hl. hv. félmn. skorið upp herör og ákveðið að lögbundið samstarf sveitarfélaga skuli niður falla, eins og ég áðan sagði. Að vísu geta sveitarfélögin unnið saman ef þau endilega vilja það í svonefndum byggðasamlögum sem frv. gerir nokkra grein fyrir.

Fyrir nokkrum árum var mikið reynt til þess að löggilda hin svonefndu landshlutasamtök hér á hv. Alþingi eins og margir muna. Urðu um þetta langar og strangar umræður. Ekki náðu lagafrv. um þau efni fram að ganga. Það fór ekki milli mála að ætlunin var að láta landshlutasamtökin leysa sýslufélögin af hólmi.

Nú er ekki nema allt gott um þessi samtök að segja. Þar er um að ræða samstarf sveitarfélaga innan sama kjördæmis. Þau hafa stuðlað að aukinni kynningu sveitarstjórnarmanna. Þar hafa verið rædd og reifuð ýmis harla mikilvæg mál og mörgu góðu komið til leiðar. En þar er um að ræða frjálst og ólögbundið samstarf sveitarfélaganna sem vel hefur gefist en hefur ekki náð fótfestu í löggjöf landsins né hlotið náð fyrir augum hv. alþm.

Um skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, tekjuskiptingu og umdæmaskiptingu landsins, hefur mikið verið rætt og ritað á undanförnum árum. Mörgum finnst að allt of hægt hafi miðað í þeim málum. Eigi að síður hefur þróun byggða víða verið ör og tekið stakkaskiptum til hins betra. Annars staðar hefur minna áunnist. En ég fæ ekki séð að sýslunefndir verði sóttar til saka í þeim efnum. Þvert á móti hafa þær margt stórvel gert ef saga þeirra væri athuguð til þessa dags. Að vísu eru þær, eins og ég sagði áðan, áreiðanlega misjafnlega starfsamar og oddvitar, sýslumenn, misjafnlega áhugasamir um félagsmál. En ég hygg að þær hafi hvergi lagt stein í götu eðlilegrar framþróunar nema síður sé. Þar verður að finna einhvern annan sökudólg. Og allra síst tel ég að þær verðskuldi að vera kvaddar af löggjafanum sem gjaldþrotamenn eða náttröll, sbr. það sem segir í áliti margnefnds meiri hl., að kosið skuli einu sinni enn til sýslunefndar að vísu og hafa skuli þær umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geti tekið við verkefnum þeirra, þó ekki lengur en til ársloka 1987. „Má því segja að sýslunefndir séu í reynd einungis kjörnar til þess að vera skilanefndir", stendur þar.

Já, miklir menn erum við, Hrólfur minn. Öllu skal þó skilað í hendur „réttra" aðila.

Af þessu, sem nú hefur verið sagt, má ljóst vera að ég tek ekki þátt í þeirri aðför sem hér er gerð að sýslufélögum og sýslunefndum og hefur verið margreynd á undanförnum árum en borið harla lítinn árangur hvað sem nú verður.

En þá má spyrja: Er þessi ræðumaður, sem nú talar, algert náttröll sjálfur? Vill hann ekki neinu breyta í þessum efnum? Er hann algerlega gróinn í gamla farinu, e.t.v. sem gamall sýslumaður sem engu vill breyta en starir aðeins á þau ákvæði sem gilt hafa hingað til? Nei, það er nú eitthvað annað. Ég er fús til að ræða margar breytingar á þessu sviði. Ég get vel fallist á að sýslunefndir beri allt að því að leggja niður í núverandi mynd, þ.e. sem yfirstofnanir hreppsnefnda, en ég tel að það sé jafnfráleitt að leggja sýslunefndir niður sem sveitarstjórnarumdæmi. Þvert á móti eigi að efla þær og breyta þeim á nútímavísu.

En ef samþykkt verður, og sú stefna virðist ríkjandi í frv. og hjá nefnd, að sveitarfélögin snúi sér beint til félmrn. með sín vandamál og verkefni, þá má spyrja: Er það valddreifing eða miðstýring? Það skal enginn geta á mig borið að ég taki undir þessar sífelldu árásir á ríkið og ríkisvaldið. Þegar menn taka svo til orða að ríkissjóður eigi engan að er nokkuð til í því. Ég vil að við höfum nokkuð sterkt og traust ríkisvald. Til þess að um sjálfstætt þjóðríki sé að ræða þarf land, fólk og lögbundið skipulag. Það sem við erum að bjástra við á löggjafarsamkomunni er að dytta að þessu lögbundna skipulagi, reyna að sjá svo til að ríki okkar geti borið það nafn meðal annarra þjóðríkja í veröldinni og staðið á sínu.

En ég bið menn, sem hafa valddreifinguna mikið á tungu og tala sýknt og heilagt um að valdinu eigi að dreifa út um gjörvallar byggðir landsins, að velta því fyrir sér hvort í þessu tiltekna atriði, sem ég nú nefndi, felst valddreifing eða miðstýring. Ég tel að sýslunefndir eigi að vera samstarfsvettvangur allra sveitarfélaga innan sinna vébanda, bæði hreppa og kaupstaða, innan landfræðilegra marka sýslufélagsins, enda skuli réttarstaða allra sveitarfélaga vera hin sama.

Auðvitað má fara mörgum orðum um það að víða í sýslum hafa sameiginleg stærri verkefni á héraðsvísu verið leyst með samstarfi hreppa innan sýslufélagsins. Það má líka nefna mörg dæmi um að sýslufélögin hafa tekið sig saman og hrundið stórverkefnum í framkvæmd.

En þá kemur að því að ég tel jafnframt að breyta mætti til um tekjustofna sýslufélaga. Slíkt umdæmi sem ég nú ræði um ætti að hafa ákveðna tekjustofna,

annaðhvort hluta söluskatts gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða aðra markaða tekjustofna, til að annast rekstur sinna mála.

Nú er það svo í gildandi löggjöf að sýslunefndir verða að taka allt fé heima fyrir til sinna þarfa. Þær sækja ekki fé til framkvæmda í ríkissjóð. Um það segir í 101. gr. sveitarstjórnarlaga svo, með leyfi forseta:

„Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár. Því sem á vantar að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans skal jafnað niður á hreppana, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir íbúatölu og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og nettótekna skv. gjaldskrá, allt í hverjum hreppi fyrir sig. Gjald það er þannig kemur í hlut hvers hrepps að greiða skal greitt sýslumanni úr sveitarsjóði á næsta manntalsþingi."

Á þessu sjáið þið, ef þið hlustið á þessa grein eða þekkið hana, að segja má að sýslunefnd hafi þarna ótakmarkaða heimild til að leggja gjöld á héraðsbúa. En ég fullyrði að þessu valdi hefur verið beitt af mikilli hófsemi af hálfu sýslunefnda á undanförnum árum, ekki síst vegna þess að þær skilja gerst að það er ekki hægt að leggja ótakmarkaðar byrðar á héraðsbúa í sköttum, hvorki til sýslufélagsins né annarra aðila. Þó er það svo að sérstaklega hin stærri sveitarfélög hafa fundið allnokkuð fyrir að greiða þessa fjárhæð til sýslufélagsins og áreiðanlega hefur þetta verið undirrót þess meðal margra annarra atriða að hin stærri sveitarfélög innan sýslumarka hafa óskað eftir kaupstaðarréttindum. Það er bæði þetta, sýslusjóðsgjaldið og einnig sýsluvegasjóðsgjaldið, sem óneitanlega hefur verið töluverður baggi á hreppsfélögunum, sérstaklega nokkuð þungur á fjölmennum sveitarfélögum þar sem tekjur hafa verið nokkuð miklar og eignir. Þess vegna tel ég að þetta sé eitt af þeim ákvæðum sem rétt sé að hyggja að breytingum á.

Með þessum atriðum, sem ég nú hef nefnt, mætti auka sjálfsstjórn sveitarfélaganna, stuðla að raunhæfri dreifingu valds og verkefna í þjóðfélaginu gagnstætt þeirri miðstýringu út frá ráðuneytum og stofnunum í höfuðborginni sem nú er og hefur lengi verið með alkunnum afleiðingum fyrir þróun hinnar dreifðu byggðar í landinu.

Ég minntist á það hér áðan að IX. kafli þessa frv., um lögbundið samstarf sveitarfélaga, fjallaði um hinar svonefndu héraðsnefndir. Það hefur nú komið fram að það líst mörgum heldur illa á þann kafla, þykir hann nokkuð fljótvirknislega saminn. En þegar hann er lesinn yfir í hraðlestri verður ekki komið auga á það, a.m.k. við fyrsta yfirlestur, hvað vakað hefur fyrir höfundum frv. að þurfa þarna endilega að breyta orðinu „sýslunefnd" í „héraðsnefnd". Það er nánast ekkert annað en fyrirhöfnin ein því að umdæmi í stjórnarfarslegu tilliti heitir sýsla og hefur svo heitið um aldaraðir hér á landi og æðsta stjórn þess sýslunefnd, og það er alveg óháð því hvort viðkomandi sýslumaður situr þar í forsæti eða ekki. Ein af þeim breytingum sem ég vildi mjög gjarnan taka til athugunar er hvort sýslumenn ættu endilega að vera oddvitar sýslunefnda. Það má breyta því ákvæði fyrir mér og það er mjög til athugunar ef það skyldi eitthvað hjálpa til að leysa málin.

Svo vil ég líka benda á að þar sem segir að héraðsnefnd eigi að taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laganna nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær, hefur þetta dæmi alls ekki verið hugsað til enda. Sýslufélög eru lögaðilar með réttindi og skyldur. Mörg sýslufélög eiga stóreignir, ýmist ein sér eða með öðrum, og auk þess margar sameiginlegar menningarstofnanir sem taka til alls héraðsins. Ef ætlunin er að leggja þessar stofnanir niður verða að fara fram formleg slit, uppgjör eigna og skulda, mat á eignum og ráðstöfunum, allt eftir ákveðnum lagafyrirmælum. Og menn gera ekki annað á meðan.

En svo að ég víki aftur að sýslunefndunum leyfi ég mér að ítreka að ég legg til að sýslufélögin starfi áfram sem sameiginlegur aðili um þau héraðsmál er eigi verða á viðunandi hátt falin öðrum. Þannig fari sýslufélögin með þau málefni sem nú eru ýmist leyst á þeirra vegum með samstarfi hreppa innan sýslufélagsins eða af ríkisvaldinu en öll varða íbúa héraðsins. En þar sem svo stendur á að tvö sýslufélög eru innan sama lögsagnarumdæmis finnst mér að það ætti að sameina þau í eitt þannig að ávallt fari saman landfræðileg mörk lögsagnarumdæmis og sýslufélags. Sama gildir um ýmsar opinberar stofnanir og embætti sem í framtíðinni gætu miðast við lögsagnarumdæmi og sýslunefnd hefur með að gera. Mér finnst t.d. rétt, ef heimamenn ná um það samkomulagi, að sameina Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í eitt sýslufélag, Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu í eitt sýslufélag og Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu svo að dæmi séu nefnd.

Það standa margir í þeirri meiningu að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla séu tvö sýslufélög. Heitið gæti bent til þess. En þá sem það halda ætla ég að upplýsa um að hún er eitt sýslufélag og hefur svo verið að mig minnir frá árinu 1871.

Þá gæti ég út af fyrir sig vel fallist á að kjör til sýslunefnda í núverandi mynd breyttist. Ég mundi að vísu sjá eftir því kjöri því að það er held ég það lýðræðislegasta kjör sem ég þekki nú á dögum. Þar kjósa hreppsbúar einn mann úr sínum hópi til að taka sæti í sýslunefnd. Ég hef oft fylgst með slíkum kosningum og ég hef haft mikla ánægju af því hvað slíkar kosningar hafa oft gengið þvert á stjórnmálaskoðanir íbúa hreppsins og gæti ég nefnt mörg dæmi um það. Það virðist benda til þess að hreppsbúar hafi þrátt fyrir allt eitthvert vit á því að velja góðan og skynsaman mann í sýslunefnd og treysta honum til að fara þar með sín málefni jafnvel áratugum saman án þess svo mikið sem að spyrja hvar hann sé í flokki.

En ég veit að á seinni tíma hafa menn ýtt undir það að gera þessar kosningar pólitískar, stilla upp listum og annað slíkt. Ég mæli ekki með því, a.m.k. ekki í fámennum sveitarfélögum. Og sannleikurinn er nú sá af langri reynslu minni af störfum í sýslunefnd að þar ber pólitík sárasjaldan á góma. Það er rétt í einstaka tilvikum. Miklu fremur sameinast þessir menn, sem til þess eru kjörnir frá sveitarfélögunum, í einingu andans og bandi friðarins í því að vinna vel að héraðsmálum sínum.

Ég get m.a.s. fallist á það út af fyrir sig að sýslunefndin væri saman sett af öllum oddvitum sveitarfélaganna. Þá væri hún þó komin nálægt hreppsfélögunum, skilst mér, og gæti fylgst með því sem þar gerðist. Ég gæti vel hugsað mér að sýslunefndin væri samansett af oddvitum

sveitarfélaganna innan sýslufélagsins.

Um þetta má náttúrlega fjöldamargt segja og vonandi tekst þessi breyting, sem hér er fyrirhuguð, vel þegar hún kemst í kring að lokum.

Það hefur stundum verið fundið sýslunefndunum til foráttu, þegar kosið er til þeirra á þann veg sem nú er, að þar sitji eintómir gamlir menn. Sennilega mundi einhver lýsa þeim svo að þeir væru hálfmeðvitundarlausir. En þessu leyfi ég mér að mótmæla harðlega og benda á að oft er það gott sem gamlir kveða. Og margir hafa á háum aldri byrjað að skipta sér af stjórnmálum og vegur þeirra orðið mikill. Hvað var Adenauer gamall þegar hann varð kanslari Vestur-Þýskalands? Eitt veit ég, ég man ekki hvað hann var gamall, en hann var a.m.k. fyrir löngu kominn langt yfir öll aldursháмörk embættismanna og stóð sig þó mjög vel eftir atvikum.

Ég get vel fallist á að breyta mörgu sem sýslunefndir varðar, bæði um kjör og annað, sérstaklega og ekki síst því að sýslumenn hætti að vera sjálfkjörnir oddvitar sýslufélaganna. Þó er að því vikið hér í frv. að rétt sé að fela þeim framkvæmdastjórn á vissum sviðum. Eitthvað liggur þar á bak við. Er þeim kannske betur eða eins vel treystandi og öðrum til þess að fara með það vald? Hvað sem um það má segja getur farið vel á því vegna þess að sýsluskrifstofurnar eru, hvað sem hver segir, á vissan hátt miðstöðvar í hverju héraði með fjölbreytileg verkefni og þjónustu fyrir íbúana og það er yfirleitt ódýr og góður valkostur.

Að því er snertir það atriði að hreppsbúar og kjörnar hreppsnefndir geti ekki fylgst með störfum sýslunefnda, þá segir í 108. gr. sveitarstjórnarlaganna að strax að afloknum aðalfundi sýslunefndar skuli fundargerð ásamt ársreikningum sýslusjóðs, sýsluvegasjóðs og annarra sjóða í umsjón sýslunnar gefin út á prenti eða í fjölritum sem síðar skuli send oddvitum hreppanna, svo fljótt sem kostur er á, í hæfilega mörgum eintökum fyrir íbúa hreppanna. Einnig ber að senda sýslufundargerðina til félmrn. Ef þessum ákvæðum er framfylgt, sem ég hygg að sé gert víðast hvar, þá á ekki að vera ofraun fyrir nokkurn mann að fylgjast með því sem fram fer á sýslufundum. Þvert á móti geta þeir fylgst mjög vel með því sem þar gerist og látið sér það að kenningu verða.

Hér fóru fram í gær allfróðlegar og skemmtilegar umræður um þetta mál. Ég get ekki stillt mig um að víkja örlítið að máli þeirra ræðumanna sem ég hlustaði á. Hv. 5. þm. Vestf. flutti snjalla ræðu að vanda og kom víða við. M.a. ræddi hann um forn fjórðungaskipti. (**Gripið fram í:** Og goðorðin.) Já, hann vék jafnvel aftur til goðorðanna og komst svo skemmtilega að orði á einum stað m.a. — því að maðurinn er málsnjall — þegar hann var að ræða um hvenær breytingin hefði orðið á fjórðungaskiptunum: „Þó að menn komist nú yfir Hvítá með eðlilegum hætti," sagði hann. Ég er ekki svo fróður að vita hvenær menn komust fyrst yfir Hvítá í Borgarfirði með eðlilegum hætti en kannske veit hv. 5. þm. Vestf., sem nú gengur í salinn með bros á vör, um það.

Ég var að segja að hv. 5. þm. Vestf. hefði flutt snjalla ræðu að vanda og það meina ég því að maðurinn fer vel með íslenskt mál. En undir lok rismikillar ræðu fannst mér hann þó draga nokkuð í land og minna svolítið á lítinn smaladreng þegar hann var að tala um að sitja hjá við lokaafgreiðslu þessa máls sem var svo stórt í hans augum.

Þá flutti hv. 1. þm. Norðurl. v. einnig snjalla ræðu. Ég ætla aðeins að víkja að einu atriði í máli hans af því að það er óvenjulegt hér í þingsölum. Hann vék þar að málfarinu á frv., ræddi um málfar og nýyrði og hnaut m.a. um orðið „byggðasamlag" og fór um það nokkrum fögrum orðum. Það er rétt, hér er margs að gæta og ég álít að við nútímamenn séum eftirbátar forfeðra okkar að langfeðgatali hvað nafngiftir varðar og málsnilld í mörgum greinum.

Nú veit ég að þessi hv. þm. ekur oft Norðurárdalinn til Holtavörðuheiðar í átt til síns heima og kjördæmis. Ef við nú af handahófi nemum staðar þar sem vegur liggur til vinstri, Vestfjarðavegurinn beygir vestur yfir Bröttubrekku og nemum staðar á þeim krossgötum, þá eru þar þrjú býli í nánd. Það er Dalsmynni, bær í mynni Bjarnardals — þið takið eftir hvernig nafnið er valið. Lítt ofar í landinu er Klettstía á grænum bala umgirt klettastöllum, inn milli klettanna, ekki er það nafn illa valið. Fyrir handan ána eru Skarðshamrar, býli undir löngu hamrabelti, en fyrir ofan túnið er skarð í hamrana. Í öllum þessum tilvikum held ég að sá, sem nafn gaf þessum býlum, hafi hitt naglann á höfuðið.

En hér tala menn um „byggðasamlag". Maður hefur heyrt talað um smjörsamlag og mjólkursamlag og það á ágætlega við á sínum stöðum og svo auðvitað sjúkrasamlag. En ég álít að um þetta orð megi eitt og annað segja og það væri ekki úr vegi að menn fengju sér — án þess að ég sé að drótta nokkru að nokkrum manni — Íslenska samheitaorðabók, sem er nýkomin út og ég held að þyki góð bók, og litu í hana.

Þá er það hv. 5. þm. Austurl. Hann benti réttilega á — og þar er ég honum sammála — að það eru fyrst og fremst ákvæði um kosningar og slíkir þættir sem reka á eftir þessu máli, kjördagar og annað slíkt. Einnig finnst mér gallað að hafa tvo kjördaga, þó ekki sé langt á milli. Það er tvímælalaust gallað form sem getur haft áhrif til hins verra.

En það fór ekki milli mála að ýmsir — kannske hv. alþm. og ýmsir aðrir — höfðu komið þeirri flugu í munn hv. 5. þm. Austurl. að sýslunefndir skuli aflagðar. (**HG:** Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar.) Það getur vel verið að þetta sé þá bara heimatilbúin skoðun. En hvað um það. Hann hélt þeirri skoðun fram, en vék um leið að byggðamálunum. Og það er ekki úr vegi að minnast á byggðamálin í sambandi við þetta stórmál. Ég er honum alveg sammála um það.

Hv. 5. þm. Austurl. spurðist fyrir um byggðanefnd þingsins sem ekki hefur verið kvödd saman í langan tíma, enda sést það á fsp. sem lögð var fram hér í dag frá hv. 3. þm. Vestf. þar sem spurst er fyrir um byggðanefndina. Það var einu sinni auglýst eftir þm. Reykvíkinga, minnir mig, en nú er auglýst eftir byggðanefnd þingflokkanna, hvar hún haldi sig, hvað hún sé að gera, hver árangur sé orðinn af störfum hennar. Ég get ekki svarað því.

En um brtt. hv. 5. þm. Austurl. á þskj. 545 er það að segja að sjálfsagt liggur þar skýr og góð hugsun að baki, en í stórum dráttum sýnist mér hún ekki vera annað en tillagan gamla um að löggilda landshlutasamtökin. Hún er a.m.k. mjög keimlík henni. Við vitum hvernig fór fyrir þeim till. sem bornar voru fram hvað eftir annað fyrir nokkrum árum. Hvort þessi till. nýtur meira fylgis eða álits í þingsölum skal ég ósagt látið.

Ég vék að því hér áðan í máli mínu að mörgum þætti hægt ganga í þessum efnum, væru orðnir óþolinmóðir. Við þurfum ekki að kippa okkur upp við það, alþm., að mörg endurskoðun laga tekur langan tíma. Þegar ég kom fyrst inn á þing fyrir þrjátíu árum var eitt af aðalmálunum að endurskoða stjórnarskrána, það var árið 1956. Þá átti að drífa sig í það að endurskoða stjórnarskrána. Þá voru nefndir sendar til annarra landa, til Sviss og fleiri landa, til að kynna sér stjórnskipan og út um allan heim. Síðan hafa starfað ég veit ekki hvað margar stjórnarskrárnefndir, sumar skilað áliti, aðrar ekki.

Síðasta stjórnarskrárnefndin er þeirra frægust og hún var búin að leggja óhemju vinnu í það verk að endurskoða stjórnarskrána. — Þó að við teljum stjórnarskrá okkar vera frá 1944 er hún í raun og veru að stofni til frá 1874, og náttúrlega mun eldri að sumu leyti, þegar þáverandi Íslandskóngur kom með „frelsisskrá í föðurhendi", eins og eitt þjóðskáld okkar kvað um á þeirri tíð. — Þarna átti sem sagt að vinda bráðan bug að því að endurskoða stjórnarskrána. Íslendingar urðu að fá nýja stórnarskrá. En þegar þessu verki var loksins svo langt komið að það átti að fara að ræða það í þingsölum þótti allmörgum hv. alþm. nóg komið. Stjórnarskránni lá ekkert á gegnum sali Alþingis. Á þetta atriði minntist hv. 5. þm. Vestf. í gær, að mig minnir, og fer ég ekki fleiri orðum um það.

Ég leyfi mér að halda því fram að stjórnarskráin sé að meginstofni til frá 1874 og þó eldri í raun og veru, eins og hv. 2. þm. Reykv. skaut hér fram. Tilskipunin um héraðsstjórnarmálefni, sem við erum nú að ræða, er næstum jafngömul — það munar ekki nema tveim árum — hún er frá 4. maí 1872. Skyldi vera meiri ástæða til að flýta þessu máli en sjálfri stjórnarskránni? Það kann að vera. En það má vel, hvað aldur snertir, nefna þessi tvö tilvik í sömu andrá.

Þá get ég ekki stillt mig um að nefna það að á undanförnum árum hefur nefnd eftir nefnd starfað að því að athuga verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, tekjuskiptingu, umdæmaskiptingu. Ég var einu sinni í einni slíkri nefnd, ég held á árunum 1976–1977, og þar hafa margir ágætir menn lagt hönd að verki.

Einu sinni man ég eftir því — þessi saga var mér sögð — að það var búið að vera mikið þjark um þessi málefni uppi í stjórnarráði og sýndist sitt hverjum. Þó var sú nefnd, sem þá starfaði, búin að semja töluvert langa álitsgerð. En ekki náðist samkomulag. Þá stóð einn af virðulegustu og bestu embættismönnum landsins á þeirri tíð upp úr sæti sínu og sagði: Ef ekki getur á þessu stigi orðið neitt samkomulag um þessi mál þá nenni ég ekki að vera að þessu lengur. Og hann gekk að ruslakörfu, sem var í horninu á skrifstofunni í ráðuneytinu, og reif álitið niður blað fyrir blað. Það sögðu þeir sem á horfðu að þetta hefði verið áhrifarík sjón.

Eigi að síður hélt málið áfram og það heldur vissulega áfram enn í dag. En að öllu þessu athuguðu tel ég að betra sé að flýta sér hægt í þessum efnum. Ég álít og ég sé að þrátt fyrir langan tíma er margt hrátt í þessu frv. Ég tel að það þurfi, um stundarsakir, að stinga því inn í ofninn aftur og baka það betur. Þeir sem að því hafa unnið þurfa ekkert frekar að skammast sín fyrir það þó að á þessum málum verði nokkur töf en þeir sem árum saman unnu að því að breyta stjórnarskránni og fleiri málefnum í þágu lands og þjóðar. Við verðum að muna að í þessu efni ætlum við ekki að tjalda til einnar nætur. Við ætlum að nota þetta tækifæri til að efla áhrifavald byggðanna, auka vald héraðanna, treysta samstöðu héraðsbúa og reyna að byggja og móta fyrir framtíðina og heill íslenskra byggða.

Umr. frestað.

Sameinað þing, frh. 53. fundar.

Fimmtudaginn 27. febr., kl. 5 síðdegis.

103

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Helgi Seljan): Hv. 5. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár um kjarasamninga og aðild ríkisstj. að þeim. Sú umræða fer fram skv. 2. mgr. 32. gr. þingskapa, en ég vona að fullt samkomulag sé um að menn stilli máli sínu svo í hóf hvað varðar tímalengd sem frekast er kostur.

Forseti vildi gjarnan sjá þessari umræðu lokið fyrir kl. hálfsjö. Fundur er boðaður í Ed. kl. níu í kvöld og sannast sagna mun það um það sama mál og hér er hreyft utan dagskrár og reyndar, hefði það legið fyrir í morgun að svo mundi verða, hefði forseti ekki treyst sér til að leyfa þessa umræðu nú. En í ljósi þessa ættu menn líka að geta lokið þessari umræðu skjótt nú þegar ítarleg umfjöllun sama máls mun fara fram í báðum þingdeildum næstu daga. Ég bið menn því vinsamlegast að vera stuttorða og gagnorða.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Síðla dags í gær krotuðu örþreyttir samningamenn upphafsstafi sína undir merka kjarasamninga og skuldbundu sig þar með til þess að vinna þeim brautargengi gagnvart sínum umbjóðendum með einu skilyrði. Þetta skilyrði var að hæstv. ríkisstj. tæki upp fyrir sitt leyti stefnu í efnahagsmálum sem gæti samrýmst vonum bjartsýnustu manna um umtalsverða hjöðnun verðbólgu.

Þegar þessi tíðindi spurðust fór ég þess á leit að mega krefja hæstv. ríkisstj., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., sagna hér á hinu háa Alþingi. Svörin sem ég fékk voru þau að það væri eðlileg ósk. Þegar þeir hefðu svarað erindum aðila vinnumarkaðarins væri eðlilegt að þetta mál yrði lagt fyrir Alþingi, Alþingi upplýst um málið. Mér þykir því miður ef það er rétt, sem ég hef fregnað, að hæstv. ríkisstj. hafi efnt til blaðamannafundar til að upplýsa fyrst fjórða valdið, fjölmiðla, um þetta í stað þess að gera grein fyrir málinu hér á Alþingi og efna kannske síðan, að lokinni skýrslu ráðherra, til blaðamannafundar eftir á sem hefðu að mínu mati verið eðlilegri vinnubrögð. Það er orðinn hlutur og þýðir ekki um að fást ef þessar upplýsingar eru réttar.

Herra forseti. Það eru mikil tíðindi í okkar þjóðfélagi þegar skrifað er undir kjarasamninga, að vísu með þessum fyrirvara, og báðir aðilar, atvinnurekendur og fulltrúar launþega, lýsa því yfir að þeir geri sér vonir um að sá árangur náist í kjölfar kjarasamninga að verðbólga geti farið lækkandi úr 35–40% niður í 8%, að

kaupmáttur launa geti hugsanlega farið vaxandi þegar líður á samningstímann og að kaupmáttur þeirra sem ekki hafa notið launaskriðs á undanförnu hremmingartímabili kunni að hækka meira en annarra og þessi árangur náist án verkfalla. Þetta er umtalsverður árangur.

En eins og ég segi: Skilyrðið var aðeins eitt og það er að hæstv. ríkisstj. fyrir sitt leyti fallist á að breyta þeirri stefnu sem ríkjandi hefur verið í efnahagsmálum, fjármálum, lánsfjármálum, peningamálum, þannig að það samræmist þessu átaki gegn verðbólgu.

Ég vil fyrir mitt leyti nota þetta tækifæri þegar í stað til að lýsa því yfir fyrir hönd okkar jafnaðarmanna að við viljum fyrir okkar leyti allt til vinna að sá árangur sem að er stefnt með þessum samningum náist í reynd. Við velkjumst ekki í vafa um að yfirgnæfandi meiri hluti þessarar þjóðar er sömu skoðunar. Það er kominn tími til að reyna að ná árangri og við eigum að reyna að ná samstöðu um að honum verði náð. Ég tel að hér með hafi aðilar vinnumarkaðarins sameinast um að bjóða upp á eins konar lífskjarasáttmála, útfærslu á launastefnu sem samræmdum þætti efnahagspólitíkur, en fyrir slíkum lífskjarasáttmála höfum við jafnaðarmenn barist lengi.

Við viljum m.ö.o. líka lýsa því yfir að við viljum allt til vinna hér á Alþingi og annars staðar til þess að tryggt verði að við forsendur þessa lífskjarasáttmála, ef af verður, verði staðið. Við gerum okkur grein fyrir því að kveikjan að þessum umskiptum er auðvitað utanaðkomandi áhrif sem ekki hafa verið á valdi ríkisstj., skyndileg og mikil lækkun olíuverðs sem eftir á að skila sér til okkar, hækkun fiskverðs og jafnvel vonir um lækkun vaxta á alþjóðlegum mörkuðum. Spurningin er: Getum við gert okkur vonir um að ná í reynd þeim árangri sem að er stefnt með þessum kjarasamningi, að ná verðbólgunni umtalsvert niður, að ná fyrstu áföngum í auknum kaupmætti með von um að það jafnvægisástand sem af hlytist eftir á gæti leitt til raunverulegra umskipta í kaupmáttaraukningu þegar fram í sækir?

Já. Okkar svar er þetta. Þetta er hægt. Hvað er það sem fyrst og fremst gæti spillt þessum árangri? Það er að mínu mati kannske þrennt:

Það fyrsta er hallarekstur ríkissjóðs. Það er stórkostleg hætta á því að innbyggður hallarekstur ríkissjóðs, sem alþm. er kunnugt um að er mikill eftir afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir jól, geti magnað verðbólguna upp á ný og sett stjórn peningamála úr skorðum.

Í annan stað: Ef vaxandi hallarekstri vegna þeirra útgjalda sem ríkissjóður verður nú að taka á sig verður mætt með lántökum en ekki að hluta til a.m.k. með lækkun ríkisútgjalda verður það líka til þess að magna upp verðbólgu og setja peningamálastjórn úr skorðum.

Og í þriðja lagi er nokkur hætta á því að fastgengið gangi of langt að sjávarútveginum og landsbyggðinni og leiði hugsanlega til hættu á vaxandi viðskiptahalla, sér í lagi ef ekki tekst að tryggja aukinn sparnað í framhaldi af auknum kaupmætti sem vonandi leiðir í kjölfar samninganna. Þetta er kannske það fyrst og fremst sem gæti leitt til þess að árangurinn næðist ekki sem að er stefnt.

Það er alveg ljóst af þjóðfélagsumræðunni, öllum helstu hagfræðingum okkar ber saman um það, að undirrót verðbólguþenslunnar nú er hallarekstur í ríkisrekstrinum fyrst og fremst, bæði á s.l. ári og svo sá sem innbyggður er í fjárlögum og lánsfjárlögum þessa árs og stóraukin skuldasöfnun og innstreymi erlends lánsfjármagns sem af því hefur hlotist. Það liggur t.d. fyrir að það má gera ráð fyrir 2 milljarða nettóaukningu erlendra lána á þessu ári skv. lánsfjárlögum í framkvæmd. Þetta er undirrót verðbólgunnar og þessu þarf að breyta. Þetta er það sem aðilar vinnumarkaðarins eiga kröfu núna á hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka, núverandi þingmeirihluta, að taka til endurskoðunar.

Ég ætlast ekki til þess, herra forseti, að hér fari fram efnisleg umræða um smáatriði þessara samninga. Mér nægir að vekja athygli á því hvað það er sem aðilar vinnumarkaðarins eru að segja. Þeir eru að segja: Við getum náð þessum árangri fyrir okkar leyti að því er kjarasamningana varðar ef ríkisstj. fyrir sitt leyti kemur til móts við þá um þennan lífskjarasáttmála og breytir þeirri stefnu í ríkisfjármálum og lánsfjárpólitík sem ákveðin var af stjórnarmeirihlutanum núna fyrir jól. Þetta kostar það að stokka upp fjárlög og lánsfjárlög.

Það skiptir m.ö.o. sköpum um árangurinn hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst mæta lækkun tekna eða aukningu útgjalda sem af þessum kjarasamningum hljótast. Ég vil vekja athygli á því að þetta eru ekki bara mínar skoðanir sem stjórnarandstæðings. Þetta kemur mjög rækilega fram í áliti og erindum samningsaðila sem þeir hafa beint til hæstv. ríkisstj. Þar segir á einum stað, með leyfi forseta:

„Miklu skiptir að þessi kostnaður, sem af þessu hlýst, valdi ekki halla á ríkissjóði og hann verði fjármagnaður með innlendu fé, að ekki verði leitað erlendrar lántöku. Að öðrum kosti væri hætta á aukinni þenslu sem gæti sett verðlagsmarkmið kjarasamninganna úr skorðum", m.ö.o. valdið enn nýjum vonbrigðum og vonleysi þannig að þetta yrði til einskis.

Ég segi: Ég ætla ekki að telja upp öll þau mýmörgu atriði sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sett fram í sínum tillögum. Þau ræðum við nánar þegar kemur að efnisumræðu í deild sem mér skilst jafnvel að geti orðið í kvöld. Ég vek athygli á þessum fyrirvara aðila vinnumarkaðarins um árangurinn og nefni aðeins nokkur atriði.

Í fyrsta lagi verður að leggja megináherslu á það afdráttarlausa skilyrði að það takist að koma í veg fyrir hækkun búvöruverðs núna 1. mars og að búvöruverði verði haldið innan þeirra marka sem launaþróunin setur. Það er algert lykilatriði og það þurfa að fást skýrar og skilmerkilegar upplýsingar, betri en fengist hafa hingað til, um það með hvaða hætti ríkisstj. ætlar að ná því markmiði. Það getur hún ekki sparað með skattlagningu og niðurgreiðslu.

Ég fyrir mitt leyti lýsi því yfir að þær niðurstöður sem fengist hafa hér að því er varðar húsnæðismálin sæta tíðindum. Þær eru mjög í anda þess sem við höfum flutt hér um tillögur á undanförnum árum. Þær staðfesta að það þarf aukið fjármagn til húsnæðismálanna og reyndar, ef við ætlum að fara þá leið sem hér er boðuð, að taka á ríkissjóð verulega niðurgreiðslu á vaxtamun, staðfestir það líka þegar á þessu ári og reyndar á næstu árum að það felur í sér verulega aukna fjármögnun af skatttekjum sem ekki hefur verið reiknað með í þessum kostnaðarauka.

Þá er alveg sérstök ástæða til að leggja áherslu á og spyrjast fyrir um fyrirætlanir að því er varðar

vaxtalækkanir. Ríkisstj. hefur að því er mér skilst heitið því að nú þegar, nú um mánaðamótin verði fylgt eftir þessu samkomulagi með lækkun nafnvaxta. Þess vegna vil ég að gefnu tilefni spyrja sérstaklega: Hver er hlutur ríkisstj. að því er varðar blaðafregnir um ákvörðun Seðlabankans um vaxtahækkun á verðtryggðum lánum til langs tíma sem valdið hafa að undanförnu húsbyggjendum og öðrum lántakendum verulegum áhyggjum? Fréttin er á þá leið að fyrir dyrum standi þrátt fyrir allt 1% hækkun, úr 5 í 6%, á verðtryggðum lánum til langs tíma, yfir tvö og hálft ár ár. Ég spyr sérstaklega og vænti svars í þessum umræðum: Má treysta því að frá þessu verði fallið? Er þetta með raun réttri ákvörðun sem Seðlabankinn hefur tekið eða mega menn yfirleitt treysta því að frá þessu ákvörðunum, ef þær hafa verið teknar, verði fallið þannig að menn megi trúa að þarna verði fylgt eftir þessu samkomulagi með lækkun nafnvaxta líka og ekki hvað síst á lengri lánum verðtryggðum?

Herra forseti. Það er óþarfi að fara mörgum orðum um það sem gerðist í ríkisfjármálum á s.l. hausti. Annar stjórnarflokkurinn, *Sjálfstfl., hélt sérstakan fund í* Stykkishólmi, sem frægur var, og gerði þar hinar merkustu ályktnair um nauðsyn þess að stokka upp ríkisfjármálin, fylgdi því eftir með skiptum á fjmrh., fól formanni sínum umsjá ríkisfjármálanna. En því miður. Þær vonir sem með þessu voru vaktar upp rættust ekki. Með því á ég við að við fjárlagaafgreiðsluna var fallið frá samþykkt Alþingis um lækkun tekjuskatts, það var fallið frá boðuðum áformum um einföldun og lækkun vörugjalds, það var efnt til framkvæmda og fjárútláta sem ekki var aflað tekna til, ríkissjóður var afgreiddur með rekstrarhalla og lánsfjárlög gerðu ráð fyrir nettóaukningu erlendra lána. Allt er þetta sprengirými verðbólgunnar. Núna er raunverulega verið að fara fram á að þær ákvarðanir sem þarna voru teknar á þessum tíma verði rift. Það skiptir sköpum um hvort við getum vænst þess að árangur náist að nú mæti menn þessu frumkvæði aðila vinnumarkaðarins með því að stokka upp í ríkisfjármálunum. Þar á ég m.a. við að útgjaldaaukanum verði mætt m.a. með aukinni tekjuöflun af hálfu þeirra forréttindahópa sem sloppið hafa frá því að bera sinn eðlilega réttmæta hlut í skattheimtunni annars vegar og svo hins vegar með því að lækka ríkisútgjöld, en þetta verði ekki eingöngu fjármagnað með lántökum. Ég tek nefnilega undir fyrirvara og áhyggjur samningsaðila um að ef þannig verður að farið er fullkomin hætta á því að árangurinn náist ekki.

Herra forseti. Ég skal reyna að fara að ljúka máli mínu. Ég vil aðeins rifja það upp að við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga nú fyrir jól fluttum við Alþýðuflokksmenn hér allt í allt eitthvað um 100 tillögur, milli 70 og 80 tillögur að því er varðar breytingar á fjárlögum og einnig tillögur að því er varðar breytingar á lánsfjárlögum. Þær voru í örstuttu máli á þá leið að gera allt í senn: afla ríkissjóði meiri tekna, sérstaklega með því að draga úr skattundandrætti að því er varðar söluskatt og með því að efna til nýrrar skattheimtu sem var stighækkandi stóreignaskattur á skattsvikinn verðbólgugróða, en um leið að jafna skattbyrðina með því að lækka skattbyrði alls þorra almennings, þar á meðal með lækkun tekjuskattbyrði og breytingum á gjaldtöku ríkisins að því er varðar tolla og vörugjöld. Þessu fylgdum við jafnframt eftir með allítarlegum tillögum um lækkun ríkisútgjalda, fækkun ríkisstofnana o.fl. Það aukna svigrúm sem fékkst innan þessa nýja fjárlagaramma vildum við nota til að auka fjárveitingar til húsnæðismála, tryggingamála og tekjujöfnunar. Það fer ekkert milli mála að þær tillögur sem nú hefur verið beint til hæstv. ríkisstj. af aðilum vinnumarkaðarins eru í sama anda. Þær eru ekki að öllu leyti eins, en þær eru að því er kjarna málsins varðar mjög keimlíkar að því er lausnir varðar.

Um leið og ég segi fyrir hönd okkar jafnaðarmanna: Við lýsum yfir stuðningi, eindregnum og afdráttarlausum stuðningi, við það að þessi tilraun verði gerð, að ná þessum lífskjarasáttmála milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, þá viljum við leggja á það megináherslu að það skiptir sköpum að hæstv. ríkisstj. *komi til* móts við stjórnarandstöðuna t.d. með því að taka tillit til þessara tillagna. Ég t.d. óska eftir því að heyra afstöðu hæstv. ráðherra. Eru þeir reiðubúnir til þess nú að verða við ábendingum og taka undir tillögur um eignarskattsauka? Eru menn tilbúnir að stíga skref í þá átt að lækka tekjuskattinn? Eru menn tilbúnir að stíga ákveðin skref í þá átt að auka skattlagningu, t.d. launaskattsauka, á hagnað banka í ljósi t.d. nýjustu upplýsinga um gífurlegan hagnað bankakerfinu? Ég nefni t.d. bara áætlunartölur um hagnað Landsbankans á s.l. ári, 600 millj. brúttó sem verður ekki minna en 250 millj. nettó, og tölur af svipuðum toga af öðrum ríkisbönkum. Þetta skiptir máli til að auka traust á þessar aðgerðir með því að ríkisstj. gangi fram fyrir skjöldu um leið og sýni að hún er reiðubúin að taka undir gagnrýni, sem hún hefur setið undir með réttu, og reiðubúin að jafna skattbyrðina og láta forréttindahópa, sem sloppið hafa heldur billega, bera sinn hlut af byrðunum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég lýk máli mínu með því að segja: Við skorum á ríkisstj. að taka upp með einum eða öðrum hætti tillögur sem stefna að því öllu saman: að tryggja lækkun skattbyrði almennings, að tryggja breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs og jafnari skattbyrði, að tryggja að ekki komi til aukning erlendra lána, og reyndar þarf að fylgja þessu eftir með minnkun erlendra lána, og loks að grípa til aðgerða sem fela í sér lækkun ríkisútgjalda.

Mér finnst, herra forseti, að þau tíðindi sem nú hafa orðið séu þess eðlis að það megi undir engum kringumstæðum gerast að þær vonir, sem nú hafa verið vaktar um að það takist með sameiginlegu átaki að ná verulegum árangri í að renna stoðum undir heilbrigt efnahagslíf, jafnvægi í efnahagslífinu sem tryggi hvort tveggja, traustar undirstöður atvinnuvega og vonir um bætt lífskjör, raunverulega aukinn kaupmátt, verði sér til skammar vegna mistaka sem kunni að eiga sér stað í hagstjórn af hálfu ríkisstj.

Þess vegna lýk ég máli mínu með því að segja: Við lýsum yfir afdráttarlausum stuðningi við að þetta samkomulag geti tekist um leið og við hvetjum ríkisstj. eindregið til þess að taka fyrir sitt leyti tillit til tillagna, sem hér liggja fyrir og ég hef bent á, sem miða að því að jafna greiðslubyrðina og tryggja að nú verði ekki aftur þau mistök að það verði eingöngu hinum efnaminnstu í þjóðfélaginu ætlað að færa fórnirnar og skila árangrinum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrst vil ég aðeins koma að þeirri gagnrýni sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda á að blaðamannafundur var haldinn í Stjórnarráðinu kl. hálffimm. Við fjmrh. afhentum aðilum vinnumarkaðarins, þ.e. Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands, svar við málaleitan þeirra á fundi kl. 15. Mér var ljóst að svar þetta var opinbert orðið og eðlilegast að afhenda það fréttamönnum. Um það verður hins vegar ekki fjallað í fjölmiðlum fyrr en að loknum þessum fundi.

Ég vil rekja í fáum orðum aðdraganda að því sem nú hefur gerst:

Ríkisstj. hefur hvað eftir annað á ferli sínum lagt áherslu á að hún væri reiðubúin til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins með aðgerðum sem gætu stuðlað að skynsamlegum kjarasamningum sem yrðu til þess að verðbólga hjaðnaði og það helst ört. Þetta var boðið í febrúar 1984 og því var þá tekið. Þá lagði ríkisstj. töluvert fjármagn í launa- og kjarahækkun til einstæðra foreldra. Þeir kjarasamningar, hygg ég að menn geti verið sammála um, voru skynsamlegir. Það var einnig boðið upp á mikla skattalækkun haustið 1984. Því var ekki tekið. Ég held að menn geti einnig verið sammála um að sú kollsteypa sem varð eftir þá kjarasamninga var ekki til góðs fyrir íslenskt efnahagslíf.

Þetta hef ég og aðrir ráðherrar síðan endurtekið á síðustu haustmánuðum og lagt áherslu á að ríkisstj. væri reiðubúin til slíks samstarfs. Þegar kom fram vilji til þess að af slíku samstarfi gæti orðið. M.a. gengu fulltrúar Alþýðusambands Íslands á minn fund nokkru fyrir áramótin og hófu þar umræður um þau atriði sem Alþýðusambandið lagði áherslu á. Ég vakti síðan athygli á því, m.a. í umræðum á hinu háa Alþingi 28. jan. s.l., að orðið hefði mikil breyting í viðskiptakjörum okkar Íslendinga sem ætti að geta stuðlað að langtum heilbrigðari samningum en menn höfðu áður gert sér vonir um sem bæði yrðu til þess að lækka mætti verðbólgu verulega en um leið styrkja kaupmáttinn. Þessu var þá strax vel tekið. Aðilar vinnumarkaðarins höfðu samband við ríkisstj. sem leiddi til þess að þeim var skrifað bréf 11. febr. s.l. og lofað þar ákveðinni niðurfærslu á verðlagi ef stuðla mætti að skynsamlegum samningum.

Ljóst varð eftir að það bréf fór að aðilar vinnumarkaðarins töldu ákaflega erfitt að bæta kaupmáttinn að nokkru ráði án þess að til frekari aðgerða kæmi og var þá þegar athugað einnig vandlega á vegum ríkisstj. hvað mætti gera, og af samningsaðilum sjálfum. Það er einmitt vegna þeirrar ítarlegu athugunar, sem fór fram á vegum ríkisstj., að ríkisstj. gat svarað þeirri málaleitun, sem kom formlega í gærkvöldi kl. hálfátta með svo litlum fyrirvara, þótt um mjög víðtæk mál væri að ræða.

Ég hygg að á þeim skamma tíma sem er til umráða skýri ég þetta mál best með því að lesa svar ríkisstj. sem afhent var kl. 15 og geri það, með leyfi forseta. Þetta er svar frá forsrh. til Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna:

„Ríkisstj. hefur kynnt sér kjarasamning milli aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistarasambands byggingamanna og Reykjavíkurborgar, dags. 26. febr. 1986. Þá hefur ríkisstj. fengið í hendur bréf samningsaðila og yfirlýsingu þeirra um lífeyrismál og húsnæðismál, dags. sama dag.

Samningsaðilar gera í bréfi sínu ráð fyrir að ríkisstj. beiti sér fyrir öllum þeim aðgerðum á sviði efnahagsmála sem lýst var í orðsendingu til þeirra, dags. 11. febr. 1986. Auk þess fara þeir fram á viðbótaraðgerðir sem ætlað er til að draga enn frekar úr verðhækkunum á næstunni, bæta kjör launafólks og starfsskilyrði atvinnuveganna. Samningsaðilar lýsa því jafnframt yfir að þeir muni beita ser fyrir því að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf af opinberum aðilum fyrir 925 millj. kr. hærri fjárhæð á árinu 1986 en lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Af þessu fé renni 300 millj. kr. til þess að auka lán til þeirra húsbyggjenda, sem leita þurfa til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar árið 1986, til viðbótar þeim 200 millj. kr. sem áður var ákveðið að verja í þessu skyni.

Þótt ljóst sé að kjarasamningurinn og tillögur samningsaðila um aðgerðir af opinberri hálfu feli í sér meiri hækkun launa og fjárútláta fyrir ríkissjóð en ríkisstj. hefði talið æskilegt er hún engu að síður reiðubúin til að standa við yfirlýsingar sínar frá 11. febr. s.l. og gera frekari ráðstafanir til þess að greiða fyrir kjarasamningum. Er þá jafnframt við það miðað að önnur heildarsamtök launafólks geri áþekka launasamninga.

Ríkisstj. leggur þó á það áherslu að launasamningarnir og viðmiðanir þeirra eru að sjálfsögðu gerðir á ábyrgð samningsaðila sjálfra.

Ljóst virðist að þessir samningar og það sem þeim fylgir muni valda því að útgjöld þjóðarinnar í heild færi nokkuð fram úr því sem ríkisstj. hefur stefnt að til þessa og halli myndast á ríkisbúskapnum, en með tilliti til þess hversu mikilvægt það er að nú náist ótvíræður og verulegur árangur í viðureigninni við verðbólguna er ríkisstj. reiðubúin að taka nokkra áhættu í þessu máli. Þessi afstaða er á því byggð að ekki verði verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum eða öðrum ytri aðstæðum þjóðarbúsins.

Ríkisstj. mun því fylgja þeirri stefnu í fjármálum og peningamálum sem lýst var í orðsendingu henar frá 11. febr. s.l. Gengi krónunnar verður haldið sem stöðugustu og vextir af óverðtryggðum lánum lækkaðir um rúmlega þriðjung þegar í kjölfar kjarasamninganna, t.d. á almennum skuldabréfum úr 32% í 20%. Vextir munu síðan fara lækkandi á næstu mánuðum með hliðsjón af verðlagsþróun.

Varðandi þær viðbótaraðgerðir sem samningsaðilar fara fram á í bréfi sínu 26. febr. tekur ríkisstj. fram að hún er reiðubúin til þess að beita sér fyrir ráðstöfunum á grundvelli tillagna samningsaðila sem að mati þeirra kosta ríkissjóð 1250 millj. kr. á árinu 1986. Ríkisstj. hefur ákveðið að 640 millj. kr. renni til að fella niður verðjöfnunargjald af raforku og launaskatt í fiskiðnaði og iðnaði, en 590 millj. kr. til að lækka tolla á ýmsum hátollavörum sem vega þungt í neyslu almennings.

Ríkisstj. mun að auki leggja fram 220 millj. kr. til að lækka verð á búvörum og beita öðrum ráðstöfunum til þess að tryggja að búvöruverð hafi ekki áhrif til hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar í marsbyrjun og hækki ekki umfram umsamda hækkun launa síðar á árinu. Samtals er hér um að ræða tekjutap og útgjaldaauka fyrir ríkissjóð sem gæti numið allt að 1450 millj. kr. til viðbótar við þær ráðstafanir sem lýst var í orðsendingu ríkisstj. til samningsaðila 11. febr. s.l.

Ríkisstjórnin mun leggja fram á Alþingi frv. til laga til staðfestingar þessum ákvörðunum.

Gert er ráð fyrir að þeim halla sem myndast af þessum sökum verði mætt með áðurnefndri lántöku hjá lífeyrissjóðum, annarri lántöku hjá innlendum lánastofnunum, lækkun útgjalda og nokkurri hækkun tekna ríkissjóðs. Ekki kemur til álita að afla fjár til þessara aðgerða með erlendum lántökum.

Í yfirlýsingu samningsaðila um lífeyrismál felst stuðningur við meginmarkmið og meginefni tillagna átta manna lífeyrisnefndar ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS um löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða sem m.a. felur í sér að komið verði á heildstæðu lífeyriskerfi þar sem lífeyrisiðgjöld og skuldbindingar standist á. Ríkisstjórnin mun að höfðu samráði við fulltrúa þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í þessu efni, undirbúa löggjöf sem byggir á framangreindum meginatriðum og stefnir að því að lagafrv. verði lagt fram á þessu ári.

Ríkisstjórnin er reiðubúin til að eiga viðræður við aðila vinnumarkaðarins um vanda þeirra einstaklinga sem eiga aðild að lífeyrissjóðum sem standa fjárhagslega höllum fæti. Þá tekur ríkisstj. undir það sjónarmið að nauðsynlegt sé að fjalla um tengsl lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða og lífeyris frá almannatryggingum.

Ríkisstjórnin fellst á grundvallaratriði þeirra hugmynda sem fram koma í yfirlýsingu samningsaðila um húsnæðismál og er tilbúin til þess að athuga þær vandlega í samráði við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega útgjöld ríkisins í þessu sambandi. Ríkisstjórnin er reiðubúin til að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um húsnæðismál í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar.

Í samræmi við samkomulag samningsaðila mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að til viðbótar við áður ákveðnar 200 millj. kr. verði 300 millj. kr. varið á þessu ári til að aðstoða þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna húsbygginga.

Ríkisstjórnin mun beina því til banka og sparisjóða að þeir lengi lánstíma lána til húsbyggjenda í samræmi við samkomulagið.

Í bréfi samningsaðila til ríkisstjórnarinnar, dags. 31. janúar 1986, segir meðal annars að það sé ein helsta forsenda stöðugleika í efnahagsmálum að ýtrasta aðhalds sé gætt á sviði peningamála og opinberra fjármála. Undir þetta vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti taka og mun hafa að leiðarljósi við framkvæmd þeirra aðgerða til viðnáms gegn verðbólgu sem aðilar vinnumarkaðarins hafa óskað eftir.

Ríkisstjórnin telur að með þeim kjarasamningum sem nú er verið að gera og aðgerðum sem hún hyggst beita sér fyrir hafi náðst mikilsverð samstaða um átak til að snúa þróun verðlagsmála til betri vegar. Þeim efnahagsbata sem bætt ytri skilyrði gera nú kleift að ná er með þessum ákvörðunum fyrst og fremst varið til að bæta og tryggja lífskjörin í landinu og gera alvarlega tilraun til að koma verðbólgunni niður á það stig sem algengast hefur verið í viðskipta- og samkeppnislöndum Íslendinga.

Ljóst er að með þessum aðgerðum tekur ríkissjóður nokkra áhættu og axlar fjárhagsbyrðar sem ekki er til lengdar unnt að bera nema dregið verði úr útgjöldum eða tekjur auknar. Þess er vænst að aðrir aðilar í þjóðfélaginu leggi einnig sitt af mörkum og fyrirtæki reyni markvisst að halda aftur af hækkun verðs á framleiðslu- og söluvörum sínum innanlands og endurskoði til lækkunar verðákvarðanir sem byggst hafa á áætlunum um meiri verðbólgu en nú eru horfur á að verði á næstu mánuðum."

Undir þetta bréf rita ég.

Ég skal ekki lengja þetta mjög en vil þó fara með nokkrar skýringar á því sem fram kemur í bréfinu. Ég vil fyrst geta þess að þegar er í undirbúningi í viðkomandi ráðuneytum að þær lækkanir verði nú um mánaðamótin á töxtum opinberra stofnana sem lofað er. Og ég leyfi mér að fullyrða að það mun takast. Einnig er þeim tilmælum beint til þessara ráðuneyta að kannaðar verði lækkanir á gjöldum annarra opinberra stofnana en taldar voru upp í bréfi ríkisstj. frá 11. febrúar.

Sérstaklega var spurt um vextina og ég gat þess hér sem dæmi að skuldabréfavextir lækka úr 32 í 20%. Gert er ráð fyrir því að vextir af hlaupareikningslánum lækki úr 31,5 í 19,5% og af afurðalánum úr 28,5 í 19,25%. Sérstaklega var spurt um þá fyrirætlun Seðlabankans að hækka raunvexti af verðtryggðum lánum úr 5 í 6%. Ríkisstj. samþykkti í morgun að úr því yrði ekki. Það tilkynnti ég Seðlabankanum í morgun og sú hækkun mun ekki verða.

Það er rétt, sem hér hefur verið rakið, að um verulegt tekjutap eða útgjaldaauka fyrir ríkissjóð er að ræða og er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Ég hygg að flestir hér þekki þær hugmyndir sem liggja til grundvallar, og framkvæmdar verða, um tollalækkanir á ýmsum hátollavörum. Á grænmeti verður tollalækkun nokkuð víðtækari en um var rætt af aðilum vinnumarkaðarins. Jafnframt verða tollar lækkaðir af fólksbifreiðum, hjólbörðum og heimilistækjum. Þá er felldur niður launaskattur eins og ég las. Með þessu móti er að sjálfsögðu bæði verið að draga mjög úr hækkun vísitölu — samtals eru verðlagsáhrifin talin vera 4,35 stig — en einnig er verið að bæta fyrir þá atvinnuvegi sem eiga erfiðast með að mæta þeirri launahækkun sem um er samið. Með lækkun á launaskatti og lækkun á raforku, þ.e. með því að greiða jöfnunargjald af raforku úr ríkissjóði, batnar t.d. staða fiskvinnslunnar eða frystingarinnar um 90 milljónir kr. eða þar um bil.

Eg vil einnig vekja athygli á því að í tengslum við það sem nú hefur verið að gerast hefur ríkisstjórnin þegar heitið fiskvinnslunni umtalsverðri aðstoð, m.a. endurgreiðslu á 75 millj. kr. af gengismun sem orðið hefur á síðustu mánuðum vegna þess mismunar sem orðið hefur á SDR og dollara, og fleira sem áður hefur verið rakið sem ríkisstjórnin gerir til þess að styrkja þann atvinnuveg sem stendur hvað erfiðast. Þessi aðstoð mun einnig ná til atvinnugreina eins og ullariðnaðarins. Niðurfelling af launaskatti og lækkun á raforkuverði kemur að sjálfsögðu einnig þeim iðnaði mjög til góða. Ullariðnaðurinn mun einnig fá endurgreiddan í sama hlutfalli mismun á gengi eins og fiskvinnslan hefur nú fengið.

Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er vitanlega nauðsynlegt, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið, að mæta þessu tekjutapi ríkissjóðs með endurskoðun á tekjum ríkissjóðs. Á því er ekki nokkur vafi. Og ljóst er að þetta mun gera fjárlagagerð erfiðari á haustmánuðum.

Ég get tekið undir hugmyndir þær ýmsar sem hv. fyrirspyrjandi nefndi um hækkun á ákveðnum sköttum, þó ég fari ekki ítarlegar út í það hér, en það er ekki gert

ráð fyrir því að slíkar skattahækkanir verði á þessari stundu.

Ég vil geta þess, af því að hv. fyrirspyrjandi kom sérstaklega inn á húsnæðismálin, að ég er honum sammála að þar er um mjög athyglisverðar hugmyndir að ræða. Hins vegar, eins og ég las, telur ríkisstjórnin óhjákvæmilegt að athuga þau mál nánar. Ýmsum spurningum er ósvarað. Ekki er t.d. lagt til hver skattaafsláttur á að vera. Slíkt getur vitanlega varðað ríkissjóð mjög miklu. Það eru slíkir þættir sem þarf að athuga, m.ö.o. áhrif þess kerfis á ríkissjóð.

Ég vil svo, herra forseti, lýsa ánægju minni með að þetta skynsamlegir samningar virðist vera að takast. Ég held ég megi fullyrða að aðilar vinnumarkaðarins fóru af fundi ríkisstjórnarinnar ánægðir með það svar sem þeir höfðu fengið og með þær viðbótarskýringar sem þeim voru gefnar. Ég tel rétt að geta þess hér að þar var sérstaklega rætt um það hvernig eytt yrði áhrifum búvöru. Eins og þegar hefur reyndar verið lögð áhersla á, bæði við fulltrúa bænda og aðra aðila sem nálægt þessum málum koma, mun það verða gert með því að þær aðgerðir sem hér er gripið til verði reiknaðar inn í þá hækkun sem verður á búvöru nú og þá að sjálfsögðu til lækkunar bæði á grundvöllinn og sömuleiðis gagnvart vinnslustöðvum. Að öðru leyti verður ekki hjá því komist að auka nokkuð niðurgreiðslur. Gert er ráð fyrir því að engin hækkun verði á mjólk og kjöti nú 1. mars og að öðru leyti verði áhrifunum eytt sem á vísitöluna annars yrðu.

Þarna er vitanlega um gífurlega mikið fjárhagsmál fyrir ríkissjóð að ræða og það mun verða athugað mjög vandlega á næstu vikum hvernig því verður í framtíðinni mætt. Um þetta varð full samstaða og ég geri mér fastlega vonir um að á þessari stundu sé verið að ganga frá kjarasamningi. Ég lýsi jafnframt þeirri von minni að þetta verði til þess að snúa mjög við þeirri verðbólguþróun sem hér hefur verið og til stórkostlegs bata í okkar efnahagsmálum.

Ég get þó ekki annað en vakið athygli á því að í raun og veru er allur sá bati, sem orðið hefur í viðskiptakjörum, notaður til þess að styrkja kaupmáttinn, bæta lífskjörin, en ekki til þess t.d. að draga úr erlendum skuldum. Mjög er líklegt að viðskiptahalli verði svipaður og hann var á síðasta ári. Það er því verkefni sem sannarlega bíður okkar á næstu árum. Talið er að þessi viðskiptakjarabati leiði til þess að þjóðartekjur aukist um u.þ.b. 4 af hundraði á þessu ári en þjóðarútgjöld munu að öllum líkindum aukast um 2–3 af hundraði í stað 1 af hundraði sem gert var ráð fyrir í áætlun ríkisstjórnarinnar. Mikilvægt er að þessir hlutir haldist í hendur. Þá held ég að takast muni eins og að er stefnt.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég lít svo á að þeir samningar, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert sín á milli, marki að mörgu leyti þáttaskil og þær ráðstafanir, sem ákveðið hefur verið að gera af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir þeim samningum, séu á sama hátt allmikil nýlunda í samningagerð og samskiptum ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins. Við erum m.ö.o. að troða nýjar slóðir og við hljótum að vænta þess að þessi tilraun, sem ég vil kalla svo, muni leiða til góðs. Ég lít svo á að þetta sé tilraun til eins konar þjóðarsáttar um það að ná niður verðbólgu og styrkja kaupmátt með sameiginlegum aðgerðum aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins. Það hefur legið fyrir lengi, og allt frá því að þessi ríkisstj. tók við völdum, að hún vildi standa á þennan veg að gerð kjarasamninga í þessu skyni.

Við höfum allt of oft, Íslendingar, þurft að þola það og um allt of langan tíma að aðilar vinnumarkaðarins sætu út í bæ og gerðu kjarasamninga sem kollvörpuðu verðbólgumarkmiðum hverrar ríkisstjórnarinnar á fætur annarri, gengju í berhögg við efnahagsmarkmið ríkisstjórna og vilja Alþingis að þessu leyti. Árum saman hafa aðilar vinnumarkaðarins þannig setið út í bæ og gert kjarasamninga gegn stefnu ríkisstjórna. Nú hefur það hins vegar gerst að þeir hafa setið á rökstólum á grundvelli tilboðs sem ríkisstj. gerði, síðast með yfirlýsingu frá 11. febrúar, í þeim tilgangi að ná kjarasamningi á þennan veg og ég fagna því að sú niðurstaða skuli fengin sem hér hefur orðið.

Því ber ekki að leyna að þessir samningar og þær ráðstafanir, sem ákveðið hefur verið að gera í framhaldi af þeim, ganga nokkuð lengra en ríkisstj. hafði ætlað í upphafi með yfirlýsingu sinni frá 11. febrúar s.l. Eigi að síður tel ég að hér hafi náðst mjög mikilsverður árangur og það sé bæði rétt og skylt að ganga til þeirra aðgerða sem hér hefur náðst samkomulag um. Auðvitað höfum við ekki leyst öll okkar efnahagslegu vandamál með þessum hætti þó að á þennan veg stefni að lægri verðbólgu en áður og traustari kaupmætti en ella hefði verið unnt að ná. Við stöndum enn frammi fyrir verulegum erlendum skuldum og viðskiptahalla og þurfum að færa nokkrar fórnir í ríkisfjármálum til þess að ná þessu markmiði. Við verðum m.ö.o. að reka ríkissjóð á þessu ári með halla til þess að þetta markmið náist. Ég met það hins vegar á þann veg að hér séum við að ná í heild svo mikilsverðum efnahagslegum markmiðum í þágu launþeganna í landinu og atvinnulífsins að það sé réttlætanlegt að taka á sig nokkra áhættu í ríkisfjármálum til þess að þessi árangur geti orðið að veruleika.

Fyrir utan þær ráðstafanir, sem áður höfðu verið boðaðar af hálfu ríkisstj. um lækkun tekjuskatts og tilmæli til sveitarfélaga um lækkun útsvars í takt við lækkandi verðbólgu og lækkun á verðskrám opinberra fyrirtækja, hefur verið ákveðið að grípa til ráðstafana sem samtals kosta ríkissjóð um 1250 millj. kr. Hér er um að ræða að fella niður verðjöfnunargjald af raforku og launaskatt í fiskiðnaði og iðnaði, en samtals munu þessar aðgerðir kosta um 640 millj. kr. Svo er um að ræða aðgerðir til að lækka tolla á ýmsum hátollavörum sem vega þungt í neyslu almennings, en þessar ráðstafanir kosta um 590 millj. kr. Og þar að auki er gert ráð fyrir því að verja 220 millj. kr. til þess að færa niður verðlag á landbúnaðarafurðum.

Hv. málshefjandi í þessum umræðum hélt því fram að skilyrði fyrir því, að þeir samningar sem náðst hafa og kynntir hafa verið, sé það að ríkisstjórnin breyti stefnu sinni. Þetta er býsna furðuleg yfirlýsing í ljósi þess að nú loks hafa tekist heildarkjarasamningar í landinu á grundvelli þeirra hugmynda sem ríkisstj. hefur fyrir löngu lagt fram og lagt áherslu á að ættu að liggja til grundvallar kjarasamningum. Í febrúar 1984 voru gerðir kjarasamningar með þessum hætti, til skamms tíma að vísu. Fyrir haustsamningana 1984 lá fyrir mjög ákveðið tilboð af hálfu ríkisstj. um samningsgrundvöll með mjög svipuðum hætti og hér hefur verið gert nú. Þá

náðist ekki samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um að fara þessa leið, því miður, og það kostaði verulega verðbólguöldu í kjölfarið og þýddi að um skeið urðu menn að fresta áformum um að styrkja kaupmátt launafólks í landinu. Nú hefur náðst samstaða á þessum grundvelli.

Þegar mælt var fyrir fjárlögum þessa árs fyrr á þessu þingi var því lýst yfir að ríkisstj. væri reiðubúin til viðræðna á þennan veg. Það ver endurtekið, eins og fram hefur komið í máli hæstv. forsrh., í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins fyrir áramót og enn á ný með yfirlýsingum nú í byrjun þessa árs. Ég lít svo á að báðir aðilar, samningsaðilar á vinnumarkaðinum hafi lagt sig mjög fram um það að ná skynsamlegri niðurstöðu og þeir eiga miklar þakkir skildar fyrir það að treysta sér til þess að takast á við þetta mikla verkefni, því það er einfaldari lausn að ganga til kjarasamninga á þann veg að verðbólgan jafni mismun milli tekna og gjalda í þjóðfélaginu. En hér hafa menn freistað þess að takast á við þessi verkefni og leysa á þennan veg. Auðvitað sköpuðu breyttar efnahagsaðstæður í byrjun þessa árs betri skilyrði en ráð var fyrir gert þegar þjóðhagsáætlun var gefin út í lok síðasta árs. Viðskiptakjarabati hafði þar verulega mikið að segja.

Hv. 5. þm. Reykv., sem hóf þessa umræðu, gat þess að ýmislegt gæti orðið til þess að spilla árangri af þessari samningsgerð og tók þar fyrst og fremst til hugsanlegan hallarekstur ríkissjóðs og lántökur. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er það hvar lán eru tekin. Ef lánin eru tekin erlendis til þess að mæta þessum aðgerðum þá hefur það verðbólguáhrif hér innanlands og er til þess fallið að grafa undan grundvelli þessara samninga. Á það get ég fallist. Enn fremur ef við reyndum að mæta þessu með seðlaprentun í gegnum Seðlabankann eins og stundum hefur verið gert þá mundi það hafa svipaðar afleiðingar í för með sér. Það er fullkomin samstaða á milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins um að standa ekki að fjáröflun með þessum hætti. Fjármagns til þessara aðgerða verður aflað innanlands. Það verður ekki gert með því að leggja á nýja skatta. En það verður gert með lántöku, fyrst og fremst hjá lífeyrissjóðum og í bankakerfinu.

Ég tel ekki rétt við þessar aðstæður þegar verið er að gera kjarasamninga sem eiga að styrkja kaupmátt og gera sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr verðlagsáhrifum að kalla það til baka með nýrri skattheimtu á almenning. Það væri óskynsamlegt við þessar aðstæður. En hitt er nauðsynlegt að fjármunanna sé aflað með lántökum innanlands þannig að það auki ekki líkur á þenslu. Auðvitað kemur það einhvers staðar niður. Hjá því verður ekki komist. Það fjármagn sem ríkissjóður tekur að láni hjá lífeyrissjóðunum verður ekki notað til annarra hluta. Og það mun skerða ráðstöfunarfé bankanna að ríkissjóður verður að taka þar umtalsverðar upphæðir að láni. Þetta verður einhvers staðar að koma niður en ég tel skynsamlegra að gera það með þessum hætti en að leggja á nýja skatta.

Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því að leggja á eignarskatt, eins og hv. málshefjandi spurðist fyrir um, og ég væri líka ósammála því að leggja á sérstakan launaskatt í tilteknum atvinnugreinum. Það hafa heyrst hugmyndir um að hækka launaskatt í bönkum og hjá ýmsum þjónustuaðilum um 3,5%. Ég lít svo á að ef það yrði gert væri ríkisstj. beinlínis að stuðla að því að launþegar hjá þessum aðilum fengju ekki sömu kjarabætur og aðrir launamenn í landinu. Og fyrir þá sök ekki síst teldi ég rangt að standa að slíkri skattheimtu við þessar aðstæður.

Gert er ráð fyrir því að samhliða þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða í tengslum við þessa kjarasamninga, megi lækka erlendar lántökur um rúmlega 800 millj. kr. frá því sem lánsfjárlög gerðu ráð fyrir. Fyrir þessu verður gerð frekari grein þegar mælt verður fyrir frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og til breytinga á lánsfjárlögum, væntanlega á fundi hér á hinu háa Alþingi í kvöld.

Það skiptir miklu máli, eins og hv. málshefjandi benti á, að sparnaður haldi áfram að aukast. Það er rétt, sem hér hefur komið fram og hæstv. forsrh. hefur bent á, að sá ávinningur sem við höfum notið vegna batnandi viðskiptakjara fer til þess að styrkja kaupmátt, honum er ekki varið til þess að greiða niður erlend lán og til þess að draga verulega úr viðskiptahalla. Því skiptir miklu máli að við stöndum á þann veg að öllum ráðstöfunum að sparnaður haldi áfram að aukast í þjóðfélaginu þannig að ekki leiði til aukinnar þenslu. Ég tek fyllilega undir það með hv. þm. og treysti því einnig að hann sé þá reiðubúinn að standa að efnahagslegum ráðstöfunum og ákvörðunum sem stuðli að því að auka sparnað.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist á það enn einu sinni að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum með afgreiðslu fjárlaga á Alþingi og þær breytingar sem gerðar voru á fjárlagafrv. í meðferð þess hér á Alþingi í kjölfar fundar Sjálfstæðismanna í Stykkishólmi. Þessar breytingar fólu nú í sér niðurskurð á opinberum umsvifum um 1200 millj. kr. Það er afar athyglisvert að hann skuli upplýsa það í hverri þingræðu sem hann heldur að af þessum sökum hafi hann orðið fyrir miklum vonbrigðum með afgreiðslu fjárlaganna hér á hinu háa Alþingi. Það olli honum vonbrigðum að það tókst að draga úr ríkisumsvifum um 1200 millj. kr. og að við meðferð frv. og lánsfjárlaga hér á Alþingi tókst að lækka erlendar lántökur um 800 millj. kr. frá því sem ráðgert var. Mér finnst vera ástæða til þess að krefja hv. þm. um skýringar á því hvers vegna þessar ráðstafanir hafa valdið honum sérstökum vonbrigðum.

Ég furða mig á því að hv. þm. skuli vera að rifja hér upp tillögur Alþfl. við afgreiðslu fjárlaga um sparnað í ríkisrekstri. Mér finnst að ýmsir Alþýðuflokksmenn, þeir eru kannske ekki mjög margir, Alþýðuflokksmenn í heild, en ýmsir þeirra hafa nú held ég fremur skammast sín fyrir þessar tillögur en hitt. Ef ég man rétt þá byggðust þessar tillögur á niðurskurði. Ég minnist þess að það átti að lækka ríkisútgjöld með því að ákveða í fjárlögum: Kennaraháskóli Íslands, liðurinn fellur niður; Búnaðarfélag Íslands, liðurinn fellur niður; Fiskifélag Íslands, liðurinn fellur niður. Þetta voru hinar miklu tillögur sem Alþfl. flutti og er að berja sér á brjóst að hafi átt að leysa ríkisfjármálavandann. Ég skil mætavel þá Alþýðuflokksmenn sem skammast sín frekar fyrir þessar tillögur en að hreykja sér af þeim.

Það er ekki tilefni hér til þess að fara út í almennar stjórnmálaumræður af þessu tagi en ég taldi rétt að þetta kæmi fram af því tilefni sem hv. málshefjandi gaf hér í upphafi máls síns.

Aðalatriðið er það að hér er að fást mjög mikilvæg niðurstaða í erfiðu úrlausnarmáli sem er gerð kjara-

samninga, ákvörðun um tekjuskiptingu og þátttaka stjórnvalda til þess að leysa þau mál. Ég ítreka að við erum að feta hér inn á nýjar brautir, gera tilraunir til þess að leysa þessi mál með öðrum hætti en áður. Og ég er sannfærður um að þær vonir, sem við þetta samkomulag eru bundnar, eiga eftir að rætast. Við megum þó ekki gleyma því að það er ekki allur vandi leystur og mörg verkefni sem þarf að vinna og margur vandi í efnahags- og atvinnumálum sem enn þarf að glíma við. *Aðalatriðið er þó hitt að menn hafa freistað þess að* ganga til verks til þess að leysa þetta verkefni með það í huga og með þeim ásetningi og með þeim árangri að ég tel að við getum búið við lægra verðbólgustig og styrkari kaupmátt en ella hefði orðið.

Forseti (Helgi Seljan): Ég hlýt að vekja á því sérstaka athygli að nú er liðinn u.þ.b. helmingur þess tíma sem við höfðum hugsað okkur til þessarar utandagskrárumræðu. Og til þess að allra sjónarmið næðu nú hér fram í þessari umrægu þá minni ég á þetta, en aðeins þrír hafa nú talað og á mælendaskrá eru fimm.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að taka það fram að ég mun að sjálfsögðu virða það samkomulag sem gert hefur verið um þessa umræðu, sem byggist á því að um sé að ræða stuttar ræður af hálfu talsmanna flokkanna, sérstaklega þó með tilliti til þess að umræður um þetta mál munu fara fram í Ed. í kvöld og Nd. á morgun og þá gefst góður tími til að fara hér yfir einstök efnisatriði og einnig að skiptast á skoðunum almennt um efnahagsmál með þeim hætti t.d. sem hæstv. fjmrh. fór út í hér áðan og tafði umræðuna í almennu pólitísku karpi að mínu mati.

Ég hlýt þó við þessa umræðu að nefna hér tvö atriði, einstök efnisatriði, sem óhjákvæmilegt er að fá upplýsingar um strax. Það er í fyrsta lagi varðandi aldraða og ellilífeyri þeirra. Ég vil inna ríkisstj. eftir því hvernig hagi til varðandi aldraða og ellilífeyri þeirra.

Ég vil inna ríkisstj. eftir því hvernig og hvenær ætlunin er að hækka ellilífeyri og tekjutryggingu í samræmi við niðurstöðu kjarasamninganna. Hvenær verður reglugerð gefin út í þeim efnum og á hvaða forsendum mun hún byggjast? Ég held að nauðsynlegt sé að skýra þetta mál aðeins vegna þess að það er kannske örlítið flóknara að taka um þetta ákvörðun en venjulega þar sem í kjarasamningunum sem nú er verið að gera er gert ráð fyrir sérstökum launabótum handa láglaunafólki. Það er mín skoðun að það sé eðlilegt að taka tillit til þessara launabóta um leið og þessi hækkun á ellilífeyri er ákveðin og til viðbótar við hina almennu hækkun. *Ég vil sem sagt inna hæstv. fjmrh. sérstaklega* eftir þessu atriði því að það er mikilvægt að það liggi fyrir.

Í annan stað er óhjákvæmilegt að spyrja í upphafi þessa máls: Hvað þýðir mgr. á miðri síðu 3 í því plaggi sem ríkisstj. dreifði til aðila vinnumarkaðarins og fjölmiðla fyrr í dag, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að þeim halla, sem myndast af þessum sökum, verði mætt með áðurnefndri lántöku hjá lífeyrissjóðum, annarri lántöku hjá innlendum lánastofnunum, lækkun útgjalda og nokkurri hækkun tekna ríkissjóðs."

Hæstv. fjmrh. var að lýsa því yfir áðan að ekki kæmi til greina að hækka skatta, ef ég tók rétt eftir, og ég vil þess vegna spyrja hann: Hvað þýðir þessi yfirlýsing um nokkra hækkun tekna ríkissjóðs og lækkun útgjalda? Hvaða útgjöld eru þetta? Hvaða tekjur eru þetta? Ég spyr í tilefni af yfirlýsingu aðila vinnumarkaðarins sem var gefin út í gær og afhent ríkisstj. í gærkvöld, en þar segir svo á síðu 5, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti verður að afla fjár með lækkun útgjalda og/eða innlendri fjármögnun án þess þó að það hafi áhrif á kaupmátt launa, velferðarþjónustu almennings eða stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina."

Ég vil sem sagt inna hæstv. fjmrh. eftir því hvaða nánari skýringar hann hefur á þessum þætti sem komið er að í 2. mgr. á bls. 3 í yfirlýsingu ríkisstj.

Herra forseti. Ég hygg að þó að ráðherrarnir reyni að bera sig mannalega hér í dag hafi ríkisstj. aldrei verið niðurlægð með jafneindregnum hætti og nú hefur gerst. Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hafa sameinast um að lýsa einróma vantrausti á ríkisstj. Þeir hafa í sameiningu ákveðið allar aðalforsendur efnahagslífsins fyrir árið 1986 og ríkisstj. á auðvitað engan annan kost en að hlýða lið fyrir lið eða segja af sér ella. Raunar væri það síðarnefnda sæmst. Ráðherrarnir eru í raun engir ráðherrar. Stéttaþing hefur samþykkt á þá vantraust með samhljóða atkvæðum.

Samningarnir ákveða í fyrsta lagi helstu forsendur kjaramála. Kaupmáttur eykst um 4,5% að jafnaði frá s.l. ári til loka samningstímabilsins og um 8% frá upphafi til loka samninga.

Í öðru lagi: Samningarnir ákveða fyrir ríkisstj. stefnu í gengismálum af því að ríkisstj. er ekki treystandi til þess.

Í þriðja lagi: Samningarnir ákveða stefnuna í verðlagsmálum og formaður Vinnuveitendasambands Íslands lýsir því yfir að hann muni beita sér sérstaklega fyrir óbreyttu verðlagi en síðan verðlækkunum þegar líður á árið. Ríkisstj. og stefna hennar í verðlagsmálum eru þannig sett út úr kortinu líka. Samningarnir ákveða meginstefnuna í vaxtamálum en þar virðast hafa verið uppi hugmyndir um að þráast við. Skv. blaðafréttum hafði verið gert ráð fyrir að hækka vexti á verðtryggðum lánum en nú er okkur tjáð að það hafi verið dregið til baka.

Samningarnir ákveða meginstefnuna í ríkisfjármálum en ríkisstj. er bannað að leggja á skatta sem rýra kaupmátt og bannað að skera niður opinbera þjónustu. Aðilar vinnumarkaðarins munu hafa bent ríkisstj. á leiðir til að afla tekna en í stað þess hefur ríkisstj. nú ákveðið að taka lán fyrir öllu sama, ef marka má upplýsingar ráðherranna áðan.

Samningarnir ákveða meginstefnuna í húsnæðismálum. Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu að hækka húsnæðislán í 80%. Þessi fyrirheit hafa verið svikin. Nú er hins vegar samið um 70% húsnæðislán. Ríkisstj. ákvað að stela í ríkissjóð 300 millj. kr. af sérstakri fjáröflun til húsnæðismála 1986. Nú er ákveðið að skipa ríkisstj. að skila þeim peningum aftur.

Samningarnir ákveða meginstefnuna í dýrtíðarmálum en ríkisstj. lofaði í upphafi starfsferils síns svipaðri verðbólgu að hámarki og í grannlöndum okkar. Þrátt fyrir þessi fyrirheit var verðbólgan áætluð 30–40% nú fyrir áramótin.

Aðilar vinnumarkaðarins taka einnig ráðin af ríkisstj. í þessum efnum og ákveða að nota góðærið til þess að

keyra verðbólguna niður fyrir 10% á árinu. Fyrir liggja spár um að verðlag, þar á meðal lánskjaravísitala, hækki um 5% til ársloka en kauptaxtar um 13,6%. Þarna er verið að snúa misgenginu við með því að hækka kaupið meira en lánskjaravísitöluna.

Samningarnir ákveða meginstefnuna varðandi búvöruverð og gerð hefur verið krafa til ríkisstj. um að auka niðurgreiðslur um allt að 500 millj. kr.

Samningarnir ákveða meginstefnu í lífeyrismálum. Þar er lögð áhersla á trygga lífeyrissjóði og hærri iðgjöld en áður og þar með kemur fram í samningunum fyrirhyggja gagnvart þeim sem þurfa að nota sjóðina á komandi árum.

Ríkisstj. hefur frá upphafi, eins og kunnugt er, hafnað hvers kyns sjálfvirkri tengingu verðlags og launa. Í samningunum er ákveðið að taka allar launaforsendur samninganna til endurskoðunar á þriggja mánaða fresti ef verðlag fer úr böndunum umfram tiltekin mörk í samningunum.

Þannig mætti lengi telja, herra forseti. Gengismál, kjaramál, ríkisfjármál, búvöruverð, húsnæðismál, lífeyrismál og síðan einstök félagsleg réttindi. Þar er stundum um að ræða þingmál sem hafa verið að velkjast í þinginu óafgreidd árum saman. Dæmi: Frv. Ragnars Arnalds um fjarvistarrétt foreldra í veikindum barna eða frv. Guðmundar J. Guðmundssonar og Karvels Pálmasonar um rétt verkafólks gagnvart uppsögnum.

Nú hefur verið ákveðið að bæta verulega rétt fiskverkunarfólks. Auk almennu launahækkunarinnar fær fiskvinnslufólk samtals þriggja launaflokka hækkun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eftir fastráðningu, þ.e. hækkun umfram það sem annars staðar gerist. Þeirri niðurstöðu vil ég fagna sérstaklega því að ég tel að hún sé í senn jafnréttismál, því að hér eiga konur í hlut að yfirgnæfandi meiri hluta, og byggðamál því meginhluti fiskvinnslunnar fer fram á landsbyggðinni. Þannig hafa kjarasamningarnir beinlínis knúið fram lagabreytingar sem stjórnarliðið hefur skellt skollaeyrum við árum saman hér á hv. Alþingi.

Í niðurstöðu kjarasamninganna eru ýmsir jákvæðir þættir. Þar ber að mínu mati hæst húsnæðismálin, sem snerta einnig þá sem hafa fengið lán á undanförnum árum, lífeyrissjóðina, réttindamál fiskverkunarfólks og síðast en ekki síst ákvörðun verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda um að nýta góðærið til þess að keyra niður verðbólguna og þar með að hafna stjórnarstefnunni. Ég hefði viljað sjá meiri aukningu kaupmáttar launa út úr þessum kjarasamningum því að til þess eru allar efnahagslegar forsendur.

Þessir kjarasamningar eru aðeins áfangi, skref í áttina. Næsta skref þarf að taka á pólitískum vettvangi, þar sem teknar verði ákvarðanir um efnahagsráðstafanir sem breyti skiptahlutföllunum á Íslandi til frambúðar í þágu hins vinnandi manns. Þar þarf að tryggja rétt þeirra sem enn búa við skarðan hlut nauðungaruppboða og kaupráns ríkisstj. Í þeim átökum verður markmiðið það sem liggur í augum uppi fremur nú í dag en nokkru sinni fyrr. Ríkisstj., sú sem nú situr, á að fara frá. Þjóðin þarf að taka undir vantraust á ríkisstj. og stjórnarflokkunum sem Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands hafa samþykkt. Næsta tækifæri sem gefst í þeim efnum eru almennar kosningar til bæjar- og sveitarstjórna eftir rétta þrjá mánuði.

Næstu daga og vikur verður svo að fylgjast rækilega með því að ríkisstj. gegni — henni er skipað að breyta um stefnu — að hún standi við samningsákvæðin í verðlagsmálum, gengismálum og húsnæðismálum. Það verður fylgst með ríkisstj. og henni veitt ýtrasta aðhald bæði hér á Alþingi og líka úti í þjóðfélaginu. Stjórnin verður ekki látin komast upp með að svíkja gefin fyrirheit. Þar má hvergi gefa eftir. Ríkisstj. má ekki komast upp með svik og pretti í þessum efnum. Vissulega getur enginn treyst henni að fenginni reynslu. En meðan hún skammast ekki til að fara frá verður þjóðin að fylgjast með hverju fótmáli þeirra manna sem enn bera starfsheitið „ráðherrar" þrátt fyrir sögulegt vantraust stéttanna á Íslandi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða hér um einstök atriði þess kjarasáttmála sem ríkisstjórn Íslands hefur gengið að fyrir sitt leyti. Til þess mun gefast tækifæri í hv. Ed. í kvöld og í nótt þegar frv., sem væntanlega verður efnislega samhljóða þeim hluta þessa sáttmála sem að ríkinu snýr, verður tekið til umræðu.

Það sem ég tel ástæðu til að vekja athygli manna á, við þessa dálítið undarlega tímasettu utandagskrárumræðu, er hlutverk hæstv. ríkisstj. í þeim stórtæku efnahagsaðgerðum sem standa fyrir dyrum og hvað það segir okkur um íslenskt stjórnarfar.

Ég held að það sé alveg ljóst að Íslendingar búa nú við einhverja þá duglausustu ríkisstj. sem hér hefur lengi setið. Þessi ríkisstj. hefur verið að bauka við það undanfarna mánuði að setja fjárlög fyrir íslenska ríkið, ákveða hvernig menn og fyrirtæki skuli skattlögð, hvernig eiga skuli við húsnæðisvandaskrímslið mikla og hvernig vöxtum skuli vera háttað í landinu svo eitthvað sé nefnt. Við Austurvöll situr svo Alþingi Íslendinga og fer samviskusamlega yfir þessar tillögur og lagafrumvörp ríkisstj., ræðir þau, reynir að sjá betri leiðir o.s.frv., í stuttu máli, gegnir því starfi sem því er ætlað í lýðræðisríki. En hvað gerist svo? Einn sólbjartan dag er hendinni veifað og verk ríkisstj. og Alþingis hrynja eins og spilaborgir. Aðilar vinnumarkaðarins uppi í Garðastræti eru búnir að ákveða að hlutirnir eigi að vera á annan veg. Þá segir ríkisstj. Íslands einfaldlega: Já, já. Við skulum bara breyta því sem við vorum að gera og hafa þetta eins og þið viljið.

Hvers lags ríkisstj. er þetta og hvers konar framkoma við Alþingi er þetta? Hvað á það að þýða að vera að leggja frumvörp fyrir Alþingi, láta ræða þau þar og gera að lögum og fáum vikum síðar eru þau tekin til baka og varla stendur eftir steinn yfir steini í nýsettum lögum. Nú kann að vera, og ég er alls ekki frá því, að ýmislegt fari betur og sé skynsamlegra í þeim tillögum sem eru búnar til uppi í Garðastræti en þeim sem verða til í Stjórnarráði Íslands þessa dagana. Ljóst er að Garðastrætistillögurnar stefna beint að því höfuðmarkmiði núv. ríkisstj. að ná verðbólgunni niður í afar lága tölu. Og þá spyrja menn sig: Ef þessar nýju tillögur eru svona skynsamlegar, að mati ríkisstj., hvers vegna var hún ekki fyrir löngu búin að koma með þær sjálf? Hvers vegna lagði ríkisstj. þá ekki þann efnahagslega grunn sem þessir samningar byggja á ef hún telur þennan grunn svona skynsamlegan? Hvers vegna bíður hún eftir tillögum aðila vinnumarkaðarins í því efni?

Dáðleysi og dugleysi held ég að hljóti að vera eina svarið við þessum spurningum og þetta dugleysi er ekkert grín. Það vekur upp spurningar um hver fer t.d. raunverulega með stjórn efnahagsmála hér á landi. Það fara að verða áhöld um það að það sé ríkisstjórn Íslands, eins og vera ber, ekki ef hún gerir ekki annað en að taka við tillögum um aðgerðir í efnahagsmálum frá félögunum í Garðastrætinu. Og hvað þýða frjálsir kjarasamningar við þessar aðstæður? Hlutverk ríkisstjórna er að leggja þann efnahagslega grunn sem aðilar vinnumarkaðarins gera síðan sína samninga á, án afskipta stjórnvalda. Nú er það komið í hring. Aðilar vinnumarkaðarins leggja efnahagsgrunninn og samningarnir eru háðir samþykki ríkisstj. Og hvað á Alþingi að gera við þessar aðstæður? Við þessir þjóðkjörnu fulltrúar? Lögin sem við setjum um ráðstöfun almannafjár eru lítils nýt, umfjöllun okkar um þau aukaatriði.

Nýverið sendu fulltrúar stjórnarflokkanna í allshn. Sþ. ásamt fulltrúa Alþfl. í nefndinni meira að segja frá sér nál. þar sem fram kemur sú skoðun að ekki sé á færi Alþingis að hafa skoðun á því hvort heimilisstörf skuli metin til starfsreynslu hjá ríkisstarfsmönnum eins og við Kvennalistakonur höfum gert tillögu um. Þetta er kjarasamningaatriði, segja þessir fulltrúar fólksins. Alþingi getur ekki haft neina skoðun á þessu. Á hverju getur Alþingi þá haft skoðun? Mér er spurn. E.t.v. er það orðið óæskilegt að Alþingi hafi skoðun á einföldum réttlætismálum. Hins vegar er fullljóst hvað Alþingi fær að gera næsta sólarhringinn. Það fær það hlutverk að stimpla tillögurnar úr Garðastrætinu og við erum beðin um að flýta okkur að því, eins og við getum, því ef þær verða ekki að lögum von bráðar verður þjóðfélagið strand. Þannig er nú komið þingræðinu í landinu, undirstöðu þess stjórnarfars sem við búum við og má það vera okkur öllum umhugsunarefni.

Herra forseti. Þetta er í raun sá lærdómur, sem draga má um íslenskt stjórnarfar af hlutverki núv. ríkisstj. í þeim efnahagsaðgerðum sem nú hefur orðið samkomulag um. Efnislega umræðu um þetta samkomulag mun ég geyma mér til kvölds þegar það verður tekið fyrir sem stjfrv. í hv. Ed.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Já, þessir samningar — Garðastrætissamningarnir munu þeir trúlega verða nefndir eða eitthvað því um líkt þegar menn fara að skrifa mannkynssöguna. Þessir undarlegu samningar þar sem einn af aðalsamningamönnunum gat þess svona rétt í framhjáhlaupi við undirskrift samninganna að auðvitað væru þeir reyndar ekki búnir að ræða þetta í ríkisstjórninni og maður dró andann léttara að hann mundi þó enn þá eftir henni.

Ég býst við að það verður sem hefur skapast í kringum þessa samninga haldi eitthvað áfram því að tilfellið er að fólk vill yfirleitt trúa því að þeir aðilar sem segjast vera að gera eitthvað fyrir það séu raunverulega að gera eitthvað fyrir það. Við þurfum ekkert að hvarfla neitt langt aftur í tímann til þess að muna það t.d. hvað stjórn Gunnars heitins Thoroddsens var vinsæl í skoðanakönnunum þrátt fyrir öll þau axarsköft sem hún framdi. En þegar víman rennur nú af mönnum býst ég við að menn fari smátt og smátt að átta sig á því að hér hafa menn gert samninga, því miður, nánast um ekki neitt.

Hér hefur orðið á undanförnum árum 25–30% kjaraskerðing. Nú er búið að semja um það að stöðva þessa skerðingu og í raun og veru ekkert annað. Verkalýðsforystan, sem hingað til hefur þó varist því, er í raun og veru búin að samþykkja kaupmáttarskerðingarstefnu þessarar ríkisstjórnar og launþegarnir, þeir launþegar sem hafa ekki getað lifað af launum sínum hingað til, geta það ekkert frekar núna. Þeir sem hafa orðið að vinna tvöfaldan vinnudag verða að halda því áfram. Kaupmáttartrygging með 1% krónutöluaukningu á mánuði, það sem eftir er þessa árs u.þ.b., er í raun ekkert annað en kaupmáttarfrysting og bætir ekkert hag þeirra sem eru með laun undir 35 000 kr. 100–350 kr. á mánuði til viðbótar við þessi laun gera ekki mikið í launaumslaginu. Þá er ég reyndar að gleyma þessum stórkostlegu jólagjöfum sem þetta fólk með lágu launin, eins og kallað er, fær í apríl og í júní, sem eru fyrir þá sem lægstir eru, í allt einar rausnarlegar 6000 kr.

Kaupmáttarfrysting, sem þetta er, 1% á mánuði, breytir engu fyrir þá launþega sem eru með laun á bilinu 35 000–70 000 kr. Ég sagði áðan: Þau gera nákvæmlega ekki neitt fyrir fólk sem er með laun undir þessu og minna en ekki neitt og breytir engu fyrir þá sem eru með laun á bilinu 35 000–70 000 kr. Fyrir þá sem eru með laun á bilinu 70 000–150 000 kr. eru þetta þó rúmlega 700–1500 kr. á mánuði út árið, þá munar kannske smávegis um það. Rétt eina ferðina hefur láglaunafólkið verið haft af fífli, bæði af forystu verkalýðsins og atvinnurekendum, að ég tali nú ekki um ríkisstj., en það tekur því varla að minnast á hana í þessu tilviki.

Þessi stjórn, sem nú stjórnar, hefur stýrt láglaunastefnu í þágu atvinnufyrirtækjanna, ekki bara árið 1983 heldur allan stjórnartímann. Þessir samningar eru trygging fyrir fyrirtækin að laun skuli ekki hækka á þessu ári því að þessi litla krónutöluaukning sem hér er verið að tala um kemur ekki til með að hækka útgjöld atvinnufyrirtækjanna í hlutfalli við verðlag. Hér skal m.ö.o. ríkja láglaunastefna áfram og undir þetta er verkalýðsforystan núna líka búin að skrifa.

Ríkisstj. neitar enn eina ferðina að gera kröfur til fyrirtækjanna — það sama á líka við um verkalýðsforystuna — í stað þess að gera kröfur til launþeganna. Áfram skulu launþegar þessa árs og framtíðarinnar borga þessa súpu. Ríkisstj. ætlar áfram að halda úti niðurgreiddum atvinnurekstri á Íslandi í stað þess að gera þá einföldu kröfu að atvinnurekstur á að borga sig og vera þess megnugur að greiða laun. Atvinnurekandi, sem ekki hefur dugnað til þess að greiða fólki 35 000 kr. á mánuði og ekki siðgæðistilfinningu til að gera það, á ekki að vera að standa í atvinnurekstri og það á að vera stefna ríkisstj. Láglaunastefna ríkisstj. er dekur við lélega atvinnurekendur.

Fjmrh. segir: Árum saman hafa aðilar vinnumarkaðarins eyðilagt efnahagsstefnu ríkisstj., ekki bara sinnar ríkisstj. heldur allra annarra líka. Hvers vegna? Auðvitað vegna þess að ríkisstjórnir, þessi og aðrar, hafa aldrei staðið á stefnu sinni, heldur rekist fyrir vindi í hlýðni sinni við aðila vinnumarkaðarins. Hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. tala um það að hér séu farnar nýjar leiðir. Það er alls ekki rétt. Hér hefur verið samið um kaupmáttarfrystingu, eins og ég sagði áðan, og ef launamaður vill njóta þessarar kaupmáttarfrystingar verður hann að hafa greitt tekjuskatt, hann verður að kaupa sér vídeó, hann verður að kaupa sér sjónvarp, hann verður að kaupa sér eldavél og hann verður að

drekka mikið af mjólk og hann verður að kaupa sér bíl og hann verður að borða súpukjöt og hann verður að nota alveg ægilega mikið af rafmagni til að sjóða þetta súpukjört til þess að njóta þessarar kaupmáttartryggingar.

Ef þú vilt ekki nota þessa neysluskömmtun — því þetta er náttúrlega ekkert annað en skömmtun, á svipaðan hátt eins og skömmtunarseðlarnir voru eftir stríðið — og vilt ekki falla inn í þetta neyslumunstur nýtur þú engrar kaupmáttartryggingar.

Svo er það spurningin um samningana og stjórnkerfið. Ef þetta eru góðir samningar, sem gerðir hafa verið — og það eru sumir sem enn þá reyna að halda því fram — er stjórnkerfi okkar ónýtt því að hér hefur eingöngu verið samið um aðgerðir stjórnvalda. Það hefur ekki verið samið um launahækkanir. Menn skyldu byrja strax að reyna að leggja það á minnið. Og þessi ríkisstjórn, sem í raun og veru er ekkert aumari en aðrar ríkisstjórnir, gat ekki í þrjú ár skapað grundvöll fyrir kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins sem stæðust, en nú hafa aðilar vinnumarkaðarins sagt ríkisstjórninni fyrir verkum um það hvað ríkisstjórnin á að gera til að stöðva kaupmáttareyðileggingu. Þessi fyrirskipun er ekki ýkja merkileg. Hún er einfaldlega þessi: Takið 1800 millj. kr. lán og greiðið niður verðbólguna. Punktur. Ef einhverjir þingmenn hefðu flutt hér þáltill., svona fyrir viku síðan eða svo, um það að ríkisstj. tæki 1800 millj. kr. lán til að greiða niður verðbólguna hefði ekki bara verið hlegið. Það hefði örugglega verið hnussað fjandi mikið hér í þingsölum.

Ef þetta eru vondir samningar er stjórnkerfið vont líka því það tekur ábyrgð á þeim og Alþingið, jú, veslings Alþingi fær að afgreiða þessa samninga með enn einum lagabandorminum í runu á rúmlega einum sólarhring. Þessir samningar, Garðastrætissamningarnir, þessi niðurlæging ríkisstj. og Alþingis, þessi niðurlæging stjórnkerfisins, eru sönnun þess að stjórnkerfi okkar er ónýtt, ónýtt vegna þess að það svarar ekki vilja fólks og þjóðar nema með leyfi og fyrirskipunum hagsmunaafla í þjóðfélaginu.

Kristín S. Kvaran: Hæstvirtur forseti. Það er auðvitað ekki hægt að láta hjá líða við þetta tækifæri að færa fram hamingjuóskir og taka til hve ánægjulegt það er að samningar skuli hafa tekist. Auðvitað er það ánægjulegt að nú sé ljóst að verðbólgan náist niður. Auðvitað er það ánægjulegt að vita til þess að ekki komi til verkfalla og auðvitað er það síðast en ekki síst ánægjulegt að vita til þess að aðilar vinnumarkaðarins skuli setja allt sitt traust á ríkisstj. En það sem er ekki ánægjulegt í þessu sambandi og ekki hamingjuóska virði er að hinn almenni launamaður getur ekki sett allt sitt traust á ríkisstjórnina, svo oft hefur hún brugðist illilega því trausti sem launþegar hafa leyft sér að bera til hennar. Þess vegna er nú svo komið að almenningur treystir ekki lengur loforðunum sem gefin eru á þeim bæ.

Að mati hins almenna launþega eru þessir samningar ekkert annað en blekkingarleikur. Það sem er ekki ánægjulegt heldur er að ef það árar svona vel að ríkisstj. hefur talið sér fært að gera ráðstafanir til að bæta hag fólksins í landinu átti hún að vera búin að því eða a.m.k. að gefa út um það yfirlýsingar að ætlunin væri og til stæði að láta fólkið í landinu njóta þess. Að láta fólkið í landinu njóta þess að góðæri væri innan seilingar, að batahorfur efnahagslífsins, eins og það heitir á máli til þess menntaðra, væru miklar.

Ef hæstv. ríkisstj. hefur talið verðlækkun olíu á erlendum mörkuðum og hækkað fiskverð svo marktæka þætti að út á þá reynist nú unnt að lækka skatta, útsvör, tolla af bifreiðum, dekkjum, lækka rafmagn o.s.frv. hefðu það að sjálfsögðu átt að vera fyrstu viðbrögð hæstv. ríkisstj. að gera til þess ráðstafanir að fólkið í landinu fengi að njóta þessa aukna hagvaxtar. Það á ekki að vera kjarasamningsatriði. Kjarasamningar eiga ekki að fjalla um tollaafslætti af bifreiðum og dekkjum og lækkun tolla af heimilistækjum.

Það sem verra er er að það er ekki liðinn nema rétt u.þ.b. mánuður síðan nánast öll opinber þjónusta var hækkuð. Póstburðargjöld voru t.d. að meðaltali hækkuð um 25%, rafmagn um 14%, Hitaveita Reykjavíkur hækkaði sína taxta um 17,6%, afnotagjald af sjónvarpi og útvarpi hækkaði um 15,1%, dagvistargjöld í Reykjavík hækkuðu um 20%, verð á lyfjum, þ.e. hluti sjúklings, hækkaði um 30% og hlutur sjúklings fyrir viðtal við lækni á stofu hækkaði um 22,8%. Þetta allt saman gerði það að verkum að vísitölustig verðbólgu hækkaði þá um það sama eða þó heldur fleiri stig en hún lækkar um nú við þá samninga sem eru í burðarliðnum.

Nú er verið að tala um það með miklum hofmóði að lækka beri hlut neytenda í gjöldum til opinberra stofnana. En auðvitað segir það sig sjálft að sú þjónusta mundi óhjákvæmilega lækka af sjálfu sér ef verðbólgan lækkar, svo að óþarft ætti að vera að hafa það atriði með inni í þessum samningi. Það er auðvitað bara til þess gert að blekkja fólk, slá ryki í augu þess og láta það halda að nú sé loksins verið að gera einhver ósköp fyrir það.

Nú ætlar sem sagt ríkisstj. náðarsamlegast að lækka þessa þjónustu aftur, þó ekki eins mikið í öllum tilfellum eins og hún hækkaði í janúar. Mér er spurn: Hvað á það að þýða að vera að draga fólk svona á asnaeyrunum? Mér er nær að taka undir orð konunnar í símatíma morgunútvarpsins, ég held að hún heiti Guðlaug, en hún sagði að nú væri svo komið að þessir greifar, sem semdu um kaupið hennar og annarra launþega, væru orðnir verstu óvinir launþega í landinu. Hún útnefndi þá sem óvini númer 1. Þeir skynjuðu ekki að þeir sem hafa þau laun sem hún hefur lifa einfaldlega ekki af þeim þannig að greifarnir væru augljóslega úr öllum tengslum við það hvernig það væri að lifa af lægstu launum. Forseti Alþýðusambandsins lætur hafa eftir sér í morgun í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„En forseti Alþýðusambandsins sagði augljóst að með þessum samningum væri verið að taka áhættu. „Það er ekki hægt að fullyrða að allt gangi eftir", sagði hann. „Samningar eru alltaf happdrætti og hingað til hefur launafólk mikið haft á tilfinningunni að vinningnum hafi verið stolið."„

Svo mörg voru þau orð. Skyldi fólk halda vinningnum núna? Hefur einhver trú á því? Það er óskandi að svo verði.

Það var annars mjög svo athyglisvert að vera vitni að því að það voru upp til hópa konur sem töldu þennan samning algeran skrípaleik og að vonlaust væri að taka nokkurt mark á honum. Þær töldu fólk þurfa hærri laun en þar er um rætt. Getur það bent til þess og sannað

það, sem talið hefur verið hingað til og í mörgum tilfellum athugað, að konur hafa mun lægri laun, þær eru á lægstu töxtunum og ekki yfirborgaðar? Hins vegar voru það nær einvörðungu karlar þarna í morgunútvarpinu sem hrósuðu þessum samningum og það flögraði óhjákvæmilega að mér að þarna væru komnir þeir sem nú sjá sér leik á borði með þessum samningum eða atvinnurekendurnir, vinnuveitendur, enda sagði fulltrúi þeirra í Morgunblaðinu í morgun, með leyfi herra forseta:

„Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, sagði sem svo: „Almenningur þarf að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem verða á allra högum við nýjan stöðugleika í efnahagslífinu. Það getur vafalaust reynst mörgum erfitt, sérstaklega á allra næstu mánuðum.“„

Já. Erfitt, sagði hann. Skyldi hann vita hvað hann er að tala um? Nú sjá atvinnurekendurnir fram á að þeir þurfi ekki að greiða launþegum nema rétt um 13% yfir árið í launahækkun, á meðan sú kjarabót sem talin er koma með öllum tilfærslunum úr ríkissjóði nemur um 4%. Þar eru teknar inn lækkanir á opinberri þjónustu sem ég gat um áðan að auðvitað eru hreinar blekkingar. Hún mundi að sjálfsögðu lækka sjálfkrafa við hjöðnun verðbólgu. Það átti auðvitað ekkert að þurfa að semja sérstaklega um slíkt atriði í þessum samningum. Kostnaður við opinbera þjónustu hlýtur að lækka eins og aðrir kostnaðarliðir hljóta að lækka við hjöðnun verðbólgu.

Það voru fremur einkennileg fyrstu viðbrögð hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu, með leyfi herra forseta, en þar sagði hann:

„Við fögnum því vitanlega að farið skuli út á þá braut að lækka verðlag og horfið af braut verðbólgusamninga. Hins vegar er ljóst að þessir samningar ganga öllu lengra en tillögur ríkisstjórnarinnar frá 11. febrúar gera ráð fyrir og því er ekki hægt að ganga að þeim nema á kostnað annarra markmiða. Þetta þýðir t.d. að það verður að öllum líkindum viðskiptahalli á árinu.“

Enn fremur sagði hæstv. forsrh. þegar hann var spurður að því á hverju tillögurnar væru byggðar:

„Í sjálfu sér ekki því þessar tillögur eru auðvitað byggðar á því að ríkið greiði niður verðbólguna“.

Hann talar um það, hæstv. forsrh., að ríkið greiði niður verðbólguna. Það væri fróðlegt að vita og fá svar við því frá hæstv. forsrh. hver hann álítur að sé ríkið. Og hvað þýðir það sem hann er að segja þarna? Jú, hver verður það sem greiðir viðskiptahallann? Það verður bara tekið aftur í hækkandi verðlagi. Það hefur alltaf verið þannig og ég á ekki von á því að það hafi verið fundnar einhverjar nýjar leiðir.

Það kemur einnig fram í samningsdrögunum sú óskhyggja að lífeyrissjóðirnir komi eitthvað til móts við hæstv. ríkisstj. og bjargi henni fyrir horn. Sér er nú hver áreiðanleikinn rétt eins og í nánast öllum öðrum töluliðum þessa samnings. Þetta er ekkert annað en óskhyggja. Það er sem sagt stólað á tvo þætti í hagvexti þessa lands sem hingað til hafa ekki þótt sýna af sér neinn sérstakan stöðugleika, fiskverð og olíuverð. Þetta er auðvitað fáránlegt. Þar fyrir utan er ekki einu sinni haft fyrir því að setja gólf á samningana. Þeir sem eru með lægstu launin ná því ekki einu sinni í árslok að vera komnir upp í 25 þúsund króna mörkin sem sumir hafa þó talið sig þurfa til að lifa af á dag þegar þeir eru á kostnað launþega í útlöndum. Þessir sömu menn ætla öðrum að lifa af mánuðinn á þessum krónum ásamt fjölskyldu sinni. Hvernig á að vera hægt að ætlast til þess, að þessir hinir sömu menn beri skynbragð á hvernig það er að draga fram lífið á launum sem eru langt fyrir neðan þessi mörk? Það er ekki hægt. Þeir eru löngu komnir svo langt frá því að vera í tengslum við kjör láglaunafólks að það væri í raun og veru ekkert sjálfsagðara en að dæma þá til þess að lifa í að minnsta kosti eitt ár af slíkum launum og sjá þá til hvort skilningurinn yrði ekki meiri eftir en áður.

Það var einnig í morgunútvarpinu kona nokkur sem spurði hver það væri sem ætti að hafa eftirlit með því að vörur í verslununum hækkuðu ekki. Hvernig er ætlunin að koma í veg fyrir það? Hvernig á að koma við eftirliti? Ætli það verði ekki sömu brögð að því og hingað til, enda frjáls álagning og þess vegna ekkert við það að athuga að vöruverð haldi áfram að hækka eða hvað? Þessi kona sagði einnig að hún myndi ekki betur en að talað hefði verið um það í síðustu samningum og hefði verið eitt af kjarasamningsatriðum þá einnig að verðbólgunni hefði verið ætlað að síga niður á við, en hún sagði að hún hefði aldrei verið verr á vegi stödd en eftir síðustu samninga. Það að setja traust sitt á ríkisstjórnina væri greinilega alveg út í hött. Mér sýnist þetta einungis vera ein leið enn fyrir hæstv. ríkisstj. að kaupa sér lengri lífdaga. Þegar fram á samningstímabilið dregur heyrum við örugglega sömu gömlu romsuna sem við þekkjum svo vel sem er eitthvað á þessa leið: Ja, það vildi nú svo til að við treystum á batnandi hagvöxt og að fiskverð héldist stöðugt. Einnig var það svo að við héldum okkur geta stólað á að olíuverð á heimsmarkaði færi áfram lækkandi eða héldist í það minnsta óbreytt. En því miður brugðust vonir okkar í því sambandi og því fór sem fór og við verðum að bregðast við því og vinna okkur út úr vandanum. Ríkisstjórnin stólar á alla landsmenn og heitir á þá í baráttunni við að vinna okkur út úr vandanum þannig að með þjóðarsátt megi takast að ná valdi á verðbólgunni. — Skyldum við kannast við það? Auðvitað verður þetta viðkvæðið.

Við höfum heyrt þetta svo oft áður. Það er launafólkið, þeir launþegar sem hafa allægstu launin, sem er ætlað að greiða niður verðbólguna á sama tíma og ekki eru skorin við nögl ferðalög ráðuneytismanna til útlanda að viðlögðu sjálfstæði þjóðarinnar. En ég bara spyr: Verðum við eitthvað sjálfstæðari við það eða með betra þjóðfélag á takteinunum til að sýna þeim ráðamönnum erlendum sem við kappkostum svo að hafa samband við á erlendum vettvangi með því að við komum okkur upp mikilli fátækt og stéttskiptu þjóðfélagi, nokkuð sem við höfum hingað til getað stært okkur af að hér væri ekki?

Þessi tvö atriði, sem virðast vera aðalundirstaðan undir það að ríkisstj. gat komið til móts við atvinnurekendur, já ég segi til móts við atvinnurekendur, og greitt niður það sem þeim ber, lækkun á heimsmarkaðsverði olíu og verðhækkunin á fiskinum á erlendum mörkuðum, verða þegar þær vonir bregðast notuð sem afsökun fyrir því að verðbólgan æði af stað og verðhækkanir dynji yfir landsmenn rétt eins og ekkert hafi í skorist. Ég segi það þess vegna enn og aftur: Það á að vera mál vinnuveitenda og launþega að semja um það sín á milli hvernig kaup og kjör skuli vera en ekki ríkisstjórnarinnar sem fimmta hjóls undir vagninum. Hún á ekki að

koma inn í almenna kjarasamninga á þennan hátt. Maður gæti freistast til þess að halda að allir landsmenn væru orðnir ríkisstarfsmenn. Eru þeir það eða verða þeir það með þessum samningum?

Nú eru aðilar vinnumarkaðarins búnir að semja fyrir ríkisstj. raunverulegt plagg sem t.d. strikar út fjárlögin fyrir árið 1986 sem samþykkt voru á hinu háa Alþingi fyrir u.þ.b. tveimur mánuðum og þeir eru búnir að taka að sér fyrir ríkisstj. að koma verðbólgunni niður í 7–8%, sem ekki hefur verið nokkur leið að tala um í ein 15 ár. Ef ríkisstj. tekur nú við þessum samningum, eins og allt virðist benda til, og lætur aðila vinnumarkaðarins sjá um þessa þætti undanbragðalaust, á ríkisstj. auðvitað að sama skapi og kinnroðalaust að hafa frumkvæði að því og hafa burði til þess að segja af sér vegna þess að það er augljóst að almenningur treystir henni ekki og einnig vegna þess að það er augljóst að hæstv. ríkisstj. treystir Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu mjög vel til að sjá um efnahagsmál almennt og almennt um stjórnun. Þar er sem sagt um gagnkvæmt traust að ræða og þess vegna álít ég að hún ætti, og það án þess að reyna að víkja sér undan, að segja af sér og afhenda aðilum vinnumarkaðarins, sem hún treystir svona vel, í hendur landstjórnina. Ég held að það færi vel á því undir þessum kringumstæðum.

Forseti (Helgi Seljan): Nú hafa allir aðilar fengið að tjá sig í þessum umræðum. Ég tel hins vegar rétt í lokin að gefa hv. frummælanda orðið og eins hefur verið beint spurningum til hæstv. ráðherra. En við höfum ekki langan tíma til þess og ég minni á það því að þessum umræðum verður að ljúka ekki síðar en kl. sjö. En ég tel þetta rétta framkvæmd, ef við mættum ljúka því með þessum hætti, að frummælandi fengi hér orðið og síðan svöruðu ráðherrar því sem beint hefði komið hér fram, en lítið meira yrði um umræður.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Talsmenn þingflokka og ríkisstjórnar hafa í þessum umræðum gert grein fyrir afstöðu sinni og flokka sinna í þessum málum. Ég ætla mér ekki þá dul að draga niðurstöður þessara umræðna saman hér í stuttu máli. Ég ætla að reyna að virða fyrirmæli forseta um að hafa þetta stutt og laggott. Ég tel að þessi umræða hafi orðið til gagns áður en menn snúa sér að því í deildum og síðan í nefndastarfi að ræða einstök atriði.

Aðalatriðin eru tiltölulega fá þrátt fyrir allt. Menn spyrja: Benda þessar umræður til þess að við getum vænst raunverulegs árangurs af þessari sáttargjörð, þeim lífskjarasáttmála sem hér er raunverulega verið að efna til? Getum við náð þessum árangri? Ég sagði í frumræðu minni áðan: Það er fyrst og fremst spurning um hvernig ríkisstj. bregst við. Það er spurning um hvort ríkisstj. er fáanleg til þess að breyta stefnu sinni. Hver er afstaða ríkisstj.? Hver voru hennar svör? Í raun og veru bar talsvert í milli þeirra svara sem annars vegar fengust frá hæstv. forsrh. og hins vegar frá hæstv. fjmrh.

Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. lagði sig meira fram um að taka undir með sjónarmiðum stjórnarandstöðunnar og reyndar aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn róttækra breytinga í ríkisfjármálum. Sérstaka athygli mína vakti að hann tók undir þá afstöðu okkar Alþýðuflokksmanna að nú væri tíminn og tækifærið til að leggja á stóreignaskatt eða eignarskattsauka til að auka jöfnuð í skattbyrði. Hann virtist einnig taka afdráttarlaust undir tillögur og hugmyndir um að nú væri tíminn og tækifærið til að árétta vilja manna til árangurs, að breyta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og að endurskoða útgjaldaáform ríkissjóðs með niðurskurði. Þetta gerði hann með mun afdráttarlausari hætti en fram kom í svörum hæstv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh. hafði meira á hornum sér. Honum þótti undarlegt að því væri haldið hér fram að krafa aðila vinnumarkaðarins væri um að ríkisstj. breytti stefnu sinni í ríkisfjármálum. Í raun og veru er maður undrandi á að hæstv. fjmrh. skuli lýsa undrun sinni. Um hvað snýst erindi aðila vinnumarkaðarins sem þeir beina til ríkisstj.? Það eru tillögugerð og óskir um að meiri hluti þm. og ríkisstj. breyti ríkjandi stefnu í skattamálum, taki ákvörðun um að lækka tekjuskatt, beini því til sveitarstjórnaryfirvalda að lækka útsvar, taki ákvörðun um að lækka fyrst a.m.k. nafnvexti og breyti vaxtapólitík, beiti sér fyrir lækkun á opinberum þjónustugjöldum ríkis og sveitarfélaga, beiti sér fyrir breytingum á forsendum tolla, beiti sér fyrir lækkun tolla, eins og hv. þm. Stefán Benediktsson tíundaði á gamansaman máta, á grænmeti, fólksbifreiðum, hjólbörðum, heimilistækjum o.s.frv., afnemi lög um verðjöfnunargjald af rafmagni, stefni að því að lækka raforkuverð til almennra neytenda um 20%, tryggi að sjálfvirk hækkun búvöruverðs fari ekki fram, beiti sér fyrir niðurfellingu á launaskatti í fiskiðnaði og samkeppnisgreinum. Hvað er þetta allt annað en óskir og kröfur um að hæstv. ríkisstj. komi til móts við tillögur um að breyta í mjög veigamiklum þáttum þeirri stefnu sem hún hefur mótað? Þetta er raunverulega krafa um að ríkisstj. breyti forsendum við gerð fjárlaga og lánsfjárlaga eins og hún gekk frá þeim fyrir jól. Og það er ekki bara þetta. Það eru tillögur um grundvallarbreytingar í húsnæðismálum, grundvallarbreytingar að því er varðar lífeyrisréttindakerfið o.s.frv.

Sumir stjórnarandstæðinga, einkum talsmenn Kvennalista og Bandalags jafnaðarmanna, hafa um það orð að vinnubrögðin í þessum málum séu ólíðanleg vegna þess að fólk úti í bæ, einhverjir aðilar vinnumarkaðarins, einhverjir atvinnurekendur og forustumenn í stéttarfélögum, setji fram kröfur um breytingar á stjórnarstefnu og að ríkisstjórnarmeirihlutinn beygi sig fyrir slíkum kröfum. En gegnir hér ekki sama máli um stjórnarandstöðuna innan þings og þá aðila sem nú eru að lýsa yfir vantrausti á stjórnarstefnuna utan þings? Ég var að telja upp áðan kröfurnar um breytta stjórnarstefnu. Rifjum upp. Hafa ekki verið fluttar hér á Alþingi tillögur um breytingar á skattakerfi, um lækkun á tekjuskatti, um lækkun á vöxtum, um breytingar á opinberri þjónustu, um breytingar á landbúnaðarpólitík svo ég nefni nokkur dæmi? Stjórnarandstaðan er í nákvæmlega sömu aðstöðu. Hún hefur flutt hér tillögur af ótal tilefnum um breytingar á stjórnarstefnu. Hún hefur ekki komið þessum tillögum fram. Ef henni bætist liðsauki utan þings sem leiðir til þess að þessar tillögur nái fram að ganga sé ég út af fyrir sig ekki ástæðu til annars en að fagna því. (**KH:** Ert þú að gagnrýna stjórnina, Jón?) (**StB:** Það var búið að samþykkja tillöguna fyrir fram.) Ef hv. þm. hugleiða málið er það svo að meginið af þeim tillögum sem meiri hluti þings, stjórnin, ríkisstjórnarmeirihlutinn, leggur hér fyrir er

runnin undan rótum einhverra aðila sem við getum kallað úti í bæ. Það er mjög oft um að ræða mál sem eru beinlínis smíðuð ef ekki af embættismannakerfinu sjálfu þá af ýmsum hagsmunaaðilum úti í bæ. Síðan fara þeir rétta boðleið gegnum þingflokka stjórnarflokkanna og þegar kemur til kasta stjórnarandstöðunnar eru stjórnarliðar búnir að taka afstöðu til þessara mála. Í þessum skilningi finnst mér að við í stjórnarandstöðunni ættum ekki að leggja megináherslu á þessi formsatriði heldur fyrst og fremst á málefnin sjálf. Spurningin er: Erum við samþykkir þessum breytingum á stjórnarstefnunni eða ekki? Ef við erum það ekki er það að sjálfsögðu ekkert fagnaðarefni.

Aðalspurningin er ósköp einfaldlega þessi: Er von til þess að það náist árangur? Hvað má ráða af hinum skriflegu svörum um það efni?

Í fyrsta lagi: Í svari hæstv. forsrh. liggur fyrir, og það kom líka fram í svari hæstv. fjmrh., að fyrirsjáanlegt er að það mun myndast halli í ríkisbúskapnum. Það verður um að ræða hallarekstur á ríkisbúskapnum. Nú held ég því að vísu fram að sá hallarekstur sé þegar innbyggður allverulegur og hér sé um að ræða aukinn hallarekstur í ríkisbúskapnum. Menn greinir ekkert á um það að hallarekstur í ríkisbúskapnum skapar ákveðna hættu á verðbólguþenslu, mismunandi mikla eftir því hvernig honum er mætt. Þeim mun meiri sem honum er mætt eingöngu með lántökum, en ekki með breytingum og tekjuöflun og lækkun útgjalda. Ef menn vilja tryggja árangur er tvímælalaust rétta leiðin, og það tók hæstv. forsrh. undir, sú að fara þá leið að beita hvoru tveggja úrræðinu, að lækka ríkisútgjöld og afla tekna, sér í lagi þegar rök standa til þess að þeir aðilar í þjóðfélaginu sem best hafa efnin hafa sloppið of vel frá skattheimtu. Þess vegna nefnum við t.d. eignarskattsaukann. Þess vegna benda aðilar vinnumarkaðarins á hluti eins og aukaskattlagningu á bankakerfið. Þegar um er að ræða upplýsingar um að hagnaður þess hefur aukist og nemur hundruðum milljóna króna núna er það mjög þörf og góð ábending. Það hefur ekki komið fram hér, en við værum reiðubúnir, til þess að tryggja þennan árangur í verki, að sætta okkur við niðurskurð að einhverju leyti á framlögum til vegagerðar ef það gæti orðið til að tryggja þennan árangur í sessi. Og við fögnum því að aðilar vinnumarkaðarins sameinast um að benda ríkisstj. og þingmeirihlutanum á eignarskattsaukann sem tekjuöflunarleið til að tryggja þennan árangur.

Herra forseti. Ég vek sérstaklega athygli á því að í svari hæstv. forsrh. segir á blaðsíðu 3:

„Gert er ráð fyrir að þeim halla sem myndast af þessum sökum verði mætt með áðurnefndri lántöku frá lífeyrissjóðum, annarri lántöku frá innlendum lánastofnunum, lækkun útgjalda og nokkurri hækkun tekna ríkissjóðs. Ekki kemur til álita að afla fjár til þessara aðgerða með erlendum lántökum."

Það hefur ekki komið fram í þessum umræðum hvernig á að mæta þessu með lækkun útgjalda. Hvaða útgjöld á að lækka? Er hér einungis átt við niðurfærslu verðlags til samræmis við breyttar verðlagsforsendur eða er um að ræða tillögur um raunverulega lækkun ríkisútgjalda? Og í annan stað: Það á að mæta því að hluta til með hækkun tekna. Að hvaða leyti? Hvernig? Ef ekki er um það að ræða að menn fallist á aukna skattlagningu, t.d. í formi eignarskattsauka eða aukinni skattlagningu á banka eða á aðra aðila eins og t.d. tryggingafélög, svo nefnd séu dæmi, hvaða hækkun skatta er þá um að ræða? Það þarf að fást upplýst og fæst væntanlega upplýst þegar bandorminn mikla getur loks að líta í deildum væntanlega í kvöld og síðan í starfi nefnda.

Herra forseti. Ég hirði ekki um að svara útúrsnúningum hæstv. fjmrh. þegar hann gerði að umtalsefni fjárlagatillögur okkar Alþýðuflokksmanna og lýsti þeim á þann veg að við hefðum einfaldlega lagt til að með einu pennastriki hefði átt að leggja niður Kennaraháskóla Íslands eða stofnanir eins og Fiskifélag og Búnaðarfélag. Þetta eru auðvitað fjarstæður og ekki samboðið virðingu hæstv. fjmrh. sem vissi auðvitað miklu betur. Við vorum að leggja til að því er varðaði Kennaraháskólann sameiningu á Kennaraháskóla og Háskóla Íslands sem fól í sér tiltölulega litla hagræðingu og sparnað í ríkisútgjöldum. Að öðru leyti vorum við að koma á framfæri tillögu um kerfisbreytingu í ríkisrekstri sem fól það í sér að stofnanir, sem fyrst og fremst þjónusta atvinnuvegi, séu á eigin ábyrgð, selji sína þjónustu, njóti þó að sumu leyti áfram styrkja frá ríkisvaldinu, en geri það á eigin reikning og verði sjálfstæðari gagnvart bæði ríkisvaldinu og atvinnuvegunum sem þær þjóna. Þetta eru fullkomlega málefnalegar tillögur og reyndar óhætt að fullyrða að þær njóta verulegs stuðnings í flokki hæstv. fjmrh. Útúrsnúningar af því tagi sem hann viðhafði eru ekki honum samboðnir í þessum umræðum.

Herra forseti. Við lýstum því yfir að við vildum allt til vinna sem á okkar valdi er til þess að samkomulag geti tekist um þær leiðir sem hér er verið að fara, þ.e. að ná samkomulagi um tiltölulega hóflegar peningalaunahækkanir gegn því að kaupmáttaraukinn verði tryggður á þann veg að það leiði ekki til aukinnar verðbólgu heldur hjöðnunar verðbólgu. Þetta er ekkert nýtt úr okkar munni. Þetta er búið að vera okkar afstaða, okkar stefna allan s.l. áratug, getum við sagt.

Það þýðir hins vegar ekki að við áskiljum okkur ekki rétt til að flytja brtt. eða hvetja ríkisstj. og þingflokka yfirleitt til að reyna að ná samkomulagi um brtt. ef þær mættu verða til þess að tryggja betur að tilætlaður árangur í hjöðnun verðbólgu náist. Þá eigum við fyrst og fremst við að við munum beita okkur fyrir því við framhaldsumræður málsins og í nefndum að gerð verði til þess heiðarleg tilraun að reyna að draga úr útgjöldum ríkissjóðs þegar um er að ræða útgjöld sem eingöngu byggjast á skattheimtu borgaranna, en hægt er að færa hagkvæmnisrök fyrir því að illa sé farið með fé eða viðkomandi starfsemi sé betur borgið með öðrum hætti. Jafnframt erum við ekki í nokkrum vafa um þær ábendingar, sem fram koma í grg. aðila vinnumarkaðarins og eru samdóma okkar skoðunum, að það mundi verða til þess að auka trú almennings á hugsanlegan árangur ef ríkisstj. mætti hluta af þessum útgjaldaauka með því að leggja skatta á þá aðila sem hingað til hafa sloppið allt of vel frá því að bera eðlilegar byrðar og nefni ég þá til sem dæmi um það ríkisbankana miðað við núverandi aðstæður.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að umræðan hafi orðið til góðs og vona að umfjöllun málsins í nefndum geti leitt til aukins samkomulags um einstakar tillögur.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson:) Herra forseti.

Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög, enda ekki beint til mín mörgum spurningum.

Ég verð að segja að mér þykir leitt að heyra hvað þessi tímamótasamningur veldur flestum í stjórnarandstöðunni miklum vonbrigðum, eins og kom fram í þeirra máli, nema hv. frummælanda. Þetta er kannske skiljanlegt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni eftir þær miklu yfirlýsingar sem hann gaf t.d. í sjónvarpinu 4. febrúar í þessu sambandi. Hv. þm. sagði að hér væri ekki staður eða stund til að fara út í almennar umræður um stjórnmál þó að í raun væri ræða hans öll hin harðasta árás á ríkisstj. og ekkert annað, en það verða vonandi tækifæri til að ræða það síðar.

Ég vil hins vegar segja við hv. þm. að að mínu mati er miklu skynsamlegra að semja á hinum almenna vinnumarkaði um ýmsar þær aðgerðir sem hefur verið fjallað um hér á þingi. Það er miklu betra að samkomulag náist en að þvinga slíkt fram með lögum. Það kann stundum að vera nauðsynlegt, en almennt held ég að þetta sé betri leið.

Ég er honum algerlega ósammála og öðrum sem hér hafa talað í þeim dúr að þessir samningar séu vantraust á ríkisstj. Þessir samningar eru gerðir í skjóli ríkisstj. og lýsa því fyrst og fremst að þessari ríkisstj. er treyst til að framkvæma þær aðgerðir sem um er fjallað og hér hefur verið lýst.

Ef hv. þm. halda að ekkert samráð hafi verið við aðila vinnumarkaðarins þegar þetta er unnið er það alrangt. Að sjálfsögðu hefur það verið. Ég hef áður vakið athygli á því að ég nefndi einna fyrstur að nú væri orðinn töluverður viðskiptakjarabati og grundvöllur til að taka öðruvísi á þessum málum.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir vildi fá að vita hvers vegna ríkisstj. hefði ekki þegar og án þess að aðilar vinnumarkaðarins kæmu að því, lækkað ýmis gjöld og ýmsa opinbera taxta þegar þessi viðskiptakjarabati lá fyrir. Því er til að svara að að sjálfsögðu verða slíkar aðgerðir að haldast í hendur við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði. T.d. leyfi ég mér að fullyrða að ef samið hefði verið um launahækkanir eins og fyrst komu fram hjá Alþýðusambandi Íslands, þ.e. 10, 7, 7, 7, hefði hér orðið verðbólga, þrátt fyrir þennan bata, ekki undir 30% og líklega vel yfir og aðgerðir til að lækka ýmis opinber útgjöld og opinbera taxta og skatta verið til lítils eða óraunhæfar.

Hér er því lögð á það megináhersla að samræma opinberar aðgerðir og samninga á vinnumarkaðnum. Það er grundvöllurinn að því sem hér hefur gerst. Á það höfum við lagt áherslu frá upphafi og það tókst núna. Ég fagna því sem hér hefur komið fram, t.d. hjá hv. frummælanda, að hann vill greiða götu þessa máls í gegnum þingið. Ég vona svo sannarlega að aðrir stjórnarandstæðingar geri það. Ykkur er svo sannarlega velkomið að fylgjast með framkvæmdinni. Ríkisstj. er ákveðin í því að standa við sinn hluta í þessum samningum.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Vegna fsp. frá hv. 3. þm. Reykv. um hvernig farið verður með bætur almannatrygginga í kjölfar þessara samninga er rétt að taka fram að það er ráð fyrir því gert að ellilífeyririnn hækki í réttu hlutfalli við þær launahækkanir sem kjarasamningarnir gera ráð fyrir eins og venja stendur til og þar að auki komi sérstök hækkun á tekjutrygginguna í samræmi við þau ákvæði kjarasamninganna sem tryggja þeim lægst launuðu sérstakar kjarabætur í formi krónutöluuppbóta á laun. Það er unnt að greina frá því hér að þessar bætur munu hækka fyllilega í samræmi við þessa samninga og þar á meðal í takt við þá sérstöku hækkun sem þeir lægst launuðu njóta og tekjutryggingin verður hækkuð í samræmi við það. Fjárlagafrv., eins og því verður breytt, gerir ráð fyrir því að þetta verði unnt að framkvæma. Hæstv. heilbr.- og trmrh. mun nú þegar gera ráðstafanir til að breyta reglugerðum í þeim tilgangi að þetta nái fram að ganga.

Ég ætla að taka undir það að þessar umræður hafa á margan hátt verið gagnlegar og skýrt það mál sem hér er til umræðu. Það er mjög mikils um vert. Ég vænti þess að það lagafrv. sem lagt verður fram innan stundar hljóti skjótan framgang í þinginu og fagna því að fram hafa komið yfirlýsingar um að menn eru tilbúnir að greiða fyrir framgangi þess þó eðlilega geti menn greint á um einstök atriði og stefnu ríkisstjórna, enda væri kannske býsna furðulegt ef full samstaða væri milli stjórnar og stjórnarandstöðu um stjórnarstefnu. En aðalatriðið er að ég þykist heyra og sjá að menn gera sér grein fyrir því að hér hafa verið gerðir merkir samningar sem við vonum að leiði til góðs.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin og vil jafnframt lýsa yfir ánægju minni yfir því að ríkisstj. skuli ekki ætla að tefja framgang þessa máls á hv. Alþingi.

Efri deild, 52. fundur.

Fimmtudaginn 27. febr., kl. 9 síðdegis.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1986, stjfrv. 303. mál (þskj. 556). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986. Þetta frv. er flutt í tengslum við kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins og þær ráðstafanir sem ríkisstj. hefur gefið þeim fyrirheit um til þess að treysta undirstöðu þeirra samninga.

Með yfirlýsingu ríkisstj. frá 11. febr. var aðilum vinnumarkaðarins gerð grein fyrir því að ríkisstj. væri tilbúin að beita sér fyrir sérstökum ráðstöfunum af sinni hálfu til þess að gera mætti kjarasaminga á þann veg að verðbólga yrði innan við 9% á þessu ári í trausti þess að viðskiptakjör yrðu óbreytt og ytri aðstæður þjóðarbúskaparins breyttust ekki til hins verra frá því sem nú er.

Ríkisstj. lýsti því yfir að hún væri tilbúin til þess að halda meðalgengi krónunnar sem stöðugustu og fylgja eftir ýtrasta aðhaldi í fjármálum, peningamálum og erlendum lántökum. Jafnframt var frá því greint að ríkisstj. hefði rætt við forsvarsmenn opinberra fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga um lækkun á gjald-

skrám þeirra til samræmis við breyttar horfur í verðlagsmálum. Þar kom fram að ríkisstj. var tilbúin að beita sér fyrir lækkun á heildsöluverði Landsvirkjunar til almenningsveitna um 10% og á töxtum Rafmagnsveitna ríkisins um 10% jafnframt því sem Rafmagnsveita Reykjavíkur hafði gefið fyrirheit um samsvarandi lækkun. Hitaveita Reykjavíkur hafði gefið fyrirheit um lækkun taxta um 7%. Ákveðið var að lækka afnotagjald Ríkisútvarpsins um 5% og ríkisstj. hét því að beita sér fyrir lækkun á dagvistunargjöldum um 5%. Auk þessarar beinu verðlagslækkunar voru gefin fyrirheit um að fyrirtæki féllu frá fyrri áformum um hækkun á gjaldskrám síðar á árinu. Bein áhrif til lækkunar á verðlagi vegna þessara aðgerða voru metin á 0,5% en með óbeinum áhrifum var talið að þau gætu numið 0,7%. Jafnframt var gefið fyrirheit um að lækka mætti tekjuskatta til samræmis við lækkun verðlags um 150 millj. kr. og borgarstjórn Reykjavíkur lýsti því yfir að hún mundi beita sér fyrir lækkun á útsvari um 300 millj. kr. eða úr 10,8% í 10,2% og önnur sveitarfélög hafa gefið vilyrði fyrir samsvarandi lækkun. Jafnframt var því lýst yfir að fyrirframgreiðsla opinberra gjalda mundi lækka úr 13% á mánuði af álagningu fyrra árs í 12%.

Fyrirheit voru gefin um lækkun nafnvaxta og lækkun á verði á olíu og bensíni í samræmi við þá almennu lækkun sem orðið hefur á heimsmarkaði á þessum vörum. Jafnframt var tekið undir óskir um ráðstafanir til þess að hafa áhrif á lækkun búvöruverðs og aðgerðir í húsnæðismálum. Aðilum vinnumarkaðarins var gerð grein fyrir því að ríkisstj. væri fyrir sitt leyti reiðubúin að ræða annars konar útfærslu á þessum megingrundvelli sem hún var tilbúin að leggja fyrir vegna kjarasamninganna og frekari aðgerðir ef þeirra yrði talin þörf.

Í samræmi við þetta hefur ríkisstj. í dag gert aðilum vinnumarkaðarins grein fyrir því að í samræmi við óskir þeirra er hún tilbúin að beita sér fyrir viðbótarráðstöfunum, fyrst og fremst til þess að hafa áhrif á verðlag til lækkunar og treysta rekstur útflutningsatvinnuveganna.

Þar er um að ræða ráðstafanir sem kosta munu ríkissjóð um 1450 millj. kr. samtals og það frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir útfærslu á þeim breytingum. Ég tel að með þessum samningum hafi tekist mjög heilladrjúg samvinna á milli ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins og með þeirri samvinnu og því samkomulagi sem gert hefur verið á milli samningsaðila á vinnumarkaðinum og svo milli þeirra hins vegar og ríkisstj. hafi verið lagður grundvöllur að því að á þessu ári náum við því takmarki að lækka verðbólgu meira en gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhagsáætlun og styrkja frekar kaupmátt en þar var ráð fyrir gert.

Það frv. sem hér liggur fyrir felur í sér breytingar í samræmi við þetta á fjárlögum og skattalögum, tollalögum og lánsfjárlögum. Það er ljóst að þessar ráðstafanir hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Hún veikist allverulega á þessu ári frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum eða frá því að þau gerðu ráð fyrir 163 millj. kr. tekjuafgangi til þess að halli verður nú á fjárlögum um 862 millj. kr. Afkoman versnar því um 1025 millj. kr. Tekjur ríkissjóðs lækka um 2510 millj., þar af um 1050 millj. vegna áhrifa breyttra verðforsendna. Tekjulækkun vegna gagngerra aðgerða til lausnar á kjarasamningum nemur, eins og áður segir, um 1450 millj. kr.

Ríkissjóður fórnar nokkrum veigamiklum tekjuliðum. Þar má nefna tolltekjur af innflutningi bifreiða um 400 millj. kr., lækkun tolla af grænmeti, heimilistækjum og fleira um 180 millj. kr. og lækkun launaskatts um 250 millj. kr. Þá lækka tekjur af innflutningsgjaldi af bensíni um 150 millj. kr. og niðurfelling verðjöfnunargjalds af raforku rýrir tekjur ríkissjóðs á þessu ári um 330 millj. kr.

Allar þessar tekjuaðgerðir hafa áhrif, ekki aðeins á þessu ári heldur einnig til lengri framtíðar, og það má gera ráð fyrir að erfitt verði að komast hjá einhverjum halla á rekstri ríkissjóðs, einnig á næsta ári, í kjölfar þessara ráðstafana.

Með þeim samningum og þeim breyttu efnahagslegu forsendum sem lagðar eru til grundvallar náum við mjög mikilvægum efnahagslegum markmiðum og því teljum við skynsamlegt og rétt að fórna nokkru að því er ríkisfjármálin varðar.

Lækkun tekjuskatts nemur um 150 millj. kr. Hún gerist með þeim hætti að skatthlutföll í öllum þrepum lækka um 0,5%. Með lækkun skatthlutfallanna á þennan hátt er stefnt að því að lækkun á greiðslubyrði tekjuskatts verði sem sanngjörnust fyrir skattgreiðendur. Fallið er frá því að lækka aðrar stærðir í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, svo sem barnabætur. Þær aukast því nokkuð að raungildi. Þó mun skattafsláttur lækka á þessu ári um 400 kr. hjá hverjum einstaklingi til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í frv. þessu. Útgjöld ríkissjóðs lækka frá samþykktum fjárlögum um 1485 millj. kr. Lækkunin skýrist þannig að vegna verðforsendnanna lækka útgjöld um 1080 millj. kr. Sú lækkun verður framkvæmd þannig að flestir útgjaldaliðir fjárlaga verða lækkaðir. Mestu máli skiptir í því sambandi launa- og rekstrargjaldaliðir hvers konar. Þá verða framlög til stofnkostnaðar og ýmiss konar rekstrartilfærslur lækkuð til samræmis.

Ráðuneytum verður gerð grein fyrir breytingum einstakra fjárlagaliða mjög fljótlega og þegar fyrir liggur hver endanleg niðurstaða verður í kjarasamningum við opinbera starfsmenn en ráð er fyrir því gert að þeir verði leiddir til lykta á sömu forsendum og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um með samningum sín á milli í dag.

Framlög til lífeyristrygginga hafa sérstaklega verið metin vegna sérstakra launabóta til þeirra sem lægst hafa launin og reiknað er með að elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar fái hliðstæða hækkun bóta.

Það er ráð fyrir því gert að taka, í samræmi við það samkomulag sem orðið hefur á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj., lán frá lífeyrissjóðunum að upphæð 925 millj. kr. Frv. gerir ráð fyrir því að þetta lán verði tekið af Byggingarsjóði ríkisins. Það eykur ráðstöfunartekjur hans um 300 millj. sem ætlað er að verja til þeirra sem hafa átt við greiðsluerfiðleika að etja og þessar 300 millj. koma til viðbótar 200 millj. sem áður var ætlað að ráðstafa í því skyni. Með því að byggingarsjóðurinn tekur allt þetta lán sem lífeyrissjóðirnir hafa boðið fram í þessu skyni lækkar framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðsins um 625 millj. kr., en það er sú upphæð sem lífeyrissjóðirnir höfðu gert ráð fyrir að ráðstafa á þann veg að koma til móts við þann mikla kostnaðarauka sem ríkissjóður hefur af aðgerðum til þess að greiða fyrir þessum samningum.

Þá er sérstaklega gert ráð fyrir því að verja um 220 millj. kr. til þess að niðurgreiða landbúnaðarafurðir í samræmi við þá yfirlýsingu sem aðilum vinnumarkaðarins var gefin í dag. Hér er við það miðað að tekjutapi ríkissjóðs, kostnaði ríkissjóðs, vegna þessara ráðstafana verði mætt með lántökum innanlands. Það er ekki gert ráð fyrir því að auka skattheimtu af þessum sökum. Ég er þeirrar skoðunar að með því að ríkissjóður er að gera sérstakar ráðstafanir til þess að treysta fjárhagsstöðu heimilanna með lækkun á margvíslegum opinberum gjöldum sé ekki rétt og ekki verjandi að auka skatta á almenning til þess að standa straum af þessum ráðstöfunum og fyrir því verður fjár aflað með innlendum lántökum í þessu skyni. Það á ekki að hafa áhrif til aukinnar verðþenslu innanlands. Það hlýtur á hinn bóginn að draga úr ráðstöfunartekjum bæði lífeyrissjóða og banka og þeim fjármunum sem ríkissjóður tekur þannig að láni verður ekki ráðstafað til annarra hluta. Augljóst má vera að fjáröflun til þessara aðgerða hlýtur að koma einhvers staðar niður. Við töldum hins vegar rétt að gera það með þessum hætti fremur en að auka skattálögur.

Frv. gerir, eins og áður segir, ráð fyrir því að tekjuskatti verði breytt til samræmis við nýjar verðlagsforsendur. Samtals er þar um að ræða 150 millj. kr. Fyrirheit höfðu verið gefin um að lækkun fyrirframgreiðslu kæmi til framkvæmda um leið og samningar hefðu verið gerðir. Þannig stóð á að þegar nauðsynlegt var að taka ákvarðanir um þessi mánaðamót sem nú eru senn að renna upp var ekki ljóst hvort af þessum samningum yrði og fyrirframgreiðslan verður því óbreytt um næstu mánaðamót frá því sem áður var, en ráð er fyrir því gert að á næstu þremur gjalddögum komi lækkunin til framkvæmda og þá verði tekið tillit til þess að þessi næsti gjalddagi fellur niður þannig að þeirri lækkun sem þá hefði komið til framkvæmda verður jafnað niður á þrjá næstu gjalddaga. Launþegar eiga þess vegna ekki á þessum tíma að tapa í neinu af þeim sökum.

Frv. gerir ráð fyrir breytingum á launaskatti á þann veg að hann fellur niður af fiskiðnaði og almennum iðnaði. Þetta er gert í því skyni að koma til móts við þessar atvinnugreinar fyrst og fremst. Hér er að stórum hluta til um að ræða útflutningsatvinnugreinar sem þurfa að búa við stöðugt gengi og forsenda þess að þær geti tekið á sig kostnaðarauka af þessum nýju kjarasamningum er sú að þessi skattheimta lækki að því marki sem hér er gert ráð fyrir.

Þá eru í frv. ákvæði um breytingar á tollskrá. Í 10. gr. frv. eru ákvæði þar að lútandi. Greinin fjallar einkum um nauðsynlegar breytingar sem gera verður á tollskrárlögum til þess að ná þeim markmiðum sem samið hefur verið um að þessu leyti. Meginefni þessara breytinga felur í sér að tolltekjur ríkissjóðs lækka um 700 millj. kr. á heilu ári en um 580 millj. kr. á árinu 1986. Þar vegur þyngst lækkun tolla á bifreiðum um 400 millj. kr. á heilu ári. En heildaráhrif þessara aðgerða á vísitölu framfærslukostnaðar eru áætluð um 2,15%.

Skv. a-lið í 10. gr. er lagt til að almenn tollalækkun verði á öllum innfluttum matvælum sem bera hærri toll en 40%. Er hann nú hæstur 80% skv. gildandi tollskrárlögum. Frv. felur í sér að tollur verður ekki hærri en 40% á neinni matvöru og er hér því um verulega tollalækkun að ræða á mörgum matvörum. Þannig mun til að mynda grænmeti almennt lækka í 40% úr 70%, krydd úr 80%, ýmsir ferskir og niðurlagðir ávextir úr 70% og nokkrar aðrar unnar matvörur úr allt að 80%. Gert er ráð fyrir að tollalækkanir þessar geti leitt til allt að 25–30% verðlækkunar á nefndum matvörum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að tollur verði lækkaður á hjólbörðum og slöngum úr 40% í 10%, auk þess sem gúmmígjald verði fellt niður.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að tollur á bifreiðum verði lækkaður verulega eða úr 70% í 30%. Auk þess er gert ráð fyrir að svonefnt bifreiðagjald verði fellt niður af bifreiðum með 2000 cm^3 slagrými eða minna en lækkun hins vegar hlutfallslega minni á aflmeiri bifreiðum. Gert er ráð fyrir að bifreiðagjaldið verði innheimt af þessum bifreiðum í þremur gjaldflokkum og verði á bilinu 4–12% af tollverði viðkomandi bifreiðar. Breytingar þessar munu leiða til verulegrar lækkunar á útsöluverði bifreiða um allt að 30%.

Í fjórða lagi er lagt til að tollar verði lækkaðir verulega á ýmsum heimilistækjum. Þannig er m.a. ráðgert að lækka tolla á sjónvarpstækjum, myndbandstækjum og útvarpstækjum úr 75% í 40% og á ísskápum, frystikistum, uppþvottavélum, þvottavélum, þurrkurum og fleiri heimilistækjum úr 40% í 15% auk þess sem tollur á ýmsum öðrum heimilistækjum verður lækkaður í 40%.

Með þessu frv. er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á tollalögum sem ekki eiga beint rætur að rekja til þeirra efnahagsaðgerða sem gripið er til í tengslum við kjarasamningana. Hér er um minni háttar leiðréttingar að ræða og hagræðingaratriði sem óhjákvæmilegt er að gera á tollskrárlögunum og þótti hagræði að því, vegna þess að verið var að breyta tollskrárlögum, að koma þeim fram með þessum breytingum.

Hér er um að ræða breytingar sem leiða af því að í byrjun þessa árs urðu Spánn og Portúgal aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu og frá sama tíma féll aðild Portúgala að Fríverslunarsamtökum Evrópu niður, svo og samningur EFTA-landanna og Spánar. Lagt er til að ákvæði tollskrárlaga verði færð til samræmis við breytta skipan þessara mála og Portúgal og Spáni bætt við upptalningu EBE-ríkjanna sem er að finna í upphafi 1. gr. tollskrárlaganna.

Í núgildandi tollskrárlögum er fjmrn. heimilt að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tollalækkunarákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Hér er lagt til að framkvæmd á þessum atriðum verði auðveldað. Jafnframt er lagt til í 12. gr. að auðvelda ýmsar tæknilegar breytingar á tollskránni og leiðrétta hana þannig að texti skrárinnar endurspegli m.a. sem nákvæmast tollun vara og dragi þannig úr hættu á mismunandi tollmeðferð á vörum eftir innflytjendum eins og nú er raunin á vegna fjölmargra undanþága sem er að finna í auglýsingum og einstökum ráðuneytisbréfum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fjmrh. geti tekið upp ný tollskrárnúmer í tollskránni í þeim tilvikum þegar tollar eru samræmdir á vörum, sem gerðar eru úr mismunandi efnum, eða þeir eru felldir niður.

Þá er heimild til þess að aðlaga tollskrána þeim breytingum sem kunna að verða samþykktar á tollanafnaskrá Tollasamvinnuráðsins hverju sinni eða skýringum við hana. Tollafgreiðslugjald hefur verið innheimt og með þessu frv. er lagt til að það verði lagt

niður. Enda hafa tekjur af því verið óverulegar.

Þá er lagt til að samhliða lækkun tolla á hjólbörðum og slöngum verði fellt niður svonefnt gúmmígjald en það eru 45 aurar af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum.

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. frá í dag gerir frv. ráð fyrir að fellt verði niður verðjöfnunargjald á raforku og síðan er hér um að ræða þó nokkrar breytingar á lánsfjárlögum. Lántökur ríkissjóðs og nokkurra annarra opinberra aðila hljóta að taka breytingum í samræmi við þær breyttu forsendur sem hér um ræðir. Ég vil nefna sérstaklega að lántökur ríkissjóðs innanlands hækka um 850 millj. kr. sem er nauðsynlegt til að tryggja greiðsluafkomu ríkissjóðs.

Erlendar lántökur hækka ekki, enda er það markmið að auka þær ekki, fremur að draga úr erlendri skuldasöfnun. Erlendar lántökur ríkissjóðs nema því eftir sem áður 2550 millj. kr. Lántökur Framkvæmdasjóðs lækka um 600 millj. kr., lántökur Landsvirkjunar um 20 millj., lántökur Byggðastofnunar um 15 millj., lántökur atvinnufyrirtækja lækka um 100 millj. og felld er niður áformuð lántaka Þróunarfélagsins um 100 millj. kr. Alls lækka erlendar lántökur skv. þessu um 835 millj. kr. Að hluta til er hér um að ræða eðlilega niðurfærslu á erlendum lántökum í samræmi við breytta gengisstefnu en sérstaklega er gert ráð fyrir því að taka 500 millj. kr. af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs til þess að auka endurgreiðslur á erlendum lánum og lækka lántökur.

Í lánsfjárlögum eru framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga takmörkuð við 805 millj. og til samræmis við breyttar forsendur er þessi fjárhæð lækkuð í 770 millj. kr. en lækkunin felur ekki í sér neinar efnislegar breytingar.

Frú forseti. Ég hef í aðalatriðum gert hér grein fyrir efnisatriðum þessa frv. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. og vænti þess að góð samstaða takist um að greiða fyrir framgangi málsins hér á hinu háa Alþingi.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er svolítið sérstæð og óvenjuleg staða sem hér er uppi. Við hv. þm. fengum í hendur núna upp úr kl. hálf níu í kvöld þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, sem hæstv. fjmrh. hefur nú nýlokið við að mæla fyrir. Það hefur því ekki gefist mjög langur tími til þess að kynna sér þetta frv. Ég hygg að fæstir þm. hafi haft tíma til að lesa það frá upphafi til enda, hvað þá að tileinka sér þær skýringar sem gefnar eru hér í athugasemdunum.

Þetta eru náttúrlega engin sérstök fyrirmyndarvinnubrögð. Hins vegar eru þetta sérstakar aðstæður sem eru nú uppi og ber að taka tillit til þess. Raunar hefur nokkur umræða orðið hér á hinu háa Alþingi nú þegar um þetta mál, þar sem var umræða utan dagskrár í Sþ. fyrr í dag.

Fleiri en einn og fleiri en tveir hafa látið þau orð falla að við stæðum nú á nokkrum tímamótum þegar þetta frv. er lagt fram í kjölfar þeirra samninga sem aðilar vinnumarkaðarins hafa orðið ásáttir um og undirritaðir voru um kl. 18 í kvöld. Öllum er ljóst að sá árangur, sem menn tala um að ná, og það markmið, sem menn tala um að stefna hér að, er algjörlega undir því komið hvernig ríkisstj. tekst að halda á þessum málum.

Ég held að það leiki ekki nokkur minnsti vafi á því að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fagnar þeirri niðurstöðu sem orðið hefur í þessum kjarasamningum, ég held að það sé alveg ljóst. Því hefur þegar verið lýst yfir af hálfu Alþfl., okkar jafnaðarmanna, að við viljum fyrir okkar leyti allt til vinna til þess að sá árangur, sem stefnt er að með þessum samningum, náist í reynd. Hér er með nokkrum hætti verið að fara nýjar leiðir, leiðir sem við höfum lengi talað um að ætti að fara, því að það er okkar skoðun að hér sé verið að bjóða upp á eins konar lífskjarasáttmála og við erum reiðubúnir að gera það sem í okkar valdi stendur til að stuðla að því að þessi lífskjarasáttmáli geti orðið að veruleika. En staðreyndin er sú að x-in og y-in í þessu dæmi eru enn sem komið er býsna mörg.

Það er kannske líka svolítið umhugsunarefni að rekja það hvernig þetta gengur fyrir sig og hvernig þetta mál ber að hér á hinu háa Alþingi. Ríkisstj., sem hafa ætti frumkvæði í efnahagsmálum, hefur ekki verið neinn gerandi í þessu máli. Hún hefur miklu frekar verið þolandi. Það eru aðilar vinnumarkaðarins, verkalýðssamtökin og samtök vinnuveitenda, sem hafa haft frumkvæði í þessum efnum.

En það sem gerir þetta þó fyrst og fremst mögulegt eru aðstæður sem við höfum enga stjórn á og höfum ekkert gert til að hafa áhrif á eða stýrt að einu eða neinu leyti, þ.e. efnahagsþróun úti í heimi, mikil lækkun á olíuverði, hugsanleg vaxtalækkun erlendis og hækkun á okkar afurðum. Við erum alltaf að tala um efnahagslegt sjálfstæði, sem er auðvitað mikils virði, en þetta hlýtur að leiða hugann að því hvað við í rauninni ráðum litlu um hina eiginlegu afkomu okkar þegar allt kemur til alls, vegna þess að hvort sem okkur líkar það betur eða verr erum við hluti af miklu stærri efnahagsheild þar sem við erum fyrst og fremst þolendur, þar sem við búum ekki til forsendur heldur koma þær til okkar og við verðum að hlíta þeim. Þetta er umhugsunarefni í þessu sambandi.

En nú hafa þær aðstæður skapast að það er tækifæri til að gera tilraun sem ekki hefur verið gerð áður. Ég endurtek það og ítreka að við viljum stuðla að því að sú tilraun verði gerð og meira en það, við viljum stuðla að því að hún megi takast. En hér skiptir höfuðmáli hvernig til tekst um framkvæmdina. Eins og þetta er framkvæmt núna er þetta tekið að láni. Eins og hæstv. fjmrh. skýrði hér út áðan byggist þetta allt á lántöku, ekki þó erlendum lántökum sem betur fer, heldur verður það fjármagn, sem hér um ræðir, tekið að láni innanlands og hallinn á ríkissjóði aukinn. Þannig er ekki hægt að halda áfram, þetta er bara til bráðabirgða. Þess vegna skiptir höfuðmáli hvernig framhaldið verður og hvernig tekst til með róðurinn nú þegar lagt hefur verið frá landi.

Um þetta frv., sem — ég endurtek — við höfum ekki haft aðstöðu til að kynna okkur svo sem vert væri á þeim tíma sem liðinn er frá því að því var dreift hér, verður fjallað sameiginlega í fjh.- og viðskn. beggja deilda strax í fyrramálið. Það er alveg ástæðulaust annað en að greiða götu þessa máls hér í gegnum þingið vegna þess að hér er búið að tilkynna ýmsar ráðstafanir, m.a. í tollamálum, sem gera það að verkum að það er ekki hægt að hafa þetta mál hangandi hér inni í þinginu eða svífandi í lausu lofti í langan tíma. Það verður að afgreiða það á tiltölulega skömmum tíma enda hygg ég að það hafi tekist allgott samkomulag milli stjórnar og

stjórnarandstöðu um að þetta mál verði afgreitt hér í síðasta lagi á laugardag.

Auðvitað er margt gott um þær ráðstafanir að segja sem hér er gert ráð fyrir, svo sem tollalækkanir á matvælum, bifreiðum og ýmsum hátollatækjum, þar sem við höfum verið með langtum hærri tolla en þjóðirnar hér í kringum okkur. Það nægir t.d. að nefna myndbandstæki o.fl. Þessi tollalækkun er raunar bara viðurkenning á staðreyndum, að við getum ekki haldið uppi svona miklu hærri tollum en grannþjóðir okkar vegna þess að það þýðir það, sem menn geta raunar lesið um í blöðunum næstum því á hverjum degi, að ólöglegur innflutningur tækja af þessu tagi vex. Það hefur verið að gerast núna að undanförnu. Þetta er bara viðurkenning á þeirri staðreynd að þetta verður að breytast. Þau tæki, sem er svona auðvelt að flytja með sér á milli landa, eru kannske þrefalt ódýrari í tveggja klst. ferðafjarlægð frá okkur en þau eru hér. Það gengur ekki.

Ég fagna því sérstaklega að nú skuli eiga að lækka tolla á hjólbörðum. Það er í fyrsta lagi öryggisatriði. Í öðru lagi vil ég minna á að það eru a.m.k. fjögur ár síðan Alþingi samþykkti þáltill., sem undirritaður var fyrsti flm. að, um að lækka tolla á hjólbörðum en sú till. hefur ekki verið framkvæmd. Það er hins vegar umhugsunarefni líka að frumkvæðið að því að framkvæma þá samþykkt Alþingis skuli koma ofan úr Garðastræti. En það er svo sem sama hvaðan gott kemur og ber ekkert að vanmeta það. Þetta er tvímælalaust af hinu góða.

Hæstv. fjmrh. fór hér yfir þá lækkun sem fyrirhuguð er á ýmsum gjöldum opinberra fyrirtækja. Þá hefur komið fram fyrirhuguð lækkun á taxta Hitaveitu Reykjavíkur. Ég vildi í því sambandi spyrja hvað áformað hefur verið með taxta annarra hitaveitna á landinu, hvort þar sé gert ráð fyrir sams konar lækkun. Ég sé ekki að það sé auðvelt fyrir aðrar hitaveitur. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá svör við þessu því að nú er það vitað að sumar af þessum hitaveitum, og ekki þær minnstu, utan Reykjavíkur eiga við mjög alvarlega erfiðleika að stríða vegna erfiðra dollaralána. Á þessi lækkun á hitaveitugjöldunum eingöngu að koma hér til framkvæmda á Reykjavíkursvæðinu þar sem hennar var kannske langminnst þörf? Um þetta vildi ég fá upplýsingar frá hæstv. fjmrh.

Ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlega á þessu stigi í einstakar greinar, t.d. að því er varðar allan VII. kaflann um það sem varðar breytingar á tiltölulega nýsamþykktum lánsfjárlögum fyrir árið 1986. Það gefst betra tækifæri til að fræðast um þetta við nefndarstörfin í fyrramálið þó að sá tími sé kannske af skornum skammti sem þar er til umráða.

Eins og ég vék að áðan urðu tveggja klst. umræður um þetta mál í Sþ. í dag. Hæstv. fjmrh. sá þá ástæðu til að helga hluta ræðu sinnar þeim till. sem af hálfu Alþfl. voru lagðar fram við afgreiðslu fjárlaga. Honum þótti ekki mikið til þeirra koma og hafði raunar um þær hin háðulegustu orð. Það er auðvitað hans mál. En ég hygg þó að þessar till., sem fram voru lagðar af hálfu Alþfl., hafi verið eina tilraunin sem gerð var af hálfu stjórnarandstöðunnar til að koma fram einhverjum breytingum á þessum fjárlögum. Í þetta var lögð mikil vinna. Það voru gerðar till. um að breyta t.d. rannsóknastofnunum atvinnuveganna í sjálfseignarstofnanir. Það voru gerðar till. um niðurskurð á ýmsum óarðbærum gæluverkefnum, svo sem fjárfestingarstyrkjum til hefðbundins landbúnaðar þar sem menn viðurkenna nú að offjárfesting í landbúnaði sé einn af meginþáttum þess vanda sem þar er við að etja, offjárfesting m.a. í „mjólkurframleiðslumannvirkjum", svo ég noti nú orð sem einn af embættismönnum bændasamtakanna notaði á þessum fundum sem við þm. Vesturl. sátum og hlýddum á. Það tók mig svolitla stund að átta mig á því hvað hér væri um að ræða en svo skildi ég að það eru hlöður og fjós fyrst og fremst, „mjólkurframleiðslumannvirki".

Við lögðum til ýmsar býsna róttækar breytingar. En Sjálfstfl., sem er íhaldsflokkur og kerfisflokkur, er slíkum breytingum á ríkiskerfinu andsnúinn. En það er svo sem engin ástæða til að fara sérstaklega út í þess háttar umræður núna á þessu stigi. Mér þykir líklegt að þótt hæstv. fjmrh. sæi ástæðu til að víkja að þessu í dag telji hann ekki ástæðu til að gera þetta að meginatriði í umræðunum um þá kjarasamninga sem við erum að ræða hér.

Hæstv. fjmrh. sagði líka að oftlega hefðu aðilar vinnumarkaðarins setið og gert kjarasamninga gegn ríkisstjórninni. Það var hnyttilega á það bent í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins að það var fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins um allmörg ár sem mælti þessi orð. Ekki veit ég hvort hann hefur þar sérstaklega verið að tala um þann tíma er hann stýrði samtökum vinnuveitenda, að þá hafi verið gerðir kjarasamningar gegn þeim ríkisstjórnum Íslands sem þá sátu, en það kemur sjálfsagt í ljós. Þetta voru svolítið einkennileg ummæli og eftirtökuverð.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvort ástæða er til að tala um þetta mikið lengra mál að sinni. Hér segir um fjármagnið til húsnæðiskerfisins í skýringum við 22. og 23. gr. að ráðgert hafi verið að auka skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins um 925 millj. á árinu 1986. Ráðgert sé að af þessu fé, þ.e. af þessum 925 millj., komi 300 millj. sem viðbótarfjármagn til sjóðsins og bætist við 200 millj. kr. sem áformað er að veita sérstaklega til þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Þá er gert ráð fyrir að 625 millj. fari til almennra útlána. En framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins lækkar á móti um 625 millj. Ég sé því ekki betur en að það eina sem bætist við í sjóðinn séu þessar 300 millj. sem fara til þeirra sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum. Það eru öll ósköpin. Hafi ég skilið þetta rangt leiðréttir hæstv. ráðherra það væntanlega hér.

Í ræðu sinni í dag talaði hæstv. ráðh. líka um þá till. okkar m.a. að leggja skatt á bankana. Þá viðhafði hann þau orð að ef það yrði gert gæti starfsfólk bankanna ekki fengið sambærilegar launahækkanir og í þessum samningum felast. Þannig heyrði ég hans orð í dag og þótti mér einkennilega til orða tekið. Ég sé ekki að það þurfi að hafa nokkur áhrif á það hvort starfsfólk bankanna fær launahækkun eða ekki hvort lagður er skattur á þá eins og um hefur verið talað.

Það er alveg ljóst að með því sem nú er verið að gera og með því að ákveða að taka allar þessar aðgerðir til láns, eins og gert er — allt er þetta upp á krít eins og er — er slegið á frest ákvörðunum um hvernig eigi að afla tekna. Auðvitað kemur að því síðar. Við Alþýðuflokksmenn höfum lagt fram ýmsar till. í þeim efnum. Þær standa eftir sem áður. Það kemur að því að ríkisstj.

verður að gera það upp við sig hvernig á að borga þennan brúsa. Það er ekki gert í þessum till. hér en því verður ekki slegið endalaust á frest.

Ég ítreka að lokum, virðulegi forseti, að hér er verið að gera tilraun sem ég held að þjóðin bindi miklar vonir við. Hér hafa verið vaktar vonir og það væri þess vegna verr farið en heima setið ef svo óhönduglega tekst til að ríkisstj. heppnast að glutra þessu niður. Ég vona að svo verði ekki og ítreka það af hálfu okkar Alþýðuflokksmanna að við viljum greiða fyrir því að sá árangur, sem stefnt er að með þeim launasamningum sem hér eru til umræðu í formi þessa frv., náist í reynd. En með þessu frv. er í rauninni bara hálf sagan sögð. Það er hinn þægilegi hluti sögunnar sem búið er að segja en hinn óþægilegi sem er eftir.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Nýir kjarasamningar hafa verið gerðir og í tengslum við þá liggur nú fyrir það frv., sem hér er til umræðu, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum.

Mikil tíðindi hafa gerst hér á Íslandi nú á fáum vikum. Undanfari þessarar samningsgerðar er flestum kunnur. Hann var sá að nokkurn veginn á sama tíma urðu miklar hækkanir á fiskafurðum okkar á Bandaríkjamarkaði annars vegar og hins vegar stórfelld lækkun á olíuverði svo að líkja má við verðhrun. Íslendingar hlutu sem sagt mikinn happafeng nú í byrjun nýs árs. Þessi happafengur, sem hefur stórbætt viðskiptakjör þjóðarinnar, opnar möguleika til þess að unnt verði að ná stórsigrum í baráttu við verðbólgu, þveröfugt við það sem var hér áður fyrr þegar menn glímdu við versnandi viðskiptakjör, bæði í formi hækkandi olíuverðs og hlutfallslega lækkandi fiskverðs.

Það sjá allir að hér hafa skapast miklir möguleikar á að losna við verðbólgu og það er í ljósi þessa að samtök vinnumarkaðarins hafa tekið höndum saman um samningsgerð sem m.a. felur það í sér að ríkisstj. er fyrirskipað að beita sér fyrir stórfelldum efnahagsaðgerðum, þar með talið að færa niður verðlag fyrir fjárhæðir sem nema milli 1500 og 2000 millj. á ári. Jafnhliða þessu hafa aðilar vinnumarkaðarins komið sér saman um nýjan kjarasamning út þetta ár en kaupmáttur í þeim kjarasamningi er þó bersýnilega ekki mikið hærri en var á árinu 1985 að meðaltali. Á ég þá við meðalkaupmátt ársins 1986.

Síðan hefur það gerst að ríkisstj. hefur fallist á að hlýða þessum fyrirskipunum samtaka vinnumarkaðarins og hún hefur samþykkt öll þau útgjöld sem þau samtök hafa gert tillögur um. Jafnhliða þessu hefur ríkisstj. gripið til þess óvænta úrræðis, sem ég hygg að öllum hljóti að koma nokkuð á óvart, að taka víxil fyrir allri upphæðinni og ætla skattgreiðendum á komandi árum að standa skil á þessum efnahagsaðgerðum. Það er sem sagt engin tekjuöflun í þessu skyni sem fylgir með og heldur enginn niðurskurður ríkisútgjalda. Aftur á móti er samið milli aðila vinnumarkaðarins og við ríkisstj. um umtalsverðar félagslegar ráðstafanir, enn einn félagsmálapakka, sem vissulega ber ekki að vanmeta.

Af þessari lýsingu minni er ljóst að ég sé þá kjarasamninga, sem gerðir hafa verið, bæði í ljósum og dökkum litum. Ljósu hliðarnar eru þær að möguleikar skapast til að ná verðbólgu verulega niður hvort sem því marki verður náð sem að er stefnt, það er líklega nokkuð snemmt að hafa uppi fullyrðingar um það. En einnig hefur verið samið um verulegar félagslegar umbætur, eins og ég hef hér nefnt. Þetta er hvort tveggja mjög ákjósanlegt og hlýtur að vera fagnaðarefni okkar allra.

Dökku hliðarnar tvær eru aftur á móti þær að við eigum að búa áframhaldandi í þessu þjóðfélagi við sama lága kaupmáttinn og gilti hjá launafólki almennt á liðnu ári. Þótt vissulega fari kaupmáttur hækkandi á árinu er hann nú þegar sokkinn töluvert niður fyrir það sem hann var að meðaltali á seinasta ári. Þó að hann lyfti sér undir árslok nokkuð hærra en hann var að meðaltali á seinasta ári er heildarútkoman á árinu lítið skárri en hún var á s.l. ári. En það ár var kaupmáttur lægri en hann hafði nokkru sinni verið um mjög langt skeið. Þetta eru ekki góð tíðindi og síst af öllu séð í því ljósi að þjóðartekjur hafa farið mjög vaxandi og þjóðarframleiðsla og aukning hennar ætti auðvitað að gefa okkur kost á að greiða láglaunafólki í landinu verulega miklu betur en verið hefur.

Hin dökka hliðin á þessum samningum er svo aftur sú að hér er um hreina ávísun á framtíðina að ræða og þar við bætist að ríkissjóður er fjarskalega illa undir það búinn að taka þessa byrði á sig.

Þær miklu umbreytingar í ríkisfjármálum, sem verða að eiga sér stað í kjölfar þessara samninga, fela í sér bæði stórfelldar breytingar á fjárlögum og lánsfjárlögum, geta talist fjórða kollsteypan í ríkisfjármálum á aðeins hálfu ári. Fyrsta kollsteypan kom í september þegar fjárlagafrv. var kynnt. Önnur kollsteypan kom svo nokkru eftir að skipt var um ríkisstj. Þriðja kollsteypan kom svo þegar fjárlagafrv. var stokkað upp að nýju í desembermánuði og nú upplifum við þann einstæða atburð í þjóðarsögunni að sama fjárlagafrv. er stokkað upp í fjórða sinn á hálfu ári.

Ég hygg að víxillinn, sem nú verður tekinn til að greiða fyrir þessum kjarasamningum, sé tvímælalaust stærsta óreiðuskuldin sem stofnað hefur verið til á Íslandi fyrr og síðar og margfalt stærri en nokkru sinni hefur sést í íslenskri sögu.

Ég minnist þess í stjórn dr. Gunnars Thoroddsens að það gerðist oft að ríkisstj. liðkaði til fyrir kjarasamningum með ýmiss konar efnahagsaðgerðum, en það var meginreglan að annaðhvort hafði við afgreiðslu fjárlaga verið gert ráð fyrir allhárri fjárhæð í þessu skyni eða þá að aflað var tekna til þess. Síðara dæmið er frá vorinu 1982 þegar ríkisstj. ákvað að færa niður verðlag og það kostaði um 30 millj. Þeirrar fjárhæðar var aflað með ýmsum hætti, bæði niðurskurði og tekjuöflun. Í fjárlögum bæði árin 1981 og 1983 voru teknir til hliðar allverulegir fjármunir til efnahagsaðgerða á þeim árum. Nú er þessu ekki að heilsa. Þvert á móti er nýlega búið að afgreiða ríkissjóðsdæmið með stórfelldum halla sem sennilega er þó miklu rosalegri en það dæmi birtist okkur í fjárlögunum sjálfum og ofan á þetta verður nú tekinn, eins og ég sagði áðan, stærsti víxill Íslandssögunnar og þá fellur það í hlut komandi ríkisstjórna á komandi árum að greiða þennan víxil.

Ég þakka fyrir þær aðgerðir sem nú hafa verið ákveðnar í húsnæðismálum. Ég held að þeirra hafi verið mikil þörf og ég vænti þess að þær skili verulegum árangri. Ég held að það hljóti að vera verulegt áhyggjuefni allra hvað íbúðabyggingar hafa dregist stórkostlega saman á seinustu árum og þá alveg sérstaklega út um

landsbyggðina. Á s.l. ári var ekki lokið við byggingu nema á liðlega 300 íbúðum utan Faxaflóasvæðisins. Sambærileg tala fyrir fáum árum var frá 1000 og upp í 1200. Ástandið hefur ekki verið jafnslæmt hér á Faxaflóasvæðinu fram til þessa, en mér er sagt að nú sé verulegur samdráttur á ferðinni. Ég ætla sannarlega að vona að þær aðgerðir, sem núna hafa verið ákveðnar í húsnæðismálum, snúi þessari þróun við, en þó hef ég áframhaldandi verulegar áhyggjur af þessum málum úti um landið vegna þess að [illegible] er ýmislegt sem þar kemur til sem veldur þessu. Grurlega samdrætti og þar á meðal hvað fasteignaverð hefur fallið þar rosalega. Skýringin á því er aftur á móti sú hvað kaupmáttur er lélegur og að um hefur verið að ræða umtalsverðan flótta fólks utan af landsbyggðinni til Faxaflóasvæðisins og það í stórauknum mæli miðað við það sem áður var.

Ég þakka líka fyrir þann þátt félagsmálapakkans sem gerir ráð fyrir fjarvistarrétti foreldra vegna veikinda barna. Það þarf varla að útskýra það í þessari deild hvers vegna ég þakka sérstaklega fyrir það því að ég hef flutt nokkrum sinnum frv. um þetta efni einmitt hér í deildinni og mælti fyrir frv. af þessu tagi seinast á mánudag og því var vísað til hv. félmn. Mér er að vísu ekki alveg ljóst af þeim upplýsingum sem gefnar hafa verið um fjarvistarréttinn hvernig honum verður hagað og hvort þar er um fullnægjandi réttindi að ræða og ég hygg að nákvæmlega sömu spurningar og vöknuðu þá í umræðunni hljóti að vakna í þessu sambandi, þ.e. varðandi réttindi þeirra sem eru ekki búnir að vera lengi í vinnu hjá sama atvinnurekanda.

En ég gleðst yfir þessum myndarlega félagsmálapakka. Ég gleðst yfir því ef okkur tekst að ná verðbólgunni verulega niður. Við Alþýðubandalagsmenn virðum þetta samkomulag. Við viljum greiða fyrir því að það verði staðfest á Alþingi. En jafnframt hlýt ég að harma ef kaupmáttur á að vera til langframa svo svívirðilega lágur sem hann var á s.l. ári og verður bersýnilega áframhaldandi með þessum samningum. Ég hlýt jafnframt að harma meðferð ríkisstj. á málinu í heild og það ábyrgðarleysi sem felst í því að ofan á stórskuldugan ríkissjóð, sem safnar verulegum skuldum á þessu ári, skuli lagður slíkur baggi án þess að nokkur tilraun sé gerð til að jafna þau gjöld með annaðhvort niðurskurði eða auknum tekjum.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni, enda gefst betra tækifæri til að ræða málið við 2. umr.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Frv. sem hér er nú til umræðu, þ.e. frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, hefur ekki verið mjög lengi á borðum þm. Ég fékk það reyndar í hendur nákvæmlega þegar ég gekk í þingsalinn. Menn eru því auðvitað ekki í stakk búnir að ræða það ítarlega, en að nokkru leyti hafa menn þó getað gert sér grein fyrir innihaldi frv. án þess þó að þekkja til orðalags þess þar sem það er í stærstum dráttum samþykkt ríkisstj. á tillögum og hugmyndum sem settar voru fram í samningum aðila vinnumarkaðarins og undirritaðir að hluta til í gær.

Í fskj. 2 með frv., en þetta fskj. er bréf frá ríkisstj. til aðila vinnumarkaðarins, dags. í dag, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst virðist að þessir samningar og það sem þeim fylgir muni valda því að útgjöld þjóðarinnar í heild fari nokkuð fram úr því sem ríkisstj. hefur stefnt að til þessa og að halli myndist á ríkisbúskapnum, en með tilliti til þess hversu mikilvægt það er að nú náist ótvíræður og verulegur árangur í viðureigninni við verðbólguna er ríkisstj. reiðubúin að taka nokkra áhættu í þessu máli. Þessi afstaða er á því byggð að ekki verði verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum eða öðrum ytri aðstæðum þjóðarbúsins.“

Nú er þar til að taka að þegar ríkisstjórn á Íslandi tekur áhættu ber hún ekki mikla ábyrgð á þessari áhættu, hvorki fjárhagslega né gagnvart kjósendum, því að það eru endanlega einstaklingar þessa lands, þjóðin, sem taka skellinn af að þessi tilraun ekki tekst. Kjósendurnir eiga, eins og alþekkt er orðið, ekki ýkja mikla möguleika á því að kalla nákvæmlega þessa ríkisstj. til ábyrgðar vegna sinna verka hafi þau ekki tekist. Það þarf ekki annað en að benda á að almennt eru menn sammála um að seinustu ríkisstjórn hafi mistekist allhrapallega við sína vinnu. Samt sem áður er einn af ráðherrum þeirrar ríkisstj. nú forsrh. þessarar ríkisstj.

Fyrir rúmum tveimur mánuðum lagði stjórnarandstaðan til að fresta afgreiðslu fjárlaga til þess að taka fjárlögin upp og endurskoða þau, einfaldlega vegna þess að það reikningsdæmi sem þar blasti við gekk ekki upp í fyrsta lagi og í öðru lagi þótti mönnum það þannig saman sett að þeir vildu ekki taka ábyrgð á því. Þessari uppástungu stjórnarandstöðunnar var hafnað með öllu og talið fráleitt að taka upp þau fjárlög sem þá höfðu verið lögð fram. Núna, tveimur mánuðum síðar, þykir það ekki tiltökumál að taka þessi fjárlög upp nokkurn veginn nákvæmlega á sömu forsendum og þá voru fyrir hendi, fyrir jól, og leiðrétta þó nokkuð af þeim hlutum sem þá voru gagnrýndir í fjárlögunum, en samt sem áður með þeim hætti að auka enn lántökur ríkissjóðs, auka enn halla ríkissjóðs og það þó að fyrirsjáanlegt sé að viðskiptahalli verður mjög mikill á þessu ári.

Ég ætla mér ekki að fara, frú forseti, um frv. sjálft mörgum orðum því eins og ég sagði áðan er það enn þá ekki langur tími sem maður hefur haft til að skoða það og skilja. Aftur á móti get ég ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um hvernig þetta frv. er orðið til, einfaldlega vegna þess að þau vinnubrögð sem hér eru stunduð falla ekki að mínum skilningi um hvernig stjórnvöld eigi að vinna.

Í fyrsta lagi tel ég atburðarásina ólýðræðislega og þannig séð, ef við horfum til þeirrar stjórnskipunar sem við höfum, líka mjög í andstöðu við þingræðið. Ekki það að ég ætli mér að koma hér fram sem sérstakur verjandi þingræðisins. En þegar stjórnarandstaðan er búin að rembast eins og rjúpan við staurinn í tæp þrjú ár við að reyna að koma vitinu fyrir þessa ríkisstj. án þess að votti fyrir því að á hana sé hlustað og menn standa hér m.a.s. digurbarkalegir í ræðustól og tala um það hvað stjórnarandstaðan sé slöpp, þá eru einhverjir menn í einhverju félagi úti í bæ sem taka upp þessar hugmyndir stjórnarandstöðu, gera um þær samning sem skuldbindur þá ekki ýkja mikið, en skuldbindur þriðja aðilann, þ.e. ríkisstj., algjörlega. Þeir ota þessum samningi að ríkisstj. u.þ.b. með orðunum „Hana, éttu nú“ og minnast þess í framhjáhlaupi að nauðsynlegt sé að ræða þetta í ríkisstj. áður en það verði samþykkt. Þar með fara hjólin að snúast. Ef maður horfir á þetta allt saman í rökréttu samhengi getur maður sagt si svona

fyrir sjálfan sig: Ég er í alveg bandvitlausu félagi. Ég á ekkert að vera inni á þingi. Ég á bara að vera í einhverju félagi úti í bæ. Síðan geri ég þar samning við annað félag sem skuldbindur nánast hvorki mig né það félag. Það eina sem er ákveðið í þessum samningi er að ríkisstj. verður að samþykkja hann og fjármagna hann. Þá er allt í lagi. — Ef þetta eru vélar lýðræðisins eins og menn vilja skilja þær og láta þær vinna í þessu landi verð ég einfaldlega að lýsa forundran minni og fyrirlitningu á þessum vinnubrögðum.

Ekkert af þeim aðgerðum sem hér á að fara að setja lög um er þess eðlis að frjálsir menn, sem boðið hafa sig fram til þess að bæta lífskjör í þessu landi, því að til þess buðu menn sig fram, að þeir hafi ekki getað tekið þetta upp hjá sjálfum sér, sett þetta fram, barist fyrir því og fengið það samþykkt, ekki hvað síst þegar maður horfir til þess að núna allt í einu skiptir það nákvæmlega ekki nokkru máli að gera grein fyrir því hvernig á að fjármagna þetta. Jú, jú, það er stefnt að því að lækka þetta og lækka hitt, fella þetta niður og fella hitt niður. Allt eru þetta ágætis hlutir í raun og veru. En um fjáröflunina sjálfa stendur eiginlega lítið annað en að það á að taka fyrir henni lán. Mér er sem ég hefði séð framan í hæstv. fjmrh. hefði einhver aumur þm. hér komið með svona frv. inn á borð: Það á að lækka þetta og lækka hitt. Svo lækkum við þetta líka, sleppum þessu og afnemum þetta og til þess ætlum við bara að taka lán. — Ég er ansi hræddur um að það hefðu ekki verið talin ýkja ábyrg vinnubrögð hjá stjórnarandstöðuþingmanni að standa þannig fyrir sínu máli. Ekki það að þetta hafi ekki verið reynt. Bandalag jafnaðarmanna lagði til fyrir tveimur árum ýmsar brtt. um fjárlög. Þessar brtt. voru teknar upp aftur að mestu leyti í lítið breyttri mynd af Alþfl. og fluttar núna fyrir jól við fjárlög og hlutu nokkurn veginn sama umtal þá og þegar við fluttum þær: Strákar mínir. Svona fer maður ekki að því að breyta þjóðfélaginu. Þjóðfélaginu verður ekki breytt með því að breyta fjárlögum. — En hvað er verið að gera hér núna? Nú á allt í einu að stórbæta þetta þjóðfélag með því að breyta fjárlögum. Það er allt í einu hægt að gera það sem ekki var hægt að gera fyrir afskaplega stuttu.

Þjóðarinnar vegna held ég að okkur þm. sé líklega einna hollast að rifja upp eitthvað af okkar barnafræðslu og leggjast á bæn og vona að þessi tilraun heppnist. Þeir sem taka áhættuna eru ekki ráðherrarnir tíu uppi í stjórnarráði heldur þeir sem greiða skatta í þessu landi. Þar sem augljóst er að þessir samningar hafa raunverulega ekki breytt launum, þeir hafa tryggt og fryst þá launalækkun sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, þeir eru ákveðin trygging þess að þessi launalækkun haldi ekki áfram — það þýðir að þetta fólk er ekkert frekar megnugt að greiða skatta þetta árið en það var í fyrra, hvað þá næsta ár þegar holskeflan af kostnaðinum af þessu dæmi skellur yfir það — þá skulum við vona og biðja að þessi tilraun takist.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Fyrir jól samþykktum við hér á Alþingi fjárlög fyrir árið 1986. Við gengum einnig frá lánsfjárlögum fyrir árið 1986 og í dag, í lok febrúarmánaðar, stöndum við frammi fyrir þriðju fjárlögunum á þessu þingi. Það frv. til laga sem hér birtist í upphafi þingfundar er í raun og veru nokkurs konar endurskoðun á fjárlögunum, á lánsfjárlögunum og öðrum lögum sem tengjast þeim. Þessi nýju fjárlög, þessi þriðju fjárlög sem við erum hér að ræða, voru unnin utan Alþingis og hv. þm. hér í Ed. hafa í besta falli haft u.þ.b. tvo klukkutíma til að kynna sér þau. Um þessi vinnubrögð fjallaði ég í utandagskrárumræðunni fyrr í dag og vísa til orða minna þá, endurtek ekki það sem ég þá sagði.

Um þá samninga sem það frv. sem hér liggur nú fyrir er hluti af má ýmislegt segja og sumt þokkalegt. T.d. hefur í þessum samningum náðst fram það réttlætismál, sem reyndar er ekki stórt eða dýrt en réttlætismál engu að síður, að réttur foreldra til að vera heima hjá veikum börnum sínum hefur nú loksins verið ótvírætt tryggður þótt engan veginn sé ljóst hvort hann nær til þeirra foreldra sem eru í hlutastörfum úti á vinnumarkaðnum. Það gerði ég að umtalsefni hér í hv. deild fyrir fáeinum dögum, þegar frv. sama efnis var hér til umræðu, en miklu máli skiptir að þessi réttur nái til þessa hóps vegna þess að í honum eru konur langfjölmennastar og fyrir þær er þessi réttur hvað mikilvægastur.

Það er út af fyrir sig merkilegt og makalaust, eins og þeir sem á undan mér hafa talað hafa gert að umræðuefni, að lítil réttlætismál eins og þetta, sem hafa verið á ferð hér í þinginu árum saman og hvorki komist lönd né strönd, skuli loksins nást í gegn þegar aðilar uppi í Garðastræti leggja það til við ríkisstj. að nú skuli það gert. Þá hefst það og fyrr ekki. En þetta er samt áfangi sem ég fagna og vil að það komi hér fram.

Mér líst í fljótu bragði ekki illa á þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru í húsnæðismálum, en ég mun samt ekki leggja dóm á þær hér. Ég áskil mér rétt til að athuga betur hvernig þær koma út áður en ég segi nokkuð nánar um það. En ég vil minna á í þessu sambandi að þær 625 millj. kr., sem áætlað er að lífeyrissjóðirnir leggi til húsnæðismálanna, eru fé fólksins í landinu, þær eru fé fólksins sjálfs. Þarna er einfaldlega um að ræða millifærslu á fjármunum launþega, en ekki bein framlög eða aðgerðir af hálfu stjórnvalda.

Reyndar er það einkenni þeirra samninga sem þetta frv. tekur til og er hluti af að kjarabæturnar eru sóttar að stórum hluta til ríkisins sjálfs. Reikningurinn, sem við erum hér að ræða um, það frv. sem hér er til umræðu, hljóðar upp á hvorki meira né minna en 1 milljarð króna. Það er sá reikningur sem við höfum nú fyrir framan okkur. Og hvað er ríkið? Ríkið er fólkið sjálft. Í raun og veru þýðir þetta að launafólk er að sækja kjarabæturnar í sinn eigin vasa. Þetta er stefna sem ég vil hér og nú fyrir hönd Kvennalistans mótmæla.

Ég á ákaflega bágt með að skilja að það séu kjarabætur að færa fé úr sameiginlegum sjóðum landsmanna með óbeinum hætti yfir í launaumslögin. Síst af öllu nú á tímum fyrirsjáanlegs góðæris, góðra viðskiptakjara, lækkunar olíuverðs og annars sem skiptir miklu máli um íslenskan efnahag. Á slíkum tímum væri ofur eðlilegt að kjarabæturnar væru sóttar til þeirra sem launin greiða, þ.e. atvinnurekenda. Og ekki aðeins á slíkum tímum heldur er það eðlileg stefna ævinlega.

En það sem er smánarlegast í þeim samningum, sem hér er um að ræða, eru þær launahækkanir sem þeim lægst launuðu eru skammtaðar. Og hverjir eru þessir lægst launuðu? Jú, það eru konurnar. Ég veit ekki hvort

hv. þm. gera sér grein fyrir því en venjulegur saumakonutaxti er í dag 17 060 kr. Við undirritun þessara samninga hækka þessar 17 060 kr. um 5% eða um 853 kr. og verða 17 903 kr., 1. júní bætast 447 kr. við og saumakonan fær 18 350 kr., 1. september fær hún 550 kr. til viðbótar, eða 18 800 kr., og 1. desember er hún komin upp í heilar 19 272 kr. Þetta er það sem þessir kjarasamningar þýða fyrir þá sem lægstu launin hafa. Og ég spyr þá hv. þm. sem sjá ástæðu til að hlýða á þessa umræðu: Hvernig dettur nokkrum manni í hug að hægt sé að lifa af 19 272 kr. á mánuði og það í lok ársins? Hvernig dettur mönnum það í hug, ekki síst þegar Hagstofan reiknar það út fyrir okkur að meðalfjölskylda þurfi nærfellt 70 000 kr. fyrir nauðsynjum á mánuði?

Það sem tekur þó út yfir allan þjófabálk í þessu efni eru sárabæturnar, eins og verkalýðshreyfingin orðar það, fyrir þetta fólk, vegna þess að þetta er fólkið sem hefur farið á mis við launaskriðið. Sárabæturnar, eins og það er orðað af þeim ASÍ-mönnum, vegna þessara hluta eru tvisvar sinnum 3000 krónur á árinu. Þegar ég heyrði þetta fyrst taldi ég að nú hefðu menn loksins fallist á það að fara hina svokölluðu krónutöluhækkunarleið, að þessar 3000 bættust við launin sem föst krónutala, þ.e. að 1. apríl bættust við 3000 kr. og síðan héldu launin þeirri upphæð. En nei, þetta er ekki föst launahækkun, þetta eru nokkurs konar slettur. Það er tvisvar sinnum slett 3000 kr. í saumakonuna á árinu. Þetta finnst mér vera hámark skammarinnar. Og ég vil spyrja: Hvað á saumakonan, sem er kominn með 19 272 kr. í lok ársins í laun og hefur fengið 6000 kr. í sárabætur á árinu, að gera með þær tollskrárbreytingar sem þetta frv. kveður á um, um lækkun gjalda á bílum, á bensíni og hjólbörðum? Ég fæ ekki séð að hún geti nýtt sér þetta. Það sem hér er í raun og veru á ferðinni er að það er verið að staðfesta þá láglaunastefnu sem þessi ríkisstjórn hefur rekið á undanförnum þremur árum. Ríkisstjórnin er samábyrg fyrir þeirri staðfestingu vegna þess að hún er þriðji aðilinn að þessum kjarasamningum nú. Og þótt hún sé ekki ein ábyrg fyrir þeim þá er hennar hlutur ekki minni en verkalýðshreyfingar eða atvinnurekenda.

Eins og launamál standa nú er stóra spurningin þessi: Hefur það fólk, sem er í lægstu launatöxtunum, einhverja möguleika á að lifa árið af? Þar fyrir utan er spurningin sú: Hvaða möguleikar eru á því að þær efnahagsaðgerðir, sem þessum samningum fylgja, geti staðist og það markmið í efnahagsmálum, sem sett er með þessum samningum, náist? Til þess tel ég að þurfi þrennt.

Í fyrsta lagi þarf trú fólks á að þessar aðgerðir muni takast. Mikil er nú reyndar oft trú manna en svo oft hafa núverandi stjórnvöld brugðist trausti fólks að það má mikið vera að sá þáttur haldist út það tímabil sem þessir kjarasamningar gilda.

Í öðru lagi er það forsenda þess að þetta geti tekist að gengið verði stöðugt á tímabilinu. Og nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh., sem ég sé grilla í hér í hliðarsal, — og ég vona að hann heyri orð mín — hvernig hann hafi hugsað sér að tryggja stöðugt gengi á árinu. Um það hef ég enn ekki heyrt neitt í þessum umræðum en hins vegar vitum við að gengi dollarans er óstöðugt um þessar mundir og væntanlega verður það áfram á þessu ári.

Í þriðja lagi sé ég ekki að í þeim aðgerðum og því samkomulagi, sem hefur verið gert, gefist í raun og veru neitt „garantí“ fyrir því að verðbólgan stansi og færi sig niður í þessi 7–9% sem verið er að semja um. Einn mikilvægur þáttur þess að svo geti í raun og veru orðið er að verðlagi sé haldið í skefjum. Ég hef engar tillögur séð og ekkert heyrt um verðlagseftirlit af neinu tagi eða aðhald í verðlagsmálum — og nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort til standi einhverjar aðgerðir í þeim efnum.

Herra forseti. Ég á sæti í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og þar mun gefast tækifæri til að fjalla um þetta mál í fyrramálið og væntanlega að lesa það í nótt.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að lengja mikið þessar umræður um það frv. sem hér liggur fyrir um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum. Þó vildi ég ekki láta hjá líða að koma inn á örfá atriði við 1. umr. málsins, en það má geta þess að ég á sæti í þeirri nefnd sem málið fer til að lokinni þessari umræðu og hef því tækifæri til þess að fjalla um það nánar þar.

Ég vildi lýsa því við þessa umræðu að við framsóknarmenn stöndum heils hugar að þessu frv. Við teljum hér hafa verið farið inn á farsæla leið, hjá því hafi ekki verið komist að ríkisvaldið greiddi fyrir kjarasamningum og hér hafi verið farið inn á nýjar brautir þar sem samið er um lífskjör en ekki prósentur eða krónutölur. Það hefur oft viljað brenna við að kjarabæturnar hafa verið teknar af fólki að samningum loknum og gerðir hafa verið óraunhæfir kjarasamningar. Það er í anda okkar framsóknarmanna hvernig að þessum samningum hefur verið staðið. Við höfum álitið að ríkisvaldið þyrfti að greiða fyrir kjarasamningum en við höfum hafnað þeim kenningum að ríkisvaldið eigi ekki að koma þar neitt nálægt og menn eigi að berjast án afskipta þess. Hér hefur verið samið um kaupmátt en ekki prósentur og það teljum við farsælt skref og rétt, þótt vissulega sé það rétt sem fram hefur komið að hér er veruleg áhætta tekin í ríkisfjármálum og í gengismálum því við ráðum ekki gengisþróuninni og fast gengi getur komið atvinnuvegunum illa ef gengisþróunin á erlendum gengismörkuðum er óhagstæð.

Eitt lykilatriðið í þeim samningum sem hafa verið gerðir er að verðbólgan á að fara lækkandi og fara niður í eins stafs tölu. Þetta er afar mikið atriði og mikið á sig leggjandi til að ná þessu marki. Minnkandi verðbólga þýðir minni fjármagnskostnað fyrir atvinnuvegina, fyrir fólkið í landinu sem hefur verið að kikna undir þeim fjármagnskostnaði. Undirrót þessa fjármagnskostnaðar er verðbólgan í landinu. Það vill oft gleymast þegar verið er að ræða um þær drápsklyfjar sem fjármagnskostnaðurinn er. Þess vegna er mikið á sig leggjandi til þess að ná niður verðbólgunni og skapa það jafnvægi í efnahagsmálum sem minnkandi verðbólga hefur í för með sér.

Ég legg á það áherslu að ríkisfjármálin verður að skoða vel í kjölfarið á þessum aðgerðum. Þetta frv. hefur í för með sér verulegan halla á ríkissjóði og við það ástand verður náttúrlega ekki búið til langframa.

Ég legg á það áherslu að þetta frv. fái greiða afgreiðslu og mun fyrir mitt leyti reyna að greiða fyrir því eins og mögulegt er. Fjh.- og viðskn. beggja deilda munu koma saman til sameiginlegs fundar í fyrramálið þar sem farið verður yfir frv. og þeir aðilar kallaðir til

sem stjórn og stjórnarandstaða óska eftir að fá til viðræðu til skýringar á einstökum þáttum þess, en frv. var lagt fram hér í kvöld eins og komið hefur fram. Það hefur hlotið bærilegar undirtektir svo ég efast ekki um að það fær hér afgreiðslu fyrir helgi eins og nauðsynlegt er til þess að þær aðgerðir sem frv. fjallar um geti komið til framkvæmda um mánaðamótin.

Ég vil í lokin endurtaka það að við framsóknarmenn álítum að hér hafi verið tekið rétt skref þó að vissulega sé okkur ljós áhættan sem er tekin með þessum aðgerðum.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið þessar umræður sem hér hafa farið fram. Ég geri mér grein fyrir því að þetta frv. kemur seint fram að því leyti til að þm. hafa ekki haft venjulegan tíma til þess að kynna sér efni þess. Það stafar af augljósum ástæðum. Hér er um umfangsmiklar ráðstafanir að ræða. Mín afstaða var sú að nauðsynlegt væri að koma þeim lagabreytingum sem þeim fylgja fram þegar í stað um þessi mánaðamót og hafði því fyrir mitt leyti undirbúið þær breytingar á lögum sem kæmu í kjölfar þess samkomulags sem varð í dag.

Ég þakka þann skilning sem fram hefur komið hjá hv. þm. sem hér hafa talað um að greiða fyrir framgangi þessa frv., þó að svo skammur tími hafi gefist til þess að undirbúa þessar umræður, og vænti þess að frekari skýringar verði þá gefnar á fundum fjh.- og viðskn. og frekari umræður um einstök efnisatriði geti farið fram við 2. umr. málsins. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um ýmis efnisatriði í ræðum einstakra þm. né að stofna til almennra stjórnmálaumræðna í tengslum við þau ummæli þó að ýmis orð hafi hér fallið sem gætu gefið tilefni til frekari athugasemda.

Ljóst er að ytri aðstæður hafa skapað ný skilyrði til þess að ná meiri árangri en gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhagsáætlun, sem samþykkt var í lok síðasta árs, og það var ásetningur ríkisstjórnarinnar að hagnýta sér þessar breyttu aðstæður sem fram komu í byrjun þessa árs. Um það hefur tekist gott samkomulag við aðila vinnumarkaðarins. Ég held að ástæðulaust sé að karpa um það í löngum ræðum hverjir hafi átt frumkvæðið í þessu efni. Aðalatriðið er það að samkomulag hefur tekist og niðurstaða af því tagi sem fengin er getur ekki orðið nema samningsaðilar á vinnumarkaðinum sýni hvor öðrum traust og að samstaða náist á milli þeirra annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Það er það sem hefur gerst og það er það sem skiptir mestu máli. Þessar aðstæður gera það að verkum að unnt er að viðhalda stöðugu meðalgengi krónunnar. Auðvitað gera allir sér ljósa grein fyrir því að misgengi á milli einstakra erlendra mynta getur haft áhrif á vægi einstakra mynta í gengiskörfunni hér heima, en meðalgengi krónunnar á að geta verið stöðugt við þessar aðstæður ef aðstæður breytast ekki, viðskiptakjör versna ekki og aðrar ytri aðstæður ganga okkur ekki í óhag.

Með þessum ráðstöfunum er með lögum verið að hafa áhrif til lækkunar á verðlag með lækkunum á tollum og sköttum. Teknar hafa verið beinar ákvarðanir um verðlagslækkanir vegna opinberrar þjónustu. Tilmæli hafa verið send til Verðlagsstofnunar um að hafa aukið eftirlit með verðmyndun. Það er ljóst að fyrirtæki hafa við hærra verðbólgustig gert ráð fyrir gengissigi fram í tímann miðað við fyrri aðstæður. Þetta verður að breytast. Samtök vinnuveitenda, sem að þessum samningi hafa staðið, hafa tekið ákvörðun um að beina þeim ákveðnu tilmælum til sinna félagsmanna að standa að verðákvörðunum í samræmi við þessar breyttu efnahagslegu forsendur og breyta þeim verðákvörðunum sem áður höfðu verið teknar miðað við hærra verðbólgustig. Ég trúi því að góð samvinna geti tekist á milli þeirra og verðlagsyfirvalda og mér er kunnugt um að þessi samningur er gerður í því trausti á milli samtaka launþega og atvinnurekenda að þessu verði fylgt eftir.

Ég ætla ekki að svo stöddu að hafa fleiri orð um þetta frv., en þakka góðar undirtektir undir það að greiða fyrir afgreiðslu málsins. Það er mikilvægt að efnisatriði þess nái fram að ganga nú fyrir þessi mánaðamót, bæði með tilliti til hagsmuna þeirra sem njóta eiga þessara ráðstafana og eins vegna þess að hér er verið að gera breytingar t.a.m. á tollalöggjöf og það veldur óeðlilegum háttum í viðskiptum ef það dregst mjög að koma þeim breytingum fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 53. fundur.

Föstudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 54. fundur.

Föstudaginn 28. febr., að loknum 53. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1986, stjfrv. 303. mál (þskj. 556, n. 557, 559 og 560, brtt. 558). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjárlögum árið 1986. Nefndin hefur haft skamman tíma til umráða en á þeim skamma tíma hafa fjh.- og viðskn. beggja deilda haldið fund sameiginlega þar sem fjallað hefur verið um frv. Eftirtaldir aðilar voru kallaðir til að útskýra efni og forsendur þess: aðilar vinnumarkaðarins eða fulltrúar frá ASÍ, VSÍ og Samtökum kvenna á vinnumarkaðinum, starfsmenn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjmrn., fulltrúar frá Háskóla Íslands, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun.

1. minni hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Það er rétt að ég geri nánari grein fyrir í hverju þær brtt. eru fólgnar þó að það komi fram í nál.

Samkomulag aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál gerði ráð fyrir 925 millj. kr. auknum skuldabréfa-

kaupum lífeyrissjóðanna umfram þau sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun sem veitt yrði í húsnæðiskerfið. Í frv. er gert ráð fyrir að 300 millj. kr. renni til aðstoðar húsbyggjendum sem eigi í greiðsluerfiðleikum og komi til aukningar á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins. Jafnframt er við það miðað að á móti auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna af húsnæðislánakerfinu komi lækkun á framlagi í ríkissjóð um 625 millj. kr.

Þær breytingar, sem 1. minni hl. nefndarinnar leggur fram, eru einkum þær að í frv. er gert ráð fyrir að 925 millj. kr. viðbótarfjármagn, sem lífeyrissjóðirnir leggja til skuldabréfakaupa, renni allt til Byggingarsjóðs ríkisins. Á móti var ráðgert að lækka framlag ríkissjóðs til sjóðsins um 625 millj. kr. 1. minni hl. leggur til að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins haldist óbreytt. Þess í stað skiptist 925 millj. kr. viðbótarkaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum þannig að 625 millj. verði keyptar af ríkissjóði og 300 millj. kr. af Byggingarsjóði ríkisins. Till. felur jafnframt í sér að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skerðist ekki miðað við ákvæði laga.

Þá fjalla þessar brtt. um breytingu á tollskrárnúmerum og vil ég gera grein fyrir þeim sérstaklega. Þessar breytingar á tollskrárnúmerum eru gerðar til að samræmi sé í verði hinna ýmsu tegunda af heimilistækjum sem gert er ráð fyrir að tollur lækki á. Þessar breytingar eru aðeins til leiðréttingar og samræmis en eru ekki stórvægilegar.

Þessar brtt. breyta tölulega niðurstöðum frv. þegar búið er að taka tillit til breytinganna og reikna þær inn. Með þessum breytingum er gert ráð fyrir að tekjuliðir frv. verði 35 344 millj. kr., gjöld 36 831 millj. og gjöld umfram tekjur verði 1487 millj. Afborganir lána verði 3469 millj., nettóútstreymi á viðskiptareikningi 1150 millj. og lánsfjárþörf verði 6106 millj. Innlendar lántökur verða 3575 millj., erlendar 2550 millj.

Þessar brtt. fela það í sér að rekstrarhalli ríkissjóðs eykst um 625 millj. kr. og flyst lánsfjáröflunin vegna þess frá Byggingarsjóði ríkisins yfir á ríkissjóð. Þessi ráðstöfun breytir ekki heildarlántökum opinberra aðila, húsbyggingarsjóða, lánastofnana og atvinnufyrirtækja frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Heildarlántökur þessara aðila eru áætlaðar 13 427 millj. kr. árið 1986. Þar af er ráðgert að afla 5985 millj. kr. innanlands og 7442 millj. kr. með erlendum lántökum. Frekari sundurliðun kemur fram í fskj. með nál.

Þær brtt., sem hér um ræðir, eru að töluliðir 1. gr. frv. breytast. Í stað 1485 millj. komi 860 millj.

Í öðru lagi kemur nýtt tollskrárnúmer inn í e-lið 10. gr. Það er leiðrétting vegna prentvillu í frv.

Í þriðja lagi bætast fimm tollskrárnúmer við c-lið 10. gr. Ég hef gert grein fyrir því að það er til samræmingar á tollum á heimilistækjum til þess að ekki skapist misræmi í verði þeirra. Þetta eru í raun aðeins leiðréttingar sem mönnum þótti rétt að gera strax í upphafi til að koma í veg fyrir rugling í því sambandi síðar.

Við 16. gr. kemur leiðrétting vegna fjáröflunar byggingarsjóðanna, í stað 850 millj. komi 1475 millj. kr. Það er innlend lántaka.

Við 22. gr. komi 300 millj. kr. í stað 925 millj. Þetta er til samræmis. 23. gr. fellur þar af leiðandi niður og breytast aðrar greinar í samræmi við það.

Ég hef gert grein fyrir þeim brtt. sem við leggjum til að verði samþykktar við frv. Þessar brtt. fela ekki í sér neinar efnisbreytingar á frv. í sjálfu sér. Eins og fram hefur komið breytast ekki lántökur opinberra aðila og hér er um innlenda lántöku að ræða.

Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun komu fram upplýsingar um lauslega endurskoðun á þjóðhagsspá árið 1986 með hliðsjón af þessum aðgerðum. Mér þykir rétt að drepa á örfá atriði í sambandi við þær horfur. Þó að hér sé ekki um endanlega niðurstöðu að ræða eru þessar horfur miðaðar við núverandi aðstæður. Í drögum að þjóðhagsspá, sem nefndin fékk í morgun til upplýsinga, segir svo í upphafi, með leyfi forseta:

„Á fyrstu vikum ársins hafa orðið snögg umskipti í íslenskum þjóðarbúskap. Ytri skilyrði hafa batnað með lækkun olíuverðs og hækkun fiskverðs á erlendum markaði þó að fallandi gengi bandaríkjadollars síðustu viku veiki viðskiptakjörin. Á innlendum vettvangi hafa verið undirritaðir nýir kjarasamningar og nýtt fiskverð ákveðið. Ríkisstjórnin hefur í tengslum við kjarasamninga heitið umfangsmiklum efnahagsaðgerðum til að draga úr hækkun verðlags, bæta kjör launafólks og efla samkeppnisaðstöðu atvinnuvega.

Þessir atburðir innanlands og utan hafa margvísleg áhrif á þjóðarbúskapinn. Vegna þess hve fjölþætt þessi áhrif eru og umfangsmikil og raunar um sumt ekki fullráðin enn er ekki auðvelt að meta þau á þessari stundu. Með þessum fyrirvara fer hér á eftir örstutt yfirlit yfir þær breytingar á helstu þjóðhagsstærðum á árinu 1986, sem nú virðast í vændum, ásamt samanburði við fyrri spá sem gerð var um mánaðamótin nóvember-desember í fyrra og lá m.a. til grundvallar í fjárlagagerð.

Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir því að þjóðartekjur muni vaxa um 4% á árinu samanborið við 1½ í fyrri spá. Hún gerir ráð fyrir að atvinnutekjur á mann verði 24–25% hærri en fyrri spár gerðu ráð fyrir og kaupmáttur atvinnutekna á mann aukist að meðaltali um 3–4% frá í fyrra. Frá upphafi til loka þessa árs er gert ráð fyrir kaupmáttaraukningu sem nemur 6% á mælikvarða kauptaxta.

Hinar nýju kjaraákvarðanir telur Þjóðhagsstofnun geta falið í sér 4–5% aukningu einkaneyslu og um 2½–3% aukningu þjóðarútgjalda.

Miðað við óbreytta útflutningsspá, bætt viðskiptakjör en verulega aukinn innflutning í kjölfar vaxandi þjóðarútgjalda virðast nú horfur á að viðskiptahalli 1986 verði 3½–4 milljarðar króna, eða 2½–3% af vergri landsframleiðslu.

Verðlagsspár breytast mikið í kjölfar síðustu atburða. Gengi krónunnar verður haldið sem stöðugustu út árið. Þetta ásamt nýjum kjarasamningum og fylgiaðgerðum þeirra gefur vonir um að verðhækkun hér á landi frá upphafi til loka árs verði um eða innan við 8% á mælikvarða framfærsluvísitölu en 10–11% á aðra verðmælikvarða. Í þessu efni ríkir óneitanlega óvissa en engu að síður er búist við mikilli breytingu frá síðustu þjóðhagsspá sem miðaði við 20–22% verðhækkun frá upphafi til loka þessa árs. Þess má geta að spár ýmissa fyrirtækja og samtaka þeirra, gerðar í árslok 1985, voru enn hærri, eða 30–40%."

Í þessum drögum Þjóðhagsstofnunar er fjallað um ríkisfjármál sem eru mikilli óvissu háð vegna lækkunar á sköttum og útgjaldaauka til að hamla gegn verðhækkunum. Ríkissjóður hefur tekið á sig miklar skuldbindingar til að greiða fyrir kjarasamningum. Nokkur halli

er fyrirsjáanlegur á ríkisbúskapnum á árinu. Hver áhrif þessi halli hefur á þjóðarbúskapinn fer fyrst og fremst eftir því hvernig hann verður fjármagnaður. Ríkisstj. hefur ákveðið að afla aukins fjár með lántöku innanlands sem mun draga úr útgjöldum annarra aðila í hagkerfinu en jafnframt ýta undir hækkun raunvaxta.

Að lokum skal þess getið að að mati Þjóðhagsstofnunar munu erlendar skuldir og vaxtabyrði af þeim verða heldur léttbærari á árinu 1986 í hlutfalli við útflutningstekjur en áður var spáð.

Ég vildi ekki láta hjá líða að víkja að þessum upplýsingum um leið og ég hef framsögu fyrir áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. En ég vil geta þess að í viðtölum við aðila vinnumarkaðarins kom fram að þeir telja það frv., sem hér liggur fyrir, vera í meginatriðum í samræmi við þær yfirlýsingar sem ríkisstj. hefur gefið þessum aðilum. Blæbrigðamunur var varðandi 3. gr. á því hvaða leiðir annars vegar aðilar vinnumarkaðarins og hins vegar ríkisstj. vildu fara í skattamálum. En úr því mun ekki verða gert stórmál, svo að notuð séu þeirra eigin orð.

Á fund fjh.- og viðskn. mætti fulltrúi frá Seðlabanka Íslands og skýrði frá því sem er að gerast í vaxtamálum í tengslum við þær aðgerðir sem hér er um að ræða. Unnið er að því að lækka nafnvexti nú þegar, hinn 1. mars. Þá mun Seðlabankinn lækka vexti almennra skuldabréfa úr 32 í 20% og vexti afurðalána úr 28,5% í 19,25%. Ársávöxtun verður þá af þessum lánaflokkum um 21%. Þá verða vanskilavextir lækkaðir úr 45 í 33% á ári.

Einnig kemur fram í yfirlýsingu þeirra að verði hjöðnun verðbólgu svo mikil og hröð sem nú lítur út fyrir má búast við frekari lækkun nafnvaxta á næstunni. Það er enn stefnt að því sem fyrr að raunvextir verði jákvæðir en geta má þess samt að hinar einstöku innlánsstofnanir hafa ekki enn þá samræmt sínar vaxtaákvarðanir. Þegar þær liggja fyrir kunna því niðurstöður að breytast örlítið í þessum málum en það verður ekki umtalsverð breyting. Unnið er að samræmingu hjá hinum einstöku lánastofnunum nú þessa dagana en tíminn hefur verið naumur eins og þarf ekki að rekja.

Það kom einnig fram að stjórn Félags ísl. iðnrekenda hefur sent félagsmönnum sínum erindi þar sem hún lýsir þeirri skoðun sinni að nýgerðir kjarasamningar og aðgerðir ríkisstj. gefi ekki tilefni til almennrar hækkunar á framleiðsluverði innlendrar iðnaðarvöru. Stjórn Félags ísl. iðnrekenda beinir þeim eindregnu tilmælum til sinna félagsmanna að þeir endurskoði rekstraráætlanir sínar fyrir árið 1986 í skjóli gjörbreyttra aðstæðna og nýti öll færi sem kunna að vera til þess að lækka vöruverð. Fulltrúi Félags ísl. iðnrekenda kynnti þetta erindi til sinna félagsmanna á fundi fjh.- og viðskn. í morgun.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ég hafi miklu fleiri orð um þetta nál. Það skýrir sig að nokkru leyti sjálft vegna þess að það eru ekki miklar breytingar sem hér eru lagðar til. Nefndin klofnaði í málinu og munu minni hl. nefndarinnar skila sérálíti. En 1. minni hl. leggur til, eins og ég gat um hér í upphafi, að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef nú kynnt og liggja fyrir.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Efni þessa frv. er að uppfylla þau skilyrði sem aðilar vinnumarkaðarins settu ríkisstj. um niðurfærslu verðlags við undirritun kjarasamninga. Eins og ég lét koma fram við 1. umræðu þessa máls er ljóst að mál þetta hefur bæði ljósar og dökkar hliðar. Dökku hliðarnar eru þær að kaupmátturinn verður áframhaldandi harla lágur og áframhaldandi verða launamenn í landinu að búa við mjög ófullnægjandi kjör. Það var upplýst á nefndarfundi og viðurkennt af öllum viðstöddum að mikill fjöldi fólks hefði innan við 20 000 kr. mánaðartekjur og auðvitað undruðust menn hvernig unnt væri að lifa af slíkum tekjum.

Aftur á móti verður að viðurkenna að um er að ræða kaupmáttaraukningu á samningstímabilinu sem mun nema um 8%. En vegna þess hve kaupmátturinn hafði fallið mikið nú í ársbyrjun, þ.e. var orðinn 4% lægri en hann var að meðaltali á seinasta ári, og þar sem hann hækkar ekki meira en 8% á árinu er ljóst að meðaltal þessa árs verður litlu hærra en meðaltal seinasta árs.

Í öðru lagi er það mjög dökk hlið á þessu máli að ríkisstj. skuli afgreiða sinn hluta þess með ávísun á framtíðina.

Aftur á móti ber ekki að vanmeta ljósu hliðarnar sem eru hinar miklu félagslegu umbætur sem um var samið milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. hefur fallist á að fjármagna. Eins ber ekki að vanmeta að góðar vonir standa til þess að verðbólga lækki mjög verulega á þessu ári. Að sjálfsögðu fyrst og fremst í kjölfar verðlækkunar á olíu og hækkunar á fiskverði.

Umsagnaraðilar, sem mættir voru á fund í morgun frá Þjóðhagsstofnun, vinnuveitendum, Alþýðusambandi og Seðlabanka, voru ekki alveg með sömu áætlanir um það hvernig verðbólguþróun yrði á árinu. Rétt er að geta þess að í tölum Þjóðhagsstofnunar voru greinilega uppi spádómar um að verðbólga yrði heldur meiri á árinu en aðilar vinnumarkaðarins höfðu gengið út frá. En auðvitað á þetta allt eftir að koma á daginn.

Ég tel hins vegar einsýnt að tryggja verði framgang gerðra kjarasamninga og reyna að færa niður verðlag til að nýta til fulls það tækifæri sem nú gefst til að ná niður verðbólgu í kjölfar lækkunar á olíuverði og hækkunar á fiskverði. Því er ég samþykkur þessu frv., en þó með nokkrum fyrirvara.

Ég minni á, eins og ég hef þegar tekið fram, að kaupmáttur launa verður áfram mjög lágur og ófullnægjandi fyrir allan þorra launafólks á þeim tíma þegar þjóðartekjur fara ört vaxandi.

Í öðru lagi bendi ég á að æskilegt hefði verið að meiri áhersla hefði verið lögð á það í þessum ráðstöfunum að greiða niður verðlag á brýnustu lífsnauðsynjum fólks, eins og matvörum og lyfjum.

Í þriðja lagi bendi ég á að niðurgreiðslur raforkuverðs, sem nú koma í stað verðjöfnunar á raforku, mega ekki falla niður á næsta ári heldur verður ríkisvaldið áfram að tryggja jöfnun raforkuverðs í ekki minna mæli en nú er. Í fjórða lagi: Ákvæði um skerðingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eiga engan rétt á sér, hvorki í þessu frv. né öðrum frumvörpum. En þetta var samþykkt við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar og er því enn tilefni til að mótmæla ákvæði af þessu tagi sérstaklega, en það er í 24. gr. frv.

Ein mikilvægasta forsenda þessara samninga eru áformaðar úrbætur í húsnæðismálum. Standi ríkisstj. ekki við loforð sín í þeim efnum eru forsendur þessarar samningsgerðar brostnar.

Í sjötta lagi: Því miður hefur ríkisstj. valið þann kostinn að taka allan hlut ríkissjóðs í þessari samningsgerð, um 1½ milljarð kr., að láni. Með því er einfaldlega verið að ávísa á skattgreiðendur í framtíðinni með óhjákvæmilegum skattahækkunum á komandi ári. Því miður vísaði ríkisstj. á bug hugmyndum aðila vinnumarkaðarins um tekjuöflun til að mæta útgjöldum frv., t.d. sérstökum eignarskatti og bankaskatti. Ríkisstj. hefur því sýnt áfram mikið ábyrgðarleysi í fjármálum ríkisins svo að nú stefnir í hrikalegan halla ríkissjóðs á þessu ári.

Þetta er að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni, en þrátt fyrir það sem ég hef hér að framan rakið eru ákvæði þessa kjarasamnings svo mikilvæg fyrir launafólk í landinu að ég tel rétt að mæla með samþykkt þessa frv. með framangreindum fyrirvara.

Frsm. 3. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 3. minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar sem fjallað hefur um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986. Sá hátturinn var á hafður að fjh.- og viðskn. beggja deilda fjölluðu um þetta mál í sameiningu í morgun og fengu allmarga aðila á sinn fund til skýringa og til svara og hirði ég ekki um að gera frekar grein fyrir því þar sem komið hefur verið inn á það hér í máli þeirra sem á undan hafa talað.

Ég ítreka það af hálfu þingflokks Alþýðuflokksins að við viljum allt til vinna að sá árangur, sem stefnt er að með þessum nýgerðu kjarasamningum, náist í raun og framkvæmd og við erum þeirrar skoðunar að ef vel tekst til um framkvæmdina geti þessir kjarasamningar skipt sköpum um efnahagslega þróun hér á næstu árum, en með þessum samningum er að því stefnt að verðbólga lækki úr 30–40% í 8%, kaupmáttur launa fari vaxandi eftir því sem líður á samningstímabilið og kaupmáttur þeirra sem ekki hafa notið launaskriðs hækki nokkru meira en annarra. Þetta er auðvitað umtalsverður og óvenjulegur árangur kjarasamninga sem eru staðreynd án verkfalla, þ.e. ef þetta stenst í framkvæmdinni.

Ég rakti það hér í gær við 1. umr. málsins og það er enn fremur rakið í þessu nál. að það er auðvitað sá bati sem orðið hefur í ytri skilyrðum þjóðarbúsins vegna mjög lækkandi olíuverðs og hækkandi fiskverðs sem hefur skapað svigrúm til þessara samninga og gert það að verkum að nú er lag. Þessum viðskiptakjarabata er að verulegu leyti varið til þeirrar kaupmáttaraukningar sem ég vék að áðan, en kaupmáttaraukningin er ekki tryggð með háum prósentuhækkunum heldur með fyrirheiti stjórnvalda um breytta stjórnarstefnu sem lýsir sér m.a. í niðurfærslu tekjuskatts og útsvars, áformaðri lækkun nafnvaxta og lækkun á gjaldskrám opinberrar þjónustu, lækkun á bensíni og rafmagni o.s.frv. og að gerðar eru ráðstafanir til þess að hindra hækkun búvöruverðs. Þar að auki koma til sérstakar launabætur sem eiga að skila kaupmáttarauka til þeirra sem lægstar hafa tekjurnar og enn fremur aðgerðir til að auka ekki aðeins starfsöryggi heldur starfsvirðingu fiskvinnslufólks. Þá er að lokum að geta fyrirheita stjórnvalda um nýtt og stórbætt húsnæðislánakerfi sem getur skipt sköpum, ekki síst fyrir yngri kynslóðina í landinu.

En allt þetta er gert með einu skilyrði og það skilyrði er að ríkisstj. taki upp stefnu í efnahagsmálum sem geti samrýmst svona afgerandi hjöðnun verðbólgunnar. Vonir manna um árangur í þessum efnum eru auðvitað bundnar því skilyrði að hallarekstur ríkissjóðs magni ekki upp verðbólguna að nýju og þessar lántökur, þó innanlands séu, þrýsti ekki upp vaxtastiginu eða færi alla stjórn peningamála úr skorðum.

Frv. felur í sér að rekstrarjöfnuður fjárlaga versnar um 1650 millj. og að mati okkar Alþýðuflokksmanna er þetta ekki viðunandi niðurstaða, ekki síst þegar þess er gætt að það er ekki ólíklegt að ýmsir duldir gallar reynist í frumgerð fjárlaganna, en um þetta þýðir ekki að fást úr þessu. Þegar fjárlög og lánsfjárlög fyrir árið 1986 voru afgreidd flutti Alþfl. samræmdar tillögur um nýja og aðhaldssamari stefnu í ríkisfjármálum. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga hér á Alþingi, en ef þær hefðu verið samþykktar værum við kannske að einhverju leyti betur undir það búin að mæta nokkrum útgjaldaauka. Það er auðvitað þeim mun brýnna nú að gætt verði aðhalds í ríkisfjármálum þegar á að gera tilraun til að slá niður verðbólguna eins og nú er verið að gera. Þessu sjónarmiði samsinnir ríkisstj. vissulega í orði, en hins vegar ekki á borði.

Við í þingflokki Alþfl. vörum við því að stjórnarmeirihlutinn tefli árangri kjarasamninga í tvísýnu með of miklum hallarekstri í ríkisfjármálum og of miklum lántökum sem geta haft neikvæð áhrif á vaxtaþróun. Við hefðum kosið að útgjaldaauka ríkissjóðs hefði í auknum mæli verið mætt með nokkurri hækkun tekna ríkisins og lækkun útgjalda. Við minnum á að í bréfi aðila vinnumarkaðarins til ríkisstjórnarinnar, sem er dagsett í fyrradag, segir, með leyfi forseta:

„Miklu máli skiptir að þessi kostnaður valdi ekki halla á ríkissjóði og að hann verði fjármagnaður með innlendu fé. Að öðrum kosti væri hætta á aukinni þenslu sem gæti sett verðlagsmarkmið kjarasamninga úr skorðum."

Með vísan til þessara grundvallarsjónarmiða lýsir þingflokkur Alþfl. sig reiðubúinn til samstarfs við ríkisstj. um tillögugerð er feli í sér að minnka fjárlagahallann og treysta þannig vonir manna um raunhæfan árangur af þessum kjarasamningum. Við værum t.d. reiðubúnir til að fallast á sameiginlegar tillögur aðila vinnumarkaðarins um aukna tekjuöflun, t.d. með sérstökum skatti á banka og fjármálastofnanir og sérstökum eignarskattsauka á félög einkum, lækkun ríkisútgjalda, t.d. vegna vegagerðar, þó mönnum sé það ekki ljúft nema síður sé, og að fallið verði frá því að auka fjárveitingu til niðurgreiðslna á búvörum um 220 millj., en ónýttur afgangur útflutningsbótafjár og framlög til jarðræktarstyrkja verði notuð í þessu skyni í staðinn. Þá erum við og reiðubúnir til samstarfs um að lækka erlendar lántökuheimildir sérstaklega til að hamla gegn þenslu. Það væri áreiðanlega mjög jákvæð ráðstöfun í þessu samhengi að lækka heimildir á lánsfjárlögum til erlendrar lántöku, t.d. til Landsvirkjunar, Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar, um kannske 500 millj. kr. Með slíku væri reynt að tryggja að það viðnám gegn verðbólgu, sem að er stefnt með þessum kjarasamningi Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, verði ekki eyðilagt með ónýtri fjármálastjórn ríkisins. Þar með væri aðhald í ríkisfjármálum og lánsfjármálum hert verulega án þess að það bitnaði á launafólki eða drægi úr sérstökum ráðstöfunum til að hamla gegn

verðhækkunum. En auðvitað er kjarni málsins sá að verðbólgan næst ekki niður þótt launafólk sé reiðubúið til að axla ábyrgð ef lausatök eru á fjármálum ríkisins og lánamála.

Þingflokkur Alþfl. vill fyrir sitt leyti veita þessu frv. stuðning og það munum við gera, en við skorum á ríkisstj. og þingmeirihluta að leita víðtækara samkomulags um að styrkja stöðu ríkisfjármálanna og tryggja þar með betur þann árangur sem allir eru sammála um að reyna að ná. Ella hlýtur ríkisstj. ein að bera ábyrgð á því ef ónýt fjármálastjórn — ég segi ef — spillir árangri skynsamlegra kjarasamninga.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að lengja þessa umræðu frekar en orðið er. Það hafa allir gert grein fyrir sínum meginsjónarmiðum við 1. umr. og nú hefur verið fjallað um málið í nefnd og þess að vænta að afgreiðslu þess héðan úr hv. Ed. geti lokið á næstu tveimur klukkutímum eða svo. Ég sé ekki að það ætti að vera neitt því til fyrirstöðu að um það gæti verið samkomulag. En ég ítreka að við Alþýðuflokksmenn munum styðja þetta frv. Við munum e.t.v. sitja hjá við atkvæðagreiðslu um eina eða tvær af greinum þess, en ekki flytja neinar brtt., en leggjum áherslu á að nú er það ríkisstjórnarinnar að standa við sitt. Það er auðvitað undir því komið hvernig tekst til um framkvæmdina alla og árangurinn hvort ríkisstj. stendur við það sem að henni snýr og það er auðvitað kjarni málsins nú.

ATKVGR.

Afbrigði um nál. á þskj. 561, sem var of seint fram komið, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 4. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 4. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum fyrir árið árið 1986. Auk mín stendur að þessu nál. hv. þm. Stefán Benediktsson sem er áheyrnarfulltrúi BJ í fjh.- og viðskn. Ég vil taka það fram áður en ég les nál. að ráðrúm til að rita og ganga frá þessu nál. var nánast ekkert og það ber þess merki, bæði hvað varðar framsetningu og málfar, en það er væntanlega nokkuð sem laga má á síðari stigum málsins. Þetta nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðilar vinnumarkaðarins hafa nú gert með sér nýjan kjarasamning sem byggður er á margvíslegum aðgerðum í stjórn efnahagsmála. Ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti samþykkt þessar efnahagsaðgerðir og er þær m.a. að finna í þessu frv. Álit 4. minni hl. fjh.- og viðskn. á þessum aðgerðum er:

1. Ljóst er að frumkvæðið í stjórn efnahagsmála er ekki lengur í höndum Alþingis og ríkisstj. Í stað þess að leggja sjálf þann efnahagsgrunn sem frjálsir samningar geta byggst á lætur ríkisstj. aðila vinnumarkaðarins leggja þennan grunn fyrir sig og gerir einfaldlega þeirra tillögur að sínum. Verk Alþingis er samkvæmt þessu að stimpla þeirra tillögur og gera að lögum og breyta með því þeim lögum um skipan ríkisfjármála sem það er sjálft nýbúið að samþykkja.“ — Ég vil skjóta því hér inn í að þetta er það atriði sem ég gerði einkum að umtalsefni í utandagskrárumræðunni hér á hv. Alþingi í gær.

„2. Ráðrúm Alþingis til að skoða gaumgæfilega þessar aðgerðir áður en þær eru lögfestar er nánast ekkert og hljóta það að teljast forkastanleg vinnubrögð“, eins og segir hér í nál. og ég vil bæta því við að auðvitað höfum við hv. þm. hér rætt það oftar en einu sinni að þessi vinnubrögð við að setja lög nái ekki nokkurri átt og séu ekki virðingu Alþingis samboðin.

Þá vík ég aftur að nál. Þar segir, með leyfi forseta:

„3. Jafnframt er ekki gefið ráðrúm til að kynna kjarasamningana og meðfylgjandi efnahagsaðgerðir þeim sem málið er skyldast, þ.e. launafólki í landinu. Undarlegt má telja að grundvöllur samninganna sé lögfestur með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir áður en félagsmenn verkalýðsfélaganna hafa haft færi á að kynna sér hann.

4. Samningarnir sem þetta frv. er hluti af sækja kjarabæturnar að stórum hluta í ríkissjóð, í vasa launþega sjálfra. Eðlilegra er vitaskuld að þeir sem vinnu launþega njóta, þ.e. atvinnurekendur, greiði þessar kjarabætur en ekki ríkið. Smánarlegast er þó hve lítil kjarabót kemur í hlut þeirra sem lægst launin hafa, en í þeim hópi eru konur fjölmennastar. Lægstu laun hækka úr 17 060 kr. á mánuði í 19 272 kr. á mánuði á samningstímanum og má ljóst vera að af þeim launum er ekki hægt að lifa. Sárabæturnar svonefndu, sem áformað er að greiða út tvisvar á árinu til þeirra sem við þessi kjör búa, munu þar litlu um breyta. Það er því ljóst að þessar efnahagsaðgerðir staðfesta einungis þá láglaunastefnu sem hér hefur verið rekin.

5. Þær ráðstafanir sem gerðar eru til lækkunar tolla eru ekki til þess að bæta kjör almenns launafólks heldur fyrst og fremst leikur með framfærsluvísitöluna.“ — Ég vil skjóta þeirri útskýringu hérna inn í að tollalækkanir á bifreiðum, hjólbörðum og því um líku koma ekki þeim til góða sem einfaldlega hafa ekki á efni á að kaupa bifreiðar eða hjólbarða. — „Þessar tollalækkanir kunna þó að leiða til einhverra kjarabóta ef tekst að ná niður lánskjaravísitölunni fyrir bragðið. Hins vegar munu þessar ráðstafanir að öllum líkindum leiða til aukins innflutnings og aukins viðskiptahalla sem ekki er á bætandi.“ — Og ég vil skjóta hér inn í að ég sé hvergi skjalfest nein úrræði til að mæta þeim aukna viðskiptahalla sem af þessu getur leitt. Ef engin úrræði eru fyrir hendi eru forsendur þessara efnahagsaðgerða brostnar og þar með er þetta samkomulag einskis nýtt.

„6. Í þessu frv. eru engar tillögur um tekjuöflun heldur er einungis gert ráð fyrir tilflutningi fjármuna innan kerfisins. Sömuleiðis eru mjög óljósar hugmyndir um það hvernig fjármagna á stóran hluta þess kostnaðar sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér. Í 1. gr. frv. er talað um að lækka ríkisútgjöld um 860 millj. kr. Engar frekari útskýringar liggja fyrir um það hvernig þetta verður gert. Hætt er við að aukinn niðurskurður í ríkisútgjöldum ásamt lækkun á tekjuskatti og útsvari leiði til þess að dregið verði úr félagslegri þjónustu. Slíkur samdráttur getur einnig haft í för með sér atvinnuleysi. Hvort tveggja mun bitna fyrst og fremst á þeim sem lægstar tekjur hafa.

7. Velgengni þessara kjarasamninga hvílir á forsendum þar sem margar stærðir eru óvissar. Þau fjögur meginatriði sem ekki mega bresta eru: 1) trú fólksins á að þessi leið sé fær, 2) stöðugleiki gengisskráningar, 3) að ríkisstjórnin standi við þau framlög sem hún hefur samþykkt, 4) að verðlag haldist í skefjum. Sú reynsla sem fólk hefur af þessari ríkisstj. hefur ekki gefið tilefni til þess að henni sé sýnt traust nú. Áætlaðar breytingar

á raungengi um 2–3% á árinu eru háðar mörgum breytum sem stjórnvöld ráða ekki yfir. Ekki verður enn séð hvernig ríkisstj. ætlar að fjármagna þau framlög sem hún hefur skuldbundið sig til og samþykkt. Engin trygging er fyrir því að verðlag haldist í skefjum þrátt fyrir lækkanir á tollum og fyrirætlanir um verðlagseftirlit eru óljóst orðaðar. Forsendur þessara samninga eru því ekki einungis viðkvæmar, þær eru mjög ótraustar.

Þessir samningar og meðfylgjandi efnahagsaðgerðir eru tilraun til að taka á þessum málum á nýjan hátt sem löngu er tímabært" — og ég vil skjóta því inn í að það er fúslega viðurkennt. — „Hins vegar breyta þeir ekki þeirri tekjuskiptingu sem nú viðgengst í íslensku þjóðfélagi. Þess vegna og þar sem ríkisfjármálum er þar að auki stefnt í mikla óvissu með þessu frv. getur 4. minni hl. nefndarinnar ekki staðið að samþykkt þess. 4. minni hl. mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur nál. þessu." Undir þetta nál. ritar sá þm. sem hér stendur.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki lengra mál um þetta í bili, en ég er reiðubúin til að fjalla nánar um þær forsendur, sem þetta nál. byggir á, ef þess er óskað, hér á eftir.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Á árunum 1971–1979 náðist ákveðinn bati í hag manna hér á landi og annar stór árangur sem þar náðist líka var jafnvægi í byggð landsins. Á árunum 1979–1986 hefur orðið um 30% kjaraskerðing, þar vegur náttúrlega stærst stökkið sem tekið var 1983, og samfara þessu hefur orðið mjög mikil röskun í byggð landsins. Nú er búið að lögfesta þessa kjaraskerðingu, þ.e. hingað skal hún en reyndar ekki lengra, og verkalýðshreyfingin er búin að samþykkja aðgerðir þessarar ríkisstj. sem hófust árið 1983 og verkalýðshreyfingin barðist reyndar ákaft á móti þá. Vinnubrögðin við gerð þessara samninga eru að mínu áliti forkastanleg og Alþingi ekki sæmandi. Ég lýsti þeirri skoðun minni í umræðum utan dagskrár sem urðu um þetta mál á þingi í gær.

Samningurinn í sjálfu sér er ekki hér til umræðu, þ.e. þau atriði sem samið var um, launaprósenturnar, dagarnir sjö sem fólk má nú eiga með börnum sínum á launum þegar þau eru veik og námskeiðin fyrir fiskvinnslufólkið sem gefa því eins launaflokks hækkun á þessu ári og tveggja flokka hækkun á næsta ári. Þetta eru í raun og veru þau atriði sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um. Það sem hér er til umræðu eru þau skilyrði eða forsendur sem aðilar vinnumarkaðarins gáfu sér, í fyrsta lagi forsendurnar og þá um leið þau skilyrði sem þau settu ríkisstj., fast gengi, fast verðlag, lækkanir á tekjuskatti, launaskatti, tollum, verðjöfnunargjaldi og vöxtum, hækkanir á húsnæðislánum og ákveðnar lýsingar á því hvernig skyldi farið með þessi mál og hvernig þau skyldu leyst.

Menn hafa reyndar talað um að hér hafi verið farnar nýjar leiðir, en ég minni á að þó að sú leið hafi verið farin núna að aðilar vinnumarkaðarins ákvæðu í svokölluðum frjálsum samningum úti í bæ að hafa fast gengi hér á landi höfum við reynslu af því hvernig fer þegar reynt er að halda gengi föstu án tillits til kostnaðar í þeim atvinnugreinum sem háðastar eru gengi. Við þurfum ekki að leita lengra aftur fyrir okkur en til 1980 þegar þetta var reynt og munum eftir þeirri holskeflu sem skall yfir þegar stíflan brast sem byggð var með því að halda genginu föstu. Að því leyti er þetta ekki ný lausn. Hún er bara ákveðin eftir svolítið öðrum leiðum en þá var gert.

Þessir frjálsu samningar, sem hér eru lagðir til grundvallar, eru að því leyti frjálsari en nokkru sinni áður að þar taka tveir aðilar saman höndum um að gera samning sín á milli um að skuldbinda þriðja aðilann sem er ríkisstjórnin. Það má eiginlega segja að öllu frjálsari geti samningar varla orðið. En ríkisstj. hefur lýst sig reiðubúna til þess að taka, eins og hún kallar það, nokkra áhættu í þessu máli. Hún hefur lýst sig reiðubúna til þess að uppfylla þau skilyrði og þær forsendur sem aðilar vinnumarkaðarins settu og gáfu sér. Þessu lýsir ríkisstj. í plaggi sem er fskj. 2 með þessu frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. fellst á grundvallaratriði þeirra hugmynda sem fram koma í yfirlýsingu samningsaðila um húsnæðismál og er tilbúin til þess að athuga þær vandlega í samráði við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega útgjöld ríkisins í þessu sambandi. Ríkisstj. er reiðubúin til að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um húsnæðismál í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar. Í samræmi við samkomulag samningsaðila mun ríkisstj. beita sér fyrir því að til viðbótar við áður ákveðnar 200 millj. kr. verði 300 millj. kr. varið á þessu ári til að aðstoða þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna húsbygginga. Ríkisstj. mun beina því til banka og sparisjóða að þeir lengi lánstíma lána til húsbyggjenda í samræmi við samkomulagið."

Samkomulagið, sem hér er verið að vitna til, er fskj. með kjarasamningnum sem undirritaður er 26. febrúar, fskj. sem merkt er 1 og fjallar um húsnæðismál. Fylgiskjölin með samningnum eru alls þrjú, þ.e. eitt um húsnæðismál, eitt um lífeyrismál og eitt þar sem launatafla ASÍ og VSÍ, sem gilda á frá gildistöku samningsins, er sýnd. Í þessu fskj. með samningi aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál stendur:

„ASÍ, VSÍ og VMS eru sammála um að eitt brýnasta úrlausnarefni kjarasamninganna sé að leita leiða til úrlausnar á þeim greiðsluvanda húsbyggjenda sem nú eiga í erfiðleikum og jafnframt að finna varanlega lausn á fjármögnunarvanda þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Samkomulag er milli aðila um eftirfarandi aðgerðir í þessum efnum:

Aðgerðir til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar." — Þær aðgerðir snúast um þessar 300 milljónir til viðbótar sem ríkisstj. lýsir sig reiðubúna til þess að afla.

Í næstu grein í þessu fskj. um húsnæðismál segir, með leyfi hæstv. forseta, um Byggingarsjóð ríkisins:

„Lögum um Byggingarsjóð ríkisins verði breytt þannig að lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins verði bundnar því að lífeyrissjóður umsækjanda hafi gert samkomulag við sjóðinn um skuldabréfakaup. Stefnt sé að því að lögin taki gildi 1. sept. 1986. Lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn verði sem hér segir miðað við samninga um skuldabréfakaup lífeyrissjóða í eftirfarandi hlutfalli af ráðstöfunarfé sjóðanna að vali hvers lífeyrissjóðs:

Ef hlutfall ráðstöfunarfjár er 20% verður lánið 700 þús., ef það er 30% verður það 1100 þús., ef það er 40% verður það 1,5 millj., ef það er 50% verður það 1,9 millj. og ef það er 55% verður það 2,1 millj.

Lán til þeirra sem eru að kaupa eldri íbúð í fyrsta sinn verði 70% af framangreindum tölum. Lánstími verði 40 ár og vextir aldrei hærri en 3,5%. Lán samkvæmt þessum tölulið hafi forgang fram yfir lán skv. lið 2.2 hér á eftir."

Í 4. lið þessa skjals segir um Byggingarsjóð verkamanna:

„Fé Byggingarsjóðs verkamanna verði aukið um 200 milljónir á árinu 1986. Lánsfé Byggingarsjóðs verkamanna verði síðan aukið miðað við fast verðlag. Lánshlutfall af lánum til 42 ára hækki nú þegar úr 80 í 85%. Veitt verði lán til allt að tveggja ára til þeirra sem eiga í erfiðleikum með 15% útborgun."

Um leiguhúsnæði stendur í 5. lið fskj.:

„Húsnæðisstofnun ríkisins verði falið að framkvæma könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði hér á landi." — Er það líklega til þess að koma í veg fyrir að nokkrum manni detti í hug að farið verði að flytja út Íslendinga. — „Skal þeirri könnun hraðað eins og kostur er þannig að hægt sé við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 1987 að veita fjármagni til byggingar leiguhúsnæðis í ljósi þeirrar þarfar sem er fyrir byggingu slíks húsnæðis hér á landi."

Í 6. lið fskj. stendur:

„Lánveitingar lífeyrissjóða til húsnæðismála: Stefnt verði að því að lífeyrissjóðir verji tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum af ríkissjóði sem renni óskipt til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Bréf þessi skulu vera verðtryggð og boðin með ekki lakari kjörum en ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði hverju sinni." — Nú vildi ég gjarnan biðja, hæstv. forseti, um að fjmrh. verði kallaður í salinn. (**Forseti:** Það er verið að gera hæstv. fjmrh. viðvart.) (**Gripið fram í:** Hann er kominn.)

Ég ætlaði að bera fram spurningu eða spurningar til hæstv. fjmrh. vegna þess sem kallað hefur verið fskj. 1 með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og varðar húsnæðismál. Þar er lýst ákveðnum breytingum á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins um ákveðnar lánsupphæðir sem fari eftir hlutfalli ráðstöfunarfjár vegna kaupa lífeyrissjóða og þar er lýst auknum framlögum til Byggingarsjóðs verkamanna með auknu lánshlutfalli. Það segir í 6. lið þessa fskj., og um það snýst kannske grundvallaratriði þeirrar spurningar sem ég ætla mér að spyrja, eftir að sagt hefur verið að stefnt verði að því að lífeyrissjóðir verji tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum af ríkissjóði sem renni óskipt til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, þetta er í raun og veru það skilyrði sem ég álít að aðilar vinnumarkaðarins séu að skuldbinda sig til að uppfylla:

„Bréf þessi skulu vera verðtryggð og boðin með ekki lakari kjörum en ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði hverju sinni."

Nú er það sem sé alkunna að ríkissjóður er sá aðili á almennum fjármagnsmarkaði sem býður hæsta ávöxtun. Er fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs reiðubúinn til þess að samþykkja þetta eða felst í fskj. 2 með frv., þar sem ríkisstj. lýsir því yfir að hún fyrir sitt leyti samþykki þennan samning aðila vinnumarkaðarins, loforð um að greiða hæstu mögulegu ávöxtun sem hægt er að fá hér á innlendum fjármagnsmarkaði til lífeyrissjóðanna vegna þessara skuldabréfakaupa?

Í 7. lið fskj., þar sem fjallað er um húsnæðisafslátt, er talað um að frá og með árinu 1986 verði þeim sem kaupa eða byggja í fyrsta sinn veittur húsnæðisafsláttur, x kr. á ári í tíu ár miðað við núgildandi verðlag. Þarna mun x standa fyrir einhverja upphæð sem aðilar þessa þríhliða samnings munu ætla að koma sér saman um. Afsláttur þessi miðist við hvern einstakling og dragist frá sköttum og geti verið útborganlegur. Jafnframt verði þak á afslætti í núverandi mynd 200 000 kr. Þeir sem byggðu 1985 eða fyrr geta valið um hvort þeir fylgja núgildandi reglum eða nýjum reglum, enda verði þeirri ákvörðun ekki breytt eftir að hún hefur verið tekin.

Nú geri ég mér grein fyrir því að þar sem eftir er að fylla inn í eyðuna þar sem x-ið er vita menn ekki um hvaða upphæðir þeir eru þarna að tala. Mér segir reyndar svo hugur um að þær geti orðið allháar. En er ríkisstj. fyrir sitt leyti, með því að leggja fram þetta frv. og með því að leggja fram með því það fskj. sem því fylgir, þar sem hún lýsir yfir að hún sé reiðubúin að eiga viðræður við aðila vinnumarkaðarins um vanda þeirra einstaklinga sem eigi aðild að lífeyrissjóðum, að hún fallist á grundvallaratriði þeirra hugmynda sem fram komu í yfirlýsingu samningsaðila um húsnæðismál, að lofa því að fyrir 1. sept. 1986 verði búið að setja lög um þessa hluti?

Ég spyr um þetta af þeirri einföldu ástæðu að ég held að sá ljósgjafi sem raunverulega stafi birtu á þessa samninga, það sem heldur bjartsýnisvísitölu fólksins í dag vegna þessara samninga yfir hundrað, séu einmitt þessi loforð í húsnæðismálum.

Aðrir sem hér hafa talað á undan mér eru búnir að lýsa efasemdum sínum um að ríkisstj. nái að standa við gefin loforð um fast gengi, fast verðlag og að lækkanirnar sem boðnar eru verði ekki teknar í erlendum lánum. Samt sem áður ætla fjórir flokkar hér á þingi að samþykkja þetta frv. Þegar maður les nál. 3. minni hl., þ.e. Alþfl., og 2. minni hl., þ.e. Alþb., sýnist manni að öll þau rök sem þeir tína til mæli með því að þeir standi ekki að samþykkt þessa frv. Maður spyr reyndar hvað það sé sem rekur þá til að gera það. Þeirri spurningu er auðvelt að svara út af fyrir sig þegar maður áttar sig á því að þessir aðilar líta þannig á að þeir beri ábyrgð á kjarasamningum vegna hagsmunatengsla sinna við verkalýðshreyfinguna og hugsa í raun og veru ekki út í að þeir eru hér að tala um aðgerðir ríkisvaldsins en ekki kjarasamninga. Þannig verður eiginlega að líta á atkvæði þeirra hérna inni, ekki sem atkvæði þingmanna eða löggjafa heldur fyrst og fremst sem atkvæði verkalýðsforingja, því að ef þeir tækju hlutverk sitt alvarlega sem löggjafar kæmi þeim ekki til hugar, held ég, að styðja þetta frv. þar sem ekki er á nokkurn hátt gerð grein fyrir því hvernig á að standa við þessi loforð. Það tiltaka þeir sjálfir í sínum nál. Þeir horfast í augu við þá staðreynd að þetta er álíka „blankó" og ég lýsti í gær ef við hefðum einhver tekið það upp hjá okkur að leggja fram þáltill. um að ríkisstj. tæki 1800 millj. kr. lán innanlands til að greiða niður verðlag í landinu.

Ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt, eins og fram er komið í minnihlutaáliti 4. minni hl. Ég vona að svör hæstv. fjmrh. við þeim spurningum sem ég bar hér fram vegna fskj. um húsnæðismál, sem einhverra hluta vegna hefur verið mjög hljótt um í þessum umræðum, verði skýr. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki alveg hvað mönnum gengur til að leita ekki skýrra svara við þessum atriðum því að þessi atriði skipta öllu máli um

það hvort fólk raunverulega treystir á þessar gerðir og styður þær á þann hátt með bjartsýni sinni.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Vegna fsp. hv. 8. þm. Reykv. um þau atriði í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og yfirlýsingu ríkisstj. frá í gær er lúta að húsnæðismálum er rétt að minna á það að því er vexti varðar af þeim bréfum sem ríkissjóður hefur boðið til sölu að þeir eru ærið mismunandi. Af ríkisskuldabréfum hafa verið greiddir 6% vextir, af spariskírteinum hafa verið greiddir upp á síðkastið mismunandi vextir á hinum hefðbundnu bréfum, frá 6 og upp í 9% eftir lengd lánstíma.

Þær lántökur sem fyrirhugaðar eru skv. þessu frv. eru 925 millj. kr. frá lífeyrissjóðunum. Hluti af þeim fjármunum fer til Byggingarsjóðs ríkisins eða 300 millj. kr. Að hinu leytinu er rétt, sem fram kemur í því samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu um nýtt húsnæðislánakerfi, að byggt er á miklu meiri þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun þess kerfis en verið hefur. Það verður auðvitað eitt af þeim atriðum sem kemur til athugunar í þeirri vinnu sem fer af stað í kjölfar þessa samkomulags.

Það er eindreginn ásetningur ríkisstj. að bregðast mjög skjótt við og hefja nú þegar þá vinnu sem nauðsynleg er til að stuðla að framkvæmd þessa samkomulags. Þar eru ýmis atriði óljós, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi. Í ýmsum efnum er minnst á x kr. og eðlilegt að aðilar og stjórnvöld vinni að frekari útfærslu á þessum hugmyndum og geri sér glögga grein fyrir kostnaðarþáttum þessara breytinga. Báðir aðilar verða að huga að þeim atriðum áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar og nýtt húsnæðislánakerfi er staðfest með lögum.

Lífeyrissjóðirnir hafa notið að mínum dómi hagstæðra vaxtakjara varðandi sölu á ríkisskuldabréfum og ég geri ráð fyrir því að svo verði áfram eins og hingað til, en endanlegar ákvarðanir, bæði af hálfu ríkisstj. um vexti á ríkisskuldabréfum annars vegar og spariskírteinum, liggja ekki fyrir.

Ég geri þó fastlega ráð fyrir því að innan ekki langs tíma verði unnt að lækka vexti af spariskírteinum, en eins og hv. þm. vita er ráðgert að selja spariskírteini fyrir u.þ.b. 2100 millj. kr. á þessu ári miðað við að innlausn á eldri skírteinum verði um 1700 millj. þannig að það eru tæplega 400 millj. kr. sem ríkissjóður tekur að láni á þann veg.

Það sem af er þessu ári hefur sala spariskírteinanna gengið allvel. Um miðjan þennan mánuð hafði nettólántaka, mismunur á sölu og innlausn, verið í kringum 70 millj. kr. Þær breyttu efnahagslegu forsendur sem við erum að leggja drög að með þessu samkomulagi og þeirri lagasetningu sem hér fer fram gera það að verkum að ég á von á því að innan ekki langs tíma verði unnt að lækka vexti á þeim spariskírteinum sem eru til sölu.

Þetta samkomulag, sem hér liggur til grundvallar, byggist á því að fjármögnun á þeim lántökum sem ríkissjóður og byggingarsjóður taka á þessu ári upp á 925 millj. kr. fari fram á þeim vaxtakjörum sem ríkissjóður hefur boðið að undanförnu. En hvað varðar vexti af spariskírteinum og vexti af ríkisskuldabréfum á næstu árum er auðvitað ekki unnt að segja neitt til um á þessu stigi. Við væntum þess að þeir geti lækkað í takt við nýjar og breyttar efnahagslegar forsendur.

Svar ríkisstj. um þetta efni var alveg skýrt og um það fullt samkomulag á milli samningsaðila hvernig framhaldsvinnu að þessu leyti verður háttað. Ég vænti að sú vinna skili góðum árangri og hef lengi verið þeirrar skoðunar að uppbygging húsnæðislánakerfisins byggðist á auknu samstarfi Byggingarsjóðs ríkisins og lífeyrissjóðanna. Með þessu samkomulagi, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert, hafa verið lögð drög að þeirri miklu kerfisbreytingu. Það er alveg ljóst að hér er verið að halda af stað með grundvallarbreytingu á húsnæðislánakerfinu sem ég fastlega vænti að leiði til góðs.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þær ræður sem hér hafa verið fluttar. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir skjót vinnubrögð. Það er ljóst að verið hefur knappur tími til stefnu og málið er umfangsmikið, en á það er að líta að það eru miklir hagsmunir í húfi að þetta mál hafi hraðan framgang. Ég ítreka þakklæti mitt til hv. fjh.- og viðskn. og til þingdeildarmanna fyrir þá allvíðtæku samstöðu sem tekist hefur um að greiða fyrir framgangi þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. 558,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 558,2–3 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
11.–15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 558,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
17.–21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 558,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 558,6 (23. gr. falli brott) samþ. með 14 shlj. atkv.
24. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
25. gr. (verður 24. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 55. fundur.

Föstudaginn 28. febr., að loknum 54. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1986, stjfrv. 303. mál (þskj. 562). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 54. fundur.

Föstudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseta Nd. hafa borist þrjú bréf og ég les nú þessi bréf:

"Alþingi, 28. febrúar 1986.

Mér hefur tjáð Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv., að hún sé á förum til útlanda í opinberum erindum og geti því ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi hún sér því með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna fjarveru 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson, sæti á Alþingi í fjarveru sinni.

Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Þá hefur borist annað bréf:

"Alþingi, 28. febrúar 1986.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Sverrir Sveinsson veitustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Páll Pétursson,
2. þm. Norðurl. v."

Hér kemur þriðja bréfið:

"Alþingi, 28. febrúar 1986.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðrún Tryggvadóttir meinatæknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Halldór Ásgrímsson,
1. þm. Austurl."

Hér er um að ræða þrjá varamenn sem taka sæti á þingi í dag, Guðrúnu Tryggvadóttur, Sverri Sveinsson og Guðmund H. Garðarsson. Öll hafa þau áður setið á þingi á þessu kjörtímabili. Kjörbréf þeirra hafa verið könnuð og ég býð þau öll velkomin til starfa á Alþingi.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 54, n. 525, 527 og 529, brtt. 526, 528, 530, 545, 552). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mun ekki flytja hér langt mál heldur fyrst og fremst reyna að svara þeim fsp. sem til mín var beint og nefna örfá atriði sem komið hafa fram í umræðum um þetta mál.

Það kemur mér ekki á óvart að mikið sé rætt um svokallað þriðja stjórnsýslustigið, nýtt stjórnsýslustig, í þessum umræðum. Það er ekki nýtt, um það hefur verið rætt í mörg ár og þær nefndir sem unnið hafa að undirbúningi þess lagafrv. sem hér er til umræðu vörðu miklum tíma í umræður um þriðja stjórnsýslustigið. Það er ljóst að með þeim breytingum sem meiri hl. nefndarinnar leggur til á sérstöku þskj., 526, er fallið frá þessari hugmynd í meginatriðum.

Hv. 7. landsk. þm. spurðist fyrir um það hvaða nauðsyn bæri til að afgreiða þetta mál nú á þessu þingi. Auðvitað væri hægt að hugsa sér afgreiðslu málsins með þeim hætti að aðeins væri tekið á kosningarréttinum, aðallega kosningaaldrinum, annars vegar og kjördegi hins vegar. Sem svar við þessari spurningu vil ég segja að það er álit okkar sem að meirihlutaálitinu stöndum að verði þessu máli enn á ný frestað nú muni það ekki koma aftur til kasta þingsins fyrr en eftir nokkur ár. Það er nú einu sinni þannig að þegar nýbúið er að kjósa í sveitarstjórnarkosningum koma til skjalanna nýir menn með ný viðhorf sem vilja, sem eðlilegt er, fá að fjalla um þessi mál. Svona hefur þetta gengið áratugum saman. Þær breytingar, sem hér er verið að leggja til að gerðar verði á lögum, eru að okkar mati nægilega mikið ræddar til þess að verjandi sé á þessu þingi að breyta lögum á þennan hátt og freista þess þannig að taka fyrsta skref í átt til nýrrar skipunar í þessum efnum.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um það hvort ekki versnuðu möguleikar landshlutasamtakanna við samþykkt þessa frv. Sem svar við þessari spurningu vil ég segja að svo er ekki. Ég tel að enn sé það opið og til umræðu hvort ástæða sé til að taka upp þriðja stjórnsýslustigið sem yrði lögbundið stig á milli sveitarfélaga og ríkisins og fengi í hendur sérstök verkefni og sérstaka tekjustofna. Um þetta mál er að sjálfsögðu ágreiningur eins og allir vita. En með þessu frv., verði það að lögum, er ekki loku fyrir það skotið nema síður sé að til slíks millistigs geti komið í framtíðinni.

Mín persónulega skoðun er sú að það eigi að gera sem minnst að því að lögbinda slíkt þriðja stjórnsýslustig. Ástæður fyrir minni skoðun eru þær fyrst og fremst að hér er verið að herma eftir miklu stærri þjóðum en við Íslendingar erum, við erum aðeins 240 000 manns sem búum í þessu landi, en þriðja stjórnsýslustigið tekur mið af miklu stærri þjóðarheildum. Ég hefði þess vegna kosið að sjá sterk sveitarfélög og mikla möguleika til þess að þau gætu á frjálsum grundvelli starfað saman. Ef og þegar ríkisvaldið vill afhenda þeim verkefni sem ríkisvaldið fer nú með — en þá þróun mun ég styðja — þá verði opnaðir möguleikar fyrir sveitarfélögin til að mynda sín eigin fyrirtæki, félög, um rekstur á slíkum verkefnum. Það er þessi hugsun sem er rauði þráðurinn í frv. eins og gert er ráð fyrir að það muni breytast í meðförum Alþingis.

Ég veit ekki hvort ætlast var til þess í fullri alvöru að ég svaraði fsp. hv. 5. þm. Vestf., en hann spurði mig þeirrar spurningar hvort ég mundi leggja peninga í hlutafélag þar sem Samband ísl. samvinnufélaga ætti 60%. Þótt þetta komi nú ekki þessu máli við get ég svarað þessari spurningu á þann veg að það færi alveg eftir ágóðavoninni. Ef þetta hlutafélag væri stofnað um verkefni sem gæti skilað ágóða mundi ég ekki hika við, ætti ég einhverja peninga til, að leggja það í hlutafélag jafnvel þótt Sambandið ætti meiri hluta. (**ÓÞÞ:** Þú yrðir rekinn úr flokknum trúlega.) Þetta er nú einu sinni það sem við erum að gera í samstarfi við útlendinga. Við leggjum í fyrirtæki þar sem útlendingar eiga meiri hluta eða, eins og stundum hefur verið sagt, ætlumst til þess að útlendingar leggi í hlutafélög með okkur þótt þeir eigi minni hluta. Þeir sem einhvern skilning hafa á eðli

atvinnustarfsemi vita sem er að það er fyrst og fremst árangurinn sem skiptir máli. Það er eðli málsins samkvæmt hægt að græða hvort sem menn eru í minni hluta eða meiri hluta. Sá gróði verður bara í hlutfalli við eign í viðkomandi fyrirtækjum. Ég kaus að svara þessari spurningu vegna þess að hv. ræðumaður, 5. þm. Vestf., var að gera því skóna að fyrst og fremst væri verið að hugsa um þá sem ættu lögheimili og búsetu í þéttbýlinu. En vegna þess að hann tók þetta dæmi og lagði fyrir mig þessa fsp. get ég sagt honum það, sem ég veit að kemur honum ekki á óvart, að ég er einn af þeim landsmönnum sem búa hér á svokölluðu höfuðborgarsvæði, Reykjavík og Reykjanesi, þar sem 60% þjóðarinnar búa en hafa aðeins 40% af atkvæðisréttinum. Og ég læt það yfir mig ganga. Ég hef ekki hugsað mér að segja mig úr íslenska þjóðfélaginu þótt ég hafi ekki sömu réttindi og hinir. Það getur verið að hv. ræðumaður hafi viljað kalla fram þessi viðhorf og ég hef hér lýst þeim af minni hálfu.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. minnti á að heppilegt væri að finna ný orð fyrir hugtökin byggðarráð og byggðasamlag. Ég get á vissan hátt tekið undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v. En því miður höfum við ekki fundið annað betra orð þótt tillögur hafi komið fram um það. Orðið byggð í merkingunni sveitarfélag, eins og kemur fram á mörgum stöðum í frv., er, þótt merkilegt megi teljast, verðlaunahugtak sambands sveitarfélaga hér á landi. Og ef ég man rétt þá var það Lárus Salómonsson sem átti þessa hugmynd. Þaðan er hún komin og sveitarstjórnarmenn sem unnið hafa að frv. lögðu á það áherslu að þetta hugtak fengi að vera í þessu frv. Ég held að það verði aðeins tíminn sjálfur sem getur skorið úr um það hvort þetta hugtak vinnur sér hefð í íslensku máli í þeirri merkingu sem það er notað í frv. Um það vil ég ekkert segja og komi fram betri hugmyndir þá er ég tilbúinn til þess að breyta lögum eða þessu frv. með tilliti til þess.

Hv. 5. þm. Austurl. hefur flutt brtt. við frv. Það er ekki óeðlilegt að slíkar brtt. komi fram. Sjálfur sagði hv. þm. að hann flytti þessar till. einn, að mér skildist vegna þess að ekki væri full samstaða í hans þingflokki um þetta mál. Ég get af þessu tilefni sagt að ég býst við að í öllum þingflokkunum sé ágreiningur um það hvort á þessu stigi eigi að lögfesta þriðja stjórnsýslustigið. Ég hef þegar í þessari ræðu minni, og reyndar einnig áður í framsöguræðunni, greint frá því hvers vegna við sem erum í meiri hluta félmn. viljum ekki taka það skref nú. En vegna þess að hv. þm. spurðist fyrir um skoðun Sjálfstfl. og taldi að hún hefði ekki komið fram get ég upplýst hann um það að á flokksráðsfundi Sjálfstfl. sem haldinn var á s.l. hausti kom fram í stjórnmálaályktun þess fundar að flokksráðsfundurinn skoraði á þm. flokksins að afgreiða það frv. sem hér er til meðferðar og með þeim hætti að IX. kaflinn hyrfi brott úr frv. Ég tel það vera beinharða yfirlýsingu þess efnis að Sjálfstfl. hafi þá skoðun að nú skuli ekki stofnað til þriðja stjórnsýslustigsins. Og er það beint svar við fsp. hv. 5. þm. Austurl.

Hv. 5. þm. Austurl. sagði að það sem yrði sett í lög, yrði þetta frv. að lögum, líktist helst amöbu, það væri svo óákveðið hvað gerðist þegar sýslunefndir væru lagðar niður, og í raun og veru væru reglurnar um byggðasamlögin þess eðlis og efnis að maður gæti ekki séð í fljótu bragði hvernig þetta kvikindi liti út. Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Austurl. Og ég tel enga ástæðu til að sjá fyrir um það hvernig þetta kvikindi lítur út. Ég tel að ef þetta frv. verður samþykkt eins og það nú lítur út, með þeim breytingum sem meiri hl. gerir till. um, þá opnist ýmsir möguleikar. Það er ekki hægt að sjá fyrir fram nákvæmlega hvað gerist. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það er möguleiki á því að sýslunefndir sameinist í eina héraðsnefnd. Ég tel það vera auðvelt, t.d. í sýslum þar sem einn sýslumaður er í dag yfir tveimur sýslum og enginn kaupstaður er, ég nefni Húnavatnssýslur, það væri hægt og auðvelt samkvæmt þessum brtt. okkar. Enn fremur er hægt ef menn vilja, og það geta kaupstaðir sótt um, að þeir geti orðið aðilar að héraðsnefndunum. Einnig er mögulegt að rjúfa núverandi sýslufélög og fara yfir sýslumörk, og það getur verið hentugt þar sem landshættir eru með þeim hætti, t.d. þar sem koma saman sýslumörk Eyjafjarðarsýslu að austanverðu og Suður-Þingeyjarsýslu að vestanverðu. Kjósi þeir að eiga samstarf í Eyjafirði beggja vegna fjarðarins um ákveðin tiltekin verkefni þá er opnað fyrir það.

Það er þess vegna ekki alveg út í bláinn að hv. 5. þm. Austurl., sem er sérfræðingur í ýmsum smáum dýrum, hafi dottið í hug amöbur þegar hann var að ræða um það sem gæti komið út úr þessu frv. Ég ætla að hann hafi ekki verið að tala um það í neinni neikvæðri merkingu því að amöbur eru eins og allir vita ákaflega merkilegur flokkur dýra, þó að auðvitað séu amöbur ekki skordýr, enda er það rangt hjá hv. ræðumanni að ég hafi kallað fram í fyrir honum eitthvað á þá leið. Ég sagði eingöngu að ég gæti kannske átt von á því að skordýrafræðingurinn hjálpaði mér við að sjá hvernig amöburnar litu út og átti auðvitað við lán á smásjá eða öðru slíku af því hann tók þetta líkingamál úr sínu fagi.

Það ríður á að sveitarfélögin sjálf hafi á því vilja að starfa saman og þau og þeirra forráðamenn verða að finna út hvernig heppilegast sé að það samstarf verði í framtíðinni grundvallað á þeim lögum sem hér er verið að afgreiða.

Hv. 1. þm. Vesturl. flutti hér langt og mikið mál og talaðist vel. Skýrði ýmislegt frá fyrri tíma um sýslunefndir og rifjaði upp hvenær hreppar koma fyrst fyrir í íslenskum lögum, í tíundarlögum frá 11. öld, og fannst mér ræða hans góð. Niðurstöður hv. 1. þm. Vesturl. voru þær að hann sæi eftir sýslunefndunum en hann sagði jafnframt að hann legði ekki áherslu á að sýslumenn væru oddvitar sýslunefnda. Hann sagði enn fremur að það væri ekkert á móti því af sinni hálfu að sameina mætti sýslunefndir þar sem það ætti við og benti t.a.m. á að margir héldu að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla væru tvær sýslur en ekki ein. (**FÞ:** Tvö sýslufélög.) Já, tvö sýslufélög. Það er það sem ég átti við. Og hann sagði enn fremur að sín vegna mættu sveitarstjórnarmenn tilnefna í sýslunefndir. Það væri ekki nauðsynlegt að kosið væri beinni kosningu. Ég tel að með þeim breytingum sem meiri hl. nefndarinnar gerir á 6. gr. frv., og reyndar á öðrum greinum jafnframt, sé gengið að langmestum hluta til móts við þessi sjónarmið hv. 1. þm. Vesturl. sem þekkir starf sýslunefnda af áratuga reynslu sinni sem oddviti sýslunefnda í tveimur sýslum.

Vegna þess sem kom fram í máli hv. 1. þm. Vesturl., að ekki væri heppilegt að breyta orðinu sýslunefnd í héraðsnefnd, er eingöngu því til að svara að það er gert

vegna þess að það er opnuð leið til þess í þessu frv. með brtt. meiri hl. að samstarf geti átt sér stað á grundvelli héraðsnefnda þótt farið sé yfir og út fyrir núverandi sýslumörk. Þess vegna er það að okkar áliti óeðlilegt að þessar nefndir heiti áfram sýslunefndir. Því til viðbótar vil ég benda á að það er heimilt, eins og ég hef sagt margoft áður, að kaupstaðir geti tekið þátt í héraðsnefndum og kaupstaðir eru ekki í sýslufélögum. **(Gripið fram í:** Og hreppar staðið utan við þau.) Og svo geta einstakir hreppar staðið utan við. Það er rétt sem hér kemur fram. Hugsunin er sú í þessu frv. að völdin færist til sveitarfélaganna og síðan þaðan aftur til þeirra nefnda sem þau starfa saman í. Það er hugsunin af því að þetta er stjórnsýsla á tveimur stigum, annars vegar ríkisvaldið og hins vegar sveitarfélög og síðan samstarf þeirra sem annaðhvort er á frjálsum grunni eða samkvæmt ákveðnum lögum, t.d. sveitarstjórnarlögum.

Herra forseti. Það er eitt atriði í viðbót sem ég vil taka fram sem er það að meiri hl. nefndarinnar gerir till. til breytinga á 125. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að héraðsnefnd geti óskað eftir því að umboðsmaður ríkisins, eða sýslumaður, geti annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina enda sé kostnaður greiddur af héraðsnefnd. Þarna er enn á ný komið til móts við sjónarmið sýslunefndanna í frekari mæli en gert var ráð fyrir í sjálfu frv.

Að lokum vil ég eingöngu geta þess að í gær var haldinn fulltrúaráðsfundur hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Mér er kunnugt um það að á þeim fundi voru þessi mál til umræðu. Ég hef enn ekki fengið í hendur niðurstöður fundarins. Það kann að vera að þaðan komi gagnlegar ábendingar. Þegar atkvæði verða greidd um brtt. meiri hl. kann þess vegna að vera eðlilegt að kalla aftur til 3. umr. örfáar brtt. sem gætu tekið breytingum á milli umræðna og mun þá verða boðaður fundur í nefndinni. En vonandi tefur það ekki afgreiðslu málsins því að eins og margoft hefur komið fram er ákaflega brýnt að þetta mál, ef það á að fá afgreiðslu á annað borð, komist á milli deilda sem allra fyrst.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætlaði að víkja hér að örfáum atriðum sem fram hafa komið í ræðum manna og rétt er að ég skýri betur en í minni fyrri ræðu.

Hv. 5. þm. Austurl. hafði af því nokkrar áhyggjur að mér væri ekki að fullu ljóst hvar fjórðungaskiptin væru með réttu. Ég fór ekki í það í minni fyrri ræðu að gera nákvæma grein fyrir því hvar fjórðungaskipti milli Austurlands og Norðurlands eða Austurlands og Suðurlands væru, taldi satt best að segja að hann væri þar á heimavelli og gæti varla ætlast til þess að honum væru bornar fréttir af slíku af 5. þm. Vestf. Það sem ég veit sannast um mörk Austurlandsfjórðungs hins forna er að hann hafi náð frá Fúlalæk að Helkunduheiði og þaðan eins og vötn skiptu á Langanestá. Ég er ekki kaþólskari en páfinn í þeim efnum að sé af heimamönnum önnur skipting í næsta nágrenni þessara merkja talin æskilegri, þá hef ég ekkert við það að athuga, kæmi til þess að fylki yrðu sett upp á Íslandi, sem ég vona.

Hv. 1. þm. Vesturl. flutti hér mjög ítarlega ræðu og kom víða við. Vissulega var margt í hans ræðu sem ég get tekið undir. Hann undraðist það í mínum málflutningi að ég hefði talað um að menn hefðu breytt mörkum Vestfirðingafjórðungs hins forna eftir að þeir hefðu komist með eðlilegum hætti yfir Hvítá. Ég veit ekki hvort mönnum almennt er ljóst hvílíkur farartálmi Hvítá í Borgarfirði hefur verið á þeim tímum en mér þótti það dálítið merkilegt að ég hygg að hún falli um eina nafnlausa dalinn sem ég veit um á þessu landi. Það þótti ekki skipta neinu máli að geta sagt að menn byggju í þessum dal. Það sem þótti skipta máli var að geta sagt hvorum megin við ána þeir byggju. Þess vegna heitir annar helmingur dalsins Hvítársíða en hinn Hálsasveit. Dalurinn ber ekkert nafn, slíkur farartálmi var Hvítá.

Á Sturlungaöld var komin trébrú á Kljáfoss og þá voru kappar þess tíma búnir að finna nokkur vöð á ánni. En ég ætla að fram að þeim tíma hafi menn, sem ferðuðust þar um, orðið að fara allhátt upp með því vatnsfalli áður en þeir lögðu í að fara yfir það. Ég tel að í dag séu engar forsendur til þess að skipta við Hvítá og þess vegna tel ég að seinni tíma skiptingin sé hin rétta í þeim efnum.

Hins vegar fannst honum að mín afstaða að taka þá ákvörðun að sitja hjá í atkvæðagreiðslu um þetta mál minnti helst á afstöðu smaladrengs. Nú er það svo með smaladrenginn að hann situr hjá og ætlar fjárhópnum allmikið rými til að rása um og skiptir sér ekki af, telji hann að hann fari sér ekki að voða. Ég sé engin þau hættumerki í þessu að ég telji að þingheimur fari sér að voða þó að hann samþykki það sem hér er lagt fram.

Hitt er alveg ljóst að þetta er svo fjarri því að skila þeim árangri til skipulegrar uppbyggingar þjóðfélagsins að ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði með því.

Í öðru orðinu er það viðurkennt að sýslunefndirnar, eins og þær hafa verið, heyri sögunni til og í hinu orðinu er það viðurkennt að það verði að vera þriðja stjórnsýslustigið. Boltanum er nánast sparkað heim í hérað og sagt: Hafið þetta eins og ykkur sýnist. Það má vel vera að það sé stjórnviska að gera þetta á þennan hátt. En auðvitað veit enginn hvað út úr því kemur.

Annað, sem við blasir því miður, er að hreppadeilur og hrepparígur hafa oft spillt eðlilegum samskiptum á milli byggðarlaga og nú er svo komið að ég fæ ekki betur séð en að hreppar geti staðið utan við ákveðin samtök þótt þau verði stofnuð á heimavelli. Dálítið erfitt hlýtur það þá að verða hjá ríkisvaldinu að fela slíkum aðilum mikil völd. Ég hvika þess vegna ekki frá þeirri skoðun minni að það er ekki gert sem þurfti að gera, að stofna hér fylki.

Það kom aftur á móti fram hjá hv. 2. þm. Reykv. að ástæða þess að hann teldi ekki rétt að stofna hér fylki væri fámenni þjóðarinnar. Það er nú svo. Það er eiginlega sama ástæðan og margir erlendir aðilar hafa fært fyrir því að það væri vitleysa að hafa hér sjálfstætt ríki norður á hjara veraldar. Samt er það svo að við völdum okkur það stjórnarfyrirkomulag sem fjölmennasta þjóð í hópi Vesturlanda hafði tekið upp. Við töldum okkur geta haft þjóðþing með eðlilegum hætti. Við töldum okkur geta haft sveitarstjórnir með eðlilegum hætti. En millistigið, sem einnig er til í Bandaríkjunum, í sambandslýðveldinu, töldum við að við værum ekki nógu stórir til að hafa.

Ég hygg að þegar menn koma með rökfærslu eins og þessa hafi það eitt á skort að þeir hafi ekki sest niður og hugsað málið. Það hvarflar ekki að mér að bera það á hv. 2. þm. Reykv. að hefði hann sest niður og hugleitt

þetta mál í grunn, þá hefði hann talið að hægt væri að fórna millistiginu. Hann hefur aftur á móti ákveðið að standa að því að varpa boltanum heim í hérað og láta sjá hvernig mál þróast. Auðvitað geta þau þróast á jákvæðan hátt, ég vil ekki bera á móti því. Mér er ekki ljóst aftur á móti á hvern veg þau munu þróast. Það sem fyrst og fremst er þó jákvætt í þeim efnum er það að margt bendir til að það gæti orðið til þess að kaupstaðirnir, sem voru farnir út úr sínu samfélagi, fari aftur inn í sitt samfélag.

Þá ætlaði ég að víkja að þeim orðum hans að hann væri reiðubúinn að gerast hluthafi í hlutafélagi, sem Samband ísl. samvinnufélaga ætti 60% í, ef gróðavonin væri nægilega mikil. Nú er það svo, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr — og það veit hv. 2. þm. Reykv. — að ef menn eiga hlutafélag að meiri hluta, þá ræður sá meiri hluti við hvaða aðila er verslað. Ef hann á nú það hlutafélag, ekki kannske að 60% heldur að 90%, getur vel verið að hann kjósi miklu fremur að hagnaðurinn komi fram í því hlutafélagi.

Ég verð að segja eins og er að ég er ekki búinn að sjá það að hans túlkun á þessu máli sé algerlega í samræmi við hans innstu hjartans sannfæringu þótt hann hafi ákveðið að velja þann kost að svara þessu á þennan veg. En ég bíð og sé hvort mér berast þau tíðindi að hann sé orðinn eignaraðili að hlutafélagi þar sem Sambandið á hreinan meiri hluta.

Hitt var öllu verra — og þar fór hann með hreinar blekkingar og ég kemst ekki undan því að svara — að hann lýsti því hér yfir að hann væri í hópi þeirra 60% af þjóðinni sem hefðu aðeins 40% af atkvæðaréttinum. Það er nú svo. Eftir þær breytingar, sem gerðar voru á kosningalögum til Alþingis, veit hv. 2. þm. Reykv. fullvel að vægi atkvæða hvers einasta Íslendings í þessu landi er jafnt. dHondt reglunni var fórnað. Það veit hann. Þess vegna munu hinar strjálli byggðir ekki kjósa til þings nema hluta af þeim þm. sem skráðir verða sem þm. viðkomandi svæðis. Hinir verða kosnir af Reykvíkingum og þéttbýlisbúum.

Ég vona að þetta liggi svo ljóst fyrir hv. 2. þm. Reykv. að til þess að sannfæra hann um að málin eru á þennan veg þurfi ekki að koma til þess að flutt verði sú till. hér í þinginu að kosið verði til sveitarstjórna á sama hátt og kosið er til Alþingis. Ég býst nefnilega við því að þá verði fáir brattari hér í stólnum að mótmæla slíku en hv. 2. þm. Reykv. ef reikningsregla hins stærsta afgangs ætti að vera notuð við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík. Það er eins og það sæki á mig sú hugsun að hæstv. forseti mundi veita honum dyggilegt lið í þeim efnum einnig.

Ég tel ástæðulaust að lengja þetta mál en vona að ég hafi svarað þeim atriðum sem fram komu í máli manna og sérstaklega var til mín beint.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim umræðum sem hafa farið fram um þetta mál. Mér finnst eins og ýmsir hv. ræðumenn hafi ekki gert sér grein fyrir því hver þróunin hefur orðið t.d. varðandi sýslunefndirnar á undanförnum árum. Það eru til byggðarlög þar sem eru aðeins 2–3 hreppar — þéttbýlisstaðirnir standa alveg utan við þessar sýslunefndir — þó að á öðrum stöðum sé þessu öðruvísi farið. Að því er ég veit best er það einsdæmi að kaupstaður eins og Ólafsvík skuli taka þátt í sýslunefnd. Ég veit ekki um annan stað. (**Félmrh.:** Ekki afgreiðslu mála.) Nei, ég veit það. En tekur samt sem áður þátt í umræðum og tillögugerð en auðvitað ekki í afgreiðslu mála.

Hugsunin, sem hefur verið fordæmd hér af ýmsum sem talað hafa, um það að ekki skuli vera tekin ákvörðun afstaða til þess hvernig skuli standa að þriðja stjórnsýslustiginu, stafar fyrst og fremst af þeirri óeiningu sem er úti um allt land um það hvernig eigi að standa að því máli. Á því er engin launung og það ætti ekki að hafa farið fram hjá hv. þm. að menn voru mjög á móti t.d. IX. kaflanum yfirleitt.

Ég fyrir mitt leyti tel að í sambandi við þessi mál þurfi að gefast tóm til að þessi mál þróist. Ég man ekki hver það var sem sagði það hér í ræðustól út af þessum málum að verið væri að opna leiðina t.d. fyrir það að félagslegar heildir geti náð yfir sýslutakmörk. Þetta hefur bara verið um langan tíma. Eyfirðingar, sem eru í Þingeyjarsýslu, eiga t.d. í félagslegum samskiptum við Eyfirðinga en ekki Suður-Þingeyinga, að öllu öðru leyti en því að þeir eru innan Þingeyjarsýslu og þurfa að sækja veðbókarvottorð og annað austur á Húsavík.

Þetta frv. breytir út af fyrir sig engu um lögsöguna. Sýslumennirnir þjóna sínu umdæmi eftir sýslumörkum og kaupstaðarmörkum jafnt eftir sem áður. En okkur, sem stöndum að þessu, er ljóst að það er mjög æskilegt að því sé haldið opnu að samskipti héraðanna geti farið út fyrir sýslumörk eins og hefur raunar gerst.

Hér eru tvær tillögur um að setja mörk hærri en 50 íbúa til þess að reyna að hafa áhrif á að fámennustu hrepparnir sameinist öðrum hreppum skv. 5. gr. frv. Þó er alls ekki verið að lögákveða að slíkt skuli gert enda eru landfræðilegar aðstæður í mörgum tilvikum þannig að það er jafnvel ógerlegt.

Það er till. um að þessi mörk miðist við 100 íbúa. Miðað við þetta 50 íbúa mark eru 17 hreppar undir því. En miðað við 100 íbúa mark eru það 54. Síðan er ein till. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að mörkin skuli vera 400. Það mundi þýða að það mundi ná til 161 hrepps. Yfir þeim mörkum eru ekki nema 62 hreppar fyrir utan 23 kaupstaði.

Ég er alveg sannfærður um það og hef af því nokkra reynslu að ef ætti t.d. að fara að lögfesta það að sameina sveitarfélögin, þá mundi það tefja blátt áfram fyrir þróun því að ég hef ekki trú á því að félmrn., hver sem væri félmrh., mundi treysta sér til að neyða sveitarfélögin til þess jafnvel þó að það væri ákveðið með löggjöf. Það mundi í mörgum stöðum blátt áfram magna upp mótstöðuna ef slíkt yrði sett í lög. Þannig verkar það og ég gæti komið með dæmi um það.

Það hefur verið mikið talað, eins og títt er, um lýðræði, lýðræðislegar kosningar. Menn telja að ef sveitarstjórnir kjósa í nefndir sé það ekki lýðræðisleg kosning. Eru ekki sveitarstjórnir kosnar lýðræðislega? Er ekki líklegt að jafnvel þó að íbúarnir mundu kjósa beint mundi það fara alveg eftir því? Ég held að menn séu eitthvað að ruglast á því hvað er lýðræði og hvað ekki lýðræði. Andstætt því sem hefur komið hér fram er sagt í 57. gr. alveg greinilega að sveitarstjórnir skuli kjósa í þessar nefndir. Ég sé ekki annað en að það sé eðlilegt þó að sumir hafi haft jafnvel stór orð um slíkt.

Þó að ég geti verið sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. um að orðið „byggðasamlag“ sé leiðinlegt orð og það nái kannske ekki yfir það sem ég er vanur að kalla

samlög finnst mér hann taka nokkuð djúpt í árinni þegar hann ræðir um þetta og ég er á allt annarri skoðun en hann um byggðaráðin. Það má sjálfsagt deila um það hvað er heppilegt, hvað er skynsamlegt og hvaða orð á að nota yfir þau hugtök sem þetta á að ná yfir. En þá vil ég bara auglýsa eftir tillögum og ég er tilbúinn fyrir mitt leyti að skoða þær.

Því er haldið fram að þetta frv. sé svo illa úr garði gert að ástæða sé til að fresta lögfestingu þess. Það eru ekki öll okkar mannanna verk fullkomin og ég ætla ekki að halda því fram að þetta frv. sé frekar fullkomið en mörg önnur frv. sem við erum að afgreiða. En mér finnst nokkuð mikið sagt að það sé þannig úr garði gert að ekki sé forsvaranlegt að lögfesta það.

Hv. 5. þm. Austurl. lét sér það sæma að tala um frv. sem vanskapning. (**HG:** Það er veikt til orða tekið.) Já, og hann segir að það sé veikt til orða tekið. Ég held að svona orðskrípi, sem menn nota, hitti menn sjálfa. Ég fullyrði að þetta frv. er alls ekki með meiri vandkvæðum en mörg þau frumvörp sem við höfum afgreitt hér á undanförnum árum. Ég þekki það um 19 ára skeið en ætla ekki að fara frekar út í það.

Hv. 5. þm. Austurl. taldi að flokkur félmrh. hefði látið þröngva sér til þess að standa að því að lögfesta þetta frv. Hver leggur þetta fram? Er það ekki hæstv. félmrh.? Ég held að farið sé að slá út í fyrir mönnum þegar menn halda þessu fram. Ég held að það sé ekki hægt að ætla annað. (**HG:** Framsókn hefur nú áður kysst á vöndinn.) Ég þekki það ekki. Það getur vel verið að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sé vanur því að kyssa á vöndinn, en ég þekki það ekki.

Það hefur verið fundið dálítið að því hvernig 6. gr. er hér sett fram. Eins og brtt. eru kemur eftirfarandi í stað 4. og 5. málsgr., með leyfi forseta:

„Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Félagsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna."

Er þetta ekki alveg skýrt? Hins vegar eru menn ekki lögþvingaðir til að taka þátt í slíku frekar en kaupstaðirnir nú. Er nokkur ástæða til að lögþvinga hreppana frekar en kaupstaðina? Auðvitað er æskilegt að slík þróun verði. A.m.k. vona ég að hinir fjölmennari staðir taki þátt í þessu samstarfi. En ég tel að það verki þannig að ef ætti að lögfesta slíkt mundi það verka öfugt við það sem við, sem þekkjum þetta best, höfum talið að þróunin mundi verða.

Ég fyrir mitt leyti er alls ekki þar með að segja að ég sé á móti þriðja stjórnsýslustiginu. En ég vil bara að byggðirnar sjálfar þrói þetta og komist sjálfar að niðurstöðu en við, sem hér erum, séum ekki að ákveða slíkt. Það er bent þarna á leiðir.

Varðandi það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan held ég að við ráðum ekki við þau verkefni sem eru inni í þessum héruðum með því móti að stofna fylki. Við þurfum jafnt eftir sem áður að leysa þau mál í hverri byggð, hverju héraði. Við leysum ekki sameiginleg fjallskilamál, sýsluvegi og eitt og annað öðruvísi en hver byggð út af fyrir sig. Það er ekkert heldur sem bannar að það sé sami fulltrúi í byggðanefnd og er t.d. fyrir hönd þess sveitarfélags í skólahverfi o.s.frv. En það er líka opið að það sé sérstakur fulltrúi til þess.

Mér er ljóst að alltaf má deila um það hvernig ákvæðin skuli vera í þessu frv. sem í öðrum. En það er mikið sagt og ómaklegt að tala um að frv. sé þannig úr garði gert að það sé sjálfsagt að fresta málinu, og að segja að þetta sé vanskapningur, það er fyrir neðan virðingu allra þm. að komast þannig að orði.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Þetta frv. hefur verið nokkuð gagnrýnt og það er út af fyrir sig kannske ekki óeðlilegt. En verulegur hluti af þeirri gagnrýni er byggður á misskilningi. Fyrst og fremst hafa menn rætt hér um sýslunefndir og niðurlagningu þeirra. Flestir aðilar, sem sendu inn athugasemdir við þetta frv., einmitt varðandi sýslunefndirnar, vildu breyta þeim. Sumir vildu leggja þær alveg niður en svo voru aðrir með tillögur um breytingar. Það voru engir með tillögur um óbreytt fyrirkomulag.

Skv. IX. kafla frv., eins og það liggur nú fyrir, er einmitt lagt til að kosnar verði héraðsnefndir sem komi í stað sýslunefndanna. Þær yrðu kosnar af hreppsnefndum og í flestum tilfellum yrði það oddvitinn. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að þessi kafli falli út en í staðinn komi héraðsnefnd skv. 6. gr., eins og hv. síðasti ræðumaður var að lýsa. Ég vil í þessu sambandi lýsa eindregið yfir því að ég tel að þriðja stjórnsýslustigið komi ekki til greina. Það á bara að vera tvö stig, ríki og sveitarfélög. Þess vegna er sagt í brtt. við 6. gr.: „Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga." Það er meginmálið. Síðan kemur: „Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna."

Þarna er algerlega skýrt kveðið á um að héraðsnefndir, sem þá eru myndaðar af sveitarstjórnunum á viðkomandi svæði, fari með lausn þessara verkefna. Um leið og sýslunefndirnar eru lagðar niður eru þessi verkefni falin sveitarstjórnunum og samvinnunefndum þeirra eins og eðlilegt og sjálfsagt er. Þarna er aðeins um að ræða lítillega breytt kerfi.

Hv. 1. þm. Vesturl. flutti hér mikla og góða ræðu í gær og ræddi þar um sýslunefndirnar. Það var ekki óeðlilegt að við þessi tímamót, þegar þær eru óbeinlínis lagðar niður, en þó ekki lagðar niður, eins og ég sagði áðan, flytti hann hér sitt mál um þessi efni þar sem hann var skörulegur sýslumaður og stjórnaði sýslunefndum um árabil. Ég efast ekkert um að hjá honum hafi sýslunefnd verið vakandi, forusta hans góð og þess vegna haft mikil áhrif á hans svæði. Gallinn við margar sýslunefndir er bara sá — og það er það sem kannske fyrst og fremst fellir þær — að forusta þeirra víða í héruðum hefur ekki verið slík að af sé hægt að státa. Það er kannske það sem fyrst og fremst drepur þetta kerfi. Ef sýslumaður hefur verið vakandi um héraðsmál og áhugamaður um sveitarstjórnarmálefni, eins og í mörgum tilfellum hefur orðið raun á sem betur fer, þá hafa þær starfað vel og komið mörgu fram á sýslugrundvelli. Þar sem það hefur ekki verið hefur þetta ekki haft þau áhrif sem skyldi.

Það sem veldur því að þær hafa ekki náð sínum markmiðum er: að þær hafa ekki verið nægilega tengdar sveitarstjórnum. Störf sýslunefnda er fyrst og fremst sveitarstjórnarstarf. Þær hafa t.d. það vald að ákveða gjöld á viðkomandi hreppa. En oft eru sýslufundir haldnir löngu eftir að hreppar hafa gert sínar fjárhagsáætlanir. Þá kemur sýslunefnd saman og hækkar kannske stórkostlega gjöld á hreppana. Þetta er alveg út úr kortinu og algjör skortur á tengslum, að menn sem ekki eru starfandi í sveitarstjórnum eða tengdir sveitar-

stjórnum komi saman og ákveði slík gjöld á hreppana þegar komið er langt fram á ár. Að sjálfsögðu hafa verið margir nýtir sýslunefndarmenn þó að þeir væru ekki í sveitarstjórnum. En þetta er gagnrýnivert kerfi. Þetta er alls ekki rétt í dag og hefur raunar aldrei verið svo.

Ég vil leggja á það áherslu að sterkasti örlagavaldur í því að þessu kerfi er breytt er að þessar nefndir og forusta þeirra víða í héruðum hefur ekki staðið sig sem skyldi. Það verður bara að viðurkennast. Sjálfur er ég í sýslunefnd og hef lengi verið og kannske ekki verið þar of vakandi. En í minni sveit hafa oddvitar um áratugi setið í sýslunefnd og ég held að það sé eðlilegra kerfi. Og það verður einmitt alls staðar með því að við samþykkjum hér brtt. við 6. gr. Þó að það heiti ekki lengur sýslunefnd heldur héraðsnefnd þá skulu þær myndaðar um lausn þessara verkefna en betur tengdar sveitarstjórnum.

Hér var talað um og hér eru tillögur uppi um að lögfesta lágmarks íbúatölur í sveitarfélagi en þær eru of háar og eðlilegt að hafa þær eins og þær eru í frv. Það leysir engan vanda og það er ekki ástæða, og einnig úr takt við kerfið, að lögbinda svo háa tölu í dag. Þetta verður að koma með þróun. Sveitarfélögin hafa slegið sér saman sjálfviljug til samstarfs um að leysa ýmis stærri verkefni. Það hefur í mörgum tilfellum ekki verið á sýslugrundvelli, það hefur verið eftir aðstæðum. Þau hafa gengið til þess samstarfs sjálfviljug og svo mun verða áfram.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég held að eðlilegt og sjálfsagt sé að samþykkja þessi lög eins og þau liggja nú fyrir. Kannske hafði mátt eyða nokkru meiri tíma í að skoða þau betur, en það bíður þá seinni tíma. Það er nauðsynlegt nú að breyta kosningadögum og kosningaaldri. Sveitarfélögin hafa lengi beðið eftir því að fá ný sveitarstjórnarlög. Þau fá núna með þessum lögum allsæmileg lög eins og staðan er í dag en að sjálfsögðu verður þeim síðar breytt eftir þörfum hverju sinni.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið en ég verð að segja það að mér, sem gömlum sveitarstjórnarmanni, rennur nú nokkuð til rifja þegar ég heyri ýmislegt koma fram hér í máli hv. þm. Það minnir mig óneitanlega á grein sem birtist í Þjóðviljanum 1984 þegar hinn reyndi sveitarstjóri á Norðfirði fór frá völdum. Þar sagði hann:

„Mér hefur sannast sagna fundist áhugi og skilningur forustumanna flokksins á sveitarstjórnarmálum mjög takmarkaður og það ástand hefur því miður lítið breyst til batnaðar hin síðari ár."

Ég er ekki að segja þetta einvörðungu til þeirra manna sem hann á við heldur almennt vegna þess sem oft komið hefur fram í þessum umræðum sem ég hef hlustað (**Gripið fram í:** Hann var nú að tala við sína menn.) mjög gaumgæfilega á.

Ég vil segja það strax að í þessu frv. eru breytingar sem sveitarstjórnarmenn í landinu hafa gert sér grein fyrir að hlutu að koma. Og þeir hafa beðið eftir þessum breytingum árum saman því að það er staðreynd, og það get ég rökstutt ef út í það færi, að núgildandi sveitarstjórnarlög eru orðin það mikill dragbítur á nauðsynlega framvindu sveitarstjórnar hér á landi að það skapast af því tjón. Og einnig mjög mikil vandræði í sambandi við stjórnun ýmissa mála og það á við um réttarstöðu ýmissa byggðarlaga sem við viljum allir verja eftir megni.

Ég sé mig knúinn til þess vegna ummæla sem hér hafa verið látin falla að benda hv. þm. á að þetta frv. hefur verið í mótun í vinnu ákveðinna manna í tæp fimm ár. Í þessu starfi tóku þátt hinir hæfustu menn. Það þori ég að fullyrða. Ég get nefnt menn eins og Jón G. Tómasson, Magnús H. Magnússon í Vestmannaeyjum, Sigurjón Pétursson hér í Reykjavík, Sturlu Böðvarsson í Stykkishólmi, Steingrím Gaut Kristjánsson, sem var formaður nefndarinnar, og Jóhann Einvarðsson, sem tók við af þeim sem hér stendur. Ég vil geta þess að ég hef um 30 ára skeið tekið fullan þátt í mótun sveitarstjórnarmála hér á landi og ég hef átt sæti í flestum þeim nefndum sem hafa verið að endurskoða og gera tillögur um nýja verkaskiptingu og nýja skipan sveitarstjórnarmála hér á landi. Við höfum alltaf rekið okkur á ákveðna þætti í okkar málum sem yrði að breyta. En við höfum viljað gera það þannig að sem mest eining væri um þetta. Og ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., sem er frsm. meiri hl. félmn., að ég tel að það væri rangt á þessu stigi máls að fara að lögfesta þriðja stjórnsýslustig á Íslandi. Það er engin samstaða um það mál meðal sveitarstjórnarmanna á Íslandi í dag. Þeir vilja að þessi mál fái að þróast.

Og ég skal segja ykkur annað. Ég var á ráðstefnu úti í Noregi, fyrsta fundi sveitarstjórnarmanna í Noregi eftir að nýsköpun sveitarstjórnarmála þar var tekin upp, þar sem sveitarfélögum var fækkað og fylki stofnuð og allt sem því fylgdi. Og ég minnist þeirrar gífurlegu umræðu sem varð á því þingi norskra sveitarstjórnarmanna. En það situr enn í mér — ásamt fleirum sem sátu það þing héðan af Íslandi — það sem norsku hagfræðingarnir, sem unnu að þessum málum í fjölda ára í Noregi þegar þessi nýskipan var tekin upp, sögðu við okkur. Þeir sögðu:

Þið skuluð passa ykkur á þessu á Íslandi. Þið hafið ekki nokkra möguleika til að breyta þessum málum eins og við gerðum. Þið hafið ekki möguleika til þess. Fámenni landsins er það mikið og aðstæður á Íslandi að þetta hentar ykkur ekki. Þið skuluð ekki apa þetta eftir okkur.

Og við það hefur verið staðið í sambandi við þá umfjöllun sem þetta mál hefur fengið hér á landi síðan, að ekki hefur verið farið inn á þá braut heldur hafa sveitarstjórnarmenn viljað þróa þetta áfram með samstarfi og samvinnu sín á milli. Og við höfum séð hvert stórvirkið unnið hér á landi á þessu sviði einmitt gegnum þessa stefnu. Við getum ferðast um sýslu eftir sýslu, eða hérað eftir hérað þar sem við sjáum sveitarstjórnarmenn vinna saman að byggingu skóla, byggingu læknisbústaða eða heilsugæslustöðva, félagsheimila o.s.frv. Þarna er hin frjálsa samvinna sveitarfélaga að verki. Og þessi samvinna þeirra gerir það að verkum að fleiri og fleiri sveitarstjórnarmenn á Íslandi hafa komið auga á þá staðreynd að það er miklu betra að þjappa sér saman á þennan hátt. Það er stutt í það að víða vilji þessir menn stíga skrefið til fulls og sameina sveitarfélögin. Ég er ekki í neinum vafa um að það kemur — ekki með valdbeitingu heldur með þessari þróun og það þarf að fylgja henni eftir með skynsamlegri aðgerð stjórnvalda.

Ég ætla að benda ykkur á — og það er í raun og veru nóg svar til hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 1. þm. Norðurl. v. — að það er alveg brýn nauðsyn og réttlæti í alla staði

að réttarstaða sveitarfélaga verði sú sama hér á landi. Hún er það ekki í dag. Hún getur ekki orðið það við það kerfi sem við höfum búið við. Það er útilokað. Sumir landshlutar búa við það ástand, eins og fran kom hjá einum hv. ræðumanni áðan, að þar eru aðeins örfáir hreppar saman sem standa að sýslufélagi sem er máttlaust, getur ekki neitt.

Ég gæti haldið langa ræðu út frá ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Auðvitað er sýslunefnd og sýslufélag Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu óvirk í dag. Það er ósköp eðlilegt því að tekjumesta sveitarfélagið er farið út og orðið kaupstaður. Þó er það verra víða annars staðar. Ég er alls ekki með þessu að segja það að sýslurnar og sýslunefndirnar hafi ekki unnið stórvirki hér á landi. Það hafa þær gert í gegnum tíðina. En það er bara búið mál. Það gengur ekki upp lengur þetta kerfi sem við höfðum hér á landi. Það eru að vísu tvö verkefni sem eru eftir þegar þessi lög eru komin í gegn. Það eru fjallskilareglugerðir og sýsluvegir. Hvernig haldið þið að sýsluvegirnir séu framkvæmdir í gegnum sýslunefndirnar í dag? Haldið þið að það séu sýslunefndirnar sem gera þetta? Það er Vegagerð ríkisins sem framkvæmir þetta og það er ekkert auðveldara en að gera litla breytingu á vegalögum og færa þetta formlega til Vegagerðarinnar. Vegagerðin leggur skýrslurnar inn á sýslunefndarfundina og gengur frá því þar. En ég ætla ekki að fara að ræða þetta sérstaklega, herra forseti. Ég vil bara leggja áherslu á að það er svo mikilvægt að ný sveitarstjórnarlög gangi í gildi eftir alla þessa vinnu sveitarstjórnarmanna í árararaðir, það má segja í raun áratugi, að við getum ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að þessi breyting verður að koma. Við getum ekki ætlað sveitarstjórnum og sveitarfélögum á Íslandi í dag að vinna að sínum málum og reka sig alls staðar á agnúa í núgildandi lögum sem hindra það að þeir geti haft eðlilega stjórn á þessum málum. En því miður er það þannig.

Það hefði verið fróðlegt í raun og veru ef hv. alþm. hefðu getað gefið sér tíma í gær og í dag að sitja fund fulltrúaráðs sveitarfélaga sem er nýlokið. Þar voru þessi mál rædd með tilliti til hagsmuna sveitarfélaga og í fulltrúaráði sveitarfélaga sitja reyndir og traustir sveitarstjórnarmenn sem vita hvað byggðarlögunum er fyrir bestu í þessum málum. Þeir hafa einmitt fjallað um þetta. Þeir hafa fjallað um sveitarstjórnarfrv., sem hér er til umræðu, þeir hafa fjallað um tekjustofnafrv., sem er væntanlegt næstu daga, og þeir hafa gert þá tillögu þar að þeir óska eindregið eftir því að þetta frv. verði að lögum.

Ég ætla ekki að ræða þetta meira. Ég vonast til þess að Alþingi beri gæfu til að samþykkja þetta frv. Það lokar ekki fyrir framhaldið. Það er alveg ljóst að ef þetta frv. verður að lögum eykur það frekar möguleikana á því að ræða á næstu árum um það hvort við eigum að stíga það skref að byggja hér upp þriðja stjórnsýslustigið, hvort sem það heitir fylki eða annað, eða hvort við eigum að vinna að því á næstu árum, sem ég mundi telja að væri gæfuríkast, að stækka einingar sveitarfélaga með samvinnu sín á milli og sameiningu þannig að niðurstaðan verði sú að hér verði aðeins tvö stjórnsýslustig, þ.e. ríkið annars vegar og sveitarfélögin hins vegar. Ég tel að það sé æskilegasta formið og þetta frv. lokar ekkert fyrir þessar umræður, þvert á móti opnar það.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég vil í sambandi við og í framhaldi af orðum hæstv. félmrh. hér áðan aðeins vekja athygli virðulegrar þingdeildar og einnig hæstv. ráðh. á því að þó að það sé að sönnu rétt að mikið undirbúningsstarf hafi fari fram við endurskoðun sveitarstjórnarlaga, fimm ár nefndi hæstv. ráðh., þá liggur það núna fyrir samkvæmt brtt. meiri hlutans að við erum í raun og veru að fjalla um allt annað frv., efnislega allt annað mál en það sem verið hefur á borðum endurskoðunarnefndar og annarra slíkra aðila undanfarin ár. Það liggur fyrir að það er vilji meiri hlutans, alla vega vilji meiri hluta virðulegrar félmn. deildarinnar og væntanlega flestra stjórnarþm. þó það sé nú óljóst, að gera þá miklu efnisbreytingu á þessu frv. að fella niður með öllu IX. kaflann um héraðsnefndir án þess að nokkuð komi í staðinn. Það er öllum ljóst að þar með er um slíka grundvallarbreytingu að ræða að við værum í raun og veru að afgreiða hér allt öðruvísi lög, setja allt öðruvísi lög en endurskoðunarnefndin var með á sínum borðum lengst af. Það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu hér.

M.a. vegna þeirrar gagnrýni sem hér hefur komið fram á þetta frv. frá hv. 1. þm. Vesturl. og 1. þm. Norðurl. v., fyrstu þm. tveggja dreifbýliskjördæma, vil ég að mörgu leyti taka undir það sjónarmið sem þar kom fram, að það er ólán og ógæfa ef þingið kýs að hraða sér svo við setningu sveitarstjórnarlaga að þau geti ekki staðið sem skyldi um árabil og staðið fyrir sínu.

Ég lýsti þeirri skoðun minni inni í félmn. þegar fyrir áramót og hef gert það iðulega síðan að ég væri fyrir mitt leyti tilbúinn að standa að því að afgreiða kosningalagakafla þessa frv. hvenær sem væri og stuðla að því að hann gæti farið hér hraðförum gegnum þingið ef menn tækju þann kost að taka sér meiri tíma til að afgreiða það sem eftir væri af frv. Og mér heyrast hv. stjórnarþm. margir hverjir vera mér sammála um að þetta hefði verið heppileg málsmeðferð. Þar með er ekki sagt, hæstv. félmrh., að því mikla undirbúningsstarfi sem unnið hefur verið væri kastað fyrir borð. Auðvitað erum við að tala um setningu nýrra sveitarstjórnarlaga fyrr eða síðar, ef ekki nú á þessu yfirstandandi þingi þá væntanlega á næsta ári, næsta þingi. Ég held að þessi vinna sé þess eðlis að hún úreldist ekki á einu sumri, enda væri hún þá ekki mikils virði ef hún væri svo tímabundin í sjálfu sér. Væntanlega heldur hún gildi sínu og gæti komið að sama gagni við víðtækari og vandaðri endurskoðun laganna sem enda mundi í lögum t.d. næsta vetur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í nafngiftir á þessu frv. Hér hafa farið fram fróðlegar umræður um það hvort það sé heldur afmán eða vanskapningur eða eitthvað örlítið betra sem hér er á ferðinni. Ég hafði þau orð um þetta frv. að hér væri í raun og veru á ferðinni lítil tíðindi og ég held mig við það. Hér hefur fæðst lítil mús eftir langan aðdraganda af stóru fjalli.

Vegna þeirra ummæla sem hv. 3. þm. Norðurl. e. viðhafði hér um lýðræði og lýðræðislegt umboð og lýðræðislegt kjör í nefndir og ráð, stjórnir og stofnanir á vegum sveitarfélaga vil ég láta nokkur orð falla. Að vísu beindi hv. þm. ekki sérstaklega máli sínu til mín öðrum fremur, en vegna þess að ég hafði í framsögu minni fyrir nál. 2. minni hl. nokkurt mál um þetta atriði er mér

ekki grunlaust um að hann hafi að einhverju leyti hugsað þetta skeyti til mín. Hv. þm. vitnaði til 57. gr. frv. og las nokkur fyrstu orðin sem þar er að finna. Og með leyfi virðulegs forseta ætla ég að gera betur og lesa alla setninguna sem hann vitnaði til. Hv. þm. vitnaði einfaldlega til þess að í upphafi 57. gr. segir:

„Sveitarstjórn kýs menn í nefndir, ráð og stjórnir" — síðan hafði hv. þm. tilvitnunina ekki lengri en þá ætla ég að bæta við, með leyfi forseta — „eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins". Þetta skiptir grundvallarmáli. Það er á engan hátt tekið af skarið með kosningar nema að því leyti þar sem það er bundið í öðrum lögum. Að öðru leyti er þetta að sjálfsögðu opið og ekkert skilyrði um kosningar hér á ferðinni. Við getum sett saman ákvæði 57. gr. og t.d. inntak þess sem fjallað er um héraðsnefndir eða landshlutasamtök að öðru leyti í þessu frv. Og hvað kemur út úr því? Á hvorugum staðnum er í því tilfelli talað um kosningu fulltrúa þannig að það er galopið eftir sem áður samkvæmt þessu frv.

Ég held mig við það, herra forseti, að það sé einn megingalli þessa frv. að að svo miklu leyti sem tekið er á þeim hluta stjórnsýslunnar, sem liggur á milli ríkisvaldsins og einstakra sveitarfélaga, þá er sá höfuðókostur áfram við lýði að lýðræðislegt umboð stjórna, nefnda og ráða, byggðasamlaga, héraðsnefnda eða landshlutasamtaka frá íbúum viðkomandi svæða er ekki á neinn hátt tryggt. Það liggur fyrir að í þessu frv. er ekki á nokkurn hátt tekið á þessu máli. Það hef ég leyft mér að gagnrýna og ég held því fram, herra forseti, að það sé einn mestur annmarki á þessari frumvarpssmíð.

Ég vil í lokin lýsa þeirri afstöðu minni, og hún stendur óbreytt, að ég er tilbúinn fyrir mitt leyti til að stuðla að því að kosningalagakafli þessa frv. fari hraðferð í gegnum þingið. Það er reyndar ekki vansalaust hversu lengi það hefur dregist að koma á þeim kosningaaldri og því kjörgengi sem menn ætla sér að hafa við komandi sveitarstjórnarkosningar og mun vera nokkuð óvenjulegt að menn ákveði framboðslista sína og stilli upp með fyrirvara um það hvort ákveðnir einstaklingar á viðkomandi listum muni hafa kjörgengi við viðkomandi kosningar eins og þegar hefur gerst í nokkrum tilfellum. Ég vil sérstaklega taka þetta fram og undirstrika að í ljósi þeirrar gagnrýni, að mörgu leyti gagnmerku gagnrýni, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. og 1. þm. Vesturl. hafa haft uppi á ýmsa hluta þessa frv., þá lýsi ég þessari afstöðu minni.

En eins og ég hef tekið fram í mínu nál. er fjöldamargt til bóta í frv. Hvernig ætti annað að vera þegar hér er verið að breyta jafngömlum lögum á jafnmiklu hverfanda hveli nútímans eins og allir vita? Það réttlætir hins vegar ekki að mínu viti, þótt núgildandi sveitarstjórnarlöggjöf sé að mörgu leyti gölluð og úrelt, að við köstum höndunum til þess að setja ný lög. Það á aldrei að standa þannig að málum að réttlæta slæleg vinnubrögð og laka niðurstöðu með því að það sem fyrir er sé enn þá verra. Ég er ósáttur við þá röksemdafærslu hv. þm. Eggerts Haukdals að þetta sé svona sæmilega viðunandi niðurstaða og ekki svo bölvað í sjálfu sér og þess vegna sé allt í lagi að samþykkja þetta. Svoleiðis ræðuhöld vil ég aldrei heyra á hv. Alþingi. Menn eiga að vanda til verka því það skal vel vanda til þess sem lengi á að standa. Ég er sannfærður um það að verði þetta frv. að lögum með þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur til, og þeim brtt. einum, munum við verða áfram í þessu verki um árabil því að menn munu ekki lengi una þessari niðurstöðu, hún er of takmörkuð og gölluð til þess.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hér hafa nú staðið fróðlegar umræður um þetta veigamikla mál í nokkra daga og má ætla að svo verði að einhverju leyti enn um sinn. Mér þykir rétt að gera örfáar athugasemdir við ræðu hæstv. ráðh. sem hann flutti hér áðan.

Hæstv. ráðh. sagði að núgildandi lög væru orðin dragbítur á starfsemi sveitarfélaga og sveitarstjórna þannig að tjóni valdi. Hæstv. ráðh. færði ekki mörg rök þessari staðhæfingu sinni til sönnunar. Ég get að sönnu tekið undir það með ráðherra að sveitarstjórnarlögin sem nú gilda séu þess efnis að mér þyki, og að ég ætla flestum öðrum, rétt og nauðsynlegt innan tíðar að breyta þar ýmsum ákvæðum. Hann nefndi að vísu að réttarstaða sveitarfélaganna allra væri ekki hin sama. Það er út af fyrir sig hárrétt. Þessu er hægt að breyta og um þetta efni hafa komið fram tillögur sem ég get mætavel fellt mig við. Ég mun víkja að slíkum tillögum hér nokkuð seinna. Þá sagði hæstv. ráðh. að sýslufélögin sum hver væru máttlaus og réðu ekki við meiri háttar verkefni sem sveitarfélögunum kynnu að verða falin til meðferðar. Vel má það vera að sýslunefndir og sýslur séu misjafnlega öflugar einingar í stjórnkerfinu. Ég hygg að það væri mjög auðvelt að bæta þar um. Um leið og réttarstaða sveitarfélaganna væri færð á sambærilegan grundvöll þá væri hægt að efla sýslurnar þannig að þær gætu tekist á við viðamikil verkefni.

Hæstv. ráðh. minntist á vegamálin, að sýsluvegir og framkvæmd þeirra mála væri að litlu leyti á höndum sýslusjóða og sýslunefnda. Það má vel vera að svo sé sums staðar. Hann sagði líka að það væri einföld breyting á vegalögum að færa þessi verkefni til Vegagerðar ríkisins. Nú er mér kunnugt um það, a.m.k. þar sem ég þekki best til, að þá fjalla sýslunefndir mjög nákvæmlega um skiptingu fjár og framkvæmdaáætlun sýsluvegasjóða. Það er að mínum dómi mjög nauðsynlegt að leitast við að halda slíkum viðfangsefnum heima í héruðum eftir því sem fært þykir. Slík verk eru að sjálfsögðu unnin í félagi við starfsmenn Vegagerðar ríkisins en eðli málsins samkvæmt eru það þó sýslunefndirnar sjálfar sem ráða og gera samþykktir um hvernig þessu fé skuli varið. Ef einhverjar sýslunefndir aðrar, sem mér virtist að hæstv. ráðh. vitnaði til, haga þessu á annan máta þá tel ég það miður. Hitt er rétt að það er ósköp einfalt að breyta lögum á þann máta að þessi mál falli öll undir Vegagerð ríkisins. Það er oft einfalt að færa verksvið og vald heiman úr héruðunum til miðstöðvar stjórnkerfisins, til ríkisstofnana. Það er stundum einföld lagabreyting. En það er betra að standa á verði gegn slíku en stefna að því að það verði gert.

Við teljum ýmsir hverjir að strjálbýli landsins standi helsti veikt og við þurfum að halda þar áhrifum svo sem verða má og jafnvel þó í litlu sé tel ég að við eigum að snúast til varnar ef þær raddir koma fram, þó frá hæstv. ráðherrum sé, sem sýni fram á hversu auðvelt sé að breyta þarna um og færa málefni í hendur ríkisstofnunar, enda þótt ég sé ekki að kasta neinum steini að þeirri ágætu ríkisstofnun sem hér á hlut að máli og ég á margvísleg góð samskipti við.

Hæstv. ráðherra vitnaði til þess réttilega, svo sem ég raunar gerði í ræðu minni hér í fyrradag, að mætir menn hefðu fjallað um þessi mál á undanförnum árum, allt að fimm árum. Hann nefndi Jón G. Tómasson, Magnús H. Magnússon, Sigurjón Pétursson, Sturlu Böðvarsson og Steingrím Gaut Kristjánsson. Það er hárrétt, þetta eru mætir menn og á engan þeirra vil ég halla eða víkja að nokkru orði sem skilja megi þeim til miska. Hins vegar verður að hafa það í huga að allir þessir ágætu menn eru fulltrúar sinna byggðarlaga, eru fulltrúar sinna sveitarfélaga í nefnd sem fjallar um þessi mál. Allir þessir menn eru fulltrúar þéttbýlissveitarfélaga, enda er það svo, eins og ég sagði einnig í minni fyrri ræðu, að mál þetta á fyrst og fremst rætur í óskum þeirra manna sem byggja aðalþéttbýli landsins. Óskirnar hafa ekki, a.m.k. nema að litlu leyti þá, komið frá þeim sem eru fulltrúar strjálbýlis og sveitarhreppa. Það er réttmætt, þegar fjallað er um jafnviðamikið, jafnviðkvæmt og jafnþýðingarmikið mál sem þetta, að í nefnd sem um slíkt á að semja frv. sitji einnig þeir sem talist geta fulltrúar hinna dreifðu byggða, sveitahreppanna í landinu, eða þá sýslnanna, sem í mörgum tilfellum fara sameiginlega með þau mál sem í sveitum er við að fást.

Þetta vildi ég láta koma fram í sambandi við ræðu hæstv. ráðherra sem að ýmsu leyti var auðvitað ágæt ræða. Ég skal ekki fjalla mikið um þau orð sem hafa fallið hjá öðrum ræðumönnum. Hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar staðfesti það álit mitt að ekki væri hægt að sjá fyrir hvað gerðist í verkefnaskipan sveitarfélaganna og í sambandi við það á hvern hátt mál skipuðust um samstarf sveitarfélaga almennt, hvorki að því er varðar lögbundið samstarf eða frjálst samstarf. Það er ekki einkennilegt þó að hv. frsm. taki svo til orða vegna þess, eins og ég hef rakið í fyrri ræðu minni, að þar sem fjallað er um lögbundið samstarf sveitarfélaga skv. brtt. við 6. gr. eru hvergi nein ákvæði um kosningar til slíks stjórnsýslustigs, ekkert um tekjustofna, ekkert um stjórn, ekkert um það hvernig réttarstaða einstakra sveitarfélaga í slíku lögbundnu samstarfi skuli vera ef, sem gefið er undir fótinn með, eitthvert sveitarfélag, eitthvert hreppsfélag, kann að vilja draga sínar eignir út úr sýslufélagi og halda þeim eftir þegar ný héraðsnefnd er stofnuð. Þar er ekkert um réttarstöðu kaupstaðar sem kann að vilja gerast aðili að slíku eða hvaða eignir eða fjármuni kaupstaður þarf að leggja til í slíku samstarfi til þess að halda til jafns við þá sem þar eru fyrir og eiga miklar eignir o.s.frv., o.s.frv. Málið er sem sagt allt á floti. Það eru óljós ákvæði og ekki að furða þó að hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar viðurkenni það fullum fetum hér að ekki er hægt að sjá afleiðingarnar fyrir. Þetta er vitaskuld meginefni þess sem ég hef fundið að, hversu gjörsamlega þetta er laust í reipum, hversu ógerlegt er að sjá hvernig þessi mál muni reynast þegar til framkvæmdanna kemur. Það er heldur mikið um það að hv. Alþingi afgreiði frá sér lagabálka sem hv. alþm. hafi kannske ekki að fullu gert sér grein fyrir hvernig skuli framkvæma, og er ég þá ekki að kasta steinum að einum stjórnanda fremur en öðrum. Þetta er vitaskuld algjört meginefni þessa máls. Það er óskiljanlegt að ætla sér að afgreiða það á þennan máta þannig að það sé svona gjörsamlega fljótandi og ekki hægt að gera sér grein fyrir því hver áhrifin verða.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði að kosningar til samstarfsvettvangs á vegum sveitarfélaga færu fram skv. 57. gr. Þetta er rétt. Það er tekið fram hvernig það skuli gerast varðandi hið frjálsa samstarf sveitarfélaganna sem hefur verið kallað byggðasamlög. Er þó miklu síður ástæða til að setja ákvæði í lög um hvernig mynda skuli frjálst samstarf sveitarfélaga skv. þeim kafla heldur en að setja í lög ákvæði um kosningar til lögbundins samstarfsvettvangs sveitarfélaga sem er þarna kallaður héraðsnefndir. Það vantar algjörlega. Um það er ekkert í þessari grein, 57. gr., sem hv. þm. Stefán Valgeirsson vitnaði hér til og lýtur að þeim málum. Ekki orð.

Ég nenni varla að tala um það sem var þó út af fyrir sig kannske rökrétt fullyrðing hjá þessum hv. þm., Stefáni Valgeirssyni, en hann er því miður ekki viðstaddur, að þetta frv. væri svo sem ekki verra en mörg önnur mál. Það getur vel verið að það sé ekki verra en mörg önnur mál, eins og hann orðaði það. Hv. þm. Eggert Haukdal lauk ræðu sinni eitthvað á svipaðan máta. En það er vitaskuld, eins og hér kom fram hjá síðasta ræðumanni, alveg ómögulegt að taka svo til orða um jafnþýðingarmikið mál og hér er á ferðinni, jafnþýðingarmikið mál og hér er um að tefla, er varðar fyrirkomulag á grunneiningum stjórnkerfisins. Það er naumast afsakanlegt.

Svo hefur auðvitað komið fram í þessum umræðum, þar á meðal í skörulegri og mjög vandaðri ræðu hv. 1. þm. Vesturl. í gær og í umræðum hér í dag, að menn eru afar óánægðir með á hvern máta þessum efnum er skipað á þeim vettvangi sem sýslunefndir hafa farið með og fara með skv. gildandi lögum og sumir kalla þriðja stjórnsýslustig. Hv. þm. Eggert Haukdal lét svo um mælt að þær breytingar sem frv. gerði ráð fyrir í þessum efnum væru tilkomnar vegna þess að sýslumenn í sumum sýslum hefðu ekki reynst vera vakandi í sínu starfi varðandi sveitarstjórnarmálin og þeir hefðu orðið algerir örlagavaldar, eins og hv. þm. orðaði það, í því að vinna brautargengi kröfunni um að fella sýslurnar niður.

Þetta má vel vera rétt. Ég skal ekkert draga í efa að það geti verið satt en ég þekki þetta ekki á mínum heimaslóðum, þar sem ég er kunnugastur. Það er raunar öðru nær. En þó að þetta sé satt, og við skulum segja að það sé satt, hafa komið fram tillögur um skipulag sem gengur alveg fram hjá þessum atriðum og hv. 1. þm. Vesturl. sagði í sinni merku ræðu í gær að vitaskuld væri ekkert sérstakt atriði í þessum efnum að sýslumenn væru oddvitar sýslunefnda. Tillögur hafa komið fram um annað. Þá værum við lausir við þessa dragbíta sem hv. þm. Eggert Haukdal kallar örlagavalda í því að drepa sýslur og sýslunefndir. Þá erum við lausir við þá út úr sveitarstjórnarmálunum ef þannig væri á málum haldið og þannig væri breytt þessum lögum. Ég get algjörlega tekið undir það. Það er ekkert sem knýr á um að halda því í lögum að sýslumenn séu oddvitar sýslunefnda. Sýslunefndir eiga að geta kosið sér oddvita sjálfar eða ráðið sér framkvæmdastjóra sem má vera sýslumaður eða einhver annar sem þær treysta best fyrir því að fara með oddvitastörf í sínum hópi.

Ég held ég megi til af þessu tilefni að vitna til nokkurra atriða í tillögum að IX. kafla í slíkri löggjöf sem hér er verið að fjalla um, um sýslufélög. Það eru stafir eins mæts sýslumanns á þessum tillögum, Jóns

Ísbergs. Þar er 97. gr. orðuð svo, með leyfi forseta:

„Sýslunefnd er samstarfsnefnd sveitarfélaga í sýslunni og hlutverk hennar er að:

1. Annast ýmis þau verkefni sem sveitarfélög nú annast en eru ofviða einu sveitarfélagi, þannig að tvö eða fleiri þurfi að vinna saman.
2. Stjórna málum sem varða alla sýsluna, svo og gera tillögur um hvað eina sem má verða sýslu og sýslubúum til gagns og hagsældar.
3. Setja reglugerðir sem gilda eiga fyrir sýsluna í heild.
4. Hafa umsjón með vegamálum skv. vegalögum.
5. Gefa álitsgjörðir um mál tengd einstökum hreppum eða sýslunni í heild, enda verði engu slíku máli til lykta ráðið nema álitsgerð sýslunefndar liggi fyrir.
6. Tilnefna þrjú hreppstjóraefni þegar þess þarf með.
7. Vinna gegn og afstýra afleiðingum hallæris og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi.
8. Hafa yfirumsjón með almannavörnum.
9. Önnur þau störf er lög og reglugerðir mæla fyrir um."

Meðal þeirra starfa sem lög og reglugerðir mæla fyrir um er að hafa yfirumsjón með fjárreiðum sveitarfélaga á sínu starfssvæði og endurskoða fjárreiður og sveitarsjóðsreikninga, yfirumsjón fjallskilamála og ýmissa annarra málaflokka er varða landbúnað o.fl. o.fl. sem ég ætla ekki að fara að ítreka og áður hefur verið vikið að.

Þá segir svo í þessum tillögum, með leyfi forseta, í 98. gr.:

„Öll sveitarfélög eiga fulltrúa í sýslunefnd. Fulltrúafjöldi í sýslunefnd fer eftir íbúatölu sveitarfélags. Sveitarfélög með 350 íbúa og færri skulu eiga einn fulltrúa í sýslunefnd. Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja 350 íbúa."

Hér er um breytingar að ræða. Hér er um nýtt fyrirkomulag að ræða sem er til þess fallið að tryggja aukna hlutdeild hinna fjölmennari sveitarfélaga og aukin áhrif þeirra. Þetta ásamt öðru ætti að verða til þess að draga úr tilhneigingu einstakra sveitarfélaga, sem kannske hafa náð því að verða 1000–1200 manns, til að stofna sérstaka kaupstaði.

Þá segir einnig í næstu grein, 99. gr., í þessum tillögum:

„Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í sýslunefnd úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna eigi síðar en tveimur mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar" o.s.frv.

Hér er einnig um nýtt fyrirkomulag að ræða og komið til móts við ýmsar mótbárur sem menn hafa haft uppi við því að ekki séu nægilega mikil tengsl á milli kjörinna sýslunefndarmanna annars vegar og oddvita hreppa og sveitarstjórnarmanna hins vegar og það skýrt með því að það séu einmitt sveitarstjórnir og oddvitar sem fari með fjárreiður hreppa. Hér er tillaga komin fram til að mæta þessu sjónarmiði sem ég ætla að eigi fullan rétt á sér.

Þá segir í næstu grein m.a.:

„Sýslunefnd getur falið sýslumanni oddvitastarf sýslunefndar. Situr hann þá sýslufundi og stjórnar þeim með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar."

Hér kemur það fram í þessum tillögum að sýslunefnd ræður því sjálf hverjum hún felur oddvitastarf úr sínum hópi eða einhverjum öðrum. Þar á meðal getur hún falið sýslumanni að vinna þetta verk, ef hún hefur fullt traust á honum til þess, ella öðrum sem hún treystir betur, þar á meðal einhverjum úr sínum hópi. Hér eru tillögur sem koma til móts við sjónarmið hv. þm. Eggerts Haukdals og annarra þeirra sem hér hafa talað á þann máta að þessi stjórnsýslueining, sýslur og sýslunefndir, væri dauðanum ofurseld vegna þess að sýslumenn hefðu ekki sums staðar staðið í stykkinu.

Hér eru líka í þessum tillögum ákvæði um tekjustofna og ákvæði um skyldu tiltekins aðila til að annast bókhald. Þessar tillögur eru settar fram — og ég ætla ekki að tefja tímann með því að lesa þær orði til orðs eða grein eftir grein — á þann máta sem þarf að vinna að lagasetningu þar sem um lögbundið fyrirkomulag er að ræða þannig að ekki leiki sífellt vafi á öllum atriðum og þau séu skilin eftir á floti, syndandi á þann máta sem hv. frsm. félmn. hefur lýst með eigin orðum að sé ómögulegt að sjá fyrir hvernig muni verða framkvæmt eða hvað muni gerast.

Þetta er vitaskuld mergurinn málsins, efnislega, að við þurfum að vita hvert við stefnum þegar við erum að setja lög um jafnþýðingarmikið efni og hér er á ferðinni. Það er þess vegna sem ég hef látið koma fram að ég tel að betra sé að taka lengri tíma til að vanda slíka löggjöf en flaustra henni af. Við eigum þess vegna ekki í þessu horfi að flaustra þessari löggjöf af, ég segi flaustra þrátt fyrir að unnið hafi verið að henni kannske í 5 ár, eða jafnvel þó unnið væri í 10 ár. Meðan frv. er ekki betra en þetta er það ekki að mínum dómi hæft til afgreiðslu.

Hæstv. ráðherra getur vafalaust hermt það upp á mig að ég fari hér með stór orð en það verður bara að hafa það. Ég segi honum í fyllstu hreinskilni og í sannleika að það sem ég hef sagt er ekki á nokkurn hátt mælt í þeim tilgangi að meiða hann eða draga úr því að sómi hans gæti verið hinn mesti. Og ég ítreka það, sem ég sagði undir lok ræðu minnar síðast, að ég teldi að virðing hans væri því meiri sem lagasetning undir hans handleiðslu væri betri en ekki hvort lögin koma einu árinu fyrr eða seinna. Það er allt önnur saga.

Ég skal svo láta lokið að sinni efnislegri umræðu þessa máls en hv. frsm. meiri hl. nefndar, Friðrik Sophusson, sagði að stungið hefði verið upp á orðum sem kæmu í stað þeirra sem ýmsir hefðu fundið að, þ.e. orð sem hér er fest á blað og á að tákna frjálst samstarf sveitarfélaga og kallað er byggðasamlag og þess sem ég einnig fann að, samheitis yfir framkvæmdastjórn sveitarstjórnar sem í þessu frv. er kallað byggðarráð. Mér þótti gott að heyra að hv. frsm. tók undir það að til athugunar gæti komið að endurskoða þessi orð og raunar sagði hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, hið sama og þykir mér einnig vænt um það.

Hins vegar sagði hv. frsm. meiri hl. að nýyrði sem hér er um talað, a.m.k. orðið byggðarráð væri verðlaunaorð. (**Gripið fram í:** Byggð.) Eða byggð væri verðlaunaorð og hefði fengið verðlaun hjá samtökum sveitarfélaga. Hann nefndi meira að segja höfund orðsins. Ég vil enn gera athugasemd við þetta orð, byggð í merkingunni sveitarfélag. Ég endurtek að samkvæmt minni málvenju stríðir þetta og brýtur gegn íslensku máli eins og málfar hefur haldist í mínum munni og minna nágranna a.m.k. og eins og ég hef heyrt það túlkað svo lengi sem ég man eftir mér. Og ég hlýt að lýsa megnustu

andúð minni á því að með lagasetningu sé verið að taka upp nýyrði, þó einhvers staðar hafi þau fengið verðlaun, sem brjóta gegn íslenskri málvenju.

Ég skal ekki fara að endurtaka það sem ég sagði um þetta í minni fyrri ræðu að öllu leyti, en ég rifja það upp sem ég sagði, að byggð er samfellt byggt landsvæði skv. málvenju og annað er óbyggð eða óbyggðir. Það er ein byggð hér í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, svo að dæmi sé tekið. Það eru engin skil í byggðina. Þetta er ein byggð. Þetta eru ekki tvær byggðir. Ég efast um að nokkur hafi tekið sér það í munn að hér á þessu nesi væru tvær byggðir, enda er það rangt skv. íslenskri málvenju. Þetta er ein byggð. Að fara að lögfesta það að þetta séu tvær byggðir, lögfesta það og búa til skringileg orð, svo sem eins og byggðasamlag, fara að lögfesta það að gróinni málvenju sé nú hafnað og önnur tekin upp, því er ég gjörsamlega á móti. Það eru heldur engin skil í byggðina, eins og ég sagði, í Miðfirði þó að þar séu tvö sveitarfélög og það eru engin skil í byggðina í Vatnsdal þar sem hreppamörk eru, eða hér og þar t.a.m. í Skagafirði þar sem hreppamörk eru. Það er ein byggð. Og svo er víða um landið.

Ég ætla ekki að fara að kasta hér steinum að neinum aðilum úti í bæ, þeir geta veitt sín verðlaun eins og þeim sýnist, en ég segi það fyrir mína parta að enginn fær mig til þess að samþykkja það að með lögum sé verið að kollvarpa aldagamalli málvenju sem vel má haldast áfram þegar hægt er að taka upp allt önnur og betri orð um þessi efni. Ég stakk upp á tveimur orðum um daginn. Í sambandi við byggðarráð er það auðvitað ekkert annað en framkvæmdastjórn sveitarstjórnar, og það er aðeins samheitið, því að það kemur líka fram í lagatextanum að áfram er ætlast til að það heiti í Reykjavík borgarráð, það heiti í kaupstöðum bæjarráð, og gert er ráð fyrir að það geti heitið í hreppum hreppsráð, sem mun vera óvenjulegt enn sem komið er a.m.k., en samheitið má auðvitað vera framkvæmdastjórn sveitarstjórnar og ekki þarf að innleiða orðskrípi sem kollvarpar málvenju í þess stað.

Sömu sögu er auðvitað að segja um orðið byggðasamlag. Það hljómar hjákátlega, hvort sem á kalla það byggðasamlag í tengslum við verkefni eða landsvæði. Ég nefndi hér t.d. heilbrigðisbyggðasamlag, fjallskilabyggðasamlag og (Gripið fram í.) já, og hundahreinsunarbyggðasamlag o.s.frv., o.s.frv., og er það býsna hjákátlegt. En við eigum annað orð, sem ég nefndi, sem er notað í einu tilviki og er a.m.k. gamalt og gróið íslenskt orð og hefur lengi verið notað. Það er orðið hverfi. Við notum orðið skólahverfi, við getum notað orðið fjallskilahverfi, við getum notað orðið heilbrigðishverfi o.s.frv., o.s.frv. Það táknar að nokkrir aðilar standa þá saman að því verkefni sem um er rætt. Enn þá hjákátlegra væri að nota þetta orð í tengslum við landsvæði, svo sem Skaftfellingabyggðasamlag, Mýramannabyggðasamlag eða Borgarfjarðarbyggðasamlag o.s.frv., o.s.frv. Það er náttúrlega enn þá hjákátlegra. Það er óþarfi að gera hvort tveggja í senn, að brjóta þannig niður íslenska málvenju og að taka upp í lög slík orðskrípi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera örfáar athugasemdir við ræður manna í þessu máli.

Hæstv. félmrh. talaði hér áðan um hina frjálsu samvinnu sveitarfélaga sem sjaldan verður oflofuð. Hann benti á að ekki bæri alltént að fara eftir erlendum sérfræðingum — ég held að hann hafi talað um norska sérfræðinga — ekki bæri að apa allt eftir þeim. Þetta er hverju orði sannara. Þó er það svo að fjöldamargt í löggjöf okkar Íslendinga og Norðurlandabúa er svipað og af sömu rótum runnið, þó það hafi breyst nokkuð í aldanna rás. Enn í dag hafa Norðurlandaþjóðir með sér víðtækt samstarf á löggjafargrundvelli. Svo er ekki fyrir það að synja að við höfum talið okkur eitthvað í ætt við Norðmenn. Ég man ekki hver sagði það, það var einhver fræðimaður fyrr á öld sem tók þannig til orða: „Coelum non animum mutant, qui trans mare currunt." Það er að segja: „Þeir sem sigla yfir hafið skipta um himin en ekki hug."

Þess vegna hlutu forfeður okkar að taka talsvert með sér af norskum réttarvenjum og hugsunarhætti þegar þeir lögðu út á hafið og fundu Ísland hér „úti í gullnum sænum".

En það var annað sem hæstv. félmrh. vék að sem ég ætlaði að gera að umtalsefni. Ég ætla mér ekki á neinn hátt að rýra hlut hans í þessu máli og ég skil vel áhuga hans á að koma þessu frv. fram. En ég skil líka áhuga þeirra, sem ekki geta í öllum atriðum fellt sig við frv., að þeir vilji koma hugsunum sínum á framfæri. Hann talaði um að menn rækju sig alls staðar á agnúa í löggjöfinni, agnúa þess efnis, að mér skildist, sem gerði það að verkum að sveitarfélögin gætu ekki starfað af fullum krafti. Ég vík aðeins að þessu síðar. Þá sagði hæstv. ráðh.: Vegagerð ríkisins leggur vegina en ekki sýslunefndin. Þetta er náttúrlega hverju orði sannara, en hitt er annað mál að veganefnd sýslunefndar, t.d. Snæfellinga, leggur á ráðin og segir hvar vegina eigi að leggja þó hún standi ekki í verkunum sjálf.

Þá sagði hæstv. ráðh. loks: Sýslunefnd Snæfellinga er óvirk í dag, stærsta sveitarfélagið er farið út. Ég bið menn að taka vel eftir þessum orðum, bæði heima og heiman. Ég fullyrði að Snæfellingar vilja halda áfram að vinna saman á héraðsgrundvelli hér eftir sem hingað til.

Það má svo ekki minna vera en ég beini örfáum orðum til eina sýslunefndarmannsins sem ég hygg að sitji hér í salnum en það er hv. 6. þm. Suðurl. (**Gripið fram í:** Þeir eru nú reyndar tveir í deildinni.) Ja, er ekki hv. 6. þm. Suðurl. sá eini sem situr í sæti sínu eins og er? Þá mun ég aðeins tala við hann, en það verður náttúrlega í mjög vinsamlegum tón því ég kann vel að meta alla heiðarlega sýslunefndarmenn og hef starfað með þeim vel og lengi og met hvern sýslunefndarmann öðrum betur, því að af þeim hef ég góða reynslu. Í samstarfi við þá þykist ég hafa komið mörgum góðum málum til leiðar og þokað þó nokkrum málum áleiðis.

En hann kvartaði undan því að sýslunefnd ætti það til, og þá sýslunefnd Rangæinga væntanlega, að stórhækka gjöld á hreppana og ekki væru næg tengsl milli sýslunefnda og sveitarstjórna. Þarna skil ég hann allvel því að þetta er maður sem gætir vel allrar fjársýslu og honum hefur komið illa ef sýslunefndin hefur einhvern tíma sent honum bakreikning.

Hann vék að oddvitum sýslunefndanna, þeir væru ekki svo vakandi sem skyldi. Þetta atriði hefur komið fram í þessum umræðum hvað eftir annað. En þó ég segi þetta efast ég ekki um að hv. 6. þm. Suðurl. hafi reynst og muni reynast hinn ágætasti sýslunefndarmaður.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. er nú hlaupinn af hólmi. Hann vék einnig að frjálsu samstarfi sveitarfélaga og gat þess m.a. að Þingeyingar við austanverðan Eyjafjörð ynnu í ýmsum félagsmálum með Eyfirðingum. Þetta sannar mitt mál að því leyti að ég held því fram að þrátt fyrir núverandi löggjöf, sem svo margir finna margt til foráttu, hafi þó getað átt sér stað hin margvíslegustu samskipti sveitarfélaga á frjálsum grundvelli. Hins vegar er það rétt hjá honum að það er dálítið ankannalegt að menn á Svalbarðsströnd taki fullan þátt í félagslífi Eyfirðinga en þurfi svo að sækja veðbókarvottorð norður á Húsavík. En ekki vildi hann fresta þessu máli.

Hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. kom fram að hann og væntanlega ýmsir af hans flokksmönnum eru reiðubúnir að styðja þau ákvæði þessa frv. sem nauðsynlega þurfa að komast fram fyrir vorið. Þetta er vel mælt af hans hálfu og vel boðið þeim flokkum sem hér fara með völd í landinu, að ég tel. Hann taldi auðvitað fjöldamargt horfa til bóta í þessu frv. og það mælir enginn um þau efni á annan veg. Hvernig á heldur annað að vera þar sem svo margir höfðingjar og ágætir menn hafa um fjallað og lagt hönd að verki mörg undanfarin ár?

Mig langar ekki að fara sérstaklega að takast á við varaformann minn, hv. 2. þm. Reykv., enda er hann allt að því með höndina í fatla, svo að ég vil ekki beita hann neitt hörðum tökum, enda engin ástæða til þess með svo mætan mann og góðan dreng. Þó vil ég gera þá athugasemd við hans málflutning, sem hvað eftir annað hefur komið fram í ummælum annarra úr þessum ræðustól, að þeir eru að tala um hvort eigi að lögfesta þriðja stórnsýslustigið. Ef þeir meina eitthvað svipað og ég, er hér fyrst og fremst af þeirra hálfu um að ræða að fella niður þriðja stjórnsýslustigið eða þann vísi að því sem kemur fram í störfum sýslunefnda skv. lögum. Það má, eins og hv. 2. þm. Reykv. segir, halda áfram að velta því fyrir sér hvort eigi að lögfesta þriðja stjórnsýslustigið í öðru formi. En það er ekki nóg með að þessir hv. þm. taki svo til orða heldur eru þeir fyrst og fremst að reyna að fella niður það stjórnsýslustig sem hefur gilt um aldir í landinu og virðist vera eitthvað að flækjast fyrir þeim. Ég spyr: Eru sýslufélögin eitthvað að leggja stein í götu þessara manna, æðstu manna þjóðfélagsins? Nei, ég held að það sé þvert á móti, að þau unni þeim alls hins besta.

Það er nú svo að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Ég hef talað um að ég gæti vel fallist á það atriði, sem komið hefur fram í ræðum manna, t.d. að oddviti sýslunefndar þyrfti ekki að vera sýslumaður sjálfur. Þvert á móti kæmi annað til greina. Ég hef tekið fram að ég gæti vel hugsað mér að kosningar til sýslunefnda færu fram á annan veg en nú er ákveðið í lögum og ég hef í þriðja lagi getið þess mjög greinilega að ég væri frá mínum bæjardyrum séð fyllilega til viðræðu um að breyta störfum sýslunefnda á ýmsan veg. En hér lítur dæmið út eins og sé verið með einhverja tilraunastarfsemi. Hér er talað sem svo, að það geti margt út úr þessu komið o.s.frv.

Ég vil svo nefna að það er rætt um að þetta mál þurfi að hafa skjótan framgang í þinginu. Ég veit ekki til þess að hæstv. ríkisstj. sé búin að gera skrá yfir þau frv. sem hún vill að nái samþykki fyrir þinglok. Fyrr en svo er sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að taka þetta eina frv. út úr og keyra það áfram með slíkum hraða og hörku eins og hér er höfð í frammi.

Vitanlega eru mér kannske hugstæðust sýslufélögin og sveitarfélögin á Vesturlandi og ég segi fyrir mig: Það fær mig engin til að samþykkja það í dag, svo að ég taki dæmi, að leggja niður Dalasýslu sem sýslufélag. Þetta eru fámennir hreppar, en þó níu að tölu. Þeir hafa sameiginlegan vettvang, sem er sýslunefndin, í miðju héraði. Þetta eru hreppar sem eru komnir hvað lengst í því, eins og hæstv. félmrh. veit, að ræða um það í fullri alvöru að sameinast, jafnvel í tvo hreppa eða í einn hrepp. Mundi það vera stuðningur við þessi sveitarfélög, ef við núna sviptum þau þeim vettvangi sem hrepparnir hafa þó öll þessi ár haft til þess að ræðast við á, en það er sýslunefndin, þar sem þeir hafa rætt sín mál í héraði? Nei, það held ég alls ekki.

Það gegnir e.t.v. nokkuð öðru máli um Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Þar hafa risið upp öflug kauptún, fjölmenn sjávarþorp, og það er eðlilegt að þau hafi ýmsum málum að sinna fyrir sig. En ég held að sýslunefnd hafi þarna ekki staðið í vegi fyrir neinum. Þau sveitarfélög sem hafa vaxið að áhrifum og fólksfjölda hafa fengið sín réttindi eins og þau hafa óskað eftir að lögum. Ólafsvíkurbúar fengu kaupstaðarréttindi 1983. Þeim var óskað til heilla með þessi réttindi og ekki lagður neinn steinn í götu þeirra. Þvert á móti.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Það eru öflug sýslufélög. Þar hafa bæði sveitarfélögin, þ.e. hrepparnir, unnið vel saman, einnig sýslurnar. Ég minni á Andakílsárvirkjun frá 1947. Eigendur hennar eru Mýra- og Borgarfjarðarsýslur og Akraneskaupstaður. Þetta farsæla fyrirtæki er gott dæmi um hvað tvö sýslufélög og einn kaupstaður geta tekið höndum saman og hrint góðu verki í framkvæmd.

Ég minni á Sparisjóð Mýrasýslu sem þeir hafa staðið mjög traustan vörð um, svo traustan að það hefur enginn ríkisbanki hingað til lagt út í að reisa útibú í Borgarnesi, a.m.k. meðan það er í óþökk heimamanna sem hafa staðið mjög vel saman um sinn sparisjóð.

Ég þarf ekki að rekja fleiri dæmi öllu lengra, en ég hygg að þá sem á mál mitt hlýða og sem hlustuðu á það sem ég sagði í gær þurfi ekki að undra þó það séu nokkur atriði sem staldrað sé við í þessu máli.

En ég fullyrði að sýslunefndir hafa ekki staðið í vegi fyrir því að sveitarfélög innan þeirra vébanda hafi getað þroskast og gengið sína framþróunarleið. Þvert á móti hefur verið stutt að frjálsu samstarfi sveitarfélaga. Hér á landi starfa mörg landshlutasamtök sem láta margt gott af sér leiða. Ég tek enn dæmi af Vesturlandi þar sem landshlutasamtökin hafa unnið mjög gott starf. Þar eru nú fjögur sýslufélög og tveir kaupstaðir. Ég hygg að samstarf sveitarfélaga á landshlutagrundvelli hafi óvíða verið blómlegra né farsælla en á Vesturlandi og ég fagna því. Þá er það Samband ísl. sveitarfélaga sem vinnur af miklum krafti og styður sveitarfélögin í einu og öllu. Ég hef bent á að sýslur og kaupstaðir geta engu síður unnið saman en hreppar og hin fámennari sveitarfélög. Og að sjálfsögðu vinna héruð innan hvers kjördæmis saman að mörgum málum.

Ég viðurkenni að það þarf ýmsu að breyta í þessum málum. Að sjálfsögðu er rétt að breyta löggjöfinni og laga hana og færa í nútímahorf. Ég hef aldrei mótmælt því. Það þarf að huga að hreppa- og sýslumörkum, verkefnaskiptingu og tekjuskiptingu hreppa og ríkis o.fl. o.fl. Menn eru sammála um fjöldamargt í þessum

efnum. En eigi að síður finnst mér að þetta frv. sé ekki nógu vel búið til fullnaðarafgreiðslu. Það er aðeins einn angi af þeim málum sem ég hef hér minnst á. Þess vegna vil ég ítreka orð mín frá því í gær: Það er betra að flýta sér hægt, huga betur að málunum, vanda betur sín verk en samþykkja eitthvert lagafrv. sem þarf svo strax að fara að hugsa um að breyta á næsta ári. Það er ekki hlutverk löggjafans. Hlutverk löggjafans er tvímælalaust að setja lög sem ætlað er að standa til nokkurrar frambúðar, en ekki þau sem á að endurskoða á næsta ári eða tveim. Við verðum að muna að við erum að setja þessa löggjöf, sem ber að vanda til þess að efla byggðaþróun í landinu okkar og stuðla að því að byggðir landsins utan Reykjavíkur taki höndum saman við þéttbýlið og þróun mála beinist á farsælan veg í framtíðinni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil út af orðum sem hér hafa fallið í umræðunum af hálfu hv. 2. þm. Reykv., svo og af vörum hæstv. félmrh., varðandi þriðja stjórnsýslustigið mæla hér örfá orð. Ég held að það sé mikið vanmat hjá þessum hv. þm. og hæstv. ráðh. að það sé ekki ríkur áhugi á því að koma á þriðja stjórnsýslustigi í landinu. Menn kann að greina á um í hvaða formi það beri að gera, hvaða tilhögun, mörk og verkefni eigi þar til að koma, en ég leyfi mér að fullyrða að áhuginn á því að koma slíkri skipan á, til þess að bæta stöðu landsbyggðarinnar og styrkja hana, er ríkur og vaxandi án þess að ég fullyrði nákvæmlega hvernig staðan er meðal sveitarstjórnarmanna einna og sér. Ég gæti, ef ástæða þætti til, vitnað í fjölmargar ályktanir, m.a. samtaka sveitarstjórnarmanna út um landið sem lýst hafa stuðningi við slíka skipan mála, og þeim hefur farið fjölgandi að undanförnu. Margar þessar ályktanir fela í sér að menn vilja fá slíkt nýtt afl samtaka fólks á stærri vettvangi en nokkur von er til að náist með stækkun sveitarfélaga, kjörið í beinum lýðræðislegum kosningum, með lýðræðislegum hætti. Það er að mínu mati eina sæmandi formið þegar að því kemur að menn ná saman um stofnun slíks nýs stjórnsýslustigs.

Eins og fram kom í máli mínu fyrr við þessa umræðu er ég fyrst og fremst að mæla með slíku stjórnsýslustigi til að færa verkefni frá ríkisvaldinu út í landshlutana, draga úr miðstýringarvaldi ríkisins og samsöfnun valds og verkefna á Reykjavíkursvæðinu og færa það út. Ég efast um það, hæstv. félmrh., að þeir séu margir sveitarstjórnarmennirnir á landinu, fyrir utan kannske hér á Reykjavíkursvæðinu, sem ekki hafa áhuga á slíkri valddreifingu og verkefnadreifingu. Ég er ekki að mæla með því að til þriðja stjórnsýslustigs verði með lagaboði lögð verkefni frá sveitarfélögunum. Það kemur skýrt fram í þeirri brtt. sem ég hér flyt. Þar er eingöngu um að ræða verkefni sem áhugi væri á af hálfu sveitarfélaganna á viðkomandi svæði að fela þessu nýja stjórnsýslustigi. Ekkert valdboð í þeim efnum.

Ég hygg að það gæti talsverðs misskilnings um þessi efni hjá mörgum og hugmyndirnar eru líka misjafnar, það vitum við, í þessum efnum, en mér er það alls ekki í hug að fara að færa með valdboði verkefni frá sveitarfélögunum til slík millistigs í stjórnsýslunni. Ég held raunar þvert á móti að það þurfi að efla sveitarfélögin til þess að geta færst meira í fang og það beri einnig að gera jafnhliða því sem við komum upp slíku þriðja stjórnsýslustigi fyrst og fremst til að dreifa verkefnum frá ríki nær fólkinu.

Mér þykir leitt að heyra það í þessari umræðu, eins og það kom fram frá hv. talsmanni meiri hl. félmn., að innan Sjálfstfl. virðist mjög takmarkaður áhugi á að taka á þessu máli með þeim hætti eða með svipuðum hætti og ég er að mæla hér fyrir. Hv. 2. þm. Reykv. vitnaði til landsfundar eða flokksþingssamþykktar sjálfstæðismanna sem kvað á um að þeir vildu fá IX. kaflann felldan út úr þessu frv. Hann fól í sér vísi að slíku stjórnsýslustigi. Ég hef ekki heyrt neinar markaðar tillögur af hálfu Sjálfstfl. um eitthvert annað form. Á meðan það kemur ekki fram verðum við að ætla að þar séu ekki undirtektir við þriðja stjórnsýslustigið.

Hæstv. félmrh. greindi okkur ekkert frá því hver væri staða þessara mála innan Framsfl. Við heyrðum hér í hv. 5. þm. Vestf., en hann talar oft nokkuð öðrum tungum en meiri hluti manna í hans flokki. Það þekkjum við hér úr sölum Alþingis. Hæstv. félmrh., sem hlýtur að teljast gildur talsmaður síns flokks í þessum málum, er ekki talsmaður þriðja stórnsýslustigs. Það kemur hér ítrekað fram við þessa umræðu.

Ég held að þessi staða í ríkisstjórnarflokkunum hljóti að vera slæm tíðindi fyrir marga í landinu, þá mörgu, og þeim fer fjölgandi, sem áhuga hafa á að menn nái saman um þriðja stjórnsýslustig, bærilega stórar og öflugar einingar til að andæfa gegn hinu miðstýrða ríkisvaldi og stofnanavaldi höfuðstaðarins. En við skulum vona að einnig innan þessara flokka vaxi þeim ásmegin sem eru reiðubúnir að taka höndum saman með mönnum úr öðrum flokkum til að ná slíkri skipan fram. Ég rakti hvernig þessi mál standa í flokkum stjórnarandstöðunnar svona í aðalatriðum, gleymdi þó í máli mínu í gær að nefna það sem fram kemur af hálfu Alþfl. sem samkvæmt nál. og máli talsmanns 1. minni hl. félmn. er jákvæður í sambandi við nýtt stjórnsýslustig og leggur til að að því verði unnið með nefndaskipan og reynt að koma því á innan fárra ára.

Ég ítreka von mína um að menn nái saman um þetta efni. Ég er sannfærður um að það skiptir mjög miklu máli að slík skipan komist á fyrr en seinna. Ég skil, herra forseti, sjónarmið þeirra manna sem sakna sýsluskipanarinnar, telja að þar hafi margt gott áunnist á liðinni tíð, og alveg sérstaklega í ljósi þess að það er ekkert sem á að koma í staðinn annað en sá óskapnaður sem við höfum rætt hér í formi héraðsnefnda og ég ætla ekki að orðlengja frekar við þessa umræðu.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Orð mín fóru eitthvað í taugarnar á hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég vildi sagt hafa og stend við það að víða í héruðum hafa sýslunefndir ekki skilað því sem þeim var ætlað. Það hljóta allir að sjá að það er ekki lengur lýðræðislegt kerfi að hafa sýslumann oddvita sýslunefndar. Það er kerfi frá síðustu öld. Hann er ekki kosinn af fólkinu. Þetta hentar ekki lengur. Þegar af þeirri ástæðu er nauðsyn að breyta þessu. Það er enginn með tillögur um óbreytt kerfi. Það er stóra málið. Hvorki hv. þm. Friðjón Þórðarson né Pálmi Jónsson eru með tillögur um það. Þvert á móti. Það sýnir að þetta kerfi er að nokkru úrelt og má bæta. En að sjálfsögðu hefur víða í héruðum verið vel staðið að þessum málum, eins og ég sagði áðan, undir forustu röggsamrar sýslunefndar og að sjálfsögðu sýslumanna og alls staðar hafa þær skilið eftir sig spor sem betur fer. Enginn skilji orð mín öðruvísi.

En út af orðum hv. þm. Pálma Jónssonar segi ég að þetta frv. er búið að liggja hér í þinginu í tvö ár. Af hverju hefur hv. þm. ekki komið með tillögur og reynt að hafa áhrif á tillögur sumra forustumanna úr Sjálfstfl. einmitt í sveitarstjórnarmálum?

En einnig vil ég segja við þessa ágætu hv. þm.: Í brtt. við 6. gr. segir: „Verkefni þau, sem sýslunefndunum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga.“ Væntanlega eru hv. þm. ekki á móti því að þessi málefni verði þar. Og síðan stendur, eins og áður hefur verið rakið: „Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna.“ Það verður nákvæmlega með þeim hætti, vil ég vona, að í staðinn fyrir sýslunefndirnar komi héraðsnefndir sem eru skipaðar ýmist oddvitum eða hreppsnefndarmönnum og þannig miklu betur tengdar þessum málum, því að fyrst og fremst eru þetta sveitarstjórnarmál eins og ég hef áður lagt áherslu á.

Út af ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Ég tók ekkert sérstaklega fram um sýslunefnd Rangárvallasýslu. Ég nefndi hana ekki neitt. Þetta var almennt og ég hafði ekkert orðað hana. Við erum einfaldlega með þessu máli að tengja þetta starf betur sveitarfélögunum. Það er meginmálið. Það er enginn að svipta sveitarfélögin vettvangi. Þau hafa hann áfram í héraðsnefndum sem eru og verða þeim betur tengdar en áður.

Út af orðum hæstv. ráðh. áðan um sýsluvegina. Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. Það kerfi að halda sýsluvegunum hjá sýslunefndum hefur verið ágætt. Við erum að samþykkja að verkefni þau sem sýslunefnd eru nú falin með lögum skuli fara til sveitarfélaga. Ég ætla að sýsluvegir verði eitt þeirra. Að sjálfsögðu verði áfram góð samvinna við Vegagerð ríkisins. En það telst valddreifing að hafa þetta áfram tengt sveitarfélögunum sem verður jafnt hér eftir sem hingað til.

Við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon vil ég segja að það er einmitt vegna þess að þetta frv. er ekki óbreyttar tillögur endurskoðunarnefndarinnar að ég get samþykkt það.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þá er þessari umræðu lokið, en eins og á stendur hér um þingstörf og eins og þau hafa verið skipulögð í dag gefst ekki tími til að hafa atkvæðagreiðslu í þessu máli. Það er ráðgert að eftir u.þ.b. 45 mínútur eða svo verði settur nýr fundur, en ráðgert er að atkvæðagreiðsla í þessu máli fari fram á fyrsta fundi þessarar deildar í næstu viku.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Talnagetraunir, stjfrv. 232. mál (þskj. 460, n. 547). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. á þskj. 547 um frv. til laga um talnagetraunir. Þetta mál var hér á dagskrá Nd. á síðasta þingi í nokkuð annarri mynd. Þar var gert ráð fyrir því að Öryrkjabandalagi Íslands væri veitt einkaleyfi með lögum á talnagetraunum þeim sem fjallað er um í þessu frv. Málið olli miklum deilum og náði ekki fram að ganga en undir lok málsmeðferðar var frá því gengið að samningar skyldu hefjast milli Öryrkjabandalagsins og Íþróttasambands Íslands, sem einnig hafði lýst miklum áhuga á að fá slíkt leyfi til talnagetrauna eins og hér er um fjallað.

Nú liggur fyrir í frv. þessu, sem er 232. mál þingsins, að samkomulag hefur náðst milli Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands um rekstur getrauna sem fara fram með þeim hætti að þátttakendur skrá eða velja röð talna eða bókstafa. Gert er ráð fyrir því að ágóðinn af þessu talnahappdrætti eða happaspili, eins og það er nefnt í eldri lögunum frá 1926, skiptist milli íþróttahreyfingarinnar, sem fær 60% af ágóðanum, og Öryrkjabandalagsins sem fær 40% af ágóðanum. Um þetta er fullt samkomulag og að því leyti til er hér um nýmæli að ræða í frv. miðað við þá útgáfu sem lögð var hér fram í deilinni á síðasta þingi. Um þetta mál hefur sem sagt orðið fullt samkomulag milli þeirra aðila utan þings sem áhuga höfðu á því að fá slíkt leyfi og rætt var um hér á síðasta þingi.

Allshn. hefur rætt þetta nýja frv. um talnagetraunir og leggur einróma til að það verður samþykkt eins og fram kemur í nál. á þskj. 547. Undir það rita auk mín Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Ólafur Þ. Þórðarson, Pálmi Jónsson og Stefán Guðmundsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 55. fundur.

Föstudaginn 28. febr., að loknum 54. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1986, stjfrv. 303. mál (þskj. 562). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umræðu, er flutt í framhaldi af samkomulagi sem orðið hefur í fyrsta lagi á milli aðila vinnumarkaðarins og annars vegar á milli þeirra og ríkisstj. um aðgerðir í ríkisfjármálum til þess að greiða fyrir kjarasamningum.

Með yfirlýsingu ríkisstj. frá 11. febr. í framhaldi af málaleitan aðila vinnumarkaðarins, um ráðstafanir af hálfu ríkisstj. til þess að leggja nýjan grundvöll fyrir kjarasamninga í því skyni að semja mætti við lægra verðbólgustig en þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir, bauðst ríkisstj. til að beita sér fyrir lækkun á verði opinberrar þjónustu og lækkun beinna skatta, bæði tekjuskatts og með tilmælum um lækkun á útsvari sveitarfélaga til samræmis við nýjar verðlagsforsendur.

Jafnframt var því lýst yfir af hálfu ríkisstj. að hún væri reiðubúin til frekari viðræðna við aðila vinnumarkaðarins um annars konar aðgerðir af hennar hálfu ef þær

samrýmdust þeim efnahagslegu markmiðum sem þetta tilboð ríkisstj. gerði ráð fyrir. Í framhaldi af því komu aðilar vinnumarkaðarins á fund ríkisstj. með erindi um verulega viðbótarfyrirgreiðslu af hálfu ríkisstj., fyrst og fremst í þeim tilgangi að hafa áhrif til lækkunar á verðlag í þeim tilgangi að styrkja þá viðleitni samningsaðila til að bæta kaupmátt við núverandi efnahagsaðstæður og stöðugt gengi.

Ríkisstj. svaraði aðilum vinnumarkaðarins með bréfi dags. 27. febr. þar sem fallist er á þessar aðgerðir sem kosta um 1450 millj. kr. Í því sambandi má geta þess að um 640 millj. kr. verður varið til að fella niður verðjöfnunargjald af raforku og fella niður launaskatt í fiskiðnaði og iðnaði. Um 590 millj. kr. verður varið til að lækka tolla á ýmsum hátollavörum sem vega þungt í neyslu almennings jafnframt því sem tekjuskattur verður lækkaður um 150 millj. kr. til samræmis við breyttar verðlagsforsendur. Þá verður um 200 millj. kr. varið til að lækka verð á búvörum.

Frv. þetta er flutt til þess að fylgja fram efnisatriðum þessa samkomulags. Hjá því getur ekki farið að það hefur veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs og því var óhjákvæmilegt að fá heimildir til að breyta tekju- og gjaldalið frv. eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. gr. þessa frv. Sú breyting verður frá fjárlögum, sem afgreidd voru fyrir þetta ár, að rekstrarafgangur, tekjur umfram gjöld, sem áætlaður var 163 millj. kr., verður að rekstrarhalla upp á 1487 millj. kr.

Þess er að geta í þessu sambandi að eins og frv. var lagt fyrir hv. Ed. var reiknað með því að lántökur frá lífeyrissjóðunum að upphæð 925 millj. kr. yrðu bókfærðar á þann veg að Byggingarsjóður ríkisins tæki þá upphæð alla að láni. En samkomulagið við aðila vinnumarkaðarins byggðist á því að 300 millj. kr. af þessum 925 millj. yrði varið til að auka ráðstöfunarfé byggingarsjóðsins í þágu þeirra sem hafa átt í greiðsluerfiðleikum en ríkissjóður gæti hagnýtt sér 625 millj. kr. til að fjármagna að hluta til þann halla sem verður á rekstri ríkissjóðs vegna þessara ráðstafana sem hér um ræðir.

Með þeirri breytingu, sem orðið hefur á frv. í Ed., er þessi lántaka bókfærð á annan veg, þannig að Byggingarsjóður ríkisins tekur að láni þær 300 millj. kr. sem fara til þess að auka ráðstöfunarfé hans en ríkissjóður tekur 625 millj. kr. að láni. Á móti verður framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðsins óskert. En hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða og heildarlántökur opinberra aðila breytast ekki af þessum sökum.

Innlendar lántökur aukast úr 2100 millj. í 3575 millj. en erlendar lántökur verða óbreyttar áfram, 2550 millj., að því er ríkissjóð varðar. Með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í samræmi við breyttar verðlagsforsendur, hefur verið ákveðið að lækka erlendar lántökur til samræmis við nýjar gengisviðmiðanir. Þar að auki hefur verið ákveðið að Framkvæmdasjóður verji 500 millj. af ráðstöfunarfé sínu til að greiða niður erlend lán. Í heild lækka því erlendar lántökur um rúmlega 800 millj. kr. skv. ákvæðum þessa frv.

Í II. kafla frv. er kveðið á um framkvæmd á lækkun tekjuskatts. Sá háttur, sem hér er á hafður, miðar að því að þessi lækkun komi skattgreiðendum nokkuð jafnt til góða burtséð frá tekjum. Barnabætur eru óbreyttar í krónutölu og þær aukast því nokkuð að raungildi.

Í III. kafla eru ákvæði um niðurfellingu launaskatts, en það er hluti af samkomulaginu að fella niður launaskatt í fiskiðnaði og iðnaði fyrst og fremst til að auðvelda útflutningsgreinunum að standa að því samkomulagi um launahækkanir sem gert hefur verið og byggir á stöðugu meðalgengi krónunnar.

Í IV. kafla er kveðið á um breytingar á tollskrá sem miða að því að færa niður tolla á ýmsum vörum, bílum og ýmsum mikilvægum matvælum, sem fyrst og fremst miða að því að koma heimilunum til góða.

Í V. kafla eru breytingar á öðrum aðflutningsgjöldum. Þar er fyrst og fremst um að ræða niðurfellingu á gjöldum sem hafa haft óverulega þýðingu fyrir tekjuöflun ríkissjóðs en rétt var talið að nota þetta tækifæri til að fella þau gjöld niður.

Í VI. kafla eru ákvæði um niðurfellingu á verðjöfnunargjaldi raforku en orkufyrirtækin fá að sjálfsögðu greiðslu úr ríkissjóði þó að ríkissjóður missi af þeim tekjum sem þessi gjaldstofn hefur gefið. Aðstaða þeirra verður því óbreytt þrátt fyrir þá breytingu sem hér er kveðið á um, en hún miðar að því hvoru tveggja að koma til móts við atvinnufyrirtækin með lækkun á raforkuverði og eins að koma til móts við heimilin í landinu með því að þessi ráðstöfun svo og sú ákvörðun, sem birt var með yfirlýsingu ríkisstj. frá 11. febr. um að lækka gjaldskrá rafveitna, hafa verulega þýðingu fyrir launafólk. Hér er um mjög umtalsverða lækkun að ræða.

Í VII. kafla frv. eru svo ákvæði um breytingar á lánsfjárlögum. Ríkissjóður verður af þessum sökum að taka aukin lán. Það er ákvörðun að taka þau á innlendum markaði. Yrðu þau tekin erlendis væri hætta á að slíkar ákvarðanir mundu ýta undir verðbólgu og grafa undan því meginmarkmiði þessara samninga að lækka verulega verðbólguna í landinu og skapa hér aukinn stöðugleika.

Ég taldi ekki réttlætanlegt við þessar aðstæður, þar sem ríkissjóður er með sérstökum aðgerðum að koma til móts við launafólk með því að falla frá margs konar óbeinni skattheimtu og lækkun á beinum sköttum, að afla tekna á móti með nýrri skattlagningu á almenning í landinu. Fyrir því verður ríkissjóður að taka á sig nokkra áhættu. Auðvitað setur það okkur í nokkurn vanda og það er við því að búast að ríkissjóður verði af þessum sökum rekinn með halla á næsta ári einnig. Þess er ekki að vænta að við getum unnið okkur út úr þessum erfiðleikum á einu ári. Því er hér um að ræða áhættu sem ríkissjóður tekur til lengri tíma en þessa eina árs.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að með hliðsjón af þeim verulega ávinningi, sem við erum að öðru leyti að ná í efnahagsmálum með hjöðnun verðbólgu og með því á þann veg að geta styrkt kaupmátt, sé réttlætanlegt að taka þessa áhættu, enda eru þessi lán öll tekin innanlands og eiga þess vegna ekki að hafa áhrif til þess að auka á þenslu og grafa undan verðbólgumarkmiðum þessara ráðstafana.

Auðvitað koma þessar lántökur einhvers staðar niður. Að stórum hluta verða lánin tekin, eins og fram hefur komið, hjá lífeyrissjóðum. Við höfum þegar gert ráðstafanir til að undirbúa lántökur hjá bönkum og ég vænti þess að öðrum hluta verði lánsfjár aflað í bankakerfinu. Það skerðir auðvitað ráðstöfunarfé bankanna og kemur kannske mest niður á atvinnufyrirtækjum sem þurfa að njóta þjónustu þeirra. En hjá því

verður ekki komist að einhvers staðar komi þessar ráðstafanir niður, eigi þær ekki að auka þensluna í þjóðfélaginu.

Í þessum kafla eru einnig ákvæði, eins og ég hef áður greint, um lækkun á erlendum lántökum með tilliti til nýrra gengisforsendna og sérstök 500 millj. kr. lækkun á erlendum lántökum með því að skerða ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs umfram það sem áður var áformað.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fara miklu fleiri orðum um efnisatriði þessa frv. Ég tel að með því samkomulagi, sem hér hefur verið gert, og þeim ráðstöfunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sé verið að stíga ný skref við lausn á kjaradeilum. Það hefur tekist mjög mikilvægt og markvert samkomulag á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. Það ber vott um góða samvinnu, áhuga og vilja til að takast á við mjög mikla erfiðleika sem þessi þjóð hefur lengi glímt við.

Við höfum á undanförnum misserum tekið þátt í umræðum um nauðsyn þess að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar með nýjum aðferðum. Ég tel að með þessu samkomulagi sé verið að gera þá tilraun, við erum að stíga skref til nýrra vinnubragða og það veltur á miklu hvernig framkvæmdin verður og hverjar ytri aðstæður þjóðarbúsins verða.

Því er ekki að leyna að breytt ytri skilyrði, bæði styrkari staða á erlendum mörkuðum og bætt skilyrði hér heima fyrir með vaxandi afla, hafa auðveldað okkur að ganga til þessa samkomulags og brjóta upp á þessu nýmæli. Á sama hátt og versnandi viðskiptakjör á síðasta ári leiddu til þess að verðbólga fór vaxandi hafa betri ytri skilyrði í byrjun þessa árs gefið okkur möguleika á því að gera ráðstafanir af þessu tagi. Ég fagna því sérstaklega að náðst hefur um það víðtækt samkomulag að hagnýta sér þessi bættu skilyrði til þess að ná betri árangri í stjórn efnahagsmála og um leið að leggja grundvöll að því að styrkja betur en ella hefði orðið kaupmátt launafólks í landinu.

Ég vænti þess að hér í hv. Nd. takist gott samkomulag um að greiða fyrir framgangi þessa frv. með sama hætti og orðið hefur í hv. Ed. Alþingis. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umræðu að lokinni þessari umræðu og til hv. fjh.- og viðskn. Fjh.- og viðskn. beggja deilda hafa í morgun haldið sameiginlega fundi um frv. og ég vænti að sú samvinna nefndanna geti greitt fyrir nefndarstarfinu og flýtt fyrir framgangi málsins.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Áður en ég vík að einstökum efnisatriðum frv. og þeirra kjarasamninga sem nú hafa nýlega verið gerðir vil ég víkja sérstaklega að fáeinum atriðum sem nauðsynlegt er að fá upplýsingar um áður en þetta mál fer út úr deildinni sem væntanlega verður á þessum sólarhring.

Það fyrsta, sem ég vil fá upplýsingar um, er það hver verði hækkunin á elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu aldraða og öryrkja og hvenær sú hækkun taki gildi. Venjan hefur verið sú að þessar hækkanir hafa átt sér stað um leið og kjarasamningar hafa verið frágengnir. Ég teldi eðlilegt að svo yrði einnig nú. Ég óska eftir upplýsingum frá hæstv. fjmrh., annaðhvort í umræðunni nú eða fyrir nefndinni þegar hún hittist í kvöld, um það hvaða hækkanir verði hér um að ræða.

Í öðru lagi vil ég minna á að einn af hornsteinum þessa samkomulags alls er samkomulagið um húsnæðismál. Í því frv., sem hér liggur fyrir, eru ekki ákvæði um útfærslu þess samkomulags í einstökum atriðum. Hins vegar er gert ráð fyrir því í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, sem ríkisstj. hefur samþykkt, að hið nýja kerfi komi til framkvæmda frá og með 1. sept. n.k. Það þýðir m.ö.o. að ef eðlilega á að standa að hlutunum verður yfirstandandi þing að ganga frá ákvæðum í húsnæðismálum, þeim ákvæðum sem nauðsynlegt er að setja í lög.

Í sambandi við þetta efni vil ég sérstaklega minna á það samkomulag aðila vinnumarkaðarins sem gerði ráð fyrir því að auka fé til Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári um 200 millj. kr. Ég hef litið svo til að gert sé ráð fyrir að ákvörðun um það fjármagn og notkun þess verði tekin í tengslum við útfærslu á húsnæðismálayfirlýsingunni í heild.

Ég vil í þriðja lagi víkja að því að í þessum ráðstöfunum er gert ráð fyrir því að niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum verði auknar um 220 millj. kr. Ég vil geta þess sérstaklega hér að á fundi fjh.- og viðskn. Nd. í morgun kom fram hjá fulltrúum Samtaka kvenna á vinnumarkaði og fulltrúum Alþýðusambands Íslands að þeir teldu að mjög mikilvægt væri að búvöruverði væri haldið niðri eins og kostur er.

Það er ljóst að ríkisstj. hefur gefið ákveðin fyrirheit í sambandi við niðurgreiðslur og búvöruverð en þær eru ekki alveg skýrar. Ég sé ekki betur en að það sé óhjákvæmilegt, ef ríkisstj. ætlar að standa við yfirlýsingar sínar í þessu efni, að auka fé til niðurgreiðslna á þessu ári til viðbótar við þær 220 millj. sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um. Ég vil fá upplýsingar um það frá ríkisstj. við þessar umræður hér, annaðhvort nú eða við 2. umræðu, hvernig ætlunin er að haga þessum málum og hvað er áætlað að það þurfi að auka niðurgreiðslur mikið til að standa við það fyrirheit sem ríkisstj. hefur gefið í sambandi við þessi mál.

Þegar ég er að tala um fyrirheit ríkisstj. bæði í húsnæðismálum og í þessum málum, sem snúa að búvöruverðinu, er ég m.a. að vitna til fréttatilkynningar sem Alþýðusamband Íslands gaf út eftir viðræður við forsrh. og fjmrh. í gærdag. Ég tel óhjákvæmilegt að þessi yfirlýsing Alþýðusambandsins verði lesin hér við þessa umræðu þannig að það megi liggja fyrir í þingtíðindum hvaða forsendur lágu til þess að menn að lokum tóku um það ákvörðun að skrifa undir samningana eins og þeir lágu fyrir seinni partinn í gær. Í fréttatilkynningu Alþýðusambands Íslands segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsætis- og fjármálaráðherra lögðu í dag fram svarbréf sitt við bréfi samningsaðila frá í gær. Á fundinum var eftirfarandi sérstaklega tekið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar:

Varðandi búvöruverð 1. mars var því lýst yfir að tryggt verði að mjólk og kjöt hækki ekki og búvörur í heild í framfærsluvísitölu hækki ekki. Á sama hátt verði tryggt að hækkun búvöruverðs verði ekki umfram umsamda hækkun launa síðar á árinu.

Skýrt var frá því að ríkisstj. hafi tilkynnt Seðlabanka að hún geti ekki fallist á hækkun vaxta á verðtryggðum lánum úr 5% í 6%.

Staðfest var að ríkisstj. sé sammála þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram um lausn húsnæðismála og athugunin, sem um er rætt í bréfinu, snúist um framkvæmd eða útfærslu þeirra hugmynda.

Greint var frá því að ákveðið hafi verið að trygginga-

bætur almannatrygginga hækki í samræmi við þá hækkun sem nú verður á launum skv. samningi ASÍ og atvinnurekenda og að tekið verði tillit til hinna sérstöku launabóta við hækkun tekjutryggingar.

Að fengnum þessum skýringum hafa fulltrúar samninganefndar Alþýðusambands Íslands ákveðið að undirrita þann samning sem gerður var í gær og beinir því til félaganna að þau undirbúi fundahöld til þess að afgreiða samninginn."

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessi fréttatilkynning og sá skilningur, sem birtist í henni, komi hér fram við umræður á Alþingi, þannig að mönnum gefist kostur á því, ef þeir hafa athugasemdir fram að færa við efni hennar, að koma þeim á framfæri. Hér er um að ræða úrslitaatriði varðandi frágang samninganna og því nauðsynlegt að hér fari ekkert á milli mála, hér séu allir hlutir eins skýrir og kostur er og menn eigi hér engin eftirkaup hver við annan.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja örfáum orðum að kjarasamningunum sjálfum og innihaldi þeirra.

Fyrsta atriði kjarasamninganna, sem menn hljóta að spyrja um, er ákvörðun þeirra og áhrif á kaupmátt launa. Það sem kemur fram í þeim efnum er það að ef við lítum á tölur Þjóðhagsstofnunar um þessi efni þá hækkar kaupmáttur launa á þessu ári um 7,1% frá jan. til des. Að meðtöldum sérstökum launabótum hækkar kaupmáttur launa á þessu ári um 8,2%. Talið er að þessar sérstöku launabætur nái til 30 000–40 000 félagsmanna Alþýðusambandsins eða u.þ.b. helmings félaga í Alþýðusambandi Íslands.

Ég tel að aðstæður í þjóðarbúinu séu þannig að það hefði átt að vera unnt að gefa þarna meira eftir gagnvart launafólki og auka kaupmátt frá því sem þarna er gert ráð fyrir. Engu að síður ber að meta þessa niðurstöðu sem árangur og verulegt skref vegna þess fyrst og fremst að kaupmáttur launanna fer á árinu 1986 skv. þessu, ef allar forsendur halda, vaxandi á samningstímabilinu og skapar þannig möguleika til þess fyrir verkalýðshreyfinguna að ná fram betri stöðu varðandi baráttu fyrir bættum kaupmætti launa þegar samningstímabilinu lýkur.

Þetta er mjög mikilvægt atriði og í rauninni allt annað en það sem verkalýðshreyfingin hefur iðulega mátt búa við á undanförnum árum þar sem kaupmátturinn hefur náðst aðeins upp í upphafi samningstíma, en hefur iðulega verið kominn niður í mikla lægð í lok samningstíma.

Í öðru lagi vil ég leggja á það áherslu að ég tel að ávinningurinn í húsnæðismálum geti verið mjög stór. Ég segi eins og vitur maður mælti forðum: Vei þeim sem reyna að eyðileggja þann samning. Vei þeim sem gera tilraun til að brjóta niður það samkomulag sem náðst hefur í húsnæðismálum. Það er alveg öruggt mál að launafólk í þessu landi bindur ekki síst vonir við þetta samkomulag og framkvæmd þess á komandi mánuðum. Þess vegna er það algert úrslitaatriði að menn gangi frá þessum hlutum og standi við þá lið fyrir lið. Með því verður fylgst rækilega að svo verði gert og ríkisstj. reyni ekki á neinn hátt að hlaupast hér undan merkjum.

Ég teldi að eðlilegast væri í framhaldi af umfjöllun um þessi mál á hv. Alþingi nú að á næstunni yrði samið frv. um útfærslu húsnæðismálanna sem yrði afgreitt á yfirstandandi löggjafarþingi. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að í þessi mál verði farið af fullum krafti þegar á næstunni þannig að útfærslan liggi fyrir hið allra fyrsta.

Ég vil í þriðja lagi, herra forseti, varðandi þessa kjarasamninga vekja athygli á því sem náðst hefur varðandi fiskvinnslufólk. Það eru ekki nema 6–8 mánuðir síðan stjórnarmeirihlutinn felldi frv. til l. um bætt réttindi fiskverkunarfólks gagnvart uppsögnum. Nú hafa aðilar vinnumarkaðarins náð samkomulagi um breytingar í þessu efni sem eru mjög í samræmi við það frv. sem hér lá fyrir á síðasta þingi frá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og Karvel Pálmasyni.

Ég vil í fjórða lagi í þessu efni benda á það meginatriði að aðilar vinnumarkaðarins nái um það samkomulagi að nota góðærið, að nota olíulækkkunina, að nota verðhækkanir á afurðum okkar erlendis til þess að ná verðbólgustiginu hér í landinu verulega niður. Ríkisstj. hafði sett sér það mark að koma verðbólgustiginu niður. Hún hafði lækkað kaup. Samt var verðbólgan talin 30, 40, 50% hér um áramótin. Aðilar vinnumarkaðarins taka ákvörðun um að vinna það verk, gera tillögur um hvernig á að vinna það verk sem ríkisstj. hafði ekki komið í framkvæmd. Í rauninni er það kannske aðalatriði þessara mála að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá því í þessari viku eru þeir með samhljóða atkvæðum að lýsa vantrausti á ríkisstj. Þessir aðilar þurfa að taka gengismál, vaxtamál, verðlagsmál, allar meginforsendur efnahagsmála upp á sitt borð vegna þess að ríkisstj. hefur brugðist skyldum sínum í þessum efnum og ríkisstj. á engan annan kost en að hlýða, að gegna. Það er þess vegna sem ég lagði á það áherslu í ræðu minni í gær að meginverkefni næstu mánaða væri að fylgja þessu eftir og sjá um að ríkisstj. komist ekki upp með svik og pretti í þessum efnum, hvort sem það er í verðlagsmálum, húsnæðismálum eða á öðrum sviðum.

Ég nefndi verðlagsmál. Þar hafa komið fram mjög athyglisverðar yfirlýsingar, m.a. frá formanni Vinnuveitendasambands Íslands. En þeir gægjast víða upp, draugarnir á þessu sviði, jafnvel áður en blekið á samningunum er þornað: fréttir blaðanna í dag um 67% hækkun á húsaleigu Reykjavíkurborgar. Það segir sína sögu að þeir eru til sem virðast ekki hafa áttað sig á því hvað hér er að gerast. Það verður að passa upp á svona hluti. Það verður að veita þessu liði aðhald og sjá til þess að ekki verði staðið að verðlagsmálum með þessum hætti. Það er auðvitað óþolandi þegar einn samningsaðilinn, þ.e. Reykjavíkurborg, gengur fram með þessum hætti og tilkynnir 67% hækkun húsaleigu einmitt þessa daga, þegar verið er að ganga frá þessum kjarasamningum sem byggjast á því að það á að keyra verðlagið í landinu niður.

Í þessum efnum verður að koma til mjög víðtækt samstarf verkalýðshreyfingarinnar og Neytendasamtakanna, verðlagsskrifstofunnar. Það skiptir mjög miklu máli að einstakir framleiðendur og atvinnurekendur standi sig í þessu efni og tryggi að verðlækkun á olíu t.d. komi neytendum og öðrum kaupendum vöru til góða.

Þetta eru nokkur atriði varðandi kjarasamningana, herra forseti, sem ég vil nefna.

Ég dreg enga dul á að ég tel að ýmislegt í forsendum þessara mála sé óljóst. Ég dreg enga dul á að það hlýtur hver maður að sjá hvaða áhrif geta orðið af ákvörðunum ríkisstj. um að lánsfjármagna þetta dæmi allt. Menn hljóta að sjá hvaða áhrif það getur haft á

ríkisfjármálin til frambúðar. Ég dreg enga dul á að auðvitað verður það þannig þegar líður á árið að ýmsir aðilar munu segja að mjög sé að þeim kreppt vegna hækkandi raungengis íslensku krónunnar. Þetta er fullkomlega ljóst og menn eiga að viðurkenna þessa þætti, horfa á þá opnum augum og taka á þeim. Ég tel t.d. að ákvörðun ríkisstj. um að lánsfjármagna alla framkvæmd þessara mála muni hafa í för með sér hækkandi raunvexti frá því sem ella væri. Það verður harðari samkeppni um fjármagnið þegar líður á árið en nú er og þess vegna hætt við að áformum í vaxtamálum sé stefnt í hættu. Ég tel að það sé þó meginatriði þessara mála að frá því sem snýr að Alþingi í þessu frv. verði gengið hið allra fyrsta.

Ég fagna því auðvitað að ríkisstj. skuli ekki tefja þetta mál hér á Alþingi og hún skuli sjá sóma sinn í því að reyna að koma því sem fyrst hér í gegnum þingið því það þarf auðvitað að gerast. Hér er um að ræða eina veigamestu forsendu verðlagsniðurfærslunnar sem verið er að tala um í sambandi við þessa samninga.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 556, er verið að taka á þeim þáttum sem lúta einmitt að verðlagsniðurfærslunni og auðvitað eru þeir með þeim hætti að það er sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi afgreiði þessi mál tafarlaust. Auðvitað er það svo að útfærsla á einstökum atriðum getur verið umdeilanleg, t.d. hvaða tolla á að lækka og hvaða ekki, en í heildina tekið er hér um að ræða útfærslu á niðurfærslunni sem verður að taka gildi nú um mánaðamótin vegna þess að það er einn grunnþáttur þeirrar kaupmáttaraukningar sem verið er að tala um að geti orðið afleiðing af þessum samningum.

Ég tel því enga ástæðu til þess, herra forseti, að vera að gera athugasemdir við einstakar greinar þessa frv. Ég fagna því auðvitað að 23. gr. frv., eins og það var, hefur verið felld niður, var felld niður í Ed.

Ég tek það sérstaklega fram að ég tel þá skerðingu sem gert er ráð fyrir að viðhalda á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í 24. gr. óeðlilega. Ég get ekki stutt slíka skerðingu, enda þótt hún sé aðeins framreikningur á þeirri skerðingu sem ákveðin var í lánsfjárlögum.

Þá vil ég einnig taka fram, herra forseti, að fyrir mitt leyti og okkar getum við fallist á þá aðferð við afnám verðjöfnunargjalds af raforkusölu sem gert er ráð fyrir í 15. gr. frv., enda er tekin um það ákvörðun jafnframt að niðurgreiða rafmagn. Við tökum þessa afstöðu í trausti þess að verðjöfnun á rafmagni verði tryggð framvegis með annarri hvorri leiðinni eftir nánari ákvörðun þegar þar að kemur.

Ég vil ekki tefja þessa umræðu, herra forseti, með því að bæta við mörgum fleiri orðum, en segja þetta að lokum:

Ég hef tekið eftir því undanfarna daga að fólk hefur verið að hneykslast á að aðilar vinnumarkaðarins skuli vera að ákveða vissa þætti efnahagsmála og jafnvel löggjafar í þessu landi. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að menn geri athugasemdir við það, einkum þeir sem hér sitja. Kjarni málsins er hins vegar sá að við búum í stéttaþjóðfélagi og það eru stéttir sem ráða úrslitum um þróun þess. Ef okkur kemur á óvart að til verði niðurstöður upp úr átökum stéttanna sem síðan enda með samningum höfum við ekki gert okkur fulla grein fyrir því hver er úrslitaþátturinn í framvindu þjóðmála í þessu landi. Ég fagna því að Alþýðusamband Íslands skuli í þessum samningum hafa náð fram ýmsum atriðum sem stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur stöðvað eða jafnvel fellt á undanförnum árum. Ég fagna því sérstaklega. Og ég tel það mikilsvert, og það er það frá sjónarmiði okkar Alþýðubandalagsmanna, að þannig sé afli verkalýðsstéttarinnar stundum beitt til að knýja fram þjóðfélagsumbætur í landinu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það vill svo til að í dag, þegar menn stíga í stóla og lofsyngja þjóðarsáttina um lífskjörin, birtist í blaði allra landsmanna grein eftir Stefán Ólafsson lektor sem heitir „Ný launastefna". Þessi grein er nokkuð skemmtileg greining á því hvers vegna hér ríkir láglaunastefna sem er algjört einsdæmi á Vesturlöndum að mati höfundar. Það vill svo til að það er einmitt þessi sama láglaunastefna sem allir gömlu flokkarnir á Alþingi hafa nú tekið höndum saman um að lofsyngja í þjóðarsátt um lífskjarasáttmála.

Við verðum, þegar við fjöllum um kjaramál, að ákveða hvað við ætlum að hafa í huga, hver eiga að vera viðmið okkar. Eiga þessi viðmið okkar að vera frysting láglaunastefnunnar, áframhaldandi láglaunastefna, eða eigum við að spyrja hvers vegna svo er komið að á Íslandi, sem er í hópi 10–15 ríkustu þjóða Vesturlanda og hefur þjóðartekjur fyrir ofan meðallag OECD-ríkja, eru lægstu dagvinnulaun í þessum sama ríkjahópi. Við höfum lægst dagvinnulaun þeirra Vesturlanda sem birta skýrslur sínar í gögnum OECD, en við erum í hópi þeirra ríkustu. Ítalir eru t.d. hálfdrættingar okkar í þjóðarframleiðslu en þeir borga svipað kaup og við. Það eru eins og ég sagði áðan hvergi jafnlág dagvinnulaun meðal álíka ríkra þjóðfélaga. Hvergi á Vesturlöndum eru þó greiddar vinnustundir jafnmargar og hér. Þess vegna eiga menn ekki að setja sér að markmiði, þegar þeir setjast niður að semja um laun, hvernig þeir geta varið kaupmátt síðasta ársfjórðungs síðasta árs heldur eiga þeir að spyrja: Hvernig stendur á þessu misræmi í ríkidæmi þjóðarinnar og kjörum almennings? Það er spurningin sem menn eiga að fjalla um.

Hvað hefur þessi láglaunastefna, sem hér hefur ríkt í alla þessa áratugi, haft í för með sér — eða eigum við að orða það öðruvísi: Hvað kostar dekrið við illa rekin fyrirtæki í landinu? Það kostar t.d. vinnuþrældóm sem á sér enga hliðstæðu á Vesturlöndum. Það kostar t.d. aukavinnubasl sem ekki á sér neina hliðstæðu heldur. Það kostar átök á vinnumarkaði sem eru einhver þau mestu sem þekkjast á Vesturlöndum. Og þessi láglaunastefna kostar óvenjumikið vinnutap. Hún kostar svart hagkerfi sem allir þekkja, hún kostar minnkuð afköst vegna langs vinnutíma, hún kostar minnkaða framleiðni fyrirtækja og á endanum kostar hún upplausn fjölskyldunnar, gjaldþrot, hjónaskilnaði og sumir segja sjálfsvíg. Þetta er gjaldið sem við greiðum fyrir láglaunastefnu sem hér hefur ríkt í áratugi. Þetta eiga menn að hugsa um þegar þeir setjast niður til að semja laun. Það er viðhaldið hérna launastefnu 19. aldarinnar sem einkenndist af lágum launum og þrælkun þeirra sem unnu, þrælkun barna og fullorðinna. Þetta er einkenni íslenskrar launastefnu og um þetta hafa nú allir tekið höndum saman á Alþingi í gær og í dag og syngja lofsöng til dýrðar þjóðarsáttmála, lífskjarasáttmála.

Þessi samningur er t.d. blessun verkalýðshreyfingarinnar yfir því fyrirtækjadekri sem ég lýsti áðan og blessun verkalýðshreyfingarinnar yfir þeim einkennum láglaunastefnunnar sem ég lýsti áðan. Um þetta er orðin þjóðarsátt.

Staðreyndirnar sem ég lýsti áðan um samanburð þjóðarauðs og lífskjara fólksins eiga að vera viðmiðun bæði þeirra stjórnmálamanna sem setja ramma, búa til umhverfi sem fólk og fyrirtæki lifa í og þeirra samningamanna vinnumarkaðar sem semja um arðskiptin. Það á að vera viðmiðunin, ekki að viðhalda hungurbasli lágu launanna á síðasta ársfjórðungi eða einhverjum öðrum ársfjórðungi sem er kominn í skrár sögunnar fyrir basl og eymd.

En hvers vegna blindast menn svona? Hvers vegna taka menn röng viðmið? Ég held að það sé út af því m.a. að þeir treysta sér ekki til að takast á við þær stórvirku breytingar sem verða að verða á öllum sviðum til þess að raunveruleg bót lífskjara verði. Menn treysta sér t.d. ekki til að hætta að festa fjármagn og byrja að nýta fjármagn. Menn treysta sér ekki til að gera þær skattabreytingar sem þarf til þess að slíkt geti gerst. Menn treysta sér ekki til að hætta að styðja illa rekin fyrirtæki með ívilnunum eða meðaltalslaunaákvörðunum af ýmsu tagi vegna þess að það gæti leitt til þess að einhver fyrirtæki sem eru einhverjum þeirra kær færu á hausinn. Menn teysta sér ekki til að auka aðhald og virkni í opinberum rekstri, t.d. með því að veita stjórnum eða stjórum stofnana afmarkaðar fjárhæðir sem þeir ráðstafa síðan sjálfir milli fjárfestingar, launa og rekstrar og gætu t.d. notað til að hækka laun starfsmanna sinna með því að færa til fé á milli einstakra rekstrarliða eða á annan hátt breyta fyrirkomulagi innan fyrirtækjanna. Menn treysta sér ekki, eins og við höfum heyrt hérna undanfarið í sambandi við umræður um heimastjórn og fylki, til að breyta samskiptum ríkisvalds og fólksins í landinu þannig að þar komi til aukin sjálfsstjórn og aukin sjálfsbjörg en að það sé lagt niður að sama skapi forsjárkerfið sem hér hefur ríkt síðan í lok stríðsins. Og menn treysta sér ekki til að breyta launasamningum þannig að það sé samið í fyrirtækjunum sjálfum þar sem fólkið veit hver afkoman er. Fólkið sér Range Rover eða Range Rovera forstjóranna. Fólkið sér fjölskylduna sem er á launum og veit hvernig afkoman er. Fólkið sem vinnur í fyrirtækjunum getur sótt arð í fyrirtækin sem meðaltalssamningarnir uppi í Garðastræti geta aldrei. Þessar breytingar treysta menn sér ekki til þess að gera. Og menn treysta sér ekki til að gefa fiskverð frjálst og hætta þessum fjarstæðukenndu verðlagsgrundvallarmeðaltalsútreikningum sem eins og ég sagði áðan gera það eitt að dekra við skussana, setja á skussana.

Þetta eru dæmi um þær stórvirku og óumflýjanlegu aðgerðir sem menn verða að gera ef þeir eru að hugsa um að endurreisa lífskjör. En auðvitað treysta menn sér ekki í þetta og þá setjast þeir niður og fara að tuða um meðaltöl og vísitölur. Síðan hjálpast allir að við að koma upp þeirri blekkingu að það sé verið að gera eitthvað sem skiptir máli.

Það er fróðlegt að líta svolítið á hvernig blekkingin verður til.

Fyrir tveim vikum lagði ríkisstj. fram tilboð sem hún kallaði að lækka skattheimtu, lækka útsvarsinnheimtu og lækka gjaldskrár ríkisfyrirtækja. Þarna var í raun og veru um það eitt að ræða að ríkisstj. sagðist ætla að færa skattheimtu sína að breyttum verðlagsforsendum sem yrðu ef gerðir yrðu samningar sem færðu niður verðbólguna. Ríkisstj. var ekki að gefa neitt. Hún var einungis að segja að hún ætlaði að færa sínar áætlanir um tekjuöflun, sem voru gerðar miðað við 30–40% verðbólgu, niður að þeirri 9–10% verðbólgu sem mundi verða í landinu.

Ef láglaunasamningarnir hefðu fært verðbólguna niður í 9% hefði það verið hreinn stuldur og níðingsskapur af hálfu ríkisstj. að færa ekki þessa tekjuöflunarliði niður. Það kom aldrei annað til greina. En hvað gerist? Ríkisstj. túlkar þetta sem framlag og frumkvæði til að gera skynsamlega kjarasamninga og undir það taka fjölmiðlarnir allir gagnrýnislaust eins og páfagaukar. Blöð fjalla dag eftir dag í leiðurum sínum um að þetta frumkvæði verði aðilar vinnumarkaðarins að nota til að gera launasamninga. Hvaða frumkvæði? Það frumkvæði að ríkisstj. lýsti því yfir að hún ætlaði ekki að gerast sá níðingur að innheimta skv. 30–40% verðbólguáætlunum í verðbólgu sem væri bara 10%? Þetta er ekki frumkvæði.

Svona hófst eiginlega mesti hluti þessarar blekkingar. Síðan heldur hún áfram. Næsti þáttur þessarar blekkingar er samningamakkið um meðaltölin og vísitölurnar. Fólk er látið halda að það sé verið að semja um lífskjör, en í raun eru samningamenn í talnabrellum. Í fyrsta lagi leggja menn til grundvallar afkomu fyrirtækjanna sem er metin út frá meðaltölum sem eru byggð á skattframtölum þeirra. Í þessari stóru púlíu skattframtalanna er ekki spurt hvernig fyrirtækin eru rekin heldur einungis spurt hverjar eru niðurstöður þeirra skattframtala sem fyrirtækin hafa lagt fram. Þarna eru auðvitað allir með. Lélegu fyrirtækin eru með. Þau fara inn í meðaltalið með risnunni og Range Rovernum og öllu sem fylgir. Með þessu fæst úrskurður um greiðslugetu fyrirtækjanna og eins og ég sagði áðan er það úrskurður sem dekrar við skussana með illa reknu fyrirtækin og kippir þeim inn í púlíuna. Hver halda menn síðan að sé þá greiðslugeta þeirra sem eru með vel rekin fyrirtæki? Þeir komast auðvitað af með að greiða brot af því sem þeir gætu greitt ef það ríkti sæmilega sanngjarnt kerfi sem fólkið gæti sótt launin sín eftir inn í fyrirtækin.

Þetta voru útreikningarnir á greiðslugetu fyrirtækjanna. Svo eru útreikningar á lífskjörum fólksins. Þá er aftur byggt á meðaltölum og neyslukönnunum og vísitölum um líf þessa fólks. Menn gleyma því að þessar tölur eru vísbendingar og meðaltöl en þetta eru ekki lífskjör. Þessar prósentutölur eru ekki lífskjör. Þær eiga ekki við einn einasta mann í þessu landi. Þær eru meðalsumman af einhverjum meðaljóni sem er ekki til. En svo fara menn að semja um meðaltölin. Samningarnir fara þannig að snúast um vísbendingar í staðinn fyrir lífskjör. Þegar svo er komið fara menn að semja um verðlækkun á bíl og verðlækkun á dekkjum og verðlækkun á súpukjöti af því að það er inni í einhverju meðaltali á einhverri neyslukönnun. En ef maður fer og talar við fólkið sem lifir við þessi lífskjör segir kannske fólkið: Ég hef ekki efni á að kaupa bíl og þess vegna kaupi ég engin dekk. Og ég hef ekki efni á að kaupa súpukjöt. Það fer kannske svo að ég misssi eitt af þessum prósentum í lífskjarauppsveiflunni af því að ég er ekki nógu ríkur til að eiga bíl. Svo eru sumir sem vilja

ekki eta súpukjöt, finnst súpukjöt vont. Hvers eiga þeir að gjalda? Af hverju mega þeir ekki njóta útreiknuðu lífskjarauppsveiflunnar? En blekkingunni um að það sé verið að semja um lífskjör er haldið uppi með þessum hætti.

Enn þá einu sinni hefur blessað lambakjötið þannig bjargað þessari þjóð. Í gamla daga lifði þjóðin á því að borða kjötið. Nú lifir hún á því að reikna það fram og til baka og búa til úr því lífskjör, enda sýnist manni að með þessum samningum og lögunum sem fylgja sé beinlínis ætlast til þess að menn borði lambakjötið til að njóta þessara bættu lífskjara og þá sannast hið fornkveðna að með lögum skal lamb tyggja.

Annað sem ég vil gera að umtalsefni í þessu sambandi er meðaltaladýrkunin í öllu efnahagslífi. Það sem þessi dýrkun gerir er að hún heldur okkur alltaf föstum við viðmiðanir gærdagsins, hinar gömlu viðmiðanir. Að binda sig við þessa meðaltaladýrkun minnir á strák sem fer í próf og fær aldrei nema 4 en það er ekki nóg. Hann er alltaf að hugsa um að hækka sig um 5% eða 10%. Þá fær hann 4,4. Hann er ekkert bættari með 4,4. Hann er líka fallinn með 4,4. Hann þarf að fá 8 eða 9 til að vera sæmilega stæður. Þess vegna þarf hann að byrja upp á nýtt. Hann má ekki binda sig við meðaltöl gamla tímans. Hann þarf að stokka málið upp á nýtt. Það er það sem við þurfum að gera. Það er það sem Íslendingar þurfa að gera í sínum launamálum.

Síðan nota menn meðaltölin til að meta afkasta- og greiðslugetu fyrirtækjanna eins og ég lýsti áðan og nota þessi meðaltöl til að finna hvað hæfir hverju fyrirtæki að greiða mikið. Ég vil nefna dæmi sem ég hef nefnt áður í þessum ræðustól. Þetta er eins og ég færi í Hagkaup til að kaupa buxur á eins árs gamalt barn, fimm ára gamalt barn, 14 ára gamlan ungling og 80 ára gamalmenni. Svo tæki ég meðalaldur þeirra, sem væri 100, deildi í með 4 og fengi út 25 og keypti fjórar buxur á rúmlega tvítuga. Þær passa engum. Meðaltölin uppi í Garðastræti eru ekki í neinu sambandi við hvorki fyrirtækin né fólkið í þessu landi, ekki frekar en buxurnar úr Hagkaupi yrðu með þessum framgangi. Svona er nú láglaunastefnan, blekkingarnar og meðaltölin.

Það er fróðlegt að líta sér aðeins nær og líta á þann króga sem við erum að fjalla um hérna í dag, þessa samninga. Við skulum kíkja aðeins á hvernig um þá er fjallað í dag. Um þá er fjallað í Staksteinum þar sem eru tínd til ýmis nýleg „komment" fjölmiðlanna. Það stendur t.d., með leyfi forseta, í Morgunblaðinu í dag, í Staksteinum:

„Alþýðublaðið segir í sinni forustugrein: „Launþegar og vinnuveitendur hafa nú gert kjarasamninga sem væntanlega marka tímamót í samskiptum þeirra og í íslensku efnahagslífi. Hér er á ferðinni eins konar kjarasáttmáli, gagnkvæmur skilningur aðila á nauðsyn þess að gera samninga sem ekki eru verðbólguhvetjandi."„

Svo kemur: „Þessi niðurstaða er báðum samningsaðilum til sóma." Og síðan segir: „Alþýðublaðið fagnar þessum samningum."

Svo er vitnað í sömu Staksteinum í Þjóðviljann. Þar gerir að vísu vart við sig svipaður geðklofi eða tvíhyggja og mér fannst vera í ræðu formanns Alþb. áðan, hv. þm. Svavars Gestssonar. Það er haltu mér, slepptu mér. Í byrjun tilvitnunar er talað um ýmislegt jákvætt við þessa samninga, en svo kemur en og en og en og sagt: „Samkvæmt þessu mun launafólk ekki einu sinni halda hlutdeild sinni í auknum þjóðartekjum. Í miðju góðærinu á því herrans ári 1986 er því kjaraskerðing síðustu ára nánast staðfest." Og síðan segir, með leyfi forseta: „Það er hins vegar fráleitt að gefa upp vonina um að kjörin geti batnað." Svona fjallar málgagn Alþb. um þessa þjóðarsátt um lífskjarasáttmála.

Í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta, er líka haft eftir einum starfsmanna Alþýðusambands Íslands: „Samningarnir happadrjúgir félögum í ASÍ."

Þá er fjallað öllu meira um þessa samninga á þingsíðu Morgunblaðsins í dag. Þar er fyrirsögn, með leyfi forseta, sem er svona: „Jón Baldvin um samninga ASÍ og VSÍ: Samrýmast sjónarmiðum jafnaðarmanna." Hvaða jafnaðarmanna? Ég vissi ekki að það væru sjónarmið jafnaðarmanna að staðfesta viljann til þess að hér ríki áfram lífskjaraskerðing og lélegustu lífskjör á Vesturlöndum.

Síðan segir Morgunblaðið, með leyfi forseta, að formaður Alþfl. ræði um lífskjarasáttmálann og fari um hann fegurstu orðum og segi að jafnaðarmenn vilji allt til vinna að sá árangur sem að væri stefnt í hjöðnun verðbólgu og styrkingu kaupmáttar næðist í reynd.

Það er haft eftir hæstv. fjmrh. að hér sé á ferðinni þjóðarsátt. Minna má nú ekki gagn gera.

Ég verð að segja að það sem stendur eftir af þessu öllu saman er sú staðreynd að þegar þetta ár er runnið sitt skeið á enda, ef dollarinn breytist ekki, ef olíuverðshækkunin helst, ef aflinn helst og ef þorskverðið helst uppi í Ameríku, geti þeir sem best eru settir vænst 8% aukningar á kaupmætti. Hvað þýðir það fyrir konu eða mann sem eru með 17 þús. kr.? Það þýðir að viðkomandi fær rúmar 18 þús. kr. Hvernig halda menn að lífið sé hjá þeim sem fær núna 17 þús. kr.? Hverju halda þessir söngvarar dýrðaróðsins um lífskjarasáttmálann að viðkomandi væri bættur með 1000 kr. í viðbót? Það skiptir nákvæmlega engu máli vegna þess að sá sem lifir við 17 þús. kr. á mánuði lifir lífi sem jafnaðarmenn geta ekki sætt sig við og sem jafnaðarmenn geta ekki gert samninga um, hvað þá heldur sungið lofsöng til dýrðar um. Þannig líf er ekki á stefnuskrá jafnaðarmanna. Það er kannske hægt á einhvern hátt að lifa af 17 000 kr., en það er ekki mannsæmandi líf og það er líf sem menn ætla að útrýma úr þessu landi. Ef einhver er að gera slíkan lífskjarasáttmála fullyrði ég að hann er ekki í sátt við fólk sem er undir 25–30 000 kr. á mánuði. Þetta er sáttmáli um skömm. Þetta er sáttmáli um að dekra við illa rekin fyrirtæki. Þetta er sáttmáli um að dekra við þann hluta atvinnurekenda sem annaðhvort getur ekki rekið fyrirtæki svo vel sé eða getur það en hefur ekki næga félagslega ábyrgðartilfinningu til þess að greiða mannsæmandi laun. Jafnaðarmenn taka ekki þátt í þjóðarsáttmála um að heiðra skussana.

Ég tel að allt talið um þjóðarsátt hjá fjmrh. sé móðgun við þjóð sem er núna að ganga í gegnum hörmungarskeið félagslegrar upplausnar og efnalegra þrenginga. Menn gera enga samninga eða sátt um slíkt. Við vitum að það fjölgar gjaldþrotum launafólks, ekki aðeins fyrirtækja heldur launafólks. Það fjölgar hjónaskilnuðum. Starfsmenn félagsmálastofnana telja að álagið hafi aldrei verið meira en nú á einstaklingum og fjölskyldum. Ætla menn að fara að gera þjóðarsátt um það? Ekki ég. Ég tek ekki þátt í að gera lífskjarasáttmála sem blessar kjaraskerðinguna, lengir líf duglausra

fyrirtækja og staðfestir að þessi ríkisstj. á ekkert erindi í pólitík. Þetta er þjóðarsátt um þjóðfélag þeirra þriggja fjórðu hluta sem kannske hafa efni á að njóta einhvers af þeim gæðum sem hér er boðið upp á.

Nú vil ég víkja talinu að umbúnaði málsins. Alþingi fær oft send ýmis mál og vissulega er það rétt að Alþingi á að vera opið og á að taka við málum og skoðunum smáum og stórum. Síðan fara menn yfir þessa hluti og menn setja lög eða fella frv. En fólk hefur kosið þingmenn til að fara hingað inn og nota samvisku sína og einhverja skynsemi til löggjafar. Það sem er að gerast hérna á ekkert skylt við löggjöf. Nú eru hér ekki frjálsir menn að setja lög. Núna er þingið beitt þvingunum. Aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstj. standa með byssuhlaup við gagnaugabeinið á mönnum og segja: Samþykkið þið. Þetta er nauðgun á Alþingi. Þeir segja: Ef þið réttið ekki upp hönd svona og svona gerum við allt vitlaust, förum í verkfall, verkbann eða einhverjar slíkar kúnstir.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa umboð til að semja um skiptingu arðsins úr fyrirtækjunum, en þeir setja ekki lög. Alþingi hefur verið niðurlægt. Það er ekki í fyrsta sinn. Kvótinn var ágætt dæmi. Kvótinn var mjög gott dæmi. Þá man ég að ærntu og skræmtu Alþýðubandalagsmenn og Alþýðuflokksmenn. Þá höfðu frv. gengið um allan bæ og allt land áður en þm. sáu stafkrók. Núna skrifa ASÍ, VSÍ og SÍS frv. og senda ríkisstj., ríkisstj. kynnir fjölmiðlum frv. kl. 3 í gær og sýnir þinginu það kl. 7 í gærkvöld. Og svo er sagt: Verið þið fljótir að afgreiða þetta, strákar. — Þannig gerist það að mál sem tók fjórar til sex vikur að kanna í viðræðum aðila, reikna út og búa til kemur hingað inn kl. 7 í gær og menn segja: Getið þið ekki hespað þessu af? Menn segja: Það er ekki hægt að láta þetta dragast fram yfir helgi. Menn segja: Þá verða stóru strákarnir farnir í Norðurlandaráð og það er ekki hægt að standa í að vera að samþykkja mikilvæg lög þá. Og menn segja: Þjóðin bíður eftir ykkur. Bílaviðskipti liggja niðri og það er allt í hönk með dekkin. Og það gerist ekki neitt. Drífið þið ykkur. Vídeóin seljast ekki. Verið þið fljótir. Klárið þið þetta fyrir helgi.

Nú er Alþingi til trafala. Ekki að menn óttist að Alþingi breyti eitthvað frv. Nei, Alþingi tekur bara tíma. Við erum stimpilstofnun eins og ríkismat sjávarútvegsins. En munurinn er sá að Ríkismatið stöðvar stundum slæmar sendingar, en Alþingi gerir það ekki. Það stimplar sjálfvirkt. Það er orðið nokkuð vel að sér í þessu stimpilhlutverki. Það hefur fengið áður plögg til að stimpla. Það voru send hér inn í haust plögg þegar Flugleiðir ákölluðu þingið. Þá stimpluðu menn lög um flugfreyjulaun. Stimpilstofnun.

Nú hafa allar reglur í raun verið brotnar einu sinni enn og þá er sagt að menn skuli ekki vera að tala hér um formsatriði. Ég sá það haft eftir einhverjum. Það vill þó svo til að þessi svokölluðu formsatriði eru stjórnarskrá, grundvallarlög þessa samfélags. Það eru nú öll formsatriðin. Það eru þau formsatriði hvernig stjórnkerfið, hvernig stjórnskipanin í þessu landi vinnur. Það eru ekki ómerkileg formsatriði.

Við Bandalagsmenn höfum verið gagnrýndir fyrir að leggja áherslu á þörfina á breyttu stjórnkerfi, en hérna er sönnunin. Nú hefur framkvæmdavaldið verið tekið út fyrir þetta lýðræðislega kjörna stjórnkerfi og aðilar úti í bæ beita þessu framkvæmdavaldi til að knýja fram lausn á sínum vanda. Ef ég væri í sporum einhverra þm. fjórflokksins og tæki undir dýrðaróðinn um þjóðarsátt, um þjóðfélag þriggja fjórðu, mundi ég samt vera óánægður með stjórnkerfið vegna þess að á mig mundi sækja viss ótti við að missa núverandi framkvæmdastjóra VSÍ. Ég mundi spyrja: Hvaða tryggingu hef ég fyrir því að hann Magnús Gunnarsson verði þarna á næsta ári og sjái um þetta. (**Gripið fram í:** Hann er að hætta núna kl. 5.) Ég mundi þá spyrja: Er sá næsti nógu góður? Get ég treyst næsta framkvæmdastjóra VSÍ til að vinna þetta fyrir mig? Þess vegna er það svo að jafnvel þó mér þættu þetta góðir samningar mundi ég segja að þetta stjórnkerfi væri samt ónýtt því það er ekkert sem hindrar að næsta ár verði ekki gerðir „sólstöðusamningar" eða 40% samningar eða 50% samningar. Ríkisstj. á allt sitt undir því að það séu góðir menn sem skrifa frumvörpin uppi í Garðastræti. Svoleiðis stjórnkerfi er ekki gott.

Nú eru ríkisstj. og þjóðin eins og stjórnlaust rekald. Þetta er eiginlega eins og að vera á skipstjóra- og stýrislausu skipi einhvers staðar úti á Kyrrahafi, reka af einni eynni á aðra og stundum taka á móti skipunum grenjandi mannætur og stundum dansandi Hawai-stelpur með blómaskrúð og banana og menn bara bíða og vona. Menn hafa enga stjórn á því hvert þessi fleyta fer. Svo þegar hún lendir á því sem þeim finnst vera góð eyja eru þeir ánægðir og segja: Við skulum ekki vera að ræða um það þó að skipið sé stjórnlaust. Nú fór vel. Við skulum ræða um innihald þess sem hér er á ferðinni, segja þeir.

Svona á ekkert stjórnkerfi að vera. Þetta er ekki ómerkilegt formsatriði. Þetta er grundvallaratriði í því hvort okkur á að takast einhvern tímann að hætta að vera á botninum meðal vestrænna þjóða í dagvinnulaunum. Ég hafna því að ég sé að tuða um form. Ég held því fram að ég sé að tala um grundvöll stjórnskipunarinnar.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Það er þegar orðið lengra en ég hugði. Þessi samningur samrýmist ekki sjónarmiðum jafnaðarmanna. Það er til hans stofnað á afar ólýðræðislegan hátt og hann innsiglar áframhaldandi kúgun lágu launanna. Það leitar stundum á mann að sumir svokallaðir vinstrimenn þurfi á láglaunafólkinu að halda á vísum stað til að geta geiflað sig framan í það við kosningar eða samninga. Þeir jafnaðar- og vinstrimenn mega eiga þessa samninga fyrir mér. Þessa samninga getur BJ ekki stutt. Við getum ekki tekið undir lofsöng gömlu flokkanna um þjóðarsátt um áframhaldandi fátækt vegna þess að svo miklir ójafnaðarmenn viljum við ekki vera.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í umræðum utan dagskrár í gær um kjarasamningana lýsti ég því yfir fyrir hönd okkar jafnaðarmanna að við teldum þau vinnubrögð sem beitt var við þessa samningagerð til bóta. Borið saman við hvað? Ekki borið saman við hið fullkomna þjóðfélag, ekki neina paradísarhugmynd eða hina fullkomnu réttlátu tekjuskiptingu heldur borið saman við reynsluna á liðnum hálfum öðrum áratug, borið saman við vinnubrögð við gerð kjarasamninga áður, borið saman við þann árangur sem fengist hefur af þeim. Við teljum að sú tilraun sem hér hefur verið gerð af hálfu forustumanna verkalýðshreyfingarinnar sé einnar messu virði og til mikilla bóta frá því sem áður

var. Af því leiðir að við munum styðja það frv. sem á þessum kjarasamningi byggist. Það gerum við heldur ekki vegna þess að við séum vissir í okkar sök um að þetta frv. tryggi árangurinn. Við höfum þvert á móti mjög alvarlegar efasemdir um það. Við viljum samt gera þetta vegna þess að við viljum að þessi tilraun verði keyrð áfram til enda, við viljum láta á það reyna hvort það tekst. Við höfum í okkar málflutningi bent á að það þurfi eitthvað að gera í meðferð málsins hér á þingi til að tryggja árangurinn betur. Við höfum sagt að við værum sjálfir reiðubúnir til samkomulags við aðra um slíkan tillöguflutning um að styrkja stöðu ríkisfjármála til að tryggja þennan árangur. Við hörmum að í meðferð málsins hingað til hefur ekki verið undir það tekið og við tökum fram að ríkisstj. sjálf, sem þannig hefur haldið á málum, hlýtur að lokum ein að bera ábyrgð á hvort sá árangur, sem við gerum okkur vonir um, næst eða ekki.

Þetta þykir sumum áreiðanlega ekki nægilega glæsileg afstaða miðað við samanburð við hið fullkomna þjóðfélag eða hina réttlátu tekjuskiptingu, en öll ræða hv. seinasta ræðumanns byggðist á einhverri slíkri viðmiðun. Hver mundi mæla því mót að það væri æskilegt í einu stökki að tvöfalda dagvinnutekjur Íslendinga, að færa þær úr 17 000 kr. upp í 34 000? Ekki nokkur einasti maður. Jafnvel ekki þeir uppi í Garðastræti. Ekki heldur þeir uppi í stjórnarráði. Síst af öllu hæstv. forsrh., sá velviljaði maður. Enginn. Og hvað værum við að gera með því? Við værum að hækka dagvinnulaun á Íslandi til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndum, jafnvel löndum þar sem þjóðartekjur á mann eru mun lægri en á Íslandi. Enginn mundi bera á móti nauðsyn þess arna. Allir mundu telja þetta eðlilegt. Spurningin er þá: Hvers vegna er þetta ekki gert? Hvernig stendur á því að verkalýðshreyfingin beitir ekki afli samtaka sinna til að knýja þetta fram þrátt fyrir allt? Ja, hvert er svarið við því? Svarið við því er að verkalýðshreyfingin er margbúin að reyna þetta. Hún er margbúin að reyna að hækka krónutölu kaups að nafninu til jafnsnögglega og í jafnstórar stærðir og ég var að nefna. Við höfum hækkað kaup í krónutölu um þúsundir prósenta á undanförnum árum. Fræg var sú tilvitnun að á síðastliðnum áratug hefði það hækkað um 3000 og eitthvað prósent, eftir hefði staðið eftir áratuginn innan við 7% kaupmáttaraukning í reynd. Allt hitt var í svikinni mynt. Allt hitt hvarf. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að í þjóðfélagi af þessari gerð er það ekki á valdi verkalýðshreyfingarinnar við samningaborðið að leysa tekjuskiptingarvandann, að koma á tekjuskiptingu, að tvöfalda í reynd dagvinnutekjur fólks. Meira að segja væri það ekki gerlegt þó að það væru vinnustaðasamningar, meira að segja þótt breytt væri hinu úrelta skipulagi verkalýðshreyfingarinnar sem við hv. síðasti ræðumaður værum sennilega sammála um að þyrfti að gerbreyta. Jafnvel þótt við hefðum getað stokkað það skipulag upp, jafnvel þótt við hefðum getað fært valdið ofan af Grensásvegi og niður á vinnustaðina hefði það eitt sér ekki dugað til þess.

Það er m.a. með hliðsjón af þessari reynslu að við gerum okkur grein fyrir því að það er svo takmarkað sem verkalýðshreyfingin getur unnið við samningaborðið, það er svo litlu sem hún getur orðið breytt vegna þess að lífskjör venjulegrar fjölskyldu ráðast af svo mörgum þáttum sem ekkert er um fjallað við samningaborðið, sem verður ekkert um fjallað og ekkert við ráðið nema í gegnum pólitískar ákvarðanir sem þrátt fyrir allt eru teknar hér. Ekki á einhverjum stað sem heitir Alþingi heldur í hliðarherbergjum þess fyrir byrgðum dyrum í þingflokkum, innan þess hóps sem hefur meiri hluta á Alþingi hverju sinni.

Hvað er það sem ræður afkomu fjölskyldunnar? Taxtakaupið sem samið er um við samningaborðið? Hver mundi ekki geta fallist á að það væru rétt rök að hófleg kauphækkun í krónutölu, 13,6% sem færir lágmarkslaunin úr 17 000 kr. í rúm 19 000 kr., skipti engum sköpum, þetta sé allt of lítið? Hvað þýðir þetta þá? Það þýðir að þær fjölskyldur í landinu sem eiga að framfleyta sér og sínum af þessum lágmarkstekjum einnar fyrirvinnu búa undir hungurmörkum. Þetta eiga allir að vita og vita allir og enginn getur mótmælt því. Hvað eru þær margar? Hvað eru þeir margir, hvað eru þeir fjölmennir hóparnir sem lifa við þessi kjör? Hvað eru þær margar fjölskyldurnar í landinu sem lifa á þessum kjörum? Ég hef ekki þau svör í kollinum, en ég veit samt sem áður að það er mikill minni hluti Íslendinga þrátt fyrir allt.

Það skiptir sköpum fyrir fjölskylduna hvort fyrirvinnurnar eru ein eða tvær. Það skiptir líka sköpum að vinnan sé ekki unnin á lágmarkstöxtum verkalýðsfélaga, að til komi einhvers konar kaupaukar, einhvers konar bónus, einhvers konar ákvæðisvinna, að vinnutíminn sé ekki átta tímar, að fyrirvinna fjölskyldunnar eigi kost á aukavinnu, helgarvinnu, næturvinnu, öðrum störfum, aukastörfum. En þetta er þó ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er hverju þessi fjölskylda heldur eftir af brúttóaflafé sínu, atvinnutekjunum. Hverjar eru ráðstöfunartekjurnar eftir skatt? Það skiptir sköpum. Við erum ekkert ósammála, hv. síðasti ræðumaður og ég, þeirri lýsingu, þeirri mynd sem hann dró upp í þeim efnum. Við erum áreiðanlega mjög svo svipaðrar skoðunar á því. Við tölum um illa rekin fyrirtæki, um spillinguna sem gegnsýrir þetta þjóðfélag eftir 15 ára botnlausa verðbólguþróun, um lélega stjórnun í fyrirtækjum, um þá staðreynd að skattakerfið verkar sem hvati á linnulausa eftirspurn eftir lánsfé, gífurlega sólund á peningum, að fyrirtæki eru rekin út frá úreltum ákvæðum skattalaga til að sýna tilbúna afkomu, að laun fyrir vinnu sem ekki er unnin eru færð á reikning fyrirtækis, að risna manna og kostnaður eru færð á fyrirtækin. Allt eru þetta staðreyndir meira og minna gegnumgangandi út um allt kerfið. Og auðvitað skiptir það sköpum um afkomu manna. Það eru ekki bara laun uppgefin á blaði. Það er það hvað menn þurfa að leggja af þessum launum til skatts, hver er aðstaðan til skattundandráttar, löglegs eða ólöglegs. Verkalýðshreyfingin sem slík, umboðsmenn launþega við samningaborð, fá ekkert við þetta ráðið. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er ekki verið að semja um annað við samningaborðið en brot, kannske brotabrot af raunverulegum lífskjörum, taxta, launabil, launastiga en ekki raunveruleg lífskjör, ekki raunverulegar atvinnutekjur, ekkert um aðstöðu manna til skattundandráttar.

Hvað á þá verkalýðshreyfingin að gera? Má ég rifja upp reynsluna af verkfalli opinberra starfsmanna haustið 1984? Mánaðar verkfall. Hver varð niðurstaðan? Niðurstaðan var nákvæmlega sú að svokallaður ávinningur í einhverjum prósentutölum kauphækkunar hvarf á örfáum vikum. Og verra en það: Hann varð að

engu, varð verri. (**GHelg:** Hann var látinn hverfa.) Já, hvers vegna hvarf hann? (**GHelg:** Af því að hann var látinn hverfa.) Vegna þess að með pólitískum ákvörðunum er ýmist hægt að láta hann hverfa eða halda einhverju eftir af honum. Það er rétt. Að vísu eru takmörk fyrir því hvaða hald er í pólitískum ákvörðunum sem teknar eru hér á Alþingi vegna þess að það eru jafnvel enn þá veigameiri þættir sem skipta sköpum. Hver er aflinn? Hvað veiðist mikið af þorski? Hver eru viðskiptakjörin? Hver er þróun gengis? Þessu ráðum við út af fyrir sig ekki og skiptir það þó sköpum. En ef við erum að spyrja einhverra grundvallarspurninga um hvað það er sem ræður tekjuskiptingunni á Íslandi, þá verður henni ekki breytt hvaða hugmyndir sem við höfum um hvernig hún ætti að vera. Henni verður ekki breytt við samningaborðið. Ef menn vilja breyta henni er eina leiðin til þess að gera það að gera það í valdi pólitískra ákvarðana sem meiri hluti á Alþingi Íslendinga tekur, kallast ríkisstjórn öðru nafni.

Ef hér væri við lýði ríkisstjórn sem viðurkenndi staðreyndir um hvernig komið er skattakerfinu, væri reiðubúin að fleygja því eins og ónýtu fati, sem væri reiðubúin að leggja fyrir Alþingi og fá þar samþykkta nýja skattalöggjöf sem beinlínis miðaði að því að uppræta skattundandrátt og spillingu, að gerbreyta leikreglum í atvinnurekstri og fyrirtækjarekstri, að stuðla að raunverulegri tekjujöfnun í gegnum skattakerfi. Það eru þau verkfæri sem hægt væri að nota. Með slík verkfæri í höndunum gætum við tekið upp t.d. stefnu í líkingu við þá sem hv. síðasti ræðumaður var að vitna í í Morgunblaðsgrein, grein Stefáns Ólafssonar um launamál á Íslandi, um afnám þessarar svokölluðu láglaunastefnu, um raunveruleg áhrif á tekjuskiptinguna í jafnaðarátt. Um þetta hygg ég að sé ekki mikill ágreiningur á milli okkar.

Spurningin er núna: Við erum að reyna að meta þennan kjarasamning og það sem verkalýðshreyfingin hefur gert. Ég segi: Það sem verkalýðshreyfingin er að reyna að gera við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi er að meta reynslu sína og draga þannig rökréttar niðurstöður. Og rökréttar niðurstöður eru þessar: Það hefði ekkert stoðað og engu breytt fyrir verkalýðshreyfinguna jafnvel þótt hún hefði getað hvatt liðsmenn sína út á göturnar eða til að beita verkfallsvopni sem enginn hafði efni á og allir vissu. Það hefði engu breytt þótt hún hefði getað knúið fram að daglaun skyldu í krónutölu hækka upp í 34 000, tvöfaldast, vegna þess að um leið og búið var að hækka kaup fiskverkunarkonunnar úr 17 000 kr. upp í 34 000 kr. hefði verið búið að hækka kaup flugstjórans upp í 300 000 kr., endurskoðandans, tannlæknisins, læknisins og þeirra allra saman margfaldlega og eftir hefði staðið svikin mynt, 0,0. Að vísu væri efnahagslíf enn þá spilltara, enn þá ónothæfara af slíku verðbólguferli sem þetta hefði hleypt af stað, en við hefðum setið nákvæmlega í sömu sporum.

Þetta er sú reynsla sem verkalýðshreyfingin þrátt fyrir allt er búin að gera sér grein fyrir og það er þakkar vert. Það er þakkarvert að þeir skuli a.m.k. hafa látið sér lærast þessa lexíu eftir 15 ár. Það er vissulega ástæða til fyrir menn sem hafa gagnrýnt þessi vinnubrögð lengi að láta ekki undir höfuð leggjast að hæla mönnunum þegar þeir hafa þó lært þessa lexíu á 15 árum. Gamla aðferðin var þýðingarlaus, vonlaus. Sjónhverfing, blekking, steinar fyrir brauð. Þess vegna styðst þessi tilraun, sem nú er verið að gera, við rök. Hún er í þessu fólgin: Við ætlum ekki að ljúga því að fólki eða blekkja fólk áfram með því að við getum við samningaborðið með tvöföldun á kauptöxtum bætt kjörin ykkar. Við ætlum að fara aðra leið. Við ætlum að taka á okkur þann sjálfsaga að hafa launahækkanirnar í prósentum talið eða krónum talið tilölulega litlar. Við ætlum að reyna með sérstökum aðgerðum að fá kauphækkun fyrir þá sem búa á hungurtöxtunum heldur meiri. Við ætlum hins vegar að reyna að tryggja að þessar launahækkanir haldi sér. Og við ætlum að reyna að fá ríkisvaldið til að breyta stefnu sinni frá því sem hún var ákveðin í fjárlögum og lánsfjárlögum fyrst og fremst til þess að koma til móts við okkur. Hvernig? Jú, í fyrsta lagi með því að tryggja að þær ákvarðanir sem teknar voru fyrir jól í fjárlögum og lánsfjárlögum um skatta verði a.m.k. færðar niður til jafns við verðlag. Það er hárrétt, sem hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði, að ríkisstj. er ekki að gefa neitt í sköttum. Hún er ekki að lækka skatta að raungildi. Það er hárrétt. Tekjuskattur er ekki lækkaður. Það er verið að reyna að láta hann halda sér hlutfallslega sem sama hlutfall af tekjum greiðsluárs. Það er reynt að ná samningum um að lækka útsvar. Ég þori ekki að fullyrða hvort það er umfram aðlögun að verðlagsforsendum eingöngu eða ögn betur. Það er á valdi sveitarstjórnarmanna hvort eð er. Það er reynt að fylgja þessu eftir með lækkun vaxta og það er vitað að fyrst í stað verður þar ekki um að ræða lækkun raunvaxta. Það er reynt að fylgja þessu eftir með lækkun á gjaldskrám opinberrar þjónustu, fylgja því eftir með lækkun á tollum, fylgja því eftir með aðgerðum sem eiga að geta stuðlað að lækkun á vöruverði. Það eru felldir niður launaskattar hjá þeim greinum þar sem láglaunafólkið er fjölmennast, fiskiðnaðinum og samkeppnisiðnaðinum, til þess reyndar líka að reyna að renna stoðum undir að gengisforsendurnar haldi. Það er reynt að koma í veg fyrir nýja verðbólguholskeflu með því að koma í veg fyrir hækkun á búvöruverði og það er reynt að leita samkomulags um að endurreisa það húsnæðislánakerfi sem er hrunið.

Hv. síðasti ræðumaður sagði: Allt er þetta sjónhverfing og blekking og þetta er einskis virði. Mér þykir leiðinlegt að hann skuli segja það. Mér þykir það mjög miður vegna þess að það eru ýkjur. Þetta er nákvæmlega það eina sem hægt er að gera, eina leiðin sem fær er til að feta sig út úr svikamyllu verðbólguholskeflunnar, taka fyrstu skrefin í átt að sameiningu íslensks efnahagslífs sem ég hélt að hv. þm. væri einna helst talsmaður fyrir að ætti gera. Það gerist ekki með neinu heljarstökki. Það gerist ekki með neinni hókus pókus patentlausn. Þegar verið er að reyna að breyta vinnubrögðunum í rétta átt eins og hér er verið að reyna að gera er það vissulega mjög miður að boðberar nýrra hugmynda, boðberar nýrra vinnubragða skuli foragta þetta, einskismeta þetta og svara hins vegar engu um það hvernig þeir vilji að mál verði leyst í staðinn nema með patentlausnum, kjósa forsætisráðherra beint og svo mun allt annað hlotnast yður að auki, sem við erum búin að heyra hundrað sinnum og stenst ekki.

Þessi samningur leiðir ekki til réttlátrar tekjuskiptingar. Þessi samningur er ekkert nema fyrsta skrefið. En framhaldið á honum er algjörlega komið undir því hvaða pólitískar ákvarðanir eru teknar hér. Nú liggur það fyrir hvaða ákvarðanir hæstv. ríkisstj. og stjórnar-

meirihluti hefur tekið. Það er það sem við gagnrýnum. Í umræðum um málið í fjh.- og viðskn. á sameiginlegum fundum beggja deilda lýstum við mjög skilmerkilega okkar skoðunum í því. Við segjum: Það er stórháskalegt að hæstv. ríkisstj. skuli ætla sér að fara þá leið að mæta þeim útgjaldaauka sem af kjarasamningunum hlýst eingöngu með stóraukinni lántöku upp á hálfan annan milljarð og með því að auka hallarekstur ríkissjóðs með þeim hætti. Það er stórkostlega varasamt. Með því er ríkisstj. að taka á sig ábyrgð af því að hún með hallarekstri og ónýtri fjármálastjórn spilli að lokum þeim árangri sem menn geta gert sér raunhæfar vonir um að geti tekist ella. Það er það sem er hættulegast við þetta.

Í umræðum um þetta mál í nefndinni og eins í nál. Eiðs Guðnasonar hv. þm. í Ed. segjum við að við séum reiðubúnir til samstarfs við ríkisstj. um tillögugerð sem feli í sér að minnka fjárlagahallann og treysta þannig vonir manna um raunhæfan árangur kjarasamninganna. Þar segir á þá leið að við séum reiðubúnir til þess að fallast á sameiginlegar tillögur aðila vinnumarkaðarins um aukna tekjuöflun ríkissjóðs, um aukna tekjuöflun ríkissjóðs til þess að þessu verði ekki öllu saman mætt *með lánum og fjárlagahallinn þar af leiðandi aukinn*, ofan á það sem vitað er, að í raun og veru er verulegur innbyggður dulinn fjármálahalli eftir fjárlagaafgreiðsluna fyrir jól.

Hvernig er unnt að mæta þessum kostnaðarauka með aukinni tekjuöflun? Við rifjum upp að aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um nýja tekjuöflun a.m.k. að upphæð 625 millj. kr., t.d. með því að leggja sérstakan skatt á banka og fjármálastofnanir, t.d. með því að leggja á sérstakan eignarskattsauka, sem mætti hafa þannig að leggja eingöngu á félög með umtalsverðar skuldlausar eignir, og í þriðja lagi með lækkun ríkisútgjalda, t.d. með því að draga að nokkru leyti úr framlögum til vegaframkvæmda með hliðsjón af fyrirsjáanlegum sparnaði í þeirri fjárfestingu í kjölfar lækkandi olíuverðs. Aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um að leggja fram slíkar tillögur, um að ríkissjóður mætti þessum útgjaldaauka að hluta til, 625 millj., með þessum hætti. Við lýstum því yfir í nefndinni og við lýsum því yfir hér að við erum reiðubúnir til að styðja slíkar tillögur og jafnvel ganga ögn lengra. Við erum því t.d. mjög mótfallnir að aflað verði sérstakra lána, 220 millj., til að greiða niður hækkun búvöruverðs. Við teljum að þetta eigi að leysa innan fjárlaga, t.d. með því að verja verulegum hluta af útflutningsbótafé, sem á fjárlögum er 740 millj. ef ég man rétt, til þess að mæta þessum útgjöldum en ekki að *láta launþega og neytendur greiða þetta í formi hærri* skatta seinna sem gert verður ef þetta er gert með lánum. Við viljum nefna enn eitt dæmið um þetta. Við teljum að hér væri mjög æskilegt, til þess nú að undirstrika raunverulegan vilja ríkisstj. til að ná árangri, að hún innsiglaði þann vilja sinn með tillögum um að draga enn verulega úr þeim stórauknu erlendu lántökum sem ákveðnar voru með lánsfjárlögum núna fyrir jólin. Við mundum mæla með því að erlendar lántökur væru lækkaður um 500 millj. kr., ekki minna, og þar með skertar heimildir til erlendrar lántöku hjá stofnunum eins og Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins og Landsvirkjun.

Með tillögum af þessu tagi, sem væru allt í senn um aukna tekjuöflun ríkissjóðs, um lækkun útgjalda og um minnkun erlendra lána, væri ríkisstjórnin að undirstrika vilja sinn í alvöru til þess að sá árangur, sem þessir *skynsamlegu kjarasamningar gefa okkur vonir og fyrirheit* um, fái staðist. Það veldur mér miklum vonbrigðum að stjórnarmeirihlutinn skuli ekki í verki sýna neinn lit á því að taka undir þessar skoðanir. Þetta eru ekki bara mínar skoðanir, þetta eru ekki bara skoðanir sem hafa komið fram frá aðilum vinnumarkaðarins sjálfum. Þetta eru skoðanir sem því sem næst hver einasti hagfræðingur þjóðarinnar, sem eitthvað hefur látið til sín heyra, hefur sett fram í ræðu og riti í þjóðfélagsumræðunni að undanförnu og nota bene — og það þykir mér vænt um — þetta eru sjónarmið sem hæstv. forsrh. tók undir fyrir sitt leyti í umræðunum utan dagskrár í gær, en hefur greinilega orðið að láta í minni pokann innan ríkisstj. fyrir þeim sjálfstæðismönnum. Það tel ég mjög miður. Með því að samþykkja tillögur af þessu tagi væri Alþingi að sýna að það er ekki bara stimpilpúði. Með því að samþykkja slíkar aðgerðir væri Alþingi einfaldlega að segja: Sá hluti sem kemur til kasta Alþingis í þessari tilraun til að koma á lífskjarasáttmála er ekki nóg. Við viljum ganga lengra til þess að *tryggja almenningi að hann verði ekki fyrir vonbrigðum* í þetta skiptið með því að gera það alveg öruggt að ónýt fjármálastjórn í ríkisfjármálum, vaxandi halli í ríkisfjármálum, verði ekki a.m.k. til að ónýta þennan árangur.

Það geta komið fyrir óvæntir utanaðkomandi atburðir á sviði gengismála sem við fáum ekki ráðið við og við getum orðið aftur fyrir áföllum á erlendum mörkuðum að því er varðar fiskverð. En hér erum við að tala um hluti sem eru á valdi ríkisstj. og þingmeirihlutans sjálfs og það væri aldeilis hörmulegt ef þessi þýðingarmikla tilraun til að fitja upp á nýjum vinnubrögðum í íslenskri pólitík og íslenskum kjaramálum rynni út í sandinn vegna þess að ríkisstj. vildi, eins og hún orðaði það, „taka áhættu", taka þá áhættu að sópa þessu öllu undir teppið með nýjum erlendum lánum, vitandi vits um að innbyggður fjárlagahalli í ríkisbúskapnum er gífurlegur fyrir, og þegar kæmi fram á haustið kæmi á daginn að við sætum uppi með það að þurfa að spretta þessu öllu saman upp, stæðum þá kannske frammi fyrir þeirri staðreynd, eins og gerðist á s.l. hausti, að hallarekstur hins opinbera geira væri kannske kominn vel yfir 3000 millj. kr. sem er mjög raunsætt mat og í lægri kantinum.

Með því að skora á stjórnarliða að hlusta á þessar tillögur og taka undir þær værum við að reyna að tryggja að þetta viðnám gegn verðbólgu, sem að er stefnt með samningum atvinnurekenda og launþegasamtakanna, verði ekki eyðilagt með ónýtri fjármálastjórn. *Kjarni málsins er sá að okkar mati að verðbólga* næst ekki niður þótt launafólk sé reiðubúið að axla ábyrgð, sem það er búið að sýna, ef lausatök eru á fjármálum og lánamálum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ef einhver þm. hefði hafið þingstörf á s.l. hausti með því að leggja fram *þáltill. um að ríkisstj. skuli taka 2 milljarða lán til að* bæta lífskjör landsmanna er ég nokkuð viss um að hann hefði verið álitinn alvarlega ruglaður. Þetta er það sem nú er verið að gera.

Ég ætla, herra forseti, að lýsa því yfir hér alveg strax að ég mun ekki greiða atkvæði með því frv. sem hér er til umræðu og ástæðan fyrir því er sú að ég tel að ekki sé

um það unnt að ræða öðruvísi en sem hluta af þeim kjarasamningum sem nú hafa verið gerðir. Mér finnst í stuttu máli algjörlega fráleitt að svona sé staðið að málum. Í landinu er nú það ástand að fólk framfleytir ekki sjálfu sér hvað þá öðrum af venjulegum dagvinnulaunum. Og að verkalýðshreyfingin skuli una því og hjálpa ríkisstj. til að losa atvinnurekendur við að greiða fólki laun fyrir vinnu sína er nokkuð sem ég fæ ekki skilið og get ekki átt samleið með.

Mörg þeirra ákvæða sem í þessu frv. eru, sem eru svo sem ekkert annað en tæknilegar lagfæringar til þess að ríkisstj. sé heimilt að ganga þvert á nýgerð fjárlög, ganga þvert á vilja Alþingis í hinum ýmsu málum, skipta svo sem ekki öllu máli. Það má vel vera að út úr þessum kjarasamningum komi ýmsir smámunir og jafnvel nokkuð góð mál, eins og sjálfsagður réttur fiskvinnslufólks til að vera ekki rekið af vinnustað með viku fyrirvara, en drottinn minn dýri að slíkt skuli þurfa að knýja fram í kjarasamningum! Ég veit ekki betur en hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi borið fram frv. þess efnis sem var fellt. Ég veit ekki betur en fyrir þinginu liggi nú frv. hv. þm. Ragnars Arnalds um leyfi foreldra vegna veikinda barna. Er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson eitthvað merkari þegar hann situr niðri í Garðastræti en á hinu háa Alþingi? Þetta er öllu skynsömu fólki óskiljanlegt.

En, herra forseti, ég hlýt að hafa leyfi til að gera hér fyrirspurnir um nokkur atriði sem fram hafa komið í þeim umræðum og yfirlýsingum sem yfir okkur hafa dunið á síðustu dögum. Þá ætla ég að víkja fyrst að þessum miklu úrbótum í húsnæðismálum. Ég hef aldrei stært mig af að vera mikil reikningsmanneskja, en hvernig sem ég reyni að gera mér grein fyrir hvað þær yfirlýsingar þýða, sem látnar hafa verið fram ganga í vaxtamálum, er mín niðurstaða þessi: Það er umtalsverð hækkun boðuð á vöxtum. Nafnvirðislækkun úr 32% niður í 20% á almennum skuldabréfum fylgir ekki eftir, fer ekki eftir breyttum verðlagsforsendum. Fari verðbólgan niður úr öllu valdi er augljóst að 20% vextir er beinlínis vaxtahækkun og þá er ég að tala um almenn skuldabréf. Reyni menn að hrekja þetta.

Varðandi hækkun á vöxtum verðtryggðra lána. Sú hækkun felur beinlínis í sér hækkun raunvaxta. Geta menn hrakið þetta? Ég óttast þess vegna beinlínis að skuldabaggi manna hreinlega þyngist með þessum aðgerðum. Ég bið þá fróða menn og góða að leiða mig í allan sannleikann ef þetta er alrangt.

Það sem fyrir liggur í þjóðfélaginu nú er að atvinnurekendur þurfa ekkert að greiða. Felldur er niður launaskattur, auk hinnar miklu tekjuaukningar. 23% aukning útflutningstekna á föstu gengi þýðir að útflutningstekjur þjóðarinnar jukust um nærri því ¼ á s.l. ári. Þjóðartekjur jukust um 10 milljarða. Hvar eru þessir peningar? Einu sinni boðaði Sjálfstfl. að tekjur Íslendinga ættu að fara eftir útflutningstekjum. Samræmið virðist orðið harla lítið. Og hvað hafa menn þá verið að semja um? Jú, það á að veita tvær ölmusur fullvinnandi fólki sem gjörsamlega er útilokað að lifi af launanum sínum, og þó að þetta sé 3000 kr. ölmusa eða 2000 kr. eða hvað það nú er, sem er beinlínis niðurlægjandi og til skammar, skiptir það auðvitað engu máli. Þetta fólk er svo fjarri því að geta séð fyrir sér. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson auglýsti eftir því áðan hversu stór hópur þetta væri, t.d. einstæðir foreldrar. Ekki veit ég nákvæmlega hvað þeir eru margir. Þó minnir mig að þeir séu einhvers staðar á milli fimm og sex þúsund manns. En eitt veit ég, að það eru yfir 7000 börn á framfæri þessa fólks. Ég leyfi mér að segja það hér, hv. 5. þm. Reykv., að þessi börn eru illa fóðruð. Þau fá ekki nóg að borða, þetta veit hvert mannsbarn í skólum bæjarins, vegna þess að það er ekki hægt að fæða þau af þessum tekjum. Ég spyr Alþingi Íslendinga: Er þetta velferðarþjóðfélagið okkar? Drottinn minn!

Menn eru að semja úti í Garðastræti um hugsanlegar bensínlækkanir. Þegar olíuverð lækkar þá lækkar bensín. Á þetta hefur t.d. bent Arinbjörn Kolbeinsson sem er formaður í einhverjum bifreiðasamtökum sem ég man ekki hvað heita. Í Danmörku er margoft búið að lækka bensínið fyrir lifandi löngu í samræmi við olíuverð. Þarf að semja um þetta í kjarasamningum? Þetta er gjörsamlega út í hött!

Hvað hefur t.d. komið fram í þessari þjóðarsátt um bættan hag landsmanna, um verðlag í landinu? Það held ég að hljóti að vera harla lítið. Ég hef ekki séð mikið um það. Alls kyns hátollavara, eins og fatnaður, þetta verðlag er algjörlega frjálst, enda hefur verslunarstéttin blómstrað. Góður slatti af þessari þjóðarteknaaukningu og útflutningsteknaaukningu er t.d. í höndum hennar. Það þarf ekki nema að tala við bankafólk á lægstu launatöxtum. Það segir manni hvar þessir peningar eru allir. Það veit þetta.

Ég veit ekki hvort menn kippa sér lengur upp við neitt, en fyrir örfáum dögum kom skondin frétt í einu af dagblöðum bæjarins. Maðurinn sem fyrir örfáum vikum var tekinn fastur fyrir að reka okurviðskipti, sem þrautpíndir húsbyggjendur þurfa stundum að nota sér, hafði komið í einn af bönkum bæjarins og leyst út ávísun upp á 3,2 millj. kr. Og fær hana afgreidda eins og ekkert sé! Menn hætta svo sem ekkert þó að það vofi yfir þeim einn og einn dómur. Auðvitað ekki. Hvaða máli skiptir það? Ætli það sé ekki einhver varasjóður til.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði eftir elli- og örorkulífeyri. Það sem því fólki sem þess lífeyris nýtur er gert að lifa af á mánuði er auðvitað fyrir neðan allar hellur og varla hægt að taka sér þær upphæðir í munn. Alþingi Íslendinga ætlaði einu sinni að gulltryggja þetta fólk með því að hvenær sem hækkun yrði á dagvinnutekjum í almennri verkamannavinnu yrði hækkun á tekjum elli- og örorkulífeyrisþega. Nú eiga sáralitlar launahækkanir að verða og hverjir fara harðast út úr því? Auðvitað elli- og örorkulífeyrisþegar, fólkið sem byggði upp þetta þjóðfélag.

Það á að lækka tolla af bifreiðum. Í fyrra bar ég fram till. hér á hinu háa Alþingi um að fjölga bílum um 50 handa hinum verst settu öryrkjum sem eru svo hreyfihamlaðir að þeir komast ekki leiðar sinnar án þess að hafa bíl en eins og allir vita eru ekki greidd aðflutningsgjöld af þeim bifreiðum. Ég lagði til að þeim yrði fjölgað um 50. Það náði ekki fram að ganga. Nú á að niðurgreiða alla bíla.

Það hefur verið komið víða við í þeim kjarasamningum sem nú hafa verið gerðir og allir eru ósköp skelfing sáttir við. Það er eiginlega næstum enginn málaflokkur sem Vinnuveitendasambandið og verkalýðshreyfingin ekki hafa fjallað um. Ég harma að þeir skyldu gleyma frv. til laga um sveitarstjórnir. Þá hefðum við getað losnað við þessar þrautleiðinlegu umræður um sýslu-

nefndir síðustu daga. Það hefði ekki verið mikill vandi að leysa það niðri í Garðastræti.

Það hlýtur að koma manni spánskt fyrir sjónir á hvað er lögð áhersla að ríkisstj. geri nú til að létta landsmönnum róðurinn. Einu sinni kom verkalýðshreyfingin ýmsum þjóðþrifamálum í gegn eins og virkilega raunhæfum aðgerðum í húsnæðismálum. Nægir þar að nefna framkvæmdaáætlun sem varð til þess að íbúðum í Reykjavík fjölgaði verulega. Menn sömdu um áætlun í dagvistarmálum. Hvernig hefði verið að stinga upp á því við þessa greiðviknu ríkisstj. að fella niður gjöld fyrir börn á dagvistarstofnunum? Það var þó eitthvað sem nálgaðist að vera raunhæf kjarabót. Nei, það á að draga aðeins úr gjöldunum. Það verður 5% lækkun á dagvistargjöldum, segja menn. Vita hv. þm. hvað það er mikil upphæð á mánuði? Það eru 165 kr. Ég veit ekki hvað bíómiði kostar. Ég held að hann sé dýrari en það. (**KSK:** Það er nýbúið að hækka gjöldin.) Það er rétt, hv. þm. Kristín Kvaran, dagvistargjöld voru hækkuð um 20% um áramót.

Hvaðan á svo að taka peningana? Jú, það liggur beint við að fara í sjóði verkafólksins sjálfs, lífeyrissjóðina. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann ætlar enn þá að vera fjmrh. þegar ríkið á að fara að borga þann kostnað sem hlýst af þessum viðskiptum. Mjög lauslega áætlað er fljótlegt að komast upp í 2 milljarða eftir örfá ár. Ég ætla að vona hæstv. fjmrh. sjálfs vegna að hann verði laus úr embætti þegar að því kemur. Maður má satt að segja þakka fyrir að vinnudeilusjóðir verkalýðshreyfingarinnar voru látnir í friði. Hefði ekki mátt fá þá lánaða eins og í tíu ár svo að það væri alveg gulltryggt að atvinnurekendur þyrftu ekki að borga einn einasta eyri?

Menn töluðu um eignarskatt, kannske væri hægt að ná einhverju af stóreignamönnum. Að sjálfsögðu náði það ekki fram að ganga. Auðvitað ekki! Það skal haldið áfram að láta okkur sjálf borga brúsann. Og enn einu sinni liggur alveg á borðinu að þeir sem fara verst út úr þessu og fá næsta lítið eru eins og ævinlega opinberir starfsmenn sem verða að borga skatt af hverjum einasta eyri sem þeir vinna fyrir. Það er svo sem engin nýlunda. Þeir hafa gert þetta allan tímann.

Herra forseti. Það var samkomulag að reyna að tefja þessar umræður ekki mikið, en mér sýnist að þeir sem á undan mér hafa talað hafi virt það rétt mátulega, en aðeins eitt atriði í viðbót. Hvað ætla menn að taka úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga? Og má ég spyrja hvaða áhrif mun það hafa á Tryggingastofnun ríkisins sem hingað til hefur nú verið ærinn útgjaldaliður íslenska ríkisins. Ég vildi gjarnan vita hvernig á að standa skil á barnsmeðlögum svo dæmi sé tekið. Ég held að þetta hafi ekki verið mikið útreiknað. Og ég held að það séu afskaplega mörg atriði í allri þessari umræðu og öllum þessum loforðum sem menn vita hreinlega ekkert um hvað koma til með að kosta.

Herra forseti. Að lokum þetta: Ég er ekki að ráðast á einn eða neinn ef einhvern langar að gera sér þann mat úr máli mínu. Ég er hins vegar sósíalisti. Ég er félagi í Alþb. og á oftast samleið með því. En ég get ekki lýst ánægju minni með þessa samninga. Ég hef engan áhuga á að hlífa atvinnurekendum við að greiða landsmönnum laun fyrir vinnu sína því að það þarf sérkennilegt vit til að gleypa það hrátt að atvinnufyrirtækin ráði ekki við launahækkanir. Mörg þeirra gera það — og ansi miklar launahækkanir. Sum gera það ekki, eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði áðan, og sum þeirra ættu ekki einu sinni að vera í gangi. Þessi láglaunastefna, sem viðgengst hér, er satt að segja að gera hálfa þjóðina að afbrotamönnum. Svindl, undandráttur, skattsvik, falsaðar aflaskýrslur, falsaðar upplýsingar um arð fyrirtækja, umboðssvindl... Þetta veður uppi. Og þegar við lítum í kringum okkur og sjáum fjölskyldur í þessu landi sem virðast hafa umtalsverð fjárráð, komast vel af, eiga góð húsakynni, góðar bifreiðir, geta leyft sér það sem hugur þess girnist, þá er svo komið að við vitum eitt: Þetta er óheiðarlegt fólk. Það er ekki hægt að lifa á þennan máta af launatekjum. Svo er nú komið. Og ég bara spyr: Hvað á þessi leikur að halda lengi áfram? Á meðan stór hópur launþega upp eftir launastiganum og hátt upp eftir honum er ekki fær um að sjá fyrir sér hvað hefur þá þetta, sem við erum að afgreiða núna, að segja?

Um daginn leyfði ég mér að halda því fram að það væri erfitt að lifa af alþingismannslaunum. Ég stend við það. Það er erfitt. Það ætlaði allt vitlaust að verða. Það var auðvitað fundur í Alþb., ekki þess vegna kannske, en mér þótti rétt að skýra fyrir flokksmönnum mínum hvað ég meinti með þessu. (**GJG:** Fékkstu skilning?) Þetta var á 50 manna fundi, hv. þm. og flokksbróðir kær, Guðmundur J. Guðmundsson. Þarna sat sauðsvört alþýðan, prentarar, rafiðnaðarmenn, verkamenn, alls kyns fólk. Ég settist niður þegar ég hafði lokið ræðu minni og útskýrt þetta eins skýrt og greinilega og mér er lagið, félagi Guðmundur, og prentarinn sem ég settist hjá sagði: „Aldrei tek ég upp úr launaumslaginu mínu minna en 80 000 kr. á mánuði.“ Fyrir þá sem ekki vita eru laun alþingismanna 68 000. Auðvitað vinnur þessi maður mikið, en það gerum við líka. Og sannleikurinn er sá, þegar er verið að tala um þetta fólk sem lifir af 17 000 kr., af 25 000 kr., að það lifir enginn af því. Það er fölsun og lygi. Þetta fólk vinnur tvö- og þrefalda vinnu. Annars gæti það ekki dregið fram lífið. Og hvað eigum við lengi að halda áfram að tala um laun sem er óhugsandi að lifa af? Þegar hægt er að leysa fram hjá Alþingi og fram hjá nýgerðum fjárlögum á svo auðveldan hátt hina ýmsu málaflokka, snara milljörðum út eins og ekkert sé, eins og hendi sé veifað, er þá óleysanlegt að finna lausn á þessum kjánagangi sem viðgengst í launamálum þjóðarinnar? Og lái mér hver sem vill að ég á erfitt með að sætta mig við að heyra forseta ASÍ, flokksbróður minn og vin, segja í sömu fréttinni í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum þetta tvennt: Þetta er auðvitað samningur sem er háður þeim fyrirvara að ríkisstj. samþykki hann. — Það var ekkert minnst á launþega. Í öðru lagi sagði hann í lok fréttarinnar: En við eigum eftir að ræða þetta í ríkisstjórninni. — Menn geta fengið þennan þátt hjá sjónvarpinu ef þeir óska eftir.

Hlutverk mitt er ekki samvinna á þessum grundvelli og ég endurtek því að ég vil ekki með nokkru móti samþykkja frv. sem hér liggur fyrir. Það er hluti af pakka í kjaramálum Íslendinga sem ég get engan veginn sætt mig við og enginn maður þvingar mig til þess.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu siglir nú með ógnarhraða gegnum þingið. Það var til umræðu í Ed. í gærkveldi og var tekið til umfjöllunar á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. beggja deilda í morgun þar sem dengt var inn til

fundarmanna ýmsum tölum og upplýsingum. Það er ljóst að með þessum hraða geta þm. illa tileinkað sér og unnið úr ýmsum flóknum atriðum sem nauðsyn er að fá á hreint áður en afstaða er tekin til málsins. Það er jafnframt líka ljóst að hinir ýmsu efnahagssérfræðingar ríkisstj. hafa enn ekki nærri reiknað það dæmi til fullnustu á hvern hátt skuli standa að fjármögnun þeirra ráðstafana sem ríkisstj. hefur þegar samþykkt að hún muni standa að. Þar eru enn margir lausir endar. T.d. eru þær aðgerðir í húsnæðismálum sem boðið er upp á langt frá því að vera fullmótaðar og í reynd ætti ekki að þurfa að fjalla um slík sjálfsögð mannréttindi, sem öruggt húsnæði er, í kjarasamningum, ekki frekar en veikindafrí vegna barna eða þá heldur bensín, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir minntist á.

Ég mun ekki fara út í langa efnislega umræðu um þá kjarasamninga sem tengjast því frv. sem hér er til umræðu. Þar örlar að vísu á nokkrum atriðum til bóta, eins og t.d. því veikindafríi sem ég minntist á fyrir foreldra vegna veikinda barna þeirra og eins t.d. lengdum uppsagnarfresti fyrir fiskvinnslufólk sem hefði auðvitað fyrir löngu átt að vera kominn. Þó verð ég að geta þess hve mikil vonbrigði það eru að engin tilraun virðist hafa verið gerð til að snerta á því óréttlæti sem hér ríkir í tekjuskiptingu. Mér er í raun óskiljanlegt þetta viljaleysi samningsaðila, þetta algera viljaleysi stjórnvalda og þetta viljaleysi stéttarfélaga til að gera tilraun til að hreyfa við þessari óréttlátu tekjuskiptingu. Mér er það óskiljanlegt. Sú láglaunastefna sem hér hefur ríkt á nú að lögfestast. Nú á að lögfesta það að manneskja sem hefur 17 060 kr. skv. lægsta taxta nái ekki meiru en 19 272 kr. í árslok. Hver verður endir á hennar basli? Og gleymið því ekki, hv. þm. og þeir ráðherrar sem eru hér, að langflestir, meiri hluti þeirra sem hafa þessi lágu laun, eru konur.

Ég gerði hér s.l. þriðjudag fyrirspurn til hæstv. heilbrmrh. um kostnað kvenna vegna leghálskrabbameinsleitar hjá leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Hann er nú 750 kr., það er það sem konan þarf að greiða til þess að koma til leitarstöðvarinnar. Það er augljóst mál að manneskja með 17 000 kr. og jafnvel þó hækkað sé í 19 272 kr. hefur ekki efni á að fara í svona skoðun. Það er ekki furða að konur séu hættar að mæta og fyrirbyggjandi heilsugæsla fari fyrir róða þegar svo er komið launum fullvinnandi fólks í þessu þjóðfélagi.

Í morgun, á þessum sameiginlega fundi fjh.- og viðskn. beggja deilda, sagðist hagfræðingur ASÍ þekkja dæmi þess að konur lifðu í raun og veru á u.þ.b. 20 000 kr. á mánuði. Þetta finnst mér óskiljanlegt. Ég kaupi sjálf þann mat sem mitt heimili þarf á að halda og mér er óskiljanlegt hvernig manneskja lifir á þessum launum á mánuði. Í raun er það rannsóknarefni fyrir hv. Alþingi hvernig nokkurri manneskju tekst að lifa af þessari launalús. Það væri ráð að reyna að fjármagna slíka rannsókn því að viðfangsefni hennar nálgast kraftaverk.

Það er smánarlegt að metnaður samningsaðila skuli ekki hafa verið meiri eða þá stjórnvalda til að breyta svo augljósu óréttlæti og ég verð að taka undir með hv. þm. Guðmundi Einarssyni að það er undarleg jafnaðarmennska sem telur slíkt viðunandi og vitna þar í orð formanns Alþfl. í gær.

Það er athyglisvert að þær tollalækkanir sem notaðar eru til að hafa áhrif til stýringar á framfærsluvísitöluna eru þess eðlis að þær nýtast engan veginn þeim sem lægstu launin hafa. Láglaunakonur eru í því að skrimta. Þær keyra tæpast bíl né kaupa heimilistæki til að geta mætt morgundeginum. Lækkun á búvöruverði kæmi þeim aftur á móti miklu betur. Og þetta bið ég menn að athuga því að ekki tyggja láglaunakonur hjólbarða þegar fokið er í öll skjól.

Nei, þessir samningar hafa ekki tekið tillit til þeirra sem við Kvennalistakonur erum fulltrúar fyrir hér á Alþingi og það vantar í þessa samninga skynjun á því hvernig kjör annarra eru í raun og veru í þessu þjóðfélagi. Menn lifa í fílabeinsturnum og þá vantar hæfileika, kannske mikilvægasta hæfileikann bæði fyrir samningsaðila og ekki síður fyrir alþm., til að geta sett sig í spor annarra.

Hvernig stendur svo á því að það góðæri sem við búum við nú og þær batnandi ytri aðstæður sem nú ríkja duga ekki betur til að jafna þessi kjör okkar? Nú stöndum við, sumir fulltrúar þingræðisins, og ertum ríkisstj. eða reynum það með hinu litla þorni þingræðisins, því að þingræði okkar er með litlu þorni, ríkisstj. sem hefur verið á hlaupum upp í Garðastræti, upp í hið raunverulega ráðhús þjóðarinnar. Hér sitjum við á Alþingi og leggjum oft nótt við dag til að koma málum í gegnum hinn hefðbundna afgreiðsluferil þingsins. Fjárlög voru lögð fram og tekin upp eftir að hafa verið skoðuð og endurskoðuð, yfir þeim vakað og um þau rætt og rifist þar til þau voru endanlega samþykkt af stjórnarþingmönnum fyrir jól. Þegar á bjartan febrúardaginn kemur er öll þessi vinna allsendis út í hött. Henni er í raun kollvarpað með ákvörðunum allt annarra aðila úti í bæ og þriðju fjárlög þessa þingárs verða til og eru samþykkt af ríkisstj. án vitundar eða afskipta alþm.

Lyngið á Lögbergi helga blánar af berjum hvert ár, en við Austurvöll situr Alþingi enn, rúið myndugleika og virðingu margumtalaðri, og hlutskipti þess er m.a. að vera stimpilstofnun sem býr við þingræði með litlu þorni, kannske svefnþorni.

Þetta frv. hefur þegar verið afgreitt frá Ed., en þar á Kvennalistinn fullgildan aðila í fjh.- og viðskn. Sjálf hef ég áheyrnaraðild að fjh.- og viðskn. Nd. og sat því sameiginlega fundi nefndanna í morgun þar sem þetta afdrifaríka og um margt flókna og óútkljáða mál fékk hraða og yfirborðslega umfjöllun. Ég get því ekki staðið að sérstöku nál. í þeirri nefnd og vil því, með leyfi forseta, lesa það nál. sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir flutti í Ed. sem er 4. minnihlutaálit fjh.- og viðskn. Það er efnislega afstaða okkar Kvennalistaþingkvenna til þessa frv.:

„Aðilar vinnumarkaðarins hafa nú gert með sér nýjan kjarasamning sem er byggður á margvíslegum aðgerðum í stjórn efnahagsmála.

Ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti samþykkt þessar efnahagsaðgerðir og er þær m.a. að finna í þessu frv.

Álit 4. minni hl. á þessum aðgerðum er:

1. Ljóst er að frumkvæðið í stjórn efnahagsmála er ekki lengur í höndum Alþingis og ríkisstjórnar. Í stað þess að leggja sjálf þann efnahagsgrunn sem frjálsir kjarasamningar geta byggst á lætur ríkisstj. aðila vinnumarkaðarins leggja þennan grunn fyrir sig og gerir þeirra tillögur að sínum". Ef það er svona einfalt að ná tökum á verðbólgunni með þessum aðferðum hvers vegna hafði ekki ríkisstj. hugsað þetta upp sjálf fyrir

löngu?

„Verkefni Alþingis er samkvæmt þessu að stimpla þessar tillögur og gera að lögum og breyta með því þeim lögum um skipan ríkisfjármála sem það er sjálft nýbúið að samþykkja.

2. Ráðrúm Alþingis til að skoða gaumgæfilega þessar aðgerðir áður en þær eru lögfestar er nánast ekkert og hljóta það að teljast forkastanleg vinnubrögð.“ — Og ég minni á orð hv. 5. landsk. þm. áðan.

„3. Jafnframt er ekki gefið ráðrúm til að kynna kjarasamningana og meðfylgjandi efnahagsaðgerðir þeim sem málið er skyldast, þ.e. launafólki í landinu. Undarlegt má telja að grundvöllur samninganna sé lögfestur með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir áður en félagsmenn verkalýðsfélaganna hafa haft færi á að kynna sér hann.

4. Samningarnir, sem þetta frv. er hluti af, sækja kjarabæturnar að stórum hluta í ríkissjóð, í vasa launþega sjálfra. Eðlilegra er vitaskuld að þeir sem vinnu launþega njóta, þ.e. atvinnurekendur, greiði sjálfir þessar kjarabætur en ekki ríkið. Smánarlegast er þó hve lítil kjarabót kemur í hlut þeirra sem lægst launin hafa,“ en í þeim hópi eru konur fjölmennastar eins og ég gat um áðan. „Lægstu laun hækka sem sé úr 17 060 kr. á mánuði í 19 272 á samningstímanum og má ljóst vera að af þeim launum er ekki hægt að lifa. „Sárabæturnar“, sem áformað er að greiða út tvisvar á árinu til þeirra sem við þessi kjör búa, munu litlu þar um breyta.“ Og ég vil geta þess að þegar margar konur sáu þessar „sárabætur“, 3000 kr. á mánuði ofan á launin, voru ekki ófáar sem misskildu samningana. Það hvarflaði ekki að þeim að það ætti að sletta þessu í þær tvisvar. Þær héldu að þetta væri auðvitað mánaðarleg uppbót. Þeim datt ekkert annað í hug.

„Það er því ljóst að þessar efnahagsaðgerðir staðfesta einungis þá láglaunastefnu sem þessi ríkisstj. hefur rekið.

5. Þær ráðstafanir sem gerðar eru til að lækka tolla eru ekki til þess fallnar að bæta kjör almenns launafólks heldur eru þær fyrst og fremst leikur með framfærsluvísitöluna. Þær kunna þó að leiða til einhverra kjarabóta ef þar með tekst að ná niður lánskjaravísitölunni. Hins vegar munu þessar ráðstafanir að öllum líkindum leiða til aukins innflutnings og aukins viðskiptahalla sem ekki er á bætandi.

6. Í þessu frv. eru engar tillögur um tekjuöflun.“ A.m.k. hef ég engar tillögur séð eða heyrt um raunverulega tekjuöflun. „Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir tilflutningi fjármuna innan kerfisins. Sömuleiðis eru mjög óljósar hugmyndir um það hvernig fjármagna á stóran hluta þess kostnaðar sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér. Í 1. gr. frv. er talað um að lækka ríkisútgjöld um 860 millj. kr.“ Engar frekari útskýringar sem ég hef heyrt eða séð liggja fyrir um það hvernig þetta verður gert. „Það er hætt við því að aukinn niðurskurður á ríkisútgjöldum ásamt lækkun á tekjuskatti og útsvari leiði til þess að dregið verði úr félagslegri þjónustu. Slíkur samdráttur getur einnig haft í för með sér atvinnuleysi“ — og ég bið menn að athuga það. „Hvort tveggja mun enn fremur bitna fyrst og fremst á þeim sem lægstar tekjur hafa.

7. Styrkur þessara kjarasamninga hvílir fyrst og fremst á forsendum sem margar eru mjög óvissar. Þau fjögur meginatriði sem ekki mega bresta eru í fyrsta lagi trú fólksins á að þessi leið sé fær, í öðru lagi stöðugleiki gengisskráningar, í þriðja lagi að ríkisstj. standi við þau framlög sem hún hefur samþykkt og í fjórða lagi að verðlag haldist í skefjum.

Sú reynsla sem fólk hefur haft af þessari ríkisstj. hefur ekki gefið tilefni til þess að henni sé sýnt óskorað traust nú. Áætlaðar breytingar á raungengi, sem reiknað var með á sameiginlegum fundi í morgun, voru um 2–3% á árinu og þær eru háðar mörgum breytum sem stjórnvöld ráða ekki yfir. Ekki verður enn séð hvernig ríkisstj. ætlar að afla fjár til þeirra framlaga sem hún hefur skuldbundið sig til og samþykkt. Engin trygging er fyrir því að verðlag haldist í skefjum þrátt fyrir lækkanir á tollum — og fyrirætlanir um verðlagseftirlit eru óljóst orðaðar.“ Hver á að sinna því og hver tryggir að kaupsýslumenn hækki ekki vörur sínar jafnvel þó innflutningstollar lækki? Það er engin trygging fyrir því.

„Forsendur þessara samninga eru því ekki einungis viðkvæmar, þær eru mjög ótraustar.

Þessir samningar og meðfylgjandi efnahagsaðgerðir eru tilraun til að taka á þessum málum á nýjan hátt. Það er reyndar löngu tímabært.“ Og það er jákvætt við þessa samninga. Það ber að geta þess sem er jákvætt. „Hins vegar breyta þeir ekki þeirri óréttlátu tekjuskiptingu sem nú viðgengst í íslensku þjóðfélagi. Þess vegna og þar sem ríkisfjármálunum er þar að auki stefnt í mikla óvissu með þessu frv. getur 4. minni hl. nefndarinnar ekki staðið að samþykkt þess. 4. minni hl. mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.“

Að auki er þess getið að hv. þm. Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og var samþykkur þessu nál. sem ég hef hér lesið og er undirritað af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Það má geta þess að við umfjöllun um þetta mál meira en hvarflaði að okkur Kvennalistakonum að sitja ekki aðeins hjá við afgreiðslu þess heldur greiða atkvæði á móti því, leggja til að það yrði hreinlega fellt. En niðurstaða okkar varð þó að afstaða sú sem ég hef hér lýst á undan væri ábyrgari, fyrst og fremst vegna þess að við þau skilyrði sem þm. er ætlað að skoða þetta mál er ekki vinnandi vegur að gera sér heillega grein fyrir afleiðingum þessara ráðstafana. Við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir munum því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

Kristín S. Kvaran: Hæstv. forseti. Ég gat um það við utandagskrárumræðuna í gær, sem í raun og veru var umræða um þetta frv. sem þá var rétt ókomið fram, að það væri ánægjulegt til þess að vita að þessir samningar hefðu tekist. Ég endurtek það og eins ef við eigum von á því að við Íslendingar getum horft fram á þá tíma að hér verði um að ræða svo lágt verðbólgustig sem talað hefur verið um eða að hún fari niður fyrir 10%. En ég get hins vegar ekki sagt að ég sé bjartsýn á þessari stundu. Margt gerir það að verkum að ég get ómögulega leyft mér það.

Auk þess gat ég um það við umræðuna í gær að mér fyndist óeðlilegt að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki hafa haft burði í sér til að hafa frumkvæði að því að láta fólkið í landinu njóta þess að nú væri lag til að rétta við hag þess. Hún þurfti að láta aðila vinnumarkaðarins segja sér fyrir og gefa sér upp uppskriftina að því hvernig standa ætti að þeim málum.

Ég ætla ekki að rekja nánar þau atriði sem ég gat um við umræðuna í gær vegna þess að það væri eingöngu endurtekning, en ég vil í öllum efnisatriðum taka undir orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur er hún gat um í umræðunum áðan um hve óeðlilegir þessir samningar væru.

Sé litið nánar á þessa samninga get ég ekki betur séð en að þeir líti út eins og von eða ósk um happdrættisvinning sem eru alveg eins og jafnvel meiri líkur á að fólk tapi eins og að það vinni eitthvað. Þannig stöðu tel ég ekki að margir í þjóðfélaginu þoli eins og nú er ástatt og eins og staða þeirra er nú eftir allar þær hremmingar sem þeir hafa gengið í gegnum á undanförnum árum.

Einnig er það svo að mörg atriði eru svo óljós í þeim samningum sem hér liggja fyrir í frumvarpsformi. Það er t.d. þetta með verðlagið. Það er ekkert sem tryggir að vörur í verslununum haldi ekki áfram að hækka jafnvel þó að tollarnir á þeim lækki. Það er ekkert getið um að veita beri aukið fjármagn í að verðlagseftirlit verði hert eða jafnvel að verðstöðvun eigi að ríkja meðan þessi atriði eru að ganga í gegn. Í því sambandi langar mig til að vitna í viðtal í Þjóðviljanum í dag við Birgi Björn Sigurjónsson hagfræðing BHM. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Höfuðatriði í þessum samningi er það náttúrlega að kostnaðaraukanum, sem þessum samningi kann að fylgja fyrir fyrirtækin, er dengt á ríkissjóð og hann mun birtast launafólki og einkanlega ríkisstarfsmönnum meðal launafólks af fullum þunga til baka. Það er bara spurningin hvenær það verður."

Enn fremur segir Birgir síðar í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Miðað við þá skuldastöðu sem er hjá ríkinu í dag, þá sér maður að olnbogarými til að fara út í lántökur út af þessu er ekki fyrir hendi þannig að þetta kemur af fullum þunga til baka mjög hratt."

Ég vil taka undir þessi orð og vitna enn frekar í það sem hann segir í lok þessa viðtals, með leyfi herra forseta:

„Hvers vegna eru launamannasamtökin að biðja um lækkun tolla á bílum? Hvers vegna eru þeir svona spenntir fyrir vaxtalækkunum? Eru þetta lán á venjulegu fólki? Nei, þetta eru allt atriði sem spila inn í vísitölugrundvöllinn. Ég bendi á að það fólk sem er að kaupa eða byggja nýtt er yfirleitt með allt verðtryggt og þar eru vextirnir að hækka, en það kemur ekki inn í vísitölugrundvöllinn."

Það er ekki nóg að horfa á vísitölu framfærslukostnaðar í heild sinni. Þar verður einnig að koma til að taka út þann lið sem vegur þyngst í vísitölu framfærslukostnaðar, þ.e. matarkostnaðurinn. Sá liður einn hefur hækkað um 84,2% frá því 1. febr. 1984 til 1. febr. 1986 á meðan heildarvísitala framfærslukostnaðar hefur á sama tíma hækkað um tæplega 68%. Þetta er ekki svo lítið atriði. Það sem skiptir máli þegar verið er að tala um að hækka laun hinna lægst launuðu og rétta af hag þeirra er að það þarf að gera eitthvað í því að lagfæra þann lið sem mest vegur í útgjaldahlið þess fólks sem lægst hefur launin. Það er maturinn, eins og ég sagði áðan. Sá liður hefur sem sagt hækkað um 84,2% síðan 1. febr. 1984. Hins vegar hefur Alþýðusambandið alltaf miðað við framfærsluvísitöluna í heild sem hefur hækkað miklu minna. Staðreyndin er að í rauninni hafa launin ekki rýrnað eins mikið gagnvart vísitölu framfærslukostnaðar í heild sinni og gagnvart vísitölu framfærslukostnaðar þegar matarliðurinn er tekinn út einn sér.

Þessir útreikningar allir eru orðnir svo skekktir. Þess vegna vil ég nefna það í framhjáhlaupi að af heildarútgjöldum framfærslukostnaðar vegur maturinn 23–24% á meðan rekstrarkostnaður bifreiðar er farinn að vega 18–20%. Það segir sig sjálft að það kemur ekki heim og saman. Það hlýtur að vera hærri rekstrarkostnaður hlutfallslega á matarliðnum í framfærsluvísitölunni en á rekstrarlið bifreiðar. Það segir sig sjálft. Svo er hann orðinn skekktur þessi grundvöllur. Það hefði þurft að lagfæra hann fyrst og fremst áður en haldið er áfram að miða við hann. Þess vegna er það að þær breytingar sem nú eiga sér stað eru að mínu mati mjög tilviljunarkenndar og til þess gerðar einna helst að snúða þessa framfærsluvísitölu.

Ef dæmi er tekið úr þeim greinum frv. sem fjalla um breytingar á lögum um tollskrá er mjög umdeilanlegt hvaða vörur eða vöruflokka á að lækka þar. Þar eru tekin út dæmi eins og lækkun á heimilistækjum. Ég spyr: Er það sem heitir vídeó heimilistæki? Það er ekki meira heimilistæki en svo að fjöldi manns á ekkert slíkt tæki og telur það ekki neitt nauðsynlegt heldur. Það er til fólk sem hefur slappað alveg af og látið þann lið eiga sig. Ég segi t.d. fyrir mig að ég á ekki vídeó og tel mig ekki þurfa að eiga vídeó á meðan ég tel mig alls ekki komast hjá því að eiga og þurfa að eiga ýmislegt annað. Þessi tæki, vídeóin, eru hins vegar lækkuð úr 75% tollskrárflokki í 40%. Hins vegar eru bráðnauðsynleg tæki, og ég tel að það sé ekki fært fyrir nokkurn mann að komast hjá því að nota þau, tæki eins og klósett, vaskur og baðkar. Þetta eru tæki til að sinna brýnustu frumþörfum. Það er alveg sama hvar maður er staddur. Maður þarf að nota þau. Slíkt mundi ég miklu frekar flokka undir heimilistæki og það meira að segja bráðnauðsynleg heimilistæki. Ég verð að segja að ég mundi flokka þau undir bráðnauðsynlegri heimilistæki, jafnvel þó að oft sé erfitt að vega og meta hvað sé nauðsynlegt og hvað sé ekki nauðsynlegt, heldur en vídeó.

En við skulum aðeins líta á þá tollskrárflokka sem heimilistæki eru í, þ.e. þau heimilistæki sem ég er að tala um, hreinlætistækin. Þau eru öll í 80% tollflokki + 24% sérstakt tímabundið vörugjald. Þau eru öll í þessum flokki nema vaskar úr ryðfríu járni og stáli. Öll önnur hreinlætistæki eru í 80% tollflokki og bera þar að auki 24% sérstakt tímabundið vörugjald. Ég þarf auðvitað ekki að geta um að að sjálfsögðu er söluskattur þar að auki. Það er sem sagt lúxustollaflokkun á þessum vörum. Þetta eru munaðarvörur. Lækkun á þeim mundi ég segja að gæti orðið til að rétta við hag þeirra sem eru að reyna að baksa við að koma þaki yfir höfuð sér.

Í frv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að 300 millj. kr. renni til aðstoðar þeim húsbyggjendum sem eiga í greiðsluerfiðleikum. En þeim sem eiga í greiðsluerfiðleikum og öðrum þeim sem eru að koma þaki yfir höfuð sér væri mjög auðveldlega hægt að hjálpa eða aðstoða með því að lækka tolla á þessum nauðsynjavörum sem ég er að tala um og alveg er bráðnauðsynlegt að hafa í húsum og íbúðum sem þetta fólk er að basla við að koma yfir sig.

Einnig má nefna að þeir sem eru að byggja eru í allflestum tilfellum fólk sem jafnframt þarf að fjármagna kaup á vörum vegna ungra barna sinna, svo sem

barnavagna, öryggissæti í bifreiðar fyrir börnin o.s.frv. Ég flutti um það brtt. við fjárlög fyrir 1986 að hreyft yrði við þessum flokkum. Þá sagði ég, með leyfi herra forseta:

„Með þeirri till. sem hér er flutt er m.a. verið að gera foreldrum og aðstandendum ungra barna auðveldara að verja börn sín gegn slysum í umferðinni. Miklum áróðri og þrýstingi hefur verið beitt til að fá foreldra til að nota öryggistæki fyrir börn sín í bíla. En hvað gagnar nú slíkur áróður og þrýstingur ef þessi öryggistæki eru svo dýr að fólk hikar við að festa kaup á þeim? Hvað mikið ætli það spari ekki ríkissjóði í reynd að fella niður aðflutningsgjöldin af þessum vörutegundum? Með því eykst möguleikinn á því að slysum á þessum ungu þjóðfélagsþegnum fækki og þar að auki möguleikinn á að hægt sé að draga úr þjáningum og harmi. Það sparar auðvitað ríkissjóði ómældar fjárhæðir í sjúkrakostnað og endurhæfingu þeirra barna sem lifa af þessi hroðalegu slys."

Enn fremur sagði ég um barnavagnana:

„Það vill svo til að það verður 100% hækkun á þeim frá innkaupsverði eins og nú er háttað. Það er þá í formi þess að tollur er 50%. Auk þess er reiknað 24% vörugjald og svo auðvitað söluskattur. Það þýðir auðvitað ekkert að vera alltaf að tauta um það að gera verði aðstæður fólks þannig úr garði að því sé kleift að eignast börn."

Svo mörg voru þau orð.

En þetta sem ég hef talið hér fram er sem sagt talin vera lúxusvara. Ég vil hér með boða brtt. við frv. sem felur í sér að nokkur tollskrárnúmer verði tekin inn í frv. og til verulegrar lækkunar. Þessi brtt. er á þskj. 558 og er frá mér og Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur. Þessi tollskrárnúmer, ég ætla ekki að lesa þau upp hvert og eitt fyrir sig, þau eru á þskj. svo að ekki ætla ég að taka tíma þingsins í það, gilda um hreinlætistæki þau sem ég vil kalla heimilistæki og auk þess um barnavagna og öryggissæti í bifreiðar fyrir börn. Við leggjum til að tollar á vörum í þessum tollskrárnúmerum, sem getið er um á þskj., verði 20%. Þau fari úr 80 og 50% niður í 20%. Ef ekki er talið gerlegt að koma því við fer ég fram á að í staðinn verði tekinn út vídeóliðurinn og inn settur í staðinn sá sem við leggjum til hér, skipta sem sagt á þessu tvennu. Allir hljóta að vera sammála um réttlæti þess. Bara svo að ég nefni eitt dæmi: Ef þessi hreinlætistæki væru í sama tollflokki og vídeóin, 40%, mundi það muna þá sem eru að kaupa þau og jafnframt eru að koma yfir sig þaki og eiga erfitt, eftir því sem okkur hefur verið gert ljóst, 20 þús. miðað við allægsta verðflokk þessara tækja. Ef við hins vegar færum niður í 20% tollflokk, sem ég tel eðlilegt vegna þess að þetta á ekki að vera munaðarvara, mundi það muna hvern og einn 30 þús. kr. eða um það bil, á þeim vörum sem eru lægstar í verði á markaðnum núna. Þetta eru svo sem ekkert stórar upphæðir í sjálfu sér, en þær vega mikið þegar fólk á varla peninga til þess að kaupa slík tæki.

Ég tel að með því fái hæstv. ríkisstj. tækifæri til að sýna vilja sinn í verki, hvað það er raunverulega sem hún er viljug til að gera fyrir það fólk sem á í þessum bágindum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Föstudaginn 28. febr., kl. 9.15 síðdegis.

Varamaður tekur þingsæti. 105

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég les hér fyrst bréf sem forseta Nd. hefur borist:

"Reykjavík, 28. febrúar 1986.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Jón Sveinsson lögfræðingur, Akranesi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Alexander Stefánsson,
2. þm. Vesturl."

Jón Sveinsson hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Hann er mættur hér til þingfundar og ég býð Jón Sveinsson velkominn til starfa.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1986, stjfrv. 303. mál (þskj. 562, n. 564, 565, 566 og 577, brtt. 563). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur fjallað um málið, fyrst á sameiginlegum fundi beggja fjh.- og viðskn. í morgun og síðan aftur í hléi á milli funda.

Óþarfi er að kynna þetta mál hér. Það hefur þegar verið kynnt bæði þingi og þjóð. Meiri hl. mælir með að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í Ed. Minni hlutar eru þrír og munu þeir skila séráliti og frsm. þeirra gera grein fyrir viðhorfum sem þar koma fram.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 565 hef ég gefið út nál. sem 1. minni hl. í fjh.- og viðskn. Nd. á þessa leið:

„Undirritaður leggur til að frv. verði samþykkt með sömu fyrirvörum og fram koma í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. á þskj. 559."

Nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed., sem ég vitna til í nál. mínu er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Efni þessa frv. er að uppfylla þau skilyrði sem aðilar vinnumarkaðarins settu ríkisstj. um niðurfærslu verðlags við undirritun kjarasamninga.

Undirritaður mælir með samþykkt frv., en þó með þessum fyrirvara:

1. Ljóst er að kaupmáttur launa verður áfram mjög lágur og ófullnægjandi fyrir allan þorra launafólks á þeim tíma þegar þjóðartekjur fara ört vaxandi og ber að harma það.

2. Æskilegt hefði verið að meiri áhersla hefði verið lögð á það í þessum ráðstöfunum að greiða niður verðlag á brýnustu lífsnauðsynjum fólks eins og matvörum og lyfjum.

3. Niðurgreiðslur raforkuverðs, sem nú koma í stað verðjöfnunar á raforku, mega ekki falla niður á næsta ári heldur verður ríkisvaldið áfram að tryggja jöfnun raforkuverðs í ekki minna mæli en nú er.

4. Ákvæði um skerðingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eiga engan rétt á sér og því er 24. gr. frv. sérstaklega mótmælt.

5. Ein mikilvægasta forsenda þessara samninga eru áformaðar úrbætur í húsnæðismálum. Standi ríkisstj. ekki við loforð sín í þeim efnum eru forsendur þessarar samningsgerðar brostnar.

6. Því miður hefur ríkisstj. valið þann kostinn að taka allan hlut ríkissjóðs í þessari samningsgerð, um 1,5 milljarða kr., að láni. Með því er einfaldlega verið að ávísa á skattgreiðendur í framtíðinni með óhjákvæmilegum skattahækkunum á komandi ári.

Ríkisstj. vísaði á bug hugmyndum aðila vinnumarkaðarins um tekjuöflun til að mæta útgjöldum frv., t.d. sérstökum eignarskatti og bankaskatti. Ríkisstj. sýnir því áfram mikið ábyrgðarleysi í fjármálum ríkisins svo að nú stefnir í hrikalegan halla ríkissjóðs á þessu ári.

En í ljósi þess að tryggja verður framgang gerðra kjarasamninga og færa niður verðlag til að nýta til fulls það tækifæri sem nú gefst til að ná niður verðbólgu í kjölfar lækkunar á olíuverði og hækkunar á afurðaverði vestan hafs mælir undirritaður með samþykkt frv. með ofangreindum fyrirvara.

Alþingi, 28. febr. 1986.
Ragnar Arnalds."

Í þessum nál. kemur fram afstaða okkar til þessa frv. Við leggjum til að það verði samþykkt, greiðum atkvæði með því. Hér er um að ræða einn þátt þeirra kjarasamninga sem hafa gengið yfir að undanförnu og það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að afstaða Alþingis til þessa samnings og þessara atriða liggi fyrir áður en málin fara til meðferðar í verkalýðsfélögunum.

Það er mjög undarleg afstaða að mínu mati, sem fram hefur komið hér í umræðum um þetta mál hér í dag, þar sem því hefur verið haldið fram að það sé sérstaklega gagnrýni vert að Alþingi skuli móta sér skoðun á þessu máli áður en það fer til meðferðar í verkalýðsfélögunum. Auðvitað er það þannig að afstaða Alþingis verður að liggja fyrir áður en málin koma til verkalýðsfélaganna vegna þess að hér er um að ræða eitt grundvallaratriði þeirra samninga sem gerðir hafa verið. Þess vegna væri það auðvitað furðulegt ef meiri hluti Alþingis núna færi að móast við og tefja málið og skilja verkalýðsfélögin eftir í óvissu varðandi þennan veigamikla þátt þeirra kjarasamninga sem núna hafa nýlega verið undirritaðir.

Ég vil einnig, herra forseti, í tilefni af umræðum sem fram hafa farið um þetta mál spyrja: Eru einhver efnisatriði í þessu frv. þannig að menn telji brýnt að vera á móti þeim? Eru einhver efnisatriði í þessu frv. þannig að þau stangist gersamlega á við sjónarmið manna hér? Ég vil segja sjálfur: Ég tel að í þessu frv. séu atriði sem er óhjákvæmilegt að samþykkja því að hér er um að ræða marga málþætti sem við Alþýðubandalagsmenn t.d. höfum áður flutt tillögur um á hv. Alþingi.

Nei, herra forseti. Þegar menn á Alþingi og víðar gagnrýna niðurstöður kjarasamninga er það eðlilegt vegna þess að menn eru auðvitað ósáttir við þann hlut sem launamönnum í þjóðfélaginu er ætlaður og það er hvergi nærri nógu langt gengið í þessum efnum nú.

En við skulum gera okkur grein fyrir því við hvaða aðstæður kjarasamningar verða til. Við skulum minnast og fara aðeins yfir það sem hefur verið að gerast í þessum efnum á síðustu 2–3 árum. Kaupið hefur verið keyrt niður með því að banna vísitölu á laun. Kaupmáttur launa hefur verið lækkaður hér meira á skömmum tíma en dæmi eru til um á Vesturlöndum. Vextir hafa á sama tíma snarhækkað og fjárskuldbindingar hafa verið vísitölubundnar á sama tíma og það hefur verið bannað að verðtryggja launin. Verðbólga hefur ætt áfram þrátt fyrir lágt kaup og þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda um að meginstefna þeirra væri að ná verðbólgunni niður. Húsnæðiskerfið hefur verið skilið eftir í rúst. Landflótti er brostinn á og við blasa daglegar fréttir um nauðungaruppboð og gjaldþrot. Þessi staðreynd, þessi ferill skilur eftir sig sár hjá einstaklingum og fjölskyldum í þessu landi sem kannske eru sum svo djúp og svo alvarleg að þau verða aldrei læknuð.

Það er alveg ljóst að það er takmarkað sem aðilar vinnumarkaðarins geta náð fram í einni lotu til þess að breyta þessum atriðum. Auðvitað er það takmarkað. Auðvitað styðjast þeir við tilteknar staðreyndir, m.a. hinn félagslega vilja innan verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar og samtaka atvinnurekenda á hverjum tíma. Niðurstaðan verður svo sú sem þessir aðilar fá út þegar þeir tefla fram og saman afli sínu. Það er auðvitað augljóst mál að til að ná fram varanlegum breytingum á íslenska þjóðfélaginu í þágu hins vinnandi manns verða að eiga sér stað pólitískar grundvallarbreytingar. Það er fjarstæða að gera sér hugmyndir um að þeim breytingum sé unnt að ná fram í einum kjarasamningum. En við skulum hafa vit á því að meta árangur sem liggur fyrir í þessum efnum þó að við horfum með fullu raunsæi á að margt í tengslum við þessa kjarasamninga hlýtur að orka tvímælis. Ég tel þess vegna, með skírskotun til þess sem ég hef hér sagt nú og fyrri ræðu minnar í dag svo og ræðu minnar utan dagskrár á Alþingi í gær, að það sé eðlilegt að þetta frv. verði samþykkt og ég fagna því að ríkisstj. skuli hafa ákveðið að móast ekki við í þessum efnum og snauta til að afgreiða þetta frv. snarlega hér í gegnum þingið.

Um þessi mál mætti margt frekar segja, herra forseti. Ég held að einfaldar stjórnkerfisbreytingar bæti ekki kjör launafólks. Ég held að hókus pókusinn með því að kjósa forsrh. beinni kosningu mundi t.d. ekki hækka kaup manna. Ég held að svoleiðis uppsetning á stjórnmálum sé svo víðs fjarri veruleika hins vinnandi manns í þessu þjóðfélagi að menn ættu að athuga í fullri alvöru að venja sig af að vera með slíkan tillöguflutning í tengslum við jafnþýðingarmikil mál og hér eru á dagskrá.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. svari þeim spurningum í þessari umræðu sem ég bar fram fyrr í dag varðandi búvöruverð, varðandi húsnæðismál og varðandi málefni aldraðra. Ég tel útilokað að umræðum um þessi mál ljúki öðruvísi en að svör hæstv. ríkisstj. í þeim efnum liggi skýrar fyrir en þegar er orðið.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. um þetta frv.

Þingflokkur Alþfl. vill fyrir sitt leyti veita þessu frv. stuðning. Rökstuðningur okkar fyrir því hefur verið rækilega tíundaður úr þessum ræðustól áður og í nál. Ed. og þessarar deildar. Engu að síður hörmum við að ríkisstj. og þingmeirihluti skuli ekki hafa tekið undir með okkur um nauðsyn þess að styrkja stöðu ríkisfjármálanna til að tryggja betur tilætlaðan árangur kjarasamninga. Þar af leiðir hins vegar að ríkisstj. ein hlýtur að bera ábyrgðina ef ónýt fjármálastjórn spillir árangri skynsamlegra kjarasamninga.

Frsm. 3. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sem er á þskj. 567 frá 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þjóðartekjur á mann á Íslandi eru ofan við meðallag OECD-ríkjanna. Íslendingar eru meðal 10–15 ríkustu þjóða heims. Dagvinnulaun eru hins vegar hvergi jafnlág í álíka ríkum þjóðfélögum.

Á Íslandi ríkir láglaunastefna sem á sér engan líka á Vesturlöndum. Afleiðingar hennar eru m.a. vinnuþrældómur, átök á vinnumarkaði og vinnutap, svart hagkerfi, lítil afköst vegna langs vinnutíma, lítil framleiðni fyrirtækja og upplausn fjölskyldunnar. Þetta kemur fram í grein eftir Stefán Ólafsson lektor í Morgunblaðinu í dag, 28. febr. 1986. Þennan sama dag hefur frv. til l. um að viðhalda þessari láglaunastefnu sameinað gömlu flokkana á Alþingi í lofsöng um þjóðarsátt um lífskjarasáttmála.

Þau lífskjör sem flokkarnir fylkja sér um eru þau sömu og stjórnarflokkarnir komu á við valdatöku sína. Þessi lífskjör valda því að hluti þjóðarinnar hefur ekki efni á því að taka þátt í samfélaginu. Hin pólitísku og lagalegu réttindi þess fólks verða merkingarlaus. Þannig er láglaunastefna í raun mannréttindabrot.

Helgustu mannréttindin eru þau að fá að halda sjálfsvirðingu sinni. Það varðar sjálfsvirðingu manns að geta séð fjölskyldu sinni farborða. Láglaunastefnan brýtur því gegn sjálfsvirðingu fólks.

Stjórnvöld hafa ekki kjark til að hefja þær aðgerðir einar sem geta til lengdar bætt lífskjör í landinu. Þar má telja breytt skattalög til að stuðla að nýtingu fjármagns, breytt samskipti ríkisvalds og sveitarfélaga til að auka sjálfsstjórn og minnka sóun, vinnustaðasamninga, frjálst fiskverð og gjaldeyrismarkað. Einnig er óumflýjanlegt að hætta að dekra við illa rekin fyrirtæki með ívilnunum af ýmsu tagi.

Láglaunastefna er daður við atvinnurekendur sem ekki hafa vilja, getu og siðferði til þess að greiða mannsæmandi laun. Samningakerfið er úrelt. Þar nota st menn við meðaltalsreikninga sem eiga ekkert skylt við raunverulega afkomu fólksins í landinu. Þessi aðferð hefur aldrei skilað og mun aldrei skila þeim lífskjörum sem eru sambærileg við það sem gerist með öðrum vestrænum þjóðum.

Þingið er nú beitt þvingunum. Á rúmum 24 klukkustundum er því ætlað að afgreiða þetta frv. Með framkvæmdavaldið fara nú menn sem þjóðin hefur ekki kosið til þeirra starfa.

BJ hefur haldið því fram að stjórnkerfið sé ónýtt. Núverandi ástand er óræk sönnun þess. Þessi samningur samrýmist ekki sjónarmiðum jafnaðarmanna. Til hans er stofnað á ólýðræðislegan hátt og hann innsiglar áframhaldandi kúgun þeirra sem búa við lágu launin. BJ getur því ekki stutt hann. BJ getur ekki tekið undir lofsöng gömlu flokkanna um þjóðarsátt, um fátækt hluta þjóðarinnar. Svo miklir ójafnaðarmenn viljum við ekki vera.

Undirritaður tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu um frv.“

Vegna athugasemda sem hafa komið fram hérna langaði mig aðeins að víkja að beinu kjöri forsrh. sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Svavar Gestsson gerðu að umræðuefni. Það vill svo vel til að ég minntist aldrei á þann ágæta forsrh. eða beint kjör hans í minni ræðu. Hins vegar taldi ég upp fjöldamörg atriði sem ég er sannfærður um, og það eru reyndar fleiri, að eru forsenda þess að hér verði lífskjör sem geti einhvern tíma orðið sambærileg við það sem gerist á öðrum Vesturlöndum. Þá nefndi ég í fyrsta lagi að það verði fýsilegt að hætta að festa fjármagn og fara að nýta fjármagn. Hér á ég þá við umfangsmiklar breytingar á skattalögum sem hafa afskræmt allan fyrirtækjarekstur á landinu í áratug ef ekki meira. Spurningin um hvort menn vilja bæta hér lífskjör er t.d. spurningin um hvort þeir treysta sér til að taka á skattamálum.

Ég nefndi annað dæmi, en það er hvort menn treysta sér til að hætta að styðja illa rekin fyrirtæki með ívilnunum af ýmsu tagi. Þá á ég við að menn hætti að ákveða verð á ýmiss konar afurðum, hvort sem það eru landbúnaðarafurðir, sjávarafurðir eða verðlagning á vinnu fólks, með algerlega ónýtum meðaltalsákvörðunum sem gera það eitt að halda skussunum uppi.

Ég nefndi dæmi áðan um hvort menn vildu, og ég sagði reyndar að menn treystu sér ekki til þess, auka aðhald og virkni í opinberum rekstri t.d. með því að veita stjórnum eða stjórum opinberra stofnana afmarkaðar fjárhæðir sem þingið veitti þeim einu sinni og þeir síðan ráðstöfuðu t.d. til að hækka laun starfsmanna sinna ef þeir gætu viðkomið sparnaði með breytingu á rekstri eða jafnvel frestun fjárfestinga eða einhvers konar tilfærslum innan stofnananna eða fyrirtækjanna. Þetta er leið til að hækka laun.

Ég nefndi líka dæmi um hvort menn treystu sér til að breyta þannig samskiptum ríkisvalds og fólks í landinu að fólk fengi aukna sjálfsstjórn, réði meira um eigin hagi og gæti betur lagt á það sjálft mat í hvað peningar ættu að fara á heimaslóð en þyrfti ekki að fara í póstlúgur þm. hérna fyrir sunnan, elta þá í bankaráð eða elta þá upp í byggðastofnanir eða aðra kontóra þar sem þeir hreiðra um sig þegar ekki situr þing.

Ég nefndi líka hvort menn vildu breyta launasamningakerfinu þannig að fólkið gæti sótt arðinn í fyrirtækin. Það er fólkið í fyrirtækjunum sem veit best hvernig arðurinn liggur. Það veit um Range Roverkaup og bílakaup forstjórans, það veit um fjölskyldu hans sem kannske er öll á launum. Með því að gerbreyta skipulagi verkalýðshreyfingarinnar þannig að fólk semji á vinnustöðum væri hægt að ná verulega miklu meira af þeim arði sem við vitum að liggur eftir fyrirtækin en við getum ekki nálgast. Við getum ekki nálgast þennan arð vegna þess að launasamningakerfið er ónýtt og skattakerfið er ónýtt.

Ég nefndi líka hvort menn treystu sér til að breyta lögum um fiskverðsákvarðanir þannig að ákvörðun fiskverðs verði frjáls og að menn hættu hinum gamal-

dags og fjarstæðukenndu verðlagsgrundvallarmeðaltalsútreikningum sem dekrar við skussana eins og reyndar fleira sem menn hafa komið sér upp hér. Bara þessi leið, að tryggja að fiskurinn sé rétt verðlagður og rétt metinn, mundi færa gífurlega fjármuni til fólksins sjálfs, á heimaslóð, á skipum, í fiskverkunarfyrirtækjum, og væri miklu, miklu stórkostlegri leið til að styrkja byggð í landinu en einhver kontór uppi á Rauðarárstíg.

Ég spurði líka hvort menn vildu setja þannig reglur um gjaldeyrisviðskipti að það væri ekki ákvörðun eins eða tveggja eða þriggja í stjórnkerfinu hérna í kringum Austurvöllinn hvað menn fengju fyrir dollarann sem þeir hafa veitt fyrir eða verkað fyrir. Þetta treysta menn sér ekki til að gera, en þetta er enn spurning um byggðastefnu. Gjaldeyrismál, fiskverðsmál eru spurning um byggðastefnu t.d., spurning um lífskjör, spurning um laun. Þetta eru miklu verðugri verkefni fyrir verkalýðshreyfinguna til að álykta um og jafnvel til að skrifa frv. um en skrifa frv. um lækkun aðflutningstolla á dekkjum.

Ég minntist ekki einu orði á beint kjör forsrh. En ég gæti flutt langa ræðu um það ágæta mál (**KP:** Er það ekki óbreytt?) (**SvG:** Ertu að skipta um skoðun?) ef menn kærðu sig um.

Það var fleira sem var spurt um. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði: Er eitthvað hér sem brýnt er að vera á móti? Ég segi í fyrsta lagi: Það er brýnt að vera á móti því að Alþingi, ríkisstj. og fólkið í landinu sætti sig við þessa niðurstöðu. Þetta ákall fjórflokkanna um þjóðarsátt og lífskjarasáttmála er leið til að sætta fólkið við ónýt stjórnvöld og ónýta verkalýðshreyfingu. Það er brýnt að svæfa ekki fólk, að deyfa ekki fólk fyrir neyð sinni og þrengingum með því að biðja um sátt. Það er brýnt að vera líka á móti því að menn láti sér alltaf nægja næstbesta eða þriðja besta kostinn.

Þessir samningar eru alls ekki sá kostur sem fólkið í landinu á heimtingu á að fá eftir næstum þriggja ára kjaraskerðingu. Það er ekki nóg að bjóða fólki upp á svo til sama kaupmátt til áramóta. Ég bendi á að 8% hækkun kaupmáttar er tittlingaskítur. Fólk sem hefur í dag 17 þús. kr. á mánuði, svo að ég taki dæmi, fengi við fast verðlag 8% í viðbót. Það væru rúmar 1000 kr. Hver er munurinn á því að hafa 17 þús. kr. og 18 þús. kr. í dag? (**Gripið fram í:** Þúsund kall.) En það skiptir engu máli vegna þess að hvort sem fólk hefur 17 þús. eða 18 þús. kr. býr það við lífskjör sem eru því ekki samboðin og það er ekki stjórnvöldum samboðið að fara fram á það við fólkið að það búi við þessi lífskjör. (**Gripið fram í:** Þú gleymir fimm hundruð kalli.) Það getur einhvers staðar legið fimm hundruð kall þarna á milli vina.

Það er þetta sem brýnt er að vera á móti. Það er brýnt að vera á móti því að frysta láglaunaástandið til annarra tíu mánaða.

Kannske ég tíni upp eitthvað af gullkornunum sem hérna hafa fallið. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði eitthvað á þá leið fyrr í kvöld að verkalýðshreyfingin hefði knúið fram stefnubreytingu hjá ríkisvaldinu og átti þá við stefnubreytingu í peningamálum og lánsfjármálum. Það er kannske rétt, en það er ekkert sem gerðist í þessari knúðu stefnubreytingu sem kemur í veg fyrir að eftir tíu mánuði, eftir 22 mánuði, eftir eitt, tvö, þrjú ár verðum við í þessu sama. Það sem ríður á að gera er að hefja þær aðgerðir, og það má ekki fresta því, að byrja einhvern tíma á því verki sem eitt getur bætt lífskjör í þessu landi. Við megum ekki taka öðrum besta kostinum, þriðja besta kostinum, fjórða besta kostinum. Það að lækka aðflutningsgjöld á dekkjum, vídeótækjum, ryksugum og slíku færir ekki fólkinu í landinu þann 100% lífskjaramun sem það þarf. Við erum enn þá í reddingunum og bráðabirgðastússinu.

Ég held að ég hafi tínt upp það sem mestu skipti að kæmi fram.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um það málefni sem hér er á dagskrá. Mig langar hins vegar til að fara nokkrum orðum almennt um þetta mál án þess að ég tíni upp efnisatriði þessa frv. eða samkomulags.

Ég dreg enga dul á að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að eitthvað slíkt þyrfti að gerast, nánast þjóðarsátt til að ná fram bættum kaupmætti launafólks í landinu. Ég var þeirrar skoðunar að þetta hefði þurft að gerast 1984. Við munum öll til hvers þeir samningar leiddu. Það þarf auðvitað ekki að rifja upp fyrir hv. þingdeildarmönnum hvað hefur gerst í kjarasamningum hér undangengin ár og áraraðir.

Það þarf ekki að minna t.d. á það sem var gert í tíð ríkisstjórnar 1974–1978. Það þarf heldur ekki að minna á hvað gerðist í tíð vinstri stjórnarinnar svokölluðu 1978–1979 með samningana í gildi. Það þarf heldur ekki að minna á hvað gerðist í tíð ríkisstjórnar 1980–1983 þegar einn af þeim flokkum sem þá sat við völd og réði hvað mestu bar fram neyðaráætlun um útgönguleið úr þeim ógöngum sem ríkisstj. sjálf var búin að koma þjóðarbúinu í.

Þetta eru að sjálfsögðu þau dæmi sem við eigum að varast, koma í veg fyrir að slíkt gerist. Við höfum fordæmin fyrir okkur þó við förum ekki lengra aftur í tímann en tólf ár. Og hér er einmitt meginþátturinn í því efni sem það samkomulag sem nú hefur verið gert ræður úrslitum um. Ætlar núv. ríkisstj. að snúa á sömu leið og aðrar ríkisstjórnir hafa gert, að ógilda í einu eða öðru formi það samkomulag sem nú hefur tekist? Um það snýst meginspurningin. Við skulum ekki fyrir fram gera ráð fyrir því, en ég óttast eigi að síður að það geti hent ekkert síður þessa ríkisstj. en aðrar.

Auðvitað hafa ríkisstjórnir verið misjafnlega langt með puttana í því að ógilda gerða kjarasamninga. Þessi ríkisstj. hefur gengið hvað lengst. Eigi að síður bera aðrar ríkisstjórnir líka ábyrgð á slíku á undangengnum árum. Ég óttast mjög að ríkisstj. slái slöku við að standa við sinn hluta af þessum sáttmála þjóðarinnar, ef svo má það orða. Við skulum samt vona að menn taki á þessu máli af alvöru og láti það ekki sannast, þegar slíkt hefur gerst, að enn ætli stjórnvöld að bregðast.

Það var hins vegar hjákátlegt að heyra það í gær þegar hæstv. fjmrh. var hér að tala utan dagskrár um þessi mál. Hann sagði eitthvað á þá leið að aðilar úti í bæ, atvinnurekendur og forustumenn verkalýðshreyfingar, hefðu alltaf samið þvert á gerðir stjórnvalda í þessum efnum. Hver skyldi hafa ráðið ferðinni öðrum megin frá í þessum efnum á þessum tíma? Það var að sjálfsögðu fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands sem réði ferðinni, sá hinn sami og nú skipar sæti hæstv. fjmrh. Það var hann sem gekk þvert á gerðir annarra ríkisstjórna í samningamálum ásamt þá, eins og hann segir, verkalýðshreyfingunni sem var knúin til þess að mörgu leyti að gera þá hluti.

En menn vitkast vonandi með árunum. Ég vona að það eigi við um hæstv. fjmrh. að hann taki sinnaskiptum eftir því sem árin færast yfir og snúi af villu síns vegar í þessum efnum. Ég vil trúa því og ég hygg að svo sé um fleiri.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan að sér léki forvitni á að vita hvaða efnisatriði það væru sem menn væru á móti í þessu samkomulagi. Það hlýtur að vekja athygli að þingflokkur Alþb. er klofinn í málinu. Þá væri enn fróðlegt að vita hvað annar helmingurinn, þó lítill sé skulum við segja, af þingflokki Alþb. telur fram sem ástæðu til þess að vera á móti. (Gripið fram í.) Það er greinilegt að formaður Alþb. hefur ekki heyrt það því að hann spurði. Honum er ekki ljóst hver afstaða hins helmingsins af þingflokknum er til málsins. (**Gripið fram í:** Það var handboltinn.) Var þetta handboltinn hjá honum? (**Gripið fram í:** Nei, öllum.) Nú, sérðu til. Ekki er málefninu sýndur mikill áhugi ef handbolti gengur fyrir hjá formanni þess pólitíska flokks í landinu sem telur sig forustusauð í verkalýðshreyfingunni. En auðvitað vekur athygli að í svona máli skuli þingflokkur Alþb. vera klofinn í afstöðunni. Það hlýtur að vekja athygli. (**GJG:** Það er nú ekki stórt.) Það er ekki stórt. Það er út af fyrir sig kannske rétt. Ég veit ekki hvernig menn meta það. Það getur farið eftir ýmsu.

En það er, af því að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson greip hér fram í, full ástæða til að nota tækifærið og spyrjast fyrir hjá hv. þm. sem þátt tók í þessum samningaviðræðum og ég hygg að hafi átt nokkurn hlut að því að samningar tókust. Nú veit ég að eftir þennan tíma hefur hann heyrt ýmislegt frá sínum umbjóðendum í hreyfingunni. Kannske lumar hann á einhverjum gögnum sem nauðsynlegt væri að fram kæmu til staðfestingar því úr hreyfingunni að þetta þyrfti að styðja til hins ýtrasta og næði fram að ganga. Ég hygg að hv. þm. lumi á ýmsu sem deildarþm. væri fróðlegt að fá vitneskju um og engin ástæða til annars en að hv. þm. láti í sér heyra hér. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. Guðrún Helgadóttir samþykkir það.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að verðbólgan hefði ætt yfir á undanförnum árum. Auðvitað er það rétt. En hvenær var hún mest? Hvenær var verðbólgan mest á Íslandi? Það var einmitt þegar hann var sjálfur ráðherra. (**GJG:** Það hefði nú þótt fráleitt.) Hvað segir hv. þm. Guðmundur J.? Hann hefur ráðherrann fyrrv. við hliðina og ætti að vera traustur í sessi. Það er alveg rétt. Verðbólgan æddi yfir og þess vegna kom neyðaráætlunin fram á sínum tíma fyrir kosningarnar 1983 til þess að bjargast frá því víti sem verðbólgan var á þeim tíma sem þessir hv. þm. og þá ráðherrar réðu ferðinni.

Auðvitað vekur það athygli, ekki síst innan verkalýðshreyfingarinnar, að þingflokkur Alþb. skuli skiptast í þessu máli. Þetta er miklu stærra mál en það að þeir flokkar sem telja sig til verkalýðsflokka, telja sig brautryðjendur á þeim kanti stjórnmálanna, skuli ætla sér að greiða atkvæði gegn slíku í stöðunni eins og hún er. Auðvitað geta menn haft skiptar skoðanir á þessu máli. Ég segi fyrir mig að það er ýmislegt sem ég hefði viljað á annan veg en samkomulagið hljóðar upp á. En það er nú einu sinni svo að í samningum fá menn ekki allt sem þeir vilja hver og einn. Við verðum oft að kyngja því að fetið ráði ferðinni í þessum efnum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við upplifum það innan verkalýðshreyfingarinnar að við fáum miklu minna en við teljum okkur eiga rétt á. Það er ekkert nýtt fyrirbæri í hinni pólitísku sögu. Það væri hins vegar fróðlegt að fá vitneskju um það í þessum umræðum hvað þeir sem munu greiða atkvæði gegn þessu vildu að hefði verið gert í staðinn. Hvað átti að gera í þeirri stöðu sem málin voru í og eru raunar enn áður en búið er að lögfesta þetta eða samþykkja það í félögum? Hvað vildu menn þá gera í staðinn? Vildu menn fara sömu leið og BSRB fór á sínum tíma 1984 í mikilli prósentuhækkun sem búið var að taka nánast um leið og samningar voru undirskrifaðir? Bauð staðan upp á það að launafólk væri betur sett að fara þá leið? Ég held ekki.

Ég hef trú á því að almenningur innan verkalýðshreyfingarinnar og raunar almenningur í landinu vilji að slík leið sé reynd eins og nú er verið að gera og látið á það reyna hvort stjórnvöld ætla sér að standa við sinn hlut í málinu eða ekki.

Ég tek undir það, sem menn hafa sagt hér, að hér er um tímamótaatburð að ræða, tímamótaatburð sem hefði átt að gerast fyrr. Þá hefðum við fyrr verið leidd í þann sannleika sem slíkt hefði leitt af sér eins og hér er verið að gera tilraun með. Hvað segir t.d. hv. síðasti ræðumaður sem talaði í umboði jafnaðarmanna? Hann sagði að svona samkomulag samrýmdist ekki hugsjónum jafnaðarmanna í landinu. Hvað vilja þeir jafnaðarmenn aðrir en þeir sem eru í Alþfl.? Hvaða leið vildu þeir fara? (**JBH:** Kjósa forsrh. beint.) Það var heldur dregið í land með það hjá hv. þm. Guðmundi Einarssyni áðan. Ég skildi hann svo að hann væri að færast undan því. Hann sór og sárt við lagði að hann hefði ekki minnst á slíka hluti. (**KH:** Hann bauð nú líka upp á ræðu um það.) Væri hv. þm. við eru menn tilbúnir. Ég heyri að Kvennalistakonur taka undir með þm. Bandalags jafnaðarmanna í þessum efnum.

En það má líka spyrja: Hvað vilja Kvennalistakonur? Þær hyggjast greiða atkvæði á móti þessu. Hvað vildu þær í staðinn? (**Gripið fram í:** Sitja hjá.) Sitja hjá. Það tel ég afskaplega slælega afstöðu í svona stórmáli, að sitja hjá. Það er nánast skoðanalaus samviska sem slíkt gerir í slíku stórmáli sem hér um ræðir að menn ætli að sitja hjá, láta málið lönd og leið. Slíkt er ekki ábyrg stefna. Og hvað vildu Kvennalistakonur í staðinn? Það er eðlilegt að um það sé spurt. Vildu þær fara sömu leiðina og gert var 1984 sem hafði þær afleiðingar sem ekki þarf að tíunda hér? Launafólk var verr sett eftir en áður.

Ég hygg að menn hafi ekki áttað sig nógu vel á því að þetta er sá eini kostur sem var um að ræða að gera tilraun til að rétta hlut launþega og að einhverju leyti, ef stjórnvöld standa við sitt, að bæta efnahag þjóðarinnar. Mér þykir hins vegar sýnt að með því frv. sem hér liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir að taka undir þær hugmyndir sem t.d. fulltrúar atvinnuveganna og verkalýðshreyfingar settu fram um fjárhagslegu hliðina á þessu máli. Menn annaðhvort ætla sér að slúffa því eða fresta að taka afstöðu til þess. Ég held að menn komist ekki út úr þessu, finni ekki útgönguleið út úr þessu án þess að taka á þeim vanda málsins. Það er sá ótti sem við hinir raunverulegu jafnaðarmenn óttumst að rætist að því er varðar hæstv. ríkisstj., að menn ætli að láta þetta lönd og leið. Við vörum sérstaklega við því að ríkisstj. láti skeika að sköpuðu í þessum efnum. Nógu margar ríkisstjórnir hafa gert það þannig að það er ekki á bætandi að þessi geri það líka.

Ég vænti þess, og það skulu vera mín lokaorð, herra forseti, að ríkisstj. taki undir þær hugmyndir sem fram hafa komið af hálfu samningsaðila og noti þann byr sem nú gefst til að feta sig út úr þeim vandræðum í efnahagsmálum sem þjóðin hefur búið við allt of lengi.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu og síst af öllu hef ég í huga að skattyrðast við hv. 3. þm. Vestf.

Hann vék að því í ræðu sinni að fyrir ekki mörgum árum hafði ég þann starfa að vinna að gerð kjarasamninga. Auðvitað henti það mig, eins og ýmsa fleiri sem að þeim málum hafa komið, að gera verðbólgusamninga. Honum fannst því að ummæli mín í gær hafi skotið nokkuð skökku við. Ég hygg þó að ég hafi á þeim tíma kannske fremur legið undir gagnrýni frá gagnaðilum við samningsgerð að hugsa meira um að ná niður verðbólgu við kjarasamninga en að semja um kaup og kjör.

Ég minnist þess að á þeim tíma var hv. þm. Ragnar Arnalds fjmrh. Sú ríkisstj. gerði ítrekaðar tilraunir til að ná samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um alhliða ráðstafanir til að kjarasamningar þyrftu ekki að leiða til aukinnar verðbólgu. Einhverju sinni lét páv. fjmrh. ummæli falla í þá veru og ég taldi þá nauðsynlegt að koma mjög sterklega til móts við viðhorf páv. ríkisstj. og lét þau ummæli falla í blaðaviðtali að hugmyndir páv. fjmrh. væru eins og komnar beint úr mínu hjarta. Ég held að páv. fjmrh. hafi a.m.k. eytt þremur blaðagreinum í að skrifa sig frá þessari ákveðnu stuðningsyfirlýsingu. En ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu.

Ég vil að gefnu tilefni taka fram að þegar hafa verið teknar ákvarðanir í tengslum við þessar ráðstafanir um hækkun á bótum almannatrygginga í samræmi við þá launahækkun sem kjarasamningarnir gera ráð fyrir og þar að auki hefur verið tekin ákvörðun um sérstaka hækkun á tekjutryggingu í samræmi við láglaunabætur sem kjarasamningarnir ákveða. Þessi ákvörðun hefur þegar verið tekin.

Það verður þegar í stað hafist handa við að hefja vinnu við nauðsynlega athugun og samningu á lagafrumvörpum í tengslum við tillögur þær sem fyrir liggja um nýtt húsnæðislánakerfi og ég lít svo á að um það atriði sé fullt samkomulag á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Að því er varðar búvöruverð hafa aðilar vinnumarkaðarins fengið ákveðnar skýringar á yfirlýsingu ríkisstj. um það efni sem birtar hafa verið í yfirlýsingu frá Alþýðusambandi Íslands. Að sjálfsögðu verður staðið við þessi atriði í einu og öllu og kappkostað að koma öllum þessum áformum sem fyrst fram.

Ég tek mjög ákveðið undir það sjónarmið, sem hv. 3. þm. Reykv. lýsti í þessari umræðu, að það væri mjög nauðsynlegt að hraða afgreiðslu frv., ekki síst fyrir þá sök að brýnt er að það liggi fyrir þegar verkalýðsfélögin fara að fjalla um þessa samninga. Af hálfu ríkisstj. var kappkostað að standa þannig að undirbúningi málsins að þetta mætti verða og hún hefur fyrir sitt leyti viljað vinna þann veg að málunum. Ég tek undir þau orð hv. 3. þm. Reykv. að það er býsna kynlegt að heyra þau orð falla á hinu háa Alþingi að þessi lagasetning ætti að bíða þess að verkalýðsfélögin samþykktu samningana. Þvert á móti lítum við svo á að þetta sé ein af mikilvægustu forsendum samninganna og hún hljóti því að liggja fyrir af hálfu ríkisstj. og Alþingis áður en þau ganga til umfjöllunar um þessa samninga.

Ég ítreka að við erum að gera mjög mikilvæga tilraun. Við erum hér að stíga ný skref til þess að taka á okkar efnahagslegu vandamálum. Við eigum mörg verk óunnin. Við erum að hefja nýja tilraun, ekki að ljúka verki heldur að byrja verk.

Ég ítreka þakklæti mitt til þeirra sem staðið hafa að kjarasamningum af hálfu aðila vinnumarkaðarins, bæði af hálfu verkalýðsfélaganna og vinnuveitendasamtakanna. Ég lít svo á að þeir hafi hér unnið mikið brautryðjendaverk, gengið til samstarfs sín á milli og við ríkisstj. sem marki nokkur þáttaskil.

Ég vil enn fremur færa hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar þakkir fyrir skjót viðbrögð og skjóta afgreiðslu á þessu máli og þann víðtæka stuðning sem fengist hefur við afgreiðslu þessa mikilvæga máls.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það verkar e.t.v. eins og stílbrot á hv. þingdeild að menn skuli fara að biðja um orðið eftir þessi hjartnæmu lokaorð fjmrh., en ég vil þó aðeins leitast við að fá fram betri skýringar á einum tilteknum þætti. Það varðar búvöruverð og aðrar ráðstafanir sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér eða ætlað sér að gera í sambandi við málefni landbúnaðarins, bæði í tengslum við þessa kjarasamninga og reyndar mætti spyrja um stefnu hennar og aðgerðir yfirleitt í þeim efnum. Það er einkum tvennt, herra forseti, að mínu mati sem nokkur óvissa ríkir um við afgreiðslu þessa frv. Það eru framkvæmdir ríkisstj. varðandi húsnæðismálin og búvöruverð og fjármálahlið þess sem snýr að landbúnaðinum.

Ég vil spyrja og alveg sérstaklega undirstrika hvort ríkisstj. hyggist láta þessar 220 millj., sem hér eru frá teknar og merktar í þetta verkefni, duga eða hvort þess sé að vænta, sbr. grg. frv., að meira fjármagn verði tekið í ráðstafanir í landbúnaði. Með leyfi forseta vil ég vitna í fskj. 2 með frv., bls. 13. Þar segir:

„Ríkisstj. mun að auki leggja fram 220 millj. kr. til að lækka verð á búvörum og beita öðrum ráðstöfunum til þess að tryggja að búvöruverð hafi ekki áhrif til hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar í marsbyrjun og hækki ekki umfram umsamda hækkun launa síðar á árinu."

Hvaða aðrar ráðstafanir er hér verið að tala um? Er hér verið að tala um viðbótarfjármagn, meiri niðurgreiðslur? Er hér verið að tala um tilflutning frá útflutningsbótum yfir í niðurgreiðslur eins og stundum hefur heyrst nefnt? (**GJG:** Er þm. á móti því?) Þm. er það ekki endilega. Ég vil fá að sjá og heyra hvaða áform ríkisstj. hefur um það áður en ég tek afstöðu til þess, svona „paa staaende fod" eins og fulltrúar okkar í Norðurlandaráði segja. Hvaða aðrar ráðstafanir gæti hæstv. ríkisstj. hugsað sér að gera í þessum efnum? Ég nefni sem dæmi lækkun áburðarverðs. Gæti það komið til greina að til viðbótar þessu sem hér er fjallað um kæmu slíkar ráðstafanir eða sérstök aðstoð við skuldugustu bændurna sem eru unnvörpum að fara á höfuðið, unnvörpum að verða gjaldþrota, sbr. sérstaka úttekt á högum þeirra sem nýverið hefur verið gerð grein fyrir. Það er alveg ljóst að það mundi bæta verulega kjör stéttarinnar og auka þol hennar til að mæta erfiðleikum og m.a. samdrætti í framleiðslu ef gripið væri til sérstakra ráðstafana gagnvart þessum hópi bænda sem stendur allra verst. Það liggur alveg fyrir, herra forseti,

að fjárhagur bænda er þannig að þeir hafa ekkert borð fyrir báru, þeir hafa engan aukavasa til að taka úr þær krónur sem koma eiga á móti skerðingu í framleiðslu sem þegar er búið að semja yfir þá á þessu ári. Ég spyr hæstv. fjmrh. eða e.t.v. vill hæstv. forsrh., formaður Framsfl., svara því: Hvernig hafa menn hugsað sér að mæta þessu gagnvart launalið bóndans þegar það liggur fyrir að hluti af þessum pakka eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir hækkun búvöruverðs? Hvernig ætla menn að skila bóndanum í gegnum launalið hans þeim kjarabótum sem bændum að sjálfsögðu ber eins og öðrum í framhaldi af þessum kjarasamningum?

Mér sýnist í fljótu bragði að það geti verið snúið dæmi ef ríkisstj. ætlar sér engar aðrar ráðstafanir en þær sem hún hefur þegar gert grein fyrir. Þess vegna spyr ég sérstaklega um aðra hluti sem komið gætu til lækkunar á rekstrargrundvellinum eins og t.d. áburðarverð eða aðrar slíkar ráðstafanir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að fara að öðru leyti út í almenna umræðu um þessa samningagjörð og þetta frv. þótt ýmislegt mætti um það segja. Ég er ekki alveg sammála hv. sessunaut mínum og 3. þm. Vestf., sem hér talaði áðan, um að menn hljóti annaðhvort að vera algerlega með þessum samningum eða algjörlega á móti. Málin eru ekki alltaf svo einföld. Í mínum huga er hér mjög margt gott, en einnig annað sem er ekki eins gott. Afstaða mín mótast út frá því. Ég hygg þó fyrst og fremst að hér gildi hið fornkveðna að dag skuli að kveldi lofa og mey að morgni og fjárlög ei fyrr en að ári, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson segir. Reynslan mun dæma þessa samninga best, þessa tilraun eins og menn kalla svo. Ég ætla að spara mér alla spádóma um það.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á fundi með aðilum vinnumarkaðarins í gær náðist full samstaða um hvernig yrði farið með búvöruhækkun. Eins og reyndar kom fram í fréttatilkynningu ASÍ var á þeim fundi lofað að mjólk og kjöt hækkaði ekki nú 1. mars og annarri hækkun yrði eytt. Við þetta verður staðið. Það er verið að ganga frá þessu í dag og á morgun. Búvörugrundvöllurinn mun hækka um 5,2%. Bændur fá þar uppi bornar þær launahækkanir sem samið var um. Það er ekkert af því tekið. Bændur hafa hins vegar á fundum sem ég hef átt með þeim lýst því að þeir teldu í þessum aðgerðum ýmislegt sem væri þeim hagkvæmt þegar til lengri tíma er litið og hafa lagt á það áherslu að þeir muni ekki skorast undan að taka þátt í þeirri viðleitni að ná verðbólgunni niður.

Mér er tjáð að það verði ekki hækkun á kjöti, ekki hækkun á mjólk og annarri búvöruverðshækkun verði mætt með niðurgreiðslu á smjöri.

Við höfum einnig heitið því, eins og kom fram í því bréfi sem ég las í gær og allir hafa eflaust kynnt sér í blöðum og víðar, að búvöruverðshækkunum á þessu ári verði haldið innan þeirra marka sem umsamdar launahækkanir eru, þ.e. 2,5–3–2,5. Í búvörugrundvellinum eru laun bóndans innan við 40% þannig að jafnvel þó að þau séu að fullu uppi borin er þar nokkurt borð fyrir báru. Þess er að vænta að ýmsir þeir liðir sem verka nokkuð á aðra þætti búvörugrundvallarins lækki jafnvel.

Það er rétt hjá hv. þm. að áburðarverð er það sem ástæða er til að hafa áhyggjur af nú 1. júní. Ekki er ákveðið hvernig því verður mætt. Það verður ákveðið m.a. með tilliti til annarra hækkana sem verða á rekstrarvörum landbúnaðarins. Ég held að það sé full ástæða til að ætla að þessar 220 millj. gangi nokkuð langt. Það er mín skoðun. En ég get ekki svarað því fullkomlega á þessari stundu fremur en hæstv. fjmrh.

Um búvöruverð vil ég síðan segja að haft hefur verið fullt samráð við fulltrúa bænda um þetta og fullur skilningur er á milli þeirra og stjórnvalda um hvernig á þessum málum er tekið.

Af því að minnst var á húsnæðismálin, sem hæstv. fjmrh. hefur svarað, þá vil ég ítreka það, sem fyrr hefur komið fram, að ríkisstj. er í grundvallaratriðum sammála þessum tillögum. Hins vegar eru eyður í tillögum um húsnæðismál. Það er ekki sagt þar hve skattaafsláttur skuli vera mikill eða hve lengi hann skuli veittur og þar er að sjálfsögðu ekkert um það fjallað hvernig fara skuli með vaxtamun og hve hann geti orðið mikill ef lánin með miklum vöxtum eru löng o.s.frv. Að sjálfsögðu verður að kanna þá þætti. Um það var einnig fullt samkomulag á fundinum í gær að slíka útfærslu verður að kanna og þess að gæta að ekki verði lagðar á ríkissjóð byrðar sem hann fær ekki staðið undir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hygg að fæstir hv. þm. hafi verið viðstaddir í dag þegar ég hélt ræðu mína. Ég fyrirgef mönnum að vilja horfa á skemmtilegan handboltaleik. Þess vegna hefur hæstv. fjmrh. e.t.v. ekki heyrt meginspurningu mína þá. Því hlýt ég að endurtaka hana núna og biðja um svar við henni. Það varðar fyrirhugaðar aðgerðir í vaxtamálum.

Mér er ekki nokkur leið að fá annað út en verið sé að hækka vexti, bæði á almennum skuldabréfum og verðtryggðum lánum. Nafnvirðislækkun úr 32% í 20%, takist nú að koma verðbólgunni niður eins og fyrirhugað er, hlýtur að vera beinlínis hækkun á vöxtum almennra skuldabréfa. Ég hef ekki mikla trú á því að þar verði áframhaldandi vaxtalækkun látin ríkja og þar með verði vextirnir úr öllu samræmi við breyttar verðlagsforsendur.

Hækkun á vöxtum verðtryggðra lána er auðvitað ekkert annað en hækkun raunvaxta. Ef þetta er rangt hjá mér vil ég biðja reikningsglögga menn, og einkum og sér í lagi hæstv. fjmrh., að útskýra þetta fyrir mér. Ég get ekki fengið annað út en hér sé fyrirhuguð hækkun á vöxtum.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir að setja lögfræðinga í flokk reikningsglöggustu manna.

Varðandi spurningar hennar um vexti er þess að geta að það hafa þegar verið teknar ákvarðanir um verulega lækkun á nafnvöxtum. Það hefur komið fram að raunvextir af verðtryggðum lánum verða óbreyttir fyrst um sinn. Ég hef greint frá því í umræðum í Ed. um þetta atriði að ég vænti þess að raunvextir af spariskírteinum, sem ríkissjóður hefur selt, geti mjög fljótlega eða innan ekki langs tíma lækkað og auðvitað mun það fara eftir því hvernig til tekst í þessum efnum, en því meir sem við náum niður verðbólgu, því hraðar getum við stigið skref í þessa veru. En ég get tekið það fram aftur hér í hv. Nd. að innan ekki langs tíma sé ég fram á að raunvextir af spariskírteinum ríkissjóðs, sem ýmsir hafa talið að væru nokkuð leiðandi í þessum efnum, geti lækkað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 563 felld með 18:5 atkv.
10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
11.–24. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. I–II samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 57. fundur.

Föstudaginn 28. febr., að loknum 56. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1986, stjfrv. 303. mál (þskj. 562). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, FrS, GSig, GeirG, GB, GJG, GGS, GT, HG, JS, JBH, KP, KJóh, ÓE, ÓÞÞ, SvS, PS, GHG, StG, StH, SJS, SvG, TG, ÞP, ÞS, JSv, IG.

GE, GA, GHelg, KH, KSK greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (EBS, FÞ, HBl, MB, MÁM, PJ, SV) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þetta frv. er fram borið til að greiða fyrir kjarasamningum sem ég get engan veginn sætt mig við. Ég tek því ekki þátt í afgreiðslu þessa frv. og greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 571).

Efnisskrá.

Aðild Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu (287. mál) 2764, 2795.
Almannatryggingar (181. mál) 2705.
Eftirlit með skipum (237. mál) 2718.
Endurskoðun fjarskiptalaga (254. mál) 2753.
Endurskoðun laga um smitsjúkdóma (278. mál) 2796.
Fjarvistarréttur foreldra (264. mál) 2712.
Fullorðinsfræðslulög (263. mál) 2763.
Húsfélög (251. mál) 2757.
Kaup ríkissjóðs á húseign í Borgarnesi (279. mál) 2743.
Kostnaðarhlutur útgerðar (288. mál) 2772.
Kostnaður af starfsemi Krabbameinsfélags Íslands (255. mál) 2748.
Leghálskrabbameinsleit (256. mál) 2750.
Lækningarmáttur jarðsjávarins við Svartsengi (155. mál) 2746.
Nýting lánsfjár úr Iðnlánasjóði (276. mál) 2761.
Rannsókna- og tilraunastöð fiskeldis (277. mál) 2765, 2795.
Rannsókn kjörbréfs 2718.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1986 (303. mál) 2844, 2862, 2876, 2904, 2936, 2949.
Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands (226. mál) 2763.
Siglingamálastofnun ríkisins (238. mál) 2719.
Sveitarstjórnarlög (54. mál) 2719, 2776, 2798, 2877.
Sölu- og markaðsmál (247. mál) 2763.
Talnagetraunir (232. mál) 2903.
Umræður utan dagskrár 2819 (kjarasamningar).
Varamenn taka þingsæti 2877, 2936.
Öryggi á vinnustöðum (275. mál) 2719.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2763, 2764.
Forseti Sþ. Helgi Seljan 2816, 2829, 2839.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 2718, 2877, 2936.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 2821, 2842, 2947.
Félmrh. Alexander Stefánsson 2737, 2758, 2760, 2887.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 2744, 2745, 2825, 2843, 2844, 2861, 2875, 2904, 2945, 2948.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 2706, 2710, 2747, 2749, 2750, 2751, 2756, 2797.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 2761, 2763.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2753, 2755, 2764.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2772, 2774.
Björn Dagbjartsson 2765, 2771.
Davíð Aðalsteinsson 2715, 2776.
Eggert Haukdal 2886, 2902.
Eiður Guðnason 2743, 2745, 2753, 2755, 2756, 2849, 2867.
Friðjón Þórðarson 2806, 2897.
Friðrik Sophusson 2719, 2877, 2936.
Guðmundur Einarsson 2738, 2776, 2912, 2939.
Guðrún Agnarsdóttir 2748, 2750, 2752, 2796, 2798, 2928.
Guðrún Helgadóttir 2749, 2761, 2762, 2924, 2948, 2950.
Gunnar G. Schram 2746, 2748, 2903.
Haraldur Ólafsson 2795.
Hjörleifur Guttormsson 2789, 2798, 2901.
Jóhanna Sigurðardóttir 2724.
Jón Baldvin Hannibalsson 2816, 2839, 2918, 2939.
Jón Kristjánsson 2860, 2862.
Karvel Pálmason 2942.
Kolbrún Jónsdóttir 2714, 2773.
Kristín Halldórsdóttir 2778.
Kristín S. Kvaran 2835, 2932.
Ólafur Þ. Þórðarson 2780, 2881.
Pálmi Jónsson 2784, 2892.
Ragnar Arnalds 2712, 2716, 2853, 2865.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2705, 2709, 2711, 2713, 2717, 2832, 2857, 2869.
Skúli Alexandersson 2772, 2775.
Stefán Benediktsson 2716, 2757, 2759, 2760, 2833, 2855, 2871.
Stefán Valgeirsson 2770, 2883.
Steingrímur J. Sigfússon 2728, 2768, 2890, 2946.
Svavar Gestsson 2829, 2844, 2907, 2936.

Sameinað þing, 54. fundur.

Þriðjudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

"Alþingi, 3. mars 1986.

Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Með vísan til 130. gr. 3. málsgr. laga nr. 52/1959 tilkynnist yður hér með að Magnús Reynir Guðmundsson frá Ísafirði mun taka sæti mitt á Alþingi næstu tvær vikur vegna setu minnar á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Magnús Reynir Guðmundsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn á ný til starfa.

Fullvirðisréttur í landbúnaðarframleiðslu, fsp. 294. mál (þskj. 540). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 540 leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. landbrh.:

„1. Hvenær er þess að vænta að fyrir liggi tillögur og ákvarðanir um fullvirðisrétt bænda fyrir næsta verðlagsár: a. vegna nautgripaafurða, b. vegna sauðfjárafurða?

2. Hvert er það framleiðslumagn sem landbrh. gerir ráð fyrir að fullt verð komi fyrir árlega í hefðbundnum búgreinum næstu fimm árin?

3. Hvenær geta bændur vænst þess að vita um fullvirðisrétt sinn á umræddu tímabili, þ.e. fyrir verðlagsárin 1987–1991?"

Herra forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu þýðingarmikið er fyrir bændastéttina að fá vitneskju um hvert stefnir í sambandi við framleiðslu hefðbundinna búvara og þann rétt sem ríkið ætlar bændum í sambandi við fullt verð fyrir afurðir þeirra. Umræðan um nýlega útgefinn fullvirðisrétt vegna mjólkurafurða á yfirstandandi verðlagsári hefur verið mikil og gagnrýni eðlilega komið fram vegna þess hvernig þar var staðið að málum. Nú skiptir miklu varðandi framhaldið að bændur fái sem skilmerkilegastar upplýsingar fram í tímann því að það þarf tíma til að skipuleggja búrekstur og halda þannig á málum í búrekstri að kostnaður verði sem minnstur og bændur viti rétt sinn og geti tekið ákvarðanir í samræmi við það.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 540 hefur hv. 5. þm. Austurl. borið fram fsp. til mín um ákvörðun um fullvirðisrétt í landbúnaðarframleiðslu næstu verðlagsár og gert grein fyrir þeim hér.

Fyrsta spurningin: „Hvenær er þess að vænta að fyrir liggi tillögur og ákvarðanir um fullvirðisrétt bænda fyrir næsta verðlagsár: a. vegna nautgripaafurða, b. vegna sauðfjárafurða?"

Því er til að svara að áður en reglugerðir um fullvirðisrétt og aðra framleiðslustjórn í landbúnaði eru gefnar út ber ráðherra að leita um það efni tillagna hagsmunasamtakanna, sbr. 35. gr. búvörulaganna nr. 46/1985. Þegar eftir að lögin voru gengin í gildi var óskað eftir slíkum tillögum frá Stéttarsambandi bænda. Hinn 28. ágúst s.l. var það áréttað með eftirfarandi bréfi:

„Ráðuneytið áréttar hér með fyrri tilmæli sín til Stéttarsambands bænda um að stéttarsambandið geri tillögur um framkvæmd framleiðslustjórnunar í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt á grundvelli laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og með hliðsjón af samningum um afurðamagn í þessum greinum, sbr. 30. gr. laganna."

Þetta var enn áréttað í bréfi sem skrifað var 7. nóvember s.l. Þar segir m.a.:

„Í framhaldi af fundi Stéttarsambands bænda þann 31. október s.l. þar sem ráðuneytinu voru kynntar tillögur svæðabúmarksnefndar áréttar ráðuneytið tilmæli sín frá þeim fundi um að stéttarsambandið leggi einnig fram tillögu um reglur um skiptingu mjólkur- og kjötframleiðslu á einstaklinga."

Hinn 16. desember barst ráðuneytinu bréf frá Framleiðsluráði landbúnaðarins svohljóðandi:

„Hjálagt sendi ég yður tillögur svæðabúmarksnefndar Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Tillögur nefndarinnar voru til umfjöllunar á fundum Framleiðsluráðs og stjórnar stéttarsambandsins í október og aftur í lok nóvember. Var nefndinni veitt umboð til að ganga endanlega frá tillögunum."

Eins og hér kemur fram var þarna um að ræða viðræðugrundvöll milli stéttarsambandsins og ráðuneytisins í bréfinu sem sent var 16. desember s.l. og þá eingöngu fyrir mjólkurframleiðsluna. Ég hafði þá tekið þá ákvörðun að gefin skyldi út reglugerð um mjólkurframleiðslu þessa verðlagsárs sem gilti aðeins fyrir þetta ár þar sem dráttur hafði orðið svo langur á því að fá endanlegar tillögur sem gætu gilt lengra fram í tímann.

Eins og fram kom í þessu bréfi var tillagan frá Framleiðsluráði aðeins um mjólkurframleiðsluna. Því var skrifað eitt bréf enn í landbrn. hinn 25. febrúar þar sem óskað var eftir tillögum um framleiðslustjórn í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt frá Stéttarsambandi bænda og Framleiðsluráði fyrir næstu ár.

Stéttarsambandið hefur nú gert starfsáætlun og boðar tillögur sínar um það hinn 15. apríl n.k. Aðalfundur Stéttarsambands bænda er síðan áformaður 9.–11. júní. Landbrh. mun leita álits þess fundar á reglugerð um fullvirðismark fyrir verðlagsárið 1986–1987 og því ættu tilkynningar að geta borist bændum fljótlega eftir það, bæði hvað varðar mjólk og sauðfjárafurðir.

Önnur spurningin er: „Hvert er það framleiðslumagn sem landbrh. gerir ráð fyrir að fullt verð komi fyrir árlega í hefðbundnum búgreinum næstu fimm árin?"

Nú hefur verið samið um að á verðlagsárinu 1986–1987 verði bændum ábyrgst fullt verð fyrir 106 millj. lítra af mjólk og 11 800 tonn af kindakjöti, sbr. a.-lið 30. gr. laga nr. 46/1985. Fyrir árin 1987–1990 mun þetta framleiðslumagn ráðast af samningum þeim sem landbrh. gerir við Stéttarsamband bænda og honum er rétt að leita eftir við Stéttarsamband bænda skv

áðurnefndri lagagrein. Fyrr en slíkur samningur liggur fyrir er ekki hægt að segja um hvert afurðamagnið verður.

Þá er þriðja spurningin: „Hvenær geta bændur vænst þess að vita um fullvirðisrétt sinn á umræddu tímabili, þ.e. fyrir verðlagsárið 1987–1991?"

Svar við því er að það mun að sjálfsögðu ráðast af lengd samningstíma, en samningum skal vera lokið fyrir 1. ágúst ár hvert og skulu gilda næsta verðlagsár, en heimilt er að semja til lengri tíma í einu eins og gert var á s.l. sumri þegar samið var til tveggja ára. Þegar þessi verk eru komin í mótaðar skorður samkvæmt búvörulögunum má gera ráð fyrir að fullvirðismark einstakra bænda geti legið fyrir þegar að lokinni samningsgerð hverju sinni.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Hann vék í upphafi að því hvernig staðið hefur verið að ákvörðun um fullvirðisrétt vegna mjólkurframleiðslu. Um það var út af fyrir sig ekki spurt og umræða hefur farið fram um þau efni þó að ekki saki að það sé rifjað upp hér.

Fram kom hjá hæstv. ráðh. að Stéttarsamband bænda væri að vinna að þessum málum og hann gerði ráð fyrir að unnt yrði að tilkynna bændum um fullvirðisrétt vegna sauðfjárframleiðslu og nautgripaafurða fyrir næsta verðlagsár, sem hefst 1. sept. n.k., í júnímánuði eða fljótlega eftir 15. júní ef ég hef skilið hæstv. ráðh. rétt. Vissulega er þar öðruvísi að staðið en gerst hefur á yfirstandandi verðlagsári og full ástæða til að hvetja til að það dragist ekki lengur en þarna er nefnt að bændur fái þessar upplýsingar um rétt sinn. Auðvitað þyrfti þetta að vera komið fram fyrr en þarna er um rætt, en er þó annað og skárra en það sem bændur hafa mátt þola á yfirstandandi verðlagsári.

Ég innti hæstv. ráðh. síðan eftir því hvert horfði í þessum efnum varðandi næstu ár að hans mati. Hann reynir ekki að spá neitt í um hvaða magn geti orðið að ræða í sambandi við sauðfjárframleiðsluna eftir að því samningstímabili lýkur sem nú stendur yfir, þ.e. varðandi næsta verðlagsár, og það er vissulega bagalegt ef yfirstjórn landbúnaðarmála getur ekki gert sér nokkra grein fyrir því hvert horfir í þeim efnum og hverju reynt verði að keppa að í þeim málum því að það skiptir auðvitað mjög miklu að allt verði gert til að halda uppi neyslunni á þessum landbúnaðarafurðum innanlands og vinna að því með markvissum hætti.

Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hér frekar hvert sé álit hans á þeim horfum sem dregnar hafa verið upp í spánefnd hæstv. forsrh. varðandi þróun búvöruframleiðslunnar, hinnar hefðbundnu búvöruframleiðslu, en við fengum um það fréttir fyrir nokkru að þar væri talið stefna í að sauðfjáreign landsmanna færðist úr um 700 þús. niður í um 450 þús. svona á fimm ára tímabili eða svo. Ef þetta eru horfurnar og landbrh. er sammála þeirri nefnd sem hefur verið að vinna að málum fyrir forsrh. er þröngt fyrir dyrum hjá íslenskri bændastétt í sambandi við sauðfjárafurðirnar. Ég held að forsvarsmenn landbúnaðarmála hljóti að skoða þetta dæmi og hvað unnt er að gera til þess að ekki fari svo sem þarna er gert ráð fyrir.

Herra forseti. Ég þakka ráðherranum svörin, en vænti þess að hann greini okkur frá viðhorfum í sambandi við þróunina til lengri tíma litið, sérstaklega varðandi sauðfjárafurðirnar, eins og ég nefndi hér, og ég vil að endingu hvetja ráðherra til að stefna að langtímasamningum um þessi efni, eins og vikið var að í svari við 3. lið fsp. minnar, þar sem heimilt er að semja til lengri tíma en eins verðlagsárs í senn. Slíkt skiptir auðvitað mjög miklu máli í sambandi við stefnuna í landbúnaðarframleiðslunni.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. taldi að það hefði verið ástæðulaust fyrir mig að rifja upp hvernig landbrn. hefði unnið að því að undirbúa skiptingu á framleiðslumagni fyrir næstu ár, en eins og ég gat um á samkvæmt lögum að leita tillagna um hana frá hagsmunasamtökunum. Ég taldi að það væri nauðsynlegt til þess að ljóst lægi fyrir hvernig ráðuneytið hefði gert það og hvað það hefði gert til að reyna að hraða því að þetta lægi fyrir. Þarna var alls ekki verið að biðja eingöngu um tillögur um mjólkurframleiðsluna fyrir þetta verðlagsár heldur fólst í þessu beiðni um reglur sem gætu gilt til lengri tíma og einnig um sauðfjárræktina, eins og kom fram í bréfi sem ég las upp.

Mér finnst dálítið erfitt að skilja það þegar hv. fyrirspyrjandi er að segja að þurft hefði að liggja miklu fyrr fyrir skipting á því afurðamagni sem bændur fá fullt verð fyrir þegar haft er í huga að á síðasta Alþingi lagði Alþb. eindregið til að afgreiðslu hinna nýju laga væri frestað. Þá hefðu hin eldri lög gilt um þetta. Samkvæmt þeim vissu bændur aldrei fyrr en að loknu verðlagsári hvað það afurðamagn yrði mikið sem þeir fengju greitt fullt verð fyrir. Alþb. taldi í vor enga ástæðu til að gera neitt til þess að bændur gætu fengið að vita um þetta fyrir fram. En nú er talað um að þetta komi of seint. (Gripið fram í.) Bændasamtökin stóðu að því að gera brtt. við frv. eins og það var afgreitt á Alþingi og flestar þeirra ábendingar voru teknar til greina.

En hvað snertir viðhorf mitt til þess afurðamagns sem um verður samið á næstu árum, þá held ég að það komi skýrast fram í þeim samningum sem ég stóð að að gera fyrir tvö fyrstu ár þessa tímabils. Samkvæmt þeim var mjólkurmagnið sem um var samið um það bil meðaltal framleiðslu síðustu sjö ára og kindakjötssamningurinn mátti heita nákvæmlega það sem kom í sláturhúsin á s.l. hausti. Ég held að þessir samingar sem ég stóð að því að gera segi miklu meira um viðhorf mitt og vilja í þessum málum en ef ég færi að gera einhverja spá fram í tímann.

Hv. fyrirspyrjandi minntist á útreikninga sem nefnd á vegum forsrh. hefði gert um samdrátt í sauðfjárframleiðslunni. Það var útreikningur sem gerður var eftir ákveðnum forsendum, sem menn gáfu sér, en alls ekki einhver tilraun til að meta endilega hvernig þróun yrði á þessu sviði. En eins og ég hef látið koma fram marka nýju lögin um búvöruframleiðsluna þá stefnu að þeir framleiðendur sem að þessum atvinnugreinum standa geti haft þá bústærð sem gefi þeim viðunandi afkomu. Það er sú stefna sem við hljótum að verða að fylgja í sambandi við þá skiptingu sem gerð verður í framtíðinni og stefnumörkun í þessum málum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það voru nú fleiri en Alþb. sem gagnrýndu hvernig að lagasetningu um búvöruframleiðslu o.fl. var staðið

hér á s.l. vori og engin ástæða fyrir okkur að iðrast þeirra varnaðarorða sem þá voru lögð inn því að þau hafa sannarlega ræst á yfirstandandi verðlagsári og bændur eru nú að súpa seyðið af því hvernig að þeim málum var staðið.

Ég rifja það upp að ekkert hefur verið gert af hálfu forustumanna landbúnaðarins og ráðuneytis til að hamla gegn þeirri aukningu á mjólkurframleiðslu sem var í gangi fyrri hluta verðlagsársins áður en reglugerð hæstv. ráðh. var sett.

Og svo aðeins þetta: Það er athyglisvert að hæstv. ráðh. tekur ekki meira mark á framtíðarspádómum nefndar á vegum forsrn. Það kann að vera að það sé unnið út í vindinn í sambandi við þau nefndarstörf. Þar er mikill flokkur manna að starfi, að ég hygg, og við heyrðum álit hæstv. landbrh. á því. Ég vona sannarlega að það gangi ekki eftir sem þar hefur verið sagt í sambandi við sauðfjárframleiðsluna, en það er full ástæða fyrir forráðamenn, finnst mér, að hyggja að þeim vanda sem þarna getur verið í uppsiglingu.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi fullyrðir að ekkert hafi verið gert til að hamla á móti aukningu mjólkurframleiðslu. Það er af fáfræði sagt því að á s.l. sumri var gjald á kjarnfóðri hækkað. Það var einmitt fyrst og fremst það ráð sem hægt var að nota á grundvelli hinna eldri laga og það stjórntæki sem menn höfðu fyrst og fremst samkvæmt þeim lögum. Það var nýtt á þann hátt að hækka gjaldið á s.l. sumri þegar stefndi í aukna mjólkurframleiðslu. En síðan hefur komið í ljós að það nægði ekki. Þau varnaðarorð sem ég og fleiri bárum fram um hvernig bændur þyrftu að haga sér með tilliti til þess samnings sem gerður var á s.l. sumri nægðu því miður ekki. Það er ekki fyrr en útreikningarnir liggja fyrir sem öllum var ljóst hvert stefndi þó að það ætti að vera augljóst þegar að samningum loknum í sumar.

Sameinað þing, 55. fundur.

Þriðjudaginn 4. mars, að loknum 54. fundi.

Frelsi í innflutningi á olíuvörum, þáltill. 269. mál (þskj. 502). — Fyrri umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 502, 269. máli.

Ég held að það sé hollt að við byrjum á því að setja okkur í spor þess sem væri forstjóri fyrir olíufélagi til að átta okkur á því hvernig það kerfi er sem við höfum búið til varðandi olíuverðlagningu, olíuinnkaup o.s.frv. hér á landi. Hugsum okkur að við værum í sporum forstjóra olíufyrirtækis sem langaði til þess að ná í stærri markaðshlutdeild hér á Íslandi í sölu á olíuvörum. Hvað má hann gera og hvað má hann ekki gera? Hann má ekki bjóða hagstæðara verð vegna þess að það er boðið með lögum að öll olíufélögin skuli selja olíuna á sama verði. Hvað hefur hann þá til ráða til að reyna að auka markaðshlutdeild sína? Hann má ekki nota verðið. Hann verður að lokka fólk til sín. Hvaða ráð eru til þess? Kannske eru ráðin þau ein að því er bensínviðskiptin varðar að búa til fallega útsölustaði sem fólk fýsir að koma inn á, að setja upp aðra þjónustu á útsölustöðunum sem dregur að fólk, selja sígarettur, pulsur og leigja vídeóspólur. Kannast einhver við þetta? Þetta er nefnilega sannleikurinn í málinu. Þetta eru ráðin sem þeir hafa til þess að lokka til sín viðskipti og þetta hafa þeir líka gert.

En skiptir þá ekki máli hvað þetta kostar olíufélagið? hljóta menn að spyrja. Svarið er nei. Það skiptir ekki máli vegna þess að við búum við það kerfi að dreifingarkostnaðinum er jafnað niður á félögin þannig að ef eitthvert olíufélagið gengur örlítið lengra en hin í þessum efnum er því jafnað á þau öll. Sá forstjóri sem tekur þá ákvörðun að vinna svona til að lokka til sín viðskipti veit það reyndar að hin olíufélögin hljóta að fara alveg eins að. Og þótt eitthvað halli á verður það jafnað að lokum vegna þess að verðið á að vera hið sama og ef einhver yfirdráttur verður í bönkum veit hann að það verður svipað hjá hinum félögunum og það verður líka jafnan fyrirgefið. (**ÓÞÞ:** Er þetta nú alveg víst?) Þetta er alveg víst, herra þm.

En við skulum taka hina hliðina. Það gæti líka verið að þessi forstjóri hefði áhuga á því að láta fyrirtæki sitt sýna meiri hagnað eða vera hagkvæmara en hin fyrirtækin. Hvað hefði hann til ráða? Getur hann gert hagkvæm innkaup á olíu? ¾ af olíuinnkaupunum eða því sem næst eru bundnir með viðskiptum við Sovétríkin. Hann getur ekki sýnt meira áræði eða meiri hagnað eða sparað sér peninga í þeim viðskiptum. Hvað þá um seinasta fjórðunginn? Þar gæti hann hugsanlega haft einhvern ávinning. En svarið er aftur nei vegna þess að við höfum komið okkur upp innkaupajöfnunarreikningi sem þýðir að þeim forstjóra sem gerir hagkvæm innkaup ber að afhenda ábatann af því til hinna olíufélaganna. Viðskiptin eru jöfnuð út. Nú segja menn að vísu að það sé í uppsiglingu sérreikningur fyrir hvert olíufélaganna. En það mun ekki koma að gagni því að eftir sem áður á það ekki að fá að njóta þess nema í einhverjum litlum mæli sem Verðlagsstofnun á að ákveða, en sama verð á eftir sem áður að gilda hjá öllum.

Við höfum njörvað þetta niður þannig að það er engin ástæða til þess fyrir forstjóra olíufélagsins að leggja nokkurn skapaðan hlut á sig til þess að vera með hagkvæm innkaup eða hagkvæmni í dreifingu. Við höfum meira að segja fundið upp flutningsjöfnunarsjóð sem er svo snjall að ef eitthvert olíufélaganna hefur minni dreifingarkostnað en hin er því ætlað að bera uppi dreifingarkostnaðinn hjá hinum sem hafa meiri dreifingarkostnað.

Það er kannske ekki nema von að olíufélagsforstjórarnir hafi engan áhuga á því að ástunda hagkvæmni í rekstri hjá sér. Það er ekki nema mannlegt og eðlilegt, miðað við það kerfi sem við höfum búið til, að þeir leiti í þann farveginn að búa til glæsilegar hallir sem lokka menn til að koma og kaupa bensín eða þeir lokki menn með því að selja pulsur eða sígarettur eða vera með vídeó.

Þetta er kerfið sem við höfum komið okkur upp í hnotskurn og eiginlega er ekki til neins að vera að sakast við forstjóra olíufélaganna þó að verðlag á olíum og bensíni sé hátt hér á landi. Ég held að það liggi í eðli kerfisins að það er ekki hægt að sakast við þá og í

rauninni ekki hægt annað en búast við því að olíuverð og bensínverð sé hátt á Íslandi. Það er þetta, hv. þm., sem ég hef verið að gagnrýna á þessum stað undanfarið og það er að þessu sem sú þáltill. sem ég hef hér flutt beinist.

Ég held að það sé alveg augljóst að við höfum upplifað það og horft á það á undanförnum árum, ekki bara þessa stundina, að verð á gasolíu t.d. hér á landi og bensíni hefur verið mun hærra en í grannlöndum okkar. Munurinn á því hvers konar kerfi við höfum og hvers konar kerfi grannlöndin hafa er sá að við höfum njörvað þetta niður með þeim hætti að olíufélögin geta engan sérstakan hag haft af því að ástunda hagkvæmni. Grannlönd okkar hafa leyft frjálsa samkeppni í þessari grein.

Nú segja menn vitaskuld: Ja, en það eru miklir markaðshagsmunir í húfi hjá Íslendingum. Við seljum svo og svo mikið af varningi til Sovétríkjanna. Við seljum þangað síld, við seljum þangað fryst flök og heilfrystan fisk, lagmeti og prjónavöru. Og það er rétt. En innflutningur okkar á olíu t.d. á árinu 1984 var nær 2250 millj. kr. meðan útflutningurinn nam 1800 millj. Þarna er borð fyrir báru upp á 450 millj. kr.

Í annan stað er ég sannfærður um að margt af þeim varningi sem við höfum selt til Sovétríkjanna, svo sem frystu flökin, getum við selt annað. Það kostar kannske dálitla fyrirhöfn og kannske fáum við ekki alveg jafnhagstætt verð til að byrja með, en ég held að þegar fram í sækir séu aðrir markaðir ekki síðri en sá sovéski.

Ég skal viðurkenna að að því er síldina varðar horfir þetta öðruvísi við. Við höfum fengið mun hærra verð fyrir saltsíld í Sovétríkjunum og það er nánast okkar eini markaður. Þess vegna er aðgæslu þörf á því sviði. En mér er hins vegar spurn hversu lengi það muni haldast að Sovétríkin borgi mun hærra verð fyrir saltsíldina til okkar en þau geta í rauninni fengið saltsíldina á annars staðar að. Dálítið er það fallvalt að byggja viðskipti á slíku.

Niðurstaðan í mínum huga er vitaskuld sú að það kerfi sem við höfum búið okkur til í þessu sambandi elur á óhagkvæmni og nauðsynlegt er að taka það til endurskoðunar. Í öllum viðskiptum gildir að samkeppni og frjáls verslun er líkleg til þess að skapa heilbrigt aðhald og lægra verð og það á auðvitað og áreiðanlega ekkert síður við í þessari grein en öðrum. Það er af þeim sökum sem þessi till. er flutt til þess að menn hugsi nú um það hvað er í húfi hér og hversu óhagkvæmt það kerfi er sem við höfum búið okkur til.

Nú hef ég að vísu heyrt að hæstv. viðskrh. hefur afneitað því algerlega að nokkurt frelsi geti fengið að koma til álita í þessari grein. Ég hefði þó búist við því að þm. Sjálfstfl. mundu vilja ræða með hvaða hætti mætti koma á frjálsræði í þessum viðskiptum og aukinni samkeppni. Ég hefði búist við því miðað við þeirra málflutning upp og ofan og miðað við hvar þeir telja sig standa í hinu pólitíska litrófi. En ég er þó ekki með öllu úrkula vonar þótt hæstv. viðskrh. hafi tekið svona illa í þetta vegna þess að formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson, telur að til álita komi að auka viðskiptafrelsi að því er olíuvörur varðar. Og vonandi eru þeir fleiri innan stjórnarflokkanna sem eru tilbúnir að ræða þessi mál æsingarlaust og út frá heilbrigðu sjónarhorni til þess að komast að því hvernig best og farsællegast sé að koma þessum málum fyrir.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að till. verði vísað til atvmn.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil mjög eindregið leggja áherslu á að sú nefnd sem fær þessa þáltill. til meðferðar afgreiði hana þannig að hún sé ekki til umræðu ár eftir ár. Ég tel nauðsynlegt að það verði leitt í ljós hver stefna og vilji Alþingis er í þessum efnum.

Hv. 1. flm. þessarar till. talar um að hér ríki ófrelsi í sambandi við innflutning á olíuvörum. Ég efast ekki um að þessi hv. þm. veit betur. Allur innflutningur á olíuvörum er verðlagður eftir því markaðsverði sem er á heimsmarkaðnum hverju sinni. Fyrst þegar olíusamningur var gerður við Sovétríkin, sem var á árinu 1953, var verðlag miðað við US Gulf, eins og það var kallað, en árið 1974 var farið að miða við meðaltal af skráningu í Rotterdam og Curacao og gilti sú viðmiðun til 1977. En árið 1978 er farið að miða við verðskráningu í Rotterdam eingöngu og þannig hefur það verið síðan. Það fer því algerlega eftir verðinu á hinum frjálsa markaði, hinum svokallaða Rotterdam-markaði, hve dýr sú olía er sem keypt er til landsins hvort sem hún er keypt frá Sovétríkjunum eða frá öðrum ríkjum.

Við Íslendingar töldum það nauðsynlegt á sínum tíma, og teljum það enn, að notfæra okkur viðskiptasambönd við aðrar þjóðir til þess að fá möguleika á að selja þeim sem flestar okkar vörur. Og það væri fullkomið ábyrgðarleysi ef við nú í dag samþykktum slíka till. sem þessa og segðum við Sovétríkin, sem við gerðum samning við um vörukaup, rammasamning, fyrir ári síðan til fimm ára, að nú ætluðum við að hætta að kaupa olíu af þeim, við mundum kaupa hana þar sem okkur sýndist hverju sinni. Hvað mundum við gera, Íslendingar, ef aðrar þjóðir gerðu slíkt við okkur? Við mundum eðlilega láta þeim viðskiptum lokið ef þau ættu aðeins að verða á aðra hlið. Það er því fullkomið ábyrgðarleysi hjá hv. þm. að leggja slíkt til. Þar við bætist að sami hv. þm. var nokkuð á annað ár sjútvrh. og ég þekki það frá þeim árum að þá hafði sjútvrh. ekki síður áhuga á þessum viðskiptum sem og fleirum, sem ég skal síðar víkja að, en viðskrh. eða aðrir ráðherrar.

Sami hv. þm. var einnig, þó stutt væri, viðskrh. Ég sé að allir þm. Alþfl. í Nd. flytja þessa þáltill. Alþfl. átti viðskrh. í 12 ár samfleytt, fyrrv. formann flokksins lengst af á því tímabili. Hann sá hag í því að haga olíuinnflutningi með þessum hætti allan tímann. Síðan hafa verið viðskrh. menn úr öllum fjórum þingflokkunum sem átt hafa þm. á Alþingi á öllu þessu tímabili. Enginn þeirra hefur gert neitt til þess að hverfa frá þessari tilhögun. Allir hafa séð að nauðsynlegt var að halda þessu óbreyttu áfram. En þegar menn eru komnir í minni hluta er um að gera að snúa staðreyndum við og taka upp sérstakan ræðustíl eins og hv. þm. gerði áðan. Hann blandaði hér saman innflutningi og sölu á olíuvörum og sölu á pulsum. Ég veit ekki til þess að olíufélögin gefi þessar pulsur. Og kaupir nokkur pulsu nema af því að hann langar í pulsu? Hinir láta bara eiga sig að kaupa pulsu. Mér finnst þetta afskaplega ómerkilegur brandari hjá hv. þm. En ef honum finnst brandarinn góður og einhverjum öðrum, þá þeir um það. Þá getur hann endurflutt þetta.

Við skulum aðeins víkja að sölu á olíum. Það var

mikið rætt um að beina viðskiptum okkar til annarra þjóða sem er alveg sjálfsagt að gera. Og það var gert. Á árunum 1980–1981 var viðskiptum beint til British National Oil Company. Það voru keyptir sex farmar á tímabilinu frá 10. sept. 1980 til 21. júlí 1981. Það voru samtals 118 þús. 96 tonn og kaupverðið var 40 millj. 189 þús. bandaríkjadalir. Það var keyptur einn farmur af svartolíu 11. febr. 1981 og kaupverðið var 5 millj. 28 þús. bandaríkjadalir. Samtals var því kaupverð á þessum förmum 45 millj. og tæplega 217 þús. dollara. Ef þetta magn af olíu hefði verið keypt frá Sovétríkjunum á sama tíma og kaupverð hennar hefði verið í samræmi við gildandi samninga á milli Íslands og Sovétríkjanna hefði sambærilegt kaupverð verið hvað snerti gasolíuna 36 millj. 946 þús. bandaríkjadalir en svartolíuna 4 millj. 736 þús. bandaríkjadalir. Samtals hefðu kaupin frá Sovétríkjunum á þessu magni numið á þessum sama tíma 41 millj. 682 þús. bandaríkjadala. Munurinn á því að kaupa olíuna frá BNOC og frá Sovétríkjunum var því hvorki meira né minna en 3 millj. 535 þús. bandaríkjadalir. Miðað við núverandi verðlag er hér, á ekki meira magni en þessu, um 150 millj. kr. hærri innkaup að ræða.

Ég vil líka benda á í þessu sambandi að við flytjum inn olíu frá landi eins og Portúgal og þar höfðum við líka sömu viðskiptahagsmuna að gæta. Árið 1978 stóðu mál þannig að Portúgalar voru orðnir mjög óánægðir með viðskiptin við okkur vegna þess hvað við keyptum lítið af vörum frá þeim. Þá var ráðist í að kaupa hvorki meira né minna en tvo togara og þá stóra og í framhaldi af því olíuvörur, einkum bensín, og fleiri afurðir. Á þessu byrjaði sú ríkisstj. sem sat árið 1978 fram undir lok ágústmánaðar en ríkisstj. sem tók við jók þessi viðskipti. Hún beindi viðskiptunum til Portúgals og í þeirri ríkisstj. átti sæti 1. flm. þessarar till. sem þá var sjútvrh. Þá fannst honum rétt að beina þessum viðskiptum til Portúgals og ég hef aldrei heyrt öðru haldið *fram en að það hafi verið talið nauðsynlegt þjóðarinnar* vegna en ekki vegna olíufélaganna.

Ef við lítum á olíuviðskiptin skulum við byrja á að fara yfir fimm ára tímabil í innflutningi á bensíni. Árið 1981 voru flutt inn 93 587 tonn af bensíni. Þar af voru flutt frá Sovétríkjunum 57 034 tonn en frá Portúgal 17 224 tonn. Annað var flutt frá öðrum Vestur-Evrópuríkjum, einkum Hollandi. Þessi innflutningur jókst nokkuð á næsta ári, 1982, eða upp í 97 700 tonn og voru þá flutt frá Sovétríkjunum tæplega 72 000 tonn á móti 25 000 tonnum frá Portúgal. Árið 1983 var innflutningurinn frá Sovétríkjunum 68 000 tonn og frá Portúgal 25 800 tonn, og hliðstætt 1984, og á s.l. ári voru flutt frá Sovétríkjunum 60 000 tonn en frá Portúgal 30 000 tonn af bensíni.

Tímans vegna ætla ég að fara fljótt yfir sögu. Árið 1985 flytjum við inn af gasolíu 255 400 tonn, þar af frá Sovétríkjunum 130 400 tonn og frá Portúgal 26 000 tonn, en frá Hollandi, Bandaríkjunum og Noregi fluttum við inn rétt innan við 100 000 tonn. Svartolía hefur öll verið flutt inn frá Sovétríkjunum og eru það af öllum talin mjög góð innkaup sem þar hafa átt sér stað.

Nú vil ég mjög gjarnan spyrja hv. þm., 1. flm. þessarar till.: Vill hann að við hverfum frá þessum innflutningi, gefum olíufélögunum í landinu fullt frelsi að kaupa hvar sem er, eiga á hættu erfiðleika í viðskiptamálum, þar með sérstaklega síldarsölu, sölu á ullarvöru, málningu o.fl. o.fl.? Vill hann þá í leiðinni gefa frjálsa álagningu á olíu og bensín? Vill hann afnema verðjöfnun á olíu og bensíni hér innanlands? Vill hann gera aðstöðu fólksins úti á landi allt aðra en er hér á þéttbýlissvæðinu?

Ég skal svara þessum spurningum fyrir mitt leyti á þann veg að ég er andvígur því að breyta þessu. Ég vil að við höfum frelsi í innflutningi og getum valið okkur það verð sem við fáum á hinum frjálsa markaði. En ég vil beina því til þeirra sem annast þennan innflutning að þeir flytji inn frá löndum sem við höfum hag af að flytja inn frá vegna okkar viðskiptaáhuga. Og ég vil einnig taka fram að ég vil ekki ganga svo langt fyrir olíufélögin að veita þeim takmarkalaust frelsi til álagningar hér innanlands. *Ég er ekki að verja starfsemi olíufélaganna.* Ég er fyrst og fremst að hugsa um hvað okkur er fyrir bestu, þjóðarheildinni, í þessum efnum og ég tel að við höfum verið gætnir og farið rétt að í innflutningi á olíuvörum. Hitt er svo annað mál, sem ég get tekið undir með hv. 1. flm. þessarar till., að vitaskuld þarf margt að gera til að breyta bæði dreifingarkerfi og öðru hér innanlands. Það er stefnt að því að lækka olíuverð, hefur verið gert allmyndarlega fyrir nokkrum dögum, gasolían lækkaði um 80 aura. Það er stefnt að því að lækka gasolíu enn um miðjan þennan mánuð og jafnvel bensín líka.

Það er rétt að bensínverð er hærra hér en annars staðar. En það stafar ekki af óhagstæðum innkaupum heldur því að við höfum lagt svo mikla tolla og gjöld til vega á bensínverð og þau hafa verið bundin byggingarvísitölu á hverjum tíma. Þar liggur skýringin á því verði. Viljum við hætta því? Viljum við taka þær tekjur frá þeirri uppbyggingu vegakerfisins sem við erum að framkvæma hér á landi? Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel hana síst of mikla. Við þurfum að leggja betri vegi og koma á greiðari samgöngum í landinu. Þess vegna vil ég ekki breyta þar um.

Ég vil lýsa yfir algjörri andstöðu minni við þessa till. En eins og ég sagði í upphafi máls míns legg ég mikla áherslu á það og vænti þess að hv. þingnefnd, sem fær þessa till. til meðferðar, afgreiði till. Ég vona að þegar nefndin skilar áliti og till. kemur til atkvgr. í Alþingi verði hún stráðrepin.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er athyglisvert að 1. flm. þessarar till. til þál. um frelsi í innflutningi á olíuvörum er hv. 3. þm. Reykn. Það vill svo til að hann lét mjög að sér kveða hér í þinginu þegar umræður voru uppi um það hvort við ættum að viðhalda þeim viðskiptahætti að kaupa olíuna á heimsmarkaðsverði, eftir Rotterdammarkaði, eða hefja viðskipti við Breta. Og hann var harður talsmaður þess að hefja viðskiptin við Breta. Það ævintýri varð dýrt eins og hæstv. ráðherra gat um áðan. Það varð svo dýrt að við hefðum eiginlega haft þörf fyrir að hv. 3. þm. Reykn. kæmi hér og bæðist afsökunar á þeim ráðleggingum sem sköðuðu þjóðina jafnmikið á sínum tíma. Það hefði verið ágæt byrjun. Og jafnframt að fram kæmi hvaða þekking í olíuviðskiptum hefði bæst við hjá hv. þm. frá því að þetta var gert sem benti til þess að hann væri nú orðinn fær um að ráðleggja þannig að það yrði þjóðinni til blessunar.

Það er merkilegur hlutur að í grg. þessarar þáltill. er vegið að öðru atriðinu sem flm. lagði þó mikla áherslu á

hér í upphafi máls síns. Það er þessi stóra spurning hvort olíufélögin eigi að fá að heyja hér harðvítuga samkeppni innbyrðis um olíuverðið eftir að þau hafi fengið olíuna á heimsmarkaðsverði. Ég hef ekki trú á því að Íslendingar eigi þau viðskiptakjör möguleg að fá olíuna undir heimsmarkaðsverði. Það tókst ekki vel þegar við ætluðum að skipta við Bretana hérna um árið. En hvað segir hann sjálfur um samkeppnina á milli olíufélaganna ef það yrði upp tekið?

Ég vil vekja athygli á því að menn ættu að lesa grg. því að hún er fróðleg. Með leyfi forseta, hér stendur fyrir neðan miðja síðu:

„Innflutningsfrelsi er langafdrifaríkasti þátturinn í því að auka frjálsræði og samkeppni í þessum viðskiptum. Án slíks frelsis verður nánast ekki um neina samkeppni að ræða, hvað annað sem gert væri. Jafnframt er ljóst að hagkvæmni í innkaupum ræður úrslitum um raunverulegan árangur í verðlækkun á olíuvörum. Allar aðrar aðgerðir eru nánast hégómi og fálm, svo lítilvægar sem þær eru í samanburði við innkaupsverðið."

Það hefur verið undirstrikað af ráðherra að við fáum olíuna á heimsmarkaðsverði sem er aðalatriðið. Allar aðrar aðgerðir eru hégómafálm að dómi flm. till. Ég er ekki alveg með á því hvert menn eru að fara þegar þeir semja grg. sem virðist ganga þvert á þá skoðun sem þeir eru að boða hér í ræðustól, að það stórhækki nánast verðið á olíuvörum innanlands að viðhalda þeim leikreglum sem verið hafa, þegar í sömu grg. stendur að breytingar á slíku séu hégómi og fálm. Þetta er ekki rökrænn málflutningur. Þetta er ekki málflutningur sem er líklegur til að hafa mikil áhrif. Þetta minnir mann á það sem eitt sinn var kveðið: Olíublettir sjást á Héðn. Olíublettir sjást á Héðn, sögðu þeir þá. Nú er okkur boðað að jöfnuðurinn sé svo mikill að allt sé jafnað út á milli olíufélaganna — það skipti engu máli — yfirdráttur hjá einu félagi í banka verði bara jafnaður út á milli þeirra líka.

Ég verð nú að segja eins og er að mér þætti fróðlegt ef upplýst yrði í þessari stöðu hvort skuldir olíufélaganna við bankana eru þá jafnar, hvort þessi jöfnun *hefur verið framkvæmd. Eða skyldi það vera að þar* væri ástandið dálítið misjafnt eftir því hvernig þeim hefur gengið í samkeppninni innbyrðis?

Ég vil nefnilega halda því fram að það hafi verið hörkusamkeppni á milli olíufélaganna. Hitt er svo annað mál að það aðhald sem skipulagsyfirvöld þessa lands hefðu getað veitt varðandi uppsetningu á bensínstöðvum hefur ekki verið til staðar.

Ég vil taka sérstaklega undir það með hæstv. viðskrh. að ég tel að svona mál eigi að koma til atkvæðagreiðslu í þinginu. Það verður að fá úr því skorið hvort þingheimur vill strika yfir viðskiptin við Rússa, eins og hér er verið að leggja til, til þess að einhverjir geti leikið sér með „kommission" utan úr heimi. Það er það sem verið er að tala um og ekkert annað. Hún kemst ekki inn í dæmið eins og spilin eru lögð fram. En það væri auðvelt að koma henni við ef hin breytingin væri upp tekin sem hv. 3. þm. Reykn. leggur til.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hóf ræðu sína á því áðan að vorkenna forstjórum olíufélaganna vegna þess að þeir gætu ekki um frjálst höfuð strokið og gætu ekkert lagfært í sínum rekstri vegna þeirra hafta sem hér ríktu í innflutningi á olíuvörum. Ég get ekki tekið undir þetta með honum. Það er nefnilega svo, eins og ég minntist á fyrir ekki löngu síðan, að *ég held að forstjórar olíufélaganna séu* þannig settir — þeir eru svo lengi búnir að alast upp í vernduðu umhverfi í þessum málum — að þeir hafi ekki tekist á við að reyna að breyta sínum starfsháttum.

Í fyrra var samþykkt hér breyting á frv. um olíuviðskipti og það var gert lítið úr því hér áðan af hv. þm. að svokallaðir innkaupajöfnunarreikningar, sem væru á vegum hvers einstaks félags, gæfu enga möguleika. Þetta er rangt. Sá gamli innkaupajöfnunarreikningur sem hefur verið við lýði er að verða uppurinn, hann er að komast á núllpunktinn eins og líka átti að ske. Eftir það átti hvert félagið fyrir sig að fá sinn sérstaka innkaupareikning, en það átti að örva þau til að gera hagkvæm innkaup á olíum því að við erum ekki bundin við Rússland nema að 60–70%. Hitt er frjálst.

Talsmenn olíufélaganna kvörtuðu mikið undan því í viðræðum við viðskn. Ed. í fyrra, þegar við kölluðum þá fyrir, að þeir fengju engu um það ráðið hvernig þessi innkaupajöfnunarreikningur færi. Þess vegna voru þeir *hlynntir því þá að félögin fengju sjálf sérstaka* innkaupajöfnunarreikninga sem þeir gætu sjálfir haft til ráðstöfunar að mestu leyti. Það fólst í því t.d. að ef eitthvert olíufélaganna gerði hagkvæm innkaup á bensíni var það hægðarleikur fyrir þá, og er enn þá að mínu mati, að selja það bensín einni eða tveimur krónum lægra á öllu landinu en þeir gera í dag ef horft er á allt landið. Þeir gætu þetta ef þeir hefðu kapp til að gera það. En þetta hefur ekki komið til enn þá og ég vil leggja áherslu á að því verði hrint sem fyrst í framkvæmd að þeir fái að spreyta sig á þessu frelsi sem er þó takmarkað að þessu leyti. Ég tek undir það með ræðumanni. Þarna er um að ræða 30–40% af olíuvörum sem þeir geta flutt inn algjörlega frjálst og geta einmitt notað það mjög lækkandi verðlag sem nú er orðið hér í Vestur-Evrópu á olíuvörum. Hins vegar held ég að það sé mesti misskilningur að olíuviðskiptin við Rússland séu svo alslæm að þau séu ekkert nema tap fyrir þjóðina. Í þeim felst visst öryggi og þegar við rekjum *þróun þeirra mála, eins og hæstv. ráðherra gerði hér* áðan, held ég að heildarútkoman þar sé ekki neikvæð fyrir þjóðina í heild. Þá er ég ekki að tala um þau viðskipti sem við eigum við þá að öðru leyti, heldur er heildarverðið á olíunni á þann veg.

Og einu megum við heldur ekki gleyma. Svokallaða svartolíu getum við ekki notað á flotann nema frá Rússlandi. Svo einkennilegt er það. Það var reynt hér og, að ég held, á árunum þegar hv. 3. þm. Reykn. var sjútvrh. fluttum við inn svartolíu frá bæði Noregi og Englandi. Hún var ágæt en hún bara gekk ekki til að nota á dísilvélar. Það varð að vera þessi þunna olía sem kemur frá Rússlandi, sú eina sem við höfum getað notað. Það var bylting þá, *á þeim tíma, að nota hana til* svartolíubrennslu sem kölluð var. Og það var stórkostlegur bati sem útgerðin fékk af þeim viðskiptum. Hins vegar er hægt að nota hina olíuna í verksmiðjur og annað en í allan flotann hefur ekki verið fundin önnur hentugri olía. Margir urðu að hætta við að brenna svartolíu þegar hin svokölluðu ensku viðskipti voru gerð sem var talað um áðan og ég ætla ekki að mæla bót.

Í þessum olíumálum öllum eigum við margt óunnið. Þar getum við t.d. minnst á svokallað verðjöfnunar-

gjald. Ég hef tölur frá árinu 1984. Þar voru af helstu olíuvörunum 250 millj. sem fóru í þennan póst. Það væri mjög æskilegt ef hv. Alþingi gæti komið sér saman um hvernig það vildi fara á annan veg með þessi mál. Er það ríkjandi skoðun hv. alþm. að olían eigi að vera seld á mismunandi verði um allt land eða eigum við að halda uppi verðjöfnun? Ég held að almenningur sé mjög inni á því. Það er jöfnuður í búsetu að fá þessa vöru á sama verði og einhverju verður að kosta til. Ég vil fá þetta hreint fram hjá flm. þessa frv. Eru þeir að leggja til með þessu að t.d. þessi liður verði felldur niður og olíuvörur seldar á mismunandi verði eftir landshlutum?

Þessi innkaupajöfnunarreikningur er með sömu tölu, að upphæð til, 1984. Hann fær einnig þar inn 250 millj. eða 52 aura á hvern gasolíulítra sem fluttur er inn í landið til þess að jafna sveiflur á milli farma hjá skipunum. Við höfum alltaf fylgt Rotterdam-markaði á olíu í Rússaviðskiptunum og ég held að slíkur samningur sé uppi enn þá. Það má deila á framkvæmd þar, t.d. var því haldið fram hér í umræðunni að þeir vilji ekki senda skip frá sér fullhlaðið fyrr en öruggt sé að kominn sé toppur í markaðinn þennan og þennan daginn. Þetta hlýtur að mega skoða. Ef það er eitthvað sem tortryggni vekur á þessu sviði þá er hægt að gera það. En ég tek það fram að ég lít ekki svo á Rússaviðskiptin að þau séu slík plága fyrir þessa þjóð að við þurfum endilega að snúa af þeim vegi. Ég er það íhaldssamur, hv. þm. Reykn., Kjartan Jóhannsson.

Í fyrsta lagi, öðru lagi og þriðja lagi vil ég ekki að við fórnum þeim viðskiptasamningum sem við höfum við Rússland. Við seldum þar s.l. ár fyrir um 1,8 milljarða og þó að við flytjum þaðan inn vörur fyrir um 2 milljarða þá er þetta allt of stór póstur til að henda honum fyrir róða. Þar horfi ég fyrst og fremst á hina margumtöluðu saltsíld. Það er ekki einn einasti markaður, sem við vitum um í dag, sem mundi borga nema hluta af því verði sem við fáum. Höfum við efni á slíku þegar við erum að reyna allt til að auka okkar útflutningstekjur? Höfum við efni á að slá á slíka viðskiptasamninga og sitja uppi án þess að veiða síld hér heima um ófyrirsjáanlegan tíma? Frystimarkaður á síld tekur því miður á móti allt of litlu. Þess vegna er ég — ég get lýst því yfir — ekki fylgjandi þessu frv. sem hér liggur fyrir.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef ekki hugmynd um hvernig viðskiptin við BNOC komu út á sínum tíma, sem hæstv. viðskrh. hefur þulið hér aftur og aftur. En ég ætla að fullyrða meira: Hæstv. viðskrh. hefur heldur ekki hugmynd um það, vegna þess að útreikningar af því tagi sem hann hefur verið að veifa hér eru einskis virði. Rotterdam-markaðurinn sveiflast frá degi til dags. Hvaða dagar eru það sem voru valdir í þessum merkilegu útreikningum um það hvernig BNOC-viðskiptin koma út? Hvaða dagar voru það? Þetta voru allt öðruvísi viðmiðanir heldur en í viðskiptunum við Rússa og þess vegna gjörsamlega ósambærilegt. En í annan stað skal það tekið fram að það var ekki mitt verk að ganga þannig frá þeim samningum sem raun varð á. Það var verk Tómasar Árnasonar, fyrrv. viðskrh. Útreikningar af þessu tagi — og alveg sérstaklega þegar menn geta komið með tölu upp á einseyring eins og hér hefur verið gert — eru svo ótrúverðugir sem nokkur hlutur getur verið og þeim mönnum til vansæmdar sem leyfa sér að reikna með þeim hætti.

Það er kannske ekki nema von að erfitt sé að tala um þessi mál á þessum vettvangi þegar maður verður var við svo mikla vanþekkingu á viðskiptum eins og kom fram í málflutningi hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Hann hefur ekki hugmynd um hvað viðskipti með olíuvörur eru. Hann heldur að það sé skráð á hverjum degi eitthvert ákveðið verð sem sé heimsmarkaðsverð og það hafi allsherjargildi og menn geti aldrei fengið olíuna öðruvísi en akkúrat á þessu verði. Það sé eitthvert allsherjarfyrirkomulag. En í þessari grein eins og mörgum öðrum gera menn viðskipti með margvíslegum hætti. Menn gera t.d. viðskipti fyrir sig fram um það að kaupa á tilteknu verði á tilteknum tíma, sem síðan getur kannske haft áhrif á einhverja skráningu einhvern tíma seinna. En svona gerast nú þessi viðskipti. Það er búið að berja það inn í íslenska þjóð að það sé alveg klárt mál og heilagt þetta Rotterdam-verð og það hljóti að vera það besta og það eina sem til sé í heiminum. En það er della. Það er út í hött þegar hæstv. viðskrh. segir að við séum einfaldlega á heimsmarkaði úr því að við fáum olíuna á þessu Rotterdam-verði og þá sé þetta nú eiginlega allt saman frjálst. Það er út í hött.

Rotterdamverðið sveiflast upp og niður. Ég gerði það að umtalsefni hér um daginn, orðaði það einhvern veginn þannig, að miðað við það hvernig samningar okkar væru við Sovétríkin skyldum við ekki gera ráð fyrir því að fá olíu nokkurn tímann á lægsta verði. Takið þið nú eftir hvernig ég orða þetta: að við skyldum ekki gera ráð fyrir því að fá olíu nokkurn tímann á lægsta verði. Ég hef aldrei sagt að við fengjum olíuna alltaf á hæsta verði eins og fyrirsögnin var í Mogganum daginn eftir. Þetta er einfaldlega vegna þess að við eigum að tilkynna fyrir fram hvað við ætlum að fá mikla olíu í hverjum mánuði, með 45 daga fyrirvara. Sovétmenn hafa síðan ákveðið svigrúm um það hvenær þeir lesta skipin sem koma hingað, 9 daga svigrúm. Það er kannske eðlilegt að þeir hafi svigrúm. En í eðli viðskiptanna liggur að þeir hafa ekki tilhneigingu til að velja þann dag til þess að ljúka lestun sem þeir halda að olíuverðið verði lægst, heldur frekar það sem væri í hærri kantinum á þessu 9 daga tímabili. Það er ekki nema eðlilegt miðað við það hvernig samningurinn er. Og það er á þessum forsendum sem ég sagði að við skyldum ekki búast við því að við fengjum olíuna nokkurn tímann á lægsta verði. Sovétmenn spá auðvitað í markaðinn alveg eins og önnur olíufélög eða alveg eins og aðrir sem eru í þessum viðskiptum. Við erum þeir einu sem höfum afsalað okkur því að spá að nokkru leyti í markaðinn, að reyna nokkuð til þess að kaupa þessa vöru á einhverju ódýrara verði en öðru. Þetta munar kannske ekki alltaf miklu., en getur þó munað verulegu.

Það vill svo til að ég er með í höndunum skrá yfir 22 farma. Í tvö skipti af þessum 22 hittist svo á að verðið er lægsta verð — yfir 6 daga tímabil, ekki 9 daga tímabil. Í öll hin skiptin er verðið til okkar, sem við fáum það á akkúrat daginn sem lestun var lokið, ekki lægsta verð yfir þetta 6 daga tímabil. Mér kemur það ekkert á óvart. Oftast nær munar ekki miklu, en stundum þó nokkru. Þetta tel ég að sé nauðsynlegt að þm. reyni að setja sig inn í áður en þeir eru með sleggjudóma eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var með hér áðan.

Valdimar Indriðason sagði að forstjórar olíufélaganna hefðu lifað í vernduðu umhverfi. Ég orðaði það kannske svolítið öðruvísi, að jafnvel þó að þeir hefðu viljað reyna eitthvað þá hefðu þeir ekkert getað. Kannske vegna þess að þeir voru svo verndaðir eins og hv. þm. Valdimar Indriðason var að tala um.

Það var fróðlegt að heyra hæstv. viðskrh. tala um að hann vildi ekki sjá frjálst verð á olíu. Hann sagði: Eigum við að afnema verðjöfnun? Ég segi við hæstv. ráðh.: Við getum sett lög um það að hvert olíufélag fyrir sig skuli selja olíuna á sama verði til sömu eða sams konar aðila hvar sem er á landinu. Esso geti fengið að selja á sínu ákveðna verði, BP á sínu verði og þar fram eftir götunum, en það verði að vera sama verð yfir allt landið ef menn vilja hafa sama verð yfir landið allt. Við þurfum ekkert flókið sjóðakerfi til þess. Eina setningu í lögum um það að verð til útgerðar verði að vera það sama hvar sem er á landinu, verð í smásölu verði að vera það sama hvar sem er á landinu. En þá mundi líka vera búið að afnema þetta jöfnunarkerfi sem núna er viðhaft og gengur út á það að ef eitt olíufélagið er með minni dreifingarkostnað en annað þá borgar það með hinu sem hefur meiri dreifingarkostnað. Við mundum líka vera búin að afnema það kerfi sem er á þá lund að ef eitt félag gerir hagkvæm innkaup þá jafnist það yfir á hin. En það athyglisverðasta í þessum afdráttarlausa málflutningi hæstv. viðskrh. er vitaskuld það að hann segir afdráttarlaust að hann vilji ekki að olíufélögin ákveði verðið á olíunni. Hvernig stendur á því að það er svona langtum hættulegra að þau ákveði verðið á olíunni en að kaupmenn ákveði verð á matvælum ofan í okkur, en að þeir sem eru í fataverslun ákveði verð á fötunum, en að það sé frjáls markaður í fasteignaviðskiptum og þar fram eftir götunum. Ef hæstv. ráðh. er svona mikið á móti frelsinu, viðskiptafrelsinu, hvers vegna líður hann þá að það skuli viðgangast í þessum efnum? Ég held að sannleikurinn í málinu sé sá að menn séu svo hræddir. Menn þora ekki að hugsa, menn þora ekki að skoða þetta kerfi sem þeir eru með í höndunum, menn þora ekki að velta því fyrir sér. Menn hlaupa allir í skotgrafir og segja: Ja, það fara áreiðanlega í rúst viðskiptin við Rússa. Þó rökstuddi sami ráðherrann það margvíslega og aftur og aftur að viðskiptin við Rússa hefðu verið mjög hagkvæm. Ef hann hefði verið sjálfum sér samkvæmur þá óttaðist hann ekki nokkurn skapaðan hlut, úr því að viðskiptin eru svona hagkvæm, að þau séu í nokkurri hættu þótt aukið væri frelsi í þeim viðskiptum.

Ég held okkur væri hollt að fara ofan í þetta kerfi. Það þýðir ekkert að tala um að það eigi að vera strangara aðhald með olíufélögunum vegna þess að ekki er hægt að framkvæma það aðhald, það er ekki nokkur lifandi vegur. (Gripið fram í: Jú, jú.) Það er búið að reyna það, hver ríkisstjórnin á fætur annarri, viðskrh. úr öllum flokkum og við horfum nákvæmlega upp á það sama: Ef kerfið er rangt, ef kerfið er hvatning til þess að vera með óhagkvæmni, þá fáum við það og þá verður óhagkvæmni.

Herra forseti. Það væri sjálfsagt hægt að ræða þetta í mörgum fleiri greinum, en ég vil einungis að lokum vitna í formann Sjálfstfl., hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson. Hann er ekki svona afdráttarlaus andstæðingur frelsis í þessum efnum og ég mundi vel geta hugsað mér að fara eitthvað svipaða leið og hv. formaður Sjálfstfl. er að tala um. Hann telur að það komi til álita, a.m.k. ef frelsi í innflutningi olíuvara verði aukið — og ég er að vitna í Morgunblaðið 20. febrúar 1986 — að slíkur innflutningur yrði háður ákveðnum kröfum. T.d. mætti áskilja það að innflutningsaðilar keyptu olíu frá tilteknum aðilum, t.d. Sovétríkjunum, í ákveðnum hlutföllum við það sem þeir flytja inn með frjálsum hætti. Þetta væri náttúrlega leið til þess að koma meiri sveigju í þetta og án þess að menn þyrftu að óttast sérstaklega um þessi viðskipti við Sovétríkin með þeim hætti sem mér skilst að menn a.m.k. prédiki hérna, en ég held algerlega að ástæðulausu, algerlega að ópörfu. Mín skoðun er nefnilega sú að Sovétríkin hafi áhuga á því að vera í viðskiptum við okkur og að þó við hreyfðum okkur eitthvað í þessum málum, þá mundi það einungis hafa þau áhrif að við fengjum hagkvæmari viðskiptasamninga við þá að því er olíukaupin varðar. Að því leytinu líka held ég að þessi ótti manna um olíuviðskiptin við Sovétríkin sé ekki á rökum reistur.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega þá till. sem hér liggur til umræðu, enda er ég formaður þeirrar nefndar sem fær hana til meðferðar og hef þá aðstöðu þar til þess að koma að mínum sjónarmiðum og mun sjá til þess að þessi till. fái mjög rækilega umfjöllun í nefndinni.

Ég vil þó hins vegar segja að ég tel að víða sé pottur brotinn í skipulagi og sölu á bensíni og olíu hér á landi. Þessar miklu umræður sem upp koma hvað eftir annað um olíuinnkaup og olíudreifingu benda vissulega til þess að þarna þurfi eitthvað að betrumbæta. Sjálfur hef ég þá trú að það gerist best með því að örva og auka samkeppni á milli olíufélaga. Ég vil ekki vera eins afdráttarlaus í skoðunum að þessu leyti og hæstv. viðskrh., um að aukin samkeppni og frelsi í þessari atvinnugrein geti ekki leitt af sér betra skipulag, en mér hefur virst hæstv. viðskrh. vera þeirrar skoðunar. En það var ekki aðaltilgangurinn með því að standa hér upp heldur var það ræða hv. 3. þm. Vesturl., þegar hann rifjaði það hér upp að á síðasta þingi hefði verið breytt lögum sem hefðu átt að örva olíufélögin til samkeppni með því að í stað sameiginlegs innkaupareiknings hefðu þau hvert um sig sinn sérstaka innkaupareikning.

Nú er það svo, eftir því sem fram kemur í blaðagrein sem nýlega birtist eftir einn af forstjórum olíufélaganna, þ.e. forstjóra Olíuverslunar Íslands hf., Þórð Ásgeirsson, að miklir erfiðleikar eru á því að framkvæma þessi lög og að móta reglur sem hægt sé að vinna eftir. Hann segir í sinni grein, sem ég hef hér fyrir framan mig, að viðskrn. og Verðlagsstofnun hafi ekki enn tekist að forma þær reglur sem vinna skuli eftir samkvæmt hinum nýju lögum. Og nú vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvernig gangi að forma og semja þessar reglur og hvenær megi búast við því að þær sjái dagsins ljós.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Í sambandi við þau lög sem afgreidd voru á síðasta þingi átti að stefna að því við gildistöku laganna að jafna innkaupajöfnunarreikninga og þannig að skipta þessu á hvert olíufélag fyrir sig. Það hefur því miður ekki tekist vegna þess að verðbreytingar hafa verið gerðar fyrr en hægt hefur verið að minnka útstreymi af innkaupajöfnunarreikn-

ingi. Miðað við 28. febrúar var innkaupajöfnunarreikningur á bensíni hagstæður um rúmlega 4 millj., eða 4 051 000 kr., en á gasolíunni var hann óhagstæður um 30 785 000 kr., og hafði aukist frá áramótum mjög verulega vegna þess að gasolíuverðið var a.m.k. 10 aurum lægra en það þurfti að vera. Og með þeirri verðlækkun sem gerð var í kjölfar samninga um fiskverð verður batinn á innkaupajöfnunarreikningi lengur að koma í ljós, þannig að langt verður liðið á sumarið eða fram undir haust þegar sá reikningur fer að ná jöfnuði. Hins vegar var nokkur halli einnig á svartolíu þó aðeins 1 150 000 kr., en sá halli næst fljótlega upp vegna þess að nú verður brátt farið að selja svartolíu sem keypt var á lægra verði. Á meðan þær birgðir sem keyptar voru á hinu háa verði eru til sölu verður þetta óhagkvæmt en síðan, eftir því sem olía sem keypt er á hagstæðara verði kemur til sölu, verður hér breyting á. Hér var þessu flýtt má segja um of, en af mikilli nauðsyn, til þess að greiða fyrir samningum um fiskverð. Það er ekki fyrr en jöfnuði er náð sem hægt er að skipta þessum innkaupajöfnunarreikningi.

Ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst harður dómur hv. 3. þm. Reykn. yfir manni eins og Gylfa Þ. Gíslasyni sem var viðskrh. samfleytt í 12 ár í viðreisnarstjórninni og þar áður í stjórn í 3 ár á undan, sennilega í 15 ár. Allan þennan tíma voru þessi viðskipti með þessum hætti. Það er líka harður dómur yfir öllum öðrum sem þarna hafa komið nærri málum. Og ég spyr: Hvernig stendur á því að þessi vitleysa, sem hv. þm. kallar þetta núna, var látin viðgangast allan þennan tíma? Hvernig stóð á því að hann lét þetta viðgangast þegar hann var sjútvrh.? Hvernig stóð á því að hann lét þetta viðgangast þegar hann var viðskrh., þegar hann hafði allt þetta á takteinum? Svo segir hann að viðmiðun sú, sem ég kom hér með áðan, sé bara bull og vitleysa. Hann getur alveg eins sagt að hvítt sé svart og svart sé hvítt. Þetta eru staðreyndir sem fyrir liggja og það er miðað við sama dag.

Þegar menn spyrja: Eru Rússar að sigta eitthvað út hvenær olían er að hækka á Rotterdammarkaði? Þeir vita ekki meira um það en svo, og það hélt ég að fyrrv. ráðh. ætti að vita, og raunar allir þm., að þegar afskipun fer fram veit seljandinn ekki verðið fyrr en daginn eftir, ekkert frekar en kaupandi. Nú er verið að kaupa olíu á hinum frjálsa markaði. Hver er viðmiðunin þar? Hún er 5 daga fyrir og 5 daga eftir afskipun á þeirri olíu þannig að það er tekið meðaltal 10 daga. Þannig gengur nú þetta til í þessum efnum.

Ég hef ekki á móti því að það ríki frelsi í að flytja inn olíu og frelsi á mörkuðum. Við höfum náð því frelsi að þjóðin sem selur okkur mest af olíunni undirgengst það að selja olíuna á heimsmarkaðsverði, á hinu svokallaða viðmiðunarverði. En það hefur líka bæði kosti og ókosti. Þegar framboð er mikið er ekki hægt að prútta niður eins og á markaði. Við verðum oft að selja fisk við mjög óhagstæð skilyrði, en það er nú kannske viðkvæmari vara, eins og allir vita með ísfiskinn. Við verðum að haga okkur eftir þessum nótum og við sjáum það í öllu því sem við flytjum inn frjálst og óhikað að þar höfum við ekkert náð neinu betra. Það er t.d. kostur við sovésku samningana að fragtin er miðuð við Rotterdam-fragtina. Það er t.d. dýrari fragt á portúgölsku olíunni til Íslands en á olíu við Svartahafið vegna þess að hún er bundin þessari viðmiðun. Þannig má telja bæði kosti og lesti.

Olíufélögin hafa verið ákaflega fús til samstarfs en ég er alveg sannfærður um það að þau vilja fá að kaupa olíuna þar sem þeim dettur í hug hverju sinni. Olía lækkar ekki hér á sama degi og hún lækkar út í heimi. Það er verið að segja frá því í fréttum í Ríkisútvarpinu að olía í Þýskalandi hafi lækkað um 10%. En þá er þess ekki getið að fall dollarsins og hækkun marksins veldur sennilega liðlega helmingnum af þessari 10% verðlækkun sem hér er um að ræða. Það er aldrei sögð nema hálf saga og tæplega það. Þetta þarf allt saman að vera inni í myndinni. Svo kemur hitt: Við erum alltaf að fá fréttir af því að um leið og olíunni er dælt upp úr iðrum jarðar hafi hún fallið þetta og þetta í verði. Í sjálfum Bandaríkjunum verða notendur að bíða í 45–50, jafnvel 60 daga þangað til olía, sem er að lækka í dag, er komin til sölu, búið er að vinna hana. Þetta verðum við einnig að hafa í huga. Þegar við erum búin að draga frá verðjöfnun og flutningskostnaðinn þá hefur olíuverð á Íslandi ekkert verið hærra en í nágrannalöndum á undanförnum árum. En bensínverðið er miklu hærra eins og ég sagði áðan og það er af allt öðrum ástæðum.

Hitt er annað mál, sem ég ætla ekki að verja, að vitaskuld verða olíufélögin eins og allir aðrir að sýna hagsýni í sínum rekstri. Þeir sem þau reka eiga ekkert að velta því yfir á þá sem þessar afurðir þurfa að kaupa, heldur verða þeir vitaskuld að reka sín fyrirtæki með þeim hætti sem sómasamlegt getur talist. En afkoma olíufélaga í heild á s.l. ári er að þeirra sögn, og eftir þeim reikningum sem fyrir liggja, mjög bágborin þrátt fyrir allt tal um olíugróða og olíuauðvald og þess háttar.

Ég er fyrst og fremst að tala um að bæta þurfi það sem að er í dreifingunni, en ég tel að eins og nú er háttað væri stórhættulegt að svíkja fimm ára samning við Sovétríkin með því að rjúfa þessi tengsl. Ég vildi ekki þurfa að svara því á komandi hausti þegar sjómenn og útgerðarmenn færu að spyrja: Ja, hvar á nú að selja síldina, góði?

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki í hyggju að taka þátt í þessum umræðum. Það rifjuðust upp fyrir mér nokkur æviatriði við þessar umræður. Ég vil þó í upphafi taka undir það sem hæstv. viðskrh. endaði mál sitt á er hann spurði hvar ætti að selja síldina. Sannleikurinn er sá að þau svæði þar sem við höfum möguleika á að selja síld eru Eystrasaltsríkin og eftir að Pólland datt þar út, sem var ákaflega stór kaupandi, og við misstum markaði fyrir síld í Sovétríkjunum má gera ráð fyrir að við þurfum að veiða síld í bræðslu.

Sama mætti segja um ótrúlega markaði fyrir lagmeti, ullarvörur hvers konar og svo um svartolíuna sjálfa sem að gæðum til ber af. Ætti hv. þm. Valdimar Indriðason, sem er gamall vélstjóri á togara og smærri fiskiskipum, að þekkja þar vel til og vart aðrir þm. betur.

Hins vegar er ég ekki að gera þá kröfu að það sé verslað við Sovétríkin með olíu alltaf og undir öllum kringumstæðum. Sannleikurinn er sá að það voru Íslendingar sjálfir sem gerðu þá kröfu á sínum tíma að Rotterdam-verð yrði látið gilda. Sú krafa kom ekki frá Sovétríkjunum. Vitanlega er það hins vegar rétt hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að það ber ekkert að efa að Sovétríkin halda á sínum málum. Það er ekkert gjafasjónarmið hjá þeim. Ég held að ef þessi mál eru grannt

skoðuð fari hæstv. viðskrh. með býsna rétt mál. En þetta kostar náttúrlega ítarlegar umræður.

En sama er að segja um fragtir frá Sovétríkjunum. Það er ekki einungis að þær hafi verið ódýrari. Þær hafa verið ákaflega öruggar. Það er mikill munur á þeim sjóræningjaskipum sem hingað hafa komið frá Panama, Líberíu, Singapore o.s.frv. og á þeim skipum sem komið hafa frá Sovétríkjunum og skapar það ákveðið öryggi.

Ég ætla að leiða hest minn að öðru leyti frá þessum umræðum, en af því að hæstv. viðskrh. er kominn í salinn skal ég segja að ég held að hann hafi haft býsna rétt fyrir sér í mörgum málum. En þegar rætt er um hina vernduðu forstjóra, sem eru persónulegir kunningjar mínir, hina vernduðu forstjóra olíufélaganna og um eymd olíufélaganna fara að renna upp fyrir manni ýmis ævintýr. Nýlega er búið að opna við Vesturlandsveg nýja olíustöð, ég held það sé Skeljungur, 1311 m frá næststærstu bensínstöð í Reykjavík, 1311 m frá, Reykvíkingum til stórkostlegra hagsbóta. Áður en byggingu þessarar stóru bensínsölu var að mestu lokið var búið að fjárfesta í nýrri stöð 1311 m frá þeirri næstu, 43 milljónir. Og viti menn! Hinum megin við götuna ætlar British Petroleum, ég held það heiti orðið Olís, fyrirgefið, að reisa olíustöð líka. Ætli það dansi þarna þá ekki 100 milljónir sitt hvorum megin við götuna, í 1311 m fjarlægð frá nýtísku olíustöð. Ja, þetta er meiri einokunin og skorturinn á frelsinu. Mér sýnist þessir menn geta leikið sér að fjárfestingum hreinlega eins og þeim sýnist.

Það leitar á mig hringing sem ég fékk einu sinni austan af landi. Þar var forsvarsmaður verkalýðsfélags og hann sagði: „Má vinna á páskunum?“ „Páskunum?“, segi ég. „Nei, það er ekki unnið á páskunum. Það er ekki einu sinni gert í fiski, að bjarga fiski undan skemmdum.“ „En á föstudaginn langa?“ „Nei, en þeir vinna nú oft fram eftir nóttu aðfaranótt föstudagsins langa. Við hvað ertu að vinna?“ „Ja, við erum að byggja bensínstöð“, segir hann. „Nú, ekki vinnið þið á föstudaginn langa við það?“ „Jú, jú, allan föstudaginn langa (þetta var laugardaginn fyrir páska) og forstjórinn heimtar að við vinnum allan páskadag, en hann býðst til þess að gefa okkur tveggja tíma frí meðan á messutíma stendur“.

Þeir eru guðræknir og mikið feikilega eiga þeir bágt!

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. taldi að ég hefði fellt harða dóma og hann spurði: Hvers vegna hefur þessu ekki verið breytt fyrr? Ég held að þegar menn fara langt aftur í fortíðina, eins og hæstv. ráðh. gerði, verði menn að taka svolítið tillit til hvernig aðstæður voru á þeim tíma. Ég held að á þeim tíma sem markar upphaf í þessum efnum höfum við átt í landhelgisstríði, höfðum nýlega tapað tapað miklum mörkuðum og þar fram eftir götunum. Það hefur vafalaust haft sitt að segja. Ég held við höfum líka haft minni burði þá. En spurningunni um það hvers vegna þessu hafi ekki verið breytt held ég að verði best svarað með því að menn hafa í rauninni aldrei þorað að hugsa almennilega um þetta. Í hvert skipti sem þetta mál hefur komið til umræðu hafa menn hlaupið í skotgrafirnar og hin skynsamlegri umræða hefur verið kærð. Það hefur verið rík tilhneiging til þess í dag líka og þá ekki hvað síst af hálfu hæstv. ráðh.

Það er hægt að vera með einfalda útúrsnúninga eins og þá að menn viti ekki verðið fyrr en daginn eftir. En við skulum hafa í huga þá sem ástunda viðskipti, hvort sem er af þessu tagi eða öðru, verðbréfaviðskipti eða hvað það nú er, þá sem eru í alþjóðlegum viðskiptum, það er þeirra list að vita hvert stefnir, að geta getið sér með skynsamlegum hætti til um hvort markaður sé hækkandi eða fallandi. Það er á því sem margt byggist í þessum efnum.

Annars skal ég ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég þakka hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni fyrir þann stuðning sem hann veitti mér í þessu máli með því lýsandi dæmi sem hann dró upp af því sem ég einmitt var að fjalla um í inngangsorðum mínum sem sanna náttúrlega hvernig kerfið er hjá okkur og skýringin á því að það er svona er sú, að mínum dómi, sem ég dró fram í fyrstu ræðu minni.

Ég þakka líka þeim þm. öðrum, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Valdimar Indriðasyni, sem hafa sýnt ákveðinn skilning á því að hér sé á ferðinni mál sem þarfnist sérstakrar skoðunar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til atvmn. með 31 shlj. atkv.

Úrbætur í ferðaþjónustu, þáltill. 286. mál (þskj. 531). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, Helga Seljan, Karvel Pálmasyni, Kolbrúnu Jónsdóttur og Kristínu S. Kvaran hef ég leyft mér að bera fram till. til þál. um úrbætur í ferðaþjónustu. Till. er á þskj. 531 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta kanna hvaða aðstöðu vantar í tengslum við ferðaþjónustu víðs vegar um landið, svo sem gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgöngur, leiðsögu- og leiðamerkingar, eftirlit, aðgang að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Gera skal úttekt í hverjum landshluta fyrir sig og áætlun um úrbætur í samræmi við niðurstöður hennar. Kostnaður við framkvæmd þessarar áætlunar greiðist úr ríkissjóði.“

Herra forseti. Ferðaþjónusta, sem sumir vilja reyndar kalla ferðamannaþjónustu, ferðamálastarf, ferðaútveg, eða eitthvað enn annað, er orðin býsna mikilvægur þáttur í atvinnulífi okkar og er mjög vaxandi atvinnugrein. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur ferðaþjónustan tvöfaldað hlutdeild sína í atvinnulífi landsmanna síðasta aldarfjórðung og þetta hlutfall fer nú stöðugt vaxandi eftir nokkurra ára stöðnun. Til þess að fá samanburð við aðrar atvinnugreinar má til dæmis nefna að vægi ferðaþjónustu á vinnumarkaðnum er álíka og vægi málm- og skipasmíðaiðnaðar og nokkru meira en allrar bankastarfsemi í landinu.

Samkvæmt nokkuð þröngri skilgreiningu á þessari atvinnugrein munu ársverk beinlínis í ferðaþjónustu vera nálægt 3500. Er þá ferðaþjónusta skilgreind sem allt sem viðkemur hótelum og gististöðum, starfsemi ferðaskrifstofa, allur flugrekstur, helmingur þess sem fer fram á veitingastöðum, helmingur af rekstri lang-

ferðabíla og strætisvagna og fjórðungur annarrar starfsemi við fólksflutninga á landi. Miðað við þessa skilgreiningu hefur hlutdeild ferðaþjónustu á vinnumarkaði vaxið úr um 1,5% árið 1960 í um 3% á síðustu árum.

Auðvitað hafa ýmsir aðrir aðilar beinan og óbeinan hag af ferðaþjónustu og margir vilja skilgreina þessa atvinnugrein rýmra og telja hlutdeild hennar á vinnumarkaði allt að 6%. Í þessari skilgreiningu er t.d. ekki minnst á verslun sem hefur að sjálfsögðu mikinn hag af ferðaþjónustu. Það er svona eins og gengur með ýmsar atvinnugreinar að þær styðja hver aðra beint og óbeint. En við þessa skilgreiningu hef ég miðað hér þar sem Þjóðhagsstofnun hefur mótað hana.

En hvernig sem við skilgreinum þessa atvinnugrein þarf enginn að velkjast í vafa um aukið mikilvægi hennar í atvinnulífi landsmanna, bæði hvað varðar innlenda og erlenda ferðamenn. Á einum aldarfjórðungi hefur tala erlendra ferðamanna hér á landi meira en sjöfaldast. Um 13 000 erlendir ferðamenn sóttu okkur heim árið 1960, en 97 443 árið 1985. Auk þess hafa Íslendingar sjálfir stóraukið ferðalög um eigið land á þessu árabili. Til er faglega unnin skýrsla, sem gerð var að frumkvæði ferðamálaráðs árið 1982–1983, um stöðu ferðamála og líklega þróun á þeim vettvangi allt til ársins 1992.

Árlega hefur erlendum ferðamönnum fjölgað mun meira en gert er ráð fyrir í skýrslunni og brýnt að endurmeta stefnuna í ferðamálum með hliðsjón af þeirri staðreynd. Í fyrrgreindri skýrslu er gert ráð fyrir að erlendum ferðamönnum fjölgi að meðaltali um 3,5% hér á landi frá 1984 til 1992. Fjölgun þeirra varð hins vegar um 10% árið 1984 og árið 1985 fjölgaði þeim um 14,4%. Til að mæta þessari miklu fjölgun erlendra ferðamanna þarf að leita allra hugsanlegra leiða til að lengja ferðamannatímann og auka nýtingu hótela og annarrar þjónustu sem þegar er fyrir hendi. Má þar nefna skipulegt átak til að laða hingað fjölþjóðlegar ráðstefnur sem mest utan aðalferðamannatímans, en slíkar ráðstefnur eru einn arðbærasti þáttur ferðamála þar eð ráðstefnugestir eyða meiri gjaldeyri að meðaltali en almennir ferðamenn, sumir segja allt að fimmfalt. Til þess er nú lag því að sýnilega eykst hótelrými mikið á næstunni, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Þá þarf að gera ráðstafanir til að hægt sé að gera ferðamönnum kleift að fara víðar um landið, en til þess skortir tilfinnanlega aðstöðu víða utan höfuðborgarinnar og brýnt að bæta úr því sem fyrst. Fyrsta skrefið væri slík könnun og áætlun um úrbætur sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Framhaldið væri svo komið undir áhuga og framtakssemi þeirra sem fyrst og fremst eiga hagsmuna að gæta á hverjum stað.

Því má svo auðvitað ekki gleyma að fjármagn er nauðsynlegt afl þeirra hluta sem gera þarf og enginn vafi er á því að fjárskortur er víða og mörgum fjötur um fót við uppbyggingu ferðaþjónustu. Það blasir auðvitað við að ef á að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn víða úti um land þarf að kosta nokkru til. Við komumst ekkert hjá því.

Á síðasta þingi flutti ég till. til þál. um eflingu ferðaþjónustu og voru reyndar meðflm. mínir þá flestir þeir sömu og nú. Sú till. kom nokkuð seint fram og komst aldrei úr nefnd, en hún fjallaði m.a. um eflingu Ferðamálasjóðs sem því miður hefur mátt sæta afar harkalegum niðurskurði og er því mjög vanbúinn til þess að standa undir lánveitingum til nauðsynlegra framkvæmda til uppbyggingar ferðaþjónustu. Á þessu ári eru t.d. lögboðin framlög til ferðamála skorin niður um meira en helming.

Í þeirri till. sem hér er til umræðu er um svolitla áherslubreytingu að ræða, en áfram erum við að reyna að treysta grunninn undir þessa atvinnugrein og koma til móts við þann áhuga sem við teljum mikinn víða úti um land til þess að byggja upp ferðaþjónustu. Það er víða fólk að vakna til vitundar um þá möguleika sem felast í þessari atvinnugrein.

Það sem fyrst og fremst skortir, fyrir utan nauðsynlegt lánsfjármagn, eru upplýsingar og ráðgjöf um hvernig best er að standa að þeirri uppbyggingu sem þörf er á, hvað helst vantar og hvernig á að standa að framkvæmdum.

Gistirými hefur aukist töluvert úti um land á síðustu árum, en víða eru eyður sem fylla þarf í. Vaxandi skilningur er á þörf fyrir vel búin tjaldsvæði og rétt er að hafa í huga í því sambandi að víða er hægt að nýta hreinlætisaðstöðu í félagsheimilum og skólum og þarf e.t.v. ekki að kosta svo miklu til. Á þessu sviði er þörf verulegs átaks og sama má segja um hin atriðin sem talin eru upp í þessari till.

Enginn vafi er á því að helsta aðdráttarafl ferðamanna á Íslandi er hin óspillta náttúra landsins, hreint loftið og tært vatnið, fámennið og öræfakyrrðin. Þessi verðmæti ber umfram allt að varðveita. Því miður er ástand víða bágborið á ferðamannastöðum í óbyggðum, jafnvel svo að náttúran er í hættu sökum ógætilegrar umferðar og ónógra varúðarráðstafana. Má þar nefna fjölsótta staði eins og Landmannalaugar, Þórsmörk, Hveravelli og Herðubreiðarlindir. Líklegt er að þar og víðar þurfi að stórauka gæslu og jafnvel beita ítölu til að koma í veg fyrir of mikinn átroðning. Þá mætti létta af þessum stöðum með því að koma upp góðri gistiaðstöðu í grennd við þá. Enn má nefna að með nýjum vegaslóðum, fræðslu og leiðamerkingum mætti beina umferð að einhverju leyti á fleiri áhugaverða staði og minnka þar með álagið á þá fjölsóttustu. Rétt er að minna á að Ísland er í rauninni opin og lifandi kennslubók í náttúrufræði og jarðfræði og um þau atriði ætti að veita fræðslu ekki síður en um vegi og kennileiti.

Líklegt er að könnun muni leiða í ljós þörf fyrir aukna gæslu í óbyggðum og er þá átt við hvort tveggja, gæslu náttúrunnar og aðstoð við ferðafólk. Í þessu sambandi má einnig minna á samþykkt Alþingis frá síðasta ári um bætta merkingu akvega.

Áreiðanlega er einnig víða þörf á bættum aðgangi að hinum ýmsu náttúruundrum lands okkar, fossum, hverum, gljúfrum og hellum, með t.d. göngustígum, klifrum og handriðum eða handfestu á stöku stað. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja öryggi og þarf síður en svo að spilla umhverfinu ef vandað er til frá upphafi.

Loks má nefna hreinlætisaðstöðu sem óvíða er þannig að hægt sé að nefna hana því nafni og ber þetta ástand þjóðinni ófagurt vitni. Þessi nauðsynlega þjónusta verður víða út undan, e.t.v. vegna þess að hér er ekki um arðbæran rekstur að ræða, og er tími til kominn að taka á þessum vanda og leysa hann til frambúðar því að víst er að erlendir ferðamenn dæma þjóðina ekki síst af atriðum sem þessum.

Herra forseti. Vöxtur og viðgangur ferðaþjónustu

hefur farið langt fram úr bjartsýnustu spám og fært okkur Íslendingum aukin atvinnutækifæri og dýrmætar gjaldeyristekjur. Tekjur af erlendum ferðamönnum á síðasta ári námu rúmlega 3 milljörðum kr. samanborið við rúmlega 2 milljarða árið 1984. Til þess að fá hugmynd um mikilvægi þessa tekjuliðar má bera gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum saman við ýmsar heildarstærðir í þjóðarbúskapnum.

Árið 1980 námu gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu í heild sinni 12,2% af heildarútflutningi sjávarvöru, en 26,5% árið 1984 og á síðasta ári er áætlað að þetta hlutfall hafi verið um 28%. Sem hlutfall af útflutningi vöru og þjónustu í heild námu gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu 7,1% árið 1980, 12,2% árið 1984 og nálægt 14% árið 1985. Loks má skoða gjaldeyristekjur ferðaþjónustu sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, en það var 2,6% árið 1980 og hefur síðan farið jafnt og þétt vaxandi, var 5,1% árið 1984 og er áætlað um 6% á síðasta ári. Það er að vísu alltaf erfitt að gera nákvæman samanburð, en sem dæmi má nefna að ferðaþjónustan skilaði svipuðum gjaldeyristekjum árið 1984 og loðnuvinnslan og helmingi meiri tekjum en járnblendiverksmiðjan á Grundartanga.

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein sem mun færa okkur ómælda björg í bú, ekki síst ef við berum gæfu til að búa henni viðunandi skilyrði, en þótt atvinnusköpun og tekjuöflun séu mikilvægir þættir er þó mest um vert að búa svo um hnútana að við getum tekið á móti gestum okkar eins og sæmir góðu íslensku heimili og án þess að ganga of nærri íslenskri náttúru. Að því miðar þessi till.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þessa till. legg ég til að henni verði vísað til hv. atvmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Sem meðflm. þarf ég lítlu að bæta við ágæta framsögu hv. 1. flm., en sem meðflm. að till. vil ég líka segja fáein orð um hana.

Við þekkjum það mjög í umræðu að það er haft á orði að hér sé um vaxtarbrodd að ræða í okkar atvinnulífi, eitthvað sem sé nýtt og hægt sé virkilega að stóla á í framtíðinni, og ég get tekið undir það. Hins vegar sjáum við þess fá merki að mönnum sé alvara með þessum orðum, þeim sem t.d. ráða fjármálum þjóðarinnar um þessar mundir, og kom glöggt fram í máli hv. 1. flm. hvernig farið er með þann sjóð sem fyrst og fremst á að standa undir fjármögnun þeirra verkefna sem undir þessum vaxtarbroddi í atvinnulífinu ættu að standa. Ferðamálasjóður, sem er lýsandi dæmi um efndir fagurra orða eða hitt þó heldur, er skertur og skorinn niður miskunnarlausar nú en nokkru sinni fyrr.

Ég var á fundi austur á landi nú um helgina. Það kom í ljós á þeim fundi að vaxandi áhugi er fyrir ferðaþjónustu ýmiss konar í sveitum þar. Mönnum þykir sem áhersla sé ekki nægileg á þessi atriði. Þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið gert vel af hálfu Búnaðarfélagsins og þeirra aðila sem þar hafa komið að verki þykir mönnum sem þar sé ekki nógu vel að verki staðið. Menn þurfa vitanlega í ýmsum tilfellum að breyta og bæta sína aðstöðu, en fá ekki til þess fjármagn. Þeim er vísað á tóman Ferðamálasjóð í þessu efni. Verður oft lítið úr framkvæmdum þegar ekki fæst sæmilega hagstætt lánsfjármagn til að skapa þá aðstöðu sem er nauðsynleg til að taka á móti gestum yfir ferðamannatímann. Þetta er þó vaxandi í sveitum sem betur fer og víða tekið myndarlega á þessu, en ég hygg að aðstoðin sem menn hafa fengið varðandi þetta hafi þó verið í allra tæpasta lagi.

Aðalerindi mitt upp í þennan ræðustól var að minna á till. sem ég hef ásamt nokkrum öðrum flutt nokkrum sinnum um sérstakar aðgerðir varðandi gistiþjónustu á landsbyggðinni þar sem reynt er að halda uppi þjónustu allt árið en í raun og veru eru engin skilyrði fyrir hendi til að gera það nema rétt um aðalferðamannatímann. Þó er engu að síður nauðsynlegt vegna vetrarferða innanlands að það sé einhver staður í hverju meðalstóru byggðarlagi sem menn geta leitað til með veitingar og gistingu. En þetta er mjög erfitt og við þekkjum þess dæmi að austan þar sem erfiðleikar eru miklir á því að halda uppi allt árið slíkri þjónustu. Gott dæmi um það er t.d. Vopnafjörður. Það er býsna erfitt að halda uppi þjónustu allt árið og sveitarfélagið hefur þar þurft að hlaupa undir bagga til að það væri unnt að gera. Kannske er sjálfsagt að sveitarfélögin geri það en þar þyrftu fleiri að koma við sögu til þess að tryggja að sú aðstæða væri fyrir hendi allt árið sem allra víðast þar sem nauðsyn krefur.

Þessi tillaga fékk góðar undirtektir hér í þinginu en hún náði ekki samþykki. En ég held að einmitt vegna vetrarferða hér innanlands á mörgum afskekktum stöðum, sem eru illa settir í þeim efnum, sé nauðsynlegt að huga að þessu máli alveg sérstaklega. Það þarf ekki að taka það fram í framhaldi af þessari ágætu framsöguræðu, sem hér var flutt af hv. 1. flm., að það þarf átak hér víða. Við þurfum að huga að náttúruverndarsjónarmiðum varðandi alla ferðaþjónustu okkar. Á það legg ég ríka áherslu og hef alltaf gert í öllum umræðum um ferðamál. Við verðum kannske fyrst og fremst að líta til náttúruverndarsjónarmiðanna þegar við erum að huga að þessum málum. Inn á það kom hv. 1. flm. vel hér áðan og ég ítreka það enn frekar.

En til þess að þetta átak verði gert, sem við erum hér að fara fram á, þarf hagstætt lánsfjármagn. Án þess verður ekkert gert nema á þessu aðalmarkaðssvæði hér á höfuðborgarsvæðinu, enda er hér býsna góð hreyfing á þessum málum og hefur verið því að þar er markaðurinn það mikill að það er möguleiki á þeim veltihraða sem dugar til þess að menn geti komið upp þessari aðstöðu. En úti á landi er slíku ekki til að dreifa.

Í þessari till. erum við sem sagt fyrst og fremst að huga að landsbyggðinni umfram allt annað. Það skiptir mestu máli að á því verki sé tekið sem víðast og ekki hvað síst í sveitunum miðað við þá aðstöðu sem þar er víða og miðað við þær aðstæður sem nú eru í íslenskum landbúnaði. Þar sem sífellt er verið að tala um að renna fleiri stoðum undir möguleika manna til að þurfa ekki að flýja sveitirnar, þá er ferðaþjónustan einmitt gildur þáttur þess að menn geti haldið áfram að búa þar sæmilegu lífi.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þessa till. Till. svipaðs efnis var flutt í fyrra af flestum sömu flm. Hún er þó í veigamiklum atriðum frábrugðin og grg. sérstaklega öll önnur og betri.

Ég skrifaði grein í tilefni þessarar till. í fyrra sem hv. 1. flm. sárnaði mjög. En ég sé þó mér til ánægju að tekið hefur verið tillit til ýmislegs sem á var bent í þeirri grein. Svo komu lögin um ferðamál í fyrra og það hefur

haft sín áhrif til bóta.

Flm. hafa séð að menn geta ýmislegt gert af sjálfsdáðum til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna án þess að öllu sé stefnt á einhvern tóman sjóð. Það hefur gerst. Um það höfum við séð mörg þýðingarmikil dæmi á undanförnum 1–2 árum.

Ég held að það geti varla verið af öðru en hinu góða að menn reyni að komast að því hvar skórinn kreppir í þessum efnum. Mér dettur í hug að áætlanadeild Framkvæmdastofnunar hefði gert margt vitlausara en að hyggja að kostnaði við gerð slíkrar könnunar. Auðvitað getur könnun sem þessi orðið nokkuð dýr ef hún fer út í öll smæstu smáatriði málsins. Hún þarf ekki að vera dýr ef menn halda sig nokkuð við aðalatriðin og ekki verður um of mikinn sparðatíning að ræða. Það er allt of auðvelt að týna sér í smámunum í þessum efnum.

Ég held að það sé alveg rétt, sem hv. 1. flm. sagði, að það er ekki úr vegi að hafa þessa atvinnugrein sæmilega skipulagða frá byrjun.

Ég er ekki alveg sammála þeirri áherslu sem lögð er á lengingu ferðamannatímans í grg. Ég er ekki viss um hvort við getum það að nokkru marki. Langvíðast á ferðamannastöðum erlendis er árstíðabundinn toppur, árstíðabundinn annríkistími. Það fer eftir aðstæðum á hvaða árstímum þetta tímabil er en stuttur ferðamannatími er held ég nokkuð viðloðandi flesta ferðamannastaði.

Eitt atriði, sem mig langaði til að minnast á hér í þessu sambandi og er ekki getið um í till., er menntun og þjálfun starfsfólks til að sinna ferðaþjónustu. Ég veit um góða menntun t.d. leiðsögumanna. Leiðsögumenn eru vel menntaðir, sömuleiðis þjónar og veitingafólk hér á höfuðborgarsvæðinu og í helstu ferðamannastöðum. En fólk, sem sér um aðra þætti ferðaþjónustunnar, hefur oft sáralitla ef nokkra menntun eða þjálfun í þessum störfum. Þó verð ég að segja að erlendir ferðamenn eru tiltölulega ánægðir og reyndar undrandi á því hversu vel ungt fólk hér talar tungum og getur gert sig skiljanlegt og skilið gesti.

En ég álít að þarna mætti gera betur, e.t.v. ekki með *mjög löngu námi heldur stuttum, t.d. þriggja* eða fjögurra mánaða, námskeiðum í þessum efnum. Mér hefur dottið í hug að til þess gætum við hugsanlega notað okkar ágætu kvennaskóla sem nú eru margir hverjir í vandræðum og mikilli óvissu um framtíðina. Það gæti verið möguleiki að bæta slíkri klausu inn í þessa tillögu í nefnd sem um þetta fjallar. Ég hef ekki haft tækifæri til að skoða þessa hugmynd nánar en skýt henni þó hér fram.

Ég held sem sagt að það sé þarft verk að þessi könnun verði gerð ef hún ekki fer of mikið út í smáatriði málsins en heldur sig við aðalatriðin.

Magnús Reynir Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þá till. til þál. um úrbætur í ferðamálaþjónustu sem hér er til umræðu. Á tímum takmarkana í hefðbundnum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi og landbúnaði er ekki úr vegi að huga að öðrum leiðum í sambandi við atvinnumál okkar Íslendinga. Um árabil hafa frammámenn í ferðamálum hér á landi reynt að opna augu stjórnvalda fyrir uppbyggingu þessarar atvinnugreinar, en talað fyrir mjög daufum eyrum. Það hefur sem sagt komið í ljós að frammámenn þjóðarinnar um langt árabil hafa ekki haft þann skilning á þessari atvinnugrein sem vera skyldi. Það hefur m.a. sýnt sig nú upp á síðkastið að ekki hefur verið lagt aukið fé til þessara mála heldur þvert á móti hafa verið lagðir steinar í götu þeirra manna sem hafa reynt að byggja myndarlega upp þessa atvinnugrein í landinu. Síðasta og nýjasta dæmið er flugvallaskatturinn sem stórhækkaður var nú fyrir skömmu. Hann var eins og köld vatnsgusa í andlit þeirra manna sem hafa barist hörðum höndum í þessum efnum.

Ég hef þá trú að ferðamálaþjónustan geti orðið verulega stór atvinnugrein hér á landi og arðbær. Þess vegna eigum við að gefa því gaum að reyna að efla hana sem best og mest og sem hraðast. Það hefur oft verið byrjað á öfugum enda í sambandi við ferðamálin. Byrjað hefur verið á að auglýsa, jafnvel vöru sem ekki hefur verið til staðar. Þess vegna er nauðsynlegt að byrja á því að skapa aðstöðu sem við síðan getum auglýst og notað til að laða að ferðamenn.

Forsendan fyrir verulegri aukningu á sviði ferðamála er bættar samgöngur. Bættar samgöngur eru nánast forsenda fyrir því að hægt sé að gera stórvirki í þessum málum. En það má ýmislegt gera betur miðað við ástandið eins og það er í dag. Þess vegna hefði ég haldið að það ætti að styrkja verulega þá viðleitni bæði flugfélaga og ferðaskrifstofa, ferðamálasamtaka, sem nú hafa risið nánast í hverjum landshluta, og fleiri aðila í sambandi við landkynningu og þær úrbætur sem *nefndar eru í þessari þáltill.* Það *er oft ekki mjög* kostnaðarsamt sem þarf að gera til þess að bæta verulega úr á ýmsum stöðum. Þar á ég t.d. við hreinlætisaðstöðu og minni háttar atriði eins og merkingu gönguleiða og eitt og annað sem er samt sem áður nauðsynlegt til þess að það geti talist boðlegt fyrir erlenda ferðamenn.

Þessi grein getur ekki síst orðið til uppbyggingar atvinnulífi úti um land. Við höfum orðið vitni að því núna upp á síðkastið að það hefur orðið veruleg byggðaröskun í landinu, fólk hefur flutt úr dreifbýli til suðvesturhornsins. Þetta er þróun sem við getum ekki vel við unað. Hér er um að ræða atvinnugrein sem getur *rennt styrkari stoðum undir atvinnulíf* vítt og breitt um landið.

Ég vil ítreka það að til að ná árangri í framþróun ferðaþjónustunnar þarf fjármagn. Það þarf að stórefla Ferðamálasjóð. Það þarf líka að leggja verulegt fé til Náttúruverndarráðs til þess að það geti verið starfi sínu vaxið, til þess að það geti sinnt þeim verkefnum sem því er ætlað. Þetta þarf að gerast fyrr en seinna.

Ég vil minna á eftirlitshlutverkið sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja í kjölfarið. Það hefur komið fram að mjög lítið eftirlit hefur verið t.d. með erlendum ferðamönnum sem hafa komið hingað til lands með skipum með sína bíla og sitt hafurtask allt. Það hefur verið of lítið eftirlit með þessu fólki þegar það kemur inn í landið og þegar það fer úr landinu. Við höfum heyrt um menn sem hafa komið hingað til landsins til að ræna hér sjaldgæfum eggjum sem ekki finnast í neinum mæli annars staðar o.s.frv.

Allt þetta þarf að sameina og ganga þannig frá hnútum að ferðamennskan, þjónusta við ferðamenn, hvort heldur um er að ræða útlenda eða innlenda, geti orðið mun stærri atvinnugrein hér á landi en er í dag. Ekki veitir af — ég ítreka það — á þessum tímum boða og banna og hafta og samdráttar á öðrum sviðum

atvinnulífsins, svo sem fiskveiða og landbúnaðar.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa þátt í þessari umræðu fyrir þeirra orð.

Hv. 2. þm. Austurl. minntist á till. sína um sérstakar aðgerðir vegna gistiþjónustu. Ég vil taka undir það og sömuleiðis orð hans um náttúruverndarsjónarmið.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. nefndi orðaskipti okkar á s.l. ári og að mér mundi hafa sárnað þau orðaskipti sem okkur fóru á milli bæði í þingsölum og í blöðum. Ég ber það nú af mér, mér sárnaði ekki, ég fagnaði einmitt tækifærinu sem ég fékk til að ræða þessi mál og leiðrétta það sem fram kom í grein hv. þm.

Hann minntist á lengingu ferðamannatímans og að hann væri ekki viss um að unnt væri að lengja ferðamannatímann. Ég tel hins vegar ómaksins vert að kanna það og mundi ekki halda að óreyndu að það væri ekki hægt. Ég minni á möguleika okkar til að byggja upp aðstöðu til vetraríþrótta. Ég held að töluvert mikið sé óreynt á því sviði.

Hann minntist enn fremur á annan þátt þessara mála sem er mér einnig mikið áhugaefni og ég tek mjög eindregið undir orð hans um það. Það er í sambandi við menntun og þjálfun starfsfólks. Þann þátt minntumst við einmitt á í grg. með tillögu okkar í fyrra og ég var satt að segja harðákveðin í því að smíða einhverja till. um það efni og leggja fram nú á þessu þingi. Ég er ekki alveg viss um hvort verður af því nú. Ég hef verið að kanna þetta töluvert að undanförnu og ég veit að verið er að ræða þessi mál í ráðuneytinu. Ég hef því vissa von um að nægur áhugi sé fyrir undirbúningi þess.

Hins vegar kom hv. 5. þm. Norðurl. e. með ágæta hugmynd um að nýta húsmæðraskólana í þessu skyni. Ég hafði reyndar ímyndað mér að menntunarþættinum yrðu gerð verðug og góð skil í Hótel- og veitingaskólanum sem áformað er að rísi í Kópavogi og búið að gera samning um þau mál, en vantar fjármagn til, eins og til ýmissa annarar mála. Hefur því miður dregist allt of lengi að framkvæma vilja manna í þeim efnum. Þessi mál eru til umræðu í nefnd sem fjallar um þau. Sú vinna er ekki komin lengra en það að ég get ekki skýrt frá því neitt frekar.

Ég held reyndar að það sé ekki nóg að bjóða upp á sérhæfðar leiðir í einum skóla. Ég held að þessu verði að sinna miklu meira og víðar á landinu og hafði ímyndað mér að hægt væri að koma upp menntunarbraut við fjölbrautaskóla t.d. Þetta vildi ég gjarnan ræða miklu frekar og vonandi gefst tækifæri til þess síðar. Þetta er ein af undirstöðum þess að við getum sinnt þessari atvinnugrein af alvöru.

Ég þakka enn fremur hv. 2. þm. Vestf. fyrir hans orð og tek eindregið undir það að efling eftirlits er mikið mál og þá ekki síður að stórefla Ferðamálasjóð. Það var reyndar eitt meginefni till. okkar á síðasta þingi.

Ég átti þátt í því að fjalla töluvert um lögin sem sett voru um skipulag ferðamála á síðasta þingi. Ég á sæti í samgn. Nd. og við fjölluðum mikið og lengi um þessi mál þar. Þar kom fram mjög mikill vilji til að gera þau þannig úr garði að um eðlilega uppbyggingu yrði að ræða úti um landið og enn fremur að fjármagn væri tryggt til þeirra hluta.

Eins og þm. mun vera kunnugt þá hefur lengi verið í gildi ákvæði um fjármögnun ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs. Fyrir nokkrum árum var sett ákvæði í lögin um að ferðamálaráð fengi 10% af árlegri vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík. Þegar þetta ákvæði var sett á sínum tíma var um leið lagt 10% gjald ofan á áfengi og tóbak í Fríhöfninni.

En löggjöf er eitt og framkvæmd annað og það verður því miður að segjast eins og er að þetta hefur ekki gengið eftir. Við nm. reyndum eftir megni að tryggja virkara flæði fjármagns til ferðamálaráðs, m.a. með því að lögbinda það að Fríhöfnin greiddi þetta gjald beint til ferðamálaráðs af sölu hvers mánaðar og það félli í gjalddaga ekki síðar en 15 dögum eftir lok mánaðarins. Þetta hefur allt komið fyrir heldur lítið. Þessi upphæð, sem ferðamálaráði bæri að fá nú á þessu ári, er talin munu nema rúmum 40 millj. kr. í ár en ráðinu eru skammtaðar rúmar 19 millj.

Það er kannske athyglisvert í þessu sambandi að þessi upphæð er eitthvað nálægt 15% af áætluðum tekjum ríkissjóðs af brottfararskattinum alræmda sem hv. 2. þm. Vestf. minntist á áðan, aðeins sem sagt þessum eina tekjulið ríkisvaldsins af ferðaþjónustu. Þessi skattur var, eins og mönnum er kunnugt, nýlega hækkaður um 200%.

Samkvæmt upplýsingum ferðamálaráðs hefur þessi síendurtekni niðurskurður valdið því að mjög verður dregið úr kynningu og sölustarfi erlendis á vegum ráðsins. En fyrst og fremst mun þessi niðurskurður koma niður á verkefnum innanlands. Það verður nánast engu varið til að bæta aðstöðu ferðamanna hérlendis á þessu ári, svo sem til tjaldsvæða, salerna eða göngustíga.

Ég átti kannske von á því að við yrðum gagnrýnd, flm., fyrir að ætla ríkissjóði að standa straum af framkvæmd þessarar tillögu. Sú gagnrýni hefur ekki heyrst, mér til ánægju. Í raun og veru má segja að þetta sé hlutverk ferðamálaráðs. Í 7. gr. laga um skipulag ferðamála eru talin upp verkefni ferðamálaráðs og þar heitir einmitt fyrsti liðurinn „Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál". Hins vegar, miðað við þá útreið sem ferðamálaráð og Ferðamálasjóður hafa fengið hjá ríkisvaldinu, held ég að mætti líta á framkvæmd þessarar tillögu sem eins konar syndakvittun.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er alveg rétt og sjálfsagt að undirstrika það að því fjármagni, sem ætlað er til þessara mála og hefur verið lögfest, hefur ekki verið skilað eins og verður að ætlast til. Ég vil bara taka undir orð hv. 1. flm. að það verður að átelja þetta vegna þess að víða á þessum aðalleiðum er sérstaklega hreinlætisaðstaða fyrir neðan allar hellur.

En það sem ég vil aðeins koma inn á í nokkrum setningum er að það er ekki nóg að skapa gistiaðstöðu, það verður að láta athuga hvernig hægt er að koma því fyrir að þetta geti borið sig á stöðunum. Ég hef af því sára reynslu að meira að segja á nokkuð stórum stöðum þar sem eru nokkuð góð hótel og þar sem ferðamenn sækja mikið á stendur reksturinn ekki undir sér. Það er málið, það eru erfiðleikarnir.

Ég þekki nokkuð vel til þessara mála, t.d. í mínu kjördæmi, og ég held að það blandist engum hugur um að þangað sækja ferðamenn meira en í aðra landshluta, sérstaklega þó í Þingeyjarsýslurnar og raunar allt þetta svæði. En þrátt fyrir þetta standa hótelin ekki undir sér, tíminn er allt of stuttur, kostnaðurinn er of mikill.

Sumir eru að gefast upp.

Það þarf sem sagt að athuga möguleikana á því hvernig hægt sé að byggja gistiaðstöðuna upp á þann hátt að það séu líkur fyrir því að hún geti staðið undir sér. Mér er ekki ljóst hvernig á að fara að því. Allt kostar það mikla peninga og það þarf að vera ákveðin stærð til þess að hægt sé að reka hótel. Þá þarf ferðamannastraumurinn að stóraukast til að fylla upp í slíkt rými. Þetta er vandinn.

Ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði, langt í frá, og ætla ekki að ræða um það frá þeim sjónarhól. En á undanförnum 20 árum hef ég verið að reyna að leysa þessi mál á vissum stöðum, hjálpa til, og þekki þennan rekstur, veit um útkomuna og hún er vægast sagt hörmuleg. T.d. meira að segja á stað eins og Akureyri. Hótel KEA hefur ekki staðið undir sér á undanförnum árum. Það kann að vera að þegar búið er að byggja við og stækka verði það orðin rekstrareining sem hægt er að reka með sómasamlegu móti ef nægur fjöldi ferðamanna kemur þangað. Það er mikið sem bæjarfélögin bæði á Húsavík og Ólafsfirði, svo ég nefni dæmi, og félögin sem eiga t.d. Hótel Húsavík hafa orðið að láta af hendi rakna til að þessi rekstur ekki stöðvist. Það þarf sem sagt að athuga hvort hægt sé að byggja upp þessa þjónustu á þann veg að hún standi undir sér. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að aðalatriðið í því efni er hvort hægt er með einhverjum hætti, a.m.k. á sumum stöðum, að lengja ferðamannatímann mikið frá því sem nú er.

Ég er alveg viss um að ef þessi till. verður samþykkt og gerð verður úttekt á þessum málum komi í ljós að það er margt sem vantar og það kostar nokkra peninga. Það er af hinu góða að gera sér grein fyrir því hvernig þessi mál standa. En hitt þarf að skoða mjög vel hvernig á að byggja upp þessa aðstöðu. Ég ber ekki kvíðboga fyrir veitingaþjónustunni því að við höfum notað skólana okkar yfir sumartímann, yfir þennan tíma að miklu leyti. Það er hægt að leysa þau mál á þann hátt og að nokkru leyti gistiaðstöðu. En það dugar ekki til ef við fáum mikla aukningu frá því sem nú er, sérstaklega varðandi gistiaðstöðuna. Þetta er mikið vandamál.

Það hefði verið gaman að koma upp fjallahóteli. Það var reynt í Hlíðarfjalli, það gekk ekki. En ef ég væri í nefnd, sem fjallaði um þetta, er ég alveg viss um að ég mundi segja: Það vantar svona aðstöðu. En það er ekki nóg að segja það, það verður að gera sér grein fyrir því hvernig á að reka það og hvort það sé hægt.

En við þurfum sjálfsagt að athuga þessi mál. Ég mundi vilja benda þeirri nefnd, sem fær þessa þáltill. til meðferðar, á að athuga hvort ekki þyrfti að bæta inn í hana einmitt þessum þætti. Mér finnst sjálfsagt að styðja að þessi könnun verði gerð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv. 199. mál (þskj. 299, brtt. 550). — 3. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 2. umræðu þessa máls óskaði utanrrn. eftir að koma inn leiðréttingum á fskj. frv. Þessar leiðréttingar eru orðalagsbreytingar til þess að textinn samrýmist betur frumtextum reglnanna. Við komum saman í allshn. og fjölluðum um þessar tillögur og urðum sammála um að taka þær til greina. Þær liggja fyrir á þskj. 550 í formi brtt. Ég vil undirstrika að hér er aðeins um leiðréttingar á fskj. frv. að ræða en frv. er sjálft óbreytt og leggjum við til að það verði samþykkt með þessum breytingum á fskj. sem hér liggja fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 550 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Veð, stjfrv. 302. mál (þskj. 555). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér breytingu á veðlögum nr. 18/1887 og er ætlað að taka af allan vafa um að eldisfiskur geti talist afli eða afurð fyrir slátrun, sbr. 4. málsgr. 4. gr. laganna, og geti þannig verið hæft andlag veðsetningar. Í frv. er jafnframt gert ráð fyrir að framleiðendum eldisfisks verði heimilt að veðsetja fiskinn til lengri tíma en eins árs í senn.

Frv. þetta er flutt nú þar sem ríkisstj. hefur borist áfangaskýrsla nefndar um fiskeldismál, en þar eru m.a. gerðar tillögur um tilhögun á rekstrar- og afurðalánum til fiskeldisfyrirtækja. Eins og kunnugt er var þessi nefnd skipuð af forsrh. 1. ágúst 1985 og er henni ætlað að vera ríkisstj. til ráðuneytis um fiskeldismál.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að ein helsta fyrirstaða þess að unnt sé að veita afurðalán til fiskeldisfyrirtækja sé skortur á veðum. Skiptir þar mestu máli að skv. gildandi veðlögum er álitamál hvort eldisfiskur er hæft andlag veðsetningar fyrir slátrun. Fiskeldisstarfsemi er nefnilega þannig háttað að oft er mun meira verðmæti fólgið í þeim fiski, sem verið er að ala, en í fastafjármunum fiskeldisstöðvanna sjálfra. Þetta hlutfall er þó breytanlegt en þess finnast dæmi að fiskur, sem alinn er í eldiskerum í sjó, nái allt að tíföldu verðmæti kvíanna sjálfra.

Skv. veðlögum er það meginregla að mönnum sé óheimilt „að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar, og einkenndir eru einu almennu nafni". Á hinn bóginn hefur löggjafinn veitt ýmsar undanþágur frá þessari meginreglu, eins og nánar er rakið í athugasemdum með þessu frv.

Sú undanþága, sem lagt er til að lögleidd verði í þessu frv., er hiðstæð þeim undanþágum sem löggjafinn hefur þegar heimilað og sýnist eldisfiskur engan veginn vera ótryggara andlag sjálfsvörsluveðsetningar en þær afurðir sem núgildandi undanþágur taka til. Jafnframt er nauðsynlegt að heimilt sé að veðsetja eldisfisk til lengri tíma en eins árs í senn þar sem fiskurinn er alinn lengur en eitt ár í kerum eða kvíum. Má í þessu sambandi minna á að tryggingafélög bjóða nú tryggingar á lifandi fiski í eldisstöðvum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki nauðsyn bera til að hafa fleiri orð um frv. sem hér liggur fyrir. Það skal aðeins undirstrikað að hér er um breytingu að ræða sem er til þess fallin að ryðja úr vegi hindrun sem getur staðið rekstri fiskeldisstöðva hér á landi fyrir þrifum.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umræðu og hv. fjh.- og viðskn.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frv. og tel að það sé mjög þarft. Það er laukrétt, sem hæstv. ráðh. kom inn á, að það hefur mjög skort á að þessi svo mjög mikilsverðu fyrirtæki fengju þá fyrirgreiðslu sem full þörf er á.

Það er alveg ljóst að samkvæmt því sem hér er lagt til er gert ráð fyrir að það verði engar tímaskorður. Frv. gerir ekki ráð fyrir neinum tímaskorðum varðandi veðsetningu eins og gildir um aðrar þær afurðir sem vikið er að í umræddri 4. málsgr. 4. gr. laganna. Mig langaði aðeins að víkja að því og spyrja þá hæstv. ráðh. hvort ekki hefði verið eðlilegt að þarna hefðu einhverjar tímaskorður verið settar einfaldlega til þess að ekki yrði nein óvissa um þessi efni og/eða togstreita á milli lántakenda og lánveitenda.

Ég veit til þess að lánastofnanir leggja mjög ríka áherslu á að lán, sem veitt verða á þessum grundvelli, verði tryggð. Það er að því vikið í athugasemdum með frv. að tryggingafélög bjóði tryggingar í þessu skyni. Nú kann það vel að vera hreinn óþarfi að taka slíkt fram í lögum og kannske beinlínis óhæfa frá lagatæknilegu sjónarmiði en þá kem ég aftur að þeirri óvissu sem kann að ríkja á milli lántakanda og lánveitanda, hvort eðlilegt væri að setja skýrari reglur í þeim efnum, þ.e. að skýrt yrði fram tekið í lögum að núverandi og væntanleg verðmæti yrðu tryggð hjá tryggingafélagi svo að þau yrðu veðhæf. Ég vil ekkert fullyrða um þetta en mér þætti vænt um ef hæstv. ráðh. viki að þessu einhverjum orðum. Ég veit að hann og hans menn hafa út í þetta hugsað.

Það er ljóst að hér er í raun um hvort tveggja, rekstrar- og afurðalán að ræða. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en því að lánin nái jafnframt að hluta til yfir þann tíma sem þessar afurðir kunna að vera í sölumeðferð. Sé það ekki svo hef ég skilið frv. með röngum hætti.

Að öðru leyti ætla ég ekki að víkja að þessu frv. Eins og ég sagði í upphafi fagna ég því að það skuli hér fram komið og tel fulla þörf á að auka þessum heimildum við umrædd lög.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegur forseti. Ég vil út af þessum fsp. hv. 5. þm. Vesturl. taka það fram að við töldum ekki rétt að setja ákveðinn lánstíma inn í lög. Hérna er fyrst og fremst verið að taka af öll tvímæli um að eldisfiskur er veðhæfur eins og fiskur sem hefur verið dreginn úr sjó og er í fiskverkunarstöðvum annaðhvort fullunninn eða að einhverju leyti unninn. Þetta er gert til að tryggja eðlilegan viðgang þessarar ungu atvinnugreinar og upprennandi.

Ég tel sjálfsagt að lánastofnanir skapi fyllri reglur um þessi útlán og fylgi þeim eftir. Ég tel líka eðlilegt að lánastofnun geri það að skilyrði að eigendur eldisfiskjar tryggi þessar afurðir sínar því að ef eitthvað kemur fyrir, sem alltaf getur átt sér stað, verða bankar að hafa þar einhverja tryggingu.

En þetta er að mínum dómi óþarfi að setja í lög. Þetta eru reglur sem hægt er að skapa og er sjálfsagt að skapa, enda er slík trygging ekki nema af því góða fyrir alla aðila. Það verður aldrei lánað að fullu og öllu út á þessa afurð. Eigendur koma því alltaf til með að hætta mjög miklu sjálfir svo að eðlilegt er að slík trygging sé tekin. Eftir því sem maður hefur fregnað og séð eru þessar tryggingar nú boðnar með mjög skaplegum hætti að ég tel. En framhald þeirrar tryggingastarfsemi ræðst af því hversu víðtæk og mikil tjónin verða. Ef þau verða lítil verða iðgjöldin lág. Hins vegar vitum við að tryggingafélögin eru ekki rekin sem góðgerðastofnanir heldur til að standa fyrir þeim tryggingum sem hjá þeim eru teknar.

En ég tel að með þessu frv. sé verið að taka af öll tvímæli um að lánastofnanir eigi að lána út á þessar afurðir eins og aðrar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 54, n. 525, 527 og 529, brtt. 526, 528, 530, 545, 552). — Frh. 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Talnagetraunir, stjfrv. 232. mál (þskj. 460). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, stjfrv. 295. mál (þskj. 541). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. til laga um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, sem lagt er fyrir hv. Nd. á þskj. 541, fjallar um sama efni og núgildandi lög um sérstakan dómara og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum nr. 52 frá 1973. Frv. gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu frá lögunum frá 1973 að frumrannsókn þessara mála verði ekki verkefni dómstóla heldur lögreglu, svo sem er um rannsókn almennra brota eftir lagabreytinguna frá 1976, er lögum um meðferð opinberra mála var breytt með lögum nr. 107 frá 1976, og eftir að Rannsóknarlögregla ríkisins var stofnuð með lögum nr. 108 frá 1976. Þykir nú orðið tímabært að færa réttarfar í brotum varðandi ávana- og fíkniefni í sama horf og er í öðrum brotamálum.

Með lögum nr. 52 frá 1973 var stofnaður sérstakur sakadómur til að rannsaka og dæma öll mál er varða

ávana- og fíkniefni. Réttarfar í opinberum málum var þá byggt á því að dómari hefði með höndum stjórn frumrannsókna brotamála og rannsóknarlögregla ynni undir hans stjórn.

Lög um sérstakan dómara og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum frá 1973 gera ráð fyrir að í tengslum við dómstólinn starfi sérstök deild lögreglumanna. Þeirri deild hefur aldrei verið komið á fót heldur hefur starfað innan lögreglunnar í Reykjavík sérhæfður hópur lögreglumanna til að vinna að rannsóknum á þessum málum. Hefur hann starfað í nánum tengslum við sakadóminn í ávana- og fíkniefnamálum. Lögregluhópur þessi hefur með tímanum eflst og farið að starfa meira sjálfstætt undir stjórn sérstaks löglærðs fulltrúa lögreglustjórans. Þykir því ekki ástæða til að láta haldast lengur það réttarfar í þessum málum sem byggir á eldra réttarfari sem ekki er notað lengur á höfuðborgarsvæðinu.

Þá er með frv. þessu verið að stytta boðleiðir mála fyrir dómsmeðferð sem ætti að leiða til þess að þau taki skemmri tíma.

Hlutverk dómstólsins verður áfram að dæma í þessum málum án tillits til lögsagnarumdæma. Ábyrgð á lögregluranns6kn í þessum málaflokki verður þá í höndum lögreglustjóranna hvers í sínu umdæmi og mun verða ákveðin með breytingu á reglugerðinni um samvinnu og starfsskiptingu á milli lögreglustjóra og Rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253/1977, um skipulag þessara rannsókna á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt verður fíkniefnadeild lögreglustjóraembættisins í Reykjavík falið að veita öðrum lögregluembættum aðstoð í þessum málum. Það er því ekki á neinn hátt verið að draga úr löggæslu í ávana- og fíkniefnamálum með þessu frv. heldur þvert á móti stefnt að því að halda áfram að efla hana.

Lögð hefur verið áhersla á að auka samstarf allra þeirra aðila sem að þessum málum vinna. T.d. hefur lögreglumaður sá sem vinnur sérstaklega að þessum málaflokki í Hafnarfirði verið settur undir stjórn deildarinnar í Reykjavík, enda fjarstæða að vera að deila kröftunum niður eftir línum á landakorti. Þeir sem brotlegir gerast á þessu sviði taka líka lítið mark á þeim þar sem í sama brotamáli geta verið menn búsettir í fleiri en einu lögsagnarumdæmi.

Á Suðurnesjum hefur verið aukið við starfslið í þessum málaflokki og áhersla lögð á náið samstarf við Reykjavíkurliðið og verið er að vinna að eflingu lögregluliðsins hér í Reykjavík.

Þörfin fyrir aukna löggæslu á þessu sviði er líka mjög brýn. Það kemur fram í því magni ólöglegra fíkniefna sem reynt er að smygla til landsins og lögreglan leggur hald á. Það kemur einnig fram í neyslu á því efni sem ekki tekst að finna áður en þess er neytt og veldur allt of mörgum Íslendingum óbætanlegu tjóni. Margir koma til meðferðar á sjúkrahúsum. Sumir fá þar einhverja bót, en aðrir falla í valinn fyrir aldur fram. Það skiptir því miklu máli að allt sé gert sem unnt er til að koma í veg fyrir innflutning þessara efna til landsins. En þó að öflug löggæsla og eftirlit sé nauðsynlegt og mjög brýnt verður aldrei hægt að koma algerlega í veg fyrir slíkt á meðan eftirspurn er eftir þessum efnum innanlands svo að einhverjir geti lagst svo lágt að vilja græða á sölu þeirra.

Það er samdóma álit þeirra sem fá fíkniefnaneytendur til meðferðar, bæði lögreglu og lækna, að áfengisneysla sé yfirleitt alltaf undanfari þess að einstaklingar byrji á öðrum vímuefnum. Það segir þá einföldu staðreynd að meðan dómgreindin er óskert sé jafnvel börnum og unglingum ljóst hver voði er á ferðum og byrji því ekki á neyslu. Hins vegar sé það áfengisneyslan sem plægi akurinn og gefi þeim möguleika sem vilja gera sér eymd annarra að gróðalind.

Eina viðunandi og varanlega lausnin er því sú að ráðast að rótum vandans og koma í veg fyrir að eftirspurn skapist. En til þess verða menn að vita og viðurkenna hverjar hinar raunverulegu orsakir eru og vilja af einlægni á sig leggja að uppræta þær. Til þess þarf nægilega sterkt almenningsálit og samtakamátt. Það þarf gerbreytta hugsun, eins og sagði í kvikmyndinni í sjónvarpinu í gærkvöld um voða kjarnorkuvetrar, því að markmiðið verður að vera að gera allt sem unnt *er til að afbrot séu ekki framin en ekki að ná í sem flesta* til að loka inni í fangelsi.

En á meðan við berum ekki gæfu til að snúast þannig við vandanum verðum við að heyja varnarstríð með öðrum vopnum sem við höfum tiltæk. Það verður að gera allt sem unnt er til að hafa upp á þeim sem falla fyrir freistingum gróðahyggjunnar og flytja eiturefnin til landsins og jafnframt hraða rannsókn þeirra mála og dómsmeðferð eins og kostur er. Það er tilgangur þeirra breytinga sem í þessu frv. felast að stuðla að því.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér á dagskránni eru mörg mál og nú á að fara að slíta fundi. Hér eru 1. dagskrármálið sveitarstjórnarlög sem búin eru að vera á dagskránni í fleiri fundi eftir að 2. umr. lauk og ekki er gengið til atkvæða um það og hæstv. félmrh. er fjarverandi og varamaður er fyrir hann. En það sem ég vildi vekja sérstaka athygli á, herra forseti, er 3. dagskrármálið, lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra. Þetta frv. kom fram hér í Nd. fyrir um hálfum mánuði og ekki hefur enn þá verið mælt fyrir því. Hér er um mál að ræða sem mikið hefur verið spurt eftir áður en það kom fram í þinginu og varðar miklu fyrir kennarastéttina sem sýnt hefur þessu máli sérstakan áhuga. Hér er komið fram stjfrv. fyrir hálfum mánuði, en síðan liggur það hér í deild og ekki er mælt fyrir því þannig að það kemst ekki til nefndar. Ég spyr forseta að því hvort ekki sé neinn staðgengill fyrir menntmrh. sem gæti mælt fyrir þessu máli þannig að því þokaði fram því að ég vildi gjarnan stuðla að því að þetta mál fengi þinglega meðferð og á sæti í menntmn., en við höfum ekki fengið málið til meðferðar og ekki til umræðu hér í deildinni.

Mér finnast það vera heldur slæleg vinnubrögð af hálfu ríkisstj. að sjá ekki til þess að mælt sé fyrir málum því að hér hlýtur að vera staðgengill menntmrh.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Út af fsp. hv. þm. skal ég upplýsa að það hefur fallið í minn hlut að vera staðgengill menntmrh. í örfáa daga, en hvorki hann eða fyrri staðgengill menntmrh., sem fór úr landi um helgina, hafa óskað eftir því við mig að ég mælti fyrir þessu frv. Því get ég því miður ekki orðið við ósk hv. fyrirspyrjanda í þessum efnum, en vona að það verði þegar í næstu viku mælt fyrir þessu frv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. og menntmrh. fyrir upplýsingar hans. Mér finnst það bera vott um að ekki séu ýkja sterk tök á stjórnarheimilinu að ekki skuli séð til þess að þingstörf geti gengið eðlilega fyrir sig þó að ráðherrar bregði sér úr landi. Þeir eru nú raunar átta talsins erlendis, eða sjö eftir að hæstv. fjmrh. sneri til baka, en engu að síður eru staðgenglar fyrir hæstv. ráðherra og það er auðvitað ámælisvert að þeir geri ekki ráðstafanir til þess að hægt sé að þoka málum fram sem þeir hafa lagt fyrir þingdeildina. Ég átel þessi vinnubrögð. Þetta hlýtur að bitna á meðferð mála hér því að það hefur verið boðað að þingið starfi skemur en oft hefur verið og því ekki allt of mikill tími til stefnu.

Ég veit að hæstv. forseti getur ekki ráðið hér bót á þegar það er upplýst að viðkomandi ráðherrar hafa ekki gert gangskör að því að málin verði lögð fyrir þingdeildina eða fyrir þeim sé mælt hér í deildinni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það hefur komið fram skýring af hálfu hæstv. samgrh. varðandi meðferðina á þessu máli og forseti vill taka það fram fyrir sitt leyti að það hefur ekki staðið á því af hans hálfu að taka þetta mál fyrir ef sá ráðherra sem fyrir því mælir er við því búinn. En við skulum vona að það líði ekki mjög langur tími áður en þetta mál verður tekið fyrir.

En þess er ekki kostur að taka fyrir fleiri mál á þessum fundi.

Sameinað þing, 56. fundur.

Fimmtudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Úrbætur í ferðaþjónustu, þáltill. 286. mál (þskj. 531). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, þáltill. 11. mál (þskj. 11, n. 507). — Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Ég vil, með leyfi forseta, lesa nál. á þskj. 507:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og athugað þær umsagnir sem henni bárust. Fram hefur komið í umsögnum að víða eru heimilisstörf metin til starfsreynslu í kjarasamningum. Nefndarmenn leggja til að þáltill. verði afgreidd með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Þar sem till. þessi fjallar um efni sem ber að semja um í kjarasamningum en ekki ákvarða með fyrirmælum frá Alþingi telur sameinað þing ekki ástæðu til ályktunar í þessu máli og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Benediktsson og Guðmundur J. Guðmundsson."

Undir þetta rita Ólafur Þ. Þórðarson, Pétur Sigurðsson, Eggert Haukdal, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eiður Guðnason.

Hér er fyrst og fremst tekin sú afstaða að aðilar vinnumarkaðarins eigi að semja um málefni sem þetta. Það er eitt af því sem kom mjög sterkt fram í þeim umsögnum sem bárust að menn telja að það sé eðlilegt. Það kom einnig fram í þeim umsögnum að víða hefur þetta þegar verið metið og starfsreynsla er viðurkennd eins og hér er ætlast til í samningum við bæjarfélög. Telja verður að þetta mál sé þegar í ákveðnum farvegi hvað það snertir að þróast til einhvers samkomulags á milli þess sem telur að meta beri þetta að fullu og þeirra sem telja að meta beri þetta að hluta.

Það kom fram í umsögnum að ástæður fyrir því að starfsreynsla er metin til launahækkana er skilgreind á tvo vegu:

Með því að starfa lengi að sama starfi fæst leikni í starfinu sem gerir það að verkum að viðkomandi starfsmaður skilar meiri afköstum og á þar af leiðandi rétt á meiri launum.

Hin ástæðan var sú að sá sem ynni lengi hjá sama fyrirtæki skapaði vissa kjölfestu í starfsmannahaldi sem bæri að meta og greiða honum hærri laun af þeirri ástæðu.

Mér er ljóst að þetta er eitt af því sem menn geta deilt um endalaust, hvort Alþingi Íslendinga eigi að taka fyrir ákveðin atriði og segja: Þetta á að framkvæma í samningum. Ríkisvaldið á að samþykkja þessa kröfu. Við gefum fyrirmæli um slíka hluti. — Ég tel aftur á móti að slík ákvörðun af okkar hendi þýði tvímælalaust að við erum að segja við samningamennina: Þið eruð ekki færir um að leysa þessa hluti. Við ætlum að gefa ykkur fyrirmæli.

Það brýtur hvað minn skilning varðar eðlilegar leikreglur í því samfélagi sem við búum í ef þingið ætlar með svo ótvíræðum hætti að hlutast til um á hvaða nótum framkvæmdavaldið skrifar undir samninga. Og mér er spurn: Hvar verða þá landamærin, hvað er það í opinberum samningum sem við teljum að eigi að vera okkur óviðkomandi?

Það er jafnframt vitað að auðvitað hljóta samningar sem hinn frjálsi markaður gerir á hverjum tíma að hafa áhrif á þá samninga sem ríkisvaldið gerir og einnig að þeir samningar sem ríkisvaldið gerir hafa áhrif á hina frjálsu samninga. Mér finnst að þróunin í þjóðfélaginu sé frekar sú að aðilar vinnumarkaðarins stilli framkvæmdavaldinu og þinginu upp við vegg en ekki að þingið sé í einhverri sterkri aðstöðu til að fara að stilla aðilum vinnumarkaðarins upp við vegg. Ég fyrir mína parta treysti mér ekki til að mæla með þeim vinnubrögðum og af þeirri prinsipástæðu hef ég skrifað undir þetta nál.

Það breytir engu um að persónulega er ég þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að sú þróun haldi áfram að þessi

störf séu metin þegar menn setjast við samningaborðið, en það hljóta þá að vera þeir sem sitja í samninganefndunum sem verða að meta hvort þeir telja meira virði að fá þessi atriði inn eða einhver önnur sem þeir eru að fást við hverju sinni.

Hitt skil ég út af fyrir sig mætavel að einstakir þm. telji að ákveðin atriði séu veigameiri en önnur í kjarasamningum og vilji hafa á það áhrif. Spurningin er aðeins hvort menn telja að sú stefna sé líkleg til að skila meiru í kjarasamningum en hin að láta samninganefndirnar vinna þessi verk.

Ég er sannfærður um að það hleypir frekar illu blóði í þá sem sitja að slíkum samningum ef Alþingi ætlar að fara að gefa fyrirmæli eins og hér er lagt til.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram áður en lengra er haldið að á þessum fundi er gert ráð fyrir utandagskrárumræðum um framkvæmd verðlagseftirlits.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. sé kallaður í salinn þar sem mál þetta snertir verksvið hans í ríkisstjórninni.

Ég sé að hæstv. ráðh. er í hliðarherbergi og heyrir væntanlega mál mitt. Ég vil einnig taka það fram að mér þykir mjög miður að hæstv. fjmrh. skuli ekki geta verið viðstaddur umræðu þessa máls nú því að þegar mælt var fyrir till. lýsti hann eindregnum stuðningi sínum við hana. (**Forseti:** Það skal vakin athygli á því að hæstv. fjmrh. er viðstaddur og er á þessum fundi.) Ég var síðast að tala um hæstv. félmrh., ég mismælti mig.

Mönnum til upprifjunar vil ég byrja á því að segja nokkur orð um efni þessarar till. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og BSRB verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanna, framvegis metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna. Jafnframt verði tryggt að þeir starfsmenn sem nú falla undir kjarasamning ríkisins og BSRB njóti þessa réttar sé hann þeim ekki þegar tryggður."

Þannig hljóðar tillögugreinin. Hér er með öðrum orðum verið að leggja til að hið opinbera sem atvinnurekandi meti einhvers þau ólaunuðu störf sem unnin eru á heimilum landsins og sýni þannig í verki vilja sinn gagnvart þeim sem heimavinnandi eru.

Till. tekur til starfsendurmats að því leytinu til að í henni er lagt til að heimilisstörf verði metin sem önnur störf og að þeir eða réttara sagt þær sem þau vinna njóti þeirra í launum ef þær ráða sig til starfa hjá hinu opinbera.

Í öðru lagi er till. liður í því að meta starfsævi þeirra, sem í hlut eiga, í heild. Þ.e. sá hluti starfsævi heimavinnandi sem varið er til heimilisstarfa er metinn engu síður en sá hluti starfsævinnar sem varið er úti á vinnumarkaðnum. Það er ein af mörgum ástæðum fyrir lágum launum kvenna að starfsævi þeirra er að jafnaði styttri en starfsævi karla vegna þess að þær eru bundnar börnum og búi einhvern hluta ævinnar.

Till. er því í rauninni tvíþætt. Annars vegar felur hún í sér að heimilisstörf eru metin eins og hvert annað starf, hins vegar að starfsævi þeirra sem um ræðir er metin í heild en ekki aðeins hluti hennar eins og nú er.

Fæstum virðist nú blandast hugur um mikilvægi heimilis- og uppeldisstarfa og gildi þeirra fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og fyrir þjóðarbúið í heild. Hér er um störf að ræða sem sannarlega verða seint að fullu metin til fjár, eins og menn eru nú sem betur fer orðnir óþreyttir á að benda á í seinni tíð þótt sannarlega hafi lítið gengið eftir.

Till. kveður á um að meta skuli heimilisstörf til jafns við önnur störf hver svo sem þau eru. Er þetta að mínu viti ekki annað en lágmarksmat á heimilisstörfum. Því má ekki heldur gleyma að heimavinnandi spara ríki og sveitarfélögum ótæpilega fjármuni á ári hverju og einnig þess vegna er það réttlætismál að þessir sömu aðilar meti þessi störf einhvers þegar heimavinnandi ráða sig til starfa hjá ríki og bæ. Hér er um ótvírætt réttlætismál að ræða, réttlæti í garð þeirra sem eru meðal þeirra réttindaminnstu í þessu þjóðfélagi, og samþykkt þessarar till. hefði gefið tilefni til að sýna í verki þótt í litlu sé að hv. Alþingi metur í raun einhvers það vinnuframlag sem innt er af hendi launalaust á heimilum landsins.

En hvað gerir hv. Alþingi? Meiri hluti hv. allshn. Sþ., fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. í nefndinni, leggja til að till. verði vísað frá á þeirri forsendu að þetta sé kjarasamningaatriði og því ekki á færi Alþingis að hafa skoðun á málinu, ekki einu sinni þótt um sé að ræða opinbera starfsmenn eingöngu. Mér er spurn, virðulegi forseti: Á hverju getur hv. Alþingi þá haft skoðun ef ekki þessu? Er það e.t.v. orðið óæskilegt að Alþingi hafi skoðun á einföldum réttlætismálum? Veit ég vel að aðilarnir í Garðastrætinu hafa ekki gefið grænt ljós á þetta mál. Um þetta atriði hefur Alþingi ekki fengið nein fyrirmæli. Er það e.t.v. ástæða þess að meiri hl. hv. allshn. telur réttast að vísa málinu frá, að sá beiski kaleikur verði frá Alþingi tekinn að hafa einhverja skoðun á starfsmatsmálum og heimilisstörfum? Ég vænti þess að forsvarsmaður meiri hl. nefndarinnar geti svarað þessari fsp. minni hér á eftir.

Afgreiðsla hv. allshn. Sþ. á þessari till. er Alþingi til skammar og skal ég nú útskýra hvers vegna:

Í fyrsta lagi nær þessi till. eingöngu til opinberra starfsmanna, en eins og allir vita er hæstv. fjmrh. viðsemjandi þeirra. Hæstv. ráðh. sækir umboð sitt til Alþingis og það er ekkert því til fyrirstöðu eða á neinn máta óæskilegt að Alþingi gefi hæstv. fjmrh. til kynna hver hugur þess er til ýmissa atriða í kjaramálum opinberra starfsmanna. Þetta er ein ástæða þess að það er óhæfa að vísa þessu máli frá á þeirri forsendu að það komi Alþingi ekki við. Vonast ég til að hæstv. fjmrh. láti í sér heyra um þessa málsmeðferð hér á eftir. Ég vil ekki trúa því að óreyndu að hæstv. fjmrh. þyki verra að Alþingi hafi einhverja skoðun á og skipti sér jafnvel af þeim málum sem hann fer með í umboði Alþingis.

Í öðru lagi má spyrja: Hvað erum við að gera með lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, svo að eitthvað sé nefnt, ef við getum ekki einu sinni haft skoðun á litlu réttlætisatriði sem snertir kjör opinberra starfsmanna? Ég vona að frsm. nefndarinnar svari því hér á eftir og líka því hvort hann telji þá að t.d. frv. til laga um fæðingarorlof eigi rétt á sér. Ef ég man rétt flutti frsm. nefndarinnar eitt slíkt á síðasta þingi. Slík

frv. snerta óneitanlega beint kjör bæði opinberra starfsmanna og annarra launamanna hér á landi og hafa iðulega verið hluti af kjarasamningum á einn eða annan hátt. Telur hann þá að slík frv. eigi ekki rétt á sér? Frv. til laga um fæðingarorlof er aðeins eitt dæmi um frv. sem snerta kjaraatriði. Frv. og þær þál. sem snerta kjör manna hér á landi á einn eða annan hátt eru fjöldamörg á hverju þingi. Hvers vegna eru þeir þm. sem skrifa undir nál. hv. allshn. ekki fyrir löngu búnir að gera athugasemdir við hæstv. forseta um það að hér eru sífellt borin fram mál sem samkvæmt afgreiðslu nefndarinnar hljóta að teljast óþingleg? Mér þætti gaman að vita það.

Eins þætti mér gaman að vita hvers vegna hv. þm. Eiður Guðnason, sem því miður er fjarverandi þessa umræðu eins og fleiri hv. þm., en hann undirritar nál. hv. allshn. fyrir hönd Alþfl., hefur t.d. ekki bent samflokksmanni sínum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á að frv. um endurmat á störfum láglaunahópa, sem hún ásamt fleiri hv. þm. er búin að flytja þrjú þing í röð, á hreint ekki heima á Alþingi samkvæmt forsendum þessa nál. Samkvæmt forsendum þessa nál. er um ótvírætt kjarasamningaatriði að ræða. Það frv. fjallar um ótvíræð kjarasamningaatriði. Mig undrar reyndar að jafnvandvirkur forseti og hæstv. forseti Sþ. skuli enga athugasemd hafa gert við að slíkt frv. væri hér fram borið ef það er óþinglegt. Auðvitað er það ekki óþinglegt. Hvorki frv. til laga um endurmat á störfum láglaunahópa né frv. til laga um fæðingarorlof né sú till. sem hér er til umræðu eru óþingleg mál. Það sem er óþinglegt er afgreiðsla hv. allshn. á þeirri till. sem hér um ræðir.

Í þriðja lagi má spyrja: Er Alþingi ekki lengur skoðanabært um hin einföldustu mál? Þessi spurning er sérlega áríðandi nú því að Alþingi er nýbúið að taka við umfangsmiklum tillögum um efnahags- og kjaramál frá aðilum vinnumarkaðarins og gera að sínum með þeim hætti sem öllum hv. þm. er eflaust í fersku minni. Og ég spyr: Er það ekki lengur á færi Alþingis að hafa svo mikið sem skoðun á kjaratengdum málum eða hvers vegna getur Alþingi ekki afgreitt þessa þáltill. með því annaðhvort að samþykkja hana eða fella? Hvers vegna ekki? Er Alþingi orðið að einhvers konar leikbrúðulandi þar sem enginn getur gert neitt nema togað sé í réttan spotta?

Virðulegi forseti. Fjórða og síðasta atriðið sem ég vil nefna varðar efni till. Eins og allir hv. þm. vita er mat heimilisstarfa til starfsreynslu mál sem fyrst og síðast snertir konur, einfaldlega vegna þess að þær eru mikill meiri hluti þeirra sem hafa þessi störf að aðalstarfi. Þau smánarlegu kjör sem konur búa almennt við úti á vinnumarkaðnum ættu að vera öllum hér inni vel kunn og jafnframt að nýgerðir kjarasamningar gera lítið annað en staðfesta þessi kjör. Það er því nöturlegt að einmitt þessi till. skuli hafa fengið þá afgreiðslu í allshn. Sþ. sem raun ber vitni og það einmitt nú. Þetta er sú virðing sem þeim konum sem heimilisstörf vinna er nú sýnd á Alþingi Íslendinga og það veit heilög hamingjan að þau hástemmdu lofsyrði um heimilið og fórnfýsi heimavinnandi kvenna, sem fallið hafa hér í þessum ræðustól frá fulltrúum þeirra flokka sem undir þetta nál. rita, hljóta nú að falla niður dauð og ómerk því að þar hefur hugur ekki fylgt máli.

Hitt er svo jafnvíst að nú vita íslenskar konur að meiri hluti Alþingis telur að þau störf sem þær hafa gegnt frá alda öðli, heimilisstörfin, komi Alþingi ekki við. Það er ekki svo lítið og það vil ég biðja hv. þm. að hafa í huga þegar þeir ganga til atkvæðagreiðslu um þessa till. hér á eftir.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er til umræðu mikilsvert mál og fyrir liggur till. frá meiri hluta allshn. um rökstudda dagskrá þar sem þáltill. á þskj. 11, um að meta heimilisstörf til starfsreynslu, verði vísað frá með þeim rökum að hér sé um að ræða efni sem beri að semja um í kjarasamningum en ekki ákvarða með fyrirmælum frá Alþingi. Í rauninni er þetta kjarnaatriði sem hv. frsm. nefndarinnar lagði þunga áherslu á hér í sínu máli fyrir utan svo það réttlætismál sem till. fjallar um.

Ég vil hafna eindregið þeim rökum, sem fram koma hjá meiri hluta nefndarinnar í þessu máli, að það sé óeðlilegt og óæskilegt að Alþingi álykti um mál af þessu tagi. Ég hlýt að benda á það, eins og hv. 1. flm. þessarar till. hefur gert, að hér hafa ítrekað og oft verið flutt á Alþingi mál sem varða réttindi einstakra hópa í þjóðfélaginu, fámennra og fjölmennra, þar sem við Alþýðubandalagsmenn höfum verið í hópi tillögumanna og einnig fulltrúar frá flokkum sem gerast meðflm. þessa nál.

Ég vil í því sambandi minna á mál eins og uppsagnarfrest starfsfólks í fiskvinnslu sem mjög var rætt hér á síðustu þingum. Meiri hluti hér á Alþingi felldi þá till. sem flutt var af fulltrúum Alþb. og Alþfl. ásamt fleirum en mig minnir þó að það hafi verið talsmenn þeirra flokka tveggja sem stóðu að þeim tillöguflutningi. Okkur þóttu það kaldar kveðjur til þess fjölmenna hóps manna, karla og kvenna, sem starfa í fiskvinnslu í landinu og búa við það öryggisleysi sem fólst í þeim skertu réttindum sem þá var um að ræða. Á því hefur verið ráðin nokkur bót með nýlega samþykktum kjarasamningum og ég er ekki í vafa um að það hefur létt róðurinn fyrir umbjóðendur fiskvinnslufólksins að um þetta mál hafði verið fjallað hér á Alþingi, það hafði verið rætt og atkvæði gengið hér og ég er nokkuð viss um að ýmsir þeir, sem stóðu að því að fella það réttindamál, gerðu það með heldur slæmri samvisku. Svo er um ýmis fleiri mál sem hér hafa verið flutt um réttindabætur og öryggi einstaka hópum til handa.

Það er orðin ansi kynleg latína, sem hv. 5. þm. Vestf. flytur hér og hefur meðflm. með sér, að Alþingi eigi ekki að hafa skoðun á slíkum málum vegna þess að það sé betra að láta það afskiptalaust og láta það eingöngu ráðast af samningamönnum í kjarasamningum hverju sinni.

Ég hafna þessum rökum. Ég minni á fleiri mál fyrir utan það sem 1. flm., hv. 11. þm. Reykv., hefur hér nefnt, þar sem er réttur foreldra í veikindatilfellum barna. Það er eitt af þeim málum sem hafa verið flutt hér inn á vettvang Alþingis og í kjölfarið hefur þó þokast í rétta átt vegna þess að á það hefur verið þrýst hér á löggjafarsamkomunni og málið eðlilega verið tekið hér upp. Ég minni einnig á það að á liðnum árum hafa iðulega verið tekin upp og samþykkt réttindamál til einstakra hópa í landinu, sem mikils hafa verið metin, svokallaðir félagsmálapakkar, sem núverandi ríkisstjórnarmeirihluti hér á Alþingi vill sem minnst af vita, en sem fært hafa verkafólki í landinu, launafólki í

landinu og einstökum starfsstéttum, þar á meðal bændum, mikilsverðar réttindabætur vegna þess að löggjafinn hefur tryggt framgang málsins með viljayfirlýsingum og lagasamþykktum. Hér eru því sannarlega furðuleg rök á ferðinni.

Ég tek síðan undir það, sem fram hefur komið og fram kemur í rökstuðningi flm. með þessari þáltill., að það eru ansi kaldar kveðjur, sem hér eru fluttar til þess fjölmenna hóps sem rækir hin þýðingarmestu störf á heimilum landsins, að Alþingi ætlar að vísa þessu máli frá með þeirri till. að rökstuddri dagskrá sem meiri hluti allshn. hér flytur. Ég tel að það sé fullkomið sanngirnismál að tekið sé tillit til þess hlutskiptis — og það er ekkert bágt hlutskipti — sem mikill fjöldi fyrst og fremst kvenna rækir í heimilisstörfum inni á heimilum í landinu. Löggjafarsamkomunni ber að mínu mati að lýsa vilja sínum varðandi þetta mál og stuðla að því með slíkri viljayfirlýsingu, eins og hér er lagt til, að tekið verði tillit til aðstæðna og starfsreynslu þess fólks sem þarna vinnur hin þýðingarmestu störf.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en vildi að þetta sjónarmið kæmi hér fram og gagnrýni um leið þau léttvægu rök sem hér hafa verið flutt af meiri hluta nefndarinnar varðandi þetta efni.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég er satt að segja undrandi yfir þessari frávísunartillögu meiri hluta hv. allshn. Það er ekki hægt að bera á borð fyrir hv. Alþingi núna á þessum dögum að tiltekin atriði skuli ekki afgreidd þaðan með venjulegum hætti vegna þess að það snerti kjarasamninga. Ég held að það þurfi ekki að fara yfir mörg mál til að sýna að Alþingi hefur haft það sem eitt af sínum aðalviðfangsefnum undanfarna áratugi að fást við kjarasamninga.

Ég ætla aðeins að minna á eitt einasta mál sem ég vona að allir muni eftir og allir skilji að var grundvallarmál á sínum tíma, eitt af þeim málum sem gjörbreytui aðstöðu atvinnustétta í landinu. Það eru vökulögin. Því var vissulega haldið fram að þetta væri samningsatriði, þetta væri nokkuð sem ætti að fást við milli hinna svokölluðu aðila vinnumarkaðarins. Alþingi hefur afgreitt tugi og aftur tugi laga, fyrirmæla og þingsályktana sem snerta kaup og kjör og stöðu vinnandi fólks í landinu.

Þessi rök hv. allshn. standast alls ekki. Það eru þau sem gætu verið persónuleg skoðun nefndarmanna en alls ekki hitt að þeir séu í raun og veru í hjarta sínu sammála ályktuninni. Þeir bara vilja ekki lýsa yfir skoðun sinni af því að það hafa hvorki komið tilmæli um það frá BSRB né ofan úr Garðastræti. Ég held að það hefði verið miklu nær að hv. meiri hl. nefndarinnar hefði beint út sagt að hann væri andvígur þessu. Það hefði verið heiðarleg afstaða. Það hefði verið afstaða sem menn geta skilið. En að segja: Við erum með þessu en við viljum samt ekki fá það samþykkt — það er fráleitt. Það er nú einu sinni hlutverk alþm. að taka ákvarðanir í þeim málum sem snerta fólkið í þessu landi. Þetta mál er að vissu leyti prófsteinn á það hvort við viljum eitthvað í pólitík eða ekki. Það er í sjálfu sér ánægjulegt til þess að vita að á undanförnum árum hefur þetta hvað eftir annað komið upp og verið samþykkt og verið tekið tillit til þess. En ég tel fulla ástæðu til að Alþingi samþykki viljayfirlýsingu um þetta efni. Ég er sannfærður um að ríkisvaldið getur ekki á neinn hátt móðgast af því þó að Alþingi lýsi yfir þessum vilja sínum. Ég er viss um að ríkisstjórn Íslands muni taka það upp og framfylgja þessu ákvæði verði það samþykkt hér á hinu háa Alþingi.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Í því nál., sem lagt hefur verið fram frá hv. allshn. og kynnt hefur verið hér af frsm. nefndarinnar, er lagt til að þessari till., sem hér er á dagskrá, verði vísað frá með rökstuddri dagskrá á þeirri meginforsendu að till. fjalli um efni sem beri að semja um í kjarasamningum en ekki ákvarða með fyrirmælum frá Alþingi, eins og segir í nál. á þskj. 507.

Nú kann það að vera ljóst fyrir hv. nefndarmönnum hvar mörkin eru milli þeirra mála sem annars vegar á að afgreiða hér á hinu háa Alþingi og hins vegar þeirra mála sem eiga að afgreiðast og ákvarðast í almennum kjarasamningum. Mér eru þessi mörk alls ekki og engan veginn ljós.

Ég minni á að fyrir örfáum dögum síðan var lagt fram frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986 til ákvörðunar fyrir hið háa Alþingi, en þetta frv. hafði að geyma margvísleg málefni sem miklu fremur ættu eingöngu að heyra undir Alþingi en ekki undir almenna kjarasamninga. En um það var ekki spurt uppi í Garðastræti þegar samið var um breytingar á skattalögum, verðlagslögum, tollalögum o.s.frv. hvort þeim kæmu þessi mál við eða hvort Alþingi ætti að taka þau til meðhöndlunar og ákvörðunar. Alþingi var einfaldlega gert að leggja blessun sína yfir ákvarðanir sem höfðu verið teknar úti í bæ.

Ég stend hér upp, hæstv. forseti, til að lýsa því yfir að ég blæs á þessa röksemd hjá hv. allshn. og ég tel hana vera afsökun í þeim tilgangi að vísa þessu máli frá.

Ég minni á að það er ekki nema örstutt síðan Alþingi tók það upp hjá sjálfu sér að samþykkja lög um fæðingarorlof. Lengi vel var því haldið fram, eins og hér er gert, að það væri málefni sem ætti að útkljá í almennum kjarasamningum. En Alþingi spurði hvorki kóng né prest, tók á því máli eins og því ber vegna þess að þar var um að ræða réttindamál sem varðaði fólkið í landinu og þessi merka löggjöf náði fram að ganga. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann mæla gegn þeim lögum á þeirri forsendu að formsatriði hafi verið brotin í meðferð þess máls.

Í þeirri till., sem hér er til meðferðar og verið er að fjalla um, er lagt til að ólaunuð heimilisstörf séu metin til starfsreynslu. Ég held að Alþingi geti vel tekið afstöðu til þessa meginmáls. Ég er þeirrar skoðunar að ólaunuð heimilisstörf hafi verið vanmetin og þeir, sem hafa unnið þau störf, hafi verið gleymd stétt. Ég vil þess vegna taka afstöðu til þessarar þáltill. og ég styð þá grundvallarskoðun sem fram kemur í henni.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að till. gangi of langt. Þar er gert ráð fyrir því að fjmrh. skuli sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf metin á sama hátt og gert er hjá opinberum aðilum. Ég held að þessi till. sé of klippt og skorin og gefi ekki nægilegt svigrúm. Ég hefði viljað fá útskrift á því hvað þetta þýði í útgjöldum, hvaða áhrif það hefur að öðru leyti varðandi afstöðu ríkisins annars vegar og BSRB hins vegar, hvaða áhrif það hefur á stöðu ríkissjóðs og hvernig þetta mundi vera hugsað og framkvæmt í raun.

Till. sjálf er því ekki nægilega aðgengileg í óbreyttu formi og þyrfti að mínu mati að breytast. Ég hefði talið eðlilegt að hv. allshn. hefði tekið efnislega afstöðu til till., annaðhvort sagt að hún mundi vilja samþykkja hana eða synja henni eða þá gera breytingar á henni, vegna þess að ég held að það sé allra góðra gjalda vert að stíga það skref, sem hér er að meginefni lagt til, að ólaunuð heimilisstörf verði metin til nokkurrar starfsreynslu.

Til þess að undirstrika þessa afstöðu mína og lýsa stuðningi með þetta meginefni þáltill. mun ég greiða atkvæði gegn þeirri frávísunartillögu sem fram kemur frá allshn. Ég held að ef megintillagan er gölluð, þá sé till. allshn. hreinlega vitlaus.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég get alls ekki fallist á þau rök hv. allshn. sem koma hér fram varðandi frávísun með rökstuddri dagskrá. Ég tel að rökin séu allt í senn fráleit, fljótfærnisleg og fávísleg. Í raun og sannleika munu þeir, sem greiða atkvæði með rökstuddri dagskrá eins og hún er hér sett fram, vera að segja við sjálfa sig og þjóðina: „Allt sem varðar kjarasamninga og við höfum verið að fjalla um hér á þinginu, bæði á þessu þingi og að undanförnu, er rökleysa og á engan rétt á sér. Við eigum ekki að taka neinar ákvarðanir í þeim efnum.“ Þetta getur vitaskuld ekki staðist.

Í annan stað tel ég að í þessari till. til þál. sé hreyft mjög mikilvægu máli sem varðar vanmetin störf í þjóðfélaginu og að þáltill. taki á því með ákveðnum hætti, leitist við að rétta þar hlut þeirra hópa sem hér um ræðir sem er heimavinnandi fólk.

Það kann að vísu að vera ástæða til þess og ég finn ástæðu til þess með sjálfum mér að huga betur að hvernig framkvæmd skuli hagað. Að mínum dómi hefði nefndin átt að sinna því hlutverki. Það hefði átt að vera hlutverk nefndarinnar að huga að því með hvaða hætti væri hægt að ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram, með hvaða hætti væri hægt að hrinda þeim í framkvæmd, því að mér er ljóst að á því geta vissulega verið ýmiss konar tormerki. En þar sem ekkert slíkt liggur fyrir hjá nefndinni og engar upplýsingar um nein tormerki í þessum efnum verður ekki ályktað á annan hátt en þann að nefndin sjái í sjálfu sér ekkert athugavert við tillgr. eins og hún er.

Þó að ég áskilji mér rétt til að fylgja brtt. ef fram kæmu og væru til þess að renna styrkari stoðum undir þetta mál, einkum að því er framkvæmdina varðar, mun ég greiða atkvæði með þessari till. eins og hún var upphaflega lögð fram ef engar aðrar brtt. koma sem mér sýnast vera betri.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég óskaði eftir því við þingvörð að umsagnirnar yrðu sóttar út í Þórshamar þar sem m.a. er hugsanlegt að við upplestur sumra þeirra yrði mönnum ljósara að ágreiningsatriði hljóta að verða ærin um till. sem þessa.

Verði till. samþykkt óbreytt hafna menn tveimur aðalröksemdunum sem notaðar hafa verið fyrir starfsaldurshækkun. Önnur rökin eru þau að það eitt að stunda ákveðið starf skapi sérstaka leikni í viðkomandi starfi. Dæmi: Að stunda knattspyrnu mjög lengi getur skapað leikni í knattspyrnu.

Hin rökin eru þau að starfi maður lengi hjá sama fyrirtækinu skapi hann með sinni þekkingu verðmæti sem fyrirtækið greiði fyrir. Dæmi: Sumir menn hafa vegna langrar starfsreynslu hjá sama fyrirtæki kynnst störfum þess út og inn. Ef þeir eru spurðir um eitthvert mál geta þeir leyst úr því. Tollasérfræðingar hjá fjmrn. gætu verið dæmi um þetta.

Þetta tvennt yrði sett til hliðar og aldurinn einn yrði látinn ráða, þ.e. þeir þegnar, sem eru búnir að ná ákveðnum aldri, eiga rétt á starfsaldurshækkunum. Það er það eina sem stæði eftir. Við mundum sem sagt jafna 100% á milli þeirra kvenna sem starfa hjá ríkinu og ekki hafa gifst og þeirra sem hafa gifst, þ.e. ef þær hafa unnið hjá opinberum aðilum. Þarna mundum við framkvæma að jöfnu.

Það er vissulega rétt að sú skoðun er til staðar hjá mjög mörgum, m.a. hjá þeim sem hér stendur, að mjög margt í störfum geti yfirfærst á önnur störf og þannig sé rétt að meta það til starfsreynslu. Það er einmitt það sem aðilar vinnumarkaðarins eru að gera. En ég hygg aftur á móti að ef bæði ASÍ og atvinnurekendur eru eindregið þeirrar skoðunar að þeir vilji fjalla um þessi mál í sínum samningum hljóti menn að spyrja sig þeirrar spurningar: Eru þm. fyrir opinbera starfsmenn eingöngu eða fyrir þjóðina alla?

Vökulögin tóku á öllum sjómönnum sem unnu á togaraflotanum, ekki aðeins þeim sem unnu hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur eða Kveldúlfi. Ég man nú ekki hvort Bæjarútgerðin var til þá. Er mönnum ekki ljóst að vökulögin voru á sínum tíma ákvarðanataka um það að skipstjórar yrðu sviptir þeim rétti að geta sagt mönnum að standa á dekki jafn lengi og skipstjórum sýndist? Það stæðist ekki gagnvart meðferð á föngum að hafa slíkar heimildir.

Er það rökrétt að við tökum ákvörðun um það hér á Alþingi — ekki samkvæmt skoðun heldur eru hrein fyrirmæli í till. — að þær konur, sem vinna hjá ríkinu eða bæjarfélögum, skuli hafa allt annan rétt en þær sem vinna á hinum frjálsa markaði? Um 47% þegna á Vestfjörðum vinna við sjávarútveg og fiskveiðar. Er eðlilegt að ákveðið sé allt annað fyrirkomulag gagnvart þeim konum, sem vinna í fiskvinnslu, en þeim konum sem vinna hjá opinberum aðilum? Er það réttlætið sem Kvennalistinn berst fyrir? Er sjóndeildarhringurinn ekki stærri? Mér virðist nefnilega að sumir þeir sem hér eru inni ættu að leggja höfuðkapp á að komast í Garðastrætið og sumir sem eru í Garðastrætinu ættu að leggja höfuðkapp á að komast hér inn í þingsali. Þannig sýnist mér málin standa varðandi þessa umræðu.

Ég hef ákveðnar skoðanir á mjög mörgum málum. Það breytir ekki þeirri staðreynd að hvort sem okkur líkar það betur eða verr og hvort sem við teljum að valdið sé algerlega hér innan veggjanna, þá hef ég ekki treyst mér til þess t.d. gagnvart nýgerðum kjarasamningum að segja sem svo: „Af því að ég er ekki sammála einhverju atriði þar inni vil ég stöðva það að heildarlausnin fáist.“ Ég hef ekki treyst mér til þess að beita því valdi sem ég hef á þann hátt.

Ég studdi till. um fæðingarorlof og var flm. að slíku. Það var ekkert tekið á því máli á mismunandi hátt eftir því hvort konur voru starfsmenn hjá ríkinu eða á hinum frjálsa markaði. Það var engin mismunun höfð hvað þau atriði snerti.

Það skal vissulega viðurkennt að það er og verður nokkuð vandratað að meta það og vafalaust misjafnar

skoðanir á því hvar landamærin eigi að vera, hvað við eigum að ákveða hér á Alþingi varðandi réttindamál og hvað eigi að vera ákvarðað í frjálsum samningum. Kannske er það eitt af því sem þetta Alþingi okkar Íslendinga hefur gert rangt í þeim efnum, að líða framkvæmdavaldinu undir sumum kringumstæðum ákvarðanatöku um rétt opinberra starfsmanna langt fram yfir það sem aðrir starfsmenn í þessu þjóðfélagi hafa. Ég vil nefna verðtryggða lífeyrissjóði sem dæmi. Ætli það læðist ekki sú hugsun að einhverjum úti í samfélaginu að þm. hafi verið að hugsa um sjálfa sig þegar þeir létu slíkt átölulaust, en ætluðu svo verkamönnum allt annan rétt í samfélaginu?

Mér þótti athyglisvert að hv. 1. flm. talaði um það fram og til baka að menn væru að takast á um skoðanir. Það er ekki það sem er á dagskrá. Á dagskrá er að takast á um hvort veita eigi fjmrh. ákveðin fyrirmæli, hrein fyrirmæli, og fyrirmælin hljóða upp á að eftirleiðis skuli aldur manna settur númer eitt, tvö og þrjú þegar ákveðið er að raða mönnum í launaflokka eftir starfsaldri. Hin tvö atriðin, sem ég gat um hér áðan, færu út. Ég tel að einhvers staðar þarna á milli, á milli þess að meta heimilisstörfin ekkert, eins og var, og að meta þau að fullu, alveg án tillits til þess inn í hvaða störf menn eru að fara, hlyti niðurstaðan að verða. Ég játa fúslega að ég hef ekki treyst mér til að koma orðum að því með brtt. hvar ég nákvæmlega vildi að þetta væri. Ég hef ekki treyst mér til þess. Það má hver sem treystir sér til þess að segja nákvæmlega til um það hvernig á að meta þetta að sjálfsögðu leysa það mál og leggja til brtt.

Mér finnst líka athyglisvert að hv. 3. þm. Reykn. tók í sinni ræðu undir þessa staðreynd. Honum var ljóst að það er bil á milli þess að meta heimilisstörfin ekkert eða að ekkert skyldi metið í starfsaldurshækkunum annað en aldur manna. Það hlýtur að vera eitthvert bil þarna á milli.

Ég hygg að það hljóti að vera eitt af meginatriðum lagasetningar á Alþingi að hún taki nokkuð jafnt til allra aðila innan sömu starfsstéttar ef menn ætla að snúa sér að því að hafa áhrif á kjör viðkomandi stéttar eða hóps. Það má alltaf deila um hvað sé eðlileg þingræðisleg afgreiðsla. Ég hefði talið að ákvarðanataka um að meta starfsaldur til launa ætti að vera á þann veg að það gildi jafnt, hvort sem menn taka að sér störf hjá hinu opinbera eða á hinum frjálsa markaði. Það hefði mér sýnst jafnrétti í þessu máli.

Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa upp vissar umsagnir sem hafa haft áhrif á afstöðu nefndarinnar. Með leyfi forseta vil ég fá að lesa hér upp bréf frá Alþýðusambandi Íslands:

„Miðstjórn ASÍ hefur fengið til umsagnar till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu, 62. mál. Miðstjórnin telur ástæðulaust að Alþýðusamband Íslands hafi í þessu sambandi afskipti af samningagerð BSRB og ríkisins.

Virðingarfyllst, f.h. Alþýðusambands Íslands, Ásmundur Stefánsson."

Það hefði varla verið hægt að hafa þetta styttra. Það er sem sagt gert á mjög einfaldan hátt að rétta pakkann til baka án þess að hafa skoðun. (**HG:** Er þetta andstaða?) Hv. 5. þm. Austurl. talaði mikið um skoðun áðan. Ég vona að hann hafi ekki gleymt því. Ég var aðeins að vekja athygli á því eina atriði að pakkinn hefði verið réttur áfram án þess að hafa skoðun.

Með leyfi forseta vil ég lesa upp hvað Verkamannasamband Íslands segir um þetta atriði:

„Háttvirt þingnefnd hefur sent Verkamannasambandi Íslands til umsagnar till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu, 62. mál. Flm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir o.fl. Verkamannasamband Íslands er samþykkt því meginefni sem fram kemur í till. Telur það vera bæði sanngirnis- og réttlætismál. Á till. er hins vegar sá meginágalli að hún fjallar einungis um réttindi þeirra sem vinna samkvæmt samningum BSRB. VMSÍ er þeirrar skoðunar að öll sanngirni mæli með því að hér verði um almenn réttindi að ræða og leggur þess vegna til að till. verði samþykkt með þess háttar breytingu."

Það fer sem sagt ekki á milli mála að hjá þessum aðilum, sem sitja þar í öndvegi, er skilningur á því að þeir eigi að beita sér fyrir þessu máli í kjarasamningum og þeir vilja að þetta verði meginregla í þessum efnum. Þarna er skoðun. Hitt er svo spurning, hvort Alþingi Íslendinga, í þeirri stöðu sem menn hafa verið hér til að reyna að tryggja frið í þessu landi, hafi talið sig vera í þeirri stöðu að það gæti sent fyrirmæli niður í Garðastræti.

Með leyfi forseta vil ég lesa upp bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands:

„Vinnuveitendasamband Íslands hefur með bréfi dags. 14. febrúar s.l. borist til umsagnar till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu, 62. mál þingsins, og vill af því tilefni láta eftirfarandi koma fram:

Þáltill. sú er hér um ræðir snýr að sönnu ekki að almennum vinnumarkaði heldur er henni ætlað að takmarkast við samningasvið fjmrh. og samtaka opinberra starfsmanna. Allt að einu sér Vinnuveitendasambandið sig knúið til að koma á framfæri við þingnefndina og þó einkum flm. alkunnum staðreyndum um uppbyggingu launakerfa og áhrif starfsaldurs og/eða starfsreynslu á skipun manna í launaflokka.

Til grundvallar launahækkunum eftir starfsaldri liggur einkum tvennt. Annars vegar er um að tefla þær almennu líkur sem fyrir því eru að starfsmaður sem lengi hefur starfað hjá sama fyrirtæki hafi öðlast meiri færni og skili betra verki en sá sem hefur þar störf í fyrsta sinn. Í annan stað þykir eðlilegt að láta starfsmenn njóta þess í nokkru ef þeir starfa í sama fyrirtæki um lengri tíma. Til þessa liggja ýmis rök, en ekki síst þau að þjálfunarkostnaður nýrra starfsmanna er umtalsverður þó misjafnt sé það eftir greinum. Samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er greitt sérstaklega fyrir starfsreynslu í sömu starfsgrein þó hjá fleirum en einum atvinnurekanda sé. Slík starfsreynsla getur veitt mönnum rétt til launa samkvæmt fimm ára aldursþrepi eða sem svarar 10% álagi á byrjunarlaun. Starfsaldurshækkanir samkvæmt almennum kjarasamningum geta svarað til allt að 20% álags á byrjunarlaun þegar ófaglært verkafólk á í hlut. Það sem hér ber á milli er alfarið bundið starfi í sama fyrirtæki.

Þó ekki sé það almennt finnast þess dæmi að ákveðið sé í kjarasamningum að taka skuli tillit til starfsreynslu í heimilisstörfum við röðun í launaflokka. Það mun þó hvergi vera með þeim hætti sem tillgr. gengur út á, þ.e. að hvert ár utan vinnumarkaðarins jafngildi ári í starfi, enda væri slíkt fráleit skipan mála með vísan til þess sem áður er sagt um eðli starfsaldurshækkana.

Jafnframt því að Vinnuveitendasamband Íslands

mælir mjög eindregið gegn samþykkt þessarar þáltill. áréttar það að efni tillgr. snýr að veigamiklum þætti kjarasamninga sem eðlilegt er að samtök launþega og atvinnurekenda útkljái í frjálsum kjarasamningum."

Hér eru eftir nokkrar umsagnir sem koma frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum. Þar er með breytilegum hætti afstaða til þessa máls. Ég sé raunverulega ekki að þar komi neitt nýtt fram sem ekki hefur áður komið fram í þeim gögnum sem ég hef lesið hér upp.

Mér finnst það hljóti að vera eðlilegt að Alþingi Íslendinga álykti um mjög margt sem vissulega er réttlætismál. Mér finnst eðlilegt undir þeim kringumstæðum að þannig sé þó staðið að verki, eins og Verkamannasamband Íslands vekur athygli á, að það nái þá jafnt til allra þegna. Mér finnst aftur á móti ákaflega erfitt að standa þannig að störfum á Alþingi, þegar vinnudeilur eru uppi og vaxandi harka virðist vera að færast í mál, að þá sé ákveðið að gefa fyrirmæli til samningamanna sem magna þann ófriðareld sem þar er. Ég hef ekki treyst mér til að mæla með slíkum vinnubrögðum. Mér finnst jafnframt á vissan hátt dálítið hlálegt, þegar búið er að semja á hinum frjálsa markaði um þessi mál og samningar einnig komnir í þann farveg að opinberir aðilar hljóta mjög að taka mið af því sem þar hefur verið gert, að gefin séu sérstök fyrirmæli til fjmrh. um að gera betur við opinbera starfsmenn í ákveðnum tilvikum en hinn almenni launamarkaður hefur gert. Ég sé ekki rökrænt samhengi í því. Ég hygg að flestir þeir sem setjast niður og hugleiða þessi mál fram og til baka muni komast að þeirri niðurstöðu að einhvers staðar á milli þess að heimilisstörf séu metin að fullu og að þau séu einskis metin hljóti mörkin að liggja nema það sé skoðun Alþingis að þær forsendur sem áður hafi verið lagðar til starfsaldurshækkana séu vitleysa og við viljum koma því alveg skýrt og skilmerkilega á framfæri að svo sé.

Það var dálítið rætt um þinglega meðferð mála og óþinglega meðferð mála. Mér er ekki að fullu ljóst hvað hv. flm., 11. þm. Reykv., á við þegar hann telur að ákvörðun þm. um að vísa máli frá með rökstuddri dagskrá sé óþingleg meðferð. Ég hef litið svo á að hv. þm. hafi starfað það lengi á Alþingi að það fari ekki milli mála að hún viti að þetta er eitt af því sem nefndir þingsins leggja til um meðferð mála. Mér er ekki ljóst að hv. 11. þm. Reykv. hafi neina sérstaka starfsreynslu í því að úrskurða hvað sé þingleg meðferð í þinginu. Það er greinilegt að hún telur fráleitt að þm. hafi á því aðra skoðun en þá sem hún telur hina einu réttu. Auðvitað er alltaf hægt að gera þær kröfur til nefnda að þær skuli breyta þáltill. og leggja þær fram á þann hátt sem nefndin telji eða meiri hl. hennar að sé rétt eða eðlilegt. Undir mörgum kringumstæðum gjörbreytist till. og hörðustu andstæðingarnir við þá till. gætu verið flm. hinnar upphaflegu. Og mér er spurn: Er eðlilegt að ávallt sé sú afstaða tekin? Ég efa það. Ég tel að í vissum málum, eins og t.d. því sem hér er verið að ræða um, hljóti flm. að hafa hugleitt í upphafi hvort þeir væru stuðningsmenn þess að þessi fyrirmæli færu út í lagaformi og næðu til alls atvinnureksturs í landinu eða hvort fyrirmælin ættu aðeins að ná til opinberra starfsmanna. Ég lít svo á að þeir hafi tekið afstöðu til þess áður en þeir fluttu till.

Mér hefur orðið hugsað til þess, eftir að samningarnir í Garðastræti komu í ljós og Alþingi afgreiddi lagabreytingar sem voru nauðsynlegir fylgifiskar með samningunum, að þingið hljóti í reynd að hafa viðurkennt það, sem allir hafa vitað, að Alþingi Íslendinga „dómínerar" ekki eins og einhver einræðisherra yfir þessu landi. Það þarf svo sannarlega að laga sig að mörgum ákvörðunum sem fjöldasamtök í landinu taka. Ég tel það ekki neina minnkun fyrir þingið þó að það sitji frammi fyrir þessum staðreyndum. Ég tel að það sé kannske í reynd komið nær hinu íslenska samfélagi með því að færa umræðuna um ýmis stór ákvarðanamál út til fjölmennra valdahagsmunaaðila í samfélaginu og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ég hef hlustað á það hér að menn hafa talað með fyrirlitningu um þá menn sem hafi hlýtt fyrirmælum úr Garðastræti og jafnframt eru þeir óbeint að koma því á framfæri að það séu ljótu skræfurnar, það huglausa lið sem hlýði fyrirmælum úr Garðastræti, og undirstrika það til að koma því á framfæri við þjóðina að það séu hetjur á þingi líka sem hlýði engum fyrirmælum úr Garðastræti. Auðvitað er gott að menn standi fast á sínum skoðunum og komi þeim á framfæri, en hlýtur það ekki að vera ein af meginskyldum Alþingis Íslendinga að reyna að tryggja frið í þessu landi eða er það svo ómerkilegt að það sé aðeins þegar menn tala um kjarnorkusprengjur að menn vilja ræða um að það eigi að tryggja frið? Er staðan slík? Mér finnst að menn megi gjarnan komast dálítið nær samfélaginu og sleppa því að líta svo á að þeir séu hér í einhverjum fílabeinsturni.

Alþingi hlýtur á hverjum tíma að vera þátttakandi í sínu samfélagi til mótunar stefnu sem vonandi leiðir til farsældar fyrir þjóðina og tryggir þann frið að hægt sé að treysta því að efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar haldi velli. Ég hef í það minnsta talið mig þurfa að standa frammi fyrir því að margar þær skoðanir sem ég hef á ýmsum málum, sem aðilar vinnumarkaðarins semja um í frjálsum samningum, eru allt aðrar en þeir hafa skrifað undir, en ég hef litið svo á að ég væri ekki í þeirri stöðu að ég gæti snúið því tafli við og breytt því. Ég gæti aftur á móti gert annað. Ég gæti reynt að vinna þeim skoðunum fylgi hjá þegnum þjóðfélagsins og þannig skapað víðtækari grundvöll fyrir samstöðu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að flestir sem hér eru inni hafa orðið að meta hlutina á svipaðan hátt. Þess vegna vil ég undirstrika — og mælist til þess að flm. hártogi ekki: Það sem nefndin treystir sér ekki til að gera er að gefa fyrirmæli til fjmrh. eins og hér er lagt til. Það breytir engu um að nefndarmenn hafa sínar skoðanir á því hvernig þeir mundu leysa þessi mál stæðu þeir á þeim oddi að þeir tækju þátt í þeim samningum.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Hér hefur vissulega verið hreyft við stóru máli. Ég verð að taka undir það, sem sumir hv. þm. hafa sagt, að menn skyldu ræða þessi mál með gætni því að hér er raunverulega verið að hreyfa við bæði miklu hagsmunamáli og einnig tilfinningamáli sem er þess eðlis að það er ekki rétt að vekja upp of miklar vonir, a.m.k. ekki vonir sem ekki er unnt að standa við.

Ég hef átt þess kost í rúma tvo áratugi að standa í samningum úti á hinum almenna vinnumarkaði og hef samið þar m.a. um atriði sem þessi þáltill. kemur mjög sterkt inn á fyrir aftur á móti mjög takmarkaðan hóp manna, vil ég segja. Ég held að ekki sé hægt að fjalla um þetta mál með þeim hætti að það sé ekki litið á það í

heild, þ.e. horft til þjóðarinnar í heild þannig að allir sem til greina koma komi inn í þá mynd sem um er fjallað í þáltill.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti að mér finnst þáltill. vera of þröng. Eins og fram hefur komið í ræðum nokkurra þm. og kemur einnig fram í þáltill. er raunverulega aðeins tekin afstaða til þeirra sem koma til starfa hjá hinu opinbera. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna bæði hjá mér og öðrum: Hvað um þær tugþúsundir sem eru úti á hinum almenna vinnumarkaði? Þáltill. tekur ekki beina afstöðu til þess. Þess vegna tel ég að það eigi að fjalla um þetta mál á mun víðtækari grundvelli með miklu stærra markmið í huga en kemur fram í þessari þáltill.

Einnig vil ég segja það að hér er verið að fjalla um þrjú atriði sem öll eru mjög mikið matsatriði. Í fyrsta lagi er það mikið matsatriði hvað er heimilisstarf. Það er einnig mikið matsatriði hvernig menn koma út á vinnumarkaðinn — nú tala ég um vinnumarkaðinn í hinni víðtækustu merkingu þess orðs. Í öðru lagi er það mikið atriði hvernig þetta snertir svið hinna svokölluðu frjálsu samninga, þ.e. aðila vinnumarkaðarins eins og fram hefur komið. Síðast en ekki síst snertir þetta eilífðarmál hv. alþm., þ.e. hver eigi að vera afskipti Alþingis af kjaramálum. Það er rétt, sem fram hefur komið í ræðum hér, að Alþingi hefur orðið að taka og tekur afstöðu til kjaramála á hverjum tíma en það hefur verið grundvallarstefna hv. Alþingis í gegnum tíðina að gera það ekki nema í nauðir reki og Alþingi verði að grípa í taumana vegna þjóðarheillar. Þess vegna hlýtur það að vera meginreglan eftir sem áður að Alþingi eigi sem minnst að gefa fyrirmæli í þá veru sem um er fjallað í þáltill. Ég hef þess vegna ásamt hv. 4. þm. Reykn., Salome Þorkelsdóttur, leyft mér bera fram svohljóðandi brtt. við þessa þáltill., með leyfi forseta, sem ég mun afhenda eftir að ég hef kynnt tillöguna:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að láta kanna með hvaða hætti unnt væri að meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf inn kjarasamningum þannig að þau störf veittu sambærileg kjör og aðrir hafa á almennum vinnumarkaði."

Flutningsmenn eru Guðmundur H. Garðarsson og Salome Þorkelsdóttir. Með þessu erum við að færa þessa umræðu inn á það svið að það nái til allra sem þetta mál snertir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 10. þm. Reykv. hefur lagt fram og lýst brtt. Sú brtt. er bæði of seint fram komin og svo er hún skrifleg og þarf því að leita tvöfaldra afbrigða. Það verður ekki nú á þessum fundi leitað slíkra afbrigða. Það þykja heppileg þáttaskil nú til að fresta þessari umræðu. Það eru allmargir á mælendaskrá enn þá og umræðunni verður haldið áfram á næsta fundi. Umræðunni er frestað.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs í framhaldi af þeim kjarasamningum, sem gerðir hafa verið og staðfestir í allmörgum verkalýðsfélögum, og af þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið í tengslum við kjarasamningana um verðlagsmál.

Í yfirlýsingunum kemur fram að aðhald í verðlagsmálum er ein grundvallarforsenda þess að þessir kjarasamningar og kaupmáttur þeirra standist. Gert er ráð fyrir því í 7. gr. kjarasamninganna að kaup komi til endurskoðunar ef verðlag, framfærsluvísitala, fer á bilinu frá 1. janúar til 1. maí fram yfir 2,5% í hækkun, á bilinu 1. janúar til 1. ágúst fram yfir 4,4% og á bilinu 1. janúar til 1. nóvember fram yfir 6,1%. Hér er bersýnilega um mjög ströng mörk að ræða og í bréfi aðila vinnumarkaðarins til ríkisstj. 26. febr. s.l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin feli Verðlagsstofnun að stórauka verðgæslu og verðkannanir til þess að sem best megi fylgjast með þróun verðlags á sem flestum sviðum. Markmiðið með slíku er að auka upplýsingar um verðlagsmál, veita aðhald við verðákvörðunum og efla verðskyn almennings.

Verðlagsstofnun hafi náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd málsins, sbr. yfirlýsingar aðila um aðhald í verðlagsmálum."

Og í framhaldi af þessu bréfi Alþýðusambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandsins sendi ríkisstjórnin svar daginn eftir, þann 27. febrúar s.l., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin telur að með þeim kjarasamningum, sem nú er verið að gera og aðgerðum sem hún hyggst beita sér fyrir, hafi náðst mikilsverð samstaða um átak til að snúa þróun verðlagsmála til betri vegar."

Það er því alveg augljóst mál að auk þess sem samningarnir gerðu ráð fyrir niðurfærslu verðlags um 4,2% í framfærsluvísitölu þá byggjast samningarnir og kaupmáttarforsendur þeirra á því að fylgt verði mjög strangri aðhaldsstefnu í öllum verðlagsmálum á þessu ári. Nú hefur það hins vegar gerst frá því að þessir kjarasamningar voru undirritaðir — enda þótt samningarnir hafi ekki verið staðfestir í öllum verkalýðsfélögum og heldur ekki hjá BSRB — að birst hafa fréttir í blöðum um verulegar og tilfinnanlegar hækkanir á ákveðnum þáttum þjónustu. Í þeim efnum vil ég fyrst nefna húsaleiguhækkun Reykjavíkurborgar um 67% sem er augljóst brot á anda þess samkomulags sem gert var milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi vil ég nefna fréttir um 60–70% hækkun á ýmsum þjónustugjöldum bankanna. Og í þriðja lagi vil ég nefna frétt sem birtist í fjölmiðlum í gær og í dag um verulega hækkun á bifreiðaiðgjöldum tryggingafélaganna.

Mér sýnist augljóst að þessar hækkunarfréttir beri með sér að nauðsynlegt sé að þegar í stað komi það fram frá ríkisstjórninni að fylgst verði með þessum málum og aðilum, sem gera sig seka um hækkanir umfram þau mörk sem reikna má með, verði skipað að taka þær hækkanir tafarlaust til baka. Ef ríkisstjórnin ekki gerir það er hún ekki að uppfylla samningsskilyrði. — Ég vænti þess að þessi bjölluhljómur hafi verið til marks um það að ég hafi senn lokið mínum tíma, eða hvað? (**Forseti:** Hv. þm. hefur lokið sínum tíma.) Og þess vegna er það herra forseti, sem svo stendur nákvæmlega á að ég ber hér fram fsp. til hæstv. viðskrh. á þessa leið:

Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa að því að framkvæma það stranga verðlagsaðhald sem er einn megin-

hornsteinn nýgerðra kjarasamninga?

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar er byrjað að fylgjast með því hvernig tollalækkanir skila sér í verði til neytenda. Áður en tollalækkanirnar komu til framkvæmda var tekið upp verð á helstu vörutegundum. Ef lækkanir skila sér ekki með eðlilegum hætti, þ.e. á grundvelli samkeppnishvetjandi aðgerða Verðlagsstofnunar, getur þurft að fylgja þeim eftir tímabundið með beinum afskiptum af verðlagningunni. Samhliða er í undirbúningi hjá Verðlagsstofnun í samráði við aðila vinnumarkaðarins herferð sem felur í sér stóraukna upplýsingamiðlun til eflingar á verðskyni og samkeppni. Seljendum vöru og þjónustu verða send bréf þar sem þeir verða minntir á reglur um verðlagsmál og þeir hvattir til í ljósi breyttra aðstæðna að stuðla að sem lægstu verði. Einnig er gert ráð fyrir hvatningu til neytenda á áberandi stöðum um að fylgjast með verðlagi. Verðkannanir verða örar um land allt og munu aðilar vinnumarkaðarins leggja sitt af mörkum til að fylgja könnunum eftir í sínum byggðarlögum. Leitast verður við að hafa sem best samstarf við fjölmiðla um upplýsingaherferðina. Fjölmiðlar hafa ávallt sýnt þessu málefni áhuga og þess er að vænta að svo verði einnig nú.

Vonir eru bundnar við að með þessum aðgerðum m.a. muni forsendur kjarasamninga standast. Verðlagsstofnun mun stórauka markvissa verðgæslu og komi í ljós að mál þróist með óeðlilegum hætti, sem ekki verður unnt að leysa með samkomulagi, getur þurft að beita beinum verðlagsaðgerðum. Vonandi sýna seljendur þá ábyrgð og sanngirni þannig að ekki þurfi til þess að koma. Félag ísl. iðnrekenda hefur nú nýlega eða strax eftir kjarasamninga ritað félagsmönnum sínum bréf þar sem þeir leggja áherslu á að halda verðlagi á framleiðsluvörum sínum niðri og benda á að það sem þessi atvinnurekstur fær í aðra hönd í lækkun á mörgum rekstrarliðum þýði að það eigi og sé stefna samtakanna að halda verðlagi niðri.

Ég er ekki hér til svara fyrir húsaleiguhækkanir eða hækkanir á tryggingagjöldum bifreiða, en fyrirspyrjandi veit það, sem fyrrv. trmrh., að vátryggingaiðgjöld bifreiða koma ári á eftir og þá er tekið tillit til þess að tryggingaeftirlitið reiknar með hækkunum. Hins vegar gæti slíkt kostað að tryggingafélögin segðu tryggingastarfseminni upp, en ég ætla ekki að fara inn á það hér frekar nú.

En við vitum að margar vörur hafa þegar lækkað í verði og það mikið. Síðast í gær var ákveðið að lækka bensín um 2 krónur lítrann. Í sambandi við fregn um hækkun á ákveðinni þjónustu banka þá skrifaði ég bréf um það þegar í gær, þar sem ég bar þau tilmæli fram að viðkomandi banki hækkaði ekki þessa þjónustu sína. Þó hefur komið í ljós að hann var á eftir öðrum bönkum í hækkun, en ég veit ekki annað en að við þeim tilmælum verði orðið.

Þessar umræður gefa ekki tilefni til þess að ræða verðlagsmál. Hér er nánast um símskeytastíl að ræða í svörum sem engan veginn er hægt að svara í tæmandi máli. Því læt ég hér staðar numið.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er alveg ljóst að grundvallarforsenda þess að þeir tímamótasamningar, sem nú hafa verið gerðir, standist er að verðgæsla sé í lagi, hún verði stórefld og komið verði í veg fyrir að hinir einstöku aðilar geti hagnast af þeim aðgerðum, sem nú eru hafðar í frammi varðandi lækkanir á tollum og öðru slíku, að kaupmenn, að seljendur vöru verði ekki til þess að græða á þessu.

Ég tel rétt að fram komi að mikill vilji er fyrir því hjá samningsaðilum að beita sér í þessu efni og hafa fulltrúar Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda nú þegar átt fund með verðlagsstjóra og starfsmönnum hans. Verðlagsstofnun hefur tekið okkar tilmælum mjög vel og býr sig nú af kappi undir það að bæta verðgæslu, auka verðgæslu og koma í veg fyrir að óæskilegir aðilar hagnist á þeim aðgerðum sem nú eiga sér stað.

Á þessum fundum hefur verið rætt um það sérstaklega að athugað verði verðið hjá bílaumboðum, hjá þeim sem selja heimilistæki og hjá þeim öðrum sem selja vöru sem lækkaðir hafa verið tollar á. Veruleg hætta er á því að viðkomandi aðilar noti tækifærið til þess að hækka álagningu. Við höfum vissar grunsemdir um að það eigi sér stað og höfum komið því nú þegar á framfæri við verðlagsstjóra.

Alþýðusambandið mun á næstunni skrifa öllum sínum félögum bréf þar sem farið verður fram á það að hvert einasta verkalýðsfélag geri verðkannanir á sínum stað, á milli verslana, á milli byggðarlaga, og það verði þáttur í því að halda verðlaginu niðri. Jafnframt að beina því til félaganna að hver einasti félagsmaður komi því á framfæri við verkalýðsfélag eða Verðlagsstofnun ef hann telur á sig hallað. Þetta er ný leið í því skyni að lækka vöruverð og verður þessi herferð sett af stað núna í næstu viku. Ég bendi á það að Félag ísl. iðnrekenda hefur tekið mjög skynsamlega á þessu máli einnig og hefur beint því til sinna félagsmanna að standa þannig að málum. Við fórum einnig fram á það við verðlagsstjóra að hann fylgdist með innlendum iðnaðarvörum og eins og ég sagði er meiningin að svo verði gert. Þá mun líka fyrirhugað að ráða fleira fólk til að sinna þessum störfum en ég á von á því að aðgerðir aðila vinnumarkaðarins komi til með að hjálpa mjög til í þessum efnum.

Ástæða er til að taka dæmi í þessu efni: T.d. er fyrirhugað að verkalýðsfélög fái leiðbeiningar hjá Verðlagsstofnun um það hvernig að þessu skuli standa, t.d. um það hver er helgarpakki heimilanna. Gerð verði verðkönnun á því hvað hann kostar í hinum ýmsu verslunum og síðan verður auglýst hvar sé best að versla, hvar sé lægst vöruverð, hvernig sé best staðið að málum. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram hérna, en jafnframt minni ég á það að lokum að höfuðforsenda fyrir því að þessir kjarasamningar geti staðist, þessi tilraun takist, sem verður að takast, er að verðlag verði innan þeirra marka sem ætlast er til og kjarasamningarnir eru byggðir á.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Tíminn er stuttur. Ég vil taka það fram að ætlun mín var ekki að stunda hér einhverjar árásir á hæstv. viðskrh. En í niðurlagi samninga Alþýðusambandsins er bréf frá hæstv. forsrh. þar sem segir: „Þess er vænst að aðrir aðilar í þjóðfélaginu leggi einnig sitt af mörkum og fyrirtæki reyni markvisst að halda aftur af hækkunum verðs á framleiðslu- og söluvörum sínum innanlands og endurskoði til lækkunar verðákvarðanir sem byggst

hafa á áætlunum um meiri verðbólgu en nú eru horfur á að verði á næstu mánuðum.“ Þetta segir hæstv. forsrh. og ég endurtek: Ég er síður en svo að brigsla hæstv. iðnrh. að hann sé ekki heill í þessu máli.

En í gærkveldi eftir Dagsbrúnarfund bárust mér harla kynlegar upplýsingar um hin grænu tré ríkisbankanna og þar er nú aldeilis ekki farið að tilmælum forsrh. Það er best að fara hratt yfir sögu. Eftir 1. mars hafa ríkisbankarnir, Samvinnubankinn og Verslunarbankinn sett þær reglur að ef þeir skuldbreyti lánum þá hækki vextir úr 5% í 7%. Tékkhefti kostuðu fyrir 1. mars 65 kr., kosta nú hjá Búnaðar- og Samvinnubanka 140 kr., hjá Landsbanka og Útvegsbanka 110 kr. og hjá Verslunarbanka 120 kr. Vegna ávísana sem fara yfir, umfram heimild, var tekið 150 kr. gjald fyrir hverja ávísun fyrir utan refsivexti. 1. mars var þessu breytt. Landsbankinn og Útvegsbankinn taka 205 kr. á hverja ávísun, Búnaðarbankinn 240 kr., Verslunarbankinn 252 kr., Samvinnubankinn 280 kr. Fyrir að útbúa skuldabréf, sem áður kostaði 208 kr., eru teknar hjá Búnaðarbankanum 368 kr. eftir 1. mars, hjá Samvinnubankanum 408 kr., hjá Landsbanka og Útvegsbanka 352 kr., hjá Verslunarbanka 416 kr., 100% hækkun. Almennir gíróseðlar kostuðu fyrir 1. mars 12 kr., eftir 1. mars 17 kr. Fyrir aðrar tegundir af gíróseðlum, sem kostuðu 17 kr., eru nú greiddar 25 kr. Fyrir önnur skjöl sem bankar útbúa, t.d. veðleyfi, var gjaldið 208 kr., eftir 1. mars 486 kr.

Tími minn leyfir ekki fleiri upplýsingar, en þegar svona er um hin grænu tré, ríkisstofnanir og almenna banka, þá líst mér ekki á ýmsa aðra. Ég treysti hæstv. viðskrh. til að taka nú rösklega til hendi og sýna bönkunum alveg svart á hvítu hver er viðskrh. í þessu landi. Það er beðið eftir hans hlut.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð enda leyfir tíminn ekki annað. Við Kvennalistakonur bentum á það ítrekað í umræðum um kjarasamningana hér á hv. Alþingi í síðustu viku að verðlagseftirlitið væri einn af veikustu hlekkjunum í þessum samningum og þeim efnahagsaðgerðum sem þeim fylgdu. Það kemur mér því ekki á óvart að hér er nú upplýst um verðlagshækkanir sem hafa orðið síðan samningarnir gengu í gildi.

Hæstv. viðskrh. ræddi um verðkannanir og samvinnu við fjölmiðla um að dreifa upplýsingum um verðlag í landinu og eins ræddi hv. þm. Karl Steinar Guðnason um að þetta væri það eftirlit sem á væri byggjandi. Ég vil aðeins koma einu atriði að, sem ég veit ekki hvort hefur heyrst í þessari umræðu áður, og það er: Hvernig dettur mönnum í hug að vinnandi fólk á Íslandi — og menn vita hvað menn vinna mikið á Íslandi — hafi tíma til að setja sig inn í það hvað vörur kosta, t.d. matvörur í hverri búð? Hvernig á fólk að hafa tíma til þess að setja sig inn í þessi mál í smáatriðum og ef til vill fara langar leiðir eftir matvörum til að reyna að kaupa þar sem ódýrast er? Ég segi fyrir mig, ég er útivinnandi húsmóðir og ég hef ekki tíma til þess. Ég verð að kaupa það sem fæst í næstu búð hvað sem það kostar og samt fæ ég, vegna þess að ég vinn hér en ekki einhvers staðar annars staðar, sendar verðlagskynningar Verðlagsstofnunar mánaðarlega eða oftar. Ég hef ekki tímann og það gildir um mjög marga sem í hlut eiga. Ég held að við verðum að horfast í augu við það að eina leiðin til að þessi þáttur samninganna geti staðist er virkt verðlagseftirlit.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin og þm. öðrum fyrir þátttöku í þessum umræðum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hér fari fram umræður um mál af þessu tagi þegar ætla má að menn séu að bregða út af þeim forsendum sem kjarasamningarnir byggðust á. Ég tel að þær upplýsingar sem fram komu hjá hv. 7. þm. Reykv. séu með þeim hætti að það sé algerlega óhjákvæmilegt að viðskrh. taki á þessu máli eigi síðar en þegar í stað. Það þýðir ekki að setja málin þannig upp af ríkisstjórninni að hún hafi áhuga á því að koma hér niður verðlagi, halda aftur af verðbólgu og allt það, en líða það á sama tíma að ríkisstofnanir vaði fram með þessum hætti og hækki sína þjónustu um 100%. Þetta er hlutur sem ekki gengur og þeir trúnaðarmenn flokkanna, sem hér eru á Alþingi inni í bankaráðum bankanna, hljóta að sjá þá skyldu sína næsta, eigi síðar en þegar í stað, að taka á þessu máli því þetta gengur ekki! Hér er verið að svíkjast aftan að þeim grundvallaratriðum sem þessir kjarasamningar byggjast á. Ekkert minna.

Það er alveg laukrétt, sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sagði, að til þess að ná utan um þessi mál verður að koma á verðlagseftirliti, raunverulegu verðlagseftirliti, enda byggjast forsendur kjarasamninganna á því og þar með því að ríkisstj. víki frá álagningarfrelsinu sem hún hefur sjálf innleitt. Kjarasamningarnir ganga því, að því er verðlagsmálin varðar, þvert á þá stefnu frjálshyggjunnar sem ríkisstjórnin hefur fylgt.

Ég vil í þessu sambandi, herra forseti, benda á að á undanförnum mánuðum hefur Verðlagsstofnun í vaxandi mæli birt yfirlit yfir verðlag í einstökum verslunum. Mér er kunnugt um það að Verðlagsstofnun hefur sætt ámæli fyrir það í verðlagsnefnd af fulltrúum kaupmanna og atvinnurekenda að birt væru nöfn stofnana eða verslana sem byðu hið hæsta verð eða væru með hina hæstu álagningu. Það verður að vera alveg tryggt varðandi birtingu upplýsinga á komandi mánuðum að samráðsákvæðið við aðila vinnumarkaðarins verði ekki notað af Vinnuveitendasambandinu og Kaupmannasamtökunum til að koma í veg fyrir að nöfn hinna brotlegu aðila verði skilyrðislaust birt.

Ég skora á hæstv. viðskrh. í framhaldi af þessari umræðu að grípa þegar í stað til aðgerða. Ég vil einnig lýsa því yfir fyrir hönd míns flokks að við munum þegar í næstu viku, ef ástæða verður þá til, taka þessi mál upp á nýjan leik ef okkur sýnist slælega á málum haldið af hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég held að það sé þarft að þessi umræða fari fram, og í tíma talað, því að ljóst er að það ræðst að miklu leyti nú þegar á fyrstu vikum og mánuðum gildistíma þessara kjarasamninga hvernig til tekst.

Ég held að nauðsynlegt sé að menn geri sér þegar í upphafi grein fyrir því að þegar breytingar verða, áþekkar þeim sem nú standa fyrir dyrum og eru að verða í okkar efnahagslífi, þá myndast visst skjól, ef svo má að orði komast, í verðlagsmálum sem því miður reynslan sýnir að ýmsir hafa tilhneigingu til að misnota. Ég nefni til samanburðar þær aðstæður sem upp komu í

íslensku efnahagslífi og verðlagsmálum þegar myntbreytingin var framkvæmd á sínum tíma. Enginn vafi er á, þegar það er skoðað aftur á bak, að ýmsir misnotuðu sér það skjól sem þar gafst til að fela verðlagshækkanir fyrir skertu verðskyni almennings. Og ég vil segja það, herra forseti, að það er ekki líðandi, ekki undir nokkrum kringumstæðum líðandi, ef atvinnurekendur — og þaðan af síður ef opinberir aðilar, ríki eða sveitarfélög, — ætla að eyðileggja þessa tilraun, sem svo hefur verið nefnd, þegar á fyrstu dögum. Það dugar ekkert annað en stórhert verðlagseftirlit og miskunnarlausar nafnbirtingar og helst myndbirtingar þeirra aðila sem gerast brotlegir í þessum efnum.

Það er alveg ljóst, t.d. þegar talað er um bankana og ríkisbankana, að flestum öðrum stæði nær að hækka hjá sér þjónustuna heldur en þeim. Ég veit ekki betur en þeir ættu allra aðila frekast að geta borið það að hækka ekki gjöld fyrir sína þjónustu, gefandi þannig mjög slæmt fordæmi. Og vegna þess að hér situr inni slatti af bankaráðsmönnum, kjörnir hér á þinginu við misjafnlega miklar vinsældir eins og gengur, jafnvel formenn bankaráða, þá skora ég á þá að koma hér upp á eftir — einhverjir þeirra munu reyndar þegar hafa beðið um orðið — og gera okkur grein fyrir því hvort þingkjörnir fultrúar í bankaráðum ætla að líða þetta. Í fyrsta lagi er þeim þetta ljóst, sbr. þær upplýsingar sem hv. 7. þm. Reykv. kom fram með. Ætla þeir að líða þetta fyrir sitt leyti? Hæstv. viðskrh., yfirmaður bankamála, ætti auðvitað einnig að taka á þessu afdráttarlaust þannig að þingið þurfi ekki að velkjast stundinni lengur í vafa um það að allt verði gert sem hægt er af hálfu þeirra aðila sem hér eru til þess að koma í veg fyrir að þessi tilraun verði á ósvífinn hátt eyðilögð þegar á fyrstu dögum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að gefnu tilefni að það er naumast við hæfi að þm. séu að skora á hv. þm. að hefja miklar umræður hér. Það er senn lokið þeim tíma sem við höfum til umráða samkvæmt þingsköpum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil bara upplýsa að ég er að heyra þetta fyrst nú á þessari stundu. Það hefur ekki verið haft samband við mig eða bankaráðið um þessar hækkanir. Annað mun ég ekki segja um þessi mál nú. Ég þarf að kynna mér málið.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir lesturinn hér á mjög skömmum tíma, en hann virðist vita betur um aðgerðir í bæði ríkisbönkum og einkabönkum en viðskrh. Íslands. Hann hafði ekki hugmynd um þetta fyrr en 7. þm. Reykv. las það upp. Þar af leiðandi hefur viðskrh. ekki tækifæri til að blanda sér í mál sem hann veit ekki um. Ég spurði í viðskrn. í hádeginu í dag hvort þeir vissu um nokkrar slíkar hækkanir og þar var mér svarað því til að þeir vissu ekki um neitt annað en hækkun á tékkhefti í einum banka.

Ég bið þingheim að haga orðum sínum ekki þannig að ráðherrar, hvorki ég né aðrir, geti gripið í taumana varðandi breytingar á verðlagi, a.m.k. ekki fyrr en þeir vita að eitthvað óeðlilegt á sér stað. Ég endurtek að reynt verður með öllum hætti að hafa strangt eftirlit með verðlagi. En ég harma þau ummæli í ræðu einni hér áðan að fólk hafi ekki tíma til þess að fylgjast með verðlagi. Þegar gefnar eru út auglýsingar og könnun sem unnin er fyrir almenning veit ég ekki hver á að taka að sér að sjá um innkaup heimilanna ef húsmæður segja og heimilisfólk að það megi ekkert vera að því að kynna sér þau mál sem fyrir liggja. Verður samfélagið að fara að kaupa inn fyrir þessi heimili?

Efnisskrá.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (199. mál) 2981.
Frelsi í innflutningi á olíuvörum (269. mál) 2957.
Fullvirðisréttur í landbúnaðarframleiðslu (294. mál) 2953.
Mat heimilisstarfa til starfsreynslu (11. mál) 2987.
Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum (295. mál) 2984.
Sveitarstjórnarlög (54. mál) 2984.
Talnagetraunir (232. mál) 2984.
Um þingsköp 2986.
Umræður utan dagskrár 3001 (framkvæmd verðlagseftirlits).
Úrbætur í ferðaþjónustu (286. mál) 2972, 2987.
Varamaður tekur þingsæti 2953.
Veð (302. mál) 2982.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2953, 2989, 3001, 3007.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 2987.
Landbrh. Jón Helgason 2953, 2956, 2957, 2984.
Samgrh. Matthías Bjarnason 2960, 2968, 2982, 2983, 2987, 3003, 3008.
Birgir Ísl. Gunnarsson 2968.
Björn Dagbjartsson 2976.
Davíð Aðalsteinsson 2983.
Ellert B. Schram 2994.
Guðmundur H. Garðarsson 3000.
Guðmundur J. [illegible]mundsson 2970, 3004.
Haraldur Ólafsson 2993.
Helgi Seljan 2975.
Hjörleifur Guttormsson 2953, 2955, 2956, 2986, 2987, 2992.
Jón Kristjánsson 2982.
Karl Steinar Guðnason 3003.
Kjartan Jóhannsson 2957, 2965, 2971, 2995.
Kristín Halldórsdóttir 2972, 2979.
Magnús Reynir Guðmundsson 2977.
Ólafur Þ. Þórðarson 2962, 2987, 2995.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2989, 3005.
Stefán Valgeirsson 2980, 3008.
Steingrímur J. Sigfússon 3006.
[illegible]var Gestsson 3001, 3006.
Valdimar Indriðason 2963.

Efri deild, 57. fundur.

Mánudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll mál 57. fundar út af dagskrá.

Efri deild, 58. fundur.

Mánudaginn 10. mars, að loknum 57. fundi.

Tollskrá, stjfrv. 321. mál (þskj. 593). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum, voru gerðar ýmsar ráðstafanir í ríkisfjármálum til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Einn þáttur þessara aðgerða fólst í því að lækka aðflutningsgjöld af bifreiðum í því skyni að ná niður framfærslukostnaði sem samsvarar 1,5% í framfærsluvísitölu. Ráð var fyrir því gert að ná þessu marki bæði með lækkun tolla og lækkun á sérstöku innflutningsgjaldi sem lagt hefur verið á eftir vélarstærð bifreiðar.

Í ljós hefur komið við framkvæmd þessara laga að í þeim meðaltalsútreikningum sem byggt var á við undirbúning og samþykkt löggjafarinnar var stuðst við upplýsingar sem ekki eru í fullu samræmi við breyttan innflutning. Í ljós hefur komið að innflutningur á minni bílum hefur aukist miklu meira en þær upplýsingar, sem stuðst var við þegar frv. var undirbúið, gáfu vísbendingar um. Því hefur komið í ljós að löggjöfin, eins og hún var samþykkt, hefur ekki skilað þeirri verðlagslækkun sem að var stefnt. Ríkisstj. vill fyrir sitt leyti standa við það samkomulag sem gert var við aðila vinnumarkaðarins og tryggja að sú lækkun framfærslukostnaðar sem að var stefnt með þessum aðgerðum nái fram að ganga. Því er nauðsynlegt að gera á nokkra breytingu og lækka tolla af fólksbifreiðum meir en ráð var fyrir gert, eða niður í 10%, og breyta innflutningsgjaldinu og leggja það á í 7 flokkum eftir sprengirýmisstærð véla, úr 0 og upp í 32%. Það frv. sem hér liggur fyrir miðar að því að gera þessar breytingar og þær eiga að tryggja fyllilega að það markmið náist sem um var samið og þau verðlagsáhrif komi til framkvæmda þegar í stað.

Ég vænti þess að góð samstaða náist um að hraða afgreiðslu þessa máls hér á hinu háa Alþingi og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Ég hef ekkert við þetta frv. sjálft að athuga og tel eðlilegt að þingdeildin bregðist vel við að greiða götu þess svo að hinum upphaflega tilgangi manna með þessum aðgerðum verði náð. Aftur á móti get ég ekki látið hjá líða að hugleiða a.m.k. stöðu okkar þingmanna þegar svona mál ber á okkar borð. Eins og málum var háttað þegar hið upphaflega frv. var skoðað tóku menn sem góðar og gildar þær upplýsingar sem þar komu fram, ekki frá ríkisstj. sjálfri í raun og veru, heldur frá ráðgjöfum ríkisstj., frá ráðuneytum og Þjóðhagsstofnun, og töldu enga ástæðu til þess að draga þær upplýsingar í efa. Síðan kemur það í ljós örfáum dögum síðar að þessar upplýsingar eru ekki upplýsingar í sjálfu sér vegna þess að þær byggjast sjálfar á alröngum forsendum, þ.e. alröngum upplýsingum.

Mér finnst að við þingmenn ættum kannske, með þetta mál og fleiri í huga, að láta þetta verða okkur að lærdómi og hugsa til þess í framtíðinni að draga að okkur upplýsingar með þeim hætti að við þurfum ekki að treysta eingöngu á upplýsingar frá mjög fáum aðilum, jafnvel kannske bara einum aðila, um mál eins og þessi. Óneitanlega hvarflaði að manni þegar frv. var lagt fyrir með þessa rúmtakshámörkun sem þar er tilgreind, þ.e. 2000 cm^3, að hér væri í raun og veru um að ræða nánast allar bifreiðar sem fluttar eru inn á Íslandi, allar fólksbifreiðar. Og tilfellið er að það gildir líklega nánast um allar bifreiðar sem fluttar eru inn frá Evrópu þannig að undantekningarnar um bifreiðar yfir þessu rúmtaki væru tiltölulega miklu færri heldur en margir vildu ætla. Enda hefur það komið í ljós við nánari athugun manna að hlutfall þessara bifreiða í innflutningi er langtum stærra en menn höfðu gert ráð fyrir. En þetta eru praktískir hlutir sem lúta að okkar starfsaðstöðu og möguleikum okkar til þess að afla okkur óháðra upplýsinga og ættu að verða okkur að lærdómi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt er hér um að ræða frv. sem ætlunin er að koma í gegnum þessa hv. deild til Nd. og gegnum þingið í dag þannig að nú verður gert hlé á þessum fundi svo að fjh.- og viðskn. geti fjallað um málið. Ég held að það verði gerð tilraun til að hafa þetta hlé til kl. hálfþrjú til að byrja með. Fundinum er frestað til kl. hálfþrjú. — [Fundarhlé.]

Talnagetraunir, stjfrv. 232. mál (þskj. 460). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir um talnagetraunir á þskj. 460 og þegar hefur verið afgreitt frá hv. Nd. felur í sér heimild til að veita Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til getraunastarfsemi. Getraunastarfsemi þessi fari fram með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð talna og/eða bókstafa. Tilgangur þessara getrauna yrði að afla fjár fyrir starfsemi þessara aðila, annars vegar til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu, í félögum innan vébanda Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands, hins vegar til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á

vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir annarri starfsemi þess bandalags í þágu öryrkja.

Frv. þetta er byggt á samkomulagi sem þau landssamtök sem ég hef áður nefnt hafa gert um þennan rekstur, þar á meðal um stjórn, skiptingu ágóða o.fl. Er gert ráð fyrir því sem meginreglu að íþróttahreyfingin njóti 60% ágóða en Öryrkjabandalagið 40%. Að því er varðar skiptingu milli íþróttasamtakanna innbyrðis er gert ráð fyrir því að hlutur ÍSÍ verði 46,67% og UMFÍ 13,33% og eru það sömu hlutföll og gilda um ágóðaskiptingu skv. lögum um getraunir, þ.e. íþróttagetraunir.

Frv. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands var lagt fram í hv. Nd. á síðasta þingi. Þar var gert ráð fyrir að það bandalag fengi heimild til bókstafagetrauna. Þá náðist ekki samstaða í hv. Nd. um afgreiðslu frv. þar sem talið var að gengið væri á hlut íþróttahreyfingarinnar sem skv. lögum frá 1972 hefur heimild til að starfrækja talnagetraunir. Niðurstaðan varð sú að þessi samtök leituðu samkomulags sín á milli um getraunastarfsemi og er frv. þetta flutt á grundvelli slíks samkomulags.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki að frekari greinargerð þurfi að fylgja með frv. þessu og vísa að öðru leyti til athugasemda með frv. Að sjálfsögðu munu fulltrúar þessara samtaka og ráðuneytisins fúsir til að gera frekari grein fyrir máli þessu. Ég vænti þess að um afgreiðslu frv. geti náðst samstaða og legg til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Haraldur Ólafsson: Hæstv. forseti. Einungis er um að ræða fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., þ.e. hvort rætt hefur verið við forráðamenn Háskóla Íslands um þetta efni þar sem Háskólinn hefur einn haft rétt til peningahappdrættis í landinu til þessa og hvort þetta telst ekki til peningahappdrættis. Í öðru lagi spyr ég: Þegar þessum aðilum hafa verið veittir möguleikar til tekjuöflunar á þennan hátt, hvað liggur þá fyrir um fjárveitingar hins opinbera til þessara sömu aðila?

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Vegna fsp. hv. 9. þm. Reykv. vil ég benda á að íþróttahreyfingin hefur haft heimild til getraunastarfsemi í mörg ár. Lögin sem um það gilda nú eru frá 1972. Þar er um peninga að ræða og í þeim lögum eru sambærilegar heimildir og frv. fjallar um svo að að því leyti er hér ekki um nýjung að ræða. Hins vegar er forráðamönnum Happdrættis Háskóla Íslands að sjálfsögðu kunnugt um þetta frv. og það munu einhver skoðanaskipti hafa átt sér stað þar á milli. Hversu formleg þau hafa verið þori ég ekki að fullyrða um þar sem, eins og kom fram í máli mínu, þetta frv. byggist á samkomulagi milli þeirra bandalaga sem ég nefndi áðan. En hvort þetta verður til þess að draga úr fjárveitingu til þessara samtaka, sérstaklega sennilega Öryrkjabandalagsins sem mér skildist hv. þm. vera að spyrja um, þá er það að sjálfsögðu Alþingi sjálft sem tekur ákvörðun um þær fjárveitingar hverju sinni og metur það hvort það vill láta þá fjáröflun sem fæst á grundvelli þessa frv. hafa einhver áhrif á fjárveitingar þess til þessara samtaka. Ég hygg að það verði að koma í ljós eftir þeirri þörf sem þá verður fyrir slíkt, þ.e. hversu mikið þessi starfsemi gefur af sér til þeirra verkefna sem þarna er um fjallað. Mér hefur verið bent á að þessi tekjustofn nær til Öryrkjabandalags Íslands en ekki Samtaka þroskaheftra, sem hafa bent á að aukinn tekjustofn Öryrkjabandalagsins megi ekki verða til þess að draga úr fjárveitingum sem þroskaheftir fá til hliðstæðrar starfsemi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 10. mars, að loknum 58. fundi.

Tollskrá, stjfrv. 321. mál (þskj. 593, n. 594). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 120 1976, um tollskrá. Fjh.- og viðskn. hefur komið saman á milli funda og rætt frv. Hér er, eins og fram hefur komið, um leiðréttingar að ræða til að ná þeim markmiðum að vísitala framfærslukostnaðar lækki um 1,5%. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts, en Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Ragnar Arnalds skrifa undir nál. með fyrirvara.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Frsm. fjh.- og viðskn. hefur gert grein fyrir áliti nefndarinnar á þessu máli, en eins og þar kom fram skrifa ég undir álitið með fyrirvara og mun sitja hjá í atkvæðagreiðslu um þetta mál. Það geri ég vegna þess að þetta mál er hluti af þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstj. stendur fyrir í kjölfar nýgerðra kjarasamninga og hefur afstaða mín til samninganna og þess hluta þeirra sem lögfestur var hér í þingsölum ekki breyst á þeim 10 dögum sem liðnir eru frá því að umræddar efnahagsaðgerðir gengu í garð. Við afgreiðslu þeirra sat ég hjá á forsendum sem tilgreindar eru á nál. sem er að finna á þskj. 561.

Eins og þar kemur fram eru ástæður þess að ég get ekki stutt þessar aðgerðir fjölmargar. Ég vil endurtaka þær meginástæður að hvorki muni þessar aðgerðir breyta þeirri óréttlátu tekjuskiptingu sem viðgengst í þjóðfélaginu, og þá á ég einkum við að konum eru enn skömmtuð þvílík smánarlaun að til skammar er fyrir íslenskt þjóðfélag, auk þess sem aðgerðirnar stefna ríkisfjármálum í þvílíka óvissu að ekki má fyrir sjá hvernig endar.

Hvað þetta sérstaka frv. varðar sem hér er nú til umræðu þá er það hluti af þessari heild og um það gegnir því hið sama og um aðgerðirnar sem þegar hafa verið lögfestar. Reyndar snertir það einnig beint þau atriði sem ég minntist á hér áðan. Frv. fjallar um tollalækkun á bifreiðum og víst má vera að láglaunakonurnar sem ég nefndi hafi ekki efni á að kaupa neina

bíla hvort sem er. Í öðru lagi er ljóst að kostnaður fyrir ríkissjóð af þessu frv. verður töluverður. Á fundi fjh.- og viðskn. áðan kom fram hjá hæstv. fjmrh. að kostnaðurinn gæti nálgast u.þ.b. 100 milljónir, án þess þó að það hefði verið reiknað út nákvæmlega. Ljóst er því að þetta frv. mun ekki draga úr þeim kostnaði sem ríkissjóður hefur af þessum aðgerðum og sem engar tillögur hafa komið fram um hvernig beri að mæta.

Ég mun þess vegna, virðulegi forseti, sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Mál það sem er til umræðu verður hiklaust að teljast eitt mesta klúður sem upp hefur komið í langan tíma því að þau mistök sem hér liggja fyrir munu bersýnilega kosta ríkissjóð hvorki meira né minna en 100 millj. kr. eftir því sem upplýst var í hv. fjh.- og viðskn.

Forsaga þessa máls er sú að ríkisstj. tók ákvörðun um að beita sér fyrir niðurfærslu verðlags í samræmi við nýgerða kjarasamninga. Þar á meðal átti að tryggja að fólksbifreiðar með 2000 cm^3 slagrými eða minna lækkuðu í verði um a.m.k. 30%.

Nú er það svo að á þessum tækjum voru þrenns konar gjöld, í fyrsta lagi tollar, í öðru lagi bifreiðagjald og í þriðja lagi söluskattur. Tollarnir og söluskatturinn voru jafnháir í prósentum talið á öllum bifreiðum en bifreiðagjaldið var stighækkandi eftir slagrýmisstærð bifreiðanna og var mjög lágt á orkuþurftarminnstu bílunum en þeim mun hærra og allt upp í 30% af bílum sem eyddu meiri orku og höfðu stærra slagrými. Þessi breyting var reyndar gerð í tíð seinustu ríkisstj. Þá var ákveðið vegna orkusparnaðar að gjöldin á þurftarminni bílum skyldu vera lægri en á stærri bílunum. En við framkvæmdina tekur ríkisstj. ákvörðun um það að bæði skuli lækkaðir tollarnir, að nokkru leyti, og bifreiðagjaldið skuli mjög verulega lækkað. Þannig mun það hafa lækkað allt niður í 12% á stærstu bifreiðunum en hlutfallslega miklu minna á bifreiðunum sem voru þurftarminni vegna þess að það var mjög lágt fyrir á þeim.

Afleiðingin var auðvitað augljós. Hún hlaut að koma þannig út að stóru, dýru bílarnir, þurftarfreku bílarnir, lækkuðu meira en þurftarminni, ódýrari bílarnir lækkuðu minna. Það var þetta sem gerðist, hlaut reyndar að gerast eins og allt var í pottinn búið. Og svo var það auðvitað afleiðing til hliðar við þetta að vísitalan lækkaði alls ekki eins og til stóð vegna þess að það eru minni bílarnir sem hafa einhverja vigt í vísitölu. Þegar þeir lækka miklu minna en áformað var hlaut afleiðingin að verða sú að ekki væri staðið við gefin loforð og fyrirhuguð áform.

Nú er sem sagt verið að reyna að lappa upp á þetta með því að hækka bifreiðagjaldið á nýjan leik og það mjög verulega. Bifreiðagjaldið hækkar úr 12% upp í 30% á þyngstu bílunum, úr 8% upp í 28% á þeim næstþyngstu og úr 4% upp í 20% á þeim sem eru liðlega 2000 cm^3 að slagrými. Á móti kemur svo hitt að tollurinn er lækkaður úr 30% í 10%. Þannig er þessi breyting eftir því sem mér skilst af þeim upplýsingum sem gefnar voru í hv. fjh.- og viðskn. En því miður verður að segja þeim ágætu mönnum sem undirbjuggu þetta frv. að í grg. er alls ekki gerð viðhlítandi grein fyrir eðli þessa máls og aðalatriðum og því engin leið að sjá það af grg. hvað í raun er verið að gera þarna.

Það var upplýst á nefndarfundinum að þessi mistök hlytu að kosta ríkissjóð talsverða fjárhæð vegna þess að þegar einu sinni er búið að lækka bílana treysta menn sér ekki til að hækka neina tegund aftur. Afleiðingin verður sú að þessi pennaglöp kosta ríkissjóð hvorki meira né minna en 100 millj. kr. Og þarf þá nokkur að vera undrandi á því að illa gangi með fjármál ríkisins þegar slíkar stórupphæðir renna út milli fingra manna fyrir einhverja einfalda slysni?

Ég hef skrifað undir frv. með fyrirvara fyrst og fremst af þeirri ástæðu að ég tel að það hefði mátt finna vörutegundir og þjónustu til niðurgreiðslu og til lækkunar verðlags sem hefðu komið sér betur fyrir allan almenning í landinu en lækkun á bílum. Því að staðreyndin er auðvitað sú að þeir mörgu sem eru mjög illa settir í þjóðfélaginu í dag, eiga kannske gamlan notaðan bíl og höfðu hugsað sér að selja hann núna með vorinu upp í greiðslur vegna húsnæðislána til að forða sér og fjölskyldu sinni frá gjaldþroti, þeir standa frammi fyrir því að þeir eiga kannske allt að 100 000 kr. minna í höndunum nú en áður en þessi breyting var gerð vegna þess að notuðu gömlu bílarnir lækka í verði. Við skulum því alveg gera okkur ljóst að þessi breyting hefur tvær hliðar, bæði ljósa og dökka.

Ég hefði talið að láglaunafólki væri meiri greiði gerður með niðurfærslu verðlags á þann hátt að matvæli hefðu lækkað í verði, lyf og önnur sú þjónusta sem heyrir undir brýnustu lífsnauðsynjar. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það má kannske til sanns vegar færa, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að það hefði kannske verið skynsamlegra og æskilegra að þessi verðlagsniðurfærsla hefði komið fram á einhverjum öðrum vörum. En umræðan núna snýst hreint ekki um það vegna þess að verið er að gera þá leiðréttingu sem bersýnilega þarf, því miður, til þess að við það verði staðið sem sagt var þegar frv. um þetta sama efni var afgreitt fyrir röskri viku. Það hefði auðvitað verið best fyrir alla ef rétt hefði verið reiknað í upphafi.

Nú er komið í ljós að þær tölur sem byggt var á voru rangar og þess vegna þarf að leiðrétta frá því sem samþykkt var áður. Ég greiddi atkvæði með tollalækkunarákvæðunum í því frv. sem þá var samþykkt og þess vegna stefndi ég að því að leiðrétta þetta án þess að hafa á því nokkurn fyrirvara. Ég hefði satt að segja líka getað tekið undir það að ástæðulaust hefði verið að lækka nokkuð þessa stóru og dýru bíla. Þeir hefðu mátt halda sér alveg í því háa verði sem þeir voru í. Ég hefði talið ástæðulaust að lækka þá. En ég sé ekki nokkra ástæðu til að agnúast út í það þó að minni bílarnir lækki ívið meira.

Mér finnst það röksemd á mörkum þess sem boðlegt er að flytja hér á Alþingi að þetta komi sér illa fyrir þá sem hafa átt gamla bíla og hafa ætlað að selja þá til að nota andvirðið til einhvers annars. Þá finnst mér ansi langt gengið og málflutningurinn satt að segja furðulegur. Ég skil heldur ekki málflutning hv. þm. Sigríðar Dúna Kristmundsdóttir, að þessar lækkanir komi láglaunafólki og láglaunakonum ekki til góða. Nú er það svo að bifreiðar á Íslandi eru orðnar almenningseign hvort sem fólki líkar það betur eða verr og ég sé ekki

betur en að þessar verðlækkanir á bifreiðum gefi láglaunafólki, hvort sem það eru konur eða karlar, meiri möguleika á að eignast bifreið heldur en áður voru fyrir hendi. Það sýnist mér liggja í hlutarins eðli. Ef fólk kýs að verja sínum fjármunum þannig og stofna til þess að eignast bifreið hlýtur það að vera auðveldara nú en áður var. A.m.k. sýnist mér það liggja í hlutarins eðli. En ég endurtek að mér finnst það afar hæpnar röksemdir að hafa það á móti tollalækkunum á bifreiðum að þá muni gamlar bifreiðir lækka í verði. Mér finnst það afar hæpin röksemdafærsla. Ég styð þessa breytingu án nokkurs fyrirvara vegna þess einfaldlega að ég hafði lýst stuðningi við þær tollabreytingar sem voru í frv., sem ég hef áður minnst á, og hér er eingöngu verið að gera ráðstafanir til þess að það standist sem þá var sagt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er rangtúlkun á mínu máli að ég hafi verið að flytja rök gegn þessum áformum um lækkun tolla á minni bifreiðum. Ég vakti hins vegar athygli á því að það eru tvær hliðar á þessari breytingu. Ég vakti athygli á því að þegar breyting af þessu tagi á sér stað þá er ekki víst að hún komi sér svo ákaflega vel fyrir alla. Sumir þurfa á því að halda að kaupa bíl en á tímum mikilla þrenginga getur líka verið býsna stór hópur sem þarf á því að halda að selja bíl. Það er því ekki hægt að loka augunum fyrir þeirri staðreynd að þessi breyting kann að koma sér illa fyrir ýmsa. Ég vakti á þessu athygli og benti á að málið hefði tvær hliðar, bæði dökka og ljósa. Og ég sé ekki neitt furðulegt við það að á þetta sé bent eða vakin sé athygli á því að tvær hliðar séu á málinu. Þar fyrir styð ég það að þessi breyting eigi sér stað.

En fyrirvari minn er fyrst og fremst til kominn vegna þess að það er ákaflega klaufalega að þessu máli staðið í heildina tekið. Það er greinilega kostað til 100 millj. kr. meira en til var ætlast í upphafi og þessar 100 millj. úr ríkissjóði koma fyrst og fremst í hlut þeirra sem eru að kaupa stóru bílana. Það er alveg ljóst. Eftir að búið er að gera þessar tvær breytingar þá er það greinilega ákveðinn hópur manna sem hefur fengið miklu meira út úr þessari breytingu en til stóð í upphafi. Það eru þeir sem ætluðu sér að kaupa stóru bílana og ríkissjóður blæðir fyrir þetta, sjálfsagt upp undir 100 millj. eins og hér hefur komið fram. Það er þess vegna sem ég hef fyrirvara við það sem hér er verið að gera. Það er klaufalega á þessu haldið. Afleiðingin af þessu er allt önnur en áður var ráð fyrir gert fyrir ríkissjóð og fyrir alla þá sem kaupa bifreiðar. Því er fyllsta ástæða til þess að hafa hér uppi fyrirvara um leið og vakin er athygli á því að verið er að færa niður verðlag og það hefði vissulega mátt finna aðrar leiðir til niðurfærslu verðlags sem hefðu komið láglaunafólki betur.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Sennilega er tíma þessarar hv. deildar betur varið í eitthvað annað en að þm. komi hér hver af öðrum í ræðustól til þess að bera af sér útúrsnúninga hv. 5. landsk. þm. sem hér reis upp til varnar fyrir aðgerðir ríkisstj. þótt sá þm. teljist að vísu til stjórnarandstöðunnar í dag. Þessi hv. þm. taldi að þessi lækkun á tollum á bílum kæmi öllum til góða. Ég veit ekki hvort hv. þm. gerir sér grein fyrir því að samkvæmt nýgerðum kjarasamningum eru lágmarkslaun í landinu 20 272 kr. á mánuði. Ég veit ekki hvernig fólk á að fara að því bæði að lifa af þessum launum og kaupa sér bifreiðar fyrir þau. Ef hv. 5. landsk. þm. veit það þá þekkir hann einhverja galdrauppskrift sem láglaunafólki þessa lands kæmi til góða.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., kvartaði undan því að ég hefði snúið út úr orðum sínum. Það gerði ég ekki. Hún lýsti á sínum tíma andstöðu við það frv. sem hér var flutt til staðfestingar á þeim kjarasamningum sem tekist höfðu milli aðila vinnumarkaðarins með uppáskrift og ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Hún lýsti andstöðu við það frv. og greiddi því ekki atkvæði. Hún hefur jafnframt sagt að þessi breyting komi ekki láglaunakonum til góða og því styðji hún hana ekki. Það eina sem ég sagði hér var að ef eitthvað væri þá gerði þessi lækkun láglaunafólki auðveldara að eignast bifreið en áður var og það stendur. Ég hygg að það sé ekki nokkur vegur að andmæla því.

Hún hafði einnig um það orð að ég hefði lýst stuðningi við þessa breytingu en væri þó í stjórnarandstöðu. Það er alveg rétt. Ég lýsti stuðningi við þessar tollalækkanir. Svo blindir mega þm. ekki vera að þeir geti ekki stutt góð mál aðeins af því að þau koma frá ríkisstjórn sem þeir annars eru andsnúnir. Ég held að það sé óheppileg þröngsýni hjá hv. þm. að beita atkvæði sínu á hinu háa Alþingi á þann veg að vera á móti málum sem ríkisstjórnin flytur aðeins af því að ríkisstjórnin flytur þau en ekki taka afstöðu til mála út frá efni og efnisrökum hvers máls. En það verður hver og einn þm. að gera upp við sig og sína samvisku hvernig hann stendur að afgreiðslu mála.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Vegna þeirra athugasemda sem hér hafa komið fram er rétt að ítreka það enn að þau mistök sem hér áttu sér stað byggðust á því að upplýsingar sem fyrir lágu gáfu til kynna annars konar samsetningu á innflutningi en í raun er um þessar mundir. Þróunin hefur verið sú að innflutningur hefur aukist á litlum bílum en dregist saman á stærri bílum. Það mun sanni nær að u.þ.b. 90% af öllum innfluttum bílum eru með vél sem er undir 2000 cm^3 slagrými. Þess vegna er nauðsynlegt að taka það fram, vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið, að sá kostnaðarauki sem kann að leiða af þessari viðbótarbreytingu á fyrst og fremst rætur að rekja til þess að verið er að lækka minni bíla meir en frv. gerði upphaflega ráð fyrir. Það er af þeim sökum sem einhver kostnaðarauki verður augljóslega af þessum viðbótarráðstöfunum. Stóru bílarnir, yfir 2000 cm^3 slagrými, eru ekki nema 10% af innflutningnum og breytingar á aðflutningsgjöldum þeirra ráða því ekki neinum úrslitum um kostnað af þessum aðgerðum. Nauðsynlegt er að það liggi alveg ljóst fyrir að kostnaðurinn við þessar aðgerðir er fyrst og fremst í því fólginn að litlu bílarnir eru nú svo miklu stærri hluti af innflutningnum en áður og hér er um að ræða viðbótarlækkun á þeim og kostnaðurinn kemur til af þeim ástæðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 60. fundur.

Mánudaginn 10. mars, að loknum 60. fundi.

Tollskrá, stjfrv. 321. mál (þskj. 593). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verkfræðingar, stjfrv. 312. mál (þskj. 577). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstvirtur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 73 frá 9. okt. 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Með frv. er lagt til að starfsheitið húsgagna- og innanhússhönnuður verði lögverndað með sama hætti og er um fyrrgreindar starfsstéttir.

Í upphafi er rétt að taka fram að tilgangur laganna er sá að tryggja þeim mönnum, sem hafa aflað sér tiltekinnar menntunar á sérsviði, einkarétt til starfsheitis. Með þessu er það tryggt að þeir einir, sem aflað hafa sér tiltekinnar menntunar, fái leyfi ráðherra til að nota lögverndað starfsheiti. Með lögunum er jafnframt öðrum bannað að nota hið lögverndaða starfsheiti. Þeir sem skipti eiga við þær starfsstéttir, sem hafa lögverndað starfsheiti, geta þar með treyst því að þær hafi aflað sér þeirrar lágmarksmenntunar sem tilskilin er í lögum. Í lögunum er viðkomandi starfsstéttum, sem rétt eiga til starfsheitis, ekki jafnframt veittur einkaréttur til starfa á viðkomandi sviði. Rétturinn til starfsheitis tryggir þá, sem hafa aflað sér tilskilinnar lágmarksmenntunar, gegn ágangi á starfsheitið án þess að þeim sé jafnframt tryggður réttur, hvað þá einkaréttur, til viðkomandi starfs. Rétt þykir að ítreka þetta hér í upphafi þar sem viss misskilnings hefur gætt um eðli þessara laga.

Hvað varðar efni þessa frv. um húsgagna- og innanhússhönnuði er rétt að minna á að frv. sama efnis var áður flutt á 94. löggjafarþingi 1973, mál nr. 16, en það frv. náði einnig til auglýsingateiknara. Frv. náði þá ekki fram að ganga vegna ákveðinnar andstöðu við lögverndun starfsheitisins auglýsingateiknari.

Árið 1955 stofnuðu húsgagnaarkitektar með sér félag undir nafninu Félag húsgagnaarkitekta. Nafni félagsins var síðar breytt í Félag húsgagna- og innanhússarkitekta og hefur það starfað undir því nafni síðan. Í félaginu eru nú um 60 félagar.

Ástæður fyrir því að nú er lagt til að breyta nafni stéttarinnar í húsgagna- og innanhússhönnuðir eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi bendir ýmislegt til að starfsheitið „arkitekt“ fáist ekki lögverndað undir íslenskum lögum, hvort sem það stendur eitt sér eða í samsetningu. Þannig hafa t.d. félagar í Arkitektafélagi Íslands hið lögverndaða starfsheiti „húsameistarar“.

Í öðru lagi. Þegar Félag húsgagnaarkitekta var stofnað var ekki í almennri notkun á Íslandi hugtak sem nægjanlega vel þótti taka yfir hið erlenda hugtak „design“. Auk þess voru félagsmenn, og eru enn, útskrifaðir úr námi sínu, sem flestir sóttu til Norðurlanda, sem „möbel-arkitekt“. Á síðari árum hefur námið verið sótt í nokkrum mæli til landa þar sem „designer“ er starfsheiti stéttanna. Íslenska hugtakið „hönnun“ er nú almennt notað í sömu merkingu og „design“. Búast má við enn aukinni notkun þess í íslensku máli á komandi árum. Í ljósi þessa þykir rétt að taka upp hið íslenska heiti „hönnuður“ sem starfsheiti.

Frv. þetta er flutt að tilmælum Félags húsgagna- og innanhússarkitekta og hefur verið haft fullt samráð við stjórn þess um efni frv.

Vernd starfsheita á verkfræði- og tæknisviði á sér nokkra sögu hér á landi. Sérstök lög um rétt verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga til starfsheitis voru fyrst sett 13. júní 1937, nr. 24. Þeim lögum var svo breytt með lögum nr. 44 3. apríl 1963 og var aðalbreytingin á þann veg að starfsheitið „iðnfræðingur“ var fellt niður og heitið „tæknifræðingur“ tekið upp í staðinn. Á næstu árum kom í ljós að vissir agnúar voru á að láta það starfsheiti gilda fyrir þá sem lokið höfðu prófi frá byggingafræðiskólum í Noregi eða Danmörku og hliðstæðum skólum. Var því horfið að því ráði að breyta lögunum á ný og tekið inn starfsheitið byggingafræðingur á ný og núgildandi lög þess efnis gefin út, nr. 73 9. okt. 1968.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á aukinni þýðingu iðnhönnunar fyrir þróun iðnaðar hér á landi. Nýjar framleiðslugreinar geta sprottið af góðri hönnun tiltekinna húsgagna eða annarra muna, svo sem nýleg dæmi sanna. Eðlilegt er að styðja þessa starfsgrein og efla starfsskilyrði hennar. Tengt þessu máli er enn fremur aukin réttarvernd hugverka á sviði iðnaðar. Í iðnrn. er nú verið að vinna að gerð frv. um mynsturvernd, er varðar réttarvernd fyrst og fremst á iðnhönnun. Enn fremur er verið að athuga möguleika á vernd svokallaðra smáeinkaleyfa, en það er vernd á notagildi tiltekinnar hönnunar, og að því leyti ólíkt beinum einkaleyfum. Vonast ég til að geta lagt fyrir Alþingi það sem nú situr nánari grg. um aukna réttarvernd á hugverkum á sviði iðnaðar.

Ekki er ástæða til að fjölyrða nánar um efni þessa frv. Því fylgja ýmis skjöl er varpa ljósi á það. Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að frv. verði vísað til hv. iðnn. deildarinnar.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Ég er ekki sérstakur talsmaður löggildingar starfsheita og tel að ríkisvald eða löggjafi eigi í sjálfu sér ekki neinu stóru hlutverki þarna að gegna þar sem slík löggilding þjónar yfirleitt aldrei því markmiði að vernda hag einhverrar stórrar heildar, t.d. viðskiptavina viðkomandi hóps, hver sem hann er, heldur miðar slík löggjöf yfirleitt fyrst og fremst að því að þrengja aðgang manna að starfi í viðkomandi starfsgrein. En nú er það einu sinni þannig að hér hefur þessi leið verið farin á undanförnum áratugum, að löggilda starfsheiti ýmissa sérfræðinga og þá með tilliti til þess að jöfnuður ríki milli þeirra. Ég tel ekki hægt að

hafa neitt á móti því að þessi atvinnustétt fái löggildingu síns starfsheitis eins og aðrar, og þess þá heldur að stjórn viðkomandi félaga hefur sótt þetta nokkuð stíft undanfarin ár en ekki fengið það liðsinni sem skyldi fyrr en núna, að ráðherra mælir fyrir þessu frv. Því mun ég styðja það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Kostnaðarhlutur útgerðar, stjfrv. 288. mál (þskj. 533, n. 579). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. það er hér liggur fyrir um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar. Frv. þetta, sem er stjfrv., var flutt vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á hlutaskiptum við síðustu verðlagsákvörðun um fiskverð, sem gilda á fyrir tímabilið 1. febr. til 31. mars 1986.

Fiskverðsákvörðunin tók mið af því að svokallaður kostnaðarhlutur útgerðar utan skipta lækkaði um 2½% við landanir innanlands og um 1% við sölu afla erlendis og hlutir sjómanna hækkuðu sem því nemur. Hið svokallaða kostnaðarhlutfall er í gildandi lögum 29% og svo verður áfram. Þessi 29% greiðir fiskkaupandi ofan á það fiskverð sem ákveðið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Með þessum lögum er gert ráð fyrir því að 6½% af þessum 29 komi til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru yfir 240 brúttórúmlestir, en 22½% ekki. Í gildandi lögum eru það 4% sem koma til skipta. Á sama hátt er ákveðið í þessum lögum að 10½% skuli koma til skipta á skipum sem eru 240 brúttórúmlestir eða minni. Í gildandi lögum er þetta 8%.

Á sama hátt ákveða þessi lög að þegar fiskiskip selur afla erlendis skuli auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds draga 6%, sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, frá heildarsöluverðmæti við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum. Í gildandi lögum eru þetta 7%.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn. á þskj. 579 kallaði sjútvn. á sinn fund fulltrúa samningsaðila frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá farmanna- og sjómannasamtökunum og höfðu þeir ekkert við þetta að athuga, enda var þetta samningsákvæði sem þeir gerðu sín á milli þegar fiskverð var ákveðið. Nefndin er því öll sammála um að þetta frv. verði samþykkt.

Þær tölur, sem ég hef farið með og um er getið í frv., virðast vera hálfgert torf þegar maður les þetta yfir, en þessu til viðbótar vil ég aðeins geta þess að núna er að störfum nefnd sem var fengin til að endurskoða svokallað sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hún hefur haldið þrjá fundi eftir áramót og er komin vel á veg að takast á við það verkefni, en þarna liggja allt of margir hlutir í þessum millifærsluleiðum sem er farið að fara nokkuð í taugarnar á mönnum og þeir vilja takast á við að leiðrétta. Það er of snemmt að segja um árangur af þeirri endurskoðun en þegar það verður og ef það verður, sem þar er að stefnt, þá munu t.d. lög sem þessi að sjálfsögðu niður falla. En þau eru nauðsynleg á þessu stigi máls svo að hægt sé að vinna eftir því sem gert var samkomulag um við síðustu fiskverðsákvörðun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Veð, stjfrv. 302. mál (þskj. 555, n. 583). — 2. umr.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, um veð. Ég mæli fyrir þessu nál. í forföllum formanns nefndarinnar, hv. 4. þm. Norðurl. v., sem er fjarverandi í dag eins og fram kom í máli hæstv. forseta.

Þetta frv. fjallar um það að heimilt verði að veðsetja eldisfisk og er það til að greiða fyrir þróun í fiskeldi sem þykir álitlegt um þessar mundir. Ég þarf ekki að orðlengja um þetta nál., það er eins stutt og það getur verið. Nefndin hefur rætt málið og mælir einróma með samþykkt frv. og undir þetta skrifa allir nefndarmenn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseta Nd. hefur borist eftirfarandi bréf:

"Reykjavík, 10. mars 1986.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Bjarni Guðnason prófessor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Baldvin Hannibalsson,
5. þm. Reykv."

Bjarni Guðnason hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans hefur verið kannað og þarf ekki að endurtaka það. Bjarni er mættur hér til fundar. Ég býð hann hjartanlega velkominn til starfa.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 54, n. 525, 527 og 529, brtt. 526, 528, 530, 545, 552). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,

og sögðu
já: ÓE, SvS, PS, GHG, StG, SV, MG, SvG, TG, ÞP, ÞS, JSv, BÍG, EH, EBS, FrS, GeirG, GB, GGS, GT, HBl, IG.
nei: FÞ, GSig.
BjG, KP, KJóh, KH, KSK, ÓÞÞ, PJ, GA, GHelg, HG, JS greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (MB, MÁM, SJS, GE, GJG) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það hefur verið gefið í skyn af hálfu hv. meiri hl. félmn. að mál þetta verði tekið til athugunar af nefndinni á milli 2. og 3. umr. Þá kunna að verða gerðar á því breytingar af hálfu meiri hl. nefndar sem gætu orðið til bóta. Í trausti þess að svo fari sé ég ekki ástæðu til að leggja stein í götu frv. við þessa umræðu og greiði ekki atkvæði.

Svavar Gestsson: Með skírskotun til nál. 2. minni hl. félmn., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, á þskj. 529 vil ég gera eftirfarandi grein fyrir atkvæði mínu:

Niðurstaða 2. minni hl. er sú, að fengnum nauðsynlegum lagfæringum á frv. þessu sem fluttar eru sérstakar brtt. um, að það sé til bóta frá gildandi lögum svo langt sem það nær. Ljóst er engu síður að lög um sveitarstjórnarmál hljóta að koma til endurskoðunar innan tíðar samfara breyttri verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga. 2. minni hl. leggur því til að frv. verði samþykkt með breytingum sem eru fluttar á sérstöku þskj.

Ég mun því fyrir mitt leyti samþykkja 1. gr. frv., enda þótt ég telji að ríkisstj. standi illa að þessu máli á alla lund. Og það er sérstaklega athyglisvert að meðan málið hefur verið hér til meðferðar að undanförnu hefur hæstv. félmrh. ekki einu sinni séð ástæðu til þess að vera viðstaddur fund í deildinni. Þrátt fyrir þetta, herra forseti, segi ég já við þessari till., en áskil mér rétt varðandi aðrar till. með tilliti til afstöðu meiri hl. Nd. til þeirra brtt. sem Alþb. flytur á þskj. 530.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég get ekki lagt stein í götu þessa frv., en mér finnst 1. gr. ekki vera til þess að hafa nafnakall út af. Þó má vera að það sé eitt sem menn hnjóta um og ég hnýt um það líka. „Hver maður er í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili." Er það ekki sjálfsagt? Þarf nokkuð að árétta það? Ég hefði gjarnan viljað fella þessa grein út. En að svo *komnu segi ég já.*

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu margt gott í þessu frv., en mörgu er líka ábótavant. Ég sé mér ekki fært að styðja það í þeim búningi sem það ber nú. Og þó að þessi 1. gr. líti sakleysislega út mun ég marka afstöðu mína til frv. nú með því að segja nei við þessa umræðu.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ljóst er að Sjálfstfl. og Framsfl. hafa sameinast um að gera að engu meiri háttar breytingar eða uppstokkun á stjórnsýslunni sem er forsenda valddreifingar, aukinnar sjálfsstjórnar og sjálfsforræðis sveitarfélaga. Alþfl. lýsir því ábyrgð á hendur stjórnarflokkunum fyrir að kollvarpa áformum um að stíga fyrstu skrefin til að auka valddreifingu og gera sveitarfélögin að öflugum stjórnsýslueiningum sem hefðu styrk og getu til átaka í framfaramálum landsbyggðarinnar. Afgreiðsla ríkjandi þingmeirihluta á frv. þýðir að okkar mati að nauðsynlegri endurskipulagningu á sveitarstjórnarskipan hefur enn einu sinni verið slegið á frest. Þm. Alþfl. leggja höfuðáherslu á að brtt. á þskj. 528 um róttæka uppstokkun á stjórnkerfi sveitarstjórnarmála nái fram að ganga auk ákvörðunar um kosningadag og kosningaaldur. Þar sem brtt. stjórnarflokkanna ganga í veigamiklum atriðum þvert á yfirlýst markmið um að styrkja stöðu sveitarfélaganna munu þm. Alþfl. einungis styðja þær brtt. meiri hl. sem lúta að lagfæringum á starfsreglum og fjármálum sveitarfélaga en láta stjórnarflokkana um að bera ábyrgð á tillögum sem engu munu breyta á vettvangi sveitarstjórnarmála og í mörgum tilfellum eru spor aftur á bak. Til að undirstrika þessa afstöðu greiða þm. Alþfl. þessari grein ekki atkvæði. Ég greiði ekki atkvæði.

2.–3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 526,1 samþ. með 21:5 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 528,1.a felld með 27:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EBS, JS, BjG, KJóh.
nei: FÞ, FrS, GSig, GeirG, GB, GGS, GT, HBl, HG, KH, ÓE, ÓÞÞ, SvS, PJ, PS, GHG, StG, SV, MG, SvG, TG, ÞP, ÞS, JSv, BÍG, EH, IG.
GA, GHelg, KP, KSK greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (GE, GJG, MB, MÁM, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. gerði grein fyrir því fyrir hönd Alþfl. að þeir sætu hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Nú ber svo við að þeir greiða atkvæði í stórum stíl um brtt. sem þeir hafa sjálfir flutt. Þar sem þessi brtt. yrði síst til þess að gera lögin betri eða frv. frá því sem er, og slæmt er, segi ég nei.

Brtt. 530,1 felld með 21:3 atkv.
Brtt. 528,1.b tekin aftur.
5. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 545,1 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 526,2 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 20:4 atkv.
Brtt. 526,3 samþ. með 20:3 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
8.–10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 530,2 felld með 21:7 atkv.
Brtt. 526,4 samþ. með 20:2 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 21:2 atkv.
12. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,5 (1.–2. málsl.) (ný 13. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 526,5 (3.–5. málsl.) (ný 13. gr.) samþ. með 21:4 atkv.
14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,6 samþ. með 22 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
16.–18. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 526,8 samþ. með 21:1 atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 526,9 samþ. með 21 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
22.–26. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,10 samþ. með 21 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
28.–39. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,11 samþ. með 20:1 atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
41. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 526,12 samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 526,13 samþ. með 21 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
44.–45. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,14 samþ. með 21 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
47.–49. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 526,15 samþ. með 21 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,16 samþ. með 20:2 atkv.
51. gr., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.
52. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,17 samþ. með 23 shlj. atkv.
53. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 526,18.a samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 526,18.b samþ. með 21:3 atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
55.–56. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 552 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 526,19 samþ. með 19:2 atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,20 samþ. með 21 shlj. atkv.
58. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
59. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,21 samþ. með 21 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
61.–64. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,22 samþ. með 20:1 atkv.
65. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
66.–68. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 526,23 samþ. með 20:1 atkv.
69. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
70. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,24 samþ. með 21 shlj. atkv.
71. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
72.–74. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,25 samþ. með 20:1 atkv.
75. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,26 (ný 76. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,27 samþ. með 20:1 atkv.
77. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,28 (ný 78. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
79.–81. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,29 (ný 82. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
83. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,30 (ný 84. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,31 (ný 85. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,32 (ný 86. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 526,33 (ný 87. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
88. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,34 samþ. með 21:1 atkv.
89. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 526,35 samþ. með 21 shlj. atkv.
90. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
91.–96. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 526,36 (97.–105. gr. falli brott) samþ. með 18:3 atkv.
Brtt. 545,2 kom ekki til atkv.
Brtt. 526,37 tekin aftur.
106. gr. (verður 97. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 530,3 tekin aftur.
Brtt. 526,38 tekin aftur.
107. gr. (verður 98. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,39 tekin aftur.
108.–111. gr. (verða 99.–102. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,40 samþ. með 20:2 atkv.
112. gr. (verður 103. gr.), svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.
113. gr. (verður 104. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,41 (ný 114. gr., verður 105. gr.) samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 530,4 tekin aftur.
Brtt. 526,42 samþ. með 20:1 atkv.
115. gr. (verður 106. gr.), svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.
116.–121. gr. (verða 107.–112. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 530,5 felld með 19:2 atkv.
122. gr. (verður 113. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
123.–124. gr. (verða 114.–115. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,43 tekin aftur.
125. gr. (verður 116. gr.) samþ. með 20:2 atkv.
126.–128. gr. (verða 117.–119. gr.) samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 526,44 samþ. með 20:1 atkv.
129. gr. (verður 120. gr.), svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 526,45 (nýtt ákv. til brb. I) tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 526,45 (nýtt ákv. til brb. II) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 528,2 felld með 17:8 atkv.
Brtt. 530,6 tekin aftur.
Brtt. 545,3 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 545,4 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Án þess að ég vilji á nokkurn hátt angra hæstv. forseta í því erfiða starfi sem hann hefur átt hér í dag með því nánast að reyna að þröngva þessu frv. í gegnum þingið, ekki með meiri hluta þingdeildarmanna í mörgum tilfellum heldur með víxlgengi atkvæða sitt á hvað, hlýt ég að spyrjast fyrir um hver ætlanin er með framhald á þessu máli. Ég veit ekki betur en s.l. miðvikudag hafi verið gert samkomulag að beiðni hv. þm. Friðriks Sophussonar um að 2. og 3. umr. væri frestað til mánudags. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvað hann hyggst fyrir með áframhald þessa máls, hvort það verður afgreitt í dag eins og samkomulag er um eða hvort um frestun er að ræða eða hvort um það væri að ræða að frv. væri algerlega frestað eins og lítur nú út fyrir. Ég hlýt að spyrjast fyrir um þetta vegna þess að ef meining forseta er að taka þetta mál fyrir n.k. miðvikudag mun ég óska eftir frestun á

því, það verði ekki gert á miðvikudegi. Ég geri ráð fyrir að forseti verði við minni ósk eins og annarra hv. þm. að því er þetta mál og önnur varðar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil eingöngu staðfesta að s.l. miðvikudag, þegar ætlunin var að greiða atkvæði um þetta mál, reyndust ekki svo margir þm. viðstaddir að það tæki því að byrja þá atkvæðagreiðslu. Það var auðvitað ákvörðun hæstv. forseta sem réði því fyrst og fremst. En í framhaldi af þeirri ákvörðun og jafnframt henni hafði ég samband við fulltrúa Alþb. og Alþfl. í hv. félmn. Nd. og óskaði eftir því að hægt væri að ljúka 2. umr. og taka fyrir 3. umr. í dag. Á það var fallist. Ég tel að ekki hafi í því samkomulagi átt að skylda okkur á neinn hátt til að taka þá umræðu fyrir heldur fyrst og fremst að veita okkur heimild til að taka hana fyrir með afbrigðum til að greiða fyrir þessum störfum. Ef nú stendur svo á að ekki er hægt að láta fara fram þessa umræðu tel ég að það sé ekki brigð á því samkomulagi sem gert var s.l. miðvikudag.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil nú taka fram að það var að sjálfsögðu ætlunin að reyna að ljúka þessu máli ef nokkur kostur hefði verið í dag. En þess er enginn kostur eins og nú standa sakir. Að sjálfsögðu var ætlun forseta að þetta mál kæmi fyrir aftur á næsta fundi deildarinnar sem vafalaust verður á miðvikudaginn, en auðvitað er forseti alltaf til samkomulags um að haga svo málum að allir geti vel við unað. En það er ekki enn farið að gera dagskrá fyrir miðvikudaginn og rétt að bíða þess og ræða um það utan fundar og við nefndina hvernig við getum þokað þessu máli fram. En forseti hefur það ekki nema að litlum hluta á valdi sínu hvernig þingmál ganga fram. Hann hefur þann metnað að sjálfsögðu að koma öllum málum sem skipulegast og örast fram og það á við um þetta mál eins og önnur og er rétt að ræða þetta utan fundar. En málið kemur ekki frekar fyrir í dag eins og ég hef þegar sagt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skil orð forseta svo að hér geti verið um það að ræða í framhaldi af þessu að málið verði ekki tekið fyrir á miðvikudag þó að engu sé slegið föstu um það.

Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni að það er ekki hægt að skuldbinda eða þvinga einn eða neinn til samkomulags um hlutina, en samkomlag var um að greiða þannig fyrir málinu að það gæti hlotið lokaatkvæðagreiðslu við 2. umr. og 3. umr. í dag. Það var vilji stjórnarandstöðunnar að gera slíkt. Nú hefur það komið upp hjá stjórnarliðinu sjálfu að það vill málið ekki áfram til 3. umr. í dag. Það er athyglisvert að íhuga vegna hvers slíkt er. Það er stjórnarandstaðan sem hefur nánast hlaupið undir bagga með því að koma þessari atkvæðagreiðslu frá í dag með þeim hætti sem gert hefur verið. Ég dreg mjög í efa að það sé löggjafarsamkomunni gerlegt að afgreiða lagabálka með þeim hætti sem hér hefur gerst í dag þar sem minni hl. deildar ákvarðar um löggjöf. Ég dreg mjög í efa að löggjafarsamkomunni sé stætt á slíku þegar um er að ræða löggjöf af því tagi sem hér um ræðir þó að hún sé í mínum huga að flestu leyti ómerkileg og til einskis nýt nema tvö eða þrjú ákvæði þessa frv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil staðfesta það fyrir okkar hönd, sem erum í meiri hl. hv. félmn., að við höfum notið sérstakrar aðstoðar frá stjórnarandstöðunni til að koma þessu máli fram og vil ég nota þetta tækifæri til að koma þeim þökkum til skila til hv. 3. þm. Vestf. og annarra sem að þessum málum hafa unnið. (**KP:** Ekki veitir af.)

Neðri deild, 60. fundur.

Mánudaginn 10. mars, að loknum 59. fundi.

Tollskrá, stjfrv. 321. mál (þskj. 593). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum, voru gerðar ýmsar ráðstafanir í ríkisfjármálum til að greiða fyrir gerð kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Einn þáttur í þessum ráðstöfunum var veruleg lækkun á aðflutningsgjöldum bifreiða sem framkvæmd var með almennri tollalækkun og afnámi og lækkun að hluta til á sérstöku innflutningsgjaldi á bifreiðum. Í ljós hefur komið að við framkvæmd þessa lagaákvæðis hefur ekki náðst það markmið um lækkun verðlags sem stefnt var að með samkomulagi ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins, en ætlunin var að með aðgerðum af þessu tagi mætti færa niður framfærslukostnað sem samsvaraði 1,5% í framfærsluvísitölu. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú að upplýsingar um innflutning á bifreiðum leiddu af sér á grundvelli þeirra meðaltalsútreikninga sem fram fóru að innflutningsgjaldið, sérstaka innflutningsgjaldið af bifreiðum væri allmiklu hærra en raun varð á. Staðreyndin er sú að sú breyting hefur orðið á innflutningi bifreiða að nú er flutt inn miklu meira af minni bifreiðum en áður. Láta mun nærri að um það bil 90% af öllum bifreiðainnflutningi séu bifreiðar sem eru minni en sem samsvarar 2000 cm^3 sprengirými í vélarstærð. Þetta er meginástæðan fyrir því að framkvæmd þessa lagaákvæðis skilaði ekki þeim árangri í verðlagslækkunum sem að var stefnt.

Ríkisstj. vill fyrir sitt leyti stuðla að því að það samkomulag sem varð á milli aðila vinnumarkaðarins og hennar um þetta atriði nái fram að ganga og hefur því flutt frv. til breytinga á tollalöggjöfinni að þessu leyti. Það miðar að því að lækka bifreiðatollinn niður í 10%, en samhliða verður sérstaka gjaldinu á innfluttum bifreiðum breytt á nýjan leik og það lagt á í sjö flokkum eftir vélastærðum, frá því að vera 5% í 2. flokki upp í 32%, en bifreiðar sem eru 1000 cm^3 að sprengirými eða minni eru undanþegnar þessu gjaldi. Þessar ráðstafanir munu tryggja að það markmið í verðlagsmálum náist sem að var stefnt.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða að verið er að lækka minni bifreiðar í verði meira en fyrri tillögur höfðu í för með sér til að ná þessu markmiði. Innflutningur á stærri bifreiðum er, eins og hér hefur komið

fram, orðinn tiltölulega lítill og aðflutningsgjöld á þeim bifreiðum hafa því ekki veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs að þessu leyti.

Hv. Ed. hefur þegar í dag samþykkt frv. fyrir sitt leyti og ég vænti þess að samstaða geti orðið um skjóta afgreiðslu málsins hér í hv. Nd. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel að með þessu frv. sé ríkisstj. að reyna að leiðrétta klúður sem hún ber auðvitað ábyrgð á. Eins og málið lá fyrir í upphafi var það ekki fullnægjandi og þess vegna hefur orðið að koma með þetta mál aftur. Ég mun fyrir mitt leyti taka sömu afstöðu og hv. þm. Ragnar Arnalds í Ed. og skrifa undir nál., þegar þar að kemur, með fyrirvara.

Ég held að aðalatriði þessa máls sé að átta sig á því að þau vísitöluáhrif sem hér um ræðir og mestu skipta fyrir launafólk í landinu eru áhrifin á lánskjaravísitölu. Áhrifin á lánskjaravísitölu eru þau að hækkun hennar er þessum mun minni en ella sem skiptir auðvitað meira máli fyrir launamenn í landinu en verð á dýrum bílum.

Ég vildi hins vegar spyrja hæstv. fjmrh., úr því að þessi mál eru hér á annað borð á dagskrá, um tvennt:

1. Hvað er að frétta af stríði ríkisstj. við bankana? Ætla bankarnir að bíða eins og rætt var hér fyrir nokkrum dögum varðandi þjónustugjöld bankanna?

2. Hvernig hyggst ríkisstj. standa að framkvæmd húsnæðismálaákvæðis kjarasamninganna sem er einn meginhornsteinn þeirra kjarasamninga sem gerðir voru fyrir nokkrum dögum? Ljóst er að þar þarf, ef framkvæma á þetta ákvæði, að breyta ýmsum atriðum í lögum. Ég inni hæstv. fjmrh. eftir því hvernig sú vinna stendur og hvort það er ekki ljóst í huga ríkisstj. að afgreiðsla á húsnæðismálunum verður að fara fram á þessu þingi vegna þess að kerfisbreytingin á að taka gildi 1. sept. n.k.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt að greiða fyrir afgreiðslu þessa frv. eins og mögulegt er og almennur vilji er væntanlega fyrir því hér. Engu að síður þótti mér rétt að beina nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh. til að fá upplýsingar um þetta mál.

Ég skil það svo, og vil gjarnan fá það staðfest, að bifreiðagjald sé reiknað af sama grunni og tollur. Ef svo er sýnist mér að þetta feli í sér að lækkun verði á öllum bifreiðum allt að 2300 cm^3 sprengirými en minnkandi upp á við frá því sem áður hafði verið ákveðið. Nú er kannske erfitt að ráða í það af fyrirliggjandi gögnum hvernig frá þessu hafi verið gengið því að að því er bifreiðagjaldið varðar er einungis tekið fram, samkvæmt því sem áður var gert ráð fyrir í lögunum eins og gengið var frá þeim seinast og því sem þeim fylgdi, að bifreiðagjald væri fellt niður af bifreiðum upp að 2300 cm^3 slagrými, en síðan yrði það í þremur gjaldflokkum, 4–12%, þar fyrir ofan. Ef ég gef mér að þeir gjaldflokkar hafi verið þeir sem kallast hér V, VI og VII sýnist mér að allt upp í V. flokk gæti verið um einhverja lækkun á bifreiðum að ræða. Ef ég tæki þessi 20%, sem hér eru til lækkunar, og liti á hvernig þetta kæmi út virðist mér að það gjald hafi áður verið 4%, en eigi nú að fara upp í 20% á sama tíma og tollurinn á að hækka um 20%. Ég vildi gjarnan fá staðfest hvort þetta sé með þessum hætti.

Í annan stað langar mig til að vita hvort það sem hér er að gerast í bifreiðamálunum muni hafa einhver áhrif að því er öryrkja og stöðu þeirra varðar. Eins og hv. deild er kunnugt hafa öryrkjar notið ákveðinna fríðinda í því að álögum á bifreiðar í tolli, aðflutningsgjöldum og þess háttar hefur verið af þeim létt. Það hefur verið gert til að rétta heldur hlut þeirra miðað við aðra þegna þjóðfélagsins. Hvernig verður staða þeirra eftir þessa breytingu? Verður unnt að veita þeim hlutfallslega jafnmikla ívilnun og áður hefur verið gert eftir að þessar tollalækkanir koma til framkvæmda þannig að þeir standi hlutfallslega jafnvel að vígi og áður gagnvart þeim sem fullfrískir eru í þjóðfélaginu? Ég vildi gjarnan fá svör fjmrh. við því hvernig það sé hugsað.

Í þriðja lagi tók ég eftir því í ræðu hæstv. ráðh. að hann sagði að meginskýringin á því að nauðsyn bæri nú til að flytja frv. sem hér er flutt væri sú að það væri núna flutt inn meira af minni bifreiðum en menn hefðu gert ráð fyrir í útreikningum sínum við framlagningu frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum, 303. máli, sem hér er nýafgreitt. Þá hlýt ég að spyrja: Er nýtekinn upp sá háttur að breyta vægi hluta í vísitölunni eftir því hvernig innflutningi er háttað það og það árið og gildir það um alla liði vísitölunnar? Er það svo að ef grænmetisneysla breytist hér á landi sé upp tekinn sá háttur að breyta vísitölugrunninum að því er grænmeti varðar? Og er það þá gert ársfjórðungslega eða einu sinni á ári eða hvernig er staðið að framkvæmd þessara hluta?

Þá tók ég eftir því að hæstv. fjmrh. sagði að þetta væri meginástæðan. En hverjar voru þá hinar ástæðurnar? Ég vildi gjarnan heyra þær líka.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Vegna þeirra fsp. sem hér hafa komið fram er rétt að geta þess að þær breyttu forsendur sem ég vitnaði til í upphafsræðu minni eiga rætur að rekja til þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir lágu var talið samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar að þetta sérstaka innflutningsgjald af bifreiðum, sem greitt var samhliða tollabreytingunni, væri að meðaltali um 14% og það byggðist á mati á því að innflutningur á stærri bifreiðumn væri meiri en raun er á. Í reynd kom dæmið þannig út að þetta sérstaka innflutningsgjald var aðeins um 7% að meðaltali og í því var skekkjan fólgin og á þeim grunni var lagt til að breyta þessu sérstaka innflutningsgjaldi og á þann veg varð þessi skekkja til.

Varðandi það atriði hvernig lækkunin kæmi fram, þá er það rétt að hún verður minni á stærri bílunum sem eru yfir 2000 cm^3 að sprengirými, en er allmiklu meiri á minni bifreiðunum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Varðandi þau fríðindi sem öryrkjar hafa notið, þá hefur ekki enn gefist tóm til að athuga það, en það verður gert og kannað með hvaða hætti staðið verður að framkvæmd þeirra heimilda.

Varðandi þær fsp. sem hér komu fram frá hv. 3. þm. Reykv. og lúta að vísu að öðrum málum en hér eru til umræðu er rétt að ítreka varðandi framkvæmd á samningum um húsnæðismálin að staðið verður að því verki eins og fram kom í umræðum um þessar ráðstafanir fyrir rúmri viku og í samræmi við það sem fram hefur komið opinberlega af hálfu viðskrh. verður eftir því gengið gagnvart viðskiptabönkum að þær breytingar sem þeir gerðu á þjónustugjöldum sínum verði leið-

réttar. En ég vænti þess að hæstv. viðskrh. geti þegar réttar aðstæður eru svarað frekar fsp. um það atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Mánudagur 10. mars, að loknum 60. fundi.

Tollskrá, stjfrv. 321. mál (þskj. 593, n. 603). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. hv. fjh.- og viðskn. sem er á þskj. 603. Nefndin hefur haldið einn stuttan fund um málið og hefur þar rætt um frv. Hún leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Undir þetta rita, auk mín, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson, Sverrir Sveinsson, Svavar Gestsson og Bjarni Guðnason, en þeir Svavar Gestsson og Bjarni Guðnason með fyrirvara. Hv. þm. Guðmundur Einarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins, en fundinn sótti auk nefndarmanna hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls bar ég fram tvær fsp. til hæstv. fjmrh., annars vegar varðandi þjónustugjöld bankanna sem hér voru til umræðu fyrir nokkrum dögum og hins vegar varðandi húsnæðismál. Ég tel að svör hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins hafi verið ófullnægjandi við báðum þessum liðum, einkum varðandi húsnæðismálin þar sem ég spurði þeirrar einföldu spurningar hvort það væri ætlun ríkisstj. að leggja fyrir yfirstandandi löggjafarþing frv. um húsnæðismál þannig að hið nýja húsnæðislánakerfi gæti tekið gildi frá 1. sept. eins og gert var ráð fyrir í þeim kjarasamningum sem gerðir voru fyrir stuttu. Ég ítreka þess vegna fsp. mínar, herra forseti.

Varðandi málið sjálft, sem hér liggur fyrir, hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara og ég óska eftir því að nál., eins og því hefur verið dreift hér, verði leiðrétt þegar í stað. Þessi fyrirvari minn kemur ekki fram á nál. á þskj. 603. Því var hins vegar lýst af frsm. nefndarinnar áðan.

Fyrirvarinn lýtur einkum að því atriði, sem ég gat um í upphafi, að auðvitað er framkvæmd þessa máls á ábyrgð ríkisstj., auk þess sem það hlýtur að orka tvímælis og vera umdeilanlegt hvort sú aðferð sem hér er höfð við niðurfærslu verðlags sé hin eina rétta og skynsamlega. Það sem skiptir máli í því efni er hins vegar að átta sig á að áhrifin af þessari niðurfærsluaðgerð yrðu fyrst og fremst á lánskjaravísitöluna. Hún hækkar minna en ella og það kemur þeim mörgu til góða sem eru með verulega þungar skuldir vegna húsnæðiskaupa.

Þá vil ég einnig geta þess, herra forseti, að í nefndinni var nokkuð fjallað um stöðu öryrkja sem hafa notið ákveðinna réttinda til niðurfellingar tolla af bifreiðum. Svör í þeim efnum fengust ekki á fundi nefndarinnar áðan. Hins vegar er nauðsynlegt að mínu mati, áður en málið fer út úr deildinni, að svör fáist um með hvaða hætti hæstv. fjmrh. hyggst taka á því máli þannig að öryrkjar verði jafnsettir öðrum eftir þessa breytingu og áður hefur verið. Einkum er um að ræða þá sem hafa fengið verulega niðurfellingu tolla, þ.e. þá sem eru mjög fatlaðir. Hefur verið um að ræða 40 bíla á ári sem veitt hefur verið veruleg niðurfelling tolla af. Þetta mál er auðvitað óhjákvæmilegt að athuga núna vegna þess að einmitt þessa dagana er verið að ganga frá úthlutun á svokölluðum öryrkjabílum og þar tilfærslur á tollum, sem hér er verið að afgreiða á hv. Alþingi, snerta mjög störf þeirrar nefndar sem nú vinnur að úthlutun á svokölluðum öryrkjabílum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég taka það fram að þskj. 603 verður prentað upp og dreift þannig nú á næstunni.

Bjarni Guðnason: Herra forseti, góðir þingdeildarmenn. Þetta mál, sem hér er nú til umræðu, hefur borið mjög brátt að og þarf að afgreiðast í miklum skyndingi, en það er afleiðing af almennum kjarasamningum þannig að það er sjálfgert mál að samþykkja þetta frv., enda er það til hagsbóta fyrir þá menn sem hafa ráð á því að kaupa bíla. Ég tel mig því vel geta skrifað undir nál. fjh.- og viðskn. Nd.

Hins vegar kom upp hjá félögum mínum í Alþfl. nokkur áhyggja út af réttindum öryrkja því að það er ekki vikið að stöðu þeirra og réttindum í þessu nýja frv. til laga og þess vegna varð það niðurstaða mín að skrifa undir þetta nál. með fyrirvara. Ég tel það nauðsynlegt að skýrt komi fram að Alþfl. leggur á það mikla áherslu að öryrkjar standi jafnvel að vígi og þeir sem eru heilir við þessar breytingar eða tilfærslur á tollum. Þess vegna samþykkjum við Alþýðuflokksmenn þetta í deildinni í trausti þess að hæstv. fjmrh. sjái til þess að hagsmunir öryrkja verði ekki síðri eftir þessa breytingu en þeirra sem heilir eru.

Um þetta hef ég ekki meira að segja nema það að allt er þetta furðulegt, hvernig mál af þessu tagi hefur borist til þingsins, þar sem samþykktar eru úti í bæ breytingar á tollum á bílum. Vinnubrögðin, flumbrugangurinn, rangar reikningsfærslur, mistök. En ekki skal ég orða þetta frekar að sinni. Kannske fæ ég tækifæri síðar. En ég styð þetta frv. með þeim fyrirvara sem þegar hefur komið fram.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Þetta frv. tengist því frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986 sem fjallað var um hér í deildinni og gert að lögum fyrir u.þ.b. tíu dögum. Þær efnahagsaðgerðir, sem boðaðar voru í því frv., tengjast nýgerðum kjarasamningum sem Kvennalistinn getur ekki stutt. Þar af leiðandi studdum við þingkonur Kvennalistans ekki það frv., en sátum hjá við afgreiðslu þess. Forsendur þeirrar afstöðu voru vel skýrðar í framsögu minni þá og í framsögu hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur í Ed. Afstaða okkar hefur ekki breyst á þessum tíu dögum og munum við þingkonur Kvenna-

listans því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. eins og þess frv. sem það er tengt. Konurnar sem fylla lægstu launaflokkana í þessu landi hafa ekkert frekar efni á því að kaupa sér bíla þó að tollur af þeim sé lækkaður eitthvað meira en þær höfðu fyrir tíu dögum og munu hafa í kjölfar þessara kjarasamninga.

Þetta frv. tengist einnig beint málefnum öryrkja, eins og komið hefur fram í umræðunni hér áður, og styð ég það og tek undir að nauðsynlegt er að huga vel að réttlætismálum í þeim efnum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þau svör sem ég fékk hjá hæstv. fjmrh. áðan við fyrirspurnum mínum fannst mér ekki nægilega glögg. Ég fékk engin svör um hverjar væru aðrar ástæður fyrir því að svo hefði til tekist sem raun ber vitni annað en það sem hæstv. ráðh. nefndi meginástæðu. Ég ítreka þá spurningu að ég vil gjarnan fá gleggri upplýsingar um hvað það var sem í raun og sannleika gerðist. Ég vil líka ítreka þá skoðun mína að mér þykir þessi svonefnda meginástæða, eins og hún er fram fyrir okkur borin, heldur kúnstug og ekki ganga allt of vel upp miðað við það sem maður hefur átt að venjast í þessu þjóðfélagi varðandi vísitöluútreikning og þess háttar.

Í annan stað kemst ég ekki hjá því að gagnrýna að ekki skuli betur gerð grein fyrir þessu máli í fskj. en hér er gert. Ég bar fram fyrirspurn um hvort bifreiðagjald og tollur reiknaðist af sama gjaldstofni, óskaði staðfestingar á hvort svo væri. Ég varð ekki var við að því væri mótmælt sem ég hélt fram í þeim efnum. En til þess að gera þetta enn gleggra vil ég spyrja hreint út sagt: Er þá hægt að leggja saman þær ívilnanir sem verið er að gera annars vegar í bifreiðagjaldinu og hins vegar í tollum þannig að menn geti í raun og sannleika fengið nettóáhrifin af þessari breytingu út með einfaldri samlagningu? Ég sé að hæstv. fjmrh. kinkar kolli. Þá þýðir þetta væntanlega að tollur og bifreiðagjöld eru samtals að lækka um 20% með þessu frv. í ódýrasta flokki bíla, um 15% í næsta flokki, um 11% í þarnæsta, síðan um 7%, þá um 4%, en þau standa óbreytt af V. og VI. flokki, þ.e. af tveimur dýrustu tegundum bílanna.

Mér finnst nefnilega, miðað við þá umræðu sem fram hefur farið að undanförnu og miðað við þá uppákomu sem í raun hefur átt sér stað varðandi þessa tollalækkun, ástæða til þess að þingið sé bærilega vel upplýst um hvað það er að gera. Ég segi þetta kannske ekki síst af tillitssemi við hæstv. fjmrh. og auðvitað líka af tillitssemi við þingið. Mér þætti heldur slæmt ef við þyrftum að leiðrétta þetta í þriðja ganginn vegna þess að menn vissu ekki nákvæmlega hvað þeir væru að gera.

Ég held við séum öll af vilja gerð hér í þinginu að afgreiða þetta greiðlega og fljótt, en ég held að við höfum líka öll áhuga á því að fá sem gleggstar upplýsingar um hvað við erum að gera og þá ekki síst í ljósi þess, sem hefur gerst að undanförnu, að við stöndum frammi fyrir því að vera að framkvæma leiðréttingu á gjörðum sem eru nokkurra daga gamlar og viljum ógjarnan lenda í þeim sporum aftur.

Þá hlýt ég að óska eftir nánari útlistun hæstv. fjmrh. á því hvernig hann ætli að standa að bílamálum öryrkja í þessu sambandi, eins og hér hefur verið gert eilítið að umtalsefni og eins og ég spurði um í ræðu minni við 1. umr. Þetta er þó nokkurt mál eins og aðrir hafa hér tekið undir. Nú spyr ég: Er ætlun ráðherra að sömu upphæð verði varið til lækkunar fyrir hvern flokk öryrkja á hvern bíl eftir þessa breytingu? Það væri ein leiðin, að sömu upphæð yrði varið til lækkunar fyrir hvern flokk öryrkja á hvern bíl eins og áður var veitt í lækkun eða afslætti af tollum og aðflutningsgjöldum. Þetta væri ein aðferðin við að tryggja að öryrkjarnir stæðu jafnvel og áður. Mér skilst að menn hafi áhuga á því að þeir standi jafnvel og áður. Það mætti hugsa sér að framkvæma það með þessum hætti. Menn gætu líka hugsað sér að þeir teldust standa jafnvel gagnvart öðrum hópum í þjóðfélaginu, þeim sem fríska eru, með því að bílar til öryrkja væru hlutfallslega jafnmiklu ódýrari eftir þessa breytingu og þeir voru til öryrkja fyrir breytinguna. Hér er um tvær leiðir til útfærslu að ræða sem ég vek strax athygli á og vildi gjarnan heyra hvora leiðina hæstv. fjmrh. hefur hugsað sér að fara þannig að þingdeildin geti áttað sig á því hvernig öryrkjar standa eftir þessa breytingu því að ég geri ráð fyrir að það sé ofarlega í hug margra.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en ég vil gjarnan fá staðfestingu á því að nettóútkoman fyrir hvern gjaldflokk útreiknist með þeim hætti sem ég hef hér gert grein fyrir þannig að við vitum það þó í fyrsta lagi. Þá tel ég nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari því afdráttarlaust hvaða stefnu hann hyggst taka að því er varðar málefni öryrkjanna og þá vísa ég sérstaklega til þessara tveggja leiða sem ég hef hér gert að umtalsefni. Í þriðja lagi verð ég að segja að mér finnst hæstv. fjmrh. skulda okkur betri skýringar á því hvaða ástæður lágu til þess að svo fór sem fór og ekki bara meginástæðuna, sem mér finnst ekki nógu skýr, heldur hverjar voru hinar ástæðurnar, hvað það var annað sem fór úrskeiðis.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég get staðfest að reikningsaðferðir hv. 3. þm. Reykn. eru réttar. Að því er varðar spurningu hans um meðferð á þeim ívilnunum sem öryrkjar hafa notið vil ég endurtaka það, sem ég sagði í svari við þessari spurningu í fyrri umræðu málsins, að það er nú til sérstakrar athugunar, en ég hef ekki enn tekið ákvörðun um með hverjum hætti við verður brugðist. Eins og fram kom í máli hv. þm. eru fleiri en ein leið til í því efni. En það mál er til sérstakrar athugunar og verður tekið til ákvörðunar mjög fljótlega og þá frá því greint.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 62. fundur.

Mánudaginn 10. mars, að loknum 61. fundi.

Tollskrá, stjfrv. 321. mál (þskj. 393). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að beina því eindregið til hæstv. fjmrh. að hann vindi að því bráðan bug að gera upp hug sinn um hvernig hann hyggist framkvæma tollaívilnanir eða hliðstæðar aðgerðir gagnvart öryrkjum þannig að þingið geti sem allra fyrst fengið að sjá hvernig framkvæmdin verði í þeim efnum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns var hann fjarverandi þegar hæstv. fjmrh. tók hér til máls við lok 2. umr., en hann hafði einmitt lýst því yfir, hæstv. ráðherra, að það yrði gert sem hann fór fram á, hv. þm.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 606).

Sameinað þing, 57. fundur.

Þriðjudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Staða lektors í íslenskum bókmenntum, fsp. 222. mál (þskj. 450). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 450 hef ég borið fram fsp. í tveimur liðum til hæstv. menntmrh. varðandi stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hvaða forsendur lagði ráðherra til grundvallar þegar hann réð í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. des. s.l.?

2. Með hvaða rökum taldi ráðherra sig ekki þurfa að taka tillit til sérstakra meðmæla dómnefndar né til vilja heimspekideildar þegar hann réð í þessa stöðu?"

Eins og hv. þm. vita hefur þessi stöðuveiting menntmrh. verið ákaflega umdeild og henni verið mótmælt kröftuglega af þeim aðilum sem málið er skylt. Má þar nefna mótmæli stúdentaráðs Háskóla Íslands, mótmæli Mímis, félags stúdenta í íslenskum fræðum, mótmæli nemenda á kandidatsstigi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og nú síðast mótmæli virðulegs háskólaráðs sem telur að ráðherra hafi sýnt störfum háskólamanna lítilsvirðingu með umræddri stöðuveitingu.

Svör hæstv. ráðh. við mótmælum háskólaráðs, svo og svör hans við spurningum fréttamanna um þetta mál eru mér kunn og ég vil taka það fram að slík svör vil ég ekki fá við fsp. minni hér á eftir. Ég vil t.d. ekki fá þau svör, sem háskólaráð fékk, að dómnefnd hafi metið tvo hæfustu umsækjendurna svipaða að hæfni eða alveg jöfn, eins og ráðherra segir í DV 29. jan. s.l. Slíkt svar vil ég ekki einfaldlega vegna þess að það er ekki rétt og því til staðfestingar vil ég lesa hér heildarniðurstöðu dómnefndar um hæfni umsækjenda, með leyfi forseta:

„Allir umsækjendur teljast hæfir nema Árni Sigurjónsson sökum námsferils. Tveir umsækjendur skera sig úr, þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson. Helga Kress er dósent í almennri bókmenntafræði og hefur meiri og víðtækari reynslu en hann sem háskólakennari og fræðimaður. Af þeim sökum mælir dómnefnd með því að hún verði valin til starfsins."

Auk þessa ótvíræða dómnefndarálits vil ég láta þess getið að vilji heimspekideildar í þessu máli er einnig ótvíræður. Við atkvæðagreiðslu í deildinni hlaut Helga Kress 26 atkvæði í stöðuna, dr. Örn Ólafsson 7 atkvæði og Matthías Viðar Sæmundsson, sá er ráðherra veitti stöðuna, hlaut 4 atkvæði.

Ég biðst líka undan því að fá svör frá ráðherra hér á eftir á borð við þau að óhæfa hefði verið að veita Helgu stöðuna vegna þess að við það hefði hún lækkað í launum eða vegna þess að hún sé þegar í fastri stöðu við Háskóla Íslands. Ef hún kýs að sækja um lægra launaða stöðu en hún þegar hefur er það vitaskuld hennar ákvörðun en ekki ráðherra. Ljóst er einnig að umrædd staða er nær rannsóknarsviði Helgu en sú staða sem hún gegnir nú og því eðlilegt að hún vilji færa sig á milli þótt tímabundið væri.

Virðulegi forseti. Tími minn er útrunninn og ég skal láta máli mínu lokið. Mig langar að bæta örlítilli spurningu við til hæstv. ráðh. Í Morgunblaðinu 7. jan. s.l. er haft eftir ráðherra að hann hafi „kannað þetta mál mjög rækilega og skoðað sig vel um bekki", eins og hann segir, áður en hann veitti stöðuna. Hvaða bekki skoðaði ráðherrann og hvað á hann við með þessum ummælum?

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þær forsendur sem lágu til grundvallar þegar ég tók ákvörðun um að veita Matthíasi Viðari Sæmundssyni stöðu lektors í íslenskum bókmenntum voru þær að þar fengi Háskólinn vel menntaðan mann til að gegna þessari tímabundnu stöðu. Þannig stóð á að Vésteinn Ólason hafði fengið leyfi frá störfum til framhaldsmenntunar og þessi staða var þess vegna auglýst laus tímabundið. Það kom fram, enda las hv. 11. þm. Reykv. það upp sjálfur, að dómnefndin taldi tvo umsækjendur skera sig úr. Það voru þau Helga Kress og Matthías Viðar. Helga Kress hefur gegnt og gegnir dósentsstöðu við Háskólann þannig að með því að skipa Matthías Viðar í þetta embætti bættist Háskólanum, að mínum dómi, verðmætur starfskraftur. Þetta réði afstöðu minni.

Ég get því miður ekki lagt mikið upp úr atkvæðagreiðslu í heimspekideild Háskólans þar sem kannske nýráðnir Márar frá Spáni eiga atkvæðisrétt um stöðu bókmennta í íslenskum fræðum, enda hlaut Örn nokkur Ólafsson nærri helmingi fleiri atkvæði en Matthías Viðar, enda þótt dómnefndin teldi Matthías Viðar skera sig mjög úr ásamt með Helgu Kress, þannig að að því leyti er ekki mikið upp úr þessum atkvæðagreiðslum leggjandi.

Það kann vel að vera að það sé mál Helgu Kress, eins og það er orðað af fyrirspyrjanda, að sækja um stöðu niður fyrir sig, þremur launaflokkum lægri. En það er ég sem ræð. Það er það sem skiptir máli, en ekki hvort hún kýs svo að sækja um stöðu lektors í þessu falli og þremur launaflokkum neðar en hún nýtur launa samkvæmt stöðu sinni nú.

Ég mætti kannske spyrja hvað Kvennalistinn mundi hafa sagt ef ég hefði tekið mig til og skipað hana í stöðuna gegn vilja hennar þremur launaflokkum neðar

en hún nýtur launa í samkvæmt núverandi starfi sínu.

Það er enginn vafi á því að Háskólinn hefur verðmætan starfskraft þar sem Helga Kress er, enda breytir þetta stöðu hennar í öngvu.

Ég verð nú að segja að ég hlýt að vara við þessu tali um kvennabókmenntir. Hvenær skyldi að því draga að við fáum karlamálverk eða karlatónlist? Er ekki þetta nokkuð óþarft tal og þessi sundurgreining, sem þarna er verið að fitja upp á, og gersamlega út í hött?

Ég fór vissulega að niðurstöðum dómnefndar því að dómnefndin mat þau jöfn, en raðaði þeim, Helgu nr. 1 og Matthíasi nr. 2, það er að vísu rétt. Þegar lesin er niðurstaða dómnefndar út í gegn er það alveg ljóst að þau voru metin þar hnífjöfn, en ég geri ráð fyrir því að dómnefndin hafi talið sér skylt vegna starfsaldurs Helgu Kress að setja hana nr. 1 og Matthías nr. 2.

En eins og ég segi: Hér hefði skipan Helgu Kress í þessa stöðu tímabundið í þrjú ár leitt til þess að núverandi staða hennar í almennum bókmenntum hefði verið auglýst laus til umsóknar, í hana þá skipað eigum við að segja tímabundið, til þess að halla ekki á að maður hefði svo viljað vera láta að hún ætti aðgang að sinni fyrri stöðu þegar Vésteinn Ólason kemur aftur að loknu leyfi. Allt þetta hefði valdið óþarfa umstangi og þess vegna, með tilliti til niðurstöðu dómnefndar, tók ég ákvörðun um skipun Matthíasar Viðars Sæmundssonar, enda heyri ég að það mælist ákaflega vel fyrir nema í röðum einstakra fulltrúa Kvennalistans.

Ég ætla ekkert að orðlengja um þetta sérstaklega, en ég hef skipað í fleiri stöður en þessa. Mér hefur ekkert verið þakkað sérstaklega fyrir það af Kvennalistanum að hafa skipað í prófessorsstöðu lyfjafræðing þar sem ég valdi konu fremur en karl þótt karlinum væri raðað einu sæti ofar en konunni. Þær þyrftu því að vera sjálfum sér samkvæmar, Kvennalistakonur. Og margt fleira mætti raunar rifja upp í sambandi við veitingu embætta í Háskóla Íslands þó að ég láti það ógert nú.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin ef svör skyldi kalla því að aðrir eins útúrsnúningar og vífilengjur heyrast sjaldan hér á hv. Alþingi og heyrist þó ýmislegt hér.

Ráðherra vill meina að hann hafi farið að niðurstöðum dómnefndar. Heyrði ráðherrann mig ekki lesa niðurstöður dómnefndar hér áðan þar sem kemur ótvírætt fram að þeir tveir umsækjendur sem um ræðir standa ekki hnífjafnir, eins og ráðherrann sagði hér? Dómnefnd mælir eindregið með Helgu Kress til starfans. Lítilsvirðing ráðherra við ákvörðunarvald heimspekideildar mun verða í annála færð í Alþingistíðindum. Í raun og veru var ekkert bitastætt í svari ráðherra nema, eins og hann sagði sjálfur: Það er ég sem ræð. Það er ég sem hef valdið og það er mitt að brúka það. Eftir stendur í raun og veru aðeins að ráðherra hefur beitt valdi sínu þvert á vilja Háskólans og hefur því sem yfirmaður Háskóla Íslands sýnt þessari æðstu menntastofnun þjóðarinnar fullkomna lítilsvirðingu.

Ég vil að lokum lesa upp mótmæli virðulegs háskólaráðs en þau segja alla söguna í trássi við digurbarkaleg ummæli ráðherra. Þau eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Háskólaráð mótmælir þeim vinnubrögðum menntmrh. að ganga gegn tillögu heimspekideildar og dómnefndar hennar við setningu í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum. Ráðið vill minna ráðherra á að deildir Háskólans eru sjálfstæðar um tilhögun kennslu sinnar og bera einar ábyrgð á henni. Deildir gera strangar kröfur til kennara sinna og velja úr hópi umsækjenda eftir fræðilegu mati og hæfni þeirra. Þegar ráðherra leyfir sér að sniðganga mat deildar og tillögu er viðkomandi deild og þeim fræðimönnum sem í hlut eiga sýnd lítilsvirðing. Háskólaráð gerir þá kröfu til ráðherra að hann meti störf háskólamanna að verðleikum og sýni þeim ekki slíkt virðingarleysi sem umrædd stöðuveiting ber vott um."

Ég vil að lokum beina þeim tilmælum til hæstv. menntmrh. að hann reyni framvegis að hafa taumhald á valdi sínu og virði sjálfstæði Háskóla Íslands. Stjórnvald sem hundsar þann hornstein þekkingar og lýðræðis, sem sjálfstæði háskólastofnana í raun er, er stjórnvald sem er hættulegt bæði þekkingu og lýðræði.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef nú fáu að bæta við það sem ég sagði áðan. Í niðurstöðum dómnefndar er tekið fram að tveir umsækjendur skeri sig úr. Það stendur skýrum stöfum þar. Það voru þau Helga Kress og Matthías Viðar Sæmundsson. Þegar þetta er rakið og á þetta er litið óhlutdrægt sjá menn að hér hefði verið meira en lítið sérkennilega að farið og vífilengjur um þessa stöðu að skipa dósent í lektorsstöðu þremur launaflokkum neðar. Ætli það hefði ekki fljótlega komið krafa um að hún hlyti sömu laun og hún áður hafði? Því á ég helst von á. Skipa þá mann til bráðabirgða í hina stöðuna til þriggja ára meðan maður er í fríi. Menn sjá að þetta er auðvitað lausung í stöðuveitingum. Og ég vil aðeins minna og benda á að það var auglýst staða lektors í íslenskum bókmenntum, en ekki í Torfhildi Hólm eða Guðrúnu frá Lundi.

Staða lektors í íslenskum bókmenntum, fsp. 223. mál (þskj. 451). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 451 hef ég borið fram aðra fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Snertir sú fsp. þá hlið þessa máls sem snýr að jafnrétti kvenna og karla. Eitt er það að sá umsækjandi um stöðuna sem ráðherra hafnaði þvert á mat dómnefndar og þvert á vilja heimspekideildar var kona, en í stað þessarar konu réð ráðherra karl í stöðuna. Hitt er það að fræðikonan sem í hlut á er brautryðjandi í íslenskum kvennarannsóknum, einkum rannsóknum á íslenskri kvennabókmenntasögu. — Og ég vil minna hæstv. ráðh. á að verk Torfhildar Hólm tilheyra íslenskum bókmenntum hvaða skoðun sem ráðherra kann að hafa á því. — Því hefur ráðherra með þessari stöðuveitingu ekki aðeins gengið fram hjá hæfri konu heldur einnig hafnað rannsóknarsviði hennar, kvennarannsóknum.

Á sama tíma og ráðherra stendur þennan veg að málum eru 104 nemendur af 152 eða tæp 70% nemenda á BA-stigi í íslensku konur. Á cand. mag.-stigi hafa 10 nemendur sótt um að ljúka prófi með ritgerð á sviði kvennarannsókna. Til þess að menn átti sig á hlutföllum er þess að geta að það ljúka venjulega einn til tveir

nemendur cand. mag.-prófi á ári. Allir fastir kennarar í íslensku eru hins vegar karlar og enginn þeirra hefur kvennabókmenntir að rannsóknarsviði. Einnig er rétt að fram komi að Háskóli Íslands hefur lægsta hlutfall háskóla á Norðurlöndum af konum í föstum stöðum og um stöðu kvennarannsókna við Háskólann miðað við nágrannalöndin þarf ekki að fjölyrða. Hún er miklu lakari hér en annars staðar.

Jafnframt er Alþingi Íslendinga nýbúið að samþykkja ný lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla og að auki fullgilda alþjóðasamning um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

Því spyr ég hæstv. ráðh. á þskj. 451 hvort hann telji þessa stöðuveitingu vera í samræmi við þessi nýju lög og þennan nýsamþykkta alþjóðasamning. Einnig vil ég minna hæstv. ráðh. á að í framkvæmdaáætlun þeirri sem samþykkt var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairóbí síðast liðið sumar og sem Ísland er aðili að skuldbinda ríkisstjórnir aðildarríkjanna sig til að efla kvennarannsóknir bæði á vegum stofnana og einkaaðila í heimalöndum sínum og til að sýna gott fordæmi að hafa jafnrétti kynjanna jafnan að leiðarljósi við stöðuveitingar.

Lokaspurning til hæstv. ráðh. er því: Hvernig telur ráðh. umrædda stöðuveitingu samrýmast þessum samþykktum?

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Í 3. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna segir að hvers konar mismunun eftir kynferði sé óheimil. Jafnframt segir í 5. gr. laganna að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. varðandi ráðningu, setningu og skipun í starf, stöðuhækkun eða stöðuveitingu.

Í athugasemdum með lögum þessum segir að með mismunun sé átt við „athöfn eða athafnaleysi, hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi sem skapar mismunandi stöðu karla og kvenna í raun vegna kynferðis eða atriða tengdum því.“ Hér er ekki um slíka mismunun að ræða, enda enginn greinarmunur gerður á kynferði við þessa tímabundnu ráðningu í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.

Svo sem venja er til leitaði ráðuneytið umsagnar heimspekideildar Háskóla Íslands um hæfi þeirra er sóttu um lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum. Dómnefnd, sem skipuð var á vegum heimspekideildar, komst að þeirri niðurstöðu að tveir umsækjenda væru vel hæfir til þess að gegna þessari stöðu og jafnframt að þeir sköruðu fram úr öðrum umsækjendum. Þetta var niðurstaða dómnefndarinnar eins og margsinnis hefur verið rakið. Annar þessara umsækjenda, Matthías Viðar Sæmundsson, var ráðinn tímabundið í þessa lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum meðan sá sem skipaður er í stöðuna er í leyfi frá störfum, eins og margsinnis hefur verið tekið fram.

Hinn umsækjandinn, Helga Kress, starfar nú þegar við Háskóla Íslands og er skipuð dósent í almennum bókmenntum. Helga Kress var skipuð í lektorsstöðu í almennum bókmenntum árið 1981 og ári síðar fékk hún stöðu sinni breytt í dósentsstöðu á grundvelli framgangsreglna. Enda þótt hún hafi nú stöðuheiti dósents í almennum bókmenntum er það ekki sjálfgefið að hún hefði haldið því stöðuheiti hefði hún hafið kennslu í annarri grein. Því hefði ráðning hennar í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum formlega haft í för með sér stöðulækkun fyrir hana, a.m.k. þar til nýtt mat skv. framgangskerfi hefði farið fram.

Í 9. gr. laga nr. 65/1985 segir að atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Tilgangur þessa ákvæðis er að fá atvinnurekendur til þess að stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Þó að það kunni að vera langsótt að halda því fram varðandi þetta mál að ákvæði þetta hafi verið brotið, og það er nú reyndar mitt álit að það sé fjarri lagi, getur verið að því verði haldið fram í umræðum sem rökstuðningi fyrir því að veita Helgu Kress starfið að engin kona sé fastráðinn kennari í íslenskum bókmenntum. Það virðist vera rétt samkvæmt kennsluskrá Háskólans. Hins vegar kenna þrjár konur í samtals fjórum námsgreinum. Meðal þeirra er Helga Kress sem kennir kvennabókmenntir svokallaðar. Hinar konurnar eru líklega lausráðnar. Í almennri bókmenntafræði eru tvær konur fastráðnar.

Þegar lög um jafnrétti kynjanna hafa verið til umfjöllunar á Alþingi hafa verið fluttar tillögur sem gerðu ráð fyrir því að það væri beinlínis lagaskylda þegar karl og kona sæktu um stöðu og stæðu jafnfætis að flestra mati að því er hæfni til starfans varðar að konan ætti að fá stöðuna. Þetta hafa verið tillögur um svokallaða jákvæða mismunun. Því hefur verið hafnað að setja slík ákvæði í lög sem þýðir að löggjafinn sjálfur hefur hafnað þessari afstöðu.

Ákvæði 3. gr. laga nr. 65/1985, sem kveður svo á að „sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar séu til þess að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna gangi ekki gegn lögunum“, felur ekki í sér heimild eða skyldu til almennrar jákvæðrar mismununar heldur verða slíkar aðgerðir að grundvallast á sérstökum ákvörðunum hverju sinni. Því hvílir ekki sú skylda á veitingarvaldshafa að ráða fortakslaust þann umsækjanda sem er kvenkyns í starfið þegar fleiri jafnhæfir sækja um. Ef takmarka ætti ákvörðunarvald þess sem veitir stöður með þessum hætti þarf til þess ótvírætt lagaákvæði þess efnis.

Í athugasemdum með þáltill. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda samning um afnám alls misréttis gagnvart konum kemur fram að slík löggjöf sé í samræmi við þennan samning og að ekki sé þörf að breyta íslenskum lögum til að geta framfylgt honum. Nægir því að vísa til þess er að framan greinir, þ.e. að ekki hafi verið um kynbundna mismunun að ræða. Í þessum samningi er ekki að finna ákvæði um jákvæða mismunun.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Í sambandi við stöðuveitingar geta vissulega verið álitamál. Mér sýnist hins vegar að hæstv. menntmrh. hafi í sambandi við umræddа stöðuveitingu gengið gegn sjónarmiðum meiri hluta aðila sem veita umsögn um þetta á vegum Háskóla Íslands. Það eru einkennilegar röksemdir sem við fáum hér um það að sú kona sem sótti um þetta starf hafi verið að lækka sig launalega eins og það væri ekki hennar mál hvort hún óskaði eftir slíku. Þau rök eru veik.

Ég kveð mér hljóðs, herra forseti, til að benda hæstv. menntmrh. á að í 4. gr. þess samnings sem Alþingi

hefur staðfest „um afnám mismununar gagnvart konum“ er tekið skýrt fram að gera skuli „sérstakar bráðabirgðaráðstafanir“, og það er orðrétt tilvitnun, „sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist“ og það með svonefndri „jákvæðri mismunun“. Þannig er í þessum samningi að finna slík ákvæði.

Það hefði kannske verið ástæða til að spyrja hæstv. félmrh. um álit hans á þessum efnum því að undir hann heyrir jafnréttislöggjöfin. Þar er ekkert sem segir til um að jákvæðri mismunun sé hafnað.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Þau voru öllu skárri nú, enda undirbúin. En því miður standast forsendur þeirra ekki samkvæmt þeim úrskurði sem Jafnréttisráð kvað upp í þessu máli í gær. Ég vil hér nú, með leyfi forseta, lesa niðurstöðu Jafnréttisráðs:

„Jafnréttisráð er sammála um eftirfarandi niðurstöðu í málinu: Jafnréttisráð vill vekja athygli á þeirri skyldu, sem lögð er á herðar atvinnuveitenda, að taka sérstakt tillit til ákvæða laga nr. 65/1985 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við stöðuveitingar.“

Síðan er vitnað í niðurstöðunni í 1., 2., 6. og 9. gr. jafnréttislaganna og því næst segir:

„Með bréfi Jafnréttisráðs, dags. 10. janúar 1986, var menntmrh. gefinn kostur á að gera grein fyrir setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðuna, m.a. að upplýsa hvað réði því að hann valdi þann kost að ganga fram hjá þeim umsækjanda sem dómnefnd heimspekideildar Háskóla Íslands taldi hæfastan og sem fékk yfirgnæfandi mesta fylgi í kosningu hjá deildarráði heimspekideildarinnar.

Í svarbréfi menntmrn., dags. 3. febrúar s.l., er náms- og starfsferill Matthíasar Viðars Sæmundssonar rakinn, en ekki er vikið að því einu orði hvort og þá hvaða sérstökum hæfileikum Matthíasar Viðar sé búinn sem væntanlega hafa ráðið úrslitum um skipun hans í lektorsstöðuna.

Þar sem ekki verður af bréfi menntmrn. ráðið að Matthías Viðar hafi sérstaka hæfileika umfram Helgu Kress til þess að gegna þessu starfi og með hliðsjón af umsögn dómnefndar, sem telur Helgu vera hæfasta, og atkvæðagreiðslu heimspekideildar Háskóla Íslands, sem styður Helgu með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða, telur Jafnréttisráð ekkert fram komið í málinu sem réttlæti að fram hjá jafnhæfri konu var gengið við setningu í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands.

Þegar þetta er virt og höfð í huga sú aukna skylda sem á herðar atvinnuveitanda var lögð með gildistöku laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, verður að líta svo á að með setningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu við heimspekideild Háskóla Íslands hafi verið brotið ákvæði 2. tölul. 5. gr. laga nr. 65/1985. Öðruvísi verður vart séð hvernig tilgangi og markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verði náð.“

Hæstv. menntmrh. hefur samkvæmt áliti ráðsins gerst brotlegur við nýsett jafnréttislög og við það hef ég engu að bæta öðru en því að ég vil ítreka það, sem ég hef hér ævinlega sagt, að jafnréttislög og yfirlýsingar um afnám mismununar gagnvart konum eru einskis virði þegar valdsmenn skortir víðsýni og vilja til að fara eftir þeim.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Austurl. ítreka ég það, sem ég tók fram, að við meðferð þessara mála hér á hinu háa Alþingi hafa verið fluttar tillögur beinlínis um hina jákvæðu mismunun en þeim verið hafnað. Þess vegna er það oftúlkun hans þegar hann vitnar til laganna þar sem hann þykist geta lesið slíkt út úr þeim.

Ég hef, eins og ég segi, engu fleiru við þetta að bæta. Ég kynnti mér þetta mál mjög rækilega. Ég hef fylgst með skrifum, bókmenntagagnrýni t.a.m., þessara umsækjenda og ég er í engum vafa um að Helga Kress er mikilhæfur bókmenntafræðingur. Síðasta framlag hennar, sem hún flutti, um Fóstbræðrasögu, kann ég vissulega að meta. En á því að hún var fastur starfskraftur við Háskóla Íslands og að ég hafði þá skoðun að Háskóla Íslands kæmi vel að fá þennan nýja unga mann til starfa, Matthías Viðar, byggðist mín niðurstaða.

Nokkuð finnst mér hann langt sóttur þessi málatilbúnaður allur sem Kvennalistinn hefur hér í frammi, enda mætti nú kannske eitthvað fleira rifja upp í góðu tómi sem sýnir að stundum er holhljómur í málflutningi á þeim bæ.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins benda á, sem væntanlega hefur ekki farið fram hjá neinum hv. þm., að ráðherra ætlar sjálfum sér að leggja mat á hæfni umsækjenda um stöðu lektors í íslenskum bókmenntum sbr. orð hans um hvað honum þætti um framlag Helgu Kress varðandi Fóstbræðrasögu.

Hitt finnst mér kannske öllu merkilegra, þar sem hv. þm. þekkja nú hæstv. menntmrh., að hann skuli ekkert mark, að því er heyrt verður, taka á úrskurði Jafnréttisráðs.

Dagvistarrými og skóladagheimili, fsp. 296. mál (þskj. 543). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj 543 hef ég leyft mér að beina svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh. um dagvistarrými og skóladagheimili:

„1. Hversu mörg börn á aldrinum þriggja mánaða til fimm ára eiga kost á dagvistarrými: a) á dagheimilum, b) á leikskólum? Sundurliðist eftir kjördæmum.

Hversu hátt hlutfall er þetta af áætlaðri þörf?

2. Hversu mörg börn á landinu fá rúm á skóladagheimilum: a) á grunnskólaaldri, b) á aldrinum 6–9 ára sérstaklega? Sundurliðist eftir kjördæmum.

Hversu hátt hlutfall er það af áætlaðri þörf?“

Eins og oft hefur verið minnt á hér á Alþingi var gert ákveðið samkomulag á árinu 1980 milli verkalýðshreyfingar og ríkisstj. um uppbyggingu dagvistarstofnana í tengslum við kjarasamninga er þá voru gerðir. Í kjölfar þessa var unnin upp áætlun um þörf þessara stofnana, bæði hvað snertir leikskóla, dagvistarheimili og skóladagheimili, og þá gert ráð fyrir ákveðnum hraða og árafjölda í uppbyggingu stofnana af þessu tagi, þ.e. áætlun til tíu ára, 1981–1990.

Þó að þessi málaflokkur, dagvistarheimili, hafi hlotið öllu vægari meðferð niðurskurðarhnífsins en ýmsar aðrar þarfar framkvæmdir samkvæmt þeim upplýsing-

um sem við höfum hér á þskj. úr svari við fsp. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er þó ljóst að ekki hefur miðað neitt í líkingu við það sem áætlað var samkvæmt þörfinni sem áætluð var 1982. Á miðju áætlunartímabili átti að endurskoða þessa áætlun, en um s.l. áramót var áætlunartímabilið einmitt hálfnað. Það er því forvitnilegt nú á þessum tímamótum að fá glögg svör um núverandi ástand og hversu miðað hefur í átt að þeirri þörf sem áætluð var á árinu 1982 og því er spurt.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég brá á það ráð að útbýta, að vísu seint og um síðir, rétt fyrir umræðuna, töflu þar sem lesa má af þær upplýsingar sem hér er beðið um vegna þess að hér er um margar stórar tölur að tefla þannig að ég áleit að þetta færi ekki vel úr hendi nema með því móti að þessari töflu yrði dreift. Þetta er sem sagt tafla sem þm. hafa nú fengið í hendur með þeim upplýsingum sem um var beðið, þ.e. hversu mörg börn á aldrinum þriggja mánaða til fimm ára eiga kost á dagvistarrými og hvort þau eru vistuð á dagheimilum eða leikskólum.

Hvað varðar skóladagheimili er lið 2 a og b í fsp. svarað sameiginlega, þar sem engin börn eldri en níu ára eru vistuð á skóladagheimilum, og upplýsingarnar eru sundurliðaðar eftir kjördæmum.

Ég vil þá aðeins nefna 1. lið í töflunni, fjölda barna á barnaheimilum: Í Reykjavík dagheimili 1446, leikskólar 2385, skóladagheimili 346. Ég sé ekki ástæðu til að þylja þessar tölur allar saman, en vek athygli þm. sérstaklega á þeim.

Spurt er um hversu hátt hlutfall dagvistunarrýma sé fyrir hendi af áætlaðri þörf. Eins og fram kemur í skýringum sem töflunni fylgja er áætluð þörf miðuð við spá sem menntmrn. gerði 1982 um byggingu nýrra dagvistarheimila 1981–1990. Þegar spáin var birt var gert ráð fyrir að hún yrði endurskoðuð á miðju áætlunartímabilinu og verður það væntanlega gert á þessu ári. Þetta hlutfall geta menn lesið í 5. lið í töflunni þar sem er hlutfallstala barna á barnaheimilum miðað við spá eins og hún var og vísa ég til þess.

Í desember 1985 voru alls 9758 börn á aldrinum þriggja mánaða til níu ára í dagvistun á landinu, þar af 2272 á dagheimilum, 7057 á leikskólum og 429 á skóladagheimilum.

Ég vænti þess að þessar upplýsingar, og þar vísa ég til hinnar dreifðu töflu, verði teknar gildar sem svar við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og eins þær upplýsingar sem dreift hefur verið á borð þm. og eru hinar fróðlegustu um þetta mál og ítarlegar og einmitt gott að fá þær í þessu formi á borð manna.

Þær prósentutölur sem þarna koma fram sýna glöggt annars vegar hversu enn skortir á um fjölda dagvistarrýma og skóladagheimila auðvitað enn frekar og einmitt það hversu lítið útlit er fyrir að í lok áætlunartímabilsins, 1990, verði séð fyrir þessum þörfum á hvorn veg sem litið er. Ég held að upplýsingar þessar sýni okkur fyrst og síðast að fjárveitingavaldið hefur allt um of svelt þennan málaflokk ekki síst í ljósi þess samkomulags sem gert var á sínum tíma og hefði átt að vera bindandi fyrir fjárveitingavald og ríkisstjórn á hverjum tíma. Hér held ég að þurfi því annars vegar að taka duglega til hendi hvað fjárveitingar snertir og hins vegar að endurskoða fyrri áætlun svo sem fyrirhugað var, en ekki er enn þá hafið svo sem fram kemur í svari hæstv. ráðh.

Ég skal því ekki fjölyrða um þessar upplýsingar nú. Þær eru hér til skoðunar og menn geta virt þær fyrir sér, hversu langt er enn þá í land í þessu efni, en ég skora á hæstv. ráðh. í lokin að beita sér fyrir hvoru tveggja, þ.e. auknum fjárveitingum og endurskoðun áætlunarinnar, af þeim röskleika sem hann er í ýmsu öðru þekktur fyrir og kannske kom ekki hvað síst í ljós í ummælum hæstv. ráðh. áðan: Hér er það ég sem ræð og það skiptir máli.

Húsnæðismál, fsp. 297. mál (þskj. 544). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef á þskj. 544 borið fram fsp. til félmrh. í fimm liðum sem ég les hér ekki upp í heild. Þar er spurt um hver sé afstaða hans til tillagna Samtaka áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum sem þeir hafa með bréfi 5. mars sent ríkisstj. og alþm. Það er m.a. spurt um hvort veittur verði sérstakur skattafsláttur vegna misgengis lána og launa á undanförnum árum, hvort lánum muni verða skuldbreytt til a.m.k. 15 ára, hvaða áform eru uppi um hækkun íbúðalána frá því sem nú er í kjölfar kjarasamninganna og hvort unnt verði að lækka vexti af húsnæðislánum frá því sem nú er.

Það er eðlilegt, herra forseti, að um þetta sé spurt hér á þingi vegna þess að þótt til standi ýmsar úrbætur í húsnæðismálum í kjölfar kjarasamninganna munu þær væntanlega höfða fyrst og fremst til framtíðarinnar. Eftir stendur þá spurningin um vanda þess stóra hóps sem lagt hefur út í húsbyggingar á síðustu fjórum eða fimm árum.

Árin 1981–1983 var um að ræða verulegt og alvarlegt misgengi milli vísitalna kauptaxta og lánskjara, eins og kunnugt er, vegna mikillar verðbólgu og rýrnandi kaupmáttar. Það, ásamt verulegri vaxtahækkun húsnæðis- og bankalána, olli því að greiðslubyrði lána óx svo að komið hefur til gífurlegra greiðsluerfiðleika hjá íbúðabyggjendum sem höfðu fengið lánafyrirgreiðslu á þessu tímabili. Afleiðingin er sú að þessar vikurnar og mánuðina stendur fjöldi ungs fólks frammi fyrir þeirri bláköldu staðreynd að það er að missa íbúðir sínar á nauðungaruppboðum. Og ekki nóg með það, heldur blasir einnig sú staðreynd við þessum íbúðaeigendum ýmsum hverjum að það fé sem þeir sjálfir hafa sparað og lagt til byggingar íbúðar sinnar er einfaldlega að hluta til glatað vegna þessa misgengis kaupsins og verðtryggðu lánanna sem tekin voru. Hér er því um verulegt vandamál að ræða.

En í þessu sambandi vil ég þó undirstrika að þrátt fyrir þetta hafa á síðustu árum orðið stórfelldar breytingar til hins betra í lánamálum húsbyggjenda. Ég nefni hér aðeins þrjú atriði:

Frá árinu 1982 hefur framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins rúmlega fimmfaldast miðað við fast verðlag. Aukningin er 451%. Og miðað við fast verðlag eru útlán á árinu 1986 rúmlega tvöfalt hærri upphæð en árið 1982.

Í öðru lagi var varið á síðasta ári 240 millj. kr. til þeirra sem áttu í sérstökum greiðsluerfiðleikum og nú hefur verið ákveðið að verja 500 millj. kr. til þessa sama

markmiðs.

Í þriðja lagi má nefna að öll ný lán voru hækkuð um 50% í ársbyrjun 1984 og lánshlutfallið hækkaði þar með úr 15% á staðalbúð í 30%.

Það er ástæða til að undirstrika að margt hefur verið vel gert í húsnæðismálunum og engin ríkisstj. hefur staðið þar eins vel á verðinum og sú sem nú situr eins og þessar staðreyndir sýna. En þrátt fyrir þetta er vandi þeirra mikill sem byggt hafa á síðustu árum og það er á honum sem verður að taka sérstaklega eins og Sigtúnshópurinn hefur svo rækilega bent á. Í því sambandi má sérstaklega undirstrika mikilvægi skattaafsláttar til leiðréttingar lánskjaramisgengisins, en þar held ég að sé um leið að ræða sem er allrar athygli verð og gæti einmitt reynst einhver raunhæfasta leiðin til úrbóta fyrir þann mikla fjölda manna sem hóf byggingu íbúðarhúsnæðis á þessum árum. Í öðru lagi að öllum verði gefinn kostur á skuldbreytingum lána í bönkum sem síðar eru greidd upp með lánum Húsnæðisstofnunar. Jafnframt vil ég í þessu sambandi undirstrika nauðsyn þess atriðis að allir þeir sem misst hafa íbúðir sínar á síðustu árum, og þeir eru allnokkrir, fái full lán Húsnæðisstofnunar eins og um fyrstu kaup væri að ræða.

Ég hef, herra forseti, í mjög stuttu máli gert grein fyrir þessari fsp. og mun hlýða með athygli á svör hæstv. félmrh.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Áður en ég svara beint spurningum hv. 2. þm. Reykn. vil ég taka fram að ríkisstj. var ljóst strax á miðju ári 1983 að það fólk sem stóð í húsbyggingum og húskaupum á mesta verðbólgutímabili sem gengið hefur yfir með fulla verðtryggingu 1981–1983, verðbólgu sem komst yfir 130%, stóð mjög illa að vígi.

Aðgerðir ríkisstj. fólust í hækkun lána, viðbótarlána, samningum við banka og sparisjóði um skuldbreytingar skammtímalána og ráðgjafarþjónustu sem sá um slíka fyrirgreiðslu og er hægt að fullyrða að rúmlega milljarði króna hafi verið varið í þessu skyni 1983–1985. Sett voru lög um greiðslujöfnun fasteignaveðlána sem taka til lána byggingarsjóða Húsnæðisstofnunar. Auk þess voru jákvæðar undirtektir lífeyrissjóðanna. En neikvæð umfjöllun fjölmiðla dró mjög úr umsóknum um afturvirkni þessarar fyrirgreiðslu sem hefði þýtt verulega lækkun greiðslubyrði eldri lána einstaklinga sem mun koma í ljós á þessu ári. Jafnframt hefur fjármagn til byggingarsjóðanna verið stóraukið og nýbyggingarlán hækkuð jafnt og þétt.

En það sem er aðalatriðið í þessum málum er að ná verðbólgunni niður, þar með bættum lánskjörum, lækkun greiðslubyrði. Þess vegna ber að fagna sérstaklega nýgerðum kjarasamningum sem færa niður verðlag og tilkostnað og áform um aukið fjármagn frá lífeyrissjóðunum. Ný viðhorf vinnumarkaðarins, sem meta á jákvæðan hátt þýðingu þess að hækka lán og lengja með aukinni þátttöku lífeyrissjóða, marka að mínu mati þáttaskil og ég vona að starfshópi ríkisins og aðila vinnumarkaðarins, sem nú er verið að skipa, takist að móta skynsamlega stefnu í þessum málum byggða á samkomulagi aðila sem Alþingi staðfesti síðan áður en því lýkur í vor.

1. spurning hv. þm. er: „Verður veittur sérstakur skattafsláttur vegna misgengis lána og launa á undanförnum árum?"

Svar: E.t.v. hefði hv. fyrirspyrjandi átt að spyrja hæstv. fjmrh. sem er yfirmaður skattamála. Í samkomulagi ASÍ, VSÍ og VMS er lagt til að þeir sem fá viðbótarlán til lausnar greiðsluerfiðleikum sem þeir hafa komist í frá 1980 og síðar skuli eiga rétt á húsnæðisafslætti. Þar er sagt x kr. og y ár, talið frá byggingar- og kauptíma, í stað vaxtafrádráttar ef þeir kjósa það frekar. Eftir er að taka ákvörðun um hvernig þetta verður útfært og gert framkvæmanlegt sem verður eitt af verkefnum þeirrar nefndar sem ég nefndi.

2. spurning: „Verður lánum húsnæðiskaupenda í bönkum og öðrum lánastofnunum skuldbreytt til a.m.k. 15 ára til að tryggja að greiðslubyrði af þessum lánum verði ekki óviðráðanleg?"

Svar: Samkomulag er við banka og sparisjóði um skuldbreytingu allt að átta árum í samráði við ráðgjafarstofnun Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ríkisstj. mun beita áhrifum sínum við þessa aðila til að þessi skuldbreyting verði lengd í tíu ár.

3. spurning: „Hvaða áform eru uppi um hækkun íbúðalána frá því sem nú er og aðrar breytingar á þeim? Verður tryggt að þeir, sem festu kaup á húsnæði á undanförnum árum, geti gengið inn í þetta kerfi?"

Svar: Húsnæðismálastjórn hefur ákveðið í sambandi við útlánaáætlun 1986 að F-lán hækki í 35% og 40% af verði staðalíbúða 3. og 4. ársfjórðung 1986 og G-lán, sem nú eru 50%, í 70% af F-láni fyrir lok ársins. Hins vegar kemur samkomulag aðila vinnumarkaðarins til með að gerbreyta þessu á árinu eins og áður segir. Mun það koma fram í því frv. sem væntanlega verður lagt fram til afgreiðslu á þessu þingi.

Ég get ekki á þessu stigi reiknað með afturvirkni þessara væntanlegu aðgerða, en ég bendi á að viðbótarlán vegna greiðsluerfiðleika koma til með að nema allt að 400 þús. kr. til 21 árs og að verið er að athuga nú í húsnæðismálastjórn hvort ástæða er til að lengja það í 31 ár sem mun liggja fyrir næstu daga.

4. spurning: „Verða vextir af húsnæðislánum lækkaðir í a.m.k. 2%?"

Svar: Engin ákvörðun hefur verið tekin um lækkun vaxta byggingarsjóðanna sem hafa verið niðurgreiddir, en þeir eru 1% og 3,5%.

5. spurning: „Verður hærri upphæð en 200 millj. kr. veitt til aðstoðar vegna greiðsluerfiðleika húsbyggjenda á næstunni?"

Svar: Á þessu ári verður 500 millj. kr. varið til aðstoðar vegna greiðsluerfiðleika húsbyggjenda og kaupenda húsnæðis á árunum 1980 og síðar og til þeirra sem hafa lent í erfiðleikum og ekki getað lokið framkvæmdum. Ráðgjafarstofnun Húsnæðisstofnunarinnar mun sjá um framkvæmd þessa ásamt fullri ráðgjöf og eru lánveitingar nú þegar hafnar.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans við fsp. minni. Að sumu leyti komu fram skýr og glögg svör varðandi þau atriði sem um er spurt, en að öðru leyti má segja að svörin hafi ekki verið jafnglögg vegna þess að ákvarðanir hafa ekki enn verið teknar um þau efni.

Það er t.d. tilvikið að því er varðar 1. spurninguna þar sem ég spyr um hvort veittur verði sérstakur skattafsláttur vegna misgengis lána og launa á undanförnum árum. Það er alveg rétt hjá hæstv. félmrh. að

yfirmaður skattamála er hæstv. fjmrh., en hins vegar er nú um þessa aðgerð að ræða vegna húsnæðismála og lána til íbúðabygginga svo að það væri ekki óeðlilegt að hann svaraði einnig að nokkru leyti fyrir það.

Þetta er mál sem hann kveður vera í athugun hjá þeirri nefnd sem sett var á laggirnar í kjölfar kjarasamninganna, en þau gleðilegu tíðindi gerðust að þar voru mörkuð mjög djúp og merk spor í húsnæðismálum og sett fram mjög víðtæk áætlun í þeim efnum sem mjög ber að fagna. Eitt af þeim atriðum sem þar kom fram er tillagan um sérstakan húsnæðisafslátt.

Hæstv. félmrh. gat þess að eftir væri af hans hálfu að taka afstöðu til þessa atriðis, málið væri sem sagt til meðferðar í þessari nefnd. Ég vil leyfa mér að vona að þetta atriði, húsnæðisafsláttarinn, skattafsláttarinn, nái fram að ganga því að hann er kannske eitt raunhæfasta ráðið í þessum efnum til þess að létta þann óbærilega vanda sem fjölmargar fjölskyldur eiga í vegna húsnæðismálanna.

Það kom fram í öðru lagi í sambandi við skuldbreytingar í bönkum og lánastofnunum, sem nú eru til átta ára samkvæmt tilmælum ríkisstj., að tilmæli munu hafa borist um að lengja það tímabil upp í tíu ár. Það er vitanlega skref í rétta átt í þessum efnum, en miklu hagstæðara hefði verið og betri lausn á þessum mikla vanda ef unnt hefði verið að ganga fetinu lengra og miða skuldbreytinguna við 15 ára tímabil. Það munar vitanlega miklu að lengja þetta um þriðjung eða reyndar nærri um helming frá því sem nú er. Það gerir gæfumuninn þegar menn þurfa að borga af þessum lánum sem eru orðin svo ofurhá vegna hins margumrædda misgengis.

Góðra gjalda verð er sú verulega hækkun á íbúðalánum sem nú stendur fyrir dyrum þannig að F-lánin verði í lok þessa árs komin í 40% af verði staðalíbúðar og G-lánin í 70% af þeim, en það er ljóst að kjarasamningarnir koma hér einnig til með að hafa mikil áhrif og raunar vona ég að mun lengra verði gengið en hér er gefið upp.

Að því er varðar vextina kom fram í máli hæstv. ráðh. að engin ákvörðun hefur verið tekin heldur á því sviði. Það eru mál sem eru í biðstöðu. Hins vegar hefur verið vel að verki staðið að mörgu leyti varðandi 5. spurninguna, þ.e. aðstoðin vegna greiðsluerfiðleikanna. Þar hefur ríkisstj., m.a. að tilhlutan aðila vinnumarkaðarins, ákveðið að verja miklu meiri fjármunum en ákveðið var við gerð fjárlaga og því ber að fagna.

Minna má á í þessu sambandi að sumt af því sem hér kom fram hjá hæstv. félmrh. varðar húsnæðismálin almennt og í heild. Þar virðist nú vera bjartara fram undan að mörgu leyti en oft áður þó að mikið hafi áunnist, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu. Það má hins vegar ekki gleymast að við erum hér að tala um sérstakan hóp manna, þ.e. þá sem lentu í hinu mikla misgengi á árunum 1981–1983. Ráðherra og stjórnvöld verða þess vegna að beina sjónum sínum fyrst og fremst að lausn vanda þessa hóps sem langstærstur er í öllu þessu efni.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hún er ánægjuleg þessi gífurlega bjartsýni sem gripið hefur um sig meðal stjórnarliða með hækkandi sól í sambandi við húsnæðismálin. En það er talandi dæmi um ástirnar í þessum málaflokki á stjórnarheimilinu að tveir stjórnarliðar, stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., skuli eiga orðastað um þetta í fyrirspurnatíma í símskeytastíl.

Það liggur fyrir, herra forseti, þrátt fyrir svör félmrh. hér og þrátt fyrir bjartsýnina og þrátt fyrir þær miklu aðgerðir sem væntanlega standa fyrir dyrum í kjölfar nýgerðra kjarasamninga að vandi þess fólks sem verst hefur orðið úti vegna stefnu ríkisstj. í efnahags- og kjaramálum, húsbyggjenda sérstaklega, er enn að verulegu leyti óleystur og það sem jafnvel verra er: Hann hleður utan á sig eins og snjóbolti á leið niður brekku.

Tíminn leyfir ekki efnislega umræðu um húsnæðismál, en virðingin fyrir vandamálum þessa fólks er í knappasta lagi, herra forseti, að eyða ekki meira en tveimur mínútum og örstuttum athugasemdum í að ræða þetta vandamál á þinginu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður orsakaði það að ég stend hér og mæli nokkur orð.

Ég tek undir með hv. 2. þm. Reykn. Það er ákaflega þýðingarmikið að skattafrádráttur komi þarna til framkvæmda. Það er kannske raunhæfasta vaxtalækkunin eins og hann tók fram. Samninganefnd verkalýðsfélaganna lagði ákaflega mikla áherslu á þetta og orð hv. 2. þm. Reykn. eru eins og töluð út úr mínu hjarta hvað það snertir.

Ég kann ekki við þennan tón um bjartsýni stjórnarliða. Ég veit ekki betur en þarna hafi ekki hvað síst verkalýðsfélögin verið að verki. Ég er enginn stjórnarliði. Ég stóð að þessu samkomulagi og dreif í því. Verkamannafélagið Dagsbrún og verkakvennafélagið Framsókn ætla að verja a.m.k. 70% af ráðstöfunartekjum sínum til þess að hægt sé að grípa inn í þessi mál af myndarskap. Mættu aðrir fylgja verkamönnum og verkakonum í þeim efnum hvort sem þeir eru stjórnarliðar eður ei.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins láta koma fram, svo að það valdi ekki misskilningi, að þó að ég benti hv. fyrirspyrjanda á að hann hefði að sjálfsögðu átt að leggja spurningu fyrir hæstv. fjmrh. í sambandi við skattamál er það ekki vegna þess að ég hafi ekki mikinn áhuga fyrir einmitt þessu atriði. Ég get minnt á að á síðustu tveimur árum hef ég tvisvar lagt fyrir ríkisstj. tillögur um svipaðar aðgerðir sem ekki hefur tekist að ná samkomulagi um. Þess vegna fagna ég mjög þeirri tillögu sem er lögð fram í fullri alvöru af aðilum vinnumarkaðarins og ég trúi því að sá starfshópur frá aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstj., sem hefur störf senn, muni veita þessu í þann farveg að allir geti við unað.

Ég vil í sambandi við skuldbreytinguna, þar sem æskilegra væri að bankakerfið gæti lánað til 15 ára eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, láta þess getið að að sjálfsögðu væri þetta æskileg leið, en bendi á að það er ekki lítill áfangi sem náðst hefur í viðræðum við bankakerfið hér á landi að hafa fengið viðurkenningu á því að bankamenn vilja þó ganga svo langt að skuldbreyta skammtímalánum í föst lán allt að átta árum. Það er núna verið að semja við þá um að hækka það upp í tíu ár. Þetta er mikilvægt. Og ég vil bæta því við af reynslu s.l. árs, þar sem 2300 aðilar fengu fyrirgreiðslu í gegnum ráðgjöf Húsnæðisstofnunarinnar, að það var mjög jákvætt samstarf við bankakerfið í landinu og það hefur

farið vaxandi á þessu sviði. Ég hef fyllstu ástæðu til að líta svo á að þetta sé að komast í betra og farsælla horf í sambandi við lánamál fólks almennt.

Ég vil að lokum leggja áherslu á að ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunarinnar er ákaflega mikilvægur þáttur og bendi á það einnig að t.d. verkalýðshreyfingin og bankakerfið á Suðurnesjum og fleiri aðilar tóku þetta einnig upp í fullu samstarfi við ráðgjafarþjónustuna. Þetta veitir fólki miklu meira öryggi í þessum málum en margt annað sem gert er. Þessi ráðgjafarstofnun veitir fólki miklu meiri aðstoð en fjárhagsaðstoð einvörðungu. Hún getur verið ráðgjafi þeirra á raunhæfan hátt til að leysa þeirra vandamál.

Ég ætla ekki að eiga orðastað við hv. 4. þm. Norðurl. e. Það er leiðinlegt að hann skuli aldrei komast upp úr svartsýninni og geta verið svolítið bjartsýnn með okkur. Við getum þó verið sammála um að hér er verið að gera vissa merkilega hluti. Og ég endurtek: Ég fagna mjög því samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu í þessum málum og ég veit að það markar tímamót.

Ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar ríkisins, fsp. 308. mál (þskj. 573). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Sunnudaginn 16. febr. s.l. var haldinn fundur í Háskólabíói á vegum Áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum og Lögverndar. Fyrir troðfullu húsi voru raktar frásagnir um fólk, það var reyndar ekki bjartsýnisfólk, herra forseti, sem orðið hefur gjaldþrota, lent á nauðungaruppboðum með eignir sínar, lent í hringiðu bankaviðskipta og rándýrrar lögfræðiþjónustu. Samt vinnur það a.m.k. tvöfaldan vinnudag, en berst þó í bökkum.

Aðgerðir þessarar ríkisstj. í efnahagsmálum og aðgerðarleysi hennar í húsnæðismálum hafa leitt stóran hóp manna í fátækragildru þar sem ríkir örvænting, félagsleg upplausn og persónuleg ógæfa.

Ég veit ekki hvort hæstv. félmrh. hafði tækifæri til að sækja þennan fund, en það hefði örugglega reynst honum lærdómsríkt.

Greiðslubyrði á s.l. ári vegna hækkaðra raunvaxta varð 33% hærri en á árinu 1982. Þróun fasteignaverðs hefur verið svo óhagstæð undanfarið ár að þeir húsbyggjendur sem áttu í erfiðleikum árið 1984 eru enn þá verr staddir eftir árið 1985. Lánskjaravísitalan hefur hækkað um tæplega 20% meira en söluverð íbúðanna. Það þýðir einfaldlega að skuldir húseigenda hafa hækkað mun meira en íbúðir þeirra. Þetta jafngildir því að þeir sem áttu 15% af eignum sínum skuldlausar, en höfðu verðtryggð lán fyrir 85% á árinu 1984, eru nú eignalausir menn, jafnvel þótt þeir hafi getað staðið í skilum með allar greiðslur.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit og neyðarlánafyrirgreiðslu, sem sannarlega er þörf og tímabær, hafa þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið hvergi nærri ratað til allra þeirra sem í mestum erfiðleikum eiga né hafa þær, að því er virðist, bætt aðstæður þeirra nægilega sem hafa notið þeirra. Það er því enn stór hópur manna sem á í verulegum vandræðum, vandræðum sem þessi ríkisstj. hefur bakað þeim. Ríkisstj. úthlutaði mönnum hurðarásum sem þeim var ætlað að bera um öxl. Á hvern hátt hefur ríkisstj. axlað þá ábyrgð sem hún hlýtur að bera gagnvart afleiðingum gjörða sinna? Á hvern hátt hefur hún staðið að því að leysa þann vanda sem af verkum hennar hlaust? Og ég leyfi mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. um ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins:

1. Hve margir hafa leitað til ráðgjafarþjónustunnar eftir að hún var opnuð öðru sinni og óskað eftir viðbótarlánum og annarri fyrirgreiðslu?
2. Er það fólk, sem nú leitar til þjónustunnar, sama fólkið og fékk viðbótarlán á síðasta ári?
3. Hvaða skilyrði setur ráðgjafarþjónustan fyrir viðbótarlánum?
4. Hvað er gert fyrir það fólk sem ekki fullnægir skilyrðum og getur ekki staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum?
5. Er vitað hve margir hafa misst húsnæði sitt á síðustu misserum?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mun leitast við að svara fsp. á þskj. 573 frá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. spurning: „Hve margir hafa leitað til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins eftir að hún var opnuð öðru sinni og óskað eftir viðbótarlánum og annarri fyrirgreiðslu?“

Svar: Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa borist rúmlega 400 umsóknir um lán vegna greiðsluerfiðleika síðan á áramótum er aftur var farið að taka á móti umsóknum um lán. Auk þess hafa um 65 manns leitað til stöðvarinnar eftir ráðleggingum ýmiss konar án þess að vera í greiðsluerfiðleikum.

2. spurning: „Er það fólk, sem nú leitar til þjónustunnar, sama fólkið og fékk viðbótarlán á síðasta ári?“

Svar: Um það bil 28% umsókna eru frá fólki sem fékk lán vegna greiðsluerfiðleika árið 1985.

3. spurning: „Hvaða skilyrði setur ráðgjafarþjónustan fyrir viðbótarlánum?“

Svar: Þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu lána vegna greiðsluerfiðleika eru í fyrsta lagi að vandi umsækjanda sé til orðinn vegna fjármögnunar íbúðarhúsnæðis af hóflegri stærð miðað við fjölskyldu hans, í öðru lagi að aðrir lánamöguleikar umsækjanda séu fullkannaðir og nýttir, í þriðja lagi að útreiknuð greiðslubyrði á móti greiðslugetu sýni nauðsyn lánveitingar. Þá útreikninga framkvæma ráðgjafar stöðvarinnar. Nú liggur fyrir húsnæðismálastjórn að móta reglur um hvernig þeir geta orðið lánshæfir sem ekki hafa getað lokið nauðsynlegum framkvæmdum við íbúðir sínar án þess að vera í miklum greiðsluerfiðleikum.

4. spurning: „Hvað er gert fyrir það fólk sem ekki fullnægir skilyrðum og ekki getur staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum?“

Svar: Þeim umsækjendum, sem hafa alls enga möguleika á að standa undir skuldbindingum, er bent á þær leiðir sem ráðgjafar koma auga á. Þar er helst um að ræða þá sem hafa farið út í stærri fjárfestingar en tekjumöguleikar þeirra gefa nokkurt tilefni til. Þeim umsækjendum er bent á að selja eða skipta um íbúð. Þeir umsækjendur sem hins vegar hafa það lágar tekjur að þær hrökkva ekki einu sinni fyrir ódýrustu fjárfestingum eru afgreiddir mjög einstaklingsbundið. T.d. hafa margir fengið meðmæli með úthlutun verkamannabústaða og fengið slíkar íbúðir. Öðrum hefur

verið veitt eins mikil lánafyrirgreiðsla og frekast hefur verið unnt. Þeim sem hefur verið veitt lán, en hafa ekki getað útvegað veð, hvorki í eigin íbúð né annarri, hefur verið boðið upp á að útvega ábyrgðarmann og fengið lán þannig. Ráðgjafar hafa leitast við að fá frest á uppboðum húseigna þeirra sem til stöðvarinnar hafa leitað ef þörf hefur verið á. Á meðan viðkomandi umsóknir hafa verið í skoðun hefur flestum verið forðað frá uppboði.

„5. Er vitað hve margir hafa misst húsnæði sitt á síðustu misserum?"

Svar: Ráðgjafarstöðin hefur ekki fylgst með fjölda þeirra íbúða sem seldar hafa verið á nauðungaruppboðum. Þó er vitað að 26 íbúðir voru seldar á nauðungaruppboði í Reykjavík árið 1985 og 27 íbúðir á Suðurnesjum, að sögn borgarfógetans í Reykjavík og bæjarfógetans í Keflavík. Á þessum stöðum hefur langmest verið um slíkar sölur að ræða.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Þessi ráðgjafarþjónusta er mjög þörf og tímabær og reyndar hefði hún átt að vera komin á fyrr. Mér finnst svör hans benda til þess að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið nýtist fólki ekki nærri nógu vel. Ef ég heyrði rétt eru u.þ.b. 28% þeirra sem koma til þjónustunnar fólk sem reynt hefur áður að standa við skuldbindingar sínar og hlíta ráðgjöf þjónustunnar. Mér finnst það benda til þess að þau úrræði sem hafa verið tekin duga ekki nógu vel. Enn fremur hef ég heyrt að það sé allt að því sex vikna bið eftir að hljóta þessa ráðgjöf. Þarna er um að ræða 400 umsóknir, auk annarra sem hafa leitað til þjónustunnar en hafa ekki verið í greiðsluerfiðleikum, og það er vel að menn geti sótt til þessarar ráðgjafar ráð af ýmsu tagi, en þær upplýsingar sem ég hef eru þær að hún verki í raun ekki nógu vel vegna þess að menn komast ekki nógu fljótt til að hljóta þá ráðgjöf sem þeir hafa þörf fyrir.

Í sambandi við svar hæstv. ráðh. við 4. spurningunni, hvað er gert fyrir það fólk sem ekki fullnægir skilyrðum og getur ekki staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum, þá er það einfaldlega vegna þess að það er búið að tapa öllu sem það á í því happdrætti sem húsnæðismarkaðurinn er orðinn. Það er búið að tapa öllum veðum. Það hefur enga ábyrgðarmenn til að veðsetja lengur því að fjölskylda þess er öll veðsett. Þessi hópur held ég að sé vaxandi. Það kom fram á þessum fundi í Háskólabíói að það var nokkur fjöldi manna, sem þar var kominn og talaði, sem var einmitt í þeim sporum og hafði enga úrlausn fengið.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Þetta er kannske með stærstu vandamálum þjóðarinnar. Ég vil segja í fáum orðum að þetta misgengi á verðlagningu peninga milli verðtryggingar og verðgildis orkunnar sem býr í lántakandanum sjálfum verður ekki leiðrétt nema orkan, sem ég minntist á, í lántakandanum verði virt til jafns við verðlagningu peninganna sem fólkið fær að láni. Lán sem tekið var 1980 að upphæð 150 þús. kr. og aldrei hefur fallið í vanskil stóð á gjalddaga 1985 í tæpum 500 þús. kr. Hér kemur ráðgjafarþjónusta ekki til bjargar þótt hún finni kannske leið til frestunar á gjaldþroti. Eins og er vinnur fólk ekki fyrir eðlilegri lánsfjárþörf. Hér er verk að vinna. Lausnin er til. Spurningin er: Hvenær viðurkennum við hana og hvenær verður sú rétta leið valin?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Í sambandi við þau ummæli sem 3. landsk. þm. viðhafði áðan í sambandi við ráðgjafarþjónustuna vil ég leiðrétta það hér og nú að það er ekki biðlisti við stofnunina núna. Það er búið að breyta aðstöðunni til að taka á móti umsóknum og annast afgreiðslu mála með fjölgun fólks í þetta hlutverk og einnig er núna verið að taka í notkun nýtt húsnæði með allri aðstöðu við Húsnæðisstofnunina til að sinna þessu verkefni sem ég geri ráð fyrir svo og allir sem nálægt þessu koma að muni aukast mjög á næstu dögum og vikum. Ef það á að marka erfiðleika fólks, sem allir telja sig vita um, hlýtur það að ske. Það yrðu þá ekki fá hundruð heldur mörg þúsund sem hljóta að leita til ráðgjafarstofnunarinnar og fá þar alhliða afgreiðslu og jafnframt hjá bankakerfinu sem hefur tjáð sig fúst til að ganga til móts við að leysa vanda þessa fólks.

Það er alveg ljóst að sama er hvernig við ræðum þessi mál. Það er alltaf til fjöldi fólks sem hefur lent í slíkum vandamálum af margvíslegum ástæðum sem eiga ekkert skylt við húsnæðismál. Slíkt fólk fellur ekki undir neinar ákveðnar reglur. Þetta er einstaklingsbundið og verður að skoða það í því ljósi. Ég bendi á að þessi ráðgjafarstofnun gerir einmitt tillögur um slíkt og reynir að leysa úr þessum vanda eftir því sem í mannlegu valdi stendur þó að sumt sé óleysanlegt.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta meira í fyrirspurnatíma. Ég tel mig hafa svarað þeim beinu spurningum sem voru lagðar fram. Ég undirstrika enn mikilvægi þessarar ráðgjafarstofnunar og að fólk leiti þangað, ekki aðeins til að leysa vanda sem það er komið í heldur til að fá ráðleggingar um hvernig á að komast hjá því að lenda í slíkum vanda. Því getur ráðgjafarþjónustan leyst úr. Hún hefur sett upp reiknilíkan um hvernig greiðslubyrði er, hverjir möguleikar eru á lánum og hvernig skynsamlegt er að standa að fjárfestingum. Það er ekki síður atriði sem þarf að leggja miklu meiri rækt við en gert hefur verið þannig að fólk geti fengið raunverulega ráðgjöf til að leysa úr sínum málum og spá fram í framtíðina einnig.

Störf milliþinganefndar um húsnæðismál, fsp. 310. mál (þskj. 575). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á s.l. vori fóru fram að beiðni stjórnarandstöðunnar viðræður milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það neyðarástand sem þá ríkti í húsnæðismálum. Ein af þeim mörgu tillögum sem stjórnarandstaðan sameinaðist um og bar fram til úrlausnar á þeim vanda var að skipuð skyldi milliþinganefnd allra þingflokka sem hefði það hlutverk að endurskoða allt húsnæðislánakerfið, þ.e. lánakerfi opinberra aðila, banka og lífeyrissjóða. Nefndinni var ætlað að gera tillögur um nýja húsnæðisstefnu og um húsnæðisáætlun til aldamóta. Þessi áætlun var byggð á þeirri meginforsendu að húsnæði er mannréttindakrafa en ą ekki að vera efni pólitískra átaka á fárra ára fresti.

Ríkisstj. féllst á þessa tillögu stjórnarandstöðunnar og skipaði nefnd þann 11. júlí. Hlutverk hennar skv.

skipunarbréfi var að gera tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi, sbr. meðfylgjandi ljósrit af bréfi hæstv. félmrh. til þingflokkanna, en þar kom fram m.a., með leyfi forseta: „Er hægt að draga þá ályktun að allir flokkar virðast sammála um að bæta húsnæðislánakerfið með það meginmarkmið að tryggja fólki húsnæði við hóflegu verði án þess að einstaklingar og fjölskyldur þurfi að leggja á sig varanlegt ok vinnu og skuldaklafa til að komast yfir húsnæði umfram það sem þekkist í nágrannalöndum okkar?"

Sömuleiðis kom reyndar fram í bréfi til formanns þessarar nefndar að félmrh. hafði ákveðið að nefnd um húsnæðismál „sem nýtur formennsku yðar", eins og segir í bréfinu, með leyfi forseta, „geri einnig tillögu um ráðstöfun á því fé sem aflað verður á árinu 1986 með stoð í áðurgreindum lögum." Þar er vitnað í lög sem samþykkt voru á þinginu s.l. vor.

Nefndin hefur nú lokið umtalsverðri vinnu og setti fram tillögur þann 7. desember s.l. um ráðstöfun þeirra 200 millj. kr. sem átti að verja sérstaklega til þeirra sem orðið hafa fyrir sérstökum áföllum vegna efnahagsráðstafana ríkisstj. Þessar tillögur fólu m.a. í sér að aðaláherslan skyldi lögð á skuldbreytingu skammtímalána hjá bönkum og sparisjóðum.

Nú hefur milliþinganefndin ekkert fundað síðan í janúarlok. Á síðustu vikum hafa verið reifaðar hugmyndir og teknar víðtækar ákvarðanir um breytingar á húsnæðismálum án þess að milliþinganefndin hafi átt þar nokkurn hlut að máli eða átt þess kost að fylgjast með framvindu þeirra mála. Spurning mín er áður en ég ber fram fsp.: Kom félmrn. eitthvað þar við sögu eða var líka gengið fram hjá þeim og upp í Garðastræti?

Fsp. sem ég ber fram til hæstv. félmrh. um störf milliþinganefndarinnar er: „Hvernig miðar störfum milliþinganefndar um húsnæðismál sem skipuð var 11. júlí 1985? Og hvenær er áætlað að hún ljúki störfum?"

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mun leitast við að svara fsp. á þskj. 575 frá hv. 3. landsk. þm. þar sem hún spyr um hvernig miði störfum milliþinganefndar um húsnæðismál.

Nefndin, eins og kom fram í máli hennar, skilaði áfangaskýrslu 7. des. 1985 og gerði ráð fyrir í því bréfi sem fylgdi með að eftir áramótin, þ.e. í byrjun þessa árs, skuli nefndin vinna að tillögum um framtíðarskipan húsnæðismála og nýtt húsnæðislánakerfi í samræmi við skipunarbréf frá 11. júlí 1985.

Það sem nefndin sendi frá sér 7. desember var í aðalatriðum að á þessu ári verði 200 millj. kr. úr Byggingarsjóði ríkisins varið til að létta greiðslubyrði íbúðaeigenda sem þegar er komið til framkvæmda. Ríkisstj. geri nauðsynlegar ráðstafanir til að húseigendur sem hafa þunga greiðslubyrði vegna íbúðalána fái skuldbreytingu og lengingu lána í bönkum og sparisjóðum. Það hefur einnig verið á dagskrá og komið til framkvæmda. Einnig lagði hún til að lagfæringar verði gerðar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt varðandi frádrátt vaxta og verðbóta á lánum til íbúðarhúsnæðis þannig að réttur skattgreiðanda verði ótvíræður. Þá gerði nefndin einnig tillögur um breytingar á lánareglum þannig að það verði meiri áhersla lögð á hærri lán til þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn.

Nefndin gerði í grg. grein fyrir þessu. Ég vil aðeins geta þess, af því að það virðist gleymast oft í þessum umræðum, að í kjölfarið á þessu áliti nefndarinnar voru samþykkt lög fyrir áramót um frádráttarbærni vaxta og verðbóta í sambandi við álagningu tekjuskatts, það eru lög nr. 118, þar sem mjög eru lagfærð ákvæði í skattalögum, þ.e. lengdur sá tími sem fólk fær að draga frá vexti í sambandi við húsnæðiskaup úr þremur árum í fjögur ár og úr sex árum í sjö ár. Þessi ákvæði eru gerð skýrari í skattalögum en áður voru og koma til framkvæmda í sambandi við ákvörðun um tekjuskatta á þessu ári. Þetta var samkvæmt tillögum nefndarinnar og ríkisstj. og Alþingi afgreiddi þetta fyrir jól.

Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda hefur nefndin viðað að sér miklum gögnum í sambandi við þessi mál öll og hefur verið sammála um að vinna ötullega að þessum málum. Hins vegar voru menn sammála um að eftir að ljóst var að aðilar vinnumarkaðarins mundu láta til sín taka í sambandi við húsnæðismálin með nýjum tón, sem eftir er að útfæra nánar í starfshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, þætti eðlilegt að biðstaða yrði í frekara starfi nefndarinnar á meðan þau mál væru að skýrast. Ég geri ráð fyrir að ef allt verður eins og reiknað er með líði ekki langur tími þangað til línur skýrast í þessu máli þannig að ákvörðun liggi fyrir um þetta nýja fyrirkomulag miðað við það samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu og ríkisstj. hefur tekið jákvætt undir. Í framhaldi af því verður starf þessarar milliþinganefndar skoðað. Ég féllst á þá skoðun formanns nefndarinnar að eðlilegt væri að bíða með framhald á störfum nefndarinnar þangað til þetta lægi fyrir.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir þær upplýsingar sem hún hefur dregið fram frá hæstv. félmrh. um húsnæðismál og teldi ástæðu til þess að í framhaldi af þessum umræðum færu fram ítarlegar umræður um húsnæðismál og m.a. það hvernig ríkisstj. hefur verið flengd til að taka á þessum málum af ýmsum aðilum, bæði stjórnarandstöðunni og loks aðilum vinnumarkaðarins í framhaldi af kjarasamningunum.

En það sem fékk mig til að koma upp núna, herra forseti, var fyrst og fremst það að mér fannst nokkuð sérkennilegt hjá hæstv. ráðh. ef hann hugsar sér að nýta ekki þá vinnu sem unnin hefur verið fyrir milliþinganefndina í tengslum við útfærslu á því samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert. Það er alveg augljóst mál að á vegum milliþinganefndarinnar liggur fyrir þegar geysilega mikil vinna og upplýsingasöfnun sem hlýtur að koma til nota við útfærslu á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Ég held að ef menn höggva alveg á vinnu milliþinganefndarinnar hefði það óhjákvæmilega í för með sér að hin nýja nefnd, á vegum hvaða ráðuneytis sem hún kann að verða, mundi vinna sömu hlutina og milliþinganefndin hefur þegar látið gera. Ég vil af þessu tilfelli skora á hæstv. ráðh. að reyna að tengja þessa vinnu saman eins og kostur er þannig að þarna verði ekki um margverknað að ræða.

Ég vil einnig í tilefni af þessum umræðum óska eftir því að hæstv. ráðh. svari því: Hvenær hefur ríkisstj. hugsað sér að koma með frv. um útfærslu á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins hingað á þingið? Það verður að koma hér hið allra fyrsta. Það verður að vinna í þessu máli dagfari, náttfari vegna þess að gert er ráð fyrir því að þetta nýja samkomulag taki gildi 1.

september. Þá fyrst geta menn orðið bjartsýnir með sann þegar niðurstaðan af þeirri vinnu liggur fyrir á hv. Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, en mér finnst í raun og veru hæstv. ráðh. vera að segja að það sé verið að hundsa milliþinganefndina. Hverjir urðu sammála um að hún ætti hvergi að koma nærri og hópur uppi í Garðastræti ætti að taka þessar ákvarðanir um húsnæðismál? Hæstv. ráðh. svaraði mér ekki um hvort félmrn. eða hann sjálfur hefði verið með í ráðum þegar þær hugmyndir voru reifaðar. Ég veit fyrir víst að eftir mörgum af mjög góðum tillögum milliþinganefndarinnar, jafnvel þótt þær hafi verið samþykktar í orði, hefur ekkert verið farið. Og spurningin er í raun: Var gengið að tillögum stjórnarandstöðunnar á sínum tíma af sýndarmennsku einni saman? Var þessari nefnd aldrei í raun ætlað að vinna af neinni alvöru? Var þetta friðþæging við kröfur stjórnarandstöðunnar á sínum tíma s.l. vor og átti aldrei í raun að taka mark á vinnu hennar sem vissulega, eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram, er orðin geysimikil og margar af þeim tillögum sem hún bar fram eru mjög góðar og viðamiklar?

Ég fór fram á utandagskrárumræður um húsnæðismál fyrir u.þ.b. tíu dögum eða tveim vikum, en sú umræða fékkst ekki. Ég tek undir að það er afleitt að þurfa að standa hér í fyrirspurnatíma með svo stuttan tíma sem þar gefur að ræða jafnmikilvæg mál sem brenna jafnheitt og illa á svo stórum hópi sem raun ber vitni. Hópurinn er í raun vaxandi þrátt fyrir tilraunir ríkisstj. til að bæta þar um. Það er fyrst og fremst vegna þess að ríkisstj. hugsar allt of stutt. Nú síðast á að taka 300 millj. kr. lán til byggingarsjóðanna, þ.e. byggingarsjóðirnir eiga að taka það hjá lífeyrissjóðunum. Og hver á að greiða vaxtamuninn á vöxtum lántöku og útlána? Er það næsta ríkisstj. eða þarnæsta? Það er alltaf verið að velta vandanum á undan sér. Við getum ekki endalaust haldið svona áfram. Hverju vill hæstv. ráðh. svara þessum spurningum sem ég bar fram núna?

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að með öllu er óeðlilegt að milliþinganefnd um húsnæðismál skuli hafa verið lögð í salt, ef svo má að orði komast, á undanförnum vikum og mánuðum og ég mótmæli því að störf þeirrar nefndar verði með sama hætti áfram samkvæmt því sem hæstv. ráðh. lét hér koma fram. Ég held að eitt af því sem þessi nefnd þurfi að taka á nú, jafnframt því sem útfært er það samkomulag sem gert hefur verið milli aðila vinnumarkaðarins, sé að fara yfir það hvernig þær aðgerðir í húsnæðismálum sem fyrirhugaðar eru koma við einstök svæði á landinu. Ég held að þar sé stórt mál á að taka og verðugt m.a. að milliþinganefnd flokkanna fjalli um þau efni.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ólíkt hv. þm. sem hér hafa talað tel ég fullkomlega eðlilegt, miðað við gang mála, að störf milliþinganefndarinnar verði hundsuð því að það var alveg augljóst þegar sú nefnd hafði starfað um þó nokkra hríð að það átti ekki að ná neinni niðurstöðu í þeirri nefnd, hún átti ekki að skila neinum árangri. Þetta var nefnd sem sett var saman að kröfu stjórnarandstöðunnar með fulltingi stjórnarflokkanna, en þeir gerðu það af sýndarmennsku einni sem kom glögglega fram í því að þegar sú nefnd hafði lokið störfum eins og kallað var og talað var um þann árangur sem af þeim störfum hafði hlotist, m.a. það að greiða ætti fyrir því að menn fengju skuldbreytingar í bönkum, þá kom í ljós þegar það mál var kannað nánar að engir höfðu haft af hálfu ríkisvaldsins samband við nokkra banka, hvorki hér í Reykjavík né annars staðar, til að greiða fyrir slíku.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þegar ég heyrði hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson tala um milliþinganefnd í húsnæðismálum rifjaðist upp önnur setning sem ég veit að hæstv. forseti þekkir vel: „Þeir segja mest af Ólafi konungi sem hvorki hafa heyrt hann eða séð".

Ég hygg að hv. þm. sé ekki kunnugur störfum þeirrar nefndar. Það náðist fullkomið samkomulag innan nefndarinnar um það hvaða úrbætur væru mest áríðandi í húsnæðismálum. Það er að vísu rétt að stjórnarandstaðan lagði til að frekari fjármunum yrði varið til húsnæðismála heldur en stjórnarmeirihlutinn treysti sér til eins og jafnan er. Ég þekki ekkert dæmi þess úr sögu Alþingis að stjórnarandstaðan hafi verið ánægð með það framlag sem lagt hefur verið til húsnæðismála. Það er eðli málsins samkvæmt. Innan nefndarinnar ríkti svo mikil eindrægni að allir nefndarmenn gátu skrifað undir álit sem birst hefur. Ég hef það því miður ekki hér hjá mér en ég held að óhætt sé að segja að lagður hafi verið grunnur að því að frekar yrði unnið að þessum málum. Ræðutíma er lokið og frekari umræður verða að bíða betri tíma.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við það sem hér hefur komið fram. Í fyrsta lagi vil ég segja það sem svar til hv. 3. þm. Reykv. að það hefur aldrei verið meiningin að nýta ekki þá vinnu sem þessi ágæta nefnd, milliþinganefnd, hefur unnið frá því hún var sett á laggirnar á síðastliðnu ári. Síður en svo. Hún hefur unnið mjög gott verk og það verður tekið til viðmiðunar þegar við mótum þessa stefnu. Það er alls ekki þar með sagt, þó að ég hafi sagt að hennar álit kæmi ekki fram meðan verið er að vinna í útfærslu á því samkomulagi sem var gert við aðila vinnumarkaðarins, að hún sé þar með úr sögunni — síður en svo.

Út frá því sem hv. sami þm., 3. þm. Reykv., spurðist fyrir um, hvenær ríkisstj. hefði hugsað sér að koma með þá útfærslu sem hér er um að ræða, bendi ég aðeins á að í sambandi við það samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu stendur í lokasetningu í því samkomulagi: „Samningsaðilar eru sammála því að starfshópur aðila útfæri þær tillögur sem gerð hefur verið grein fyrir að framan í þessu sambandi í samráði við stjórnvöld og skal slíkur starfshópur m.a. hafa það hlutverk að útbúa frumvarp til laga vegna þessara mála."

Á ríkisstjórnarfundi í morgun lá aðeins fyrir tilnefning fulltrúa í þessa nefnd frá Alþýðusambandi Íslands og leitað er eftir því núna að tilnefning komi frá hinum aðilanum í sambandi við þetta samkomulag. Ríkisstj. mun samstundis og hún liggur fyrir tilnefna þá fulltrúa sem eiga að vera af hennar hálfu í þessari nefnd. Þannig að það er að koma skriður á þessi mál og að því verður unnið í fullri alvöru að koma þeim fram.

Vegna fsp. hv. 3. landsk. þm. get ég fullvissað hann

um að ég, sem félmrh., og mínir ráðgjafar fylgdust vel með samningagerð aðila vinnumarkaðarins í sambandi við þessi mál. Við vorum ekki aðilar að þessu samkomulagi, enda hljóta allir að sjá að það væri óeðlilegt. *Þetta eru frjálsir samningar aðila vinnumarkaðarins og* auðvitað eiga þeir að fjalla um þá sín á milli án þess að stjórnvöld séu að skipta sér af því samkomulagi nema eftir því sem til þeirra verður leitað. Þar af leiðandi er alveg út í hött að halda því fram að milliþinganefnd eða félmrn. hefðu átt að vera aðilar að þessu samkomulagi þessara aðila meðan það var á vinnslustigi. Um það var ekki að ræða.

Ég vil undirstrika að milliþinganefndin er enn við lýði og hefur unnið mjög mikið verk og greitt hefur verið fyrir því að hún gæti fengið allar þær upplýsingar sem hún hefur óskað eftir. Ég veit að hún hefur unnið mjög mikið starf og það liggur mikill efniviður í hennar höndum sem ég vonast til að hún geti unnið úr þó að einhver töf verði á hennar starfi meðan verið er að vinna úr því samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu. Það er ekki útilokað að þessi starfshópur verði kallaður til í sambandi við það mál. Það er alls ekki útilokað.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Það er grundvallaratriði í mínum huga að það á ekki að semja um húsnæðismál í kjarasamningum og húsnæðismál eiga ekki að vera bitbein pólitískra átaka á nokkurra ára fresti. Það á að leysa húsnæðismál á eðlilegan hátt þannig að öllum sé tryggt sæmandi húsnæði og nægilegt húsrými án þess að til slíks þurfi að koma. Mér finnst það vera grundvallaratriði. Þess vegna eiga stjórnvöld að búa svo um hnútana að það þurfi ekki að semja um húsnæðismál í kjarasamningum.

Fjárhagsvandi Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, fsp. 314. mál (þskj. 581). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Sveinsson): Herra forseti. Á þskj. 581 hef ég leyft mér að leggja fyrir iðnrh. fsp. í tveimur liðum um úrræði vegna fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Tilefni þessarar fsp. er fyrst og fremst slæm fjárhagsstaða fyrirtækisins, en skuldir þess nema nú 1400 millj. kr. Áætlaðar tekjur eru hins vegar, miðað við óbreytta gjaldskrá 1986, 135 millj. kr. en áætluð gjöld, miðað við verðlagsforsendur eftir 1. mars, nema 140 millj. kr. án afskrifta. Fyrirtækið aflar m.ö.o. ekki tekna fyrir rekstrargjöldum og vöxtum, hvað þá fyrir afskriftum sem áætlað er að nemi 85 millj. kr. árið 1986.

Ástæður þessa ástands má fyrst og fremst rekja til fjárfestingarlána í bandaríkjadölum og óhagstæðrar gengisþróunar frá stofnun fyrirtækisins fram á síðasta ár. Allt hefur verið gert til að halda í horfinu og er nú svo komið að gjaldskrá fyrirtækisins er með hæstu gjaldskrám hitaveitna á landinu eða 1760 kr. á hvern mínútulítra. Lætur nærri að upphitunarkostnaður á starfssvæði fyrirtækisins sé þrefaldur upphitunarkostnaður íbúða á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Er algengt að fjölskyldur greiði 4000–5000 kr. á mánuði fyrir meðalstórt einbýlishús.

Um langt skeið hefur stjórn hitaveitunnar staðið í viðræðum við stjórnvöld um aðstoð vegna fjárhags- og rekstrarvanda fyrirtækisins til lækkunar á upphitunarkostnaði neytenda. Tók fyrrv. iðnrh. Sverrir Hermannsson málaleitan stjórnarinnar vel og gaf beinlínis fyrirheit um að ríkissjóður aðstoðaði með yfirtöku á *tilteknum hluta skulda fyrirtækisins.* Í þá von hefur stjórn fyrirtækisins haldið þó að lítið hafi orðið um efndir enn sem komið er. Því er spurt í fyrsta lagi til hvaða úrræða núv. iðnrh. hyggist grípa til að létta fjárhagsvanda HAB til frambúðar.

Vegna nýgerðra kjarasamninga barst hitaveitustjórninni nýlega skeyti iðnrn. þar sem farið var fram á lækkun gjaldskrár um 7%. Af þessu tilefni væri fróðlegt að fá upplýst hvort stjórnvöld telji fullnægjandi að einstakar hitaveitur lækki um enn lægri hundraðstölu en 7%, eins og t.d. Hitaveita Selfoss sem lækkað hefur um 5%, Hitaveita Rangæinga sem lækkað hefur um 3% og Hitaveita Akureyrar sem lækkað hefur um 2,7–3%. Beint tekjutap Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, miðað við núverandi gjaldskrá, vegna 7% lækkunar er 7½ millj. kr. Eykst halli fyrirtækisins beint sem þessu nemur. Er ekki nema von að stjórn fyrirtækisins staldri hér við og spyrji hvort ekki komi neitt annað í staðinn en stöðugt verðlag og minni verðbólga sem vissulega er ánægjulegt. Einnig virkar það ankannalega gagnvart erlendum lánveitendum, sem hitaveitan þarf óhjákvæmilega að leita til á þessu ári, að jafnilla statt fyrirtæki fjárhagslega skuli geta lækkað gjaldskrá sína jafnmikið og hér um ræðir án þess að neitt áþreifanlegt komi í staðinn frá stjórnvöldum. Einhvers staðar þætti slíkt ekki góð fjármálastjórn. Þá hefur verið látið í það skína við veitingu ríkisábyrgða á lánum fyrirtækisins að gjaldskráin yrði helst að hækka reglulega miðað við byggingarvísitölu. Beiðni um lækkun nú skýtur því skökku við fyrri ábendingar um hækkanir.

Ég held ég geti fullyrt að stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sé öll af vilja gerð að lækka gjaldskrár fyrirtækisins. Heil brú verður hins vegar að vera í störfum hennar hverju sinni. Er því ekki óeðlilegt að fyrirtækið vilji fá upplýsingar stjórnvalda um það til hvaða úrræða þau hyggist grípa til að mæta lækkun gjaldskrár um 7%. Því spyr ég í öðru lagi iðnrh. til hvaða úrræða hann hyggist grípa til að íbúar á starfssvæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar fái notið sambærilegrar lækkunar á orkuverði og aðrir landsmenn eftir nýgerða kjarasamninga.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 581 ber hv. þm. Jón Sveinsson fram fsp. til iðnrh. um úrræði vegna fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Hann vék einnig að öðrum málum sem ekki snerta beint þessa fyrirspurn og væri gaman að efna til umræðu um málið í heild, taka það frá byrjun, vita hvaða áætlanir voru gerðar um heitavatnsnotkun, hvernig þær hafa staðist o.s.frv. Vandi Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar stafar engan veginn allur af gjörðum ríkisstj.

Fyrsta spurning hv. þm. er: „Til hvaða úrræða hyggst iðnrh. grípa til að létta fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til frambúðar?“

Svar mitt er: Vandamál Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er nú til athugunar hjá iðnrn. og sérstök ráðherranefnd, sem skipuð var á 228. fundi ríkisstj. 29. okt. s.l., er að kanna málið.

Í útgjöldum hitaveitunnar er vaxtakostnaður allsráð-

andi eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Hitaveitan á ekki fyrir vöxtum svo að nauðsynlegt er að losna við afborganir af lánum eins lengi og hægt er. Á vegum iðnrn. hafa talsverðar viðræður farið fram við heimamenn um lausn þessa vanda.

Sem iðnrh. er ég reiðubúinn, með vissum skilyrðum, að beita mér fyrir lausn sem byggist á sameiningu orkufyrirtækja í Borgarfirði í eitt fyrirtæki, með þátttöku ríkisins, fyrirtæki sem tæki að sér öll réttindi og skuldbindingar starfandi rafveitna og hitaveitunnar. Slík sameining næði til hitaveitunnar, RARIK, Rafveitu Akraness, Rafveitu Borgarness, rafveitunnar á Hvanneyri og Andakílsárvirkjunar sem eiga töluverðar veðhæfar eignir. Þetta fyrirtæki virðist geta orðið nægilega öflugt til að annast alhliða þjónustu, komast í bein viðskipti við Landsvirkjun og ráða við þær skuldbindingar sem fyrirtækið tekur á sig. Þessi fyrirtækjastofnun er í samræmi við óskir heimamanna um að Andakílsárvirkjun fái að kaupa eignir RARIK á svæðinu og komast í bein viðskipti við Landsvirkjun.

Ef fyrirtækin verða sameinuð þarf Andakílsárvirkjun að vera með og hið nýja fyrirtæki þarf að fá heimild til að kaupa af ríkinu eignir RARIK á svæðinu og taka við hlutverki þeirra. Af þeirri hagræðingu sem hið nýja skipulag gerir kleift mundi töluvert nýtt fjármagn verða til. Eignarhluti ríkisins í tilsvarandi fyrirtækjum er á milli 20 og 40%. Slíku eignarhlutfalli ríkisins mætti ná með því að ríkissjóður yfirtæki hæfilegan hluta af þeim skuldum sem eftir verða þegar skuldir umfram eignir hafa verið gerðar upp á milli eigenda þessa fyrirtækis, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Fyrir utan eignir RARIK á svæðinu, sem renna til fyrirtækisins, greiðir ríkið stofnframlag sitt með yfirtöku skulda ef heimamenn samþykkja þessa ráðstöfun. Þetta er ein hugmynd.

Önnur spurning: „Til hvaða úrræða hyggst iðnrh. grípa til að íbúar á starfssvæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar fái notið sambærilegrar lækkunar á orkuverði og aðrir landsmenn eftir nýgerða kjarasamninga?“

Svar mitt er: Í samræmi við niðurstöður nýgerðra kjarasamninga og samþykkt ríkisstj. 11. febr. s.l. var hitaveitunni sent eftirfarandi hraðskeyti:

„Iðnrn. vísar til samþykktar ríkisstj. frá 11. þ.m. og í framhaldi af því tilmæla til sveitarfélaga um lækkun á gjaldskrám rafveitna um 10% frá núgildandi tölum og lækkun á gjaldskrám hitaveitna um 7% frá núgildandi tölum.

Með vísan til framanritaðs óskaði ráðuneytið eftir því að hitaveitur sendu nýjar gjaldskrár til staðfestingar ráðuneytisins með gjaldtöku 1. mars 1986 þar sem allir taxtar lækki um 7%. Ráðuneytið tekur fram að þar sem hér er um ívilnandi stjórnaraðgerðir að ræða geti gjaldskrár tekið gildi frá og með 1. mars 1986 þótt nýjar gjaldskrár verði birtar eftir þann dag í Stjórnartíðindum.“

Engin viðbrögð hafa enn þá borist frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar við þessari málaleitan.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Örstutt. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. sem á fullan rétt á sér í þingsölum eins og á stendur. Við miklu meira vandamál er að etja hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar en hjá flestum öðrum en við skulum ekki fara út í það. Ekki er tími til að rekja hinar ýmsar ástæður sem því valda, en meginástæðan er sú að þetta er allt saman byggt á erlendu lánsfé og við þekkjum öll hvernig hefur farið með það á undanförnum árum. Vonandi er þetta að lagast. Ég lít svo á að þarna sé raunverulega eitt togaramálið enn að koma upp, því miður, sem við þurfum að takast á við.

Við getum ekki, fulltrúar þeirra byggðarlaga sem þarna eiga aðild að, horft upp á það að fólk búi þar við gjaldskrá sem var sennilega um 85% af olíuverði fyrir síðustu gjaldlækkun á olíu meðan Reykjavíkurneytendur greiða 28%. Ég er ekki að öfunda Reykvíkinga, en þetta er mismunun á búsetu sem við verðum að takast sameiginlega á við. Þetta er engin vandræðahitaveita, hún er við þekkta uppsprettu, það er hver sem hefur verið virkjaður. Þarna eru ekki eilífar boranir, þetta er allt saman þekkt. Það sem vantaði þarna upp á var meiri vatnsnotkun. Vatnssala var ekki fyrir hendi.

Þess vegna tek ég eindregið undir með fyrirspyrjanda fyrir okkar hönd þarna efra að við verðum snarlega að finna leið til þess að létta þessu af. Við erum ekki að biðja um gjöf heldur biðjum við um að þetta verði leiðrétt eins og mögulegt er til skamms tíma. Við getum ekki horft upp á að aðrir aðilar lækki sínar gjaldskrár um 7% meðan við verðum að hækka hjá okkur um 7–10% á sama tíma.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Það var full þörf á að hreyfa þessu máli. Vegna orða hæstv. iðnrh., þegar hann vék að hugsanlegri sameiningu orkufyrirtækja á svæðinu, vil ég að sú skoðun mín komi fram að það sé óumflýjanlegt að gera sérstakar ráðstafanir vegna fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Ég lít svo til að enda þótt sameining orkufyrirtækja kæmi til á svæðinu verði í raun ekki til nýtt fjármagn við þá sameiningu sem dugir vegna þess hve fjárhagsstaða hitaveitunnar er erfið. Ef stofnað yrði til slíkrar sameiningar tel ég að þau fyrirtæki sem hlut eiga að máli þurfi að ganga nokkuð jöfn til þess leiks fjárhagslega.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þetta mál krefst skjótrar úrlausnar eins og hér hefur komið fram. Í sambandi við svar hæstv. ráðherra, þar sem hann ræðir um endurskipulagningu HAB og stækkun á svæði Andakílsárvirkjunar, leyfi ég mér, svona í leiðinni, að minna á störf raforkunefndar Vesturlands sem starfaði á árunum 1976–1978 og skilaði áliti til ráðherra. Í framhaldi af því var flutt frv. um orkuveitumál Vesturlands, þ.e. frá Hvalfjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn. Mætti e.t.v. athuga málið út frá þessu sjónarmiði.

Fyrirspyrjandi (Jón Sveinsson): Herra forseti. Ég byrja á því að þakka iðnrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér á undan. Þau koma mér ekki svo sérstaklega á óvart. Ég vil þó lýsa ánægju minni yfir því að hann skuli upplýsa að vilji sé fyrir því í iðnrn. að kanna þá hugmynd sem hann nefndi um sameiningu orkufyrirtækja. Ég held að það sé hugmynd sem vert er að skoða. En það verður þó að segjast eins og er að í því efni þurfa menn að hafa alllangan tíma fyrir sér. Ég á því ekki von á að niðurstaða fáist í því efni jafnfljótt og hitaveitan þarf á að halda. Því hygg ég, eins og hér kom fram í ræðum fyrri ræðumanna, að fjárhagsvandi hitaveitunnar sé svo mikill að hjá því verði ekki komist að

taka á þeim vanda á einn eða annan hátt sem allra fyrst. Þá er ég ekki að tala um ár í því sambandi heldur vikur eða mánuði.

Það er rétt, eins og iðnrh. nefndi líka, að stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hefur enn ekki tekið ákvörðun um það hvort af 7% lækkun gjaldskrár verður. Það verður væntanlega gert í lok þessarar viku eða næstu. Það er ekki óeðlilegt, eins og ég sagði þegar ég fylgdi minni spurningu úr hlaði, að krefjast einhverra upplýsinga um það hvernig ríkisvaldið hyggist aðstoða hitaveitur sem þessa áður en slík ákvörðun væri tekin. Og þó að það sé rétt, sem ráðherra nefndi, að um það var ekki spurt í minni fsp. hver afstaða stjórnvalda væri til gjaldskrárbreytinga annarra hitaveitna held ég að fróðlegt hefði verið í þessum umræðum að fá það upplýst hvort stjórnvöld sætti sig við, miðað við þá samninga sem gerðir voru nýlega, að aðrar hitaveitur á landinu lækki gjaldskrár sínar um 2, 3 eða 5%. Eru menn þar að efna þá samninga sem gerðir voru og sætta stjórnvöld sig við það? Vissulega værum við á Akranesi og í Borgarfirði ánægð með það hitaveitunnar vegna ef við gætum komist upp með það að lækka gjaldskrána ekki nema um 2 eða 3%.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta að sinni. Vissulega væri ástæða til að ræða málefni hitaveitunnar miklum mun ítarlegar en tækifæri gefst til hér, tildrög þessa vanda o.s.frv., en ég læt staðar numið og þakka þau svör sem hafa komið fram.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Valdimar Indriðasyni, 3. þm. Vesturl., er umgetinn vandi ekkert leyndarmál eða um að ræða óskýr vandamál. Þau eru skýr. Lausnin er aftur á móti ekki eins skýr. Það sem allir virðast mæna á til lausnar er ríkissjóður. Það er afskaplega auðvelt fyrir mig að standa upp og segja: „Ég get farið fram á peningaframlag úr ríkissjóði fyrir hönd iðnrn. og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar", og segja svo bara: „Ja, ríkisstjórnin þykist vera blönk. Fjmrh. vill ekki láta út peninga." Málið er bara ekki svona auðvelt og ég ætla mér ekki að velja þá leið út úr vanda, hvorki vanda þessarar hitaveitu né annarra fyrirtækja sem kunna að eiga í erfiðleikum.

Málið er það að hér er verið að reyna að finna leið. Lítið brot af lausninni er í sjónmáli í heimahéraði. Enn þá er þó nokkuð af húsum, heilt hverfi eftir því sem mér skilst, sem er hitað upp með rafmagni. Allmargir bæjarbúar hafa alls ekki enn þá tekið hitaveituna, en reiknað var með að allur bærinn fengi hitaveitu þegar gerð var áætlun um vatnssölu. Og mér skilst að vatnssöluáætlunin hafi ekki verið mjög örugg. Fyrirtækið er í vanda og hann á sér dýpri rætur en hér hefur komið fram í umræðunum. Það vill svo undarlega til að það er eins og það sé alveg sama hvort bandaríkjadollar hækkar eða bandaríkjadollar lækkar, það skal alltaf kosta vandræði fyrir þjóðfélagið.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um Reykjavík vil ég taka fram að ég minnist þess ekki að Reykjavík hafi fengið neina aðstoð við byggingu Hitaveitu Reykjavíkur. Þetta er orðin gömul veita og upphaflegu fjárfestingar hennar eru löngu borgaðar. Þær eru afskrifaðar, elstu hitaveituframkvæmdirnar. En hitaveituframkvæmdir í Reykjavík eru árlega meiri en í bæjarfélögum eins og t.d. Akureyri eða jafnvel Keflavík. Þær eru meiri á ári, ekki bara viðhald og endurbygging heldur viðbót, og ríkinu hefur ekki borist nein sérstök ósk um aðstoð við Hitaveitu Reykjavíkur. Ég held að við verðum að láta hvert bæjarfélag í friði með sínar sveitarfélagsframkvæmdir en ekki nota það hvað vel gengur hjá einum sem átyllu til að gera kröfu um það heima fyrir að allt gangi eins vel þar. Þetta er svo einstaklingsbundið miðað við bæjarfélög eins og það getur orðið einstaklingsbundið hvernig hver og einn vinnur fyrir sér.

En hvað varðar það sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði um að ekki kæmi nýtt hlutafé inn við stofnun nýs fyrirtækis, eins og ég gat um, þá er það ekki rétt. Ég gat um það að t.d. ef ríkið tæki yfir hluta af því sem eftir stæði þegar búið væri að meta eignir og skuldir er það ígildi nýs hlutafjár því að skuldir færast þá að hluta til yfir á ríkið. Það er nýtt hlutafé og það léttir á Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar eða þessu sameiginlega félagi. Það er líka nýtt ef af beinum viðskiptum þessarar „orkusamsteypu" verður við Landsvirkjun, ólíkt því sem er t.d. um fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjuna, sem verður að fara í gegnum Landsvirkjun, í gegnum RARIK, eða í gegnum Andakílsárvirkjun og Rafveitu Akraness, sem gerir það aftur að verkum að þegar verksmiðjur við hliðina á Sementsverksmiðjunni borga 6–7 mill fyrir kwst. greiðir Sementsverksmiðjan 64–67 mill. Það er ekkert réttlæti í þessu.

Hvað varðar síðustu spurninguna, hvort ríkisstj. sætti sig við minni lækkun en 7% hjá hitaveitum almennt, get ég engu svarað þar um. Ríkisstj. hefur ekki gefið nein fyrirmæli um lækkun. Það eru engin lög sem segja að hitaveitur skuli lækka, hvernig sem á stendur, um 7%. Það eru tilmæli vegna þess að hæstv. fjmrh. er að gera tilraun til þess að lækka verðbólguna. Hann er að gera tilraun til þess að sameina fólkið í landinu í því verki sem er erfitt og við vitum öll hvað það þýðir. Og ef okkur tekst að lækka verðbólguna þá er það til hagsbóta fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar ekki síður en alla aðra í þjóðfélaginu.

Úrskurður um störf ríkissaksóknara, fsp. 280. mál (þskj. 516). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Á þskj. 516 hef ég leyft mér að flytja fyrirspurn til dómsmrh. um úrskurð hans vegna starfa ríkissaksóknara. Spurningin hljóðar þannig:

„Hver eru rök ráðherra fyrir úrskurði hans frá 18. okt. 1985 um að ekki séu efnis- eða lagarök fyrir ósk Tómasar Gunnarssonar lögmanns um að ráðuneytið skipi löghæfan mann til að endurupptaka og gegna starfi saksóknara í máli ákæruvaldsins gegn Þorgeiri Þorgeirssyni, nr. 3445/1985, fyrir Sakadómi Reykjavíkur?"

Í sem allra skemmstu máli er um það að ræða að einstaklingur er ákærður. Þessi sami ákærði einstaklingur telur einstök kæruatriði brot á lögum. Hann vill skjóta efnisatriðum kærunnar til úrskurðar Hæstaréttar, þ.e. hann kærir í raun og veru ákæruna og þar með ákæruvaldið. Ríkissaksóknari, þ.e. ákæruvaldið, neitar að málið fari til Hæstaréttar og úrskurðar þannig í raun og veru í eigin máli sem, að mínu áliti alla vega, telst tvímælalaust vera árekstur hagsmuna. Lögmaður

hins ákærða skýtur málinu til dómsmrh. sem úrskurðar þannig, eins og fyrr segir í fsp., 18. okt. 1985, að ekki séu efnis- eða lagarök fyrir þeirri ósk.

Fyrirspurn mín er sem sé einfaldlega þess eðlis, hvernig dómsmrh. rökstyðji þessa niðurstöðu sína.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur spurst fyrir um það hver hafi verið rök fyrir úrskurði frá 18. okt. 1985 um að ekki séu efnis- og lagarök fyrir ósk Tómasar Gunnarssonar lögmanns um að ráðuneytið skipi löghæfan mann til að endurupptaka og gegna starfi saksóknara í máli ákæruvaldsins gegn Þorgeiri Þorgeirssyni, nr. 3445/1985, fyrir Sakadómi Reykjavíkur.

Mál þetta snýst um það að Tómas Gunnarsson, lögmaður Þorgeirs Þorgeirssonar, sem ríkissaksóknari hefur höfðað mál á hendur fyrir Sakadómi Reykjavíkur, krafðist þess að dómarinn í málinu viki sæti. Krafan er sett fram í þinghaldi 24. okt. 1985 og er rökstudd með þessum hætti:

„Verjandi ákærða vísar til þess að fulltrúi ákæruvaldsins er ekki viðstaddur þetta réttarhald og hefur ekki verið viðstaddur fyrri réttarhöld í máli þessu. Einnig er vísað til þess að dómarinn hefur upplýst að ábending ákærða um að í ákæru fælist brot gegn ákvæðum 4. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, hefur ekki komist til vitundar ákæruvaldsins. Með vísun til ákvæða 1. málsgr. 20. gr. laga nr. 74/1974, svo og með vísun til ákvæða 1. málsgr. 1. tölul. 36. gr. er talið af hálfu ákærða að það brjóti gegn lögum að einn og sami maður fari bæði með störf dómara og ákæruvalds í sama máli. Með vísun til þess að ekki hefur verið fallist á að breyta þessu fyrirkomulagi er gerð krafa um að dómarinn víki sæti í málinu."

Dómarinn tók framangreinda kröfu til úrskurðar og með úrskurði uppkveðnum 25. sept. neitar hann að víkja sæti. Forsendur hans eru:

Mál þetta sætir ekki sókn og vörn skv. 130. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Krafa ákærða um að dómari víki sæti hefur ekki við nein rök að styðjast og er algerlega tilefnislaus. Er dómaranum hvorki rétt né skylt að víkja sæti.

Tómas Gunnarsson lögmaður tilkynnti dómaranum að hann kærði framangreindan úrskurð til Hæstaréttar. Dómarinn sendi málið til ríkissaksóknara. Í XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, er fjallað um kæru til æðra dóms. Skv. 171. gr. sömu laga verður úrskurður sem að framan greinir eigi kærður til Hæstaréttar nema ríkissaksóknari leyfi. Hann á þó sjálfstæðan kærurétt í því efni. Ríkissaksóknari hafnaði því að kæra framangreindan úrskurð með bréfi dags. 26. sept. 1985. Forsendur hans voru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Að athuguðum rökstuðningi verjanda fyrir þeirri kröfu að dómari víki sæti í málinu, svo og forsendum úrskurðarins sjálfs, þá eru af hálfu ríkissaksóknara ekki talin efni til að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar og eigi heldur talin efni til að leyfa aðila að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar."

Með bréfi dags. 30. sept. 1985 óskaði Tómas Gunnarsson eftir því við ráðuneytið að það skipaði löghæfan mann til að endurupptaka og gegna starfi saksóknara við ákvörðun um það hvort leyfa skuli ákærða, Þorgeiri Þorgeirssyni, að skjóta til Hæstaréttar úrskurði Péturs Guðgeirssonar sakadómara um að hann skuli ekki víkja sæti í málinu sem upp var kveðinn 25. sept. 1985. En eins og áður segir hafnaði ríkissaksóknari þessari beiðni 26. sept. 1985. Ráðuneytið hafnaði framangreindri beiðni með bréfi dags. 18. okt. 1985. Í bréfi ráðuneytisins segir að hvorki efnis- né lagarök séu til að verða við framangreindri kröfu.

Eins og að framan er rakið var forsenda lögmannsins fyrir vikningu dómara sú að málið sætti ekki sókn af hálfu ríkissaksóknara. Í 130. gr. laga um meðferð opinberra mála eru ákvæði um hvaða opinber mál sæti sókn og vörn. Samkvæmt þeirri grein skulu eftirtalin mál sæta sókn og vörn:

„1. Mál þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940.

2. Mál sem sæta ákæru ríkissaksóknara samkvæmt 115. gr., sbr. 2. málsgr. 21. gr., ef:

a. brot getur varðað yfir 5 ára fangelsi samkvæmt lögum nr. 19/1940 og lagaatriði eða sönnunar veita efni til slíkrar meðferðar, t.d. úrslit máls velta á líkum, mál er mjög umfangsmikið eða margbrotið;

b. sérstaklega þýðingarmikil vafaatriði eru í máli eða úrslit þess hafa annars mikla almenna þýðingu, hvort sem brot varðar við almenn hegningarlög eða önnur lög.

Ríkissaksóknari rannsakar og ákveður hverju sinni hvort mál er þess eðlis að það skuli sæta meðferð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar. Dómari skal í lok rannsóknar leita þess hvort ákærði æski þess að sókn og vörn verði flutt í máli hans ef dómara þykir vera mega heimild til að kveða svo á."

Þorgeir Þorgeirsson var í máli þessu ákærður fyrir brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þeirri grein er hámarksrefsing þriggja ára fangelsi. Svo sem að framan greinir bar ríkissaksóknara ekki að láta flytja mál Þorgeirs. Kæra á úrskurði um að dómari víki sæti, á þeim forsendum sem raktar hafa verið, er að mati ráðuneytisins tilefnislaus og var ríkissaksóknara ekki skylt að verða við þeirri kröfu eins og rakið hefur verið. Ekki fæst séð að ríkissaksóknari hafi misfarið með vald sitt við ákvarðanatöku í máli þessu. Á þessum forsendum eru hvorki efnis- né lagarök til þess að skipa sérstakan saksóknara til að endurupptaka og taka ákvörðun um framangreint atriði.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir mjög skýr og greinargóð svör og taka það sérstaklega fram. Ég er honum að vísu ekki sammála um hans niðurstöðu í þessu máli. Það kann vel að vera að hægt sé að finna lagarök fyrir þeirri niðurstöðu sem þarna var komist að. En ég tel ekki að það sé endilega það sama og að hægt sé að finna efnisrök fyrir þessari niðurstöðu einfaldlega vegna þess að það sér hver heilvita maður og það finnur hver heilvita maður sem á þetta hlustar að hér hefur farið fram mál þar sem um mjög greinilegan árekstur hagsmuna er að ræða. Það gildir einu þó að ákæruvaldið mæti ekki í réttinn eins og fram kom í máli hæstv. dómsmrh. Þar með er dómarinn orðinn ábyrgur fyrir ákæruvaldinu samkvæmt hefð og vana og þar með er hann orðinn raunverulega í augum hins ákærða fulltrúi ákæruvaldsins því að hann verður þá að halda uppi þeim skyldum sem ákæruvaldinu ber að halda uppi í réttinum. En ég kem nánar að því síðar, herra forseti, í næstu fsp.

Við skulum aldrei gleyma því að dómsvaldið á í engu öðruvísi stöðu í okkar samfélagi heldur en framkvæmdarvaldið. Dómsvaldið þiggur vald sitt frá okkur, löggjafanum, sem hér sitjum. Við semjum lög sem þeir vinna eftir og við setjum lög um fjármuni sem eiga að standa undir þeirri vinnu. Og það er okkar að meta það og dæma hvernig störf þeirra takast — bæði miðað við framkvæmd laganna sem við höfum fengið þeim í hendur og í sambandi við nýtingu þeirra fjármuna sem við höfum fengið þeim í hendur.

Ég tel að það að hengja sig í lagakróka í sambandi við það hvort ákæruvaldið eigi að mæta í réttarsal, miðað við það hvort hægt sé að hugsa sér þriggja, fimm eða átta ára dóm sem endanlega niðurstöðu málsins, sé ekki í anda þeirrar mannréttindahugsjónar sem við núna alla vega á þessum dögum þykjumst vinna og starfa fyrir og því mál til komið m.a. að breyta þeim lögum.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þetta. Út af fyrir sig gaf ræða fyrirspyrjanda ekki tilefni til þess. Ég vil aðeins ítreka að það var krafa ákærða að dómarinn viki vegna þess að saksóknari mætti ekki í réttinum. Og saksóknari mætti ekki í réttinum af því að Alþingi hefur sett þau lög að honum beri ekki að mæta í málum sem þessum.

Það getur vel verið að það sé rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að deila megi um það hvort ekki eigi að breyta slíkum lögum. En á meðan þessi lög gilda hlýtur saksóknari að fara eftir þeim, og að dómari eigi að víkja í máli af því að saksóknari fer eftir þeim lögum sem Alþingi hefur sett um hans starf — það held ég að flestir hljóti að viðurkenna að er nokkuð langsótt.

Störf ríkissaksóknara, fsp. 293. mál (þskj. 539). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Á þskj. 539 hef ég leyft mér að flytja fsp. sem er í beinum tengslum við þá fsp. sem hér var til umræðu áðan og fjallar um störf ríkissaksóknara. Hún hljóðar einfaldlega þannig:

„Er ríkissaksóknara eða fulltrúa hans skylt að mæta í réttarhöld þar sem hann fer með ákæruvaldið?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 539 spyr hv. 8. þm. Reykv. um það atriði sem e.t.v. er grundvöllur að þeirri fsp. sem var hér síðast til umræðu. Til þess að gera svarið við þeirri fsp. sem skýrast las ég upp þá lagagrein sem kveður á um það hvernig ríkissaksóknari skal haga þessum störfum, en til skýringar skal ég lesa hana aftur, með leyfi forseta. Það er 130. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Hún kveður á um að eftirtalin mál skuli sæta sókn og vörn ríkissaksóknara:

„1. Mál þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940.

2. Mál sem sæta ákæru ríkissaksóknara samkvæmt 115. gr., sbr. 2. málsgr. 21. gr., ef:

a. brot getur varðað yfir 5 ára fangelsi samkvæmt lögum nr. 19/1940 og lagaatriði eða sönnunar veita efni til slíkrar meðferðar, t.d. úrslit máls velta á líkum, mál er mjög umfangsmikið eða margbrotið;

b. sérstaklega þýðingarmikil vafaatriði eru í máli eða úrslit þess hafa annars mikla almenna þýðingu, hvort sem brot varðar við almenn hegningarlög eða önnur lög.

Ríkissaksóknari rannsakar og ákveður hverju sinni hvort mál er þess eðlis að það skuli sæta meðferð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar. Dómari skal í lok rannsóknar leita þess hvort ákærði æski þess að sókn og vörn verði flutt í máli hans ef dómara þykir vera mega heimild til að kveða svo á."

Þetta er svar við fsp. á þskj. 539 um skyldu ríkissaksóknara að mæta í réttarhöldum. Ef ríkissaksóknari ætti að mæta í öllum málum sem hann ákærir í alls staðar á landinu mundi þurfa að margfalda hans starfslið og ég geri ráð fyrir að það sé af þeim ástæðum sem Alþingi hefur ákveðið að setja þessar skorður við þeirri skyldu sem hann hefur til þess.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans, en hef við þau því að bæta að samkvæmt 20. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 segir svo í III. kafla um ákæruvaldið: „Ríkissaksóknari fer með ákæruvaldið." Án þess að ég lesi alla þá grein upp sem hefst á þessum orðum er það þó greinilegt samkvæmt þeirri hugsun, sem þar liggur að baki, að ákæruvaldið er án efa í höndum ríkissaksóknara og ef hann ekki mætir í réttinn þá er ýmsum hlutum ábótavant hvað réttindi þeirra manna snertir sem fyrir rétti eru. Við skulum hugleiða það m.a. að saksóknari hefur skyldur til rannsóknar. Í því felst náttúrlega hans sérstaða umfram aðra að hann hefur skyldur til rannsóknar á atriðum bæði til saka og sýknu hins ákærða. Hvernig ætlar ríkissaksóknari að uppfylla þessar skyldur öðruvísi en vera til staðar við réttarhöldin?

Hæstv. dómsmrh. nefnir algerlega með réttu að ástæður þess að saksóknari ekki mætir í réttarhöldum þeim, sem tilgreind eru í þeim lagagreinum sem dómsmrh. tilnefndi, eru þær að Alþingi hefur gefið honum möguleika til þess að létta honum störf sín. Með því er Alþingi náttúrlega um leið líka að létta á byrði sinni sem óhjákvæmilega hlyti af því að hljótast að ákæruvaldið mætti til réttarins. En þá er mín hugsun eða spurning — og nú verða menn að gæta þess að ég er hér ekki í neinu ákærumáli gagnvart hæstv. dómsmrh. heldur er ég miklu frekar að fjalla bara um ákveðinn efnislegan ágreining sem tengist þeim úrskurði sem ég gat um í þeirri fsp. — hvernig rétti þess fólks er varið sem ekki fær raunverulega varið sig gagnvart ákæruvaldinu sjálfu, heldur verður að tala við ákæruvaldið í gegnum dómara sem þegar á hólminn kemur, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. í sambandi við svar við fyrri fsp., er í raun og veru óábyrgur. Hann ber ekki ábyrgð á störfum saksóknarans og það er ekki hægt að krefjast þess að hann svari fyrir hann þegar um ágreining er að ræða á milli hins ákærða og ákæruvaldsins sjálfs. Og þá komum við einmitt að því atriði sem um var að ræða, að verjandinn í því máli sem hér var um að ræða vildi áfrýja ákveðnum úrskurði til Hæstaréttar, sem ríkissaksóknari, ákæruvaldið fræga sem ekki mætti á staðnum, hafnaði síðan eða taldi óþarft að færi til Hæstaréttar. Þegar ákæruvaldið er ekki á staðnum hljóta öll samskipti verjanda og ákærða við ákæruvaldið náttúrlega að gjalda þess, og það hlýtur að rýra mjög mannréttindi þeirra manna sem hér um ræðir, sem

samkvæmt okkar lagaskilningi eru þó enn þá saklausir á meðan sekt þeirra hefur ekki verið sönnuð.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég skil ekki það sem hv. fyrirspyrjandi sagði að ákærði hefði ekki tök á að verja sig vegna fjarveru saksóknara. Ákærði getur vissulega varið sig og flutt sín rök fyrir dómaranum sem á að fella úrskurð í ágreiningsatriðum. En vafalaust væri auðveldara fyrir dómara að hafa fulltrúa saksóknara við málflutning, þar sem dómara ber að upplýsa mál og skýra þau, gæta fyllsta hlutleysis og þess að hið sanna komi fram. Ábyrgð dómara er minni ef fulltrúar beggja aðila eru mættir. En varðandi það að ákærði geti ekki varið sig með rökum, þó að sá sem ákærir sé ekki viðstaddur, það get ég ekki skilið. Hann hlýtur að geta varið sig gagnvart dómaranum. Og dómari svarar ekki fyrir saksóknara nema að þessu marki sem er að upplýsa mál og benda á það sem getur haft áhrif á málflutning.

En það sem lá til grundvallar synjun ráðuneytisins á því að gerðar yrðu athugasemdir við málsmeðferð dómara og saksóknara í þessu máli var, eins og ég sagði, að krafan var um það að þessi dómari viki vegna þess að fulltrúi saksóknara var ekki mættur. Og ég held að erfitt sé að finna rök fyrir því af hverju dómari eigi að víkja í máli af því að saksóknari fer eftir þeim ákvæðum laga sem honum ber að vinna eftir.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Svo að ég hnýti beint aftan í ræðu hæstv. ráðh., herra forseti, þá var krafan um það að dómarinn viki í þessu máli reist vegna þess að hann neitaði að taka til greina gagnrýni verjandans á ákveðin kæruatriði í kæruskjalinu. Og ekki var hægt að ræða þá hluti við ákæruvaldið þegar það var ekki á staðnum.

Þessir hlutir eru mikilvægir vegna þess að þegar ríkissaksóknari er ákæruvald þá flyst upplýsinga- og rannsóknarskyldan af herðum dómarans, sem venjulega hefur þá skyldu í einkamálum, á herðar ríkissaksóknara og málaferlin sjálf eru hluti af rannsóknar- og upplýsingaferlinum. Það er þess vegna sem það er svo mikilvægt, að ég tel, að saksóknari sé í réttinum að hann getur ekki öðruvísi sinnt til fullnustu skyldum sínum til þess að rannsaka öll atriði til saka og sýknu. En það er hans hlutverk fremur en dómarans þegar um ákæru saksóknara er að ræða.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 11. mars, að loknum 57. fundi.

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal tekið fram að framhaldsumræðu um 3. dagskrármálið, mat heimilisstarfa til starfsreynslu, er enn frestað þar sem svo stendur á að tvær brtt., brtt. á þskj. 589 og brtt. á þskj. 609, hafa komið fram eftir að umræða hófst og er gert ráð fyrir að hv. allshn. taki tillögur þessar til athugunar áður en umræðunni verður fram haldið.

Fjárstuðningur við Handknattleikssamband Íslands, þáltill. 315. mál (þskj. 582). — Fyrri umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 582 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um fjárstuðning til Handknattleikssambands Íslands ásamt með fimm öðrum hv. þm. Till. felur í sér að skora á hæstv. fjmrh. að veita Handknattleikssambandinu 5 millj. kr. í fjárstuðning í verðlauna- og viðurkenningarskyni í tilefni af frábærri frammistöðu íslenska landsliðsins í heimsmeistarakeppninni í Sviss.

Um þessa till. er óþarfi að fara mörgum orðum, herra forseti. Þjóðin hefur fylgst með að undanförnu og dáðst að frammistöðu íslenska handknattleikslandsliðsins í umræddri keppni og ég held að ég mæli fyrir munn meiri hluta þjóðarinnar þegar ég segi að við höfum fyllst stolti og gleði yfir þeim árangri sem þar hefur náðst.

Handknattleikur er útbreidd og vinsæl íþrótt og þess vegna er það með ólíkindum að jafnlítil þjóð sem við Íslendingar erum getum teflt fram flokki ungra manna sem ná svo langt í íþrótt sinni sem raun ber vitni, að hljóta 6. sæti í keppni hinna bestu og tryggja sér rétt til þátttöku í næstu Ólympíuleikum. Þessi árangur og þessi frammistaða hefur vissulega aukið hróður Íslands. Það er ekki aðeins góð landkynning þegar íslensk ungmenni vinna afrek í nafni þjóðarinnar, heldur hefur þessi árangur langvarandi áhrif að því leyti að hann mun væntanlega og vonandi auka mjög útbreiðslu og þátttöku í þessari íþrótt og íþróttum almennt. Frammistaða af þessu tagi höfðar mjög til æskufólks og vekur með því heilbrigðan metnað, stuðlar að aukinni líkamsrækt og hollri tómstundaiðju sem ég leyfi mér að fullyrða að er besta meðalið gegn þeim hættum sem leynast hvarvetna í þjóðfélaginu gagnvart æskunni.

Ég hef því miður ekki enn handbærar upplýsingar um þann kostnað, sem þessi keppni hefur haft í för með sér fyrir Handknattleikssambandið, en það gefur auga leið og er fullljóst að allur undirbúningur og keppnin sjálf hefur kostað gífurleg útgjöld og fyrir lítið fjárvana íþróttasamband er nánast útilokað að ná endum saman. Ég held að þjóðin vilji fúslega veita Handknattleikssambandinu aðstoð í þeirri viðleitni sinni að tefla fram liðum sem eru vel undirbúin og ná slíkum árangri, sem við höfum orðið vitni að, og jafnframt að halda áfram uppbyggingu íþróttarinnar og undirbúa sem best þegar í stað þátttöku okkar í næstu stórmótum eins og t.d., og ekki síst, næstu Ólympíuleikum. Handknattleikssambandið fær hluta af þeim fjárveitingum sem Alþingi samþykkir á hverju ári í fjárlögum til íþróttahreyfingarinnar. Sú upphæð er því miður mjög lág og er ekki nema brot af þeim útgjöldum sem þetta íþróttasamband hefur þurft að standa undir. Ég geri ráð fyrir því og vonast til þess að Alþingi muni áfram veita ríflega peningum til íþróttahreyfingarinnar með afgreiðslum sínum á fjárlögum. En ég held að þetta afrek, sem nú hefur verið unnið af okkar handknattleiksmönnum, sé það stórt og glæsilegt að það verðskuldi nokkra viðurkenningu, sérstaka aukafjárveitingu, og Alþingi geti þannig látið í ljós þakklæti sitt og stuðning

við það mikla starf og þau miklu afrek sem hér hafa verið unnin.

Með flutningi þessarar till. er þess vegna lagt til að Alþingi Íslendinga sýni í verki vilja sinn og, eins og segir hér í grg. með tillögunni, „aðdáun á frammistöðu íslenska landsliðsins“ með því að samþykkja fjárstuðning að upphæð 5 millj. kr. Það er ekki stór upphæð og ég er sannfærður um að mikill meiri hluti Íslendinga telur það ekki eftir sér að láta þetta litla brot af sínum skattpeningum renna til þessa íþróttasambands í kjölfarið á þeim glæsilega árangri sem náðst hefur.

Ég vonast til þess að þessi tillaga fái hér góðar undirtektir og hraða afgreiðslu. Ég tel það vera til sóma fyrir Alþingi að afgreiða jákvætt þessa tillögu og það sem allra fyrst meðan enn er stemmning meðal Íslendinga og skilningur á því málefni sem hér um ræðir.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. fjvn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Um þessa till. vil ég aðeins segja fáein orð. Ég er vissulega glaður yfir þeim árangri sem handknattleikslið okkar náði á nýafstöðnu heimsmeistaramóti. Það vaska lið er vissulega alls góðs maklegt og liðveislu vissulega þörf í því sem ýmsu öðru. En aðgátar er líka þörf af hálfu fjárveitingavaldsins hversu hrifnæmir og opnir hugir sem standa hér á bak við og hversu opnir hugir manna kunna að vera einmitt nú meðan stemmning er fyrir þessu máli, eins og hv. 1. flm. minnti á.

Vissulega hafa mörg góð afrek og verðlaunaverð verið unnin af okkar íþróttafólki og vissulega ástæða til að veita því aðstoð í ströngum æfingum og mikilli fórnfýsi sem þetta fólk leggur óneitanlega á sig. Ég bendi t.d. á frábær afrek fatlaðra íþróttamanna á erlendri grund, afrek sem hafa verið á heimsmælikvarða. Það bendir okkur hins vegar á að það er vandi á höndum í sambandi við liðveislu af því tagi sem hér er farið fram á, einkum fyrir það fjárveitingavald sem svo naumt skammtar til hinna margvíslegustu mála, menningarmála, lista, líknar- og mannúðarmála ýmiss konar og fjölmargra annarra greina, sem endurspeglast í fjárlögum okkar hverju sinni. Ég held því að í eðlilegri hrifningarvímu okkar yfir ágætum árangri þurfum við að huga að svo ótal mörgu öðru. Skyndiákvarðanir af þessu tagi eru því vægast sagt vafasamar í ljósi þeirrar afgreiðslu fjárlaga sem nú gilda þar sem niðurskurðarhnífnum er beitt á ótrúlegustu sviðum.

Ég er einn þeirra sem hafa lagt mikla áherslu á það að ungmenna- og íþróttahreyfingin í landinu njóti skipulegs og ríkulegs stuðnings hins opinbera. Ég hef flutt um það till. nokkrum sinnum á Alþingi. Þar koma keppnisíþróttir vissulega við sögu, eins og hv. 1. flm. kom inn á, til örvunar fyrir ýmsa aðra og hvatningar til að ná langt á þessu sviði. En öllu öðru fremur er það þó hin almenna þátttaka í líkamsrækt, ekki síst með tilliti til hollra og góðra tómstunda sem allra flestra, einkum á mótunarárum. Ég tel, eins og hv. 1. flm., fátt líklegra til forvarna, t.d. í vímuefnamálunum, en slíkt tómstundastarf unglinga. Ég er því talsmaður öflugs stuðnings við ungmenna- og íþróttahreyfinguna í landinu almennt og harma það hve litlar undirtektir tillögugerð mín hér á Alþingi þar að lútandi hefur hlotið.

Ég hlýt hins vegar að vara við öllum skyndiákvörðunum af þessu tagi þótt gleði okkar sé grómlaus og stolt okkar ærið. Margt kallar á og ótal margt er svelt af ágætum málum, m.a. á íþróttasviðinu. Ég nefni enn þá afreksverk fatlaðra í íþróttum sem hafa ekki vakið síðri aðdáun mína en árangur okkar handknattleiksmanna og ættu ekki síður að hljóta verðlaun að makleikum en þessi ágætu afrek. Þau hafa ekki verið verðlaunuð á þann hátt þótt vissulega hafi verið gerð tilraun til þess af fjárveitingavaldinu að styðja allmyndarlega við íþróttastarfsemi fatlaðra miðað við ýmislegt annað. Þá eru fjölmörg mannúðar- og líknarmál sársvelt. Við hljótum því að hika í máli sem þessu. Það geri ég þrátt fyrir ánægju mína yfir ágætri frammistöðu íslenska landsliðsins í handknattleik og þrátt fyrir mikla þökk mína til þeirra ágætu manna sem þar hafa lagt mikla vinnu og fórnfýsi að mörkum.

Ég játa að ég treysti mér ekki til að styðja þessa tillögu í ljósi þess sem ég hef frá greint. Ég veit að ég mæli þar fyrir munn fleiri í mínum flokki, m.a. hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar. Það má vel nefna þetta ártölur, það má líka nefna þetta smásálarhátt. En um leið og ég frábið mig slíku með tilliti til þess hvaða tillögur ég hef flutt hér á Alþingi um þennan skipulega stuðning við ungmenna- og íþróttahreyfinguna yfirleitt bendi ég á að meðan smásálarhátturinn er allsráðandi varðandi fjöldamörg mál sem fá enn lakari meðhöndlun Alþingis hlýt ég að stinga við fótum án þess að ég hafi tekið nokkra ákvörðun um andstöðu við þetta mál — það tek ég skýrt fram — mikillar rausnar miðað við ótal margt annað. Liðveislu við þetta og fjölmargt annað er vissulega þörf en skyndiákvörðun af þessu tagi hlýtur að vekja upp fleiri spurningar en ég treysti mér til að svara á þessu stigi.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Sú tillaga, sem hér er til umræðu, flokkast undir það sem ég vil leyfa mér að kalla „popp-pólitík“ og er heldur ómerkileg pólitík að mínu mati. Ég skil hv. flm. mætavel. Það er ákaflega freistandi að hossa sér svolítið á þeirri fagnaðar- og hrifningaröldu sem reið yfir þjóðina meðan á heimsmeistarakeppninni stóð og það er mjög mannlegt að falla fyrir þeirri freistingu, en rangt eigi að síður.

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning vil ég taka fram að ég tilheyri þeim stóra hópi landsmanna, sennilega meiri hluta þjóðarinnar, sem fylgdist af miklum áhuga og eftirvæntingu með frammistöðu okkar manna í Sviss, gladdist og leiddist eftir atvikum og ég fagna innilega frábærri frammistöðu þeirra þar og tel þá alls góðs maklega. Glæsimörkin þeirra, eins og rætt er um hér í grg. með till., ljuðu sannarlega hjartarætur og þjóðarstoltið fékk ósvikna næringu. En það sem lagt er til í þessari till. er ekki rétta leiðin, að mínu mati, til að þakka þessa frammistöðu.

Alþingi hefur þegar samþykkt fjárveitingar til íþróttamála á þessu ári og sakar ekki að geta þess að í þrengingum undanfarinna ára, þar sem okkur hefur verið gert að skera niður til svo til allra mála, hafa íþróttamál notið sérstaks velvilja fjárveitingavaldsins. Væri hægt að nefna ýmsar prósentur og tölur því til sönnunar en ég hef þær ekki á reiðum höndum hér. Á þessu ári fær Íþróttasamband Íslands 22,5 millj. kr. og eftir því sem ég kemst næst mun Handknattleikssambandið fá í sinn hlut af þeirri upphæð eitthvað nálægt einni milljón. Auk þess fær ólympíunefnd 1,5 millj. kr. til umráða. Ef Alþingi vill létta þann róður, sem fram

undan er, hefði e.t.v. verið eðlilegra að veita aukafjárveitingu til ólympíunefndarinnar eða þá í afreksmannasjóðinn.

Fyrst við erum nú að ræða fjárveitingar sakar ekki að minna á það að hæstv. fyrrv. fjmrh. veitti afreksmannasjóðnum af örlæti sínu 2 millj. kr. á s.l. ári, sem voru merktar heimsmeistaramótinu í Sviss, án þess að spyrja hæstv. Alþingi hvort það væri við hæfi. Svo að segja má að ríkissjóður sé þegar búinn að opna tóma kassann sinn töluvert þótt þm. væru einskis spurðir þá.

Hv. flm. tala um það í grg. með till. að hér sé um lítið brot af skattpeningum þjóðarinnar að ræða. Þetta litla brot mundi þó koma mörgum vel og ég get ekki stillt mig um að geta þess að sama dag og till. sexmenninganna birtist á borðum hér í Alþingi var þm. boðið að vera viðstaddir formlega opnun húss sem Félag einstæðra foreldra hefur keypt og innréttað til að leysa bráðan vanda einstæðra foreldra. Þetta framtak fær aðeins 300 þús. kr. styrk úr ríkissjóði á þessu ári. Verð ég þó að segja að mér fyndist ekki síður ástæða til að verðlauna frábæra frammistöðu þeirra hvunndagshetja sem af áræði og dugnaði hafa staðið þar að framkvæmdum þótt ekki væri það í beinni útsendingu í augsýn alþjóðar.

Það er líka spurning hvenær ástæða er til verðlaunaveitinga sem þeirra sem till. gerir ráð fyrir. Hefði þá ekki t.d. verið ástæða til að verðlauna Júdósamband Íslands þegar Bjarni fékk bronsið á Ólympíuleikunum eða Söngskólann þegar Sigríður Ella fær sérstakt lof Pavarotti fyrir frammistöðu sína í söng? Hvar á að draga mörkin? Það er ákaflega erfitt og ekkert skemmtilegt að vera að nefna svona dæmi og reyna að vega það og meta hvað eigi að verðlauna af hálfu Alþingis frekar en annað.

Ljóst er að nú er þörf átaks og mikillar vinnu til að fylgja eftir glæsilegri frammistöðu handboltamanna okkar og ég efast ekkert um að fjölmargir eru tilbúnir til að leggja fé af mörkum til þess að við höfum árangur sem erfiði á Ólympíuleikunum eftir tvö ár. Þeir verða örugglega tilbúnir til að kaupa happdrættismiða og styrkja Handknattleikssambandið með öðrum hætti.

Ég er reyndar undrandi á því að Handknattleikssamband Íslands skyldi ekki nota sér þetta dáleiðsluástand þjóðarinnar undanfarnar vikur með því t.d. að opna gíróreikning og óska eftir frjálsum framlögum að hætti t.d. Hjálparstofnunar kirkjunnar þegar náttúruhamfarir ógna tilveru manna eða hungur sverfur að fátækum þjóðum. Ég er viss um að peningar hefðu streymt inn á slíkan reikning, sérstaklega eftir sætan og verðskuldaðan sigur á frændum okkar Dönum. Kannske er ástæðan fyrir því, að ekkert slíkt var reynt, sú að starfsmenn Handknattleikssambandsins hafi allir verið á heimsmeistaramótinu og lái ég þeim það ekki.

Hv. 1. flm. hefur sennilega gengist fyrir því að blað hans, DV, lýsti sig reiðubúið til að veita viðtöku frjálsum framlögum manna til HSÍ og væri gaman að frétta hver viðbrögð urðu við því framtaki. Ég er sannfærð um að margir hv. þm., þar á meðal ég, eru fúsir til að greiða úr eigin vasa allsæmilega fjárupphæð til styrktar íþróttamönnum okkar. En við Kvennalistakonur teljum ekki við hæfi né eðlilegt að Alþingi samþykki fjárstuðning af því tagi sem hér um ræðir og finnst það raunar óviðkunnanlegt með tilliti til aumlegs ástands ríkissjóðs. Við teljum að samþykkt þessarar till. væri slæmt fordæmi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er hlynntur því að við veitum fjármunum til íþróttastarfsemi í landinu og tel að með því móti vinnum við gegn fíkniefnaneyslu og mörgu öðru sem miður fer. Ég set aftur á móti vissar spurningar við þessa þáltill. fyrst og fremst vegna þess að í henni er hlutverkum snúið við.

Það er Alþingis að ákveða fjárlög, það er ekki fjmrh. Alþingi heimilar fjmrh. að greiða úr ríkissjóði ákveðnar upphæðir til tiltekinna mála, Alþingi skorar ekki á fjmrh. að gera slíkt. Ef Alþingi samþykkir fyrst að skora á fjmrh. að gera slíkt verður fjmrh. seinna að koma með beiðni um heimild hjá Alþingi til þess að mega verða við áskoruninni.

Þetta er út af fyrir sig spurning um form en ekki inntak. Þetta er spurningin um það hvort við séum að samþykkja fjárlög, sem eiga þá með réttu að afgreiðast fyrir jól með þremur umræðum, eða hvort við erum að taka ákvörðun um að þingið líti svo á að fjárveitingavaldið sé hjá fjmrh. og hann eigi að taka við áskorunum frá þinginu um hvernig hann ráðstafar fjármunum.

Mér sýnist að formsins vegna sé á því þó nokkuð mikill meinbugur að stilla hlutunum upp á þennan hátt. Ég fæ ekki séð að það þurfi nauðsynlega að afgreiða svona mál á þann hátt að fyrst sé skorað á fjmrh. að beita aukafjárveitingavaldi. Hvað dvelur Alþingi Íslendinga í að samþykkja heimild ef menn vilja gera þetta? Ef það er ekki gert þarf aftur að leita til þingsins.

Ég undirstrika þetta vegna þess að mér finnst stundum að það gleymist hér í sölum þingsins hvar verkaskiptingin er á milli Alþingis og framkvæmdavalds. Með því að segja þetta hér og nú er ég ekki að leggjast gegn því að Alþingi Íslendinga samþykki fjárveitingar til íþróttamála.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég harma það að hv. þm., sem hér tala á móti þessari till., skuli grípa til vandamála þjóðfélagsins á öðrum sviðum til samanburðar, eins og t.d. vanda einstæðra foreldra o.fl. Ég hef sjálfur staðið í því að hjálpa persónulega einstæðum foreldrum og íþróttahreyfingunni líka. Það hefði verið gott ef hv. þm. vildi leita sér upplýsinga um það hvernig t.d. dagheimili og skóladagheimili fóru af stað hér í borginni og hvernig einstæðir foreldrar keyptu húsið í Skerjafirði o.fl. o.fl. fyrir utan það hver veitti ráðleggingar við uppbyggingu á þessum samtökum þegar þau voru á bernskuskeiði. Það er ekkert framlag í þetta mál, sem snýst um það hvort íþróttahreyfingin, sérstaklega þegar íþróttamenn standa sig vel, eigi að fá aðstoð til að halda áfram því starfi sem þarf til að framhald verði á afrekum.

Þegar hvað mest var á mig deilt vegna þess að ég veitti, eins og réttilega kom fram hjá hv. 7. landsk. þm. Kristínu Halldórsdóttur, fjárframlag úr ríkissjóði til handknattleiks lét ég meira af hendi rakna, ég veitti líka fé til ólympíunefndarinnar og lét hækka styrki til íþróttahreyfingarinnar. Hvers vegna? Það var vegna þess að Bjarni, Einar Vilhjálmsson, handboltamenn og fleiri, sem komu frá Ólympíuleikunum í Bandaríkjunum, náðu betri árangri þar en nokkur íþróttamaður hefur nokkurn tíma náð áður í þessum íþróttagreinum. Þeir urðu landi og þjóð til sóma og höfðu meira auglýsingagildi en nokkuð annað sem við höfum hingað

til haft fram að færa í íþróttum eða á öðrum sviðum. Hundruð sjónvarpsstöðva voru með þessa drengi í sviðsljósi þann tíma sem keppni stóð yfir vegna þess hve langt þeir náðu.

Á sama tíma voru þessir sömu drengir að hefja harðan undirbúning fyrir heimsmeistarakeppni, sem nú er nýlokið, fjárvana, í stórskuldum, bæði persónulega og sambandið sem slíkt, vegna þátttöku í Ólympíuleikum. Nú hrópa allir húrra fyrir árangri þessara drengja.

Ég get fullvissað hv. þm. um það að þeir hefðu aldrei náð þessum árangri hefði ríkið ekki hlaupið undir bagga og gefið þeim tækifæri til að stunda sínar æfingar. Þeir sem nú undirbúa sig undir Ólympíuleika byrjuðu fyrir átta eða tólf árum. Þeir voru ekki orðnir íþróttamenn á heimsmælikvarða til þess að taka þátt í Ólympíuleikum þegar þjóðirnar byrjuðu að þjálfa þá. En við ætlumst til þess að okkar íþróttamenn fari út í harða heimsmeistarakeppni og Ólympíuleika án undirbúnings, án þátttöku þjóðarinnar þó að þeir komi fram fyrir hönd þjóðarinnar. Og svo skömmum við þá ef þeir ekki standa sig.

Það er a.m.k. átta ára undirbúningur undir hverja Ólympíuleika. Það er ekki að ástæðulausu sem þjóðirnar, sér í lagi stórþjóðirnar, kappkosta að hafa þessi alþjóðamót.

Ég tek undir þessa tillögu, hún er góð. Við skulum átta okkur á því að rekstur Íþróttasambandsins, sem hefur innan sinna vébanda um 80 þús. manns af ekki stærra þjóðfélagi en við erum, kostaði 4-500 millj. þegar ég síðast vissi. Það er eflaust eitthvað meira núna. En framlag ríkisins, eins og réttilega kom fram hjá hv. 7. landsk. þm., er um 22 millj. Hvaðan heldur hv. þm. að mismunurinn komi? Hann kemur frá einkaaðilum, annaðhvort í beinharðri vinnu eða peningum. Það þarf því ekki að upplýsa það hvernig íþróttahreyfingin er rekin.

Nú er svo komið í fyrsta sinn að íþróttamenn hafa náð þeim árangri að íslensk fyrirtæki, hið opinbera og hálfopinber fyrirtæki, sjá sér hag í því að nota þessa drengi til auglýsinga fyrir það sem talið er heilbrigt í neyslu fyrir börn og unglinga sérstaklega, mjólk og ávaxtasafa o.fl., eins og við sjáum daglega, sem aldrei hefur verið gert hér á landi áður. Auk þess er ýmislegt annað auglýst. Þann árangur hefur þetta starf þeirra borið.

Ég efast ekkert um að þær konur, sem hér sitja fyrir hönd Kvennalistans, hafa góð efni á því að láta mikið framlag af hendi, eins og kom fram hjá hv. 7. landsk. þm. Hún býður upp á það og ég sendi það áfram til handboltamanna að þeir biðji þær um þessi framlög úr því að þær hafa mikil efni á því, enda veit ég ekki til þess að nein þeirra líði skort nema síður sé. Það kom fram hjá hv. 7. landsk. þm. þegar hún bauð upp á að verða rukkuð fyrir hönd Handknattleikssambandsins að þær Kvennalistakonur gætu, eins og hún sagði orðrétt, látið af hendi þó nokkra upphæð. Ég hefði gaman af að vita hver sú upphæð verður en ég skal koma þessu á framfæri.

Hitt er svo annað mál að ég hefði gjarnan viljað sjá hér tillögu ekki bara um framlag til Handknattleikssambandsins. Handknattleikssambandið þarf svo sannarlega á þessum 5 millj. að halda til að undirbúa framhald. Þetta er bara fyrsta skref á langri leið. Þarna er Handknattleikssambandið að ávinna sér rétt til að taka þátt í Ólympíuleikum og þarf áreiðanlega á þessum 5 millj. kr. stuðningi frá ríki eða Alþingi eða einhverjum öðrum að halda. Það nægir ekki, það eru alveg hreinar línur. Þeir sem verða valdir til að undirbúa sig undir þessa keppni þurfa að leggja nótt við dag. Eins og kom fram hjá þeirra viðurkennda þjálfara jafngilda þessi tvö og hálft ár átökum samfellt dag og nótt í fimm mánuði. Reyni hver sem er að setja sig í þau spor.

Skilja hv. Kvennalistakonur hvað ég er að fara? Ég hugsa ekki vegna þess að þær hafa ekki farið í gegnum þann tortúr sem afreksmaður þarf að fara í gegnum til að geta staðið undir nafni. Ég skil vel að þegar forustumaður stærstu landssamtaka íþróttamanna, hv. þm. Ellert B. Schram, miðlar Alþingi af reynslu sinni með till. skuli hún vera misskilin hér. Það undrar mig ekki.

Hitt er annað mál að ég vil endurtaka að ég hefði gjarnan viljað sjá miklu stærri upphæð og að mismunurinn færi þá til ólympíunefndar til undirbúnings annarra afreksmanna m.a. vegna þess að sómi okkar var virkilega í sviðsljósi á Ólympíuleikunum þar sem allir okkar þátttakendur náðu sínum besta árangri og vöktu athygli í öllum greinum. Það var engin grein sundmanna sem ekki kom heim með nýtt Íslandsmet. Bjarni, eins og var minnst á áðan, kom heim með þriðju verðlaun í sinni grein. Handknattleiksmennirnir voru í sviðsljósi um heim allan svo lengi sem Ólympíuleikarnir stóðu yfir.

Ég styð því þessa till. og hefði gjarnan viljað vera meðflutningsmaður að henni og hefði þá haft upphæðina hærri og kannske dreift henni yfir á aðrar íþróttagreinar líka eða, eins og kom fram hér hjá hv. 5. þm. Vestf., held ég, til ólympíunefndarinnar í heild.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég tek svo sannarlega undir það með hæstv. iðnrh. að hér hefði verið full ástæða til að flytja till. um miklu veglegri upphæð en hér er sett á blað og styrk til miklu fleiri en eingöngu til þessa eina íþróttasérsambands. En mér sýnist að þessi till. eigi nógu erfitt uppdráttar þó að ekki hefði verið farið að sýna þá dirfsku að hækka upphæðina og víkka þann ramma sem till. fjallar um.

Hér hafa nokkrir þm. tekið til máls og ég hef ekki hugsað mér að fara að karpa mikið við þá, en mér finnst því miður að rök þeirra séu ákaflega lágreist og sýni lítinn skilning. Þetta veldur mér miklum vonbrigðum, það miklum vonbrigðum að ég hef ekki skap í mér til að fara að rökræða mikið við hv. þm.

Þau rök hjá hv. 2. þm. Austurl. og sporgöngumönnum hans hér í ræðustólinn að ekki væri hægt að veita 5 millj. kr. fjárveitingu til Handknattleikssambandsins nú vegna þess að það væru svo mörg önnur mál sem þyrftu á aðstoð að halda standast náttúrlega ekki og eru rökleysa. Ekki skal ég draga úr því að það séu mörg þjóðþrifamálin sem þurfa á auknum fjárstuðningi að halda frá hinu opinbera, en ef við ætlum sífellt að segja að það sé ekki hægt að styðja eitt af því að þá verði annað út undan verður lítið um fjárveitingar yfirleitt. Ég held að þingmenn verði að vera menn til að axla þá ábyrgð, þegar tillögur koma fram um einhver tiltekin mál, að segja af eða á um hvort þeir séu með því eða móti alveg án tillits til þess hvort önnur mál fái framlög í leiðinni. Þau geta fylgt í kjölfarið og við getum

tekið efnislega afstöðu til hvers og eins máls sem fram er borið, en það er útilokað að hafna öllum góðum málum á þeirri forsendu að einhver önnur verði út undan á sama tíma.

Mér finnst enn fremur að þessi málflutningur sýni ákaflega mikinn skilningsskort á aðstöðunni sem ríkir innan íþróttahreyfingarinnar. Það er rétt, sem hv. 7. landsk. þm. segir, að íþróttahreyfingin fær 22 millj. kr. á fjárlögum. Í augum viðkomandi þm. er það sjálfsagt myndarleg fjárveiting, en það er sáralítið brot af því sem íþróttahreyfingin þarf á að halda og fullyrði ég að í stærstu samböndunum er það um það bil 5% af öllum kostnaði sem hlýst af rekstri slíkra íþróttasamtaka.

Það verður auðvitað að lifa við þá staðreynd að ríkissjóður og fjárveitingavaldið hefur ekki treyst sér til að láta meira fé af hendi rakna til þessarar íþrótta- og uppeldishreyfingar, enda reynir hún eftir bestu getu að bjarga sér sjálf.

Ég hef ekki verið að halda því fram að fjárveitingar til íþróttahreyfingarinnar ættu að byggjast á því hversu vel gangi hverju sinni og menn eigi að hlaupa upp til handa og fóta í hvert skipti sem einhver leikur vinnst eða met er sett og segja: Nú skulum við hækka fjárveitingar. Auðvitað eiga fjárveitingarnar að vera myndarlegar og þær eiga að vera miklu, miklu hærri í þágu íþróttanna en nú er vegna þess að ég held að peningunum sé vel varið út frá þeirri þjóðfélagslegu staðreynd að íþróttir laða fram heilbrigði og góðan félagslegan þroska hjá þátttakendum og laða æskuna til hollrar tómstundaiðju í stað þess að sækja í spillingu og annað sem miður er í þjóðfélaginu. Ég held að þeim peningum sé vel varið. Eins og réttilega er tekið fram af hv. 2. þm. Austurl. er það mikið og gott forvarnarstarf sem unnið er í þessari hreyfingu. En látum þetta liggja á milli hluta.

Að því er varðar þá tilteknu keppni sem hér er verið að fjalla um, þá hélt ég að mönnum væri ljóst að sá árangur sem náðst hefur í þessari heimsmeistarakeppni er ávöxtur af gífurlega miklum undirbúningi, undirbúningi bæði keppenda og aðstandenda, stjórnar og starfsmanna viðkomandi íþróttagreinar sem hafa lagt mjög mikið af mörkum, bæði í tíma og peningum, sem þeir hafa ekki talið eftir sér. Ég held að þetta hafi sannað að árangri er hægt að ná þegar menn leggja að sér, með því að leggja mikið í að undirbúa sig sem best og spara hvergi til. Þeir hafa fórnað tíma og vinnu. Þeir hafa vikum, mánuðum og jafnvel árum saman lifað og hrærst í undirbúningi þessarar keppni. Nú höfum við orðið vitni að því að þeir hafa náð lengra en björtustu vonir stóðu til og þjóðin hefur fagnað þessum íslensku íþróttamönnum og klappar þeim lof í lófa. Ég held að það sem nú hefur verið gert sýni og staðfesti að Íslendingar, þó að þeir séu smáþjóð, geta unnið afrek á íþróttasviðinu ef rétt er að staðið og ef vel er að þeim hlúð.

Handknattleikssambandið hefur kostað miklum peningum til og einstaklingar sem þar eiga hlut að máli. Ég get ekki upplýst þingheim um hversu miklir peningar það eru, en þeir skipta tugum milljóna í undirbúningi, launum, ferðalögum, vinnutapi, uppihaldi hér og erlendis. Þó að Handknattleikssambandið hafi staðið myndarlega að fjáröflun nást endar engan veginn saman. Ég hélt þess vegna að það væri í samræmi við þann hljómgrunn sem er í landinu að þingið þakkaði fyrir sig fyrir hönd þjóðarinnar með því að veita lítinn aukastyrk til þessara manna. Það veldur mér þess vegna vonbrigðum þegar upp stendur hver þm. á fætur öðrum til að andæfa gegn þessari till. Jafnvel gengur hv. 5. þm. Vestf. svo langt að þvæla um formsatriði og telja að þessi till. sé óþingleg og að það sé ekki nægilegt að Alþingi skori á fjmrh. að veita 5 millj. kr. til Handknattleikssambandsins með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég held að þetta sé hin mesta bábilja, útúrsnúningur og tilraun til að drepa þessu máli á dreif.

Hv. 7. landsk. þm. heldur því fram að hér sé um að ræða popp-pólitík. Nú er ekki hægt að saka mig um að hafa verið mikið í popp-pólitík eins og ýmsir aðrir hv. þm. á þessu þingi. Þetta er fyrsta till. sem ég flyt hér og hefur þó verið ærin ástæða til að slá sér upp á ýmsum popp-málum í vetur. Það hafa sumir þingmenn nýtt sér, en það vakir ekki fyrir mér. Ég þarf ekki á því að halda að slá mig til riddara í augum íþróttahreyfingarinnar. Ég stend og fell með því sem ég hef unnið í hennar þágu fram að þessu og ég held að ég þurfi ekki á neinum poppmálum að halda í þeim efnum.

Þessi till. er flutt í einlægni, kannske einhverju hrifnæmi eins og var sagt áðan, vegna þess að mér fannst vera full ástæða til þess að Alþingi þakkaði fyrir sig fyrir hönd þjóðarnnar með því að verðlauna í viðurkenningarskyni það íþróttasamband sem hér á hlut að máli.

Ég tel ekki ástæðu til að vera að karpa frekar um þetta mál. Ég held að það sé ljóst að annaðhvort samþykki þingið þessa till. eða ekki. Ef menn vilja láta smásálarskapinn ráða ferðinni verður auðvitað að sætta sig við það, en það veldur mér vonbrigðum. Ég hafði haldið að þetta mál væri ekki ofvaxið að samþykkja og það væri þinginu til sóma að sýna íslenskum afreksmönnum þessa litlu viðurkenningu með hliðsjón af árangri þeirra og þó sérstaklega með hliðsjón af því mikla undirbúningsstarfi sem þeir hafa unnið.

Að lokum vil ég taka fram að hæstv. forseti hefur vakið athygli mína á því að það sé eðlilegra og þinglegra að vísa þessari till. til þeirrar nefndar sem fer með málefni af því tagi sem hér er verið að fjalla um, það sé ekki venja að vísa málum sem þessum til fjvn. Dreg ég því þá tillögu til baka og legg til að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til félmn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er svo með blessuð formsatriðin að þau þvælast fyrir fleirum en mér. Sérstaklega hefur mér orðið hugsað til dómara í handknattleik hvað formsatriðin eru stundum mikil plága þegar menn eru búnir að skora mörkin og þau eru dæmd af út á einhver fjandans formsatriði.

Það kemur líka fyrir í knattspyrnunni að menn nota hendur í staðinn fyrir fætur og þá er allt orðið ómögulegt að dómi dómarans. Auðvitað eru þessi formsatriði til hreinnar bölvunar. Það veit hv. 6. þm. Reykv. Og ég skil hann vel þegar hann er reiður yfir því að þau skuli vera að þvælast fyrir mönnum.

Svo ég reyni að orða það örlítið skýrar sem ég sagði í minni fyrri ræðu mundi það hljóða eitthvað á þann veg að taki Alþingi ákvörðun um að leggja til fjárstuðning með þáltill. en ekki með lögum væri eðlilegra orðalag á þáltill. að segja: „Alþingi ályktar að heimila fjmrh. að veita“ einfaldlega vegna þess að fjárveitingavaldið er hjá Alþingi og verður hjá Alþingi og það er formsatriði að það er á þennan veg og mér finnst það ástæðulaust

að þingheimur gleymi því formsatriði. Ég hef aftur á móti ekki talað gegn þessari till. og mun styðja hana komi hún fram með þeim hætti að mér finnist að ég sé ekki jafnframt að lýsa því yfir að fjárveitingavaldið sé hjá fjmrh. því að það er nú einu sinni eitt af elstu átakamálunum á milli þingræðis og framkvæmdavalds hvar fjárveitingavaldið eigi að vera.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Till. sú sem hér um ræðir felur það í sér að veita Handknattleikssambandi Íslands 5 millj. kr. aukafjárveitingu í rauninni. Nú heyri ég að forseti hefur gert það að tillögu sinni við flm. að þessari till. verði ekki vísað til fjvn. Ekki ætla ég mér þá dul að deila við forseta um þingsköpin, en í 15. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta:

„Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði."

Mér sýnist einsýnt að hér sé um till. þess efnis að ræða að fjvn. fjalli um hana en ekki félmn. Mér sýnist það alveg gefa auga leið og tel raunar einsýnt að svo eigi að vera skv. þingsköpum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að forseta hefur virst stundum bera nokkuð á því að þm. hefðu um of tilhneigingu til að líta svo á að tillögum sem fela í sér útgjöld fyrir ríkissjóð eigi að vísa til fjvn. Nú er það svo að margar ef ekki flestar tillögur fela á einn eða annan hátt, beint eða óbeint, í sér útgjöld fyrir ríkissjóð. Ef slíkum tillögum væri öllum vísað til fjvn. er hætt við að það yrði harla mikið að gera í fjvn. og harla lítil verkefni hjá þeim nefndum sem skv. þingsköpum eiga að fjalla um mál sem málefnalega heyra undir nefndirnar.

Með tilvísun til þessa hefur forseti þá skoðun að ekkert sé óeðlilegt að vísa þessari þáltill., sem hér hefur verið til umræðu, til fjvn.

Það segir í þingsköpum, svo sem hv. 5. landsk. þm. sagði, að fjvn. skuli fjalla um þær tillögur sem til hennar kann að vera vísað, eins og það er orðað. Það er að sjálfsögðu í valdi þingsins að ákveða það. En þetta mál, ef það verður að fjárveitingu, kemur til fjvn. samkvæmt öðrum leiðum. Skv. 41. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Ef þessi greiðsla verður innt af hendi þarf að leggja þá ráðstöfun fyrir Alþingi með frv. til fjáraukalaga og það frv. kemur til fjvn.

Það skulu ekki höfð fleiri orð um þetta, en forseti hefur margoft sagt að auðvitað getur það oft eða a.m.k. stundum, orkað tvímælis í hvaða nefnd á að vísa máli. En það er þingið sjálft sem að lokum tekur ákvörðun um það.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Vissulega er það rétt hjá forseta að aukafjárveitingar koma til staðfestingar þingsins í fjáraukalögum og vissulega er það líka rétt um flestar þáltill. sem hér eru samþykktar að það má leiða að því rök að þær leiði til einhvers kostnaðar með einhverjum hætti. Hvort sem í þeim felst að láta fara fram könnun, athugun eða eitthvað því um líkt má með rökum segja að þær leiði til kostnaðar. Hins vegar er það skoðun mín og sannfæring að þegar um er að ræða tillögur þar sem í tillgr. er gert ráð fyrir beinum fjárútlátum og nefndar upphæðir í því sambandi, þar sem till. fjallar beinlínis um fjárveitingu úr ríkissjóði, eigi að vísa slíkum tillögum til fjvn.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Þessar umræður hafa nú farið á svolítið annan veg en ég bjóst við. Ég er meðflm. að þessari till. og get sagt að ég er stoltur af því að hafa fengið að skrifa upp á hana. Þess vegna eru vonbrigði mín meiri þegar ég heyri í ákveðnum þm., hvernig þeir tala.

Ég fagna því hins vegar og tek undir það sem þeir hafa sagt, 1. flm. þessarar till., hv. þm. Ellert Schram, og hæstv. iðnrh. Ég tek heils hugar undir flest það sem þeir sögðu um íþróttastarfið. Þar tala bæði Ellert Schram og hæstv. iðnrh. af þekkingu um þessi mál. Þeir hafa í áraraðir verið í fylkingarbrjósti íþróttastarfs í landinu.

Ég ætla aðeins að eiga orðastað við ágætan flokksbróður minn, hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson. Hann sagði í sambandi við till. að þar væri hlutunum snúið við þar sem skorað væri á fjmrh. o.s.frv. Mér finnst að Ólafur vinur minn fari hér með rökvillu því að með því að við alþm. samþykkjum þetta og skorum á fjmrh. að veita Handknattleikssambandinu 5 millj. kr. fjárstuðning erum við jafnframt því að lýsa vilja okkar til að þetta verði gert.

Mig langar að minnast á ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur. Ég biðst velvirðingar ef ég hef ekki heyrt rétt, en ég vildi að ég hefði ekki heyrt hana segja það sem mér fannst hún segja, að það væri óviðkunnanlegt að veita slíkan styrk. Ég hefði ekki viljað heyra hv. þm. segja þetta. Ég er undrandi á slíkum ummælum.

Það er rétt, eins og hér hefur komið fram, að framlag til íþróttahreyfingarinnar er ekki mikið, a.m.k. ekki að mínum dómi. Ég vonaði að hér væri enginn sem teldi að framlag til íþróttahreyfingarinnar væri of mikið. Það er að mínu mati allt of lítið. Við ættum að reyna að meta það, sjá og skilja hvers virði hið frjálsa félagsstarf er sem unnið er í íþróttahreyfingunni víðs vegar um land og hverju það skilar þjóðfélaginu. Ég er sannfærður um að það starf hefur hvergi verið metið sem skyldi. Íþróttastarfið vegur mikið í því að byggja upp heilbrigða æsku þessa lands og því ber vissulega að styðja íþróttahreyfinguna betur og meira en gert hefur verið.

Ég þarf ekki að ræða árangur handknattleiksmannanna. Við höfum öll fylgst með þeim árangri sem þeir hafa nú náð. Þetta eru ekki fyrstu sigrar okkar Íslendinga á íþróttasviðinu. Þeir hafa verið glæstir áður. En það vill svo til að þessi er sérstæður að því leyti að fram undan er þrotlaust starf þessara manna til að standa undir þeim árangri sem þarna náðist, til þess að keppa á Ólympíuleikunum, og það starf verður mikið og dýrt.

Ég kem hér upp til að skora á þm. að standa að samþykkt þessarar till. og ég er viss um að af því munu þm. frekar vaxa en hitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 59. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist frá forseta Nd.:

„Alþingi, 12. mars 1986.

Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans ósk með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Siggeir Björnsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Siggeir Björnsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann á ný velkominn til starfa.

Þá liggur hér fyrir annað bréf frá forseta Ed.

„Alþingi, 12. mars 1986.

Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Jóhanna Leópoldsdóttir útibússtjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Jóhanna Leópoldsdóttir hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður og hér fylgir kjörbréf hennar. Vil ég fara þess á leit að hv. kjörbréfanefnd taki kjörbréfið til athugunar. Á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Jóhönnu Leópoldsdóttur sem er 2. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi. Jafnframt liggur hér fyrir skeyti frá 1. varamanni Alþb. í þessu kjördæmi, Jóhanni Ársælssyni, þar sem hann tilkynnir að hann geti vegna anna ekki tekið sæti sem varamaður Skúla Alexanderssonar.

Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið og gerir engar athugasemdir við það og mælir með því að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að Jóhanna Leópoldsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi mun hún núna undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Drengskaparheit unnið.

Jóhanna Leópoldsdóttir, 4. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Jóhanna Leópoldsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og býð ég hana velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, að loknum fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Enda þótt hv. 9. þm. Reykv. Haraldur Ólafsson sé fjarverandi, formaður menntmn. þessarar hv. deildar, sé ég mig knúinn til að vekja athygli á því að mér þykir sem starf þeirrar nefndar hafi ekki verið með þeim hætti sem vera skyldi. Þrír fundir hafa verið haldnir í menntmn., sá síðasti 17. desember. Síðan hefur það gerst að þremur frv. hefur verið vísað til nefndarinnar, frv. til breytinga á útvarpslögum, frv. til breytinga á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands og frv. um fjarnám ríkisins. Þessum þremur málum var vísað til menntmn. 17. febrúar s.l. og enginn fundur, svo að mér sé kunnugt um, hefur verið boðaður í nefndinni síðan. Mér finnast þetta ekki vinnubrögð við hæfi. Nú er aðeins eftir ein heil vinnuvika þar til kemur að páskum og svo segir mér hugur um að þing muni kannske ekki starfa mjög margar heilar vikur eftir páska. Raunar er eins og venjulega allt í óvissu um það hjá óbreyttum þm. hvenær þingstörfum muni ljúka eða hvenær stefnt sé að þinglokum. Ég vil, enda þótt hv. þm. Haraldur Ólafsson sé því miður fjarverandi, engu að síður koma þessum áminningum á framfæri því að ég held að hér þurfi betur á að halda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Eins og fram kom í máli hv. 5. landsk. þm. er formaður hv. menntmn. með fjarvistarleyfi í dag, en skv. þingskapalögum hafa forsetar það hlutverk að hafa eftirlit með störfum nefnda. Ég held að ég megi segja að það sé rétt með farið að þau mál sem hér var getið um hafi ekki verið komin til nefndar þegar formenn funduðu síðast ásamt forsetum. En þetta er í sjálfu sér réttmæt ábending og forseti mun athuga það við formann hv. menntmn.

Fasteigna- og skipasala, stjfrv. 320. mál (þskj. 591). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir á þskj. 591, um fasteigna- og skipasölu, er í meginatriðum efnislega samhljóða frv. er lagt var fram á 106. löggjafarþingi, en var þá ekki útrætt.

Upphaflega samdi prófnefnd löggiltra fasteignasala frv. Til grundvallar samningu frv. lágu ýmsar athuganir á framkvæmd laganna síðustu árin og á ábendingum sem fram höfðu verið settar um endurskoðun. Þá

kynntu semjendur sér hliðstæða löggjöf í nágrannalöndum.

Svo sem fyrr segir varð frv. ekki útrætt á 106. löggjafarþingi. Núverandi stjórnarflokkar tóku frv. til endurskoðunar og hefur því verið breytt að nokkru frá fyrri gerð. Var m.a. í því efni stuðst við tillögur og athugasemdir nefndar er félmrh. Alexander Stefánsson skipaði til að kanna fasteignamarkaðinn. Er umsögn nefndarinnar sérstakt fylgiskjal með frv. þessu.

Lög nr. 47/1938, um fasteignasölu, hafa nú verið í gildi í röska fjóra áratugi. Allnokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á þeim í tímans rás. Umrædd lög voru fyrstu lögin hér á landi sem settu hömlur við að menn gætu stundað fasteignasölu. Við þá lagasetningu voru dönsk lög um það efni höfð að fyrirmynd. Dönsku lögin hafa nú sætt endurskoðun. Á hinum Norðurlöndunum hafa einnig verið í gildi um alllangan tíma lög sem áskilja löggildingu eða leyfi allsherjarvalds til fasteignasölu og oft til eignamiðlunar almennt, þar á meðal verðbréfasölu, sbr. t.d. finnsk lög frá 1968, sænsk ákvæði frá 1947 og norsk lög frá 1938.

Góð og gild rök eru fyrir því að leyfisbinda þessa umsýslu. Hér er um vandasamt miðlunarstarf að ræða þar sem mikil verðmæti eru í húfi. Almenningshagsmunir bjóða að reynt sé að tryggja að þeir einir fáist við þessi störf sem hafi til þess menntun og starfsþjálfun, þar á meðal að þeir hafi kynnt sér rækilega þau lög og aðrar réttarreglur sem starfið varða.

Í frv. því sem hér liggur fyrir felast m.a. eftirfarandi breytingar:

1. Leyfi til sölu fasteigna og skráningarskyldra skipa skal veitt af dómsmrn. í formi löggildingar skv. ákvæðum frv., sbr. 1. og 5. gr., en eigi af lögreglustjóra svo sem nú er. Er heppilegra að ráðuneytið fjalli um mál þetta en lögreglustjóri og stuðlar það m.a. að samræmdri framkvæmd og að heildaryfirlit sé til á einum stað um alla þá sem löggildingu hafa fengið og starfsstöð þeirra, sbr. 6. gr.

2. Í 1. gr. er hert á kröfum um löggildingu. Gert er ráð fyrir að allir verði að fá löggildingu til að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum. Undantekning er þó gerð varðandi hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn ef starfið tengist einstökum fasteignum eða skipum í lögmannsstörfum þeirra.

3. Gert er að almennu skilyrði skv. 4. tölul. 2. gr. að allir standist próf skv. ákvæðum er dómsmrn. setur með reglugerð. Hafa allir jafnan aðgang að því að þreyta próf. Nýmæli er að enginn er lengur undanþeginn prófskyldu nema hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

4. Sett er að skilyrði fyrir löggildingu að viðkomandi leggi fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns viðskiptamanna.

5. Ákvæðin um próf og prófnefnd í 3. gr. eru orðuð á sveigjanlegri hátt en nú er. Dómsmrh. getur falið öðrum aðilum en prófnefnd að sjá um prófin.

6. Reynslan hefur leitt í ljós að mikil þörf er á að koma á námskeiðum fyrir þá er þreyta vilja próf til löggildingar fyrir fasteigna- og skipasala. Er lagt til í 4. gr. að dómsmrh. sé heimilað að efna til slíkra námskeiða á hæfilegum fresti. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að sjá um námskeiðin, svo sem Háskóla Íslands. Sé öðrum ekki falið að sjá um námskeiðin er gert ráð fyrir að prófnefnd eða menn sem hún tilnefnir sjái um námskeiðin og próf. Ekki er gert ráð fyrir að skylda sé að sækja námskeið áður en farið er í próf. Ætlast er til að kostnaður vegna námskeiða og prófa greiðist af þeim er þau sækja.

7. Í 5. gr. er lagt til að löggildingargjald sé háð ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 79 1975 er komu þeirri breytingu á að því er varðar lög nr. 47/1938. Þá er boðið að þeir er löggildingar leita skuli vinna drengskaparheit að því að rækja starfið af kostgæfni og samviskusemi og hlíta lögum um það.

8. 7. gr. lætur svo um mælt að fasteignasalar hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn, þar á meðal varðandi brot í starfi, starfsvernd, ærurvernd og þagnarskyldu. Er mikilvægt að marka þeim stöðu á þennan hátt.

9. Í 8. gr. segir almennt að fasteigna- og skipasalar skuli í hvívetna haga störfum í samræmi við góðar viðskiptavenjur og þeir skuli gæta þess að aðila séu ekki settir ólögmætir, óeðlilegir eða ósanngjarnir kostir í samningum.

10. Í 9. gr. segir að fasteigna- og skipasala skuli tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðila er felur honum umsýslu varðandi fasteign eða skip. Ætti það að draga úr ágreiningi sem stundum rís um það hvort eign hafi verið falin tilteknum manni til sölumeðferðar.

11. Í 10. og 11. gr. eru miklu rækilegri ákvæði en nú er um þær upplýsingar sem fasteigna- og skipasali á að afla svo og grg. sem honum ber að semja svo að sem gleggstur grundvöllur fáist til að viðkomendur geti gert sér grein fyrir verði eignar. Gert er ráð fyrir því í 11. gr., 2. málsgr., að ráðuneytið geti mælt svo fyrir að stöðluð eyðublöð verði notuð að nokkru eða öllu undir þessar upplýsingar. Skv. 15. gr. getur dómsmrh. sett nánari reglur um upplýsingaöflun og samningu grg.

12. Í 12. gr. er lagt til að fasteignasali annist sjálfur samningu skjala í ríkari mæli en nú er. Að baki býr m.a. það viðhorf að fasteignasali beri persónulega ábyrgð á störfum við fasteignasölu og verði henni ekki skipað með þeim hætti að félag með takmarkaðri ábyrgð reki fasteignasölu.

13. Ákvæði 13. og 14. gr. eru að mestu í samræmi við gildandi lög.

14. Í 15. gr. segir að dómsmrh. geti sett nánari ákvæði í reglugerð um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala, sbr. einnig ákvæði 4. tölul. 1. málsgr. 2. gr., 2. málsgr. 3. gr. og 2. málsgr. 11. gr.

15. Ákvæði 16. og 17. gr. eru nýmæli sem varða missi skilyrða til að stunda fasteignasölu og er við samningu þess m.a. höfð í huga tilhögun sú sem lögmælt var í þessu efni með 68. gr. og 68. gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 31/1961.

16. Í niðurlagsákvæði 17. gr. er eftirlit með starfsemi fasteigna- og skipasala lagt í hendur dómsmrn.

17. Í 18. gr. er gert ráð fyrir því að fasteigna- og skipasölum sé heimilt að hafa með sér félag. Það er þó ekki nauðsynlegt að lögbjóða slíka heimild, sbr. ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi, en með þessu ákvæði er gefið til kynna að æskilegt sé að þeir hafi með sér félag, enda hefur slíkt félag þegar verið stofnað. Stjórn félagsins kemur fram út á við fyrir hönd félagsins.

18. Í 20. gr. er lagt til að fasteignasalar fái einkarétt á að nefna sig fasteignasala eða skipasala að því viðlögðu að það varði við refsingu fyrir aðra að nefna sig þessum

nöfnum. Þetta er í samræmi við það sem tíðkanlegt er hjá öðrum starfsstéttum.

19. Gert er ráð fyrir því, ef frv. verður samþykkt, að stofnað verði til námskeiðs, sbr. 4. gr., eftir gildistöku laganna.

Ég hef hér gert grein fyrir helstu atriðum þeirra breytinga sem þetta frv. felur í sér frá núgildandi lögum. Ég vænti þess að hv. deildarmenn séu mér sammála um að hér sé um að ræða mjög þarfar breytingar, sem æskilegt er að nái fram að ganga, og hagi meðferð málsins í samræmi við það.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Kostnaðarhlutur útgerðar, stjfrv. 288. mál (þskj. 533). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Veð, stjfrv. 302. mál (þskj. 555). — 3. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Þetta mál er nú til 3. umr. Það er ekki ætlun mín að tefja framgang þessa máls, síður en svo. Ég hef hins vegar orðið var við að menn eru e.t.v. ekki á einu máli um hvar mörkin eru sett, þ.e. hvenær fiskeldi er hafið, og þar með hvenær veðhæfni er til að dreifa á grundvelli þessa frv. ef að lögum verður. Að vísu er að því vikið í athugasemdum að hér sé átt við hvort tveggja, uppeldi seiða og fisks.

Nú er kunnara en frá þurfi að segja að í landinu eru reknar margar fiskeldisstöðvar sem í sumum tilvikum bera nafnið fiskræktarstöðvar, þ.e. þegar um fiskræktarstöð er að ræða er það í raun fiskeldisstöð þrátt fyrir allt sem ætlað er að ala seiði, annaðhvort sumaralin eða þá í göngustærð. Sum þessara fyrirtækja eru því ekki stofnuð með það fyrir augum eða í þeim tilgangi að ala fisk til fullrar stærðar. Enda þótt að þessu sé vikið í athugasemdum með frv. teldi ég eðlilegt að einhver af hálfu nefndarmanna í fjh.- og viðskn. tæki af öll tvímæli í þessu efni, þ.e. hvenær veðhæfni yrði til að dreifa í hinum einstöku tilvikum.

Ég get sagt það fyrir mitt leyti að ég teldi að í mörgum tilvikum, og kannske í öllum tilvikum þegar um er að ræða það sem ég hef hér áður nefnt fiskræktarstöð, væri í sjálfu sér eðlilegt að um veðhæfni yrði að ræða strax og hrogn eru komin inn í stöð. Nú er mér ekki fullkunnugt um hvort tryggingafélög tryggja viðkomandi verðmæti á því stigi. E.t.v. fást um það upplýsingar hér í umræðunni. En mitt erindi hingað í ræðustólinn er sem sagt að tekin verði af öll tvímæli um það og ég vil að sá skilningur minn á frv. komi fram, enda þótt ekki standi þar neitt um hrogn heldur sé aðeins vikið að seiðum, að vísu í grg., í lagagreininni sjálfri er aðeins vikið að fiskeldi, að það sé heimilt að túlka þetta á þá lund að strax og hrogn eru komin inn í stöð verði varningurinn veðhæfur.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði á liðnu sumri til ráðuneytis um fiskeldismál við ríkisstj. Sú nefnd fjallaði að sjálfsögðu um það mál sem hér er nú til umræðu. Það er held ég alveg ótvírætt skoðun allra sem um það hafa fjallað að frv. taki jafnt til svokallaðra fiskiræktarstöðva og fiskeldisstöðva, þ.e. að seiði má að sjálfsögðu veðsetja alveg eins og eldri fisk. Ég held að það fari ekkert milli mála.

Hitt er kannske meira álitamál hvort þetta frv. taki beint til hrogna. Þau eru ekki nefnd, það er rétt, en eðli málsins samkvæmt held ég að frv. geti líka tekið til hrogna.

Hv. 5. þm. Vesturl. spurði hvort hægt væri að upplýsa hvort hrogn væri hægt að tryggja. Það er hægt. Það er gert t.d. í Noregi. Þar er hægt að tryggja allt sem lífs er í stöðinni alveg eins og fastafjármuni, áhöld o.s.frv. Þetta frv. miðar einmitt að því að færa reglur hér á landi í svipað horf og er þar sem fiskirækt hefur náð mestri útbreiðslu, hvort heldur er varðar vatnafiska eða sjávarfiska. Þess er auðvitað skammt að bíða að við förum að rækta sjávarfiska ekki síður en vatnafiska.

Ég vil þess vegna gjarnan taka undir þá skoðun hv. þm. að frv. taki til fiskiræktarstöðva alveg nákvæmlega eins og fiskeldisstöðva. Þessi orð eru nú nokkuð á reiki. Þau tákna nokkuð misjafnt í munni hinna ýmsu aðila sem um þetta fjalla. Einnig tel ég alveg eðlilegt að hrogn gætu fallið undir þessi væntanlegu lög.

En eins og hæstv. viðskrh. gat um þegar hann mælti fyrir frv. þessu er það auðvitað á valdi þeirra lánastofnana sem framkvæma þessi lög, veita lán eða tryggingar, hve langt þær stofnanir vilja ganga. Þær reglur hljóta að mótast á næstu mánuðum og misserum og verður vafalítið eitthvert samræmi á milli reglna lánastofnananna, en naumast ástæða til að binda það allt saman í lögum þegar þau eru nægilega rúm.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Áfengislög, frv. 332. mál (þskj. 611). — 1. umr.

Flm. (Björn Dagbjartsson): Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð til að fylgja þessum gamla kunningja úr hlaði. Ég þarf ekki að rekja fyrir hv. þm. Ed. hvernig þetta mál var afgreitt á vordögum síðast. Ég tel einnig öldungis óþarft að rifja upp rökræður um málið á síðasta þingi. Þær urðu eins og menn muna miklar og strangar, einkum í Nd., og sumum hv. þm. hitnaði í hamsi í þeim umræðum.

Ég tel að ekkert nýtt hafi komið fram, engin ný rök sem líkleg eru til að bíta, hvorki á andstæðinga né fylgjendur frv. Meðgöngutími hliðstæðs frv. á síðasta þingi var hátt í níu mánuðir og allan þann tíma var það til meðferðar í fjölmiðlum, sem og í þjóðlífinu, sem eitt helsta mál þingsins. Málið er síðborið nú einmitt vegna þess að það þarf ekki langa umfjöllun, hvorki á Alþingi né þaðan af síður í fjölmiðlum. Í lok grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Markmiðið með flutningi þessa frv. nú er að freista

þess að Alþingi afgreiði þetta mál fyrir sitt leyti, en þjóðin öll fái þó jafnframt tækifæri til að láta í ljós álit sitt. Alþingi þarf þá ekki að láta málið til sín taka á nýjan leik.

Frekari athugasemdir eru raunar óþarfar. Sú málamiðlunarlausn sem ofan á varð í Nd. var auðvitað ekki öllum að skapi. Þó verður að ætla að þeir sem gátu fellt sig við þetta orðalag frv. þá geti það enn."

Ég vil sérstaklega taka það fram að ákvæðið um þjóðaratkvæðagreiðslu var ekki sett hér vegna þess að það sé okkur flm. svo ákveðið að skapi heldur af því að við teljum að meiri hl. þessarar hv. þingdeildar geti sæst á þessa tilraun til að fá málinu afgreiðslu frá hv. Alþingi.

Ég vona svo að málið fái þinglega meðferð í báðum deildum ef það verður samþykkt í þessari. Ég vona einungis að menn fái að greiða atkvæði um málið sjálft með eðlilegum hætti.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa leyft mér að mæla fyrir þessu máli nú þar sem það er að vísu ekki lengi búið að bíða afgreiðslu, en ég er á förum af þingi fram í aprílmánuð. Ég legg svo til að því verði vísað til hv. allshn.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð.

Hv. 1. flm. þessa frv. byrjaði sína tölu á því að taka fram að að sínu áliti bitu engin ný rök í þessu máli á þm. Eigi að síður er í frv. sem hér er flutt augljóslega lögð til önnur málsmeðferð en niðurstaða varð um í Ed. á liðnum vetri.

Til upprifjunar og ekki síst til upplýsingar þeim sem hér sitja nýir skal þess getið að Ed. samþykkti þá málsmeðferð að ríkisstj. skyldi á árinu 1985 láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal allra kosningabærra manna um hvort leyfa skuli innflutning og framleiðslu á áfengu öli sem hefði inni að halda vínanda á styrkleikabilinu 4–5% að rúmmáli. Það var gert ráð fyrir því að atkvæðagreiðslan yrði ráðgefandi fyrir Alþingi og ríkisstj. og málið yrði lagt fyrir á grundvelli frv. sjálfs sem var flutt í fyrra. Að vísu var því mjög mikið breytt í meðförum Nd.

Tillögur Ed. gerðu sem sagt ráð fyrir því að málið kæmi aftur fyrir þingið. Á þessu tvennu er býsna mikill munur. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er á þá lund að vísa málinu alfarið héðan að þessu frv. samþykktu og skjóta því þannig undir dóm þjóðarinnar. Þingið fær það ekki til meðferðar á nýjan leik nema ef atkvæðagreiðsla meðal þjóðarinnar færi á þá lund að þetta yrði fellt. Þá kynni það að koma einhvern tíma til þingsins. Á þessu tvennu tel ég mikinn mun og ekki síst með vísan til þess að í raun og sannleika er það auðvitað þannig að þm. tjáðu sig ekki á liðnum vetri um hvaða afstöðu þeir tækju með tilliti til annars vegar einfalds meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi samþykki þessara tillagna eða hins vegar aukins meiri hluta. Í því efni getur afstaða manna hugsanlega ráðist að einhverju leyti varðandi þetta mál. Ég er ekki að fullyrða neitt í því efni, en maður hlýtur að leiða að því hugann.

Umræður um þessi mál, hvort leyfa skuli sölu og framleiðslu á áfengu öli, hafa legið niðri um alllangt skeið. Ég hef þá skoðun að þjóðin líti svo á að niðurstaðan á liðnu þingi, ef niðurstöðu skal kalla, hafi borið það í sér að málið mundi kyrrt liggja það sem eftir er af þessu kjörtímabili.

En erindi mitt hingað í ræðustólinn var fyrst og fremst að draga fram í dagsljósið að til að veita þessu frv. brautargengi þarf að mínu viti á vissan hátt ný rök, einfaldlega vegna þess að málatilbúnaðurinn er ekki sá sami þegar um er að ræða frv. sem hér liggur fyrir samanborið við málsmeðferð Ed. eins og meiri hl. Ed. lagði til á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, að loknum fundi í Sþ.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 602, brtt. 545, 552, 605, 607, 612, 614). — 3. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til þess að tala langt mál hér við 3. umr. þess máls sem nú er komið á dagskrá. Hins vegar er sá sem hér stendur ekki vanur því að flytja langt mál og mun trúlega ekki gera það nú, en til þess væri fullkomin ástæða. En ég held að það sé ástæða til þess núna við þessa umræðu að rifja upp hvernig þetta mál hefur verið afgreitt hér og því nánast rutt í gegnum deildina í andstöðu við meirihlutavilja þingdeildarmanna. Það er nauðsynlegt að rifja það upp að hér er um stjfrv. að ræða. Þannig stendur málið að fyrir samþykkt margra greina þess er ekki meiri hl. þdm. hér í hv. Nd.

Þetta mál hefur farið í gegnum tvær umræður og mætt mikilli andstöðu, ekki bara stjórnarandstæðinga heldur og ekki síður stjórnarliða sjálfra hér í hv. deild. Þeir hafa hver á fætur öðrum komið hér upp í ræðupúlt og andmælt þessu frv. Einhvern tíma hefði það þótt *fréttnæmt hjá fulltrúum fjölmiðla hér á Alþingi — ég* tala nú ekki um sjónvarp og hljóðvarp — að slíkir erfiðleikar ættu sér stað að troða ætti stjfrv. í gegnum þingdeildina án þess að hafa meiri hluta þingdeildarmanna með málinu. Ekki hef ég orðið var við að fjölmiðlar þessarar stofnunar hafi eytt að því einu orði að slíkir hlutir hefðu átt sér stað hér þó að vissulega væri ástæða til slíks.

Þetta frv. virðist vera afskaplega óvelkomið hér á Alþingi. Ég er ekki hissa á því vegna þess að efnislega er þetta frv. nánast ekki nema um þrjú atriði en eigi að síður á annað hundrað frumvarpsgreinar. Hér er um að ræða í fyrsta lagi kjördagsákvörðunina, í öðru lagi kosningaaldurinn og í þriðja lagi það að víkja sýslumönnum eða sýslunefndunum burtu. Þetta er meginefni frv. sem menn koma hér fyrir í á annað hundrað greinum í frumvarpsformi. Þó að ég sé hlynntur þessum þremur efnisatriðum, sérstaklega þó tveimur, þ.e. kjördegi og kosningaaldri, tel ég of mikið í lagt að leggja upp með málið í þeim búningi sem hér um ræðir.

Staðreyndin er sú að öllum meginvandamálum, sem lúta að sveitarstjórnarmálum, er vikið til hliðar. Hæstv. ríkisstj. hefur vikið til hliðar þeim meginmálum sem nú lúta að sveitarstjórnarmálum og byggðinni sem heild úti

á landi. Muna menn ekki loforðin um það að dreifa valdinu, flytja valdið til heimaaðilanna, til sveitarstjórnanna og fólks úti á landsbyggðinni? Hvað gerist með þessu frv.? Það er þveröfugt. Valdið er dregið úr höndum dreifbýlisfólks til þéttbýlissvæðisins, þveröfugt við það sem lofað hefur verið.

Þetta er hrikaleg staða þegar til þess er hugsað, eins og málin standa í dag, að gífurlegur fólksflótti á sér stað frá landsbyggðinni hingað á þéttbýlissvæðin. Menn ættu að vera farnir að þekkja ástæðurnar fyrir slíkum fólksflótta. En það er ekki svo að sjá eða heyra að þeir sem ferðinni ráða núna í íslenskum stjórnmálum hafi gert sér grein fyrir því hvað er hér á ferðinni.

Af hverju skyldi það vera sem fólksflótti er brostinn á enn einu sinni, nánast af manna völdum, frá dreifbýli til þéttbýlis? Það er fyrst og fremst vegna þess að kjör fólks úti á landsbyggðinni eru miklum mun verri en gerist hér á þéttbýlissvæðinu.

Ég hef oft minnst á það hér í ræðustól — og raunar fleiri — að menn trúa því vart núna t.d. að kyndingarkostnaður íbúðarhúsnæðis úti á landsbyggðinni er á heimili 7–8 þús. kr. á hverjum einasta mánuði. Þetta er bara einn þátturinn. En þeir eru fleiri sem eru hliðstæðir þessum og ástæða er til að gefa gaum að. Ég held að það sé augljóst mál að ef fram heldur sem horfir og stjórnvöld ekki spyrna við fótum — ef það verða þá ekki aðrir sem taka fram fyrir hendur þeirra — þá er vart séð með hvaða hætti þetta fólksflóttadæmi endar sem nú stendur yfir með fólk frá dreifbýli til þéttbýlisstaðanna. Hér er fyrst og fremst um að ræða flutning hingað á Reykjavíkursvæðið. Það er skiljanlegt þegar ekki verður annað séð en allt sé gert til að þyngja róður landsbyggðarfólks en ýta undir að valddreifingin eigi sér stað á þann veg að byggja upp hér á þessu landshorni.

Það er líka ástæða til að minna á í þessu sambandi að á sínum tíma eða fyrir um tveimur árum síðan var kosin hér að tilhutan formanna stjórnmálaflokkanna nefnd innan þingflokkanna til að vinna að úrbótum, gera tillögur um sérstakar aðgerðir til að jafna félagslega og efnahagslega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir. Tvö ár eru síðan þessi nefnd komst á laggir. Enn hef ég ekki séð tillögur um það hvað beri að gera í þessum efnum.

Ég held því miður að þeir sem ferðinni ráða á Alþingi nú og hafa raunar gert áður geri sér ekki grein fyrir hversu alvarlegt mál hér er á ferðinni. Kannske finnst mönnum einkennilegt að ég ræði þetta hér undir þessum dagskrárlið. Eigi að síður finnst mér þetta tengjast því máli sem við erum nú um að tala.

Ég held að það verði ekki undan því vikist og það verði að gerast fyrr en seinna að menn taki til við að breyta til frá því sem nú er, létta byrði fólksins úti á landsbyggðinni, ef ekki á í verra að stefna en nú er og stjórnvöld geri gangskör að því að breytt verði um stefnu.

Það hefur komið fram í umræðum frá fleiri en einum og fleiri en tveimur hv. þm. að menn andmæla sterklega ýmsum atriðum í þessu frv. Ég er þeirrar skoðunar að það væri nóg að lögfesta nánast þrjú atriði úr því frv. sem hér um ræðir. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu S. Kvaran, Guðmundi Einarssyni og Hjörleifi Guttormssyni að flytja brtt. nú við 3. umr. þessa máls og freista þess að koma til liðs við þá stjórnarliða sem andvígir hafa verið þessu frv. alla tíð og færa það í þann búning sem það ætti að vera í miðað við kringumstæður nú.

Þessi brtt. er á þskj. 607. Hún er afskaplega einföld og auðskilin og hljóðar svo:

„1. 1.–12. gr. falli brott.
2. 14.–18. gr. falli brott.
3. 20.–120. gr. falli brott.
4. Við bætist ný grein er orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við almennar sveitarstjórnarkosningar árið 1986.
5. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög.“

Svona einfalt er að gera þetta mál úr garði þannig að það nýtist við þær aðstæður sem við nú búum við. Hér er um það að ræða að lögfesta kjördaginn, að lögfesta kosningaaldurinn, eins og menn virðast vera sammála um, og að láta lögin koma til framkvæmda við sveitarstjórnarkosningar í ár og frv. verði viðauki við gildandi sveitarstjórnarlög.

Ég held að það væri afskaplega slæmt fyrir málið sem heild — og þá er ég ekki bara að tala um þetta frumvarpsræksni, eins og nánast má orða það, sem nú er til umræðu, þá er ég að tala um málið sem heild sem snýr að sveitarstjórnum og fólki fyrst og fremst úti á landsbyggðinni — að fara að lögfesta það frv. sem hér er nú til lokaumræðu í deildinni. Ég held að menn spilltu frekar fyrir því sem þarf að gera, hefði þurft að vera búið að gera, ef menn fara nú að lögfesta þetta með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ég held því að það væri rétt að þm. almennt veltu því fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegra að fara þessa leið, sem hér er lagt til, og gera gangskör að því að efnislega verði eitthvað gert til bóta fyrir það fólk, þau sveitarfélög sem fyrst og fremst eiga í vandræðum nú.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð öllu fleiri nema því aðeins að ástæða gefist til. Ég hygg að menn ættu að skoða hug sinn vel áður en þeir hafna þessari leið í ljósi þess sem hefur verið að gerast, er að gerast og kann að gerast í áframhaldi af því að lögfesta það frv. óbreytt sem liggur nú fyrir deildinni.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta mál hefur nú þegar verið rætt nokkuð. Það er eðlilegt því að hér er um að ræða einn grundvallarþáttinn í stjórnskipun landsins og þess vegna ekki að undra þó að menn vilji fara rækilega yfir þetta mál hér.

Ég hef ekki blandað mér í þessa umræðu til þessa en tel óhjákvæmilegt nú við 3. umr. að láta nokkur sjónarmið koma fram varðandi málsmeðferðina alla og þá það sérstaklega að menn athugi sinn gang mjög vel gagnvart þeirri till. sem hv. 3. þm. Vestf. mælti fyrir áðan.

Það er ekki til bóta þegar kemur að máli um mikilvæga grundvallarþætti í stjórnskipun landsins að það sé keyrt í gegn með örfáum atkvæðum hér á Alþingi, jafnvel minni hluta atkvæða, eins og var hér við atkvæðagreiðsluna á dögunum þegar einstakar greinar fóru jafnvel í gegn með 18 eða 19 atkvæðum hér í hv. deild. Ég held að stjórnvöld eigi að hyllast til þess að reyna að stuðla að sem allra víðtækustu samkomulagi þegar um er að ræða mál eins og skipan þessa stjórnsýslustigs sem sveitarstjórnirnar eru.

Ég bendi á að fyrir fáeinum árum voru samþykkt lög um breytingu á kosningalögum sem vissulega voru umdeild. Þær breytingar voru og eru mjög umdeildar en það var engu að síður ljóst að allir þeir sem stóðu að þeirri breytingu lögðu á það áherslu að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi um málið. Hérna er hins vegar allt önnur aðferð uppi. Hér er gerð tilraun til þess að brjóta niður mjög stóran minni hluta þingsins, minni hluta þessarar hv. deildar í þessu stóra máli, og stjórnarliðið virðist ætla að skella skollaeyrum við öllum ábendingum sem fram koma, ekki einasta frá stjórnarandstöðunni heldur einnig frá einstaka þm. í stjórnarflokkunum.

Ég held að meiri hluti Alþingis og hæstv. ríkisstj. þurfi að gera sér grein fyrir því hvað það er í raun og veru alvarlegur atburður að hún skuli ganga fram með þessum hætti. Það er alvarlegur atburður m.a. fyrir þingræðið í landinu og þá nauðsyn að það sem héðan kemur og varðar stjórnskipunina sé sem best undirbúið og eigi sem sterkastan og stærstan meiri hluta hér á hv. Alþingi.

Ég tel þess vegna að sú till. sem flutt er af fimm hv. þm. á þskj. 607 sé skynsamleg samkomulagstilraun. Ég tel að till. hv. þm. Karvels Pálmasonar, Kristínar Halldórsdóttur, Kristínar S. Kvaran, Guðmundar Einarssonar og Hjörleifs Guttormssonar sé samkomulagstilraun, tilraun til þess að fá meiri hluta Alþingis til að standa að þeim breytingum á sveitarstjórnarlögunum sem allir eru sammála um að rétt er að gera en fresta hinu sem er umdeilt hér meðal þm. Og ég vara ríkisstj. í fullri alvöru við að gera tilraun til að knýja fram breytingar á sveitarstjórnarlögum með þeim hætti sem gert var hér í deildinni fyrir nokkrum dögum. Þá gerðist það að einstakar greinar voru samþykktar með minni hluta atkvæða og fóru hér í gegn vegna þess að einn og einn þm. úr stjórnarandstöðunni hjálpaði til við að koma málinu áfram með því að greiða atkvæði á móti viðkomandi grein. Ég held þess vegna að í fullri alvöru eigi hæstv. félmrh. að íhuga mjög vandlega það samkomulagstilboð sem felst í till. Karvels Pálmasonar o.fl. á þskj. 607. Þar eru tekin út úr þau atriði sem snerta kosningaaldurinn og kjördaginn en öðrum atriðum er frestað. Jafnframt hefur komið fram að stjórnarandstöðuþingmenn og fleiri eru tilbúnir til þess fyrir sitt leyti að leggja í það vinnu á komandi mánuðum að reyna að stuðla að víðtæku samkomulagi um þessi sveitarstjórnarmál. Ég held að það sé mikill ábyrgðarhluti sem varaformaður Sjálfstfl. og hæstv. félmrh. eru að beita sér fyrir, að reyna að knýja Alþingi til þess að afgreiða mál af þessu tagi í bullandi ósamkomulagi og ágreiningi.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu, herra forseti, að ég tel að till. Karvels Pálmasonar o.fl. sé samkomulagstilraun. Hún er tilraun til þess að ná samstöðu um meginatriði og síðan að ákveða að menn taki sér fyrir hendur að skoða þessi mál í heild á komandi mánuðum.

Ég vil inna hæstv. félmrh. sérstaklega eftir viðhorfi hans til þessarar tilraunar til samkomulags sem hv. þm. Karvel Pálmason og fleiri þm. gera og fá upplýsingar um það hvort hann vill standa að slíku samkomulagi um meðferð sveitarstjórnarmálanna á þessu þingi.

Ég tel, herra forseti, að í frv. séu fjöldamörg ákvæði mjög gölluð og hæpin, mörg gagnslítil eða gagnslaus. Þegar það hefur nú gerst að öllum tillögum minni hlutans hefur verið hafnað við 2. umr. málsins, m.a. tillögum frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, tel ég að í rauninni væri eðlilegast að stjórnarliðið og stjórnarmeirihlutinn, þó knappur sé, skoðaði alvarlega á sínum þingflokksfundum þessa samkomulagstilraun á þskj. 607. Till. Karvels Pálmasonar o.fl. þýðir ósköp einfaldlega það að málinu yrði öllu skotið á frest í eitt ár eða svo, til næsta þings. Það er eðlilegur og sjálfsagður hlutur og það er algjörlega fráleitt að knappur meiri hluti Alþingis reyni að keyra í gegn grundvallarþátt í stjórnskipuninni eins og þennan.

Ég vil þá víkja að einstökum atriðum þessa frv. og staðnæmast sérstaklega við eitt mál. Fari svo að meiri hlutinn reyni að knýja málið fram þrátt fyrir till. þá sem ég hef gert að umtalsefni tel ég nauðsynlegt að hér liggi fyrir tillaga sem snertir sérstaklega borgarfulltrúa í Reykjavík og að afstaða þingsins til þeirrar tillögu liggi fyrir.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um það hversu margir þm. eiga að vera í þessu kjördæmi, Reykjavík. Gert er ráð fyrir því að þeir eigi að vera, eins og íbúafjölda er nú háttað, a.m.k. 18 talsins. Ég tel að það sé algjörlega óeðlilegt fyrirkomulag að vera með færri fulltrúa í sveitarstjórninni en þingmannafjölda viðkomandi byggðarlags nemur. Menn geta hugsað til þess hvernig þetta liti út í hinum ýmsu byggðarlögum úti um landið ef slík staða væri allt í einu komin upp. Frá sjónarmiði mínu er þetta algjörlega fráleitt fyrirkomulag. Það var þess vegna mjög alvarlegur hlutur að meiri hluti deildarinnar skyldi, við meðferð málsins hér við 2. umr., fella brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar við 11. gr. frv. Að henni fallinni held ég að engu að síður sé athugandi að kanna hvort unnt er með skírskotun til stjórnarskrárinnar að ná samkomulagi sem snerti sérstaklega borgarfulltrúafjöldann í Reykjavík. Mín tillaga mundi vera eitthvað á þá leið að við 11. gr. bættist ný málsgr. svohljóðandi:

„Þó skulu borgarfulltrúar í Reykjavík aldrei vera færri en þm. í kjördæminu, sbr. 31. gr. stjórnarskrárinnar."

Í frv. eins og það lítur núna út er gert ráð fyrir að í Reykjavík geti verið 15–27 borgarfulltrúar, sveitarstjórnarmenn. Við vitum að á undanförnum árum hefur Sjálfstfl. haldið sig við það að hér væru aðeins 15 menn í sveitarstjórn. Á síðasta kjörtímabili sameinuðust vinstri flokkarnir um að miða við að borgarfulltrúar væru 21. Því var breytt þegar eftir síðustu kosningar. Það er bersýnilegt af niðurstöðu meiri hluta Alþingis, þrátt fyrir þetta, og einnig Sjálfstfl. á hv. Alþingi að Sjálfstfl. og aðrir þingflokkar telja að borgarfulltrúafjöldinn í Reykjavík sé algjört svartalágmark, algjört svartalágmark, þ.e. 15 borgarfulltrúar. Ekki er opnað fyrir þann möguleika að farið verði lægra með fjölda sveitarstjórnarmanna í Reykjavík en í 15. Hins vegar hefur meiri hlutinn á Alþingi og þar á meðal Sjálfstfl. nú staðið að því að borgarfulltrúar í Reykjavík geti farið upp í töluna 27. Þar með er augljóst mál að yfirgnæfandi meiri hluti þm. er þeirrar skoðunar að núverandi fjöldi borgarfulltrúa sé hreint lágmark og að eðlilegra væri að gera ráð fyrir nokkru hærri tölu.

Ég er hér með tillögu til samkomulags í þessu efni sem gengur ósköp einfaldlega út á það að borgarfulltrúar í Reykjavík verði aldrei færri en þingmannafjöldi í viðkomandi kjördæmi og ég vil skora á hv. þm. að íhuga

þessa brtt., þegar hún kemur fram, mjög vandlega.

Ég vil síðan, herra forseti, víkja nokkuð að þeim orðum hv. þm. Karvels Pálmasonar sem lutu að svokallaðri byggðanefnd. Árið 1983,, þegar kjördæmaskipuninni, kosningalögunum, var breytt, var gefin út um það yfirlýsing af formönnum stjórnmálaflokkanna sem þá áttu fulltrúa á Alþingi að sérstök byggðanefnd yrði skipuð til að stuðla að betra jafnvægi í byggð landsins. Þessi yfirlýsing var síðan undirstaða þess að skipuð var sérstök byggðanefnd, sem hefur verið til — ég ætladi að fara að segja starfað, herra forseti — um nokkurra ára skeið, undir forustu hv. fyrrv. þm. Lárusar Jónssonar.

Ég hef af því fregnir að mjög lítið hafi gerst í þessari nefnd. Ég held að það sé alveg ljóst að við, sem áttum aðild að yfirlýsingunni frá 1983 um þessa nefnd, gagnrýnum það hvernig á málum hefur verið haldið með nefnd þessa af hálfu hæstv. núv. forsrh. Hæstv. forsrh., formaður Framsfl., ber ábyrgð á þessari nefnd. Hann skipar hana og hún starfar á hans ábyrgð. Ég tek undir þá gagnrýni sem fram kom hjá hv. 3. þm. Vestf. í þessu efni. Það er auðvitað algjörlega fráleitt hvernig með þessi mál hefur verið farið. Ég tel að vinnubrögð nefndarinnar hafi ekki verið í neinu samræmi við þá yfirlýsingu sem við gáfum, formenn flokkanna, vorið 1983, auk mín hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hv. fyrrv. þm. Geir Hallgrímsson, fyrrv. hæstv. utanrrh., og svo núv. forsrh., formaður Framsfl. Ég fyrir mitt leyti gagnrýni vinnubrögð þessarar nefndar mjög harðlega vegna þess að við hana voru bundnar miklar vonir og vegna þess að mjög hefur hallað á ógæfuhliðina í byggðamálum á undanförnum árum. Ég tel að vinnubrögð forsrh. í þessu efni, slappleiki og kæruleysi, séu sérstaklega gagnrýni verð. Ég tel ástæðu til að fagna því að umræða um þessa nefnd mun fara fram á næstunni. Ég mun taka þátt í þeirri umræðu og ræða þessi mál við hæstv. forsrh. sem ber ábyrgð á þeim handarbakavinnubrögðum sem um er að ræða í nefndinni til þessa.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta til sveitarstjórnarlaga er komið til 3. umr. í hv. Nd. Alþingis. Frv. hefur verið rætt mikið og komið hefur fram veruleg gagnrýni á það. Ég hef sjálfur gagnrýnt það verulega við 2. umr. Með tilvísun til þess sem hv. 3. þm. Vestf. sagði og einnig hv. 3. þm. Reykv. er ljóst að þetta mál er stjfrv. Og það er líka ljóst að þetta mál er í eðli sínu ekki flokkspólitískt mál þó að öll mál, eins og ég hef raunar sagt fyrr í þessum umræðum, sé hægt að gera að flokkspólitískum málum ef menn kjósa að þröngva þeim í þann farveg. Hér er um að ræða mál sem snertir grunneiningar stjórnkerfisins, hvernig þeim skuli fyrir komið, hvernig réttarstaða þessara grunneininga sé og hvernig samskiptum þeirra skuli háttað innbyrðis og samstarfi og réttarstöðu þeirra, m.a. gagnvart ríkisvaldinu. Þetta er sem sagt ekkert smámál og að mínum dómi er ákaflega ástæðulítið að gera það að flokkspólitísku máli, máli sem tiltekin ríkisstjórn taki á þann máta að nauðsynlegt sé að þröngva í gegn með e.t.v. hinum naumasta meiri hluta sem um er að tefla.

Það lá fyrir við 2. umr. að félmn. hv. deildar mundi taka þetta mál að einhverju leyti til umfjöllunar á milli 2. og 3. umr., sem og var gert. M.a. með tilliti til þess að sú vinna var framundan mótaði ég afstöðu mína við atkvæðagreiðslu við 2. umr. eins og ég gerði grein fyrir. Ég hef einnig lagt fram við þessa umræðu brtt. við frv. sem ég sýndi hv. formanni nefndarinnar og ég ætla að hann hafi kynnt innan hennar.

Ég hlýt að segja það að þær brtt. sem hv. meiri hl. félmn. hefur flutt á þskj. 612 valda mér vonbrigðum. Þar er vissulega um lítilvægar breytingar að ræða, litlu hefláðra og betra orðalag, en þar er ekki tekið á þeim meginefnisatriðum sem ég hef gert að umtalsefni í minni gagnrýni við 2. umr.

Ég vil í örfáum orðum rifja það upp sem ég tel að sé langalvarlegast við þetta frv., í þeim búningi sem það er, og sem mundi verða að frv. samþykktu með þeim breytingum sem fram hafa komið frá hv. meiri hl. félmn. Þar á ég við að lögbundið samstarf sveitarfélaga, sem í tillögum meiri hl. félmn. kallast héraðsnefndir, eru gjörsamlega syndandi og á floti.

Í ákvæði um slíkt lögbundið samstarf sveitarfélaga, sem er nú í gildandi lögum á vegum sýslunefnda og sýslufélaga en væri að samþykktum tillögum meiri hl. félmn. á vegum svokallaðra héraðsnefnda, vantar öll ákvæði er varða kosningar, kjör og tölu fulltrúa frá einstökum sveitarfélögum og hvernig þeim málum yrði komið fyrir. Það vantar öll ákvæði um stjórn á slíku lögbundnu samstarfi sveitarfélaga. Þó er búið að taka inn að heimilt sé að ráða sýsluskrifstofu og sýslumann eða annan aðila til þess að fara með framkvæmdastjórn, en það er það eina sem í þessum tillögum er að finna er lýtur að stjórn þessara stofnana.

Ekki er að finna nein ákvæði er varða tekjustofna og hvernig þeim skuli komið fyrir og ekki nein ákvæði er lúta að réttarstöðu einstakra sveitarfélaga í slíku samstarfi. Meira að segja er gert ráð fyrir því að einstök sveitarfélög geti tekið til sín eignarhlut sinn eða hlut sinn í eignum og skuldum sýslufélaga og allt látið óskýrt um það hvaða áhrif það hefur á réttarstöðu þeirra gagnvart öðrum sveitarfélögum sem ekki taka til sín sinn hlut úr eignum og skuldum sömu stofnana sem á að ganga til hins nýja fyrirkomulags, hinna nýju héraðsnefnda.

Enn er gert ráð fyrir að heimilt sé að kaupstaðir gerist aðilar að slíku lögbundnu samstarfi, að héraðsnefndum, og þá er hvergi kveðið á um hvaða hlut þeir skuli leggja fram í fjármunum eða eignum til að vega til jafns við þá sem eiga miklar eignir fyrir í þessu samstarfi, sveitarfélögin sem áður hafa myndað sýslunefnd, og á engan hátt að því vikið né kveðið á um hvort það hafi áhrif á réttarstöðu þeirra eða hvernig með skuli fara.

Þessi efni eru öll syndandi og öll á floti. Þau eru með þeim hætti að ég tel ekki fært að afgreiða eða samþykkja frv. með þessum hætti.

Það má e.t.v. víkja að því örfáum orðum hverjar séu eignir sýslufélaga og ég skal ekki telja upp mörg, aðeins nefna dæmi. Ég get nefnt dæmi eins og að sumar sýslur eiga sparisjóði. Þær eiga sinn hlut í til að mynda félagsheimilum. Þær eiga söfn, stundum í félagi við aðra aðila. Þær eiga oft stofnanir fyrir aldraða.

Við skulum segja að eitthvert sveitarfélag sem eftir þessum tillögum tekur nú þátt í sýslufélagi, er aðili að sýslunefnd og verður eftir nýju fyrirkomulagi aðili að héraðsnefnd, en ákveður að kippa til sín sínum hlut í eignum og skuldum sveitarfélagsins. Vel kann svo að vera að það væri stærsta sveitarfélagið í því sýslufélagi, kannske væri það minnsta eða einhvers staðar þar á milli. Það kippti til sín til að mynda eignum sínum og hlutdeild sinni í sparisjóði sýslunnar. Þá er á þessari

frumvarpssmíð að skilja og tillögum hv. meiri hl. félmn. að það hefði engin áhrif á réttarstöðu sveitarfélagsins gagnvart hinum sveitarfélögunum sem að þessari sameign hafa staðið til þessa. Sömu sögu er að segja um aðrar þær stofnanir sem ég nefndi og margar fleiri stofnanir en þar er um að ræða, til að mynda stofnanir fyrir aldraða, félagsheimili, söfn o.s.frv.

Auðvitað er sjáanlegt að þetta gengur ekki. Nú kunna menn að segja að engin hætta sé á að þetta gerist, að eitthvert sveitarfélag fari að kippa til sín, eins og frv. gerir þó ráð fyrir, sínum eignarhlut í þessari sameign. Og ég get auðvitað tekið undir það að ekki er líklegt að það gerist oft. En aðstæður sveitarfélaga eru þó mjög svo misjafnar og stundum hefur það kostað mikið starf, langvarandi sátta- og málamiðlunarstarf að koma á slíkri sameign á milli sveitarfélaganna. Því gæti það skeð, úr því að lög gera ráð fyrir því, að eitthvert slíkt sveitarfélag kippti að sér hendinni og tæki til sín sinn eignarhlut sem getur skipt verulegu máli í eignarstöðu þess sveitarfélags. En það á svo allt í einu engin áhrif að hafa á réttarstöðu þess í hinu nýja samstarfi. Þetta skal ég ekki orðlengja um en ég tel gjörsamlega óviðunandi og ófært að setja slíkt fyrirkomulag í lög.

Vel má vera að ekki hafi allir gert sér þetta ljóst, en geri menn sér þetta ljóst er spursmál hvað fyrir mönnum vakir. Mér flýgur í hug að ef þetta yrði afgreitt og úfar færu að rísa á milli þeirra aðila sem standa eiga að lögbundnu samstarfi, án þess að nokkur lagaákvæði séu um hvernig því samstarfi skuli háttað, hvorki um kosningar, réttarstöðu, tekjustofna eða neitt annað sem ég hef hér nefnt, mundi væntanlega fara svo að þetta lögbundna samstarf yrði lítils virði. Þá yrðu þau smáu sveitarfélög oft og tíðum, sem að slíku lögbundnu samstarfi eiga að standa, harla máttlaus. Þá væri búið að draga burtu helsta máttinn úr því varnar- og sóknarstarfi fyrir hönd strjálbýlisins sem forustumenn í sveitarstjórnum og sýslunefndum hafa vissulega haft til þessa og það tel ég býsna alvarlegt mál. Vel má vera að ýmsir aðrir kynnu að hugsa sem svo að þá kæmi í ljós að eitthvert enn nýtt fyrirkomulag þyrfti að taka upp þegar sýnilegt væri að úfar hefðu risið og ósamkomulag orðið það mikið að þetta nýja fyrirkomulag yrði máttlaust og einskis virði. Það kynni að hvarfla að manni að sá gæti verið tilgangurinn hjá einstökum mönnum sem staðið hafa fyrir slíkri lagasetningu.

Nú er ég hvorki að kasta þessu til hæstv. félmrh. né til hv. frsm. meiri hl. og formanns félmn. En það er rétt að vekja á þessu athygli og það leyfi ég mér að gera hér. Ég minnist þess að um 20 ára skeið a.m.k. hefur staðið umræða í þjóðfélaginu um sameiningu sveitarfélaga. Ýmsir hafa verið miklir forgöngumenn þess að komið yrði á lögþvingaðri sameiningu sveitarfélaga en Alþingi hefur ekki viljað fallast á það. Ég minnist þess að þessi sjónarmið hafa tíðum verið uppi hjá þeim sem hafa verið í forustusveit Sambands ísl. sveitarfélaga og þar eru áhrifamestir tíðum þeir sem eru úr stærstu sveitarfélögum landsins. Ég minnist þess að starfsmaður Sambands ísl. sveitarfélaga var fyrir allmörgum árum, eða í byrjun þessarar umræðu, verulegur talsmaður fyrir þessari stefnu. Og ég minnist þess að núverandi formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur verið mjög ákafur talsmaður fyrir þessu á fundum sveitarstjórnarmanna víðs vegar um land.

Ég skal ekki gera þessum aðilum upp eitt eða neitt annað en að þeir minna á það að hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga hafa þessi sjónarmið verið mjög ráðandi hjá ýmsum forustumönnum og það er vitaskuld þeirra mál. Nú er það mála sannast að þetta hefur ekki skilað miklum árangri. Ég fyrir mína parta segi það fullum fetum að það gæti verið fengur að því að hin ýmsu sveitarfélög sameinuðust, þó að auðvitað megi hafa hóf á því, og í mörgum tilvikum ætti það að geta haft í för með sér sparnað og betra fyrirkomulag ef um sameiningu yrði að ræða. En ég hef verið gjörsamlega andvígur því að það gerðist með lögþvingan og frv. felur ekkert slíkt í sér og þökk sé fyrir það.

Við getum tekið dæmi. Ég nefndi, þegar ég var í mínum orðaskýringum við 2. umr., til að mynda skilin á milli Reykjavíkur og Seltjarnarnesskaupstaðar. Hvaða tilefni er til þess að hér sé um tvö sveitarfélög að ræða? Vafalaust mætti finna rök fyrir því að það fæli í sér sparnað og væri eðlilegra fyrirkomulag að þetta byggðarlag, sem ekki finnast nein skil í og þar sem enginn sér nein eðlileg mörk, væri eitt sveitarfélag. Það er kannske ekki jafnauðvelt að benda á nokkur tvö sveitarfélög sem væri eins hagkvæmt að sameina eins og þessi sem ég nú hef nefnt. Og auðvitað gæti verið hagkvæmt að sameina mörg af hinum litlu sveitarfélögum, en það verður þó að mínum dómi að ráðast af vilja íbúanna sjálfra. En það hefur ekki orðið mikill árangur af þessu starfi. Þetta sjónarmið hefur ekki náð fram að ganga í verki að neinu verulegu leyti.

Ef þetta frv. nær fram að ganga eins og það er í pottinn búið frá meiri hl. félmn. er svo komið að öll sveitarfélög eru sett á sambærilegan grundvöll, þ.e. á kaupstaðagrundvöll, sama grundvöll og kaupstaðir í landinu eru á. Það er augljóst að litlu sveitarfélögin rísa ekki undir því að starfa á þeim grundvelli. Þess vegna verða þau að hafa samstarf sín á milli og frv. gerir ráð fyrir lögbundnu samstarfi, þó með þessum stórkostlegu annmörkum sem ég hef hér lýst. Það lögbundna samstarf er gersamlega á sundi.

Inn í frv. eru líka komin ákvæði er varða frjálst samstarf sveitarfélaga. Frjálst samstarf sveitarfélaga álít ég að ekki eigi að þurfa að lögbinda mjög mikið og ekki marka mjög skýr ákvæði um í lögum. Það er heldur ekki gert hér og við það get ég fellt mig. En ef svo hið lögbundna samstarf, sem er smáu sveitarfélögunum alger nauðsyn til þess að þau ráði við það að starfa á kaupstaðagrundvelli eins og hér er gert ráð fyrir, fer úr böndunum, eins og allar líkur benda til, þá er ný staða komin upp. Þá hafa menn kannske komið auga á að það verður að taka upp nýtt fyrirkomulag, og þá hlýtur að koma að því að sveitarfélögin verða, hvort sem þeim líkar það betur eða verr, að sameinast.

Það kynni að vera að einhverjum hefði flogið í hug að þetta væri leiðin til að koma því fram sem ekki hefur tekist með frjálsum vilja sveitarfélaganna í landinu eða íbúa þeirra á undanförnum 20 árum, þ.e. að setja löggjöf sem væri með þeim hætti að sveitarfélögum væri ókleift að starfa án þess að þessi breyting yrði gerð.

Þetta eru að sjálfsögðu einungis getgátur af minni hálfu. En svona gæti þetta farið ef málið væri knúið í gegn með þeim hætti sem það liggur hér fyrir og miðað við þær brtt. sem fyrir liggja frá hv. meiri hl. félmn. Ég felli mig ekki við þetta og er hvorki að bera hæstv. félmrh. né hv. þm. Friðrik Sophussyni það á brýn að þetta vaki fyrir þeim. En einhverjum kynni að hafa

dottið þessi leið í hug af þeim sem hafa verið baráttumenn fyrir því að þetta mál kæmist áfram. Það vita allir hvaðan þeir eru komnir. Þeir eru komnir úr röðum þeirra sveitarfélaga sem stærst eru og öflugust í landinu, hafa ekki hagsmuna að gæta og hafa líka lítilli þekkingu af að taka varðandi það starf sem unnið er hjá litlu sveitarfélögunum í landinu og hvað þau hafa við að stríða í ýmsum efnum.

Ég minnist þess að hv. frsm. meiri hl. félmn. Friðrik Sophusson sagði hér við 2. umr. að ef þetta frv. yrði ekki afgreitt nú og kæmist ekki í gegnum þingið, því yrði frestað af einhverjum sökum, þá væri það þar með úr sögunni í mörg ár. Þetta taldi ég fjarstæðu. En ef þetta er rétt hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, þá er málið ekki gott mál. Þá er það vont mál. Ef það er rétt að ekki takist, með því að leitast við að handjárna stjórnarliða, að koma málinu í gegn nú á pólitískum grunni og það sé úr sögunni í mörg ár, þá er það ekki fyrir það að það sé gott mál, þá er það fyrir það að málið er vont. Hv. frsm. hefur því vakið athygli á því — ef þetta er rétt hjá honum — að málið er a.m.k. álíka vont og ég hef haldið fram úr þessum ræðustóli. Þá er það í því horfi að við eigum að breyta því áður en við afgreiðum það frá Alþingi eða fresta meginefni málsins þannig að betra tóm gefist til að ná um það samkomulagi á milli þeirra sem mæla fyrir því í þessu horfi og annarra sem oft og tíðum telja sig fulltrúa þeirra sjónarmiða sem er að finna hjá hinum smærri og veikari sveitarfélögum í landinu sem sannarlega mega ekki við því að dregin sé burst úr nefi þeim og færð yfir til stærri heilda.

Ég skal ekki flytja hér efnislega miklu lengri ræðu. Ég hef ekki í þessum umræðum vitnað til ýmissa manna, sem um þetta hafa fjallað, úr röðum þeirra sem bera ugg í brjósti út af þessu máli. En þeir eru nógir til, forustumenn í sveitarstjórnarmálum, forustumenn í sýslunefndum, sýslumenn o.s.frv.

Ég sá í síðasta Helgarpósti viðtal við reyndan sveitarstjórnarmann og sýslumann, núverandi sýslumann á Hvolsvelli, fyrrum sýslumann á Höfn í Hornafirði. Þó að tilefni viðtalsins sé ekki beint það frv. sem hér er um fjallað koma sjónarmiðin glöggt fram. Tilefnið er umræður eða yfirlýsingar sem gengið hafa varðandi hugsanlegar breytingar á greiðslu á fé Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skal ég ekki fara út í það. En með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa það sem þessi reyndi sveitarstjórnarmaður, sýslumaður, segir. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„„Þetta er sjálfstæðisbrölt þeirra sem ég kalla „atvinnusveitarstjórnarmenn" sem finnst það niðurlægjandi að ganga fyrir sýslumann til þess að fá uppgjörið sitt," sagði Friðjón Guðröðarson, sýslumaður á Hvolsvelli, áður á Höfn í Hornafirði. „Þetta er partur af minnimáttarkennd þeirra sem aldrei hafa komist í sýslunefndir og hafa aldrei getað litið þær réttu auga."

Friðjón sagði að sér fyndist það vera galli á sýslunefndum að sýslumaður yrði sjálfvirkt formaður og framkvæmdastjóri nefndarinnar því menn gætu setið uppi með sjálfdauðan sýslumann í aldarfjórðung og það gæti verið mikið vandamál.

„Þetta mál allt saman er valdabarátta á milli þeirra sem ég kallaði „atvinnusveitarstjórnarmenn", sem sitja alla daga suður í Reykjavík á fundum í Sambandi ísl. sveitarfélaga og koma yfirleitt frá stærri sveitarfélögum og kaupstöðum og hafa þar af leiðandi aldrei verið í sýslufélagi sumir hverjir, og svo hinna sem eru á heimavelli og eru að reyna að vinna að hlutunum saman. Þetta er vindmyllubarátta atvinnusveitarstjórnarmanna. En verði sýslunefndirnar lagðar niður verður það stærsta byggðaröskunarmál aldarinnar af manna völdum.

Alexander Stefánsson tilkynnti um þessa breyttu tilhögun á greiðslufyrirkomulagi í desember svona sem jólagjöf til sveitarstjórnarmanna. En fjmrn. hefur ekki viljað fallast á breytinguna, þannig að þar er enn verið að berjast og ekki útséð um hver vinnur. Alexander er náttúrlega þeirrar skoðunar að hér sé verið að höggva stórt og það er vissulega hart fyrir hann sem fagráðherra ef hann kemur þessu ekki í gegn. En ég tel þessa breytingu til hinnar mestu bölvunar. Þetta verður bara til þess að minni sveitarfélögin fá minni þjónustu á sýsluskrifstofunum sem þau hafa fengið mikla, að ég tali nú ekki um ósköpin ef sýslunefndirnar verða lagðar niður. En það er ekki að vita hvernig það mál springur út á þingi," sagði Friðjón að lokum."

Mér þykir rétt að lesa þessa umsögn þessa reynda sveitarstjórnarmanns og sýslumanns hér. Eftir því sem ég best veit er hann flokksbróðir hæstv. félmrh. svo að ekki ganga honum pólitísk sjónarmið til. Hann er einn af þeim mönnum sem ég hef litið til í hópi oddvita sýslunefnda sem hafa haldið uppi ötulu og góðu starfi og hann þekkir þessi mál. Hann segir að verði sýslunefndirnar lagðar niður verði það stærsta byggðaröskunarmál aldarinnar af manna völdum. Það er ekkert smáræði.

Ég get sagt sem svo að nöfn skipta ekki meginmáli svo lengi sem þau eru á eðlilegri íslensku og það væri hægt að hugsa sér að héraðsnefndirnar kæmu í stað sýslunefnda og tækju við hlutverki þeirra í breyttu formi. En þá þarf að móta löggjöf um þessar héraðsnefndir þannig að þær geti valdið því hlutverki og ekki sé sýnilegt fyrir fram að það muni lenda allt út um víðan völl og það samkomulag, sem menn hafa stundum um áraraðir lagt mikla vinnu í að byggja upp, kunni að vera í hættu og sundrast.

Ég skal ekki ítreka það sem ég hef sagt í fyrri ræðum mínum um þetta mál, um þau atriði sem t.a.m. sýnilegt er að mundu verða dregin úr höndum heimamanna og færð í hendur fjarlægara stjórnvalds, né heldur skal ég fara mörgum orðum um þau atriði sem ég hef gert að verulegu umtalsefni og snerta málfar, einstök orð, orðskrípi, sem verið er að setja á blað í þessu lagafrv. yfir hugtök sem hægt er að finna góð og gild íslensk orð yfir. En ég hef flutt á þskj. 605 brtt. sem ættu að ná því í megindráttum að þau sjónarmið, sem ég hef mælt fyrir um þetta mál í þessum ræðustól, kæmust fram og yrðu nokkurn veginn a.m.k. í lagi þótt ég viðurkenni að það er vafalaust hægt að vinna þær tillögur betur. Ég tel ástæðu til að fara örfáum orðum um þessar brtt. og skal ekki gera það ítarlega.

Fyrsta till. er um það að tiltekin málsgr., 5. málsgr. 6. gr., falli brott. Er það til samræmis við það sem á eftir kemur í þessum brtt.

Í 2. brtt. geri ég ráð fyrir því að nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum en ekki, eins og brtt. meiri hl. gera ráð fyrir, að það líði hálfur mánuður. Mér þykir það fyrirkomulag, sem ég legg til, eðlilegra og betra þótt ég geri ekki mál eins og þetta að neinu kappsmáli í þessum efnum.

Í 3. brtt. legg ég til að í stað orðsins „byggðarráð", sem ég kalla orðskrípi í því samhengi sem því er ætlað að þjóna, komi orðið „framkvæmdastjórn" sem fellur nákvæmlega að því sem sú stofnun á að fjalla um á vegum sveitarstjórnar.

Þá legg ég til að á eftir VIII. kafla laganna komi nýr kafli, „Um sýslufélög". Í 97. gr. eru talin upp verkefni og hlutverk sýslunefndar. Ég tek fram að vitaskuld mætti kalla sýslunefnd héraðsnefnd ef það væri eitthvað til þess að greiða fyrir framgangi þessa máls, ef það er eitthvað sérstakt sem forsvarsmenn þessa frv. telja að skipti máli. En ég tel tilefnislítið a.m.k., ef ekki tilefnislaust, að vera að breyta í lögum orðum, heitum á stofnunum, sem hafa unnið sér þegnrétt í málinu og staðið hafa um langa tíð. Það er tilefnislaust og engin ástæða til að taka upp ný orð yfir sömu hugtök í staðinn.

Í 98. gr. geri ég tillögu um að öll sveitarfélög eigi fulltrúa í sýslunefnd, þar á meðal kaupstaðir. Hér eru ákvæði um að fulltrúafjöldi fari eftir vissum reglum eftir íbúatölu. Eitt sveitarfélag hafi alltaf einn fulltrúa í sýslunefnd. Hvert sveitarfélag, sem hefur 350 íbúa og færri, hafi einn fulltrúa í sýslunefnd en síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja 350 íbúa. Þarna er því komið til móts við það sjónarmið að ýmsir hafa talið að skipan sýslunefnda væri ólýðræðisleg með tilliti til mismunandi íbúafjölda sveitarfélaganna.

Þá geri ég ráð fyrir því í 99. gr. að um breytt fyrirkomulag sé að ræða á kosningum til sýslunefndar, þannig að sveitarstjórnir kjósi bæði aðal- og varafulltrúa í sýslunefnd úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna.

Ýmis önnur ákvæði eru hér í 100.–107. gr. sem ég tel ekki tilefni til að skýra öll. En allt eru það ákvæði sem er nauðsynlegt að hafa í lögum til þess að mæla fyrir um það á hvern máta slík stofnun skuli starfa sem hér um ræðir, en ekki hafa það allt saman gersamlega fljótandi og láta hendingu ráða.

Í 6. og 7. brtt., sem varða 97. og 98. gr., geri ég ráð fyrir því að tekið verði upp annað orð en gert er ráð fyrir í frv. um hinn frjálsa samstarfsvettvang sveitarfélaganna sem í frv. er kallað „byggðasamlag" en ég legg til að verði kallað „hverfi". Til að mynda varðandi rekstur skóla, heilbrigðisstofnana eða brunavarnir verði ekki talað um skólabyggðasamlag, heilbrigðisbyggðasamlag, brunavarnabyggðasamlag, heldur skólahverfi, heilbrigðishverfi, brunavarnahverfi o.s.frv. Það fellur vel að íslensku máli og er gamalt og gott og gilt íslenskt orð í stað þess að vera að taka upp orðskrípi sem ég hef lýst og túlkað á hvern máta stangast á við málvenju, a.m.k. eins og ég þekki hana, sem gilt hefur frá alda öðli.

Þessar eru meginskýringar við þær brtt. sem ég flyt á þskj. 605. Ég get lýst því hér yfir að ég er reiðubúinn að styðja þetta frv. ef það verður samþykkt með þeim breytingum sem ég legg hér til. Ég varð vissulega fyrir vonbrigðum með það að meiri hl. félmn. skyldi ekki ganga til móts við þessi sjónarmið.

Komi hér í þessari umræðu fram frá þeim sem mynda meiri hl. félmn., eða þeim sem vilja koma málinu fram í því horfi sem það er, yfirlýsingar þess efnis að þessar brtt. fái stuðning þannig að við mínum sjónarmiðum verði orðið, þá er ég reiðubúinn að ganga til samstarfs um að frv. verði samþykkt í því horfi þó að þar megi ýmislegt betur fara. Því má ekki gleyma að í frv. eru líka ýmis ákvæði og atriði sem eru til bóta.

En verði það ekki gert sé ég ekki nein merki þess að mitt sjónarmið hafi fengið hljómgrunn og þá mun ég styðja þær brtt. sem fram koma á þskj. 607 frá hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni o.fl. og freista þess að koma á þann máta í veg fyrir það að frv. verði afgreitt í þessu horfi sem það nú er, sem að hluta er að mínum dómi gersamlega óhæft. Því verði þá frestað að taka þau atriði frv. til meðferðar og afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Þess í stað verði þau ákvæði afgreidd sem nauðsynlegt er og varða kjördag, kosningar og kosningarrétt fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram eiga að fara á vori komanda.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 615, sem var of seint fram komin, samþ. með 24 shlj. atkv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu, er nú komið til hinnar 3. umr. í hv. deild og það verður að segjast að umræðan er mjög í samræmi við þá málsmeðferð sem talsmenn ríkisstj. hafa beitt sér fyrir í þessu efni. Mál þetta fær ekki þann framgang sem eðlilegt hefði verið ef allur undirbúningur og málsmeðferð þess hefði verið með skynsamlegum og eðlilegum hætti af hálfu þeirra sem leggja málið hér fyrir.

Ég tek undir þau orð, sem fram komu hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. hér áðan, að þetta er í eðli sínu ekki flokkspólitískt mál, á ekki að vera það, og menn getur greint á um einstaka þætti óháð því hvar þeir hafa skipað sér í stjórnmálaflokka og í hvaða þingflokkum þeir starfa hér á hv. Alþingi. En það er hins vegar jafnljóst að það er ríkisstj. og meiri hluti hennar á Alþingi sem ber alla ábyrgð á meðferð málsins í þinginu. Það er sannarlega ástæða til að gagnrýna það enn frekar en þegar hefur verið gert með hvaða hætti hún er.

Það hafa fallið mörg varnaðarorð í umræðunni, þessari umræðu og hinum fyrri um málið, bæði frá stuðningsmönnum ríkisstj. hér á þingi og frá okkur stjórnarandstæðingum. Hér greiddi t.d. einn þm. Sjálfstfl., hv. 1. þm. Vesturl., atkvæði gegn frv., einn af fáum, við 2. umr. málsins og þurfti enginn að velkjast í vafa um afstöðu hans til þessa frv. eins og það lá fyrir við 2. umr. Ég veitti því hins vegar athygli að hv. þm. Friðjón Þórðarson vann það góðverk, kannske til að létta undir með 1. talsmanni meiri hl., hv. 2. þm. Reykv., að greiða einstökum greinum atkvæði við 2. umr. enda veitti ekkert af því að þeir sem hér voru í þingdeildinni legðu þar til aðstoð eins og rakið hefur verið. Ýmsar greinar fóru í gegnum 2. umr. með minni hluta atkvæða og með stuðningi stjórnarliða sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni þannig að henni gæti þokað fram hér s.l. mánudag.

Það voru vissulega þung orð sem féllu hér frá hv. 1. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni í umræðunni áðan og raunar einnig við fyrri umræður þessa máls, en menn hljóta að taka eftir því þegar jafngrandvar maður og hv. 1. þm. Norðurl. v. lætur í það skína að heldur illar hvatir geti legið að baki málsmeðferðinni og tillöguflutningi um einstök atriði í þessu frv. og gerir því skóna að það sé til þess að veikja, af ráðnum hug e.t.v., stöðu sveitarfélaga út um landið, lítilla sveitarfélaga. Þetta eru þung orð og sannarlega alvarlegar ásakanir, en ég

er ekkert hissa á því þó þau falli hér úr þessum ræðustól eins og á málinu hefur verið haldið af meiri hl. félmn., talsmanna hans, við 2. umr. og nú áframhaldandi.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. taldi frv. það til gildis að þar er ekki verið að leggja til lögþvingaða stækkun sveitarfélaga. Ég get alveg tekið undir þau orð hans því að ég vil að það liggi fyrir að ég er ekki talsmaður þess að knýja fram sameiningu sveitarfélaga með lögum umfram það sem fram kemur í þessu frv. og greiddi ekki till. þar að lútandi atkvæði mitt við 2. umr. málsins.

Hér liggur fyrir till. við þessa umræðu frá meiri hl. félmn. sem ekki hefur verið enn mælt fyrir sérstaklega, en ég sé ekki að hún breyti nokkru um í rauninni til bóta frá því sem var í fyrri till. sem voru dregnar til baka við 2. umr. Hér eru nákvæmlega sömu lausatökin í sambandi við héraðsnefndirnar sem ætlað er að taka við hlutverki sýslunefnda og þarf ég ekkert að endurtaka það sem ég sagði um það efni við 2. umr. Það var líka rætt hér af hv. 1. þm. Norðurl. v. sem er stuðningsmaður sýslunefnda og vill viðhalda þeim. Ég er honum ekki sammála um það efni. Ég vil í staðinn koma á annarri skipan sem verði til þess að veita landsbyggðinni aukin tök í stjórnsýslu í landinu og að skapaður verði eðlilegur samstarfsvettvangur um hin stærri mál í héruðum sem ég gerði tillögu um við 2. umr. þessa máls að mynduð yrðu með lýðræðislegum hætti og öðrum hætti en upphaflega var gert ráð fyrir með ákvæðum í IX. kafla frv. sem felldur var út við 2. umr.

Ég tók eftir því við atkvæðagreiðslu um málið eftir 2. umr. málsins að till. um þriðja stjórnsýslustig, sem fyrir lágu, höfðu ekki ýkja mikið fylgi hér við þá atkvæðagreiðslu, en ég held raunar að það endurspegli engan veginn hug manna til þessara breytinga, a.m.k. ekki allra hér í hv. deild.

Ég skil vel að menn hafi verið gagnrýnir út í þau ákvæði sem hugmyndin var að lögfesta með ákvæðum IX. kafla frv. sem nú er brott fallinn eftir atkvæðagreiðslu um daginn. Þar var að mínu viti ekki eðlilega að málum staðið í öllum greinum, m.a. að ekki væri kosið með beinum lýðræðislegum hætti til héraðsnefnda. Ég lít einnig svo til að verkefni hins þriðja stjórnsýslustigs eigi fyrst og fremst að vera að taka við verkefnum og valdi frá ríkinu og færa út í héruðin. Brtt. mín, sem ég flutti við frv., laut að þessu og það liggur alveg skýrt fyrir hvaða hugmyndir eru þar að baki. Það er fjöldi verkefna sem að mínu mati er sjálfsagt og eðlilegt að héruðin taki við frá ríkinu, og fjármagni með, til að taka vind úr seglum þess miðstýrða valds sem safnað hefur verið saman í kringum starfsemi ríkisins hér í höfuðstaðnum. Ég tel hins vegar að það verði að ráðast að hve miklu leyti sveitarfélögin kjósa að leggja verkefni til þessa nýja stjórnsýslustigs, það eigi að vera þeim í sjálfsvald sett, en ég efast raunar ekki um að eftir að slík lýðræðislega kjörin héraðsþing væru komin á fjölgaði fyrr en varir þeim verkefnum sem sveitarfélögin kjósa sjálfviljug að fela slíkum héraðsþingum og héraðsstjórnum í umboði þeirra að annast fyrir sig sameiginlega. Ef menn ná saman og þegar menn ná saman, leyfi ég mér að segja, um slíka breytingu er engin ástæða til að viðhalda sýslunefndum sem eru vissulega vísir að þriðja stjórnsýslustigi eins og skipan þeirra er nú háttað, með vissa þætti framkvæmdavalds í sínum höndum og fjármagn til útdeilingar.

Ég tók eftir því að brtt. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. Alþýðuflokksmönnum, sem lágu fyrir við 2. umr. og gengu þó ekki lengra en það varðandi þriðja stjórnsýslustigið að sett yrði á fót stjórnskipuð nefnd til þess að vinna að tillögugerð um það, hlaut ekki tilskilinn stuðning hér í þingdeildinni. Ég geri mér ekki von um að till. sú sem ég flutti og sú till. um héruð sem hér liggur enn fyrir og ég dró til baka við 2. umr. málsins eigi hér þann stuðning sem þyrfti og ég hef ákveðið, herra forseti, um leið og ég hef gerst meðflutningsmaður að till. sem hv. 3. þm. Vestf. er 1. flm. að, að láta ekki till. mína um héruð, sem enn liggur fyrir, ganga hér til atkvæða og dreg hana til baka. Ég geri það m.a. vegna þess að ég vil ekki að þm. séu enn frekar en orðið er, hv. þingdeildarmenn, að taka afstöðu gegn hugmyndinni um þriðja stjórnsýslustig í atkvæðagreiðslu og festa sig þannig kannske óþarflega í farinu gagnvart hugmyndinni, því að ég trúi því og treysti að hún eigi hér í reynd meira fylgi en fram hefur komið í atkvæðagreiðslum.

Ég hef tekið það fram og ítreka það enn að mér eru einstök atriði í þeirri till. sem ég hef gerst talsmaður fyrir og flutt hér ekkert heilög og ekkert viss um að það sé nákvæmlega það rétta eða besta skipunin sem þar er lögð til. Ég er reiðubúinn að eiga umræðu við menn um breytingar á þeim hugmyndum ef það mætti leiða til samkomulags og ég vil taka það fram að ég er síður en svo fallinn frá því að láta reyna á þessi mál hér í þinginu þó það verði síðar og með öðrum hætti að málið yrði hér upp tekið. Ég vænti þess að hv. þingdeildarmenn íhugi þessi efni og skoði þau í ljósi þess hversu gífurlega þýðingarmikið málið er og það í auknum mæli eins og mál eru að þróast alveg sérstaklega úti á landsbyggðinni.

Hv. 3. þm. Vestf. hefur mælt fyrir þeirri brtt. sem hann er 1. flm. að og ég stend að með honum ásamt fleiri hv. þingdeildarmönnum á þskj. 607. Ég þarf engu þar við að bæta. Það er till. sem er einföld í sniðum. Hún nær hygg ég til þess sem samstaða er um hér í hv. þingdeild hjá mönnum og ég vona að hún eigi hér nægjanlegan stuðning. Ég held að það væri óheillaspor að fara nú að lögfesta þær till. sem meiri hl. félmn. hefur hér gerst talsmaður fyrir og fyrir liggja en sem mikill ágreiningur er hér um og sem í rauninni skiptir ekki máli hvort bíða afgreiðslu eða verða afgreiddar margar hverjar, en aðrar eru hins vegar til mikils ófarnaðar. Og þó ég sé ekki talsmaður þess að viðhalda sýslunefndum er ég alveg sammála þeim sem vilja halda í þá skipan mála, að sú breyting sem hér er lögð til er algerlega óhæf. Sú héraðsnefndaskipan sem hér er gerð tillaga um af meiri hl. félmn. er gersamlega óhæf og alls ekki sæmandi virðingu þessarar ágætu deildar að ætla að fara festa slík ákvæði í lög eins og þar er lagt til. Ég er satt að segja alveg hissa á þeim grandvöru hv. þm., sem standa fyrir þessum tillöguflutningi, að leggja nafn sitt við þá ónefnu sem þar er á ferðinni.

Ég get svo tekið undir, sem mér láðist fyrr við umræðu um þetta mál, þau varnaðarorð sem fram komu hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. varðandi orðfæri í þessu frv., varðandi ýmis nýnefni sem hér er verið að leggja til að tekin verði upp í lög og eru afskaplega illa til fundin, mörg hver a.m.k. Ég er ekki andstæðingur þess að fitjað sé upp á nýmælum í íslensku máli, það er nauðsyn í mörgum greinum, en menn þurfa að vanda

sig við það og ekki síst hér á hv. Alþingi. Þar hefur því miður ekki allt til tekist sem skyldi í sambandi við þessa frumvarpsgerð.

Ég ætla, herra forseti, ekki að orðlengja þetta frekar. Afstaða mín til þessa frv. hefur komið fram á fyrri stigum umræðunnar hér í deildinni og ég hef markað mína meginafstöðu með því að gerast meðflm. þeirrar brtt. sem fyrir liggur á þskj. 607.

Frsm. 2. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef talað áður um þetta frv. við 2. umr., frekar í tvígang en einu sinni, og þarf því ekki að bæta ýkja miklu við, enda hefur ekki margt breyst frá því að við ræddum þetta frv. við 2. umr., illu heilli vil ég segja, því að þar lágu þó fyrir brtt. sem hefðu gert það skömminni skár úr garði en það er, en þær hlutu því miður flestar dapurleg örlög og við sitjum uppi með frv. eftir 2. umr. með þeim hinum sömu ágöllum og fyrir voru í því og að samþykktum brtt. meiri hl. sem margar hverjar voru síst til bóta að mínu mati. Brtt. minni hl. voru að engu hafðar.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur þegar verið sagt og jafnvel af fleiri en einum hv. ræðumönnum, að hér er auðvitað stórmál á ferðinni og þýðingarmikið mál sem snertir alla landsmenn. Það snertir þá á þann hátt að það á í sjálfu sér ekki að þurfa að skipa mönnum í pólitíska flokka hvernig þeir taka afstöðu til þessa máls, enda sýnist mér liggja fyrir að það sé allt annað sem ráði meiru um hvernig menn taka afstöðu hér en það í hvaða stjórnmálaflokk þeir hafa skipað sér, sem eðlilegt má kalla. Þess vegna og einmitt sérstaklega þess vegna er það ámælisvert og ber að harma að hv. meiri hl. skuli ekki hafa lagt meira á sig en raun ber vitni til að reyna að leita samstöðu um þetta mál. Þetta er eðli málsins samkvæmt einn sá málaflokkur sem mönnum er skylt hér á hv. Alþingi að leggja mikið á sig til að ná samstöðu um, rétt eins og þegar menn afgreiða stjórnarskrárbreytingar eða breyta kosningalögum eða öðru slíku sem snertir grundvallarþætti stjórnskipunar í landinu. Þá ber hv. Alþingi að leggja mikið á sig til að reyna að ná sem allra víðtækastri samstöðu. Hér hefur ekki tekist til sem skyldi í þeim efnum.

Ég gerði grein fyrir þeirri afstöðu minni, bæði í nál. og í framsögu við 2. umr., að ég teldi margt vera til bóta í þessu frv. og að ýmsum brtt. samþykktum, sem ég flutti sérstaklega, teldi ég réttlætanlegt að samþykkja frv. þó að ég lýsti engu að síður þeirri afstöðu minni að óhjákvæmilegt væri að sveitarstjórnarlög kæmu aftur og það mjög fljótlega til endurskoðunar þrátt fyrir þetta frv. Nú hefur sú breyting orðið á, sem fyrir liggur, að brtt. minar og annarra aðila stjórnarandstöðunnar voru felldar og önnur þau sjónarmið, mismunandi sjónarmið, sem einnig hafa verið uppi, einnig af hálfu ákveðinna stjórnarliða, hafa að engu verið höfð. Því er það nú mín afstaða að ég mun styðja brtt. hv. þm. Karvels Pálmasonar, 3. þm. Vestf., o.fl. Ég vil í því sambandi jafnframt minna á að ég hafði þegar í félmn. og einnig við 2. umr. um málið lýst þeirri afstöðu minni og lagt fram það tilboð af minni hálfu og míns flokks að við skyldum stuðla að þeim lágmarksbreytingum á lögunum, sem nauðsynlegar væru og fullt samkomulag var um og er um af hálfu allra stjórnmálaflokka hér á Alþingi, að breyta kosningalögum og kjörgengi og ákvæðum um kjördag þannig að í vor mætti kjósa samkvæmt nýjum lögum og að við skyldum stuðla að því að þær breytingar gengju hér í gegnum þingið sem allra fyrst, enda ekki vansalaust hversu seint þessi ákvæði eru á ferðinni með tilliti til sveitarstjórnarkosninga í lok maímánaðar. Því er brtt. hv. þm. Karvels Pálmasonar alveg í samræmi við þá afstöðu mína og þá skoðun, sem ég hafði reyndar þegar fyrir áramót og lét koma fram í félmn., að greinilegt væri að ekki liti út fyrir að það næðist víðtæk samstaða um þær miklu breytingar sem menn telja að gera þyrfti á sveitarstjórnarlöggjöfinni. Því væri eðlilegra að fresta meginhluta þess verks og gefa sér meiri tíma til að reyna að ná þar samstöðu, en afgreiða þess í stað sem fyrst þær breytingar á kosningakafla frv. sem allir eru sammála um að gera þurfi. Ég hefði talið farsælt eftir á að hyggja ef fulltrúar meiri hl. hefðu þá þegar tekið slíku tilboði og áttað sig á því að það var farsælasta lausnin á málinu eins og stendur. En svo var ekki og það ber að harma. Síðan bætist það við, sem nú hefur áþreifanlega komið fram, bæði við 2. umr. og eins nú þegar hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði, að verulega skiptar skoðanir eru uppi um ágæti þessa frv. í stjórnarliðinu. Það þykir mér enn frekar benda til þess að það sé ekki rétt og ekki tímabært að afgreiða þetta frv. hér á atkvæðum eins og allt lítur þó út fyrir.

En skyldi nú fara svo að brtt. hv. þm. Karvels Pálmasonar o.fl. verði ekki samþykkt hér og meiri hl. haldi áfram að keyra málið hér í gegn á atkvæðum flyt ég engu að síður aftur brtt. um nýja grein sem verði 98. gr. og varðar kosningu fulltrúa í stjórnir byggðasamlaga, héraðsnefnda og ákvörðun um fjölda stjórnarmanna, einnig kosningar fulltrúa á ársfundi landshlutasamtaka. Ég get með engu móti, herra forseti, sætt mig við það, ef frv. með brtt. meiri hl. gengur í gegn, að ekki verði reynt að laga þann stóra ágalla, sem yrði á því óbreyttu, að ekkert verði kveðið á um hvernig standa skuli að kosningum til héraðsnefnda og byggðasamlaga og einnig hvernig velja skuli fulltrúa á ársfundi landshlutasamtaka. Það er að mínu viti ótvírætt afturför frá þeim skýru ákvæðum sem eru um t.d. kosningu sýslunefnda. Hvort sem menn eru þeim sammála í sjálfu sér eður ei eru þar skýr ákvæði. Að hverfa með öllu frá því að segja eitt einasta orð í lögum um það hvernig velja skuli stjórnir slíkra samtaka er að mínu viti slík afturför að við það er ekki unandi. Ákveðin leiðbeiningarregla sem tryggir lýðræðislega kosningu og eðlilega aðild meiri hluta og minni hluta í slíkum stofnunum er alveg óhjákvæmileg að mínu mati. Ég get ekki með nokkru móti stutt þessar breytingar ef ekki næst fram einhver leiðrétting að þessu leyti. Því hef ég endurflutt brtt. þar að lútandi að við frv. bætist ný grein sem verði 98. gr. og fjalli um þetta tiltekna atriði.

Því er við að bæta að það er mikið umhugsunarefni ef menn treysta sér til að afgreiða lög um jafnþýðingarmikið og afdrifaríkt mál og skipan sveitarstjórnarmála og allt samstarf sveitarfélaga án þess að binda á nokkurn hátt í lögum hvernig því samstarfi skuli háttað og tryggja að ákveðnar lýðræðislegar leikreglur séu þar í heiðri hafðar. Það kemur manni mjög á óvart, þegar borin eru saman frv. eins og það nú liggur fyrir með brtt. meiri hl. annars vegar og hins vegar gildandi lög um áratugi um sveitarstjórnir í landinu, sú afstöðubreyting sem þetta virðist boða hjá löggjafanum, að það sé ekki lengur nein ástæða til að hafa í lögum ákvæði um

þessi efni. Kunnugir menn munu átta sig á því að í gildandi lögum um sveitarstjórnir eru og hafa lengi verið ítarleg ákvæði um þetta atriði, t.d. hvað sýslunefndirnar varðar, upp á margar blaðsíður. Nú treysta menn sér til að kippa þessu öllu út á einu bretti án þess að nokkuð komi í staðinn. Það er hreystilega gert.

Herra forseti. Ég tel reyndar að það hafi þegar legið fyrir þegar fulltrúar meiri hl. höfðu tekið þá ákvörðun að kippa IX. kafla frv. út eins og hann lagði sig á einu bretti að endurskoða þyrfti öll vinnubrögð í sambandi við setningu þessara laga vegna þess að þar með var sú vinna, sem endurskoðunarnefndin og aðrir sem að undirbúningi málsins höfðu komið, í raun og veru ómark vegna þess að búið var þar með að taka ákvörðun um slíka grundvallarbreytingu á uppbyggingu sveitarstjórnarlaganna að það var nauðsynlegt að horfa með nýjum hætti á spilið. Þetta var ekki gert. Þess í stað ákváðu meirihlutaaðilarnir að drífa frv. áfram með þeirri meginbreytingu að kippa þessu öllu út án þess að setja þar nokkuð í staðinn, enda hægara sagt en gert að koma því saman á nokkrum dögum. Þarna lá fyrir að mínu mati þegar í janúarmánuði, þegar fulltrúar meiri hl. boðuðu þessa niðurstöðu í félmn., sú staða að eðlilegast hefði verið að leggja frv. til hliðar og gera einungis á því þær breytingar sem ég hef margfjallað um og varða kosningaákvæðin.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að engu að síður eru eftir ákveðnar lagfæringar í þessu frv. sem tímabærar má telja og fyllilega það, en þær skipta að mínu mati ekki lengur því máli að það réttlæti að vinna að þessu með fljótaskrift og ég get ekki séð að það skaði á nokkurn hátt sveitarfélögin í landinu þó að þessi lagasetning bíði í eitt ár enn og menn taki sér eðlilegan tíma til að ræða málin og leita samkomulags á næsta löggjafarþingi. Því er það mín afstaða að styðja brtt. hv. þm. Karvels Pálmasonar o.fl. Ég vona og treysti því að menn hugsi sig tvisvar um áður en þeir fella þá till. og ákveða að halda áfram með málið í þeirri blindgötu hvar það er nú sjáanlega statt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég gerði fyrr grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Hún er í stuttu máli sú að ég tel að hér sé ekki verið að taka á því sem er brýnast og í raun kannske því eina sem er brýnt í sambandi við þennan málaflokk, þ.e. hugmyndir um nýtt stjórnsýslustig, þriðja stjórnsýslustigið, fylki eða hvað sem menn vildu kalla það. Skýringarnar sem við höfum fengið á því að menn leiða þetta alveg hjá garði eru þær að ekki sé hægt að fara út í það núna, þetta sé svo stórt mál, það þurfi að taka það alveg sérstaklega upp. En þetta eru skýringar sem við getum alls ekki sætt okkur við þó að það séu næstum orðnar daglegar viðbárur í þinginu að menn kvarti yfir því að mál séu svo yfirgripsmikil að það sé ekki hægt að tala um þau.

Svo að ég rifji upp nokkur dæmi hafa menn í sambandi við húsnæðismál, í sambandi við kjaramál, í sambandi við t.d. hugmyndir um mjög róttækar breytingar á bankamálum iðulega sagt að ekki sé hægt að fara út í það núna af því að þetta sé svo brátt og það þurfi að gera eitthvað strax. Núna heyrum við það í sambandi við mjög róttækar hugmyndir um breytingar á stjórnskipun að það sé svo stórt mál að ekki sé hægt að tala um það.

Mér finnst vera mikið umhugsunarefni að þingið skuli æ ofan í æ augljóslega vera svo vanbúið til að takast á við stórmál og taka stórar ákvarðanir. Ég held að menn ættu að velta fyrir sér hvort þeir séu að bregaðst einhverjum, séu kannske að bregðast sjálfum sér og e.t.v. kjósendum. T.d. í þessu tiltekna máli, þ.e. umfjöllun um breytingar á stjórnskipaninni hvað varðar þriðja stjórnsýslustigið, er það ekkert sérviskumál örfárra þm. að um það sé fjallað. Þetta er brennandi stórmál í íslenskri pólitík. Þetta er það mál sem brennur heitast á fólki alls staðar utan hitaveitusvæðisins í kringum Reykjavík. Þetta er það sem fólk talar mest um og það sem fólk væntir að sé talað um í stjórnmálum hérna líka. Þá láta menn sér nægja að taka smáa letrið og samþykkja það. Það er alls ekki nógu gott. Það er að koma sér hjá því að tala um aðalatriðin.

Menn geta spurt hvers vegna þetta sé. Menn geta spurt hvort það sé vegna kjarkleysis, að menn treysti sér ekki til að taka fyrir róttækar hugmyndir um breytingar á stjórnskipan, eða hvort það sé getuleysi, að menn einhverra hluta vegna geti ekki fengist við svona stór og flókin mál, eða hvort það sé einfaldlega viljaleysi. Þeir sem eru harðir í dómum um þessi efni segja: Þetta er bara viljaleysi. Þm. vilja ekki taka fyrir þessar stórvirku breytingarhugmyndir vegna þess að breytingarnar sem farið er fram á svipta þm. völdum. Þær minnka völd alþm. Alþm. munu ókvaldir ekki fjalla um mál sem minnka þeirra eigin völd. — Það er nefnilega svo að hugmyndirnar um þriðja stjórnsýslustigið, um fylkið, sem menn vilja ekki ræða hér, hafa t.d. mótast í umræðum úti um allt land. Þær ganga mjög verulega út á það að taka vald frá Alþingi og stofnunum þess og færa til fólksins sjálfs. Þeir sem kveða fast að segja að það sé einfaldlega vegna þess að menn vilji ekki minnka völd sín á þennan hátt að þetta er ekki rætt hér. Það er alvarlegt mál ef satt er.

Staðreyndin er sú að fólk um allt land krefst þessara breytinga og fólkið í byggðunum, sem svíður valdaleysið, og þar sem það brennur á fólkinu að geta ekki haft sjálfsbjörg, horfir hingað til Alþingis og væntir stórra breytinga. Ég hygg að að sé vel þess virði að leggja þunga meiningu í samtök eins og samtökin Jafnrétti milli landshluta sem hafa þúsundir manna á skrá, hafa haldið stóra og vel sótta fundi í öllum landshlutum, standa fyrir blaðaútgáfu í tugþúsundum eintaka og starfsemi sem er að verða verulega umfangsmikil. Þar býr eitthvað að baki. Það er ekki samviskumál eins manns eða tveggja. Það er stór hreyfing meðal fólksins. Alþingi vanvirðir þetta fólk ef það ekki hlustar. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Já, ég á þó nokkuð eftir, herra forseti. (**Forseti:** Það er nú komið þegar nokkuð fram yfir venjulegan fundartíma og þingflokksfundir hafa verið boðaðir. Forseti sér sér ekki fært að halda þessum fundi lengur áfram. Á næsta fundi heldur hv. 4. landsk. þm. áfram ræðu sinni ef honum er það ekki óljúft að fundi verði lokið í dag.)

Umr. frestað.

Sameinað þing, 60. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Fjárstuðningur við Handknattleikssamband Íslands, þáltill. 315. mál (þskj. 582). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til fjvn. með 43 shlj. atkv.

Endurnýjun fiskiskipastólsins, beiðni um skýrslu, 330. mál (þskj. 608). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin leyfð með 42 shlj. atkv.

Kosning tveggja endurskoðenda til að endurskoða reikninga Framkvæmdasjóðs skv. 10. gr. laga nr. 70 1. júlí 1985.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti fyrir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Jón Kristjánsson alþm.,
Kristján Valdimarsson.

Endurskoðun skattalaga, þáltill. 284. mál (þskj. 520). — Fyrri umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 520 hef ég leyft mér að flytja þáltill. um endurskoðun skattalaga. Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er að minna á hve skattkerfi landsmanna er hörmulega götótt og ósanngjarnt gagnvart skattgreiðendum og benda á leiðir til úrbóta. Mesta ósanngirnin í núverandi skattkerfi er í því fólgin að atvinnureksturinn í landinu ber sáralítinn hlut af sameiginlegum útgjöldum landsmanna og byrðin lendir því af þeim mun meiri þunga á launafólki.

Ég vil nefna í upphafi míns máls þrjú dæmi.

Þegar ég var að undirbúa flutning þessarar till. leitaði ég upplýsinga hjá ríkisskattstjóra um fjölda tekjuskattslausra fyrirtækja við álagningu skatta á s.l. ári. Fyrirtæki í félagsformi, sem eru yfir einhverri ákveðinni lágmarksstærð, hafa t.d. í þessu tilviki að jafnaði a.m.k. hálfa millj. kr. í árlega veltu, eru 3890 talsins. Heildarvelta þessara 3890 fyrirtækja á árinu 1984 mun hafa numið 136 milljörðum kr., en álagður heildartekjuskattur þessara fyrirtækja reyndist aðeins um 700 millj., 0,7 milljarðar, og skv. upplýsingum í fjárlagafrv., sem lagt var fram núna í haust, er innheimtan aðeins áætluð 425 millj. kr. eða 0,3% af heildarveltu þessara fyrirtækja. Tekjuskattur einstaklinga, þ.e. innheimtur skattur, er hins vegar áætlaður um 2035 millj. og er það um það bil fimm sinnum hærri fjárhæð.

Til að gera langt mál stutt er það niðurstaðan af þessari úttekt að af þessum 3890 fyrirtækjum greiddu 1968 fyrirtæki engan skatt, þ.e. þau höfðu neikvæðan tekjuskattsstofn eins og fram kemur í fskj. IV sem birt er með þessari till., og er þá þeim fyrirtækjum sleppt sem eru í tveimur fyrstu línum töflunnar vegna þess að þau voru talin svo smávaxin að ekki gæfi rétta mynd að telja þau með.

Það er niðurstaðan af þessari úttekt, sem var sérstaklega gerð í tengslum við flutning þessarar till., að meiri hluti fyrirtækja í landinu, um 51% af fyrirtækjum í félagsformi, greiðir engan tekjuskatt. Þó er ljóst af skýrslum Þjóðhagsstofnunar að afkoma fyrirtækja á árinu 1984 var almennt talin nokkuð góð ef útgerð er undanskilin.

Annað dæmið um þetta makalausa skattakerfi núv. ríkisstj. fengu menn þegar hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. iðnrh., seldi hlutabréf ríkisins í Flugleiðum á s.l. hausti. Bréfin fóru vissulega fyrir væna fúlgu, enda mikilvæg eign sem ríkið var þarna að selja og hafði greitt fullu verði á sínum tíma, en þegar betur var að gáð kom í ljós að það sem ríkissjóður fær raunverulega í sinn hlut af sölu bréfanna reynist vera minna en ekki neitt fyrstu árin, einfaldlega vegna þess að skattafrádrátturinn hjá kaupendum verður hærri en nemur greiðslunum fyrir bréfin.

Þriðja dæmið er svo frá því í haust þegar húsnæðismálastjórn gerði úttekt á framtöldum tekjum húsbyggjenda og kaupenda. Þá kom í ljós að sjálfstæðir atvinnurekendur reyndust hafa miklu lægri tekjur en einstæðar mæður sem sjálfsagt eru margar í þjónustu þeirra.

Hver er svo aðalástæðan fyrir þessu himinhrópandi ranglæti í núgildandi skattkerfi? Vissulega verður að játa að skattkerfi landsmanna hefur löngum verið gallað og sérstaklega hafa sjálfstæðir atvinnurekendur löngum sloppið vel frá því að gjalda tekjuskatt í eðlilegu samhengi við umsvif sín. Úr þessu var þó töluvert reynt að bæta í tíð seinustu ríkisstjórnar.

Til skýringar á þessum ummælum mínum er birt í fskj. I yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens 1980–1983. Þar er ekki farið alveg í smáatriðum ofan í þær breytingar sem gerðar voru. En ég leyfi mér að fullyrða að atvinnureksturinn í landinu hafi skilað töluvert hærri upphæð hlutfallslega í sameiginlegan sjóð landsmanna þá en hann gerir nú. Stafar það ekki hvað síst af öðrum reglum um afskriftir og svo hinum ýmsu ívilnunarreglum sem síðar eru til komnar. Afskriftareglur voru þá verulega hertar frá því sem hafði verið eftir að skattalögin voru samþykkt hér á Alþingi vorið 1978. Þó verður að viðurkennast að í þeim lögum fólust ýmsar mikilsverðar breytingar til bóta, m.a. sú breyting að atvinnurekstur og tekjur eða tap af atvinnurekstri blandast ekki lengur saman við launatekjur einstaklinga.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða um þær breytingar sem gerðar voru á skattalögum í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þær voru fjölmargar, eins og hér má sjá á bls. 3 í þessu þskj. og reyndar einnig á bls. 4 þar sem gerð er grein fyrir stórmikilvægum breytingum á söluskattslögum sem þá voru gerðar og ég hygg að hafi skilað í ríkissjóð verulegum fjármunum eftir að þau

ákvæði komu til framkvæmda.

En í þessu samhengi er kannske öllu forvitnilegra að sjá yfirlit sem ég hef samið yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð núv. ríkisstj. á árunum 1983–1985. Það er á bls. 5 í þessu þskj. Þar eru vissulega ýmsar úrbætur til hins betra, þar á meðal nokkur lækkun á tekjuskatti launamanna. Þar er hins vegar að miklum meiri hluta til að finna ákvæði sem draga úr skattgreiðslum atvinnurekenda.

Þar vil ég sérstaklega benda á 3. tölul. á bls. 5 þar sem minnt er á að skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði var lækkaður í des. 1983 úr 1,4% í 1,1%.

Í öðru lagi er í 4. tölul. bent á að á árinu 1984 var tekjuskattur lögaðila, þ.e. hlutafélaga og annarra fyrirtækja í félagsformi, lækkaður mjög verulega eða úr 65% í 51%. Áður var álagningarprósenta gjarnan miðuð við það hjá félögum að hún væri jafnhá samanlagðri jaðarprósentu tekjuskatta einstaklinga. Á þeim tíma var tekjuskattur 50%, útsvarið 13%, sjúkratryggingagjald 2%. Samanlagt gerði þetta 65%. En þarna var sú breyting gerð að tekjuskattur félaga var lækkaður alveg niður í 51%. Þá erum við bersýnilega komin langt niður fyrir það sem er jaðarskattur hjá einstaklingum vegna þess að skattþrepin eru nú 44%, 10–11% og 2% í sjúkratryggingagjaldið eða samtals um 55–56%. En tekjuskattur lögaðila er sem sagt kominn niður í 51% og er kominn langt niður fyrir það sem hann hefur nokkru sinni áður verið.

Þriðja meiri háttar breytingin, sem ég vek athygli á að gerð hefur verið, er tekjuskattslagabreytingin nr. 8 og 9 frá 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Þá voru fyrirtækjum og einstaklingum, sem fjárfesta í atvinnurekstri eða kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, veittar mjög stórfelldar og margháttaðar skattaívilnanir.

Í fjórða lagi má svo nefna að stórlega var dregið úr skattskyldu innlánsstofnana á árinu 1984. Má ætla að skattgreiðslur banka til ríkissjóðs hafi lækkað um hvorki meira né minna en 360 millj. kr. á árunum 1984–1986 reiknað á verðlagi 1984. Það mætti sem sagt hækka þessa tölu allverulega ef ætti að flytja hana yfir á verðlag 1986. En 360 millj. var gjöfin sem bönkunum var gefin á árinu 1984 fyrir þessi þrjú ár.

Í fimmta lagi má nefna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til útgerðar sem kannske er betur réttlætanleg en flest annað af því sem ég hef nú nefnt vegna þess hversu illa hefur staðið í bólið hjá útgerðinni. Áætlað tekjutap ríkissjóðs á árinu 1985 vegna þessa er um 400 millj. kr. Staðreyndin er sú að þetta stóra útspil úr ríkissjóði átti sér stað á s.l. ári án þess að nokkur minnsta tilraun væri gerð til að afla þar tekna á móti. Þetta er ein af mörgum ástæðum fyrir því hversu báglega horfir nú í ríkisfjármálum eins og allir þekkja. Tekjupóstum hefur verið spilað út í mjög stórum stíl, þar á meðal þessum, án þess að nokkurra annarra tekna hafi verið aflað á móti.

Staðreyndin er sú að núv. ríkisstj. hefur með þessari margvíslegu lagasetningu á undanförnum þremur árum sett svo margar glufur og smugur á gildandi skattalög með öllum þessum frádráttarheimildum að hin óhjákvæmilega afleiðing hefur orðið sú sem ég hef nú rakið. Meiri hluti fyrirtækja í landinu greiðir engan tekjuskatt og hinn hlutinn, sem eitthvað greiðir, skilar svo litlu í ríkissjóð að heildarframlagið nemur aðeins 0,3% af veltu fyrirtækja.

Það er ljóst að gildandi skattareglur eru bæði hóflausar og siðlausar gagnvart öðrum skattgreiðendum sem ekki eru í atvinnurekstri. Þess vegna er þessi till. flutt. Aðalefni hennar er að Alþingi álykti um nauðsyn þess að mörkuð sé ný stefna í skattamálum og skattalög séu endurskoðuð með það fyrir augum að skattbyrðin á tekjum og útgjöldum fólks með lágar tekjur eða meðaltekjur léttist en atvinnurekstrinn í landinu greiði skatt af tekjum sínum og veltu undanbragðalaust og taki þannig hæfilegan þátt í sameiginlegum útgjöldum landsmanna.

Fyrstu sex liðir þessarar tillögu beinast sérstaklega að skattgreiðslum fyrirtækja. Í fyrsta lagi er lagt til að tekjuskattur lögaðila verði hækkaður og þá með þeim rökum, sem ég nú hef rakið, að hann er töluvert miklu lægri og jaðarskattprósentan hjá einstaklingum miklu hærri en hjá lögaðilum. Það er ekki nein sanngirni og hlýtur að þrýsta mönnum mjög til þess að breyta rekstri frá því að vera rekstur rekinn á nafn og yfir í að að vera rekstur rekinn í félagsformi. Enda er enginn vafi á því að menn hafa í stórum stíl hrakist inn á þessa braut til að spara sér útgjöld. Ég veit æðimörg dæmi þess að t.d. iðnaðarmenn, sem fram undir þetta höfðu bara verið launamenn, hafa valið þann kostinn að stofna einhvers konar verktakastarfsemi í kringum sína starfskrafta og selja vinnu sína á þann veg vegna þess að með því virðast skattgreiðslur þeirra verða léttbærari en ella eftir þessar breytingar sem gerðar hafa verið.

Eins og ég hef nefnt fjalla sex fyrstu liðir till. um atvinnurekstrinn. Lagt er til að stóra ívilnunarreglan frá 1984 verði afnumin, að framlög í varasjóð verði skattlögð eins og aðrar tekjur og að afskriftatími verði lengri en nú er og í meira samræmi við endingartíma eigna. Um það mætti sannarlega flytja langt mál en verður ekki gert hér tímans vegna.

Í öðru lagi teljum við Alþýðubandalagsmenn að arð af hlutabréfum eigi að skattleggja eins og aðrar tekjur og eftirlit með bókhaldi og framtölum fyrirtækja verði að herða mjög verulega, einkum hjá einstaklingum með sjálfstæðan rekstur, hækka sektir við skattsvikum og hraða meðferð skattsvikamála.

Þá leggjum við áherslu á að skattar á miklar eignir verði hækkaðir og að vaxtatekjur umfram verðtryggingu verði almennt skattlagðar ofan við ákveðin mörk. Um þetta höfum við flutt tillögur áður.

Að öðru leyti leggjum við áherslu á að ekki verði settur á virðisaukaskattur eða að matvörur og aðrar brýnustu lífsnauðsynjar verði skattlagðar með öðrum hætti, t.d. með því að leggja á þær söluskatt eins og mikið hefur verið rætt um. Við leggjum til að útsvar verði stigbreytilegt í samræmi við tekjur og að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta svo fljótt sem verða má.

Virðulegi forseti. Tímans vegna læt ég þessu lokið. Um þessa till. er það eitt að segja að á það er lögð áhersla að mörkuð sé ný stefna í skattamálum. Þá er fyrsta skrefið að Alþingi lýsi vilja sínum í þá átt hvernig sú breyting eigi að verða.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Fríverslunarsamningur við Bandaríkin, þáltill. 307. mál (þskj. 572). — Fyrri umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að umræða þessi fer ekki fram samkvæmt reglum um takmörkun umræðna við 1. umr. um þingsályktunartillögur.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 572 um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin með hliðsjón af því hver yrði viðskiptalegur hagur af slíkum samningi fyrir íslenska atvinnuvegi og útflutningsstarfsemi."

Ástæðan fyrir því að þessi þáltill. er flutt er fyrst og fremst sú að nú beinast augu manna á Íslandi í vaxandi mæli að mikilvægi aukinnar markaðsleitar fyrir íslenskar afurðir og umræður hafa mjög vaxið um mikilvægi útflutningsverslunar. Ástæðan er sú að í Bandaríkjunum er mikilvægasti markaður okkar Íslendinga í dag fyrir afurðir okkar og jafnframt markaður sem tvímælalaust mun vera unnt að stækka á ýmsum sviðum. Þangað fluttum við árið 1984 29% af útfluttum afurðum frá Íslandi.

Í dag er fyrst og fremst um að ræða útflutning á sjávarafurðum til Bandaríkjanna eins og kunnugt er, en það hefur aukist mjög útflutningur á ýmiss konar iðnaðarvörum til Bandaríkjanna á síðustu árum. Það er álit þeirra, sem helst fylgjast með þessum málum og starfa á þessu sviði atvinnulífsins, að möguleikar muni vera á því að stórauka útflutning iðnaðarvara til Bandaríkjanna, en þar fæst sem kunnugt er mjög gott verð fyrir íslenskar iðnaðarvörur og miklu hærra verð en fyrir vörur sem fara til ýmissa annarra landa.

Það er vitanlega mjög mikilvæg forsenda þess að unnt verði að vinna þar nýja markaði að tollar á slíkum vörum, og þá er ég fyrst og fremst að tala um íslenskar iðnaðarvörur, fáist þar lækkaðir. Ef slíkt tækist gæti það tvímælalaust orðið mikil lyftistöng fyrir íslensk iðnfyrirtæki í framtíðinni sem ættu þá auðveldara með að vinna nýja markaði. Þess vegna er hér um að ræða mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir íslenskan iðnað og vöxt hans og viðgang í framtíðinni. Það má taka það saman, eins og gert er í grg. í stórum dráttum, hvað helst mælir með því að þetta verði kannað af hálfu íslenskra stjórnvalda. Hér er engu slegið föstu um þetta atriði heldur aðeins farið fram á að könnun verði gerð á þessu máli. Vitanlega eru á því ýmsar hliðar, sem þarf að líta á, m.a. tekjur ríkissjóðs af tollum á innfluttum vörum frá Bandaríkjunum sem skipta vitanlega líka máli.

Það sem helst mælir með því að slík könnun verði framkvæmd er í fyrsta lagi að tollar á íslenskum framleiðsluvörum, hvort sem það eru landbúnaðarvörur, iðnaðarvörur eða sjávarafurðir, yrðu lækkaðir eða jafnvel felldir niður með öllu. Þeir tollar sem greiða varð af íslenskum vörum í Bandaríkjunum námu 129 millj. árið 1984. Má ætla að á þessu ári verði þar um upphæð í kringum 200 millj. að ræða. En síðustu nákvæmar tölur eru frá árinu 1984.

Í öðru lagi mundi samkeppnisaðstaða íslenskra útflytjenda vitanlega batna mjög á bandarískra markaðnum gagnvart öðrum löndum.

Í þriðja lagi mundu bandarískar vörur lækka í verði hér á landi.

Í fjórða lagi mundu möguleikar skapast á samvinnu erlendra og íslenskra fyrirtækja til að framleiða til útflutnings hér á landi, bæði til Bandaríkjanna og þá ekki síður til Evrópu, þ.e. til EFTA-landanna og Efnahagsbandalagslandanna sem við höfum nokkra samninga við.

Í fimmta lagi mundu efnahagssamvinna og viðskiptatengsl Íslands og Bandaríkjanna fara vaxandi ef slíkur samningur kæmist á laggirnar, en það er mitt mat og mitt álit að nánara samstarf þessara tveggja þjóða sé æskilegt, ekki aðeins á stjórnmálasviði, heldur einnig og ekki síður á viðskiptasviðinu.

Ég nefndi hér sérstaklega iðnaðarvörurnar. Af íslenskum iðnaðarvörum sem fara til Bandaríkjanna er nú greiddur tollur sem að meðaltali er 11,4%. Þar er um að ræða næststærsta útflutningsflokkinn sem til Bandaríkjanna fer. Stærstar eru sjávarafurðir. Árið 1984 voru fluttar út iðnaðarvörur fyrir 525 millj. Það mun hafa farið eitthvað vaxandi síðan. Þar er um að ræða toll sem er tæp 12%. Það gefur auga leið að verulegt hagræði væri að því að fá þann toll lækkaðan. Hann er mun hærri en af öðrum vörutegundum sem við flytjum til Bandaríkjanna. Það er álit forráðamanna Verslunarráðs Íslands, íslensku landsnefndar alþjóðlega verslunarráðsins og samtaka iðnrekenda að það mundi verða mikill hagur að því fyrir íslenskan iðnað ef slíkt gæti gerst og gæti það mjög aukið fjölbreytni iðnaðarútflutnings í framtíðinni á bandarískra markaðnum. Ég nefni hér sérstaklega ullariðnaðinn. Það var síðast í morgun sem fregnir bárust um erfiðleika hans og breytingar í þeirri atvinnugrein. Mönnum eru þær kunnar. Ekki er þá síst ástæða til að hyggja að því hvað unnt er að gera honum til stuðnings. Það sem lagt er til í þessari þáltill. er einmitt eitt af því.

Við höfum nýlega gert út, Íslendingar, leiðangur til Bandaríkjanna til að kanna möguleika á verulega aukinni sölu á íslenskum landbúnaðarafurðum þar í landi. Þar var fyrst og fremst verið að kanna kindakjötsmarkaðinn, en margir hafa talið, með réttu eða röngu, að ekki hafi nógu vel verið staðið að markaðsleit og útflutningi íslenskra sauðfjárafurða og landbúnaðarafurða yfirleitt til Bandaríkjanna á liðnum árum. Þangað hafa ostar hins vegar verið seldir í allnokkrum mæli, en þó verið bundnir kvótafyrirkomulagi þar í landi sem mjög hefur takmarkað íslenskan útflutning á ostum.

Þegar við tölum um útflutning á landbúnaðarafurðum, sem í sjálfu sér er vitanlega erfitt mál, er ljóst að til bandarískra markaðarins líta menn kannske einna helst vonaraugum vegna þess að yfirleitt, og þá á ég við alla vöruflokka, er þar greitt hæsta verð sem fæst fyrir vörur.

Lítum á útflutninginn til Bandaríkjanna. Það er greiddur að meðaltali um 7% tollur af íslenskum landbúnaðarafurðum sem til Bandaríkjanna eru fluttar. Hæstur er sá tollur rúmlega 9% á ostum. Það er ljóst að ef vonir manna í landbúnaði eiga að rætast um verulega aukinn útflutning á landbúnaðarafurðum til Bandaríkjanna yrði slíkur fríverslunarsamningur mikilvægur.

Langstærsti hluti útflutnings okkar til Bandaríkjanna er sjávarafurðir, en heildarútflutningsverðmæti vöru okkar til Bandaríkjanna árið 1974 var 6,6 milljarðar kr. Það var tæplega þriðjungurinn af heildarútflutningi okkar, eins og ég sagði áðan, svo að hér er um ákaflega mikilvægan markað að ræða og stóran markað einnig.

U.þ.b. þriðjungur af íslenskum sjávarafurðum fer inn á bandaríska markaðinn án þess að það þurfi að greiða nokkra tolla. Af öðrum sjávarafurðum, eins og flökum, verður að greiða toll, en hann er tiltölulega mjög lágur. Á öðrum sjávarafurðum en blokkum og flökum eru hærri tollar, en þó ekki verulega háir. Alls voru greiddar 1984 57 millj. kr. í tolla af íslenskum sjávarafurðum. Nú má telja að það sé komið nær 100 millj. kr. sem greitt er í tolla af þeim. Það er vitanlega ekki sérlega há upphæð, en skiptir þó engu að síður nokkru máli. Á hitt er að líta að tollar af unnum sjávarafurðum eru miklum mun hærri og í raun hefur það komið í veg fyrir að við flyttum annað en frumunnar sjávarafurðir til Bandaríkjanna. Það verða menn einnig að hafa í huga í þessu sambandi.

Inn í þessa mynd koma líka nýlegar fréttir af nýjum tollum í Bandaríkjunum á fisk frá samkeppnisaðilum okkar í Kanada. Þegar hefur verið lagður tollur á ferskan fisk sem kemur frá Kanada, tæplega 7%, og í þessum mánuði munu bandarísk stjórnvöld ákveða hvort einnig verði lagður tollur á frystan fisk frá Kanada. Við flytjum vitanlega ekki ferskan fisk nema í afar litlum mæli til Bandaríkjanna, en aftur á móti byggist Bandaríkjamarkaðurinn á frystum fiski. Hvað okkur snertir er augljós hætta á því að það komi fram kröfur um að slíkir tollar á frystan fisk verði lagðir á sjávarafurðir í Bandaríkjunum frá fleiri löndum en Kanada. Það gæti haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskan sjávarútveg ef til þess kæmi. Fríverslunarsamningur Íslands og Bandaríkjanna mundi hins vegar bæta stöðu okkar í þessum efnum.

Ég minntist áðan á möguleikana á því að ef slíkur samningur kæmist á laggirnar skapast miklu meiri og betri möguleikar en í dag eru fyrir samvinnu íslenskra og erlendra fyrirtækja til að framleiða vöru eða vinna úr vöru fyrir bandaríska markaðinn sem yrði þá lágtollamarkaður eða ekki um neina tolla þar að ræða. Jafnframt mundi koma inn í landið með slíkri samvinnu ekki aðeins fjármagn heldur einnig tækniþekking sem gæti gagnast íslensku atvinnulífi á fleiri sviðum.

Nú geta menn velt því fyrir sér þegar þessari hugmynd er varpað fram hvaða hag við Íslendingar sjáum okkur í því að gera slíkan samning. Það er um það sem þessi þáltill. fjallar. En hvaða möguleikar eru á því að við mundum fá slíkan samning gerðan við Bandaríkin? Bandaríkjamenn hafa gert mjög fáa slíka samninga. Hins vegar hafa þeir þótt mjög eftirsóknarverðir af viðskiptalöndum Bandaríkjanna. Þegar hefur verið gerður, á síðasta ári, slíkur samningur við Ísraelsríki. Það má segja að það sé með meiri háttar vinaríkjum Bandaríkjanna. Þá hafa Bandaríkin einnig gert einhliða fríverslunarsamning, og ég undirstrika að það eru einhliða samningar, við nokkur ríki í Karabíska hafinu, en á þá samninga verður fremur að líta sem eins konar þróunaraðstoð af hálfu Bandaríkjanna, sem hleypa þá tollfrjálsum vörum og afurðum frá þessum eyríkjum inn á bandaríska markaðinn, fremur en venjulegan fríverslunarsamning. En um þessar mundir er ákaflega fast sótt og hart knúið á dyr stjórnvalda í Washington af hálfu samkeppnismanna okkar, Kanadamanna, til þess að fá gerðan fríverslunarsamning við Bandaríkin. Það eru ekki síst fiskafurðirnar sem Kanadamenn líta til í því efni, en vitanlega sjá þeir manna best, sem eru næstir því mikla ríki og þeim stóra markaði sem Bandaríkin eru, eftir hverju er að sælast á bandaríska markaðnum.

Ég hygg, og það er mat mitt eftir að hafa kynnt mér þessi mál nokkuð, að það sé vel þess virði fyrir íslensk stjórnvöld, fyrir ríkisstjórnina og þá ekki síst viðskrn. og utanrrn., að kannað verði hver væri hagurinn af því að fá slíkan samning gerðan við Bandaríkin, okkar mesta og besta markaðsland. Og þá jafnframt hverjir gætu verið gallarnir við slíka samningsgerð því að eðlilegt er að á báðar hliðar málsins sé litið í þessu efni.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar meta skal þá tillögu að ríkisstj. láti fram fara könnun á gerð sérstaks fríverslunarsamnings við Bandaríkin verður að hafa í huga reynslu Íslands af aðild að fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, fríverslunarsamningum við Efnahagsbandalag Evrópu og tollalækkun fyrir íslenskar vörur í öðrum löndum á grundvelli viðskiptaviðræðna á vegum GATT, m.a. tollalækkunum á íslenskum útflutningsvörum í Bandaríkjunum á síðustu árum í kjölfar Tokyo-viðræðnanna sem fram fóru á árunum 1973–1979.

Vísað hefur verið til þess að Bandaríkin hafi gert samninga við nokkur ríki á Karabíska hafsvæðinu á árinu 1983, undirritað samning við Ísrael á árinu 1985 og átt könnunarviðræður við Kanada á þessu ári. Rétt er að fara örfáum orðum um þessa samninga og samningaviðræður.

Að því er varðar fríverslunarsamninga við ríki á Karabíska hafsvæðinu verður að hafa í huga að um þróunarlönd er að ræða og voru tollar felldir niður af ýmsum vörutegundum sem ekki féllu undir hið almenna tollaívilnanakerfi í þágu þróunarlandanna sem ýmis iðnríki eru aðilar að, þar á meðal Bandaríkin. Mun í stórum dráttum vera um að ræða einhliða ívilnanir af hálfu Bandaríkjanna um nokkurra ára skeið á mörgum vörum. Samningarnir eru liður í viðreisn efnahagslífs þróunarlandanna á þessu svæði. Útilokað er að iðnríkjum á Vesturlöndum stæðu slík kjör til boða nema gegn samsvarandi lækkun tolla á móti.

Viðskipti Bandaríkjanna við Ísrael eru að sjálfsögðu margfalt meiri en viðskiptin við Ísland. Fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Ísraels, sem undirritaður var 22. apríl á s.l. ári, er um margt áþekkur þeim fríverslunarsamningum sem Ísland þekkir af eigin raun að því er varðar afnám verndartolla. Byggist hann á afnámi tolla og annarra innflutningshafta á því sem næst öllum viðskiptum landanna, en nær þó ekki fyrst og fremst til iðnaðarvara að formi til. Heimilt er að halda magntakmörkunum á landbúnaðarvörum svo og innflutningsgjöldum en ekki tollum. Sumir tollar eru afnumdir strax, en aðrir í áföngum á ákveðnu árabili eða allt til ársins 1995. Þá eru þar ákveðnar sérreglur, m.a. varðandi óhagstæðan greiðslujöfnuð og óhindraðan aðgang að opinberum útboðum, en síðastnefnda ákvæðið gengur lengra en reglur GATT. Þá er stefnt að því að létta af hömlum á þjónustuviðskiptum, en það er sérstakt áhugamál Bandaríkjamanna.

Svo sem ég mun víkja að síðar hafa Kanadamenn og Bandaríkjamenn átt með sér óformlegar bráðabirgðaviðræður um gerð fríverslunarsamnings. Ekki er rétt að um könnunarviðræður landanna um málið hafi verið að ræða í febrúar s.l. heldur fóru þá fram reglulegar viðræður um viðskiptamál landanna og snertu þær ekki nema að hluta fyrirhugaðar viðræður um fríverslunarsamning. Samkvæmt nýjustu upplýsingum mun nú standa á Kanadastjórn til þess að unnt sé að hefja könnunarviðræður í bráð.

Athugun á útflutningi okkar til Bandaríkjanna sýnir að helstu útflutningsvörur okkar eru að mestu tollfrjálsar í Bandaríkjunum. Þannig er enginn tollur á frystri fiskblokk, frystri rækju, frystum humri, frystum hörpudiski, þorskalýsi og niðursoðinni reyktri síld. Heilfrystur og ísaður fiskur er tollfrjáls nema karfi, 0,5 senta tollur er lagður á pundið. Tollur á frystum flökum er 1,875 sent á pund fyrir fyrstu 15 millj. pundin og mun sá tollur gilda um allt innflutningsmagnið frá og með árinu 1987. Þessi magntollur svarar því til 1,25% verðtolls. Hins vegar eru tollar á ullarvörum 15–20% ásamt magngjaldi, 2–31 sent á pundið. Tollur á ullarlopa og ullarbandi er sem næst 9%. Ekki verður séð að tollar séu sérstakur þrándur í götu aukinna viðskipta við Bandaríkin. Einna helst er bent á að allháir tollar séu á ullarvörum í Bandaríkjunum, en útflutningur íslenskra ullarvara til Bandaríkjanna hefur verið hverfandi lítill í samanburði við heildarútflutninginn eða innan við 5% að undanförnu. Þá hefur verið bent á að allháir tollar séu á unnum fiskafurðum. Af þeim sökum hefur hins vegar verið byggt upp mjög öflugt fiskvinnslu- og fisksölukerfi á vegum Sölusambands hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga eins og öllum hér er kunnugt.

Af hálfu viðskrn. hefur verið fylgst með þróun undanfarinna ára varðandi gerð fríverslunarsamninga Bandaríkjanna við önnur lönd. Þetta var rætt við fulltrúa Bandaríkjanna þegar á árinu 1982 og var svarið þá að ekki væri unnt að semja við Ísland um tollalækkanir nema á grundvelli GATT-samningsins, þ.e. að tollalækkanir giltu um innflutning frá öllum löndum. Nú eru og í undirbúningi nýjar viðskiptaviðræður á vegum GATT og er þess vænst að þær geti hafist formlega seint á þessu ári. Hafa Bandaríkjamenn lagt mjög mikla áherslu á að þessar viðræður hæfust sem allra fyrst. Í viðræðum þessum yrði m.a. stefnt að því að lækka tolla milli ríkja. Mun Ísland, eins og í Tokyoviðræðunum, fara fram á lækkanir á tollum í Bandaríkjunum og öðrum ríkjum og þau ríki koma með gagnóskir gagnvart Íslandi. GATT-viðræður taka að vísu langan tíma, en Bandaríkjamenn hafa bent á að viðræður um gerð sérstakra fríverslunarsamninga við Bandaríkin taki einnig mörg ár. Þetta kom m.a. fram í svari bandarískra sendiherrans hér á landi í byrjun febrúar s.l. til forsrh. Í því sambandi var bent á að óformlegar viðræður hefðu átt sér stað í nokkur ár áður en Kanadamenn lýstu yfir áhuga sínum á að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin. Samningaviðræður geta síðan tekið nokkur ár í viðbót. Þá er ljóst að þrjú ár liðu frá því að Ísraelsmenn komu á framfæri ósk sinni um slíkan samning þar til viðræður hófust.

Hér má nefna að ósennilegt er að slíkur fríverslunarsamningur, ef gerður væri, mundi ná til fleiri íslenskra sjávarafurða en stofnsamningur EFTA og fríverslunarsamningurinn við EBE. Er því ólíklegt að tollar á íslenskum útflutningsvörum mundu lækka um þá upphæð sem greind er í þáltill. Þá yrði sú tala, sem þar er gefin upp varðandi lækkun tolla, langt frá því að vera raunhæf. Þannig er uppgefin tollalækkun á Íslandi til hagsbóta fyrir Bandaríkjamenn á árinu 1984 323 millj. kr.

Í þáltill. er meðal annarra orða gert ráð fyrir lækkun tolla á öllum vörum, bæði verndartolla og fjáröflunartolla. Aðeins er þó raunhæft að gera ráð fyrir því að tollar mundu lækka á þeim iðnaðarvörum sem eru framleiddar hér á landi, meðal annarra orða aðeins verndartollar. Fjáröflunartollar, t.d. af bifreiðum, mundu haldast eins og er gagnvart EBE- og EFTA-löndum. Yrði því tollalækkunin sem Bandaríkjamenn mundu njóta um 16 sinnum minni en gefið er upp fyrir árið 1984 eða 20 millj. kr. og hagræðið fyrir þá því miklu minna en ella.

Í þeirri úttekt sem landsnefnd Alþjóðaverslunarráðsins, sem flm. þessarar till. vitnaði til, lét gera segir að árið 1984 hafi innflutningsverðmæti vöru sem flutt var inn frá Bandaríkjunum til Íslands það ár verið 1806 millj. kr. Sama ár var útflutningsverðmæti vöru sem flutt var frá Íslandi til Bandaríkjanna 6686 millj. kr. Af innfluttum vörum til Bandaríkjanna voru 323 millj. greiddar í tolla eða 18% af heildarverðmæti. Innflutningsverðmæti þeirrar vöru sem flutt var inn til Íslands frá Bandaríkjunum en hefði verið tollfrjáls ef hún hefði komið frá aðildarlöndum EFTA eða EBE nam rúmlega 142 millj. kr. Af þessum vörum voru 20 millj. kr. greiddar í tolla. Á sama tíma námu tollar í Bandaríkjunum um 4 millj. bandaríkjadala eða því sem næst 129 millj. ísl. kr. sem eru aðeins 2% af útflutningsverðmæti vöru héðan. Stærsti hluti útflutnings okkar til Bandaríkjanna eru sjávarafurðir. Tollar á sjávarafurðir í Bandaríkjunum eru lágir í samanburði við tolla sem lagðir eru á hvers konar iðnaðarvörur.

Megininntakið í svarinu sem sendiherra Bandaríkjanna gaf forsrh. varðandi afstöðu Bandaríkjastjórnar til hugmyndarinnar um fríverslunarsamninga er það að á næstu árum mun starfsgeta bandarískra ríkisstarfsmanna, er vinna að mótun viðskiptastefnu, beinast mjög að hinum nýju marghliða viðskiptaviðræðum á vettvangi GATT. Viðræður um fríverslunarsamninga við einstök lönd hafa ekki forgang og sé aðeins unnt að leggja takamarkaða orku í þær. Takmörkuð starfsgeta kunni því að verða til þess að slíkar viðræður, sem ganga hægt fyrir sig, gangi enn hægar en áður. Er reyndar einnig minnt á það meðal ýmissa skilyrða að slíkur samningur þyrfti að hafa í för með sér möguleika á miklu hagræði fyrir Bandaríkin sem ég ætla ekki að fara út í hér.

Það má enginn þm. skilja þessi orð mín á þann veg að ég amist við könnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin, en m.a. með hliðsjón af því sem ég hef áður sagt virðist að svo stöddu eðlilegt að viðskrn. og ríkisstj. fylgist áfram, fyrst óformlega, með þróun mála varðandi möguleika á aukinni fríverslun við Bandaríkin, bæði á marghliða grundvelli á vettvangi GATT og tvíhliða grundvelli gagnvart Bandaríkjunum.

Þetta er það sem ég vil helst um þessi mál segja og vil jafnframt lýsa því yfir að hér eftir sem hingað til verður mjög grannt fylgst með framvindu þessara mála.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er hreyft mjög þörfu máli. Og það er kannske rétt að geta þess sögulega að það mun hafa verið Jónas Jónsson frá Hriflu sem lagði þyngsta og mesta áherslu á að efla viðskipti Íslendinga við Bandaríkin.

Allir útreikningar á hagkvæmni þess ef þetta yrði að veruleika, miðað við þau viðskipti sem eiga sér stað í dag, eru vitleysa hrein og klár vegna þess að yrði þetta að veruleika mundi það gjörbreyta öllum viðskiptum við Bandaríkin og við Evrópu einnig. Trúlega yrði þetta til að lækka vöruverð frá Evrópu til Íslands á allmörgum vörutegundum og jafnframt, eins og kemur fram í 4. lið þeirrar upptalningar sem hér getur að líta, gæfi þetta möguleika á því að iðnaðarfyrirtæki yrðu staðsett hér á landi sem þyrftu að koma sinni vöru fram hjá tollamúrum, hvort heldur væri inn í Bandaríkin eða inn í Evrópu frá Bandaríkjunum.

Ég vænti þess að Alþingi Íslendinga horfi með víðsýni á þessa hluti. Það vita allir að ef við ætlum að ná árangri í því að efla hér iðnað, sem byggður er á mikilli þekkingu en litlu hráefni og er þess vegna í flestum tilfellum hátollaiðnaður, þurfum við að eiga greiðan aðgang inn á stærstu markaði heimsins.

Ég hef ekki hugsað mér að tala langt mál um þetta, en ég vænti þess að þessi till. verði samþykkt í þinginu og ég vænti þess að húnýti á ríkisstjórn Íslands í þeirri viðleitni sem hún hefur haft uppi um að ná fríverslunarsamningi við Bandaríkin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Dómhús fyrir Hæstarétt Íslands, þáltill. 319. mál (þskj. 590). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Sveinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands á þskj. 590. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík að dómhúsi fyrir Hæstarétt Íslands er starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu.

Alþingi felur ríkisstj. jafnframt að hefja sem fyrst undirbúning að nauðsynlegum breytingum á húsinu svo að það fái þjónað sem best hlutverki sínu sem hús Hæstaréttar Íslands."

Fyrir liggur að Þjóðskjalasafn flytur innan tíðar úr Safnahúsinu við Hverfisgötu í húsakynni Mjólkursamsölunnar að Laugavegi 162 í Reykjavík sem núverandi menntmrh. hefur haft forgöngu um kaup á af stórhug og framsýni. Einnig er ljóst að Landsbókasafnið flytur áður en langt um líður í Þjóðarbókhlöðuna þó að fyrirsjáanleg sé nokkur bið þar á, vonandi þó ekki nema tvö til þrjú ár í mesta lagi. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um framtíðarnotkun þessa virðulega og merka húss sem ég hygg að hæfi Hæstarétti Íslands vel. Því er þessi till. flutt.

Hæstiréttur Íslands hefur lengi búið við alls ófullnægjandi húsakost og aðbúnað. Er vinnuaðstaða dómara og starfsfólks vægast sagt slæm og langt frá því að teljast boðleg æðsta dómstól réttarríkis. Dómsalur réttarins er að vísu ágætur, en öll önnur aðstaða til lítillækkunar, hvort heldur eru skrifstofur dómara eða annars starfsfólks, skjalageymslur eða annað. Er hreint með ólíkindum hversu þröngur húsakostur Hæstaréttar er og kotlegur á allan hátt. Fullyrði ég að ekkert ráðuneyta stjórnarráðsins búi við jafnslæman húsakost og aðbúnað þó að á þeim vettvangi sé oft kvartað. Hvet ég þm. sem um þetta efast að kynna sér þessi mál af eigin raun. Hefur oft verið bent á laka aðstöðu dómsins hvað snertir mannafla, húsnæði, vinnuaðstöðu og nútíma tækjakost. Á sumar ábendingar um mannafla hefur verið hlýtt en aðrar alls ekki. Þannig hafa störf Hæstaréttar Íslands gengið betur á seinni árum eftir fjölgun dómara og starfsliðs. Þrengsli og slæmur aðbúnaður hefur hins vegar stöðugt aukist. Ber að hafa í huga í þessu sambandi að dómsvaldið er einn af þremur hyrningarsteinum íslenskrar stjórnskipunar ásamt löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi. Að öllum þessum þáttum verður að huga vel.

Til umræðu eru nú framtíðarhúsnæðismál Alþingis og stöðugt er verið að bregðast við húsnæðismálum einstakra þátta framkvæmdavaldsins. Þætti dómsvaldsins hefur hins vegar verið illa sinnt í gegnum árin. Er skemmst að minnast ályktunar Alþingis 29. apríl 1977, um undirbúning að byggingu dómhúss fyrir héraðsdómstólinn í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins og embætti ríkissaksóknara. Engan árangur þeirrar samþykktar sjáum við enn hvað varðar héraðsdómstólana nú níu árum síðar.

Ein af grundvallarforsendum þess að dómstóll vinni á skjótan, skilvirkan og skipulegan hátt er að hann búi við góð starfsskilyrði og gott húsnæði. Í flestum ef ekki öllum menningarríkjum er æðstu dómstólum sýnd sú virðing að búa sem best að þeim í hvívetna. Mætti hér nefna mörg dæmi um virðuleg og glæsileg dómhús á Norðurlöndum, í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Er till. sú sem hér um ræðir skref í þá átt að koma húsnæðismálum og annarri starfsaðstöðu Hæstaréttar Íslands í það horf er honum sæmir og í þá umgjörð er æðsti dómstóll ríkisins á skilið. Er víst að Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík uppfyllir þessar kröfur.

Saga Safnahússins er samtengd sögu og menningu þjóðarinnar. Er bygging hússins nátengd upphafsskeiði innlendrar landsstjórnar eftir síðustu aldamót. Má því segja að húsið sem slíkt beri glöggt merki um innlent framtak og þá reisn er íslenska þjóðin þráði og stefndi að á fyrstu árunum eftir aldamótin síðustu.

Er hornsteinn var lagður að húsinu sunnudaginn 23. sept. 1906 á ártíðardegi Snorra Sturlusonar hafði Hannes Hafstein ráðherra m.a. þetta að segja um byggingu hússins, með leyfi forseta:

„Samkvæmt gamalli venju verður lögð niður í grundvöll hússins stutt skýrsla um byggingu þess. Hún er rituð á bókfell, sem ásamt gildandi bankaseðlum og póstmerkjum verður sett í loftþétt blýhylki, og hljóðar skýrslan þannig:

Hús þetta er byggt handa Landsbókasafni og Landsskjalasafni Íslands samkvæmt lögum um stofnun byggingarsjóðs og byggingu opinberra bygginga, staðfestum 20. dag októbermánaðar 1905, og er hyrningarsteinninn lagður á dánarafmæli Snorra Sturlusonar 23. september 1906 á fyrsta ríkisstjórnarári Friðriks konungs hins VIII.

Ráðherra Hannes Hafstein. Landritari Klemens Jónsson. Forsetar Alþingis: Eiríkur Briem, Júlíus Hafstein, Magnús Stephensen. Byggingarnefnd kosin af Alþingi: Guðmundur Björnsson, Jón Jakobsson,

Tryggvi Gunnarsson. Teikning gerð af Magdahl-Nielsen byggingarmeistara. Verkið framkvæmt af félaginu Völundur. Umsjónarmaður við bygginguna F. Kiörboe byggingarmeistari. Bókavörður Landsbókasafns, settur, Jón Jakobsson. Skjalavörður Landsskjalasafns, dr. Jón Þorkelsson. Ætlast er til að aukið sé við bygginguna eftir þörfum síðar."

Var húsið tekið í notkun 1908, en þann 28. mars 1909, er húsnæðið var formlega að fullu tilbúið til afnota, sagði Jón landsbókavörður Jakobsson m.a. í ræðu, með leyfi forseta:

„Að síðustu skal ég taka það fram, að bygging þessi markar nýtt tímabil í byggingarsögu Íslands. Gleðilegt að geta sagt það, að veglegasta og vandaðasta steinhús þessa lands er byggt eingöngu af Íslendingum undir forsjá íslenskra manna, því nær hvert handtak er íslenskt á húsi og munum. Vonandi að landssjóður hætti að byggja nokkrar opinberar byggingar úr tré."

Svo sem fram kemur hér á undan hefur verið vandað til hússins á allan hátt og þjóðin lagt metnað sinn í að gera það sem best úr garði. Er húsið byggt af mikilli fyrirhyggju og myndarskap, reisn og virðuleika.

Undrun sætir hversu vel Safnahúsið virðist geta þjónað kröfum Hæstaréttar Íslands hvað innra skipulag og alla hönnun snertir. Stærsti salur hússins, núverandi lestrarsalur Landsbókasafns, hentar einkar vel sem aðaldómsalur með möguleikum og aðstöðu fyrir dómara, ritara, málflutningsmenn og síðast en ekki síst góðri aðstöðu og nægu rými fyrir áhugasama áheyrendur, almenning. Skiptir hið síðast talda ekki litlu máli í opnu lýðræðisþjóðfélagi. Öllu þessu má koma fyrir án verulegra breytinga.

Þá getur t.d. lestrarsalur Þjóðskjalasafns komið að góðum notum sem vinnuherbergi dómara og ýmsir möguleikar eru á að vera með annan minni dómsal en aðalsalinn vegna deildaskiptingar Hæstaréttar nú.

Nauðsynlegt er einnig fyrir Hæstarétt að hafa í sinni umsjá fullkomið og aðgengilegt lagabókasafn, en forsenda góðra dóma er m.a. að dómarar eigi þess kost að afla sér upplýsinga og fróðleiks á auðveldan hátt af lagabókum úr dómasöfnum, innlendum sem erlendum. Ýmsir möguleikar eru á að koma slíku safni fyrir með góðu móti og viðunandi móti á einum stað. Má m.a. nota innréttingar hússins í þessu skyni.

Annarri aðstöðu réttarins er jafnframt unnt að koma í gott horf, svo sem skrifstofum dómara, ritara og annars starfsliðs auk almennrar skrifstofuaðstöðu og afgreiðslu sem nauðsynleg er hverjum dómstól.

Loks er þess að geta að skjalageymslur eru í húsinu nægar. Er brýnt fyrir Hæstarétt að hafa yfirráð yfir traustum geymslum vegna málsskjala réttarins sem nauðsynlegt er að varðveita.

Þá þarf rétturinn á aðstöðu að halda til útgáfu Hæstaréttardóma, vinnslu þeirra, geymslu og dreifingar.

Ljóst er að gera þarf á húsinu nokkrar minni háttar breytingar innandyra, eða öllu heldur endurbætur og lagfæringar fremur en breytingar, vegna starfsemi dómsins. Breytingar þær sem hér um ræðir eru af þeim sem skoðað hafa húsakynnin taldar óverulegar, enda verður að gæta þess vel að húsið haldi sem best upphaflegri gerð jafnt innandyra sem utan.

Húsið er friðað svokallaðri A-friðun samkvæmt þjóðminjalögum nr. 52/1969 með ráðherrabréfi dagsettu 14. desember 1973. Samkvæmt þessu er húsið friðað í heild og allar breytingar á því óheimilar nema samþykki húsfriðunarnefndar komi til. Húsið getur því ekki nýst nema vissum stofnunum í þjóðfélaginu til frambúðar. Stendur húsið, að mínu mati, næst Hæstarétti Íslands hvað notkun snertir, enda mjög lítið sem hreyfa þarf innandyra til að þjóna kröfum réttarins. Utandyra þarf engu að breyta. Virðist húsið í mörgum tilvikum nánast sniðið að þörfum Hæstaréttar þó það hafi í upphafi verið byggt fyrir allt aðra starfsemi.

Ýmsir, sem kunnugir eru dómstólum og réttarfari, hafa bent á Safnahúsið við Hverfisgötu sem framtíðaraðsetur Hæstaréttar Íslands og jafnframt lýst yfir stuðningi sínum við að húsið verði tekið til slíkra nota. Núverandi formaður Dómarafélags Íslands, Ásgeir Pétursson bæjarfógeti í Kópavogi, hefur um langt skeið verið hvatamaður þessa. Við setningu dómaraþings 22. nóvember 1985 sagði hann m.a. í ræðu, með leyfi forseta:

„Hér er rétt að minnast þess að margir hafa verið og eru enn þeirrar skoðunar að best færi á því að Hæstiréttur fái hús Landsbókasafnsins við Hverfisgötu þegar safnið flytur í nýju Þjóðarbókhlöðuna. Mér sýnist rétt að haldið verði áfram að vinna að undirbúningi þess að málið komist á það stig að forráðamenn dómstóla, kannske í samvinnu við Dómarafélag Íslands, geti tekið stefnumarkandi ákvarðanir. Þegar þær liggja fyrir er rétt að þetta félag stuðli eftir megni að framkvæmdum."

Þann 19. des. 1985 ályktaði síðan stjórn Dómarafélags Íslands um málið, en í ályktun stjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt stjórnarskrá vorri eru þættir ríkisvaldsins þrír, sjálfstæðir hver gagnvart öðrum, en veita hver öðrum aðhald og eftirlit. Þeir eru löggjafarvald á hendi Alþingis, framkvæmdavald á hendi forseta og ríkisstjórnar og dómsvald á hendi dómstóla.

Hæstiréttur Íslands er æðsti handhafi dómsvaldsins. Það er í anda stjórnarskrár vorrar og í samræmi við það gróna viðhorf þjóðarinnar að hér skuli vera réttarríki þar sem traustir og óháðir dómstólar veiti borgurunum réttarvernd og tryggi skipulagsbundið og siðað samfélag að æðsti dómstóll þjóðarinnar sé búinn sæmandi ytri umgjörð, við hæfi en þó í hófi.

Slík ytri umgjörð er Landsbókasafnshúsið gamla, fögur en þó hófleg bygging í hjarta höfuðstaðar landsmanna. Lengi hefur það verið borgarprýði og eigi mun vitundin um það að þar sitji Hæstiréttur Íslands rýra veg þess húss og ásýnd í augum þeirra er leið munu eiga um miðborg Reykjavíkur á komandi áratugum.

Það er skoðun Dómarafélags Íslands að nú þegar þurfi að taka endanlega ákvörðun um að Safnahúsið við Arnarhól skuli verða dómhús Hæstaréttar. Að vísu er fyrirsjáanleg nokkurra ára bið á því að Landsbókasafn flytji sig um set og húsnæðisvandi Hæstaréttar brýnn. Dómarar voru þrír er fyrst var dómþing sett í dómhúsinu við Lindargötu hinn 21. janúar 1949. Nú eru þeir átta. Fjöldi mála hefur margfaldast, en eina sjáanlega lausnin á húsnæðismálum Hæstaréttar önnur en Safnahúsið væri bygging nýs dómhúss sem varla yrði lokið á undan Þjóðarbókhlöðu."

Síðar í sömu ályktun segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin minnir enn fremur á tillögu dr. Ármanns Snævarr er samþykkt var á aðalfundi Dómarafélags Íslands í nóvember 1984 og birt var í dagblöðum þess

efnis að gerðar verði hið allra fyrsta úrbætur á húsnæðismálum Hæstaréttar og fleiri dómstóla í landinu."

Þann 8. janúar s.l. tók stjórn Lögmannafélags Íslands undir ábendingar Dómarafélagsins með svofelldri samþykkt, með leyfi forseta:

„Stjórn LMFÍ tekur undir ábendingar Dómarafélags Íslands um að Safnahúsið við Hverfisgötu verði gert að dómhúsi Hæstaréttar þegar núverandi starfsemi flyst úr húsinu, en húsnæði Hæstaréttar er nú með öllu óviðunandi. Telur stjórnin að hér gefist tækifæri til að bæta úr brýnni húsnæðisþörf Hæstaréttar. Sómir húsið sér vel sem aðsetur æðsta dómstóls þjóðarinnar jafnframt því sem líklegt er að ekki þurfi að gera á því miklar breytingar vegna starfsemi réttarins."

Að endingu er þess að geta að ég hef rætt við forseta Hæstaréttar, Magnús Torfason, um þessi mál og er hann mjög hlynntur þessari hugmynd. Aðrir dómarar réttarins, sem ég hef rætt við, eru sömu skoðunar. Af framangreindu er ljóst að verulegur áhugi er fyrir því meðal dómara, lögmanna og lögfræðinga að Safnahúsið við Hverfisgötu verði gert að dómhúsi Hæstaréttar Íslands til frambúðar.

Með tilliti til þess, sem sagt er hér að framan, eru helstu rökin fyrir því að Hæstiréttur Íslands fái Safnahúsið við Hverfisgötu til afnota þessi:

Í fyrsta lagi eru þrengsli og núverandi starfsaðstaða æðsta dómstóls þjóðarinnar ólíðandi öllu lengur og tími til kominn að þar verði breyting á.

Í öðru lagi hentar Safnahúsið Hæstarétti Íslands mjög vel að allri innri gerð.

Í þriðja lagi þarf litlar breytingar eða endurbætur að gera á Safnahúsinu svo unnt sé að nýta það til fulls fyrir Hæstarétt. *Fullnægja má friðunarkröfum með notkun* réttarins á húsinu.

Í fjórða lagi er staðsetning hússins afar góð. Í flestum réttarríkjum er á það lögð áhersla að æðsti dómstóll ríkisins sé staðsettur miðsvæðis þannig að þegnarnir eigi gott með að vera í nánum tengslum við hann og geti auðveldlega og hindrunarlaust fylgst með meðferð mála og uppkvaðningu dóma.

Í fimmta lagi er samstaða meðal Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og lögfræðinga yfirleitt um þá leið sem hér um ræðir.

Í sjötta lagi er hér um að ræða gamalt en virðulegt hús með merka sögu að baki sem skapar Hæstarétti Íslands þá ytri umgjörð sem honum sæmir sem æðsta dómstól þjóðarinnar.

Í sjöunda lagi væri unnt að nýta núverandi húsnæði Hæstaréttar Íslands við Lindargötu fyrir Stjórnarráð Íslands er það losnaði, en húsið er samtengt Arnarhvoli svo sem kunnugt er og auðvelt að opna þar á milli. Unnt væri í framhaldi af því að byggja á milli núverandi dómhúss Hæstaréttar að leikfimihúsi Jóns Þorsteinssonar, sem nú er í eigu ríkissjóðs, og nýta síðan allt það húsnæði sem þannig fengist fyrir stjórnarráðið.

Helstu rökin gegn þeirri skipun sem till. gerir ráð fyrir eru léttvæg. Helst má nefna þrjú:

Í fyrsta lagi yrði með samþykkt till. endanlega horfið frá því að Hæstiréttur verði með í byggingu dómhúss fyrir alla héraðsdómstólana í Reykjavík þegar að því kemur. Í raun tel ég slíkt kost en ekki ókost þar sem Hæstiréttur á að mínu mati að standa einn og sér, algjörlega óháður öðrum dómstólum og í mátulegri fjarlægð þaðan.

Í öðru lagi yrði endanlega horfið frá þeirri hugmynd að gera Safnahúsið að aðsetri fyrir forsrn. eða forseta Íslands eins og aðeins hefur verið bryddað upp á. Tel ég slíkt einnig kost en ekki ókost ef hægt væri að koma í veg fyrir það. Kemur ekki til greina í mínum huga að flytja forsrn. úr Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg þó ekki væri nema vegna sögu þess húss. Nóg er og að hafa ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu og veislusali ríkisins við Borgartún 6 fyrir móttökur viðhafnargesta. Væri að mínu mati algjör sóun á sölum Safnahússins ef gera ætti þá að veislu- og móttökusölum, eins og aðeins hefur heyrst meðal veisluglaðra Íslendinga.

Aðsetur forseta Íslands á að vera á Bessastöðum um ókomna tíð. Ber að styrkja og efla þann sögufræga stað. Út í hött er að mínu mati að hugsa sér Safnahúsið sem aðsetur eða skrifstofur forseta Íslands. Þörfin fyrir bæði forsrn. og forseta Íslands er einnig hverfandi og ekki í nokkurri líkingu við þarfir Hæstaréttar Íslands.

Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram að Safnahúsið væri of stórt fyrir Hæstarétt. Sú fullyrðing er röng í veigamiklum atriðum, eins og þegar hefur verið lýst hér að framan, ef virtar eru þarfir réttarins. Segja má þó að dómurinn þurfi ekki þegar í stað á að halda öllum þeim skjalageymslum sem í húsinu eru. Þær má hins vegar með góðu móti nota áfram að hluta fyrir aðrar ríkisstofnanir ef vill. Þá má geta þess að Dómarafélag Íslands hefur enga aðstöðu í dag. Færi vel á því að félagið fengi aðstöðu í húsi Hæstaréttar Íslands.

Ég hygg að ýmsu megi fá áorkað ef haldið er á málum af góðum vilja, áræði og stórhug. Er það von mín að Alþingi beri gæfu til að fylgja þessu máli eftir á þann hátt sem þjónar sem best hagsmunum Hæstaréttar Íslands, *æðsta dómstóls þjóðarinnar.*

Að lokum geri ég að mínum upphafsorð Hannesar Hafstein ráðherra í ræðu er hann flutti þegar hornsteinn Safnahússins var lagður 23. sept. 1906 og áður er vitnað til, en þau eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hálfnað er verk þá hafið er, segir gamalt máltæki. Það er svo jafnan um öll nauðsynjamál og góð fyrirtæki að aðalerfiðleikarnir eru í byrjuninni, enda varðar mest til allra orða að undirstaðan rétt sé fundin. En sé undirstaðan fundin og hyrningarsteinninn lagður í fullri meðvitund um tilgang og takmark í einlægum vilja og einbeittri trú á málefnið, þá lánast að jafnaði að ljúka því sem eftir er."

Herra forseti. Ég legg til að till. þessari verði vísað til hv. allshn. að umræðu þessari lokinni.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að fá tækifæri til þess einu sinni enn að lýsa yfir fyllsta stuðningi við efni þeirrar till. sem hv. 2. þm. Vesturl. hefur hér talað fyrir.

Ég hreyfði þessu máli nokkrum sinnum í tíð fyrri ríkisstj. Þá var að vísu lengra til lands í byggingarmálum Þjóðarbókhlöðunnar. Það var sýnilegt að mörg ár mundu líða þar til söfnin gætu flutt úr húsinu við Hverfisgötu. Ég hef oft síðar lýst yfir því að ég er fylgjandi þeirri stefnu sem hér er mörkuð. Nú sér til lands í þessum efnum. Það liggur fyrir að Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn munu flytjast innan skamms í nýtt húsnæði.

Það er hafið yfir allan efa hve nauðsynlegt er að Hæstiréttur Íslands fái aukinn og bættan aðbúnað. Hér á landi eru aðeins tvö dómstig og þeir eru margir sem

vilja fá úrskurð eða dóm Hæstaréttar í sínum málum. En því miður hefur þessi æðsti dómstóll allt of lengi búið við ófullnægjandi húsnæði. Á honum hvílir gífurlegt vinnuálag, en sem betur fer hefur nokkuð ræst úr því á seinni árum. Ég held að það sé nú yfirleitt talið að störf Hæstaréttar hafi gengið mun greiðara eftir að dómurum var fjölgað og starfslið aukið.

Eins og hv. flm. rakti hygg ég að dómarar, lögmenn og lögfræðingar séu yfirleitt sammála um að þetta virðulega hús, Safnahúsið við Hverfisgötu, eigi að endurbæta og nýta sem dómhús Hæstaréttar Íslands til frambúðar.

Ég ætla ekki fara um þetta fleiri orðum, aðeins láta þessa skoðun mína koma skýrt í ljós og stuðning minn við þetta mál og enda á því, sem er raunar sagt í niðurlagi grg., að Safnahúsið við Hverfisgötu er glæsilegt og virðulegt hús og fer vel á því að það verði aðsetur æðsta dómstóls þjóðarinnar í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Afgreiðsla þingmála 3065.
Áfengislög (332. mál) 3082.
Dagvistarrými og skóladagheimili (296. mál) 3040.
Dómhús fyrir Hæstarétt Íslands (319. mál) 3113.
Drengskaparheit unnið 3077.
Endurnýjun fiskiskipastólsins (330. mál) 3103.
Endurskoðun skattalaga (284. mál) 3103.
Fasteigna- og skipasala (320. mál) 3078.
Fjárhagsstuðningur við Handknattleikssamband Íslands (315. mál) 3066, 3103.
Fjárhagsvandi Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (314. mál) 3055.
Fríverslunarsamningur við Bandaríkin (307. mál) 3107.
Húsnæðismál (297. mál) 3042.
Kosning endurskoðenda Framkvæmdasjóðs 3103.
Kostnaðarhlutur útgerðar (288. mál) 3019, 3081.
Ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar ríkisins (308. mál) 3047.
Staða lektors í íslenskum bókmenntum (222. mál) 3033.
Staða lektors í íslenskum bókmenntum (223. mál) 3036.
Störf milliþinganefndar um húsnæðismál (310. mál) 3050.
Störf ríkissaksóknara (293. mál) 3063.
Sveitarstjórnarlög (54. mál) 3020, 3084.
Talnagetraunir (232. mál) 3010.
Tollskrá (321. mál) 3009, 3012, 3017, 3026, 3029, 3032.
Um þingsköp 3024, 3078.
Úrskurður um störf ríkissaksóknara (280. mál) 3060.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 3020, 3077.
Veð (302. mál) 3020, 3081.
Verkfræðingar (312. mál) 3017.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3065, 3075, 3077, 3078, 3107.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 3010, 3078.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 3020, 3025, 3030.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3043, 3046, 3048, 3050, 3051, 3054.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 3009, 3016, 3026, 3028, 3032.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 3017, 3049, 3056, 3059, 3070.
Landbrh. Jón Helgason 3010, 3011, 3061, 3063, 3065, 3078.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 3034, 3036, 3037, 3040, 3041.
Samgrh. Matthías Bjarnason 3110.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3077.
Bjarni Guðnason 3030.
Björn Dagbjartsson 3082.
Davíð Aðalsteinsson 3058, 3081, 3083.
Eiður Guðnason 3014, 3016, 3075, 3078.
Ellert B. Schram 3066, 3072.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3082.
Friðjón Þórðarson 3021, 3058, 3118.
Friðrik Sophusson 3025, 3026, 3029.
Guðmundur Einarsson 3101.
Guðmundur J. Guðmundsson 3046.
Guðrún Agnarsdóttir 3030, 3047, 3049, 3050, 3053, 3055.
Gunnar G. Schram 3042, 3044, 3107.
Halldór Blöndal 3033, 3054.
Haraldur Ólafsson 3011.
Helgi Seljan 3040, 3041, 3067.
Hjörleifur Guttormsson 3038, 3053, 3096.
Jóhanna Sigurðardóttir 3021.
Jón Kristjánsson 3012, 3020.
Jón Sveinsson 3055, 3058, 3113.
Karvel Pálmason 3024, 3025, 3084.
Kjartan Jóhannsson 3027, 3031, 3033.
Kristín Halldórsdóttir 3068.
Ólafur Þ. Þórðarson 3022, 3070, 3074, 3113.
Pálmi Jónsson 3021, 3089.
Ragnar Arnalds 3013, 3015, 3103.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3012, 3015, 3033, 3035, 3036, 3039, 3040.
Stefán Benediktsson 3009, 3018, 3053, 3060, 3062, 3063, 3064, 3065.
Stefán Guðmundsson 3076.
Steingrímur J. Sigfússon 3045, 3099.
Svavar Gestsson 3021, 3027, 3029, 3052, 3086.
Tryggvi Gunnarsson 3021.
Valdimar Indriðason 3019, 3057.

Efri deild, 62. fundur.

Mánudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þannig háttar til hér að annar skrifari hefur fjarvistarleyfi næstu vikur, hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson, og ekki er til sæti handa varamanni hans öðruvísi en við fáum skrifara í hans stað. Ég vil því biðja hv. 6. landsk. þm. að gegna skrifarastörfum svo að hv. varamaður Skúla Alexanderssonar, Jóhanna Leópoldsdóttir, geti fengið sæti hér í deildinni.

Mér hafa borist eftirfarandi bréf, dags. 17. mars 1986:

„Þar sem ég verð fjarverandi af einkaástæðum á næstunni og get því ekki sótt þingfundi leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Vigfús Jónsson, Laxamýri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Björn Dagbjartsson,
5. þm. Norðurl. e.“

Vigfús Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og því hefur kjörbréf hans verið rannsakað. Er hann nú boðinn velkominn til starfa.

Verk- og kaupsamningar, frv. 274. mál (þskj. 509). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Á þskj. 509 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um verðbreytingar í verk- og kaupsamningum.

Nú er það þannig að hér á landi hafa tíðkast ýmis vinnubrögð í verk- og kaupsamningum hvað verðbreytingar áhrærir og hefur þar verið nokkuð misjafn gangur á. Þessum lögum er í fyrsta lagi ætlað tvennt: Það er annars vegar að koma á einni tegund vinnubragða í verðbreytingum í verksamningum og svo hins vegar að koma þeirri tegund vinnubragða á sem jafnar á eins réttlátan hátt og hægt er að gera þegar um þessa hluti er að ræða þeirri áhættu eða hagnaðarvon, sem í kaupsamningum með verðbreytingum felast, á báða samningsaðila, a.m.k., og það er í raun og veru lágmarkskrafa, að koma í veg fyrir að uppfærðar verðbætur, þ.e. greiddar verðbætur og innborganir á verk- og kaupsamninga, geti ekki orðið hærri upphæð en uppfærð samningsupphæð til sama tíma.

1. gr. þessa frv. segir aðeins að heimilt sé að breyta umsömdu verði í þjónustu-, verk- eða kaupsamningum ef breytingar verða á kostnaði vegna efnis eða launa sem til þarf á framkvæmdatíma samnings eða hluta hans.

Hingað til hafa ekki verið nein lög á Íslandi sem taka af né heimila þessa hluti. Þess hefur ekki þótt þörf þar sem þetta var álitinn mjög eðlilegur hluti af frjálsum samningum. Nú er það aftur á móti svo að eftir að Íslendingar fóru að lifa við mjög varanlega verðbólgu og voru búnir að gera um margra ára eða áratuga skeið voru settar ákveðnar reglur í krafti þeirra laga sem samþykkt voru í júní 1979 og almennt ganga undir nafninu Ólafslög. Þessar reglur voru settar í tengslum við þessi lög af Seðlabankanum og giltu um framkvæmd verðbreytinga í lánastarfsemi banka.

Sumir vildu skilja lögin þannig að það ætti líka að vera hlutverk Seðlabankans að setja reglur um notkun verðbreytinga í verk- og kaupsamningum. Seðlabankinn aftur á móti skildi lögin þannig og tók þá afstöðu að það væri ekki hans hlutverk að setja reglur um notkun verðbreytinga í samningum aðila sín á milli sem ekki tengdust banka- eða útlánaviðskiptum.

Sú regla, sem notuð er t.d. við verðbreytingu á bankalánum eða í verðbreytingum á sparifjárinnistæðum, er í grundvallaratriðum þannig að leggi maður inn ákveðna upphæð og láti hana liggja á reikningi í langan tíma er sama hvort maður tekur þessa upphæð út einhvers staðar á því tímabili sem um ræðir eða geymir hana til loka tímabilsins sem um ræðir. Maður fær verðbætur nákvæmlega í hlutfalli við þá tímalengd sem innistæðan hefur staðið inni. Ef við erum að tala um lán borgar maður af láninu á einhverjum ákveðnum umsömdum afborgunartíma og þegar þeim afborguanrtíma er lokið standa að jöfnu annars vegar greiddar afborganir og verðbætur og hins vegar hið upphaflega lán sem tekið var uppfært samkvæmt vísitölu til þess dags sem lokagreiðsla var innt af hendi.

Þegar maður horfir til þess að í verk- og kaupsamningum, sem gerðir hafa verið um fjölda verka, bæði óopinberra og opinberra, hefur verið notast við vísitöluútreikning og verðbótaútreikning, sem skilar annarri niðurstöðu en þessari, held ég að menn sjái nauðsyn þess að setja lög sem þessi. Þannig er mál með vexti að eftir því sem verðbólga á Íslandi gerðist æ trylltari töldu menn að þær reglur, sem notaðar voru til að breyta verði eða verðbæta, sem yfirleitt var nú um að ræða, umsamdar upphæðir í samningum, gæfu ekki réttláta niðurstöðu og menn reyndu sig í því að finna ýmsar leiðir til að ná því sem menn kölluðu réttlátustu niðurstöðu. Þá var það að menn duttu ofan á að nota það sem er kölluð línuleg vísitala.

Þannig er mál með vexti að vísitala er gefin út hér reglubundið, en hún er ekki gefin út daglega eða oft á dag. Hún er gefin út eins og er mánaðarlega, en áður fyrr voru vísitölur gjarnan ekki gefnar út tíðar en á þriggja mánaða fresti. Þá var það að menn fóru að tengja saman vísitölur eins tímabils, þá vísitölu sem var í upphafi og þá vísitölu sem var í lok tímabilsins, og bjuggu sér síðan til gervivísitölur einstakra daga á þessu þriggja mánaða tímabili og verðbættu samkvæmt þessari gervivísitölu. Þetta er að nokkru leyti hliðstætt við það ef menn væru að höndla t.d. með gjaldeyri þar sem gengi er gefið út daglega. Þegar einhver afhenti einhverjum gjaldeyri á miðnætti gerði hann það á gengi sem hann reiknaði sér út með því að taka meðaltal af genginu deginum áður og deginum eftir að sala fór fram.

Auðvitað geta menn í sjálfu sér samið um slíkt og þannig hafa menn líka litið á þetta. Það sé einfaldlega atriði sem afgreitt sé í frjálsum samningum, menn semji um jafngáfulegar eða vitlausar verðbætur og þeim hentar hverju sinni. En menn skyldu líka taka tillit til þess að þegar verið er að verðbreyta og þá í flestum

tilfellum verðbæta er verið að ákveða endanlegt verð á einhverri vöru, hvort sem það er framleiðsluvara eða fjárfestingarvara eins og bygging eða tæki í verksmiðjum. Því hærri sem verðbæturnar eru, sem greiddar eru, því hærra verður náttúrlega verð vörunnar. Það er út af fyrir sig allt í lagi ef verðbætur standa í beinu samhengi við þá verðmætasköpun sem orðið hefur, en ef ekki er lengur beint samhengi milli verðmætasköpunarinnar og verðbótanna, sem greiddar eru, eru menn farnir að greiða yfirverð og þá er verðmyndunin ekki lengur rétt. Þá er hún orðin röng.

Til þess að koma á einhvers konar alþjóðlegum vinnubrögðum í þessum málum kom svokölluð efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf sér niður á það í mars 1957 að gefa út ákveðinn viðauka við alþjóðlegar reglur um skilmála um sölu og uppsetningu á tækjum og vélbúnaði til inn- og útflutnings. Þessi viðauki fjallaði um hvernig skyldi gera upp verðbætur. Grundvallaratriði þessara reglna felst einfaldlega í því að verkkaupa sé ekki skylt að verðbæta útlagðar krónur í samningi eða þær krónur sem samið er um fyrr en verktaki hefur lagt þær út og eingöngu á þeim tíma sem verktaki leggur þær út þar til greiðsla er innt af hendi.

Þess vegna hljóðar 2. gr. þessa frv. þannig að til verðbreytinga skuli nota reiknireglu er viðskrn. gefur út á grundvelli viðauka við almenna skilmála um sölu og uppsetningu á tækja- og vélbúnaði til innflutnings og útflutnings nr. 188 A sem samin var á vegum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í Genf í mars 1957.

Reglur eins og hér er verið að tala um hafa verið gefnar út í nágrannalöndum okkar. T.d. hefur það ráðuneyti í Svíþjóð sem með þessi málefni fer gefið út reglugerð svipaðs eðlis og hér um ræðir. Það hefur gert það í samráði við samtök verktaka í Svíþjóð. Það hefur líka orðið að samkomulagi ráðuneytisins við verktakasambandið að ráðuneytið gefur út reglulega vísitölur á svipaðan hátt og Hagstofan gerir hér á Íslandi í dag, en þó öllu betur eða meira sundurliðaðar en hér gerist. Vel gæti maður hugsað sér að slíkt fyrirkomulag leiddi af samþykkt þessara laga.

Í 3. gr. segir: „Í þjónustu-, verk- eða kaupsamningum með breytanlegu verði skal taka greinilega fram hvaða verð eða vísitölu skuli nota við reikningsgerð vegna samnings eða hluta hans."

Þetta er í sjálfu sér alltaf tekið fram í samningum. En þá vel að merkja að hingað til hefur ekki verið samið um þessa hluti samkvæmt heimildum eða stoð í lögum. Þegar menn fara að skipta sér af slíku af opinberri hálfu verður að tiltaka þá hluti sem ákveðnir verða að vera og fram verða að koma í samningum sem gerðir eru í samræmi við þessi lög.

Frú forseti. Með frv. þessu fylgir grg. þar sem lýst er því reikningsfyrirkomulagi sem hér er verið að mælast til að tekið verði upp í verk- og kaupsamningum. Ég hef átt nokkrar viðræður við aðila verktakamarkaðarins um þessi vinnubrögð og það skal sagt strax að ekki eru menn þar á eitt sáttir um þetta fyrirkomulag. Það er, að því er ég best fæ fundið, þó nokkur andstaða gagnvart þessari lagasetningu.

Þau rök sem fram koma í því máli af hálfu verktakanna eru ekki ýkja flókin. Þau eru einfaldlega að þeir segja: Við fáum með þessu móti minna fyrir okkar snúð. Og þeir segja einnig að verði lög svipuð þessu samþykkt muni tilboðsverð í útboðum hækka.

Án þess að ætla að fara að gera mönnum upp allt of stórar sakir tel ég að þessar tvær röksemdir, sem verktakar nota, mæli þó nokkuð sterklega með samþykkt þessa frv. Ef verktakar telja sig vera að missa spón úr aski sínum við samþykkt þessara laga virðist mér það benda til þess að ágóðahlutur þeirra af verksamningum hafi að einhverju leyti legið í verðbótunum, en það þýðir um leið að því hinu sama hefur verkkaupinn tapað. Hin röksemdin, þ.e. að við munum fá hærri tilboðsverð í útboðum verka með tilkomu þessara laga, gefur manni tilefni til að fullyrða að verð það sem sett hafi verið fram í tilboðum til verka hafi þá alls ekki byggst á raunsæju verðmætamati heldur hafi menn fyrst og fremst veðjað á þá verðbótareglu sem notuð hefur verið til að verðbreyta í verk- og kaupsamningum til þess að bæta sér upp verðlagningu sem hugsanlega var ekki nægilega nákvæm eða nægilega raunsæ. Þess vegna tel ég, jafnvel enn fremur en ella, nauðsyn á því að komið verði á einhvers konar reglulegum vinnubrögðum í þessum málum.

Frú forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 219, n. 584, brtt. 585). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum, sem er frá heilbr.- og trn. Nd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum og kynnt sér rækilega ýmis gögn sem varða málið. Lágu frammi fyrir nefndinni margvísleg gögn um ráðstafanir gagnvart ónæmistæringu í ýmsum nágrannalöndum okkar, t.d. Svíþjóð og Bretlandi, sem nefndarmenn kynntu sér.

Eftir talsverða umfjöllun um málið varð nefndin sammála um afgreiðslu málsins og flytur brtt. á sérstöku þskj.

Nál. er undirritað af Pétri Sigurðssyni, formanni nefndarinnar, Guðmundi Bjarnasyni, Ólafi G. Einarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Friðrik Sophussyni, Guðrúnu Helgadóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Meginefni þessarar brtt. er það að komið er til móts við þær óskir samstarfsnefndar Borgarspítala og Landspítala og annarra, sem um þetta mál hafa fjallað, að skráningu kynsjúkdóma verði hagað á þann veg að fyllsta trúnaðar verði gætt varðandi persónu hins smitaða. Vil ég lesa brtt. þessa sem er á þskj. 585.

„Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:

4. gr. laganna orðast svo:

Skráningu kynsjúkdóma skal haga þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt varðandi persónu hins smitaða.

Læknar skulu skrá sérstaklega alla einstaklinga með kynsjúkdóma og senda þær upplýsingar til landlæknis á þar til gerðu eyðublaði sem skrifstofa landlæknis gefur út. Þar skal einungis skrá fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn hins smitaða. Læknir hins smitaða skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi auðkenni viðkomandi einstaklings og gæta þess að öll slík auðkenni séu á vitorði hans eins. Gögn er varða auðkenni einstaklings skulu ekki fara úr vörslu læknis til vélritunar eða annarra nota.

Ef tveir skráðir einstaklingar hafa sama fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn skulu læknar viðkomandi einstaklinga bera saman fæðingarnúmer þeirra til að koma í veg fyrir tvískráningu.

Sýni, send til rannsóknar frá þeim sem ástæða er til að ætla að hafi kynsjúkdómasmit, skulu merkt með upphafsstöfum þess læknis sem sýnið sendir og raðnúmeri sem hann gefur viðkomandi einstaklingi.

Landlæknir sér um faraldursfræðilega skráningu kynsjúkdóma."

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 585 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Veð, stjfrv. 302. mál (þskj. 555). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt þar sem ríkisstj. hefur borist áfangaskýrsla nefndar um fiskeldismál. Þar eru m.a. gerðar tillögur um tilhögun á rekstrar- og afurðalánum til fiskeldisfyrirtækja. Í skýrslu þeirrar nefndar kemur fram að ein helsta fyrirstaða þess að unnt sé að veita afurðalán til fiskeldisfyrirtækja sé skortur á veðum og skipti þar mestu máli að samkvæmt núgildandi veðlögum er álitamál hvort eldisfiskur sé hæft andlag veðsetningar fyrir slátrun. Fiskeldisstarfsemi er nefnilega þannig háttað að oft er mun meira verðmæti fólgið í þeim fiski sem verið er að ala en í fastafjármunum fiskeldisstöðvanna sjálfra. Þetta hlutfall er breytilegt, en þess finnast dæmi að fiskur sem alinn er í eldiskerum í sjó nái allt að tíföldu verðmæti kvíanna sjálfra.

Með veðlögum er það meginregla að mönnum sé óheimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru einu almennu nafni. Á hinn bóginn hefur löggjafinn veitt ýmsar undanþágur frá þessari meginreglu, eins og nánar er rakið í athugasemdum með þessu frv.

Sú undanþága sem lagt er til að lögleidd verði með þessu frv. er hliðstæð þeim undanþágum sem löggjafinn hefur þegar heimilað og sýnist eldisfiskur engan veginn vera ótryggara andlag sjálfsvörsluveðsetningar en þær afurðir sem núgildandi undanþágur taka til.

Þetta frv. hefur farið óbreytt í gegnum Ed. og þar var það afgreitt samhljóða. Með því er verið að taka öll tvímæli af um það að leyfilegt er að veðsetja fisk í fiskeldisstöðvum. Þannig er verið með því að greiða fyrir eðlilegri starfsemi þessarar tiltölulega ungu atvinnugreinar.

Herra forseti. Ég tel ekki nauðsyn bera til að hafa fleiri orð um þetta sjálfsagða og nauðsynlega frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er á dagskránni 3. mál, lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, stjfrv. Þetta frv. var lagt fyrir hv. þingdeild 20. febr. s.l. Það er að verða mánuður liðinn frá því þetta frv. var lagt fyrir og hefur verið á dagskránni síðan, en ekki enn þá verið mælt fyrir málinu. Ég gerði fyrir viku eða hálfum mánuði athugasemd um þingsköp og innti eftir því hvað ylli. Þá var hæstv. menntmrh. fjarverandi eins og flestir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands. Nú hefur raknað úr því. Nú eru ráðherrarnir komnir heim flestir hverjir og hæstv. menntmrh. viðstaddur. Ég hef síst á móti því að rætt sé um sveitarstjórnarfrv., 1. mál á dagskrá þessa fundar. Það er búið að ræða það mikið og ítarlega og verða sjálfsagt langar umræður enn. En ég inni, herra forseti, eftir því: Er enginn vilji fyrir því af hálfu ríkisstj. að mæla fyrir þessu stjfrv., 3. máli á dagskrá?

Forseti (Karvel Pálmason): Út af ummælum hv. 5. þm. Austurl. skal ég ekki upplýsa um vilja hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, en ég minnist þess að hv. 5. þm. Austurl. átti tal um þetta mál hér ekki alls fyrir löngu og innti eftir því. Aðalforseti er ekki mættur, en mun koma bráðlega í þinghúsið, það ég best veit, og þessum skilaboðum skal komið til hans.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hafði hugsað mér reyndar, þegar hæstv. aðalforseti væri mættur, að inna hann eftir þessu máli og ég held að það sé ástæða til að hinkra við með það þangað til. En síðasta mánudagsmorgun hafði ég samband við forseta og óskaði sérstaklega eftir því að fá að mæla fyrir þessu frv. og sömuleiðis beið ég hér allan fundartíma á miðvikudag eftir því að fá það tækifæri, en gafst ekki. Að öðru leyti hinkra ég við með þetta mál þar til að hæstv. forseti er mættur.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 602, brtt. 545, 552, 605, 607, 612, 614, 615). — Frh. 3. umr.

Guðmundur Einarsson (frh.)**:** Herra forseti. Þegar ég var hér í ræðustól í síðustu viku ræddi ég þann ágalla þessa máls, sem ég tel einna stærstan, að það fjallar alls ekki um það sem þyrfti að fjalla um í sambandi við sveitarstjórnarmál í dag. Ég gerði að umtalsefni að mönnum virðist það hugleiknara að eiga við smáa letrið þessa dagana en takast á við mál sem skipta miklu máli,

mál sem eru jafnvel mjög til umræðu úti í samfélaginu allt í kringum okkur. Ég vísa þá til umræðna sem hafa orðið um fylkisstjórnir eða þriðja stjórnsýslustigið. Ég vísa þar til Samtaka um jafnrétti milli landshluta og vísa til tugþúsunda sem hafa lýst fylgi sínu við þau samtök á einn eða annan hátt með undirskriftum, með því að mæta á fundi o.s.frv.

Það sem kannske verður manni umhugsunarefni við að lesa þetta frv. er sú staðreynd að það er skrifað, eins og sagt er, ofan frá og niður úr. Það er skrifað frá félmrn. og niður til sveitarstjórnanna frekar en að vera skrifað frá sveitarstjórnunum og fólkinu upp til þeirra valdhafa sem þar sitja. Ég vil taka um þetta örfá örlítil dæmi eða lýsa almennt því sem ég tel að vanti í þessa umræðu.

Athugum hvernig umræða um sveitarstjórnarmál hefur verið víða, t.d. í löndunum í kringum okkur. Þar fjallar fólk mjög um hvernig fólkið geti fengið að koma skoðunum sínum og áhrifum til skila. Það veltir því t.d. fyrir sér hvernig það eigi að hafa áhrif á gang mála í sveitarfélögum á milli kosninga, hvort ekki eigi að setja ákvæði um borgarafundi þar sem mál séu tekin reglulega upp, hvort ekki eigi að setja ákvæði um upplýsingaskyldu og upplýsingadreifingu til borgaranna allra. Menn velta því t.d. fyrir sér hvort það eigi ekki að setja skilyrði um beint sjónvarp eða beint útvarp borgarstjórnafunda til að fólk geti fylgst með því hvað er að gerast þar, hvaða ákvarðanir er verið að taka um líf þess, hvernig verið er að ákveða að eyða peningum þess. Menn velta því fyrir sér hvort ekki væri ráð að skylda sveitarstjórnaryfirvöld til að dreifa fundargerðum bæjarstjórnafunda eða borgarstjórnafunda í öll hús í byggðarlaginu þannig að fólki sé kunnugt um hvað er þar á seyði, hvaða ákvarðanir er verið að taka um líf þess, hvernig er verið að verja fjármunum þess og hvernig er verið að móta umhverfi þess á annan hátt. Menn geta t.d. velt því fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að setja um það skilyrði að reikningsniðurstöðum sveitarfélags eigi að dreifa, segjum reglulega, til allra borgaranna, hvort sem það er ársfjórðungslega eða oftar, þannig að fólk geti fylgst með því hvað er að gerast varðandi hagi þess sjálfs meðan á kjörtímabili stendur.

Þetta sjónarmið, þessi almenna áhersla á áhrif fólksins sjálfs kemur alls ekki fram nema síður sé í þessu frv. Ég vil t.d. benda á 90. gr. frv. þar sem talað er um hvað gerist ef sveitarstjórnaryfirvöld lenda í fjárþröng: „Komist sveitarfélag í fjárþröng, þannig að sveitarstjórn telur sér eigi unnt að standa í skilum, skal hún tilkynna það til ráðuneytisins.“ Síðan er talað um að ráðuneytið skuli tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja það síðan fyrir sveitarstjórn o.s.frv. En hvað með kjósendur? Hvað með fólkið sem kaus þessa menn? Það er ekkert talað um að það eigi t.d. að halda borgarafund eða leggja það fyrir fólkið í sveitarfélaginu hvernig málum er komið. (**FrS:** Það er kosið á fjögurra ára fresti.) Kemur kjósendum það ekki við ef svo illa stendur að ástæða er til að tilkynna alvarlega fjárþröng til ráðuneytis? Þó að kjósendur kjósi sveitarstjórnarmenn á fjögurra ára fresti þýðir það ekki að þeir eigi að vera áhrifalausir án umsagnar og án valda allan þann tíma. Kjósendur hafa ekki afsalað sér völdum í fjögur ár.

Þetta er dæmi um hugsunarhátt sem ég tel að þyrfti að breyta í þessu frv., þ.e. að það á að hugsa þessi mál miklu meira út frá íbúunum sjálfum. Það á að hugsa um hvernig þeir geti komið skoðunum sínum, hvernig þeir geti komið áherslum sínum til skila allt kjörtímabilið á formlegan hátt, hvort sem það er með borgarafundum eða formlegum, skriflegum tilmælum. Það eiga líka að vera ákvæði um mjög víðtæka upplýsingaskyldu stjórnvalda í héraði, t.d. með því að gera það að skyldu að dreifa fundargerðum bæjar- og borgarstjórna og nefnda þeirra á reglubundinn hátt til allra íbúa á svæðinu og tryggja fólki á annan hátt að það geti fylgst með því hvað er að gerast í þessum valdastofnunum.

Við getum t.d. velt því fyrir okkur hvað íbúar Reykjavíkur vita um gang mála hjá Reykjavíkurborg. Það er ekki vinsælt efni í ríkisfjölmiðlum að fjalla um borgarmál. Það er ekki vinsælt efni í dagblöðum landsins að fjalla um borgarmál. Engu að síður eru borgarmál, svo við tökum þau áfram sem dæmi, þau mál sem varða hagi næstum helmings þjóðarinnar. Það eru mál sem koma mjög nærri þessu sama fólki á hverjum einasta degi. Það geta verið gangstéttir, það getur verið vatnsveita, það getur verið rafmagn og sími, leikvellir eða ýmislegt annað. Allt eru þetta mál sem hvert á sinn hátt getur brunnið mjög á borgurunum, en um þetta er svo lítil umræða að hún er ekki nema brot af þeirri umræðu sem fer fram um landsmál almennt og þykir mönnum þó að miklu meira mætti gera í þeim efnum, þ.e. mönnum þykir umræðan um landsmálin í heild vera afar lítil. Hvað þá með sveitarstjórnarmálin? Þessu er líklega heldur betur komið víða úti um land þar sem bæjarblöðin nýju, sem hafa haldið innreið sína á undanförnum tveimur, þremur, fjórum árum, hafa vakið upp áhuga og umræðu um borgaramálefni. En slík umræða er ekki á stærri stöðunum eins og hér í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum.

Ég held að þetta séu málefni sem menn ættu að velta fyrir sér þegar þeir eru að tala um sveitarstjórnarmál, hvernig hægt er að koma skoðunum og áherslum borgaranna til skila milli kosninga og hvernig borgarar geta fengið upplýsingar um hvað embættismenn þeirra og kjörnir fulltrúar eru að gera á kjörtímabilinu.

Ég held að menn ættu líka að velta fyrir sér ýmsu öðru. Menn ættu að velta fyrir sér hvort ástæða sé til að kjósa embættismenn til fleiri verka í sveitarstjórnum og sveitarfélögum en nú er, vegna þess að eins og kerfið er nú kemur upp í kringum sveitarstjórn hjörð ýmiss konar embættismanna og áhrifamanna sem bera enga ábyrgð gagnvart fólkinu sem þeir eru að vinna fyrir, enda verður það oft raunin að þessir menn líta miklu fremur á sig sem herra fólksins en þjóna þess. Þetta eru allt saman hlutir sem menn eiga að hugsa um ef þeir eru að taka til gagngerðrar endurskoðunar lög um sveitarstjórnir.

Það er alls ekki viðunandi að endurskoðunin nái einungis til sjálfsagðra tæknilegra hluta og það sé annaðhvort fellt úr eða því sé sleppt að minnast á allt sem við getum sagt að horfi til raunverulegrar opnunar þessa kerfis og aukins lýðræðis. Þetta eru enn þá frekari ástæður fyrir því að vísa þessu frv. frá að öðru leyti en viðvíkur nauðsynlegum greinum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Það sem menn eiga þá að taka á eru þau málefni fólksins sem ég er að tala um. Það er þriðja stjórnsýslustigið eða fylkisstjórnirnar, sem er augljós-

lega eitthvert stærsta málið í íslenskum stjórnmálum í dag, og starfsemi sveitarstjórnanna inn á við, upplýsingaskylda þeirra, upplýsingamiðlun þeirra og hvernig sveitarstjórnir opna sig fyrir borgurunum á milli kosninga. Það er ekki nóg að auglýsa einstaka viðtalstíma. Það þarf að hafa formlegan grundvöll fyrir fólk til að koma að áhugamálum sínum, aðfinnslum og annarri umfjöllun um sveitar- og borgarstjórnarmál til skila. Þess vegna vil ég beina því til manna að þeir velti fyrir sér t.d. reglulegum borgarafundum með formlegan rétt til ályktana og áhrifa á sveitarstjórnarmál. Ég vil að menn velti því fyrir sér að kjósa embættismenn til fleiri verka en nú er. Í rauninni eru ekki kosnir neinir embættismenn. Þeir eru allir skipaðir núna. Ég tel að menn ættu að velta fyrir sér upplýsingaskyldu og upplýsingadreifingu innan sveitarfélaga, hvort sem það er gert með kapalkerfum, sem víða eru fyrir hendi, og beinum útsendingum frá bæjar- og borgarstjórnarfundum eða hvort menn gera það með útvarpssendingum eða útgáfu ritaðs og prentaðs máls. Ég held að það ætti að vera skylda að dreifa fundargerðum borgar- og bæjarstjórnarfunda inn á hvert heimili í sveitarfélaginu og ég held að það ætti að vera skylda að dreifa reikningslegum niðurstöðum um stöðu borgar- og bæjarsjóða t.d. ársfjórðungslega með góðum skýringum inn á hvert heimili í umdæminu. Þetta eru allt saman mál sem horfa til opnunar og aukins lýðræðis í þessu kerfi.

Ég skal ekki hafa langt mál um einstakar greinar þessa frv., herra forseti, en ýmislegt í sambandi við orðalag þar er býsna skondið og ber vitni um afstöðu valdsmannanna til þjóna sinna eins og ég var að tala um áðan. T.d. stendur í 2. gr. frv.: „Félmrn. fer með málefni sveitarfélaga. Engu málefni, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar." Sveitarstjórnin fær m.ö.o. að hafa umsagnarrétt um málefni sín og fólksins í sveitarfélaginu.

Menn hafa velt því fyrir sér í sambandi við 5. gr., þar sem er talað um sameiningu sveitarfélaga, hvort lögþvingun á sameiningarmálum sé í raun brot á lýðréttindum. Um það geta verið skiptar skoðanir, en ég vek athygli á því sjónarmiði.

Í 6. gr. stendur í 4. málsgr.: „Sveitarfélög skulu hafa með höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og viðhorfum og þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri þjónustu fyrir þá en miðstýring af hálfu ríkisvaldsins."

Það þarf í raun og veru alls ekki seinni hluta þessarar setningar. Það er alveg nóg að segja: Sveitarfélög skulu hafa með höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og viðhorfum. Það þarf ekkert að taka fram nánari skilgreiningu á því hvernig það sé mati háð að tilteknum málum sé betur varið þannig en með miðstýringaráhrifum frá ríkisvaldi.

Þannig mætti tína til ýmis dæmi um það viðhorf að þessum málum sé ráðið ofan frá og niður til sveitarfélaganna í staðinn fyrir að aðalaðsetur valdsins sé hjá sveitarfélögunum sjálfum og þeim verkefnum sem þau ekki vilja eða geta sinnt sé síðan ýtt upp til ráðuneyta eða annarra þeirra stjórnvalda sem þar sitja fyrir ofan. Þetta er spurning um viðhorf til valdsins og þetta er býsna stór spurning og raunar aðalspurningin sem menn eiga að spyrja þegar þeir fjalla um sveitarstjórnarmál.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það hefur komið greinilega í ljós í umræðum um þetta frv. að skoðanir hv. þm. eru mjög skiptar. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum manni og á það hefur verið bent hvað eftir annað.

Það var vikið að því að ég hefði greitt atkvæði gegn frv. við 2. umr. Það er rétt. Við munum hafa verið tveir, ég og hv. 4. þm. Suðurl., sem greiddum atkvæði gegn 1. gr. frv. En ég hygg að það sé viðtekin venja, ef þm. telja sig ekki geta stutt frv. í þeirri mynd sem það er þegar til atkvæðagreiðslu kemur við 2. umr., greiði þeir atkvæði gegn 1. gr., þó að hún sé ekki verri en aðrar greinar frv.

Þrátt fyrir þessar gagnrýnisraddir hefur lítið verið á gagnrýni hlustað. Það er þeim mun dapurlegra þar sem í raun og veru er víðtækur sáttagrundvöllur í þessu máli. Við viðurkennum allir að þetta er með stærri málum, má segja að það komi næst á eftir stjórnarskránni, hvernig skipan sveitarstjórnarmála er háttað. Það er því ekkert smámál sem við erum hér að ræða. Það er ekki mál sem hægt er að kasta höndum til.

Því var lýst yfir í nál. meiri hl. félmn. við 2. umr. að meiri hl. legði til að gerð yrði sú meginbreyting á frv., eins og það var lagt fram, að IX. kaflinn, um lögbundið samstarf sveitarfélaga, yrði felldur niður. Eins og greinilega hefur komið fram hvað eftir annað er ég andvígur þessari yfirlýsingu og mun þess vegna ekki geta stutt frv. þó að ég hins vegar geti stutt ýmsar greinar þess. Ýmsar greinar frv. og jafnvel kaflar eru þannig upp byggðir að það er ástæðulaust að vera andvígur því í sjálfu sér. En það er árátta þeirra sem gengið hafa frá frv. í þá átt að fella niður sýslunefndir, fella niður kaflann um héraðsnefndir, það er þessi árátta að vilja afnema lögbundið samstarf sveitarfélaga á héraðsgrundvelli hvað sem það kostar, það er sú stefna sem ég er andvígur og mun því ekki geta stutt frv. ef sú stefna heldur velli.

Hins vegar tel ég ástæðulítið að halda uppi málþófi í þessum umræðum. Það hefur komið skýrt fram hver er mín skoðun eða skoðanir okkar sem höfum gagnrýnt frv. og auðvitað gengur það sína leið.

Ég tel að till. hv. 3. þm. Vestf. sé í raun og veru afar eðlileg. Henni hefur þegar verið lýst og um hana hefur verið rætt svo að ég þarf ekki að ræða hana nánar. En ég tel hana mjög eðlilega eins og málum er háttað.

Ég tel enn fremur að till. 1. þm. Norðurl. v. á þskj. 605 sé skynsamleg eins og málum er komið. Við skulum ekki vera neitt sérstaklega að ræða till. hv. þm. á þskj. 605 aðrar en IX. kaflann þar sem því er þó slegið föstu að sýslufélögin skuli halda velli áfram. Mér líst svo á að ég geti verið samþykkur þessum kafla eins og hann kemur fram á þskj. 605 þó að e.t.v. mætti slípa hann betur og gera við hann nokkrar athugasemdir og lagfæringar.

Ég vek sérstaklega athygli á 102. gr. þar sem segir að tekjur sýslusjóðs skuli vera álögð aðstöðugjöld og tekjuskattur af félögum í hverri sýslu. En síðan er vikið að því, að því sem á vanti að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum skuli jafnað niður á sveitarfélögin að þriðjungi eftir íbúatölu o.s.frv. Þar kemur fram gamla reglan um niðurjöfnun sýslusjóðsgjalda. En ég tel ekki rétt að slá því föstu að sýslufélögin, ef þau starfa áfram, búi eingöngu að heimafengnum tekjum, ef svo má segja.

Að vísu hefur ríkisvaldið ávallt sagt við sýslufélögin: Þið getið lagt eins mikið og ykkur sýnist á hreppana, en þið fáið ekkert af opinberu fé til ykkar starfsemi. — Allar sýslunefndir hafa vitaskuld hlíft sér við að leggja há útgjöld á hreppana, og satt að segja hefur alltaf verið gat í þessari löggjöf. Þurft hefði að koma til sérstakur tekjustofn, einhver tekjustofn, frá ríkinu. T.d. eitthvað af söluskatti, hálft eða eitt stig, eða af öðrum tekjum úr ríkissjóði. Það er kannske varla sanngjarnt að koma fram með svona lagagrein nú vegna þess að á undanförnum árum hygg ég að það hafi orðið hvati ýmsum hreppsfélögum til að sækja um kaupstaðarréttindi að þeim þótti sýslusjóðsgjaldið og önnur gjöld til sýslufélagsins nokkuð þungbær.

Ég leyfi mér að benda á að það hefur komið fram í mínu máli og margra annarra, sem gagnrýnt hafa frv., að þeir hafa bent á margt sem öðruvísi mætti haga í sambandi við sýslufélög og sýslunefndir. M.a. er í mínum augum ekkert aðalatriði, síður en svo, að sýslumenn haldi endilega áfram að vera oddvitar sýslunefnda. En samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir eiga þeir að fá að vera skiptaforstjórar. Það má segja að sýslumenn séu vanir því hlutverki að vera skiptaráðendur. Oft getur það verið erfitt. Ég hygg að þarna muni það starf í mörgum tilvikum verða mjög erfitt því að það eru sem betur fer mörg sýslufélög sem hafa staðið sig vel fjárhagslega og eiga miklar eignir sem einhvern veginn þurfa að koma til skipta, einhvern veginn þarf að ráðstafa. En þar eiga sýslumenn að fá að syngja sitt síðasta vers, eins og þar stendur, fá að vera skiptaforstjórar. (**FrS:** Þeir syngja nú margir vel.)

Ég sagði að ég teldi ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég ætla aðeins að nefna hér í lokin að í gildi eru góð lög að mínum dómi um sameiningu hreppa eða sameiningu sveitarfélaga, nr. 70/1970. Þrátt fyrir þessi góðu lagaákvæði hefur litlu munað í þessum efnum. Það hafa sárafá sveitarfélög notað sér þessi ákvæði til að efla sig með sameiningu. Ég minnist þess að jafnvel hreppur þar sem verið hefur einn einasti íbúi eftir hefur reynst næsta erfiður viðureignar, alþm. og stjórnvöldum. Það má segja að þetta sé kannske óeðlilega mikil lífsseigla og hún sé algerlega óréttlætanleg. En við megum þó muna eftir því að einhvern tímann sagði Jón forseti: „Seiglan er okkar besti bjargvættur.“ Hún kann stundum að geta gengið út í öfgar. En ég hygg að við megum samt minnast þessara orða.

Það sem ég hef gagnrýnt m.a. í þessu máli er að sýslunefndir hafa frá upphafi vega verið hafðar að skotmarki. Aðaláhugamál þeirra sem fyrir þessu máli hafa barist virðist hafa verið að koma sýslunefndum fyrir kattarnef hvað sem það kostaði. En ég bendi á í þessu efni hvort með þessu sé allt fengið. Ég bendi t.d. á sýslufélögin sem hafa innan sinna vébanda marga smáa hreppa. Dalasýsla er með níu fámenn sveitarfélög innan sinna vébanda, Strandasýsla, ég man ekki hvað mörg. En þessum sýslum er það þó sameiginlegt að þær eru fámennar og innan þeirra marka er ekki nema einn staður þar sem hægt er að tala um þéttbýli og er því sjálfsagður höfuðstaður viðkomandi sýslufélaga.

Ég bið menn að setja sig í spor hinna fámennu sveitarfélaga á þessum slóðum og hugleiða hið fornkveðna: „Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.“ Hugboð mitt er það að í þessu tilviki muni hin fámennu sveitarfélög sakna vinar í stað ef sýslufélögin verða afmáð. Ég tel ekkert eðlilegra en þetta eina lögboðna samstarf nágrannahreppa á héraðagrundvelli haldist í löggjöf.

Þar með er ég ekki að segja, og ég endurtek það einu sinni enn, að allt eigi að vera óbreytt, síður en svo. Ég tel mjög hyggilegt, gott og farsælt, að sameina smáhreppa og mynda stærri og öflugri sveitarfélög. Einnig tel ég mjög eðlilegt og raunar sjálfsagt að athuga um breytingu sýslumarka á nokkrum stöðum á landinu. Sýslumörkin eru sums staðar óeðlileg miðað við nútímabúnaðarháttu. Allt þetta bið ég hv. deildarmenn að hugleiða. Það er ekki víst að allir séu svo nákunnugir þessum málum. Ég tel þetta vera mál sem miklu skipti fyrir uppbyggingu þjóðlífs okkar og þjóðfélags. Við höfum hingað til verið sammála um það held ég, alþm., að reyna að halda landinu öllu í byggð, byggja landið allt. Og ég á ekki von á því að sú stefna hafi breyst. Ég vona að þeirri stefnu verði fylgt áfram og sú niðurstaða sem við komumst að í þessu máli megi leiða til þess að byggðir um allt land megi blómgast á komandi tíð.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að flytja langa ræðu um þetta mál, ég hef þegar talað tvívegis í málinu, en mig langar að vekja athygli á nokkrum atriðum við 3. umr. málsins.

Í fyrsta lagi hefur verið lögð fram brtt. frá hv. 3. þm. Vestf. og nokkrum öðrum hv. þm. Þessi brtt. gerir ráð fyrir að aðeins tvær greinar frv. haldi sér. Það skal tekið fram að hugmyndir sem koma fram í brtt. hv. þm. Karvels Pálmasonar um að 13. gr. frv. og sú 19. haldi sér, eins og kemur fram á þskj. 607, voru talsvert ræddar í nefndinni. Ég tel að ég geti sagt að það sé allsherjarsamkomulag um það, a.m.k. á meðal nefndarmanna og sjálfsagt meðal allra þingflokka, að orðalag greinanna verði eins og þar er gert ráð fyrir og að kosið verði í vor með þeim hætti sem við höfum lagt til. Þessar tvær greinar fjalla sem sagt annars vegar um kosningarréttinn, kosningarréttarskilyrðin, aðallega þó það að kosningarrétturinn er nú miðaður við 18 ár en var 20 áður, eins eru þar gerðar örfáar lagfæringar sem allir eru sammála um, og hins vegar um kjördaginn, að það sé einn aðalkjördagur, en það sé heimilt fyrir smærri sveitarfélögin, einkum þau strjálbyggðu, að fá að kjósa síðar. Það er gert ráð fyrir því að svo geti verið í þessum till. meiri hl. nefndarinnar vegna þess að í fámennari sveitahreppum stendur sauðburður yfir einmitt þegar gert er ráð fyrir að aðalkjördagur fari fram.

Meiri hl. nefndarinnar var hins vegar á þeirri skoðun að eðlilegt væri að reyna að afgreiða frv. í heild. Það er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að það hefur verið mikið unnið í þessu máli. Það hafa tvær nefndir unnið að málinu. Málið hefur verið í vinnslu hjá ráðuneytinu. Það var lagt fram á síðasta þingi og það hefur verið rætt mjög mikið í nefndarstörfum á yfirstandandi þingi.

Þessu til viðbótar vil ég segja að Samband ísl. sveitarfélaga hefur sérstaklega skorað á Alþingi að afgreiða málið, nú síðast á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga sem haldinn var 27. og 28. febrúar s.l. Þar var skorað á Alþingi að afgreiða þetta frv. sem allra fyrst.

Ég vil enn fremur benda á að sá kafli sem kannske hefur minnst verið ræddur í þessari umræðu og 2. umr. er fjármálakaflinn, en í honum eru mörg mikilvæg

nýmæli og hefur honum jafnframt verið breytt í meðförum þingsins. Við lítum svo á í meiri hl. hv. félmn. að samþykkt þessa frv. sé aðeins fyrsta skrefið og að lögin opni fyrir frekara samstarf án lögþvingunar og sé forsenda fyrir því að hægt sé að færa til verkefni og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og samtaka þeirra. Við teljum að að því starfi þurfi að vinna ósleitilega á næstunni.

Það er af þessum ástæðum, herra forseti, sem meiri hl. nefndarinnar taldi ástæðu til að láta reyna á hvort ekki næðist samkomulag um eða a.m.k. meiri hluti á þingi fyrir því að ná þessu frv. fram.

Á þskj. 615 flytur hv. 3. þm. Reykv. ásamt nokkrum öðrum þm. till. þess efnis að fjöldi sveitarstjórnarmanna sé bundinn við viss skilyrði í vissum tilvikum. Ég vil eingöngu benda á að í frv. eins og það lítur nú út er ákvæði nákvæmlega sama efnis og er í núgildandi lögum. Þetta er um fjölda sveitarstjórnarmanna. Mér finnst eðlilegt að lögin nefni til ákveðinn ramma, en innan þess ramma eigi sveitarstjórnirnar sjálfar að hafa ákvörðunarrétt. Þess vegna lýsi ég yfir algerri andstöðu við þessa brtt. hv. 3. þm. Reykv.

Á þskj. 605 hefur hv. 1. þm. Norðurl. v. flutt till. sem fjallar um nokkur atriði frv. Í fyrsta lagi, eins og kom fram í hans máli, er gert ráð fyrir því að felld séu úr frv. hugtök eins og hugtakið „byggð", þetta verðlaunahugtak Sambands sveitarstjórna, og „byggðasamlög", en í staðinn komi önnur hugtök sem tillögumaður telur að séu betur í samræmi við íslenskt mál. Ég skal ekki leggja dóm á þetta. Ég bendi eingöngu á að þetta eru hugtök sem sveitarstjórnarmenn, sem að þessu máli hafa komið, hafa valið sjálfir. Ég bendi enn fremur á að ég hygg að hugtakið „byggðasamlag" verði ekki notað sem hugtak um fyrirtæki heldur komi fyrirtæki, sem sveitarstjórnir reka sameiginlega, til með að heita öðrum nöfnum en svo að hugtakinu „byggðasamlag" verði bætt aftan við verkefni sem um er að ræða. Þannig á ég ekki von á því að ef hundahreinsun t.d. lenti í byggðasamlagi héti byggðasamlag hv. þm. Hundahreinsunarbyggðasamlag Austur-Húnvetninga. Mér þætti það ólíklegt. Ég held að það sé ekki ástæða til að óttast það. (Gripið fram í.) Ja, hér í Reykjavík sér Alþb. um hundahreinsun fyrir okkur. Það hélt ég að hv. þm. vissi. Ég veit að þeir kannast við það sem sækja aðalfundi þess bandalags. En það er önnur saga. (Gripið fram í.) Nei, menn verða að byrja á sjálfum sér, enda nær þetta ekki yfir aðrar dýrategundir en þær sem eru í flokknum.

En í öðru lagi, og það er eitt af efnisatriðum till. hv. 1. þm. Norðurl. v., er gert ráð fyrir að nýkjörnar sveitarstjórnir taki við strax að kjörfundi loknum, þegar búið er að greiða atkvæði. Við gerum ráð fyrir því í meiri hl. nefndarinnar að þetta verði ekki fyrr en eftir 15 daga. Ástæðan er sú að það er kærufrestur í lögunum og þess vegna ekki eðlilegt að ný sveitarstjórn taki við fyrr en að loknum kærufresti, enda er gert ráð fyrir því í frv. eins og það er nú að vald gömlu sveitarstjórnarinnar sé takmarkað verulega. En þetta er bitamunur en ekki fjár. Aðaltillaga hv. 1. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, er sú að sýslunefndir haldi sér með nokkrum breytingum frá því sem nú segir í lögum, og í 5. brtt. er ítarlega gerð grein fyrir því á hvern veg sýslunefndir skuli starfa.

Ég efast um það að víðtækt samkomulag sé í sölum Alþingis um þessar tillögur og bendi m.a.s. á að hv. síðasti ræðumaður efaðist um að 102. gr. í 5. brtt. hv. 1. þm. Norðurl. v. ætti rétt á sér, en hún fjallar um tekjustofnana, svo ég nefni eitt dæmi sem komið hefur fram í þessum umræðum. Hygg ég þó að hv. síðasti ræðumaður standi heldur með sýslunefndum en gegn og því fyrirkomulagi að þær fái að halda sér. Ég tel að meiri hl. hv. félmn. hafi komið verulega til móts við sjónarmið þeirra sem ekki vilja kasta sýslunefndum fyrir róða að sinni. Við höfum fellt á brott IX. kafla upphaflega frv., þar sem gerð var grein fyrir verulegri breytingu frá því sem nú er, og við gerum nú till. í 3. umr. til breytinga á 6. gr. frv. Ég held að það sé ekkert leyndarmál að segja frá því að þessi till. var borin undir einn sýslumanna hér á landi, sem hvað mesta reynslu hefur af sveitarstjórnarmálum, og hann hefur að mínu mati sætt sig við það og talið að komið sé verulega til móts við þau sjónarmið sem hann kynnti í hv. nefnd á sínum tíma.

Hugmyndin að baki brtt. meiri hl. eru þessar:

Í fyrsta lagi: Að verkefni núverandi sýslunefnda falli til sveitarfélaga en sýslunefndir séu aflagðar. Sýslunefndir voru settar á laggirnar 1872 og ítrekað hafa komið fram óskir um að þær yrðu af lagðar.

Í öðru lagi: Sveitarfélögum er skylt að mynda héraðsnefndir um þau verkefni sem sýslunefndum eru nú falin með lögum og birtur hefur verið listi yfir a.m.k. flest þau atriði sem snerta sýslunefndir með meirihlutanefndaráliti sem lagt var fram til 2. umr. málsins.

Í þriðja lagi: Sveitarfélög, sem aðild eiga að héraðsnefndum, geta falið héraðsnefndum önnur verkefni en þau sem lögbundin eru ef um það næst full samstaða.

Í fjórða lagi: Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum, en eins og allir vita eiga kaupstaðir ekki aðild að sýslunefndum, og er hér verið að jafna réttarstöðu sveitarfélaganna í landinu.

Í fimmta lagi: Ekki er nauðsynlegt að héraðsnefndirnar samsvari í öllum tilvikum sýslufélögum, og hefur þar verið vísað m.a. til landfræðilegra ástæðna.

Í sjötta lagi: Um starfshætti héraðsnefndanna er vísað til IX. kafla frv. eins og það er eftir 2. umr. Í þeim kafla er því lýst sem gera þarf þegar sveitarfélög efna til samstarfs annaðhvort af eigin hvötum eða á grundvelli laga um lausn einstakra verkefna sem sveitarfélögum eru falin.

Í sjöunda lagi: Til þess að koma á hinni nýju skipan er gert ráð fyrir að kosnar verði sýslunefndir í vor og skulu oddvitar þeirra, þ.e. sýslumennirnir, hafa forgöngu um breytingarnar í samvinnu við félmrn.

Í áttunda lagi: Þessi nýja skipan eykur varla hættuna á því að einstök sveitarfélög leiti úr samstarfi sem ekki er lögmælt, eins og fram hefur verið haldið í þessum umræðum. Sú hætta er nefnilega alveg eins fyrir hendi í dag — og jafnvel fremur í dag heldur en eftir samþykkt þessa frv. — þegar sú þróun er skoðuð að stærri sveitarfélög hafa sótt um og fengið kaupstaðarréttindi í stórum stíl á undanförnum árum.

Í níunda lagi: Vilji heimamanna ræður, réttarstaða sveitarfélaganna er jöfnuð, eins og ég sagði áðan, og ýtt er undir samstarf með nýju lagi. Með því að geyma afgreiðslu frv. frestast málið í nokkur ár, að minni hyggju, vegna þess m.a. að sýslunefndir verða þá kjörnar til fjögurra ára og það er ákaflega erfitt að ætla sér að breyta þessu kerfi á miðju kjörtímabili. Okkur er ljóst að fyrir árslok 1987 kann að þurfa að breyta

lögunum til að liðka fyrir hinni breyttu skipan og það er auðvitað eðlilegt að félmrh. gangist fyrir því og fylgist vel með hvort ástæða sé til þess að liðka fyrir því að hið breytta kerfi geti komist á.

Það má vel vera að heimurinn farist ekki þótt þetta frv. strandi hér í þinginu, eins og ég efast ekki um að sumir vilji, og það er auðvelt á einum eða tveimur dögum að renna í gegnum þingið ákvæðum um kjördaga og kosningarréttarskilyrðin eins og gerð hefur verið tillaga um í brtt. á þskj. 607. Þetta segi ég vegna þess að ég veit að það er víðtæk samstaða um þessi tvö atriði. Ég vek hins vegar athygli á því að andstæðingar þessa frv. eru klofnir í afstöðu sinni. Annar hópurinn vill viðhalda sýslunefndum en er á móti öðru millistjórnarstigi. Hinn hópurinn vill sýslunefndirnar feigar en kýs lögbundið samstarf með öðrum hætti. Í raun og veru eiga þessir tveir hópar lítið annað sameiginlegt en að vilja fresta málinu um hríð, eins og tillaga hv. 3. þm. Vestf. gerir ráð fyrir, enda hafa hóparnir og þm. sem á móti frv. eru sameinast um stuðning við þá tillögu.

Ég tel hins vegar, herra forseti, að enn sé tími, þótt naumur sé, til þess að afgreiða þetta mál og vænti þess að okkur auðnist hér í dag að klára þessa umræðu og koma málinu upp til Ed.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki mín ætlan að beita málþófi við þetta frv. þó að ég sé í meginefnum andvígur því og hafi látið koma fram mín sjónarmið þar um. Frá upphafi umræðna um þetta mál hefur komið fram mikil andstaða við málið hér í hv. deild. Þessi andstaða er ekki bara frá stjórnarandstæðingum, hún er ekki síður innan stjórnarliðsins sjálfs. Og hvað sem menn um það segja er það út af fyrir sig kannske rétt að ekki eigi að gera þetta að flokksmáli, trúlega klýfur þetta í sumum tilvikum alla pólitíska flokka, en eigi að síður er víðtæk andstaða við málið sem heild, að undanteknum tveim, þrem, fjórum atriðum varðandi frv. Og það veldur mér áhyggjum að þeir sem vilja ráða ferðinni í þessum efnum varðandi þetta frv. — vilja ráða ferðinni, segi ég, vegna þess að margar greinar þessa frv. voru við 2. umr. samþykktar með minni hluta hv. deildarþingmanna og málið fjallar um sveitarstjórnarlög — ég veit ekki hvort hv. þm., sem vilja keyra þetta mál í gegn með þessum hætti, gera sér grein fyrir því hversu mikið mál hér er á ferðinni. **(Gripið fram í:** Jú.) Einhver sagði jú. Ég dreg það mjög í efa. Ég held að menn ættu að hugsa til þess að skoða þetta mál frekar. Reyna að ná breiðari samstöðu en hér hefur gerst um svona mikilvæg mál. Ég held t.d. að allir hv. þm. geti orðið sammála um þau efnisatriði sem eru á þskj. 607, þeirri brtt. sem þar er flutt. Ég hygg að allir hv. deildarþm. gætu orðið sammála um að afgreiða málið með þeim hætti og fresta að ná samstæðari ákvörðun um önnur efnisatriði sem varða sveitarstjórnarlögin. Ég tala nú ekki um þegar einn af hv. stjórnarþingmönnum, einn af þm. úr flokki hæstv. forsrh., hefur nú lagt fram á hv. Alþingi frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Einn af þm. Framsfl., stjórnarliðinn úr flokki hæstv. forsrh.! Og lítið liggur ekki við. Ég minnist þess — og held ég muni það rétt — að hv. 5. þm. Vestf. talaði harkalega gegn þessu frv. við upphaf 2. umr. Hann talaði harkalega gegn því og taldi það nánast einskis nýtt. Það þýðir ekki fyrir hæstv. félmrh. að hrista hausinn yfir því. Ég hygg að fleiri hafi heyrt tal hv. 5. þm. Vestf. í þessu máli og ég vænti þess að hann láti þá í sér heyra aftur, þannig að hæstv. félmrh. misskilji ekkert hvað hv. 5. þm. Vestf. vill. Ég vildi a.m.k. gjarnan fá að heyra viðhorf hv. 5. þm. Vestf. í þessum efnum núna eftir að hann hefur lagt fram frv. til stjórnarskipunarlaga. **(Samgrh.:** Hann er skýrmæltur.) Hann er skýrmæltur, segir hæstv. viðskrh., það er rétt, enda þekkt manninn lengi. En fróðlegt væri að vita hvað hv. 5. þm. Vestf. segir nú um þetta mál. Ég á varla von á því að hv. þm. hafi lagt þetta frv. fram án þess að hafa í einu eða neinu samráð við sína samflokksmenn. Ég geri vart ráð fyrir því, jafnbljúgur maður og hv. 5. þm. Vestf. er í samskiptum. Ég hygg að hann hafi a.m.k. eitthvert umboð frá Framsfl., eða þingflokki hans til þess að bera hér fram frv. um stjórnarskipunarlög. Ég ætla ekki annað. Og mér þætti gjarnan gott að heyra það frá hv. 5. þm. Vestf. hvernig hljóðið er í framsóknarherbúðunum að því er varðar þetta mál því að hér liggur meira en lítið við að fá um það vitneskju hvað í þessu tilfelli annar stjórnarflokkurinn vill gera í þessu mikilvæga máli.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða löngum tíma í þetta. Það er ekki mín ætlan að reyna að drepa málinu á dreif hér í þinginu. Hins vegar finnst mér það nánast niðurlæging fyrir hv. þingdeild ef svona stórmál á að samþykkjast með minni hluta þingdeildarmanna í mörgum tilfellum. Þetta er miklu stærra mál en svo að þingið geti leyft sér að afgreiða það með þeim hætti. Það er skynsamlegra fyrir þá sem hér vilja þetta mál fram að taka sönsum og slá á frest þeim tilteknu atriðum sem mikill og djúpstæður ágreiningur er um hér í hv. deild og reyna að ná sáttum á víðari grundvelli en þetta frv. gerir ráð fyrir að gert verði.

Ég vænti þess a.m.k. að menn ætli sér ekki að keyra þetta mál áfram með þeim hætti sem hér hefur verið gert til þessa, og að menn vilji reyna að ná víðtækari sáttum um málið en hér hefur tekist enn sem komið er.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs eingöngu til að beina fyrirspurn til hæstv. félmrh. vegna ummæla sem hann viðhafði hér í þinginu 28. febrúar s.l., en þá tók hann til máls í 2. umr. um þetta frv. og greindi okkur frá því að næstu daga þar á eftir væri að vænta tekjustofnafrumvarps, frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem lengi hefði verið beðið eftir. Mér finnst tímatalið hjá hæstv. ráðh. vera eitthvað farið að ruglast. Ég hef ekki orðið var við að þetta frv. kæmi hér fram í þingdeild eða í þinginu. Ég veit ekki hver ætlan hæstv. ráðh. er, hvort það er að leggja málið fram í þessari hv. þingdeild eða í Ed. En ég inni hæstv. ráðh. eftir því hvað veldur að þessir næstu dagar, sem hann ræddi um 28. febrúar s.l., eru enn ekki liðnir ef marka má það að frv. er ekki komið hér fram. Þetta mál hefði að sjálfsögðu þurft að fylgja og liggja hér fyrir þegar menn ræða um ný sveitarstjórnarlög, að tekjustofnar sveitarfélaga væru þá einnig til athugunar og umræðu. Það eitt út af fyrir sig hefði átt að nægja sem rök fyrir því að hraða ekki meðferð þessa máls, sem verulegur ágreiningur er um hér í þingdeildinni um einstök atriði þó menn séu sammála um annað. Það er því mjög miður að við höfum ekki fengið þetta frv. hér inn í þingið. En ég vænti þess að hæstv. ráðh. geti greint okkur frá því hvað veldur þessum drætti og hvenær þess er að vænta að frv. þetta verði lagt hér fram.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það eru ekki fleiri á mælendaskrá. Þessari umræðu er lokið. — Hv. 5. þm. Austurl. kveður sér hljóðs, gerir stutta athugasemd. Hann hefur talað tvisvar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Er það virkilega svo að hæstv. félmrh. ætli ekki að svara til um þetta mál þegar beint er til hans hér undir lok þessarar umræðu einfaldri fyrirspurn? Það sætir furðu. — En úr rætist.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég hélt að ég hefði tekið það skýrt fram við 2. umr. frv. að fram væri að koma frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta er að sjálfsögðu bundið við að það sé komið fram fyrir þingið innan þeirra þingskapa sem þingið gerir ráð fyrir og það verður mjög fljótlega. Ég get ekki dagsett það frekar en þá, en það verður áreiðanlega fyrir þann tíma sem þingsköp gera ráð fyrir.

Karvel Pálmason: Já, stutt skal hún vera. Er það virkilega svo að hv. 5. þm. Vestf. ætli ekki að láta oss heyra hvaða boðskap hann flytur að því er þetta varðar? Ég hygg að það sé engin leynd sem þar fari fram. Ég ítreka enn að ég vil gjarnan fá skoðun hv. 5. þm. Vestf. á málinu sem heild, og hver viðbrögð hafa orðið í hans þingflokki að því er varðar það frv. sem hann hefur lagt hér fram á Alþingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Í máli hv. 2. þm. Reykv. kom fram að hann vitnaði í mætan sýslumann, héraðsdómara, og taldi, að því er mér skildist, að hann hefði lagt blessun sína yfir frv. í þeirri mynd sem það nú er. Eða a.m.k. þær brtt. sem bornar hafa verið upp núna að undanförnu. Ég hef að vísu ekki haft samband við þennan ágæta sýslumann, sem ég þykist vita hver sé. (**Gripið fram í:** Hver er hann?) Það gerir ekkert til þó það sé upplýst. Það mun vera sýslumaður Skagfirðinga, Halldór Þ. Jónsson. En mér finnst að hér sé varla rétt eftir honum haft, a.m.k. ekki nema hálfsögð sagan. Það má vera að hann hafi látið í ljós eitthvað þess efnis að þessar brtt. væru út af fyrir sig ekki slæmar. En ég hygg að hann hafi ýmsar athugasemdir að gera við málið í heild. Og ætti ég að þekkja þennan ágæta sýslumann, ja eins vel og marga aðra í þeirri stétt, þar sem ég hef tvískipað hann í embætti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að mönnum sýnist sitt hvað um það frv. sem hér hefur verið til umræðu. Ég hef talið að afgreiðsla þess á millistigi á milli sveitarstjórna og ríkisvalds væri ekki á þann veg að það leysti neinn vanda hjá hinum breiðu byggðum þessa lands. Það skal þó viðurkennt að það er opnað fyrir það að bæjarfélög, sem farin voru út úr samstarfi við sitt umhverfi með því að fá kaupstaðaréttindi, geta eftir samþykkt þessa frv. komið á nýjan leik til samstarfs.

Ég tók þá ákvörðun, og um hana má deila eins og allar, að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Ástæðan er sú að ég tel að það breyti ekki það stóru, á hvorn veginn sem fer, að það skipti sköpum um þessi mál. Ég hef lagt fram í frv. til stjórnarskipunarlaga þær grunnhugmyndir sem ég tel að þingheimur þurfi að takast á um og meta. Viðbrögð við þeim hugmyndum hafa mest komið fram utan flokksherbergja og utan þingsala, en mér kæmi ekki á óvart þó að þar yrði á nokkur breyting.

ATKVGR.

Brtt. 607 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JS, BjG, KP, KJóh, KH, PJ, SJS, SvG, EBS, FÞ, GSig, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg.

nei: MB, MÁM, ÓE, PP, GHG, StG, SV, MG, SvH, SiggB, ÞS, AS, EH, FrS, GB, GGS, GT, HBl, IG.

ÓÞÞ greiddi ekki atkvæði.

3 þm. (KSK, PS, BÍG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er langt í frá að ég sé sammála öllum þeim rökum sem fram hafa komið hjá andstæðingum þessa frv. í umræðunum undanfarna daga. Ég er hins vegar sammála tilgangi þessarar till., sem hér er nú borin upp til atkvæða, að því leyti að hún felur það í sér að afgreiðslu málsins í öllum aðalatriðum sé frestað. Ég held nefnilega að þetta frv. gangi allt of skammt í þá átt að breyta valda- og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem ég tel mjög aðkallandi og raunar var upphaflega stefnt að með endurskoðun á lögunum. Ég segi því já.

Brtt. 612,1 samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 605,1 tekin aftur.

Brtt. 545,1 tekin aftur.

Brtt. 615 felld með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JS, BjG, KP, KJóh, KH, SJS, SvG, GSig, GeirG, GA, GHelg.

nei: MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHG, StG, SV, MG, SiggB, ÞS, AS, EH, EBS, FÞ, FrS, GB, GE, GGS, GT, HBl, IG.

ÓÞÞ greiddi ekki atkvæði.

5 þm. (KSK, PS, SvH, BÍG, GJG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Með þessari till. er gert ráð fyrir því að tengja saman fjölda fulltrúa á þingi og fjölda fulltrúa í sveitarstjórn á viðkomandi stöðum. Nú hagar þannig til sums staðar í sveitarfélögum að þar búa engir þingmenn. Ef þessi regla ætti að gilda fyrir slíkar sveitarstjórnir úti á landi held ég að það væri erfitt að koma sveitarstjórninni saman. M.a. þess vegna segi ég nei.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Hér er verið að afgreiða lagabálk með 129 greinum. Ég spyr hæstv. forseta hvort það sé viðeigandi að halda þessu gríni áfram. Hér eru að mér telst til í kringum 30 hv. þm., þar af langt frá því helmingur sem styður þetta frv. Hér var afgreidd áðan lagagrein þar sem menn þvert gegn vilja sínum fóru að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Ég vil leyfa mér að spyrja: Er hægt að bjóða hinu háa Alþingi upp á afgreiðslu af þessu tagi? Ef stjórnarliðar geta ekki komið í salinn og stutt frv. ríkisstj. getur það varla verið skylda okkar að breyta ákvörðunum okkar, sem kannske ætluðum ekki að taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu, með því að vera að rétta hér upp hönd til að

vera á móti svo að segja megi að það sé hægt að drusla hverri lagagrein fyrir sig í gegnum þingið. Ég mælist til, herra forseti, að þessu verði hætt hér og nú og Framsfl. og Sjálfstfl. safni liði svo að þeir nái sínum eigin málum hér í gegn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessari athugasemd finnur forseti fyrir því að hv. 10. landsk. þm. finnur til með forseta í þessu máli. Vissulega eru margar tafir í þessari atkvæðagreiðslu, en vegna þolinmæði forseta ætlar hann að reyna enn einu sinni. (**GHelg:** Allar 129 greinarnar?) Nei, nei. Þetta eru brtt. Aðeins eru greidd atkvæði um brtt. frá meiri hl. En ég bið hv. þingdeildarmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslu, eina skeið fyrir afa o.s.frv.

Brtt. 605,2 felld með 17:8 atkv.
Brtt. 605,3 felld með 17:7 atkv.
Brtt. 605,4 felld með 17:4 atkv.
Brtt. 552 tekin aftur.
Brtt. 605,5 felld með 18:5 atkv.
Brtt. 605,6 felld með 17:5 atkv.
Brtt. 612,2 (ný 97. gr.) samþ. með 18:3 atkv.
Brtt. 614 felld með 18:9 atkv.
Brtt. 612,3 (ný gr., verður 99. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, GHG, StG, SV, MG, SiggB, ÞS, AS, EH, EBS, FrS, GB, GGS, GT, IG.
HG, JS, BjG, KJóh, ÓÞÞ, PJ, FÞ, GSig, GeirG, GE, GHelg greiddu ekki atkvæði.
10 þm. (KP, KH, KSK, PS, SJS, SvG, SvH, BÍG, GJG, GA) fjarstaddir.
Brtt. 612,4 samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 612,5 samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 612,6 (nýtt ákv. til brb. I) samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FrS, GB, GGS, GT, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, GHG, StG, SV, MG, SiggB, ÞS, AS, EH, IG.
GeirG, GE, GHelg, HG, JS, BjG, KP, KJóh, KH, ÓÞÞ, PJ, EBS, FÞ greiddu ekki atkvæði.
9 þm. (GSig, GJG, GA, KSK, PS, SJS, SvG, SvH, BÍG) fjarstaddir.
Brtt. 545,3 kom ekki til atkv.
Brtt. 545,4 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SiggB, ÞS, AS, EH, FrS, GB, GGS, GT, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, GHG, StG, SV, MG, IG.
EBS, FÞ, GeirG, GE, GHelg, HG, JS, BjG, KP, KJóh, KH, ÓÞÞ, PJ greiddu ekki atkvæði.
9 þm. (SvG, SvH, BÍG, GSig, GJG, GA, KSK, PS, SJS) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Útflutningur hrossa, frv. 337. mál (þskj. 620). — 1. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 620 um breytingu á lögum nr. 64 frá 1958, um útflutning hrossa, sbr. lög nr. 67 frá 1969. Landbn. hefur orðið við óskum hagsmunafélags hrossabænda um að flytja þetta frv. Upphaf 2. gr. er þannig nú:

„Útflutningshross skulu eigi vera eldri en tíu vetra og heilbrigð að mati dýralæknis."

Breytingin er engin önnur en sú að þetta aldursmark er fellt út úr lögunum.

Þetta frv. er flutt af nefnd og ég sé ekki ástæðu til þess að frv. sé vísað aftur til nefndar þannig að að lokinni þessari umræðu yrði frv. vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, frv. 336. mál (þskj. 619). — 1. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að ósk Stéttarsambands bænda og flestra búgreinasambandanna í landinu. Frv. er flutt af landbúnaðarnefndarmönnum að undanskildum hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, sem sagt meiri hl. landbn. Frvgr. er þannig:

„Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein sem verður 3. gr. og orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða skv. tillögu búgreinasambands, sem nýtur viðurkenningar skv. lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða er aðili að Stéttarsambandi bænda, að innheimta allt að 0,20% gjald af afurðum sauðfjár og nautgripa og allt að 1% gjald af afurðum annarra búgreina til viðbótar gjaldi skv. 2. gr. Gjald þetta skal renna til þess búgreinasambands sem í hlut á að frádregnum kostnaði við innheimtu gjaldsins.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þegar frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum kom til umfjöllunar í landbn. Nd. á s.l. þingi komu fram eindregin tilmæli frá búgreinasamböndunum um að sett yrði inn í það frv. heimild fyrir ráðherra að ákveða innheimtu gjalds þess sem hér er lagt til að innheimta. Þessari málaleitan var vel tekið af nefndarmönnum, en að athuguðu máli þótti eðlilegra að slík heimild yrði sett inn í lögin um Búnaðarmálasjóð eins og hér er lagt til.

Eins og kemur fram í fskj. með þessu frv. hafa flest búgreinasamböndin og einnig stjórn Stéttarsambands bænda óskað eftir því að lögunum um Búnaðarmálasjóð verði breytt á þann hátt sem frv. greinir frá. Þó er í bréfi Stéttarsambandsins lagt til að heimild verði allt að 1% á öll búgreinasamböndin. En í bréfi Landssambands sauðfjárbænda er einungis óskað eftir því að gjaldið sé 0,20%. Þess vegna er frv. flutt á þann hátt sem í frvgr. kemur fram.

Að umræðu lokinni legg ég til að þessu frv. verði vísað til landbn. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið verður til dagskrár skal þess getið að á síðari fundi verða umræður utan dagskrár um iðgjöld bifreiðatrygginga. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Mötuneyti Pósts og síma í Thorvaldsensstræti, fsp. 231. mál (þskj. 459). — Ein. umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur mikil gróska verið í tónlistar- og leiklistarlífi Reykjavíkur og til hefur orðið fjöldinn allur af tónlistar- og leikhópum sem með gífurlegri atorku og þrautseigju hafa staðið fyrir hverjum listaviðburðinum á fætur öðrum. Fyrir utan tvísýn rekstrarskilyrði eiga allir þessir leik- og tónlistarhópar við þann vanda að etja að hafa hvergi í öruggt hús að venda, hvorki til æfinga né til flutnings leikverka eða tónlistar. Hér er um fjölmarga aðila að ræða og vil ég hér aðeins nefna nokkra. Á leiklistarsviðinu: Alþýðuleikhúsið, Egg-leikhúsið, Revíuleikhúsið, Hitt leikhúsið, Gránufélagið og Svart & sykurlaust. Á tónlistarsviðinu: Tónlistarfélag Reykjavíkur, Kammersveit Reykjavíkur, Musica nova, Musica antiqua, Kammermúsikklúbbinn, alla kórana í bænum, Íslensku hljómsveitina o.fl.

Öll þessi listastarfsemi er í reynd húsnæðislaus og reyndar eru í höfuðborginni aðeins tvær byggingar sem ætlaðar eru sérstaklega til leiklistar, engin ætluð sérstaklega til tónleikahalds. Á meðan svo er ástatt stendur hins vegar hús hér í miðborg Reykjavíkur sem leyst gæti einhvern hluta þessa vanda. Það er núverandi mötuneyti Pósts og síma í Thorvaldsensstræti sem áður hét Sigtún og þar áður Sjálfstæðishúsið. Þetta hús hefur á að skipa prýðilegu sviði og sviðsaðstöðu og hefur marga eiginleika sem gert gætu það að bæði góðu og líflegu listahúsi í hjarta borgarinnar. Nú er það hins vegar eingöngu nýtt sem mötuneyti fyrir starfsmenn Pósts og síma í hádeginu og nýtist því engan veginn eins og efni standa til.

Þeirri hugmynd að nýta þetta hús til tónlistar- og leiklistarflutnings hefur áður verið hreyft og hefur núverandi hæstv. menntmrh. ítrekað lýst sig fylgjandi hugmyndinni og sýnt þessu máli hinn ágætasta skilning. Væri ekki verra að hæstv. menntmrh. léti hér skoðun sína í ljós á eftir, eftir því sem þingsköp leyfa.

Málefni Pósts og síma, sem hafa húsið nú til umráða, heyra hins vegar til vald- og verksviðs hæstv. samgrh. sem þar með hefur úrslit þessa máls í sinni hendi. Því beini ég þeirri fsp. til hæstv. samgrh. hvaða afstöðu hann hafi til þeirrar hugmyndar að gera núverandi mötuneyti Póst- og símamálastofnunar í Thorvaldsensstræti að tónlistar- og leikhúsi í hjarta Reykjavíkur. Vera kann að hæstv. ráðh. hafi þegar gert eitthvað í málinu og ef svo er væri fróðlegt að vita hvað það væri og með hvaða árangri.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem upp hefur komið sú hugmynd að nota mötuneytið sem leikhús heldur hefur þessari ósk verið synjað oftar en einu sinni áður af ráðuneytinu og hefur í því efni verið farið eftir ósk stofnunarinnar.

Fyrir liðlega tveimur árum bar ég fram þá ósk við stofnunina að Alþýðuleikhúsið fengi til bráðabirgða inni í þessu húsi, en því var alfarið synjað. Ég var hlynntur því að þessi tilraun yrði gerð, en vildi ekki ganga gegn skoðunum og áhuga starfsmanna og stjórnenda Pósts og síma. Það kemur auðvitað ekki til greina að Póstur og sími fari að reka leikhús eða tónlistarhús.

Eins og fram hefur komið í fréttatilkynningu frá blaðafulltrúa stofnunarinnar er það á misskilningi byggt að húsið sé aðeins notað sem mötuneyti í hádeginu. Starfsmenn stofnunarinnar neyta þar morgun- og hádegisverðar, auk þess sem húsnæðið er notað til margs konar starfsemi á hennar vegum og starfsmannanna. Húsið er nýtt langt fram eftir degi og einnig á kvöldin. M.a. eru haldnir þar fundir á vegum starfsmannahalds Pósts og síma. Starfsmannafélögin og eftirlaunadeild halda þar oft fundi. Skemmtanir eru haldnar og einnig er efnt til sýninga. M.a. eru þar frímerkjasýningar, svo og ýmiss konar kynning á starfsemi Pósts og síma.

Til þess að unnt sé að hafa leiksýningar fyrir almenning í húsinu þarf, að dómi þeirra manna sem ég hef rætt við, að gera á því gagngerar breytingar sem hefðu verulegan kostnað í för með sér. Eins og allir vita er hér um gamalt hús að ræða sem ekki er undir það búið að þola mjög aukna starfsemi með öllum þeim kröfum sem gera verður til húsakynna þar sem fjölmennar leiksýningar fara fram, m.a. með tilliti til brunavarna.

Ég treysti mér ekki til að standa á móti þeim rökum sem stofnunin hefur fært fyrir notkun sinni á húsinu og nauðsyn hennar og fram hefur komið í máli mínu hér og að mínu mati er algerlega út í hött að taka húsnæðið úr höndum jafnfjölmennrar starfsstéttar og póst- og símamenn eru þegar þar að auki liggur fyrir að húsið er mikið nýtt til félagsstarfsemi þeirra, mötuneytis fyrir stofnunina og ýmissar annarrar starfsemi á hennar vegum.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin þótt heldur hryggi þau mig. Sá vandi sem svonefndir frjálsir leikhópar og tónlistarhópar hér í bænum eiga við að etja er gríðarlegur og á meðan þeirra mál skipast ekki á betri veg er við því búið að þessi starfsemi leggist niður.

Ég bendi hæstv. samgrh. á að hér í miðborg Reykjavíkur eru allnokkur opinber mötuneyti, t.d. mötuneyti starfsmanna á borgarskrifstofum Reykjavíkur, og án þess að ég hafi kannað það mál sérstaklega þætti mér ekki ólíklegt að það mötuneyti eða eitthvert annað opinbert mötuneyti hér í bænum gæti bætt við sig starfsmönnum Pósts og síma.

Hæstv. samgrh. upplýsti að starfsmenn Póst- og símamálastofnunar notuðu húsið einnig til að borða í því morgunverð og til að halda fundi og ýmsar skemmtanir, svo sem sýningar á frímerkjum. Mér þykja þetta harla léttvæg rök og veigalítil miðað við þau miklu not sem hafa má af þessu húsi sem menningarhúsi í hjarta Reykjavíkur.

Ég vil ítreka að þetta hús er sérstaklega vel staðsett til að vera menningar- og listahús og hvað varðar þann kostnað sem kann að þurfa að leggja í til að gera það fullbúið til listastarfsemi, þá er hann vitaskuld margfalt minni en ef farið væri í að reisa annaðhvort nýtt leikhús eða nýtt tónlistarhús hér í bæ.

Svör hæstv. ráðh. hryggja mig. Mér þykja rök hans léttvæg. Ég veit að hæstv. ráðh. er kunnur að því að fara vel með sitt vald og þá afstöðu sem hann hefur til þess valds sem honum er falið kann ég að meta. En í máli sem þessu, þegar jafngríðarlegir hagsmunir eru í veði, þá beini ég því til hæstv. ráðh. að velta því vendilega fyrir sér hvort ekki gæti komið til greina að þarna væri ráðherravaldi vel beitt.

Árni Johnsen: Herra forseti. Fyrir tveimur árum fóru fjárveitinganefndarmenn á fund hæstv. samgrh. til að fjalla um þetta mál og biðja hann um að það yrði athugað. Ég verð að segja að þó að það komi fram hjá hæstv. samgrh. hvernig tökum hann vill taka vilja Pósts og síma í þessu efni hef ég ekki séð fram koma þau rök sem réttlæta að ekki sé hægt að gera þarna tilraun í þá átt sem vilji margra hefur staðið til. Að vísu mætti skilja á upptalningu hæstv. ráðh. að það væri logandi fjörugt félagslíf hjá Pósti og síma með fundahöldum og slíku í þessu húsnæði, en það hefur ekki verið hægt að sýna fram á að það væri ekki hægt að hliðra þarna til og ganga til móts við það sem mundi verulega setja svip á bæinn og leysa vanda leikhópa sem skipta miklu máli í menningu landsins.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á vanda leikhúshópanna sem hér starfa auk annarra hópa sem þar koma til. Ég bendi á að við eigum býsna góð leiklistarlög sem taka raunar til víðara sviðs en leiklistarinnar einnar. Þau lög eru nokkuð komin til ára sinna. Þar er m.a. kveðið á um stuðning hins opinbera við þessa listastarfsemi í heild sinni og alveg sér í lagi var þá hugað að áhugafélögum vítt um land. Í ljósi breyttra aðstæðna, m.a. blómlegrar starfsemi margra þeirra hópa listafólks sem starfa á Stór-Reykjavíkursvæðinu, hygg ég að það sé brýn þörf orðin á því að endurskoða þessi leiklistarlög. Þeim tilmælum er hér með komið á framfæri við hæstv. menntmrh., sem er víst ekki í salnum reyndar, ekki síst í ljósi þessarar fsp., í ljósi þeirrar blómlegu starfsemi sem hér fer fram og mikilla erfiðleika umræddra hópa.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það að ég er ekki að taka efnislega afstöðu til þess að leysa málefni þessara leiklistarhópa, en ég tel að þau verði að leysa með öðrum hætti. Ég gerði ítrekaða tilraun til að ná samkomulagi um að gera þessa tilraun fyrir Alþýðuleikhúsið á sínum tíma, endurtók það tvisvar eða þrisvar sinnum. Starfsmannaráðið og formenn starfsmannafélaga Pósts og síma voru alfarið á móti því að húsið væri notað í þessum tilgangi. Ég tel mér ekki fært í algerri andstöðu við alla þessa starfsmenn að taka húsið til slíkrar starfsemi. Ef það hefði verið gert hefði það verið gert með einhvers konar samkomulagi við þá sem notað hafa húsið öll þessi ár. Það er ekki tími til að fara nánar út í það. Ég hef í höndunum ljósrit af bréfum t.d. frá Vinnueftirliti ríkisins, starfsmannafélögunum og fleiri og fleiri röksemdir sem til eru á móti því að leyfa þessa starfsemi í þessu húsi. Þetta nær því ekki lengra. Þó að ég hefði mjög gjarnan viljað verða við óskum Alþýðuleikhússins á sínum tíma og gerði ítrekaðar tilraunir til að ná viðunandi samkomulagi um að þessi tilraun yrði gerð tókst það ekki.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég sagði áðan, að hér er um fleiri leikhús og leikhópa að ræða en Alþýðuleikhúsið eitt. Þar hefur verið mikil gróska, en hér er einnig um að ræða fjöldann allan af leikhópum, tónlistarhópum og hópum sem verða til um einstök verkefni. Hér er því ekki aðeins verið að finna húsnæði undir Alþýðuleikhúsið heldur undir stóran hluta af þeirri listastarfsemi sem fer fram í Reykjavíkurborg.

Þegar hæstv. samgrh. kom í stólinn í annað sinn heyrðist mér á honum að hann væri efnislega ekki endilega ósammála því máli sem ég hef hér flutt, en nefndi hins vegar ástæður, sem hann hafði ekki tíma til að tiltaka hér, gegn því að húsið væri nýtt á þennan þátt. Nú vil ég biðja hæstv. samgrh. að fara af stað með alvarlega athugun á því hvort ekki megi fá starfsmenn og forstjóra Pósts og síma til að sjá ljósið í þessum efnum og láta gera úttekt á því á hvern hátt þetta hús gæti nýst sem best sem leiklistarhús og tónlistarhús í miðbæ Reykjavíkur.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins benda á í þessu sambandi að ég sé ekki hvers vegna menn þurfa að einblína einmitt á þetta hús. Ég sé ekki betur en að þegar Borgarleikhúsið tekur til starfa losni sýningarsalur í miðbænum í næsta nágrenni við þetta hús sem hlýtur að koma til álita að nota einmitt á þann hátt sem hér hefur verið lýst. Ég held að menn hljóti að þurfa að verða aðeins víðsýnni en einblína á þetta eina hús þar sem er mötuneyti starfsmanna Pósts og síma. Það eru vissulega ýmsir fleiri möguleikar í þessu máli til að leysa þarfir þeirra áhugalistamanna sem hér er um að ræða.

Friðarár Sameinuðu þjóðanna 1986, fsp. 270. mál (þskj. 504). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Þann 24. okt. 1985 á 40 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna var því lýst yfir að árið 1986 yrði alþjóðlegt friðarár á vegum Sameinuðu þjóðanna. Drög höfðu verið lögð að því með samþykktum allt frá árinu 1982 og þótti vel við hæfi að byrja ár friðarins á 40 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna. Var það ekki síst vegna þess að varðveisla friðar var einmitt megintilgangur með stofnun Sameinuðu þjóðanna.

Í samþykkt allsherjarþingsins síðan 24. okt., þar sem tilkynnt var um tilgang hins alþjóðlega friðarárs og þær væntingar sem við það eru bundnar, eru öll þjóðríki, allar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, öll áhugamannasamtök, öll félög sem sinna mennta-, vísinda-, menningar- og rannsóknarmálum, svo og fjölmiðlar, hvött til að leggja þessu málefni lið. Þess er jafnframt getið að hið alþjóðlega friðarár sé ekki einungis til þess fallið að haldnar séu hátíðir og minningarathafnir í minningu friðar heldur bjóði það upp á tækifæri til þess að íhuga og bregðast við af hugvitssemi til þess að ná megin-markmiðum Sameinuðu þjóðanna, þ.e. varðveislu friðar.

Í erindisbréfi frá aðalritara Sameinuðu þjóðanna til fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum er beðið

um upplýsingar varðandi stofnun stjórnskipaðrar nefndar sem sjái um samræmingu og skipulagningu vegna aðgerða á árinu eins og tíðkast hefur um alþjóðaár tengd öðrum málefnumn, t.d. ári æskunnar á s.l. ári og í tilefni kvennaáratugarins, um fyrirhugaðan atburð á Íslandi eða í tengslum við aðrar þjóðir sem tengist friðarárinu og um það hvort Íslendingar muni fara fram á aðstoð eða þátttöku Sameinuðu þjóðanna í einhverjum þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru.

Í þessu bréfi er getið um fund þann 14. febr. s.l. í New York þar sem aðildarríkjum, sem enn hafa ekki tilkynnt um áform sín, gefst kostur á að láta til sín heyra. Í sama bréfi biður aðalritarinn um upplýsingar frá aðildarríkjunum sem fara eiga í skýrslu til 41. aðalþings Sameinuðu þjóðanna og verði þær að berast eigi síðar en 31. júlí. Í dag er 18. mars á alþjóðlegu friðarári. Það er ekki seinna vænna að spyrja hæstv. forsrh.:

1. Hefur ríkisstj. skipað undirbúningsnefnd vegna friðarárs Sameinuðu þjóðanna 1986?

2. Hvaða áætlanir hefur ríkisstj. gert í tilefni friðarársins 1986?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. 1. spurningin er: „Hefur ríkisstj. skipað undirbúningsnefnd vegna friðarárs Sameinuðu þjóðanna 1986?" Svarið við þessu er játandi, en þó með þessari skýringu:

Á fundi ríkisstj. þann 23. jan. s.l. var samþykkt tillaga utanrrh. þess efnis að Félag Sameinuðu þjóðanna yrði beðið að skipuleggja dagskrá í tilefni friðarárs Sameinuðu þjóðanna í samráði við utanrrn. og að höfðu samráði við þau fjöldamörgu samtök sem tengjast þessu friðarátaki. Í grg. utanrrh., sem lögð var fram á þeim fundi, kemur fram að tveggja kosta hafi verið völ og þeir báðir kannaðir. Annars vegar að fela Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi að hafa veg og vanda af skipulagningu með stuðningi stjórnvalda og hins vegar að skipa sérstaka nefnd til að samræma aðgerðir friðarhópa og annast sameiginlega dagskrá þeirra.

Stofnun íslenskrar nefndar til að hafa umsjón með friðarárinu var talin hafa þann kost í för með sér að stjórnvöld gætu frá byrjun til enda haft hönd í bagga með hvernig staðið yrði að því að nota tækifærið til að kynna almenningi ýmsar hliðar íslenskra utanríkismála.

Ókostirnir voru einkum taldir tveir:

1. Í ljósi ótölulegs fjölda hópa sem áhuga hafa á friðarárinu væri vandi að sjá hverja skipa ætti í slíka nefnd. Auk hópa sem beint tengjast friðar- og öryggismálum, svo sem Samtök um vestræna samvinnu, Friðarhreyfing kvenna og Samtök lækna gegn kjarnorkuvá, svo að dæmi séu tekin, hafa trúarfélög, æskulýðssamtök, verkalýðsfélög og góðgerðarstofnanir lýst áhuga á friðarárinu. Gæti reynst býsna erfitt að sameina alla þessa hópa og gera öllum til hæfis.

2. Friðarmálin eru í eðli sínu pólitísk og því talin hætta á að ákveðnir hópar reyni að beita friðarárinu fyrir sig í ýmiss konar áróðurstilgangi. Óttast var að stofnun opinberrar nefndar kynni að leiða til þess að stjórnvöld yrðu miðdepill pólitískra sviptivinda.

Niðurstaðan varð því sú að leita til Félags Sameinuðu þjóðanna, enda er það sá aðili sem hvað helst hefur kynnt starfsemi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Var þetta ekki síst gert með hliðsjón af þeirri áherslu sem lögð er á starfsemi Sameinuðu þjóðanna sjálfra í yfirlýsingu friðarársins. Í því skyni þarf að aðstoða félagið með fjárveitingu og er gert ráð fyrir því.

„2. Hvaða áætlanir hefur ríkisstj. gert í tilefni friðarársins 1986?"

Það er rétt að taka fram, eins og kom fram í því sem ég las áðan, að að sjálfsögðu er stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna ætlað að gera um þetta nánari tillögur og er það með þær í undirbúningi. Þó var bent á ýmis atriði. Eins og ég sagði áðan er reyndar ákveðið að veitt verði fé úr ríkissjóði til að kosta þá starfsemi sem Félag Sameinuðu þjóðanna gerir tillögu um og samþykkt verður. En eftirfarandi atriði voru nefnd:

Hátíðasamkoma í Þjóðleikhúsinu einhvern tíma á tímabilinu 24. okt., sem er dagur Sameinuðu þjóðanna, til 19. nóv., sem er 40 ára afmæli aðildar Íslands að Sameinuðu þjóðunum.

Í öðru lagi: Ráðstefna í Reykjavík um t.d. þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu friðarsamstarfi og um ófriðarsvæði í heiminum.

Kynningarbæklingi yrði dreift með ýmiss konar efni sem að sjálfsögðu er ekki frá gengið á þessari stundu, en þó er gert ráð fyrir að slíkt efni verði látið í té af Sameinuðu þjóðunum í tilefni friðarársins.

Þá er nefnt að kæmi til greina að gefa út frímerki á vegum Póst- og símamálastofnunar eða mynt sem Seðlabankinn sæi um.

Loks, sem er ekki minnst um vert, yrði kynning í fjölmiðlum víðtæk um markmið friðarársins og hefur verið rætt við einstaka fjölmiðla eins og Ríkisútvarpið og kannað hvort þeir hefðu áhuga fyrir viðtölum og umræðuþáttum um efnið. Ég held ég megi segja að sá áhugi er fyrir hendi.

Ég get getið þess til upplýsinga að stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna hefur hafið undirbúning að þessu. Að vísu náðist ekki í formann félagsins, sem er erlendis, en í varaformann, Ásgeir Pétursson bæjarfógeta. Upplýst var að undirbúningur er m.a. hafinn með því að framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn, Ragnar Ólafsson, og félagið hefur hafið að kynna sér hvað ætlunin er að gera á Norðurlöndum í þessu sambandi. Félagið hefur á fyrri árum gefið út ýmsar upplýsingar um Sameinuðu þjóðirnar og beitt sér fyrir fundum um þær eins og menn þekkja. Félaginu hefur jafnframt verið falið að gera ítarlega starfsáætlun. Sú starfsáætlun er ekki komin í hendur ríkisstjórnar, en gert ráð fyrir því að það geti orðið mjög fljótlega.

Ég vil leggja áherslu á í þessu sambandi að gert er ráð fyrir því að allir þeir aðilar sem áhuga hafa á friðarárinu, og ég veit að þeir eru margir, hafi aðgang að þessari starfsemi og er gert ráð fyrir því að stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna verði til viðtals og taki við hugmyndum og hafi samráð við slíka aðila um þessa framkvæmd.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hefði talið eðlilegt að hæstv. forsrh. og utanrrh. hefðu haft samráð við þingflokka á Alþingi um það hvernig að þessu máli yrði staðið þar sem sérstök ályktun liggur að baki af hálfu Sameinuðu þjóðanna. Ég fékk yfirlit um samþykktir Sameinuðu þjóðanna rétt í þann mund sem þessi fsp. var fram lögð og beið eftir því að hér kæmi fram svar frá hæstv. forsrh.

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er vissulega góðra gjalda vert og vel við hæfi að það taki þátt í máli

sem þessu, alveg sérstaklega að það minnist aðildar Íslands að Sameinuðu þjóðunum eins og hæstv. forsrh. hefur getið um. Ég hefði sem sagt talið eðlilegt að Alþingi og þingflokkar á Alþingi ættu hlut að þessu máli og það væri tekið á því með öðrum og myndugri hætti en hæstv. forsrh. hefur hér lýst.

Ég vænti þess að hæstv. forsrh., og hæstv. utanrrh. einnig, taki þetta mál til endurskoðunar og tryggi að á þessum málum verði tekið með öðru samráði en hér er gert ráð fyrir. Friður verður ekki tryggður í einhverri lognmollu og að tala um áróður í sambandi við frið sem eitthvert hættulegt atriði finnst mér ekki eðlilegt. Það er sjálfsagt að allir þeir sem hafa áhuga á þessum efnum fái að koma til virkrar þátttöku í sambandi við þetta alþjóðlega friðarár.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Nýlega komu börn mín ung úr menntaskóla hér í bæ með bækling sem NATO á Íslandi gefur út og dreift hefur verið í skólum, a.m.k. í Menntaskólanum í Reykjavík. Ég vildi leyfa mér af þessu gefna tilefni að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh. hvort inntökubeiðni í Varðberg, félag um vestræna samvinnu, og áróðursplaggi fyrir þátttöku í hernaðarbandalagi er dreift með vilja ríkisstj. í menntaskóla landsins og hvort það er með vitund hæstv. forsrh. á friðarári. Og jafnframt gæti hæstv. menntmrh. gefið upplýsingar um hvort hans leyfis hefur verið leitað.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans, en verð að segja að mér finnst það lýsa áhugaleysi stjórnvalda um þetta málefni að svo seint skuli farið af stað. Ég veit til þess að undirbúningur á vegum stjórnvalda á Norðurlöndunum var miklu fyrr á ferðinni, var reyndar löngu kominn á stað fyrir síðustu áramót og fjárveitingum hafði þegar verið komið til þeirra stjórnskipuðu nefnda eða þeirra aðila sem áttu að sjá um sérstakt undirbúningsstarf fyrir þetta ár og samræmingarstarf. Það var kannske ekki eins mikið fé og ýmsar friðarhreyfingar óskuðu, en það var alla vega nokkuð myndarlegt og skipti hundruðum þúsunda, jafnvel milljónum. Ég veit t.d. að í Svíþjóð var skipuð 20 manna nefnd til að annast undirbúning og samræmingu. Hún virkjaði aftur æskulýðsfélög, kvennasamtök, íþróttafélög, skólafélög, stéttarfélög, verkalýðsfélög, auk ýmissa friðarhreyfinga og samtaka sem höfðu tengsl við þessa stjórnskipuðu nefnd, og er þegar mikil virkni allra þessara ólíku hópa vegna friðarársins. Sama gildir um Danmörku. Ég þekki það ekki eins í Noregi og Finnlandi. Ég býst við að a.m.k. í Svíþjóð eflist friðarstarfsemi vegna hins hryggilega atburðar sem varð með sænskri þjóð og reyndar öllum friðelskandi þjóðum er Olof Palme var veginn. Ég þykist viss um það að í minningu hans muni margir leggja hönd á plóginn sem ekki voru áður virkir í friðarstarfi.

Ég þekki ekki Félag Sameinuðu þjóðanna nema að nafninu til. Ég veit í raun ekki í hverju starfsemi þess hefur áður verið fólgin. Þess vegna get ég ekki metið hvort það er heppilegur aðili. Vissulega hlýtur það félag að þurfa að taka þátt í slíkum undirbúningi og vel má vera að því takist að samræma aðgerðir svo vel sé. En það er þegar hafið talsvert mikið starf meðal ýmissa ólíkra áhugahópa um friðarmál hérlendis þar sem margar hugmyndir hafa skotið upp kollinum, á hvern hátt væri hægt að nýta virkni fólks og vekja áhuga.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hve mikla fjárveitingu ríkisstj. hefur hugsað sér að láta renna til þessa málefnis og hvenær hún ætlar að láta hana renna til málefnisins. Nú er kominn 18. mars. Ég vil líka spyrja: Sótti einhver fundinn hjá Sameinuðu þjóðunum þann 14. febrúar s.l. sem var síðustu forvöð til að tilkynna áform þeirra þjóða sem enn höfðu ekki tilkynnt sín áform?

Allt sem hæstv. forsrh. nefndi var einmitt á þann veg að það voru hátíðaathafnir og minningarathafnir í minningu friðar. Ekkert af því, nema umræðuþættir í sjónvarpi, býður upp á kynningu og það að virkja fólk til umhugsunar um friðarmál. Allt hitt eru bara minningaratburðir, svo sem eins og mynt og hátíð og eitthvað því um líkt.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja út af orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að ég held að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þingflokkar fylgist með þessu starfi. Að sjálfsögðu er þeim það velkomið og ég skal koma þeirri ábendingu áleiðis. Ég sé enga ástæðu til á þessari stundu að ætla að úr þessu verði lognmolla. Ef það verður hefur það verið misráðið af þessu félagi að hafa samræmingar- og forustuhlutverk. Ég vil ekki gera því skóna á þessari stundu.

Spurt var um bækling sem Atlantshafsbandalagið dreifði í skóla. Ég hef ekki hugmynd um þann bækling. Ég hef ekki séð hann og hann er örugglega ekki gerður á kostnað ríkisstjórnar. Það get ég fullvissað hv. fyrirspyrjanda um. (**GHelg:** Þó ekki væri.) Nei, en var ekki spurt að því í raun? Honum er dreift án óska ríkisstj. eða samþykkis.

Ég verð að segja að ég hef heldur litla trú á 20 manna nefnd. Mér sýnist að því fjölmennari sem nefndirnar verða, því minna komi frá þeim. Ég held að það sé að mörgu leyti betra að hafa smærri hóp sem leitar samráðs og upplýsinga, tillagna o.s.frv. við mjög marga aðila sem ég hygg að fljótlega verði 20 manns því að margir hafa áhuga á þessu góða máli.

Fjárveiting hefur ekki verið ákveðin, enda óskað eftir því að stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna geri tillögu um fjárveitingu. Það hafa engin mörk verið sett þar, en tillagan sem þaðan kemur og umsókn verður að sjálfsögðu skoðuð vandlega.

Ég get því miður ekki svarað því hvort einhver hefur sótt fund Sameinuðu þjóðanna, en ég held ég megi fullyrða að Sameinuðu þjóðirnar hafa fengið að vita um þessa ákvörðun. Það var að vísu fyrrverandi utanrrh. sem lagði þetta fyrir á fundi 23. janúar svo að það er ekki víst að núverandi hæstv. utanrrh. hafi þær upplýsingar á reiðum höndum, en ég skildi fyrrverandi hæstv. utanrrh. svo að hann vildi afgreiða þetta og koma því áleiðis sem allra fyrst.

Mér finnst of lítið úr sumu gert sem ég nefndi sem dæmi. Vitanlega eru sjónvarp og hljóðvarp ákaflega áhrifaríkir fjölmiðlar og geta haft mjög mikil áhrif í þessu sambandi. Jafnvel frímerki getur haft áhrif. Það kemur fyrir margra augu. Mér finnst ekki lítilsvert að gera slíkt. Kynningarbæklingur sem yrði dreift í skóla getur líka haft töluverð áhrif ef hann er vel gerður. En þetta voru aðeins dæmi.

Að sjálfsögðu er þeim sem hafa áhuga frjálst að

koma sínum hugmyndum á framfæri. Ég ætlaði að ræða við formann stjórnar Félags Sameinuðu þjóðanna áður en ég svaraði fsp., en hann er því miður erlendis. Ég mun ræða við hann strax og hann kemur heim og leggja áherslu á að þetta starf verði engin lognmolla heldur alvörustarf og ég vona að svo verði.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Mér er alveg ókunnugt um það sem hv. 10. landsk. þm. spurðist fyrir um. Enginn hefur leitað leyfis míns til dreifingar bæklinga í skólum, enda geri ég fastlega ráð fyrir að það sé á valdi skólayfirvalda í hverjum skóla hvort slíkt er leyft eða ekki.

Hvalarannsóknir, fsp. 291. mál (þskj. 537). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Í byrjun ársins 1983 samþykkti Alþingi Íslendinga að mótmæla ekki hvalveiðibanninu sem Alþjóðahvalveiðiráðið hafði samþykkt og gilda skal frá 1986 til 1990. Ástæður fyrir þeirri samþykkt eru flestum kunnar, en þær eru fyrst og fremst uggur manna um ofveiði hvalastofnanna sem ætlunin er að rannsaka ítarlega á næstu árum. Alþingi lýsti einnig yfir vilja sínum til að unnið skuli að rannsóknum á hvalastofnunum á þessu tímabili og er það vel. En áætlun um verulegt hvaladráp hefur valdið ýmsum áhyggjum, þar sem í ráði er að veiða árlega árin 1986, 1987, 1988 og 1989 80 langreyðar, 40 sandreyðar og 80 hrefnur eða þriðjung þess sem veitt hefur verið að meðaltali af langreyði og hrefnu og um helming þess sem veitt hefur verið af sandreyði. Hvalur hf. annast hinar vísindalegu veiðar undir yfirstjórn Hafrannsóknastofnunar og sölutekjur eiga að fjármagna hinar vísindalegu rannsóknir. Allt kann þetta að vera gagnlegt, en full ástæða er til að Alþingi og almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um framkvæmd.

Mér er ekki kunnugt um hvort allir alþm. hafa fengið áætlunina, en grun hef ég um að hún liggi ekki á lausu fyrir almenning. Vitað er að gildistöku samningsins frá 14. maí 1985 var frestað til 1. janúar 1986. Jafnframt var þá tilkynnt um að rannsóknaráætlunin yrði endurskoðuð, trúlega vegna gagnrýni m.a. vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins. Um 100 aðilum víðs vegar um heim mun hafa verið skrifað og þeim boðið að láta í ljós álit á áætluninni. Ekki hefur þó heyrst um neina endurskoðun. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 537 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. „Hvað líður endurskoðun áætlunar um hvalarannsóknir sem boðuð var þegar gildistöku samnings við Hval hf. um hvalveiðar í vísindaskyni var frestað og hún ákveðin 1. janúar 1986?
2. Hvernig hefur sú endurskoðun verið unnin?
3. Hvenær verður hin endurskoðaða áætlun kynnt?
4. Hvað líður samningum um skiptingu hrefnuveiða milli aðila?
5. Verður notkun nýrra norskra sprengiskutla skyld samkvæmt samningnum?“

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Áður en ég svara þeirri fsp. sem hér liggur fyrir vildi ég taka það fram út af orðum hv. þm. að sú áætlun sem hefur verið gerð um hvalarannsóknir liggi ekki frammi fyrir almenning að það er algerlega rangt. Þessi áætlun hefur verið kynnt á blaðamannafundi og liggur frammi fyrir hvern sem er og óskar eftir að fá hana og hefur aldrei verið nokkurt leyndarmál. Ég get ekki séð hvað liggur að baki þessari fullyrðingu hv. þm., en ég vildi leiðrétta þennan misskilning.

Sem svar við 1. lið fsp. er rétt að geta þess að í maí s.l., þegar áætlun um hvalveiðar í vísindaskyni var fyrst kynnt, var gert ráð fyrir að um hana yrðu umræður sem síðan yrði tekið tillit til við endanlega framkvæmd hennar. Áætlunin var rædd í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins í júní, á fundi ráðsins í júlí og síðan á sérstökum kynningar- og umræðufundum hér innanlands í ágúst. Þar eðlilegt var að tími var helst til naumur til endurskoðunarinnar var ákveðið að fresta gildistöku samningsins við Hval hf. fram til 1. janúar 1986. Er þessu starfi nú að mestu lokið, en rétt er þó að geta þess að gert er ráð fyrir árlegri endurskoðun áætlunarinnar með tilliti til árangurs og fjárhagsstöðu rannsókna.

Sem svar við 2. spurningunni vil ég segja þetta: Í framhaldi af ofangreindri umfjöllun um áætlunina s.l. sumar var sent erindi til um 100 erlendra rannsóknaraðila, bæði stofnana og einstaklinga, þar sem óskað var eftir gagnrýni á áætlunina og einstaka þætti hennar og tillögum að hugsanlegum úrbótum. Einnig var viðkomandi aðilum formlega boðin þátttaka í fyrirhuguðum rannsóknum og/eða boðið að nýta sér hérlenda aðstöðu til rannsókna í tengslum við væntanlegar veiðar. Þeir rannsóknaraðilar sem haft var samband við eru flestir erlendir vísindamenn sem komið hafa nærri hvalrannsóknum hér á landi á undanförnum árum, auk aðila í nágrannalöndunum sem fengist hafa við rannsóknir á veiðiþoli hvalastofna eða leggja stund á hvalarannsóknir á aðliggjandi hafsvæðum og líklegt var talið að sæju sér hag að samstarfi. Hafrannsóknastofnuninni hafa nú þegar borist svör um 30 aðila varðandi þetta og voru þau ásamt árangri umfjöllunarinnar s.l. sumar grundvöllur endurskoðunarinnar sem unnin var af Hafrannsóknastofnuninni. Helstu niðurstöður endurskoðunarinnar eru þessar:

1. Fallið verður frá áformum um frekari hrefnumerkingar á næstunni, þ.e. talið er að það átak sem ráð var gert fyrir sumarið 1986 og 1987 muni ekki skila þeim árangri sem vænst var vegna takmarkaðra veiða á næstu árum.
2. Efnt verður til umfangsmikillar flugtalningar á hrefnu á öllu íslenska strandsvæðinu í júní og júlí 1986. Niðurstöður tilrauna s.l. haust benda til gagnsemi þessarar aðferðar til að meta stofnstærð hrefnu gagnstætt því sem fram að þessu hefur verið álitið og er því talið rétt að gera þessa tilraun. Verkefnið er talið kosta 1,5–2 millj. kr.
3. Efnt verður til sérstaks leiðangurs tveggja skipa á næsta hausti til stofnathugana, aðallega ljósmyndunar háhyrninga til einstaklingsgreiningar á háhyrningi hér við land. Hér er um að ræða eflingu fyrri áætlana í þessa veru. Rannsóknirnar verða væntanlega unnar í samstarfi við erlenda vísindamenn.
4. Kannaðir verða möguleikar á sérstökum leiðöngrum að sumarlagi árið 1987 eða 1988 í sama tilgangi hvað varðar steypireyði og hnúfubak og jafnvel hrefnu. Til þess þyrfti að útvega hentugt skip sem er ódýrt í rekstri

vegna þess hvað vertíð tæki langan tíma. Vitað er um áhuga erlendra aðila á þátttöku í verkefninu og ræðst framkvæmd þess að nokkru af undirtektum þeirra.

5. Ákveðið hefur verið að koma á fót auknum rannsóknum á erfðaefni stórhvala í tengslum við rannsóknir sem í gangi eru og fyrir voru í áætluninni. Er gert ráð fyrir að þessar rannsóknir, sem framkvæmdar verða í samvinnu við sænska aðila, verði mikilvægar til þess að meta niðurstöður annarra rannsókna er miða að greiningu hvala á Norður-Atlantshafi í mismunandi stofna.

6. Í samræmi við tillögur ýmissa aðila verður framkvæmd nokkurra verkefna breytt nokkuð til þess að sem bestur árangur náist. Þetta varðar fyrst og fremst tæknilega útfærslu, svo sem bættar aðferðir við aldursgreiningu hvala, mælingar á fæðuþörf, orkubúskap stórhvala o.fl.

7. Kannað verður hvort hægt er að nota bergmálstalningu við stórhvali í fyrirhuguðum leiðöngrum árið 1987 og leitað samstarfs erlendra og innlendra aðila í þessu sambandi.

8. Reynt verður að þróa aðferðir til að afla mikilvægra líffræðilegra sýna af stórhvölum á hafi úti, þ.e. sýna sem mikilvægt er að fá ferskari en unnt hefur verið hingað til.

9. Áætlanir um hugsanlegar tilraunaveiðar á friðuðum hvalategundum, svo sem hnúfubak og steypireyði, hafa verið felldar úr áætluninni.

Sem svar við 3. lið: Ofangreind atriði verða kynnt og rædd í Alþjóðahvalveiðiráðinu í maí n.k. og niðurstaðan kynnt hér heima að því búnu.

Sem svar við 4. lið: Endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir um það hvort farið verði af stað með hrefnuveiðar í vísindaskyni á þessu ári.

Á s.l. ári var aftur gert bráðabirgðasamkomulag við hrefnuveiðimenn varðandi tilhögun rannsóknaveiða árin 1986-1989. Þar er gert ráð fyrir því að vinnslustöðvar verði tvær, á Brjánslæk og Árskógsströnd, og fjórir bátar stundi veiðarnar. Ef af þessu verður þýðir það að fimm bátar munu láta af þessum veiðum meðan stöðvun hvalveiða varir.

Svar við 5. spurningunni: Íslendingar eru ekki bundnir af þeirri ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins sem kveður á um bann við notkun skutuls án sprengihleðslu við hrefnuveiðar í atvinnuskyni, sbr. 6. gr. í fylgiskjali með alþjóðasáttmálanum um skipan hvalveiða. Það hefur hins vegar verið talið sjálfsagt að athuga með notkun á hinum nýja norska sprengiskutli verði ákveðið að hefja veiðarnar. Þessi sprengiskutull er nýjung, norsk hönnun, og hefur verið notaður á norskum hrefnuveiðibátum í tilraunaskyni með góðum árangri. Einnig hafa tilraunir verið gerðar með skutulinn hér á landi.

Ég tel því eðlilegt að hafa ákvæði um notkun hans í samningi, fáist hann keyptur hingað frá Noregi, ef af þessum veiðum verður í ár.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég vil hins vegar geta þess að ástæðan fyrir því að ég dró í efa að rannsóknaráætlunin væri aðgengileg er sú að þegar hv. þm. fengu, a.m.k. sumir hverjir, fyrstu áætlunina sem trúnaðarmál var mér fullkunnugt um að ýmsir embættismenn í kerfinu fengu áætlun sem var ekki alveg samhljóða þeirri, þannig að það virtust vera tvær áætlanir í gangi. Vel má vera að úr þessu hafi verið bætt og er það þá gleðilegt.

Ástæðan fyrir því að ýmsir hafa áhyggjur af þessum málum, og síðari fsp. mín, sem verður væntanlega rædd á eftir, segir kannske dálítið meira um það, er á hversu miklum brauðfótum þessar rannsóknir standa að því er tekur til fjármögnunar. Af svörum hæstv. ráðh., sem voru ítarleg eins og hans er von og vísa, kemur í ljós að það er ákaflega undarlegt að það skuli þurfa að drepa öll þessi dýr, 80 langreyðar, 40 sandreyðar og 80 hrefnur, samkvæmt áætluninni, vegna þess að flestir þættir fyrirhugaðra rannsókna eru allt annars eðlis en rannsóknir á dauðum dýrum. Þær eru mestmegnis rannsóknir á lifandi dýrum í sjónum. Og eins og hæstv. ráðh. tók hérna fram dreymir vísindamenn um að fá skip til að fylgjast með dýrunum í sjónum, menn dreymir um að komast upp í loftið til að telja dýrin. Þess vegna er auðvitað afskaplega vafasamt að ætla sér að fjármagna þessar vísindalegu rannsóknir með því að þurfa að drepa svo mörg dýr. Sannleikurinn er sá að menn hafa verið að gera á undanförnum árum ýmsar þær rannsóknir sem engan veginn hefur verið starfsfólk til þess að vinna úr, og það er til nú þegar mikið efni úr aflífuðum dýrum sem gjörsamlega á eftir að rannsaka. Þetta veit ég að hæstv. ráðh. veit sjálfur, enda erum við engir andstæðingar í þessum málum. Ég er fullviss um að hæstv. ráðh. vill reyna að stýra þessum málum af einhverri skynsemi.

Það gleður mig líka að heyra að ráðuneytið hyggst vinna að því að sprengiskutull verði notaður því það er satt að segja óhugnanlegt til þess að vita að þessi stóru dýr skuli þurfa að vera jafnvel klukkutíma eða á annan tíma að veslast upp eftir að skutull hefur hæft þau.

En, herra forseti, ég vænti þess að síðari fsp. mín komi hér á dagskrá líka og þá mun ég fara nokkru nánar út í frekari framkvæmd þessarar áætlunar.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Út af orðum hv. fyrirspyrjanda um fjölda dýra, þá er það að sjálfsögðu vísindamanna að gera tillögur um hversu mörg dýr eru nauðsynleg í þessu sambandi og það hafa þeir gert. Ég ætla ekki að fara að leggja neinn endanlegan dóm á það. Það hafa hins vegar margir gert án þess að vita mikið um málið, t.d. erlendir aðilar. Að sjálfsögðu er hér um atriði að ræða sem ávallt má deila um.

Hitt er svo annað mál að það er skylda samkvæmt Alþjóðahvalveiðisáttmálanum frá 1946 að nýta þau dýr sem drepin eru, enda verður ekki séð að annað sé skynsamlegt, og ekki síst til að standa undir þeim mikla kostnaði sem er samfara rannsóknum sem þessum og okkar þjóðfélag hefur ekki ótakmarkað fjármagn til að setja í og aðrar þjóðir, sem mestu vilja ráða um þessi mál, hafa engan áhuga fyrir að setja fjármagn í, en aðeins að koma með fullyrðingar um að ekki skuli gera þetta og ekki hitt í málinu.

Fjármögnun rannsókna á hvalastofninum, fsp. 292. mál (þskj. 538). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Í Morgunblaðinu birtist 26. febrúar s.l. frétt og hljóðar

fyrirsögnin svo, með leyfi forseta: „Japanir kaupa engar hvalaafurðir í ár", segir Craig van Not talsmaður umhverfisverndarsamtaka í Bandaríkjunum."

Frétt þessi er þess efnis að ég tel ástæðu til ef ég mætti, með leyfi forseta, lesa aðeins upphafið:

„Japanir hafa tilkynnt bandarísku ríkisstjórninni að þeir muni ekki kaupa neinar hvalaafurðir á þessu ári, að sögn Craig van Not, talsmanns samstarfshóps umhverfisverndarfélaga um hvalavernd. Hann sagði að Japanir hefðu einnig tilkynnt Íslendingum um þessa ákvörðun, en Halldór Ásgrímsson sjútvrh. vísaði því á bug í samtali við Morgunblaðið í gær, en sagði að alltaf hefði ríkt óvissa um kaup Japana á hvalafurðum. Aðspurður um hvort hægt væri að selja hvalafurðir annað kvað hann nei við."

Ég skal ekki eyða tíma með því að lesa þessa frétt frekar, en þar segir einnig að ástæðan fyrir því að Japanir muni ekki kaupa neinar hvalaafurðir í ár, hvorki af Íslendingum né öðrum, sé sú að þeir eiga þá á hættu að glata fiskveiðiréttindum sínum í bandarískri lögsögu ef þeir gerðu það. Þar hafa Japanir veitt milli 600 þús. og 900 þús. lestir á ári og aflaverðmæti þess er um 400–500 millj. bandaríkjadala.

Þessi frétt kemur engum á óvart sem fylgst hefur með umræðunni um stöðvun hvalveiða. Því miður hefur sú umræða oft mótast af tilfinningalegum ofsa fremur en skynsemi, og eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. áðan hættir honum mjög til að vísa til útlendinga sem hafa bæði látið uppi skoðanir og gert fyrirspurnir um þessi mál. Ég held að ég geti ekki á nokkurn hátt borið neina ábyrgð á því þannig að ég vænti þess að því ergelsi verði haldið utan við þá umræðu sem hér fer fram.

Að mínu viti er í þessu máli skynsemi nauðsynleg og alþjóðlegt samstarf um verndun og viðhald dýrastofna og virðing Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi það sem Alþingi þarf að líta á af ýtrustu alvöru. Það er því ekki til gagns að lesa ummæli Kristjáns Loftssonar í Tímanum í vetur, en hann er forstöðumaður Hvals hf. Ég held að þau orð séu ekki til styrktar því að skynsamlega sé á þessum málum haldið. Þar segir hann m.a. — og einmitt orð af þessum toga móta gjarnan þá umræðu sem hér er gerð að umtalsefni:

„Það er lítil ástæða fyrir okkur Íslendinga að óttast aðgerðir þeirra Grænfriðunga í Bandaríkjunum í sumar. Það er greinilegt að slagkraftur þeirra er ekki sá sem þeir segja hann vera. Grænfriðungar og önnur dýraverndunarsamtök hafa sagt að þau gætu valdið gífurlegum skemmdum á mörkuðum okkar víða í Bandaríkjunum þar sem þau eiga að hafa greiðan aðgang að stjórnvöldum og svo og svo mikil áhrif á stjórnsýslusviðið."

Enn fremur segir: „Stjórnvöld í Bandaríkjunum eru að friða þessa dýraverndarhópa með því að vera að andskotast í öðrum sem ekki eru á þeirra heimavelli. Baráttan gegn hvalveiðum og fleiru er pólitík sem er keyrð á erlendum vettvangi til þess að friða dýraverndunarhópa og tryggja að friður sé fyrir þeim heima í Bandaríkjunum." Umræða af þessu tagi á ekki erindi í þetta mál.

Eins og hæstv. sjútvrh. hefur margsagt er mikið í húfi að hér takist vel til. Íslendingar eiga jafnt æru sína og e.t.v. stórfellda hagsmuni undir því. Engin fjárveiting er fyrir áætluðum hvalarannsóknum og sölu hvalafurða frá veiðunum er ætlað að standa undir kostnaði við þær. Fari hins vegar svo að sú sala bregðist sýnist mér málið í sérkennilegri stöðu. Því taldi ég ástæðu til að leggja fram fsp. á þskj. 538 sem hljóðar svo, með leyfi forseta, og ég bið forseta um augnabliksþolinmæði:

„1. Er sala á hval til Japans tryggð þann tíma sem áætlaðar rannsóknir á hvalastofninum eiga að fara fram?

2. Hvaða leiða hyggst ráðherra leita ef fjármögnun rannsóknaráætlana með sölu á hval til Japans bregst, t.d. fyrir þrýsting frá Bandaríkjamönnum?

3. Hver voru viðbrögð Bandaríkjastjórnar við erindi ríkisstj. um hvalveiðimálið í viðræðum við Shultz utanríkisráðherra 6. nóv. s.l. í Reykjavík?"

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Sem svar við 1. spurningunni vil ég segja eftirfarandi:

Í september s.l. afhenti fulltrúi japanska sendiráðsins í Stokkhólmi í sendiráði Íslands þar í borg minnisblað þar sem því er lýst yfir að til að forðast gagnaðgerðir Bandaríkjamanna á grundvelli svonefndra Packwood/Magnuson-laga muni ríkisstjórn Japans tilneydd að takmarka innflutning á hvalkjöti sem fæst af hvalveiðum sem stríði gegn verndaraðgerðum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þá segjast Japanir munu banna innflutning á hvalkjöti sem fæst af vísindaveiðum Íslendinga fari svo að Bandaríkjamenn telji að beita beri Packwood/Magnuson-lögunum gagnvart innflutningi á kjöti sem þannig er tilkomið. Þessi minnisatriði eru, eins og sést af framansögðu, ærið loðin og óskýr.

Í október s.l. átti Pétur Thorsteinsson síðan þrjá fundi um þetta mál við japönsk yfirvöld og mál þetta bar á góma í viðræðum páv. viðskrh. Íslands, Matthíasar Á. Mathiesen, og hins japanska starfsbróður hans hinn 15. okt. Af þeim viðræðum er ljóst að Japanir óttast að áframhaldandi veiðar þeirra sjálfra og innflutningur á hvalkjöti geti haft áhrif á veiðiheimildir japanskra skipa í lögsögu Bandaríkjanna. Stendur þetta í sambandi við málaferli sem Japanir hafa átt í í Bandaríkjunum um gildi hinna svonefndu Packwood/Magnuson-laga gagnvart hvalveiðum Japana sjálfra, en þeim málaferlum er ekki lokið. Er því við því að búast að Japanir verði tregir til að heimila innflutning á hvalkjöti nema fyrir liggi að sá innflutningur muni ekki leiða til refsiaðgerða af hálfu Bandaríkjamanna á grundvelli áðurnefndra Packwood/Magnuson-laga.

Tilskipun um þetta efni var gefin út í Japan hinn 6. sept. s.l., en texti hennar varpar ekki frekara ljósi á stöðu málsins gagnvart innflutningi á íslensku hvalkjöti.

Fyrirhugaðar vísindaveiðar Íslendinga eru í fullu samræmi við reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þær eru raunhæfasta áætlunin sem hingað til hefur verið kynnt sem miðar að endurmati á hvalastofnum fyrir árið 1990, en samkvæmt ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins skyldi slíkt endurmat fara fram fyrir þann tíma. Út frá íslenskri réttarvitund er því ákaflega fjarlægt að telja að þessar veiðar verði taldar draga úr áhrifum friðunaraðgerða Alþjóðahvalveiðiráðsins, en slíkt er skilyrði fyrir beitingu Packwood/Magnuson-laganna. Endanleg afstaða Japana gagnvart innflutningi íslensks hvalkjöts mun væntanlega byggjast á mati Japana á því hversu líklegt er að sá innflutningur leiði til beitingar þessara lagaákvæða. Á þessari stundu er að mínu mati ekki unnt að fullyrða hver niðurstaðan verður. Enn ríkir því

nokkur óvissa um sölu á þessu kjöti til Japans og þeirri spurningu hvort sala kjötsins sé tryggð verður að svara neitandi.

Að því er varðar 2. liðinn vil ég vísa til þess sem ég hef áður sagt í svari hér á undan, en bæta því jafnframt við að samkvæmt samningi Hafrannsóknastofnunar við Hval hf. greiðir fyrirtækið tiltekið verð fyrir hvern veiddan hval til að standa undir kostnaði við rannsóknirnar. Sala afurðanna og áhætta af rekstrinum er að öllu leyti á ábyrgð og áhættu Hvals hf.

Að því er varðar 3. spurninguna, um viðbrögð Bandaríkjamanna við erindi ríkisstj., þá áttu utanrrh. og forsrh. samtal við utanrrh. Bandaríkjanna. Svar hans er afar óljóst, en það má hins vegar ráða af því svari, eins og kemur fram í lok þess, að hann hvetur til þess að fresta fyrirhuguðum áætlunum Íslendinga þar til Alþjóðahvalveiðiráðið hefur gert viðeigandi ráðstafanir.

Nú er það svo að fundur verður í apríl um hið svokallaða endurmat stofnanna og mun þá nokkuð koma fram á þeim fundi. Það hefur einnig verið sett upp nefnd til að setja reglur um vísindalegar veiðar sem við Íslendingar höfum jafnframt mjög hvatt til, en vegna fjárhagserfiðleika Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem hefur vart efni á því að halda lítinn nefndarfund, mun ekki verða hægt að halda fund í þeirri nefnd fyrr en um leið og fundur Alþjóðahvalveiðiráðsins verður haldinn. Er vissulega mjög bagalegt að þessi ágæta alþjóðlega stofnun skuli ekki hafa fjármagn til að sinna svo mikilvægu verkefni sem þessu.

Þannig er ekki ljóst hvenær Alþjóðahvalveiðiráðið kemst að frekari niðurstöðu um þessi mál, en hins vegar er aðalatriði málsins að hér er í einu og öllu farið eftir þeim reglum sem um þessi mál gilda í dag og engin leið að vinna samkvæmt einhverjum reglum sem kunni að verða settar einhvern tíma í framtíðinni jafnvel þótt sjálfur utanrrh. Bandaríkjanna mæli með því.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil enn þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og taka skýrt fram að ég er ekki á nokkurn hátt að ásaka hann um að fara ekki að þeim samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins sem gerðar hafa verið eða brjóta á vilja Alþingis. Ég held að það sé hins vegar mjög nauðsynlegt að hv. Alþingi sé upplýst um stöðu þessara mála.

Það hefur hins vegar komið fram í máli hæstv. ráðh. að málið er allt í óvissu. Það liggur alveg fyrir að Japanir eru dauðhræddir við að kaupa nokkrar hvalaafurðir vegna hagsmuna sinna varðandi fiskveiðilögsögu. Samkvæmt bréfi, sem dags. er 3. des. 1985, frá öldungadeildarfulltrúanum Robert Packwood til viðskrh. Bandaríkjanna, Malcolm Baldridge og svari þess síðarnefnda, sem er dags. 3. jan. 1986, er fullkomlega ljóst að Bandaríkjastjórn hyggst beita sér kröftuglega gegn verslun með hvalaafurðir fengnum eftir gildistöku veiðistöðvunar Alþjóðahvalveiðiráðsins og gegn þeim ríkjum sem slíka verslun stunda, hvort heldur sem um útflytjendur eða innflytjendur er að ræða.

Það er því greinilegt að fyrirhugaðar vísindaveiðar eru satt að segja í biðstöðu. Mér var kunnugt að svar Shultz utanrrh. Bandaríkjanna hafði verið á þann veg að hann hvatti til þess að fresta þessari áætlun þar til Alþjóðahvalveiðiráðið hafði tekið til hennar afstöðu. Mér er hins vegar ekki alveg ljóst hvernig þessi mál horfa hér innanlands því að fyrr í vetur mátti sjá og kom ýmsum á óvart að hlutafé í Hval hf. hafði verið hækkað með útgáfu jöfnunarhlutabréfa úr rúmum 29 millj. kr. í 59 millj. Ég verð að segja að mér finnst það mikil bjartsýni miðað við hvernig þessum málum er háttað.

En það er kannske ekki aðalatriði málsins. Það sem mér leikur hugur á að vita er að nú mun dómur sá sem ráðherra minntist á í Bandaríkjunum ekki falla fyrr en einhvern tíma í júní. Vertíð byrjar hér einhvern tíma í byrjun júní. Það sem ég átta mig ekki alveg á er það hvenær verður hægt að taka ákvörðun um hvort þessar veiðar fara fram eða ekki og í hvaða röð þurfa að koma þær ákvarðanir sem valda niðurstöðum hæstv. ráðh. í þessu máli. Og ég tek það fram enn og aftur að ég öfunda hann ekki af að fást við þetta vandræðamál.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu svo með öll mál að endalok þeirra verða ekki séð fyrir fram. Hitt er svo annað mál að ef Bandaríkjamenn hyggjast beita Japani þeim þrýstingi að hóta þeim að taka af þeim veiðiheimildir ef þeir muni flytja inn hvalkjöt frá Íslandi er þar að mínu mati um mjög alvarlegt mál að ræða af hálfu Bandaríkjamanna gagnvart Íslendingum. Í fyrsta lagi væru Bandaríkjamenn þá að fullyrða að hér sé ekki farið út í veiðar í vísindalegum tilgangi heldur í öðrum tilgangi, eins og svo margir hafa viljað halda fram, sem er miður vegna þess að þessar veiðar stríða ekki gegn þeim lögum sem hér er vitnað í. Ég vænti þess að Bandaríkjamenn muni ekki framkvæma slíkt, en ef þeir hins vegar gera það hlýtur það að vera mjög alvarlegt mál í augum okkar margra sem höfum haft verulegt álit á því þjóðfélagi sem þar er rekið. Ég hef ekki viljað trúa því fram að þessu að bandarísk stjórnvöld láti undan hótunum ýmissa hagsmunasamtaka í Bandaríkjunum í þessu máli, en ef þeir gera það býst ég við að það muni verða mjög alvarlegur atburður í vitund margra Íslendinga.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það var kannske aðeins eitt atriði sem ég vil koma á framfæri í þessari umræðu. Í stórmerkilegri grein um þetta mál skrifar dr. phil. Arne Schiötz í Politiken í vetur þar sem hann segir, með leyfi forseta, og í lauslegri þýðingu minni:

„Íslendingar hafa haft sóma af nútímahafréttarlögum og fyrir það eru þeir virtir. Vill Ísland svo í framtíðinni að sín verði minnst sem þess lands sem orsakaði að Alþjóðahvalveiðiráðið molnaði í sundur?“

Þetta held ég að sé nefnilega mikilvægt atriði í þessu máli öllu.

Ráðherra minntist á það áðan að það væri alvarlegt mál milli Bandaríkjanna og Íslands ef svo færi sem hann talaði um, en ég held að Íslendingar eigi að fara varlega í þessu máli og ég er sannfærð um að hæstv. ráðh. vill gera það. Þeir þekkja það hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Gunnar G. Schram og ágætur fyrrv. þm. Lúðvík Jósepsson sem unnu vel og með virðingu og reisn að hafréttarsáttmálanum. Í hann vitnum við þegar við þurfum að verja okkar hagsmuni. Þess vegna held ég að Íslendingar verði að gæta þess vel að allir slíkir sáttmálar séu virtir. Rök eins og þau að einhverjir menn sem aldrei hafa litið saltan sjó séu meðlimir í Alþjóðahvalveiðiráðinu skipta ekki neinu máli. Auðlindir jarðarinnar eru mál okkar allra. Ég vona okkar allra vegna að okkur takist að vinna þetta mál þannig að sómi sé

að, en ég held að við ættum ekki að láta fara í taugarnar á okkur einstök félagasamtök sem menn hafa gjarnan látið rugla sig í ríminu. Hér þarf að vinna af skynsemi.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Mér finnast þessar umræður vera eins og bergmál frá þingi Norðurlandaráðs sem fram fór í Kaupmannahöfn núna fyrir stuttu þar sem þessi mál bar einnig á góma og hæstv. sjútvrh., sem svaraði þar fyrir okkur með ágætum, var brugðið um að kunna ekki dönsku. Það var heldur ómerkilegur málflutningur. En það er ekki við öðru að búast kannske frá fulltrúum ýmissa hópa sem halda að matvælin vaxi í stórmörkuðum og gera sér ekki grein fyrir því að maðurinn lifir á því að deyða, því miður.

Það er svo sem hægt að vitna í greinar eftir lærða vísindamenn. En mér er minnisstæður fundur sem Landvernd efndi til í fyrrasumar þar sem komu erlendir vísindamenn til að fordæma þessa ályktun. E.t.v. kann einn þeirra að hafa verið sá sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir vitnaði til. Þessir vísindamenn, sem hingað voru komnir til að fordæma áætlun Íslendinga um vísindalegar veiðar, viðurkenndu jafnframt að þeir hefðu ekki lesið þessa áætlun. Það var lærdómsríkur fundur.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins út af ummælum hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um Alþjóðahvalveiðiráðið segja að það mun ekki gliðna í sundur fyrir tilstuðlan Íslendinga sem voru stofnendur að því ráði. Ég veit að þm. mundi sannfærast um það ef hún sæti einn fund þessa ráðs. Ég hef þegar setið tvo fundi og er alveg ljóst að það eru ýmis önnur ríki sem mundu frekar verða til þess að þetta ráð gliðni í sundur. Ég vænti að til þess muni ekki koma, en það er vissulega hætta á því.

Erlend leiguskip, fsp. 298. mál (þskj. 546). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Svo sem alkunna er misstu nokkrir tugir sjómanna og skipstjórnarmanna vinnuna þegar fyrirtækið Hafskip hf. varð gjaldþrota. Ýmsir þeirra fengu vinnu við það að Eimskipafélagið yfirtók leifar Hafskips, en það voru ekki nærri því allir. Margir þeirra fengu enga vinnu og alls ekki vinnu þar sem þeirra menntun og reynsla nýtist. Allmargir þessara manna ganga enn atvinnulausir.

Þegar þessi mál voru á döfinni var það held ég að frumkvæði hæstv. félmrh. að fram kom tillaga í ríkisstj. að það skyldi vera meginregla í samningum um töku erlendra leiguskipa til siglinga hingað og héðan að það væri heimilt að manna skipin með íslenskri áhöfn. Mér býður í grun að á þessu hafi orðið nokkur misbrestur, framkvæmdin hafi ekki orðið sú sem ætlast var til. Því hef ég leyft mér á þskj. 546 að bera fram fsp. til viðskrh. um erlend leiguskip. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hve mörg erlend leiguskip hafa verið í förum að og frá Íslandi á vegum íslenskra aðila undanfarna tvo mánuði?"

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á tímabilinu 1. jan. til 28. febr. s.l. var fjöldi erlendra leiguskipa til og frá Íslandi alls 27 á vegum sjö útgerða. Þar voru fjögur erlend tímaleiguskip, þ.e. skip með erlendri áhöfn, í langtímaverkefnum fyrir tvær íslenskar útgerðir. Þá var um að ræða þrjú erlend þurrleiguskip, en það eru erlend skip í langtímaverkefnum fyrir íslenskar útgerðir mönnuð íslenskum áhöfnum alfarið. Loks voru 20 ferða- og farmleiguskip í förum til og frá landinu á fyrrnefndu tímabili, en það eru erlend skip leigð af íslenskum útgerðum og/eða íslenskum farmeigendum til einstakra ferða eða farma. Slík skip eru í yfirgnæfandi tilfellum í flutningum á lýsi, fiskimjöli og salti svo að helstu þættir séu nefndir.

Eins og fyrr er sagt eru nú fjögur skip í þjónustu íslensku útgerðanna borið saman við átta skip á árinu 1985 og níu skip á árinu 1984. Á fyrrnefndum skipum eru alls 46 menn, auk íslensks eftirlitsmanns á hverju skipi. Samdráttur á erlendum tímaleiguskipum er m.a. vegna tilmæla stjórnvalda til útgerðarinnar um að halda leigutöku á erlendum skipum fyrir langtímaverkefni í lágmarki.

Þau fjögur skip sem eru í langtímaleiguverkefnum eru á leigu hjá tveimur útgerðum, hjá Eimskipafélagi Íslands tvö skip og hjá skipadeild SÍS tvö skip.

Eimskip seldi Mánafoss með litlum fyrirvara í desember s.l. til Austurlanda fjær og skipið var afhent nýjum eigendum 6. mars. Félagið var því knúið með litlum fyrirvara til að finna skip til að leysa Mánafoss af hólmi í strandsiglingum þar sem önnur skip útgerðarinnar voru hvorki hentug né frjáls frá öðrum verkefnum. Hefur því skipi verið veitt leyfi til 10. apríl n.k. Áhöfnin er tíu manns, auk íslensks eftirlitsmanns.

Hitt skipið er ms. Doris. Skipið er á tímaleigu og er í siglingum til Bandaríkjanna. Siglingar til Bandaríkjanna eru, eins og menn vita og við þekkjum best, sveiflukenndar og áhættusamar eins og reynslan sannar. Það er ekki hentugur skipakostur til slíkra siglinga. Þá taldi útgerð Eimskips óviðeigandi að fjárfesta í skipakosti í svo áhættusaman rekstur fyrr en nokkur reynsla væri fengin og festa komin á þessar siglingar. Áhöfn þessa skips er 14 manns, auk íslensks eftirlitsmanns.

Skipadeild SÍS leigir skipið Jan í áætlunarsiglingum til Evrópu. Skipadeildin á núna í viðræðum við eigendur skipsins um að skipið verði mannað að mestum hluta með Íslendingum og eru líkur taldar góðar fyrir því að eigandi skipsins samþykki slíkt fyrirkomulag. Til lengri tíma litið hefur skipadeild SÍS áhuga á þurrleigu skips mönnuðu Íslendingum sem mundi anna þeim verkefnum sem ms. Jan sinnir nú.

Fjórða og síðasta skipið hefur skipadeild SÍS á leigu til siglinga til Norðurlandanna. Það er gert í þeim tilgangi að auka siglingatíðni í áætlanasiglingum útgerðarinnar. Þar sem hér er um að ræða aukningu á markaði sem enn er ókannaður telur útgerðin ekki forsvaranlegt að fjárfesta í skipakosti eða skuldbinda sig til lengri tíma með þurrleiguskipi fyrr en tilraunasiglingar hafa sýnt að rekstrargrundvöllur sé fyrir hendi.

Meginástæður fyrir því að tvö stærstu skipafélögin hafa ekki treyst sér til að kaupa skip að svo stöddu eru í fyrsta lagi að stórkostleg aukning hefur orðið á strandflutningum vegna aukins útflutnings á ferskum fiski. Gámarnir eru teknir á hinum ýmsu höfnum kringum landið og fluttir til Reykjavíkur í veg fyrir stóru millilandaskipin. Að svo stöddu er ekki ljóst hvort um

áframhald á þessum flutningum verður að ræða og því vilja félögin bíða átekta til að geta fundið sem hentugast skip í þessa flutninga.

Í öðru lagi hefur orðið mikil breyting á flutningsmarkaðnum með stykkjavöru að undanförnu, einkum vegna þess að Hafskip hætti rekstri. Því ríkir nokkur óvissa um gerð og stærð skipa sem henta til þessarar þjónustu þegar til lengri tíma er litið.

Eins og af framansögðu er ljóst hefur verulega fækkað þeim skipum sem tekin hafa verið á leigu til lengri tíma og að því er stefnt að koma í veg fyrir það, en ekki hefur verið fært að ganga lengra en hér hefur verið gengið.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Hér er hreint ekki verið að amast við því eða gera athugasemdir við að skip séu tekin á leigu til einstakra ferða og til að flytja einstaka farma. Ég hygg að öllum sé ljóst að það er óhjákvæmilegt og fram hjá því verður aldrei komist. En það sem verið er að gera athugasemd við hér og vekja athygli á er það að eftir þeirri tillögu félmrh. í ríkisstj., sem fram kom 20. des., að það sé meginregla í samningum um erlend leiguskip á vegum útgerðanna að veitt verði heimild til að manna skipin með íslenskum áhöfnum, hefur alls ekki verið farið.

Ég leyfi mér að draga í efa að þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. veitti áðan, séu nægilega nákvæmar. Þær upplýsingar sem mér hafa borist benda til og raunar fullyrða að þessi skip séu fleiri, þ.e. að skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga sé með tvö vestur-þýsk kaupskip á leigu sem eru mönnuð erlendum sjómönnum og eigi von á því þriðja áður en langt um líður og að Eimskipafélag Íslands sé með þrjú erlend leiguskip, sem eru mönnuð erlendum sjómönnum, í föstum siglingum hér við landið.

Það er náttúrlega til lítils þó að ríkisstj., þegar á er knúð, gefi yfirlýsingar um að þetta skuli vera svona og svona, þegar ljóst er að íslenskir sjómenn eru að missa atvinnuna, ef hreint ekkert er eftir því farið. Það er sjálfsagt rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að leiguskipin eru færri en var um svipað leyti í fyrra, en það breytir ekki því að það hefur ekki verið farið að þeirri meginreglu að manna þessi skip með íslenskum áhöfnum til að tryggja íslenskum sjómönnum atvinnu sem ganga nú atvinnulausir allmargir, ég skal ekki fullyrða hversu margir. Tillagan sem fram kom í ríkisstj. 20. des. er því markleysa ein, því miður, og væri óskandi að ríkisstj. mannaði sig upp í að fylgja þessari samþykkt eftir og sjá svo til hvað snertir þau erlend leiguskip sem tekin eru á leigu til langs tíma að þannig sé um hnútana búið að unnt sé að manna þau með íslenskum áhöfnum.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi telur sig vita meira en ráðuneytið gefur til kynna. Ég skal játa að ég hef ekki sannprófað sjálfur hvaða skip og hversu mörg eru. Til þess starfa menn hins vegar í ráðuneytum að þeir eiga að vinna að ákveðnum málum. Þó skal ég ekkert fullyrða um að það sem hv. fyrirspyrjandi sagði sé rangt, en hitt sé rétt sem ég sagði. Ég óskaði aðeins eftir því að fá í hendurnar skýrslu um hvað væri hér af leiguskipum á þessu tímabili. Þessa skýrslu hef ég. Það er ákveðinn starfsmaður í viðskrn. sem vann að svari þessarar fsp.

Nú er það líka til í dæminu að við neitum skipafélögum alfarið um að taka skip á leigu til langs tíma. Það þarf ekki að þýða að það komi skip með íslenskri áhöfn í staðinn ef skipafélögin treysta sér ekki til að kaupa skip sem verði mannað íslenskri áhöfn. Það getur því gengið út yfir flutninga. Það er því matsatriði hvort menn framfylgja því svo hart eftir eins og mér skildist að hv. fyrirspyrjandi teldi rétt að gera.

En ég tel að það sé allmikill munur á því sem verið hefur og því sem er núna. Þá geng ég auðvitað út frá því að þær upplýsingar sem ég hef frá starfsmanni ráðuneytisins séu réttar. Komi annað í ljós er skylt að leiðrétta það, ef þessar upplýsingar eru ekki réttar, en á meðan ég hef það ekki vil ég ekki vefengja upplýsingarnar.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég man ekki betur en að Samband íslenskra kaupskipaútgerða hafi lýst sig fylgjandi þeirri stefnu ríkisstj. að leiguskip yrðu mönnuð íslenskum áhöfnum og ég vildi beina því til hæstv. ráðh.: Hefur verið gengið eftir því við skipafélögin að þessari samþykkt yrði fylgt eftir eða eru einhverjir sérstakir annmarkar á því að leigja skip erlendis frá án áhafnar? Mér hefur sýnst að hjá verslunarflotanum í nágrannalöndum okkar væri verkefnaskortur og ætti að vera tiltölulega auðvelt að leigja skip án áhafna. Ég skal ekki fullyrða um það hvort upplýsingar mínar eða hæstv. ráðh. um skipafjöldann eru réttari. Ég gat aðeins þess að ég hefði aðrar upplýsingar.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég bið nú um orðið í þriðja sinn til að svara fsp. Ég lýsi því yfir að ráðuneytið hefur hvað eftir annað hvatt íslenska kaupskipaútgerð til þess að taka ekki á leigu önnur skip en þau sem væri hægt að manna með íslenskri áhöfn. Það er rétt hjá fyrirspyrjanda að það er mikið umframboð af kaupskipum, en þá eru það yfirleitt ekki þau skip sem henta í þessar siglingar. Ef hægt væri að taka skip af hvaða stærð sem væri væri hægt að gera þessa kröfu, en hér hefur verið unnið að því og eins og kom fram í mínu svari er unnið að því að fá samninga við hina erlendu aðila um íslenska áhöfn.

Hafnamál, fsp. 327. mál (þskj. 600). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Reynir Guðmundsson): Herra forseti. Ég legg hér fram fsp. til hæstv. samgrh. um hafnamál. Spurningarnar eru svohljóðandi:

„1. Hvenær má vænta þess að ný fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir verði lögð fram?

2. Hefur farið fram úttekt á þjónustumöguleikum íslenskra hafna með hliðsjón af nýrri og breyttri flutningatækni (gámaflutningum)?

3. Ef úttekt hefur ekki farið fram enn, mun þá samgrh. beita sér fyrir slíkri úttekt?

4. Hve stór hluti fjárveitinga til hafna á fjárlögum þessa árs gengur til greiðslu skulda?

5. Á hve mörgum stöðum verður unnið að hafnarframkvæmdum á þessu ári og hvert er framlag ríkissjóðs til þeirra framkvæmda skv. fjárlögum?“

Í IV. kafla hafnalaga nr. 69/1984 segir, með leyfi forseta, að Hafnamálastofnun skuli „vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn,

en þó aldrei skemur en til fjögurra ára. Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórnir, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti."

Frá gildistöku núverandi hafnalaga hefur engin áætlun verið lögð fram og nýjasta áætlunin um framkvæmdir í hafnamálum átti að gilda fyrir árin 1981–1984. Það hefur því engin áætlun verið gerð fyrir árin 1985 og 1986 hvað þá fyrir árin 1987 og 1988 eins og vera ætti skv. lögunum. Þetta leiðir hugann að fjárveitingum til hafna sem sífellt hafa farið minnkandi að raungildi frá árinu 1982.

Á aðalfundi Hafnasambands sveitarfélaga, sem haldinn var 16. og 17. janúar s.l., var gerð samþykkt um að leggja áherslu á að nú þegar yrði hafin gerð hafnaáætlunar til næstu fjögurra ára svo sem fyrir er mælt í lögunum. Á þessum fundi var einnig átalinn sá mikli niðurskurður ríkisframlaga til hafna sem orðið hefur á síðustu árum. Í ályktun hafnasambandsins segir m.a. að hafnarstjórnir víða um land neyðist nú til að loka lélegum eða hálfhrundum hafnarmannvirkjum fyrir skipaumferð. Það virðist því ljóst að ríkisframlög til hafna þarf að stórauka og þá á grundvelli víðtækra og öruggra áætlana.

Ég hef hér einnig spurst fyrir um hvort fram hafi farið úttekt á þjónustumöguleikum íslenskra hafna með hliðsjón af nýrri og breyttri flutningatækni. Hér er fyrst og fremst höfð í huga sú stórkostlega aukning sem orðið hefur á útflutningi sjávarafurða í gámum, en þó nokkrar hafnir hafa ekki getað nýtt sér þessa nýju tækni sökum lélegs aðbúnaðar. Hafnirnar eru einn mikilvægasti þátturinn í íslensku athafnalífi og undirstaða gjaldeyrisöflunar þjóðarbúsins, viðskipta og verslunar. Því vildi ég m.a. með fsp. mínum, herra forseti, vekja athygli á nauðsyn aukinna fjárveitinga úr ríkissjóði til hafnamála.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í gildandi hafnalögum frá 1984 segir um framkvæmdaáætlun í 29. gr.:

„Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára. Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórnir, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður."

Svipað ákvæði er að finna í eldri lögum um hafnamál. Síðasta fjögurra ára áætlun um hafnargerðir var gefin út í maí 1981 og var fyrir árin 1981–1984. Í Hafnamálastofnun var síðan samin áætlun um hafnargerðir 1983–1986, en hún var aldrei lögð fram, m.a. vegna þess að ljóst var að ekki yrði unnt að afla þess fjár til framkvæmda í hafnargerðum sem gert var ráð fyrir í áætluninni. Það var því fullkomlega óraunhæft og aðeins til þess fallið að valda óþarfa deilum og misskilningi að leggja áætlun fram í því formi sem hún var frá hendi Hafnamálastofnunar.

Þrátt fyrir það sem ég hef hér sagt hefur vinna að gerð áætlunar fram í tímann um hafnargerðir alls ekki verið felld niður. Þannig var undirbúin á síðasta ári fjögurra ára áætlun, en af sömu ástæðu og ég gat um áðan var hún ekki heldur lögð fram.

Mér er hins vegar fullkomlega ljós gagnsemi slíkra áætlana og mun beita mér fyrir því að fjögurra ára áætlun verði lögð fram að hausti, enda verði fjárveitingar til hafnamála þá komnar í betra horf.

Varðandi hinar spurningarnar, eins og 2. og 3. spurningu, um úttekt sem hér er spurt um, þá hefur hún ekki farið fram, en hún er til athugunar og ábendingin sem í spurningunni felst er fyllilega tímabær.

Varðandi 4. spurninguna, þá eru á fjárlögum þessa árs 74 millj. ætlaðar til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. Af þessari upphæð ganga um 50 millj. til þess að greiða upp lán vegna framkvæmda sem unnar voru á síðasta ári.

Varðandi 5. og síðustu spurninguna, þá leiðir af framansögðu að 24 millj. eru eftir til nýrra framkvæmda og verða þær við 13 hafnir á landinu. Auk þess er framlag til ferjubryggja 3,7 millj. kr., til landshafnar á Rifi 900 þús., til landshafnar við Þorlákshöfn 4 millj. og til landshafnar í Keflavík/Njarðvík 600 þús. Loks er framlag til Hafnabótasjóðs 12 millj. kr., en hann mun hafa töluvert fé til ráðstöfunar skv. áætlun eða samtals 30 millj. kr. Um fyrirgreiðslu úr sjóðnum getur þó ekki orðið að ræða fyrr en síðar á þessu ári.

Mér er alveg ljóst að framlög til hafnamála síðustu tvö árin hafa verið langt fyrir neðan algjört lágmark og þar er ekki við samgrh. eða samgrn. að sakast því að það hefur lagt til að um miklu hærri framlög til hafnamála væri að ræða. Hins vegar hafa þessi framlög verið skorin verulega niður, fyrst og fremst af Fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisstj. í heild, við öflug mótmæli mín sem samgrh. bæði árin, en ég hygg að mönnum sé nú farið að verða ljóst að það sé ekki hægt að skera niður hafnarframkvæmdir þriðja árið í röð. Ég hef fyrir um mánuði dreift í ríkisstj. samantekt um hvernig ástand og horfur eru í sambandi við einstakar hafnir á landinu, hvað nauðsynlegt er að gera þó að áætlun hafi ekki verið lögð fram. Mér hefur fundist það vera hálfundarlegt að leggja fram áætlun á sama tíma og verið er að skera niður frá þeirri áætlun þannig að ekki er staðið við neitt. En ég vona að niðurskurðarmenn framlaga til hafnarframkvæmda verði ekki eins stórtækir á næsta ári og þeir hafa verið síðustu tvö árin og að framlög verði aukin verulega því að á því er brýn þörf eins og fyrirspyrjandi gat réttilega um.

Fyrirspyrjandi (Magnús Reynir Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hans ágætu svör við fsp. mínum. Ég veit það og er það fyllilega kunnugt að hann hefur mikinn áhuga á því að viðhald og uppbygging hafna sé með eðlilegum hætti.

Eins og fram kom í máli hans eru ekki nema 24 millj. áætlaðar úr ríkissjóði á þessu ári til hafnarframkvæmda og það sjá allir að það hlýtur að vera langt fyrir neðan lágmark eins og ráðherrann nefndi í sinni svarræðu áðan.

Það er ljóst að hafnirnar eru ein af lífæðum þjóðfélagsins. Það þarf að byggja þær upp. Það þarf að aðlaga þær breyttri flutningatækni, eins og ég minntist á áðan, og það er mjög nauðsynlegt að menn hafi aðgang að þeirri nýju flutningatækni. Við vitum t.d. að útflutningur fersks fisks í gámum gefur sjómönnum mun hærri tekjur, allt að helmingi hærri tekjur en sá afli sem lagður er upp í fiskvinnslustöðvunum, og á meðan hafnirnar eru ekki tilbúnar að veita þá þjónustu sem þessi nýja tækni þarf er ekki vel farið.

Ég ítreka að fjárframlög til hafna þurfa að stóraukast. Þau hafa verið langt fyrir neðan lágmark síðustu tvö, þrjú árin og hafa minnkað að raungildi frá árinu 1982. Á þessu verður að verða breyting ef voðinn á ekki að vera vís í sambandi við okkar undirstöðuatvinnugrein, sjávarútveginn, og ég vona að hæstv. ráðh. takist að fá framgengt stórauknum framlögum til hafnarframkvæmda á árinu 1987.

Byggðanefnd þingflokkanna, fsp. 299. mál (þskj. 548). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Jafnvægi í byggð landsins — líklega kannast menn við þetta orð. Ætli menn kannist ekki líka við orðið frá gengnum ríkisstjórnum og núv. hæstv. ríkisstj. um jöfnun aðstöðu í dreifbýli miðað við þéttbýli, jöfnun á atvinnuuppbyggingu í dreifbýli miðað við það sem er hér á þéttbýlissvæðum og fleira mætti upp telja.

Hvernig eru stödd þessi mál í dag? Þau hafa verið hér til umræðu nokkuð áður og ekki ástæða til þess að orðlengja mjög um það nú, enda ekki tími til í fyrirspurnatíma, en ljóst er að fólkstilflutningur er mikill milli landsvæða. Fólki fækkar í dreifbýlinu og það flykkist á Stór-Reykjavíkursvæðið. Daglega fjölgar þeim íbúðarhúsum sem yfirgefin eru úti á landsbyggðinni og fólk flytur á þetta þéttbýlissvæði, skilur eignirnar eftir. Ég hygg að öllum sé orðið ljóst að það þarf að vinda bráðan bug að að snúa þessu dæmi við.

Auðvitað eru til þessa margar orsakir. Það er röng stjórnarstefna undangenginna ára með tilflutningi fjármagns frá dreifbýli til þéttbýlis. Það er innflutningur á erlendu fjármagni í uppbyggingu á Stór-Reykjavíkursvæðinu, ekki úti á landsbyggðinni. Kvótakerfið er stór þáttur í þessu líka og hefur sín áhrif á hinum ýmsu landsvæðum og einnig fjöldamargt annað, eins og t.d. kostnaður við heimilishald sem er miklum mun dýrara í dreifbýlinu en í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Allt vegur þetta svo þungt að dreifbýlisfólk unir ekki lengur sínum hag úti á landsbyggðinni og flytur unnvörpum hér á þéttbýlissvæðin.

Þessi þróun er ekki til góðs, ekki heldur Reykjavíkursvæðinu. Það þarf líka að huga að því. Það er ekki til góðs að fólk flykkist frá framleiðslustöðunum hingað á Reykjavíkursvæðið.

Á 105. löggjafarþingi árið 1982–1983 var lagt fram frv. og samþykkt að ég hygg á því þingi, hið svokallaða formannafrumvarp um breytingu á kosningalögum. Í grg. þessa frv. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár."

Við vitum nú um hið virkara lýðræði með samþykkt frv. í gær um sveitarstjórnir. Við vitum hvar valddreifingin var þar og höfum það í hendi nú með samþykki minna en helmings þingdeildarmanna.

„M.a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir" — og það er aðalatriðið varðandi þessa umræðu — „beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst."

Vorið 1984 var skipuð nefnd í þetta mál til að fjalla um þessi meginverkefni, til að jafna búsetu og aðstöðu manna í landinu. Hæstv. forsrh. ber ábyrgð á þessari nefnd. Áður hafa verið skipaðar nefndir álíka og litlu sem engu komið í verk að því er þetta varðar. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. forsrh. eftirfarandi spurningar, með leyfi forseta:

„Hvað líður störfum byggðanefndar þingflokkanna sem sett var á laggirnar vorið 1984 og gera á tillögur um sérstakar aðgerðir til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst?"

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Áður en ég kem að sjálfri fsp. vil ég segja að það er vafasamt að ég beri ábyrgð á störfum þessarar nefndar. Hún var, eins og kom fram í orðum hv. fyrirspyrjanda, skipuð samkvæmt ákvörðun þingflokkanna. Hins vegar dróst það mjög og ég tók af skarið og beitti mér fyrir því að nefndinni var komið á fót.

Ég lét senda fsp. til formanns nefndarinnar, Lárusar Jónssonar bankastjóra, og það svar sem ég les hér á eftir er frá honum komið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Byggðanefnd þingflokkanna var skipuð í kjölfar afgreiðslu Alþingis á frv. til breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins á 105. löggjafarþinginu. Markmið nefndarinnar er að fylgja eftir samkomulagi formanna þeirra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi og sem birt var í grg. með frv. Verkefni nefndarinnar er þar lýst svo að þingflokkar sem að frv. þessu standa hafi orðið ásáttir um eftirfarandi:

Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M.a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst.

Forsrh. beitti sér fyrir nefndarskipan á vegum þingflokkanna til að vinna að verkefninu og ýtti því úr vör. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir: Lárus Jónsson Sjálfstfl., formaður, Eiður Guðnason Alþfl., Helgi Seljan Alþb., Kristín Halldórsdóttir Kvennalistanum, Ólafur Þ. Þórðarson Framsfl. og Stefán Benediktsson Bandalagi jafnaðarmanna.

Nefndin tók til starfa í byrjun sumars 1984 og hefur hún haldið 20 fundi. Á fyrstu fundunum var ákveðið að leita til byggðadeildar Framkvæmdastofnunar eftir sérfræðilegri aðstoð og ritaraþjónustu. Hafa Bjarni Einarsson, nú aðstoðarforstjóri Byggðastofnunar, og Sigurður Guðmundsson, nú forstöðumaður þróunarsviðs sömu stofnunar, setið fundi nefndarinnar. Við gerð lokaskýrslu sinnar hefur nefndin auk þess notið aðstoðar Kristófers Óliverssonar doktorsefnis í landafræði og

áætlanagerð við háskólann í Lundi.

Í stórum dráttum má skipta verkefni nefndarinnar í tvennt. Er þar annars vegar um þann þátt að ræða sem nefna mætti valddreifingu og virkara lýðræði. Hinn þátturinn fjallar um byggðajöfnunaraðgerðir.

Eðli málsins samkvæmt hóf nefndin starf sitt að fyrri málaflokknum. Enda þótt fyrirspyrjandi biðji um upplýsingar um seinni þátt nefndarstarfsins þykir rétt samhengisins vegna að gera örstutta grein fyrir öllu starfi nefndarinnar til þessa dags.

Ljóst er að ein ástæðan fyrir þeirri auknu umræðu sem átt hefur sér stað um valddreifingu og virkara lýðræði eru þær breytingar sem fyrir dyrum standa á *vægi atkvæða til kosninga til Alþingis*. Það stjórnsýslukerfi sem við búum við í landinu er hins vegar þannig að ekki er auðvelt að taka ákveðna þætti valds og opinberrar umsýslu og fela það í hendur sveitarfélögum eða sýslunefndum. Til þess eru of mörg sveitarfélög allt of lítil. Sýslunefndirnar eru ekki í miklum tengslum við stjórnsýslu að öðru leyti, auk þess sem kaupstaðir eiga þar ekki fulltrúa.

Af þeim athugunum sem nefndin hefur gert um fyrri hluta verkefnisins eru nefndarmenn sammála um að virkara lýðræði og aukinni valddreifingu verði ekki komið á nema með breytingu á stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga. Samhliða því sem unnið er að athugunum á stjórnsýslufyrirkomulaginu var ákveðið að skrifa þingflokkunum bréf til að fá fram afstöðu þeirra til ákveðinna meginatriða í skipan stjórnsýslu í landinu. Í bréfinu eru þingflokkarnir spurðir um afstöðu til þess hversu mörg stjórnsýslustig eigi að vera í landinu, hversu stór minnstu sveitarfélögin eigi að vera, hvernig eigi að vera háttað kosningarreglum, verkefnum og tekjustofnum hugsanlegs miðstigs stjórnsýslunnar.

Formleg svör bárust frá Alþfl. og Kvennalista. Bandalag jafnaðarmanna lagði fram á 107. löggjafarþingi *till. til þál. um gerð frv. til stjórnarskipunarlaga* um fylkisstjórnir og svaraði með því að senda nefndinni þá tillögu. Alþb. svaraði munnlega á fundum nefndarinnar, en frá Framsfl. og Sjálfstfl. hafa ekki borist svör.

Á sama tíma og byggðanefnd þingflokkanna hefur verið að störfum hefur Alþingi haft til meðferðar stjórnarfrumvarp til sveitarstjórnarlaga. Þar hefur ekki verið tekist á við það verkefni að breyta stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga. Byggðanefnd þingflokkanna mun þó leitast við að setja fram ábendingar um þetta úrlausnarefni. Varðandi þennan málaflokk verður reynt að gera þingflokkunum grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur og hversu vel eða illa núverandi kerfi stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga er fallið til að koma megi við dreifingu valds og virkara lýðræði. Nefndin mun gera þingflokkunum grein fyrir hættu á vaxandi byggðaröskun næstu ár vegna sérstakra aðstæðna í þjóðarbúskapnum og hugmyndum um aðgerðir sem til greina koma til jöfnunar búsetu. Stefnt er að því að þingflokkar fái skýrslu nefndarinnar til athugunar með vorinu."

Þetta er svar formanns nefndarinnar. Til viðbótar vil ég taka fram að bréf nefndarinnar var rætt í Framsfl. og þar eru mjög skiptar skoðanir um ýmis þau atriði sem beðið var um svör við. Ég harma að ekki hefur verið svarað bréflega, en fulltrúi flokksins í nefndinni þekkir skoðanir sem þar komu fram.

Ég vil svo að lokum taka eindregið undir það sem hv. þm. lýsti hér og áhyggjur hans vegna þeirrar röskunar sem orðið hefur upp á síðkastið á byggð í landinu. Ég skil að menn velti því fyrir sér hvernig slíkt hefur orðið þegar þess er gætt hvað mikið hefur í raun verið gert á undanförnum árum til að lagfæra þá undirstöðu sem verður að vera. Vegakerfi landsins hefur verið gjörbreytt og lagað. Það er kominn sjálfvirkur sími á alla sveitabæi. Það eru komnar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús víðast hvar um landið skv. lögum frá 1973. Skólar hafa risið, menntaskólar, fjölbrautaskólar. Þannig mætti lengi telja. En þrátt fyrir þetta hefur orðið verulegur flutningur til þéttbýlisins og það er þjóðinni í heild áreiðanlega ekki hollt.

Ég held að þetta stafi fyrst og fremst af því að undanfarin 2–3 ár hefur meginatvinnuvegur þjóðarinnar og sá sem strjálbýlið byggir meira á en þéttbýlið, þ.e. sjávarútvegur, verið í mikilli lægð. Nákvæmlega það sama gerðist árin 1967–1968 þegar lægð var í sjávarútvegi. Þá var einnig mjög mikill flutningur frá strjálbýli til þéttbýlis. Vonandi er þetta nú að snúast við og vonandi verður þá breyting á þessu. Ég segi vonandi því að sjálfsögðu getur maður ekki spáð um það neinu fyrir fram. En þó er vert að hafa þetta í huga.

Að lokum vil ég segja að ég fagna því að nefndin hyggst gefa skýrslu með vorinu og verður fróðlegt að sjá hvað þar er lagt til í þessu mikilvæga máli.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin þó að mér finnist þau þunn að svo til öllu leyti, að öðru leyti en því að það er athyglisvert að þingflokkar stjórnarflokkanna núverandi hafa ekki svarað bréfum byggðanefndarinnar varðandi þau mál sem þar eru á dagskrá. Flokkur hæstv. forsrh. hefur ekki svarað erindi byggðanefndarinnar um hvað gera skuli. Sjálfstfl. hefur ekki gert það heldur. Þetta þarf að draga fram hér við umræður. Ég er ekki viss um að almennt hafi þm. verið kunnugt um þessar staðreyndir. A.m.k. veit ekki núverandi varaformaður Sjálfstfl. það. Það er alveg greinilegt. En þetta er auðvitað athyglisvert og sýnir í sjálfu sér nánast fordæmingu á því verkefni sem er hvað mest um vert í dag hér á landi.

Það er sjálfsagt að fara eftir þingsköpum þó að ég vildi gjarnan beina því vinsamlegast til forseta að hliðra til með þessa umræðu því hún er svo mikilsverð og fer ég ekki oft fram á mikið í þeim efnum. En ég vil sérstaklega draga þær upplýsingar fram í dagsljósið varðandi stjórnarflokkana að þeir skuli í engu sinna þessu. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Er það rétt, sem hér var haft á orði í þessum ræðustól fyrir nokkrum dögum, að byggðanefndin hafi ekki haldið fund í átta mánuði þangað til menn höfðu nasasjón af fsp. sem hér er nú til umræðu? Ef þetta er rétt, sem ég vil hvorki segja já eða nei við, ég veit það ekki, þá sýnir það einnig viljaleysi til að leysa úr þessum verkefnum. Mér sýnist, þegar liðin eru tvö ár og ekkert liggur á borðinu handbært til að beita til lagfæringar í þessum efnum, nánast augljóst að þingið verði sjálft að fara að taka málið í sínar hendur. Ég sé ekki aðrar leiðir.

En við skulum gefa þeim umhugsunarfrest fram á vorið, sjá hvað gerist. Það er líklega rétt að taka fram að ég var sjálfur settur í byggðanefnd á sínum tíma undir forsæti núv. hæstv. forsrh. og lítið gerðist í þeirri nefnd. Það skal viðurkennt líka. Mér sýnist því að það þurfi að grípa til annarra ráða en gert hefur verið. Þingið verður

sjálft að fara að knýja á um lausn í þessum efnum. Ef fram heldur sem horfir er miklum mun iskyggilegra útlit hér á landi en þó hefur verið til þessa og þykir mörgum nóg um.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að spurt sé um störf þessarar nefndar og ég get upplýst hér að það liðu átta mánuðir á milli síðasta fundar og þess næstsíðasta og kannske ekki að ástæðulausu því að eins og kom fram í svari hæstv. forsrh. treystu ráðandi öfl í þessu landi núna, þ.e. stjórnarflokkarnir, sér ekki til að svara þeim spurningum sem byggðanefndin lagði fyrir þá í fyrra á sama tíma og stjórnarandstaðan svaraði öll þeim spurningum sem beint var til hennar varðandi það millistig í stjórnsýslunni sem mjög hefur verið talað um núna síðustu daga.

Við höfum því svo sannarlega hugleitt það á þessum a.m.k. átta mánuðum og jafnvel nú eftir síðustu atburði, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að það hefði engan tilgang að vera í þessari nefnd og við ættum hreinlega að segja okkur úr henni. Kannske er tilefnið komið með svarinu frá Framsfl. sem mér skilst að liggi núna fyrir í frv. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og ég þykist vita að hæstv. forsrh. hljóti að svara fyrir að einhverju leyti sem frv. þess flokks. Það væri gott að vita hvort svo er.

En það var kannske ágætt, herra forseti, að hv. þm. minnti á byggðanefndina sem enginn veit hvort er lífs eða liðin, þ.e. byggðanefnd hæstv. forsrh. Og þegar hann kemur hér upp á eftir væri fróðlegt að vita hvort hún er lífs eða liðin því að ekki vitum við það, hv. 3. þm. Vestf. og ég, sem eigum þó báðir sæti í þessari nefnd eða áttum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er vissulega mjög eðlilegt að spurt sé um störf þessarar nefndar og rétt er það að langur tími leið þar á milli funda. Ég hygg að það eigi sér kannske fleiri skýringar og hugsanlega þær líka að formaður nefndarinnar var orðinn bankastjóri Útvegsbankans, bankans sem lenti síðan í erfiðleikum sem öllum eru kunnir, og má vera að það hafi líka haft áhrif á það að fundir voru ekki jafnmargir og kannske áttu að vera.

Ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl., Helga Seljan, að vissulega höfum við íhugað það ýmsir í þessari nefnd að segja okkur hreinlega úr henni. Í fyrsta lagi vegna þess að stjórnarflokkarnir sáu ekki ástæðu til að svara spurningum nefndarinnar um fyrirkomulag stjórnskipunar hér á landi. Hvorki Sjálfstfl. né Framsfl. hafa séð ástæðu til þess. Eins og fram hefur komið hefur fulltrúi Framsfl. í þessari nefnd fært þinginu nýja stjórnarskrá. Þá hlýtur enn og aftur að vera ástæða til að íhuga hvað þessi nefnd er yfirleitt að gera.

Ég hef hins vegar viljað sýna biðlund enn um sinn vegna þess að á vegum nefndarinnar hefur verið safnað margvíslegum gögnum og upplýsingum, sem ég hygg að geti verið leiðbeinandi í þessum efnum, og eins og hér hefur verið vikið að þarf þeim ekki að koma það á óvart, hæstv. forsrh. og hv. fyrirspyrjanda, að svona nefndir þurfi nokkurn tíma því að báðir sitja þeir í nefnd sem enn er að forminu til starfandi og fjallar um þessi sömu mál. En ég held að í ljósi þess sem hefur gerst og hefur verið að gerast varðandi þessa nefnd sé virkilega ástæða til þess að íhuga hvort stjórnarandstaðan á yfirleitt að halda áfram þátttöku í henni eftir að fulltrúi annars stjórnarflokksins hefur lagt fram nýja stjórnarskrá, sjálfsagt að einhverju leyti í nafni síns flokks, eins og hér hefur komið fram.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að frv. það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson leggur fram er ekki lagt fram í nafni Framsfl. (**KP:** Er það alveg öruggt?) Það er alveg öruggt, hv. þm., alveg öruggt. Ég vísa til þess sem hann hefur sjálfur sagt opinberlega um það mál.

Hér er kominn formaður þingflokks framsóknarmanna sem getur rætt það nánar af hverju hefur ekki verið svarað skriflega. Ég sagði áðan að þetta mál hefði verið rætt í flokknum og ég hygg að hann, eins og ég, treysti svo fullkomlega okkar fulltrúa í nefndinni til að bera það þangað að við höfum ekki talið slíkt nauðsynlegt.

Ég vil taka það fram, eins og ég hef alltaf sagt, að ég hef ekki litið á það sem mitt verkefni að reka þessa nefnd áfram. Það voru þingflokkarnir sem samþykktu að þessi nefnd yrði skipuð og það er í fyrsta sinn sem ég heyri að hún hafi ekki haldið fund í átta mánuði og það þykir mér illt, ég tek undir það. Ég held að eðlilegt sé að menn sætti sig illa við það og hvet menn til að ræða það við formann nefndarinnar að betur verði unnið.

Um byggðanefndina gömlu vil ég taka fram að ég hef lengi litið svo á að hún hafi lokið störfum með því að koma á fót byggðadeild við Framkvæmdastofnun. Það var hennar verk og var mikið í því unnið og safnað miklum upplýsingum. Ég lýsti því a.m.k. oft yfir að ég teldi að sú byggðadeild sem þar var sett á fót ætti að leysa þau verkefni sem þarna var um að ræða. Það er rétt að ég hef ekki rætt það við hv. nefndarmenn að leggja hana niður en hún var tekin fyrir nokkru út af skrá yfir nefndir á vegum ríkisins. Menn geta flett því þar upp.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég heyrði einu sinni sagða þá sögu um starfsemi byggðadeildar Framkvæmdastofnunar að þar hefði einu sinni verið gerð tillaga um að styrkja byggð á ákveðnum stað á landinu. Síðan tafðist þetta mál og breyttist í áætlun um að bjarga byggð á þessum sama stað og mér var sagt á endanum að þá hefði þessi áætlun breyst í það að vera tillaga um styrk við fornleifauppgröft á þessum sama stað. Það er kannske saga byggðamála í hnotskurn. Mér sýnist að það geti allt eins farið svo að umræða um fylkisstjórnir eða valddreifingu og byggð í landinu verði á endanum sú að menn á Alþingi geri einhvern daginn um það stóráætlun að grafa upp fornleifar víða um land og sjá hvernig fólk bjó.

Ef svo fer sem horfir gæti það akkúrat orðið hlutskipti byggðarinnar að verða viðfangsefni fræðimanna. Alþingi virðist alls ekki til þess búið að ræða um byggðamál hvort sem það er í sérstakri byggðanefnd eða í þinginu þar sem eru til umræðu mál eins og sveitarstjórnarlög og upplagt tækifæri til þess að taka á þeim málum. Málunum er ætíð frestað. Það er sem sagt sama hvort það er hv. Alþingi eða byggðanefndir sem eru settar upp á þess vegum. Þessi mál fást ekki rædd en á meðan skrifa þúsundir og tugþúsundir fólks um allt land undir áskorun til ráðamanna um að taka á þeim.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég hygg að hæstv. forsrh. misminni að fyrrv. byggðanefnd hafi gengið frá byggðadeild við Framkvæmdastofnun. Ég minnist þess ekki að nokkurn tíma hafi verið gengið frá því máli í þeirri nefnd og ég hygg að svo sé um fleiri sem í þeirri nefnd sitja. Það skiptir kannske ekki máli héðan af. Önnur byggðanefnd er komin og er í starfi. Hæstv. forsrh. sagði að hann og hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks framsóknarmanna, treystu sínum nefndarmanni í þessari byggðanefnd. Og þá höfum við svarið. Það er frv. sem liggur á borðum hv. þdm., það hlýtur að vera. Það er augljóst mál. Þar er komið hið skriflega svar þingflokks framsóknarmanna til byggðanefndarinnar sem beðið var um. Þetta liggur í augum uppi að því er hæstv. forsrh. segir. „Við treystum okkar fulltrúa í byggðanefnd", sagði hæstv. forsrh. **(Forsrh.:** Treystum í þátíð.) Treystum — það var ekki tekið fram. Nú upplýsist margt. Við treystum í þátíð, segir hann núna. Það er liðin tíð sem sagt.

En hvar er þá svarið? Ég spyr hv. þm. Pál Pétursson, formann þeirra framsóknarmanna: Hvert er þá svar Framsfl. í þessu máli ef það er ekki frv. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar — sem ég vissi ekki betur en ætlaði að vera við umræðu og svara fyrir sig? En hann virðist vera týndur. Hann sagði mér og ég læt það fara hér: Þetta er mitt svar við byggðanefndinni, frv. Það er hans svar við byggðanefndinni. **(SvG:** Framsfl. er í þátíð.) Hann er í þátíð já og verður í þátíð trúlega, vonandi.

Verðbætur á innlán og útlán banka, fsp. 290. mál (þskj. 536). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Á þskj. 536 hef ég leyft mér að bera fram við hæstv. viðskrh. fsp. vegna verðbóta á innlán og útlán banka. Fsp. hljóðar þannig:

„Hvernig brúa bankar þann mismun sem er milli greiddra verðbóta af lánum með afborgunarkjörum og greiddra verðbóta af innstæðum á verðtryggðum reikningum?"

Ég býst við að menn spyrji sig hvers vegna svona er spurt héðan úr ræðustól en skýringar á því eru mjög einfaldar. Ég hef leitað svara við þessari spurningu í bönkum og ekki fengið svör sem ég tel raunverulega upplýsa það sem um er spurt þannig að mér flaug í hug á endanum að spyrja þann mann sem ræður eða ber ábyrgð á flestum bönkum og mestallri bankastarfsemi á Íslandi hvernig þessir hlutir eru unnir.

Það sem ég er nákvæmlega að fara inn á er það einfalda reikningsdæmi að tveir menn hafa viðskipti við banka á sama tíma. Annar leggur inn 100 kr. og hinn fær lánaðar 100 kr. Þá gerist það að þessi maður, ef hann hefur fengið lánaðar 100 kr. í eitt ár, borgar af þeim með einhverju ákveðnu millibili, t.d. þriggja mánaða millibili, og þegar hann borgar af þessu láni borgar hann ¼ áfallinna verðbóta. ¾ af verðbótunum eru lagðir við höfuðstólinn og þannig koll af kolli þangað til hann er búinn að borga upp lánið. Maður, sem hefur aftur á móti lagt inn til ávöxtunar og tekur út peninginn sinn samtímis og hinn maðurinn borgaði fyrstu afborgun af láninu, fær fullar verðbætur fyrir þessa þrjá mánuði af innistæðu sinni. Það þýðir að bankinn verður einhvers staðar að fá þá peninga sem hann þarf til að brúa þann mun sem er á milli þeirra verðbóta sem hann greiðir út og þeirra verðbóta sem hann tekur af fólki. Og það er það sem ég hef ekki fengið í raun og veru að fullu svar við hvaðan í ósköpunum bankarnir taka þessa peninga. Mig grunar reyndar að þessir peningar séu teknir að láni uppi í Seðlabanka í gegnum þau viðskipti sem þar eiga sér stað með refsivaxtakerfinu fræga og séu í og með ein ástæðan fyrir uppspólun á verðlagi hérna innanlands og á lánamarkaði, þ.e. þeir hafi í sjálfu sér sífellt áhrif á hækkun lánskjaravísitölu í gegnum refsivaxtakerfi Seðlabanka Íslands.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í aðalatriðum eru kjör útlána og innlána þrenns konar. Í fyrsta lagi getur verið um almenna vexti að ræða sem skipt er í raunvexti og verðbótaþátt. Í öðru lagi eru vísitölubundin innlán og útlán og í þriðja lagi eru gengisbundin kjör.

Hin almenna regla er að hærri vextir og verðbætur séu fyrir útlán en innlán. Með því móti skapa innlánsstofnanir sér vaxtamun sem skilar tekjum umfram gjöld upp í rekstrarkostnað og hagnað. Ekki er nóg að líta á nafnvexti til að geta metið hversu há ávöxtunin er, heldur þarf jafnframt að gæta að tíðni vaxtaviðlagninga og öðrum útreikningsreglum um vexti og verðbætur.

Mikil fjölbreytni er í tegundum útlána og innlána. Taka kjörin að miklu leyti tillit til forms og binditíma eða lánstíma. Hin almenna regla, sem áður var nefnd, að hærri ávöxtun sé á útlánum en innlánum, gildir þegar á heildina er litið. Sé hins vegar litið á kjör einstakra innlána- og útlánategunda kemur fram að einstaka innlánsform geta hæglega skilað meiru til sparifjáreigandans en innlánsstofnunin fær í tekjur af þeim útlánsformum sem minnst gefa af sér. Það má því segja að um litróf vaxta og verðbóta sé að ræða bæði í innlánum og útlánum. Breytingar á nafnvöxtum, verðlagi og gengi erlendra gjaldmiðla eru sífellt að breyta innbyrðis afstöðu kjara og ólíkra forma.

Einnig ber að hafa í huga að innlánsfé fjármagnar aðeins hluta útlána hjá bönkum og sparisjóðum. Margir fleiri þættir koma því inn í afkomumynd þeirra, svo sem staðan við Seðlabanka, erlend viðskipti og þóknunartekjur.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Þau voru mér, eins og ég held honum, fullkomlega óskiljanleg og þau svöruðu ekki að nokkru leyti því sem spurt var um þannig að ég held að við verðum að bíða einhvers seinni tíma til þess að fá svör við þeirri spurningu sem var lögð fram.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mig langar til að beina einni fsp. til hæstv. viðskrh. Ég þykist hafa orðið þess var að meðferð á verðbótum sé alveg sín með hvorum hættinum eftir því hvort um útlán eða innlán er að ræða.

Ef maður leggur 100 kr. inn á verðtryggðan reikning og það er 30% verðbólga eru þær orðnar 130 í árslok, sýnist manni. Síðan eru 5% vextir. Mér virðist að þeir vextir séu reiknaðir á hinar upprunalegu 100 kr. þannig

að samtals eru þetta 135 kr., ef um innlán væri að ræða, þ.e. upphæðin, vextirnir, sé reiknuð á upphæðina í ársbyrjun.

Ef hins vegar er um útlán að ræða, lán sem almenningur hefur tekið, er reikniaðferðin önnur. Þá bætast þessar 30 kr. á 100 kr. fyrst og síðan eru reiknaðir vextir af þeirri upphæð og ef vextirnir væru 5% færi sú upphæð upp í 136,50 kr. í staðinn fyrir að ef um innlán væri að ræða færi hún upp í 135 kr.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. viðskrh.: Telur hann eðlilegt að aðferðin sé sín hvor við útreikning á vöxtum á verðtryggðum reikningum eftir því hvort um innlán eða útlán er að ræða, eins og ég hef lýst, þannig að vextirnir reiknist á upphæðina í upphafi ársins þegar um innlán er að ræða en á hina uppfærðu upphæð þegar um útlán er að ræða, það sem fólkið þarf að borga?

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi sagðist ekkert hafa skilið í svarinu og hann verður því að leita enn fanga á öðrum miðum. En í svari í þessum spurningatíma hér í þingi er ekki hægt að gefa ítarleg og tæmandi svör við flóknum og erfiðum spurningum. Það hefði mátt flytja um þetta svona 1–2 tíma ræðu en hvort fyrirspyrjandi og aðrir hefðu skilið meira á eftir en áður skal ósagt látið.

Varðandi svo aftur aðra fsp. sem kemur fram í fyrirspurnatíma um hvort ég telji þetta eðlilegt: Ég tel þetta alls ekki óeðlilegt og þetta er það sem bankarnir hafa fullt leyfi til að gera skv. þeirri löggjöf sem í gildi var áður og sömuleiðis skv. þeirri löggjöf sem er í gildi núna eða hefur verið frá síðustu áramótum. Ef hv. fyrirspyrjandi telur eitthvað ólöglegt við það gerir hann athugasemd við það. Ég tel þetta ekkert óeðlilegt.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Vegna fram kominna athugasemda frá hæstv. ráðherra held ég að það sé alveg rétt að þó að hann hefði haft þessa ræðu tveimur klukkutímum lengri hefði ég ekkert skilið meira í því sem hann var að segja því að hann var í raun og veru ekki að svara nema í mjög almennum orðum hlutum sem hvaða maður sem er gerir sér grein fyrir.

Aftur á móti hvað viðvíkur fram kominni viðbótarfyrirspurn er það alveg rétt, eins og hv. 3. þm. Reykn. setti málið fram, að menn fara mismunandi með vexti af útlánum og innlánum og ég taldi þetta sjálfur að athuguðu máli vera að einhverju leyti skýringu á þeim hlut sem ég var að spyrjast fyrir um, að menn tapi í raun og veru á vissan hátt á verðbótatilfærslunni í útlánastarfseminni og þeir verði að bæta sér það tap upp að einhverju leyti með öðruvísi vaxtatöku til þess að ná endum saman í árslok. Ég held bara að tapið sé meira en svo að þessi vaxtataka nægi til þess að brúa bilið á milli greiddra verðbóta af innlánum og innkominna verðbóta af útlánum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að rifja það upp í tilefni af þessari umræðu að meiri hluti Alþingis samþykkti á síðasta ári að gefa vaxtaákvarðanir frjálsar eins og það er kallað. Þar á meðal man ég ekki betur en Bandalag jafnaðarmanna stæði að þeirri ákvörðun. Í þeirri ákvörðun fólst það að bankarnir geta stundað svona æfingar eins og þær sem hv. 3. þm. Reykn. var að skýra hér áðan. Þessi vinnubrögð eiga því rætur að rekja til þeirrar óskynsamlegu ákvörðunar meiri hluta Alþingis á síðasta þingi að gefa vaxtaákvörðun frjálsa.

Svarið hins vegar við fsp. hv. 8. þm. Reykv. finnst mér að gæti verið einfalt. Ég held að svarið sé ósköp einfaldlega það að vaxtamuninn á einum lánaflokki taka bankarnir á öðrum lánaflokkum. Svarið er sem sagt það: Þetta leysa bankarnir vegna þess að það eru margir útlánaflokkar í bönkunum. Þannig er málið gert upp og þannig gengur þetta dæmi upp.

Ég kom aðallega upp til þess að benda á að þessi vaxtavitleysa, sem viðgengst og hér er verið að lýsa af 3. þm. Reykn. og 8. þm. Reykv., er afleiðing af ákvörðun sem þeir tóku sjálfir á síðasta þingi.

Endurskoðun laga um fasteignasölu, fsp. 318. mál (þskj. 588). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 588 fsp. til dómsmrh. um endurskoðun laga um fasteignasölu. Ástæða þess að ég lagði fram þessa fsp. var sú að ástand á fasteignamarkaðinum hefur nokkuð verið til umræðu og umfjöllunar undanfarið og sýnist ekki vanþörf á að grípa þar til ýmissa aðgerða til að koma skikk á þau mál.

Það hafa lengi verið uppi kröfur um það að tryggja betur rétt og stöðu þeirra sem eiga í viðskiptum og eiga sitt undir fasteignamarkaðinum. Þar er gjarnan velt milli handa aleigu viðkomandi viðskiptavina og jafnvel gott betur og því mikið í húfi að tryggilega sé þar um hnútana búið. Mig lengdi eftir því að eitthvað heyrðist frá hæstv. dómsmrh. um endurskoðun þessara laga sem reyndar hefur lengi verið á dagskrá.

Síðan gerðist það reyndar, herra forseti, að stuttu eftir að þessi fsp. kom fram birtist gamall kunningi á borðum þm., frv. til l. um fasteigna- og skipasölu í lítið eitt endurnýjaðri mynd frá því að það sást hér síðast, líklega á 106. löggjafarþingi. Það má því segja að fsp. minni sé að nokkru leyti svarað með framlagningu þessa frv. Engu að síður teldi ég ástæðu til að dómsmrh. kæmi hér í stól og lýsti viðhorfi sínu gagnvart þessu frv., hvort þess er að vænta að það verði að lögum á yfirstandandi þingi og enn fremur hvort verið er að vinna að þessu máli á annan hátt t.d. með því að setja önnur skilyrði með öðrum ráðstöfunum til að tryggja eðlilegt útþorgunarhlutfall á fasteignamarkaðinum og reyna að koma þar á eðlilegra ástandi en nú er og hefur verið um langa hríð.

Tíminn leyfir ekki efnislega umræðu um það frv. sem hér hefur birst. Ég hef ýmislegt við það að athuga en ég tel þó að þar sé mikilvægt skref stigið í rétta átt til þess að koma eðlilegu ástandi á fasteignamarkaðinn á Íslandi sem ekki hefur verið um langt árabil.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur borið fram fsp. um endurskoðun laga um fasteignasölu og eins og fram kom í máli hans hef ég þegar lagt fram frv. um það mál í hv. Ed. og mælt þar fyrir því og því verið vísað til hv. allshn. Ég vonast vissulega til þess að það takist að afgreiða það mál nú á þessu þingi. Ég beindi því til nefndarinnar að hún reyndi að hraða störfum þó að mér sé ljóst að þarna er

margt að athuga þar sem þetta eru mjög mikilvæg mál.

Í framsögu fyrir frv. gerði ég grein fyrir þeim breytingum sem í því felast frá núgildandi lögum. Þau atriði sem ég gerði grein fyrir voru í 19 liðum og hv. alþm. geta lesið. Þetta frv. byggist að nokkru leyti á tillögum nefndar sem félmrh. skipaði til að fjalla um húsnæðismál og á hans vegum hefur verið unnið að því sem hv. fyrirspyrjandi vék hér að, útborgunarhlutfalli, eins og hv. alþm. er kunnugt, að reyna að koma þar á breytingum auk annarra margvíslegra endurbóta í sambandi við fasteignaviðskipti og fasteignakaup sem tvímælalaust horfa til bóta.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og ég endurtek að ég fagna framkomu þessa frv. til laga um fasteigna- og skipasölu. Ég sé ástæðu til að spyrja hæstv. dómsmrh., af því að það kom ekki sérstaklega fram í svari hans, hvort full samstaða sé um þetta frv. af hálfu stjórnarflokkanna og hvort það megi taka sem venjulegt stjfrv. skv. hefðum og venjum hér á Alþingi eða hvort beri að líta á þetta sem eitt af hinum nýju stjfrv. sem við höfum séð birtast aftur og aftur í tíð þessarar ríkisstj. þar sem hver höndin er uppi á móti annarri í sjálfu stjórnarliðinu. Mér er kunnugt um að það hefur verið nokkur ágreiningur meðal hv. stjórnarliða um það með hvaða hætti ætti að koma böndum yfir fasteignamarkaðinn og ég hygg að samstarfsflokkur hæstv. dómsmrh. hafi verið nokkuð taumþungur í þeim efnum að setja skýr og afdráttarlaus ákvæði um réttindi og skyldur þeirra sem stunda fasteignasölu. Ég endurtek því spurningu mína til hæstv. dómsmrh.: Er full samstaða meðal stjórnarflokkanna um þetta frv. og er þess þá að vænta að það verði keyrt í gegn og gert að lögum á yfirstandandi þingi?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég fékk heimildir beggja þingflokka stjórnarflokkanna til þess að leggja þetta frv. fram án nokkurra fyrirvara eða athugasemda. Þegar frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi er það að sjálfsögðu, eins og hv. þm. vita, mjög á valdi viðkomandi nefnda og forseta hversu framgangurinn verður. En ég óska eftir því að þetta frv. verði afgreitt sem fyrst og verði að lögum.

Bæti- og matarefni úr mjólk, fsp. 326. mál (þskj. 599). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Í fjölmiðlum kom það fram nýlega að hér væru á boðstólum og notuð ýmis efni innanlands sem framleidd væru úr mjólk. Það væru t.d. ýmis bætiefni í sambandi við brauðgerð, það væru búðingar af ýmsu tagi og reyndar fleira sem væri hér ýmist notað í iðnaði, í innlendri framleiðslu eða væri á boðstólum innflutt. Því var haldið fram að hér væri í rauninni um milljónir lítra að ræða. Ég get vel trúað því að hér sé um umtalsvert mjólkurmagn að ræða sem með einum eða öðrum hætti sé í mat Íslendinga og sé innflutt. Það er af þessum orsökum og jafnframt með hliðsjón af þeim þrengingum sem mjólkurbúskapurinn á í hér á landi um þessar mundir sem ég hef beint fsp. til hæsv. landbrh. varðandi þetta efni á þskj. 599. Fsp. er mjög einföld. Hún er á þessa lund:

„Hefur landbrn. beitt sér fyrir eða hefur það í hyggju að beita sér fyrir athugun á hagkvæmni þess að framleiða bætiefni til brauðgerðar, búðinga og önnur skyld matarefni úr mjólk?“

Ég held að fsp. skýri sig sjálf. Ég tel að hér sé um slíkt efni að ræða að eðlilegt sé að það liggi ljóst fyrir hvaða möguleikar séu fyrir hendi í þessum efnum og hversu hagkvæmt það gæti verið að nýta sér slíka möguleika. Ég legg áherslu á að það er ekki einungis að líta á hvort eitthvað sé tæknilega mögulegt heldur þarf það jafnframt að vera hagkvæmt fyrir þjóðfélagið. Þess vegna er fsp. einmitt þannig orðuð að það er ekki spurt að því hvort þetta sé beinlínis mögulegt tæknilega séð heldur spurt að því hvort þetta geti verið hagkvæmt og hvort landbrn. hafi látið kanna þetta eða muni gera það.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég óskaði eftir grg. frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík um stöðu þess máls sem fram kemur í fsp. hv. 3. þm. Reykn. um framleiðslu bæti- og matarefna úr mjólk. Ég ætla að lesa það svar sem borist hefur frá Mjólkursamsölunni, með leyfi hæstv. forseta:

Framleiðsla íblöndunarefna, t.d. í bökunariðnaði, er háþróaður efnaiðnaður. Þau efni sem þar um ræðir og boðin eru til iðnaðarnota eru venjulega seld undir ýmsum verslunarheitum þar sem um sérhæfða vöru er að ræða og oftlega er einnig um framleiðsluleyndarmál að ræða. Í þeim löndum þar sem efnaiðnaður af þessu tagi er stundaður hefur hlutverk mjólkuriðnaðarins verið að bjóða efnaiðnaðinum vörur, svo sem undanrennuduft, nýmjólkurduft, kaseinöt og skyldar vörur sem notaðar eru í meira eða minna magni sem hráefni í hinar ýmsu efnablöndur. Hér á landi hefur mjólkuriðnaðurinn boðið undanrennuduft og nýmjólkurduft sem íslenskur matvælaiðnaður notar í verulegum mæli. Framleiðsla á kaseinötum hefur ekki verið stunduð hér á landi af þeirri ástæðu að eftirspurn hefur verið of lítil til að standa undir þeirri fjárfestingu sem þarf til að koma þeirri framleiðslu á fót, auk þess sem efnaiðnaður af því tagi sem nefndur hefur verið hér að framan er ekki starfræktur hér á landi. Hins vegar má vera að það sé verðugt iðnþróunarverkefni að efnaiðnaður af þessu tagi sé kannaður og ef mögulegt er og hagkvæmt þykir að slíkum iðnaði sé komið á fót hér á landi.

Mjólkurbú Flóamanna hefur farið þess á leit við fæðudeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að aflað verði í gegnum upplýsingabanka, sem stofnunin hefur aðgang að í Bretlandi, upplýsinga um samsetningu helstu íblöndunarefna fyrir bökunariðnað og annan matvælaiðnað, m.a. til þess að gera sér grein fyrir því að hve miklu leyti mjólkurvörur, sem framleiddar eru og hugsanlega mætti framleiða hér á landi, eru notaðar í þessar efnablöndur. Einnig með það fyrir augum hvort hugsanlegt væri að flytja inn þessar efnablöndur án mjólkurvaranna sem í þær eru notaðar. Hér er bent á leið sem þyrfti að líkindum að vinna í samvinnu við erlenda framleiðendur.

Í júnímánuði á síðasta ári lagði Mjólkurbú Flóamanna það verkefni fyrir danska verkfræðingafyrirtækið Kolding gruppen, sem sérhæft er á sviði mjólkuriðnaðar, hvort hagkvæmt væri fyrir Mjólkurbú Flóamanna að koma upp búnaði til framleiðslu á kaseinati og var miðað við að framleiðslumagn væri ca. 100 tonn

á ári, ca. 3,2 millj. lítra af undanrennu. Svar barst strax þar sem sagði að framleiðslumagnið væri margfalt of lítið til að forsvaranlegt væri að fjárfesta í búnaði til slíkrar vinnslu. Í framhaldi af þessu lagði Mjólkurbú Flóamanna fyrir sama fyrirtæki fsp. um hvort hugsanlegt væri að finna einhverjar aðrar leiðir sem krefðust minni fjárfestinga, jafnvel þó þær leiðir krefðust mikils mannafla. Svör við þessari fsp. hafa ekki borist enn.

Eins og fram kemur í grg. Mjólkursamsölunnar hafa þessi mál verið athuguð og reynt að finna hagkvæmar leiðir. Það sýnir að mjólkuriðnaðurinn reynir að fylgjast með þeim möguleikum sem þarna er um að ræða og vera á verði ef einhver tækifæri gefast til betri nýtingar á íslenskri mjólk.

Landbrn. hefur stutt að markaðsöflun og vill vinna á þeim sviðum sem mögulegt er. Það hefur stutt þær grundvallarrannsóknir sem gerðar hafa verið á mjólk hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem má segja að séu undirstaða að möguleikum á nýtingu mjólkurinnar til fleiri nota. Þessu starfi verður að sjálfsögu haldið áfram.

Jóhanna Leópoldsdóttir: Herra forseti. Ég fagna fram kominni fsp. um nýtingu mjólkur í matvælaiðnaði, en ég tek það fram að ég mun fylgja þessari fsp. eftir þar sem mér finnst nokkurrar uppgjafar og svartsýni gæta í þessum málum. Ég mun mæla fyrir þáltill. um nýtingu mjólkur í matvælaiðnaði á næstu dögum og koma þá fram með þær röksemdir sem ég hef aflað mér að undanförnu.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin. Mér fannst kannske að sú vísbending sem í svörunum var fólgin og mikilvægust var væri sú að hér væri í rauninni um háþróaðan efnaiðnað að ræða, ég held að það hafi komið fram einmitt með þeim orðum í svari hæstv. ráðh., og að það væri ekki ólíklegt að farsælast væri að taka upp samvinnu við einhverja erlenda aðila, ekki bara um það hvernig ætti að bera sig til heldur jafnvel um framleiðsluna sjálfa. Ég held að hæstv. ráðh. hafi notað þau orð að hér væri kannske ekkert síður um iðnþróunarverkefni að ræða. Þetta leiðir vitaskuld hugann að því hverja nauðsyn ber til þess að hin einstöku ráðuneyti vinni saman og í þessu tilviki þá annars vegar iðnrn. og hins vegar landbrn. Ég vil þess vegna leyfa mér að beina þeirri spurningu af þessu tilefni til hæstv. iðnrh. hvort hans ráðuneyti eða þær stofnanir sem undir það heyra hafi gefið þessum málum sérstakan gaum eða hvort hans ráðuneyti hafi í hyggju að líta á þetta mál sérstaklega þannig að þess sé að vænta að þær stofnanir sem heyra undir þessi tvö ráðuneyti vinni þá að athugun málsins saman.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Vegna fsp. til mín frá hv. síðasta ræðumanni vil ég geta þess að hv. þm. Jóhanna Leópoldsdóttir hefur þegar aflað upplýsinga frá Iðntæknistofnun og ég veit hvaða upplýsingar hún hefur fengið. Ég geri ráð fyrir að hún vitni til þeirra þegar hún flytur sína þáltill. þannig að ég mun ekki rekja það hér, enda ekki undir það búinn. En Iðntæknistofnun hefur kannað þessi mál.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég get ekki skilið hvers vegna hv. 4. þm. Vesturl. segir að það hafi verið uppgjafartónn í mér þó að ég læsi upp grg. frá Mjólkursamsölunni þar sem skýrt var frá því hvernig verið væri að vinna að þessum málum. Ég lagði áherslu á að sjálfsögðu yrði að halda slíku áfram þó að fyrstu athuganir bentu kannske ekki til nægilegrar hagkvæmni, en það kom líka fram að áfram væri unnið að því.

Rökin fyrir samstarfi við erlenda aðila voru fyrst og fremst þau í þessari grg. að þarna væri um að ræða þekkingu sem aðeins einstök fyrirtæki réðu yfir og það væri nauðsynlegt til þess að komast að þeirri þekkingu að komast í samstarf við þá aðila, eins og við reyndar reynum að gera á fleiri sviðum.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég fagna þessari fsp. og eins fram kominni þáltill. um þetta mál. Satt best að segja undrar mig það andvaraleysi sem einkennt hefur meðferð okkar á þessum málum undanfarin ár. Á sama tíma og hávær umræða er uppi um offramleiðslu á ýmsum tegundum landbúnaðarvara liggur fyrir að innflutningur á þessum sömu vörum flæðir inn í landið nær eftirlitslaust og án nokkurrar viðleitni af okkar hálfu til að takmarka hann. Þá á ég bæði við innflutning á mjólk og mjólkurvörum og einnig á ýmsum unnum kjötvörum sem flæða sömuleiðis inn í landið í alls kyns umbúðum svo að hörmulegt er upp á að horfa, hæstv. iðnrh.

Ég vona, herra forseti, að hér hafi verið hreyft við þessu máli á þann hátt að því verði fylgt eftir svo að það beri árangur. Við þurfum á því að halda.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Út af ummælum hæstv. landbrh. áðan varðandi samvinnu og samstarf við erlenda aðila vil ég taka fram að ég hef ekkert á móti slíku samstarfi nema síður sé og tel að það komi ævinlega til álita hjá okkur þegar við þurfum á því að halda og höfum af því gagn. Ég vona að því sé eins farið með hæstv. ráðh. að hann óttist það ekki heldur nýti sér það eftir því sem á þarf að halda.

Í annan stað vil ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og óska báðum ráðherrunum og þeim stofnunum sem undir þá heyra góðs gengis í því að skoða þetta mál og finna lausn.

Sameinað þing, 62. fundur.

Þriðjudaginn 18. mars, að loknum 61. fundi.

Fríverslunarsamningur við Bandaríkin, þáltill. 307. mál (þskj. 572). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Dómhús fyrir Hæstarétt Íslands, þáltill. 319. mál (þskj. 590). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Áður en ég kem að tryggingariðgjöldum bifreiða vildi ég víkja örlítið að öðru máli í upphafi.

Sá er gjarnan háttur þm. í þessari virðulegu stofnun er þeir bera fram fsp. til viðkomandi ráðherra að þó þeir þakki kurteislega svörin geta þeir þess fremur sem miður fer, en þakka oft ekki sem skyldi viðkomandi ráðherra ef hann er pólitískur andstæðingur. Ég vil bregða út af þessum vana og þakka hæstv. viðskrh. fyrir að stöðva hækkanir á þjónustugjöldum bankanna. Fyrir röskri viku lét ég úr þessum ræðustól undrun mína í ljós á að bankar, ríkisbankar sem aðrir, Alþýðubankinn einn undanskilinn, stórhækkuðu sína þjónustu á sama tíma og ríkisstjórnin hafði nýlega lýst því yfir að hún mundi gera allt sem í hennar valdi stæði til að hindra verðhækkanir. Í máli hæstv. viðskrh. kom fram að bankarnir höfðu ekki haft fyrir því að tilkynna viðskrh. þessar furðulegu hækkanir sínar, hvað þá bankaráðum. Ráðherra lýsti því yfir á þessum þingfundi að hann mundi kynna sér mál þetta og beita sér gegn því. Nú liggur það fyrir að hæstv. viðskrh. hefur gengið í málið með einstökum skörungs- og myndarskap. Eftir japl, jaml og fuður bankastjóra hótaði hann þeim lögum ef þeir færðu ekki þjónustugjöld til fyrra horfs. Og bankastjórar urðu að beygja sig, en það er nokkur nýlunda á landi hér. Hæstv. viðskrh. hefur sýnt í máli þessu reisn og festu og ég veit að ég mæli fyrir þorra almennings í landinu þegar ég færi honum þakkir fyrir skörungsskap í þessari embættisfærslu allri. Og það sýndi sig áðan. Hér var mætt sendinefnd frá Alþýðusambandinu sem færði viðskrh. blómvönd fyrir frammistöðuna og er það nokkur nýlunda, enda mættu aðrir ráðherrar nokkuð af þessu læra.

Nú nýlega er upplýst að iðgjöld af tryggingum bifreiða hafi verið hækkuð um 22%. Nú er sú beiðni mín til hæstv. trmrh., sem því miður er ekki viðstaddur, að hann lækki eða afnemi hækkanir þessar á tryggingagjöldum bifreiða. Nú hafa bifreiðar lækkað, allur tilkostnaður lækkað og verðbólgustig allt annað en spáð var. Ég vil ekki fara, þó ástæða væri til, ítarlega út í mál þetta þar sem hæstv. trmrh. er ekki viðstaddur, en ég mundi vilja biðja hæstv. viðskrh. í sínum skörungsskap að segja við hæstv. trmrh.: Enn er eftir yðvarr hlutur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal upplýst hér að hæstv. heilbr.- og trmrh. átti þess ekki kost að sækja þennan fund. Hæstv. ráðh. var störfum bundinn vegna opinberrar heimsóknar forstöðumanns Evrópusvæðis Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég tel að þær miklu hækkanir sem orðið hafa á iðgjöldum bifreiðatrygginga á undanförnum árum kalli á að fyrirkomulag iðgjaldaákvarðana verði allt tekið til rækilegrar endurskoðunar. Frá því var greint í einu dagblaði að iðgjöld hafi á s.l. 12–13 árum hækkað um 900% umfram verðlagsþróun og á þriggja ára tímabili, árin 1983, 1984 og 1985, eða frá því iðgjöld voru gefin frjáls hafi þau hækkað um 206%. Ég tel að það samráð sem tryggingafélögin hafa haft sín á milli frá því að iðgjöldin voru gefin frjáls sé mjög óeðlilegt og að ríkisstj. beri skylda til að grípa í taumana þegar tryggingafélögin hafa slíkt samráð sín á milli til að knýja fram miklar hækkanir á iðgjöldum sínum. Það hefði verið nauðsynlegt að fá fram hjá hæstv. trmrh. við þessa umræðu hver sé afstaða ráðherrans til þessa samráðs tryggingafélaganna og hvort ráðherrann telji að það samræmist eðlilegum tilgangi frjálsrar verðmyndunar að tryggingafélögin hafi samráð sín á milli um iðgjaldaákvarðanir.

Þar sem hæstv. trmrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu hefði auðvitað verið eðlilegast að fresta henni þannig að trmrh. gæti setið fyrir svörum varðandi þetta mál. Nú veit ég ekki hvort hæstv. viðskrh. gæti svarað þessum spurningum. Þessi málaflokkur fellur að hluta til undir hans málaflokk líka. Ég vil minna á í þessu sambandi að Neytendasamtökin hafa sett fram þá kröfu að iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaganna verði settar undir strangt verðlagseftirlit og FÍB hefur hreinlega óskað eftir ríkisafskiptum og verðlagseftirlitið ef vátryggingafélögin geti ekki stillt hækkunum sínum í hóf.

Ég spyr hæstv. viðskrh., þar sem hann er hér staddur einn ráðherra, hvort hann telji ekki rétt að fella iðgjaldaákvarðanir undir ákvæði laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti eða með öðrum hætti að setja iðgjaldaákvarðanir undir strangara verðlagseftirlit, sérstaklega í ljósi þess samráðs sem tryggingafélögin hafa haft um þetta mál.

Ég vil einnig við þessa umræðu vekja athygli á því sem fram kom í Helgarpóstinum nýlega, en þar er því haldið fram að útreikningar og gögn sem tryggingafélögin leggi fyrir tryggingaeftirlitið séu vægast sagt mjög vafasöm, en tryggingaeftirlitið metur hækkunarþörf á grundvelli þeirra gagna sem tryggingafélög leggja fram. Við það er m.a. miðað að iðgjöld nægi til að mæta tjónakostnaði, en í Helgarpóstinum er því haldið fram að tjón séu bókfærð með söluskatti sem tryggingafélögin greiði ekki. Mismunur á raunverulegum tjónakostnaði tryggingafélaganna og útreikningum um tjónakostnað sem lagðir eru fyrir tryggingaeftirlitið skipti því árlega tugum milljóna króna og geti haft veruleg áhrif til hækkunar í iðgjaldaákvörðunum.

Því hefði auðvitað verið nauðsynlegt að fá fram hjá hæstv. trmrh. í ljósi þessara upplýsinga hvort ráðherrann teldi ekki rétt að láta kanna réttmæti þeirra útreikninga sem tryggingafélögin hafa lagt fram fyrir tryggingaeftirlitið. Ef hæstv. forseti telur að ekki sé fært að fresta þessari umræðu þar til ráðherra hefur tök á því að svara þessum spurningum sem ég hef lagt fram mun ég leggja fram formlega fsp. um þetta efni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að það er ekki eðlilegt að fresta utandagskrárumræðum sem skv. þingsköpum geta aðeins staðið í hálftíma. Það verður ekki gert. En hv. 2. landsk. þm. hefur fundið eðlilegasta ráðið í þeirri stöðu sem við stöndum frammi fyrir ef mönnum þykir miður, sem er sjálfsagt miður, að hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki viðstaddur. En það er af gildum ástæðum sem áður hefur verið greint frá.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af orðum hv. 2. landsk. þm., sem hún beindi til mín, get ég ekki á þessari stundu svarað því hvort ég tel eðlilegt að tryggingaiðgjöld verði felld undir lögin um verðlag og viðskiptahætti því að þau byggjast á því að þetta heyrir undir trmrn. og á grundvelli laga um vátryggingastarfsemi er til tryggingaeftirlit sem átti að tryggja hag neytenda og fara yfir þau gögn þannig að í fáum tilfellum gerir löggjafinn ráð fyrir því að vandað sé betur til verðlagningar en á þessum sviðum. Tryggingaeftirlitinu ber lögum samkvæmt að fara mjög náið yfir þetta og vera trmrn. til ráðuneytis.

Efnislega vil ég ekki svara neinu fyrir hönd trmrh., en það er ljóst að trmrh. mun fá þau orð sem hér hafa verið viðhöfð varðandi þá ákvörðun um að hækka iðgjöld bifreiðatrygginga. Hitt má svo telja íhugunarvert hvort það er rétt og hvort það á lengur að viðgangast að tryggingafélögin hafi samráð um breytingu á sínum tekjum og sínum iðgjöldum. Alveg eins og það er bannað í nýjum lögum um viðskiptabanka að þeir hafi samráð sín á milli tel ég ekki síður ástæðu til þess að þar verði sú breyting gerð á.

Ég vil svo að síðustu þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir mjög hlý orð í minn garð og sömuleiðis vil ég ekki láta hjá líða að segja það hér að ég fyrir mitt leyti er staðráðinn í því að framfylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var með síðustu kjarasamningum, eins og frekast er unnt þannig að almenningur í landinu getur reitt sig á að það hafi verið alvara á báða bóga að koma þessum samningum á og þeirri gjörbreytingu sem þessum samningum er ætlað að hafa á verðlag og efnahagsmál þessarar þjóðar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil taka mjög undir orð hv. 7. þm. Reykv. þar sem hann þakkaði viðskrh. röskleg viðbrögð við verðhækkunum. Ég vil jafnframt minna á það að verkalýðssamtökin og vinnuveitendur hafa gert kjarasamninga um eins stafs tölu í kauphækkun, lága eins stafs tölu. Við gerðum kjarasamninga sem stefna að því að verðbólga verði eins stafs tala, lág eins stafs tala. Þess vegna brá okkur mjög í brún þegar sú tilkynning berst nokkrum dögum eftir að við höfðum skrifað undir kjarasamningana að bifreiðatryggingar hækki um tveggja stafa tölu.

Ég er í nefnd sem Alþýðusambandið skipaði til þess að fara ofan í þessi mál og við ræddum við tryggingaeftirlitið. Þar kom fram að þeir höfðu sent trmrn. bréf og í því bréfi segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi nýgerðra kjarasamninga og efnahagsráðstafana í kjölfar þeirra og með tilvísun til símtals um þessi mál við ráðuneytið vill tryggingaeftirlitið hér með kynna niðurstöður sínar varðandi þá hækkun iðgjalda er eftirlitið telur nauðsynlega nú og leita viðbragða ráðuneytisins við þeim niðurstöðum." Því miður voru viðbrögðin þau að samsinna þessu. Ég vænti þess að nýr flötur verði fundinn á því máli og ráðuneytið bregðist hart við.

Á þessum fundum kom til viðræðu við okkur fulltrúi samráðsnefndar, sem ég vil gjarnan kalla samtryggingarnefnd, og það kemur fram, sem menn sjálfsagt vita, að öll tryggingafélögin eru með sömu iðgjöld. Tíðkast það nokkurs staðar í heiminum að slík samtryggingarnefnd sé starfandi á vegum tryggingafélaga? Tíðkast það nokkurs staðar í heiminum að iðgjöld tryggingafélaga séu alls staðar eins? Hæstv. ráðherra svaraði þessu að nokkru hér áðan, en mig langar til að vita hvort þetta fyrirbrigði finnist nokkurs staðar. Ég hygg að svo sé ekki og tel að það sé engin hæfa að svona vinnubrögð séu höfð í frammi.

Við héldum og fund með forstjórum tryggingafélaganna. Þar voru þau öll samankomin sem í samráðsnefndinni eru — eða samtryggingarnefndinni. Þar voru Samvinnutryggingar, þar var fyrirtæki sveitarfélaganna, Brunabótafélagið, með sinn fulltrúa og allir sungu þeir sama tóninn. En ég vænti þess að viðkomandi ráðuneyti taki til hendinni og lækki þessa hækkun allverulega, a.m.k. niður í lága eins stafs tölu líkt og verið er að tala um í verðbólgu og í kauphækkunum.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að þær hækkanir sem orðið hafa á iðgjöldum vegna bifreiðatrygginga á undanförnum árum eru í fyllsta máta óeðlilegar og úr hófi. Í stað þess að keppast við að bjóða viðskiptavinum sínum þjónustu og reyndar að keppa hvert við annað um viðskiptavini hafa tryggingafélögin samráð sín á milli um verðhækkanir sem eru beinlínis í óhag viðskiptavina, í þessu tilfelli bifreiðaeigenda. Samt hlýtur hlutur tryggingafélaganna að vera nokkur góður í þessum efnum þegar hugsað er til þess að Íslendingar eru næstríkasta þjóð í heimi hvað varðar bifreiðaeign á íbúa.

Ég vil enn fremur taka undir það að nauðsynlegt er að endurskoða ákvæðin um iðgjöld sem þessi, og tel það mjög til athugunar að færa þau undir lög um verðlag og óréttmæta viðskiptahætti. Jafnframt vil ég taka það fram að það er brýnt að taka þessa umræðu upp hér aftur þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. getur verið viðstödd því að vitanlega þarf hún að geta svarað í þessu máli.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þykist muna það rétt að þegar þessi mál bar fyrst á góma hafi hæstv. heilbr.- og trmrh. látið þess getið að hann gæti nú eiginlega ekkert í þessu gert. Hér væru komnar tölur og ef hann gæti ekki fundið reikniskekkju, þá gæti hann ekkert gert annað en láta þetta yfir okkur ganga. Það verður að teljast nokkuð hart, en í þessu sambandi vil ég spyrja að því hvort þetta mál hafi virkilega ekki verið tekið fyrir í ríkisstj. vegna þess að aðstæður allar eru svo sérkennilegar að manni þykir mjög einkennilegt að það skuli virkilega þurfa að hækka tryggingariðgjöldin svo mikið sem hér er gert ráð fyrir. Við erum að tala um að það verði 8% verðbólga. Bílar eru að lækka í verði um upp undir 30% og samt segja menn að iðgjöldin þurfi að hækka um 22%. Mín spurning er í rauninni sú: Hafa menn sannfærst um það í ríkisstj. að hér sé í raun og sannleika um réttan útreikning að ræða eða hafa menn ekki tekið þetta til umræðu þar svo alvarlegt sem það er?

Ég skal ekki fara út í aðra sálma í þessu sambandi, en get auðvitað ekki stillt mig um að benda á það og ítreka það sem hér hefur komið fram hvers konar ægilegar hækkanir hafa yfir okkur gengið í þessu kerfi, kerfi sem greinilega einkennist af einokun. Og það má kannske verða okkur til nokkurrar leiðsagnar á ýmsum öðrum sviðum líka.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hér gerast æðistórir atburðir. Ég kveð mér hljóðs til þess að vekja á því athygli. Ég hef lengi verið viðloðandi þetta þing, *fyrst sem varaþm. og síðar sem alþm., en ég minnist* þess ekki að atburður á borð við þennan hafi hér gerst, að stjórn Alþýðusambands Íslands færi einum höfuðandstæðingi þeirra flestra, a.m.k. sem í stjórninni eru, **(Gripið fram í:** Þetta er alger misskilningur.) **(KP:** Þetta er rangt.) færi þeim — fyrrverandi skulum við segja, en þetta er ekki grínmál, þvert á móti. Og að einn aðalforustumaður í verkalýðshreyfingunni og pólitískur andstæðingur minn og pólitískur andstæðingur hæstv. viðskrh. skuli hér koma til að færa honum þakkir. Hann á þær þakkir skildar.

Það sem gerðist í Garðastræti voru merkilegir atburðir. Menn hafa verið að gantast með það að þetta hafi gerst í Garðastræti rétt eins og okkur sjálfstæðismenn mundi svíða undan því. Hví skyldi ekki sáttfýsi, frjálslyndi og sanngirni einmitt hafa komið úr húsi Ólafs Thors? Það getur vel verið að það sé tilviljun, en það hryggir engan sjálfstæðismann. Það er núna loks eftir 15 ára vandræði, verðbólgu og erfiðleika að undir það hillir að hér takist að koma á svipuðu heilbrigðu þjóðskipulagi og nágrannaþjóðirnar hafa getað byggt upp. En það verður ekki nema atburðir eins og þeir sem gerðust við hækkun tryggingganna verði teknir til umræðu og skoðunar. Og það eru fullkomin rök að þegar bifreiðar lækka í verði þá hljóti tilkostnaður, viðgerðir, að lækka og þess vegna er það vel að um þetta skuli vera rætt. Ef atvinnureksturinn, einkaframtakið, félagsreksturinn bregst þannig við nú að dengja yfir hækkunum, þá er vissulega illa komið í þessu þjóðfélagi. Hlutur verkalýðsins liggur ekki eftir. En hlutur atvinnurekendanna gerir það ekki heldur, þeir eiga að lækka.

En það sem verst er af öllu er að það liggur eftir að losa um peninga úr bankakerfinu. Þar sem peningar eru frystir og eignir manna verða við það svo verðlitlar að þær standa ekki fyrir lántökum og menn hafa tapað gífurlegum fjármunum. Það liggur eftir og það er á valdi hæstv. viðskrh. að gera þar á bragarbót. Hann þarf ekki annað en segja þeim í bankakerfinu að gefa út nægilega peninga, þannig að hér verði ekki okurvextir. Það gengur nefnilega ekki upp að hafa frjálsa vexti og enga peninga í umferð. Það er um að ræða tvær gagnstæðar stefnur og við höfum sopið af því seyðið, sérstaklega unga fólkið sem hefur verið að byggja. Það verður að losa um íslenska peninga og hætta að taka stöðugt erlend lán. Peningar eru ekkert annað en ávísanir á verðmæti. Þeir voru áður ávísanir á gull, sem er einskis virði, hringurinn minn gæti t.d. alveg eins verið úr einhverjum allt öðrum málmi. Peningar eru ávísanir á þjóðarauð og þjóðarauður Íslendinga hefur aldrei verið meiri en nú. Þarna þarf að taka til hendinni og þá verður verðbólgan kveðin algerlega niður og þá munu atvinnuvegirnir blómgast og þá munu launin hækka mikið, ég segi að þau þurfi að hækka gífurlega mikið vegna þess að Ísland er láglaunaland.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef ekki talið mig viðkvæman mann en ég nærri táraðist undir ræðu fyrsta hv. ræðumanns sem talaði hér áðan. En eigi að síður tek ég mjög undir hans orð og þeirra sem hafa flutt viðskrh. þakkir, enda full ástæða til þess því að við þurfum auðvitað menn sem þora og duga til þess að stjórna.

Það skyggir á þessa umræðu að hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli ekki vera viðstaddur hér, en auðvitað hljóta skilaboð þingsins til hæstv. heilbr.- og trmrh. að *vera þau að fara í kjölfar samninganna*, gera eins og hæstv. viðskrh. hefur gert og taka fram fyrir hendur á tryggingafélögunum og lækka það sem nú hefur verið gert. Það hljóta að vera skilaboð þingsins til viðkomandi ráðherra þó að hann geti ekki verið hér sjálfur og tekið við þeim skilaboðum beint. Ég ítreka það. Við hljótum að krefjast þess af hæstv. ráðh. að hann taki hér í taumana og lækki þau gjöld sem hafa nú verið hækkuð af bifreiðatryggingum hér í landinu. Við hljótum að krefjast þess.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er vissulega miður að hæstv. trmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu. En þetta mál er tvíþætt. Annars vegar er það að tryggingafélögin hafa ákveðið 22% hækkun sem þm. eru sammála um, þeir sem hér hafa talað, að sé of mikil í ljósi allra aðstæðna. Hinn flöturinn á málinu er sá að *tryggingafélögin hafa haft samráð um þessa hækkun*. Þau hafa öll sömu iðgjöldin og þau ákveða þetta í bróðerni.

Úr öðrum stjórnarflokknum, þeim sem kennir sig mest við frjálsa samkeppni, koma ráðherra viðskiptamála og ráðherra tryggingamála. Það sem hefur gerst hér er alveg öfugt við frjálsa samkeppni. T.d. í Bandaríkjunum, því landi frjálsrar samkeppni, hygg ég að forstjórar tryggingafélaga gengju ekki lausir ef þeir hegðuðu sér svona. Dómstólar þar mundu taka á þessum málum — og hafa gert það þegar haft er svona samráð Nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. og varaformanns Sjálfstfl.: Ætla þeir að beita sér fyrir því að gerðar verði ráðstafanir til að þessu samsæri tryggingafélaganna gegn neytendum linni? Því þetta er ekkert annað en samsæri þeirra sem ráða markaðnum um að hafa þar öll ráð neytenda í hendi sér.

Hér var gerð tilraun fyrir fáeinum árum, sennilega einum 15 árum, til að stofna tryggingafélag. Þá ofbauð félögum í Félagi ísl. bifreiðaeigenda þetta samsæri tryggingafélaganna og þeir stofnuðu eigið tryggingafélag, Hagtryggingu. Ég var einn þeirra sem var svo vitlaus að trúa þessu og keypti hlutabréf í þessu fyrirtæki fyrir svo sem eins og hálft mánaðarkaup á þeim tíma. Hvað hefur gerst núna? Sjóvátryggingarfélagið er búið að éta þetta tryggingafélag. Og samsærið hefur haldið áfram öll árin. Það er þetta sem er að. Og ég spyr hæstv. viðskrh. og varaformann Sjálfstfl.: Ætla þeir að beita sér fyrir því að á þessu sviði verði frjáls samkeppni?

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég held að í þessum efnum hafi komið fram dálítill misskilningur í umræðunum varðandi tryggingafélögin. Í fyrsta lagi er það þannig að tryggingaeftirlitið hefur það hlutverk að fara yfir stöðu tryggingafélaganna og ganga þannig frá málum að fólk geti með sæmilega öruggum hætti tryggt sína bíla eða sínar eigur hjá tryggingafélögunum. Það er hlutverk tryggingaeftirlitsins. Það er ekki ákvörðunarefni tryggingaeftirlitsins síðan hver iðgjöldin eiga að vera. Það er ákvörðunarefni ráðherra út af fyrir sig. Og ég hygg að það hafi fleiri menn en ég í starfi heilbr.- og trmrh. aftur og aftur skorið niður hækkunartölur trygg-

ingaeftirlitsins. Hvað eftir annað hefur það verið gert. Ég hygg að hæstv núv. viðskrh. hafi m.a. beitt sér með þeim hætti á sínum tíma hvað eftir annað.

Hins vegar er ljóst, og við þurfum að taka tillit til þess, að það er fleira í bifreiðaiðgjöldum en bifreiðakostnaður sem slíkur. Hérna er líka um að ræða slysabóta- og líftryggingarþátt sem vegur mjög þungt í þessum málum öllum og þarf að taka tillit til líka. Þetta nefni ég til þess að menn hafi alla myndina.

Hitt málið er svo samráðið um tryggingariðgjöldin. Það hygg ég að stangist tvímælalaust á við lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þau lög heyra undir viðskrn. og viðskrh. og þess vegna er það á réttum stað að gera þá kröfu til hæstv. viðskrh. að hann taki á þessu máli á grundvelli verðlagslaganna. Undir þá kröfu, sem hér hefur komið fram, vil ég sérstaklega taka.

Ég vil svo fagna því að hæstv. ríkisstj. skuli hafa snúið af stefnu sinni í verðlagsmálum. Stefna hinnar frjálsu álagningar á öllum sviðum gengur bersýnilega ekki upp. Ef menn ætla sér að veita hér eitthvert verðlagsaðhald þá verður að koma til önnur stefna í verðlagsmálum. Það er sú stefna sem hæstv. viðskrh. er nú að framkvæma, en það er allt önnur stefna en ríkisstj. hafði fram til þess tíma að kjarasamningarnir voru gerðir verið að framkvæma. Þess vegna lýsi ég sérstakri ánægju með það, herra forseti, að hæstv. viðskrh. skuli hafa tekið ákvörðun um að framkvæma aðra stefnu í verðlagsmálum en þá sem núv. ríkisstj. setti sér í öndverðu.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég verð að taka undir þá athugasemd sem fram hefur komið í málflutningi hv. fyrirspyrjanda. Ég held að mér hafi brugðið eins og flestum sem fengu reikninga frá tryggingafélögunum nýlega. Mér varð ekki um sel þegar ég sá þá miklu hækkun og ég gat ekki með nokkru móti skilið hvernig í ósköpunum það gæti átt sér stað að iðgjöld hækkuðu um 23–25% á sama tíma og bílar lækka um 30%. Ég leitaði mér smáupplýsinga og mér var sagt að varahlutir lækki ekki. Tjón og aðrar bætur vegna slysa væru mikil og tryggingafélögin hefðu verið svelt. Ég verð að trúa þessu. Ég get ekki annað fyrr en búið er að rannsaka málið. Og það held ég að sé nauðsynlegt að gera. Ég hefði gjarnan viljað láta kanna og bera saman hvert sé hlutfall trygginga í andvirði bifreiða miðað við verð bifreiða hér á landi borið saman við t.d. á hinum Norðurlöndunum. Þá ættu menn að geta komist að raun um það hvort við erum að borga óeðlilega háar tryggingar eða ekki. Ég held að svo sé.

En ég vil svo að lokum segja að að sjálfsögðu stendur Sjálfstfl. teinréttur og horfir beint framan í hvern sem er og þarf ekki að skammast sín fyrir þá stefnu sem hann hefur, hefur haft og mun alltaf hafa, og það er frjáls samkeppni á sem flestum sviðum. En hitt er annað mál að Sjálfstfl. hefur aldrei staðið að samtökum um álagningu eða samtökum um verðmyndun á neinu sviði til að koma í veg fyrir eðlilega samkeppni. Ef það er rétt að tryggingafélögin hafi myndað með sér eins konar „cartel", eins og það er kallað á erlendu máli, auðhring til að gæta hagsmuna sinna, halda uppi verði, frekar en samkeppni, þá er það andstætt hugsjónum Sjálfstfl. og að sjálfsögðu ber okkur sjálfstæðismönnum að kanna hvort svo sé og berjast þá á móti slíku. En ég verð bara að viðurkenna, eftir að hafa verið fulltrúi Alþingis sem bankaráðsformaður Útvegsbankans, að varla er hægt að taka ákvörðun í Útvegsbankanum fyrir „cartel" eða Sambandi viðskiptabanka. Það er búið að viðgangast í langan tíma og ég veit ekki betur en það eigi að halda áfram að viðgangast. En í lögum bankanna segir að þeir skuli vera algerlega frjálsar og óháðar stofnanir. Það er kannske á fleiri sviðum sem þarf að taka til hendi en í tryggingamálum.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil svara spurningu hv. 5. landsk. þm. á þann veg að ég tel óeðlilegt að það séu samtök tryggingafélaga sem hafi samráð um tekjur sínar. Hins vegar getur verið nauðsynlegt að hafa samráð um ýmsa aðra hluti sem eiga að koma alveg jafnt viðskiptamönnum til góða sem tryggingafélögum.

Ég er ekki sammála hv. 3. þm. Reykv. um það að samkeppni og frjálsræði sé eiginlega af hinu illa. Við getum nefnt fjölmörg dæmi þess að samkeppnin sem leiðir af frjálsræði í viðskiptum hefur haft það sér til ágætis að verðlag hefur í mörgum tilfellum lækkað. En þegar frjálsræðið er notað til þess að hækka og ganga fram fyrir það sem stjórnvöld á hverjum tíma ætlast til og góðu hófi gegnir, þá verður eðlilega að taka í taumana.

Ég er ekki meiri kerfismaður en svo — eða með einhverjar sérstakar trúarjátningar — að ég vilji ekki aðhyllast svona blandað kerfi og nota sér það sem er best í því á hverjum tíma. Í sambandi við bifreiðatryggingarnar vil ég segja að það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að inn í þessar bætur kemur margt annað en viðgerð á bílum. Einn stærsti liðurinn er sjúkra- og lífeyrisbætur og því miður eru allt of mörg dauðsföll í umferðinni. Þar verða tryggingafélögin, og hvaða aðili sem er, að hafa þann rekstur á þeim hlutum að viðkomandi geti treyst því að þau standi við sínar bætur á hverjum tíma, þannig að ekki má ganga það nærri tryggingafélögunum að þau geti ekki staðið við sínar skuldbindingar gagnvart þeim sem skipta við þau.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en það er sjálfsagt að þessi mál verði tekin upp. Ég minnist þess ekki að tryggingariðgjöld bifreiða hafi núna komið fyrir ríkisstjórnarfund. Ef það er misminni mun ég leiðrétta það síðar, en ég man ekki eftir því að þau mál hafi komið fyrir ríkisstjórnarfund. En þau voru á döfinni um það leyti sem Norðurlandaþingið var haldið og þá voru allmiklar fjarvistir, bæði í ríkisstjórn og víðar.

Efri deild, 63. fundur.

Miðvikudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 636 (sbr. 602)). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Einn af mikilvægustu hlekkjunum í stjórnsýslunni í landinu eru sveitarfélögin. Ég er þeirrar skoðunar að þau eigi að ráða sjálf sem mest sínum eigin málefnum og vera þannig sjálfstæð gangvart ríkisvaldinu. Ríkis-

valdið á að stuðla að því með ýmsum hætti að samvinna sé þeirra á milli til að leysa þau verkefni sem eru ofviða hverju um sig. Löggjafarvaldið á að skapa sveitarfélögunum grundvöll og setja þeim starfsramma. Þegar talað er um grundvöll er átt við að þau hafi sjálfstæða tekjustofna sem séu óháðir ríkisvaldinu. Ríkisvaldið á hins vegar að koma til sögunnar þegar um er að ræða verkefni sem sveitarfélögin geta ekki leyst. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstj. er kveðið skýrt á um að draga beri úr umsvifum ríkisins og flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga og/eða annarra aðila í þjóðfélaginu. Meginatriði þeirra áforma eru þessi:

1. Fá fram skil milli verkefna ríkis og sveitarfélaga þannig að saman fari rekstrar- og fjárhagsábyrgð um hvert verkefni.
2. Komið verði í veg fyrir að ríki og sveitarfélög fáist við sömu verkefni hvort á sínum vettvangi á sama tíma.
3. Jafnhliða tilfærslu verkefna verði fluttir tekjustofnar frá ríki til sveitarfélaganna þannig að þau geti í raun annast verkefnin. Í þessari stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj. felst viðurkenning á þeirri staðreynd að sveitarstjórnir eru sambönd sem standa næst borgurunum, enda hafa sveitarstjórnir og samtök þeirra haldið því fram að sveitarstjórnir ættu að hafa meira vald í eigin málum á eigin ábyrgð, svo sem varðandi ákvörðun á nýtingu eigin tekjustofna og gjaldskrá af þjónustu fyrirtækja sinna, en ríkisvaldið eigi ekki að skipta sér um of af innri málum þeirra.

Þetta er vissulega þýðingarmikið fyrir sjálfstæði og sjálfræði sveitarfélaga. Umráð af þessu tagi endurspegla þá staðreynd að núverandi lög um sveitarstjórnir eru ekki lengur í takt við breytt viðhorf og taka ekki nægilegt tillit til þeirra stórstígu breytinga sem hafa orðið í þjóðfélagi okkar frá því að núgildandi sveitarstjórnarlög voru sett.

Grundvöllurinn að núgildandi sveitarstjórnarskipan var lagður með sveitarstjórnartilskipun frá 1872. Tilskipunin tók ekki til kaupstaða og byggði á hinum fornu hreppum sem grunneiningu. Jafnframt var byggðinni skipt í sýslufélög og eru u.þ.b. tíu hreppar í hverri sýslu. Til sýslunefnda var kosinn einn fulltrúi úr hverjum hreppi í almennum kosningum. Sýslumaður var hinn almenni fulltrúi framkvæmdavaldsins og héraðsdómari í sýslunni og var oddviti sýslunefndar. Sýslunefndum var ætlað að gegna aðalhlutverki í sveitarstjórnarmálum og hafa umsjón með störfum hreppsnefnda. Jafnframt var komið á fót amtsráðum, en þau voru lögð niður við stofnun Stjórnarráðs Íslands árið 1904.

Þótt núgildandi sveitarstjórnarlög nr. 58/1961 hafi gilt frá 21. janúar 1962 hefur skipulag sveitarstjórnartilskipunarinnar haldist í meginatriðum til þessa dags, en í reynd hefur dregið úr hlutverki sýslunefnda. Með tilliti til framangreinds er ljóst að það var löngu tímabært að endurskoða sveitarstjórnarlöggjöfina.

Það frv. sem hér er fylgt úr hlaði byggist á tillögum sem voru samdar af endurskoðunarnefnd sem skipuð var 13. júní 1981. Í nefndina voru skipaðir Alexander Stefánsson, Jón G. Tómasson, Magnús H. Magnússon, Sigurjón Pétursson, Sturla Böðvarsson og Steingrímur Gautur Kristjánsson sem var skipaður formaður nefndarinnar.

Haustið 1982 tók Björn Friðfinnsson sæti Jóns G. Tómassonar í nefndinni við formannaskipti í Sambandi ísl. sveitarfélaga og vorið 1983 tók Jóhann Einvarðsson sæti í nefndinni í stað Alexanders Stefánssonar.

Meðal þeirra meginsjónarmiða sem endurskoðunarnefndin hafði að leiðarljósi við samningu frv. má nefna:

1. Að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka,
2. að réttarstaða allra sveitarfélaga verði sem líkust,
3. að stuðla beri að vald- og verkefnadreifingu,
4. að valfrelsi sveitarfélaga um stjórnunarform og verkefnaval beri að auka,
5. að saman fari sem mest ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð þegar sveitarfélögum eru fengin verkefni,
6. að stuðla beri að eflingu og stækkun sveitarfélaga til að þau verði færari um að valda verkefnum sínum og taka við auknum verkefnum,
7. að stuðla beri að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð sveitarstjórnarmála.

Nefndin starfaði vel að málum, hélt fjölmarga fundi og viðaði að sér miklum fróðleik um sveitarstjórnarlöggjöf í nágrannalöndum okkar og um ályktanir og afstöðu hinna ýmsu aðila hérlendis sem fjallað hafa un endurskoðun núgildandi sveitarstjórnarlaga. Nefndin lauk störfum þann 27. júní 1984 og skilaði þá félmrh. tillögum til nýrra sveitarstjórnarlaga í frumvarpsformi. Tillögur endurskoðunarnefndarinnar voru teknar til athugunar í félmrn. og að henni lokinni ákvað ráðherra að senda tillögur hennar til allra kjörinna aðalfulltrúa í sveitarstjórnum landsins, til landshlutasamtaka sveitarfélaga og til sýslumanna með ósk um umsagnir og ábendingar um breytingar á tillögunum og var óskað eftir að þær bærust fyrir 1. okt. 1984.

Alls bárust umsagnir frá sex landshlutasamtökum, ellefu sýslumönnum og sýslunefndum og 51 sveitarfélagi. Auk þess mætti ég sem félmrh. á fjölmörgum fundum þar sem tillögurnar voru til umfjöllunar, m.a. á fjórðungsþingum Austfirðinga, Norðlendinga og Vestfirðinga. Af þessu er ljóst að tillögurnar hafa fengið mikla umræðu í þjóðfélaginu. Öllum hv. þm. voru einnig sendar tillögur nefndarinnar.

Frv. er í meginatriðum samhljóða tillögum endurskoðunarnefndarinnar, þ.e. fyrstu átta kaflar frv. Nokkrar breytingar höfðu verið gerðar á X. og XI. kafla og IX. kafla í tillögum nefndarinnar, um héraðsþing, verið breytt.

Frv. var lagt fram á síðasta þingi, fór þá til nefndar og var sent Sambandi ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtökum og sýslunefndum til umsagnar. Félmrn. hafði áður fengið umsagnir fjölda sveitarstjórna og voru þær nefndarmönnum tiltækar. Auk þess bárust aðrar umsagnir.

Ekki vannst tími til þess á síðasta þingi að afgreiða málið úr nefnd. Frv. var endurflutt snemma á þessu þingi og ítarlega rætt í félmn. Nd. sem lagði fram brtt. sem allar voru samþykktar í Nd., m.a. að IX. kafli frv., um héraðsnefndir, yrði felldur út. Nál. hv. nefndar eru á þskj. 525, 526 og 612 sem ég vitna til.

Í I. kafla frv. er að finna almenn ákvæði. Í honum er m.a. fjallað um stærð sveitarfélaga. Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að sýslunefndir verði lagðar niður, en héraðsnefndir taki við störfum þeirra. Jafnframt er opnað fyrir þann möguleika að kaupstaðir geti gerst aðilar að þessu samstarfi.

II. kafli frv. ber yfirskriftina „Sveitarstjórnir". Hann samsvarar a-lið II. kafla núgildandi laga. Veigamesta breytingin í þeim kafla frv. er að lagt er til að ákvæðin

um sveitarstjórnir séu samræmd og réttarstaða þeirra gerð hin sama.

III. kafli frv. fjallar um kosningu sveitarstjórna, en um það atriði er fjallað í lögum nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar, í núgildandi sveitarstjórnarlögum.

Helstu breytingar og nýmæli sem frv. gerir ráð fyrir í þessum kafla eru sem hér segir:

1. Kjördagur verði sá sami í öllum sveitarfélögum, síðasti laugardagur í maí. Þó með þeirri undantekningu að heimilt er að fresta honum til 2. laugardags í júní í minni sveitarfélögum.

2. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.

3. Kosningaaldur lækkar í 18 ár.

4. Sérstök kjörnefnd fer með úrskurðarvald um gildi kosninga í stað sveitarstjórnar.

5. Sérstakar reglur eru um meðferð sveitarstjórnarmála á meðan úrslit kosninga eru í óvissu. Heimildir sveitarstjórnar, sem situr á óvissutímabili, til að inna af hendi greiðslur og gangast undir skuldbindingar eru takmarkaðar.

IV. kafli fjallar um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna og kemur í stað 23. og 24. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. Núgildandi ákvæði þykja fátækleg og því ber nauðsyn til að setja ítarlegri ákvæði um það atriði í sveitarstjórnarlög.

Í V. kafla er fjallað um það efni sem nú er í 21.–30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Meðal nýmæla má nefna að gert er ráð fyrir að sveitarstjórnarfundir séu almennt haldnir fyrir opnum dyrum hvort sem um hreppsnefnd eða bæjarstjórn er að ræða.

VI. kafli frv. fjallar um nefndir, ráð og stjórnir. Ákvæði þessa kafla eru mun ítarlegri en greinar núgildandi sveitarstjórnarlaga um sama efni.

Í VII. kafla frv. er að finna ákvæði um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga. Meðal nýmæla í þessum kafla má benda á 72. gr. Í henni er kveðið á um það að sveitarstjórn ráði starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veiti þeim lausn frá starfi.

Í VIII. kafla frv., um fjármál sveitarfélaga, er að finna fjölmörg mikilvæg nýmæli. Nægir í því sambandi að benda á 76. gr. sem á sér hliðstæðu í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Greinin fjallar um áætlanagerð sveitarfélaga og er tilgangurinn með henni að sveitarstjórnir horfi til framtíðarinnar og skipuleggi rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélaga með ákveðin markmið í huga.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að héraðsnefndir komi í stað sýslunefnda og jafnframt er kaupstöðum heimiluð aðild að þeim. Einnig er opnuð leið til sameiningar héraðsnefnda og jafnvel hluta þeirra ef hagkvæmt þykir og sveitarfélög semja um það.

Í IX. kafla frv. er gert ráð fyrir samvinnu sveitarfélaga hvort sem hún er byggð á frjálsu samkomulagi sveitarfélaganna eða er lögbundin. Ef þetta samstarf er lögbundið skal um stofnun byggðasamlaganna fara eftir ákvæðum IX. kafla með þeim frávikum sem kunna að felast í viðkomandi lögum.

Í reynd hefur skapast ákveðin hefð í samstarfi sveitarfélaganna, en rétt þykir að vekja athygli á nauðsyn greiðra upplýsinga frá samtökum þeirra til einstakra sveitarstjórna, t.d. með því að senda þeim fundargerðir stjórna samtakanna o.fl. Þá er í 116. gr. umboðsmanni ríkisins gert skylt að annast framkvæmdastjórn héraðsnefnda sé þess óskað, enda verði kostnaður greiddur af héraðsnefnd. Þetta gæti reynst hagkvæmt, enda hafa sýslumenn oft annast um störf fyrir sýslunefndirnar og eru því gjörkunnugir verkefninu. Einnig er að sjálfsögðu hægt að fela slík verkefni einhverri sveitarstjórnarskrifstofunni.

Í ákvæðum IX. kafla er fjallað um frjálsa samvinnu sveitarfélaga sín á milli, en eins og kunnugt er hefur samvinna sveitarfélaga um hin ýmsu verkefni aukist stórkostlega á síðari árum. Slík samvinna er ekki bundin við sveitarfélög innan sýslu eða kjördæmis heldur gengur hún í mörgum tilfellum þvert á slík mörk og er hagkvæmni af samvinnunni látin ráða.

Samvinna sveitarfélaga af þessu tagi er venjulega bundin í stofnsamningum, en ekki hafa verið sett um hana almenn ákvæði í lögum. Getur það í ýmsum tilvikum valdið vandkvæðum, t.d. þegar ágreiningur kemur upp milli sveitarstjórna sem að slíkri samvinnu standa og þegar aðstæður breytast vegna þróunar byggðar og verkefna.

X. kafli er um stækkun sveitarfélaga. Í lögum nr. 70 1970 er að finna ákvæði um framkvæmd sameiningar sveitarfélaga. Eðlilegt þykir að þær reglur endurskoðaðar komi fram í sérstökum kafla í nýjum lögum um sveitarstjórnir og eru þær því teknar upp í X. kafla frv. Rétt er að benda á þá breytingu frá fyrri reglum að nú er sveitarstjórnum skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um sameiningaráform nema í þeim sveitarfélögum sem falla undir ákvæði 5. gr. frv.

Þann 20. janúar 1984 var undirritaður samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga. Aðdragandinn að undirritun samstarfssáttmálans var sú að um miðjan janúar 1984 lagði félmrh. fyrir ríkisstj. tillögu um samstarfssáttmála milli ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Þessi tillaga var sniðin eftir finnskum samningi sem fjallar um samráð finnsku ríkisstjórnarinnar við finnsk sveitarfélög, en sá samningur þykir hafa reynst mjög vel. Ríkisstj. samþykkti þessa tillögu og var samstarfssáttmáli á milli aðila undirritaður, eins og áður sagði, 20. janúar 1984. Frá undirritun sáttmálans hafa fimm reglulegir samráðsfundir verið haldnir og í framhaldi af þeim skipaðar nefndir til að fjalla nánar um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga. Nefndin sem fjallaði um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna varð sammála um að leggja til að framangreind nýjung verði lögfest.

Í XI. kafla frv. er fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Í 124. gr. er ríkisstj. heimilað að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Enn fremur er kveðið á um það í greininni að ríkisstj. skuli hafa náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

XII. kafli fjallar um gildistökuákvæði.

Það er ljóst að meðal sveitarstjórnarmanna er eindreginn vilji til að fella niður sýslufélögin í núverandi mynd. Hins vegar eru talsvert skiptar skoðanir um hvað skuli koma í staðinn. Sýslunefndirnar valda ekki lengur því hlutverki að stuðla að þeirri valddreifingu í landshlutunum sem nauðsynleg getur talist og geta ekki tekið við verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Stærstu sveitarfélögin eiga ekki lengur aðild að sýslufélögunum og af því leiðir að réttarstaða sveitarfélaga er mjög ólík.

Með þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir geta öll sveitarfélög átt aðild að héraðsnefndum og/eða byggðasamlögum á jafnréttisgrundvelli. Skapast þannig möguleikar á að fela slíkum heildarsamtökum aukin verkefni.

Ekki er í frv. tekin afstaða til þriðja stjórnsýslustigsins né loku fyrir það skotið að það verði upp tekið, enda þarf það að ræðast betur og nást samstaða við samtök sveitarfélaga um á hvern hátt það skuli gert ef til þess kemur. Um þetta atriði þarf að verða framhaldsumræða í þjóðfélaginu.

Margir halda því fram að heillavænlegast sé að stækka einingu sveitarfélaga annaðhvort með aukinni samvinnu eða sameiningu. Stjórnsýslustigin verði þannig aðeins tvö, ríki og sveitarfélög.

Í þessu frv. eru breytingar sem sveitarstjórnarmenn hafa beðið eftir árum saman. Núgildandi lög hafa á mörgum sviðum verkað sem dragbítur á nauðsynlega framvindu sveitarstjórnarmála í landinu. Þetta nýja frv. hefur að markmiði að laga stjórn og skipulag sveitarfélaga að breyttum tímum.

Ný sveitarstjórnarlög munu gera sveitarfélögin virkari, auka þátttöku hins almenna borgara í starfi sveitarfélaga og búa í haginn fyrir aukna þjónustu sveitarfélaganna með nýjum verkefnum sem flutt verða frá ríki til sveitarfélaga.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur lagt mikla áherslu á samþykkt nýrra sveitarstjórnarlaga. Á fulltrúaráðsfundi sambandsins 27.–28. febrúar s.l. var svohljóðandi tillaga samþykkt og gerð samhljóða:

„Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga skorar á Alþingi að samþykkja á þessu þingi frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga.“

Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni gerði meiri hl. félmn. Nd. margar brtt. við frv. sem samþykktar voru í hv. Nd. og eru á þeim fskj. sem ég greindi frá í þessari ræðu. Formaður og frsm. meiri hl. félmn. Nd., hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson, gerði grein fyrir hugmyndum meiri hl. nefndarinnar að þessum brtt. á eftirfarandi hátt sem ég vil endurtaka hér, með leyfi virðulegs forseta:

1. Verkefni núverandi sýslunefnda falli til sveitarfélaga, en sýslunefndir verði aflagðar.

2. Sveitarfélögum er skylt að mynda héraðsnefndir um þau verkefni sem sýslunefndum eru nú falin með lögum.

3. Sveitarfélög, sem aðild eiga að héraðsnefndum, geta falið héraðsnefndum önnur verkefni en þau sem lögbundin eru ef um það næst full samstaða.

4. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum, en eins og allir vita eiga kaupstaðirnir ekki aðild að sýslunefndum, og er hér verið að jafna réttarstöðu sveitarfélaganna í landinu.

5. Ekki er nauðsynlegt að héraðsnefndirnar samsvari í öllum tilvikum sýslufélögum. Hefur þar verið vísað m.a. til landfræðilegra aðstæðna.

6. Um starfshætti héraðsnefndanna er vísað til IX. kafla frv. eins og það er eftir 2. umr. Í þeim kafla er því lýst sem gera þarf þegar sveitarfélög efna til samstarfs annaðhvort af eigin hvötum eða á grundvelli laga um lausn einstakra verkefna sem sveitarfélögum eru falin.

7. Til þess að koma á hinni nýju skipan er gert ráð fyrir að kosnar verði sýslunefndir í vor og skulu oddvitar þeirra, þ.e. sýslumennirnir, hafa forgöngu um breytingarnar í samvinnu við félmrn.

8. Þessi nýja skipan eykur varla hættuna á því að einstök sveitarfélög fari úr samstarfi sem ekki er lögmælt, eins og fram hefur verið haldið í umræðunum. Sú hætta er nefnilega alveg eins fyrir hendi í dag og jafnvel fremur í dag en eftir samþykkt þessara nýju laga þegar sú þróun er skoðuð að stærri sveitarfélög hafa sótt um og fengið kaupstaðarréttindi í stórum stíl á undanförnum árum.

9. Vilji heimamanna ræður. Réttarstaða sveitarfélaganna er jöfnuð eins og ég sagði áðan og ýtt er undir samstarf með nýju lagi. Með því að geyma afgreiðslu frv. frestast málið í nokkur ár að minni hyggju vegna þess m.a. að sýslunefndir verða þá kjörnar til fjögurra ára og það er ákaflega erfitt að ætla sér að breyta þessu kerfi á miðju kjörtímabili. Okkur er ljóst að fyrir árslok 1987 kann að þurfa að breyta lögunum til að liðka fyrir hinni breyttu skipan og það er auðvitað eðlilegt að félmrh. gangist fyrir því og fylgist vel með hvort ástæða er til að liðka fyrir því að hið breytta kerfi geti komist á.

Virðulegi forseti. Verði frv. þetta að lögum mun ég beita mér fyrir samþykkt nýrra laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem fljótlega verði lagt fyrir Alþingi, og nýrri skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga í náinni samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og sveitarfélögin í landinu. Jafnframt láta hefja viðræður og umræður um aukna samvinnu og samstarf sveitarfélaga sem miði að því að sameina þau í stærri heildir sem geri þeim fært að auka þjónustu við íbúana. Að sjálfsögðu þarf til að koma fjárhagsleg aðstoð að einhverju leyti til að gera slíkar breytingar mögulegar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn. og *beini jafnframt þeirri einlægu ósk til nefndarinnar að* hún hraði umfjöllun sinni svo sem kostur er svo að unnt verði að afgreiða frv. sem allra fyrst frá Alþingi þar sem stutt er til sveitarstjórnarkosninga, enda í frv. margt sem verður að komast til framkvæmda, og ég vænti góðs skilnings hv. deildar.

Jóhanna Leópoldsdóttir: Háttvirtur forseti. Í I. kafla 6. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.“ Og síðan segir: „Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði um gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast.“

Meðal verkefna sveitarfélaga eru félagsmál, atvinnumál, húsnæðismál, skipulagsmál og byggðamál, almannavarnir og öryggismál, hreinlætismál, heilsugæsla, menningarmál, íþróttir og útivera, landbúnaðarmál, bygging og viðhald mannvirkja, svo sem gatna, vega og torga, ráðstafanir til að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort.

Þar sem ég þekki til stendur ekki á vilja sveitarstjórnarmanna til að leysa mál síns byggðarlags. Það vantar einfaldlega peninga, eins og hæstv. félmrh. hlýtur að vita manna best. Hann ætlast samt til að hv. þm. geti tekið afstöðu til þessa frv. án þess að lagt hafi verið fram frv. um tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það þarf að auka tekjur sveitarfélaga til að þau geti leyst sín verkefni. Þau hafa samstarf um lausn margra mála og gengur það í flestum

tilfellum vel, en samstarf við ríkið gengur hins vegar miklu verr og oft illa.

Í V. kafla 48. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum, en sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum."

Það segir hins vegar ekkert um að fundir skuli auglýstir þannig að fólk viti hvenær þeir eru og það geti mætt á þá. Eins tel ég gott að fundargerðum, forðagæsluskýrslum og reikningum hreppsins sé dreift á hvert heimili í sveitarfélaginu. Þetta er gert í því sveitarfélagi sem ég bý í, Miklaholtshreppi, en fáum öðrum að ég hygg.

Af því sem í þessu frv. felst þarf fyrst og fremst að lögfesta kosningaaldur og kjördag. Þetta frv. er með alls konar klásúlum um þumalskrúfur á sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn eins og þeir séu hinn mesti rumpulýður, „ráðuneytið skal þá úrskurða" eða „ráðuneytið getur", en fátt eða ekkert er um öfug ákvæði.

Fólk á landsbyggðinni er orðið mjög þreytt á eilífðarmiðstýringu sem stórkostlega hefur aukist í tíð þessarar frjálshyggjuríkisstjórnar framsóknar og sjálfstæðismanna. Það er eins og ryksugubarkar liggi um allt land sem sjá til þess að koma öllum peningum hingað til Reykjavíkur. Síðan verðum við að biðja um skóla, heilsugæslu, hafnir og flest annað eins og ölmusu í eigin vasa. Þetta finnst Ólsurum jafnbölvað og öðrum, hæstv. félmrh.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Það er ekki hægt að gagnrýna eða kvarta yfir því að það frv. sem hér er til umræðu hafi ekki þegar fengið mjög ítarlega umfjöllun. Þá á ég bæði við þann langa aðdraganda sem gerð þessa frv. hefur haft og svo þá umfjöllun sem farið hefur fram á þessu þingi í Nd. En því er nú þannig farið að hlutir verða ekki endilega góðir vegna þess að mikið er um þá fjallað. Þannig held ég að sé um þetta frv., að gæði þess hafi í sjálfu sér hvorki mikið breyst né e.t.v. verið mikil í upphafi.

Það er best að lýsa því strax að ég, sem hér stend, er mótfallinn afgreiðslu þessa frv. á þessum dögum og þá sérstaklega vegna þess að mjög lengi hefur farið fram mikil umræða um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Frv. sem hér liggur fyrir er ákveðin niðurstaða þessarar umræðu. Aftur á móti er alveg greinilegt að fólkið í þessu landi, a.m.k. mjög stór hópur, hefur komist að allt annarri niðurstöðu en menn gerðu í þessari umræðu og við þessa vinnu. Sú niðurstaða er í einföldustu dráttum sú að það beri að koma á hér á landi því sem kallast þriðja stjórnsýslustigið eða millistjórnsýslustig. Til að skýra með einhverjum hætti hvernig eða hvers vegna menn hafa komist að þessari niðurstöðu, þá vildi ég, með leyfi forseta, lesa hér örlítið úr skýrslu sem unnin hefur verið fyrir svokallaða byggðanefnd þingflokkanna, en þessi nefnd fékk það hlutverk að afloknum seinustu kosningum að vinna að því sérstaka verkefni sem var fylgifiskur kosningalaganna sem þá voru til umfjöllunar þingsins og hennar hlutverk er það að leggja fram tillögur um aukna valddreifingu. Í þessari skýrslu segir á bls. 27:

„Mjög örðugt er að skilgreina verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Engu að síður er það mjög nauðsynlegt að menn komi sér saman um ákveðin meginsjónarmið sem hafa má að leiðarljósi við endurskoðun verkaskiptingarinnar. Í þeim umræðum, sem verið hafa undanfarin ár, virðast menn þó almennt hafa verið sammála um að ganga megi út frá eftirfarandi meginsjónarmiðum hvað þetta varðar:

1. Að ríkið hafi með höndum verkefni sem krefjast heildaryfirsýnar yfir stjórnsýslukerfið og verkefni sem varða alla landsmenn nokkurn veginn jafnt án tillits til búsetu svo og verkefni sem fela í sér jöfnun á aðstöðu byggðarlaganna.

2. Ákvarðanir séu ekki teknar ofar í stjórnsýslukerfinu en nauðsyn ber til með tilliti til þeirra sem ákvörðunin snertir."

Þetta atriði er gífurlega mikilvægt þegar verið er að fjalla einmitt um það frv. sem hér um ræðir vegna þess að eins og við öll þekkjum sem hér inni sitjum, og það býst ég við að hæstv. félmrh. þekki ekki síður en við hin vegna sinnar löngu reynslu af sveitarstjórnarmálum, er mjög langur vegur enn þann dag í dag og þrátt fyrir hugsanlega samþykkt þessa frv. þannig að það verði að lögum uns ákvarðanir séu teknar þar í stjórnsýslukerfinu sem ákvörðunin raunverulega snertir fólk. Það er oft mjög langur vegur á milli þeirra sem ákvörðunina taka og þeirra sem ákvörðunarinnar njóta eða fyrir hana líða.

„3. Ákvarðanir sem krefjast staðbundinnar þekkingar verði í höndum sveitarfélaga eða millistigs eftir því sem við á."

Þetta er mjög einföld og lítið hástemmd skynsemi sem engin vanþörf er á að halda fram einfaldlega vegna þess að við höfum horft svo margsinnis upp á það í þessu landi að teknar hafa verið ákvarðanir, oftast á þeim stað sem í algengu máli fólks úti á landi heitir „fyrir sunnan", og þessar ákvarðanir, oft og tíðum varðandi dýrar og fjárfrekar framkvæmdir, hafa síðan komið til framkvæmda og hefur oft verið um hreina sólundan fjármuna að ræða þar sem eins gagnlegt hefði verið að henda þeim sömu fjármunum út um gluggann.

„4. Ákvörðunartekt, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð fari saman", þ.e. að það liggi á sama stjórnsýslustigi hvort sem um er að ræða ríki, millistig eða sveitarfélag.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur markað þá stefnu á síðasta landsþingi að stjórnsýslustigin verði tvö. Í nýju frv., þessu sem hér liggur núna fyrir, er tekið undir þessa stefnumörkun að nokkru, en þó var stungið upp á ákveðnum miðlunarleiðum. Í upprunalega frv. var lagt til að lögbinda samstarf sveitarfélaga á héraðsgrunni. Þessi tilhögun átti að gera millistigið óþarft og þar með var verið að reyna að taka skrefið til millistigsins til hálfs en ekki til fulls.

Einnig kemur fram í þessu frv. hugmynd um að lögbinda samvinnu sveitarfélaga með þátttöku í svokölluðum byggðasamlögum að finnsku fyrirmyndinni þar sem sveitarfélög geti sameinast um framkvæmd sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga, svo sem um rekstur skóla og heilbrigðisstofnana, íþróttamannvirkja, félagsheimila og fleira. Þessi samvinna á síðan, eða ég skil þannig tilgang þessa frv., að ýta undir það að þau sveitarfélög sem hafa augljóst hagræði af slíku samstarfi sameinist stærri sveitarfélögum.

Nú er það þannig að andstæðingar sameiningar sveitarfélaga eru margir. Það er ákveðna tregðu að finna á Íslandi gegn sameiningu sveitarfélaga. Sveitarfélög á Íslandi hafa mjög mikla sérstöðu í Evrópu og þó

víðar væri leitað vegna þess að Ísland er eina landið í veröldinni sem ég veit um sem byggir enn þá sveitarfélagamörk sín á heiðnum mörkum, þ.e. sveitarfélagaskipaninni var ekki breytt með kristnitöku. Aftur á móti gerðist það yfirleitt um gjörvalla Evrópu. Þessi mörk þessarar félagslegu einingar eru því eldri og rótgrónari á Íslandi en trúlega víðast hvar annars staðar á byggðu bóli. Þess vegna er engin furða þó að fólk eigi erfitt með að hugsa sér að eyða þessum mörkum. Menn líta á sveitarfélagamörkin sem hluta af sínu sjálfstæði. Það þurfa trúlega mjög sterk veraldleg gæði að vera í boði til þess að fólk verði á einhvern hátt reiðubúið að gefa þetta sjálfstæði sitt eftir þó að í þessu sjálfstæði felist kannske líka það að þurfa að þola það sem menn geta kallað félagslegan skort og skert lífskjör.

Það er mjög erfitt að færa beinar sönnur á það í öllum tilvikum að gagnlegt sé að sameina sveitarfélög. Það er ekki erfitt að sanna það og sýna manni fram á það þegar sveitarfélagið er lítið og í næsta nágrenni við stórt og vel uppbyggt sveitarfélag. Þegar fjarlægðin er aftur á móti orðin mjög mikil, kannske svo klukkutímum skipti í akstri, frá stóra og vel uppbyggða sveitarfélaginu til litla sveitarfélagsins sem erfitt á með að sjá fyrir sér og sínum, þá er mjög erfitt að sanna hvaða gagn er í því fyrir þetta litla sveitarfélag að sameinast hinu stóra. Sannast sagna hefur mér skilist á þeim sérfræðingum sem fjallað hafa um þessi mál að þegar þeir séu búnir að fara nokkra hringi í sinni röksemdafærslu endi þeir eiginlega með því að að það hljóti að verða einhvern tíma þannig að handfylli sveitarfélaga, eitthvað innan við tvo tugi sveitarfélaga, verði nánast á beinu framfæri ríkisins vegna þess að það sé ekki hægt að sameina þau öðrum sveitarfélögum þannig að þau litlu sveitarfélög hafi eitthvert beint hagræði af því.

Menn óttast sameininguna vegna þess að sameiningin þýðir yfirleitt stækkun og menn óttast stærri einingarnar af því að þeir þykjast hafa reynslu af því að þær hafi slæm áhrif á félagslíf, þær hafi slæm áhrif á stöðu einstaklingsins. Félagauppbygging hér á Íslandi, ungmennafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og fjöldi annarra félaga, fellur víðast hvar að mörkum sveitarfélaga eins og þau eru í dag og eins og þau hafa verið, eins og ég sagði áðan, frá heiðni. Fólk er venjulegast kosið til persónulegra trúnaðarstarfa innan þessara félaga með tilliti til sveitarfélagamarkanna. Menn óttast að við sameininguna tapist hið persónulega samband sveitarstjórnarmanna við fólk og sveitarfélögin. Litlu sveitarfélögin verði í raun og veru fórnarlamb hins flokkspólitíska kerfis sem fólk þekkir smjörþefinn af í sambandi við landspólitíkina.

Aðalröksemdir manna þegar rætt er um millistjórnsýslustig einkennast af því að menn óttast að það leiði til flóknari stjórnsýslu. Það sé verið að þenja út stjórnsýslukerfið og það verði umfram allt dýrara. Ég skal ekkert fullyrða um hvort um það er að ræða þegar farið er fram á millistjórnsýslustig að við séum að tala um miklu meiri kostnað af stjórnsýslu. Aftur á móti tel ég alls ekki hægt að bera á móti því að stjórnsýsla verði á vissan hátt flóknari með því að auka við einu stjórnsýslustigi. En ég held að ef menn telja sig vera lýðræðissinna sé mjög hæpin gagnrýni að andæfa á móti breytingum í stjórnsýslu vegna þess einfaldlega að þær verði á einhvern hátt flóknari ef þar er um að ræða aðgerðir sem færa vald nær fólki, valddreifa, aðgerðir sem færa réttlætið nær fólki og aðgerðir sem auka sjálfsvirðingu fólks einfaldlega með því að það hafi meira um sín eigin mál að segja. Ég held að þeir sem aðhyllast lýðræðið og kalla sig lýðræðissinna geti ekki gagnrýnt slíkar breytingar á stjórnsýslu.

Lýðræðissinni getur ekki barist fyrir einföldun á stjórnsýslu einfaldlega vegna þess að einföldun sé með samasemmerki það sama og að vera gott. Einfaldasta einföldun á stjórnsýslu er þá náttúrlega það að einn maður ráði öllu. Sá sem heldur því fram að sú einföldun sé til góðs og sú einföldun leiði til samdráttar í kostnaði ætti þá að horfa á nokkur dæmi sem hafa runnið upp fyrir augunum á okkur fyrir ekki mjög löngu um manninn sem stjórnaði heilu eylandi næstum því til fóta við okkur á jarðarkringlunni og heyktist síðan á því og flúði af vettvangi með litlar 400 millj. dollara í vasanum. Þokkalegur stjórnsýslukostnaður það. (**VI:** 400 milljarða.) Milljarða, ég bið afsökunar. (**VI:** Íslenskar.) Voru það íslenskar krónur? Jæja. Nóg um það. Ekki býst ég við því eða er að gera því skóna að við eigum eftir að fá einhvern mann hér í ræðustól sem heldur að slík einföldun í stjórnsýslu sé til bóta.

En ég tel nauðsynlegt að tala við 1. umr. um þá hluti sem fólkið í þessu landi er að tala um samhliða. Þá á ég við millistig í stjórnsýslu.

Menn líta þannig á að hlutverk millistigs í stjórnsýslu sé að yfirtaka þau verkefni sem á undanförnum árum hafa verið að færast frá sveitarfélögunum til ríkisins. Grundvallaratriðið er að millistig í stjórnsýslu á ekki að taka verkefni frá sveitarfélögum heldur að taka verkefni frá ríkinu. Hugsanlegt væri að þetta millistig í stjórnsýslu tæki að sér önnur verkefni úr höndum ríkisins en þau sem hafa verið að færast, eins og ég sagði áðan, frá sveitarfélögum til ríkis. Þetta millistig gæti tekið að sér núverandi verkefni sýslufélaga. Það gæti auðveldlega og eðlilega tekið á sig verkefni á sviði áætlunargerðar og skipulagsmála, verkefni á sviði umhverfismála og náttúruverndar, á sviði fræðslumála, þá á ég við fræðslustjóraembættin og framhaldsskólana, á sviði heilbrigðismála, þ.e. sjúkrahúsbyggingar og heilbrigðiseftirlit eða heilsugæslustöðvar, umsjón með samgöngumálum, fasteignaskráningu, almenna ráðgjöf og þjónustu við sveitarfélögin. Þá komum við inn á það vandamál, sem er einmitt falið í þessu frv., sem er lágmarksstærðarákvörðun sveitarfélaga og sá vandi sem skapast við að sveitarfélög hafa ekki rekstrar- eða framkvæmdastjóra. Millistigið í stjórnsýslunni gæti líka tekið að sér smásölu á hlutum eins og t.d. raforku. Aukið sjálfstæði landshluta gæti stuðlað að því að fjölbreyttari lausnir fyndust sem hentuðu betur á hverjum stað. Það er alveg hægt að gera því skóna án þess að um of mikla bjartsýni sé að ræða að þekking manna á staðháttum leiði til fjölbreyttari lausna en sú þekking sem sótt er til miðstýringarinnar hér fyrir sunnan. Reynsla af iðnþróunarfélögum og iðnþróunarsjóðum á vegum landshlutasamtakanna gefur ótvírætt til kynna að það megi fá betri nýtingu á fjármagni sem ráðstafað yrði og stjórnað af millistigi í stjórnsýslu. Þannig gæti maður alveg séð fram á það að hlutverk þessa millistigs í atvinnumálum og byggðaþróunarmálum gæti orðið mjög umtalsvert.

Frú forseti. Ég tel að frv. sem hérna liggur fyrir fullnægi ekki þeim kröfum að laga stjórnkerfi okkar að nýjum aðstæðum á sama hátt og fyrirtæki t.d. hafa þurft

að laga sig að nýjum viðhorfum á markaði, tækninýjungum eða samdrætti í umsvifum. Öll svið sveitarstjórnarmálanna hafa þanist út með nýjum verkefnum og breyttum atvinnuháttum. Stjórnun og starfsmannahald hafa gerbreyst samfara tölvuvæðingu og nýjum vinnubrögðum. Sameiginleg verkefni sveitarfélaga á sviði skipulagsmála, heilbrigðis- og fræðslumála kalla á stærri einingar og sérhæfða starfsmenn til rekstrar og umsýslu. Meginvandamálið hér á landi er mikill fjöldi fámennra sveitarfélaga sem hafa takmarkaða möguleika til að veita alhliða þjónustu eða takast á við stærri verkefni. Landshlutasamtökin hafa ekki orðið það afl sem vonir stóðu kannske til í upphafi. Sveitarfélögin framselja ógjarnan vald sitt til þessara samtaka einfaldlega vegna þess að samtökin skortir lýðræðislegt samhengi. Landshlutasamtökunum er raunar ætlað nokkurs konar varðstöðuhlutverk gagnvart ríkisvaldinu, en það er erfitt að virkja mátt þeirra til þess að fást við verkefni sveitarfélaganna.

Ég nefni að það er mín skoðun að sýslunefndir hafi fyrir löngu staðnað í kerfinu og takmarkaðir tekjustofnar þeirra og verksvið hafi fyrir löngu kveðið upp yfir þeim dauðadóm.

Verkefnasamstarf sveitarfélaganna er víðast hvar bundið við þau verkefni ein sem löggjafinn krefst að sveitarfélögin annist í eins konar samstarfi. Það hefur ekkert borið á neinni tilhneigingu meðal sveitarfélaga til verulega aukins samreksturs. Þess vegna tel ég, frú forseti, bara með því að horfa á þær staðreyndir sem við höfum fyrir augunum, horfa á það pólítiska landslag sem við höfum fyrir augunum, að hugmyndir manna, sem m.a. birtast í þessu frv., um tvö stjórnsýslustig, þ.e. ríki og sveitarfélög, fái ekki staðist. Flest sveitarfélög — þá er ég að tala um hlutfall af fjölda — eru vanhæf til þess að fást við aukin verkefni og pólitísk öfl í þessu landi eru alls ekki tilbúin að afhenda forræði sitt sveitarstjórnunum og samtökum þeirra. Stækkun sveitarfélaga er dautt mál. Það sést best á því þegar menn ætla sér að fara að setja lög á sameiningu sveitarfélaga, þ.e. setja landinu og landsmönnum lög þar sem sameina á sveitarfélög með valdboði, valdboði sem klárlega gengur gegn stjórnarskránni. Þessi stækkun sveitarfélaganna er því í raun og veru dautt mál. Það kemur best í ljós þegar mönnum dettur slík fásinna í hug að ætla að fara að sameina sveitarfélög með lögum. Þess vegna tel ég að millistig í stjórnsýslu sé nauðsynlegt til þess að sveitarfélögin, án þess að glata sjálfstæði sínu, sjálfsforræði, sjálfsvirðingu, sögulegum tengslum og öllu því sem fólk leggur mikla áherslu á, geti tekið að sér aukið verkefni og til þess að við getum raunverulega uppfyllt loforð, sem menn hafa verið að gefa þessari þjóð um áratuga skeið, um aukna valddreifingu.

Frú forseti. Í þessari umræðu liggur beinast við að tala eingöngu um frv. í heild og afstöðu manns til þeirrar hugsunar sem fram kemur í frv., þ.e. í heildarmynd þess. Ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa aðeins afstöðu minni til einstakra kafla frv. og þá reyndar aðallega með tilliti til hugsanlegra brtt. sem ég mun flytja við frv.

Einn er sá kafli í þessu frv. sem mér finnst að skili ekki lýðræðislegu réttlæti nægilega vel. Það er III. kafli frv., um kosningu til sveitarstjórna. Vil ég biðja menn að fletta upp á bls. 4 í frv. og líta aðeins á 14. gr. þar sem segir að fulltrúar í sveitarstjórnum skuli kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti: a) bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær, b) óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

Ég tel að alltaf skyldu fara fram leynilegar almennar kosningar. Ég tel nauðsynlegt að þetta sé skilyrt í frvgr. með t.d. þeim hætti að stafliðum a og b sé sleppt, en í staðinn sé sagt í frvgr. að í öllum sveitarfélögum skuli kjósa bundinni hlutfallskosningu og síðan: Komi aðeins fram einn fullskipaður framboðslisti eða listi með svo mörgum nöfnum að nægi til að skipa öll sæti aðalmanna og a.m.k. eins varamanns skal kosning fara fram um þennan eina lista. — Ég tel mjög nauðsynlegt að kjósendur láti skoðun sína í ljós gagnvart því framboði sem um er að ræða, bæði fyrir þá sem í framboði eru og eins fyrir þá sem þarna eiga kost á að nota sín lýðræðislegu mannréttindi.

Í 15. gr. vantar algerlega að gera grein fyrir því hvernig fara skuli með framkvæmd kosninga þegar enginn framboðslisti hugsanlega kemur fram, en það hefur gerst oftar en einu sinni í sveitarstjórnarkosningum hér á landi. Ég tel mjög nauðsynlegt að setja á einhvern hátt undir þann leka til að tryggja fyllilega rétt manna til að taka sjálfstæða ákvörðun um hverjir stjórna sveitarfélaginu.

Í öðrum tilvikum tel ég að sé kannske um minni háttar atriði að ræða sem ekki tekur að fara að tína til í þessari umræðu, læt það frekar koma fram við seinni umræðu. En það er greinilegt að þeir sem þetta frv. sömdu hafa einhverra hluta vegna ekki tekið tillit til þess eða kannske ekki haft reynslu af því hvernig það er í sveitarfélögum, og þá ekki hvað síst einmitt þeim smæstu, þegar erfitt er að fá menn til að bjóða sig fram til sveitarstjórna. Það verður að tryggja fyrst og fremst að enginn sé í kjöri nema hann hafi samþykkt að vera í kjöri, eins að ekki verði farið með mál sveitarfélaga, sérstaklega ekki þegar um einhvers konar lögbirtingu er að ræða, nema í því tilfelli að það fáist ekki nógu margir menn í viðkomandi sveitarfélagi til að sinna málum þess, og síðan það sem ég gat um í upphafi máls míns um III. kaflann að allar sveitarstjórnir verði kjörnar með sömu aðferð, þ.e. bundinni hlutfallskosningu.

Ég tel líka að nauðsynlegt sé að koma inn í þetta frv. ef mögulegt væri aukinni heimild til handa kjósendum til þess að raða á lista, þ.e. að breyta lista, og hef í hyggju að flytja brtt. við frv. þess efnis. Líka tel ég nauðsynlegt að kosning fari fram í sveitarfélagi þó aðeins sé einn listi í kjöri og þá kannske ekki hvað síst til þess að kjósendur fái tækifæri til að breyta röð á lista.

Að öðru leyti, eins og ég sagði, eru brtt. við þennan kafla meira kannske tæknilegs eðlis sem ekki tekur að vera að tíunda í þessari umræðu. En eitt er það sem snýr að skyldum og störfum sveitarstjórna sem ég tel að nauðsyn sé að fjalla nánar um. Þá á ég ekki við hér í umræðunni, svo að ég hrelli menn ekki mikið meira, heldur í nefnd. Það eru þau atriði sem lúta að upplýsingaskyldu sveitarfélaga og samskiptum þeirra við íbúa sveitarfélagsins. Það er atriði sem er gífurlega mikilvægt, sérstaklega þegar farið er að hugsa um stærri stjórnsýslueiningarnar, stærri sveitarfélögin, þar sem

sambandsleysi einstaklinga í sveitarfélaginu við stjórnun þess er svo algert að menn hafa nánast enga hugmynd um hvað sveitarstjórn þess er að fjalla um.

Ég held að t.d. sé það mjög lærdómsríkt fyrir menn að setjast inn á borgarstjórnarfundi í Reykjavík því að svo greinilegt er af fasi og háttalagi þeirra manna sem þar starfa að þeir vita alveg upp á hár að þar kemur aldrei nokkur maður inn til að hlusta á það sem þeir eru að gera eða segja.

Ég tel að þessi mál séu mjög mikil brotalöm í íslenskri stjórnsýslu og á það ekki bara við um sveitarfélögin heldur líka Alþingi því að grundvöllur lýðræðisins er og verður náttúrlega hinn upplýsti þjóðfélagsþegn sem fylgist með og getur tekið sjálfstæða afstöðu til þess sem er að gerast í þjóðfélaginu hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég hef aðallega í máli mínu beint augum mínum og kannske þeirra sem á mig hlýddu að millistigi í stjórnsýslu. Ég tel að frv. svona fram komið sé í raun og veru tímaskekkja. Kannske hefði verið mjög eðlilegt að það hefði legið á borðum þm. fyrir u.þ.b. tíu árum, kringum 1976. En það frv. sem hefði þurft að liggja á borðum þm. í dag hefði átt að vera allt annars eðlis, miklu stórtækara og djarfara en þetta frv. Það hefði þurft að vera frv. sem raunverulega leysti vandamálin í staðinn fyrir að viðhalda þeim eins og þetta frv. gerir.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þetta nú, enda hefur fulltrúi Alþb. þegar talað við þessa umræðu.

Því er ekki að leyna í sambandi við þetta frv., sem hér er lagt fram til sveitarstjórnarlaga og hefur fengið mikla umfjöllun í Nd., mjög langa og eflaust ítarlega einnig, að þar er margt til bóta og margir þættir þess, sem snúa að starfsemi sveitarstjórna og skilum á ýmsu þar, eru vissulega til bóta. Ég dreg ekkert úr því og skil það mætavel að sveitarstjórnarmenn almennt vilji að þetta frv. nái fram að ganga til þess að fá um margt skýrari ákvæði um ýmislegt af því sem þegar er orðið úrelt í þessum málum og mætti horfa til betri vegar. Ég tek þetta fram strax í upphafi til að það sé alveg ljóst að ég tel að frv. í þeirri mynd sem það er núna sé til bóta, en með þessum stóru takmörkunum þó að það er ekkert í þessu frv. lengur sem skiptir í raun og veru sköpum um hvernig við færum til vald í þessu þjóðfélagi, hvernig við þróum byggð í þessu þjóðfélagi, hvernig við færum verkefni til í þessu þjóðfélagi. Ekkert af því er í raun og veru þarna inni að neinu marki. Og sú tilraun sem hæstv. félmrh. gerði í þessu efni að tillögum endurskoðunarnefndarinnar varðandi héraðsnefndirnar þar sem vísir var að þessari tilfærslu, vísir sem hefði vissulega getað orðið til góðs, sá kafli er með öllu felldur niður. Við erum sem sagt víðs fjarri því sem við höfum verið að tala um oft að undanförnu, því sem við köllum valddreifingu og virkt lýðræði. Við þekkjum það a.m.k. sem höfum starfað í byggðanefndinni. Það er mjög fræg setning í þeirri nefnd að við eigum að starfa sérstaklega að valddreifingu og virkara lýðræði samkvæmt erindisbréfi sem við fengum frá okkar þingflokkum. Þetta verkefni er því miður ekki gert upp í þessu frv. til sveitarstjórnarlaga. Það þykir raunar engum mikið og kemur út af fyrir sig ekki á óvart sú uppgjöf sem hér er á ferðinni.

Á s.l. vetri lagði byggðanefnd þingflokkanna fyrir alla þingflokkana spurningar um hvað menn vildu gera varðandi hið svokallaða þriðja stórnsýslustig og hvernig því skyldi vera háttað, þ.e. hvort til þess skyldi kosið beinni lýðræðislegri kosningu eða með hvaða hætti öðrum ætti að haga þeim málum. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar svöruðu þessum spurningum byggðanefndarinnar skilmerkilega. Ekki var þar um einróma álit allra að ræða og ég greindi frá því t.d. að í mínum flokki væru uppi misjafnar skoðanir. Meirihlutafylgi væri fyrir þriðja stjórnsýslustiginu, millistigi með fyrst og fremst auðvitað því hlutverki að færa vald frá ríkinu, hinu miðstýrða valdi hér í Reykjavík, yfir til þessa millistigs. Hinu er ekki að leyna heldur, og segi ég þetta m.a. af því að hér er fjarverandi hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson, að innan okkar raða í Alþb. eru þarna einnig skiptar skoðanir og ég hygg að sá ágæti hv. þm. sé ekki ýkja hrifinn af þessu millistigi. En meiri hluti svaraði þessu þó á þann veg að þingflokkurinn styddi að mestu leyti þetta millistig.

Hins vegar komu engin svör frá þeim ráðandi öflum sem nú eru í þjóðfélaginu, þ.e. þeim stjórnarflokkum sem ráða stefnunni m.a. varðandi það sveitarstjórnarlagafrv. sem við höfum nú hérna fyrir framan okkur. Við skiljum núna hvers vegna frá þeim komu engin svör. Það var vitanlega af því að það tókst ekki að gera þetta mál þar upp m.a. með tilliti til þessa frv. um sveitarstjórnarlögin, jafnvel þó að menn hefðu náð því að vera með héraðsnefndirnar inni. Ég tel því að við afgreiðslu þessa frv. sé uppgjöri um aðalmálið frestað, spurningunni um hvort við eigum að færa vald yfir til þessa millistigs og eigum í raun og veru að beita okkur fyrir valddreifingu og virkara lýðræði í þeirra orða fyllstu merkingu.

Þar með er ég ekki að segja að ég sé búinn að skrifa upp á það frv. sem við höfum séð núna frá einum hv. fulltrúa Framsfl., sem vill nú svo til að er sérlegur fulltrúi þess flokks í byggðanefndinni, hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Það væri nógu fróðlegt að heyra álit hæstv. félmrh. á því frv. því að hæstv. forsrh. gerði það mjög snyrtilega í gær að sverja þetta af sér og meira að segja sór hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson svo rækilega af sér að þeir framsóknarmenn hefðu treyst honum í þátíð en gerðu það ekki í nútíð. Ég veit ekki um hæstv. félmrh. í þeim efnum. En sannleikurinn er sá að þar er gengið býsna langt í mörgum greinum og mér dettur ekki í hug að taka undir margt af því sem þar er, m.a. varðandi kosningar til Alþingis sem eru með miklum undrum þar, að ég ekki segi meira, og ýmislegt annað sem ég ræði ekki í tengslum við þetta. Sannast sagna veit maður ekki hvort þar er um alvörufrv. að ræða eða ekki í því formi sem það hefur nú. Ég efast ekki um að hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni sé full alvara með það að bera það á borð, en það hefði mátt matreiða þetta á örlítið vitrænni hátt áður en það var lagt inn eins og það birtist okkur núna.

En vitanlega er þar um stjórnarskrárbreytingu að ræða sem fjallar fyrst og fremst um þetta millistig og ekki tekið mildilega á hlutunum þar sem fylkjahugmyndin er reifuð jafnrækilega og útfærð eins rækilega og þeir hafa séð sem hafa lesið þetta frv. sem samið er af Samtökum um jafnrétti milli landshluta og eru allra góðra gjalda verð þó að ég lýsi því hins vegar yfir að mér þykir það furðulegt, miðað við það samstarf sem þessi samtök hafa haft við þingflokkana og ýmsa aðila

úr þingflokkunum, að allt í einu skuli með pomp og pragt einum einasta þingmanni falið að flytja mál þeirra á Alþingi. Það er svo önnur saga sem ég mun eiga orðastað um við þá félaga í þessum samtökum síðar því að það er með eindæmum undarlegt miðað við það góða samstarf sem tekist hefur milli margra forustumanna þeirra og ýmissa þm. úr öllum flokkum.

Uppgjöri um þetta aðalmál er sem sagt frestað. Ég geri mér grein fyrir því að sveitarstjórnarmenn margir hverjir eru guðs lifndi fegnir að sleppa þessu uppgjöri, en það er óhjákvæmilegt fyrr eða síðar að það verði. Þeir sem hafa mest á móti millistiginu eru enn þá, eftir öll þessi ár, að segja: Það þarf að sameina sveitarfélögin. Það þarf að stækka sveitarfélögin. — Við þetta eru þessir sömu aðilar búnir að puða öll þessi ár án nokkurs sýnilegs árangurs nema á tveim stöðum eða svo á landinu þar sem aðstæður hafa hreinlega kallað og knúið á að þetta væri gert. Þannig vitum við að sameining sveitarfélaga er vitanlega fjarlægur draumur, jafnvel þó með fullu samkomulagi sé, því að ekki er ég talsmaður þess að sveitarfélög verði sameinuð lögbundið eins og margir hafa talið. Það hreint út sagt gengur ekki. En það þarf í raun og veru af löggjafans hálfu að sjá svo til með ýmsum ráðum, með ýmsum stjórnvaldsaðgerðum að sveitarfélögin séu nauðbeygð til þess með einhverjum hætti að hafa miklu meiri samvinnu sín á milli. Það er að vísu gerð tilraun til þess með byggðasamlögunum, en sú tilraun tel ég að sé allt of veikburða og eigi ekki eftir að skila neinu teljandi umfram það sem mögulegt er nú þegar.

Ég ætla ekki að hafa efnislega umræðu um þetta nú, ég fæ þetta mál í nefnd, en á það legg ég áherslu að vinnubrögðum í nefnd verði hagað með skikkanlegum hætti. Ég efast ekki um að hv. formaður nefndarinnar vill það, vill hafa um það samstarf við okkur að við getum farið þokkalega yfir þetta frv., rætt það skipulega og skaplega, og ég efast ekki heldur um að hæstv. félmrh. er mér sammála í því að það er vitanlega útilokað annað en að við höfum a.m.k. tímann vel fram yfir páska til að skoða þetta mál. Það er útilokað annað og alveg sérstaklega með tilliti til þess að ég hygg að það séu nær þrjár vikur sem Nd. var með þetta mál milli 2. og 3. umr. eða frá því að það kom til 2. umr. og fór út úr deildinni við 3. umr. Ég tel það svo sjálfgefið að ég held ég þurfi ekkert að vera að eyða að því fleiri orðum. Ég ætla ekki að gera því skóna að menn ætli að þjösna þessu máli hér í gegn. Hitt er svo annað mál að auðvitað tekur maður eftir því að það er með ódæmum að mál eins og þetta skuli vera afgreitt frá Nd. með minni hluta atkvæða þar. Það er auðvitað alveg með eindæmum. Ég held ég fari rétt með það að endanleg samþykkt frv. hafi verið með 18 aktvæðum í Nd. Það var líka með eindæmum, þótti mér, hvernig gersamlega var valtrað, eins og ég vil nú segja það, yfir þá hv. þm. Pálma Jónsson og Friðjón Þórðarson og ekki tekið tillit til þessara tveggja fyrrv. hæstv. ráðh. Sjálfstfl. (**EgJ:** Þeir voru nú ekki í góðum félagsskap þá.) Jú, þeir voru í góðum félagsskap, enda búa þeir að því enn þá. Það er greinilegt. Þeir eru með það ágætar tillögur enn þá að það er greinilegt að þeir búa að þeim góða félagsskap. Ég vek athygli hv. 11. landsk. þm. á því og veit að ef hann hefði kynnst þeim góða félagsskap mundi hann einnig sakna hans mjög og kæmi ekki á óvart þó þessir menn væru með um margt heilbrigðari og betri sjónarmið en ýmsir aðrir í þessu liði. En ég ætla ekki að fara að ræða það.

Aðeins ein spurning að lokum sem ég veit ekki hvort hefur verið varpað fram til hæstv. ráðh. Hann mun hafa sagt það á þingfundi í Nd. fyrir u.þ.b. þrem vikum eða nálægt því að frv. um tekjustofna sveitarfélaga væri að koma næstu daga. Og nú spyr ég af því að við höfum ekki séð þetta frv.: Kemur þetta frv. núna næstu daga eða hvað átti hæstv. ráðh. við með næstu dögum því að það hygg ég að ég hafi lesið eftir honum haft að frv. kæmi næstu daga? Ég held það hefði verið sem fylgifrv. með þessu alveg lágmark við afgreiðslu þessa máls að við hefðum séð það mál, hvernig það snýr að þinginu, varðandi tekjustofna og verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga almennt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég mun ekki tala langt mál um þetta að þessu sinni þótt vissulega væri ástæða til.

Fyrst vil ég að því víkja að þannig háttar til að Alþfl. á ekki fulltrúa í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar, þ.e. félmn. þessarar hv. deildar, og því vildi ég fara þess á leit við formann þeirrar nefndar, sem ég hygg að muni vera hv. 5. þm. Vesturl., að við fáum aðstöðu til að fylgjast með þeirri vinnu sem fram fer í nefndinni vegna þess að hún hlýtur að taka sér nokkurn tíma til að fjalla um þetta mál svo langan tíma sem það hefur verið í meðförum Nd. og hljóta menn hér að þurfa að skoða þetta og ekki afgreiða með neinum ofboðshraða, enda sé ég ekki að efni standi til þess.

Það er þegar búið að rekja hver örlög þessa máls hafa verið og það er satt best að segja með ólíkindum hvernig hefur tekist að klúðra þessu máli. Þar hafa ríkisstjórnarflokkarnir verið einir að verki og ekki þurft neina hjálp eða aðstoð frá stjórnarandstöðunni. Það var mikill lúðraþytur þegar þetta frv. var kynnt á sínum tíma: undur og stórmerki, miklar breytingar og nánast byltingar. Síðan hefur það verið að gerast smám saman að málið hefur verið að minnka og minnka. Vindurinn hefur verið að fara úr þeim sem hæst hafa látið í sambandi við þetta svona smám saman þannig að nú er orðið næsta lítið eftir, eins og hér hefur verið rakið, því miður. Það er búið að forklúðra þessu máli mjög rækilega þannig að það stóra skref sem átti að stíga og boðað var er nú orðið næsta lítið, að ég segi ekki að sé staðið í stað, það er svona allt að því.

Það hefur verið vikið hér að starfi svokallaðrar byggðanefndar sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka og hefur fjallað um með hverjum hætti mætti gera lýðræðið virkara og mun fjalla um breytingar á stjórnskipuninni. Áðan kom í ræðustól hv. þm. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., og hann las upp úr skýrslu sem verið er að vinna fyrir nefndina, sem hvergi nærri er lokið, sem er vinnuplagg í höndum nefndarmanna, sem eftir er að fjalla allítarlega um. Ég leyfi mér að láta í ljós vanþóknun mína á slíkum vinnubrögðum að draga hingað inn í umræðuna á þingi gögn sem eru í umræðu í þessari nefnd og hvergi nærri eru fullrædd eða fullmótuð eða í þeim búningi sem nefndin væntanlega mun þeim frá sér skila. Mér finnast þessi vinnubrögð ekki til fyrirmyndar.

Ég veit raunar ekki hvert stefnir með þessa svokölluðu byggðanefnd. Ég sé ekki betur en hún standi nú á krossgötum þegar einn nefndarmaður, hv. þm. Ólafur

Þ. Þórðarson og fulltrúi Framsfl. í nefndinni, hefur á þeim krossgötum þar sem nefndin stendur tekið allt aðra stefnu og gengið í burt nánast með því að færa þinginu nýja stjórnarskrá. Þar sem hæstv. forsrh., eins og hér hefur verið rakið, hefur afneitað þessu öllu sem afkvæmi eða á ábyrgð Framsfl. sé ég ekki betur en Framsfl. sé nokkur vandi á höndum um hvað gera skuli í þessari stöðu og sé í rauninni ekki að byggðanendin sé sem stendur starfhæf þannig að í henni séu fulltrúar allra þingflokka. Ég heyrði ekki betur í gær en forsrh. treysti hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni ekki lengur í nútíð heldur aðeins í þátíð. Það kom mjög skýrt fram í umræðum í Sþ. í gær þannig að það hlýtur að vera óljóst hvað verður um starf þessarar nefndar. Hún er boðuð til fundar kl. 8.15 í fyrramálið og það verður væntanlega eitt aðalumræðuefni þar.

Það er einnig undarlegt að sitja í nefnd sem er að fjalla um breytingar á þessum efnum þar sem stjórnarandstöðuflokkarnir allir hafa sett fram sínar tillögur og svör, þ.e. varðandi þriðja stjórnsýslustigið, en svör hafa engin komið frá fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna. Þeir hafa ekki talið sér henta að svara spurningum nefndarinnar. Á hinn bóginn er setið í byggðanefnd og verið að fjalla um þessi mál með þessum hætti, en á meðan eru þingflokkar stjórnarflokkanna að afgreiða frv. til sveitarstjórnarlaga með þeim hætti sem allir þekkja nú hér á hinu háa Alþingi. Þessi vinnubrögð eru hreint og beint sagt út í hött og hvarflar það sterkara að mér en nokkru sinni fyrr að segja skilið við þessa svokölluðu byggðanefnd vegna þess að ég sé ekki að þetta starf hafi neinn tilgang og sé sýndarmennskan ein af hálfu fulltrúa ríkisstj. Ég held að við fulltrúar stjórnarandstöðunnar hljótum að íhuga það mjög sterkt á fundinum á morgun og eftir hann hver afstaða okkar verður til áframhaldandi starfs nefndarinnar. Ég tek skýrt fram að það er ekkert vantraust á formann nefndarinnar með einum eða neinum hætti. Það er bara vantraust á stjórnarflokkana og afstöðu þeirra til byggðanefndarinnar og verður að lýsa fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórnarflokkunum fyrir það að þetta starf skilar ekki árangri vegna þess hvernig að er staðið af þeirra hálfu. Þetta hlýtur allt að skýrast og verða ljósara á morgun, en þessi vinnubrögð eru með fádæmum. Meðan byggðanefndin situr og reynir að móta tillögur svara ekki ríkisstjórnarflokkarnir tillögum byggðanefndarinnar en keyra fram í þinginu með minni hluta þingmanna í hv. Nd. frv. sem gengur í þveröfuga átt við það sem verið er að ræða í þessari byggðanefnd.

Þannig er staða málsins núna frá mínum sjónarhóli séð. Það er vægt til orða tekið að starf byggðanefndar sé á krossgötum. Ég held raunar að henni séu lokaðar leiðir úr því sem komið er og hún geti tiltölulega mjög lítið gert. (**HS:** Framsókn getur skipt um mann.) Víst er það rétt, hv. þm. Helgi Seljan, að framsókn getur skipt um mann þar sem forsrh. treystir ekki lengur hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni í nútíðinni, en það er þá vandinn hvort hæstv. forsrh. finnur einhvern framsóknarmann sem hann treystir til að fylgja þessu fram. Ég á eftir að sjá að það verði greiðara um svör. Það má vera að nefndarstarfið gangi eitthvað greiðar, ég skal ekki alveg skjóta loku fyrir það, en að greiðara verði um svör þó að það komi annar fulltrúi Framsóknarflokks inn í þessa nefnd, um það hef ég miklar efasemdir í rauninni.

En forseti. Ég geri ráð fyrir að við Alþýðuflokksmenn munum flytja hér sams konar brtt. og Alþýðuflokksmenn hafa flutt í hv. Nd., alla vega till. á þskj. 607 sem flutt var af Karvel Pálmasyni og raunar fulltrúum úr öllum flokkum stjórnarandstöðunnar. Á þeirri till. voru fulltrúar Samtaka um kvennalista, Bandalags jafnaðarmanna, Alþb. og hv. þm. Kristín S. Kvaran. Ég geri fastlega ráð fyrir því að við munum flytja þá brtt. aftur, þ.e. að fella burt meginmál frv., halda aðeins þeim greinum sem eru lífsnauðsynlegar þannig að þessar sveitarstjórnarkosningar geti farið fram. Það er hvort sem er búið að kasta öllum efnisbreytingum burt úr þessu frv. Það er hvorki fugl né fiskur. Og það er ekkert í líkingu við það sem hæstv. félmrh. boðaði þegar hann mælti upphaflega fyrir frv. og þeim undrum og stórmerkjum sem það átti að boða.

Alþfl. hefur mótað tiltölulega skýra stefnu um skipan sveitarstjórnarmála. Við svöruðum skriflega tilmælum byggðanefndar og skýrðum þar okkar sjónarmið, þ.e. stjórnsýslustigin ættu að vera þrjú og einingarnar stærri í þriðja stjórnsýslustiginu. Á þessu er auðvitað einhver áherslumunur í öllum flokkum og ágreiningur sums staðar, mismunandi djúpstæður. Á lokavinnslustigi hjá okkur eru nú ítarlegar tillögur í mjög stuttu máli og greinargóðu um skipan sveitarstjórnarmála og það á eftir að samþykkja það formlega, en þeirri undirbúningsvinnu, sem í það hefur verið lögð, sem er ekki lítil, er nánast lokið og meginlínur þessarar stefnu hafa þegar verið kynntar hér á Alþingi. Það er væntanlega mjög skammt þess að bíða að þetta plagg verði lagt fram í heild.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en ég ítreka þá beiðni okkar Alþýðuflokksmanna, þar sem við eigum ekki sæti í félmn. þessarar hv. deildar, að við fáum, svo sem venja er hér og ég á ekki von á öðru en við því verði orðið, aðstöðu til að fylgjast með starfi félmn. þegar hún fjallar um þetta mál.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. efnislega við 1. umr. þess. Ég á sæti í hv. félmn. og ég mun geyma mér efnislega umræðu um frv. þar til ég hef haft tækifæri til að fjalla um málið í nefndinni og kynna mér hinar ýmsu hliðar þess. Hér er viðamikið mál á ferðinni sem þegar hefur hlotið allnokkra umfjöllun í hv. félmn. Nd. og í Nd. og ég mun því geyma mér efnislegar umræður þar til við 2. umr. málsins.

Það sem ég vildi einkum víkja að fáeinum orðum nú er málsmeðferðin sjálf. Samtök um kvennalista eiga ekki fulltrúa í félmn. Nd. þannig að við erum að koma að nefndarstörfum hvað þetta mál varðar nú í Ed. Ég vil láta það koma fram að ég er ekki tilbúin að veita þessu máli fljótaskrift í hv. félmn. Ed. Ég mun áskilja mér tíma til að vinna málið þar og vinna það vel, en ég tek það fram að ég skal ekki láta á mér standa og ekki liggja á liði mínu í því efni í nefndinni.

Hvað varðar vinnubrögð sem sæmandi eru fyrir hæstv. Alþingi: Um það hef ég svo oft rætt héðan úr ræðustól fyrir daufum eyrum að ég ætla ekki að gera það að umræðuefni aftur. Hins vegar vil ég láta það koma fram að ég tel það skynsamlegustu lausnina í þessu máli, þar sem stutt er eftir af þinghaldi og þar sem óðum styttist í sveitarstjórnarkosningar, að taka út úr frv. þau ákvæði sem nauðsynlegt er að afgreiða fyrir

komandi sveitarstjórnarkosningar og sem varða aldursmörk varðandi kjörgengi og kosningarrétt og kjördag bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Í Nd. var Kvennalistinn aðili að flutningi till. um afgreiðslu þessa frv. á þennan veg og ég taldi þá og tel enn að þetta sé skynsamlegust afgreiðsla málsins þar sem við það mun vinnast tími til að skoða málið betur og lagfæra það sem ýmsir, sem að afgreiðslu málsins stóðu í Nd., hafa kallað klúður. Ég mun því styðja og gerast meðflm. að slíkri till., komi hún fram hér í Ed., og ég mun gera mitt til þess að umræða um slíka till. fari fram í hv. félmn.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Sjálfur hef ég verið sveitarstjórnarmaður í alllangan tíma og ekki voru lög og reglugerðir til trafala því starfi sem þar var unnið, að mínu mati, en ég varð þó var við það að því litla leyti sem það kom til að margt var úrelt í þeim efnum sem þurfti endurskoðunar við.

Fram hefur farið viðamikil endurskoðun á sveitarstjórnarlögum og er það af því góða að því skuli sinnt. Menn geta deilt um hvernig með skuli fara og það hefur vissulega verið mikið um það deilt í Nd. Ég verð að játa að ég átti ekki von á að frv. kæmist til Ed. Þess vegna hef ég ekki farið ítarlega ofan í efnisatriði frv. Það verður að játast hér.

Ég verð að minnast á það og að Alþfl. á ekki fulltrúa í félmn. sem er vissulega mjög bagalegt fyrir Alþingi og nefndina sjálfa. Ég vænti þess að við fáum áheyrnarfulltrúa þar sem getur tekið þátt í störfum nefndarinnar og farið yfir þau efnisatriði sem í því felast.

Eitt er þó ljóst af fljótri yfirferð, að lítið er tekið á þeim málum er lúta að samtökum sveitarfélaga. Þar er mér efst í huga að þeir sem mynda meiri hluta í hverju bæjarfélagi hafa verið allsráðandi í þessum samtökum. Aðrir hafa ekkert með það að gera. Jafnvel þótt stjórnmálaflokkar séu mjög stórir á þann mælikvarða sem hægt er að setja á í svona samtökum, jafnvel næststærsta stjórnmálaaflið, hefur þetta stjórnmálaafl ekkert um það að segja hvernig stjórnarkjöri er háttað í þessum samtökum. Það er mjög miður og ég tel að það þurfi að gæta réttinda minni hluta í þessum efnum og tel að það vanti í þetta frv.

Annað er það, sem einnig mun koma fram við umræður um tekjustofna sveitarfélaga, en nokkuð er minnst á tekjustofna hér. Það er sérstaklega að þegar sveitarfélög eru komin í fjárþrot muni vera heimilt að leggja allt að 25% útsvar á sem verður sjálfsagt að gera þegar nauðsyn rekur menn til þess. Ég velti því mjög fyrir mér hvort ástæða er til að binda hendur sveitarstjórnarmanna svo mjög hvað varðar tekjustofna. Við búum að vísu við sérstakt ástand núna þar sem menn keppast við að ná verðbólgunni niður og koma skikkan á efnahagsmálin fyrir frumkvæði verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, en ég tel að sveitarstjórnir eigi að hafa meiri pólitíska ábyrgð og sé það almennur vilji í byggðarlagi að framkvæma eitthvað sérstakt, koma upp íþróttahúsi, sundlaug eða slíku sem allir vilja að verði unnið, tel ég að það sé vel skoðandi að sveitarstjórnin hafi heimild til þess, sé aukinn meiri hluti fyrir hendi í sveitarstjórn, að leggja á sérstakan skatt er lúti að þessu sérstaka verkefni. Svo er líka spurning um hvort ekki er rétt að taka upp almennar atkvæðagreiðslur í þeim tilvikum þegar menn vilja koma einhverjum sérstökum málum fram, fjárhagsmálum eða öðru því er lýtur að sveitarstjórnarmálum — almennar atkvæðagreiðslur sem ekki eru bundnar við sveitarstjórnarkosningar. Ég veit að þetta er gert í Bandaríkjunum og mér finnst ástæða til þess að skoða þá hluti hér sem mér virðist ekki hafa komið fram í þessu frv.

Það hefur mikið verið rætt um það hér að frv. sé allt hreint klúður og hvað eina. Ég tek ekki slíka hluti upp í mig — ekki að svo komnu máli. Það má vera að ástæða verði til þess síðar. En ég legg áherslu á að félmn. fái góðan tíma til að kynna sér þessi mál og yfirfara þau með það vissulega í huga að afgreiða þetta frv. á þessu þingi. Það er ekki til neins að draga þetta frekar en annað.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Það er ekki meining mín að fara að ræða efnislega um þetta frv. á þessu stigi málsins. Má vera að við síðari umræðu gefist frekari kostur á að fjalla um það nánar.

Ég verð hins vegar að segja eins og er. Þetta frv. veldur mér vissum vonbrigðum. Út af fyrir sig held ég að það séu ekki sérstaklega breytingar á löggjöf um málefni sveitarfélaga sem við erum í þörf fyrir. Miklu fremur þyrfti að marka með skýrari hætti og taka ákvarðanir um hvernig bæri að haga tekjuöflun sveitarfélaganna. Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði í þessu dæmi að skýrt sé kveðið á um hverjar skuli vera tekjur sveitarfélaganna því að sjálfsögðu byggjast verkefnin á því hvað sveitarfélögin hafa úr miklu að spila. Þá er líka í framhaldi af því auðveldara að meta með hvaða hætti væri þörf á að breyta skipan sveitarfélaga í landinu. Að þessu leyti finnst mér þetta frv. bera merki vissrar afturfótafæðingar.

Það hefur reyndar einn stóran kost. Það er búin að standa svo lengi yfir umræða um þessar breytingar og það er búið að tala svo mikið um þessar þarfir að kannske fæst viss lausn í þeirri umræðu með að skáka í gegnum Alþingi frv. sem þessu og þá ekki síst ef menn gætu þar á eftir verið í sæmilegum friði fyrir áframhaldandi umræðu um þessa miklu nauðsyn á næstu árum. En ég held að þetta frv. stefni í það gagnstæða. Það veki fleiri spurningar en það svarar.

Það er útilokað annað en menn sjái í hendi sér að ýmsar ákvarðanir í þessu frv. eru með þeim hætti að menn ganga út frá að það verði gerðar mjög fljótlega breytingar á þessum lögum. Annað getur tæpast staðist. Ég get í þessu sambandi minnt á að svo er kveðið á að sýslunefndir og sýslumenn, sem á að kjósa innan aðeins nokkurra vikna, eiga að koma verkefnum sínum fyrir, finna þeim form. Löggjafinn gefst upp við að segja með hvaða hætti eigi að skipa þeirra verkefnum. Það sjá allir að auðvitað verður að ganga frá þessu í lögum og finna þessu ákveðið form. Menn bókstaflega gefast upp við það núna við meðferð málsins á Alþingi að taka um þetta ákvörðun. Þetta þykir mér vera veikt.

Eins og ég sagði áðan hefur umræðan staðið lengi og margar nefndir hafa starfað og mikil umfjöllun átt sér stað. Ég minnist þess t.d. að þegar ég tók þátt í sveitarstjórnarmálum og var í stjórn samtaka sveitarfélaga á Austurlandi komu þar á borð manna heilar bækur um þessi efni. Það er af þeirri ástæðu gott að geta náð einhverjum árangri miðað við umræðuna.

Það sem mig langaði þó einkum að minnast á eru þrjú atriði á þessu stigi málsins.

Þá er efst í huga mínum þegar er verið að tala um sameiningu sveitarfélaga, þegar er verið að tala um að sameina smærri sveitarfélög þeim stærri vegna þess að þau séu ekki megnug þess að vinna þau verkefni sem þeim ber að sinna. Ég held að þetta sé mikill misskilningur. Mjög mörg smá sveitarfélög sem ég þekki til vinna sín störf og inna sína þjónustu af hendi fyrir fólkið í þeim sveitarfélögum með miklum ágætum. Ég get t.d. nefnt í þessum efnum sveitahreppana í Austur-Skaftafellssýslu. T.d. hefur nýverið verið byggt mjög snoturt samkomu- og skólahús í hinu fámenna og áður afskekkta sveitarfélagi Hofshreppi. Það tók þá fjögur ár að vinna þetta verk. Í næsta sveitarfélagi við hliðina voru endurbyggð gamalt félagsheimili og gamall skóli með þeim hætti að athygli hefur vakið langt út fyrir það umhverfi þar sem menn sáu þessi verkefni eiga sér stað. Þannig er þetta miklu víðar. Fámenn sveitarfélög ná miklum árangri í að færa tímana til betri vegar. Þetta stafar m.a. af því að fólkið hjálpast að því að koma þessum verkefnum áfram.

Auðvitað býr ákveðinn veikleiki í fámenninu. Því ætla ég ekki að neita. En fámennið á líka ákveðinn styrkleika. Og það er fjarri því að ég treysti á lög í þeim efnum að skipa þar málum betur fyrir en nú er í sambandi við skipan hreppanna og vara reyndar við öllum breytingum í þeim efnum.

Það er svo annað mál að frv. er ekki róttækt í þessum efnum og það er kostur við það, sérstaklega þegar til þess er litið hvernig umræðan hefur verið um þessi efni þar sem menn hafa verið að tiltaka miklu hærri tölur um íbúafjölda sem lágmark í sveitarfélögum.

Þá er það önnur meginhersla sem hefur komið inn í umræðuna um sveitarstjórnarfrumvarpið og það er þriðja stjórnsýslustigið. Reyndar er ekki gengið út frá því í frv. og það finnst mér vera líka kostur. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt áður en menn fara að tala um þriðja stjórnsýslustigið í alvöru, m.a. í umræðum á Alþingi, að það skýrist hversu miklu fylgi það á að fagna úti á landsbyggðinni. Þrátt fyrir að ég fagni þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um þau málefni á síðustu misserum held ég að þar sé þó fyrst og fremst um hugsjónaumræðu að ræða og fjarri því að almenningur hafi fengið sannfæringu fyrir því að það ætti að gera miklar og róttækar breytingar á stjórnskipuninni í landinu með tilliti til þriðja stjórnsýslustigsins. Við erum ekki fjölmenn þjóð og ég er ekki viss um að það mundi henta okkur að hafa hér fylki með miklu sjálfsforræði fram yfir það sem nú er.

En út af fyrir sig er það hárrétt, sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Benediktssyni, að um leið og því er hafnað í frv. að taka upp þriðja stjórnsýslustigið verður viss brotalöm á því í sambandi við samstarf sveitarfélaganna. Þar er ekki um neinar markvissar ákvarðanir að tefla nema það eitt að leggja niður sýslunefndirnar sem mér finnst vera mikill ókostur við frv. Ef eitthvað er verkar sú ákvörðun í þá átt að veikja byggðarsamfélagið í staðinn fyrir það gagnstæða. Upp úr þessu koma svo byggðasamlögin sem eru í rauninni algjörlega óskilgreind.

Það er í raun og veru helst verið að setja í lög ákvæði um skipan sem þegar er komin á með óformlegum hætti víða um land þar sem sveitarfélög hafa sameinast um viss verkefni í skólamálum, í heilsugæslumálum og reyndar fleiri framfaramálum. Það form er verið að festa þarna í lög. Eins og ég sagði áðan eru þau verkefni mörg hver bundin við tiltekin sveitarfélög. Ég get t.d. bent á að í ýmsu samstarfi í Austur-Skaftafellssýslu eru sveitahrepparnir saman, í öðru samstarfi eru öll sveitarfélögin. Þar hefur líka verið og er enn sýslunefnd sem hefur haft viss og afmörkuð verkefni, ekki einungis sem kveðið er á um í lögum heldur líka sem hafa orðið til í samstarfi hinnar sýslunefndarinnar og sveitarfélaganna.

Þess vegna er augljóst mál að þarna vantar að kveða á um með skýrari hætti. Í rauninni finnst mér niðurstaðan sem er í frv. ekki vera með þeim hætti að forsvaranlegt geti talist.

Hér hef ég fjallað sérstaklega um þrjú atriði í sambandi við þetta mál. Ég beini því sérstaklega til hv. félmn. að taka þau til athugunar við frekari afgreiðslu málsins.

Það er alveg útilokað að hugsa sér að sú vinnutilhögun verði hér höfð á að mönnum gefist ekki næði til að skoða þessi mál í þessari hv. deild þannig að menn fái fyrir því bærilega sannfæringu hvernig þessi mál muni þróast í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að flytja lengra mál, en vera má að ég skýri betur frá minni afstöðu við síðari umræðu málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 631). — 3. umr.

Frsm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Aðeins örfá orð í þessari umræðu.

Þær ráðstafanir að setja ónæmistæringu undir kynsjúkdómalög eru að mínu áliti tímabundnar aðgerðir heilbrigðisyfirvalda til þess að taka á málum eins og nú er komið.

Við umræður hér í Nd. um þáltill. þar sem hvatt er til þess að láta fara fram endurskoðun á lögum um smitsjúkdóma gat hæstv. heilbr.- og trmrh. þess að hún hafi þegar gert ráðstafanir til þess að skipa nefnd til að vinna að því máli.

Þá verður eðlilegt að taka þetta mál upp aftur og endurskoða lög um kynsjúkdóma með tilliti til annarra smitsjúkdóma.

Það var einungis þetta sem ég vildi láta koma fram.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv. 199. mál (þskj. 578 (sbr. 299)). — 1. umr.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hér

er til umræðu frv. til l. um breytingu á lögum frá 1975 um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samþykkt um alþjóðareglur til þess að koma í veg fyrir árekstra á sjó, en þær alþjóðareglur voru samþykktar í Lundúnum 20. okt. 1972. Með lögum frá 1975 var ríkisstj. heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd þessar samþykktir að alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Samþykktin var fullgilt 21. apríl, en öðlaðist gildi 15. júlí 1977, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1975 og 1977.

Það frv. sem hér liggur fyrir er til þess að öðlast heimildir til breytinga á þeim reglum sem fyrir eru, en það voru samþykktar breytingar í London 19. nóv. 1981. Hér er um að ræða smávægilegar breytingar og sem fskj. með frv. eru þessar alþjóðareglur með áorðnum breytingum frá 1971.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn., en frv. þetta var flutt í Ed. og hefur hlotið afgreiðslu þar með nál. á þskj. 490.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Skógrækt, stjfrv. 343. mál (þskj. 627). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um skógvernd og skógrækt á þskj. 627.

Núgildandi skógræktarlög eru að stofni til frá árinu 1955. Með lögum nr. 22 frá 1966 var bætt við þau lög ákvæðum um ræktun skjólbelta og styrki til slíkrar ræktunar, enda hafði reynsla manna þá sýnt að rækta mátti skjólbelti í flestum byggðarlögum landsins ef þeim var sýnd nægileg umhirða.

Lögin frá 1966 gerðu ráð fyrir að allir jarðræktarmenn gætu notið styrks til að koma upp skjólbeltum, þ.e. styrkja vegna girðingarkostnaðar, plöntukaupa og gróðursetningar. Til að hljóta styrk skv. lögunum þurfti bæði að leggja fram töluvert af eigin fé auk þess sem fullnægja þurfti ýmsum skilyrðum. Með því var komið í veg fyrir að aðrir en duglegir ræktunarmenn hæfust handa um ræktun skjólbelta.

Tæpum tveimur áratugum síðar eða með lögum nr. 76 30. maí 1984 er nýjum kafla bætt inn í skógræktarlögin, kaflanum um ræktun nytjaskóga á bújörðum. Þau lög kveða á um styrk ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga á bújörðum og getur styrkur í hverju tilviki mest verið 80% af stofnkostnaði við ræktunina, en viðkomandi bóndi eða jarðareigandi ber 20%. Það er hlutverk Skógræktar ríkisins að ákveða og semja um hvað skuli teljast til stofnkostnaðar í þessu sambandi, en meginþættir stofnkostnaðar eru vinna, girðingarefni og plöntun. Lögin gera ráð fyrir að bændur vinni við ræktunina eins og þeir frekast hafa tök á. Starfsmenn Skógræktar ríkisins eða skógræktarfélag annast verkstjórn við girðingar, eru ráðgefandi um plöntuval, plöntun og hirðingu. Ræktun nytjaskóga á bújörðum getur auk þess verið mikill atvinnugjafi í sveitum, en að svo miklu leyti sem bændur og heimafólk vinna ekki störfin er hér um að ræða möguleika á sumarvinnu fyrir ungt fólk.

Bændur og forsvarsmenn skógræktarmála hafa í seinni tíð sýnt mikinn og vaxandi áhuga á aukinni skógrækt í þeim tilgangi að koma upp nytjaskógum á bújörðum og leggja með því grunninn að nýrri búgrein hér á landi. Lögin frá 1984 hafa einnig að markmiði skógræktarstarf með skipulegum hætti á grundvelli sérstakra áætlana um nytjaskóga eða héraðsáætlana. Tilgangur laganna er einmitt sá að ríkissjóður hvetti til og styrkti ræktun nytjaskóga á bújörðum, en forsenda stuðnings er að skógræktin verði liður í búskap á viðkomandi jörð.

Ljóst er að skógræktarstarf á Íslandi hefur tvíþættan tilgang. Skógar eru ræktaðir til að prýða og bæta landið. Auk þess eru skógar einnig ræktaðir til nytja, framleiðslu borðviðar, girðingarstaura, jólatrjáa og skrautgreina. Þá eru afurðir skóga einnig nýttar sem eldiviður og er ekki ósennilegt að sá þáttur geti haft vaxandi þýðingu í framtíðinni.

Auk þess sem sagt hefur verið hefur skógrækt margvíslegan tilgang annan sem fellur undir óbeinar nytjar. Skógar skapa skjól, vernda og bæta jarðveg, vernda annan gróður og auka fjölbreytni hans. Þannig eykur skógrækt notagildi landsins á margvíslegan hátt, enda eru skóglendi víða mjög eftirsótt til útivistar.

Það frv. sem nú hefur verið lagt fram hefur einkum það markmið að fella saman framangreinda þrjá lagabálka um skógrækt og skógvernd í ein lög. Auk þess felur frv. í sér breytingar á gildandi löggjöf eins og nánar verður rakið hér á eftir. Rúmir þrír áratugir eru liðnir frá setningu stofnlaganna og hafa breyttar aðstæður því leitt af sér nokkur nýmæli og breytingar.

Fyrir tæpum áratug fóru forgöngumenn skógræktarmála að sýna heildarendurskoðun skógræktarlaganna áhuga. Það leiddi m.a. til þess að árið 1979 var skipuð nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1955, um skógrækt. Nefndina skipuðu Guttormur Þormar, hreppstjóri Fljótsdalshrepps, Haukur Ragnarsson skógarvörður, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Sigurður Blöndal skógræktarstjóri. Vann nefndin um tíma að endurskoðun laganna, en lauk ekki störfum. Nokkrum árum síðar var endurskoðun laganna tekin upp að nýju en þá í samvinnu starfsmanna Skógræktar ríkisins og landbrn. og er frv. þetta árangur þeirrar samvinnu.

Verða nú rakin helstu nýmæli frv.

Orðaskýringar í 2. gr. frv. eru nýmæli, en þar er að finna skilgreiningu nokkurra hugtaka sem koma fyrir í texta. Þá er nú fjallað um verkefni Skógræktar ríkisins í sérstökum kafla, sbr. II. kafla, og eru þau skýrgreind nánar en í gildandi löggjöf.

Gert er ráð fyrir að Skógrækt ríkisins eigi hlut að rannsóknum á sviði skógræktarmála í samvinnu við aðila sem stunda rannsóknir á sviði atvinnuveganna, en það er nýmæli frá því sem gildandi lög kveða á um. Þá er í 5. gr. frv. gert ráð fyrir tímabundinni skipan skógræktarstjóra til sex ára í senn úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins. Í 6. gr. frv. er það nýmæli að finna að nú er gert ráð fyrir að sérmenntaðir starfsmenn Skógræktar ríkisins hafi tilskilda lágmarksmenntun, háskólapróf eða próf frá skógræktarskóla.

III. kafli frv., um skógvernd og friðun, svarar efnislega mest til III. kafla núgildandi laga, en þó er efni hans sett fram með talsvert öðrum hætti en í gildandi lögum.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að skógræktarstjóri hafi einn heimild til að veita undanþágu frá banni 1. málsl. og er

það breyting frá því sem nú gildir, en skv. 14. gr. núgildandi laga hafa skógarverðir heimild til að veita undanþágu frá banni á að búfé sé beitt á skógræktarland.

2. málsgr. 11. gr. frv. hefur að geyma nýmæli sem tekur til þeirrar sérstöðu þegar gripahús eru í eða við skóglendi. Þar sem svo hagar til er eiganda eða notanda hússins skylt að hindra með girðingu að búfé komist í skóglendi á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. júní ár hvert.

IV. kafli frv., sem fjallar um meðferð skóglendis, svarar efnislega til II. kafla núgildandi laga.

13. gr. frv. hefur að geyma svofellt nýmæli um meðferð skóglendis:

„Skylt er eiganda eða notanda skóglendis að takmarka svo notkun þess að það rýrni hvorki að stærð né gæðum. Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu svo nærri skóglendi að hætta sé á að eldur geti borist þangað. Hlífa skal nýgræðingi trjágróðurs."

Þá er efni 14. gr. frv. mun fortakslausara en samsvarandi ákvæði gildandi laga. Bann er við skógarhöggi nema til komi samþykki Skógræktar ríkisins. Þá er það skilyrði sett að rækta skuli skóg í stað þess sem höggvinn er, en það er nýmæli.

Þá er í 15. gr. frv. gert ráð fyrir að gróðurverndarnefndir skuli hafa frumkvæði að sérfræðilegu mati á ástandi og meðferð skóglendis. Jafnframt því getur skógræktarstjóri leitað til gróðurverndarnefnda og óskað eftir skýrslu þeirra um ástand skóglendis og meðferð þess, en slíkt skyldubundið ákvæði er ekki í gildandi löggjöf.

17. gr. frv. hefur einnig að geyma nýmæli um samvinnu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins um friðunaraðgerðir þegar saman fara landeyðing og gróðureyðing á stórum svæðum.

V. kafli frv., um ræktun nytjaskóga á bújörðum, er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 76/1984.

VI. kafli frv. svarar efnislega til laga nr. 22 frá 1966 um viðauka við lög nr. 3 frá 1955, um skógrækt. Frv. gerir þó ráð fyrir talsverðum breytingum á stuðningi við skógrækt frá því sem gildandi lög kveða á um. Auk ákvæða kaflans hefur 10. gr. jarðræktarlaga nr. 79 frá 1972, sbr. breytingu með lögum nr. 71 frá 1985, einnig að geyma ákvæði um framlög til skjólbeltaræktunar, sbr. einnig reglugerð nr. 344/1985.

Skv. 29. gr. frv. er nú gert ráð fyrir verulega hærri styrk til trjáplöntukaupa en skv. 6. gr. laga nr. 22 frá 1966. Skv. þeirri grein má styrkur nema allt að ⅓ hluta girðingarkostnaðar og helmingi af andvirði trjáplantna og kostnaðar við gróðursetningu. 29. gr. frv. gerir ráð fyrir að styrkur nemi allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við girðingar vegna ræktunar.

VII. kafli frv., sem fjallar um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis, er nýmæli. Skv. 31. gr. er Skógrækt ríkisins áskilinn forkaupsréttur að skógarjörðum að frágengnum forkaupsréttarhöfum skv. jarðalögum nr. 65/1976.

32. gr. frv. hefur hins vegar að geyma takmarkanir á skiptingu skóglendis. Lagt er bann við því að skóglendið sé hlutað sundur eða skipt upp í sumarbústaðalóðir, eins og dæmi eru um, nema til komi sérstakt leyfi ráðherra og fyrir liggi umsögn skógræktarstjóra.

Efni VIII. kafla frv., um Skógræktarfélag Íslands, svarar til V. kafla laga nr. 3 frá 1955, sbr. 4. gr. laga nr. 76 frá 1984.

Herra forseti. Ég hef rakið helstu atriði þessa frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það frv. til l. um skógvernd og skógrækt sem hæstv. ráðh. hefur mælt fyrir er nýlega fram lagt hér og mér hefur ekki gefist kostur á að fara yfir það í einstökum atriðum. Það er vissulega góðra gjalda vert þegar unnið er að lagabótum og við skulum vænta þess að í frv. sé að finna einhver nýtileg atriði til stuðnings skógræktar- og skógverndarstarfi í landinu. Ég vildi aðeins koma á framfæri nokkrum almennum athugasemdum og örfáum fsp. til hæstv. ráðh. vegna þessa máls.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það að ég er þeirrar skoðunar að skógvernd í landinu væri best komin undir stjórn umhverfismála, en þau efni hafa verið til umræðu öðru hvoru í þinginu í sambandi við margboðað lagafrv. af hálfu ríkisstj., nánar tiltekið af hálfu hæstv. félmrh., um umhverfisvernd. Það frv. hefur hins vegar enn ekki séð dagsins ljós þó að ríkisstj. hafi nú setið í heil þrjú ár og það er vissulega miður að svo er ekki.

Gert er ráð fyrir samkvæmt þessari löggjöf þeirri skipan óbreyttri að skógræktarmálefni og skógverndarmálefni falli undir landbrn. Ég hefði talið æskilegt að þessi skipan væri endurskoðuð í tengslum við endurskoðun á stjórn umhverfismála í landinu og skógverndarþátturinn a.m.k. væri lagður undir umhverfisráðuneyti eða það ráðuneyti þar sem helstu þættir umhverfismála yrðu settir.

Einn gildasti þáttur skógverndarstarfs í landinu er almenn gróðurvernd. Ástand þess birkikjarrs, sem enn tórir en hefur liðið undir beit og rányrkju um aldir sums staðar, er víða mælikvarði á þá rányrkju sem enn á sér stað í sambandi við beitarnot allvíða um land og raunar víða um land að óhætt er að segja.

Mér þætti gott ef hæstv. landbrh. lýsti viðhorfum sínum til þessa þáttar, þ.e. hvar skógverndarstarfinu væri best komið í stjórnsýslunni, þó að hann vissulega svari því með ákveðnum hætti með framlagningu þessa frv. En ég tel nauðsynlegt að um þessi mál verði fjallað ef svo fer að einhvern tíma komi fram af hálfu ríkisstj. margnefnt og marglofað frv. um umhverfismál.

Þá vil ég nefna í tengslum við þetta frv. að nú þegar eru boðaðar stórfelldar breytingar á búskap í landinu og ekki síst varðandi sauðfjárbúskapinn í landinu og framtíðarspárnefnd forsrh. hefur fengið í hendur, að því er fjölmiðlar hafa greint frá, það mat að vegna markaðsþrounar með sauðfjárafurðir horfi svo að á fimm ára tímabili eða nálægt því þurfi að draga stórkostlega saman sauðfjárbúskapinn, frá um 700 þús. fjár sem er á vetrarfóðrum að ég hygg sé nú, um það bil 700 þús., niður í 450 þús. fjár að fimm árum liðnum eða svo. Ég er ekki út af fyrir sig að leggja mat á þær ábendingar sem þarna liggja fyrir, en flest bendir til þess að um verulegan samdrátt verði að ræða í sauðfjáreign landsmanna á komandi árum. Margt mætti vissulega gera til að draga úr því og ég ætla ekki að fara að taka upp þann þráð varðandi stefnu ríkisstj. í landbúnaðarmálunum og hvað þennan þátt snertir sérstaklega. En ég tel alveg nauðsynlegt að skógverndarmálefni og reyndar skógræktina einnig þurfi að taka upp í skýru samhengi við

landnýtinguna og þar á meðal beitarbúskapinn í landinu. Það sé afar brýnt einmitt á þessum vissu tímamótum, ef marka má það sem ég hef hér rakið, að virkilega verði tekið á því máli, sem allt of lengi hefur dregist, að skýra og reyna að ná samstöðu um annars konar landnýtingu í sambandi við gróðurlendi landsins en tíðkast hefur fram til þessa, að það verði gert átak í því að stilla saman gróðurverndina og hugsanlega skógrækt, eftir því sem menn meta það vænlegt og réttmætt, við breytingar í hinum hefðbundna búskap og þá ekki síst í sauðfjárræktinni. Ég tel að þetta sé stórmál fyrir sveitir landsins, stórmál fyrir bændur í landinu og ég inni hæstv. landbrh. eftir því hvaða aðgerðir séu á döfinni að þessu leyti af hálfu hans ráðuneytis og hugsanlega í tengslum við önnur ráðuneyti.

Ég hef vissulega ákveðnar hugmyndir um það og það liggja fyrir um það upplýsingar úr ýmsum áttum hvar vænlegast sé að stunda skógrækt, þ.e. ræktun til beinna nytja í landinu, og auðvitað er nauðsynlegt að líta á þau svæði alveg sérstaklega í sambandi við það átak sem réttmætt er að gera í skógrækt. Þar fyrir utan er síðan skógverndarþátturinn sem fellur saman við almenna gróðurverndarstefnu og útivistarmálefni og þar er einnig misjafnlega ástatt eftir einstökum svæðum í landinu.

Alþingi samþykkti fyrir ekki löngu, ég hygg tveimur árum eða þremur, þál. um gerð landnýtingaráætlunar. Ég vænti þess að því starfi sé langt komið, að vinna a.m.k. frumdrög að slíkri áætlun. Gott væri ef hæstv. landbrh. gæti greint okkur frá stöðu þess máls og það auðveldaði að taka á þeim málum, málum skógverndar og skógræktar með þeim hætti, sem ég hef vikið hér að að nauðsynlegt sé. Það væri vissulega æskilegt að fá afraksturinn af því starfi, sem unnið hefur verið í framhaldi af þeirri ályktun Alþingis, hér inn á borð þingsins til athugunar í sambandi við þetta mál og fleiri, því að þarna er vissulega brýn nauðsyn að taka róttækt á málum og í ljósi annarra breytinga sem eru í gangi og á meiri ferð en oft áður í sambandi við hinn hefðbundna landbúnað.

Ég gæti nefnt mörg önnur atriði, en ætla ekki við þessa 1. umr. að fara ítarlega út í þá sálma, enda ekki gefist kostur að kynna mér efni þessa frv. svo sem vert væri. Ég sé að hér er nokkurn veginn óbreytt, að ég hygg, ákvæði um Skógræktarfélag Íslands. Sá félagsskapur hefur unnið ýmislegt gagnlegt og þarflegt á liðinni tíð. Mér hefur hins vegar fundist dálítið sérkennilegt í rauninni hvernig þessi áhugafélagsskapur skógræktarmanna í landinu hefur verið settur undir — ja, hvað eigum við að segja — verndarvæng Skógræktar ríkisins með þeirri skipan sem við þekkjum og gert er ráð fyrir að framlengja hér. Ég er ekki viss um að það sé að öllu leyti farsælt fyrir félagsskap áhugamanna, eins og Skógræktarfélag Íslands á að vera og er í ýmsum greinum, að vera sett undir þá ríkisstofnun sem fer með skógræktarmálefni með þeim hætti sem tíðkað hefur verið um langt skeið. En það er nú kannske ekki stórmál í þessu samhengi þó ég nefni það hér. Ég skal ekki leggja mat á hvort þau tengsl, sem þarna hafa verið um langt skeið, hafi dregið úr virkni áhugamanna í þessum efnum, en mér er þó ekki alveg grunlaust um það. Sjálfur hef ég verið meðlimur í skógræktarfélagi um langt skeið og reynt að leggja þeim málum lið. Áhugi í þessum efnum hefur verið nokkuð sveiflukenndur. Í sumum greinum hefur vel til tekist, annars staðar blunda þessi félög og eru ekki ýkja stórtæk.

Hér er alls staðar verk að vinna fyrir áhugamenn á þessu sviði en nauðsynlegt er að tengja skilmerkilega saman almenna gróðurverndarstefnu og uppgræðslu á skógi. Ég tel að eitt af mistökum liðinnar tíðar hjá skógræktarfélagsskapnum í landinu hafi verið það að líta ekki nógu vítt á þessi efni, og þar koma til þessi tengsl við Skógrækt ríkisins og nytjaskógarstefnan, sem skógræktarfélögin og stefna þeirra hefur goldið fyrir með vissum hætti. Við vitum að tilraunir með innfluttar trjátegundir hafa gefist mjög misjafnlega, sums staðar mislukkast vegna þess að ekki hefur verið nógu vel að verki staðið. Menn hafa lagt of lítið upp úr hinum innlenda gróðri og þýðingunni sem almenn verndun hans fyrir beit getur haft til þess að ná upp kjarrlendi til útivistar og yndisauka. Um þetta ætla ég hins vegar ekki að fjölyrða frekar hér.

Það eru sem sagt ýmis atriði, herra forseti, í þessu lagafrv. sem gefa tilefni til athugunar þessara mála, og þar legg ég ríkasta áherslu á þetta: Að tekið verði skipulega á skógverndarmálunum og skógræktarmálunum í tengslum við breytingar í hefðbundnum búskap. Og síðan hitt: Fjárveitingar til þessara mála hafa verið skornar mjög við nögl á undanförnum árum. Það skiptir gífurlega miklu máli að vel sé staðið að þeim áformum sem gert er ráð fyrir í þessum efnum. Skógrækt skilar ekki efnahagslegum ávinningi fyrr en að löngum tíma liðnum. Hér er því um að ræða fjárfestingu sem vel þarf að vanda til. En að mínu mati hefur allt of litlu fjármagni verið veitt til þessara þátta á undanförnum árum þannig að sumar af þeim plöntum, sem aldar hafa verið upp í skógræktarstöðvum í landinu, hafa ekki komist í mold þar sem æskilegt hefði verið og nauðsynlegt til þess að þær gætu dafnað og upp vaxið af þeim þeir skógar til nytja og yndisauka sem að er stefnt með þessari starfsemi.

Ég vil áður en ég lýk máli mínu nefna það, herra forseti, að skipuð var af hálfu forsrn. og raunar ríkisstjórnar fyrir tveimur árum síðan sérstök nefnd, ætli hún gangi ekki undir heitinu trjáræktarnefnd, og svo vill til að ég á sæti í þessari nefnd sem ríkisstjórnin kom á laggirnar og forsrn. Til hennar var stofnað til að minnast 40 ára afmælis lýðveldisins. Það var tilefnið og ríkisstjórnin sem hafði þar forustu. En ég verð að gera þá játningu hér sem einn af nefndarmönnum, að það hefur afskaplega lítið farið fyrir starfi þessarar nefndar. Ég vil biðja hæstv. landbrh., vegna þess að hæstv. forsrh., sem skipaði nefndina, er ekki hér viðstaddur, að kanna hvort ekki er hægt að bæta þar eitthvað úr eða móta þá aðra stefnu í þessum málum og leggja þessa nefnd af, sem ég hef ekki orðið var við að hafi verið kölluð saman nú í bráðum eitt ár, og hafði reyndar haldið aðeins tvo eða þrjá fundi. Það er afar illa til fundið ef efnt er til nefndaskipana af ekki ómerkara tilefni en afmælis lýðveldisins að slíku sé ekki fylgt eftir með eðlilegum hætti eins og þarna er um að ræða.

Inn í Sþ. er nýkomin till. til þál. um trjárækt í þéttbýli, vissulega gott mál og þarft, en ég hygg einmitt að eitt af verkefnum þessarar nefndar hafi verið að ýta undir trjárækt í þéttbýli. Og 1. flm. þeirrar till. er einn af samnefndarmönnum mínum í umræddri nefnd. Hér þarf að standa skilvirkar að málum til þess að eitthvað spretti af þeim hugmyndum sem fram eru settar, hvort

sem það er í tilefni afmæla eða vegna þess að menn ætla að reyna að ná meira upp úr íslenskri mold heldur en þar dafnar nú. Á því er vissulega mikil þörf. Og við vitum af fenginni reynslu á þessari öld að árangurs er að vænta ef rétt er að staðið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og tel að það sé mjög tímabært að Alþingi taki til athugunar þessi mál. Það liggja fyrir í dag nægar upplýsingar um að hægt er bæði að rækta nytjaskóg hér á landi og einnig er hægt með góðum árangri að koma upp skjólbeltum. Og jafnframt vitum við öll að birkikjarrið er mjög æskilegt þar sem almenningur vill hafa útivistarsvæði.

Ég tel að í sumum greinum þessa frv. séu kannske of harkaleg ákvæði varðandi samskipti ríkisvaldsins við þá aðila sem hafa tekið á sig vissar kvaðir í tengslum við áhuga sinn á skógrækt. Ég vek athygli á því að þegar talað er um verðbætur í 23. gr., þá á að miða þær við byggingarvísitölu. Þykir nú mörgum ærið þó að miðað sé við lánskjaravísitölu. Einnig tel ég að það sé spurning hvort almenn lög eigi ekki að koma inn í 22. gr., en að það sé ekki skilyrðislaust, sjálfgefið, að Skógrækt ríkisins skuli yfirtaka og kaupa lönd því það er líka staðreynd, sem hæstv. landbrh. má gera sér grein fyrir, að víða á Skógrækt ríkisins lönd sem eru í þeirri vanhirðu að þar hefur ekki verið grisjað nægilega né girðingum haldið við sem skyldi eða þá að Skógræktin hefur keypt lönd án þess að gera neinar ráðstafanir til að verja það skóglendi fyrir ágengni búfjár. Það breytir þó engu um það að ég vænti mikils af þessu frv. og vona að það verði að lögum, en vissulega þarf að gera á því smálagfæringar.

Ég hygg að á Íslandi í dag sé miklu vinsamlegra andrúmsloft til skógræktar en var fyrir nokkrum árum þegar Skógræktin lá kannske fyrst og fremst undir ásökunum fyrir það að grisja birkikjarr og gróðursetja þar greniplöntur. Og e.t.v. hefur hv. 5. þm. Austurl., sem talaði hér áðan, verið með langsfræga vísu í huga þegar hann taldi að hinum innlenda gróðri hefði ekki verið sýnd næg virðing. Ég ætla ekki að dæma um það, en ég tel aftur á móti sjálfgefið að skógrækt sem slík eigi að heyra undir landbrn. í framtíðinni, um leið og ég get fallist á það að viss landsvæði hljóta að verða útivistarsvæði og þá fer það eftir skipan mála hvort við höfum sérstakt ráðuneyti sem fjallar um umhverfismál eins og stundum hefur verið rætt um og slík svæði ættu þá að heyra undir.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Að sjálfsögðu hlýtur Alþingi að taka það til athugunar og ég mun fagna því ef það telur að því megi breyta eitthvað til bóta náist samstaða um slíkt sem geti orðið skógrækt í landinu til framdráttar.

Vegna fsp. hv. 5. þm. Austurl. um viðhorf mitt til þess hvar þessi málaflokkur á að vera, þá er ég afdráttarlaust þeirrar skoðunar að hann eigi heima hjá landbrn. Reyndar fannst mér ýmislegt í hans máli, eða kannske flest, færa allgóð rök fyrir því. Til dæmis um það hvernig nú þurfi að tengja saman skógrækt og þá breytingu á búskaparháttum sem eru að verða. Og varðandi fsp. hans um það hvað landbrn. hafi í huga í því sambandi vil ég benda á það að landbrn. hefur unnið að því að undanförnu að gera skógræktaráætlun fyrir Laugardal, þar sem sauðfé var skorið niður fyrir fáum árum vegna riðu, en skógrækt gæti þar komið í stað sauðfjárræktarinnar. Alþingi staðfesti þessa áætlun nú í vetur við gerð fjárlaga með því að veita 1 millj. kr. til þessa verkefnis, sem byggt er á þessari áætlun, og verið er að vinna að því að hrinda henni nú í framkvæmd. Þar með tel ég að í verki sé komin fram stefnumörkun í sambandi við það mál um vilja ráðuneytisins til þess að tengja þetta sem best saman.

Frumdrög að landnýtingaráætlun eru að verða tilbúin. Nefnd sú, sem skipuð var til þess að vinna að þeim málum, hefur unnið mjög vel og aflað mikilla gagna. Ég vonast til þess að nú alveg á næstu dögum komi frá nefndinni grg. um þessi mál. Þar er m.a. vikið að skógrækt og skógræktarmöguleikum og ætti sú vinna sem þar hefur verið unnin að auðvelda mönnum að gera sér grein fyrir því hvar best er að vinna að henni hér á landi.

En mig langar svo aðeins að bæta einu við sem ég tel að sé glöggt dæmi um það hversu æskilegt er að skógræktin sé áfram á vegum landbrn., en það er sá samstarfssamningur sem gerður hefur verið milli Norðurlanda um landbúnað og skógrækt. Ég hef nýlega rætt við skógræktarstjóra um viðhorf hans til þess samstarfs og hann telur að sá árangur sé alveg ómetanlegur sem þegar er orðinn af því samstarfi sem komst á milli Norðurlandanna vegna samstarfs landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneyta í þessum löndum. Við vonumst því til þess að í framtíðinni verði margfaldur árangur af því samstarfi fyrir íslenska skógrækt og íslenskan landbúnað.

Vegna fsp. um starf nefndar sem forsrh. skipaði vil ég að lokum aðeins víkja að því að e.t.v. hefur þarna ekki verið alveg rétt ályktað af þeim skógræktarmönnum, sem óskuðu eftir því að þessi nefnd yrði skipuð á vegum forsrh., úr því að það hefur ekki borið meiri árangur en þetta. E.t.v. hefði verið heppilegra að skógræktarmenn hefðu snúið sér til landbrn. og óskað eftir því að nefndin yrði skipuð á þess vegum. En ég skal að sjálfsögðu spyrjast fyrir um það hvað líði starfi þessarar nefndar og hvort landbrn. getur eitthvað stuðlað að því að sú vinna sem þar er unnin beri árangur. Ég mun svo ekki frekar fjölyrða um þetta að sinni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir hans svör við mínum fsp. Ég vil ítreka það við hæstv. ráðh. að inn í þingið berist þau drög að landnýtingaráætlun, sem hann segir að muni liggja fyrir á næstu dögum, þannig að við eigum aðgang að þeim hið fyrsta vegna þess að þessi mál tengjast mörgum brýnum verkefnum og úrlausnarefnum sem eðlilegt er að þingið fjalli um — og er að fjalla um raunar.

Ég vil aðeins skýra ögn nánar sjónarmið mitt varðandi það hvar koma eigi skógverndarmálunum fyrir í stjórnsýslunni. Ég er ekki sama sinnis og hæstv. landbrh. um að þessi mál eigi í heild sinni að falla undir landbrn. Ég tel hins vegar að ef menn ætla að taka stórt á í sambandi við skógrækt, þ.e. ræktun nytjaskóga hér í framtíðinni, þá komi vissulega til greina að sá þáttur falli undir málefni landbúnaðar. En skógverndarþátturinn er allt annars eðlis. Hann tengist náið almennri gróðurverndarstefnu, þ.e. hvernig við förum með

gróðurlendi landsins. Ef það verður að ráði, sem ég hef lagt til og rætt ítrekað, og margir fleiri hér í þinginu, að helstu þættir umhverfismála verði settir undir eitt ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands, þá á auðvitað gróðurverndarþátturinn skilyrðislaust þar heima. Og viðleitni til þess að bæta þar úr og bæta fyrir það sem tapast hefur að einhverju leyti, t.d. með störfum Landgræðslu ríkisins, á að mínu mati heima undir ráðuneyti umhverfismála. Ég held að það væri mjög farsælt fyrir skógræktina að það verði greint með skilmerkilegri hætti þarna á milli, annars vegar hinnar almennu gróðurverndar og hins vegar skógræktar í efnahagslegum tilgangi, ræktunar nytjaskóga í landinu. Að því leyti er hér um ákveðið grundvallaratriði að ræða varðandi þetta frv. sem ber heitið „Frumvarp til laga um skógvernd og skógrækt". Ég hefði talið eðlilegt að löggjafinn greindi þarna skilmerkilega á milli og einnig í sambandi við ýmsa starfrækslu sem fallið hefur undir Skógrækt ríkisins og þau tengsl líka við áhugamannafélögin sem ég gat hér um áðan.

Og aðeins að lokum, herra forseti, varðandi þá nefnd sem ríkisstj. ákvað að skipa í minningu 40 ára afmælis lýðveldis á Íslandi, þá er þar ekki um að ræða neitt sem tengist með beinum hætti þeim efnum sem hér eru til umræðu en með óbeinum hætti vissulega. Fjármagn fylgdi ekkert með þessari nefndarskipan, þannig að segja má að ekki hafi mikill hugur verið að baki. En þessi nefnd hefur verið afvelta nánast frá því að hún var skipuð. Hún hefur aðeins verið kvödd saman og hist eitthvað tvisvar, þrisvar en árangur enginn af hennar störfum. Ég hlýt að endurskoða afstöðu mína varðandi setu í nefnd sem rekin er með þessum hætti af hæstv. forsrn. Það er sannarlega ekki hægt að sitja undir því að vera settur til verka í nefnd, sem er ætlað að tengjast minningu lýðveldisins og ákveðnu afmæli, sem ekki er staðið betur að en ég gat um áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, stjfrv. 285. mál (þskj. 523). — 1. umr.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra á þskj. 523. Lagafrv. þetta er þannig úr garði gert að fyrst er fjallað um lögverndun starfsheitis, þá starfsréttindi og síðan um ráðningarreglur.

Samtök kennara hafa lengi haft á stefnuskrá sinni lögverndun starfsheitis kennara ásamt endurskoðun á lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Haustið 1984 skýrði þáv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, frá því að hún væri reiðubúin til að skipa nefnd fulltrúa tilnefndra af kennarasamtökunum til þess að starfa með fulltrúum ráðuneytisins að því að gera tillögur að frv. um lögverndun starfsheitis kennara sem væri sambærilegt við lögverndun á starfsheiti bókasafnsfræðinga, sbr. lög nr. 97/1984. Nefndin var skipuð í október 1984 og segir í skipunarbréfi að hún skuli vinna að gerð lagafrv. um lögverndun starfsheitis kennara.

Í nefndina voru skipuð þau Hörður Lárusson deildarstjóri, Kristín H. Tryggvadóttir deildarstjóri fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, Hanna Kristín Stefánsdóttir kennari, Kristján Bersi Ólafsson skólameistari, Sigurður Helgason deildarstjóri og Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Þórunn J. Hafstein deildarstjóri starfaði með nefndinni allan tímann.

Þegar nefndin hóf störf kom fram að kennarar töldu lögverndun starfsheitis sambærilega við það sem bókasafnsfræðingar höfðu hlotið með lögum nr. 97 frá 1984 ekki nægjanlega þar sem þau lög fela ekki í sér lögverndun starfsréttinda. Lögðu kennarar þunga áherslu á endurskoðun á lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra nr. 51 frá 1978 samhliða lögverndun á starfsheiti. Niðurstaðan varð sú að ráðherra heimilaði fulltrúum ráðuneytisins í nefndinni að kanna hvort unnt væri með viðunandi hætti að ná samkomulagi um ein lög þar sem bæði væri kveðið á um starfsheiti og starfsréttindi án þess að skólastarfi í landinu væri stefnt í hættu sökum kennaraskorts frekar en orðið er. Á þessum forsendum hélt nefndin áfram störfum og varð sammála um það frv. sem hér liggur fyrir.

Helstu atriði í frv. þessu og þau sem greina það frá gildandi lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra eru:

1. Lögverndun starfsheitis er nýmæli.
2. Þau skilyrði sem uppfylla skal til að öðlast starfsréttindi eru nær óbreytt.
3. Matsnefnd, sem fjallar um hvort umsækjandi um starf uppfyllir sett skilyrði, leiki á því vafi, er starfandi skv. núgildandi lögum. Í stað þess að í henni sitja fulltrúar tilnefndir frá Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands auk formanns skipaðs án tilnefningar er gert ráð fyrir að nefndirnar verði tvær. Í fyrra lagi nefnd fyrir grunnskólastigið skipuð fulltrúum tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, Bandalagi kennarafélaga og formanni án tilnefningar og í öðru lagi nefnd fyrir framhaldsskólastigið skipuð fulltrúum tilnefndum af Háskóla Íslands, Bandalagi kennarafélaga og formanni án tilnefningar. Aðild kennarafélaga að þessu mati er nýmæli.
4. Samkvæmt gildandi embættisgengislögum eru ákveðin skilyrði einungis sett ef um er að ræða skipun í starf, en í fyrirliggjandi frv. er gert ráð fyrir að sömu skilyrði um menntun þurfi að uppfylla til að fá setningu og ráðningu, þ.e. að óheimilt sé að skipa, setja eða ráða til kennslustarfa annan en þann sem uppfyllir þau menntunarskilyrði sem nú er krafist til skipunar.

Þetta er meginbreytingin frá gildandi lögum. Samkvæmt þeim er heimilt að setja og ráða menn til kennslustarfa þótt þeir hafi ekki full réttindi. Samkvæmt frv. þessu verður þetta óheimilt. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimilt sé að sækja um undanþágu til að ráða réttindalausan aðila til kennslustarfa ef ókleift reynist að fá réttindamann í kennarastöðu. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir að menntmrn. starfræki tvær undanþágunefndir, eina fyrir hvort skólastig, og geta þær heimilað lausráðningu starfsmanna til kennslustarfa, skipaðar með sama hætti og fyrrnefndar matsnefndir.

Að lokum er gert ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði að þeir sem hafa unnið við kennslu undanfarin ár án réttinda fái tækifæri til að afla þeirra á næstu árum.

Ég þarf ekki að vekja athygli hv. þingdeildar á því að dregist hefur mjög úr hömlu að mæla fyrir frv. þessu. Fyrir því er það að ég hef farið fram á það við formann hv. menntmn. að hann beiti sér fyrir því að nefndir beggja deilda starfi saman að vinnslu þessa máls. Ég hlýt að leggja afar mikla áherslu á framgang þess og ég lít þann veg á að þetta frv. sé hluti af nýgerðum kjarasamningum við kennarastéttina.

Ég legg til, herra forseti, að þegar 1. umr. lýkur verði máli þessu vísað til 2. umr. og menntmn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta frv. og láta það koma fram að ég tel að hér sé hið merkasta mál á ferðinni og eðlilegt sé að koma til móts við kennara með lögfestingu þessa frv. Þetta er gamalt baráttumál kennarastéttarinnar sem sjálfsagt er að koma til móts við.

Í sjálfu sér er eftirsóknarvert að efla menntun kennara og skv. bráðabirgðaákvæði í frv. er ekki tekinn réttur af neinum, þar sem leyfi skv. 1. gr. má enn fremur veita þeim sem ekki uppfyllir skilyrði þessarar greinar en hefur verið skipaður í kennarastöðu eða skólastjórastöðu fyrir gildistöku laga þessara.

Einingafjöldi hvað varðar uppeldis- og kennslufræði kann að vera álitamál. Ég er ekki tilbúinn að fullyrða að 30 einingar séu einmitt sá rétti mælikvarði. Sumir þurfa áreiðanlega miklu meira en 30 einingar til að verða góðir kennarar, en sumir geta verið góðir kennarar þó að þeir kæmust af með færri einingar. Kennarastarfið er í sjálfu sér mjög mikilvægt og það er rétt að leitast við að efla virðingu þess. Þessi frumvarpsflutningur og lögfesting þessa frv. er þáttur í því. Það væri gaman að geta haldið kennara betur í launum, en launakerfi landsmanna hefur nú þróast á þennan veg og það er kannske erfitt að hrófla þar mjög mikið við.

Það hefur gengið erfiðlega að manna skólana með réttindafólki, sérstaklega í dreifbýlinu. Réttindi eru út af fyrir sig engin trygging fyrir því að kennari sé góður, en þó eru réttindi að öðru jöfnu eftirsóknarverð og rétt að hvetja þá sem ætla sér að leggja kennslu fyrir sig til að afla sér viðeigandi menntunar. Ég vil þó taka það fram að ég tel að réttindalaust fólk hafi í mörgum tilfellum unnið mjög gott starf í skólum landsins og ég þekki dæmi þess að í mínu kjördæmi eru að störfum prýðilegir kennarar þó að þeir hafi ekki fyllsta skólanám að baki.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hlýt að gleðjast yfir því að seint og um síðir hefur verið mælt fyrir þessu stjfrv. sem lagt var fram í hv. þingdeild 20. febr. s.l. og það er sannarlega gagn að það ríki sæmileg samstaða um framgang þessa máls hér í þinginu til þess að hægt verði að lögfesta þetta frv. fyrir þinglok, en gert mun ráð fyrir því að þingi ljúki síðla í aprílmánuði. Ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því að svo geti orðið og hef raunar ýtt á eftir því oftar en einu sinni að menntmn. deildarinnar fengi þetta mál til meðferðar. Sé einhugur um þetta mál, sem ég leyfi mér að vona að ríki í hv. þingdeild og væntanlega í Ed. líka, er enginn vandi hér á höndum og við skulum vænta þess að leikar fari svo að frv. þetta verði að lögum hið allra fyrsta.

Ég vil nefna það hér að haustið 1985 flutti ég ásamt tveimur öðrum hv. þm., hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm., sem þá sat hér sem varamaður, Kristófer Má Kristinssyni, frv. til l. um lögverndun á starfsheiti kennara sem gerði ráð fyrir svipaðri málsmeðferð að mörgu leyti og fram kemur í þessu frv. þó að sá kostur hafi hér verið valinn, og ég er síst að gagnrýna það, að fella saman lögverndun á starfsheiti kennara í grunnskólum og framhaldsskólum og réttindi og skyldur kennara sem kveðið var á um í öðrum lögum.

Því var lýst yfir rétt um það leyti sem frv. okkar þriggja kom fram að ríkisstj. mundi flytja frv. um málið þá á næstu vikum, en það dróst eins og menn vita og var tilefni ítrekaðrar umræðu hér á síðasta vetri að ekki var staðið við þau fyrirheit af hæstv. ríkisstj. Þegar sér í land í sambandi við þetta brýna hagsmunamál, ekki aðeins kennara heldur nemenda og foreldra, sem þarna eiga óskiptan hlut að máli, þetta er stórt mál sem varðar landsmenn alla, skiptir miklu að það komist seint og um síðir í höfn.

Ég vænti þess að sú skipan mála sem hér eru gerðar tillögur um verði bæði til þess að efla skólastarf almennt í landinu, innra starf skólanna, en einnig til þess að auka veg kennarastéttarinnar og skila sér í launum henni til handa þannig að endir verði bundinn á þá þróun, sem hefur verið í gangi, öfugþróun, að fjöldi manna, karla og kvenna, sem hafa menntað sig til starfa í skólum, hafa öðlast full kennararéttindi, hefur vegna launakjara og aðstæðna sem skólunum eru búnar, bágra aðstæðna í mörgum greinum, kosið að hverfa til annarra starfa. Þannig er fjöldi manna sem hefur menntað sig til kennarastarfa við önnur störf í þjóðfélaginu og hefur ekki horfið að því sem hugur þeirra upphaflega stóð til.

Ástandið í sambandi við skipan í kennarastöður í landinu nú er öllum þekkt, svo ljóslega sem það hefur verið dregið upp m.a. af samtökum kennara á þessum vetri. Tvö kjördæmi landsins, tveir landshlutar, Vestfirðir og Austurland, eru þannig staddir í þessum efnum að aðeins rétt röskur helmingur kennara í skólum þar hefur fyllstu réttindi til starfa og skortir verulega á samkvæmt ákvæðum þessa frv.

Það er alveg rétt, sem síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Norðurl. v., nefndi hér, að margt af því fólki sem þarna er starfandi eru ágætir starfsmenn, en það breytir ekki þeirri staðreynd að það eru fyllstu ástæður til þess að tryggja fyllstu réttindi og gera fyllstu kröfur til kennarastarfsins og innleiða þá skipan sem hér er lögð til.

Ég hygg að ýmsir kennarar telji að undanþáguákvæði skv. þessu frv. séu helst til rúm. Hér er hins vegar um að ræða málamiðlun milli þeirra aðila sem settir voru til verka af ráðuneyti og samtökum kennara til að koma sér saman um þessi efni og ég hygg að eftir atvikum geti allir sæmilega við það unað og þau ákvæði sem eru til bráðabirgða í þessu frv. skapa svigrúm fyrir þá menn sem starfa að kennslustörfum og ekki hafa tilskilin réttindi skv. þessu frv. til að bæta þar úr.

Ég hlýt hins vegar að gera til þess kröfu og bera fram óskir um það að stjórnvöld greiði götu þess fólks sem nú starfar við kennslustörf og skortir á fyllstu réttindi, auðveldi þeim að bæta þar úr og afla sér réttinda eins og tilskilið er. Hér er gert ráð fyrir sérstakri reglugerð um þau efni. Ég tel að það megi ráða bót á þessu með

ýmsum hætti og það þurfi að hafa í huga að verst er ástandið úti í dreifbýlinu að þessu leyti. Ég hygg að það hljóti að koma til álita að gefa mönnum þar kost heima fyrir, sem næst sínum heimilum, á því að ráða bót á því sem á vantar í sambandi við kennsluréttindi þannig að a.m.k. að hluta til geti komið til nám í heimahéraði eða í viðkomandi fræðsluumdæmum.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, vænta þess að þetta mál fái skjóta meðferð á vegum deilda þingsins. Auðvitað hljóta þingdeildir að athuga mál svo sem vert er, gæta þess að tekin sé rétt stefna, en ég heyri það á hæstv. ráðh. að hann leggur áherslu á að málið verði afgreitt og formaður þingflokks Framsfl. hefur tekið undir það svo að við skulum vænta að hér verði engin ljón í veginum og þessi nýskipan öðlist lagagildi innan skamms.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Samtök kennara hafa um nokkurra ára bil haft það að einu meginmarkmiði sínu að lögverndað verði starfsheiti kennara. Er það mikilvægur liður í réttinda- og kjarabaráttu kennarastéttarinnar. Það vinnuálag og sú ábyrgð sem lögð er á kennara í starfi þeirra hafa engan veginn verið viðurkennd í því starfsmati sem gilt hefur um kennarastarfið. Þetta vanmat á störfum kennara hefur skilað sér í lágum launum, svo lágum að raunin er orðin sú að mikill og vaxandi flótti hefur verið úr kennarastétt. Það hefur svo leitt til þess að mikill fjöldi réttindalausra manna hefur tekið að sér kennslustörf, oft til að bjarga heilum byggðarlögum út úr neyð. Er áberandi hve miklu algengara þetta ástand er úti á landsbyggðinni en það er hér í þéttbýlinu. Þessar upplýsingar komu m.a. fram í svörum hæstv. menntmrh. við fsp. minni og hv. 5. þm. Austurl. um þetta efni á þinginu í haust.

Á síðasta þingi og einnig á þessu þingi hef ég borið fram fsp. til hæstv. menntmrh. um hvað líði gerð frv. um lögverndun á starfsheiti kennara. Sömuleiðis var lagt fram frv. frá þm. stjórnarandstöðu um sama efni, eins og kom fram í máli hv. 5. þm. Austurl. Það er því löngu orðið tímabært að frv. um lögverndun á starfsheiti kennara komi fram á þingi og ber að fagna komu þess.

Í öllum meginatriðum get ég fallist á efni þessa frv., en hef þó ýmsar athugasemdir við nokkur atriði. Ég mun þó ekki við þessa 1. umr. fara út í efnislega umræðu um málið, en geyma mér það til næstu umræðu.

Kvennalistinn á ekki fulltrúa í hv. menntmn. Nd. og vil ég því fara fram á að fá að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi meðan hún fjallar um þetta mál. Og ég legg áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga fyrir þinglok og mun sannarlega gera það sem í mínu valdi stendur til að vinna því brautargengi.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég get gert líkt og fyrri ræðumenn að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við frv. sem hér liggur fyrir til umræðu.

Hæstv. menntmrh. minntist á það í framsöguerindi sínu að þetta frv. væri í raun og veru hluti af kjarasamningum kennara, þ.e. að lögvernda starfsheiti þeirra og starfsréttindi við kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum. Ég hygg að menn verði að gera sér fulla grein fyrir því að þó að svo hafi til skipast í þjóðfélaginu að það hafi komið í hlut kennara að berjast fyrir þessum réttindum sínum, starfsréttindum, er þetta alls ekki þeirra einkamál heldur er þetta mál þjóðarinnar allrar, þ.e. að hagur þjóðarinnar er ekki minni í þessu máli en kennaranna sem starfsstéttar. Í umræðunni um lögverndun starfsheitis kennaranna í blöðum og víðar hefur því verið haldið fram að það sé bara brauðstrit kennaranna sem birtist í þessari kröfu um lögverndun og sýnir það í raun og veru hvaða viðhorf margir hafa til kennslumála hér í landi.

Það gegnir furðu hversu það hefur dregist að fá þessi sjálfsögðu réttindi og þessar sjálfsögðu skyldur kennara lögfestar. Sem betur fer virðist þetta nú munu ganga í gegn. En engu að síður er ástandið í launamálum kennara og aðstaða þeirra í starfi þannig að það er Íslendingum til háborinnar skammar. Ég hlýt aðeins að koma að því máli í tengslum við það mál sem hér er til umræðu úr því að það er lagt fram sem hluti af kjarasamningum kennara í þeirra kjarabaráttu.

Þess er fyrst að geta að mikill flótti er úr stéttinni og það sem brennur á börnum og foreldrum er að sjálfsögðu að réttindalausir kennarar verða æ fleiri og vinnubrögðin þar af leiðandi almennt lakari. Svo er komið að í heilum landshlutum er kannske meira og minna helmingur af öllum kennurunum réttindalaus. Það undrar mig stórlega hvað dreifbýlisþingmenn hafa verið dæmalausir deyfingjar í að krefjast þess að börn þeirra fái jafngilda og góða menntun og gerist hér í þéttbýlinu. Menning og menntun er grundvallaratriði hvað snertir dreifbýlið. Dreifbýlismenn verða að hugsa örlítið meira en um þorskinn sinn og sauðkindina.

Ég vil benda á að vanmat þessa þjóðfélags er slíkt á kennurum og starfi þeirra að þjóðfélaginu þykir hæfa eða öllu heldur ráðamönnum að hafa bílastyrki handa bankastjórum sem nema 15 árslaunum kennara og það þykir hæfa að forustumaður í þjóðfélaginu skreppi til Kóreu á fund að sögn til þess að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar og sú ferð kostar 25 árslaun kennara. Þetta þykir ekki tiltökumál. En þegar verið er að berjast fyrir réttindum og launum kennara er andsvarið ekkert. Þá segja þeir: Verðbólguvandræði — og: Það er ekkert fé til. Ég hygg að það sé kominn tími til þess, og ég beini því til hæstv. menntmrh. Sverris Hermannssonar, sem situr mér til vinstri handar, að hann af sínum ágæta dugnaði taki nú upp einhverja almenna heildarstefnu í kennslu- og menntamálum þjóðarinnar, það verði einhvern tíma talað almennt um hvað vaki fyrir þessari þjóð í þeim málum. Hvað vill þessi þjóð í kennslu- og menntamálum? Það þarf að hafa einhverja stefnu. Hér er allt leyst frá degi til dags. Ég skal nefna 2–3 dæmi til fróðleiks.

Það er t.d. verið að úthluta listamannalaunum upp á 4 millj. kr. handa 40 listamönnum. Hvaða fé er það? Ég get upplýst þingdeildina að þessar 4 millj. eru söluskattur af einni bók sem Háskólinn gaf út og heitir Íslensk samheitaorðabók. Það er söluskattur af einni bók. Svo kemur íslenska þjóðfélagið og er að veita 40 listamönnum laun sem nema söluskatti af einni bók! Svo koma starfsstyrkirnir o.s.frv. — Það þarf að taka öll þessi mál til heildarendurskoðunar.

Ég minnist á að söluskatturinn af bókum hér er svo hár að þeir sem skrifa bækurnar lepja dauðann úr skel. Svo er þjóðfélagið orðið svo undarlegt að sá maður sem teiknar kápumynd á bókina fær jafnháa upphæð og sá sem skrifar bókina. Það þarf að taka þessi mál föstum

tökum, þ.e. fá einhverja allsherjar stefnu í þessum málum.

Í kennslumálum vil ég minnast á eitt smáatriði. Við erum að burðast með tvo stóra háskóla. En hvers vegna erum við með tvo skóla? Er ekki rétt að flytja kennslu í ýmsum almennum greinum yfir í Háskólann og láta Kennaraháskólann um að kenna uppeldis- og kennslufræði? Við erum að burðast með tvöfalt kerfi.

Þetta eru ærin verkefni. Á öllum sviðum kennslu- og menntamála blasa við stórfelld verkefni, en Alþingi Íslendinga hefur yfirleitt ekki tíma til að ræða um slíka hluti. Það er miklu skemmtilegra og miklu meira spennandi að ræða um útflutning hrossa, sérstaklega ef á að setja lagaákvæði um að hrossin eigi að vera heilbrigð þegar þau eru flutt úr landi.

Ég vil beina því til hæstv. menntmrh., vegna þess að ég veit af eigin reynslu að hann er skörungur, að hann mundi reisa sér verulegan bautastein ef hann reyndi að samhæfa þetta og mynda í fyrsta skipti í sögu íslenska lýðveldisins einhverja menntastefnu. M.a. vil ég benda á að stokka upp bæði í háskólakerfinu, í sambandi við styrk og laun til listamanna, um söluskatt af bókum o.s.frv., reyna að fá eitthvert vit í þessa hluti.

Í sambandi við þetta frv., svo að ég snúi mér aftur að því, er eitt atriði sem fer illa í mig. Það er sú hugmynd og er studd af voldugum hagsmunahópi að nám eigi að vera 30 einingar í kennslu- og uppeldisfræði til að geta kennt í menntaskóla eða á framhaldsskólastigi. Þetta er ekkert vit. Maður sem kennir aðalgrein í menntaskóla eða framhaldsskóla á að hafa 60 einingar í sinni þekkingar- og fræðslugrein. Þetta er of lítið í raun og veru. Hins vegar þarf 30 einingar til að læra uppeldis- og kennslufræði. Heilt ár eiga menn að vera að læra að kenna og margt af þessu er með undarlegum hætti. Ég tel að þarna eigi að gera breytingu á. Kennslu- og uppeldisfræði á ekki að nema nema 15 einingum, það er nóg, og færa á þessar afgangs 15 einingar yfir á þekkinguna í þeirri grein sem verið er að læra. En það er erfitt að breyta þessu, hæstv. menntmrh., vegna þess að þú færð á þig stóran hagsmunahóp sem kennir uppeldis- og kennslufræði í skólunum. Engu að síður er nauðsynlegt að gera þessa breytingu. Það er svo mikið atriði að skapa þekkingu í þeirri grein sem maður er að kenna, þ.e. í faggreininni. Þetta er mjög nauðsynlegt.

Ég er víst búinn að tala hér allt of lengi, en ég ætla aðeins að segja smágamansögu, með leyfi herra forseta.

Öllum er ljóst að Íslendingar eru ákaflega hamingjusöm þjóð og það gerast daglega með henni stóratburðir, m.a. sá að það fæddist með henni fallegur krangi í Garðastræti. Og þessi krangi var svo fagur og vel skapaður og lögulegur að allir vildu eigna sér hann. Þessi hnokki var með gullna lokka sem féllu niður á bak og hann var með blíð augu. Hæstv. fjmrh., sem hér er því miður ekki, var sagður eiga krógann. Og í Morgunblaðinu, sem ókindur kalla „fréttablað Hvíta hússins", var sagt að Þorsteinn Pálsson hefði sýnt manndóm sinn með þessum samningum og má það telja mikil tíðindi því hann var ærinn fyrir. En þetta dugði nú ekki því fleiri vildu eiga krógann.

Á þingi framsóknarmanna var því lýst yfir að hæstv. forsrh. hefði átt frumkvæðið að þessum samningum og hefði hann þar með sýnt mikla karlmennsku og var hún þó ærin fyrir. En ekki var það nóg. Þessi fallegi hnokki, hann var berleggjaður, hann var klæðlaus og það rann viðskrh. mjög til rifja svo hann lét kaupa bleyjur á barnið og þá komu forustumenn ASÍ og færðu viðskrh. blómakörfu, ilmandi blómakörfu. Síðan kom yfirlýsing um það frá Verkamannasambandinu að víst ættu þeir og atvinnurekendur krógann og enginn, enginn annar. Það hefði sést til þeirra í útreikningum og við útlistanir og þeir hefðu verið staðnir að verki og það þyrfti engan þriðja aðila til þess að búa til slíkt barn. Svo allir vildu eiga þetta fallega barn.

En þó var til hópur, ófélegur hópur sem nöldrar. Það var fólk sem hefur laun undir 35 000 kr. á mánuði. Það sagði: Þetta barn hefur sultardropa í nefi. Þetta er ekki okkar barn. En við hinir vitum að þetta fólk, sem hefur minna en 35 000 kr. á mánuði, það þekkir ekki sína eigin gæfu. Við vísum slíku á bug. Og ég veit að íslenska þjóðin, næst þegar hún elur barn, að ári liðnu, þá væntum við þess að þá verði enginn sultardropi í nefi. Eða hvað halda alþingismenn?

Herra forseti. Ég lýk máli mínu því mér leiðist allt nöldur.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það hlýtur í sjálfu sér að vera þrautinni þyngra að bera titilinn 5. þm. Reykv. af því sem á dögum var hér maður með slíkum titli sem vildi vera kenndur við þennan króga, a.m.k. eiga eitthvað í krullunum á englahárinu. Eða fer ég ekki rétt með það? En sama er. Ég þakka sérstaklega fyrir góðar undirtektir við frv. þetta öllum sem til máls hafa tekið og bind nú fyllstu vonir við að það fái skjótan framgang. Ég skal beita mér fyrir því formlega að fulltrúi Kvennalistans fái seturétt í nefndinni með tillögurétti og málfrelsi þegar málið verður þar til vinnslu.

Það má margt um stöðu kennara í þjóðfélaginu segja og ég held að sem betur fer séu augu alls almennings að opnast fyrir stöðunni, hversu alvarleg hún er og að skjótra úrbóta er þörf. Ég bendi á, sem fram kom í máli hv. 5. þm. Austurl., að hér er um málamiðlun að tefla. Hér fer því fjarri að allt skrefið hafi verið stigið til fulls miðað við það sem samtök kennara óskuðu eftir og fóru fram á. En þau telja þetta verulegt spor í áttina sem muni verða til þess að menn treysti sér innan tíðar til þess að stíga þetta skref til fulls. Ég dreg ekki úr og ekki af mér þegar ég legg áherslu á að ástandið getur dregið til ófarnaðar að þessu leyti. Ég hef kynnt mér þessi mál og mér er ljóst að við svo búið má ekki standa og mun ég enda leggja mig fram um að reyna að ráða bót á og stemma stigu við þessari alvarlegu þróun. Ég tel að þetta samkomulag, svo skammt sem það nær, sé spor í rétta átt. Því er það sérstaklega ánægjulegt að heyra fulltrúa flokkanna taka svo drengilega undir málefnið.

Það mætti margt segja um þessi mál, en til þess gefst ekki tími nú, og eins það sem fram kom í máli hv. 5. þm. Reykv., þetta ástand í málefnum kennarastéttarinnar á við kennara upp úr og niður úr. Ekki eingöngu í grunnskólum eða framhaldsskólum, heldur einnig á háskólastigi.

Ég hef í athugun málefni Kennaraháskólans og vænti þess að fá tilsögn, því hana verð ég auðvitað að fá ef það á að verða eitthvert gagn af mínu ráðslagi, hvert skal halda í þeim efnum. Ég hef ekki enn fengið þau rök sem sýna mér fram á að rétt sé að leggja hann af í sjálfu sér, en þarna nefnir hv. þm. dæmi, flytur óformlega tillögu, getum við sagt, um hvernig hann gæti hugsað sér skipan

þessara mála og ég hef ekkert um það að segja á þessu stigi máls.

Við ræddum hér eigi alls fyrir löngu um stefnumótun í menningar- og kennslumálum og við vorum öll sammála um að mjög skortir á slíka stefnumótun og að hún fyrirfyndist ekki. Ég rifjaði það upp að þegar ég fékk þessa fsp. fletti ég upp í stefnuskrá núv. ríkisstj. og leitaði mig hálfdauðan að menningarmálunum og fann ekki utan eitt einasta orð, aftast og aftan við öll alvarleg mál, þar sem það var tekið fram að ríkisstj. vildi hafa menntun í landinu. Og þetta ber víst að skilja svo að menn skuli vera læsir og skrifandi. Eða ég veit það ekki. Það vill verða svo stundum að menn skeyta ekki nóg um annað en það sem að þeim snýr þá og þá. En nú snýr þetta að mér og fyrir því er það að ég hef mjög mikinn áhuga á að við ræðum það fyrst, því þess þarfnast. Það setur enginn niður stefnu, enginn einn eða með sínum flokki eða fólki. Við þurfum að ræða þetta okkar í milli vegna þess að hér eiga flokkarnir samleið. Það hlýtur að vera að þeir geti átt samleið á meginbrautum í þessum málum. Þess vegna hef ég í huga og vil, ef ég fæ þeim vilja mínum framgengt, að alþm. verði uppistaða í ráðstefnu sem þyrfti að kalla saman til frumumræðna, af því sem umræða hefur ekki farið fram um þessi undirstöðumálefni okkar, á vori komanda.

Þetta vildi ég segja nú, en að öðru leyti ítreka þakklæti mitt fyrir einstaklega góðar undirtektir við málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Útflutningur hrossa, frv. 337. mál (þskj. 620). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 63. fundur.

Fimmtudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal upplýst að það er gert ráð fyrir að á þessum fundi fari fram utandagskrárumræður um deilu rafeindavirkja og ríkisins.

Úrvinnsla sjávarafla og fjárfestingar í sjávarútvegi, beiðni um skýrslu, 356. mál (þskj. 647). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin samþ. með 33 shlj. atkv.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, þáltill. 11. mál (þskj. 11, n. 507, brtt. 589, 609 og 643). — Frh. síðari umr.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Umræðu um þetta mál var frestað síðast þegar það kom hér til umræðu. Ég tel það vera til hreinnar skammar ef Alþingi Íslendinga ætlar að veigra sér við því að taka afstöðu til þess réttlætismáls sem hér er til umræðu. Hér er verið að vísa mikilsverðu máli frá á forsendum formsins. Þær forsendur, sem beitt er til þess að vísa þessu máli frá, eru bæði léttvægar og ósannfærandi og 1. flm. þessarar þáltill. hefur þegar hrakið þær í máli sínu hér.

Samkvæmt þessari frávísunartillögu, sem heitir á máli formsins að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, eru það rök sem styðja þá dagskrá sem afgreiðir þessa þáltill. hér nú. Það eru hvorki tilfinningar né réttlæti. Undir nál., sem tekur þessa rökstuddu afstöðu til heimilisstarfa og mikilvægis þeirra, skrifa fimm karlar. Ég tel víst að þeir séu um langan aldur og reyndar frá blautu barnsbeini þiggjendur og neytendur þeirrar lífsnauðsynlegu þjónustu sem heimilisstörf eru. Sömuleiðis tel ég víst að allir þeir hagsýslukarlar og efnahagssérfræðingar sem mæla hagsæld í íslensku þjóðfélagi í löngum skýrslum og spám á hverju ári séu líka ómældir þiggjendur þeirrar þjónustu sem heimilisstörf veita. Samt hefur þeim öllum láðst ævinlega allt frá fyrstu byrjun að geta allrar þeirrar vinnu og framleiðslu sem heimilisstörf fela í sér þegar hagsæld þjóðarinnar er mæld.

Þar fer sannarlega ekki saman hagsæld og farsæld og reyndar býst ég við að ef ætti að fara að launa öll heimilisstörf sem unnin eru, hvort sem það væri hérlendis eða erlendis, mundu efnahagskerfi þjóðfélaganna hreinlega springa. Þjóðfélögunum er haldið gangandi af mikilli ólaunaðri vinnu og nægir að nefna það dæmi, sem komið hefur fram í skýrslum Sameinuðu þjóðanna, að konur vinna ⅔ af öllum vinnustundum sem unnar eru í heiminum, en fyrir það fá þær ekki nema 1/10 hluta þeirra launa sem greidd eru fyrir vinnu.

Fram hjá þessum störfum er gengið eins og þau væru unnin af huldufólki, ósýnilegum verum og allir vísa þeir karlarnir kaleiknum frá sér og félagasamtökin þeirra líka. Er það von að konur eigi undir högg að sækja þegar þær leita réttar síns? Er það von að róðurinn sé þungur fyrir þann hluta þjóðarinnar, þau 72% sem vinna ófaglærð láglaunastörf, konurnar? Er það von að meðallaun karla séu 52% hærri en kvenna? Er það von að þau 80% kvenna eða meir sem vinna utan heimilis fái aðeins 5% í meðallaun? Er það nema von að hæstu meðallaun kvenna séu hjá 25—44 ára ógiftum konum og samsvara meðallaunum 15—19 ára og 65—69 ára ókvæntra karla eða 70—74 ára kvæntra karla?

Hv. frsm. allshn. Sþ. óttaðist að með því að taka afstöðu með þessari till. mundi Alþingi fara yfir landamæri sem sæmileg þykja. Hvað var Alþingi að gera hér

ekki margt fyrir löngu þegar það tók afstöðu til aðgerða vegna kjarasamninga sem þó voru allir gerðir úti í bæ?

Það skiptir meginmáli í hvaða samhengi þetta mál er skoðað. Sé þetta mál skoðað í ljósi þeirrar frelsisbaráttu sem konur hafa háð í þessu landi um áratuga skeið er afstaða allshn. ekki bara óskiljanleg heldur líka forneskjuleg og full andúðar.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson talar um að manneskjur geti náð leikni við að sinna störfum lengi og nefndi t.d. knattspyrnu. Á launamálaráðstefnu Sjálfstfl., sem haldin var á Seltjarnarnesi haustið 1983, kom fram sú spurning til þáverandi lögfræðings Vinnuveitendasambands Íslands hvort hann gæti hugsað sér þessa hugmynd, þ.e. að greitt yrði að einhverju leyti fyrir þá starfsreynslu sem fengist hefði fyrir vinnu inni á heimilum. Og þá sagði karlinn: Ja, ég þyrfti nú að fá að sjá það heimili fyrst. — Og ég hef aldrei heyrt jafnmargar konur, ég held að þær hafi verið 300 talsins, sem allar lýstu óánægju sinni á háværan hátt umsvifalaust. Þessi maður skildi hreinlega ekki um hvað var að ræða. Hann skildi það ekki.

Hv. þm. talaði um sjóndeildarhring Kvennalistans. Og ég spyr aftur: Skilur ekki hv. þm. fordæmisgildið sem slíkt skref mundi gefa, fordæmisgildið fyrir frelsisbaráttu sem er mannréttindabarátta, — því að konur eru menn ekki satt — það fordæmi sem samningar við opinbera starfsmenn gefa öðrum aðilum vinnumarkaðarins? Menn eru e.t.v. í raun ekki að takast hér á um skoðanir, en menn eru sannarlega að takast á um pólitíska vilja og hvert einasta skref í réttinda- og frelsisbaráttu kvenna hefur kostað átök við karla, þá karla sem réðu, og um pólitíska vilja þeirra.

Ég ætla að fá að vitna til, með leyfi forseta, hluta af umræðu sem fór hér fram 1949 á hinu háa Alþingi. Þá var verið að berjast fyrir því að konur fengju greidd sömu laun og karlar fyrir hvers konar embætti, störf og sýslanir, hvort sem er í þjónustu hins opinbera eða þjónustu atvinnulífsins. Þá sagði þm. Hannibal Valdimarsson sem bar fram þessa till.:

„En þar sem skórinn kreppir allra mest að er á hinu fjárhagslega sviði, en á því sviði hafa konur langt frá því jafnrétti við karla. Það kann sumum að finnast, að það sé ekki svo mikið. En það var ekki mikið annað, sem á skorti hjá Íslendingum í viðskiptunum við Dani en að okkur skorti fjárhagslegt sjálfstæði, og er þeir höfðu fengið það var eins og allt leystist hér úr læðingi. Á sama hátt er ég sannfærður um að mörg öfl mundu losna úr læðingi hjá konunum ef þær fengju fullt fjárhagslegt sjálfstæði. Danir áttu erfitt með að skilja að þetta stæði okkur fyrir þrifum og nú eru til karlmenn sem skilja ekki að þetta er nauðsynlegt fyrir kvenfólkið."

Þetta var 1949. Og þá fengu karlar 50 kr. fyrir að syngja við jarðarfarir, en konur fengu bara 30 kr. Kvenröddin var ekki meira virði en það.

Það var lagt til að þessu máli yrði vísað til ríkisstj. af því að menn treystu sér ekki til að taka á því hér inni á þinginu. Og áfram fæ ég að vitna, með leyfi forseta:

„Ég er þess vegna hræddur um að þeir sem leggja til að þessu máli verði vísað til stjórnarinnar búi því þar gröf í næstu þrjú eða fjögur ár, þó að þeir telji sig vini málsins. Ég verð að segja það, að hefði málið fjallað um hlutafélög, þá hefði hv. þm. Barðstrendinga ekki talið það svo óvíst og óljóst að vísa yrði því til stjórnarinnar. Og mér er nær að halda að ef það hefði fjallað um skuldir og innheimtu, þá hefði lögfræðingurinn í nefndinni, hv. þm. Seyðfirðinga, þóst kunna skil á því, og ef það hefði fjallað um kýr hefði hv. þm. Norður-Múlasýslu talið sig vita það mikið, að hann hefði ekki lagt til að því væri vísað til stjórnarinnar. En þetta mál, sem fjallar um konur, er svo undarlegt að jafnvel lögfræðingurinn stendur ráðþrota. Ég held að þeir viti meira en þeir vilja vera láta, a.m.k. lögfræðingurinn."

Og síðan stendur áfram: „Frv. fer ekki fram á annað en að konur fái jafnan þegnrétt á við karlmenn."

Síðan var málið fellt, hv. þm., og fjmrh. þáv., sem hét Jóhann Jósefsson, sagði og gerði grein fyrir sínu atkvæði, ef ég má vitna aftur til þess, með leyfi forseta:

„Herra forseti", sagði hann. „Mér finnst nú að þótt mörg mál hafi verið kölluð krypplingar hafi ekkert verið það jafnmikið og þetta. Ég treysti mér ekki til að setja þennan kryppling á og segi því nei."

Þannig fóru þeir að 1949 til að varna því að konur fengju jafnhá laun og karlar. Og hvers vegna gerðu þeir það? Og hvers vegna á að reyna að stöðva þetta mál núna með einhverjum hætti? Af því að það komi ekki Alþingi við. 51 karli og 9 konum komi það ekki við hvort heimilisstörf, sem við öll höfum þegið frá blautu barnsbeini, séu metin til þeirra verðleika að þau séu launuð að einhverju leyti þegar út á vinnumarkað kemur. Ég ansa þessu ekki. Þetta er fyrirsláttur. Og ef síðan á að nota þá aðferð við að drepa þessu máli á dreif að bera fram ótal brtt. sem hver verður látin fella aðra, þá segi ég: Skammist þið ykkar, skammist þið ykkar, og þið eigið ekki skilið að verða kosnir hingað inn aftur. Það segi ég.

Ég vil minna ykkur á, góðir samþingsmenn, að réttindabarátta kvenna hefur aldrei verið fyrirhafnarlaus. Það hefur um aldaraðir vantað pólitíska vilja, og pólitíska vilja hverra, til þess að leyfa konum að njóta virðingar og launa fyrir framlag sitt til samfélagsins? Nú er spurningin: Hve margir ykkar hér ætla að standa í vegi fyrir því að heimavinnandi konur fái lágmarks- — ég endurtek — lágmarksviðurkenningu fyrir framlag sitt þegar þær síðan fara út á hinn almenna vinnumarkað? Það mun verða tekið mjög vel eftir því hvernig atkvæði skipast í þessu máli.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Vegna þess að inn í þessar umræður hér á dögunum var mikið blandað kjarasamningunum kemst ég ekki hjá því að minnast á þá af því tilefni. Umræðan um kjarasamningana hefur farið fram með undarlegum hætti og þó ekki síst af sumum hv. alþm. Það er engu líkara en sumir hv. þm. hafi jafnvel fróun af því að niðurlægja löggjafarsamkomu þjóðarinnar eftir öllum mögulegum leiðum. Og jafnvel að manni finnist stundum að langt sé seilst til að ná því marki. Því er t.d. haldið fram að þjóðþingið sé valdalaus stofnun, nánast afgreiðslustofnun fyrir hagsmunahópa úti í bæ. Að stefnan í efnahags- og kjaramálum hafi nú verið tekin uppi í Garðastræti. Á þau mál hafi ráðherrar og þm. engin áhrif haft. Aðeins hafi Alþingi samþykkt það sem þeir í Garðastrætinu hafi komið sér saman um og rétt síðan hæstv. ríkisstj. og sagt henni að þetta yrði hún að sjá um að þingið samþykkti. Í þessa veru eru umræðurnar, hér og í fjölmiðlum.

Þrátt fyrir þessa barnalegu umræðu hvarflar það ekki

að mér að hv. alþm., a.m.k. flestir þeirra, gangi hér um sali dofnir og svefndrukknir og viti ekki hvað fram fer í hv. Alþingi. Ég stend í þeirri trú að öll þjóðin, a.m.k. þeir sem komnir eru yfir fermingaraldur, viti hvaða mál það voru sem hæstv. ríkisstj. kom sér saman um að leysa og var hornsteinninn að því að hún var mynduð. Hver er það hér í hv. Alþingi sem ekki veit það að sú ríkisstjórn sem nú situr var fyrst og fremst mynduð til að takast á við verðbólguna og meira að segja að nota til þess öll tiltæk ráð að ná henni niður í svipað stig og verðbólguhraðinn er í viðskiptalöndum okkar?

Þó var einn fyrirvari gerður sem var markmið númer eitt, þ.e. forgangsverkefni, og það var að halda uppi fullri atvinnu — að lengra í glímunni við verðbólguna yrði ekki gengið en það að atvinnustigið átti að sitja fyrir — og ná verðbólgunni niður í eins stafs tölu á kjörtímabilinu. En hún var í þriggja stafa tölu er ríkisstj. var mynduð eins og hv. þm. hljóta að muna eftir. Ef það næst fram sem samningarnir gera ráð fyrir verður verðbólgan 7–8% í árslok.

Hitt er svo annað mál að ýmsir hv. þm. stjórnarliðsins og auðvitað fleiri þm. hefðu viljað ná einnig árangri í því að jafna aðstöðu- og tekjumuninn í þjóðfélaginu og hafa lagt fram kröfu um það. En því miður reyndist þar við ramman reip að draga. En við svo búið má ekki standa. Tekjumunurinn verður að minnka en ekki vaxa eins og hefur verið síðustu árin. Annað er ekki sæmandi.

Í fyrstu glímunni við verðbólguna af hendi þessarar ríkisstj. náðist sá árangur sem að var stefnt. Verðbólguhraðinn minnkaði verulega, eða úr um 130% í um 25% en um seinni töluna hefur verið nokkuð deilt.

Síðan þessi árangur náðist hefur lítið jákvætt gerst í þessu efni fyrr en nú. Verðbólgan fór á fullt skrið á ný. Í kjarasamningunum 1985 náðust ekki fram nauðsynlegar aðgerðir til þess að ná tökum á verðbólgunni. Fyrst og fremst vegna þess að ekki náðist fram að láta vextina lækka eins og nú er gert. Ég og ýmsir aðrir hv. þm. lögðum þunga áherslu á það að vextirnir yrðu látnir lækka þá strax er búið var að undirskrifa samninga því það mundi sýna sig að það eitt mundi hafa mikil áhrif, margfeldisáhrif til lækkunar og slaka á kröfunni um hækkanir á öllum mögulegum sviðum eins og hefur verið raunar á öllu þessu verðbólgutímabili.

Í umfjöllun um kjarasamninga nú er það sagt beint og óbeint að allt frumkvæði að því að gera kjarasamningana í því formi að verðbólguhraðinn næðist í það mark sem hæstv. ríkisstj. setti sér í upphafi síns stjórnarferils hafi komið frá aðilum vinnumarkaðarins, m.ö.o. úr Garðastrætinu. Það er engu líkara en að bréf hæstv. forsrh., sem hann skrifaði vinnumarkaðinum 11. febrúar s.l., hafi farið fram hjá mönnum, þó ótal sinnum hafi verið frá því sagt og á það minnst síðan. Og það lítur helst út fyrir að fram hjá hv. þm. hafi farið margendurteknar yfirlýsingar hæstv. forsrh. og fleiri hæstv. ráðh. þess efnis að ríkisstj. væri reiðubúin til þess að gera sitt til þess að samningar næðust í höfuðdráttum eins og niðurstaðan varð, þ.e. að ná verðbólguhraðanum niður í eins stafs tölu og að vextir væru lækkaðir strax og undirskrift samninganna væri lokið og niðurtalning yrði reynd og gerð eftir því sem fært þætti.

Og árangurinn hefur komið í ljós. Það fer því ekki á milli mála að grunnurinn undir þessa kjarasamninga var lagður af ríkisstj. og þeim flokkum sem styðja hana. Hver eða hverjir hafa svo haft mest áhrif á ýmsa útfærslu þessara samninga að öðru leyti er ekki jafnljóst, t.d. á þá miklu lækkun á bifreiðum sem mun ekki reynast til hagsbóta fyrir þá sem verst eru settir í þjóðfélaginu heldur jafnvel það gagnstæða. Fyrir þá hefði komið sér best að lækka með einhverjum hætti eða greiða niður brýnustu lífsnauðsynjar. Kjör þeirra eru nú, eins og stundum áður, fyrir neðan þau mörk sem þjóðinni eru í raun og veru samboðin.

Margt fleira væri hægt að segja um niðurstöður þessara samninga. Hitt er það að ef verðbólgudraugurinn verður í reynd kveðinn niður með þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið er það mikið fengið að ekki er verjandi að sleppa slíku tækifæri þrátt fyrir þá annmarka á samningunum sem ég hef nefnt.

Hafi samningar einhvern tíma verið tímamótasamningar eru það þeir samningar sem ná slíkum árangri. Og auðvitað eru það hrein öfugmæli að halda því fram að það sé ekki fyrst og fremst verk hæstv. ríkisstj. og þeirra flokka sem hana styðja að þessir skynsemissamningar náðust þó auðvitað hafi aðilar vinnumarkaðarins fyllt inn í þann ramma. Þeim hefði ekki verið hægt að ná ef þar hefði ekki verið skilningur.

Ég hef sjaldan orðið eins undrandi og þegar ég heyrði og sá rökstuðninginn fyrir dagskrártillögunni sem er til umræðu og er á þskj. 507 og þó ekki síður á tillögunni sjálfri. Ef ég hefði verið í þeirri nefnd sem fékk þessa tillögu til umfjöllunar hefði ég einmitt notað þau rök sem meiri hl. hv. allshn. notaði til frávísunar en fyrir því að vilja samþykkja tillöguna. Þó hefði ég lagt til að henni yrði nokkuð mikið breytt, eins og ég og nokkrir hv. þm. hafa hér lagt fram, og kem að því síðar.

Tillagan frá meiri hl. hv. allshn. er þannig, með leyfi forseta: „Nefndin hefur fjallað um tillöguna og athugað þær umsagnir sem henni bárust. Fram hefur komið í umsögnum að víða eru heimilisstörf metin til starfsreynslu í kjarasamningum.“

Einmitt sú staðreynd að sumir hafa fengið þetta metið sem starfsreynslu en aðrir ekki gefur ástæðu til þess að Alþingi samþykki yfirlýsingu um það að það telji rétt að uppeldis- og umönnunarstörf á heimilum séu metin til starfsreynslu á svipaðan hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum. Það er full ástæða til þess að þingið lýsi því yfir að það vilji ekki að þarna sé gerður greinarmunur á einstaklingum eða starfshópum. Hvers vegna á einn starfshópur að fá heimilisstörf metin og fá laun greidd skv. því en aðrir ekki?

Síðan segir í hinni rökstuddu dagskrá, með leyfi hæstv. forseta: „Þar sem tillaga þessi fjallar um efni sem ber að semja um í kjarasamningum en ekki ákveða með fyrirmælum frá Alþingi telur Sþ. ekki ástæðu til ályktunar í þessu máli og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Mín skoðun er sú að alls staðar þar sem er að finna mismunun í þjóðfélaginu sé það í eðli sínu mál sem Alþingi á að fjalla um og taka afstöðu til. Ég veit ekki hvað Alþingi ætti að fjalla um ef það ætti ekki að fjalla um slík mál. Og ég verð að segja það að ég tel uppeldisstarfið það mikilvægt að það nái raunar ekki neinni átt að störf kvenna, sem eru að ala upp nýja þjóðfélagsþegna, séu svo vanmetin að hv. Alþingi vísi tillögu um að rétta þeirra mál frá með rökstuddri dagskrá, mál þeirra sem ættu að fá viðurkenningu einmitt fyrir að vinna slík störf. Það er upplýst að sum fyrirtæki meta heimilisstörf til starfsreynslu en önnur

ekki. Líta hv. alþm. virkilega svo á að það sé Alþingi óviðkomandi hvernig með slíkt sé farið?

Ég er gamall verkstjóri og hef reynslu af því að ekki fara alltaf saman starfsaldur og verkkunnátta og því síður afköst. Segjum að tvær konur hefji störf samtímis í sama fyrirtæki. Eftir nokkur ár hafi önnur þeirra farið til þess að eiga börn og sinna þeim í einhvern árafjölda en hin starfað áfram í fyrirtækinu. Þá er það síður en svo gefið að sú sem kyrr var standi sig betur í starfi en hin þegar hún kemur til baka að uppeldisstarfinu loknu. Er þá eitthvert réttlæti í því að hún fái minni laun fyrir það eitt að hún fór um tíma til að sinna þessu mikilvæga starfi — ég vil segja einu mikilvægasta starfi þjóðfélagsins? Og þó að kona hafi ekkert unnið utan heimilis, hafi ekki unnið það sem kallað er launað starf en séð um uppeldi barna eða unnið ólaunuð umönnunarstörf, á hún ekki að gjalda þess í launum ef hún fer út á vinnumarkaðinn heldur ætti hún frekar að njóta þess því svo eru þessi störf mikilvæg fyrir þjóðfélagið. Enda gæti slík kona haft eins mikla starfsreynslu og starfskunnáttu til að vinna ýmis störf og jafngömul kona sem hefur alltaf unnið úti á vinnumarkaðinum. Slík dæmi sjáum við fyrir okkur hvar sem er í þjóðfélaginu.

Uppeldis- og umönnunarstörf á að meta og verður að meta að verðleikum. Einnig þarf að tryggja þeim konum sem vinna á heimilum lífeyri þegar aldur færist yfir þær ekkert síður en þeim konum sem vinna úti á vinnumarkaðnum. Mér finnst að það sé skylda Alþingis að fjalla um þau mál og sýna í verki að það meti að verðleikum slík störf. Hitt er annað mál að ég hef borið fram brtt. við þessa tillögu þeirra hv. Kvennalistakvenna. Í fyrsta lagi segir í till. þeirra að fela eigi fjmrh. að gera þessa könnun. Þessi mál heyra undir fleiri ráðherra og í eðli sínu er sjálfsagt að það sé ríkisstjórnin sem annist hana. Það segir líka í þessari till. að hafi heimilisstörfin verið aðalstörf — en reynslan er sú að það eru talin aðalstörf þó að kona vinni ekki úti nema hálfan dag, þó að hún vinni hinn tímann og um helgar heima, þá er það ekki aðalstarf — sem sagt að sú kona sem færi út á vinnumarkaðinn, jafnvel keypti sér vinnu, þá væru heimilisstörfin ekki aðalstarf eins og þetta er metið. Það finnst mér fráleitt.

Fleira mætti segja um þessa till. Og af því að hv. allshn. afgreiddi það mál eins og hún gerði — ég ætla ekki að ræða þessa till., það verður sjálfsagt gert hér af öðrum síðar — þá fannst mér ekki annar kostur heldur en leggja fram hér till. sem ég taldi og tel að nái því sem ég vil ná út úr slíku. Að vísu hefði kannske mátt kveða ákveðnar að orði. En ég ætla að segja aðeins örfá orð um þessa till. Hún er flutt ásamt mér af hv. þm. Þórarni Sigurjónssyni, Haraldi Ólafssyni og Guðmundi Bjarnasyni. Till. orðast svo:

Tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Því felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf vegna barnauppeldis eða umönnunar á hliðstæðan hátt og starfsreynslu hjá opinberum aðilum við ákvörðun starfsaldurshækkana starfsmanna.

Jafnframt verði tryggt að þeir starfsmenn, sem vinna hjá hinu opinbera, njóti þessa réttar sé hann þeim ekki þegar tryggður."

Það sem ég hef heyrt agnúast út í þessa till. fyrir er að ekki sé fleira talið upp. En hvað fylgir heimilisstörfum? Hvað fylgir heimilisstörfum fyrir konu sem annast barnauppeldi eða umönnun annaðhvort gamalmenna eða sjúklinga? Eru það ekki öll heimilisstörf? Felst það ekki í tillögunni? Eða halda menn að eitthvað af þeim störfum verði ekki unnið af slíkum konum? Ég vil halda því fram að þessi till. okkar fjórmenninga nái yfir það sem við viljum a.m.k. stefna að. Svo er það undir hv. þm. komið hvort hún nær náð fyrir þeirra augum og læt ég þar með máli mínu lokið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Eftir að ég ræddi þetta mál fyrr við umræðuna talaði hér frsm. fyrir till. allshn. um rökstudda dagskrá. Það eru nokkur atriði sem hann vék að sem voru tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs á fyrri fundi aftur um þetta mál. Síðan hafa komið brtt. við upphaflega till. og ég mun ræða þær aðeins jafnframt því sem ég ætla að leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við málflutning hv. 5. þm. Vestf.

Hann hafði upphaflega látið í það skína að í umsögnum um þessa till. hefði komið fram almenn andstaða þeirra sem umsögn veittu, aðila vinnumarkaðarins, sem hefðu lagst gegn því að upp yrði tekinn sá háttur, sem lagt var til í till., að Alþingi álykti um málið, og teldu að þetta væri verkefni aðila vinnumarkaðarins að leysa í viðræðum sín á milli. Þegar hv. þm. síðan fór að vitna til umsagnanna að gefnu tilefni kom í ljós allt annað en hann hafði haldið fram í sinni fyrstu ræðu þegar hann mælti fyrir till. allshn. Það var aðeins einn aðili sem talaði fyrir vinnumarkaðinn í umsögn til allshn. sem lagðist eindregið gegn málinu, það var alveg ljóst, Vinnuveitendasamband Íslands. Vinnuveitendasamband Íslands mælti gegn samþykkt þessarar till. og lagðist mjög eindregið gegn málinu.

Alþýðusamband Íslands veitti umsögn. Það taldi ekki ástæðu fyrir sig að fjalla um málið vegna þess að till. tæki fyrst og fremst til opinberra starfsmanna — að fela fjmrh. að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf framvegis metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna, eins og þetta er orðað í till. — Og Alþýðusambandið taldi að það væri ekki eðlilegt að þeir færu að hafa afskipti af samningamáli sem þessu, sem snerti þarna annan aðila, og tóku ekki aðra afstöðu.

Í umsögn Verkamannasambands Íslands, sem vitnað var til af frsm. í annarri ræðu hans hér við umræðuna, kom hins vegar fram stuðningur við meginefni till., og tekið fram að hér væri á ferðinni sanngirnis- og réttlætismál, en það fundið að að till. væri ekki nógu almenn þar sem hún væri takmörkuð við opinbera starfsmenn og hvatt til þess að henni yrði breytt í þá átt að hún varðaði almenn réttindi heimavinnandi fólks.

Það er sannarlega langt gengið þegar talsmaður nefndarinnar í framsögu sinni túlkar þessi viðhorf Alþýðusambands Íslands og Verkamannasambands Íslands sem andstöðu við þetta mál, þegar andstaðan kemur aðeins frá einum aðila eins og ég hef hér rakið og hv. þm. greindi frá þegar hann vitnaði til umsagna. (**ÓÞÞ:** Þú ferð rangt með, Hjörleifur, og þú veist það, þetta eru hreinar lygar.) Hv. þm. ætti að koma hér og

standa fyrir máli sínu og viðhafa þau ummæli um hreinar lygar hér úr ræðustól. (**ÓÞÞ:** Já, það skal gert.) Það er alveg velkomið. Ég hlustaði á hv. þm., það sem hann las hér upp og hvernig hann túlkaði sitt mál. En það er ósköp eðlilegt að hv. 5. þm. Vestf. sé farinn að ókyrrast í sambandi við þetta mál eftir þá tillögugerð sem hann hefur beitt sér fyrir í allshn. um afgreiðslu málsins. Hann er að verða nokkuð frægur að endemum vegna þess tillöguflutnings. Og það eru fleiri en stjórnarandstaðan sem finna að því. Það eru fleiri sem finna til vegna frammistöðu hv. þm. í þessu máli eins og hefur mátt marka af máli samþingsmanna hans, samflokksmanna hans hér í ræðustól, þar á meðal hv. 9. þm. Reykv. Og við máttum heyra það að eitthvað hafði verið hróflað við samviskunni hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. sem talaði hér á undan mér við umræðuna. Nei, þetta er afar sérkennilegur málflutningur, eins og hér hefur verið bent á af mörgum ræðumönnum í þessari umræðu, þessi tillaga um rökstudda dagskrá, enda á ég bágt með að ímynda mér að hún eigi meirihlutafylgi í sameinuðu þingi.

Hér liggja fyrir brtt. sem hafa komið ein af annarri. Ég vil vona það að hugurinn að baki þeim sé ekki sá, sem mátti kannske skilja á hv. 3. landsk. þm., að þær væru fluttar til þess að vega hver gegn annarri. Ég vænti þess a.m.k. að hv. þingdeild beri gæfu til þess að ná efnislegri niðurstöðu í þessu máli og taka á því þannig að við megi una, taka á því þannig að sá hugur, sem ég vænti að sé hjá þeim mönnum sem hafa talað hér og flutt tillögur um þetta mál, komi fram.

Ég taldi þá till., sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson og Jóhanna Sigurðardóttir hv. þm. stóðu að og kom fyrst þessara brtt., vera út af fyrir sig alveg frambærilega till. þó að ég hefði orðað hana öðruvísi. Ég hef þegar lýst því yfir að ég hefði getað stutt upphaflega till. eins og hún lá hér fyrir. En hitt er jafnljóst að hún var ekki jafnalmenn og æskilegt væri varðandi þetta mál. Till. á þskj. 609 er víðtækari að því leyti að í upphafi hennar er gert ráð fyrir að Alþingi álykti að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust sem aðalstarf á heimilum landsins — sem sagt almennt.

Síðan hefur hv. þm. Stefán Valgeirsson beitt sér hér fyrir tillöguflutningi af sinni hálfu og nokkurra samflokksmanna. Það er till. sem á margan hátt svipar til till. á þskj. 609. Og síðan er komin brtt. við þessa till. sem útvíkkar hana og gerir hana ótvíræðari, hvað við er átt. Mér finnst það vera þráhyggja ef hv. flm. till. á þskj. 643 eru ekki reiðubúnir til að taka inn þau atriði sem í þessari brtt. felast og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir er 1. flm. að en meðflm. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Helgi Seljan. En þar er gert ráð fyrir að auk þess að vísa til ólaunaðra heimilisstarfa vegna barnauppeldis og umönnunar komi inn viðbótin: matargerðar, þvotta, ræstinga o.þ.h. Það tekur auðvitað af tvímæli að bæta við því sem hér er gert ráð fyrir með þessari brtt. og ég styð hana eindregið og tel að hún sé til bóta og skýri enn frekar það sem fram kemur á þskj. 643.

Eðlilegast hefði auðvitað verið að þessi mál hefðu fengið allt aðra meðferð í þingnefnd. Þar hefðu fulltrúar flokkanna og áheyrnarfulltrúar, sem eiga kost á að koma inn á nefndarfundi, getað samræmt sjónarmið sín og borið fram efnislegar till. um málið, en því miður hefur það ekki orðið. En enn gefst kostur á því að samræma þennan tillöguflutning, sem hér liggur fyrir á þremur þskj., og ég vil hvetja til þess að það verði reynt þannig að menn nái hér skynsamlegu landi, þeir sem tala jákvætt í þessu máli og á öðrum nótum en fram kom í brtt. frá Guðmundi H. Garðarssyni. Þó ekki væri þar um andstöðu að ræða við málið þá gekk sú brtt. allt of skammt og hefur nú verið dregin til baka og flutt sem sérstök þáltill.

Ég ætla ekki, þó tilefni væri til, að fara út í almenna umræðu um kjarasamninga og slík efni eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði. Það er honumn að sjálfsögðu frjálst og full ástæða til að ræða þau efni. Ég gæti gert margar athugasemdir við þau faðernismál á króganum sem var til umræðu í Nd. í gær og hv. þm. Bjarni Guðnason vék að. Kannske verða einhverjir til að gera athugasemdir við málflutning þm. um þessi efni. Ég þykist vita að samviskan sé ekkert allt of góð hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. þegar hann lítur yfir farinn veg í þessu stjórnarsamstarfi, til aðgerða ríkisstj. og þeirrar gífurlegu mismununar í samfélaginu sem hún hefur stuðlað að með aðgerðum sínum og ákvörðunum. Það gefst væntanlega tilefni til að ræða það betur. Eitthvað ræddi þm. um dofna menn og svefndrukkna þm. ef ég hef heyrt orð hans rétt. Ég veit nú ekki hverjum sú sneiðin var ætluð, hvort það eru stjórnarliðar sem eru svo illna haldnir að þeir reiki hér dofnir og svefndrukknir um sali. Oft mætti ætla það miðað við þær tillögugerðir og ákvarðanir, sem teknar hafa verið af þeirra hálfu, að slíkt væri ástand þeirra. Og þarf vafalaust sitthvað til að deyfa samviskuna hjá sumum sem staðið hafa að þeim aðgerðum og ákvörðunum af hálfu stjórnarmeirihlutans hér á þingi.

Vissulega er um stórt réttlætismál að ræða sem hér er til umræðu og það varðar miklu að þingið álykti um þetta efni til þess að tryggja að þeir sem vinna ein þýðingarmestu störf í landinu, inni á heimilum landsins, fái sitt starf metið til starfsreynslu. Það er mál sem varðar ekki aðeins konur í landinu, það er mál sem varðar samfélagið allt. Ég kann ekki við það þegar rætt er um það sem einhverjar tvær andstæðar fylkingar sem vegist á í sambandi við jafnréttis- og réttlætismál í landinu. Einhverjar tvær sundurgreindar fylkingar eftir kynjum eingöngu. Auðvitað er það svo að skyldan hlýtur að bjóða konum að berjast fyrir því misrétti öðrum fremur sem á þeim brennur. Það varðar hvern og einn hóp sem fyrir óréttlæti verður og því er það fagnaðarefni þegar konur landsins fylkja til sóknar fyrir réttindum sínum, á hvaða vettvangi sem er. En það þarf að gæta þess að sundra ekki fylkingunum að ástæðulausu. Menn eiga að meta mál eftir efni og fylgi og afstöðu manna til þeirra, án kyngreiningar. (**GHelg:** Hvað heldur þm. að það hafi verið margir heimavinnandi karlmenn í landinu sem nytu þessara réttinda?) Og veitir ekkert af að fá stuðning. Hv. 10. þm. Reykv. ætlar þó ekki að ganga úr þingsal eftir að hafa gripið hér fram í? (**GHelg:** Nei.) Ég vænti þess að þm. hlýði hér á mál mitt fyrst hann sá ástæðu til þess að senda mér orð hér upp í ræðustólinn.

Ég er eindregið stuðningsmaður þessa máls sem hér er til umræðu og margra fleiri brýnna réttindamála sem varða samfélagið í heild. Við ræddum í gær og höfum oft rætt áður um einstök réttindamál t.d. kennarastéttarinnar sem var til umræðu í gær. Þar kom fram í máli

manna, fleiri en eins, að réttindi, virðing og aðstaða kennarastéttarinnar væri ekki mál hennar einnar heldur varðaði samfélagið í heild, velferð þess og árangur. Alveg það sama gildir um réttindi konum til handa sem eins stórs hóps í samfélaginu. Réttindamál þeirra og það að þeim miði fram skiptir samfélagið allt miklu máli ef menn eru í raun stuðningsmenn þess, stuðningsmenn jafnréttissjónarmiða án tillits til kyngreiningar, en líka með fulla sýn til hins kynbundna misréttis.

Inni á heimilum landsins eru það konur fyrst og fremst sem leggja hönd að verki. Ég hygg hins vegar að verkaskiptingin hafi raskast, hún hefur færst svolítið í áttina — þó í litlu sé. Ég ætla ekkert að fara að metast við hv. 10. landsk. þm. um ræstistörf eða eldamennsku. Ég hef ekkert farið í keppni við hana að því leyti. En ég er alveg reiðubúinn til að þreyta kapp við hana um þau efni, upp og niður stigann ef um það væri að ræða. Sem betur fer miðar ögn í þessum málum að störfin séu ekki eingöngu kvenna inni á heimilum landsins, en allt of, allt of hægt og þær tölur og upplýsingar, sem við höfum um þau efni, kannanir, sýna okkur að þar er þróuninni tiltölulega skammt á veg komið. Það er svo út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það að konur kjósi sér þessi verkefni og sinni þessum verkefnum samhliða móðurhlutverkinu. Það er ekkert óeðlilegt. Verkaskipting er ekkert óeðlileg. En þá þarf líka að tryggja það að hún sé metin að verðleikum. Um það erum við að ræða.

Við skulum vona að niðurstaðan að lokinni þessari umræðu verði til þess að þoka því máli fram hér með ályktun af þingsins hálfu um leið og við fellum þá fráleitu tillögu um rökstudda dagskrá sem hér liggur fyrir.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Sú afgreiðsla sem hér er lögð til af hálfu meiri hl. hv. allshn. í þessu máli er fráleit, styðst við engin rök og verður Alþingi til skammar ef málinu er vísað frá með þeim hætti sem hér er lagt til. Það er fráleitur rökstuðningur að vísa þessu máli frá á þeirri forsendu að till. fjalli um efni sem beri að semja um í kjarasamningum en ekki ákvarða með fyrirmælum frá Alþingi.

Spurning er: Hvar vilja þeir hv. þm., sem undir þennan rökstuðning skrifa, draga mörkin að því er varðar afskipti Alþingis af kjarasamningum? Kjör launafólks í landinu, þar með talið hvað launafólk fær upp úr launaumslögunum fyrir vinnu sína, hafa meira og minna á undanförnum árum verið ákvörðuð með fyrirmælum frá Alþingi. Þar telur Alþingi sig þurfa að hafa afskipti af, en þegar lagt er til að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum að réttur sé hlutur þess fólks sem býr við hvað minnst réttindi í þjóðfélaginu er lagt til að Alþingi vísi málinu frá á þeirri forsendu að það komi máli ekki við, þetta sé verkefni aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis. Ef einhvern tíma er nauðsynlegt að Alþingi hafi áhrif á kjarasamninga er það ekki síst til að gæta réttar og hagsmuna heimavinnandi fólks sem á undir högg að sækja í kjörum og réttindamálum þegar það leitar á vinnumarkaðinn eftir að hafa varið stórum hluta ævi sinnar í ólaunuð og réttindalaus heimilis-, uppeldis- og umönnunarstörf. Það er kominn tími til að við hv. þm. áttum okkur á því að heimavinnandi fólk er sá þjóðfélagshópur sem býr við hvað mest réttindaleysi í þessu þjóðfélagi, hópur sem á mikið undir því komið að Alþingi hafi skilning á störfum þeirra og tryggi þeim þau réttindi sem aðrir hafa og þykja sjálfsögð í þjóðfélaginu.

Lítil umræða hefur farið fram á hv. Alþingi til að bæta réttarstöðu þess fólks sem sinnir þeim mikilvægu störfum sem heimilisstörfin eru. Sem betur fer hefur orðið nokkur breyting á á undanförnum árum. Til að mynda hafa komið fram á undanförnum árum á Alþingi nokkrar tillögur sem lúta að því að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi.

Að því er varðar að meta heimilisstörf til starfsreynslu hygg ég að það hafi fyrst komið fram á Alþingi á árinu 1983 í frv. sem ég flutti ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Þar var um að ræða ýmsa þætti til að rétta hlut kvenna á vinnumarkaðinum og þar á meðal þennan þátt að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Kvennalistakonur hafa kosið að draga út þennan einstaka þátt og flytja um það sérstaka þáltill. sem flutt var á síðasta þingi og aftur nú þannig að nokkur breyting er að verða hér á.

En að því er varðar réttindaleysi heimavinnandi fólks vil ég aðeins nefna hér örfá dæmi. Það hefur ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi. Störf heimavinnandi fólks eru eina vinnuframlagið í þjóðfélaginu sem ekki eru greidd laun fyrir og því fylgja lítil sem engin félagsleg réttindi. Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð og aðrir hvað varðar skattlagningu, ekki hvað varðar fæðingarorlof eða sjúkradagpeninga. Þegar heimavinnandi fólk heldur út á vinnumarkaðinn og á að baki kannske 15–20 ára starf við ræstingar, matargerð, þvotta og umönnunar- og uppeldisstörf er starfsreynsla þess lítils metin og heimavinnandi fólk verður oft að sæta því að ganga inn í byrjunarlaun í störfum á vinnumarkaðnum sem eru skyld heimilisstörfum. Það er lágmark að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum að heimilisstörf verði metin til starfsreynslu á vinnumarkaðnum og að heimavinnandi fólk þurfi ekki áfram að búa við það að litið sé á það sem fólk með enga starfsreynslu sem aldrei hafi komið nálægt þeim störfum sem eru skyld heimilisstörfum á vinnumarkaðnum og sé því notað sem ódýrt vinnuafl í þessu þjóðfélagi.

Af þeim brtt. sem fram eru komnar vegna afgreiðslu meiri hl. allshn. á þessu máli verður að ætla sem betur fer að ekki sé meirihlutavilji á hv. Alþingi að afgreiða málið með þeim hætti sem meiri hl. allshn. leggur til. Brtt. hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar og Salome Þorkelsdóttur, sem dregin hefur verið til baka en flutt um sérstök þáltill., gengur allt of skammt, auk þess sem sú málsmeðferð er allsérkennileg að tefja afgreiðslu málsins með þeim hætti að flytja um málið sjálfstæða tillögu sem aftur gangi til nefndar. Beinast hefði auðvitað legið við fyrir þessa hv. þm. að flytja brtt. við þáltill. sem nú er til afgreiðslu og liggur fyrir hér um sama efni.

Ég vil fara örfáum orðum um till. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar o.fl. sem hér er fram borin. Hv. þm. Stefán Valgeirsson hafði um það áðan nokkur orð að ekki væri ástæða til að skilgreina heimilisstörf. Ég er honum hjartanlega sammála um það vegna þess að allir ættu að vita í hverju heimilisstörfin felast, enda hefur hvorki í till. Kvennalistakvenna né þeim brtt. sem fram hafa verið lagðar komið fram nein skilgreining á heimilisstörfum nema í till. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Því er það spurning, ef hann telur ástæðulaust að

skilgreina heimilisstörf á þeirri forsendu að allir ættu að vita hvað felst í heimilisstörfunum, af hverju hv. þm. telur ástæðu til að draga út einstaka þætti í heimilisstörfunum eins og hann gerir í sínum brtt.

Brtt. þeirra framsóknarmanna undir forustu Stefáns Valgeirssonar er því allsérstæð og lýsir því svo að ekki verður um villst að þessir hv. þm. vita raunverulega ekki hvað í heimilisstörfum felst og því ekki skrýtið þó að lítið hafi þokað í réttindamálum heimavinnandi fólks á þeim allt of langa tíma sem framsóknarmenn hafa setið við stjórnvölinn á undanförnum árum.

Í brtt. þeirra vilja þeir láta meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf vegna barnauppeldis og umönnunar. En heimilisstörf eru auðvitað meira en barnauppeldi og umönnunarstörf. Maturinn kemur ekki af himnum ofan á diska þeirra hv. þm. sem skilgreina heimilisstörf eingöngu sem barnauppeldi og umönnunarstörf. Eða þrifin og þvottur á heimilunum eða ýmis þjónustustörf, svo sem fatasaumur. Þau gerast ekki af sjálfu sér. Er meining þessara hv. þm. að undanskilja þessa þætti í heimilisstörfunum þannig að til að mynda konur sem vinna hjá hinu opinbera við matargerð eða þrif fái ekki sína starfsreynslu metna?

Nái sú brtt. sem Kjartan Jóhannsson er 1. flm. að á þskj. 609 ekki fram að ganga er nauðsynlegt að gera breytingu á till. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar o.fl. því að hún er meingölluð eins og ég hef áður lýst. Ef það er nauðsynlegt á annað borð að skilgreina heimilisstörf eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson gerir tilraun til verður sú skilgreining að vera víðtækari og ná til allra þátta heimilisstarfanna. Það er því nauðsynlegt, og ég legg mikla áherslu á það, að samþykkja brtt. við brtt. Stefáns Valgeirssonar o.fl., sem fram er borin á þskj. 657, þannig að Alþingi láti ekki frá sér fara svo meingallaða till. sem till. þeirra framsóknarmanna er.

Annars vil ég taka undir það, sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, að eðlilegast hefði auðvitað verið, miðað við allar þær brtt. sem fram hafa komið við þetta mál, að allshn., sem hefur haft málið til meðferðar og hlýtur að sjá að það er meirihlutavilji fyrir því á Alþingi að meta heimilisstörf til starfsreynslu, taki allar þessar brtt. til meðferðar á nýjan leik og reyni að samræma sjónarmið í þessu máli þannig að fram komi hér ein brtt. sem allir hv. þm. geta staðið að. Ég óttast hreinlega, miðað við þær mörgu brtt. sem hér hafa verið lagðar fram, að svo geti farið að engin þeirra nái fram að ganga og vil ég vara við því. Þess vegna hefði ég talið það eðlilegri málsmeðferð og beini því raunar til formanns allshn. hvort hann telji ekki rétt að óska eftir frestun á þessari umræðu þannig að allshn. megi taka þessar tillögur allar aftur og endurskoða þær í ljósi þeirra umræðna sem orðið hafa um þessi mál og í ljósi þess fjölda brtt. sem fram hefur komið. Eins og ég segi óttast ég að svo geti farið að við stöndum kannske frammi fyrir því í lokin að engin af þessum tillögum nái fram að ganga og tel ég að það sé ábyggilega ekki vilji þeirra þm. sem hér hafa talað og vilja framgang þessa máls.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Þar sem ég hef tekið áður til máls í þessari umræðu mun ég ekki geta gert það aftur, en ég vil í örfáum orðum fara yfir það sem mér finnst skipta máli í þessari umræðu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan að sú till. sem ég ásamt hv. þm. Salome Þorkelsdóttur hefði flutt sem brtt. gengi of skammt í þessu máli. Ég vil leyfa mér að segja við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ég held að hv. alþm. eigi ekki að temja sér að vera billegir. Ég á ekki við hana heldur alþm. almennt. Það mál sem hér er verið að fjalla um er nefnilega efnislega stórmál. Það er ekki mál sem hægt er að afgreiða með ræðum og fullyrðingum á hv. Alþingi.

Mér virðist, miðað við þær umræður sem hér hafa farið fram og einnig ef maður lítur á þær tillögur sem hér liggja fyrir, að hv. þm. hafi ekki gert sér fullkomlega grein fyrir hversu flókið málið er og yfirgripsmikið. Ég vona að ég móðgi engan hv. þm. þó að ég segi það, en mér finnst vanta ákveðna grundvallarþekkingu í umfjöllun þessa máls hjá þeim sem hafa talað og einnig finnst mér vanta mjög upplýsingar um efnisatriði. Það vantar t.d. að menn geri sér grein fyrir því að það sem við erum að fjalla um á sér sögulegar ástæður. Hvernig þessi mál hafa þróast hérlendis sem annars staðar er þess eðlis að það er ekki hægt með einni þáltill. á hv. Alþingi að breyta því samhengi sem er búið að vera í samningum í áratugi á Íslandi. Þeir samningar eru ekki endilega háðir því hvaða afstöðu menn hafa til karla eða kvenna. Ég vil taka það strax fram að málefnið, eins og það birtist í þáltill. flm., hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur og Kristínar Halldórsdóttur, er gott, en það vantar alla forvinnu og góð forvinna eða vönduð vinnubrögð eru grundvallaratriði í máli sem þessu.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði áðan m.a. að konur væru huldufólk sem illa hafi verið farið með í íslensku þjóðfélagi og einnig fór hún mjög hörðum orðum, vil ég segja, um ímyndaða afstöðu karla til kvenna. Ég segi fyrir mitt leyti að ég þekki ekki þann heim sem hún var að lýsa áðan í sambandi við afstöðu karla til kvenna, a.m.k. ekki í þeim takmarkaða hópi sem *ég lifi og hrærist í, en ég tek undir það, sem hv. þm.* Hjörleifur Guttormsson sagði áðan, að þannig er hægt að tala um góð mál að maður skaði þau. Ég vil t.d. segja að það skaðar stöðu þess sem telur sig misrétti beittan ef gripið er til öfga og dregnar upp ýktar myndir af slæmri stöðu manna. Það fannst mér hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir gera áðan.

Till. þeirra þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur og Kristínar Halldórsdóttur gengur raunverulega allt of skammt. Hún nær til mjög takmarkaðs hóps og í till. felast fyrirmæli um að þessi takmarkaði hópur, sem starfar hjá ríki og bæ, skuli njóta ákveðinna kjara sem fólk úti á hinum almenna vinnumarkaði mun ekki njóta ef farið væri að þeim fyrirmælum sem þáltill. gerir ráð fyrir ef þing mundi samþykkja hana. Ég tel að með þessu séu hv. þm. að mismuna fólki eftir því hvort viðkomandi fer til starfa hjá hinu opinbera eða út á hinn almenna vinnumarkað.

Ég ætla ekki að ræða það sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir kom inn á þegar hún talaði um verri stöðu kvenna launalega séð og stöðulega séð úti í atvinnulífinu, en það vita allir hv. þm. og hún einnig að til þess liggja mjög margþættar ástæður að staða kvenna er ekki sem skyldi í dag. Þetta á sér sögulegar ástæður. T.d. mætti fjalla um það í löngu máli að í hinu flókna iðnþjóðfélagi og tækniþjóðfélagi kemur konan miklu síðar til skjalanna sem virkur þátttakandi en karlar. Það þarf ekki að fjölyrða um það. Allir skilja það. Sem

betur fer hefur þjóðfélagið þróast þannig að konur eiga nú auðveldara með að koma til starfa úti í þjóðlífinu. Sú breyting hefur raunverlega orðið með þeim hætti á síðustu tveimur áratugum að ef maður lítur til forsögunnar má segja að töluvert mikið hafi áunnist varðandi stöðu kvenna og það löngu áður en umræddar konur komu á Alþingi.

En eitt fannst mér slæmt í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur. Hún leiðrétti það að vísu í sæti, en ég tel samt rétt, vegna þess að þetta er ritað niður, að gera það að umtalsefni. Hún sagði eitthvað á þá leið að hv. þm. ættu að skammast sín fyrir að vera að koma með brtt. sem gætu eyðilagt þetta ágæta mál. Hv. þm. sagðist hafa sagt að þm. ættu að skammast sín ef það ætti að nota þessar brtt. til að eyðileggja framgang þessa máls — eitthvað á þessa leið. Ég mótmæli þessu. Ég mótmæli því að þótt þm. komi með brtt. við góð mál sé endilega verið að stefna að því að eyðileggja þau.

Ég vil þess vegna leggja til að hv. þm. skoði betur þáltill. sem lögð var fram, þ.e. 11. mál. Þessi till. er þess eðlis að það er raunverulega ekki hægt að samþykkja hana þó ekki nema litið væri á þetta mál út frá því sjónarmiði að menn vilji ekki auka misréttið heldur eyða misrétti. Till. er auk þess þröng og ófullnægjandi eins og ég hef sagt fyrr í mínu máli.

Ég leyfi mér að spyrja: Hvers vegna skyldu hv. þm. ekki koma með brtt. eða nýja þáltill. um þær hugmyndir sem fram komu í upprunalegri till.? Ég leyfi mér þess vegna að varpa fram eftirfarandi spurningum:

1. Er ekki eðlilegra að hv. þm. viti til hvers þeir eru raunverulega að taka afstöðu? Í því felst ekki fjandsamleg afstaða til þess efnis sem hér um ræðir.

2. Hvers vegna má ekki vinna að framgangi þessa máls með þeim hætti að þetta nái til allra sem fara út á hinn almenna vinnumarkað en ekki aðeins til þeirra sem fara til starfa hjá hinu opinbera?

3. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir var að fordæma það sem hún nefndi misrétti milli karla og kvenna. Undir það get ég tekið. Það á að ríkja jafnrétti á milli kynja. En ég geri varla ráð fyrir að hv. þm. vilji innleiða misrétti milli fólks eftir því hvort það starfar hjá ríkinu annars vegar eða úti á hinum almenna vinnumarkaði hins vegar. 11. mál felur þetta raunverulega í sér. Þess vegna er ekki unnt að samþykkja þá þáltill. Till. felur í sér misrétti. Hún felur í sér mismunun eftir því hvort starfsmaður hefur vinnu að loknu heimilisstarfi hjá ríki eða annars staðar eins og ég gat um áðan. Ég tel rétt að hv. þm. meti stöðu þegnanna með sambærilegum hætti. Þess vegna verður að nálgast þetta verkefni með öðrum hætti en ráð er fyrir gert. Ég leyfi mér að halda því fram að sú leið sem við hv. þm. Salome Þorkelsdóttir bendum á sé hin rétta á þessu stigi máls.

Við leyfðum okkur að leggja fram brtt. þess efnis að Alþingi fæli fjmrh. að láta kanna með hvaða hætti unnt væri að meta starfsreynslu fyrir ólaunuð heimilisstörf í kjarasamningum þannig að þau störf veittu sambærileg kjör og aðrir hafa á almennum vinnumarkaði. Sú brtt. er dregin til baka, en þess í stað er flutt till. til þál. um könnun á því hvernig unnt sé að meta heimilisstörf til starfsreynslu og er sú þáltill. efnislega eins og brtt. var. Mönnum verður gerð nánari grein fyrir þáltill. þegar hún kemur á dagskrá.

Ég vil að lokum segja að það er skylda hv. þm. að þeir viti hvað þeir eru að leggja til, ekki aðeins út frá tilfinningalegum rökum heldur einnig með tilliti til efnisatriða. Í öðru lagi eiga þeir ekki að samþykkja á hv. Alþingi að auka misrétti. Í þriðja lagi eiga hv. þm. að skoða forsögu mála og sérstaklega í þessu máli þannig að þeir skilji hið flókna samband þessa atriðis og þeirra atriða sem koma til greina þegar fjallað er um það að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Á ég þar við hvernig þetta snýr að samningsgerð aðila vinnumarkaðarins sem og hins opinbera.

Ég vil svo segja þetta: Ég hef ekki heyrt einn einasta hv. alþm. mæla gegn því að stefnt skuli að því markmiði að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Það sem skilur á milli er að við hv. þm., sem leggjum fram till. til þál. um að þetta verði kannað, viljum að fyrir hv. Alþingi liggi upplýsingar um efnisatriði þessa máls í heild áður en ákvarðanir eru teknar eða fyrirmæli gefin til hæstv. ríkisstj. En aðalatriðið er að hv. þm. eru jákvæðir gagnvart þessu máli, sem er númer eitt og tvö á þessu stigi, að meta skuli heimilisstörf til starfsreynslu. Það finnst mér meginatriði.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er ekkert undarlegt þó að mikil umræða hafi orðið um þessa till. til þál. og afgreiðslu hv. allshn. á henni. Bæði er um að ræða mjög viðkvæmt mál og réttlætismál, en hreint ekki einfalt í framkvæmd.

Þung orð hafa fallið í hita umræðnanna í garð þeirra sem undirrita nál. Hv. 11. þm. Reykv. vildi í máli sínu um daginn tengja það skoðun allra þm. stjórnarliðsins á málinu og nú áðan notaði hv. 3. landsk. þm. þung áfellisorð í garð þingheims vegna þess að fluttar hafa verið brtt. við málið sem væri ætlað að fella það. Ég vil benda henni á að 1. flm. sjálfrar þáltill., hv. 11. þm. Reykv., stendur sjálf að flutningi á brtt. Varla er það í þeim tilgangi að fella málið? Fremur vil ég trúa því að það sé gert til að leysa það eða í sama tilgangi og aðrar brtt. eru fluttar af öðrum hv. þm.

Ég hef út af fyrir sig samúð með reiði hv. þm. Kvennalistans vegna afgreiðslu allshn. á málinu sem ég tel óheppilega og get ekki greitt atkvæði mitt. Þess vegna er ég meðflm. að brtt. með hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, en henni var vissulega ætlað að finna lausn á þessu máli. Eins og fram kom í hans máli áðan hefur sú brtt. verið dregin til baka, en í staðinn flutt sérstök till. til þál. um sama efni.

Ég vísa á bug fullyrðingum um að þm. hafi ekki skilning á þessu máli. Ég leyfi mér meira að segja að trúa því að í hjarta sínu séu nefndarmenn sem undirrituðu nál. sammála því að það sé réttlætismál að ólaunuð heimilisstörf verði metin til starfsreynslu þar sem því verður við komið og við á, þ.e. við sambærileg störf. Það hefði verið nál. til málsbóta ef stuðningur við málstaðinn hefði fylgt með, en því miður kom það ekki fram.

En þáltill. hv. þm. Kvennalistanas er að mínu mati of þröng, eins og hér hefur komið fram í máli fleiri hv. þm., þar sem hún tekur aðeins til opinberra starfsmanna eða kjarasamninga BSRB. Það mætti þá spyrja: Hvers ættu þeir eða þær að gjalda sem leita starfa á hinum almenna vinnumarkaði?

Eins og ég sagði áður er hér um að ræða víðtækt og viðkvæmt réttlætismál. Við megum ekki gleyma því að þegar t.d. konur í láglaunahópunum flytjast milli starfsgreina fá þær ekki fyrri störf metin til starfsreynslu. Þær

verða að byrja á núlli ef þær flytjast í ný störf. Þetta hefur mér verið tjáð og ég tel að það sé rétt. En ég legg áherslu á að þegar um hliðstæð störf er að ræða ætti starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf að sjálfsögðu að vera metin.

Því má skjóta hér inn að í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum þarf viðhorfsbreyting, áhugi og skilningur aðila vinnumarkaðarins að koma til. Það eru fyrst og fremst þeir sem geta breytt þessu. Það eru þeir aðilar sem setja viðmiðunarreglurnar um röðunina í launaflokka. Ef þeirra skilningur væri fyrir hendi stæðum við ekki þessa dagana á hv. Alþingi og deildum í þessu máli sem við væntanlega erum öll í hjarta okkar sammála um að þurfi að leiðrétta og laga.

Það væri freistandi að fara nánar út í þessi mál við þessa umræðu, en ég held að ég láti mínu máli lokið nú, herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kvennalistans fyrir að flytja þetta mál þó að ég sé ekki sammála till. eins og ég sagði áðan, tel hana vera of þrönga. En meginatriðið er að það takist að finna farsæla lausn á þessu máli.

Helgi Seljan: Herra forseti. Þetta mál hefur fengið hér ríkulega umræðu og um margt maklega, enda vel að málefni heimavinnandi fólks komi hér virkilega til umræðu. Ég segi hins vegar að það hefði verið betra og æskilegra að tilefnið hefði verið annað eða að umræður hefðu fallið í annan farveg, ekki deilur um hversu á skuli tekið heldur samkomulag um ákveðinn áfanga, a.m.k. til réttarbóta og réttlætis. Það hefði verið öllu sæmra fyrir Alþingi að þessar löngu og um margt ágætu umræður hefðu snúist um á hvern hátt best mætti tryggja að við þokuðumst nær því að ná einhverju réttlæti í þessu máli, en því miður hefur reyndin orðið önnur og deilur orðið hér býsna harðar vegna þeirrar afgreiðslu sem meiri hl. hv. allshn. hefur látið frá sér fara hér inn í þingið.

Ég skal ekki hafa langa tölu uppi um þetta mál í heild sinni. Margar útgáfur og hugmyndir hafa komið fram um endanlega gerð þessa máls eins og hér hefur komið fram. Hv. 5. þm. Austurl. hefur enda gert þá grein fyrir afstöðu okkar margra Alþýðubandalagsmanna að ekki þarf frekar að að gera. Ég skal heldur ekki fara að ræða hér nú, tel það ekki þjóna neinum tilgangi, þá afgreiðslu sem meiri hl. allshn. Sþ. hefur haft um þetta mál og þá alveg sérstaklega að Alþingi eigi ekki að ályktа um mál af þessu tagi. Það út af fyrir sig er auðvitað full fjarstæða. Vissulega hefur Alþingi oftsinnis látið í ljós ákveðinn vilja sinn í málum sem þessum, málum sem miklu síður skyldi ályktað um en þetta. Þetta er auðvitað dagljóst öllum þannig að ekki þarf um að tala. Ég held að málið sé þess eðlis að það eigi að vera auðvelt hverjum alþm. að taka afstöðu með eða móti í einhverju formi þó að menn greini kannske á um hversu vítt sviðið skuli vera.

Mér þykir það fyrst og fremst galli á þessari afgreiðslu hv. meiri hl. allshn. að hafi nefndarmönnum þótt till. vera of einskorðuð, of þröng eins og menn hafa farið út í að verja sig með, og þá alveg sérstaklega með tilliti til hins almenna vinnumarkaðar, hlyti að hafa verið auðvelt fyrir hv. allshn., ef hún hefði viljað skoða þetta með nokkuð jákvæðum hætti og jákvæðu hugarfari, að bæta úr þessu og hafa ekki uppi þann útúrsnúning sem einkennir hina rökstuddu dagskrá. Í mínum huga er það vitanlega engin spurning að starfsreynsla eigi að vera metin til launa, starfsreynsla af því tagi sem hér er um fjallað á heimili við þau fjölþættu störf sem þar eru unnin. Það er enginn vafi á því að svo skuli gert, ekkert efamál og spurning kannske um það eitt hvers vegna þetta hefur ekki verið gert fyrir löngu.

Það var talað allstrítt til okkar áðan af hv. 3. landsk. þm. um skömmustu. Ég tók það nú að hluta til þannig að hún væri í raun og veru að tala til karlkynsins alls hér inni, það varð vart skilið öðruvísi, eða þá til þingheims alls, a.m.k. þeirra sem ekki greiddu atkvæði rétt hér á eftir. En skömmusta okkar ætti þá kannske að vera í því fólgin að hafa ekki gert eitthvað í þessum efnum fyrir löngu í ríkara mæli en gert hefur þó verið því að veikburða tilraunir hafa reyndar verið í þessa átt sums staðar.

Ég vil svo taka það fram að sú brtt. sem hér hefur komið fram og er mér mest að skapi, þó að þar sýnist mér að fleira þurfi til að koma í upptalningu, er brtt. hv. 3. þm. Norðurl. e. Stefáns Valgeirssonar o.fl. Þar þykir mér þó nokkuð þröngt um upptalningu þar sem segir með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf vegna barnauppeldis eða umönnunar á hliðstæðan hátt og starfsreynslu hjá opinberum aðilum. Þannig er tilkomin sú brtt. sem ég hef gerst meðflm. að ásamt þeim hv. 11. þm. Reykv. og hv. 2. landsk. þm. Ég tel nauðsyn úrbótar á upptalningu í þessu skyni eins og þar er sagt, vegna barnauppeldis, umönnunar, matargerðar, þvotta, ræstinga og þess háttar, til þess að árétta virkilega hvað átt er við með tillögugerð af þessu tagi.

Hins vegar lýsi ég því yfir að ef svo ólíklega vildi til að brtt. okkar um þessa áréttingu, þessa frekari upptalningu, yrði felld, þá mun ég fylgja till. þeirra framsóknarmanna í þessu efni, hv. þm. Stefáns Valgeirssonar o.fl., því að þar er þó að mér sýnist lengst gengið í þá átt að nálgast réttlætið í þessu máli.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs þegar hv. 3. landsk. þm. flutti sína ræðu fyrr á fundinum. Ég undraðist mjög að heyra á máli hennar að hún snupraði þm. fyrir afstöðu þeirra sem hún taldi felast í því að þeir væru andvígir því að heimilisstörf væru einhvers metin. Ég hef átt sæti á Alþingi alllengi og hef oft orðið þess vör að þm. hafa einlægan vilja margir hverjir, og flestir að ég held, til þess að láta sinna þessu máli.

Það sem hér er hins vegar sérstaklega verið um að ræða, þ.e. að meta heimilisstörf til starfsreynslu inn í kjarasamninga, er miklu flóknara mál en í fljótu bragði mætti ætla. Ég vil strax láta þess getið að ég og velflestir sjálfstæðismenn, sem ég veit um og hef séð ályktа um þessi mál á mörgum fundum flokksins, erum þeirrar skoðunar að þetta mál verði að leysa á þann veg að reynsla í heimilisstörfum metist sem starfsreynsla, a.m.k. í þeim störfum sem beinlínis eru sams konar að miklu eða öllu leyti. Það er sjálfsagt réttlætismál. Og þá hljótum við um leið að viðurkenna að heimilisstörf eru margþætt, þau eru flókin. Þau eru ekki aðeins fólgin í ræstingu og matreiðslu eins og menn tala jafnvel stundum um. Þau krefjast mikillar hæfni í stjórnun, skipulagningu og meðferð fjármuna. Allt þetta eru atriði sem hafa mjög mikla þýðingu víða á vettvangi þjóðfélagsins.

Það er svo sannarlega tímabært að menn rifji það upp

fyrir sér að þessi störf verða ekki unnin svo vel sé án hæfni, þekkingar og þjálfunar fremur en önnur störf í þjóðfélaginu. Á það hefur oft verið bent, m.a. í flutningi þingmála, ekki síst þeirra mála sem hv. 4. þm. Reykn. hefur flutt um heimilisfræðslu. Alþingi hefur æ ofan í æ sýnt vilja sinn til að einmitt því sé sinnt.

Það var hér á árum áður, ekki fyrir svo mjög löngu samt, að vart varð við það sjónarmið í sölum Alþingis að heimilisfræðsla væri nokkuð úrelt fyrirbæri, það þyrfti enga sérstaka þekkingu til að sinna heimilisstörfum. Vissulega er það svo að sérþekkingar er ekki krafist til að sinna heimilisstörfum, en það er öldungis ljóst að á þeim tímum er meiri hluti kvenna, sem veitir heimili forstöðu, vinnur úti er enn nauðsynlegra en áður að hafa þekkingu til að átta sig á hinum ýmsu flóknu fyrirbærum sem hljóta að koma fram í stjórn heimilis, bæði svo nefnd sé ræsting og matreiðsla, eins og hér hefur komið fram í umræðum, en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ætlar að fara í keppni í leikni sinni í þeim efnum við hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og ég bíð í ofvæni eftir að heyra af úrslitum þeirrar keppni. (**HG:** Það er í lagi að ráðherra komi líka.) Með ánægju. Ég hefði mikla ánægju af að fá að taka þátt í þessu, en mér þykir heldur leiðinlegra að vera að blanda mér í innanflokksmál Alþb.

Hvað sem því líður þarf vissulega þekkingu til að sinna einmitt þessum þáttum og ekki síst þar sem fjallað er um bæði efni og tæki sem beinlínis er hættulegt að eiga við án þess að menn viti hvernig með á að fara. Það höfum við oft heyrt og ekki síst í seinni tíð þegar vakin hefur verið athygli á hinum mikla fjölda slysa á heimilum einmitt vegna þess að þar eru bæði efni og tæki sem menn verða að vita hvernig með á að fara svo að ekki stafi hætta af.

Þá þarf ekki að nefna hið vandasama og mikilvæga starf sem felst í umönnun barna. Þó að börn séu í dagvistun að meira eða minna leyti er alveg ljóst og fjarri öllu lagi reyndar að það geti létt ábyrgðinni af foreldrum. Það eru vissulega alltaf foreldrarnir sem bæði ráða og bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Og við það eiga þeir að fá aðstoð m.a. með fræðslu. Þetta viðurkennir þjóðfélagið á ýmsan veg. Það er afar sérkennilegt að ekki skuli vera metið á sama hátt fjárhagslega það verðmæti sem felst í því að móðir eða foreldri sinnir sínu barni og leggur vinnu í það eins og ef hún færi í næsta hús og sinnti börnum nágrannanna. Þá fengi hún sitt kaup fyrir og væri komin út á vinnumarkaðinn eins og sagt er. Þetta ásamt fleiru minnir okkur mjög rækilega á að hér er um störf að ræða sem eru ekki aðeins mikilvæg heldur afar vandasöm og krefjast margháttaðrar þekkingar og mikillar hæfni til skipulagningar og stjórnunar. Sá þáttur þykir mér oft verða út undan í umræðum um þessi mál.

Ég vil geta þess að mér sýnist öldungis ljóst að þm. hafa með viðbrögðum sínum við þessu máli, flutningi brtt. verið að lýsa vilja sínum í þá átt að heimilisstörf verði metin til starfsreynslu að svo miklu leyti sem við á, og þá á ég við í sambærilegum störfum, auk þess sem fjmrn. hefur þegar fallist á fyrir nokkru og varðar mjög víðtækt svið. Í bréfi til allshn. Alþingis, sem ég fékk lánað áðan hjá einum hv. nefndarmanni, stendur m.a. þetta, með leyfi hæstv. forseta, og það bréf er frá fjmrn. og undirritað af Höskuldi Jónssyni:

„Í kjarasamningum ríkisins við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru tvenns konar ákvæði um starfsaldur. Annars vegar telst til starfsaldurs allur sá tími sem viðkomandi hefur starfað hjá ríkinu, sveitarfélagi eða stofnunum sem kostaðar eru af almannafé, enda hafi laun verið greidd samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Hins vegar eru sambærileg störf hjá öðrum vinnuveitendum metin að hálfu til starfsaldurs, mest þó sex ár. Í sérkjarasamningum fjmrn. við Starfsmannafélag ríkisstofnana á s.l. hausti og fleiri aðildarfélög BSRB var ákveðið að rýmka verulega reglur um mat á störfum hjá öðrum en ríkinu þegar starfsmaður er í starfi sem ekki krefst sérhæfni. Nær þetta m.a. til húsmóðurstarfa og eru þau því metin til starfsaldurs í þessum störfum með sama hætti og störf hjá öðrum aðilum en ríkinu og sveitarfélögunum.

Eins og að framan greinir byggist mat á starfsaldri hjá ríkinu annars vegar á þjónustualdri hjá því og hins vegar starfsreynslu við sambærileg störf hjá öðrum aðilum. Með þeirri breytingu sem að framan greinir og gerð var í nýgerðum sérkjarasamningum gilda um mat á heimilisstörfum sömu reglur og um mat á launuðum störfum hjá öðrum vinnuveitendum en ríkinu."

Hér lýkur tilvitnun í bréf fjmrn. frá 20. mars s.l. Ég fæ ekki betur séð en þarna hafi fjmrn. stigið mjög mikilvægt skref í þessu efni og þáltill. eins og sú sem hér er til umræðu er í raun og veru alls ekki nægilega vel grunduð til þess að hún komi að notum verði hún samþykkt óbreytt.

Nú eigum við kost á að velja úr margs konar breytingum og það þarf satt að segja líka sérstaka umfjöllun. Ég mun ekki fara að flytja eina ræðu um hverja brtt. Þetta sýnir að það hefur valdið mönnum töluverðu hugarvíli svo að ekki sé meira sagt hvernig í ósköpunum þeir ættu að fara að að leysa þetta mál. Þess vegna vil ég ítreka að mig stórfurðar á því þegar þm. er sagt að skammast sín fyrir afstöðu til þessa máls, fyrir afstöðu til þáltill. um mat á heimilisstörfum, þegar fyrir liggur á borðum þm. og á dagskrá á sama fundi önnur till. um mat á heimilisstörfum sem tekur á þessu máli með miklu raunhæfari hætti. Auðvitað segir sig sjálft að það þarf að vinna þetta mál miklu betur og það felst engin andstaða við mál í því að segja að það þurfi að vinna það almennilega. Í því felst hins vegar ákveðin afstaða til þess að styðja það að heimilisstörf séu metin að verðleikum í þjóðfélagi okkar. Þar sem reynsla í heimilisstörfum er raunverulega æfing í því starfi sem viðkomandi tekst á hendur á öðrum vettvangi er sjálfsagt að meta þá starfsreynslu sem þar er um að ræða og það krefst mikillar vinnu í samráði við aðila vinnumarkaðarins að gera grein fyrir því á hvaða sviðum það getur frekar orðið og með hvaða hætti það skuli gert. Þess vegna tel ég að það sé mjög skynsamlegt að taka sem allra fyrst til umræðu þá þáltill. sem hv. 4. þm. Reykn. og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, í bili 10. þm. Reykv., hafa flutt. Ef það gerist mjög fljótlega tel ég að hv. Alþingi geti sparað sér nokkurn tíma vegna þess að umræður þær sem fram hafa farið um þessa till. nýtast að nokkru leyti í sambandi við afgreiðslu þeirrar till.

Ég gat ekki látið hjá líða, herra forseti, að leggja orð í belg um þetta efni. Þetta hefur verið mér mjög hugleikið, sérstaklega þýðing þess að maður átti sig á að heimilisstörfin eru mjög vandasöm. Vel unnin heimilisstörf krefjast þjálfunar, skipulagshæfni, stjórnunar-

hæfni, þekkingar og kostgæfni á allan veg. Vel má það vera að einhvern tíma komi að því, sem ég hef e.t.v. áður nefnt og frægur mannfræðingur, sem hv. 11. þm. Reykv. vafalaust kannast við, skrifaði einu sinni um, en það var Margaret Meade, að e.t.v. kæmi að því, og að því er hún hélt þá fyrr en síðar, að upp kæmi ný stétt sérfræðinga í þjóðfélaginu, en það væru heimilissérfræðingar, því að það segir sig ekki sjálft að heimili, sem eiga báða forstöðumenn sína úti á vinnumarkaðnum en ekki inni á heimilinu, geti til langframa gengið án þess að einhverjir aðrir sjái um þau störf sem þar þarf að vinna. Og þó að mikið sé til af ótrúlega duglegum konum á landi okkar sem betur fer, er geta leyst þessa hluti með þeim hætti að hlutirnir gangi sæmilega, tel ég alveg nauðsynlegt að við áttum okkur á því að þessi störf inni á heimilinu þarf að vinna. Það þarf þekkingu og þjálfun til að vinna þau og það þarf að borga fyrir þau með þeim hætti að vel sé við unandi. Þetta á ekki að vera það starf sem lægst er launað í þjóðfélaginu. Ef við þurfum að ráða fólk til heimilisstarfa eða til stjórnunar á heimili okkar á það ekki að miðast við að við séum að reyna að fá allra ódýrasta vinnukraftinn í þjóðfélaginu því að hér er um að ræða mikið ábyrgðar- og vandastarf.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi við þetta mál, en ekki þá till. til þál. sem liggur fyrir á þskj. 11 og skammast mín ekkert fyrir það. Ég tel að sú till. til þál. sé engan veginn þannig úr garði gerð að unnt sé að samþykkja hana óbreytta og eins og komið hefur fram í allan dag virðist ekki vera nokkur manneskja hér inni sem ekki er tilbúin til að vinna þessu máli framgang.

Ég vil hins vegar leyfa mér að gagnrýna það að nefndin hefði e.t.v. átt að fjalla betur um þetta mál. Ég hef svo sem ekki mikil efni á að segja það þar sem enginn frá Alþb. virðist hafa komið nálægt afgreiðslu þessa máls.

Nú liggur fyrir á hinu háa Alþingi önnur till. til þál., eins og kom fram í máli hæstv. heilbr.- og trmrh., og það er auðvitað sjálfsagt að um þessi mál sé fjallað bæði í einu. Ég vil því, herra forseti, eindregið leggja til að þær brtt., sem lagðar hafa verið fram við þetta mál, fari aftur til hv. allshn. Ég þykist vita að nefndarmenn væru fúsir til að leggja nokkra vinnu í að samræma þau sjónarmið sem komið hafa fram bæði hér í umræðum og í þeim brtt. sem fyrir liggja þannig að þinginu megi auðnast að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

En það er auðvitað dagljóst að þetta er töluvert viðkvæmt mál. Og þetta er ekki síst viðkvæmt mál innan verkalýðshreyfingarinnar. Það er engin tilviljun að umsagnir frá verkalýðsfélögunum eru óneitanlega hálfmáttlausar. Þetta hefur verið deiluefni lengi innan verkalýðsfélaganna og kann að vera að þar gæti verulegrar íhaldssemi sem smátt og smátt er á undanhaldi.

En þetta er auðvitað hið merkasta mál og ber að reyna að koma því frá þinginu áður en því lýkur. Ég er viss um að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, formaður nefndarinnar, er fús til að taka þetta mál aftur inn í nefndina þar sem unnið yrði úr þeim till. sem fyrir liggja. Ég vil þess vegna ítreka að ég óska eftir því að málinu verði frestað og það fái umfjöllun ásamt till. til þál. sem liggur fyrir á þskj. 644 og er efnislega samhljóða.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Það hefur nú þegar verið rætt svo mikið um þetta mál að það er litlu við það að bæta. Ég tel einsætt að það muni vera vilji þingsins að afgreiða þetta mál á þann hátt sem til var ætlast af flm. í upphafi þó að e.t.v. hafi till. þeirra hv. þm. ekki verið með þeim hætti að hægt væri að samþykkja hana óbreytta. Ég vil því taka undir það, sem hér hefur komið fram, að þessar brtt. verði sendar til nefndarinnar og reynt að samræma þær þannig að allir megi vel við una. Það er greinilega eindreginn vilji þingsins að heimilisstörf verði metin til starfsreynslu. Ég held að það sé ekki nokkur vafi á því. Þetta er ekki aðeins réttlætismál. Þetta er svo einfalt mál að það ætti varla að þurfa um það að ræða, enda er þetta víða komið inn í samninga og mjög víða tekið tillit til þess arna. En það vill oft vera svo með hin einföldustu mál að það er hægt að gera þau svo flókin að enginn veit eiginlega upp né niður eða hvort menn eru með eða móti eða af hverju menn eru með og af hverju menn eru á móti. Að sumu leyti finnst mér að þetta mál sé komið í þann farveg. Að ógleymdri þeirri áráttu margra að geta ekki samþykkt það sem kemur frá öðrum þm. en þeim sem tilheyra sama flokki.

Ég þarf ekki og ætla ekki að lengja þessa umræðu og ekki að vekja neinar deilur, en ég get samt ekki látið hjá líða að minna á tvö mál, sem framsóknarmenn hafa flutt á undanförnum árum, sem hafa hreinlega ekki fengist afgreidd, enda þótt um sjálfsögð réttlætismál hafi verið að ræða. Í fyrsta lagi er frv. þriggja framsóknarmanna undir forustu núv. hæstv. félmrh. um fæðingarorlof þar sem gert var ráð fyrir sama fæðingarorlofi fyrir allar konur án tillits til stéttar eða stöðu og hins vegar till. okkar nokkurra framsóknarmanna um stefnumörkun í fjölskyldumálum og fjölskyldupólitík þar sem gerð var ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum sem taka þyrfti til athugunar í því sambandi. Það mál er reyndar með þeim hætti að full ástæða væri til að taka það upp af miklum krafti, ekki síst með hliðsjón af ýmsu því sem fram hefur komið í þjóðfélaginu undanfarna mánuði. Ég minni aðeins á tvennt: Annars vegar þær miklu umræður sem orðið hafa um hjónaskilnaði og upplausn fjölskyldna sem stafar hreinlega, að dómi þeirra sem gerst mega vita, af efnahagslegum ástæðum, allsherjarsjúkleika í efnahagslífinu, og hins vegar þá gagnmerku ráðstefnu sem nýlokið er um fátækt á Íslandi. Það er þó vissulega mál sem væri ástæða til að hið háa Alþingi tæki upp til meðferðar.

En ég endurtek að ég tel að nefndin eigi að fá þessar brtt. til meðferðar og gera úr þeim þá till. sem ég er viss um að allur þingheimur bíður eftir að fá að samþykkja.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það stendur nú þannig á að annaðhvort er að hefja á nýjan leik efnislega umræðu um þetta mál, sem yrði þá nokkuð löng, eða að gera örstutta athugasemd. Misskilningurinn í þessu máli er svo yfirþyrmandi vegna þess að svo fáir hafa gert sér far um að kynna sér hvað núverandi samningar innihalda um þessi atriði. En ég vil verða við þeim tilmælum að taka þetta mál aftur til nefndarinnar og geyma mér efnislega umræðu um þetta.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef óskað eftir því að fá orðið utan dagskrár til að vekja athygli á deilu sem staðið hefur nú alllengi og til þess jafnframt að beina einni spurningu eða tveimur til hæstv. fjmrh.

Það var þannig að að kveldi föstudagsins 14. mars hættu störfum um 120 rafeindavirkjar sem starfa hjá tveimur ríkisstofnunum, annars vegar hjá Pósti og síma og hins vegar hjá Ríkisútvarpinu. Nú er svo komið, eins og hv. þm. hafa sjálfsagt orðið varir við, að úr þessu húsi er ekki lengur hægt að hringja út fyrir höfuðborgarsvæðið nema með því að nota handvirka afgreiðslu og bíða í marga klukkutíma. Það hefur orðið að gera margvíslegar breytingar á dagskrá útvarps og sjónvarps og eru nú kannske ekki hundrað í hættunni þó að þar verði einhverjar breytingar á. Hins vegar er það miklu alvarlegra mál þegar símkerfið, þetta mikilvæga fjarskipta- og samskiptakerfi, er ekki lengur til staðar ef svo má segja.

Þessi deila á sér nokkuð langan aðdraganda. Rafeindavirkjar hjá þessum stofnunum sögðu upp störfum sínum 30. sept. Þeir höfðu síðan boðað verkfall frá og með 2. janúar s.l. Þá urðu deiluaðilar ásáttir um, þar sem ráðuneytið taldi verkfallið ólöglegt, að félagsdómur tæki málið til úrskurðar. Hann dæmdi síðan verkfallið ólögmætt, en tók enga afstöðu til uppsagnanna sem tóku gildi samkvæmt því sem áður hafði um verið talað.

Nú hefur verið gert töluvert með það að þetta mál snerist um að brjóta upp nýgerða kjarasamninga. Eftir því sem ég hef haft föng á að kynna mér málsatvik snýst það alls ekki um það heldur snýst það um það að þeir 120 rafeindavirkjar sem starfað hafa hjá Pósti og síma og hjá Ríkisútvarpinu fái að vera félagar í Sveinafélagi rafeindavirkja og þar með Rafiðnaðarsambandinu eins og fjölmargir aðrir starfsmenn ríkisins eru, t.d. margir starfsmenn hjá flugmálastjórn og Landhelgisgæslu, nær allir starfsmenn á þessu sviði í raforkuframleiðslukerfinu, þ.e. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun væntanlega líka. Þetta snýst um það. Ég held að hér sé mjög alvarlegt mál á ferðinni eins og ég sagði áðan. Ég held að það sé líka mjög alvarlegt ef þessar stofnanir, Ríkisútvarpið, sjónvarp og Póstur og sími, missa mikið af þjálfuðum starfsmönnum. Ýmsir af þessum starfsmönnum eru sjálfsagt þegar í þann veginn að leita sér að vinnu annars staðar eða komnir í vinnu annars staðar. Þessar ríkisstofnanir grípa ekki þjálfaða starfsmenn upp af götunni.

Það munu vera um 150 manns á skrá hjá launadeild fjmrn. sem eru í Rafiðnaðarsambandi Íslands eins og þeir 120 starfsmenn sem hér er um að ræða vildu helst vera.

Það hefur komið fram að þessi deila er í einhvers konar hnút eða sjálfheldu. Deiluaðilar hafa ekkert talað saman síðan á mánudagskvöld í þessari viku og nú er kominn fimmtudagur. Viðgerðum hefur lítið eða ekkert verið sinnt hjá þeim tveimur ríkisstofnunum sem hér um ræðir með þeim afleiðingum sem ég hef þegar að nokkru lýst og það er að skapast mjög alvarlegt ástand. Nú veit ég að hæstv. fjmrh. hefur verið fjarverandi og þetta er fyrsti dagurinn sem hann situr á þingi um skeið. Ég vil beina því til hans hvað hann hyggist gera nú til að beita sér fyrir því að lausn finnist á þessari deilu og til að greiða fyrir því að viðræður geti hafist milli deiluaðila og hægt sé að leysa þetta mál. Ég held að þarna beri í rauninni, ef vilji er fyrir hendi, kannske ekki svo mikið á milli, aðeins ef menn fást til að tala saman. Mér skilst að það hafi verið þannig talað af hálfu ráðuneytisins áður að þegar dómur væri genginn í félagsdómi skyldi ekki standa á mönnum að ræða þetta. En eitthvað hefur þar orðið misbrestur á og því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hann beita sér fyrir því að leysa þessa deilu sem má ekki dragast mikið lengur að leysa?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég tek undir það með hv. 5. landsk. þm. að það er alvarlegt mál þegar fjarskipti truflast verulega. Nú þegar hefur orðið nokkur truflun bæði í rekstri útvarps og sjónvarps og símans af þeim sökum að stór hópur rafeindavirkja hefur lagt niður störf. Það er mikið áhyggjuefni og ég tek fastlega undir þau orð sem hv. þm. hafði um það atriði að segja. En það er rétt að það komi hér fram alveg skýrt um hvað þetta mál snýst. Rafeindavirkjar þeir sem hér um ræðir höfðu boðað verkfall í byrjun þessa árs. Þá var gert samkomulag um að skjóta ágreiningsefni um lögmæti verkfallsins til félagsdóms og með leyfi forseta segir m.a. í því samkomulagi:

„Meðan málið er til umfjöllunar í félagsdómi frestast boðað verkfall, en kemur til framkvæmda án sérstakrar boðunar nema niðurstaða félagsdóms komi í veg fyrir slíkt."

Félagsdómur gekk í þessu ágreiningsatriði 13. mars. Það er niðurstaða félagsdóms að verkfall þetta hafi verið ólögmætt. Forsendan fyrir þeirri niðurstöðu er sú að dómurinn er þeirrar skoðunar að ekki hafi verið um að ræða uppsagnir af hálfu rafeindavirkja á réttarstöðu sinni sem opinberra starfsmanna. Uppsagnirnar voru tvenns konar. Annars vegar var um að ræða uppsögn á ráðningarkjörum án frekari skilyrða. Hins vegar var um að ræða uppsögn á ráðningarkjörum með yfirlýsingu um að ef ekki fengist samkomulag um þau atriði fyrir tiltekinn tíma skyldi skoða uppsögn á ráðningarkjörum sem uppsögn á starfi. Félagsdómur kemst að þessari niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Samkvæmt því sem nú hefur verið sagt verður eigi talið að stefnda hafi tekist að sanna að ofannefndir félagsmenn í Sveinafélagi rafeindavirkja, sem mál þetta varðar, hafi með aðgerðum sínum, sem að framan er frá skýrt, fengið breytt stöðu sinni sem opinberra starfsmanna þannig að lög nr. 38/1954 taki ekki lengur til þeirra né heldur lög nr. 62/1985."

Það er m.ö.o. fullkomlega ljóst af niðurstöðu dómsins að þeir aðilar sem hér um ræðir hafa ekki sagt upp störfum sínum sem opinberir starfsmenn með lögmætum hætti. Hér er því um að ræða ólögmætar verkfallsaðgerðir sem ganga í berhögg við lög og það samkomulag sem gert var milli aðila í byrjun árs. Ég harma að á þennan veg skuli hafa verið staðið að málum.

Hv. málshefjandi spurði að því hvað gera mætti til þess að greiða fyrir lausn málsins eða viðræðum. Það er rétt af því tilefni að taka fram að meðan ólögmæt verkföll standa yfir er ekki grundvöllur viðræðna við einstök stéttarfélög um það efni. Það sem þarf að gerast til þess að greiða fyrir viðræðum er fyrst og fremst að þeir starfsmenn sem hér eiga hlut að máli hefji störf á

nýjan leik í samræmi við skyldur sínar sem opinberir starfsmenn þar sem þeir hafa ekki sagt upp með lögmætum hætti.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er full ástæða til að vekja athygli á ástandi sem er að verða býsna alvarlegt og getur orðið hreint neyðarástand í okkar fjarskiptamálum og ber að þakka hv. 5. landsk. þm. að hann skuli flytja þetta mál hér inn. Ég geri mér grein fyrir því að vissulega er um viðkvæma deilu að ræða og það er eflaust erfitt um að véla. Hér verða hins vegar allir að leggjast á eitt. Ég held að það fari ekki á milli mála að hæstv. fjmrh. verður að hafa frumkvæði um lausn hvað sem líður túlkun á réttmæti aðgerða og skoðunum á því, úrskurði félagsdóms og það sem þar er sagt. Hér er um þannig mál að ræða að þar verður lausnar að leita. Það hlýtur að vera hæstv. ráðherra að gera allt sem í hans valdi stendur til þess að á þessu fáist lausn.

Fjarskiptasamband, símasamband innanlands og milli landshluta er orðinn svo snar þáttur, svo ómissandi þjónustuþáttur í okkar lífi, eins og hv. 5. landsk. þm. benti á, að hér verður rösklega að að vinna og fá að sjálfsögðu sem vitrænasta og eðlilegasta lausn á þessu deilumáli.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans, en verð því miður að segja að þau ollu mér verulegum vonbrigðum. Hann hafði það eitt til málanna að leggja að hér væri um ólögmæta verkfallsaðgerð að ræða og ekkert yrði gert fyrr en viðkomandi starfsmenn væru komnir aftur til starfa. Það væri forsenda þess að einhverjar viðræður gætu átt sér stað. Þannig skildi ég orð hans hér áðan. Ég verð að segja að þetta veldur mér miklum vonbrigðum. Ég hef að vísu ekki kynnt mér dómsorð og dómsforsendur félagsdóms mjög ítarlega, en í samkomulagi sem deiluaðilar í þessari deilu gerðu 3. jan. s.l., og hæstv. fjmrh. vitnaði til þess, las 3. lið þess, segir í 2. lið, með leyfi forseta:

„Aðilar líta svo á að frestun á boðuðu verkfalli hafi ekki áhrif á afstöðu aðila til gildis bréfa starfsmanna frá 30. sept. s.l."

Það eru uppsagnarbréfin margumtöluðu. Þannig held ég að það leiki nokkur vafi á því hvort hér er um ólögmætar verkfallsaðgerðir að ræða. Ég held að það sé ekkert einhlítt. Ég skora á hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því að viðræður hefjist milli deiluaðila. Þessi deila leysist ekki. Það stefnir stöðugt í meira óefni og verra ástand hjá þessum ríkisstofnunum að því er varðar mjög mikilvæga öryggishagsmuni í landinu ef ekki er að gert. Ég beini þeim mjög eindregnu tilmælum til hans að hann reyni að sjá til þess að deiluaðilar tali saman og það verði reynt að ná sáttum í þessari deilu áður en af henni hlýst enn meira tjón en orðið er.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það olli mér vonbrigðum þegar hv. 2. þm. Austurl. sagði í ræðustól á hinu háa Alþingi að það yrði að finna lausn á þessu máli hvað sem liði úrskurði félagsdóms. Að vísu ætla ég ekki að gera neina tilraun til að snúa út úr þessum orðum. Þau má vafalaust túlka á ýmsan veg. Ég vænti þess hins vegar að með þessu hafi hv. þm. ekki verið að vanvirða niðurstöðu félagsdóms eða ætlast til þess að fjmrn. og fjmrh. haldi á þann veg á þessu máli að ekki verði tekið tillit til alveg ótvíræðrar dómsniðurstöðu. Við búum einfaldlega í réttarríki, hljótum að taka afstöðu til þessa máls eins og annarra á grundvelli gildandi laga og í þessu efni liggur fyrir niðurstaða dóms um ágreiningsatriði.

Það kom fram í ræðu hv. 5. landsk. þm. að hann hafði ekki kynnt sér dómsniðurstöðuna, en þar er verkfallið dæmt ólögmætt vegna þess að þær uppsagnir sem fyrir hafa legið eru ekki taldar gildar. Þær eru ekki taldar fela í sér uppsögn á starfi sem opinber starfsmaður og því fer um réttindi og skyldur þessara manna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hjá þessu verður ekki vikist. Þetta er niðurstaða dómsins. Og ég beini því til hv. 5. landsk. þm. að hann kynni sér dómsniðurstöðuna að þessu leyti.

Það var afstaða fjmrn. og reyndar allra þeirra ráðuneyta sem hér eiga hlut að máli að þessar uppsagnir væru ógildar og sú niðurstaða er staðfest með dómi félagsdóms. Eðlilega geta ekki farið fram kjarasamningaviðræður við aðila sem eru í ólögmætu verkfalli. Það þykist ég vita að hv. þm. geri sér grein fyrir og hljóti að vera mér sammála um.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vefengdi ekki úrskurð félagsdóms. Ég vil að það komi alveg skýrt fram. Hins vegar sagði ég að þrátt fyrir úrskurð félagsdóms og hvað sem liði réttmæti aðgerða og skoðunum á því bæri brýna nauðsyn til þess að hæstv. fjmrh. hefði frumkvæði um lausn þessa máls svo alvarlegt sem það væri. Og ég sný ekki til baka með að skylda hans og ríkisstj. sem stjórnvalds til að finna lausn á þessu máli, svo viðkvæmt sem það er, svo alvarlegt sem það getur orðið í afleiðingum öllum, er hafin yfir allan efa í mínum huga.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er vissulega komið í óefni að því er þetta mál varðar. Vandamál hafa hrannast upp og eftir því sem lengra líður aukast þau enn. Það mun öllum vera ljóst. Það eina sem ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. að er hvort það eigi að skilja orð hans hér svo að hann muni á engan hátt beita sér fyrir lausn á þessu máli fyrr en að viðkomandi aðilar, sem nú telja sig í verkfalli, hafa komið til vinnu aftur. Ber að skilja hæstv. fjmrh. svo að málið skuli liggja eins og það er nú þangað til aðilar eru komnir til vinnu? Ef það er skoðun hæstv. ráðh. er í enn verra efni komið varðandi þetta mál en nú er ljóst. Ég hygg að flestir muni hlýða á svör hæstv. ráðh. um þetta efni því að þau verða að liggja fyrir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég sé mig knúinn til að vekja athygli á því að ég sagði áðan að ég hefði kannske ekki kynnt mér allar forsendur dómsins svo til hlítar að ég hefði þær hér á takteinum. Hæstv. fjmrh. vildi hins vegar láta í það skína að ég hefði ekki kynnt mér þær eða lesið. En dómsorðin eru þau að verkfallið er dæmt ólöglegt. Í dómsorðunum er ekki tekin nein afstaða til uppsagnarbréfa. Aðilar voru sammála um 3. jan. að frestunin á boðuðu verkfalli hefði ekki áhrif á afstöðu aðila til gildis þeirra bréfa sem hér um ræðir.

Ég verð að segja að ég harma þá afstöðu sem hæstv. fjmrh. hefur tekið í þessu máli. Hann vill greinilega ekki hlusta á þær óskir sem hér koma fram um að hann beiti sér fyrir lausn á þessu máli. Ég harma það og ítreka enn einu sinni og mælist til þess að hann beiti sér

fyrir því að deiluaðilar tali saman.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég verð enn að taka það fram að það segir alveg skýrt í niðurstöðu dómsins undir fyrirsögninni „Álit dómsins og niðurstaða", með leyfi forseta:

„Samkvæmt því sem nú hefur verið sagt verður eigi talið að stefnanda hafi tekist að sanna að ofannefndir félagsmenn í Sveinafélagi rafeindavirkja, sem mál þetta varðar, hafi með aðgerðum sínum, sem að framan er frá skýrt, *fengið breytt stöðu sinni sem opinberra starfsmanna* þannig að lög nr. 38/1954 taki ekki lengur til þeirra né heldur lög nr. 62/1985."

Þetta er alveg ótvíræð niðurstaða dómsins undir fyrirsögninni „Álit dómsins og niðurstaða".

Varðandi fsp. hv. 3. þm. Vestf. get ég aðeins endurtekið það, sem ég hef sagt áður, að það er ekki unnt að eiga kjarasamningaviðræður við aðila sem eru í ólögmætu verkfalli. Annað hef ég ekki um þetta atriði sagt eða um þær ráðstafanir sem gera þarf til að halda uppi eðlilegri fjarskiptaþjónustu. Það eina sem ég hef sagt er þetta: Það er ekki hægt að hafa frumkvæði að kjarasamningaviðræðum við aðila sem eru í ólögmætu verkfalli. Það veit ég að hv. þm. skilur mætavel.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Auðvitað geta menn lagt mismunandi skilning í kjarasamningaviðræður. Spurningin er þessi: Ætlar hæstv. fjmrh. að koma af stað umræðum sem geta leitt til kjarasamninga, sem geta leitt til niðurstöðu í þessu máli? Ég hygg að það sé öllum ljóst, og ekki ætti það að vera síst hæstv. fjmrh. ljóst, að ef þessu deilumáli heldur áfram verður enn þá erfiðara að leysa það eftir því sem lengra líður. Það kannast hæstv. fjmrh. við úr fyrri störfum að eftir því sem lengra líður verður erfiðara um lausn. Ætla menn kannske að bíða þangað til allt fjarskiptasamband er komið í hnút?

Ég hygg að stjórnvöld geti ekki skellt skollaeyrum við þessu ástandi. Þau verða að hafa frumkvæði að viðræðum sem geta leitt til lausnar. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. ætli sér það þó hann gefi kannske ekki um það beinar yfirlýsingar hér í umræðunum á Alþingi. Ég vil a.m.k. vona að hann beiti sér fyrir að kjarasamningar geti komist af stað sem leiði til lausnar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er nýbúið að samþykkja heildarkjarasamninga í þessu landi. Það blasir einnig við að ef ríkisvaldið gengur frá heildarkjarasamningum við meginþorra landsmanna en tekur svo ákvörðun um að ganga frá betri samningum við fámenna starfshópa er verið að brjóta niður þá möguleika að ná heildarsamningum. Þá er verið að ýta undir að hóparnir fari ekki saman að samningaborði heldur að hver hópur fyrir sig reyni að komast jafnlangt og hann kemst með aðgerðum. Ég tel þess vegna að hæstv. fjmrh. sé í mjög vandasamri stöðu þessa stundina. Mér er ljóst að það verður að leita leiða til lausnar á þessu máli, en því mættu menn gera sér grein fyrir að verði ákvörðun tekin, þegar nýbúið er að gera heildarkjarasamninga, um að verðlauna í samningum þá sem ekki vilja una hliðstæðum samningum eru menn að sprengja allt samkomulag upp í þessu máli og þá eru menn raunverulega að ráðast á þá verkalýðsforingja sem unnu að því af heilindum að ná niðurstöðu í viðkvæmum deilumálum. Þá er verið að veita þeim hópum lið sem hafa haldið því fram að heildarkjarasamningar séu rangir, það eigi hver hópur að berjast og semja fyrir sig.

Ég hef lengi horft á kjaradeilur á Íslandi og séð hvernig þær þróast. Höfuðreglan hefur verið sú að láglaunahóparnir, þeir sem minnst hafa fengið, hafa verið látnir setjast að samningaborði og við fjöldann hefur verið samið. Svo hafa aðrir hópar komið á eftir með ýmsa starfsmenntun og farið fram á meira. Þannig hefur launabilið í þjóðfélaginu stöðugt verið vaxandi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál, en ég undirstrika að ég tel að fjmrh. sé í erfiðri stöðu í þessu máli og ég sé ekki að hann eigi auðvelt með að taka upp samningaviðræður við aðila sem eru í ólöglegu verkfalli.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég held að margt hafi verið of rætt í þeim umræðum sem hér hafa farið fram. Hér á í deilu stétt með ákaflega mikla lykilstöðu í þjóðfélaginu. Þessi deila er á margan hátt ákaflega sérstæð og fjallar að ýmsu leyti um sérstæð mál, félagaaðild og hver skuli hafa samningsaðild.

Ekki skal ég fara að gerast guðfaðir eða leiðbeinandi hv. 5. þm. Vestf. og því síður fjmrh. En á svona augnablikum er ákaflega hættulegt að vera að knýja út úr fjmrh. einhverjar yfirlýsingar og krefjast þess að menn fari að lýsa yfir þessu og hinu. Ég held að þingheimur verði að treysta því að þessir aðilar ræðist við. Hvað þær viðræður heita held ég að þingmenn ættu að láta liggja á milli hluta. Ég held að þetta slæma ástand verði hvorki bætt með stóryrðum, fyrirspurnum eða neglandi yfirlýsingum. En það er ábyggilega ósk þingheims að þessir aðilar ræðist við í vinsemd og hvorugur bíti nú í skjaldarrendurnar og segi: Við hann skal ég aldrei ræða fyrr en... o.s.frv. Þessi augnablik koma fyrir í samningum og þá getur verið kúnst mestu orðháka að vera nógu gætnir í tali.

Réttaráhrif tæknifrjóvgunar, þáltill. 143. mál (þskj. 157, n. 624). — Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég vil kynna hér nál. frá allshn. um till. til þál. um réttaráhrif tæknifrjóvgunar. Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Guðmundur J. Guðmundsson og Birgir Ísl. Gunnarsson. Undir þetta skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Benediktsson, Eiður Guðnason, Pétur Sigurðsson og Eggert Haukdal.

Ég vil geta þess hér að í umræðum hjá nefndinni vaknaði sú spurning hvort of strangt væri að orði kveðið í þáltill. að sú nefnd, sem ætlunin er að verði skipuð til að sinna þessu verkefni, ljúki störfum áður en næsta löggjafarþing kemur saman. Við töldum aftur á móti, og vorum um það sammála, að á Norðurlöndunum væri til staðar löggjöf í þessu efni og það ætti ekki að vera ofvaxið að vinna þetta verk fyrir þann tíma. En það er samdóma álit að það sé nauðsyn að sett verði lagaákvæði um það efni sem þáltill. fjallar um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting mjólkur í matvælaiðnaði, þáltill. 340. mál (þskj. 623). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Leópoldsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 623 er till. til þál. sem ég hef leyft mér að flytja. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hvernig nýta megi mjólk og mjólkurvörur í auknum mæli í innlendum matvælaiðnaði í stað innfluttra mjólkurafurða."

Herra forseti. Nýlega hefur hæstv. landbrh. sett reglugerð um stjórn á mjólkurframleiðslu. Skv. henni á að draga svo mjög úr mjólkurframleiðslu strax á þessu ári að maður spyr ósjálfrátt sjálfan sig: Hafa þessir menn aldrei komið í sveit? Það getur ekki verið, a.m.k. aldrei í fjós. Þrátt fyrir mikla vélvæðingu í landbúnaði á síðustu árum, rörmjaltakerfi, súgþurrkun og heydreifikerfi, svo eitthvað sé nefnt, er ekki kominn sjálfvirkur stýribúnaður á kýr.

Skv. opinberum tölum var mjólkurneysla Íslendinga um 98 millj. lítra á síðasta ári en framleiðslan stefnir í um 116 millj. lítra á þessu ári. Nú er mikill vandi á ferð, sögðu menn. En ég held því fram að ársneysla sé miklu meiri. Mjólk og reyndar ýmsar aðrar landbúnaðarvörur flæða inn í landið undir heitinu iðnaðarvara. Brauðbætiefni, sem í er notuð mikil mjólk, er aðeins eitt af mörgu. Í þeim er einnig eggjaduft en síðan er eggjum hent hér á landi. Ég hef sérstaka trú á framleiðslu brauðbætiefna vegna þess að um mikið magn er að ræða og markaðssetning ætti að vera auðveldari en á þurrmjólk sem setja þarf í neytendaumbúðir svo sem barnaþurrmjólk og þurrmjólk í kaffi og te sem vonandi kemur síðar.

Þurrmjólk er nú þegar mikið notuð í matvælaiðnaði, t.d. í ísgerð, kjötvinnslu og sælgætisiðnaði, svo eitthvað sé nefnt. Sælgætisiðnaðurinn hefur hins vegar óskað eftir fjölbreyttari afurðum og má þar nefna sykrað mjólkurþykkni, þurrkaða mysu sem nota má í karamellur og annað sælgæti, einnig laktósu í sykursnautt sælgæti, en það efni er unnið úr mjólk. Ég vil telja upp nokkur önnur matvæli sem innihalda mikla mjólk, t.d. búðinga, frómas, súpur, fiskbúðinga. Þurrkuð kartöflustappa í pökkum er mikið notuð í mötuneytum stofnana, skóla og sjúkrahúsa. Í henni eru auk mjólkur kartöflur og egg.

Það hafa aldrei þótt mikil búhyggindi að henda því sem heimafengið er, taka síðan lán og kaupa eitthvað annað í staðinn. En það er einmitt það sem við nú gerum, söfnum erlendum skuldum. Viðskiptahallinn er mikill. Því hefur oft verið haldið fram að markaður hér væri of lítill. Ég held hins vegar að við séum of fá og smá til að leyfa okkur óráðsíu með verðmæti.

Á liðnum árum hafa verið höfð stór orð um hátækni- og líftækniiðnað þar sem hluti af verðmætasköpun væri hugvit, þekking og tækni. Ef mönnum er hins vegar sagt að úrvinnsla landbúnaðarafurða sé háð þekkingu og mikilli tækni gefast menn upp. Hafa menn ekki skilið sjálfa sig? Ég vil taka fram, svo ekki valdi neinum misskilningi, að hér er ekki um neina árás á menn að ræða af minni hálfu heldur vil ég reyna að stuðla að lausn vandamála landbúnaðar og úrvinnslugreina hans. Ég bið því hæstv. landbrh., sem því miður er fjarverandi, og hv. þm. að opna augu og eyru en ekki loka.

Þegar arðsemi hefur verið athuguð á úrvinnslu landbúnaðarafurða á undangengnum árum hefur t.d. verið gert ráð fyrir því að söluskattur sé greiddur af öllum vélum sem nauðsynlegar teljast. Aftur á móti eru þær vélar, sem keyptar eru til samkeppnisiðnaðar, ekki söluskattsskyldar. Auðvitað er vinnsla á mjólk í matvælaiðnaði samkeppnisiðnaður og þess vegna er ekki um annað að ræða en að breyta reglunum. Ef það er ekki hægt þarf að breyta fyrirtækjunum í iðnaðarfyrirtæki. Þetta er eitt af því sem valdið hefur að ekki er haldið áfram.

Ég vil nefna hliðstætt dæmi. Ef skeflir fyrir útidyrnar heima hjá mér og ég hef ekki skóflu og/eða tíma til að moka frá þeim, til að koma mér inn eða út eftir atvikum, þá nota ég bara bakdyrnar og gluggana ef ekki vill betur, ég stend ekki úti og frýs í hel.

Til að afla mér upplýsinga um núverandi nýtingu á þurrmjólk og aukna möguleika á nýtingu mjólkur í matvælaiðnaði hef ég haft samband við marga aðila, m.a. Framleiðsluráð, mjólkurbú, sælgætisgerðir, kjötvinnslu, bakarí og marga fleiri aðila. Langflestum fannst að alls ekki væri fullreynt að nýta mjólk í matvælaiðnaði. Þar á meðal voru Jón Óttar Ragnarsson matvælaverkfræðingur, áður hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og Rögnvaldur Gíslason deildarstjóri hjá Iðntæknistofnun sem báðir eru persónulega tilbúnir til að leggja málinu lið.

Nýting mjólkur í matvælaiðnaði er bara eitt dæmi af mörgum um hvernig betur má nýta landbúnaðarafurðir hér innanlands. Miklir möguleikar eru í frystingu grænmetis. Neysla á frystu grænmeti hefur stórlega aukist og kemur til með að aukast á næstu árum. Grænmeti er hent hér á hverju hausti. Nefna má súpu og sósukraft sem notað er bæði á heimilum og stofnunum.

Ég vil því biðja hv. alþm. að athuga sinn gang aftur áður en búferlaflutningar verða hafnir með lagaboði. Menn verða að gera sér ljóst hvílík sóun á fjármunum byggðaröskun er. Íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum er bókstaflega hent um land allt. Ég bið hv. alþm. að hugleiða að hér er ekki bara um bændabýli að ræða heldur þorp og bæi eins og Borgarnes, Egilsstaði og Akureyri. Á þessum stöðum er fólk gert eignalaust. Talið er að hvert ársverk í landbúnaði skili meira en tveim í úrvinnslu. Búferlaflutningum, sem nú blasa við, fylgja líka gífurleg félagsleg vandamál sem þekkt eru víða um heim.

Nú bið ég hv. þm. að hugleiða að betri nýting á mjólk og öðrum landbúnaðarafurðum í matvælaiðnaði kemur ekki bara bændum vel heldur þjóðarbúinu í heild. Þessi tegund hátækniiðnaðar hefur þá kosti að hún nýtir betur það hráefni og fjárfestingu sem fyrir er. Ég vona bara að menn nái áttum í þessu máli með þjóðarheill í huga.

Að lokum legg ég til að till. minni verði vísað til hv. atvmn.

Siggeir Björnsson: Herra forseti. Ég er ekki í stakk búinn til þess að ræða þessa till. efnislega. En ég vil aðeins fagna till. sem hér er borin fram á þskj. 623 og flutt af hv. 4. þm. Vesturl. Jóhönnu Leópoldsdóttur. Ég þakka henni fyrir að hreyfa þessu máli hér á hv. Alþingi.

Nú er mikið rætt um nýjar búgreinar og er það góðra gjalda vert. En hitt er ekki síður mikilsvert að leita nýrra leiða um úrræði varðandi hinar hefðbundnu

búgreinar eins og hér er gert. Umræður um landbúnaðarmál hafa allt of oft verið neikvæðar. En með nýjum tímum koma ný viðhorf og þeim verður að mæta á nýjan hátt. Útflutningur landbúnaðarafurða, eins og stendur í dag, er nánast útilokaður í þeim mæli sem nokkru máli skiptir og niðurgreiðslur innanlands á mjólk og kjöti geta aldrei verið takmark í sjálfu sér. Hitt er annað mál að það má nota þær sem hagstjórnartæki þegar offramleiðsla er eða til að lækka þessar vörur til neytandans. Við verðum því að leita nýrra leiða og hér er vakin athygli á máli sem gæti orðið stórmál fyrir íslensku bændastéttina.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta meira. En ég vil aðeins segja að ég fagna till. og ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa vakið máls á þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu, þáltill. 349. mál (þskj. 637). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Tryggvadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 637 um hert eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að herða eftirlit með verðlagi og álagningu. Sérstaklega verði fylgst með innkaupsverði erlendis til að tryggja að tollalækkanir þær, sem ákveðnar voru með lögum nr. 3 og 4 1986 í tengslum við nýgerða kjarasamninga, komi launþegum til góða."

Fyrir um það bil þrem vikum náðist samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um gerð nýrra kjarasamninga, tímamótasamninga sem hafa hvarvetna fallið í góðan jarðveg og hlotið hljómgrunn, bæði meðal launþega og vinnuveitenda. Í samkomulaginu fólst m.a. 13% launahækkun á árinu, kaupmáttarviðmiðun í gerðardóm 1. maí, 1. ágúst og 1. sept., sérstök hækkun á lægstu launum tvisvar á árinu og ráðstafanir í húsnæðismálum, m.a. með viðbótarframlagi til þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Einnig náðist langþráð samkomulag um bætt atvinnuöryggi fiskvinnslufólks.

Síðast en ekki síst var gert samkomulag um sérstakar ráðstafanir til að draga úr verðhækkunum og bæta hag launafólks, m.a. með lækkun tekjuskatts, útsvara, vaxta, verði á opinberri þjónustu, bensínverði og búvöruverði, afnámi verðjöfnunargjalds á raforku svo og lækkun á tollum ýmissa vörutegunda.

Að loknum samningum virðist ástæða til bjartsýni enda lögðu samningsaðilar mikla vinnu í að gera þá sem best úr garði. Á það jafnt við um aðila vinnumarkaðarins sem og um stjórnvöld. Þáttur stjórnvalda í gerð samninganna var stór, um það er engum blöðum að fletta. Í kjölfarið var samþykkt hér á Alþingi frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum ásamt breytingum á lögum um tollskrá þar sem tollar á ýmsum vörutegundum voru lækkaðir til muna. Um það má auðvitað deila hvers vegna sumir vöruflokkar voru teknir fram yfir aðra í tollalækkunum. En þó er það ekki höfuðatriðið að því er varðar þessa till.

Þáttur stjórnvalda er vissulega stór en þó er ábyrgðin enn meiri nú að afloknum samningum, sú ábyrgð að standa vörð um þau loforð sem gefin voru um verðlækkanir, sú ábyrgð að halda verðlagi niðri. Vitað er að til eru þeir sem vila ekki fyrir sér að fórna þessum nýgerðu kjarasamningum á altari auðhyggjunnar. Verðlagsstofnun hefur nú þegar borist þó nokkuð af kærum um aukna álagningu nokkurra verslana í kjölfar tollalækkana og tekið þær fyrir af röggsemi. Þó að stutt sé liðið frá samþykkt tollalækkana biðu þeir tilbúnir með klærnar úti til að ná sem mestu til sín af þeim kjarabótum sem launþegum bar. Slíkt var þeirra svar og þessum aðilum ber að refsa, ekki aðeins með sektum sem þeir vinna upp með sölugróða á einum eða tveim dögum heldur með aðgerðum sem betur yrði munað eftir, jafnvel nafnabirtingu eða missi verslunarleyfis um tíma eða fyrir fullt og allt ef um ítrekuð brot er að ræða.

Til þess að hægt sé að taka á þessum málum af alvöru er nauðsynlegt að herða eins og kostur er allt eftirlit með verðlagi og álagningu. Efling Verðlagsstofnunar og Neytendasamtakanna og samvinna þeirra á milli væru stór skref í rétta átt. Með stuðningi stjórnvalda yrðu þau enn stærri.

Þó er annað atriði sem er öllu alvarlegra og erfiðara viðfangs. Eins og fram kemur í grg. með till. minni hefur komið í ljós að þær breytingar, sem gerðar voru á lögum um tollskrá í framhaldi af nýgerðum kjarasamningum, hafa í vissum tilvikum ekki náð tilætluðum árangri í lækkun vöruverðs og þar með ekki komið launþegum til góða eins og gert var ráð fyrir í samningum. Ástæðan er skyndileg og vægast sagt undarleg hækkun á innkaupsverði erlendrar framleiðslu. Ég get gefið ykkur dæmi.

14. mars s.l. varð ég vitni að símtali við eitt af bifreiðaumboðum hér í Reykjavík. Spurt var um verð á vissri bifreiðategund. Skv. þeim upplýsingum, sem fengust, var sú tegund uppseld en ný sending væntanleg viku af apríl. Sú sending yrði hins vegar á töluvert hærra verði, jafnvel hærra en fyrir tollalækkanir. Hvers vegna? Það er von að menn spyrji. Svar umboðsaðila var á þessa leið: Vegna aukinnar sölu og eftirspurnar eftir bifreiðum undanfarið hefur framleiðandi ákveðið að hækka framleiðsluverð. Ég spyr: Er þetta hægt? Fyrirspyrjandi taldi þessa skyndilega fram komnu hækkun mjög óeðlilega þar eð ekki væri langt um liðið frá síðustu hækkun. Það skal tekið fram að fyrirspyrjandi er alvanur bílaviðskiptum.

Ég spyr: Hvað er að gerast þarna og hvað táknar þetta í raun? Hverjir hafa hag af þessu? Eru það launþegarnir sem áttu að fá kjarabætur? Þetta táknar í fyrsta lagi hærri umboðslaun til íslenska umboðsins sem er þá hagsmunaaðili nr. 1 og í öðru lagi táknar þetta að þarna renna tollalækkanirnar í vasa framleiðanda erlendis sem er þá hagsmunaaðili nr. 2. Sem sagt, kjarabæturnar eru fluttar úr landi í stað þess að koma íslenskum launþegum til góða.

Mér segir svo hugur um að þetta sé aðeins byrjunin og spurning um hvenær aðrir vöruflokkar, sem tollar voru lækkaðir á, fái sömu útreið. Brýnt er því að tekið verði fyrir þennan leka á íslensku fjármagni úr landi, því sama fjármagni og nota skyldi í þágu launþega til að lækka tolla. Að öðrum kosti eigum við víst að verðlag fari úr böndum og ekki verði unnt að standa við gefin loforð um verðlækkanir.

Eins og áður hefur komið fram tel ég að efling Verðlagsstofnunar og Neytendasamtakanna sé okkur nauðsyn nú. En trúlega þarf meira til til að stöðva

útflutning á kjarabótum íslenskra launþega. Hér þarf að grípa í taumana nú þegar áður en öll skriðan kemur og ekki er lengur unnt að spyrna við fótum. Ég treysti ríkisstj. til að gera þær ráðstafanir sem þarf til að finna mótleik í þessari refskák viðskiptalífsins og því hef ég í till. minni lagt til að ríkisstj. verði falið að gera þær ráðstafanir sem þarf.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að till. minni verði vísað til 2. umræðu og hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3141, 3177, 3178, 3223.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 3121.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 3137, 3139.
Forseti Nd. Karvel Pálmason 3126.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3145, 3148, 3164, 3168.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3137, 3184.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 3246, 3247, 3249.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 3240.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 3175, 3183.
Landbrh. Jón Helgason 3172, 3173, 3174, 3175, 3207, 3213.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 3126, 3149, 3215, 3222.
Samgrh. Matthías Bjarnason 3125, 3141, 3143, 3157, 3159, 3160, 3161, 3170, 3171, 3179, 3184.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3149, 3152, 3154, 3156, 3157.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 3206.
Árni Johnsen 3143.
Bjarni Guðnason 3219.
Egill Jónsson 3204.
Eiður Guðnason 3144, 3157, 3159, 3160, 3176, 3181, 3200, 3245, 3247, 3248.
Ellert B. Schram 3138.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3181.
Friðjón Þórðarson 3130, 3137.
Friðrik Sophusson 3132, 3138.
Guðmundur Einarsson 3126, 3168.
Guðmundur H. Garðarsson 3235.
Guðmundur J. Guðmundsson 3177, 3250.
Guðrún Agnarsdóttir 3124, 3144, 3147, 3180, 3206, 3219, 3224.
Guðrún Helgadóttir 3138, 3147, 3149, 3151, 3152, 3155, 3156, 3243.
Guðrún Tryggvadóttir 3253.
Haraldur Ólafsson 3244.
Helgi Seljan 3143, 3167, 3197, 3239, 3247, 3248.
Hjörleifur Guttormsson 3126, 3136, 3137, 3146, 3210, 3214, 3217, 3230.
Jóhanna Leópoldsdóttir 3175, 3190, 3251.
Jóhanna Sigurðardóttir 3177, 3233.
Karl Steinar Guðnason 3179, 3203.
Karvel Pálmason 3135, 3137, 3163, 3166, 3169, 3181, 3248, 3249.
Kjartan Jóhannsson 3170, 3173, 3175, 3176, 3180.
Magnús Reynir Guðmundsson 3160, 3162.
Ólafur Þ. Þórðarson 3137, 3113, 3244, 3249, 3250.
Páll Pétursson 3217.
Salome Þorkelsdóttir 3238.
Siggeir Björnsson 3252.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3141, 3142, 3144, 3202.
Stefán Benediktsson 3121, 3169, 3170, 3171, 3191.
Stefán Valgeirsson 3139, 3140, 3226.
Steingrímur J. Sigfússon 3172, 3173, 3176.
Svavar Gestsson 3171, 3182.

Efnisskrá.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (199. mál) 3206.
Búnaðarmálasjóður (336. mál) 3140.
Byggðanefnd þingflokkanna (299. mál) 3163.
Bæti- og matarefni úr mjólk (326. mál) 3173.
Dómhús fyrir Hæstarétt Íslands (319. mál) 3176.
Eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu (349. mál) 3253.
Endurskoðun laga um fasteignasölu (318. mál) 3172.
Erlend leiguskip (298. mál) 3157.
Fjármögnun rannsókna á hvalastofninum (292. mál) 3152.
Friðarár Sameinuðu þjóðanna 1986 (270. mál) 3144.
Fríverslunarsamningur við Bandaríkin (307. mál) 3176.
Hafnamál (327. mál) 3160.
Hvalarannsóknir (291. mál) 3149.
Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra (285. mál) 3215.
Nýting mjólkur í matvælaiðnaði (340. mál) 3251.
Mat heimilisstarfa til starfsreynslu (11. mál) 3224.
Mötuneyti Pósts og síma í Thorvaldsensstræti (231. mál) 3141.
Réttaráhrif tæknifrjóvgunar (143. mál) 3250.
Skógrækt (343. mál) 3207.
Sveitarstjórnarlög (54. mál) 3126, 3184.
Tilhögun þingfunda 3141, 3223.
Um þingsköp 3126.
Umræður utan dagskrár 3177 (iðgjöld bifreiðatryggginga); 3245 (deila rafeindavirkja og ríkisins).
Úrvinnsla sjávarafla og fjárfestingar í sjávarútvegi (356. mál) 3224.
Útflutningur hrossa (337. mál) 3139, 3223.
Varamaður tekur þingsæti 3121.
Varnir gegn kynsjúkdómum (91. mál) 3124, 3206.
Veð (302. mál) 3125.
Verðbætur á innlán og útlán banka (290. mál) 3169.
Verk- og kaupsamningar (274. mál) 3121.

Efri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn kynsjúkdómum, stjfrv. 91. mál (þskj. 631). — Ein umr.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Eins og hv. deildarmenn rekur minni til var alllöng umfjöllun um þetta mál í heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar fyrir jól. Eins og fram kemur á þskj. var gerð breyting á þessu frv. í Nd., þ.e. skráningarákvæðum um þá sem smitaðir eru af kynsjúkdómum. Ég hef átt óformlegar viðræður við nefndarmenn um þær breytingar sem gerðar voru í Nd. Að því er næst verður komist eru engar athugasemdir af hálfu nefndarmanna í heilbr.- og trn. Ed. vegna þeirra breytinga sem gerðar voru í Nd. og legg ég því til fyrir hönd nefndarinnar að deildin afgreiði frv. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 667).

Verkfræðingar, stjfrv. 312. mál (þskj. 577, n. 654). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur athugað frv. það sem hér er til umræðu. Fékk iðnn. á sinn fund fulltrúa frá iðnrn. til að ræða við nefndina um frv. og gefa nánari skýringar. Enn fremur fékk nefndin á sinn fund fulltrúa frá Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta í sama skyni. Það er svo tillaga nefndarinnar að frv. verði samþykkt.

Efni þessa frv. er um það að húsgagna- og innanhússhönnuðir fái lögverndað starfsheiti svo sem er um sambærilegar stéttir. En þetta mál á sér nokkra sögu. Frv. sama efnis var áður flutt árið 1973, en þá náði frv. einnig til auglýsingateiknara. En frv. náði þá ekki fram að ganga vegna ákveðinnar andstöðu við lögverndun starfsheitis auglýsingateiknara. Frv. sem hér liggur fyrir fjallar nú einvörðungu um húsgagna- og innanhússhönnuði og fellt hefur verið niður ákvæðið um auglýsingateiknara sem ágreiningur var áður fyrr um.

Það er enginn ágreiningur um þetta frv. í iðnn. og nefndin leggur til, eins og áður segir, að frv. verði samþykkt.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari er í því fólginn að ég tel meinlaust að þessi löggilding eigi sér stað. Hins vegar tel ég ástæðu til þess að löggildingar almennt verði skoðaðar niður í kjölinn. Það er varla til sú starfsgrein á Íslandi sem ekki nýtur löggildingar ríkisins. Ég tel þetta ranga þróun. Ég tel að starfsstétt eða einstaklingar innan hennar eigi að njóta sinnar hæfni, kunnáttu og menntunar þegar þeir bjóða fram sín störf án þess að ríkið þurfi að koma til með lögverndun. Oft og tíðum virkar slík lögverndun sem takmörkun á starfsréttindi annarra og ég veit ekki til þess að það sé dæmi um það í hinum iðnþróaða heimi að löggildingar séu svo almennar sem er hér á landi. Mér er t.d. ekki kunnugt um að það sé í Bandaríkjunum og það er mjög takmarkað á Norðurlöndum, í Frakklandi, Þýskalandi og öðrum löndum sem við viljum gjarnan jafna okkur við.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en tel ástæðu til þess að því verði gefinn gaumur á næstunni að löggildingum verði frekar fækkað en fjölgað. Hins vegar endurtek ég að ég tel meinlaust að þessar starfsstéttir fái löggildingu fyrst þetta fár hefur riðið svo yfir sem raun ber vitni, en tel þessa þróun í meginatriðum ranga.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Ég tel tvímælalaust að það sé full ástæða til að samþykkja þetta frv., enda aðili að nál.

Ég vildi skýra að nokkru leyti hvers vegna ég kemst að þeirri niðurstöðu. Það er fyrst og fremst og aðallega vegna þess að réttindamál hafa snúist einhvern veginn þannig í höndunum á okkur hér á Íslandi að stéttir sem njóta ekki lögverndunar starfsheitis eru í raun og veru ekki til í augum opinberra yfirvalda, ekki til sem viðskiptaaðilar eða ábyrgðaraðilar fyrir sínum verkum. Þetta er þrátt fyrir að menn hafi tvímælalaust gild próf frá æðstu menntastofnunum víðs vegar um heim og skorti ekkert á í þeim efnum. Starfsstétt eins og sú sem hér um ræðir sinnir mjög víðtækum og viðamiklum störfum við það að ganga frá og innrétta húsnæði og starf þessara þjónustuaðila er ekki hvað síst fyrir og á vegum hins opinbera. Um hendur þessara manna fara miklir fjármunir með ýmsum hætti og á herðum þeirra hvílir mjög mikil ábyrgð. Samt sem áður líta yfirvöld, þau sem t.d. eiga að gæta öryggis og annarra slíkra hluta í tengslum við byggingar, þannig á að þessi starfsstétt sé ekki til. Það þýðir aftur á móti að mjög mikið af vinnu þessa þjónustufólks er unnið án þess að heimildir fyrir henni liggi fyrir á réttum stöðum sem er aftur á móti gífurlega mikilvægt í sambandi við, þó ekki nema eitt sé nefnt, t.d. brunavarnir og eldvarnaeftirlit.

Svo að ég skýri aðeins betur hvað ég á við er ég að tala um að þegar arkitekt er búinn að teikna hús eða annar sem heimild hefur til þess af hálfu byggingaryfirvalda, það hefur verið samþykkt og því hefur verið upp komið að því byggingarstigi sem við köllum „tilbúið undir tréverk", þá kemur oft innanhússhönnuður að verkinu og gengur frá endanlega. Hann er sér fullkomlega meðvitandi um allar gildandi reglugerðir vegna brunavarna og annarra slíkra hluta og ég treysti því að þeir fari ávallt eftir því, en vinna þessa manns liggur ekki fyrir hendi sem gögn hjá viðkomandi yfirvaldi, þá á ég við byggingaryfirvöld, einfaldlega vegna þess að viðkomandi yfirvald lítur þannig á málin að þessi atvinnustétt sé ekki til. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að styðja samþykkt þessa frv.

Aftur á móti get ég tekið hjartanlega undir með hv. 6. landsk. þm. að ég tel tvímælalaust komið að því að stjórnvöld staldri við og eyði einhverjum tíma í að skoða öll þessi sérréttindamál með tilliti til tilgangs og markmiða. Ég fæ ekki betur séð en það mætti að ósekju aflétta stórum hluta þessara sérréttinda, en þá yrði það að gerast þannig að jafnræði ríkti með öllum sem skyldleika eiga í starfi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sjóðir atvinnuveganna, stjfrv. 339. mál (þskj. 622). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Eins og hv. deild er kunnugt er þetta frv. undirbúið af sérstakri nefnd sem ég skipaði 24. okt. 1984 í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna. Nefndin fékk það verkefni að endurskoða lög um sjóði atvinnuveganna eins og segir í samkomulagi stjórnarflokkanna:

„Fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna sem starfa samkvæmt sérstökum lögum verði fækkað í þrjá, Búnaðarsjóð, Sjávarútvegssjóð og Iðnaðarsjóð. Sjóðir þessir sinni hlutverki sínu fyrst og fremst með lánveitingum í gegnum hið almenna bankakerfi.“

Þetta frv., sem nefndin samdi, var lagt fyrir það Alþingi sem síðast sat og varð ekki útrætt. Málið hlaut ekki endanlega afgreiðslu hér í hv. Ed.

Það er rétt að geta þess til upprifjunar að í þessari nefnd sátu Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, sem er formaður, Friðrik Sophusson alþm., Stefán Guðmundsson alþm. og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni störfuðu þeir Baldur Guðlaugsson og Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson deildarstjóri og síðar forstjóri var ritari nefndarinnar.

Eftir að þingi lauk á s.l. sumri fól ég nefndinni að yfirfara frv. að nýju. Ég fékk frv. aftur frá nefndinni með bréfi 21. nóv. 1985 og mér sýnist rétt, virðulegi forseti, að ég lesi það bréf, með leyfi forseta:

„Nefnd sú er þér skipuðuð 24. okt. 1984 til endurskoðunar á lögum um fjárfestingarsjóði atvinnuveganna o.fl. hefur yfirfarið frv. til l. um sjóði atvinnuveganna og haft hliðsjón af þeim brtt. sem fyrir lágu í fjh.- og viðskn. Ed. og ýmsum öðrum tillögum og ábendingum. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði lagt fram eins og yður er sent það nú. Nefndin telur rétt að taka eftirfarandi fram:

1. Nefndin hefur í engu fjallað um tekjustofna sjóðanna og telur rétt að sérstök nefnd verði skipuð til þess að endurskoða þá og samræma.

2. Nefndin telur rétt að leitað verði leiða er miða að því að stjórn sjóðanna sé í höndum þeirra sem í þá greiða og áhrif á stjórn séu sem mest í samræmi við greiðslur.

3. Nefndin bendir á að ákvæði þess efnis að öll skjöl viðvíkjandi lánum sem Fiskveiðasjóður tekur séu undanþegin stimpilgjöldum mismunar sjóðunum og gengur þvert á þá samræmingu sem stefnt er að.

4. Nefndin bendir á að ákvæði um skyldur Stofnlánasjóðs landbúnaðarins við Lífeyrissjóð bænda til ársloka 1989 leggur byrði á þann sjóð umfram aðra sjóði.

5. Nefndin hefur lagt fram frv. með þeim breytingum á nöfnum sjóðanna sem ræddar höfðu verið í fjh.- og viðskn. Ed., en bendir á að þessi nöfn hafa þrengri merkingu en þau fyrri og gefa tvö þeirra tæplega rétta mynd af starfsemi sjóðanna.

6. Nefndin bendir á að tryggingadeild innflutningslána, sem nú er lagt til að starfi við Iðnlánasjóð, er í reynd fyrir allar atvinnugreinar og því ekki fyllilega rökrétt að hún sé staðsett við Iðnlánasjóð þó að sú leið sé valin hér.

7. Nefndin gerir í engu tillögu um breytta eignaraðild á sjóðunum frá því sem áður var. Þó er gert ráð fyrir að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna umfram það sem gildir þegar lög þessi öðlast gildi nema eftir því sé leitað sérstaklega.

8. Meðan þetta frv. hefur verið í umfjöllun hafa verið samþykkt lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru sem gera ráð fyrir verulegum fjárframlögum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Frv. þetta gerir ráð fyrir að Framleiðnisjóður verði lagður niður og framlög þessi renni eftirleiðis til hinnar sérstöku deildar við Stofnlánasjóð landbúnaðarins, sbr. 14. og 15. gr. frv. Sumir nefndarmenn telja eðlilegra að þessi framlög fari í sérsjóð en renni ekki til stofnlánasjóðs.“

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Með tilvísun til þessara athugasemda taldi ég rétt að málið yrði enn skoðað og fól Baldri Guðlaugssyni lögmanni að taka málið til meðferðar og athuga allt það sem komið hefði fram í bréfi nefndarinnar er ég nú las. Sú umfjöllun tók einnig nokkurn tíma og er málið því orðið svo síðbúið sem raun ber vitni.

Ég tel þá rétt að gera grein fyrir frv. eins og það núna liggur fyrir.

Samkvæmt frv. leysir Búnaðarsjóður af hólmi Stofnlánadeild landbúnaðarins og Framleiðnisjóð landbúnaðarins auk þess sem Byggingarstofnun landbúnaðarins er lögð niður. Iðnaðarsjóður yfirtekur Iðnlánasjóð og Sjávarútvegssjóður kemur í stað Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa.

Eins og kemur fram í því sem hér var lesið var ákveðið að hverfa að fyrri nöfnum sjóðanna þrátt fyrir þær hugmyndir sem hér komu fram um að halda þeim nöfnum sem nú eru. Þetta er ekki stórt mál og hvort tveggja kemur að mínu mati til greina, en ég taldi það rétt, sem kom fram í bréfi nefndarinnar, að þau nöfn sem eru í frv. eins og það er aftur lagt fyrir gefa betur til kynna verkefni viðkomandi sjóða.

Sömuleiðis var niðurstaðan sú að halda Framleiðnisjóði landbúnaðarins innan Búnaðarsjóðs en ekki aðskilja hann þrátt fyrir þau stóru verkefni sem hann hefur nú, enda er gert ráð fyrir því að Framleiðnisjóður verði sérdeild í Búnaðarsjóði og geti þannig fullt eins sinnt þeim verkefnum sem honum eru falin næstu árin eins og þótt hann væri sérsjóður.

Við frumvarpsgerðina var leitast við að samræma löggjöf um sjóðina þrjá eftir því sem unnt reyndist. Skal nú gerð stuttlega grein fyrir helstu atriðum sem eru sameiginlega fyrir sjóðina þrjá skv. frv.:

Sjóðirnir verða sjálfstæðar stofnanir. Lögbundin framlög úr ríkissjóði eru afnumin, en ákvæði núgildandi laga um tekjuöflun sjóðanna í formi gjalda á viðkomandi atvinnugrein haldast svo til óbreytt. Við gerð frv. þessa var valinn sá kostur að samræma ákvæði um réttarstöðu sjóðanna. Með orðalaginu „sjálfstæðar stofnanir“ í 2. málsgr. 1. gr. frv. er lögð áhersla á sjálfstæði hvers sjóðs um sig. Ekki er gert ráð fyrir því í frv. að sjálfskuldarábyrgð hvíli framvegis á ríkissjóði á skuldbindingum atvinnuvegasjóðanna þriggja heldur

yrði að leita eftir slíkri ábyrgð í hverju einstöku tilviki. Svo sem fram kemur í athugasemdum við 49. gr. frv. helst þó ríkisábyrgð á eldri skuldbindingum sjóðanna í samræmi við núgildandi lög. Tekið skal fram að með frv. er ekki gerð breyting á núverandi eignaraðild að sjóðunum og það skal tekið fram að með tilvísun til athugasemdar nefndarinnar um tekjuöflun til sjóðanna skipaði ég þrjá menn í nefnd til að athuga tekjuöflun til Búnaðarsjóðs. Ástæðan fyrir því að ég skipaði eingöngu nefnd til að athuga tekjuöflun þess sjóðs er sú að tekjuöflun bæði Sjávarútvegssjóðs og Iðnaðarsjóðs er tiltölulega mjög einföld. Það er eitt gjald á viðkomandi atvinnuveg og ég sá ekki ástæðu til að því þyrfti að breyta. Hins vegar er tekjuöflun núverandi Stofnlánadeildar landbúnaðarins mjög flókin. Það eru mörg gjöld og m.a. er tekið gjald, 1%, af sama gjaldstofni þótt nefnt sé mismunandi nöfnum. Mér fannst því ástæða til að endurskoða það en ég hafði ekki fengið niðurstöðu frá þessari nefnd. Ég hef rætt við nefndina og þar eru efasemdir um að þörf sé á að breyta þessu og a.m.k. sýnist mér það skoðun nefndarmanna að rétt væri að stofnanir landbúnaðarins eða búnaðarþing sérstaklega kannaði betur það mál. Ekki er ástæða til að bíða eftir því.

Í öðru lagi vil ég nefna að sjóðirnir öðlast fullt sjálfstæði til að ákveða til hvaða atvinnugreina og viðfangsefna þeir lána, hverra trygginga skuli krafist og hver vera skuli lánshlutföll, vaxtakjör og önnur lánskjör. Lög munu þannig ekki lengur vera því til fyrirstöðu að sjóðirnir láni til þeirra atvinnugreina sem hvergi eru staðsettar í sjóðakerfinu eða atvinnufyrirtækja hvor hjá öðrum, en ákvarðanir um slíkt verði í höndum viðkomandi sjóðsstjórnar og þar með í reynd í höndum viðkomandi atvinnugreinar.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að allmjög var um það rætt hvort unnt mætti vera að sameina þessa sjóði alla í einn stofnlánasjóð atvinnuveganna og hafa þannig enga aðgreiningu, enda þá því betur náð að allar greinar atvinnuvega ættu þar innangengt. Um þetta náðist ekki samstaða enda málið allmargslungið, m.a. með tilliti til þeirra víðtæku skuldbindinga sem þegar hvíla á hinum ýmsu sjóðum atvinnuveganna. Ég vil láta það koma fram að sjálfur taldi ég þetta að mörgu leyti æskilegt markmið og var því hlynntur að slíkt skref yrði stigið en ég viðurkenni að það mun vera erfitt, mörg ljón í vegi, og því eðlilegra, a.m.k. til að byrja með, að taka þetta í áföngum.

Í þriðja lagi: Stjórn hvers sjóðs ákveður hvort sjóðurinn skuli lána beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana. Í þessu felst að sjóðirnir geta valið á milli mismunandi leiða. Í fyrsta lagi: Þeir geta lánað beint og annast afgreiðslu lánanna sjálfir. Í öðru lagi: Þeir geta ákveðið að lánsumsóknir þurfi að fara í gegnum viðskiptabanka umsækjanda sem láti þá í té umsögn, auk þess sem sjóðirnir gætu ákveðið að setja það sem skilyrði fyrir lánveitingu að viðskiptabanki eða önnur lánastofnun ábyrgist lánið. Í þriðja lagi: Þeir geta endurkeypt skuldabréf af viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum. Og í fjórða lagi: Þeir geta lánað viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum beint, enda hyggist viðkomandi stofnanir endurlána fé til viðfangsefna sem samrýmast hlutverki viðkomandi sjóðs. Hver sjóður gæti hvort heldur er valið eina af ofangreindum leiðum eða blöndu af þeim og gæti því hugsast að sjóðirnir störfuðu að þessu leyti hver með sínum hætti.

Í þessari breytingu felst töluvert. Með henni er að því stefnt að tengja viðskiptabankana betur en verið hefur starfsemi stofnlánasjóðanna. Í henni felst að viðskiptabankarnir meti umsóknir um lán til stofnlána og séu þá reiðubúnir til að taka slíkt lán hjá stofnlánasjóði og endurlána og reyndar eru heimildir til þess að slík lán verði þá með öðrum tryggingum en gert kann að vera þegar sjóðirnir lána beint og lánin jafnvel hærra hlutfall.

Í fjórða lagi: Stjórnum sjóðanna er heimilt að ákveða að lánskjör og lánshlutfall verði mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Með þessu móti er sjóðunum gert kleift að aðlaga lánshlutföll, vexti og önnur lánskjör þeim tryggingum sem settar eru og þar með þeirri áhættu sem tekin er í hverju tilfelli. Jafnframt er tekið sérstaklega fram í frv. að þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán megi hafa lánskjör hagstæðari lántakendum og lánshlutföll hærri en ella væri. Slíkt fyrirkomulag gæti stuðlað að því að lánveitingar sjóðanna færu fram í gegnum bankakerfið. Þessi liður er að sjálfsögðu mjög tengdur því sem ég las áðan og þarf ég ekki að hafa um hann frekari skýringar.

Í fimmta lagi: Felld eru úr lögum ákvæði um að tiltekinn viðskiptabanki skuli hafa á hendi daglegan rekstur eða stjórn hvers sjóðs. Hins vegar er stjórnum sjóðanna veitt heimild til þess að semja um það að önnur stofnun annist daglegan rekstur.

Í sjötta lagi: Starfsemi sjóðanna verður fyrst og fremst í því fólgin að sjóðirnir veiti lán eða ábyrgðir en jafnframt er lagt til að innan hvers sjóðs starfi sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í viðkomandi eða öðrum atvinnugreinum og er sjóðsstjórn bæði heimilt að veita lán og styrki úr þessari deild. Heimilt er að afskrifa slík lán ef verkefni sem lánað hefur verið út á ber ekki tilætlaðan árangur. Þá er og heimilt að ráðstafa fjármunum hinna sérstöku deilda til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum. Hin sérstaka deild innan Sjávarútvegssjóðs tekur við eignum og tekjum Fiskimálasjóðs, hin sérstaka deild innan Búnaðarsjóðs við eignum og tekjum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og hin sérstaka deild innan Iðnaðarsjóðs við eignum og tekjum vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Ber að halda fé og fjármagnstekjum hinna sérstöku deilda aðgreindum í bókhaldi og reikningum sjóðanna.

Ég tel þetta ákvæði um starfsemi sjóðanna mjög mikilvægt í þeirri viðleitni sem nú er til nýsköpunar í atvinnulífinu. Ég minni hv. þm. á að venjulega hefur þurft sérstaka ákvörðun ráðherra og jafnvel sérstaka reglugerð til þess að sumir sjóðirnir hafi talið sér heimilt að ráðstafa fjármagni til slíkra áhættuþátta eins og hér er um að ræða. Á ég þá t.d. við hagræðingarlán og fleira sem Fiskveiðasjóður hefur veitt. Með þessum ákvæðum í lögum er meiri festu komið á þessa starfsemi og reyndar sjóðunum gert að skyldu að lána eða styrkja nýsköpun í atvinnulífinu.

Í sjöunda lagi: Stjórnum sjóðanna er heimilt að ákveða að þeir taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum að því marki sem slík þátttaka samrýmist hlutverki sjóðanna. Þetta er að sjálfsögðu skylt því ákvæði sem ég las áðan um nýsköpun í atvinnulífinu. Sjóðirnir

geta m.ö.o. veitt slík lán eða styrki beint eða kosið að gera það í gegnum þau þróunarfélög sem starfandi eru.

Í áttunda lagi: Teknar eru upp heimildir fyrir sjóðina til að taka lán erlendis í eigin nafni innan ramma lánsfjárlaga. Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum. Ef sjóðirnir telja sig geta fengið betri lánskjör með því að taka lánin beint er þeim það hér með heimilt en þurfa ekki, eins og nú er, að taka lán í gegnum Framkvæmdasjóð.

Í níunda lagi: Felld eru brott ákvæði um það hvenær heimilt sé að telja lán eða eftirstöðvar lána úr sjóðunum fallin í gjalddaga án uppsagnar og um heimild sjóðanna til að láta selja veð við opinber uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, enda slík lagaákvæði óþörf þar sem sjóðirnir geta áskilið sér þann rétt í skuldabréfum þeim sem lántakendur gefa út til viðurkenningar skuld sinni. Sama máli gegnir um lagaákvæði varðandi heimildir sjóðanna til að gengistryggja endurlán erlends lánsfjár. Slík ákvæði í einstökum lögum eru óþörf vegna almennra heimilda í lögum nr. 13/1979. Þetta atriði held ég að þurfi ekki skýringa við.

Í tíunda lagi: Æðsta vald í málefnum hvers sjóðs verður í höndum fimm manna stjórnar sem skipuð er af ráðherra til eins árs í senn. Skulu fjórir þeirra skipaðir skv. tilnefningum en einn skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur viðkomandi sjóðs. Rétt til setu þar með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga samtals 20 fulltrúar tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna stjórnarmenn. Stjórn hvers sjóðs getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn. Hlutverk ársfundar er að ræða og afgreiða ársskýrslu og reikninga viðkomandi sjóðs en stjórnin skal leggja hvort tveggja fyrir fundinn. Einnig kýs ársfundur endurskoðendur sjóðsins og ákveður þóknun stjórnarmanna. Loks er tekið fram í frv. að ársfundur geti gert tillögu til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins. Ákvörðunarvaldið er þó eftir sem áður hjá stjórninni.

Hér er að sjálfsögðu gerð tilraun til þess að fleiri fái aðgang að stjórn og ákvörðun stjórnar um starfsemi viðkomandi sjóðs. Oft og iðulega hefur starfsemi stofnlánasjóðanna verið mjög gagnrýnd af aðilum viðkomandi atvinnugreina sem ekki hafa talið sig geta fallist á þær reglur og ákvæði sem þar hafa ráðið. Með þessum ákvæðum í frv. er að því stefnt að slíkir aðilar og reyndar fleiri aðrir, sem telja sig eiga erindi við stjórn viðkomandi sjóðs, fái tillögu- og umræðurétt um starfsemina.

Í ellefta lagi vil ég svo nefna það að við Iðnaðarsjóð er gert ráð fyrir sérstakri tryggingardeild útflutningslána. Stjórnir Búnaðarsjóðs og Sjávarútvegssjóðs geta ákveðið að við þá sjóði skuli einnig starfræktar slíkar deildir og skulu þá gilda um þær sömu lagaákvæði. Og eins og fram kemur í frv. stendur Ríkisábyrgðasjóður að baki þessari tryggingardeild útflutningslána.

Um þetta atriði var mikið rætt í meðferð málsins á milli þinga. Þetta er atriði sem kom inn í meðferð hv. fjh.- og viðskn. Ed. í fyrra og er að allra mati mjög þarft ákvæði. Hins vegar voru skiptar skoðanir um það hvort það ætti heima í þessu frv. eða í sérfrumvarpi og sömuleiðis nokkuð skiptar skoðanir um það hvort samsvarandi greinar eða sömu greinar ættu þá að vera í köflum um Búnaðarsjóð og Sjávarútvegssjóð. Eftir allítarlega umfjöllun um þetta atriði var niðurstaðan hins vegar sú að ekki væri ástæða til slíks, að slík tryggingarlán yrðu að öllum líkindum langsamlega flest hjá Iðnlánasjóði, vafasamt að hinir sjóðirnir teldu sig þurfa að veita slík lán, en þó tekið inn í frv. ákvæði sem heimilar þeim að gera það ef þeir telja þörf á og málið þannig leyst. Náðist um það samkomulag við forráðamenn viðkomandi sjóða eins og þeir eru nú.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginatriði þessa frv., sömuleiðis þær athugasemdir sem komu fram frá nefndinni. Ég hef einnig gert grein fyrir því að vegna þeirra athugasemda og þeirra brtt. sem komu fram í meðferð þessarar hv. deildar á frv. var talið nauðsynlegt að taka það til ítarlegrar endurskoðunar. Ég vona að þær breytingar sem hafa verið gerðar séu til bóta og verði til þess að nefndin geti fremur sæst á frv. eins og það er.

Ég veit að þær raddir munu heyrast að hér sé ekki um róttæka breytingu á sjóðakerfinu að ræða. Ég hygg þó að þegar menn skoða þau ýmsu atriði sem ég hef nú rakið leynist þar miklu fleira en menn hafa viljað láta í veðri vaka. Fyrst og fremst er um það að ræða að sjóðirnir verða sjálfstæðari einingar, að stjórnir sjóðanna, sem eru á vegum viðkomandi atvinnuvega, geta ráðið miklu meira um það, ef þetta frv. verður að lögum, en sjóðsstjórnir geta nú hvernig viðkomandi sjóðir haga sinni starfsemi, hvort sjóðurinn lánar út beint, lánar í gegnum viðskiptabanka o.s.frv. Ég tel ákaflega mikilvæg atriði um nýsköpun í atvinnulífinu sem sjóðunum eru falin með þessu frv. og fleira gæti ég nefnt sem ég vil ekki endurtaka. Ljóst er að þetta frv. kemur seint fram hins vegar og ég er þess vegna ekki að leggja áherslu á að það verði afgreitt á þessu þingi en ég taldi rétt að nefndin fengi það þó til afgreiðslu, ef hún hefur tíma til, eða til skoðunar og gæti enn gert við það athugasemdir þannig að það mætti þá leggja fram strax í upphafi þings í haust.

Ég geri að tillögu minni að lokinni þessari umræðu að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég heyrði það á hæstv. forsrh. í lok máls hans að hann gerði ekki frekar ráð fyrir því að þetta frv. yrði afgreitt á þessu þingi, svona seint fram komið. Skil ég það auðvitað mætavel og þykir það ágæt tillitssemi við þingið miðað við það hvað skammur tími lifir þings eftir því sem áætlað er og er ólíkt um það nú samanborið við það þegar hæstv. ráðh. flutti framsögu fyrir þessu máli í fyrra og óskaði eftir að menn afgreiddu það þá á enn skemmri tíma. Hitt er svo annað mál að þær grunsemdir, sem hæstv. forsrh. hafði um það að mönnum þætti kannske ekki mikið nýjungakennt í þessu frv. eða mikið sem kallaði á það, eru réttar þó að hann segði svo á eftir að þegar betur væri að gáð leyndist ýmislegt í þessu, þrátt fyrir allt, að mér skildist.

En auðvitað vekur þetta ótal spurningar. Ég segi bara það eitt í sambandi við þann þátt sem hæstv. forsrh. gerði hvað mest úr, þ.e. að gera sem allra mest af nýsköpun í okkar atvinnulífi mögulega, að ég tel það mögulegt innan þess kerfis sem við höfum í dag, hjá hverjum þeirra sjóða sem í dag eru starfandi. Ef þeim eru falin þau verkefni og til þess séð að þeir hafi fjármagn til að sinna þeirri nýsköpun. Það er vitanlega

augljóst að með auknu fjármagni til þessara sjóða, og kannske ákveðnum lagabreytingum einnig, er auðvitað mögulegt að sinna miklu betur nýsköpun í íslensku atvinnulífi og þarf ekki sérlög til þess út af fyrir sig. Ég hélt sannast sagna að þetta mál væri úr sögunni. Við þekkjum þetta og það hefur verið haft að nokkrum gamanmálum að forsaga þessa máls væri úr síðsumarvöku þeirra fóstbræðra eða úr fóstbræðrasögu þeirra hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og var eitt af því sem þeir komu sér saman um hér á síðsumri 1984 að skyldi ná fram að ganga. Það er greinilegt, eins og hæstv. forsrh. kom inn á, að jafnvel í nefndinni, sem þarna fjallaði um, hefur alls ekki verið einhugur um það hvernig að skyldi staðið og menn eru enn þá að velkjast í nokkrum vafa um hvernig með skuli farið. Ég held t.d. að það sé kannske ekki hrifning hjá öllum stjórnarsinnum af þessu frv., jafnvel eins og það lítur út í breyttri mynd í dag. Mér þætti t.d. forvitnilegt, og því verður ekki svarað hér í þessari hv. deild, hver afstaða hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefáns Valgeirssonar, til Búnaðarsjóðsins er, svo dæmi sé tekið. Ég er ekki viss um að þar sé um mikla hrifningu að ræða.

Ég sé ekki nauðsyn á þessu frv. umfram þá sérlög fyrir hvern sjóð, ef menn mundu breyta því eitthvað sérstaklega. Við sjáum það glöggt á hinum sameiginlegu ákvæðum, hvað þau eru í raun og veru veigalítil, fá og fátækleg, þó ég vanmeti ekki ákveðin nýmæli, sem hæstv. forsrh. benti sérstaklega á, í þessum sameiginlegu ákvæðum sem auðvitað gætu komið inn í og farið inn í lög um þessa stofnlánasjóði nú þegar. Öll aðalatriði varðandi hvern sjóð eru, eins og ég sagði áður og allir sjá auðvitað á frv., í sérkafla um hvern þessara þriggja sjóða. Sameiginleg ákvæði og gildistökuákvæði eru svo bara svona eins og hverjir aðrir viðaukar.

Ég hlýt að einskorða mig að nokkru leyti við landbúnaðinn í þessu efni og skal ekki hafa um það langt mál frekar en ég gerði í fyrra. Ég heyrði það á hæstv. forsrh. þegar hann var að lýsa viðhorfum í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta mál að þar hefðu menn hreinlega ekki verið á einu máli, og það skil ég vel, um ákveðinn samruna Framleiðnisjóðs annars vegar, sem sjóðs sem beitir sér fyrir nýsköpun í íslenskum landbúnaði og ákveðnum styrkjum til nýsköpunar og breytinga í landbúnaði, og á Stofnlánadeild landbúnaðarins hins vegar og sumir nefndarmenn, eins og hæstv. forsrh. tók fram, alls ekki sammála um að svo skyldi vera. Ég sé ekki neitt hagræði að því, enda sérstaklega tekið fram af hæstv. forsrh. til þess að forðast allan misskilning, að Framleiðnisjóðurinn yrði alger sérdeild í Búnaðarsjóðnum og þá erum við ekki komnir langt frá því fyrirkomulagi sem við höfum einmitt í dag með Stofnlánadeildina annars vegar sem lánasjóð og hins vegar Framleiðnisjóð sem þann styrktaraðila í landbúnaðinum sem hann er í dag. Ég tel að þarna sé að nokkru leyti um ólík hlutverk að ræða. Það þarf að samræma þau vissulega en það er um margt gott að þau séu aðskilin og ég heyri það að sumir af þeim nefndarmönnum sem ríkisstj. hefur sett í þetta hafa verið sama sinnis. Það væri að mörgu leyti betra að hafa annars vegar hreinar lánveitingar og hins vegar beina styrki, beina aðstoð við atvinnugreinina.

Ég skal ekki út af fyrir sig fara að taka Stofnlánadeild landbúnaðarins í forsvar. Ég hef verið þar í 12 ár í stjórn og þar hefur eflaust margt umdeilanlegt verið gert. Þó bendi ég á það að ég held að gagnrýni bænda á Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi fyrst og fremst snúið að of litlu fjármagni sem deildin hefur haft til umráða og auðvitað of dýru fjármagni nú síðari árin eins og reyndar annars staðar í þjóðfélaginu.

Það hafa verið deilur hér á Alþingi t.d. um það hvernig Stofnlánadeildin verði sínum fjármunum, m.a. varðandi uppbyggingu í hefðbundnum búgreinum annars vegar og hins vegar í nýbúgreinunum og þar hefur þótt of mikið skipulagsleysi á ferðinni. Það hefur verið talað um að of mikið og of stórt hafi verið byggt ennþá í tengslum við hinn hefðbundna búskap. Ég bendi á að á sínum tíma setti Stofnlánadeildarstjórnin ákveðin stærðarmörk til þess að hamla þar nokkuð á móti og eins og engum er betur ljóst en hæstv. forsrh., sem var landbrh. á þeim tímum sem staða deildarinnar var allra verst, vita menn að þarna voru auðvitað miklar þrengingar. En einmitt hæstv. núv. forsrh., sem þá var landbrh., hann rétti það mjög af þannig að staða deildarinnar í dag er mjög góð. Það má kannske segja að eina breytingin á tekjum deildarinnar sé sú, eins og kemur réttilega fram í athugasemdunum núna, að ríkisframlögin falli niður. En öllum hinum gjöldunum er haldið inni, þ.e. neytendagjaldinu, framleiðendagjaldinu og jöfnunargjaldinu. Öllum þeim gjöldum er haldið inni og var það þó á sínum tíma vissum skilyrðum háð að ríkisframlög yrðu einmitt nokkur á móti því að framleiðendur og neytendur tækju á sig þessi gjöld til Stofnlánadeildar.

Hæstv. ráðherra kom inn á að þarna væru verkefni ákveðin sem gerði Stofnlánadeildina nokkuð sérstæða, þ.e. varðandi Lífeyrissjóð bænda, eftirlaun til aldraðra bænda sem Stofnlánadeildin stendur undir að hluta til. En það er annað mál sem mér dettur í hug í sambandi við þetta, enn frekar, og það er sú aðgerð sem við stóðum frammi fyrir hér rétt fyrir jól við afgreiðslu fjárlaga þegar út var tekin upphæðin sem átti að fara í forfalla- og afleysingaþjónustu bænda, þennan eina félagsmálapakka virkilega sem bændur fengu á sínum tíma, og í stað þess var þessum pósti vísað alfarið á Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þar af leiðandi hlýtur það að vera meiningin, eða ég skil það a.m.k. svo, að þá hljóti þessi búnaðarsjóður, hvenær sem hann tekur gildi, að eiga að standa undir þessum greiðslum til forfalla- og afleysingaþjónustu bænda, svo fráleitt sem það er í raun og veru að þessi félagsmálapakki bænda skuli vera borgaður af þeim sjálfum því vitanlega er þessu vísað á Stofnlánadeildina vegna þess að þar greiða bændur ákveðið framleiðendagjald inn í og eru þess vegna að borga þennan félagsmálapakka sinn sjálfir.

Ekki skal ég hafa langt mál heldur um það að nú eru tengsl rofin við þann banka sem Stofnlánadeildin hefur verið tengd býsna sterkum böndum og hafa verið dýrmæt að mínu viti. Það er auðvitað rétt, sem hæstv. ráðh. kom inn á, að vissulega er sá möguleiki fyrir hendi áfram að Búnaðarsjóður verði í nánum tengslum við Búnaðarbankann, en ég tel að þessi tengsl hafi verið nauðsynleg, fyrir það fyrsta vegna þess að þetta hafi þó tengt bankann betur við landbúnaðinn en annars hefði verið og hins vegar, þegar Stofnlánadeildin hefur verið í knappri stöðu, hefur það verið mjög dýrmætt að Búnaðarbankinn hefur hlaupið undir bagga varðandi lánveitingar og þakkar auðvitað enginn bankanum að

hafa gert það en engu að síður hefur verið dýrmætt að þessi tengsl hafa verið slík að sama stjórnin hefur um vélt í hvoru tveggja tilfellinu.

Ég skal ekki heldur tala um þá stjórn sem er fyrir þessum búnaðarsjóði. Ég held því fram að stjórn Stofnlánadeildar hafi gefist býsna vel, þ.e. stjórn hennar er í raun og veru bankaráð Búnaðarbankans auk tveggja bændafulltrúa, fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Þannig hefur það þá verið að fulltrúar frá fjórum flokkum hafa átt sæti í stjórn Stofnlánadeildar. Ef, sem ég hygg að verði kannske ekki lengi, helmingaskiptareglan í Búnaðarfélaginu og Stéttarsambandinu heldur áfram milli Framsfl. og Sjálfstfl. verður þetta auðvitað þannig að þeir skipta þessari stjórn algjörlega á milli sín en á því getur orðið blessunarleg breyting auðvitað fyrr en síðar. Mér sýnist þessi ríkisstj. vera á góðri leið með að koma í veg fyrir að hægt verði að nota þá helmingaskiptareglu mikið lengur. Ég held að það hafi gefist býsna vel að fulltrúar fleiri aðila hafi komið að þessum lánveitingum þó umdeilanlegar hafi verið.

Ég bendi svo á í lokin, af því að mikið er talað um að hér þurfi að breyta til og m.a. þurfi að breyta áherslum í lánveitingum í landbúnaði — menn segja jafnvel að á síðasta ári, eða síðustu árum, hafi Stofnlánadeildin enn haldið sig við það að lána til hinna hefðbundnu búgreina langt umfram nýbúgreinar. Ég vil þá bara í því sambandi upplýsa að í fyrra var næsthæsti lánaflokkur Stofnlánadeildarinnar til loðdýraræktar — næsthæsti flokkurinn. Sá hæsti voru vinnslustöðvarnar. Þær voru býsna þungar á fóðrum eins og þær hafa reyndar oftar verið hjá Stofnlánadeildinni. Þar á eftir, nokkru neðar koma svo loðdýrin, sem eru með um 19% af lánveitingu Stofnlánadeildar, fjósin aftur um 13% og fjárhúsin ekki nema 4,5%. Þetta held ég að sé rétt að athuga einmitt í ljósi þess sem hefur verið sagt um það hvað áherslurnar hafa breyst því að nú er þessi nýbúgrein orðin til hins almenna bónda hæsti lánaflokkurinn og það er rétt þróun.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að ekki þurfi heldur nein sérlög eða sérstaka umsköpun á heildarsjóðum atvinnuveganna, þar sem hver þeirra er þó sérgreindur, til þess að stuðla að því að bæði Stofnlánadeild landbúnaðarins og aðrir lánasjóðir, sem nú eru þegar fyrir hendi, láni til þeirra hluta í hverri atvinnugrein sem eru arðbærastir og hagkvæmastir hverju sinni og skapa hvað mestan arð í atvinnugreininni.

Egill Jónsson: Virðulegur forseti. Það er nú að sjálfsögðu ekki að ófyrirsynju þó að nokkur umræða verði þegar mál af þessu tagi eru lögð fram á Alþingi, frv. til l. um sjóði atvinnuveganna, og sérstaklega er ástæða að hyggja að því hverjar breytingar verða í sambandi við atvinnuvegina og þá sjóði sem þeim eru tengdir.

Um þessar mundir hefur átt sér stað æðimikil breyting í landbúnaði, það hygg ég að mönnum sé nú fullkomlega ljóst. Og það fer ekki hjá því að sú breyting gangi að einhverju leyti til verkefna í sjóðakerfi landbúnaðarins, Stofnlánadeild og Framleiðnisjóði eins og nú er. Ég held, án þess að ég ætli að fara út í þá umræðu, að Stofnlánadeildin hafi sinnt sínu hlutverki sem lánasjóður til landbúnaðarins vel, í rauninni frá stofnun deildarinnar þótt að sjálfsögðu hafi stundum verið erfiðleikar í rekstri hennar, m.a. vegna þess að hún lánaði út óverðtryggð lán á sama tíma og henni var gert að taka verðtryggð lán til að fjármagna sín útlán. En þar hefur að sjálfsögðu orðið breyting á þannig að þau útgjöld hafa verið færð yfir í landbúnaðinn. Þegar hv. 2. þm. Austurl. rifjaði það upp áðan að núv. forsrh. og þáv. landbrh. árið 1979 hafi með störfum sínum þá mjög treyst grundvöll að heilbrigðum rekstri Stofnlánadeildarinnar, þá var það gert með þeim hætti að öll lán voru sett undir verðtryggingu. Þar með hefur kostnaðurinn af verðtryggðum lántökum verið færður út í landbúnaðinn og er sjálfsagt ekki umdeilanlegt. En þetta voru hins vegar þau bjargráð sem voru gerð árið 1979 og hafa reyndar reynst Stofnlánadeildinni haldgóð.

Ég get með sama hætti tekið undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan að ég fæ ekki betur séð en að útlán deildarinnar hafi verið eðlileg miðað við áherslur á hverjum tíma. Menn verða að athuga að útlán til hinna hefðbundnu atvinnuvega eru langt undir þeim mörkum sem eðlilegt er miðað við eðlilega endurnýjun. Það er annað mál að það er réttur kostur að draga úr þeim fjárveitingum, ekki síst vegna bændanna sjálfra, en ef við tökum t.d. 4–5 ára tímabil miðað við fjósbyggingar, þá þarf meira en hálfa öld til þess að endurnýja þær byggingar. Miðað við næsta 5 ára tímabil á undan þarf hins vegar 25 ár, ¼ hluta úr öld og það er það tímabil sem þessar framkvæmdir eru afskrifaðar á. Þannig að við erum nú undir þeim mörkum sem eðlilegt verður að teljast í sambandi við viðhald í hefðbundnum landbúnaðarbyggingum og til þess verða menn að sjálfsögðu að horfa þegar litið er til framtíðarinnar.

Það er ýmislegt fleira sem rifjast upp og skal ég þá strax snúa mér að því sem ég er í langsamlega mestum vafa um í sambandi við Búnaðarsjóðinn, en það er 11. gr. þar sem kveðið er á um að Framleiðnisjóðurinn skuli ganga undir Búnaðarsjóðinn. Ég hef um þetta miklar efasemdir. Ástæðan er sú að með búvörulögunum sem voru afgreidd í fyrravor var tekin ákvörðun um sérstakt tímabil í íslenskum landbúnaði til 5 ára, tímabil endurskipulagningar og búháttabreytingar. Framleiðnisjóðnum hefur verið falið sérstakt hlutverk í þeim efnum. Átt hefur sér stað mikil umfjöllun og ég er sannfærður um að þar eru málin farin að skýrast fyrir mönnum með það í huga hvað muni eiga að ganga fram og með hvaða hætti eigi að taka á málum þetta umrædda tímabil. Mér er það alveg ljóst að þar þarf að taka margar vandasamar ákvarðanir og að menn eru og verða að sjálfsögðu ekki á eitt sáttir með það. En ég tel það mjög mikilvægt að þeir menn, sem hafa verið þar í forustu og eru farnir að móta þessi verkefni, hafi þau með höndum þessi 5 ár. Þetta er sérstakt þróunarverkefni sem tilheyrir ekki nema að hluta til eðlilegri bankastarfsemi og þar af leiðandi legg ég áherslu á að það sé best komið þar sem það nú er.

Það eru tvö önnur atriði sem ég hef heldur ekki gert að fullu upp við minn huga og það er þá 3. gr. þar sem kveðið er á um stjórn Stofnlánadeildarinnar. Nú er það svo að ýmsir aðrir hafa meiri ráð heldur en einungis þeir sem stjórna stofnunum af þessu tagi. En ég er ekkert viss um að það sé neitt til bóta fyrir Stofnlánadeildina að þrengja pólitísk áhrif í stjórn hennar. Ég er ekkert viss um að það sé af hinu góða. Ég held að það gæti verið alveg eins farsælt að Stofnlánadeild landbúnaðar-

ins sæki sitt traust til sem flestra pólitískra sjónarmiða í þjóðfélaginu og það getur varla gerst með öðrum hætti heldur en að þau eigi einhverja aðild að stjórn hennar.

Síðan er það 14. gr. þar sem kveðið er á um tekjur Stofnlánadeildarinnar. Út frá því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan um afleysingaþjónustuna held ég að ég muni það rétt að sú ákvörðun var tekin til eins árs. Ég held að ég muni það rétt. (Gripið fram í.) Jú, það er tilgreint í lánsfjárlögum að því er mig minnir. Lögin um afleysingaþjónustuna eiga að vera virk þar á eftir. Og að því er sjálfan mig varðar — og ber ég að sjálfsögðu fulla ábyrgð á þeirri ákvörðun eins og aðrir stjórnarþm. — þá hef ég ekki léð samþykki mitt til þessarar ákvörðunar nema til eins árs. Hvort sem það kann að verða endurnýjað eða ekki þá vil ég að þetta liggi alveg ljóst fyrir.

Ég get ekki leynt þeirri skoðun minni að ég er andvígur því að framleiðendagjaldið eigi að vera áfram við lýði. Fyrir því eru einfaldlega þau rök að þegar búið er að verðtryggja útlán Stofnlánadeildarinnar til bænda þá er að sjálfsögðu óeðlilegt að þeir greiði líka til hennar launagjald. Ég vil vekja athygli á því að þetta gjald hefur hækkað mikið á síðustu árum. Það má vel vera að þær breytingar séu að verða á núna að það fari að lækka aftur. Sem betur fer bendir ýmislegt til þess. En launahlutur bóndans, sem þetta gjald er allt saman tekið af, hefur farið minnkandi í búvöruverðinu og þar af leiðandi hefur þetta gjald orðið tilfinnanlegra vegna þess að það er allt saman greitt af launaliðnum en miðað við bruttóverð framleiðslunnar.

Ég hef áður flutt um það frv. á Alþingi að fella þetta gjald niður og ég hef satt að segja haft það til athugunar að endurnýja flutning á því frv. Það er ekki þar fyrir að í frv. um sjóði atvinnuveganna er ekki farið inn á nýjar brautir í þessum efnum og þar af leiðandi út af fyrir sig ekki sérstök ástæða til þess að gera þetta atriði að miklu máli í sambandi við þennan frumvarpsflutning. — Af því að það er nú annar þingfundur hér í hliðarsal, virðulegi forseti, þá má vel vera að það sé erfitt að fylgjast með máli mínu, en a.m.k. mættu gjarnan berast þangað inn þau fáu orð sem ég ætla að segja hér á eftir. — Þá gefst nú reyndar síðar líka betra tóm til þess að tala um annað frv. sem farið er að sveima um í sambandi við Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það er búið að leggja það fram í Nd. Alþingis og mér sýnist að það sé í því fólgið að færa veðdeildina yfir í Stofnlánadeildina. Ég held að mjög mikil ástæða sé til þess að athuga þetta frv. vel því að Búnaðarbankinn er ábyrgur fyrir veðdeildinni sinni. Það skulu menn athuga.

Þó að það sé að sjálfsögðu augljós tilgangur að létta á bændum með lengri lánum vegna þeirra skuldbreytinga sem hafa átt sér stað í landbúnaði og hafa verið fluttar inn í Stofnlánadeildina, þá sýnist mér að með mjög ótvíræðum hætti séu teknar af veðdeildinni og Búnaðarbankanum þær fjárhagsskuldbindingar sem veðdeildin er í vegna þessara lána. Og eftir að þau hafa verið færð inn í Stofnlánadeildina, m.a. með röksemd um að þar sé framleiðendagjald sem hægt sé að grípa til til þess að beita fyrir sér í rekstrinum, þá vil ég nú satt að segja skoða þau mál nokkuð nákvæmlega áður en ég gef á þau grænt ljós hér á Alþingi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Mál það sem hv. 11. landsk. þm. vék að hér síðast mun síðar verða til umræðu hér í deildinni ef það verður afgreitt frá hv. Nd., sem ég þori ekkert að segja um, og þá verður að sjálfsögðu tóm til þess að ræða það og fjalla ítarlega um það af hv. landbn.

En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var misskilningur sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. um að bændur greiddu alfarið núna forfallaþjónustuna. En eins og fram kom hér í umræðu í vetur þegar það mál var til meðferðar þá skal það greitt af hluta þess gjalds, sem bændur hafa greitt af launum sínum til Stofnlánadeildar, og þá mundi það gjald lækka sem nemur kostnaði við forfalla- og afleysingaþjónustuna. Þetta hefur verið tekið til greina við verðlagningu búvara 1. mars, þar sem þá kom álag á launalið bóndans til að mæta þessu og þar með að nokkru leyti til þess að koma til móts við það sjónarmið, sem hv. 11. landsk. þm. vék hér að, að vilja draga úr þessu gjaldi a.m.k.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu mjög, en mér sýnist það blasa mjög skýrt við að hér er um að ræða frv. sem var lagt fram í fyrra og reyndist meingallað þegar farið var að skoða það í nefnd, margar athugasemdir við það og mikill ágreiningur um málið.

Nú er þetta frv. lagt hér aftur fram þegar mjög skammt er eftir þingsins. Það er enn ljóst að mikill ágreiningur er um málið. Það hefur komið fram hér að þetta er síður en svo neitt samkomulagsmál milli stjórnarflokkanna og hæstv. forsrh., sem málið leggur fram, er einungis að fullnægja ákvæði sem er í stjórnarsáttmála þessara flokka. Það hafa ekki verið leidd rök að því hér, a.m.k. ekki óyggjandi rök að mínu mati, að þessi breyting, sem hér er ráð fyrir gert að nái fram að ganga, sé að öllu leyti til bóta. Milli stjórnarflokkanna er ágreiningur um málið þannig að ég sé ekki að ástæða sé fyrir þessa hv. deild að eyða mjög löngum tíma í þetta, sérstaklega þegar það bætist nú við að hæstv. forsrh. hefur látið þau orð falla hér að það sé ekki líklegt, og hann leggi ekki á það höfuðáherslu, að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Ég held því að það sé ekki rétt að tefja fyrir því með neinum hætti að þetta mál gangi sem fljótast til nefndar og fái þar að sofna eins og það sýnilega mun gera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Hitaveita Reykjavíkur, frv. 105. mál (þskj. 115, n. 630). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur tekið til meðferðar frv. það sem hér er til umræðu. Leitaði nefndin umsagnar m.a. Hitaveitu Reykjavíkur og Sambands ísl. hitaveitna. Hvorki Hitaveita Reykjavíkur né Samband ísl. hitaveitna hafa neitt við þetta frv. að athuga og eru efnislega meðmælt því.

Nefndin leitaði og álits Sambands ísl. rafveitna og Landsvirkjunar en fékk ekki í hendur neitt álit frá þessum aðilum.

Það er till. nefndarinnar að þessu frv. verði vísað til

ríkisstjórnarinnar.

Efni þessa frv. er í fyrsta lagi að breyta því sem stendur í lögum um Hitaveitu Reykjavíkur, þar sem talað er um „bæjarstjórn", breyta því í „borgarstjórn". Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fella niður úr lögum um Hitaveitu Reykjavíkur bein ákvæði um einkarétt Reykjavíkurborgar til starfrækslu hitaveitu. Er það gert á þeirri forsendu að þess gerist ekki þörf að hafa bein ákvæði um það vegna þess að Hitaveitan og Reykjavíkurborg hafi þetta alltaf í hendi sér. Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir því að Hitaveitu Reykjavíkur sé veitt heimild til framleiðslu og sölu rafmagns, en samkvæmt lögum er slíku ekki til að dreifa.

Það er svo með öll þessi atriði, sem frv. fjallar um, að þó að ekki sé hægt að hafa á móti þeim efnislega, þá má segja að það reki ekki nauður til þess að samþykkja þessar breytingar nú þegar. Það skeður ekkert þó að það standi í lögum „bæjarstjórn" í staðinn fyrir „borgarstjórn". Það skeður ekkert þó að standi í lögum heimildarákvæði sem ekki hefur sjálfstæða þýðingu. Og það er ekki aðkallandi á næstunni að veita Hitaveitu Reykjavíkur heimild til framleiðslu og sölu rafmagns, en hins vegar rekur að því að svo verði þegar lengra er komið fyrirætlunum að því sem Hitaveitan hyggst gera á Hengilssvæðinu og þar sem einmitt þessi starfsemi er höfð í huga.

Þá er það önnur ástæða fyrir því að nefndinni þykir ekki rétt að samþykkja frv. þetta nú, þó hún mæli með efni frv. Ríkisstjórnin er nú að láta vinna að endurskoðun laga um orkumál og það þykir eðlilegt að taka ekki þessi atriði, sem þetta frv. fjallar um sérstaklega, fyrir áður en lokið er hinni alhliða endurskoðun. Og með því að það breytir í sjálfu sér engu og verður ekki að skaða að hinkra við með lögfestingu efnisatriða þessa frv., þá hefur nefndin gert það að tillögu sinni að málinu verði vísað með meðmælum til hæstv. ríkisstjórnar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 630, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 13 shlj. atkv.

Iðnaðarlög, frv. 88. mál (þskj. 98, n. 655). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um það frv. sem nú er til umræðu. Nefndin leitaði umsagnar Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda, en nefndinni hafa ekki borist í hendur neinar umsagnir um frv. frá þessum aðilum. Þá fékk nefndin á sinn fund fulltrúa frá iðnrn. til þess að ræða frv. þetta.

Það er till. nefndarinnar að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Þetta frv. felur í sér heimild um að undantekningar verði gerðar frá því ákvæði í gildandi lögum að Íslendingar skuli eiga meiri hluta hlutafjár í hlutafélögum sem reka iðnaðarstarfsemi. Samkvæmt lögum verða Íslendingar að eiga meiri hluta hlutafjár, en samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að iðnrh. geti veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Hinn 9. maí s.l., eða á síðasta þingi, samþykkti Alþingi þáltill. um að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Í grg. með þessari þáltill. var sérstaklega getið um iðnaðarlög nr. 42/1978, sem þyrfti að taka til endurskoðunar með tilliti til þessa máls. Þetta var í grg. að þáltill. sem flm. þessa frv. stóð að. Nú hefur flm. flutt frv. um þetta tiltekna ákvæði sem varðar þá allsherjarendurskoðun, sem þál. gerir ráð fyrir.

Með því að Alþingi hefur þegar falið ríkisstjórninni að endurskoða gildandi lagaákvæði um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum þykir iðnn. rétt að taka ekki einn þátt þessa máls út úr með því að samþykkja þetta frv. meðan hin almenna athugun fer fram um þessi mál. Og á þeim grundvelli leggur iðnn. til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 655, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 13 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Streitis, frv. 341. mál (þskj. 625). — 1. umr.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu. Flm. að því ásamt mér er hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson.

Frv. hljóðar á þá leið að ríkisstj. sé heimilt að selja Magnúsi Þorleifssyni eyðijörðina Streiti í Breiðdalshreppi. Við sölu jarðarinnar skuli fylja ákvæðum 3.–5. málsgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, og skuli við söluna undanskilja nauðsynlegt land vegna vegagerðar í landi jarðarinnar, svo og land undir vita í Streitishorni.

Eins og fram kemur í grg. er þetta frv. lagt fram að beiðni Magnúsar Þorleifssonar, Mávanesi 21, Garðabæ, og hafa þegar borist meðmæli hreppsnefndar Breiðdalshrepps sem fylgja frv. sem fylgiskjal.

Eins og fram hefur komið er jörðin Streiti nú í eyði og hyggst Magnús nýta hana fyrir æðarrækt, angórakanínur, garðrækt o.fl., en það hefur komið fram í viðtölum að Magnús hyggst flytja á jörðina og teljum við að það sé fengur að því þar sem þessi jörð er nú í eyði og hefur ekki verið búið á henni um skeið. Þess má geta að jörðin hefur verið nytjuð fyrir lausagöngu nautgripa og mun landbrn. nú nýverið hafa borist erindi frá þeim aðilum að fá jörðina keypta, en þeir aðilar munu ekki hafa í huga búsetu á jörðinni. Mér þykir skylt að það komi fram við þessa umræðu að þetta erindi hefur borist ráðuneytinu. Mér finnst skylt að geta þess, en sá aðili mun ekki hafa í huga að búa á jörðinni heldur nytja hana til beitar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál, það liggur nokkuð ljóst fyrir. Fylgiskjal III með frv. er umsögn jarðanefndar Suður-Múlasýslu, sem mælir með þessu erindi með ákveðnum skilyrðum: að Magnús Þorleifsson „skuldbindi sig til að lána eða leigja Einari Árnasyni í Felli eða öðrum, eftir tillögum hreppsnefndar Breiðdalshrepps, þær landsnytjar sem hann þarf ekki að nota til eigin búrekstrar og gefi skriflegt loforð eða yfirlýsingu um það mál." Það er nú tæplega hægt að

gefa slík loforð í sambandi við slíka sölu, en þetta kemur fram hér í umsögn jarðanefndar Suður-Múlasýslu. Að öðru leyti liggur þetta mál ljóst fyrir. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur mælt með þessu erindi.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn. og vonast til þess að þetta frv. fái hér greiða meðferð.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég er svona almennt séð heldur andvígur því að verið sé að selja ríkisjarðir og hér sýnist mér vera um mjög óvenjulegt mál að ræða, þ.e. það er ekki verið að selja þessa jörð ábúendum í sveitinni þarna sem nýta hana eins og venjulegast er, heldur er hér flutt á hinu háa Alþingi frv. til laga um að selja þessa ríkisjörð, sem hefur verið í eyði um nokkurt skeið, einstaklingi hér á Reykjavíkursvæðinu sem hefur í hyggju að setjast þar að. Ég held að hér sé farið svolítið aftan að hlutunum og það væri þá eðlilegra að flytja slíkt frv. þegar umræddur einstaklingur hefði sest að á jörðinni og hafið þar búskap og komið sér fyrir. En ég lýsi andstöðu við þetta eins og þetta mál er sett fram hér. Ég held að hér séu menn ekki á réttum brautum og þetta er mjög óvenjulegt frv. Það koma hér alltaf á hverju ári fyrir hið háa Alþingi einhver frv. um sölu ríkisjarða, en þetta er eina tilvikið af þessu tagi sem ég minnist a.m.k. nú síðari ár að hafi komið hér fram og held að þetta mál þurfi þá sérstaka athugun í þeirri nefnd, sem það fær til umráða, og ég lýsi andstöðu við það eins og mér sýnist málið vera vaxið.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu fær þetta mál sérstaka athugun í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar. Auðvitað gerir nefndin eins og hún hefur fulla heimild til og fer ofan í alla þætti málsins; getur kallað þá aðila fyrir í þessu máli sem henni þykir þurfa.

Það er e.t.v. rétt að í þeim tilfellum, sem frv. sem hér um ræðir hafa verið flutt, þá hefur það verið til nytja eða lagt undir aðrar jarðir. En ég tel yfir höfuð feng að því ef menn eru fáanlegir til þess að flytja út á land og nytja jarðir, sem hefur verið staðhæft í þessu tilfelli að þessi maður muni gera. Við flm. höfum átt við þennan aðila ítarlegar viðræður og hann er áreiðanlega reiðubúinn til þess að flytja sitt mál fyrir hv. landbn. ef þess er óskað. Og ég reikna með að nefndin muni fara þá leið.

Að öðru leyti vil ég ekki orðlengja um þetta, en ég tel að ef menn vilja kaupa ríkisjarðir þá sé ekkert á móti því að selja mönnum þessar eignir — ef menn vilja kaupa þær og nytja og koma þar upp búskap. Eins og fram kemur þá á þessi aðili ættir að rekja á þessa jörð og hefur þangað taugar og hefur þrautrætt þetta mál við okkur, enda hefðum við flm. ekki flutt þetta frv. að öðrum kosti. Ég vil láta það koma fram að þetta mál hefur átt langan aðdraganda og við höfum kannað það mjög rækilega, annars hefði þetta frv. ekki verið flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjfrv. 364. mál (þskj. 659). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á síðasta ári var bændum þeim sem illa voru settir gefinn kostur á að leita eftir hagfræðilegum leiðbeiningum og úttekt á þeirra búrekstri. Það gáfu sig fram um 260 bændur og mál þeirra hafa verið í athugun síðan. Um s.l. áramót var vanskilum þessara bænda við Stofnlánadeildina og afborgunum síðasta árs breytt í ný og lengri lán og þannig létt greiðslubyrði þeirra. Stór hluti af lánum þeirra er við veðdeild Búnaðarbanka Íslands vegna breytingar á lausaskuldum bænda sem gerð hefur verið á undanförnum árum, en veðdeildin hefur ekki sama svigrúm til slíkra breytinga eins og Stofnlánadeildin. Þess vegna er hér flutt frv. um að lausaskuldalán bænda verði flutt í Stofnlánadeild landbúnaðarins og stofnlánadeildinni verði veitt heimild til þess þannig að þar væri þá hægt að breyta lánakjörum nokkuð því að það hefur komið í ljós að slík breyting mundi hafa mjög mikið gildi fyrir marga bændur og gera þeim kleift að komast fram úr sínum málum sem ekki væri hægt með óbreyttum lánakjörum. Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins er samþykk því að slík breyting verði gerð eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég vænti þess að þetta frv. geti fengið greiðan gang í gegnum hv. Nd. eftir athugun í nefnd og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Lausaskuldir bænda, stjfrv. 365. mál (þskj. 660). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um lausaskuldir bænda. Það er í tengslum við fyrra málið sem ég mælti fyrir og fjallar um að veðdeild Búnaðarbanka Íslands sé heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir sínar og skuldir og öll réttindi sín og skyldur skv. þessum lögum vegna breytinga á lausaskuldum bænda í föst lán. Það er sem sagt nauðsynleg breyting á þessum lögum einnig til þess að ná því markmiði sem ég ræddi um að áformað væri að ná með þeirri breytingu sem felst í frv. um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Útflutningur hrossa, frv. 337. mál (þskj. 620). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála, frv. 300. mál (þskj. 551). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 551 flyt ég ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Geir Gunnarssyni frv. til laga um Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála.

Frv. skiptist í tíu greinar og þar er gert ráð fyrir því í stuttu máli að komið verði á fót Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála sem hafi svipaða stöðu og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og aðrar rannsóknastofnanir skv. lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Ríkisstj. hefur á þessu þingi lagt fram frv. til laga um útflutningsráð og má segja að að baki frv. ríkisstj. annars vegar og þessu frv. hins vegar liggi svipuð hugsun, þ.e. tilraun til að samræma markaðs- og útflutningsstarfsemi á vegum íslenskra stofnana og fyrirtækja.

Í 1. gr. segir:

„Stofna skal Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála er skal vera sjálfstæð stofnun og heyra undir viðskrn."

Eins og kunnugt er heyra Rannsóknastofnanir byggingariðnaðarins og landbúnaðarins undir viðkomandi fagráðuneyti. Ég tel að það fyrirkomulag út af fyrir sig orki tvímælis að þessar stofnanir séu undir mismunandi ráðuneytum, en ég held hins vegar að það að Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála heyri undir viðskrn. geti varla orkað tvímælis vegna þess að viðskrn. hefur með öll útflutningsmál og öll útflutningsleyfi að gera.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að í stjórn þessarar stofnunar sitji þrír menn skipaðir af viðskrh. til fjögurra ára í senn. Síðan er gert ráð fyrir því að stofnuninni verði sett ákveðin ráðgjafarnefnd og nánar er kveðið á um hana í 5. gr. frv., en þar segir:

„Við Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála skal starfa ráðgjafarnefnd. Ráðgjafarnefndin skal skipuð þannig að hagsmunasamtök og stofnanir, sem hlut eiga að máli að mati ráðherra, geti átt þar fulltrúa. Skal leggja áherslu á að samtök launafólks eigi fulltrúa í nefndinni til jafns við atvinnurekendur. Ráðgjafarnefndina skipi mest 15 menn, en minnst 11."

Það er gert ráð fyrir því að forstjóri stofnunarinnar eigi sæti í ráðgjafarnefndinni og henni er ætlað það hlutverk að fylgjast með rekstri og vera tengiliður á milli stofnunarinnar og útflutnings- og markaðsstarfsemi yfirleitt. Nefndin á að vera forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gera tillögur um starfsáætlun. Ráðgjafarnefndin er ólaunuð.

Í 6. gr. eru talin upp meginverkefni þessarar Rannsóknastofnunar útflutnings- og markaðsmála. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Verkefni Rannsóknastofnunar útflutnings- og markaðsmála skulu vera sem hér segir:

1. Að fylgjast með þróun útflutningsmála og að stunda markaðsrannsóknir erlendis, ýmist ein sér eða í samvinnu við einstök fyrirtæki og sölusamtök.
2. Að fylgjast með markaðsstöðu innlends iðnaðar og gera tillögur um að auka hlutdeild hans á innanlandsmarkaði.
3. Að fylgjast með verðlagi og gæðum innflutnings og setja reglur um gæði vöru á almennum innlendum markaði í samráði við viðkomandi rannsóknastofnanir.
4. Að stuðla að samstarfi annarra rannsóknastofnana um markaðsmál, tilraunaframleiðslu og vöruþróun.
5. Að taka þátt í og undirbúa ásamt fyrirtækjum og sölusamtökum reglulegt markaðsátak fyrir íslenskar vörur og þjónustu á alþjóðamörkuðum.
6. Að vera fyrirtækjum til ráðuneytis um markaðssetningu og vöruþróun. Heimilt er stofnuninni að greiða kostnað við markaðsmál og vöruþróun nýrra fyrirtækja allt að tveimur árum eftir að fyrirtæki er sett á stofn samkvæmt nánari ákvörðunum stjórnar stofnunarinnar og samkvæmt fjárhagsáætlunum hverju sinni. Þá er stofnuninni heimilt að styðja eldri fyrirtæki á sama hátt samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.
7. Að vera viðskrh. og ríkisstj. til ráðuneytis um hvað eina er lýtur að markaðsmálum.
8. Að gera áætlanir um markaðsþróun til nokkurra ára í senn."

Í 8. gr. kemur fram að gert er ráð fyrir því að stjórn stofnunarinnar geti ákveðið að stuðla að tilraunaframleiðslu á tilteknum vörum. Skal þá miða við að aðild stofnunarinnar standi aðeins skamman tíma, mest fimm ár, á meðan viðkomandi fyrirtæki er á reynsluskeiði.

Í 9. gr. segir:

„Árlega skal stjórn stofnunarinnar efna til hugmyndasamkeppni um verkefni er ætla má að geti aukið útflutningsverðmæti íslenskrar vöru og þjónustu."

Í grg. er nokkru ítarlegar fjallað um þetta frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Eins og nú standa sakir er engum einum aðila falið að hafa heildaryfirsýn yfir markaðsmál íslenskra framleiðsluafurða eða þjónustu erlendis. Þetta er bagalegt og óeðlilegt hjá þjóð sem byggir stóran hluta lífsafkomu sinnar á útflutningi.

Hér á landi eru starfandi ríkisstuddar rannsóknastofnanir landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar eins og eðlilegt er, en markaðssetning og vöruþróun á markaði erlendis hefur orðið út undan að þessu leyti. Þó ber auðvitað að minna á og nefna myndarlegt framtak á vegum sölusamtaka og einstakra stofnana eins og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, en samræmingu skortir. Vafalaust er skipting rannsóknastofnana á hefðbundnar atvinnugreinar samstarfi fjötur um fót og við svo búið má ekki lengur standa.

Þetta frv. er flutt til að skapa umræðugrundvöll á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu um þessi mál. Kann sitthvað í frv. að þarfnast sérstakrar athugunar, en aðalatriði þess eru sem hér segir:

1. Komið verði á fót Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála sem hafi sömu stöðu og aðrar rannsóknastofnanir hafa í lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Vel getur komið til álita að þessi nýja starfsemi hafi sjálfstæða stöðu, verði sjálfseignarstofnun, en þeirri hugmynd hefur áður verið hreyft á þingi varðandi rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Stjórnkerfi það sem hér er gerð tillaga um er að öllu leyti sniðið eftir lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þó er gert ráð fyrir því að ráðherra hafi með

reglugerð heimild til að ákveða til fjögurra ára í senn hverjir skipi ráðgjafarnefndina skv. 5. gr., enda byggist reglugerðin á þeim grundvallaratriðum sem rakin eru í greininni.

2. Í 6. gr. eru talin upp verkefni stofnunarinnar og er ástæðulaust að endurtaka þá upptalningu í grg. Þó skal sérstaklega tekið fram að eðlilegt þótti að taka markaðsmál innanlands til sérstakrar athugunar því að hér er um nátengd mál að ræða. Er einnig eðlilegt að stofnunin athugi sérstaklega eftir því sem ástæða er til innfluttar samkeppnisvörur. Er henni ætlað að setja gæðareglur um innflutning í samráði við þær stofnanir sem um þau mál geta dæmt. Er hér átt við Hollustuvernd ríkisins, matvælaeftirlitið, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og aðrar slíkar eftir eðli og tegund þeirrar vöru sem flutt er inn hverju sinni. Þá skal bent á að stofnuninni er fyrst og fremst ætlað að vera samræmingaraðili, jafnframt því að laða fram frumkvæði, fremur en að hún eigi sjálf og ein að skipuleggja verkefnin.

3. Í 10. gr. er gert ráð fyrir því að þessi stofnun geti ein eða í samvinnu við aðra, t.d. aðrar rannsóknastofnanir, stutt stofnun tilraunaframleiðslu með tilteknar vörutegundir. Í greininni er tekið fram að slíkur stuðningur hljóti þó alltaf að vera tímabundinn.

Frá því frv. þetta var samið hafa tvö þingmál verið flutt þar sem tekið er á skyldum málum. Annars vegar er um að ræða frv. um útflutningsráð og hins vegar þáltill. um menntun og þjálfun starfsfólks sem sinnir útflutningsmálum sérstaklega. Augljóst er því að meðal þingmanna er vaxandi skilningur og áhugi á þeim viðfangsefnum sem frv. þetta fjallar um. Er æskilegt að sem flestar hugmyndir um fyrirkomulag þessara mála komi til meðferðar á Alþingi. Þetta frv. getur vafalaust orðið góður umræðugrundvöllur ásamt þeim frv. og þingmálum sem þegar liggja fyrir um skyld mál. Má því ætla að þessu þingi ljúki ekki án þess að Alþingi taki af skarið um þennan hornstein okkar efnahagslífs sem er útflutningsverslunin og árangur hennar."

Þetta var úr grg. þessa frv., herra forseti, og ég ætlaði að fara síðan nokkrum almennum orðum um forsendur þess.

Á árunum 1968–1981 fjölgaði fólki á vinnumarkaði á Íslandi. Á 13 árum, sem formaður Alþfl. kallar hinn glataða áratug, fjölgaði fólki á vinnumarkaði á Íslandi um 22 000 manns. Þrátt fyrir það varð veruleg fækkun á þessum 13 árum á starfsfólki í landbúnaði, fækkaði úr 10 000 í 6600 manns á aðeins 13 árum. Í fiskveiðum fjölgaði fólki um 1100 manns á þessum tíma. Fjölgun starfsfólks í fiskiðnaði varð um 5000 manns. Fjölgun fólks í öðrum iðnaði varð um 6000. Fjölgun fólks í viðskiptum, sem svo eru kölluð, varð um 4000 manns. En fjölgun fólks í þjónustu, aðallega opinberri þjónustu og þá sérstaklega heilbrigðisþjónustu, varð úr 13 300 manns í 27 000 manns á þessum tíma. Því er nú spáð að fjölgun starfsfólks fram til aldamóta eða fram til ársins 2003 á vinnumarkaði verði um 33 000 manns, en 50 000 manns bætist við á vinnumarkaði okkar fram til ársins 2023.

Í umræðum um þessi mál höfum við í Alþb. lagt áherslu á það sem við köllum nýja sókn í atvinnulífinu. Við höfum bent á að það séu möguleikar á að taka við öllu þessu nýja fólki á komandi árum ef rétt er að málum staðið. Í þeim efnum höfum við m.a. bent á tvennt:

Í fyrsta lagi að í störfum tengdum svonefndri upplýsingatækni gætu orðið hér um næstu aldamót um 18 000 manns og framleiðsluverðmæti þessara greina gæti orðið á milli 15 og 20 milljarðar króna á verðlagi ársins 1985. Við höfum einnig bent á að með því að halda til haga þeim náttúrugæðum sem hér eru varðandi fiskeldi megi gera ráð fyrir því að hér verði í störfum við þá atvinnugrein um 3000 manns um næstu aldamót sem skapi 11 milljarða króna í þjóðarframleiðslu.

Þá hefur verið bent á margvíslega möguleika sem um sé að ræða í líftækni og efnistækni. Alls staðar þar sem þessi mál eru skoðuð kemur auðvitað í ljós að sjávarútvegurinn er undirstaðan.

Þá höfum við einnig bent á að það er brýn nauðsyn að gera sérstakt átak til að efla markaðsstöðu iðnaðarins hér innanlands. Íslenskur iðnaður hefur farið halloka fyrir innflutningi á síðustu misserum. Það er ekki nokkur vafi á því að ef rétt er á málum haldið er hægt að auka hlutdeild innlends iðnaðar á markaði og þar með að stórfjölga störfum í íslenskum iðnaði.

Þá hefur verið bent á að það eru möguleikar á að auka mjög verulega þau verðmæti sem þegar eru fólgin í okkar útflutningi, m.a. var flutt um það till. á síðasta þingi af hv. 7. þm. Reykv. þar sem bent var á þá möguleika að auka verðmæti útflutnings af sjávarafurðum um ⅓.

Því fer því víðs fjarri að möguleikarnir séu tæmdir. Það eru gífurlegir möguleikar hér í efnahags- og atvinnulífi, bæði til að taka við hinu nýja fólki sem kemur á vinnumarkað á komandi árum og líka til þess að bæta kjör þeirra sem þegar eru á vinnumarkaði og til að stytta vinnutímann frá því sem nú er.

Ekkert af þessu fæst þó með einhverri „patent"-lausn. Hún er ekki til. Hér er um að ræða markvissa og þrotlausa vinnu. Gullgrafarahugsunarhátturinn gildir ekki lengur. Hér þurfa menn að setja sér langsæ markmið, mikið langsærri en við höfum oft gert á undanförnum árum og örugglega langsærri en skammtímasjónarmið gróðahyggjunnar eru gjarnan með efst á blaði þegar um er að ræða fjárfestingu í atvinnumálum.

Hér er um að ræða að mínu mati, herra forseti, eitt stærsta mál íslenskra stjórnmála og efnahagsmála um þessar mundir, þ.e. hvernig er hægt að auka framleiðsluverðmæti vinnunnar hér til að skapa betri lífskjör ásamt auðvitað því að jafna frá því sem nú er um að ræða.

Það er fróðlegt að bera saman hverjar eru þjóðartekjur á mann á Íslandi eftir hverja unna klukkustund í samanburði við önnur lönd. Ég hef orðið mér úti um tölur um þjóðarframleiðslu eftir hverja unna klukkustund á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum. Það eru hrikalegar tölur í raun og veru. Ef við segjum að þjóðarframleiðsla eftir unna klukkustund á Íslandi sé 100 er talan í Bandaríkjunum 127 eða 27% hærri en hér, í Kanada 114 eða 14% hærri en hér og í Svíþjóð 131 eða 31% hærra en hér. Þetta er þjóðarframleiðsla, verðmæti eftir hverja skráða unna vinnustund.

Við höfum gjarnan stært okkur af því að vera með þjóðartekjur sem eru einhverjar þær hæstu í heimi og það er rétt. Hins vegar gleymist stundum að fara yfir hvað mikill hluti af þessum þjóðartekjum verður til með vinnuþrældómi. Ég held að það komi í ljós af þessum tölum hver munurinn er á verðmætasköpun eftir hverja unna stund hér á landi og annars staðar, í

þeim löndum sem við viljum miða okkur við.

Ég hef einnig aflað mér upplýsinga um vinnutíma á Íslandi og í þessum þremur eða fjórum samanburðarlöndum. Ef vinnutíminn í Íslandi er 100 er hann 80 í Bandaríkjunum, 80 í Kanada og 77 í Svíþjóð.

Ef við tökum síðan þjóðarframleiðslu í heild á tímann kemur einnig margt fróðlegt fram. Á Íslandi er talan 100, í Bandaríkjunum 211 eða meira en tvisvar sinnum hærri en á Íslandi, í Kanada 194, í Danmörku 175 og í Svíþjóð 196.

Niðurstaðan verður því sú, herra forseti, að raunlaunamunur eftir hverja unna vinnustund á Íslandi og í samanburðarlöndunum sem ég nefndi er á bilinu 75–100%. Þá geta menn velt því fyrir sér hvað er að, hvernig stendur á því að okkar fólk vinnur þetta mikið og þjóðartekjur eru þetta háar alls á mann, hvað verður um peningana þegar þeir birtast ekki í lífskjörunum með sama hætti og í þessum samanburðarlöndum. Ég hygg að ástæðurnar séu mjög margar en ég vil nefna þessar, herra forseti:

Fyrsta ástæðan, sem skerðir það sem til skiptanna er áður en það kemur til launamannsins, er gífurlega þung yfirbygging á íslenska þjóðfélaginu. Hér er ég ekki að tala um hina félagslegu þjónustu heldur margs konar yfirbyggingu, m.a. banka og annarra slíkra aðila.

Önnur meginástæðan er rándýrt millilíðakerfi. Það hefur komið í ljós að innflutningsverslunin á Íslandi skilar vörum sem eru 25–30% dýrari en innflutningsverslun nágrannalanda okkar gerir.

Í þriðja lagi er ástæðan er sú að hér höfum við á undanförnum árum og áratugum varið verulegum fjármunum til fjárfestingar í landinu sem ekki hefur skilað sér í batnandi lífskjörum. Hér er ég ekki fyrst og fremst að tala um sjávarútveginn eins og er mikil lenska. Ég held að í sjávarútveginum sé ekki yfirfjárfesting sem svo er kölluð um þessar mundir. Þvert á móti held ég að það megi með rökum benda á að það þurfi að setja fjármuni í að endurnýja sjávarútveginn, fiskiskipaflotann og fiskvinnsluna, til þess að þessar greinar skili meiri verðmætum eftir hverja unna vinnustund en er í dag.

Fjórða ástæðan fyrir því að ekki er unnt og ekki hefur verið unnt að greiða hér miklu hærra kaup en hér er um að ræða nú er hrottaleg og vaxandi misskipting á Íslandi. Fyrir fáeinum dögum komu fram upplýsingar um að 17% launamanna væru fyrir neðan svokölluð fátæktarmörk á alþjóðlega mælikvarða í tekjum sínum. Og það kom einnig fram að um 20 000 af 70 000 fjölskyldum, sem töldu fram laun eftir árið 1984, lifðu á tekjum sem væru innan við þessi svokölluðu fátæktarmörk. Fátæktarmörkin og þessi mikli fjöldi fyrir neðan þau, hvað segir það okkur á sama tíma og tekjur á mann eru jafnháar hér og raun ber vitni um? Það segir okkur að sumir hafa miklu meira en nokkru sinni fyrr. Fátæktin hjá fjölda fólks, 20 000 fjölskyldum eða hver talan nú er, sýnir okkur að það eru stórfelldir fjármunir sem hafa runnið til tiltölulega lítils hóps manna í þjóðfélaginu. Það er litli forríki minni hlutinn sem heldur meiri hluta þjóðarinnar um þessar mundir í skuldafangelsi.

Þetta eru, herra forseti, þrjár eða fjórar meginástæður þess hve kaupið er lágt miðað við grannlönd okkar. Ein leiðin til að bæta úr er að útflutningsstarfsemin verði markvissari, að við sækjum fram á þá markaði sem skila okkur mestum tekjum, þjóðarbúinu í heild, launamönnum sjálfum og fyrirtækjunum sem slíkum.

Ég tel að með markvissri vinnu á næstu árum og áratugum, því að þetta er ekki skyndiverk, megi ná hér sambærilegum lífskjörum við það sem er í grannlöndum okkar bæði í kaupi og félagslegri þjónustu.

Við höfum orðið fyrir verulegum vanda í efnahagsmálum seinni áratuga. Það hafa verið stöðugar sveiflur, mikil verðbólga, hagvöxtur var hér verulegur um skeið og síðan fall í þjóðartekjum. Við þurfum að gera það sem við getum til að stuðla að stöðugleika. Það sem gerst hefur í efnahagsmálum á síðustu dögum er ósköp einfaldlega að aðilar vinnumarkaðarins náðu samkomulagi um að nota góðærið til að taka verðbólguna niður, til þess að ná stöðugleika í efnahagsmálum sem margir telja forsendur þess að unnt sé að byggja upp sæmilegt þjóðfélag til frambúðar.

Hvað sem því líður er hitt ljóst, herra forseti, að ég held að frv. sem ég mæli hér fyrir eigi erindi við þingheim og almenning í þessu landi vegna þess að þar er tekið á mikilvægu máli. Útflutningsverslunin er vissulega einn meginhornsteinn okkar efnahagskerfis í heild. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að þetta mál fái hér meðferð á hv. Alþingi um leið og aðrar tillögur fá hér meðferð, bæði frv. ríkisstj. og þingmannatillaga sem komið hefur fram um svipað mál.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 67. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 5 síðdegis.

Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála, frv. 300. mál (þskj. 551). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands, stjfrv. 372. mál (þskj. 672). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, SvH, SiggB, ÞS, AS, EH, FÞ, FrS, GGS, HBl, JBH, KP, KJóh, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, StG, SV, IG.

SJS, SvG, GSig, GeirG, GA, GHelg, HG, JS greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (BÍG, EBS, GB, GE, GJG, HÁ, KH, KSK, MÁM, PS, RH) fjarstaddir.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðinga-

félags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Áður en kjarasamningarnir í síðasta mánuði voru gerðir ákvað ríkisstj. að gera margvíslegar ráðstafanir til að leggja grundvöll að því að þeir gætu tekist á þann hátt að það markmið næðist að koma verðbólgunni niður fyrir 10% á þessu ári. Þessar ráðstafanir voru tvíþættar. Annars vegar var verðlag lækkað, m.a. með lækkun tolla og auknum niðurgreiðslum, svo að kaupmáttur þeirra launa sem um var samið varð meiri en annars hefði orðið. Af þeim sökum gátu launþegar fallist á minni hækkun launa í krónutölu. Hins vegar var dregið úr útgjöldum atvinnurekstrarins svo að hann gat tekið á sig nokkra launahækkun án þess að það hefði mikil áhrif á verðlag eða hefði gengislækkun í för með sér.

Þessir kjarasamningar hafa nú verið samþykktir af langflestum stéttarfélögum sem áttu aðild að þeim. Mjólkurfræðingafélag Íslands felldi þá hins vegar og boðaði verkfall frá og með deginum í dag. Sáttasemjari hefur haldið nokkra fundi með deiluaðilum, en þeir hafa ekki borið árangur.

Sú sérkrafa mjólkurfræðinga sem um var fjallað síðast á fundi í dag er samkvæmt upplýsingum ríkissáttasemjara 4–5% umfram hinn almenna kjarasamning Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda. Þeirri kröfu var hafnað af hálfu vinnuveitenda þar sem við núverandi aðstæður og aðdraganda kjarasamninganna væri það ranglátt gagnvart þeim sem þegar hafa samið og svo stefndi það þeim árangri sem náðist með kjarasamningunum í hættu.

Sá árangur hefur reyndar þegar orðið betri en menn þorðu að vona þar sem verðlag hefur lækkað meira en áætlað var. Það hefur m.a. þau áhrif að nú er þess að vænta að vextir lækki aftur fyrr og meir en reiknað var með, en ekkert er meiri kjarabót fyrir þá sem þyngstar byrðar bera vegna skulda. Er það glöggt dæmi um hvað mikið er í húfi að ekki verði aftur snúið á hinn verri veg.

Ríkisstj. hefur því talið óhjákvæmilegt að kveðið verði á um skipan kjaradóms á grundvelli lagasetningar til að úrskurða mjólkurfræðingum sambærilega launahækkun og aðrar stéttir hafa fengið að undanförnu og óheimilt verði að knýja frekari launahækkun fram með verkfalli meðan þeir samningar eru í gildi. En að sjálfsögðu mun sú launakönnun sem gert var ráð fyrir í 5. gr. kjarasamninganna einnig ná til mjólkurfræðinga svo að tryggt sé að hlutur þeirra verði ekki fyrir borð borinn í næstu kjarasamningum og þeir fái þá sanngjarnar kröfur sínar uppfylltar.

Ég mælist til þess að reynt yrði að hraða afgreiðslu máls þessa og vil því beina því til hv. landbn., sem fá þetta mál til meðferðar, að þær vinni saman við nefndarstörfin. En að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mál þetta er þess eðlis að okkur þm. Alþfl. þótti sjálfsagt að greiða fyrir því og munum greiða fyrir því að það geti fengið hér sem skjótasta afgreiðslu. Hins vegar gerum við ráð fyrir því og ætlumst til þess að í starfi nefndarinnar, sem fram undan er, komi fram sem gleggstar upplýsingar um stöðu þessara mála, um viðhorf deiluaðila, um raunveruleg kjör þeirra aðila sem hér um ræðir og um mat sáttasemjara á aðstæðum og sáttahorfum. Á grundvelli þeirra upplýsinga munum við síðan móta endanlega afstöðu okkar þegar frv. kemur til 2. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þegar mælt er fyrir máli af þessu tagi á hv. Alþingi er það auðvitað algjört lágmark að ráðherrar geri grein fyrir efnisatriðum deilunnar og forsendum hennar í heild. Það gerði hæstv. ráðherra landbúnaðarmála ekki hér áðan heldur gerði hann tilraun til að hefja almennar stjórnmálaumræður um efnahagsmál og þróun þeirra á þessu ári. Ég gagnrýni málsmeðferð og málflutning ráðherra í þessu efni vegna þess að ég tel að það sé óhjákvæmilegt við umræðu af þessum toga að menn fari rækilega yfir hlutina og átti sig á efnisatriðum málsins. Og hver eru þau?

Í fyrsta lagi er ríkisstj. hér með tillögu um að svipta ákveðinn hóp manna verkfallsrétti. Það er það sem liggur fyrir. Hér er tillaga gerð um breytingu á vinnulöggjöfinni í raun og veru.

Í öðru lagi liggur málið þannig fyrir að mjólkurfræðingar gerðu kröfur um sex atriði umfram hina almennu kjarasamninga í upphafi þeirra viðræðna sem staðið hafa yfir. Þeir féllu fljótlega frá þremur þessara atriða og eftir stóðu þrjú.

Í fyrsta lagi gerðu þeir kröfu um sérstaka þriggja launaflokka hækkun til samræmis við ýmsa aðra hópa iðnaðarmanna. Í öðru lagi gerðu þeir kröfu um svokallað stjórnunarálag til samræmis við það kaup sem þegar er umsamið hjá Rafiðnaðarsambandi Íslands. Og í þriðja lagi gerðu þeir kröfu um að fá svokallað fæðis- og flutningsgjald sem er svipað og ýmis önnur verkalýðsfélög hafa þegar haft.

Þetta voru þær kröfur sem lágu fyrir hjá mjólkurfræðingum í gær þegar umræðum lauk. Síðan gerðist það á fundi síðdegis í dag að Mjólkurfræðingafélag Íslands bauð af sinni hálfu að semja um ASÍ-samninginn plús þær breytingar á fæðis- og flutningsgjaldi sem þeir höfðu upphaflega gert kröfu um og telja með rökum að ýmis önnur verkalýðsfélög, m.a. félög byggingariðnaðarmanna og Rafiðnaðarsambandið, hafi nú þegar. Það sem stendur upp úr er að þeir gera í rauninni eina kröfu eins og staðan er í dag og í stað þess að fara í það af krafti að reyna að semja um málið er þeirri kröfu svarað með því að leggja fram frv. á hv. Alþingi.

Ég geri þá kröfu til hæstv. landbrh. að hann þegar í stað freisti þess að setja af stað að nýju samningaviðræður til þess að á næstu klukkutímum fáist úr því skorið hvort ekki er unnt að ná samkomulagi á grundvelli síðustu kröfu sem Mjólkurfræðingafélag Íslands heldur til streitu.

Ég held að það hefði verið eðlilegra að hæstv. landbrh. hefði gert grein fyrir þessum efnisatriðum deilunnar áður en hv. alþm. er stillt upp við vegg frammi fyrir þessum hlutum rétt eins og himinn og jörð séu að farast.

Ég vil einnig gagnrýna harðlega, herra forseti, grg. þessa frv. Í 2. málsgr. grg. segir: „Kröfur mjólkurfræðinga fela í sér verulegar hækkanir og frávik umfram það sem felst í hinum almennu kjarasamningum.“ Þetta er ekki rétt. Hér er verið að bera rangar fullyrðingar á borð fyrir þingheim. Ég mótmæli harðlega vinnubrögðum af þessu tagi hjá hæstv. landbrh. Það er hraklegt að senda þingmál frá sér með þessum hætti,

svona illa undirbúin, sem styðjast ekki við þau efnislegu rök sem um er að ræða í málinu þegar frv. er flutt.

Ég vil einnig, herra forseti, benda sérstaklega á 2. gr. þessa frv., en þar segir: „Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara mjólkurfræðinga leggja til grundvallar síðast gildandi kjarasamning Mjólkurfræðingafélags Íslands og vinnuveitenda og þær launa- og kjarabreytingar sem almennt hefur um samist á vinnumarkaði frá því kjarasamningar urðu lausir hinn 1. janúar 1986." Hvað þýðir þetta? Það þýðir að gerðardómnum er bannað að taka tillit til þeirrar kröfu sem sett hefur verið fram varðandi fæðis- og flutningsgjaldið. Honum er það óheimilt samkvæmt orðanna hljóðan í þessum texta.

Nei, herra forseti. Málið er illa fram lagt, í flaustri rökstutt og byggist ekki á hinum efnislegu staðreyndum þessa máls eins og það liggur fyrir í dag.

Ég held að rétt sé að það komi einnig fram að samhliða þessum umræðum mun Mjólkursamsalan hafa hótað því að hækka verð á mjólk um 5 aura hvern lítra út á þessa einu kröfu. Ég segi og vildi segja við Mjólkursamsöluna ef ég fengi tækifæri til: Berið þið þetta sjálfir. Milliliðirnir í landbúnaðinum þola þessa 5 aura.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi málsins, en ég tel að það sé óhjákvæmilegt að ítarlegri upplýsingar komi fram og ég endurtek þá kröfu mína til ríkisstj. og landbrh. að þeir fari af stað með samningaviðræður hér og nú, en hagi sér ekki við Alþingi eins og það sé sjálfsafgreiðslustofnun þegar það kemur upp að vandi er í kjarasamningum eins og það hvernig á að ákveða flutningslínu innan ákveðinna svæða verkalýðsfélaga. Það eru vinnubrögð sem hv. Alþingi getur ekki látið bjóða sér.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð við 1. umr. þessa máls.

Hér er verið að gera tilraun til að setja lög til að koma í veg fyrir að menn neyti þess lýðræðisréttar sem þeim er heimilt samkvæmt lögum. Hér kemur í stólinn hv. 3. þm. Reykv. og rekur málsatvik í launadeilu mjólkurfræðinga og síðustu framvindu þeirra mála. Þar virðist lítið bera á milli. Því rakti hæstv. landbrh. ekki þá deilu ítarlegar til þess að styðja nauðsyn þess máls sem hann ber hér fram. Ég sé engin rök fyrir því í því frv. sem hér liggur fyrir að nauðsyn beri til þess að setja lög til að skerða þau réttindi sem verkfallsréttindi eru.

Ég fer fram á að fá að sitja fundi hjá hv. landbn. beggja deilda þegar þær fjalla um þetta mál til að kynna mér þessi málsatvik betur svo að ég sé færari til að taka málefnalega afstöðu í þessu máli þar sem hæstv. landbrh. bar engin gild rök hér fram máli sínu til stuðnings.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Í framhaldi af ræðum tveggja síðustu hv. ræðumanna og eins ef svo skyldi fara að hæstv. landbrh. kveldist upp í ræðustólinn aftur og öðru sinni fer ég fram á það við hann að hann skýri fyrir þingdeildinni vel og vandlega orðalag og merkingu 4. gr. frv. Mér sýnist þar tekið til orða á ákveðinn máta sem sé með öllu ástæðulaus í þessu samhengi og í framhaldi af þessari tilteknu deilu. Ég vil því fara fram á að hæstv. landbrh. útskýri nákvæmlega við hvað er átt með 4. gr., einkum seinni hlutanum, með leyfi forseta: „Önnur verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, verkbönn og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil." Ég spyr hæstv. ráðh.: Er einhver sérstök ástæða fyrir því að frv. er orðað á þennan hátt, þ.e. 4. gr.?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það hefur verið vikið að því af hv. ræðumönnum að ég hafi ekki gert neina grein fyrir því hvernig stæði á því að ekki náðist samkomulag milli Mjólkurfræðingafélagsins og vinnuveitenda. Ég sagði að sú krafa mjólkurfræðinga sem síðast hefði verið til umræðu fæli í sér eftir upplýsingum ríkissáttasemjara 4–5% umfram gerða samninga. Það má vissulega deila um hvað er veruleg launahækkun og kannske er það orðið svo að við teljum slíkt ekki mikinn mismun á milli stétta, en miðað við aðstæður og þann samning sem gerður var nú er það vissulega æði stór hluti þar sem það er svipað og sú almenna kauphækkun sem samið var um núna að kæmi 1. mars, þ.e. tvöföldun á henni.

En hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði hvað 4. gr. merkti. Hún merkir að sjálfsögðu að það er ekki heimilt að hefja verkfall til að knýja fram breytingar á þeirri niðurstöðu sem kjaradómurinn kemst að þegar hann hefur verið kveðinn upp, á meðan á samningstíma hins almenna kjarasamnings stendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 9 síðdegis.

Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands, stjfrv. 372. mál (þskj. 672, n. 678, 679 og 680). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HBl, JBH, KP, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StG, SV, StH, SiggB, ÞS, AS, EH, FÞ, FrS, IG.

nei: GE.

GJG, GA, GHelg, JS, SJS, SvG, GSig greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (GB, HÁ, HG, KH, KSK, MB, PS, SvH, BÍG, EBS, GeirG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég er andvígur því að þessi umræða fari fram. Ef menn úti í bæ, hvort sem það eru mjólkurfræðingar, flugfreyjur eða aðrir, sem hafa rétt til að leysa sín mál, hafa ekki manndóm til þess eiga þeir að súpa Mangósopann sinn af því sjálfir en ekki að kalla löggjafarsamkundu þjóðarinnar til þess. Ég segi nei.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Frammistaða stjórnarliðsins í þessari atkvæðagreiðslu og þessum fundi hér í kvöld sýnir með hvaða hætti er unnið á stjórnarheimilinu um þessar mundir, sýnir alvöruleysi í raun á bak við þetta mál, þar sem menn taka veislur með Carrington fram yfir meðferð málsins á hv. Alþingi. Ég tel að allur málatilbúnaður ríkisstj. í þessu máli sé til skammar og ég tel eðlilegast að hún beri sinn kross ein í þessu efni. Ég greiði ekki atkvæði.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 678 er nál. frá meiri hl. landbn. Þar kemur fram að á fund nefndarinnar kom sáttasemjari ríkisins, Guðlaugur Þorvaldsson, enn fremur Þórarinn Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Hjörtur Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Enn fremur komu á fund nefndarinnar fimm fulltrúar frá Mjólkurfræðingafélaginu, m.a. formaður þess, Geir Jónsson. Það voru lagðar ýmsar spurningar fyrir þessa gesti nefndarinnar, m.a. sú spurning hvernig staðan væri metin eftir fundinn í dag hjá samningsaðilum, og kom það í ljós, sem raunar var sagt í hv. deild í dag, að það sem bar fyrst og fremst á milli var fæðis- og flutningagjald sem mundi vega um 4–5% ef fallist hefði verið á þessa kröfu.

Spurt var um það, ef á þetta hefði verið fallist, hvernig t.d. þeir Hjörtur og Þórarinn eða þeir aðilar sem þeir eru umbjóðendur fyrir hefðu litið á það. Þeir svöruðu því á þann veg að þeir litu þannig á að þá mundi það samkomulag sem gert var í kjarasamningum síðast vera brostið. Hins vegar litu mjólkurfræðingarnir öðruvísi á þetta mál og sögðu að ýmsir aðilar, sem væru með hliðstæða menntun og hliðstæð réttindi, hefðu fengið þessa prósentu í samningum áður fyrir flutninga og fæði og a.m.k. sums staðar væri um þetta samið. En þegar sú spurning var borin fram við mjólkurfræðingana hvort þeir mundu vilja fresta verkfalli um t.d. hálfan mánuð og reyna að semja svaraði formaður þeirra neitandi.

Ég held að það hafi ekki farið fram hjá nefndarmönnum að það var ekki von á því að samningar mundu takast og það var mat a.m.k. meiri hl. að ef orðið væri við þessari kröfu mjólkurfræðinganna mundi verða erfitt að semja við alla þá sem eiga eftir að semja, jafnvel þó að það stangist á fullyrðing gegn fullyrðingu um hvort þar með væri það samkomulag, sem gert var á vinnumarkaðnum, úr sögunni eða a.m.k. brostið að verulegu leyti. Þar sem ástandið er þannig, jafnvel þó að allir hv. þm. geri það ekki með glöðu geði að setja lög þegar um vinnudeilur er að ræða, verður auðvitað að reyna að gera allt það sem í valdi þingsins er og raunar þjóðarinnar til að það samkomulag sem gert var verði haldið að öllu leyti. Miðað við þær umræður sem hafa farið fram hér í þinginu um önnur atriði mætti a.m.k. ætla að með því að verða við þessu væri samkomulagið brostið.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta skrifa ásamt mér hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson, Pálmi Jónsson, Eggert Haukdal og Halldór Blöndal.

Frsm. 1. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Tíminn sem hv. landbn. hafði til að setja sig inn í efnisforsendur þessa máls var í knappasta lagi og er það slæmt því að ekki hefði veitt af að nefndarmenn hefðu haft nokkurn tíma til að kynna sér innihald þessarar vinnudeilu, ekki síst í ljósi þeirra lognmollulegu framsöguræðna og þeirrar kynningar sem málið fékk við 1. umr. í hv. deild í dag. Það vakna óneitanlega spurningar í ljósi þess sem hv. 3. þm. Reykv. upplýsti við 1. umr. og kom fram og staðfest var í nefndinni og eins af hálfu frsm. hv. meiri hl. um stöðu kjaradeilunnar á síðasta samningafundi deiluaðila. En af ræðu hæstv. landbrh. í dag varð ekki skilið að aðstæður í vinnudeilunni hefðu verið með þeim hætti sem síðar kom á daginn og er það eftir öðru í málsmeðferð hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Nál. 1. minni hl. landbn. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. minni hl. landbn. er andvígur þessu frv. og mótmælir sérstaklega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið af hálfu ríkisstj. og vinnuveitenda. Ljóst er að frv. hafði þegar verið samið er síðasti samningafundurinn fór fram, eins og grg. þess ber með sér. Slíkar aðstæður eru óeðlilegar með öllu við samningagerð og hljóta að leiða til ófarnaðar.

1. minni hl. er enn fremur andvígur frv. af eftirfarandi ástæðum:

1. Með samþykkt frv. væri verið að taka verkfallsrétt af stéttarfélagi án þess að á nokkurn hátt hafi verið rökstutt að aðstæður séu þannig að svo alvarleg aðgerð sé réttlætanleg.

2. Þegar síðasta sáttafundi í kjaradeilu mjólkurfræðinga og viðsemjenda þeirra lauk var krafa mjólkurfræðinga um fæðis- og flutningskostnað til samræmis við það sem ýmsir aðrir starfsmenn í mjólkurbúum hafa ein eftir. Þessari kröfu höfnuðu fulltrúar vinnuveitenda umræðulaust.

3. 2. gr. frv. er þannig orðuð að hendur kjaradóms, ef af samþykkt frv. yrði, væru bundnar og honum ekki heimilt að taka tillit til sérkrafna mjólkurfræðinga.

4. Greinargerð með frv. er villandi og að nokkru leyti beinlínis röng og allur rökstuðningur ríkisstj. fyrir lagasetningunni veikur.

Í þessari kjaradeilu hefur komið í ljós hve fráleit ákvörðun það var er mjólkursamlögin voru knúin til aðildar að Vinnuveitendasambandi Íslands. Sú ákvörðun kemur nú öllum málsaðilum í koll og skapar sérstaka áhættu fyrir afkomu bænda. Þegar við allt þetta bætist að fulltrúar vinnuveitenda virðast hafa haldið á málum af mikilli stífni í umræðum og ekki einu sinni verið til viðræðu um sérstakar samræmingarkröfur mjólkurfræðinga telur 1. minni hl. landbn. allar forsendur brostnar fyrir lagasetningu og er frv. andvígur."

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á það sem fyrst segir í nál. um vinnubrögð í þessu sambandi. Það liggur í hlutarins eðli, herra forseti, að það eru ekki eðlilegar aðstæður við samningagerð ef það liggur fyrir, og ég tala nú ekki um ef það fréttist til samningamanna, að tilbúið sé úti í bæ frv. um lagasetningu í viðkomandi deilu og ef það bætist enn við að það kvisist að í því frv. sé sérstaklega gert ráð fyrir kjaradómi sem skuli vinna samkvæmt ákveðnum forsendum og skuli kveða upp úrskurð innan ákveðinna tiltekinna marka sem í raun og veru kippa burtu öllum kröfum annars deiluaðilans með tölu. Ég hygg að 2. gr. þessa frv., sem hér er til umræðu, verði ekki lesin og ekki túlkuð á annan hátt en

þann. Ég vitna einnig til nál. hv. 2. minni hl. landbn. í því sambandi sem er samdóma hvað þetta varðar. Þetta eru auðvitað með öllu óeðlilegar aðstæður við samningagerð og með öllu ólíðandi að hæstv. ríkisstj. hegði sér með þessum hætti.

Ég bendi enn á það ósamræmi sem er á milli fullyrðinga í grg. frv. og þeirrar stöðu sem uppi var í samninganefndunum um kl. 16 í dag þegar síðasta tilboð mjólkurfræðinga kom fram, en þá var, eins og menn uggiaust vita allir í þessum virðulega sal, búið að boða fyrir nokkru framkomu þessa frv. á Alþingi og búið að ákveða fundartíma til að taka það fyrir, sem sagt áður en síðasta tilboð mjólkurfræðinga kom fram og það var tekið til umfjöllunar við samningaborðið.

Ég vil enn fremur leggja áherslu á það, herra forseti, að hér er um samræmingarkröfu að ræða. Það kom einnig fram í hv. landbn. að mjólkurfræðingar voru til umræðu um að falla frá á móti þessari kröfu öðrum atriðum sem þeir hafa í gildandi samningum og hefðu þar af leiðandi getað létt að öðru jöfnu þær byrðar sem á atvinnurekendur hefðu lent af þessum sökum. En fulltrúar vinnuveitenda voru ekki til viðræðu, hvorki um þetta né annað, og höfnuðu þessu síðasta tilboði umræðulaust eins og áður hefur komið fram.

Ég vil enn fremur lýsa þeirri skoðun minni, herra forseti, að ég held að það sé að öllu jöfnu ekki heppilegt að hv. Alþingi sé sett upp við vegg í slíku deilumáli nema þá reynt hafi verið algerlega til þrautar. Við erum hér að fjalla um sérstaka samræmingarkröfu í samningagerð og ég spyr: Ef menn telja eðlilegt að Alþingi verji tíma sínum í að skera úr í slíkum deilumálum aftur og aftur, hvar endar þá slík þróun? Það er verið að ræða um fæðispeninga og flutningalínu í dag. Það gæti orðið sérstakt vosbúðarálag á morgun og það gætu orðið vinnufatapeningar hinnn daginn o.s.frv. Er það stefna hæstv. ríkisstj. og Sjálfstfl., sem stundum kennir sig við frjálsa samningagerð, að Alþingi skuli notað sem dómstóll í slíkum sérkjaraákvæðum einstakra stétta í landinu, en það er auðvitað það sem verið er að gera með þessu frv. og sérstaklega með tilvísan til 2. gr. þess og þeirra ákvæða sem væntanlegum kjaradómi er þar gert að starfa eftir?

Síðan vil ég, herra forseti, koma að þeirri fullyrðingu, sem haldið var fram í framsöguræðu hæstv. landbrh. og af hálfu fulltrúa meiri hl. hér, að þessi samræmingarkrafa, ef að henni yrði gengið, mundi rjúfa með öllu samstöðuna um þá heildarkjarasamninga sem gerðir hafa verið í þjóðfélaginu. Í því sambandi vil ég vitna í ummæli forseta Alþýðusambands Íslands, sem höfð voru eftir honum í kvöldfréttum, þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni og afstöðu að hér væri um ótímabæra og ranga aðgerð að ræða. Ég vil beinlínis halda því fram að það hafi ranglega verið gefið í skyn að aðilar vinnumarkaðarins og þar með einnig Alþýðusamband Íslands mundu telja það sem hér væri á ferðinni brot á heildarsamningalöggjöfinni ef gengið yrði að því. Ekki benda ummæli forseta Alþýðusambandsins eða það sem eftir honum var haft í kvöldfréttum til þess að það sé rétt með farið.

Ég vil einnig að það komi fram að ég taldi eðlilegt og óskaði eftir því í landbn. að fulltrúar heildarsamtaka launþega kæmu á fund nefndarinnar, en það var ekki talin ástæða til þess af hálfu meiri hl. nefndarinnar. Þetta eru slakleg vinnubrögð að mínu mati, herra forseti, og raunar ósamboðin Alþingi þegar verið er að fjalla um jafnalvarlegt mál og það er eða á a.m.k. að vera í hverju einu tilfelli að grípa inn í frjálsa kjarasamninga með lagasetningu. Sé þetta skoðað enn nánar, herra forseti, hlýtur það að vera þannig eðli málsins samkvæmt að heildarkjarasamningar þýða ekki að einstök stéttarfélög og einstök félög geti ekki á sama tíma verið með sérkröfur og samræmingarkröfur sem geta verið fullkomlega eðlilegar innan ramma þeirrar heildarsamningagerðar sem fjallað hefur verið um og þær aðstæður geta verið uppi sem gera slíkar kröfur fullkomlega eðlilegar. Þetta hljóta allir að skilja sem um það hugsa augnablik. Þar af leiðandi er sú meginröksemd fallin, sem fyrir þessu frv. hefur verið færð fram, að það stefni endilega í voða þeirri heildarsamstöðu um kjarasamningana sem orðin er.

Ég vil enn fremur mótmæla þeirri túlkun hv. frsm. meiri hl. landbn. að deiluaðilar hafi verið sammála um að ekki þýddi að reyna samningagerð frekar. Fulltrúar mjólkurfræðinga lýstu því þvert á móti sem sinni skoðun að ekki hefði verið fullreynt að ræða málin og þeir hörmuðu þau viðbrögð vinnuveitenda að hafna síðasta tilboði þeirra umræðulaust.

Herra forseti. Ég ætla þá tímans vegna ekki að hafa þessa ræðu lengri. Ég tel mig hafa lýst því að hér hafi óeðlilega verið að málunum staðið. Það hafi ekki verið fullreynt hvort leysa mætti þessa vinnudeilu með eðlilegum hætti, í fyrsta lagi með því að gefa mönnum eðlilegan tíma til að ræða þau mál og í öðru lagi með því að búa mönnum eðlilegar vinnuaðstæður. Ég tel það ekki vera þegar það liggur fyrir og þegar það hefur frést að undirbúið hafi verið lagafrv. til að úrskurða í þeirri vinnudeilu á sama tíma og menn sitja enn við samningaborðið og það lagafrv. sé jafnvel komið í prentun áður en síðasti samningafundur deiluaðila hefst.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Við Alþýðuflokksmenn höfum áður lýst afdráttarlausum stuðningi okkar við það samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstj. gerðu með sér um kjaramál fyrir skömmu. Við höfum lagt áherslu á að það samkomulag haldi og að vel sé að því staðið. Í þeirri afstöðu okkar felst vitaskuld að ekkert það sé gert sem brjóti það samkomulag niður. Þar á meðal gerum við ráð fyrir því að sérkjarasamningar séu gerðir á þeim grundvelli sem samkomulagið reisti og fari ekki út úr því korti. Það hlýtur hins vegar að hvíla á samningsaðilum að kveða upp úr um það hvort svo sé og í þessu máli er það þannig að aðilar eru ekki á einu máli um það. Vinnuveitendasamband Íslands telur að hér horfi til óefnis ef einhverjir sérsamningar takast í raun og sannleika, en forseti Alþýðusambands Íslands hefur hins vegar látið eftir sér hafa að ótímabært sé að grípa inn í þessa deilu. Þessir tveir aðilar eru sem sé ekki á einni skoðun um hvort þær samningaumleitanir sem hér voru á leiðinni hafi verið á leiðinni út úr kortinu eða ekki.

Á hinn bóginn er vitaskuld ljóst að það á að forðast að beita lagasetningarvopninu nema í ýtrustu neyð eða þegar sérstakar aðstæður krefjast og jafnframt að ef gripið er til lagasetningar verður að sýna sanngirni í lagasetningunni. Ég held að það liggi ljóst fyrir núna að frumvarpsflutningur ríkisstj. um lagasetningu þá sem hér um ræðir hafi verið frumhlaup og hafi í raun hleypt

kjaradeilunni í verri hnút en efni stóðu til. Það er margt sem bendir til þess að ekki hafi verið fullreynt um samkomulag og vísa ég þar aftur m.a. til orða forseta Alþýðusambands Íslands.

En eftir að þessi stefna var tekin er þó líklega svo komið nú að erfitt muni að ganga til samninga eða litlar líkur á að um semjist eftir að þetta lagafrv. hefur séð dagsins ljós og hefur legið hér á borðum sem opinbert gagn. Úr því að sú staða er komin upp hljóta menn að velta fyrir sér hvers eðlis sú lagasetning er sem ríkisstj. hefur í hyggju að beita sér fyrir að sett verði. Það skiptir nefnilega máli þegar sett eru ákvæði í lög um gerðardóm hvaða forskrift gerðardómnum er fengin. Á þetta benti ég í starfi nefndarinnar í dag og benti á að 2. gr. frv. gefur í raun og sannleika endanlega niðurstöðu úr þeim dómi sem ætlað er að hér gangi og sú niðurstaða og sú forskrift er einhliða þar sem tekin er afstaða eingöngu með öðrum aðilanum, vinnuveitendum. Að mínum dómi er ekki við hæfi að setja dómi forskrift sem er svo einhliða. Þess vegna leitaði ég eftir því í nefndinni hvort 2. gr. mætti ekki umorða þannig að Kjaradómur hefði svigrúm til að meta launakjör mjólkurfræðinga eins og venjulega gerist í deilum af þessu tagi og meta þær þá með hliðsjón af þeim kjörum sem um hefur samist hjá öðrum hliðstæðum starfsstéttum í þjóðfélaginu og ekki sé hafnað fyrir fram öllu því sem menn hafa fram að bera í þeim efnum og dómnum í raun sett fyrir að úrskurða eingöngu á grundvelli rammasamkomulagsins eins og einskis annars. Þessari umleitun var hafnað af meiri hl. nefndarinnar.

Þegar svo er komið sögu tel ég einhlítt að ríkisstj. vilji sjálf og ein bera ábyrgð á þessu máli öllu saman og það sé sjálfsagt að hún fái tækifæri til að gera það þegar hún tekur ekki tilsögn um einföldustu atriði. Af þessum sökum mun ég ekki greiða atkvæði um þetta frv.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er býsna fróðlegt að skoða hvenær þetta Alþingi bregst hart við. Um daginn voru birtar upplýsingar um að á Íslandi væri og hefði verið um langt skeið mesta láglaunasvæði á Vesturlöndum og þá gerðu menn þjóðarsátt. Það voru birtar upplýsingar um að fyrirtæki á Íslandi bæru líklega allra fyrirtækja á Vesturlöndum lélegastan arð og þá gerðu menn lífskjarasáttmála. En Alþingi hafði engar næturvökur af því tilstandi heldur afgreiddi það á fumlausan hátt. Menn gerðu sáttmála um lífskjör, þjóðarsátt.

Svo komu upplýsingar um að fjórðungur íslensku þjóðarinnar byggi við fátækt. Og áfram heldur Alþingi sína lífskjarasátt. Þjóðhagsstofnun, sem forsrh. sjálfur ber ábyrgð á og stjórnar, birtir þær niðurstöður fyrir tíu dögum að fjórða hvert heimili, 20 þúsund heimili á Íslandi, búi við eða fyrir neðan fátæktarmörk. Á Alþingi verða engir langir næturfundir af því tilefni. Mér vitanlega hefur forsrh. ekki einu sinni verið spurður að því hvort hann hafi af þessu einhverjar áhyggjur, hvort hann hyggist kannske draga úr næturfundum þm. þegar líður á vorið vegna þess að hann vilji gera eitthvað af því tilefni.

En hvað er það sem dregur þingið til kvöldverkanna? Eina ferðina enn er það það að menn úti í bæ, sem hafa fengið frjálsan samningsrétt, sem hafa til þess réttindi og hafa til þess skyldur að útkljá mál sín á milli, koma sér ekki saman.

Þetta er ekki í fyrsta sinn. Við minnumst þess að í haust, í lok október, breyttust salir Alþingis eina kvöldstund í samningafund fyrir Flugfreyjufélagið, í samningafund milli flugfreyja og Flugleiða. Þar voru aðilar sem ekki vildu eða ekki gátu gert út um sín mál í frjálsum samningum og auðvitað var kallað á Alþingi og auðvitað var Alþingi tilbúið að standa svo sem eins og eina næturvakt til að leysa menn undan þeirri skyldunni að útkljá mál eins og ábyrgir menn sín á milli. Menn geta nú velt fyrir sér alveg eins og í haust: Hvaða hönk eiga Flugleiðir hf. upp í bakið á Alþingi til þess að löggjafarsamkunda þjóðarinnar leysi þar deilumál um vaktaprósentur? Og nú spyrja menn: Hvaða hönk á mjólkurbransinn upp í bakið á löggjafarsamkundunni til þess að hún leysi þar deilumál sem mér skilst að snúist núna samkvæmt síðustu fréttum í dag um fæðis- og flutningapeninga.

Alþingi á ekki að vera einhver launamálalögregla. Annaðhvort eða ekki eru í gildi lög um vinnudeilur sem leyfa mönnum ýmiss konar óskunda í þeim efnum, leyfa þeim t.d. að fara í verkfall, en lög sem umfram allt gefa mönnum réttindi til að reyna að útkljá mál eins og siðaðir menn í samningum sín á milli.

Það er aldeilis undarleg niðurstaða fyrir eina löggjafarsamkundu að láta sér nægja í þrígang á einum vetri að ógilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur, fyrst með því að taka flugfreyjumálið svokallaða þegar það bar að höndum, síðan með því að taka lífskjarasáttmálann og þjóðarsáttina og kokrenna henni og í þriðja lagi með því að taka þetta mjólkurdeilumál og setja um það lög að leysa menn undan þeirri kvöð að vera ábyrgir og semja um sín mál. Hvernig væri að fara að horfast í augu við sjálfan sig og segja: Eru þessi lög um stéttarfélög og vinnudeilur kannske ónýt? Valda menn ekki þessu frelsi að mega semja um sín mál? Kannske er það þjóðhættulegt ástand að menn semji um sín mál. Í stað þess að vera sífellt að ógilda þessi lög, eins og Alþingi gerir núna trekk í trekk, eiga menn að spyrja: Eiga menn þá ekki að breyta þessum lögum? Og þá geta menn spurt: Eigum við þá kannske að afnema verkfallsréttinn? Hvernig væri þá að afnema verkfallsréttinn? Menn eru greinilega svo óábyrgir gerða sinna að þeir átta sig ekki á því að það er þjóðarsátt um að vera ekki að þessum óskunda. Við skulum þá bara banna verkföll. Við getum komið upp með fullt af kjaradómum sem geta alltaf leyst þessi mál.

Það má líka spyrja hvort það sé kannske leið að finna samningsréttinum og samningsfrelsinu annan farveg, t.d. þann að það séu vinnustaðasamningar þar sem ekki einungis mjólkurfræðingar í einu mjólkurbúi séu að semja um sín laun heldur starfsfólkið í heild í þessu mjólkurbúi og í stað þess að það séu flugfreyjur, flugþjónar, flugmenn eða flughlaðmenn sem hver á eftir öðrum eigi í deilum við yfirstjórn fyrirtækis og hvað eftir annað stöðvist rekstur semji allir þessir aðilar í eitt skipti í einu félagi. Ég held að menn ættu að athuga hvort kannske sé ástæða til að huga að þessari lagasetningu og búa þessu þann farveg að Alþingi þurfi ekki að leika hlutverk launamálalögreglu og grípa sífellt fram fyrir hendurnar á mönnum. Ef menn kunna ekki að koma sér saman í samningum er greinilegt að þeir eiga ekki skilið þessi réttindi ef maður tekur gerðir ríkisstj. á þessu kjörtímabili í samhengi.

Ég vildi segja annað um þessi mál. Sá sífelldi siður að

setja lög og eyða verkfallsaðferðinni sviptir menn ábyrgð á gerðum sínum. Það er augljóst að þeir samningamenn sem á undanförnum dögum hafa verið á fundum og reynt að semja í þessu mjólkurdeilumáli vissu að það var til frv. sem mundi leysa þá undan þessari kvöð. Síðast í dag, þegar var gerður úrslitafundur um að ná samningum, vissu menn að það var m.a.s. búið að prenta frv. og það var til þessi dómur, það var til þessi frelsun undan samningsábyrgðinni sem þeir vissu að þeir gátu hörfað til. Hvers virði er þá samningsaðferðin? Hvers virði er þá það að þurfa að standa ábyrgur gerða sinna? Hvernig halda menn að það sé samið undir slíkum kringumstæðum þegar menn vita að samningarnir eru marklaust hjal? Menn þurfa ekki að ná neinu samkomulagi niðri í Karphúsi. Alþingi bíður í startholunum og er tilbúið að leysa þá undan þessari kvöð.

Núna eru aðstæðurnar sérstaklega merkilegar þar sem líka er róið á þau mið að það sé verið að verja lífskjarasáttmálann merkilega. Hugsið þið ykkur! Eftir þær upplýsingar sem hafa borist í fyrsta lagi um mesta láglaunaland á Vesturlöndum og í öðru lagi um að hér sé fjórða hvert heimili við fátæktarmörkin eru menn að verja sáttmálann. Það hefur verið gerður sáttmáli um lægstu laun á Vesturlöndum. Það hefur verið gerður sáttmáli um að fjórða hvert heimili á landinu skuli búa við fátækt og menn eru að verja þann sáttmála. Það má ekki brjóta um það hina heilögu sátt að 20 þús. fjölskyldur á Íslandi skuli búa við fátæktarmörk. Það er svarið sem mjólkurfræðingar hafa fengið, að því er manni skilst, í þessum samningum og það yrði þá líklega svarið sem verkamaðurinn, sem talað var við í sjónvarpinu á föstudaginn, fengi ef hann færi fram á það í sínu verkalýðsfélagi, í Dagsbrún, að samþykkja ekki þessa samninga. Honum væri sagt: Við erum að verja sáttmálann sem er búið að gera um lífskjör þín, góði.

Mér þykir lágt leggjast fyrir Alþingi að grípa hvað eftir annað fram í fyrir þeim sem þó eru að vinna eftir hinni frjálsu samningahefð, mér þykir lágt leggjast fyrir Alþingi að vera þannig eins og stimpilklukka og vera tilbúið í startholunum og veita afbrigði, vera tilbúið til að gera neyðarráðstafanir til að leysa menn af hólmi þar sem þeir hafa einungis átt að bera ábyrgð á gerðum sínum og mér þykir lítið leggjast fyrir Alþingi að taka þeim rökum að hér sé verið að verja sáttmála um lífskjör. Sú ómynd, sem Alþingi kokgleypti um daginn og menn hafa kallað þjóðarsátt, er ekki þess virði að um hana sé staðinn vörður. Raunar er augljóst af viðbrögðum fólks um allt land í verkalýðsfélögum þegar blekkingarhamurinn um það að hér hafi verið farnar nýjar leiðir og þegar blekkingarhamurinn um að hér sé á ferðinni stórkostlegasta sátt, að því er manni skilst, á undanförnum áratugum, þegar hefur runnið af fólki á síðustu vikum, hvað hefur skeð. Þriðji hver ríkisstarfsmaður, sem greiddi atkvæði um þann samning sem verið er að verja núna, greiddi atkvæði gegn honum. Og í sífellt fleiri atkvæðagreiðslum hefur munurinn orðið mjórri og mjórri. Samningarnir eru m.a.s. farnir að falla í einstaka verkalýðsfélagi. Fólk er að skilja að það er ekki verið að gera sáttmála um neitt. En þó láta menn sér lynda að taka þeim rökum að það sé nauðsynlegt að verja ómerkileg fyrirheit þessarar ríkisstj. um frjálsa samninga og það trúaratriði Sjálfstfl. að menn skuli vera ábyrgir gerða sinna og frjálsir að því að semja um sína hagi. Menn taka þeim rökum að það sé verið að verja þennan sáttmála.

Ég get ekki undir neinum kringumstæðum samþykkt að þetta mál sé yfirleitt til umfjöllunar í þessum sal. Eins og ég sagði áðan er ég andvígur því að það séu veitt afbrigði til að ræða svona mál. Afbrigði eru neyðarráðstöfun sem á einungis að grípa til við sérstakar aðstæður. Þess vegna er ég andvígur því að veitt séu afbrigði. Ég er líka andvígur því að málið sé yfirleitt tekið hingað inn vegna þess að þetta mál á ekki neitt einasta erindi við þingið. Þetta mál á erindi við mjólkurfræðinga og VSÍ og þeir eiga að standa sína vakt og semja sjálfir.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég átti þess kost að sitja sameiginlegan fund landbn. beggja deilda um þetta mál sem áheyrnaraðili. Ég vil lýsa afstöðu Kvennalistans til málsins.

Það sem vegur þyngst á metunum þegar við tökum afstöðu er að hér er verið að svipta hóp manna þeim mannréttindum sem felast í því að eiga verkfallsrétt. Ekkert hefur komið fram í þessu máli sem réttlætir svo alvarlega aðgerð að okkar mati.

Það kom fram á fundinum að álit mjólkurfræðinga var það að alls ekki hefði verið reynt til þrautar að semja í þessu máli, en hafði þó gengið talsvert saman á síðasta fundi og voru þeir reiðubúnir til áframhaldandi viðræðna. Augljóst er að sú aðgerð ríkisstj. að láta semja lagafrv. áður en fullreynt var um sættir og enn var eftir sáttafundur síðar þann sama dag hefur gert illt verra og er hið mesta frumhlaup.

Í 2. gr. þessa frv. hefur verið tekin ótvíræð afstaða með vinnuveitendum og Kjaradómi ekki ætlað svigrúm til að meta stöðu mjólkurfræðinga af sanngirni. Í ljós kom enn fremur á fundinum að ekki hafði verið leitað ráða annars viðsemjanda í þeim kjarasamningum sem nú eru nýgerðir, þ.e. Alþýðusambands Íslands, og hefur forseti ASÍ lýst því yfir að hann telji þetta ótímabæra aðgerð.

Herra forseti. Kvennalistinn tók þá afstöðu til nýgerðra kjarasamninga að vera á móti þeim og flutti til þess mörg rök. Við greiddum ekki atkvæði með því frv. um efnahagsaðgerðir sem ríkisstj. bar fram í tengslum við þá. Það mætti segja að eðlilegt og rökrétt væri að við greiddum heldur ekki atkvæði um mál sem er í svo nánum tengslum við það frv. um efnahagsaðgerðir sem hér var til umræðu fyrir skemmstu. Hins vegar eru hér greidd atkvæði um þau mannréttindi sem verkfallsréttur er án þess að til þess hnígi gild rök til réttlætingar. Málatilbúnaður ríkisstj. í þessu máli er slæmur og virðist engan veginn fullreynt til sátta. Þingkonur Kvennalistans munu því greiða atkvæði gegn þessu frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er vissulega alvarlegt mál á ferðinni þegar rætt er um að svipta stéttarfélag þeim réttindum að semja um kaup og kjör. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt að rætt sé um málefni mjólkurfræðinga hér á hv. Alþingi. Líklega hafa flestar ríkisstjórnir, flestallir þm. úr þessum svokölluðu alvörustjórnmálaflokkum á Alþingi gert ýmislegt í þá átt að þrengja kjör mjólkurfræðinga eins og fleiri vinnandi stétta í þessu landi. (Gripið fram í.) Ég hygg að formaður Verkamannasambandsins hafi eitthvað um þetta að segja. Mér heyrist það. Hann kemst vonandi að á eftir, en má eigi að síður mín vegna grípa fram í.

Vissulega er það alvörumál þegar löggjafarsamkoman telur sig þurfa að grípa inn í samninga aðila vinnumarkaðarins. Ekki er þetta síst alvörumál eftir það sem gerst hefur undangengna daga hér í landi. Við búum ekki við venjulegar kringumstæður að því er varðar launasamninga nú. Eins og menn muna og þarf auðvitað ekki að rifja upp eru ekki ýkja margir dagar síðan gerð var, eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson orðaði það hér, þjóðarsátt um launamál milli annars vegar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambandsins og Alþýðusambands Íslands eða félaga innan vébanda þess. Það var vissulega merkilegt sem þar gerðist og ég hygg að engin dæmi séu eins og þar gerðust að því er varðar lausn á launadeilu. Það er að sjálfsögðu gert undir þeim kringumstæðum sem við höfðum búið við undangengin ár og búum við í dag. Við höfum búið í óðaverðbólguþjóðfélagi undangengin ár og áratugi. Við því eru menn að reyna að bregðast með því að halda á málum eins og gert var af hálfu aðila vinnumarkaðarins fyrir nokkru. Þannig gripu menn fram fyrir hendur hæstv. ríkisstj. í launamálastefnunni og efnahagsstefnunni. Það er fullsannað og fullreynt að aðilar vinnumarkaðarins, hvort sem eru í Garðastræti eða hvar sem er, tóku fram fyrir hendur á ríkisvaldi varðandi væntanlega þróun í efnahagsmálum.

Menn geta að sjálfsögðu deilt um hvort þetta hefur verið rétt gert eða ekki og um það var að vissu leyti deilt á Alþingi fyrir stuttu. Það er ekkert við það að athuga að menn hafi sínar skoðanir, séu andvígir slíku eða með. En eigi að síður er þetta orðin staðreynd. Og við hljótum að spyrja þess þegar þetta mál kemur nú fyrir Alþingi í því formi sem það nú er: Er verið að fylgja því fordæmi, sem ég fullyrði að mikill meiri hluti launafólks í þessu landi var sammála að gera tilraun með með aðalsamningnum, eða er verið að gera eitthvað annað og meira með því samkomulagi sem hér er verið að tala um, þeirri löggjöf?

Ég hygg að menn hafi líka í huga þegar menn tala um þetta mál að fjöldi annarra verkalýðsfélaga í landinu á eftir að semja. Sum aðildarfélög Alþýðusambands Íslands hafa fellt samkomulagið frá því um daginn. Þau eru að vísu ekki mörg, en eigi að síður er það staðreynd að þau hafa fellt það. Og maður hlýtur að spyrja þessarar spurningar: Hvað gerist í þeim herbúðum? Við vitum um t.d. bakarana, þeir hafa fellt samkomulagið. Starfsfólk í veitingahúsum, það hefur fellt það. Verslunarmannafélag Suðurnesja, það hefur fellt samkomulagið. Við vitum líka að flugmenn eru einhvers staðar í námunda við að fara að semja. Hvað með rafeindatæknana sem eru nánast búnir að vera í verkfalli í nokkra daga? Hvað ætla menn að gera á þessum sviðum eftir að hafa afgreitt þetta mál hér? Allt þetta blasir við og menn hljóta að spyrja sig þessara spurninga, menn sem á annað borð vilja hugsa um þessi mál og hafa á þeim tiltekna alvörugefna skoðun. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisstj. hafi að öllum líkindum gripið hér of fljótt inn í. Ég segi að öllum líkindum því mér virðist að upplýsingar bendi til þess að ekki hafi verið fullreynt hvort samningar gætu tekist. Og vissulega á að leyfa aðilum að spreyta sig. Það var ekki stórhætta á ferðum þó að verkfall hjá mjólkurfræðingum hefði staðið einn, tvo, þrjá daga í viðbót — ég hygg að menn hefðu lifað það alveg af og það sæmilega — og látið hefði verið á það reyna hvort grundvöllur var fyrir að menn næðu saman á frjálsum grundvelli.

Hér hefur verið vitnað í forseta Alþýðusambands Íslands. Og út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því að vitnað sé í þann glögga mann. Menn hljóta að spyrja sig þessarar spurningar: Er með þeim kröfum sem uppi voru seinni partinn í dag milli mjólkurfræðinga og þeirra viðsemjenda verið að stíga lengra, er meiri kauphækkun innifalin í þeirra kröfum en aðilar vinnumarkaðarins sömdu um fyrir nokkrum dögum síðan? Um þetta virðist menn greina á.

Hér var held ég, rétt tekið eftir, fullyrt áðan að mjólkurfræðingar gerðu kröfu um 4–5% meiri kjarabætur en láglaunafólkið fékk innan Alþýðusambands Íslands. Og við, sem svona í fjarlægð horfum til þessara hluta, hljótum að spyrja forsvarsmenn þess samkomulags sem gert var í Garðastræti um það hvort mjólkurfræðingar fari fram á meiri kjarabætur en láglaunafólkið fékk á sínum tíma. Þessu er hér með beint til þeirra sem hér geta svarað, stóðu að samkomulaginu á sínum tíma, hinu merka samkomulagi sem ég út af fyrir sig hef varið og ver enn. Þessu er beint til þeirra: Er hér verið að ganga lengra til kauphækkunar við þessa aðila en gert var fyrir þá sem verst eru settir í þjóðfélaginu?

Menn tala hér um flutningslínu. Ég er þeirrar skoðunar t.d. að flugmenn gætu farið fram á að setja flutningslínu í sinni kröfugerð og fjöldi annarra stéttarfélaga gæti haft uppi sambærilegar eða hliðstæðar kröfur. En ég hygg að eigi að síður sé það ekkert óeðlilegt að menn greini á um þetta. Það er haft eftir forseta Alþýðusambandsins — ég hef ekki heyrt það sjálfur — að hér sé ekki verið að semja um meira en gert var á dögunum. Vel má vera að það sé rétt en það skiptir kannske ekki meginmáli í þessari stöðu. Meginmáli skiptir hvort menn eru hér að grípa fram í fyrir samningaumleitunum sem enginn veit hvort hefðu leyst málið á næstu tímum eða ekki. Það skiptir, að mínu viti, kannske meira máli núna í stöðunni heldur en hitt atriðið í málinu. Hv. þm. Stefán Valgeirsson, form. og frsm. landbn., fullyrti áðan að deiluaðila greindi á um þetta, hvort fullreynt hefði verið að ná samkomulagi eða ekki. Mér sýnist, án þess að ég vilji fullyrða það, að menn hafi kannske verið einum of fljótir að grípa hér inn í.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði áðan að enn væri Alþingi að grípa til neyðarráðstafana í þessum efnum. Ég verð að viðurkenna að ég er alltaf að færast nær þeirri skoðun að ef á að rétta hlut þeirra verst launuðu í þessu þjóðfélagi verði kannske einskis annars að gera það heldur en löggjafarsamkomunnar. Mér sýnist, því miður, allt benda til þess að verkalýðshreyfingin ráði ekki við það viðfangsefni og það endi ekki vel nema því aðeins að löggjafarsamkoman sjálf grípi inn í málið.

Málið snýst auðvitað um það, sem ég vil trúa og trúi enn, að almennt hafi menn viljað standa að því samkomulagi sem gert var milli aðila vinnumarkaðarins fyrir nokkrum dögum síðan, að almennt vilji menn standa að því og vilji verja það, láta á það reyna, þó áhætta sé í því hvað kunni að gerast ef menn vilji í eitt skipti láta á það reyna hvort hér hafi verið rétt gert eða ekki. Ég get sagt það sem mína skoðun, almennt talað, að ég tel að stjórnvöld eigi að halda þannig á máli að sú leið sem þar var valin sé fetuð til loka. Því kjörorði, sem þar var sett af þeim sem samkomulagið gerðu, væri

haldið. (**GHelg:** Það er stór hluti þjóðarinnar sem er ekki einu sinni matvinnungar.) Enn kemur rödd úr þingflokki Alþb. inn í umræðuna og það er fullkomin ástæða til vegna þessa að minna hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur á það að þingflokkur Alþb. var ekki samferða í afstöðunni til þess sem rætt var hér fyrir nokkrum dögum um heildarsamkomulagið eða þá löggjöf sem fylgdi því. Nú er ástæða til þess að spyrja: Er þingflokkur Alþb. á einni og sömu línu að því er þetta mál varðar? Af því að menn grípa hér fram í unnvörpum og biðja að sjálfsögðu um svör. (Gripið fram í.) Jú, það eru aðrir á undan þér hv. þm., þinn ágæti kollegi næstur við hliðina á þér.

Ég vil láta það koma fram að ég er kannske, því miður, að verða kominn á þá skoðun að löggjafarsamkoman verði þrátt fyrir allt að rétta hlut hinna lægst launuðu sjálf, öðruvísi verði það ekki gert, þó ég viðurkenni fullkomlega að það er að vísu nokkuð mikill skilningur á því innan verkalýðshreyfingarinnar að það þurfi að gera en eigi að síður hefur það ekki tekist í þeim herbúðum. Og ég held að menn verði að horfa raunsætt á það.

Ég vil gjarnan spyrja einn af þeim aðilum sem stóðu að Garðastrætissamkomulaginu og hér situr innan dyra: Eru mjólkurfræðingar að fara fram á meira en það sem samkomulag var gert um hjá aðilum vinnumarkaðarins núna fyrir nokkrum dögum? Ef það er meira, hversu mikið er það? Kannske er ástæða til að spyrja líka: Hver eru kjörin á þeim bæ, samanborið við kjör láglaunafólksins? Ég held að það eigi ekkert að fara í grafgötur með það hvað hér er í raun og veru á ferðinni. Ef menn eru sannfærðir um að rétt hafi verið haldið á samningunum hjá ASÍ og VSÍ eiga menn að halda áfram að verja það samkomulag og í raun og veru ekki að hleypa neinum, sem hefur meira en þeir lægst launuðu fengu, lengra en það samkomulag gerir ráð fyrir.

Ég held því að það hefði verið rétt hjá hæstv. ríkisstj. að doka aðeins við í þessum efnum, rasa ekki um ráð fram, að því er þetta mál varðar, láta á það reyna. Og ég er viss um að hefðu menn verið það raunsæir að láta málið fara þá leið hefði almenningur í landinu verið miklu jákvæðari gagnvart Alþingi þó það kynni að grípa inn í á síðari stigum máls ef allar aðrar dyr lokuðust.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta þó full ástæða væri til þess að ræða svona mikið alvörumál lengur en hér kann að verða gert. En ég vil að lokum segja það að mér finnst að ýmsir hv. stjórnarliða taki þetta mál ekki alvarlega. Afbrigði fyrir málinu eru samþykkt með 21 atkvæði. Það er helmingur hv. þingdeildarmanna sem samþykkir afbrigði fyrir þessu máli og innan þess helmings eru stjórnarandstæðingar líka. Mér finnst allt of mikið bera á því, burtséð frá öllum efnisatriðum að því er þetta mál varðar og raunar fleiri sem hafa farið í gegnum Alþingi undangengið, að menn láti málin afskiptalaus, þau fari hér meira og minna í gegnum þingið með minni hluta atkvæða í þingdeild. Það sýnir auðvitað viðhorf þm. sem láta það líðast að stórmál séu þannig afgreidd á Alþingi. Hér er vissulega um stórmál að ræða og ekki bara fyrir þá aðila sem hér eiga hlut að máli, þá á ég við Mjólkurfræðingafélagið. Þetta mál getur skipt miklu, miklu fleiri verkalýðsfélög í landinu máli heldur en þetta eina félag. Og það skiptir miklu máli hvernig á slíkum málum er haldið, hvernig þau ber að og hvernig hv. þm. taka afstöðu til svona stórmála.

Ég vænti þess að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem ég ber mikið traust til, upplýsi þingdeildina um það hvort hann telur að mjólkurfræðingar séu að fara fram á meira í sínum kröfum en hann samdi sjálfur um fyrir sína umbjóðendur í Garðastræti fyrir nokkrum dögum. Það skiptir mig æðimiklu máli að fá vitneskju um það hvert álit hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, formanns Verkamannasambandsins, í þessum efnum er. Við höfum, að hér er sagt, álit forseta Alþýðusambands Íslands og það skiptir líka máli að fá upp viðhorf formanns Verkamannasambands Íslands.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ekki veit ég hvers ég á að gjalda að vera dreginn upp í þennan ræðustól og eiga að vitna eftir kröfu hv. 3. þm. Vestf. Ég skal reyna að svara hans spurningum eftir því sem mér er unnt. En í upphafi teygja menn vitanlega umræður endalaust. Þá get ég ekki stillt mig um að segja að fyrst verið er að ræða um kjaramál mjólkurfræðinga hefði verið ákaflega fróðlegt að ræða um B-in þrjú, Búðardal, Borgarnes og Bitru, og athuga hvernig fénu hefur verið varið, hversu hyggilega hefur verið að verki staðið í sambandi við mjólkuriðnað hér á Suður- og Vesturlandi. Ég sé ekki betur en að þeir sem kveinka sér mest hafi verið í illvígri samkeppni við Seðlabankann í sambandi við bygginguna á Bitruhálsi og þar hefur ekki verið spurt um prósentin. Hafi einhvers staðar verið bruðlað og óhyggilega haldið á málum hefur það verið í sambandi við þessi mjólkurmál.

Reyndar er sama sagan annars staðar og ætla ég ekki að fara að þylja þá sögu. Ég skil ekki heldur, þó ég sé þm. Reykvíkinga, hvernig í ósköpunum stendur á því að Sláturfélag Suðurlands byggir í Reykjavík. Það er ekki það að ég sé að harma það að það byggi í Reykjavík, en af hverju þurfa þeir að haga sér eins og árið 1920 þegar það voru svona ákveðnir boddíbílar sem komust milli Reykjavíkur og Selfoss? Þegar atvinnuleysi er á Selfossi og hægt er hafa þar kjötvinnslu, af hverju eru þeir þá að flytja þetta til Reykjavíkur og byggja hér milljónahallir? Því í ósköpunum reyna þeir ekki að koma á móti þessu fólki sínu í þessu byggðarlagi? Það er nú meira dálætið sem bændasamtökin hafa á Reykjavík. Þau slá alla út í hótelbyggingum. Endalausir peningar eru til í það. Þeir tvöfalda á Sögu, segja þeir, og vel það og það er meira að segja miklu vinalegra, hlýlegra og íburðarmeira. Hverjir eru hér að tala? Fulltrúar fólks, bænda um land allt sem örugglega eru ekki ofhaldnir. Og hagspekin og búskaparhættir allir í sambandi við bygginguna þessarar mjólkurstöðvar sem ég gat um, þar held ég sé ekki hyggilega að verki staðið. Ég held að þessi bygging á Bitruhálsi veki forundran allra þeirra sem kunnugir eru og þar hefði verið hægt að halda betur á.

Ekki ætlaði ég að fara að messa um það. Ég var píndur upp í ræðustól af hv. 3. þm. Vestf. Hann spurði: Eru mjólkurfræðingar að fara fram á meira en verkafólk fékk almennt í kjarasamningunum? Ég mundi svara þessari spurningu þannig að allt til dagsins í dag voru þeir að fara fram á töluvert meira. Þeir geta sjálfsagt fært sín rök fyrir því. Ég er því persónulega andvígur, eins og hv. 3. þm. Vestf., að þeir sem eru á hærri launum fái einhverjar aukasporslur eftir að búið er að gera samninga eins og tíðkast hefur mjög á landi

hér í gegnum tíðina. Og það er rétt sem 3. þm. Vestf. segir, mér kæmi ekki á óvart, þó ég líki ekki saman mjólkurfræðingum og flugstjórum, að flugstjórar eigi eftir að koma fram með þrefaldar kaupkröfur á móti almennu verkafólki.

En ef við lítum á þessa deilu og drögum frá þær kröfur sem mjólkurfræðingar voru með, þeir geta sjálfsagt fært sín rök fyrir þeim, er eftir einn hlutur, þetta svokallaða fæðis- og ferðagjald. Og af hverju skyldi það vera til komið? Það er til komið vegna þess að Mjólkursamsalan er að flytja í úthverfi Reykjavíkur sem er fyrir utan flutningalínur sem stéttarfélög almennt hafa. Með því að flytja úr Mjólkurstöðinni á Laugavegi í Mjólkurstöðina á Bitruhálsi verða mjólkurfræðingar, hvort sem menn hafa samúð með þeim eða ekki, án fæðis- og flutningagjalds. Bifvélavirkjar og aðrir iðnaðarmenn koma til með að fá þetta gjald og hafa það í samningum. Dagsbrúnarmenn eru ekki ofhaldnir en eru 56% af starfsliði Mjólkursamsölunnar og það er samningsleg skylda að flytja þá að og frá vinnustað í væntanlegri mjólkurstöð. Gamla Mjólkurstöðin er innan flutningalínu. Nýja Mjólkurstöðin er utan flutningalínu, langt fyrir utan flutningalínu, meira að segja fyrir utan flutningalínu iðnaðarmanna sem er einhvers staðar við Elliðaár eða hvar það nú er. En Dagsbrúnarmenn eiga rétt á að vera fluttir að og frá vinnustað í vinnutíma, heim í mat eða þeir fá frítt fæði þegar hin nýja stöð tekur til starfa.

Vissulega býst ég við að um þetta verði samið, það verður ekki farið að flytja menn þarna heim í matartíma. Það sem liggur á bak við er, að ég hygg, ég hef ekkert rætt við mjólkurfræðinga, að þeir vilja ná þarna ákveðnum jöfnuði, jöfnuði að því leyti að það er samræming á vinnustað. Þetta er í sjálfu sér ekki kauphækkun, þó það verði kauphækkun fyrir suma. Það er lengra á vinnustaðinn og þeir verða í minni réttindum en aðrir. Upplýst er líka að þeir eru reiðubúnir að ræða um einhver önnur atriði, t.d. þegar flutt er að Bitruhálsi komi einhverjir flutningar til greina. Þetta eru atriði sem á að vera hægt að semja um. Búið er að hleypa í þetta hörku og ákveðinni óbilgirni þannig að málum er svona komið.

Hv. 3. þm. Vestf. og aðrir verða að dæma um hvort þarna er keyrt fram fyrir aðra. Ég mundi segja að þarna væri verið að samræma ákveðin réttindi á vinnustað. Ég sé ekki að það sé mikil goðgá. Hins vegar eru menn ákaflega tortryggnir og hafa oft og tíðum verið í sambandi við mjólkurfræðinga. Ég held að sú samninganefnd, sem hefur farið með samninga fyrir mjólkurfræðinga, hafi haldið miklu betur á en hér áður fyrr, þegar mjólkurfræðingar voru kannske einir í vinnudeilu, deilt var kannske um gúmmístígvél eða eitthvað lítils háttar og mjólkurflutningar stöðvuðust og bændur urðu að hella niður mjólk í nokkra daga. Ég held að þá hafi t.d. félag eins og Dagsbrún haft miklu sterkari taugar til bænda. Hitt er hins vegar annað mál að mjólkurfræðingar fengu nokkrar góðar lagfæringar 1982 í kjaradómi. Hins vegar hafa þeir ekki verið hálaunastétt en þeir fengu nokkuð góðar lagfæringar þarna.

Ég held að ef á að fara að setja lög um að samræma ákveðna flutninga, ákveðin réttindi á sama vinnustað, og það er kallaður saman næturfundur á Alþingi, hefði verið hægt að laga þetta mál og koma þessu saman. Ég held bara að frá hendi viðsemjenda þeirra, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins, hafi verið nokkurn veginn nei við öllum hlutum. Ég held að sú samninganefnd, sem mætti þarna fyrir mjólkurfræðinga, hafi alls ekki haldið þannig á málum að brýn þörf væri á lagasetningu enda ber það satt að segja vott um mikla fljótfærni þegar jafnvandaður maður og hæstv. landbrh. flytur ræðu klukkan fimm í dag sem greinilega er samin kl. tvö um daginn og mál hafa gjörbreyst, mjólkurfræðingar hafa fallið frá meginhlutanum af sínum kröfum og eftir stendur þetta eina mál. Ef veifað er framan í annan aðilann: við höfum hér lög handa ykkur, garga þeir náttúrlega bara meir. Ég held að þarna hafi verið nokkuð klaufalega á málum haldið.

Ég skal ekki orðlengja þetta mál meira en varðandi þennan kjaradóm verð ég að segja að honum eru settar ákaflega þröngar skorður. Ég býst við að margir félagsmenn í félagi mjólkurfræðinga hafi bundið einhverjar vonir við þennan kjaradóm. Hann reyndist þeim nokkuð vel síðast. En 2. gr., þar sem sagt er að tekið skuli mið af vinnumarkaði frá því kjarasamningar voru lausir hinn 1. janúar 1986, neglir þetta náttúrlega algjörlega niður. Niðurstaða kjaradóms er raunverulega gefin með lögunum.

Ég vil taka það fram að ég er algerlega mótsnúinn því að hærra launaðar stéttir vaði uppi í þjóðfélaginu og ætli sér að standa á öxlunum á þeim sem lægra eru launaðir. En hér held ég að um sé að ræða að nokkur hluti ákveðins starfshóps vill samræma sín samningsákvæði öðrum starfshópum. Ég tel þetta ekki krossbrjóta frekar en forseti Alþýðusambandsins. Ég held að það hafi verið ákaflega illa haldið á þessu máli. Svona mál á að vera hægt að leysa og það mælist yfirleitt ákaflega illa fyrir, þó mikið sé um það, að menn á sama vinnustað vinni samkvæmt mismunandi kjaraákvæðum hvað varðar flutninga, fæði o.s.frv. Hitt tek ég vel undir að bændur eru illa settir og þola það illa að að þeim sé þrengt eins og hlutur þeirra er og skil ég vel ótta þeirra.

Ég held að ekki beri að líta á þetta mál sem einhverja allsherjarmismunun heldur samræmingu starfshópa á sama vinnustað sem ég held að ekki eigi að leysa með lögum og hefði verið hægt, hefði verið betur að verki staðið, að leysa. Ef mjólkurfræðingar hefðu staðið á sínum fyrri kröfum neita ég því ekkert að undir þeim kringumstæðum hefði ég ekki greitt atkvæði á móti lögunum. Eftir að þeir eru fallnir frá öðru en samræmingarákvæðum greiði ég atkvæði á móti lögunum og ég tel það illa farið þó að um það sé ekki hægt að saka virðulegar landbn. þingsins. Ég held að í samningsgerðinni hafi verið haldið þannig á málum að það hafi verið ásetningur að láta þessa stöðu koma upp og er það miður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, RH, StG, SV, StH, SvH, SiggB, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, IG.

nei: SJS, SvG, GSig, GeirG, GJG, GA, GHelg, HG.

4 þm. (EBS, HÁ, KH, KSK) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég hef greitt atkvæði gegn því hér fyrr í kvöld að þetta mál sé tekið á dagskrá. Ég tel það ekkert erindi eiga hér inn. Þetta er mál sem mjólkurfræðingar og vinnuveitendur þeirra verða að útkljá sjálfir. Ég greiði ekki atkvæði um málið efnislega.

2.–8. gr. samþ. með 23:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 24. mars, að loknum 68. fundi.

Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands, stjfrv. 372. mál (þskj. 672). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:6 atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 24. mars, kl. 11 síðdegis.

Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands, stjfrv. 372. mál (þskj. 672). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VigfJ, DA, EgJ, EG, EKJ, HÓ, JHelg, JK, VI, ÞK, AG, ÁJ, SalÞ.
nei: StB.
HS, RA, SDK, JL greiddu ekki atkv.
2 þm. (KSG, KolJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Alveg burtséð frá því hvað mönnum sýnist um efnisatriði þessa máls tel ég eðlilegt að það fái þinglega meðferð hér í deildinni og til þess sé tekin afstaða. Því segi ég já.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Alþingi Íslendinga er ekkert stundarfyrirbæri í íslensku þjóðlífi. Ég tel að það sé langt fyrir neðan þess virðingu að vera að eltast við mál af þessu tagi og tel að réttast væri að forða þeirri hneisu með því að taka þetta mál ekki hér á dagskrá. Því segi ég nei.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar. Í síðasta mánuði voru gerðir almennir kjarasamningar milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar. Þessir samningar hafa verið samþykktir af flestum stéttarfélögum sem áttu aðild að þeim. Mjólkurfræðingafélag Íslands felldi þá hins vegar og boðaði verkfall frá og með deginum í dag. Ríkissáttasemjari hefur haldið nokkra fundi með deiluaðilum, en þeir ekki borið árangur.

Ég ræddi við ríkissáttasemjara í morgun þegar verkfall var skollið á og kvað hann fundinn, sem stóð fram yfir miðnætti s.l., ekki hafa borið neinn árangur og taldi vonlaust að frekari viðræður gerðu það. Ég kvaddi þá fulltrúa mjólkurfræðinga á minn fund til að ræða þá stöðu sem þar væri komin upp og miðað við aðdraganda samninganna og þá aðild, sem ríkisstj. hefði átt að þeim þar sem reynt var að ná ákveðnum markmiðum, þá mundi vera útilokað annað en að grípa inn í slíkar deilur þegar samkomulag var ekki talið í sjónmáli. Í þeim viðræðum töldu þeir rétt að boðað yrði til nýs samningafundar og ræddi ég þá við sáttasemjara um það, sem hann gerði.

Á þessum fundi með fulltrúum Mjólkurfræðingafélags Íslands kom fram að þeir teldu að hið almenna samkomulag nægði ekki. Þá voru það tvær kröfur sem þeir settu fram, en á fundi með sáttasemjara síðdegis féllu þeir frá annarri þeirra. Eftir stóð krafa um fæðis- og flutningsgjald sem í viðræðu við ríkissáttasemjara kom fram að næmi sem svaraði 4–5% launahækkun. Ekki náðist samkomulag milli deiluaðila um þetta atriði og þá var tekin ákvörðun um að flytja þetta frv. sem hér liggur fyrir.

Í hinu almenna samkomulagi er kveðið á um það að nákvæm úttekt skuli fara fram á kjörum einstakra stétta aðildarfélaganna. Undirbúningur að því er þegar hafinn og að sjálfsögðu mun það einnig ná til Mjólkurfræðingafélags Íslands þó þetta lagafrv. nái fram að ganga. Þar munu að sjálfsögðu allar sanngjarnar kröfur verða teknar til skoðunar, en, eins og ég sagði, vegna aðdraganda og stöðu þessara samningamála er það erfitt ef einstök félög fara að gera kröfur um viðbætur við hina almennu kjarasamninga. Og það kom einnig fram hjá fulltrúum verkalýðsfélaga í umræðum í hv. Nd. áðan.

Ég vænti þess að hv. deild geti hraðað meðferð þessa máls þar sem hv. landbn. beggja deilda hafa unnið saman að athugun þess.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er óneitanlega harla sérkennilegt mál sem hér er á ferðinni. Það á svo að heita að í landi okkar ríki félagafrelsi og frelsi stéttarsamtaka til að semja um launakjör sín. Sem betur fer er það afar sjaldgæft að stéttarfélög séu svipt samningsrétti sínum þótt óneitanlega hafi það gerst oftar í tíð þessarar ríkisstjórnar en í tíð nokkurrar annarrar ríkisstjórnar um langt skeið.

Þegar það hefur gerst að stéttarfélög eru svipt samningsrétti sínum hefur það verið rökstutt með því að þjóðarhagsmunir krefðust þess að svo væri gert vegna þess að einhver mikil hætta steðjaði að ef verkfallsaðgerðir yrðu ekki stöðvaðar. Þekktasta og helsta dæmi

þessa er auðvitað þegar hætta hefur verið talin á því að samgöngur við önnur lönd legðust niður. Þá hafa ríkisstjórnir stundum gripið til þess ráðs að fá Alþingi til að grípa inn í viðkomandi kjaradeilu. En það er sérstaklega eftirtektarvert í þessu máli að nú er lagt bann við aðgerðum löglegs verkalýðsfélags, sem leitast við að ná rétti sínum með fullkomlega eðlilegum og löglegum hætti, án þess að það sé rökstutt með því að einhver sérstök hætta sé á ferðum eða svo gífurlegir hagsmunir séu í húfi að undan þessu verði ekki vikist.

Bann við verkfalli Mjólkurfræðingafélags Íslands og það frv. til laga um lausn á vinnudeilu Mjólkurfræðingafélagsins, sem hér er til umræðu, er alls ekki rökstutt fyrst og fremst með því að svo miklir hagsmunir séu í húfi að verðmæti gætu eyðilagst, þó vissulega eigi það við í þessu tilviki að einhverju marki. Þeir sem hlustuðu t.d. á framsöguræðu hæstv. landbrh. hér áðan munu vafalaust hafa tekið eftir því að hann rökstuddi mál sitt á allt, allt annan hátt. Hver voru hans aðalrök? Þau voru nefnilega ekki að hella þyrfti niður mjólk sunnlenskra bænda, sem maður gæti nú kannske ímyndað sér að væri honum efst í huga. Nei, aðalrök hans voru ósköp einfaldlega þau að ef Mjólkurfræðingafélag Íslands fengi eitthvað það út úr þeim samningaviðræðum, sem félagið stendur í, eitthvað meira en verkalýðsfélögin fengu flest út úr nýfrágengnum kjarasamningum, ja, þá væri bara hætta á því að jafnvel fleiri verkalýðsfélög fylgdu í kjölfarið. Þetta er hættan sem er sögð við blasa. Þess vegna hlýtur maður að spyrja sjálfan sig að því: Af hverju gengur ekki ríkisstj. hreint til verks í þessu máli úr því að þetta eru aðalrökin? Af hverju gengur ekki ríkisstj. hreint til verks og flytur hér frv. um löggildingu nýgerðra kjarasamninga þar sem væntanlega væri þá eitt samningsákvæði sem bannaði öllum verkalýðsfélögum í landinu, sem ekki væru aðilar að þessum samningum, að semja um nokkuð annað en það sem þar samdist um? Því það er einmitt það sem verið er að gera með þessu frv., með þessari lagasetningu. Hæstv. ráðh. kemur hér í ræðustól og segir þetta bara skýrt og ákveðið þannig að allir hlutu að skilja.

Aðalástæðan fyrir því að ríkisstj. velur þessa leið er sú að það er verið að koma í veg fyrir það að eitt verkalýðsfélag geti náð nokkrum öðrum árangri í kjaradeilu en þeim sem Alþýðusamband Íslands samdi um nú fyrir skemmstu. Er það þá ekki bara nákvæmlega það sama og að setja hér lög um það að allir aðrir kjarasamningar en þeir, sem voru gerðir nú á dögunum, séu forboðnir að viðlögðum refsingum? Jú, auðvitað er það niðurstaðan af þessari frumvarpssmíð.

Við vitum að ákveðnir hagsmunir eru í húfi þegar verkfall er gert. Það er alltaf hætta á eyðileggingu verðmæta. Og ég viðurkenni fúslega að það ástand sem skapast við verkfall mjólkurfræðinga er ekkert þægilegt fyrir heimilin í landinu og heldur ekkert þægilegt fyrir bændur sem hugsanlega yrðu fyrir tjóni. En við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að þessi óþægindi og þetta tjón er svo sem ekkert öðruvísi en gengur og gerist í kjaradeilum almennt. Það er ákaflega sjaldan að kjaradeila veldur ekki einhverjum óþægindum fyrir fólkið í landinu og fyrir þá aðila sem þar eiga hlut að máli.

Launamennirnir, sem í deilunni standa, verða fyrir stórfelldum tekjumissi sem getur komið sér mjög illa fyrir þá, valdið þeim stórkostlegum vanda. Atvinnurekendur verða fyrir miklum tekjumissi líka. Og stundum eru verðmæti í hættu. Það á við í þessari kjaradeilu eins og öðrum. En það hafa hins vegar ekki verið færð nein rök að því að hagsmunirnir, sem eru í húfi nú, séu neitt meiri og voðalegri en gengur og gerist þegar kjaradeilur almennt standa. Það staðfestir það, sem maður hafði augljóslega grun um, að tilgangur þessa frv. væri ekki sá að forða verðmætum frá eyðileggingu heldur ósköp einfaldlega að koma í veg fyrir það að eitt ákveðið stéttarfélag næði örlítið skárri árangri í kjaradeilum en fékkst hér á dögunum í samningum Alþýðusambandsins við Vinnuveitendasamband Íslands. Og ég vek sem sagt athygli á því að þetta var staðfest hér áðan í ræðu hæstv. ráðh. og liggur nú fyrir sem meginástæða þessa máls.

Ég held að allur aðdragandi að þessari lagasetningu sé líka þess eðlis að við hljótum að staldra við. Það leið ekki nema ein klst. frá því að deiluaðilar fjölluðu um tilboð Mjólkurfræðingafélags Íslands og því var hafnað þangað til málið var lagt hér fyrir Alþingi til endanlegrar úrlausnar. Það var ekki mikið verið að kanna það rækilega í frekari viðræðum aðila hvort ekki væri þarna samningsflötur á málinu. Og það var ekki mikið verið að ræða það í ríkisstj. hvort þetta tilboð mjólkurfræðinga skapaði ekki nýjar aðstæður í málinu, breytti eðli þess, þannig að ástæða væri til að doka við með flutnings þessa frv., því allir þeir, sem til þekkja í þessu máli, vita að kringumstæður voru allt aðrar seinni part dagsins í þessu máli en þær höfðu verið í morgun. Þá lágu fyrir miklu meiri, fleiri og stærri kröfur af hálfu mjólkurfræðinga en aftur á móti lágu fyrir í eftirmiðdaginn. Því það hefur upplýst, það hefur verið staðfest að það stóð ekki eftir nema ein krafa, sem um var deilt, og það var krafa mjólkurfræðinga um fæðis- og flutningskostnað til samræmis við það sem ýmsir aðrir starfsmenn í mjólkurbúum hafa og flestir starfsmenn á vinnumarkaðnum hafa.

Við erum að setja hér lög sem grípa inn í kjaradeilu í þeim eina tilgangi að koma í veg fyrir það að mjólkurfræðingar fái réttindi sem meginþorri starfsmanna á vinnumarkaðnum hefur fengið fyrir löngu. Og er þá ekki nokkuð langt gengið?

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja framgang þessa máls. Það virðist vera vonlaust mál, það er búið að ákveða að það skuli ná fram að ganga. Það er ástæðulaust að hafa þessa umræðu allt of langa, auk þess sem þetta er 1. umr. og frekara tækifæri gefst til að ræða málið við 2. og 3. umr. En ég vil sem sagt mjög alvarlega vara við þessu máli, ekki einungis vegna efnis frv., heldur vegna þess hroðalega fordæmis sem það skapar. Ég sé ekki betur en að ríkisstj. hljóti að teljast tilneydd, ef hún skapar sjálfri sér þetta fordæmi, að koma með frv. af þessu tagi í hverju einasta deilumáli sem upp kemur á vinnumarkaðnum á næstu vikum og mánuðum, ef hún á að vera sjálfri sér samkvæm. Það eru ýmsar kjaradeilur í uppsiglingu eins og við þekkjum, m.a. hjá starfsfólki veitingahúsa, svo eitt dæmi sé nefnt, og hjá ýmsum öðrum aðilum. Er það virkilega ætlun núverandi ríkisstj. að grípa inn í hverja einustu kjaradeilu af þessu tagi áframhaldandi, einungis vegna þess að þar er hugsanlega fjallað um einhver þau réttindamál, sem ekki var samið um í kjaradeilunni stóru, sem lauk nú fyrir skemmstu með samningi Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins?

Þessi afgreiðsla málsins er ekki aðeins fordæmi fyrir

núverandi ríkisstj. Ég leyfi mér að fullyrða að hér er verið að opna dyr til íhlutunar um málefni aðila vinnumarkaðarins sem hafa verið lokaðar fram til þessa. Menn hafa ekki leyft sér að koma hér fram á Alþingi og rökstyðja íhlutun um málefni vinnumarkaðarins með því einu að verið sé að fjalla þar um samningsatriði sem einhverjir aðrir aðilar á vinnumarkaðnum höfðu ekki komið sér saman um — og er þó reyndar í þessu tilviki um að ræða réttindamál sem mjög margir starfsmenn á vinnumarkaðnum hafa þegar fengið, líklega allur þorri launamanna.

Þess vegna ítreka ég það sem í þessum orðum mínum felst. Þetta er mjög alvarlegt fordæmi sem hér er verið að skapa. Þetta er alvarleg aðför að samningsrétti launamanna í þessu landi og félagafrelsi, að ætla sér að svipta verkalýðsfélag samningsrétti með svo hæpnum rökstuðningi. Við Alþýðubandalagsmenn erum algjörlega andvígir þessu frv. og munum greiða atkvæði gegn því.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. v., þá held ég að nauðsynlegt sé að það verði upplýst í nefndarstörfum um þetta mál hvort rétt er, sem hann sagði, að hér sé um að ræða réttindakröfu sem næstum allir launþegar, meginþorri starfsmanna á vinnumarkaðnum hafi nú þegar. Það kom ekki fram þegar fjallað var um þetta mál á sameiginlegum fundi landbn. nú milli kl. 18 og 19 í kvöld. Mér finnst það skipta máli í þessu sambandi hvort það atriði sem þessir samningar strönduðu á, fæðis- og ferðapeningar, er kjarabót sem allir launþegar eða því sem næst njóti. Það upplýsist þegar nefndin fjallar um þetta. Ég hef grun um að svo sé ekki, að það sé ekki allur þorri launþega sem njóti þeirra hagsbóta sem hér um ræðir.

Hér hafa menn viðhaft býsna stór orð og látið svo sem þetta kæmi allt mjög á óvart. Ég hygg að það þurfi engum hv. þm. að koma á óvart, með tilliti til þeirra samninga sem gerðir voru og komu til umræðu hér á þingi, og til staðfestingar með nokkrum hætti, að ekki skuli ráð fyrir því gert að samið skuli um kjarabætur sem fara langt fram úr þeim. Ég held að menn þurfi ekkert að vera hissa á því þó að gengið sé út frá því að þeir samningar séu viðmiðun, og ef í samningum við einstaka hópa eða einstök stéttarfélög er farið langt fram úr þeim samningum þá kunni það kannske ekki góðri lukku að stýra. Mér finnst það einkennilegt þegar menn láta sem þetta komi þeim mjög á óvart.

Á þeim fundi, sem ég vitnaði til hér áðan, kom fram að þessi krafa um sérstaka fæðis- og ferðapeninga væri metin á 4–5%, þ.e. tvöföld fyrsta launahækkunin í ASÍ-samningunum, eða jafnhá fyrstu launahækkuninni í ASÍ-samningunum. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Hins vegar er það deginum ljósara, og um það er enginn ágreiningur, að það er engum að skapi að flytja frv. um gerðardóm í vinnudeilum. Það hafa þó allir flokkar látið sig hafa, þegar svo hefur borið undir, ekki síður flokkur hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, en aðrir flokkar. Hreint ekki síður. Þess má finna mörg dæmi. Það hefur minn flokkur einnig gert. Það hafa allir flokkarnir gert þegar svo hefur borið undir og ill nauðsyn hefur að bestu manna yfirsýn gert það að verkum að menn hafa talið sig nauðbeygða til þess.

Hins vegar horfir nú kannske svolítið öðruvísi við vegna þess að hér hafa atburðir gerst nokkuð hratt. Ég held að ljóst sé að þegar fyrir lá í morgun að þetta frv. var tilbúið og prentað setti það deiluna í verri hnút en efni stóðu til. Ég fullyrði það ekki, en það er ýmislegt sem til þess bendir að ekki hafi verið fullreynt hvort ekki mætti ná samkomulagi og hvort ekki hefði verið ástæða til að doka aðeins lengur við með þessa löggjöf og freista þess að ná samkomulagi um þá einu kröfu sem eftir var.

Á fundi þeim sem ég hef hér áður vitnað til var af hálfu okkar Alþýðuflokksmanna gerð athugasemd við 2. gr. þessa frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara mjólkurfræðinga leggja til grundvallar síðast gildandi kjarasamning Mjólkurfræðingafélags Íslands og vinnuveitenda og þær launa- og kjarabreytingar sem almennt hefur um samist á vinnumarkaði frá því kjarasamningar urðu lausir hinn 1. janúar 1986."

Við orðuðum hugsanlega brtt. við þetta þannig að ekki væri aðeins ákveðið, eins og hér er nú, að þetta fari í kjaradóm og það er ákveðið hver skuli vera niðurstaða dómsins, þannig að þetta væri a.m.k. aðeins opnara í lögunum. En á því var ekki léð máls. Við vildum að kjaradómurinn hefði svigrúm til að meta þessi launakjör með hliðsjón af þeim kjörum sem um hefur samist hjá öðrum hliðstæðum starfsstéttum í þjóðfélaginu. Því var hafnað á þessum fundi. Það er skoðun okkar Alþýðuflokksmanna að úr því sem komið er sé eðlilegast og réttast að ríkisstj. ein beri ábyrgð á þeirri lagasetningu sem hér um ræðir. Við munum þess vegna ekki greiða atkvæði þegar þetta mál kemur hér til atkvæða, en sjáum ekki ástæðu til að tefja fyrir framgangi málsins. Við munum sem sagt sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Þegar hugmyndin um þjóðarsátt og lífskjarasamning fór að skjóta upp kollinum á síðasta ári æ oftar lét ég þá skoðun mína í ljós bæði í ræðu og riti að af þessari hugmynd stafaði ákveðin hætta. Ég gekk svo langt að kalla þessa hugmynd, eins og hún var fram sett, alvarlega aðför að lýðræði. Ég held að við séum að nokkru leyti að uppskera afrakstur þessarar þjóðarsáttar um lífskjarasamning og við séum einmitt að uppskera þann ávöxt hennar sem hvað greinilegast ber vott um aðför að lýðræðinu.

Ég er hérna með lítil lög í hendinni sem heita „Lög um stéttarfélög og vinnudeilur og lög um sáttastörf í vinnudeilum". Þetta eru lög sem gilda í þessu landi og elsti hluti þeirra er frá 11. júní 1938. Ég tel að að því gengnu sem nú hefur átt sér stað, þjóðarsáttinni sem samþykkt var á þingi um daginn, megi ganga í það að ógilda þessi lög því að það er alveg greinilegt að menn virðast vera búnir að gera upp hug sinn um að kjaradeilur skuli leystar þannig í framtíðinni að ASÍ, VSÍ og ríkið semji sín á milli um laun og kjör fólks í landinu og setji síðan lög á þá sem hlaupa út undan sér í því samkomulagi. Þeir setja lög á þá vegna þess að ríkið er aðili að samningnum og ríkið er aðili að samningnum kannske ekki hvað síst til þess að setja lög á þá sem samkomulagið brjóta. Mér er spurn í þessari stöðu: Hvað héldu Alþfl. og Alþb. að þeir væru að gera þegar þeir samþykktu lögin hérna um daginn á þingi? Datt þeim í hug að önnur niðurstaða gæti orðið en sú sem nú

er komin upp?

Ef svo fer fram sem horfir í þessum málum tel ég að við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegum hlutum. Við búum við lýðræði og lýðræðið grundvallast á réttarríki. Með lögum skal land byggja, segja menn, og lög skulu ráða en ekki menn. Þá eru menn að tala um svona lög, þ.e. lög um stéttarfélög og vinnudeilur og lög um sáttastörf í vinnudeilum, lög sem hafa almennt gildi fyrir alla þegna þessa lands. Þá erum við ekki að tala um lög eins og þessu frv. er ætlað að verða, þ.e. lög sem eru sértæk lagaúrræði ætluð til að bæla niður einstaklinga eða hópa einstaklinga í þjóðfélaginu. Þá er manni spurn: Til hvers brutust menn á sínum tíma undan því oki sem fólst í því þegar löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald var á hendi eins manns? Hér eru menn að ganga ekki bara eitt skref heldur mörg skref aftur á bak, því að hér er ríkisvaldið, hér er löggjafarvaldið gjörsamlega farið að gegna sama hlutverki og þetta eina sameinaða vald gegndi á sínum tíma þar sem löggjafinn ákvað eftir hentisemi hverju sinni hver lögin væru, framkvæmdi þau og dæmdi að geðþótta. Hér eru menn að tala um að víkja af þeim vegi að almenn lög skuli gilda um hegðan almennings í landinu.

Ég veit að þetta er ekki í fyrsta skipti sem við upplifum slíkt, en það kann að vera vegna þess að lög um stéttarfélög og vinnudeilur og sáttastörf í vinnudeilum eru ekki fullkomin, þau eru með göllum. Þá er það okkar hlutverk að laga þá galla, ekki að leysa þann vanda með því að gera ríkið einfaldlega að lögreglu í samningum, sem hlaupi til hverju sinni þegar bjátar á til að grípa inn í, fyrst með lögum og síðan með dómsvaldi ef menn ekki hlýða lögum. Þegar menn samþykkja þessi lög hér á þingi eru þeir um leið að búa til tæki í hendurnar á dómurum landsins og lögregluvaldi til að handtaka þá menn og dæma sem ekki fara að þessum lögum. Lög eru ekki bara til að stöðva menn í verkum sínum einhvers staðar þar sem þeir eru staddir á miðri leið. Lög eru tæki til að refsa mönnum og dæma þegar með þarf.

Sú leið, sem hér er farin, er tvímælalaust geðþóttaleið. Frv. er þess eðlis að þau stéttarfélög, ef einhver eru, sem eiga eftir að greiða atkvæði um þá samninga sem gerðir voru og samþykktir sem lög hér á Alþingi nánast, geta algjörlega hætt að greiða atkvæði. Það er þýðingarlaust að vera að greiða atkvæði um þessa samninga, hvort maður samþykkir þá eða fellir.

Í 2. gr. þessa frv. segir einfaldlega, með leyfi frú forseta:

„Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara mjólkurfræðinga leggja til grundvallar síðast gildandi kjarasamning Mjólkurfræðingafélags Íslands og vinnuveitenda og þær launa- og kjarabreytingar sem almennt hefur um samist á vinnumarkaði frá því kjarasamningar urðu lausir hinn 1. janúar 1986."

Ekkert meira og ekkert minna, þ.e. kjaradómi er gert að dæma það að menn skuli hlíta samningunum og búið. Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur höfðu menn þó nokkuð fyrir því að setja reglur um hvernig skuli samið, hvernig og hvenær menn skuli boða til vinnustöðvunar eða verkfalla. Rétturinn er jafn á báðar hendur. Rétturinn er tvímælalaust fyrir hendi og skyldan líka. En hér er búið að leysa þetta í eitt skipti fyrir öll. Ég tel að þau stéttarfélög sem enn eiga eftir að greiða atkvæði um þessa samninga geti einfaldlega látið það vera því að það skiptir engu máli hvort þau samþykkja samningana eða fella þá, með þetta fordæmi í höndunum.

Óðagotið á mönnum er líka svo mikið að menn semja lög um það að lög skuli gilda í þessu landi. 5. gr. frv. tiltekur að meðan lög þessi eru í gildi er Mjólkursamsölunni og öðrum mjólkurvinnslustöðvum óheimilt að segja mjólkurfræðingum þeim sem lögin taka til upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni þeirra eða hafi gerst sekir um brot í starfi. Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagna skv. 1. málsgr. og sker þá félagsdómur úr ágreiningnum.

Á 8. síðu í lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, í 44. gr., er tilgreint hvert er verkefni félagsdóms. Þar fer ekkert á milli mála að það er félagsdóms að taka á málum sem þessu. Ég ætla að vona að lög þessi séu þó í gildi enn þá um skamma hríð.

Frú forseti. Ég tel, eins og ég sagði áðan við atkvæðagreiðslu um að veita afbrigði fyrir því að taka þetta mál á dagskrá, að Alþingi sé hneisa búin af því að hlaupa til með þeim hætti sem það gerir núna og grípa inn í fullkomlega lögmæta gerninga aðila vinnumarkaðarins, gerninga þar sem menn takast á í samningum um að skipta því sem til skiptanna er eins og þeim er gert samkvæmt gildandi lögum. Ég tel að frv. þetta, verði það að lögum, sé ekki fyrsta skrefið því að fyrsta skrefið var stigið þegar ríkisstj. gerðist aðili að heildarkjarasamningunum með þeim hætti sem hún gerði núna um daginn. Fyrsta skrefið frá lýðræðinu er þegar stigið og þetta er annað skrefið. Það er ekki síður alvarlegt og það lýsir enn frekar e.t.v. en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi hvert stefnt er í því að gera ríkisvaldið að lögreglu í samningamálum hér á landi. Ég tel að þetta sé, eins og ég sagði fyrst í máli mínu, ekki stórt skref. Þetta eru mörg stór skref aftur á bak frá lýðræðinu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Enn þá einu sinni stöndum við hér um miðja nótt í hv. Ed. önnum kafin við að sinna þeim óskemmtilegu störfum að ræða frv. til laga um verkfallsbann, í þetta skipti verkfallsbann á mjólkurfræðinga. Þann 24. okt. á s.l. hausti, fyrir réttum fimm mánuðum upp á dag, stóðum við í þessari sömu hv. deild og ræddum um miðja nótt um verkfallsbann á flugfreyjur. Á þessum fimm mánuðum hefur afstaða mín til slíkrar lagasetningar ekki breyst eina spönn. Ég er alfarið á móti því að menn séu sviptir þeim sjálfsögðu mannréttindum, þeim sjálfsögðu lýðréttindum sem felast í því að eiga rétt á að semja sjálfir um kaup sitt og sín kjör og ef það ekki tekst að hafa þá verkfallsrétt upp á að hlaupa.

Í því máli sem hér liggur nú fyrir hefur ekkert komið fram sem réttlætir svo alvarlega aðgerð og eins og einn ræðumaður sem hér hefur talað á undan mér, hv. 3. þm. Norðurl. v. ef ég man rétt, benti á kunna eftirmál þessa máls og þess máls sem ég minntist á áðan, þegar verkfallsbann var sett á flugfreyjur, að verða býsna mikil því að viðbúið er að fleiri stéttir komi í kjölfarið og að beita verði lagasetningu til að halda því striki sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið með þessu frv.

Eins og fram kom í umræðum í Nd. fyrr í kvöld mun það hafa komið fram á fundi landbn. beggja deilda um kvöldmatarleytið að alls ekki hafði verið reynt til þrautar að semja í þessu máli. Á síðasta samningafundi

hafði gengið talsvert saman á milli deiluaðila og voru mjólkurfræðingar, eftir því sem mér er tjáð, reiðubúnir til áframhaldandi viðræðna. En hver voru viðbrögð hæstv. ríkisstj. í þessari stöðu? Hún hafði tilbúið frv. til laga um verkfallsbann. Það var þegar komið í prentvélarnar uppi í Gutenberg. Það er augljóst að sú aðgerð ríkisstj. að láta semja lagafrv. áður en fullreynt var um sættir í málinu og á meðan enn var eftir sáttafundur hefur gert illt verra og er án nokkurs vafa hið mesta frumhlaup í þessu máli.

Enn fremur kom fram í umræðunum í Nd. að ekki hafði verið leitað ráða annars viðsemjandans í þeim kjarasamningum sem nú eru nýgerðir, en til þeirra er jafnan vísað sem helstu réttlætingar fyrir þessu frv., þ.e. ekki hafði verið leitað ráða hjá Alþýðusambandi Íslands og hefur forseti Alþýðusambandsins lýst því yfir að hann telji þetta ótímabæra aðgerð. Það má því ljóst vera að hér hefur verið flanað og gengið þjösnalega fram í viðkvæmu máli og gengið á einn grundvallarrétt frjálsra manna, verkfallsréttinn, án þess að til þess hnígi nokkur frambærileg rök til réttlætingar.

Hér verða á eftir greidd atkvæði um mannréttindi og í þeirri atkvæðagreiðslu mun mitt atkvæði falla mannréttindamegin. Ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Í ræðu minni áðan lét ég þess getið að þegar ríkisstj. snaraði fram í dag þessu frv., sem bannar mjólkurfræðingum að heyja sína kjarabaráttu með löglegum hætti, hefði aðeins eitt atriði staðið eftir óleyst í deilu samningsaðila, en það var sú krafa mjólkurfræðinga að fá greiddan fæðis- og flutningskostnað til samræmis við það sem ýmsir aðrir starfsmenn í mjólkurbúum hafa. Ég nefndi að það væru ekki aðeins starfsmenn í mjólkurbúum sem hefðu þennan rétt heldur væri um að ræða hliðstæð réttindi hjá stórum hluta launamanna við svipaðar aðstæður.

Nú er ég ekki sérfræðingur í þessum samningsákvæðum, ég hef ekki séð þau á pappír og get því ekki farið með þau hér, en hitt kom mér mjög á óvart að einn af nefndarmönnum landbn., hv. þm. Eiður Guðnason, virtist koma gjörsamlega af fjöllum í þessu máli og dró í efa að það væri rétt að aðrir nytu þessa réttar. Ég er ansi hræddur um að hann hafi tekið heldur illa eftir á nefndarfundinum, sem haldinn var í dag, þar sem þessi mál komu m.a. til umræðu, að því er aðrir nefndarmenn hafa tjáð mér, því að ég sat ekki þann fund sjálfur. Hann hefði líka gjarnan mátt hlusta á umræður sem fram fóru í Nd. fyrr í kvöld þar sem þetta var upplýst og kom mjög greinilega fram m.a. í ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar. Það mun vera staðreynd að t.d. málmsmiðir, rafiðnaðarmenn, byggingariðnaðarmenn almennt, bifvélavirkjar, allir þessir aðilar njóta þessara réttinda.

Hins vegar verður sjálfsagt að taka það með í reikninginn að þarna er um að ræða ákvæði sem kannske á fyrst og fremst við í Reykjavík. Ég þekki ekki alveg nákvæmlega að hve miklu leyti það á við úti á landi og vil ekkert um það fullyrða, en hef óljósan grun um að þetta ákvæði sé alveg sérstaklega tengt aðstæðum í Reykjavík og þá um leið þeirri staðreynd að Mjólkurstöðin er að flytja sig á Bitruháls fyrir austan Elliðaár.

Það hafa lengi verið ákvæði í kjarasamningum verkalýðsfélaga um sérstök hlunnindi ef menn þurfa að fara langan veg að vinnustað. Á tímabili var þessi lína dregin við Fúlalæk, að því er ég held, en seinna var hún flutt inn að Elliðaám. Þó að hér sé kannske ekki um að ræða nákvæmlega sömu reglu og gildir í samningum almennu verkalýðsfélaganna hygg ég að þetta sé á margan hátt náskylt ákvæði, að ekki sé meira sagt. En hitt er alveg ljóst að stór hluti starfsmanna mjólkurstöðva, þar á meðal iðnaðarmenn sem ég nefndi áðan, njóta þessa réttar. Þetta kom mjög greinilega fram á nefndarfundinum í kvöld, að því er aðrir hafa tjáð mér. Ég er ansi hræddur um að hv. þm. hafi látið hugann reika eitthvað út um gluggann á Þórshamri þegar þetta bar þar á góma. Mér er líka sagt að það hafi verið upplýst á þessum fundi að ýmsir þeir sem njóta þessara réttinda séu í hærri launaflokkum en mjólkurfræðingar.

Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram vegna þess að auðvitað kom það mér mjög á óvart að hv. þm. skyldi leyfa sér að mótmæla því sem ég sagði áðan. Ég er ekki að halda því fram að hann hafi verið að segja vísvitandi ósatt, en hann stóð greinilega í rangri trú og hélt að hér stæði deilan um eitthvert það atriði sem enginn annar hefði fengið en mjólkurfræðingar. Það er bara alls ekki svo. (**Gripið fram í:** Þetta sagði hann nú ekki.) Hann sagði að það sem ég hefði upplýst í þessu máli væri rangt. Ég held að við hljótum að geta verið sammála um það. Hann sagði að það væri rangt sem ég hefði hér skýrt frá um eðli þessa máls. Ég sagði að mjög margir aðrir nytu þessa réttar og ég er reiðubúinn að standa við það. Ég hef því miður ekki nein sönnunargögn í höndunum til að útkljá þessa deilu, en þarna er svo sannarlega nokkurt viðfangsefni fyrir nefndina að fjalla um.

Út af orðum hv. þm. Stefáns Benediktssonar áðan, þegar hann sagði að Alþýðuflokksmenn og Alþýðubandalagsmenn á þingi hefðu átt að gera sér grein fyrir því að meðferð frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem var til meðferðar hér á dögunum, hlyti að leiða af sér frumvarpssmíð af þessu tagi eins og hér er núna til umræðu, vil ég segja það eitt að slíkt er fjarstæða. Þetta eru alveg óskyld mál. Það sem við vorum að fjalla um hér á dögunum voru ekki kjarasamningarnir á milli Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Það er hinn mesti misskilningur að við höfum þar verið að greiða atkvæði um þá kjarasamninga. Auðvitað var ýmislegt að athuga við þá kjarasamninga og þeir voru svo sannarlega ekki fullnægjandi fyrir launafólk í landinu. Það kom mjög greinilega fram í orðum mínum við þá umræðu að ég teldi þá samninga alls ekki fullnægjandi og að kaupmáttur launa yrði bersýnilega allt of lágur áframhaldandi. En við vorum beðin um að segja af eða á um hvort það ætti að samþykkja ákveðinn félagsmálapakka sem fylgdi þessum samningum. Við áttum um það að velja hvort við vildum samþykkja t.d. ákveðnar ráðstafanir í húsnæðismálum eða ekki. Við féllumst á það, mikill meiri hluti þingmanna, að láta þennan félagsmálapakka ganga fram. En auðvitað fylgdi því ekki að frjáls verkalýðsfélög í landinu mættu ekki gera kjarasamning af öðru tagi. Ég held að engum hafi dottið í hug að túlka samningsgerðina þá á þann veg að verið væri að meina mönnum frjálsan samningsrétt héðan í frá á þessu samningstímabili Alþýðusambands og Vinnuveitendasambands.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég þarf ekki hv.

3. þm. Norðurl. v. til að segja mér hvað gerðist á sameiginlegum fundum landbn. milli kl. 18 og 19 í kvöld. Ég var þar. Hann var þar ekki. Og ég veit alveg nákvæmlega hvað gerðist þar. Ég dró í efa að það væri rétt, sem þessi hv. þm. sagði, að „allur þorri launþega", og það er orðrétt tilvitnun, nyti þessara ferða- og fæðispeninga. Ég dró það í efa. (**RA:** Í Reykjavík.) Ég held að hann hafi ekki skilyrt það með þeim hætti í fyrri ræðu sinni hér. Staðreyndin er sú, eins og hann rakti áðan, að stórir hópar iðnaðarmanna og sjálfsagt velflestir njóta þessara réttinda. Félagar í almennu verkalýðsfélögunum njóta ekki þessara réttinda. Ég gekk úr skugga um það með símtali nú þegar klukkuna vantaði 15 mínútur í 12 eða svo við einn af forvígismönnum Alþýðusambandsins sem veit þetta gjörla og þess vegna segi ég þetta. Mér kom á óvart þegar hv. þm. sagði að allur þorri launþega nyti þessara réttinda vegna þess að það kom ekki fram á þessum fundi landbn. Það kom einmitt fram hjá flokksbróður hv. 3. þm. Norðurl. v., ég skildi alla vega orð hans svo, að hér væri krafa sem hin almennu verkalýðsfélög væru að berjast fyrir en aðrir hefðu náð fram.

En ég held að það sé ástæðulaust, virðulegi forseti, að gera langt mál úr þessu. Ég er búinn að lýsa því sem ég veit réttast í þessu máli. Hv. 3. þm. Norðurl. v. telur annað réttast. Nú er bara að ganga úr skugga um hvor hefur rétt fyrir sér. Ég fulltreysti orðum þess fulltrúa Alþýðusambands Íslands sem ég átti orðastað við fyrir stundarfjórðungi um að félagar í almennu verkalýðsfélögunum nytu ekki þessara réttinda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 66. fundur.

Þriðjudaginn 25. mars, kl. 00.20 árdegis.

Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands, stjfrv. 372. mál (þskj. 672, n. 682, 683, 684 og 685). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og 1. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. landbn. Ed. Alþingis um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Eins og fram kemur í afgreiðslu landbn. Ed. varð nefndin ekki sammála og reyndar er hún í fernu lagi, en að sjálfsögðu skýra þeir sem skrifa nöfn sitt undir minnihlutaálit nefndarinnar sína afstöðu. Þeir sem undirrita álit meiri hl. eru auk mín Eyjólfur Konráð Jónsson, Davíð Aðalsteinsson og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Í nál. kemur fram að í kvöld var haldinn sameiginlegur fundur beggja landbn. þar sem fjallað var um frv. og þar komu til fundar við nefndirnar Guðlaugur Þorvaldsson sáttasemjari, Þórarinn Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandinu, Hjörtur Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og fimm fulltrúar frá Mjólkurfræðingafélaginu og þar í hópi var meðal annarra formaður þess félags, Geir Jónsson.

Þar voru að sjálfsögðu mál skýrð fyrir nefndunum og þær skýringar, sem þar komu fram, voru mjög í sama anda og komu fram í framsöguræðu hjá hæstv. landbrh. þannig að ég get í rauninni vísað til hans orða til frekari rökstuðnings, auk þess sem virðulegir deildarmenn hafa fylgst nokkuð með umræðum á öðrum stað í húsinu í kvöld. Þar af leiðandi ætti að vera nokkuð ljóst hvað hér er verið um að fjalla.

Ég sé því ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar í framsögu fyrir þessu máli, virðulegur forseti, og lýk hér með mínum skýringum á nál.

Frsm. 1. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg orð. Ég vísa til nál. sem ég hef lagt fram á þskj. 683. Þar kemur fram sú afstaða sem ég gerði grein fyrir við 1. umr. málsins fyrr í kvöld, þ.e. að allt bendir til að ekki hafi verið fullreynt um samkomulag og að það sé réttast úr því sem komið er, úr því að ríkisstj. ákvað að fara þessa leið og hleypa deilunni í enn harðari hnút en ástæða var til að okkar mati, að ríkisstj. beri ein ábyrgð á þessari lagasetningu. Ég mun því ekki greiða atkvæði þegar frv. kemur til atkvæða hér á eftir.

Frsm. 2. minni hl. (Jóhanna Leópoldsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mun ekki tefja framgöngu þessa máls, en vísa til nál. frá 2. minni hl. landbn. Ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv.

Frsm. 3. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 3. minni hl. landbn., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. af þessu tagi, sem hér er lagt til að verði að lögum, brýtur í bága við skilning Bandalags jafnaðarmanna á hlutverki lagasetningar og almennum mannréttindum eins og margoft hefur verið bent á þegar frv. af þessum toga hafa verið lögð fram á Alþingi.

Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu frv."

Ég velti því fyrir mér áðan hve oft ég hafi staðið frammi fyrir frv. af þessu tagi þann skamma tíma sem ég hef átt sæti á hv. Alþingi. Þetta er fjórða málið af þessum toga. Mér komu í hug flugmenn og flugfreyjur. Brbl. voru sett á starfsfólk í sláturhúsum og nú mjólkurfræðinga. Það geta verið fleiri mál þó að þau hafi ekki komið upp í hugann á svo skömmum tíma.

Er ekki kominn tími til að við veltum fyrir okkur hvort það sé ekki breytinga þörf á vinnulöggjöfinni, eins og hv. þm. Stefán Benediktsson kom að áðan? Væri ekki skynsamlegra að fólk sem vinnur á sama vinnustað semdi í einni heild í stað þess að smáhópar eru alltaf að draga sig út úr og reyna að öðlast betri kjör handa sér? Hér stöndum við oft frammi fyrir mjög fámennum hópum frá viðkomandi vinnustöðum, kannske örfáum prósentum starfsfólks frá þeim vinnustað sem lamast þegar menn fara í verkföll. Eru ekki líkur til þess að laun yrðu jafnari á viðkomandi vinnustöðum ef fólk semdi í einu lagi við vinnuveitanda?

Þetta kom mér í hug vegna þess að á nefndarfundi var sérstaklega nefnt að mjólkurfræðingar byggju ekki við

svo kröpp kjör. Það er oftast nær sagt í umræðum að menn þurfi ekki að kvarta. Það er oft notað sem rök fyrir því að lög séu sett. Stundum dettur mér í hug þegar ég hlusta á umræður um slíka lagasetningu að ég sé komin á samningafund vegna þess að það er verið að ræða fram og til baka kröfur manna um kaup og kjör. Okkar hlutverk er löggjafarstarf en ekki umræður um hvað menn fara fram á mikla hækkun á sínum launum. Við erum alls ekki fær um að dæma hvort þetta sé réttlætanlegt eða ekki. Það er alls ekki okkar hlutverk.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Við hv. þm. Eiður Guðnason áttum nokkur orðaskipti við 1. umr. málsins. Ég hélt því fram að þorri launamanna í Reykjavík nyti þeirra réttinda sem ein stóðu eftir sem deilumál milli samningsaðila í dag þegar ríkisstj. ákvað að leggja þetta frv. fram, en það er ákvæði um fæðis- og ferðakostnað, tengt svokallaðri flutningalínu. Hv. þm. gerði sér það ómak strax eftir að ég hafði komið með þessa ábendingu að vefengja þetta mjög eindregið. Ég benti honum þá á í svarræðu minni hvaða dæmi ég gæti tínt til í sambandi við þetta. Ég nefndi ýmis dæmi um hópa iðnaðarmanna sem nytu þessara réttinda og það væri því fjarri lagi að mjólkurfræðingar væru að fara fram á eitthvað það sem aðrir hefðu ekki fengið. Hv. þm. Eiður Guðnason kom hér upp og svaraði þessu með því að taka undir það með mér eftir nýjum upplýsingum sem hann hafði fengið að líklega væri rétt að nokkrir hópar iðnaðarmanna nytu þessara réttinda, en áreiðanlega ekki fleiri og t.d. alls ekki hin almennu verkalýðsfélög.

Það hefði svo sannarlega verið eðlilegast að hv. nefnd hefði reynt að ganga úr skugga um hvað væri rétt í þessu, en hún kemur hér til baka aftur og hefur ekkert gert í málinu og við erum engu nær, a.m.k. ekki miðað við þær upplýsingar sem frá nefndinni koma. En það vildi svo til að þegar við þm. gengum hérna niður í Kringluna meðan nefndin sat að störfum voru fluttar miðnæturfréttir Ríkisútvarpsins og fréttaritari Ríkisútvarpsins hér á Alþingi gerði grein fyrir umræðum í Nd. Hann hafði þar eftir formanni verkamannafélagsins Dagsbrúnar, formanni Verkamannasambands Íslands að þessi krafa, sem við höfum verið að þrátta um í kvöld, af hálfu mjólkurfræðinga sé ekkert annað en samræmingaratriði við það sem aðrir hafa fengið, þar á meðal Dagsbrúnarmenn. Þetta voru hans óbreyttu orð. Ég vona að þessi vitnisburður nægi til að sýna fram á hver hefur rétt fyrir sér í þessu máli.

Frsm. 1. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég sé mig knúinn til þess að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég dró í efa að það væri rétt þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að allur þorri launþega nyti þessara réttinda. Ég hygg að ég fari rétt með það að hann bætti síðar við: í Reykjavík. (**RA:** En þetta á ekki við nema Reykjavík fyrst og fremst.) Ég aflaði mér upplýsinga um málið og þær upplýsingar eru á þá lund að iðnaðarmenn njóti þessara ferða- og fæðispeninga, en almennu verkalýðsfélögin ekki. Þær upplýsingar eru komnar frá hagfræðingi Alþýðusambands Íslands og ég hef enga ástæðu til að vantreysta þeim. Ég skal hins vegar viðurkenna að ég hlýddi ekki á fréttir Ríkisútvarpsins núna áðan. En upplýsingar mínar um að félagar í almennu verkalýðsfélögunum njóti ekki þessara ferða- og fæðispeninga eru komnar frá hagfræðingi Alþýðusambands Íslands og ég hef enga ástæðu til að draga þær í efa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:6 atkv.
2.–8. gr. samþ. með 12:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 67. fundur.

Þriðjudaginn 25. mars, að loknum 66. fundi.

Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands, stjfrv. 372. mál (þskj. 672). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 687).

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 25. mars, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Áður en gengið er til dagskrár skal þess getið að það er gert ráð fyrir utandagskrárumræðu um framkvæmd framfærslulaga á síðari fundinum í dag.

Fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, fsp. 101. mál (þskj. 111). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Árið 1984 í maímánuði var samþykkt svofelld þál.:

„Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríiðnaðarsvæðum hér á landi, t.d. á Keflavíkurflugvelli eða annars staðar þar sem henta þætti. Við gerð slíkrar athugunar verði haft samráð við samtök iðnaðarins.“

Af því tilefni og að nokkur tími er liðinn frá því að þessi þál. var samþykkt hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til forsrh. Hún er svohljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þál. um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll sem samþykkt var 22. maí 1984?“

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þessi fsp. hefur legið nokkuð lengi hér fyrir og mér

sýnist ástæða til að þakka hv. fyrirspyrjanda þá biðlund sem hann hefur sýnt í þessu máli, en það hefur verið samkomulag um að reyna að upplýsa málið sem best.

Hv. fyrirspyrjandi rakti þá þál. sem samþykkt var. Ég vil geta þess að þegar forsrn. fékk hana í hendur kom það henni á framfæri við Framkvæmdastofnun og óskaði eftir því að Framkvæmdastofnun ynni það verk. Í ljós kom svo að lítið hafði verið að þessu máli unnið þannig að sú beiðni var endurnýjuð við Byggðastofnun eftir að hún tók til starfa. Það varð samkomulag með fyrirspyrjanda og mér um að veita Byggðastofnun nokkurt svigrúm til að vinna að málinu.

Nú hefur Byggðastofnun skilað allítarlegri skýrslu um málið sem ég vona að geti talist fróðleg. Hún er allt of mikil til þess að hún verði lesin hér, en ég hef afhent hv. fyrirspyrjanda þá grg. og geta að sjálfsögðu allir fengið aðgang að henni. Ég hygg þó að málið þurfi að vinnast nokkuð nánar.

Í skýrslu Byggðastofnunar eru raktar þær ástæður sem lágu að baki tillöguflutningnum. Er talið að þær röksemdir hafi haldið gildi sínu að fullu. Ekki sé að vænta vaxtar hjá þeim atvinnurekstri sem fyrir er á Suðurnesjum er nægi til að nýliðar á vinnumarkaði fái allir störf þar. Bent er á að fólksfjölgun á Suðurnesjum hefur einungis verið 0,4% á árinu 1985 og er sú minnsta um árabil.

Þá er í skýrslu Byggðastofnunar fjallað um fríiðnaðarsvæði og hvernig megi skilgreina þau. Fram kemur að til eru slík svæði af ýmsum toga. Sum eru aðeins til framleiðsluiðnaðar, en einnig eru til fríverslunarsvæði, fríbankasvæði, frítryggingasvæði o.s.frv. Talið er að til séu á annað hundrað meiri háttar fríiðnaðarsvæði í heiminum og mörg eru í undirbúningi.

Ef minni háttar svæði, eins og fríhafnir við flugvelli, eru talin með voru árið 1979 344 svæði í 72 löndum, bæði iðnríkjum og þróunarlöndum. Venjulegustu einkenni slíkra svæða eru að á þeim eru engir tollar og engar magntakmarkanir á innflutningi, ekkert gjaldeyriseftirlit og allri skýrslugerð opinberra aðila haldið í lágmarki. Mikilvægi tollfríðindanna hefur þó farið minnkandi með árunum eftir því sem fríverslun hefur rutt sér til rúms.

Í raun mun ríkja nær algert skattfrelsi á fríiðnaðarsvæðum. Til viðbótar koma svo í flestum tilfellum ódýr verksmiðjuhús og önnur fjárfesting og styrkir til þjálfunar starfsfólks, auk ýmissa frekari fríðinda.

Í skýrslu Byggðastofnunar eru talin þrjú meginmarkmið með stofnun fríiðnaðarsvæða:

1. Meiri atvinna og betri nýting annarra innlendra framleiðsluþátta.
2. Betri greiðslujöfnuður gagnvart útlöndum.
3. Innflutningur erlendrar tækniþekkingar og verkþjálfunar.

Talið er að stofnun fríiðnaðarsvæðis geti stuðlað að öllum þessum markmiðum.

Hvað sem líður markmiðunum með stofnun fríiðnaðarsvæðis stendur og fellur málið með því hvort líklegt sé að einhver erlend fyrirtæki hafi áhuga á að koma hingað miðað við þá aðstöðu og fríðindi sem skynsamlegt er að bjóða.

Mikil samkeppni er um allan heim um erlend fyrirtæki og erlenda fjárfestingu. Á fríiðnaðarsvæðum eru boðnir alls konar styrkir og undanþágur frá þeim lögum og reglum sem gilda um annan iðnað í viðkomandi löndum. Yfirleitt er boðið skattfrelsi auk tollfrelsis, aðgangs að lánsfé og útflutningsábyrgðum eða þjálfuðu ódýru vinnuafli. Einhverjar slíkar ívilnanir, auk aðstöðu í formi húsnæðis, lóða og samgangna, verður að bjóða ef reyna á að fá erlend fyrirtæki til að fjárfesta á venjulegu fríiðnaðarsvæði hérlendis.

Í skýrslu Byggðastofnunar segir að vegna hinnar hörðu samkeppni sem nú er um erlenda fjárfestingu í heiminum sé hæpið að það borgi sig fyrir Íslendinga að reyna að laða að erlend fyrirtæki með undirboðum á fjármagni eða með verulegri mismunun gagnvart innlendum fyrirtækjum hvað skatta og aðstöðu snertir. Kostnaður getur orðið enn þá meiri hér en annars staðar vegna þess að landið er langt frá stórum mörkuðum og óvíst hvort önnur aðstaða hér telst nokkuð betri.

Miðað við óbreyttar aðstæður er ályktun í skýrslu Byggðastofnunar sú að samkeppnisaðstaða Íslendinga geti varla talist sterk.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Þótt vafalítið megi vinna meira úr sjávarafurðum okkar og auka ferðamannaþjónustu er nauðsynlegt að koma upp nýjum útflutningsgreinum sem búa við stöðuga markaði og jafnan vöxt. Slíkt verður sennilega best gert með því að efla tengsl við mikilvægustu markaði okkar og fá erlend fyrirtæki til að fjárfesta hér meira en verið hefur. Stofnun fríiðnaðarsvæðis, sem miðast við sérstakar aðstæður hér, er hugsanleg leið að þessu marki. Stjórnvöld verða þó að leggja töluvert af mörkum ef svo á að verða.

Á þessu stigi málsins skortir forsendur til að gera hagkvæmnisathugun á stofnun fríiðnaðarsvæðis, en þau eru margs konar og starfræksla þeirra hlýtur að vera hluti af almennri þróunarstefnu stjórnvalda og stefnu gagnvart þætti erlends fjármagns og fyrirtækja í atvinnulífinu.

Ef halda á könnun þessa máls áfram er fyrsta skrefið að fela ákveðnum aðila að annast framkvæmd þess. Hér getur verið um að ræða sérstakan starfshóp eða t.d. hið nýstofnaða Þróunarfélag ásamt aðilum sem fjalla um iðnþróun í landinu.

Í núverandi skipulagi Keflavíkurflugvallar er gert ráð fyrir tveimur svæðum fyrir iðnað og gæti Þróunarfélagið fengið þessar lóðir og gert þær byggingarhæfar eða jafnvel reist á þeim iðngarða sem yrðu vísir að fríiðnaðarsvæði. Einnig gæti hluti af fríiðnaðarsvæðinu verið við Straumsvík.

Sjálfsagt er að leyfa íslenskum fyrirtækjum að starfa á þessum svæðum ef framleiðsla þeirra miðast við útflutning eingöngu.

Tvísköttunarsamningar eru nú í gildi við Norðurlöndin, einn marghliða samningur sem tók gildi um áramótin 1984, og við Vestur-Þýskaland og Bandaríkin. Ljóst er að gera þarf slíka samninga við fleiri ríki, svo sem Japan og Bretland. Stofnun fríiðnaðarsvæðis kallar einnig á endurskoðun laga um starfrækslu og eignaraðild erlendra fyrirtækja í íslensku atvinnulífi."

Ég vil taka það fram að þessi skýrsla, eins og ég sagði reyndar í upphafi, er það ítarleg að hún verður ekki rakin hér til hlítar. Ég hef aðeins látið taka saman nokkur atriði úr skýrslunni.

Ég vil einnig vekja athygli á því að þó að í skýrslunni sé sérstaklega bent á Þróunarfélagið er það sjálfstætt hlutafélag en ekki ríkisstofnun og vafasamt hvort því verður falið svona verkefni.

En með öðrum orðum: Ef ákveðið er að halda þessu verkefni áfram er áreiðanlega nauðsynlegt að fá til þess ákveðinn aðila og það er nauðsynlegt að ákveða hve langt stjórnvöld vilja ganga að veita fyrirtækjum á slíku svæði einhver sérstök réttindi. Án þess er varla unnt að gera sér grein fyrir þessum möguleikum. Ég vil hins vegar taka það fram að ég tel að það hafi verið mikilvægt að hreyfa þessu máli og er tilbúinn að stuðla að því að það verði skoðað nánar.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka forsrh. fyrir svör hans sem eru upplýsandi um þá þætti sem spurt var um.

Ég veit að það hefur kviknað áhugi á Suðurnesjum og í Hafnarfirði hefur atvinnumálanefnd rætt þessi mál nokkuð og vænti ég þess að þessir aðilar geti leitað til Þróunarstofnunar um frekari fyrirgreiðslu eða athugun á þessu máli með það í huga að nýta þessa leið til atvinnuuppbyggingar á þessu svæði sem vissulega er þörf miðað við það ástand sem blasir við í atvinnumálum á þessu svæði og þá einkum sjávarútvegi.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Varðandi fsp. til forsrh. um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll vil ég taka það fram að þetta er ekkert stórmál að hrinda í framkvæmd og að umsókn um fríhafnarsvæði og heimild til að starfrækja fríhöfn hefur legið fyrir íslenskum stjórnvöldum frá 1962 á vegum Tollvörugeymslunnar í Reykjavík en ekki hlotið undirtektir. Það er tímabært að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd.

Sláturhús á Fagurhólsmýri, fsp. 283. mál (þskj. 519). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á þskj. 519 hef ég leyft mér að bera fram ásamt hv. þm. Helga Seljan fsp. til landbrh. um starfsleyfi fyrir sláturhús á Fagurhólsmýri. Fsp. er svohljóðandi:

„Er landbrh. reiðubúinn að stuðla að því í samvinnu við heimamenn að gerðar verði viðunandi endurbætur á sláturhúsinu á Fagurhólsmýri í Öræfum og að veita því síðan starfsleyfi til frambúðar, sbr. ályktun Alþingis frá 8. maí 1984 og umsögn sauðfjársjúkdómanefndar um tillögur Búnaðarfélags Hofshrepps frá 2. des. 1981?"

Þetta er fsp. Sú þál. sem vitnað er til var samþykkt á Alþingi 8. maí 1984. Ég leyfi mér að hafa hana hér yfir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga hvernig bæta megi rekstrargrundvöll sláturhúsa, m.a. með því að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo að lengja megi nýtingartíma þeirra. Enn fremur verði kannað hvort hagkvæmt sé að endurbæta eldri sláturhús svo að viðunandi sé eða ráðast í nýbyggingar."

Ég átti hlut að þeirri tillögu sem varð kveikjan að þessari þál. Alþingis og þar var m.a. vitnað til aðstæðna eins og þeirra sem ríkja í Öræfum og reyndar víðar þar sem starfrækt eru tiltölulega lítil sláturhús sem þarfnast endurbóta.

Búnaðarfélag Hofshrepps hefur ítrekað fjallað um þessi mál á sínum vegum og sú umsögn sauðfjársjúkdómanefndar sem vitnað er til er viðbrögð við tilmælum Búnaðarfélagsins á sínum tíma en þar sagði í erindi frá sauðfjársjúkdómanefnd 4. apríl 1982:

„Sauðfjársjúkdómanefnd er sammála 1. lið tillögu Búnaðarfélags Hofshrepps. Frá sjónarmiði Sauðfjárveikivarna væri æskilegt að hægt verði að starfrækja vel búið sláturhús á Fagurhólsmýri."

Á vettvangi Búnaðarfélags Hofshrepps hefur verið fjallað um þessi efni, ítrekað, eins og ég gat um, síðast á fundi 8. des. s.l., og gerð um það ítarleg ályktun og m.a. beint tilmælum til þm. og fleiri að taka á þessum málum af því tilefni að héraðsdýralæknir í Austur-Skaftafellssýslu gerir ekki ráð fyrir að geta veitt sláturhúsi á Fagurhólsmýri starfsleyfi lengur en út þetta ár eða vegna slátrunar haustið 1986.

Herra forseti. Það er ljóst að hér þurfa að koma til viðbrögð til þess að hægt verði að standa að úrbótum á þessu húsi og tryggja rekstur þess til frambúðar eins og ég tel æskilegt og því er þessi fsp. fram lögð.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur gert grein fyrir fsp. sem hann ber fram til mín um starfsleyfi fyrir sláturhús á Fagurhólsmýri.

Eins og hv. alþm. er kunnugt eru það sláturleyfishafar sem reisa og reka sláturhús. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga hefur rekið sláturhús á Fagurhólsmýri um 20 ára skeið og af þeim sökum var þessi fsp. send til félagsins til að fá upplýsingar um viðhorf þess til framhalds þessa rekstrar. Svar við því hefur ekki borist enn þá og get ég því ekki byggt mitt svar á upplýsingum frá sláturleyfishafa.

Fyrirspyrjandi las hér upp þál. sem samþykkt var á Alþingi 1984. Samkvæmt henni skipaði ég þriggja manna nefnd til þess að gera úttekt á rekstri sláturhúsa og betri nýtingu á þeim. Nefndin hefur unnið að ítarlegum athugunum á rekstri húsanna. Á s.l. hausti munu öll húsin hafa verið heimsótt, athuguð og skoðuð. Nefndin er að vinna úr þessum gögnum en hefur ekki enn þá skilað áliti. Ég vonast til að það muni liggja fyrir sem allra fyrst og þá um leið að þær tillögur sem nefndin gerir verði gagnlegar til að marka stefnu um hagkvæmari rekstur húsanna sem verði þá bæði sláturleyfishöfum og öðrum sem um þetta mál fjalla mjög gagnlegar.

Ég tel sjálfsagt að landbrn. reyni að hafa náið samstarf við sláturleyfishafa um það á hvern veg verður brugðist við og leitað leiða til þess að gera þennan rekstur hagkvæmari sem vissulega er mjög brýn þörf á. En meðan þessi greinargerð liggur ekki fyrir get ég ekki tjáð mig um á hvern hátt verður brugðist við með einstök hús og alls ekki meðan ekki er heldur fengin umsögn frá sláturleyfishöfum sem nauðsynlegt er að sjálfsögðu að hafa samvinnu við um framkvæmdir málsins.

Hv. fyrirspyrjandi vitnaði hér einnig í bréf frá Sauðfjárveikivörnum vegna sérstöðu Öræfa þar sem riða hefur ekki fundist þar. Vil ég taka undir það hversu mikilvægt það er að hafa sauðfjárstofn í landinu sem örugglega er laus við þann sjúkdóm og fleiri sem herjað hafa á sauðfjárstofninn. Hins vegar er ekki sterkt að orði kveðið í þessu áliti Sauðfjárveikivarna þar sem talið er að æskilegt væri að hægt væri að starfrækja vel búið sláturhús á Fagurhólsmýri. Þetta álit sauðfjársjúkdómanefndar hafði ekki verið sent til landbrn. á sínum tíma og því hefur ekki verið fjallað neitt um það þar. En ég vil ítreka að það er nauðsynlegt að gera þær ráðstafanir sem talið er að geti stuðlað að því að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist milli svæða og þá sérstak-

lega til þeirra svæða sem laus eru við þennan sjúkdóm.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans svo langt sem þau ná. Eins og þar kom fram hefur ráðuneytið ekki enn markað stefnu í þessu máli en úttekt hefur verið gerð á húsunum. Ég vil vekja athygli á því að hér er í rauninni skammur tími til stefnu að taka á málefnum þessa tiltekna sláturhúss á Fagurhólsmýri með tilliti til umsagnar frá héraðsdýralækni og vonandi verður þessi umræða til þess að það verði gert fyrr en seinna.

Ég vek einnig athygli á því hversu brýnt það er við núverandi aðstæður í sveitum landsins, og það á ekki síst við um þá sveit sem hér um ræðir, Hofshrepp, að skjóta sem flestum fótum undir atvinnustarfsemi. Rekstur sláturhúss þar innan sveitar hefur verið gildur þáttur í atvinnu manna og aukaþáttur í atvinnu manna og varðar því miklu að það takist að halda þessari starfsemi í heimabyggð.

Ég tel að sauðfjárveikivarnaþátturinn sé þarna mjög gildur og skýr röksemd fyrir því að halda þessari starfrækslu áfram innan sveitar í Öræfum og það varði marga fleiri en þá sveit, þá sem þurfa á heilbrigðum fjárstofni að halda.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra greiði fyrir þessu máli og reyni að fá á því úrlausn í samvinnu við þá aðila sem eðlilegt er að ræða við í sambandi við farsæla úrlausn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég get vissulega verið sammála hv. síðasta ræðumanni um það að mikilvægt sé að halda uppi sem allra fjölbreyttastri atvinnustarfsemi í sveitum landsins.

En mér er ómögulegt að komast hjá því að vekja athygli bæði hans og annarra hv. alþm. á þeirri staðreynd að áður en rekstur og uppbygging sláturhúss í Öræfum getur gengið inn í umræðuna sem verkefni á vegum landbrn. eða stjórnvalda verður að sjálfsögðu sláturleyfishafinn, sem er Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, að gera það upp við sig hvort hann ætlar að reka þar sláturhús eða ekki. Um það snýst málið í dag, hvort sláturleyfishafinn ætlar að reka sláturhús þar eða ekki. Þegar niðurstaða fæst um það gæti vel komið til greina að annar aðili eða aðrir aðilar vildu kannske byggja upp og reka sláturhús á Fagurhólsmýri. Um það snýst málið núna. Það verður ekki afgreitt í sambandi við fsp. hér á hinu virðulega Alþingi heldur það hvort sláturleyfishafinn ætlar að reka sláturhús á Fagurhólsmýri eða ekki.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Af tilefni orða hv. þm. Egils Jónssonar áðan vil ég benda á að Alþingi hefur ályktað um þessi efni með þeim hætti sem ég rakti og einnig að hér er um að ræða þætti sem snerta marga fleiri en rekstraraðila þessa sláturhúss, t.d. sauðfjárveikivarnaþáttinn sem ég hef einnig vakið athygli á í þessari umræðu. Það eru þannig fleiri en sláturleyfishafinn einn sem málið varðar og það er nauðsynlegt að afstaða yfirvalda, stjórnvalda, liggi fyrir um þann þátt áður en heildarniðurstaða og heildarstefna er tekin í málinu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa það út af því sem kom fram í máli hv. 11. landsk. þm. að ég hygg að stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, sláturleyfishafans í þessu tilfelli, sé á fundi einmitt þessa stundina að fjalla um þetta mál og kanna það alveg sérstaklega hvort möguleiki sé á því að framkvæma ákveðnar endurbætur á sláturhúsinu í Öræfum til þess að unnt sé að slátra þar áfram. Þessar upplýsingar hef ég einmitt beint frá oddvita Hofshrepps og veit að það er ákveðinn vilji fyrir því hjá þessum sláturleyfishafa að kanna það hvort ekki er hægt með nauðsynlegustu endurbótum að fá áframhaldandi leyfi til slátrunar þar.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það er nauðsynlegt að fá niðurstöðu í þessu máli. Þessi starfsemi er mikilvæg fyrir Öræfinga og hefur verið gildur þáttur þar í atvinnulífinu. En ég get fullyrt það að að þessum málum er unnið, að fá lausn á þeim. Ég hef rætt þessi mál við oddvita Hofshrepps, um síðustu helgi þegar ég var þarna austur frá, og ég fullyrði að allir aðilar þessa máls vinna að því að fá lausn á því og þarna verður ekki flanað að neinu.

Sala mjólkur til Grænlands, fsp. 346. mál (þskj. 632). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Bændasamtökin hafa samið við ríkisvaldið um fullvirðisrétt á 107 millj. lítra mjólkur. Þessi tala á að jafngilda samdrætti í mjólkurframleiðslu sem svarar um 4%. Í reynd er þó samdrátturinn mun meiri því að gífurleg aukning hefur orðið á mjólkurframleiðslu síðan 1. sept. s.l. meðal annars vegna góðviðris á Suður- og Vesturlandi á s.l. sumri, auk þess sem settir voru á 1000 kvígukálfar 1984 sem eru að komast í gagnið núna. Bændur hafa verið áræðnir við byggingu og vélakaup og lán hafa verið veitt út á a.m.k. 80 fjós á s.l. ári þrátt fyrir að nægilegt fjósrými sé þegar fyrir hendi í landinu til að framleiða þá mjólk sem þarf.

Eins og ég sagði áður hefur verið samið um fullvirðisrétt á 107 millj. lítra mjólkur, en innanlandsneysla okkar er um 95, í mesta lagi 100 millj. lítra og eru þá allar mjólkurafurðir taldar með. Offramleiðsla mjólkur nemur því a.m.k. 7–12 millj. lítra, en er trúlega mun meiri vegna þeirrar framleiðsluaukningar sem varð á s.l. ári.

Það er vafasamur áróður að ætla Íslendingum að torga þessari offramleiðslu einum sér þó að eflaust séu ýmsir meðal okkar sem gott hefðu af meiri mjólkurneyslu. Hins vegar eru gæði íslenskrar mjólkur og mjólkurafurða slík að þær eru fullboðlegar öðrum til kaups.

Við höfum tekið upp í vaxandi mæli samskipti við nágranna okkar Grænlendinga, sbr. nýkjörna nefnd um samstarf eyþjóða í norðurhöfum og nýlega kynningu í tengslum við opnun flugleiðar milli Íslands og Grænlands. Grænlendingar hafa hingað til keypt mjólk og mjólkurafurðir af Dönum og þá t.d. geymslumjólk um það bil einu sinni í viku. Íslenskar mjólkurafurðir munu hafa verið kynntar þar núna nýlega og virðist sem þar sé vænlegur markaður fyrir þessar afurðir og mun auðveldari aðföng fyrir Grænlendinga að ná til Íslands en til Danmerkur í þessum efnum.

Því hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. á þskj. 632 um sölu mjólkur til Grænlands svohljóðandi:

„Hefur landbrh. látið kanna möguleika á því að selja íslenska mjólk og mjólkurafurðir til Grænlands?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á s.l. sumri kom viðskiptaráðherra Grænlendinga hingað til Íslands. Þá ræddi ég við hann um þá möguleika að koma mjólkurafurðun héðan á markað á Grænlandi, en samgöngum var þá þannig háttað að það var erfitt. Auk þess var þá Konunglega grænlenska verslunin einráð um innflutning og allir flutningar urðu að fara í gegnum Álaborg í Danmörku. Breyting varð á því um síðustu áramót því að Grænlendingar yfirtóku verslunina sjálfir og varð þá um leið viðhorfsbreyting. Síðan gerist það að teknar voru upp beinar flugsamgöngur milli Nuuk og Reykjavíkur fyrir skömmu og í tilefni þess var mér ásamt fleirum boðið að koma til Nuuk. Þá ræddi ég þessi mál og athugaði.

Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda kaupa Grænlendingar frá Danmörku mestallar sínar mjólkurvörur geymsluþolnar og það á svo lágu verði að útilokað er fyrir okkur að keppa á þeim markaði. Hins vegar vilja einhverjir neytendur þar a.m.k. fá ferskar mjólkurvörur og hafa fengið þær með flugvélum frá Kanada í litlum mæli, en þá eru þær mjög dýrar. Hálfur lítri af mjólk kostar um það bil 17 kr. danskar út úr verslunum þar og peli af rjóma eitthvað svipað þannig að þar er um mjög hátt verð að ræða.

Þá er sá annmarki hvernig við eigum að koma mjólkinni til Grænlands án allt of mikils tilkostnaðar. Ég ræddi það við Grænlandsflug hvort mögulegt væri að koma henni með þeirra vélum. Þær hafa mjög lítið burðarþol þannig að það er vandamál með það og auk þess er flutningsgjald hátt. Hins vegar tóku þeir vel í að athuga þann möguleika hvort hægt væri að koma mjólk með ef ekki væri um annan flutning að ræða.

Hins vegar munu Flugleiðir taka upp flug til Suður-Grænlands, til Narssarssuaq, síðar á þessu ári og þá með stærri vélum með meira flugþol og þeir hafa einnig tekið mjög vel í að athuga möguleika á því að flytja mjólk fyrir okkur.

Hins vegar er augljóst að það er ekki um mikið magn að ræða sem kemst með flugvélum, öðruvísi getum við ekki flutt mjólkina út ferska, en hins vegar er sjálfsagt að nýta þá möguleika. Það var haldin sýning í Nuuk á íslenskum vörum og þá sérstaklega mjólkurvörum í tilefni heimsóknar okkar í síðasta mánuði og undirtektir t.d. við skyrið og fleiri vörur voru mjög góðar. Við ræddum við verslunarstjóra sem kvaðst vera reiðubúinn að taka á móti þessum vörum ef við gætum komið þeim til þeirra án allt of mikils tilkostnaðar þannig að verðið yrði nokkru lægra en er á kanadísku mjólkinni sem er svo hátt að það er tiltölulega lítil sala á henni.

Starfsmaður markaðsnefndar landbúnaðarins stóð fyrir þessari sýningu í Nuuk og hann heldur áfram að vinna að þessum málum. Það verður gert allt sem hægt er til að nýta þennan markað, en eins og ég segi er ekki hægt að gera sér vonir um að þarna verði um mikið magn að ræða.

Ég vil taka undir orð hv. fyrirspyrjanda um að vissulega hefðu sumir Íslendingar gott af því að drekka meiri mjólk. Þá hljótum við að hafa fyrst og fremst í huga börnin sem sum hver virðast vera hætt að drekka mjólk. En sem betur fer er verið að gera núna átak til að auka mjólkursölu, eins og alþm. má vera kunnugt, og sem betur fer virðist það þegar vera að bera nokkurn árangur og er það vissulega mikilvægt fyrir íslenska neytendur.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svör hans. Það er áhugavert að þarna skuli hafa verið stigið skref til að reyna að vinna nýjan markað. Ég hvet hann til að leita þess áfram hvort ekki er hægt að koma einhverju af þessari umframframleiðslu áleiðis til Grænlands. En vitaskuld hlýtur lausnin hjá okkur í sambandi við mjólkurframleiðslu að vera sú að við framleiðum jafnmikla mjólk og við getum sjálf torgað með eðlilegum hætti og sníðum okkur þannig stakk eftir vexti.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fsp. 352. mál (þskj. 642). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Leópoldsdóttir): Herra forseti. Í Kjarvalshúsi hefur verið rekin þjónusta við fatlaða s.l. tíu ár. Umfang starfseminnar hefur farið vaxandi með hverju ári. Strax 1978 er kominn biðlisti. Þá var ljóst að hraða þyrfti uppbyggingu greiningarstöðvar. Biðlistar eftir greiningu og meðferð hafa lengst stöðugt síðan. Því vildi ég spyrja hæstv. félmrh.:

„1. Hve margir einstaklingar bíða nú greiningar og meðferðar í Kjarvalshúsi: a) úr forgangshópi, b) aðrir?

2. Hversu lengi er áætlað að þessir einstaklingar þurfi að bíða?

3. Hefur biðlisti einstakra hópa verið að lengjast eða styttast?

4. Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á næstunni? Er aukning á starfsemi stöðvarinnar fyrirsjáanleg?"

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal reyna að svara þessari fsp. á þskj. 642. Ég hef fengið greinargerð frá forstöðumanni stöðvarinnar, sem er Stefán Hreiðarsson læknir, en nú eru liðnir tæpir þrír mánuðir frá því að greiningarstöðin tók til starfa á vegum félmrn. með því að starfsemi sú sem menntmrn. hafði rekið um tíu ára skeið sem athugunardeild í Kjarvalshúsi var formlega breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Hér fara á eftir svör við fsp. um biðlista og gefa þau vonandi einhverja hugmynd um ástandið eins og það er í dag.

1. Reynt hefur verið að veita yngstu börnunum forgang að þjónustu stöðvarinnar. Börn innan við tveggja ára aldur, sem vísað er til greiningar og meðferðar, eru oftast tekin í göngudeildarþjónustu innan tveggja mánaða frá tilvísun. Aðstandendur fá ráðgjöf og stuðning með föstum heimsóknum til sjúkraþjálfa, talkennara og á leikfangasafn. Í þessum hópi eru 44 börn og eru 13 þeirra á biðlista fyrir ítarlegri athugun á dagdeild stöðvarinnar.

Eldri börnum má skipta í þrjá hópa. 45 börnum á aldrinum tveggja til sex ára hefur verið vísað til stofnunarinnar á undanförnum tveim árum án þess að athugunardeildin hafi getað sinnt þeim á neinn hátt. 15 þeirra verða sex ára á þessu ári og er því mjög brýnt að

greining fari fram hið fyrsta með tilliti til skólagöngu. 35 börn, sem athugunardeildin hefur haft afskipti af á liðnum árum, verða sex ára á þessu ári og eru á biðlista með tilliti til endur- og fullnaðarathugunar. 58 börn, sem eru í eftirliti á vegum stöðvarinnar, eru á biðlista með tilliti til endurmats vegna breyttra forsendna og nýrra vandamála. Alls eru því á biðlista til greiningar eða endurmats 138 einstaklingar.

2. Biðtími hinna ýmsu hópa er mislangur. Enn fremur er reynt að taka tillit til óvenjulegra aðstæðna og alvarleika fötlunar hjá einstökum skjólstæðingum stöðvarinnar. Biðtími barns á aldrinum 3–6 ára, sem er ekki hreyfihamlað eða atferlistruflað, er 6–12 mánuðir fyrir minnstu þjónustu og um það bil 1-2 ár fyrir fullnaðargreiningu. Biðtími barna yngri en tveggja ára til að fá lágmarksþjónustu er 1–2 mánuðir, en getur verið 6–12 mánuðir til fullnaðarathugunar. Eldri einstaklingum, sem ekki hafa tengst staðnum áður, er nánast vísað frá.

3. Biðlisti einstakra hópa hefur verið nokkuð óbreyttur undanfarin ár. Hins vegar eru þegar merki um að biðlistar muni lengjast við skipulagsbreytinguna, þ.e. með tilkomu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Þannig eru tilvísanir á þeim 2½ mánuði síðan greiningarstöðin tók til starfa þegar orðnar 20 sem er næstum helmingsaukning miðað við síðasta ár.

4. Sem fyrr segir var svo til engin aukning á starfsliði athugunardeildarinnar leyfð síðustu 2–3 árin þrátt fyrir brýna þörf. Við breytinguna um síðustu áramót fengust þrjú ný stöðugildi, þ.e. staða forstöðumanns og tvö önnur stöðugildi. Þessi aukning á starfsliði mun ekki leiða til umtalsverðrar aukningar á umsetningunni, en mun nýtast fyrst og fremst til að bæta þjónustu við þá einstaklinga sem þegar fá hana, svo og til aukinna samskipta við aðrar stofnanir.

Sömu sögu er að segja um húsnæði stöðvarinnar. Sú aukning í húsnæði sem viðbót Sæbrautar 2 hafði í för með sér nýtist fyrst og fremst til að gera aðstöðuna með núverandi starfsemi viðunandi, en leyfir ekki aukningu í starfsemi að ráði.

Ef Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins á að rækja þær skyldur sem henni er ætlað í lögum um málefni fatlaðra er ljóst að bæta þarf aðstöðu hennar verulega á næstu árum, bæði hvað varðar starfslið og húsnæði. Það er því brýnt að mótuð verði ákveðin stefna í húsnæðismálum stöðvarinnar til lengri tíma. Það verður hins vegar að líta svo á að neyðarástand ríki hjá stofnuninni hvað varðar getuleysi til að þjóna þeim sem nú þegar leita til stöðvarinnar og fá ekki þá þjónustu sem þeir þurfa. Ef á að leysa þennan vanda þurfa að koma til viðeigandi ráðstafanir, aukning í starfsliði og hugsanlega nýtt bráðabirgðahúsnæði hið fyrsta. Á meðan það gerist ekki verður áfram stór hópur barna á biðlistum og dýrmæt ár glatast sem annars mætti nota til þjálfunar og vegna hraðari greiningar til að minnka fötlun, auk þess sem það mundi létta hið tilfinningalega álag sem aðstandendur þeirra hljóta að verða fyrir.

Þannig er skýrsla hins nýja forstöðumanns, Stefáns Hreiðarssonar læknis.

Ég hef í sjálfu sér litlu við þetta að bæta. Félmrn. mun fylgja þessu máli eftir og leita allra ráða til að hægt verði að byggja upp þessa starfsemi sem er svo mikilvæg fyrir málefni fatlaðra. Það mun koma í ljós við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Leópoldsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Af svari hans er ljóst að allt of mörg börn bíða þjónustu greiningarstöðvarinnar í Kjarvalshúsi og allt of lengi. Ég vil því leyfa mér að vona að verulegt átak verði gert í að bæta aðstöðu þessa hóps. Eins og reyndar kom fram í svari félmrh. verður sérstaklega gætt að þörfum þessa hóps í fjárlagagerð næsta árs.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á því ástandi sem nú ríkir í þessum málum og þarf ekki nema heyra tölu eins og þá, sem hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, að 138 börn séu á biðlista til frumgreiningar í Greiningarstöð ríkisins.

Það sem ég vil leggja áherslu á hér er að fyrir örfáum árum eða 1982 voru samþykkt lög um málefni fatlaðra og með þeim átti að tryggja áframhaldandi uppbyggingu á þeim stofnunum sem þarf til þess að þeir sem fatlaðir eru geti lifað nokkurn veginn mannsæmandi lífi. En allt síðan þáv. félmrh. hætti störfum, hv. þm. Svavar Gestsson, hefur þetta farið niður á við. Ég vil þess vegna lýsa því yfir að ég tek mátulegt mark á yfirlýsingum eins og núv. hæstv. félmrh. hafði í frammi áðan um að nú verði hugað að þessum málum við gerð næstu fjárlagaáætlunar. Það væri svo sem ánægjulegt, en hingað til hefur fé til þessa málaflokks verið stöðugt skorið niður.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að deila efnislega um þetta mál. Ég vil vekja athygli á því að það eru aðeins þrír mánuðir síðan Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í Kjarvalshúsi tók til starfa undir félmrn. Þetta er baráttumál sem lengi hefur verið unnið að og þetta er samkvæmt ákvörðun Alþingis fyrsti áfangi í því að byggja upp greiningar- og ráðgjafarstöð í málefnum fatlaðra sem er undirstöðuatriði í sambandi við framtíðarlausn þessara mála. Ég efast ekkert um að hv. síðasti ræðumaður gleðst með mér og fleirum yfir því að þessum áfanga skuli vera náð og að þarna er komið til starfa mjög hæft fólk sem mikils er að vænta af í framtíðinni.

Ég ætla ekki að fara að ræða um fjárhagsmálefni fatlaðra. Það þarf ekki annað en líta í opinberar skýrslur um það hver sá árangur er. Það hefur verið stöðugt veitt auknu fjármagni í þennan málaflokk og verður svo áfram. A.m.k. hef ég ekki rekið mig á neina fyrirstöðu og tel að menn séu sammála um að láta þennan málaflokk hafa forgang í þessari uppbyggingu.

Hringrot í kartöflum, fsp. 324. mál (þskj. 597). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að það er vaxandi kvíði í bændum, sem lifa að verulegu leyti á kartöfluræktt, að hringrot, sem vart hefur orðið um nokkurra ára skeið, sérstaklega í lágsveitum Suðurlands, muni berast um landið ef ekki verða gerðar ráðstafanir til að hindra það.

Eins og kunnugt er fer stofnrækt á útsæðiskartöflum eingöngu fram í Eyjafirði og þar er eitt af meiri háttar

kartöflusvæðum landsins. Það er ekki vitað til þess, ekki enn a.m.k., að hringrot hafi borist þangað norður eða út frá þessu takmarkaða svæði sem ég gat um áðan, þ.e. lágsveitum Suðurlands.

Nú hefur enn fremur komið fram í fjölmiðlum að verslanir á Akureyri hafa fengið til sölu matarkartöflur sem gera má ráð fyrir að séu af hinu sýkta svæði. Ég tel að það þurfi að huga vel að þessu máli og ég veit að eitthvað hefur verið kannað ástand útsæðis norður við Eyjafjörð. Þess vegna hef ég leyft mér að bera upp fsp. til hæstv. landbrh.:

„1. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að hindra útbreiðslu á hringroti í kartöflum?

2. Hefur verið leitað álits sérfræðinga um hvaða leiðir séu vænlegastar til að útrýma þessum sjúkdómi?"

Auðvitað hefði verið þörf á því að leita fleiri svara, koma með fleiri spurningar, t.d. hvort það geti ekki verið hættulegt að selja útsæði í þeim verslunum sem hafa selt matarkartöflur og hvort sé ekki ástæða til að gera ráðstafanir í þeim efnum og enn fremur um umbúðir utan af kartöflum af þessu sýkta svæði.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur borið fram fsp. um hringrot í kartöflum. Ég óskaði eftir upplýsingum um þetta mál frá Sigurgeir Ólafssyni, sérfræðingi í jurtasjúkdómum, sem er okkar færasti sérfræðingur á þessu sviði og vinnur einmitt við þessi mál hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hann hefur verið mjög önnum kafinn við að rannsaka þennan sjúkdóm síðustu vikurnar, en lét mig samt hafa örstutta grg. sem er svör við þessum tveimur spurningum.

Við þeirri fyrri, „Hafa verið gerðar ráðstafanir til að hindra útbreiðslu á hringroti í kartöflum?", er svarið að með reglugerð nr. 126/1986, um sölu og dreifingu á kartöfluútsæði, er reynt að sporna gegn frekari útbreiðslu hringrots. Hringrot berst einkum á milli með útsæði og við samnýtingu véla. Reglugerðin kemur í veg fyrir að útsæði frá hringrotsbæjum fari í almenna dreifingu. Reyndar er framleiðanda, sem hefur fengið hringrot í uppskeru sína, einungis heimilt að afhenda útsæði til ræktanda innan sama hrepps og því aðeins að viðkomandi eigi við sama vandamál að etja.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur nú skoðað kartöflur hjá um 40 framleiðendum á Norðurlandi og þremur á Suðurlandi sem hyggja á útsæðissölu á vori komanda. Á næstunni verða framleiðendur á Suðausturlandi heimsóttir. Ráðuneytið mun einungis heimila þeim að selja útsæði sem fá jákvæða umsögn.

Við síðari spurningunni, „Hefur verið leitað álits sérfræðinga um hvaða leiðir séu vænlegastar til að útrýma þessum sjúkdómi?", er svarið: „Hringrot hefur nú fundist á tæplega 50 bæjum á Suðurlandi. Flestir þeirra eru í Djúpárhreppi, Villingaholts- og Gaulverjabæjarhreppi. Á þessu svæði fer fram meira en helmingur af kartöfluframleiðslu landsmanna. Til að útrýma hringroti þarf að leggja niður kartöfluræktun helst tvö ár, sótthreinsa vélar og geymslur og byrja síðan með heilbrigt útsæði. Það er því ljóst að sjúkdómnum verður ekki útrýmt nema með samræmdum aðgerðum yfir lengri tíma.

Það er mikilvægast að tryggja fyrst ræktun á heilbrigðu útsæði. Nefnd skipuð af ráðherra, og í henni eru Sigurgeir Ólafsson, Magnús Óskarsson og Ólafur G. Vagnsson, mun fyrir haustið skila tillögum að reglugerð um ræktun og sölu á kartöfluútsæði. Framleiðendum, sem fengið hafa hringrot til sín, hefur verið ráðlagt fyrst í stað að ná smitmagni niður með því að skipta útsæði sínu út í áföngum og beita sótthreinsun til að hindra enn frekari útbreiðslu. Reikna má með að betri mynd fáist af hinni raunverulegu útbreiðslu sjúkdómsins að loknum þeim rannsóknum sem nú eru í gangi.

Eins og kemur fram í svari Sigurgeirs er um mjög umfangsmikla aðgerð að ræða að útrýma hringroti algerlega og því er það mat hans að þetta verði að taka í áföngum til að það sé viðráðanlegt kostnaðar vegna. Ég mun leggja áherslu á það hér eftir sem hingað til að reyna að framkvæma tillögur hans sem ég tel að séu mjög raunsæjar. Hann er sá sérfræðingur sem er best kunnugur þessum málum og nýtur álits kartöflufram-leiðenda.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Þó að það sé ekki tækifæri til að ræða þessi mál hér ítarlega vil ég bæta því við okkur til umhugsunar, sem hér erum, að nú hefur verið upplýst að það hafi verið fluttar kartöflur í verslun norður á Akureyri. Það hefur verið upplýst að kartöfluverksmiðjan á Svalbarðseyri hafi fengið kartöflur frá hinu sýkta svæði. Það þarf að huga að því hvort eigi að líða slíkan flutning, hvort það verður ekki að koma í veg fyrir slíka flutninga og líka að leita eftir því hvort ekki er full ástæða til að aðvara þá sem kaupa kartöflur á þessu svæði, hvernig eigi að fara með umbúðir utan af þessum kartöflum.

Það kom fram í orðum hæstv. ráðh. að skoðað hefur verið útsæði frá 40 bændum við Eyjafjörð. Það eru væntanlega þeir sem eru með stofnútsæði. En nú eru margir aðrir sem eru með útsæði á Norðurlandi. Auðvitað er laukrétt að það þarf að skoða kartöflur hjá öllum þessum framleiðendum. En mér finnst vera full ástæða til að gera athugun á því hvort ekki er hægt að skoða hjá fleirum þar sem eru hverfandi líkur fyrir því að sjúkdómurinn hafi borist norður þannig að menn geti fengið heilbrigt útsæði.

Ég held að það sé kappsmál fyrir alla, ekki síst þá sem hafa framleitt kartöflur, að reynt sé að verja þau byggðarlög sem hafa ekki enn orðið fyrir barðinu á þessum sjúkdómi og þó sérstaklega Eyjafjörð, sem hefur verið til fleiri ára með stofnútsæði, því að margir framleiðendur, bæði á Suðurlandi og annars staðar, hafa sótt útsæði þaðan.

Ég vil hvetja hæstv. ráðh., og ég veit að hann athugar það vel, til þess að láta gera allar tiltækar ráðstafanir til að hindra að sjúkdómurinn berist út og líka séu kannaðir möguleikar á að nýta það útsæði sem til er og er heilbrigt.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Norðurl. e. að það er mikilvægt að reyna að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að þessi sjúkdómur breiðist út til fleiri staða en þegar er orðið. Sérfræðingur okkar er að athuga það og rannsaka, eftir því sem honum vinnst tími til, hver útbreiðslan er. Fyrr en það liggur ljóst fyrir er kannske erfitt að afmarka það. En að sjálfsögðu er mikilvægast af öllu að koma í veg fyrir að hringrot berist í Eyjafjörð

þar sem stofnræktun fer fram. Hins vegar hefur sérfræðingurinn talið að það væri ákaflega erfitt að banna allan flutning á pökkuðum matarkartöflum milli staða á meðan ekki liggur fyrir hvar veikin er og hvar ekki, en það þurfi, eins og kom fram í svari hans, að huga fyrst og fremst að útsæðinu. En ég er viss um að Sigurgeir Ólafsson mun gera allt sem í hans valdi stendur til þess að kynna sér ástandið sem allra best og gera síðan þær tillögur sem hann telur að komi best að gagni.

Byggingarkostnaður nýs útvarpshúss, fsp. 335. mál (þskj. 618). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 618 hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. menntmrh. um byggingarkostnað nýs útvarpshúss. Fsp. hljóðar svo:

„1. Hver er heildarkostnaður orðinn nú við nýja útvarpshúsið?

2. Hvað er áætlað að heildarkostnaðurinn verði við húsið fullbúið?

3. Hvernig hefur byggingin verið fjármögnuð og hver er áætlun um lokafjármögnun?"

Hér er um að ræða hús sem er búið að vera mörg ár í byggingu og æskilegt væri að fara að sjá sem fyrst fyrir lokin á. Þess vegna vænti ég þess að hæstv. ráðh. gefi svar við þessum fsp.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég leitaði upplýsinga hjá fjármálastjóra Ríkisútvarpsins vegna þessara fsp. og hljóða þær á þennan veg:

Í fyrsta lagi: Heildarkostnaður við bygginguna á framreiknuðu verði til ársloka 1985 er 392 132 515 kr.

Sem svar við 2. lið fsp. tek ég fram: Áætlað er að útvarpshúsið kosti fullbúið 829 millj. kr. og er þá miðað við núgildandi byggingarvísitölu 250 stig.

Og sem svar við 3. lið fsp. tek ég fram: Byggingarframkvæmdir hafa til þessa verið kostaðar af Framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins. Auk þess hafa um 35 millj. kr. fengist sem skammtímalán hjá Landsbanka Íslands. Óskir Ríkisútvarpsins um lántökuheimild hafa verið bornar fram við menntmrn. og fjvn. Alþingis. Áætluð byggingarlok eru á miðju ári 1988. Fjárþörf 1986–1988 er 437 millj. kr. Framkvæmdasjóður stendur undir um 250 millj. kr. af þeirri fjárhæð. Lántaka umrædd tvö og hálft ár þyrfti því að verða um 187 millj. kr. sem endurgreiðast á árunum 1989–1991.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða og æskilegt væri að lokið yrði sem fyrst við bygginguna svo að öll starfsemi hljóðvarps og sjónvarps geti sem fyrst flutt í húsið. Þess vegna hvet ég til þess að hraðað verði byggingu útvarpshússins svo sem kostur er þó að mér sé ljóst að hérna er um háar upphæðir að ræða. Þá upplýsti hæstv. ráðh. að á árunum 1987 og 1988 væri fyrirhugað að ljúka byggingunni svo að ekki er orðið langt eftir í lok byggingarinnar. En þar sem þetta hefur verið nokkuð lengi í byggingu er mjög æskilegt að framkvæmdum sé hægt að ljúka sem fyrst og starfsemin geti flutt öll í húsið sem fyrst.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki tekið undir þau ummæli hv. fyrirspyrjanda að brýna nauðsyn beri til að hraða framkvæmdum við þau ósköp sem þetta hús er. Áætlað er að það muni kosta 829 millj. Ætli það bætist ekki eitthvað við það, t.d. lagfæring á lóð sem er ekkert smáræði. Það væri hægt að hafa þar allmargar kýr á beit t.d.

En í öllu falli held ég að það sé mjög misráðið að ætla að flytja sjónvarpið í þetta hús. Hv. alþm. þurfa að fara og sjá þetta hús að innan, ganga um það og sjá hver ósköpin eru þarna á ferðinni. Leiðslukjallarinn einn er miklu stærri en þær hæðir sem við sjáum. Hann er neðan jarðar. Þar á ekkert annað að vera en leiðslur fyrir sjónvarp. Mér skilst það sé orðið lítið um leiðslur. Þetta eru orðnir örmjóir þræðir og jafnvel fjarskipti. Það er slík sóun og ofboð og níðingsháttur gagnvart útvarpinu að ætla að flytja það inn í þessi ósköp að þessa byggingu á að stöðva. Það á að selja hana. Það er mjög vel hægt að koma þarna fyrir a.m.k. 100 smáíbúðum á efri hæðunum. (Gripið fram í.) Það má gera þarna smáíbúðir, hv. þm., með mjög góðum hætti. Það hefur fyrrv. þm. Lúðvík Jósepsson mælt. Við höfum gengið um þetta og skoðað þetta. Þar má mjög vel koma fyrir um 100 smáíbúðum. Þá er allur leiðslukjallarinn eftir. Þar mætti hafa t.d. kartöflugeymslu og ýmislegt annað úr því að kartöflur eru á dagskrá. Hann er mjög vel fallinn til þess. Gjarnan mætti hafa þarna einhvern smáiðnað.

A.m.k. ber að forðast að flytja útvarpið inn í þessi ósköp, sérstaklega þó sjónvarpið. Það væri hægt að hugsa sér að útvarpið væri þarna uppi í turninum, en miklu betur væri það sett einhvers staðar annars staðar í litlu laglegu húsi þar sem hægt væri að koma við menningarlegri hugsun.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er mjög stutt athugasemd. Það er of seint að gera mikið í þessu máli vegna þess að útvarpið er auðvitað þegar að hluta til flutt inn í þetta hús. Í öðru lagi var margsinnis á það bent innan stofnunarinnar hverja reginvitleysu væri verið að gera með því að flytja sjónvarpið í þetta hús. Á það var aldrei hlustað og því verður því miður ekki breytt núna. Það hefði verið ástæða til að standa allt öðruvísi að þessum hlutum. Ég læt í ljós efasemdir um að þetta hús henti til breytinga í smáíbúðir, en það mætti sjálfsagt nota það til einhverra annarra hluta. En auðvitað verður útvarpið þarna til húsa. Það voru mistök að flytja sjónvarpið þangað líka eins og á að gera. Það verður feiknarlega dýrt. Ég á eftir að sjá að sala hússins við Laugaveg 176 geri mikið meira en að vega upp á móti kostnaði við flutningana. Þarna hafa verið gerð mistök á mistök ofan, en því miður er orðið of seint fyrir hið háa Alþingi að gera nokkuð í því máli.

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 25. mars, að loknum 64. fundi.

Réttaráhrif tæknifrjóvgunar, þáltill. 143. mál (þskj. 157, n. 624). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 696).

Nýting mjólkur í matvælaiðnaði, þáltill. 340. mál (þskj. 623). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu, þáltill. 349. mál (þskj. 637). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef óskað eftir umræðum á hinu háa Alþingi um útgáfu skömmtunarseðla til þeirra sem aðstoðar leita vegna þess ástands sem nú ríkir í kjaramálum eftir hina harkalegu aðför að launafólki í tíð núv. ríkisstj. og nú síðast eftir heldur lágkúrulega sáttargerð verkalýðshreyfingarinnar við þá sömu ríkisstjórn. Við blasir að fjórðungur íslenskra framfærenda er ekki lengur fær um að sjá sér og sínum farborða á þann veg að boðlegt geti talist.

Á málþingi Samtaka félagsráðgjafa, sem nýlega var haldið, kom fram að styrkþegum fjölgaði hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar um 30% á árunum 1982–1984. Engum þarf að koma á óvart að æ fleiri leita til hins opinbera í neyð sinni þar sem laun eru langt undir framfærslukostnaði og um 54% af fjölskyldutekjum fara í þann kostnað einan að hafa þak yfir höfuðið hafi menn fest sér húsnæði á síðustu fimm árum. Erlendis eru 25% fjölskyldutekna talin hámarksgeta fjölskyldu til greiðslu húsnæðis. Ljóst er að einstæð foreldri, sjúklingar, lífeyrisþegar og lægst launaðir verkamenn og konur lifa langt undir þeim lífsstaðli sem nútíma menningar- og velferðarþjóðfélög telja sjálfsagðan. Í stuttu máli lifir þetta fólk við grimmilega fátækt sem veldur versnandi heilsufari, vaxandi erfiðleikum hjá börnum og unglingum og upplausn fjölskyldna. Alvarlegum barnaverndarmálum fjölgaði um 95% í Reykjavík á árunum 1982–1984 og sjálfsvíg hafa stóraukist. Fjölda innlagna á geðdeildir hér í Reykjavík má rekja til örvæntingar sjúklinga yfir því að geta ekki skapað fjölskyldum sínum mannsæmandi tilveru.

Í ræðu á áðurnefndri ráðstefnu sagði Ásmundur Stefánsson forseti ASÍ, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir fátæku eru sjaldnast stoltir af sjálfum sér. Fátækt er ekki tákn um afrek og árangur. Fátækt fylgja oft heilsubrestur og félagsleg vandamál eða hún er afleiðing af slíkum aðstæðum og þeir fátæku eru minnihlutahópur. Þá skortir sjálfstraust og frumkvæði, geta ekki í krafti fjölda eða aðstöðunnar vegna tekið til sín rétt sinn. Því verðum við að sýna þeim samstöðu, samstöðu sem ekki er nægjanleg í þjóðfélaginu og skortir einnig í verkalýðshreyfingunni. Því verða þeir undir."

Og þetta er kjarni málsins. Fátt er eins niðurlægjandi og það að ná ekki að framfæra sig og sína á þann hátt að fjölskyldan fái þrifist. Það eru hverri vinnandi manneskju þung spor að þurfa að leita til Félagsmálastofnunar til að fá styrk til að reka heimili sitt. Að ekki sé talað um þá sem gert er að lifa af greiðslum almannatrygginga. Veikist launþegi t.d. fær hann sjúkradagpeninga sem nú eru, og ég bið hv. þm. að hlýða á mál mitt, 247 kr. á dag og 67,05 kr. fyrir hvert barn á framfæri. Ég vil taka það fram að það kostar 25 kr. í strætisvagn í Reykjavík. Vill hið háa Alþingi hugsa um hvernig sjúklingur í þessari stöðu stendur straum af húsnæðiskostnaði og heimilisrekstri eða ellilífeyrisþeginn af sínum 16 826 kr.? Þetta fólk hlýtur að leita opinberrar aðstoðar.

Í framfærslulögum frá 1947 segir svo í 1. málsgr., með leyfi forseta:

„Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni sem sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og hjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt."

Það hefur orðið ljóst af fréttum að fjárframlög til félagsmálastofnana hafi engan veginn haldið í við þörf. Sú frétt að fólk fær nú skömmtunarseðla til að leggja inn í verslunum bæjarins hér í Reykjavík í stað peninga sem vantar til heimilisins hefur vakið óhug manna. Ég skal taka fram að ekkert ólöglegt er við þetta. Framfærslulögin frá 1947 leyfa beinlínis að fólki sé veittur styrkur með matvælum, fatnaði eða öðru því „sem hreppsnefnd þykir hentugast", minnir mig að standi í lagatextanum. En ég vil beina máli mínu til hæstv. félmrh. Ég óska þess að þessi útgáfa skömmtunarseðla verði tafarlaust stöðvuð. Það mál þolir enga bið. Ég hélt að það væri ekki við lýði lengur að brennimerkja fólk. Þetta er litlu betra en það. Jafnframt vil ég fara fram á það við hæstv. félmrh. að framfærslulögin frá 1947 verði tafarlaust endurskoðuð.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal taka undir það með hv. 10. landsk. þm. að þessi lýsing, sem hún hefur hér í frammi og hefur komið fram í sambandi við ástand þessara mála hér á landi, er alls ekki verjandi. Að sjálfsögðu er hér fjöldi fólks sem á við þetta vandamál að stríða og það er ekki eðlilegt ef ekki er hægt að bregðast þannig við að leysa úr þessu vandamáli. Ég vil segja í sambandi við það sem hún beindi til mín að ég hef einmitt núna undanfarið verið að undirbúa endurskoðun á framfærslulögum nr. 80/1947 og hef verið þessa dagana að velja fólk til þess að annast þá endurskoðun sem er vandamikið verk því að þetta eru viðkvæm lög sem hafa tekið ýmsum breytingum á undanförnum árum. En þörf á endurskoðun er æpandi og hefði átt að vera búið að gera hana fyrir

mörgum árum.

Ég verð að segja eins og er að auðvitað eru félagsmálastofnanir, eins og hér í Reykjavík og víðar í þéttbýlinu sérstaklega, til þess settar að reyna að verja þetta fólk fyrir áföllum. Hins vegar er alveg ljóst eins og málin standa að það er allt of lítið fjármagn sem er veitt til þessara stofnana þannig að þær geta ekki veitt þá aðstoð sem þörf er á í nægjanlega ríkum mæli. Þess vegna þarf að vinna að því í fullri alvöru að reyna að fá á þessu breytingu.

Í raun og veru er undrunarefni að það skuli ekki hafa verið tekið fastari tökum í þeim sveitarstjórnum eða bæjarstjórnum sem hér eiga hlut að máli þar sem mest og stærst á brennur.

Í sambandi við skömmtunarseðlana get ég tekið undir það með hv. þm. að mér finnst það óhugnanleg staðreynd að það skuli vera gefnir út svona miðar. Þetta minnir mig á í gamla daga þegar ég var lítill drengur þegar var verið að láta okkur hafa ávísun á blautfiksseðlana í sambandi við innlegg á fiski og standa í biðröð til að fá út á þetta fyrir heimilið. Manni fannst þetta ekki vera í takt við tímann og ég get vel tekið undir að þetta er ekki gott form. Ég skal gera mitt með því að beina tilmælum til þeirra sem endurskoða þessi lög og eins til þeirra sem ráða í þéttbýlinu um að fá þessu breytt. Hins vegar hef ég ekki vald til þess.

Ég verð að segja það eins og er í sambandi við þessar umræður um fátækramörk að það verður að undrast og í raun og veru að harma að þegar víðtækt samstarf fer fram milli aðila vinnumarkaðarins um launakjör í landinu skuli ekki vera sterkari samstaða um að bæta lágu kjörin miklu meira en raun ber vitni. Á því er mikil þörf. Ef þetta vandamál er svo mikið sem sagt er, ég ætla ekki að vefengja það, getur komið til greina að athuga hvort ekki er orðið tímabært að setja upp kerfi sem heyrir undir láglaunabætur. Það yrði þá gert á opinberum vettvangi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Sú ráðstefna sem haldin var um fátækt á Íslandi staðfestir að mínu viti einkum tvennt.

Í fyrsta lagi er hún harður áfellisdómur á þá stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, einkum í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Sú mikla fjármagnstilfærsla sem þá átti sér stað frá launafólki til fjármagnseigenda og þeirra betur settu í þjóðfélaginu birtist okkur nú í þeirri nöturlegu staðreynd að fjórða hvert heimili á Íslandi eða 20 000 fjölskyldur búa við fátækt og berjast í bökkum til þess að eiga fyrir nauðþurftum.

Í öðru lagi er þessi ráðstefna enn ein staðfesting á því að launakerfið er ónýtt og á því þarf að gera róttæka uppstokkun með það að markmiði að endurmeta störf og kjör láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Um það hefur nú á hverju ári í þrjú ár verið lagt fram frv. hér á hv. Alþingi, en það fæst ekki einu sinni afgreitt úr nefnd. Það frv. tekur einmitt á öllum þeim þáttum sem til þarf til að byggja hér upp nýtt launakerfi og rétta hlut þeirra sem verst eru settir.

Það er ekki vafi á samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu á þessari ráðstefnu að það eru einkum einstæðir foreldrar og barnmargar láglaunafjölskyldur, aldraðir og öryrkjar sem verst hafa orðið úti og þyngstar byrðar hafa borið. Sá hópur öryrkja er mjög stór sem einungis hefur sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga. Sú staðreynd að 40% aldraðra, 67 ára og eldri, eða 8200 aldraðir á Íslandi hafa einungis sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga er hrikaleg og hlýtur að vera nauðsynlegt að taka á því máli að því er varðar ellilífeyrinn.

Ég vil að lokum nefna einn þátt sem skiptir máli og veldur miklu um þá misskiptingu sem er á tekjum og eignum hér á landi. Það virðist skorta pólitískan vilja til að taka á því máli, en það eru skattsvikin. Alþfl. hefur borið fram tvær till. um það mál og fengið samþykktar fyrir einu og hálfu ári. Það hefur þó tiltölulega lítið verið gert í því máli af hálfu stjórnvalda. Ég harma að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu og að aðeins einn ráðherra sjái ástæðu til að vera viðstaddur umræðu þegar verið er að ræða um fátækt hér á Íslandi. Ég hefði viljað fá fram hvort ekki sé að vænta niðurstöðu frá þeirri nefnd sem er að gera úttekt á umfangi skattsvika og átti að hafa skilað niðurstöðum samkvæmt þessari till. Alþfl. fyrir ári.

Ég vil þá beina því að lokum til hæstv. félmrh. hvort ekki hafi átt sér stað umræður í ríkisstj. um hvernig taka eigi á þessum skattsvikum vegna þess að það er örugglega einn stór og veigamikill þáttur í því hvernig komið er varðandi eigna- og tekjuskiptinguna í þessu þjóðfélagi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir að taka þetta mál til umræðu í framhaldi af ráðstefnu félagsmálastjóra fyrir nokkru.

Þar komu fram ákaflega fróðlegar upplýsingar. Ég veit ekki betur en alþm. hafi yfirleitt verið gefinn kostur á að koma á þá ráðstefnu, en þeir voru þar satt best að segja sárafáir. Hins vegar mun vera kostur á að fá þessar upplýsingar í skrifuðu formi og ég hygg að það væri æskilegt að alþm. gætu fengið algang að þeim, t.d. með þeim hætti að skrifstofa Alþingis gerði ráðstafanir til að útvega þessi gögn því að þau eru mjög fróðleg og nauðsynleg fyrir alla þm. að fara í gegnum.

Meginniðurstaðan þarna var sú að sérfræðinga greindi á um hversu mikil fátæktin væri á Íslandi. Það var einn sérfræðingur sem taldi að 17% þjóðarinnar byggju við fátækt eða undir fátæktarmörkum. Annar taldi að það væru 20 000 fjölskyldur af 70 000 fjölskyldum sem byggju við kjör sem væru undir fátæktarmörkum. Og þetta er í rauninni nýtt mál. Á undanförnum árum höfum við ekki hér á Alþingi rætt fátæktarmál með þessum hætti. Undanfarna áratugi höfum við verið að keppast við að byggja upp heilbrigðisþjónustu, skólakerfi, félagslega þjónustu á margvíslegum sviðum, tekið upp ýmsar félagslegar umbætur og endurbætur og okkur hefur helst greint á um að ekki væri nógu langt gengið á hinum ýmsu sviðum. Nú stöndum við, sem erum á mínu reki, frammi fyrir nýjum veruleika í umræðum íslenskra stjórnmála. Það er verið að ræða um fátækt hjá 20 000 heimilum af 70 000 miðað við framtöl ársins 1984.

Þetta er ægileg staðreynd. Þetta er pólitísk staðreynd sem á rætur að rekja til pólitískra ákvarðana og pólitísks veruleika núv. ríkisstj. þar sem fjármagnið er tekið fram yfir fólkið. Mannfórnirnar blasa við. Siðleysið kemur alls staðar fram. Barnaverndarmálum fjölgar. Vandamálum fjölskyldnanna fjölgar. Sjálfsvíg marg-

faldast frá því sem verið hefur. Innlagnir á geðdeildir eru fleiri en nokkru sinni fyrr. Nauðungaruppboð hafa aldrei verið fleiri. Þetta er pólitískur veruleiki Íslands í dag, en um leið vitum við að þjóðartekjur á mann eru hér á landi þrátt fyrir allt mjög háar og á þessu ári einhverjar þær hæstu sem verið hafa. Þetta þýðir að um leið og hinn stóri fjöldi býr undir fátæktarmörkum er til hópur sem hefur miklu meira af fjármunum en nokkru sinni fyrr í þessu landi. Um þetta siðleysi, herra forseti, verður aldrei gerð þjóðarsátt á Íslandi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Það hefur löngum verið haft að orði að siðmenningu þjóðar mætti meta eftir þeirri mannúð sem hún sýnir þeim sem minna mega sín meðal þegnanna. Íslendingar hafa löngum talið sig meðal siðmenntaðra þjóða, en samt hefur umönnun lítilmagna verið með ýmsum hætti í tímanna rás. Á síðustu áratugum hefur ríkt hér velmegun sem ávöxtur mikillar vinnu og atorku og enginn hefur trúað því að hér ríkti fátækt eða stéttaskipting sem neinu næmi. Á stuttum tíma hefur þó orðið breyting hér á og fer vaxandi sá hópur manna sem getur ekki séð sér farborða þrátt fyrir eðlilega langan vinnudag og enn eru þeir margir sem ekki heldur ná endum saman þótt þeir vinni bæði óhóflega lengi og hafi með höndum fleiri en eitt starf.

Síðan við Kvennalistakonur komum inn á Alþingi höfum við ítrekað vakið athygli á þeim slæmu kjörum sem láglaunahóparnir búa við, en meginhluti þeirra er konur. Margir fleiri þm. úr stjórnarandstöðu hafa sömuleiðis rætt þennan vanda ítarlega og endurtekið. Þessi vandi hefur farið vaxandi með hverju árinu og stafar fyrst og fremst af þeirri láglaunastefnu sem hér er rekin af stjórnvöldum, aðgerðum hennar sem valdið hafa afdrifaríku misgengi milli launa og lánskjara og reyndar í stuttu máli þeim alvarlega skorti á umhyggju sem þessi ríkisstj. sýnir fjölskyldunum í landinu.

Öllum þeim sem hafa það að starfi sínu að sinna þeim einstaklingum og fjölskyldum sem eru illa staddar berast sífellt fleiri og alvarlegri skilaboð um þau vandræði sem að steðja. Langsamlega verst stödd eru einstæð foreldri, en langflest þeirra eru einstæðar mæður. Aldrað fólk og sjúklingar eiga líka um sárt að binda. Þó er vaxandi sá fjöldi fólks sem þrátt fyrir heilbrigði sitt og mikla vinnu lifir undir fátæktarmörkum.

Sú ráðstefna sem hér var getið um áðan og nýlega var haldin sýndi ógnvekjandi upplýsingar svo sem eins og það að fjórða hver fjölskylda á Íslandi lifir undir fátækramörkum. Sömuleiðis var umræða í sjónvarpinu nýlega um upplýsingar sem komu fram á þessari ráðstefnu. Og það var augljóst að sú fátækt sem ríkir nú á Íslandi kom mjög mörgum á óvart. Svo mikið hef ég heyrt af tali manna undanfarna daga. Mig langar til að spyrja hæstv. félmrh. og vildi hafa haft tækifæri til að spyrja fleiri ráðherra sem hér sjást hvergi: Komu þessar upplýsingar honum á óvart og hvernig hyggst hann bregðast við þeim?

Stjórnvöld, sem annaðhvort eru svo kaldrifjuð eða eiga svo erfitt með að setja sig í spor annarra að þau leyfa sér að leysa efnahagsvanda með því að skapa mannlegan vanda, eiga ekkert erindi sem fulltrúar almennings. Þau eru sannarlega ekki fulltrúar þeirra mörgu fjölskyldna sem lifa undir fátækramörkum né heldur þeirra sem vilja ekki una því siðferði í stjórnun sem leyfir slíkri vinnuþrælkun og fátækt að viðgangast meðal þjóðar sem er sú sjötta ríkasta í heimi.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir að vekja máls á því máli sem hún hér hreyfir. Ég vil benda á að af ráðherrum er aðeins einn staddur hér í salnum og finnst mér það mjög táknrænt um stöðu þessa máls að áhugi ráðherra bæði fyrr og nú virðist birtast í því að vilja ekki einu sinni vera viðstaddir þá umræðu þar sem fjallað er um einhverja alvarlegustu frétt sem fram hefur komið um langan tíma. Eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði erum við í fyrsta sinn að tala um fátækt hér á Alþingi í mjög langa tíð.

Ég bendi á samhengi þessarar umræðu við það sem fram fór hér í gær þegar maður gekk undir manns hönd að samþykkja lög á lítinn hóp launamanna sem höfðu leyft sér að gera kröfur um einhverja sértæka hagsmuni í samningum. Það var barið niður með lögum.

Við erum að upplifa afskaplega einkennilegan hlut og að því að mér finnst mjög óhugnanlegan. Við höfum búið í réttarríki, en ég hef fulla ástæðu að ég tel til að óttast að þetta réttarríki sé á einhvern hátt hreint og beint að gliðna í sundur í höndunum á okkur. Við börðumst á sínum tíma fyrir því að koma á aðskilnaði löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds. Við börðumst einu sinni fyrir því að koma á frjálsum samningsrétti aðila vinnumarkaðarins og það var eitt aðalbaráttumál verkalýðshreyfingarinnar að fá þennan samningsrétt í hendur og vera óháðir ríkisvaldi og öðrum afskiptum. Núna allt í einu, þegar verkalýðshreyfingin hefur samþykkt afskipti hins opinbera af samningum, opinberast okkur að hún er ekki einasta búin að skrifa undir óbreytt ástand í launamálum, sem við höfum búið við, heldur er hún líka búin að skrifa undir að hátt í 20 000 fjölskyldur á þessu landi skuli búa við fátækt. Hún er búin að samþykkja að standa að því að viðhalda því ástandi. Ég tel að með hegðan sinni og framkomu sé hún búin að fyrirgera rétti sínum til að gera nokkuð í því ástandi þannig að það verkefni hlýtur að liggja hjá löggjafanum ef löggjafinn þá á annað borð hefur áhuga á því.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Þó að þessi umræða geti að sjálfsögðu ekki talist ánægjuleg er hún vissulega tímabær og þó að löngu fyrr hefði verið. Fyrir nokkrum árum síðan var undirrót þess ástands, sem nú er verið að ræða, einmitt að grafa um sig. Ég get þess vegna tekið undir þakkir til hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur fyrir að vekja máls á þessu ástandi.

En það er allmikil kokhreysti í hv. þm. Svavari Gestssyni að tala um þetta sem pólitískar afleiðingar af núverandi stjórnarstefnu. Enginn maður veit betur en hann hvernig farið var með fjárhag þjóðarinnar í tíð síðustu vinstri stjórnar og raunar síðasta hálfan annan áratuginn með þeirri kolvitlausu efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið, ofstjórnarstefnu á öllum sviðum sem girt hefur atvinnuvegina fasta og skapað áður óþekkta fátækt á Íslandi í áratugi, það er rétt.

Þetta ástand keyrði um þverbak fyrir u.þ.b. þrem árum þegar stjórn Svavars Gestssonar var að hrökklast frá. Hún hafði aukið skuldir þjóðarinnar á erlendum vettvangi svo að nam 50% af árlegum þjóðartekjum. Fátæktin var að vísu dulin að hluta til. Óréttlætið var

sívaxandi, peningar voru sífellt að fara fram hjá t.d. bankakerfi og inn á svartan markað og brask og mismunur á kjörum manna sífellt að vaxa. Engu að síður var þetta meira og minna dulið með þessum stórfelldu erlendu lántökum sem við erum að súpa seyðið af núna.

Fátæktin í dag er ekki núverandi ríkisstjórn að kenna, síður en svo. Það sem blasir þó við nú er að verið er að reyna að rétta við úr verðbólgu og sukkinu með þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið. Það hafa verið lækkaðir skattar, þar á meðal á brýnustu lífsnauðsynjum. Það er ekki nóg að gert í því, það þarf að gera miklu meira, það er alveg ljóst. Það þarf að ganga lengra á þeirri braut. Það þarf líka að losa um peninga og hætta þeirri ósvinnu að skammta það sem aldrei má skammta, þ.e. peninga. Það má skammta kaffi eða sykur, þá fengjum við öll jafnt og gætum jafnvel lifað án þess að fá það. En það óréttlæti, sem síðustu tvær vinstri stjórnir komu á og raunar sú sem mynduð var 1971 byrjaði á þegar verðbólguflóðinu var hleypt í gang, endurspeglast nú þegar verið er að rétta við.

Það kemur úr hörðustu átt að hv. þm. Svavar Gestsson, sem meginábyrgð ber — að vísu með Framsfl. — á því sukki sem við höfum búið við um langt skeið og sumir hafa nefnt framsóknaráratug en aðrir upplausnaráratug — (**SvG:** En stjórnin 1977-1978, hvernig var hún?) Henni tókst að rétta við um sinn, það er rétt, hún var á vegi. En hún fylgdi líka rangri stefnu. Hún hélt áfram að leggja á neysluvörurnar skatta. Ég studdi það, held ég, með hangandi hendi. Hún var líka á rangri braut. En nú er verið að hverfa af þessari braut, að vísu ekki nógu hratt, það þarf að lækka tollana t.d. á brýnustu lífsnauðsynjum miklu meira og það þarf að losa um peningana.

Árni Johnsen: Herra forseti. Fátækt er stórt vandamál og viðkvæmt og mér finnst hv. málshefjandi nota stór orð sem hann kannske á erfitt með að standa við þegar að er gáð. Það er ekki ástæða til að rugla saman uppsöfnuðum vanda hjá aðilum sem þurfa sannarlega að leita aðstoðar hjá hinu opinbera og öðrum aðilum og hins vegar vanda þeirra sem hafa minni laun en komast sæmilega af.

Það er einnig alvarlegt þegar sagt er að fólk hér á Íslandi lifi við grimmilega fátækt. Miðað við fátækt í heimi og í nærliggjandi löndum býr fólk á Íslandi ekki við grimmilega fátækt. Það er mikill munur á fátækt og grimmilegri fátækt, hvort fólk á einhvers staðar höfði að að halla eða ekki.

Það eru einnig stór orð að segja, eins og hv. málshefjandi gerði, að sjálfsvíg hafi stóraukist. Með samanburði á milli mánaða í ársbyrjun 1985 og 1986 kemur í ljós að dregið hefur úr umsóknum um styrki hjá Félagsmálastofnun. Ef litið er á skýrslur frá þeirri stofnun frá 1979 til 1984 er fjölgun um 30% á því tímabili. T.d. eru á árinu 1979 tekin fyrir 2444 mál en þau eru komin í 3156 árið 1984. Það er 30% aukning, veruleg aukning. En nú virðist vera að draga úr og vonandi er það rétt. Ef maður tekur eitt ár, 1984, þá eru tekin fyrir mál hjá 884 foreldrum sem voru með á sínu framfæri 1493 börn, þ.e. hjá fólki sem leitaði einhverrar aðstoðar eða óskertrar. Verulegur hluti af þeirri aðstoð er lán eða styrkir í eitt skipti. Það er því ástæða til að segja satt og rétt frá.

Varðandi það, sem hv. málshefjandi sagði, að sjálfsvíg hefðu stóraukist, þá er ekki hægt að tala um verulega aukningu í þeim efnum því að um er að ræða miklar sveiflur á áratuga tímabili. En marktækur munur er í rauninni enginn. Ég vil nefna aðeins örstutt dæmi. Árið 1971 var 21 sjálfsvíg hér á landi, þ.e. sjálfsvíg sem er talið öruggt sjálfsvíg og einnig það sem er ekki óyggjandi, gæti verið af slysni. Árið 1974 eru þau 33, árið 1976 21, árið 1977 33, árið 1979 46, árið 1982 27 og árið 1984 46. Þetta sýnir að þegar til lengri tíma er litið er ekki hægt að nota svo stór orð að um stóraukinn fjölda sjálfsvíga sé að ræða. Það er ástæða til að ræða þessi mál af fullri einurð en það ber að forðast að blása upp fátækt á Íslandi umfram það sem ástæða er til.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég held að það hafi verið kominn tími til að ræða þessi mál hér á Alþingi og það er náttúrlega enginn tími til þess í örstuttum umræðum utan dagskrár að fjalla um það á fullnægjandi hátt. Ég vakti máls á því hér fyrir nokkrum dögum að sú ráðstefna, sem haldin var um fátækt, og þær umræður, sem síðan hafa orðið í fjölmiðlum um það efni, séu meðal hins athyglisverðasta og jafnframt meðal þess óhugnanlegasta sem við höfum orðið vitni að síðustu ár á Íslandi.

Kannske var svo komið að við vorum búin að gleyma því að stór hópur fólks hér lifir undir fátæktarmörkum, lifir ekki mannsæmandi lífi. Við þekkjum það a.m.k., sem höfum starfað og dvalist hér í bænum núna undanfarin ár, að það hefur farið mjög vaxandi að fólk leitar til þm. með vandamál sem varla var minnst á fyrir nokkrum árum. Ég vil undirstrika að ég trúi því fullkomlega og held að það sé síst ofmælt sem félagsmálafulltrúar, sóknarprestar og aðrir þeir aðilar, sem hafa mikið samband við fólk hér í bænum, hafa verið að tjá okkur undanfarnar vikur. Ég held að það sé síst of mikið gert úr ástandinu.

Við skulum ekki gleyma okkur í einhverju pexi um hverjum þetta er að kenna. Auðvitað er stjórnarstefnu um að kenna. En við höfum haft bæði stjórnir sem kalla sig til hægri og vinstri og það er alveg hárrétt, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson segir, öllum stjórnum hafa verið mislagðar hendur.

Höfuðástæðan fyrir þessu er röng skipting arðsins í þjóðfélaginu. Um það hljótum við að vera sammála hvort sem menn eru til hægri, vinstri, í miðjunni eða hvar sem er. Misskipting þess arðs, sem er af vinnu fólksins í landinu, er undirrót vandans og það er einungis með því að leiðrétta það sem unnt er að vinna bug á fátæktinni. En við skulum ekki gleyma okkur í einhverjum allsherjar eldhúsdegi um það hver sökina beri. Við skulum heldur snúa okkur að því að leiðrétta þetta. Þetta verður ekki leiðrétt nema félagshyggja verði leidd hér til öndvegis sem stjórnarstefna.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er nöturleg staðreynd en staðreynd engu að síður að við stöndum nú hér á hinu háa Alþingi á því herrans ári 1986 og ræðum um fátækt á Íslandi. Það alvarlegasta við málið er að við erum ekki að ræða um fátækt örfárra utangarðsmanna eða minnihlutahópa í þjóðfélaginu, við erum að ræða um fátækt vinnandi fjölda á Íslandi, stórs hluta hinnar vinnandi alþýðu landsins. Það er sú

fátækt sem við erum að ræða um og það er alvarlegt mál.

Það er einnig staðreynd, herra forseti, að stjórnarliðar hafa verið fáliðaðir hér á hv. Alþingi þann tíma sem við höfum haft þetta mál til umræðu. Ég horfði upp á þá tínast héðan einn af öðrum úr þingsalnum. Var umræðuefnið e.t.v. orðið eitthvað óþægilegt í þeirra eyrum? Ég spyr. Um tíma voru tveir hv. þm. Sjálfstfl. staddir í þingsalnum, þar af annar tepptur við forsetastörf.

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að það er e.t.v. ekki ástæða til að eyða tíma í karp um það hverjar séu orsakir þess til langs tíma litið að við stöndum í þessum sporum á Íslandi í dag. En hinn pólitíski veruleiki blasir við og ábyrgir stjórnmálamenn, hvort sem þeir heita hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson eða sá sem hér talar, eiga ekki að reyna að hlaupa frá þeim pólitíska veruleika líðandi stundar bak við fortíðina, aftur í aldir eins og hv. þm. reyndi hér að gera.

Ég vil segja við hv. þm. að lokum, ekki eldri maður en ég er, að ég man þó tímana tvenna: Ég tel mig þekkja fátækt vinnandi fólks á Íslandi frá tveimur tímum, hinnar líðandi stundar dagsins í dag, þess tíma sem Sjálfstfl. hefur nú verið við stjórnvölinn, og frá þeim tíma sem ég man fyrst eftir mér, í tíð viðreisnarstjórnarinnar sálugu. Þá var stjórnarstefna íhaldsins einnig prufukeyrð á Íslandi um nokkurt árabil. Að vísu studdist Sjálfstfl. þá við aðra hækju sem hét Alþfl. Nú er það Framsfl.

Ég er fæddur og uppalinn í litlu byggðarlagi, herra forseti, þar sem menn þekktu vel til kjara hvers annars og vissu nokkuð gjörla hvað hver fjölskylda hafði úr að moða. Ég man frá þeim tíma fátækt og atvinnuleysi sem ég get helst borið saman við það sem ég þekki hjá nokkrum fjölskyldum í dag. Þetta vil ég biðja hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að hugleiða.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir athyglisverða, ígrundaða ræðu sem hann flutti hér áðan og einkum og sérstaklega þann heiður sem hann gerði mér með því að nefna síðustu ríkisstjórn ríkisstjórn Svavars Geststsonar. En þannig var að sú ríkisstjórn var ríkisstjórn varaformanns Sjálfstfl., Gunnars Thoroddsens, og tveggja annarra ráðherra úr Sjálfstfl., Friðjóns Þórðarsonar og Pálma Jónssonar. Mér finnst það ævinlega sérkennilegt þegar þessi hv. þm. virðist finna hjá sér óstöðvandi þörf í hvert skipti sem ég kem í ræðustólinn til þess að rjúka upp á eftir mér til að skamma flokksbræður sína undir dulnefninu Svavar Gestsson. Innlegg hans í þessa umræðu að öðru leyti hér á undan breytir engu, herra forseti.

Það sem skiptir máli er það að alþm. taki á þessu vandamáli og viðurkenni að til þess liggja pólitískar röksemdir. Núverandi ríkisstj. og Sjálfstfl. geta ekki skotið sér á bak við eitt eða neitt í þeim efnum vegna þess að Sjálfstfl. hefur alræðisvald á Íslandi svo að segja um þessar mundir. Hvar er fátæktin hrikalegust á Íslandi? Í Reykjavík. Hvar er mismunurinn á lífskjörum manna mestur á Íslandi í dag? Í Reykjavík. Hvar eru greiddir út skömmtunarseðlar handa fátæku fólki? Í Reykjavík. Hver ræður í Reykjavík? Sjálfstæðisflokkurinn ræður í Reykjavík.

Herra forseti. Ég vil að lokum bera eina fsp. fram til hæstv. félmrh.: Hefur niðurstaða ráðstefnu félagsmálastjóra verið rædd í ríkisstjórn Íslands?

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. og hv. þm. sem hér hafa tekið til máls.

Á aðalfundi Lögverndar 22. mars s.l. var gerð eftirfarandi ályktun:

„Fundurinn skorar á Alþingi Íslendinga og ríkisstj. að beita sér af alefli fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Stöðvuð verði þegar í stað sú gegndarlausa eignaupptaka og eignatilfærsla sem átt hefur sér stað og á sér stað í þjóðfélaginu og er þess valdandi að fólk þarf að ganga í gegnum endalausar hörmungar í skjóli löglegs siðleysis. Fundurinn vekur athygli á að við höfum færst aftur um aldir í réttarfari og siðmenningu. Undirheimahagkerfi blómstrar í skjóli opinbers siðleysis og löglegra þjófnaða á meðan nágrannaþjóðirnar byggja upp menningu, velferð og hagsæld á manneskjulegum grundvelli."

Þetta eru hörð orð en engu að síður sönn. Alþingi Íslendinga og samtök launafólks standa máttvana gagnvart því óþurftarliði sem sölsað hefur undir sig afrakstur þeirrar vinnu sem launafólk leggur fram, oft miklu meiri vinnu en sanngjarnt er og hollt getur talist. Vinnuþrælkun hefur dregið úr baráttuþreki launþega til að standa vörð um sjálfsagðan rétt sinn til lífvænlegra launa og lamað sjálfsvitund þeirra og réttlætiskennd.

Þær raddir heyrast ekki lengur, ekki einu sinni hjá forustumönnum launþega, að menn eigi að geta lifað af dagvinnulaunum. Þess í stað hafa sérhagsmunahópar innan launþegasamtakanna leitað hinna ólíklegustu leiða til tekjuaukningar og þá allra leiða annarra en einfaldlega þeirrar sjálfsögðu kröfu um mannsæmandi laun fyrir dagvinnu.

Þannig hefur verkalýðshreyfingin látið mola sig niður innan frá og lama sig gagnvart þeim sem fjármagnið eiga þar til svo er komið að forustumenn launþegasamtakanna og ráðherrar ríkisstjórnarinnar deila um það af alvöru hvor aðilinn hafi haft síðasta frumkvæðið um að halda lífskjörum íslenskra fjölskyldna undir fátæktarmörkum.

Stór hluti Íslendinga bruðlar með fé launþega af fullkomnu blygðunarleysi og Alþingi gerir ekki tilraun til að stöðva það. Einn hluti landsmanna kemst upp með að svíkja fé út úr öðrum hluta þeirra eins og honum best hentar og sækir síðan þjónustu samfélagsins í vasa launþega án þess að leggja sinn skerf fram til sameiginlegra sjóða.

Þegar svo hart er gengið að fátækasta hlutanum, að hann verður að leita hjálpar samfélagsins hér í borg Davíðs, fær hann stimplaðan úttektarmiða til að sýna í verslunum. Hvers eiga börn þessa fólks að gjalda? Verða aðrar og minni kröfur gerðar til þeirra þegar þau taka sér stöðu sem fullvaxnir einstaklingar í þjóðfélaginu? Er þá ekki rétt að brennimerkja þá svo ekki fari á milli mála hvernig aðstæður þeirra voru í uppvextinum? Ég spyr.

Herra forseti. Fátækt er rót hins illa. Ég er hrædd um að hv. þm. Árni Johnsen verði að gera sér grein fyrir því að ef Íslendingar þyrftu að liggja úti þá er kalt hér, þá yrðu þeir hvorki fátækir né ríkir. (**ÁJ:** Það er ekki langt síðan það var.) Henni fylgir umkomuleysi og örvænting, öryggisleysi sem er hættulegt ungum börnum og þar

með framtíð þessarar þjóðar.

Ég vil lýsa því yfir að ég skammast mín. Ég skammast mín fyrir að sitja hér á hinu háa Alþingi sem fulltrúi þess flokks sem vinna vill að réttlátri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og verða vitni að því hvernig unnið er markvisst að hnignun þessa þjóðfélags með látlausum árásum á þá sem unnið hafa þessu þjóðfélagi lengstan vinnudag og vinna þær afurðir sem mestan arð og auð skapa því óþurftarfólki sem arðinn hirðir síðan. Milli þessara aðila er sáttargerð fáránleg. Launþegar eiga í stríði við arðræningjana en ekki hver við annan. Þeir eiga sjálfir að gefa ríkisstj. skömmtunarseðla á vald hennar í framtíðinni.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það verður að harma að ekki skuli vera hægt að tala um svona alvarleg og viðkvæm mál öðruvísi en með ásökunum og æsingi sem öllum ætti að vera ljóst að leysa engan vanda.

Hér var spurt um það hvort þær upplýsingar, sem komu fram á þessari ráðstefnu, hefðu komið mér á óvart. Ég get svarað því að þær komu mér ekki á óvart vegna þess að ég hef það starf, eins og allir hv. alþm. vita, að tala við fólk sem á við alls konar vandamál að stríða. Þess vegna þekki ég málið ósköp vel.

Það var líka spurt að því hvort niðurstaða þessarar ráðstefnu hefði verið rædd í ríkisstj. Hún hefur verið rætt í ríkisstj. og það hefur verið tekin sú ákvörðun að fela Þjóðhagsstofnun, einnig með tilvísun til þeirra atriða sem hafa komið fram hjá kjararannsóknarnefnd, að gera ítarlega úttekt á því hvort þessar upplýsingar eru réttar eða ekki og fá þær meira sundurliðaðar, þannig að hægt sé að draga af þeim ályktanir sem allir yrðu þá að taka mark á.

Ég vil segja það hér í þessum ræðustól að mér finnst að það væru mjög eðlileg viðbrögð hv. alþm. að kynna sér þessi mál þannig að það væri byggt á raunverulegri úttekt og nota þá aðstöðu sem við höfum. Það hefur aldrei komið fram í þessum umræðum sú sérstaða sem er hér á landi að hér þekkist nánast ekki atvinnuleysi. Við erum ein af þeim þjóðum sem eru svo hamingjusamar að þær búa við það ástand að hjá þeim er ekki atvinnuleysi, það hafa allir atvinnu. Þetta er ekkert smáatriði inni í þessari umræðu. Þess vegna ætti að vera miklu meiri möguleiki hjá okkur sem þjóð að koma í veg fyrir það að svona þjóðfélagshópar skuli vera til, bæði í gegnum atvinnuöryggið og ekki síður í gegnum það almannatryggingakerfi sem við höfum byggt upp og er eitt það dýrasta sem við þurfum við að glíma í okkar fjárhagskerfi.

Ég held að það væri mjög eðlilegt að alþm. sameinist um það, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, að leggja sitt af mörkum til að láta endurskoða þetta kerfi þannig að það skili þeim sem fyrst og fremst þurfa á þessum bótum og þessum samfélagslegu aðgerðum að halda sómasamlegu viðurværi. Því miður gerir almannatryggingakerfið það ekki í dag. Það er einn þáttur í þessu.

Ég tel að það sé af hinu góða í sjálfu sér að þessar umræður hafa átt sér stað. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, við þurfum að endurskoða framfærslulögin, en við þurfum einnig að koma því betur til skila til þeirra sem sjá um kjarasamninga hér á Íslandi að það verði nú gengið í raun að því að hífa þá upp sem eru í lægstu flokkunum á kostnað hinna, ef ekki er um annað að ræða. Það held ég að hafi því miður gleymst í öllum þessum umræðum og miklu samningum sem fara fram á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta verður að byggjast á haldgóðum og raunhæfum upplýsingum og þær upplýsingar verður hægt að fá. Ég endurtek: Það er verið að vinna að þessari úttekt núna í gegnum Þjóðhagsstofnun.

Jafn réttur til fræðslu, þáltill. 304. mál (þskj. 568). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. á þskj. 568, um jafnan rétt til fræðslu og skipulag fræðslu í landinu óháð námsleiðum og námsstigum. Flm. auk mín eru hv. þm. Ellert B. Schram og Karvel Pálmason.

Miklar og víðtækar hræringar hafa átt sér stað í skólamálum á Íslandi undanfarna tvo áratugi. Á þeim tíma hefur oftlega verið rædd nauðsyn þess að skipulagslegum lágmarksforsendum yrði fullnægt, þannig að fólk gæti örugglega neytt réttar síns. Hvernig þessar skipulagslegu forsendur ættu að líta út hafa menn hins vegar í gegnum tíðina alls ekki orðið sammála um.

Menn hefur greint á um það að hve miklu leyti þörf er á að njörva allt niður hvað viðkemur skólamálum í smáatriðum í lagabálka, allt til þess að hafa um þau einfaldan ramma. Ekki hefur þess vegna orðið neitt úr því enn sem komið er að lög hafi séð dagsins ljós. Hefur það staðið menntakerfinu fyrir þrifum að við eigum ekki til löggjöf um hvert námsstig og námsleið fyrir sig.

Ég tel að sú þróun, sem átt hefur sér stað í menntamálum hér á landi, sýni betur en nokkuð annað að það sem í reynd vantar er menntastefna, heildstæð menntastefna en ekki sérstakur lagabálkur um sérhverja leið og/eða stig. Það sem hefur flækt málin verulega er hvernig kostnaðarhlutdeild ríkis og sveitarfélaga skuli varið. Að öðru leyti virðast menn hafa getað leyst málin að flestu eða öllu leyti án verulegrar lagaíhlutunar. Þar hafa reglugerðir verið settar og þjóna þeim tilgangi að halda mönnum við efnið.

Frá setningu fræðslulaga frá 1946 og fram á 7. áratuginn var fræðslukerfi landsins í býsna föstum skorðum. Síðan hefur mikið umrót átt sér stað í menntakerfinu öllu og virðist ekkert lát þar á. Þar eru aðallega fimm atriði sem standa upp úr:

Það fyrsta er að setning grunnskólalaganna á sínum tíma markaði þáttaskil. Með þeim var reynt að fallast á það grundvallarsjónarmið að mismunandi aðstæður nemenda félagslega séð eða á annan hátt skyldu ekki ráða því hvernig nemendum vegnaði í skóla. Skyldi í staðinn reynt að koma til móts við mismunandi þarfir hvers og eins. Sérstæði námsgreina var afnumið og leitað nýrra leiða að settum markmiðum. Opni skólinn svokallaði er liður í þessari viðleitni og árangurinn lætur ekki á sér standa. Sýning nemenda í Fossvogsskóla í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar talar sínu máli um það.

Annað atriði má nefna, sem er að á 7. áratugnum stórefldist Háskóli Íslands og síðan hefur verið haldið áfram uppbyggingu hans og þróun.

Í þriðja lagi má taka til að í framhaldsskólunum hafa víðáttur opnast. Áfangakerfi var tekið upp 1972 og

öldungadeildir tóku til starfa 1973. Sama ár var í fyrsta skipti undirritaður samningur milli sveitarfélags og menntmrn. um stofnun fjölbrautaskóla. Fjölbrautaskólar utan Reykjavíkur hafa orðið miðstöðvar framhaldsnáms í fræðsluumdæmunum.

Í fjórða lagi hefur mikil umræða verið um opinn háskóla sem væntanlega verður öllum opinn og til dreifðra byggða munu boðin berast á öldum ljósvakans. Það fjarnám leysir þannig hefðbundna kennslu í skólastofunni að einhverju leyti af hólmi.

Fimmta atriðið í þessu eru þeir bréfaskólar sem starfað hafa með miklum blóma og hvers kyns fræðsla í skólum eða á námskeiðum hjá verkalýðshreyfingunni, í frjálsum félögum eða einkaskólum svo að dæmi séu tekin. Af þessari upptalningu má ráða að ekkert virðist fá stöðvað þá þróun sem nú á sér stað og verður að öllum líkindum kröftugri í framtíðinni.

En þá er næst að spyrja: Hvað hefur ýtt þessu öllu úr vör og hver er undiraldan? Ég tel að fyrst og fremst hafi verið um að ræða áhuga skólafólks. Skólar hafa verið reknir án þess að mikil lagaboð hafi þurft að koma til. Hætt er við að ekki hefði verið eins djarflega gengið fram ef fyrst hefði þurft að setja lög um hvert skref. Með frjálsu samstarfi skólamanna, kennara, stjórnenda og nemenda hafa menn fundið skynsamlegar leiðir. Stuðst hefur verið við reglugerðir, t.d. um rekstur fjölbrautaskólanna. Það er álit okkar, sem að tillögunni stöndum, að ef skólinn á að vera lifandi og í tengslum við umhverfi sitt sé ekki ráðlegt að njörva skólakerfið á þrönga lagabása. Til þess eru hræringar of miklar. Skólar kalla á sífellda breytingu.

Skólamönnum er ætlandi og treystandi til að taka tæknina í þjónustu sína til að ná til allra jafnt sem notfæra vilja sér þjónustu skólans. Með því móti ætti að vera unnt að stunda framhalds- og háskólanám hvar sem er og þannig unnt að ýta undir lifandi skólakerfi þar sem meiri samfella skapaðist í skólagöngunni. Leiðirnar til fræðslu og menntunar verða hins vegar að vera betur afmarkaðar en þær eru í dag.

Með samræmingu laga um fræðslu, hvort heldur er um hefðbundna skólagöngu í grunnskóla eða framhaldsskóla að ræða sem og hvers kyns sérnám, starfsnám, endur- og eftirmenntun, frjálst nám og námskeið, t.d. í tengslum við atvinnulífið, verður að kveða nánar á um námsleiðir. Jafnframt þarf að tryggja og opna leiðir þeim aðilum sem sinna vilja fræðslu í landinu, hvort sem þeir aðilar vilja fara hefðbundnar leiðir eða þræða ókunna stigu. Lög, sem þessi þál. gerir ráð fyrir að verði að veruleika, tryggðu þannig rétt fólks fyrir mismunandi leiðir til náms og gerðu ráð fyrir ákveðnum námsstigum.

Það er við hæfi að benda á að fyrir hv. Alþingi liggur frv. til sveitarstjórnarlaga. Þar er kveðið á um ýmis nýmæli í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. En eins og ég gat um fyrr í máli mínu hefur fjárhagshlið skólakerfisins einmitt verið ljár í þúfu fram að þessu. Hvers vegna er þessi kostnaðarskipting ekki sett inn í þau lög, lög sem fjalla hvort eð er um verkaskiptingu þessara aðila og hins vegar svo í fjárlög? M.a. er það þetta atriði sem hvað eftir annað hefur komið í veg fyrir að frv. að framhaldsskólalögum hafi náð fram að ganga.

Spyrja má í framhaldi af því hvort ekki sé ástæða til að fara hægt í sakirnar, skoða nánar hvað gert hefur verið fram að þessu og spyrja: Hvernig hefur t.d. til tekist með framkvæmd grunnskólalaganna? Þá þarf einnig að athuga að á framhaldsskólastigi hafa verið starfræktir tilraunaskólar en aldrei verið kannaður árangur tilraunanna.

Í þessu sambandi vil ég, með leyfi herra forseta, lesa upp úr lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Þetta eru lög nr. 14/1973 sem fjalla um hin einföldustu atriði. Í 1. gr. þeirra segir:

„Heimilt er menntmrn. og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur er hafa lokið skyldunámi og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum."

Þrátt fyrir að ekki sé um meiri eða víðtækari lagatexta að ræða hafa þessir skólar þróast áfram. Skortur á lagabálkum virðist því ekki hafa hamlað skólastarfi í landinu. Það er hins vegar kominn tími til að hv. Alþingi lýsi yfir vilja sínum um að allir skuli sitja við sama borð í þessu landi hvað varðar réttinn til fræðslu. Til þess að svo megi verða er að mati flm. hyggilegt að kveða nánar á um námsleiðir. Þess vegna er það að hér er í raun og veru gerð tillaga um að sett verði rammalöggjöf um fræðslu- og menntakerfi sem við Íslendingar ætlum okkur að bjóða upp á. Með því móti fjallaði Alþingi um það að hér væri í gildi fræðslulöggjöf sem væri samfelld og heilstæð en gæfi jafnframt færi á þeim sveigjanleika sem nauðsynlegur er til þess að geta rúmað breytilegar þarfir og aðstæður hverju sinni. Slík löggjöf gæti innihaldið hlutverk og markmið fræðslunnar og enn fremur þyrfti að koma fram stefnumörkun stjórnvalda um jafnan og óskiptan rétt fólki til handa um að afla sér menntunar. Þetta telja flm. vera það sem slík rammalöggjöf þyrfti að rúma. Á þeim lagagrunni byggðust síðan reglugerðir sem spönnuðu kerfisbundið hverja námsleið og námsstig.

Vitaskuld er flm. ljós sú staðreynd að ef slík leið verður farin kostar það að menn verða að hugsa upp á nýtt. Þeir verða að gera sér ljóst að verið getur að lagabálkar, sem áður hafa verið gerðar kröfur um að settir verði, eru ekki endilega nauðsynlegir og geta hugsanlega staðið í vegi fyrir þróuninni. Það nægir að benda á að umfram fjölbrautaskóla er sjúkraliðaskólinn einnig rekinn á reglugerð sem á sér þá stoð eina í lögum að um sjúkraliða segir svo í hjúkrunarlögum frá 1974, með leyfi forseta:

„Heimilt er að þjálfa sjúkraliða til aðstoðar við hjúkrun og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð." Þrátt fyrir þá staðreynd að þessi skóli á sér aðeins þessa stoð í lögum virðist það síður en svo hafa hamlað skólanum að gegna því hlutverki sem honum var frá upphafi ætlað og hefur sá skóli þróast með eindæmum hratt og vel. Þess vegna er ljóst að slík rammalöggjöf, sem þessi ályktun gerir ráð fyrir, verður til þess að gera auðveldara það sem skólamenn hafa fram að þessu tekið höndum saman um að þróa, og á ég þá við þau grundvallarmarkmið sem framhaldsskólakerfið hefur starfað eftir fram að þessu. Með því að slík stefna yrði lögfest gæti endurskoðun námsefnis og þeir valkostir, sem bjóðast í nýjum námsleiðum hverju sinni, gerst án lagabreytinga. Þannig er á auðveldan hátt hægt að stuðla að því að fræðslan verði sem víðtækust og nái til allra þeirra þátta sem nútímaþjóðfélag gerir ráð fyrir hverju sinni. Slík rammalöggjöf yrði

þar með til þess að búa svo um hnútana að þróun þjóðfélags hvers tíma eigi ætíð greiða leið þar um.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vald í íslensku þjóðfélagi, þáltill. 331. mál (þskj. 610). — Fyrri umr.

Flm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Við sex þm. Framsfl. höfum leyft okkur að flytja eftirfarandi till. til þál., sem svo hljóðar, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi. Könnunin skal fólgin í því að rannsaka og greina hvernig háttað er völdum og valdahlutföllum stofnana og samtaka, bæði opinberra og óopinberra.

Könnun þessari skal lokið innan þriggja ára og niðurstöður hennar kynntar á Alþingi."

Þessi till. er næsta einföld í framsetningu. Þar segir að ríkisstj. skuli hlutast til um að fram fari könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi, að rannsakað verði og greint hvernig háttað er völdum og valdahlutföllum stofnana og samtaka, opinberra og óopinberra.

Í stuttri grg. er lagt til að Háskóla Íslands verði falið að gera könnun þessa og minnt á hve innan hinna ýmsu deilda hans er mikil sérþekking fyrir hendi á öllu því er lýtur að tæknilegri og fræðilegri rannsókn á þjóðfélagi.

Hugtakið vald nær yfir mörg atriði mannlegs samfélags. Vald hefur verið skilgreint sem stjórn eins á öðrum eða möguleikar eins til að koma fram vilja sínum þrátt fyrir andspyrnu. Í hugum margra er vald tengt ofbeldi og stundum talið vera nær því hið sama og yfirgangur og kúgun. Vissulega birtist vald stundum á þann hátt, en miklu oftar er því beitt í samræmi við þau lög og þær reglur sem þjóðfélagið hefur sett sér. Stofnanir hvers mannlegs samfélags eru valdastofnanir þar sem reglur eru settar, atferli einstaklinga og hlutverk hópa afmarkað. Félög og samtök fara með vald af ýmsu tagi þótt oft og tíðum sé erfitt að greina áhrif þeirra í fljótu bragði.

Það er ekki einvörðungu innan stjórnskipunarinnar sem um völd er að ræða. Uppeldiskerfið er þýðingarmikill valdhafi. Innan heimila og í skólum er völdum beitt á margvíslegan hátt. Fjölmiðlarnir móta stóran hluta þjóðarinnar og hafa þannig gífurleg völd, fyrst og fremst með því að velja fyrir fólk fréttir, skemmtiefni og menningarviðhorf.

Þegar rætt er um vald í þjóðfélaginu er í senn átt við beint lagalegt og réttmætt vald ríkisins og þeirra stofnana þess, sem falið er að fara með vald, og hið óbeina vald sem fólgið er í samtökum, fjölmiðlum og uppeldisstofnunum þar sem fjallað er um hagsmuni, innrætingu og mótun viðhorfa. Vald getur einnig verið dulið í siðum og erfðavenjum, trú og hjátrú.

Með þessum fáu orðum vil ég einungis benda á það sem helst ber að kanna. Aðferðirnar geta verið margvíslegar, en miða þó að því eina markmiði að fá glögga mynd af lýðræðisskipun okkar og þeim öflum sem leynt og ljóst taka þátt í þjóðfélaginu. Íslenskt þjóðfélag er fámennt, reyndar eitt af fámennustu menningarsamfélögum í heimi hér, en þrátt fyrir það harla flókið og margbrotið. Við vitum mjög margt um þetta samfélag okkar, en margt er þó á huldu um gerð þess og innviði. Það er skoðun flm. að könnun á valdi og valdastofnunum sé til þess fallin að auka til muna þekkingu okkar á íslensku þjóðfélagi og að sú þekking sé forsenda ýmissa umbóta. Þekking og skilningur á þjóðfélagsaðstæðum auðveldar allar ákvarðanir til hagsbóta fyrir land og lýð. Ekki er ég með þessu að segja að upp verði byggt vísindalegt samfélag, heldur hitt að því meiri þekkingu sem við höfum á eigin þjóðfélagi, þeim mun meir aukast líkurnar á því að okkur takist að forðast mistök í lagasmíð um þjóðfélagsmál.

Íslendingar hrósa sér oft af því að hafa útrýmt misrétti, fátækt og kúgun í landi sínu. Ýmislegt er rétt í þessum fullyrðingum en stundum hættir okkur til að taka fulldjúpt í árinni. Spurningarnar vakna hver af annarri. Er jafnréttið svo algert sem við viljum trúa? Er búið að útrýma fátækt á Íslandi? Er engin kúgun á landi hér? Hver og einn verður að svara fyrir sig og bera fram nýjar og nýjar spurningar.

Það er einmitt einkenni á lýðræðisskipun þeirri, sem við aðhyllumst, að sífellt er verið að rýna í veruleika þjóðfélagsins, leita orsaka þess sem miður fer og reyna að bæta það. Í opnu lýðræðisríki er það skylda þegnanna að fá sem gleggstar upplýsingar um allt það er máli skiptir um þekkingu og skilning á því hvernig háttað er virkni þjóðfélagsins, þ.e. þeim öflum sem mestu ráða um hag og heill hvers og eins. Það er t.d. næsta augljóst að fátækt og misrétti er tilkomið vegna einhvers konar valdbeitingar, beinnar eða óbeinnar. Skipting þjóðarauðsins verður til vegna valdboða af margvíslegu tagi með sköttum, framlögum, launum o.s.frv., o.s.frv. Fátækt á Íslandi er ekki tilkomin vegna lágra þjóðartekna heldur vegna ýmissa annarra orsaka sem rík ástæða væri til að kanna nánar. Misrétti er vegna valdbeitingar og valdskiptingar sem hyglir einum á kostnað annars.

Við lifum í opnu þjóðfélagi og viljum forðast að loka því á nokkurn hátt. Forsendur þess eru að við séum ætíð reiðubúin að standa vörð um lýðræðið, málfrelsið, félagafrelsið, skoðanafrelsið. Við viljum láta þúsund blóm spretta. En við viljum einnig vita sem mest um alla innviði þjóðfélagsins, þekkja þau öfl sem þar eru að verki, bæði hin jákvæðu og neikvæðu, valdið í öllum sínum myndum, öllum sínum birtingarformum, og ekki síður hið leynda, dulda vald, það sem við tökum ekki eftir, áttum okkur ekki á. Valdið er lykillinn að mörgum gátum okkar.

Um þessar mundir er margt rætt um innra öryggi ríkisins. Til athugunar er að efla öryggisvörslu hér á landi og talið að Íslendingar eins og aðrar þjóðir verði að búa sig undir hugsanlegar aðgerðir gegn ríkinu og lykilmönnum þess eða með öðrum orðum: Allur er varinn góður. Sterkasta vörnin í sérhverju lýðræðisríki er að þjóðin sé samhuga um allt það er mestu máli skiptir, að verja sjálfstæði sitt og frelsi til athafna. En til þess að svo megi verða hlýtur það að verða meginmarkmið allra stjórnmálamanna að útrýma misrétti og ójöfnuði fólksins í landinu og sjá til þess að þjóðarauði sé réttilega skipt. Í því felst besta vörnin út á við og inn á við.

Herra forseti. Þáltill. þessi gerir ráð fyrir ítarlegri könnun á ýmsum mikilvægum atriðum í þjóðfélagsskipun okkar. Hún snertir kjarnann í margvíslegri

stjórnun og þar með lýðræðisskipun okkar. Það er von mín að þessi till. hljóti greiða leið í gegnum hið háa Alþingi.

Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn. og framhaldsumræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Trjárækt í þéttbýli, þáltill. 354. mál (þskj. 645). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. á þskj. 645 til þál. um trjárækt í þéttbýli. Auk mín eru flm. þáltill. þeir Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson og Guðmundur H. Garðarsson. Ég les till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að eiga frumkvæði að samstarfi ríkisins, Sambands ísl. sveitarfélaga og Skógræktarfélags Íslands um gerð áætlunar til næstu fimm ára um trjárækt í og við þéttbýli um land allt. Verði það m.a. markmið skógræktaráætlunar þessarar að gróðursett verði árlega a.m.k. eitt tré fyrir hvern íbúa í sveitarfélögum landsins. Skal ríkisstjórnin skipa þrjá menn af sinni hálfu í samstarfsnefnd til að vinna að þessu verkefni í samvinnu við sveitarfélög landsins og Skógræktarfélag Íslands."

Markmið þessarar till., herra forseti, er m.ö.o. að hvetja til aukinnar trjáræktar um land allt á næstu árum í og við þéttbýli.

Skógrækt hefur um langan aldur verið mörgum landsmönnum hugðarefni. Með skógrækt má segja að tvennt vinnist: Hún bætir landið og hún fegrar það jafnframt. Enn eigum við landinu mikla skuld að gjalda. Frá upphafi landnáms til þessa dags telja vísindamenn að um það bil helmingur gróðurlendis og jarðvegs landsins hafi tapast. Og enn á sér gífurleg eyðing stað á ári hverju. Þó hefur mikið áunnist við uppgræðslu lands á síðari árum og skógrækt hefur aukist allhröðum skrefum. En fjarri er því að landið beri nú þann svip og yfirbragð sem fyrr á öldum er skógar brugðu á það grænum blæ milli fjalls og fjöru.

Það er skoðun flm. þessarar till. að tímabært sé að hefja nú nýtt átak í skógrækt og beina því að þessu sinni fyrst og fremst að trjárækt í þéttbýli. Þar býr mikill meiri hluti þjóðarinnar og trjárækt þar er ein besta og ódýrasta aðferðin til þess að fegra og bæta umhverfi fólksins í landinu.

Þótt víða sé mikil trjárækt í görðum í íbúðarhverfum um land allt skortir þó mikið á að hið sama verði sagt um svæði sem ætluð eru til almenningsnota eða svæði við opinberar byggingar. Á það við um lóðir skóla, sjúkrahúsa og vistheimila m.a., en einnig er full ástæða til að efla skógrækt á iðnaðar-, íþrótta- og miðbæjarsvæðum og við vistgötur sem nú verða æ fleiri. Á slíkum svæðum er unnt að skapa skjól og vinalegt umhverfi með trjá- og runnagróðri.

Því hefur verið haldið fram að útivera og tengsl við óspillta náttúru sé félagsleg frumþörf. Og með því að fullnægja henni sé unnt að draga úr ýmsum vandkvæðum sem fyrir koma í þéttbýli nútímans. Þetta er ein af ástæðum þess að allar menningarþjóðir rækta tré við híbýli sín. Trjágróður veitir skjól, fegrar umhverfi, skapar öryggiskennd og dregur úr hávaða. Þannig er reynt að vinna gegn þeim ókostum sem fylgja vaxandi þéttbýli, auknum hraða og ópersónulegri samskiptum. Umhverfið þarf að móta að ólíkum þörfum og athöfnum. Í þeim efnum er þáttur trjáræktar mikilsverður eins og sjá má glöggt sums staðar hérlendis og víða erlendis.

Á því leikur ekki vafi að hér á landi er mikill og vaxandi áhugi á skógrækt. Mikilsvert er að beina þessum áhuga í réttan farveg og virkja hann eftir því sem kostur er. Þess er freistað með þessari þáltill. sem hér er fram borin. Hér er gert ráð fyrir að gerð verði áætlun til næstu fimm ára um trjárækt í og við þéttbýli um land allt. Markmið hennar er að gróðursett verði árlega a.m.k. eitt tré fyrir hvern íbúa í sveitarfélögum landsins. Hér er um raunhæft markmið að ræða og ekki of geyst af stað farið í upphafi, enda þarf þess að gæta. Hins vegar er ljóst að ef slík áætlun nær fram að ganga verður ólíkt fegurra um að litast í bæjum og kauptúnum hér á landi eftir nokkur ár, og er þá ótalið það skjól og sú landbót sem skógræktin ávallt skapar.

Gert er ráð fyrir því í þáltill. að framkvæmdaaðilarnir í þessum efnum verði fyrst og fremst sveitarfélög landsins, sem mörg hafa þegar sýnt mikinn áhuga á skógræktarmálum, og Skógræktarfélag Íslands. Hafi ríkisstjórnin forgöngu um þetta samstarf en af hennar hálfu mun þar ugglaust fyrst og fremst koma til kasta Skógræktar ríkisins.

Mjög æskilegt væri að tengja þetta trjáræktarátak starfi hinna mörgu áhugamannafélaga um land allt eftir því sem kostur er á hverjum stað, auk þess sem samtök ungs fólks munu tvímælalaust reiðubúin til að leggja hér hönd á plóginn.

Þess má geta hér að lokum að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa þegar beint þeim tilmælum til sveitarstjórna að gert verði átak í trjárækt þar í líkingu við það sem hér er fjallað um og lagt til að taki til landsins alls. Er með því skapaður góður grundvöllur fyrstu aðgerða á þessu sviði.

Ég hef lokið, herra forseti, hér að gera grein fyrir þessari þáltill. Ég vil leyfa mér að leggja það til að að lokinni umræðu um hana hér í Sþ. nú verði henni vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þinghlé.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þessi fundur er síðasti fundur Alþingis fyrir páskahátíðina sem nú er að ganga í garð. Næsti fundur Alþingis verður þriðjudaginn 1. apríl.

Með því að þetta er síðasti fundur fyrir páskaleyfi óska ég öllum alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegra páska.

Fundinum er slitið.

Efnisskrá.

Byggingarkostnaður nýs útvarpshúss (335. mál) 3325.
Eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu (349. mál) 3327.
Fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll (101. mál) 3312.
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (352. mál) 3320.
Hitaveita Reykjavíkur (105. mál) 3270.
Hringrot í kartöflum (324. mál) 3322.
Iðnaðarlög (88. mál) 3271.
Jafn réttur til fræðslu (304. mál) 3338.
Lausaskuldir bænda (365. mál) 3274.
Nýting mjólkur í matvælaiðnaði (340. mál) 3327.
Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála (300. mál) 3275, 3280.
Réttaráhrif tæknifrjóvgunar (143. mál) 3326.
Sala jarðarinnar Streitis (341. mál) 3272.
Sala mjólkur til Grænlands (346. mál) 3318.
Sjóðir atvinnuveganna (339. mál) 3259.
Sláturhús á Fagurhólsmýri (283. mál) 3315.
Stofnlánadeild landbúnaðarins (364. mál) 3274.
Tilhögun þingfunda 3312.
Trjárækt í þéttbýli (354. mál) 3343.
Umræður utan dagskrár 3327 (framkvæmd framfærslulaga).
Útflutningur hrossa (337. mál) 3275.
Vald í íslensku þjóðfélagi (331. mál) 3341.
Varnir gegn kynsjúkdómum (91. mál) 3257.
Verkfræðingar (312. mál) 3257.
Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands (372. mál) 3280, 3284, 3299, 3309, 3312.
Þinghlé 3344.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3312, 3344.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3259, 3312.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3320, 3322, 3328, 3337.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 3315.
Landbrh. Jón Helgason 3269, 3274, 3280, 3284, 3299, 3316, 3319, 3323, 3324.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 3325.
Árni Johnsen 3333.
Davíð Aðalsteinsson 3257.
Egill Jónsson 3267, 3309, 3317.
Eiður Guðnason 3270, 3273, 3299, 3303, 3308, 3310, 3311, 3326.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3326, 3332.
Guðmundur Einarsson 3284, 3289, 3299.
Guðmundur J. Guðmundsson 3296.
Guðrún Agnarsdóttir 3283, 3292, 3318, 3320, 3331.
Guðrún Helgadóttir 3322, 3327, 3336.
Gunnar G. Schram 3343.
Haraldur Ólafsson 3334, 3341.
Helgi Seljan 3264, 3317.
Hjörleifur Guttormsson 3315, 3317.
Jóhanna Leópoldsdóttir 3310, 3320, 3322.
Jóhanna Sigurðardóttir 3329.
Jón Kristjánsson 3272, 3273, 3318.
Karl Steinar Guðnason 3257, 3312, 3315.
Karvel Pálmason 3292.
Kjartan Jóhannsson 3281, 3288.
Kolbrún Jónsdóttir 3310.
Kristín S. Kvaran 3338.
Ragnar Arnalds 3300, 3307, 3311.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3306.
Stefán Benediktsson 3258, 3299, 3304, 3332.
Stefán Valgeirsson 3285, 3322, 3324.
Steingrímur J. Sigfússon 3283, 3285, 3334.
Svavar Gestsson 3275, 3282, 3285, 3330, 3335.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3257, 3270, 3271.
Þórarinn Sigurjónsson 3325.

Sameinað þing, 66. fundur.

Þriðjudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Sendifulltrúi Íslands á Grænlandi, fsp. 305. mál (þskj. 569). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Næst okkur af öllum þjóðum landfræðilega séð eru Grænlendingar. Á þeim hálfa áratug sem liðinn er frá því að þeir fengu heimastjórn hefur nauðsynin á nánari samvinnu Íslendinga og Grænlendinga orðið mun ljósari en áður var.

Með útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur eru nú margir fiskistofnar orðnir sameiginlegir, sameiginleg eign þessara tveggja þjóða, og mikil nauðsyn á að þær sameinist um skynsamlega nýtingu þeirra. Nýir markaðir eru að opnast fyrir íslenskar vörur og verktakastarfsemi á Grænlandi og full ástæða er til að auka samvinnu þjóðanna á sviði menntunar og í menningarefnum, m.a. á þann hátt að bjóða ungum Grænlendingum skólavist hér á landi og starfsþjálfun. Af þessum sökum hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til utanrrh. á þskj. 569:

„Telur utanrrh. tímabært að skipaður sé sérstakur sendifulltrúi eða ræðismaður Íslands á Grænlandi til þess að annast samskipti þjóðanna á sviði viðskipta, menningar og stjórnmála og gæta hagsmuna okkar þar í landi?"

Það er ekki síst nauðsynlegt að skipa íslenskan fulltrúa á Grænlandi vegna hagsmuna okkar á sviði sjávarútvegsins, fyrst og fremst til að eiga samvinnu við grænlensk stjórnvöld um skynsamlega nýtingu hinna sameiginlegu fiskistofna. Þar má t.d. nefna að íslenskum veiðiskipum er hin mesta nauðsyn á að fá ákveðinn rækjukvóta og veiðirétt á Dohrn-banka þar sem rækjumiðin liggja beggja vegna miðlínunnar. Samningur hefur enn ekki verið gerður um veiðirétt okkar þar þótt við höfum óskað eftir viðræðum við Grænlendinga um málið. Þeir hafa á hinn bóginn lýst áhuga á því að Íslendingar tækju að sér landhelgisgæslu á svæðinu og vissulega er það atriði sem kemur til greina að við önnumst fyrir þeirra hönd, enda munu þeir vanbúnir í þeim sökum.

Í öðru lagi hefur enn ekki tekist að ná samningum um hlutdeild okkar og annarra nálægra þjóða í loðnuveiðunum á Jan Mayen-svæðinu. Þar hafa Grænlendingar óskað eftir 11% kvóta, Norðmenn eftir 13% kvóta, en Íslendingar hafa staðið fast á sinni kröfu um 85% loðnuveiðikvóta og samningar hafa ekki tekist. Það er augljós hagur af því fyrir íslenska útgerðarmenn að fá að stunda loðnuveiðar við Grænland, en hingað til hafa Grænlendingar veitt færeyskum skipum þessi réttindi.

Þá má minna á að Grænlendingar hafa fyrir nokkru gert mjög umdeildan samning við Japana um karfaveiðar við Austur-Grænland sem Efnahagsbandalagið hefur mótmælt, enda hefur það samning við Grænlendinga um veiðar á 55 þús. tonnum af karfa. Með þessu þarf greinilega grannt að fylgjast af okkar hálfu þar sem hér er um sameiginlegan stofn að ræða sem af fiskifræðingum er þegar talinn fullnýttur. Gæti vel komið til greina í framtíðinni að Íslendingar fengju heimildir til karfaveiða við Grænland gegn því að íslensk skip lönduðu aflanum í höfnum á Grænlandi. Það er einn möguleiki af mörgum sem hér koma inn í þessa mynd.

Laxveiðar í sjó við Grænland eru enn eitt málið sem snertir íslenska hagsmuni og þarf einnig að semja um frekari löndunarréttindi Grænlendinga í íslenskum höfnum, en þeir hafa sem kunnugt er landað hér aðallega í höfnum á Vestfjörðum.

Öll þessi mál sýna að nauðsynlegt er að sjónarmiðum Íslendinga í þessum efnum verði komið greiðlega á framfæri við grænlensk stjórnvöld, greiðlegar e.t.v. en hingað til hefur verið unnt að gera.

Ég hef hér fjallað fyrst og fremst um efnahagssamvinnu og samband okkar við heimastjórn Grænlendinga á efnahagssviðinu og sviði fiskveiða, en hér eru ótalin þau verkefni í viðskipta- og menningarmálum sem íslenskur fulltrúi á Grænlandi gæti unnið að í framtíðinni. Því er eðlilegt að athygli sé vakin á þessum málum hér á Alþingi og um það spurt hvort ekki sé tímabært að um skipan slíks íslensks fulltrúa verði að ræða á næstunni.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 2. þm. Reykn. vil ég segja þetta: *Að því er varðar fyrirsvar Íslands í Grænlandi er þess* fyrst og fremst að geta að staða Grænlands nú innan danska ríkisins er hin sama og staða Færeyja. Það má enn fremur víkja að því að í Færeyjum hafa nú 12–14 ríki kjörræðismenn, þ.e. ólaunaða ræðismenn. Þar hefur Ísland ræðismenn í Þórshöfn og í Klakksvík. Það er nú orðið ljóst að dönsk stjórnvöld eru reiðubúin að viðurkenna kjörræðismenn fyrir erlend ríki í Grænlandi, en svo hefur ekki verið til skamms tíma, og er því nú til athugunar í utanrrn. að skipa kjörræðismann fyrir Ísland og þá rætt um að það yrði í Nuuk eða á einhverjum öðrum stað á Suður-Grænlandi.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég þakka utanrrh. greið svör við fsp. minni sem ég bar hér fram um skipan íslensks fulltrúa á Grænlandi.

Það er ánægjuefni að heyra það, sem kom fram í svari hans, að í þessum efnum eru greinilega breytt viðhorf. Fram til þessa munu grænlensk stjórnvöld hafa verið mjög ófús að taka við erlendum sendifulltrúum til setu í landi sínu, en eftir því hefur verið mjög leitað af ýmsum þjóðum, m.a. Kanadamönnum. Nú virðast ný viðhorf komin upp í þeim efnum. Eins og fram kom í svari ráðherra stendur til og er í athugun að skipa íslenskan kjörræðismann í Nuuk eða jafnvel annars staðar á Grænlandi. Ég held, eins og ég sagði í mínum upphafsorðum, að þar væri um mjög þarft spor að ræða. Ekki síst á það við um ýmis viðhorf í viðskiptaefnum. Eins og kunnugt er selja íslensk fyrirtæki allar frystar fiskafurðir Færeyinga á Bandaríkjamarkaði. Það er eitt af þeim atriðum sem ég nefndi ekki í upphafi en kemur vitanlega til greina þegar við ræðum um viðskiptasamvinnu að því er varðar afurðir Grænlendinga.

En ég fagna því að skriður er loks að komast á þetta mál eins og upplýst var í svari hæstv. ráðh.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er í sjálfu

sér góð hugmynd og eðlilegt að rætt sé hvort tímabært sé og rétt að Íslendingar skipi fastan fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna og hafa samskipti á höndum við Grænlendinga. En ég vek athygli á að hér er um að ræða hluta af miklu stærra máli, sem er í þróun og meðferð þessa dagana, þessar vikurnar og þessa mánuðina, þar sem eru öll samskipti og vaxandi samstarf okkar við þessa grannþjóð á vegum ríkisstj., þjóðþings og embættismanna. Ég tel nauðsynlegt að fara hér fram með yfirvegun og rósemi og taka fullt tillit til sérstakra aðstæðna Grænlendinga, nýfenginnar heimastjórnar þeirra og ungs sjálfstæðis. Ég vil fyrst og fremst benda á nauðsyn þess að líta á þetta mál í samhengi við samvinnu og samstarf við þessa grannþjóð okkar yfirleitt.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni að hér er um hluta af miklu stærra máli að ræða sem verið er að vinna að. En ég vil ekki láta hjá líða að koma hér upp og hvetja utanrrh. til að hraða þessum þætti málsins, þ.e. skipun kjörræðismanns í Grænlandi, og vitna til kjörræðismanns okkar t.d. á Álandseyjum, en þar eigum við ágætan kjörræðismann sem ég held að hafi unnið mjög gott starf. Ég held að einmitt þessir ræðismenn geti verið okkur mjög gagnlegir.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem tveir síðustu ræðumenn sögðu. Það er einmitt sú nefnd sem skipuð var á s.l. ári undir forustu Péturs Thorsteinsson sendiherra sem fjallar um þessi mál í samhengi við annað það sem hér er um að ræða. Rétt er það að hér er um stærra mál að ræða en skipan í eina sendimannsstöðu. Ég tel það hins vegar mjög eðlilegt og rétt og til þess að auka á þessi okkar samskipti, sem við viljum hafa, að þannig sé að þessu máli staðið eins og ég gat um í upphafi.

Sendiráð í Japan, fsp. 306. mál (þskj. 570). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef á þskj. 570 leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til utanrrh. um stofnun sendiráðs í Japan:

„Hvaða áform eru uppi um stofnun sendiráðs í Japan sem hefði það meginhlutverk að annast markaðsleit fyrir íslenskar afurðir í Austur-Asíulöndum?"

Það þarf í sjálfu sér ekki, herra forseti, að fara mörgum orðum um tilefni þessarar fsp. Íslenska lýðveldið hefur komið á stofn sendiráðum í meir en tug ríkja. Þau eru öll í Evrópulöndum, hinum gömlu hefðbundnu viðskipta- og vinalöndum Íslendinga, og vestan hafs í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þróunin í viðskiptamálum og stjórnmálum í veröldinni hefur hins vegar tekið stórstígum breytingum á síðustu áratugum. M.a. er ein breytingin sú að mikilvægi Japans hefur farið mjög vaxandi fyrir okkur Íslendinga og íslenskan efnahag. Þá á ég bæði við innflutning frá því landi, en ekki síður útflutning íslenskra afurða til Japans.

Lítum á mikilvægi þeirra viðskipta. Ég nefni innflutninginn fyrst. Á árinu 1984 fluttum við inn vörur frá Japan fyrir um 1221 millj. kr. og á síðasta ári fyrir 1632 millj. kr. sem voru 4,4% af innflutningi. Til Japans fluttu Íslendingar 1984 fyrir 884 millj. kr. Á því varð mjög mikil aukning á síðasta ári. Þá voru fluttar íslenskar vörur til Japans fyrir 1672 millj. kr. Með því var Japan orðið eitt mesta viðskiptaland okkar og þangað fóru 5,3% af heildarútflutningi landsins.

Það er alveg ljós að mikilvægi markaðarins í Japan og raunar í Austur-Asíulöndum mun fara hraðvaxandi á næstu árum. Nú er málum svo háttað að við höfum ekkert sendiráð í Afríku né Asíu né Suður-Ameríku. Ég held, og það er tilefni þessarar fsp., að það sé kominn tími til þess að menn velti því af alvöru fyrir sér, bæði hér á Alþingi og ekki síður í ríkisstj. og þá fyrst og fremst í utanrrn., hvort ekki er orðið tímabært að opna sendiráð í Japan sem hyggi ekki aðeins að íslenskum viðskiptahagsmunum í því stóra landi, sem telur nokkuð á annað hundrað milljóna manna og er orðið mjög efnað land og ríkur markaður, heldur einnig í löndunum þar í kring.

Ég nefni mál sem er hér á dagskrá. Það er sala á hvalafurðum til Japans, umdeilt mál en sem hefur varðað okkur allmiklu. Útflutningur okkar á ýmsum fiskafurðum, svo sem loðnuhrognum, hefur og farið vaxandi. Einhver mesti markaður fyrir eldislax, sem er framtíðargrein Íslendinga ekki síður en Norðmanna, er einmitt Japan. Og þá eru ótaldir möguleikarnir á því að kanna markaði í nálægum löndum, eins og Kína sem nú er að opnast fyrir erlendum viðskiptum í mjög vaxandi mæli. Ég held að það væri því mjög tímabært að í það væri eytt því fjármagni sem þarf til þess að stofna sendiráð í Japan eða þá í einhverju nálægu landi, en vitanlega kemur þó það stóra land fyrst í hugann.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er skoðun mín að fjölgun sendiráða og starfsmanna í utanríkisþjónustunni eigi fyrst og fremst að taka mið af okkar viðskiptahagsmunum. Ég lét þess getið þegar ég tók við embætti utanrrh. að ég mundi beita mér fyrir athugun á þessu máli. Á næstu mánuðum verður kannað á hvern hátt sendiráðin verði best nýtt í þessu skyni og þá sérstaklega með eflingu þeirra þátta er snúa að viðskiptamálum fyrir augum. Þá kemur upp hvort og þá hvar æskilegt væri að setja á stofn ný sendiráð eða efla þau sem fyrir eru. Þá kemur Asía að sjálfsögðu mjög til greina, eins og hv. fyrirspyrjandi réttilega benti á, og það land, Japan, sem hann sérstaklega vék að, en þar höfum við mikla viðskiptahagsmuni bæði í sambandi við sjávarútveg svo og hitt, samskipti um hátækni og orku.

Það verður því á næstu mánuðum unnið að því í utanrrn. að komast að niðurstöðu um með hvaða hætti skynsamlegast er að standa að þeim hlutum sem m.a. fyrirspyrjandi hefur spurt um á þskj. 570.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég þakka utanrrh. fyrir greið svör við þessari fsp. minni um stofnun sendiráðs í Japan sem sinnti fyrst og fremst viðskiptahagsmunum Íslendinga.

Það var ánægjulegt að heyra þá yfirlýsingu ráðherra að við fjölgun sendiráða og fjölgun starfsmanna í utanríkisþjónustunni yrði á *næstunni fyrst og fremst* tekið mið af viðskiptahagsmunum. Ég hygg að þar höfum við orðið langt á eftir í samkeppninni við aðrar þjóðir. Sölumennska er Íslendingum greinilega ekki í blóð borin né nútíma markaðsfærsla. Það er orðið

fyllilega tímabært að á því verði breyting. Við stöndum Norðurlandaþjóðunum m.a. langt að baki. Þess vegna er ánægjulegt að heyra að það er lögð áhersla á þessi atriði nú þegar rætt er af hálfu utanrrh. um fjölgun sendiráða og stækkun utanríkisþjónustunnar.

Það er ekki nokkur vafi á því að þær 10–20 millj. kr. sem það kostar að halda úti sendiráði í Japan eða Kína muni borga sig margfalt aftur ef það sendiráð sinnir í meginmæli þeim verkefnum sem ég nefndi. Allar hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa fyrir löngu framkvæmt það sem hér er til umræðu í dag og haft af því mjög góða raun og góðan ábata. Þó að ólaunaðir kjörræðismenn, vinir Íslands vítt um heim, vinni oft og tíðum ágæt störf koma þeir aldrei í staðinn fyrir sendiráð og starfsemi sendiráðsmanna sem eru atvinnumenn í sínu fagi. Þess vegna er fyllilega orðið tímbært að í þeim stóra heimshluta sem Asía er og raunar Afríka líka, sem einnig hefði mátt gera að umtalsefni í þessu sambandi, verði staðsettir íslenskir fulltrúar vegna vaxandi viðskipta við þessar þjóðir á næstu árum.

Vandi vegna misgengis launa og lánskjara, fsp. 309. mál (þskj. 574). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Nýlega var rennt í gegnum þingið frv. um tollalækkanir á bílum. Fyrirstöðulaust flaug það í gegnum hið háa Alþingi eins og um stimpilstofnun væri að ræða, vel smurða og afkastadrjúga stimpilstofnun. Þetta frv. var flutt til að leiðrétta reiknidæmi sem efnahagssérfræðingar ríkisstj. höfðu reiknað skakkt.

Herra forseti. Hafi einhver haldið að þeim vísu mönnum gæti ekki skjátlast höfum við það svart á hvítu sem lög frá Alþingi að þeir eru mannlegir og þeim getur skjátlast. Sömuleiðis að þeir sem þiggja ráð þeirra eru ekki alltaf færir um að leggja gagnrýninn dóm á útreikninga sérfræðinganna, hvað þá að sjá fyrir feril eða afleiðingar hinna ýmsu efnahagsáætlana.

Í september 1983 samþykkti ríkisstj. áætlanir um að afnema verðbætur á laun án þess að beita svipuðum áhrifum til verðstöðvunar eða vaxtalækkunar. Allir þekkja afleiðingar þessarar ákvörðunar og hæstv. forsrh. hefur sjálfur viðurkennt að þetta hafi verið pólitísk mistök. Getur það verið að stjórnvöld hafi ekki í raun séð fyrir það misgengi milli kaupgjaldsvísitölu og lánskjaravísitölu sem af mundi hljótast? Getur það verið að ekki hafi verið fyrir því séð í hvert óefni slík ráðstöfun mundi leiða þá sem höfðu tekið verðtryggð lán og höfðu ekki annað til að greiða þau með en laun sín? Ekki er okkur ætlað að trúa því að efnahagssérfræðingarnir og stjórnvöld hafi á kaldrifjaðan hátt reiknað með því að þessi ráðstöfun mundi því miður koma verr niður á sumum fremur en öðrum og þeim yrði að fórna til að dæmið gengi upp. Getur það verið?

Nei, ég hallast miklu fremur að því að þarna hafi verið gerð mistök. Að vísu eru þessi mistök afleit, en okkur verða öllum á mistök. Nú er spurningin: Hvernig ætla stjórnvöld að bæta fólki upp allt það tjón og þann persónulega vanda sem þau hafa bakað því? Við skulum ekki gleyma því að það hefur verið eindregin og afdráttarlaus stefna annars stjórnarflokksins, Sjálfstfl., að menn skyldu eignast eigið húsnæði. Þessi stefna hefur í reynd orðið að nauðsyn mjög margra vegna þess hve fárra annarra kosta er völ hérlendis varðandi húsnæðisöflun og henni hefur verið hampað og haldið fram af lánastofnunum. Það fólk sem gegndi þessari herkvaðningu reiknaði út greiðslugetu sína, sneið sér stakk eftir vexti, tók lán og hófst handa við byggingu eða húsnæðiskaup. Það sem fólk sá ekki fyrir voru aðgerðir ríkisstj. haustið 1983 og það eru þær ráðstafanir fyrst og fremst ásamt síðari ráðstöfunum eins og vaxtahækkunum sem hafa leitt og leiða enn eigur manna á nauðungaruppboð og þá sjálfa í örvæntingu til okurlánara eða gjaldþrots. Því hef ég leyft mér að bera fram fsp., bæði til hæstv. félmrh. og fjmrh., á þskj. 574, sem er í tengslum við tvær aðrar fsp. um húsnæðismál sem ég flutti hér fyrir skömmu til hæstv. félmrh., en þessi fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur ríkisstj. hugsað sér að koma til móts við fólk, sem á í vanda vegna misgengis launa og lánskjara, með öðrum hætti en viðbótarlánum og skuldbreytingu? Er í ráði að greiða fyrir þessu fólki t.d. með skattaívilnunum sem drægju úr þeim áföllum sem fólkið hefur orðið fyrir?“

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á fundi í síðasta mánuði svaraði ég fsp. frá hv. 3. landsk. þm. um húsnæðismál þar sem var farið ítarlega inn á sama svið og hér er spurt um. Ég skýrði þar frá ýmsum ráðstöfunum sem ríkisstj. hefur unnið að og hafa verið í gangi. Ég skýrði frá starfsemi ráðgjafarstofnunar Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem núna er orðin að stofnun, og ég skýrði frá þeim lánum og ráðstöfunum sem beinlínis eru veitt í gegnum þessa stofnun til að greiða úr vanda fólks. Ég skýrði einnig frá því að það hefur verið ákveðið og er í framkvæmd að veita þessu fólki allt að 400 þús. kr. viðbótarlán til 31 árs með sömu kjörum og önnur lán í Húsnæðisstofnun, þ.e. með niðurgreiddum vöxtum, og ég rakti í máli mínu hvernig þetta hefur virkað. Ég skýrði frá samkomulagi við bankakerfið um breytingu á vanskilaskuldum og skammtímaskuldum í föst lán allt að átta árum og ég skýrði einnig frá því að ríkisstj. hefði á prjónunum að semja við bankakerfið um enn lengri lán.

Ég ætla ekki að rekja þetta hér, herra forseti, aftur. Þessi svör eru í þingtíðindum. Hins vegar vil ég bæta því við, vegna þess að hér er spurt um aðrar ráðstafanir, að þó að það þyki e.t.v. ekki stórt í þessum umræðum vil ég benda hv. þm. á að Alþingi samþykkti ný lög um breytingu á skattalögum nr. 118 þar sem var reynt að lagfæra nokkuð í skattafrádrætti það frádráttartímabil vaxta sem er á skammtímalánum og hefur verið mikið gagnrýnt í meðferð skattamála. Frádráttartímabilið var lengt úr þremur árum í fjögur ár og úr sex árum í sjö ár. Þetta var gert ásamt fleiri atriðum sem gera þetta skilvirkara í meðferð skattamála nú á þessu ári.

Hins vegar vil ég koma inn á það sem er kannske aðalatriðið. Það er í sambandi við þá samninga sem nýlega voru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins. Eitt í þeim samningum, sem tekur sérstaklega til þess sem hér er um spurt, er hugmyndin um sérstakan húsnæðisafslátt sem veittur yrði. Er sérstaklega tekið fram í þessu samkomulagi að þeir sem fá lánafyrirgreiðslu, þ.e. viðbótarlán til að greiða úr sínum málum, eigi rétt á húsnæðisafslætti, x kr. í y ár eins og þar stendur, talið frá byggingar- og kauptíma í stað vaxtafrádráttar ef menn kjósa það frekar, þ.e. þeir aðilar sem á árunum

1980 og síðar hafa átt í greiðsluerfiðleikum vegna húsbygginga eða húsakaupa. Í sambandi við einn aðalþáttinn í þessu samkomulagi, þ.e. þennan sérstaka húsnæðisafslátt, stendur, með leyfi forseta:

„Frá og með árinu 1986 verður þeim sem kaupa eða byggja í fyrsta sinn veittur húsnæðisafsláttur, x kr. á ári í y ár miðað við núgildandi verðlag. Afsláttur þessi miðast við hvern einstakling og dragist frá sköttum og getur verið útborganlegur. Jafnframt verði þak á afslætti í núverandi mynd 200 þús. kr. Þeir sem byggðu 1985 eða fyrr geta valið um það hvort þeir fylgja *núgildandi reglum eða nýjum reglum, enda verði þeirri* ákvörðun ekki breytt eftir að hún hefur verið tekin."

Það er skemmst frá því að segja að ríkisstj. féllst á það við aðila vinnumarkaðarins að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um þetta samkomulag varðandi húsnæðismálin þar sem þetta er eitt af þeim atriðum sem fjallað er um. Þessi nefnd tók strax til starfa og er stefnt að því að hún ljúki senn störfum þannig að það verði hægt að taka þessi mál til framhaldsmeðferðar á yfirstandandi þingi.

Ég tel mig ekki geta gefið neinar frekari upplýsingar um þetta mál að sinni, en væntanlega getur hæstv. fjmrh. skýrt málið nánar. En alla vega er þetta mál í meðferð og veit ég ekki annað en ríkisstj. sé sammála um að reyna að greiða úr þessu máli í samræmi við það sem aðilar vinnumarkaðarins komu sér saman um í þessum samningum.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það er ekki miklu við það að bæta sem fram kom hjá hæstv. félmrh. í svari hans við þessari fsp.

Það er rétt að misgengi milli launa annars vegar og lánskjaravísitölu hins vegar hefur valdið mörgum húsbyggjendum verulegum erfiðleikum, en það er líka rétt að fram komi hvers vegna þetta misgengi varð og á hvaða tíma það varð. Hv. fyrirspyrjandi hafði greinilega, svo sem fram kom í máli hans, ekki gert sér grein fyrir því.

Ástæðan fyrir því að misgengi varð á milli lánskjara og launa er fyrst og fremst sú að í tíð fyrri ríkisstj. fór stjórn efnahagsmála úr böndum og verðbólga æddi upp á við svo sem alkunnugt er. Launavísitalan hækkaði frá því í júnímánuði 1979 þar til í júnímánuði 1983 um 458%, í tíð fyrri ríkisstj. Lánskjaravísitala hækkaði á sama tíma um 556%, þ.e. lánskjaravísitalan hækkaði um 17,6% meir en launin á þessu tímabili.

Ef við tökum svo aftur þann tíma sem liðinn er frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum hefur launavísitalan hækkað úr 558 stigum í 1204 stig. Lánskjaravísitalan hefur hækkað úr 656 stigum í 1239 stig, þ.e. launavísitalan hefur hækkað um 116%, en lánskjaravísitalan um 117%. M.ö.o.: sú efnahagsstefna sem tekin var upp af núv. ríkisstj. hefur leiðrétt það misgengi sem varð í tíð fyrri ríkisstj. á milli launa og lánskjara. Það hefur á ný náðst jafnvægi á milli launa og lánskjara með þeim efnahagsráðstöfunum sem gerðar voru og þeirri efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið. Það er jöfnuður á milli launa og lánskjara frá því að þessi ríkisstj. tók við og fram til dagsins í dag. Misgengið varð í tíð fyrri ríkisstj.

Það er nauðsynlegt að hv. fyrirspyrjandi og aðrir hv. þm. átti sig á því hvers vegna þetta misgengi varð og á hvaða tíma. Aðalatriðið er að það hefur verið snúið frá þeirri efnahagsstefnu sem leiddi til þessa misgengis og það skiptir auðvitað mestu máli fyrr húsbyggjendur í þessu landi að þetta hefur gerst. Þar að auki hafa verið gerðar margvíslegar ráðstafanir með afturvirkum áhrifum til að koma til móts við þá sem urðu fyrir barðinu á efnahags- og félagsmálastefnu fyrrv. ríkisstj., margvíslegar ráðstafanir sem hæstv. félmrh. hefur greint frá og ég ætla ekki að endurtaka.

Það eru ekki uppi önnur áform um breytingar í þessu efni en nú eru til umræðu og athugunar í sérstakri nefnd sem fjallar um húsnæðismálin í samráði og samstarfi við Alþýðusamband Íslands í framhaldi af nýgerðum kjarasamningum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er einungis örstutt athugasemd.

Menn segja hér öðrum þræði: Það er búið að leiðrétta það sem aflaga hefur farið — eða: Það er hinum að kenna. Mér þykir það ekki vera kjarni málsins í þessu. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að ákveðinn hópur ungs fólks sérstaklega, sem leitaðist við að afla sér húsnæðis á síðustu árum, hefur orðið mjög illa úti. Ég ætla að vekja athygli á því í því samhengi að það hefur verið gert samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og við ríkisstj. um hvernig framtíðin eigi að líta út.

Menn segja: Framtíðin á að líta þannig út að menn fá lán til langs tíma fyrir stórum hluta af íbúðarhúsnæðinu. Framtíðin lítur líka þannig út að það er útlit fyrir betri afkomu í þjóðarbúinu sem betur fer en hefur verið að undanförnu. Fortíðin, hin fjærri fortíð, lítur hins vegar þannig út að menn eignuðust húsnæði með hjálp verðbólgunnar. Hér er skilinn eftir einn lítill hópur, sá sem var að reyna að eignast húsnæði á árunum 1980–1985. Hann er gerður gjaldþrota meira og minna. Þetta misræmi er kjarni málsins. Þetta misræmi, herra forseti, er það sem ég tel að menn eigi að taka á. Það gerist ekki með lánalengingum. Það kemur hvergi fram í þeim aðgerðum sem hafa verið boðaðar. Það hefur verið tekið af þessu fólki miðað við aðra þjóðfélagshópa. Ráðið getur ekki verið neitt annað en að skila aftur til þessa hóps með styrk eða hvað sem það heitir til þess að jafna metin við aðra hópa þjóðfélagsins.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er alveg ljóst að með ákvörðun ríkisstj. í maí 1983 var um að ræða gífurlegt högg fyrir launafólk í þessu landi sem hafði verið að koma sér upp húsnæði. Og í tölum hæstv. fjmrh. áðan fór hann vísvitandi með rangt mál vegna þess að hann miðaði við júnímánuð 1983 en ekki maímánuð 1983 þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og þeirra félaga tók við. Það er auðvitað hraklegt þegar hæstv. fjmrh. reynir að falsa tölur sér í vil í alvarlegum umræðum af þessu tagi.

Ég tel að ákvörðun ríkisstj. um að höggva á launavísitöluna 1983 en láta lánskjaravísitöluna vaða áfram hafi verið hreint siðleysi og það sé í rauninni ekkert annað boðlegt í þeim efnum en að Alþingi og ríkisstj. taki í þessum efnum ákvörðun um að endurgreiða eitthvað af þeim pinklum sem menn urðu að taka á sig eftir breytingarnar á árinu 1983.

Ég vil einnig minna á það í þessu sambandi, herra forseti, að á árinu 1982 var lagt fram stjfrv. sem gerði ráð fyrir að húsnæðislán breyttust í samræmi við launaþróun, þau breyttust ekki eftir lánskjaravísitölu heldur í samræmi við launavísitölu. Það sjá allir hve gífurlegan

mun þessi ákvörðun hefði haft í för með sér fyrir húsbyggjendur og skuldara í þessu landi. Þetta frv. fór í gegnum þrjár umræður í Ed., en var stöðvað af íhaldinu í Nd. á fyrstu mánuðum ársins 1983.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég verð að segja að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með svör beggja hæstv. ráðherra sem hér hafa komið í stólinn og ekki síður hef ég orðið fyrir vonbrigðum með siðferðisþrek þeirra. Þær aðgerðir sem þeir nefna hafa í flestum tilvikum alls ekki dugað. Ef hæstv. fjmrh. hefði verið hér um daginn þegar hinum tveimur fsp. var svarað hefði hann komist að raun um að það eru nær 30% þeirra sem nú leita til ráðgjafarþjónustunnar sem líka leituðu þangað í fyrra vegna þess að úrræðin eru ekki nógu góð. Þessi úrræði, sem ætlað er að bjarga mönnum fyrir horn, bæta í engu það tjón sem mönnum hefur verið skapað af ráðstöfun þessarar ríkisstj. Ég hef leyft mér að láta dreifa hér afriti af skattskýrslu sem mér var færð. Það var grandvar, heiðarlegur maður sem hefur gert nákvæmlega það sem til stóð og hann hefur tapað nærri milljón. Hann stendur eftir nærri eignalaus maður. Hann bað mig að dreifa þessu. Og ég veit hvað ég er að tala um. Ég veit hvaða árabil um er að ræða. Ég hef líka borið fram ítarlega skriflega fsp. og ég veit það af samtali við þá sem sinna vandræðum fólks að þetta er einkum tímabilið 1981, 1982 og 1983. Það fólk er langverst leikið þó að tímabilið sé örlítið lengra. Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að kynna sér þetta. Ég vænti þess að fá þetta skriflega svar sem fyrst.

Hæstv. fjmrh. talar um jöfnuð. Vill hann meina að þessum litla hópi húsnæðisbyggjenda og -kaupenda sé ætlað að bæta fyrir syndir fyrrv. ríkisstj.? Hvað meinar ráðherrann? Og hvers konar jöfnuður er það í stjórnarstefnu sem skipar fjórðu hverri fjölskyldu undir fátækramörk? Nei. Það er ekki stór sá hópur sem hér er um að ræða og hv. 3. þm. Reykn. gat um áðan og hann hefur algera sérstöðu meðal húsbyggjenda og íbúðakaupenda þeirra sem byggðu fyrir 8. áratuginn og þeirra sem munu byggja í framtíðinni. Þessi hópur hefur verið klemmdur milli stafs og hurðar með efnahagsráðstöfun þessarar ríkisstj. Hann er lítill þegar miðað er við alla þá sem aflað hafa sér húsnæðis á Íslandi og hann er lítill þegar um er að ræða að leysa úr þeim vandræðum sem honum hafa verið búin.

Hins vegar er hann stór ef sniðganga á hann og ef ríkisstj. ætlar sér að gleyma honum. Þessari synd kastar ríkisstj. ekki á bak við sig. Mér er til stórrar undrunar ef menn hafa svo lélegt pólitískt þefskyn að gera sér ekki grein fyrir því hve margir tengjast þeim að skyldleika, vináttu eða kunningjaböndum sem nú eru illa staddir vegna húsnæðismála og vita í raun hver örlög þeirra eru og hver er að dæma þeim þessi örlög. Þessi hópur allur skiptir að mínu mati nokkrum tugum þúsunda. Og ég bara velti því fyrir mér: Ætlar þessi ríkisstj. í pólitískt frí eftir næstu kosningar?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi segist gera sér grein fyrir því að sá vandi sem hér er til umræðu hafi komið til á árunum 1981, (**GA:** Nei, nei, nei.) 1982 og 1983, en samt sé hann að kenna aðgerðum núv. ríkisstj. sem ekki sat við völd á þessum árum. Sýnir það gleggst í hverju málatilbúnaðurinn er fólginn.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram að ég hefði falsað tölur. Ég miðaði við vísitöluna frá því í júní 1983, en eins og menn muna var núv. ríkisstj. mynduð í lok maímánaðar 1983. Þessar tölur sýna alveg ótvírætt að frá því í júní 1983 til 1. apríl í ár er jöfnuður á milli launa og lánskjara hvort sem hv. 3. þm. Reykv. líkar það betur eða verr. Auðvitað verður ekki annað ráðið af máli hans en honum líki það verr að þessi jöfnuður skuli hafa náðst. Misgengið var meðan hann sat í ríkisstjórn sem ráðherra. Þessum staðreyndum verður ekki hnekkt.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði að það hefði verið siðleysi að afnema launavísitöluna í átta mánuði vorið 1983 en halda áfram lánskjaravísitölu. Hv. þm. sat í ein fimm ár í ríkisstjórn. Ég held að hann hafi gert breytingar á launavísitölunni til skerðingar 14 sinnum á þeim tíma og ég held að hann hafi staðið fyrir niðurskurði á launavísitölunni um 50% eða svo í desember 1982. En hann breytti í engu á þeim tíma lánskjaravísitölunni. Hann gat skorið niður launavísitöluna 14 sinnum án þess að breyta lánskjaravísitölunni. Það verður fróðlegt þegar hann stendur upp á eftir að hlusta á hvort hann telur að þær ráðstafanir hafi verið siðleysi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Örstutt skal athugasemdin vera, en mér blöskra svo útúrsnúningar hæstv. fjmrh. þjóðarinnar í þessu máli og svör hans að ég kemst ekki hjá því að fara upp og nota mér þá heimild þingskapanna að gera við það örstutta athugasemd. Mér finnast hreinlega vera á ferðinni slík fyrirlitning, slík lítilsvirðing á vanda þess fólks sem er sannanlega fyrir hendi, sem er raunverulegur, það liggur fyrir, og hann er að stórum hluta til að kenna efnahagsvanda þessarar ríkisstj. Það er einnig sannanlegt. Það er verið að kenna fyrrv. ríkisstj. um allt sem aflaga hefur farið í landinu, en allt sé gott sem gerði hann, eins og hæstv. fjmrh. hefur eitt fram að færa. Einu svör hæstv. ráðh. eru ætíð þau sömu. Það er allt illt fyrri ríkisstj. að kenna. Við erum engilhreinir og saklausir. Allt er gott sem gerðum við. (**Fjmrh.:** Tölurnar sýna það.) Þetta er lítilsvirðing, hæstv. fjmrh. Þú ættir að hafa eitthvað annað fram að færa en hreina útúrsnúninga eins og skólastrákur og hegða þér svolítið líkara hæstv. ráðherra eins og þeir ættu að gera á Alþingi þjóðarinnar. Það er mannfyrirlitning, herra forseti, að fjalla á þennan hátt um vandamál þessa fólks eins og hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstj. leyfa sér aftur og aftur að gera, eins og skólastrákar að reyna að koma skömmunum á aðra.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég neita því að málatilbúningur minn sé slæmur. Gerir ekki hæstv. fjmrh. sér grein fyrir því hvernig umrætt misgengi hefur haft áhrif á þá sem hefja húsbyggingu eða íbúðakaup á árunum 1981, 1982 og 1983 og taka til þess lán? Gerir hann sér í raun og veru ekki grein fyrir því hver áhrif ráðstöfun ríkisstj., sem veldur þessu misgengi eða í hans orðum leiðréttingu á misgengi, hefur á þennan hóp manna?

Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með þessi svör og ég held að þau hljóti að stafa fyrst og fremst af því að mennirnir gera sér ekki grein fyrir því hver vandinn er. Þeir þekkja engan sem er í þessum vanda. Þeir gætu

ekki hegðað sér svona ef þeir þekktu fólk og vissu til vandræða þess. Ég trúi því ekki. Þeir ættu að kynna sér þetta betur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs á ný, en samkvæmt venjulegri reglu er ekki hægt að leyfa örstuttar athugasemdir nema einu sinni. Það er venjan. Forseta hefur hins vegar verið bent á að hæstv. fjmrh. hafi komið með beina spurningu til hv. 3. þm. Reykv. og hefur þá forseta orðið á að láta þess ekki þá þegar getið að hæstv. fjmrh. gæti ekki komið með spurningar til hv. þm. sem hefur ekki tækifæri til þess að svara. En með tilliti til þess hvernig málið ber að leyfist hv. 3. þm. Reykv. að gera nú örstutta athugasemd viðvíkjandi svari við umgetinni spurningu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í tölum hæstv. fjmrh. miðaði hann við júní 1983. Þá hafði launaskerðing núv. ríkisstj. tekið gildi. Hún tók gildi frá og með 1. júní 1983. Það er lítilmannlegt að vera að reyna að blekkja þingheim og þjóðina með talnaæfingum af því tagi sem hann flutti áðan. En það er auðvitað ekki annað en það sem maður á að venjast frá hæstv. fjmrh. Hann setur málin jafnan upp eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir áðan.

Aðalatriðið í þessu finnst mér vera það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykn. og hefur oft áður verið rætt hér. Byrðin liggur á fólkinu áfram hvað sem öllu öðru líður. Það er kjarni málsins. Alþingi er skylt að gera ráðstafanir til að létta þá byrði. Hvenær sem hún varð til, þessi byrði, er þinginu skylt að létta henni af þessu fólki vegna þess að það var tekin um hana ákvörðun á hv. Alþingi. Ráðherrar og þm. eiga ekki að skjóta sér undan verkefnum með því lítilmannlega tagi sem ég tel að hæstv. fjmrh. hafi gert hér áðan.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Steingríms Sigfússonar að í svörum mínum hefði komið fram fyrirlitning á vanda þess fólks sem staðið hefði í húsbyggingum og hefði orðið að þola það misgengi á milli lánskjara og launa sem varð til í tíð fyrri ríkisstj. Því fer auðvitað víðs fjarri. Þessari ríkisstj. hefur verið fullljóst hver þessi vandi hefur verið og í hvern vanda fyrri ríkisstj. setti húsbyggjendur að þessu leyti, bæði með efnahagsstefnu sinni og lækkun á framlögum til húsnæðismála. Þess vegna hafa verið gerðar mjög umtalsverðar ráðstafanir til að auka framlag ríkissjóðs til húsnæðismálastjórnarinnar, til að koma á greiðslujöfnun með afturvirkumn hætti að því er varðar húsnæðismálastjórnarlánin og með fyrirheiti frá lífeyrissjóðum innan Alþýðusambandsins um að gera slíkt hið sama og með skuldbreytingum. Okkur er ljóst að sá vandi sem leiddur var yfir húsbyggjendur var býsna mikill og að hann er hvergi nærri leystur, það eru margir enn að glíma við þann vanda, en á móti því verður ekki mælt að það hafa verið gerðar mjög umtalsverðar ráðstafanir til að koma til móts við þessa aðila vegna þess að okkur hefur verið fyllilega ljóst hvert stefndi og hverjar voru hinar félagslegu afleiðingar af efnahags- og félagsmálastefnu fyrri ríkisstj.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þessi umræða er auðvitað, eins og hér hefur komið fram, fyrir neðan allar hellur og engin svör í boði við fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli þingsins á því að í vetur fór til hv. félmn. till. til þál. um könnun á fjárhagsvanda vegna húsnæðismála og hljóðaði svo, með leyfi forseta, 1. mgr. hennar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar fara fram könnun á fjárhagsvanda þeirra sem byggt hafa eða keypt íbúðarhúsnæði á s.l. fimm árum."

Síðan er till. í mörgum liðum og var ég sjálf 1. flm. ásamt fjórum öðrum hv. þm.

Það sem gera þarf og fyrirspyrjandi hefur lagt áherslu á er að kanna vanda einmitt þess fólks sem hefur keypt eða byggt á s.l. fimm árum. Því hlýt ég að spyrja, herra forseti: Hvað dvelur afgreiðslu þessarar till.?

Ég lagði á það mikla áherslu í framsöguræðu minni fyrir tillögunni að það lægi á vegna þess að fólk væri að bugast undir þessum vanda, en það hefur ekki heyrst hósti eða stuna frá hv. nefnd. Ég óska eftir því við herra forseta að hann kanni hvað dvelur svo sjálfsagt mál sem þetta.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það verður kannað hvað dvelur afgreiðslu umræddrar till. sem hv. 10. landsk. þm. vék að.

Fæðingarorlof, fsp. 334. mál (þskj. 617). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 617 hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til heilbr.- og trmrh.:

„Hvað líður endurskoðun á lögum um fæðingarorlof samkvæmt stjórnarsáttmála?"

Nú er skammt í að liðin séu þrjú ár síðan núverandi stjórn tók við stjórnartaumunum í landinu. Eitt af þeim málum sem stjórnarflokkarnir komu sér saman um að endurskoða voru lögin um fæðingarorlof. Þau lög gera ekki ráð fyrir að fæðingarorlof fái að fullu aðrar konur en þær sem vinna utan heimilis. Það sem við viljum víst flest vinna að er að jafna og bæta lífskjörin í landinu hvort sem um er að ræða konur eða karla. Það er því þörf á að fara að sjá eða heyra eitthvað um samræmingu á fæðingarorlofi til allra kvenna, hvort sem þær vinna utan heimilis eða við heimilisstörf.

Það er alkunna að fjölskyldan er hornsteinn í okkar þjóðfélagi og vinna við barnauppeldi og heimilisstörf er ekki síður mikivæg en störf þau sem innt eru af hendi utan heimilis. Flestir munu nú viðurkenna að heimilisstörf séu mjög mikilvæg þó að þau hafi ekki verið metin að verðleikum að sama skapi. Þetta verður að breytast og við megum ekki láta okkar eftir liggja til að svo geti orðið sem allra fyrst. Þess vegna óska ég eftir svari hæstv. heilbr.- og trmrh. um hvað líði endurskoðun þessa þáttar í almannatryggingalögunum.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Spurt er hvað líði endurskoðun þeirra ákvæða almannatryggingalaga sem snerta fæðingarorlof.

Svo stendur á að þeir aðilar sem endurskoðað hafa einhverja þætti almannatryggingalaganna hafa ekki tekið þetta mál sérstaklega til umfjöllunar. Hins vegar stendur það fyrir dyrum og ætlunin er að nota sumarið sem fram undan er til að gera heildarendurskoðun á

þessum þætti. Ég hef ákveðið að það verði sérstök nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar. Með allri virðingu fyrir öðrum sem fjalla um endurskoðun almannatryggingalaga held ég að þetta mál sé svo sérstætt innan tryggingakerfisins að það þurfi alveg ákveðna úrlausn vegna þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið. Aðilar vinnumarkaðar þurfa að eiga þar nokkurn hlut að máli. Það er auðvitað öllum orðið ljóst núna að fæðingarorlof í þeim skilningi að það séu greiðslur sem gera konum sem vinna utan heimilis kleift að vera heima og annast þar börn sín hlýtur að byggjast á annarri forsendu en fæðingarorlof eða fæðingarstyrkur til þeirrar konu sem þarf ekki að breyta um vinnustað sinn þó að hún eignist barn og þurfi að sinna barni sínu einmitt fyrstu vikurnar meira en á öðrum æviskeiðum.

M.ö.o.: Ég tel að þessi umræða hafi oft og einatt orðið töluvert ruglingsleg vegna þess að menn hafa sett undir einn hatt fæðingarorlof annars vegar og fæðingarstyrk hins vegar. Það er þó formsatriði og deila um orð má ekki verða til þess að vilji Alþingis fái ekki framgang. Hins vegar gerir þessi staðreynd málið flóknara og því tel ég að það sé þörf á alveg sérstakri endurskoðun á þessum atriðum. Þessa dagana er verið að ganga frá nefndarskipun í þessu skyni og þá verða að sjálfsögðu tekin til umfjöllunar ýmis þau þingmál sem þetta mál hafa snert á stjórnartímabilinu, svo og önnur atriði sem reynslan hefur leitt í ljós að nauðsynlegt sé að taka til athugunar.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda hans frumkvæði. Það vottar þá enn þá fyrir áhuga hjá hv. þm. framsóknar á þessu máli, en ekki er samgangurinn milli stjórnarliðanna ýkja mikill og ekki hefur eftirreksturinn af hálfu Framsfl. verið ýkja mikill heldur. Það er alveg glöggt. Eins og kom fram í máli hv. þm. eru liðin þrjú ár síðan þeir rugluðu saman reytum og ekkert hefur verið gert í málinu síðan. Það er dálaglegt að hugsa til þess að á næstu dögum mun trúlega sú nefnd, sem fjallar um frv. um fæðingarorlof í Ed., vísa því máli, máli hv. 11. þm. Reykv., til þeirrar ríkisstj. sem hefur ekkert hreyft sig s.l. þrjú ár í þessum málum, en hásetar á fleyinu vita ekkert um hvað verið er að fjalla um á stjórnarbúinu og ráðherra hyggst núna fyrst fara að setja nefnd í málið til einhverrar þeirrar framkvæmdar sem ekki er nokkur leið að botna í til hvers muni leiða eftir orðum hæstv. ráðh. áðan.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en ekki þóttu mér þau vera nægilega góð. Ég verð að segja það. Ég hefði viljað að þessu máli hefði verið lengra komið, en það er þó skárra en ekki að það er verið að skipa nefnd og undirbúa könnun á því hvernig þetta geti farið fram.

Ég vil minna á í þessu sambandi, af því að hv. 2. þm. Austurl. minntist á þetta mál í þeim dúr að Framsfl. hefði ekki gert mikið í því að þrýsta á það, að þál. sem var samþykkt á þinginu 1979 gerði m.a. ráð fyrir að endurskoðaður yrði sá þáttur í almannatryggingalögunum sem fjallar um fæðingarorlof og var gert ráð fyrir að almannatryggingar greiði fæðingarorlof til allra fæðandi kvenna í landinu hvort sem þær eru útivinnandi eða við heimilisstörf. Ég veit ekki betur en þessi þál. hafi verið samþykkt í þessum sal af Sþ. Síðan voru Alþýðubandalagsmenn í stjórn í nokkur ár. (**Gripið fram í:** Ekki framsókn?) Jú, ásamt framsóknarmönnum. Ég er ekkert að neita því. En það var ekki hvatt til þess af Alþýðubandalagsmönnum að lagfæra þetta frekar. Ég held því að það hafi tekið meira en þrjú ár að koma þessu í gegnum þingið. Ég ætla ekki að ræða það frekar, en bendi á þetta út af frammíkalli.

Þetta hefur dregist. Það þykir mér slæmt. Ég vona að á því verði breyting og það liggi fyrir í byrjun næsta þings hvernig málum verði hagað. Eins og ég sagði í minni fyrri ræðu vonast ég til að allar konur fái sama fæðingarorlof, hvort sem þær eru heimavinnandi eða útivinnandi, vegna þess að það þarf fyrst og fremst að jafna kjör allra kvenna sem fæða hvort sem þær vinna úti eða að heimilisstörfum. Það legg ég mest kapp á.

Geðheilbrigðismál, fsp. 351. mál (þskj. 641). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 641 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hefur endurskoðunarnefnd um geðheilbrigðismál lokið störfum? Ef svo er, hvað hyggst ráðherra þá gera varðandi tillögur nefndarinnar um helstu úrbætur í þessum málefnum?"

Um þetta mál hefur áður verið spurt hér á Alþingi og er þarflaust að rekja aðdraganda þess. Að þáltill. um þessi mál stóðu á sínum tíma þm. allra flokka sem þá sátu á Alþingi, en þáltill. var um gagngera endurskoðun allra geðheilbrigðismála hér á landi. Í áhersluatriðum þeirrar till. var tekið fram alveg sérstaklega um níu tiltekin atriði sem leggja bæri sérstaka áherslu á. Ég nefni sem dæmi að aðstöðu til skyndihjálpar og neyðarþjónustu yrði komið á og hún bætt, að fullkomnari göngudeildarþjónustu yrði komið á, að fjölgað yrði vernduðum heimilum fyrir geðsjúka og sérstök áhersla verði lögð á aðstöðu fyrir unglinga með geðræn vandamál svo sem lög kveða á um.

Það er ljóst og varð ljóst fljótlega eftir að sú nefnd hóf störf sem um er spurt hér að verkefna- og málasvið hennar er víðtækt og viðamikið og ekki síður vandmeðfarið og umdeilanlegt margt til úrlausnar. Þar er um að ræða vanda sem fer vaxandi í okkar streitu- og vímuefnaþjóðfélagi.

Hér held ég að gildi hið fyrirbyggjandi starf eins og í annarri heilbrigðisþjónustu alveg sérstaklega og það þarf að hyggja alveg sérstaklega að sérvanda barna og unglinga. Þar hygg ég að þurfi að virkja heilsugæslustöðvar okkar vítt um land með ráðgjöf, rannsókn og úttekt á þörf. Samkvæmt lögum okkar um heilsugæslu ber að veita geðverndarþjónustu á heilsugæslustöðvunum, en það er gert í dag í mjög óverulegum mæli. Það er rétt að þar þarf vissulega ákveðinn ráðgjafarhóp sem unnt væri að leita til og færi um landið, en ég er ekkert viss um að það mætti ekki nýta þann starfskraft sem þegar er til staðar í geðheilbrigðiskerfi okkar til að fara í þetta verkefni og þyrftu ekki nýjar stöður til að koma.

Það þarf að hjálpa foreldrum í eðlilegu umhverfi á heimaslóðum til að fá viðunandi ráðgjöf. Meðferðarheimili fyrir börn til endurhæfingar þurfa auðvitað fleiri til að koma en nú eru og svo mætti áfram telja. Ég veit að nefndin hefur fjallað ítarlega um þetta mál alveg

sérstaklega, vanda barna og unglinga, og gert ákveðnar tillögur og því er full ástæða til að forvitnast um hversu að skuli staðið og hversu ráðherra hyggst standa að þessu máli.

Það er einnig vitað að enn er mikið óunnið varðandi sérvanda aldraðra sem er þó ærinn og full ástæða er til þess að forvitnast um frekara framhald þeirra aðgerða og ráðstafana ráðuneytis í framhaldi af því.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. sú sem hér er borin fram er orðin gamall kunningi í sölum Alþingis. Þetta er í þriðja sinn sem spurt er um þetta mál í vetur og jafnan hefur verið spurt um þetta á hverju þingi frá því árið 1981, síðla árs má ég segja, en á því ári var þessi nefnd skipuð.

Þessari nefnd, sem falið var viðamikið verkefni, var settur tímafrestur í upphafi og átti skv. ályktun Alþingis þá að skila áliti nokkrum mánuðum síðar. Ráðherrar hafa framlengt frestinn mjög oft eins og sú staðreynd sýnir að þetta er orðin gömul nefnd og mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því er hún tók til starfa. Sumt af þeim vandamálum sem þá voru mjög knýjandi hafa verið leyst að verulegu leyti, en önnur bíða enn frekari úrlausnar.

Nefnd þessari, sem hér er um rætt, var ætlað að skila áliti í haust skv. ákvörðun fyrirrennara míns. Sá frestur var framlengdur. Svo að ég reki aðeins þann þátt starfa hennar sem fram hefur farið eftir að ég tók við ráðherraembætti var frestur settur um skil á tillögum nefndarinnar í lok ársins. Fresturinn var skv. ósk nefndarinnar framlengdur fram í febrúarmánuð og hefur nefndinni verið skrifað bréf þess efnis að ráðuneytið líti svo á að hún hafi lokið störfum. Endanleg skil á gögnum hafa ekki farið fram, en munu vafalaust fara fram á næstu dögum. Fundur var haldinn í ráðuneytinu í síðustu viku með formanni nefndarinnar, ritara og einum nefndarmanni enn um störf hennar og skil á greinargerðum hennar og gögnum.

Það er auðvitað svo að upp koma bæði ný vandamál í tímans rás á þessu flókna sviði og eins er það að ýmsir þættir eru þess eðlis að enn nánar mætti útfæra þá. En einhvern tíma verður öllum nefndarstörfum að ljúka og því er ætlunin að setja punkt aftan við þetta starf núna og hefur það raunar verið gert.

Nefndin hefur skilað drögum að greinargerð, áfangaskýrslum um ýmsa þá þætti sem hv. þm. nefndi áðan, og það sem nefndin hefur kynnt að hún muni afhenda með gögnum sínum næstu daga er þáttur um geðheilbrigðismál aldraðra. Einmitt þau mál tel ég vera þess eðlis að þeim þurfi að gefa enn meiri gaum en hingað til hefur verið gert á þann veg að í öldrunarþjónustunni þurfi að koma miklu meiri þjónusta við geðsjúk gamalmenni þannig að unnt verði að forða þeim frá þörf á stofnanavist og hjálpa þeim til betri heilsu í ellinni.

Á ráðstefnu um öldrunarmál, sem nýlega var haldin, skýrði ég frá hugmyndum sem Hallgrímur Magnússon geðlæknir hafði unnið fyrir mig og einnig frá því að ég mundi æskja þess að fá frekari greinargerð og úrvinnslu frá honum, en hann tekur einmitt þátt í því að ganga frá þessum þætti í störfum umræddrar nefndar.

Að því er varðar annan þátt sem hv. þm. nefndi sérstaklega að vinna þyrfti betur úr, þ.e. geðheilbrigðismál unglinga, þá hef ég lýst því yfir oftar en einu sinni úr þessum ræðustól í vetur að ákvörðun hefur verið tekin um stofnun unglingageðdeildar í tengslum við geðdeild Barnaspítala Hringsins. Eins og hv. þm., þeim sem eru í fjvn. a.m.k., er kunnugt var notuð heimild sú sem var á fjárlögum í fyrra til að hafa skipti á jörðinni Úlfarsá í Mosfellssveit og húseign við Dalbraut til þess að reka þar litla unglingageðdeild. Ætlunin er að göngudeild taki þar til starfa seint á þessu ári og verður vonandi ætlað til þess fé á fjárlögum að þar verði hægt að taka nokkur rúm fyrir geðsjúka unglinga í notkun á næsta ári.

Ég vil að lokum sérstaklega taka undir þau orð hv. þm. að nauðsynlegt væri að efla sérstaklega geðheilsuvernd, að efla þátt geðverndar bæði á heilsugæslustöðvum og víðar. Ég er þeirrar skoðunar að á því sviði mætti mun betur gera og að því þurfi sérstaklega að gefa gaum á næstu árum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef fylgst allvel með störfum þessarar umræddu nefndar. Það kemur mér meira en á óvart að hún skuli skyndilega eiga að ljúka störfum nú þar sem við öll vitum að þessari nefnd hefur nú þegar, og það kom ekki fram í máli ráðherra, tekist að bæta verulega úr t.d. bráðageðþjónustu hér í Reykjavík. Það var ekkert sem gerðist af sjálfu sér, hæstv. ráðh., heldur var það gert fyrir tilstilli þessarar sömu nefndar.

Hér hefur verið unnið mjög mikið starf og að sjálfsögðu tekur það langan tíma þar sem þetta starf hafa unnið sérfræðingar sem allir eru í fullri vinnu og miklu meira en það. Ég ætla þess vegna að vænta þess að ráðherrann láti ekki smákóngadeilur innan geðheilbrigðiskerfisins hafa minnstu áhrif á ákvarðanir sínar heldur reyni að hrinda tillögum þessarar nefndar í framkvæmd, jafnvel þótt einhverjir stórkóngar í kerfinu kunni að hafa verið á móti störfum þessarar nefndar frá byrjun. Hér hefur verið unnið eitthvert merkilegasta starf í tillagnagerð um úrbætur í geðheilbrigðismálum án þess að markmiðið sé ævinlega að byggja þurfi hús. Hér hefur verið lagt til að störf verði samræmd, starfskraftar samnýttir og ég treysti því að hæstv. ráðh. nýti sér starf nefndarinnar og leyfi henni að ljúka starfi sínu í friði.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. svör hennar þó að þau yllu mér nokkrum vonbrigðum varðandi það að nú skyldi settur punktur aftan við störf þeirrar nefndar sem hefur að mínu viti unnið mjög þarft og gott verk og tekið málaflokka skipulega fyrir í þessum efnum, tekið fyrir geðræn vandamál barna, unglinga og hefur nú síðast snúið sér að geðrænum vandamálum aldraðra.

Það hefur vissulega margt áunnist í þessum efnum, alveg sér í lagi varðandi bráðaþjónustuna, og ég er ekki frá því að einmitt tillögugerðin hjá okkur á sínum tíma hafi valdið því að sú bráðaþjónusta var aukin eins og skylt var. En ég held að vandamálin hafi síður en svo vikið til hliðar og ég óttast að aukning þeirra sé mikil. Mér þykir t.d. miður að nefndin skuli a.m.k. ekki fá tækifæri til að fullvinna það sem hún hefur verið að frumvinna nú varðandi geðræn vandamál aldraðra eins og ég kom að áðan. Kannske er það þó ekki aðalatriði, en það kom ekki fram í máli hæstv. ráðh. að þessari vinnu yrði haldið áfram í einhverju öðru formi af einhverjum öðrum nema hvað snerti vinnu ákveðins

einstaklings sem hún sérstaklega nefndi varðandi vandamál aldraðra. Enn þá meira virði held ég að sé þó að það verði unnið samkvæmt tillögum nefndarinnar sem ég veit að eru margar hinar merkustu, alveg sérstaklega varðandi úrlausn fyrir börn og unglinga.

Ég held að það þurfi að nýta sem allra best og miklu betur en nú er, fullyrði ég, þann mannafla sem þegar er til í kerfinu og m.a. og sér í lagi, eins og hæstv. ráðh. tók undir með mér, í tengslum við fyrirbyggjandi starf á heilsugæslustöðvum landsins. Ég held líka að það sé nauðsynlegt að meðferðarheimili til endurhæfingar og þjálfunar þurfi að vera bæði hér og úti á landi, en eins og kunnugt er er ekki nema eitt meðferðarheimili fyrir börn til hér á landi eða Trönuhólaheimilið svokallaða.

Ég held að líka þurfi að stórbæta aðstöðu fyrir unglinga og koma þeim málum í viðunandi horf hið fyrsta. Ég held að ráðgjöf á barnageðdeildum og heilsugæslustöðvum þurfi að vera sem fullkomnust og hana þurfi að veita sem allra næst frumstigi. Þar þarf áfram að vinna að, eins og ég sagði áðan, aðstoð við aldraða í ljósi mikillar fjölgunar þess hóps og hlutfallslegrar aukningar ýmissa geðrænna kvilla.

Ég treysti því ráðherra til þess, þrátt fyrir að ráðherra hefur tekið þessa að ég segi óheillavænlegu ákvörðun, að hrinda a.m.k. sem allra flestum af þeim merku tillögum, sem þessi nefnd hefur gert, í framkvæmd því að auðvitað skiptir mestu máli að það sé gert.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt nú að undrast sérstaklega viðbrögð hv. 10. landsk. þm. sem undraðist svo mjög að nefnd væri gert að ljúka störfum sínum, nefnd sem setið hefur í fimm ár. Það eru margar nefndir sem komast af með minna. Ég dreg ekkert úr því að það er mjög flókið og viðamikið mál sem við erum að ræða um og menn eru í öðrum störfum eins og oft er, en ekki þarf að undrast að nefndinni sé gert að skila af sér eftir að margsinnis hefur verið kveðið á um verklok, í upphafi fyrst af sjálfu Alþingi og það síðan framlengt aftur og aftur af ráðuneyti án þess að sá frestur væri undir Alþingi borinn, en látið gott heita.

Sérstaklega hlýt ég að undrast að hv. þm. telur þetta alveg óviðurkvæmilegt og segir að nefndin fái ekki að ljúka störfum sínum í friði. Ég skil málin svo að nefndin hafi lokið störfum sínum, líka þeim þætti sem fjallar um geðheilbrigðismál aldraðra. Eftir því sem nefndarmenn tjá mér hefur sá þáttur verið til umsagnar hjá aðilum og það má auðvitað hugsa sér að ráðuneytið leiti slíkra umsagna. Spurning er hvort nefnd á að gera það eða ráðuneyti. Ég held að venjulega sé það nú ráðuneyti.

En hvað um það. Þessi þáttur er tilbúinn og hefur verið til umsagnar svo að ég fæ ekki betur séð en starfinu sé lokið. Ég hlýt því að undrast þessi einkennilegu viðbrögð hv. þm. og tel að þau byggist á misskilningi. Hér er ekki um það að ræða að verið sé að stöðva nefnd í miðju kafi heldur er verið að ganga formlega frá því að hlutirnir liggi fyrir þegar þeir hafa verið unnir eins og er einmitt um þessa nefnd.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég missti því miður af fyrri hluta þessarar umræðu vegna þess að ég þurfti að bregða mér frá. En ég bar fram fsp. fyrr á þinginu til hæstv. heilbrmrh. um það hvað liði störfum undirnefndar þessarar stóru geðheilbrigðisnefndar sem fjallaði sérstaklega um geðheilbrigðismál barna og unglinga. Þá átti sú nefnd rétt ólokið að skila niðurstöðum sínum og því gat ráðherra ekki á þeim tíma svarað mér um hvert efni þeirra niðurstaðna væri eða hvernig yrði farið með þær ráðleggingar og niðurstöður sem lágu fyrir. Ég ítreka því þessa fsp. hér nú til að fá upplýsingar um hver er ætlunin með þær niðurstöður.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal vakin athygli á því að þegar hv. þm. er gefið leyfi til að gera örstuttar athugasemdir er það gert til þess að viðkomandi þm. geti gefið skýringu, leiðrétt misskilning, borið af sér sakir. Það samrýmist ekki þessu að hv. þm., hver sem það er, sem hefur fengið leyfi til þess að gera örstutta athugasemd, taki upp nýja fsp. og beini til ráðherra sem ekki hefur heimild til þess að taka aftur til máls.

Það skal aðeins vakin athygli á þessu. Þetta á ekkert sérstaklega við hv. 3. landsk. þm. En þetta er sagt að gefnu tilefni til þess að við getum haldið við þau þingsköp sem við viljum fylgja.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að ráðherra gæti ekki talað aftur. Því biðst ég afsökunar. Ég gerði mér ekki grein fyrir því.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessi fyrirspurnatími er nú orðinn nokkuð vandmeðfarinn. Þannig er að ráðherrar tíðka það hver af öðrum að veitast að þm., fyrirspyrjendum, í máli sínu eða einstökum þm. sem gera örstuttar athugasemdir. Síðan eiga þm. ekki kost á því að svara fyrir sig, eins og hefur komið fyrir tvisvar í dag. Ég held að það sé lágmark, ef það á að halda þessum fyrirspurnatímum áfram með þeim hætti sem reynt hefur verið í vetur samkvæmt hinum nýju þingsköpum, að hæstv. ráðherrar séu settir inn í þá breytingu sem gerð hefur verið á lögunum um þingsköp Alþingis Íslendinga. Vinnubrögðin eins og þau hafa tíðkast að undanförnu af hálfu hæstv. ráðherra eru óþolandi og staðan sem hæstv. forseti er settur í í þessum fyrirspurnatímum er vægast sagt mjög óþægileg aftur og aftur.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Komi til greina að endurskoða ákvæði þingskapalaga að þessu leyti til ætla ég að vonast til þess að ráðherrar geti ekki síður en þm. svarað þegar farið er beinlínis rangt með staðreyndir, að það sé leiðrétt þegar sagt er t.d. eins og í þessu tilviki að nefnd hafi ekki lokið störfum sem hefur lokið störfum. Það kallast ekki að veitast að þm. að hafa það sem sannara reynist og láta það koma fram. Flestum finnst a.m.k. slíkt heldur betra, en það kann að vera að einhverjum þyki það lakara.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það kemur fram í athugasemd hæstv. heilbr.- og trmrh. að ekki er vanþörf á því að forsetar taki ríkisstj. í kennslustund í þingsköpum. Málið gengur ósköp einfaldlega út á það að ráðherrar geta kvatt sér hljóðs þegar þeir telja það nauðsynlegt í sínum málaflokki í þessum fyrirspurnatím-

um. Hins vegar er það lokað fyrir þm. að gera nema eina örstutta athugasemd.

Hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir gerði eina örstutta athugasemd áðan. Hæstv. heilbr.- og trmrh. veittist mjög harðlega að hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur áðan í sinni ræðu. Hún kallar það leiðréttingu á misskilningi. Ég vil kalla það eitthvað annað. En látum það liggja á milli hluta að sinni. En hv. 10. landsk. þm. hafði ekki rétt skv. þingsköpum og venjum hér til að bera hönd fyrir höfuð sér. Það er þetta sem er nauðsynlegt fyrir hæstv. forseta að kenna ríkisstj. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann hafi smákennslustund með ríkisstj. hið allra fyrsta ef það á að vera unnt að halda þessum fyrirspurnatímum áfram með þeim hætti sem ætlast var til. A.m.k. tel ég að það sé alveg sérstaklega brýnt að kenna hæstv. heilbr.- og trmrh. vissa lexíu í þessu efni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er augljóst mál að alger óþarfi er að beina því til forseta að hann þurfi að hafa námskeið með ráðherrum eða öðrum þm. til að kenna þeim þingsköp. Það skal á það bent, sem öllum á að vera ljóst, að það hefur tekist að ég ætla fádæma vel að fylgja hinum nýju þingsköpum sem sett hafa verið og hafa komið til framkvæmda á þessu þingi. Og það er þingheimi öllum að þakka. Það byggist á því að þingheimur þekkir þingsköpin og vill hlíta þingsköpunum.

Það var misskilningur, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan, að ráðherrar gætu tekið til máls og talað þegar þeim þóknaðist í fyrirspurnatíma. Það gilda nákvæmlega sömu reglur um ráðherra og aðra þm. Þeim er heimilt að tala tvisvar svo sem öðrum þm. Munurinn er aðeins sá, eins og við vitum, að þm. hefur tvær mínútur til umráða í hvort sinn en ráðherra fimm mínútur.

Það verður að ætla að það þurfi ekki að vera nein vandkvæði á því að framkvæma þingsköpin hér eftir sem hingað til eins og gert hefur verið á þessu þingi. Auðvitað geta komið fyrir þau tilvik að þm. og ráðherrar telji sig nauðsynlega þurfa að gera athugasemdir þegar viðkomandi hefur talað tvisvar. Það hefur verið leyft. En til þess að það fari vel á framkvæmd þingskapaákvæða um fsp. er mjög áríðandi að þegar þm. og ráðherrar fá leyfi til að gera örstutta athugasemd sé það leyfi ekki notað til að upphefja umræður um nýjan þátt málsins, sem væri efni í almennar umræður, heldur haldi menn sig við anda þingskapanna, að hin stutta athugasemd sé einungis gerð í því skyni að leiðrétta, gefa upplýsingar, bera af sér sakir. Ef allir, sem oftast er, fylgja þessu munu engin vandkvæði hljótast af framkvæmd ákvæða þingskapa um fsp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég held að það sé alveg rétt að hin nýju þingsköp séu um margt ágæt varðandi fsp. Þau setja þm. þau skilyrði að forma spurningar sínar skýrt og afdráttarlaust. Við það hafa þm. almennt staðið. Það sem illa hefur farið varðandi hin nýju þingsköp er það, að þau krefjast þess að ráðherrar komi líka með skýr og afdráttarlaus svör. Vandi þessa forms hefur verið sá að hæstv. ráðherrar hafa ekki svarað, heldur staðið hér með málalengingar sem hafa þvingað fleiri en einn og stundum fleiri en tvo þm. til að koma fyrirspyrjanda til aðstoðar. Ég held þess vegna, herra forseti, að vandinn sé ekki sá að ráðherrar hafi ekki nógan tíma. Þeir undirbúa svör sín illa og hafa ekki gert sér ljóst að þetta nýja form krefst skýrari og afdráttarlausari svara.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er ekki ástæða til að halda þessum umræðum um þingsköp áfram. Það er sama hvaða þingsköp við höfum og hvernig við kunnum að breyta þingsköpum. Hinir einstöku þm. hljóta alltaf að hafa sínar skoðanir á því hvernig hverjum og einum þm. mælist og hvernig hverjum einum ráðherra mælist. Það skal tekið fram að það hefur ekki skort á samvinnu við hæstv. ráðherra fremur en aðra þm. um framkvæmd þingskapa.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég get út af fyrir sig kvatt mér hljóðs aftur seinna á þessum fundi um þingsköp. Ef minn ræðutími er þegar orðinn takmarkaður er velkomið að ég biðji aftur um orðið um þingsköp á eftir næstu fsp. (**Forseti:** Það er ekki við hæfi að hv. þm. sé að gera því skóna með hverjum hætti hann geti farið fram hjá eðlilegri framkvæmd þingskapa og þingvenju og snúið vinnutíma þingsins upp í umræður um þingsköp til þess að hafa umræður um þingsköp. Það verður ekki frekar nú en endranær af forseta hálfu gert neitt til að hindra eðlilegar umræður um þingsköp.)

Það er gott að svo er, herra forseti, þannig að það verður þá hægt að halda þessum umræðum áfram eins og þörf krefur. Athugasemd mín að þessu sinni stafar af því að mér virðist að hæstv. forseti hafi af einhverjum ástæðum ekki skilið eða ekki viljað skilja athugasemdir mínar hér áðan. Þær eru þessar:

Í fyrirspurnatíma gerist það iðulega að þm., sem ekki eru viðriðnir fsp., fá að gera svokallaða örstutta athugasemd. Eftir að þm. hefur þannig gert örstutta athugasemd hefur það iðulega gerst í vetur að hæstv. ráðherrar hafa veist að viðkomandi þm. fyrir hina örstuttu athugasemd og fá þm. trauðla kost á því að gera aðra athugasemd við ummæli ráðherra sem eru kannske innan marka fyrirspurnatímans en viðkomandi þm. telur skæting eða að sér veist með þeim hætti að hann verði á ný að kveðja sér hljóðs. Það er alveg augljóst mál að vinnubrögð af þessum toga spilla þessu fyrirspurnaformi og það leysir engan vanda fyrir hæstv. forseta að neita algjörlega að hlusta á athugasemdir af því tagi sem hér hafa verið fluttar. Við verðum að reyna að komast að eðlilegri niðurstöðu um það hvernig þinghaldinu er háttað og þar er ekki við forseta einan að tefla og stjórnarlið og ráðherra heldur líka stjórnarandstöðu eins og ég veit að öllum þm. er ljóst, þar á meðal hæstv. forseta sameinaðs þings.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég hygg að það sé ekki ástæða fyrir hv. 3. þm. Reykv. að gera því skóna að forseti skilji ekki það sem mælt er hér úr ræðustól eða vilji ekki skilja, eins og hv. þm. tók til orða.

Það er hins vegar alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það verða allir að hjálpast til að haga störfum þingsins svo að sem best fari úr hendi og þingsköpum sé sem best fylgt. Þar er enginn munur á stjórnarliði og stjórnarandstöðu. Þar er enginn munur á þm. og ráðherrum. Það eru allir á sama báti í þessu efni, allir bera sömu skyldur.

Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði og

forseti hefur áður tekið undir, að það geta komið fyrir þau tilvik að erfitt sé að einhver þm. geti ekki svarað því sem að honum er beint vegna þess að hann hefur skv. þingsköpum ekki heimild til að tala oftar. En þetta liggur í hlutarins eðli. Það skulu menn hafa í huga að alltaf verður að ljúka einhvern tímann hverju máli og þessi staða getur alltaf komið upp. Og ekkert mál er svo rætt, jafnvel á hinu háa Alþingi, að það geti ekki verið gott að geta bætt einhverju við. En því miður, við höfum ekki aðra betri aðferð en við beitum þegar tekið er tillit til þess að við komumst ekki fram hjá því að ljúka hverju máli hvort sem einn eða annar þm. telji að betra væri að geta bætt einhverju við þá umræðu sem fram hefur farið.

Ég hef ekki litið svo á og vil ekki líta á þessar umræður um þingsköp sem ádeilu á einn eða neinn heldur sem vott þess að við þm. viljum allir gera það sem í okkar valdi stendur og leitast umfram allt við það að þingstörf geti farið sem best úr hendi.

Iðgjöld bifreiðatrygginga, fsp. 355. mál (þskj. 646). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Fyrir nokkru urðu umræður utan dagskrár um iðgjöld tryggingafélaga af bifreiðatryggingum. Þar sem hæstv. trmrh. var ekki hér til staðar við þá umræðu taldi ég brýnt að bera fram fsp. þá sem ég hér mæli fyrir til að fá fram afstöðu hæstv. trmrh. til nokkrra atriða er snerta iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaganna af bifreiðatryggingum.

Þær fsp., sem ég hef fram borið til hæstv. ráðh., snerta ekki eingöngu það einstaka atriði sem er nýleg hækkun á iðgjöldum bifreiðatrygginga heldur ekki síður það fyrirkomulag sem gildir varðandi ákvarðanir á iðgjöldum tryggingafélaganna. Iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaganna hafa sætt mikilli gagnrýni á undanförnum árum, enda hafa þær oft á umliðnum árum verið langt umfram verðlagsþróun. Það samráð sem tryggingafélögin hafa um iðgjaldaákvarðanir hefur eðlilega einnig sætt mikilli gagnrýni og hafa m.a. Neytendasamtökin og FÍB gagnrýnt mikið það samráð og óskað eftir því að iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaganna verði settar undir strangt verðlagseftirlit auk þess sem verðsamráð tryggingafélaganna hlýtur að vera brot á verðlagslöggjöfinni og samræmast hvorki eðli né tilgangi frjálsrar verðmyndunar.

Ég tel ekki ástæðu til að lesa fsp. lið fyrir lið sem fram kemur á þskj. 646, en það er ekki síst afstaða trmrh. til slíks verðsamráðs tryggingafélaganna sem ég óska eftir að fá skýr svör við og hvort trmrh. telji ekki rétt að fella iðgjaldaákvarðanir undir ákvæði laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti eða með öðrum hætti að setja iðgjaldaákvarðanir undir strangara eftirlit.

Varðandi nýlega verðákvörðun tryggingafélaganna er ljóst að þó að verkalýðsforustan hafi getað knúið fram lítils háttar lækkun á fyrri iðgjaldaákvörðun tryggingafélaganna eftir að tryggingaeftirlitið og trmrh. töldu sig ekkert geta gert til að breyta þeirri ákvörðun um hækkun iðgjaldanna stendur samt eftir að mínu viti að þessi hækkun er langt umfram það sem samræmst getur forsendum nýgerðra kjarasamninga.

Ég spyr því um afstöðu hæstv. ráðh. til þessarar hækkunar og hvort hún hafi verið rædd í ríkisstj.

Varðandi 5. tölul. fsp. um réttmæti útreikninga tryggingafélaganna taldi ég rétt að bera fram þá fsp. til hæstv. ráðh. í ljósi ásakana sem fram komu fyrir nokkru í Helgarpóstinum þar sem því er haldið fram að rangir útreikningar séu lagðir til grundvallar iðgjaldaákvörðun tryggingafélaganna. Ég legg auðvitað engan dóm á réttmæti þessara ásakana, en tel þær það alvarlegar að rétt sé að ganga úr skugga um hvort þær hafi við nokkur rök að styðjast.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég leyfi mér að svara fyrstu tveimur liðum þessarar fsp. í einu lagi.

Það er misskilningur hjá fyrirspyrjanda að vátryggingafélögum sé frjálst að ákveða iðgjöld sín einhliða því að skv. lögum um vátryggingastarfsemi er vátryggingafélögum skylt að tilkynna tryggingaeftirliti fyrir fram allar fyrirhugaðar breytingar á iðgjaldaskrám sínum, bæði í bifreiðatryggingum og öðrum vátryggingagreinum. Ástæðan til að slík lagaákvæði eru sett eru tvö meginmarkmið sem voru höfð í huga við setningu laga. Á vátryggingastarfsemi annars vegar að tryggja að vátryggingafélag geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart hinum tryggðu og hins vegar sé vátryggingafélag rekið á heilbrigðum grundvelli þannig að gjald það sem vátryggingafélag tekur fyrir þá vernd sem það veitir sé á hverjum tíma í samræmi við áhættu og eðlilegan rekstrarkostnað. Þessi tvö markmið voru þau sem lágu til grundvallar.

Af fyrra markmiðinu leiðir að bjóði vátryggingafélag of lág iðgjöld að mati eftirlitsins ber tryggingaeftirlitinu skylda til þess skv. lögum um vátryggingastarfsemi að gera kröfu til að þau verði hækkuð. Í 43. gr. laganna segir að sinni félag ekki slíkum tilmælum skuli eftirlitið tilkynna trmrh. um málið ásamt tillögum um hvað gera skuli. Skal ráðherra veita hæfilegan frest og hafi ekki verið bætt úr innan frestsins getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Á sama hátt skal eftirlitið í samræmi við seinna markmiðið gera kröfu um að iðgjöld verði lækkuð telji það iðgjöldin of há og hefur það sömu áhrif sé þeim tilmælum ekki sinnt.

Það er mat tryggingaeftirlitsins að vegna smæðar vátryggingafélaga hér á landi og sveiflna í tjónareynslu frá ári til árs sé ógerlegt að meta iðgjaldagrundvöll þeirra hvers um sig út frá reynslu á tilteknu einu reikningsári. Það verði að meta grundvöllinn út frá sameiginlegum tölulegum upplýsingum markaðarins í heild á lengra tímabili. Tryggingaeftirlitið hefur aflað slíkra gagna undanfarin tólf ár um stöðu og þróun í hinum ýmsu greinum og hafa niðurstöðurnar birst í ársskýrslum eftirlitsins á undanförnum árum. Reynt er að finna iðgjaldagrundvöll sem að meðaltali leiði til þess að iðgjöld nægi fyrir tjónakostnaði því að það hlýtur að vera í þágu hagsmuna neytendanna. Sveiflur eiga sér stað hjá hverju félagi frá ári til árs, en lögmál tryggingastærðfræðinnar og tölulegir eiginleikar meðaltalsins eiga að sjá til þess, þegar til lengri tíma er litið, að þá ríki stöðugleiki í þessum efnum.

Niðurstaðan af því sem hér hefur verið sagt er því þessi:

1. Án sameiginlegrar tölulegrar úrvinnslu verður iðgjaldagrundvöllurinn ekki metinn þannig að fullnægt

verði ákvæði laga um vátryggingastarfsemi um iðgjöld sem samsvara áhættu og kostnaði er jafnframt tryggja traustan fjárhag vátryggingafélaganna.

2. Samráð félaganna er fólgið í því að leggja fram frumgögn til sameiginlegrar úrvinnslu og útreiknings. Iðgjöld eru háð samþykki tryggingaeftirlitsins sem hefur skv. lögum um vátryggingastarfsemi skýrar heimildir til að krefjast hækkunar eða lækkunar á iðgjöldum.

3. Verðmyndun iðgjalda í vátryggingastarfsemi ræðst fyrst og fremst af tjónareynslu og þeim skilyrðum laga um vátryggingastarfsemi að vátryggingafélög verði að geta staðið við skuldbindingar sínar og bjóða vernd á sanngjörnum iðgjöldum. Það er því tómt mál að tala um að setja iðgjaldaákvarðanir undir annars konar verðlagseftirlit en nú er. Tryggingaeftirlitinu er ætlað að annast það. Upp gætu komið gagnstæð sjónarmið hjá verðlagsyfirvöldum og stjórnvöldum annars vegar og tryggingaeftirliti hins vegar þegar settar eru hömlur á verðlag í þjóðfélaginu eða verðlag lækkað á sama tíma og slæm tjónareynsla og slakur fjárhagur vátryggingafélaga hefur í för með sér að tryggingaeftirlitið telur hækkun nauðsynlega.

Það er mitt mat að ekki skorti lagaheimildir til að fylgjast með og hafa áhrif á iðgjaldaákvarðanir eða aðra starfsemi tryggingafélaga. Og þá er spurningin um afstöðu trmrh. til beiðni tryggingafélaganna um 22% hækkun iðgjalda í ljósi nýgerðra kjarasamninga. Þessi spurning ber það með sér að hún var fram borin áður en opinbert hafði verið gert tilboðið um að hækka aðeins um 19%, en það tilboð tryggingafélaganna lá fyrir gagnvart forvígismönnum launþegahreyfingarinnar daginn áður en þetta mál var tekið hér til umræðu utan dagskrár á Alþingi. Við þá umræðu gat ég því miður ekki verið af lögmætum orsökum.

Ég veit því ekki hvort á að ræða mikið um þessa 22% hækkun, herra forseti, en í raun hafði þá verið tekið tillit til tjóna og kostnaðar sem þegar hafði fallið á tryggingafélögin á því tryggingaári sem hófst 1. mars 1985. Hins vegar buðust tryggingafélögin sjálf til þess að færa þessa hækkun í 19% og tóku þannig á sig áhættu sem tryggingaeftirlitið vildi ekki mæla gegn að gert yrði, enda verðum við að ætla að einhver árangur náist í baráttunni gegn slysum sem herja í allt of ríkum mæli á landsmenn og hljóta að hafa í för með sér mikil útgjöld fyrir tryggingafélögin.

Þetta er viðamikið mál en ég get, með leyfi hæstv. forseta, svarað afganginum með tveimur setningum. Ég vil einungis taka fram að útgjöld tryggingafélaganna eru ekki fyrst og fremst vegna tjóna á bílum heldur tjóna á fólki. Það er þetta sem við verðum að berjast gegn til að koma þessum málum í betra lag og það er sameiginlegur hagur neytendanna og tryggingafélaganna að baráttan gegn slysum beri árangur.

Spurningunni um ásakanir Helgarpóstsins get ég svarað með einni setningu. Greinar í Helgarpóstinum hafa ekki orðið grundvöllur [illegible]varðana ríkisstj. í þessu máli, en mér er kunnugt að tryggingaeftirlitið hefur sjálft staðið að athugun á þessum málum, hefur raunar gert það í mörg ár og ekki orðið vart við falsanir í bókhaldi. En það athugar sérstaklega þennan þátt mála, enda hefur það víðtækar heimildir til að láta gera kannanir af því tagi.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. trmrh. fyrir svörin þó ég telji að þau hafi ekki verið fullnægjandi.

Í upphafi máls síns sagði hæstv. ráðh. að það væri misskilningur hjá mér að tryggingafélögin hefðu heimild til að ákvarða einhliða sín iðgjöld. Það kom ekki fram í mínu máli heldur var ég fyrst og fremst að gagnrýna það verðsamráð, sem tryggingafélögin hafa haft sín á milli um iðgjaldaákvarðanir frá því að iðgjaldaákvörðun var gefin frjáls á árinu 1983, og óskaði eftir að fá fram svör ráðherra við því hvort hún teldi það eðlilegt eða hvort breytinga væri þörf. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með svör ráðherra í því efni vegna þess að mér skilst á hennar svörum að hún leggi í raun blessun sína yfir það fyrirkomulag sem nú gildir í þessu máli og þar með yfir það verðsamráð sem tryggingafélögin hafa sín á milli. Ég verð að segja að það kemur nokkuð einkennilega fyrir sjónir að sjálfstæðismenn, sem eru talsmenn frjálsrar verðmyndunar, telji t.d. í þessu efni að það sé eðlilegt að tryggingafélögin hafi slíkt verðsamráð sín á milli. Það er mín skoðun að þegar ljóst er að það hefur skeð á undanförnum árum með þeim afleiðingum að tryggingafélögin hafa getað knúið fram óeðlilega miklar hækkanir á sínum iðgjöldum beri ríkisvaldinu skylda til að láta endurskoða það fyrirkomulag sem gilt hefur.

Mér fannst hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason hafa miklu meiri skilning á þessu máli við umræður utan dagskrár um daginn en hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. Ég man ekki betur en það hafi komið fram í hans máli að hann teldi nauðsynlegt í ljósi þess verðsamráðs sem tryggingafélögin hafa haft sín á milli að kanna hvort það væri ekki eðlilegt að fella þessar iðgjaldaákvarðanir undir lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þess vegna valda svör ráðherra mér vonbrigðum og ég tel ástæðu til þess, fyrst ekki er að vænta þess að trmrh. hreyfi sig neitt í því máli að beita sér fyrir breytingu á því fyrirkomulagi sem gilt hefur, að þm. athugi það og ég mun kanna sérstaklega hvort ekki er ástæða til að breyta fyrirkomulaginu og fella þessar ákvarðanir undir verðlagslöggjöfina.

Að lokum, herra forseti, gat ég ekki heyrt að hæstv. ráðh. svaraði 4. lið fsp. minnar, um það hvort þessi nýlega iðgjaldahækkun hafi verið rædd í ríkisstj. Óska ég eftir því að ráðherrann svari því.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni að þau tjón sem hér væri um að ræða væru ekki fyrst og fremst á munum heldur vegna slysa á mönnum. Nú vill svo til að flestir þm. hafa væntanlega fengið grg. frá tryggingafræðingi úti í bæ, Þóri Bergssyni, í pósthólf sín í dag, og þó að sú grg. sé stórorð inniheldur hún ýmsar upplýsingar, m.a. þær varðandi þetta atriði að á árinu 1983 hafi meiri hluti bótanna ekki verið vegna slysa á mönnum heldur vegna muna. Á bls. 3 í þessu yfirliti stendur: „Árið 1983 munu um 60% bótanna hafa verið vegna munatjóna, en 40% vegna slysa á mönnum.“ Tryggingafræðingurinn tekur fram að þetta hlutfall kunni eitthvað að hafa raskast síðan, en varla svo að ástæða sé til að taka svo til orða eins og ráðherra gerði og því fer ég hér fram með þessa leiðréttingu.

Í annan stað, herra forseti, tók ég eftir því að hæstv. ráðh. talaði um að það yrði að líta á allt í heild sinni, öll

tjón hjá öllum félögum. Útkoman er sú að menn búa sér til eina prósentu yfir það hvað hækkunin eigi að verða mikil milli ára. Mér finnst þetta harla einkennileg forsenda vegna þess að ef þetta þarf svo að vera mundi það vera svo að ef mismunur hefði verið í iðgjöldum milli tryggingafélaganna í upphafi væri hægt að viðhalda þeim mismun út í það óendanlega, en ef enginn mismunur var, eins og hér hefur átt sér stað, er engin hætta á því að nokkurn tíma komi fram mismunur í iðgjaldi milli félaga. Hvernig má það vera að það skuli ævinlega og ætíð koma út sama prósentulega hækkun fyrir öll félögin? Standa þau öll jafnvel? Hvernig á að líta eftir því að fjárhagur þeirra allra sé hæfilega traustur ef alltaf á að koma út sama prósentan hjá þeim öllum án tillits til þess hvernig þau standa?

Mér finnst þetta, herra forseti, þurfa að koma fram í þessari umræðu því að hér er greinilega brotalöm í röksemdafærslunni.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tel að menn eigi ekki að fara í launkofa með það að tryggingaeftirlitið er öðrum þræði til þess gert að tryggja það að bætur vegna skaða verði nægjanlega háar. Hitt er annað mál að þær risahækkanir sem áttu sér stað nú í ár koma mönnum mjög í opna skjöldu, sérstaklega eftir nýgerða kjarasamninga.

Eitt er það sem hægt væri að gera til þess að lækka iðgjöld bifreiðatrygginga og það er að lækka eða afnema skatta af þessum iðgjöldum. Ísland mun vera eina ríkið í veröldinni sem setur skatta á þessi iðgjöld og er það með ólíkindum hvaða hugsun liggur þar að baki. Í erindi sem til alþm. hefur borist frá tryggingafræðingi segir, með leyfi forseta:

„Það er beinn skattur á eignatjón, tekjutap og þjáningar. Auk þess er slík skattlagning í flestum tilvikum tvísköttun. Söluskattur er lagður á slysa- og sjúkratryggingar aðrar en samnings- og lögbundnar launþegatryggingar. Hér er verið að skattleggja afleiðingar slysa og sjúkdóma. Söluskattur á ábyrgðartryggingariðgjöld er að hálfu leyti skattur á þjáningar, lýti, röskun á stöðu og högum og vinnutekjutap. Er þetta siðferðilega réttlætanlegt?“ spyr maðurinn.

Annað er það sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á. Það er að fyrir þinginu hefur legið frv. um umferðarlög. Af þeim sem til þekkja er talið að bætt umferðarmenning muni verða til þess að lækka iðgjöld þessara trygginga mjög mikið. Þetta frv. hefur legið í Ed. í allan vetur og þar hefur ekkert gerst og ekkert verið unnið í þessu máli. Ég furða mig á þeim vinnubrögðum og spyr eftir því hvernig standi á því að svo þýðingarmikið frv. sem umferðarlög eru skuli leikin á þennan hátt sem ég var að ræða um.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það var fyrst fsp., sem mér vannst ekki tími til að svara áðan, einn stafliðurinn sem var um það hvort hækkun tryggingafélaganna hefði verið rædd í ríkisstj. Þetta mál var rætt í ríkisstj. en ríkisstj. hefur lögum samkvæmt ekki ákvörðunarvald um þetta efni þegar samkomulag er milli tryggingafélaganna annars vegar og tryggingaeftirlitsins hins vegar. (**JS:** Hvenær var það rætt í ríkisstjórninni?) Þetta mál var rætt í ríkisstj. a.m.k. einu sinni og ég greindi frá því þegar fyrir lá að sú prósenta sem um var að ræða yrði ekki 22% heldur 19%. Vissulega var það ekki ákvörðunaratriði þar en það sjónarmið ríkisstj. kom fram að því var fagnað að þarna var verulega komið til móts við launþegahreyfinguna með því að þarna varð prósentan þessum mun lægri en áður hafði staðið til, en hafði áður verið 22,1%.

Að því er varðar kostnaðinn af þessum tveimur tegundum tjóna og þar sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson vitnaði til bréfs, sem Þórir Bergsson tryggingafræðingur sendi þm., þá vil ég leyfa mér að lesa næstu málsgr. á eftir því sem hann las, en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1984 varð mjög mikilvæg breyting á forsendum við ákvörðun bóta fyrir líf- og líkamstjón sem hækkaði bætur snögglega mjög mikið. Í sumum tilfellum meira en fjórfölduðust bætur til þeirra sem urðu örkumla af völdum bótaskyldra tjóna en að meðaltali reiknast mér að bætur hafi um það bil tvöfaldast.“

Það ætti ekki að þurfa vitnanna við frekar þegar við vitum að árið 1984 var líka mikið toppár, ef svo má segja, í slysafjölda. Þá var þar um að ræða álag sem var sérstaklega mikið. En í von um það að okkur takist að lækka hina geigvænlegu slysatíðni, þá vonast ég til þess að unnt verði að ákvarða iðgjöldin með enn öðrum hætti og jafnvel enn lægri í framtíðinni, en eins og kunnugt er taka þau mið af hag næsta árs á undan. Þess vegna tek ég undir það sem hv. 6. landsk. þm. sagði hér áðan að það er vissulega aðkallandi að umferðarlögin, sem eru til umræðu í hv. Ed., fari að komast í gegn með mörgum þeim ákvæðum sem ég tel að muni tvímælalaust draga úr umferðarslysum.

Hernaðarframkvæmdir, fsp. 360. mál (þskj. 651). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. utanrrh. fyrirspurnir varðandi hernaðarframkvæmdir. Að gefnu tilefni vil ég segja: Upplýsingar hafa ekki legið á lausu um slíkar framkvæmdir, hvorki um ákvarðanir um þær né um eðli þeirra. Vil ég í þessu sambandi vitna í ummæli hæstv. fyrrv. utanrrh. sem svaraði fsp. 16. apríl s.l. og skýrði þá frá því hvernig slíkar ákvarðanir bæri að.

Í sama fyrirspurnatíma nefndi hæstv. fyrrv. utanrrh. að til stæði að taka ákvarðanir um byggingu nýrrar sérstaklega styrktrar stjórnstöðvar á Keflavíkurflugvelli á næsta ári og vænta mætti óska frá Bandaríkjamönnum um að koma slíkum framkvæmdum á framkvæmdaáætlun á því ári. Ummæli í svipaða átt er að finna í skýrslu utanrrh. frá sama ári um utanríkismál.

Dæmin sýna, herra forseti, að ákvarðanir um miklar hernaðarframkvæmdir í landinu á borð við Helguvík, byggingu sérstaklega styrktra flugskýla, komu nýrra og langdrægra orustuþotna, og fleira mætti telja, eru teknar af utanríkisráðherranum einum án samráðs fyrir fram við ríkisstjórn eða Alþingi. Samráðið felst síðan í einhvers konar tilkynningarstíl eftir á — ef um slíkt er að ræða á annað borð. Og ég vitna aftur í umræður í fyrirspurnatíma á Alþingi 16. apríl s.l. Þessi framkvæmdamáti er hneyksli, herra forseti, og lítilsvirðing við sjálfstæði þjóðarinnar. Ég tel einnig að hér sé á ferðinni brot á lögum um þingsköp Alþingis, sbr. 15. gr. þar um. Ég hef þess vegna lagt fram þessar fsp. til þess

að fá það hér fram og til umræðu hér inni á Alþingi hvort tekin hafi verið ákvörðun um þessa framkvæmd, eins og reyndar gefið var í skyn að gert yrði, og með hvaða hætti það hefur verið gert. Einnig fer ég fram á það í fsp. að hæstv. utanrrh. skýri Alþingi frá því ef einhverjar aðrar slíkar framkvæmdir hafa verið heimilaðar síðan Alþingi fjallaði síðast um þau mál. Ég tel það óviðunandi, herra forseti, að þannig sé að slíkri ákvarðanatekt staðið að Alþingi fá um hana að frétta í tilkynningarstíl, sömuleiðis hæstv. ríkisstjórn og ekkert samráð sé að fyrra bragði haft við utanrmn. Alþingis, hversu miklar og gífurlegar þær framkvæmdir eru sem þar eru á ferðinni.

Ég vil enn minna á að 15. gr. þingskapa Alþingis kveður skýrt á um það að við öll meiri háttar utanríkismál skuli haft samband við utanrmn. Ég tel að það sé að skapast hættuleg hefð fyrir því að þetta ákvæði sé brotið, að lög séu brotin í landinu, vegna þess að meiri háttar hernaðarframkvæmdir eru leyfðar aftur og aftur af hæstv. utanrrh. án þess að farið sé eftir þessu ákvæði. M.a. af þessum sökum hef ég lagt fram fsp. sem gefur að lesa á þskj. 651, herra forseti.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég mun svara fsp. hv. þm. en áður en ég geri það vil ég aðeins víkja að því að samkvæmt þingsköpum er gert ráð fyrir, eins og hér kom fram áðan, að utanrrh. leggi skýrslu fyrir Alþingi. Það verður gert innan mjög skamms tíma. Síðan fara fram umræður um hana og þar er að sjálfsögðu hægt að koma að öllum þeim athugasemdum sem hv. þm. kom með hér áðan. Og ég áskil mér rétt til þess að bíða með að svara slíku. Ég vil mjög gjarnan halda mig við það sem þingsköp segja í sambandi við fsp. og svara fsp., sem til mín er beint, en hún er:

„1. Hefur utanrrh. heimilað Bandaríkjaher eða Atlantshafsbandalaginu að hefja framkvæmdir við nýja sérstaklega styrkta stjórnstöð á Keflavíkurflugvelli, eða liggur fyrir beiðni um slíka heimild?"

Það kom fram í skýrslu forvera míns um utanríkismál á síðasta ári, bls. 32, að upplýst var að áform væru fyrir hendi um að byggja nýja styrkta stjórnstöð fyrir varnarliðið í stað núverandi, sem er að öllu leyti ófullnægjandi. Bygging stjórnstöðvarinnar, sem verður alls 1980 m^2 að stærð, var formlega heimiluð í október á síðasta ári.

„2. Hefur ráðherra heimilað sömu aðilum og að ofan greinir einhverjar aðrar nýjar framkvæmdir frá því síðast var gerð grein fyrir slíku á Alþingi?"

Svarið við þessari fsp. er: Í október á s.l. ári var varnarliðinu heimilað að hefjast handa um eftirtaldar nýframkvæmdir, auk fyrrgreindrar stjórnstöðvar sem ég gat um áðan:

1. Birgðarými vegna olíubirgðastöðvar í Helguvík, samtals 15 þús. m^3 að stærð, það var 3. áfangi.

2. Ratsjárstöð á Gunnólfsvíkurfjalli við Bakkafjörð og ratsjárstöð í Stigahlíðarfjalli við Bolungarvík. Vegaframkvæmdir fyrir ratsjárstöðina fyrir vestan hófust í október á s.l. ári, en í nóvember fyrir austan. Vonast er til að framkvæmdir við stöðvarhúsin hefjist í sumar og verði lokið á tímabilinu 1987–1988. Hvor bygging fyrir sig verður 1150 m^2 að grunnfleti.

3. Fyrri hluti framkvæmda við flughlað, aksturs-brautir og flugvallarveg vegna nýju flugstöðvarinnar. Samið var um aðskilnað á rekstri farþegaflugs frá starfsemi varnarliðsins á árinu 1974 og gert ráð fyrir því nú.

4. Þróunarstöð fyrir þotuhreyfla fyrir nýjar orustuflugvélar varnarliðsins.

Þetta er svarið við 2. fsp. Ég hafði áður svarað þeirri fyrri.

Eins og ég gat um áðan: Þegar ég mun leggja skýrsluna fram og hún verður hér til umræðu mun ég áskilja mér rétt til þess að gera grein fyrir því sem varðar þessi mál nú eins og þau standa.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka samkvæmt venju hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég hafði þennan formála á fsp. minni áðan vegna þess að ég vildi skýra hvers vegna ég teldi mig knúinn til að spyrja sérstaklega um einstakar framkvæmdir hér á hv. Alþingi ár eftir ár. Það er vegna þessa, eins og ég áðan greindi frá, að upplýsingar hafa ekki legið á lausu um það og Alþingi hefur mátt sæta því að fá um slíkt tilkynningar í skýrslum eða munnlegar frá utanrrh. jafnvel mörgum mánuðum, jafnvel allt að árum eftir að slíkar framkvæmdir hafa verið heimilaðar. Og hér kemur eitt glöggt dæmi um slíkt:

Í október s.l. heimilaði utanrrh. Bandaríkjaher að hefja yfir 1000 m^2 byggingu sérstaklega styrktrar stjórnstöðvar sem mun þannig hönnuð samkvæmt upplýsingum sem ég hef að hún þoli algert stríð í ekki minna en 7 daga, þannig að þeir sem innan stöðvarinnar eru geti hafst þar við án nokkurs sambands við umheiminn og má þá einu gilda hvort sú stöð er bombarderuð með hefðbundnum sprengjum eða yfir hana er dælt sýklum eða öðrum eiturefnum. Allt það skal hún þola og þeir sem þar eru innan dyra skulu þar geta viðhaldist við slíkar aðstæður í eigi minna en 7 daga. Þess eðlis er þessi stöð og hún er enn ein áþreifanleg sönnun fyrir þeirri gífurlegu útþenslu hernámsins, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur sérstaklega beitt sér fyrir með nýjum og nýjum ákvörðunum um hernaðarframkvæmdir, næstum að segja í hverjum mánuði, sem hófst reyndar þegar á fyrsta mánuði í valdatíð hæstv. fyrrv. utanrrh.

Ekki fólust mikil nýmæli í öðrum svörum hæstv. utanrrh. Þar eru á ferðinni framkvæmdir sem þegar hafa verið ræddar hér og deilt hefur verið um hér á hv. Alþingi. En þó er rétt að vekja sérstaklega athygli á því að enn er haldið áfram við að heimila aukningu birgðarýmis olíuhafnarinnar og birgðastöðvarinnar í Helguvík þannig að nú þegar er þar um að ræða margföldun þeirra birgða sem fyrir voru og heimilaðar voru samkvæmt fyrra samkomulagi. Þessum framkvæmdum öllum mótmæli ég harðlega, herra forseti. Þó sérstaklega þeim framkvæmdamáta sem hér er á hafður um ákvarðanatekt og þeirri lítilsvirðingu við Alþingi sem með þessum hætti er iðulega í frammi höfð, sérstaklega með tilvísan til stöðu utanrmn. og ákvæða um hana í 15. gr. um þingsköp Alþingis.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er aðeins að ég tel að ákvarðanataka um þessar framkvæmdir hafi verið með þeim hætti sem áður hefur verið og eðlilegt er talið.

Innri öryggismál, fsp. 363. mál (þskj. 656). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. utanrrh. fsp. varðandi viðfangsefni sem á fínu máli hefur hlotið nafnið „innri öryggismál" og nokkuð var fjallað um í fjölmiðlum landsins á undanförnum vikum.

Helst mátti skilja á umfjöllun fjölmiðla, dagblaða og ríkisfjölmiðla, að hér væru á ferðinni hugmyndir um að koma á fót einhvers konar upplýsingaþjónustu, upplýsingasöfnun í því formi sem tíðkast erlendis gjarnan undir nafninu „leyniþjónusta" eða „öryggislögregla" eða „öryggisþjónusta". Þannig er t.d. í Morgunblaðinu sagt frá fundi Varðbergs og Félags áhugamanna um vestræna samvinnu hinn 20. febr. s.l. og þar greint frá hugmyndum sem hæstv. utanrrh. hafi reifað um þessi svonefndu innri öryggismál. Einnig var í fréttum Ríkisútvarps stuttu síðar sagt frá fundi sama félagsskapar þar sem starfsmenn úr ráðuneytum, dómsmrn. og utanrrn., höfðu reifað svipaðar hugmyndir og sagt frá því sem á döfinni væri í viðkomandi ráðuneytum um þessi efni.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér þykir hér farið af furðu mikilli léttúð með alvarleg mál, sérstaklega hvað það varðar að þessi mál skuli koma til umfjöllunar á fundum einhverra félagasamtaka, einhverra klúbba úti í bæ, ítrekað, án þess að hv. Alþingi eða utanrmn. Alþingis hafi verið skýrt frá þeim hugmyndum sem þar eru á ferðinni og án þess að um þau hafi verið fjallað fyrst á þeim vettvangi. Einnig skilst mér reyndar, þótt það sé ekki minn höfuðverkur, herra forseti, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki fengið af þessum hugmyndum að vita fyrr en a.m.k. eftir þann fund sem ég vitnaði til og haldinn var 20. febr. s.l. Því hef ég spurt hæstv. utanrrh.: Í fyrsta lagi hvort uppi séu áform í utanrrn. um að koma á fót slíkri þjónustu, leyniþjónustu eða öryggislögreglu. Í öðru lagi hverju það sæti að utanrrh. reifar slíkar hugmyndir á fundi hjá nefndu Varðbergi áður en þær eru kynntar fyrir til að mynda utanrmn. Alþingis, ríkisstjórn og þingflokkum. Og í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji það eðlilegt að starfsmenn ráðuneyta — og þá getur hann væntanlega í það minnsta svarað fyrir sitt ráðuneyti — ræði, á þessu stigi málsins, þessi svonefndu „innri öryggismál" og skýri frá vinnu ráðuneytanna þar að lútandi á fundum þar sem viðstaddir eru meðal annarra starfsmenn erlendra sendiráða sérstaklega boðnir til fundar klúbbsins.

Ég vitna hér í frétt Ríkisútvarpsins af þessum fundum, herra forseti, máli mínu til staðfestingar, en þar var skýrt frá því sem fram hafði farið á þessum viðkomandi fundum og einnig greint frá því að viðstaddir alþm., hv. þm. Eiður Guðnason og hv. þm. Haraldur Ólafsson, hefðu gert nokkrar athugasemdir þessu að lútandi.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eitthvað hefur nú hv. þm. misskilið allt sem um hefur verið fjallað í þessum efnum, en ég skal láta vera að gera það að umræðuefni, sjálfsagt gefst tækifæri til þess síðar, en svara fsp. á þessu þskj., sem annars að sumu leyti eru að mínum dómi mjög óþinglegar ef það er skoðað ofan í kjölinn. Fyrirspurnirnar eru:

„1. Eru uppi áform í utanrrn. um að koma á fót leyniþjónustu eða öryggislögreglu að erlendri fyrirmynd?" Svarið er nei.

„2. Hverju sætir að utanrrh. reifar slíkar hugmyndir á fundi hjá Varðbergi áður en þær eru kynntar fyrir t.a.m. utanrmn. Alþingis, ríkisstjórn og þingflokkum?" Slíkar hugmyndir hefur utanrrh. ekki reifað á fyrr nefndum fundi svo sem hér er látið í skína.

„3. Telur utanrrh. eðlilegt að starfsmenn ráðuneyta ræði, á þessu stigi málsins, svonefnd „innri öryggismál" og skýri frá vinnu ráðuneyta þar að lútandi á fundum, þar sem viðstaddir eru meðal annarra erlendir sendiráðsstarfsmenn?" Í fyrsta lagi kannast ég ekki við að í utanrrn. hafi farið fram nein vinna í þessum málum sem hægt hafi verið að skýra frá. Í öðru lagi var ég ekki staddur á þessum fundi sem hér er vísað til. Hvort þar voru erlendir sendiráðsstarfsmenn eða ekki, það er þeirra að segja frá sem á fundinum voru. En ég bendi á að hér var um að ræða fund þar sem menn voru að ræða innri öryggismál landsins og þeir voru þar að setja fram sín sjónarmið en þeir voru þar ekki fulltrúar neinna stofnana eða ráðuneyta.

Til upplýsinga í þessu máli vil ég segja að ég hef lagt fram í ríkisstj. tillögu um að gerð verði úttekt á innra öryggi þjóðarinnar. Þar er öðru fremur átt við varnir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum, svo og gegn ólöglegri upplýsingastarfsemi. Og ég segi: Fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn slíkum verkum þarf að gera, svo og áætlanir um viðbúnað ef slík mál koma upp.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka utanrrh. fyrir svörin og fagna því að hann svaraði því afdráttarlaust að ekki stæði til að setja á fót slíka leyniþjónustu eða öryggislögreglu að erlendri fyrirmynd sem ég spurði hann um.

En varðandi það að ég hafi misskilið allt sem hér er um spurt og varðandi það að utanrrh. hafi engar slíkar hugmyndir reifað á fundi hjá Varðbergi 20. febr. s.l., þá vil ég vitna til fjölmiðils hér í landinu, Morgunblaðsins, en það segir á einum stað fyrir nokkrum dögum síðan, með leyfi forseta:

„Á ríkisstjórnarfundi í gær var lögð fram tillaga að ríkisstjórnarsamþykkt varðandi innra öryggi þjóðarinnar. Það var Matthías Á. Mathiesen utanrrh. sem hreyfði málinu, en svo sem kunnugt er gerði hann þetta mál fyrst að umtalsefni á fundi Varðbergs, félags áhugamanna um vestræna samvinnu, hinn 20. febr. s.l." Og síðan segir: „Í samtali við Morgunblaðið í gær sagði Matthías Á. Mathiesen utanrrh. að með innra öryggi væri bæði átt við viðbúnað gegn hryðjuverkum öfgamanna, svo og ólöglega upplýsingastarfsemi. Ekki yrði horft fram hjá því að við lifum á tímum alþjóðlegra hryðjuverka þar sem allar þjóðir geti fyrirvaralaust orðið vettvangur ofbeldismanna. Þá hafi komið upp mál í nágrannalöndum okkar, t.d. Noregi, þar sem orðið hafi uppvíst um stórfellda njósnastarfsemi er grafi undan öryggi viðkomandi ríkja. „Við Íslendingar getum ekki", segir ráðherrann, „horft fram hjá þessum staðreyndum. Það verður að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir og einnig áætlanir um viðbúnað ef slíkan vanda bæri að höndum okkar", sagði utanrrh."

Ég vil meina, herra forseti, að í framhaldi af slíkri umfjöllun í virtum fjölmiðli, þá sé fullkomlega eðlilegt að hæstv. utanrrh. sé spurður um það hér á Alþingi hvað sé hér á ferðinni og það þurfi enga útúrsnúninga að hafa við það. Þar af leiðandi sé þessi fsp. fullkomlega þingleg, enda hefði hæstv. forseti væntanlega ekki leyft

henni hér fram að koma nema svo væri, hæstv. utanrrh.

Varðandi svo það, sem ég spurði um í þriðja lagi, að starfsmenn ráðuneyta væru ekki raupandi um slík mál á fundum úti í bæ, þá held ég mig fast við þá afstöðu mína að það sé með öllu óeðlilegt að starfsmenn úr ráðuneytum, sem þessir málaflokkar heyra undir, séu fleiprandi um slík mál hjá einhverjum klúbbum úti í bæ. Þeir geta ósköp einfaldlega ekki, hæstv. utanrrh., skipt um hlutverk eins og dr. Jekyll og mr. Hyde gerðu forðum og verið allt aðrir menn á kvöldin heldur en þeir eru í vinnu hjá þér, hæstv. utanrrh., á daginn. Það gengur einfaldlega ekki þannig fyrir sig. Starfsmenn í utanrrn. eru starfsmenn í utanrrn. og vigt þeirra orða er þar af leiðandi meiri en óbreyttra manna þegar fjallað er um slík mál.

Ég geri því kröfu til þess, herra forseti, að þeim skilaboðum verði komið til þessara starfsmanna, hæstv. utanrrh., að þeir láti af því að ræða um þessi viðkvæmu mál á opinberum vettvangi þar sem staddir eru fjölmiðlamenn og staddir eru fulltrúar erlendra sendiráða t.a.m. áður en hæstv. Alþingi eða utanrmn. þess hefur verið kynnt vandlega hvað hér er á ferðinni.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu. En ég vil leggja á það enn og aftur áherslu að hér er ekki gamanmál á ferðinni. Hér eru alvörumál á ferðinni. Það er gott og blessað að einhverjir klúbbfélagar úti í bæ hafi áhuga á þessum málum. Ekki er ég að fara fram á að þeim sé meinað það. En umfjöllun opinberra aðila, hvort sem það er hæstv. ráðherra eða starfsmenn hans eða aðrir starfsmenn ráðuneyta, eru ekki gamanmál og ekki flysjungsmál og það ber að fara með þessi mál eins og eðli þeirra krefst með fullkominni yfirvegun og ekki hlaupa með þau í fjölmiðla eða láta starfsmenn erlendra sendiráða vera vitni að því að verið sé að reifa þau á frumstigi. Það er með öllu óeðlilegt og ég tel í raun framkomu þeirra, sem þannig hafa staðið að málum, vítaverða, herra forseti.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með því að lesa upp úr Morgunblaðinu staðfesti hv. þm. allt sem ég hafði sagt hér áðan. **(GHelg:** Nei. Ráðherra sagðist ekki hafa verið á fundinum. Getum við fengið upplýst hvar ráðherrann var.) Þetta er annar fundur hv. þm., fundirnir voru tveir. **(GHelg:** Nú.) Þannig að hv. þm. hefur ekki tekið nægjanlega vel eftir.

Á fyrri fundinum vakti ég athygli á því að við yrðum að taka þetta mál til meðferðar, innra öryggi, og á þeim fundi vék ég aldrei að því sem hv. þm. spurði um hér og sagði: Hverju sætir það að hæstv. utanrrh. reifi slíkar hugmyndir sem hann var búinn að búa til í sinni fyrstu fsp. Á þessum fundi reifaði ég aðeins innra öryggi, en á síðari fundinum var ég ekki viðstaddur. En ég bætti því við að þar hefði enginn maður, a.m.k. úr utanrrn., sagt frá neinu sem þar hafi verið unnið vegna þess að það hefur ekki verið gert. En hinu mótmæli ég, að ég sem einstaklingur, ég sem þm., ég sem ráðherra, geti ekki komið á fund hvar sem er í landinu og rætt hugmyndir, sem ég hef, öðruvísi en að vera búinn að koma með málið fyrst í utanrmn. eða í þingflokk eða í ríkisstjórn. Við erum þó frjálsir menn í frjálsu landi og getum komið fram með okkar hugmyndir hvar sem við viljum. Ég lagði síðan málið fyrir ríkisstjórnina. Og það var ekkert launungarmál, síður en svo. Og þetta er ekkert gamanmál. Þess vegna segi ég: Það er ástæðulaust fyrir okkur að vera að ætla einhverjum að segja eitthvað, en upp úr Morgunblaðinu las hv. þm. ekkert af því sem hann spyr um á þessu þskj. Hvað svo fór fram á síðari fundinum veit ég ekki — nema það að frá vinnu utanrrn. var ekki hægt að segja.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hlýt að fá að mótmæla þeim tilraunum hæstv. utanrrh. að reyna að bera það af sér að þessi fsp. sé eðlileg og af gefnu tilefni. Ég bendi hæstv. utanrrh. ósköp einfaldlega á að lesa nú einu sinni Morgunblað sitt vandlega og reyna að skilja það sem þar stendur. Eitt af því fáa góða við Morgunblaðið er nú að það er oft skrifað á ágætis íslensku og vel skiljanlegri. Og það er óhjákvæmilegt að slíkar hugmyndir vakni hjá manni þegar maður les í gegnum frásögn Morgunblaðsins og viðtal Morgunblaðsins við hæstv. utanrrh. Það fer ekkert á milli mála. Hér er verið að fjalla um þessa hluti, um njósnamál og slíka hluti sem eru til meðhöndlunar hjá stofnunum í öðrum löndum, en sem ég er hér að spyrja um. Eðlilega tengir maður það saman hvort hér séu á ferðinni slíkar hugmyndir.

Ég teldi einnig rétt að hæstv. utanrrh. yrði sér úti um útskrift af fréttatíma Ríkisútvarpsins einhvern tíma upp úr 20. mars þegar sérstaklega var sagt frá seinni Varðbergsfundinum, sem um þetta fjallaði, og vitnað var orðrétt eða svo til orðrétt í starfsmenn ráðuneytanna og þau ummæli sem þeir höfðu haft.

Að lokum, herra forseti. Sá vettvangur sem hæstv. utanrrh. velur sér til þess að kynna þessar hugmyndir og reifa þessar hugmyndir er mjög sérstakur. Það er sami vettvangurinn sem lávarðinum eðalborna, Carrington, er boðið á til að sitja á góðra vina fundi. Sami vettvangur þar sem aðrir alþm. þjóðarinnar en þeir sem sérstaklega tilheyra þessum söfnuði komast ekki til. Mér er til að mynda ekki boðið á þessa Varðbergsfundi. Ég er ekki félagi og lesandi fundarboð lít ég þannig á að þar eigi ég ekki innangengt. Og ég gagnrýni harðlega, herra forseti, að hæstv. utanrrh. skuli velja þennan vettvang til að reifa þessar hugmyndir, hjá þessum sértrúarsöfnuði þar sem verulegur hluti þm. þjóðarinnar á ekki innangengt.

Að lokum vil ég, herra forseti, benda hæstv. utanrrh. þjóðarinnar, Matthíasi Á. Mathiesen, á það — vegna þess að hann hefur greinilega ekki áttað sig á því — að hann er ekki bara utanrrh. á daginn frá 8–4. Hann er utanrrh. íslensku þjóðarinnar allan sólarhringinn og þegar hann mælir sem slíkur, þá skiptir ekki máli hvort það er kl. 4 eða hvort það er kl. 21.00 á einhverjum klúbbfundi.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 1. apríl, að loknum 66. fundi.

Varnir gegn hagsmunaárekstrum, þáltill. 370. mál (þskj. 669). — Fyrri umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um varnir gegn hagsmunaárekstrum

sem ég flyt ásamt þm. Kolbrúnu Jónsdóttur og Stefáni Benediktssyni. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela allshn. sameinaðs Alþingis að semja frv. til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum. Frv. skal ná til valdþáttanna þriggja, löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds. Frv. skal miða að því að vernda og efla traust almennings á stjórnkerfinu með því m.a. að

1. framfylgja undirstöðureglum um aðskilnað valdþáttanna þriggja,

2. kveða skýrt á um ábyrgð einstaklings í þjónustu almennings og koma í veg fyrir að árekstur verði milli einkahagsmuna hans og hagsmuna hins opinbera,

3. setja greinileg fyrirmæli um vanhæfi þeirra sem með mikilvægt úrskurðarvald fara,

4. skylda alþm., ráðherra, dómara, embættismenn og opinbera starfsmenn til að gefa í upphafi starfs þær upplýsingar um viðskipti sín og eignir sínar og fjölskyldna sinna sem nauðsynlegar eru taldar til að varnir gegn hagsmunaárekstrum verði mögulegar."

Í grg. með þál. segir:

„Í bók sinni Stjórnarfarsréttur segir Ólafur Jóhannesson: „Af stjórnvöldum verður almennt að krefjast hlutlægni, þ.e. að þau byggi ákvarðanir sínar um stjórnarmálefni á lagarökum og hlutlægu mati, en láti eigi stjórnast af eigin geðþótta og persónulegum hagsmunum. Þessi krafa þykir svo sjálfsögð í réttarríki, að um hana ætti ekki að þurfa að fjölyrða. Er auðsætt hve mikilsvert það er að hlutlæg sjónarmið ráði gerðum stjórnvalda svo að almenningur geti með réttu treyst á réttsýni þeirra, ekki síst nú á tímum, er almannavaldið gerist stöðugt umsvifameira og ýmiss konar stjórnarathafnir verða þar af leiðandi æ mikilvægari."

Þau auknu umsvif almannavaldsins, sem Ólafur Jóhannesson minnist hér á, eiga sér ýmsar rætur. Þar á meðal er sú trú að markmiðum velferðarríkisins verði ekki náð öðruvísi en með stofnanaveldi. Ekki er talið að kröfum um sanngirni og jöfnuð við framkvæmd hinna ýmsu félagslegu aðgerða verði náð öðruvísi en undir styrkri stjórn stofnana á vegum ríkisins.

En þessi siður nær til fleiri sviða en þess félagslega. Í atvinnumálum er miðstýringin ríkjandi hefð á Íslandi. Miðstýringin er arfur frá stríðsárunum. Grunntónn hennar er sá að fólk hafi ekki vit fyrir sér og að réttlæti náist ekki nema fyrir tilverknað þar til gerðra stofnana. Þetta birtist okkur á ýmsan hátt, t.d. í landbúnaðarstefnu, sjávarútvegsstefnu og peningastefnu þeirri sem fylgt er í landinu.

Til að hafa stjórn á öllum hlutum þarf að setja upp stofnanir eins og áður segir. Við þekkjum þær t.d. úr landbúnaðinum, þar sem Framleiðsluráð og Búnaðarfélag stjórna öllum málum landbúnaðarins og landbrn. er eins og símsvari frá þessum stofnunum. Við þekkjum dæmi í sjávarútvegi og iðnaði, þar sem sjóðakerfið er ekkert annað en angi af þessum sama hugsunarhætti forræðisins. Við þekkjum dæmin úr peningakerfinu, þar sem eru fjármálastofnanir þjóðarinnar, ríkisbankar, Seðlabanki og Byggðastofnun svo dæmi séu nefnd. Þetta eru allt greinar af þessum sama meiði.

Þessar miðstýringartilhneigingar birtast okkur síðan í fámennisstjórn vegna þess að brennipunktum valdsins er safnað saman á fáa staði. Á þessa staði raða flokkarnir mönnum sem þeir treysta. Um þetta þekkjum við fjölmörg dæmi. Ein versta afleiðing fámennisstjórnarinnar er síðan hættan á hagsmunaárekstrum."

Síðar í þessari grg. segir:

„Í upphafi var vikið að bókinni Stjórnarfarsrétti eftir Ólaf Jóhannesson. Þar fjallar Ólafur um ýmis tilvik í íslenskum lögum þar sem vikið er að vanhæfi einstakra stjórnvalda og veltir fyrir sér spurningunni hvort almenn ályktun verði dregin af þeim lagafyrirmælum um vanhæfistilvik. Orðrétt segir hann síðan „að það virðist verða að meta það hverju sinni hvort afstaða stjórnvalda til ákvörðunar eða málsúrslita sé slík að hætta sé á því að það fái ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Ef stjórnvald á sérstakra eða persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvörðun um eitthvert málefni, má að jafnaði gera ráð fyrir nokkurri vilsýni — vitandi eða óafvitandi — af þess hálfu."

Í máli fræðimannsins koma fram þau tvö meginsjónarmið,

1. að það sé mikilvægt að almenningur geti treyst á réttsýni stjórnvalda, og

2. að gera megi ráð fyrir hættu á óhlutlægu mati ef stjórnvöld eigi sérstakra, persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvarðanir."

Síðan segir í þessari sömu bók, með leyfi forseta:

„Hér hafa að framan verið rakin lagaboð um vanhæfni til stjórnsýslustarfa." — Þar hefur þá fræðimaðurinn farið nokkrum orðum um gildandi ákvæði í íslenskum lögum um þessi efni. — „Þau eru óneitanlega heldur sundurleit og sýnist erfitt að draga af þeim einum út af fyrir sig nokkrar almennar reglur. Á það má þó benda að lagaákvæðin taka yfirleitt til stjórnvalda sem fara með úrskurðarvald eða hafa á hendi einhvers konar matsstörf. Flest lagaboðanna fjalla um fjölskipuð stjórnvöld. Þau taka aðeins til tiltölulega fárra framkvæmdarvaldsaðila. Þannig eru nær engin ákvæði um embættismenn og fasta sýslunarmenn ríkisins. Í löggjöfinni er t.d. engin fyrirmæli að finna um sérstakt vanhæfi ráðherra, stjórnarráðsstarfsmanna eða lögreglustjóra. Fara þeir embættismenn þó með úrskurðarvald sem vissulega er eins þýðingarmikið og margra þeirra aðila sem framangreind lagaákvæði fjalla um."

Þessi mál hafa verið víða til umræðu í ríkjunum í kringum okkur á undanförnum árum. Þess má geta að í Kanada voru gefnar út reglur á árinu 1973 sem kalla mætti leiðbeiningar til opinberra starfsmanna varðandi hagsmunaárekstra. Þar eru lagðar fram almennar reglur, sem hljóða þannig í íslenskri þýðingu, með leyfi forseta:

„1. Það nægir engan veginn að maður í opinberri ábyrgðarstöðu starfi innan marka laganna. Honum er ekki aðeins skylt að fara að lögum, heldur ber honum að vinna af slíkri umhyggjusemi, að starf hans standist ítarlega opinbera rannsókn. Til þess að heiðarleiki og óhlutdrægni verði ekki dregin í efa skulu opinberir starfsmenn forðast að ánetjast nokkrum þeim manni, sem kynni að njóta góðs af góðvild eða greiðasemi þeirra eða reyna á nokkurn hátt að ná sérstakri hylli þeirra. Á sama hátt skal opinber starfsmaður ekki eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta, sem á nokkurn hátt kynnu að brjóta í bága við skyldustörf hans.

2. Engir árekstrar skulu vera eða virðast vera milli einkahagsmuna opinberra starfsmanna og skyldustarfa þeirra. Þegar opinberir starfsmenn eru skipaðir í stöðu, er til þess ætlast að þeir komi einkamálum sínum í það horf að loku sé fyrir það skotið að hagsmunaárekstrar

verði."

Þess má geta að í Bandaríkjunum hafa verið umræður um þessi mál líka og þar voru sett lög 1978 sem eru kölluð „Ethics in Government Act of 1978" og þar er fjallað um starfsmenn valdþáttanna. Þar er fjallað sérstaklega um starfsmenn löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, og þar eru nákvæmar reglur um hvernig þeir eigi að gefa upplýsingar um eignir sínar og viðskipti á þann hátt að hægt sé að hafa eftirlit með því að ekki skapist hætta á árekstrum hagsmuna. Og það er mjög mikilvægt í þessu efni að í báðum þessum löndum, Kanada og Bandaríkjunum, hafa menn lagt á það mesta áherslu að þannig verði að búa um hnútana að menn þurfi ekki að efast um að árekstrar verði ekki milli opinberra hagsmuna og eigin hagsmuna, þ.e. menn leggja ríka áherslu á það að stjórnkerfið njóti trausts og komast þess vegna víða þannig að orði að þetta sé ekki spurning um að árekstrar geti orðið heldur sé þetta spurning um að þeir megi heldur ekki virðast geta orðið, vegna þess að traustið skiptir svo miklu máli.

Í Bandaríkjunum voru líka 1978 sett lög um stofnun sem er kölluð „Office of Government Ethics". Þeirri sérstöku skrifstofu eða stofnun er falið að fylgjast með þessum hlutum, gefa út reglugerðir og leiðbeiningar til starfsmanna og stjórnenda opinberra stofnana um það hvernig fylgst sé með því að hagsmunir hins opinbera og einkahagsmunir rekist ekki á og þar eru veittar leiðbeiningar um úrlausn og meðferð einstakra mála. Þannig má finna bæði í Kanada og Bandaríkjunum ágætisfyrirmyndir að því hvernig er tekið á þessum málum og það kemur mjög greinilega fram í allri þeirri löggjöf og eins í þeim reglugerðum að traustið er númer eitt. Það má ekki falla neinn skuggi vafans á starfrækslu þeirra starfa sem þessi lög ná til. Í Kanada hafa þessar reglur verið settar sömuleiðis fyrir ráðherra þar sem lögð er áhersla á að þeir komi sínum málum þannig fyrir að aldrei þurfi að efast um að embættisfærsla þeirra hafi hagsmuni hins opinbera, hafi hagsmuni fólksins að leiðarljósi frekar en eigin hagsmuni.

Í Bretlandi hafa þessi mál líka verið mjög til umræðu og þar hafa ekki síður verið til umræðu hugsanlegir hagsmunaárekstrar innan þingsins. Þær reglur, sem ég talaði um hér að framan, frá Kanada og Bandaríkjunum fjölluðu um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá opinberum starfsmönnum, en Bretar hafa talsvert mikið fjallað um hugsanlega hagsmunaárekstra innan þingsins. Þar hafa reyndar lengi verið í gildi ákveðnar reglur varðandi þingmenn, t.d. að þingmenn verða að láta þess ætíð getið í upphafi máls, þegar þeir ræða um eitthvert ákveðið þingmál, hvort hagsmunir þeirra eða fjölskyldna þeirra tengjast hugsanlega á einhvern hátt viðkomandi máli. Þar hafa líka nokkuð lengi gilt þær reglur að þingmenn verða við upphaf þingmennskuferils síns — og síðan væntanlega reglulega með einhverju millibili þar á eftir — að skýra frá eignum sínum og eignum fjölskyldna sinna svo og viðskiptatengslum. Þessar upplýsingar eru síðan settar í þingskjöl og eru aðgengilegar almenningi og öllum sem um þær vilja fjalla. Þetta er álitið nauðsynlegt til þess að almenningur geti haft það aðhald og það eftirlit og síðan þá það traust, ef menn reynast traustsins verðir, á starfsemi þingmanna og starfsemi löggjafarvaldsins sem menn telja nauðsynlegt.

Talsvert miklar umræður hafa sem sagt verið um þessi mál í Bretlandi núna alveg á síðustu árum og á árinu 1985 kom t.d. út nokkuð umfangsmikil bók eftir Söndru Williams sem heitir „Conflict of Interest, the Ethical Dilemma in Politics" eða „Hagsmunaárekstrar, siðfræðileg vandamál í stjórnmálum". Í þessari bók er á nokkuð upplýsandi hátt fjallað um hvernig staða þessara mála er í Bretlandi og tekin dæmi frá Bandaríkjunum þar sem þessi mál hafa sömuleiðis mjög mikið verið til umræðu varðandi þingmenn.

Ég tel nauðsynlegt að þessi mál séu tekin til umræðu hér á Íslandi. Menn hafa stundum haft þær mótbárur á að hér sé fámennið svo mikið og frændsemin það ríkjandi að ekki sé hægt að hafa fullnægjandi eftirlit með þessu. Óumflýjanlega séu það mikil tengsl, bæði skyldleikatengsl og viðskiptatengsl á milli manna, að ekki sé hægt að framfylgja þeim ströngu reglum sem tíðkast víða erlendis um þetta. Ég tel að þetta sé rangt. Ég tel þvert á móti að vegna fámennisins og frændseminnar hér sé nauðsynlegra en ella að gæta aðhalds í þessum efnum og ég tel að nauðsynlegt sé að fram fari um þetta umræða. Því næst verði settur um þetta lagarammi og síðan reglugerðir.

Við þessa umræðu er nauðsynlegt að greina á milli ólíkra afbrigða hagsmunaárekstra, sem við getum orðað svo. Í fyrsta lagi eru náttúrlega grundvallarreglur varðandi aðskilnað valdþáttanna löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds. Ég held að menn verði að taka sérstaklega á því máli og það er eitt afbrigði hugsanlegra hagsmunaárekstra. Í öðru lagi er það afbrigðið þar sem einkahagsmunir geta rekist á opinbera hagsmuni og um það atriði hagsmunaárekstra fjalla þessar reglur sem ég vitnaði til frá Kanada og Bandaríkjunum. Í þriðja lagi geta svo þessir hagsmunaárekstrar verið vegna þess að sami aðilinn gegni störfum í mörgum eða fleiri en einni opinberri stofnun þar sem mismunandi opinberir hagsmunir geti rekist á. Þetta er allt hvert af sínum toga og þarf að gera á því greinarmun. En af hverju taginu sem þessir hagsmunaárekstrar eru eða geta orðið, þá er nauðsynlegt að um þetta fari fram umræða, að augu manna opnist fyrir því að hætta er á ferðum í þessu efni og að ekki er verið að veitast að neinum persónulega þó að vakin sé athygli á því að fámennis- og miðstjórnarhefðin á Íslandi gerir ríkar kröfur til þess að farið sé ofan í saumana á þessu og settar um þetta rammareglur til þess að auka traust á starfsemi stjórnkerfisins.

Ég legg til, eins og reyndar kemur fram í till. sjálfri, að þessu máli verði vísað til meðferðar í allshn. sameinaðs þings.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar, þáltill. 361. mál (þskj. 652). — Fyrri umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 652 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. ásamt hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni, Páli Péturssyni, Stefáni Valgeirssyni, Stefáni Guðmundssyni, Jóni Kristjánssyni og Þórarni Sigurjónssyni um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að gjaldskrársvæði símans verði stækkuð

þannig að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan sérhvers athafna- og viðskipta- eða greinistöðvarsvæðis."

Eins og fram kemur í grg. með þessari till. hefur hún verið flutt áður þannig að efni hennar er kunnugt hv. þm., en ástæðan fyrir flutningi till. er fyrst og fremst sú að hv. þm. þykir hægt miða í því að stækka gjaldskrársvæðin. Þó hafa verið stigin skref í þá átt síðan þessi till. var fyrst flutt, en of fá og of smá. Þau skref hafa reyndar verið stigin í anda till.

Það er augljóst réttlætismál að sami gjaldflokkur gildi að lágmarki samkvæmt því sem gert er ráð fyrir í tillgr. Sameining gjaldsvæðanna mun að sjálfsögðu hafa í för með sér að auka þarf línufjölda til endastöðvanna. Það liggur raunar ekki fyrir hversu mikil sú aukning þarf að vera. Í flestum tilvikum mun ekki vera um tæknileg vandamál að ræða en einhver kostnaður hlytist af. Helsta vandamálið í þessu efni eru litlu stöðvarnar, 60 og 90 númera, en hámarkslínufjöldi til þeirra er sex línur sem í sumum tilvikum er of lítið nú þegar og mundi versna við aukna notkun.

Símnotendur á svæðum litlu stöðvanna búa við mesta óréttlætið vegna fæðar símnotenda í sama gjaldflokki. Á nokkrum svæðum hafa reyndar verið gerðar ráðstafanir til að skipta þessum stöðvum út eða tengja ákveðna síma fram hjá þeim. Það er ekkert aðalatriði að gjaldskrársvæðin verði nákvæmlega eins og upptalningin með till. sýnir, en minni mega þau ekki vera, a.m.k. ekki að mínum dómi.

Í 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála segir, með leyfi forseta:

„Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers og skal ákveðið í reglugerð hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á."

Umrædd lög voru samþykkt 1977. Enn þá hefur ekki verið ákveðið í reglugerð hvenær þessi ákvæði skuli framkvæma.

Aðgerðir í anda þessarar till. eru alls ekki af því tagi að tekin sé lykkja á leiðina að því marki að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, síður en svo. Till. felur þvert á móti í sér að stigið verði raunhæft áfangaskref, aðgerðum verði hraðað.

Það væri ekki úr vegi að minna á í leiðinni að samkvæmt áður tilvitnuðum lögum er ráðherra heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu. Þessu ákvæði hefur ekki verið fylgt í framkvæmd, en er vonandi í undirbúningi, enda væri slík ráðstöfun mikil hagsbót fyrir símnotendur, ekki síst úti á landsbyggðinni. Þetta sem ég síðast nefndi er raunar ekki hluti af till. sem hér er flutt, en ég vildi ekki láta hjá líða að fara um það nokkrum orðum.

Að mínu áliti væri mikill fengur í því ef Alþingi samþykkti þessa till. til þál. og lýsti þeim vilja sínum að stækkun gjaldskrársvæðanna yrði hraðað.

Herra forseti. Ég legg til að till. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umræðu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er fyllilega tímabært að hreyft sé í annað sinn á þessu þingi sérstaklega tillöguflutningi um að jafna símgjöld. Hér er um mikið réttlætismál að ræða. Við sem byggjum landsbyggðina vitum mætavel að símkostnaður er býsna hár liður í útgjöldum heimilanna þar. Hér er vissulega um skref í rétta átt að ræða sem hv. 1. flm. mælti fyrir áðan og væri fagnaðarefni ef það skref yrði tekið.

Ég benti á það og sagði í upphafi að þetta væri annað þingmálið sem vekti athygli á þessum mismun. Hin till. var flutt mjög snemma þings um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu. 1. flm. þeirrar till. var hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson og sú till. var þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan fimm ára,

b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1987,

c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega."

Hér er inn á sama mál komið þó með öðrum hætti sé.

Það hefur lengi verið svo að jöfnun símgjalda hefur verið náð með áföngum. Það hafa verið teknir ákveðnir áfangar í þessu efni og það hefur gengið býsna erfiðlega að ná þeim áföngum fram. Menn minnast þess að þegar skrefatalningin fræga var tekin upp var við hana mikil andstaða og menn óttuðust að hún mundi leiða til gífurlegs kostnaðar hjá ýmsum á þéttbýlissvæðinu. Nú heyrist ekki lengur um þetta talað og ég held að sem betur fer hafi það ekki íþyngt mönnum um of, enda ýmis undantekningartilvik gerð á á þann hátt að mildað var óneitanlega það álag sem á aðalþéttbýlið kom með þessari skrefatalningu, en vel að merkja: skrefatalningin gilti vitanlega alls staðar og ekki síður úti á landsbyggðinni. Það var sá mikli misskilningur, sem kom oftlega fram í þessum umræðum, að hin svokallaða skrefatalning mundi eingöngu leggja auknar byrðar á þéttbýlið.

Hv. flm. kom inn á það einmitt að hér væri um áfangamál að ræða og gjarnan vildi ég sjá þann áfanga sem hann mælir hér fyrir. Ég man eftir því að á sínum tíma var þetta sérstakt viðfangsefni þeirrar byggðanefndar sem einu sinni starfaði, ekki þeirrar byggðanefndar sem nú starfar eða starfar ekki, og þá áttum við í miklum viðræðum við forustumenn Pósts og síma um þessi mál, hvernig jafna mætti símgjöld og létta byrðar landsbyggðarmanna í kringum símgjöldin. Þá var almennt talið að tækni væri ónóg. Inn á það kom reyndar hv. 1. flm. réttilega að nú væri hún ekki í vegi nema að mjög takmörkuðu leyti. Þá var líka bent á það, man ég eftir, að efnahagur þeirrar stofnunar leyfði ekki slíkt. Kannske var aðaltilefni þess að ég kom upp sú breytta staða sem hefur orðið varðandi efnahag þessarar ágætu stofnunar, Pósts og síma. Hann ætti að gera þeirri stofnun auðvelt, svo ekki sé meira sagt, að jafna símgjöld miklu meira en orðið er eða lækka þau kannske almennt. Við afgreiðslu fjárlaga í vetur gerðist það nefnilega að ákveðið var að Póstur og sími greiddu dágóða upphæð, tugmilljónir, í ríkissjóð af sínum hagnaði, hagnaði sem hefði réttilega átt að renna í þetta verkefni og hefði verið kjörið til þess, en hv. stjórnarsinnar sáu ekki ástæðu til þess að nota það lag til að taka þá fjármuni og beina þeim í þann farveg sem hv. 1. flm. er hér að víkja réttilega að heldur var ákveðið að vísa því beint í ríkissjóð til ýmiss konar ráðstöfunar þar.

Ég vildi skjóta því að hv. 1. flm. hvort það væri ekki ráð, einmitt vegna þessa góða efnahags Pósts og síma, þeirrar stofnunar sem getur nú greitt í ríkissjóð þetta vænar fúlgur af sínum hagnaði, að nota þetta lag og koma a.m.k. þeim áfanga sem hann er með í sinni till. í framkvæmd, að ekki sé nú minnst á stærri og meiri áfanga sem hann vék að að vissulega þyrftu að fylgja í kjölfarið.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að lengja þessar umræður. Ég þakka að sjálfsögðu góðar undirtektir við þessa till. af hálfu hv. 2. þm. Austurl. Ég tek undir margt af því sem hann hafði fram að færa og kannske ekki síst það síðasta, að nú hefði fjárhagur Póst- og símamálastofnunar vænkast allverulega og þar með væri gefið undir fótinn með að það væri hægt að hrinda þeim aðgerðum í framkvæmd sem hefur verið minnst á í till.

Að síðustu aðeins þetta: Reyndin er sú að fyrir því hefur ekki verið nægur áhugi, að því er virðist, á ákveðnum stöðum. Þess vegna flyt ég þessa till. ásamt öðrum og bið um bakstuðning Alþingis við þessar fyrirætlanir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, þáltill. 362. mál (þskj. 653). — Fyrri umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 653 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. ásamt þeim hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni, Ragnari Arnalds, Kjartani Jóhannssyni og Friðrik Sophussyni. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. í samvinnu við einstök ráðuneyti og Samband ísl. sveitarfélaga að láta gera yfirlit um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Greint verði á milli samskipta er lúta að framkvæmdum annars vegar og rekstri og ýmissi þjónustu hins vegar. Fram komi skuldbindingar og fjárhagsstaða hvors aðila fyrir sig miðað við árslok 1985. Grg. um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi með frv. til fjárlaga fyrir árið 1987."

Með þessari till. fylgir stutt grg. sem ég vildi leyfa mér að fara yfir, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn með þessari till. til þál. er að skýra og draga fram fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Um árarаðir hefur verið fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnir hafa haft einföldun samskipta þessara tveggja stjórnstiga að stefnumiði með það að leiðarljósi að fella saman ákvörðunarvald og fjárhagsábyrgð. Nefndir á vegum ríkis og sveitarfélaga hafa fjallað um málið án þess að verulegar breytingar til einföldunar hafi komist á.

Bráðnauðsynlegt er að árlega liggi fyrir yfirlit um fjárhagsskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga. Það yrði ótvírætt til hagræðis og einföldunar allri málsmeðferð fyrir fjvn. Alþingis, fyrir þm. yfirleitt, fjmrn. og önnur ráðuneyti og sveitarstjórnir ef yfirlit sem þetta væri fyrirliggjandi þegar Alþingi fjallar um fjárlög og sveitarstjórnir um fjárhagsáætlanir sínar. Víða hafa aðilar ekki komið á formlegum samningum um sameiginlegar framkvæmdir, en kröfur aftur á móti komið fram sem eru þó engan veginn staðfestar eða viðurkenndar af hlutaðeigandi aðilum. Það er því brýnt að þessi mál séu skoðuð sérstaklega og að ríkisvaldið og sveitarstjórnir komi meiri formfestu á samskipti sín. Hér er ekki síst haft í huga að gerðir verði samningar um sameiginleg verkefni."

Þessi till. er, eins og ég hef þegar sagt, flutt fyrst og fremst til að draga fram alla þætti fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga. Með því móti á Alþingi svo og allir hlutaðeigandi aðilar að geta gert sér betur grein fyrir og metið stöðu mála en nú er. Till. þjónar því tvíþættum tilgangi, þ.e. í fyrsta lagi að greiða fyrir umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og einnig að bæta vinnubrögð í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þessa till. fleiri orð. Hún skýrir sig raunar sjálf að mínum dómi. Hún er einföld af allri gerð, en ég gerði mér fyllilega grein fyrir því að sú vinna sem till. gerir ráð fyrir að verði innt af hendi er allveruleg. Ég legg ríka áherslu á það, og ég veit að aðrir meðflm. mínir gera það, að þessi till. hljóti ekki síður afgreiðslu á hv. Alþingi en aðrar till. sem hér eru til meðferðar. Ég legg síðan til að till. verði vísað til félmn. að lokinni þessari umræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áhrif forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu, þáltill. 377. mál (þskj. 677). — Fyrri umr.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 677 flytjum við nokkrir þm., 1. flm., 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson, og sá er hér stendur, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson og Páll Pétursson, till. um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Í könnun þessari skal einkum leitast við að varpa ljósi á þýðingu einkaréttar eða lögbundinna forréttinda á stöðu þeirra, er slíks réttar njóta, áhrif þessa á verðlag og hagsmuni neytenda yfirleitt, svo og á kostnað í rekstri, jafnt opinberum rekstri sem einkarekstri. Þá skal könnuninni einnig ætlað að leiða í ljós áhrif lögbundinna takmarkana af þessu tagi á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig. Skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi."

Þessu fylgir nokkuð ítarleg grg. sem óþarft ætti að vera að lesa. Ég held að það sé álit allra flm. og reyndar ekkert bundið við þá að það sé mjög tilviljanakennt hverjir í þessu þjóðfélagi hafa komið fram ákvæðum um lögvernd sinna starfsgreina. Í mörgum tilfellum má rekja þá lögvernd, sem tilteknar stéttar hafa hlotið, til frekju og óbilgirni og sterkrar aðstöðu hjá viðkomandi ríkisstjórnum, hverjar sem þær eru hverju sinni.

Margt í þessum lögvernduðu ákvæðum er löngu úrelt. Annað er ekki í samræmi við atvinnuþróun. Það var ekki ætlunin hér að fara að telja upp einstakar starfsgreinar eða ráðast á þær þó að ástæða væri til þess. Ég held að þarna séru hlutir komnir í flækju, ósamræmi og það ætti alls ekki að spilla að reynt verði að móta þarna

skýrari línur. Ég held að í býsna mörgum tilfellum, eins og segir í grg., séu þessi lögvernduðu réttindi mjög tvíeggjuð og hafi mjög tvíeggjað gildi og séu býsna oft bókstaflega hamlandi á atvinnuþróun og tækniþróun og séu, eins og ég sagði, býsna oft neikvæð. Í öðrum tilfellum má benda á hið gagnstæða.

Það segir hér í lok grg.: „Stöðugt fjölgar þeim starfshópum sem leita eftir einkarétti til að vinna tiltekin störf eða forréttindum á tilteknum sviðum atvinnulífsins. Því er brýnt að fá svör við ofangreindum álitaefnum hið allra fyrsta og því er þessi till. til þál. flutt."

Ég legg til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 68. fundur.

Miðvikudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verkfræðingar, stjfrv. 312. mál (þskj. 577). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, KSG, KolJ, RA, SkA, ÞK, AG, DA, EgJ, EKJ, JHelg, StB.

EG greiddi ekki atkvæði.

7 þm. (SDK, VI, SalÞ, ÁJ, BD, HÓ, HS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv. 73. mál (þskj. 80, n. 662, brtt. 663). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar sem eins og kunnugt er er 73. mál þingsins. Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn nöfn sín nema einn, Jóhanna Leópoldsdóttir að vísu með fyrirvara, en Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd við afgreiðslu málsins.

Að sjálfsögðu fóru fram umræður um málið á fundum nefndarinnar og það var sent til umsagnar Landssambandi ísl. útvegsmanna, Hafnasambandi sveitarfélaga, Olíufélaginu Skeljungi hf., Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Hollustuvernd ríkisins og Náttúruverndarráði.

Þegar umsagnir höfðu borist kom í ljós að nokkurs ágreinings gætti og var það þó sérstaklega varðandi Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins. Til þess að unnt væri að ná nauðsynlegri samstöðu um málið var það tekið til athugunar að nýju í samgrn. og fjallað um það þar ásamt fulltrúum þeirra sem þetta mál varðar sérstaklega. Brtt. nefndarinnar eru niðurstaða þessara viðræðna og ég legg á það áherslu að um þær varð fullt samkomulag nema að því er varðaði 10. gr. frv. og þátt olíufélaganna í losun og eyðingu olíuúrgangs.

Mér þykir vert að geta þess sérstaklega að Ragnhildur Hjaltadóttir, fulltrúi í samgrn., hafði forustu fyrir þessu starfi og kann ég henni miklar þakkir fyrir hversu vel tókst til um sameiginlega niðurstöðu á milli þessara aðila varðandi afgreiðslu málsins.

Brtt. nefndarinnar má flokka í aðalatriðum í tvennt. Annars vegar eru þau ákvæði er lúta að mengun frá landstöðvum af völdum eiturefna og annarra hættulegra efna. Hins vegar eru svo ákvæði 10. gr. um móttöku olíuúrgangs. Breytingar á ákvæðum er varða mengun frá landstöðvum voru unnar í samvinnu við samgrn., Siglingamálastofnun ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og Náttúruverndarráð. Breytingin er í grundvallaratriðum sú að gildissvið frv., sem áður takmarkaðist við varnir gegn mengun sjávar, tekur nú einnig til eftirlits með mengunarvörnum. Með þeirri breytingu er stefnt að því að forðast tvíverknað, að verkefni stofnana skarist og að draga sem mest úr réttaróvissu. Er þetta í samræmi við þá verkefnaskiptingu sem verið hefur á milli Siglingamálastofnunar ríkisins og Hollustuverndar og samkomulag er um. Til að tryggja að þessum tilgangi verði náð er enn fremur lagt til að við setningu reglna um mengun frá landstöðvum verði lögfest samráð við önnur stjórnvöld er með mengunarmál fara. Hliðstætt samráð er nú samkvæmt reglugerð um starfsleyfisskyldan atvinnurekstur.

Í umsögnum Sambands ísl. kaupskipaútgerða og Olíufélagsins Skeljungs hf. kemur fram gagnrýni á 10. gr. frv. sem fjallar um móttöku olíuúrgangs. Leggur Skeljungur til að hafnaryfirvöldum verði gert skylt að koma upp aðstöðu til móttöku á olíuúrgangi í höfnum. Samband ísl. kaupskipaútgerða tekur ekki afstöðu til þess hverjir verði skyldaðir til móttöku á olíuúrgangi frá skipum, en gerir kröfu um að slík móttaka verði skipunum að kostnaðarlausu. Þrátt fyrir þetta er ekki talið rétt að breyta ákvæðum 10. gr. Það hlýtur að teljast eðlilegt af þeim sem annast sölu og dreifingu á olíu sé einnig gert skylt að taka við olíuúrgangi. Þeir hafa þekkingu, tæki og annan búnað til að annast móttökuna. Hins vegar þykir rétt með hliðsjón af umsögn Skeljungs að 3. og 4. mgr. 10. gr., sem fjalla um móttöku olíuúrgangs, falli brott og ný mgr. bætist við um setningu reglna hér að lútandi. Með því móti er betur tryggt að olíuúrgangi sé á hverjum tíma safnað saman með sem hagkvæmustum hætti fyrir alla aðila. Einnig væri þá unnt að fela öðrum aðilum móttöku olíuúrgangs við skipshlið.

Að endingu vil ég svo benda á að á þskj. 663, þar sem gefur að líta brtt. nefndarinnar, kemur glögglega fram hvert er efni þessara breytinga. Þar er um að ræða 20 brtt. Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða þær hverja og eina sérstaklega þar sem þskj. gefur með glöggum hætti til kynna hverjar breytingarnar eru. Ég sé því ekki, herra forseti, ástæðu til að fjalla um þetta mál í lengra máli og læt ræðu minni lokið.

ATKVGR.

Brtt. 663,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 663,2 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 663,3 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 663,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 663,5 samþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 663,6 samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 663,7 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 663,8 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 663,9 samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 663,10 samþ. með 15 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
11.–12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 663,11 (ný 13. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 663,12 samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 663,13 (15. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.
16.–17. gr. (verða 15.–16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 663,14 samþ. með 13 shlj. atkv.
18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
19. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 663,15 samþ. með 13 shlj. atkv.
20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 663,16 (ný 21. gr., verður 20. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 663,17 samþ. með 13 shlj. atkv.
22. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
23. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 663,18 (ný 24. gr., verður 23. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 663,19 (ný 25. gr., verður 24. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
26.–29. gr. (verða 25.–28. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 663,20 samþ. með 13 shlj. atkv.
30. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
31.–35. gr. (verða 30.–34. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Verðbréfamiðlun, stjfrv. 202. mál (þskj. 380, n. 639, brtt. 640). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég held að óhætt sé að segja að mál þetta hafi fengið allmikla og vandaða umfjöllun í hv. fjh.- og viðskn. á átta formlegum fundum og auk þess í margháttuðum viðræðum nefndarmanna við sérfræðinga og þá sem beinlínis voru boðaðir á fund nefndarinnar. Á þessa formlegu fundi komu ýmist fulltrúar eða sendu umsagnir og þar var á meðal fulltrúi Fjárfestingarfélags Íslands hf., Kaupþings hf., Lögverndar og bankaeftirlitsins. Jafnframt hafa verið lagðar fyrir nefndirnar athugasemdir Jónatans Þórmundssonar prófessors um refsiákvæði frv. og viðræður við hann og fleiri sérfræðinga hafa átt sér stað milli funda.

En þó að þessi vinna hafi verið æðimikil og raunar hafi verið unnið að gerð þessa frv. frá því að nefnd var skipuð í febrúarmánuði til að undirbúa frv., frá 15. febr. 1985 hefur þetta starf staðið yfir, er ég ekki þar með að segja að þetta verði gallalaus lög, ef þau verða samþykkt, sem ég á von á þar sem nefndarmenn allir standa að nál. og telja brýna nauðsyn á að lögfesta ákvæði um verðbréfamiðlun þó að sjálfsagt sé enginn í nefndinni sannfærður um að við höfum nákvæmlega hitt á allt það rétta, séð fyrir öll tilbrigði. Þvert á móti segir mér svo hugur um að einhverja annmarka þurfi að sníða af löggjöf, jafnvel strax á næsta þingi. Hugsanlega verða einhverjar breytingar líka gerðar, annaðhvort við þessa umræðu eða þá 3. eða þá í Nd. En við í nefndinni erum sammála um að sjá til þess að neðrideildarnefndin hafi nokkurt svigrúm til að skoða málið því að ljóst er að það þarf að ganga fram á þessu þingi því að svo margir endar eru lausir og þessi verðbréfaviðskipti eru í örri þróun án þess að um þau sé sérstök löggjöf. Auðvitað eru mörg ákvæði í hinum almennu lögum, hvort heldur eru refsilög eða ýmiss konar kröfuréttarákvæði sem gilda um þessi viðskipti eins og önnur, en heildarlöggjöf er ekki til.

Brtt. eru mjög margar, sem við flytjum, og ég held að þó að það sé gerð grein fyrir því nokkuð ítarlega í nál. sé rétt að stikla á því helsta, en eins og ég sagði varð nefndin sammála um að flytja þessar tillögur þó að einstakir nefndarmenn áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. sem fram kunna að koma.

Í I. kafla laganna eru skýrð hugtökin verðbréf, verðbréfamiðlun, verðbréfamiðlari og verðbréfasjóður. Það má segja að þetta séu meira og minna nýyrði í málinu og þess vegna nauðsynlegt að skýra merkingu þessara hugtaka. Nefndin telur þessar skýringar fullnægjandi að því undanskildu að hugtakið „verðbréfasjóður" virðist skýrt of þröngt og leggur nefndin fram brtt. er felur í sér rýmkun á skilgreiningu hugtaksins.

Í II. kafla frv. er fjallað um leyfi til verðbréfamiðlunar og rekstrar verðbréfasjóðs. Það varð niðurstaða nefndarinnar að þessi starfsemi ætti að vera háð persónubundnu starfsleyfi þar sem það skilyrði væri m.a. sett fyrir veitingu leyfisins að umsækjandi setji bankatryggingu til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kynni að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfseminnar. Það er einnig skoðun nefndarinnar að fyrirtæki sem sinnir þessari starfsemi eigi að vera skylt að láta löggiltan endurskoðanda annast endurskoðun. Það mun raunar vera svo í þessum fyrirtækjum, hygg ég, að þar séu löggiltir endurskoðendur, en okkur þótti sjálfsagt að festa í lögum að slík starfsemi væri háð þeirri endurskoðun. Um þetta eru sem sagt fluttar brtt.

Ákvæði III. og IV. kafla frv. eru öll sömul fallin til að bæta réttarstöðu viðskiptamanns verðbréfamiðlara. Það þykir rétt að fara nokkrum orðum um efni 7. gr. frv., en skv. 3. mgr. þeirrar greinar er verðbréfamiðlurum heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Síðan er í 5. mgr. nánar fjallað um að slík framsalsáritun er fullnægjandi þótt framsalsröð væri kannske ekki óslitin.

Í V. kafla frv. er fjallað um eftirlit með verðbréfamiðlun og verðbréfasjóðum. Nefndin telur eðlilegt að bankaeftirliti Seðlabankans sé falið að hafa þetta eftirlit, enda hefur starfsemin m.a. þann tilgang að bjóða

almenningi að ávaxta fé með tilteknum hætti. Það kann að vera að í framtíðinni megi koma þessu fyrir með einhverjum öðrum hætti en það verði það bankaeftirlit sem nú er í lögum. Vel má vera að einhver breyting verði talin heppilegri á því þegar tímar líða. En um þetta er ítarlega fjallað í nál. og ætla ég ekki að eyða tíma í að fara að lesa það upp. Menn geta held ég áttað sig mjög vel á því með því að renna augum yfir nál.

Brtt. eru fluttar á sérstöku þskj. og eru þær í sjö tölulíðum.

Mig langar að fara nokkrum orðum um verðbréfamarkaði í veröldinni. Ég hafði tækifæri til þess fyrir einum tveimur áratugum að kynna mér það mál nokkuð. Það er hér um að ræða gífurlega flókin viðskipti og margháttuð og allt tengist þetta meira og minna atvinnulífi þjóðanna og sérstaklega félagarekstri og þá einkum og sér í lagi hlutafélögum sem eru auðvitað máttarstoð í atvinnulífi vestrænna lýðræðisþjóða. Hér er ekki um neitt nýtt að ræða. Við þekkjum úr sögunni að Englendingar og Hollendingar t.d. byggðu upp verslunarveldi sín á 17. öldinni og úr okkar eigin sögu þekkjum við framtak Skúla fógeta og innréttingarnar um miðja 18. öldina, en þar var einmitt um að ræða félagastofnun með hlutabréfum þó að það væri kannske ekki nákvæmlega sama form og í nútímalegum hlutafélögum.

En það er á 19. öldinni sem framfarirnar verða mestar og framþróun í félagarekstri. Ýmiss konar vankantar urðu auðvitað á framkvæmd og eru enn, en með leyfi forseta langar mig að lesa upp úr bók, sem heitir „Alþýða og athafnalíf", einmitt um þennan þátt málsins sem við verðum að vera viðbúnir að mæta og höfum raunar þegar á árinu 1978 sett mjög frjálslynda og ítarlega löggjöf um hlutafélög með lögum nr. 32/1978 sem einhugur varð um hér í þinginu og ég tel vera mjög nútímalega og fullkomna hlutafélagalöggjöf. En um hlutafélögin má segja eins og er í þessari bók sem ég nefndi:

„En deilurnar um stóru hlutafélögin hafa engu að síður haldið áfram. Menn gerðu sér fljótlega grein fyrir miklu valdi þessara öflugu stofnana og jafnframt vankönturnum sem á því væru að gera hluthöfunum, eigendum félaganna, kleift að hafa nægileg áhrif á stjórn þeirra. Upphaflega hugsuðu menn sem svo að hver einstakur hluthafi væri kapítalisti og ætti sem slíkur að gæta hagsmuna sinna, að hlutafé hans væri venjuleg eign sem hann ætti að hafa full umráð yfir og ráða hvernig með væri farið, en hlutaféð svaraði til ákveðinnar eignarhlutdeildar í fyrirtækinu í heild og þess vegna ætti hver hluthafi að geta haft áhrif á gang mála þar í samræmi við hlutafjáreign sína. En brátt gerðu menn sér grein fyrir því að félögin voru að verða sjálfstæðar stofnanir, sem hluthafar höfðu takmörkuð áhrif á, og deilur upphófust um leiðir til að tryggja rétt þeirra. Menn skiptust þá, eins og oft áður og síðar, í hópa og í þessum deilum einkum tvo hópa, þá sem kalla mætti frjálslynda og hina íhaldssamari, en þeir síðarnefndu telja hag og velgengni félagsins fyrir öllu og segja að hagsmunir þess séu best tryggðir með því að takmarka afskipti hins almenna hluthafa af málefnum þess. Þeim hljóti sérfræðingar og athafnamenn að ráða og hluthafar eigi ekki að angra þá meðan allt gengur stórslysalaust. Þeir megi þakka fyrir ef þeir fá greiddan sæmilegan arð af fé sínu. Þetta eru fyrst og fremst skoðanir eldri manna sem aldir eru upp í stóru hlutafélögunum og hafa tileinkað sér þann hugsunarhátt sem þar ríkir, þ.e. félagið sé yfir félagsmenn hafið."

Þessu sjónarmiði hefur Alþingi Íslendinga þegar hafnað og tekið upp mun frjálslyndari löggjöf þar sem reynt er að tryggja sem allra best einmitt hag hluthafanna samhliða því sem félaginu er gert mögulegt að starfa af þrótti og hafa verulegt fé undir höndum. En það eru sem sagt þessi sjónarmið frjálslyndra manna sem hér sigruðu. Þeir segja að hagur félagsins og félagsmanna eigi að fara saman.

„Þeir benda á að enginn hafi lagalegan rétt til að ráða málefnum félagsins nema hluthafarnir sjálfir og ráðstafanir verði að gera til að tryggja að þeir geti hagnýtt sér þennan rétt."

Um þetta er deilt í hlutafélagarétti víða um veröld og engin allsherjarlausn er þar á frekar en á svo mörgu öðru í mannlegum samskiptum. En það sem er að gerast núna á íslenska verðbréfamarkaðinum eru nýjungar hér á landi í verslun með bæði skuldabréf og í litlum mæli enn að vísu með hlutabréf. Tilvikin eru svo mörg að það er engin leið að sjá út yfir þau öll sömul í einfaldri löggjöf þar sem þetta hefur þróast og eru kannske heilu doðrantarnir um hvert einstakt tilvik, en hér verðum við auðvitað að setja rammalöggjöf sem síðan verður fyllt upp í.

Nokkur af þessum tilbrigðum eru einmitt nefnd í þessari bók og með leyfi forseta langar mig að lesa örlítið.

„Það er t.d. það sem kallað er fjárfestingarklúbbar, en einfaldasta form samvinnu manna um fjárfestingu eru einmitt þessir klúbbar. Vísir að slíkri starfsemi er til hér á landi þar sem nokkrir einstaklingar leggja mánaðarlega fram hluta launa sinna í sameiginlegan sjóð sem síðan er varið til verðbréfakaupa og jafnvel fasteignakaupa. Hver félagi klúbbsins á sína hlutdeild í heildareignunum og telur hana fram til skatts. Svipaðs eðlis er til að mynda samstarf manna um kaup happdrættismiða sem allmikið tíðkast. Með slíkri samvinnu um fjárfestingu tekst mönnum betur en ella að dreifa áhættu sinni, en auk þess geta margir sameiginlega fremur fest kaup á ákveðinni eign en hver einstakur. Loks er hér venjulega um kunningjahóp að ræða, en menn hafa gaman af að hittast og ræða um vandamál viðskiptalífsins. Þetta form sameiginlegrar fjárfestingar verður þó aldrei nema í tiltölulega smáum stíl, en getur eigi að síður haft talsverða þýðingu því að það örvar menn til sparnaðar og skynsamlegrar meðferðar fjár."

Síðan er nokkuð rætt um það sem nefnt er hér sameignarsjóðir og þar segir:

„Stofnanir þær sem oft eru á erlendu máli nefndar „mutual funds" en hér er gefið heitið sameignarsjóðir eru miklu þýðingarmeiri en fjárfestingarklúbbarnir, en þó skyldar þeim. Sameignarsjóðir kaupa hlutabréf í fjölmörgum félögum og þátttakendur í sameignarsjóðum verða þannig eigendur að hlutdeild í margháttuðum atvinnurekstri. Áhætta þeirra dreifist, en hagnaður þeirra verður meðalágóði af hlutabréfaeign sjóðsins í hinum ýmsu fyrirtækjum.

Stjórnendur stóru sameignarsjóðanna eru að sjálfsögðu meðal hæfustu manna á sviðum viðskiptalífsins og þessar stofnanir njóta yfirleitt mikils álits. Þátttakendur í sameignarsjóðum eiga að geta treyst því að skynsamlega sé farið með fjármuni þeirra og oftast mun

betur en vera mundi ef einstaklingurinn ætlaði sér að ákveða fjárfestingu í mismunandi atvinnufyrirtækjum því að hann skorti þá yfirsýn sem kunnáttumenn hafa. En sameignarsjóðirnir hafa ekki einungis þá þýðingu að auðvelda alþýðu manna fjárfestingu í atvinnulífinu. Þeir eru einnig öflugt aðhald atvinnufyrirtækjum því að þeir eru stöðugt að kaupa og selja hlutabréf og það er fyrirtækjunum álitshnekkir ef sameignarsjóðir selja hlutabréf sín í þeim eða hlífast við að fjárfesta í þeim. Og hið stöðuga auga sem starfsmenn sameignarsjóðanna hafa með öllum rekstri fyrirtækjanna hefur líka veruleg áhrif."

Eins og ég sagði áðan eru þessi tilbrigði mjög margháttuð. Hér er sagt að sameignarsjóðirnir séu eins og önnur félög skipulögð nokkuð sitt með hverjum hætti, en fyrst og fremst greinast þau þó í opna sjóði, open end, eða lokaða sjóði, closed end. Fyrrnefndu sjóðirnir virðast vinsælli og eru öflugri, en síðarnefndu stofnanirnar geta fremur komið til greina hér á landi á næstunni eða vísir að þeim þótt opnu sjóðirnir kynnu að rísa hér upp þegar verðbréfamarkaður hefur náð nokkrum þroska.

Það er einmitt í sambandi við það tilbrigði sem hér er komið upp af því sem nefnt er sameignarsjóðir eða ýmiss konar smeiginlegir fjárfestingarsjóðir sem nokkurrar tortryggni hefur gætt því að vissulega er það svo að það er takmarkað hvað almenningur getur fylgst með meðferð eigna í þessum sjóðum og þeir hafa verið mest til umræðu í nefndinni og meira og minna eru öll þau ákvæði sem við flytjum um brtt. í þá átt að tryggja enn frekar en gert var í frv. rétt almennings, eigendanna að þessum verðmætum.

Herra forseti. Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma. Það væri auðvitað hægt að ræða þetta mál lengi dags og marga daga ef mönnum svo sýndist og auðvitað, eins og ég þegar hef getið um, eru sjónarmiðin mismunandi, en þeim mun ánægjulegra er að nefndin skyldi sameinast um að mæla með afgreiðslu þessa frv. með þeim breytingum sem tillögur eru gerðar um. En ég endurtek að mér dettur ekki í hug og engum okkar í nefndinni að við sjáum fyrir öll tilvik og það verða áreiðanlega margir sem eiga eftir að gagnrýna eitt og annað í þessari væntanlegu löggjöf hvort sem hún verður nákvæmlega eins og við leggjum til eða hugsanlega kemur til deildarinnar aftur eftir skoðun í hv. Nd.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Formaður fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Norðurl. v., hefur gert grein fyrir þeim brtt. sem nefndin flytur við þetta frv. Um þetta mál var í upphafi nokkur ágreiningur innan nefndarinnar og sýndist mönnum sitt hvað, en ég hygg að það hafi verið vel að þessu unnið innan nefndarinnar undir forustu formanns hennar og það var tekið fullt tillit til þeirra sjónarmiða og ýmissa efasemda sem fram komu, m.a. frá þeim sem þetta mælir, og komið verulega til móts við ýmis þau sjónarmið sem fram hafa komið og þær efasemdir sem menn hafa haft um að þarna væri nægilega tryggilega um hnútana búið. En þegar öllu er á botninn hvolft hlýtur að þurfa að meta hvort betra sé að samþykkja þetta frv. eins og það er nú úr garði gert en að láta vera nær reglulaust, fyrir utan hinar almennu lagareglur, um þetta viðskiptasvið þar sem umsvifin hafa farið svo mjög vaxandi að undanförnu. Þegar þeir kostir eru metnir er augljóst í mínum huga að betra er að samþykkja þetta frv. Það horfir til aukins réttaröryggis fyrir almenning og aukins aðhalds að þeim aðilum sem þessi viðskipti nú stunda. Það er auðvitað hvort tveggja til bóta. Hins vegar er hér um svið að ræða sem lítið hefur verið fjallað um í löggjöf og því líklegt, eins og fram kom raunar í máli frsm., hv. 4. þm. Norðurl. v., að líklegt er að breyta þurfi þessum lögum í ljósi reynslunnar.

Ég hafði í upphafi, svo sem áður sagði, nokkrar efasemdir um ágæti þessa máls og sá á því ýmsa vankanta. Komið hefur verið til móts við þau sjónarmið og því styð ég þetta mál eins og fram kemur raunar í nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 640,1 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 640,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 640,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6.–14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
640,4 (ný 15. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
640,5 (ný 16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
640,6 (ný 17. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
640,7 (ný 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv. 126. mál (þskj. 139, n. 688 og 693, brtt. 689). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu og staðfestingar væntanlega, staðfestingar á bráðabirgðalögum frá því 20. september 1985 þekkja menn og ástæðulaust held ég að sé að hafa mjög langa ræðu um það. Nál. er ítarlegt og þar er rakið að það hefur verið komið nýju skipulagi og betra á þessa löggjöf sem var orðin slitrótt, margbreytt og brtt. kannske ekki öllum komið fyrir á heppilegustu stöðum í löggjöfinni. Ég held að það sé alla vega til bóta að nefndarmenn og þó fyrst og fremst starfsmenn fjmrn. og stjórnarráðsins hafa hjálpað til að koma þessu í heilsteypt lög. Hvað sem menn vilja segja um efni laganna ætti þetta þó að vera sæmilega aðgengilegt öfugt við það sem áður var. Því fagna auðvitað allir. Ég held að við í nefndinni séum sammála um það atriði þó að menn, eins og að líkum lætur, séu kannske efnislega ósammála í máli sem þessu.

Ég vil geta þess strax í upphafi að annað frv. fylgdi þessu frv. verið lækkaðir og þar stendur í rauninni ekki um breytingu á lögum um tollskrá. Síðan það gerðist hafa tollar á öllum þeim flokkum sem nefndir voru í þessu frv. verið lækkaðir og það stendur í rauninni ekki nema einn flokkur eftir, hvort sem það hefur verið af mistökum eða ekki. Það eru eingöngu snjósleðar sem mundi hækka tollur á, ef ekki yrði gerð á frv. bragarbót og lögunum eins og þau eru nú orðin, úr 70 í 80%. Hæstv. fjmrh. er viðstaddur umræðuna og ég geri ráð fyrir að hann greini þá frá því hvernig með skal fara. Nefndin hefur ekki afgreitt málið, ekki sent frá sér nál. um þetta litla mál. Ég hygg að það væri eðlilegast að á fundi í fyrramálið gengjum við frá því með þeim hætti

sem hæstv. fjmrh. vill á því hafa. Ég á ekki von á að hann langi neitt til að tollurinn á þessari einu vörutegund hækki fyrir það að við tókum málið ekki til efnismeðferðar, en væntanlega fáum við upplýsingar um það.

Ég ræddi þetta við fulltrúa úr fjmrn. áðan, en hef ekki haft tækifæri til að ræða við hæstv. fjmrh. Hérna er sem sagt um algjört smámál að ræða og í rauninni eingöngu tæknilega breytingu sem líklega er þó eðlilegt að flytja. Þá gæti það frv. sem staðfest yrði um tollskrána einfaldlega verið ein grein sem orðaðist svo: Tollur á vörum í tollflokksnúmeri 87.02.11 í 1. gr. tollskrárinnar lækki í 70%. Það þyrfti ekkert annað að standa eftir af lögunum til að tollalækkanirnar væru allar í gildi. Væntanlega mun nefndin ganga frá nál. varðandi þetta atriði í fyrramálið.

Það er ýmislegt í þessu frv. sem orkar tvímælis. Einna mest hefur verið rætt um brtt. um heimild til lækkunar á gjaldi þar sem um er að ræða að afkastageta bifreiða nýtist ekki nema að takmörkuðu leyti. Ég hygg að það sé kannske helst það sem hér yrði rætt, sem er á bls. 4 í nál. Það eru þar tvær brtt. um heimildir til handa ráðherra. Það skýrir sig allt saman sjálft og þess vegna ætla ég ekki á þessu stigi að hafa um það fleiri orð, en minni hl. nefndarinnar skilar séráliti og mun áreiðanlega gera grein fyrir afstöðu sinni á eftir.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Af hálfu minni hl. nefndarinnar hefur verið lagt fram nál. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. ítarlega og rætt við fulltrúa fjmrn. og hagsmunasamtaka. Frv. er flutt til staðfestingar bráðabirgðalögum sem gefin voru út 20. sept. 1985.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frv. Minni hl. er andvígur því að skattheimta á bifreiðar sé aukin á sama tíma og útgjöld til vegamála eru skorin niður. Frv. gengur einnig þvert á þá stefnu, sem nú er uppi, að færa niður verðlag í landinu og standa gegn öllum hækkunum. Minni hl. leggur því til að frv. verði fellt."

Einstakir nefndarmenn áskilja hér hins vegar rétt til að flytja og fylgja brtt. Undir þetta nál. skrifa Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Það er sem sagt skoðun okkar, sem skipum minni hl., að þetta frv. beri að fella.

Ég tel óhjákvæmilegt, herra forseti, að fara nokkrum orðum um þetta mál, aðdraganda þess og hvernig það hefur borið að í nefndinni og raunar einnig að fá ýmsar upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. varðandi málið.

Þetta mál á sér töluvert sérkennilega sögu. Það er flutt til staðfestingar bráðabirgðalögum sem voru gefin út 20. sept. s.l. af handhöfum forsetavalds, en skylt er að geta þess að þá var fjmrh. sá sem nú gegnir embætti iðnrh. Þetta var áður en stólahringekja Sjálfstfl. fór í gang með þeim afleiðingum sem allir þekkja.

Þetta mál, sem er 126. mál þingsins, kom til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar 25. nóv. s.l. og er búið að vera hjá nefndinni síðan. Ég er ekki með þessu, herra forseti, síður en svo, að gagnrýna formann fjh.- og viðskn. og störf hans að þessu máli, alls ekki. Það vil ég að skýrt komi fram. Hann hefur verið allur af vilja gerður til að koma þessu máli úr nefnd. Hins vegar hefur það gerst einu sinni eða oftar, þegar nefndin hefur verið að því komin að afgreiða þetta mál, að fjmrn. hefur óskað eftir því að fá að athuga málið betur. Af hálfu fjmrn. hefur verið ríkjandi alveg einstakur hringlandaháttur varðandi afgreiðslu málsins og ég tel mig knúinn til að koma betur að því síðar í ræðu minni. Það er sannarlega full ástæða til að fá ítarlegar skýringar á gangi þessa máls hjá hæstv. fjmrh.

Samkvæmt fundargerðabók fjh.- og viðskn. er þetta mál tekið fyrir í sjötta skipti á 17. fundi nefndarinnar 20. febr. Þá er málið afgreitt og segir, með leyfi forseta, í fundargerðabókinni:

„Málið afgreitt. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þskj. Minni hl. skilar séráliti. Frsm. meiri hl. Eyjólfur Konráð Jónsson."

Þetta er bókun frá fundi fjh.- og viðskn. 20. febr. s.l. Næsti fundur nefndarinnar var haldinn fimm dögum síðar, þ.e. 25. febr. Þá segir í fundargerðabók um 126. og raunar 128. mál líka, sem er fylgifrv. og frsm., hv. 4. þm. Norðurl. v., vék að áðan:

„Fjármálaráðuneytið hefur tekið málið til sín að nýju til athugunar og kemur það til nefndarinnar að nýju."

13. mars er málið enn einu sinni tekið fyrir í nefndinni og þá liggja fyrir nýjar tillögur fjmrn.

18. mars kemur fulltrúi fjmrn. á fund nefndarinnar og skýrir óljósar og um margt torskildar tillögur fjmrn. Þá er bókað að nefndin klofni um málið.

Þetta er sem sagt gangur málsins innan nefndarinnar. Ég tek skýrt fram að ég er ekki að gagnrýna störf formanns nefndarinnar, síður en svo. Hann hefur unnið að þessu máli af skyldurækni og þeirri trúmennsku sem honum er eiginleg í því erfiða hlutverki, sem hann hefur, að vera formaður fjh.- og viðskn. í stjórnarliði þessarar ríkisstj.

Nú er rétt að það komi fram strax að þetta frv. og þær breytingar sem nú er verið að tala um eru allt annað en bráðabirgðalögin sem voru gefin út 20. sept. Það eru ýmsar breytingar, m.a. tæknilegar, nánast uppsetningarbreytingar, sem er kannske ekki ástæða til að rekja í mjög löngu máli. Skýrt skal tekið fram að nefndarmenn fengu yfirleitt þær upplýsingar sem um var beðið og stóð ekki á því, utan upplýsingar um eitt atriði sem ég mun víkja nánar að á eftir.

Sú meginbreyting sem felst í skattheimtunni sjálfri núna er að létta skattheimtu af minnstu dísilbílunum sem tvímælalaust er rétt stefna og þar mætti þó ganga enn lengra. Það hafa orðið miklar framfarir í framleiðslu og gerð dísilvéla þannig að þær eru settar í æ minni bíla með góðum árangri. Hins vegar hefur vantað þann hvata í löggjöfina sem nauðsynlegur er til þess að menn keyptu slíka bíla sem eru mjög hagkvæmir í rekstri eða ættu að vera það.

Önnur breyting, sem hér er gert ráð fyrir, er rýmkun á afsláttarheimildum sem nú eru í gildi varðandi kílómetragjald vegna aksturs vöruflutningabifreiða, svo og festi- og tengivagna. Þessi breyting er í þá veru að lækkunin er mest hjá þeim sem aka mest, allt upp í 50% afslátt umfram 50 000 km á ári. Hér var t.d. sérstaklega talað um vöruflutningabifreiðar á langleiðum svo og malar- og vikurflutningabíla. Og þá kem ég að því atriði sem ég held að sé ástæða til að gefa sérstakan gaum og því atriði sem ég átti við þegar ég talaði um torskilin ákvæði í frv. sem skýringar fengust á seint og um síðir

þegar nefndin ræddi við embættismenn úr tekjudeild fjmrn.

Í gildandi lögum, 7. gr. laganna, er svohljóðandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd."

Þetta ákvæði hefur lengi verið í lögum. Nú er lagt til að þessu ákvæði verði breytt og í brtt., með leyfi forseta, segir svo á bls. 2:

„Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra ákveðið að gjaldskylda bifreiðar, festi- eða tengivagns miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd," — og taki menn nú eftir — „svo sem ef leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls."

Ég vek sérstaka athygli á því að það eru orðin „svo sem ef" sem hérna skipta máli og raunar var vakin sérstök athygli á því í nefndinni þegar nefndarmönnum gekk erfiðlega að sjá hver í raun breytingin væri. Þetta var raunar orðað öðruvísi. Þá stóð „t.d. ef leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls". En í brtt. eins og þær nú liggja fyrir er þetta orðað „svo sem ef". Það er þetta sem skiptir öllu máli. Það ákvæði sem ég vitnaði til áður, þ.e. „sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd", hefur verið notað, eftir því sem upplýst var í nefndinni, með alveg ákveðnum hætti og þeim hætti einum að þegar þungatakmarkanir hafa verið í gildi hefur verið veittur afsláttur á kílómetragjaldi, þegar vöruflutningabifreiðar hafa vegna þungatakmarkana ekki mátt vera með fullan farm, þ.e. þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls. Þetta ákvæði, skv. upplýsingum embættismanns úr fjmrn., hefur eingöngu verið notað með þessum hætti. Nú á að breyta og færa þetta út og það kom skýrt fram í nefndinni hvað það er sem þá vakir fyrir mönnum.

Í nefndinni var lagt fram plagg sem heitir „Athugun á rekstrarkostnaði vikurbíla með vagni." Það var raunar um það fjallað í nefndinni með hvaða hætti væri hægt að létta þessum bílum, vikurbílum sem flytja vikur úr Suðurlandskjördæmi til Reykjavíkur, einkennileg tilviljun kannske, rekstur þeirra, þ.e. þessara einu flutninga. Þetta var rætt og það þótti ekki held ég tiltækt og ekki eðlilegt að setja sérstök ákvæði í lögin um vikurflutningabíla. En þá var farin sú leiðin að gefa ráðherra þessa heimild og var upplýst í nefndinni að það væri beinlínis með tilliti til þessara einu flutninga sem þessi breyting væri sett fram. Ég lýsi því sem minni skoðun að þetta sé fullkomlega óeðlilegt. Það var ekkert leyndarmál í hv. fjh.- og viðskn. að það var þrýstingur frá ákveðnum þingmönnum eða þingmanni, ekki í þessari hv. deild að vísu, sem olli því að þessi breyting var gerð. Það var ekkert verið að liggja á því. Þetta var sem sagt skýringin á því hvers vegna fjmrn. kallaði málið til sín aftur. Það þurfti að koma til móts við ákveðnar óskir þar sem þm. þótti ekki nóg fyrir flutninga af vissu tagi í sínu kjördæmi gert. Því var gengið í það að breyta þessu með þessum hætti sem ég hef nú lýst og tel ekki eðlilegt.

Þegar þetta var til umfjöllunar í nefndinni var lagt fram minnisplagg þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er var afgreiðsla fjh.- og viðskn. á frv. um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar komin á lokastig þegar henni var frestað vegna nánari athugunar á því hvort gera mætti eitthvað í ívilnunarátt fyrir vikurflutninga á landi."

Síðan segir í þessu plaggi: „Að mati tekjudeildar er óráðlegt að breyta lögunum á þá lund að lægra gjald skuli greiða fyrir þessa flutninga en aðra. Ef vilji er til þess að koma til móts við umrædda aðila er eðlilegast að mati tekjudeildar að rýmka heimild þá sem ráðherra hefur skv. gildandi lögum til þess að miða gjaldtöku við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd ef ljóst er að hún nýtist ekki til fulls."

Hér er sem sagt komin skýringin á þessari breytingu fyrir vikurflutningana í kjördæmi hæstv. fjmrh. sem hér á að ná fram að ganga. Nú er sjálfsagt ástæða til að hlúa að þessari atvinnugrein, sem er flutningur á vikri og sala til útlanda, en hvort á að gera það með nákvæmlega þeim hætti sem hæstv. fjmrh. og þm. Suðurlands gerir í þessu frv. er aftur annað mál. Og þegar verið er að setja fram svona orðalag, eins og er í þessum brtt., með tilliti til ákveðinna tilvika eins og komið hefur fram í störfum nefndarinnar, þ.e. það er bara verið að hugsa um flutninga á ákveðnu efni með ákveðnum bílum úr ákveðnu kjördæmi ákveðna leið, þá orkar málið meira en lítið tvímælis að mínu mati.

Þetta er í rauninni opnað þannig að fjmrh. hefur heimild til að breyta þessari gjaldskyldu í hvaða tilviki sem er vegna þess að orðalagið „svo sem ef" galopnar þetta. Það var viðurkennt af hálfu ráðuneytisins þegar nefndarmenn leituðu skýringa á þessu ákvæði vegna þess að það þurfti virkilega að fá skýringar á þessu. Þær lágu ekki á lausu fyrr en um var spurt. Hérna er sem sagt verið að hygla einni tegund flutninga vegna sérstakra hagsmuna og það er óeðlilegt.

Það væri ástæða til í þessu sambandi að fara nokkrum orðum um það vandamál sem blasir við vörubílstjórastéttinni almennt. Þeir sem veita þá þjónustu, kannske einna helst í dreifbýlinu þar sem þessi þjónusta verður að vera til staðar, þar sem þessir bílar verða að vera til vegna ýmissa tilfallandi verkefna, ná aldrei að aka þá vegalengd sem gefur þeim rétt til að fá afslátt af þungaskattinum þannig að það eru þeir sem síst skyldi sem fara í rauninni verst út úr þessu.

Svo er þess að geta að það er farið í kringum lög um þungaskattinn á margvíslegan hátt. Ef menn nota t.d. dráttarvél og kerru til flutninga, eins og gert er mjög víða og eins og t.d. Reykjavíkurborg gerir í stórum stíl, borga menn engan þungaskatt vegna þess að þungaskattur er ekki borgaður af dráttarvélum. Dráttarvélar og kerrur eru notaðar sums staðar á landinu í allstórum stíl við löndun. Af þessu er ekki borgaður neinn þungaskattur. En þeir sem eiga og reka vörubíla í þessum plássum verða að standa skil á þungaskattinum. Það var raunar einu sinni svo að Reykjavíkurborg lét sér detta í hug að nota dráttarvélar og kerrur til mannflutninga til að flytja vinnuflokka milli staða í borginni en ég hygg þó að bifreiðaeftirlit og öryggiseftirlit hafi sameinast um að segja nei við því. En þarna er gat á lögunum sem ástæða virðist vera til að líta nánar á.

Annað er það að í gildandi lögum um þungaskatt eiga eigendur jeppabifreiða rétt á endurgreiðslu á helmingi af skattinum ef þeir sanna með vottorði frá hlutaðeigandi skattstjóra að þeir hafi haft meiri hluta tekna

sinna næstliðið ár að frádregnum kostnaði við öflun þeirra af búrekstri og ef mennirnir lýsa því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf. Það er ár og dagur síðan ég minnist þess að hafa séð jeppa notaða við landbúnaðarstörf, en það kann að finnast. Ég óskaði eftir því í nefndinni að fá upplýsingar um hversu margir bílar það væru sem afsláttur væri veittur á. Um það hafa ekki fengist upplýsingar. Ég bað um þessar upplýsingar í nefndinni. Þær hafa ekki komið og ég óska eftir því að nefndin fái þær milli 2. og 3. umr. þessa máls. Ég hef grun um að kannske sé þetta ákvæði misnotað. Ég fullyrði ekkert um það. En það væri fróðlegt að fá að sjá þessar tölur sem fjmrn. einhverra hluta vegna treystir sér ekki til að leggja fram.

Annað mál var rætt í nefndinni þó að ekki væri það gert mjög ítarlega. Það var fyrirkomulag innheimtunnar. Það eru margvíslegir annmarkar á því að innheimta þungaskattinn eftir kílómetramæli, en það er tvenns konar háttur á því varðandi minni bílana. Menn geta valið um að borga fast gjald eða vera með mæli. Það eru margháttaðir vankantar á því. Ég þori ekki alveg að slá því föstu, en kannske er eitt land í Evrópu fyrir utan Ísland þar sem sú aðferð er notuð að nota mæla. Bæði eru mælarnir dýrir, þeir eru bilanagjarnir og þetta hefur margháttaða erfiðleika í för með sér.

Víða annars staðar hefur sú leið verið farin að lita olíuna, annaðhvort að lita þá olíu sem fer til notkunar á bifreiðar eða lita þá olíu sem fer til húsahitunar. Þetta mun hafa verið athugað hér. Okkur var sagt í nefndinni fyrst þegar fjmrn. tók málið til sín að nýju að þetta mál væri til athugunar. Síðan heyrðist ekkert meira frá því. En ég leyfi mér að vona að þetta mál sé enn í athugun af hálfu ráðuneytisins vegna þess að það bendir margt til þess í mínum huga að þetta sé miklu skynsamlegri leið, bæði ódýrari og hagfelldari á ýmsan hátt, að lita olíuna, en vera með þessa mæla og það eftirlits- og aflestrarkerfi sem óhjákvæmilega fylgir þeim.

En ég legg á það mikla áherslu að þessi skattheimta kemur í rauninni kannske verst við þá sem síst skyldi, þ.e. bílstjórana sem reka vörubíla, oftast af minni gerð, út um allt land þar sem þessi tæki verða að vera til. Það hefur verið að þeim vegið og þeirra atvinnumöguleikum, eins og hv. þm. vita, m.a. með stórauknum útboðum þar sem verktakar hafa komið til skjalanna og tekið þá vinnu sem þessir menn margir hverjir treystu á áður.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort er ástæða á þessu stigi að hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég hef óskað eftir því að áður en málið verður afgreitt héðan úr Ed. liggi fyrir þær upplýsingar sem ég óskaði eftir í nefndinni. Það kann að vera að það sé erfitt að afla þeirra, en ég hygg samt að annað eins hafi verið gert og það sé engin ofætlan að óska eftir því að þessar upplýsingar liggi fyrir.

En ég stend ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að nál. og niðurstaða okkar er sú að þetta frv. eigi að fella. Við munum því greiða atkvæði gegn því.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu er gömul lumma frá s.l. hausti sem búin er að brasa á pönnunni hjá okkur í fjh.- og viðskn. í allan vetur en er nú loks að koma til endanlegrar afgreiðslu. Það má áreiðanlega til sanns vegar færa að lumman sé dálítið farin að brenna við því að ýmislegt það sem hefur gerst í sambandi við frágang frv. á seinasta stigi hefur verið í hæpnara lagi, eins og hv. seinasti ræðumaður rakti áðan varðandi vikurflutning á Suðurlandi.

Meginatriði þessa máls er að verið er að stórauka þungaskatt, verið að hækka hann mjög verulega jafnhliða því sem skattur á bensíni var hækkaður á s.l. hausti með brbl. eins og kunnugt er, en á sama tíma er hins vegar verið að lækka framlög til vegamála mjög verulega þannig að ríkissjóður er bersýnilega að taka til sín í auknum mæli þá tekjupósta sem ætlaðir hafa verið til vegagerðar.

Eins og fram hefur komið felur þessi þungaskatts- og bensínhækkun í sér mjög verulega aukna skattheimtu á umferðina, en á hinn bóginn lækkar framlag til vegagerðar á þessu ári um 140 millj. frá því sem var á seinasta ári, hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1986. Þetta kom fram í svari samgrh. við fsp. Þórðar Skúlasonar sem borin var fram fyrr í vetur um fjárframlög til vegagerðar, en samgrh. hefur nýlega sent skriflegt svar til þm. við þessari fsp. og þetta svar er að finna á þskj. 512.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu svari vegna þess að ég hygg að fjölmiðlar hafi ekki gert mikla grein fyrir efni þess, en þar kemur greinilega fram, í svari samgrh., að um er að ræða verulega lækkun á framlögum til vegagerðar á þessu ári. Í tíð þessarar stjórnar hefur framlag til vegagerðar lækkað jafnt og þétt. Það var um 2% 1983–1984 sem var verulega miklu lægra en var á árunum þar á undan. Þó að ég viðurkenni að fsp. náði ekki til þeirra ára vil ég fullyrða að prósentuhlutföllin voru töluvert hærri þá. Síðan sígur þessi prósentutala niður í 1,8 á árinu 1985 og samgrh. spáir því að á árinu 1986 verði þessi prósentutala 1,64, sú lægsta sem verið hefur um langt árabil.

Ef litið er á langtímaáætlun í vegamálum var áætlað að framlög til vegagerðar á árinu 1986 yrðu 2750 millj. kr. á þessu ári. En skv. vegáætlun verða framlögin 2040 millj., þ.e. 710 millj. kr. lægri en áætlað var skv. langtímaáætlun. Í langtímaáætlun var gert ráð fyrir því að við værum komnir með framlög til vegamála sem næmu 2,4% af þjóðarframleiðslu á þessu ári, en þau áform hafa orðið að engu í tíð þessarar stjórnar og hlutfallið hefur verið að síga jafnt og þétt niður á við, var sem sagt komið niður í 2% á fyrstu árum þessarar stjórnar, en var 1,8 í fyrra og er nú að síga niður fyrir 1,7, þ.e. niður í 1,64%.

Sú regla hefur stundum verið höfð til viðmiðunar í sambandi við framlög ríkisins af skattlagningu umferðar til vegamála að a.m.k. 50% af heildarsköttum á bensín auk þungaskatts gengju til vegamála og þar fyrir utan legði svo ríkið fram allnokkra upphæð til viðbótar af fjárlögum. Þetta hefur staðist um langt árabil og alltaf hefur ríkið lagt eitthvað til viðbótar af mörkum miðað við þessa 50% reglu. Þannig lagði ríkið fram liðlega 200 millj. á árunum 1983 og 1984, fyrra árið 208 millj. og seinna árið 237 millj., en í fyrra seig þetta verulega niður, var komið niður í 182 millj., og í ár er þessi tala komin niður í mínus 128 millj. Í fyrsta skipti um langt árabil leggur ríkið minna en ekki neitt fram miðað við þessa 50% reglu. Það vantar 128 millj. upp á að þeim fjármunum sem aflað er af umferð sé skilað til vegagerðar.

Í ljósi þessara talna, sem ég hef rakið hér, er augljóst að það er ekki hægt að réttlæta það með nokkrum hætti að leggja stórhækkaðan þungaskatt á umferðina og því munum við Alþýðubandalagsmenn greiða atkvæði gegn þessu frv.

Í nál. meiri hl. er gerð grein fyrir því hvernig hlutfallið sé milli skattlagningar á umferð eftir því hvort menn nota olíu á dísilvélar eða bensín á bensínvélar. Þessi samanburður er mjög fróðlegur og ég hvet hv. þm. til að kynna sér hann. Samkvæmt þeim tölum sem þar eru birtar þarf að aka dísilbíl sem er lítillar gerðar, smábíl, yfir 20 þús. km á ári til þess að fastagjaldið af dísilkeyrslunni jafnist á við bensíngjaldið. Ég hygg að það sé frekar fátítt að menn aki bílum yfir 20 þús. km á ári. Ég er ekki að segja að það sé neitt einsdæmi því að ég t.d. geri það sjálfur á hverju ári. Ég keyri vafalaust töluvert meira en það. Svo er kannske um ýmsa aðra sem mikið þurfa að keyra, en þó hygg ég að allur þorri þeirra sem smábíla eiga aki verulega miklu minna en 20 km á ári. Heyrt hef ég nefnt að meðaltalið sé einhvers staðar milli 10 og 15 þús. km. Þessi staðreynd segir okkur þá að með skattlagningu sinni á dísilbifreiðar er ríkisvaldið eindregið að hvetja bifreiðaeigendur til að nota ekki dísilbíla, eindregið að hvetja þá til að spara ekki í eldsneytiskaupum því að eins og kunnugt er er dísilolían töluvert ódýrari en bensínið og það er þjóðhagslegur sparnaður fólginn í því að menn keyri frekar dísilvélar en bensínvélar. Vegna þess hvernig að þessari skattlagningu er staðið virðist vera um að ræða beina hvatningu af hálfu ríkisvaldsins til manna að aka frekar bensínbílum en dísilbílum. Það virðist vera harla öfugsnúið.

Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram vegna þess að ég álít að það sé enn einn ágallinn á þeirri skattlagningu sem hér gengur til atkvæða. — [Fundarhlé.]

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég óska eftir því að hv. formaður fjh.- og viðskn. sé viðstaddur þessa umræðu þar sem ég vildi beina til hans nokkrum spurningum. (**Forseti:** Það verður séð til þess að hann mæti. Við dokum aðeins við.) Ég geri hlé á máli mínu þar til hann kemur í salinn.

Herra forseti. Ég held þá áfram máli mínu þar sem formaður hv. nefndar er genginn í salinn. Mig langar til að varpa þeirri spurningu til formannsins: Hefur verið reiknað út hvað þær breytingar, sem er lagt til að gerðar verði á brbl., muni kosta ef svo má segja í tekjutapi fyrir ríkissjóð miðað við þær áætlanir sem voru gerðar þegar brbl. voru sett? Það er ekki mjög gott að gera sér grein fyrir, þegar maður les brtt. og um þann afslátt sem gefinn verður miðað við ekna kílómetra, hvað þetta kostar ríkissjóð eða hvernig þetta kemur til góða bifreiðaeigendum og þeim neytendum sem þurfa að greiða flutningskostnað. Eins og tölur hafa sýnt undanfarið er mjög mikill munur á verði á nauðsynjavörum eftir því hvar við erum á landinu. Það kemur svo sem engum á óvart þar sem flutningskostnaður vegur þungt og enn þá þyngra þegar hækkun verður á þungaskatti eins og hér er lagt til að verði um liðlega 50%. Mér finnst því mikilvægt að vita hvað þessar breytingar þýða.

Ég átti þess kost að sitja einn fund í hv. fjh.- og viðskn. þar sem BJ hefur áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Þar kom fram, ef ég man rétt var þetta seinni partinn í janúar eða byrjun febrúar, að þá þegar hefði flutningskostnaður til Akureyrar hækkað um 5%. Hækkanir hafa því nú þegar gengið í gildi vegna hækkunar á þungaskatti og er mikilvægt að gleggri upplýsingar komi fram en þær sem hér liggja á borðinu til að hægt sé að átta sig á þessum hlutum.

Í nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. kemur fram að þær lækkanir sem lagt er til að verði vegna smærri bíla eru taldar vera innan við 1 millj. kr. eða eins og segir í nál., með leyfi hæstv. forseta.: „Kostnaður ríkissjóðs af ofangreindri lækkun er talinn verða innan við 1 millj. kr., enda eru bílar, sem lækkunin nær til, innan við 100 talsins.“

Á þessum tölum sjáum við að hér er um mjög veigalitla breytingu að ræða. En það kemur ekkert fram varðandi stærri bíla, flutningabílana, nema að veita má afslátt frá 10 og upp í 50% eftir því hvað eknir eru margir kílómetrar. Þegar slíkur afsláttur er veittur verður manni á að hugsa: Þeir sem hafa lítið að gera og litla atvinnu ná ekki þessum afslætti. Það eru aðeins þeir sem hafa mjög mikla vinnu og keyra miklar vegalengdir sem ná upp í 50% afslátt. Er þetta réttlætanlegt? Eiga þeir ekki að greiða jafnmikið til vegakerfisins sem aka mikið og þeir sem aka lítið? Ég held að hér þyrfti að skoða mun fleiri þætti en bara ekna kílómetra.

Það kom fram hjá einum hv. ræðumanni fyrr í dag að það hefði verið mikið til umræðu að lækka þetta gjald vegna vikurflutninga. Þá finnst mér ekki úr vegi að spyrja hv. formann nefndarinnar: Hvað um steinull sem er mjög létt í flutningum? Hvað um flutninga á steinull eða öðrum þeim varningi sem er léttur í flutningi? Mér finnst mjög óeðlilegt að það sé miðað við yfir 45 þús. km. til að ná 50% afslætti og að miða við sérstaka vöru sem flutt er sérstaka vegalengd, en ef um aðra vöru er að ræða eru bílar ekki samkeppnisfærir við skip vegna þess að auk þess sem Ríkisskip eru styrkt með yfir 100 millj. kr. á þessu ári fá ekki aðrir bílar en þeir sem aka yfir 45 þús. km yfir árið lækkun. Ég held að það séu mun fleiri atriði sem þarf að skoða í þessu máli. Það kæmi kannske í veg fyrir að mönnum væri mismunað eftir því hvaða vöru er verið að flytja og eftir því hvað menn hafa mikla atvinnumöguleika.

Undanfarin tvö ár hafa vörubílstjórar mjög oft kvartað yfir útboðum vegna þess að það hefur hert samkeppnisstöðuna og mjög margir eru atvinnulausir og að missa sínar bifreiðar vegna þess að atvinna hefur dregist saman. Þetta bætir ekki úr fyrir þeim mönnum. Þetta þyngir frekar róðurinn hjá þeim sem fá lítið að gera því þeir verða að borga fullan þungaskatt.

Eins og ég gagnrýndi í 1. umr. um þetta mál er hér að mínu mati um óeðlilega mikla hækkun að ræða sem kemur alls ekki jafnt niður á landsmönnum vegna þess að þeir sem búa langt frá suðvesturhorninu þurfa að greiða mjög háan flutningskostnað. Þessi skattheimta kemur þyngst niður á þeim, eins og ég áður hef sagt. Það er í beinu samhengi við þá skattheimtu sem var lögð á Póst og síma því þar er nákvæmlega sama dæmið á ferðinni. Það er landsbyggðarfólkið sem ber þyngstu byrðarnar. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu frv., en óska enn fremur eftir því að fá gleggri upplýsingar um þær brtt. sem hér eru lagðar fram.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra

forseti. Ég verð að játa að nákvæmar tölur hef ég ekki neinar fengið um hvað þessar brtt. frá upphaflegum brbl. þýða miklar upphæðir.

Hér kom fram í ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar að hann bað fjmrh. um skýringar á einmitt því ákvæði sem síðasti ræðumaður fjallaði einna mest um, það sem kennt hefur verið við vikurflutninga en er ekki orðað þannig heldur er það miklu rýmra, það er heimildarákvæði, getur gilt jafnvel fyrir steinull eða eitthvað annað, fiskflutninga eða eitthvað slíkt, maður veit ekkert um það. En sérstaklega óskaði einn nefndarmanna eftir því og kannske fleiri að ráðherra yrði viðstaddur þessar umræður. Það er flokksfundur í mínum flokki, en það er vafalaust hægt að ná í ráðherra þannig að umræðan geti haldið áfram. Ég held að það sé eðlilegra að hann svari því fyrst við höfum hann hér á staðnum. Hann er gagngert hér til að hlusta á þessa umræðu og svara fsp. sem til hans hefur verið beint bæði utan fundar og eins héðan úr ræðustólnum sem hníga í sömu átt og spurningarnar sem var verið að spyrja mig.

En ég segi eins og það er að við höfum ekki nákvæma útreikninga um hvað þetta geri í peningum í heild. Það voru einhverjar tölur sýndar, ágiskunartölur, og kannske gæti ég náð í eitthvað frekar í mínum plöggum, en ég er að gera mér vonir um að ráðherrann geti betur svarað því.

Annars er þá hægt að afla frekari upplýsinga fyrir 3. umr. ef þm. kærir sig um, enda veit ég að það er farið fram á það núna að slíkar upplýsingar liggi fyrir. En ef þm. er ásáttur með að ráðherrann komi í minn stað hygg ég að það sé rétt.

Forseti (Stefán Benediktsson): Má ég biðja þingdeildarmenn að doka ögn við þar sem verið er að freista þess að ná í fjmrh. sem var viðstaddur umræðuna en hefur ekki svarað þeim fsp. sem til hans var beint. Ég vona að það verði ekki löng bið.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Vegna þeirra spurninga sem fram hafa komið í þessari umræðu vil ég taka fram varðandi það atriði hversu margir hafi notið fyrirgreiðslu vegna heimildar til afsláttar af gjöldum á jeppabifreiðum að ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það atriði, en svo langt sem tekjudeild fjmrn. hefur komist í upplýsingaöflun hjá skattstjórum, sem gefa út vottorð til niðurfellingar samkvæmt þessari heimild, þá mun hér vera um að ræða 10 til 20 undanþáguheimildir á ári.

Að því er varðar það atriði sem minnst hefur verið á og lýtur að vikurflutningum er þess að geta að þar stendur svo sérstaklega á að flutningskostnaðurinn er mjög stór hluti af heildarútflutningsverðmæti þessara flutninga og því þótti eðlilegt að hafa heimild til að veita tilslakanir í þessu efni, fyrst og fremst vegna þess að flutningskostnaðurinn er svo gífurlega stór hluti af heildarútflutningsverðmætinu og þeir bílstjórar sem í hlut eiga keyra þennan vikur ekki á töxtum heldur samkvæmt sérstökum samningum, allmiklu lægri en samningsbundnir taxtar segja til um. Hugmyndin að baki þessari heimild byggir á því að unnt sé að tryggja að þessi útflutningsstarfsemi leggist ekki með öllu niður. Það er hins vegar rangt að hún sé bundin við eitt kjördæmi. Ég þykist hafa vissu fyrir því að hún er starfrækt af fyrirtækjum í a.m.k. tveimur kjördæmum og kann að vera að það sé víðar.

Um kostnað af þeim breytingum sem hér um ræðir hef ég ekki upplýsingar, en ég get beitt mér fyrir því að hv. fjh.- og viðskn. fái þær upplýsingar í framhaldsumfjöllun um málið.

Ég hef ekki fleiri athugasemdir fram að færa eftir þær umræður sem fram hafa farið.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð í framhaldi af ræðu hæstv. ráðh.

Mér leikur forvitni á að vita hvort ekki verður um fleira en vikur að ræða, steinull eða annan léttan varning sem flytja þarf á milli staða. Það hlýtur að gilda einu hver varan er. Eins vil ég nefna að það eru fleiri en þeir sem flytja vikur sem keppa um markaðsverð á flutningum. Þar má t.d. nefna kartöfluflutninga úr fyrrnefndu kjördæmi. Þar er um fasta flutninga að ræða, mikið magn. Því keppast menn um að halda verðinu niðri. Það kæmi neytendum ekki síður til góða ef þessir flutningar væru ekki hækkaðir úr hófi fram eins og hér er lagt til.

Ég mun bíða róleg eftir því að fá upplýsingar um hvað þessar breytingar kosta, en eins og ég hef áður sagt úr þessum ræðustól er mjög erfitt að gera sér grein fyrir breytingum nema vita nokkurn veginn hvað þær þýða tölulega séð, hvað hér er um mikið magn að ræða og marga bíla. T.d. er yfirgnæfandi meiri hluti flutnings af landsbyggðinni fluttur með bílum sem keyra yfir 45 þús. km á ári og ná þar af leiðandi 50% afslætti. Þetta skiptir mjög miklu máli að mínu mati. Ég held því að ég verði að bíða róleg til 3. umr. til að sjá hvað þessar afsláttarbreytingar allar kosta. En ég endurtek: Ég er ekki sannfærð um að hér sé um mjög mikið réttlætismál að ræða þar sem það eru mjög misjöfn atvinnuskilyrði fyrir vörubílstjóra víðs vegar á landinu.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil lýsa óánægju minni með þau vinnubrögð, sem nú eru viðhöfð í deildinni, að boða til fundar klukkan hálfsex, þ.e. á þingflokksfundatíma. Báðir þm. Alþfl. í þessari deild voru búnir að binda sig annars staðar kl. fimm, sem ekki varð breytt, og um það var látið vita. Engu að síður er fundurinn settur klukkan hálfsex. Mér berst til eyrna nú að hæstv. fjmrh. hafi verið að svara minni ræðu hér áðan. Ég hefði gjarnan kosið að heyra hans mál og athugasemdir, en gat ekki komið því við þar sem ég var búinn að binda mig annars staðar sem ég gat ekki breytt.

Það virtist ekki hafa komið til tals að boða til þessa fundar kl. 17.30 fyrr en um kl. 16 í dag. Ég verð að lýsa mikilli furðu á þessum vinnubrögðum og mikilli óánægju. Þetta er ekki sú venja sem hefur verið viðhöfð hér í deildinni. Þegar fulltrúar eins þingflokks lýsa því yfir að þeir geti ekki með svo skömmum fyrirvara sótt fund sem boðaður er utan venjulegs fundartíma held ég að venjan sé sú að taka tillit til þess. Ég lýsi mjög eindreginni óánægju með þetta fyrirkomulag vinnunnar hér. Þetta er mjög óvenjulegt. Venjan er sú að það er leitað samstarfs og samráðs við alla þingflokka um fundahöld utan hins venjulega þingfundatíma og venjan er sú að það hefur tekist gott samstarf um það. Það var ekki gert í þessu tilviki og ég harma þessi vinnubrögð.

Forseti (Stefán Benediktsson): Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að það var fyrst og fremst að beiðni þingflokksformanna stjórnarflokkanna að talað var um þennan fundartíma. Það var haft samráð við þingflokksformenn annarra þingflokka. Þannig stóð á að hv. 5. landsk. þm. var um það leyti í ræðustól. Það var ekki rétt fyrir fjögur heldur var það um eða upp úr þrjú að þessar samræður fóru fram. Ég benti hv. þingflokksformanni Alþfl. á, þegar hann sagðist mundu verða vant við látinn á þessum tíma, að hafa samband við hina þingflokksformennina um að breyta tímatilhögun þessarar umræðu. Ég var til umræðu um slíkt. Það komu engin boð um það. Þannig hélt ég þessum fundi áfram kl. hálfsex eins og talað hafði verið um. Það er heldur ekki loku fyrir það skotið að hv. 5. landsk. þm. geti kynnt sér svör hæstv. fjmrh. í þingtíðindum fyrir næstu umræðu þessa máls því umræðu er ekki lokið.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það, sem raunar kom fram í máli forseta, til að það sé alveg skýrt: Það var ekkert samráð haft við þingflokk Alþfl. um boðun þessa fundar kl. 17.30. Ég vil að það sé alveg skýrt og liggi alveg ljóst fyrir. Það var ekkert samráð haft við þingflokk Alþfl. um boðun þessa fundar fyrr en eftir að búið var að taka ákvörðun um það. Það eru þau vinnubrögð m.a. sem mér þykja ekki viðunandi í þessari hv. deild.

Forseti (Stefán Benediktsson): Svo menn hafi alla hluti á hreinu var haft samband við formann þingflokks Alþfl. um leið og náðist til hans. Það þótti ekki gerlegt að trufla hann í ræðustól til þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv.
Brtt. 689,1 (ný 2. gr.) samþ. með 8:6 atkv.
Brtt. 689,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 689,3 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 8:6 atkv.
Brtt. 689,4 (4. gr. falli brott) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 689,5 (nýjar 5.–8. gr.) samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 689,6 samþ. með 8:3 atkv.
5. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 8:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Lyfjafræðingar, stjfrv. 379. mál (þskj. 690). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir örlítilli breytingu á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga. Með þeim lögum var mörkuð sú stefna að kveða á um réttindi lyfjafræðinga og skyldur í sérlögum í stað ákvæða í almennum lyfjalögum.

Skv. lögum um lyfjafræðinga nr. 35/1978 er það skilyrði sett fyrir veitingu starfsleyfis að lyfjafræðingsefni hafi unnið a.m.k. eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu eða önnur lyfjafræðingsstörf hér á landi.

Starfsþjálfun lyfjafræðingsefna fer að stærstum hluta fram í lyfjabúðum landsins. Við ákvörðun á áðurnefndri tímalengd starfsþjálfunar var m.a. höfð í huga sú lyfjaframleiðsla sem við setningu laganna árið 1978 fór fram í lyfjabúðum og nauðsyn á að lyfjafræðingsefni fengi þjálfun í móttöku símalyfseðla. Nú hefur þessi aðstaða breyst. Bæði fer lyfjaframleiðsla að mestu annars staðar fram en í lyfjabúðum og stjórnarnefnd lyfjafræði lyfsala lagði til við ráðuneytið að það hlutaðist til um breytingu á 4. tölul. 3. gr. laga um lyfjafræðinga þannig að starfsþjálfun verði stytt úr tólf mánuðum niður í níu og starfsþjálfun verði veitt á námstíma eða að háskólanámi loknu.

Bæði Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands eru meðmælt þessum breytingum. Nái þessar breytingar fram verða sex mánuðir unnir á sjálfum námstímanum, en þrír að námi loknu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr. með ósk um að málið hljóti skjóta afgreiðslu, en þessi breytta skipan, ef að lögum verður, mundi m.a. ná til þeirra sem nú eru í lyfjafræðinámi og útskrifast í vor.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Helgi Seljan: Herra forseti. Mér skilst að það hafi verið samið, þó ekki við alla þingflokka einu sinni, í dag um að fundur yrði hér milli kl. 5.30 og 7.00. Nú lifa eftir þrjú kortér af þessum áætlaða fundartíma. Ekki veit ég hversu stjórnarliðið þarf lengi að verja gerðir sínar í framsögu hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar, en hitt veit ég að ég þarf allan þennan tíma a.m.k. til að mæla fyrir mínu nál. og hrekkur ekki til þannig að ég hygg að forseti verði að ákveða og reyna að komast að samkomulagi við menn um lengri fundartíma eða þá að öðrum kosti að fresta málinu við svo búið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir þau orð sem hv. 2. þm. Austurl. viðhafði áðan. Ég held að það sé rétt að láta skynsemina ráða í þessu máli og fresta þessari umræðu. Það hefur verið um það talað að fundur yrði ekki lengur en til kl. 7. Þó að um það hafi ekki verið samið við alla þingflokka eða rætt held ég að það þjóni ákaflega litlum tilgangi að byrja þessa umræðu núna. Þar að auki veit ég ekki betur en að einn af frsm., 1. minni hl. ef mér ekki skjátlast, hafi boðað veikindaforföll í dag. Ég held að láta verði í ljós efasemdir um hvort eðlilegt sé að halda áfram umræðum þegar frsm. 1. minni hl. nefndarinnar er ekki á þingfundi. Ég held að það sé skynsamlegast að láta þessa umræðu bíða, annaðhvort til fimmtudags eða þá þangað til eftir helgina.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Við umfjöllun þessa máls í félmn. sem nú verður tekið á dagskrá varð að samkomulagi að taka það mál til umræðu í deildinni í dag. Það skal viðurkennt að deildarfundur hefur dregist nokkuð á langinn, fyrst og fremst að sjálfsögðu vegna þess að hér hafa verið mál til umræðu sem þm. hafa þurft, fleiri en einn og fleiri en tveir, að taka til máls um og umræður hafa orðið nokkuð langar.

Ég mælist til þess að fundi verði frestað þó ekki væri nema í 2–3 mínútur. Ég æski þess að fá að ræða þetta mál við ekki síst þá aðila sem hér hafa tekið til máls um framgang frv. til sveitarstjórnarlaga. Ég segi það hér að ég hefði fremur kosið að hægt væri að hefja þessa umræðu. Það liggur ljóst fyrir að ekki verður lokið afgreiðslu málsins héðan frá deildinni í dag. Það liggur náttúrlega í augum uppi og var vitað við upphaf fundar.

En ég mælist til þess, herra forseti, að ég fái tækifæri til að ræða þetta mál ekki síst við þá sem hér hafa tekið til máls um málsmeðferð þótt ekki væri nema í nokkrar mínútur.

Forseti (Stefán Benediktsson): Áður en lengra er haldið vil ég gjarnan upplýsa það vegna þess sem fram kom áðan að hv. 11. þm. Reykv., sem er í veikindaforföllum, hafði gefið samþykki sitt fyrir því að umræðan færi fram í dag að henni fjarverandi.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég staðfesti það, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði áðan, að það var fullt samkomulag um það í nefndinni fyrir páska að við afgreiddum þetta mál jafnvel út úr deildinni á þessum degi. (**Gripið fram í:** Hvað segir þú?) Það var fullt samkomulag um það í nefndinni að við mundum stuðla að því. Það er hins vegar greinilegt að ríkisstj. hefur tekið önnur mál fram yfir í dag til afgreiðslu og það hefur verið haldið uppi löngum umræðum um mál sem ríkisstj. hefur lagt meiri áherslu á. Ég var reiðubúinn til að mæla fyrir mínu nál. strax kl. 2 í dag. Ég flýtti mér að skila því inn í gær til þess að unnt væri að taka það fyrir þegar í byrjun fundar í dag þannig að það stendur ekkert upp á okkur í stjórnarandstöðunni hvað þetta snertir. En ríkisstj. hefur greinilega valið önnur mál til forgangs í deildinni í dag og þetta mál hlýtur því að liggja eftir.

Forseti (Stefán Benediktsson): Í samræmi við fram komna beiðni fresta ég fundi núna í fimm mínútur til þess að menn geti borið saman bækur sínar. — [Fundarhlé.]

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 636 (sbr. 602), n. 701, 703 og 705, brtt. 709 og 710). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til sveitarstjórnarlaga. Því verður ekki neitað að æskilegt hefði verið að nefndinni gæfist rýmri tími til að gaumgæfa þetta umfangsmikla mál. Eins og kunnugt er unnu félmn. deildanna ekki saman við meðferð málsins. Slík vinnubrögð eru síður en svo sjálfgefin, en verða stundum til að auðvelda og hraða umfjöllun um mál. Að sjálfsögðu hafa einstakir þm. þessarar hv. deildar eftir atvikum fylgst með framvindu málsins í Nd. Ég læt ekki hjá líða að þakka nefndarmönnum í félmn. Ed. fyrir einstaka lipurð varðandi meðferð þessa máls í nefndinni. En við hljótum öll að gera okkur grein fyrir því að slíkur hraði í meðferð mála, sem ekki geta kallast smámál, er tæpast til fyrirmyndar.

Að mínum dómi er ekki ástæða til að fara yfir frv. allt, enda skammt liðið frá framsögu hæstv. ráðh. Í framsögu sinni fyrir frv. vitnaði hæstv. ráðh. til orða formanns félmn. Nd. um þær breytingar sem meiri hl. lagði til og samþykktar voru í þeirri hv. deild. Ef að líkum lætur eru hv. þm. nokkuð kunnugir flestum ákvæðum frv. eins og það var lagt fram á þessu þingi, enda fram komið öðru sinni.

Félmn. reyndi eftir föngum að kynna sér þær breytingar sem urðu á frv. í Nd. og naut til þess stuðnings þeirra sem komu á fund nefndarinnar og þá sérstaklega Steingríms Gauts Kristjánssonar.

Þau ákvæði frv. sem eiga við héraðsnefndir og flutning verkefna frá sýslunefndum vefjast fyrir sumum eins og fram kom við umfjöllun málsins í Nd. Ég mun því fara nokkrum orðum um þann þátt frv., ekki til að gera tilraun til að finna stórasannleika heldur til að varpa örlitlu ljósi á þau ákvæði. Ég lái þó engum sem lítur svo á að þau ákvæði frv. séu ekki nógu markviss. Það er ekki nema eðlilegt að menn vilji vita hvaða reglur muni gilda um þessi efni. Sýslumenn hafa oft verið nefndir í þessu sambandi, enda ekki að búast við öðru því að þeirra hlutskipti verður að hafa forgöngu um flutning verkefna frá sýslunefndum. Það er ekki nóg að segja að sveitarstjórnarmenn geti skipað þeim málum svo sem þeim sýnist á grundvelli frv., einfaldlega vegna þess að gert er ráð fyrir að ráðuneytið setji nánari reglur um málsmeðferð.

Áður en lengra er haldið vil ég vekja athygli á þeim gestum sem komu til nefndarinnar og við leituðum ráða hjá. Þar eru til nefndir, auk Steingríms Gauts Kristjánssonar, Jóhann Einvarðsson, Magnús E. Guðjónsson, Húnbogi Þorsteinsson, Jón Gauti Jónsson, Júlíus Sólnes, Jóhannes Árnason og Rúnar Guðjónsson.

Það skal að sjálfsögðu tekið fram að meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. og þeir sem rita undir nál. eru, auk þess sem hér stendur, Valdimar Indriðason, Salome Þorkelsdóttir og Vigfús Jónsson. En þá vil ég aftur víkja að frv. sjálfu.

Við meðferð frv. í Nd. var, eins og kunnugt er, sú meginbreyting gerð að IX. kafli þess, um héraðsnefndir, var felldur niður, en í stað hans koma reglur í 6. gr., sbr. 97., 107., 117. gr. og ákvæði til bráðabirgða. Ákvæði þessi fela í sér þá meginreglu að sýslunefndir skuli lagðar niður, en sveitarfélög eða samtök þeirra skuli taka við verkefnum þeirra, eignum og skuldbindingum. Óski hreppsfélög þau sem standa að sýslunefnd ekki annars taka héraðsnefndir við störfum sýslunefnda eigi síðar en 1. janúar 1988.

Sá kafli frv. sem fjallar um samvinnu sveitarfélaga er nú IX. kafli frv. og skv. 6. gr. gilda ákvæði hans um héraðsnefndir eftir því sem við getur átt. Í þeim kafla eru reglur um byggðasamlög og leiðir þá af viðkomandi ákvæði að reglur um byggðasamlög munu gilda um héraðsnefndir eftir því sem við getur átt, eins og þar stendur.

Sýslunefndir skulu kjörnar í síðasta sinn 1986 og starfa aðallega sem eins konar skilanefndir, en oddvitar þeirra skulu hafa forgöngu um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og samtaka þeirra eftir því sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð. Óski héraðsnefnd eftir eru umboðsmenn ríkisins, sýslumenn og bæjarfógetar, skyldir til að annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina.

Kaupstaðir geta orðið aðilar að héraðsnefndum og mörkum starfssvæða þeirra er hægt að breyta, m.a. með sameiningu héraða.

Í ýmsum atriðum hefði e.t.v. verið æskilegra að kveða skýrar að orði svo að ekki verði óvissa um framkvæmd og árekstrar. Í 4. mgr. 6. gr. segir án fyrirvara eða takmarkana að héraðsnefndir skuli myndaðar um lausn verkefna sýslunefnda og annarra verkefna sem sveitarfélögin kunna að fela þeim eða þeim kunna að verða falin í lögum.

Í 3. málsl. 4. mgr. 6. gr. er kveðið á um yfirtöku héraðsnefnda á eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laganna, þ.e. þegar í stað að því er þennan kafla varðar. Í ákvæði I til bráðabirgða segir að sýslunefndir skuli fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra.

Þessi ákvæði fela í sér að sveitarfélög þau sem aðild eiga að sýslufélagi taki í sameiningu við verkefnum þess, réttindum og skyldum þá þegar er frumvarpið hefur verið afgreitt sem lög frá Alþingi og forseti Íslands staðfest það, en að sýslunefnd fari með málefni þess í umboði sveitarstjórnanna þar til héraðsnefnd, einstök sveitarfélög eða almenn byggðasamlög geta tekið við af sýslunefnd.

Í frv. eru ekki sérstakar efnisreglur um hvernig skipta á eignum og skuldbindingum sýslufélaga ef leysa þarf út einstök hreppsfélög eða skipta búi sýslufélags til fullnaðar milli hreppa. Um aðferð við skil og skipti er gert ráð fyrir að ákveðið verði í reglugerð. Það getur verið álitaefni hvort stofna beri héraðsnefnd ef hreppsfélögin ákveða að taka öll verkefni sýslunefnda í sínar hendur eða mynda um þau almennt byggðasamlag. Ég tel þó ekki óeðlilegt að líta svo á að skylda til stofnunar héraðsnefndar sé bundin við að henni séu falin einhver verkefni með samkomulagi sveitarfélaga eða lögum.

Það hefur vakið athygli sumra að í fyrri mgr. í ákvæði I til bráðabirgða er héraðsnefnda ekki sérstaklega getið. Þetta orðalag ætti þó ekki að valda ruglingi þegar þess er gætt að vel getur svo farið að almenn byggðasamlög verði mynduð um meðferð verkefna sýslufélaga í einhverjum mæli og að reglur um byggðasamlög eiga að gilda um héraðsnefndir eftir því sem við getur átt og líta má á héruðin sem sérstök byggðasamlög um fleiri en eitt verkefni.

Sumir hafa fundið að því að í 3. mgr. 6. gr. er einungis gert ráð fyrir yfirtöku sveitarfélaga á eignum og skuldum sýslufélaga en ekki vikið að verkefnum í því sambandi. Með samanburði á 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. og ákvæði I til bráðabirgða verður þó ljóst að gert er ráð fyrir að hreppsfélag geti ákveðið að taka að sér verkefni sem sýslunefnd er nú falið og jafnframt krafist þess að eignir sem tengjast framkvæmd þess verkefnis komi þá til skipta.

Það veldur mönnum nokkrum heilabrotum hvaða efnisreglur verði taldar gilda um skipti eigna og skulda milli hreppa sem hugsanlega slíta samstarfi í sýslunefnd eða þurfa að leysa eitt eða fleiri hreppsfélög út úr samstarfinu. Ákvæði eru þó í sjálfu frumvarpinu sem geta gilt um þetta, auk þess sem tekið verði mið af almennum reglum eignarréttar um slit á sameign. Jafnframt mætti að einhverju leyti styðjast við ákvæði laga um stofnun kaupstaða.

Samkvæmt almennum reglum eignarréttar skal skipta sameign milli sameigenda í hlutfalli við eignarhlutdeild þeirra í sameigninni. Í 3. gr. laga nr. 34/1983, um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, segir að sýslunefnd og bæjarstjórn skuli semja um skiptingu þeirra sjóða sem við gildistöku laganna eru í eign eða vörslu sýslunnar, fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur atriði sem upp kunna að koma vegna laganna. Nái aðilar ekki samkomulagi skal félmrh. úrskurða hvernig með skuli fara. Samsvarandi ákvæði þessum eru í lögum um Selfoss, Njarðvík, Dalvík, Eskifjörð, Grindavík, Bolungarvík og Seltjarnarnes.

Í IX. kafla frv. eins og það var lagt fyrir þingið var ekki gert ráð fyrir öðru en að héraðsnefndir tækju við verkefnum, réttindum og skyldum sýslufélaga. Þar var því ekki kveðið á um útlausn eða skipti á búum sýslufélaga. Hins vegar eru ákvæði í núverandi IX. kafla um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags sem geta átt við héraðsnefndir. Samkvæmt 102. og 103. gr. er ekki skylt að leysa sveitarfélag út á skemmri tíma en 20 árum. Náist ekki samkomulag um verðmæti eignarhlutans eða greiðslukjör skal það úrskurðað af dómkvöddum mönnum. Verði ákveðið að slíta byggðasamlagi skal skipa því skiptastjórn og jafna afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda á viðkomandi sveitarsjóði í hlutfalli við íbúatölu.

Ef byggðasamlag hefur verið stofnað um verkefni sýslufélags og síðan þarf að leysa eitt eða fleiri sveitarfélög út eða slíta samlaginu virðist ljóst að fara á eftir ákvæðum 102. og 103. gr. bæði um aðferð og efni. Samkvæmt þeim ákvæðum á að gera ráð fyrir hlutdeild hvers sveitarfélags miðað við íbúafjölda við skiptin. Sama efnisregla gæti gilt þegar hreppsfélag dregur sig út úr samstarfi í sýslunefnd við gildistöku laganna nema samkomulag verði um annað. Um aðferð við skipti fer því eftir ákvæði I til bráðabirgða, sbr. 117. gr., og væntanlegri reglugerð, en með hliðsjón af 102. og 103. gr. og ákvæðum áðurnefndra laga um stofnun kaupstaða.

Leiði framkvæmd laganna í ljós að þörf sé á ítarlegri lagareglum um skil af hálfu sýslufélaga og um stofnun og störf héraðsnefnda er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að setja nánari ákvæði um þessi atriði á næsta þingi. Í fljótu bragði virðist mér þó að ekki skorti lagastoð í þessu sambandi að frumvarpinu samþykktu, en ég legg áherslu á að þeir sem eiga að hafa forgöngu um flutning verkefna frá sýslunefndum verði kallaðir til þegar reglur verða samdar um þessi efni, þ.e. sýslumenn.

Eins og fram hefur komið liggur mjög mikil vinna að baki þessu frv. og jafnvel svo að einstakir menn í títtnefndri endurskoðunarnefnd hafi kynnt sér fyrirkomulag sveitarstjórnarmála allt frá Alpafjöllum til nyrstu héraða í Noregi.

Almennt séð varðar þetta frv. fyrst og fremst stjórnun sveitarfélaganna á eigin málefnum og margt hefur verið lagað að breyttum tíma. Ég hef engan heyrt halda því fram að þetta frv. væri algott fremur en önnur mannanna verk, en að stórum hluta ríkir full samstaða um efnisþætti frv.

Það fer ekkert milli mála að Samband ísl. sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu leggur áherslu á að frv. verði að lögum í núverandi mynd. Skoðanir kunna eitthvað að vera skiptar meðal sveitarstjórnarmanna. Ég ætla þó engum óvitahátt í þessum málum.

Það ber auðvitað að viðurkenna að frv. er ekki nema hluti af því sem varðar vettvang sveitarfélaganna. Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga, tekjustofnar sveitarfélaga eru ekki síður mikilvæg mál. Í því sambandi legg ég áherslu á að samskipti og verkaskipting ríkis og

sveitarfélaga þurfa að verða skýrari, þau þurfa að verða skilvirkari en nú er. Það er oft langur og dýrmætur tími sem sveitarstjórnarmenn verja í að krjúpa við fótstall löggjafar- og framkvæmdavalds til að ná fram rétti sínum þótt löghelgur sé.

Herra forseti. Ég læt þá von í ljós að framkvæmd nýrra sveitarstjórnarlaga fari vel úr hendi og ég held að þrátt fyrir einhvern ágreining um sum ákvæði frv. taki enginn orð Árna Pálssonar sér í munn er hann mælti eitt sinn til vinar síns er þeir voru báðir staddir á Þingvöllum. Þessi vinur Árna var skáld. Þeir settust þar í brekku og hóf þá skáldið að lesa upp kvæði sem það hafði nýlega ort um Þingvelli og líklega hefur skáldið borið mikla virðingu bæði fyrir efni og formi kvæðisins og kannske ekki síst fyrir sjálfu sér. Árni hlustaði á kvæðið með hógværð og þolinmæði þar til kom að þessari hendingu: „Það vildi ég gjárnar sigi saman." Þá sprettur Árni upp og segir: „Og þú yrðir á milli."

Umr. frestað.

Neðri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseta Nd. hefur borist eftirfarandi bréf:

"Reykjavík, 2. apríl 1986.

Þar sem Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans ósk með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis og þar sem 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Geir Hallgrímsson, hefur tjáð mér að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi að óska þess að 2. varamaður, Guðmundur H. Garðarsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er undirritað af Ólafi G. Einarssyni, formanni þingflokks Sjálfstfl.

Guðmundur H. Garðarsson hefur setið á þingi áður á þessu kjörtímabili og nú nýlega og þarf ekki að kanna kjörbréf hans. Ég býð Guðmund H. Garðarsson velkominn til starfa á Alþingi.

Siglingalög, stjfrv. 383. mál (þskj. 700). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á siglingalögum, nr. 34 frá 19. júní 1985. Ég geri það í fjarveru og í nafni samgrh.

Í athugasemdum við frv. segir: „Öryggismálanefnd sjómanna, er samgrh. Matthías Bjarnason skipaði 30. mars 1984, skilaði áfangaskýrslu ásamt tillögum um úrbætur í öryggismálum sjómanna í október 1984. Er þar m.a. lagt til að rannsóknir sjóslysa, sjópróf, verði færðar í nútímalegt horf, sbr. rannsóknir umferðar- og flugslysa. Bent er á að frumrannsóknir sjóslysa séu ekki nægilega vandaðar og nauðsynlegt sé að nákvæm rannsókn fari fram þegar um meiri háttar slys sé að ræða eins og gert er þegar umferðar- og flugslys verða.

Hinn 29. jan. 1985 skipaði samgrh. nefnd sem gera á tillögur um framkvæmd þriggja tillagna öryggismálanefndarinnar, m.a. um rannsókn sjóslysa. Samþykkti sú nefnd að leggja fram frv. þetta til breytingar á 230. gr. siglingalaga.

Nefndin, sem samdi frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins, hefur enn fremur lýst sig efnislega samþykka frv."

Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. úr hlaði með frekara tali, en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgn. Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, frv. 336. mál (þskj. 619, n. 658 og 671). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þegar rætt var á síðasta þingi um lögin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum var óskað eftir því að gerð yrði breyting sem heimilaði að leggja á gjald sem ætti að ganga til búgreinasambandanna. Landbn. Nd. tók þessari málaleitan vel, en að athuguðu máli þótti réttara að breyta lögunum um Búnaðarmálasjóð og heimila þessa gjaldtöku þar. Síðan hafa borist bréf til landbn. frá stjórn Samtaka sauðfjárbænda, frá Hagsmunafélagi hrossabænda, frá stjórn Landssambands loðdýraræktenda og síðast en ekki síst frá stjórn Stéttarsambands bænda um að lögunum um Búnaðarmálasjóð verði breytt á þann hátt sem lagt er til í þessu frv.

Þetta var rætt í landbn. og meiri hl. hennar samþykkir að verða við þessari beiðni og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var lagt fram. Undir nál. skrifa Stefán Valgeirsson, Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Blöndal, Eggert Haukdal og Þórarinn Sigurjónsson.

Ég vil geta þess að þetta gjald verður tekið af þeim hlut sem bændur eiga að fá, en kemur ekki inn í verðlagið. Ég hef heyrt á nokkrum þm. að þeir hafa misskilið þetta, en það er verið að innheimta gjald til þess að þessi búgreinasambönd hafi einhverja fjármuni til að starfa fyrir.

Umr. frestað.

Kostnaðarhlutur útgerðar, stjfrv. 288. mál (þskj. 533). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, en frv. þetta er flutt í framhaldi af fiskverðsákvörðun. Þar var gert ráð fyrir því að á tímabilinu 1. febr. til 31. maí 1986 lækkaði kostnaðarhlutur útgerðar utan skipta um 2½% þegar landað er innanlands og um 1% þegar fiskiskip selur afla sinn í erlendri höfn og aflahlutir sjómanna hækkuðu sem því svarar.

Þetta frv. er nauðsynlegt í framhaldi af þessari ákvörðun og því samkomulagi sem varð á milli aðila í

sambandi við það mál. Ég vil hins vegar taka það fram að nú er unnið að endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins og hefur verið stefnt að því að leggja það mál fyrir yfirstandandi Alþingi. Með því breytist ýmislegt í þessum málum. Hitt er svo annað mál að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að þessi breyting gildi frá 1. febr. og a.m.k. fram að þeim tíma sem breytingar á sjóðakerfi sjávarútvegsins taka gildi. Því er þetta frv. engu að síður nauðsynlegt.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv. 387. mál (þskj. 708). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Við gerð laga nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, sem gengur undir nafninu Sjónstöð Íslands, var ákveðið að við stöðina skyldi starfa sérstakur yfirlæknir með sérfræðiviðurkenningu í augnlækningum í fullu starfi og skyldi hann annast stjórn stofnunarinnar. Í lögunum er ráðherra hins vegar heimilað að semja við augndeild sjúkrahúss um að annast læknisþjónustu á vegum stöðvarinnar og yrði yfirlæknir augndeildar jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar. Hér á landi er í reynd aðeins starfrækt augndeild við eitt sjúkrahús, þ.e. Landakotsspítalann í Reykjavík, þannig að heimildin er sem stendur eingöngu bundin við þann spítala. Á vegum stöðvarinnar hefur verið brugðið á það ráð að fá augnlækni til að hafa faglega verkstjórn á því starfi sem þar hefur verið unnið. Þessi ráðning fellur ekki að öllu leyti innan ramma laganna eins og fram hefur komið í umfjöllun augnlækna um það mál og þess vegna hefur stjórn stofnunarinnar farið þess á leit að 2. mgr. 2. gr. laganna verði breytt þannig að ráðherra sé heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss að annast að einhverju eða öllu leyti læknisþjónustu á vegum stöðvarinnar án þess að yfirlæknir augndeildar yrði sjálfkrafa yfirlæknir stöðvarinnar. Eftir sem áður yrði lagaheimild fyrir því að stöðin fengi sérfræðiþjónustu með samningi við augndeild sjúkrahúss, en tilgangur slíks samstarfs er fyrst og fremst að tryggja fullnægjandi læknisþjónustu á hagkvæman og ódýran hátt þar sem aðeins yrði um að ræða greiðslur fyrir unnin læknisverk hverju sinni.

Stjórn Læknafélags Íslands hefur lýst því yfir að varhugavert sé eða óeðlilegt að tengja eina yfirlæknisstöðu annarri eins og gildandi lög gera og leggur það félag til að því verði breytt. Þessari málaleitan er sinnt með flutningi þessa frv.

Ekki er ástæða til að fara frekari orðum um frv., en ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbr.- og trn. með ósk um að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi þannig að stöðin geti starfað eftir því fyrirkomulagi sem hér er lagt til frá og með komandi vori, en þá tekur stöðin formlega til starfa.

Ég legg til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um selveiðar við Ísland, en frv. þetta er flutt í þriðja sinn. Hringormur er sífellt vaxandi vandi í sjávarútvegi og brýnt að þetta mál verði afgreitt sem fyrst.

Ég tel ekki ástæðu til að fara að endurtaka framsögu mína fyrir þessu máli áður á Alþingi, en um það urðu verulegar umræður á s.l. ári og því ætti þessi umræða að geta orðið nokkru styttri. Vildi ég þá fyrst og fremst gera grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á þessu frv. frá því að það var síðast flutt.

Í fyrsta lagi er kveðið á um í 2. gr. að senda skuli rannsóknaráætlanir til Hafrannsóknastofnunar áður en rannsóknir hefjast, en Hafrannsóknastofnun hafði lagt á það áherslu og tel ég sjálfsagt að svo sé gert og ekki síðra að það sé tekið fram í lögum, en að sjálfsögðu er Hafrannsóknastofnun nauðsynlegt að fylgjast ávallt með gangi rannsókna ef öðrum aðilum er falið að framkvæma þær að einhverju leyti.

Í öðru lagi er breyting á 3. gr., en þar er ákvæði um þá aðila sem sjútvrn. skal hafa samráð eða samvinnu við. Hér er nokkuð komið til móts við þá gagnrýni sem fram kom varðandi þetta atriði við umræður um málið áður. Hér er gert ráð fyrir því að sjútvrn. hafi samráð við Náttúruverndarráð, Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag og Hafrannsóknastofnun varðandi ákvarðanir er lúta að friðun eða fækkun sela, en áður var einungis gert ráð fyrir slíku samráði varðandi stjórn og skipulagningu selveiða. Hér er ekki um mikla breytingu að ræða, en telja má að hér sé um skýrara orðalag að ræða.

Þá er gert ráð fyrir samvinnu milli sjútvrn. og landbrn. við framkvæmd laganna sem einnig er eðlilegt. Ég vil taka skýrt fram að hér er ekki á nokkurn hátt hróflað við einkarétti landeigenda til veiða í landareignum sínum. Þessi réttur er þvert á móti staðfestur í 4. gr. frv.

Herra forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til þess sem áður hefur komið fram við umræður hér á Alþingi um málið af minni hálfu og vil leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. sem hefur fjallað um málið áður. Vænti ég þess að nefndin reyni að ljúka málinu sem allra fyrst því að þrátt fyrir minni háttar ágreining um mál þetta, sem ég tel vera, eru allir sammála um að nauðsynlegt er að það sé stjórn og skipulagning á þessum veiðum og ætti að vera öllum til hagsbóta, jafnt sjávarútveginum og þeim landeigendum sem þarna eiga hagsmuna að gæta vegna sinna hlunninda.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er lagt fyrir, og mælt fyrir í þriðja sinn, stjfrv. til laga um selveiðar við Ísland. Eins og kom fram í máli hæstv. sjútvrh. leggur hann áherslu á að frv. þetta verði lögfest á þessu þingi þótt ekki sé gert ráð fyrir að þingið sitji nema nokkrar vikur í viðbót og þingstörfum ljúki fyrir lok þessa mánaðar. Það vekur athygli að þrátt fyrir þessa áherslu af hálfu ráðherrans, sem ekki er óeðlileg,

þá skuli frv. þetta fyrst vera lagt fram svo síðla á þingi. Ber það eitt út af fyrir sig ekki vott um að allt of mikill hugur fylgi máli af hálfu ráðherra því að sáralitlar breytingar hafa verið gerðar á þessu máli frá því það var síðast lagt fyrir þingið. Ég hef ekki borið ítarlega saman þetta frv. og það sem rætt var hér á síðasta þingi en eins og fram kom í máli ráðherra þá eru það aðeins smávægilegar breytingar sem þarna er um að ræða.

Ég hefði talið að önnur vinnubrögð hefðu verið skynsamleg af hálfu ríkisstj. í þessu máli og þó fyrr hefði verið, þ.e. að taka eitthvert mið af þeirri miklu gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv. við fyrri umfjöllun um það hér í þinginu. (**Gripið fram í:** Í hverju er sú gagnrýni fólgin?) Má í því sambandi vísa til þingskjala og umræðna sem hér hafa farið fram og get ég komið þeim gögnum í hendur hv. 7. þm. Reykv. ef hann vill kynna sér málið svo sem vert er og skynsamlegt af hans hálfu, að átta sig á því hvaða gagnrýni hefur þarna verið fram sett.

Ég ætla ekki við 1. umr. málsins að fara ítarlega út í þau efni; ég gerði það hér við fyrri umræður um þetta mál. Og ég sé ekki að þær óverulegu breytingar sem hæstv. ráðh. hefur lýst hér á þessu frv. hafi breytt efnislega neinu teljandi í sambandi við þá gagnrýni sem ég hef fram sett og fram hefur komið frá ýmsum öðrum. Ég vil aðeins nefna það hér við þessa 1. umr. að það sem er ekki síst álitamál í þessu efni er það mikla vald sem ráðherra er veitt í sambandi við þessi mál skv. 6. gr. Þar er í rauninni verið að setja stimpil á nefnd sem starfað hefur á vegum sjútvrn. frá 1979 og kölluð hefur verið hringormanefnd. Hefur starfsemi hennar vakið verulega úlfúð hjá mörgum, þar á meðal landeigendum og þeim sem hafa haft hlunnindanytjar af sel, en einnig hafa verið vefengdar þær fræðilegu forsendur sem nefndin hefur haldið fram í sambandi við störf sín. Á þær hefur komið fram mjög veigamikil og rökstudd gagnrýni frá aðilum sem ég tel færari um að leggja mat á þau efni en fremstu talsmenn hringormanefndar, þar á meðal hv. 5. þm. Norðurl. e. sem mjög hefur komið við sögu í því máli. Ég get nefnt hér nafn Arnþórs Garðarssonar prófessors, sem hefur látið frá sér fara efnislegt álit á þeim vinnubrögðum sem þarna hafa verið tíðkuð. Ég hef ekki heyrt að það stæði til af hálfu sjútvrn. að breyta til frá því sem verið hefur heldur sé hér fyrst og fremst verið að fá lagalegan stimpil á þau vinnubrögð sem tíðkuð hafa verið á vegum svonefndrar hringormanefndar.

Ég er ekki að vefengja það að skynsamlegt sé að hafa stjórn á selveiðum og leitast við að taka á selveiðum í ljósi þekkingar hverju sinni og með þeim hætti að það sé líklegt til að skila þeim árangri sem menn vilja ná, hvort sem um er að ræða að minnka hið svonefnda hringormavandamál, sem að hluta til er rakið til selastofna við landið, þó að deildar meiningar séu um þátt selsins í stærð þess vandamáls, og einnig hitt, sem bent hefur verið á af ýmsum þeim sem hafa viljað fá þær lagaheimildir sem lagt er til í frv., að selastofnarnir séu keppinautur við manninn um nytjastofna, um hagnýtingu nytjastofna og þar á meðal þorskstofnsins. Ég er sem sagt hvetjandi þess að sett verði löggjöf og endurskoðaðar verði reglur varðandi selveiðar og tel að það sé mjög nauðsynlegt, en ég hefði viljað sjá þar ýmsu hagað með öðrum hætti heldur en gert er ráð fyrir í frv. þessu og hef bent á þau efni við fyrri umræður um þessi mál.

Í þessu frv., eins og í fyrri frv., kemur m.a. fram að verið er að fella úr gildi gömul ákvæði um selveiðar, þar á meðal frá júní 1925, um selskot á Breiðafirði og uppidráp, eins og þau eru kölluð. Þar er verið að fella úr gildi ákvæði sem ég hygg að margir, sem hafa haft hlunnindanytjar af sel og bera fyrir brjósti að eðlilega sé um selalátur gengið, hafi gagnrýnt og liggja fyrir ýmis erindi frá mönnum við Breiðafjörð þar að lútandi.

Ég vil taka mönnum vara við að einfalda það samhengi sem um er rætt í sambandi við selinn, bæði sem keppinaut um nytjastofna og einnig að því er varðar margumrætt hringormavandamál. Það verða engin vandamál leyst með útrýmingu á einni dýrategund. Slík inngrip inn í náttúruna eru ekki skynsamleg. Er ég ekki að gera því skóna að þeir, sem mæla fyrir þessu frv., ætli sér slíkt eða séu hvetjandi þess að útrýma selastofnunum við landið, en ýmislegt í málflutningi þeirra sem að þessum málum hafa unnið og þeirri herferð sem hringormanefnd hefur beitt sér fyrir, ýmislegt úr máli þeirra ber keim af því að réttast væri að ganga svo róttækt til verka að fækka selnum við landið niður í lágmark og jafnvel að um útrýmingu geti verið að ræða.

Ég geri ráð fyrir því að þetta mál fái eðlilega meðferð í þingnefnd og verði síðan rætt hér. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að bregða fæti fyrir það, og hef aldrei ætlað mér, að sett verði löggjöf um selveiðar í ljósi núverandi þekkingar og með skynsamleg vinnubrögð í huga í þessu máli. Ég vænti þess að menn finni leið til þess að ná saman um þessi efni, en það verður áreiðanlega ekki með því að lögfesta þetta frv. óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta til laga um selveiðar við Ísland er nú endurflutt í þriðja sinn. Á síðasta Alþingi lýsti ég andstöðu við það frv. sem þá var flutt, en það var nálega samhljóða því frv. sem hér liggur fyrir. Og ég sé ástæðu til þess við 1. umr. þessa máls nú að láta það koma fram að einnig nú er ég andvígur þessu frv.

Tilefni andstöðu minnar er ákaflega einfalt og skýrt. Með þessu frv. er verið að flækja þessum málum undir tvö ráðuneyti og það gjörsamlega að tilefnislausu. Selveiðar falla nú og hafa fallið undir landbúnaðarlöggjöfina. Selveiðar hafa verið og eru hluti af hlunnindum bænda. Í þessu frv. er þegar vikið að einu atriði slíkra laga en það eru lögin um lax- og silungsveiði. Einnig má nefna bæði ábúðarlög og jarðalög sem ná yfir bújarðir bænda og þar með þann hluta þeirra sem nær 115 m út frá stórstraumsfjöruborði í sjó. Innan slíkrar línu hygg ég að mestmegnis öll selveiði eigi sér stað og þó fyrst og fremst í eða við árósa.

Með athugasemdum við þetta frv. er birt skrá yfir selveiðar við Ísland á árunum 1962–1985 og einnig er í athugasemdunum gerð grein fyrir veiði með nokkuð öðrum hætti og víðtækara en þar er gert. En það kemur hvergi fram hvar þessi selur veiðist. Ég hygg að ef það væri athugað þá kæmi í ljós að selurinn veiðist fyrst og fremst, kannske nærri einvörðungu, innan lögsögu bújarða. Og selveiðin, a.m.k. sá hluti, fellur því áfram undir landbrn. þó svo þessi lög verði sett. Á því verður ekki breyting. Það er tilefnislaust að fara að setja í löggjöf ákvæði sem gerðu það að verkum að sá hluti

selveiða við Ísland, sem væri utan við 115 m frá stórstraumsfjöruborði, félli undir allt annað ráðuneyti, þ.e. sjútvrn. Þetta er óþarfa flækja og ég er alveg undrandi á því, ég segi ekki annað en það, ég er undrandi á því að hæstv. sjútvrh. og hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstj. skuli ekki geta komið sér saman um það að hafa þessi mál á hendi þess ráðuneytis sem með þessi mál hefur farið hingað til. Hér er þó um flokksbræður að ræða sem sitja í þessum embættum og ég sé ekki hvaða tilefni er til þess af hálfu hæstv. sjútvrh. að geta ekki treyst a.m.k. núv. hæstv. landbrh. fyrir því að fara með þessi mál svo sem verið hefur.

Ég vil taka það alveg skýrt fram að ég er ekki með neinar athugasemdir varðandi þau efni þessa máls sem lúta að því að þörf kunni að vera á því að fækka sel við Ísland. Ég er ekki með neinar athugasemdir í þá átt og það er allt gott um það að segja að fram fari rannsóknir á því hversu stór selastofninn er, hvaða tjóni selurinn valdi og hvaða aðgerða þurfi að grípa til til þess að halda selastofninum í skefjum. Allt slíkt er hægt að gera þrátt fyrir það að þessi mál verði hér eftir sem hingað til á höndum landbrn. og undir yfirstjórn landbrh. Allar þær ákvarðanir, sem teknar yrðu til að mynda skv. 6. gr., af hálfu ráðherra sem með þessi mál á að fara, þó svo að það vald sé ærið víðtækt, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér áðan, þá er ekkert sem hindrar það að hæstv. landbrh. geti farið með þetta vald alveg með sama hætti og hæstv. sjútvrh., og engin þörf á því að breyta þessu eða flækja þessu máli yfir í tvö ráðuneyti til þess að slíkri meðferð mála verði við komið. Ég get af þessum sökum ekki stutt þetta mál og mun greiða atkvæði gegn því, svo sem ég hef lagst gegn því hér í þessari umræðu og svo sem ég lagðist gegn því við umræðu hér á hv. Alþingi á síðasta ári.

Ég held að það geti vel verið rétt hjá hæstv. ráðh. að efnislega sé einungis minni háttar ágreiningur um þetta mál og ég ætla ekkert að auka á þann ágreining. En ég get ekki látið hjá líða að vekja á þessu athygli og mótmæla því að verið sé að flækja svo meðferð mála í stjórnkerfinu, svo sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., algjörlega að tilefnislausu, að setja mál eins og þetta undir tvö ráðuneyti. Þessu hlýt ég að mótmæla. Og ég vil beina því mjög staðfastlega til hæstv. sjútvrh. hvort hann geti ekki við nánari umhugsun fallist á að treysta nú flokksbróður sínum, hæstv. landbrh., fyrir þessu máli og að sá hæstv. ráðh. geti þá sett þær reglur sem við þykir þurfa til þess að þeim aðgerðum í selveiðum verði við komið sem menn telja nauðsynlegar.

Ég skal ekki leitast við að reisa neinar skorður við því, svo fremi að ekki sé gengið á eignarrétt manna og farið sé að með sæmilegum umgengnisháttum, svo sem vænta má að gert verði, ég vil ekki trúa öðru. Í því sambandi minni ég aðeins á það, sem ekki kemur nú glögglega fram í þessu frv. þó að fella megi undir 1. tölul. í 6. gr. þar sem segir að ráðherra geti bannað selveiðar á tilteknum svæðum, að vitaskuld þarf að gæta þess að sums staðar eru sellátur í eyjum og skerjum utan landareignar lögbýla sem þó eru talin eign tiltekinna lögbýla og hljóta að hafa sína lögsögu eins og fasta landið. Það getur þurft að vernda slík sellátur á tilteknum tímum. Það þekki ég að menn eru sumir hverjir ákaflega viðkvæmir fyrir að þar sé ekki farið um með ófriði á þeim tímum sem kópar nir eru ungir eða a.m.k. þegar selurinn kæpir. En þetta er nú vafalaust minni háttar framkvæmdaratriði sem vonandi verður athugað, hvaða ráðherra og hvaða ráðuneyti sem færi með þessi mál. Ég mun treysta því að svo verði gert.

En ég skal ekki vera að þreyta hér við 1. umr. þetta mál, aðeins láta það liggja alveg skorinort og skýrt fyrir að ég get ekki stutt þá flækju sem hér er verið að gera ráð fyrir og mér sýnist algjörlega tilefnislaus.

Gunnar G. Schram: *Herra forseti.* Það er ekki ástæða til þess að mæla hér mörg orð við 1. umr. um þetta frv., um selveiðar við Ísland.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að lýsa yfir fyllsta stuðningi mínum við frv. og efni þess og ákvæði, sérstaklega þau sem fjalla um heimildir fyrir ráðherra til að hafa stjórn á þessari auðlind sem selurinn við Ísland er. Slík ákvæði um stjórnun að því er varðar veiðar og nýtingu þessa dýrastofns hefur vantað í lög fram til þessa og með frv., sem hér liggur fyrir, er úr þeim galla bætt. Menn geta síðan haft mismunandi skoðanir á því, eins og fram kom mjög glögglega í máli síðasta ræðumanns, hvort leggja beri valdið og stjórnunina undir sjútvrn. eða landbrh. þar sem mjög ófullkomin laga-ákvæði fjalla um vald þess síðarnefnda í þeim efnum í dag. Það má þó benda á að ein sú breyting, sem gerð hefur verið á frv., varðar einmitt yfirstjórnina. Nú segir í upphafi 3. gr. frv. að sjútvrn. skuli hafa samvinnu við landbrn. við framkvæmd laga þessara og síðan ýmsa aðra aðila.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fjölyrða um þetta atriði, en hér er um stjórnarfarslegt og stjórnsýslulegt atriði að ræða sem menn getur greint á um. Meginatriðið er vitanlega hins vegar það að hér er í fyrsta skipti lagt fram heildstætt frv., sem geymir ákvæði um selveiðar við Ísland og um stjórnun á þeim stofni. Er vissulega full þörf á að festa slík ákvæði í lög.

Þá má spyrja: Af hverju er þess þörf?

Í því sambandi má minna á það vegna þeirra umræðna, sem áttu sér stað um það frv. um selveiðar sem lagt var fram á síðasta þingi, að hér er ekki verið að leggja fram frv. um útrýmingu sels þó fram hafi komið í máli ýmissa ræðumanna þau atriði sem af mátti draga þær ályktanir að frv. fjallaði fyrst og fremst um útrýmingu sels. Svo er vitanlega alls ekki.

Frv. fjallar að sínu leyti nákvæmlega jafnmikið um friðun selastofnsins við Ísland og fækkun sela við landið. Það geta menn sannfærst um ef þeir líta á ákvæði 6. gr. frv. þar sem ráðherra er veitt vald til þess að ákveða, að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs m.a., reglur um selveiðar á svæðum sem friðlýst hafa verið eða kunna að verða með heimild í lögunum um náttúruvernd frá 1971. Þar er ráðherra heimilað að takmarka selveiðar við ákveðinn tíma, banna selveiðar á tilteknum svæðum, friða ákveðnar tegundir sela og ákveða fjölda þeirra sela er veiða má af einstökum tegundum á ákveðnum svæðum á tilteknu tímabili. Hér eru mjög ítarleg og víðtæk friðunarákvæði sem ráðherra er heimilt að beita og grípa til ef ástæða þykir til, ef þessi dýrastofn í hafinu við Ísland þykir einhvern tímann vera í hættu.

Sem betur fer er ástandið í dag ekki á þá lund heldur þvert á móti. Selnum hefur fjölgað mjög við Íslandsstrendur og það er einmitt ein meginástæðan — fyrir utan þau atriði sem ég hef þegar nefnt — sem mælir með því að frv. sem þetta, um stjórnun selveiða og

heimildir fyrir ráðherra í því efni, verði leitt í lög.

Við skulum líta á nokkrar staðreyndir málsins. Það hefur verið tekið saman að selastofninn við Ísland étur það fiskimagn sem jafngildir ársafla 21 togara. Þetta eru uggvænlegar tölur en þeim er erfitt að mótmæla. Ég vil taka það fram að hér er vitanlega ekki eingöngu um úrvalsfisk eins og þorsk, lúðu eða lax að ræða, hér er um heildarfiskmeti það að ræða, misjafnlega dýrar fisktegundir, sem hverfa úr hafinu sem æti selastofnsins við Ísland. Vitanlega hafa þessar veiðar selsins, ef svo má að orði komast, aukist í réttu hlutfalli við hina miklu fjölgun hans eftir að veiðar á honum minnkuðu. Í öðru lagi, og það er miklu alvarlegra vandamál, þá er að nefna hringormavandann alkunna. Ég ætla ekki að halda hér langan fyrirlestur um hann, þingmönnum er það mál svo ljóst, né ætla ég að fara að útlista það frá fræðilegu sjónarmiði. En öllum, sem til þekkja í sjávarútvegi, er það vitanlega kunnugt hver fyrirhöfn og tilkostnaður það er fyrir fólk í fiskverkun og frystihúsum að fjarlægja hringorminn úr fiskinum.

Nú geta menn haft sínar líffræðilegu skoðanir á því hvernig hringrásin er í hafinu og hver þáttur selsins er í þeirri hringrás og tilfærslu hringormanna í matfiskinn, hvort selurinn er syndaselurinn í því efni eða ekki. (**ÓÞÞ:** Það skiptir nú nokkru þegar dæmt er.) Ég held nú að fæstum blandist hugur um að syndaselurinn er einmitt selurinn. (Gripið fram í.) Ég sagðist ekki ætla að kveða hér upp neinn líffræðilegan dóm. Ég er heldur ekki að kveða hér upp neina aðra dóma. Ég er að lýsa mínu áliti, sem ég byggi á ummælum og ritum, m.a. sérfræðinga, líffræðinga sem annarra, þar á meðal hringormanefndar sem sérstaklega hefur lagt sig eftir þessu viðfangsefni.

Það hefur verið tekið saman, kannske einna gleggst af deild Fiskifélags Íslands á Vestfjörðum, hve gífurlega kostnaðarsamt það er fyrir fiskvinnsluna að standa í hringormahreinsuninni. Um er að ræða upphæðir sem skipta ekki aðeins tugum milljóna, heldur hundruðum milljóna króna í íslenskum sjávarútvegi á ári. Ekki er það síst eftir að hafin var hringormahreinsum fyrir þremur árum, samkvæmt kröfum okkar helstu viðskiptalanda á saltfiskmörkuðunum, úr öllum saltfiski sem sendur er frá þessu landi þangað. Þetta atriði er því gífurlegur baggi á íslenskum sjávarútvegi. Og m.a. af þessum ástæðum, sem ég hef hér nefnt, er full ástæða og rök og nauðsyn til þess að samþykkja slíkt frv., sem hér liggur fyrir, sem veitir ráðherra heimildir — einmitt í þessari sömu 6. gr., 7. tölul., þar sem fjallað var um friðun selsins — til þess að ákveða aðgerðir er stuðli að fækkun sela sé þess talin þörf. Hér yrði vitanlega ekki farið út á þá braut að hefja eitthvert útrýmingarstríð á hendur selnum. En það er alveg augljóst að þjóðarhagsmunir liggja að baki því og ekki síst hagsmunir höfuðatvinnuvegs þjóðarinnar, sjávarútvegsins, að í selastofnunum við Ísland verði ekki um offjölgun að ræða með þeim afleiðingum sem ég hef hér lítillega lýst. Það ber vitanlega að sjá svo um að þessi dýrastofn sé í jafnvægi. Það ber ekki að stunda neina útrýmingarherferð á hendur honum, en það ber að sjá svo um að honum sé haldið í jafnvægi og að ekki sé um óeðlilega fjölgun að ræða með þeim afleiðingum sem menn þekkja, ekki síst þeir sem koma úr sjávarútveginum.

Ég vil að lokum aðeins nefna að vitanlega verður að gæta þess að ekki sé gengið á rétt landeigenda að einu eða neinu leyti í þessum efnum. Og jafnvel þó að nokkur gömul lagaákvæði, sum bráðum 200 ára gömul, verði nú felld úr lögum, þá hygg ég að það eigi ekki að þurfa að vera, en sjálfsagt er að gera breytingar á frv. ef einhverjir telja að um réttarskerðingu sé að ræða. Það segir skýrt og skorinort í 4. gr.:

„Landeiganda eru einum heimilar selveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.“ Hér er og vitnað í laxveiðilögin þar sem nokkrar takmarkanir eru almennt á veiðum, en þau lög eru einmitt gott dæmi um bótalausar takmarkanir á eignarrétti manna. Þar að auki: Ef land liggur að sjó þá á landeigandi selveiðar 115 metra á haf út frá stórstraumsfjörumáli og eru það netlög hans. Ég hygg því að hér ætti að vera sæmilega séð fyrir rétti landeiganda. En það er alveg ljóst að ef þetta frv. verður að lögum og veiðiréttur einhverra bænda á tilteknum stöðum á landinu — það hefur verið minnst hér á Breiðafjörðinn — skerðist við það, þá er hér um grundvöll bótakröfu þeirra að ræða þannig að þeir mundu ekki þurfa að bera skarðan hlut frá borði.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. á þessu stigi, þetta nytsama mál, en lýk hér með máli mínu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna það að ég hef oft verið spurður að því, þegar ég hef komið í frystihús úti á landsbyggðinni, hvernig á því standi að engar ráðstafanir séu gerðar gegn selnum. Í heilu landshlutunum hefur hringormafjöldi ekki einungis tvöfaldast heldur víða meira en þrefaldast og verðmæti þeirrar vinnu verkafólks í frystihúsum sem verður til vegna hringormanna skipta hundruðum milljóna króna. Ég býst við að hægt væri að hækka kaup verkafólks í fiskiðnaði, ja, t.d. um ⅓ ef eitthvað væri gert í þessum efnum. En það er ekki hægt að ná svona einföldu máli í gegn eins og þessu, sem skiptir afkomu undirstöðuatvinnugreinar okkar jafngífurlegu máli út af formsatriðum, fegurðarsjónarmiðum. Ég vil ekki segja nema gott eitt um hv. 5. þm. Austurl. en það mætti vel segja mér, þó hann sé maður gagnmenntaður í líffræði, að það sé með hann eins og fleiri að honum finnist selurinn hafa falleg augu og þá gildir það sem skáldið sagði, að þar ríkir fegurðin ein ofar hverri kröfu.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að hvar sem farið er í kringum landið og rætt er við sjómenn, rætt við þrautreynda sjómenn sem stundað hafa fiskveiðar, að þeir eru undantekningarlaust, ég hef ekki rekist á annað, á því að þessi gífurlega aukning hringorms í fiski stafi fyrst og fremst af fjölgun selsins. Ég vil aðeins nefna sem dæmi að þegar nefnd fer til Noregs til að kynna sér afköst fiskverkunarfólks kemur í ljós að þau eru meiri í Noregi. Þó ekki vegna þess að vinnuhraðinn sé meiri, það eru að vísu ýmsar ástæður sem grípa þarna inn í, heldur hins að tafirnar hér heima út af hringorminum eru það miklar að afköst verða þar af leiðandi minni hér.

Hvernig í ósköpunum er nú hægt að láta svona mál daga uppi þing eftir þing út af vafasömum líffræðikenningum, út af því að menn vilja halda í einhverja sérstaka hagsmuni landbrn. eða vinna sér hylli ákveðinna selabænda? Og virði ég nú hv. 1. þm. Norðurl. v. vel fyrir dugnað hans og framgöngu fyrir bændur. Ég sé ekki að

það yrði neitt stórslys þó að bætt yrði úr þessu böli sem hringormurinn veldur og kemur fyrst og fremst niður á sjávarútveginum, enda segir í 3. gr. eins og hv. 2. þm. Reykn. tók fram:

„Sjútvrn. skal hafa samvinnu við landbrn. við framkvæmd laga þessara og samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands varðandi ákvarðanir er lúta að friðun eða fækkun sela."

Ja, mikið skal staðinn vörður hjá fyrrum ráðherra um sín ráðuneyti. Ég held að menn verði að leggja þennan metnað sinn eitthvað til hliðar og ég held að menn verði að horfa á það að þessi atvinnuvegur á í erfiðleikum og gefa gaum að hversu illa gengur að manna hann og að hægt væri að veita fólki betri kjör og selja miklu betri vöru ef hægt væri að draga úr hringormi í fiski. Nú má vel vera að þarna komi einhverjir fleiri þættir til en selurinn, en þetta er afgerandi meginástæða. Og það er ekki vansalaust fyrir Alþingi að láta svo endalaust tína upp einhver hugsanleg aukaatriði, einhver hugsanleg túlkunaratriði, hvort eitthvað sé gengið á hlunnindi bænda eða ekki. Það er gengið þarna á grunnatvinnuveg íslensku þjóðarinnar og það svo hundruðum milljóna skiptir og þetta gengur ekki lengur. Alþingi getur ekki staðið frammi fyrir þjóðinni og sagt: Við komum okkur ekki saman um hvernig eigi að leysa þetta vandamál.

Það sagði mér gagnmerkur samtíðarmaður að nú yrði þetta hringormamál leyst, nú mundu áhrifamenn í þjóðfélaginu snúast á sveif með öllum þeim aðgerðum er fækkað gætu hringormi. „Hvað hefur skeð?" varð mér að orði. „Hvað hefur skeð, er þetta einhver áhrifamikill hópur?" „Gífurlega áhrifamikill," var sagt. Ég fór eitthvað að líta í kringum mig og var engu nær. „Jú, það kom nefnilega upp úr kafinu í sumar að í þremur löxum sem veiddust voru tveir hringormar." Ja, það er von að menn grínist með hlutina. Við erum búnir að fórna í þennan ófögnuð svo hundruðum milljóna króna skiptir ár eftir ár og svo körpum við um undir hvaða ráðuneyti þessi mál eigi að falla, en getum ekki komið okkur saman um að halda selastofninum niðri og nefnum svo einhverjar líffræðilegar ástæður aðrar. Grunnorsökin er þessi. Hvort það eru einhverjar hliðarorsakir aðrar skal ég ekki um fullyrða.

Ég vildi bara að endingu skora á sjútvn., sem fær þetta mál til meðferðar, að leita umsagnar Sjómannasambands Íslands, Verkamannasambands Íslands, þess fólks sem vinnur í þessum greinum. Þar mun nefndin fá afgerandi svar: Að það sé Alþingi til vansæmdar að vera ekki búið að afgreiða þessi mál.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er ástæða til þess að ræða þetta frv. til l. um selveiðar við Ísland í nokkrum orðum hér við 1. umr. Þetta mun vera í þriðja sinn sem reynt er að fá þetta frv. samþykkt á Alþingi. Ég tel fulla nauðsyn á því að þetta mál sé skoðað vandlega og frv. fái þinglega meðferð. Það er svo sjálfsagt mál.

En það er rétt að virða frv. örlítið fyrir sér. Í 1. gr. er sagt að sjútvrn. eigi hér eftir að hafa yfirumsjón allra mála er selveiðar varða. Ég ætla ekki að blanda mér í þetta þó að ég sjái hins vegar ekki brýna nauðsyn á því að þessi mál hafi vistaskipti í ráðuneytunum því að þau hafa mjög lengi heyrt undir landbrn.

Þá er vikið að því í 2. gr. að Hafrannsóknastofnunin skuli annast rannsóknir á selum við Ísland. Það er auðvitað bráðnauðsynlegt að rannsaka þessi mál vel. Sannleikurinn er sá að rannsóknir í þessum efnum eru allt of skammt á veg komnar. Þess vegna ber að fagna því, hver svo sem fer með yfirumsjón þessara mála, að lögð verði megináhersla á raunhæfar rannsóknir hvað þessi mál varðar.

Þetta frv. er lítt breytt frá því sem var á síðasta þingi. Þó eru 2. gr. og 3. gr. nokkuð breyttar. Ég verð að segja að ég tel 3. gr. mun betri eins og hún lítur nú út heldur en hún var í frv. frá síðasta þingi, þ.e. að sjútvrn. skuli hafa samvinnu við landbrn. og samráð við Náttúruverndarráð og fleiri aðila. Með þessu á ég við að sjútvrn. hafi raunhæfa samvinnu og raunverulegt samráð við þessa aðila en ekki bara til málamynda. Þessa breytingu tel ég tvímælalaust til bóta.

Þá er í 4. gr. ákveðið, svo sem sjálfsagt er, að landeiganda einum séu heimilar selveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, eins og verið hefur frá fornu fari og er m.a. meginreglan í veiðitilskipuninni frá 1849. En þá kemur hér ákvæði um það að þegar land liggi að sjó, þá eigi landeigandi selveiðar 115 metra á haf út frá stórstraumsfjörumáli fyrir landi sínu. Það eru hin svokölluðu netlög.

Hér verð ég að víkja að því að þetta frv. er sjálfsagt viðkvæmt mál víða um land, en þó sennilega hvergi eins og á Breiðafirði. Við höfum margir lagt áherslu á að friða Breiðafjörðinn sem mest, vernda hann, kanna lífríki hans og nú nokkuð mörg síðustu ár hefur nefnd verið starfandi á því sviði. Ég vona að þeim störfum hennar miði vel áfram. Hins vegar er á það bent að nauðsynlegt sé að fækka selnum og þá sérstaklega undirstrikað að hann sé svo mikill skaðvaldur að því er varðar okkar meginatvinnuveg, sjávarútveginn, að ekki megi láta undir höfuð leggjast að fækka honum.

Nú er það svo að um Breiðafjörð gilda lög nr. 30 frá 27. júní 1925, þ.e. um selaskot og uppidráp. Samkvæmt þeim eru öll selaskot á Breiðafirði bönnuð innan línu sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli sunnan fjarðar um Stagley, Oddbjarnarsker og í Bjargtanga. Innan við þessa línu eru öll selaskot bönnuð samkvæmt núgildandi lögum. Þetta er að vísu nokkuð hörð regla. Ég býst við að þessi lög standist á engan hátt dóm þeirra sem leggja áherslu á fækkun sela. Á hinn bóginn er á það að líta að þessi regla er mjög gömul, aldagömul má segja, og þessi lína hefur ekki alltaf verið á sama stað svo að það er afskaplega eðlilegt að Breiðfirðingar hyggi vandlega að þessu efni, hvort þessi regla skuli nú lögð niður eftir að hafa gilt um aldir.

Ég tók það upp hjá sjálfum mér, bæði í fyrra og eins nú, að senda öllum sýslumönnum við Breiðafjörð frv. og biðja þá um umsögn. Ég hef rætt þetta við þá alla þrjá, sýslumanninn á Patreksfirði, í Búðardal og Stykkishólmi, og á von á umsögn þeirra hið bráðasta. Ég get vel fallist á að nauðsynlegt sé að taka þessi mál til skoðunar og setja einhverjar hömlur við offjölgun sela — jafnvel á þessu svæði sem á samt að njóta mikils friðar í mínum augum. En þá kemst ég ekki hjá því að hugleiða að þó að eyjarnar á Breiðafirði — og þá hef ég sérstaklega í huga Vestureyjar og raunar Suðureyjar líka — séu margar í einkaeign, og þó að þær séu taldar óteljandi eru víða á milli þeirra breiðari sund en 230 metrar. Og þá kemur spurning: Á að heimila hverjum

sem er að skjóta sel í þessum álum, sem verða milli netlagna eyjanna, milli landeigenda inn um allan fjörð? Þetta er ég hræddur við. (**HG:** Hver á að fylgjast með?) Hver á að fylgjast með? Og er ekki full ástæða til þess að álykta sem svo að við getum átt von á skotglöðum mönnum úr öllum áttum, sem þræða þessa ála inn um allan Breiðafjörð og innfirði hans, jafnvel þó að þeir stundi ekki beran veiðiþjófnað í eyjunum og netlögnum þeirra? (**Gripið fram í:** Hví ekki?) Undir þennan leka tel ég að verði að setja með einhverju móti. Ég veit að þessi mál hafa iðulega á liðnum áratugum og öldum verið rædd m.a. í sýslunefndum á þessu svæði og þess vegna hygg ég gott til að fá álit sýslumanna við Breiðafjörð á þessu frv.

Það er ekki hægt að neita því að hlunnindi af sel hafa verið mjög veruleg á liðnum árum og áratugum fyrir hina einstöku bændur og eigendur þeirra landa sem þarna er um að ræða. Það segir að vísu að hvergi skuli skerða þessi réttindi hinna einstöku landeigenda. Við vitum að nú að undanförnu hefur sala á selskinnum verið miklum annmörkum háð en það er ekkert sem segir að sú sala kunni ekki að aukast í framtíðinni og þetta verði verðmeiri auðlindir eða hlunnindi en verið hafa nú um skeið. Það eru engar líkur á því að hin fræga franska leikkona Bardot verði eilíf frekar en önnur mannanna börn.

Mikill áróður hefur verið hafður uppi gegn selveiðum, við vitum það, hér og hvar. En nú blasir það við að hægt er að nýta selinn, sem veiddur er, í heilu lagi, selja skrokkana til loðdýraræktenda. Ég held að þetta sé talið mjög hollt fóður fyrir loðdýr, og það er ekki hægt að loka augunum fyrir því.

Ég ætla ekki að lýsa yfir stóryrtum andmælum gegn þessu frv. á þessu stigi en ég tel alveg brýna nauðsyn bera til þess að það verði skoðað vandlega og þá alveg sérstaklega þar sem rætt er um tengsl milli sels og hringorms í fiski. Þetta atriði er því miður allt of lítið rannsakað. En vonandi taka Íslendingar sig á í því efni eins og öðru áður en langir tímar líða.

Hv. 2. þm. Reykn. talaði um selinn sem syndasel, þó góðlátlega, en að sjálfsögðu hafði hann í huga þá þjóðarhagsmuni sem alltaf þarf að virða og meta þegar svona mál eru rædd. Hv. 7. þm. Reykv. ræddi um hringorminn sem hið versta böl, og svo sannarlega er hann það, og að hringormatínsla og allir þeir snúningar og óhemjuvinna sem verður í kringum hana skipti afkomu sjávarútvegs og fiskvinnslu gífurlegu máli. Svo sannarlega er full ástæða til þess að taka undir orð hans að þessu leyti. Önnur hlið málsins er svo sú fagurfræðilega, e.t.v. sumra líffræðinga, sem sjá fegurð lífsins eða ljós heimsins í einu selsauga og er ekki nema gott um það að segja.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á það að nauðsyn sé að rannsaka þessi mál öll betur, skoða þau mjög vandlega í þeirri nefnd sem fær þetta frv. til athugunar. Ég vil alveg sérstaklega biðja hv. nm. að hafa í huga og gefa gaum að sérstöðu Breiðfirðinga í þessum efnum og það sem ég lagði höfuðáherslu á í máli mínu nú rétt fyrir stuttu, að ég er afskaplega hræddur við það að fá skotglaða menn á selaveiðum inn um allan Breiðafjörð og innfirði hans — jafnvel þó þeir virði landareignir og netlög. Ég býst raunar við að hæstv. sjútvrh. geti haft þessi mál nokkuð í hendi sér ef við lítum á 6. gr. frv., en eigi að síður hlýt ég að leggja sérstaka áherslu á þetta mál, þetta atriði, svo og það að nefndin skoði þetta mál vandlega á þeim skamma tíma sem nú er eftir af þingi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér hafa menn rætt um seli og syndaseli og jafnvel virðulegir lögfræðingar telja að aftakan sé sjálfsögð án þess að fyrir liggi hvort heldur þar fari selir eða syndaselir. Því er einnig haldið á lofti að veiðin nú sé sáralítil. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í frv., var selveiði frá 1964 til 1977 sú mesta sem verið hefur á Íslandi eftir 1928. Og hver er staðan í dag? Við erum að veiða 91% að magni á hverju ári miðað við þessi ár þegar mest hefur verið veitt. Samt fjölgar hringorminum alveg miskunnarlaust. Er eitthvert samræmi á milli þess að telja nú að veiðarnar séu í slíkum ólestri að þegar við veiðum 91% á ári af sel miðað við það sem mest hefur verið veitt eftir 1928, þá sé hægt að segja að selnum fjölgi svo ört að það sé ástæðan? Ég held að menn verði að grípa til heilbrigðrar rökhyggju og fara að hugsa sinn gang.

Gengur það upp, stenst það stærðfræðilega að þreföldun, fjórföldun eða fimmföldun á hringorminum geti átt rætur sínar að rekja til þess að það vanti 9% upp á að við náum þeirri veiði sem mest hefur verið við Ísland eftir 1928? Og nú vil ég spyrja þann ágæta dreng, hv. 7. þm. Reykv.: Finnst honum þetta trúleg fræði? Finnst honum þetta trúleg fræði að 9% skekkja geti skapað þreföldun, fjórföldun eða fimmföldun á hringormum? Ég segi fyrir mig: Ég trúi þessu ekki. Ég hef líka verið á fundum úti á landi þar sem sjómenn hafa verið og við Húnaflóa spurði einn sjómaður mig: Vitið þið hvort mávarnir dreifa hringorminum? Þ.e. hvort þeir sem dýr með jafnheitt blóð geta tekið að sér hlutverk hvala og sela í þeim efnum að vera hýsill fyrir hringorminn. „Ég veit að það er fullt af hringormi í skarfinum," sagði hann. Og hvað er mér sagt við Breiðafjörð? Skarfurinn er fullur af hringormi. (**HBl:** Það er nú farið að minnka um skarfinn.) Þeir eru enn til og það í þingsölum meira að segja.

Ég vil vekja athygli á því að þegar ég er ungur maður vestur á fjörðum þá var það nánast óþekkt að hringormur kæmi úr fiski sem veiddur var á Halamiðum. Og að hringormur kæmi úr fiski sem veiddur var í nágrenni við Grænland, þar sem allt er fullt af sel, það var aldrei rætt um þá hluti fyrir vestan á þeim árum. En eftir að menn hættu að hirða lifrina, þá elti múkkinn togarana á haf út. Það skyldi þó ekki vera að afleiðingin af því tiltæki væri sú að hann sæi til þess að hringormurinn er kominn langt út á Halamið? Hvor skyldi fara fljótar yfir, múkkinn eða selurinn? Hvor skyldi vera trúlegri til þess að dreifa hringormi 50–70 mílur út af Vestfjörðum? Er ekki tímabært að menn geri það upp við sig hvort menn eru að tala um selinn eða syndaselinn?

Hitt er svo annað mál að þessu er stillt hér upp þing eftir þing á þann veg að það sé einhver sérstakur hópur þm. sem vilji ekki stuðla að því að eðlilegur selafjöldi sé við strendur landsins. Ég auglýsi eftir þeim hóp sem ekki vill stuðla að því að hafa þar eðlilegan fjölda. Ég held að hver einasti þm. telji eðlilegt að það sé haft eitthvert „kontról" á þessu. En þá komum við að hinu atriðinu og það flokkast undir heilbrigða skynsemi: Hafa menn gleymt því þegar þeir lásu um landnámsmennina sem komu til þessa lands og hófu hér veiðar hvers vegna þeim gekk veiðin vel á hvölum og selum? Vegna þess að hér voru öll dýr óvön því að

varast manninn. Þess vegna getur einn maður með kylfu drepið fleiri, fleiri seli enn á Breiðafirði, af því að þeir eru óvanir því að varast manninn hvað þetta snertir. En verði byrjað á því að fæla hann með skotvopnum, fæla hann um allan Breiðafjörð og út, haldið þið að það verði afköst við veiðarnar eftir það? Hvort skyldi vera betra að drepa spakan sel eða styggan? Hvort skyldi vera betra? Hver er ástæðan fyrir því að það er ekki leyft að hvaða fífl sem hefur byssuleyfi fari um lönd og skjóti á refi á þeim tíma sem auðveldast er að drepa þá, þ.e. yfir grenjatímann? Hver er ástæðan? Vegna þess að það væri margfalt, margfalt verk fyrir refaskyttuna á eftir að hafa hendur í hári refsins. En núna leggja menn til að Breiðafjörðurinn verði opnaður fyrir mönnum sem fari þar inn með langdræga riffla og skjóti eftir flötum haffletinum í allar áttir. Og hvert fara þau skot sem geiga? Vita menn það? Það er verið að tala um byssur af þeim styrkleika að þær drepa á fleiri kílómetra færi.

Og svo er það annað. Reglur um æðarvörp eru á þann veg að það er óheimilt að hleypa af skotvopni í vissri fjarlægð frá varpstöðvum. Hver ætlar að fylgjast með því, eftir að búið er að opna Breiðafjörðinn almennt fyrir skotum, að hvert það skip sem þar er á ferðinni og hleypir af byssuskoti sé í eðlilegri fjarlægð? Það verður enginn sem fylgist með því. Og að menn geti gætt réttar síns í þessum efnum? Vonlaust. Gersamlega vonlaust. Hvar er staðsetningarútbúnaðurinn til að fylgjast með 30, 40, 50 skotglöðum mönnum sem væru á veiðum þarna? Það þyrfti mikið lið til þess.

Það er leikur einn að fækka selnum ef menn vilja þó menn virði leikreglurnar sem hafa verið í gildi um Breiðafjörð og sel í Húnaósi. Það er miklu auðveldara líka að gera það ef menn virða regluna. Það sem þarf einfaldlega að gera er að borga mönnum þann mismun sem vantar upp á að verðið á selskinnunum skili þeim afrakstri að það sé arðbært að stunda þessar veiðar og svo er sjálfsagt að skjóta selinn á hinum svæðunum, m.a. út af Vestfjörðum og þar sem hann er út af annesjum á öðrum tímum ársins, þannig að eðlilegur fjöldi sé af sel við strendur landsins.

Þetta þarf ekki að vera neinn ágreiningur. Hann er búinn til hér í þingsölunum af mönnum sem berja höfðinu við steininn og neita að horfa á þær leikreglur sem hafa verið í gildi og hafa skilað þeim árangri að selur var ekki vandamál við strendur landsins. Staðan í dag er að við veiðum 91% af þeim fjölda sem veiddur var á árunum 1964–1977. Árið 1978 kemur verðfallið. Heimildirnar eru frv. og hér láta menn eins og himinn og jörð séu að farast. Það vanti 9% upp á veiðina.

Ég harma mjög að á þeirri öld þegar fullt er af líffræðingum sé ekki hægt að fá þá vinnu unna á eðlilegan hátt, fá úr því skorið hvort fuglarnir, mávarnir, eru þarna orsakavaldur númer eitt gagnvart hringormi á djúpsævi eða hvort það er selurinn. Ég tel aftur á móti að það sé hollt fyrir menn hér inni að gera sér grein fyrir því að friðun Breiðafjarðar er jafnmikið mál fyrir Breiðfirðinga út frá náttúrlegu sjónarmiði og náttúruvernd og þeim hagsmunum og ef menn legðu til að leyfð yrði skothríð á Mývatni um varptímann. Ég bið menn að hugleiða að það er ekki að ástæðulausu að þessi regla er tekin upp.

En hver er þá staðan í þessu? Er fyrirsjáanlegt um aldur og ævi að verðfall á selaskinnum sé slíkt að það sé vonlaust að þessar veiðar geti komist í það horf að þeir sem búa við Breiðafjörð sjái sér hag í því að veiða selinn eins og gert var? Það er vitað að Norðmenn voru á seinasta ári að byggja tvær sútunarverksmiðjur til að súta selskinn og sá grænlenski aðili sem aðallega hefur verið að láta sauma úr selskinnum fékk ekki nægilega mikið af skinnum á seinasta ári til sinnar starfsemi. Það er ekki trúlegt, þó ekki sé meira sagt, að þessi markaður þróist á þann hátt að verð á skinnum, t.d. refaskinnum, minnkaskinnum og annarri grávöru, haldist í svimandi hæð, en það verði um aldur og ævi talin hrein glæpastarfsemi að drepa seli og hirða af þeim skinnin. Er þetta trúlegt? Nei, þetta fær ekki staðist. Það er búið að ná þessum árangri í örfá ár, en það hlýtur að koma að því að verðið á skinnunum fer aftur upp. Það sem ætti að gera núna er einfaldlega að kaupa skinnin á því verði sem þarf til að koma veiðunum í eðlilegt horf á þessum stöðum og það á að geyma skinnin og selja þau þegar verðið hækkar.

Dettur nokkrum í hug að ég t.d. sem 5. þm. Vestf., þar sem hagsmunirnir eru svo ærnir að hreinsa orminn úr fiskinum, vitandi um þann kostnað sem þessu fylgir, mundi berjast gegn því að á því fengist sanngjörn lausn? (**HBl:** Það dettur mönnum í hug, já.) Það er það merkilega. Það dettur mönnum í hug. Þarna komum við nefnilega að kjarna málsins. Þetta mál er ekki sótt með rökum skynseminnar. Það er sótt með alls konar tilfinningaþvælu. — Þarna er sökudólgurinn. Takið hann af lífi. Það eru vinnubrögðin. (**GJG:** Engin réttarhöld.) Engin réttarhöld. Fyrirmyndin að leikreglunum er eins og var í villta vestrinu þegar voru hengdar upp myndir og verðlaunin skrifuð við: Peningaupphæðin fyrir hausinn — nema það er gengið frá því hérna að þeir skulu fluttir dauðir en ekki lifandi til byggða.

Ég held að þeir sem ræða við menn sem hafa mestalla ævina stundað selveiðar, setjast niður með þessum mönnum, spjalla við þá um afköstin við þetta, hvernig hafi verið farið að þessu og átti sig á því hvað þessir atvinnuhættir voru háþróaðir, hversu vel var að því verki staðið með lágmarksvinnu að ná sem mestu, hljóti að spyrja að því: Eru þetta ekki álíka vitlaus vinnubrögð, sem menn eru að leggja til að hér verði upp tekin, og notuð eru við laxveiðiárnar þegar menn sjást þar með stöng á bakkanum og eina krekju veiðandi lax, miðað við að fornmenn kunnu þá reglu: Á skal að ósi stemma — og stífluðu t.d. Reyðarvatnið og hirtu svo á einum degi upp úr ánni með því að veita vatninu. Haldið þið að þessum gömlu mönnum, ef þeir horfa á leikreglurnar og nokkra stráka í sumarfríinu á hraðbátum leikandi sér inn um Breiðafjörð við að fæla selinn, mundi ekki detta í hug að það vantaði ekki svo lítið í kollinn á þeim mönnum sem hefðu lagt til að þessi vinnubrögð yrðu upp tekin?

Nei, það er engum vandkvæðum bundið að veiða þann sel sem við þurfum að veiða við landið. Það er bara að snúa sér að því. En það er algjört glapræði ef menn taka ákvörðun um að 8. gr. þessa frv. verði að lögum. Ef 8. gr. verður að lögum eru menn að breyta hinu friðsæla lífríki Breiðafjarðar í lífríki þar sem enginn er óhultur meðan sú skothríð stendur yfir sem verið er að leggja til. Og það er hart að mönnum sé stillt upp á þann veg að ef þeir ekki samþykki vitleysuna eigi að stimpla þá sem andstæðinga þess að stundaðar séu þær selveiðar við Ísland sem þarf til að draga úr fjölda

hringorms. Það dregur enginn í efa að selurinn er einn af orsakavöldunum í því sambandi. Hins vegar trúi ég því ekki að hann sé sökudólgurinn þegar menn eru komnir 50, 70 eða 80 sjómílur frá landi.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Þriðja þingið í röð er hér lagt fram stjfrv. um selveiðar og voru menn satt að segja hættir að búast við því á þessu þingi, sem er nánast rétt ólokið eins og menn vita, þar sem um þetta mál hafa verið mjög skiptar skoðanir eins og menn hafa heyrt í umræðunum núna. Því hefði mér þótt eðlilegt að það kæmi fram miklu fyrr. Hér hafa ekki verið þær annir allt frá jólaleyfi þm. að ekki hefði átt að gefast góður tími til að fjalla um þetta í nefnd og á þingfundum svo sem vert væri. Ég hlýt að gagnrýna þau vinnubrögð að leggja þetta mál fyrir þingið svo seint.

Mér er ekki fyllilega ljóst á þessari stundu að þær óverulegu breytingar sem gerðar hafa verið dugi til þess að menn nái samkomulagi um afgreiðslu málsins eins og það liggur fyrir. Ég skal ekkert fullyrða um það, en efast um það og enn þá frekar eftir að hafa hlýtt á þær umræður sem hér hafa verið í dag.

Við höfum þegar heyrt t.d. afstöðu hv. 1. þm. Norðurl. v. og get ég tekið undir það, sem hann sagði, að óheppilegt sé að flækja málum undir fleiri en eitt ráðuneyti. Reyndar er mér alltaf jafnóskiljanlegt hvers vegna menn eiga svona erfitt með að vinna saman á milli ráðuneyta, en reynslan hefur margsannað að það gengur afleitlega. Við höfum ótal dæmi um það og efst er mér í huga sú ringulreið sem ríkir í umhverfismálum sem heyra undir flest ef ekki öll ráðuneytin.

Hér er þó ekki um sams konar hlut að ræða heldur eru selveiðar felldar undir yfirumsjón sjútvrn., en því gert að hafa samvinnu við landbrn. og verð ég að játa að ég sé ekki fyllilega tilgang þess né nauðsyn og mætti algjörlega sleppa landbrn. úr 3. gr. Öðru máli gegnir um þá aðila sem taldir eru upp aðrir í 3. gr., en það er sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa samráð við þá. Það skiptir hins vegar öllu máli hvernig því samráði verður hagað og um það hafa eflaust ýmsir sínar efasemdir og vildu láta negla það samráð niður á einhvern hátt.

Ég held að farsælast væri að koma á fót nefnd þeirra aðila sem þar eru taldir upp og sú nefnd væri sjútvrn. til aðstoðar og ráðgjafar um allt sem lýtur að selveiðum. Mér finnst ekki nógu tryggilega frá þessu gengið og skýringar ekki nógu góðar við þessa grein frv.

Mér þótti hv. síðasti ræðumaður nokkuð stórorður um hver áhrif gætu orðið af samþykkt þessa frv. og hvernig selveiðar mundu fara fram við Breiðafjörð ef þær yrðu að lögum. Hér stendur í 6. gr.: „Ráðherra getur sett". — Raunar skil ég ekki hvers vegna þarf að standa hér „getur sett" en ekki bara: ráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara. Með leyfi forseta vitna ég aðeins lengra:

„Með reglugerð getur ráðherra m.a. bannað selveiðar á tilteknum svæðum, takmarkað selveiðar við ákveðinn tíma, friðað ákveðnar tegundir sela og ákveðið fjölda þeirra sela er veiða má af einstökum tegundum á ákveðnum svæðum á tilteknu tímabili, sett reglur um leyfilegar veiðiaðferðir og um hlaupvíddir skotvopna er nota má til selveiða" o.fl. o.fl. sem hér er kveðið á um.

Það gildir auðvitað um þetta eins og fleira að það er framkvæmdin sem skiptir máli og um þetta verður að vera fullt samráð við Náttúruverndarráð og aðra sem um eiga að fjalla. Vil ég leggja áherslu á að allt verði gert til að ekki verði slík óöld sem hv. síðasti ræðumaður sá fyrir sér í þessum efnum.

En mönnum finnst liggja mikið á að afgreiða þetta mál nú og halda hringormavandamálinu mjög á lofti og virðast telja að það lagist að mun ef þetta frv. verði að lögum, eins og mér heyrðist t.d. á hv. 7. þm. Reykv. Það finnst mér mikil bjartsýni. Menn greinir afskaplega mikið á um orsakir þessa vandamáls og ráð við því. Mörgum spurningum er ósvarað enn, t.d. hvers vegna í ósköpunum enginn hringormur er í fiskinum við Grænland þar sem nóg er þó af selnum og hvers vegna ekki varð samsvarandi aukning á hringormi í fiski við Bretland þegar selastofnar margfölduðust þar. Mig minnir að það hafi verið við umræðuna um þetta mál fyrir tveimur árum sem fullyrt var að hringormur væri ekki í fiskinum við Grænland vegna þess að sjórinn þar er svo kaldur. Hins vegar kom engin skýring á þróuninni við Bretland. Þannig eru enn í dag mjög skiptar skoðanir um þessa hluti og varlegt að fullyrða mikið um það. Þetta hefur alls ekki verið rannsakað nóg. Það þarf að auka rannsóknir á orsökum þessa vandamáls, en ég held það mikla bjartsýni að lausnina á hringormavandanum sé að finna í þessu frv.

Það er rétt að minna á að töluverðar rannsóknir og tilraunir eru í gangi sem snerta þetta mikla vandamál sem síst skal lítið úr gera. A.m.k. þrjú verkefni fengu fjárveitingar úr 50 millj. kr. þróunarsjóðnum á síðasta ári sem snerta hringormavandann. Menn eru að reyna að þróa aðferðir til að finna orminn og tína hann úr fiskinum á öruggan og fljótvirkan hátt. Þetta tilraunastarf þarf að efla og styrkja að miklum mun. Það mundi áreiðanlega spara fleiri tugmilljónir í fiskvinnslunni en þótt skikkan kæmist á selveiðar.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri, en legg áherslu á að þetta mál fái rækilega umfjöllun um leið og ég gagnrýni hversu seint það er komið fram sem tæplega verður til þess að greiða fyrir samkomulagi um það.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er sennilega rétt að byrja á að taka það fram til að forða óþörfum misskilningi að mér er meinilla við hringorm og er ekkert sérstaklega ástfólginn selnum heldur. Það er að vísu rétt að selurinn hefur falleg augu, en ég er ekki þeirrar skoðunar að það eitt geti orðið honum til ævarandi friðhelgi. Ég hef samt ýmsar athugasemdir við þetta frv. og vil koma nokkrum þeirra helstu á framfæri.

Ég vil í fyrsta lagi átelja á hversu veikum vísindalegum grunni þær hugmyndir, sem mjög er grunnt á hjá mörgum ræðumönnum, byggja, að með því einu að fækka selnum umtalsvert sé hægt að leysa hið svonefnda hringormavandamál í fiski við landið. Þetta er byggt á vægast sagt veikum vísindalegum grunni og illa rökstuddum. Og ég hlýt að spyrja í framhaldi af því: Hvers vegna er þetta frv. lagt fram eina ferðina enn án þess að því fylgi nokkur minnsta tilraun til vísindalegs rökstuðnings hvað þetta varðar? Maður hefði átt von á því að hæstv. sjútvrh. og hans embættismenn hefðu notað tímann til að afla sér vísindalegra gagna og vísindalegs rökstuðnings fyrir því að samhengi selafjölda og hringorms sé eins og þeir vilja vera láta og þar af leiðandi sé réttlætanlegt að grípa til jafnvíðtækra

aðgerða til fækkunar á sel og uppi eru hugmyndir um. En ég vík ofurlítið nánar að þessu síðar, herra forseti.

Ég vil einnig segja að gagnrýni mín er að nokkru leyti stjórnskipulegs eðlis. Ég tel ákaflega óheppilegt að dreifa málaflokkum sem þessum milli ráðuneyta og ég tek undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram, að eðlilegast væri að eitt ráðuneyti færi með þennan málaflokk. Ég minni á að hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem reyndar kom á fót svonefndri hringormanefnd á sínum tíma, mun hafa látið orð falla um það á Alþingi s.l. vetur að hann teldi eðlilegt að þetta heyrði undir landbrn.

Þá mætti nefna enn fremur að nýting selastofna og umgengni um selastofna og selalátur eru á sinn hátt umhverfismál og á þar af leiðandi þar heima einnig í stjórnskipun landsins. Ég tel að þörfin á lagasetningu um selveiðar eða heildarlöggjöf um selveiðar séu engar röksemdir fyrir því að standa að málum með þeim hætti sem hér er lagt til. Þó að ég sé ekki að draga úr því að það geti verið skynsamlegt að setja um þetta tiltekna efni löggjöf eru það engin rök fyrir því að færa þetta mál með þessum hætti undir sjútvrn. og skipta þessum málaflokki upp milli ráðuneyta.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnast ræðuhöld manna hér um það að bévaður selurinn éti fisk svolítið kómísk. Þegar menn taka sig til og fara að ræða um lífríkið með þessum hætti verð ég að segja eins og er að mér finnst að menn ættu að lesa sér svolítið til eða hugleiða málið áður en þeir halda yfir manni svona ræður. Ætlar maðurinn, þessi skepna, homo sapiens, að taka sér það vald að fara að þurrka út úr náttúrunni eða stórfækka í náttúrunni þeim tegundum sem eru henni og hennar afkomu ekki æskilegar? Og halda menn virkilega að maðurinn, homo sapiens, hafi það vald í náttúrunni? Ég segi nei. Hann hefur oft gert tilraunir til þess. Aftur og aftur hafa menn brennt sig á þeirri miklu vitleysu í stórmennskuæði sínu að halda að þeir geti betrumbætt sköpunarverkið, lagað til náttúruna, það sem meistaranum mistókst í sköpuninni sé hægt að laga til með gáfulegri lagasetningu t.d. á Alþingi Íslendinga. Þetta er ekki svona einfalt. Samspil tegundanna í lífríkinu er flóknara en þetta. Menn ganga ekki út á völlinn og benda á þær tegundir sem séu til bölvunar og segja: Burt með þessa og burt með hina, fækkum þessari og fækkum hinni og nýtum okkur svo það sem eftir er. Þannig er ósköp einfaldlega ekki samspilið í vistkerfunum, allra síst í hafinu sem er langstærsta og langflóknasta vistkerfi lífríkisins á jörð. Þessi útrýmingartónn, sem mér finnst vera ansi grunnt á hjá sumum ræðumönnum, er satt best að segja harla broslegur, m.a. í þessu ljósi. Það er auðvitað einkenni mikilmenna á öllum tíma að þau langar til að taka til hendinni og jafnvel betrumbæta sjálft sköpunarverkið, en þá færast menn meira í fang en þeir eru menn til að standa við, leyfi ég mér að fullyrða.

Ég vil einnig gagnrýna það aftur þegar menn á svo veikum grunni eru með fullyrðingar um að málið leysist ósköp einfaldlega á þann hátt að fækka selnum og við sem höfum ekki viljað kyngja þessum röksemdafærslum umyrðalaust erum bornir ýmsum býsna þugnum sökum, við séum í raun og veru dragbítar á framþróun í íslenskum sjávarútvegi, við viljum ekki hækka laun starfsfólks í fiskvinnslu o.s.frv. o.s.frv. Ég verð að segja eins og er að mér finnst ansi hart að sitja undir svona ásökunum. Ég tel mig ekki þurfa að taka slíku þegjandi. Ég bið þá menn sem slíku halda fram um rökin fyrir því að fækkun sela muni gefa þeim þessar niðurstöður. Látum svo vera. Þó að það liggi fyrir að ákveðnar tegundir sela geti verið lokahnýsill fyrir stóran hringorm, halda menn þá og hafa menn einhverja sönnun fyrir því að það samband sé línulegt, að það sé einfaldlega þannig að ef við höfum 100 þús. seli við landið og fækkum þeim ofan í 10 þús. hverfi 90% af hringormavandamálinu? Hafa menn einhver rök fyrir sér í þeim efnum að þetta samband sé svo einfalt? Nei, auðvitað ekki. Menn hafa ekki minnstu hugmynd um hvort slíkt línulegt samband er þarna á ferðinni. Það getur alveg eins verið líffræðilega séð og það er fullt eins líklegt að tiltölulega lítill fjöldi sela gæti þá sinnt því hlutverki hýsilsins sem hér er á ferðinni og það séu ýmsir aðrir þættir í hringrás og lífsferli ormanna sem geti fullt eins ráðið því hversu útbreiddir þeir eru og hversu mikill fjöldi er af þeim. Það hafa engin rök komið fram mér vitanlega um að þetta samband sé svona einfalt. Það eina sem menn hafa fyrir sér er að það liggur fyrir að selir geta verið lokahirslan fyrir stóran hringorm og hvalir þá fyrir lítinn hringorm.

Menn vita í fyrsta lagi ekki hvaða tegund það er af hringormi sem veldur aðallega vandamálinu í fiski. Það er ekki bara einn hringormur með ákveðnum greini, bara ein tegund, einn erkifjandi, heldur eru það 500 þúsund eða guð má vita hvað gífurlegur fjöldi það er af tegundum sem þarna er um að ræða. (**HBl:** 500 þúsund?) Ja, guð má vita hvað það er mikið, en það er gífurlegur fjöldi. Ég get kannske fundið það í vísindalegum upplýsingum, en það hefði verið nær að þetta kæmi fram í frv.

Það er líka mjög sérkennilegt að menn skuli ekki byrja á því að hefja rannsóknirnar og leggja áherslu á rannsóknirnar vegna þess að ef menn ætla sér í það verkefni að reyna að hafa á þessu einhvern hemil þurfa menn auðvitað að vita ýmislegt um hlutina. Slíkar rannsóknir mundu færa manni þá vitneskju hvernig væri best að taka á því verkefni að halda niðri hringormi. En með því að ana beint áfram í það að fara að skjóta sel án þess að kynna sér hið flókna samspil sem hér er á ferðinni fara menn nánast óvopnaðir út í þennan slag, gersamlega ónestaðir af þekkingu í þessa viðureign. Þess vegna eru það fáránleg vinnubrögð, herra forseti, ef mér leyfist að nota það orðbragð, að byrja ekki á því að afla sér þekkingar um þessi efni. Ég vitna einnig til þess sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði um þetta efni. Það er auðvitað margt sem þar kæmi til greina og þyrfti að skoða.

Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvers vegna þetta frv. er hér lagt fram enn á ný án þess þá að því fylgi einhverjar upplýsingar og einhver rökstuðningur um þessi efni. Ég varð satt best að segja forviða, herra forseti, þegar ég fékk frv. enn einu sinni í hendurnar jafnberstrípað og hingað til hefur verið. Og ekki fór nú mikið fyrir þekkingunni í framsöguræðu hæstv. ráðh. Mig minnir að hann hafi minnst eitthvað á að hann hafi haldið um þetta ræður hér áður. En það kom ekkert fram í þeim ræðum um þá fræðilegu og þekkingarlegu stöðu málsins sem er jafnbág og raun ber vitni. Það er því miður, herra forseti, allt of stutt síðan menn fóru að sinna þessum hlutum. Það er tæplega áratugur eða svo síðan eitthvað fór að miða í þessum rannsóknum, menn

fóru yfirleitt að fjalla um þær á fræðilegan hátt, þegar fyrstu greinarnar birtast sem eitthvað kveður að frá því að Bjarni Sæmundsson var að skrifa um þessa hluti. Það er þegar komið er fram á síðasta áratug. Það er mjög stuttur tími til að afla vitneskju um þessi mál þegar það er gert af jafnmiklum vanefndum og raun ber vitni þessi ár sem síðan eru liðin.

Það er í raun og veru alveg ótrúlegt, þegar menn koma hér upp og kalla þá þm. sem ekki vilja gleypa þetta allt saman hrátt öllum illum nöfnum, að það skuli hafa liðið þrjú ár sem hafa farið til ónýtis í þessum efnum vegna þess að menn hafa keyrt þessa einstefnubraut. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef tiltölulega góða samvisku verandi í hópi þeirra þm. sem ekki eru tilbúnir til að láta frv. með þessum annmörkum rúlla beint í gegnum þingið.

Ég bendi á þrjósku þeirra sem standa hinum megin við. Ég bendi á hæstv. sjútvrh. og spyr hann í fullri einlægni: Telur hann ekki, ef hann lítur í eigin barm og hugsar málið, að hann hefði hugsanlega getað haldið svolítið skynsamlegar og betur á þessum málum og þá væri kannske árangur og uppskera meiri?

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessa umræðu. Ég sé að sá hefðbundni fundatími okkar sem við ætlum venjulega til fundahalda á miðvikudögum er nú liðinn. Ég ætla því ekki að tefja málið lengur að sinni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 68. fundur.

Fimmtudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Jafn réttur til fræðslu, þáltill. 304. mál (þskj. 568). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Vald í íslensku þjóðfélagi, þáltill. 331. mál (þskj. 610). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Trjárækt í þéttbýli, þáltill. 354. mál (þskj. 645). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar, þáltill. 361. mál (þskj. 652). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, þáltill. 362. mál (þskj. 653). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Varnir gegn hagsmunaárekstrum, þáltill. 370. mál (þskj. 669). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Áhrif forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu, þáltill. 377. mál (þskj. 677). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Efri deild, 69. fundur.

Fimmtudaginn 3. apríl, kl. 5 síðdegis.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 636 (sbr. 602), n. 701, 703, 705 og 717, brtt. 709, 710 og 720). — Frh. 2. umr.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Í byrjun fundarins barst sú frétt meðal deildarmanna að þingflokkur Sjálfstfl. hefði óskað eftir því að þetta mál yrði ekki tekið á dagskrá. Á fundi í gær fór fram upphafsumræða um þetta mál. Mér skilst svo að enn eigi að fara að parta þessa umræðu í sundur. Ég vil gera þá fsp. til hæstv. forseta hvort nú standi til að einhver hluti þessarar umræðu fari hér fram, hvort frsm. nál. mæli fyrir þeim eða hvort hér eigi að fara fram fullnaðarumræða um málið. Ég mótmæli því ef enn á að fara að slíta þessa umræðu í sundur vegna þess að stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um hvernig á að afgreiða málið og vinna að málinu.

Forseti (Stefán Benediktsson): Það er rétt, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði í ræðustól, að þingflokkur Sjálfstfl. hafði óskað eftir því að umræðu um mál þetta yrði frestað. Að viðhöfðu samráði við þingflokksformenn stjórnarflokkanna hef ég fallist á að þm. fái að mæla fyrir nál. sínum, en ég sé ekki fram á að umræðum ljúki á þessum degi og því verði ekki hjá því komist að hluta þessa umræðu sundur, hvort sem það gerist núna eða síðar.

Frsm. 1. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. félmn., en það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið á þremur fundum. Málið er viðamikið og augljóst að umfjöllun nefndarinnar um það er ekki tæmandi. Jafnframt er ljóst að frv. er að ýmsu leyti vanbúið og er þar helst að nefna að áform um aukna vald- og verkefnadreifingu á því stjórnunarsviði, sem það tekur til, eru að engu orðin og í reynd óljóst hvernig samstarfi sveitarfélaga og tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga verður háttað. Að auki tekur frv. ekki til tekjustofna sveitarfélaga sem nauðsynlegt er að fjallað sé um samhliða þar sem tekjur sveitarfélaga eru ákvarðandi þáttur í verkefnum þeirra.

Í ljósi þessa og ofangreindra nefndarstarfa mun 1. minni hl. nefndarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Í raun er litlu við þetta nál. að bæta. Eins og fram kemur í álitinu hélt félmn. aðeins þrjá fundi um málið og hafði það alls til umfjöllunar í sex daga. Það gefur auga leið og þarf ekki að fjölyrða um það að slík nefndarstörf eru lítils nýt og mest til þess að sýnast þar sem um er að ræða viðamikið mál og frv. upp á yfir 100 greinar. Meðferð Ed. á þessu máli er því varla til annars en að fullnægja þeim formlegu ákvæðum þingskapa og stjórnarskrár að mál skulu tekin fyrir í báðum deildum þingsins. Kveður svo rammt að þessu að jafnvel augljósar orðalagsvitleysur í lagatexta frv. eru af meiri hl. nefndarinnar látnar standa óbreyttar því að allt skal undir lagt til að ná þessu frv. í gegnum það þing sem nú situr og gera að lögum, sama hvers lags orðalagsambögur og efnishringlandi er þar á ferðinni.

Við slíkar aðstæður er það vitaskuld að tala fyrir daufum eyrum að ræða þetta frv. efnislega, en ég vil samt freista þess að mæla hér fyrir brtt. á þskj. 720 sem ég flyt ásamt hv. 9. þm. Reykv. Haraldi Ólafssyni og hv. þm. Helga Seljan, Eiði Guðnasyni og Stefáni Benediktssyni. Brtt. þessi varðar fjölda fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur. Brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 11. gr. Á undan síðari málsl. fyrri mgr. komi nýr málsl. er orðist svo:

Þó skulu borgarfulltrúar í Reykjavík aldrei vera færri en þm. Reykjavíkur, sbr. 31. gr. stjórnarskrárinnar."

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að þm. Reykjavíkur skuli eigi vera færri en 18 miðað við núverandi íbúafjölda í Reykjavík. Það hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt fyrirkomulag að fulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur, sem eftir næstu kosningar verða 15 að óbreyttu, séu færri en þm. borgarinnar. Það gefur auga leið í þessum efnum að skylt er að gæta samræmis og því er hér lagt til að lágmarksfjöldi borgarfulltrúa verði færður til samræmis við fjölda þm. Reykjavíkur.

Að auki er á það að líta að heldur rýmri fjöldi borgarfulltrúa er ákaflega mikilvægur til að tryggja að sem flest sjónarmið borgarbúa fái notið sín við stjórn borgarinnar, til að tryggja rétt minni hlutans í raun, en eins og hv. þm. vita má mæla raunverulegt lýðræði með því hvernig réttur minni hlutans er tryggður hverju sinni.

Í Reykjavík búa nú nálægt 90 þús. manns og ljóst er að 15 manna borgarstjórn er allt of fámenn fyrir allan þann fjölda og þau margvíslegu sjónarmið sem finnast í slíkum 90 þús. manna hópi. Fámennisvald væri réttnefni á þessu fyrirkomulagi og ljóst að það hentar núverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Slíku stjórnunarfyrirkomulagi er ég ekki meðmælt. Ég tel rétt og skylt að öll sjónarmið fái að heyrast þar sem ráðum er ráðið og því flyt ég ásamt öðrum hv. þm. þessa brtt. við 11. gr. frv. Ég vil biðja hv. þm. Sjálfstfl., sem ekki eiga fulltrúa á þessari till., að ræða svolítið við samvisku sína um lýðræði áður en gengið verður til atkvæðagreiðslu um hana.

Að lokum, herra forseti, vil ég ekki láta hjá líða að segja fáein orð um till. sem ég er meðflm. að. Hún er á þskj 710, en 1. flm. er hv. þm. Eiður Guðnason. Till. er þess efnis að þau atriði sem ganga verður frá fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar verði tekin út úr frv. og lögfest, þ.e. kjördagur og kosninga- og kjörgengisaldur, en frv. sjálft með öllum sínum göllum tekið til endurvinnslu og fært til betri vegar. Að svo komnu máli og eftir þann kattarþvott sem þetta mál hefur fengið í hv. Ed. er samþykkt þessarar till. að því er ég tel með því viturlegra sem hv. þingdeildarmenn geta gert í þessu máli öllu, a.m.k. ef menn vilja setja lög sem reynandi er að fara eftir.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu lokið í bili.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Seljan): Herra forseti. Það hefur greinilega ekki veitt af þingskapaumræðum í gær því að allt í einu hefur það runnið upp fyrir þingflokki sjálfstæðismanna að þeir væru algerlega óundirbúnir að taka afstöðu til þessa veigamikla máls. Því ber að fagna þegar þingskapaumræður af þessu tagi verða til þess að menn vakna af værum blundi og hafa kannske vaknað óþyrmilega í morgun og orðið skelfingu lostnir þegar þeir lásu grein sýslumannsins í Húnavatnssýslu sem hafði yfirskriftina „Elliglöp framsóknar", og hafa farið að hugsa sig um hvort elliglöp framsóknar væru virkilega farin að grípa þá svo mjög. Ég hygg að þessi grein hafi einmitt orðið til þess að þessi samþykkt sjálfstæðismanna hefur að hluta til verið svo hörð sem hún er því að í þessari grein eggjar Jón Ísberg þá sjálfstæðismenn lögeggjan að bregðast nú við einmitt á lokastigi þessa máls og hindra framgang þess.

Annars er það staðreynd að um þetta frv. mætti vissulega hafa langt og mikið mál, í raun og veru málþing um málatilbúnað og meðferð alla. Þetta snertir svo mörg svið okkar þjóðlífs og hvern einstakling um leið, rétt hans og möguleika til grundvallaratriða í mannréttindum, að við hljótum að þurfa að skoða þetta mál nákvæmlega. Tilefni eru ærið mörg, en ég skal takmarka tölu mína svo mjög sem kostur er, enda er málþóf og orðhengilsháttur ekki aðalsmerki þessarar hv. deildar hvað sem þingflokksákvörðun sjálfstæðismanna kann að þýða í því efni.

Hjá því verður hins vegar ekki komist að fjalla nokkuð um kjarnaatriði þessa máls eða kannske öllu fremur þau kjarnaatriði sem hvergi er að finna.

Það mætti vissulega rekja sögu sveitarstjórnanna langt aftur, rekja þá þróun sem við höfum horft upp á úr hinni strjálu byggð yfir í þéttbýlið. Það mætti vissulega fara vítt um sviðið og rekja þróun byggðanna, minna á þá miklu breytingu sem þar hefur orðið. — Svo að ég vitni aftur í Morgunblaðið, sem er þó ekki það blað sem ég vitna hvað oftast í, var í morgun greint frá því í því ágæta blaði að það væru níu hreppar á landi hér þar sem innan við 20 manns væru á kjörskrá. Í níu hreppum hér á landi væru innan við 20 manns á kjörskrá og við þessu á að sjálfsögðu ekkert að hrófla í þessu frv., þeirri endaleysu sem í raun felst í þessari staðreynd.

Í fyrstunni ætla ég að leyfa mér að lesa það nál. sem ég hef látið frá mér fara. Það er rétt að það komi inn í þingtíðindi:

„Nefndin hefur haft þetta frv. til skoðunar skamma hríð. Reynt hefur verið að fara yfir höfuðatriði þess og til þess kvaddir menn komið á fund nefndarinnar.

Engin ítarleg umfjöllun hefur átt sér stað og því síður að gefist hafi tími til að athuga einstakar umsagnir sem eru fjölmargar.

Harma ber hversu yfirborðskennd meðferð frv. er hjá nefndinni, en ríkisstj. rekur þar svo á eftir og tímaskortur orðinn slíkur vegna komandi sveitarstjórnarkosninga að með öllu er ógerningur að fjalla um og fara yfir frv. svo að sæmandi sé.

Ljóst er að margt í frv. er til bóta varðandi starfsemi sveitarstjórna og skipulag sveitarstjórnarmála. Aðlögun að breyttum aðstæðum og nýjum tíma er vissulega á margan veg æskileg og margt er gert skýrara og skilvirkari framkvæmd ýmissa þátta tryggð. Þó er margt enn óunnið og óuppgert og við sumt skilið í hreinu skötulíki svo sem nánar mun rakið í framsögu. Eina ákvæðið, sem virkilega knýr á um lagasetningu, er 18 ára kosningaaldur og kjörgengi, en það var vitanlega kleift að gera með sérlögum þar um.

Gefist hefur verið upp á því að hafa sameiginlegan kjördag fyrir landið allt og ákvæði til bráðabirgða um skipan mála í vor er eitt dæmið um vandræðaganginn í kringum úrlausn mála. Afgreiðslan á sýslunefndunum og misvísandi ákvæði þar um er annað lýsandi dæmi um að hlaupið er frá raunhæfri úrlausn. Margyfirlýst ætlan ráðherra að sýna samhliða þessu frv. endurskoðað frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem er hin mesta nauðsyn, er bersýnilega að engu orðin. Af tekjustofnum og tekjumöguleikum sveitarfélaga ræðst þó hversu á verkefnum verður haldið, en í engu bólar þar á breytingum sem tryggt gætu eðlilegri og heilbrigðari verkefnaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins.

Gefist er upp við að taka á einföldustu breytingum eins og þeim sem varða lágmarksíbúafjölda í einstökum sveitarfélögum, en þar skilið við þá tölu íbúa sem áður gilti og er fjarstæðukenndari nú en nokkru sinni áður.

Frv. endurspeglar þó fyrst og síðast algera uppgjöf og uppstokkun stjórnsýslukerfis okkar. Sá vísir, sem var í upphaflegri gerð frv. um héraðsnefndir og hlutverk þeirra, er horfinn, en þó vísað á óskilgreindar héraðsnefndir í endanlegri gerð. Enn fremur eru óljós og þokukennd ákvæði um byggðasamlög sem í raun rúmast innan núgildandi laga um samstarf og samvinnu sveitarfélaga um ákveðin, tiltekin verkefni eða frjálst samstarf þeirra að öðru leyti.

Aðalástæðan fyrir ófullkominni gerð þessa frv., eins og það nú liggur fyrir, felst að sjálfsögðu í því að ekki er gerð tilraun til að festa í sessi eitthvert millistig í stjórnsýslunni sem fyrst og fremst ætti að þjóna því hlutverki að taka við valdi og verkefnum frá ríkisvaldinu, flytja vald, verkefni og fjármagn um leið nær fólkinu í héraði. Um þetta eru vissulega deildar meiningar en varðandi þann ágreining var einmitt skylt að kanna hvort hann mætti leysa í tengslum við þetta frv. Undirritaður dregur enga dul á þá skoðun sína að hér sé um brýnasta verkefnið að ræða sem finna þarf eðlilegan farveg til aukinnar sjálfsstjórnar héraða, til beinnar valddreifingar, til tryggingar því að fjármagnið verði sem mest eftir heima í héraði þar sem uppspretta þess er og landsbyggðin í heild megi njóta í stórauknum mæli arðsins af þeirri miklu verðmætasköpun sem þar fer fram. Þetta verkefni virðist víðs fjarri núverandi stjórnarflokkum, enda miðast öll stefna þeirra að því að færa arðinn af erfiði vinnandi fólks, einkum á landsbyggðinni, yfir í himingnæfandi hallir millilíðaauðvaldsins á höfuðborgarsvæðinu.

Auðskilinn er því sá vilji núverandi stjórnvalda að hrófla ekki í neinu við misskiptingu þeirri, sem nú ríkir, og þverrandi valdi og möguleikum landsbyggðarinnar að ná sjálfsögðum og eðlilegum rétti sínum. Allt sem þar gæti til varnar verið er með öllu þurrkað út úr þessu frv., svo sem áður er greint frá.

Lýðræðisleg uppbygging byggðasamlaga og héraðsnefnda, ef af þeim verður, þar sem réttur minni hlutans væri tryggður, er vitanlega heldur ekki í öndvegi hjá þeim sem hér ráða ferð og til þess að freista þess að rétta hlut hans er flutt sérstök brtt., samhljóða þeirri sem Steingrímur J. Sigfússon flutti í Nd."

Það er rétt að vekja athygli á þeirri brtt. sérstaklega, sem er á þskj. 709, en hún orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 97. gr. komi ný grein er verði 98. gr. og orðist svo:

Kosningu fulltrúa í stjórnir byggðasamlaga og héraðsnefnda og ákvörðun um fjölda stjórnarmanna, svo og kosningu fulltrúa á ársfundi landshlutasamtaka, skal haga þannig að tryggð sé lýðræðisleg dreifing fulltrúa og eðlileg aðild meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnum. Eigi sveitarstjórn eða minni hluti í sveitarstjórn ekki kjörna fulltrúa í stjórn byggðasamlags eða héraðsnefndar sem sveitarfélag er aðili að skal þeim heimilt að skipa a.m.k. einn sameiginlegan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til að sitja stjórnarfundi."

Ekki einu sinni þetta atriði náði fram að ganga í Nd.

„Undirritaður telur aðrar brtt. ekki þjóna tilgangi nú þó að gjarnan mætti flytja þær margar til lagfæringar og áréttingar. En stjórnarliðið í Nd. hefur séð til þess að það hefur enga þýðingu nú á lokastigi" og verð ég þó að setja þarna mörg spurningarmerki á eftir eftir þá óvæntu uppákomu sem hefur orðið í þessari hv. deild og mega menn greinilega gjarnan fara að taka til hendinni og huga að brtt. um hin ýmsu atriði, fyrst í sjálfstæðismönnum er sá ókyrrleiki sem raun ber vitni, og gæti leitt til góðs í þessu tilfelli alveg tvímælalaust.

„Að sjálfsögðu styður undirritaður eðlilega tillögu um fjölgun fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur, en ljóst er að þar hefur Framsfl. beygt sig fyrir borgarstjórnaríhaldinu þó að einstakir þm. í þessari deild muni uppréttir ganga. Á það mun því látið reyna.

Sem þröng og einangruð löggjöf um sveitarstjórn-

armálin ein og framkvæmd þeirra er frv. þetta um margt til verulegra bóta. En aðalverkefnið, sem nú knýr á í allri stjórnsýslu okkar, er algerlega skilið eftir.

Undirritaður hlýtur að styðja meginefni frv. svo langt sem þau ná. Hins vegar telur hann frv. í heild, og það sem þar skortir á, öllu fremur þess eðlis að útilokað sé að veita því atfylgi sem væntanlegum heildarlögum um þessi mál um ófyrirsjáanlega framtíð.

Höfuðáherslu verður að leggja á áframhaldandi endurskoðun í átt til aukinnar nýskipunar. Breyta verður verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og endurskoða tekjustofna sveitarfélaga um leið. Síðast en ekki síst verður að ná viðtæku samkomulagi um að færa verkefni, vald og fjármagn heim í héruðin með skilvirkum hætti. Í öllu því mikla starfi skilar þetta frv. okkur undraskammt fram á veginn."

Ég vil víkja þessu næst að vinnubrögðum í hv. félmn. Þar var ætlast til þess að við lykjum starfi á engum tíma. Það var jafnvel hugað að því að við afgreiddum þetta mál fyrir páska. Eingöngu af þeim sökum að stjórnarandstaðan andæfði og hv. formaður nefndarinnar er sanngjarn maður, kurteis og hógvær tókst að afstýra þeim ósköpum að reynt væri að knýja þetta í gegn eftir eins fundar umfjöllun eða eitthvað því um líkt.

Stjórnarandstaðan hefur sem sé einu sinni enn komið til móts við stjórnarliðið í því að reyna að afgreiða mál, jafnvel illa gerð mál, hér út úr þinginu. Og um það var fullt samkomulag í þessari nefnd að við skyldum, sem þar sátum, og áheyrnarfulltrúi Alþfl. þar, í engu hindra að þetta frv. næði fram að ganga á fyrsta þingdegi eftir páska. En þar hafa önnur tíðindi gerst sem kannske verður komið að síðar og skýrist e.t.v. að nokkru af orðum sem hv. 11. landsk. þm. lét falla við 1. umr. málsins þar sem hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alveg útilokað að hugsa sér að sú vinnutilhögun verði hér höfð á að mönnum gefist ekki næði til að skoða þessi mál í þessari hv. deild þannig að menn fái fyrir því bærilega sannfæringu hvernig þessi mál muni þróast í framtíðinni."

Á þetta hefðu nefndarmenn sjálfstæðismanna í félmn. mátt hlusta á sínum tíma og taka nokkurt tillit til þess þungavigtarmanns í Sjálfstfl. sem þarna talaði og sagði ýmislegt annað um þetta mál við 1. umr. þess sem benti til þess að hann væri ekki ýkja hrifinn af greinum þess.

Í stuttri umfjöllun nefndarinnar kom skýrt fram að þar rak sig ýmislegt á annað. Ég held ég muni það alveg rétt að aðalhöfundur þessa frv., Steingrímur Gautur Kristjánsson, hafi haft þau orð um einstaka atriði sem þar var spurt um að þetta væri vitanlega klúður, að þetta væri vitanlega vandræðalegt og hvers vegna er þetta þarna inni. M.a. sagði hann þetta um ýmis atriði sem þarna komu og ég skal víkja nánar að síðar með mikilli ánægju. Það sýnir í raun og veru hvers konar frumvarpsgerð þetta er þegar aðalhöfundur þess dæmir svo hart það sem gert var í Nd. við þetta frv.

Ég ítreka að sem sérlög um framkvæmd sveitarstjórnarmála er margt til bóta. Annaðhvort væri nú. Þar er réttmæt aðlögun að ýmsu sem hefur breyst í tímans rás, lagfæringar ýmsar, tekin af tvímæli. Enn er margt óljóst. Ég nefni bara úrlausnina um kjördaginn, þessa vandræðalegu úrlausn. Það er ákvæði um það í frv. hverjir kjördagar skuli vera. Það er sem sagt gefist upp á því að finna einn sameiginlegan kjördag eins og auðvitað hefði átt að gera. En síðan segir í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Kosningar sveitarstjórna vorið 1986 skulu fara fram laugardaginn 31. maí nema í þeim sveitarfélögum þar sem færri en ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúnum. Þar skulu kosningarnar fara fram laugardaginn 14. júní. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um þær kosningar."

Mér er sagt að það hafi verið útilokað að hafa þetta öðruvísi af þeim ástæðum að annars hefði afmælisdagatal Davíðs Oddssonar borgarstjóra ruglast og allt farið úr skorðum í sambandi við það stranga afmælisdagatal með tilheyrandi borðaklippingum og öðru slíku, allt hefði farið í rugling ef þetta ákvæði til bráðabirgða hefði ekki verið sett þarna inn í. Auðvitað vilja þeir framsóknarmenn að sjálfsögðu, eins og sjálfstæðismenn, gera allt fyrir Davíð Oddsson. Það skiljum við. Meira að segja að hafa borgarfulltrúatöluna í þeirri mynd sem Nd. samþykkti, þó að blessunarlega sé fulltrúi Framsfl. úr Reykjavíkurkjördæmi, hv. þm. Haraldur Ólafsson, annarrar skoðunar.

Það er gefist upp á mörgu þarna. Ég nefni t.d. 15. gr., um hlutbundna eða óhlutbundna kosningu. Ekki er hægt að hafa hana öllu óskýrari og vandræðalegri. Greinin byrjar fallega, með leyfi forseta:

„Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300, skal kjósa bundinni hlutfallskosningu. Í öðrum sveitarfélögum skulu kosningar vera óbundnar. Þó skal einnig þar kjósa bundinni hlutfallskosningu ef 20 kjósendur eða 1/10 hluti kjósenda krefjast þess í bréfi stíluðu til oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en sex vikum fyrir kjördag."

En svo kemur rúsínan: „Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum" — Það er lítið úrval sem sagt. Það er hugsað fyrir því af hæstv. félmrh. að lítið úrval kunni að vera á framboðslistum. — „að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður fram kominn framboðslisti sjálfkjörinn."

Þetta er skýrt og greinilegt orðalag og velkist sem sagt enginn í vafa um hvað hér er átt við í túlkun. En segja mætti mér að þessi grein ætti eftir að verða býsna mikið ásteytingsefni í ýmsum smærri sveitarfélögum, t.d. sveitarfélögum með töluna 300–500, og veit ég þegar um dæmi þess austan af landi að menn eru farnir að „spekúlera" í því hvora túlkunina eigi að nota í þessu tilfelli. En hæstv. félmrh. verður náttúrlega ekki í vandræðum með að svara fyrir það. Ekki efast ég um það.

Síðan er sérkaflinn um sýslunefndirnar sem ég ræddi um áðan að Jón Ísberg hefði skrifað hressilega grein um í morgun þar sem hann kallar þann þátt elliglöp Framsóknar. Sá góði maður virðist ekki átta sig á því að þessi elliglöp hafa runnið yfir þá sjálfstæðismenn í svo ríkum mæli í Nd. að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra þar er orðinn elliær miðað við hans dóm í morgun og ekki að furða þó að hv. 11. landsk. þm. og fleiri slíkir hafi hrokkið illilega við í morgun þegar þeir lásu þessi ósköp. (**EgJ:** Ég er ekki búinn að lesa greinina.) Hann

er ekki búinn að lesa hana. Ja, hvað verður þá eftir það? Ég skil líka vel að hv. 11. landsk. þm. vilji fá frestun á þessari umræðu þangað til hann er búinn að lesa þessa grein til að vita nákvæmlega hvaða örlög bíða hans ef þetta frv. verður látið ná fram að ganga hér.

Menn hafa haft mismunandi skoðanir á sýslunefndum, gagnsemi þeirra, hlutverki þeirra, valdsviði þeirra og verkefnum. Það er vitanlega rétt að margar sýslunefndir undir forustu sýslumanna sinna hafa unnið gífurlegt starf í sambandi við að sameina krafta í sýslufélögunum að ákveðnum samstarfsverkefnum, laða menn til samstarfs við þau. Þessu er nú kippt út og í raun og sannleika kemur ekkert í staðinn. Og þá kem ég að því sem Steingrímur Gautur talaði um að væri hálfgert klúður, vildi ekki taka sterkara til orða. Til að gefa hugmynd um hvað skörp og skýr hugsun liggur hér að baki ætla ég að leyfa mér að vitna til annars vegar 6. gr. um sýslunefndir og hins vegar til ákvæðis nr. I til bráðabirgða.

Ég tók alveg sérstaklega eftir því í gær að hv. frsm. meiri hl. sagði að ýmislegt í þessu frv. mundi vefjast fyrir mörgum og síðan tók hann þetta dæmi alveg sérstaklega fyrir og sagði að sér dytti ekki í hug að hann kæmi fram með neinn stórasannleik í þeim efnum. Það er greinilega útilokað að ná neinum sannleika út úr þessu eins og þetta er þarna orðað. En í 6. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim eru falin með lögum. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Um héraðsnefndir gilda ákvæði IX. kafla eftir því sem við getur átt."

Það eru sem sagt héraðsnefndirnar sem eiga að taka þarna við. En í ákvæði I til bráðabirgða segir svo, með leyfi forseta:

„Kosning sýslunefnda vorið 1986 fer fram skv. ákvæðum ákveðinna laga og skulu þær [þ.e. sýslunefndirnar] fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, en þó ekki lengur en til 31. des. 1987."

Þá spyr maður að því hvað eru héraðsnefndir og um það var spurt í nefndinni. Og þá var svarið: Héraðsnefnd er eins konar byggðasamlag. Enda auðvitað ekkert um skilgreiningu á héraðsnefndum neins staðar að finna í frv. Það er minnst á þær einu sinni í einhverri annarri grein, en vitanlega ekkert meir. Það væri býsna fróðlegt, þegar og ef þessari umræðu lýkur einhvern tíma eða áður en það gerist, að hæstv. ráðh., sem hefur borið þetta elskaða afkvæmi á brjóstum sér í vetur af umhyggju og reynt að færa því líf og yl, útskýrði fyrir manni hvað héraðsnefndir væru í skilningi þess frv. sem nú liggur fyrir, hvort hann gæti ráðið í þær dularrúnir sem þarna eru á ferðinni.

Af hverju eru sýslunefndirnar lagðar af og hver var aðalrökstuðningur þess í upphaflegri gerð frv.? Þar var ráðherra held ég á réttri leið. Hann vildi með heilum IX. kafla um héraðsnefndir vísa verkefnum sýslufélaganna þangað yfir. Nú er bara búið að taka IX. kafla gersamlega út og maður spyr: Er þá réttlætingin fyrir að leggja sýslunefndirnar af ekki líka fallin út þegar enginn beinn og virkur aðili er til að taka við þessum verkefnum og allt er jafnóljóst um þetta og raun ber vitni?

Já, það er greinilegt að þegar maður les kaflann um byggðasamlögin er hægt að vinna þar út og suður. Það er hægt að hafa sérbyggðasamlag um skóla, það er hægt að hafa sérbyggðasamlag um heilsugæslustöð og hvaða verkefni sem er, hundahreinsun eða hvað sem menn vilja taka af verkefnum, sem eru í sveitarfélögum, og mynda byggðasamlög um allt þetta. En hitt er alveg ljóst að þessi byggðasamlög geta sveitarfélögin myndað með frjálsu samstarfi sín á milli og þarf enga vandræðalega lagasetningu til þess, ekki nokkra. Það rekur engar nauðir til þess, ekki nokkrar, ekki nema bara að menn vilja krýna sig þeirri kórónu að hafa komið sveitarstjórnarlögum í gegnum Alþingi ef það er meiningin og ef það tekst. Ég sé ekki betur en byggðasamlögin og ákvæðin um þau séu í raun og veru frjáls aðferð sveitarfélaganna til að vinna saman að tilteknum verkefnum og þurfi hreinlega engin lagaákvæði um það, úr því að þeim er ekki veittur neinn ákveðinn sess í stjórnkerfinu og sýslunefndirnar gjörsamlega þurrkaðar út, vegna þess að héraðsnefndir eiga að koma í staðinn og síðan eru héraðsnefndirnar þurrkaðar út þar á eftir. Þetta er nú samræmi í hlutunum.

Það væri vissulega ástæða til að fara mjög vítt yfir þetta mál enn frekar en ég ætla mér þó að gera nú. Menn greinir mjög á um með hvaða hætti hægt sé að færa fjármagnið, valdið og verkefnin heim í héruðin. Í Nd. kom t.d. fram brtt. við þetta frv. frá Hjörleifi Guttormssyni um að landinu yrði skipt í átta héruð sem tækju við svæðisbundnum verkefnum frá ríkinu eftir því sem fjármagn og tekjustofnar leyfðu og Alþingi og viðkomandi héraðsþing samþykktu. Þar voru taldir upp ýmsir þeir málaflokkar sem gætu varðað svæðisbundin verkefni og þessi héruð tækju við. Tekjustofnar þessara héraða áttu að vera í fyrsta lagi framlög frá ríki skv. fjárlögum, skipt svæðisbundið á málaflokka sem héruð yfirtaka frá ríkinu, hluti af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti skv. ákvörðun Alþingis, skipt á héruð í samráði við íbúatölu, og fleira því um líkt sem fyrst og fremst er sá hluti sem ríkið fær í sinn hlut í dag til útdeilingar út í héruðin.

Menn segja eðlilega: Hér er um hugmyndir að ræða sem allt eins geta átt við um sveitarfélögin. Þar með er sagt að færa skuli þetta allt saman út til sveitarfélaganna sjálfra. En þá minni ég á að þá verður að verða breyting á sveitarfélögunum sem einingum, þá verða þau að verða stærri og virkari einingar, miklu stærri og virkari einingar ef á að vera hægt að færa þessi verkefni á þann hátt út til þeirra.

Menn hnjóta um að héraðsþing séu býsna fjölmenn, sem fari með málefni héraðanna, en þar vek ég athygli á því að meginreglan í sambandi við fulltrúatölu er fimmföld tala alþm. sem kjörnir eru í viðkomandi kjördæmi og síðan eiga þar rétt til setu með málfrelsi og tillögurétti fulltrúar frá sveitarstjórnum í héraðinu. Um það má vissulega deila hvort hér sé farið offari í fjölda, en hér er þó a.m.k. gerð tilraun til að skipa málum á þennan veg og það er lögð áhersla á lýðræðislega kosningu til þessa millistigs í stjórnsýslunni sem ekki er samkomulag um hvernig eigi að framkvæma og réttur minni hlutans er þar bærilega tryggður og á því er mikil

nauðsyn. Ég legg á það höfuðáherslu að hvert það millistig sem við getum náð samkomulagi um verður að vera þannig uppbyggt að lýðræðisleg kosning fari fram til þess og að réttur minni hlutans sé þar fullkomlega tryggður.

Ég hef ekki gert þessar tillögur að mínum tillögum með endurflutningi þeirra hér, en ég segi enn að megindrættir þeirra eru mér óneitanlega að skapi. Það er engin launung á því að það er ekki eining um þær í röðum Alþb. Þar eru menn, m.a. virtir og ágætir sveitarstjórnarmenn, sem óttast að í þessu felist nýtt bákn, í þessu felist ný miðstýring í héraði og dragi þá jafnvel enn frekar en nú er úr valdi og verkefnum hinna mörgu, smáu eininga, misstóru að vísu eða missmáu, sem sveitarfélögin eru nú. Menn óttast líka og segja að í kringum þetta bákn muni rísa nýir smákóngar og í hverju héraði verði ráðskast frá ákveðinni miðstöð um málefni fjöldans í fjarlægð í smækkaðri mynd af því sem gerist í dag héðan frá Reykjavík út á landsbyggðina og áhrif íbúanna minnki aðeins um eigin málefni. Ég virði þessar skoðanir um margt. Það kann vel að vera að í þessu séu viss hættumerki. Ég skal ekkert draga úr að það kunni svo að vera. En ég bendi á að öllum breytingum, sem við ætlum að gera á okkar stjórnsýslu, allri uppstokkun fylgir viss áhætta. Eitt er a.m.k. alveg víst, það held ég að sé nú öllum ljóst og á ekki að vera bara mál landsbyggðarinnar heldur þjóðarnnar allrar, að landsbyggðin verður að öðlast ákveðna viðspyrnu til mótvægis við samansafnað vald höfuðborgarsvæðisins og einhvern veginn verður að tryggja fjármagnið heim í héruðin á ný eða kannske réttara sagt að tryggja að það hverfi ekki þaðan sem það verður til. Í þessum efnum á Alþingi vissulega sína sök og við alþm. vissulega okkar stóru sök á að hafa safnað valdinu allt um of saman á þetta svæði, fært það allt of mikið frá fólkinu yfir í ákveðið valdakerfi á þessu svæði. Það er enginn undanskilinn í því efni að allir hafa átt sína sök á því sem t.d. hafa komið nálægt stjórnarþátttöku.

Ég bendi á að það er hagur ekki bara landsbyggðarinnar heldur alls þorra þjóðarinnar, óháð allri búsetu, að það náist þarna jafnvægi, jafnræði og jafnrétti í reynd. Þessa leið ber því að gaumgæfa, freista þess í fyllstu alvöru að ná um hana víðtæku samkomulagi sem allra flestra eða finna þá aðra sambærilega leið til að ná fram þessum markmiðum, þeim markmiðum, eins og ég hef margorðað, að færa fjármagn, vald og verkefni heim í héruð.

Ég segi að það er til vanvirðu fyrir Alþingi að afgreiða lagabálk af þessu tagi án þess að gera tilraun til að taka á þessu stóra vandamáli. Þess þurfti að freista nú og þó uppgjöfin ein ríki og „status quo" eigi enn að gilda má slíkt ekki verða ráðandi frambúðarstefna. Það er ekki bara framtíð dreifðrar byggðar sem er í hættu. Það er þjóðarheill sem er í hættu ef þessi hlutföll raskast enn frekar frá því sem þegar er orðið.

Vissulega má hugsa sér aðrar millileiðir. Vissulega er ég til viðræðu um það. Sú millileið sem oftast hefur verið nefnd er stækkun sveitarfélaganna, sameining sveitarfélaga. Við þekkjum tölur sem hafa verið settar á um það efni. Ég neita því ekki að sú leið er býsna freistandi á pappír því að pappírsgagn hefur hún eitt orðið. Við vitum að sameining sveitarfélaga, stækkun þessara eininga, hefur aðeins orðið í tveim tilfellum líklega frá því að menn ætluðu að gera stórátak í því að sameina sveitarfélög. Jafnvel innan sama fjarðarhringsins eru enn þá tvö sveitarfélög, sveitin annars vegar, kaupstaðurinn hins vegar eða kauptúnið hins vegar, svo fáránlegt sem það er, með sameiginleg samskipti af öllu tagi í öllum greinum. Ég segi þess vegna að þessi leið hefur verið rædd og ég er ekki í nokkrum vafa um að þeim sem hafa boðað hana hefur verið full alvara með þessa leið. Það hefur bara ekkert gerst.

Dreifing stofnana um landið hefur verið ein sú leið sem menn hafa talað um að væri vænleg til að færa raunverulegt vald heim í héruð, stofnun sjálfstæðra deilda eða útibúa frá stofnunum. Ítarlegar tillögur voru gerðar um þetta af nefnd sem ég átti sæti í í kringum 1973–1974. Eflaust hefur verið gengið allt of langt í því nál., en það var gert viljandi til þess að það væri þá hægt að fara bil beggja. En niðurstaðan hefur einfaldlega orðið sú að í þessu hefur nær ekkert verið gert. Niðurstaðan er alveg niður undir frostmarki.

Efling þjónustu úti á landsbyggðinni er eitt það sem mikið heyrist talað um. Mikið rétt. Við þekkjum átakið upp úr 1970 í sambandi við heilsugæsluna, í sambandi við uppbyggingu menntakerfisins, grunnskólana og síðar menntaskólana og annað því um líkt. Það tryggði jafnvægi lengi vel, en það dugir ekki lengur. Það hamlar ekki gegn þeirri öfugþróun þrátt fyrir margar nýjar menntastofnanir, nýjar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús, þrátt fyrir dagvistarstofnanir og ýmsar aðrar stofnanir sem blessunarlega hafa risið upp úti um allt land. Þjónustugeirinn hirðir mannskapinn yfirgnæfandi og hann þrífst hér og þenst út sem aldrei fyrr. Þetta er köld staðreynd. Ég ætla ekki að kenna neinum sérstökum um það. Ég fullyrði að sú stjórnarstefna sem nú er dregur ekki úr hér. Hún eykur á þetta ef eitthvað er með allri þeirri þenslu sem hér ríkir og allri þeirri þenslu sem viljandi er haldið uppi hér.

Sumir segja, og það er mikið til í því líka, að traust undirstaða fjölbreytts atvinnulífs á hinum einstöku stöðum, það að grunngreinunum sé tryggð lífvænleg afkoma og fólkinu sem þar vinnur lífvænleg kjör, sé vitanlega grunnatriði sem skipti máli. En það virðist heldur ekki duga til. Átakið sem gert var upp úr 1970 varðandi sjávarútveg sannaði tímabundið gildi þessa, en samhliða þessu held ég að hefði þurft miklu fleira til að koma og kannske það, sem við segjum stundum við hátíðleg tækifæri, að koma á virkara lýðræði, valddreifingu, markvissri fjármagnsstjórnun til allra þátta, svo að ég sé nú farinn að vitna í ágætt erindisbréf sem svokölluð byggðanefnd hefur starfað eftir eða starfað ekki eftir um nokkurt skeið.

Ég hlýt að spyrja um það, þó að leið Hjörleifs Guttormssonar sé ákveðin djörf tilraun, hvort menn vilji þá ekki skoða aðrar leiðir eða reyna að finna aðrar leiðir, einhverja millileið út úr þessu til að ná viðspyrnu. Því er ekki að leyna að sú leið sem hann bendir á, það fyrirkomulag hefur gert öðrum þjóðum, sem byggja stór lönd og hafa dreifða byggð, kleift að taka öðruvísi og betur á þessum málum en okkur hefur tekist hvað sem verður hjá okkur ef við færum þessa leið. Við skulum a.m.k. leita leiða en ekki loka dyrum eða fórna höndum í algerri uppgjöf eins og þetta frv. endurspeglar átakanlega.

Byggðanefnd þingflokkanna hefur áður borið á góma hér og vissulega voru henni falin veigamikil verk að vinna, jöfnunaraðgerðir fyrir landsbyggðina auk þessar-

ar margumtöluðu valddreifingar og leiða til virkara lýðræðis. Spurningar um millistig voru í fyrra lagðar fyrir þingflokka af þessari nefnd. Svörin áttu og hefðu getað grundvallað frekari störf þessarar nefndar. Það var spurt um stærð sveitarfélaga. Svar við því höfðum við í þessu frv. af hálfu stjórnarflokkanna að vísu. 50 skulu þar áfram vera sem lágmarksstærð sveitarfélaga og var reyndar ekki hróflað við hinum sem undir því marki eru. Það var spurt um virkt lýðræði í beinum kosningum til millistigs og það var spurt um afstöðuna til þessa þriðja stjórnsýslustigs í heild sinni.

Það komu svör frá stjórnarandstöðuflokkunum öllum í fyrra, sumum þeirra einróma en meirihlutaafstaða annarra, en stjórnarlið þagði þunnu hljóði og afleiðingin er kannske sú átta mánaða hvíldartíð aðgerðarleysis sem þessi nefnd hefur því miður einkennst af upp á síðkastið þó að hún hafi tekið nokkurn fjörkipp, svo kynlegt sem það er að starfa í þeirri byggðanefnd með stjórnarliðum á sama tíma og þeir eru að keyra í gegn þetta ófullkomna frv. um sveitarstjórnarlög, að maður tali ekki um þegar fulltrúi annars stjórnarflokksins kemur eins og frelsandi engill með frelsisskrá í föðurhendi og réttir Nd. í nafni að manni skilst allrar þjóðarinnar. Það er til að setja kórónu endileysunnar á þetta allt saman. Ég veit að hæstv. félmrh. brosir að þessu. Ég sé að hann brosir að þessu. Mér þykir þetta satt að segja ekki broslegt. Þeir sem hafa þurft að starfa með þessum ágæta fulltrúa í byggðanefnd, þar sem hann hefur sett á langar ræður, þykir ekkert broslegt að allt í einu skuli hafa fæðst hjá honum — að vísu gekk annar aðili með — þessi stjórnarskrá. Alla vega kom hún fram sem hans eigið afsprengi í þinginu.

Einkennið í Nd. var það á afgreiðslu þessa máls að þeir stjórnarliðar sem andæfðu fengu nær engu framgengt. Ég geri mér vonir um að það verði kannnske mannlegar tekið á móti í þessari hv. deild og marka það m.a. af þeim viðbrögðum sem komu fram áðan. Ég ætla að vona það, þó að ég hafi tekið langan tíma sem ég var búinn að tilkynna forseta í gær, að forseti haldi áfram þessum umræðum þangað til a.m.k. aðrir en sjálfstæðismenn eru orðnir vel mettir í ræðustól því að ég sé enga ástæðu til að meina öðrum að tala í þessari umræðu. Sjálfstæðismenn hafa reyndar óskað eftir því að þegja og láta fresta umræðunni þegar aðrir eru búnir að túlka sín mál. Að sjálfsögðu lýkur umræðunni ekki núna. Ég hygg að það sé sjálfsagt að menn fái að tala hér um þetta mál, þeir sem það kjósa, en hinir sem vilja fresta þessu og lesa greinar í Morgunblaðinu og fleira því um líkt taka þátt í umræðunni síðar.

En í lokin langar mig til að beina orðum mínum til hæstv. félmrh. Ég held að honum væri hollt að lesa grein einhvers reyndasta sveitarstjórnarmanns af Austurlandi um þessi mál. Hann hefur reyndar sjálfsagt gert það. Þó að hann hafi efasemdir um þriðja stjórnsýslustigið vill hann þó skoða það vel. Ég vitna orðrétt í hans mál. Hann er Magnús Þorsteinsson oddviti í Borgarfirði eystra og mikill trúnaðarmaður þeirra framsóknarmanna austur þar, reyndur og gegn drengur. Hann segir um efasemdir sínar um þetta millistig, með leyfi forseta:

„Veldur þar mestu að ég hef litla trú á að völd og verkefni verði færð frá ríkisvaldinu til þessa stjórnsýslustigs. Það sem þar yrði um fjallað ætla ég að mundi koma að mestu frá sveitarfélögunum og yrði til að rýra sjálfstæði þeirra.“ — Þetta er hans ótti.

„Veit ég vel að ýmsir stjórnmálamenn hafa áhuga fyrir að taka upp þriðja stjórnsýslustigið og flytja til þess verkefni frá ríkinu. Minnir mig líka að það hafi verið í stjórnarsáttmála flestra ríkisstjórna sem myndaðar hafa verið hér á landi síðustu áratugina að fá sveitarfélögunum aukið sjálfsforræði. Breytingar í þá veru virðast ekki miklar enn sem komið er.“

Síðan heldur hann áfram og ég leyfi mér að vitna enn í grein Magnúsar vegna þess að ég held að hún endurspegli skoðanir ýmissa mjög vel á þessu frv. Hann er að greina frá því hvernig umræður hafi farið fram í Nd. og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Auk félmrh. urðu ekki aðrir en þm. úr meiri hl. félmn. til þess að mæla með samþykkt frv. með breytingum nefndarinnar. Ekki virðast mér rök þeirra gædd miklum sannfæringarkrafti. Þannig segir Stefán Valgeirsson t.d. að frv. sé alls ekki með meiri vandkvæðum en mörg þau frv. sem afgreidd hafi verið á undanförnum árum. Og Eggert Haukdal segir að sveitarfélögin fái með þessum lögum allsæmileg lög eins og staðan sé í dag, en að sjálfsögðu verði þeim síðar breytt eftir þörfum hverju sinni.“ — Bara stanslaus endurskoðun, hæstv. félmrh. Og ég vona að það verði farið að þessum tilmælum hv. þm. Eggerts Haukdals vegna þess að greinilega hefur stuðningur hans við frv. verið þessu bundinn og mér sýnist á öllu að annars hefði frv. fallið í Nd. ef hann hefði ekki treyst á þessa sífelldu endurskoðun ráðherranna. — En síðan segir Magnús Þorsteinsson að lokum, svo að ég vitni enn til hans vegna þess að ég held að það endurspegli meira en mörg orð frá minni hálfu um þetta mál:

„Meginbreytingin er sú að kippt er úr IX. kafla frv. án þess að nokkuð komi í staðinn nema lítt áþreifanlegar hugmyndir um héraðsnefndir. Samþykkt frv. í því formi sem það nú er í virðist mér ekki tímabær og ástæðulaust að flana að neinu í þessu efni svo mjög sem sveitarstjórnarlög snerta alla landsmenn og þá ekki síst þá sem landsbyggðina byggja. Nær einróma stuðningur framsóknarmanna í Nd. við frv. veldur mér furðu. Hugboð hef ég þó um að einhverju kunni að valda tillitssemi framsóknarmanna við félmrh. sem ekki skal löstuð. Það er þó trúa mín að samþykkt frv. á þessu stigi væri bjarnargreiði við ráðherrann og frestun á afgreiðslu þess til næsta þings væri líkleg til að viðunandi lausn fengist á ágreiningsefnum þannig að allir mættu við una.

Að þessu sinni mætti láta við það sitja að gera einfaldar breytingar á sveitarstjórnarlögunum hvað varðar atriði eins og kosningaaldur og kjördaga þó að vandséð sé hvaða nauður reki til að kjósa til sveitarstjórna í þéttbýli í maímánuði þegar ágreiningslaust virðist að best fari á því að alþingiskosningar fari fram í júnímánuði.“

Hér held ég að ég láti mínu máli lokið og segi amen eftir efninu, en efni þessa frv. er greinilega vart þess vert að segja amen á eftir því.

Umr. frestað.

Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv. 73. mál (þskj. 718). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðbréfamiðlun, stjfrv. 202. mál (þskj. 721). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 71. fundur.

Fimmtudaginn 3. apríl, kl. 5 síðdegis.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjfrv. 364. mál (þskj. 659, n. 694 og 711). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 694 er nál. frá landbn. sem segir að nefndin hafi athugað frv. og mæli með því að það sé samþykkt óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kjartan Jóhannsson.

Þetta frv. um breytingu á lögum Stofnlánadeildar landbúnaðarins er borið fram til þess að skapa möguleika á að lengja lánstíma á lausaskuldalánum bænda og e.t.v. að greiða niður vexti af þeim. Það er ljóst að margir bændur eiga í miklum erfiðleikum með að standa skil á greiðslum vaxta og afborgana af lánum. Í því sambandi er vert að benda á að vanskil við Stofnlánadeildina um síðustu áramót voru 60,1% af gjaldföllnum ársgjöldum. Hefur svo reyndar verið undanfarin þrjú ár. Enn verri skil hafa þó verið við veðdeild Búnaðarbankans eða um 81% af gjaldföllnum ársgjöldum. Árið 1984–1985 var lausaskuldum um 700 bænda breytt í föst lán. Meginskuldir bænda við veðdeildina eru vegna þeirra skuldbreytinga. Rétt er að vekja athygli á því að flestir af þeim, sem eiga í mestum greiðsluerfiðleikum, eru í þessum flokki, sem fengu síðast skuldbreytingu og búa við verstu kjörin — t.d. dollaralán, gengistryggt, með 9,25% vöxtum, lánstími tíu ár, og bankavaxtabréf sem eru til 12 ára með 2,75% vöxtum verðtryggt.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda á síðasta hausti ályktaði að nauðsyn bæri til að lengja lánstíma á lánum bænda. Þessa ályktun hefur stjórn Stofnlánadeildar rætt á sínum fundum og orðið sammála um að það sé lífsnauðsyn fyrir bændastéttina að verða við þessum óskum. Samkvæmt stofnlánadeildarlögum er lengsti lánstími 25 ár, en flest framkvæmdarlán eru veitt til 20 ára og er því aðeins hægt að lengja lánstíma á þeim lánum um 5 ár. Það er skoðun mín að sú lausn komi ekki að nægu gagni þar sem þeir eiga í mestum fjárhagserfiðleikum sem eru nú skuldugir við veðdeild Búnaðarbankans eins og fram var tekið. Hins vegar eru veðdeildarlánin til 10 og 12 ára og ef þau væru færð til Stofnlánadeildar væri hægt að lengja þau lán verulega. Ef lengingin væri um 5 ár þyrfti til þess um 17 millj. en ef þessi lán yrðu lengd um 10 ár mundi þurfa til þess um 25 millj. á ári.

Mér þykir rétt að geta í þessu sambandi um stöðu veðdeildarinnar. Gert er ráð fyrir því að ef Stofnlánadeildin yfirtæki skuldir bænda frá veðdeildinni tæki hún jafnháa upphæð í lánum sem deildin skuldar. Útlán veðdeildar námu um s.l. áramót um 510 millj. Útlánin eru þannig að þau eru um síðustu áramót um 528 millj., þ.e. 2,6 millj. óverðtryggt; 37,5 millj. verðtryggt; 128,4 millj. gengistryggt, þ.e. japönsk yen; síðan er það tæp milljón í óverðtryggðum bankavaxtabréfum; 340,8 millj. verðtryggð bankavaxtabréf; og 18,2 millj. áfallnir vextir. Eins og sagt var hér að framan er meiningin að ef úr þessu verður — sem ég tel mikils virði fyrir bændastéttina, að hægt sé að færa þetta á milli — tekur hún við jafnmiklum útlánum og þarna er fært á milli, en eftir yrðu um 15,3 millj. miðað við síðustu áramót sem hvíldi á deildinni.

Eins og hér hefur komið fram taka bændur þetta erlenda lán í bandaríkjadollurum. Þegar lánin voru veitt var ekki vitað í hvaða gjaldmiðli veðdeildin mundi fá þessi lán, en það reyndist vera í japönskum yenum. Árið 1985 var gengismunur deildinni í óhag 26,3 millj., en var hagstæður árið áður um tæpa milljón. Gengismunur deildinni í óhag árið 1985 stafar af misgengi milli dollars og yens. Hvernig gengisþróunin verður getur enginn sagt fyrir, en það sem er fyrirhugað í þessu sambandi — og ég hef athugað möguleika á því og tel líklegt að það takist — er að losna við yenin og að Stofnlánadeildin taki þá dollaralán í staðinn, a.m.k. verði þá gengið frá yfirtökunni á þann veg að vegna misgengis á þessum tveimur gjaldmiðlum verði Stofnlánadeildin ekki fyrir neinum áföllum. Einnig er æskilegt að flest lán til bænda séu á einum stað og þá eðlilegast að það sé í Stofnlánadeild landbúnaðarins enda hefur öll afgreiðsla mála og innheimta, t.d. við veðdeildina, verið innt af hendi af starfsfólki Stofnlánadeildar.

Staða bænda er varðar framkvæmdalán og lausaskuldalán er nátengd í öllum umræðum um lánamál þeirra og verður það varla aðskilið þegar um það er rætt. Það er mun eðlilegra að vinna að því að lengja lánstíma á þegar teknum lánum heldur en að breyta lausaskuldum í föst lán með nokkurra ára millibili eins og gerst hefur s.l. 20 ár. Staða bænda er um þessar mundir á þann veg að á síðari árum hefur ekki verið jafnbrýnt og nú að létta greiðslubyrði þeirra. Forstöðumaður Stofnlánadeildar, Leifur Kr. Jóhannesson, hefur sagt að miklar líkur séu fyrir því að svigrúm sé nú hjá Stofnlánadeild á þessu ári til að lengja lánstímann og mælir eindregið með því að það verði gert.

Ég held að það hljóti að liggja ljóst fyrir hv. þm. hvernig þessi staða öll er og ekki þurfi að hafa fleiri orð um það. En sem sagt: landbn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. landbn. á þskj. 711. Afstaða minni hl. landbn. er sú að mæla með samþykkt þessa frv. með ákveðnum fyrirvörum og mun ég nú gera grein fyrir þeim helstu:

Það er ljóst, herra forseti, að fjárhagsstaða verulegs hluta bænda er afar slæm — eins og reyndar kom fram í máli hv. frsm. meiri hl. þegar hann undir lok ræðu

sinnar sagði að staða bænda væri þannig að það hefði ekki verið jafnbrýnt og nú um langt árabil að létta greiðslubyrði þeirra — og er ég honum þar alveg sammála. M.a. af þeim sökum er eðlilegt að rætt sé nokkuð um stöðu Stofnlánadeildar landbúnaðarins og möguleika hennar til þess að grípa til þeirra ráðstafana sem óhjákvæmilegt og nauðsynlegt er að gera. Staða bænda er mjög misjöfn. Þó að verulegur hluti þeirra komist sæmilega af og beri ekki það þungan fjármagnskostnað að í venjulegu árferði og miðað við eðlilega framleiðslu ætti það að geta blessast, þá er alveg ljóst að umtalsverður hópur er í miklum erfiðleikum og þarf verulegra lagfæringa við. Þar eru einkum á ferðinni yngri bændur og aðrir þeir sem lagt hafa í mikla fjárfestingu og byggt upp á búum sínum undanfarin ár. Það má einnig nefna að þessu til viðbótar hefur stjórnarstefnan nú hin síðustu ár komið mjög harkalega niður á bændum ekki síður en öðrum launamönnum í landinu. Kjaraskerðingin sem slík gengur að sjálfsögðu aftur í skertum kaupmætti verðlagsgrundvallar og stefna hæstv. ríkisstj. í vaxtamálum hefur verið skuldugum bændum sérstaklega þung í skauti. Þá má ekki gleyma þeim erfiðleikum sem við er að glíma í markaðsmálum hefðbundinna búgreina sem aftur að verulegu leyti eru afleiðing af skertum kaupmætti almennings og lækkandi niðurgreiðslum í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Með þetta allt í huga er það ljóst, herra forseti, að gera þarf stórátak til að koma fjárhagsstöðu landbúnaðarins sem atvinnugreinar í eðlilegt horf. Breyta verður alveg um stefnu í vaxtamálum og veita þeim bændum, sem eiga í mestum erfiðleikum, löng og hagstæð lán í stað bráðabirgðaskuldbreytinga sem tíðkaðar hafa verið á undanförnum árum. Ég tel einnig að það sé óhjákvæmilegt að við slíkar aðgerðir sé tekið mið af félagslegum aðstæðum og stuðlað að því að jafna kjör innan stéttarinnar. Það er enginn vafi á því að eitt erfiðasta úrlausnarefnið varðandi allar aðgerðir að þessu leyti er það hversu misjöfn kjör bænda innan stéttarinnar eru.

Minni hlutinn hefur því fullan fyrirvara á um það að Stofnlánadeild landbúnaðarins geti ein og óstudd ráðið við það verkefni sem hér þarf að takast á við. Það er rétt að minna á í þessu sambandi, herra forseti, að þegar á þessu yfirstandandi þingi hefur verið velt yfir á herðar Stofnlánadeildarinnar umtalsverðum byrðum, og er ég hér að fjalla um þá afgreiðslu fjárlaga frá því í desember s.l. að velta forfalla- og afleysingaþjónustunni allri saman yfir á Stofnlánadeild, en það er óhjákvæmilegt að ræða það í samhengi við þetta mál. Ljóst er að þar eru lagðar byrðar á Stofnlánadeildina, verulegar og varanlegar byrðar. Menn verða að gera skýran greinarmun á því að þar er um hrein útgjöld að ræða. Þar er um að ræða hrein útgjöld frá ári til árs en ekki aukin lánsumsvif eins og hér er á ferðinni. Og það er grundvallarmunur á því þegar fjallað er um eiginfjárstöðu og stöðu Stofnlánadeildarinnar, annars vegar þar sem eru á ferðinni hrein og bein útgjöld eins og forfalla- og afleysingaþjónustan er, og hins vegar yfirtaka á skuldum bænda og löngum lánum á móti.

Áætlað er að forfalla- og afleysingaþjónustan muni kosta á þessu ári ekki minna en 25 millj. kr. í beinum útgjöldum fyrir Stofnlánadeild. Ég lýsti þeirri skoðun minni í vetur að hér væri í raun og veru verið að fara aftan að hlutunum með því að flytja þetta yfir í Stofnlánadeild og það væru brigðir á því samkomulagi sem á sínum tíma var gert, eða þeirri tilhögun sem á sínum tíma um samdist, að forfalla- og afleysingaþjónustan yrði metin sem hluti af verðlagsgrundvellinum og bændur gæfu í raun eftir af kauplið sínum á móti þeim fjárframlögum sem kæmu úr ríkissjóði til að standa undir forfalla- og afleysingaþjónustunni. Nú er þessu í raun velt aftur yfir á bændur sjálfa og skal fjármagnast af þeim gjöldum sem þeir greiða til Stofnlánadeildar. Til þess að gera mönnum ljóst hvaða fjármunir hér eru á ferðinni þá mun láta mjög nærri að þessar 25 millj. kr. sem þarna færast sem bein útgjöld á Stofnlánadeild dygðu til að lækka vexti á öllum verðtryggðum lánum Stofnlánadeildar um 2%. Og þá geta menn gert sér það í hugarlund að að þessu marki er sem sagt skert geta Stofnlánadeildarinnar til að gera annað tveggja, lækka vexti eða lengja lán viðskiptamanna sinna.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á þennan punkt, herra forseti, og vekja á því athygli, þegar hér er verið að ræða um ráðstafanir sem Stofnlánadeild þurfi að gera til að létta greiðslubyrði af bændum, að þá er óhjákvæmilegt að hafa í huga þá ráðstöfun hæstv. ríkisstj. frá s.l. vetri að skerða fjárhag deildarinnar sem þessu nemur.

Ég vil einnig taka nokkurn vara við þeim ummælum og þeim fullyrðingum sem koma fram, bæði hér í framsöguræðu fyrir nál. meiri hl. og einnig í frv. sjálfu, að verulegt svigrúm sé að skapast innan Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þess að taka á sig kostnað af lengingu lána eða vaxtaniðurgreiðslum ef því væri að skipta. Ég bendi í fyrsta lagi á það, herra forseti, að tekjur Stofnlánadeildar eru hlutfall af veltu í landbúnaðinum og það gefur því auga leið að á tímum samdráttar er þar um minnkandi tekjustofn að ræða. Ég spurði forstöðumann Stofnlándeildar eftir því hvort gerð hefði verið á því könnun hversu mikil sú skerðing gæti orðið, ef ákveðnar spár um samdrátt í framleiðslu landbúnaðarins næðu fram að ganga eða rættust, og hann svaraði því til að engar óyggjandi niðurstöður lægju fyrir um það. En þó mega allir glöggir menn ljóst sjá að á tímum samdráttar er um minnkandi tekjur að ræða.

Ég vil einnig koma þeirri skoðun minni á framfæri að ég tel það mjög varhugavert frá sjónarhóli landbúnaðarins sem atvinnuvegar og yfirleitt frá sjónarhóli nokkurs atvinnuvegar að bjóða heim þeirri hættu að algjör stöðnun ríki um árabil í endurnýjun og uppbyggingu, eðlilegri endurnýjun og eðlilegu viðhaldi atvinnutækja viðkomandi greinar. Það eru aðstæður sem engum atvinnuvegi er búandi við til langs tíma litið. Landbúnaður jafnt sem aðrar atvinnugreinar verður að geta endurnýjað sín framleiðslutæki og nýtt sér kosti þróunar og tækni eftir því sem nokkur kostur er. Út af fyrir sig má segja að þörfin sé kannske óvíða, ef nokkurs staðar, meiri heldur en einmitt í landbúnaðinum að nýta alla möguleika sem gefast til þess að halda niðri framleiðslukostnaði og þar af leiðandi er mjög varhugavert að mínu mati að gera því skóna að hefðbundnar búgreinar geti nánast neitað sér um alla fjárfestingu af þessu tagi um langt árabil og skapað þannig svigrúm, stórfellt svigrúm, eins og mér virðist gefið í skyn með ákveðnum hætti, bæði í athugasemdum við þetta frv. og í umræðunum um það.

Það liggur einnig fyrir að mikill þrýstingur er á

Stofnlánadeild að taka þátt í uppbyggingu í nýjum búgreinum og það er mjög brýnt, svo fremi sem menn hafi trú á því að þar sé verulega hægt að sækja fram þá er það mjög brýnt að Stofnlánadeild geti lagt sitt af mörkum í þeirri uppbyggingu, og það hlýtur að hafa þá áhrif á getu hennar til þess að lengja lán viðskiptavina hennar sem fyrir eru. Hins vegar er það svo, herra forseti, að það er fullkomlega eðlilegt, og í raun hin eina eðlilega tilhögun, að skuldbreytingalán séu til heimilis á sama stað, í sömu stofnun og rekstrar- eða fjárfestingarlán þessarar atvinnugreinar. Því er ég hlynntur því fyrirkomulagi að þessi breyting eigi sér stað en hef á þessu þá fyrirvara, sem ég hef hér rakið, um það að Stofnlánadeildinni verði gert það kleift að sinna þessu hlutverki.

Það er kafli út af fyrir sig, herra forseti, að Stofnlánadeild landbúnaðarins skuli vera komin í þá stöðu að hún búi nú við neikvæðan gengismun upp á tugi milljóna króna. Menn hafa verið blessunarlega lausir við það í þessari atvinnugrein að standa í æfingum með gengismun og það hefur yfirleitt tilheyrt fremur öðrum atvinnugreinum, en nú er það svo að Stofnlánadeildin er með verulegt óhagræði af því að hafa löng erlend lán bundin gjaldmiðlum sem hafa ólíka viðmiðun þeirri sem útlánin byggja á. Þetta er mjög óeðlilegt fyrirkomulag og ég held að fyllilega sé tímabært að endurskoða það og reyna að tryggja að þarna skapist ekki misræmi. Auðvitað væri æskilegast að þarna væru engin erlend lán á ferðinni. Hér er ekki um aðstæður að ræða hliðstæðar sjávarútveginum þar sem hér er í raun og veru fyrst og fremst um framleiðslu fyrir innanlandsmarkað að ræða og atvinnugrein sem byggir á innanlands- og og landsframleiðslu. En það er staðreynd engu að síður að Stofnlánadeildin hefur þarna tekið erlent lán og hefur goldið fyrir þetta gengismisræmi á undanförnu ári að verulegu leyti.

Ég held, herra forseti, að það hafi ekki mikið upp á sig að ræða í sjálfu sér lengur um fjárhagsstöðu þeirra bænda sem hér er fyrst og fremst verið að tala um né atvinnugreinarinnar í heild sinni. Auðvitað mætti margt um það segja og út af fyrir sig hefur verið allt of hljótt um þann hlut málsins hér á hinu háa Alþingi. Mér er verulega til efs að menn geri sér allir, hv. þm., fulla grein fyrir því hversu gífurlega alvarlegir hlutir þar eru á ferð í mörgum byggðarlögum og hversu hættulega nærri því er komið að um meiri háttar gjaldþrot verulegs hluta bændastéttarinnar sé að ræða.

Það hefur verið lögð í það nokkur vinna að undanförnu að kanna fjárhag þeirra sem verst standa og nokkrar úrbætur hafa átt sér stað, það skal viðurkennt, og lán hafa verið veitt til 15 ára til þeirra bænda sem í mestum greiðsluerfiðleikum eru. Þó standa þar út af nokkrir þeir sem verst eru staddir. Það er einnig ljóst að þær ráðstafanir, sem gripið hefur verið til á undanförnum árum og jafnvel enn þann dag í dag, eru engan veginn fullnægjandi og í raun og veru hefndargjöf því að lánstími til 10 til 15 ára í þessum efnum er auðvitað ófullnægjandi með öllu. Það er í engu samræmi við vandamálið að veita lán til svo skamms tíma. Það er heldur ekki í samræmi við eðlilegan afskriftatíma þeirra mannvirkja sem í flestum tilfellum er verið að afskrifa með viðkomandi lántökum.

Herra forseti. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur á undanförnum árum hafið að lána til uppbyggingar í loðdýrarækt nokkra fjármuni, en enn sem komið er hefur ekki verið um nein útlán að ræða til að mynda til fiskeldis. Ég tel einnig að menn þurfi að minnast þess í þessu samhengi að Stofnlánadeildin þarf að taka um það ákvörðun fyrr eða síðar eða forstöðumenn hennar hvort hún ætlar sér einhverja þátttöku til að mynda í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar, hvort menn vilja að litið sé á þetta að einhverju leyti sem landbúnað eða atvinnuveg einstaklinga í strjálbýlinu sem eðlilegt sé að Stofnlánadeildin láni til. Ég hef út af fyrir sig ástæðu til að ætla að forstöðumenn hennar nú vildu gjarnan veita til þessa verkefnis nokkru fjármagni. Mér sýnist ekki fjarri lagi að það væri þörf fyrir 20–40 millj. kr. á ári til að lána til smærri verkefna á þessu sviði úti í sveitum. Þá er þar kominn enn einn útgjaldaliður sem hafa þarf í huga þegar reynt er að meta stöðu og möguleika Stofnlánadeildarinnar til að axla það verkefni sem hér er verið að færa henni á herðar.

En með þeim fyrirvörum sem ég hef nú hér gert grein fyrir og öðrum athugasemdum er það niðurstaða minni hl. landbn. að mæla með samþykkt þessa frv., herra forseti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lausaskuldir bænda, stjfrv. 365. mál (þskj. 660, n. 695 og 712). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta er í raun og veru sama málið. Það er um það að færa megi til frá veðdeildinni lausaskuldaflokka, fjóra að tölu, til Stofnlánadeildarinnar. Vísa ég til þess sem ég sagði í framsöguræðu minni gagnvart Stofnlánadeildarfrv.

Á þskj. 695 er nál. frá landbn. sem mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru þeir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kjartan Jóhannsson.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi áðan um forfallaþjónustuna. Það kemur inn í verðið. Þessar 25 millj. eru ekki lengur framlag bændanna heldur var tekið upp í samninga síðast að það kemur inn í verðið á vörunni. Það er ekki nema hálft prósent nú sem er tekið af kaupi bóndans.

Fiskeldið er áætlað 250 millj. Það er alveg sérfjármagn og ég hef von um að Stofnlánadeildin fái fjármagn af því til að sinna þeim þætti og vonandi hærri upphæð en 20–40 millj. á þessu ári þó að ég geti ekki fullyrt um það hér.

Ég hugsa að hv. þm. hafi mismælt sig hvað snertir gengismun. Hann sagði Stofnlánadeild. Þetta er gagnvart veðdeildinni en ekki Stofnlánadeildinni. Ég gat um í minni framsöguræðu áðan að það væri ætlunin að reyna að fá dollaralán, vegna þess að bændur eru með sín lán í dollurum, til þess að það sé engin áhætta fyrir Stofnlánadeildina vegna yfirtöku á þessum lausaskuldaflokkum.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

Frsm. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Á þskj. 712 er prentað minnihlutaálit landbn. og þar er vísað til nál. við 364. mál og þeirra fyrirvara

sem þar eru á hafðir um samþykkt þessa frv. og þarf ég í sjálfu sér ekki að bæta neinu við það.

Ég vil segja í sambandi við forfalla- og afleysingaþjónustuna að það liggur fyrir, hvort sem bændum verður að einhverju leyti bætt þetta í gegnum verð landbúnaðarvara, að þessar byrðar færast yfir á Stofnlánadeild og verða að útgjöldum upp á ekki minna en 25 millj. kr. á þessu ári hjá Stofnlánadeild og kemur þar af leiðandi beint inn í fjárhagsstöðu deildarinnar sem slíkrar sem útgjöld. Það er auðvitað það sem ég var að vekja sérstaklega athygli á að væri óhjákvæmilegt að hafa í huga þegar verið væri að ræða um möguleika Stofnlánadeildar á þessu sviði.

Ég held reyndar að það sé ekki neitt til þess að fagna, herra forseti, þó að forfalla- og afleysingaþjónusta komi inn í vöruverð landbúnaðarvaranna. Nógu erfiðar hafa mönnum þótt ýmsar hækkanir á því sviði. Ég held að það hefði verið miklu eðlilegra að hafa þetta áfram með því fyrirkomulagi sem var. Þetta framlag kæmi úr ríkissjóði og yrði þá ekki til að hækka landbúnaðarvörurnar og ekki heldur til að íþyngja fjárhag Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ég hef þá tilfinningu, hversu bjartsýnir sem aðrir kunna að vera hér, að hún muni á næstu árum eiga nóg með sitt, sú ágæta Stofnlánadeild, og í raun og veru mætti fjárhagur hennar vera talsvert blómlegri en hann er í dag og væri samt nóg þörf fyrir það sem hún gæti lagt af mörkum til að bæta fjárhagsstöðu íslenskra bænda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verkfræðingar, stjfrv. 312. mál (þskj. 577). — 1. umr.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73 frá 9. okt. 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Frv. hefur þegar hlotið meðferð hv. Ed. og hlaut þar einróma samþykki allra nefndarmanna hv. iðnn. þeirrar deildar.

Í frv. er lagt til að starfsheitið húsgagna- og innanhússhönnuður verði lögverndað með sama hætti og er um fyrrgreindar starfsstéttir.

Í upphafi er rétt að taka fram að tilgangur laganna er sá að tryggja þeim mönnum sem hafa aflað sér tiltekinnar menntunar á sérsviði rétt til starfsheitis. Með þessu er tryggt að þeir einir sem aflað hafa sér tiltekinnar menntunar fá leyfi ráðherra til að nota lögverndað starfsheiti. Í lögunum er jafnframt öðrum bannað að nota hið lögverndaða starfsheiti. Þeir sem skipti eiga við þær starfsstéttir sem hafa lögverndað starfsheiti geta þar með treyst því að þær hafa aflað sér þeirrar lágmarksmenntunar sem tilskilin er í lögunum.

Í lögunum er viðkomandi starfsstéttum, sem rétt eiga til starfsheitis, ekki jafnframt veittur einkaréttur til starfa á viðkomandi sviði. Rétturinn til starfsheitis tryggir þá sem aflað hafa sér tiltekinnar lágmarksmenntunar gegn ágangi á starfsheiti án þess að þeim sé jafnframt tryggður réttur, hvað þá einkaréttur, til viðkomandi starfs. Rétt þykir að ítreka þetta hér í upphafi þar sem misskilnings hefur gætt um eðli þessara laga.

Hvað varðar efni þessa frv. um húsgagna- og innanhússhönnuði er rétt að minna á að frv. sama efnis var áður flutt á 94. löggjafarþingi 1973, mál nr. 16, en það frv. náði einnig til auglýsingateiknara. Frv. náði þá ekki fram að ganga vegna ákveðinnar andstöðu við lögverndun starfsheitisins „auglýsingateiknari".

Árið 1955 stofnuðu húsgagnaarkitektar með sér félag undir nafninu Félag húsgagnaarkitekta. Nafni félagsins var síðan breytt í Félag húsgagna- og innanhússarkitekta og hefur það starfað undir því nafni síðan. Í félaginu eru nú um 60 félagar.

Ástæður fyrir því að nú er lagt til að breyta nafni stéttarinnar í húsgagna- og innanhússhönnuði eru eftirfarandi:

1. Ýmislegt bendir til að starfsheitið „arkitekt" fáist ekki lögverndað undir íslenskum lögum hvort sem það stendur eitt sér eða í samsetningu. Þannig hafa t.d. félagar í Arkitektafélagi Íslands hið lögverndaða starfsheiti „húsameistari".

2. Þegar Félag húsgagnaarkitekta var stofnað var ekki í almennri notkun á Íslandi hugtak sem nægjanlega vel þótti taka yfir hið erlenda hugtak „design". Auk þess voru félagsmenn, og eru enn, útskrifaðir úr námi sínu, sem flestir sóttu til Norðurlanda, sem „möbelarkitekt". Á síðari árum hefur námið verið sótt í nokkrum mæli til landa þar sem „designer" er starfsheiti stéttanna. Íslenska hugtakið „hönnun" er nú almennt notað í sömu merkingu og „design". Búast má við enn aukinni notkun þess í íslensku máli á komandi árum. Í ljósi þessa þykir rétt að taka upp hið íslenska heiti „hönnuður" sem starfsheiti.

Frv. þetta er flutt að tilmælum Félags húsgagna- og innanhússhönnuða og hefur verið haft fullt samráð við stjórn þess um efni frv.

Vernd starfsheita á verkfræði- og tæknisviði á sér nokkra sögu hér á landi. Sérstök lög um rétt verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga til starfsheitis voru fyrst sett 13. júní 1937, nr. 24. Þeim lögum var svo breytt með lögum nr. 44 3. apríl 1963 og var aðalbreytingin á þann veg að starfsheitið „iðnfræðingur" var fellt niður og heitið „tæknifræðingur" tekið upp í staðinn. Á næstu árum kom í ljós að vissir agnúar voru á að láta það starfsheiti gilda fyrir þá sem lokið höfðu prófi frá byggingafræðiskólum í Noregi eða Danmörku og hliðstæðum skólum. Var því horfið að því ráði að breyta lögunum á ný og tekið inn starfsheitið „byggingafræðingur" á ný og voru núgildandi lög þess efnis gefin út, nr. 73 9. okt. 1968.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á aukinni þýðingu iðnhönnunar fyrir þróun iðnaðar hér á landi. Nýjar framleiðslugreinar geta sprottið af góðri hönnun tiltekinna húsgagna eða annarra muna, svo sem nýleg dæmi sanna. Eðlilegt er að styðja þessa starfsgrein og efla starfsskilyrði hennar.

Tengd þessu máli er enn fremur aukin réttarvernd hugverka á sviði iðnaðar. Í iðnrn. er nú verið að vinna að gerð frv. um mynsturvernd er varðar réttarvernd fyrst og fremst í iðnhönnun. Enn fremur er verið að athuga möguleika á vernd svokallaðra smáeinkaleyfa, en það er vernd á notagildi tiltekinnar hönnunar, og að því leyti ólíkt beinum einkaleyfum. Vonast ég til að geta lagt fyrir Alþingi það sem nú situr nánari grg. um aukna réttarvernd á hugverkum á sviði iðnaðar.

Ekki er ástæða til að fjölyrða nánar um efni þessa frv. Því fylgja ýmis skjöl er varpa ljósi á það. Að lokinni 1.

umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665). — Frh. 1. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hafði talað fyrr við þessa umræðu og ætlaði mér út af fyrir sig ekki að ræða þetta mál frekar við 1. umr. þar sem ég hef oft tjáð mig um þetta efni áður, en þær miklu umræður sem urðu um þetta í hv. deild í gær urðu þess valdandi að ég bað aftur um orðið. Ýmsar þær athugasemdir sem þar voru látnar falla og sumpart var beint til mín, að ég hygg, þó að það fylgdi ekki alltaf tilvísun með nafni, urðu þess valdandi að ég bað um orðið og ætla að víkja að nokkrum þáttum nú áður en 1. umr. málsins lýkur.

Það kom fram í umræðunum í gær að menn greinir verulega á um efni þessa frv. og ég get tekið undir mjög margt af þeirri gagnrýni sem þar var sett fram. Efnisatriði, sem ég vék ekki sérstaklega að í mínu máli, t. d. varðandi það hvernig ætlað er að koma stjórn selveiða fyrir í stjórnsýslunni, hef ég gagnrýnt áður og það var gagnrýnt hér af nokkrum ræðumönnum sem töluðu um málið í gær og undir það get ég einnig tekið. Það var hins vegar ekki síst það sem fram kom í máli þeirra sem mæltu með skjótri samþykkt þessa frv. og höfðu nánast ekkert við það að athuga sem veldur því að ég ætla að beina máli mínu til þeirra. Það voru hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson og Gunnar Schram hv. 2. þm. Reykn., en báðir þessir hv. þm. gerðu mjög mikið úr þeim vanda sem selurinn skapaði gagnvart fiskvinnslu í landinu og sjávarútvegi, bæði sem hlekkur í hringormavandamáli og sem keppinautur um nytjastofna við landið.

Það var býsna fast kveðið að orði hjá þessum tveimur hv. þm. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga að menn láti þunga fylgja orðum sínum, en mig undrar satt að segja talsvert að jafnglöggir menn og þarna mæltu skuli taka svo afdráttarlaust til orða í máli sem þessu sem hefur fleiri en eina hlið og fleiri en tvær hliðar og er býsna flókið það samhengi sem menn eru þarna að tala um.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði í sínu máli eitthvað á þá leið að hringormafjöldi hefði ekki bara tvöfaldast heldur þrefaldast í sumum landshlutum og nefndi m.a. sjómenn í máli sínu sem tækju undir þá skoðun. Það er þannig ljóst að hv. 7. þm. Reykv. er býsna vel að sér um þessi efni og nefnir tölur sem ég hef ekki séð annars staðar að liggi fyrir með þessum hætti. Og hv. 7. þm. Reykv. tengdi þetta líka kjörum í fiskiðnaði. Það skil ég mætavel að gert sé og ekki dettur mér í hug að vefengja að hér er við verulegan vanda að fást, sú mikla vinna og sá mikli kostnaður sem hlýst af ormatínslu í fiskvinnslunni, og ég vil sannarlega leggja því lið að hægt verði að leysa þann vanda og ef það gæti orðið jafnframt til þess að bæta kjör fiskvinnslufólksins er þar til mikils að vinna.

Ég vil hins vegar í þessu sambandi koma á framfæri nokkrum upplýsingum hv. þm. og þingdeildinni í heild til umhugsunar í þessu máli milli umræðna og ekki síst við hv. sjútvn. sem lagt er til að fái þetta mál.

Hv. 7. þm. Reykv. taldi að það mundi ekki standa á því að hagsmunasamtök, sem hann að hluta til er talsmaður fyrir, eins og Verkamannasamband Íslands, mundu taka mjög eindregið undir í þessu máli ef því yrði vísað til umsagnar þangað og ekkert draga af sér í þeim efnum. Þetta ásamt öðru sýndi mér fram á að hv. þm. er mjög sannfærður, er mjög viss í sinni sök í sambandi við það samhengi sem við erum hér að ræða um, en ég leyfi mér að reyna að læða inn örfáum efasemdum í huga hans ef svo kynni að fara að hann ætti eftir að fjalla um málið einnig sem fulltrúi hagsmunasamtaka.

Ég vil líka minna hann og aðra hv. þingdeildarmenn á að það er ekki við mig eða aðra gagnrýnendur þessa máls að sakast að þetta frv. liggur nú fyrir um páskaleytið, þegar örstuttur tími er eftir af þingi. Það mátti heyra í máli manna í gær að þeir voru að gagnrýna að þetta mál lægi í þinginu og þingið þyrfti að hreinsa þetta frá og standa sig. Hverjum er þar um að kenna? Ekki okkur sem erum að mæla hér varnaðarorð heldur þeim stjórnvöldum eða hæstv. ráðh. og ríkisstj. sem leggur þetta mál fyrst inn í byrjun einmánaðar þegar í rauninni allt er komið í eindaga í sambandi við þingstörf. Það eru gagnrýnisverð vinnubrögð og hreint undrunarefni hvernig á því stendur að mál sem hæstv. ráðh. telur að skipti miklu, ef marka má orð hans, skuli sjá dagsins ljós í þingsölum í byrjun einmánaðar eftir að ríkisstj. hefur haldið að sér höndum varðandi þingstörfin eins og oft áður.

Ýmislegt í þessari umræðu í gær og þar á meðal orð meðmælenda þessa frv. urðu til þess að upp í huga mér kom þáttur úr ágætu skáldverki, Sjálfstæðu fólki. Ég mundi eftir að þar á síðum eru víða raktar umræður manna og viðræður í heiðarkotinu í Sumarhúsum þegar gesti bar að garði hjá Bjarti og það var sitthvað sem bar þar á góma, m.a. ormur. Það var kannske ekki hringormur, en ég held það væri fróðlegt, það tekur ekki langan tíma, virðulegur forseti, að við gripum hérna niður í brúðkaupsveisluna fyrstu hjá Bjarti í Sumarhúsum þar sem menn ræða um orminn. Það er brúðkaup þeirra Bjarts og Rósu.

„Bændurnir stóðu á hlaðinu og hölluðu sér uppað bæarveggnum, sugu tóbak uppí nefið með stórum grettum og töluðu við brúðgumann. Það voru hin óumbreytilegu umræðuefni vorsins með höfuðdvöl við hina margvíslegu kvilla sauðfjárins. Leingi hafði bandormurinn verið einn af helstu óvinum þjóðarinnar, en með vaxandi framförum í hundahreinsun hafði þessi vágestur mjög orðið að lúta í lægra haldi. Aftur hafði á síðustu árum tekið að bera á nýum ormi í fé, síst þjóðhollari hinum forna, það var lúngnaormurinn. Og þótt bandormurinn hætti aldrei til fuls að vera tímabært umræðuefni, þá fjölgaði þeim vorum, að hann yrði í umræðum að víkja úr öndvegi fyrir hinum nýa ormi.

Það hefur alla tíð verið mín trú, sagði Þórir á Gilteigi, að svo framarlega sem manni tækist að halda því skotufríu að vetrinum, þá væri ekkert að óttast. Jafnvel þó maðkarnir geingju frammúr nefinu á því, þá hélt ég að ekkert væri að óttast meðan maginn væri hreinn. Og meðan maginn er hreinn, þá ætti því ekki að vera vorkunn að þola vornálina. En það getur vel verið að ég fari vilt í þessu einsog öðru.

Nei, sagði brúðguminn. Þetta reyndist honum líka honum Þórarinum í Urðarseli, sem nú ku liggja fyrir

dauðanum: hann var snillíngur að fást við skotu. Hvað lömb áhrærði, þá hafði hann besta trú á skrotóbaki. Ég man hann sagði mér hér um árið, ég gisti hjá honum, að þeir vetrar kæmu að hann gæfi sínum lömbum allt upp í fjórðúng af sterkri rullu, og heldur sagðist hann spara kaffið við heimilið, ég tala nú ekki um sykur, heldur en skro við lömbin.

Ja ég hef nú satt að segja aldrei þótt mikill búmaður, sagði Einar í Undirhlíð, sálmaskáld hreppsins og erfiljóða, — enda hef ég tekið eftir því að þeim vegnar verst sem mestar hafa matarähyggjur, það er einsog forsjónin dragi einkum dár að þeim. En ef ég ætti að láta uppi mína skoðun, samkvæmt mínu eigin hyggjuviti, þá álít ég að ef fóðrið getur ekki haldið maðkinum frá úngviðinu, þá geri skrotóbakið það ennþá síður. Það getur hugsast að skrotóbakið hjálpi eitthvað þegar komið er í óefni. En þegar öllu er á botninn hvolft, þá er skrotóbakið skrotóbak og fóður er fóður.

Það er náttúrlega hverju orði sannara, sagði Ólafur í Ystadal, fljótmæltur og dálítið skrækur í rómi, — fóður er altaf fóður. En það er aungvusíður munur á fóðri og fóðri, hélt ég, enda ætti hver maður að geta sagt sér það sjálfur úrþví jafnvel dýrafræðíngar hafa hvað eftir annað tekið það fram í blöðunum. Og það eitt er aldeilis áreiðanlegt að í sumu fóðri þá leynist helvítis sjúkdómsbakterían sem maðkurinn sprettur uppaf. Baktería er þó altaf baktería, og það er einginn maðkur sem skapast án bakteríu, það hélt ég hver maður gæti sagt sér sjálfur. Og hvar er þá bakterían í upphafinu ef hún er ekki í fóðrinu, mér er spurn?"

Þessar fróðlegu samræður við brúðkaupið hans Bjarts komu upp í huga mér þegar ég hlustaði hér á sannfæringarkraftinn í máli sumra ræðumanna fyrr við þessa umræðu.

Þá vil ég, herra forseti, víkja að efnisþáttum þessa máls eins og það blasir við hjá mönnum sem hafa meiri þekkingu á þessu en ég tel mig hafa og ég nefndi hér fyrr við umræðuna, sem er álit Arnþórs Garðarssonar prófessors við Háskóla Íslands og dýrafræðings, en hann ritaði umsögn um rit sem oft hefur borið á góma í umræðu hér í þinginu um þetta mál, rit sem Landvernd hefur gefið út og heitir Selir og hringormar, höfundar eru Sigrún Helgadóttir, Ævar Petersen og Stefán Bergmann. Í Náttúrufræðingnum, 1. hefti 51. árgangs 1985, er að finna umsögn eftir Arnþór Garðarsson um þetta fjölrit Landverndar og ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til prófessors Arnþórs Garðarssonar eins og hans álit liggur fyrir í þessari umsögn:

„Ýmsar undirstöðuupplýsingar", segir hann þar, „um íslenska náttúrufræði eru eingöngu handbærar sem fjölrit og á það m.a. við um flest það sem unnið hefur verið í líffræði sela og hringorma hér við land.

Því miður hafa upplýsingar þessar verið fremur óaðgengilegar vegna takmarkaðrar dreifingar og hefur ekki bætt úr skák að farið hefur verið með sum gögn svokallaðrar hringormanefndar með álíka leynd og ríkisleyndarmál. Á hinn bóginn hefur almenningur verið fóðraður í fjölmiðlum á villandi upplýsingum um skaðsemi sela. Svo virðist sem hringormanefnd hafi á fáeinum árum tekist með vísvitandi blekkingum að telja öllum þorra almennings á Íslandi trú um að aðgerðir hennar gegn selum séu nauðsynlegar til þess að draga úr kostnaði við hreinsun hringorma úr fiski. Til starfseminnar hefur nefndina ekki skort fé, enda virðast nefndarmenn hafa notið aðstöðu sinnar innan einokunarkerfis fiskútflytjenda. Nefndinni hefur tekist á einhvern hátt að afla sér fylgis ráðamanna og þrír sjávarútvegsráðherrar hafa stutt starfsemi hennar, þrátt fyrir hógvær mótmæli vísindamanna og náttúruverndarmanna.

Rit Sigrúnar Helgadóttur, Stefáns Bergmanns og Ævars Petersens um seli og hringorma verður að flokkast undir hógvær mótmæli, þar er ekkert ofsagt um hringormanefnd. Satt að segja varð ég hissa hversu höfundum tekst að sitja á sér þegar vinnubrögðum nefndarinnar er lýst. Ýmsir hefðu freistast til þess að nota stærri orð, t.d. mætti skilgreina sumt af verkum nefndarinnar sem hjáfræði, stefna nefndarinnar einkennist af tegundahatri og sýnir alltof margar hliðstæður við skipulegt kynþáttahatur, aðferðir nefndarinnar við að ná málum sínum fram bera vott um siðblindu", segir prófessor Arnþór Garðarsson.

„Það segir sína sögu," segir hann seinna í þessari umsögn í Náttúrufræðingnum, „um hringormanefnd að hún gerði tilraun til þess að festa nýnefnið selormur (sem er bein þýðing á Phocanema) og kallaði þá sjálfa sig jafnframt selormanefnd á tímabili.

Í öðru lagi er hér að finna sögulegt yfirlit um sela- og hringormarannsóknir á Íslandi, en þessar rannsóknir jukust verulega snemma á síðasta áratug. Á árunum 1974–1978 starfaði nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytisins að athugunum á selastofnum við Ísland og nýtingu þeirra. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar hagsmunaaðila í fiskvinnslu og landbúnaði, svo og fulltrúi Náttúruverndarráðs. Var það sá er þetta ritar og var hann jafnframt eini nefndarmaðurinn sem sérfróður var um dýrastofna og nýtingu þeirra. Nefnd þessi skilaði áliti 1978 og lagði ítarlegar tillögur fyrir ráðherra um frekari rannsóknir á selum. Þar segir m.a.: „Hafrannsóknastofnuninni, Líffræðistofnun háskólans eða annarri opinberri vísindastofnun, sem annast líffræðilegar og vistfræðilegar rannsóknir, verði falið að halda áfram og auka þær rannsóknir sem nú eru hafnar á selastofnum hér við land." Ekki verður betur séð", segir prófessor Arnþór áfram „en sjávarútvegsráðuneytið hafi algerlega hundsað helstu niðurstöður þessarar nefndar.

Næst gerðist það að nefndin var snarlega lögð niður og 16. ágúst 1979 var skipuð ný nefnd sem almennt hefur verið kölluð hringormanefnd. Nú brá svo við að einungis voru fulltrúar fiskvinnsluaðila í nefndinni, sem var skv. skipunarbréfi þáverandi sjávarútvegsráðherra Kjartans Jóhannssonar „ætlað að skoða sem gleggst alla þætti þessa máls, þ.e. lífsferil hringormsins, tímgun og leiðir til að stemma stigu við aukinni ormatíðni, ennfremur alla möguleika á því að finna orma í fiskholdi og fjarlægja þá. Nefndinni er einnig ætlað að hafa yfirumsjón með rannsóknum sem þegar eru hafnar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á selastofnum við Ísland."

Formaður nefndarinnar var skipaður Björn Dagbjartsson, þáverandi aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra. Ýmsum hefur þótt", heldur prófessor Arnþór áfram, „það einkennileg málsmeðferð að setja nefnd hagsmunaaðila yfir rannsóknastofnun sem þegar hefur lögformlega stjórn og ber að sjá um tilteknar rannsóknir. Enda kemur fram í bréfi forstjóra Hafrannsóknastofnunar í árslok 1982 að ekkert samráð var haft við stofnunina um skipan hringormanefndar og engin sam-

vinna hefur verið milli nefndarinnar og Hafrannsóknastofnunar um selarannsóknir. Enn einkennilegra er þó að hringormanefnd virðist vera, gagnstætt forvera sínum, ætlað að verða eilíft apparat ráðuneytisins. Hún hefur þrifist sem eins konar sjálfseignarstofnun í tíð tveggja sjávarútvegsráðherra til viðbótar, Steingríms Hermannssonar og Halldórs Ásgrímssonar.

Hlutverk þessarar sjálfseignarstofnunar hefur verið að nokkru leyti að gangast fyrir rannsóknum og hefur *nefndin ráðið sér líffræðing í þessu skyni.* Um rannsóknirnar er í sjálfu sér ekki nema gott eitt að segja. Niðurstöður þeirra hafa verið settar fram í skýrslum og nú á næstunni munu birtast hér í Náttúrufræðingnum greinar sem byggðar eru á þessum rannsóknum. Túlkun hringormanefndar á rannsóknaniðurstöðunum hefur hins vegar virst hæpin, enda er það skjalfest að hringormanefnd var búin að ákveða að fara út í fækkunaraðgerðir áður en rannsóknir hófust.“ Þetta eru orð prófessors Arnþórs Garðarssonar.

Og áfram segir hann: „*Rannsóknirnar eru því einungis* einn þáttur í því áróðurshlutverki sem nefndin hefur tekið sér (væntanlega í krafti þess að ráðuneytið lítur á hana sem sjálfseignarstofnun). Þeim er ætlað að villa mönnum sýn á raunverulegu viðfangsefni hringormanefndar sem er gríðarstór tilraun til þess að draga úr fjölda sela hér við land. Þessi tilraun eru þó svo illa úr garði gerð að fyrirfram er vart við því að búast að hún skili marktækum niðurstöðum. Menn skulu því vera við því búnir að hlýða á áframhaldandi útúrsnúninga frá hringormanefnd þegar spurt verður hvort fækkunaraðgerðir hennar hafi skilað árangri.

Í því hlutverki að stunda áróður hefur hringormanefnd hins vegar tekist svo vel upp að undrum sætir. Hefur nefndinni tekist þar að ýta af stað ýmsum vafasömum fréttum sem síðan hafa öðlast eigið líf og hlaðið utan á sig í meðförum fjölmiðla og stjórnmálamanna. Mér er til efs að sú aðferð að endurtaka sömu lygina nógu oft hafi áður verið notuð hér á landi af jafnmikilli einbeitni og með jafnmiklum árangri.“ Það er prófessor við Háskóla Íslands, dýrafræðingur, sem hér talar um störf þessarar nefndar.

Áfram segir hann: „Lygisögur um seli dynja á okkur í fjölmiðlum og eru farnar að keppa við draugasögur um fyrsta sætið í þjóðtrú samtímans. Eitt besta dæmið um árangur hringormanefndar á þessu sviði er að finna í ritstjórnargrein í Morgunblaðinu miðvikudaginn 24. mars 1982 undir fyrirsögninni Þorskastríð og selastríð. Þar segir m.a.:

„Segja má að áhrif sela séu tvíþætt, þeir eru hýsill fyrir hringorma og éta mikið magn af fiski. Vísir menn hafa komist að þeirri niðurstöðu, að í ár verði tíndar 130 milljónir hringorma úr þorski í frystihúsum víða um land. Þá hefur einnig komið fram, að hér við land éti selurinn um 50 þúsund tonn af nytjafiski. Er það yfirleitt smár fiskur svo talið er að við töpum nú um 100 þúsund tonnum af nytjafiski í selinn á hverju ári.

Vegna samdráttar í selveiðum er talið líklegt að selastofninn við landið vaxi. Hagsmunasamtök í sjávarútvegi hvetja til aukinnar selveiði og er nú rætt um að verðlauna seladráp. — Þótt Bretar væru ýmsum til ama var þó t.d. sá mikli munur á þeim og selnum, að þeir dreifðu ekki hringormum í fiskinn. — Þótt menn séu sammála um nauðsyn aðgerða gegn selnum hér á landi, sem þó er kannske ekki víst, er augljóst að seladráp fyrir verðlaunafé myndi mælast illa fyrir erlendis hjá áhrifamiklum aðilum, sem tekið hafa málstað lítilmagnans gegn mannskepnunni.

Í þorskastríðinu var mikið rætt um áróðursstríð. Verði hafið selastríð er áróðursþátturinn ekki síður mikilvægur en í þorskastríði. Til að áróðurinn út á við verði í lagi“, ég bið hv. þm. að leggja við hlustir, það er Morgunblaðið sem talar, „er nauðsynlegt að inn á við séu menn sammála — hagsmunasamtök sjávarútvegsins hafa lagt fram tillögur sínar. Er einhver á móti?“

Eins og flestir vita er selastríðið á Íslandi löngu hafið“, segir prófessor Arnþór enn fremur. „Það gleymdist að vísu að gefa út opinbera stríðsyfirlýsingu, en yfirvöld hafa látið það gott heita að lög séu brotin leynt og ljóst, að maður tali nú ekki um það hvernig hefðbundnar aðferðir við selveiðar eru fótum troðnar.

Í þriðja lagi“, og þar víkur hann að riti Landverndar, „ræða þau Sigrún, Stefán og Ævar um líffræðilegar forsendur fyrir aðgerðum hringormanefndar. Eins og þau benda á snýst hin fræðilega hlið málsins um það hvort fyrirliggjandi þekking sé nægileg til þess að ákveða hvort selum skuli fækkað og hvort fækkunaraðgerðir komi til með að bera raunhæfan árangur. Niðurstaðan af slíkri athugun getur ekki orðið nema á einn veg, upplýsingar vantar enn um fjölmörg grundvallaratriði.“ Ég veit að hv. 7. þm. Reykv. leggur við hlustir. Prófessor Arnþór segir: „Upplýsingar vantar enn um fjölmörg grundvallaratriði.“

„Það eina sem er víst í þessu sambandi eru einföldustu drættirnir í lífsferli hringorms. Við vitum t.d. ekki hvort selum fjölgar eða fækkar hér við land, hvort samband er milli fjölda sela á fiskislóð og tíðni orma í fiski, hvort aukinn kostnaður við hringormatínslu á síðari árum stafar af aukinni ormabyrði eða hertum hreinlætiskröfum kaupenda.

Talsmenn hringormanefndar hafa jafnan túlkað þau litlu gögn, sem fyrir liggja um þessi atriði, að eigin geðþótta og oft þvert ofan í viðteknar vísindalegar kenningar um samband milli hýsils og sníkjudýra og um takmörk dýrastofna.

Það verður að segjast að meðferð nefndarinnar á vísindalegum gögnum er yfirleitt með þeim ósköpum, að *menn hljóta að spyrja hvort* þessir sömu trúnaðarmenn fiskvinnslunnar á Íslandi séu verðir þess trausts sem umbjóðendur þeirra virðast hafa til þeirra. Eru vinnubrögðin svona á fleiri sviðum þessarar framleiðslugreinar?

Kostnaður við störf hringormanefndar árið 1983 er sagður hafa verið 4,7 milljónir króna. Þetta er stór upphæð á mælikvarða þeirra sem fást við rannsóknir á Íslandi, þótt þetta séu smápeningar í sjávarútvegi. Engu að síður ættu menn að staldra við og huga að arðseminni. Ég vil leyfa mér að halda því fram að hún sé næsta lítil.

Í fjórða og síðasta lagi“, og ég er að ljúka tilvitnun minni í þessa umsögn, „taka höfundar fyrir nokkur almenn atriði er varða náttúruvernd á Íslandi. Þau benda á að starfsaðferðir í íslenskri náttúruvernd hafi yfirleitt einkennst af málamiðlun við hagsmunaaðila. Aðgerðir hringormanefndar skjóti hér skökku við, þar sem hagsmunaaðilar einir ráði ferðinni. Íslenskir náttúruverndarmenn hafi ekki farið fram á alfriðun selastofnanna, heldur þvert á móti verið talsmenn þess að

seli skuli nytja með sem eðlilegustum hætti. E.t.v. er veikleiki náttúruverndarmanna í þessu máli einmitt fólginn í þessari sanngirni. Náttúruverndarmenn hafa einfaldlega verið of kurteisir og of sanngjarnir í umfjöllun sinni um athæfi hringormanefndar. Nú er mál að linni. Við hljótum að krefjast þess að breytt verði um stefnu í þessu máli. Þegar þetta er ritað, í mars 1985, stefnir í enn verra óefni, með frv. sem nú liggur fyrir Alþingi um selveiðar. Nái frv. fram að ganga óbreytt er lögbundið það ástand sem hringormanefnd hefur leitt yfir land og þjóð."

Þetta er tilvitnun í prófessor Arnþór Garðarsson sem ég taldi rétt að koma á framfæri við hv. þingdeild og hv. sjútvn. sérstaklega þannig að það liggi alveg skýrt fyrir að menn hafi heyrt hans viðhorf og röksemdir og efasemdir í sambandi við þetta mál. Hér er talað hreinskilnislega og það er talað af ákveðni í sambandi við þessi efni. Prófessorinn verður að teljast allstórorður þegar hann kveður upp sína dóma um starfsemi hringormanefndar undir verndarvæng sjútvrn. og hann dregur upp með mjög skýrum hætti það sem hann telur vera lygavef og kerfisbundið rangar upplýsingar til almennings á Íslandi og til stjórnmálamanna einnig í sambandi við það vandamál sem mest er tengt við selastofnana við landið og átti að vera réttlætingin fyrir þeirri herferð sem hringormanefnd beitti sér fyrir, nefnd sem ekki var skipuð nokkrum einasta sérfróðum manni á þessu sviði þó að hún svo réði líffræðing til starfa til að vinna að þessu máli á sínum vegum.

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að fara yfir þetta svið í heild sinni enn og aftur. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt vegna þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram frá mönnum sem ég tel að vilji hafa það sem sannara reynist í hverju máli að koma þessum ábendingum á framfæri og reyna að læða smávegis glætu inn í þeirra hugskot í sambandi við það flókna samhengi sem hér er um að tefla.

Það er nú svo að í umræðum um svo flókin efni vill oft fara svipað og í samræðunni í brúðkaupinu hans Bjarts að hver og einn syngur með sínu nefi og gefur sér sínar forsendur út frá eigin hyggjuviti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að lasta það að menn reyni að móta sér skoðun, en hins vegar er okkur skylt, sem á Alþingi sitjum, að reyna að átta okkur sem best á því samhengi sem fyrir liggur, reyna að hagnýta okkur þær upplýsingar og andstæðar skoðanir sem fyrir kunna að liggja í hverju máli.

Nú munu talsmenn þessa frv. halda því fram að það sé alls ekki meiningin að nýta þessa löggjöf, sem hér er lagt til að sett verði, til að útrýma selastofninum við Ísland og ég tók það fram í fyrri ræðu minni að ekki ætla ég þeim svo illt sem hér hafa talað fyrir þessu máli. En hitt er alveg jafnljóst að sá er andinn hjá mörgum sem um þessi mál ræða, og þar á meðal hjá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, að þeir einfalda hlutina með dæmalausum hætti oft og tíðum og jafnvel áhrifamiklir fjölmiðlar eins og Morgunblaðið skrifa heilar ritstjórnargreinar um þessi efni og spyrja: Er nokkur á móti? eins og fram kom í þeirri tilvitnun sem ég las áðan í ritstjórnargrein úr Morgunblaðinu frá 1982.

Varðandi tengslin við frv. sjálft hef ég þegar bent á að hér er verið að óska eftir mjög ákveðnum og ótvíræðum heimildum fyrir sjútvrn. til að setja reglur um framkvæmd laganna, þar á meðal ákveða aðgerðir er stuðla að fækkun sela sé þess talin þörf.

Ráðuneytinu ber skv. frv. að hafa samvinnu við landbrn. og samráð við tilteknar stofnanir, en valdið er þess. Það er alveg ótvírætt skv. því frv. sem hér liggur fyrir.

Ég held að það sé hættulegt að mörgu leyti að setja undir fagráðuneyti, sem hefur tilhneigingu til að skoða mál tiltölulega þröngt og út frá einhliða viðhorfi eins og hér um ræðir, mál af þessu tagi. Ég held að það væri, á meðan menn eru með atvinnuvegina skipta á milli ráðuneyta, sem orkar vissulega tvímælis eins og nú er í stjórnkerfi okkar og stjórnsýslu, eðlilegra að halda selveiðunum undir landbrn. eins og menn hafa rætt um við þessa umræðu. Ég held að það tryggi með skynsamlegri hætti eðlilegt vægi í þessum málum. Og sporin hræða, eins og haldið hefur verið á þessu máli af hálfu sjútvrn. og margnefndrar hringormanefndar á þess vegum. Það eru spor sem hræða og það er kannske í ljósi þeirrar sögu sem menn ræða þessi mál, ekki síst hér á Alþingi.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda uppi langri tölu þó að ég verði að segja að ærin ástæða væri til. Satt að segja, svo góðan vinskap og mikið álit sem ég hef á hv. 5. þm. Austurl. og hef yfirleitt reynt hann að góðu einu, liggur við að það gangi yfir mig hvað mér virðist dularfull þau vísindi sem hann hefur að vísu ekki skilgreint og ég er ekki krefjast þess að hann geri hér og nú, en þetta er mystískt eins og mundi vera sagt á máli fræðimanna.

Það segir mér einn gagnmerkasti og fróðasti maður um íslenskan sjávarútveg sem ég þekki, og býst ég við þó víðar væri leitað, — hann hefur að vísu ekki mikla nafnbót, en bæði ég og ýmsir þeir sem við samninga í sjávarútvegi fást fá yfirleitt upplýsingar hjá þessum manni, — og hann hefur þetta eftir fræðimönnum, að tegundir hringorma við Ísland séu um 200–300. Þar af er svokallaður selormur, sem latneskt nafn er á og hv. 5. þm. Austurl. gæti komið með, og tímgast fyrst og fremst í sel, 95%. Ef rökstutt er með yfirgnæfandi líkum og meiri hluta að 95% af þessum vanda er hægt að rekja til selsins og að á þeim svæðum sem selurinn heldur sig fyrst og fremst á er hringormur áberandi meiri eru það þessi 95% sem skipta máli. Hitt er ákaflega mikil vísindagrein, um þessi 5%. Þetta tímgast í sel.

Fjarstaddur hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sá ljúfi maður, hélt ákaflega skemmtilega ræðu í gær. Ég hef sjaldan heyrt öllu áhrifameiri ræðu í þingsölum. Þegar hann var að ræða um hringorminn og aðgerðir gegn hringormi var eins og 6. floti Bandaríkjanna mundi sigla inn Breiðafjörð spúandi eldi og flugskeytum í allar áttir. Ég kannast ekki við þessar lýsingar, sem maðurinn var að tala um, á Breiðafirði. Mér er hins vegar kunnugt um mann, ættaðan úr Austurlandskjördæmi og búsettan þar, sem tók að sér að eyða sel á Breiðafirði með snyrtilegri byssu og hafði hátt í aðra milljón króna tekjur fyrir hlut að máli. Ég held að enginn fugl hafi fælst. Þetta var maður sem kunni til verka. Það er enginn að tala um að það sé eins og 6. floti Bandaríkjanna sé þarna.

Ég skal að vísu viðurkenna að það hafa verið hertar hreinlætiskröfur og það hafa verið hertar kröfur í sambandi við magn hringorma. En flettum t.d. upp í tímariti eins og Ægi þar sem Halldór Bernódus skrifar.

Hann sýnir fram á að 1963 var þorskur veiddur á grunnslóð með 1 til 1,5 orma á kg, en þorskur veiddur á djúpslóð með 0,5 orma. Árið 1983 eru þetta orðnir 7 ormar per kg, þrír ormar á grunnslóð. Línu- og handfærafiskur er kominn með 8,80 orma á kg. Og 1985 er línu- og handfæraþorskur, þ.e. fiskur af grunnslóð, með 9,65 orma á kg. Þetta er unnið upp úr skýrslum frá nokkrum frystihúsum. Þetta er áberandi meira á Breiðafirði, í Ísafjarðardjúpi, hér á suðausturströndinni, jafnvel Húnaflóa, þar sem selur er.

Ég eftirlæt mönnum að deila um þessi 5%, en ég held að það fari ekkert milli mála að jafnvel þó við tökum tillit til þess að þarna hafi verið gerðar stífari kröfur má nefna þess dæmi að það eru teknar tvær vikur á Vestfjörðum á grunnslóð og út koma 20,48 ormar á kíló. Nefndi ég ekki fyrst 1,5? Við skulum segja að kröfur hafi tvöfaldast eða eigum við að segja að þær hafi þrefaldast? Hvað kemur út úr þessu?

Það veit hver maður, sem við þetta hefur starfað eða þessu hefur kynnst, að þarna er ekki einungis gífurlegur kostnaður heldur háir þetta gífurlega afköstum og verður oft þess valdandi að enn þá meiri vandi er að fá fólk til þessara starfa vegna þess að það þarf fleira fólk. Ég sagði að það væri hægt, ef þetta gengi allt í vinnulaun, að auka vinnulaun um allt að þriðjung, við skulum segja fjórðung ef hægt væri að ná um betra samkomulagi. Þá er ótalið að dýrustu og vandlátustu markaðirnir eru í hættu af þessum ástæðum. Þeir eru í hættu af þessum ástæðum. Það er hægt að tína upp dæmin utan endi þar sem heilu fyrirtækin, hótelin, hafa hætt viðskiptum af þessum ástæðum. Hvernig í ósköpunum — þó svo ég geti tekið undir það að það hefði verið ákaflega eðlilegt og æskilegt að þetta frv. hafi komið fram fyrr, en það er bara margbúið að koma hér fyrir. Menn koma hér með hvern fyrirsláttinn á fætur öðrum, að vísu af sitt hvorum ástæðum, einn er að hugsa um að ná kannske þremur atkvæðum í ákveðinni sveit, annar er með vísindaleg tilþrif og segir að þetta sé ekki vísindalega sannað. Nú Steingrímur, ég skal ljúka máli mínu. Hér eru ekki viðstaddir hv. þm. Pálmi Jónsson og fleiri sem tóku hér til máls í gær og gaman hefði verið að spjalla við. Ég held að það styrki ekki stöðu landbúnaðar í landinu að fyrir 30–80 bændur sé haldið af það miklum einstrengingshætti á þessum málum að þeir fái þá atvinnugrein á móti sér sem 70% af útflutningsframleiðslunni byggist á.

Aðeins að endingu og af því að þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, gengur fram hjá, þá er bara best að bregða sér í léttara tal í lokin. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði að ekki væri vísindalega sannað að selurinn væri orsök fyrir þessum hringormi. Ja, það má teygja lengi. Hann tímgast fyrst og fremst í sel, 95% af þessum hringormi. Og þar sem selur heldur sig mest, þar er hringormurinn, langsamlega mest af honum. Segja má að það sé ekki vísindalega sannað. Það mætti segja við jafnindælan og ágætan mann og hv. þm. að það sé ekki vísindalega sannað að hann sé ágætur maður og það mætti meira að segja spyrja hann að því hvort það sé vísindalega sannað að hann sé maður. Liggja nokkrar vísindalegar niðurstöður fyrir um það? Hvað á svona orðhengilsháttur að þýða? Það liggur hér fyrir að grunnatvinnuvegur þjóðarinnar á í erfiðleikum, verulegum erfiðleikum út af þessu. Þá eiga menn að bregðast við því en ekki að vera með orðhengilshátt og útúrsnúninga og sveipa um sig dulúð og vísindum sem þeir hafa ekki vald á.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Aðeins nokkur orð af gefnu tilefni, af því að ummæli mín hér í umræðunni fyrr urðu tilefni til útleggínga. Þá er nú sennilega best að rifja það upp hvernig ég orðaði hlutina eða a.m.k. hvernig ég vildi þá sagt hafa.

Ég hygg að ég hafi verið að fjalla um það að það væri ekki vísindalega sannað hvernig sambandinu væri háttað milli fjölda sela og útbreiðslu hringorms. Ég kom því einmitt að hér í umræðunni, og vil gjarnan ítreka það, að eitt af því fáa sem fyrir liggur, vísindalega, eða bara almennt þekkingarfræðilega í þessu máli, er jú það að selur er lokahýsill fyrir eina alveg tiltekna tegund hringorms, sem ég kallaði stóra-hringorm. Það getur vel verið að það sé réttara að nefna hann selorm, alla vega er þetta einhver þráðormur. Það er alveg ljóst. Þetta sem sagt vita menn og það er alveg rétt að selurinn er þarna lokahýsill fyrir þessa tilteknu tegund af þráðormi. Einnig er vitað, svo dæmi sé tekið, að ákveðnar tegundir hvala eru lokahýslar fyrir aðrar tegundir af þráðormi, litla-hringorm o.s.frv. (**Gripið fram í:** Það eru 5%.) En síðan er það í raun og veru það sem mestu máli skiptir, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að vita hvernig þessu sambandi er háttað. Ég spurði að því hér í umræðunni, hvort menn teldu óhætt að gefa sér það að þarna væri um línulegt samband að ræða. Ég hefði gaman af því að heyra einu sinni álit hæstv. sjútvrh., t.d. á þessu tiltekna atriði sem skiptir auðvitað mjög miklu máli.

Svo ég taki dæmi til að skýra mál mitt, þá getum við sagt að við hefðum kringum landið 100 000 seli og ef við gæfum okkur að það væri nokkurn veginn línulegt samband milli selafjöldans og útbreiðslu hringormavandans, þá gætum við sagt að með því að fækka selunum niður í 10 000 hefðum við losnað við 90% af hringormavandanum. Ef þetta væri nú tilfellið þá væri málið einfalt. Þá væri þarna um mjög einfalt samband að ræða og menn gætu bara hreinlega gefið sér það hversu mikið þyrfti að fækka selnum til þess að ná tilteknum árangri í glímunni við hringorminn. En þetta liggur bara því miður ekki fyrir. Alls ekki. Þvert á móti renna menn í raun og veru alveg blint í sjóinn um það hvernig sambandinu þarna á milli er háttað. Þið vitið það t.d., hv. þm., sem eitthvað hafið kynnt ykkur lífsferli laxins og setningu hrognafisks í laxveiðiár, að það getur stundum skilað meiri árangri fyrir viðkomu laxastofnsins í viðkomandi á að nógu fáir fiskar hrygni. Það er ekki spurning um fjölda þar heldur um lífsskilyrði þeirra einstaklinga sem upp komast. Og þetta getur alveg eins verið niðurstaðan í þessum tilfellum. Menn geta ekki gefið sér að náttúran sé svona einföld eins og menn gjarnan vildu hafa hana. Það væri voðalega gaman að hlutirnir yfirleitt væru svona einfaldir en þeir eru það bara ekki, í fæstum tilfellum. Og það er skaðlegt að leyfa sér of miklar einfaldanir ef menn vilja byggja skoðun sína á traustum þekkingarfræðilegum grunni.

Það var þetta atriði, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem ég held að ég hafi talað um að væri engan veginn vísindalega sannað. Það er heldur ekki vísindalega sannað að sá sem hér talar sé maður. Alla vega ekki hvað varðar þetta tiltekna eintak. Kynkvíslin

sem ég tilheyri, Íslendingar, hún er yfirleitt talin til hins viti borna manns og ég hef nú talið mig vera einn úr þessum hópi — og leyfi mér að halda því fram þangað til annað er sannað. (**GJG:** Ég tel það líka.) Nú, þá bendir allt til þess að við séum sammála, hv. þm., og er gott.

Eitt vil ég svo taka fram að lokum og það finnst mér einmitt vera alvarlegt en það er að hvergi hefur verið sannað að útbreiðsla sela hefði marktæk áhrif á tíðni hringorma. Ég bið menn að lesa einustu vísindalegu ritgerðina sem gert hefur úttekt á akkúrat þessu tiltekna atriði. Annar af höfundum hennar er enginn annar en hv. þm. Björn Dagbjartsson. Í þeirri tilteknu grein, þeirri tilteknu umfjöllun, stendur að mismunur á hringormatíðni í fiski t.a.m. á Breiðafirði, þar sem selur er nú gjarnan útbreiddastur, sé ekki marktækur. „Ekki marktækur." Það hefur ekki tekist að sýna fram á að það væri marktækt meiri hringormur í fiski á slóðum þar sem hvað mest er um sel. Þetta liggur fyrir. Menn geta haft sínar skoðanir á því að þetta sé svona engu að síður. En ég hef hvergi komist yfir könnun eða vísindalega úttekt þar sem tekist hefði að sýna fram á marktækan mun. Í þessari grein, sem ég vitna hér í og Björn Dagbjartsson er annar af höfundum að, kom að vísu út að það væri lítið eitt meira af hringormi að breyttu breytanda í fiski þarna á Breiðafirði en það var innan skekkjumarka í könnuninni. (**Gripið fram í:** Það segir bara ekkert.) Það var innan óvissumarka. (**Gripið fram í:** Það segir bara ekkert. Fiskurinn syndir nefnilega.) Menn geta túlkað þær niðurstöður alveg endalaust en þetta var sem sagt niðurstaða þessara vísindamanna í þessari vinnu og þetta verða menn að hafa í huga. Það þýðir ekkert að horfa fram hjá því að svona standa menn alla vegana þekkingarfræðilega enn þá, hvað þetta tiltekna efni varðar.

Að lokum, herra forseti. Mér finnst það í raun og veru mjög skrýtið og ég skil það ekki — ég verð að segja það alveg eins og er að ég bara skil það ekki — að menn skuli ekki reyna að leggja í þessa glímu við hringorminn með sem allra mestan þekkingarlegan forða á bak við sig, vopnaðir allri þeirri þekkingu sem hægt er að heyja sér. Því það hlýtur að vera forsenda þess að við náum árangri. Og í guðs bænum tölum ekki hér eins og það sé einhver skoðanamunur uppi um það á Alþingi að æskilegt væri að fækka hringormi. Hverjum dettur í hug að halda öðru fram en því að hver einasti þm. og hver einasti Íslendingur, ef því er að skipta, vilji losna við þetta? Auðvitað hljóta allir að vera sammála um að það er þjóðarhagur — ef menn koma sér niður á þá leið sem dugar til þess og ef hún er þá yfirleitt til, ef það er yfirleitt í okkar valdi að ráða mjög miklu um þetta. Einhvern veginn hefur þeim fiski, sem nú er að flykkjast á miðin og veiðist í stórum stíl, tekist að losna að mestu leyti við hringorm. Göngufiskurinn, sem núna fyllir bátana og jafnvel tvífyllir þá á sama deginum, er yfirleitt laus við hringorm. Þær fréttir eru a.m.k. færðar manni af sumum verstöðvum núna að það sé að veiðast boldungsfiskur og hann sé tiltölulega alveg laus við hringorm. — Jæja, menn geta hrist þá höfuðið eins og þeir vilja út af þessu, en þetta var verið að ræða hér niðri í kaffistofunni áðan og yfirleitt eru það hin mestu vísindi sem þar eru rædd. Fróðir menn höfðu fréttir úr sínum annexíum um það að svona væri þetta.

Herra forseti. Fáfræðin og þekkingarskorturinn er einn allra mesti glæpur hvers tíma. Næst á eftir því að hafa lýði fátæka þá er það að hafa þá þekkingarlausa sem er glæpur. Þetta segir Halldór Laxness og ég tek undir það með honum. Ég held að það eigi alveg eins við hér í þessu efni að fáfræðin sé einn mikill bölvaldur. Þess vegna er það ámælisvert að menn skuli hafa látið hér líða ár á ár ofan í pexi um hluti sem eru kannske ekki svo ýkja mikilvægir, ég get alveg tekið undir það, án þess að nota þann tíma til að afla allrar tiltækrar vitneskju um það hvernig væri best að standa að aðgerðum í þessu máli. Fyrst og fremst átel ég það hvernig farið hefur verið með þann tíma, sem hér hefur liðið, auðvitað á hv. Alþingi eins og annars staðar undir sólinni.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að vera langorður í þessari umræðu, en ég get ekki orða bundist vegna þess að það vill nú svo til að okkur, sem störfum í þessari atvinnugrein sem hefur orðið hvað mest fyrir barðinu á hringorminum, sem er sjávarútvegur og fiskiðnaður, okkur rekur í rogastans að hlusta á sumt af því sem hefur verið sagt í þessari umræðu. Sérstaklega finnst mér það eftirtektarvert að hér er vitnað í, ég segi svokallaða vísindamenn, sem hafa fengið prófessorsnafnbót, sem mér er ekki alveg ljóst hvernig til er orðið. Hér er lesið upp úr ritum og skjölum og vitnað í nafngreinda prófessora eins og þeir séu guðspjallið.

Ég vil sérstaklega mótmæla að hv. 5. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, skuli leyfa sér að lesa upp úr þessu riti, sem hann gerði hér áðan og er eftir prófessor Arnþór Garðarsson. Í þessum upplestri komu fram mjög ómerkilegar dylgjur í garð þeirra aðila, sem hafa reynt að gera sér grein fyrir því vandamáli sem hér er til umræðu, sem er hringormur í sel. En að mati flestra sem til þekkja hefur selurinn haft það í för með sér að ormur í fiski hefur stóraukist við landið. Að leyfa sér að lesa það upp eftir þessum prófessor að þeir, sem hafa fjallað um þetta mál og reynt að gera það með þeim hætti sem þeir hafa tök á, að í þeim verknaði felist áróður þess eðlis að það sé verið að heilaþvo þjóðina, að það sé verið að misnota aðstöðuna, og jafnframt er látið að því liggja að e.t.v. séu öll vinnubrögð þessara aðila í sölumálum og framleiðslu með þeim hætti sem prófessorinn leggur út af í sinni grein. Þess konar áburði er ekki unnt að láta ómótmælt. Ég vil enn fremur mótmæla því að svona dylgjur séu hafðar uppi á hv. Alþingi, þótt vitnað sé í prófessor úti í bæ.

Varðandi vísindin og þekkinguna, fáfræði og þekkingarskort, þá kom það upp í huga mínum: Hvað eru vísindi? Á hverju byggjum við okkar þekkingu? Við Íslendingar höfum þurft að byggja okkar þekkingu upp á þeirri reynslu sem eldri kynslóðir hafa látið okkur í té. Við höfum verið fámenn þjóð. Við höfum ekki búið að auðæfum með svipuðum hætti og stórþjóðir hafa gert í þróun vísindagreina. Við höfum ekki haft sambærilegar aðstæður. Þannig að allar tilvitnanir í vísindi með þeim hætti sem gert var hér áðan af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni finnst mér algjörlega út í hött. Að vitna í einhverja vísindamenn, sem hafa kannske öðlast sína þekkingu fyrst og fremst með bóklærdómi í gegnum gagnfræðaskóla, menntaskóla og háskóla o.s.frv., og jafnvel orðið doktorar erlendis, en hafa aldrei nokkurn

tímann komist í snertingu við raunveruleikann á Íslandi, finnst mér gjörsamlega út í hött.

Ég held að þá þekkingu sem við þurfum að byggja á í þessu máli sé fyrst og fremst að finna hjá því fólki, sem starfar í viðkomandi atvinnugrein, sem er í náinni snertingu við það efni sem hér er til umræðu. Það eru sjómenn, það er fiskverkafólk, sem kynnist í eigin starfi að eftir því sem selnum fjölgaði við Ísland, þá jókst ormatíðnin í fiski. Það hefur enginn getað sannað það frekar eða afsannað að ákveðið orsakasamband sé þarna á milli og það mjög sterkt. Það getur verið matsatriði hvort mönnum er sama um það að íslenska þjóðin verði að verja hundruðum milljóna kr. í það að reyna að forða erlendum neytendum frá því að fá fiskflak sem ormur er í. Það getur vel verið að þeir, sem þurfa ekki að kynnast því að þjóðin lifir fyrst og fremst á þessari atvinnugrein og þessum matvælum sem við erum að flytja út í formi fiskflaka, það getur vel verið að þeir sem kynnast því aldrei geri lítið úr þessu, þeim þyki þetta harla ómerkilegt atriði miðað við einhver náttúruverndarsjónarmið eða einhver tilfinningaatriði. En við lifum bara ekki á tilfinningaatriðum. Þetta eru harðar staðreyndir, sem blasa við þeim sem fást við þessa atvinnugrein, að ef ekki er gripið til tiltækilegra ráða til þess að fækka sel við Ísland þá mun það koma hart niður á afkomu fólks á Íslandi. Það mun draga úr þjóðartekjum, bæði vegna þess að afköst í þeirri atvinnugrein, sem skiptir mestu máli fyrir þjóðina, munu dragast niður, munu minnka, jafnframt því sem hættan eykst á erlendum mörkuðum á því að þeir neytendur, sem borga mest fyrir íslenskan fisk, kaupi hann ekki. Þess vegna vil ég ráðleggja mönnum að fara varlega í það að vitna í einhver vísindi eða þekkingu sem byggð er á vísindum sem er í engu sambandi við það sem verið er að tala um.

Ég tel að þau einu vísindi sem menn geta stuðst við í þessum efnum séu fólgin í þeirri þekkingu og þeirri reynslu sem Íslendingar hafa sjálfir í tengslum við það mál sem við erum að ræða um hér. Það hefur ekki verið hrakið að ákveðið og mjög sterkt orsakasamband sé á milli selsins annars vegar og fisksins hins vegar sem er við strendur landsins. Það hefur ekki verið hrakið. Það er staðreynd, og það þekkjum við sem vinnum í þessari atvinnugrein, að þar sem mest er af sel við landið, þar er mest af ormi í fiski. Það hafa menn getað sannað með vísindalegum athugunum, ef menn vilja viðhafa þau orð, í vinnu sinni og verkum í frystihúsum landsins og öðrum vinnslustöðvum. Þar er sú sönnun sem skiptir máli. Öll vísindi byggjast á því að hægt sé að sanna hlutina og ég leyfi mér þess vegna að segja að þar er sú þekkingarfræði sem við eigum að byggja á þegar við erum að fjalla um þetta mál.

Um það atriði, sem mér fannst nú hálf broslegt, að segja að fáfræði og þekkingarskortur sé hinn mesti glæpur, ég satt að segja vissi nú ekki alveg hvar ég var staddur þegar ég hlustaði á þessa setningu, get ég hins vegar tekið undir það að það hlýtur að vera ákveðið böl fólgið í því að vera fáfróður. Því neita ég ekki. En að segja að fáfræði og þekkingarskortur sé glæpur finnst mér satt að segja furðulegt. Þá er verið að færa þetta í tilbúning sem er utan við mitt þekkingarsvið og ofar mínum skilningi. Það er ekki hægt að ákæra mann fyrir fáfræði og þekkingarskort sem hefur kannske ekki haft möguleika til þess að afla sér þeirrar þekkingar sem hann hefði haft vilja og löngun til. Þess eru mörg dæmi í Íslandssögunni. Fátækt og skortur komu í veg fyrir möguleika til menntunar.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vil endurtaka það að ég mótmæli því að verið sé að viðhafa hér ummæli og dylgjur í garð aðila sem hafa reynt að mæta hinu mikla vandamáli sem er fólgið í því að svona mikill ormur skuli vera í fiski við strendur Íslands. En að okkar viti stafar það sannanlega af því að hringormurinn er í selnum. Ég vil mótmæla því að í umræðum á hv. Alþingi sé það gert með þeim hætti sem hér hefur átt sér stað.

Einnig vil ég undirstrika það að þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar hingað til, hafa verið gerðar af þeim aðilum sem ber skylda til að tryggja að þær sjávarafurðir, sem Íslendingar flytja út, séu í því ástandi að varan sé söluhæf við góði verði. Ég tel það spor í rétta átt að reynt skuli vera að nálgast þetta vandamál með þeim hætti sem birtist í því frv., sem hér er til umræðu, og er því meðmæltur að það verði samþykkt.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég held að það hafi verið gott að fá frekari umræðu hér um þetta efni, það framhald sem hér hefur farið fram í dag því það hefur fært mér a.m.k. heim sanninn um það að með þessu frv. eru menn á mjög hættulegri braut. Ég er ekki að ætla hæstv. sjútvrh. það að slást í lið með þeim mönnum, sem hafa talað í umræðunni og hvatt til þess að þetta frv. yrði samþykkt, því þeir þurfa ekki neinna frekari vitna við hvar hundur liggur grafinn. Þeir þurfa engra frekari rannsókna við. Þeir eru búnir að finna sökudólginn. Þeir þurfa engin vísindi, enga frekari þekkingu. Mig mundi ekki undra þó að t.d. hv. 7. þm. Reykv. og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ættu eftir að standa saman að einhverri ályktun um það og nú skulum við láta til skarar skríða og leysa kjaravandann í fiskiðnaðinum í landinu með því að leggja til myndarlegrar atlögu við selinn, hvað sem allri vitneskju og allri þekkingu líður. Það er þetta samhengi sem við lesum út úr þessu. (**GHG:** Við teljum að þekking fólksins í atvinnugreininni séu þau vísindi sem ...) Ég vara menn við málflutningi af þessu tagi og þeirri hugsun sem að baki liggur. Ég vara menn við að telja það af hinu illa að draga inn í þessa umræðu álit manna sem ég ber traust til í ýmsum greinum, þó ég sé ekki þar með að gera þeirra skoðanir að mínum, eins og prófessors Arnþórs Garðarssonar, og tala um að það sé ósæmilegt að færa þeirra mál hér og rök í þessu og viðhorf inn í umræður á Alþingi um jafnmikilsvert mál. Ég er aldeilis steinhissa.

Herra forseti. Ég veit að ég hef ekki ráðrúm til að bæta mörgum orðum við þetta en ég mæli þessi orð af alvöru. Arnþór Garðarsson benti á að náttúruverndarmenn í landinu hafa farið með löndum í þessum efnum. Þeir hafa verið hógværir í sambandi við málflutning sem hlýtur að rista inn í merg og bein og endurómaði hér, því miður, í máli manna. Það er fleira en peningar í samfélaginu. Það eru líka tilfinningar í samfélaginu og þær ber einnig að virða þó að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson virðist ekki leggja mikið upp úr þeim. Ég er ekki náttúruverndarmaður af þeim toga að ég telji að menn eigi að láta skerast í odda um hluti. Alls ekki. En ég geri kröfu til þess að menn gangi fram með þekkingu, vitræn vinnubrögð að leiðarljósi, en leyfi sér ekki

munað, sem er gersamlega ástæðulaust að gera á þeim tíma sem við nú lifum, að látast ekki vita af eyðunum í okkar þekkingu, vanmætti okkar að mörgu leyti gagnvart flóknu samhengi, eins og hér hefur verið dregið fram. En því miður sönnuðu hv. ræðumenn það, að mér þótti, að þarna er verulega hætta á ferðum vegna einföldunar á flóknu samhengi sem menn eru að reyna að fá lagastoð við hér til þess að geta gengið fram á þann hátt sem ekki er skynsamlegt eða vænlegt til þess að ná árangri — sem ég efast ekki um að við allir viljum stefna að í þessu máli — fyrir þjóðarhag. En þar þarf að ganga fram varlega og reyna að ná samstöðu um þær aðgerðir sem gripið er til hverju sinni. Ná samstöðu um það. Ég er ansi hræddur um að það sé verið að vinna gegn slíku. Og það er ekki það sem við ætlum okkur. Að því eigum við ekki að vinna hér á Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Áhrif forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu (377. mál) 3384, 3430.
Búnaðarmálasjóður (336. mál) 3410.
Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga (362. mál) 3383, 3430.
Fjáröflun til vegagerðar (126. mál) 3392.
Fæðingarorlof (334. mál) 3356.
Geðheilbrigðismál (351. mál) 3358.
Gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar (361. mál) 3380, 3430.
Hernaðarframkvæmdir (360. mál) 3370.
Iðgjöld bifreiðatrygginga (355. mál) 3365.
Innri öryggismál (363. mál) 3372.
Jafn réttur til fræðslu (304. mál) 3429.
Kostnaðarhlutur útgerðar (288. mál) 3410.
Lausaskuldir bænda (365. mál) 3448.
Lyfjafræðingar (379. mál) 3403.
Selveiðar við Ísland (368. mál) 3412, 3451.
Sendifulltrúi Íslands á Grænlandi (305. mál) 3345.
Sendiráð í Japan (306. mál) 3347.
Siglingalög (383. mál) 3409.
Stofnlánadeild landbúnaðarins (364. mál) 3443.
Sveitarstjórnarlög (54. mál) 3405, 3430.
Trjárækt í þéttbýli (354. mál) 3429.
Um þingsköp 3362, 3404.
Vald í íslensku þjóðfélagi (331. mál) 3429.
Vandi vegna misgengis launa og lánskjara (309. mál) 3349.
Varamaður tekur þingsæti 3409.
Varnir gegn hagsmunaárekstrum (370. mál) 3376, 3430.
Varnir gegn mengun sjávar (73. mál) 3385, 3442.
Verðbréfamiðlun (202. mál) 3387, 3443.
Verkfræðingar (312. mál) 3385, 3449.
Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra (387. mál) 3411.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3355, 3356, 3362, 3363, 3364.
Forseti Ed. Stefán Benediktsson 3401, 3403, 3405, 3431.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 3409.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3350.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 3351, 3353, 3355, 3401.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 3356, 3359, 3361, 3362, 3366, 3369, 3403, 3411.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 3409, 3449.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3410, 3412.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 3346, 3347, 3348, 3371, 3372, 3373, 3375.
Davíð Aðalsteinsson 3380, 3383, 3404, 3405.
Egill Jónsson 3385.
Eiður Guðnason 3391, 3391, 3402, 3403, 3404.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3387, 3392, 3400.
Friðjón Þórðarson 3419.
Guðmundur Einarsson 3376.
Guðmundur H. Garðarsson 3462.
Guðmundur J. Guðmundsson 3384, 3418, 3458.
Guðrún Agnarsdóttir 3349, 3353, 3354, 3361, 3362.
Guðrún Helgadóttir 3355, 3360, 3363.
Gunnar G. Schram 3345, 3346, 3347, 3348, 3416.
Helgi Seljan 3357, 3358, 3360, 3381, 3404, 3405, 3432.
Hjörleifur Guttormsson 3412, 3451, 3464.
Jóhanna Sigurðardóttir 3365, 3367.
Karl Steinar Guðnason 3369.
Kjartan Jóhannsson 3352, 3368.
Kolbrún Jónsdóttir 3399, 3402.
Kristín Halldórsdóttir 3425.
Ólafur Þ. Þórðarson 3422.
Páll Pétursson 3347.
Pálmi Jónsson 3414.
Ragnar Arnalds 3397.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3431.
Skúli Alexandersson 3430.
Stefán Valgeirsson 3410, 3443, 3448.
Steingrímur J. Sigfússon 3346, 3354, 3370, 3372, 3373, 3374, 3376, 3426, 3444, 3448, 3460.
Svavar Gestsson 3352, 3355, 3362, 3364.
Þórarinn Sigurjónsson 3356, 3257.

Efri deild, 70. fundur.

Mánudaginn 7. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 7. apríl 1986:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Jón Sveinsson lögmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Davíð Aðalsteinsson,
5. þm. Vesturl."

Jón Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og kjörbréf hans því verið rannsakað. Hann er boðinn velkominn til starfa.

Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv. 126. mál (þskj. 727). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hv. forseti. Við 2. umr. um þetta mál óskaði hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir eftir því að fá upplýsingar um nokkur atriði sem ég aflaði þá þegar, að vísu ekki glöggra upplýsinga en upplýsinga engu að síður, og kom til þm. sem að vísu er ekki mætt hér nú. Engu að síður tel ég bæði rétt og skylt að það festist í þingtíðindum að fjmrn. treysti sér ekki til að áætla nákvæmlega hver munur sé á tekjuöfluninni skv. brbl. sem hér eru til staðfestingar og hinu breytta frv., en telja þó að þetta muni ekki nema nema nokkrum prósentum, alla vega innan við 10%. Það kemur fram að lækkunin á bílum innan við 2 tonn muni nema um það bil 1 millj., en það er miklu erfiðara, telja ráðuneytismenn, að áætla um lækkunina á stóru bílunum sem aka mikið, allt yfir 45 þús. km á ári. Það byggist auðvitað á því hvernig atvinnuástand verður, hve mikið þessi tæki eru notuð o.s.frv. Því miður get ég ekki gefið gleggri upplýsingar en þetta, en hv. þm. er um það kunnugt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisendurskoðun, stjfrv. 272. mál (þskj. 506, n. 735). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og mælir nefndin öll með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Stefán Benediktsson fylgdist með störfum í nefndinni og er samþykkur þessu nál.

Ég hygg að hv. þm. hafi kynnt sér málið þannig að ég er ekki að rekja það. Það var sýnt hér í fyrra, en þá í annarri mynd og ekki náðist samkomulag um að hrinda því fram í þeirri mynd. En miðað við þetta frv. eru allir hv. nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Frv. með sama heiti og hliðstæðu efni var til meðferðar á Alþingi í fyrra. Ég átti þá nokkurn þátt í því að stöðva afgreiðslu þess, en það hafði þá verið afgreitt frá Nd. og var reyndar komið til 2. umr. í síðari deild.

Við vorum ekki, sem þá skipuðum minni hl. fjh.- og viðskn., á því að frv. væri nægilega vel úr garði gert til að unnt væri að gefa því líf og áttum, eins og ég hef þegar sagt, okkar þátt í því að frv. var ekki afgreitt hér í fyrra. Það ánægjulega í þessu máli er að síðan birtist frv. í þinginu á þessum vetri í verulega breyttri mynd. Það hafa verið sniðnir af því þeir agnúar sem á því voru. Ég hygg að það sé ekkert ágreiningsmál að Alþingi eigi að gera þessa stofnun, Ríkisendurskoðun, sjálfstæðari en hún er nú og setja hana beint undir valdsvið sitt þannig að hún verði raunverulega eftirlitsstofnun Alþingis.

Ég hirði ekki um að tína til þá agnúa sem á þessu máli voru í fyrra. Þeir voru ýmsir mjög viðsjárverðir. Ég held að þessi málsmeðferð sýni að stundum getur verið gæfulegt að flýta sér hægt og þetta mál virðist ætla að fá allfarsæla niðurstöðu.

Ég mæli eindregið með því að frv. verði samþykkt í þeim búningi sem það er nú.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv. 366. mál (þskj. 661). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. á þskj. 661, 366. máli þingsins. Það er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 54 frá 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Frv. þetta er flutt að eindreginni ósk Sambands ísl. sveitarfélaga eftir ósk almennra funda sveitarfélaga. Það sem frv. fjallar fyrst og fremst um er það að breyta lögunum þannig að dráttarvextir skuli vera reiknaðir af vanskilum eftir ákveðnum reglum sem þar um fjalla og kemur fram í 1. og einu grein frv.

Skv. 3. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga frá 1971 er stofnuninni heimilt, þegar vanskil verða á meðlagsgreiðslum að reikna og innheimta 7% vexti, þ.e. ársvexti, af vanskilum frá gjalddaga til greiðsludags. Vegna verðbólgu undanfarinna ára og upptöku verðtryggingarákvæða og breytinga á vaxtakjörum er þetta ákvæði löngu orðið úrelt og hefur raunar orðið til þess að vanskil við Innheimtustofnunina hafa vaxið gífurlega.

Ég vil gefa þá skýringu með þessu, hversu mikil áhersla á þetta er lögð, að á s.l. ári var gerð mikil breyting á Innheimtustofnun sveitarfélaga að því leyti til að það sem áður var hægt að dreifa á 1–2 ár í skilum við Tryggingastofnun ríkisins er skv. nýjum ákvæðum

gert skylt að endurgreiða Tryggingastofnuninni sama árið og þessi gjöld verða til. Þetta hefur þær afleiðingar að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verður að greiða miklu hærri upphæðir en var á undanförnum árum og bitnar það beint og óbeint á tekjustofnum sveitarfélaga, en sveitarfélögin eru eins og allir vita skyldug til að sjá um þessi skil af sínum tekjustofnum.

Ég tel ekki, virðulegi forseti, ástæðu til að tala meira fyrir þessu máli. Þetta skýrir sig sjálft. Meginefnið er að af þessum skuldum verði heimilt að reikna dráttarvexti eins og er hjá öðrum innlánsstofnunum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands þar um.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn. og ég bendi á að það er gert ráð fyrir því að þetta mál fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Mér hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 7. apríl 1986:

„Þar sem Albert Guðmundsson 1. þm. Reykv. er erlendis í opinberum erindum og getur ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans ósk með tilvísun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis, þar sem 1. varamaður getur ekki tekið sæti og 2. varamaður situr á Alþingi, að óska þess að 3. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Jón Magnússon lögmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Jón Magnússon hefur áður átt sæti á Alþingi og kjörbréf hans því verið rannsakað. Hann er boðinn velkominn til starfa.

Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv. 396. mál (þskj. 729). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Í 1. gr. þeirra laga segir m.a. að það sé tilgangur þeirra að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. En vegna náttúrufars og legu landsins er ekki unnt að tryggja nægjanlegt framboð allt árið á vissum tegundum búvara, t.d. garðávöxtum, grænmeti og oft kartöflum vegna þess að árferði er þá líka misjafnt. Verður þá að flytja þessar vörur inn, en í ýmsum tilvikum eru hinar erlendu vörur greiddar verulega niður af þarlendum stjórnvöldum. Að vísu lækkar oft verð þegar innlend framleiðsla kemur á markað, eins og gerist á vorin þegar gúrkur og tómatar koma á markað, en með aðrar tegundir er þessu öfugt farið og þá af fyrrnefndum ástæðum. En þegar innlend framleiðsla er enn á markaði en innflutningur þarf samt að verða raskar innflutningur á lægra verði mjög samkeppnisaðstöðu innlendu framleiðslunnar og skerðir möguleika innlendra framleiðenda til að tryggja nægjanlegt vöruframboð í framtíðinni. Þessar aðstæður hafa m.a. gert innlendum fyrirtækjum sem vinna úr kartöflum erfitt fyrir í samkeppni við niðurgreidda erlenda framleiðslu.

Í frvgr. er lagt til að landbrn. verði veitt heimild til að leggja sérstakt jöfnunargjald á innfluttar búvörur sem lið í stjórn búvöruframleiðslunnar og ná þannig fram áðurgreindum tilgangi laganna.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Ég veit ekki hvort maður á að dæsa eða fórna höndum til himins yfir hugmyndaflugi manna til þess að komast yfir aur eða réttara sagt til að koma á einhvern hátt í veg fyrir það að fólk geti notið þeirrar litlu hagsældar sem hugsanlega hlýst af því að eiga þess kost að kaupa ódýrar innfluttar landbúnaðarvörur. Hvort einhverjar aðrar þjóðir kjósa að greiða niður sína landbúnaðarframleiðslu er þeirra mál. Það er ekki okkar mál. Aftur á móti, ef við getum átt þess kost að kaupa þessa sömu niðurgreiddu vöru á miklu lægra verði en við getum framleitt hana fyrir hérlendis, skil ég ekki hvers vegna íslenskir neytendur mega ekki eiga þess kost. Hvers vegna í ósköpunum þarf að koma í veg fyrir að þeir geti það? Verðstýring með þessum hætti, sem hérna er verið að leggja til, er mér algerlega á móti skapi. Ég tel að hún gangi gersamlega gegn hagsmunum neytenda í þessu landi og vil þess vegna fyrir mitt leyti lýsa yfir algerri andstöðu minni við þetta frv. og mótmæla stjórnvaldsathöfnum af þessu tagi.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Mér finnst skorta allar skýringar frá hæstv. landbrh. um nauðsyn þess að innheimta þetta sérstaka jöfnunargjald af innfluttum búvörum. Það stendur að vísu í athugasemdum við þetta lagafrv.:

„Vegna náttúrufars og legu landsins er ekki unnt að tryggja nægjanlegt vöruframboð allt árið á vissum tegundum búvara, t.d. garðávöxtum, grænmeti og oft kartöflum. Verður því að flytja þessar vörur inn, en í ýmsum tilvikum eru hinar erlendu vörur greiddar niður verulega af þarlendum stjórnvöldum. Þegar innlend framleiðsla er enn á markaði raskar innflutningur þessara vara því mjög samkeppnisaðstöðu innlendu framleiðslunnar og skerðir möguleika innlendra framleiðenda til að tryggja nægjanlegt vöruframboð í framtíðinni."

Hvernig ber að skilja þetta? Ég óska eftir því að hæstv. landbrh. skýri þetta.

„Þessar aðstæður hafa m.a. gert þeim innlendu fyrirtækjum sem vinna úr kartöflum erfitt fyrir í samkeppni við niðurgreidda framleiðslu erlendis frá."

Hér er um allt annað að ræða en grænmeti. Hér er um að ræða unnar vörur. Mér sýnist að með þessu eigi enn að fara að hygla þeim gæluverkefnum sem þessar kartöfluverksmiðjur eru og það eigi að ganga enn á hlut neytenda. Það væri fróðlegt að fá frekari skýringar á þessu og hvað það er hár skattur sem ætlunin er að leggja á neytendur með þessum lögum, hvað það sé áætlað t.d. í krónum. En það gefst tækifæri til að fá upplýsingar um þetta í þeirri nefnd sem um málið mun

fjalla undir ágætri forustu hv. 11. landsk. þm. sem væntanlega er ekki allsendis ókunnur þessum málum. En hér skortir mjög á allar skýringar og þetta er enn eitt dæmi um að hér á að fara að leggja viðbótarskatt á neytendur.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Tilgangur þessa frv. er, eins og ég sagði, að jafna verð milli innfluttrar og innlendrar framleiðslu og að sjálfsögðu mundi það álag sem kæmi á hina innfluttu vöru verða til þess að lækka verð hinnar innlendu framleiðslu á móti þannig að heildarútkoman fyrir neytendur ætti þá að vera hin sama. En í þeim tilvikum þegar ekki er nægjanlegt framboð á innlendu vörunni en þó nokkuð af henni á markaði, eins og gerist árlega með suma gróðurhúsaframleiðslu, er vitanlega ákaflega erfitt þegar innflutta framleiðslan er vegna niðurboðs erlendis á miklu lægra verði en hin innlenda framleiðsla. Ef þannig væri komið í veg fyrir að innlendir framleiðendur gætu losnað við sínar vörur á vissum árstímum gerir það þeirra samkeppnisstöðu til frambúðar lakari. Ég held að það ætti mönnum að vera augljóst.

En eins og hv. 5. landsk. þm. sagði mun landbn. fjalla ítarlega um þetta mál og þá mun formaður hennar að sjálfsögðu afla allra þeirra upplýsinga sem óskað er eftir um það.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það virðist vera kjarni þessa máls að í þeim tilvikum þegar flutt er til landsins erlend landbúnaðarframleiðsla, sem lækkuð hefur verið verulega í verði áður en hún er flutt hingað heim vegna sérstakra aðstæðna úti í löndum, sé heimilt að leggja toll á þennan innflutning til varnar íslenskri framleiðslu. Það er sem sagt verndartollur sem hér er um að ræða. Þannig skil ég þau orð í athugasemdum við frv. þegar segir að eigi að reyna að tryggja nægilegt vöruframboð í framtíðinni. Auðvitað er augljóst mál að miklar verðsveiflur á erlendri framleiðslu, sem flutt er til landsins, gætu hreinlega gengið af innlendri framleiðslu dauðri og því er nauðsynlegt að tryggja ákveðið jafnvægi í verði innfluttrar vöru til að koma í veg fyrir að innlend framleiðsla verði fyrir óbætanlegu tjóni. Þetta held ég að sé kjarni málsins og ekki kannske ástæða til að stökkva upp á nef sér þótt ráðstafanir af þessu tagi séu gerðar.

Við verðum að horfast í augu við að erlendar landbúnaðarvörur lúta dálítið öðrum lögmálum á markaði en önnur framleiðsla. Þar gætir verulegra verðsveiflna sem ekki stafa af markaðsástæðum, ekki eiga rót sína í raunverulegri kostnaðarhlutdeild vörunnar, þ.e. hvað kostar að framleiða hana, heldur stafar af ákvörðunum stjórnvalda sem þurfa að losna við umframbirgðir og greiða því niður landbúnaðarvörur í stórum stíl. Þetta er hægt að gera í sambandi við landbúnaðarvörur, en þetta verður hins vegar tæpast gert á öðrum sviðum sambærilegum vegna þess að samningar um Efnahagsbandalag og EFTA hindra það. Þjóðirnar í Evrópu eru miklu frjálsari að búa til gerviverð á landbúnaðarvörur en á aðrar vörur og þar af leiðandi verðum við bersýnilega að bregðast við með dálítið öðrum hætti þegar um er að ræða samkeppni af þessu tagi en ef um væri að ræða venjulega landbúnaðarframleiðslu. Þetta finnst mér allt vera rök fyrir því að ráðstafanir af þessu tagi séu ekki alveg út í bláinn og að sjálfsagt sé að skoða efni þessa frv. með jákvæðu hugarfari því að það er áreiðanlega sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna, bæði framleiðenda og neytenda, að íslensk framleiðsla leggist ekki niður af tilviljunarkenndum ástæðum á erlendum mörkuðum.

Ég vil taka það fram að ég hef verið hlynntur því að reynt yrði að greiða fyrir auknu framboði á grænmeti hér á landi. Ég held að það sé afar þýðingarmikið fyrir heilbrigði landsmanna að þeir eigi kost á fjölbreyttu úrvali af grænmeti allan ársins hring. Ég hlýt að viðurkenna að það hefur oft nokkuð skort á að svo væri. Þetta hefur verið að þróast til hins betra í seinni tíð og ég fagna því mjög. Ég held að það hafi verið nauðsyn að losa þarna um þannig að hægt væri að auka fjölbreytni í grænmetisframboði á innlendum markaði. En ég er alfarið á móti því að innflutt samkeppni, sem í mörgum tilvikum er í raun og veru mjög óeðlileg og óheiðarleg vegna þess að hún byggir á stórfelldum, kannske tímabundnum niðurgreiðslum, sé látin eyðileggja íslenska grænmetisframleiðslu. Við verðum svo sannarlega að vera þar á varðbergi. Því endurtek ég að mér finnst sjálfsagt að velta fyrir sér efni þessa frv. með jákvæðu hugarfari og afla upplýsinga um það í nefnd, enda þótt ég áskilji mér að sjálfsögðu allan rétt til að móta afstöðu mína til þess að nánar athuguðu máli.

Jón Magnússon: Virðulegi forseti. Ágætu þingdeildarmenn. Þar sem ég tók sæti á Alþingi í forföllum Alberts Guðmundssonar núna rétt áðan hef ég að sjálfsögðu haft ákaflega takmarkaðan tíma til að kynna mér efni þessa frv., en þetta er út af fyrir sig atriði sem ekki er nýtt af nálinni né þau rök, sem færð eru fram hér, að með tilliti til erlendra niðurgreiðslna sé afsakanlegt að leggja sérstakan aukaskatt eða aukatolla á ákveðnar tegundir af innfluttum landbúnaðarvörum. Ég hygg að ef við ætluðum að fylgja þessu varðandi innflutning almennt gæti hið háa Alþingi setið eingöngu yfir því verkefni að setja lög varðandi þau atriði. Mér finnst mjög eðlilegt að það sé litið á alla atvinnustarfsemi með sama hætti, hvort sem hún heitir búvöruframleiðsla, iðnaðarframleiðsla eða sjávarútvegur. Hér er á ferðinni enn eitt dæmið um að það á að setja sérreglur fyrir búvöruframleiðnina. Og hvað þýða í raun þessar sérreglur? Þær þýða í raun að verðlag til neytenda hækkar. Það er hægt að halda uppi óarðbærri framleiðslu.

Það var sagt áðan í umræðunni að það bæri að tryggja að íslensk framleiðsla leggist ekki niður. Að sjálfsögðu ber að standa vörð um að íslensk framleiðsla leggist ekki niður svo fremi það sé nokkurt vit að halda framleiðslunni áfram. En ef framleiðslan er með þeim hætti að það sé til verulegs kostnaðarauka fyrir þorra fólks að kaupa framleiðsluna en ef væri um innfluttar vörur að ræða, arðsemin er engin, jafnvel tap á rekstrinum, þá á að sjálfsögðu að leggja framleiðsluna niður.

Í athugasemdum við frv. þetta er sérstaklega vikið að vissum tegundum búvara, þ.e. garðávöxtum, grænmeti og oft kartöflum. Svo vill til varðandi niðurgreiðslu á búvörum í Efnahagsbandalagslöndunum og í Bandaríkjunum að þær búvörur sem helst eru niðurgreiddar eru mjólk, kjöt og fóður til þessarar framleiðslu. Aftur á móti eru grænmeti og garðávextir óvíða niðurgreidd og mun minna, þar sem það er gert, en hinar vörutegund-

irnar. Þetta verður að hafa í huga þegar hér er fjallað um þetta mál.

Í raun sýnist mér að hér sé verið að leggja til mjög óeðlilega skattheimtu sem leggjast eigi beint á neytendur til að reyna að halda uppi óarðbærum atvinnurekstri. Þess vegna get ég ekki annað en greitt atkvæði gegn þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, stjfrv. 350. mál (þskj. 638). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Þær breytingar sem hér er fjallað um eru í fyrsta lagi að leitað er heimildar til að halda áfram niðurfellingu á útflutningsgjaldi af fóðurlýsi með sama hætti og s.l. tvö ár, en það fyrirtæki sem einkum annast framleiðslu á því hefur verið að leita nýrra markaða og hefur þótt eðlilegt að fella niður útflutningsgjald af því meðan svo stendur á, en hér er um tiltölulega litlar fjárhæðir að ræða.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Landssamband smábátaeigenda fái hlutdeild í útflutningsgjaldi. Þessi hlutdeild er jafnstór hluti af heildarupphæð til hagsmunasamtaka og nemur áætlaðri hlutdeild útflutningsverðmæta í afla smábáta af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða. Smábátaeigendur hafa vissulega gert kröfu um hærri hlutdeild, m.a. með þeim rökum að opnir bátar eigi ekki aðgang að Úreldingarsjóði og séu ekki skyldutryggðir.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir niðurfellingu útflutningsgjalds af skreið sem framleidd var fyrir 31. des. 1984 og flutt út eftir 1. jan. 1986. Þetta er í samræmi við samþykkt ríkisstj. 18. febr. s.l., en þar var jafnframt ákveðið að falla frá innheimtu gengismunar af skreið.

Nú hefur nefnd sem fjallað hefur um starfsemi sjóða sjávarútvegsins skilað áliti og hefur því frv. verið dreift til þm. til athugunar. Það frv. hefur vissulega nokkur áhrif á frv. sem hér hefur verið lagt fram, en hins vegar er ljóst að þar getur verið um mismunandi gildistíma að ræða og ef það frv. verður lagt fram næstu daga, sem ég vænti, mun sjútvn. Nd. jafnframt fá það til meðhöndlunar og þá mun þurfa að samræma þau tvö frv.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Útflutningur hrossa, frv. 337. mál (þskj. 620). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Þjóðfundur um nýja stjórnarskrá, frv. 273. mál (þskj. 508). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Þetta mál, sem hér um ræðir, er flutt í annað sinn, var flutt á síðasta þingi. Það kom að vísu í þetta sinn ekki fram fyrr en eftir áramót og af ýmsum orsökum, sem ekki varð e.t.v. ráðið við, hefur dregist að framsaga fari fram fyrir málinu. Þar sem sýnt er að stutt er til þingloka og með öllu útilokað að þetta mál fái tilhlýðilega meðferð, hvað þá heldur afgreiðslu, dreg ég málið til baka og æski þess að það verði þar með tekið út af dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Hv. flm. hefur óskað eftir að kalla þetta mál til baka og sér forseti ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það og ef ekki koma athugasemdir frá öðrum hv. þingdeildarmönnum er orðið við þeirri beiðni og málið þar með kallað til baka.

Opinberar framkvæmdir, frv. 342. mál (þskj. 626). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Á þskj. 626 mæli ég fyrir frv. til l. um breytingar á lögum um opinberar framkvæmdir, nr. 63 frá 12. maí 1970. Frv. er í tveim greinum.

1. gr. hljóðar þannig, með leyfi frú forseta:

„Við 13. gr. laganna bætist ný mgr. er hljóðar svo:

Útboð opinberra framkvæmda, þar sem gert er ráð fyrir breytanlegu verði, skulu gerð á grundvelli viðauka við „almenna skilmála um sölu og uppsetningu á tækja- og vélbúnaði til innflutnings og útflutnings, nr. 188A“ sem samdir voru á vegum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf í mars 1957“.

Grg. með frv. er stutt og liggja til þess þær orsakir að ég hef flutt annað frv. um almennar reglur um högun framkvæmda, opinberra og ekki opinberra, sem lúti sömu skilyrðum og getið er um í viðauka við bókun 188A eins og kallað er. Hinar raunverulegu ástæður fyrir flutningi þessa frv. eru ekki mjög flóknar, en að mínu viti í raun og veru fullnægjandi til þess að frv. sé ekki hið einasta afgreitt hratt heldur líka samþykkt. Með því að nota þær viðmiðanir við ákvarðanir á verðbreytingum sem hér er verið að ræða um yrðu verðbótagreiðslur opinberra aðila minni en þær eru í dag. Það eitt ætti að nægja til þess að almennur vilji væri fyrir samþykkt þessa frv. því að með því er dregið beint úr útgjöldum opinberra aðila.

Að auki eykur frv. sem þetta eða skilyrði þau sem í því felast enn fremur ábyrgð verktaka í viðskiptum við hið opinbera og það eykur líka yfirsýn manna yfir verð og afdrif eigin fjár í verksamningum hins opinbera.

Að lokinni þessari umræðu, frú forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Frídagur sjómanna, frv. 367. mál (þskj. 664). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Það er alllangt síðan liðið að íslenskir sjómenn helguðu sér sinn hátíðisdag, fyrsta sunnudag í júnímánuði, og efndu þá til sérstakra hátíðarhalda. Það hefur lengi verið baráttumál íslenskra sjómanna og þeirra samtaka að þessi fyrsti sunnudagur væri almennur frídagur hjá sjómönnum, en á það hefur skort. Það hefur ekki verið svo sem alkunna er. Þessi dagur hefur ekki verið lögskipaður frídagur og þar af leiðandi ekki verið almennur frídagur hjá sjómönnum, enda þótt allmargir sjómenn hafi vissulega átt frí þennan dag.

Ég hreyfði þessu máli í fyrra hér á hinu háa Alþingi og spurði hæstv. sjútvrh. hvort hann hygðist beita sér fyrir því að sjómannadagurinn yrði lögskipaður frídagur og að það gerðist á því þingi sem þá var háð. Í svari sínu sagði hæstv. sjútvrh. m.a.:

„Ég hef, þrátt fyrir mínar yfirlýsingar, ekki viljað beita mér fyrir því á þessu þingi að svo verði, en tel hins vegar sjálfsagt að taka það upp á næsta þingi, enda stutt eftir af þessu þingi og ekki öruggt að slíkt mál næði hér fram að ganga nema mjög góð samstaða væri um það."

Nú eru eftir u.þ.b. þrjár vikur af þinginu og í lok þessarar viku er liðinn sá frestur sem þm. hafa skv. þingskapalögum til að leggja fram ný mál án þess að afbrigði séu veitt. Það bólar ekkert á frv. til laga um þetta efni frá ríkisstj. Því hef ég ásamt hv. 6. landsk. þm. leyft mér að flytja frv. til laga um frídag sjómanna. Það er eins og áður sagði í beinu framhaldi af því sem sagt var hér á Alþingi í fyrravor.

Þetta frv. er mjög stutt og skýrt og ætti ekki að þurfa að hafa um það mörg orð. 1. gr. þess hljóðar svo:

„Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur íslenskra sjómanna."

Og 2. gr.:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þetta frv. er sniðið eftir öðru frv. sama efnis, frv. um að 1. maí skuli vera almennur frídagur hér á landi, og ástæðulaust að vera með neinar málalengingar í því efni. 1. gr. laganna segir það sem segja þarf.

Hæstv. sjútvrh. tók því vel í fyrra að beita sér fyrir þessu máli og hann hefur raunar í ræðum áður gefið yfirlýsingar um að þetta bæri að gera, en einhverra hluta vegna hefur ekki orðið úr framkvæmdum og væri ekki ófróðlegt, ef hæstv. sjútvrh. er staddur hér í húsinu, að fá skýringar hans og afstöðu til þessa máls. En annars, virðulegi forseti, legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. allshn. þessarar deildar og 2. umr.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér hefur verið lagt fram er ekki mikið að efni til eins og hv. frsm. gat um, en hérna er um stórt og merkilegt mál að ræða. Það hefur verið í mörg ár talað um að tryggja sjómönnum veru í höfn hjá sínum aðstandendum á sjómannadaginn, en það hefur nokkuð vafist fyrir mönnum hvernig framkvæma skuli. Ég held að það sé hægt að finna á þessu lausn nema kannske helst hvað snertir kaupskipin. Við sjáum að það gengur ekki upp að þau hagi siglingum eftir því hvernig á stendur um sjómannadag, enda veit ég að það er ekki meining flm. heldur snertir frv. hinn almenna veiðiskap og þau skip sem þannig háttar til með að ófært er að senda þau á veiðar kannske daginn fyrir sjómannadag eða stilla inn á það að fara út að morgni eftir sjómannadaginn o.s.frv. Þetta ætti að vera hægt að lagfæra.

Ég mæli með því að leitað sé leiða til að koma þessari reglu á. Ég á sæti í þeirri nefnd ásamt flm. sem um þetta mun fjalla. Ég skal leggja því máli lið að við reynum að finna leiðir til þess að þessu sjálfsagða hagsmunamáli sjómanna sé hrundið í framkvæmd.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég mun, eins og þeir Vestlendingar, styðja þetta frv. og tel reyndar sjálfsagt að sjómönnum verði tryggðir kannske fleiri frídagar en þessi eini. Það er a.m.k. alveg sjálfsagt að þessi frídagur, sem þeir hafa valið sér og búnir að hafa í líkast til 50 ár, sé viðurkenndur. Ætli það hafi ekki verið 1936 eða um það leyti sem sjómannadagur er fyrst haldinn hátíðlegur, en allt þetta tímabil hefur ekki fengist viðurkennt af löggjafanum eða útgerðaraðilum að þessi dagur væri bundinn frídagur sjómanna.

En ég bendi flm. á og nefndinni að það er trúlegt að ekki sé hægt að staðfesta lagagreinina eins og hún er til að tryggja að hinn raunverulegi sjómannadagur verði lögskipaður frídagur vegna þess að upp á fyrstu helgina í júní ber stundum hvítasunnudag og þá hefur sjómannadagurinn verið næstu helgi þar á eftir. Þetta fellur ekki saman þannig að það þarf að taka fram í lagatextanum að þegar þessi dagur kemur upp á hvítasunnudag sé það næsti sunnudagur á eftir.

Eins og ég sagði áðan teldi ég að það ætti, a.m.k. nú um stundir, að tryggja að sjómenn hefðu fleiri lögskipaða frídaga en þennan. Á meðan við skömmtum sjómönnum ákveðið aflamagn til að sækja í sjóinn væri eðlilegt að það væru lögskipaðir frídagar fyrir þessa stétt manna, frídagar sem almenningur í landi telur sjálfsagða, eins og hvítasunna, eins og páskar, eins og 1. maí. Það er nú talið sjálfsagt að sjómenn stundi sjóróðra á þessum dögum og jafnvel jóladaginn sjálfan. Það eru hvergi lög fyrir því að íslenskir sjómenn skuli halda hátíðlegan jóladaginn.

Ég vil vekja athygli á í sambandi við þetta sjálfsagða mál að það er mjög athugandi og við ættum að líta á það, a.m.k. ef svipuð lagasetning um fiskverðsstjórn og nú er í gildi kemur inn á hv. Alþingi eftir tvö ár, þó að við sem nú sitjum hér verðum ekki hér, að það verði bundnir frídagar í tengslum við aflastjórnina.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það er reynsla mín af sjómönnum að þeir vilji ekki láta afmarka of mikið það svigrúm sem þeir hafa til veiða, hvorki með lagasetningu með né á móti um skipun frídaga. Ég segi þetta í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það hentar sums staðar við landið t.d. að hafa frí um páska, en á öðrum stöðum ekki. Þetta fer mjög eftir því hvernig fiskur gengur og fiskur veiðist. Þarna á ekki saman í rauninni þegar nefnd eru slík dæmi.

Hitt er annað að það mál sem hv. málshefjandi fjallaði um er mjög mikilvægt mál og ég vil taka undir það í alla staði. Það er auðvitað ekki sanngjarnt á neinn hátt að sjómenn skuli ekki hafa löggiltan frídag á sjómannadaginn. Ég vil taka undir það. Það eru auðvitað ákveðin framkvæmdaratriði sem þarf að hnýta upp í þessu sambandi. Eins og hér hefur komið fram má

sérstaklega benda á kaupskipaflotann. Þar horfir allt öðruvísi við og illt að skipuleggja slíkt. En víst eru farmenn sjómenn. Þarna er atriði sem þarf auðvitað að fjalla um.

Það má benda á það einnig í sambandi við þá vinnu sem mun fara fram í hv. nefnd sem tekur við málinu að það er ekki aðeins hvítasunna sem getur stangast á við hinn hefðbundna dag sjómanna heldur einnig kosningadagur. Miðað við þær reglur sem nú gilda getur slíkt komið fyrir tvisvar, þrisvar á öld. Þarna þarf einnig að stilla dæminu upp þannig að það sé á hreinu hvenær sjómannadagur er miðað við tungl og annað sem ástæða þykir að taka tillit til.

En þetta er gott mál og ég vil taka undir það að unnið sé að því að ná þar höfn sem flm. leggja til.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Varðandi þá ábendingu, sem fram kom hjá hv. 4. þm. Vesturl., þá er hún auðvitað rétt. Það ber að taka tillit til þess að þannig getur æxlast að fyrsti sunnudagur í júní sé hvítasunnudagur. Mér er ekki alveg ljóst hvort ábending hv. 3. þm. Suðurl. um kosningadag hefur nokkuð að segja í þessu sambandi. Ég held að það sé kannske minna. En allt kemur þetta til athugunar í nefnd.

En ég vildi aðeins þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað, góðar undirtektir. Mér sýnist að þær undirtektir sem málið fær við 1. umr. ættu að tryggja framgang þess með nokkuð fljótum og öruggum hætti í gegnum þessa hv. deild þegar sú nefnd, sem málið fær til skoðunar, hefur lokið sínum störfum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 7. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseta Nd. hefur borist bréf frá Guðmundi Einarssyni, 4. landsk. þm., þar sem segir að hann sé á förum til útlanda í opinberum erindum og geti ekki sótt þingfundi á næstunni. Hann fer fram á að 1. varamaður landskjörinna þingmanna Bandalags jafnaðarmanna, Kristófer Már Kristinsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru sinni.

Kristófer Már hefur setið á þessu þingi áður. Hann er kominn hingað til þingfundar. Það þarf ekki að kanna kjörbréf hans. Ég býð Kristófer Má velkominn til þingstarfa.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjfrv. 364. mál (þskj. 659, n. 694 og 711). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Lausaskuldir bænda, stjfrv. 365. mál (þskj. 660, n. 695 og 712). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Verkfræðingar, stjfrv. 312. mál (þskj. 577). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 73. fundur.

Mánudaginn 7. apríl, að loknum 72. fundi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjfrv. 364. mál (þskj. 659). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lausaskuldir bænda, stjfrv. 365. mál (þskj. 660). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. sem 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv. 199. mál (þskj. 578 (sbr. 299), n. 722). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 722 sem fjallar um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 7 frá 26. febr. 1975, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1972.

Frv. þetta er komið frá Ed. Þar hlaut það ítarlega athugun. Í þeirri deild voru bornar fram brtt. að því er varðaði fyrst og fremst orðfæri og þýðingu á þessum alþjóðareglum sem voru samþykktar í þeirri deild. Allshn. Nd. hefur kynnt sér frv. og rætt þessi atriði sérstaklega á fundi sínum og leggur til að frv. verði samþykkt í núverandi mynd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv. 73. mál (þskj. 718). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um varnir gegn mengun sjávar var flutt snemma á þinginu. Það er samið af nefnd sem í áttu sæti Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri, sem var formaður nefndarinnar, Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur í utanrrn., og Gunnar B. Guðmundsson, hafnarstjóri í Reykjavík. Með nefndinni starfaði sem ritari Gunnar H. Ágústsson, deildarverkfræðingur í Siglingamálastofnun ríkisins. Þessi nefnd skilaði þessu fullbúna frv. með ítarlegum athugasemdum og grg. á s.l. vori og var frv. lagt fyrir hv. Ed. óbreytt frá því sem nefndin lagði til.

Samgrn. annast nú framkvæmd átta alþjóðasamninga sem varða varnir gegn mengun sjávar og Ísland hefur staðfest. Með sérstökum lögum hafa ákvæði sjö þeirra lagagildi hér á landi. Þeir eru:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969.
2. Alþjóðasamningur frá 15. febr. 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum. Þessi samningur er almennt kallaður „Oslóarsamningurinn".
3. Alþjóðasamningur frá 29. des. 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna. Þessi samningur gengur undir heitinu „Lundúnasamningur".
4. Samningur frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum eða „Parísarsamningurinn" svonefndi.
5. Alþjóðasamningur frá 29. nóv. 1969 um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun.
6. Alþjóðasamningur um einkaréttarábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar.
7. Alþjóðasamningur frá 18. des. 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til þess að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Við staðfestingu 8. samningsins, en það er alþjóðasamningur frá 2. nóv. 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, öðru nafni „MARPOL", var ekki farin sú leið að lögleiða ákvæði samningsins heldur var samgrh. veitt heimild með lögum til að setja reglur um framkvæmd hans.

Í þeirri nefnd, samgn., sem fékk málið til meðferðar í Ed. kom fram í umsögnum sem bárust að nokkur ágreiningur var meðal aðila um málið, m.a. Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins. Til þess að ná nauðsynlegri samstöðu um málið var það tekið til athugunar að nýju í samgrn. og fjallað um það ásamt fulltrúum þeirra sem þetta mál varðar. Brtt. nefndarinnar eru niðurstaða þeirra viðræðna og um þær varð fullt samkomulag í Ed. nema að því er varðar 10. gr. frv. og þátt olíufélaganna í losun og eyðingu olíuúrgangs.

Brtt. sem samgn. Ed. lagði til má flokka í aðalatriðum í tvennt. Annars vegar eru þau ákvæði er lúta að mengun frá landstöðvum af völdum eiturefna og annarra hættulegra efna og hins vegar ákvæði 10. gr. um móttöku olíuúrgangs.

Þegar þessar brtt. voru lagðar fram var það gert með samþykki allra nefndarmanna þannig að um meðferð málsins náðist mjög góð samstaða og málið fór ágreiningslaust í gegnum Ed. og allar þær breytingar sem gerðar voru á frv. voru gerðar í fullu samráði við samgrn.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 24 shlj. atkv.

Verðbréfamiðlun, stjfrv. 202. mál (þskj. 721). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er samið af nefnd sem viðskrh. skipaði 15. febr. á s.l. ári. Í nefndinni áttu sæti Sigurgeir Jónsson, þá aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum, sem var formaður nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn voru Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri, Eyjólfur Konráð Jónsson alþm., Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður og Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti.

Í skipunarbréfi þessarar nefndar segir að henni sé falið að semja reglugerð um meðferð og sölu skuldabréfa og sé til þess ætlast að nefndin athugi hvort rétt sé að binda starfsemi verðbréfamiðlara við sérstakt starfsleyfi, svo og hvort ástæða sé til að herða á eftirliti með verðbréfaviðskiptum m.a. með kröfu um nafnskráningu skuldabréfa og upplýsingaskyldu verðbréfamiðlara gagnvart almenningi og stjórnvöldum. Þá var þess óskað að nefndin athugaði skattalega meðferð skuldabréfa og að hún gerði tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Með samningu þessa frv. og sömuleiðis frv. til laga um nafnskráningu skuldabréfa, sem einnig var lagt fram í Ed. Alþingis, hefur nefndin að verulegu leyti lokið

störfum. Hún á þó eftir að leggja fyrir ráðuneytið tillögur um skattalega meðferð skuldabréfa.

Samkvæmt þessu frv. verður starfsemi verðbréfamiðlara framvegis háð leyfi viðskrh. og skal veita leyfið að fullnægðum fastákveðnum skilyrðum. Jafnframt er lagt til að í starfsemi þessari verði að fylgja ákveðnum grundvallarreglum sem í senn er ætlað að tryggja öryggi þeirra sem eiga viðskipti við verðbréfamiðlara og að eftirlit megi hafa með þeirri starfsemi.

Fjh.- og viðskn. Ed. gerði nokkrar brtt. við þetta frv., sem ekki eru veigamiklar, en að öðru leyti stóð nefndin að sameiginlegu nál. og afgreiddi Ed. málið með brtt. sem eru á þskj. 640.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri, en legg áherslu á að hér er um neytendavernd að ræða. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þegar frv. til laga um Seðlabanka Íslands var til 1. umr. í hv. Nd. gerði hæstv. viðskrh. grein fyrir ýmsum málum sem óhjákvæmilegt væri að taka afstöðu til í tengslum við það frv. og viðskrn. hefði á prjónunum eða væri að leggja fram um það leyti. M.a. var þar um að ræða frv. til laga um verðbréfamiðlun, sem skömmu síðar var lagt fram í Ed., og frv. til laga um nafnskráningu skuldabréfa sem einnig var lagt fram í Ed. Nú hefur frv. um Seðlabanka Íslands verið til meðferðar í fjh.- og viðskn. hv. Nd. um nokkurt skeið, en hins vegar hefur sú nefnd af eðlilegum ástæðum ekki fengið til meðferðar 202. og 203. mál þessa þings sem hér er nú á dagskrá, þ.e. það fyrrnefnda, frv. um verðbréfamiðlun, er núna loksins komið frá Ed.

Hér er um að ræða gífurlega stórt mál og ég bendi á að Alþb. flutti snemma á þessu þingi frv. til laga um ráðstafanir til að koma í veg fyrir okurlánastarfsemi þar sem byggt var á sömu grundvallaratriðum og síðar birtust í þessum tveimur stjfrv. Annars vegar gerði frv. Alþb. ráð fyrir að verðbréfamiðlun yrði háð leyfum eftir alveg ákveðnum reglum, eins og gert er ráð fyrir í stjfrv., og hins vegar var í frv. Alþb. byggt á þeirri forsendu að skuldabréf væru alltaf skráð á nafn. Svokölluð handhafaskuldabréf, sem hafa verið uppspretta okurlánastarfsemi hér í landinu í vaxandi mæli á síðustu misserum, eru þannig felld niður.

Nú ber svo við að ofan úr Ed. berst okkur frv. til laga um verðbréfamiðlun, en frv. til laga um nafnskráningu skuldabréfa er hins vegar ekki komið hingað enn þá og mér er ekki kunnugt um að það sé komið út úr fjh.- og viðskn. hv. Ed. Ég tel að þessi mál séu svo skyld að það sé óhjákvæmilegt þegar við 1. umr. frv. um verðbréfamiðlun að spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort það sé ætlun ráðherrans og ríkisstj. að slíta þessi mál í sundur eða hvort einhver alvara var á bak við frv. ríkisstj. um nafnskráningu skuldabréfa og hvort það er þá ætlunin að reyna að knýja það mál til afgreiðslu ef nokkur kostur er á þeim tíu dögum eða svo sem eftir eru af starfsemi löggjafarsamkomunnar, þ.e. deildanna, ef þingi lýkur um sumarmál eins og gert hafði verið ráð fyrir og rætt hefur verið um.

Ég beini þessari spurningu til hæstv. viðskrh. því að ég tel óhjákvæmilegt að þessar upplýsingar liggi fyrir. Fari svo, mót vonum mínum, að ríkisstj. muni ekki leita eftir því eða meiri hlutinn á Alþingi að nafnskráning skuldabréfa verði að lögum mun ég fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að flytja brtt. við frv. um verðbréfamiðlun sem fela í sér þau ákvæði sem gert er ráð fyrir í frv. um nafnskráningu skuldabréfa og láta þá á það reyna hvort hér í Nd. er meiri vilji til að koma þessu máli fram en virðist vera í hv. Ed. þingsins.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að svara þeirri fsp. sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín. Ég get fullvissað hann um að minn ásetningur er óbreyttur, að frv. um nafnskráningu skuldabréfa nái fram að ganga alveg eins og frv. um verðbréfamiðlun svo og fleiri frv. sem liggja í nefndum. Ég hef hvað eftir annað rekið á eftir afgreiðslu þessa máls og veit ekki annað en að hún sé á næsta leiti. Ég tel að nafnskráning skuldabréfa sé nauðsynleg. Hún er ákveðið aðhald. Ég get ekki skilið að nokkur sé á móti því að skuldabréf séu skráð á nöfn, a.m.k. ekki þeir sem hafa ekkert að fela og þurfa ekkert að fela. Ég tel að í þessum frv. öllum sé veruleg neytendavernd sem ég tel mjög æskilega og í raun og veru nauðsynlega.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Á þessu stigi málsins eru aðeins örfá orð um þetta frv. til laga um verðbréfamiðlun.

Eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh. er megintilgangurinn með þessari frumvarpssmíð að binda starfsemi verðbréfamarkaða við sérstök starfsleyfi samkvæmt sérstökum skilmálum og að tryggja í annan stað aukið eftirlit með þessari starfsemi sem nú er á bernskuskeiði í landinu. Eitt meginatriði í erindisbréfi nefndarinnar var reyndar að athuga og fjalla um samræmingu á reglum um skattalega meðferð skuldabréfa og koma með tillögur til úrbóta í því efni, en eins og segir í grg. hefur nefndin enn ekki komist að því verki. En hún mun starfa áfram, skilst mér, og skila tillögum um það efni síðar.

Þessi tvö meginatriði, að koma lögum yfir verðbréfamarkaðinn samkvæmt sérstökum skilmálum um starfsleyfi og að tryggja eftirlit með þeirri starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum, eru auðvitað af hinu góða. Það er seinni þátturinn, eftirlitsþátturinn, sem einkum snertir aðra löggjöf sem nú er í meðförum þingsins, lög um Seðlabanka og um bankaeftirlit. Eitt með mörgum ágreiningsefnum um það er einmitt hvernig skuli haga starfsgrundvelli bankaeftirlitsins. Eru uppi ýmsar skoðanir á því. Samkvæmt fyrirliggjandi frv. er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið sé áfram deild í Seðlabanka og lúti stjórn bankastjórnar og bankaráðs, jafnvel þó forstöðumaður bankaeftirlits sé ráðherraskipaður, og er meira að segja þannig um hnútana búið að yfirmaður bankaeftirlitsins er jafnframt meðlimur stjórnarnefndar sem á að hafa eftirlit með starfsemi bankaráðsins. Þetta þykir mörgum heldur klúðurslegt og ýmsir hafa lýst þeirri skoðun sinni afdráttarlaust að best færi á því að bankaeftirlitið væri sjálfstæð stofnun, enda liggur fyrir á hinu háa Alþingi tillaga þess efnis að bankaeftirlitið verði algjörlega sjálfstæð stofnun og heyri beint undir ráðherra og viðskrn.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að þetta væri skynsamlegasta leiðin þannig að bankaeftirlitið hafi á sinni könnu eftirlit með Seðlabankanum sjálfum, viðskiptabönkum og verðbréfamarkaði. Þessi mál koma væntanlega til ítarlegrar umræðu þegar fjh.- og viðskn. deildar-

innar hefur skilað brtt. og nál. um fyrirliggjandi frv. um Seðlabanka.

Ég vil, herra forseti, nota tækifærið til að lýsa yfir ánægju minni með þær brtt. sem gerðar hafa verið á þessu frv. í meðförum fjh.- og viðskn. Ed. Að því er varðar II. kaflann, um leyfisveitingar, eru þessar brtt. tvennar, þ.e. í fyrsta lagi að fyrir utan persónubundið starfsleyfi, sem er háð sérstökum skilmálum, er bætt við tveimur skilmálum öðrum, í fyrsta lagi að umsækjandi setji bankatryggingu til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að vera gert að greiða viðskiptamanni og í annan stað að binda í lög að skylt skuli vera að löggiltur endurskoðandi annist endurskoðun verðbréfafyrirtækja.

Þá sýnist mér í fljótu bragði að því er varðar kaflann um eftirlit með starfsemi verðbréfamarkaða að það sé tvíþætt, í fyrsta lagi að engir annist þessa starfsemi aðrir en þeir sem fengið hafa tilskilin leyfi og í annan stað að nú eru skilgreind ákveðin grunnhugtök í lagatexta um þær lagaskyldur sem þeir þurfa að uppfylla í starfi sínu. En þriðji þátturinn kom til umræðu áður á hinu háa Alþingi og varðaði samskipti verðbréfamarkaðarins við almenning. Í því efni vísa ég til ræðu hv. 3. þm. Reykn. Kjartans Jóhannssonar sem gagnrýndi á sínum tíma mjög villandi ef ekki beinlínis rangar upplýsingar sem birtust í auglýsingum frá verðbréfafyrirtækjum og þá einkum og sér í lagi um ávöxtunarkjör.

Mér sýnist af brtt. fjh.- og viðskn. að tekið hafi verið tillit til þessarar gagnrýni, einkum og sér í lagi með þeim ákvæðum sem eru sett í brtt. með kröfum um upplýsingar um ávöxtunarkjör. Þá er gert ráð fyrir í brtt. að bankaeftirlitið sendi álitsgerð með þessum upplýsingum til viðskrh. og verðlagsráðs. Þetta var einmitt eitt meginatriðið í gagnrýni hv. 3. þm. Reykn. og virðist hafa verið tekið fullt tillit til þess. Ætlast er til að þessar upplýsingar til viðskrh. og verðlagsráðs verði sendar sérstaklega til verðlagsráðs og framkvæmd eftirlitsins tengist þannig ákvæðum V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en sá kafli fjallaði einkum um neytendavernd. Þannig getur verðlagsráð samkvæmt ákvæðum þessa kafla bannað athafnir sem í því felast að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum, enda séu þessar auglýsingar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteignaþjónustu eða annars sem þar er haft á boðstólum í atvinnuskyni.

Ákvæði brtt. um framkvæmd á refsiákvæðum sýnast mér fljótt á litið einnig vera til bóta þannig að ég vil í fljótu bragði lýsa heldur jákvæðri afstöðu til þessa máls og eins stuðningi við þær brtt. sem fyrir liggja á þskj. 640 frá fjh.- og viðskn. Ed.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við þetta frv. og ég held að það sé einboðið að lögfesta það á þessu þingi. Jafnframt vil ég láta koma fram að ég hef mikinn áhuga á framgangi frv. til laga um nafnskráningu skuldabréfa. Ég held að það sé mjög mikilvægt frv. og feli í sér nauðsynlega neytendavernd og dýrmæta. Ég fagna þess vegna yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um að hann sé að reka á eftir frv. og afgreiðslu fjh.- og viðskn. Ed. á því. Ég heiti því að fjh.- og viðskn. Nd. mun taka málið fyrir þegar það kemur eða ef það kemur til hennar og við munum reyna að sjá til þess að það strandi ekki í þeirri nefnd.

Ég minni enn fremur á frv. til laga, sem var í þessari kippu á sínum tíma og er enn, á þskj. 493, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningagerð, umboð og ógildingu löggerninga. Ég held að þar sé líka um mjög mikilvægt mál að ræða sem óhjákvæmilegt sé að taka afstöðu til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Vísitala framfærslukostnaðar, frv. 371. mál (þskj. 670). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 670 flytjum við þm. Alþb. í Nd. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 5 frá 1984, um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan kauplagsnefndar. Frv. er á þá leið að á eftir 1. málsgr. 2. gr. komi ný málsgr. sem orðist svo:

„Við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar skal strax og við verður komið að mati kauplagsnefndar reikna sérstaklega framfærslukostnað þess þriðjungs þátttakenda sem hafði lægst heimilisútgjöld samkvæmt neyslukönnuninni. Kauplagsnefnd skal gefa út á þriggja mánaða fresti upplýsingar um þróun framfærslukostnaðar samkvæmt þessari málsgrein. Þá skal kauplagsnefnd og láta reikna út breytingar á útgjöldum aldraðra og öryrkja sem einungis hafa lífeyri almannatrygginga.“

Tilgangurinn með þessu frv., herra forseti, er sá að tryggt verði í lögum að unnt verði bæði fyrir stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins að fylgjast með því hvernig þróun framfærslukostnaðar láglaunafólks er í landinu. Það er í rauninni aldrei fráleitara en einmitt nú að ætla sér að gera tilraun til að stjórna landinu eftir meðaltalsvísitölu. Það er fráleitara nú en nokkru sinni fyrr fyrst og fremst vegna þess að launamismunur er svo gífurlegur hér á landi um þessar mundir að það er alveg fráleitt að ætla að ákveða efnahagsráðstafanir eða taka meginákvörðun í kjaramálum einvörðungu út frá meðaltalsvísitölu. Það er hætt við því að slíkar ákvarðanir sneiði hjá garði þeirra sem helst þurfa á því að halda að kjaramálum þeirra sé sinnt, þ.e. láglaunafólksins í landinu.

Samkvæmt gildandi lögum stendur nú yfir neyslukönnun fyrir nýjan grunn vísitölu framfærslukostnaðar. Það er sem sagt verið að vinna þennan nýja grunn núna. Sú könnun, sem nú stendur yfir, hófst á s.l. ári og það er meiningin að ljúka úrvinnslu hennar á þessu ári. Þessi könnun, sem nú er verið að gera, er miklu víðtækari en sú könnun sem var byggt á við síðasta vísitöluútreikning og er gert ráð fyrir því að nýja könnunin nái til um 500 aðila víðs vegar á landinu, en síðast náði hún aðeins til 176 fjölskyldna í landinu þegar könnunin var gerð upp að lokum. Þá var eingöngu miðað við launavinnufjölskyldur og einvörðungu við hjón og sambýlisfólk. Ætlunin er nú að nýja neyslukönnunin nái miklu víðar. Verður því unnt við birtingu á niðurstöðum hennar að sýna fram á mismunandi neyslusamsetningu fólks eftir tekjum fjölskyldnanna eins og þetta frv. gerir reyndar ráð fyrir.

Tilgangurinn með frv. er ekki að fá mismunandi mælingar á verðbólgu, eins og gjarnan virðist ætlunin með vísitöluumræðu stjórnmálamanna. Það er auka-

atriði í þessu máli. Vísitölur mæla flestar sama eða nær sama verðbólgustigið yfir lengri tíma. Tilgangur frv. er hins vegar sá að tryggja að fram komi að vísitala meðalfjölskyldunnar og t.d. vægi bílsins eða búvörunnar er allt annað en hjá láglaunafjölskyldunum.

Í þessu sambandi má kannske minna á að þegar nýi vísitölugrundvöllurinn var tekinn upp sem viðmiðun við vísitölu framfærslukostnaðar urðu matvörur og þó sérstaklega búvörur miklu léttari í vísitölunni eins og það er kallað en áður var. Ég er þeirrar skoðunar að gamla vísitalan hafi þannig verið betri sem stjórntæki vegna láglaunafjölskyldna í landinu en nýja vísitalan er.

Nýlega komu fram upplýsingar um að verulegur hluti íslenskra fjölskyldna væri undir þeim mörkum sem í alþjóðlegum skýrslum eru kölluð fátæktarmörk. Tveir sérfræðingar sendu frá sér tilgátur í þessu efni, annar um að 17% allra fjölskyldna í landinu væru undir fátæktarmörkum sem svo eru kölluð, hinn að svo væri háttað um 20 000 fjölskyldur af 70 000. Ljóst er, hvor talan sem notuð er, að hér er um að ræða nýtt vandamál á Íslandi eftirstríðsáranna og það verður að taka á því tafarlaust.

Um leið og fátæktin hefur haldið innreið sína á íslensk heimili liggur fyrir að þjóðartekjur á mann eru á þessu ári einhverjar þær hæstu sem verið hafa hér á landi. Fjöldi hinna fátæku er því ekki aðeins til marks um ástand þeirra. Fjöldinn er líka til marks um að hinn fámenni og ríki minni hluti er efnaðri en nokkru sinni fyrr. Milli þessara þjóðfélagshópa er óbrúanlegt bil, milli hinna fátæku annars vegar og hins forríka litla minni hluta hins vegar. Því bili verður hins vegar ekki eytt með meðaltalsvísitölum. Það er liðin tíð að slíkar vísitölur séu nothæf stjórntæki. Þær eru hins vegar eða geta verið ágætur mælikvarði á verðbreytingar í heild, en veruleikinn á bak við vísitölurnar er svo mismunandi að fráleitt er að ætla að stýra þjóðfélaginu út frá einhverjum meðaltalsjóni.

Herra forseti. Ég hygg að það sé þarflaust að skýra efni þessa frv. nánar. Það er einfalt, skýrir sig sjálft, en þó mikilvægt til þess að unnt sé að gera sér grein fyrir því hvernig þróun útgjalda láglaunafjölskyldnanna er og að hvaða leyti hún er frábrugðin, sú útgjaldaþróun, þeirri vísitölu sem venjulega er miðað við, þ.e. meðaltalsvísitölu framfærslukostnaðar sem segir allt annað um neyslusamsetningu fólks en slík viðmiðunarvísitala fyrir tekjur og útgjöld láglaunafólks mundi segja.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að fjölyrða um þetta mál frekar. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frv. 338. mál (þskj. 621). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á Alþingi Íslendinga frv. til l. að nýrri stjórnarskrá. Þetta frv. hefur verið í smíðum í um þrjú ár, en hugmyndirnar á bak við það eru aftur á móti eldri. Samtök um jafnrétti milli landshuta spruttu upp þegar sýnt þótti að þeir sem ráða málum á Alþingi Íslendinga hefðu ekki hug á því að koma á nýrri stjórnarskrá fyrir landið, en vildu aftur á móti aðeins breyta þeim kosningalögum sem í gildi höfðu verið. Nefnd á vegum þessara samtaka samdi þetta frv.

Það er engum ljósara en mér að innan veggja þingsins og utan finnst flestum að of mikið sé í fang fært hjá einum þm. að ákveða að flytja frv. til l. að nýrri stjórnarskrá. Ég hefði gjarnan viljað að þetta verk hefði ég ekki þurft að vinna, en mér rennur blóðið til skyldunnar því að það kjördæmi sem ég er þm. fyrir hefur átt í vök að verjast hvað byggðaþróun varðar innan þess ramma sem núverandi stjórnarskrá hefur markað og beint íslensku þjóðfélagi í. Hún hefur óneitanlega leitt til svo yfirþyrmandi miðstýringar í landinu að það liggur við að hægt sé að segja að á sumum svæðum eigi menn hvorki að fæðast né deyja, það sé spurning hvort þeir eigi að vera þar miðbik ævinnar.

Þegar ég segi að stjórnarskráin íslenska, sú sem er í gildi, hafi leitt til þessarar miðstýringar hlýt ég að sjálfsögðu að verða að finna þeim fullyrðingum mínum stað. Ég viðurkenni það sem eðlilega þróun að það fjölgi í þéttbýli en fækki í sveitum. Tækni okkar tíma leyfir það. En meðan þann veg er háttað þeim efnalegu gæðum sem þessi þjóð lifir á að þau koma frá framleiðslustöðum hringinn í kringum landið byggt á tveimur beltum, græna beltinu upp frá ströndinni og því brúna sem liggur frá ströndinni, þ.e. lífríki sjávar, hlýt ég að verða að spyrja þeirrar spurningar: Hvers vegna þarf að standa þannig að uppbyggingu þjónustunnar að hún sé að mestu leyti staðsett á örlitlum hluta af landinu? Það er ekki náttúrulögmál. Það er mannanna verk. Náttúrugæði landsins liggja ekki að baki þeirri íbúaskiptingu sem nú er í landinu. Það eru stjórnvaldslegar aðgerðir og heimssögulegir atburðir, eins og heimsstyrjöldin síðari, sem koma þar við sögu.

Í stjórnarskránni er aftur á móti hvergi að finna neitt ákvæði er vinni gegn miðstýringu, en aftur á móti mörg sem stuðla að henni. Það er kosið með sama hætti til Ed. og Nd. Alþingis. Alþingi getur með almennum lögum ráðskast um hvaða landsvæði sem er eins og því sýnist. Með skattheimtu er fjármunum þjóðarinnar safnað saman, en miðstýringin ákveður hvar hin nýju störf verða til. Stjórnarskráin tryggir í reynd vöxt og viðgang Reykjavíkur, en hún tryggir ekki vöxt og viðgang neins landsvæðis annars.

Verði það frv. að lögum sem hér er lagt fram tryggir það vissulega viðgang Reykjavíkur, en það tryggir einnig viðgang landsins alls og uppbyggingu eftir því sem efnahagsleg hagsæld og fólksfjölgun leyfir. Höfuðborgin er og verður Reykjavík, en hún verður ekki eina borg Íslands.

Ég get ekki stillt mig um að lesa upp tölur um fólksþróunina á seinasta ári, 1985, til að undirstrika hvað þessi þróun er hröð og hvers vegna ég tel að það sé ekki hægt að bíða lengur með að hefjast handa og draga úr miðstýringunni. Það eru þrjár töflur sem ég ætla að lesa.

Sú fyrsta er um flutningsjöfnuð hinna ýmsu landsvæða gagnvart landsvæðum annars staðar á Íslandi og öðrum löndum. Suðurnesin tapa 106 íbúum í þessum flutningsjöfnuði, Vesturland tapar 157, Vestfirðir tapa 351, Norðurland vestra 83, Norðurland eystra 252, Austurland 136, Suðurland 268, höfuðborgarsvæðið bætir við sig 856 í þessum flutningsjöfnuði.

Í flutningsjöfnuði innanlands tapa Suðurnesin 56 íbúum, Vesturland 149, Vestfirðir 305, Norðurland

vestra 65, Norðurland eystra 150, Austurland 100, Suðurland 194, en höfuðborgin bætir við sig 1035.

Þriðja taflan fjallar um fólksfjölgun eða fækkun hinna ýmsu svæða. Suðurnesin bæta við sig á árinu 1985 45 íbúum, Vesturland tapar 14, Vestfirðir tapa 213, Norðurland vestra bætir við sig 27, Norðurland eystra tapar 24, Austurland bætir við sig 27, Suðurland tapar 25, höfuðborgarsvæðið bætir við sig 1831.

Þegar talað er um höfuðborgarsvæðið í þessari upptalningu er átt við sama landsvæðið og frv. kallar höfuðborgarfylkið. Nú er það svo með frjósemi kvenna, ef miðað er við lifandi fædd börn, að hún er mun meiri úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Það er ástæðan fyrir því að Suðurnes, Norðurland vestra og Austfirðir fá jákvæðar tölur í seinasta dálknum. Ég verð aftur á móti að segja eins og er að litlu verður Vöggur feginn ef fulltrúar þessara svæða líta svo á að ástandið sé eðlilegt miðað við þær tölur sem ég hef lesið upp.

Ég vil svo bæta því við að áætlaður íbúafjöldi um næstu aldamót hér á landi er talinn vera 262 þús. — og vel að merkja: Þeir árgangar Íslendinga sem eru að vaxa upp eru farnir að verða fámennari og fámennari. Það segir okkur m.ö.o. að sú íbúafjölgun sem verður til aldamóta mun ráða úrslitum um byggðaþróun í landinu, þ.e. hvar þeir íbúar muni búa ræður úrslitum. Þegar rætt er um hvort í landinu eigi að vera tvö eða þrjú stjórnsýslustig er það fyrst og fremst viðhorf manna til þess hversu mikla miðstýringu þeir vilja hafa í landinu hvort þeir aðhyllast tvö stjórnsýslustig eða þrjú. Það fer ekki milli mála að því er þröngur stakkur skorinn hvað hægt er að afhenda sveitarfélögum stór verkefni af þeirri einföldu ástæðu að stærð margra þeirra takmarkar möguleikana til að fást við stór verkefni.

Það sjá það t.d. flestir í hendi sér að það er ekki auðvelt að ætla að útdeila verkefnum annars vegar til sveitarfélags sem hefur um 400 manns eða til annars sem hefur yfir 10 þús. íbúa. Hér hlýtur það mjög að takmarkast hvað hægt er að fela sveitarfélagi með 400 manns að fást við. Gildi sömu reglur um öll sveitarfélög takmarkar það umsvif þeirra allra. Auðvitað er hægt að segja sem svo að sveitarfélög eigi að vinna saman. Rétt er það. En aftur á móti er spurning hvort það eigi að vera duttlungum háð, hvort það eigi að fara eftir því hvort menn úr sama stjórnmálaflokki stýri sveitarfélögunum eða yfirleitt eftir því hvort viðkomandi aðilum falli. Ég held að á þessu máli verði að taka af miklu meiri alvöru og undan því verði ekki vikist, vilji menn draga úr miðstýringunni, að setja upp þriðja stjórnsýslustigið það öflugt að hægt sé að fela því umsjá mjög margra þeirra málaflokka sem í dag eru rúmfrekastir í verkefnum hjá ríkinu.

Ég vil byrja á því að gera mönnum grein fyrir þeirri stöðu sem miðstýringin hefur fært okkur í gagnvart uppbyggingu landsins. Frá 1981 til 1985 að báðum árum meðtöldum flytja til Stór-Reykjavíkursvæðisins 4300 manns. Það má geta þess að á sama tíma eru um 87% þeirra nýju starfa sem verða til í þjóðfélaginu í þjónustu, 1985 verða um 90% nýrra starfa til í þjónustu og gera má ráð fyrir því að það sem eftir er af þessari öld sé ekki ólíklegt að um 90% nýrra starfa verði til í þjónustu. En eins og þjónustunni er háttað í dag verður mestöll þjónustan til á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Gera má ráð fyrir því að 80–90% af hinni nýju þjónustu verði til á því svæði að öllu óbreyttu.

Menn hafa verið með ýmsar hugleiðingar um hvernig atvinnuskipting þjóðarinnar gæti orðið um næstu aldamót. Ef þetta er skoðað í ársverkum má búast við því að í landbúnaði, þar sem nú eru um 7 þús. ársverk, verði eitthvað á bilinu 4–8 þús. ársverk. Það fer mjög eftir því hvernig til tekst með nýjar búgreinar. Í fiskveiðum má gera ráð fyrir því að það verði um 5500 ársverk um næstu aldamót, þ.e. svipað og er í dag. Í fiskvinnslunni er talið að fækka muni úr 10 þús. ársverkum niður í um 7 þús. ársverk vegna tækniframfara. Í iðnaðinum er ekki gert ráð fyrir því að fjölgi meira en úr 16 500 ársverkum í 17 500 ársverk, þ.e. um 1000 manns. Og í mannvirkjagerð er ekki hægt að gera ráð fyrir neinni aukningu. Það er hægt að hugsa sér að þar verði um 11 000 ársverk. Þessar spár, sem hér eru settar fram, eru hugleiðingar mínar í ljósi þeirra upplýsinga sem ég hef fengið um þessa hluti hjá þeim aðilum sem hafa verið að spá fram í tímann.

Í þjónustunni í dag eru um 62 000 ársverk. Heildarársverkafjöldi um næstu aldamót verður ca. 140 þús. ársverk. Þar er miðað við að atvinnuleysi herji ekki á Íslendinga í þeim mæli sem það er hjá nágrannalöndunum. Þessar tölur gefa vissulega tóninn um það hvaða fjölgun verður í þjónustunni á þessu tímabili. Það blasir því við hvort sem okkur líkar það betur eða verr að hún er orðin afgerandi sá þáttur sem tekur við mannaflaaukningunni. Ef við gerum ráð fyrir að ekkert verði að gert og miðstýringin haldi áfram er tómt mál að tala um að svæði eins og Vestfirðir haldi þeim mannafla sem þar er í dag. Það má gera ráð fyrir því að þar verði heldur fækkun á þessu tímabili til aldamóta.

Segja má um landið allt að ekki sé hægt að gera ráð fyrir neinni fjölgun utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Tækniframfarir í fiskvinnslu munu spara það mikinn mannafla að sá mannafli sem bætist við í þjónustu úti á landi mun aðeins jafna þessa tölu.

E.t.v. finnst mörgum að ég sé of svartsýnn þegar ég segi þetta. En ég vil bæta því við að allt útlit er fyrir að iðnaðaruppbyggingin verði mun meiri á Stór-Reykjavíkursvæðinu en annars staðar. Vonandi verður iðnaðaruppbyggingin veruleg því að þó að mannafli standi hér um bil í stað í iðnaði má gera ráð fyrir því að það verði fækkun á ýmsum þeim vinnustöðum þar sem nú er iðnaðarstarfsemi vegna tækniframfara, en nýir vinnustaðir með nýjum verkefnum taki við meiri mannafla.

Ég hygg að hver sá sem skoðar það af raunsæi hvar skynsamlegast sé að efla iðnaðinn hljóti að staðnæmast við aðalþéttbýlissvæði landsins. Það er sá innanlandsmarkaður sem skiptir höfuðmáli. Þar eru og greiðustu samgöngurnar við útlönd. Það er því rökrétt að gera ráð fyrir því að það svæði fái bróðurpartinn að iðnaðaruppbyggingunni.

Allt leiðir þetta hugann að því hvort menn vilja snúa sér að því í alvöru að koma þjónustunni út til fólksins eða hvort menn vilja halda áfram þeirri stefnu að auka miðstýringuna. Mér er þetta svo ríkt í huga vegna þess að sá stjórnmálaflokkur sem ég aðhyllist hafði það sem markmið í sinni fyrstu stjórnmálayfirlýsingu að vinna að framför landsins alls. Nú sýnist mér aftur á móti sem sumir menn þar séu gengnir í björg og skynji það ekki að sú miðstýring sem þeir styðja í dag þýðir ekki framför landsins alls. Hún þýðir aðeins framför ákveðins hluta af landinu.

Mér er ljóst að þeir eru til í voru landi sem telja að

einmitt á þennan veg eigi uppbyggingin að vera, það eigi ekki að vinna að framför landsins alls, það eigi fyrst og fremst að tryggja að hér á suðvesturhorninu sé lífvænleg byggð. Nú er það svo að ég hygg samt sem áður að sá hópur sé miklu stærri sem telji eðlilegt að byggja landið allt og nýta gæði þess, enda er það að mínu viti grundvallaratriði ef við ætlum að ná upp þeim hagvexti sem við þurfum.

Þá vaknar sú spurning hvort menn vilja stinga höfðinu í sandinn og neita að horfa á þær staðreyndir sem blasa við eða hvort menn vilja taka mið af þeim og vinna að þeirri þjóðfélagsbreytingu sem hefði í för með sér nokkuð jafna uppbyggingu alls staðar á Íslandi, þ.e. í öllum fylkjum landsins eins og þau eru sett fram í frv.

Ég ætla ekki að fara út í nákvæmar útskýringar á því hvaða þættir það eru sem skipta höfuðmáli þegar skoðað er hvaða þjónustu við þurfum að koma út á land. Ég vil aðeins byrja á að geta þess að Landspítalinn er fjölmennasti vinnustaður á Íslandi og uppbyggingu sjúkrahúss í hverjum fjórðungi ásamt aðstöðu fyrir aldraða og þeirri læknisaðstoð sem segja má að nái til fjöldans þarf að koma fyrir í hverju fylki fyrir sig. Það má vel vera að mönnum finnist að þessi hávísindalega grein sé þess eðlis að þetta séu draumórar. Ég held aftur á móti að í þeim tækniheimi sem við lifum í bendi allt til þess að megnið af þeim störfum sem unnin eru á spítala þróist yfir í það að hvorki stjórnunarlega séð né af öðrum ástæðum sé eitt eða neitt sem mæli gegn þessu.

Ég held að ef við höldum hinni stefnunni áfram að skilja eftir heilar sýslur án þess að þar sé t.d. eitt einasta elliheimili hljótum við að vera að flytja ekki aðeins gamla fólkið burtu heldur einnig störfin sem fylgja því að veita því umönnun og ættingja þeirra einnig. Það þarf ekki annað en skoða fjárlög íslenska ríkisins til að átta sig á því að heilbrigðisþjónustan tekur með örari hætti en nokkur annar geiri hins opinbera til sín stærri og stærri hluta af þeim fjárhæðum sem til skipta eru.

Hitt atriðið, sem ég tel að þurfi að leggja höfuðkapp á, er að koma skólunum út í fylkin. Þetta er hægt ef skólarnir verða í vaxandi mæli starfræktir sem fjölbrautaskólar en í minnkandi mæli sem sérskólar. Það má segja það sama um skólana og um sjúkrahúsin að stóraukin tækni og upplýsingastreymi, m.a. með fjarkennslu, ætti að auðvelda að hægt væri að stunda í gegnum fjölbrautaskóla það nám sem allur þorri manna stundar. Ég tel að með því að koma upp háskóla á Akureyri sé einnig stigið stórt skref í þá átt að hluti af því námi sem þeir stunda sem fara í háskóla verði utan höfuðborgarinnar og það geti orðið á fleiri stöðum þegar frá líði.

Allt eru þetta aðgerðir á þann veg að fjölga störfum í þjónustu úti á landi. Til þess að ná þeim árangri að æskan eigi möguleika á störfum úti á landi þarf einnig að taka þá ákvörðun að skipta niður mjög mörgum stofnunum, sem í dag eru reknar á landsvísu, þannig að þær verði reknar sem sjálfstæðar einingar í hverju fylki. Það verk þarf að vinna í áföngum. Það er heldur engin nauðsyn að hafa allar hinar nýju stofnanir á sama stað.

Sjálfstæðar þjónstustofnanir í hverju fylki verða því aðeins til að ríkið hætti að sjá um þjónustu á mörgum sviðum en feli fylkjunum að sjá um hana. Aðeins með þessu móti fást störf úti á landsbyggðinni í hverju fylki sem geta veitt hinni menntuðu æsku þessara svæða atvinnu. Þessi svæði verða látin greiða fyrir þessa þjónustu. Það vita allir. Spurningin er aðeins: Vilja þeir sem þar búa að þeir sem eru á launum hjá þeim búi innan hvers fylkis eða vilja þeir að miðstýringin flytji þá á brott til Stór-Reykjavíkursvæðisins?

Æskan hefur valið. Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið vill hún búa sem næst sínum átthögum. Með því að halda miðstýringunni áfram neyðum við hana aftur á móti til að flytja búferlum.

Herra forseti. Ég hef byrjað á að gera grein fyrir þeirri grundvallarbreytingu á stjórnkerfi landsins sem ég ætla að ágreiningur verði mestur um. Ég vil nú rekja þær breytingar sem ég tel helstar á hinum ýmsu ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Þær breytingar sem gerðar eru og snúa að forseta Íslands eru þær helstar að hann hafi ávallt stuðning meiri hluta þeirra er taka þátt í forsetakjöri þegar hann er kjörinn. Honum er ætlað að sitja sem hámark í átta ár. Ábyrgð hans skal ákveðin með lögum og honum er heimilt að segja af sér. Það er settur hámarkstími á hve lengi forseti getur beðið eftir því að þm. myndi ríkisstjórn er njóti meirihlutastuðnings eða hlutleysis Alþingis. Hafi ekki verið mynduð ríkisstjórn innan átta vikna ber forseta að skipa utanþingsstjórn.

Engin mismunun er lögð til á embættismönnum og öðrum ríkisstarfsmönnum í frv. Engan ríkisstarfsmann er heimilt að ráða ævilangt. Þingrofsrétturinn er mjög þrengdur og þarf Alþingi að samþykkja þingrof með ⅔ atkvæða hið minnsta.

Þm. halda umboði þar til á kjördegi. Það er jafnframt lagt til að Alþingi geti ekki samþykkt vantraust á ríkisstjórn nema fyrir liggi samstaða meiri hluta alþm. um val á nýjum forsrh.

Hér er lagt til að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram ef 20% þjóðarinnar óska þess og forseta er heimilt að óska eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrv. áður en hann skrifar undir það. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi fyrir Alþingi og forseta.

Þrengd eru ákvæði um útgáfu brbl. og sett það skilyrði að þau séu kynnt viðkomandi þingnefnd og þau séu lögð fyrir Alþingi strax og það kemur saman. Það verður einnig að vera búið að samþykkja þau innan þriggja mánaða frá því að þau voru lögð fram.

Frv. gerir ráð fyrir því að sett verði lög um stjórnmálaflokka og þeir verða að gera grein fyrir fjárreiðum sínum. Það er sett inn m.a. til að hægt sé að fylgjast með því hvort erlendir aðilar leggi til fé í stjórnmálastarfsemi á Íslandi.

Ríkisendurskoðunin er færð undir þingið.

Þrískipting valdsins er skert. M.a. mega ráðherrar ekki vera þingmenn. Þeir hafa þó seturétt á Alþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Lagt er til að dómstigin verði þrjú og það verði betur skilið frá framkvæmdavaldinu á þann veg að stjórnsýslu- og lögreglustjórn verði ekki í höndum dómara.

Lagt er til í frv. að landinu verði skipt í fimm fylki og að kosnir verði til Ed. 15 þm., 3 frá hverju fylki, en til Nd. 31 þm. og er þar gengið út frá því að að baki hverjum þm. standi því sem næst jafnmargir kjósendur í öllum fylkjum. Þetta þýðir í reynd að ekkert fylki getur fengið meiri hluta í báðum deildum þingsins. Aftur á móti getur meiri hluti þjóðarinnar bundið hvora þingdeildina sem er í afstöðu sinni í þjóðaratkvæði.

Fylkjafyrirkomulagið er vel þekkt frá Norðurlöndum

og sambandslýðveldin eru með áþekkt form. Þar er það m.a. höfuðreglan að kosið er til þingdeilda eftir mismunandi aðferðum og viðurkennt að það er nauðsynlegt til þess að gæta jafnvægis í ríkinu. Þetta er algengasta fyrirkomulagið hjá þeim lýðræðisríkjum sem virtust eru í heiminum.

Í skýringum við 29. gr. er þetta orðað svo:

„Algengasta fyrirkomulag þjóðþinga lýðræðisríkja Evrópu, Norður-Ameríku og Ástralíu er að starfandi eru tvær þingdeildir. Er kosið til annarrar með hliðsjón af sem jöfnustu vægi atkvæða, en til hinnar með hliðsjón af hagsmunum héraða eða landshluta en íbúatalan ekki lögð til grundvallar."

Það er aftur á móti nýmæli hér að lagt er til að fylkisbanki sé í hverju fylki og hann sjái um bindiskyldu fylkisins og fylkisbankarnir sjái sameiginlega um gengisskráninguna. Hér hafa þær aðstæður skapast hvað eftir rannað að æskilegt er vegna þenslu á ákveðnum svæðum að hafa bindiskyldu ekki þá sömu hvar sem er á landinu.

Varðandi gengisskráninguna fer það ekki á milli mála að sérstaða Íslands liggur m.a. í því hve erlend viðskipti eru hlutfallslega mikil miðað við þjóðarframleiðslu og þau svæði landsins sem mest hafa lagt af mörkum hlutfallslega í erlendum gjaldeyri hafa oft verið neydd til þess að láta hann af hendi undir sannvirði um lengri eða skemmri tíma. Afleiðing þessarar stefnu er að eiginfjárstaða fyrirtækja í útflutningi hefur hvað eftir annað verið rústuð og ríkisvaldið misnotað gengisskráningarvaldið til að draga úr verðbólgu en ekki hirt um erlenda skuldasöfnun og öll vitum við hver afleiðing þessa hefur orðið. Hér er sem sagt unnið gegn miðstýringunni.

Í frv. er gert ráð fyrir því að réttindi almennings séu aukin, m.a. með rétti til að koma á þjóðaratkvæðagreiðslu og að hún er bindandi fyrir þingið og forsetann. Einnig er lagt til að 25% íbúa sveitarfélags geti krafist atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins. Óheimilt er að lög verði afturvirk.

Í frv. er lagt til að Alþingi kjósi sér ármann og með því er ætlað að draga úr þeim líkum að stjórnvöld geti misbeitt valdi sínu gagnvart almenningi.

Jafnframt eru mannréttindaákvæði efld. Einkalíf manna er betur varið og óheimilt að rannsaka einkagögn eða rjúfa bréfa- og símaleynd nema með dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild.

Það er og nýmæli að lagt er til að ekki verði heimilt að kjósa um breytingar á stjórnarskránni samfara kosningum til Alþingis og meiri hluti í hverju fylki fyrir sig getur stöðvað stjórnarskrárbreytingu.

Ýmis ákvæði eru í frv. sem undirstrika almennt viðurkennd viðhorf þótt þau hafi ekki áður verið áréttuð í stjórnarskránni. Þar má nefna eignarrétt að náttúruauðlindum, náttúruvernd og margt fleira.

Herra forseti. Ég hef reynt að gera grein fyrir þeim atriðum sem ég ætla að séu höfuðatriði þessa frv. Ég trúi því að alþm. skoði þetta frv. af gaumgæfni og geri sér grein fyrir því að krafa íslensku þjóðarinnar um nýja stjórnarskrá er skýlaus.

Auðvitað eru mjög margar greinar stjórnarskrárinnar íslensku þess efnis að þeim þarf ekki að breyta og þær eru teknar orðrétt upp í frv. Einnig eru mjög margar breytingar, sem samstaða varð um við endurskoðun stjórnarskrárinnar, frá stjórnarskrárnefnd dr. Gunnars Thoroddsens. Þetta skyldi engan undra, en ég vil geta þess að framreiknað í núvirði kostaði sú stjórnarskrárvinna sem þar var unnin á sjöttu milljón. Það starf sem unnið hefur verið af þeirri nefnd sem vann þetta frv. og þeim aðilum sem yfirfóru það verk hefur ekki verið reiknað til verðs. En ég ætla það fátítt á vorum dögum að jafnmikið hugsjónastarf sé unnið og unnið hefur verið af þeim einstaklingum sem lögðu á sig þá vinnu að lesa yfir stjórnarskrár fleiri ríkja og reyna að sameina í þessu frv. það besta sem þeir fundu í þeim gögnum.

Ef til vill finnst mörgum, sem á mál mitt hafa hlýtt, að þessi umræða hafi borið of mikinn keim af fjórðungaskipuninni fornu sem lítt má greina í þinghúsi eða í sölum þingsins á annan veg en þann að utan á þinghúsinu má sjá hina fornu landvætti. Ég ætla ekki að fara langt út í þá umræðu. Ég vil aftur á móti geta þess að ég hef unnið sem sveitarstjórnarmaður á heimavígstöðvum og sem sveitarstjórnarmaður sem formaður fjórðungssambands Vestfirðinga og sem alþm. að því að reyna að tryggja að réttlát uppbygging ætti sér stað í þessu landi fyrir það skattfé sem af þegnunum er tekið. Mér finnst að ég hafi aldrei verið fjær því að ná árangri en ég er í dag. Satt best að segja get ég tekið undir með stórskáldinu Einari Benediktssyni þegar hann gerir upp sína ævi í kvæðinu „Einræður Starkaðar" og er vissulega ekki sáttur við það hvað honum hefur áunnist. En hann segir svo:

> Synduga hönd, þú varst sigrandi sterk,
> en sóaðir kröftum á smáu tökin.
> Að skiljast við ævinnar æðsta verk
> í annars hönd, það er dauðasökin.

Og vissulega eru það örlög okkar allra að skiljast við ævinnar æðsta verk í annars hönd. Hins vegar er það svo að það gerir okkur sáttari við tilveruna ef við höfum þó reynt að koma einhverju til leiðar af því sem við töldum að væri þess virði að leggja vinnu í það.

Ég hygg að sá skollaleikur, sem leikinn hefur verið með íslensku stjórnarskrána, að slá því á frest, ýta því stöðugt til hliðar að leggja fram á Alþingi frv. að nýrri stjórnarskrá, sýni því miður alvöruleysi þeirra manna sem í orði kveðnu láta svo að þetta verk þurfi að vinna. Þeir vilja hafa það nokkuð á hreinu að þeir geti eins og Pílatus þvegið hendur sínar og þeir munu segja: Þetta mál er í góðum farvegi. Það er hjá ágætri nefnd undir forustu eins af ráðherrum þessa lands. En ég hygg að þeir sem beðið hafa um meira réttlæti í ákvarðanatökunni um það hvar þjónustustofnanir verða staðsettar séu búnir að bíða nægilega lengi, séu búnir að gera það upp við sig að hlusta ekki á neinar útskýringar meir á því hvers vegna stjórnarskrárfrv. er látið liggja. Þeir óska eftir efndum. Og það skyldi þó ekki fara svo að það eigi eftir að hitna meir í kolunum úti á landsbyggðinni og einnig hér á höfuðborgarsvæðinu ef stefnan verður óbreytt að geyma stjórnarskrárfrv. í nefnd?

Það er tímanna tákn að þm. dreifbýlisins vilja ógjarnan hlusta á þá lýsingu sem hér hefur verið kynnt á byggðaþróuninni í landinu og ég skil vel að þeir hafi ekki hug á því að hlusta á þá lýsingu.

Herra forseti. Ég legg til að lokinni þessari umræðu að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hefur á þskj. 621 flutt frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Frv. þetta er

samhljóða tillögum sem unnar hafa verið á vegum nýstofnaðra samtaka um jafnrétti milli landshluta. Sem gömlum stjórnarskrárnefndarmanni rennur mér blóðið til skyldunnar að fjalla nokkuð um þetta mál. Út af fyrir sig fagna ég frumkvæði hvaðan sem það kemur til þess að hefja á hinu háa Alþingi umræður um endurskoðun stjórnarskrárinnar, en eins og því máli vegnar nú er á því full þörf.

Þetta er að sjálfsögðu geysilega viðamikið mál og ég mun takmarka mínar athugasemdir við nokkur meginatriði. Í fyrsta lagi er ástæða til að spyrja: Hver eru helstu nýmæli eða þýðingarmestu atriði í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram til umræðu? Í annan stað: Hver er þá afstaða míns flokks og íslenskra jafnaðarmanna til þessara meginatriða? Hvað hefur komið fram í tillöguflutningi og umræðum á hinu háa Alþingi um afstöðu annarra flokka til þessara aðalatriða?

Þá vil ég fara nokkrum orðum um ýmsar þær tillögur sem hér liggja fyrir, sem ekki geta flokkast undir meginatriði, og gera á því nokkurn samanburð hvað af þessum tillögum telst til nýmæla og hvað af þessum tillögum og hugmyndum er eldra og hefur áður komið fram í tillögum og umfjöllun stjórnarskrárnefndar á undanförnum árum. Loks er ástæða til að spyrja, miðað við stöðu málsins á hinu háa Alþingi: Er nokkur von til þess að endurskoðun stjórnarskrárinnar komist í höfn eða þurfum við að reyna að ná samstöðu um aðra aðferð til þess, þ.e. að reyna að ná samkomulagi um að efnt verði til sérstaks stjórnlagaþings til að ljúka þessu máli?

Fyrsta spurningin er þessi: Hver eru aðalatriði þeirra tillagna sem hér eru fram lagðar? Að mínu mati eru þau fyrst og fremst tvö. Þau birtast í 29. gr. frv. í nýstárlegum ákvæðum um kosningar til Alþingis og ákvæðum um nýskipan sveitarstjórnarmála í 62.–69. gr.

Skv. þessum tillögum er gert ráð fyrir að Nd. þingsins skipi 31 þingmaður og kjósendur skiptist á fylki þar sem gengið er út frá því að u.þ.b. jafnmargir kjósendur séu í hverju fylki. Þingmannatalan skiptist þá þannig að frá höfuðborginni koma 16, frá Vesturlandi 3, frá Norðurlandi 5, frá Austurlandi 2 og frá Suðurlandi 5 eða alls 31. Í annan stað er gert ráð fyrir því að til Ed. verði kosið með þeim hætti að hana skipi 3 þm. frá hverju fylki eða alls 15.

Ég skil tillögurnar á þann veg að það sé reynt að stefna að jöfnu vægi atkvæða í kosningum til Nd. En að því er varðar Ed. eru önnur grundvallarsjónarmið látin ráða, þ.e. fylkin hafa jafnmarga fulltrúa og á það er litið að þeir eigi að vera þar gæslumenn hagsmuna héraða eða landshluta og hafa til þess jafnan rétt án tillits til íbúafjölda.

Þetta felur í sér að jöfnunar- eða uppbótarþingsæti eru felld niður. Þessu er síðan fylgt eftir með ákveðnum tillögum um takmörkun á þingrofsrétti og athyglisverðum tillögum um þjóðaratkvæðagreiðslu og bindandi niðurstöður hennar.

Þetta er að mínu mati fyrra meginatriðið. Hvert er þá hið síðara aðalatriði þessara tillagna? Það birtist í 62.–69. gr. þar sem settar eru fram tillögur um að landið skiptist í fimm fylki. Síðan er nánar kveðið á um stjórnskipan og stjórnsýslu þessara fylkja, þ.e. verkefni þeirra, þar sem m.a. er stuðst við svipaða skipan mála annars staðar á Norðurlöndum. Í annan stað eru kosningareglur að því er varðar kosningar til fylkisþinga og stjórna og svo nokkuð nýstárlegar tillögur um fylkisbanka eða nýskipan gjaldeyrisviðskipta og peningamálastjórnar innan ramma þessarar stjórnsýslutillögu. Eins og í fyrra tilvikinu er einnig gert ráð fyrir viðtækari rétti til almennra atkvæðagreiðslna um einstök mál ef 25% íbúa sveitarfélags óska eftir því. Að lokum er hnykkt á í 69. gr. með því að gera grundvallarreglu um valddreifingu og sjálfsstjórn byggða að meginstjórnsýslureglu í stjórnarskrá.

Þetta, herra forseti, eru að mínu mati aðalatriði þessara tillagna og reyndar vafalaust kveikjan að því að þessar tillögur eru fluttar af hálfu þeirra samtaka sem ritað hafa á sinn skjöld kjörorðið um jafnrétti milli landshluta.

Í framhaldi af þessari grg. fyrir aðalatriðum langar mig til að nota þetta tækifæri til að gera í sem skemmstu máli grein fyrir afstöðu míns flokks til þessara tveggja meginhugmynda, þ.e. nýskipunar sveitarstjórnarmála og valddreifingar með nýrri stjórnarskrá.

Þá vil ég fyrst rifja upp að í marsmánuði á síðasta ári efndum við Alþýðuflokksmenn til sérstaks flokksstjórnarfundar á okkar vegum norður á Akureyri þar sem við tókum þessar hugmyndir til umfjöllunar. Þar var samþykkt stefnuyfirlýsing í þessum málum um leið og settur var á laggirnar sérstakur starfshópur til að vinna áfram að þessum málum, að fyllri tillögugerð. Þessi tillöguflutningur gefur tilefni til að kynna þessa stefnumarkandi samþykkt sem er tiltölulega stutt, en hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Starfshópnum er falið að taka afstöðu til eftirfarandi meginhugmynda:

1. Til þess að draga úr miðstjórnarvaldi ríkisins og embættismannakerfis þess skal koma á nýjum stjórnsýslueiningum í sveitarstjórnarmálum er taki við veigamiklum verkefnum sem nú heyra undir ríkisvaldið og fái sjálfstætt ákvörðunar- og fjármálavald á þeim sviðum.

2. Fjórðungarnir eða fylkin skulu annaðhvort fylgja hinni gömlu fjórðungaskipan ásamt með höfuðborgarsvæði eða núverandi kjördæmaskipan. Það skal tekið fram að í starfi starfshópsins hefur einnig verið bent á ýmsar aðrar viðmiðanir og þó einkum lögð áhersla á að meiru ráði eðlileg félagsleg samskiptareynsla í nútímanum en fyrst og fremst sögulegar erfðir.

3. Hin nýja skipan sveitarstjórnarmála skal ákveðin í stjórnarskrá lýðveldisins. Efnt skal til sérstaks stjórnlagaþings til að ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar og um leið kveða á um kjördæmaskipan og kosningalög.

4. Kosið skal til fylkisþings með lýðræðislegum hætti eins og til annarra sveitarstjórna. Fylkisþingin skipi hverju fylki sérstaka stjórn.

5. Endurskoða skal núgildandi lagaákvæði um tekjustofna hins opinbera með það fyrir augum að fylkin öðlist fjárhagslegt sjálfstæði og hafi sjálfstætt skattlagningarvald og sjálfstæða tekjustofna.

6. Að því skal stefnt að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð þegar fylkjunum eru fengin sérstök verkefni.

7. Að því skal stefnt við endurskoðun bankalaga að í hverju fylki starfi öflugur ríkisbanki með óskoruðum gjaldeyrisverslunarréttindum.

8. Tillögur að nýrri stjórnarskrá, sem samþykktar verða á stjórnlagaþingi, verði lagðar fyrir þjóðina í

þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Herra forseti. Þetta var sú stefnuyfirlýsing sem samþykkt var á flokksstjórnarfundi Alþfl. í marsmánuði á Akureyri fyrir rúmu ári. Þessari stefnuyfirlýsingu fylgir örstutt grg. sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Megintilgangur þessara tillagna er að setja skorður við sívaxandi miðstjórnarvaldi ríkisins og embættismannavalds þess með því að dreifa hinu pólitíska valdi í innanlandsmálum á fleiri hendur og færa það nær fólkinu. Núverandi skipan sveitarstjórnarmála er tímaskekkja. Sveitarfélögin eru allt of mörg og of smá og of ósjálfstæð gagnvart ríkisvaldinu. Sveitarfélögin eru í núverandi skipan eins konar niðursetningar stjórnkerfisins. Þau eru ekki nægilega sjálfstæð. Réttur þeirra til frumkvæðis um framkvæmdir er of takmarkaður. Í flestum tilvikum þurfa sveitarstjórnir að leita á náðir Alþingis, ríkisstjórnar, sérstakra sjóða, banka og stofnana um fyrirgreiðslu og mótframlög til framkvæmda. Einn versti galli núverandi skipunar er sá að frumkvæði mála, ákvörðunarvald og fjárhagsleg ábyrgð fer sjaldnast saman. Núverandi kerfi er því hvort tveggja ólýðræðislegt og óskilvirkt stjórnsýslukerfi. Þessu vilja jafnaðarmenn breyta með róttækri uppstokkun á stjórnkerfi sveitarstjórnarmála með nýskipan byggðamála.

Starfshópi framkvæmdastjórnar er jafnframt falið að endurskoða tillögur svokallaðrar stofnananefndar sem skilaði álitsgerð og tillögum um flutning ýmissa ríkisstofnana eða útibúa þeirra og deilda út í landsfjórðungana.

Jafnframt er starfshópnum falið að endurskoða tillögur, sem fram voru settar um það leyti sem lýðveldið var stofnað og á næstu árum þar á eftir, um fylkjaskipan í líkingu við hina fornu landsfjórðunga sem einn af hornsteinum stjórnskipunar lýðveldisins samkvæmt nýrri stjórnarskrá. Sérstaklega er vakin athygli á samþykktum fjórðungsþings Austfirðinga árið 1946 um þetta efni.“

Með þessari stefnuyfirlýsingu og grg. hef ég í aðalatriðum svarað spurningunni um hver er afstaða okkar íslenskra jafnaðarmanna til þeirra meginhugmynda sem fram koma í þessu frv. til nýrrar stjórnarskrár. Meginhugmyndin er um uppstokkun á núverandi stjórnkerfi, um kerfisbundna valddreifingu, um að færa til vald og fjárhagslega ábyrgð frá miðstjórnarvaldi ríkisins til nýrra og stærri sveitarstjórnareininga, öflugri héraðsstjórnar eða fylkisstjórnar. Svar okkar við þessum spurningum er samkvæmt þessu tvímælalaust jákvætt. Af þessu leiðir í raun og veru að ef þessi skipan mála kæmist á er hlutverk Alþingis og miðstjórnarkerfis ríkisins um leið komið til endurskoðunar. T.d. sýnist mér augljóst að ef þessi skipan næði fram að ganga væru veigamikil rök komin fyrir því að fækka mjög alþingismönnum á Alþingi Íslendinga. Hvort sú tala á að vera 46, 31 eða 27 skiptir kannske ekki meginmáli. Reyndar er það ekki aðalatriði málsins heldur hitt, að með þessari skipan færðumst við nær þeirri meginhugsun að meginhlutverk Alþingis eigi að vera setning löggjafar og eftirlit með löggjöf og framkvæmd laga miklu fremur heldur en skömmtunarstjórn á fjármagni.

Herra forseti. Í framhaldi af þessari stefnumarkandi yfirlýsingu, sem ég kynnti áðan, vil ég skýra frá því að á vegum þess starfshóps sem fjallað hefur um nýskipan sveitarstjórnarmála og reyndar einnig um byggðastefnu í umboði framkvæmdastjórnar Alþfl. hafa verið settar fram ýmsar aðrar hugmyndir sem fara í nánari smáatriðum út í ýmsar tillögur er varða þessi mál. Ég tel ekki tímabært á þessu stigi málsins að kynna þær tillögur allar. Ég vil þó, með leyfi forseta, gera undantekningu að því er varðar nokkur meginatriði. Ég vil þess vegna kynna nokkrar af þeim tillögum sem frá þessum starfshópi hafa komið, með leyfi forseta, en tek fram að endanleg afgreiðsla á þessum tillögum liggur ekki fyrir af hálfu flokksins. Hún styðst þó í aðalatriðum við þau grundvallarsjónarmið sem kynnt voru áðan.

Í þessari álitsgerð um nýskipan sveitarstjórnarmála segir svo, með leyfi forseta:

„Núverandi skipan sveitarstjórnarmála er úrelt. Sveitarfélögin eru allt of mörg og smá, en millistigið, þ.e. sýslurnar, hafa mjög víða misst hlutverk sitt sem stjórnsýslueiningar. Lagt er til að lágmarksstærð sveitarfélaga verði ekki færri en 200 íbúar, en við það mundi sveitarfélögum fækka úr 223 í u.þ.b. 100 til 120 talsins. Einnig er lagt til að landinu verði skipt í átta fylki er fylgi núverandi kjördæmaskipan nema hvað Suðurnes og höfuðborgarsvæðið verði aðskilin fylki. Með þessu breytta fyrirkomulagi ættu minnstu sveitarfélögin að vera betur fær um að valda verkefnum sínum og taka við nýjum, auk þess sem stjórnunarkostnaður þeirra mundi minnka verulega. Markmiðið með stofnun fylkja er að draga úr samþjöppun og miðstýringu opinberrar þjónustu í Reykjavík og lögbinda og koma í fastara form núverandi samstarfi sveitarfélaga. Jafnframt þessu mundi samstarfsvettvangur sveitarfélaga ná yfir stærra svæði en nú er, þjónustan yrði færð nær fólki, störfum við opinbera þjónustu yrði dreift meira um landið en nú er og ákvarðanataka færð í meira mæli út í fylkin.

Í þessum tillögum eru settar fram eftirfarandi tillögur sem umræðugrundvöllur að því er varðar hlutverk fylkja og fylkisstjórna:

1. Rekstur á stjórnsýslumiðstöð fylkis og hugsanlegum útibúum hennar.

Fylkisstjórnin hafi umsjón með og beri fjárhagslega ábyrgð á eftirtöldum verkefnum fyrir hönd ríkis og viðkomandi sveitarfélaga: heilbrigðismálum, framhaldsskóla, tónlistarfræðslu, húsnæðismálum, skipulagsmálum, öldrunarmálum og hafnarmálum. Hugsanlega má einnig fela fylkjunum fleiri verkefni, svo sem orkudreifingu. Mögulegt er í kjölfar þessa nýja fyrirkomulags að leggja megi niður allmargar ríkisstofnanir, svo sem Hafnamálastofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins og Skipulag ríkisins.

Fylkisstjórnin vinni að ýmsum ráðgjafar- og samstarfsverkefnum sem nú er sinnt af samtökum sveitarfélaga, iðnþróunarfélögum, ferðamálasamtökum og náttúruverndarsamtökum.

Fylkin verði lögsagnarumdæmi og skattumdæmi.

Í hverju fylki utan höfuðborgarsvæðisins starfi útibú frá nokkrum ríkisstofnunum og hafi þau aðsetur í stjórnsýslumiðstöð fylkisins ef mögulegt er. Má þar sem dæmi nefna útibú frá: Stjórnarráði Íslands, Vegagerð ríkisins, Rafmagnsveitum ríkisins og ýmsum eftirlitsstofnunum, svo sem eins og Vinnueftirliti, Hollustuvernd, sem og svæðisstjórn um málefni fatlaðra og fræðsluskrifstofur.

Um stjórnsýslu höfuðborgarsvæðisins verði sett sérstök lög því aðstæður eru þar gerólíkar frá því sem er

annars staðar á landinu. Réttarstaða allra sveitarfélaga verði sem líkust og sérstaða kaupstaða verði afnumin.

Tryggja verður sveitarfélögum og fylkjum tekjustofna til að standa undir lögboðnum verkefnum. Meginreglan verði sú að ríkið innheimti óbeina skatta, en sveitarfélögin beina skatta og fái þá til ráðstöfunar. Sveitarfélög og ríki greiði síðan framlög til fylkjanna eftir ákveðnum grundvallarreglum.

Dregið verði úr kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga frá því sem nú er innan einstakra verkefnaflokka og verkefnin í framtíðinni höfð meira aðskilin á milli hinna þriggja stjórnsýslustiga. Með því fer saman ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð innan hvers stjórnsýslustigs um sig.

Stuðla ber að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð sveitarstjórnarmála. Fylkisstjórnir skipi 9 til 15 manns kosnir eftir listum. Settar verði í lög takmarkanir á kjörgengi í sveitarstjórnir og fylkisstjórnir. Æðstu embættismönnum ríkisins, alþingismönnum og ráðherrum verði óheimil seta í sveitarstjórnum og fylkisstjórnum. Fastráðnum starfsmönnum sveitarfélaga verði óheimil seta í sveitarstjórnum. Sama gildir um starfsmenn fylkja og fylkisstjórnir.

Sveitarfélög og fylki hafi frjálsan ákvörðunarrétt um gjaldskrár eigin fyrirtækja og stofnana."

Herra forseti. Ég læt þessa grg. um tillöguflutning að því er varðar Alþfl. og sem snertir meginatriði þessa máls nægja að sinni.

Ég vil einnig, herra forseti, leyfa mér að vekja athygli á að af hálfu annarra flokka hafa verið fluttar á hinu háa Alþingi tillögur sem varða aðalatriði þessa máls. Í því efni minni ég á 17. mál 108. löggjafarþings þar sem er till. til þál., flutt af þm. BJ, um gerð frv. til stjórnarskipunarlaga um fylkisstjórnir. Þetta er þáltill. sem felur í sér að Alþingi álykti að fela stjórnarskrárnefnd að semja frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem upp eru talin þau meginatriði að landinu verði skipt í fylki þar sem tekin verði mið af samskiptum fólks eða náttúrlegum staðháttum, að hverju fylki verði kosin fylkisstjórn í almennum kosningum, að fylkisstjórnirnar fái aukin völd sem efli sjálfsforræði íbúa, styrki heimastjórn þeirra og vinni gegn miðstýringu, og loks að hvert fylki verði sjálfstætt lögsagnarumdæmi og komið verði á embættum fylkisdómara og fylkislögreglustjóra.

Þessum till. fylgir ítarleg grg. Þrátt fyrir einhvern áherslumun í einstökum atriðum leyfi ég mér þó að fullyrða að þessar tillögur séu mjög samhljóða því sem ég áður gerði grein fyrir að því er varðaði tillöguflutning okkar Alþýðuflokksmanna.

Þá vil ég einnig, herra forseti, geta till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga sem þeir þegar hafa flutt hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Steingrímur J. Sigfússon, en þar er einnig gert ráð fyrir því að komið verði á héraðsstjórnum og tillögur settar fram um að héraðsstjórnirnar fái aukna tekjustofna og aukið fjárhagslegt sjálfsforræði, auk þess sem tekið er undir tillögur um stækkun sveitarfélaga og aukið sjálfræði í tekjuöflun sveitarfélaga.

Af þessu má ljóst vera að af hálfu þriggja stjórnmálaflokka, reyndar allra í stjórnarandstöðu, þ.e. Alþb., Alþfl. og BJ, hafa verið fluttar tillögur eða settar fram stefnumarkandi yfirlýsingar þar sem með mjög jákvæðum hætti er tekið undir þau aðalatriði sem fram koma í þessu frv. til stjórnarskipunarlaga og ég lýsti áðan.

Það sem raunverulega vantar til þess að það skýrist hver afstaða meiri hluta á hinu háa Alþingi er til þessara þýðingarmiklu mála er að fyrir liggi einhverjar upplýsingar um afstöðu stjórnarflokkanna sjálfra, þ.e. spurningin er: Hver er afstaða þess þingflokks, sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson tilheyrir, til þessara meginmála sem hann flytur hér í þessu ítarlega frv. til stjórnarskipunarlaga? Og sömuleiðis verður að spyrja: Hver er afstaða hv. þm. í þingflokki Sjálfstfl. til þessara tillagna?

Ég ætla ekki með nokkrum hætti, herra forseti, að gera þessum hv. þm. núverandi stjórnarmeirihluta á Alþingi upp skoðanir í því efni. En það vekur athygli mína að hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, er einn flm. að þessum tillögum. Það segir mér að undirtektir við þetta frv. hafi ekki verið miklar í þingflokki hv. þm. Þá vil ég einnig rifja upp að hér á hinu háa Alþingi hefur verið að þvælast vanburðugt frv. frá hæstv. félmrh. um málefni sveitarfélaga. Það frv. var óburðugt þegar það var lagt fram en er orðið nú slíkur bastarður að í raun og veru væri það miskunnarverk að heygja það utangarðs hér á hinu háa Alþingi eða láta það deyja drottni sínum með hægð. Sá tillöguflutningur bendir ekki til þess að hæstv. félmrh., sem oddviti þeirra framsóknarmanna í sveitarstjórnarmálum, hafi hinn minnsta skilning á þeim grundvallaratriðum sem hér er verið að ræða um.

Af þessum ástæðum beini ég þeirri spurningu til hv. flm. hvort hann geti upplýst okkur, sem jákvæðir erum gagnvart aðalatriðum þessa máls, um hver raunveruleg afstaða þingflokks Framsfl. er í þessu máli. Er það kannske svo að þingflokkur framsóknarmanna hafi hafnað því að styðja þessar tillögur, sbr. það að hv. flm. flytur þetta mál einn? Er hægt að upplýsa þingheim um það hvort nokkur vinna hafi farið fram innan Framsfl. þar sem færa megi rök að því að undirtektir framsóknarþingmanna við þennan málflutning séu einhverjar? Sömu spurningum beini ég að sjálfsögðu til þm. úr Sjálfstfl. Það þarf að koma fram við þessar umræður hvort þeir hafa einhverja stefnu í þessum málum. Ef hún er sú hin sama og birtist í afstöðu þm. Sjálfstfl. til frv. um sveitarstjórnarmálefni, þá liggur ljóst fyrir að hún er ekki jákvæð.

Fleiri orð ætla ég að svo stöddu ekki að hafa um aðalatriði þessa máls, en víkja örfáum orðum að öðrum tillögum um breytingar á stjórnarskránni sem í þessu frv. felast.

Herra forseti. Ég er hér með í höndum frv. til stjórnskipunarlaga, sem lagt var fram á Alþingi 1982–1983 og flm. þáv. hæstv. forsrh., dr. Gunnar Thoroddsen, sem og fylgiskjöl með þessu frv. til stjórnskipunarlaga sem heitir skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þetta frv. ásamt meðfylgjandi skýrslu var með seinustu pólitísku verkum hæstv. fyrrv. forsrh. Gunnars Thoroddsens. Með þessu frv. og þessari skýrslu gerði hann grein fyrir því hvað hafði áunnist í starfi stjórnarskrárnefndar undir forustu hans frá árinu 1978. Ef spurt er: Er hér að finna í þessu frv. til stjórnarskipunarlaga, sem flutt er af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, mörg nýmæli sem ekki er að finna í frv. dr. Gunnars Thoroddsens eða í skýrslu stjórnarskrárnefndar? — þá er mitt svar einfalt: Við

lauslegan samanburð á því hvað telst til nýmæla í þessu frv., sem við hér ræðum, og hvaða tillögur það voru, sem til nýmæla geta talist, sem voru fluttar í frv. Gunnars Thoroddsens eða fyrir liggur úr skýrslu nefndarinnar að voru teknar þar á dagskrá, en felldar þá af meiri hl. nefndarinnar, þ.e. af stjórnarmeirihlutanum, flokki sjálfstæðis- og framsóknarmanna, þá kemur á daginn sú niðurstaða að nýmælin í þessu frv. eru fá. Flestallar þessar tillögur eru af því taginu að þær eru annaðhvort fyrirliggjandi í frv. Gunnars Thoroddsens frá árinu 1983 eða að það liggur fyrir að þær hafa verið settar fram í störfum stjórnarskrárnefnda, en þá verið vísað á bug af meiri hluta stjórnarliða.

Þessu til staðfestingar, herra forseti, vil ég aðeins telja upp nokkur slík atriði samkvæmt plaggi sem ég hef hér undir höndum og er skýrsla til þingflokks Alþfl., dags. 31. okt. 1982, um starf stjórnarskrárnefndar undir fyrsögninni „Breytingar og nýmæli við endurskoðun stjórnarskrár". Þar er fyrst rifjað upp, herra forseti, að núverandi stjórnarskrá skiptist í sjö kafla, alls 81 grein, og kaflarnir fjalla um:

1. Grundvallarreglur og handhöfn valds.
2. Forseta- og framkvæmdarvald.
3. Kjördæmi og kosningar.
4. Alþingi og störf þess.
5. Um dómsmál.
6. Um þjóðkirkju.
7. Um mannréttindi.

Og loks ýmis ákvæði, þar á meðal eitt þeirra þýðingarmeiri um breytingar á stjórnarskrá.

Samkvæmt þessum lista hafa eftirfarandi nýmæli þá verið ýmist samþykkt eða flutt á fundum stjórnarskrárnefndar. Í fyrsta lagi að ákvæði 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar, um grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar, verði orðaðar á þessa leið: „Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar." Og í annan stað: „Að stjórnvöld ríkisins fari með vald sitt í umboði þjóðarinnar." Þetta er orðrétt tekið upp í hinu nýja frv.

Síðan tel ég upp nokkur ákvæði sem er að finna í báðum þessum frv.:

Í fyrsta lagi: Meðmælendum vegna forsetakjörs er fjölgað — reyndar er tala þeirra tvöfölduð. Spurningin er um hvort gera ætti að skilyrði meirihlutakjör forseta Íslands. Tillaga um það var flutt í stjórnarskrárnefnd, en um það var ekki meirihlutasamkomulag og því var vísað á bug af meiri hl. nefndarinnar.

Þarna er að finna ákvæði um að ríkisstjórn skuli njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis og verði því aðeins mynduð að forseti hafi gengið úr skugga um að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur.

Þarna er að finna nýmæli um að hafi viðræður um stjórnarmyndum ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan átta vikna sé forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.

Þarna var flutt tillaga um afnám æviráðningar opinberra starfsmanna.

Hér er að finna nýmæli um meðhöndlun á samningagerð við önnur ríki sem er mjög ápekkt því sem einnig er að finna í tillögum Samtaka um jafnrétti milli landshluta.

Hér er að finna nýmæli um þingrof, þ.e. að forseti geti ekki rofið Alþingi nema með samþykki þess, sem einnig hefur áhrif á breytingar á ákvæðum um vantraust.

Þarna er að finna nýmæli um það að Alþingi starfi samfellt þannig að alþm. haldi umboði sínu til kjördags.

Þarna er að finna breytingar á gildandi ákvæðum um synjunarvald forseta, þ.e. að frv. fái ekki lagagildi fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hér er að finna tillögur um meðhöndlun bráðabirgðalaga, þ.e. þrengingu á valdi ríkisstjórna til þess að gefa út bráðabirgðalög. Þrengingarákvæðin eru þessi:

1. Efni bráðabirgðalaga skal kynnt viðkomandi þingnefnd.
2. Þau skulu ætíð lögð fyrir næsta Alþingi, í upphafi þings.
3. Þau skulu falla úr gildi ef þau eru óstaðfest þremur mánuðum eftir þingsetningu.

Þetta er tekið orðrétt upp í það frv. sem við ræðum hér.

Alþýðuflokksmenn í stjórnarskrárnefnd lögðu hins vegar til að heimild ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga yrði afnumin.

Þá eru margvísleg nýmæli sem varða starfsemi Alþingis. Að vísu var þarna yfirleitt gert ráð fyrir því í öllum tillögunum að Alþingi starfaði í einni málstofu. Þó höfðu fulltrúar ýmissa flokka fyrirvara á stuðningi sínum við þá tillögu í starfi stjórnarskrárnefndar, þ.e. fyrirvararnir voru um það að breytingar yrðu á þingsköpum Alþingis og á ákvæðum um nefndarstarf Alþingis, t.d. af okkar hálfu um það að nefndir þingsins störfuðu í heyranda hljóði, að þær fengju aukið rannsóknar- og eftirlitsvald og að þær störfuðu allan ársins hring, jafnvel á þeim tímum þegar Alþingi situr ekki.

Þarna er að finna ákvæði um að hæstaréttardómarar og ríkissaksóknari hafi ekki kjörgengi til kosninga.

Þá eru ákvæði um fastanefndir Alþingis og um rannsóknarnefndir og verksvið þeirra í anda þeirra tillagna að auka hlutverk Alþingis og þingnefnda til eftirlits með framkvæmd laga.

Þarna er að finna það nýmæli að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins og stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess.

Þarna var hreyft tillögum um að varamenn taki sæti þm. sem taka við ráðherraembætti, en sú tillaga fékk ekki meirihlutastuðning. Þessa tillögu er hins vegar að finna í því frv. sem við ræðum hér.

Flestöll nýmælin, sem er að finna í þessu frv. og varða kaflann um dómsvald, voru þegar komin inn í frv. það sem Gunnar Thoroddsen flutti 1982–1983. Ég nefni sem dæmi umfjöllun um Hæstarétt sem æðsta dómstól landsins; um hlutverk ríkissaksóknara sem frumkvöðuls að meðferð ákæruvaldsins; í þriðja lagi að ekki megi fela dómurum föst umboðsstörf nema með lögum; í fimmta lagi að Hæstiréttur verði stjórnlagadómstóll, þ.e. hafi vald til að skera úr um hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrá. Þetta eru ýmis ný ákvæði sem einnig er að finna í þessu frv. sem hér liggur fyrir.

Í stórum dráttum má segja að kaflinn um mannréttindaákvæði, sem er að finna í þessu nýja frv., sé nánast samhljóða þeim tillögum sem lagðar voru fram í stjórnarskrárnefnd á sínum tíma þótt ekki hafi orðið samkomulag að því er varðar meiri hluta nefndarinnar um að taka þau upp öll. Ég nefni sem dæmi ákvæðið um að allir skuli njóta frelsis, mannhelgi og jafnréttis að lögum; ákvæði um að menn skuli njóta sömu mannréttinda án manngreinarálits vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþátta og litarháttar, efnahags-

eða þjóðfélagsstöðu, sem er reyndar að finna í hvorugu tilvikinu; um það að frelsissviptingu verði því aðeins beitt að til hennar sé sérstök lagaheimild. Þá nefni ég það nýmæli að koma í veg fyrir afturvirkni refsilaga og sérstaklega að koma í veg fyrir afturvirk áhrif skattalaga; nýmæli í kaflanum um friðhelgi einkalífs, um vernd upplýsinga um einkahagi, rýmkun á ákvæði um tjáningarfrelsi, rýmkun á ákvæði um félagafrelsi, ferðafrelsi. Og þá nýmæli sem fólst í tillögum bæði okkar Alþýðuflokksmanna og Alþýðubandalagsmanna um rétt manna til almannatrygginga, um rétt manna til að njóta menntunar og fræðslu og rétt manna til vinnu og orlofs.

Þá var einnig að finna í tillögum sömu flokka, þ.e. þeirra sem ég nefndi, Alþfl. og Alþb., viðamiklar tillögur um breytingar á stjórnskipan ríkisins að því er varðar þjóðareign á landi og þjóðareign á náttúruauðlindum og einnig á ákvæðum um bætur vegna eignarnáms í ákvæðinu um eignarréttarskipan. Þessi ákvæði er hins vegar ekki að finna í því frv. sem hér liggur fyrir og er það að mínu mati eitt með meiri háttar göllum á þessum tillögum.

Fjölmargar aðrar tillögur voru settar fram og ræddar í stjórnarskrárnefnd án þess að ná þar fram að ganga. Nefni ég þar sem dæmi tillögur um umboðsmann Alþingis sem í þessu frv. er nefndur ármaður Alþingis; tillögur um að sett væru ákvæði um þingflokka og hagsmunaaðila, eins og t.d. stéttarfélög, í stjórnarskrá. Þá voru menn ekki á eitt sáttir um að þjóðaratkvæðagreiðsluákvæði skyldi vera bindandi, sem ég tel hins vegar rétt, og um ný ákvæði um hvernig með skuli fara breytingar á stjórnarskrá í framtíðinni. Þetta, fyrir utan umfjöllun í stjórnarskrárnefnd um kosningakerfi, þ.e. aukinn rétt til persónukjörs og öll ákvæði kosningalaga, mun ég ekki fjalla um hér að þessu sinni.

Herra forseti. Þessi upptalning nægir til að sýna að að því er varðar hin almennu ákvæði stjórnarskrárinnar, sem hér er gerð tillaga um, eru flest þeirra af því tagi að þau voru á dagskrá stjórnarskrárnefndar, langsamlega flest, þannig að meirihlutasamkomulag tókst um, en önnur þýðingarmikil ákvæði að vísu náðist ekki samkomulag um, fyrst og fremst vegna þess að meiri hluti í stjórnarskrárnefnd, sem skipaður er af núverandi stjórnarflokkum, þ.e. Sjálfstfl. og Framsfl., féllst ekki á þau ákvæði. Enn er því ástæða til að spyrja hv. flm. hvort hann vilji við frekari umræðu málsins gera þingheimi grein fyrir því hvern stuðning þessar tillögur um nýmæli af margvíslegu tagi hafi í þingflokki hans, og þá beina sams konar spurningu til einhvers af talsmönnum Sjálfstfl., bæði að því er varðar kaflana um dómsmál, um mannréttindaákvæðin, um þjóðaratkvæði, um þingrofsrétt, um vantraust o.s.frv., svo ég nefni aðeins nokkur dæmi.

Herra forseti. Ég hef í eins stuttu máli og mér er unnt gert grein fyrir hver eru að mínu mati aðalatriði þessa frv. til stjórnarskipunarlaga, þ.e. annars vegar tillögur um nýskipan sveitarstjórnarmála með því að taka upp héraða- eða fylkisstjórn, og í annan stað breytingar á starfsháttum Alþingis sem felast í því að það starfi í tveimur deildum og að kosið verði til deildanna með ólíkum hætti. Ég lít svo á að meginatriði þessarar tillögugerðar og reyndar kveikjan að henni sé tillagan um aukið sjálfsforræði og aukna valddreifingu frá miðstjórnarvaldi ríkisins til stækkaðra eininga sveitarstjórnarmála.

Ég hef lýst afstöðu míns flokks til þessara tillagna með vísan til stefnuyfirlýsinga og nál. Það sem nú skortir á er að flm. sjálfur geri þingheimi grein fyrir hver sé afstaða hans þingflokks til þessara þýðingarmiklu mála og um leið að einhver fulltrúi samstarfsflokksins, Sjálfstfl., geri grein fyrir því hvort hugmyndir um valddreifingu og það að draga úr miðstjórnarvaldi ríkisins eigi sér þrátt fyrir allt einhverja talsmenn í þeim þingflokki.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með því frv., sem hér er rætt, er það samið á vegum Samtaka um jafnrétti milli landshluta, en það er hreyfing áhugamanna víða um land sem sprottið hefur upp hin síðustu ár, ég má segja þvert á stjórnmálaflokka, og hefur haldið fundi víða um land. Ég átti þess kost nýlega að sækja slíkan fund á vegum þessara samtaka í mínu kjördæmi á Reyðarfirði. Þar gerði ég grein fyrir viðhorfum mínum til þessa máls, sem hér er til umræðu, og hlýddi á rök þeirra sem bera málið fram. Það er hingað komið inn á vettvang Alþingis, flutt af hv. 5. þm. Vestf., og það er mjög eðlilegt að spurt sé, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni: Hver er stuðningurinn við þetta mál í þingflokki flm. og hvert er viðhorfið til þessa máls í stærsta stjórnmálaflokki landsins, Sjálfstfl.?

Undirrót þessa máls eru þær róttæku breytingar sem orðið hafa í landinu á undanförnum árum og reyndar áratugum, það mikla þjóðfélagslega rót sem leitt hefur til meiri byggðaröskunar á Íslandi en gerst hefur á jafnskömmum tíma í grannlöndum okkar, sú mikla sveifla sem lýsir sér í því að nú búa um 56% Íslendinga á suðvesturhorni landsins en minni hluti þjóðarinnar í öðrum landshlutum. Þessi byggðaröskun á sér margar ástæður en þó sérstaklega það að markaðsöflin sem hafa verið ráðandi í þjóðfélaginu hafa ýtt undir þessa þróun, og það alveg sérstaklega hin síðustu ár, og uppbygging stjórnsýslunnar í landinu og stjórnkerfisins hefur orðið til að magna þessa þjóðflutninga í landinu. Alveg sérstaklega hefur þessi óheillaþróun ágerst í tíð núv. ríkisstj. þannig að það er engin tilviljun að Samtök um jafnrétti milli landshluta, sem gert hafa þær tillögur sem hér eru til umræðu, hafa sprottið upp á þeim árum sem hún hefur setið við völd.

Frá árinu 1980 hafa um 3500 Íslendingar flust til Faxaflóasvæðisins umfram hina sem hafa flust til baka, þ.e. mínusinn fyrir landsbyggðina eru 3500 manns á þessum árum. (**Gripið fram í:** Hvenær fór skriðan af stað?) Íslandsmet var sett í þessum efnum á árinu 1984 þegar yfir 1100 manns fleira skilaði sér á manntalsskrár á Faxaflóasvæðinu heldur en úti um landið, þ.e. að fjölgunin hér suðvestanlands varð meiri en dæmi eru til síðan byrjað var að skrá tilfærslu fólks í landinu 1961. Á sömu árum, allra síðustu árin, hefur fólksflótti til útlanda bæst við þessa óheillaþróun í meiri mæli en áður var síðustu 15 árin. Það er því mjög eðlilegt og aðeins af hinu góða að áhugamannasamtök leiti leiða til að sporna við og vinna gegn þessari óheillaþróun.

Sú tillaga til nýrra stjórnarskipunarlaga sem hér er rædd hefur að geyma ýmis gagnleg nýmæli en þar er einnig að finna, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni sem gerði þeim málum glögg skil, ýmis atriði sem komin voru inn í tillögu að nýrri stjórnarskrá

sem lögð var fram af Gunnari heitnum Thoroddsen. Ég tel að margt af því sem hér er lagt til sé til bóta, horfi til réttrar áttar þó að einstök atriði hefði ég viljað sjá með öðrum hætti og mun víkja lítillega að því hér á eftir. Hinu er ekki að leyna að ég tel að það orki nokkuð tvímælis að bíða eftir því að samstaða skapist um jafnveigamikið atriði eins og breytingu á sjálfri stjórnarskránni, að bíða aðgerða sem eru í raun afar brýnar til þess að breyta þeirri óheillaþróun sem ég hef verið að ræða hér. Ég hef vakið athygli á því við umræður um þessi mál, tilefni hafa verið til þess hér í þinginu í vetur, að við þurfum á skjótum viðbrögðum að halda, skjótum ákvörðunum af hálfu Alþingis til þess að breyta þessari þróun. Og því miður óttast ég að það eigi nokkurt vatn eftir að renna til sjávar áður en samstaða skapast um heilstæðar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins í þá átt sem hér er lagt til og með þeim hætti sem samstaða geti orðið um hér á Alþingi Íslendinga. Sagan segir okkur að það hefur tekið langan tíma að þoka fram breytingum á stjórnarskránni, og raunar ekki tekist um það samstaða þrátt fyrir verulega vinnu á vegum þingflokka hér á Alþingi, og sem endurspeglaðist í þeirri tillögu sem dr. Gunnar heitinn Thoroddsen flutti fyrir fáum árum.

Ég hef flutt tillögur um þessi efni ásamt fleiri þm. Alþb. í tengslum við önnur mál hér í þinginu í vetur og reyndar sjálfstæða till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Þar er afstaða mín til þessa máls mörkuð með skýrum hætti að ég tel, svo og í þeirri till. til breytinga á frv. til sveitarstjórnarlaga sem er að finna á þskj. 545. Þessi efni hafa verið rædd í þingflokki Alþb. og það m.a. af því tilefni að 27. febr. 1985 beindi byggðanefnd þingflokkanna, sem sett var á laggirnar á árinu 1984, erindi til þingflokkanna. Þessi nefnd var sett á laggirnar í framhaldi af sérstakri samþykkt formanna þingflokkanna þegar ákvörðun var tekin um það að breyta kosningalögum og fjölga alþm. upp í 63 og breyta mörgum atriðum kosningalaga.

Byggðanefndin beindi nokkrum spurningum til þingflokkanna og fulltrúi Alþb. í byggðanefndinni, Helgi Seljan, flutti svör þingflokksins við þessum spurningum til baka inn í nefndina. Þar kom efnislega fram að meiri hlutinn í þingflokki Alþb. væri hlynntur því m.a. að fjölga stjórnsýslustigum í landinu og ná með þeim hætti áfanga til aukinnar valddreifingar og styrkara lýðræðis í landinu. Þetta er einn meginþátturinn í þeim tillögum til breytingar stjórnarskránni sem er að finna í fyrirliggjandi frv. sem hér er til umræðu. Það segir hins vegar sína sögu að umrædd byggðanefnd þingflokkanna, sem var að fjalla um þessi efni og aðrar leiðir til þess að breyta þeirri óheillaþróun sem nú er í fullum gangi, hefur ekki starfað nema mjög óreglulega, svo vægt sé til orða tekið, því það liðu heilir 8 mánuðir frá vori 1985 þangað til núna í síðasta mánuði að þessi nefnd var kvödd saman. Meiri áhugi er ekki ríkjandi á starfi þessarar nefndar hjá þeim sem veita henni forustu, að því er virðist, því erfitt er að sjá aðrar ástæður fyrir þeirri deyfð sem ríkt hefur varðandi störf þessarar nefndar.

Ég skal nú, herra forseti, víkja að örfáum atriðum í þessu frv. sem ég tel vera ótvírætt hægt að taka undir, en stikla þarf mjög á stóru og get ég í rauninni vísað til umræðna hér um frv. til sveitarstjórnarlaga sem verið hefur á dagskrá þingsins og enn er í meðferð Ed.

Hér er gert ráð fyrir því í 5. gr. þessa frv. að forseti Íslands skuli kosinn með meirihlutafylgi, þ.e. ef fleiri en tveir eru í kjöri skuli kjósa milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Mér finnst þetta athyglisverð tillaga og fullkomlega umræðuverð sem þarna er á ferðinni.

Ég tek undir ákvæði 13. gr. þess efnis að ráðherrar megi ekki vera alþingismenn, þ.e. að þingmaður sem tekur við ráðherrastarfi afsali sér þingmennsku og varamaður taki við á meðan viðkomandi gegnir starfi ráðherra. Undir þetta sjónarmið hef ég oft tekið og ég tel mig tala þar af nokkurri reynslu eftir að hafa setið í ríkisstjórn landsins. Ég tel að með þessum hætti verði skilið skýrar en ella á milli starfa á löggjafarsamkomunni og hins vegar framkvæmdarvaldsins.

Í 20. gr. frv. er gert ráð fyrir því að forseti og ríkisstjórn verði að samþykkja samninga sem gerðir eru við önnur ríki og fjölþjóðafyrirtæki. Það má kannske segja að það liggi í hlutarins eðli að slíka samninga þurfi að bera undir Alþingi og ríkisstjórn þurfi að sjálfsögðu um að fjalla, en ég tel eðlilegt að ákvæði í þessa átt séu sett inn í stjórnarskrá.

Það atriði sem hvað mestu skiptir í þessum tillögum og mest er um rætt er að finna í 62. gr. og greinum sem þar fylgja á eftir og ég mun víkja að þeim sérstaklega en áður vil ég taka undir upphafsákvæði 91. gr. um að náttúruauðlindir landsins skuli vera ævarandi eign Íslendinga. Ég tel hins vegar svipað og síðasti hv. ræðumaður, hv. 5. þm. Reykv., að þarna hefði þurft að ganga lengra og setja ótvíræð ákvæði um það að bæði land og auðlindir lands, svo sem orkulindir og land utan jarða, þar sem einkaeignarréttur er gildandi, verði sameign. Um þetta hefur Alþb. ítrekað flutt frv. hér á Alþingi svo og Alþfl. Stefna okkar að þessu leyti er ljós og ég teldi eðlilegt að binda slík ákvæði í stjórnarskrá.

Ég tel til bóta og eðlilegt ákvæði 92. gr. varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem skuli fara fram um einstök málefni. Vissulega er matsatriði hvar skuli draga mörkin, hversu margir skuli beita sér fyrir slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu. Hér er miðað við 20% og er það e.t.v. of hátt hlutfall. Ég tel að það hefði þurft að gera meira af því, það hefði þurft að beita möguleikum til þjóðaratkvæðagreiðslu þó fyrr hefði verið í sögu okkar lýðveldis, sérstaklega um hin mikilsverðustu mál og eðlilegt að ákvæði um þessi efni séu inni í stjórnarskrá og þau séu frekar rýmri heldur en hitt.

Þá kem ég, herra forseti, að hugmyndunum um skiptingu landsins í fimm fylki sem sveitarfélögin mynda. Ég tel hugmyndina um fylkjaskipan vera góðra gjalda verða. Hér er gert ráð fyrir að kosið sé til fylkisþinga í almennum leynilegum kosningum, skv. 64. gr., og einnig ákvæði um fjölda fulltrúa á fylkisþingum og um skipan fylkisstjórnar. Ég er hins vegar ekki sammála þeirri skiptingu landsins sem hér er gert ráð fyrir. Ég hef sjálfur flutt till. í formi brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga um héruð — nafnið eitt skiptir ekki máli — en þar hef ég gert ráð fyrir þeirri skiptingu landsins í átta héruð sem ég tel að eðlilegust sé og líklegast að unnt verði að vinna fylgi og ná samstöðu um á ekki löngum tíma. Þar er í meginatriðum gert ráð fyrir því að við skiptingu í héruð verði miðað við núverandi skiptingu landsins í kjördæmi nema hér suðvestanlands þar sem komi til breyting, þ.e. að Stór-Reykjavíkursvæðið myndi eitt hérað en Suðurnes verði hérað fyrir sig.

Mér er ekki fyllilega ljóst þegar segir í 62. gr. þessa

frv. að landið skuli skiptast í fimm fylki sem sveitarfélögin mynda, en hins vegar er gert ráð fyrir kosningu til fylkisþinga í almennum leynilegum kosningum. Ég tel eðlilegt að allir sem kosningarrétt hafa séu jafnframt kjörgengir til héraða, enda hafi þeir búsetu í viðkomandi héraði eða fylki, ef menn kjósa að nota það nafn, þannig að ekki séu eingöngu sveitarstjórnarmenn kjörgengir þó svo að þeir hljóti að hafa kjörgengi eins og hver annar á viðkomandi svæði.

Ég er viss um að breyting í þá átt sem ég hef gert tillögur um og eins og hugmyndir liggja fyrir um í þessu frv., og ætla ekki að gera að neinu meginatriði þann mismun sem er á tillögum skv. þessu frv. og þeim tillögum sem ég hef mælt fyrir, sé afar mikilvægt atriði, breyting sem sé líkleg til að vinna gegn þeirri búseturöskun sem er í fullum gangi í landinu og efla í senn sjálfsstjórn og efnahagslegt sjálfstæði einstakra svæða í landinu, vinna þar með gegn markaðsöflunum, sem beina fjármagninu til aðalþéttbýlissvæðis landsins í mjög ríkum og vaxandi mæli, og með þeirri breytingu á stjórnsýslu sem fylgdi skiptingu landsins í héruð yrði klippt á þá þróun sem uppbygging stjórnkerfisins veldur, þ.e. að á höfuðborgarsvæðinu verða til stöðugt fleiri störf í kringum hið miðstýrða vald sem hér er byggt upp, í kringum Alþingi, í kringum ríkisstjórn og stofnanir stjórnarráðsins og mörg önnur starfsemi sem þessu tengist. Það er því afar mikilvægt atriði í þessu samhengi, hvort sem það er bundið í stjórnarskrá eða látið nægja að setja um það einfalda löggjöf sem er mun skjótvirkari leið, að taka upp slíka héraðaskipan og nýta slíka breytingu sem tæki til að efla sjálfsstjórn í landinu og efla lýðræðislegt vald fólksins.

Ég hef gert um það tillögu, og nefni það hér því að það tengist að sjálfsögðu umræðu um þetta mál, að af svæðisbundnum verkefnum, sem sjálfsagt er að færa frá ríkinu til héraða, má nefna eftirtalda málaflokka: húsnæðismál, almannatryggingar, skipulagsmál, byggðamál, menntamál, þjóðminjavernd, heilbrigðismál, vegamál, orkumál, opinbert eftirlit með ýmsum þáttum og ráðgjöf í atvinnumálum. Slík tilfærsla á svæðisbundnum verkefnum út í héruð eða fylki yrði ótvírætt til þess að heimaaðilar, rétt kjörnir, lýðræðislega kjörin héraðsþing, þyrftu að taka á þessum verkefnum. Um leið losnuðu störf sem nú eru leyst af hendi með fólki sem er búsett á höfuðborgarsvæðinu og færðust yfir til fólks úti í héruðunum. Það ynni um leið gegn þeim atgervisflótta sem er hluti af byggðavandamálinu og fleira fylgdi þar með. Ég er sannfærður um að samhliða slíkum breytingum yrði ekki aðeins um að ræða að heimaaðilar tækju á þeim málum og ynnu sig fram til samkomulags um þau mál sem snerta opinbera stjórnsýslu og hafa verið á hendi ríkisins heldur yrði það þeim aflgjafi til að ná saman um aðra þætti sem vissulega valda mjög miklu í sambandi við búsetu í landinu. Þar á ég við ýmsa þætti atvinnumála, bæði hina hefðbundnu atvinnuvegi sem eru burðarásinn í atvinnustarfsemi út um landið en einnig þjónustuþætti sem hafa safnast upp á höfuðborgarsvæðinu, þar með talin verslunarstarfsemin, innflutningsstarfsemin og slíkir gildir þættir.

Það er alveg ljóst að ef okkur ekki tekst að efla þjónustuþættina í víðum skilningi út um landið, aðrar greinar en frumvinnslugreinarnar sem landsbyggðin stendur undir að meginhluta, takist okkur ekki að ná utan um þjónustuþættina, verslun og viðskipti, og leysa þau verkefni svæðisbundið tekst ekki að snúa við þeirri þróun sem hefur verið í gangi og er að færa heilu byggðirnar nánast í auðn og draga þróttinn úr heilu landshlutunum.

Ég vísa, herra forseti, til tillagna minna og rökstuðnings míns eins og hann hefur komið fram í umræðum um frv. til sveitarstjórnarlaga, þar á meðal um tekjustofna til héraða og þá tilfærslu á fjármagni sem þeim á að fylgja. Þar er að sjálfsögðu um mjög þýðingarmikil atriði að ræða því að fjármagn er driffjöður þeirra hluta sem gera þarf til viðbótar við fólkið sem verkin vinnur og ein meginundirrót þeirrar öfugþróunar, sem hér hefur verið í gangi, er vissulega tilfærsla fjármagnsins, fólkið hefur flutt á eftir, þó að sumpart gangi þessi þróun fram hönd í hönd.

Ég undirstrika, herra forseti, undir lok máls míns að þessu sinni, að það sem skiptir miklu máli í sambandi við valddreifingu í landinu og myndun héraða eða fylkja sem nýs stjórnsýslustigs er að þar er um að ræða að flytja þætti sem eru á hendi ríkisins nær fólkinu. Þar er ekki um að ræða tillögur, a.m.k. ekki eins og ég hef útfært þær og ég vil skilja hugmyndir settar fram af samtökum um jafnrétti milli landshluta, um að taka verkefni frá sveitarfélögunum og færa þau í hendur héraða eða fylkisstjórna, heldur fyrst og fremst að færa verkefni sem hafa verið á hendi ríkisvaldsins út í héruð.

Ég tel að sveitarfélögin þurfi að efla og það þurfi að ýta undir stækkun þeirra og samruna, en ég hef ekki viljað taka undir tillögu um lögþvingun í því efni. Ég tel ekki heldur að það skipti neinum sköpum í því stóra vandamáli sem hér er til umræðu þó að sveitarfélög nái að sameinast, t.d. dreifbýlishreppar aðliggjandi þéttbýli, í miklu ríkara mæli en gerst hefur. Slíkt er ekki nema góðra gjalda vert ef það getur gerst með frjálsum samningum og samstöðu viðkomandi aðila. En það breytir ekki í grundvallaratriðum neinu um þá krafta sem eru að baki byggðaröskuninni. Því er það að ég var talsmaður þess að leita nýrra leiða og nýta uppbyggingu stjórnsýslunnar í landinu sem einn þáttinn af mörgum sem þurfa að koma til ef við eigum að bera gæfu til að byggja Ísland allt og gefa landsbyggðinni eðlilegt færi á að njóta þeirra auðæfa sem þar falla til og þar eru sköpuð en hins vegar hafa færst í mjög ríkum mæli yfir til höfuðborgarsvæðisins og valdið þar þeirri miklu fjölgun íbúa sem raun ber vitni.

Ég vil að endingu, herra forseti, ítreka þær spurningar sem ég setti fram í upphafi máls míns og fram hafa komið hjá ræðumönnum fyrr í þessari umræðu, hjá hv. 5. þm. Reykv., í sambandi við afstöðu núverandi stjórnarflokka til þessa máls, samþingmanna hv. flm. þessa frv., afstöðu Framsfl. til málsins og afstöðu Sjálfstfl. líka, því að það hefur verið mjög hljótt um viðhorf þessara flokka hér á Alþingi og ekki orðið til að greiða fyrir störfum í byggðanefnd þar sem engin svör hafa komið, að ég hef haft spurnir af, varðandi þær fsp. sem byggðanefndin bar fram í skriflegu erindi til viðkomandi þingflokka. Við hljótum að eiga kröfu á því að fá vitneskju um hver séu viðhorfin hjá þessum flokkum. Það má vissulega leiða líkur að afstöðunni með tilliti til afstöðu í ýmsum öðrum málum sem hafa unnið gegn byggðajafnvægi í landinu beinlínis og þar á ég við fjölmargar stjórnarathafnir núv. ríkisstj. Þar hafa verkin talað hjá þessum flokkum, m.a. hin óhefta

samkeppni um fjármagnið og það hvernig losað hefur verið um gróðaöflin í landinu og opnaðar flestar gáttir fyrir þau öfl nánast að kröfu fremstu frjálshyggjupostula í landinu sem gáfu þessari ríkisstj. siðgæðisvottorð í upphafi.

Það verður heldur ekki séð af meðferð frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga að neinn hugur sé hjá þessum flokkum til að nota stjórnsýsluuppbygginguna í landinu til að efla byggðarlögin og vinna gegn byggðaröskuninni. Þar var krafa þessara flokka, og ég hygg Sjálfstfl. alveg sérstaklega, að sá vísir að lögbundnu samstarfi sveitarfélaga innan héraðs sem þar var að finna var felldur út og sá vísir að þriðja stjórnsýslustigi sem sýslurnar eru skal af lagt og er þegar búið að greiða um það atkvæði í hv. Nd. án þess að nokkuð annað komi í staðinn nema það gatasigti sem héraðsnefndaskipanin er sem ætlað er að taka við af sýslunefndum.

Herra forseti. Af minni hálfu væri hægt að lengja þetta mál verulega, en ég sé ekki ástæðu til að taka inn í umræðuna fleiri þætti að þessu sinni. Ég vil aðeins að lokum ítreka hversu brýnt er að við, sem erum kjörnir fulltrúar landsbyggðarinnar á Alþingi, leitum allra færra leiða til að ná samstöðu og vinna gegn þeirri öfugþróun sem er alltaf að vinda utan á sig, hefur fært fólkið í síauknum mæli yfir á eitt landshorn og fjármagnið í þeim mæli sem birtist okkur dag hvern hér í höfuðstað landsins.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 69. fundur.

Þriðjudaginn 8. apríl, kl. 2 miðdegis.

Nám í ferðaþjónustu, fsp. 323. mál (þskj. 596). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Tvívegis höfum við Kvennalistakonur átt frumkvæði að umfjöllun um ferðaþjónustu hér á Alþingi, en sú grein er að okkar mati vanrækt um of og hefur raunar mátt þola illa meðferð stjórnvalda, sbr. hinn illræmda flugvallarskatt og niðurskurð á lögbundnum framlögum til Ferðamálaráðs.

Svo sem alþm. mega vita eiga 10% af söluhagnaði Fríhafnarinnar í Keflavík að renna til Ferðamálaráðs. Var mikil vinna lögð í það á síðasta ári við setningu laga um ferðamál að tryggja jafnar og eðlilegar greiðslur þessa tekjustofns til ferðamála, en það er nú eins og gengur að lög eru eitt og framkvæmd annað og þessar tekjur eru enn skornar niður í ár um helming.

Ég minni á þetta vegna þess að þetta hefur m.a. valdið því að Ferðamálaráð er ákaflega illa í stakk búið að gegna sínu hlutverki sem er m.a. að bjóða upp á menntun í ferðaþjónustu. En það er með ferðaþjónustuna eins og aðrar greinar að grunnurinn er veikur ef menntunar- og þekkingarþátturinn er vanræktur.

Það var raunar ætlun mín að leggja fram till. á þessu þingi um nám í ferðaþjónustu. Ég hef lítillega kynnt mér hvernig þessum málum er háttað en ég taldi rétt að fá það skýrt fram hér á Alþingi hvernig þessi mál standa og hvað stjórnvöld hafa hugsað sér að gera til úrbóta. Því spyr ég hæstv. menntmrh. á þskj. 596:

„1. Hvaða nám er nú í boði fyrir þá sem starfa í ferðaþjónustu?

2. Er einhverra breytinga að vænta í þeim efnum? Ef svo er, í hverju yrðu þær breytingar fólgnar?“

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Spurt er um hvaða nám sé í boði fyrir þá sem starfa í ferðaþjónustu. Hótel- og veitingaskóli Íslands annast um menntun matreiðslu- og framreiðslumanna og hefur gert það frá árinu 1955 er skólinn var stofnaður. Matreiðsla og framreiðsla eru lögverndaðar iðngreinar og fer verklegi hluti námsins fram á vinnustöðum undir stjórn meistara.

Hússtjórnarskólar veita hagnýta undirbúningsmenntun t.d. í heimilisfræðum, meðferð líns, ræstingu og framreiðslu. Þetta er nefnt hér vegna þess að í vaxandi mæli taka heimili bæði í bæjum og sveitum landsins ferðamenn til gistingar og veita þeim beina þegar hótel og veitingastaðir anna ekki eftirspurn. Einstaka hússtjórnarskólar hafa í samráði við Samband veitinga- og gistihúsa gefið nemendum kost á valnámi sem sniðið er að störfum í veitinga- og gistihúsum. Aðsókn að þessu námi hefur ekki verið mikil.

Félag leiðsögumanna hefur haldið uppi námi fyrir leiðsögumenn. Flugleiðir þjálfa á sínum vegum flugfreyjur og flugþjóna og enn má þess geta að Bændaskólinn á Hvanneyri hefur veitt ferðaþjónustu bænda fyrirgreiðslu í fræðslu um ferðamál.

Í öðru lagi er spurt um hvort einhverra breytinga sé að vænta í námi í ferðaþjónustu. Því er til að svara að í undirbúningi er að koma upp húsnæði í Kópavogi, og hefur verið um alllanga hríð, fyrir hótel- og matvælagreinar sem tengist Menntaskólanum í Kópavogi. Þar er ætlað að verði miðstöð kennslu í ferðaþjónustu í landinu. Hún mun þá taka til allra helstu greina, svo sem matreiðslu, framreiðslu, línþvotta, ræstingar, gestamóttöku og leiðsagnar fyrir ferðamenn. Menntaskólinn í Kópavogi hefur nú nýverið fengið heimild til þess að undirbúa leiðsögubraut. Þá er verið að endurskoða námsskrár fyrir hótel- og veitinganám.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svar hans. Eins og ég átti von á er ekki feitt á stykkinu í þessum efnum. Nám sem er í boði fyrir starfsfólk sem vill vinna að ferðaþjónustu er ákaflega tilviljanakennt. Hann minntist á Hótel- og veitingaskólann sem er ákaflega vanbúinn eins og er í leiguhúsnæði sem hentar illa og er uppsegjanlegt með sex mánaða fyrirvara. En eins og hæstv. menntmrh. nefndi, þá er fyrir hendi nokkurra ára samkomulag um það að Hótel- og veitingaskólinn verði byggður upp í tengslum við Menntaskólann í Kópavogi, enda engin verkmenntun í boði í Kópavogi. Var raunar ætlunin þegar þetta samkomulag var gert að þessi aðstaða væri fyrir hendi nú í ár, en engin skóflustunga hefur verið stungin enn þannig að það er ekki búið að byggja húsnæði fyrir þennan skóla.

Það er allt gott um það að segja sem áformað er. Hins vegar er það mín skoðun að ekki sé nóg að bjóða upp á sérhæft nám á einum stað, það verði að byggja upp nám sem gagnist víðar um landið. Reyndar minntist hæstv.

ráðh. á hússtjórnarskólana sem hafa boðið upp á nám sem nýtist í ferðaþjónustu, en það nám veitir ekki svo að mér sé kunnugt um nein réttindi umfram aðra, þótt hugsanlegt sé að eitthvað sé sóst eftir fólki sem hefur stundað nám í hússtjórnarskólum, en ég veit ekki til þess að það tryggi fólki hærri laun þótt það hafi stundað nám þarna.

En eins og við ræddum raunar hérna, þeir þm. sem tóku til máls um till. okkar um úrbætur í ferðaþjónustu sem var til umræðu hér fyrir nokkrum vikum, þá vorum við sammála um að það væri brýnt að byggja upp nám í ferðaþjónustu sem víðast um landið. Það var minnst á húsmæðraskólana og það var minnst á fjölbrautaskólana sem mætti nýta í þessu skyni. Svo er auðvitað kjörið og alveg upplagt að skipuleggja fjarnám í þessum fræðum. Núv. hæstv. menntmrh. virðist sem betur fer hafa áhuga á þeirri leið til miðlunar fræðslu og ég minni á frv. Kvennalistans um fjarnám sem Guðrún J. Halldórsdóttir mælti fyrir þegar hún var hér á þingi. En ég vil svo aðeins að lokum hvetja til að þetta mál leggist ekki í salt. Mér finnst okkur liggja töluvert á. Það er mikið verk óunnið í skipulagningu og vinnslu kennslugagna og ekki ráð nema í tíma sé tekið.

Öryrkjabifreiðar, fsp. 328. mál (þskj. 601). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 601 hef ég leyft mér ásamt hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh. um öryrkjabifreiðar:

„Hvaða ráðstafanir hyggst fjmrh. gera, nú í kjölfar tollalækkana á bifreiðum, fyrir öryrkja sem njóta sérstakra kjara við bifreiðakaup þannig að hlutur þeirra verði ekki lakari en nú er samanborið við hinn almenna bifreiðakaupanda? Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir söluskattslækkun á bifreiðum til öryrkja í þessu skyni?“

Þessi mál bar hér á góma í Nd. fyrir alllöngu en þá höfðum við hv. þm. Karvel Pálmason lagt fram fsp. okkar til að fá fram sem gleggst svör. Það eru margir sem hér bíða svara og m.a. veit ég að dregist hefur að senda út bréf til þeirra sem sóttu um eftirgjöf og hafa fengið eftirgjöf núna á þessu ári, og áttu að hafa sótt um hana fyrir 15. febr. s.l., en úthlutun þeirra bifreiða er nokkuð löngu lokið. Stjórn Öryrkjabandalagsins hefur eðlilega lagt áherslu á farsæla lausn þessa máls og veit ég að hún hefur verið í viðræðum við hæstv. fjmrh. um það. Í okkar huga, fyrirspyrjenda, er það meginatriði að öryrkjar haldi áfram að hafa ákveðið forskot fram yfir hinn almenna bifreiðakaupanda því að ekki mun af veita miðað við aðstæður fjölmargra þeirra og á það ekki hvað síst við um þá 40 verst stöddu sem árlega fá eftirgjöf sérstaklega og í auknum mæli.

Rétt er að undirstrika alveg sérstaklega að um hinar samtals 550 bifreiðar, sem úthlutað er lögum samkvæmt eftirgjöf á árlega, bárust nú um 1100 fullgildar umsóknir. Þarf það mál vissulega sérathugun. En spurningin nú er um úrlausn fyrir öryrkja í þeim mæli að þeim sé gert það áfram öðrum auðveldara að eignast bifreið, svo mikil nauðsyn sem það er þeim mörgum, m.a. og sér í lagi til að geta stundað eðlilega vinnu við sitt hæfi.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Í framhaldi af ákvörðunum um lækkun tolla á bifreiðum hafa mál öryrkja sérstaklega verið skoðuð með tilliti til þeirrar eftirgjafar af tollum sem þeir hafa notið samkvæmt sérstökum heimildarákvæðum. Það var afstaða fjmrn. að eðlilegt væri að öryrkjar mundu njóta áfram hlutfallslega sömu eftirgjafar af tollum og verið hefur þrátt fyrir þá miklu lækkun sem varð fyrir skömmu á tollum af bifreiðum og fór í mörgum tilvikum verulega niður fyrir það sem öryrkjar höfðu áður haft sem ívilnun sér til handa.

Grunnfjárhæðin, sú sem stuðst hefur verið við samkvæmt lögum, hefur verið reiknuð út og miðað við breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar frá apríl 1981 til febrúar 1986 og þær breytingar sem gerðar hafa verið á tollalögum, nú síðast með lögum nr. 3/1986, kemur í ljós að að meðaltali ætti eftirgjöf af tollum að vera 21 883 kr. samkvæmt þessari viðmiðun og þá er miðað við þá fjóra gjaldflokka bifreiðagjaldsins sem taka til bifreiða undir 2000 cm^3 stærð. Eigi að síður þótti rétt að ákveða að eftirgjöfin yrði 25 þús. kr. af hverri bifreið, sem er nokkuð umfram þessa meðaltalsreglu, og má því segja að þessi ákvörðun feli í sér að hlutfallsleg lækkun á tollum sé nokkru rýmri en áður var, en í meginatriðum hefur verið við það stuðst að öryrkjar nytu hlutfallslega sama afsláttar af tollum og áður.

Að því er varðar úthlutun úthlutunarnefndar á 16 bifreiðum samkvæmt sérstakri heimild í tollskrárlögum verður hér eftir sem áður um fullt afnám af tollum að ræða og það er óbreytt skipan.

Varðandi síðari lið í fsp. hv. þm. er það mín skoðun að ekki eigi að fjölga undanþágum í söluskatti af þessu tilefni. Hitt væri miklu eðlilegra að menn íhuguðu að koma þessum málum í heild sinni fyrir í tryggingakerfinu og styrkir til öryrkja vegna bifreiðakaupa og bifreiðanota yrðu hluti af tryggingakerfinu. Allt það mál þarf þó frekari athugunar við, en ég teldi ekki óeðlilegt að málum yrði skipað á þann veg.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Eg þakka hæstv. fjmrh. svörin. Ég ræð það svo sem ekki alveg af þeim hvert raunverulegt hlutfall hér kemur til eftirgjafar hjá öryrkjum, en þó sýnist mér alveg augljóst að eftir þá breytingu sem varð fyrir hinn almenna bifreiðakaupanda er forskot öryrkjans að miklu leyti úr sögunni. Það er alveg ljóst að forskot öryrkjans, það sem honum hefur verið gert auðveldara að fá bifreið umfram fólk almennt, er að miklu leyti úr sögunni. Það er alveg ljóst. Það hefur verið farin þarna viss millileið varðandi nokkra hækkun eftirgjafar af hverri bifreið, en það er líka alveg ljóst að þetta forskot, eða mér sýnist það af svörum ráðherra, ég get ekki lesið annað út úr þeim, sem öryrkjar hafa haft, sé ekki lengur til staðar og þeir þurfi því flestir hverjir að sæta svipuðum kjörum og hinn almenni bifreiðakaupandi að undanskildum þessum 25 þús. sérstaklega. Mér þykir þetta miklu miður því að ég hygg að það sé full þörf á því að halda þessu áfram.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh. að vissulega væri rétt að koma þessum málum í heild sinni fyrir í tryggingakerfinu og jafna þannig aðstöðumun öryrkja. Ég bendi á að fyrir utan það sem ég nefndi um möguleika öryrkjans til að stunda eðlilega vinnu er hér einnig og í mjög yfirgnæfandi tilfellum um að ræða

möguleika hans til að stunda eðlilegt líf, að hafa bifreið til afnota. Mér þykir því sannast sagna sem hér hafi verið smátt skammtað umfram þann fullfríska mann sem getur keypt sér bifreið.

Ég bendi einnig á það og vil spyrja hæstv. ráðh. að því að fullgildar umsóknir um öryrkjabifreiðir nú voru um 1100 og lögin heimila eftirgjöf af 550 bifreiðum. Auðvitað verður þetta ekki eins knýjandi eftir að eftirgjöfin er orðin það lítil sem raun ber vitni, en engu að síður er ljóst að það þarf vissa fjölgun til að sinna brýnustu þörfum. Læknar í úthlutunarnefnd þessara bifreiða segja mér að 50 bifreiðir t.d. til viðbótar mundu leysa mikinn og brýnan vanda. Í fyrra voru umsóknir 950 um 550 bifreiðir svo að þetta er ekki bara bundið við árið í ár. Og það þarf í dag að neita mörgum sem sannarlega þurfa á að halda.

Ég spyr ráðherra í framhaldi af þessu hvort hann hafi í hyggju að rýmka heimildina um fjöldann. Ég minni á að hér var í þinginu í fyrra til meðferðar frv. um að fjölga bifreiðum um 50 að mig minnir. Það frv. dagaði uppi. Söm er þörfin áfram þó að ég sjái að á muni verða miklu minna knúið eftir að svo smátt er skammtað um aukaeftirgjöf til öryrkja eins og kom fram í máli hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Aðeins örfáar athugasemdir.

Sú ákvörðun sem hér hefur verið tekin byggir í grundvallaratriðum á því að öryrkjar fái hlutfallslega jafnmikið eftirgefið af tollum og áður var. Auðvitað eru það lægri krónutölur eftir að tollar hafa verið lækkaðir. Þær heimildir sem hér um ræðir hafa einungis lotið að eftirgjöf á tollum. Það hefur ekki verið það fyrirkomulag að innflutningsverð bifreiða væri niðurgreitt fyrir öryrkja. Heimildin lýtur einungis að niðurfellingu á tollalögum. En ég ítreka að í ljósi þessara breyttu viðhorfa og m.a. með tilliti til spurningar hv. fyrirspyrjanda um hugsanlega fjölgun bifreiða teldi ég eðlilegt að málið yrði í heild sinni tekið til endurskoðunar og þá fyrst og fremst með það sjónarmið í huga að þessi mál yrðu færð undir tryggingakerfið. En miðað við að hér er um að ræða heimildir til tollalækkana er um að ræða heldur meiri hlutfallslega eftirgjöf en áður var þó að hún sé lægri í krónum talið vegna almennrar nýgerðrar tollalækkunar af bifreiðum.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég skil hæstv. fjmrh. svo að lögum samkvæmt sé útilokað að hafa þetta öðruvísi. Það er þá alveg ljóst að til þess að rétta hlut öryrkja þarf að breyta lögum þeim sem nú gilda varðandi eftirgjöf af bílum til þeirra sérstaklega. Það er þá þess að vænta að það verði gert.

Umsvif erlendra sendiráða, fsp. 381. mál (þskj. 697). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég flyt fsp. á þskj. 697 til utanrrh. um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða. Er fsp. svohljóðandi:

„Með hvaða hætti hefur verið staðið að framkvæmd þál. frá 13. júní 1985 um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hér á landi?"

Sú þál. frá 13. júní í fyrra sem hér er vitnað til var flutt af utanrmn. og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að leggja áherslu á að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og felur ráðherra að fylgjast með því og gera, ef þörf krefur, með samningum eða einhliða, ráðstafanir í þessu skyni á grundvelli laga nr. 16 frá 1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, og laga nr. 30/1980, um breytingu á lögum nr. 60/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna með sérstakri hliðsjón af íslenskum aðstæðum."

Það er um framkvæmd þessarar þál. sem hér er spurt.

Það er ekki að ástæðulausu að þetta mál er tekið hér á dagskrá í framhaldi af ályktun Alþingis frá því í fyrrasumar. Umsvif erlendra sendiráða hafa farið mjög vaxandi hér á síðustu árum.

Utanrrn. tók saman yfirlit fyrir tveimur árum, í janúar 1984, yfir fjölda starfsmanna og húsakaup erlendra sendiráða hér í borg, sem var mjög fróðlegt aflestrar, og þar kemur einmitt fram þessi gífurlega aukning á umsvifum erlendu sendiráðanna. Þar kemur m.a. fram að Sovétríkin eru með langstærstan hóp erlendra sendimanna hérlendis og hefur þeim fjölgað um tvo frá því fyrir fimm árum en aðeins um einn hjá bandarísku sendiráðinu. Starfandi hjá sovéska sendiráðinu eru þá 37 erlendir starfsmenn, enginn íslenskur starfsmaður, en erlent skyldulið 43, samtals 80. Bandaríkin koma næst með 22 erlenda starfsmenn og jafnmarga innlenda. Erlent skyldulið er 21. Útlendingar eru alls 43. Næstir koma í röðinni Frakkar. Þar eru alls 20 útlendingar starfandi ásamt skylduliði sem er innifalið í þeirri tölu. Ég rek ekki fjölda hjá öðrum sendiráðum, en það má sjá á þessum tölum að hér er um stóra hópa að ræða og mikið starfslið.

Fasteignakaupin hafa einnig farið mjög vaxandi. Það kemur fram í upplýsingum frá ráðuneytinu að Sovétríkin eru með fasteignir í Reykjavík sem nema alls 8406 rúmmetrum og lóðir sem eru um 4 þús. fermetrar að flatarmáli. Bandaríkin eru með fasteignir sem eru um það bil helmingi minni að rúmmetrum, 4848, og 1400 fermetra lóðir. Alls eru lóðir erlendra sendiráða í Reykjavík 21 þús. fermetrar.

Sú þróun sem hefur gerst í þessum efnum og þessar tölur bera glöggan vott um ástæðurnar fyrir því að Alþingi sameinaðist um samþykkt þessarar þáltill. Það er full ástæða til þess, þegar nú er senn ár frá þeim atburði liðið, að spyrjast fyrir um hvernig gangi með framkvæmd hennar.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með hvaða hætti hefur verið staðið að framkvæmd þál. frá 13. maí um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hér á landi? er spurt af hv. 2. þm. Reykn.

Í þál. um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða, sem samþykkt var á Alþingi nefndan dag, er utanrrh. falið að fylgjast með því að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og gera, ef þörf krefur, ráðstafanir í því skyni. Í samræmi við þessa ályktun Alþingis hefur farið fram athugun í utanrrn. á því á hvern hátt tilgangi þál. verði best náð og er þeirri athugun ekki lokið. Þegar ráðuneytið hefur gert sér endanlega grein fyrir hvernig best verði að þessu staðið mun utanrmn. væntanlega gerð grein fyrir því.

En til þessa hafa eftirtaldar ráðstafanir verið gerðar:

Það hefur verið óskað eftir nánari upplýsingum frá

sendiráðum um starfsmenn þeirra og þau störf sem hver þeirra hefur með höndum. Það hafa enn ekki borist svör.

Það hefur verið hafin endurskráning á bifreiðum sendiráða og sendiráðsstarfsmanna sem auðkenna mun bifreiðir þeirra betur, en til þess að hægt væri að gera slíkt þurftu áður að fara fram tæknilegar breytingar hjá Bifreiðaeftirliti, en því er fyrir skömmu lokið og það sem hér um ræðir hefur þegar verið hafist handa um.

Í þriðja lagi hefur verið leitað eftir upplýsingum hjá sendiráðum um beint húsnæði á þeirra vegum og hverjir nýta það. Jafnframt hefur verið beðið um að tilkynnt verði jafnóðum um breytingar á því. Við því hafa enn ekki borist þau svör sem óskað hefur verið eftir.

Ég er ekki með því að segja að svör hafi ekki borist að halda því fram að það sé nokkuð óeðlilegt við það nema síður sé. Ég efast ekki um að þegar utanrrn. spyr fær það svör sendiráðanna þegar þau telja að þau séu reiðubúin til þess að veita þær upplýsingar með þeim hætti sem beðið hefur verið um og að sjálfsögðu mun utanrrn. fylgja því eftir og, eins og ég gat um í upphafi míns máls, frekari athugun á því með hvaða hætti hægt er og skynsamlegast að framfylgja ályktun Alþingis og utanrmn. látin fylgjast með því eftir því sem málið vinnst.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég flutti till. til þál. um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis tvívegis og var það tilefni sérstakrar till. og samþykktar utanrmn. sem Alþingi staðfesti samhljóða um þessi efni.

Það var allharður dómur sem hv. 2. þm. Reykn. kvað hér yfir utanrrh. Sjálfstfl. í sambandi við þá útþenslu sem orðið hefði á erlendum sendiráðum hérlendis, þá fyrst og fremst risaveldanna sem eru hér með nífalt fjölmennari hóp starfsmanna bæði en Ísland í viðkomandi ríkjum. Svo mjög hallar þar á. Bandaríkin eru með 44 starfsmenn í janúar 1984 og Sovétríkin með 37 starfsmenn á sama tíma.

Það hefur ekki mikið gerst í þessum efnum samkvæmt upplýsingum utanrrh. Ég hef lagt áherslu á gagnkvæmnissjónarmið í þessu efni, svo sem réttur stendur til samkvæmt Vínarsáttmála, minni í því sambandi á takmarkanir gagnvart íslenskum sendiráðsstarfsmönnum í Sovétríkjunum og á þær hömlur sem lagðar eru á ferðir Íslendinga til Bandaríkjanna, kröfur um vegabréfsáritanir þar sem engar eru gerðar samsvarandi hérlendis. Það er auðvitað ósamboðið fullvalda þjóð að standa þannig að málum.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég þakka utanrrh. fyrir þau svör sem hann gaf við fsp. minni sem ég mælti fyrir áðan. Það kom fram í svari hans varðandi þær kannanir á störfum sendiráðsmanna sem utanrrn. vinnur að og hefur óskað eftir upplýsingum um frá sendiráðum að svör liggja ekki fyrir frá þeim í þeim efnum og er þó senn brátt ár liðið frá samþykkt þáltill. sem flutt var af utanrmn. um þau mál. Eins eru önnur mál í athugun og raunar beðið eftir fleiri svörum. Ég held að það væri full ástæða fyrir ráðuneytið að óska eftir skjótari viðbrögðum frá hinum erlendu sendiráðum í þessum efnum þannig að þetta mál megi liggja sem fyrst ljóst fyrir og verði þá grein fyrir því gerð í utanrmn. eins og ráðherrann vék að.

Það má nefna þegar litið er á þessar tölur að nær fjórir tugir erlendra starfsmanna, fyrir utan skyldulið, starfa í sovéska sendiráðinu og yfir tveir tugir í því bandaríska. Menn velta því fyrir sér hver þörf sé fyrir svo mikinn starfsmannafjölda. Í því sambandi má minna á að það er algerlega á valdi íslenskra stjórnvalda að ákveða stærð erlendra sendiráða og starfsmannafjölda.

Það segir í 11. gr. Vínarsamningsins svonefnda, sem fékk lagagildi hér 1971, þ.e. samningur um stjórnmálasamband ríkja, að þegar ekki sé gert sérstakt samkomlag um starf sendiráða geti móttökuríkið krafist þess að stærð sendiráðs verði sett takmörk sem það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

Hér er fyrir hendi skýr og ljós lagaheimild til þess að setja þau takmörk á stærð lóða og fasteigna og íbúðakaup erlendra sendiráða sem íslensk stjórnvöld telja æskileg. Ég held að það sé mjög tímabært í ljósi þeirrar könnunar sem nú fer fram að slíkt verði gert, svo langt sem lóða-, íbúðakaup og starfsmannafjöldi eru komin út fyrir það sem kalla mætti eðlileg mörk.

Í þessu sambandi kemur líka upp í hugann sú umræða sem átt hefur sér stað um innra öryggi hér á landi og sem utanrrh. hefur sérstaklega sett á dagskrá að undanförnu í ræðu og riti. Þau mál tengjast vitanlega umsvifum erlendra sendiráða hér á landi og eru þáttur af þeim og á þau efni þarf einnig að líta í þessu sambandi.

Ég hirði ekki um að svara athugasemd hv. 5. þm. Austurl. varðandi hina miklu útþenslu erlendra sendiráða í ráðherratíð Sjálfstfl. og samstarfsflokka hans í ríkisstjórn. Ég veit ekki betur en á árunum áður en þessi ríkisstj. tók við, eins og tölurnar frá því í janúar 1984 sanna, hafi verið um mjög mikið útþenslutímabil að ræða í þessum efnum.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Aðeins út af því sem hv. 5. þm. Austurl. sagði varðandi fjölgun sendiráðsstarfsmanna og þá í tíð hverra sú fjölgun hefði átt sér stað og voru þar nefndir fyrrv. utanrrh. Sjálfstfl. Þeir eru ekki margir á undanförnum tveimur áratugum eða jafnvel þremur.

Ég skal ekki heldur fara í umræður um þau efni hvar og hvenær þessi fjölgun hefur átt sér stað, en í tíð forvera míns held ég að það verði a.m.k. ekki sagt og allar götur aftur til 1956 þurfum við að leita að sjálfstæðismanni í utanrrn.

En ég vil gjarnan taka undir það sem hv. þm. sagði varðandi gagnkvæmni í viðskiptum þjóða og í viðskiptum í sambandi við sendiráðin og tel að við eigum mjög að horfa til þess þegar við setjum slíkar reglur sem við að sjálfsögðu þurfum að hafa í þessum efnum.

Fyrirkomulag sjúkraflutninga, fsp. 373. mál (þskj. 673). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 663 hef ég leyft mér að leggja fram fsp., en áður en ég vík að þeim vil ég, með leyfi forseta, hafa örfá inngangsorð að þeim fsp.

Eins og hv. þm. mun væntanlega ljóst hafa komið upp vandamál á nokkrum stöðum vegna sjúkraflutn-

inga. Þau vandamál eru ábyggilega mismunandi og mismunandi erfitt að leysa þau, en hér er spurt varðandi sjúkraflutninga í Ísafjarðarkaupstað.

Fram til 12. jan. 1982 annaðist lögreglan á Ísafirði sjúkraflutninga fyrir Ísafjarðarkaupstað og nærliggjandi sveitarfélög og greiddi Ísafjarðarkaupstaður launakostnað löggæslumanna er féll til vegna sjúkraflutninga utan reglulegs vinnutíma þeirra. Slökkviliðið var skipað einum fastráðnum starfsmanni sem var slökkviliðsstjórinn.

Þann 12. jan. 1982 var gert bráðabirgðasamkomulag til 1. okt. 1982 milli lögreglustjórans á Ísafirði og bæjarsjóðs Ísafjarðar um að slökkviliðið á Ísafirði annaðist sjúkraflutninga í samvinnu við lögregluna á Ísafirði. Jafnhliða þessu samkomulagi var ráðinn viðbótarstarfsmaður við slökkviliðið þannig að fastráðnir starfsmenn slökkviliðsins voru tveir.

Þann 1. okt. 1982 hætti lögreglan á Ísafirði afskiptum af sjúkraflutningum og frá þeim tíma hefur slökkviliðið á Ísafirði alfarið annast þá fyrir Ísafjörð og nágrenni.

Viðræður hafa farið fram við dómsmrn., bæjarfógetann á Ísafirði og lögreglumenn um að lögreglan taki að sér sjúkraflutninga í kaupstaðnum eins og var fyrir 1982. Bæjarsjóður hefur verið reiðubúinn til að inna af hendi greiðslur til ríkissjóðs og/eða Félags lögreglumanna fyrir þessa þjónustu, en eins og fram kemur í bréfi bæjarfógetans á Ísafirði, dags. 9. mars 1984, hefur þessari málaleitan verið hafnað.

Eins og málum er nú komið kemur í ljós að útgjöld hjá Ísafjarðarkaupstað vegna sjúkraflutninga voru á s.l. ári 2 260 124 kr. Ég þekki engin dæmi þess að slíkar tölur séu á borði fyrir sjúkraflutninga í byggðarlögum eða bæjarfélögum hér á landi. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja fram á þskj. 673 fsp. til hæstv. dómsmrh. um fyrirkomulag sjúkraflutninga. Fsp. er þannig, með leyfi forseta:

„1. Hefur dómsmrn. neitað samstarfi og þátttöku í kostnaði vegna sjúkraflutninga í Ísafjarðarkaupstað? Ef svo er, hverjar eru ástæður þess?

2. Í hvaða bæjar- eða sveitarfélögum er samstarf um sjúkraflutninga milli löggæslumanna og/eða sveitarstjórna?“

Ég hef upplýsingar um að í ýmsum bæjar- og sveitarfélögum er þessi kostnaðarhlutur miklum, miklum mun minni en hér er um að ræða að því er varðar Ísafjarðarkaupstað. Að fyrir þetta skuli borgað 2 millj. 260 þús. á ári er afskaplega mikil fjárhæð, ekki vegna þess fólks sem að þessu vinnur heldur er spurningin hvort ekki megi samræma aðgerðir til þess að annast þessa flutninga með ekkert síðri hætti en nú gerist.

Þetta eru um 664 kr. á hvern íbúa á Ísafirði. Sambærilegar tölur eru allt frá 22 kr. á íbúa og upp í 130 kr. á íbúa. Þarna er greinilega gífurlega mikill munur á, hvað er lagt í beinan kostnað vegna þessa, og spurningin er hvort ekki er hægt að hagræða þessum vinnubrögðum með miklu skynsamlegri hætti en eigi að síður gera þessum hlutum góð skil.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á árinu 1978 ákvað dómsmrn. að lögregla skyldi almennt hætta afskiptum af sjúkraflutningum á þeim stöðum þar sem hún hafði haft þá með höndum frá og með 1. jan. 1979 að telja. Þessi ákvörðun var tekin í framhaldi af verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem varð þegar löggæslan færðist yfir til ríkisins.

Þessi breyting tók allnokkurn tíma, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, 3. þm. Vestf., sem hefur beint til mín fsp. vegna sjúkraflutninga á Ísafirði. Það mun ekki hafa verið fyrr en á árinu 1982 sem þetta komst til framkvæmda gagnvart Ísafirði og Ísafjarðarsýslum.

Á árinu 1983, í framhaldi af umræðum um samstarf þarna á milli og hagræðingu, skrifaði bæjarfógetinn á Ísafirði bréf þar sem hann bauð samstarf við bæjarstjórn. Ég vil lesa nokkuð af því sem í bréfinu stendur, með leyfi forseta:

„Dómsmrn. hefur heimilað bæjarfógetaembættinu að ljá atbeina sinn til sjúkraflutninga á Ísafirði og í Ísafjarðarsýslum að næturlagi, þ.e. frá kl. 17 til kl. 8, með eftirfarandi hætti:

1. Lögreglan á Ísafirði annist símavakt er einnig taki til brunaútkalla.

2. Lögreglumaður komi til aðstoðar við sjúkraflutninga á móti starfsmanni Ísafjarðarbæjar. Þá er gert ráð fyrir því að í flestum tilvikum muni vera heppilegast að lögreglumaður aki sjúkrabifreið á vettvang þangað sem bakvaktarmaður bæjarins komi.

3. Ef lögreglumenn á vakt geta ekki sinnt útkalli vegna anna verði lögreglumaður kallaður til á aukavakt. Bæjarsjóður Ísafjarðar greiði allan kostnað af þeirri aukavakt. Rétt er þó að bæjarsjóður hafi áfram tvo menn á bakvakt frá kl. 17 á föstudögum til jafnlengdar á sunnudögum, en á þeim tíma er að jafnaði örðugra en ella að tryggja sérstaka aðstoð lögreglu.

4. Lögreglumenn skulu jafnan eiga kost á nauðsynlegri fræðslu og tilsögn um meðferð sjúkra og slasaðra embættinu að kostnaðarlausu.“

Aðstoð þessi var boðin í júlí 1983, en mér er ekki kunnugt um af hverju ekki hefur orðið úr samstarfi á þessum vettvangi. Þáttur lögreglunnar á Ísafirði við sjúkraflutninga í dag er sá að hún annast símavakt fyrir sjúkraflutninga og brunaútköll að næturlagi frá kl. 17 síðdegis til kl. 8 næsta morgun. Þá sinnir lögreglan einnig neyðarflutningum.

Það má því segja að dómsmrn. hafi heimilað ákveðið samstarf sem ekki hefur orðið úr nema að litlu leyti, en hins vegar hefur ráðuneytið neitað þátttöku í kostnaði þar sem það telur að sjúkraflutningar séu verkefni sveitarfélaga en ekki ríkisins.

Síðari spurning á þskj. 673 er: „Í hvaða bæjar- og sveitarfélögum er samstarf um sjúkraflutninga á milli löggæslumanna og bæjar- og sveitarstjórna?“

Samstarf er um sjúkraflutninga í Vestmannaeyjum og á Akranesi og hefur verið gert samkomulag þar að lútandi þannig að bæjarsjóðir greiði þá hluta a.m.k. af þeim kostnaði sem af því stafar. Þá sinnir lögreglan í Árnessýslu enn fremur flestum sjúkraflutningum í sýslunni og á Selfossi, en þar fær lögreglan að sjálfsögðu greitt fyrir flutningana og að mati yfirlögregluþjóns er það ekki óhagkvæmt fyrir lögregluna.

Að lokum skal svo tekið fram að sums staðar er það þannig að lögreglumenn annast akstur sjúkrabifreiða í sínum frítímum. Slíkt samkomulag er t.d. í Rangárvallasýslu þar sem Rauðakrossdeildin rekur sjúkrabíla eins og víðar mun vera og þar er samningur um að lögreglumenn annist aksturinn í sínum aukatímum. Ég held að það fyrirkomulag reynist þar mjög vel.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Að gefnu tilefni vil

ég geta þess að ég hef aldrei fallist á þá reglu, sem hér var nefnt að tekin hafi verið upp 1978, að slá því föstu að lögreglumenn skuli ekki koma nálægt sjúkraflutningum. Þvert á móti hef ég af þessu margra ára reynslu og tel fara mjög vel á því að lögreglumenn annist sjúkraflutninga a.m.k. þar sem það á við. Ég viðurkenni að vísu að það eru breytilegar aðstæður, en ég hygg að þetta gefist vel víða. Ég man eftir því að á Akranesi lá við borð að lögreglumenn hættu sjúkraflutningum, en það mál var tekið upp og náðust samningar um að lögreglan annaðist sjúkraflutninga áfram. Ég hef ekki heyrt annað en mjög góð reynsla sé af því.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Ég vil einnig og ekki síður þakka hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni fyrrv. dómsmrh. fyrir þær athugasemdir sem hann gerði sem ég tek undir og eru sterkar.

Að því er varðar Ísafjarðarkaupstað sagði hæstv. ráðh. að hann vissi ekki vegna hvers ekki hefði verið komið á samkomulagi í Ísafjarðarkaupstað vegna sjúkraflutninga. Ég hef í höndum bréf sem Pétur Kr. Hafstein hefur undirritað 4. júlí 1983. Í lok þessa bréfs segir, með leyfi forseta:

„Ég vil að lokum leggja á það áherslu að þetta boð felur ekki í sér breytingu á þeirri afstöðu dómsmrn. að sveitarfélög skuli bera veg og vanda af sjúkraflutningum. Hér er einungis um að ræða tilraun til skynsamlegrar nýtingar á þeirri aðstöðu lögreglumanna sem fyrir hendi er án þess að hún hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð."

Það liggur í raun og veru fyrir að ráðuneytið neitar samstarfi að því er þennan þátt varðar.

Á ýmsum öðrum stöðum eru sjúkraflutningar framkvæmdir af lögreglu. Ég bendi t.d. á Vestmannaeyjar. Þar er sjúkraflutningur framkvæmdur af lögreglu og þar er kostnaðurinn pr. íbúa 130 kr. á móti 664 kr. á Ísafirði. Þetta eru ekki ósambærilegir staðir að því er mannfjölda varðar. Að einhverjum hluta hlýtur ríkissjóður að taka meiri þátt í kostnaði þarna en í Ísafjarðarkaupstað.

Á Akranesi, sem hæstv. ráðh. nefndi hér, er kostnaður pr. íbúa 20 kr. á móti 664 kr. á Ísafirði.

Menn sjá að þetta getur ekki gengið til lengdar. Með einhverjum hætti verður að samræma þessa hluti, að það gangi jafnt yfir alla í þessum tilvikum. Mér er kunnugt um að á Austfjörðum kom upp slíkt mál og bæjarfógeti þar réði málinu til lykta í samvinnu við heimamenn og ráðuneyti. Það varð ekkert mál úr því. Hér er að mínu viti gersamlega óviðunandi aðstaða að því er varðar Ísafjörð.

Ég hef líka í höndunum bréf frá 9. mars 1984 frá Pétri Kr. Hafstein þar sem segir, með leyfi forseta, í lokin:

„Við þessar aðstæður tel ég ekki rétt að ræða frekar um þátttöku lögreglunnar í sjúkraflutningum á Ísafirði og tilkynni yður því hér með að af minni hálfu er viðræðum um þetta mál lokið."

Sýslumaður tilkynnir skriflega að viðræðum hans um sjúkraflutninga á Ísafjarðarkaupstað sé hér með lokið. Þetta er dags. 9. mars 1984.

Ég tel þetta mikið alvörumál og ég vil beina því til hæstv. dómsmrh. að hann gangi í að leiðrétta þessa hluti. Þetta getur ekki gengið svona öllu lengur. Hér verður að vera samræmi í hlutum. Það hlýtur að eiga við Ísafjarðarkaupstað eins og aðra kaupstaði í landinu. Við hljótum að fara fram á það að hæstv. ráðh. gangi í þetta mál og leysi það með viðunandi hætti eins og gert hefur verið víðast hvar ef ekki alls staðar annars staðar á landinu.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég tek undir það viðhorf, sem hér hefur komið fram, að að sjálfsögðu þurfum við að hafa þá hagkvæmni í rekstri hjá okkur sem kostur er og reyna að koma á samstarfi á milli aðila þar sem um slíkt getur verið að ræða þó að hver greiði sinn hlut af kostnaðinum en báðir njóti jafnframt ávinningsins.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði, að mér er ekki kunnugt um af hverju ekki varð samkomulag um þau atriði sem ég las upp áðan að voru boðin með bréfi 1983 og af hverju hitt bréfið kom sem sýnir að það hafi ekki tekist samningar á þeim grundvelli.

Hv. 3. þm. Vestf. veit náttúrlega að ekki er hægt að bera saman Vestmannaeyjar og alla Ísafjarðarsýslu því að þarna er um að ræða sjúkraakstur á öllu svæðinu, í Ísafjarðarsýslum báðum. Þar eru nokkuð ólíkar aðstæður og álitamál hvort lögreglan á að annast þessa þjónustu. Í héraði eins og Ísafjarðarsýslum, þar sem er um marga þéttbýlisstaði að ræða, er löggæsla með fámennu lögregluliði ákaflega erfið og kannske einna erfiðust af öllum stöðum á landinu af þeim sökum. Það hlýtur að hafa áhrif á það hversu langt er hægt að ganga á þessu sviði.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Það má vel vera að ekki sé að öllu leyti rétt að bera saman Ísafjarðarkaupstað og Vestmannaeyjar, en hitt vil ég undirstrika að Ísafjörður annast ekki sjúkraflutninga í báðum Ísafjarðarsýslum. Bolungarvík er undanskilin. Þar framkvæmir lögreglan sjálf sjúkraflutninga. Þetta ætti hæstv. dómsmrh. að vita. Og ég skil ekki ef hæstv. dómsmrh. er ekki kunnugt um bréf sem var skrifað 1984 og er undirritað af sýslumanni á Ísafirði þar sem þessu er harðneitað.

Ég óska gjarnan eftir því og helst vildi ég fá svör um það að hæstv. ráðh. beitti sér í þessu máli, fengi á því lausn sem báðir aðilar geti við unað eins og annars staðar hefur gerst. Ég tel að Ísfirðingar geti ekki unað við það öllu lengur að vera nánast misrétti beittir að þessu leytinu til, í kostnaði, miðað við aðra íbúa landsins. Ég tek undir það með fyrrv. hæstv. dómsmrh. Friðjóni Þórðarsyni að auðvitað er þetta best komið í höndum löggæslumanna ef því verður við komið. Ég tel að því megi við koma á Ísafirði eins og annars staðar.

En ég ítreka að ég óska eftir því að hæstv. ráðh. beiti sér í þessu máli og hlutist til um að finna á því lausn.

Eftirlaun aldraðra, fsp. 391. mál (þskj. 716). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 716 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um eftirlaun til aldraðra þannig að lífeyrisþegar, fæddir eftir 1914, njóti viðbótar frá umsjónarnefnd eftirlauna

ef réttur þeirra er mjög skertur hjá eigin lífeyrissjóði?“

Eins og alkunna er voru lögin um eftirlaun til aldraðra upphaflega sett til þess að þeir aðilar sem nutu skertra eða lítilla greiðslna frá eigin lífeyrissjóði fengju nokkra leiðréttingu sinna mála. Þessi lög gilda nú eftir breytingar allt til ársins 1989. Eitt skilyrði þess að njóta uppbótar samkvæmt þessu er að fólk þarf að vera fætt 1914 eða fyrr.

Þetta þótti eðlilegt á sínum tíma þar sem hinir almennu lífeyrissjóðir tóku til starfa um og upp úr 1970 og því reiknað með að síðar fæddir félagar lífeyrissjóðanna mundu geta öðlast þar full réttindi og þyrftu ekki uppbótar með. Nú kemur það hins vegar í ljós að umsjónarnefnd eftirlauna, sem annast þessi mál, fær umsóknir býsna margs fólks sem nú er orðið sjötugt en hefur ekki eðlilegan lífeyrissjóðsrétt af einhverjum ástæðum. Aðalástæða þess mun reyndar sú, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, að fyrstu ár lífeyrissjóðanna gekk á ýmsu um greiðslur í þá og virkni sjóðanna í raun. Atvinnurekendur eiga þar margir vangreiddan hlut og allt of margir launþegar reyndar einnig uggðu ekki nægilega að sér varðandi þessar lífeyrissjóðsgreiðslur þegar lífeyrissjóðirnir voru að komast á legg.

En aðalatriðið núna finnst mér sú mismunun sem þarna verður milli árganga, þ.e. það fólk sem náði sjötugsaldri 1984 fær eðlilega uppbót ef það er með skert réttindi hjá sínum lífeyrissjóði, en fólk sem sjötugt varð í fyrra og verður sjötugt á þessu ári, svo að dæmi sé tekið, nýtur ekki þessarar uppbótar sakir þessa lagaákvæðis um fæðingarárið 1914. Hér er, að mér þykir, um óviðunandi mismunun að ræða sem verður að mæta með einhverjum hætti og því er þessari fsp. beint til hæstv. ráðh.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. hv. 2. þm. Austurl. hljóðar svo:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um eftirlaun til aldraðra þannig að lífeyrisþegar, fæddir eftir 1914, njóti viðbótar frá umsjónarnefnd eftirlauna ef réttur þeirra er mjög skertur hjá eigin lífeyrissjóði?“

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, var til meðferðar á Alþingi haustið 1984. Lögunum, sem upphaflega voru sett 1971 og eru nr. 63, var ætlað að gilda til ársloka 1984. Var þá miðað við að í árslok 1984 yrðu liðin 15 ár frá því að samið var um stofnun lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna og hefðu þeir að þeim tíma liðnum fengið bolmagn til að taka sjálfir á sig greiðslur þessar, jafnframt því sem þá hefðu allir þeir, sem lögin gera ráð fyrir að öðlist eftirlaunarétt, náð 70 ára aldri.

Ákvæði um greiðslur uppbótar á lífeyri náðu upphaflega til áranna 1980–1982, en voru síðan framlengd til ársloka 1984. Við meðferð málsins á Alþingi 1984 var ljóst að Alþingi gæti sætt sig við fimm ára framlengingu gildistíma laganna að því tilskildu að framlag lífeyrissjóða lækkaði úr 5% í 4% árið 1985 og 3% árið 1986. Þá var ljóst að þm. voru sammála um að skilyrði fyrir rétti til eftirlauna yrðu óbreytt og útgjöld yrðu borin uppi af sömu aðilum og áður. Ég tel því ljóst að Alþingi gerði ráð fyrir því að það eftirlaunakerfi sem hér er um að ræða ætti að enda sitt skeið og leggjast niður að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna. Við meðferð málsins á Alþingi var einnig rætt um nauðsyn þess að stjórnvöld og lífeyrissjóðir búi sig undir þá breytingu sem af þessu hlýst, þannig að ekki yrði óvissa um réttindi neinna þeirra einstaklinga sem réttinda eiga að njóta, og taki tillit til þeirra fjárhagsskuldbindinga sem breytingin hefur í för með sér.

Með vísun til þessa verður að svara fsp. fyrirspyrjanda því að það hefur ekki verið gert ráð fyrir að gera breytingu á lögum um eftirlaun aldraðra nú þannig að lífeyrisþegar fæddir eftir 1914 njóti viðbótar frá umsjónarnefnd eftirlauna. Sú afstaða byggist á því að það verður að gera ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir taki þessi mál sérstaklega fyrir og þá með það fyrir augum að koma til móts við þá lífeyrisþega sem eiga mjög skertan rétt í lífeyrissjóðunum.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Mér koma þau í raun og veru ekki á óvart. Ég veit að þegar þessum lögum var síðast breytt var ekki svo mjög hugað að þessum málum í raun og veru og ég hygg að við höfum ekki staldrað mjög lengi t.d. við fæðingarárið þá sem var auðvitað miklu eldra í lögunum, árið 1914.

Ég held mig við það að útilokað sé fyrir löggjafann að láta mismunun af þessu tagi viðgangast vegna þess að það er staðreynd að lífeyrissjóðirnir hafa ekki tekið þetta á sig og munu ekki taka þetta á sig, treysta sér ekki til þess enn þá að taka þann mismun á sig sem þarna verður. Fólk sem er með skertan rétt til lífeyris frá sínum lífeyrissjóði fer fyrst í sinn lífeyrissjóð og fær neitun um viðbót, síðan fer það í umsjónarnefnd eftirlauna og þar fær það neitun, einnig á lagalegum forsendum.

Ég er ekki að segja að það sé ekki sjálfsagt að leita eftir því við lífeyrissjóðina að þeir taki þetta á sig og bæti fólki þetta upp. Hitt þykir mér hins vegar óviðunandi að þetta fyrirkomulag haldi áfram. Ég veit mörg dæmi þess, það eru sanngirnismál af þessu tagi, sem eðlilegar ástæður eru fyrir, að þessu fæðingarári einu munar um verulegar upphæðir til fólks. Ég hef dæmi um að þetta fólk munar um kannske 3–4000 kr. sem það fær til viðbótar á mánuði frá umsjónarnefnd eftirlauna. Það munar verulega um það því að það sem það fær frá sínum lífeyrissjóði getur í heild numið niður í 1000 kr. á mánuði eins og ég þekki dæmi um.

Ég tel því einsætt, ef hæstv. ráðh. ætlar ekki að beita sér fyrir lagabreytingu af þessu tagi og framlengja þetta til loka gildistíma laganna, þ.e. að fæðingarárið verði 1917, 1918, 1919 eða eitthvað í þá áttina, að leitað verði eftir því fastlega við lífeyrissjóðina að þeir taki þessar byrðar á sig. Ég veit að það hefur alltaf verið spurning um hverjir ættu að taka þessa viðbót á sig. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur gert þetta. Lífeyrissjóðirnir hafa gert þetta að hluta. Mér þykir að í þessu tilfelli væri ekkert óeðlilegt að ríkissjóður kæmi hér til, samfélagið allt kæmi hér til í þessum tilfellum. Það er eðlileg afstaða að mínu viti því að hliðstæðar uppbótargreiðslur eru til annarra í fjárlögum og ekkert óeðlilegt við það þó að þessum einstaklingum, sem eru ekkert margir en eru tilfinnanleg dæmi um, væri bætt þetta upp með einhverjum slíkum hætti.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 8. apríl, að loknum 69. fundi.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp af þeirri ástæðu að í gær bar ég fram ósk um það við hæstv. forseta að fá að taka til máls utan dagskrár á fundi sameinaðs þings í dag með vísan til 32. gr. þingskapa, fyrri málsgr., og tilefni þess að þessi ósk var fram borin er sú að á morgun stendur fyrir dyrum fundur utanrrh. Norðurlanda, sem hæstv. utanrrh. ætlar að sækja, og meðal efna sem þar munu liggja fyrir, ef marka má samþykkt danska þjóðþingsins frá 3. apríl s.l., er tillaga um að setja á fót sérstaka norræna embættismannanefnd til þess að fjalla um og undirbúa tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Ég hefði talið æskilegt að hæstv. ráðh. yrði í Alþingi áður en hann héldi til þessa fundar þar sem dönskum stjórnvöldum hefur verið falið af meiri hluta danska þjóðþingsins að leggja fyrir á þessum fundi tillögu um þetta mikilsverða mál. Svo fór hins vegar eftir samræður mínar við hæstv. forseta Sþ. að þessari beiðni minni var hafnað afdráttarlaust. Ég skil ekki rökin sem að þessari synjun lágu og kemst ekki hjá því að vekja athygli á þessum vinnubrögðum sem komu mér satt að segja verulega á óvart, ekki síst í ljósi þess sem oft hefur komið fram hjá hæstv. forseta um ágæti þeirra breytinga á þingsköpum Alþingis sem er m.a. að finna í 32. gr. þingskapa. Hæstv. forseti hefur oft vitnað til þess að það gæfi tilefni til þess innan knapps tímaramma fyrir þm. að kveðja sér vafningalaust, eins og ég hygg að hann hafi orðað það á stundum, hljóðs í Sþ. til að vekja athygli á málum eða inna ráðherra eftir svörum varðandi þeirra afstöðu.

Það lá að vísu fyrir þegar hæstv. forseti synjaði beiðni minni um þessa umræðu utan dagskrár að hæstv. utanrrh. vildi ekki eiga hlut að umræðu um þetta mál í Sþ. og hafði lýst því yfir við mig eftir umhugsun að hann vildi ekki tjá sig á fundi Sþ. um þá stöðu sem væntanlega kemur upp á fundi utanrrh. Norðurlanda á morgun og þá tillögugerð sem þar liggur fyrir.

Nú er það víst að Alþingi hefur ályktað í þessum efnum og norrænir þm. hafa um þessi efni fjallað á þessum vetri, um mánaðamót nóvember og desember, og borið saman bækur sínar. Ég vil út af fyrir sig ekki vera að túlka sjónarmið þingflokka á Alþingi um þetta mál umfram það sem fyrir liggur í samhljóða ályktun Alþingis, en ég hygg þó, það er mitt mat, að hér sé ótvíræður vilji meiri hlutans á Alþingi fyrir því að taka undir þá samþykkt, sem gerð var á danska þjóðþinginu 3. apríl s.l., að taka þessi mál formlega og skipulega fyrir eins og mörg önnur mikilsverð mál á samnorrænum vettvangi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að mótmæla því, sem fram kemur í þeirri synjun sem forseti tjáði mér um hádegið í dag, að þetta mál fengist ekki rætt hér í knöppum tíma skv. 32. gr. þingskapa, og hefði talið að hæstv. utanrrh. væri betur nestaður, jafnvel þótt hann ekki vildi taka þátt í slíkri umræðu, eftir að hafa heyrt hljóðið í þm. áður en hann heldur út á hinn samnorræna vettvang.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseta þykir leitt að hv. 5. þm. Austurl. telur að hann hafi misfarið með vald sitt varðandi ákvörðun um synjun utandagskrárumræðu. Forseti gerir sér grein fyrir að það er stundum álitamál hvað á að leyfa og hverju á að synja í þessu efni. Forseti leitast við að athuga málið hlutlægt hverju sinni. Og það skal tekið hér fram að það kemur þó nokkrum sinnum fyrir að það er óskað umræðu utan dagskrár, en það er fallið frá þeirri ósk eftir viðræður við forseta. Menn sannfæra hvorn annan eða láta sannfærast um það sem er rétt niðurstaða.

Nú hefur hv. 5. þm. Austurl. mótmælt þeirri ákvörðun forseta að leyfa ekki utandagskrárumræður þær sem hér hefur verið vikið að. Það skal tekið fram um það sem hv. 5. þm. Austurl. sagði um 32. gr. þingskapa og skilning hans á þýðingu 32. gr. þingskapa að forseti er sammála því sjónarmiði og hefur oft tekið fram. En það er m.a. svo tekið til orða að þm. geti tekið til máls. Og þetta orðalag kom einmitt inn í þingsköpin vegna þeirrar venju, sem hafði skapast um umræður utan dagskrár, að menn töldu að það væri ekki hægt að hafa slíkar umræður nema ráðherra vildi og vildi taka þátt í þeim. Það er litið svo á að þm., hver sem er, þurfi ekki að hlíta neinni neitun af hálfu ráðherra þegar um er að ræða utandagskrárumræðu skv. 1. málsgr. 32. gr.

Hins vegar verður að líta svo á að forseti verði að meta það hverju sinni hvort fyrir hendi eru þær ástæður sem liggja fyrir utandagskrárumræðum, að málið sé svo aðkallandi að ekki sé þess kostur að fresta því og það hljóti meðferð samkvæmt venjulegum leiðum.

Þetta er almennt um þetta að segja. En með því að það hefur verið mótmælt ákvörðun forseta um þessa tilteknu utandagskrárumræðu þykir forseta rétt að vekja athygli á að útbýtt var á þessum fundi skýrslu utanrrh. um utanríkismál. Það skal og vakin athygli á því að það var fyrir nokkrum dögum ákveðið að umræða um þessa skýrslu færi fram í næstu viku. Telja má að það sé ekki eðlilegt, nema eitthvað sérstakt komi til, að taka til umræðu utan dagskrár mál varðandi kjarnorkumál á Norðurlöndum þar sem um slík mál er fjallað í skýrslu utanrrh. og skýrslan verður til umræðu eftir nokkra daga.

En spurningin er: Eru hér sérstakar aðstæður? Og aðstæðurnar eru þær, eins og kom fram í máli hv. 5. þm. Austurl., að danska þjóðþingið hefur samþykkt tiltekna ályktun um kjarnorkumál og gert er ráð fyrir að þessi ályktun komi til umræðu á fundi utanrrh. Norðurlanda, en hæstv. utanrrh. Íslands fer utan á morgun til þess að sitja þennan fund.

Á fundi utanrmn. í gær, skal upplýst, var gert ráð fyrir að utanrrh. tæki ekki afstöðu til samþykktar danska þjóðþingsins fyrr en að athuguðu máli og eftir að hafa rætt málið á fundi í utanrmn. sem verður n.k. mánudag.

Með tilliti til þessa, sem ég hef nú greint frá, þótti ekki ástæða til að verða nú við ósk um utandagskrárumræðu um þetta mál.

Það skal svo að lokum tekið fram að forseti hefur farið þess á leit við hæstv. utanrrh. að ekkert verði gert í þessu máli sem varðar ákvörðunartöku fyrr en málið hefur komið til umræðu í Alþingi í næstu viku.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mér hafði borist í hendur samþykkt danska þjóðþingsins,

sem gerð var fyrir skömmu, varðandi skipan embættismannanefndar til að athuga og fjalla um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og ég lét nefndarmönnum utanrmn. þessa samþykkt í té á fundi utanrmn. í gær. Ég hef ekki neinar frekari upplýsingar um þetta mál í dag, en á fundi utanrrh., sem hæstv. forseti vék að hér áðan og ég tek þátt í á morgun í Stokkhólmi, mun ég væntanlega fá frekari upplýsingar varðandi umrædda samþykkt danska þjóðþingsins.

Á fundi utanrmn. í gær var ákveðið að boða til fundar í utanrmn. n.k. mánudagsmorgun og ég gerði þar utanrmn. grein fyrir því sem fram hefði komið á fundi utanríkisráðherranna varðandi samþykkt danska þjóðþingsins. Þá hefðu allir þingflokkar upplýsingar þegar umræða um skýrslu þá um utanríkismál sem ég hef lagt fram á þingi í dag fer fram í næstu viku, eins og hæstv. forseti hefur gert grein fyrir.

Ég tel því ekki viðeigandi að fallast á að hefja utandagskrárumræðu um einstaka þætti utanríkismála þegar fram undan eru almennar umræður um það mál á grundvelli þess þskj. sem lagt hefur verið fram en þm. hafa ekki haft tækifæri til að kynna sér.

Þetta vildi ég segja út af orðum hv. þm.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í tilefni af þessari umræðu er óhjákvæmilegt að koma nokkrum efnislegum upplýsingum á framfæri og rifja það upp að 30. nóv. s.l. og 1. des. var haldin ráðstefna þm. allra þingflokka á þjóðþingum Norðurlandanna um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum. Þátttakendur í þeirri ráðstefnu voru m.a. þm. frá öllum þingflokkum á hv. Alþingi. Við lok ráðstefnunnar var gefin út fréttatilkynning af mjög stórum hluta fulltrúa á þessari ráðstefnu, þ.e. fulltrúum sósíaldemókratanna, þar sem því var lýst yfir að í fyrsta lagi mundu sósíaldemókrataflokkarnir beita sér fyrir því að skipuð yrði norræn embættismannanefnd á vegum ríkisstjórnanna til að athuga og undirbúa tillögur varðandi kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og í öðru lagi lýstu sósíaldemókratísku flokkarnir á Norðurlöndum því yfir að þeir mundu beita sér fyrir vinnu þeirra stjórnmálaflokka, sem eiga fulltrúa á þjóðþingum Norðurlandanna, um þetta sérstaka mál.

Þegar þessi yfirlýsing sósíaldemókrataflokkanna hafði verið birt fjölmiðlum, m.a. í fréttatilkynningu og á blaðamannafundi, kom fram yfirlýsing frá fulltrúum fjölda margra annarra flokka á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn sem lýstu stuðningi við yfirlýsingu sósíaldemókrata. Í þeim hópi voru miðflokkarnir sem áttu fulltrúa á þessum fundi. Í þeim hópi voru þm. Alþb., Samtaka um kvennalista og Bandalags jafnaðarmanna.

Þeir sem sóttu ráðstefnuna af Íslands hálfu voru frá öllum flokkunum, eins og ég sagði áðan, og það kom í rauninni fram samþykki við niðurstöður sósíaldemókratanna frá meiri hluta þeirra fulltrúa sem á ráðstefnunni voru þó að hún út af fyrir sig greiddi ekki atkvæði um eitt eða neitt. Þess vegna liggur fyrir hver er afstaða einstakra þm. sem þarna voru og væntanlega flokka þeirra í langflestum tilfellum. Þeir eru sömu skoðunar og meiri hluti danska þjóðþingsins í þessu máli að skipa beri norræna embættismannanefnd á vegum utanríkisráðuneytanna til að fara yfir þetta mál.

Þetta vildi ég segja í fyrsta lagi, herra forseti, til að skýra málið, en í öðru lagi minna hæstv. forseta og hv. Alþingi á að fyrir ári eða svo var gerð samþykkt í utanríkismálum á Alþingi Íslendinga, sem er mjög sögulegur og einstæður atburður eins og sú ályktun var úr garði gerð, og hlaut víðtækan stuðning. Að mínum dómi, og ég hygg ýmissa annarra þm., væri það eitt í samræmi við þá samþykkt að Alþingi Íslendinga og ríkisstj. styddu þá hugmynd, sem meiri hluti danska þjóðþingsins samþykkti á fundi sínum í síðustu viku, að sett verði niður embættismannanefnd til að fara yfir þessi mál. Þess vegna sé ég ekki hverju það sætir að það þurfi að fara að setja af stað upplýsingasöfnun um þessi mál sérstaklega eða þessa ákveðnu samþykkt danska þjóðþingsins út af fyrir sig vegna þess að þetta mál hefur verið rætt og menn hafa áður myndað sér skoðanir á þessu máli.

Nú er það svo, herra forseti, að á morgun er fundur utanríkisráðherra Norðurlanda. Utanrrh. Íslands sækir þann fund. Og þess vegna er tilefnið komið, hið sérstaka tilefni skv. þingsköpum, að þm. vilji ræða málið hér áður en hæstv. utanrrh. fer á þann fund þannig að sjónarmið komi fram í umræðum á hv. Alþingi með einhverjum hætti. Ég hygg að það væri utanrrh. styrkur að vita tvímælalaust hver er vilji þingsins og viðhorf í þessu efni nema það sé eitthvað sem utanrrh. óttist í sambandi við þetta mál, en þá væri fróðlegt að vita hvað það er sem hann hugsanlega er hræddur við.

Ég tel það ekki málsástæðu í þessu efni, herra forseti, sem forsetinn bar fram hér áðan, að útbýtt hefði verið skýrslu utanrrh. Með fullri virðingu fyrir þeirri skýrslu tel ég að það komi þingskapaumræðunni ekki við vegna þess að þessi skýrsla er sérstakt þingmál sem fær sérstaka umræðu með ákveðnum hætti og sú umræða getur ekki komið í veg fyrir að það hefjist utandagskrárumræður um einstök mál skv. þingsköpunum eins og þau nú eru þegar sérstaklega stendur á, en það stendur sérstaklega á, óumdeilanlega að mínu mati, með þessa umræðu hér.

Ég tel einnig athyglisvert að í röksemdum sínum fyrir því að hafna utandagskrárumræðu flytja forseti og hæstv. utanrrh. fram efnisleg almenn rök í þessu máli en ekki eingöngu þingskaparök. Ég tel að það sé hlutverk forseta að gæta þingskapa og reglna á hv. Alþingi, en ég tel að það sé í rauninni ekki hlutverk hans frekar en annarra hv. þm., sem eru 60 talsins, að dæma um það hvort pólitísk málsástæða er gild eða ekki. Þetta segi ég með fullri vinsemd við hæstv. forseta og bið hann að misskilja ekki mál mitt en ég tel að það sé gæsla þingskapa og þingreglna sem er hans hlutverk en ekki sé hans hlutverk að gæta pólitískra málsástæðna á hverjum tíma.

Ég vil þess vegna, herra forseti, mótmæla þeim úrskurði sem forseti hefur fellt um að hafna utandagskrárumræðu. *Ég mótmæli honum með þeim rökum* sem ég hef þegar flutt. Ég hef gert grein fyrir þungum rökum gegn þeim úrskurði og ég verð að leyfa mér að vona að þessi úrskurður hæstv. forseta Sþ. verði að þessu sinni ekki til þess að spilla eðlilegum friði um þinghaldið það sem eftir lifir af þessu þingi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. þm. Reykv. taldi að forseti hefði ekki rætt um þingsköp í máli sínu hér áður heldur rætt efnislega um það mál sem

er tilefni þessarar umræðu um þingsköp. Forseti sér ekki ástæðu til þess að svara þessu. Forseti leggur það í dóm hv. þm. hvort þetta er rétt.

Forseti telur ástæðu að vekja athygli á því eftir ræðu hv. 3. þm. Reykv. að þegar óskað er umræðu um þingsköp er ætlast til þess að talað sé um þingsköp en ekki um efnishlið mála. Og þeir sem láta sig varða miklu góða og rétta framkvæmd þingskapa, og það er vel, þurfa sjálfir líka að hafa í huga að gæta þingskapa að þessu leyti.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er í valdi forseta að leyfa eða hafna beiðni um umræðu utan dagskrár. Ég vil að það sé ljóst að það er í valdi forsetans að ákveða hvort slík umræða verður eða ekki. Það er hins vegar ekki í valdi ráðherrans. Ráðherra getur ekki komið formlega í veg fyrir að slík umræða fari fram hvort sem hann er ánægður með það eða ekki. Þó að hann vildi gjarnan kannske koma sér undan umræðu, sem ég geri ekki ráð fyrir að hafi verið í þessu tilfelli, er það ekki, eins og ég hef skilið þessi nýju þingsköp, á færi ráðherrans að koma í veg fyrir að umræða fari fram og það er ekki hægt að takmarka málfrelsi þm. að því leyti til.

Þá er það spurningin hvort brýn ástæða hefði verið fyrir því að láta þessa umræðu fara fram núna og ég finn ekki að svo sé. Mér sýnist þetta mál vera í eðlilegum farvegi því að utanrrh. fer á mikilvægan fund í Stokkhólmi á morgun en hann fer ekki nestislaus. Alþingi ályktaði um þetta mál í fyrravor og ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa hér örstutta glefsu úr ályktun Alþingis, svohljóðandi:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanrmn. að kanna í samráði við utanrrh. hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum."

Með þetta nesti fer hæstv. utanrrh. til fundar utanríkisráðherranna í Stokkhólmi og ég sé ekki að það hafi verið ástæða fyrir Alþingi að gefa honum nákvæmari fyrirmæli heldur en þarna eru. Málið er sem sagt í athugun. Hæstv. utanrrh. og utanrmn. ber að fylgjast með framvindu málsins. Málið er ekki komið á ákvörðunarstig. Samþykkt danska þingsins verður væntanlega ekki til lokaafgreiðslu á þessum utanríkisráðherrafundi. Ég geri ráð fyrir því að hún verði kynnt þar og rædd þar að einhverju leyti en það verður væntanlega ekki ákveðið á þessum fundi — mér þættu það a.m.k. undarleg vinnubrögð, ef það yrði ákveðið á þessum fundi — að setja upp þessa embættismannanefnd eða setja hana ekki upp, sem væri hitt alternatívið. Utanrmn. fær þannig tækifæri til þess að fylgjast með málinu og það eru þau vinnubrögð sem ég held að við eigum að halda okkur fast við og halda okkur fast við þá ályktun sem Alþingi gerði sem er tvímælalaus og skýr. Ég tel að efnisleg rök fyrir því að taka málið til umræðu utan dagskrár hafi ekki verið það knýjandi að ekki mætti fresta því að ræða það þannig.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég varð satt að segja svolítið hissa á langlundargeði hæstv. forseta undir ræðu hv. 3. þm. Reykv. því að hún fjallaði hreint ekki um þingsköp, alla vega ekki sú langa frásögn sem hann flutti af fundi í Kaupmannahöfn um mánaðamótin nóv.–des. Það átti ekkert skylt við þingsköp.

Ég vildi aðeins bæta örfáum orðum við þessa umræðu, m.a. vegna þess að ég sat fund utanrmn. sem haldinn var í gær og þar sem enginn ágreiningur var og þar sem enginn hreyfði mótmælum gegn því að þetta mál yrði rætt á næsta fundi nefndarinnar n.k. mánudag að lokinni ferð hæstv. utanrrh. á fund utanríkisráðherra Norðurlandanna sem haldinn verður á morgun. Um það var enginn ágreiningur. Það er ekki verið að skýra frá neinum efnisatriðum eða umræðum í utanrmn. Það er verið að skýra frá afgreiðslu mála og slíkt hlýtur að vera heimilt og er ekkert trúnaðarmál.

Í tillögu, sem samþykkt var hér samhljóða í fyrra og hv. 2. þm. Norðurl. v. vitnaði til, er fjallað um könnun á hugsanlegri aðild Íslendinga að kjarnorkuvopnalausu svæði. Sú könnun stendur yfir. Henni er ekki lokið. Þetta mál er að öllu leyti í eðlilegum farvegi og umræða um það í dag utan dagskrár hefði ekkert bætt, engu breytt og ekkert aukið við þá vitneskju eða þekkingu sem er til staðar. Það er eðlilegt að þetta mál verði rætt í beinum tengslum við þá skýrslu utanrrh. sem lögð var fram í dag og verður rædd eftir fáeina daga. Þess vegna er þetta eðlilegt og satt best að segja kemur þessi beiðni hv. 5. þm. Austurl. mér mjög á óvart. Hún kemur satt að segja afskaplega mikið á óvart.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Já, menn geta látið sér koma eitt og annað á óvart. Ég held að það hefði einhvern tíma þótt forvitnilegt að vita um hug utanrrh. landsins þegar hann er að halda til fundar við starfsbræður sína erlendis um mikilsverðustu mál og inna hann eftir því hver yrði afstaða hans til meirihlutasamþykktar danska þjóðþingsins sem felur í sér tillögugerð á þeim vettvangi sem ráðherrann er að fara á. Oft hefur verið spurt af minna tilefni. Það lá hins vegar fyrir að hæstv. ráðherra hafði ekki hug á að taka þátt í þeirri umræðu. Hann hafði lýst því yfir við mig og ég get að sjálfsögðu ekki knúið ráðherrann til svara ef honum er mót vilja að eiga orðastað við Alþingi um þetta efni áður en hann heldur til fundar.

Hér er verið að fjalla um samhengið á milli þingskapa og þess tilefnis sem lá að baki óskarinnar um umræðu utan dagskrár. Og það er óhjákvæmilegt við þessar aðstæður að tengja þetta tvennt saman eins og hæstv. forseti hefur eðlilega gert í þeim svörum sem hann veitti Sþ. til skýringar á afstöðu sinni. Ég tel þær skýringar sem hæstv. forseti vor reiddi hér fram ekki fullnægjandi. Þess vegna hef ég mótmælt úrskurði hans. Síðan getur menn auðvitað greint á um það hversu brýnt tilefnið var til beiðninnar og hvort umræðan mátti bíða. Um það geta menn haft skiptar skoðanir út frá því hvernig þeir líta á viðkomandi mál og ég ætla ekki, herra forseti, að fara að ræða það neitt frekar.

Ég hef hins vegar áhyggjur af þeirri stefnu sem túlkun á hinum nýju þingsköpum virðist vera að taka af hálfu hæstv. forseta. Það var það sem knúði mig til þess að óska eftir að fá að ræða um þingsköp. Ég held að það varði nefnilega Alþingi býsna miklu hvaða hefðir skapast í sambandi við þau þingsköp sem við erum að feta okkur fram til að starfa eftir og reyna að ná

samstöðu um því að auðvitað þarf þingið að reyna að vernda þingsköpin og ná um þau sem bestri samvinnu hverju sinni, að halda þau.

Mér er ómögulegt að sjá að það tilefni sem lá að baki beiðni minni hafi ekki verið fullgilt í samræmi við 32. gr. þingskapa. Hér var dreginn inn í umræðuna fundur utanrmn. í gær. Undir lok þess fundar, get ég upplýst, óskaði ég eftir að fá vitneskju um það frá utanrrh. hvort honum væri kunnugt um samþykkt danska þjóðþingsins. Hæstv. utanrrh. situr ekkert á upplýsingum það er ég þekki til hans. Hann reiddi þá samþykkt fram, hafði hana í pússi sínu, en málið kom til kasta utanrmn. vegna þess að ég óskaði eftir að fá upplýsingar um þetta tiltekna mál. Síðan lá tillaga þessi fyrir á dönsku og ég vildi fá að skoða hana frekar áður en ég færi að gera tillögur á þessum vettvangi um afstöðu utanrrh. Það er fyrst eftir að ég hafði athugað tillöguna, eftir að fundi lauk, að ég bar fram ósk við ráðherra um það að hann svaraði til um hvað hann hygðist fyrir, því að mér var ljóst eftir að hafa lesið tillöguna, miðað við þá þekkingu sem ég hef á danskri tungu, að þarna væri um mjög mikilsverða stefnumörkun að ræða.

Ég er ekki með þessum orðum, virðulegi forseti, að segja að hér hafi hent mikil ólukka vegna úrskurðar virðulegs forseta. Ég vil ekki ýkja málið umfram efni vegna þess að ég vænti, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v., að málið hljóti ekki fullnaðarafgreiðslu á vettvangi utanríkisráðherra Norðurlanda á morgun. Þó vitum við ekki um það. Fyrir fram er auðvitað aldrei hægt að fullyrða um hvaða niðurstaða verður á fundi sem slíkum þó að mér sé ljóst að hæstv. utanrrh. ætlast ekki til af sinni hálfu að málið fái lyktir á þeim vettvangi. Það hefur hann tjáð okkur á vettvangi utanrmn. og hefur það einnig komið fram í máli hans í dag.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að fyrir lægi. Eftir stendur ólíkt mat mitt og virðulegs forseta á tilefni þess að leyfa hér umræðu utan dagskrár um þetta mál og ég fæ ekki hnekkt þeim úrskurði og ætla mér það ekki. Ég er aðeins að nýta rétt minn til þess að koma ábendingum á framfæri og finna að því sem mér finnst að ekki sé kórréttur úrskurður hjá forseta sem ég að öðru leyti hef reynt að sanngirni einni saman.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseti tekur undir þau orð hv. 5. þm. Austurl. sem hann viðhafði í ræðu sinni að þinginu bæri að vernda þingsköpin. Það er aðalatriðið um framkvæmd þingskapa að farið sé rétt að.

Hv. þm. kvaðst hafa áhyggjur af þeirri stefnu sem túlkun forseta á framkvæmd þingskapa væri að taka. Ég vænti þess að hv. þm. þurfi við nánari athugun engar áhyggjur að hafa af þessu og á það skal bent að sú ákvörðun sem tekin var um það mál sem við hér ræðum er byggð á þeim sjónarmiðum sem forseti hefur leitast við að fylgja um ákvarðanatöku varðandi umræður utan dagskrár frá því að þau þingsköp sem við nú höfum voru sett. Það er ekkert athugavert við það þó að skiptar skoðanir geti verið um framkvæmdina. En ég vek athygli á því, sem áður var sagt, að menn komast venjulega að sameiginlegri niðurstöðu við umræður um málin frá þeim sjónarmiðum sem forseti hefur lagt til grundvallar um framkvæmd þessara ákvæða þingskapa skv. 32. gr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mál þetta er að skýrast, sýnist mér, en tilefni þess að ég kem hér upp er það að fund utanrmn. í gær hefur borið hér á góma og þær umræður sem þar urðu. Ég tel mér bæði rétt og skylt að upplýsa það sem getur ekki verið neitt leyndarmál, eins og einhver ræðumanna sagði hér áðan, að þetta mál var rætt á fundinum og þar var lögð fram þessi ályktun danska þingsins. Ég hafði raunar fengið hana hjá utanrrh. tveimur dögum áður þegar við vorum að undirbúa fundinn og þá stóð alltaf til að ræða það mál í nefndinni enda ráðherrann beinlínis að skýra okkur frá sinni væntanlegu utanför. Og málið var einfaldlega það að við urðum öll sammála um að leggja ráðherra ekki neinar lífsreglur fyrir utan það sem áður hefur verið gert. Eins og hér hefur raunar komið fram hjá t.d. hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur ráðherra auðvitað vegarnesti frá Alþingi Íslendinga og það ekki ómerkilegt.

En við urðum sem sagt sammála og ég ítrekaði það í lokin, tvisvar eða þrisvar og spurði að því í fullskipaðri nefnd, þar sem jafnframt var áheyrnarfulltrúi frá Bandalagi jafnaðarmanna, hvort þar væri nokkur maður sem teldi það eðlilegt að ráðherrann samþykkti á þessum fundi eitthvað, hvort hann ætti ekki að koma með málið til baka til utanrmn. Það var ákveðið að það skyldi hann gera n.k. mánudag. Fundurinn var í raun boðaður þar með. Þess vegna var ég auðvitað mjög hissa þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kemur hér upp og ávítar ráðherra og forseta fyrir það að telja þessa umræðu naumast tímabæra. Við skulum hafa þetta alveg á hreinu að þarna voru allir utanríkismálanefndarmenn sammála um að það væri óeðlilegt að utanrrh. kæmi með eitthvað bindandi af þessum fundi, hann ætti að koma með upplýsingar og skýra okkur frá þeim.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða um þetta málefnalega, um þörf á kjarnorkuvopnalausu svæði o.s.frv. Það kemur tími til þess í næstu viku og við eigum að ræða hér um þingsköp og þess vegna skal ég ekki ítreka þetta að öðru leyti en því að það hefðu auðvitað verið óeðlileg þingsköp í víðri merkingu að virða ekki þessa óformlegu, skulum við segja, ákvörðun utanrmn. í gær og virða hana þá ekki nema í tvo tíma eða svo og ætla þá að fara að krefja þann utanrrh. sem utanrmn. var búin að biðja fyrst og fremst að hlusta og koma með upplýsingar til okkar um það hvað væri á ferðinni. Ef það hefði verið gert væru það auðvitað miklu frekar brot á þingsköpum heldur en neita þessari umræðu.

Það er opinbert að í þessari ályktun danska þingsins er talað um að setja á stofn embættismannanefnd. Það kann vel að vera að það sé eðlilegt að setja einhverja embættismannanefnd. En ég er nú dálítið hræddur samt við það, við fyrstu sýn, að færa málið af hinum pólitíska vettvangi til embættismanna. Ég held að Alþingi Íslendinga hafi afrekað allnokkuð í fyrra þegar það náði einróma samþykkt um tillögu sem ekki er ómerkari en aðrar tillögur sem samþykktar hafa verið í nágrannalöndunum og á alþjóðavettvangi um þessi mál. Og ég vil fá að hugsa það aðeins hvort ég vil taka þetta mál algjörlega af pólitískum vettvangi svo og svo langan tíma eða hvort þm. og stjórnmálamenn eiga að axla þá byrði og ræða málin áfram á þeim vettvöngum þar sem við höfum gert það og fylgjast auðvitað með því sem er að gerast um kjarnorkuvopnalaus svæði.

Umræðunni er ekki lokið, athugunum er ekki lokið.

Hvort ein embættismannanefnd kemur við hlið annarrar sem starfar — það má vel vera að það sé rétt. Ég ætla ekki að meta það nú en ég vildi að þessar upplýsingar kæmust á framfæri.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég tel það mjög mikilvægt vegna þeirra málsástæðna sem hafa komið hér fram með og á móti þessari þingskapaumræðu að það komi afdráttarlaust fram hjá hæstv. utanrrh. að sá fundur sem hann er nú að fara á sé ekki ákvarðanatökufundur. Það er í fyrsta lagi.

Í öðru lagi tel ég það líka mjög mikilvægt að það komi fram hjá honum að hann muni standa fast við þá tillögu sem var samþykkt á Alþingi um afvopnunarmál á s.l. vori, að hann muni ekki taka afstöðu gegn því að skipuð verði embættismannanefnd né heldur með því á þessu stigi. Ég tel mjög mikilvægt að það komi fram að hann muni ekki lýsa yfir andstöðu við það að slík embættismannanefnd verði skipuð.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þær fsp. sem voru bornar fram af hv. 3. landsk. þm. til hæstv. utanrrh. og vænti þess að hæstv. ráðherra sjái sér fært að svara þeim áður en þessari þingskapaumræðu lýkur.

Ég vil einnig leyfa mér, herra forseti, að taka sérstaklega undir það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að það getur verið afskaplega óskynsamlegt að setja þessi mál í hendurnar á utanríkisráðuneytunum. Ég er alveg sammála honum um það. Og ég var ekki heldur að gera neina tillögu um slíkt, að það yrði gert einhliða, heldur að utanríkisráðuneytin með sínum embættismönnum fylgdust með þessum málum. En auðvitað gerði þingið það líka því að ég deili alveg skoðunum með hv. 4. þm. Norðurl. v. á því að það væri vægast sagt varasamt og hæpið að ætla utanrrn. að hafa forsjá þessa máls einvörðungu á sínum vegum, jafnvel á undirbúningsstigi. Þar erum við hv. 4. þm. Norðurl. v. sammála.

Hér hefur það nokkuð verið gagnrýnt af hv. 5. landsk. þm. og fleirum að í þessum umræðum hafi verið dregin inn efnisleg atriði þeirra mála sem hefur verið tæpt á, þ.e. varðandi kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum. Og um það er rætt að þm. eigi eingöngu að tala um þingsköp. Þingsköp eru til þess að setja ramma um störf þingsins. Fyrir ákveðnum ákvörðunum varðandi þingsköpin, m.a. utandagskrárumræðu, liggja iðulega efnislegar og pólitískar ástæður og það er óhjákvæmilegt að þm. sem vilja flytja mál geri grein fyrir hinum efnislegu og pólitísku ástæðum með rökum. Hvort sem menn fallast á þau rök eða ekki hljóta þm., sem óska eftir pólitískri umræðu utan dagskrár, að gera grein fyrir sínum rökum efnislega og pólitískt. Það er útilokað að gagnrýna það, eða hvernig hugsa hv. þm. sér að slík umræða fari fram ef hvergi er minnst á efnisleg atriði eða pólitísk atriði? Þingsköpin eru orðin til úr ákveðnum þjóðfélagslegum veruleika, hefð, sögu, eftir starfshætti Alþingis um margra ára bil. Þingsköpin eru ekki orðin til spunnin ofan úr loftinu, til í einhverju vakúmi, tómarúmi. Þau eiga við ákveðin rök að styðjast, svo og beiting þeirra á hverjum tíma. Þess vegna er það í rauninni fráleitt að mínu mati að gera kröfur til þess að þm. ræði um þingsköp og utandagskrárumræður án þess að koma einhvern tíma inn á efnisleg atriði mála til þess að rökstyðja sína afstöðu, eins og ég gerði áðan. Ég hefði sjálfsagt mátt gera það í styttra máli en hefði líka mátt gera það í mikið ítarlegra máli vegna þess að það var margt mjög fróðlegt sem fram kom varðandi afstöðu einstakra flokka á áminnstri ráðstefnu í Kaupmannahöfn en ég taldi ekki viðkunnanlegt að fara að efna til þeirra umræðna í umræðum um þingsköp en væri vissulega ástæða til að taka um það lotu við síðara tækifæri. Og ég veit að hv. þm. Eiður Guðnason veit hvað ég á við.

Ég er alveg sammála hv. 2. þm. Norðurl. v. um það að fyrirmæli í þessu efni almennt liggja fyrir. Ég held hins vegar að það væri í samræmi við þann góða anda sem náðist, þegar tillagan var samþykkt samhljóða í fyrra, að þm. ræði í einum hálftíma utan dagskrár um þessi mál áður en hæstv. ráðherra fer á mikilvægan fund. Ég held að það sé í samræmi við það góða samkomulag sem menn þá náðu. Vilja menn spilla því samkomulagi? Eru einhverjir fyrirvarar einhvers staðar hér í þinghúsinu í sambandi við það samkomulag? Eru kannske til aðilar, hv. þm., hér í þessum sölum sem hefðu síður viljað standa að því samkomulagi, eða hvað? Eða vilja menn ekki stuðla að því að unnið sé eftir því af heilum hug svo sem gert var þegar samkomulagið náðist og samþykktin var gerð samhljóða á hv. Alþingi?

Ég held að það sé ekki til að styrkja framkvæmd samhljóða þál. um utanríkismál að neita umræðum af því tagi sem hér hefur verið farið fram á. Ég held að við þurfum á öllum sviðum að reyna að stuðla að því að þetta samkomulag og sá andi sem skapaðist í kringum það haldi sem lengst áfram, einnig í næstu skrefum varðandi utanríkismálaumræðu og ákvarðanir á hv. Alþingi Íslendinga. Þess vegna er það rétt sem hæstv. forseti hefur sagt. Auðvitað á að reyna að leita samkomulags í málum af þessu tagi. Það dugir ekki að menn beiti fyrir sig þvergirðingslegum neitunum hver við annan og er ég þá ekki að áfellast forseta frekar en aðra í þessu efni. Við verðum eins og viti bornar manneskjur að reyna að nálgast samkomulag með rökum og gagnrökum og hlýða hvert á annað og bera virðingu fyrir sjónarmiðum hvers annars. Lýðræði er ekki það að bera menn atkvæðum í meiri hluta og skipta mönnum í meiri hluta og minni hluta. Lýðræði er ekki síður það að bera virðingu fyrir sjónarmiðum annarra, að hlýða á þau og sýna þeim fulla tillitssemi hver svo sem þau sjónarmið kann að bera fram.

Þetta var örlítil áminning til hv. meiri hl. Alþingis sem ég sagði í fjórum síðustu setningum mínum.

Ég held hins vegar að í framhaldi af þessum umræðum sé óhjákvæmilegt að ræða þessi utandagskrármál. Allir hafa lagt sig fram um, hæstv. forseti og hv. þm., að framkvæma þessi nýju þingsköp, gengið allvel, en auðvitað ekki 100%. Þetta verður ekki fullkomið og endanlegt frekar en önnur mannanna verk. Hér höfum við ekki hitt á hina endanlegu fullkomnun í þingsköpum í eitt skipti fyrir öll í þingsögunni. Það er alveg ljóst. Þess vegna hljótum við að mega leyfa okkur að efast og velta því fyrir okkur hvort ekki er nauðsynlegt að skýra einhverja þætti þessara mála aðeins nánar. Reynslan í vetur er sú að það sé nauðsynlegt að skoða þessa þætti aðeins betur.

Og svo að lokum þetta, herra forseti: Ég mun gera ráðstafanir til þess að fá yfirlit yfir tilefni utandagskrár-

umræðna á undanförnum árum. Ég hygg að það yrði fróðlegt fyrir alþm. að fá að hafa það yfirlit fyrir framan sig þannig að menn gætu áttað sig á því af hvaða tilefnum utandagskrárumræður hófust. Ég veit að við erum nú að vinna úr nýjum þingsköpum, en hitt er ljóst að tilefni utandagskrárumræðna hér á árum áður hefur oft og iðulega, leyfi ég mér að segja, herra forseti, í fullri vinsemd, verið minna en það sem nú hefur verið nefnt af allri hógværð af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. þm. Reykv. talar um að það sé ástæða að athuga um framkvæmd þingskapa. Efst í huga forseta nú er að athuga framkvæmd á umræðum um þingsköp. Það er greinilegt að þær umræður, sem hér hafa farið fram í dag, hafa farið út fyrir eðlileg mörk um umræður um þingsköp vegna þess, sem forseti hefur áður tekið fram í upphafi þessarar umræðu, að það er ekki ætlast til þess að þá séu efnislegar umræður. Ef það er svo að forseti hafnar óskum um utandagskárumræður um tiltekið efni, en svo eru umræður engu að síður um það sama efni sem umræða um þingsköp, þá sjá allir að það er verið að fara í kringum ákvæði þingskapa.

Það skal tekið fram að forseti mun ræða þessa framkvæmd við formenn þingflokka. Og ég veit að formenn allra þingflokka og allir hv. þm. hljóta að vilja stuðla að því að sem eðlilegust framkvæmd sé á þeim þætti þingskapa sem varðar umræður um þingsköp sem að sjálfsögðu eru mjög þýðingarmiklar og þýðingarmikið að þær geti átt sér stað.

Hv. 3. þm. Reykv. vék að því að það væri fróðlegt að sjá tilefni til utandagskrárumræðna á undanförnum árum. Ég tek undir það. Er ekkert á móti því. En þær upplýsingar sem út úr því koma kveða ekki á um það hvort forsetaúrskurður hefur verið réttur í því tilfelli, sem er tilefni að þessum umræðum, eða ekki.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ástæður fyrir því að ég kveð mér hér aftur hljóðs eru fyrst og fremst orð hv. 4. þm. Norðurl. v. í sambandi við umfjöllun um þetta efni á fundi utanrmn. í gær. Ég tók það fram þegar þessi mál voru þar rædd undir lok fundar að ég áskildi mér allan rétt til að taka þessi mál þó ég væri ekki með tillögu á þessari stundu, enda nýbúið að dreifa dönskum tillögutexta á fundi nefndarinnar og málið lítið rætt á þeim vettvangi. Það þarf því ekkert að koma hv. þm. og ágætum formanni utanrmn. á óvart að ég bar fram beiðni um að þessi mál yrðu rædd í þinginu.

Ég vil líka, herra forseti, nefna það að ég tel ekki að *menn læsi mál inni gagnvart þinginu þó þau séu til* meðferðar á vettvangi utanrmn. og hafi þar sinn eðlilega framgang. Það er að sjálfsögðu á sínum stað og þar hefur mönnum tekist að taka á mikilsverðum málum og stilla saman ólík sjónarmið, oft fyrir ágæta tilstuðlan núverandi formanns nefndarinnar.

En þetta vildi ég sem sagt skýra og ég nefni sem dæmi að hér var rætt um málefni erlendra sendiráða á fyrri fundi Sþ. í dag, málefni sem hefur verið til umræðu á vettvangi utanrmn. og þar sem ráðherra gerir ráð fyrir að greina frekar frá slíku máli. Þannig er um fjölmörg efni að þau berast að sjálfsögðu inn í umræðu í þingsölum þó þau séu til meðferðar í einni af nefndum þingsins.

Ég vænti þess, herra forseti, að umræðan hér um þingsköp verði til þess að treysta undirstöðu og framkvæmd þingskapanna og á það vil ég leggja áherslu að það geti orðið niðurstaðan af þessum orðaskiptum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Vegna orða sem féllu hér fyrr í umræðunum hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, 3. landsk. þm., og 3. þm. Reykv. Svavari Gestssyni vil ég taka fram að ég vil ekki væna utanrrh. um að hann standi ekki við samþykkt Alþingis. Ég held það þurfi alls ekki að krefja hann um svör eða játningar í því efni. Að sjálfsögðu stendur utanrrh. við samþykkt Alþingis, hefur áreiðanlega aldrei dottið annað í hug og kæmist heldur ekki upp með það, jafnvel þó svo honum dytti það í hug sem náttúrlega verður aldrei. Það er ábyggilegt að hann kemur ekki til með að hrófla við þeirri samþykkt.

Ég er nokkuð á svipaðri skoðun og formaður utanrmn. og 3. þm. Reykv. að því leyti til að ég er ekki viss um að rétt sé að taka þetta mál úr höndum stjórnmálamanna eða færa það yfir í hendur embættismanna nema þá að því leyti sem við þurfum á sérfræðiþekkingu að halda frá embættismönnum. Ég held að þetta mál sé þess eðlis að það beri að leiða það pólitískt og ég er feiminn við að sleppa því um of í hendur embættismanna. Ég tel því að það sé mikið umhugsunarefni áður en menn taka það skref.

Það liggur alveg ljóst fyrir að það verður ekki tekin endanleg ákvörðun um þetta mál í Stokkhólmi og ef að því ræki vona ég að hæstv. utanrrh. Íslands biðji um frestun á málinu samkvæmt því sem orð féllu í utanrmn. í gær.

Að endingu þetta: Þetta hefur verið fróðleg umræða nokkuð um utanríkismál og þingsköp, hefur spunnist fullt eins mikið um utanríkismál og þingsköp. Ég held að umræður um utanríkismál séu mjög mikilvægar og við mættum gjarnan ræða utanríkismál ítarlegar en við gerum. Þó er utanríkismálaumræða að færast á skynsamlegra og betra plan en hún var á þegar ég kynntist henni fyrst í sölum Alþingis. Við eigum eftir mjög mikilvægar utanríkismálaumræður, ekki eina heldur væntanlega fleiri, hér á þinginu og við getum geymt nestið þangað til og þurfum ekki að eyða því í þingskapaumræðu. Það er eftir að ræða skýrslu utanrrh. sem mér hefur því miður ekki gefist tími til að lesa en ég veit að verður verulegt umræðuefni. Í utanrmn. liggja enn fremur till. fyrir um ýmis utanríkismál, þar á meðal ein, sem ég er 1. flutningsmaður að, um samnorræna afstöðu til frystingar kjarnorkuvopna. Þessi till. hlýtur að koma frá utanrmn. og þá gefst tækifæri til ítarlegrar umræðu og skoðanaskipta um afvopnunarmál. Og ég vona nú að þessari þingskapaumræðu geti farið að ljúka.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til að leiðrétta ákveðinn misskilning sem mér fannst koma fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. v. varðandi þessa norrænu embættismannanefnd á vegum utanrrn. Ég held að engum manni detti í hug að taka þetta úr höndum þjóðþinganna, en hins vegar er eðlilegt að þessi mál verði rædd og könnuð á báðum stöðum þannig að það sé í einhverjum takti.

Ég vil benda á að hæstv. forseti hefur lýst því yfir að hann vilji taka til endurskoðunar reglur um þing-

skapaumræður, það er mikil yfirlýsing, og hann hyggist ræða það mál við formenn þingflokkanna. Ég held að það sé mál sem þurfi vandlegrar skoðunar við og þar þurfi menn að leita samkomulags og lausna í stað þess að menn reyni að bera þar hvern annan atkvæðum.

Það er rétt, sem hæstv. forseti segir, að þau mál má auðvitað ræða og er eðlilegt að ræða, eins og utandagskrárumræðurnar og þingsköpin í heild. M.a. tel ég að það eigi að ræða hlut stjórnarandstöðunnar að stjórn þingsins. Þannig háttar til að stjórnarandstaðan tilnefnir í hóp forseta varaforseta í báðum deildum og sameinuðu þingi og ég hygg að ákvarðanir um hin veigamestu mál í þinghaldinu séu iðulega teknar án þess að um sé að ræða samráð við þessa varaforseta. Þess vegna hlýtur stjórnarandstaðan á hverjum tíma, ég vil alla vega segja það fyrir mig, að velta því fyrir sér hve langt eigi að ganga í þessu efni þegar um lítið eða takmarkað samráð er að ræða í hinum veigamestu úrslitamálum og að varaforsetar hafa lítið hlutverk annað en að hlaupa í stólinn við og við, hinn virðulega forsetastól, til að leysa forseta af þegar hann þarf að gegna mikilvægum erindum.

Öll þessi mál hljóta þingflokkarnir að skoða mjög vandlega, eins og hæstv. forseti hefur hér bent á varðandi þingskapaumræðuna sérstaklega.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. þm. Reykv. vék að því sem forseti sagði um athugun á framkvæmd umræðu um þingsköp. Til þess að leiðrétta misskilning ef kynni að vera: Forseti hefur ekki gert ráð fyrir því að það væri hægt að setja ákvæði í þingsköp um þetta atriði. Þarna er um framkvæmdaratriði að ræða og það er það sem er ástæða til að ræða við formenn þingflokka.

Hv. þm. virtist gera því skóna að það skorti á samráð við stjórnarandstöðuna um stjórn þingsins og kannske lá það í orðunum að það væri frekar nú en áður. Það skal tekið fram að það hefur verið leitast við af hálfu forseta að hafa reglubundna fundi með formönnum þingflokka þar sem formenn allra þingflokka eru og hafa reglubundna fundi þar sem varaforsetar eru þannig að hafa sem best samráð við stjórnarandstöðuna.

Í huga forseta er við framkvæmd þinghaldsins engin spurning um stjórn og stjórnarandstöðu. Það eru allir jafnir. Og með því að þessi athugasemd kemur fram í umræðum vegna neitunar á umræðum utan dagskrár skal það tekið fram að fram hafa farið á þessu þingi 18 umræður utan dagskrár. Það hafa farið fram tólf skv. 1. málsgr. 32. gr. og það hafa farið fram sex skv. 2. málsgr. 32. gr. Það hefur ekki hallað á stjórnarandstöðuna í þessu efni. Af tólf umræðum sem hafa farið fram skv. 32. gr. 1. málsgr. hafa sjö verið að frumkvæði flokks hv. 3. þm. Reykv. og af sex sem hafa farið fram skv. 2. málsgr. 32. gr. hafa fjórar farið fram að frumkvæði þm. flokks hv. 3. þm. Reykv. Þetta er ekki sagt í þeirri meiningu að þetta sé eitthvað óeðlilegt. Það hefur verið fullkomin ástæða fyrir að leyfa þessar umræður. En ég vænti þess að við framkvæmd þessara mála sé forseti ekki vændur um það að líta á málin eftir því hvort stjórnarandstöðuþingmenn eiga í hlut eða stjórnarþingmenn.

Guðrún Agnarsdóttir: Aðeins örfá orð, herra forseti, vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. v.

Ég var ekki að efast um heiðarleika hæstv. utanrrh., að hann mundi standa við þá samþykkt sem Alþingi hefur þegar gert, heldur tel ég það rétt í þessari umræðu að skoðun hans komi afdráttarlaust í ljós hér.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég get undirstrikað allt sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði varðandi fsp. hv. 3. landsk. þm. Utanrrh. mun að sjálfsögðu standa við orð sín frá fundi utanrmn. í gær og meðan Alþingi ekki breytir sinni samþykkt stendur hún.

Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa, stjtill. 382. mál (þskj. 699). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í þáltill. á þskj. 699 fer ríkisstj. þess á leit við Alþingi að Alþingi heimili fullgildingu svonefndrar Torremolinos-alþjóðasamþykktar frá 2. apríl 1977 um öryggi fiskiskipa. Alþjóðasamþykktin, sem hér um ræðir, er fyrsti milliríkjasamningurinn sem gerður hefur verið á vegum Alþjóðasiglingamálstofnunarinnar sérstaklega um fiskiskip. Samþykktin er árangur 15 ára starfs nefndar sem einmitt Íslendingur, Hjálmar R. Bárðarson fyrrv. siglingamálastjóri, veitti forstöðu.

Í viðauka við samþykktina eru reglur um smíði og búnað fiskiskipa. Flest ákvæði þeirra hafa nú þegar verið sett inn í íslenskar reglur, t.d. reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa. Íslenskar reglur um radíóbúnað og fjarskipti ganga lengra en ákvæði samþykktarinnar. Æskilegt hefði verið að fullgilda samninginn fyrr, en þýðing samþykktarinnar yfir á íslensku krafðist mikillar vinnu sem aðeins var unnt að inna af hendi í hjáverkum viðkomandi embættismanna. Ríkisstj. telur nú rétt að samþykktin verði fullgilt sem allra fyrst.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþjóðahugverkastofnunin, stjtill. 322. mál (þskj. 595). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með þáltill. þessari fer ríkisstj. þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings frá 14. júlí 1967 um stofnun Alþjóðahugverkastofnunar og þar með aðild Íslands að þeirri stofnun.

Alþjóðahugverkastofnunin er ein þeirra örfáu sérstofnana Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er ekki aðili að. Hún hóf starfsemi sína árið 1970 á grundvelli stofnsamnings frá 1967. Aðalverkefni hennar er að annast framkvæmd Bernarsáttmálans til verndunar á bókmenntum og listaverkum og Parísarsamnings um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar.

Með aðild að þessari stofnun verður hægt að taka virkari þátt í samstarfi um verndun höfundaréttar og eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Embættismenn stofnunarinnar hafa lagt mikla áherslu á aðild Íslands, en aðildin hefur engan aukakostnað í för með sér þar sem starfsemin er fjármögnuð að verulegu leyti með framlögum vegna Bernarsáttmál-

ans og Parísarsamningsins.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að till. verði vísað að lokinni þessari umræðu til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þáltill. 385. mál (þskj. 706). — Fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tæknimat, þáltill. 386. mál (þskj. 707). — Fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innflutningur búfjár, þáltill. 398. mál (þskj. 736). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun laga um innflutning búfjár sem ég er 1. flm. að, en flyt ásamt hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinssyni.

Till. er á þá leið að Alþingi ályktar að fela landbrh. að skipa nú þegar nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög um innflutning búfjár sem eru frá árinu 1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem varðar tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á. Nefndin ljúki störfum fyrir 1. okt. n.k.

Eins og segir í grg. till. felur hún í sér tvö meginatriði sem endurskoðun laganna á að stefna að. Það er í fyrsta lagi að nútímatækni sé notuð til að ná skjótum árangri í ræktun nautgripa án þess að slakað sé á kröfum um sóttvarnir, en í öðru lagi að leyfilegt verði að flytja inn fleiri kyn af nautgripum en Galloway-nautgripi, en nú er aðeins heimilt að flytja þá tegund inn eða rækta hana upp hérlendis.

Það má spyrja að því hvers vegna og af hvaða hvötum þessi till. sé flutt. Ég vildi, þegar ég mæli fyrir henni, hafa örfá orð um hvers vegna álitlegt er að beita aðferðinni að nota frjóvguð egg í stað sæðisinnflutnings. Hagkvæmnin er fólgin í tafarlausum árangri. Hreinn gripur fæst strax við fyrsta burð og því kemur hreinræktaður gripur til notkunar hjá bændum ári síðar. Gæti kjöt af þessum grip verið komið á borð neytandans um 27 mánuðum þar á eftir.

Þess má geta að ræktun hreinna gripa með sæðisflutningum tekur um tíu ár. Það er vert að benda á að lögin sem heimila innflutning eru frá 1962 og enn eru hreinræktuð naut ekki orðin að veruleika í sóttvarnastöðinni í Hrísey. Þessi leið er mjög kostnaðarsöm vegna hins langa tíma og hins mikla fjölda gripa sem ræktunin krefst.

Þá kem ég að því atriði að það er aðeins leyfilegt að rækta hér upp eitt kyn af nautgripum sem er Galloway-kyn. Skýrslur sýna að Galloway-kynið er með seinvöxnustu kynjum sem notuð eru. Galloway-hálfblendingar út af íslenskum kúm ná ekki nægilegum sláturþunga fullvaxnir. Þetta gerir það að verkum að hvert kjötkíló er óþarflega dýrt í framleiðslu. Það má geta þess að önnur kyn, eins og Hereford-kyn, ná meiri kjötþunga eftir sama tíma og gefa af sér stærri vöðva, en það eru einmitt þessir stóru vöðvar sem markaðurinn biður um.

Till. þessi er í sjálfu sér mjög einföld. Hún hljóðar upp á það að ráðherra skipi nefnd til að endurskoða lögin og rýmka þau ákvæði sem fjalla um þau tvö atriði sem ég hef rakið. Þetta verk ætti að vera hægt að vinna í sumar þannig að það væri hægt að taka tillögur nefndarinnar fyrir á næsta þingi í formi lagafrv. Þessi till. er flutt í þeim tilgangi að stuðla að því að rýmka löggjöf á þann hátt að fyllstu hagkvæmni verði hægt að koma við í nautgriparæktinni án þess þó að slakað sé nokkuð á öryggiskröfum. Allt bendir til þess að með þessum hætti sé hægt að framleiða fjölbreyttari vöru, fjölbreyttara nautakjöt með minni tilkostnaði og það er einmitt það sem markaðurinn þarfnast.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þessa till., en óska eftir að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til 2. umr. og atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 71. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

"Reykjavík, 9. apríl 1986.

Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Pétur Sigurðsson 12. þm. Reykv. er veikur og getur ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans ósk með tilvísun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis og þar sem 1. varamaður getur ekki tekið sæti og 2. og 3. varamenn sitja nú á Alþingi að óska þess að 4. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Geir H. Haarde aðstoðarmaður ráðherra, taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti neðri deildar."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf sem þarf að athuga og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka bréfið til athugunar. Á meðan verður fundi frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréf Geirs H. Haarde, sem er 4. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi. Þess hefur verið óskað að hann taki sæti á Alþingi í forföllum hv. 12. þm. Reykv. Péturs Sigurðssonar. Fyrir liggur að

1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík getur ekki tekið sæti sitt á Alþingi og 2. og 3. varamaður flokksins sitja á Alþingi.

Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréfið og alls ekkert athugavert fundið og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Geir H. Haarde 12. þm. Reykv. undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Geir H. Haarde hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Um þingsköp.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseti vekur athygli á ákvæðum þingskapa sem nú koma í fyrsta sinn til framkvæmda, ákvæðum 2. mgr. 18. gr. og 6. mgr. 28. gr. þar sem segir að lagafrv. og þáltill. sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu verði því aðeins tekin til meðferðar að meiri hluti þm. í viðkomandi deild eða Sþ. samþykki það. Samkvæmt þessu er á morgun síðasti dagur til útbýtingar lagafrv. og þáltill. sem teknar verða til meðferðar á þessu þingi nema afbrigði verði veitt. Þess vegna eru í dag síðustu forvöð að afhenda á skrifstofu þingsins þingmál ef þm. vilja að mál þeirra hljóti meðferð án þess að leitað sé afbrigða.

Efri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum fundi í Sþ

Ríkisendurskoðun, stjfrv. 272. mál (þskj. 506, frhn. 753, brtt. 754). — 3. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Á milli umræðna hefur hv. fjh.- og viðskn. tekið mál þetta til skoðunar út af minni háttar atriði sem í ljós kom og skýrir sig af framhaldsnál. og lítilli brtt. sem flutt er. En nál. hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Nefndin er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt eins og það lítur út eftir 2. umr. í Ed. Þó vill nefndin leggja til þá breytingu að niðurlagsákvæði 3. tölul. 13. gr. frv., um 40. gr. laga nr. 86/1985, verði fellt brott. Í þessu felst ekki að nefndin telji að ríkisviðskiptabankar skuli undanþegnir endurskoðun af hálfu ríkisendurskoðunar heldur telur nefndin nauðsyn bera til að hugað sé að breytingum á ýmsum öðrum ákvæðum nýrra viðskiptabankalaga varðandi skoðunarmenn. Beinir nefndin því til ríkisstj. að hún láti fara fram slíka endurskoðun á lögum um viðskiptabanka og leggi fram sérstakt frv. um það efni þegar þing kemur saman á hausti komanda."

Undir þetta rita allir nm. og flytja um það sérstaka brtt. á þskj. 754, þ.e. að 40. gr. laga nr. 86/1985 verði ekki felld úr lögum eins og mörg ákvæði önnur sem þar eru upp talin, og er þetta efnislegt að sumu leyti en tæknilegt atriði líka sem ég þykist vita að allir hv. þingdeildarmenn séu sammála um og fjölyrði ekki um frekar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs nú til að fá tækifæri til að lýsa afstöðu minni til þessa máls, en ég hef ekki tekið til máls um það fyrr. Því þykir mér ástæða til þess að lýsa afstöðu minni til málsins að mál þetta varðar sérstaklega Alþingi.

Ég vil strax taka fram að ég lýsi fullum stuðningi við þetta frv. sem felur í sér breytingu á ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun er hagað með nokkuð mismunandi hætti í hinum einstöku löndum. En það má greina í aðalatriðum í þrjá flokka það fyrirkomulag sem venjulega er. Í fyrsta lagi er ríkisendurskoðun undir stjórn framkvæmdavaldsins. Í öðru lagi er ríkisendurskoðun stofnun þjóðþingsins óháð framkvæmdavaldinu. Og í þriðja lagi er ríkisendurskoðunin sem nokkurs konar dómstóll, óháð bæði þingi og framkvæmdavaldi.

Leið sú sem farin er með þessu frv. er að setja ríkisendurskoðunina undir Alþingi og gera hana óháða framkvæmdavaldinu, sem hún hefur heyrt undir fram til þessa. Þessi leið, sem farin er skv. þessu frv., er í fyllsta samræmi við þróun þessara mála í öðrum löndum og m.a. þeim sem eru okkur næst stjórnarfarslega. Nægir í því efni að benda á löggjöf í Bretlandi frá 1983, sem gengur í þessa átt, svo og löggjöf í Kanada frá 1977 og löggjöf í Danmörku frá 1975.

Það verður að telja að það sé mjög vel ráðið að þetta frv. hefur verið lagt fyrir þetta þing. Það er ánægjulegt til þess að vita að það er fullkomin samstaða um frv. Ég ítreka, sem ég áður hef sagt, fyllsta stuðning við þetta frv.

ATKVGR.

Brtt. 754 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 265. mál (þskj. 498, n. 728). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. fjh.- og viðskn. sem er að finna á þskj. 728 og fjallar um frv. til l. um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í sem skemmstu máli mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir, en efni þess er að afnuminn verði einkaréttur ríkisins til sölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Undir þetta rita formaður nefnarinnar, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Jón Kristjánsson, Valdimar Indriðason og Egill Jónsson auk frsm., en fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Aðeins til upprifjunar: Frv. sama efnis var samþykkt frá þessari hv. deild í fyrra, en dagaði þá uppi í Nd. Vonandi verða örlög þess önnur og betri á þessu þingi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á nál. hv. fjh.- og viðskn. var ég fjarstödd afgreiðslu þessa máls í nefndinni, en ég vil ekki láta hjá líða að fjalla stuttlega um afstöðu mína til málsins.

Eins og hv. frsm. fjh.- og viðskn. gat í máli sínu áðan er þetta mál gamall kunningi í hv. Ed. og var samþykkt hér í fyrra en dagaði uppi í Nd. Í umfjöllun um málið í hv. fjh.- og viðskn. í fyrra kom fram að samþykkt frv. hefði í för með sér þá rúmlega 10 millj. kr. skerðingu á tekjum ríkisins. Að vísu voru þá í nefndinni ýmsar hugmyndir um að jafna þetta tekjutap með einhverjum öðrum hætti, með tollaálögum eða öðru, en slíkar hugmyndir urðu ekki að veruleika.

Að sönnu er hér ekki stórmál á ferðinni og skiptir ekki sköpum fyrir fjárhag ríkisns hvorum megin hryggjar eldspýtur og vindlingapappír liggja, en á meðan engar tillögur koma fram til að mæta því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það mun rétt vera að ég hafi ekki verið nærstaddur þegar mál þetta var afgreitt úr nefnd.

Ég viðurkenni fúslega að mál þetta hefur ekki legið mjög þungt á mínu sinni. Ég sé ekki að það sé örlagaríkt í eðli sínu. En eins og hér kom fram felur þetta í sér dálítið tekjutap fyrir ríkissjóð.

Þegar mál þetta var til umræðu í nefndinni í fyrra óskaði ég eftir að kannaðar yrðu leiðir til að tryggja að ekki yrði um tekjutap að ræða. Ég held að engin ástæða sé til að ríkissjóður taki á sig tekjutap vegna þessa. En það hefur ekki orðið úr því að sú hlið málsins yrði neitt frekar athuguð.

Að svo komnu máli og miðað við að ekki virðist mikið vinnast við samþykkt þessa máls treysti ég mér ekki til að greiða því atkvæði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá, stjfrv. 128. mál (þskj. 141, n. 730, brtt. 731). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hér er um lítið mál að ræða, sem þó hefur valdið bæði mér og öðrum dálitlum heilabrotum hvernig með skyldi fara, en það er staðfesting á brbl. frá í fyrrahaust um breytingu á tollskrá varðandi lækkun á tollum á bifreiðum og snjósleðum. Þetta er fylgifrv. með því frv. sem hefur verið til umfjöllunar hér að undanförnu um fjáröflun til vegagerðar og staðfestingu á því og breytingar. En svo er um þetta mál að nánast er efni þess útrunnið og hefði þess vegna út af fyrir sig mátt láta þessi lög daga uppi því að lækkun á bílatollum hefur orðið miklu meiri síðar eins og alkunna er og þess vegna hefði þetta frv. kannske að ósekju mátt daga uppi og brbl. falla úr gildi við þingslit. En ef þau hefðu gert það hefði þó eitt tollskrárnúmer staðið eftir, þ.e. 87.02.11 sem fjallar um snjósleða. Afleiðing af því hefði orðið að tollar á snjósleðum hefðu hækkað lítillega. Það hefur ekki verið hugmynd neins að hækka tolla á slíkum tækjum heldur fremur að lækka þá. Einfaldast í sniðum þótti þess vegna að fella niður öll tollnúmer við samþykkt frv. önnur en þetta eina og ákveða að lækkunin skuli vera í 70% úr 80 á snjósleðunum eða sama og ákveðið var í brbl. Það yrði þá sem sagt þessi eini tollflokkur sem lögfestur yrði nú og þar með alls réttlætis gætt.

ATKVGR.

Brtt. 731 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 399. mál (þskj. 737). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Frú forseti. Hér er flutt frv. sem felur í sér breytingu á almannatryggingalögum með því að bæta einu orði inn í staflið c í 39. gr. laganna. Þetta orð er „hjúkrun".

Þannig er mál með vexti að núna er heimilað í lögum að sjúkratryggingar taki þátt í greiðslum fyrir æfingameðferð og þjálfun utan sjúkrahúsa, en engin heimild er til þess að sjúkratryggingar taki þátt í heimahjúkrun. Það er kunnara en frá þurfi að segja að mikil þörf er fyrir þess konar þjónustu og það er eitt þeirra úrræða sem orðið getur til þess að fresta því eða afstýra að fólk þurfi á stofnanavist að halda. Hins vegar er heimilum ofviða í mörgum tilfellum að veita þá hjúkrunarþjónustu og aðhlynningu sem á þarf að halda, sérstaklega þegar í hlut eiga gamalmenni. Þar er þörfin mest og þar er fjöldinn mestur sem á slíkri þjónustu þarf að halda. Vitanlega getur þetta nýst fyrir þá sjúklinga sem yngri eru, en það er skoðun ríkisstj. að mikil þörf sé á því að greiða fyrir því að unnt sé að veita hjúkrun í heimahúsum. Á þann veg sé hægt að fylgjast betur með heilsu sjúklings, fylgjast með á faglegan hátt og hafa samband við lækni eftir því sem þurfa þykir.

Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi ekki margháttaðar útskýringar með þessu frv. Ég veit ekki betur en hér sé um samkomulagsmál að ræða. Stjórnarflokkarnir eru sammála um þetta og þeir fulltrúar úr öllum flokkum stjórnarandstöðunnar sem ég hef rætt við eru líka sammála um að nauðsynlegt sé að gera þessa breytingu.

Ég geri mér vonir um að þetta geti orðið til þess að það fáist til hjúkrunarstarfa eitthvað af þeim hjúkrunarfræðingum sem ekki hafa fengist til starfa hjá stofnunum. Svo getur staðið á að hjúkrunarfræðingar vilji taka að sér störf að takmörkuðu leyti en ekki sem fullt starf eða fast starf við stofnun. Þetta mundi einmitt greiða fyrir slíkri tilhögun.

Þetta leiðir hugann að því að við verðum að gefa vaxandi gaum þeim vanda sem við stöndum í til þess að veita öldruðum viðunandi aðhlynningu og aðbúnað í ellinni. Í þessu sambandi hef ég reynt að kynna dálítið hugmynd sem kann að tengjast þessu máli þegar til kastanna kemur, en það er hugmynd um dagvistun aldraðra í heimahúsum, og hugsa ég mér þá að það geti orðið með nokkrum hætti á svipaðan veg og dagmömmukerfið svokallaða fyrir börn. Í þessu tilviki gæti

orðið um að ræða að lítill hópur aldraðra kæmi saman á heimili þar sem þeir hlytu að einhverju leyti hjálp. Stundum gæti verið um að ræða heimsókn hjúkrunarfræðings, stundum sjúkraþjálfa, stundum iðjuþjálfa. Það sem meginmáli skiptir í sambandi við slíka dagvist er að með því væri rofin einangrun þeirra öldruðu borgara sem slíkt mundu nota sér. Að sjálfsögðu er margt aldrað fólk afar einmana þegar heimilin eru svo sett að mikill meiri hluti húsráðenda vinnur annars staðar en inni á heimilunum, en e.t.v. er gamalmenni eitt heima, auk þess sem mörg gamalmenni búa ein sér. Slík tilhögun gæti vissulega orðið til þess að hjálpa mönnum að halda lengur heilsu og una lífinu án þess að þurfa að leita til stofnana.

Annars er sú hugmynd ekki aðalatriði þessa máls, en það skiptir máli að þjónusta eins og hér er gert ráð fyrir í lögunum um almannatryggingar gæti verið á boðstólum til þess að auðvelda lausn eins og þá sem ég hef hér rætt um og yrði vitanlega, ef hún yrði framkvæmd, fyrst og fremst skipulögð af sveitarfélögunum.

Mig langar til að geta þess, virðulegi forseti, að í gær varð samkomulag í ríkisstj. um annan þátt í almannatryggingalöggjöfinni sem krefst lagabreytingar og ég vil biðja hv. nefnd að taka það atriði einnig til athugunar ásamt málinu og liggi fyrir álit um það fyrir 2. umr., en það er till., sem ég mun útbýta hér á eftir og afhenda nefndarformanni, í þá veru að heimilt verði að greiða mæðralaun til 17 ára aldurs í stað til 16 ára aldurs nú. Breytingin í það horf að greiða mæðralaunin til 17 ára aldurs kæmi til framkvæmda nú frá 1. júní, en frá 18 ára aldri um n.k. áramót. Þetta er að mínu viti mikið réttlætismál og á sínum tíma, þegar barnalífeyrisaldur var færður upp í 17 ár, flutti ég till. um að sá aldur sem miðað yrði við þegar mæður fengju mæðralaun fylgdi einnig þessu aldursmarki. Það var ekki samþykkt þá og síðan hefur barnalífeyrisaldurinn enn verið hækkaður upp í 18 ár. Ég er þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt að láta mæðralaunin fylgja þessum aldri ella gæti skapast sú aðstaða að erfiðara væri um vik fyrir börn einstæðra foreldra t.d. að stunda nám í framhaldsskólum svo sjálfsagt sem okkur þykir það annars. Slíkt ætti ekki að þurfa að eiga sér stað. Því er það að ríkisstj. hefur orðið sammála um að leggja til breytingu á almannatryggingalögunum um aldursmarkið.

Það má vel vera að það veki til umhugsunar um að upphæðirnar þurfi líka að endurskoða. Það er hins vegar ekki löggjafaratriði og unnt að gera það strax og svigrúm er til fjárhagslega. En með því að þetta er á miðju fjárlagaári sem við erum að fjalla um málið náðist samkomulag um að gera þessa breytingu í tveimur skrefum, að mæðralaunarétturinn yrði rýmkaður á þann veg að mæðralaun yrðu greidd þar til börn yrðu 17 ára frá 1. júní n.k. og frá áramótum n.k. að 18 ára aldri.

Ég veit ekki betur en það sé samkomulag um þetta atriði líka milli þm. úr stjórnarandstöðu og stjórnarflokkum, enda er hér um að ræða áhugamál margra og að ég tel að áliti flestra, a.m.k. að okkar áliti, sjálfsagt réttlætismál.

Frú forseti. Það er rétt að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Talnagetraunir, stjfrv. 232. mál (þskj. 460, n. 734 og 757). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. allshn. Ed. um frv. til l. um talnagetraunir. Nefndin hefur rætt frv. ítarlega og fengið til viðtals fulltrúa frá Öryrkjabandalagi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Þroskahjálp og forsvarsmenn Happdrættis Háskóla Íslands sem rekur eina peningahappdrættið í landinu.

Þetta frv. er, eins og kom fram við 1. umr. þess, byggt á samkomulagi sem varð í þinghléinu milli Íþróttasambands Íslands og Öryrkjabandalags Íslands, en þessir aðilar munu bindast samtökum um að starfrækja talnagetraunir til ágóða fyrir þessi samtök.

Nefndin klofnaði í málinu og mun minni hl. nefndarinnar skila séráliti og álit hans liggur hér fyrir. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og vísar til þess að hér er um ákveðið samkomulag að ræða. Íþróttasamtökin hafa eins og kunnugt er þennan rétt nú, en hafa ekki nýtt hann og það hefur orðið að samkomulagi milli þessara aðila að skipta á milli sín ágóðanum af þessari starfsemi.

Við teljum ekki annað verjandi, þar sem svo brýnt er fyrir bæði Öryrkjabandalagið og íþróttasamtökin í landinu að fá tekjur af talnagetraunum, einkum þó Öryrkjabandalagið þar sem ástandið í húsnæðismálum fatlaðra er mjög erfitt svo að ekki sé meira sagt, en afgreiða þetta frv. svo að þessi starfsemi geti hafist til ágóða fyrir þau góðu málefni sem hér er um að ræða.

Við viljum leggja áherslu á að allir aðilar, sem vinna að málum fatlaðra og þroskaheftra, vinni saman að þessum málum og samstaða þeirra sé góð um nýtingu þess fjármagns sem hér er um að ræða því að hér verður áreiðanlega, ef vel tekst til, um allmiklar fjárhæðir að ræða sem koma í hlut þessara samtaka.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. allshn. um frv. til l. um talnagetraunir. Þetta álit minni hl. er að finna á þskj. 757 og minni hl. leggur til að þessu máli verði vísað til ríkisstj. En ég tel óhjákvæmilegt að hafa um þetta mál nokkur orð núna við 2. umr. þess.

Hér er nefnilega, virðulegi forseti, um afar sérkennilegt mál að ræða. Fyrst er þar til að taka að í lögum um getraunir frá 1972 eða 1973 eru ákvæði um að íþróttahreyfingin hafi einkaleyfi á talnagetraunum eða bókstafagetraunum, en íþróttahreyfingin hefur aldrei sýnt minnsta lit á að notfæra sér þessa heimild sem er í lögunum. Það er þess vegna hreint ekki sjálfgefið, þó að þessi heimild hafi verið í lögum hátt á annan áratug, að þetta standi allt saman óhaggað og óbreytt. Þegar aðili sem hefur fengið einkaleyfi skv. lögum hirðir ekki um að notfæra sér það er auðvitað mjög eðlilegt að þeirri löpggjöf sé breytt og sá aðili eigi ekkert meira tilkall til þess einkaréttar í rauninni en aðrir.

Þetta mál á sér mjög sérstæða sögu sem kannske þarf ekki að rekja mjög ítarlega fyrir hv. þm. Svo háttaði nefnilega til í fyrra að þá kom fram frv. um þetta mál í þá veru að Öryrkjabandalag Íslands eitt skyldi fá leyfi

til að reka talnagetraunir með því fyrirkomulagi sem gert er hér ráð fyrir. Þetta gerðist þegar mjög var orðið áliðið þings og skammur tími eftir. Þá þróuðust mál þannig að einn hv. þm. utan þingflokka, Ellert B. Schram, tók upp málþóf í Nd. til að stöðva þetta mál því að hann, sem jafnframt gegnir trúnaðarstöðu á vegum íþróttahreyfingarinnar, taldi hlut íþróttahreyfingarinnar hér mjög vera fyrir borð borinn. Því var þessum aðferðum beitt til að stöðva málið eins og alkunna er og þm. þekkja.

Þegar við vorum að ræða þetta mál í allshn. þessarar deildar barst vitneskja um að í þingflokksherbergi Alþb. hefði að næturlagi undir þinglok verið gert einhvers konar samkomulag í þessu máli er varðar talnagetraunir. Ég verð að segja, og það geta væntanlega fleiri svipað sagt, að ég er ekki bundinn af slíku samkomulagi sem einhverjir aðilar gera í reykfylltum bakherbergjum að næturlagi. Það eru ekki þau vinnubrögð sem hér á að viðhafa. Ég er allsendis óbundinn af þessu samkomulagi og gef raunar ekkert fyrir það. Þetta kom ýmsum á óvart í störfum nefndarinnar sem vissi ekkert um að þetta samkomulag hefði verið gert. Auðvitað bindur slíkt samkomulag, sem gert er að næturþeli í þingflokksherbergi Alþb., engan sem ekki var þar viðstaddur og ekki gerist aðili að því og raunar getur það ekkert bundið Alþingi. Þm. hljóta að greiða atkvæði eins og samviska þeirra býður.

Það kom líka, virðulegi forseti, þannig að það liggi fyrir í upphafi þessa máls, ljóst og skýrt fram í allshn. að þeir hv. þm. sem mæla með samþykkt frv. eru ekkert ánægðir með þetta mál. Það kom afar skýrt fram, en það kom jafnframt fram að þeir teldu sig verða að gera þetta og það væri ekki stætt á því að stöðva þetta mál. Hv. frsm. meiri hl., 4. þm. Austurl., tók svo til orða að þetta væri svo gott mál að það mætti ekki stöðva og yrði að sjá til þess að íþróttahreyfingin og þau samtök öryrkja sem hér er um að ræða, Öryrkjabandalagið, fengju þessa fjármuni sem fyrst. Ég get alveg tekið undir að þetta er mjög gott mál, en ég vil líka að það komi skýrt fram að þetta mál hefur hvergi nærri hlotið þá athugun sem vert er og sem nauðsynlegt er.

Við sem skipum minni hl., hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson auk *mín, erum þeirrar skoðunar* að þetta mál þurfi að kanna langtum betur, aðdraganda þess og efni málsins. Í rauninni má segja að það sé eðlilegast, eins og gert hefur verið í fjölmörgum löndum, að það sé ríkið sjálft eða hið opinbera sem stofni fyrirtæki til að reka svona happdrættisleik og ágóðanum sé svo varið til ýmissa líknarmála, það sé ekki bundið til ársins 2005 eins og á að gera skv. þessu frv. að verja þessu alfarið til íþróttahreyfingarinnar, til húsbygginga á vegum Öryrkjabandalagsins og til reksturs sjálfs Öryrkjabandalagsins — og taki menn eftir því sérstaklega. Þessi háttur er víða hafður á. Þá er það ekki ákveðið til ára eða áratuga, eins og hér er gert til ársins 2005, hvernig á að verja þessum hagnaði sem enginn veit á þessari stundu hver verður eða hversu mikill.

Við teljum verulegar líkur á því hjá þeirri happdrættisglöðu þjóð sem Íslendingar eru að svona happdrætti *muni ná mjög miklum vinsældum* og þá um leið raska verulega fjárhagsgrundvelli þeirra happdrætta sem þegar eru rekin, eins og t.d. Happdrættis Háskóla Íslands, Happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Sambands ísl. berklasjúklinga, þessara þriggja stóru, sem eru raunar mjög misstór. Fari svo að þessi fjárhagsgrundvöllur raskist mjög verulega kann það auðvitað að leiða til margvíslegra viðbótarskuldbindinga sem falla munu á ríkið, t.d. í sambandi við byggingar á vegum Háskóla Íslands sem Happdrætti Háskóla Íslands fjármagnar nú. Það er margt sem bendir til þess að áhugi yngra fólks á Happdrætti háskólans og þessum föstu happdrættum sé ekki eins mikill og margra þeirra sem eldri eru þannig að þegar hinir eldri, sem hafa átt miða þarna, heltast úr lestinni sé eins víst að margir miðanna verði óseldir, en happdrætti eins og þessar talnagetraunir, sem erlendis ganga víða undir nafninu „lottó", muni njóta vaxandi vinsælda. Þetta er miklu auðveldara. Þetta verður selt alls staðar, í söluturnum væntanlega út um allar trissur, hægt að kaupa þetta hvarvetna og margir möguleikar. Þetta verður sjálfsagt ódýrara en hlutamiðar í þessum stóru happdrættum eða a.m.k. hægt að fá ódýrari möguleika.

Ég er sannfærður um að með því að veita einkaleyfi fram til ársins 2005 sé verið á alröngum brautum vegna þess að ég held að menn viti í rauninni ekki hverju er verið að hleypa af stað hér. Ég held að hérna sé verið að hleypa af stað einhverri mestu peningamaskínu, ef ég má nota það orð, sem sett hefur verið í gang hérna. Ég er sannfærður um að hagnaðurinn af þessu og veltan verður alveg gífurleg. Það hefur komið í ljós t.d. í Svíþjóð og í Kanada og víðar þar sem svona happdrætti er. Eins og ég vék að áðan er íslenska þjóðin afar elsk að happdrættum, að ég segi ekki fjárhættuspilum. Ég er alveg viss um að það mun verða gífurleg velta þarna. Um þetta veit enginn, en samt ætla þm. alveg hikstalaust að ákveða þetta til ársins 2005. Kannske verða fæst okkar, sem erum að taka þessa ákvörðun nú, a.m.k. mörg okkar, ekki lengur ofar moldu. Við erum að taka ákvarðanir ansi langt fram í tímann. Mér finnst þetta satt best að segja alveg fráleitt.

Þá hefur verið látið í það skína að hér sé um að ræða mál sem sé hið besta samkomulag um í hvívetna. En svo er alls ekki. (**Gripið fram í:** Ég heyri það.) Vill nú ekki hv. þm. Nd. tala í sinni deild og láta það duga. Það þykir ýmsum það a.m.k. alveg nóg. — Það hefur verið látið í það skína að um þetta sé algjört samkomulag en það er bara ekki. Á *fund allshn. komu fulltrúar* Þroskahjálpar sem eru allfjölmenn samtök og í þeim eru m.a. foreldrar og aðstandendur þeirra sem eru vanheilir og þroskaheftir. Það kom fram að af hálfu Þroskahjálpar hafði verið óskað eftir því við Öryrkjabandalag Íslands að fá að fylgjast með þessu máli og framgangi þess en þeirri ósk ekki verið sinnt. Það finnst mér vera mikið umhugsunarefni ef ágreiningur er um þessi mál með þeim samtökum sem eru að vinna að hagsmunamálum þeirra sem á einhvern hátt eru fatlaðir og þeirra sem minna mega sín. Við teljum þess vegna óeðlilegt að ákveðnum félagasamtökum, þ.e. Íþróttasambandinu, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalaginu, sé veitt svona einkaleyfi til að starfrækja happdrætti í svo langan tíma þar sem ríkisvaldið er með þessu í rauninni að taka ein samtök öryrkja fram yfir önnur og gera upp á milli þessara samtaka með þeim hætti sem þetta frv. gerir varðandi fjáröflunarleiðir. Þetta teljum við óeðlilegt.

Vissulega eru Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Öryrkjabandalagið félagasamtök sem eru alls góðs makleg. Málið snýst ekkert um það. Það eru

ótal, ótal önnur samtök hér á landi sem einnig vinna að heilbrigðis-, líknar- og mannúðarmálum sem eru alveg jafnmakleg og þessi samtök.

Við viljum t.d. minna sérstaklega á það ástand sem ríkir í málefnum aldraðra einkanlega hér í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Á annað þúsund aldraðir eru á biðlista hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og bíða þar eftir húsnæði, hjúkrun eða einhvers konar umönnun sem öldruðum er nauðsynleg. Þar af eru um 700 manns á svokölluðum forgangslista og menn geta ímyndað sér hversu mikill forgangur er fólginn í því að vera einn á þessum 700 manna lista hjá Félagsmálastofnuninni þar sem losna kannske eitt eða tvö pláss á mánuði en það bætist að jafnaði við ein ný umsókn á hverjum einasta degi. Þessar upplýsingar hef ég frá starfsfólki Félagsmálastofnunar og þeirra var aflað í gær.

Að okkar mati hefði verið kjörin leið að nýta þessa aðferð til að afla fjár til að gera nú stórátak í þessum málefnum aldraðra sem eru sannarlega smánarblettur á þjóðfélagi okkar. Ég veit að hv. þm. þurfa ekki annað en líta í eigin barm. Þeir vita hvernig ástandið er. Ég held að hver einasta fjölskylda á þessu svæði þekki þessi vandamál í sambandi við aldraða af eigin raun. Ég held að þessi vandamál séu í námunda við og næstum því í hverri einustu fjölskyldu. Á þessu sviði er brýnt að bæta úr vegna þess að það er ekkert of sterkt til orða tekið að segja að í málefnum aldraðra ríki neyðarástand og það neyðarástand megum við sem yngri erum skammast okkar fyrir. Hinir öldruðu og sjúku eiga ekki marga talsmenn hér. Íþróttaæskan á marga og öfluga talsmenn. Ég verð að segja það að ef ég á að deila minni samúð og mínu atkvæði greiði ég atkvæði með hinum öldruðu í þessu tilviki vegna þess að hinir eru miklu betur í stakk búnir til þess að afla sér fjár og berjast sjálfir.

Ég skora á hv. þm. í þessari deild að íhuga þetta mál mjög alvarlega, hvort við séum hér að gera rétt með því að veita þessum ágætu samtökum, sem eru eins og ég segi alls góðs makleg, Íþróttasambandinu, Ungmennafélaginu og Öryrkjabandalaginu, einkaleyfi til að reka þessa starfsemi allar götur fram til ársins 2005.

Þá má kannske benda á í þessu sambandi að enda þótt þetta séu kallaðar talnagetraunir er hér auðvitað um hreint happdrætti eða happdrættisleik að ræða. Það fer ekkert á milli mála. Í rauninni er hér um alveg hreint peningahappdrætti að ræða vegna þess að miðar eru keyptir fyrir peninga og vinningar eru greiddir út í peningum.

Nú er það svo í gildandi lögum að Háskóli Íslands hefur einkaleyfi til þess að reka peningahappdrætti og í samræmi við það greiðir Háskóli Íslands einkaleyfisgjald í ríkissjóð vegna þess að Háskólinn hefur einkaleyfi til að reka peningahappdrætti. Að vísu er það svo að það einkaleyfisgjald rennur til ákveðinna þarfa, þ.e. það rennur í byggingarsjóði rannsóknastofnana atvinnuveganna og allt gott um það. Verði þessi lög um talnagetraunir samþykkt er auðvitað forsendan fallin brott fyrir því að láta Háskóla Íslands greiða einkaleyfisgjald vegna þess að þá er ekki lengur um neitt einkaleyfi að ræða til þess að reka peningahappdrætti. Þessar talnagetraunir eru ekkert annað en hreint peningahappdrætti og forsenda einkaleyfisgjalds Háskólans er þá brott fallin.

Það má enn fremur minna á að í lögunum um Happdrætti Háskóla Íslands, lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og lögum um getraunir er alls staðar kveðið á um hlutfall og verðmæti vinninga. Á einhverju stigi máls munu slík ákvæði hafa verið inni í frv. til laga um talnagetraunir en á einhverju öðru stigi máls, síðara stigi, voru þessi ákvæði tekin út og í þessu frv. er engin ákvæði að finna um hlutfall og verðmæti vinninga heldur er ráðherra falið að ákveða fjárhæð eða hlutfall vinninga. Þetta held ég að sé tvímælalaust rangt. Ef á að samþykkja þetta, og það kemur væntanlega í ljós við atkvæðagreiðslu að lokinni 2. umr., er auðvitað nauðsynlegt að flytja brtt. við þetta mál þegar það kemur til 3. umr. En skynsamlegast væri á þessu stigi að vísa þessu máli til ríkisstj.

Og ég ítreka það, virðulegi forseti, sem ég sagði áðan, að ég held að hér sé um að ræða mjög öfluga fjáröflunarleið sem langtum fleiri ættu að njóta góðs af heldur en þessi fáu samtök sem hér eru upp talin. Þar að auki tel ég fráleitt að veita þessum samtökum einkaleyfi fram til ársins 2005, gjörsamlega fráleitt, og þar við bætist að ég held að það sé alveg nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að athuga allt þetta mál miklu betur og vísa ég enn til þess að enda þótt meiri hl. nefndarinnar leggi til að málið verði samþykkt kom vissulega fram í nefndinni að langt var frá því að fulltrúar meiri hl. væru ánægðir með þetta mál, eins og það nú liggur fyrir, töldu sig hins vegar verða að samþykkja það vegna þess að það hefði verið gert eitthvert samkomulag. Ég lýsi því aftur og enn að ég er ekki bundinn af neinu slíku samkomulagi sem gert er í þingflokksherbergi Alþýðubandalagsins einhvern tíma að næturþeli. Það bindur mig ekki og ég greiði atkvæði í þessu máli eftir minni samvisku og sannfæringu og mín sannfæring segir mér að þetta frv., eins og það hér liggur fyrir, sé ekki skynsamlegt að samþykkja og ég legg því til að því verði vísað til ríkisstj. og málið verði tekið upp og athugað að nýju.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Ég mun hins vegar styðja frv. eins og það nú liggur fyrir þrátt fyrir það að ég hefði viljað sjá það nokkuð öðruvísi og kannske alveg sér í lagi viljað sjá það verða til með öllu geðfelldari hætti.

Ég tek það hins vegar fram út af orðum hv. frsm. minni hl. nefndarinnar að ég er ekki bundinn af neinu samkomulagi hvorki í reykfylltu bakherbergi og ekki einu sinni í þingflokksherbergi Alþýðubandalagsins enda mun þar ekki hafa verið um þingflokk Alþýðubandalagsins að ræða, svo það komi skýrt í ljós, heldur um allt aðra aðila sem þar véluðu um þó einhverjir Alþýðubandalagsmenn muni kannske hafa slæðst inn í það herbergi þegar þetta samkomulag var gert.

Ég held að í raun og veru hefði verið hollast og best, enda ekki ágreiningur um það í Nd. Alþingis í fyrra, að frv. eins og það var þá hefði farið í gegn en einn þm. ekki látinn ráða allri ferð þess og síðari framgangi sem er vissulega miður og ber að átelja og harma að slíkt skuli geta gerst.

Minn fyrirvari tengist því annars vegar, eins og reyndar kom fram að nokkru í máli hv. 5. landsk. þm., frsm. minni hl. nefndarinnar, að til eru tvenn landssamtök öryrkja í landinu, Öryrkjabandalagið og

Þroskahjálp. Sum aðildarfélög eru raunar innan hvorra tveggja heildarsamtakanna. Ég neita því ekki sem einn af forsvarsmönnum og stofnendum Þroskahjálpar á sínum tíma, sem einmitt var gerð til þess að auka tengsl hinna ýmsu félaga úti á landi og veita þeim meiri og betri aðild að þessum málum í heild sinni, að ég hefði viljað sjá vissa aðild Þroskahjálpar að þessum væntanlegu lögum. Það hefði bæði verið sanngjarnt og eðlilegt en einhvern veginn hefur það orðið svo að Þroskahjálp er ekki þarna inni í.

Ég ítreka það að milli þessara tveggja heildarsamtaka þarf að ríkja samstarf og einhugur sem allra mestur. Það hefur nokkuð skort á það, það skal viðurkennt. Ég veit hins vegar að aðstandendur Þroskahjálpar munu í gegnum sum sín aðildarfélög, þ.e. aðildarfélögin hér á Reykjavíkursvæðinu, sem munu vera Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Blindrafélagið, sem einnig eru aðildarfélög að Öryrkjabandalaginu, eiga þarna athvarf fyrir sína umbjóðendur og reyndar aðrir aðstandendur þeirra líka.

Ég veit einnig að þroskaheftir hafa fengið ákveðna úrlausn í því húsnæði sem Öryrkjabandalagið hefur yfir að ráða. Þar munu, að mig minnir, 11 þroskaheftir vera með sínar íbúðir í því knappa húsnæði sem þar er til staðar. Ég neita því ekki að sameiginleg aðild og samvinna um þessi mál hefði verið æskilegri en ég held að á lokastigi þýði lítt um það að fást heldur aðeins að harma að um þetta skyldi ekki nást full samstaða milli þessara tveggja heildarsamtaka.

Ég vil mega treysta því, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem um þetta mál allt hefur orðið og með tilliti til þess að þessi tvenn samtök þurfa að vinna saman, að full tillitssemi ríki af hálfu Öryrkjabandalagsins gagnvart húsnæðismöguleikum þroskaheftra einnig í framtíðinni. Ég þykist enda viss af viðræðum mínum við forystumenn Öryrkjabandalagsins að það mál muni í raun auðsótt.

Inn í allt þetta mál blandast að sjálfsögðu staðreyndin um meðferðina á Framkvæmdasjóði fatlaðra, þ.e. stórskert framlög til hans og síminnkandi möguleikar þess sjóðs til að sinna brýnustu verkefnum. Þegar þessi sjóður upphaflega kom til lá ljóst fyrir að framkvæmdir í málefnum þroskaheftra lágu mjög eftir og sannarlega var því lögð aðaláhersla á framkvæmdir í þeirra þágu við úthlutun úr sjóðnum fyrstu árin. Ég tel skylt að þetta komi fram. Þar áttum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem bæði vorum í stjórnarnefnd um málefni öryrkja og þroskaheftra á þessum tíma, hlut að að rétta þannig nokkuð hlut þroskaheftra sem hafði orðið mjög eftir í gegnum árin. Ég hygg að sú stefna hafi verið rétt og í raun og veru má segja, ef við eigum að líta á hlut aðildarfélaga Þroskahjálpar annars vegar og Öryrkjabandalagsins hins vegar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, að hlutur Þroskahjálpar sé enn mun meiri en Öryrkjabandalagsins í þessum efnum og er það vel svo mjög sem þær framkvæmdir lágu eftir.

Það er undramargt sem bíður og skerðing sjóðsins hefur verið svo gífurleg, eins og menn þekkja úr umræðum öllum á Alþingi, að allt hefur, sama í hvaða málaflokki hefur verið, dregist um of á langinn. Ég nefni bara sem dæmi að Öryrkjabandalagið sótti nú um, til þess að fá upp í þær framkvæmdir sem þegar var lokið í húsnæðismálum þeirra, 7 millj. kr. úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Það fékk úthlutað í framkvæmdir sem þegar hafði verið lokið 2,8 millj. kr. Það vantar sem sagt 4,2 millj. upp á að Öryrkjabandalagið fái í sinn hlut það sem það hefði þurft að fá til þess að standa við þegar gerðar skuldbindingar, þegar unnar framkvæmdir.

Ég bendi á þetta vegna þess að það er brýnt skylduverkefni Alþingis að bæta úr framlögunum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og standa þar við lög sem allra mest, ótvíræð lög um framlög til sjóðsins, og ég efast um að við hefðum staðið uppi með þetta mál á þennan veg ef Framkvæmdasjóður fatlaðra hefði fengið lögboðin eðlileg framlög frá upphafi í sín mörgu verkefni.

Ég bendi hins vegar á það og þarf ekkert að ítreka það umfram það sem hér hefur verið gert að vandi í húsnæðismálum öryrkja er gífurlegur og snertir í raun og veru flesta aldurshópa þar. Ég bendi á, vegna þess að þar er komið inn á sama stóra sviðið og hv. 5. landsk. þm. benti réttilega á, þ.e. vandræði aldraðra, að ekki síst kemur þessi vandi aldraðra öryrkja inn í þetta og vænti ég þess að sá húsnæðisvandi sem þar er á ferðinni verði með einhverjum hætti í framtíðinni leystur á þennan veg og létti þá um leið á hinum almenna biðlista aldraðra sem hv. þm. greindi frá áðan.

Ég hef einnig séð þann biðlista yfir fólk hjá Öryrkjabandalaginu sem er hreðilega statt, langflest af því, og ég get ekki, eftir að vera búinn að kynnast þeim málum um nokkurra ára skeið, gert neitt til þess að draga úr því að til þess stóra verkefnis fáist verulegt fjármagn. Það hefur ekki fengist í gegnum Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er verið að gera það með þessum hætti og hefði mátt gera jafnvel enn frekar. Ég held því að hvað sem líður um margt óeðlilegum vinnubrögðum, sem eru talin úti í bæ að baki þessa frv., og hlutdeild einstakra aðila að þessu formi, geti ég ekki, vitandi um neyðarástand hinna fjölmörgu öryrkja, annað en stutt frv. sem komið er svo langt áleiðis þó marga galla megi þar finna og ég taki undir um margt réttmæti þeirra aðfinnslna sem hv. 5. landsk. þm. hafði uppi áðan og eflaust eru réttmætar.

Þar er einnig komið að hinu meginatriði míns fyrirvara, hversu þetta frv. ber hér að öðru sinni, hversu tilurð þess nú er um margt óeðlileg þegar aðilar koma sér saman um ákveðið fyrirkomulag, ná um það víðtæku samkomulagi, eins og margítrekað var inni í nefndinni, koma sér saman um ákveðna lausn sem þeir geta fallist á og Alþingi á svo að samþykkja. Nú eru þetta hinir ágætustu aðilar og alls góðs maklegir en undarlegt málþóf einstaks þm. er þó grunnástæða þess samkomulags sem liggur fyrir í stað þess að ég hygg að frv. hefði annars náð fram að ganga í því formi sem það var lagt fyrir Alþingi í Nd. þegar á s.l. vori.

Vissulega þarf íþróttahreyfingin á fjármagni að halda og ekki hef ég á móti því. Ég hef áður flutt um það tillögur á Alþingi að íþróttahreyfingunni væri séð fyrir skipulegum stuðningi, ekki aðeins til afreksíþrótta heldur alveg sérstaklega til almenningsíþrótta sem mér þykir íþróttahreyfingin hafa um of látið liggja eftir og beitt sér að afreksíþróttunum umfram allt annað.

Hins vegar er það svo nú, þegar alls staðar er þrengt að og skorið niður í þörfum framkvæmdum, að nokkurt hik hlýtur að koma á þm. þegar svo miklir tekjumöguleikar, eins og ég er viss um að er mikið til í hjá hv. 5. landsk. þm., sem í þessu felast eru opnaðir fyrir þessum

aðilum og örugglega erfitt út úr því að komast. Við skulum gá að því að íþróttahreyfingin er hér orðin meirihlutaaðili, 60%-aðili, á móti því að Öryrkjabandalagið var með þetta að fullu í fyrra og hefði þá verið tiltölulega auðveldara að koma t.d. Þroskahjálp inn í það frv. með eðlilegri og skaplegri hætti.

Ég vil hins vegar ekki eiga að því hlut að stefna þessu máli í algera tvísýnu vegna Öryrkjabandalagsins og þess þörfu framkvæmda fyrst um þetta fyrirkomulag hefur þó náðst þetta samkomulag þó ég viðurkenni að umdeilanlegt hljóti það að vera.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég á ekki sæti í hv. allshn. og því hefur álit mitt á þessu máli ekki komið fram í nál. frá nefndinni. Ég vil hins vegar ekki láta hjá líða að koma því hér til skila í stuttu máli. Ég er óbundin af hvers konar samkomulagi sem kann að hafa verið gert í fyrravor, hvort sem er í reykfylltum eða reyklausum herbergjum, og ég get í flestu tekið undir það sem kemur fram í nál. minni hl. allshn.

Mér finnst í hæsta máta óeðlilegt að þremur félagasamtökum skuli fengin sú gullhæna í hendur sem talnagetraunir bersýnilega munu verða. Ég tel það ákaflega misráðið af ríkinu að afsala sér þessari tekjulind og tel að það hefði verið mjög heppilegt fyrir ríkið að hafa þarna öruggan tekjustofn til að geta fjármagnað ýmsar góðar framkvæmdir í hinum ýmsu mannúðarmálum. Ég tel því mjög misráðið að afsala sér á þennan hátt þessari gullhænu og þar með öllum möguleika á að hafa einhver áhrif á það í framtíðinni til hvaða hluta gulleggin hennar verða notuð.

Ég get tekið undir það, sem einnig kemur fram í minnihlutaáliti allshn., að þeir aðilar, sem fá nú talnagetraunir til umráða skv. frv., eru misjafnlega vel í stakk búnir til að bjarga sér sjálfir. Þar eiga Ungmennafélag Íslands og Íþróttasambandið tvímælalaust meiri möguleika en Öryrkjabandalagið. Ég hefði viljað sjá þessu fé að miklu meiri hluta varið til mannúðarmála og kannske að minni hluta til íþrótta og ungmennafélagsstarfa og hvað íþróttirnar varðar, þá einkum og sér í lagi til almenningsíþrótta frekar en keppnisíþrótta. Ég mun því greiða atkvæði með þeirri till. minni hl. allshn. að þessu máli verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar og gefa þeim sem nú halda um stjórnartaumana á ríkiskassanum færi á að halda í gullhænuna áður en hún flýgur alveg burt.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Eins og áður er fram komið er ég aðili að nál. minni hl. allshn. sem leggur til að þessu máli verði vísað til ríkisstj. Í þessu máli er pólitík afar tilviljanakennd því að það hefur aldrei verið pólitískur ágreiningur um það hér á löggjafarþingi Íslendinga né annars staðar, að því er ég best veit, að ríkið útdeili einkarétti á peningahappdrætti. Það hefur verið farið það sparlega með útdeilingu þessa réttar að hingað til hefur í raun ekki verið nema eitt peningahappdrætti hér í gangi, Happdrætti Háskóla Íslands.

Nú er það þannig að menn skiptast hér pólitískt mjög í fylkingar um það hvernig ríkið skuli standa að tekjuöflun almennt og til hvers og í hve miklum mæli skuli afla tekna. En í þessu máli, að ríkið hafi rétt til að útdeila einkaréttindum sem þessum, happdrættisréttindum, hefur ekki verið pólitískur ágreiningur.

Núna er komin upp sú skringilega staða að stjórnarflokkarnir og hugsanlega einhverjir úr stjórnarandstöðu í bland hafa látið þrýsta sér í það að flytja frv. af þessu tagi. Það er komið í þann búning sem það er í núna fyrir tilverknað ýmissa hagsmunaaðila og þrýstingsaðila. Við upplifðum það hvernig þessu máli reiddi af á seinasta þingi, því var lýst hér áðan, og stöndum núna með frv. í höndunum sem flutningsaðilar, stjórnarliðið, segja að hafi orðið samkomulag um milli hagsmunaaðila og þar af leiðandi sé eðlilegt að flytja það eins og það er núna.

Þá er til þess að taka að þeir hagsmunir sem þarna um ræðir eru alls góðs maklegir. En allir gera sér grein fyrir því að fjöldi félaga verður út undan og að markaðurinn, sem hér er verið að fara út á, hefur takmarkað þol, þ.e. að þegar farið er að útdeila happdrættisréttindum með peningavinningum sem þeim sem hér um ræðir fer að þrengjast á garðanum. Í gangi eru eina peningahappdrættið, Happdrætti Háskóla Íslands, stóru vöruhappdrættin, SÍBS og DAS, Getraunirnar og svo einstök happdrætti sem upp koma vegna stakra verkefna, reksturs eða starfsemi en miðast bara við einhvern ákveðinn tíma, frá því að byrjað er að selja miða og þangað til dregið er. Ríkið hefur reyndar sjálft staðið í happdrættisrekstri beint með útgáfu happdrættisskuldabréfa.

Hérna er á ferðinni, eins og hv. 11. þm. Reykv. benti á, gullhæna. Það er á ferðinni möguleiki til gífurlegrar tekjuöflunar. Hér er líka um að ræða leið til tekjuöflunar sem er ólíkt meira aðlaðandi en skattlagning. Við höfum öll okkar hugmyndir og afstöðu til skattlagningar og þá sérstaklega kannske með tilliti til þess í hvað skattlagningin er notuð. En hér er á ferðinni möguleiki til skattlagningar sem gefur í senn ákveðna niðurstöðu, ákveðnar tekjur, en hefur um leið með þeirri vinningsvon sem boðið er upp á ákveðið aðdráttarafl fyrir þá sem þátt taka.

Þegar ríkið aflar tekna t.d. með skattlagningu eða með því að reka happdrætti, eins og gert var með happdrættisskuldabréfunum á sínum tíma, gæti maður spurt sig í hvað hvað peningarnir skyldu fara. Auðvitað væri það miklu eðlilegra að hin fasta tekjuöflun, skattlagningin, nýttist þeim sem mest þurfa, sjúkum, öldruðum, öryrkjum og öðrum slíkum, en fjáröflun sem fram færi með happdrættisaðferðinni væri frekar notuð til annars konar fjárfestinga. En það er nú ekki til umræðu hér heldur spurningin um það að afhenda fáeinum félögum réttindi til mjög langs tíma til að reka happdrætti með gífurlega mikilli gróðavon. Auðvitað kemur það þessum viðkomandi félögum til góða, en um leið draga þau úr möguleikum annarra. Þess vegna teldi ég miklu heppilegra að ríkið stæði að þessum happdrættisrekstri sjálft og eyrnamerkti þessa peninga til þess sem við getum kallað undir einum hatti líknarmál.

Eins og ég sagði áðan hefur þessi tegund happdrættis gífurlega mikið aðdráttarafl. Það eru peningaverðlaunin sem í húfi eru, það er mjög stuttur „tímafaktor“ í happdrættinu, þ.e. það líður yfirleitt ekki lengra en vika frá því að ég legg mína áhættu í pottinn þangað til ég fæ niðurstöðu, svar við því hvort ég hef unnið eða ekki. Háir vinningar eru mögulegir m.a. af þeirri ástæðu að það getur safnast upp í potti, eins og sagt er, í þessu happdrætti. Það segi ég reyndar með hliðsjón af reynslu minni af slíkum happdrættum annars staðar frá, því að

það verður að viðurkenna að ekki hafa komið fram neinar upplýsingar um það hvernig á að fara með vinninga eða hvert vinningshlutfallið er.

Ég held að ég sé ekki að brjóta þingsköp þó að ég geti hér plaggs sem var verið að leggja á borð okkar og hefur reyndar ekki, held ég, verið tilkynnt enn þá um framlagningu þess á þessum fundi. Það er frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands nr. 13 frá 13. apríl 1973. Þetta frv. var að fljúga hér inn á borð okkar og er greinilega eingöngu til komið vegna talnagetraunanna. Hér er greinilega um að ræða ákveðna vörn forráðamanna Háskólahappdrættisins til þess annars vegar að leggja áherslu á einkarétt sinn á peningahappdrættinu en líka til að opna möguleika sinn á því að auka fjölbreytni happdrættisins og þá fyrst og fremst með tilliti til þeirrar samkeppni sem þeir eiga von á og sjá fram á að kemur til með að draga úr, að einhverju leyti a.m.k., þénustuvon þeirra. Eins og fram kemur í grg., með leyfi frú forseta, hefur stjórn Happdrættis Háskóla Íslands hug á að brjóta upp á nýmælum í rekstrinum. „Reynsla er fyrir því erlendis að happdrætti, sem eru þannig gerð að kaupendur miða sjá strax hvort þeir hafa hlotið vinning, njóta vinsælda margra og þykir rétt að reyna hvort svo verði ekki einnig hérlendis. Enn fremur happdrætti sem ekki eru flokkahappdrætti en dregið um vinninga í lok sölutímabils. Enn fremur eru til happdrætti sem sameina þetta tvennt."

Það er greinilegt að Háskólinn ætlar sér að auka fjölbreytnina með tilliti til þessarar auknu samkeppni og það er engin launung á því að það kom fram hjá fulltrúum Háskólahappdrættisins sem mættu á fund nefndarinnar að þeir óttast þessa samkeppni.

Af öllum þessum orsökum, og þá kannske ekki hvað síst vegna þeirrar einu stóru ástæðu sem hefur verið nefnd hvað eftir annað hérna, að hér er verið að afsala miklum tekjumöguleika í hendur fárra félaga þótt þau séu alls góðs makleg, teljum við heppilegra að afgreiða þetta frv. ekki núna heldur taka það til nánari skoðunar, ekki til þess að koma í veg fyrir að viðkomandi félög geti notið góðs af tekjum sem af slíku happdrætti gætu leitt, heldur fyrst og fremst til að tryggja það að fleiri geti notið þeirrar gróðavonar sem þarna er um að ræða.

Landbrh. (Jón Helgason): Virðulegi forseti. Það má taka undir það að álitamál sé hverjum á að veita aðstöðu til tekjuöflunar og hverjum ekki. Vissulega tel ég að alþm. séu út af fyrir sig ekki bundnir af því sem gerist einhvers staðar utan Alþingis, en ég hef ekki áður heyrt talað um þennan fund á s.l. ári, sem hér var verið að lýsa, enda var ég þá fjarstaddur, en það sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á er að mér finnst vanta samhengi, rökstuðning milli þess málflutnings sem hér hefur komið fram af hálfu minni hl. nefndarinnar og þeirrar tillögu sem þeir gera um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Ég skal ekki leggja dóm á það hversu góð gullhæna þessi réttur er. En í núgildandi lögum hefur íþróttahreyfingin ein þennan rétt og er búin að hafa síðan 1972. Á s.l. vori var hafinn einhver undirbúningur hjá þeim að fara að nýta sér þennan rétt sem var bundinn við tölustafi en hugmyndin til Öryrkjabandalagsins var bundin við bókstafi. Það sem er verið að gera með þessu frv. er að veita Öryrkjabandalaginu hlutdeild í þeim rétti sem íþróttahreyfingin hefur samkvæmt núgildandi lögum. Ef þessu frv. væri nú vísað til ríkisstjórnarinnar væri það íþróttahreyfingin ein, eftir till. minni hl. nefndarinnar, sem hefði þennan rétt áfram og Öryrkjabandalagið sæti þá eftir réttlaust. Þetta held ég að menn þurfi að hafa í huga. Hér er verið að þrengja þann rétt sem íþróttahreyfingin hefur samkvæmt gildandi lögum í dag.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna þessara síðustu orða hæstv. dómsmrh. Hann hefur að líkindum ekki heyrt upphaf ræðu minnar hér áðan, en þá tók ég það skýrt fram að vissulega væri málið þannig vaxið að íþróttahreyfingin hefði einkarétt til þessa happdrættisforms samkvæmt lögum og hefði haft það síðan 1972. Hins vegar hefði hún ekki sýnt neinn lit á að notfæra sér þennan einkarétt eða þetta einkaleyfi í næstum því 14 ár eða hálfan annan áratug, og þá sagði ég, og ég ítreka þá skoðun mína, að mér fyndist það ekkert sjálfgefið að aðili, sem fengið hefur einkaleyfi samkvæmt lögum en ekki hirt um að nýta sér það, haldi þeim rétti þó hann eigi hinn lagalega rétt enn þá. Ég er þeirrar skoðunar að hann sé búinn að fyrirgera sínum siðferðilega rétti til þessa einkaleyfis með því að sinna því ekki og nýta það ekki. Með þessum rökum held ég að það sé fullt samhengi í þeirri afstöðu sem ég lýsti hér áðan. En ég hygg að hæstv. dómsmrh. hafi ekki heyrt þessi orð mín áðan. Sem sagt: Með því að nýta ekki þetta einkaleyfi og sinna því ekki, sýna því engan áhuga í 15 ár, þá hafi íþróttahreyfingin engan siðferðilegan rétt til þessa einkaleyfis lengur.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Ég hirti ekki um að ræða um þennan einkarétt íþróttahreyfingarinnar í fyrra máli mínu vegna þess að hv. 5. landsk. þm. gerði honum það góð skil í sinni framsögu fyrir nál., en mig langaði bara til viðbótar við það sem hann nefndi hér að benda á tvennt: Annars vegar höfum við náttúrlega enn þá stjórnvöld í þessu landi og framkvæmd laganna frá 1972 yrði trúlega aldrei að veruleika öðruvísi en að til kæmi einhvers konar reglugerðarsmíð af hálfu ráðuneytisins. Ef ráðuneytið hefði á annað borð áhuga á því að endurskoða afstöðu sína til þessara laga væri því alveg í sjálfsvald sett að gera það og koma í veg fyrir um leið að af framkvæmd núgildandi laga yrði.

Ég er alveg sammála hv. 5. landsk. þm. að íþróttahreyfingin hefur fyrirgert rétti sínum til þessarar tekjuöflunarleiðar. Það má bara benda á það að á þessum 14 árum eru það ekki neitt litlar upphæðir sem íþróttahreyfingin hefur þegið úr hendi fjárveitingavaldsins á meðan hún hafði í höndunum þennan tekjumöguleika með þeirri miklu tekjuvon sem í felst. Ég held því að það sé siðferðilega hægt að verja það að taka þennan rétt af henni og nýta hann með öðrum hætti.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að deila hér um það hvort umræddur aðili hafi fyrirgert rétti sínum í þessum efnum siðferðilega. Ég held að meginatriði þessa máls sé það að lagalegur réttur íþróttahreyfingarinnar til þess arna er ótvíræður. Það er ekki lagt til í nál. minni hl., sem ekki er von heldur því að það þarf lagabreytingu til, að hann sé afnuminn. Það er því alveg ljóst að ef þetta frv. nær ekki fram að

ganga, þá standa lögin eftir sem heimila íþróttahreyfingunni einni að taka þetta upp og það þarf lagabreytingu á Alþingi til þess að hún nýti sér ekki þann rétt. Ef það verður ekki gert, sem ég sé ekki að sé lagt til hér og engin lagabreyting á ferðinni hvað það snertir, þá hlýtur íþróttahreyfingin að hrinda þessu í framkvæmd núna með tilliti til þess hvernig mál eru vaxin og hefur til þess fullan lagalegan rétt hvað sem siðferði líður í því efni.

ATKVGR.

Till. á þskj. 757, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 12:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12:2 atkv.
2.–9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjfrv. 364. mál (þskj. 659). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Á undanförnum árum hefur lausaskuldum bænda nokkrum sinnum verið breytt í föst lán. Þetta hefur verið gert með lánum frá veðdeild Búnaðarbanka Íslands en þar er svigrúm til þess að breyta lánakjörum mjög takmarkað eða ekkert, hvorki vöxtum né lánstíma.

Það hefur farið fram athugun á því hvernig væri hægt að bæta stöðu þeirra bænda sem í erfiðleikum eru vegna skulda og eitt þeirra atriða sem þá hefur verið gerð tillaga um er að færa þessar skuldir veðdeildar yfir í Stofnlánadeild þar sem hægt væri að gera breytingu bæði á lánstíma og öðrum lánskjörum.

Stjórn Stofnlánadeildarinnar hefur samþykkt þetta og í samræmi við það er þetta frv. flutt.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. og þakka hæstv. landbrh. fyrir forgöngu hans um að koma þessum málum til betra horfs. Ég held að það sé alveg ljóst að það hefði þurft að gerast meiri háttar kraftaverk í sambandi við afkomu í landbúnaði til þess að bændur, sem hafa verið að færa rekstrarhalla búa sinna inn í veðdeild Búnaðarbankans með lausaskuldalánum þar, gætu staðið við þær skuldbindingar. Þessi lán eru til skamms tíma, líklega flest frá 8 til 12 ára, og þau eru bundin við dollaragengi eða kjör eins og dollarinn er skráður á hverjum og einum tíma.

Ég fagna því að hér skuli verða gerðar breytingar á. Ég tel líka eðlilegt að Stofnlánadeildin taki að sér þær skuldbindingar sem því fylgja að slíkar skuldbreytingar séu gerðar mögulegar. Það kostar að sjálfsögðu allmikið fé, væntanlega nokkuð eftir því til hve langs tíma og með hvaða kjörum ný skuldabréf verða gefin út.

Hins vegar vil ég mega skoða mjög nákvæmlega með hvaða skilmálum útistandandi skuldir veðdeildarinnar eru, þ.e. þau lán sem hún hefur tekið til þess að fjármagna lausaskuldalánin með. Og ég vildi hafa fyrirvara um það að þetta frv. yrði að því leyti afgreitt óbreytt að sjá áður hvaða böggull muni fylgja skammrifi með þeirri yfirfærslu frá veðdeildinni yfir í Stofnlánadeildina sem hér er gert ráð fyrir, þ.e. þeim lánum sem veðdeildin hefur tekið til að fjármagna útlánin til bændanna. Það er útilokað að Stofnlánadeildin geti tekið að sér aðrar og meiri skuldbindingar en felast í skuldbreytingunni sem slíkri.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hv. 11. landsk. þm. kom kannske inn á meginatriði þess máls sem ég hefði viljað gera að mínu og ég sé af því og heyri að hann vill skoða þetta mál í nefnd hvað þetta meginatriði snertir sem hann kom þarna inn á, hvað hér er um stórt dæmi að ræða og hvernig á að leysa það.

Ekki ætla ég að fara að ræða lausaskuldamál bænda almennt eða stöðu bændastéttarinnar í dag sem vissulega væri einnig fullt og nægilegt umræðuefni. Þar eru mörg áhyggjuefnin sem bíða úrlausnar og verður að taka á með einhverjum þeim hætti sem tryggir eðlilega byggð í landinu og lífvænlega aðstöðu og kjör þess fólks sem við þennan grundvallaratvinnuveg fæst.

Hér er raunar um einfaldan þátt þessara mála að ræða en engu að síður viðamikinn og viðkvæman um þennan flutning á milli veðdeildar Búnaðarbankans og yfir í Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það er auðvitað vitað að veðdeild Búnaðarbankans er einskis megnug í þessum efnum, eins og hv. 11. landsk. þm. kom inn á, og hefur ekki verið, þó að fjármagni til útlána hafi verið vísað þar inn, enda hefur deildin verið lengi, eins og hv. þingdeildarmenn kannske þekkja, með neikvæðan höfuðstól og einskis megnug til að gera nokkuð í þessu efni.

Hins vegar segi ég um svigrúm Stofnlánadeildar í þessu efni að vitanlega setur maður nokkurt spurningarmerki við það á hvern hátt Stofnlánadeildin getur staðið að þessu máli á þann hátt sem nægi bændum. Þegar lausaskuldamálin voru síðast til umræðu í þessari hv. deild og úrlausn þeirra þá benti ég á það margsinnis að þessi úrlausn mundi aðeins verða til skamms tíma, væri ekki fullnægjandi, og það var vitað, þó að samþykkt væri að þessi úrlausn yrði gerð, að menn gerðu sér þetta almennt ljóst. Sú hefur líka orðið raunin á og vanskil á þessum lánum jafnvel þegar farin að hrannast upp, lánum sem þó áttu til skamms tíma að bjarga þeim bændum sem verst voru settir.

Auðvitað er það rétt að Stofnlánadeildin hefur nokkra fasta og góða tekjustofna og skal ekkert úr því dregið. En ég vil enn einu sinni benda á að þrátt fyrir samdrátt í hefðbundnum búgreinum, eins og þarna er vísað til að muni verða enn frekari en nú er, er þó öruggt að áfram hlýtur að verða að standa að eðlilegri endurnýjun í þessum hefðbundnu búgreinum og Stofnlánadeildin er ekkert laus við þær og hefur í raun og veru orðið að draga ýmsar framkvæmdir þar þannig á langinn og menn ekki fengið að framkvæma þar ýmislegt af því sem þeir hafa viljað gera, að þar er ekkert um að ræða að Stofnlánadeildin geti vísað neinu frá sér í þeim efnum, síður en svo. Þar verður ekki undan vikist að taka á ákveðinni nauðsynlegri endurnýjun og endurbótum hjá bændum.

Nýbúgreinarnar heimta stöðugt stærri hlut, eðlilega, og sjálfsagt að það sé, enda er um stórhækkun að ræða á lánveitingum Stofnlánadeildar varðandi loðdýrarækt. Síðan hefur nýjum verkefnum verið vísað þarna inn. Lífeyrissjóðurinn er þarna að vissu leyti enn þá að

nokkru leyti og nú forfalla- og afleysingaþjónustan, þó að því hafi verið lýst yfir í hv. deild ekki alls fyrir löngu að það mundi bara vera miðað við þetta eina ár, hygg ég að það kunni að verða svo um ófyrirsjáanlega framtíð.

Ég bendi því á að það þarf ábyggilega að athuga þessi mál vel í nefnd og kanna hve miklum upphæðum ætlunin er að skuldbreyta og til hversu langs tíma og með hvaða kjörum, ekki bara að færa þau alfarið yfir á Stofnlánadeildina heldur að upplýsa um leið hvernig Stofnlánadeildin á að taka á þessum málum svo að ekki verði bara lengt í hengingaról bændanna heldur verði skuldbreytingin til þess að þeir komist sæmilega út úr sínum erfiðleikum því ég held að það hljóti að vera meiningin á bak við þetta, en það þarf þá að kanna og menn þurfa að vera nokkuð öruggir um að það sé gert með þessari breytingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Lausaskuldir bænda, 365. mál (þskj. 660). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Það tengist því frv. sem var til umræðu síðast þar sem í þessu frv. er kveðið á um að veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir og skuldir sínar og öll réttindi sín og skyldur samkvæmt þessum lögum vegna breytinga á lausaskuldum bænda í föst lán.

Ég þakka þær undirtektir sem þetta málefni fékk hjá þeim ræðumönnum sem ræddu fyrra málið og tel að sjálfsögðu rétt að það sé skoðað með hvaða kjörum þessi flutningur fer fram og líka hvaða möguleikar eru á að þetta megi verða til bóta fyrir bændur, en ég hygg að stjórn Stofnlánadeildarinnar muni gæta hinna tveggja sjónarmiða, annars vegar hver geta deildarinnar er með tilliti til þeirrar skyldu sem hún hefur til annarrar starfsemi og svo líka hins, hvernig deildin getur sem best létt undir með þeim bændum sem þurfa mjög á því að halda.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, stjfrv. 400. mál (þskj. 741). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Frv. það sem hér er til umræðu um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, miðar að því að unnt sé að heimila öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að framleiða áfenga drykki á Íslandi.

Eins og kunnugt er er staðan þannig í dag að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er einni heimilt að framleiða áfenga drykki á Íslandi. Þetta einkaleyfi hefur í för með sér að aðrir aðilar geta ekki framleitt áfenga drykki, hvorki með útflutning í huga né til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Sem dæmi um afleiðingu af þessu banni má nefna að íslenskt fyrirtæki lætur framleiða vodka fyrir sig erlendis. Varan er framleidd samkvæmt íslenskri uppskrift og er öll vöruþróun og hönnun íslensk. Hún er síðan flutt til landsins og seld í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Umrætt fyrirtæki hefur m.a. áhuga á að koma vöru sinni á Bandaríkjamarkað, en þar sem hún er ekki framleidd á Íslandi er ekki hægt að selja hana í Bandaríkjunum sem íslenska vöru.

Sem dæmi um útflutningsmöguleika má nefna að í Bandaríkjunum er talinn vera mikill markaður fyrir vodka framleitt á Norðurlöndum. Benda má á að vodka frá Svíþjóð og Finnlandi hefur náð verulegri hlutdeild af markaðnum fyrir þá vöru í Bandaríkjunum. Ef íslenskt vodka næði sömu markaðshlutdeild og sænskt vodka má ætla að útflutningstekjur að því næmu um 300 millj. kr. á ári.

Eins og áður sagði er ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt sú að gefa þeim aðilum sem hafa áhuga á að framleiða áfenga drykki á Íslandi til útflutnings kost á því. Ef vel tekst til með slíkan útflutning getur verið um að ræða arðbæra atvinnugrein sem bæði aflar þjóðarbúinu tekna og skapar atvinnutækifæri.

Hér er ekki lagt til að breyta á nokkurn hátt þeim lagaákvæðum sem nú gilda um innflutning og sölu á áfengum drykkjum og einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins heldur er einvörðungu verið að opna heimild fyrir fyrirtæki eða aðila sem vilja hefja framleiðslustarfsemi af þessu tagi hér á landi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efni frv., en legg til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er komið inn á býsna stórt mál ef við hyggjum að því hvað í kjölfarið gæti komið og ég hygg að það sé rétt að menn fari að með fullri gát. Ég skal ekki setja á neina tölu um þetta mál nú. Það bíður betri tíma að skoða þetta mál betur. Sömuleiðis þekki ég mætavel til þeirra aðila sem þarna eiga hlut að máli og veit vel um hugmyndir þeirra nokkuð lengi um að fá þessa heimild.

Ég tel nauðsynlegt að leitað verði umsagnar þeirra sem eiga að vera umsagnaraðilar um þessi mál, þar á meðal áfengisvarnaráðs að sjálfsögðu sem er kjörið af Alþingi til þess einmitt að vera ráðgefandi aðili í þessum efnum.

En það var tíundað áðan í ræðustól af hæstv. heilbr.- og trmrh. sem mikil merkistíðindi að orðið hefði samkomulag í ríkisstj. um þetta og samkomulag í ríkisstj. um hitt af þeim málum sem hún var að nefna áðan. Það var alveg augljóst að hæstv. ráðh. þóttu það nokkur tíðindi að orðið hefði samkomulag í ríkisstjórn um ákveðin mál og þess vegna spyr ég: Er fullt samkomulag í hæstv. ríkisstj. um frumvarpsflutning þennan? Standa allir ráðherrar ríkisstj. að flutningi þess? Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl. vil ég taka fram að engar athugasemdir voru gerðar um það í ríkisstj. að frv. þetta yrði

flutt. Það er ríkisstjórnarfrv. og eðli máls samkvæmt í fullu samkomulagi og góðri einingu í ríkisstjórn Íslands eins og venja er til um afgreiðslu mála þaðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. 348. mál (þskj. 634). — 1. umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l., sem ég flyt á þskj. 634, um breytingu á lögum um grunnskóla.

Megintilgangur með þessu lagafrv. er að auka aðild foreldra og nemenda að stjórn og innra starfi skóla. Grunnskólinn er menntastofnun og hefur samkvæmt lögum fyrst og fremst það hlutverk að mennta og fræða börn og unglinga. Síðustu áratugi hafa orðið miklar breytingar á þjóðfélagsháttum, ekki hvað síst er varðar líf fjölskyldunnar. Atvinnuhættir hafa breyst og þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur aukist svo að nú stunda um 80% þeirra atvinnu utan heimilis. Einnig hefur fjöldi barna, sem dvelst hjá öðru foreldri sínu, farið vaxandi og lætur nærri að um sjötti hver nemandi í bekk sé barn einstæðs foreldris.

Í kjölfar þessa fylgja ný viðhorf til hlutverks skóla. Ætlast er til að þeir sinni í ríkara mæli en áður ýmsum þáttum uppeldis og umönnunar sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Það kemur því í hlut grunnskólans að taka í auknum mæli að sér gæslu barna og jafnt líkamlega sem andlega umönnun þeirra. Þessi þróun hefur í för með sér vaxandi þörf á sterkum tengslum milli heimila og skóla og raunverulegri samvinnu foreldra og starfsfólks skóla um uppeldi og skólastarf.

Hinn 12. júlí 1983 skipaði þáv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir vinnuhóp til að athuga tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig bæta megi þau tengsl. Hópnum var falið að athuga hvernig samræma mætti betur vinnutíma foreldra og skólabarna og sérstök áhersla var lögð á samfelldan skóladag og skynsamlegt fyrirkomulag nestismála. Þennan vinnuhóp skipuðu auk *mín* Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntmrn., Bryndís Steinþórsdóttir heimilisfræðakennari, Áslaug Friðriksdóttir skólastjóri, Guðrún Agnarsdóttir alþm., Helga Hannesdóttir barnageðlæknir, Hrólfur Kjartansson deildarstjóri í menntmrn., Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður og Þórunn Gestsdóttir blaðamaður.

Vinnuhópurinn skilaði fyrri áfangaskýrslu í október 1984. Í henni er einkum gerð grein fyrir samfelldum skóladegi og tengslum heimila og skóla í þéttbýli. Í janúar s.l. skilaði vinnuhópurinn síðari áfangaskýrslu og í henni beinist athyglin einkum að dreifbýlinu auk viðbótarupplýsinga um þéttbýlið. En það ber að skoða báðar þessar skýrslur sem eina heild.

Það er rétt að geta þess að þegar núv. menntmrh. Sverrir Hermannsson tók við embætti af Ragnhildi Helgadóttur lýsti hann stuðningi við verkefni vinnuhópsins og óskaði eftir að hann héldi verkefninu áfram og lyki því.

Frv. þetta er flutt í beinu framhaldi af tillögum vinnuhópsins, en þær fylgja þessu frv. sem fskj.

Tillögur vinnuhópsins fela ekki í sér þörf á umtalsverðum breytingum á lögum um grunnskóla heldur er fyrst og fremst um framkvæmdaratriði að ræða með einni undantekningu þó. Það er tillaga í fskj. sem merkt er I á eftir grg. og till. er nr. 2.4 um að auka áhrif foreldra í stjórn skóla.

Vinnuhópurinn mælir eindregið með því að við hvern grunnskóla starfi skólaráð sem sé stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans. Með því að treysta samband foreldra og starfsfólks skóla og draga þannig úr skörpum skilum milli heimila og skóla má koma í veg fyrir mistök og misskilning vegna skorts á kynnum eða eðlilegum tengslum. Með því að gera foreldra og nemendur samábyrga um daglegan rekstur skólanna er hægt að auka gagnkvæmt traust, tillitssemi og virðingu fyrir sameiginlegum verkefnum heimila og skóla, menntun og uppeldi.

Varðandi einstakar greinar þessa frv. er það að segja að eina breytingin sem frv. þetta felur í sér skv. 1. gr. frv. og varðar 20. gr. gildandi laga er sú að skólastjóri skuli bæði hafa samráð við skólaráð og kennara við stjórn grunnskóla.

Þá eru ákvæði 21. og 22. gr. núgildandi laga um foreldrafélög og nemendaráð hér sameinuð í eina heildargrein. Ekki er gerð önnur efnisleg breyting á þessumn lagagreinum en sú að lögð er aukin áhersla á eflingu samstarfs heimila og skóla.

Meginbreytingin kemur svo fram í 3. gr. frv., en hún fjallar um stofnun skólaráða. Þar segir í upphafi 3. gr. sem er um að 22. gr. laganna orðist eins og þar kemur fram:

„Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans."

Tilgangurinn með stofnun skólaráða er að skapa sameiginlegan vettvang fyrir skólanefnd, foreldrafélag, nemendaráð og kennararáð. Mál þau er skólaráð fá til umfjöllunar eru t.d. kennslu- og starfsáætlanir skóla, skólareglur, félagslíf nemenda, ferðalög nemenda, námsefni og fyrirkomulag námsmats, nýting húss og búnaðar, skólalóðin, tilrauna- og rannsóknaverkefni, valgreinar, öryggi á vinnustað, brunavarnir, umferðaröryggi í nágrenni skólans og annað sem lýtur að slysavörnum. Þá er gert ráð fyrir að skólaráð hafi frumkvæði um að vinna að slysavörnum innan skólanna.

Það er orðið mikið áhyggjuefni hve slys á börnum og unglingum eru tíð hér á landi. Slysatíðni barna og unglinga á Íslandi er með þeirri hæstu sem gerist í heiminum. Og þó að mikið sé unnið að slysavörnum er augljóst að ná þarf til stærstu áhættuhópanna með því að virkja þá sjálfa, börnin og unglingana. Það verður best gert með samvinnu foreldra, forráðamanna skóla og nemenda.

Það er ekki talin ástæða til að lögbinda stofnun foreldrafélags og nemendaráðs við hvern grunnskóla ef stofnun skólaráðs er gerð að skyldu. Séu foreldrafélög og nemendaráð starfandi og skóli er af þeirri stærð sem leyfir kennararáð er mikilvægt að auka samvinnu þessara aðila með setu fulltrúa þeirra í skólaráði. Þar sem ein skólanefnd er fyrir marga skóla, eins og t.d. er í Reykjavík, er útilokað að fræðsluráðsmenn sjálfir verði

í öllum skólaráðum. Vænlegra er að fræðsluráð tilnefni fólk úr hverfi viðkomandi skóla.

Þá er rétt að benda á ákvæði til bráðabirgða, en það þykir rétt að gefa skólum tveggja ára aðlögunartíma til að koma skólaráðum á og þá er einnig gert ráð fyrir undanþágu fyrir skóla sem telur ekki grundvöll fyrir stofnun skólaráðs, að það sé þá hægt að sækja um undanþágu frá ákvæði 3. gr. til menntmrn., en gildar ástæður þurfa þá að liggja fyrir þeirri undanþágu, t.d. smæð skóla, að hann sé með innan við 50 nemendur, og slíkri umsókn skal þá fylgja rökstudd greinargerð.

Það hefði verið freistandi við þetta tækifæri, herra forseti, að fjalla ítarlegar um þessi mál og þá ekki síst um þá skýrslu sem ég vitnaði hér til. Þetta frv. er ekki stórt í sniðum, en það fer ekki alltaf saman umfang efnis og gæði þess. Hér er á ferðinni þýðingarmikill þáttur í skólastarfi til að efla tengsl og trúnað milli heimila og skóla.

Það er nú orðið stutt til loka þessa þings. Vissulega er æskilegt að koma frv. í gegnum báðar deildir þingsins og ég leyfi mér að vera svo bjartsýn að trúa því að það gæti a.m.k. gerst hvað varðar þessa hv. deild, sérstaklega þegar það er haft í huga að þetta mál hefur fengið talsverða umfjöllun úti í þjóðfélaginu, á meðal skólamanna sérstaklega og forráðamanna barna, foreldranna, á vettvangi foreldrafélaga. Ég veit ekki annað en þessi tillaga vinnuhópsins hafi eins og aðrar fengið jákvæðar undirtektir, þ.e. um stofnun skólaráða. Í skýrslunni kemur fram, að ég held ég muni rétt, að yfir 80% þeirra sem svöruðu þeirri spurningu telja að skólaráð væru til bóta. Ég leyfi mér því að vera bjartsýn um að hv. menntmn., sem væntanlega fær þetta mál til umfjöllunar, treysti sér til að afgreiða þetta mál, en ef ekki verður það að sjálfsögðu endurflutt á næsta þingi.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. frestað.

Söluskattur, stjfrv. 401. mál (þskj. 742). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um söluskatt með síðari breytingum sem orðið hafa á þeim lögum, en með frv. þessu er að því stefnt að skjóta styrkari stoðum undir ríkjandi framkvæmd við álagningu og innheimtu söluskatts af eigin þjónustu með því að kveða skýrar á og á víðtækari hátt en verið hefur um þessi atriði.

Allt frá því að lög um söluskatt tóku gildi hefur sú meginregla verið leidd af ákvæðum 2. og 4. gr. þeirra að eigin þjónusta rekstraraðila væri skattskyld með sama hætti og sambærileg aðkeypt þjónusta. Ástæðurnar að baki þessarar reglu eru augljósar. Henni er beinlínis ætlað að tryggja eftir því sem kostur er jafna samkeppnisstöðu rekstraraðila um leið og stuðlað er að eðlilegri sérhæfingu og hagræðingu innan hinna ýmsu atvinnugreina. Ef reglu þessari væri ekki fyrir að fara er ljóst að fyrirtæki sæju sér augljóst skattalegt hagræði í að kaupa ekki að söluskattsskylda þjónustu heldur sinna þessari þjónustustarfsemi sjálf vegna eigin rekstrar. Þar með væri búið að kippa grundvellinum undan rekstri ýmissa sérhæfðra þjónustufyrirtækja.

Á undanförnum árum hafa komið upp nokkur tilvik þar sem vafi hefur þótt leika á um skattskyldu eigin þjónustu. Þá hafa nokkrir úrskurðir ríkisskattanefndar á liðnum árum haft í för með sér auknar efasemdir um gildi framangreindrar meginreglu. Í þessu sambandi skal einkum nefndur úrskurður ríkisskattanefndar frá 17. okt. 1985, þar sem nefndin féllst á kröfur Eimskipafélags Íslands hf. um að álagning söluskatts á vinnu og verkstæði félagsins um viðgerðir á bifreiðum og tækjum, vinnu við járn- og stálviðgerðir, seglasaum, svo og eigin notkun fyrirtækisins á krönum yrði felld niður. Úrskurði þessum hefur verið skotið til almennra dómstóla í því skyni að fá honum hnekkt.

Í framhaldi af nefndum úrskurði ríkisskattanefndar hafa mér sem fjmrh. borist áskoranir og ályktanir ýmissa hagsmunasamtaka um aðgerðir til þess að eyða þeirri réttaróvissu sem upp virðist komin í þessum efnum.

Í bréfi Meistarafélags járniðnaðarmanna frá 11. nóv. s.l. segir m.a. frá einróma ályktun sem gerð var á aðalfundi félagsins 9. nóv., en þar segir með leyfi forseta:

„Það hefur jafnan verið meginstefna í íslenskri skattalöggjöf að reyna að tryggja sem kostur væri samræmi og óhlutdrægni í skattheimtunni. Hefur þetta að sumu leyti tekist en nokkru miður í öðrum tilvikum og verður það sjálfsagt bæði rakið til efnis laga og þeirra sem framfylgja eiga lögum.

Í lögum um söluskatt hefur frá upphafi verið að finna ákvæði þess efnis að þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar skuli söluskattsskyld. Er það í samræmi við yfirlýsta stefnu laganna að álagning söluskatts eigi ekki að skapa ósamræmi eða ójafna samkeppnisstöðu milli einstakra fyrirtækja. Samkvæmt laganna bókstaf ætti þannig starfsemi viðgerða- og viðhaldsdeilda fyrirtækja og stofnana að vera söluskattsskyld rétt eins og starfsemi verkstæða sem sérhæfa sig í því að veita slíka þjónustu.

Til skamms tíma virðist ekki hafa verið mikill ágreiningur um túlkun þessa ákvæðis þótt á hinn bóginn hafi ýmislegt mátt finna að framkvæmdinni og eftirliti með því að þessar viðhalds- og þjónustudeildir stæðu skil á söluskatti á sama hátt og hin almennu verkstæði. Nú ber hins vegar svo við að ríkisskattanefnd úrskurðar, án þess að fyrrgreindum lagaákvæðum hafi verið breytt og án verulegs rökstuðnings, að umfangsmikil viðgerðarstarfsemi fyrirtækis nokkurs á eigin bifreiðum, vélum og tækjum skuli ekki söluskattsskyld. Þessi afstaða ríkisskattanefndar leiðir til slíkrar mismununar að rekstrargrundvöllur fjölmargra vélsmiðja er nú brostinn. Það er því skýlaus krafa að fjmrh. og önnur stjórnvöld grípi strax til viðeigandi ráðstafana til þess að jafna samkeppnisstöðuna á þessu sviði. Annaðhvort verður slíkt að gerast með enn ótvíræðari lagasetningu um söluskattsskyldu eigin þjónustu eða þau fyrirtæki sem sérhæfa sig í að veita viðhalds- og viðgerðarþjónustu verði einnig undanþegin söluskatti af slíkri starfsemi."

Í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum verður ekki fram hjá því litið að allveruleg réttaróvissa virðist ríkja á þessu sviði, einkum í kjölfar framangreinds úrskurðar. Breytir í því sambandi litlu þó að skattyfirvöld séu þess fullviss að umræddum úrskurði verði hnekkt fyrir almennum dómstólum og miði því framkvæmd laganna enn við um-

rædda meginreglu.

Sem dæmi um þá erfiðleika og óvissu sem framangreint ástand skapar nægir að nefna að ýmsir stærri rekstraraðilar, sem hafa þjónustu á eigin vegum eða á svipaðan hátt og um er rætt í nefndum úrskurði, hafa þegar tilkynnt viðkomandi skattstjórum að þeir hyggist framvegis haga söluskattsgreiðslum í samræmi við úrskurð ríkisskattanefndar. Ef að líkum lætur verður alllöng bið eftir endanlegri dómsniðurstöðu í framangreindu máli. Hagsmunir þeir sem eru í húfi, bæði ríkissjóðs og fjölmargra þjónustufyrirtækja, eru geysilega miklir. Af þessum sökum þykir ekki verða hjá því komist að eyða þeirri réttaróvissu, sem nú er komin upp í þessum efnum, með því að kveða skýrar á um skattskyldu eigin þjónustu en nú er gert í lögum um söluskatt og fyrir því er þetta frv. lagt hér fram.

Ég vænti þess að góð samstaða geti tekist um að afgreiða það á þessu þingi þó skammt lifi eftir þinghaldsins því að hér eru miklir hagsmunir í húfi, bæði fyrir þau fyrirtæki sem í hlut eiga þannig að fyllsta réttlætis sé gætt í skattheimtu eftir rekstrarfyrirkomulagi og eins með tilliti til hagsmuna ríkissjóðs.

Ég legg því til, frú forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, stjfrv. 409. mál (þskj. 756). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég mæli í fjarveru hæstv. iðnrh. fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð með síðari breytingum. Frv. þetta felur í sér ýmsar breytingar á núgildandi lögum um Iðnlánasjóð.

Í fyrsta lagi er lagt til að 1. gr. laganna verði breytt og að hlutverk Iðnlánasjóðs verði skilgreint víðtækar en nú er. Þannig verði Iðnlánasjóði einnig heimilt að veita lán til annarra atvinnugreina en iðnaðar. Meginhlutverk sjóðsins verður þó sem fyrr að efla framleiðni og framleiðslu í iðnaði.

Í öðru lagi er lagt til að 1. mgr. 6. gr. laganna verði breytt þannig að sjóðnum verði heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán án milligöngu annarra aðila, þar með talið að taka lán erlendis.

Í þriðja lagi er lagt til að stofnuð verði og starfrækt við Iðnlánasjóð sérstök tryggingadeild útflutningslána. Meginhlutverk deildarinnar yrði annars vegar að tryggja lán er lánastofnanir veita útflytjendum til að fjármagna lán til erlendra kaupenda og hins vegar að tryggja kröfur á hendur erlendum kaupendum.

Breytingar þessar eru samhljóða 16. gr., 27.–29. gr. og 49. gr. í frv. til l. um sjóði atvinnuveganna á þskj. 622.

Ástæða þess að frv. þetta er nú flutt er sú að sýnt þykir að ekki verði mögulegt að afgreiða sjóðafrv. varðandi atvinnuvegina í heild á yfirstandandi þingi. Brýnt er hins vegar að ná fram þeim afmörkuðu breytingum sem hér eru lagðar til. Frv. varðar brýnt hagsmunamál iðnaðarins og þykir nauðsynlegt að taka afstöðu til þess á yfirstandandi þingi.

Rétt er að minna á að Iðnlánasjóður yfirtók vorið 1984 starfsemi Iðnrekstrarsjóðs með lögum nr. 55 frá 1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð. Sjóðurinn er nú öflugur og hefur alla burði til að starfrækja öfluga tryggingadeild útflutningslána.

Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna hafa á undanförnum árum lagt áherslu á nauðsyn öflugra útflutningslánatrygginga. Í þeirri umræðu hefur verið bent á þá reynslu sem orðið hefur erlendis þar sem slíkar tryggingar hafa reynst sérstaklega mikilvægar þeim aðilum sem eru að hefja útflutningsstarfsemi. Þegar útflytjendur eru komnir í föst viðskiptasambönd erlendis þurfa þeir síðar á útflutningslánatryggingum að halda. Þar sem vöxtur íslensks iðnaðar byggir m.a. á auknum útflutningi er hér um þýðingarmikla breytingu að ræða til eflingar á iðnaðarstarfsemi hér á landi.

Reynslan hjá OECD-ríkjunum bendir til að útflutningsábyrgðir séu að verða mikið atriði í samkeppni á alþjóðamörkuðum. Hér á landi hafa útflutningslánatryggingar aðeins verið veittar á um 1% af útfluttri iðnaðarvöru. Til hliðsjónar má nefna að útflutningstryggingar voru veittar fyrir um 20% af heildarútflutningi Dana 1983, 30% af heildarútflutningi Japana og 34% af heildarútflutningi Frakka sama ár.

Nauðsynlegt er að gæta varúðar við veitingu ábyrgða af þessu tagi og er því gert ráð fyrir að fjmrh. og iðnrh. skipi hvor um sig sérstakan fulltrúa til að starfa með stjórn Iðnlánasjóðs vegna starfsemi þessarar deildar. Tryggingarnar skulu takmarkaðar við 100 millj. sérstakra dráttarréttinda. Reikna má með einhverjum afföllum, en reynslan erlendis bendir til að þeir fjármunir skili sér í formi öflugrar útflutningsstarfsemi.

Frú forseti. Ég hef nú vikið stuttlega að efnisatriðum í frv. til l. um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð á þskj. 756. Um frekari rökstuðning fyrir máli þessu vísast til grg. með frv. svo og til grg. með frv. til l. um sjóði atvinnuveganna á þskj. 622. Með því að það frv. hefur verið til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umræðu og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Magnússon: Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það að þetta frv. skuli nú hafa verið lagt fyrir Alþingi. Eins og fram kemur í grg. og framsöguræðu ráðherra með frv. er það lagt fram vegna þess að líkur benda til að frv. til laga um sjóði atvinnuveganna verði ekki afgreitt á þessu þingi. En það er brýnt að Iðnlánasjóður fái hið fyrsta þær heimildir og geti tekið að sér þá starfsemi sem ákvæði frv. fjalla um.

Í því sambandi vil ég benda sérstaklega á það að þau atriði, sem þetta frv. fjallar um, eru þess eðlis að þau snerta Iðnlánasjóð fyrst og fremst. Aðrir sjóðir, sem sjóðafrv. tekur til, mundu ekki nema að mjög takmörkuðu leyti geta nýtt sér þau atriði sem hér er verið að leggja til að nái fram að ganga fyrir Iðnlánasjóð.

Þá er einnig ljóst að það skiptir verulegu máli, vegna þeirrar starfsemi sem sjóðurinn rekur og þess hvaða aðilum honum er ætlað að þjóna, að hann geti sem allra fyrst markað reglur, ekki síst hvað snertir tryggingadeild útflutningslána.

En svo vikið sé að einstökum atriðum í frv. er í 1. gr. vikið að því að sá rammi, sem heyrir Iðnlánasjóði til, verði víkkaður. Varðandi þetta ákvæði ber að benda á

að vegna örra breytinga í atvinnuþróun hafa sprottið upp margar atvinnugreinar sem erfitt er að finna stað í atvinnuvegaflokkum landsins. Vegna ákvæða í lögum Iðnlánasjóðs um forgang þeirra fyrirtækja sem greiða iðnlánasjóðsgjald og samsvarandi ákvæði í lögum um sjóði annarra atvinnuvega eru möguleikar þessara nýju atvinnugreina til útvegunar stofnlána takmarkaðir. Hér má t.d. nefna matvælaiðnað, svo sem úrvinnslu á kjöti og sjávarafurðum, hugbúnaðariðnað og upplýsingaiðnað. Nýjasta dæmið er sérstakar ráðstafanir vegna fiskeldis. Það hlýtur að teljast eðlilegra að arðsemi fjárfestingarinnar ráði í stað úreltrar atvinnuvegaflokkunar þegar metið er hvort eðlilegt skuli að fá lán úr lánasjóði eða ekki.

Þá má einnig nefna að sífellt er algengara að fyrirtæki stundi blandaðan rekstur þar sem hver deild styður aðra og því óeðlilegt að slíta þær í sundur við ákvörðun stofnlána eins og nú er gert. Mun eðlilegra er að líta á starfsemi fyrirtækisins í heild, lánaþörf þess og möguleika til framþróunar. Stofnlánasjóðir gætu þá frekar tekið sameiginlega á einstökum málum, þannig að sjáist fyrir endann á fjármögnun fjárfestinga strax í upphafi.

Ef ég vík að 2. gr. frv. vil ég benda á eftirtalin atriði: Vegna ríkisábyrgðar ætti Iðnlánasjóður að vera talinn jafntraustur lántakandi og aðrir opinberir aðilar. Skoðun Iðnlánsjóðs á erlendum lánamarkaði staðfestir þetta. Eiginfjárstaða sjóðsins er sterk. Eigið fé sjóðsins í árslok 1985 nam um 750 millj. Auk þess að leita sjálfur á erlenda lánamarkaði getur sjóðurinn leitað til annarra aðila en Framkvæmdasjóðs Íslands, sem reynslu hafa í erlendum lántökum.

Nauðsynlegt er að sjóðurinn hafi frjálst val á milli mynta á þeim erlendu lánum sem hann tekur og geti þannig ávallt tekið hagstæðustu lánin á hverjum tíma og samtengt það við útlán sín og á þann hátt minnkað taphættu vegna misgengis á kjörum inn- og útlána. Undanfarin ár hefur Iðnlánasjóður ekki átt kost á þessu og jafnvel orðið að taka lán í erlendri mynt sem voru mjög óhagstæð. Við að taka lán beint á erlendum og innlendum lánamörkuðum fellur niður vaxtamunur millilíða. Einungis vegna þess gæti Iðnlánasjóður lækkað útlánsvexti sína strax um a.m.k. 0,5%. Einungis það atriði skiptir iðnað í landinu mjög miklu máli.

Fullt lántökugjald, 1%, hefur sjóðurinn hingað til greitt vegna lántöku sinnar sem er sama hlutfall og sjóðurinn tekur. Hægt er að lækka það gjald verulega fáist þær heimildir sem 2. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir.

Við frjálsa heimild til lántöku opnast möguleikar til stórra lántökusamninga sem sjóðurinn getur dregið á eftir þörfum og valið þá hagstæðustu kjör á hverjum tíma. Þegar jafnmiklar sveiflur í eftirspurn eru eins og raun ber vitni er slíkt fyrirkomulag mjög hagkvæmt.

Sett var sérstök tryggingadeild útflutningslána með lögum nr. 69/1970 og er hún starfrækt við Ríkisábyrgðasjóð. Deild þessi var sett á stofn árið 1970 í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA og var henni ásamt Útflutningslánasjóði ætlað það hlutverk fyrst og fremst að vera iðnaðinum til stuðnings í væntanlegum útflutningi og samkeppni við innflutning.

Staðreynd er að tryggingadeild útflutningslána hefur ekki reynst sem skyldi í núverandi mynd. Margar ástæður valda því. Samt sem áður er þörf fyrir útflutningslánatryggingar mjög brýn og mun brýnni nú en fyrir 15 árum. Þörfin er sérstaklega mikilvæg á sviði iðnaðar. Með hliðsjón af áherslu þeirri, sem lögð er á útflutning iðnaðarvara, er því mikil nauðsyn á því að iðnaðurinn eigi kost á því öryggi sem fylgir því að kröfur á hendur erlendum kaupendum séu tryggðar.

Samtök iðnaðarins í landinu hafa ítrekað bent á þetta og eru því mjög fylgjandi að þetta frv. nái fram að ganga. Þá hefur Útflutningsmiðstöð iðnaðarins lagt áherslu á þetta mál og talið að virkt tryggingakerfi útflutningskrafna og útflutningslána mundi í senn stuðla að útflutningi iðnaðarvara og efla þann útflutning sem fyrir væri.

Árið 1960 voru stofnaðar sérstakar tryggingastofnanir útflutnings í Danmörku og Noregi. Þessar stofnanir hafa um árabil haft samstarf sín á milli ásamt samsvarandi stofnunum í Svíþjóð og Finnlandi. Þar hefur verið skipst á skoðunum og upplýsingum um áhættu eftir löndum og mörkuðum, lögfræðilegum, tryggingafræðilegum málum og stjórnunarlegum. Starfsmenn Iðnlánasjóðs hafa kynnt sér starfsemi stofnananna í Danmörku og Noregi og hafa fengið ýmis gögn sem unnt verður að styðjast við í mótun starfsemi tryggingadeildar útflutningslána. Verður að teljast mjög mikilvægt að komast í samstarf við þessar stofnanir sem búa yfir reynslu og þekkingu og hafa í sínum fórum upplýsingar um markað og starfsaðferðir sem mikinn tíma tekur að afla og hlýtur að vera mjög kostnaðarsamt.

Hlutverk tryggingadeildar útflutningslána er einkum tvíþætt. Annars vegar að ábyrgjast lán er lánastofnanir veita útflytjendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru að útveguðum erlendum kaupendum og hins vegar að tryggja kröfu útflytjenda á hendur erlendum kaupendum. Hér er bæði um fjárfestingarvörur að ræða og neysluvörur.

Þá er enn fremur heimild til tryggingar á samkeppnislánum til innlendra aðila er kaupa fjárfestingarvörur, vélar og tæki, sem framleiddar eru innanlands. Enn fremur er veitt heimild til þess að setja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis og kemur þar undir m.a. verkefnaútflutningur.

Lögð er áhersla á að deildin verði rekin á viðskiptagrundvelli þar sem kveðið er á um að iðgjöldin skuli standa undir rekstri deildarinnar. Væntanlega yrði í upphafi tekið mið af gjaldskrá annarra Norðurlandaþjóða og enn fremur höfð hliðsjón af viðskiptavenjum með tilliti til vörutegunda, markaða, lánstíma o.s.frv.

Þar sem ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum tryggingadeildar útflutningslána er eðlilegt að fjmrh. tilnefni fulltrúa, sem boða skal á stjórnarfundi sem haldnir eru um málefni deildarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Sama gildir að sjálfsögðu um iðnrh. en Iðnlánasjóður heyrir undir það ráðuneyti.

Eins og ég vék að í upphafi skipta þessi ákvæði úr sjóðafrv. í raun Iðnlánasjóð langsamlega mestu máli. Iðnlánasjóður hefur þegar hafist handa um skoðun á starfsemi sem þeirri sem lýst er í frv. og það er ljóst að sjóðurinn getur með mun ódýrari hætti en nú er tekið þau erlendu lán sem honum eru ætluð innan ramma lánsfjárlaga. Eins og ég vék að áðan mundi slíkt þýða að sjóðurinn gæti lækkað útlánsvexti sína, en það skiptir mjög miklu máli.

Fyrir aðra sjóði, sem getið er um í sjóðafrv., eru þau atriði, sem rakin eru t.d. sérstaklega í 2. gr. þessa frv. og að mörgu leyti í 3. gr., þess eðlis að þau skipta þá sjóði hreinlega ekki máli í augnablikinu. Það ber að

skoða með tilliti til þess að lögð er áhersla á það og ég vænti þess að Alþingi geti afgreitt þetta frv. á yfirstandandi þingi.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið þau atriði sem mér finnst skipta mestu varðandi það frv. sem hér um ræðir. Í mörgum efnum stöndum við að baki grannþjóðum okkar hvað varðar skipulag og starfsemi lánasjóða. Þetta frv. er til þess fallið að opna nýja möguleika og gera Iðnlánasjóð í auknum mæli í stakk búinn til að styðja að uppbyggingu íslensks iðnaðar, ekki síst útflutningsiðnaðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 464, n. 743, brtt. 744). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Nefndin hefur rætt frv. og kannað umsóknir þeirra aðila sem lagt er til að fái ríkisborgararétt samkvæmt því. Nefndin hefur farið yfir þær umsóknir allar og kannað hvort þeir aðilar uppfylla þau skilyrði sem sett eru.

Einnig hafa allmargar umsóknir borist eftir að frv. var lagt fram hér í hv. Alþingi og nefndin hefur yfirfarið þær umsóknir líka og tekið inn þá aðila sem uppfylltu skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar að mati nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem fluttar er á þskj. 744.

ATKVGR.

Brtt. 744 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er kannske rétt fyrir forseta að hafa orð á því að vinnulag þessa fundar hefur verið með nokkuð óvenjulegum hætti hér í hv. deild í dag og skrifast það vinnulag eingöngu á reikning forseta. Hér hefur málum verið frestað og hans eigin tilfinning er sú að þetta hafi allt verið dálítið ruglingslegt, en þó þegar upp er staðið er þess vænst að allt hafi nú komist til skila á réttan hátt.

Efri deild, 72. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum 71. fundi.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 265. mál (þskj. 498). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Tollskrá, stjfrv. 128. mál (þskj. 778). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 794). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Grunnskólar, frv. 348. mál (þskj. 634). — Frh. 1. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ekki efast ég um góðan hug að baki þessu frv. sem hefur þann tilgang að því er segir í grg. og vitna ég hér, með leyfi forseta:

„Megintilgangur með lagafrv. þessu er að auka aðild foreldra og nemenda að stjórn og innra starfi skóla.“

Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs hér er sú að ég hef vissar efasemdir um að þessi svonefndu skólaráð breyti nokkru verulegu frá því sem nú er. Það kom fram hjá virðulegum forseta við framsögu málsins að flestir hefðu tekið því vel og talið þessi skólaráð vera til bóta. Ég held að það sé nú því miður oft svo að ef lagt er til að stofna ný ráð eða nefndir þá telji menn það vera til bóta. Ég er ekki viss um að svo sé alltaf og alls ekki viss um að svo sé í þessu tilviki. Ástæða minna efasemda er sú að svo hefur viljað til undanfarin þrjú ár, að ég hef gegnt formennsku í foreldra- og kennarafélagi við grunnskóla hér í borginni og það félag hefur látið sig varða og fjallað um öll þau mál, sem talin eru upp í athugasemdum um 3. gr., og gert er ráð fyrir að skólaráð fái til umfjöllunar — kannske með einni undantekningu. En annars hefur foreldrafélagið rætt um og fjallað um öll þau mál, sem hér eru talin upp, kennslu- og starfsáætlanir skólans, skólareglur, félagslíf nemenda, ferðalög, námsefni, fyrirkomulag námsmats, nýtingu húss og búnaðar, skólalóð, tilrauna- og rannsóknarverkefni, valgreinar, öryggi á vinnustað,

brunavarnir, kannske minnst verið um það fjallað, umferðaröryggi í nágrenni skólans og annað sem lýtur að slysavörnum. Við höfum í þessu félagi mjög látið okkur skipta umferðaröryggismál og slysavarnir, en því miður talað þar fyrir daufum eyrum yfirvalda hér í borg, þannig að ég hef vissar efasemdir um að þessi breyting sé nauðsynleg. Ég held að það sé ekki rétt að vera að búa til nýjar stofnanir ef til eru aðilar og félög, eins og foreldrafélögin í þessu tilviki, sem geta ágæta vel gegnt þessu hlutverki og gera það.

En annars á ég sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar og þar gefst tækifæri til að gaumgæfa þetta betur og skal ég í ljósi þess hve framorðið er orðið nú ekki hafa þessi orð fleiri.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það má um margt taka undir þau sjónarmið sem að baki þessa frv. búa og geri ég það ásamt hv. 5. landsk. þm. að taka þar undir. Ég þekki mætavel sem skólamaður nauðsyn á góðu samráði og samstarfi bæði við foreldra og nemendur. Hvernig því má koma svo fyrir með sem bestum og virkustum hætti er hins vegar alltaf spurning. Foreldrafélög eru svo sannarlega af hinu góða, þ.e. ef þau eru virk og ef þau skipta sér verulega af málum og eru til aðstoðar í öllu starfi skólans og því vandasama og viðkvæma verkefni sem skólastjóri og kennarar eiga við að glíma hverju sinni.

Ég staldra líkt og hv. 5. landsk. þm. nokkuð við þetta skólaráð sem lögfesta stofnun inni í þessu. Það er nokkuð sem ég vil skoða betur. Það kann vel að vera að með því fáist betra skipulag á þetta og meiri virkni. En ég hef vissar efasemdir um það bara í upphafi.

Annað var það svo í lokin sem ég vildi koma hér að eða kannske spyrja hv. flm. um. Þetta frv. er flutt af hv. þm. í framhaldi af starfi hennar í vinnuhóp sem hún hafði forustu fyrir en var skipaður af páv. menntmrh. og síðan hefur núv. hæstv. menntmrh. einnig lýst yfir stuðningi við verkefni vinnuhópsins. Það er greinilegt að hv. þm. hefur talið nauðsynlegt að flytja þetta frv. hér inn og er það svo sannarlega þakkarvert. En þá vaknar sú spurning hvort það hafi stafað af því að ekki hafi verið eining um það í ríkisstjórninni að flytja þetta sem stjfrv. hér inn af menntmrh., þannig að það hafi ekki náðst fram sem slíkt eins og venja er til þegar vinnuhópar, skipaðir af ráðuneytum, skila sínu áliti og færa það jafnvel í lagabúning eins og þarna hefur verið gert.

Um þetta vildi ég gjarnan spyrja af því að það er forvitnilegt að vita hvort uppi hafi verið svo mismunandi sjónarmið inni í ríkisstj. að það hafi ekki fengist flutt sem slíkt, heldur hafi hv. þm. orðið að grípa til þessa ráðs til að koma sjónarmiðum vinnuhópsins og sínum um leið á framfæri.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 5. landsk. þm. og hv. 2. þm. Austurl. fyrir að sýna áhuga á þessu máli. Mér er vel kunnugt um áhuga þeirra beggja reyndar og ekki síst hv. 5. landsk. þm. þar sem við höfum setið á fundum í foreldrafélagi þar sem hann er forystumaður og þar hafa þessi mál verið rædd.

Í sjálfu sér hef ég ekki neinar athugasemdir við það þó að menn dragi kannske í efa gildi þess eða gagnsemi að stofna skólaráð. Ég vænti þess að menn fjalli um þetta í menntmn. og það takist að komast að jákvæðri niðurstöðu um gagnsemi þessa. En mig langar aðeins að ítreka það að þessi vinnuhópur hefur fjallað ítarlega um þetta mál á mörgum fundum og í tengslum við það verkefni sem honum var falið. Á fundi nefndarinnar eða vinnuhópsins komu fjölmargir aðilar, bæði forustumenn foreldra og skóla, og þessi mál voru ítarlega rædd. Eins og ég gat um hefur það verið skoðun flestra að þetta væri til bóta, að efla tengsl heimila og skóla með því að gera foreldra virkari í daglegu starfi skólans. En eins og segir í frv. er það einmitt tilgangurinn með þessu því að við vitum að auðvitað eiga foreldrar aðgang að skólanum, aðgang að skólastjórum og kennurum og eins eiga kennarar aðgang að foreldrum, en við vitum að það er mjög misjafnt hvernig þetta er í framkvæmd. En þarna er verið að gera tilraun til þess að gera foreldrana eða fulltrúa þeirra ábyrgari fyrir hinum daglega rekstri í skólanum. Að þeir hafi aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á t.d. námsefni, vinnutilhögun í skólanum, námsbækur, svo að eitthvað sé nefnt, og einnig þá að benda á ýmislegt sem betur mætti fara og e.t.v. vantar stundum tengsl á milli skóla og foreldra á réttri stundu til þess að koma slíku á framfæri.

Ég ætla ekki að tefja fundinn með því að orðlengja þetta frekar, en eins og ég gat um hef ég ekki orðið vör við neikvæðar raddir til þessa atriðis, þvert á móti. Þetta var einróma niðurstaða vinnuhópsins sem fyrst og fremst byggist á þeirri vinnu sem lögð var í þessi mál og viðtöl og svör við spurningum sem vinnuhópurinn lagði fyrir þá aðila sem fengu spurningar sendar.

Varðandi það sem hv. 2. þm. Austurl. spurði um, og kom mér í sjálfu sér ekki á óvart, hvers vegna ég flytji þetta frv. en ekki hæstv. menntmrh. eða að þetta sé ekki flutt sem stjfrv. er mjög einfalt svar við því. Svarið er eingöngu það að hæstv. menntmrh. fannst það svo sjálfsagt að formaður þessa vinnuhóps, þar sem hann á sæti á Alþingi, flytti málið sem kannske nokkkurs konar talsmaður þeirra verka sem við höfum unnið. Það var ekki frá mér komið í sjálfu sér annað en að þetta mál yrði flutt inn á Alþingi, því að þetta er í raun og veru eina atriðið sem kallar á lagabreytingu til þess að betrumbæta þetta samstarf.

Það er alger samstaða innan ríkisstjórnarinnar og mér þykir það leitt að vegna þess að ég frestaði umræðu um þetta mál hér á fyrri fundi, þá fékk hæstv. menntmrh. ekki tækifæri til þess að tala í þessu máli. Hann kom til mín áðan og ætlaði að taka til máls fyrst og fremst til þess að hvetja til þess að þetta frv. yrði samþykkt, lýsa stuðningi við það og leggja til að báðar nefndirnar ynnu saman í þessu máli svo að hægt væri að koma því í gegnum þingið núna.

Ég veit ekki hvort hægt er að fara fram á slíkt þar sem það er greinilega ekki eindregin samstaða í málinu eins og ég var nú svo bjartsýn að halda, þannig að ég vil aðeins athuga það án þess að standa hér í ræðustóli til að leita eftir svörum við slíku. En það hefði að sjálfsögðu verið möguleiki. E.t.v. er málið þá stærra og leikur meiri vafi á gildi þess en ég hafði gert ráð fyrir, og þar af leiðandi þurfi þá að leita umsagna ýmissa aðila til þess að fá staðfestingu á hvað hér sé á ferðinni og hvort það sé til bóta fyrir samstarf heimila og skóla fyrir nauðsyn þess að gera foreldra ábyrgari fyrir hinu daglega skólastarfi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Vísitala framfærslukostnaðar, frv. 371. mál (þskj. 670). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, stjfrv. 199. mál (þskj. 578 (sbr. 299)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 785).

Búnaðarmálasjóður, frv. 336. mál (þskj. 619, n. 658 og 671). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Meiri hl. landbn. hefur hér lagt fram frv. til l. um breytingu á lögum um Búnaðarmálasjóð. Ég er andvígur þeirri breytingu sem hér er gert ráð fyrir og hef birt um þetta nál. á þskj. 671.

Skv. gildandi lögum um Búnaðarmálasjóð eru bændur skattlagðir með gjaldtöku á afurðir sínar, gjaldtöku í Búnaðarmálasjóð, en hann er notaður til framlags til búnaðarsambanda og til Stéttarsambands bænda og á að skiptast til helminga að því er þetta tvennt varðar.

Þess skal getið að heildartekjur Búnaðarmálasjóðs á árinu 1985 voru ekkert smáræði, 70,6 millj. kr. Þar af fékk Stéttarsambandið 15,4 millj. og búnaðarsamböndin 15,4 en Bjargráðasjóður 38,4 og Framleiðsluráð landbúnaðarins 1,4 millj. kr. Nú þegar er því um mjög miklar tekjur og jafnframt um verulega skattlagningu á bændur að ræða til að standa straum af félagslegum og stjórnunarlegum verkefnum. Í heild nema þær tölur, sem ég hef hér nefnt um heildartekjur Búnaðarmálasjóðs, u.þ.b. 1% af heildarafurðaverðinu til bænda.

Skv. því frv. til l., sem meiri hl. landbn. leggur hér til að samþykkt verði og flytur reyndar, er ætlunin að hækka þetta allverulega. Tilefnið er að upp hafa komið svokölluð sérsambönd, sérsambönd sauðfjárbænda og kúabænda, landssambönd þeirra. Þessi sérsambönd hafa nýlega risið upp og telja sig hafa og hafa sjálfsagt hlutverki að gegna. En að mínum dómi eru þau að ganga inn í hlutverk sem Stéttarsamband bænda hefur áður gegnt. Þess vegna væri langeðlilegast að í þeim mæli sem verkefni flytjast til sérsambandanna, þá flytjist líka tekjur til þeirra frá Stéttarsambandi bænda.

En það er ekki einungis að hugmyndin sé að koma til móts við, ef menn vilja orða það svo, samtök sauðfjárbænda og samtök kúabænda með þeim hætti að hækka þennan veltuskatt á bændur um 40% að því er varðar landbúnaðarafurðir sem heyra til sauðfjárbúskapar eða kúabúskapar. Það á að hækka hann úr 0,5 upp í 0,7% og vel að merkja, þetta er veltuskattur af heildarafurðaverðinu til bænda. En ofan á það er bætt í þessu frv. til l. heimildum til landbrh. til að skattleggja allar aðrar greinar í þjóðfélaginu sem ekkert hefur komið fram um að séu að biðja um það. Það á við varðandi garðyrkju t.d. Þar á að vera heimild til að hækka skattlagninguna vegna þarfa einhvers sérsambands, sem þar yrði til eða væri til, úr 0,5% af veltu í 1,5%. Það á að heimila að þrefalda gjaldtökuna vegna garðyrkjubúskapar, hækka veltuskatt á garðyrkju eða ylrækt sem þessu nemur. Það sama á að gilda varðandi loðdýrarækt. Skv. þessu frv. á að heimila að gjaldtakan fari úr 0,5 upp í 1,5%, veltuskattur á loðdýrarækt í landinu þrefaldist. Enn er heimild til þess skv. þessu frv. til l., sem meiri hl. landbn. mælir með, að hækka veltuskattinn á hrossabúskap um 200%, úr 0,5% upp í 1,5%. Þær heimildir, sem hér er verið að veita landbrh., eru því orðnar langt umfram þær óskir sem fram hafa komið frá þessum sérstöku samböndum sauðfjárbænda annars vegar og kúabænda hins vegar. Það er engin smáræðis hækkun á þessum veltuskatti og vel að merkja, hlutfall af veltu gefur umtalsverðar fjárhæðir eins og hér var gefið til kynna áðan varðandi þær tekjur sem þegar renna til Búnaðarmálasjóðs.

En þar með er ekki allt upp talið því að allar búgreinar skulu hér við það búa skv. þessu frv. til l. að heimildir til skattlagningar á þær vegna hugsanlegra sérsambanda verði hækkaðar. Það á að gilda um alifuglarækt. En þar á ekki að þrefalda skattlagninguna skv. heimild í núgildandi lögum, þar á að fimmfalda hana. Það á að hækka skattlagninguna um 400% á alifuglarækt eða þennan veltuskatt úr 0,25% upp í 1,25% af veltu. Það sama á að gilda um svínarækt. Þar á líka skv. þessu að vera heimild til fimmföldunar á veltuskatti til þess að láta renna til sérsambands sem til væri eða upp kynni að koma í þessari grein og landbrh. og sérsambandið hefðu áhuga á að fengju þennan veltuskatt.

Enn skal upp talið að það sama á að gilda í fiskeldi og varðandi fiskirækt sem er vaxandi grein og ýmsir tala um að muni velta hundruðum, jafnvel þúsundum milljóna áður en langt um líður. Þar á líka að hækka heimild til skattlagningar úr 0,25% í 1,25% af veltu eða fimmfalda hana, hækka hana um 400%.

Ég tel að það sé alveg fráleitt og engin ástæða til þess að hefja þá skattlagningu sem hér er gert ráð fyrir. Í fyrsta lagi liggur ekkert fyrir þinginu um óskir annarra aðila en sauðfjárbænda og kúabænda um það að fá til sín sérstakan tekjustofn.

Í annan stað vitum við að t.d. í greinum eins og alifuglarækt og svínarækt hafa menn lagt á það áherslu að vera ekki nauðgað inn í það kerfi sem í gildi er í hinum hefðbundnu landbúnaðargreinum og hafa verið stoltir af. Ef samtök er fyrir hendi í þessum greinum

geta menn vitaskuld greitt til þeirra iðgjöld, en hér er beinlínis verið að heimila gjaldtöku af öllum, hvort heldur þeir vilja eða ekki, svo framarlega sem landbrh. eða viðkomandi samtök koma sér saman um það. Og þetta eru engar smáfjárhæðir.

Jafnframt veit ég að það ríkir uggur hjá ýmsum þeim sem í fiskeldi eru yfir því að hafa frétt af því að auka eigi heimildir til gjaldtöku með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Mín skoðun er sem sagt sú að í fyrsta lagi sé engin ástæða til að vera með sérstaka gjaldtöku af þessu tilefni. Í annan stað sé stórvarasamt að fara að teygja sig með þreföldun eða fimmföldun heimildar til gjaldtöku út yfir allar mögulegar og ómögulegar búgreinar hvort sem þær óska eftir því eða ekki. Í þriðja lagi tel ég að þegar sérstök sérgreinasambönd, eins og kúabændasamtök eða sauðfjárbændasamtök, eru sett á stofn og taka að sér gæslu hagsmuna innan greinarinnar í stað þeirrar gæslu sem Stéttarsamband bænda hefur séð um og verið nokkuð vel haldið peningalega séð til að annast, þá eigi Stéttarsambandið að sjá af hluta af tekjum sínum til þessara sérsambanda til þess að þau geti haldið uppi þeirri starfsemi sem bændur telja eðlilega og rétta og óska sérstaklega eftir.

Með tilvísan til þessa, herra forseti, legg ég mikla áherslu á það að það frv. til l. um breytingu á lögum um Búnaðarmálasjóð, sem hér hefur verið lagt fram, verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem var að ljúka máli sínu, hefur ekki kynnt sér þessi mál nógu vel, a.m.k. eftir hans málflutningi að dæma. Það hefur t.d. aldrei staðið til að þessi skattur yrði lagður á fiskirækt nema að samtök þeirra sem þar eru óski eftir því. Þetta er nákvæmlega það sama og t.d. hefur verið gert í sjávarútvegi. Þetta er alveg sama og gert hefur verið á fleiri sviðum. Þetta er ósk þeirra manna sem hafa stofnað þessi búgreinasambönd. Ég er hér t.d. með bréf frá hagsmunafélagi hrossaræktenda, frá Sambandi ísl. loðdýraræktenda o.s.frv. og auðvitað verður þetta gjald ekki lagt á nema þessi samtök óski eftir því og það sé samþykkt á aðalfundi þeirra.

Hér liggur fyrir líka beiðni frá Stéttarsambandi bænda að leyfa þessa gjaldtöku og í því bréfi er talað um að heimildin hljóði upp á 1% til allra, líka til sauðfjár- og kúabænda. En í bréfi frá stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda er beðið um 0,20% og eftir því var farið með bæði kúabændur og sauðfjárbændur.

Hér er um hámarksgjald að ræða og það er á valdi landbrh. hvort hann leyfir slíka gjaldtöku og hvað háa, en þetta eru hámarkstölur. Ég sé ekki í fljótu bragði hvort ástæða er til þess, ef þessi samtök óska eftir gjaldtökunni, að Alþingi fari að hafna þeirri beiðni. Hv. þm. var einu sinni sjútvrh. og hann ætti að vita hvernig málum er háttað í sambandi við samtök þar.

Það var óskað eftir því, þegar við ræddum um frv. um framleiðsluráðið á síðasta þingi, að Stéttarsambandi bænda yrði veitt verulega hærri heimild vegna þess að það telur að það fjármagn sem það hefur fengið nægi ekki til að halda uppi þeirri starfsemi sem er á þess vegum. Það leit þannig á að þar væri ekkert til skiptanna. Það kann að vera að sumt af því sem sérgreinasamböndin taka við létti eitthvað á Stéttarsambandinu, en ætli það sé ekki þannig að þegar er um svona landssamtök að ræða, sem eru þátttakendur í stjórn Stéttarsambandsins, mörg þeirra, að starfsemin fari heldur vaxandi? Að minnsta kosti er lögð mikil áhersla á það af þessum mönnum að þetta frv. fari fram í þeirri mynd sem liggur nú fyrir Alþingi.

Allir aðrir en hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem eiga sæti í landbn., flytja þetta frv. Ég vil að það komi greinilega fram.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það mál sem hér er rætt er vissulega þess eðlis að í mjög mörgum tilfellum hefur löggjafinn tekið þá ákvörðun að sjá um innheimtu á félagsgjöldum fyrir ákveðin félög. Ástæðan fyrir þessari innheimtu er sú að félögin hafa ekki treyst sér til að ná fjármagni inn með öðru móti. Og þá erum við komin að grundvallaratriðinu í þessu máli og mörgum öðrum því þetta mál snertir ekki aðeins landbúnaðinn, þetta snertir sjávarútveg, stéttarfélög og fleiri aðila: Er félagafrelsi á Íslandi eða er ekki félagafrelsi á Íslandi? Og ef við förum að skoða þetta áttum við okkur á því að þetta fer algerlega eftir því hvernig við túlkum orðið „félagafrelsi". Ef við túlkum orðið „félagafrelsi" á þann veg að enginn sé skyldugur að taka þátt í greiðslum til félags nema hann sé þátttakandi í félaginu er niðurstaðan sú að það er ekki félagafrelsi á Íslandi. Það er skylduaðild eins og um trúmál væri að ræða á greiðslu gjalda til félaga. Ég verð að segja það eins og er að í prinsippinu er ég algerlega andvígur því að svo skuli vera. Mér finnst að sérhver Íslendingur, og þar á ég líka við öll stéttarfélög á Íslandi, eigi að vera frjáls að því hvort hann er í félagi eða hvort hann er ekki í félagi og greiðir gjöld til viðkomandi félags. Þannig er það t.d. í Noregi. Menn hafa frelsi og val í þessum efnum. Það sérstæða við þetta mál varðandi landbúnaðinn er það eitt að þar hefur skapast nánast tvöfalt stéttarfélagakerfi í uppsiglingu. Það er annars vegar að menn eru þátttakendur í Stéttarsambandi bænda og hins vegar að þeir mynda hagsmunahópa og vilja að þeir fái skatta af hinum ýmsu búgreinum. Vafalaust eru þetta áhugamenn um þessa hluti og vafalaust vilja þessir menn fá peninga fyrir sína starfsemi. Þeir treysta sér aftur á móti ekki til að rukka þá með félagsgjöldum eins og gamla reglan var að hver gjaldkeri í félagi þurfti að gera, að rukka sína félagsmenn.

Þá komum við kannske að kjarna þessa máls. Liggur það fyrir að hinn almenni bóndi í þessu landi hafi beðið um skattlagninguna? Það er hægt að komast að slíku með skoðanakönnunum. Það er hægt að komast að slíku með því að senda út bréf og láta menn skrifa undir yfirlýsingu um hvort þeir séu hlynntir því að vera aðilar að samtökum sauðfjárbænda og skrifa undir yfirlýsingu í eitt skipti fyrir öll um að þeir samþykki að af afurðum þeirra fari ákveðinn hlutur til þessarar starfsemi. Það mundu mér finnast heiðarleg vinnubrögð. Það væri í anda félagafrelsis.

Ég vil aftur á móti minna á það, sem hér kemur fram hjá hv. 3. þm. Reykn., að hann verður að vera sjálfum sér samkvæmur í þessum efnum. Hann verður að ætla sömu leikreglurnar hvort það eru bændur, verkamenn, sjómenn eða atvinnurekendur sem eiga hlut að máli. Ég segi fyrir mig að ég er svo sannfærður um að hinn almenni bóndi og hinn almenni maður í þessu landi vill ekki þessi afskipti löggjafarvaldsins af innheimtu félags-

gjalda. Hann vill félagafrelsi. Og það er spurning hvort þingið er í reynd að halda uppi með þessu móti auglýstum fjöldasamtökum sem í reynd eru e.t.v. aðeins starfsvettvangur örfárra manna þar sem þeir hafa hreiðrað um sig, e.t.v. skapað sjálfum sér atvinnu og oft og tíðum mjög takmarkað lýðræði í reynd innan þessara hagsmunahópa.

Mér er aftur á móti ljóst að þetta mál, sem hér er til umræðu út frá þessum prinsippsjónarmiðum, verður ekki afgreitt í sambandi við þessa tillögu að lagasetningu sem liggur fyrir. Þar hlýtur þingið í sjálfu sér að verða að taka eina allsherjarákvörðun: Er það verksvið alþingismanna að setja lög til að tryggja að gjaldkerar í félögum þurfi ekki að sjá um að innheimta félagsgjöld, ríkið sjái um slíka skattheimtu og rétti þeim svo pyngjuna í einu lagi? Ég tel að það sé ekki hlutverk þingsins að standa að slíku.

Ég gerði það í mínum þingflokki að ég lýsti miklum efasemdum einnig með þær upphæðir sem hér var verið að tala um. Menn verða að vara sig á því að þegar verið er að tala um brúttó af veltu er verið að tala um allt annað en þegar verið er að tala um beinan skatt í prósentu sem launþegi greiðir af sínum launum. Og þó er þetta mjög misjafnt eftir greinum. Sumar greinar gefa kannske 50% í laun. Aðrar gefa kannske ekki nema 10 eða 15% í laun. Hitt er aðeins rekstrarkostnaður. Þannig mun t.d. háttað með sumt af því sem er innan þess sem hér hefur verið rætt um.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, en ég mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þetta mál á þeirri forsendu að ég tel ekki rétt að greiða atkvæði gegn því einu sér heldur að það þurfi að taka afstöðu í heild til þeirra prinsippa sem ég hef gert grein fyrir í máli mínu.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir skilmerkilega ræðu og stuðning við mörg þeirra sjónarmiða sem ég færði hér fram.

Ég held að hann hafi lýst eftir, alla vega lýsti hv. þm. Stefán Valgeirsson eftir því, að heyra viðhorf mitt til þess kerfis sem væri í sjávarútvegi að því er það varðar sem hér um ræðir. Jú, það er kerfi í sjávarútveginum, en það er heldur betur munur á. Hér er verið að tala um skattlagningu af veltu sem er 1,25%. Í sjávarútvegi eru það 0,033%. Hér er um að ræða fertugfalda gjaldtöku miðað við það sem er í sjávarútvegi, fertugfalda miðað við þær tillögur sem hér liggja fyrir um að fara með gjaldtökuna upp í 1,25%. Þetta geta menn séð af gögnum sem verið er að dreifa á borðin þar sem kemur í ljós að það eru 0,6% af 5,5% sem gerir 0,033%. Fertugfalt er það sem menn eru að leggja til í landbúnaðinum um gjaldtökuna.

Það er nefnilega engin smáræðis velta sem hér um ræðir. Það skulu menn hafa í huga. Ætli landbúnaðarframleiðslan, þessi sem við erum með núna, þessi venjulega, sé ekki u.þ.b. 7000 milljónir á ári þannig að ef við tökum s.l. ár og notum það sem viðmiðun, hún hafi verið það á s.l. ári, sé 1% hvorki meira né minna en 70 milljónir. Hér eru engir smápeningar á ferðinni. Síðan eru menn að tala um vöxt í nýjum búgreinum eins og t.d. fiskeldi og loðdýrarækt. Það er þá ótalið hvað þetta getur vaxið mikið þess vegna.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að það gæti verið að ef menn stofnuðu svona landssambönd bættust við störf. Hvað er hv. þm. Stefán Valgeirsson að segja? Að það bættust við störf, að það mundi ekki fækka á hinum fyrri staðnum sem því næmi að menn færu að vinna í hinum nýju sérsamböndum. Það var rökstuðningurinn fyrir því að hér þyrfti nýjar tekjur til hinna nýju sambanda. Jú, hvað er hann að segja? Skriffinskan mun aukast. Yfirstjórnin mun aukast. Báknið, sem sumir hafa nefnt svo, mun stækka. Það eru vissulega takmörk fyrir því hvað menn eiga að láta til leiðast að ganga langt í þeim efnum.

Ég dreg ekkert í efa að landssambönd kúabænda, sauðfjárbænda og hrossabænda, sem hv. þm. upplýsti að hann væri með bréf í höndunum frá, sem hefur ekki komið fram fyrr, ekki það sem ég hef séð til, séu að ýmsu leyti ágæt samtök, en við skulum hafa verkaskiptingu, við skulum hafa aðhald, við skulum ekki beita löggjafanum til þess að margfalda skattlagningu á bændur, sem mér skilst að séu ekki allir allt of vel haldnir, heldur verður að ætla þessum samtökum að skipta með sér verkum með skynsamlegum hætti og þá innan þeirra tekjustofna sem fyrir hendi eru, og eru þeir þó mjög háir eins og þeir eru að mínum dómi, einkum og sér í lagi ef maður tekur til samanburðar t.d. sjávarútveginn sem ég var að gera grein fyrir áðan.

Auðvitað er það hárrétt, sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að samkvæmt orðanna hljóðan yrði þetta ekki á lagt nema viðkomandi sérgreinasambönd samþykktu það eða óskuðu eftir því. En hvaða staða hefur verið uppi t.d. hjá alifuglabændum? Sú staða hefur verið uppi að hluti af greininni vill ganga inn í núverandi kerfi, hluti af greininni vill það ekki. Er hér verið að lokka til þess að annar hvor armurinn verði ofan á? Og hvor skyldi það þá vera? Að því geta menn getum leitt. Hvar liggur fyrir óskin frá svínabændum um þessa auknu skattheimtu sér til handa? Hvar liggur fyrir óskin frá þeim sem eru í loðdýrarækt? Og ég veit að það er uggur í þeim sem eru í fiskirækt ef heimild af þessu tagi verður sett inn í lögin.

Þess vegna, herra forseti, er ég sannfærður um að það á ekki að fara út í samþykkt þess frv. til laga um breytingar á lögum um Búnaðarmálasjóð sem hér hefur verið mælt fyrir. Þvert á móti á að fella frv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hefur gert grein fyrir andstöðu sinni við það frv. sem er á dagskrá, frv. til l. um breytingu á lögum um Búnaðarmálasjóð. Hv. formaður landbn. og frsm. nefndarinnar, 3. þm. Norðurl. e., hefur skýrt málið og undir hans skýringar get ég tekið.

Ég vil hins vegar segja það um þetta mál að ég er sammála því sjónarmiði að það beri að standa af varúð að skattlagningu af þessu tagi. Þegar hér er gert ráð fyrir að skattlagning geti aukist á tilteknar greinar í framleiðslu landbúnaðarvara um allt að 1% og í sumum tilvikum um 0,2% er þar um hámarkstölur að ræða sem landbrh. hefur heimild til að nota. Ætla verður að hæstv. landbrh. fari eigi lengra í slíkri skattheimtu en hlutaðeigandi greinar óska eftir og ætla má að varúð hæstv. landbrh. í þessum efnum verði það mikil að þar sé að fullu kannað hvort hlutaðeigandi búgrein vill standa að þeirri skattheimtu.

Ég vil segja það út af orðum hv. 3. þm. Reykn. að þessum inngangi mínum loknum að ýmsar þær greinar sem framleiða búvörur leggja upp úr því að halda

sjálfstæði sínu innan landbúnaðarkerfisins. Svo er t.a.m. um grein sem hann spurðist hér fyrir um, sem er loðdýraræktin. Loðdýraræktin leggur talsvert kapp á að geta haldið sjálfstæði sínu, haft á sínum vegum hvort tveggja, sölustarfsemi og leiðbeiningarstarfsemi. Þessi grein hefur t.a.m. sérstakan starfsmann, sem er starfandi á sérstakri skrifstofu í Reykjavík, sem er ekki í beinum tengslum við aðrar greinar landbúnaðarkerfisins. Til þess að geta staðið straum af slíku sjálfstæði þarf þessi grein einhvers staðar að fá tekjur. Þessi grein hefur óskað eftir því að fá heimildir í lög í samræmi við það sem segir í þessu lagafrv. til að geta haldið sínu sjálfstæði. Þetta er í sumum tilvikum á þennan máta, en ekki að með þessu lagafrv. sé það tilgangurinn að keyra allar greinar landbúnaðarins inn í eitthvert tiltekið og gamalgróið kerfi.

Ég skal ekki fara í það að útlista þetta mál. Ég hef fallist á að vera flm. að þessu sem einn af landbnm. og styð það, en stuðningur minn er bundinn þeirri von minni að á þessari skattheimtu verði af hálfu hæstv. landbrh. haldið af fullri varúð og af fullri sanngirni að því leyti að ekki sé farið fram úr því sem hlutaðeigandi framleiðendur sjálfir óska.

En m.a. vegna umræðunnar, sem hér hefur farið fram, vil ég jafnframt segja að ég tel að ástæða sé til og tímabært að endurskoða þessi lög. Þrátt fyrir að við breytum þessu nú á þann máta að verða við óskum sérgreinasambandanna til þess að þau fái fjármuni til að geta starfað á sérstökum grundvelli séu þessi mál í því horfi að þau þurfi endurskoðunar við. Ég get greint frá því að það er að starfi stjórnskipuð nefnd til að endurskoða tekjustofna landbúnaðarsjóða. Ég tel eðlilegt að sú nefnd eða önnur fái það verkefni fyrir t.a.m. næsta reglulegt Alþingi að taka lög um Búnaðarmálasjóð til endurskoðunar og þá e.t.v. sumpart í ljósi þeirrar reynslu sem fæst með þeirri löggjöf sem hér er verið að setja, ef samþykkt verður.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil láta koma fram að ég hef nokkrar efasemdir fram að færa vegna þessa frv. Íslenskur landbúnaður er í kreppu og það hefur hvergi nærri tekist að ná stjórn á framleiðslu landbúnaðarins. Bændur standa frammi fyrir alvarlegum vanda. Þeir standa margir mjög illa fjárhagslega og eiga þó eftir að standa miklu verr á þessu ári en þeir stóðu á því síðasta þar sem nú er verið að breyta til um greiðslukerfi. Menn fengu raunverulega á síðasta ári ekki bara greidda framleiðslu ársins 1985 heldur eftirstöðvar frá árinu 1984. Því verður ekki til að dreifa á árinu 1986 að menn fái til reiknings eftirstöðvar af vörum sem þegar er búið að greiða.

Bændur hafa örfá ráð til að bregðast við þessum vanda. Eitt er það að gæta hagsýni við búreksturinn í hvívetna og það reyna menn í auknum mæli. Eitt er það að reyna að búa meira að sínu og heimaafla búanna og skera niður óþarfa útgjaldaliði og spara sem mest. Og þá ekki síður að spara útgjöld svo sem eins og þetta. Ég held að samþykkt þessa frv. hljóti að vera alger bráðabirgðaráðstöfun. Við vinnum nú á Alþingi þessa dagana við að lögfesta uppstokkun á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Ég held að það sé ákaflega brýnt að stokka einnig upp sjóðakerfi landbúnaðarins. Þetta kerfi er orðið til við allt aðrar aðstæður og byggt upp við allt aðrar aðstæður en nú er. Það eru ekki sömu áherslurnar sem eiga við í dag og áttu við fyrir 10–20 árum.

Það er sumt jákvætt við þessi sérbúgreinasambönd, en það er alls ekki allt jákvætt við þau því að þau geta nú orðið til þess að splundra bændastéttinni. Æskilegast væri að bændur gætu staðið saman og trúnaðarbrestur yrði ekki á milli búgreina eða milli bænda og forustu þeirra.

En ég vil sem sagt leggja áherslu á að ég held að það sé meginmálið að stokka upp sjóðakerfið og gæta ýtrustu sparsemi, skera það niður sem mögulegt er.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil bara segja það út af þeim umræðum sem hér hafa farið fram að ég held að búgreinasamböndum, ekki síst í nýjum búgreinum, sé það nauðsynlegt að hafa möguleika á því að treysta sín samtök. Í dag verður það ekki gert öðruvísi en með fjármagni.

Hv. þm. Pálmi Jónsson talaði um loðdýraræktina. Það er ekki einungis að loðdýraræktendur séu með einn mann heldur held ég að þeir séu með fjóra menn á sínum snærum. Þeir eru með innflutning á öllu sem þarf til loðdýrabúa. Þeir hafa lagt ríka áherslu á að Alþingi yrði við þessari beiðni.

En vegna þess að hv. þm. Kjartan Jóhannsson dró í efa að beiðni væri komin frá þeim samtökum vil ég lesa upp bréf sem er hér fyrir framan mig:

„Á aðalfundi Sambands ísl. loðdýraræktenda 1985 var samþykkt að vísa framkominni tillögu um heimild til töku á allt að 1% framleiðslugjaldi til athugunar stjórnar. Stjórn SÍL hefur samþykkt að óska eftir því að Alþingi lögfesti heimild til töku allt að 1% gjalds til búgreinasambanda í samræmi við tillögu í álitsgerð Tryggva Gunnarssonar um breytingu á lögum um Búnaðarmálasjóð.

F.h. Sambands ísl. loðdýraræktenda.
Jón Ragnar Björnsson."

Ég ætla ekki tímans vegna að vera að lesa upp fleiri bréf. Ég gæti gert það í þessu sambandi. En það er hlálegt, ég verð að segja það, af því að þetta er tekið af kaupi bænda, ef þeir óska eftir því og telja það ódýrari aðferð að innheimta þetta gjald með þessum hætti en að gera það beint eins og er gert víða annars staðar, að einstakir þm. leggjast mjög gegn slíkri gjalddtöku á þá sjálfa.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er alveg sérstök ástæða til að þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir hans framlag til þessarar umræðu. Hann sýndi í ræðu sinni að hann er sjálfstætt hugsandi þm., þótt í þingflokki Framsfl. sé, og leyfir sér að hafa sjálfstæðar skoðanir, jafnvel á grundvallaratriðum, inni í því skoðanakúgunarapparati.

Hann vakti athygli á því hvert er grundvallaratriði þessa máls. Grundvallaratriðið og grundvallarreglan hlýtur að vera sú að hér er um að ræða innheimtu félagsgjalda í frjálsum félagasamtökum, sem svo eiga að heita, sem er algerlega mál þeirra einstaklinga sem í þessum samtökum eru að eigin vild. Þetta er ekkert málefni fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar og það út í hött að leiða í lög einhverja heimild til valdsmanns eins og ráðherra til þess að innheimta þetta nauðugt eða viljugt af bændum og ólíkum hópum bænda og

hagsmunasamtökum. Allt er þetta mál með slíkum endemum að það á ekkert erindi inn í þingsali. Þetta er ekkert löggjafaratriði, þetta er skoðunarkúgunarmál. Dæmigert framsóknarskoðunarkúgunarmál.

Í annan stað er hér önnur grundvallarregla og hún er auðvitað sú að það á ekki að heimila neina skattlagningu án þess að því fylgi um leið ótvírætt réttur til áhrifa á ráðstöfun fjár. Nú er því að vísu haldið fram að þessar heimildir verði ekki nýttar nema viðkomandi hópar hafi fallist á skattheimtuna en það er ekki öll sagan sögð með því. Það er ekki öll sagan sögð með því af þeirri einföldu ástæðu að það er talsvert mikið hagsmunamál fyrir hina ólíku hópa að vera ekki settir utangarðs í kerfinu. Hér er m.ö.o. verið að beita nákvæmlega sömu aðferðum og hefðbundin nýlendustjórn gerir í nýlendum sínum að deila og drottna. Mönnum er fyrst boðið ákveðið agn. Ef þið sættið ykkur við þessa skattlagningu eruð þið þar með raunverulega að kaupa ykkur inn í voldugt og áhrifamikið útdeilingarkerfi fjármagns. En ef þið hins vegar gerið það ekki geta menn spurt: Hvað þá? Það er því raunverulega verið að stilla mönnum upp við vegg og það er verið að beita skattlagningarvaldi sem á að vera Alþingis en ekki annarra og það er ákaflega ósmekkleg hótun á bak við.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur sjálfur rækilega gert grein fyrir tölugrundvellinum í þessu máli. Það vakti athygli manna þegar hann gerði samanburð annars vegar á samsvarandi skattlagningu innan sjávarútvegsins. Hann heldur því fram að hér sé um að ræða fertugfalda skattlagningu fyrir nú utan það að verið er að hækka þessar álagningar úr öllu hófi, um 200% og 400% að því er varðar t.d. alifuglarækt, svínarækt, fiskeldi og fiskirækt. Þetta er svo gjörsamlega hóflaust að það nær ekki nokkurri átt. Sér í lagi þegar því verður ekki haldið fram að þetta sé gert með eðlilegum hætti, þ.e. á bak við þetta eiga að vera raunverulega fjárhagslegar þvinganir. Þetta er svo sem eftir öðru með skattaæði þessa kerfis.

Það vakti athygli, landsathygli, þjóðarathygli, í byrjun vikunnar þegar hæstv. landbrh. ætlaði sér að standa við samkomulag sem ríkisstj. er nýbúin að gera við neytendur um lækkun á tollum á grænmeti en fylgdi því eftir í framkvæmd með því að leggja fram tillögur um 200% skattlagningu á innfluttum landbúnaðarafurðum með gífurlegum hækkunaráhrifum að því er varðar útgjöld neytenda. Þetta brýtur auðvitað í bága við þær grundvallarreglur sem menn voru að semja um, gengur þvert á yfirlýst markmið og vonir manna um það að ríkisstj. hafi af einhverri alvöru hugsað sér að standa við nýgerða kjarasamninga, reyna að ná einhverjum árangri í að komast út úr þeirri efnahagsóstjórn sem hér hefur ríkt á undanförnum árum, allt of lengi.

Herra forseti. Ég ítreka þá ósköp einfaldlega: Það er metnaðarmál og hlýtur að vera grundvallarregla, spurning um grundvallarsjónarmið fyrir þm., að stöðva þetta mál. Og af því að hv. þm. hafa komið upp með ákveðinn kattarþvott í málinu, kveinkað sér svolítið eins og t.d. hv. þingflokksformaður Framsfl. áðan og reyndar hv. þm. Pálmi Jónsson sem talaði um að það yrði að fara með varúð í þessu efni, vil ég biðja hann að skilgreina svolítið nánar þessa varúð sem hann var að mæla með. Hann mælir hér með samþykkt á heimildum til skattlagningar á bændur sem kalla á hækkun milli ára sem nemur mörgum hundruðum prósenta sem er úr öllu hófi samanborið við það sem tíðkast t.d. í sjávarútvegi. Hvar er varúð hv. þm. Pálma Jónssonar? Hvað telur hann raunverulega að sé hæfilegt? Hvernig stendur á því að hann stendur að slíkum málabúnaði eða treystir hann landbrh. Framsfl. svo gjörsamlega til þess að fara með skattlagningarvaldið að hann treysti því að varúðin verði látin stjórna þar, eða þekkir hann ekki annað af eigin reynd?

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, BÍG, EH, FÞ, GGS, HÁ, HBl, ÓE, PP, PJ, SV, StH, SJS, SvH, ÞP, ÞS, IG.

nei: EBS, GeirG, KMK, GHelg, JS, JBH, KP, KJóh. GHG, KH, ÓÞÞ, GHH, RH greiddu ekki atkv.

10 þm. (GSig, GB, GJG, GA, HG, KSK, MB, MÁM, StG, SvG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HÁ, HBl, MB, ÓE, PJ, StG, SV, StH, SJS, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GB, IG.

nei: JS, JBH, KP, KJóh, EBS, KMK, GSig, GHelg. KH, ÓÞÞ, GHH, RH, GHG, GA greiddu ekki atkv.

7 þm. (HG, KSK, MÁM, PP, SvG, GeirG, GJG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, GHH, StG, SV, StH, SJS, SvH, IG.

nei: GHelg, JS, JBH, KJóh. EBS, GHG, KMK, GA, KH, RH greiddu ekki atkv.

8 þm. (GeirG, GJG, HG, KP, KSK, MÁM, PP, SvG) fjarstaddir.

Veð, stjfrv. 302. mál (þskj. 555, n. 745). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 745 þar sem fjh.- og viðskn. mælir einróma með samþykkt frv. til laga um veð. Efni þess er það að setja megi eldisfisk að veði og gildi það sama um hann og sjávarafurðir og aðrar landbúnaðarafurðir. Þessu mælir fjh.- og viðskn. einróma með. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var hv. þm. Guðmundur Einarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv. 126. mál (þskj. 727). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um fjáröflun til vegagerðar en sem kunnugt er var með bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 20. sept. s.l., ákveðið að hækka þungaskatt og bensíngjald til þess að auka fjármagn til vegagerðar. Frv. var síðan lagt til staðfestingar fyrir hv. Ed. og hefur

verið afgreitt frá deildinni með nokkrum breytingum sem bæði eru efnislegar og tæknilegar en lúta að því að gera uppbyggingu laganna heilsteyptari og skýrari. Hinar tæknilegu breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., felast í stórum dráttum í því að ákvæði um þungaskattsskyld ökutæki sem nú er að finna í tveimur greinum, þ.e. í 5. og 7. gr., eru sameinuð í sérstaka grein, 5. gr., auk þess sem allur vafi er tekinn af um gjaldskyldu erlendra dísilbifreiða sé þeim ekið hérlendis. Það sama er að segja um gjalddaga skattsins eftir því í hvaða formi hann er greiddur. Ákvæði þar að lútandi er nú að finna í 8. og 10. gr. en eru nú sameinuð í sérstaka grein, 8. gr. Auk þess eru ákvæði um áætlanir skattsins, viðurlög og sektir sett í sérstaka grein en ákvæði þessi er nú að finna á víð og dreif í lögunum. Auk þess er gerð tilraun til þess að kveða skýrar á um framkvæmd einstakra atriða og færa tiltekin ákvæði milli greina þar sem þau verða talin eiga betur heima eðli sínu samkvæmt.

Að því er varðar hinar efnislegu breytingar kemur fram í 5. gr. gildandi laga að greiða skuli sama árgjald þungaskatts af öllum dísilbifreiðum sem eru léttari en 2000 kg að eigin þyngd. Í ár verður árgjaldið 46 016 kr., sbr. ákvæði bráðabirgðalaganna frá í haust þar að lútandi. Sé dísilbifreið þyngri en 2000 kg að eigin þyngd hækkar gjaldið um 2633 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem þyngdin er meiri en 2000 kg. Hins vegar ber að greiða kílómetragjald af öllum dísilbifreiðum sem eru 4 tonn eða meira að heildarþyngd, sbr. 7. gr. laganna.

Sala fólksbifreiða með dísilvél hefur aukist nokkuð hér á landi sem annars staðar síðustu ár. Ber þar margt til, svo sem ör þróun þessara véla, sparneytni þeirra og síðast en ekki síst verð á gasolíu sem hefur verið lægra en á bensíni. Því er margt sem mælir með aukinni notkun léttra dísilbifreiða. Í ljósi þessa er orðið aðkallandi að leiðrétta þann mismun sem felst í að heimta hlutfallslega mun hærri skatt af hverju kg bifreiða sem eru innan við 1000 kg að eigin þyngd. Fer þessi mismunur vaxandi eftir því sem bifreiðarnar eru léttari. Hún hefur m.a. leitt til þess að léttar dísilbifreiðar eru ekki samkeppnisfærar við bensínbifreiðar nema því aðeins að þær séu mjög mikið notaðar.

Að öðru leyti felst í breytingunum að tæmandi talning er nú í 5. gr. á þeim ökutækjum sem þungaskattsskyldar eru svo og í hvaða formi skatturinn skuli innheimtur og hve hár hann sé. Loks er lagt til að í B-lið þessarar greinar verði og kveðið á um afsláttarreglur varðandi kílómetragjald en það er nú að finna í 7. gr. þeirra. Í þessu efni er gerð tillaga að breytingum á gildandi reglum. Brtt. felur í sér rýmkun á þeim afsláttarheimildum sem nú eru í gildi varðandi kílómetragjald, varðandi akstur vöruflutningabifreiða, svo sem festi- og tengivagna. Skv. gildandi reglum er veittur 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem fellur til af akstri allra gjaldskyldra bíla á bilinu 25 000 km til 45 000 km á ári og 20% afsláttur á akstri umfram 45 000 km. Skv. breytingunum er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita 10% afslátt af akstri vörubifreiða, svo og festi- og tengivagna á bilinu 25 000–35 000 km á ári, 20% afslátt af akstri þessara ökutækja á bilinu 35 000–45 000 km á ári og allt að 50% afslátt vegna aksturs umfram það. Með þessu er stefnt að því að lækka skattinn verulega af þeim ökutækjum sem ekið er nokkuð mikið umfram það sem bifreiðum er ekið að meðaltali. Má í þessu sambandi einkum nefna vöruflutningabifreiðar á langleiðum, svo og malar- og vikurflutningabifreiðar. Telja verður að tillaga þessi sé réttlætanleg með tilliti til eðlis umræddra flutninga auk þess sem hún getur haft í för með sér hvatningu til betri nýtingar ökutækjanna. Reglum þessum er ekki ætlað að ná til fólksflutningabifreiða enda gilda sérreglur um þær, sbr. 3. mgr. B-liðs 5. gr. laganna.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara frekari orðum um efni frv. sem þegar hefur verið afgreitt frá hv. Ed. með breytingum og var upphaflega flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hér er til meðferðar gamall draugur, ef svo má að orði komast, sem orðið er nokkuð framorðið fyrir, frv. til l. um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, sem er afleiðing af brbl. sem hæstv. ríkisstj. setti í haust til að hækka skattheimtu á bíleigendur til að afla fjár í ríkiskassann.

Þessi skattheimta er að því leyti sérstök að á sama tíma og þessir skattar eru hækkaðir dragast framkvæmdir til vegamála saman. Það liggur fyrir, m.a. í svari samgrh. við fsp. Þórðar Skúlasonar alþm. um fjárframlög til vegagerðar, að hlutfall skatta á bensíni og annarra skatta á bílaeigendur, sem renna til vegagerðar, hefur nú farið lækkandi ár frá ári í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Af heildarsköttum á bensíni runnu t.d. 82 og 83% til vegamála á árunum 1983 og 1984 en einungis 78% á árinu 1985 og einungis 68% skv. fjárlögum fyrir líðandi ár.

Hér er farið inn á mjög vafasama braut að mínu mati, herra forseti. Það er ekkert sem réttlætir þessa auknu skattheimtu af bifreiðum og bensíni í ljósi þess að vaxandi hlutdeild af þessum sköttum á að renna beint í ríkiskassann og framlög til vegamála dragast saman á sama tíma.

Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni þann þátt þessarar skattheimtu sem er þungaskatturinn á stærri bifreiðar. Hæstv. fjmrh. vék að því hér að sá hluti þessa bifreiðaflota sem æki mest á hverju ári kæmi léttar út úr þessari skattheimtu eftir þessar breytingar og það kann rétt að vera. En ég vil jafnframt benda hæstv. fjmrh. á það að það er gjarnan sá hluti bílaflotans sem mest verkefni hefur og þar af leiðandi einnig mestar tekjur til að standa undir skattheimtu.

Ég held því fram, herra forseti, að skattheimtan á venjulegar 10 hjóla vörubifreiðar, sem gjarnan eru af leyfilegri hámarksþyngd, á bilinu 20–25 þús. kg, sé gengin úr öllu hófi og það sé í raun og veru enginn rekstrargrundvöllur orðinn fyrir þessar bifreiðar miðað við þá vinnu sem til fellur að öllu jöfnu.

Þegar greiddar eru frá 7–8 kr. og upp undir 10 kr. á hvern ekinn km hjá bifreið af þessari þyngd þarf orðið nokkuð til að skapa rekstrargrundvöll miðað við slíka skattheimtu. Ég held að þarna sé komið í óefni og það sé óhjákvæmilegt að endurskoða þessa fjáröflun m.a. með það í huga að færa þessa skattheimtu eitthvað til milli einstakra tegunda bifreiða og ég vil fullyrða að hún sé þarna gengin úr hófi.

Ég vil einnig koma þeirri skoðun minni á framfæri, herra forseti, að ég held að skynsamlegt væri að nota það tækifæri, sem nú er að myndast með lækkandi

bensínverði, til að ná auknum framlögum til vegagerðar. Ef sú þróun heldur áfram að næstu farmar af bensíni, sem keyptir verða til landsins, fáist á ódýrara og ódýrara verði er það mín skoðun að það svigrúm ætti að nota að hluta til til að auka fjárframlög til vegamála, t.d. til að auka framkvæmdir við bundið slitlag. Ég er sannfærður um að bifreiðaeigendur mundu sætta sig með glöðu geði við slíka skiptingu þess sparnaðar sem kæmi í kjölfarið á lækkandi bensínverði.

Það er einnig nauðsynlegt að láta neytendurna, þ.e. bifreiðaeigendurna, njóta þessa. Það gera þeir nú þegar að nokkru leyti og vonandi enn þá frekar í framtíðinni. En ég teldi skynsamlegt að verja hluta af þessum sparnaði með þessum hætti.

Það er ljóst að langtímaáætlun um vegagerð er í mikilli hættu. Henni hefur þegar verið raskað og haldi svo fram sem horfir er sú framkvæmdaröð og sá framkvæmdahraði, sem þar var settur niður, genginn allur úr skorðum. Ég vitna aftur í svar samgrh. við fsp. Þórðar Skúlasonar um fjárframlög til vegagerðar sem birt er á þskj. 512. Þar kemur m.a. fram hversu mikið vantar upp á að fjárveitingar yfirstandandi árs og síðustu ára séu í samræmi við það sem lagt var niður þegar langtímaáætlunin var samþykkt á sínum tíma. T.a.m. vantar á þessu ári um 710 millj. kr. til að sú áætlun standist.

Að síðustu vil ég vekja athygli á því, herra forseti, að það er nokkuð sérkennilegt að hæstv. fjmrh. þjóðarinnar skuli standa í því nú í aprílmánuði að mæla fyrir þessu frv. til staðfestingar á brbl., að vísu í síðari deild. En þar sem þetta frv. felur nú í sér aukna skattheimtu á bifreiðaeigendur, þ.e. þá sem eiga bifreiðar fyrir, þá er það í sérkennilegu samræmi við þær aðgerðir ríkisstj. frá síðustu vikum að lækka í stórum stíl álögur á hina sem ætla að kaupa sér nýjar bifreiðar.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, ef hæstv. fjmrh. vill hlýða á mál mitt, hvort ekki hafi komið til skoðunar í hans ráðuneyti að gera breytingar á þessum lögum í tengslum við aðrar þær ráðstafanir sem gerðar voru í kjölfar kjarasamninganna og vörðuðu skattheimtu á bifreiðaeigendur eða lækkun á gjöldum við kaup á nýjum bifreiðum. Ég hefði talið skynsamlegt að fara að hluta til með þær ráðstafanir inn í þetta frv. og breyta því a.m.k. hvað varðar þann tíma sem eftir stendur af þessu yfirstandandi ári.

Hæstv. fjmrh. verður greinilega ekkert flökurt þó að hann standi hér aftur og aftur og mæli fyrir auknum sköttum. Hann er reyndar að verða einn mesti skattakóngur sögunnar og er það nokkuð skemmtileg söguleg staðreynd að þessi fulltrúi frjálshyggjuaflanna, sem stundum hefur verið nefndur svo, í Sjálfstfl. skuli þurfa að leggja leið sína hingað upp í þennan virðulega ræðustól aftur og aftur og mæla fyrir stórauknum álögum, stórhækkuðum sköttum. Það má ekki á milli sjá hvort hann á fremur skilið sæmdarheitið flugvallaskattakóngur, kókuskattakóngur eða bensínskattakóngur því að á öllum þessum sviðum, og fleira mætti nefna, hefur hann gengið mjög vasklega fram og vasklegar en flestir forverar hans í því að hækka þessa skatta. En það er sérstaklega ámælisvert vegna þeirrar skiptingar á sköttum á bifreiðaeigendur og sköttum á bensín, sem viðgengist hefur á undanförnum árum, að hæstv. fjmrh. skuli á tímum samdráttar í vegaframkvæmdum mæla hér sérstaklega fyrir stóraukinni skattheimtu á bensín og bifreiðaeigendur.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta frv. kemur til afgreiðslu frá Ed. nú í aprílmánuði og er flutt, eins og menn rekur minni til, til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 20. sept. á s.l. hausti. Það gefur mér tilefni til að rifja upp að ef hér væru í gildi stjórnskipunarlög, sem voru hér til umræðu fyrir einum tveimur dögum, þá væru þessi brbl. nú þegar niður fallin. Þetta er enn eitt dæmið um heldur hvimleiða arfleifð frá öldinni sem leið um löggjafarvald ríkisstjórna. Ef þær tillögur sem ég nefndi áðan hefðu orðið að stjórnskipunarlögum gerðist það sjálfkrafa að það væri krafa um að efni brbl. væri kynnt fyrir fram í þingnefndum og í annan stað að hefðu þau ekki verið staðfest af meiri hluti Alþingis með formlegum hætti innan þriggja mánaða féllu þau niður. Þetta er að vísu formsatriði en engu að síður ástæða til að minna á það því að þetta er dæmi um tímaskekkju í störfum Alþingis.

Að öðru leyti vil ég aðeins nota tækifærið til að taka undir orð seinasta ræðumanns þegar hann vék að þessum tillöguflutningi og hins vegar ábyrgðarhlutverki fjmrh. gagnvart seinustu kjarasamningum. Þetta er að vísu gamalt mál en ég er engu að síður þeirrar skoðunar að hæstv. fjmrh. væri sæmst að taka þetta mál til baka og taka það til endurskoðunar í ljósi seinni atburða. Hann er helsti ábyrgðarmaður hæstv. ríkisstj. gagnvart því að reynt verði af hálfu ríkisvaldsins að standa við kjarasamninga og þau markmið sem þar voru sett. Þessi tillöguflutningur er í engu samræmi við það.

Í þessu samkomulagi, kjarasamningunum, var m.a. með umdeildum hætti farin sú leið að reyna að hafa áhrif til lækkunar á framfærsluvísitölu með verulegri niðurfærslu á tollum á bifreiðum. En um leið að flytja hér frv. sem felur í sér mjög íþyngjandi álagningu á notkun bifreiða, ekki síst flutningabíla, á sama tíma og skorin eru niður framlög til vegagerðar, þetta tvennt fer ekki saman. Ég árétta þess vegna fyrir hönd okkar jafnaðarmanna að við erum sömu skoðunar og fram kemur í nál. stjórnarandstöðunnar í Ed. Við erum andvígir þessari till. og leggjum því til að frv. verði felld.

Þá vil ég að lokum minna á nýlega dómsuppkvaðningu í máli sem einhver af aðilum Landfara, samtaka flutningabifreiðaeigenda, fékk upp kveðinn fyrir skömmu þar sem niðurstaðan varð sú að þessi innheimta á þungaskattinum stæðist ekki að lögum. Vegna formgalla, vegna þess að menn hefðu greitt þessa skatta fyrir löngu síðan án þess að hafa á fyrirvara um réttmæti þeirra, var ríkissjóður ekki dæmdur til endurgreiðslu þrátt fyrir þá niðurstöðu. Það er enn eitt dæmið um það hversu hæpna skattlagningu er hér verið að leggja til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 338. mál (þskj. 621). — Frh. 1. umr.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað leggja hér nokkur orð í belg um það mál sem nú er á dagskrá, þ.e. frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, en flm. þess er Ólafur

Þ. Þórðarson.

Flutningur þessa frv. til stjórnskipunarlaga er tilefni til þess að fara örfáum orðum um málið í heild og með sérstakri skírskotun þá til þeirrar endurskoðunar stjórnarskrárinnar sem nú stendur yfir og hefur staðið yfir undanfarin ár. Sú stjórnarskrárnefnd, sem Alþingi kaus á sínum tíma, situr enn að störfum, en það er full ástæða til að minnast þess í sambandi við störf hennar að því verki er mjög langt komið svo sem Alþingi ætlaðist tvímælalaust til þegar nefndin var fyrst sett á laggirnar með þál.

Í janúarmánuði 1983 skilaði stjórnarskrárnefnd, sem þá starfaði undir formennsku Gunnars Thoroddsens forsrh., tillögum sínum um endurskoðun stjórnarskrárinnar til þingflokkanna og hafði þá nokkru áður skilað tveimur álitum til þingflokkanna og þá ekki síst áliti um kjördæmaskipunina. Síðan gerist það að Gunnar Thoroddsen, formaður nefndarinnar og páv. forsrh., ber hér fram á þingi vorið 1983 frv. til stjórnskipunarlaga fyrir lýðveldið Ísland. Í því frv. var í öllum megindráttum byggt á þeim tillögum sem stjórnarskrárnefnd hafði náð samstöðu um og má segja að í flestum atriðum væri frv. Gunnars heitins Thoroddsens samhljóða þeim tillögum. Það frv. var af eðlilegum ástæðum ekki endurflutt af flm., páv. formanni nefndarinnar, sem féll frá nokkru seinna. En það er ástæða til að rekja þessa sögu hér vegna þessa frv. sem nú sér dagsins ljós.

Það er ljóst að frv. til stjórnarskipunarlaga, breytingar á stjórnarskránni, hefur ekki verið samþykkt nema á því þingi sem situr síðast fyrir kosningar. Það er einfaldlega vegna þess að í stjórnarskránni sjálfri er mælt svo fyrir að henni verði ekki breytt nema tillögur til breytinga á henni séu samþykktar í báðum deildum og beri þá þegar í stað að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga.

Því má segja að það sé eðlilegt að frá stjórnarskrárnefnd þeirri sem nú situr komi tillögur til breytinga á stjórnarskránni á næsta þingi, þ.e. á síðasta þingi fyrir kosningar, til fullnustu því ákvæði stjórnarskrárinnar sem ég nefndi. Það ber að vænta þess og vona að stjórnarskrárnefnd sú sem nú situr muni ljúka því endurskoðunarhlutverki, sem Alþingi fól henni, í síðasta lagi á næsta þingi, enda er það mál þegar mjög langt fram gengið eins og ég vék að.

Allir þingflokkarnir eiga fulltrúa í stjórnarskrárnefnd, þ.e. allir þeir þingflokkar sem þá voru þegar hún var skipuð auk þeirra flokka sem síðan hafa bæst við. En eins og álitið frá 1983 ber með sér er ekki ágreiningur milli fulltrúa þingflokkanna nema um tiltölulega mjög fáar greinar. Það ætti því ekki að vera óvinnandi verk að ná samstöðu á næsta þingi um endanlegar tillögur til breytinga á stjórnarskránni. Þegar hefur samstaða náðst um mikinn hluta þeirra, það má segja um þorra þeirra, eins og fram kemur í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá 1983.

Svo að ég víki að þessu frv. aðeins nokkrum orðum, herra forseti, sem hér liggur fyrir og prentað er á þskj. 621, þá kemur í ljós við skjótan yfirlestur þess, eins og rækilega var undirstrikað af hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni síðast þegar þetta mál var hér á dagskrá í deildinni fyrir tveimur dögum, að í mjög mörgum meginatriðum er frv. þetta samhljóða tillögum stjórnarskrárnefndar frá 1983 og frv. Gunnars heitins Thoroddsen um breytingar á stjórnarskrá Íslands, sem hann bar fram vorið 1983. Þar eru tekin upp mjög mörg nýmæli sem í þeim tillögum er að finna. Er það vel, þær tillögur horfa tvímælalaust til bóta og ber að fagna því að flm. þessa frv. og þeir sem að öðru leyti hafa að því staðið og undirbúið skyldu taka þá stefnu að taka upp þær tillögur sem ég nefndi.

Það má ekki síst í því efni minna á tillögur stjórnarskrárnefndar um aukningu á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, í öðru lagi tillögur stjórnarskrárnefndar um ný ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, en almenn ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur eru ekki í stjórnarskránni í dag. Stjórnarskrárnefnd taldi, og um það náðist full samstaða eins og um flest mannréttindaákvæðin, að full ástæða væri til að taka upp ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnarskránni, að vísu ekki bindandi, eins og hér er gert ráð fyrir, heldur ráðgefandi, en að Alþingi gæti ekki aðeins framkallað slíka þjóðaratkvæðagreiðslu heldur að tiltekinn fjöldi kjósenda, mikill minni hluti, gæti með undirskriftum valdið því að skylt væri að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram.

Í þriðja lagi má nefna að hér er tekin upp tillaga nefndarinnar um umboðsmann Alþingis, þ.e. ein grein um það mál, en miklu ítarlegra frv. um það, sem vitanlega þarf, hefur nýlega verið flutt hér á þingi. Þá má nefna að tillögur nefndarinnar í dómsmálum, um Hæstarétt og ríkissaksóknara er hér einnig að finna í þessu nýja frv. Allt er það því mjög til bóta sem upp úr þeim tillögum er tekið.

Hins vegar er því ekki að leyna að allmörg önnur atriði er hér að finna sem ljóst er að um muni verða deildar meiningar. Þar á ég fyrst og fremst við ákvæðin í 63.–65. gr. þessa frv. þar sem fjallað er um kjör Alþingis auk ákvæðanna í 29. og 30. gr., en þar er gert ráð fyrir því, ólíkt því sem var í tillögum stjórnarskrárnefndar, að Alþingi starfi í tveimur deildum, landinu sé skipt upp í fylki og til annarrar deildar Alþingis sé kosið með öðrum hætti en hinnar að því leyti til að þar sitji fulltrúar fylkjanna. Í Ed. sitji því 15 þm. sem skulu kosnir í fimm fylkjum sem hvert hafi þrjá þm. Hér er um grundvallarbreytingu á skipan Alþingis að ræða jafnframt því sem þm. fækkar og landinu er skipt skv. þessum tillögum í fimm fylki sem sveitarfélögin mynda.

Það er ljóst af umræðum þeim um frv. til nýrra stjórnskipunarlaga, sem fram hafa farið hér á þingi, að um þetta atriði eru mjög skiptar skoðanir og fylki hafa ekki hlotið hljómgrunn í því frv. né í meðferð málsins hér á þingi. Hins vegar er hér hreyft mjög athyglisverðum hugmyndum um efnahagslegt og stjórnmálalegt sjálfstæði héraðanna sem vert er að gefa gaum, ræða og athuga betur en gert hefur verið í þeim umræðum sem í vetur hafa átt sér stað um sveitarstjórnarlögin. Í 69. gr. er sérstaklega fjallað um þau grundvallaratriði sem liggja að baki þessari hugmynd. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Lýðveldið viðurkennir og styður sjálfstæði héraðanna. Það skal byggja gerðir sínar á almennri valddreifingu allrar stjórnsýslu og þjónustu sem ríkið veitir. Stefnumótun og setning löggjafar skal hafa að markmiði valddreifingu og sjálfsstjórn byggðanna."

Það er full ástæða til að taka undir þá hugmynd og þá stefnumótun sem kemur fram hér í 69. gr. þessa frv. Það er mikið nauðsynjamál að auka sjálfstæði héraðanna, efla og auka valddreifingu allrar stjórnsýslu og

þjónustu sem ríkið veitir. Sjálfsstjórn byggðanna, efnahagsleg og stjórnmálaleg, er mikilvægt atriði og það er full ástæða til að draga úr valdi höfuðborgarsvæðisins, sem stundum hefur verið nefnt svo, og auka sjálfsstjórn héraðanna hvort sem það verður gert með fylkjaskipan eða á annan hátt.

Um leið og ég vil lýsa fyllsta stuðningi við þetta stefnumið verður annað að fylgja hér í kjölfarið og raunar að haldast í hendur við slíka valddreifingu og breytingu. Ég hygg að það sé út af fyrir sig flm. þessa frv. ekki svo mjög á móti skapi, en það varðar ekki aðeins jafnvægi í byggð landsins, sem hér kemur fram og ég hef lýst, heldur jafnvægi atkvæðanna í landinu, þ.e. að vald kjósandans, vægi atkvæðis kjósandans, sé hið sama eða nánast það sama hvar sem hann býr á landinu. Við allar slíkar breytingar er þetta grundvallaratriði sem þarf að nást fram.

Við síðustu endurskoðun kosningalaganna og kjördæmaskipunarinnar, þ.e. við setningu núgildandi kosningalaga, var stigið stórt spor í þá átt að jafna vægi atkvæða án tillits til þess hvar kjósandinn býr á landinu. Það skref var í réttlætisátt vegna þess að nær fjórfaldur var mismunurinn áður en núgildandi kosningalög voru sett á þinginu 1983–84 eftir því hvar menn bjuggu á landinu. Slíkt var óþolandi og óverjandi misrétti og nokkur leiðrétting fékkst fram með núgildandi kosningalögum. En ég vil í þessu sambandi, um leið og tekið er undir nauðsyn aukinnar sjálfsstjórnar og sjálfstæðis héraðanna, leggja sérstaka áherslu á það að um frekari leiðréttingu verður hér að vera að ræða. Það verður að ganga hér skrefi lengra en gert var við síðustu breytingu á kosningalögunum.

Ef litið er á þau lagaákvæði sem nú eru í gildi kemur fram í fskj. með frv. til nýrra kosningalaga, sem flutt var af formönnum stjórnmálaflokkanna fjögurra á þinginu 1983 yfirlit yfir úthlutun þingsæta eftir kosningaúrslitum 1983 skv. ákvæðum frv. Þar kemur í ljós að vægi kjósenda, sem er vísitala fyrir fjölda kjósenda á kjörskrá að baki hverjum þm. kjördæmisins, er þannig að í fámennasta kjördæminu og því fjölmennasta er mismunurinn þrefaldur eða nákvæmlega 2,97. Það er munurinn á fjölda kjósenda að baki þm. í fjölmennustu kjördæmunum tveimur, Reykjavík og Reykjanesi, og fámennasta kjördæminu. Það er sem sagt þrefaldur mismunur í þessum efnum enn þá þrátt fyrir leiðréttinguna á þinginu 1983–84.

Hér er um mikið mannréttindamál að ræða sem er óhjákvæmilegt að ræða sem meginatriði þegar á dagskrá er frv. til stjórnskipunarlaga um nýja stjórnarskrá. Það er þetta misrétti sem þarf að leiðrétta. Það þarf að ganga hér miklu lengra í réttlætisátt, miklu lengra til jöfnunar kosningarréttarins. Þetta er atriði sem ekki er minnst á í þessu frv. en ég tel óhjákvæmilegt við slíkar umræður sem hér fara fram að vekja sérstaka athygli á. Hér er um grundvallaratriði að ræða og það er ekki hægt að ræða um endurskoðun stjórnarskrárinnar án þess að vekja á því sérstaka athygli. — [Fundarhlé.]

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að færa þeim þakkir sem hér hafa kvatt sér hljóðs og rætt þetta frv.

Ég vil byrja á því að undirstrika að 62. gr. þessara laga er ekki á neinn hátt hugsuð á þann veg að kjörnir fulltrúar til sveitarstjórna hafi einir rétt til framboðs til fylkisþinga. Það er að sjálfsögðu ekki hugsunin á bak við þessa grein. Hugsunin á bak við greinina er sú að ef sveitarfélög breyttu sínum landamærum með samkomulagi eftir að búið væri að samþykkja fylkisfyrirkomulag — tökum dæmi: Hafnarfjarðarkaupstaður fengi meira land en hann ætti í áttina að Suðurnesjum — þá yrði litið svo á að það land bættist við höfuðborgarfylkið en ekki að hluti af þeim sem væru íbúar í Hafnarfirði ættu að tilheyra Suðurlandsfylki og hluti að tilheyra Stór-Reykjavíkurfylkinu. Þetta vil ég að sé alveg skýrt þannig að svona atriði valdi engum óþarfa misskilningi.

Ég vil taka undir það að þetta mál er þverpólitískt. Það gengur á alla flokka. Og ég held að það sé einnig atriði sem þm. dreifbýlisins verða að gera sér grein fyrir og hv. 5. þm. Austurl. undirstrikaði, ef þeir ekki bera gæfu til þess að taka á þessu máli af raunsæi á þann hátt að setja inn þriðja stjórnsýslustigið og koma þjónustunni út á land, þá eru þeir í reynd að tryggja það að æskan verði flutt til Reykjavíkur ef hún leitar sér menntunar í æðri skólum.

Ég var um það spurður margsinnis, eða í það minnsta að því ýjað alloft, hver væri afstaða Framsfl. í þessu máli, hver væri afstaða þingflokks Framsfl. í þessu máli. Ég tel að ekki sé óeðlilegt að menn spyrji um þá hluti. Mér vitanlega hefur þingflokkur Framsfl. ekki tekið neina afstöðu í þessu máli. Ég ákvað af þeirri ástæðu sem ég gat um hér áðan, af þeirri ástæðu að málið er þverpólitískt, að taka um það ákvörðun að bera það hér fram án þess að ræða það í þingflokki Framsfl. Ég vil geta þess að formaður þingflokksins er eins og allir vita vitmaður sem þarf stundum að taka sér góðan tíma til að hugleiða mál og ég minnist þess að sú nefnd, sem ég var skipaður í fyrir hönd míns þingflokks og kölluð hefur verið byggðanefndin, undir forsæti Lárusar Jónssonar, ritaði þingflokki Framsfl. bréf fyrir rúmu ári síðan og formaður þingflokksins tók sér eins árs umhugsunarfrest áður en hann sneri sér að því verki að svara því bréfi. Ég taldi eðlilegt að hann hefði ótakmarkaðan tíma til að hugleiða þetta mál sem hér er á dagskrá, en ég taldi ekki eðlilegt að ég tæki þá áhættu að það lægi hjá honum til umhugsunar, e.t.v. í jafnlangan tíma og það erindi sem kom frá Lárusi Jónssyni.

Ég get einnig gagnspurt í þessu sambandi. Bæði hv. 5. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Reykv. töluðu mjög jákvætt um þriðja stjórnsýslustigið og ég fagna því. Mér er ekki ljóst hvort þeir hafa á bak við sig stuðning allra aðila í sínum þingflokki. Auðvitað væri það jákvætt fyrir málið ef það yrði upplýst hvort svo er. Ég vil aftur á móti fullyrða það að í röðum framsóknarmanna er verulegur skilningur á því og vaxandi að án þess að þriðja stjórnsýslustigið verði sett upp sé engin von á því að við náum jafnvægi í byggðaþróuninni.

Ég ætla þá að víkja að umræðunni um önnur efni þessa frv. Ég gat þess í minni framsögu hvaðan heimildir væru komnar fyrir þeim efnisatriðum sem hér eru. Vissulega er það rétt að hin endurskoðaða stjórnarskrá, og ég gat um það, er eitt grundvallarplaggið í þessu sambandi. Þeir sem unnu að samningi stjórnarskrárinnar höfðu aftur á móti ekki undir höndum ýmsar tillögur sem hafði verið hafnað hjá meiri hluta þessarar endurskoðunarnefndar en þeir aftur á móti tóku upp. Þannig að ég er sannfærður um það að hver sem les þetta frv. gerir sér grein fyrir því að gengið hefur verið mun meir í átt til vilja stjórnarandstöðunnar heldur en niðurstaða

hafði fengist um í stjórnarskrárnefndinni.

Ég vil einnig undirstrika að það eru ýmis atriði í þessu frv. sem eru komin úr stjórnarskrám annarra landa, sem stjórnarskrárnefndin hafði ekki tekið með í sinni umfjöllun. Hv. 2. þm. Reykn., sem ræddi þessi mál hér áðan, gat um að komið væri fram frv. til l. um ármann Alþingis. Það er satt og rétt. Það frv. kom fram eftir að þetta frv. hafði verið lagt fram og þó að það ákvæði sé hér í 93. gr., um ármann Alþingis, þá er ekkert nema gott um það að segja að sjálfsögðu að hitt frv. sé komið fram. Ég tel aftur á móti að svona atriði þurfi að vera staðfest í stjórnarskrá. Ég tel að það þurfi að vera staðfest í stjórnarskrá og ég vona að það sé ekki ágreiningur hjá stuðningsmönnum um slíka hluti.

Hv. 2. þm. Reykn. talaði um þau kosningalög sem nú eru í gildi og taldi að óhjákvæmilegt væri að draga þau inn í þessa umræðu. Ég vil ógjarnan draga þau mikið inn í þessa umræðu vegna þess að stjórnarskrármálið sem heild markar þar ákveðna stefnu en ágreiningsatriði í kosningalögunum seinustu voru á sínum tíma þaulrædd hér í deildinni. Hann talaði um að það væri þrefalt vægi atkvæða í þeim lögum. Ég lít svo á að það sé ekkert misvægi atkvæða í þeim lögum, aftur á móti hafi formenn stjórnmálaflokkanna orðið ásáttir um það að fela uppbótarþingsætin í kjördæmunum úti á landi. Þannig má segja sem svo að Vestfirðingar eru í þeirri stöðu að trúlega munu þeir sjálfir í reynd með eðlilegum leikreglum ekki ráða nema þremur þm. af fimm. Hinir verða raunverulega ekki kosnir af Vestfirðingum, svo að ég taki dæmi úr því kjördæmi. Þess vegna finnst mér það helst til mikil þráhyggja þegar stöðugt er klifað á því að atkvæðavægið sé þrefalt. Það má alltaf um það deila hvernig eigi að koma uppbótarþingsætum fyrir, en þessi aðferð sem var valin er á þann veg að dulbúa þau í kjördæmunum. En það er enginn sem segir að stjórnmálaflokkur þurfi að láta viðkomandi kjördæmi ákveða framboðslistann. Einn stjórnmálaflokkur sem bauð fram við seinustu kosningar lét kjördæmin alls ekkert hafa með þessi framboðsmál að gera. Listarnir voru samþykktir hér í Reyjavík fyrir öll kjördæmin, þannig að mér finnst að við hv. 2. þm. Reykn. ættum ekki að fara að karpa hér um þennan þátt málsins.

Ég vil svo aftur á móti undirstrika það að í þessu frv. er þjóðaratkvæðagreiðslan sett inn, sem tryggir jafnrétti allra Íslendinga náist ágreiningsmál ekki fram með öðrum hætti. En með því að kjósa á annan hátt til Ed. en Nd. skapar það það aðhald að ég trúi ekki öðru en að þingdeildirnar leggi mun meiri vinnu í það að sættast á mál og komast að friðsamlegri niðurstöðu um ágreiningsmál, sem ella yrðu afgreidd af fullri hörku í atkvæðagreiðslu á milli, ef menn teldu að áfrýjunin væri ekki til staðar. Þess vegna bind ég miklar vonir við það að menn beri gæfu til þess víðsýnis að átta sig á því að neitunarvaldið, sem sett er upp í þinginu með þessum hætti, er neitunarvald sem þjóðin getur tekið ákvörðun um og þingið er þá bundið af þeirri niðurstöðu.

Mér er það mikið alvörumál að ég tel að þm. verði að stuðla að því eftir öllum hugsanlegum leiðum að í þessu landi búi ein þjóð um ókomna framtíð. Og það er löggjafans að reyna að standa þannig að málum að tilraunir til að etja saman landsvæðum og hagsmunum beri ekki árangur. En því eins skapast jarðvegur fyrir friðsamleg samskipti að það sé viðurkennt sjónarmið sem kemur fram í 69. gr. þessa frv. og hv. 2. þm. Reykn. vakti sérstaklega athygli á. Með leyfi forseta vil ég lesa greinina:

„Lýðveldið viðurkennir og styður sjálfstæði héraðanna. Það skal byggja gerðir sínar á almennri valddreifingu allrar stjórnsýslu og þjónustu sem ríkið veitir. Stefnumótun og setning löggjafar skal hafa að markmiði valddreifingu og sjálfsstjórn byggðanna."

Við höfum lifað þá tíma í þessu landi að fámenn sveitarfélög hafa reiðst svo mjög aðgerðum á sínum heimaslóðum að þau hafa gripið til þess réttar sem þau hafa kallað nokkurs konar sjálfsvörn eins og menn kannast við í Laxárdeilunni. Auðvitað er það grundvallaratriði lýðræðis að menn ráði sem mestu í sínu nánasta umhverfi fram yfir þá íbúa sem búa víðs fjarri þeim í öðrum landshluta.

Ég tel að hv. 5. þm. Reykv. hafi að mörgu leyti með afgerandi hætti talað hér á þann veg að af því mætti ráða að þingflokkur Alþfl. sem heild hefði markað sér þá stefnu að hér skyldi vera þrískipt framkvæmdarvald. Það væri ákaflega jákvætt fyrir þessa umræðu alla, ef það fengist staðfest eða túlkað hvort Alþfl. lítur svo á að sú skipting, sem frv. gerir ráð fyrir, sé viðunandi í öllum aðalatriðum hvað hann snertir. Ég er sannfærður um að það er mikið gæfuleysi hjá þeim stjórnmálaflokkum sem bjóða fram í næstu kosningum ef þeir hafna þeim staðreyndum að ekki hefur tekist að tryggja jafnvægi í byggð landsins, hafna þeim og benda ekki á neinar leiðir sem þeir vilja fara til að leysa það mál. Þetta mál er þeim mun heitara vegna þess að kosningaaldur hefur verið lækkaður og æska þessa lands hefur í almennri skoðanakönnun lýst því yfir að hún vilji búa í þeim héruðum sem hún á rætur sínar í. Ef við ekki setjum upp þriðja stjórnsýslustigið tel ég að það sé tómt mál um það að tala, hún fær ekki þau atvinnutækifæri í þjónustu sem hún þarf að fá til þess að eiga nokkra möguleika á vinnu í þessum héruðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra, en endurtek þakkir mínar til þeirra aðila sem hér hafa talað í þessu máli.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna athugasemda sem fram komu snemma í ræðu hv. 5. þm. Vestf. í sambandi við stuðning innan þingflokka við þriðja stjórnsýslustigið. Það kom fram hjá hv. þm. að innan Framsfl. hafa þessi mál að engu leyti verið gerð upp. Og raunar hafði hann þau orð um formann þingflokks Framsfl. að þessu leyti að eðlilegt er að eftir þeim verði tekið þar sem hann hefði tekið sér heils árs umhugsunarfrest vegna erindis frá byggðanefnd þingflokkanna. Raunar kom ekki skýrt fram hvað síðan hefði gerst því að rösklega ár er liðið frá því að þetta erindi var sent. En þm. gat ekki um að málið hefði fengið neina umfjöllun í þingflokki Framsfl., þetta erindi frá byggðanefnd þingflokkanna, svoleiðis að það virðist sem hv. þm. standi nokkuð einn í sínum þingflokki með þá skoðun sem er einn kjarninn í því frv. sem hann ber hér fram. Annað fáum við ekki skilið af hans málflutningi.

Hitt er mér jafnkunnugt og honum hygg ég vera, eða a.m.k. er mér vel kunnugt um að meðal stuðningsmanna Framsfl., manna sem hafa verið stuðningsmenn Framsfl. víða um landið, m.a. á Austurlandi, er að finna ríkan stuðning við þau sjónarmið sem þarna koma fram um þriðja stjórnsýslustigið. Og mig undrar vissu-

lega hversu lítinn hljómgrunn þessi hugmynd hefur í þingflokki Framsfl. ef marka má þá algeru þögn, sem ríkt hefur um þetta efni þar, þrátt fyrir formleg tilmæli frá byggðanefnd þingflokkanna þar að lútandi.

Hvað snertir þingflokk Alþb. hef ég oftar en einu sinni gert grein fyrir því að fulltrúi þingflokksins í þessari byggðanefnd fékk jákvæðar undirtektir að meiri hluta til í þingflokki Alþb. varðandi hugmyndina um að hún yrði rædd og áfram um hana fjallað á þessum vettvangi og hygg ég að hv. nefndarmenn í þessari byggðanefnd kannist við það. Þar var vissulega ekki um að ræða að menn tækju formlega afstöðu til einstakra útfærsluþátta varðandi þriðja stjórnsýslustigið. Þar hafa menn ekki bundið sig að neinu leyti í þingflokki Alþb. um skiptingu í umdæmi eða héruð nema þær tillögur, sem ég hef staðið fyrir og fleiri undir tekið, að byggja þar að meginhluta til á núverandi kjördæmaskipan. Hitt hef ég heldur ekki farið neitt dult með og talið rétt að fram kæmi að það eru skiptar skoðanir innan Alþb. á þessum hugmyndum. Það eru skiptar skoðanir. Það eru til allákveðnir andstæðingar við hugmyndina um að efna til þriðja stjórnsýslustigs í landinu og þau sjónarmið hafa komið fram. Hins vegar hef ég tekið eftir því að hugmyndin á ríkan stuðning mjög víða einnig hér á þéttbýlissvæðinu og það í röðum sveitarstjórnarmanna hér á suðvesturhorni landsins sem hafa í mínum flokki tekið undir þessi sjónarmið. Ég vænti þess að frekari umræða á vettvangi míns flokks verði til þess að menn taki af skarið um þessi efni með jákvæðum hætti og sú umræða er í gangi á þeim vettvangi.

Hvað snertir viðhorf sjálfstæðismanna og þingflokks Sjálfstfl. til þessa frv. erum við nánast engu nær eftir að hafa hlýtt hér á mál hv. 2. þm. Reykn. nema að því leyti sem hann túlkaði sín viðhorf, en hann greindi ekkert frá því hvernig þetta mál stæði á vettvangi Sjálfstfl., ekki það ég heyrði. Ég held að ég hafi heyrt allan þann kafla ræðu hans, þar sem um þetta var fjallað, þannig að þar erum við enn í sömu óvissunni að þessu leyti. Ég heyrði að hv. þm. taldi hins vegar nauðsynlegt að skilyrða stuðning sinn við héraðaskipan í landinu við algera jöfnun kosningarréttar. Ég held að ég hafi skilið það rétt eða a.m.k. að þar hafi verið gengið mun lengra en gert var við breytingu kosningalaga nú nýverið. Þar eru vissulega skiptar skoðanir í öllum flokkum um það efni. Ég tel hins vegar að með þeirri breytingu sem þarna var lögfest jafnhliða því sem ákveðið var að fjölga þm. um þrjá, þá hafi verið gengið eins langt og nokkur sanngirni gat boðið, að mínu mati, með tilliti til annarra þátta í landinu sem hljóta að tengjast spurningunni um jöfnun atkvæðisréttar, jöfnun kosningarréttar í landinu. Og þar þótti mörgum sem til muna væri gengið of langt. Það var m.a. til að koma til móts við þau sjónarmið að ákveðið var að setja á laggirnar byggðanefnd þingflokkanna til að tryggja framgang fjölmargra réttlætismála varðandi landsbyggðina og hennar hag.

Ég bendi líka á að þó að vægi atkvæða í hinum einstöku kjördæmum landsins sé engan veginn jafnt eftir síðustu kosningalagabreytingu frekar en áður var, þá er með þeim reglum, sem þar voru lögfestar, gengið mjög langt í að tryggja jafnvægi milli flokka, jöfnun milli flokka, þannig að vægi atkvæða greitt einstökum flokkum endurspeglist í sætaskipan og fjölda kjörinna þm. til Alþingis. Það er þetta sem skiptir verulegu máli. Einnig liggur það fyrir í sambandi við jöfnun atkvæðisréttar milli kjördæma að þá var gengið í reynd lengra en upphafleg samþykkt gerði ráð fyrir, þ.e. að svipuð leiðrétting næðist, svo við notum það hugtak um þessa breytingu, og gerð var 1959 þegar breyting var gerð til jöfnunar á þessum þætti. Ég hygg að kosningalagabreytingin hafi skilað heldur meira til suðvesturhorns landsins heldur en gerðist með kosningalagabreytingunni 1959.

Ég ítreka að það er margt annað sem skiptir margföldu máli þegar litið er á þessi efni heldur en vægi atkvæða eitt sér í einstökum kjördæmum og það er einmitt um það efni sem við erum að ræða hér í sambandi við breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins. Til þess að tryggja valddreifingu og aukinn jöfnuð meðal þegnanna og að reyna að ná því markmiði að tryggja búsetu um allt land og bæta úr þeirri geigvænlegu röskun sem orðið hefur og við höfum verið að ræða í tengslum við þetta frv.

Herra forseti. Það stendur eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram að það eru núverandi stjórnarflokkar og þar á meðal stærsti flokkur landsins, Sjálfstfl., sem ekki hafa léð þessu máli stuðning, hugmyndinni um þriðja stjórnsýslustigið. Framsfl. að því er tekur til þingflokksins hefur ekki einu sinni fyrir að ræða þetta á sínum vettvangi. Og fyrir liggur að félmrh. flokksins í ríkisstj., sem nú gengur í salinn, hefur marglýst því yfir hér úr ræðustól að hann sé andvígur hugmyndinni um þriðja stjórnsýslustig. Þannig er alveg ljóst að gagnvart þessu er rík andstaða í núverandi stjórnarflokkum og greinilegt að það vantar mikið á að hjá valdastofnunum þessara flokka sé meiri hluti sem styðji þessa hugmynd, því miður. Þess vegna horfir ekki ýkja vel eins og mál liggja nú í þinginu og styrkur flokka. Þó að þetta sé engan veginn háð þingflokkum einvörðungu liggur fyrir að það vantar talsvert á að þetta mál hafi þann byr sem ég hefði kosið.

Ætla ég síðan ekki að orðlengja þetta frekar, herra forseti.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það frv. sem er hér til umræðu er fyrir margra hluta sakir mjög athyglisvert. Það kemur fram í grg. við frv. að þeir sem hafa samið það segja að þetta séu drög að stjórnarskipunarlögum. Það verður auðvitað að skoða þetta frv. í því ljósi.

Það er staðreynd að þeir sem búa úti á landsbyggðinni telja sig hafa aðra lífsmöguleika en þá sem búa á þessu svæði. Það sýnir sig í því að það eru stöðugir fólksflutningar utan af landsbyggðinni hingað til Suðvesturlandsins. Spurningin er sú: Hvaða ráð eru til þess að koma í veg fyrir þessa flutninga? Eitt af ráðunum sem þeir hafa sem hafa samið þetta frv. er að stofna fylki og koma málefnum landsbyggðarmanna meira í eigin hendur.

Spurningin er líka sú þar sem menn vita að það eru yfir 60% af gjaldeyri sem landsbyggðin aflar: Hvernig á að koma því svo fyrir að landsbyggðin njóti þess í ríkari mæli en nú er?

Ég ætla ekki að fullyrða neitt um hvaða leiðir kunna að vera til að rétta það misvægi sem almennt er talið að sé þarna og ég held að fari ekki á milli mála. Þess vegna finnst mér það vera lofsvert að þeir sem hafa samið þetta frv. og sá sem flutti það, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, skyldu flytja þetta fyrst og fremst til þess að þessi mál séu rædd í þjóðfélaginu og ekki síst hér á hv.

Alþingi.

Ég fyrir mitt leyti mundi vilja leita allra úrræða til að kanna með hvaða hætti væri hægt að rétta það sem nú er. Í frv. til stjórnarskipunarlaga, sem var flutt á 105. löggjafarþingi og formenn stjórnmálaflokkanna stóðu að, stendur þetta m.a. í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. að leggja fram með frv. þessu sem sérprentað fskj. skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem er dags. í Reykjavík 1983. Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi því að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M.a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra.

Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst."

Hefur þetta verið gert? Bólar eitthvað á því að þetta hafi verið gert? Er ekki sú umræða sem fer nú fram úti á landsbyggðinni einmitt andsvar vegna þess að það bólar ekkert á þessu og er það ekki líka gleggst merki um þann fólksstraum sem hingað leitar?

Ég held að hv. alþm. verði að velta því fyrir sér hvernig á að bregðast við þessu. Sé eina leiðin, sem menn koma auga á, sú tilhögun sem er í þessu frv. er sjálfsagt að verða við því. Ég segi þetta ekki síst vegna þess að hv. 5. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Reykv. þráspurðu um hver afstaða þm. Framsfl. væri í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti er tilbúinn að ræða við aðra flokka og aðra menn hvar í flokki sem þeir standa um úrræði til að snúa þessari þróun við. Ég endurtek að ég fullyrði alls ekki að þetta sé eina úrræðið, en reynist það vera eina úrræðið verður að nota það.

Það er margt sem væri hægt að segja um þessi mál og ég verð að segja að ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar frv. sem ég var að vitna í var til umræðu. Þá fluttum við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson brtt. sem var þannig:

„Á eftir 3. gr. komi ný grein svohljóðandi:

77. gr. orðist svo:

Skattamálum skal skipað með lögum. Við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skal gætt jafnræðis þegnanna þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum."

Þessi tillaga hlaut ekki náð fyrir augum hv. alþm. Hana hlaut bara yfirlýsingin í grg. sem hefur reynst hjóm, markleysa. Það sýnir þróunin að hún hefur reynst markleysa. Og ég verð, þó að það séu hér fáir þm. inni, að aðvara þingheim. Ef ekki verður staðið við þá yfirlýsingu sem gerð var af formönnum stjórnmálaflokkanna á 105. löggjafarsamkomunni riðlast fylkingar. Þá grípa menn til þess að reyna að ná rétti sínum eftir öðrum leiðum. Það er ljóst og það hefur verið ljóst í fleiri ár.

Sumir tala eins og það sé eitthvað nýtt að menn eru að tala um fylki og fylkjaskipan og meiri sjálfsstjórn héraðanna. Þetta er ekki nýtt. Þetta hefur gerst hvað eftir annað. Það voru einmitt þm. Framsfl. í núverandi kjördæmi Norðurlands eystra sem voru merkisberar fyrir þeim hugmyndum á þeirri tíð. En það náðist ekki nein samstaða um slíkt. (**Gripið fram í:** Var það Jónas?) Það var Karl Kristjánsson og það var Gísli Guðmundsson svo að ég nefni þar nöfn.

Ég ætla ekki fara að halda langa ræðu hér. Það er búið að fara nokkuð ofan í þetta frv. og skýra það af fleiri en flm. En ég endurtek að menn verða að velta því fyrir sér í alvöru hvort menn vilja og ætla sér að láta þessa þróun halda áfram. Menn verða að vera með opin augu fyrir því að yfir 60% af gjaldeyri þjóðarinnar verða til utan við þetta þéttbýlissvæði. Það kemur líka niður á þeim sem hér búa ef það verður mikil byggðaröskun. Menn verða að gera það upp við sig hvort þeir vilja taka á þessum málum með einhverjum hætti eða afleiðingarnar hljóta að verða uppstokkun í öllum stjórnmálaflokkum ef þetta næst ekki fram.

Ég treysti því að þau orð sem voru látin falla hér af hv. 5. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Reykv. séu annað en skrum og ég fagna því að hv. þm. Gunnar Schram ræddi þessi mál af skilningi þó að hann væri kannske með einhverjar efasemdir, eins og ég er í sjálfu sér, um hvort þetta er eina leiðin til að ná því fram sem verður að nást fram ef ekki á illa að fara.

Ég vil endurtaka að mér finnst að þeir sem hafa áhyggjur af þeirri þróun sem hefur orðið verði að ræða saman um úrræði. Og það gefst tími til þess ef menn vilja.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e, en hann vék í sínu máli sérstaklega að fylkjaskipan og þeim tillögum sem fram koma í fyrirliggjandi frv. til nýrra stjórnskipunarlaga um skiptingu landsins upp í fimm fylki. Það er grundvallarhugsun og nýmæli í því frv., sú fylkjaskipan sem hér hefur verið til umræðu í deildinni í dag. Eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson nefndi telja margir, án þess þó að hann hafi viljað um það fullyrða og það vil ég ekki heldur, að með fylkjaskipan verði unnt að snúa við þeirri óheillaþróun sem við höfum horft upp á síðustu árin, þ.e. fólksflóttann úr dreifbýinu til höfuðborgarsvæðisins hér við Faxaflóa. Fylkjaskipan mundi efla efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði landshlutanna og vera þess vegna mjög af hinu góða. Ef svo er held ég að allir sem hér eru inni mundu geta skrifað undir að þá væri slíkt stjórnskipulag landsins æskilegt og af hinu góða.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að nefna að menn eru engu að síður mjög í vafa um þetta atriði og er ég þó síst að mæla því í mót að hér kunni að reynast lykillinn að úrbótum á þessu sviði. En við höfum nýlega rætt hér í deildinni um frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga. Það mál á sér langa sögu og er reyndar allmikið deilumál. Á síðustu árum hafa samtök sveitarstjórnarmanna um land allt fjallað um efnisatriði þessa frv. Það er athyglisvert að samtök sveitarstjórnarmanna hafa ekki lagt til að upp yrði tekin fylkjaskipan, að upp yrði tekið þriðja stjórnsýslustigið í mynd fylkjaskipunar. Nú er þarna þó um að ræða oddvita sveitarstjórna um land allt. Sumir þeirra einstaklinga eru ugglaust miklir fylgismenn fylkjaskipunarinnar, en samkundur þeirra og þing hafa

ekki ályktað um að það beri að fara þessa leið.

Ég er algerlega andvígur því að Alþingi eigi hlut að því að reyna að þröngva upp á íbúa landsins, og þó allra helst upp á íbúa dreifbýlisins, einhverri þeirri stjórnskipan eða stjórnsýslufyrirkomulagi sem fólkið í landinu, og í þessu tilviki hinum dreifðu byggðum, telur ekki æskilegt eða af hinu góða. Það er af þessum sökum sem ég set spurningarmerki við fylkisákvæðin í þessu frv. til nýrra stjórnskipunarlaga. Ég hef sjálfur talið að hér gæti verið um mjög merka og gagnlega leið að ræða og ég er enn þeirrar skoðunar að fylkjaskipan mundi efla bæði efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði landshlutanna. En til þess að svo verði er það grundvallarforsendan að óskir um það komi frá íbúum landsins, þ.e. íbúum hinna dreifðu byggða í þessu tilviki. Meðan sú forsenda liggur ekki fyrir held ég að Alþingi verði að fara sér mjög hægt í þeim efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umboðsmaður Alþingis, frv. 384. mál (þskj. 704). — 1. umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um umboðsmann Alþingis og eru meðflm. mínir þeir Pétur Sigurðsson, Ellert B. Schram og Friðrik Sophusson, þingmenn Sjálfstfl.

Hér er um mannréttindamál og mikið réttaröryggismál að ræða.

Það er eðlilegt að hér sé gerð nokkur grein fyrir því hví þetta frv. er hér fram lagt. Með því er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaðurinn, ef það embætti verður sett á laggirnar, mun hafa það hlutverk að styðja menn til þess að ná rétti sínum í skiptum við stjórnvöld, koma í veg fyrir að menn séu beittir rangindum af hálfu opinberra aðila og stuðla þannig að bættri opinberri stjórnsýslu í landinu. Það er af þessum sökum, herra forseti, sem ég hef lagt áherslu á það í upphafi máls míns að hér er um mikið réttaröryggisatriði að ræða og mannréttindamál, ekki síst fyrir hinn óbreytta borgara eins og hann er stundum nefndur eða litla manninn í þjóðfélaginu, sem oft og tíðum telur að hann eigi við ofurefli að etja þegar hann þarf að eiga samskipti við stjórnsýslu landsins eða leita til hennar um einhvers konar erindisrekstur.

Í seinni tíð hefur mönnum orðum ljóst að með aukinni stjórnsýslu og viðameira framkvæmdavaldi í nútímaþjóðfélagi þyrfti að tryggja betur en áður að réttur væri ekki brotinn á einstaklingum, að rangindum verði ekki beitt við málsmeðferð hjá stjórnvöldum landsins þótt þau séu ekki beinlínis lögbrot og að löggjafarvaldið geti haft nánara eftirlit með því að lögum sé fylgt. Á þetta síðasta atriði hefur iðulega verið minnst í þingsölum, að mjög skorti á að Alþingi hafi tækifæri til þess að fylgjast nægilega með því hvernig þeim lögum er framfylgt sem Alþingi hefur eytt einhverjum tíma og fyrirhöfn í að setja.

Með því að koma á laggirnar embætti umboðsmanns Alþingis gefst tækifæri fyrir slíkan mann og slíkt embætti að kanna, kynna sér og fylgjast með hvort sú löggjöf er framkvæmd, þegar út í þjóðfélagið kemur, þegar framkvæmdavaldshafarnir taka við, á þann hátt sem Alþingi ætlaðist til þegar það setti lögin, ekki aðeins hvort andi laganna er framkvæmdur heldur einnig hvort efni þeirra og formi er framfylgt svo sem efni stóðu til.

Full ástæða er því til að leggja áherslu á síðasta atriðið sem ég nefndi, að Alþingi hefði tækifæri og kosti til að hafa meira og betra eftirlit með framkvæmd laga. Alþingi hlýtur að láta sig það miklu skipta að sú löggjöf sem hér er sett nái tilgangi sínum. Því eftirlitshlutverki getur Alþingi í dag að vísu gegnt með skipun rannsóknanefnda að nokkru leyti, fsp. til ráðherra, óskum um skýrslur þeirra um einstök mál og umræðum utan dagskrár. Um þessi atriði hafa verið sett ný og bætt þingsköp á síðasta ári.

Það er hins vegar ljóst að æskilegt er að gera slíkt eftirlit virkara og sterkara og það er einmitt að því sem stefnt er með þessu frv. um umboðsmann Alþingis. Slíkur fulltrúi þingsins mun lögum samkvæmt hafa vald til þess að kanna, bæði að eigin frumkvæði og eftir beiðni, hvort eftir lögum hefur verið farið í einstökum tilvikum og þeim framfylgt af hálfu stjórnvalda svo sem til er ætlast. Ljóst er þó að jafnan geta menn leitað til dómstóla landsins ef þeir telja að um bein lögbrot sé að ræða af hálfu stjórnvalda eða einhverra annarra í málum sem þeir eiga aðild að. En oft getur verið um að ræða framkvæmd löggjafar sem ekki er á þá lund sem löggjafinn hefur til ætlast án þess að um bein lögbrot sé að ræða. Þegar svo stendur á getur umboðsmaður Alþingis komið til skjalanna, rannsakað málið og gefið Alþingi skýrslu um það. Á þann hátt getur þingið betur en nú haft eftirlit með lagaframkvæmd í landinu.

Hitt atriðið, herra forseti, er ekki síður mikilvægt, en það snýr beint að réttaröryggi borgaranna í viðskiptum þeirra við stjórnvöld landsins. Varnaglar réttar- og stjórnkerfisins til tryggingar góðri stjórnsýslu voru flestir slegnir þegar fyrirferð almannavaldsins var ólíkt minni en nú gerist. Við getum þó allir verið sammála um að gera verður allt sem unnt er til að tryggja réttarstöðu þegnanna sem best gagnvart stjórnvöldum.

Mistök eru oft förunautar athafna. Gildir þar einu hverjar þær eru og hver á í hlut. Opinbera sýslunarmenn henda mistök eins og aðra og þótt vandað sé til tekst val þeirra misvel, eins og vikið er að í grg. þessa frv.

Réttaröryggi þegnanna í þjóðfélaginu er vissulega hætta búin af auknu valdi og sýslu opinberra starfsmanna. Þegar mál manna eru komin í hendur annarra er hætt við að umhyggjan verði ekki söm og áður. Starf umboðsmanna erlendis, og það embætti hefur víða um lönd verið sett á laggirnar, sinnir löngum lista alls kyns kvartana og ásakana á hendur opinberum starfsmönnum og stjórnarvöldum. Kvartanirnar beinast gegn mistökum eða vanrækslu, einföldustu pennaglöpum, yfirsjónum, skeytingarleysi, ófullnægjandi könnun máls, ósanngirni, skorti á nærgætni, seinagangi, töfum, hlutdrægni, mannamun, vanrækslu við að gera viðvart, skilningsleysi, handahófi, gerræði, hroka, sleifarlagi, röngum og ófullnægjandi forsendum ákvörðunar, lögbrotum, misnotkun valds og hvers konar ranglæti. Þessi listi er langur, en það er mannlegt að skjátlast.

Með því að setja á stofn embætti umboðsmanns Alþingis skapar þingið einstaklingunum, borgurunum tækifæri til að leita réttar síns með skjótum og áhrifaríkum hætti í málum sem heyra ekki beinlínis undir dómstólana. Er með því tvímælalaust komið til móts við

vaxandi óskir almennings um aukið aðhald að stjórnarvöldum.

Umboðsmaðurinn er embættismaður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnvöldum og sýslunarmönnum frá fólki sem þykir misgert við sig. Hann rannsakar þessar kvartanir og kærur og ef þær teljast á rökum reistar gerir hann tillögur um á hvern hátt menn skuli fá leiðréttingu mála sinna. Hvílir þá sú skylda á stjórnvöldum að taka mál að nýju upp til athugunar og þá jafnvel úrskurðar í ljósi niðurstöðu rannsóknar umboðsmannsins. Á þennan hátt er stuðlað að auknu réttaröryggi þegnanna í þjóðfélaginu, mannréttindi þeirra betur tryggð en nú er og stjórnsýslan jafnframt gerð réttlátari og virkari. Með því er í raun grundvöllur lýðræðislegra stjórnarhátta treystur og betur búið að rétti einstaklingsins í þjóðfélaginu sem hér er tvímælalaust kjarni málsins.

Í mörgum nágrannalanda okkar er talið að fenginni reynslu að embætti umboðsmanns sé mikilvægur þáttur réttarríkisins þar sem jafnt yfirvöld sem þegnar verða að fara að lögum og grundvallarmannréttindi eru virt. Til að tryggja sjálfstæði umboðsmannsins sem best gagnvart stjórnvöldum er víða hafður sá háttur á að umboðsmaðurinn starfar á vegum þjóðþingsins og sem trúnaðarmaður þess og það er einmitt á þá lund sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að umboðsmaður Alþingis starfi.

Síðustu tvo áratugina hefur embætti umboðsmanns verið til umræðu í sölum Alþingis en enn ekki verið sett nein löggjöf um það. Sérstök ástæða er til að minna í þessu sambandi á tillögur stjórnarskrárnefndar Alþingis, en í skýrslu nefndarinnar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem send var þingflokkunum í janúar 1983, er lagt til að í stjórnarskránni verði embætti umboðsmanns Alþingis lögbundið. Er umboðsmanni þar kosin hin forna nafngift „ármaður". Lagði nefndin til að eftirfarandi grein bættist við stjórnarskrána, með leyfi forseta:

„Alþingi kýs fulltrúa sem nefnist ármaður. Er hlutverk hans að gæta þess að stjórnsýsluyfirvöld skerði ekki rétt manna í störfum sínum og skal nánar um það fjallað í lögum. Sérhver sá sem telur á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda getur leitað til ármanns með erindi sitt."

Um þessa tillögu voru fulltrúar allra flokka í nefndinni sammála og fylgdi henni eftirfarandi skýring, með leyfi forseta:

„Grein þessi er nýmæli. Er tilgangur ákvæðisins að auðvelda mönnum að fá leiðréttingu mála sinna ef þeir telja á rétt sinn gengið af hálfu þeirra yfirvalda sem getið er í greininni. Ápekk ákvæði eru í stjórnarskrám ýmissa landa og eru þau talin hafa gefið góða raun."

Þessi tillaga var tekin óbreytt upp í frv. það til nýrra stjórnskipunarlaga sem formaður nefndarinnar, Gunnar Thoroddsen þáv. forsrh., lagði fram á þinginu vorið 1983.

Tillögur um að löggjöf verði sett um umboðsmann Alþingis eiga sér þó mun lengri aldur. Árið 1972 var samþykkt þáltill. Péturs Sigurðssonar um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis. Hafði áður verið flutt till. um sama efni af Kristjáni Thorlacius, varaþm. Framsfl., og fleiri þm. á þinginu 1966–1967. Á þinginu 1972–1973 var lagt fram stjfrv. um málið, en það hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Á þinginu 1976-1977 fluttu Pétur Sigurðsson og Sverrir Hermannsson frv. um umboðsmann Alþingis, en það varð ekki útrætt. Og á sama þingi flutti Benedikt Gröndal, þm. Alþfl., frv. um umboðsnefnd Alþingis. Það frv. var í öllum meginatriðum byggt á fyrrnefndu stjfrv. og nánast eini munurinn sá að í stað umboðsmanns skyldi kosin umboðsnefnd sem yrði ein af fastanefndum þingsins. Það síðasta sem í þessu máli hefur gerst er að á þinginu 1978 lögðu þeir Ellert B. Schram og Friðrik Sophusson fram þáltill. þar sem skorað var á ríkisstj. að leggja fram frv. um umboðsmann Alþingis.

Það frv. sem hér er flutt er samhljóða því frv. um umboðsmann Alþingis sem lagt var fyrir þingið árið 1973 en ekki útrætt. Með því fylgir þó að sjálfsögðu ný grg. og jafnframt fylgir ítarleg grg. um embætti umboðsmanns í öðrum löndum m.a., en þetta starf hefur fyrir löngu verið stofnað á öllum Norðurlöndunum og víða annars staðar um heim. Þá grg. hefur Sigurður Gizurarson sýslumaður og bæjarfógeti samið.

Ég læt, herra forseti, þessi inngangsorð nægja um það frv. sem hér liggur fyrir og rek ekki einstakar greinar þess sérstaklega, en legg til að að loknum umræðum um það hér í Nd. verði því vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 397. mál (þskj. 732). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þetta frv. er mjög einfalt, skýrt. Efni þess er að ef fiskiskip eru smíðuð hér á landi skuli lán úr Fiskveiðasjóði til þeirra nema allt að 75% kostnaðar eða matsverðs. Jafnframt er kveðið á um að lán til skipa sem smíðuð eru erlendis skuli vera a.m.k. 15% lægri þannig að ef lán til skipa sem smíðuð eru erlendis eru 60% kostnaðarverðs eða matsverðs, þá sé skuldbindandi lán til skipasmíða hér á landi 75%.

Ástæðan fyrir því að frv. er flutt er sú að í lögum Fiskveiðasjóðs nú er gert ráð fyrir því að þessi munur sé að vísu nokkru minni. Þar er gert ráð fyrir því að lán til skipa smíðaðra erlendis sé 66,5%, en lán til skipa smíðaðra hér á landi allt að 75%. Með reglugerð sem hæstv. sjútvrh. setti fyrir skömmu er þessi munur minnkaður niður í 5%. Þar er gert ráð fyrir því að lána allt að 60% til skipa smíðaðra erlendis, en 65% til skipa smíðaðra hér á landi. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi með þessari reglugerð þrengt kosti íslensks skipasmíðaiðnaðar meira en hægt er að sitja undir og tel óhjákvæmilegt að löggjafinn grípi inn í og taki af skarið um að við ætlumst til þess að Fiskveiðasjóður, stofnlánasjóður sjávarútvegsins, veiti hærri stofnlán til þeirra skipa sem smíðuð eru hér á landi. Þetta er líka í samræmi við yfirlýstar samþykktir frá Alþingi sem ég þarf ekki að rekja.

Ég vil þessu til rökstuðnings aðeins minna á að sú mikla verkþekking sem nú er í skipasmíðaiðnaðinum mun mjög fljótlega týnast eða hverfa ef langur dráttur verður á skipasmíðunum. Það er þegar komið í ljós að ýmsar skipasmíðastöðvanna standa höllum fæti vegna verkefnaskorts og vegna þess að þeim hefur ekki verið tryggður viðunandi starfsgrundvöllur sem skyldi. Á

sama tíma blasir við að erlendar skipasmíðastöðvar njóta opinberra styrkja leynt og ljóst. Það er lítil gamansaga að þegar stjórnmálamenn í Nova Scotia fréttu að það ætti að fara með skuttogara hingað til Íslands, til Akureyrar, til þess að lengja þá og kassavæða, hófu þeir atkvæðasókn fyrir því að settur yrði 20% verndartollur á þessar viðgerðir í Kanada til að mæta þeim niðurgreiðslum sem íslenskur skipasmíðaiðnaður hér á landi nyti sem að sjálfsögðu eru engar. En það sýnir hvernig menn í öðrum löndum meta þessa hluti. Þeir eru ófeimnir við að setja á verndartolla til að verja sinn iðnað.

Ég vil að það komi fram að talsmenn skipasmíðaiðnaðarins hafa ekki farið fram á að þeir fái vernd með þeim hætti að sérstakur verndartollur verði settur á skip smíðuð erlendis þó að fyrir liggi og vitað sé að skipasmíðar þar séu niðurgreiddar, njóta opinberra styrkja. Það er ekki verið að tala um það í þessu frv. Það er eingöngu verið að tala um að stofnlán Fiskveiðasjóðs séu eilítið hærri vegna fiskiskipa smíðaðra hér á landi til þess að rétta hlut skipasmíðastöðvanna eilítið með þessum hætti og hjálpa þeim í hinni miskunnarlausu samkeppni sem þær eiga í. Ég þarf ekki að segja þingheimi hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir skipastólinn, fyrir kostnaðinn við rekstur fiskiskipa hér á landi ef skipasmíðaiðnaðurinn legðist niður eða yrði fyrir verulegum áföllum. Þá mundi allt viðhald og viðgerðir fiskiskipa stórlega hækka með mjög alvarlegu tjóni fyrir þjóðfélagið í heild.

Að síðustu vil ég aðeins minna á að fyrirsjáanlegt er að hefjast verður handa um endurnýjun fiskiskipastólsins. Það liggur þegar fyrir að fara þarf út í mjög fjárfrekar endurbætur á stórum hluta togaraflotans, það er talað um tölur eins og 100 millj. og jafnvel hærri tölur, jafnvel allt upp í 130 millj. í sambandi við þær endurbætur, og önnur skip eru að úreldast þannig að það er að koma að því að opna verður fyrir það að leyfa skipasmíðar á nýjan leik.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. Málefni Fiskveiðasjóðs voru í þeirri nefnd á síðasta Alþingi og ég tel eðlilegt að svo verði áfram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 72. fundur.

Fimmtudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Andrés Eyjólfsson fyrrum alþm. og bóndi í Síðumúla í Hvítársíðu andaðist í gær í sjúkrahúsinu á Akranesi í hárri elli. Hann náði hæstum aldri þeirra manna, sem setið hafa á Alþingi, skorti 7 vikur í tírætt.

Andrés Eyjólfsson var fæddur á Kirkjubóli í Hvítársíðu 27. maí 1886. Foreldrar hans voru Eyjólfur bóndi þar Andrésson bónda í Núpstúni í Hrunamannahreppi, síðar í Syðra-Langholti Magnússonar og konu hans, Guðrúnar Brynjólfsdóttur bónda og hreppstjóra að Selalæk á Rangárvöllum Stefánssonar. Hann lauk búfræðiprófi frá Hvanneyri vorið 1911 og var í vinnumennsku til 1912 er hann hóf búskap í Síðumúla. Þar var hann bóndi til 1957, átti þar síðan heimili til æviloka.

Andrés í Síðumúla gegndi margs konar trúnaðarstörfum jafnframt búskap. Hann var hreppsnefndarmaður frá 1913 og oddviti hreppsnefndar 1925–1966, í sóknarnefnd Síðumúlasóknar 1912–1967, lengst af formaður. Hann var í skólanefnd Hvítárbakkaskóla 1920–1931, formaður skólanefndar Reykholtsskóla 1930–1962 og í byggingarnefnd barnaskóla Mýrasýslu að Varmalandi 1951–1954. Hann var stöðvarstjóri Landssíma Íslands í Síðumúla 1921–1965. Formaður eftirlitsnefndar opinberra sjóða var hann 1935–1959 og átti sæti í nefnd við samningu frv. um eyðingu refa og minka 1956. Hann var þingskrifari á Alþingi 1921–1924 og 1928–1935 og skjalavörður Alþingis 1935–1951. Sumarið 1951 var hann í kjöri fyrir Framsóknarflokkinn í aukakosningum til Alþingis í Mýrasýslu. Hlaut hann kosningu og sat á Alþingi til 1956, á fimm þingum alls.

Andrés Eyjólfsson átti heimili í Hvítársíðu ævilangt, bjó lengi stórbúi í Síðumúla, en gaf þó kost á sér til tímafrekra starfa innan héraðs og utan, svo sem æviferill hans, sem hér hefur verið rakinn, sýnir ljóslega. Hann var höfðingi í héraði og rækti með vandvirkni og gjörhygli hvert það starf sem honum var falið. Innan veggja þessa húss starfaði hann vel og lengi, lengst sem skjalavörður, en lauk störfum sínum hér með setu í þingsölum fram til sjötugs. Var hann þá öllum málum hér gjörkunnugur og því vel búinn undir þingmannsstörf.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Andrésar Eyjólfssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Alþjóðahugverkastofnunin, stjtill. 322. mál (þskj. 595). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa, stjtill. 382. mál (þskj. 699). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þáltill. 385. mál (þskj. 706). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Tæknimat, þáltill. 386. mál (þskj. 707). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Innflutningur búfjár, þáltill. 398. mál (þskj. 736). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Þúsund ára afmæli kristnitökunnar, þáltill. 395. mál (þskj. 726). — Fyrri umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Samkvæmt till. þeirri til þál. sem hér er til umræðu er lagt til að forsetum Alþingis sé falið að vinna að athugun á því með hvaða hætti verði af hálfu Alþingis minnst þúsund ára afmælis kristnitökunnar.

Þessi till. er flutt af sérstæðu tilefni og málatilbúnaður með sérstökum hætti. Till. er flutt af forsetum Alþingis og formönnum allra þingflokka. Með þessu er lögð áhersla á að efni tillögunnar eigi að vera samkomulagsmál og hafið yfir allan ágreining milli þingflokka. Ekki orkar tvímælis að tilefnið er sérstætt. Ber þar hvort tveggja til gildi kristinnar trúar og hvernig kristnitökuna bar að.

Við sjáum fyrir okkur atburðarásina á Alþingi á kristnitökuárinu. Heiðnir og kristnir menn sögðu sig úr lögum hvorir við aðra. Menn vígbjuggust og við lá að fylkingum lysti saman. Minni hlutinn bauð meiri hlutanum birginn. Kristnir menn kusu sér lögsögumann. Þá skeður það sem er með ólíkindum. Lögsögumaður þeirra, friðsemdarmaðurinn Síðu-Hallur, fær hlutverk sitt í hendur lögsögumanni þingsins, Þorgeiri Ljósvetningagoða. Leiðtoga heiðinna manna er ætlað að segja upp lög kristinna manna. Og enn gerast meiri undur. Leiðtogi heiðinna manna segir upp þau lög að allir skuli einn sið hafa, allir skuli kristnir vera og allir játtu því.

Alþingi tekur stjórnmálaákvarðanir. Svo var þegar kristnin var lögtekin. Þorgeiri Ljósvetningagoða er eining ríkisins ofar öllu: „Það mun verða satt, er vér slítum sundur lögin, at vér munum slíta ok friðinn."

Hlutverk Alþingis er að standa vörð um einingu þjóðar. Sameinaðir sigrum við, sundraðir föllum við. Þorgeir Ljósvetningagoði sá til þess að Alþingi brygðist ekki skyldu sinni á örlagastund. Forusta hans og fordæmi verður Alþingi leiðarljós um framtíð alla.

Gildi kristinnar trúar er hið sama hvernig sem boðskap hennar ber að. Í því efni breyta atburðirnar á Alþingi árið 1000 engu um. Íslendingar hefðu undir öllum kringumstæðum tekið kristna trú og látið af hinum forna sið svo sem aðrar þjóðir í okkar heimshluta gerðu. Hins vegar verður aldrei ofmetin þýðing þess hvernig kristnitöku Íslendinga bar að. Aðrar þjóðir þurftu að þola blóðsúthellingar, bræðravíg og ófrið áður en hinn forni siður þokaði fyrir fagnaðarboðskap kristinnar trúar. Íslendingar leystu málið með þjóðarsátt.

Margt er óljóst um atburði kristnitökunnar og sífellt rannsóknarefni fræðimanna. Margar spurningar vakna. Hve mikil voru kristin áhrif orðin? Hve mikil brögð voru að því að innviðir hins forna átrúnaðar væru að gefa sig? Gerðu hinar andstæðu fylkingar beint samkomulag um lausn málsins? Og ekki síst hafa fræðimönnum verið hugleiknar vangaveltur um þýðingu þess að leggjast undir feldinn. Tók Þorgeir Ljósvetningagoði ákvörðun sína undir feldinum eða var hann að semja ræðu sína um ákvörðun sem áður hafði verið tekin? En hvað sem slíkum og þvílíkum spurningum líður eru aðalatriði kristnitökunnar ljós. Svo er fyrir að þakka Ara hinum fróða.

Atburðarásin á Alþingi við Öxará er vörðuð undrum og stórmerkjum. Svo er forsjóninni fyrir að þakka. Svo var stjórnvisku fyrir að fara að ekki má einungis nú vera til fyrirmyndar okkur Íslendingum heldur öllum þjóðum til friðsamlegrar lausnar á vandamálum mannlegra samskipta. Slíkir eru þeir atburðir sem minnast verður að maklegheitum.

Kirkja landsins hlýtur að minnast kristnitökunnar. Þjóðkirkjan hefur þegar látið málið til sín taka. Samkvæmt ákvörðun kirkjuþings 1984 tilnefndi kirkjuráð snemma árs 1985 nefnd þriggja manna, svonefnda kristnitökunefnd. Nefnd þessa skipa herra Pétur Sigurgeirsson biskup Íslands, og er hann formaður nefndarinnar, séra Heimir Steinsson, sóknarprestur og þjóðgarðsvörður, og séra Jónas Gíslason dósent. Nefnd þessi skal gera tillögur um það hversu haga beri athöfnum þeim og framkvæmdum sem efnt verður til af kirkjunnar hálfu vegna þúsund ára afmælis kristnitökunnar á Þingvöllum við Öxará.

Kristnitökunefnd þjóðkirkjunnar hefur þegar unnið gott starf. Þar hafa komið fram marghátt aðar hugmyndir um athafnir og framkvæmdir af hálfu kirkjunnar í tilefni af þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Miða þessar hugmyndir mjög að trúarlegri vakningu í landinu. Þessar hugmyndir voru ræddar á kirkjuþingi s.l. haust og skulu ekki gerðar að umræðuefni hér.

Við þinglausnir í júní s.l. vék forseti Sþ. að kristnitökuafmælinu. Var þess þá getið að forsetar þingsins myndu taka til athugunar með hverjum hætti mætti af hálfu Alþingis minnast þúsund ára afmælis kristnitökunnar. Var þá gert ráð fyrir að forsetar hefðu samráð við ríkisstjórn og Þingvallanefnd um málið og samvinnu við þjóðkirkjuna.

Síðan hafa forsetar Alþingis hugað að því með hvaða hætti Alþingi megi fyrir sitt leyti minnast kristnitökunnar. Hafa þeir m.a. tekið upp sameiginlega viðræðufundi með kristnitökunefnd þjóðkirkjunnar um kristnitökuafmælið.

Eins og þjóðkirkjan mun minnast kristnitökunnar með sínum hætti, svo hlýtur Alþingi að minnast þessa atburðar á sinn hátt. Kirkjan mun nota þetta tilefni til trúarvakningar og eflingar kristni í landinu. Hver verður þá hlutur Alþingis? Hvernig ætlar Alþingi að nota tilefni þessa merkisafmælis? Hafa ber í huga að ekki er aðalatriðið að halda hátíð í tilefni afmælisins, heldur nota afmælið sem tilefni til varanlegra framkvæmda. Því er spurt.

Einkum hefur komið til tals að Alþingi noti tilefni þúsund ára afmælis kristnitökunnar til ráðstafana og

framkvæmda sem efla mættu tengsl þess við hinn forna þingstað. Slíkt mætti í senn treysta Alþingi í þjóðarvitund og auka á reisn þess.

Þá hefur m.a. komið fram sú hugmynd að reist verði á Þingvöllum hús Alþingis. Þar væri þingsalur þar sem halda mætti hátíðafundi í Alþingi þegar sérstök tilefni væru til. Mætti hugsa sér að þingsetning og þinglausnir færu þar að jafnaði fram. Í byggingu þessari væru húsakynni til guðsþjónustuhalds. Þannig yrðu á ný Alþingi og kirkjan samofin á Þingvöllum svo sem áður var í 800 ár. Þar væri hús sem hæfði Alþingi, sögu og náttúru Þingvalla við Öxará, arfleifð Íslendinga og þjóðmenningu. Margs þarf að gæta áður en Alþingi ákveður, hvort slíkt hús skuli reisa, hvar það skuli standa, hverrar gerðar það skuli vera og hverju hlutverki það skuli gegna.

Tími ákvarðana er ekki enn kominn. Till. þessi til þál. felur ekki í sér ákvarðanir um aðgerðir eða framkvæmdir vegna þúsund ára afmælis kristnitökunnar. Till. er efnislega um það að Alþingi sé samþykkt að forsetar þess haldi áfram athugunum sínum og viðræðum um kristnitökuafmæli. Er þá gert ráð fyrir að forsetar hafi samráð við ríkisstjórn, þingflokka og Þingvallanefnd um það er málið varðar.

Jafnframt er þessi þáltill. flutt til að leggja áherslu á að Alþingi hafi mikilvægu hlutverki að gegna og megi ekki láta sinn hlut eftir liggja þegar minnst verður merkustu löggjafar þess. Til framkvæmda kemur hins vegar ekki fyrr en málið er af athugunarstigi og Alþingi hefur ákveðið hvað gera skuli af þess hálfu í tilefni þúsund ára afmælis kristnitökunnar.

Þó að Alþingi og þjóðkirkjan noti tilefni þúsund ára afmælis kristnitökunnar sitt með hvorum hætti hljóta þessir aðilar að standa saman að margs konar undirbúningi að sameiginlegum hátíðahöldum á kristnitökuafmælinu. Við gerum ráð fyrir að þjóðhátíð verði árið 2000.

Flutningsmenn þessarar þáltill., forsetar og formenn þingflokka, leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að full samstaða megi vera á Alþingi um það er varðar þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Tillaga þessi til þál. er til komin og undirbúin með það í huga. Með tilliti til þess er ekki lagt til að tillagan gangi til nefndar að umræðu þessari lokinni.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Framleiðni íslenskra atvinnuvega, þáltill. 77. mál (þskj. 84, n. 719). — Síðari umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur fjallað um þessa tillögu og fengið umsagnir ýmissa aðila um hana. Eins og fram kemur í nál. eru það Fjárlaga- og hagsýslustofnun, fjmrn., Þjóðhagsstofnun, Rannsóknaráð ríkisins, Iðntæknistofnun Íslands og Alþýðusamband Íslands. Þá hefur nefndin sérstaklega leitað eftir upplýsingum frá iðnrn. um hvernig standi svokallað framleiðniátak 1985–1986 sem það ráðuneyti beitti sér fyrir. Ég tel rétt að greina frá því hverjar upplýsingar ráðuneytisins eru um þetta en þær koma fram í sérstöku minnisblaði til nefndarinnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Haustið 1985 fór af stað svokallað framleiðniátak sem á að standa í tvö ár. Er þetta samstarfsverkefni iðnrn., Iðntæknistofnunar Íslands, Félags ísl. iðnrekenda, Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks og Landssambands iðnaðarmanna. Mynduð var óformlega yfirstjórn þessa verkefnis með fulltrúum frá áðurnefndum aðilum. Iðntæknistofnun Íslands sér um framkvæmd verkefnisins. Tilgangur aukinnar framleiðni er að auka kaupmátt launa og bæta lífskjör á Íslandi með samstarfi starfsmanna, stjórnenda og almennra neytenda. Auka markað íslenskra afurða og skapa ný störf. Auka verðmæti íslenskrar framleiðslu, nýta á sem bestan hátt auðlindir þjóðarinnar, þ.e. þekkingu, mannafla, vélar og fjárfestingu til þess að lækka framleiðslukostnað.

Markmiðið með þessu átaki er að ná til almennings og iðnfyrirtækja þannig að þessir aðilar verði betur meðvitaðir hvað framleiðni er og hvaða tilgangi aukin framleiðni hefur til hagsældar og betri lífskjara í þessu landi. Aðalþættir í þessu átaki eru:

Námskeið sem tekur um 18 mánuði og nær aðallega til smárra og meðalstórra fyrirtækja. Námskeiðið verður haldið með fyrirmynd erlendis frá en það hefur verið haldið í nokkrum löndum.

Alþjóðlegur samanburður á framleiðni. Borin verður saman framleiðni vinnuafls í hinum ýmsu atvinnugreinum í löndum í Evrópu, Ameríku og Asíu fyrir tímabilið 1973–1985 eða eins og gögn gefa tilefni til. Stuðst verður við sambærilegar framleiðnimælingar erlendis frá. Niðurstöður þessara mælinga verða gefnar út.

Skólaverkefni. Framkvæmd þessa verkefnis er þannig að grunnskólanemendum í 9. bekk verður gerð grein fyrir gildi framleiðni í nútíma þjóðfélagi. Skýrð verður þróun atvinnumála á Íslandi og fleira.

Alþjóðleg ráðstefna um framleiðni í fyrirtækjum var haldin 27. sept. að Hótel Sögu. Fluttu þar erindi átta sérfræðingar frá sjö löndum, þar á meðal Japan og Bandaríkjunum.

Námsstefnur í tengslum við einstakar atvinnugreinar og annað sem tilkynnt verður um síðar.

Fjárveiting sú sem framleiðniátakið hefur fengið er eftirfarandi samkvæmt fjárlögum: 1985 5 millj. kr., 1986 5 millj. kr."

Þetta var tilvitnun í minnisblað iðnrn. Nefndin er sammála því meginefni till. að æskilegt sé að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega í samvinnu ríkisvaldsins og heildarsamtaka vinnumarkaðarins. En af þeim upplýsingum sem hér hefur verið getið um má ljóst vera að verkefni því sem till. fjallar um hefur verið markaður ákveðinn farvegur í stjórnkerfinu og í trausti þess að ríkisstj. vinni áfram að þessu mikilvæga verkefni, að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega í samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins, leggur nefndin til að till. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 719, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 34 shlj. atkv.

Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi, þáltill. 7. mál (þskj. 7, n. 755). —- Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn.

Sþ. hefur haft til meðferðar þáltill. um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi. Nefndin hefur leitað umsagna um þetta mál og einnig fengið til viðræðu oddvita Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps ásamt skipulagsstjóra ríkisins. Fyrir liggur að það er sameiginlegur áhugi fyrir því að vinna að skipulagsmálum á þessu svæði á þann veg að nægilegt rými verði um ókomna framtíð fyrir útivistarsvæði í nágrenni Gullfoss og Geysis.

Nefndin leggur því til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta skipuleggja svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verði Skipulagi ríkisins falin framkvæmd málsins í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúruverndarráð og Geysisnefnd.

Skipulagið miðist við það að tryggja að umhverfi Gullfoss og Geysis verði ekki raskað með mannvirkjagerð, að nauðsynleg ferðamannaþjónusta verði byggð upp á einum stað á svæðinu og að byggingar og samgönguleiðir falli sem best að umhverfinu."

Fyrirsögn tillögunnar verði: „Till. til þál. um skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi."

Fjarverandi lokaafgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal, Birgir Ísl. Gunnarsson og Stefán Benediktsson.

Undir þetta rita Ólafur Þ. Þórðarson, Pétur Sigurðsson, Eiður Guðnason og Guðmundur J. Guðmundsson.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins fá að bæta við örfáum orðum. Sú upphaflega tillaga sem er verið að fjalla um í nokkuð breyttri mynd fjallaði um það að komið yrði á fót þjóðgarði sem næði til bæði Gullfoss og Geysis. Það varð fljótlega ljóst við umræður í nefndinni að ekki mundi unnt að ná samstöðu um þá hugmynd þó að það væri auðvitað skynsamlegast að gera þetta að þjóðgarði. Sömuleiðis kom í ljós að það mundu verða ýmsir örðugleikar á því að gera það a.m.k. á skömmum tíma. Það mundi taka alllangan tíma og það þótti ekki fært og var ljóst að um það yrði ekki náð samkomulagi.

Hins vegar tel ég það skipta afar miklu máli að það skuli hafa náðst samkomulag í hv. allshn. um þessa brtt. þannig að tryggt sé að þetta svæði verði skipulagt og í öðru lagi, sem skiptir ekki minna máli, að tryggt sé að þarna verði engin skipulagsleg slys eða skipulagsleg skemmdarverk unnin eins og ýmislegt benti þó til, og raunar kannske meira en benti til, að væri á döfinni. Þess vegna lýsi ég því yfir, eins og kemur raunar fram í þessu nál., að ég get mjög vel sem 1. flm. hinnar upphaflegu tillögu fellt mig við að hún verði samþykkt með þessari breytingu.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég fagna þeirri niðurstöðu sem hefur orðið í nefndinni um breytingu á þessari tillögu. Ég hygg að það sé hið skynsamlegasta mál að hefja undirbúning að skipulagi á þessu svæði sem er eitt mesta ferðamannasvæði landsins og hefur að geyma einhverjar mikilvægustu náttúruauðlindir okkar Íslendinga í því tilliti. Þar þarf að vanda vel til alls skipulags. En mér þykir rétt að taka fram af þessu tilefni, vegna þess að till. miðar að nokkru leyti við það að hafist verði handa um uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu og að henni verði komið upp á einum stað á svæðinu, að hæstv. samgrh. hefur nýlega ákveðið að setja á fót sérstaka nefnd sem á að hafa það verkefni að vinna að tillögugerð um uppbyggingu ferðamannaþjónustu á þessu svæði. Ég geri ráð fyrir að sú nefnd geti hafið störf innan tíðar og mikilvægt er að sú skipulagsvinna sem fram fer verði samræmd störfum þeirrar nefndar en í sjálfu sér er hér um að ræða aðskilin verkefni. Það er nauðsynlegt að árétta að fullt samstarf verði á milli skipulagsaðila og þeirra sem fá það verkefni að gera tillögur um uppbyggingu ferðaþjónustu á þessum mikla ferðamannastað.

ATKVGR.

Brtt. 755,1 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 755,2 samþ. með 36 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 805).

Réttur launafólks til námsleyfa, þáltill. 403. mál (þskj. 747). — Fyrri umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 747 hef ég flutt till. til þál. um rétt launafólks til námsleyfa. Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er fyrst og fremst sá að fyrir Alþingi liggi hugmyndir um þessi efni en þær hafa þegar verið um alllangt skeið til meðferðar og umræðu í samtökum launafólks hér á landi. Till. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja frv. til laga um rétt launafólks til námsleyfa. Í frv. verði miðað við að launafólk geti reglulega fengið rétt til námsleyfa vegna verkmenntunar, þjálfunar, almenns náms eða endurmenntunar. Í frv. skal einnig gera ráð fyrir stofnun sjóðs í þessu skyni til þess að standa undir kostnaði við námið sjálft og til þess að bæta upp launatap meðan á námsleyfi stendur.

Í nefndinni verði fulltrúar frá aðilum sem hlut eiga að máli, þar á meðal Menningar- og fræðslusambandi alþýðu fyrir hönd Alþýðusambands Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og atvinnurekendum eða samtökum þeirra."

Í grg. segir m.a. á þessa leið:

„Hér er flutt tillaga um rétt launafólks til námsleyfa. Hér er um að ræða mál sem verkalýðssamtökin hafa þegar látið til sín taka eins og fram kemur í meðfylgjandi fskj. með grg. þessari. Skyld mál hafa áður verið flutt á Alþingi en hafa ekki náð fram að ganga. Hér er málið lagt fram seint á þinginu til þess að skapa umræður sem eru óhjákvæmilegur aðdragandi lagasetningar og kjarasamninga um þau efni sem hér er bryddað upp á.

Nokkur verkalýðsfélög hafa þegar tryggt félagsmönnum sínum rétt á borð við þann sem hér er gerð tillaga um. Í því sambandi má nefna Einingu á Akureyri, Rafiðnaðarsamband Íslands, starfsmenn í álverinu og rétt trúnaðarmanna til einnar viku leyfis á ári hverju. Þannig liggur þegar fyrir viðurkenning á þessari almennu þörf endurmenntunar og þjálfunar af hálfu atvinnurekenda ekki síður en launafólks.

Í tillögunni er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að eingöngu verði miðað við endurmenntun í viðkomandi grein heldur einnig almennt nám svo og félagslega þjálfun.

Bent er á nauðsyn þess í tillögunni að stofna sjóð til

þess að standa undir kostnaði í þessu skyni. Það er óhjákvæmilegt vegna þess hve stór hluti fyrirtækja hér á landi er smár í sniðum. Því verður ekki tryggður réttur fólks með því að ætla einstökum fyrirtækjum að ráða fram úr verkefninu. Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um þessi mál er gert ráð fyrir því að slíkur sjóður verði fjármagnaður með 0,15% af öllum launum starfsmanna í þjónustu atvinnurekenda og með framlagi úr ríkissjóði er verði jafnhátt framlagi atvinnurekenda."

Með till. þessari og grg. eru birt þrjú fylgiskjöl. Það er í fyrsta lagi samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands um launað námsfrí frá 16. okt. 1985. Í öðru lagi eru birtir kaflar úr útvarpserindi eftir Tryggva Þór Aðalsteinsson, starfsmann Menningar- og fræðslusambands alþýðu, sem ber yfirskriftina Fullorðinsfræðsla frá sjónarhóli launafólks. Og í þriðja lagi er birt fylgiskjal III sem ber yfirskriftina Starfsmenntun fullorðinna og er eftir Snorra S. Konráðsson sem einnig er starfsmaður Menningar- og fræðslusambands alþýðu en sá texti er að stofni til erindi sem hann flutti á sambandsstjórnarfundi Alþýðusambands Íslands 16. okt. 1985 þar sem um þessi mál var fjallað.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa hér samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands um þessi mál frá því í okt. 1985. Textinn er á þessa leið:

„Á 35. þingi ASÍ í nóv. 1984 var gerð eftirfarandi samþykkt:

„35. þing Alþýðusambands Íslands samþykkir að fela miðstjórn að kjósa þriggja manna nefnd sem gerir tillögu um stefnu Alþýðusambands Íslands varðandi rétt verkafólks til að sækja námskeið og aðra fræðslu án skerðingar launa. Nefndin skal skila áliti til miðstjórnar eigi síðar en 1. okt. 1985."

Till. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Á liðnum árum hefur þörf verkafólks fyrir fræðslu af ýmsu tagi aukist. Á það ekki síst við um fræðslu er snertir störf þess, auk fræðslu um réttindi þess, skyldur og félagsmál verkalýðssamtakanna. Ein hindrun þess að fræðsla af þessu tagi geti verið jafnöflug og nauðsyn krefur er að verkafólk á ekki rétt á því að hverfa frá vinnu vegna náms nema að afar takmörkuðu leyti. Því síður getur fólk af fjárhagsástæðum leyft sér að hverfa frá vinnu kauplaust í þeim tilgangi að afla sér þekkingar og menntunar.

Á þessu er þörf breytinga þannig að réttindi launafólks í þessu sambandi verði tryggð. Í því efni er nauðsynlegt að kanna mörg atriði. Þar á meðal með hvaða hætti slík réttindi eru í öðrum löndum, hvort tengja skuli slík réttindi starfstíma fólks, hvort fræðslusjóður launafólks, sem myndaður verði með framlagi launafólks og atvinnurekenda, sé heppileg leið, svo nokkur atriði séu nefnd sem nefndin athugi og móti tillögur um. Í slíkri stefnumótun þarf enn fremur að koma fram hvaða leiðir séu líklegastar til þess að settu marki í þessu efni verði náð.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum sínum til miðstjórnar ASÍ eigi síðar en 1. okt. 1985. Þannig er unnt að taka tillögur nefndarinnar til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi sambandsstjórnar ASÍ fyrir árslok 1985."„

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins 14. febr. 1985 var samþykkt að skipa í nefnd í þessu skyni. Í nefndinni áttu sæti Tryggvi Þór Aðalsteinsson, Kristín Hjálmarsdóttir og Magnús Geirsson. Nefndin lagði fram við miðstjórn Alþýðusambands Íslands eftirfarandi tillögu varðandi stefnu Alþýðusambandsins um rétt verkafólks til námsfrís án launataps:

„1. Allir, sem starfað hafa í sömu starfsgrein í a.m.k. tvö ár og eru orðnir 18 ára, skulu eiga rétt á námsfríi ailt að fjórar vikur á hverju tveggja ára tímabili.

Ef námsfrí er tekið vegna starfsþjálfunar eða til félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka fellur niður fyrrgreint skilyrði um starfstíma.

2. Réttur til námsfrís nær til almennrar menntunar, starfsþjálfunar og endurmenntunar vegna starfs, svo og félagslegrar menntunar á vegum verkalýðssamtaka, m.a. í þágu trúnaðarstarfa á vegum stéttarfélaga.

3. Tilkynna skal um töku námsfrís með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Þó ekki ef námsfrí er 40 stundir eða styttra, þá nægir einnar viku fyrirvari.

4. Starfsmenn, sem taka námsfrí, skulu halda áunnum réttindum, enda skal námsfrí metið til jafns við vinnutíma.

5. Til greiðslu launataps skal settur á stofn fræðslusjóður launafólks. Tekjur sjóðsins eru: a) framlag atvinnurekenda sem reiknast 0,15% af öllum launum starfsmanna í þjónustu hans sem eru í stéttarfélögum innan ASÍ, b) framlag ríkissjóðs sem verði jafnhátt og framlag atvinnurekanda.

6. Um fræðslusjóð þarf að setja sérstakar reglur þar sem kveðið verði á um eftirfarandi atriði m.a.: Stjórn sjóðsins (kveða þarf á um ótvíræð yfirráð verkalýðssamtakanna). Fyrirkomulag greiðslna í námsfríi. Skilgreina þarf nánar þá fræðslu (tegund námskeiða) sem sjóðurinn tekur til. Loks þarf að skilgreina nánar hvað sjóðurinn greiðir annað en vinnutap. Þar er m.a. átt við kostnað vegna námskeiða, eins og kennslulaun, námsgögn, húsaleigu og stjórnun. Þátttökugjöld."

Hér var vitnað til samþykktar sambandsstjórnar ASÍ 16. okt. 1985.

Mér er það ljóst, herra forseti, að hér er ekki um að ræða mál sem hægt er að ætlast til með neinni sanngirni að þingið afgreiði á örfáum dögum. Hér er um að ræða viðamikið og flókið mál sem mikilvægt er að við gefum okkur tíma til að skoða vandlega. Ég held að það sé eitt brýnasta verkefni þingsins á þessu ári og komandi árum að skapa aðstæður til þess að fólk, sem af einhverjum ástæðum hefur útilokast frá námi fyrr á lífsleiðinni eða á ungum aldri, geti gengið til náms á ný, annaðhvort með takmörkuðum hætti eins og hér er gert ráð fyrir eða með almennum hætti í hinu almenna skólakerfi.

Þessi tillaga er lögð hér fram, herra forseti, sem umræðugrundvöllur um þessi mál af minni hálfu. Vafalaust má margt í henni bæta en ég held að það sé æskilegt að þingið geri sér grein fyrir því hversu mikilvægt verkefni er hér á ferðinni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. félmn.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni hin gagnmerkasta tillaga og reyndar mjög brýnt hagsmunamál því að í því þjóðfélagi sem við búum í nú, þar sem breytingarnar verða jafnörar á störfum manna og raun ber vitni, er það miklu meira en lífsnauðsynlegt að menn geti átt þess kost að endurmennta sig til að geta lagað sig að síbreytilegum vinnumarkaði. Ég styð því þessa till. heils hugar.

Ég átti eiginlega það erindi helst í ræðustól að spyrja hv. flm., 3. þm. Reykv., hvers vegna hann orðar þriðju setningu fyrri málsgr. till. svo: „Í frv. skal einnig gera ráð fyrir stofnun sjóðs í þessu skyni til þess að standa undir kostnaði við námið sjálft og til þess að bæta upp launatap meðan á námsleyfi stendur.“ Ég vek athygli á því misræmi sem er milli orðalags í till. sjálfri og samþykktar sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands þar sem talað er um að „gera tillögur um stefnu ASÍ varðandi rétt verkafólks til að sækja námskeið og aðra fræðslu án skerðingar launa“.

Enn fremur kom fram í máli hv. flm. að ekki er eingöngu um hugsanlegt launatap að ræða hjá mönnum, sem getur orðið allverulegt miðað við það mikla vinnuálag sem er á mönnum í dag, heldur er oft á tíðum líka um aukakostnað að ræða vegna skólagjalda og skólasóknar. Þá er líka spurning hvernig hugsanlega verður staðið að því að bæta mönnum það upp. Hefði ekki þurft að kveða á um þetta sama skilyrði í tillögunni, þ.e. að stofna sjóð í þessu skyni til að standa undir kostnaði við námið sjálft til að bæta mönnum launaskerðingu? Þá á ég við að það mundi vera meira ótvírætt ábending til ríkisstj. að hér er ekki verið að tala um það að gutla í menn einhverjum krónum upp í launatap, heldur að gera þeim kleift að stunda endurmenntunarnám nákvæmlega á sama grundvelli og þeir hafa stundað sína vinnu.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir jákvæðar undirtektir við till. þessa og þau orð sem hann lét falla um hana. Ég geri mér ljóst að orðalagið, eins og það er í fyrri málsgr., gæti valdið misskilningi, eins og hann benti hér á.

Það sem ég var með í huga þegar ég samdi þessa tillögu var fyrst og fremst það að texti hennar væri tiltölulega opinn í upphafi þannig að við reyrðum okkur ekki á neitt. En það er rétt sem hann sagði að í samþykkt sambandsstjórnar Alþýðusambandsins er gert ráð fyrir því að um verði að ræða fullar bætur fyrir þann tíma sem menn eru fjarri sinni launavinnu. Það sem ég er með í huga — þannig að það komi skýrt fram — er það að menn njóti þess sem kallað hefur verið staðgengilslaun, þ.e. þeir fái þau laun sem staðgenglar þeirra hafa í því starfi sem þeir yfirgefa þann tíma sem þeir eru í námi.

Það var mjög nauðsynlegt að þessi spurning kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. og ég vil þakka honum fyrir hana. Það var gott að fá tækifæri til að koma þessari athugasemd á framfæri.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 40 shlj. atkv.

Kaupleiguíbúðir, þáltill. 410. mál (þskj. 759). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 759 um kaupleiguíbúðir. Till. þessi felur í sér að mörkuð verði ný stefna í húsnæðismálum sem tryggi fleiri valkosti en nú eru á húsnæðismarkaðnum um leið og fólki yrði gert mögulegt að eignast húsnæði án óbærilegrar greiðslubyrði.

Þau verkefni, sem fyrst og fremst þarfnast tafarlausra úrlausna í húsnæðismálum, eru í fyrsta lagi að ná pólitískri samstöðu um að rétta hlut þeirra sem byggðu eftir 1980 og eru að kikna undan oki mikillar greiðslubyrði og fjárhagserfiðleika sökum misgengis launa og lánskjara á umliðnum árum.

Hér er um svo mikið vandamál að ræða að undan því verður ekki vikist að jafna húsnæðiskostnað þessa fólks. Um það hafa þingmenn Alþýðuflokksins lagt fram till. á þskj. 787 en sú till. felur í sér að létta skuldabyrði þeirra sem harðast hafa orðið úti vegna íbúðaröflunar á s.l. árum.

Í annan stað þarf að marka nýja stefnu í húsnæðismálum, stefnu sem gerir fólki kleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið án vinnuþrældóms og án þess að eiga það á hættu að missa eigur sínar á örskömmum tíma vegna þess að það er knúið nauðugt viljugt út í skuldabasl sem það ræður ekki við af því að húsnæðismarkaðurinn hefur ekki upp á annað að bjóða og lánskjörin eru velflestum launþegum ofviða. M.ö.o. það þarf að gefa fólki meira val í húsnæðismálum eftir efnum og ástæðum og að fólk þurfi ekki að eyða bestu árum ævi sinnar í vinnuþrældóm myrkranna á milli til að eignast húsaskjól. Út á það gengur sú till. sem ég hér mæli fyrir um kaupleiguíbúðir, að tryggja að fólk hafi fleiri kosti um að velja í húsnæðismálum og geti valið sér leigu- eða eignarfyrirkomulag á hóflegum kjörum.

Í till. er gert ráð fyrir að félmrh. hefji undirbúning að löggjöf sem opni fyrir lánveitingar úr byggingarsjóðunum til kaupleiguíbúða. Í annan stað er í till. gert ráð fyrir að félmrh. leiti samráðs við sveitarfélög og/eða félagasamtök um að hrinda í framkvæmd tíu ára framkvæmdaáætlun um byggingu eða kaup 6000 kaupleiguíbúða á næstu tíu árum.

Í tillgr. sjálfri er síðan útfært ítarlega fyrirkomulag kaupleiguíbúða. Gert er ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna láni 80% af byggingarkostnaði íbúða sem ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum sem af félagslegum ástæðum þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Lánin verði til 40 ára og beri 1% vexti. Gert er ráð fyrir að lánveitingar þessar verði til viðbótar lánum sem nú er veitt til félagslegra íbúða úr Byggingarsjóði verkamanna.

Á undanförnum árum hafa þær félagslegu íbúðir, sem í boði eru, hvergi nærri fullnægt þörfinni. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga eru mjög fáar. Frá 1980 til 1. apríl 1986 hafa eingöngu verið byggðar 68 leiguíbúðir, þar af ein á s.l. ári. Á árunum 1982–1985 hafa einnig verið veitt tiltölulega fá framkvæmdalán vegna verkamannabústaðaíbúða eða 304 á árinu 1982, 158 á árinu 1983, 175 á árinu 1984 og 176 á árinu 1985. Nauðsynlegt er því að þær íbúðir, sem byggðar eru eða keyptar samkvæmt því kaupleigufyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir, komi til viðbótar lánveitingum sem þegar renna úr Byggingarsjóði verkamanna.

Í annan stað er gert ráð fyrir í till. að Byggingarsjóður ríkisins láni 80% af byggingarkostnaði kaupleiguíbúða til 40 ára og beri lánin 3,5% vexti. Ekki er gert ráð fyrir að lán úr Byggingarsjóði ríkisins vegna kaupleiguíbúða komi til viðbótar almennum lánveitingum sem þegar renna úr Byggingarsjóði ríkisins, heldur mundi almennum lánveitingum fækka í hlutfalli við byggingu kaupleiguíbúða sem lánað væri til úr Byggingarsjóði ríkisins.

Hér er því fyrst og fremst um að ræða að því er lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins varðar að um fleiri valkosti verður að velja í húsnæðismálum á almenna húsnæðismarkaðnum, t.a.m. opnaðist þar með möguleiki á leiguíbúðum fyrir fleiri hópa í þjóðfélaginu sem ekki hafa aðgang að þeim lánamöguleikum sem í boði eru úr Byggingarsjóði verkamanna. En eins og fram kemur í grg. með till. er gert ráð fyrir hærra leigugjaldi til þeirra þar sem lán veitt til kaupleiguíbúða úr Byggingarsjóði ríkisins bera 3,5% vexti en úr Byggingarsjóði verkamanna 1% vexti. Mismunurinn á leigugjaldi skýrist því af meiri fjármagnskostnaði vegna byggingar leiguíbúða fyrir fólk á almennum markaði. Að auki opnuðust möguleikar fyrir fólk sem ekki hefur aðgang að lánveitingum úr Byggingarsjóði verkamanna að eignast íbúð með kaupleigufyrirkomulagi, sem þýðir að ekki þarf að reiða fram óviðráðanlega útborgun í byrjun gegnum t.a.m. skammtímalán úr bankakerfinu, heldur er eingöngu um fastar mánaðargreiðslur að ræða.

Hlutur framkvæmdaaðila, sem geta verið sveitarfélög, félagasamtök, launþegasamtök eða lífeyrissjóðir, yrði 20% af byggingarkostnaði kaupleiguíbúða. Þessi 20% hlutdeild framkvæmdaaðila endurgreiðist síðan í formi viðbótargjalds við leigugjald hjá þeim sem kjósa að eignast kaupleiguíbúð. Samningar um kaup leigjenda á íbúð og greiðslu viðbótargjalds verði bindandi nema hvað aðilar geta komið sér saman um að lengja eða stytta greiðslutímann. Heimilt er þó í undantekningartilfellum, ef aðstæður leigjenda breytast í veigamiklum atriðum, að láta kaupin ganga til baka. Leigjandi á þá tilkall til endurgreiðslu þess viðbótargjalds sem hann hefur innt af hendi ásamt verðbótum og vöxtum.

Sá sem kýs að eignast kaupleiguíbúð á þann valkost að eignast íbúðina á allt að 30 árum. Hversu há greiðsla viðbótargjalds verður ræðst af því hvað viðkomandi kýs langan greiðslutíma til að greiða 20% hlut framkvæmdaaðila í byggingarkostnaði en greiðslutíminn getur staðið í allt að 30 ár. Þegar að fullu er uppgert við framkvæmdaaðilann fær viðkomandi afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur áhvílandi lán við byggingarsjóðina.

Í till. er gert ráð fyrir að heimilt sé að ráðstafa fjögur fyrstu árin tilteknum fjölda íbúða á hverju ári til þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði eftir 1980 og að mati ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar geta ekki haldið húsnæði sínu vegna mikilla greiðsluerfiðleika.

Í 7. tölul. till. kemur fram að sveitarfélag teljist eigandi íbúðar og ráðstafi henni. Framkvæmdaaðilar með ráðstöfunarrétt á íbúðum geta einnig verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir eða félagasamtök eða að framkvæmdin verði á hendi sveitarfélags og slíkra aðila sameiginlega.

Herra forseti. Ég tel mig hafa lýst því hér að kostirnir við kaupleiguíbúðirnar eru mjög miklir. Nýir möguleikar skapast í greiðslukjörum og menn fá jafnframt að velja sér eignar- eða leigufyrirkomulag í húsnæðismálum. Auðvelt á að vera að gera fólki kleift að flytja með sér áunnin réttindi. Með því móti er fólki auðveldað bæði að stækka og minnka við sig íbúðir svo og flytjast milli sveitarfélaga ef það svo kýs.

Í grg. með till. kemur fram að hér er um hagstæð og viðráðanleg kjör að ræða en í töflu á bls. 3 í grg. kemur fram greiðslubyrði leigjenda og kaupenda. Þar er tekið dæmi um íbúðarverð, 2,3 millj., og þá miðað við 100 m^2 íbúð í sambýlishúsi. Ætla verður að mánaðarlegar greiðslur vegna íbúða sem fjármagnaðar eru með lánveitingum úr Byggingarsjóði verkamanna og ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum sem af félagslegum ástæðum þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun séu flestum viðráðanlegar.

Ef kosið er leigufyrirkomulag er mánaðarleg húsaleiga 4670 kr. að viðbættum hæfilegum kostnaði vegna sameiginlegs viðhalds. Ef kosin eru kaup á íbúðinni bætist við svokölluð B-leiga eða viðbótargjald sem er frá 2084 kr. á mánuði í 4909 kr., allt eftir því hvað viðkomandi kýs að eignast hlut sveitarfélagsins eða framkvæmdaaðilans á löngum tíma en eins og áður sagði hefur hann valkosti um greiðslutíma í allt að 30 ár.

Kostirnir við kaupleigufyrirkomulagið eru að engin útborgun á sér stað heldur fastar mánaðarlegar greiðslur sem eru vegna kaupa frá 6754 kr. í 9578 kr., allt eftir lengd greiðslutímans sem valinn er til að greiða niður hlut framkvæmdaaðilans í byggingarkostnaði.

Einnig er í grg. tekið dæmi af kaupleiguíbúðum, fjármögnuðum úr Byggingarsjóði ríkisins. Mánaðarlegar greiðslur vegna leiguíbúða á almennum markaði yrðu því 7180 kr. á mánuði auk greiðslu sameiginlegs viðhaldskostnaðar. Viðbótargjald vegna kaupa á íbúð, fjármagnaðri með kjörum úr Byggingarsjóði ríkisins, yrði það sama og viðbótargjald vegna kaupa á íbúð, fjármagnaðri úr Byggingarsjóði verkamanna, sem skýrist af því að endurgreiðsla á hlut framkvæmdaaðilans ber sömu vexti hvort sem um er að ræða kaupleiguíbúð í félagslega kerfinu eða á almenna markaðinum.

En hver yrðu framlög sveitarfélaganna eða framkvæmdaaðila miðað við að byggðar verði eða keyptar 600 íbúðir á hverju ári í tíu ár með kaupleigufyrirkomulagi? Ég tel að sú fjárhæð þurfi ekki að vera ofviða sveitarfélögunum, a.m.k. ekki þeim stærri, sé rétt að málum staðið. Ef sveitarfélögin yrðu eingöngu framkvæmdaaðilar yrði árlegt framlag þeirra 276 millj. kr. Gera verður ráð fyrir að sveitarfélögin leiti samvinnu við t.a.m. launþegafélög á staðnum um byggingu slíkra íbúða. Ef svo verður minnkar hlutur sveitarfélagsins sem hlut samstarfsaðilans nemur.

Að auki verður að gera ráð fyrir að miðað við þau hagstæðu kjör, sem þetta kaupleigufyrirkomulag býður upp á, kysi stór hluti fólks kaup á slíkum íbúðum. Sveitarfélögin mundu því jafnt og þétt fá inn endurgreiðslur í formi viðbótarleigugjalds sem gerði þeim kleift að fjármagna þær kaupleiguíbúðir sem tíu ára framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir í þessari till.

Að auki er bent á í grg. að nýgerðir kjarasamningar hafi gjörbreytt fjárhagsáætlunum sveitarstjórna sem voru miðaðar við 36% verðbólgu en nýgerðir kjarasamningar miða hins vegar við 7–8% verðbólgu. Þetta þýðir að sveitarfélögin muni fá verulegar tekjur að raungildi umfram gjöld, jafnvel þó útsvarsálagningin lækki úr 10,8% í 10,2%.

Að því er fjármagn til byggingarsjóðanna varðar vegna kaupleiguíbúða verður að ætla að hér sé um raunhæfa áætlun að ræða. Að vísu er erfitt að gera sér grein fyrir hve margar íbúðir verði fjármagnaðar úr Byggingarsjóði verkamanna og hve margar úr Byggingarsjóði ríkisins. En ef við gefum okkur að 600 íbúðir á

hverju ári skiptist jafnt á milli sjóðanna yrði heildarframlag vegna byggingar 600 íbúða um 552 millj. á hverju ári þar sem ekki er gert ráð fyrir að íbúðir, fjármagnaðar úr Byggingarsjóði ríkisins, komi til viðbótar almennum lánveitingum sem fyrir eru úr Byggingarsjóði ríkisins.

Herra forseti. Ég treysti því að hv. þm. íhugi þennan valkost í húsnæðismálum, sem ég hef hér mælt fyrir, af fullri alvöru því að ég er sannfærð um að skapist breið pólitísk samstaða um þessa lausn gæti það gjörbreytt því ástandi sem við nú búum við í húsnæðismálum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. félmn.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég held að sú till., sem hér er til umræðu, sé fyrir margra hluta sakir hin ágætasta. En ég tel að þó sé á henni einn alvarlegur og stór galli. Hann er sá að ef farið er að hugmyndum tillöguhöfundar er verið að tala um 40 ára greiðslutíma á íbúðum til láglaunafólks. Ég held að það sé gífurlega mikil bjartsýni þar á ferðinni um greiðslugetu láglaunafólks í landinu í dag. Auðvitað getur tillöguhöfundur sagt að hann reikni með batnandi hag láglaunafólks með tímanum. Ég þori að fullyrða að miðað við launastöðu láglaunafólks í dag sé það alls ekki ofgert að áætla a.m.k. um 60 ára lánstíma þegar um kaup með þessum hætti er að ræða. Það sé í raun og veru sú minnsta fyrirgreiðsla sem hægt sé að bjóða upp á ef kaupin eru ekki greidd niður beinlínis með einhverjum öðrum hætti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 2. landsk. þm. fyrir þá grg. sem hún flutti hér fyrir þessari till. á þskj. 759. Það er þörf á því að ræða þessi mál og þessar hugmyndir um kaupleiguíbúðir hafa verið til umræðu hér um margra ára skeið. Segja má að við höfum hér verið með félagslegt kerfi sem hafi nálgast kaupleiguíbúðir að nokkru leyti þar sem verkamannabústaðirnir eru. Það má líka segja að umræðan um húsnæðissamvinnufélögin sé sprottin upp úr þörfinni fyrir nýjar hugmyndir í þessu efni, m.a. um kaupleiguíbúðir.

Ég minni á það, herra forseti, að það liggja fyrir fyrirheit frá hæstv. ríkisstj. um það að hér verði lagt fram núna næstu daga stjfrv. um húsnæðismál sem verði byggt á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Ég vil láta það koma hér fram af minni hálfu að ég teldi það bein svik við það samkomulag ef það frv. kæmi ekki hér inn og yrði afgreitt með þeim hætti sem kveðið er á um í því samkomulagi sem ASÍ, VSÍ og Vinnumálasamband samvinnufélaganna gerðu fyrir nokkrum vikum. Hins vegar bólar ekkert á þessu frv. enn þá af einhverjum ástæðum. Það er því bersýnilegt að samkvæmt ákvæðum hinna nýju þingskapa eru líkur til þess að þetta mál verði að taka hér inn með afbrigðum.

En það er brýnt að við höfum auga á því og það liggi fyrir hjá öllum aðilum að þessu þingi getur ekki lokið án þess að á þessum málum verði tekið í samræmi við þá samninga sem gerðir voru um húsnæðismál á vegum aðila vinnumarkaðarins. Þar er um að ræða mjög róttæka breytingu á almenna húsnæðislánakerfinu. Þar er bent á ýmsar leiðir til fjármögnunar á þeirri breytingu, leiðir sem hafa ekki verið taldar færar til þessa en gætu orðið færar nú ef vel tekst til.

Vegna þess að ég tek þessari till. auðvitað alvarlega, sem er flutt hér af heilum þingflokki, vildi ég inna eftir nokkrum atriðum varðandi hana eftir að hafa farið yfir þetta núna undir ræðu hv. þm.

Það er þá fyrst það að hérna er gert ráð fyrir því að byggðar verði 6000 leiguíbúðir á næstu tíu árum í samráði við sveitarfélög eða hagsmunasamtök eða félagasamtök. Það þýðir 600 íbúðir á ári. Í þeim áætlunum, sem verið er að gera fyrir Byggingarsjóð ríkisins núna, er gert ráð fyrir að byggðar verði 1300–1600 íbúðir á ári. Við skulum halda okkur við töluna 1500. Ef farið yrði eftir ákvæðum þessarar till. yrðu íbúðabyggingar í einkaeign skornar niður úr u.þ.b. 1500 í u.þ.b. 900 – eins og þessi till. lítur út – vegna þess að gert er ráð fyrir 600 kaupleiguíbúðum á ári sem yrðu dregnar frá lánveitingum til almennra íbúðabygginga á sama tíma.

Ég er ekki að segja að við eigum að vera í þeim stellingum að ekkert komi hér annað til greina en einkahúsnæði og ég tek algjörlega undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. í þeim efnum. Þar verðum við að sýna miklu meiri sveigjanleika en verið hefur. En spurningin er hvort það er ætlun flm. að hér verði beinlínis um að ræða þennan niðurskurð á almennu íbúðarhúsnæði í svokallaðri einkaeign sem till. bendir til.

Það kann að vera að það sé skynsamlegt að við komumst að þeirri niðurstöðu við tækifæri að þriðjungur íbúða eigi að vera í einkaeign, þriðjungur eigi að vera á kaupleigugrundvelli og þriðjungur eigi að vera í verkamannabústöðunum. Það væri þá alveg ný stefnumótun. Stefnumótun Alþingis, sem liggur fyrir í húsnæðislögunum, er sú að 2/3 u.þ.b. skuli vera í svokallaðri einkaeign og 1/3 í félagslegri eigu eða byggður á vegum Byggingarsjóðs verkamanna.

Ég bið hv. 1. flm. ekki að taka þessi orð mín þannig að ég sé að gera neina tilraun til að snúa út úr einu eða neinu, ég er að spyrja hv. þm. um það hvernig flm. hugsa sér sérstaklega þetta atriði.

Það er rétt að á undanförnum árum hefur verið byggt of lítið af verkamannabústöðum en þar er hins vegar um að ræða geysilega breytingu frá því sem var skv. lögunum frá 1980. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að gera okkur ljóst að frá árinu 1982 til ársins 1985 höfum við byggt 813 íbúðir í verkamannabústaðakerfinu hér í landinu. Það er íbúðafjöldi sem munar um.

Auðvitað er það ljóst að við þurfum að endurbæta og laga stöðugt verkamannabústaðakerfið og sérstaklega þurfum við að íhuga hvernig við aðlögum verkamannabústaðakerfið hinu nýja íbúðalánakerfi sem á að taka upp núna samkvæmt samningum aðila vinnumarkaðarins. Þar verður vafalaust um ýmis sambúðarvandamál að ræða sem þarf að skoða rækilega. En við verðum að gera okkur ljóst að þarna hefur verið um að ræða átak sem hefur skilað hátt í þúsund íbúðum frá því að lögin voru sett 1980. Við þurfum umfram allt að reyna að verja þetta átak, halda utan um það, þannig að engin tilraun verði gerð til þess í kjölfar nýs almenns húsnæðislánakerfis að brjóta niður félagslega íbúðarbyggingakerfið.

Ég vil loks inna hv. þm. eftir því – eða flm. sem eru nú fleiri hér í salnum – hvort það er ætlunin að flytja efni þessarar till. sem brtt. við það frv. sem hugsanlega kann að koma fram um húsnæðismál eftir nokkra daga.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil svara þeim spurningum sem hv. 3. þm. Reykv. hefur hér til mín beint. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings í orðum hans að því er varðar efni þessarar till. Mér fannst koma fram í hans máli að að því er varðar almennar lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins gerði þessi till. ráð fyrir niðurskurði á fjölda lánveitinga veittum úr Byggingarsjóði ríkisins. Þetta er alrangt. Það sem lagt er til með þessari till. er að opnað verði fyrir kaupleigufyrirkomulagið jafnt gegnum félagslegar íbúðarbyggingar, fjármagnaðar úr Byggingarsjóði verkamanna, og gegnum fjármögnun úr Byggingarsjóði ríkisins.

Að því er Byggingarsjóð ríkisins varðar þá er gert ráð fyrir að lánveitingum, sem þegar er veitt til, fækki ekki í heildina. Ef við gerum ráð fyrir að um sé að ræða 1600 lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins á hverju ári en með þessu nýja fyrirkomulagi yrðu byggðar 200 íbúðir með kaupleigufyrirkomulagi, fjármagnaðar úr Byggingarsjóði ríkisins, þá mundu þær dragast frá heildinni en heildarfjöldinn mundi ekki minnka.

Það sem hér er verið að gera er að opna fyrir fleiri valkosti í almenna kerfinu en nú er, þannig að fólk, sem fær lán úr Byggingarsjóði ríkisins, geti valið um þá lánakosti sem eru til staðar í dag eða gengið inn í kaupleigufyrirkomulagið. Hér er því alls ekki verið að fækka lánveitingum í almenna kerfinu, hér er verið fyrst og fremst að auka valkosti.

Auk þess sem verið er að auka valkosti í félagslegum íbúðarbyggingum er lagt til að staðið verði við þau fyrirheit sem eru í húsnæðislöggjöfinni en ekki hefur verið staðið við á undanförnum árum. Hér hef ég sýnt fram á það í grg. að 1982–1985 hefur ekki verið staðið við að byggja 1/3 af íbúðaþörf gegnum félagslega kerfið. Hér er einmitt verið að leggja til leið til þess að við það verði staðið og að þessar kaupleiguíbúðir komi til viðbótar lánum sem nú eru veitt úr Byggingarsjóði verkamanna.

Ég held því að með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til sé ekki verið að breyta í neinu þeim markmiðum sem menn hafa sett sér í húsnæðislöggjöfinni, þ.e. að 1/3 sé byggður á félagslegum grundvelli og 2/3 í einkaeign. Menn hafa þarna valkosti, þeir geta gegnum almenna kerfið kosið sér leiguíbúðir eða íbúðir með kaupleigufyrirkomulagi. Kaupleiguíbúðir hafa þann kost fram yfir verkamannabústaðakerfið að fólk þarf ekki að reiða fram 20% framlag sjálft eins og það hefur þurft að gera hingað til, sem eru 460 þús. kr. miðað við íbúð sem kostar 2,3 millj., og ef nýtt er heimildargreinin fyrir þá sem verst eru staddir, 10%, þá er um að ræða 230 þús. Það eru ekki allir sem hafa aðgang að svo miklu fjármagni og þetta vandamál er leyst með þessu kaupleigufyrirkomulagi, þar sem um enga útborgun er að ræða.

Að því er varðar spurningu hv. 3. þm. Reykv. um það hvort þm. Alþfl. muni flytja brtt. við það frv. sem væntanlegt er frá ríkisstj. um húsnæðismál, brtt. sem lýtur að því að heimila lánveitingar til kaupleiguíbúða, þá hefur það ekki verið rætt í þingflokki Alþfl., en við hljótum að leggja höfuðáherslu á að það fjármagn, sem kemur til viðbótar gegnum aukna skuldabréfasölu til lífeyrissjóðanna, fari að verulegu leyti til þess að fjölga félagslegum íbúðarbyggingum og opna fyrir fleiri valkosti í húsnæðismálum.

Þessi till. gerir ráð fyrir því í fyrsta lagi að opnað verði fyrir lagaheimild til þess að hægt sé að veita lán til kaupleiguíbúða og í annan stað framkvæmdaáætlun til 10 ára. Fyrsta skrefið er að opna fyrir það að hægt sé að veita lán til slíkra kaupleiguíbúða, þannig að ég vil íhuga það hvort hægt sé að ná samstöðu um það nú fyrir þinglok við meðferð frv. frá ríkisstj. um húsnæðismál, hvort hægt sé að ná um það pólitískri samstöðu að opna fyrir slíka lagaheimild í húsnæðislöggjöfinni vegna þess að því fyrr er hægt að hefjast handa um samráð við sveitarfélögin um slíka framkvæmdaáætlun, sem þessi till. gerir ráð fyrir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það vakti athygli mína að hv. 2. landsk. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, er í grundvallaratriðum ósammála því samkomulagi sem gert var milli aðila vinnumarkaðarins nú fyrir skömmu, þar sem þeir leggja áherslu á að aukin verðbréfakaup lífeyrissjóðanna hjá Byggingarsjóði ríkisins renni í þann sjóð og að lánsréttur viðkomandi tengist þeim lífeyrisrétti sem viðkomandi á í viðkomandi lífeyrissjóði. Það er forsendan fyrir hinum auknu verðbréfakaupum lífeyrissjóðanna og ég held að það væri mjög hættulegt fyrir framgang málsins ef Alþingi ætlaði nú á þessu stigi að brjóta það samkomulag niður og hafa að engu það víðtæka samkomulag sem skapaðist um úrlausn í húsnæðismálum í tengslum við síðustu kjarasamninga.

Ég vil jafnframt segja það sem mína skoðun að ég get ekki fallist á það að almennum lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins fækki. Það þýðir í raun og veru að fólk verði nauðbeygt til þess að fara inn á þann markað sem takmarkast af lánveitingum lífeyrissjóðs verkamanna. Það er í fullu ósamræmi við samkomulagið sem varð milli aðila vinnumarkaðarins fyrir skömmu og hefur þar að auki þann annmarka að það mundi stórkostlega auka á skuldbindingar ríkissjóðs ef það yrði almenn regla að lánveitingar til íbúðarhúsa hér á landi yrðu miðaðar við 80%.

Þessa dagana er verið að reikna það út af samstarfsnefnd ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins hvaða greiðslubyrði það hefur í för með sér fyrir ríkissjóð að reyna að standa við samkomulagið eins og það liggur fyrir og ég hygg að það sé samdóma álit þeirra, sem þá reikninga hafa séð, að ógjörningur er að búast við því að ríkið geti tekið á sig þyngri pinkla en þar er gert ráð fyrir.

Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri til þess að leggja áherslu á að ég tel að hið félagslega íbúðarkerfi eigi að sinna meira en gert hefur verið vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Ég held að það sé orðið mjög brýnt. Mér er kunnugt um það að sjómannadagsráð vegna Hrafnistu og ýmsir aðrir aðilar eiga í erfiðleikum nú að svara þeirri eftirspurn sem er eftir vernduðum þjónustuíbúðum. Ég tel að það sé kannske eitthvert brýnasta verkefnið í félagslega kerfinu að reyna að hlaupa þar undir bagga og auðvelda byggingu slíkra íbúða. Ég held að ekki sé nauðsynlegt að þau lán yrðu jafnlöng og endranær í félagslega kerfinu. Það er mjög mismunandi hvernig stendur á hjá hinu aldraða fólki, sumt af því getur eða vill búa í íbúðum sem eru skuldlausar. Þetta veltur á ýmsu. Þessar íbúðir ganga kaupum og sölum. Þannig að ég álít að vel kæmi til greina að veita tvenns konar fyrirgreiðslu, annars vegar

fyrirgreiðslu vegna verndaðra þjónustuíbúða, sem yrðu í eigu í þessu tilviki sjómannadagsráðs eða Hrafnistu, og hins vegar skammtímafyrirgreiðslu fyrir aldrað fólk annað sem er reiðubúið til þess að leggja sjálft fram fé til þess að skapa sér öryggi í ellinni. Ég held að þetta sé mikið íhugunarefni og að rétt sé að athuga um hvort hægt sé að ná samkomulagi um þennan þátt málsins hér í þinginu sem ekki tengist þá því samkomulagi sem gert var milli aðila vinnumarkaðarins.

Á hinn bóginn skil ég það að þm. sem hafa borið Búseta fyrir brjósti skuli eiga erfitt með að sætta sig við samkomulagið sem varð á vinnumarkaðnum. Það er allt annað mál. En eins og málið liggur nú fyrir er öldungis ljóst að fulltrúar Alþýðusambandsins, sem hafa átt í viðræðum við ríkisstj., vilja sem minnst hvika frá samkomulaginu og vilja eftir því sem hægt er að Alþingi staðfesti það þegar öll kurl eru komin til grafar og við höfum áttað okkur á því hvernig ríkissjóður getur staðið að því samkomulagi.

Það er auðvitað afskaplega fallegt og elskulegt að segja það að úr opinberum sjóðum eigi að lána 80% af byggingarkostnaði til 40 ára — til allra íbúða eða sem flestra íbúða. Spurningin er einungis þessi: Hvar á að taka allt þetta fé og hver á að standa undir vaxtamuninum? Ég vil af þessu tilefni alveg sérstaklega spyrja þennan hv. þm. hvað hann telji að vaxtamunurinn sé mikill, eins og hann hugsar sér það, hver sé kostnaðaraukinn fyrir ríkissjóð að fara eftir þeim till., sem hann leggur hér til, eða að farið sé eftir samkomulaginu eins og aðilar vinnumarkaðarins gerðu það.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta var nokkuð fróðleg ræða hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. og sérstaklega var athyglisvert þegar hann spurði: Það er fallegt að setja á blað hugmynd um 80% lán, en hver á að borga? Það hefði verið fróðlegt ef hann hefði spurt sjálfan sig þessarar spurningar þegar þeir sjálfstæðismenn fóru með loddaraskap hér yfir landið fyrir síðustu kosningar og sögðu að þeir ætluðu að tryggja 80% húsnæðislán. Og þáv. formaður Sjálfstfl. skrifaði breiðsíður í Morgunblaðið hverja á fætur annarri þar sem hann lýsti þessu yfir og taldi það hina mestu fjarstæðu að ekki væri hægt að ná 80% húsnæðislánum.

Síðan gerist það að hv. þm. Halldór Blöndal, sem var hugmyndafræðingur þessarar umræðu í Sjálfstfl. á sínum tíma, kemur hér móður eftir nokkurra ára veru í stjórn með Framsfl. og spyr eins og barn: Ja, þetta er falleg hugsun, en hvernig á að borga? Hann spurði aldrei að þessu í kosningabaráttunni 1983.

Ég vil í tilefni af þessum umræðum taka það fram að það er ljóst að okkar skoðun er sú að það beri að drífa í gegn samkomulag aðila vinnumarkaðarins og setja það í lög. Mér er jafnljóst að það er ekki nægilegt að setja lög á grundvelli þess samkomulags um húsnæðislánakerfið vegna þess fyrst og fremst að nýja lánakerfið mun hafa í för með sér margs konar afleiðingar fyrir húsnæðislánakerfi landsins að öðru leyti, sem verður auðvitað að skoða, m.a. hvernig félagslega íbúðarbyggingakerfið mun tengjast almenna húsnæðislánakerfinu þegar það verður orðið jafngott og aðilar vinnumarkaðarins hafa gert samning um.

Í tilefni af ræðu hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vil ég vekja athygli á því að í 3. tölulið í till. þm. Alþfl. stendur: „Lánað verði úr Byggingarsjóði ríkisins 80% af byggingarkostnaði til 40 ára og beri lánin 3,5% vexti. Skal fækka almennum lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins í hlutfalli við fjölda kaupleiguíbúða sem byggðar eru á hverju ári". Ja, lái mér hver sem vill þó að ég skilji þetta eins og ég gat um hér áðan, þ.e. svona:

Segjum að lán til almennra íbúðarbygginga séu 1500 á ári. Verði byggðar 600 kaupleiguíbúðir þá á að fækka hinum almennu íbúðarlánum úr 1500 niður í 900. Ef þetta er ekki ætlunin heldur að þetta verði hrein viðbót þá erum við farin að byggja býsna mikið hér á landi. Segjum að við byggjum eftir sem áður 1500 íbúðir í almenna kerfinu, segjum að við byggjum 300 íbúðir í verkamannabústaðakerfinu og segjum að við byggjum 600 kaupleiguíbúðir fyrir utan íbúðir fyrir aldraða, þá værum við komin upp í 2400 íbúðir á ári. Og í spá, sem Framkvæmdastofnun ríkisins gerði fyrir nokkrum árum um nauðsyn íbúðarbygginga hér á landi, þá taldi hún að það væri nauðsynlegt að hér yrðu byggðar 2200 íbúðir á ári. Ég hef alltaf dregið þá tölu í efa. En ef það er svo að kaupleiguíbúðirnar 600 á ári í 10 ár eigi að bætast við allt það íbúðakerfi sem fyrir er, þá erum við komin með byggingartölu í 10 ár, herra forseti, sem er hærri en nokkurn tímann hefur verið hérna. Og mér er spurn: Ef þetta er svona hvernig á að borga brúsann? Því að í samningum aðila vinnumarkaðarins er gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir fjármagni stórkostlega lánahækkun Byggingarsjóðs ríkisins. Þar er ekki beinlínis kveðið á um félagslega íbúðarbyggingakerfið þó að í þeim samningum öllum sé gengið út frá því að félagslega íbúðarbyggingakerfið hafi eftir sem áður 33% af nýbyggingum í landinu.

Með öðrum orðum, herra forseti, ég vil taka það fram að ég tel að þessi till. sé góður og skynsamlegur umræðugrundvöllur, hér sé hreyft mjög þörfu máli. En framsetning hennar vekur spurningar, sem eru settar hér fram í fullri vinsemd, og vafalaust er hægt að taka til frekari athugunar við frekari meðferð málsins hér á hv. Alþingi.

Ég vil síðan að lokum, herra forseti, af því að nú hefur gengið í salinn hæstv. félmrh. inna eftir því hvenær þess sé að vænta að nýtt frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins, á grundvelli samninga ASÍ og VSÍ, sjái dagsins ljós og hvort það sé ekki alveg 100% klárt af hálfu ríkisstj. að ekki sé ætlun hennar að slíta þingi öðruvísi en að þetta frv. verði að lögum.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Fyrst varðandi orð síðasta ræðumanns, þá er í till. gert ráð fyrir að annaðhvort geti verið um að ræða byggingu eða kaup, þannig að þetta þyrfti ekki endilega að vera stóraukin viðbót við það sem áætlað er að byggja. Mér finnst hv. þm. enn misskilja það sem ég var að reyna að segja hér áðan. Ég lít svo á að íbúðir sem eru byggðar gegnum lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins teljist íbúðir sem eru byggðar á hinum almenna markaði, þannig að hérna er ekki verið að gera ráð fyrir fækkun úr hinum almenna Byggingarsjóði ríkisins.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. 2. þm. Norðurl. e. Halldór Blöndal reynir að misskilja það sem sagt er héðan úr þessum ræðustól, hvort sem það er vísvitandi eða ekki. Hann telur að með þessari till. sé verið að reyna að brjóta upp það samkomulag sem gert var í nýgerðum kjarasamningum. Þetta er auðvitað hreinn misskilningur. Ég trúi ekki öðru en að verkalýðshreyf-

ingin fagni því ef til kemur nýr valkostur í félagslegum íbúðarbyggingum. Og að því er varðar 80% lán, eins og hér er gert ráð fyrir, þá er ekki gert ráð fyrir því að slík lán renni beint til einstaklinga heldur til sveitarfélaga sem mundu standa fyrir slíkum framkvæmdum og væru framkvæmdaaðilar að þessum kaupleiguíbúðum. Ég bendi hv. þm. á að það er þegar til staðar. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti, — að það er þegar til staðar ákvæði í húsnæðislöggjöfinni í Byggingarsjóði ríkisins sem heimilar að lána sveitarfélögum 80% til byggingar leiguíbúða.

Að því er vaxtamismuninn varðar þá er það mál sem ber að hafa töluverðar áhyggjur af. Eftir því sem næst verður komist er í þessum nýgerðu kjarasamningum gert ráð fyrir mjög miklu auknu fjármagni frá lífeyrissjóðunum til húsnæðiskerfisins sem þarf að greiða niður. Þar skapast mjög mikill vaxtamismunur. Ég held að hv. þm. ætti að svara því sjálfur hvernig hann hefur hugsað sér að greiða niður þann vaxtamismun sem mun skapast með stórauknu fjármagni úr lífeyrissjóðunum yfir til húsnæðissjóðanna. Það sem hér er gert ráð fyrir er lán með 1% vöxtum úr Byggingarsjóði verkamanna. Það er það sama og er nú til staðar. Og að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins er líka um 3,5% að ræða, sem er það sama og þegar er til staðar, þannig að þar er ekki um neina breytingu að ræða.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vakti athygli á því að till. hv. 2. landsk. þm. hefur í för með sér verulegar greiðslur úr ríkissjóði fram yfir það sem talað hefur verið um í tengslum við samkomulagið hjá aðilum vinnumarkaðarins og staðfesti þm. það í sinni ræðu hér áðan.

Ég vil einnig leggja áherslu á það, herra forseti, að eins og þetta mál hefur verið lagt fyrir í samstarfsnefnd milliþinganefndar um húsnæðismál og nefndar aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. um aðgerðir í húsnæðismálum hafa fulltrúar Alþýðusambandsins lagt áherslu á að fyrirgreiðsla Byggingarsjóðsins sé í beinum tengslum við iðgjöld viðkomandi í lífeyrissjóðunum. Þeir vilja tengja skuldabréfakaupin rétti launþega í lífeyrissjóðunum. Þetta er kjarni málsins og ég held að það þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð. Á hinn bóginn á Alþfl. fulltrúa í milliþinganefndinni og getur þar komið sínum sjónarmiðum á framfæri. En það sem ég hef verið að lýsa hér eru þær umræður og þær skoðanir sem fram hafa komið í milliþinganefndinni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mér þykir miður að ég heyrði ekki þessar umræður frá upphafi en það litla ég hef heyrt gefur mér tilefni til þess að leggja nokkur orð í belg.

Fyrst þessi spurning: Hvað er það sem fyrst og fremst vakir fyrir þm. Alþfl. með því að brjóta hér upp á þessu nýja formi í sambandi við lausn húsnæðismálanna? Neyðarástandið í húsnæðismálum á undanförnum árum hefur verið rætt oft og iðulega hér úr þessum ræðustól. Menn hafa skipst á skoðunum um það af hverju það stafi, greint ástandið aftur í fortíðina og vissulega hefur verið á ýmsum tímum reynt að auka fjármagn til húsnæðismála. Engu að síður er það svo að m.a.s. neyðarástandið á umliðnum fimm árum hefur samkvæmt þolendum þess ekki verið leyst þannig að viðunandi geti talist. Nægir að vitna í því efni til þess sem fram hefur komið frá hinum svokallaða húsnæðismálahópi um það, þ.e. um það ástand sem skapast hefur vegna annars vegar misgengis launa og lánskjara og hins vegar vegna verulegrar hækkunar vaxta í kjölfar vaxtastefnu núv. ríkisstj.

Það sem gerst hefur að undanförnu er samkomulag sem náðist í kjölfar seinustu kjarasamninga milli aðila vinnumarkaðarins og svo hins vegar yfirlýsing ríkisstj. um það að reyna fyrir sitt leyti að framkvæma þær hugmyndir sem þar varð samkomulag um. Skipuð hefur verið nefnd í því efni sem nú er að störfum en um niðurstöður hennar er fátt hægt að fullyrða á þessu stigi málsins.

Hér var spurt: Þessi till., sem við flytjum hér um kaupleiguform, er hún eitthvert brot á samkomulagi eða lýsir hún ágreiningi við samkomulag við aðila vinnumarkaðarins? Hún gerir það út af fyrir sig ekki. Um samkomulagið er það að segja að þar er fyrsta spurningin sú, hver er hlutur ríkisstj. að þessu samkomulagi. Eftir er að leggja fyrir Alþingi niðurstöður nefndar sem nú er að störfum og ég tel mig ekki geta fullyrt eitt eða neitt um það með hvaða hætti ríkisstj. hyggst standa að því. Spurningin um t.d. auknar greiðslubyrðar á ríkissjóð vegna vaxtamunar er fyrst og fremst spurning sem verður að vísa til ríkisstj. sjálfrar. Að óbreyttri vaxtastefnu verður sá vaxtamunur gífurlega mikill sem þýðir þá að fram í tímann er verið að vísa á stóraukna skattheimtu væntanlega síðar. En ef þetta samkomulag felur í sér verulegar breytingar frá gildandi vaxtastefnu þá er auðvitað unnt að leysa það vandamál með eitthvað öðrum hætti.

Kjarni málsins í okkar hugmyndum er ósköp einfaldlega þessi: Við viljum styrkja hið félagslega kerfi og ganga út frá því sem gefnu að mánaðarlegur húsnæðiskostnaður láglaunafólks í landinu verði ekki nema viðráðanlegt hlutfall af launum. Og það er út frá þeirri grundvallarforsendu sem við gerum þessa tillögu með hliðsjón af reynslu með öðrum þjóðum af slíku fyrirkomulagi. Þetta þýðir í raun og veru að greiðslutíminn af þessum lánum getur verið mismunandi langur. Þó að talað sé um lán eða rétt til allt að 40 ára þá fer það síðan eftir samningum viðkomandi aðila hvort um er að ræða leigu eða kaupleigu. Það fer hreinlega eftir samningum viðkomandi aðila á hve löngum tíma lánið er greitt upp og fer þá eftir efnahag og efnahagslegri getu til þess.

Það er spurt: Er verið að draga hér burst úr nefi Byggingarsjóðs ríkisins? Það er ósköp eðlilegt að einhver misskilningur komi upp í sambandi við það. Hér er gengið út frá því sem gefnu að þeim auknu fjármunum, sem lífeyrissjóðirnir hyggjast veita samkvæmt samkomulaginu til Byggingarsjóðs ríkisins, verði að örlitlum hluta til varið til þess að gefa mönnum nýja valkosti um kaup eða leigu. Ef um er að ræða kaup þá er hér um að ræða lán að hámarki til 40 ára, 3,5% vextir, þ.e. óbreytt vaxtastig, engin frekari niðurgreiðsla á vöxtum. En það er hins vegar að hluti þessara íbúða er byggður innan ramma lánagetu Byggingarsjóðs ríkisins.

Dæmið sem hv. 3. þm. Reykv. tók er hins vegar óraunsætt að því leyti að hér er fyrst og fremst um að ræða mál sem yrði frumkvæðismál sveitarfélaga og við höfum gengið út frá því sem gefnu að a.m.k. helmingur ef ekki meir af þessum íbúðum verði byggður að þeirra frumkvæði og fjármagnaður úr Byggingarsjóði verkamanna. Það sem kynni að vera fjármagnað úr Bygging-

arsjóði ríksins er þá um leið að hluta til styrking á hinu félagslega kerfi sem er væntanlega — ég geng út frá því sem gefnu — í samræmi við viðurkennd sjónarmið ekki aðeins Alþb. heldur þeirra forsvarsmanna verkalýðshreyfingarinnar sem beittu sér fyrir samkomulagi um húsnæðismál í kjölfar kjarasamninganna.

Mig langar til þess að vekja athygli á því meginatriði að hér er verið að vísa til frumkvæðis sveitarfélaganna og þá vil ég líka vekja athygli á því, af því að spurt er um afstöðu manna til samkomulags aðila á vinnumarkaðnum, að í kjölfar þess samkomulags beitti ríkisstj. sér fyrir áskorun til forráðamanna sveitarfélaga um að þau fylgdu eftir breyttum verðlags- og verðbólguforsendum með því að lækka útsvarsálagningu sína. Fyrir liggur að Reykjavíkurborg hefur tilkynnt um lækkun útsvarsálagningar sinnar úr 10,8% í 10,2% og einnig að ýmis önnur sveitarfélög hafi gefið vilyrði um slíkar breytingar eða jafnvel ákvarðað þær.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér frá Þjóðhagsstofnun þýðir þetta samt sem áður að við útsvarsálagningu á þessum forsendum munu sveitarfélögin taka í sinn hlut verulega auknar tekjur að raungildi miðað við að forsendur kjarasamninga um verðbólguþróun, 8% verðhækkanir milli ára, standist. Í því efni nefni ég sem dæmi Reykjavík. Það kemur á daginn samkvæmt könnun á úrtaki framtala um breytingar á tekjum milli ára að tekjuaukningin að því er varðar Reykjavík virðist ætla að vera vel yfir 40% eða um 42% þar sem aftur á móti var gert ráð fyrir 36% hækkun milli ára í fjárhagsáætlunum flestra sveitarfélaga sem og í forsendum fjárlaga. Að vísu var Reykjavíkurborg þar í efri kantinum, gerði ráð fyrir 37,5% tekjuaukningu milli ára. Þetta mun þýða að Reykjavíkurborg hyggst taka í sinn hlut á þessu ári varlega áætlað við álagningu útsvara 50–60 millj. kr. að raungildi meira en henni ber ef miðað væri við að hún ætlaði sér ekki að auka útsvarsbyrðina. M.ö.o.: Reykjavíkurborg þyrfti að lækka útsvarsálagninguna a.m.k. niður í 9,7% ef hún ætlaði fyrir sitt leyti að standa við þau tilmæli að leggja ekki gegnum útsvarsálagninguna auknar byrðar á skattgreiðendur í Reykjavík.

Það sem Reykjavíkurborg er m.ö.o. að gera: Hún er að taka til sín um 50–60 millj. kr. að auki, en það þýðir að fyrir sveitarfélögin í heild er útsvarsálagningin á landsvísu 100–120 millj. kr. auknar útsvarsálögur miðað við að sveitarfélögin hins vegar ætluðu sér ekki að auka sinn hlut og að forsendur kjarasamninga haldist um verðbólguspár.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir, eins og ég sagði, frumkvæði sveitarfélaga að byggingu kaupleiguíbúða og gert ráð fyrir kostnaðarauka þeirra sem svarar 276 millj. Þær upplýsingar sem ég hef verið að lýsa þýða m.ö.o. að um það bil helmingur þessarar upphæðar væri reyndar þegar fenginn einungis með auknum útsvarsbyrðum eða aukinni útsvarsálagningu miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. (Forseti hringir.) Ég skil þennan bjölluhljóm svo, herra forseti, að það sé verið að óska eftir því að gera hlé á fundi. (**Forseti:** Það er ekki rétt og ég hygg að hv. ræðumaður eigi að vita að þetta er ekki merki um það. Það er merki um að hv. ræðumaður hefur farið umfram ræðutíma sinn skv. þingsköpum.) Þá læt ég hér með lokið þessari ræðu, herra forseti.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna fsp. frá hv. 3. þm. Reykv. til mín vil ég upplýsa að hin sérstaka nefnd undir forustu hagstofustjóra, sem var skipuð til að forma þessi mál í sambandi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismálin, hefur unnið ötullega í þessu máli og hefur haft samráð við milliþinganefnd sem er einnig að störfum og húsnæðismálastjórn og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef í dag er stefnt að því að frv. frá nefndinni verði tilbúið á mánudag og verði þá afgreitt í ríkisstj. á þriðjudagsmorgun. Ég held að það sé ljóst að ríkisstj. muni leita eftir samkomulagi við Alþingi um að tryggja afgreiðslu þessa máls fyrir þinglok og til þess þarf að sjálfsögðu að leita afbrigða. Það verður ekki afgreitt nema með því að fullt samkomulag verði um málið og eftir því verður örugglega leitað. Það eru engin áform önnur en að standa við að gera það að lögum á þessu þingi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 2. landsk. þm. hefur beðið um orðið en hann er búinn að tala tvisvar. Hann er búinn að gera athugasemd sem var ekki mjög stutt. Það er gjörsamlega brot á þingsköpum að halda þessu svo áfram. En má ég spyrja hv. þm. hvort það er til að gefa einhverjar yfirlýsingar út af orðum ráðherra? (**JS:** Út af orðum félmrh.) Með því að hæstv. félmrh. gaf tilteknar þýðingarmiklar upplýsingar, sem er eðlilegt að frummælandi tjái sig um, leyfist honum að gera örstutta athugasemd.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Mér þótti miður að ekki kom fram í máli hæstv. félmrh. afstaða hans til þess máls sem hér er til umræðu og ég vil því beina því til hæstv. félmrh. að hann veiti þingheimi upplýsingar um hver sé afstaða hans til þessa máls, sem ég vænti að hann hafi kynnt sér í sinni ráðherratíð sem félmrh., því að þetta fyrirkomulag er ekki óþekkt í okkar nágrannalöndum og þessi till. hefur legið á borðum þm. í tvo daga.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hv. 2. landsk. þm. mælti áðan. Ætlar hæstv. félmrh. ekki að verða við þeim tilmælum að skýra þingheimi frá því hver sé skoðun hans á þessari till., hver sé skoðun hans á því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir? Hér hefur verið flutt vandlega undirbúin og mjög ítarleg till. um nýjar leiðir í húsnæðismálum, till. sem kannske miðar einkum og sér í lagi að því að sinna þörfum þeirra sem vilja eignast íbúðir en ekki geta notið þeirra í gegnum verkamannabústaðakerfið eða hið almenna lánakerfi. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt og brýnt að hæstv. félmrh. segi sína skoðun á þessu máli, hvað honum finnst um þetta fyrirkomulag og hverja afstöðu hann hefur til þessarar till. Ég held satt að segja að það sé mjög undarlegt ef hann fæst ekki til að koma í ræðustól og lýsa skoðunum sínum í þessari till. sem er mjög skýr og hefur, eins og sagt var hér áðan, legið á borðum þm. í tvo daga.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Mér þykir harla einkennilegt ef ætlast er til að menn taki afstöðu til þess máls sem hér er flutt í þingsályktunartillöguformi. Ég tel að það hafi verið rætt það mikið um þessi mál og ég vil upplýsa hv. 5. landsk. þm. um að

hugmyndir liggja fyrir milliþinganefndinni, skipaðri fulltrúum allra flokka hér á Alþingi, sem ganga í svipaða átt og hér er talað um. Það eru ýmsir valkostir þar til meðferðar og ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að samstaða náðist um að vinna að framtíðarskipan þessara mála á þann hátt sem þar er gert. Ég tel enga ástæðu til að ætla á þessari stundu að þeir aðilar, sem hafa fjallað um þau mál, taki ekki á valkostum sem eru athygli verðir í sambandi við að tryggja láglaunafólki húsnæðisaðstöðu.

Það er margt í þessari till. sem er vissulega athygli vert og ég gæti sjálfsagt skrifað undir, en ég hef ekki búið mig undir að taka til máls um þáltill. sem slíka. En ég vísa til þess að mál þessu skylt er til meðferðar í milliþinganefnd.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Efri deild, 73. fundur.

Fimmtudaginn 10. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu, stjfrv. 413. mál (þskj. 762). — 1. umr.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 762 flyt ég frv. til laga um þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu.

Ég vil fyrst geta þess að aðkoma mín að því máli var með þeim hætti að mjög óveruleg fjárveiting var til byggingar bókhlöðunnar. Til hennar er talið að varið hafi verið á núvirði 200 millj. kr., en fjármagn sem þarfnast til lúkningar byggingunni og til þeirra gagna sem hún þarf við til að þjóna hlutverki sínu er talið á núvirði 360 millj. kr.

Þrátt fyrir góðan vilja og heitstrengingar um byggingu Þjóðarbókhlöðu hafa mál staðið þannig að ekki hefur verið séð hvenær byggingu hennar lyki. Nú síðast við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1986 var fjárveiting til bókhlöðunnar skert verulega svo að ekki þótti ástæða til annars en að fella hana alveg niður og leita nýrra leiða til lúkningar byggingunni á sem skemmstum tíma.

Frv. það sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir að byggingu Þjóðarbókhlöðunnar ljúki á þremur árum með tekjum af sérstökum eignarskatti sem rennur óskiptur til byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu. Eignarskattsauki þessi er aðeins lítið brot af eignarskattsstofni, eins og segir í 2. gr., eða 0,25% af nettóeign 1600 þús. kr.

Allt frá því á vordögum 1968 hefur bygging Þjóðarbókhlöðu verið á dagskrá, en í bréfi dagsettu í mars 1969 til dr. Bjarna Benediktssonar forsrh. frá þjóðhátíðarnefnd 1974 segir að á fundum með þingflokkum vorið 1968 hafi nefndarmenn orðið varir við mikinn stuðning þm. við byggingu þjóðbókasafns. Ítrekaði nefndin síðar að Þjóðarbókhlaða væri væntanlega helsta gjöfin sem þjóðin færði sjálfri sér á 1100 ára afmæli byggðarinnar.

Hinn 30. apríl 1970 samþykkti Alþingi síðan þáltill. um byggingu Þjóðarbókhlöðu svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist Þjóðarbókhlaða er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn."

Laugardaginn 28. jan. 1978 var fyrsta skóflustungan tekin að Þjóðarbókhlöðunni. Vilhjálmur Hjálmarsson menntmrh. tók skóflustunguna að viðstöddum Geir Hallgrímssyni forsrh., byggingarnefnd bókhlöðunnar og fleiri gestum. Við þetta tækifæri og oftar var nefnd dagsetning þegar byggingu hússins átti að ljúka. Nefnt var ártalið 1982. Þess má geta að af skilvísum mönnum og reikningsglöggum var það reiknað út fyrir mig í upphafi starfsferils míns sem menntmrh. að með sama áframhaldi mundi byggingu Þjóðarbókhlöðu ljúka árið 2032.

Árið 1978 voru um 340 000 bindi í Landsbókasafni og á annað hundrað þúsund í Háskólabókasafni. Í hinni nýju bókhlöðu uppkominni er hægt að geyma 1 milljón bóka.

Frá upphafi þessa máls hefur verið litið svo á að Þjóðarbókhlaða væri helsta gjöfin sem þjóðin gæti fært sjálfri sér á 1100 ára afmæli mannlífs og menningar í landinu. Þjóðarbókhlaðan er enn þjóðargjöf þótt komið sé fram yfir afmælið. Af þeim ástæðum er leitað til þjóðarinnar um lausn bókhlöðumálsins svo að það dragist ekki um ófyrirsjáanlegan tíma að þjóðin geti nýtt sér þessa gjöf.

Ástæða þykir til að viðurkenna það sérstaka framlag sem frv. gerir ráð fyrir með því að láta fylgja hverju framlagi sérstaka viðurkenningu. Þar verður fram tekið um greitt fé hvers einstaklings til Þjóðarbókhlöðunnar með það fyrir augum að hið góða handtak hvers og eins megi geymast innan fjölskyldna og ætta um ókomnar tíðir.

Ég vil geta þess að formaður þingflokks Framsfl. hefur tekið það fram við mig að þessi hugmynd hafi notið nokkurrar andspyrnu í þeim þingflokki. Ég bendi hins vegar á að þetta er ekki skattlagning með venjulegum hætti, sem við nú erum að flytja frv. til laga um, heldur þjóðargjöf þar sem mönnum, öðrum en þeim sem samkvæmt frv. hljóðan er gert skylt að greiða í þennan sjóð, er einnegin gert kleift að eiga þátt í þjóðargjöfinni. Það yrði þá gert með því að aldraðir, sem ekki eru skattskyldir, og aðrir gætu keypt skjal sem væri kvittun fyrir þeirra framlag til þessarar þjóðargjafar. Fyrir því er það að þetta er hugsað sérstaklega að enginn verði afskiptur eða skilinn út undan þegar þetta fer fram.

Að öðru leyti hef ég ekki fleira um þetta að segja, en á þessu vek ég sérstaka athygli svo að hv. fjh.- og viðskn., sem ég legg til að fái þetta frv. til meðferðar, geti kynnt sér það sérstaklega og þau rök sem til þess hníga af hálfu samstarfsflokks Sjálfstfl. að hluti þingflokksins a.m.k., eftir því sem mér eru gefnar upplýsingar um, leggst gegn þessari tilhögun.

Frv. til að ljúka Þjóðarbókhlöðu með sæmd og samhentu átaki landsmanna er í samræmi við hugmyndir ágætra manna á Alþingi sem hrundu þessu máli af stað fyrir margt löngu og munu ekki hafa talið að tvo áratugi þyrfti til að Íslendingar gætu eignast sína þjóðargjöf.

Þjóðarbókhlaðan er engin tildurbygging. Okkur er mikil nauðsyn á að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn og koma að auki fyrir sérsöfnum vegna fræða okkar, menntunar og vísinda. Húsnæðismál tveggja fyrrgreindra bókasafna standa okkur fyrir þrifum, enda er takmarkað hvað hægt er að auka bókakost þessara safna við núverandi aðstæður. Það er því komið að þeirri stund að ekki verður lengur unað því sinnuleysi sem ríkt hefur um byggingu Þjóðarbókhlöðu.

Með þjóðargjöf landsmanna tekst að ljúka á næstu þremur árum þessari byggingu sem svo mjög er miðuð við brýnar þarfir okkar og er að auki verðugt og sjálfsagt húsrými fyrir stóran hluta af þeirri menningu sem bundin er við bækur.

Fjáröflun sú sem frv. gerir ráð fyrir felst í álagningu sérstaks eignarskatts í þrjú ár. Heildarfjárhæðin, sem tekur við af kostnaðaráætlunum um þær framkvæmdir sem eftir eru við byggingu Þjóðarbókhlöðu, er áætluð 360 millj. kr. á núgildandi verðlagi, þ.e. 120 millj. kr. á ári gjaldárin 1987, 1988 og 1989. Gera má ráð fyrir að þessi fjárhæð haldi raungildi sínu þar sem skatturinn verður lagður á gjaldstofn viðkomandi gjaldára. Sá sérstaki eignarskattur sem þetta frv. gerir ráð fyrir er með sama sniði og ætti að gefa af sér sömu tekjur og eignarskattsauki skv. 2. gr. laga nr. 48/1985 sem lagður var á eignarskattsstofn gjaldárin 1985 og 1986.

Samkvæmt álagningarskrám gjaldárið 1985 nam álagður eignarskattsauki á menn, einstaklinga, 39,3 millj. kr. og lögaðila 64,3 millj. kr. eða í heild 103,6 millj. kr. Með hliðsjón af áætlaðri hækkun eignarskattsstofns um 28% milli gjaldáranna 1985 og 1986 svo og með tilliti til hækkunar skattvísitölu milli sömu gjaldára má áætla að eignarskattsauki manna, einstaklinga, hækki um 14,5% milli ára og muni nema við álagningu hans gjaldárið 1986 45 millj. kr. og að eignarskattsauki lögaðila hækki um 28% milli ára og muni nema við álagningu hans gjaldárið 1986 um 82,2 millj. kr. eða að heildarálagning eignarskattsauka á gjaldárinu 1986 muni nema um 127 millj. kr. Að loknum kærubreytingum má áætla að lokaniðurstaða eignarskattsauka gjaldársins 1986 til innheimtu muni nema 120–122 millj. kr.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, virðulegi forseti. Ég minni aðeins á að uppi er mjög gagnsöm og einörð umræða um samstarf Háskóla og atvinnulífsins.

Ég vek athygli á því, sem hv. alþm. allir gera sér grein fyrir, að heili háskólastofnunar er bókasafn þess. Menn voru í tilhlaupi að gera áætlanir um að leggja hátíðarsal Háskólans undir bókasafnið til þess að leysa hin brýnustu vandamál sem þar væru uppi vegna húsakosts sem er gjörsamlega ónógur á skólabókasafninu. Þetta eitt með öðru sýnir hina brýnu nauðsyn þess að við tökum snarplega til höndum og legg ég til að þegar þessari umræðu lýkur, virðulegi forseti, verði máli þessu vísað til fjh.- og viðskn. þar sem það á heima þar sem hér er um skattheimtu að ræða þótt hún sé með þessu sérstaka formi að við viljum nefna það þjóðargjöf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Viðey í Kollafirði, frv. 414. mál (þskj. 764). — 1. umr.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég rifja upp í upphafi máls míns að hið háa Alþingi ályktaði á vordögum á síðasta þingi að í tilefni af 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar skyldi Alþingi færast það í fang að gera upp til fullnustu Viðeyjarstofu og framkvæma lendingarbætur í eynni og átti það að heita afmælisgjöf til Reykjavíkurborgar vegna þessa stórmerka afmælis. Síðar við afgreiðslu fjárlaga kom í ljós að menn voru ekki tilbúnir og reiðubúnir til að standa við þessa fyrri yfirlýsingu og var þess vegna ekki ætlað til þess fjármagn í fjárlögum að gjöfin yrði með þeim hætti sem samþykkt hafði verið. Fyrir því er það að menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að besta úrlausn málsins og sjálfsögð og virðuleg til handa Reykjavík á 200 ára afmæli hennar væri að færa henni eignarhlut ríkisins í Viðey með þeim hætti sem nú skal greina. Tilefni þessa frv., eins og ég tók fram, er 200 ára afmælishátíð Reykjavíkurborgar á þessu ári, en hinn 18. ágúst n.k. verða liðnar tvær aldir frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi.

Segja má að Viðey sé föðurleifð Reykjavíkurborgar, en þar dvaldi Skúli Magnússon landfógeti lengst af. Skúli valdi „Innréttingum“ sínum stað í „Hólminum“, eins og Reykjavík kallaðist þá, um miðbik 18. aldar, en með þeim varð fyrsti vísir að kauptúnsmyndun í Reykjavík og greinir sagnaritara ekki á um það. Þykir vel við hæfi á svo merkum tímamótum að ríkið afhendi Reykjavíkurborg eignarhluta sinn í Viðey að gjöf, enda eru uppi hugmyndir um það í borgarstjórn að gera eyna að fólkvangi og útivistarsvæði borgarbúa. Á eynni eru merkar minjar, m.a. Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja sem eru á fornleifaskrá. Gert er ráð fyrir að verndun sú sem stofnast með skráningu í fornleifaskrá samkvæmt þjóðminjalögum haldi gildi sínu svo sem segir í fyrri málsgr. og hinni síðari einnegin.

Klaustur var stofnað í Viðey árið 1126 og var klausturhald þar allt fram til siðaskipta. Viðeyjarklaustur var ríkasta klaustur í landinu, átti 116 jarðir, auk ítaka, reka og hlunninda á fjölmörgum stöðum.

Á tímum klausturhalds í Viðey var eyjan eign og undir vernd kaþólsku kirkjunnar. Við siðaskiptin voru eignir Viðeyjarklausturs teknar undir Danakonung.

Næstu 200 árin var hljótt um Viðey. Bessastaðamenn taka þar við búi og Viðey verður nokkurs konar illa hirt hjáleiga frá Bessastöðum. Á þessum tíma komu Bessastaðamenn þó upp fátækraspítala í eynni sem rúmaði 12 manns. Nutu þeir þar vistar á kostnað ríkisins. Spítali þessi var síðar fluttur í Gufunes.

Nýtt frægðartímabil hefst í sögu Viðeyjar er Skúli Magnússon landfógeti settist þar að árið 1751. Skúli bjó í Viðey allt til æviloka 1794 og er grafinn undir altari Viðeyjarkirkju. Hann lét reisa Viðeyjarstofu, sem á sínum tíma var eitt dýrasta hús á landinu, og einnig lét hann reisa Viðeyjarkirkju þá er nú stendur sem mun hafa verið fullgerð árið 1774. Skúli stóð fyrir merkum jarðabótum og landbúnaðartilraunum í Viðey og hlaut fyrir þær viðurkenningu frá danska landbúnaðarfélaginu.

Eftir fráfall Skúla tekur Ólafur Stephensen stiftamtmaður við búi í Viðey og eftir andlát hans tekur Magnús Stephensen konferensráð og dómstjóri við búinu og setur þar upp einu prentsmiðju landsins sem starfaði þar árin 1819–1844.

Magnús Stephensen keypti Viðey árið 1817 og galt fyrir hana 14 000 ríkisdali. Þar með flyst Viðey úr ríkiseign í einkaeign. Eftir andlát Magnúsar var eyjan í eign afkomenda hans um langan tíma, en árið 1903 kaupir faðir Eggerts Briem eyna handa syni sínum.

Eggert seldi Viðey svonefndu Milljónafélagi árið 1907. Það félag átti Viðey í nokkur ár eða þar til félagið varð gjaldþrota, en þá eignaðist Eggert Briem aftur drjúgan hluta eyjarinnar, þar á meðal bæði Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju. Eignarhluti Eggerts er síðan seldur árið 1936 Engilberti Hafberg sem síðan selur eignarhlutann að mestu Stefáni Stephensen árið 1939.

Stefán Stephensen afhendir árið 1961 ríkinu Viðeyjarkirkju ásamt lóð þeirri er kirkjan stendur á með þeim skilyrðum að kirkjan verði færð á þjóðminjaskrá sem nú kallast fornleifaskrá. Sex árum síðar selur Stefán Stephensen ríkinu 11,8 hektara af landi Viðeyjar, en inni í þeirri sölu er Viðeyjarstofa.

Reykjavíkurborg á nú þegar bróðurpart Viðeyjar. Fyrst eignast borgin hluta af eynni er hún eignast þann hluta sem undanskilinn var sölunni til Eggerts Briem eftir gjaldþrot Milljónafélagsins og þá með makaskiptum við Útvegsbanka Íslands. Síðar kaupir borgin svo mikinn hluta Viðeyjar af Ólafi Stephensen árið 1983.

Það sem verið er að gefa er eignarhluti ríkissjóðs sem miðast við afhendingu árið 1961 og kaup á hluta Viðeyjar árið 1967. Hvað þessi eignarhluti er stór í hekturum talið er mér ekki kunnugt um, en kaupin 1967 miðuðust við 11,8 hektara. Viðeigandi lýsing á þessum eignarhluta væri sjálfsagt, eins og segir í fornum bókum, „dágóð landspilda", að hún mundi verða talin. Inni í þessum eignarhluta ríkisins eru bæði Viðeyjarkirkja og Viðeyjarstofa.

Varðandi Viðeyjarkirkju sérstaklega, þá var hún afhent árið 1961 með svohljóðandi afsalsgerningi:

„Við undirrituð, Stefán Stephensen og Ingibjörg Stephensen, gjörum kunnugt að við með gjafabréfi þessu afhendum biskupi Íslands Viðeyjarstofu til eignarumráða og ábyrgðar ásamt lóð þeirri er kirkjan stendur á. Það er áskilið af gefendum að kirkjan verði færð á þjóðminjaskrá Þjóðminjasafns Íslands."

Ríkissjóður eignast sem sagt kirkjuna með ákveðnum kvöðum. Hvað þýðir að afhenda biskupi Íslands eitthvað? mætti kannske spyrja. Löggjafinn hefur ætíð vald í veraldlegum málum kirkjunnar. Ef eign er afhent þjóðkirkjunni er um leið verið að afhenda hana ríkinu með ákveðinni kvöð, þ.e. að eignin skuli notuð í þágu kirkjunnar. Líta verður svo á að þessi kvöð haldist þó að það sé ekki tekið fram í lagafrv. og legg ég áherslu á þann þátt.

Önnur kvöð lagðist á með afhendingu Viðeyjarkirkju. Það er skráning á fornleifaskrá. Komst kirkjan þannig í raun undir umsjá þjóðminjavarðar, enda hefur biskup Íslands ekki haft nein afskipti af kirkjunni. Viðeyjarstofa er einnig á fornleifaskrá.

Enn mundu menn vilja spyrja: Hvaða þýðingu hefur skráning á fornleifaskrá? Mun ég nú reifa stuttlega lagaákvæði þar að lútandi.

Skv. 11. gr. þjóðminjalaga eru allar fornleifar er á fornleifaskrá standa friðhelgar. Síðar í greininni er skilgreint hvað felist í friðhelgi. Friðuðum fornleifum má enginn spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né staðfæra nema leyfi þjóðminjavarðar komi til. Ef friðuð fornleif liggur undir skemmdum ákveður fornminjavörður hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni. — Ég vil taka það fram að ég hef hvergi rekist áður á þetta orð, „fornleif", í eintölu, en lögin nota þetta orð eins og sjá má í 12. gr. þeirra og er merkilegt.

Skv. 10. gr. skulu fornleifar þær, er þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skráðar á fornleifaskrá. Tilkynna á landeiganda skráninguna og tilgreina staðinn nákvæmlega. Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá er í hlut á.

Mér er ekki kunnugt um að slík þinglýsing hafi farið fram vegna Viðeyjarkirkju eða Viðeyjarstofu, en þjóðminjavörður tjáir mér að þessar byggingar séu á þjóðleifaskrá.

16. gr. þjóðminjalaga boðar að skylt sé að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim er á fornleifaskrá standa og fari um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

Þetta eru helstu lagaákvæði varðandi friðaðar fornleifar eins og Viðeyjarkirkja og Viðeyjarstofa eru. Gjöfin til Reykjavíkurborgar er bundin þessum ákveðnu kröfum, eins og raunar kemur fram í frv. sjálfu, enda hygg ég að ekki sé ætlunin að minnka eða þrengja þá verndun sem þessar fornleifar njóta, enda ekki leyfilegt.

Þessi lög, sem hér er flutt frv. um, eru fyrst og fremst heimildarlög sem heimila afhendingu þessara tilteknu eigna ríkisins. Lögin ná til allra eignarhluta ríkisins í Viðey. Síðar, ef og eftir að lög þessi hafa verið samþykkt, verður gjöfin útfærð nánar í afsalsbréfi til Reykjavíkurborgar.

Ég vil svo bæta því við að mér er kunnugt um að Reykjavíkurborg, ef þessi lög ná fram að ganga, hefur þegar búið sig undir að taka myndarlega til höndum um viðreisn Viðeyjarstofu, lendingarbætur og annað sem má gera þessa eign að frambærilegu og aðgengilegu landi og byggingum fyrir allan almenning og er mál til komið að þessi staður og þessar merku byggingar verði sýnilegar og þannig úr garði gerðar að þær séu bjóðandi öllum almenningi til sýnis. Því er það að ég legg mjög mikla áherslu á að mál þetta nái fram að ganga, virðulegi forseti, og legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði máli þessu vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, stjfrv. 415. mál (þskj. 766). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Núverandi skipulag á fjármálum sjávarútvegsins er ákaflega flókið. Af þeim sökum er fjárstreymi og tekjuskipting innan hans afar óskýr sem í fjölmörgum tilvikum hefur óheppileg áhrif á ákvarðanir manna og dregur úr verðmætasköpun. Með frv. því sem hér er til umræðu eru gerðar róttækar tillögur til einföldunar á þessu kerfi. Í stað flókinna reglna um útflutningsgjöld, sjóði, millifærslur og bótagreiðslur er hér lagt til að

lögleiddar verði einfaldar reglur um skiptaverðmæti sjávarafla. Til marks um þetta má nefna að þegar tillit er tekið til allra greiðslna samkvæmt núgildandi kerfi, beinna og óbeinna, kemur í ljós að raunverulegt fiskverð er 63% hærra en sýnist í verðtilkynningum verðlagsráðs. Sjóðakerfið leynir því hvað fæst í reynd fyrir fiskinn innanlands í samanburði við fiskverð erlendis og stuðlar þannig í heild sinni að auknum útflutningi óunninnar vöru. Með frv. er lagt til að komið sé framan að hlutunum og þeir nefndir réttum nöfnum.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem einföldun á sjóðakerfinu á sér stað. Í ársbyrjun 1976 var gerð mikil uppstokkun á sjóðum sjávarútvegsins og voru útflutningsgjöld þá einfölduð og lækkuð stórlega. Á undanförnum erfiðleikaárum hefur þó sótt í sama far. Margs konar lögbundnar greiðslur og bætur úr sjóðum flækja nú verulega tekjuskiptinguna innan sjávarútvegsins.

Í ársbyrjun 1985 var skipuð nefnd með aðild samtaka sjómanna og útvegsmanna og þingflokka til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um sjóði sjávarútvegsins og lögbundnar greiðslur tengdar fiskverði. Nefndin starfaði undir forustu Jóns Sigurðssonar forstjóra Þjóðhagsstofnunar, en um það mál er greinilega fjallað í grg. með frv. Auk þess skyldi samhengi milli þessara lagafyrirmæla og skiptaverð sjávarafla og þar með aflahlutar sjómanna tekið til rækilegrar skoðunar. Markmið þessarar endurskoðunar skyldi vera:

Að gera fjárstrauma og tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins einfaldari og skýrari.

Að stuðla að sanngjarnri skiptingu tekna innan sjávarútvegsins.

Að koma í veg fyrir að sjóðakerfið og tekjuskiptingarreglur dragi úr hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri sjávarútvegsins.

Í ársbyrjun 1986 var svo ákveðið að nefndin skyldi einnig fjalla sérstaklega um hlut fiskvinnslunnar í skiptum við sjóði sjávarútvegsins, þar með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og var þá bætt í nefndina fulltrúum frá samtökum fiskvinnslunnar. Hinn 4. apríl s.l. skilaði nefndin tillögum sínum til sjútvrh. og taldi sig þar með hafa lokið verkefni sínu að öðru leyti en því að síðar yrði fjallað um starfsemi Verðjöfnunarsjóðs.

Frv. þetta er samið af nefndinni og flutt efnislega óbreytt frá þeim tillögum sem nefndin gerði og var sammála um.

Tilgangur frv. þessa er að einfalda allt greiðsluflæði innan sjávarútvegsins. Tillögurnar fela í sér róttækar breytingar á fjárhagslegu skipulagi atvinnugreinarinnar. Allir millifærslusjóðir og greiðslur utan skipta við fiskkaup eru samkvæmt frv. niður lagðar. Í staðinn koma einföld ákvæði þar sem skiptaverðmæti sjávarafla er ákveðið sem hlutfall af hráefnisverði. Samhliða þessu hækkar fiskverðið þannig að hið opinbera fiskverð verður jafnframt raunverulegt heildarverð fyrir fiskinn er sýnir allar greiðslur sem nú fara eftir misjafnlega flóknum leiðum, ýmist innan eða utan skipta, frá fiskvinnslu eða sjóðum. Með þessu næst það meginmarkmið að færa allar greiðslur nær uppruna sínum þannig að verðkerfið sýnir raunveruleg verðmæti í viðskiptum á skýran og ótvíræðan hátt. Á þennan hátt er tvímælalaust best tryggt að ákvarðanir þeirra sem við þessa grein starfa séu á hverjum tíma teknar út frá réttum viðskiptalegum forsendum og horfi til eflingar greinarinnar í heild og þar með þjóðarhags.

Enda þótt frv. þetta feli í sér róttækar skipulagsbreytingar á fjármálum sjávarútvegs mun það ekki breyta í neinum meginatriðum starfskjörum þeirra er að sjávarútvegi vinna. Tekjuskipting milli sjómanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar og á milli veiða og vinnslu verður að mestu leyti óbreytt þrátt fyrir samþykkt þessa frv. Er gerð rækileg grein fyrir þessu í fskj. sem prentuð eru með frv.

Vettvangur ákvarðana um þessa meginþætti verður að sjálfsögðu eftir sem áður kjarasamningar milli útvegsmanna og sjómanna og ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins um fiskverð. Hins vegar fer auðvitað ekki hjá því að þessi endurskipulagning breyti eitthvað kjörum einstakra fyrirtækja og aðila innbyrðis. Má í því sambandi nefna að breytingin er þeim aðilum hagstæðust sem vinna aflann mest.

Ég mun þá víkja að einstökum þáttum frv. og þá fyrst að þeim er lúta að afnámi sjóðakerfisins. Þessi ákvæði eru í 17. gr. frv. um gildistöku þess.

Hornsteinn núgildandi sjóðakerfis eru lögin um útflutningsgjald á sjávarafurðum frá 1983. Þetta gjald á sér yfir 100 ára samfellda sögu. Með afnámi þess verður að telja að sagt sé skilið við ákveðið þróunarstig í skattheimtu hér á landi og niðurfelling þess markar því þáttaskil í hagþróun.

Útflutningsgjöld sem leggja sem fæst prósent á verðmæti útflutningsvöru eru almennt séð mest íþyngjandi fyrir þær greinar sem auka mest verðmæti framleiðslunnar með úrvinnslu innanlands. Þau stuðla því almennt að útflutningi óunninnar eða lítt unninnar vöru og eru því hemill á innlenda hagþróun.

Enda þótt núgildandi útflutningsgjald sé ekki ýkja hátt eða 5,5% hefur það óneitanlega haft að einhverju leyti þessi áhrif. Við afnám þess væri því að fullu horfið hið sérstaka óhagræði sem innlend fullvinnsla á sjávarafurðum hefur mátt búa við.

Með afnámi útflutningsgjaldanna sem skiluðu tæplega 1300 millj. kr. gjaldi árið 1985 falla niður tekjustofnar Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa. Tillagan um afnám útflutningsgjalds felur því einnig í sér tillögu um að starfsemi þessara sjóða verði hætt.

Tryggingasjóður hefur staðið undir greiðslu á 40% af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa. Er við það miðað að fyrir þessum þörfum verði framvegis séð með ákvæðum II. kafla um greiðslumiðlun sem ég kem að á eftir. Þær eignir Tryggingasjóðs sem eftir standa þegar starfsemi hans lýkur muni renna til Fiskveiðasjóðs Íslands, en þó er lagt til í ákvæði til bráðabirgða III að 12 millj. af fé sjóðsins skuli varið til öryggismála sjómanna og björgunaræfinga á fiskiskipum og 12 millj. renni til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss.

Óhætt er að fullyrða að starfsemi þeirra sjóða sem fengist hafa við greiðslur vegna úreldingar fiskiskipa hafi ekki verið nógu markviss til þessa. Á ég hér við Úreldingarsjóð fiskiskipa og Aldurslagasjóð fiskiskipa. Þannig hafa greiðslur úr Úreldingarsjóði oftar en ekki auðveldað mönnum kaup nýrra skipa með aukinni afkastagetu í stað hinna eldri. Þetta verður að telja andstætt þeim megintilgangi hans að auðvelda þeim er gömul skipa eiga og óhagkvæm að hætta í útgerð og draga þar með úr afkastagetu skipastólsins. Í frv. er gert ráð fyrir að starfsemi Úreldingarsjóðs verði hætt og þær

eignir hans sem eftir standa þegar skuldbindingum hans er lokið verði varðveittar og ávaxtaðar á bestu kjörum þar til honum hefur verið fengið hlutverk að nýju.

Ég tel fulla þörf á að kanna með hvaða hætti þessum málum verði best fyrir komið í framtíðinni og mun strax í vor, verði frv. þetta að lögum, beita mér fyrir að vinna við það hefjist.

Til þess að skapa öllum útgerðarmönnum jöfn tækifæri til úreldingarstyrkja úr sjóðnum áður en starfsemi hans lýkur mun ég beita mér fyrir því að stjórn sjóðsins auglýsi eftir umsóknum til styrkja fyrir 1. maí þannig að skipin geti horfið úr varanlegum rekstri fyrir 15. maí n.k., en þá lýkur starfsemi hans.

Með niðurfellingu laga um útflutningsgjald á sjávarafurðum er einnig felldur niður stærsti tekjustofn Aflatryggingasjóðs. Í 17. gr. frv. er og gerð tillaga um afnám hans. Sjóðurinn hefur starfað í þremur deildum.

Hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs var fram til 1983 ætlað það hlutverk að bæta útvegsmönnum og sjómönnum aflabrest. Síðustu tvö árin hafa greiðslur úr deildinni þó að mestu gengið til að greiða útgerðinni utan skipta uppbót á fiskverð í hlutfalli við aflaverðmæti skips. Deildin hefur því ekki starfað samkvæmt upphaflegum tilgangi sínum og er ástæðan til þess fyrst og fremst sú að órökrétt virtist að reikna út aflabrest þegar skipum var úthlutað fyrir fram ákveðnu aflamarki.

Hin nýja fiskveiðistjórnun hefur dregið mjög úr þörf fyrir starfsemi þessarar deildar og reynsla tveggja síðustu ára hefur í raun bent eindregið til þess að leggja megi deildina niður eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég er hins vegar reiðubúinn að láta kanna strax í vor í samvinnu við útvegsmenn og sjómenn hvort aðstæður séu til að taka upp einhvers konar aflatryggingu eða tekjutryggingu í framtíðinni verði aflabrestur í einstökum verstöðvum eða landshlutum.

Verðjöfnunardeild sjóðsins er ætlað að beina sókn í þær fisktegundir sem talið er að þoli hana öðrum betur. Hin nýja fiskveiðistjórn hefur einnig gert starfsemi þessarar deildar óþarfa. Er veiðar helstu fisktegunda eru beinlínis bundnar aflamarki verður að telja óþarft að hafa samtímis tæki til óbeinnar stjórnunar í formi verðuppbóta. Í reynd hefur þessi deild sjóðsins líklega aldrei þjónað upphaflegum tilgangi sínum heldur fyrst og fremst verið beitt til að styrkja framleiðslu þeirra fiskafurða, sem erfiðlega hefur gengið að láta bera sig, á kostnað annarra fisktegunda. Síðustu árin hefur verið farið að greiða verðjöfnunarbætur á nær allar tegundir botnfisks og felst í því óbein viðurkenning á að upprunalegar forsendur bótanna séu brostnar. Það hlýtur að vera andstætt upphaflegum tilgangi verðjöfnunardeildar að greiða 16% ofan á verð karfa, sem fiskifræðingar telja í mestri hættu vegna ofveiði, meðan greiðslur á flestar aðrar botnfisktegundir eru 6%. Verður ekki séð að í þessu felist hvati til sóknar í vannýttar tegundir.

Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs greiðir lögskráðum sjómönnum fæðispeninga eftir ákveðnum reglum. Sjómenn og útvegsmenn vilja halda þeirri tilhögun sem felst í fæðisdagpeningum áhafnadeildar með þeirri breytingu þó að hver útgerðarmaður standi undir greiðslum sjálfur. Þannig breytast hlutur og kjör sjómanna ekki þótt hætt sé millifærslu fjár milli fyrirtækja. Um þetta fyrirkomulag er samkomulag milli sjómanna og útvegsmanna að gera viðbótarkjarasamning eins og sést á fskj. I með frv.

Með niðurfellingu útflutningsgjalds falla og niður verulegir tekjustofnar stofnlánasjóða sjávarútvegsins. Fiskveiðasjóður missir þannig verulegan tekjustofn, en rétt er þó að benda á að tillaga er gerð í frv. um að sjóðnum verði greiddar 70 millj. kr. af endurgreiðslu söluskatts eftir 15. maí. Niðurfelling útflutningsgjaldsins mun þannig leiða til þess að eftir árslok 1986 minnkar mjög það svigrúm sem tekjur af útflutningsgjaldi hafa skapað Fiskveiðasjóði til niðurgreiðslu vaxta af stofnlánum. Verður að telja það eðlilegt að ný fjárfesting í sjávarútvegi beri í framtíðinni fullan fjármagnskostnað á sama hátt og aðrar atvinnugreinar, enda var vaxtaniðurgreiðslan aldrei hugsuð nema sem tímabundin ráðstöfun til að komast yfir erfiðleikaár og hefur einungis verið ákveðin til eins árs í senn.

Varðandi niðurfellingu á framlagi af útflutningsgjaldi til Fiskimálasjóðs er rétt að benda á að honum er ætlað að sameinast Fiskveiðasjóði skv. frv. um fjárfestingarlánasjóði sem nú liggur fyrir Alþingi.

Loks er gert ráð fyrir að niður verði felld lög um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar. Ákvæði þessi fela í reynd í sér breytingu á hlutaskiptum, en valda ekki fjárstreymi utan viðskipta milli fyrirtækja eins og útflutningsgjöldin gera.

Við gildistöku frv. þessa, ef að lögum verður, er nauðsynlegt að ákveða nýtt fiskverð. Er í ákvæði til bráðabirgða kveðið á um að verðlagsráð skuli hækka gildandi fiskverð um 58% við gildistöku laganna, en jafnframt er gert ráð fyrir að hálfar verðuppbætur úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs haldist til maíloka. Þetta samsvarar 63% hækkun ef verðbætur hefðu strax við gildistöku frv. verið felldar niður að fullu.

Hinn 1. júní 1986 skal Verðlagsráð sjávarútvegsins síðan ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla. Í þessum tillögum felst málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða hagsmunaðila um hvernig standa skuli að kerfisbreytingunni í upphafi.

Með tillögum 1.–4. gr. um hlutfall skiptaverðmætis er stefnt að því að tryggja sem næst óbreytt skipti frá því sem verið hefur. Vegna mismunandi skiptaverðmætis á skipum yfir og undir 240 tonnum er nauðsynlegt að þessu fylgi hækkun á skiptaprósentu á minni skipum um 1% eigi að tryggja nær óbreyttan hlut sjómanna. Um þetta hafa sjómenn og útvegsmenn orðið sammála, sbr. drög að viðbótarkjarasamningi á fskj. I.

Með tillögum I. kafla er gert hreint borð í tekjuskiptingu á milli sjómanna og útvegsmanna. Um þessa hreinsun eru samningsaðilar sammála, enda þótt auðvitað verði aldrei gert endanlegt samkomulag um tekjuskiptingu milli þeirra.

Í II. kafla frv. er fjallað um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Enda þótt sjóðakerfi sjávarútvegsins sé afnumið verður að telja rétt að tryggja örugga greiðslu nokkurra mikilvægra þátta í útgerðarrekstrinum, svo sem vaxta, afborgana, vátrygginga, lífeyrisiðgjalda sjómanna og framlaga til samtaka sjómanna og útvegsmanna. Er trygging þessara greiðslna megintilgangur II. kafla. Á þessum ákvæðum er þó sá meginmunur frá núgildandi ákvæðum um sjóði sjávarútvegsins að hér er einungis um greiðslutilhögun að ræða sem hvorki snertir hlutaskipti né felur í sér millifærslur milli skipa, enda eru greiðslurnar sérstaklega tengdar hverju skipi.

Í 5. gr. frv. er kveðið á um skyldu framleiðenda sjávarafurða til að halda eftir 15% af hráefnisverði

hvers skips. Með þessu er tryggð innheimta til þeirra þarfa sem ég nefndi hér að framan. Ekki þykir þörf á að binda jafnhátt hlutfall af aflaverðmæti smábáta undir 10 brúttólestum til þessara þarfa og er í 6. gr. lagt til að þar verði haldið eftir 10% af aflaverðmætinu. Ástæða þessa munar er m.a. sú að smábátar eru almennt ekki skyldutryggðir eins og stærri skip og eru yfirleitt ekki í viðskiptum við Fiskveiðasjóð eða aðra opinbera stofnlánasjóði.

Ákvæði 7.–10. gr. fjalla síðan um ráðstöfun þess fjár sem haldið er eftir af aflaverðmæti. Lagt er til að 7% af aflavirði skipa undir 10 brúttólestum renni inn á stofnfjársjóðsreikning hvers fiskiskips. Er þetta nokkru hærri fjárhæð en nú gildir við heimalandanir en mun lægri en núgildandi reglur um stofnfjársjóðsgjald við landanir erlendis. Þykir ekki ástæða til að gera hér mun á eftir því hvort afla er landað heima eða erlendis.

Hér er og rétt að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að útvegsmenn geti samið um hærri greiðslu við Fiskveiðasjóð og fer hún þá í sama farveg og hin lögbundnu 7%. Þau 6% sem lagt er til að greiðist inn á vátryggingarreikning hvers skips hjá LÍÚ eru nálægt tvöfalt hærri en sú greiðsla sem fer þessa leið skv. núgildandi lögum. Er þetta nauðsynlegt vegna þess að greiðslur Tryggingasjóðs falla niður, en hann hefur hingað til staðið undir greiðslu 40% af iðgjöldum skipanna.

Í 9. gr. er síðan kveðið á um ráðstöfun þeirra 2% af aflaverðmæti sem eftir eru og lagt er til að Stofnfjársjóður fiskiskipa annist dreifingu á. Langstærstur hluti rennur til Lífeyrissjóðs sjómanna og ætti stærsti hluti lífeyrisiðgjalda atvinnurekanda þar með að vera greiddur. Þá er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á núgildandi framlögum til samtaka sjómanna og útvegsmanna.

Hvað smábátana snertir eru merk nýmæli í 8. gr. Þar er lagt til að helmingur af þeim 10% af aflaverðmæti sem haldið er eftir renni til Lífeyrissjóðs sjómanna. Þessi greiðsla er nálægt fullu lífeyrisiðgjaldi af aflahlut fyrir bæði útgerð og sjómenn. Með þessu ætti að vera tryggð myndun lífeyrisréttinda smábátamanna, en hætt er við að á því hafi verið misbrestur til þessa.

Þá er lagt til að 47% af greiðslufénu renni til greiðslu tryggingariðgjalda. Með þessu yrði tekin upp svipuð tilhögun varðandi tryggingar áhafna allra smábáta og nú gildir um grásleppuveiðar einar. Dæmin sanna að oft er á því misbrestur að smábátamenn séu tryggðir og virðist full þörf á því að tryggja með lögum að á því verði ráðin bót.

Þá er gert ráð fyrir þeim möguleika að vátryggingar bátanna sjálfra komi undir þessa innheimtu. Loks er 3% greiðslumiðlunarfé smábáta ætlað að renna til hins nýstofnaða Landssambands smábátaeigenda. Væri félaginu þar með tryggt starfsfé á hliðstæðan hátt og gert hefur verið varðandi önnur samtök sjómanna.

Að lokum vil ég víkja að ákvæðum II. kafla frv. um ráðstöfun endurgreiðslu á söluskatti til sjávarútvegs 1986.

Eins og alkunna er skapar söluskattskerfið íslenskum útflutningsatvinnuvegum óhagræði í samkeppni við aðrir frá löndum sem búa við virðisaukaskattkerfi. Alllangt er síðan þetta var í framkvæmd viðurkennt hvað iðnaðinn varðaði. Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi hófst hins vegar ekki fyrr en árið 1985 og hefur hún alfarið farið fram í gegnum Aflatryggingasjóð. Í fjárlögum ársins 1986 er endurgreiðslufjárhæð þessi ákveðin 600 millj. kr. Með afnámi Aflatryggingasjóðs er nauðsyn á að finna þessum endurgreiðslum nýjan farveg. Er í 15. gr. gert ráð fyrir því að eftirstöðvum fjárveitingarinnar, 375 millj. kr., verði varið þannig að 305 millj. kr. renni til fiskvinnslu í hlutfalli við útflutningsframleiðslu, en 70 millj. kr. renni til Fiskveiðasjóðs. Er upphæðinni með þessu skipt milli vinnslu og veiða í því hlutfalli sem er milli uppsöfnunar söluskatts í greinunum.

Ég tel óhjákvæmilegt að endurgreiðslur uppsafnaðs söluskatts til sjávarútvegsins haldi áfram uns virðisaukaskattur verður í lög leiddur hér á landi. Verði það ekki gert um næstu áramót virðist eðlilegast að söluskattsendurgreiðslan renni á árinu 1987 að mestu leyti til vinnslunnar í hlutfalli við framleiðsluverðmæti á báðum stigum, en veiðarnar fái sinn hlut í formi framlags til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Virðulegur forseti. Ég hef orðið að stikla á stóru um marga mikilvæga þætti málsins, enda er það bæði flókið og margþætt. Frv. fylgja mjög ítarleg fylgiskjöl og sýna glöggt fjárhagsleg áhrif þess og ég treysti því að þau muni auðvelda mjög aðilum að átta sig á efni frv.

Enda þótt frv. sé flókið er meginhugsun þess einföld. Með því að afnema millifærslur og einfalda verðkerfi sjávarútvegsins næst það markmið að sýna raunveruleg verðmæti í viðskiptum á skýran og ótvíræðan hátt, eins og ég áður sagði.

Meginávinningur við kerfisbreytinguna er þríþættur:

1. Í frv. er gert ráð fyrir að raunverulegt fiskverð, sem vinnslustöðvar greiða, komi fram á skýran hátt í einni tölu þannig að augljóst verði hvaða verð er í raun og veru greitt. Opinbert fiskverð hér á landi hefur oft verið innan við 60% af raunverulegu verði sem útgerðin fær greitt. Þetta lága verð hefur síðan verið borið saman við brúttóverð á ferskum fiski á erlendum markaði. Með þessu hefur orðið til algjörlega óraunhæfur samanburður sem aftur hefur hvatt til sölu á óunnum fiski á erlendan markað. Þetta hefur valdið fiskverkendum og þjóðarbúinu í heild skaða. Úr þessu yrði bætt með lögfestingu frv. þessa.

2. Núverandi sjóðakerfi hefur haft í för með sér óeðlilegar millifærslur. Einhver millifærsla hefur átt sér stað á milli verðmeiri framleiðslu og verðminni framleiðslu þannig að hin verðminni hefur fengið styrk frá hinni verðmeiri. Þetta er óeðlilegt. Rétt er að hver vörutegund fái notið síns raunverulega verðs eins og gert er ráð fyrir í frv. Sjóðakerfið hefur einnig valdið millifærslu innan útgerðarinnar þannig að fjármunir hafa verið teknir frá aflasælum skipum til hinna sem verr hefur gengið að reka. Þetta hefur viðhaldið óhagkvæmri útgerð og dregið úr hámarksafrakstri fiskiskipastólsins. Úr þessu er bætt með frv. þessu og með því tel ég heilbrigðan rekstur sjávarútvegsins í framtíðinni best tryggðan.

3. Nokkur vinna sparast við útreikning á aflaverðmæti og þeirri skýrslugerð er því fylgir. Jafnhliða sparast kostnaður sem fylgt hefur því að greiða hluta af tekjum sjávarútvegsins í sérstaka sjóði og endurgreiða þá síðan eftir mismunandi flóknum reglum. Frv. hefur því í för með sér beinan kostnaðarsparnað fyrir sjávarútveginn í heild.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu

leggja til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég þakka þeim tveimur þm. sem voru á undan mér á mælendaskránni að hliðra til vegna þess að ég þarf að víkja um stund af fundi.

Hér er um viðamikið og flókið mál að ræða sem er búið að vinna utan þings þar sem þingflokkar hafa átt fulltrúa í nefnd sem hefur unnið þetta mál og hagsmunasamtökin sömuleiðis. Ég er ekki undir það búinn að fjalla um þetta mál efnislega á þessari stundu. Það hefur verið í höndum annarra í mínum flokki sem hafa unnið að því. En ein spurning aðeins er það sem vefst fyrir mér sem hæstv. ráðh. svarar væntanlega hér á eftir: Stendur öll ríkisstjórnin heil og óskipt að flutningi þessa frv.? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá svar við því í umræðunum á eftir og skal ég ekki að þessu sinni hafa þessi orð fleiri.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það var hugmynd mín að vera ekki langorður við þessa umræðu og hafði ég reyndar sagt það við hæstv. ráðh. að ég mundi ekki telja ástæðu til að fara mörgum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu, enda held ég að það eigi eftir að vinna og fá ýmsar upplýsingar um frv. sem nauðsynlegar eru til þess að menn úttali sig um ýmsa þá þætti sem hér er lagt til og ýmsar þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Ég taldi þó nauðsynlegt að koma upp og benda á nokkra þætti sem ég tel ástæðu til að undirstrika og ekki síst þann fréttaflutning sem átt hefur sér stað í sambandi við framlagningu þessa frv. á hv. Alþingi og snertir kannske beint þá spurningu sem hv. 5. landsk. þm. lagði hér fram og bar undir ráðherra, hvort þetta væri ríkisstjórnarfrv. og hvort við mættum búast við því að þetta væri frv. sem ríkisstj. styddi öll. Þetta frv. hefur verið kynnt fyrst og fremst sem frv. sjútvrh. Mörg hver stjfrv. eru fyrst og fremst sem stjfrv. en ekki frv. ráðherra. Ég tel að þetta frv. hefði fyrst og fremst átt að kynna sem stjfrv. en ekki sem sérstakt frv. hæstv. sjútvrh. vegna þess að frv. var unnið á þann máta að ekki er hægt að eigna einum ráðherra ríkisstj. frv. frekar en öðrum. Þetta frv. var unnið af hagsmunasamtökum og fulltrúum þingflokka. Ég mundi frekast orða það þannig að þetta hafi verið samið úti í bæ og afhent hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst vitaskuld hæstv. sjútvrh. til að koma því í gegnum þingið. Þetta er svipað plagg og gengið var frá uppi í Garðastræti sællar minningar í sambandi við launasamninga. Þetta er plagg sem búið er að ganga frá úti í bæ og afhent ríkisstj.: Viljið þið láta koma þessu í gegnum þingið. Gjörið þið svo vel.

Það er af og frá að það sé hægt að eigna hæstv. sjútvrh. þetta plagg frekar en öðrum í ríkisstj. eða þeim sem sömdu þetta, en vitaskuld gerðu það fyrst og fremst hagsmunasamtökin, þ.e. LÍÚ, Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og samtök fiskvinnslustöðvanna, sem þarna áttu fulltrúa, og Samband íslenskra samvinnufélaga.

En fréttaþjónustan hefur verið á þann veginn að hæstv. ráðh. hefur verið kallaður til að útskýra frv. og síðan hafa fulltrúar hagsmunasamtaka verið kallaðir til og spurðir um hvernig þeim þætti þessi gangur mála. Ég held að hefði átt að fara að á þveröfugan veg. Hagsmunasamtökin höfðu útbúið plaggið í hendurnar á ráðherra og það hefði verið ósköp eðlilegt að þau hefðu verið kölluð til til að útskýra það og ráðherra síðan kallaður fyrir og spurt hvernig honum fyndist afurðin sem honum væri fengin í hendur.

Þetta er vitaskuld aukaatriði, en það er samt spaugilegt að meira að segja blessaður Mogginn kemst ekki fram hjá því að tíunda þetta fyrst og fremst sem frv. sjútvrh. en alls ekki sem frv. ríkisstj. Að mjög litlu er getið þeirra aðila sem stóðu að samningu þessa frv. í fréttatilkynningum bæði ríkisfjölmiðla og blaða.

Hæstv. ráðh. hefur lýst frv. mjög vel. Ég tók ekki eftir neinu að ráði sem þar mætti túlka á annan veg en að hann væri að útskýra það plagg sem hann hefur fengið í hendur til að bera upp á hv. Alþingi þó að þar væru vissir hnökrar á.

Í fyrsta lagi nefndi ráðherra að um væri að ræða hækkun fiskverðs. Þetta er að mínu mati hártoganlegt. Það verða sjálfsagt hærri tölur í dálkum þar sem einingarverð verður skráð á hverja fisktegund eftir samþykkt þessa frv., en í eðli sínu verður ekki nein hækkun sem skiptir máli. Hér er um að ræða að það er verið að breyta reikningsútfærslu. Það kemur ein tala sums staðar fyrir vissum millifærsluþætti og sjóðahlut. Flestar stærðir eru í eðli sínu algjörlega óbreyttar, eins og hæstv. ráðh. undirstrikaði reyndar. En hæstv. ráðh., bæði í ræðustól og í fréttaviðtali við útvarpið, nefndi að hér væri um hækkun að ræða, sem í eðli sínu er ekki rétt, enda vildi aðalsmiðurinn, Kristján Ragnarsson, þegar hann var kallaður til og beðinn um útskýringu, ekki taka undir að hér væri um neina hækkun að ræða. Hér væri fyrst og fremst verið að breyta reikningsleiðum til að ná sömu lokaniðurstöðum.

Ég held líka að umtalið um að við séum að leggja niður óskaplegan frumskóg sé allt orðum aukið. Þær millifærslur sem eru núna í sjávarútveginum eru ekki neinn frumskógur. Ríkisstj. hefur talið þægilegra að hafa þær eins og þær eru um stund, þ.e. millifærslurnar sem eiga sér stað í gegnum Aflatryggingasjóð. Vitaskuld var mjög auðvelt fyrir verðlagsráð og þá menn sem nú eru að tala um frumskóg að gera þetta við síðustu fiskverðsákvörðun, koma millifærslu þeirri sem Aflatryggingasjóður hefur verið að greiða beint inn í fiskverðið. Það þurfti ekkert að búa til sérstakt frv. um að koma því fyrir á þann veg sem er verið að gera með þessu frv. En þrátt fyrir það er ég á því, og hef samþykkt þetta frv., að hér sé verið að einfalda hluti og gera þá hentugri og betri en áður hefur verið þótt hér sé alls ekki um neinar stórkostlegar breytingar að ræða.

Það hefur verið rætt hér áður og ég hef nefnt það úr þessum ræðustól að um leið og sú fiskveiðistjórnun var samþykkt sem nú er við lýði var Aflatryggingasjóður gerður að millifærslusjóði fyrir sjútvrn. Þar með var hans upphaflega verkefni lagt til hliðar. Ég fagna því að hæstv. ráðh. skuli hafa gefið þá yfirlýsingu nú við þessa umræðu að hann muni jafnvel leggja til og standa að því að hið gamla hlutverk Aflatryggingasjóðs verði nú endurvakið og jafnvel búinn til, eins og ráðh. nefndi, nýr aflatryggingasjóður eða tekjutryggingasjóður. Þrátt fyrir það mikla skipulag, skömmtunarkerfið sem við búum við, gæti það átt sér stað að aflabrestur yrði í einhverjum landshluta og þá væri til tryggingasjóður eins og Aflatryggingasjóður var áður. Ég fagna því að ráðh. gefi það fyrirheit og ég vona að um leið og gengið

verður frá því að leggja Aflatryggingasjóð niður sem millifærslusjóð verði búinn til nýr sjóður sem tryggir eldri þáttinn, þann þátt sem Aflatryggingasjóður sinnti áður en kvótalögin voru sett hér á.

En með því að leggja niður Aflatryggingasjóð er kannske fleira að gerast en að millifærslusjóður sjútvrn. verði afnuminn. Aflatryggingasjóðurinn stuðlaði að því með sínum millifærslum að viðkomandi útvegsmenn, viðkomandi fiskkaupendur, sendu Fiskifélagi Íslands skýrslur. Þessar skýrslur voru bráðnauðsynlegar til að vita hvað mikið væri sótt af afla á Íslandsmið, til ýmissa hluta í þjóðfélaginu, m.a. grundvöllur verðlagsráðs til að reikna út sitt fiskverð, grundvöllur Hafrannsóknastofnunar til að taka ákvarðanir um það hvað megi sækja mikinn afla í sjóinn og grundvöllur þess að við fáum fullkomnar og réttar upplýsingar um það hverju aflamarkið sé að skila okkur í land.

Með því að leggja Aflatryggingasjóð niður í þeirri mynd sem hann er núna erum við raunverulega að kippa fótum undan vissum ákvörðunartökum í þjóðfélaginu og vissu upplýsingastreymi. Það er ekki lengur jafnmikið öryggi fyrir því að skýrslur berist Fiskifélagi Íslands um það hvað mikill afli er sóttur í sjóinn. Það er ekki lengur neitt sem hvetur viðkomandi aðila, þ.e. það eru engir peningar lengur til að sækja í Aflatryggingasjóð og ekkert sérstakt sem hvetur viðkomandi aðila til að láta þessar skýrslur í té. Jafnvel þó að við treystum því að viðkomandi aðilar muni senda þessar skýrslur þá verður það alltaf á þann veg að þær koma seinna og koma verr en annars skyldi.

Ætli það sé ekki verið að hlaupa þarna frá ákveðnum þætti sem okkur sé alveg bráðnauðsynlegur til að halda í gangi upplýsingum sem er mjög mikið atriði fyrir okkur að hafa nokkurn veginn klárar og öruggar í hvert skipti? Ég sé ekki hvernig þeir í sjútvrn. ætla að fylgjast með því hvernig aflamarkið verður, hvernig haldið verður utan um aflamarkið ef skýrslur berast ekki örugglega til Fiskifélags Íslands og Fiskifélag Íslands getur ekki gefið því upplýsingar um það hvað aflinn hafi verið mikill. Á sama máta verða upplýsingar, sem verðlagsráð hefur, vafasamar og á sama máta verða þær upplýsingar, sem Hafrannsóknastofnun hefur, vafasamar. Það getur vel verið að það verði fundnar einhverjar aðrar leiðir til að tryggja að eðlileg skil eigi sér stað á eðlilegum tíma í sambandi við þessar upplýsingar. En það liggur ekki fyrir með þessu frv.

Við skoðun þessa máls í nefnd gefur það auga leið að þrátt fyrir það samkomulag sem varð í þeim hópi sem vann að undirbúningi og samningu þessa frv. eru ýmsir aðilar sem þarf að kalla til og fá þeirra afstöðu og upplýsingar um það sem hér er verið að breyta. Ég vil í fyrsta lagi nefna forustumenn Fiskifélags Íslands. Hvað er verið að gera gagnvart Fiskifélagi Íslands með þeim breytingum sem hér eiga sér stað? Það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir að þessi breyting kallar þar á mikinn samdrátt og minnkandi tekjur þeirrar stofnunar.

Það þarf að kalla fyrir forustumenn Fiskveiðasjóðs. Verið er að taka stóran tekjustofn af Fiskveiðasjóði og verið er að veita Stofnfjársjóði fiskiskipa nýtt verkefni, að skammta þessi 2% af 15% til ýmissa aðila. Það er verið að búa til nýtt skrifstofufargan. Til hvers? Ég veit ekki betur en að við eigum og höfum fyrir hendi allt það sem þarf til að skipta þessum 2% hjá Fiskifélagi Íslands. Þar mun vera skrá yfir hvert einasta skip, hvern einasta smábát. En það er talið eðlilegt samkvæmt þessu frv. að færa þetta yfir til Stofnfjársjóðs. Ég held að það sé nauðsynlegt að spjalla við þá forustumenn Fiskveiðasjóðs um það hvort þetta sé heppileg ráðstöfun. Vera má að það séu einhver rök fyrir því og gild en þetta þarf að skoða.

Jafnvel þó að lagt sé til í frv. því sem hér liggur fyrir hv. Alþingi að sameina Fiskimálasjóð og Fiskveiðasjóð þurfum við að heyra afstöðu þeirra manna sem fara þar með stjórn. Ég held að það sé ekki laust við að við þyrftum að fá að spjalla við tryggingafélögin, því að þó að nú sé mikið talað um að það sé verið að hreinsa til og það sé verið að hætta öllum millifærslum þá er ansi stór millifærsla áfram látin vera í þessum lögum, þ.e. millifærsla í sambandi við tryggingariðgjöldin. Hún er ekki neitt smáræði, hún er tvöfölduð frá því sem áður var, frá því þegar verið var að greiða í Tryggingasjóðinn og þá til Landssambands ísl. útvegsmanna, sem er þarna millilíðurinn og millifærsluaðilinn.

Áður var þetta 60% af iðgjöldum — ég held ég fari rétt með það, það hafi verið frekar 60 en 40% — en nú er talið að þetta muni nægja til að standa undir meginhluta tryggingariðgjalda. Það er ekki verið að borga þetta t.d. í gegnum opinbera stofnun eins og Fiskifélag Íslands eða jafnvel Stofnfjársjóð beint til tryggingafélaganna. Nei, það er búinn til millifærslupottur hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem þetta á fyrst að safnast saman í og er síðan deilt til hvers fiskiskips. Ég held að við þurfum að fá að spjalla dálítið vel um þetta við tryggingafélögin.

Það eru nýmæli í þessu frv. að búinn er til einn nýr millifærslupóstur, þ.e. smábátarnir eru nú teknir til og millifært frá þeim. Í þeim potti er hlutur til Félags smábátaeigenda. En smábátaeigendur hafa verið í tveimur félögum jafnvel þó að sömu mennirnir hafi kannske verið í báðum félögunum, Félagi grásleppubátaeigenda og smábátaeigenda. Það þarf ábyggilega að spjalla svolítið við þessa menn um hvernig þeirra samstarf á að verða í framtíðinni.

Ég tek það fram að ég tel að þarna sé verið að fara rétta leið. Það er ósköp eðlilegt að smábátaeigendur skipti sér ekki upp í tvö félög og millifærsluleiðin, sem verið er að gera þarna, þ.e. taka 10% af aflaverðmæti smábátanna til sérstakra skipta, er spor í rétta átt. Með því er verið að tryggja það að smábátamenn tryggi skipshafnir sínar, borgi til lífeyrissjóða og tryggi skipin sín auk þess sem þeir láta ákveðið framlag til þeirra félaga sem þeir hafa verið á undanfarandi árum að byggja upp.

Þó að höfð séu stór orð um það að nú sé verið að hætta og nú séu skiptin komin á hreint o.s.frv. er það nú ekki alveg rétt. Í lokin tel ég rétt að ég lesi hér upp bókun fulltrúa sjómanna þar sem þeir undirstrika það að þrátt fyrir þessar breytingar og þrátt fyrir það að þeir standi að þessu og hafi unnið og búið til þetta frv. sem við erum að ræða, þá séu þeir þar með ekki að samþykkja þann hlut sem enn fer fram hjá skiptum. Eftir samþykkt frv. eru ákveðnar prósentutölur sem teknar eru til skipta, annað er utan skipta. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa upp bókun fulltrúa sjómanna sem eru þeir Óskar Vigfússon, Sjómannasambandi Íslands, og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Hún er svohljóðandi:

„Fulltrúar sjómanna í nefnd til endurskoðunar á sjóðakerfi sjávarútvegsins vilja taka eftirfarandi fram:

Með vísan til þeirra brbl. sem sett voru á árinu 1983 um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar var tekinn sérstakur 29% kostnaðarhlutur fram hjá skiptum. Af þessum kostnaðarhlut komu út til skipta 10,5% á bátum 240 brúttólestir og minni en 18,5% ekki. Af bátum stærri en 240 brúttólestir koma 6,5% til skipta en 22,5% ekki. Sú kostnaðarhlutdeild, sem nú er utan skipta, samsvarar 12-14% af því fiskverði sem mun taka gildi eftir einföldun sjóðakerfisins.

Þrátt fyrir stuðning við einföldun sjóðakerfisins teljum við að með þeim lagabreytingum sem væntanlegar eru, þar sem skiptaverð er ákveðið með lögum af því fiskverði sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður, séu sjómenn þar með ekki að afsala sér þeim kostnaðarhlut sem nú fer fram hjá skiptum. Samfara lækkandi olíukostnaði og minni fjármagnskostnaði útgerðar hlýtur því krafa sjómanna að vera sú að það sem enn er utan skipta eftir einföldun sjóðakerfisins verði síðan tekið inn í skiptaverð til sjómanna. Jafnframt óska fulltrúar sjómanna að meðfylgjandi bókun fylgi bréfi nefndarinnar til sjútvrh.

Óskar Vigfússon,
Guðjón A. Kristjánsson."

Ég held að þessi yfirlýsing sjómannanna undirstriki það að þrátt fyrir það að hér sé verið að gera mikla einföldun á útreikningi fiskverðs sé því miður nokkuð í land að hlutaskiptin séu á þann máta sem sjómannasamtökin telja sig hafa rétt til og það sé, eins og ég hef verið aðeins að skýra hér, nokkuð langt frá því að öllum millifærslum sé hætt. Þær eru enn þá ansi stórar þó að þetta frv. verði að lögum sem ég vona að verði.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Í því frv. sem hér um ræðir er fjallað um breytingar sem margar hverjar eru aðkallandi. Það er ljóst að núverandi kerfi er orðið allflókið, svo flókið í tilvikum að reyndustu menn þurfa stundum að staldra við í uppgjöri á afla og útgerð. En þetta frv. einfaldar mjög framkvæmd alla í útvegi. Einnig stuðlar það að því að menn verði að meta stöðuna á stað og stund, velja sér næturstað eftir verðmætamöguleikum og öðru og kallar það á betri nýtingu í heild.

Það eru þó ýmsar spurningar sem vakna í því frv. sem um ræðir. Í fyrsta lagi má nefna Aflatryggingasjóð. Það er ljóst t.d. að þær breytingar sem þar verða á skv. frv. koma sér illa fyrir suðursvæðið, sérstaklega þau skip sem veiða mikið af karfa — ufsinn er dreifðari á miðum landsins. Úr Aflatryggingasjóði hefur verið greidd eins konar uppbót, 16%, á karfa en 6% á aðrar fisktegundir. Það er því ljóst að niðurfelling þessa sjóðs hefur áhrif á afkomu þeirra fjölmörgu togara á suðursvæði sem hafa veitt verulega mikið af karfa. Það er ástæða til að spyrja ráðherra hver hugsun sé þar á bak við, hvernig þarna jafnist út hlutir þegar til lengdar lætur.

Það er ástæða til þess í sambandi við umræðuna hér í hv. deild að ræða nokkuð um það hvernig aflinn, aflaverðmætin, vinnan á sjó og í landi, fjárfesting skipaflota og mannvirkja í fiskvinnslu spila inn í það dæmi sem hér um ræðir. Ég ætla að víkja sérstaklega að einum þætti sem mér finnst brýnt að fjalla um og er í brennidepli í dag. Það er sú þróun sem á sér stað í útflutningi fisks með gámum, skipum og flugvélum en þó sér í lagi gámafiskinn svokallaða.

Með þeim lögum og kvótareglum, sem við búum við, erum við búin að afmarka afla á ákveðin svæði og það er ekki heimilt að flytja á milli svæða. En er þá siðferðilega heimilt til lengdar að leyfa útflutning á ótakmörkuðum afla af þessum svæðum sem hafa um langan tíma byggt hluta vinnu sinnar á fiskverkun? Þarna spilar inn í að það er samkeppni um að kaupa aflann og unnt að fá hærra verð erlendis en hér heima að því er virðist. Á sama tíma þrengir að vinnu fólks í landi þegar afli er takmarkaður og ónógur. Þetta er því spurning sem ég held að sé full ástæða til að ræða mjög ítarlega og alvarlega.

Það er ljóst af fréttum síðustu daga að í stærstu verstöð landsins um áratugaskeið, Vestmannaeyjum, raskar þessi þróun nokkuð ýmsu sem menn hafa talið að væri fast í sessi og unnt væri að byggja á í vinnu við fiskvinnslu. Til þess að hafa ljóst í stuttu máli hver þróunin er í þessu efni yfir landið í heild vil ég nefna nokkrar tölur. Í fyrsta lagi ef við tökum s.l. þrjú ár, 1983, 1984 og 1985, þá hefur nýr, kældur, ísvarinn fiskur með flugvélum nokkuð staðið í stað á þessu tímabili. 1983 var fiskur með flugvélum um 2000 tonn, 1984 var hann 1355 tonn og 1985 var hann 1492 tonn. Þarna eru ekki verulegar sveiflur. Sveiflurnar eru ekki heldur miklar í raun í útflutningi á kældum eða ísvörðum fiski með fiskiskipum. 1983 er hann 35 000 tonn, 1984 fer hann að vísu upp í 53 000 tonn en 1985 fer hann aftur í 35 000 tonn.

Sveiflan er á undanförnum árum í útflutningi á kældum eða ísvörðum fiski með vöruflutningaskipum, þ.e. í gámum. Ef ég man rétt var útflutningurinn 1982 u.þ.b. 3000 tonn í gámum, 1983 um 7000 tonn, 1984 fer hann í 12 700 tonn, þ.e. það er um 100% aukning á milli ára 1982, 1983 og 1984, en um 150% aukning 1985, þá fer þessi tala í 32 700 tonn. Þetta er allmikil breyting þegar það er að talsverðu leyti svæðisbundið hvernig þetta kemur niður.

Það hefur komið fram í fréttum frá Vestmannaeyjum að fjórði hver fiskur í marsmánuði, sem hefur verið langmesti aflamánuðurinn á þessari vertíð, fari utan í gámum, þó ekki nema tíundi hver fiskur á allri vertíðinni frá áramótum. En 25% af marsafla geta vegið þungt í svo stórri verstöð, að ekki sé talað um aðra staði.

Heildaraflinn í marsmánuði 1984 í Vestmannaeyjum var 16 700 tonn. Þá fór ekki eitt einasta tonn í gáma. Heildaraflinn í marsmánuði í Vestmannaeyjum 1985 varð 12 800 tonn. Þá hamlaði að vísu verkfall veiðum og það skýrir að nokkru leyti að talan er ekki hærri. En í marsmánuði 1985 fóru 130 tonn í gáma. Í marsmánuði 1986 er heildaraflinn 13 477 tonn og í gáma fara 2545 tonn. Þetta er 20% af aflanum sem fer í gáma, en þess ber að geta að koli er um helmingur aflans og fyrir hann fæst lítið verð hérlendis en mikið erlendis.

Þetta skýrir það hvers vegna mönnum bregður við því að þarna er verið að breyta allverulega ákveðnum hlutum sem hafa verið stöðugir um langt skeið og skipta miklu máli fyrir sjávarpláss landsins. Það er t.d. ljóst að ef gámafiskur eða gámaútflutningur mundi aukast verulega dregur það úr margs konar atvinnumöguleikum í plássum landsins. Ef sú þróun héldi áfram í einhver ár mundi það skapa mikinn vanda, ekki aðeins í hinum ýmsu sjávarplássum sem liggja í þjóðbraut í flutningum,

heldur einnig á höfuðborgarsvæðinu sem ósjálfrátt yrði sá vettvangur sem menn yrðu að leita til. Þetta er því stórt og mikið mál sem ástæða er til að taka föstum tökum og kanna til rótar nú þegar.

Það er engin tilviljun eftir þessar upplýsingar að bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað fyrir skömmu að efna til fundar með fulltrúum útvegsbænda, sjómannafélaga, verkalýðsfélaga, fiskvinnslufólks og fiskvinnslustöðva auk atvinnumálanefndar bæjarins um hinn stóraukna útflutning á ferskum fiski í gámum og flutningaskipum frá Vestmannaeyjum og til að kanna áhrif hans á atvinnulíf byggðarlagsins eins og unnt er með viðræðum þessara aðila.

Það eru u.þ.b. 10 000 konur sem starfa í fiskvinnslu á landinu öllu í heilsdagsstörfum eða hlutastörfum. Þar af eru líklega 500-600 í Vestmannaeyjum. Þetta varðar því afkomu margra heimila bæði nú og í framtíðinni og þess vegna skiptir svo miklu máli að hafa alla þræði eins og unnt er í hendinni og hafa sýn yfir sviðið og þá þróun og möguleika sem um er að ræða.

Það hefur t.d. vakið athygli í þessari þróun að þeir bátar sem fiska í gáma henda að öllu jöfnu bæði hrognum og lifur í sjóinn. Þetta hefur verið meginreglan hjá togaraflotanum, það eru undantekningar ef togarar koma með lifur eða hrogn að landi. Að maður tali nú ekki um frystiskipin sem hafa langversta nýtingu á afla í heild af öllum flota landsins. Ég skal ekki nefna nákvæmar tölur en það hefur heyrst af mönnum sem hafa kannað og þekkja allvel til mála að allt að 70% af þyngd afla í frystiskipunum fari í sjóinn aftur. Þetta gengur ekki upp til lengdar þegar við erum með kvóta og þurfum að leggja ofurkapp á að fullvinna hvert einasta kíló sem í veiðarfæri kemur.

Þessi þróun, gámaútflutningurinn, hefur komið mjög við sögu ákveðins svæðis undanfarin ár á landinu, Suðurnesja. Þar hefur verið veruleg aukning á þessum útflutningi sem hefur verkað hægdrepandi á marga þætti í fiskvinnslunni í landi á Suðurnesjum. Þar spila aðrir þættir inn í en þróunin er þessi í heild engu að síður.

Menn spyrja gjarnan hver hinn raunverulegi hagnaður sé af því að flytja fiskinn út í gámum í stað þess að koma honum til verkafólks í fiskvinnslu í landi. Það er hægt að horfa á þetta frá mörgum sjónarmiðum en hafa verður í huga einnig að þetta er ekki neitt stundargaman eða skyndifyrirbæri. Það þarf að horfa til þess að það er búið að fjárfesta í atvinnutækjum, bæði til sjós og lands, og það þarf að tryggja á skynsamlegan hátt eins og hægt er nýtingu þeirra atvinnutækja án þess að hamla þó eðlilegri þróun og hreyfingu í sambandi við markaðsmöguleika. Það má reikna með að skilaverð til Íslands á fiski, sem er seldur erlendis, sé u.þ.b. 75% af brúttóverði erlendis, en 25% af brúttóverðinu, eða þar um bil, fari í flutningskostnað, útflutningsgjöld og ýmsan annan kostnað. Þetta þýðir að ef útvegsmaður selur fiskkíló á 60 kr. erlendis fær hann heim u.þ.b. 45 kr., eða 74–75% af brúttóverðinu. Þá á hann að vísu eftir að borga í sjóði, vátryggingasjóði, stofnfjársjóð og fleira, sem breytilegt er til skipta, en þetta er talan, 45 kr., sem hægt er í grófum dráttum að miða við. Og hvað er það miðað við það verð sem fæst fyrir kílóið t.d. af þorski hér heima? Með öllu talið, með kassagjaldi og lönduðum fiski hér heima, er kílóið u.þ.b. 26 kr. Það munar um það bil 19 kr. á kílóinu ef maður tekur grófa tölu og það þýðir að skilin, afkoman, er u.þ.b. 30% betri á þessum fiski.

Það má því segja að miðað við þetta kílógjald, 60 kr., sem ég nefndi, sé þetta niðurstaðan. Sé hins vegar greitt hærra verð erlendis gjörbreytist afkoman til batnaðar í hlutfalli við það. Ef kílóið fer niður í 40 kr. á erlendum markaði má segja að út úr því komi sama skilaverð og er á kílóinu á Íslandi, eða 26 kr. Ef söluverðið úti er 40 kr. gildir það sama og 26 kr. á Íslandi.

Þrátt fyrir þessi dæmi er ljóst að það eru ekki nákvæmar upplýsingar fyrir hendi hjá neinum aðila um hvað þetta þýðir í raun og veru, ekki nákvæmlega og klárt meðalverð liggur ekki fyrir. Þetta eru grófar tölur en tölur sem hægt er að miða við. Það er því ljóst að það verður í þessari stöðu og þessari þróun að fara ofan í kjölinn á þessu máli þannig að menn séu a.m.k. ekki að fara með fisk úr landi á fölskum forsendum. Því auðvitað hljómar það vel eins og í dag þegar menn fá t.d. 80 kr. erlendis fyrir kílóið en 26 hér heima en þá er eftir að borga í ýmsa sjóði og ýmsar greiðslur, flutningskostnað og fleira sem er auðvitað þeim mun meiri sem fjær dregur sölustað. Þannig eru ákveðnar falsvonir sem hætta er á að menn horfi til þegar þeir þurfa að meta hvar þeir fái mest fyrir sitt hráefni.

Það er líka ljóst að þessi þróun er meira spennandi fyrir suðursvæðið, það hefur sýnt sig. Þetta hefur verið aukning á svæðinu frá Snæfellsnesi og að Hornafirði en þó mest í Vestmannaeyjum því að þar er þjóðbraut í siglingaleið og flutningaskipin þurfa ekki að stoppa nema í tvo klukkutíma til að taka mörg hundruð tonn.

Þetta eru nokkrar, held ég, forvitnilegar staðreyndir sem mér fannst ástæða til að koma inn í þessa umræðu og spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hyggist standa fyrir þessari úttekt, þessari könnun, og standa fyrir umræðu og skipulagningu eins og unnt er, en slíkt hefur ráðist svolítið af framtakssemi hinna ýmsu manna á þessum markaði hingað til. Það er t.d. ekki borið saman hvernig hluturinn er gerður upp í gegnum Fiskifélag og Landssamband ísl. útvegsmanna og þess vegna m.a. liggja þessar tölur ekki fyrir á hreinu.

Það er margt annað sem spilar inn í og ástæða er til að nefna í stuttu máli. Síðastliðið ár var t.d. mjög hagstætt fyrir Íslendinga á þessum markaði því að veður voru mjög slæm á heimamiðum Bretlands og lítill afli barst á land af þeim sökum. Það hækkaði verðið á íslenska fiskinum. Það geta orðið miklar sveiflur í þessu þegar betur árar hjá Bretum en verr hjá okkur í veðurfari og ef við erum búnir að skapa ákveðna þróun sem dregur úr afkastagetu fiskvinnsluhúsanna með minnkandi afla vegna aukinnar sölu til útlanda, í hvaða hús er þá að venda ef markaðirnir eru yfirfullir erlendis eða óhagstæðir í verði og nægur afli er hérlendis án þess að unnt sé að verka hann til hæsta verðs?

Hluti af íslenska gámafiskinum hefur verið keyptur af fiskvinnslustöðvum erlendis en það hefur eingöngu átt sér stað þegar verðið hefur verið lágt. Þess vegna þarf m.a. að hafa strangt eftirlit og yfirsýn í þessu máli og það þarf að gæta þess að framboðið verði ekki of mikið. Menn verða að læra á markaðinn. Það er ekki óeðlilegt að hluti af þessum fiski sem við veiðum við landið, a.m.k. eins og staðan er í dag, fari á erlendan markað meðan það er hagstætt en menn verða að staldra við, að mínu mati, og kanna hvað sé eðlilegt og skynsamlegt í þessu máli í heild, bæði hvað varðar þegar horft er á

líðandi stund og til lengri tíma.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér liggur fyrir er að mínu mati að vöxtum og þýðingu eitt allra stærsta og þýðingarmesta þingmálið í vetur.

Nú, rúmlega hálfum mánuði áður en fyrirhugað er að þingi ljúki, lætur hæstv. sjútvrh. loks lauma þessu inn um bréfalúgu þm. til skoðunar, þá náttúrlega ósamþykkt í ríkisstj., og ég get spurt sömu spurningar og hv. 4. þm. Vesturl., ég veit ekkert hvort það er samþykkt í ríkisstjórn enn.

Þetta finnst mér ekki góð vinnubrögð og ég vil taka undir það með hv. 4. þm. Vesturl. líka að ég áskil mér allan rétt til að skoða þetta vel og vandlega og spjalla við marga menn sem ég tel þessu máli tengda. Ég lýsi því yfir að sé málinu með því stefnt í hættu að þm. fái að skoða það rækilega, svo mikilvægt mál, þá sé það á ábyrgð þess sem lagði frv. fram, hvort sem það var, eins og hv. 4. þm. Vesturl. sagði, afgreiðsla fyrir nefnd úti í bæ, sem hann sjálfur átti að vísu sæti í, eða hvort það var, eins og fjölmiðlar virðast álíta, eigin smíð sjútvrh.

Ég staldra við ýmislegt í þessu frv. og veit ekki enn hvort ég er reiðubúinn að samþykkja það óbreytt. Ég á sæti í sjútvn. og ég get svo sem hér, alveg eins strax, lýst nokkru af því sem ég tel athugavert. Það er þá fyrst til að telja að mér finnst það einkennilegt, og ég á eftir að fá skýringu á því væntanlega, hvers vegna sjútvrh. á svo víða að ráðstafa eignum þeirra sjóða sem niður eru felldir með þessu frv. Þar á ég við 15. gr., 16. gr. og einkum og sér í lagi e-lið 3. liðar ákvæða til bráðabirgða. Á þessu vildi ég fá skýringar.

Ég get ekki verið samþykkur að öllu leyti þeirri ræðu hv. 3. þm. Suðurl. sem hann flutti áðan. Mér finnst nefnilega frv. bera vissan keim af því að það sé svona frekar verið að agnúast út í sölu á ferskum fiski og sjófrystum. Að mínu mati er þar eingöngu um að ræða þróun sem ekki verður stöðvuð með einhverjum lagaboðum hér. Við megum ekki ná fram réttlæti með því að skapa nýtt óréttlæti. Hafi verið óréttlæti í því að mönnum hafi verið gert óþarflega auðvelt að flytja út ferskan fisk og sjófrystan og þeir hafi á einhvern hátt notið þar hagstæðari kjara en ella megum við ekki skapa nýtt óréttlæti með þessu frv. Það þýðir ekki að berjast á móti straumnum að þessu leyti. Miklu léttara er að laga sig eftir aðstæðum.

Eitt vildi ég sérstaklega taka fram. Mér sýnist að með þessu sé Fiskimálasjóður lagður niður og reyndar kom það fram í máli ráðherra áðan. Að vísu tók hæstv. ráðherra fram að það ætti hvort sem er að gerast í því sjóðafrv. sem liggur fyrir en það er þá væntanlega sá farvegur sem það átti að fara í samkvæmt ríkisstjórnarhugmyndum. Ég verð að segja að mér er viss eftirsjá að Fiskimálasjóði. Ég hef átt við hann mikið samstarf í gegnum árin og af vanefnum sínum hefur sjóðurinn oft og tíðum bjargað nauðsynlegum rannsókna- og tilraunaverkefnum yfir örðugan fjárhagslegan hjalla og veitt mörgu nauðsynjamáli brautargengi.

Ég vil fá að vita með hvaða hætti slík starfsemi eigi að halda áfram. Ég vil fá að vita hvort Fiskveiðasjóður fær þá jafnframt fyrirmæli eða reglugerðarbreytingar um að taka við því hlutverki og auka það, auka fjármagn til þess, taka við því hlutverki sem Fiskimálasjóður hafði um að styðja við bakið á rannsókna- og tilraunastarfsemi í fiskiðnaði. Um leið þarf Fiskveiðasjóður að breyta sínum útlánareglum þar sem veð þarf ætíð að vera fyrir hendi og mér segir svo hugur um að það muni verða erfiðara fyrir hinn litla umsækjanda að sækja um fé til nauðsynlegra rannsóknaverkefna til hins stóra sjóðs fiskveiða sem náttúrlega telur sig í meginatriðum hafa allt öðru hlutverki að gegna en að sinna einhverjum smámunum í fiskiðnaði.

Það er, virðulegi forseti, mér, eins og ég sagði áðan, mjög til efs að þetta frv. sé í rauninni einhuga komið út frá ríkisstjórn. Mér finnst það ekki góð vinnubrögð að koma með mál á þennan hátt hingað. Ég hef látið þess getið á öðrum vettvangi.

Við viljum auðvitað, flestir hverjir, draga úr þeim millifærslum sem átt hafa sér stað í sjávarútvegi. Á því er enginn vafi og í rauninni er þetta mál gott ef hægt er að flokka mál í góð og slæm. Það er að sjálfsögðu, með svona stórt og veigamikið mál, krafa okkar að fá aðeins að skoða málið.

Ég hef að þessu sinni ekki málið lengra en endurtek aðeins að ég áskil mér rétt til þess að skoða það vel í nefndarstörfum.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir því að í sambandi við umræður um þetta frv. mundi fara fram sjávarútvegsumræða eða að teknir yrðu til umræðu sérstakir þættir og vandamál sjávarútvegsins sem snertu ekki beint þetta frv. En hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, hélt alllanga ræðu og ágæta um þau vandamál sem blasa við þeim Vestmanneyingum fyrst og fremst í sambandi við útflutning fisks með gámum. Ég get tekið undir flest af því sem þm. sagði um þau vandamál sem skapast í sambandi við það að stór hluti aflans er fluttur út óunninn en ég held að það sé rétt að minna hv. þm. á það, um leið og hann kvartar undan þeirri þróun sem á sér stað í sambandi við aukinn útflutning óunnins fisks, að þar eru að koma fram afleiðingar þess fiskveiðistjórnunarkerfis sem hann hefur verið einn ákafasti málsvarinn fyrir.

Aflamarksstjórnin og aflamarkið, af því leiðir að menn leita eftir því að fá nokkru fleiri krónur fyrir fiskkílóið, fyrir þann skammt sem þeim er fenginn í hendur. Það liggur nokkurn veginn alveg klárt fyrir að sá sem flytur fisk út í gámum fær nokkru fleiri krónur fyrir aflann og hann er um leið reyndar að plata kerfið. Það verður miklu meiri rýrnun á aflanum en upp er gefið samkvæmt kvóta. Það verður miklu meiri rýrnun á gámafiskinum en 10%.

Það var gerð tilraun með þetta vestur í Rifi í fyrra. Fluttur var út gámafiskur og fiskurinn var vigtaður fyrst, um leið og hann kom í land. Reynslan var sú að þetta var 20–24% rýrnun í staðinn fyrir 10% rýrnun. Þeir fengu sem sagt 10% uppbót á kvótann sinn með því að láta hann fara í gegnum gáma en jafnvel ekki miklu hærra verð vegna þess að rýrnunin var miklu meiri en útreiknað var í verðinu.

Því miður, ég vil ekki óska hv. þm. til hamingju með þessa útkomu alla saman. Ég samhryggist honum í því að hann þurfi að leggjast gegn þessari þróun sem er að eiga sér stað vegna þess að það kemur mjög illa við mörg byggðarlög og þá ekki síst Vestmannaeyjar.

Fyrst farið var að fjalla um sérstök vandamál sjávarútvegs í dag get ég ekki á mér setið að koma hér með vandamál þeirra Breiðfirðinga, þeirra Vestfirðinga og annarra sem nú blasir við vegna þess að það er gott

fiskirí, vegna þess að þorskurinn gefur sig til. Nú blasir það við að fjöldi báta er að verða búinn með sinn aflakvóta og eru sumir þegar búnir.

Um þetta leyti undanfarin vor hefur verið tekin ákvörðun um það hvort skuli bætt við aflamarkið og ég veit að menn víða um land bíða nú í ofvæni eftir að heyra hver verður úrskurður Hafrannsóknastofnunar um könnun afla og könnun fisks á fiskislóð og hver verður ákvörðun sjútvrn. eða hvort búið er að taka ákvörðun um það hvort bætt verður við kvótann.

Ég tel að menn líti svo á, og reyndar hafa verið birtar tölur um það, að fiskistofnar við Íslandsstrendur séu í hröðum uppvexti. Og það mun vera álit sjómanna t.d. við Breiðafjörð, manna sem eru búnir að stunda þar sjóróðra í fleiri, fleiri vertíðir, að annar eins afli og önnur eins fiskgengd hafi þar varla áður verið. Allar leiðir vestan af Vestfjarðamiðum og um allan Breiðafjörð, grunnt og djúpt, er nokkurn veginn sama hvar er lagt fiskinetið. Það er allt að því að þeir segi að það sé nærri því hægt að fiska á teinana. Aflinn hefur verið óslitinn frá því að byrjað var að leggja þorskanet í lok febrúar fram á þennan dag og það mun vera algjört einsdæmi að það komi ekki eitthvert tímabil sem afli fellur niður. Menn bjuggust hreinlega við því að eftir páska mundi afli hafa minnkað frá þeim ósköpum sem voru fyrir páska. Ég held að ekki hafi verið laust við að sumir fiskimenn og sumir fiskverkendur hafi jafnvel stunið þegar fréttir bárust að landi um það að aflinn væri engu minni, þegar netin voru dregin eftir páskana, en hann var fyrir páska.

En allt hefur þetta blessast og ég tel að í annan tíma hafi ekki betri afli komið að landi á Breiðafirði né heldur tekist að vinna betur úr honum en núna.

Menn spyrja: Á að stoppa veiði næstu daga vegna þess að kvóti er að verða búinn og er búinn hjá mörgum skipum eða megum við halda áfram að afla nokkru meira af þeirri miklu fiskgengd sem virðist vera á stórum hluta miðanna? Og ég beini þeirri ákveðnu spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort hann geti ekki upplýst okkur um það hér í hv. deild hver niðurstaða hans og Hafrannsóknastofnunar sé í þessu máli og ef svo er ekki hvort það fari ekki að styttast í að sá dómur verði upp kveðinn.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Ég vil rétt, í framhaldi af ræðu síðasta hv. ræðumanns, skjóta að einu atriði.

Það er undarlegt að þessi ágæti hv. þm. þarf alltaf að rugla saman öllum hlutum þegar reynt er að skoða hin ýmsu mál frá ýmsum sjónarhornum. Þá flæðir hann út um allt og þarf alltaf að finna sökudólg í hverju horni en gleymir að reyna að meta stöðuna kalt og ákveðið, með staðreyndum, án þess að vera að búa til einhverja flókna keðju sem stenst ekki. Það er t.d. alveg ljóst að þótt kvótakerfið sé eins og það er í dag hefðu menn engu að síður reynt að fá sem mest verðmæti fyrir þann afla sem þeir veiða og það eru lítil tengsl þar á milli. Það sem ræður mestu er breytt flutningatækni og það er þróun sem á sér stað, framþróun. En þegar menn hanga alltaf við árabátinn og komast aldrei lengra er ekki von að menn geti horft yfir sviðið í heild. (**SkA:** Það er miklu myndarlegri floti á Snæfellsnesi heldur en í Eyjum.) Það er rétt, það er góð aflahrota núna á Snæfellsnesi. (**SkA:** Floti, meinarðu.) Floti. Það er alltaf gott að heyra brandara í bland.

Þetta er meginmálið sem menn þurfa að hafa í huga. Það er ástæða til þess að skoða þetta mál ofan í kjölinn. Ég held að ég hafi sýnt fram á það í mínu máli án þess að vera með nokkra fordóma. Þarna eru óljós atriði. Þarna er mál sem kann að verða vandamál. Ég er ekki að segja að það sé mikið vandamál í dag. Það er ekki ljóst hvort svona er bóla eða hvort það er til frambúðar. Að öllum líkindum gæti það orðið vandamál. Þarna eru svo mörg atriði sem spila inn í en við verðum að hafa málið eins og unnt er í hendi okkar.

Ég vil rétt skjóta inn einu atriði í sambandi við 10. gr. frv. sem fjallar um greiðslu í Lífeyrissjóð sjómanna. Það væri fróðlegt að heyra hjá hæstv. sjútvrh. um túlkun á því atriði að Lífeyrissjóður sjómanna, sem er staðsettur í Reykjavík, eigi að sjá um greiðslur í lífeyrissjóði sjómanna um allt land. Það má benda á að á Austurlandi, í Vestmannaeyjum og víðar eru lífeyrissjóðir á viðkomandi stöðum og því óeðlilegt að fjármagnið þyrfti í rauninni bókhaldslega að fara í gegnum höfuðborgarsvæðið. En ugglaust er þetta tæknilegt atriði að lífeyrissjóðurinn í Reykjavík hafi svona yfirumsjón án þess þó að koma við sögu í fjármagnsflutningum en það væri fróðlegt að heyra um þetta hjá hæstv. sjútvrh.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Aðeins örstutt um þær spurningar sem til mín hefur verið beint út af máli þessu.

Í fyrsta lagi er það spurningin hvort ríkisstj. standi heil og óskipt að máli þessu. Þegar málið var rætt í ríkisstj. hafði hæstv. samgrh. nokkrar athugasemdir við frv. þetta en að öðru leyti get ég ekki sagt frá hans endanlegri afstöðu. Sjálfsagt er það það sem var verið að spyrja um hvort einhverjar slíkar athugasemdir hefðu komið fram. Að nokkru leyti var þar af hans hálfu um fsp. að ræða um framhald málsins og athuganir varðandi Úreldingarsjóð og Aflatryggingasjóð. Að öðru leyti var um efnisatriði að ræða en hann mun að sjálfsögðu tjá sig um það.

Hv. þm. Skúli Alexandersson kom inn á að það hefði verið talað um í fjölmiðlum frv. sjútvrh. Það skiptir í sjálfu sér litlu máli. Hér er verið að vinna að máli af nefnd sem ég setti á stofn og sendi skipunarbréf á sínum tíma og sú nefnd hefur unnið mjög gott starf. Að sjálfsögðu fer það starf fram með þeim hætti að viðræður eiga sér stað við hagsmunaaðila um það hvort þeir séu tilbúnir að taka þátt í slíku nefndarstarfi. Það hefur oft borið á góma í samskiptum ráðuneytisins og þeirra. Einnig tóku þingflokkar mjög vel í það og skipuðu menn til að taka þátt í þessu starfi sem eðlilegt má telja. Hitt er svo annað mál að auðvitað hlýtur formaður sá sem stýrir slíkri nefnd að leita samráðs við viðkomandi ráðherra á hverjum tíma því að það er að sjálfsögðu mikilvægt að sá ráðherra sem á að bera ábyrgð á málinu sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að leggja slíkt mál fyrir. Ég ætla ekki að gera þetta meira að umtalsefni, enda hef ég ekki verið forgöngumaður um eina né aðra túlkun á því, en hér liggur málið fyrir ágætlega unnið af þeirri nefnd sem til þess var skipuð og á hún miklar þakkir skilið fyrir sín ágætu störf. Formaður nefndarinnar hefur unnið mjög gott starf og hans stofnun eyddi mestöllum páskunum í vinnu við þetta mál til þess að það gæti komið sem fyrst fyrir.

Af því að hv. þm. kom aðeins inn á Fiskifélag Íslands

liggur fyrir að það verður líklega nauðsynlegt að Stofnfjársjóður eða Fiskveiðasjóður leiti til Fiskifélags Íslands um ýmsa vinnu að því er varðar þessa greiðslumiðlun og ég veit að nú sem hingað til getur átt sér stað ágætt samstarf milli þessara stofnana í því máli.

Einnig er rétt að taka það fram að því miður hefur fallið niður í 17. gr. í prentun. Þar stendur: „Skulu allir framleiðendur sjávarafurða skyldir að senda sérstakt yfirlit". Þar á að sjálfsögðu að vera: Senda Fiskifélagi Íslands sérstakt yfirlit yfir birgðir sjávarafurða. Vænti ég þess að hv. nefnd taki það til leiðréttingar við meðferð málsins.

Hv. þm. Árni Johnsen spurði hvað yrði að því er varðaði karfann. Það liggur fyrir í fskj. VIII hvert verður karfaverðið á tímabilinu 15.–31. maí. Til útgerðar verður það að meðaltali 12,87 í stað þess að það er nú 12,29. Það getur enginn sagt til um hvaða verð tekur við 1. júní. Þá taka við fiskverðssamningar. En það er nú sem betur fer svo að verðlag á karfaafurðum hefur farið hækkandi og eftirspurn eftir karfa hefur verið mjög mikil. Ég bendi á að það hefur verið mjög kvartað um að ekki sé nægilegur karfi á Bandaríkjamarkaði og einnig hefur gengið vel að selja karfa á Japansmarkaði og gott verð hefur fengist í Rússlandi.

Hér hefur verið mikið talað um gámafisk og útflutning. Það er að sjálfsögðu meginatriði að það liggi alveg ljóst fyrir hvert hið raunverulega verð er og ég er þeirrar skoðunar að það hafi oft orðið til þess að menn hafi talið að það sé hagkvæmara að selja fisk erlendis en raunverulega er. Það er að sjálfsögðu mjög slæmt. Ef á að taka á þessu máli með einhverjum frekari hætti er að mínu mati algert skilyrði að sú breyting hafi verið gerð sem hér er verið að leggja til þannig að verðið liggi raunverulega fyrir þannig að það sé ekki mum mismunun að ræða í þessum millifærslum.

Útflutningur á gámafiski er háður útflutningsleyfum. Það er að mínu mati ekki góð aðgerð að þurfa að fara út í að takmarka það einstaka sinnum, en það hlýtur að koma til álita að leita í einhverjum tilvikum umsagnar viðkomandi aðila í viðkomandi bæjarfélagi um hvort slík leyfi skuli veitt. Hér er ekki eingöngu um hagsmunamál sjómanna og útvegsmanna að ræða. Það eru að sjálfsögðu heil byggðarlög sem standa og falla með þessari vinnslu þannig að það verður að líta þar til margra sjónarmiða.

Annars er á engan hátt í þessu frv. verið að hnýta í útflutning á ferskum fiski eða frystingu á hafi úti. Ég get ekki fallist á það. Hér er eingöngu verið að leggja á það áherslu að það séu hlutlausar reglur sem gilda og ein útflutningsgrein njóti kerfisins ekki sérstaklega.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson spurði um hvernig stæði á því að sjútvrh. væri falið að ganga frá eignum Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa. Svarið er einfaldlega að þessir sjóðir falla undir valdsvið sjútvrh. og því hlýtur að vera eðlilegt að honum sé falið það. Hitt er svo annað mál að það kemur fram í skýrum hætti í ákvæðunum hvernig ráðstöfun eignanna skuli háttað. Ég fæ því ekki séð eða skilið hvað það er sem hv. þm. er hræddur við í því sambandi. Og ég get ekki séð hvaða aðrir ráðherrar ættu að gefa út reglur um þau mál en sá ráðherra sem hefur það á sínu sviði.

Hv. þm. Skúli Alexandersson spurði um hvort það væri komin niðurstaða úr rannsóknaleiðangri Hafrannsóknastofnunar. Sú niðurstaða er ekki komin. Ég á von á að það mál skýrist um þessa helgi og get ég því ekki svarað þeirri spurningu sem hann bar fram, en ég vænti þess að strax eftir helgina liggi það mál fyrir.

Hv. þm. Árni Johnsen spurði um Lífeyrissjóð sjómanna. Það er fyrst og fremst um það að ræða að Lífeyrissjóður sjómanna hafi um þetta mál að segja, þ.e. hafi yfirumsjón með lífeyrissjóðamálinu, en ég get ekki séð nokkra ástæðu til að vera að senda þá peninga meira á milli banka en nauðsynlegt má teljast og sem betur fer búum við við þá fjarskiptaþjónustu og fjarskiptatækni að greiðslur má senda á einu augnabliki á milli aðila og milli landshluta og það er engin ástæða til að bera þá sérstaklega í gegnum Reykjavík.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég spurði hæstv. ráðh. að því hvort hann ætlaði að beita sér fyrir því á einhvern hátt að starfsemi Fiskimálasjóðs yrði haldið áfram og hann svaraði því ekki. Svo sé ég í öðru lagi ekki neitt því til fyrirstöðu að stjórnir þeirra sjóða, sem hafa enn þá ráð yfir rekstri þeirra og eignum, geti a.m.k. gert tillögur um hvernig eigi að ráðstafa þeim eignum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu munu stjórnir þeirra sjóða að einhverju leyti fjalla um málið, en það verður ekki undan því vikist að ráðherra á hverjum tíma ber ábyrgð á meðferð mála sem þessara og er eðlilegt að hún liggi þar. Ég held að það gildi í öllum tilvikum og get ekki séð af hverju ætti eitthvað annað að gilda í þessu tilviki.

Að því er varðar Fiskimálasjóð tek ég undir að það er á vissan hátt eftirsjá í ýmsu í hans starfsemi. Hins vegar hefur hann verið í ýmiss konar málum menningarlegs eðlis og rannsóknarlegs eðlis. Það hefur verið nýlega stofnað Þróunarfélag Íslands sem á að sinna rannsóknarmálum og þróunarverkefnum. Það var einnig gert ráð fyrir í svokölluðu sjóðafrv., sem hafði áður verið samþykkt að leggja fram af ríkisstj. og stjórnarflokkum, að Fiskveiðasjóður yfirtæki þetta hlutverk. Sjálfsagt er að endurskoða hans reglur í framhaldi af þessu máli. Það verður einnig að taka tillit til þess að sérstakt félag hefur verið stofnað til að greiða fyrir þróun í íslensku atvinnulífi. Ég er alveg sannfærður um að flest þau þróunarverkefni sem bestum árangri geta skilað er hægt að finna innan íslensks sjávarútvegs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Áfengislög, stjfrv. 423. mál (þskj. 777). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969 á þskj. 777. Frv. felur í sér að heimild til útgáfu áfengisveitingaleyfis fyrir veitingastað verði falin lögreglustjóra að fengnum meðmælum sveitarstjórnar, en nú er það ráðherra sem skal veita þessi leyfi.

Umræða um þetta mál komst á dagskrá fyrir nærri ári þegar það viðhorf kom frá ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga að dómsmrn. hefði veitt allt of mörg slík leyfi á undanförnum árum.

Eins og ég sagði er gert ráð fyrir í þessu frv. að ákvörðunarvaldið færist til lögreglustjóra, en jafnframt verði ábyrgð sveitarstjórna aukin þannig að nú verði slík leyfi því aðeins veitt að sveitarstjórn veiti samþykki sitt.

Hins vegar varðar það einnig lögreglustjórnina miklu hvernig með þessi mál er farið þar sem afskipti af málum sem tengjast vínveitingastöðum eru stór hluti af starfi lögreglunnar og því nauðsynlegt að lögreglustjóri hafi þar nokkur áhrif á.

Lögreglustjóri veitir nú einnig áfengisleyfi til skamms tíma og að því leyti er líka eðlilegt að þessi leyfisgjöf sé á einum stað.

Það má einnig geta þess að vegna þess hvað þessum leyfum hefur fjölgað hafa umsvif þessara mála vaxið mjög og orðið allumfangsmikil í ráðuneytinu. Af þeim sökum er einnig æskilegt að færa þetta heim í hvert sveitarfélag þar sem betri þekking á að vera fyrir hendi um allar aðstæður.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Það er í grg. vikið að nokkrum öðrum atriðum, eins og því að eftirlit skuli nokkuð hert af hálfu lögreglunnar. Á það hefur verið lögð áhersla, sérstaklega hér í Reykjavík að undanförnu, að lögreglan fylgdist þarna betur með og ég held að þar hafi orðið jákvæður árangur af.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv. 430. mál (þskj. 790). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Frv. það sem hér er til 1. umr. á þskj. 790 varðar breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands og er flutt að beiðni stjórnar Háskólans.

Háskólahappdrættið hefur frá upphafi staðið að mestu leyti undir byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskólans og þannig verið honum ómetanleg lyftistöng, en jafnframt létt útgjöldum af ríkissjóði.

Happdrættið hefur haft einkarétt til peningahappdrættis, sem jafnan hefur verið tímabundinn, 10–15 ár hverju sinni. Rennur núverandi heimild út í árslok 1988. Vegna áætlana um rekstur og framkvæmdir á vegum Háskólans er talið tímabært að leita eftir framlengingu happdrættisleyfanna og er það annað meginefni frv. þessa að lagt er til að einkaleyfið verði framlengt til ársloka 2003.

Hinn þáttur frv. er að leitað er eftir heimild fyrir Háskólann til að færa út happdrættisreksturinn þannig að happdrættinu verði heimilt að taka upp nýja tegund peningahappdrættis sem ekki yrði flokkahappdrætti eins og nú er. Mundi slíkt happdrætti geta verið hvort heldur er happdrætti þar sem kaupandi sér strax hvort hann hefur hlotið vinning eða happdrætti þar sem dregið yrði um vinninga í lok sölutímabils.

Heimild til að taka upp slíkt nýmæli mundi gera happdrættinu kleift að fullnægja óskum viðskiptavina sinna um fjölbreytni í happdrættisrekstri, en einnig tryggja að happdrætti geti áframhaldandi verið fjárhagslegur bakhjarl Háskóla Íslands.

Forráðamenn Háskólans og happdrættisins munu veita þingnefnd ítarlegar upplýsingar um áform happdrættisins á þessu sviði eftir því sem um er beðið.

Ég legg til að frv. þessu verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt við 1. umr. frv. til l. um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands að vekja athygli á því að hér í deildinni og á dagskrá er raunar til umfjöllunar frv. til l., stjfrv. líka, um svokallaðar talnagetraunir sem sumir telja beinlínis stefnt gegn Happdrætti Háskóla Íslands og þeim þremur stóru happdrættum sem hér eru starfrækt, ágóði hverra rennur allur til menningarmála og líknarmála af ýmsu tagi.

Ýmsir hafa lýst efasemdum sínum um þetta talnagetraunafrv. og vissulega er þar afar margt sem orkar tvímælis að ekki sé meira sagt. Ég tel mig hafa bent á ýmsar veilur í því máli, tel mig líka hafa bent á að þm. séu að afgreiða það að lítt athuguðu máli. Mér finnst það staðfesta margt af því sem sagt hefur verið í umræðum um svokallaðar talnagetraunir að nú skuli lagt fram stjfrv. til l. um Happdrætti háskólans sem miðar að því að víkka starfssvið þess og gefa því happdrætti margvíslega möguleika aðra til happdrættisreksturs en það hefur haft til þessa með því einfalda flokkahappdrætti sem það hefur starfrækt.

Það er líka komin eins konar viðurkenning á því að einkaleyfi Háskólans til peningahappdrættis er ekki lengur til staðar með því að veita íþróttasamtökum, ungmennafélagi og öryrkjabandalagi leyfi til að reka einnig peningahappdrætti.

Með því að ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en mér finnst þetta mjög athyglisvert. Á sama tíma og er beinlínis vegið að starfsgrundvelli þessa happdrættis með stjfrv. sem hér er til umræðu flytur ríkisstj. annað frv. til að reyna að lappa svolítið upp á sakirnar fyrir Happdrætti háskólans. Það er vissulega góðra gjalda vert, en ég ítreka þá skoðun mína, sem ég lýsti hér í gær í umræðum um talnagetraunir, að allt þarf þetta mál meiri athugun en það hefur fengið á hinu háa Alþingi fram til þessa.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 5. landsk. þm. vil ég ítreka það, sem kom reyndar skýrt fram í umræðum í gær um talnagetraunir, að með því frv. er eingöngu verið að veita Öryrkjabandalaginu aðild að happdrætti sem þegar er lagaheimild fyrir og því ekki um viðbót að ræða frá því sem hefur verið heimild fyrir í lögum frá 1972. Hins vegar er í þessu frv., eins og fram kom, jafnframt því að framlengja happdrættisréttinn, bætt við nýjum möguleikum í samræmi við gerbreyttar aðstæður í þjóðfélaginu og tækni frá því að þetta form var upphaflega upp tekið fyrir um 50 árum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. landbrh. að með frv. um talnagetraunir er ekki verið að fjölga heimildum, enda skiptir það ekki máli. Sú breyting sem þar er verið að gera mun hafa það

í för með sér, eins og greint hefur verið frá, að heimild sem ekki hefur verið notuð í 13 ár verður notuð og það mun hafa í för með sér breytingu á öllum þessum happdrættisrekstri og það mun hafa í för með sér breytingu á starfsgrundvelli hinna þriggja stóru happdrætta alveg örugglega.

Nú er komið frv. til l. um að hjálpa Happdrætti háskólans og ég hugsa að þess verði ekki langt að bíða að hin happdrættin, Happdrætti Sabmands ísl. berklasjúklinga og Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, óski eftir sams konar heimildum. Ég sé ekki hvernig menn ætla að standa gegn því að veita þær heimildir. Það finnst mér koma til athugunar og spyr hæstv. dómsmrh. þá að því: Hefur ekki komið til athugunar að láta þessi stóru happdrætti sitja öll við sama borð og hafa öll leyfi til að stunda svona rekstur? Er ekki best að gefa þetta frjálst úr því sem komið er? Það er hvort sem er ekki um nein einkaleyfi að ræða lengur þegar svo margir aðilar sem raun ber vitni eru búnir að fá leyfi til að reka svo margs konar happdrætti sem gert er ráð fyrir í þeim frumvörpum sem eru nú til umfjöllunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 404. mál (þskj. 748). — 1. umr.

Flm. (Haraldur Ólafsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 748 leyfi ég mér ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni að flytja frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með þessari breytingu er lagt til að heiðurslaun listamanna, listamannalaun, og verðlaun og viðurkenning í peningum veitt listamönnum fyrir verk þeirra verði undanþegin skatti.

Það er lagt til að þetta komi inn í 20. gr. laganna. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 28. gr. laganna bætist nýr tölul. er hljóði svo:

Heiðurslaun listamanna, listamannalaun, verðlaun og viðurkenning í peningum veitt listamönnum fyrir verk þeirra."

Í grg. segir m.a. að fyrir nokkrum vikum hafi listamannalaunum verið úthlutað og þá hafi nokkur hópur listamanna fengið svokölluð listamannalaun, sumir 40 þús., aðrir 20 þús. Þá fengu nokkrir af virðulegustu listamönnum landsins heiðurslaun listamanna á fjárlögum. Þau nema nú 275 þús. kr. Einnig koma til örfáar veitingar aðrar sem ég tel að eigi að vera í þessum hópi. Það er t.d. úthlutun úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins og einnig verðlaun, m.a. verðlaun Norðurlandaráðs fyrir bókmenntaverk eða tónverk, nóbelsverðlaun og annnað slíkt. Þess verður að geta að um verðlaun Norðurlandaráðs og nóbelsverðlaun hafa verið sett sérstök lög sem undanþiggja þessi verðlaun skatti.

Ég ætla ekki að verða fjölorður um þetta mál. Ég tel að það sé örlítið verið að koma til móts við listsköpun í landinu með þessu máli. Fyrir ríkissjóð skiptir þetta sáralitlu máli og er reyndar furðulegt að þessar smáu upphæðir, sem hér eru veittar sem listamannalaun, heiðurslaun og sem verðlaun, skuli ekki fyrir löngu hafa lotið þeirri almennu reglu að vera undanþegnar skatti.

Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að leggja til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 75. fundur.

Fimmtudaginn 10. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Stjórnarskipunarlög, frv. 338. mál (þskj. 621). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Umboðsmaður Alþingis, frv. 384. mál (þskj. 704). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, 397. mál (þskj. 732). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Tollskrá, stjfrv. 128. mál (þskj. 778). — 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 20. sept. s.l. og fólu í sér lækkun á tollum á bifreiðum og snjósleðum.

Eftir þær umfangsmiklu tollalækkanir sem áttu sér stað fyrir skömmu á bifreiðum fellur niður meginefni þessa frv. að því er varðar lækkun á tollum á bifreiðum og hv. Ed. hefur þegar gert breytingar á frv. að því leyti. Eftir stendur að staðfesta þá tollalækkun sem ákveðin var með þessum brbl. á snjósleðum og það er nú eina efni frv. eins og það kemur frá hv. Ed. Það var fullkomið samkomulag í hv. Ed. um afgreiðslu málsins.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingasjóður, stjfrv. 419. mál (þskj. 771). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Eitt af því sem rætt var um í sambandi við kjarasamningana 26. febr. s.l. var atvinnuöryggi fiskvinnslufólks. Hluti þessara samninga var samkomulag milli Verkamannasambands Íslands, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni sérhæfðs fiskvinnslufólks. Í samræmi við ákvæði samkomulags frá því í júní s.l. hafði verið unnið að tillögum um aukið atvinnuöryggi fastráðins fiskvinnslufólks og gert ráð fyrir í þeim tillögum að þar væri einnig lagður grundvöllur að sérstakri starfsfræðslu fyrir það fólk og skilgreint starfsheitið „sérhæfður fiskvinnslumaður".

Í yfirlýsingu forsrh. í júní s.l. var því heitið að ríkisstj. mundi greiða götu samkomulags um þetta málefni og þess vegna er þetta frv. fram borið nú sem niðurstaða af þessum samkomulagsumleitunum og því samkomulagi sem gert var.

Ástæðan til þessa er flestum mönnum vel ljós því að í landi okkar hefur auðvitað verið töluvert öryggisleysi einmitt um atvinnu fiskvinnslufólks og uppsagnir í þessum hópum verið tíðar þegar hráefnisskortur hefur gert vart við sig í fyrirtækjum. Þetta veldur að sjálfsögðu miklu öryggisleysi og truflun á atvinnulífi, ekki síst á þeim stöðum sem fyrst og fremst byggja á þessum greinum. Öryggisleysið hefur bitnað bæði á launþegum og vinnuveitendum að sjálfsögðu, enda hagsmunirnir sameiginlegir þegar um þetta er að ræða. Starfsmennirnir hafa í þessum tilvikum ekki átt annars kost en að sækja um atvinnuleysisbætur. Menn eru sammála um að nokkur fólksflótti hafi verið úr þessum greinum einmitt vegna þessa öryggisleysis.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að rýmka heimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs til að greiða atvinnuleysisbætur þegar um vinnslustöðvun er að ræða til þess að ekki þurfi að koma til uppsagna. Og það er annað atriði, sem verulegu máli skiptir líka, í frv., en þar er gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur séu greiddar á meðan á námskeiðum í starfsfræðslu þessa fólks stendur. Þá er gert ráð fyrir að námskeiðin séu, eftir því sem unnt er, haldin á sama tíma og vinnslustöðvun kynni að vera af öðrum orsökum. Ég vonast til þess að það geti tekist svo til að unnt verði að halda námskeið jafnvel á fleiri en einum stað í einu, en ég hygg að einmitt þetta atriði geti stuðlað bæði að því að hagur fiskvinnslufólksins verði betri, ánægja þess í starfi yrði meiri og einnig stuðlar þetta auðvitað að vöruvöndun í framleiðslu fyrirtækjanna. Mér virðist því að það hljóti að vera allra hagur að heimila Atvinnuleysistryggingasjóði að hlaupa undir bagga þegar svona stendur á.

Sú nefnd sem skipuð var í framhaldi af samkomulaginu í júní í sumar skilaði ítarlegum tillögum til ríkisstj. í marsmánuði og í framhaldi af því skipaði ríkisstj. nefnd til að vinna úr þessum tillögum og taka sérstaklega fyrir það sem væri löggjafaratriði og koma þeim atriðum í frumvarpsbúning. Í nefndinni sátu þeir Eyjólfur Jónsson í Atvinnuleysistryggingasjóði, Þórður Friðjónsson í forsrn. og Óskar Hallgrímsson í vinnumálaskrifstofu félmrn. Niðurstaða þess verks liggur hér fyrir í frumvarpsformi og að baki liggur samstarf og samráð við bæði hagsmunaaðila, þá sem málið snertir beint, svo og ríkisstj. Það er samkomulag milli þessara aðila um það mál sem hér liggur fyrir í öllum atriðum.

Þar sem hér er um að ræða breytingu á núverandi tilhögun atvinnuleysisbóta í fiskvinnslu, sem eru afar flókið viðfangsefni, er mikilvægt að þessi skipan mála verði endurskoðuð að tilteknum tíma líðnum. Þess vegna er gert ráð fyrir að þessi lög verði tímabundin og gildi fram á mitt ár 1988. Að þeim tíma liðnum yrðu þau annaðhvort framlengd ellegar gerðar þær endurbætur á þeim sem reynslan hefði leitt í ljós að mönnum þyki þurfa að gera.

Ég vil geta þess að lokum að ég hef rætt það við Eyjólf Jónsson í Atvinnuleysistryggingasjóði hvort hann telji að þetta hafi miklar breytingar í för með sér fyrir greiðslubyrði Atvinnuleysistryggingasjóðs. Svar hans var að um það væri mjög erfitt að spá, það væri mjög erfitt að gera sér grein fyrir því á þessu stigi, en það gæti alveg eins verið að það hefði ekki í för með sér neina umtalsverða aukningu á greiðslubyrði þar eð sama fólk og hér er um að ræða mundi þá ekki leita til Atvinnuleysistryggingsjóðs af öðrum ástæðum í eins ríkum mæli og áður var.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 794). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar eins og það er á þskj. 794 eftir afgreiðslu Ed. á málinu. Í Ed. var bætt við 19 einstaklingum. Nú er því lagt til að 38 nýir einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umræðu og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Kostnaðarhlutur útgerðar, stjfrv. 288. mál (þskj. 533, n. 758). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar. Þetta er mál sem komið er frá Ed. og þar var fullt samkomulag um það. Svo var einnig í sjútvn. Nd. en í nál. segir: „Nefndin ræddi frv. á fundi sínum 8. apríl. Nm. eru sammála um að mæla með samþykkt þess. Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu málsins." Undir þetta nál. rita Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram, Ingvar Gíslason, Pétur Sigurðsson og Halldór Blöndal.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. 392. mál (þskj. 723). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum. Frv. er á þá leið að við VI. kafla bætist ný grein sem komi á undan 45. gr. gildandi laga og verði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Seljendum hvers kyns vöru eða þjónustu er óheimilt að hækka vöruverð eða gjaldtöku fyrir þjónustu nema það sé sérstaklega tilkynnt. Heimilt er að auglýsa samtímis verðbreytingar til hækkunar og lækkunar.

Sé vöruverð hækkað er seljanda vöru skylt að auglýsa hækkunina á áberandi hátt á sölustað, nýtt verð ásamt hinu eldra, svo og hvenær hækkunin tekur gildi. Slíkar tilkynningar um verðbreytingar vöruflokka og vörutegunda skulu vera uppi eigi skemur en 14 daga frá gildistöku verðbreytinga.

Hvers kyns hækkanir þjónustuaðila á gjaldskrám skulu tilkynntar með eðlilegum fyrirvara þannig að notendur þjónustunnar megi auðveldlega gera sér grein fyrir verðbreytingunum, hvenær og hve miklar þær verða.

Verðlagsstofnun skal setja sérstakar reglur um skyldu seljenda skv. þessari grein."

Hér er á ferðinni frv. sem m.a. er komið fram vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur í þjóðfélaginu á síðustu dögum og vikum um vöruverð og verðhækkanir á vöru og þjónustu og nauðsyn þess að beita sem mestu aðhaldi að slíkum hækkunum og halda þeim í lágmarki.

Hér er einnig á ferð neytendamál hvað það varðar að flutningsmaður telur það eðlilega þjónustu við neytendur á hverjum tíma að þeir hafi greiðan aðgang að sem mestum upplýsingum um vöruverð og allar breytingar þar á. Það er enda forsenda þess að eðlilegt ástand geti ríkt á markaði þar sem ríkir „frelsi" um álagningu og vöruverð. Forsenda þess að eðlileg samkeppni og eðlilegt verðlag geti haldist við slíkar aðstæður er að almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um verð og verðbreytingar.

Ég tel að unnt sé að tryggja mun betur en nú er gert að almenningur eigi greiðan aðgang að þeim upplýsingum. Það er enginn vafi á að nútíma tækni leyfir það að færa upp með tiltölulega auðveldum hætti allar breytingar til eða frá, enda munu fjölmargir seljendur þjónustu eða vöru þegar hafa tölvuvætt sína verðlagningu og sínar verðskrár og geta með tiltölulega einföldum hætti nýtt sér það í því skyni sem hér er rætt um.

Það er enda alkunna, herra forseti, og hefur ekki staðið í mönnum hingað til að koma því á framfæri við neytendur ef um vöruverðslækkanir er að ræða. Allir sem gengið hafa í verslanir, ekki síst á útmánuðum, þekkja það að þá er á áberandi stöðum með áberandi útstillingum því dyggilega komið á framfæri við neytendur að vöruverð hafi lækkað, að veittur sé afsláttur frá áður ákveðnu verði eða að um sérstakar útsölur af einhverjum tilefnum sé að ræða. Það virðist þar af leiðandi ekki vera mikið því til fyrirstöðu að þeir sem versla með vörur t.a.m. sinni þessari skyldu gagnkvæmt á báða bóga þannig að þeir sjái viðskiptavinum sínum fyrir jafngreiðum upplýsingum um það ef vöruverð hækkar eða breytist til þeirrar áttar.

Ég held einnig að það sé rétt að settar verði skýrari reglur en verið hafa hingað til um það með hvaða hætti skuli tilkynna breytingar á gjaldtöku fyrir þjónustu, hvort sem um er að ræða opinbera aðila og þjónustu sem allur almenningur notar eða minni þjónustuaðila sem selja þjónustu sína tilteknum hópum. Það ætti að vera einfalt mál að setja reglur sem skýra það með hvaða hætti slíkum tilkynningum skuli komið á framfæri, með hvaða fyrirvara og hvernig.

Ég tel reyndar rétt, herra forseti, að minna á það einnig í þessari umræðu að það er ástæða til þess að verðlagsyfirvöld athugi ýmislegt fleira í sambandi við verðlagningu, vöruverðmerkingar og þess háttar en hér er sérstaklega flutt till. um í þessu frv. Ég vil t.d. nefna í því sambandi þá venju, sem er altíð í vöruverslunum erlendis, að verðmerkja vöru með svonefndu samanburðarverði. Þar er um það að ræða, herra forseti, að þegar seld er vara í einhverjum tilteknum einingum, við getum sagt í nokkur hundruð gramma pakkningum, mismunandi stórum, þá sé sömuleiðis til viðbótar við viðkomandi einingarverð merkt inn á verðmiðann hvað kg eða lítri, eða hvaða mælieiningu sem um er að ræða, kostar af þessari sömu vörutegund. Þannig fá menn það sem kalla má samanburðarverð sem getur mjög auðveldað mönnum að bera saman mismunandi stórar pakkningar mismunandi vörumerkja sömu vörutegundar. Það er iðulega svo að hinir ýmsu framleiðendur senda ekki frá sér staðlaðar einingar, staðlaðar stærri pakkningar, heldur er um að ræða mjög mismunandi magn í tilteknum umbúðum. Þar af leiðandi getur þurft verulegrar athygli við ef menn ætla að fá hið eiginlega samanburðarverð ef um hliðstæða vöru er að ræða. Við þessu er séð víða þar sem verslað er með vörur t.d. í nágrannalöndum okkar með því að þar eru reglur um að á verðmiðum vörunnar skuli vera þetta samanburðarverð.

Ég hygg, herra forseti, að Verðlagsstofnun geti gert slíkar breytingar innan ramma gildandi verðlagslöggjafar. Það þarf því ekki lagabreytingar til. En ég kem því hér á framfæri sem skoðun minni að ég teldi rétt, ekki síst nú í tengslum við þá miklu umræðu sem fer fram um verðgæslu og virkt verðlagseftirlit, að að þessum málum yrði einnig hugað. Það mundi tvímælalaust veita aðhald að vöruverðshækkunum ef seljendum vöru væri gert skylt að tilkynna það með þeim hætti sem hér eru gerðar tillögur um. Nú geri ég ráð fyrir því að ýmsir þykist sjá annmarka á framkvæmd slíkra reglna og reyni jafnvel að finna þessu frv. það til foráttu að það gæti haft einhvern kostnað í för með sér fyrir seljendur vöru og þjónustu. En ég leyfi mér þá aftur, herra forseti, að minna á að í öllu falli virðist það ekki valda neinum erfiðleikum að tilkynna um verðbreytingar þegar þær eru niður á við og seljendur hafa ástæðu til að ætla að þær muni örva hjá þeim viðskiptin. Þá virðist það ekki standa í vegi fyrir þeim að koma því á framfæri.

Ég minni einnig aftur á þá margvíslegu nýju tækni sem við höfum nú yfir að ráða og ætti að gera það tiltölulega einfalt að koma upp slíkum upplýsingatöflum. Þær gætu hvort sem heldur er verið rafvæddar, tölvuvæddar á stafrænu formi eða að einhverju leyti handfærðar. Allir kannast við slík upplýsingaskilti og slíkar upplýsingatöflur frá ýmsum stöðum, t.a.m. flughöfnum þar sem jafnvel fleiri þúsund flugför fara um á hverjum einasta sólarhring og stanslaust er tilkynnt um breytingar, um brottför og komu á skiltum sem breytast nokkurn veginn jafnhratt og auga nemur. Þar er um að ræða mjög miklar breytingar og örar færslur sem nútímatækni hefur gert tiltölulega einfaldar.

Það væri einnig hugsanlegt að Verðlagsstofnun, sbr. síðustu málsgr. 1. gr., setti um það sérstakar reglur í hvaða tilfellum slíkar færslur skyldu eiga sér stað og gæfi ákveðið svigrúm, t.a.m. heimilaði að sleppt yrði að tilkynna verðbreytingar ef þær væru innan tiltekinna marka eða heimilaði að einungis almennustu vöruflokkar lytu þessum reglum. Til þess er ætlast í þessu frv. að Verðlagsstofnun sinni þessu hlutverki.

2. gr. frv. er stutt. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast þegar gildi." Ég tel að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þessi lög taki þegar gildi. Það væri mjög þýðingarmikið ef þessi lög og ýmsar slíkar ráðstafanir gætu komið til framkvæmda sem allra fyrst, m.a. í tengslum við þá kjarasamninga sem nýlega hafa verið gerðir og byggja að verulegu leyti á því að halda niðri verðhækkunum eins og kunnugt er og óþarft er að rekja hér frekar.

Burtséð frá því tel ég þó að þetta frv. eigi erindi sem slíkt og þjóni tilgangi á hvaða tíma sem það næði fram að ganga. Ég hef borið þetta undir menn sem kunnugir eru verðlagseftirliti, sömuleiðis, herra forseti, undir menn úr viðskiptalífinu. Þótt menn séu eðli málsins samkvæmt misjafnlega spenntir fyrir því að slíkar reglur taki gildi hafa menn ekki séð neitt því til fyrirstöðu, hvorki tæknilega né efnislega, að slíkar ráðstafanir mættu ná fram að ganga.

Herra forseti. Ég mun þá ekki hafa þessa framsöguræðu mína lengri, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. þetta sent til virðulegrar fjh.- og viðskn. deildarinnar sem eðlilegt mun teljast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 265. mál (þskj. 498). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Heilbrigðisfræðsluráð, frv. 405. mál (þskj. 749). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heilbrigðisfræðsluráð, sem er 405. mál þessa þings á þskj. 749 en flm. eru Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Ástæðan fyrir flutningi þessa frv. er fyrst og fremst sú að flutningsmönnum þykir nauðsynlegt að samræma og skipuleggja betur en nú er það brýna verkefni sem heilbrigðisfræðsla er og gefa því vel skilgreinda lagalega stoð sem tryggir henni þann sess og þá fjármögnun sem henni sannarlega ber.

Velflestar hinna efnaðri þjóða heimsins, þar á meðal Íslendingar, verja miklu fjármagni til að viðhalda og fullkomna stöðugt flóknara kerfi tæknivæddrar heilbrigðisþjónustu. Sem betur fer hefur það leitt til þess að hægt er að greina og jafnvel lækna æ fleiri sjúkdóma. Þó er fjármunum jafnframt beint í vaxandi mæli að því að lengja líf dauðvona sjúklinga án þess þó að lífslengd þeirra sé aukin að marki eða að líf þeirra verði bærilegra. Tæknivæðing hefur líka leitt af sér aukna notkun tækni án þess að nægilegrar gagnrýni hafi gætt eða að gætt hafi verið að því hvort tækninotkunin sé í samræmi við þau markmið sem heilsugæslan setur sér.

Stofnunum heilbrigðisþjónustunnar hefur fjölgað og þær stækkað, starfslið aukist og kostnaður margfaldast. Heilbrigðisþjónusta er hjá velflestum velferðarþjóðfélögum fjárfrekasti útgjaldaliður ríkissjóðs þeirra og hefur orðið stjórnvöldum vaxandi áhyggjuefni. Ef miðað er við hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur þessi kostnaður hækkað hérlendis úr 3% árið 1950 í rúm 8% árið 1982. Þó að þetta hlutfall hafi verið um 10% s.l. 3–4 ár er þó ekki um að ræða raunhækkun frá árinu 1982 heldur hækkun sem verður fyrst og fremst vegna minni þjóðarframleiðslu.

Ef við lítum t.d. á skiptingu kostnaðarins 1980 milli hinna ýmsu þátta heilbrigðisþjónustunnar þá var hann á þessa leið: Sjúkrahús 52%, hjúkrunarheimili og þess háttar 13%, læknisþjónusta, tannlækningar og lyf 23%, stofnframkvæmdir 6%, en heilsugæslustöðvar ekki nema 6% þannig að það má glögglega sjá af þessari kostnaðarskiptingu hvert meginfjármagn heilbrigðisþjónustunnar rennur.

Menntun flestra heilbrigðisstétta miðar fyrst og fremst að því að greina og bregðast við sjúkdómum, beinist m.ö.o. mun meira að björgunarstarfi eða viðgerðarþjónustu en heilbrigðisfræðslu eða heilsuvernd. Þó hafa á s.l. árum vaknað efasemdir um það hvort þessi forgangsröð sé rétt og viðleitni ýmissa aðila innan sem utan heilbrigðisþjónustunnar hefur beinst að því að leggja meiri áherslu á heilbrigðisfræðslu og ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir í því skyni að draga úr þörf fyrir hina dýru viðgerðarþjónustu. Má í því sambandi geta þess að Íslendingar eru aðilar að Alma-Ata yfirlýsingunni sem fjallar um frumheilsugæslu og er birt með þessu frv. sem fskj. Sú yfirlýsing er í samræmi við meginstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1977 um heilbrigði öllum til handa árið 2000. Í framhaldi af því hafa Íslendingar gerst aðilar að samvinnuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum og var samningur undirritaður af heilbr.- og trmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands 10. febrúar 1984.

Með langvinnum sjúkdómum er hér átt við t.d. hjarta- og æðasjúkdóma, krabbamein, slys, geðræna sjúkdóma, þar með talin áfengis- og fíkniefnaneysla, auk ýmissa annarra sjúkdóma.

Snar þáttur þessarar samvinnuáætlunar er almenn

fræðsla og upplýsingar svo og aukin menntun heilbrigðisstarfsfólks og kennara og aukin fræðsla í skólum.

Sú vitneskja er að verða almennari að orsakir margra þeirra sjúkdóma, sem okkur eru einna skæðastir, megi rekja til lifnaðarhátta, umhverfis og næringar svo að eitthvað sé nefnt. Meðal fátækra þjóða ríkja smit- og hörgulsjúkdómar en meðal ríkra þjóða er heilbrigðisvandinn oft afleiðing velmegunar, eins og umhverfismengun, kyrrseta, ofnotkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna, ásamt slæmum matarvenjum. Þessir þættir ásamt öðrum leiða svo til ýmissa þeirra sjúkdóma sem heilbrigðisþjónustan þarf nú að kljást við. Hægt er að koma í veg fyrir þessa sjúkdóma og besta vörnin gegn þeim er fræðsla, fræðsla sem virkjar einstaklingana sjálfa til að finna til ábyrgðar gagnvart eigin heilbrigði og löngunar til að viðhalda henni.

Almennri heilbrigðisfræðslu hefur verið í ýmsu ábótavant hér á landi. Heilsufræði hefur verið kennd í skólum að vísu, en þó mjög misvel, t.d. hefur fræðsla um kynlíf og getnaðarvarnir í grunnskólum víða verið vanrækt. Á þessu mun þó vonandi verða ráðin bót vegna þess að á árunum 1984–1985 hefur Ísland tekið þátt í norrænu verkefni um heilbrigðisfræðslu í grunnskólum og hefur það gengið undir nafninu SPIN-verkefnið. Markmið þess er að þróa heilbrigðisfræðslu í þátttökulöndunum og að móta sameiginlega stefnu landanna í málefnum heilbrigðisfræðslu og heilsuuppeldis. Verkefnið byggist á skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá árinu 1948, en það gerir Alma-Ata yfirlýsingin reyndar líka. Samkvæmt henni er heilbrigði skilgreint sem fullkomin líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma eða veiklun. Slík heilbrigði er talin til grundvallarmannréttinda.

Viðhaldsfræðsla almennings um heilbrigðismál hefur verið handahófskennd. Stofnanir eða embættismenn á vegum hins opinbera, áhugasamir einstaklingar, félög og samtök heilbrigðra og sjúkra hafa að vísu gefið út ágætis fræðsluefni og jafnvel fylgt því eftir með kennslu eða áróðri. Er vert í þessu sambandi að lofa hið mikla og góða starf sem þegar hefur verið unnið í þessum efnum. Hins vegar hefur samræmda og skipulega fræðslu vantað og hún hefur ekki verið á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur miklu fremur margra ólíkra aðila og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði þeirra.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59 frá 1. júní 1983, er heilsuvernd skilgreind sem þjónusta er heilsugæslustöð á að veita en ein af aðalgreinum heilsuverndar er þar talin — og ég vitna, með leyfi forseta: „Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.“ Og er þetta fyrsta atriðið reyndar í þeirri upptalningu.

Það er bæði eðlilegt og ágætt að heilsugæslustöðvar hafi þetta hlutverk en þær eru enn of fáar og þangað sækja fáir sem heilbrigðir eru. Því nær fræðsla þeirra ekki til alls þorra almennings.

Í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 50 frá 29. maí 1981, er ákvæði um að veita „alhliða fræðslu og upplýsingar fyrir almenning“ um þau mál er varða hollustuhætti í umhverfi. Þetta fræðsluhlutverk er á höndum heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa. Fræðsluhlutverk er nánar tiltekið síðar í sömu lögum í kafla um Hollustuvernd ríkisins en þar eru ákvæði um fræðslu fyrir almenning, heilbrigðisfulltrúa og aðra þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.

Hollustuvernd ríkisins er ung stofnun og hefur átt við erfiðleika að etja vegna þess að deildir hennar eru dreifðar í Reykjavík. Verksvið hennar er vítt og minna hefur orðið úr fræðsluhlutverki hennar en skyldi þar sem önnur verkefni hafa tekið mikinn tíma og fjármagn hefur skort.

Í ýmsum lögum eru svo ákvæði um fræðslu um tiltekin efni, t.d. um kynlíf og barneignir, lög nr. 25 frá 22. maí 1975, um tóbaksvarnir, nr. 74/1984 o.s.frv. Enn fremur segir í lögum um heilsuvernd í skólum, nr. 61 frá 8. júní 1957, með leyfi forseta:

„Í reglugerð skal ákveðið um ... heilbrigðisfræðslu í skólum ...“

Fræðsla um heilbrigðismál er afar víðtækt viðfangsefni og heyrir þar undir hvað eina það sem stuðlar að heilsuvernd og getur komið í veg fyrir slys og sjúkdóma. Heilbrigðisfræðsla hefur verið skilgreind sem sérhver fræðsla er hefur það markmið að einstaklingar taki sjálfviljugir þátt í því að auka heilbrigði sína. Slík fræðsla og sú vitneskja og leiðbeining, sem hún veitir, heyrir til mannréttinda. Hennar er æ meiri þörf í flóknu lífsmunstri tækniþjóðfélaga þar sem óhollusta steðjar að í margvíslegu gervi.

En fræðslan ein sér nægir þó ekki til þess að tryggja það að einstaklingarnir geti tekið ábyrgð á eigin heilsugæslu. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Stjórnvöld hafa því mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þau verða að vera vel meðvituð um hagsmuni heilbrigðisfræðslu þegar þau móta stefnu sína og taka ákvarðanir og gæta þess jafnframt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiði um heilbrigðisfræðslu því að í raun er heilbrigðisfræðsla og heilsuvernd ekki á færi eins ráðuneytis sem slíks. Heilbrrn. eitt getur ekki staðið undir því víðtæka viðfangsefni sem heilsuvernd er. Þar þurfa allir hinir ólíku þættir stjórnsýslunnar að koma að.

Í seinni tíð hefur frumkvæði heilbrigðra einstaklinga til heilsuverndar og heilsuræktar farið vaxandi og aukinnar meðvitundar gætir um mikilvægi heilbrigðra lífshátta. Það er því sennilegt að jákvæð viðhorf og áhugi á heilbrigðisfræðslu séu að aukast meðal almennings, skólayfirvalda og heilbrigðisyfirvalda. Slík fræðsla er þó enn of tilviljanakennd og háð framtakssemi fárra áhugasamra aðila sem hafa of lítil innbyrðis tengsl.

Það er skoðun flutningsmanna að brýnt sé að samræma og skipuleggja aukna heilbrigðisfræðslu á Íslandi og því sé nauðsynlegt að stofna heilbrigðisfræðsluráð sem er að sjálfsögðu einn af mörgum þáttum sem þarf að taka á til þess að ná þeim markmiðum sem ég gat um áðan.

Ég vil lesa, með leyfi forseta, greinar þessa frv. og athugasemdir við þær. Í 1. gr. segir:

„Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist heilbrigðisfræðsluráð.“

Og í athugasemd við þá grein segir:

„Samræmda og skipulega fræðslu um heilbrigðismál vantar hérlendis. Heilbrigðisfræðsla hefur ekki verið aðalviðfangsefni eða á ábyrgð neins ákveðins aðila“ — eins og ég gat um áðan — „heldur margra ólíkra og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði þeirra. Skortur á fjármagni til aðalstarfsemi þessara aðila hefur allt of oft leitt til þess að fræðsluhlutverkið hefur orðið

út undan.

Útgjöld ríkisins vegna heilbrigðismála hafa farið vaxandi á s.l. áratugum. Þessi kostnaðaraukning hefur fyrst og fremst orðið í rekstri sjúkrahúsa og annarra stofnana heilbrigðisþjónustunnar" — og vil ég þá vitna til þeirra talna sem ég hafði hér áðan. „Hins vegar hefur í raun orðið hverfandi lítil hækkun á framlagi ríkisins til heilbrigðisfræðslu þrátt fyrir þá vitneskju að miklu hagkvæmara sé að koma í veg fyrir sjúkdóma en að lækna þá. Það er því löngu orðið tímabært að taka afdráttarlaus skref til að snúa þessari þróun við og leggja ríkari áherslu á heilbrigðisfræðslu en áður. Slík áherslubreyting krefst þess að heilbrigðisfræðsla sé ótvírætt á ábyrgð einhvers eins aðila eða stofnunar sem hefur ekkert annað hlutverk með höndum. Þannig er tryggara að þessu brýna viðfangsefni verði sinnt sem skyldi. Ágæt starfsemi hefur nýlega verið skipulögð hérlendis af hálfu heilbrigðisyfirvalda vegna samvinnuáætlunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum fram til aldamóta.

En verkefni fyrir heilbrigðisfræðslu eru nær óþrjótandi og akurinn svo lítt plægður í þessum efnum að það er rúm fyrir margar hendur á plógi og nauðsynlegt að heilbrigðisfræðsla eigi sér vel skilgreinda lagalega stoð sem tryggi henni þann sess og þá fjármögnun sem henni ber."

Í 2. gr. frv. segir:

„Heilbrigðisfræðsluráð skal annast heilbrigðisfræðslu sem miðar að því að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys. Það skal samræma og skipuleggja heilbrigðisfræðslu fyrir almenning í landinu í samvinnu við stjórnendur heilbrigðis-, skóla- og félagsmála og önnur stjórnvöld. Það skal enn fremur koma á samvinnu milli allra þeirra sem annast heilbrigðisfræðslu.

Heilbrigðisfræðsluráð skal vera miðstöð þekkingaröflunar, miðlunar og sérkunnáttu á öllum sviðum heilbrigðisfræðslu þannig að ráðgjöf sé þar alltaf tiltæk fyrir heilbrigðis- og skólayfirvöld, áhugamannafélög og alla þá sem fást við heilbrigðisfræðslu."

Í athugasemdum um 2. gr. segir:

„Rannsóknir s.l. ára hafa leitt í ljós að margir þeir sjúkdómar, sem mönnum eru skæðastir, eiga rót sína að rekja til lifnaðarhátta og umhverfis og eru orsakir þeirra fjölþættar. Með því að breyta lifnaðarháttum og umhverfisþáttum er hægt að koma í veg fyrir marga sjúkdóma. Heilbrigðisfræðsla varðar því flesta þætti mannlegs lífs og hana þarf að skipuleggja í náinni samvinnu við marga aðila. Því þykir eðlilegt að stjórnendur heilbrigðis-, mennta- og félagsmála eigi sérstaklega náið samstarf við skipulagningu slíkrar fræðslu þar sem þeir málaflokkar tengjast svo beint viðfangsefnum heilbrigðisfræðslu."

En eins og ég sagði áður: Fræðslan ein sér nægir þó ekki til þess að tryggja það að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin heilsugæslu. Honum verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er og honum er ætlað að fylgja. Það er því nauðsynlegt að stjórnvöld séu vel meðvituð um hagsmuni heilbrigðisfræðslu þegar þau taka ákvarðanir og móta stefnu sína. Jafnframt er mikilvægt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu. Margir ólíkir aðilar hafa haft með höndum heilbrigðisfræðslu á s.l. árum og er vaxandi áhugi meðal almennings á heilbrigðu líferni og þörf fyrir slíka fræðslu. Það er því mikilvægt að tiltæk séu nauðsynleg kennslugögn og ráðgjöf í þessum efnum, bæði fyrir opinbera aðila, áhugamannafélög og aðra þá sem fást við heilbrigðisfræðslu.

Í 3. gr. frv. segir:

„Heilbrigðisfræðsluráð skal ráðleggja um forgang viðfangsefna í heilbrigðisfræðslu á grundvelli bestu upplýsinga sem fyrir liggja hverju sinni. Heilbrigðisfræðsluráð skal stuðla að rannsóknum og könnunum til að tryggja að nýjar upplýsingar og tölfræðilegar niðurstöður séu ávallt fyrir hendi. Heilbrigðisfræðsluráð skal afla upplýsinga um framfarir á læknis-, farsóttar-, félags- og sálfræðilegu sviði og hagnýta þær í þágu starfsemi sinnar. Enn fremur skal ráðið reyna að meta árangur starfsemi sinnar með hliðsjón af framförum á þessum sviðum."

Í athugasemdum við 3. gr. segir:

„Nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsla á hverjum tíma sé byggð á sem réttustum og bestum upplýsingum. Það er því nauðsynlegt fyrir heilbrigðisfræðsluráð að fylgjast vel með framförum á mörgum ólíkum sviðum sem varða viðfangsefni hennar. Enn fremur skal ráðið takast á hendur og styðja rannsóknir og kannanir hérlendis sem gefa upplýsingar og haldbærar niðurstöður um ástand mála á þeim sviðum sem heilbrigðisfræðsla nær til. Ráðið skal gefa út niðurstöður slíkra rannsókna eða kannana þegar það á við. Nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsluráð reyni að meta hvern árangur starf þess ber með því að fylgjast með sjúkdómatíðni, breytingum á lífsháttum (sem dæmi má taka reykingar) og fleiru því sem hafa má til viðmiðunar."

Í 4. gr. frv. segir:

„Heilbrigðisfræðsluráð skal standa að kynningu á einstökum málefnum er varða heilbrigðisfræðslu í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld eða aðra aðila eftir því sem við á. Það skal sjá um að safna upplýsingum, gera dreifirit, auglýsingaefni og efni til flutnings í hljóðvarpi eða sjónvarpi í kynningarskyni, svo og til annarrar starfsemi ráðsins. Ráðið skal enn fremur láta slík gögn af hendi við aðra þá er heilbrigðisfræðslu annast."

Í athugasemdum um 4. gr. stendur:

„Útbúa þarf fjölbreytt og gott námsefni og annað efni til dreifingar og auglýsinga um heilbrigðismál. Notkun myndbanda fer vaxandi til afþreyingar og kennslu og miklu varðar að sækja megi gott fræðsluefni um heilbrigðismál í eins konar gagnabanka sem hefur jafnframt það hlutverk að útbúa slíkt námsefni og safna því saman frá öðrum eða halda yfirlit yfir það sem á boðstólnum er. Rétt þykir að heilbrigðisfræðsluráð gegni þessu hlutverki og sé í nánu samstarfi við skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, menntastofnanir, áhugamannafélög og aðra þá er heilbrigðisfræðslu sinna."

Í 5. gr. segir:

„Heilbrigðisfræðsluráð skal stuðla að þjálfun starfsfólks til að sinna heilbrigðisfræðslu og leiðbeina um hana. Jafnframt skal það gefa út rit sem á erindi til þeirra er starfa við heilbrigðisfræðslu."

Og í athugasemdum um þessa grein segir:

„Í lögum um Hollustuvernd ríkisins segir í 7. málsgr. 13. gr.: „Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum (mál er varða hollustuhætti) starfa í landinu."

Í 8. málsgr. sömu greinar segir enn fremur: „Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands sem annast kennslu er því tengist og aðra sérfróða aðila."

Þrátt fyrir þessi ákvæði þykir nauðsynlegt að hvetja til og leiðbeina um þjálfun fyrir þá sem stunda heilbrigðisfræðslu, bæði kennara, áhugamenn og aðra en heilbrigðisfulltrúa. Rétt þykir að heilbrigðisfræðsluráð hafi forgöngu um slíkt. Ágætt tímarit, Heilbrigðismál, er gefið út af Krabbameinsfélagi Íslands og sinnir því mikilvæga hlutverki að miðla fróðleik um heilbrigðismál og hollustuhætti til almennings. Til greina kemur að heilbrigðisfræðsluráð verði aðili að útgáfu þessa tímarits eða taki jafnvel við útgáfu þess þegar fram líða stundir og ætti það að styrkja starfsemina."

Í 6. gr. frv. segir:

„Ráðið skal kalla saman samstarfshópa til að vinna að ákveðnum málefnum og leita ráðgjafar sérfræðinga um einstök mál. Laun starfshópa og ráðgjafa skulu ákveðin í samræmi við reglur þóknananefndar hverju sinni."

Og í athugasemdum um þessa grein segir:

„Gert er ráð fyrir því að fagleg vinna til undirbúnings heilbrigðisfræðslu um sérstök málefni sé unnin af sérfróðum aðilum í hvert sinn. Sömuleiðis verði leitað ráðgjafar sérfræðinga þegar með þarf. Þessum aðilum skulu greidd laun fyrir vinnu sína í samræmi við reglur þóknananefndar."

Í 7. gr. kveður nánar á um skipan heilbrigðisfræðsluráðs og þar segir:

„Í heilbrigðisfræðsluráði eiga sæti 21 fulltrúi sem heilbrrh. skipar til fjögurra ára í senn. Eftirfarandi aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: Áfengisvarnaráð, Félag heilsugæsluhjúkrunarfræðinga, Félag heilsugæslulækna, Félag íslenskra sjúkraþjálfara, félmrn., Fósturfélag Íslands, Geðverndarfélag Íslands, Hið íslenska kennarafélag, Hjartavernd, Kennarasamband Íslands, Krabbameinsfélag Íslands, Landlæknir, Læknadeild Háskólans, Manneldisráð, menntmrn., Ríkisútvarpið, Samtök aldraðra, Sálfræðideild skóla, Slysavarnafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Umferðarráð. Ráðið skal funda a.m.k. fjórum sinnum á ári. Störf í heilbrigðisfræðsluráði eru ólaunuð, en fulltrúar skulu sækja fundi sér að kostnaðarlausu. Fulltrúar ráðsins velja úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdanefnd. Heilbrigðisfræðsluráð skal ráða framkvæmdastjóra og starfsfólk eftir þörfum. Starfsemi ráðsins skal kostuð af ríkinu, þar með talin laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks. Framkvæmdanefnd sér um að framkvæma áætlanir heilbrigðisfræðsluráðs í samvinnu við framkvæmdastjóra og annað starfsfólk ráðsins."

Í athugasemdum um þessa grein segir:

„Hlutverk heilbrigðisfræðsluráðs er fyrst og fremst að móta stefnu og ákveða forgangsröðun í málefnum heilbrigðisfræðslu og sjá til þess að heilbrigðisfræðslu sé sinnt. Heilbrigðisfræðsluráði er því fyrst og fremst ætlað að koma með hugmyndir og ákveða hvaða viðfangsefni í heilbrigðisfræðslu séu brýnust í hvert sinn. Ekki er reiknað með því að heilbrigðisfræðsluráð þurfi að funda mjög oft á ári og eru störf fulltrúa í ráðinu ólaunuð, en skulu vera þeim að kostnaðarlausu þannig að ferðir á fundi séu greiddar ef þurfa þykir.

Þó að störf heilbrigðisfræðsluráðs varði málaflokka sem snerta svið flestra ráðuneyta þykir eðlilegt að það heyri undir heilbrrh. sem skipar það til fjögurra ára í senn. Vandasamt er að velja heppilegan fjölda fulltrúa í slíkt ráð en mikilvægt er að tryggja það að mörg ólík sjónarmið eigi aðgang að stefnumótun og ákvörðunartöku í þessum efnum. Til þess að tryggja slíka valddreifingu er nauðsynlegt að hafa þennan hóp fjölskipaðan. Meginstarf við framkvæmd heilbrigðisfræðslu verður í höndum þriggja manna framkvæmdanefndar sem fulltrúar ráðsins velja úr sínum hópi og framkvæmdastjóra er ráðið velur einnig. Er þeim ætlað að fylgja eftir hugmyndum ráðsins.

Starfsemi ráðsins skal kostuð af ríkinu og fær framkvæmdanefnd greidd laun fyrir fundi og önnur störf sem unnin eru í þágu ráðsins. Ríkið greiðir einnig laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks ráðsins.

Ljóst er að þörf fyrir heilbrigðisfræðslu er brýn og mikið starf óunnið á þeim vettvangi. Ætla má að nokkurn tíma taki að byggja upp starfsemi heilbrigðisfræðsluráðs og er því óvíst hver umsvif þess verða í fyrstu. Til þess að reyna að gera sér nokkra grein fyrir þeim kostnaði sem fylgja mundi stofnun heilbrigðisfræðsluráðs má taka mið af Rannsóknaráði ríkisins til samanburðar. Rannsóknaráði ríkisins eru ætlaðar tæpar 9 millj. kr. á fjárlögum 1986. Þar starfa á skrifstofu sjö manns með framkvæmdastjóra. Auk launakostnaðar þeirra er innifalið í rekstrarkostnaði Rannsóknaráðs laun fyrir starfshópa, útgáfa skýrslna, upplýsingaþjónusta, fundahöld, erlend samskipti og margt fleira. Búast má við að kostnaður við stofnun heilbrigðisfræðsluráðs verði a.m.k. helmingi minni en sú upphæð sem ætluð er til reksturs Rannsóknaráðs."

Ef einhverjum skyldi vaxa þessi kostnaður í augum þegar fjármagna á slíka starfsemi vil ég benda á það, sem ég sagði áðan um mikilvægi þessarar starfsemi, þ.e. heilbrigðisfræðslu til heilsuverndar, og ég vil jafnframt minna á það, sem ég sagði einnig, að það væru um 8–10% af útgjöldum ríkissjóðs sem rynnu til heilbrigðisþjónustunnar. Má t.d. nefna að ef við lítum á heildartölu þeirra útgjalda eða fjárfestinga sem urðu í heilbrigðiskerfinu á árunum 1974–1984 er um að ræða rúma 3 milljarða, næstum 3½ milljarð. Það eru sem sagt 3445 millj. sem gera á ári um 344 millj. kr. og þetta er á verðlagi miðað við janúar 1985. Ég vil vekja athygli á þessum upphæðum þegar við erum að ræða um þann kostnað sem mundi hljótast af stofnun slíks heilbrigðisfræðsluráðs.

Í 8. gr. segir:

„Heilbrigðisfræðsluráð sendir heilbrrn. í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins." Þessi grein þarfnast engra skýringa.

Í 9. gr. segir:

„Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum ráðsins."

Og í athugasemdum um hana segir: „Rétt þykir að ráðið geri sjálft tillögur um það hvernig það hyggist starfa og sendi ráðherra þær."

Og í 10. gr. segir svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en bið hv. þm., sem því miður eru ekki margir í salnum að hlusta á þessa umræðu, að lesa frv. og kynna sér þetta mál, jafnframt að líta í fskj. sem eru annars vegar Alma-Ata yfirlýsingin sem hefur verið þýdd af þeim fulltrúum

Íslands sem sátu þá ráðstefnu þegar þessi yfirlýsing var samþykkt, en það voru Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri í heilbrrn., Skúli G. Johnsen borgarlæknir og Örn Bjarnason formaður Hollustuverndar sem snöruðu þessari yfirlýsingu yfir á íslensku. Hins vegar er fskj. með frv. grein eftir Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra úr Læknablaðinu sem nefnist Forvörn og greining langvinnra sjúkdóma og eftirlit með þeim. Sú grein lýsir nánar samvinnuverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar og nokkurra aðildarþjóða.

Að umræðu lokinni vil ég leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 76. fundur.

Föstudaginn 11. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kostnaðarhlutur útgerðar, stjfrv. 288. mál (þskj. 533). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 818).

Öryggi á vinnustöðum, stjfrv. 275. mál (þskj. 510, n. 801). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er þess efnis að ekki þurfi að endurskoða lögin fyrr en 1990. Þegar lögin voru sett fyrir fimm árum var ákvæði í þeim um að þau skyldu endurskoðuð innan fimm ára. Þeir sem sömdu frv. í fyrstunni leggja til að þessu verði frestað um fimm ár vegna þess að það sé ekki komin fullkomin reynsla á lögin og hafi ekkert komið fram sem bendi til þess að mikilla breytinga sé þörf. Á þskj. 801 er nál. þar sem félmn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú regla hefur verið upp tekin í þinginu þegar ráðherrar hafa lagt fram mjög veigamikil lagafrv. að þeir hafa heitið endurskoðun þessara lagafrv. og það hefur jafnvel verið bundið í lagatexta að svo skuli gert. Oft og tíðum hefur þetta leitt til þess að frv., sem ella hefði fengið mun ítarlegri meðferð í sölum þingsins, hefur verið látið fara í gegn í trausti þess að mjög fljótlega yrðu lögin endurskoðuð og afstaða tekin til ákveðinna atriða. Ég tel að ef ráðherrar taka upp þá vinnureglu að koma með tillögu um að hætta við endurskoðun laganna þegar að því kemur að það á að endurskoða þau og ákveða aðeins að þau skuli framlengd, þá þýði þetta í reynd að Alþingi mun ekkert mark taka á yfirlýsingum sem þessum. Það eru beinar yfirlýsingar um að það er verið að blekkja þingið þegar frv. eru lögð fram og það er beinlínis verið að stuðla að því að koma í gegnum þingið málum með meiri vinnuhraða en æskilegt er. Mér er þess vegna ekkert launungarmál að ég tel mjög miður farið að mál þróist á þann veg að stórir lagabálkar, sem voru umdeildir þegar þeir fóru inn í þingið á sínum tíma, skuli ekki hljóta þá sjálfsögðu málsmeðferð, sem lögin gera ráð fyrir, að um endurskoðun verði að ræða á þeim tíma sem ákveðið var.

Ég ætla ekki að fara út í efnislega umræðu um þessa hluti frekar. En þetta gildir að sjálfsögðu líka um svokölluð sólsetursákvæði og annað sem menn hafa verið að setja í lög. Ef það er fyrir fram vitað að endurskoðun á aldrei að fara fram og það er aðeins verið að ýta þessu áfram á þennan hátt hlýtur það að leiða til þess að menn taki mun harðari afstöðu þegar lagabálkar eru settir hér inn og þeir eru afgreiddir án þess að gaumgæfileg vinna eigi sér stað.

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að styðja þá málsmeðferð sem hér er lögð til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. 26. mál (þskj. 26, n. 779, brtt. 780). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl. nr. 3/1878, með síðari breytingum.

Efnislega er í þessu frv. lögð til sú meginbreyting að ekki þarf að höfða mál þó að ágreiningur verði um skipti heldur getur skiptaréttur úrskurðað í þessu máli eins og öðrum sem undir hann heyra. Kostirnir við þetta fyrirkomulag eru fyrst og fremst þeir að það má gera ráð fyrir mun fljótari afgreiðslu mála en er með núverandi fyrirkomulagi. Það má geta þess að Ragnar Hall borgarfógeti hefur lagt blessun sína yfir þá breytingu sem hér er lögð til.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa nál. frá allshn.:

„Nefndin hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum og kallað á sinn fund Guðrúnu Erlendsdóttur dósent til að fjalla um efni þess. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem lögð er til á sérstöku þskj.“

Undir þetta rita Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Kristófer Már Kristinsson. Stefán Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Sú breyting, sem nefndin leggur til, er aðeins atriði er varðar gildistöku laganna og er á þá leið að lögin taki gildi 1. jan. 1987, en það er sjálffallið að þau taki gildi 1. jan. 1986.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 780 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 77. fundur.

Föstudaginn 11. apríl, að loknum 76. fundi.

Öryggi á vinnustöðum, stjfrv. 275. mál (þskj. 510). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. 26. mál (þskj. 819). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisendurskoðun, stjfrv. 272. mál (þskj. 770 (sbr. 506)). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er ákvæði þess efnis að ríkisendurskoðun skuli flutt undir Alþingi. Í samræmi við það lagði ég fyrir síðasta Alþingi frv. þessa efnis. Það var allítarlega rætt í fjh.- og viðskn. Ed., en náði þó ekki afgreiðslu. Ýmsar athugasemdir komu fram við frv. og var það tekið til athugunar á milli þinga. Frv. var þannig breytt lagt fyrir hv. Ed. nú í vetur og hefur nú verið samþykkt í Ed. með víðtækri samstöðu.

Að sjálfsögðu felur þetta mál, eins og fram kemur í því sem ég hef sagt, fyrst og fremst í sér að gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun flytjist frá framkvæmdavaldinu til fjárveitingavaldsins. Að mörgu leyti er það eðlilegra. Alþingi ákveður fjárveitingar sem framkvæmdavaldið síðan framkvæmir og því er eðlilegt að hjá Alþingi sé það eftirlit sem nauðsynlegt er með framkvæmd fjárlaga.

Í þessu skyni eru að vísu kosnir endurskoðendur ríkisreikninga, en þetta starf er orðið ákaflega margþætt og mikið og alls ekki svo að ríkisendurskoðendur, sem hafa þetta að aukastarfi, geti sinnt þeirri endurskoðun sem er nauðsynleg. Þess vegna hafa fjölmörg ríki tekið þá ákvörðun að flytja ríkisendurskoðun frá framkvæmdavaldinu til löggjafarvaldsins.

Ég vil t.d. geta þess að í Bretlandi tóku gildi ný lög um ríkisendurskoðun 1. jan. 1984 og er ríkisendurskoðun með þeim lögum gerð að stofnun þingsins, en hafði áður verið háð framkvæmdavaldinu. Í Kanada voru samþykkt ný lög 1977 sem tengja ríkisendurskoðun þinginu, en setja hana þó ekki eins og í Bretlandi beint undir þingið. Í Noregi er ríkisendurskoðun stofnun Stórþingsins. Í nokkrum löndum, eins og t.d. Austurríki, Vestur-Þýskalandi og Sviss og reyndar einnig í Frakklandi, er ríkisendurskoðun á vegum ríkisins en er sem dómstóll bæði óháð þjóðþingi og framkvæmdavaldi.

Þetta er þannig að vísu nokkuð breytilegt, en þó hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum árum yfirleitt stefnt að því að tengja ríkisendurskoðun fjárveitingavaldinu.

Eins og ég sagði áðan fær stjórnarskrá ríkisins Alþingi valdið til að ákveða fjárveitingar. Hún gerir jafnframt ráð fyrir endurskoðun á þess vegum því að í 43. gr. stjórnarskrárinnar er boðið að reikningum fyrir hvert fjárhagsáætlunartímabil skuli safna saman í einn reikning er leggja á fyrir Alþingi til samþykktar. Með þessu ákvæði er ríkisstjórnin skyldug til að standa löggjafanum reikningsskil á framkvæmd fjárlaganna. Þessum reikningsskilum hefur Alþingi fylgt eftir með því að kjósa sérstaka trúnaðarnefnd til að endurskoða ríkisreikninginn.

Með lögunum frá 1931 var komið á fót sérstakri endurskoðunardeild í fjmrn. og frá 1970 hefur ríkisendurskoðun verið sérstök stjórnardeild undir fjmrn. Störf ríkisendurskoðunar hafa aukist ár frá ári með vaxandi umsvifum ríkisins á öllum sviðum. Hins vegar hefur eftirlit og endurskoðun löggjafans með framkvæmd fjárlaga ekki getað vaxið að sama skapi. Eins og ég sagði fyrr geta þeir þrír menn sem Alþingi kýs ekki komist yfir það verk samtímis öðrum störfum og Alþingi hefur ekki verið búin aðstaða til þess að gegna eftirlits- og endurskoðunarhlutverki sem þó má segja að hljóti að teljast á þess sviði. Á þessu hefur reyndar ítrekað verið vakin athygli á hinu háa Alþingi og m.a. hafa hér verið flutt frv. sem gera ráð fyrir því að ríkisendurskoðun flytjist frá framkvæmdavaldinu til fjárveitingavaldsins.

Þess er rétt að minnast að hinu opinbera hafa auk þess á undanförnum árum og áratugum verið falin æ fleiri verkefni og æ stærri hluti þjóðartekna fer til sameiginlegra þarfa. Mönnum er ljóst að ekki er unnt að auka hina opinberu starfsemi og samneyslu óendanlega. Sumir hafa viljað ráðast gegn vaxandi hlutdeild samneyslunnar í þjóðartekjum með því að leggja niður ýmiss konar þjónustu og starfsemi. Slíkt hefur þó lengst af reynst örðugt í framkvæmd.

Ég tel ekki síður ástæðu til að leggja allt kapp á að þeir fjármunir sem eytt er til sameiginlegra þarfa nýtist sem best í þágu þjóðarheildar og í samræmi við vilja fjárveitingavaldsins. En m.a. til þess að það megi gerast er það skoðun mín að eftirlit Alþingis með framkvæmd fjárlaga þurfi að aukast og til þess er ríkisendurskoðun sem stofnun Alþingis að sjálfsögðu hið rétta tæki. Eðlilegast virðist að Alþingi axli ábyrgðina af þessu eftirliti og aðhaldi í ríkisrekstrinum. Alþingi ber að vísa veginn, en oft hefur viljað brenna við að Alþingi gefi heimildir og samþykki fjárframlög án þess að hafa tök á að fylgjast nægilega vel með hvort fjármunir nýtist á þann veg sem fyrirhugað var.

Með því að flytja ríkisendurskoðun undir vald Alþingis er að því stefnt að styrkja starfsaðstöðu Alþingis við gerð fjárlaga og gert er ráð fyrir að ríkisendur-

skoðun leggi þingnefndum til sérhæfða starfskrafta sem geta starfað að margs konar umsögn og upplýsingaöflun varðandi fjárhagsmálefni ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um einstakar greinar frv. Meginefnið er það, sem ég hef nú rakið, að flytja ríkisendurskoðun frá framkvæmdavaldi til fjárveitingavalds, en þó vil ég nefna fáein atriði.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að ríkisendurskoðun skuli ekki aðeins vera þingnefndum til aðstoðar við störf sem lúta að fjárhagsmálefnum ríkisins heldur er henni *jafnframt sérstaklega falið að vera yfirskoðunarmönnum* ríkisreiknings til aðstoðar við þau störf sem þeir gegna samkvæmt stjórnarskránni. Um þetta atriði var töluvert rætt og þótti, eins og frv. var áður frá gengið, ekki nægilega vel tryggt samstarf með ríkisendurskoðun og endurskoðunarmönnum ríkisreikningsins. Þetta hefur nú verið lagfært í 1. gr. og hygg ég að hv. Ed. hafi sýnst að þannig væri vel fyrir þessu séð.

Í 2. gr. frv. er gerð tillaga um að forsetar Alþingis ráði í sameiningu forstöðumann ríkisendurskoðunar til sex ára í senn. Það ákvæði er hliðstætt ákvæði í þingskapalögum um að forsetar þingsins skipi skrifstofustjóra Alþingis í sameiningu. Þó er sá munur á að gert er ráð fyrir tímabundinni ráðningu ríkisendurskoðandas til sex ára í senn. Er þannig horfið frá gömlu reglunni um æviráðningu og er þetta meira í samræmi við það sem víða í ríkisstofnunum hefur nú verið upp tekið.

Í 3. gr. frv. er að finna ákvæði sem tryggja á sjálfstæði ríkisendurskoðanda í starfi sem best. Samkvæmt því er *ríkisendurskoðandi ekki bundinn af fyrirmælum um* daglegan rekstur og einstaka þætti starfs síns. Á hinn bóginn geta forsetar Alþingis, hvort sem er að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum einstakra þm., krafið ríkisendurskoðanda um skýrslur um einstök mál. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða því að þinginu er opnuð leið til að láta sína eigin stofnun rannsaka einstök mál ef spurningar vakna um hvort óeðlilega eða óvarfærnislega hafi verið staðið að fésýslu af hálfu þeirra sem fara með opinbera fésýslu. Má minna á að iðulega koma fram á hinu háa Alþingi spurningar um ráðstöfun fjármagns sem ríkisendurskoðun sem stofnun Alþingis gæti þá að sjálfsögðu bæði upplýst og fylgt eftir.

Áður var gert ráð fyrir því að stjórn ríkisendurskoðunar gæti ákveðið hvernig starfseminni yrði skipt í deildir. Frá þessu er nú fallið. Þykir ekki ástæða til að ákveða deildaskipun í þessu frv. Nauðsynlegt er að ríkisendurskoðandi geti leitað til löggiltra endurskoðenda utan stofnunarinnar og er gert ráð fyrir því.

Í 6. gr. frv. kemur fram sú almenna regla að öll meðferð ríkisfjár skuli sæta endurskoðun. Ég tel mikilvægt að stofnun Alþingis annist þetta hlutverk, enda tel ég að Alþingi eigi meira en gert hefur verið að leitast við að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og vera vel upplýst um þau frávik sem iðulega verða á milli fjárlaga og niðurstöðu ríkisreiknings. Alþingi ber að leita skýringa á því hvers vegna slík frávik hafa orðið og er *ríkisendurskoðun sem stofnun Alþingis sá rétti aðili* sem slíkt mundi kanna.

Þá vil ég vekja athygli á því að skv. frv. er ríkisendurskoðun ætlað að endurskoða reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira leyti og eru þar með taldir ríkisbankar og hlutafélög. Eðlilegt er að Alþingi hætti að kjósa sérstaka endurskoðendur fyrir slíkar ríkisstofnanir, en feli ríkisendurskoðun, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að annast slíka endurskoðun og getur í þessu falist töluverður sparnaður.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um heimild til ríkisendurskoðunar til að kanna hvernig framlög og styrkir úr ríkissjóði hafa verið notuð. Svo er litið á að þeir sem sækja um styrki og framlög af almannafé sætti sig jafnframt við að gengið sé úr skugga um að féð hafi komið að þeim notum sem að var stefnt.

Í 8. gr. frv. eru rakin markmið endurskoðunar á hverjum tíma og er sú grein óbreytt frá því sem hún var þegar frv. var lagt fram í fyrra sinn.

Í 9. gr. frv. er nýmæli. Þar er að finna ákvæði um svonefnda stjórnsýsluendurskoðun sem er í því fólgin að kannað sé hvort gætt hafi verið hagræðingar og hagkvæmni í ríkisrekstri. Er gert ráð fyrir að ríkisendurskoðun sinni fjárhagslegu eftirliti í ríkisrekstri og geri tillögur um úrbætur til hlutaðeigandi stjórnvalda þar sem hún telur að betur megi fara.

Í 11. gr. er sú skylda lögð á ríkisendurskoðanda að hann geri fjvn. Alþingis grein fyrir ákvörðunum sínum um að kanna reikningsskil stofnana og sjóða sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu og athugun á ráðstöfun styrkja og framlaga á fjárlögum. Enn fremur hefur verið talið rétt að ríkisendurskoðandi geri fjvn. grein fyrir því ef stjórnsýsluendurskoðun á að fara fram hjá ríkisfyrirtækjum. Þá getur fjvn. með heimild í niðurlagsákvæði 11. gr. sjálf haft frumkvæði að því að ríkisendurskoðun láti fara fram athugun sem gert er ráð fyrir í greininni.

Skv. 13. gr. frv. er ríkisendurskoðun ætlað að starfa á þessum grundvelli, ef frv. þetta verður að lögum, frá 1. janúar 1987. Þá er gert ráð fyrir að niður verði felld ákvæði um ríkisendurskoðun í gildandi lögum, sem og ákvæði sem allvíða er að finna í lögum um að endurskoðendur ýmissa ríkisstofnana skuli kjörnir af Alþingi eða skipaðir af ráðherrum, jafnvel samkvæmt tilnefningu þingflokka. Eins og ég sagði áðan er óþarfi, þegar Alþingi hefur fengið eigin endurskoðun, að kjósa sérstaka endurskoðendur til slíkra starfa.

Ég hef nú, herra forseti, gert grein fyrir meginatriðum þessa frv. og reyndar rakið efni einstakra greina nokkuð eða þau ákvæði sem ég tel einkum vera nýmæli og mikilvægast fyrir þm. að hugleiða. Ég held það megi segja að hér er um gagnmerka breytingu að ræða sem tvímælalaust á að styrkja Alþingi verulega í störfum og gera þinginu kleift að fylgja langtum betur eftir ákvörðunum, sem það tekur um fjárveitingar, en hingað til hefur verið.

Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi, enda hefur náðst um það breið samstaða, og leyfi mér að vona að sú samstaða verði einnig í þessari hv. deild.

Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma, stjfrv. 431. mál (þskj. 791). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það sem ég mæli nú fyrir um rannsóknadeild fisksjúkdóma er unnið af sérstakri nefnd sem ég skipaði á s.l. ári til að gera tillögur til ríkisstj. um ýmis framkvæmdaatriði og lagabreytingar sem stuðlað geta að eðlilegum vexti þessarar mikilvægu atvinnugreinar, fiskeldis, sem nú fyrst hefur í verulegum mæli haslað sér völl í íslensku atvinnulífi.

Allmargar þáltill. voru fluttar og þótti mér ástæða til að samræma og skoða þau sjónarmið sem þar komu fram með skipun slíkrar nefndar. Í nefndinni eiga sæti alþm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Kjartan Jóhannsson og Stefán Valgeirsson, Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbrh., Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður sjútvrh., Jónas Matthíasson verkfræðingur, tilnefndur af Sambandi fiskeldisstöðva, Árni Ísaksson, deildarstjóri, Veiðimálastofnun, og Gunnlaugur M. Sigmundsson viðskiptafræðingur sem var skipaður formaður nefndarinnar.

Fiskeldi á sér að vísu nokkuð langa sögu, jafnvel aldalanga í sumum löndum, en ekki hefur þó komist verulegur skriður á slíka framleiðslu fyrr en á undanförnum árum eða áratugum og alveg sérstaklega nú á síðustu árum hefur laxeldi vaxið mjög ört í ýmsum nágrannalöndum okkar og er þar að verða, einkum í Noregi, ein mikilvægasta atvinnugreinin. Ég hef fengið nýlegar upplýsingar um laxeldi í Noregi og þykir mér rétt að segja um það nokkur orð til að upplýsa þingheim um mikilvægi laxeldis þar í landi og þann mikla vöxt sem á því hefur orðið.

Samkvæmt þessum upplýsingum hefur laxeldi og silungaeldi í Noregi vaxið um að meðaltali 40% á ári hverju síðan 1979. Á árinu 1984 voru fluttar út afurðir fyrir 1 milljarð norskra króna eða 5,7 milljarða ísl. kr., en á s.l. ári, 1985, fyrir 1,4 milljarða norskra kr. og er það, eins og ég fyrr sagði, um 40% vöxtur eins og verið hefur að meðaltali.

Norðmenn fluttu út á síðasta ári um það bil 28 þús. tonn af eldisfiski, en gera má ráð fyrir að á árinu 1988 verði þessi framleiðsla orðin um 75 þús. tonn. Reyndar telja fiskeldismenn í Noregi að árið 1990 verði lax- og silungseldi í Noregi orðin meiri atvinnugrein en sjávarútvegur þar í landi, þ.e. beri meira í þjóðarbúið en sjávarútvegur þar í landi.

Lax- og silungseldi í Noregi veitir núna um 2000 manns atvinnu og eru það um 10% af því vinnuafli sem er í hinum mikilvæga sjávarútvegi Noregs.

Markaðir fyrir ferskan lax og annan eldisfisk eru víða um heim og að mati þeirra manna sem þessa skýrslu skrifa, sem er frá norska útflutningsráðinu, er langt frá því að þessir markaðir séu allir kannaðir og jafnvel langt frá því að Norðmenn hafi komist inn á þessa markaði. Þeir hafa einkum lagt áherslu á það sem þeir kalla vaxtarsvæði fyrir slíka framleiðslu, Bandaríkin, Japan og Evrópu, en telja að markaður fyrir slíka framleiðslu muni vera langtum víðar.

Í lokaniðurstöðum þessarar skýrslu segir að fiskeldi í Noregi megi telja álíka mikilvæga atvinnugrein þar eins og olíu- og gasframleiðslu. Svo mjög telja Norðmenn fiskeldi eiga sterka framtíð.

Hér á landi hefur fiskeldi verið nokkru seinna að festa rætur. Að vísu hafa áhugamenn um fiskeldi verið hér á landi um áratugi og margir vakið athygli á þessari mikilvægu grein, en ekki komist mikill skriður á fiskeldi fyrr en á allra síðustu árum, enda má segja að nú sé skriðurinn mikill. Hygg ég að skráðir aðilar, sem eru komnir af stað í fiskeldi eða eru í þann veginn að byrja og eru með áætlanir og viðleitni til fjármögnunar á slíku, muni vera um 60–70 eða jafnvel fleiri. Þeir eru mjög mismunandi að stærð, allt frá tiltölulega litlum klakstöðvum upp í mjög stórar klakstöðvar og eldisstöðvar þar sem gert er ráð fyrir að flytja út á fáeinum árum hundruð og jafnvel þúsundir tonna af eldisfiski. Öllum má vera ljóst hve mikilvægt er að ekki verði meiri háttar slys í svo hraðri uppbyggingu þessarar atvinnugreinar.

Þess ber jafnframt að minnast að þessi atvinnugrein er langt frá því að vera einföld í framkvæmd. Eldi fiska er nákvæmnisgrein. Eldisfiskar eru mjög viðkvæmir fyrir sínu umhverfi. Þeir eru færðir úr sínu náttúrlega umhverfi í tilbúið umhverfi. Þar er miklu meiri þröng, miklu meiri fjöldi á hvern rúmmetra af vatni en er í hinu náttúrlega umhverfi og mjög auðveldlega geta sjúkdómar og önnur slys valdið stórkostlegum skaða. Reyndar höfum við mörg dæmi um það í þeim litlu stöðvum sem hér hafa hafið framleiðslu.

Sú nefnd sem ég skipaði og nefndi áðan taldi því rétt að snúa sér einna fyrst að því verkefni sem hún taldi mikilvægast, eftirliti og rannsóknum á sjúkdómum í íslenskum fiskeldisstöðvum. Nefndin hefur að vísu einnig þegar fjallað um önnur verkefni, eins og t.d. veðheimildir í eldisfiski sem er nú til meðferðar hjá þessari hv. deild, og sömuleiðis hefur nefndin fjallað um lánsfjárútvegun vegna fjárfestingar í fiskeldisstöðvum. Ég vil geta þess að það mál er nú í meðferð og hefur ríkisstj. beitt sér fyrir því að verulegt fjármagn er til ráðstöfunar til fiskeldisframkvæmda. Á lánsfjárlögum er gert ráð fyrir 150 millj. kr. sem ráðstafað verði til hinna ýmsu sjóða sem hyggjast lána til fiskeldis. Auk þess hefur stjórn Framkvæmdasjóðs að ósk ríkisstj. ákveðið að verja 100 millj. kr. af ráðstöfunarfé sínu til viðbótar til útlána til fiskeldis. Þá gerir Byggðastofnun ráð fyrir því að hafa um 60 millj. kr. til útlána til fiskeldis.

Á síðasta Alþingi var lögum Fiskveiðasjóðs breytt þannig að Fiskveiðasjóður hefur heimild til að lána eða veita ábyrgðir vegna fiskeldis. Ég hygg að Fiskveiðasjóður hafi þegar veitt ábyrgðir vegna erlendrar lántöku sem nemur um 400 millj. ísl. kr.

Ríkisstj. taldi einnig rétt að gera undanþágu og veita rýmri heimildir til erlendrar lántöku vegna fiskeldisstöðva en almennt hefur verið gert. Var heimilað að erlend lán gætu orðið 67% af stofnkostnaði fiskeldisstöðva og þá tekinn með reksturskostnaður fyrstu tvö árin áður en sala getur hafist.

Í þessum reglum er gert ráð fyrir að eigið fé fiskeldisstöðva verði 25% þannig að þarna er aðeins um að ræða 8% sem þarf þá að taka að láni hjá innlendum sjóðum. Hins vegar vil ég geta þess að fjölmargar fiskeldisstöðvar hafa fremur kosið að leita alfarið til innlendra sjóða um fjármögnun enda ekki ljóst að allar hafi aðgang að erlendu fjármagni í þessu skyni. Norræni fjárfestingarbankinn hefur verið jákvæður í þessu sambandi og hefur lánað til nokkurra stórra fiskeldisframkvæmda hér á landi þar sem um er að ræða norrænt samstarf.

Nefndin er einnig með fleiri atriði til athugunar, eins og t.d. hvert skuli vera hið lögskipaða yfirvald fisk-

eldisstöðva. Ég vil aðeins um það segja á þessu stigi að ég lít ekki á það sem aðalatriði. Ég lít á það sem aðalatriði að vel sé að þessari nýju atvinnugrein búið og ríkisvaldið geri þá hluti sem mikilvægastir eru, eins og t.d. felst í því frv. sem ég er nú að mæla fyrir.

Í þessu frv. er um að ræða að koma á fót rannsóknadeild fisksjúkdóma við Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum á Keldum. Gert er ráð fyrir að sú deild verði mjög sjálfstæð. Henni er ráðinn sérstakur sérhæfður deildarstjóri og sérhæft starfslið. Gert er ráð fyrir að þessi deild veiti öll nauðsynleg vottorð til að flytja megi út seiði og annan eldisfisk og staðfesti ef um heilbrigðan fisk er að ræða eða sjúkan og þá geri viðkomandi yfirvald þær ráðstafanir, ef um sjúkan fisk er að ræða, sem nauðsynlegt er.

Ef þetta frv. verður að lögum lítur ríkisstj. svo á að Alþingi geri ráð fyrir að fjármagn til tilraunastöðvarinnar á Keldum verði aukið þannig að koma megi deildinni á fót og mun það verða gert.

Þessi rannsóknastarfsemi þarf að sjálfsögðu að tengjast eftirliti með fiskeldisstöðvum og um það fjallar þetta frv. að nokkru leyti. Það fjallar um tengsl fiskeldisstöðvar við fisksjúkdómanefnd, en gert er ráð fyrir því að fisksjúkdómanefnd setji reglur um lágmarkstíðni sýnatöku og fjölda sýna sem tekin skulu í hverri klak- og eldisstöð.

Þá er og jafnframt gert ráð fyrir því að deildarstjóri rannsóknadeildar fisksjúkdóma hafi náið samband við yfirdýralækni og dýralækni fisksjúkdóma um alla framkvæmd þessa máls.

Það er með tilvísun til þess að málið heyrir undir fleiri ráðuneyti, annars vegar heyrir tilraunastöð í meinafræðum að Keldum undir menntmrh., en hins vegar fisksjúkdómanefnd og embætti yfirdýralæknis undir landbrh., að rétt þótti að ég sem forsrh. flytti þetta frv., enda skipaði ég þá nefnd sem frv. hefur samið.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá verði sett fyrir þá þjónustu og þær rannsóknir sem rannsóknadeildin annast og það eftirlit sem embætti yfirdýralæknis eða aðrir sem um kann að verða samið eða menn á vegum fiskeldisstöðva annast. Gert er ráð fyrir að bróðurpartur af kostnaði við þetta starf verði greiddur af fiskeldisstöðvunum sjálfum þótt óhjákvæmilegt sé að stofnkostnaður verði í upphafi greiddur af ríkissjóði.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu frekar, en ég vil leggja áherslu á að hér er tvímælalaust um mjög mikilvægt ráð að ræða. Að allra mati sem ég hef rætt við um þessi mál, og þeir eru orðnir mjög margir sem til mín hafa komið og hafa áhuga á fiskeldismálum, er mikilvægast af öllu, ef slys eiga ekki að verða, að rannsókn á heilbrigði eldisfisks verði mjög aukin og efld hér á landi. Hún hefur vissulega verið, en hefur verið miðuð við miklu minni umsvif en nú er orðið. Því fer víðs fjarri að sá sérfræðingur sem þetta hefur annast geti nú orðið annast þetta að öllu leyti. Er ljóst að svo verður enn síður þegar sá vöxtur er orðinn sem margir ætla að muni verða hér á landi í fiskeldi. Það er einnig alveg ljóst að endurskoða þarf það samband sem er á milli rannsókna í tilraunastöðinni á Keldum nú og fisksjúkdómanefndar og yfirdýralæknis. Gert er ráð fyrir því í þessu frv. að koma því sambandi í fastari skorður.

Ég hefði mjög gjarnan viljað mæla fyrir þessu frv. fyrr, en lögð var rík áhersla á að ná sem breiðastri samstöðu við hina fjölmörgu aðila sem að þessum málum koma í dag og í það hefur verið lögð mjög mikil vinna. Ég hygg að eins og frv. liggur nú fyrir sé þessi samstaða tryggð og öllum hinum mikilvægu sjónarmiðum, sem fiskeldisnefndin hafði í huga, einnig fullkomlega mætt.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er vissulega ánægjulegt að eitthvað hreyfist á hv. Alþingi varðandi fiskeldismálin af hálfu núv. ríkisstj. því að satt að segja er það mikil raunasaga hvernig til hefur tekist hjá ríkisstj. í þessu mjög mikilvæga máli, fiskeldismálunum og varðandi stefnumörkun þar að lútandi.

Ég flutti ásamt fleiri þm. Alþb. þegar haustið 1983 till. til þál. varðandi fiskeldismál þar sem m.a. var gert ráð fyrir að mörkuð yrði stefna um rannsóknaraðstöðu vegna fiskeldis, um stöðu fiskeldismála í stjórnkerfinu og um fjármögnun vegna fiskeldis. Þessari till. var vorið 1984 vísað til ríkisstj.

Það gerðist hins vegar á þeim misserum sem hér um ræðir að innan ríkisstjórnarflokkanna eða réttara sagt innan flokks hæstv. forsrh. fór fram römm togstreita milli ráðuneyta og ráðherra Framsfl. um hvar fiskeldismálum skyldi komið fyrir innan stjórnkerfisins. Þetta var togstreita milli hæstv. sjútvrh. og hæstv. landbrh. og er það ekki eina efnið þar sem reipdráttur fer fram þeirra á milli til trafala fyrir viðkomandi málefni.

Síðan voru fluttar þáltill. á síðasta þingi í sambandi við fiskeldismál og það er fyrst á síðasta sumri að hæstv. forsrh. ákveður að reyna að höggva á þann reipdrátt og hnút sem þessi mál voru í innan ríkisstj. með því að skipa sérstaka þingnefnd af sinni hálfu til að fjalla um þessi mál og marka um þau stefnu.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fyrsti áfanginn og vísirinn að árangri á vegum þessarar nefndar og væntanlega eiga fleiri þættir eftir að fylgja. Ég tel það vissulega mjög góðra gjalda vert að frv. þetta er loks fram komið og eins og heyra mátti á hæstv. forsrh. er það síðborið miðað við starf þingsins nú, en ég vil fyrir mitt leyti greiða götu þess í gegnum þingið ef unnt er að stilla menn saman um efni þess og þm. hafa ráðrúm til að fjalla um það með þeim hætti sem eðlilegt er um svo mikilvægt mál og hér er um að ræða.

Ég sé að samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að sérstakri óháðri rannsóknarstöð, deild innan tilraunastöðvarinnar á Keldum, sé gert kleift að taka á fisksjúkdómamálunum með því að sett verði þar á fót sérstök deild, rannsóknadeild fisksjúkdóma. Ég tel þetta eftir atvikum skynsamlega ráðið. Það ætti að koma í veg fyrir að togstreita verði til trafala eðlilegri meðferð þessara mála.

Í sambandi við skipun umræddrar nefndar á síðasta ári af hálfu hæstv. forsrh. kemst ég ekki hjá að gera athugasemd við að þar er gengið fram hjá nokkrum þingflokkum hér á Alþingi, en teknir út úr fulltrúar frá þingflokkum stjórnarflokkanna og einum þingflokki stjórnarandstöðunnar sem gert er fært að vinna að þessu mjög svo þýðingarmikla starfi. Alþb. sem stærsta flokki í stjórnarandstöðu var ekki gefinn neinn kostur á að skipa fulltrúa í þessa nefnd. Ég tel það miður vegna

þess að auðvitað á það að geta verið til þess að greiða fyrir framgangi mála að á undirbúningsstigi gefist fulltrúum þingflokka, fyrst þeir eru á annað borð til kvaddir, færi á því að fylgjast með stefnumörkun og umræðum um þessi mjög svo þýðingarmiklu mál.

Hæstv. forsrh. vék að þeim væntingum sem menn hafa í sambandi við fiskeldi hérlendis og ég vil síst draga úr þeim væntingum. Það veitir ekki af að menn hafi einhverja vaxtarbrodda til að horfa til í sambandi við atvinnuþróun í landinu og reynsla Norðmanna vekur vissulega vonir. En þeim mun alvarlegra er í reynd að það skuli vera sá seinagangur á málsmeðferð varðandi fiskeldi hérlendis eins og raun er á orðin í tíð núv. ríkisstj. Á sama tíma er verið að fjárfesta hér í tugum fiskeldisstöðva við mjög mismunandi aðstæður, en það skortir sannarlega á að þessir aðilar fái fyrirgreiðslu af opinberri hálfu og geti stuðst við rannsóknir á vegum opinberra aðila og að safnað verði skipulega reynslu af því starfi sem nú fer fram innan stjórnkerfisins til að geta veitt eðlilega ráðgjöf í þessum efnum framvegis. Ég hvet því eindregið til þess að hraðað verði svo sem frekast er kostur stefnumörkun um þau atriði sem að hinu opinbera snúa í þessu máli því að það er sannarlega orðinn allt of mikill dráttur á því og sá dráttur getur orðið mjög dýrkeyptur. Ég skal ekki leggja neitt mat á hvernig horfir í sambandi við þau fyrirtæki sem eru komin á legg og eru að fikra sig fram í fiskeldi. Svo sannarlega vona ég að það takist vel til, en ég heyri kvíða hjá mörgum í þeim efnum vegna margháttaðrar óvissu, og auðvitað gæti sú óvissa orðið nokkuð dýrkeypt.

Hér er hins vegar frv. um einn þeirra áhættuþátta sem þarna er um að ræða sem ekki skiptir minnstu að á sé tekið og reynslan hefur sýnt í grannlöndum okkar, eins og í Noregi, að er einn stærsti áhættuþátturinn, þ.e. fisksjúkdómarnir. Því er mjög mikilvægt að á þeim sé tekið.

Ég vil einnig í þessu sambandi benda á að vegna forustuleysis af opinberri hálfu hér er hætta á því að erlendir aðilar nái hér meiri fótfestu í sambandi við fiskeldi en æskilegt væri. Ég er síst að hafa á móti því að við byggjum á reynslu erlendra aðila varðandi atvinnuþátt sem þennan, en það er að sjálfsögðu æskilegt að Íslendingar eigi hér sem allra mestan hlut að máli til að halda eftir í landinu arði af þessum atvinnuvegi sem öðrum. Ég held að þróunin í þessum efnum sé að mörgu leyti uggvænleg eða a.m.k. ástæða til að staldra við því að inn í fiskeldisfyrirtæki hérlendis hefur streymt fjármagn stórra og fjársterkra aðila, m.a. frá Noregi, og reynsluleysi Íslendinga á þessu sviði ýtir undir þetta og svo það forustu- og stefnuleysi sem ríkt hefur hjá stjórnvöldum um þessi efni.

Ég endurtek, herra forseti, að ég mun fyrir mitt leyti styðja að frv. þetta geti orðið að lögum, enda treysti þingnefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, sér til að skoða það svo sem nauðsynlegt er, og mun greiða götu þess í gegnum þingið.

Það væri hins vegar ekki óeðlilegt að hæstv. forsrh. athugaði það varðandi framhaldsmeðferð þessara mála á vegum stjórnskipaðrar nefndar hvort ekki sé ástæða til að veita fleiri aðilum þar aðgang til að hafa áhrif á og eiga hlut að þeirri stefnumörkun sem þar fer fram.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. þar sem því verður væntanlega vísað til þeirrar nefndar sem ég á sæti í, en út af ummælum hv. síðasta ræðumanns vil ég benda honum á að það er annað frv. sem er hér á dagskrá og er til 3. umr., frv. til laga um breytingu á lögum nr. 18 1987, um veð. Þetta frv. er einnig samið af þessari nefnd þannig að það er alls ekki eina frv. sem nefndin hefur látið frá sér fara um þessi málefni. Það hefur mikla þýðingu að frá því sé gengið nú og verður gert. Frv. um veð er líka frá nefndinni.

Ég verð að upplýsa að það hefur ekki orðið töf á frv. um rannsóknadeild fisksjúkdóma í nefndinni. Það er miklu frekar að það hafi aðrir tafið fyrir því að hægt væri að leggja það fram. En um það ætla ég ekki að fjalla.

Ég legg mikla áherslu á að allt verði gert sem hægt er til að koma því í gegn. Það hefur fengið mjög mikla umfjöllun áður en það kemur hingað. Það mun létta nefndinni að komast að niðurstöðu. Ég vona að nefndin nái samstöðu um afgreiðslu á þessu máli.

Ég sé ekki ástæðu tímans vegna að ræða þessi mál mikið frekar, en ég fullyrði að bæði þessi frv., sem nefndin hefur samið og eru hér á dagskrá, eru afskaplega þýðingarmikil fyrir þessa atvinnugrein og geta ráðið úrslitum um hvernig til tekst.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram við 1. umr. um þetta frv. að ég tel hér hreyft mjög mikilvægu máli og styð það heils hugar. Hér er skipan komið á þessi mál sem eru svo mikilvæg fyrir þá búgrein, fiskræktina, fiskeldið, sem við bindum svo miklar vonir við.

Ég nefni sérstaklega ákvæði 12. gr. þar sem rætt er um hverjir skuli hafa frjálsan aðgang að fiskeldisstöðvum og fylgjast með því sem þar gerist, m.a. héraðsdýralæknar um allt land. Ég tel ákaflega mikilvægt að stéttin skuli sinna þessu máli sem heild.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. minntist á annað frv., frv. til laga um breytingu á veðlögum sem hér er á ferðinni um þingið. Ég vil einnig lýsa fylgi mínu við það frv. og ítreka að ég mun styðja þessi mál heils hugar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 417. mál (þskj. 768). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, Kjartan Jóhannsson, Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir og Guðmundur Bjarnason.

Hér er um að ræða breytingu á 24. gr. útvarpslaganna, en sú breyting sem hér er lögð til hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri skv. 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi."

Um þetta mál þarf ekki að hafa mörg orð og vil ég,

með leyfi forseta, fá að lesa þá stuttu grg. sem fylgir með þessu frv. og skýrir málið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í nýjum útvarpslögum, sem samþykkt voru á Alþingi í júní 1985, er ekki að finna ákvæði, sem var í eldri útvarpslögum, um undanþágu fyrir ákveðinn hóp elli- og örorkulífeyrisþega, sem og blindra manna, frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

Líta verður svo á að það hafi ekki verið vilji Alþingis að fella niður umrætt ákvæði heldur hafi farist fyrir að setja það í nýju útvarpslögin. Reglugerð sú, sem enn er unnið eftir og sett var skv. eldri útvarpslögum, virðist því ekki hafa stoð í útvarpslögum sem tóku gildi um s.l. áramót.

Frv. þetta er flutt til að tryggja að þessi mistök leiði ekki til þess að falla verði frá niðurfellingu afnotagjalda fyrir elli- og örorkulífeyrisþega þegar ný reglugerð verður sett skv. ákvæðum nýrra útvarpslaga."

Herra forseti. Ég vænti þess að þetta frv. nái fram að ganga hér á hv. Alþingi. Hér er um að ræða nokkuð stóran hóp elli- og örorkulífeyrisþega, um 3700 manns, sem notið hafa þess að fá felld niður afnotagjöld. Frv. þetta er flutt til að tryggja að þessi hópur elli- og örorkulífeyrisþega fái áfram notið niðurfellingar á afnotagjöldum.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, frv. 336. mál (þskj. 619). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HÁ, HBl, HG, MÁM, ÓE, PP, PJ, StG, SV, StH, SJS, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GB, IG.

nei: GHelg, JS, KP, RH, GSig, GeirG, KMK, GJG.

KSK, ÓÞÞ, GHH, GHG, GA greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (JBH, KJóh, KH, MB, SvG, SvH, EBS) fjarstaddir.

Fjórir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þar sem mér virðist stefna í tvöfalt stéttarfélagsgjaldskerfi með þeirri breytingu sem hér er lögð til greiði ég ekki atkvæði.

Páll Pétursson: Herra forseti. Með vísan til ummæla minna við 2. umr. málsins að hér væri um algjöra bráðabirgðalausn að ræða og með sérstakri áherslu á nauðsyn uppstokkunar sjóðakerfis landbúnaðarins segi ég já.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef látið athuga hvort gjaldtaka þessi hafi áhrif á verðlag á landbúnaðarafurðum og fengið upplýst að svo er ekki. Þetta mun ekki ganga inn í verðgrundvöll landbúnaðarafurða. Þetta er hins vegar gert að ósk þeirra samtaka sem hér er um að ræða. Með tilliti til þessa hvors tveggja segi ég já.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að tryggja þeim samtökum bænda einstakra búgreina innan landbúnaðarins sem verið hafa að koma upp s.l. misseri og s.l. ár eðlilegan starfsgrundvöll og heimila þeim að innheimta félagsgjöld og stéttarfélagsgjöld og segi því já.

Frv. afgr. til Ed.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. 301. mál (þskj. 553). — 1. umr.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Hæstvirti forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er á þskj. 593 og er um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn nr. 112/1976, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir og Jóhanna Sigurðardóttir.

Lögin um byggingu og rekstur dagvistarheimila eru um margt mjög svo góð og gild og segja má að að mörgu leyti hafi framsýni ráðið lögum og lofum við upphaflega gerð þeirra. Fram til dagsins í dag virðast þau hafa getað rúmað flesta þá þætti sem taka þarf til greina við byggingu og rekstur dagvistarheimila. Þó er það ætíð svo að ýmislegt hlýtur að vanta upp á og í tímanna rás þróast þjóðfélagið og því eðlilegt að lagfæringar sé þörf. Þannig er því einnig varið um þessi lög sem og mörg önnur. Ýmsir vankantar eru á lögunum og hefur verið gert ráð fyrir því af þeim sem starfa á dagvistarheimilunum. Þeir hafa fyllt í skörðin og leitast við að færa það mikilvæga uppeldisstarf sem þar er unnið fram á veg og aðlaga það aðstæðum og umhverfi skjólstæðinga sinna hverju sinni.

Það var einmitt m.a. vegna þessara vankanta sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerði um það tillögu í frumvarpsformi á sínum tíma eða árið 1981 að gera þyrfti starfsáætlun á vegum menntmrn. er kveða skyldi nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila sem að uppeldis- og skólamálum vinna. Þetta frv. varð að lögum nr. 40 1981.

Það var svo í júlí 1982 sem menntmrh. skipaði nefnd til þess að semja starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum í samræmi við lög nr. 40/1981. Jafnframt réð menntmrh. frú Valborgu Sigurðardóttur, þáv. skólastjóra Fósturskóla Íslands, til að vinna á vegum ráðuneytisins að þessu verkefni í samráði við nefndina.

Ég vil gjarnan, með leyfi herra forseta, lesa upp úr erindisbréfi frú Valborgar, en þar segir svo:

„Starfsáætlunin skal byggjast á fræðilegum grunni í samræmi við þá þekkingu sem menn hafa í barnasálfræði og uppeldisfræði og með hliðsjón af álitsgerðum sem lagðar hafa verið fram af ýmsum aðilum sem ráðuneytið hefur leitað álits hjá."

Nefndin kom fyrst saman í ágúst 1982 og hélt alls tólf fundi. Nefndarmenn komu sér saman um að nota orðið „uppeldisáætlun" um verkefni sitt í stað orðsins „starfs-

áætlun". Í þessari uppeldisáætlun kemur fram sú hugmyndafræði sem að baki liggur uppeldisstarfi á dagvistarheimilum og einnig hvert hlutverk þeirra er í nútíma þjóðfélagi. Þar eru einnig tíundaðir meginstraumar í hugmyndafræði uppeldis og menntunar á Vesturlöndum og hvaða áhrif þeir hafa haft á forskólauppeldið. Þar kemur fram mjög svo greinargóð og ítarleg röksemd fyrir því hvers vegna þörf sé á markmiðum fyrir uppeldisstörf á dagvistarheimilum.

Með leyfi herra forseta vil ég rekja hér þær ástæður sem nefndin telur helstar:

1. Dagvistarheimili eiga að vera fjölskyldum eða foreldrum til stuðnings og ættu þau að vera sjálfsögð viðbót við uppeldi barnanna. Er á ábyrgð samfélagsins að svo verði.

2. Dagvistarheimili eiga að stuðla að og örva alhliða þroska barnanna. Til þess að dagvistarheimili geti unnið að því þarf að tryggja að starfsemin geti fullnægt þeim gæðakröfum sem gera þarf með heill barnsins, fjölskyldunnar og samfélagsins alls í huga. Ákveðin og nægjanlega skýr markmið ættu að tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust. Rekstraraðilar, starfsfólk og foreldrar verða að gera sér grein fyrir því að dagvistarheimili eiga að vera uppeldisstofnanir en ekki geymslustaðir. Það er um sameiginlega hagsmuni allra þessara aðila að ræða.

3. Nauðsynlegt er fyrir sérhvert dagvistarheimili að skipuleggja uppeldisstarfið og gera áætlanir um það til lengri eða skemmri tíma. Markmiðslýsingar og uppeldisáætlun eiga að vera raunhæfar leiðbeiningar til að skipuleggja starfið og auðvelda fóstrum og forstöðumönnum m.a. samstarf við sérfræðinga og ófaglært starfsfólk.

4. Veigamikið er að eðlilegt samhengi sé í uppeldi og menntun barnanna. Markmið dagvistarheimila og grunnskóla þurfa að byggjast á sömu grundvallaratriðum svo að samfella skapist í uppeldi barnanna.

5. Með vel skilgreindum markmiðum og almennri uppeldisáætlun væri auðveldara að samræma uppeldisstörf á hinum ýmsu dagvistarheimilum og tryggja betur gæði þeirra og jafna þar með uppeldisaðstöðu barnanna.

6. Menntun fóstra og annars sérmenntaðs starfsfólks þarf að taka mið af þeim uppeldiskröfum sem gera á til dagvistarheimila. Almenn uppeldisáætlun fyrir starfsemi dagvistarheimila ætti að skapa góðan grundvöll til viðmiðunar."

Að lokinni þessari upptalningu ástæðna eru sett fram svonefnd uppeldisáætlun og markmið dagvistarheimila á Íslandi. Það má því ljóst vera hver tilgangurinn er með því að færa lögin til samræmis við þau markmið sem koma fram í þessu mjög svo merka riti sem ætlað er að vera leiðarvísir fyrir starfsfólk dagvistarheimilanna þannig að unnt reynist að nýta þær starfsaðferðir sem vænlegastar eru til árangurs í samræmi við þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru hverju sinni. Með því að svo verði telja flm. þessa frv. að uppeldisáætlunin hafi fengið það vægi sem nauðsynlegt er til að tryggt sé að gengið verði út frá meginmarkmiðum hennar við gerð áætlana og við uppbyggingu starfsins almennt á dagvistarheimilunum. Enda má með sanni segja að markmiðið með starfsemi dagvistarheimilanna, eins og það er skilgreint í núgildandi lögum, sé vægast sagt fremur rýrt. Þar er t.d. aðeins kveðið á um að persónulegur og félagslegur þroski barnanna skuli efldur. Ég spyr: Hvað með hina þroskaþættina?

Það er augljóst að uppeldismarkmiðin eru, eins og þau eru sett fram í lögunum, ákaflega almenns eðlis og erfitt að gera sér grein fyrir því hvað um er að ræða í raun og veru og hvað það er sem kalla má kröfur til starfseminnar. Í uppeldisáætluninni á bls. 15 segir, með leyfi herra forseta:

„Í reyndinni eru uppeldisstörfin falin forsjá fóstrunnar og treyst á menntun hennar. Líta má á það sem traustsyfirlýsingu á fósturmenntunina og er það vel."

Síðar segir, með leyfi herra forseta: „Frá upphafi hefur fóstrumenntunin hér á landi verið byggð á þeirri forsendu að efling alhliða þroska barnsins væri grundvöllurinn að uppeldisstarfi fóstrunnar."

Þannig má ljós vera þörfin fyrir lagfæringu þessa lagatexta. Í umræðum um þessi lög, hvort heldur er á vegum Fóstrufélags Íslands eða Fósturskóla Íslands, hefur það ætíð verið svo að allir aðilar hafi verið afar meðvitaðir um þörfina fyrir breytingar. Hvað varðar kennslu í hagnýtri uppeldisfræði í Fósturskóla Íslands, þá hefur þessi 1. gr. laganna verið tekin sérstaklega til og nemendum gerð grein fyrir því að þarna þyrfti auðvitað að taka til greina alla þroskaþætti barnanna og efla hvern og einn þeirra sérstaklega, en ekki aðeins persónulegan og félagslegan.

Þetta var um 1. gr. frv. og gilda öll hin sömu rök og ég hef að framan talið einnig um 4. gr., en þar er lagt til að samvinna milli skóla og dagvistarheimila verði bundin í lögum. Þessi samvinna tíðkast að sjálfsögðu í flestum tilfellum. En börnin, sem eru á leiðinni að yfirgefa dagvistarheimili og byrja skólagöngu, eru þar búin undir þessa stóru breytingu sem verða mun á lífi þeirra svo vel sem nokkur kostur er. En betur má ef duga skal og sjálfsagt og eðlilegt að styrkja þetta samstarf svo vel sem nokkur kostur er ef það mætti verða til þess að samfella skapaðist í uppeldi og menntun barna.

Í 2. gr. frv. er gerð till. um að felld verði niður 5. málsgr. 14. gr. laganna. Sú grein laganna gerir ráð fyrir að ef framkvæmdaraðili byggingar dagvistarheimilis getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistarheimila með sölu skuldabréfa eða á annan hátt þá sé heimilt að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að því er nemur greiðsluhluta ríkissjóðs. Lagt er til að þessi málsgr. falli út vegna þess að í öðrum lögum, nr. 60/1984, sem reyndar voru samþykkt skv. frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti, er kveðið á um að aðilar, sem standa vilja að byggingu dagvistarheimila, geti fengið til þess lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Flm. telja því þetta ákvæði laganna óþarft og leggja til að það verði fellt út.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að í 16. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila komi ákvæði um að heimilt verði að mennta og þjálfa fósturliða. Þar er skýrt tekið fram, eins og frumvarpstextinn er orðaður, að ef ekki reynist unnt að fá fósturmenntað fólk til starfa sé heimilt að ráða fósturliða í þær stöður til skemmri tíma, en að alltaf sé það á hreinu að þær stöður eru ætlaðar fóstrum og að ekkert annað jafnist til fulls á við það að börnin, sem dveljast á dagvistarheimili, geti þannig fengið að njóta umönnunar sérmenntaðs fólks.

Í þessari grein er einnig kveðið á um að heimilt sé að þjálfa fósturliða til aðstoðar fóstrum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum. Þetta er algert nýmæli sem hefur

oftlega verið til umræðu meðal þeirra aðila sem sjá um byggingu og rekstur dagvistarheimila ásamt og meðal fóstra. Með þessum aðilum hafa eðlilega verið skiptar skoðanir sem hafa þróast með árunum.

Það sem skiptir þó höfuðmáli í þessu sambandi er að það heyrast æ háværari og fleiri raddir um að koma þurfi af stað mjög víðtækri og öflugri uppbyggingu dagvistarheimila. Þörfin verður meiri eftir því sem árin líða og eftir því sem ríkisvaldið gerir æ ríkari kröfur til beggja foreldra um að taka þátt í uppbyggingu efnahagslífsins og til framfærslu heimilanna. Þess vegna verður ekki hjá því komist að gera um leið þær kröfur til þess sama ríkisvalds að foreldrar geti verið öruggir um börnin sín meðan á þessari útivinnu stendur og að þeir geti verið öruggir í þeirri vissu að börnin hljóti gott og þroskandi uppeldi undir handleiðslu fólks sem til þess er menntað að sjá um þennan mikilvæga þátt. Auk þess sem slík vera barna á dagvistarheimilinu getur einungis orðið þeim til góða og orðið til þess að jafna aðstöðu allra barna til undirbúnings áframhaldandi menntunar.

Þeir sem gera um það kröfur að foreldrarnir vinni báðir utan heimilis þannig að unnt reynist að framfleyta því verða jafnframt að gera sér grein fyrir hvað á að verða um börn þessa fólks. Það verður ekki liðið að krafist sé aukins vinnuframlags af foreldrunum vegna þess hvernig árar í þjóðfélaginu án þess að til komi krafan um að til verði næg og góð dagvistarheimili fyrir öll börn. Það verður að hraða uppbyggingu dagvistarheimila fyrir alla aldurshópa en nú síðustu árin hefur dregið verulega úr uppbyggingu dagvistarheimila og þó sérstaklega fyrir yngstu börnin.

En um leið og gerðar eru kröfur um stóraukna uppbyggingu dagvistarheimila er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvernig staðan á dagvistarheimilunum er nú. Þar ríkir vægast sagt ófremdarástand. Það ófremdarástand hefur skapast vegna þess að það er nær útilokað að fá fólk til starfa með þá menntun sem krafist er af þeim sem þar eiga að starfa. Þar spilar margt inn í. Launin eru lág og starfsskilyrðin léleg, langur vinnudagur og enginn möguleiki til að verða sér úti um yfirvinnutíma eða aukagreiðslur vegna álags.

Þó má segja að taki út yfir allt sem boðlegt er hvað varðar stöðugleika þess fólks í starfi sem sinnir aðstoðarstörfum á dagvistarheimilum. Þar stoppar nánast enginn við af sömu ástæðu og á við um hið fósturmenntaða starfsfólk, lág laun og léleg starfsaðstaða.

Ástandi því, sem skapast hefur nú síðustu ár, hefur réttilega verið líkt við járnbrautarstöð. Þar kemur og fer fólk alveg gegndarlaust og ekkert lát virðist þar á.

Í fyrravor voru svo mikil brögð að þessari manneklu að neyðarástand skapaðist á dagvistarheimilum Reykjavíkurborgar og svo var og er reyndin víða úti um land enn þá. Þá var það kallað neyðarástand. Það var og er neyðarástand þegar börnin, sem dvelja á dagvistarheimilum, þurfa að undirgangast það erfiða álag sem því fylgir að þurfa stöðugt að skipta um uppalendur. Þannig virðist svo sem það mikilvæga uppeldisstarf, sem skiptir reyndar oft og tíðum sköpum um það hvernig framtíðarþjóðfélag við byggjum, sé ekki á neinn hátt virt að verðleikum og veldur því að fólk helst ekki við.

Það er þetta neyðarástand sem skapaðist í fyrravor sem ég vil gjarnan taka til umræðu í sambandi við þá grein frv. er lýtur að menntun og þjálfun fósturliða. Ef reyndin er að verulegt átak eigi að gera til að rétta úr kútnum hvað varðar vöntun á dagvistarrýmum, hverjir eiga þá að vinna þar? Nú þegar er vöntunin á menntuðu fólki til starfa á þeim heimilum, sem fyrir hendi eru, svo mikil að þótt allar fóstrur, sem nú þegar eru útskrifaðar, og allar þær fóstrur, sem útskrifuðust til aldamóta, kæmu fram á sjónarsviðið og færu að vinna á dagvistarheimilum dygði það ekki til. Þess vegna tel ég að fram þurfi að koma starfsstétt sem orðið gæti til að brúa það bil eða öllu heldur þá gjá sem skapast hefur við það hve skortur hefur orðið mikill á menntuðu fólki til starfa á dagvistarheimilum. Þessi skortur hefur fyrst og fremst komið niður á þeim börnum sem þar dvelja. Það er ekki hægt að líða öllu lengur, það er hreinlega ófyrirgefanlegt.

Greinilegt er að það verður á einhvern máta að koma til móts við þann alvarlega fóstruskort sem nú ríkir. Hann er ekkert nýr af nálinni en hefur bara orðið verri með árunum með fjölgun dagvistarheimila og þó aðallega með lélegri kjörum. Þess vegna hefur hann orðið greinilegri og áþreifanlegri. Nú liggur fyrir að skortur vel menntaðs starfsfólks og starfsfólks, sem vinnur á dagvistarheimilunum vegna áhuga á starfsgreininni, er farinn að hamla verulega starfsemi dagvistarheimilanna.

Ein virtasta fóstra landsins, Gyða Sigvaldadóttir, orðaði það svo að undirmálsfólk væri orðið áberandi í röðum þess fólks sem væru umsækjendur um stöður aðstoðarfólks á dagvistarheimilum. Þetta eru alvarleg ummæli. Þess vegna hlýtur markmið yfirvalda fyrst og fremst að vera að koma í veg fyrir að svo verði komið fyrir þessari starfsemi að þau börn, sem þar dvelja, líði fyrir það að vera þar vegna skorts á sérþjálfuðu starfsfólki.

Ég tel óhjákvæmilegt að taka hér til samlíkingar sjúkraliðanám, þegar rætt er um þá frvgr. er lýtur að menntun og þjálfun fósturliðanna, sem hér er til umræðu, vegna þess að ég tel að að mörgu leyti sé um að ræða sambærilegan vanda sem upphaflega hreyfir við umræðunni. Þegar til sjúkraliðanáms var stofnað á sínum tíma var hér svo mikill og alvarlegur hjúkrunarkvennaskortur að til verulegra vandræða horfði. Að svo stöddu þótti hins vegar ekki ástæða til að stofna til sérstaks skóla til að mennta fólk til að leysa brýnasta vanda sem sjúkrastofnanirnar voru komnar út í. Það kom til síðar.

Það þótti fyrst í stað ástæða til að trúa sjúkrastofnunum fyrir því að mennta og þjálfa sjúkraliða til starfa. Það gerðist þá undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga þannig að reynt var að láta starfsþjálfunina verða sem víðtækasta og ná til þeirra þátta þar sem þörfin var mest hverju sinni miðað við þjóðfélagsþróunina en þó ætíð eftir samræmdri námsskrá. Það var skv. lögum sem sett voru á Alþingi 1965 og sögðu að heimilt væri að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrun og skyldi starfheiti þeirra, námstilhögun, starfsréttindi og skyldur ákveðin með reglugerð.

Þessu sjúkraliðanámi var haft til viðmiðunar það nám sem tíðkast sambærilegt á Norðurlöndum og var kennt og útskrifað skv. því allt fram til 1975 eða þar til sjúkraliðaskólinn hóf göngu sína. Inntökuskilyrði og námsskrá hafa að sjálfsögðu breyst á þessum tíma. Sem dæmi má nefna að bóklegum kennslustundum hefur fjölgað úr 208 klst. í 433.

Markmiðið með stofnun þessa skóla fyrir 10 árum var að mennta starfsstétt sem hefði hæfni og leikni til ákveðinna starfa í þjóðfélaginu og sem þjóðfélagið hefði þörf fyrir. Nú, 10 árum síðar, er markmiðið enn þá það sama og virðist hvergi sjá högg á vatni þrátt fyrir það að yfir 1000 sjúkraliðar hafi útskrifast til dagsins í dag.

Sjúkraliðastéttin hefur þannig fyrir löngu sannað tilverurétt sinn og sýnir það sig e.t.v. einna best í því að í fyrra voru samþykkt héðan frá hv. Alþingi hin eiginlegu fyrstu lög um sjúkraliða, þ.e. sérlög. Fram að því, eða í nærfellt 20 ár, voru þeir menntaðir og þjálfaðir skv. nokkrum orðum í 8. gr. hjúkrunarlaga.

Markmiðið með rekstri dagvistarheimilanna verður með samþykkt þessarar greinar frv. að mínu mati auðveldara í framkvæmd. Með tilkomu fósturliða skapast aukið svigrúm til að ná fyrir fram settu markmiði sem er áfram það sama: að veita börnum markvisst upppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir.

Eins og ástandið er í dag hvað varðar mannahald á dagvistarheimilum eru hverfandi möguleikar á því að ná þessum markmiðum. Stöðug skipti á starfsfólki gera það að verkum að tíminn fer stöðugt til þess að kenna nýju starfsfólki frumatriði í umönnun barna og þess vegna alls ekki hægt um vik fyrir til þess menntað starfsfólk að snúa sér að því að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er.

Starfsemin ætti með þessu móti öll að geta orðið fyllri og betri. Það yrðu fóstrur sem sjá mundu um að leiðbeina og kenna fósturliðum, kenna þeim og sjá til þess að þeir ynnu störf sín á þann hátt að það fullnægði þeim kröfum sem til þeirra yrðu gerðar. Með því móti yrði þessi nýja starfsstétt að samherjum fóstra, samherjum sem gegndu því hlutverki ásamt fóstrum að sjá til þess að færa þessa þjóðfélagsþegna fram á veg og þannig að skapa börnunum, sem dveljast á dagvistarheimilunum, sem bestan og fyllstan aðbúnað.

Að lokum, herra forseti, tel ég rétt að benda á það stóra atriði, sem aldrei má gleymast, hverjir það eru sem um ræðir, hverjir það eru sem eru skjólstæðingar þeirra sem standa að rekstri dagvistarheimila. Það eru börn og í sumum tilfellum ómálga börn. Mjög mikils virði er því að vel til takist. Lengi býr að fyrstu gerð.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Smám saman hafa menn verið að gera sér ljóst hve fyrstu árin í lífi hverrar manneskju skipta miklu máli um alla framtíð hennar og hve mikilvægt það er að allur aðbúnaður barna sé sem bestur. Því miður sér þessarar vitneskju ekki stað í breyttum viðhorfum hins opinbera sem launar öll uppeldis- og umönnunarstörf með smánarlegum hætti og hefur staðið sig vægast sagt illa í uppbyggingu dagvistarheimila og hefur ekki haft dug til að koma á samfelldum skóladegi í grunnskólum.

Það er því ekki vanþörf á að ræða þennan málaflokk hér á Alþingi og þótt oftar væri og ég fagna þessu tilefni sem er frv. það sem hér er til umræðu. Það skal þó strax tekið fram að það er mér hreint ekki að öllu leyti að skapi, svo sem hv. 1. flm. veit, þar eð við Kvennalistakonur höfnuðum boði hennar um að gerast meðflm.

Við getum þó svo sannarlega stutt 1. gr. frv., um markmið í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum, og 4. gr., um samvinnu dagvistarheimila og skóla, sem er mikilvægt og sjálfsagt mál því að það er ekki nokkur vafi á því að markvisst uppeldisstarf á dagvistarheimilum er börnum drjúgt vegarnesti á námsbrautinni og í skóla lífsins og það er samdóma álit kennara að börn, sem hafa átt kost á góðu atlæti og undirbúningi á dagvistarheimili, hafa forskot í skóla fram yfir þau sem hafa farið slíks á mis.

Við vitum það hins vegar að skortur á menntuðum fóstrum hefur staðið slíku markvissu uppeldisstarfi á dagvistarheimilum fyrir þrifum. Fæst dagvistarheimili eru svo vel sett að þau séu eingöngu mönnuð fóstrum. Algengast er vafalaust að það sé aðeins ein fóstra á deild, annað starfsfólk ófaglært. Til eru þau heimili þar sem eingöngu starfar ófaglært fólk og ekki einu sinni forstöðukonan með fóstrumenntun.

Til þess að bæta úr þessu ófremdarástandi vilja hv. flm., með menntaða fóstru í broddi fylkingar, búa til nýja starfsstétt, þ.e. fósturliða. Virðast helstu rökin vera þau að það sé altént skárra að hafa starfsfólk með einhverja menntun en enga, eins og nú er látið viðgangast. Þetta finnst okkur Kvennalistakonum fráleit leið og ég leyfi mér að efast um að fóstrur upp til hópa séu hlynntar þessari hugmynd, eins og gefið er í skyn í grg. með þessu frv.

Fóstruskorturinn hefur skapað mikil vandamál. Sá skortur stafar fyrst og fremst af smánarlegum kjörum þessarar starfsstéttar því að vissulega er fjöldi menntaðra fóstra í öðrum störfum þar sem þær hafa í mörgum tilvikum ekki ráð á því að sinna því starfi sem þær hafa menntað sig til. Vonandi eykst skilningur á mikilvægi fóstrustarfsins og vilji til að bæta aðstæður þeirra í starfi og vilji til að hækka launin svo að af þeim megi a.m.k. lifa. Að því ber að vinna.

Fóstruskorturinn er vitanlega nákvæmlega sama eðlis og kennaraskorturinn og á sér nákvæmlega sömu orsakir, vanmat á eðli starfsins og mikilvægi og léleg laun í samræmi við það vanmat. Mér vitanlega hefur þó engum dottið í hug að lagfæra ástandið til bráðabirgða með því að búa til nýja stétt, þ.e. kennaraliða, eins konar annars flokks kennara.

Það er þess konar hugmynd sem flm. eru með í 3. gr. þessa frv. Þeir segja að það sé best að hafa fóstrur með alla sína menntun en í rauninni dugi nú alveg fólk með eins árs nám að baki.

Að okkar mati er þetta uppgjöf. Óttast flm. ekki að það verði erfiðara eftir en áður að hefja fóstrustarfið til vegs og virðingar og þar með vonandi til réttmætari launa ef búið væri að lögleiða minni og lakari menntun til fósturstarfa? Ætli viðsemjendur fóstra verði nokkuð yfir sig fúsir að leiðrétta kjör þeirra ef þeir eiga völ á ódýrari starfskrafti sem þó er viðurkenndur?

Á hinn bóginn er svo augljóst af frv. að menntaðar fóstrur eiga að ganga fyrir — og þó nú væri. En hvað á þá að verða um fósturliðana þegar fóstrur verða orðnar nógu margar? Á þá að þurrka út fósturliðana? Það er kannske langt í land að við séum komin með nægilega margar fóstrur til að manna öll dagvistarheimili. En að því er stefnt og hvað á þá að verða um fósturliðana?

Ef þetta frv. yrði að lögum og settur yrði á stofn fósturliðaskóli í líkingu við þann sem lýst er á fskj. yrði hér til ný starfsstétt og þá yrði hér væntanlega til fósturliðafélag sem stæði að sjálfsögðu vörð um sína stétt, enda ekki hægt að mennta og skapa nýja stétt með

það beinlínis að markmiði að útrýma henni þegar hennar er ekki lengur þörf.

Nú er fóstruskorturinn leystur með því að ráða ófaglært starfsfólk og a.m.k. sums staðar gefst þessu fólki kostur á námskeiðum sem gera það hæfara til starfsins og hækka það lítillega í launum. Þetta er auðvitað neyðarlausn og skapar auk þess óæskilega stéttaskiptingu á dagheimilum. Fósturliðar mundu festa slíkt ástand í sessi. Hugsanleg afleiðing yrði svo að upp risu dagheimili í einkarekstri sem keypti til sín menntaðar fóstrur og þar yrðu börn þeirra sem hefðu efni á að borga aukalega fyrir uppeldi barna sinna. Dagheimili hins opinbera yrðu svo mönnuð ódýrara og verr menntuðu starfsfólki, fósturliðum og ófaglærðu fólki. Það er auðvitað ekki gefið að svona færi en það er hugsanlegt og það bið ég hv. flm. að íhuga mjög vandlega.

Kvennalistinn vill standa vörð um starf og menntun fóstra og telur farsælla að beita sér fyrir bættum kjörum þeirra, betri aðstæðum, minna álagi og hærri launum fremur en að búa til og löggilda nýja starfsstétt því að það er ljóst að í náinni framtíð verður fóstruskorturinn leystur með bráðabirgðalausnum eins og ófaglærðu starfsfólki. Það er hreint ekki góður kostur, jafnvel þótt í mörgum tilvikum sé um miklar ágætis manneskjur að ræða sem sótt hafa námskeið og lagt sig fram um að sinna þessu starfi sem best. Að búa til og löggilda nýja 2. flokks starfsstétt væri spor aftur á bak í baráttunni fyrir betri kjörum fóstra og viðurkenningu samfélagsins á mikilvægi starfs þeirra.

Ég hef ekki um þetta fleiri orð núna en vil endurtaka að við styðjum mjög einlæglega 1. og 4. gr. þessa frv.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Aðeins vegna þeirra orða sem hv. 7. landsk. þm. lét falla hér varðandi þetta frv. Hún tók til að þau börn, sem dvalist hefðu á dagvistarheimilunum, hefðu átt kost á góðu uppeldi og taldi það jafnframt vera þeim til mikils hagræðis þegar þau kæmu í skólann. Nú er svo komið á dagvistarheimilunum mörgum hverjum að það er alls ekki orðið augljóst hvort börnin eiga kost á góðu uppeldi. Það er vegna þess að starfsfólk helst alls ekki við lengur á þessum stöðum. Það hefur virkilega staðið starfseminni fyrir þrifum að þangað fæst ekki starfsfólk.

Það er augljóst af frumvarpsgreinunum að fyrst og fremst er gert ráð fyrir að það sé verið að mennta starfsfólk til aðstoðar fóstrum á dagvistarheimilum, ekki í stað fóstra í afleysingarstörf. En þegar ekki fæst starfsfólk með framangreinda menntun, sem tekin er til í frvgr., þá sé heimilt að ráða fólk með fósturliðamenntun í störfin. Það teljum við þó vera spor fram á við, flm., að ráðið sé fólk með einhverja menntun, þ.e. fullgilda fósturliðamenntun, til aðstoðar fóstrum í stað þess að þar sé alfarið ófaglært starfsfólk.

Vonandi eykst skilningurinn á mikilvægum störfum og jafnframt lélegum kjörum fóstra, sagði hv. 7. landsk. þm. En ég spyr: Hvað á að gera á meðan? Hér erum við einungis að tala um að mennta starfsfólk sem verði fullgild starfsstétt. En hv. 7. landsk. þm. talaði einungis um að hér yrði til annars flokks stétt og að það yrði um að ræða stéttaskiptingu á dagvistarheimilunum.

Ég spyr: Hvernig er ástandið í dag? Það er alfarið ófaglært starfsfólk sem vinnur þar meðfram og til aðstoðar fóstrum og stundum í staðinn fyrir þær. Ég hef ekki getað tekið eftir því og hef ég þó unnið mikið á þessum stöðum að þar væri um neina stéttaskiptingu að ræða og á ég ekki von á því að svo yrði þrátt fyrir að þar yrði um að ræða stétt sem gæti vonandi gætt hags síns í eigin stéttarfélagi.

Einkarekstur tók hv. 7. landsk. þm. til og taldi að þetta frv., ef að lögum yrði, gæti leitt það af sér að hér mundi koma til einkarekstur dagvistarheimila þar sem ríkir aðilar gætu keypt hærra launaðar fóstrur til starfa á meðan eftir sætu ríkisreknu dagvistarheimilin með fósturliða og ómenntað starfsfólk.

Hvernig er staðan í dag? Það er ekkert sem stöðvar það í dag að hér séu einkarekin dagvistarheimili með yfirborguðum fóstrum. Eini munurinn væri sá að eftir sætu ríkisreknu dagvistarheimilin þá alfarið með ómenntað starfsfólk.

Ég verð að segja að ég tel ekki að hv. þm. Kvennalistans séu með því að hafna þátttöku í flutningi þessa frv. og með því að tala gegn því að hugsa um hag barna — síst af öllu — og ekki þess fólks sem kæmi hugsanlega til með að afla sér þessarar menntunar og öðlast við það réttindi. Ég tel þetta einungis vera skammsýni. Ef þeim finnst svo voðalegt að það sé verið að mennta og þjálfa fósturliða til starfa, hvað þá með lögin eins og þau eru í dag? Þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs."

Þar er leyfilegt að víkja frá ákvæðinu og ráða ófaglært starfsfólk til starfa, fólk með enga menntun. Þess vegna spyr ég: Um hvað og um hverja er það fólk að hugsa sem svona talar? Ég tel að það sé ekki að hugsa um börnin.

Það ber enn frekar að taka það til að heil starfsstétt hefur þegar verið menntuð með sambærilegu lagaákvæði og hér er lagt til, eða sjúkraliðar. Ég spyr: Vilja hv. þm. Kvennalistans halda því fram að þar sé um að ræða óæðri starfsstétt eða annars flokks starfsstétt eins og kom fram í orðum hv. 7. landsk. þm. varðandi fósturliða?

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess að ég vil ekki láta því ómótmælt að við séum ekki með hag barna í huga. Undir því get ég ekki setið. Ég lýsti því hér áðan eins vel og ég gat. Við viljum stuðla að því með öllum ráðum að hefja fóstrustarfið til vegs og virðingar og teljum vænlegra til að leysa þessi mál að efla þeirra hag og vinna að bættum kjörum þeirra og hærri launum til þess að þær fáist til að vinna þessi störf á dagvistarheimilunum. Það gerum við sannarlega með hag barna í huga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665, n. 773, brtt. 811). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til l. um selveiðar við Ísland frá sjútvn. Frv. um sama efni var afgreitt jákvætt frá sjútvn. 16. maí 1984 en hlaut ekki afgreiðslu Alþingis. Frv. var lagt fram að nýju og afgreitt á sama hátt frá nefndinni þann 20. mars 1985 en málið hlaut ekki af-

geiðslu Alþingis þá frekar en fyrr.

Það frv., sem nú liggur fyrir Alþingi, 368. mál á þskj. 655, felur í sér eftirtaldar meginbreytingar frá fyrri frumvörpum um selveiðar við Ísland:

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að rannsóknaráætlanir skuli sendar Hafrannsóknastofnuninni áður en rannsóknir hefjast. Hér er kveðið skýrt á um það að Hafrannsóknastofnunin verði mjög virkur aðili við meðferð þessara mála.

Í 3. gr. segir svo m.a.: „Sjútvrn. skal hafa samvinnu við landbrn. við framkvæmd laga þessara og samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands varðandi ákvarðanir er lúta að friðun og fækkun sela."

Hér er um töluvert mikla breytingu að ræða og mér sýnist að með henni hafi menn reynt að nálgast nokkuð þau sjónarmið sem voru hér uppi við afgreiðslu þessa máls fyrir rétt um ári síðan. Nú er sem sé kveðið á um það að sjútvrn. skuli hafa samvinnu við landbrn. við framkvæmd þessara laga og samráð við þá aðila sem ég taldi hér upp varðandi ákvarðanir er lúta að friðun og fækkun sela. Hér er að mínu mati um veigamikil atriði að ræða.

Sjútvn. hafði áður leitað umsagna eftirtalinna aðila um frv.: Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands, Náttúruverndarráðs, Félags Sambandsfiskframleiðenda, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hringormanefndar. Við afgreiðslu málsins nú barst nefndinni bréf frá bráðabirgðastjórn Landssamtaka áhugamanna um selveiðar. Einnig kom á fund nefndarinnar Anna Guðrún Þórhallsdóttir, hlunnindaráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

Það er rétt að það komi hér fram að nefndinni bárust tvö bréf eftir afgreiðslu málsins úr nefnd. Annað var frá Samtökum áhugamanna um selveiðar, þar fylgdi með uppkast að lögum fyrir þetta væntanlega félag. Einnig barst mér í hendur bréf frá Sambandi fiskvinnslustöðvanna þar sem var skorað mjög á Alþingi að taka á þessum málum. Með því bréfi fylgir áskorun sem er rétt að lesa:

„Verkamannasamband Íslands, Samband fiskvinnslustöðva og Vinnumálasamband samvinnufélaganna skora á ríkisstjórn Íslands að hún beiti sér fyrir því að allra tiltækra ráða verði leitað til þess að draga úr því mikla tjóni sem selormur veldur í íslenskum sjávarútvegi og efnahagslífi landsmanna. Aukning á selormi í fiski veldur nú þegar gífurlegum kostnaðarauka í fiskvinnslunni og heldur niðri lífskjörum í landinu."

Eftir að hafa rætt þetta mál og farið yfir umsagnir varð nefndin sammála um að afgreiða það óbreytt eins og það liggur nú fyrir á þskj. 665. Guðrún Agnarsdóttir sat einnig fund sjútvn. Undir þetta nál. rita allir nm., Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram, Ingvar Gíslason, Pétur Sigurðsson og Halldór Blöndal. Guðmundur Einarsson var ekki viðlátinn afgreiðslu málsins.

Sjútvn. kynnti sér þessi mál ítarlega við fyrri afgreiðslur sínar á frv. Margar umsagnir bárust nefndinni. Einnig kynnti hún sér skýrslu Landverndar, „Selir og hringormar, sýking þorsks á Íslandsmiðum af selormi, fæða landsels og útsels á Íslandi."

Frv. um selveiðar, er flutt var árið 1984, og það frv., sem hér er til umræðu, eru í meginefni byggð á niðurstöðum nefndar sem skipuð var í ágústmánuði árið 1982 nema hvað varðar 3. gr. frv. þar sem gert var ráð fyrir að ráðherra skipaði fimm manna nefnd sem leitað yrði tillagna hjá um reglugerð um það er varðar selveiðarnar. Í 3. gr. frv. á þskj. 665 segir:

„Sjútvrn. skal hafa samvinnu við landbrn. um framkvæmd laga þessara og samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands varðandi ákvarðanir er lúta að friðun og fækkun sela."

Það samráð, sem hér er talað um, við Náttúruverndarráð er m.a. vegna hugsanlegra áhrifa á lífríki og umhverfi og til þess að gætt verði fyllstu náttúruverndar og vísindasjónarmiða við veiðarnar. Sjálfsagt er samráð við Hafrannsóknastofnunina og vísast í því efni til þess er segir í 2. gr. frv.: „Hafrannsóknastofnunin annast rannsóknir á selum við Ísland."

Búnaðarfélag Íslands er einnig tilnefnt sem samráðsaðili. Það er sjálfsagt, m.a. ef litið er til baka, svo og vegna þeirra hlunninda er landeigendur hafa haft af selveiðum. Fiskifélag Íslands er í þessu tilfelli mjög eðlilegur og sjálfsagður umsagnaraðili.

Frv. það, sem hér er fjallað um, er viðkvæmt og vandmeðfarið. En það að frv. er vandmeðfarið og viðkvæmt nægir ekki til þess að alþm. geti skotið sér undan því að afgreiða málið á þessu þingi.

Í þeim umræðum, er hér fóru fram, fannst mér þm. vera mjög sammála um nauðsyn þess að setja lög um selveiðar við Ísland. Til þessa hefur verið stuðst við mjög takmörkuð ákvæði um selveiðar, m.a. í lax- og silungsveiðilögunum. Hér er lagt til að samþykkt verði frv. um selveiðar við Ísland en ekki bara veiðar, heldur inniheldur þetta frv. einnig ýmsar takmarkanir á veiðum. Það má segja að með þessu frv. sé ekki ætlast til að allt verði hljótt í veiðistöð, heldur er frekar verið að setja ákveðnar umgengnis- og siðareglur.

Eins og ég gat um hér fyrr í máli mínu mæla allir nm. sjútvn. með samþykkt þessa frv. Ég vonast því til þess að málið eigi hér greiða leið í gegnum þessa þingdeild og að þær umræður, sem hér eiga eftir að verða, verði sem málefnalegastar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 817, sem var of seint fram komin, samþ. með 22 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er orðin allmikil umræða um það mál sem hér er til meðferðar og vildi ég aðeins koma inn á nokkur þau gagnrýnisatriði, sem hér hefur verið komið að, í afar stuttu máli.

Fyrsta gagnrýnisatriðið fjallar um það hvort mál þetta skuli falla undir landbrn. eða sjútvrn. Að sjálfsögðu er það ekki aðalatriði málsins. Því verður þó ekki á móti mælt að selurinn er sjávardýr og allar rannsóknir, er varða hann, eru á vegum stofnana sjútvrn. og sjávarútvegurinn á hér mikilla hagsmuna að gæta.

Nú er það svo að ýmiss konar veiði getur átt sér stað nálægt ströndum landsins í svokölluðum netlögum. Ég minni á grásleppuveiðar í því sambandi. Það hefur þótt sjálfsagt að stjórn slíkra veiða væri samræmd af sjútvrn. Hér hefur hins vegar verið gerð sú breyting að sjútvrn. hafi um málið samvinnu við landbrn. og ætti það að tryggja að landbrn. geti með enn frekari hætti tryggt

hagsmuni landeigenda í þessu sambandi. Hins vegar gengur frv. út á það og það kemur skýrt fram í frv. að landeigendur einir eigi rétt til nýtingar á selveiði í jörðum sínum sem er aðalatriði málsins.

Annað atriði, sem nokkuð hefur verið deilt um, er hversu ríkan þátt selurinn á í því vandamáli sem hringormurinn er og því haldið fram að ekki hafi verið færðar nægilegar sannanir fyrir því. Auðvitað má alltaf um það deila hvort mál sé nægilega sannað. En allar líkur benda til þess að hér sé um samhengi að ræða. Það liggur fyrir að ef ekki er gripið til fækkunar sela fjölgar selnum um a.m.k. 6% á ári hverju. (**Gripið fram í:** Endalaust?) Auðvitað eru alltaf sveiflur í náttúrunni og verða ávallt og það er kannske hættulegt að fara með alveg ákveðnar prósentur í því sambandi. En engar sérstakar varnir hafa verið teknar upp af skepnunum sjálfum í þessu sambandi. Þær eru aðallega háðar náttúrunni og því lifibrauði sem er þar að finna. En ég held að almennt geti menn verið sammála um að tilhneigingin er sú að slíkum stofnum fjölgi, enda séu náttúruleg skilyrði til þess. En rétt er að hafa þann fyrirvara.

En vegna þessa máls og þeirra bréfa sem hafa komið um 15. gr. tilskipunar frá 1849 vildi ég aðeins gera það að umræðuefni. Það er nokkuð ljóst að orðalag er ekki ótvírætt um hvort 15. gr. tilskipunar 1849 um friðun utan Látra heldur gildi eða ekki. Tilgangurinn var að svo yrði ekki vegna þess að árlegar friðlýsingar skv. tilskipuninni hafa ekki átt sér stað og því gert ráð fyrir að sjútvrn. grípi til friðunaraðgerða með stoð í lögum, þ.e. ef frv. þetta verður að lögum. Því þykir mér rétt að lýsa því yfir að ráðuneytið mun að sjálfsögðu sjá til þess að friðun haldist utan við nytjuð sellátur á sama hátt og verið hefði án lagabreytinga.

Að því er varðar brtt. sem hér hefur verið fram borin vildi ég gera hana lítillega að umræðuefni. Ef frv. er samþykkt í óbreyttri mynd yrði staðan eftirfarandi:

1. Landeigendur ættu einir rétt til nýtingar selveiði á jörðum sínum, þar á meðal með skotveiði.

2. Ráðherra gæti í samráði við lögbundna aðila bannað veiðar á ákveðnum svæðum eða sett reglur um framkvæmd þeirra skv. 6. gr. Reglur þessar mundu þó ekki skerða rétt einstakra landeigenda til nýtingarréttinda sinna innan netlaga.

Yrði hins vegar brtt. hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar samþykkt kæmi sú staða upp að allar skotveiðar innan línunnar yrðu óheimilar án samráðs við landeigendur. Þá sköpuðust ýmis vandamál: Í fyrsta lagi, hver er landeigandi utan netlaga jarða? Í öðru lagi er vandséð hvernig hægt væri að hafa samráð við þann fjölda eigenda sem land og eyjar eiga við og í stórum hluta Breiðafjarðar.

Mér er ljóst að það verður að tryggja að ekki skapist það ástand á Breiðafirði að menn gangi eða sigli þar um skjótandi eins og hver getur. Það má að sjálfsögðu aldrei gerast. Ráðuneytið mun að sjálfsögðu sjá til þess að svo verði ekki og tryggja þann tilgang sem fram kemur í brtt. hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar.

Hitt er svo annað mál að óframkvæmanlegt er að hafa samráð við alla landeigendur í þessu sambandi, m.a. vegna þess að hér er um eyjar að ræða þar sem búseta hefur verið lögð niður og margir erfingjar eiga í hlut og landeigendur afar margir. Ég held því að það sé nánast óframkvæmanlegt að sinna þeirri lagaskyldu, ef það yrði lögfest, að hafa samráð við alla þessa aðila. Ég vænti þess að hv. þm. Friðjón Þórðarson geti með tilliti til þessa dregið þessa till. til baka, enda veit ég að í hans huga er fyrst og fremst að koma í veg fyrir slíkt ástand sem gæti skapast ef menn halda ekki vöku sinni varðandi hið sérstæða lífríki sem á Breiðafirði er.

Þetta frv. á sér mjög langan aðdraganda. Það var undirbúið af fyrri ríkisstjórn undir forustu hæstv. núv. forsrh. og var lagt fram í þeirri ríkisstjórn í febrúar 1983. Það var kynnt þá í þingflokki Framsfl. og heimild veitt þar til þess að það mætti koma hér fram á Alþingi en mér er ekki kunnugt um hvaða endalok það fékk þá í öðrum þingflokkum þeirra sem studdu þá ríkisstj. En ég segi nú þetta m.a. vegna þess að þeir sem ekki hvað síst hafa fjallað um þetta mál hér á Alþingi nú voru ráðherrar í þeirri ríkisstj.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það var hárrétt hjá hæstv. ráðh. að þetta frv. var samið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og það merkilega skeður að helstu andstæðingar frv. í þinginu eru um leið mestu málþófsmennirnir í þessu máli. Það eru nefnilega þrír ráðherrar úr fyrrv. ríkisstjórn sem hafa beitt sér hvað mest gegn þessu sjálfsagða frv. af mismunandi ástæðum.

Í fyrsta lagi ber sjálfsagt að nefna hv. þm. Pálma Jónsson sem var landbrh. og hafði með selinn að gera, enda er selurinn eins og hvert annað búfé og talinn með heimiliskettinum í gömlum ljóðum þar sem kötturinn söng á bók en selurinn spinnur hör á rokk. Þetta var eins og hvert annað kvikindi úr landbúnaðinum í þá daga, en síðar hafa menn uppgötvað það, a.m.k. þeir sem sáu til sjávar, að selurinn er sjávardýr. Nú er fyrst komið að því að viðurkenna það.

Ástæðan til þess að hv. þm. Pálmi Jónsson hefur lagst svona mikið gegn þessu er að vísu önnur. (**HG:** Hvernig er með laxinn?) Það er auðvitað stuðningur hv. þm. við núv. landbrh. Hann treystir honum miklu betur en hæstv. sjútvrh. til að koma einhverjum „sving" í hlutina og ganga hreint til verks og gera það sem gera þarf. Auðvitað hefur hann þessa feiknarlegu trú á honum og það er helsta einkennið í hans ræðuhöldum.

Að sjálfsögðu á selurinn heima undir sjútvrn. Það finnst þeim hins vegar ekki í Búnaðarfélaginu. Í áliti sem ég fékk í bréfi frá búnaðarfélagsfólki var hvergi vitnað í yngri heimildir en lög og konungstilskipanir frá miðri 19. öld. Það lýsir einmitt ástandinu á Búnaðarfélaginu og framsóknarheimilinu öllu. (**ÓÞÞ:** Er sjútvrh. svona gamall líka?) Hæstv. sjútvrh. er undantekning.

Manni dettur ýmislegt í hug þegar maður hlustar á þessar endalausu ræður sérfræðinga því að sumir menn hafa talað þannig hér að þeir væru þeir einu sem allt vissu og hinir hefðu rangt fyrir sér. Meira að segja hefur myndarlegur jarðfræðingur í okkar hópi haft vísindin mjög á lofti, jafnvel þótt hann hafi lítið vit á skepnum og meira vit á vulkanólógíu eða einhverju slíku. Þessir menn geta auðvitað ekki kennt okkur neitt. Sannleikurinn er sá. Menn hafa nefnilega gleymt meginstaðreyndinni í þessu máli og hún er sú að það er augljóst og vitað að selurinn er hýsill fyrir hringorminn og þá fyrst og fremst útselurinn. En andmælendur frv. hafa sniðgengið þær staðreyndir eins og þeim sýnist og eins og þeir eru vanir. (**SJS:** Þetta er ekki rétt.) Auðvitað er það rétt. (**SJS:** Ég er eini maðurinn sem

kom þessu á framfæri.) Ég held að hv. þm. ætti ekki að kalla fram í fyrir mér svo að ég fari ekki að rekja ræður hans um sköpunarverkið. Ég held að það væri best að það gleymdist sem fyrst, þvílík endaleysa sem þar var á ferðinni.

Ég er næstum viss um að margir andmælendur þessa frv. hafa annaðhvort ekki lesið það eða ekki skilið það nema þá að þeir hafi lesið það eins og skrattinn Biblíuna og við vitum hvernig hann gerir það. (Gripið fram í.) Já, það er rétt. Þetta eru gömul þjóðleg sannindi. Ég ætla að biðja hv. þm. að draga þau ekki í efa. Þau fræði eru álíka gömul og fræðin í Búnaðarfélaginu og þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

Hvað er þá í þessu frv.? Ósköp einfaldlega það í fyrsta lagi að það á að fara að stjórna þessum hlutum. Andmælendurnir vilja ekki láta stjórna þeim. Réttilega er sagt í frv. að sjútvrn. sé heppilegast til að stjórna þessum veiðum. Undir sjútvrn. eru líffræðistofnanir, eins og Hafrannsóknastofnun sem er eðlilegur rannsóknaraðili. Þessum aðila er þá falið að annast vísindalegar rannsóknir í þessum efnum sem eru nauðsynlegar. Andmælendurnir virðast vera á móti því líka. Þeir hafa sem sagt fundið sannleikann eins og shítar og hvítasunnumenn.

Það er sem sagt í fyrsta lagi verið að reyna að koma á stjórn í þessum málum, í öðru lagi er verið að kveða á um rannsóknir þessara hluta og í þriðja lagi er tekin upp mikil samvinna. Þessir menn eru á móti samvinnu. Samráð. Þeir hrinda þeim frá sér. Og auk þess á að koma í veg fyrir að margir aðilar séu að rannsaka þessa hluti. Það er nógu víða í þessu þjóðfélagi þar sem verið er að gera það sama á tveimur eða fleiri stöðum. Þarna á þetta að vera í einum réttum farvegi. Andmælendurnir hafna því.

Í 4. gr. frv. er tekið skýrt fram að landeigendur mega einir veiða sel á sinni landareign og um það er ekkert að efast. En í 4. gr. er ein málsgr. dálítið sérstök og með leyfi forseta ætla ég að lesa þessa stuttu málsgr.:

„Nú liggur land að sjó og á þá landeigandi selveiðar 115 metra á haf út.“

Það er dálítið sérkennilegt að orða þetta þannig vegna þess að 115 metrar eru svo stutt vegalengd að venjulegur meðalselur sem sæmilega er syndur er ekki nema 30 sekúndur að skreppa þetta. Auðvitað er þetta býsna stutt. Og þar sem bændur vilja nytja sel er það að mínum dómi allt of stutt vegalengd því að skotmenn fæla selinn úr látrum sínum jafnvel þó að lengri vegalengd væri. Ég tel æskilegast að bændur nytjuðu selinn og dræpu hann sem mest, a.m.k. um skeið, og þá þyrfti ekki að koma til skotveiða á Breiðafirði eða annars staðar ef þeir sæju um að nýta selinn. Það er þess vegna sem er orðið svo mikið af honum. En ef menn nýta ekki selinn og drepa ekki kópana verði skotmönnum leyfilegt að fara að drepa sel. Ég hef viðrað þetta sjónarmið mitt aðeins við hæstv. ráðh. og mér fannst hann ekki taka því illa.

Að hinu leytinu til held ég að ég geti alls ekki stutt tillögu hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar. Mér finnst hún ganga of langt. Hins vegar er réttara að gera það að mínum dómi eins og ég var að nefna.

Herra forseti. Hvert álit sem menn hafa á því hvort á að drepa meira eða minna sel hygg ég að þetta frv. geti falið og feli það allt saman í sér. Ég held að menn hafi ekki gætt nægilega að því hvað í því stendur, einkum í 6. gr. Þar er sagt hvorki meira né minna að sett verði í reglugerð að það sé hægt að banna selveiðar algerlega á vissum svæðum, það megi takmarka selveiðar við ákveðinn árstíma, það megi friða ákveðnar tegundir sela og setja reglur um veiðiaðferðir og vopn sem notuð eru til að drepa selinn, hvernig eigi að ganga frá dauðum sel og setja reglur í vísindalegum tilgangi — það er nú víða sem gert er ýmislegt í vísindalegum tilgangi í ráðuneytunum núna — og ákveða aðgerðir um fækkun sela ef þörf þykir. Og síðan kemur að ákveðið er að þetta skuli gert að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs. Það þarf samþykki Náttúruverndarráðs til að veiða sel á friðlýstu landi. Mér dettur t.d. í hug eitt friðlýst land býsna nálægt minni heimabyggð, sem er Surtsey. Selur hefur hvergi haft næði í kringum Vestmannaeyjar fyrr en nú að þessi nýja eyja kom með miklum sandfjörum. Þær eru allar fullar af sel og sér ekki í sandkorn á milli þeirra þar sem enginn selur var. Hvernig geta menn þá barist um með þeim ósköpum sem þeir hafa gert og hvernig skyldi standa á því, ef maður kíkir í ræðu hv. þm. Ólafs Þórðarsonar sem er selafriðunarmaður eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem ekki vill láta skjóta sel nema hann játi... (**SJS:** Ætlar þm. að túlka?) Þar á ég við þær lagabreytingar við 8. gr. þar sem annars vegar er lagt til að felld verði úr gildi lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp og hins vegar um útrýmingu sels í Húnaósi. Í ræðum sumra andstæðinga þessa frv. hefur það komið fram oftar en einu sinni að það standi til að útrýma sel. Núna á að fara að drepa sel. Glæpamennirnir í sjútvrn. undir forustu Halldórs Ásgrímssonar eru að byrja að drepa sel í fyrsta skipti. Það er nú eitthvað annað.

Það hefur verið drepinn selur nú undanfarin ár sem samsvarar að meðaltali um 20 árum. Það er ekki verið að byrja á því núna. Það eru nefnilega sumir hv. þm., sem talað hafa hér í þessu máli, sem halda að nú sé selurinn friðaður af því að hann hefur svo falleg augu. En hann hefur verið drepinn býsna grimmt á undanförnum árum þannig að með þessu frv. er alls ekki verið að leggja það til að byrja að fækka selum. Það er alger misskilningur.

Varðandi ákvæði í lagabreytingunum um Húnaós hafa menn ekki haft fyrir því að fletta upp í lagasafninu til að finna hver þau ákvæði voru. Þau eru þess eðlis að veiðifélag í Húnaósi hafði skv. þessum lögum og hefur enn einkaleyfi á því, og gætið þið nú að, að útrýma sel í Húnaósi. Það er þessi lagagrein sem á að fella niður. (**ÓÞÞ:** Og hvað er fleira?) Og í næstu grein segir að sóknarpresturinn að Steinnesi fái bættan skaðann að eiga ekki möguleikana á því að drepa selinn. Þetta er árið 1937 og líklega hefur það verið séra Þorsteinn Gíslason sem sat Steinnesið um það leyti.

Menn hafa verið að tala um útrýmingu sels og það sé að hefjast nú. En það er auðvitað hinn mesti misskilningur. Menn eiga ekki að temja sér slíkan málflutning. Er ekki rétt fyrir hv. þm. að venja sig á það að horfa einungis til staðreyndanna, en láta ekki tilfinningarnar hlaupa með sig í gönur? Menn sem verða þekktir að slíkum málflutningi verða að mínum dómi ekki teknir alvarlega í framtíðinni, ósköp einfaldlega það. Þetta er alvarlegt.

Herra forseti. Um þetta mætti auðvitað margt fleira segja. Því miður hef ég ekki tíma til þess. Ég er samt dálítið undrandi á því að hæstv. sjútvrh. skuli ekki hafa

lagt þetta frv. miklu fyrr fram, ekki síst vegna fyrri reynslu. Fyrri reynsla er sú að þrátt fyrir að málin hafi verið lögð miklu fyrr fram áður hefur frv. ekki fengið afgreiðslu. Þess vegna hélt ég að hæstv. ráðh. vildi hafa vaðið fyrir neðan sig í þessu efni og leggja frv. fram í tíma þannig að ekki væri hætta á því að andstæðingar frv. legðust í málþóf eins og þeir eru vísir til. Eða var hæstv. ráðh. ekki alvara? Mér datt það fyrst í hug þegar ég sá þetta birtast núna á síðustu vikum að hann meinti kannske ekkert með þessu, vildi sýna þetta aðeins. En ég veit raunar það gagnstæða. Hæstv. ráðh. vill fá þetta í gegn og það viljum við hinir líka. Ég ætla ekki að nefna þann þáttinn sem víkur að afleiðingum hins mikla hringormafjölda. Það er mjög alvarlegt mál og dýrt, kostar hundruð milljóna kr., og þegar allt kemur saman gæti það kostað 700–800 millj. Það er gaman að sjá duglegar fiskverkunarkonur vinna sín störf af alúð, kunnáttu og samviskusemi, en jafnleiðinlegt er að sjá þegar þessar blessaðar konur verða að eyða mestu af tíma sínum til að slíta upp þennan orm.

Margt hefur verið sagt hér af litlu viti tiltölulega, eins og menn undruðust að kæmi hringormur í þorskinn á Halanum. Ég er kannske einn af fáum hér sem hef verið þar vikum, mánuðum og árum saman. Það er tilfellið með þorskinn á Halanum að hann vex ekki á trjánum. Þetta er fiskur sem hefur alist upp í fjörðum, Breiðafirði, Vestfjörðum, kringum allt land, og fer fullvaxinn þaðan út. Það er a.m.k. alveg ljóst að þorskurinn er vel syndur og hann getur synt með hringorminn og þarf ekki að fá hann í sig á staðnum.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. það sem hér er á dagskrá verður tæplega metið meðal stórmála Alþingis. Þó er það svo að þau mál sem í eðli sínu eru smámál geta orðið býsna stór ef þannig er á þeim haldið eða þau þannig úr garði gerð að misbýður réttlætiskennd manna. Svo er í raun og veru með það frv. sem hér er á ferðinni.

Í 1. umr. gagnrýndi ég, sem ég hafði gert fyrr, að með þessu frv. væri verið að flækja þeim málum sem hér er um að fjalla, selveiðum við Ísland, undir tvö ráðuneyti með því að færa hluta af þeim undir yfirstjórn sjútvrn. Ég lýsti algerri andstöðu við þetta og rökstuddi það nokkrum orðum. Ég þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um þau efni því að sú afstaða mín er kunn. Ég taldi hins vegar rétt að fylgja þeirri afstöðu minni eftir með því að flytja brtt. við frv. í samræmi við þessa afstöðu mína og þær brtt. eru fluttar á þskj. 811 og fjalla einvörðungu um þau efnisatriði frv. sem snerta yfirstjórn ráðuneyta og hafa þann tilgang að færa þetta mál svo sem það hefur verið undir yfirstjórn landbrn. Ég sé ekki ástæðu til að skýra þessar tillögur. Þær skýra sig í raun og veru sjálfar.

Hæstv. sjútvrh. gerði þetta að umtalsefni í ræðu sinni og hið sama gerði hv. 4. þm. Suðurl. í sínu skemmtilega máli þar á eftir. Báðir komust þeir að þeirri niðurstöðu að það mundi henta að rannsóknir á selum við landið færu fram á vegum stofnana sjávarútvegsins og þá fyrst og fremst undir yfirstjórn Hafrannsóknastofnunar. Þessu er ég sammála og þetta get ég fellt mig við, enda er þessu haldið í þeirri brtt. sem ég flyt við frv. og fjallar um þennan þátt frv. í 2. gr.

Þá komst hæstv. ráðh. svo að orði að hagsmunir sjávarútvegsins í þessum efnum væru mjög miklir. Hér hafa verið fluttar um það efni mjög ítarlegar ræður. Ég skal ekkert draga úr því að hagsmunir sjávarútvegsins geti verið miklir að því er varðar hringorminn og ætla mér ekki að fjalla um þann þátt mála. Ég hef engar rannsóknir við að styðjast í þeim efnum sem ég hef kynnt mér umfram það sem hér hefur komið fram í máli annarra ræðumanna og ber þeim harla illa saman. Ég get þó tekið undir það, og lýsti því í minni ræðu við 1. umr., að það sé eðlilegt að halda selastofninum við landið í skefjum. Það er ekkert í mínu máli sem styður að það beri að friða þessa dýrategund og ekki nýta hana svo sem gert hefur verið frá örófi alda og sjálfsagt mál, ef talið er að hún valdi stórtjóni, að gripið sé til tiltekinna aðgerða sem hafi helst í för með sér hvatningu til þess að um fækkun verði að ræða. Er það miklu álitlegri leið en að fara í einhvern sérstakan selahernað. Ég ætla sem sagt ekkert að gera athugasemdir við þennan þátt mála og ég er enginn sérstakur friðunarmaður á sel. Mín afstaða til þessa máls byggist á öðru.

En hæstv. ráðh. bætti síðan við að selurinn væri sjávardýr og það væri eðlilegt að hann félli þess vegna undir sjútvrn. Sama væri t.d. um grásleppuna sem á stundum veiðist innan netlaga bújarða, en þó ekki síður utan netlaga. En hér er býsna mikill munur á. Það er alveg hárrétt að grásleppan er sjávardýr. Selurinn er að vísu sjávardýr að hluta, en selurinn er líka landdýr. Selurinn fæðir afkvæmi sín á landi. Hann kæpir á landi. Það gerir grásleppan ekki eða a.m.k. ekki sú grásleppa sem ég þekki fyrir norðan. Ég veit ekki hvernig það er fyrir Austfjörðum. Þarna er reginmunur á. Selurinn er öðrum þræði landdýr og hann er öðrum þræði dýr sem eyðir hluta af lífsferli sínum bæði á landi og inni í ósum áa og vatna. Það er mikill munur á því eða með grásleppuna. Ég veit ekki til að hún hrygni á landi. Þarna er um reginmun að ræða og ég hygg að hæstv. ráðh., og ekki þarf nú að tyggja málið ofan í þann skýra mann, átti sig á þessu þegar hann hugsar sig um.

Ég ætla svo að bæta því við að selurinn telst með hlunnindum bújarða og hefur talist frá örófi alda og þó að hér sé haft í flimtingum um gömul lagaákvæði eru ákvæði um þessi efni ekki ómerkari þótt gömul séu. Það er einkennilegt ef sá háttur er tekinn upp á hv. Alþingi að gera gys að því sem er gamalgróið og hefur haldist í gegnum aldirnar, en halda að nauðsynlegt sé að kollvarpa öllu slíku og taka upp nýmæli með allt öðrum siðum bara vegna þess að hin gömlu ákvæði hafa staðið í svo langan tíma. Þetta kann ég ekki við og er ekki alvarleg umfjöllun um mál heldur skop eitt og spé.

Í þeim bréfum sem Alþingi hafa borist að undanförnu varðandi þetta mál er auðvitað með réttu vakin á því athygli að nú er sótt að landbúnaðinum á ýmsum sviðum og að ýmsu leyti er vegið að hagsmunum bænda og takmarkaðir þeirra möguleikar. Það þarf ekki að rekja hér, en það er nú horfið að því að takmarka framleiðslumöguleika bænda eins og allir þekkja og þá um leið haft á orði að þeir skuli sækja sína lífsbjörg í aðrar áttir. Þar hefur verið bent á afrakstur hlunninda, þar hefur verið bent á nýbúgreinar o.s.frv. En bændur munu ekki sækja sér aukna lífsbjörg til hlunninda ef hlunnindin skulu þá af þeim tekin og færð í hendur annarra aðila.

Ég skal ljúka máli mínu um þennan þátt málsins með því að minna enn á að hlunnindi bújarða, þar á meðal selveiði, eru inni í landbúnaðarlöggjöfinni á ýmsum

sviðum, ekki einungis lax- og silungsveiðilöggjöfinni, einnig inni í jarðalögum, einnig inni í ábúðarlögum og bújarðir eru metnar til fasteignaverðs m.a. með tilliti til þeirra hlunninda sem þeim fylgja, og inni í þeirri hlunnindaeign er m.a. selveiði. Það er af þessum sökum efnislega að mínum dómi rangt að breyta um á þann máta að þessi málaflokkur sé tekinn undan yfirstjórn landbrn. og færður yfir til sjútvrn., enda þótt sjálfsagt sé að hafa samráð við sjútvrn. um rannsóknaþáttinn og við stofnanir á vegum sjávarútvegs, svo sem Hafrannsóknastofnun og Fiskifélag Íslands, um þær leiðir sem farnar skuli vera til rannsókna og jafnvel ef grípa þætti þurfa til aðgerða til að halda selastofninum í skefjum. Það er allt annað mál og er sjálfsagt að á vegum landbrn. sé haft samráð við þessa aðila. En eðli málsins breytist ekkert við það. Eðli málsins er eitt og hið sama og verið hefur. Eðli málsins er að þetta tilheyrir bújörðum landsins og á að falla undir landbrn.

Hæstv. sjútvrh. sagði að mál þetta hefði verið undirbúið af fyrri ríkisstjórn og hv. 4. þm. Suðurl. sagði það undarlegt að það væru helst ráðherrar úr fyrrv. ríkisstjórn sem gerðust andmælendur þessa máls og héldu uppi málþófi, eins og hann kallaði það. Nú er það svo að þáv. sjútvrh. skipaði nefnd til að undirbúa þetta mál. Ég minnist þess ekki að hann hafi gert það í samráði við ríkisstj. og í engu samráði við þáv. landbrh. sem er sá sami og stendur í þessum ræðustól. Ég minnist þess líka að þetta mál var lagt fram á Alþingi. (**Sjútvrh.:** Í ríkisstj.) Ég man ekki eftir því að það hafi verið lagt fyrir ríkisstj. Það má sjálfsagt fletta því upp. En ég man að það var lagt fram á Alþingi undir lok ferils þeirrar ríkisstj., en þá var sú ríkisstj. orðin það laus í reipum að það var ekki höfð slík regla á framlagningu mála og samþykki ríkisstj. varðandi mál á hennar vegum eins og gert hafði verið á fyrri hluta hennar starfstíma.

Þetta haggar í engu því að ég er andvígur þeim málatilbúnaði að færa þetta svo á milli ráðuneyta eins og gert er hér ráð fyrir. Ef þáv. hæstv. sjútvrh. hefði haft um það samráð við mig á þeirri tíð hefði sú andstaða þegar komið fram. En það er nú svo með einstaka ráðherra að stundum telja þeir sér henta að fara sínu fram án samráðs við þá sem þeir helst skyldu leita ráða hjá. Ég tek því ekki neitt mark á þeim glósum sem áttu að felast í þessum setningum hæstv. ráðh. og eins hjá hv. 4. þm. Suðurl. Þær skipta ekki neinu máli í sambandi við þetta efni.

Þau orð féllu við 1. umr. þessa máls af hálfu hv. 7. þm. Reykv. Guðmundar J. Guðmundssonar að hér væri um slíka hagsmuni að tefla, hagsmuni sjávarútvegsins, fiskvinnslufólksins, þjóðarinnar, vegna hringorma í fiski að það mætti ekki fresta því að afgreiða þetta mál og ekki láta standa í vegi fyrir því ímyndaða hagsmuni bænda og landbúnaðarins. Ég segi þessum hv. þm. að ég skil ekki þetta og skil ekki þessar setningar miðað við það sem ég hélt fram í þeirri ræðu sem ég flutti við 1. umr. Ég skil ekki að það sé ekki hægt að veiða sel jafnmikið þótt þessi mál heyri undir landbrn. eins og undir sjútvrn. Mér skildist að hv. þm. væri að beina orðum sínum til mín og það var ekkert í mínu máli sem gaf honum tilefni til þess að halda að ég væri einhver sérstakur þröskuldur í vegi þess að selur yrði veiddur ef það þætti nauðsynlegt. Ég lít svo til að það sé hægt að koma við nauðsynlegum aðgerðum til að halda selastofninum í skefjum, til veiða á sel, jafnt fyrir það þótt þau mál heyri undir landbrn. sem undir sjútvrn.

Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Garðari Sigurðssyni að ég treysti núv. landbrh. vel til að fara með þessi mál, en það virðist vera svo sem hæstv. sjútvrh. treysti honum ekki jafnvel. Ég satt að segja undrast að þeir flokksbræður í núv. hæstv. ríkisstj. skuli ekki geta komið sér saman um það mál með eðlilegum hætti og að hæstv. sjútvrh. skuli ekki geta treyst flokksbróður sínum, hæstv. landbrh., til að halda svo á þessum málum að það verði með þeim hætti sem þeir báðir gætu unað við og sætt sig við. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu. Hafi menn, til að mynda hæstv. sjútvrh., einhverja sérstaka vantrú á tilteknum landbrh. ber ekki að skipa málum eftir slíku heldur hlýtur að verða að fara með málaflokka eftir eðli þeirra og skipa þeim eftir ráðuneytum eðli málsins samkvæmt en ekki með tilliti til einhverra tiltekinna manna.

Það er svo aftur annað mál, þó að það sem ég hef rætt hér fram að þessu sé það sem máli skiptir varðandi mína aðalandstöðu við þetta frv. og varðar skipan þessa málaflokks í stjórnkerfinu, að ýmis atriði frv. hljóta að orka tvímælis og mikil spurning um að mínum dómi hvort frv. sem slíkt þjónar þeim markmiðum sem látið er í veðri vaka af talsmönnum þess að það eigi að gera, þ.e. með því að koma þessu frv. fram verði hægt að fækka sel og vinna gegn því stórtjóni sem selurinn er talinn valda fiskvinnslufólki, sjávarútveginum og þjóðinni allri. Einn ræðumanna, hv. þm. Garðar Sigurðsson, sagði áðan að það væru 700–800 millj. á ári. Hann var að vísu nýbúinn að segja úr þessum sama ræðustól að ræðumenn skyldu gæta þess að fara aðeins með staðreyndir. Vel má vera að hann hafi gætt þess í þessu tilliti að fara aðeins með staðreyndir. Ég skal ekki deila við hann um það. Mig brestur til þess þekkingu. Séu það staðreyndir eru þær ekki góðar.

Að undanskildum ákvæðum um hvar þessum málum skuli skipað í stjórnkerfinu lít ég svo til að 6. gr. þessa frv. sé aðalgrein þess. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra settur reglur um framkvæmd laga þessara. Með reglugerð getur ráðherra m.a.“ Síðan kemur upptalning í níu töluliðum.

Mér sýnist að a.m.k. sex eða sjö af þessum töluliðum séu til þess fallnir frekar að takmarka eða hindra selveiðar og torvelda mönnum að stunda þær. Þessar reglur fjalla um bann við selveiðum á tilteknum svæðum, takmörkun á selveiðum um ákveðinn tíma, um friðun á tilteknum tegundum sela, ákvarðanir um fjölda sela sem má veiða af einstökum tegundum og á hverju tilteknu tímabili og á hvaða ákveðnum svæðum. Þetta er um leyfilegar veiðiaðferðir, um hlaupvídd skotvopna o.s.frv., um áhöld sem nota má til selveiða, hvernig á að umgangast dauðan sel og hvernig skuli gengið frá honum. Það eru að vísu reglur um veiðar í vísindalegum tilgangi og má skilja það á tvo vegu. Annað tveggja er þar um takmarkanir eða örvun að ræða. Síðan segir að það sé hægt að leyfa selveiðar á tilteknum svæðum innan friðlýstra svæða að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs og síðan er þessum málum flækt undir reglur um alþjóðlega samninga. Ekki mun það alltaf verða til þess að auðvelda selveiði.

Ekki verður það heldur alltaf til að auðvelda selveiði að hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála þarf eftir þessu frv. að vita um hvern einasta sel. Hann þarf að vita hve

margir selir eru veiddir af hverri tegund, hve margir selir eru veiddir á hverju svæði o.s.frv. Það má enginn hreyfa sig án þess að hafa til þess leyfi og umboð hæstv. ráðh. Þetta er eins og sum önnur frumvörp sem komið hafa frá hæstv. ráðh. Það skal allt vald vera í hendi eins manns. Með þessu frv. er verið að miðstýra öllum selveiðum. Miðstýring á þessum veiðum, hlunnindanytjum við Ísland, verður varla til þess að örva veiðarnar sem nú fara fram með frjálsum hætti. Það er í raun búið að torvelda ef ekki afnema frelsi til selveiða, frelsi þeirra sem vilja nota þetta með eðlilegum hætti. Það er allt komið undir miðstýringu af hendi eins manns, hæstv. sjútvrh. Hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem því miður er ekki í salnum, dróttaði því að okkur að við hefðum ekki lesið frv., en ef það er lesið með gagnrýnu hugarfari álít ég að það megi fremur kalla þetta friðunarfrv. sela en frv. til að örva veiðar á sel. Ég held a.m.k. að það sé mikið vafamál að það snúist ekki í höndum manna. Þegar sagt er að tilgangurinn sé að koma við aðgerðum til fækkunar á sel með þessari lagasetningu snýst það í höndum manna og úr því verður torveldun á selveiðum, miðstýring, valdsvið eins manns, afnám frelsis til selveiða og friðunaraðgerðir á sel, að vísu einstöku sinnum tilskipun um að drepa svo og svo mikið af selum.

Nú segir í grg. frv. sjálfs að á síðasta ári, árinu 1985, hafi verið veiddir hér við land 5900 selir þrátt fyrir að þetta lagafrv. hafi ekki verið orðið að lögum, þrátt fyrir að þessi mál hafi ekki verið komin í hendur eins manns og ekki miðstýrt öllu úr sjútvrn. Kannske er sú tala rétt. Kannske hafa þeir verið fleiri. Kannske hefur hæstv. sjútvrh. ekki frétt af öllum selum sem drepnir hafa verið. Mér gæti boðið það í grun. En ég dreg í efa að þegar hæstv. ráðh. hefur fengið þessi mál öll í sínar hendur með þeim takmörkunum sem lýst er í 6. gr. frv. verði mikið úr þeim gamalgrónu, frjálsu og eðlilegu veiðum bænda hér við land sem eiga auðvitað að vera áfram uppistaðan í öllu þessu. Um leið mætti örva þessar veiðar með því að greiða á einhvern máta fyrir nýtingu þessara dýra og finna þannig út hvatningu til þeirra sem eiga þessi hlunnindi og hafa nytjað þau frá fornu fari. Má þá vera að það verði áfram til styrktar fyrir þá sem nú eiga víða í vök að verjast, bændurna í landinu, og geti líka orðið þjóðinni til hagsældar. Væri með örvunaraðgerðum á þennan máta og með því að greiða fyrir nýtingu á þessum dýrum hægt að koma því til leiðar að veiðarnar færðust í aukana væru það betri aðferðir en þær sem þetta frv. býður upp á. Nú skal öllu miðstýrt úr hendi hæstv. sjútvrh., þar sem hann hefur alla þræði í sinni hendi og gefur út leyfi sitt á hvað og leitar umsagnar hér og þar, ýmist í sambandi við alþjóðlega samninga, frá Náttúruverndarráði, þessum og hinum aðilum, og gefur síðan út reglur og leyfi. Einn má veiða 100 seli, annaar 60 o.s.frv. Ég held að það verði heldur leið framkvæmd og ég öfunda hann ekki af því.

Ég hef ekki flutt neinar brtt. við þessa 6. gr., en í raun og veru þyrfti að semja hana alla upp því að ég hef ekki trú á því að slíkt kraðak reglna og miðstýringar, sem hún býður upp á við nýtingu hlunninda, sé til farsældar. Ég held að það sé betra að örva hið frjálsa framtak þeirra sem geta og eiga að réttu lagi að nýta sér þessi hlunnindi og greiða fyrir því að hægt sé að nota þessi dýr þegar þau hafa verið veidd. Það væri farsælla.

Mér varð raunar ekki um sel þegar ég sá það enn einu sinni að hv. sjútvn. hafði afgreitt þetta mál frá sér, sjálfsagt eftir góða umhugsun á einum fundi en þó býsna skjótt og öll sammála. Aðeins einn nefndarmanna skrifaði undir með fyrirvara. Vegna þess að hér var talað um að við sem höfum gagnrýnt þetta frv. höfum ekki lesið það verður mér á að hugsa að hv. nefnd hefði kannske átt að lesa frv. svolítið betur því að m.a.s. er ekki breytt málvillum í frv.

Hér segir í 2. mgr. 4. gr. sem hv. þm. Garðar Sigurðsson las nú ekki: „frá stórstraumsfjörumáli fyrir landi sínu og eru það netlög hans.“ Þetta er allt rétt.

Í næstu mgr. segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur eru þeim selveiðar heimilaðar utan netalaga, sbr. 2. mgr., að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands“ o.s.frv.

Hér kemur fyrir orðið „netalög“ sem ég vissi ekki fyrr að til væri í íslensku máli og ekki heldur í lagamáli. Ef hv. nefndarmenn úr sjútvn. eru að drótta því að okkur almennum þm. að við höfum ekki lesið þetta frv. vil ég segja við þá hina sömu hv. þm. að þeir áttu sjálfir sérstaklega um þetta mál að fjalla á nefndarfundum og lágmarksskylda þeirra var að lesa frv. þannig að það sé á réttu íslensku máli. Þessar aðdróttanir hv. þm. Garðars Sigurðssonar falla því honum sjálfum í skaut.

Ég held að ég láti nú máli mínu lokið, herra forseti, því að ekki er ástæða til að þreyta menn á ræðum um þessi efni. Ég taldi mér nauðsynlegt að segja hér þau orð sem ég hef þegar látið frá mér fara. Ég gæti fellt mig við að samþykkja þetta frv. þó gallað sé, meingallað, og mjög tvísýnt sé að það horfi á nokkurn hátt til bóta. Ég gæti fellt mig við að samþykkja frv. ef það væri fært á stjórnskipulega réttan bás í kerfinu. Um það hef ég flutt brtt. Ég get lýst því yfir að verði þær tillögur samþykktar mun ég láta slag standa og fylgja málinu. Ég lýsi einnig fylgi við brtt. hv. 1. þm. Vesturl. Friðjóns Þórðarsonar. En þess er auðvitað ekki nokkur von að ég styðji þetta frv. verði ekki við þessu orðið heldur mun ég þá greiða atkvæði gegn því.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil ekki bregða fæti fyrir að ný löggjöf verði sett á þessu Alþingi um selveiðar við Ísland. Á hinn bóginn — þó að ég hafi gagnrýnt þetta frv. nokkuð — neita ég því að ég hafi beitt málþófi heldur miklu fremur talað um staðreyndir. Að því leyti verð ég að gera athugasemd við málflutning vinar míns, hv. 4. þm. Suðurl., sem brá okkur um málþóf.

En ég hef bent á að verði þetta frv. að lögum eins og það lítur nú út eru felld úr gildi lög nr. 30 frá 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, sbr. 8. gr. frv. Þetta fer ekki á milli mála. M.ö.o.: þessi lína, sem lengi hefur gilt á Breiðafirði, er numin úr lögum. Hún er í gildandi lögum. Hún var áður í löggjöf frá síðustu öld, frá 1855, og fyrr á öldinni var meira að segja gengið svo langt að Breiðafjörður allur, frá Öndverðarnesi í Bjargtanga, var friðaður fyrir selaskotum. Síðan var þessu breytt með lögum þeim, sem nú gilda, eins og ég nefndi.

Ég viðurkenni að nú er öldin önnur á margan veg. Það fækkar íbúum í eyjabyggðinni. Hún leggst víða í auðn. Og þar að auki er hringormur í fiski kominn til sögunnar sem veldur miklu tjóni. En eigi að síður eru menn mjög uggandi ef hin fornu ákvæði um þessa frið-

unarlínu á Breiðafirði verða numin úr gildi. Mér finnst það ekkert undrunarefni ef menn líta til liðins tíma jafnskammt og þeir sjá fram undan sér. Það er ekki hægt að neita því að menn hafa þegar orðir varir við að nokkrir menn, sem hafa fylgst með þessu frv. á hv. Alþingi, eru farnir að gera því skóna að það verði að lögum. Það er ekki hægt að neita því að víða hlakkar í veiðiþjófum. Það er áreiðanlegt að á þessu eyjasvæði á Breiðafirði skal nefnt að löggæsla er mjög erfið nú, en verður að mínum dómi enn erfiðari ef frv. verður óbreytt að lögum.

Hitt er svo annað mál að ég vil alls ekki andmæla því að rétt sé að fækka sel með skipulögðum hætti þar sem það er talið nauðsynlegt. En það er ekki hægt að komast hjá því að hlusta á þá menn sem best þekkja til þessara mála. Ég vil nefna aðeins eitt dæmi. Það er Eysteinn Gíslason bóndi í Skáleyjum. Hann hefur manna best fylgst með þessum málum og skrifað um það álitsgerð sem er algerlega fordómalaus að mínum dómi. Hann vill halda því fram að á síðustu árum hafi landsel ekki fjölgað í Skáleyjum eða nágrenni þeirra. Hins vegar gegnir öðru máli um útselinn.

Ég bendi á að ef á að fækka slíkum dýrastofni með skipulögðum hætti mun það ekki gert með því að senda á svæðið óskipulagðan hóp skotmanna. Það mundi aldrei verða gert t.d. í sambandi við grenjavinnslu. Það dytti engum í hug, sem ætlaði að fækka ref á grenjum, að senda hóp manna til fjalls sem aðeins hefði skotleyfi upp á vasann. Þetta eru ráðnir menn af sveitarstjórnum sem kunna að fara með byssu og bera ábyrgð á sínum verkum.

Ég get ekki varist því að láta það koma fram að af viðtölum mínum við þá menn sem þarna þekkja best til, og m.a. sýslumenn við Breiðafjörð sem ég nefndi í ræðu minni um daginn, hef ég komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að bera fram brtt. við þetta frv. Hún er á þá leið að þessi friðunarlína, sem ég lýsti, er látin halda sér, en í seinni mgr. till., sem er á þskj. 817, er svo mælt, með leyfi forseta:

„Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá þessu ákvæði í samráði við landeigendur."

Þarna fær hæstv. ráðh. í hendur víðtæka heimild í samráði við veiðiréttareigendur, þá sem best eiga að þekkja til mála.

Ég hef nú mælt þessi fáu orð fyrir þessari brtt. minni. Ég vil ekki tefja málið eða orðlengja þetta meira. En að gefnu tilefni get ég vel lýst því yfir að ég gæti fallist á að kalla till. mína aftur til 3. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þetta frv. til l. um selveiðar er nú komið til 2. umr. eftir að hv. sjútvn. hefur haft það til skoðunar og skjótrar afgreiðslu, svo sem dagsetningar segja til um, og innan nefndarinnar virðist vera nokkurn veginn samstaða um að mæla með samþykkt þess þó að einn nefndarmaður skrifi undir með fyrirvara sem hann þó ekki hefur gert grein fyrir. Þessi nokkurn veginn samhljóða kór sjútvn. þessarar hv. deildar kemur okkur ekkert á óvart sem höfum fylgst með þessu máli á fyrri þingum. Þar hefur verið samstaða um þetta mál hjá flestum nefndarmanna, en einn nefndarmaður í sjútvn., hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson, hefur á fyrri þingum skilað séráliti varðandi þetta mál og mælt þar sterklega í mót í nál. sem fyrir liggja frá fyrri þingum. Hann er ekki hér á þingi nú heldur varamaður fyrir hans hönd þannig að hans viðhorf koma ekki fram við þessa umræðu hér. En eins og fram hefur komið eru þó margir hv. þm. hér í deild sem andmæla þessu frv. og raunar fleiri en var á hinu síðasta þingi sem sumpart stafaði af fjarveru manna þá tímabundið.

Það er nú svo að eftir að menn hafa haft mál til meðferðar á fyrri þingum og telja sig hafa skoðað það af gaumgæfni væntanlega er þess ekki svo mjög að vænta að það komi hér annað hljóð í strokkinn þegar málið kemur hingað í þriðja sinn. Þess er miklu frekar að vænta að menn hafi fest þær í ákveðnu fari og mér sýnist að hv. nefndarmenn í sjútvn. hafi nokkurn veginn lokað á þær röksemdir sem fram hafa komið við fyrri umræðu þessa máls, þeim mjög svo vel rökstuddu athugasemdum sem þar liggja fyrir, og standi við sitt fyrra álit. Þessu verður ekki breytt, álitið liggur hér fyrir, en hitt er auðvitað jafnósmekklegt af hálfu einstakra talsmanna nefndarinnar að bregða þeim sem hér ræða þetta mál um að taka fyrir sitt leyti ekki tillit til þeirra sjónarmiða, hvað þá þegar þeir bregða mönnum um að koma í veg fyrir að málið fái þinglega afgreiðslu. Það hefur áður komið fram að mál þetta kom ekki inn í þingið fyrr en um síðustu mánaðamót sem ætti náttúrlega eitt út af fyrir sig að vera nægilegt til þess að það fái að hvíla hið þriðja sinn þegar ráðherra þessara mála, eða réttara sagt sá ráðherra sem frv. leggur fram, sýnir ekki meiri áhuga á því að gefa þinginu eðlilegt ráðrúm til að fjalla um málið.

Ég ætla, herra forseti, að víkja í upphafi míns máls að fáeinum atriðum úr máli hæstv. sjútvrh. þó að hann sé ekki í þingsal, enda mun hann hafa þurft að sinna öðrum verkum nú um skeið og geri ég ekki athugasemd við það. En ég vil vegna samhengis nefna ein 2–3 atriði sem ég vil benda á úr hans málflutningi hér áðan við umræðuna, en tek það eftir aðstæðum upp við framhald þessarar umræðu eða 3. umr. ef fram fer um málið.

Hæstv. sjútvrh. færði það fram sem sérstök rök fyrir því að mál þetta eigi að falla undir sjútvrn. að selurinn sé sjávardýr. Hv. 1. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson hefur þegar tekið hæstv. sjútvrh. í smákennslustund að þessu leyti og þarf ég í rauninni þar engu við að bæta. Hann sýndi fram á að selurinn er bæði á sjó og landi og kæpir á landi. Á stundum hefur það verið látið ráða úrslitum í sambandi við flokkun dýra hvar upphaf þeirra sé. Þetta er stundum notað í sambandi við laxinn að telja hann ferskvatnsfisk. Þótt hann ali aldur sinn um skeið í sjó hrygnir hann í fersku vatni. Það hygg ég að hafi með öðru verið notað sem röksemd fyrir því að fella veiðar á laxi og meðferð á laxi undir landbúnaðarhagsmuni og landbrn. Með ósköp svipuðum rökum mætti því snúa þessu við sem hæstv. ráðh. er hér að halda fram. Hitt er þó gildari röksemd fyrir þeirri brtt. sem hv. 1. þm. Norðurl. leggur hér fram, að miðað við núverandi skipan ráðuneyta sé eðlilegt að landbrn. hafi yfirumsjón allra mála er selveiðar varða, að hagnýting á sel hefur frá alda öðli fallið í hlut bænda landsins og er svo enn og það eina sem kallar á að kveðja til sjávarútvegsaðila eru þeir þættir og það samhengi sem menn eru að gera skóna að sé til staðar á milli sela og sníkjuorma í fiski.

Annað atriði var það náttúrufræðilegs eðlis sem hæstv. sjútvrh. gataði allilla á í sínu máli og raunar var vakin athygli á af hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J.

Sigfússyni. Það var þegar hæstv. ráðh. ætlaði að upplýsa okkur hér í þingdeildinni um að ef ekki yrði gripið til takmarkana varðandi fjölgun sela muni stofninum fjölga um 6% á ári hverju. Það var ekkert annað. Og þó að hann eftir smáábendingu frá hv. 4. þm. Norðurl. e. drægi ögn í land varðandi þessa staðhæfingu sína var honum þó þarna full alvara og stendur eftir þessi sérkennilega staðhæfing hæstv. ráðh. um fjölgun á selnum og fer ég nú að skilja að honum stafi allnokkur ógn af skepnu þeirri sem hann sér vaxa um 6% árlega, kannske út í hið óendanlega, og fari nú að þrengjast um. (**ÓÞÞ:** Hvenær skyldi upphafið að þessum 6% hafa verið?) Það er nú spurningin líka. En þetta dæmi, sem hæstv. ráðh. kemur hér fram með og stenst ekki barnabókarlærdóminn, er býsna einkennandi fyrir málflutning manna hér í sambandi við selinn og ýmislegt náttúrufræðilegt samhengi sem menn ætla að tengja honum. Flest er þetta reist á brauðfótum þó að þessi staðhæfing hæstv. ráðh. taki steininn úr og er fyllilega maklegt að hún verði landsfleyg.

Hæstv. ráðh. vildi í máli sínu draga úr ugg þeirra sem hafa varað við að sjútvrn. yfirtaki þessi mál og var að gera því skóna að ef þetta frv. yrði að lögum mundi ráðuneytið, sem hann nú stýrir, sjá til þess að friður haldist utan við nytjuð sellátur á sama hátt og væru lög þessi ósett. Þetta er út af fyrir sig góðra gjalda vert, ef menn gerðu ráð fyrir því að ráðherrann og ráðuneytið væru í stakk búin til að standa við þessa fullyrðingu sína miðað við að haldið sé áfram þeim aðgerðum sem ráðuneytið hefur beitt sér fyrir og falið hringormanefnd að stýra. Ég hlýt að draga í efa að það sé í reynd á færi sjútvrn. að tryggja umrædda vernd, t.d. á Breiðafirði, sem hér er verið að gera ráð fyrir, og þarf áreiðanlega allnokkuð til að koma til að unnt sé að hindra þá skotveiði sem margir vænta að komi í kjölfarið á samþykkt þessa frv.

Varðandi ummæli hæstv. ráðh. um hlut ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens varðandi þetta mál ætti að vera tiltölulega skammt fyrir hann að leita upplýsinga hjá formanni Framsfl., fyrrv. hæstv. sjútvrh., nú forsrh., um það hvernig staðið hafi verið að málum í sambandi við undirbúning og framlagningu þessa frv. í lok ferils þeirrar ríkisstj. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur raunar þegar að því vikið í sínu máli og svarað því og ég þarf þar ekkert um að bæta.

Ég vil þá í framhaldi af þessu benda á það, sem varðar vinnubrögð hv. sjútvn. varðandi þetta mál, að hér er greint frá því að aðeins eitt erindi hafi borist nefndinni, sem var frá bráðabirgðastjórn Landssamtaka áhugamanna um selveiðar, en síðan bárust fleiri erindi. Það var ekki haft fyrir því af frsm. hv. nefndar að kynna þau erindi sem síðan hafa borist honum í hendur. Raunar var það svo að til nefndarinnar var sent svo mér er kunnugt erindi, áður en umræddur fundur var haldinn, stílað á sjútvn. og boðsent hingað í Alþingi, en skilaði sér aldrei inn á fund nefndarinnar vegna einhverrar slysni. Þetta erindi er bréf frá prófessor við Háskóla Íslands, sem ég vitnaði nokkuð til við 1. umr., frá prófessor Arnþóri Garðarssyni sem starfar við Líffræðistofnun Háskólans og er dýrafræðingur að mennt og kennir þau fræði við Háskólann. Sá ágæti prófessor fékk ákveðna kveðju úr ræðustól þingsins frá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni og ætla ég ekki að fara að endurtaka þau svigurmæli sem þá féllu í garð fjarstadds sérfræðings, en ég ætla hins vegar, herra forseti, með leyfi, að lesa þetta stutta erindi sem prófessor Arnþór Garðarsson sendi sjútvn. en ekki hefur verið til skila haldið. Það er dags. 7. apríl 1986 og fagna ég því sérstaklega að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er kominn í þingsal til að hlýða á þetta bréf.

„Efni: Frumvarp til laga um selveiðar við Ísland, 368. mál.

Undirritaður leyfir sér hér með að koma á framfæri við sjútvn. Nd. Alþingis nokkrum athugasemdum er varða frv. til l. um selveiðar. Frv. þetta felur í sér að öll málefni er selveiðar varða eru færð til sjútvrn. sem að vísu er gert að hafa samvinnu við landbrn. um framkvæmd, sbr. 3. gr., og auk þess samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Fiskifélagið og Búnaðarfélagið. Þetta meginatriði frv. gæti virst meinlaust en er að margra dómi til þess fallið að framlengja og löghelga ýmsar umdeildar aðgerðir svonefndrar hringormanefndar, sbr. hjálagða ritfregn (Náttúrufræðingurinn, 55. árg., bls. 46–48, 1985) um ritið „Selir og hringormar" sem Landvernd gaf út, en ritfregnin kom nýlega við sögu á Alþingi í umræðu um selveiðifrv. Það skal fúslega viðurkennt að ýmis atriði, sem þar er vakin athygli á og varða umhverfisvernd og starfsaðferðir, eru í eðli sínu huglæg og verður hver að meta þau fyrir sig.

Í upphafi ræðu sjútvrh., er hann flutti frv. til l. um selveiðar við Ísland í Nd. 2. apríl 1986, kom fram að tilgangur lagafrv. er að leysa hringormavandamálið, en hann segir orðrétt: „Hringormur er sífellt vaxandi vandi í sjávarútvegi og brýnt að þetta mál verði afgreitt hið fyrsta." Sú skoðun ýmissa alþm. að auknar selveiðar leiði til þess að minna verði um hringorm og jafnvel til þess að kaup fiskvinnslufólks hækki kemur og berlega fram í umræðum um frv. Því miður eru þessar hugmyndir ekki studdar neinum marktækum mælingum eða rannsóknum og þar að auki bendir ekkert til þess að þær fái staðist fræðilega."

Ég vek athygli á þessum ummælum prófessors Arnþórs Garðarssonar í bréfi frá 7. apríl 1986 eftir að hann hefur kynnt sér fyrst orð sem hér féllu hjá þm. við 1. umr. málsins. Og áfram segir prófessor Arnþór í þessu erindi til sjútvn.:

„Ég tel skylt að vekja athygli á því að líffræði hringorms og samband hans við hýsla sína (sem eru selir, þorskur og krabbadýr) er langt frá því að vera nægilega vel þekkt til þess að hægt sé að benda ákveðið á hagkvæmar, vistfræðilegar aðferðir til þess að draga úr hringormavandanum. Til þess að leysa þann vanda virðist miklu líklegra til árangurs að reyna að bæta aðferðir við að hreinsa orma úr fiski. Menn verða að gera sér ljóst að hér getur verið um kostnaðarsamar og tímafrekar undirstöðurannsóknir að ræða sem vinna þarf án óeðlilegs þrýstings hagsmunasamtaka. Full ástæða er til að vara við ómarkvissum aðgerðum, eins og svonefndri fækkun sela, sem hafa einungis kostnað í för með sér.

Virðingarfyllst,
Arnþór Garðarsson."

Þetta var erindi prófessors Arnþórs, stutt og skorinort og ótvírætt, ótvíræð skoðun sem hann þar lýsir, og tel ég rétt að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og fleiri,

þar á meðal hv. sjávarútvegsnefndarmenn, gaumgæfi þetta erindi og sjái sóma sinn í því helst að taka þetta sjónarmið prófessors Arnþórs fyrir á fundi í nefndinni því að það var komið hingað til Alþingis áður en fundurinn var haldinn þó að það hafi ekki borist inn á fund nefndarmanna vegna einhverra mistaka.

Ég vek líka athygli á að sjútvn. hefur á fyrri stigum aldrei haft fyrir því að leita álits Líffræðistofnunar Háskóla Íslands né heldur Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi þetta efni. Þar eru meira á hægra brjósti hagsmunaaðilar í fiskiðnaði svo sem sjá má af upptalningu þeirra sem veitt hafa álit að beiðni sjútvn. varðandi þetta mál á fyrri þingum.

Herra forseti. Ég hlýt að tengja þetta erindi frá prófessor Arnþóri Garðarssyni við það mál sem talsmaður sjútvn., hv. 5. þm. Norðurl. v., hafði hér yfir og hafði borist honum í hendur eftir að sjútvn. hélt fund 8. apríl s.l. frá Sambandi fiskvinnslustöðvanna. Það var talin ástæða til að lesa það mál hér upp og var sannarlega ekki vanþörf á að festa það í þingtíðindi svo dæmalaust sem það erindi er í margri grein.

Þegar ég fjallaði um þetta mál hér við 1. umr. eftir að hafa hlýtt á mál þeirra hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar og Guðmundar H. Garðarssonar lýsti ég því svo að það færi um mig ákveðinn hrollur við að heyra þann málflutning og mig mundi ekki undra þó að ég ætti eftir að heyra samhljóða samþykktir frá þessum hv. þm. og þeim hagsmunasamtökum sem þeir eru talsmenn fyrir utan veggja Alþingis eftir að hafa hlýtt á málflutning þeirra og þarf ekki að rekja það sem þar kom fram annað en minna á að þar var látið skína í væntingar um að hægt væri að hækka laun í fiskvinnslu í landinu um þriðjung, a.m.k. ¼, ef hægt væri að ná fram þeirri fækkun á sel sem þessir hv. þm. binda svo miklar vonir við til lausnar á hringormavandanum. Þá var mér ekki kunnugt um það, sem síðan hefur verið upplýst af talsmanni sjútvn., að hagsmunaaðilar hafa þegar gert sína samþykkt og sent áskorun til ríkisstjórnar landsins, sameinaðir, með undirskrift á sama blaði:

„Verkamannasamband Íslands, Samband fiskvinnslustöðvanna og Vinnumálasamband samvinnufélaganna“ — Ég les úr þessari stuttu áskorun hagsmunaaðila með leyfi forseta. — „skora á ríkisstjórn Íslands að hún beiti sér fyrir því að allra tiltækra ráða verði leitað til þess að draga úr því mikla tjóni sem selormur veldur í íslenskum sjávarútvegi og efnahagslífi landsmanna. Aukning á selormi í fiski veldur nú þegar gífurlegum kostnaðarauka í fiskvinnslunni og heldur niðri lífskjörum í landinu.

Reykjavík, 26. febr. 1986“

og síðan undirrita þetta f.h. Verkamannasambands Íslands m.a. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og f.h. Sambands fiskvinnslustöðvanna Ólafur B. Ólafsson, ef ég fæ rétt lesið, og f.h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna Árni Benediktsson. Hér vantar í kórinn Vinnuveitendasamband Íslands af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, nema Samband fiskvinnslustöðvanna tali fyrir það stórveldi í Garðastræti.

Og hvaða dagur er nú þessi 26. febrúar 1986? Jú, það var þegar undirritaðir voru kjarasamningar milli aðila vinnumarkaðarins, en af einhverjum ástæðum gleymdist að láta það fylgja hér inn á Alþingi og upplýsa þjóðina um leið og þetta var kynnt, a.m.k. fór það fram hjá mér, að þessi gagnmerka áskorun hefði verið samþykkt og undirrituð af aðilum þennan sama dag. Nú hefur því verið til haga haldið og er hér tengt áskorun til Alþingis af hálfu Sambands fiskvinnslustöðvanna, sérstakri áskorun, að frv. sem hér er til umræðu verði samþykkt. Það var ekki seinna vænna að koma þessu erindi á framfæri. Nú er ég alveg hættur að undrast þann samhljóm sem fram kom í ræðum þessara hv. þm. við 1. umr. málsins og á ég þá aðeins eftir að sjá hvernig þeir standa að málum í framhaldinu verði þetta frv. lögfest og það lagaskjól gefið til atlögu til fækkunar sela í landinu sem þessir hv. þm. eru sannfærðir um að leysi hringormavandann og blésu á allar efasemdir þar að lútandi í ræðum sínum við 1. umr. málsins. Það gefur að sjálfsögðu auga leið að menn sem eru búnir að finna sannleikann í þessum efnum með jafnótvíræðum hætti og þessir aðilar og hagsmunasamtök þeirra, sem þeir tala fyrir í áskorun til ríkisstj., munu að sjálfsögðu fylgja þessu efni eftir af öllu sínu afli verði þetta frv. að lögum. Þeir hafa séð fyrir því að við erum búnir að sjá inn í hugskot þeirra, einnig þessara hv. þm. við 1. umr. málsins, og þá gætu menn nú farið að biðja fyrir sér, þeir fáu sem lifa í Breiðafjarðareyjum, hæstv. félmrh., og ýmsir sem eru við strendur Breiðafjarðar og hafa fylgst með selnum þar á liðnum árum og öldum og hafa áhuga á því að nytja hann.

Ég vil segja það að sumum finnst e.t.v. að hér sé á ferðinni að öðrum þræði gamanmál eða umræða þar sem hægt sé að hafa mál í flimtingum, en hér er að mínu mati um alvörumál að ræða varðandi hættuna á mjög verulegum mistökum og ófarnaði og það er þess vegna sem ég mæli þessi orð úr ræðustóli Alþingis. Menn verða að taka mark á áskorunum af þessu tagi frá hagsmunaaðlum sem þegar eru búnir að brjóta sér leið með vissum hætti fram hjá lögum í rauninni með stofnun hringormanefndar og þeim tilburðum sem hún hefur haft uppi. En fái þeir lagaþakið og lendi í stól sjútvrh. einhver maður sem sé álíka sannfærður og þessir hv. þm. er ekki að spyrja að leikslokum. Við skulum virða fyrir okkur ákvæði 6. gr. laganna og þær ótvíræðu heimildir til sjútvrh. til að gefa fyrirmæli til fækkunar á sel ef honum býður svo við að horfa. Þrátt fyrir þá varnagla sem þar eru slegnir í öðrum greinum er það engin trygging. Það er reglugerðarheimild varðandi þessa grein. Hv. 4. þm. Suðurl. gat þess áðan að það væri gengið svo langt í 6. gr. að það þyrfti leyfi Náttúruverndarráðs til að veiða sel. Hvar? Hann gat þess. Á friðlýstum svæðum. Honum þótti ástæða til að geta þess sérstaklega hversu sanngjörn ákvæðin væru að það þyrfti meira að segja að spyrja Náttúruverndarráð og leita samþykkis þess til að fækka sel á friðlýstum svæðum. En skyldu þau nú vera svo ýkja mörg sem taka til selalátra í landinu, þau friðlýstu svæði?

Nú vil ég ítreka það, sem margoft hefur komið fram í mínu máli í umræðum um þetta efni, að ég hef sannarlega ekkert á móti því... Það er eðlilegt að hv. þm. reyni að fá sér aðeins í nefið ókeypis. Ég hef ekkert á móti því. (**GHG:** Við gerum það stundum nafnarnir.) Ég hef ekkert á móti því að menn snússi sig. (**GHG:** Heldur mönnum vakandi.) Ja, ekki veitir af að sá kærleikskornum á milli ofan í samþykktir og áskoranir. (**GHG:** Hefur áður verið gert.) Það hef ég trú á.

Ég hef ítrekað lýst því úr þessum ræðustól í umræðum um þetta efni að ég hef svo sannarlega ekkert á móti því

að leitast sé við að hafa stjórnun á selastofnum við Ísland og ég tel það vera eðlilegt markmið að halda selastofninum í vissu jafnvægi miðað við heildarhagsmuni. Ég mundi síst mæla gegn því að tengja þessi efni og umræður um þetta við hringormavandann að svo miklu leyti sem þekking leyfir mönnum að gera það, núverandi þekking á málum. En hérna eru menn beinlínis að ganga á mót skynsamlegri skipan þessara mála. Menn eru að hætta hér mjög miklu til. Menn eru að vinna að því að setja hér lög sem geta leitt til magnaðs ófriðar í landinu um þessi efni og beinlínis komið í veg fyrir að hægt sé að hafa með eðlilegum hætti stjórn á selastofnum við landið og ná fram ásættanlegum markmiðum í því efni. (**GHelg:** Hefur verið nógu vel stjórnað?) Selveiði við Ísland hefur kannske ekki verið stjórnað eins og æskilegast væri hin síðustu ár, m.a. vegna þess að það hefur orðið stórfelld breyting á markaðsaðstæðum, en ég held að þær breyttu aðstæður og það gauf sem hringormanefnd hefur staðið fyrir hafi þó í raun ekki leitt til þeirra breytinga á fjölda sela við Ísland sem hæstv. sjútvrh. var að láta að liggja, hvorki varðandi hin síðustu ár hvað þá þessi 6% fjölgun sem hann gerir ráð fyrir fram í óvissa framtíð að verði á selastofninum við landið. Það er sjálfsagt ein skýringin á þeirri ákefð að fá þessa lögfestingu hér að hæstv. sjútvrh. sér fyrir sér að selum fjölgi um 6% árlega.

Ég held að mjög skorti á einfaldar upplýsingar eins og það hvaða breyting hefur orðið í reynd á fjölda sela við Ísland hin síðustu ár. Hér var vitnað til orða breiðfirsks bónda úr Skáleyjum í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Ég hef af því spurnir úr mínu kjördæmi, af söndunum suðaustanlands, að þar hafi alls ekki verið um að ræða fjölgun á sel, sem hafi skilað sér þar í látur eða legið á söndum uppi, heldur þvert á móti t.d. á síðasta ári. Svona tiltölulega einföldum atriðum er ekki einu sinni haldið til haga í þessari umræðu og er ég þó ekki að segja að það liggi neitt óyggjandi fyrir til eða frá um þau efni. Og ég spyr hv. 5. þm. Norðurl. v.: Tekur hann ekkert mark á fræðimönnum sem eiga að þekkja til þessara mála og senda erindi til sjútvn. 7. apríl (**StG:** Þeir fá meiri vigt í frv. en þeir hafa haft.) og segja: Því miður eru þessar hugmyndir ekki studdar neinum marktækum mælingum eða rannsóknum og þar að auki bendir ekkert til þess að þær fái staðist fræðilega. Það hefur verið komið á framfæri við Alþingi margháttuðum aðvörunum fyrir utan þetta álit fræðimanns sem ég hef kynnt hér, manns sem ég veit að hefur ekkert á móti því að leitast sé við að hafa stjórn á dýrastofnum, síður en svo, og get ég vitnað til ýmissa ummæla og álitsgerða sem frá honum hafa komið, t.d. varðandi rjúpnastofninn í landinu, það umdeilda mál.

Við höfum fengið hér, herra forseti, álitsgerð frá hlunnindaráðunauti Búnaðarfélags Íslands, Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur, og þó að hv. 5. þm. Norðurl. v., frsm. sjútvn., hafi getið um að það hafi borist nefndinni og hún komið á fund nefndarinnar, það mun reyndar hafa verið svo að hún kom á fund nefndarinnar en síðan er dagsett degi seinna skriflegt álit sem hér hefur borist og ég vil vegna samhengis í þessari umræðu... (**StG:** Það er ekki rétt. Hún afhenti bréfið á fundinum.) Já, þá er það leiðrétt. — Ég vil vegna samhengis í þessa umræðu leyfa mér að lesa þetta bréf, sem ekki er langt, yfir þannig að það liggi hér fyrir, með leyfi forseta:

„Til hv. alþingismanna, Alþingishúsinu við Austurvöll, 101 Reykjavík. Málefni: Frv. til laga um selveiðar við Ísland.

Þann 24. mars s.l. var frv. til l. um selveiðar lagt á ný fram á Alþingi. Frv. þetta er nú lagt fram í þriðja sinn og er lítið breytt frá því á vordögum 1985 er það var síðast lagt fram. Í umræðu þeirri sem snúist hefur um frv. hefur meira verið rætt um sum ákvæði frv. en önnur. Skal sú umræða ekki tíunduð hér, en látið nægja að benda á ályktun Búnaðarþings frá 1984 á meðfylgjandi skjali. Hins vegar virðist undirritaðri nokkur ákvæði frv. ekki hafa hlotið næga umfjöllun í fyrri umræðum og vill því benda á eftirfarandi atriði:

Réttur landeiganda til látra sinna er með elstu ákvæðum íslenskra laga. Í tilskipun um veiði á Íslandi frá 1849, 15. gr., sem enn er í gildi, er ákvæði um friðlýsingu og friðhelgi látra og bann við selaskotum. Í ákvæði þessu nær bann við skotveiðum hálfa danska mílu út frá látrum eða 3,7 km. Þetta bann er ítrekað árið 1855 þegar með konungsbréfi öll skotveiði er bönnuð á Breiðafjarðarsvæðinu. Bann við skotveiðum er síðan lögfest árið 1925 og eru þau lög enn í gildi.

Ástæður fyrrgreindra ákvæða eru öllum augljósar er til þekkja. Selur í látrum er mjög viðkvæmur fyrir utanaðkomandi truflunum. Skotsvæði í nálægð látra hrekur selinn úr látri og hefur í för með sér eyðileggingu þeirra þar eð hann í mörgum tilvikum snýr ekki aftur.

Í frv. því sem nú liggur fyrir Alþingi er friðhelgi látra skert verulega með því að færa friðhelgina úr hálfri danskri mílu eða 3,7 km í 115 metra (netalögn). Ljóst má vera þeim, er um málið hugsa, að með skerðingu þessari er réttur landeigenda til látra sinna í raun að engu gerður. Með 2. málsgr. 4. gr. frv. til laga um selveiðar við Ísland er í reynd verið að taka selveiðihlunnindi frá landeigendum.

Undirrituð bendir á að selveiðihlunnindi sem og önnur hlunnindi eru tekin með í fasteignamati og skattskyld. Selveiðihlunnindi eru því samkvæmt lögum verðmæti og eign landeigenda. Bent skal sérstaklega á dóm Hæstaréttar frá 17. nóv. 1967 þar sem selveiðinytjar eru talin eign sem varin er af 67. gr. stjórnarskrárinnar. Með skerðingarákvæðum 4. gr. frv. til laga um selveiðar við Ísland er því í raun gengið á eignarrétt landeigenda á selveiðinytjum sínum.

Í lögum um lax- og silungsveiði (Stjórnartíðindi 76 1970) er að finna ákvæði (85. gr.) um að fullar bætur skuli koma fyrir þegar vegna hagsmunaárekstra bændur missi selveiðinytjar sínar. Friðlýsing látra (skv. 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849) er ekki talin nauðsynleg til að til bóta komi (skv. fyrrnefndum dóm Hæstaréttar frá 17. nóv. 1967).

Á undanförnum árum hafa fjölmargir bændur og landeigendur mátt líða skerðingu og jafnvel fullan missi selveiðihlunninda sinna vegna hagsmunaárekstra við sjávarútveginn án þess að fá nokkrar bætur fyrir. Í frv. til laga um selveiðar við Ísland eru engin ákvæði um bótagreiðslur til landeiganda vegna missis selveiðinytja sem orsakast af hagsmunaárekstrum við sjávarútveginn. Með hliðsjón af 85. gr. laga um lax- og silungsveiði (Stjórnartíðindi 76/1970) verður að teljast eðlilegt og sanngjarnt að slíkt ákvæði væri að finna í framangreindu frv.

Á undanförnum mánuðum hefur mjög verið þrengt

að bændum og eiga margir hverjir í vök að verjast við að halda búum sínum og búsetu. Hlunnindi ýmiss konar skipta því bændur mun meira máli nú en verið hefur og hefur áhugi þeirra á nýtingu hlunninda sinna aukist verulega á undanförnum mánuðum. Selskinn hafa ekki verið í háu verði á undanförnum árum, en ýmislegt bendir nú til að það sé að breytast og markaðir að opnast á ný. Með þau verðmæti í huga, sem lágu og geta legið í hefðbundnum nytjum af sel, er enn mikilvægara að halda rétt og skynsamlega á málum. Með skerðingarákvæðum um rétt landeigenda til látra sinna er mikil hætta á að landeigendur missi sín selveiðihlunnindi í hendur utanaðkomandi skotmanna sem hvorki hafa til að bera áhuga né þekkingu á verkun skinnanna.

Á undanförnum tveimur árum hefur verið bent á fjölmörg atriði í frv. til laga um selveiðar við Ísland er betur mættu fara. Hér að framan hefur verið bent á enn eitt atriði sem að dómi undirritaðrar hefur ekki komið nógu skýrt fram áður. Nauðsynlegt er að koma á heildarlöggjöf um sel og selveiðar sem og aðrar veiðar á Íslandi. Hins vegar verður ekki séð að frv. það sem hér er fjallað um leysi meiri vanda en það skapar, svo marga vankanta sem á því er að finna. Staldra verður við og bæta úr áður en lengra er haldið.

Undirrituð vonast til að hv. alþm. taki framangreind atriði til athugunar og hafi þau í huga við umfjöllun og afgreiðslu frv. til laga um selveiðar við Ísland.

Virðingarfyllst,
Anna Guðrún Þórhallsdóttir
hlunnindaráðunautur."

Þetta er það erindi sem hún hefur komið á framfæri við hv. alþm. og því fylgir ályktun Búnaðarþings frá 1984 svo og uppkast að lögum samtaka áhugamanna um selveiðihlunnindi. Þeir áhugamenn um selveiðihlunnindi sem þar er vitnað til hafa verið að undirbúa samtök og haldinn var stofnfundur þeirra í nóvember 1985, en fyrirhugað mun vera að stofna samtök þessi formlega um næstu helgi ef ég er rétt upplýstur um þau efni.

Það var kosin bráðabirgðastjórn þessara samtaka í nóvember og gert ráð fyrir að stofnfundur verði haldinn fyrir vetrarlok og það mun einmitt vera um komandi helgi sem þessi samtök halda sinn stofnfund. Erindi þessara samtaka hefur verið sent alþm. öllum að ég hygg, a.m.k. hefur það borist mér í hendur, og þar er að finna mjög sterkar viðvaranir við því frv. sem hér er til umræðu. Ég ætla ekki að taka tíma hér til þess... **(GHelg:** Frá hverjum, má ég heyra?) Þetta er frá landssamtökum áhugamanna um selveiðihlunnindi. Ég vil aðeins lesa niðurlag þessa bréfs, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Við viljum eindregið andmæla allri viðleitni til að taka selveiðina úr höndum bænda og að afnema verndun selalátra sem ástæðulausu gerræði og þjóðhagslega neikvæðu. Að lokum skal hér áréttað", segir í þessu erindi sem er dagsett 4. apríl 1986, „að full þörf er á lögum um sel og selveiðar sem séu skýrari en þau sundurleitu ákvæði sem í gildi eru. Hins vegar teljum við alls ekki hafa nógu vel til tekist með því umdeilda frv. sem fyrir liggur og því megi ekki gera það að lögum. Vinna þarf þetta mál að nýju frá grunni og taka þá fullt tillit til staðreynda sem dregnar hafa verið fram í umfjöllun um selamálið að undanförnu."

Þetta segir í erindi frá áhugasamtökunum sem draga fram ýmis atriði, sum svipaðs eðlis og hlunnindaráðunautur Búnaðarfélags Íslands svo sem eðlilegt er, og taldi ég nauðsynlegt að vekja athygli manna á þessum erindum og hefði verið ástæða til þess fyrir hv. sjútvn. að gaumgæfa þessi erindi og önnur varnaðarorð sem fallið hafa um þetta mál. Því miður er því ekki að heilsa, eins og sjá má af áliti nefndarinnar.

Hér liggja fyrir tvær brtt. við þetta mál. Önnur er frá hv. 1. þm. Norðurl. v. og er hún raunar í nokkrum tölusettum liðum. Ég er samþykkur þeim till. sem þar koma fram svo langt sem þær ná, svo og þeirri brtt. sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur lagt fram og mælt hér fyrir. Ég tel hins vegar að jafnvel að þeim breytingum samþykktum séu svo miklir ágallar á þessu máli öllu og málatilbúnaði að ég mundi hika við að gjalda þessu frv. jáyrði þó svo að þessar breytingar yrðu á því gerðar þó ég viðurkenni að þær væru báðar til bóta.

Ég vænti þess að enn sé færi á því að hv. þingdeild átti sig á því í hvern ófarnað stefnir með samþykkt þessa frv. sem nú er knúið á um undir lok á störfum þessa þings. Og ég vænti þess að hv. þingdeildarmenn að meiri hluta nái áttum í þessu máli og komi í veg fyrir að þessi löggjöf verði samþykkt í því formi sem þetta frv. hér liggur fyrir. Ég tel nauðsynlegt, eins og fram hefur komið, og einnig frá fleiri ræðumönnum um þetta mál hér, að endurskoða þessi efni frá grunni með það fyrir augum að ná viðunandi stjórnun varðandi selveiðar við landið og þeirri verndun sem æskileg er í tengslum við stjórnun á selveiðum og vinna þannig að málinu að líklegt sé að um það geti tekist sæmilegur friður svo sem nauðsynlegt er í máli sem þessu. En menn skulu hugsa sér hvernig mál geta þróast ef fram verður gengið með þeim hætti sem sumir þeir sem rætt hafa þetta mál hér hafa látið í skína að nauðsynlegt væri. Ég ætla ekki að þessu sinni að draga þá mynd skýrar upp en fram hefur komið, en taldi nauðsynlegt við 2. umr. að rifja upp nokkur atriði varðandi þetta mál og alveg sérstaklega draga þar inn nýja þætti sem borist hafa til þm. varðandi málið og sumir hverjir hafa ekki náð til sjútvn. áður en hún lauk sínu starfi.

Það er enn þá færi á að ræða þetta mál. M.a. geri ég ráð fyrir að þurfa að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. síðar við umræðu um þetta hér í deildinni þar eð hann gat ekki verið viðstaddur ræðu mína. Ég sá ekki ástæðu til að gera kröfu til þess að hann væri hér við að þessu sinni, svo sem eðlilegt er við mál sem þetta, vegna þess að færi er á því að ræða um þetta mál hér frekar.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér sérstaklega að taka til máls við þessa umræðu. Ég hafði komið afstöðu minni á framfæri við 1. umr. málsins í þessari hv. deild og sú afstaða mín stendur enn óhögguð. Sú skoðun sem ég setti þar fram og þau rök sem ég færði fyrir henni tel ég að ekki hafi verið svarað, ekki á þann hátt sem eðlilegt er að rökræða mál, með rökum og gagnrökum. Ég kæri mig kollóttan, herra forseti, um það þó að einhverjir hv. ræðumenn vilji leggja þessu máli lið með því að koma hér í ræðustólinn og kalla alla gagnrýni, sem höfð er í frammi, bull og vitleysu. Það er í raun mjög létt að taka slíkri gagnrýni ef gagnrýni skyldi kalla. Ég tel mig hafa rætt málið með rökum. Ég hef leitast við að færa fyrir

því ákveðin rök að hér væru mál ekki öll nógu vel grunduð og ég hlusta ekki á annan málflutning gegn því en gagnrök sem geta kallast því nafni. Ég vil taka fram, vegna þess að hæstv. sjútvrh. gekk í salinn, að ég á ekki við orð hans hér, fremur orð annarra manna sem hafa stimplað allar athugasemdir og alla gagnrýni sem bull og vitleysu. Slíkt læt ég mér í léttu rúmi liggja, herra forseti.

Ég vil taka það fram, til að menn velkist ekki í vafa um þá afstöðu mína vegna þess að mér hefur fundist gæta misskilnings í máli einstakra hv. ræðumanna, að mín afstaða gagnvart nýtingu á þessari dýrategund er auðvitað sú að við eigum að nýta hana eftir því sem skynsamlegt er og fært er eins og aðrar tegundir og nýta okkur afraksturinn af þessari auðlind, ef svo má að orði komast. Það hefur verið og er *mín* afstaða og þarf enginn að velkjast neitt í vafa um hana. Menn ráða því svo hvort það heitir í þeirra munni að vera sérstakur selafriðunarmaður eða ekki. Ég hef alist upp við það að nýta sel og ég hef sjálfur skotið sel og lít á hann sem eina tegund dýraríkisins sem við hér á Íslandi nýtum og hef enga sérstaka tilfinningasemi í sambandi við það. En ég tel að við eigum að gera það af skynsemi, eins og ætíð þegar við umgöngumst lifandi auðlindir, og við höfum engan rétt til þess að ganga þannig um slíkar auðlindir að óathuguðu máli eða illa athuguðu máli að við stefnum jafnvægi vistkerfanna í kringum okkur í hættu. Við höfum fyrir okkur ótalmörg dæmi um mistök sem menn hafa gert, kannske í góðri trú en af lítilli þekkingu, og til þess eru vítin að varast þau.

Hér kom fram hjá einum hv. ræðumanni, sem á undan mér hefur talað við þessa umræðu, hv. 4. þm. Suðurl., að allir þeir sem gagnrýnt hafa þetta mál hafi saman vandlega þagað yfir öllum staðreyndum málsins. Það er að vísu sú tegund umfjöllunar sem ég tel ekki svaraverða í svona umræðum. Ég vil þó vekja athygli á því, herra forseti, til að það komi fram í umræðunum að ég hef lesið yfir 1. umr. um þetta frv. í þessari hv. deild og svo merkilegt er það nú að það er aðeins einn ræðumaður í þeirri umræðu sem vekur sérstaklega í máli sínu athygli á ákveðinni fræðilegri staðreynd sem liggur fyrir og við er að styðjast í þessari umfjöllun, sem sagt þeirri að selurinn, ákveðnar tegundir sela sérstaklega, sé sannanlega lokahýsill fyrir ákveðnar tegundir hringorma. Mér virðist svo eftir fljótaskriftaryfirlestur á allri þessari umræðu að einungis einn þm. hafi komið þessu að í umræðunni — og hver var hann? Jú, það var sá sem hér talar. Ekki stemmir það nú, hv. 4. þm. Suðurl., að við höfum sérstaklega verið að reyna að stinga undan öllum staðreyndum málsins í okkar málflutningi. Mér leiðast heldur slík ummæli þegar það liggur fyrir á prenti t.d. í þessu tilfelli og geta menn þá flett upp á þingtíðindum líðandi þings eðlilega, dálki 3428, og þar gefur að lesa, með leyfi þínu, herra forseti, (**GSig:** Þetta var nú sagt í fyrra og hitteðfyrra. Þetta eru ekki nýjar fréttir.) eftirfarandi:

„Þó að það liggi fyrir að ákveðnar tegundir sela geti verið lokahýsill fyrir stóran hringorm o.s.frv."

Þessu kom ég þarna að og ítrekaði reyndar í seinni ræðu minni við þessa umræðu. Ég tel mig því saklausan af því að hafa sérstaklega stungið undan þeim þó fræðilega grunni sem á er að byggja í þessu máli, en hann er veikur og það hef ég fjallað um. Þetta er, eins og ég hef margoft sagt og skal segja einu sinni enn, ein af þeim staðreyndum sem við höfum út frá að ganga. En hún dugar okkur skammt, því miður, herra forseti, ein og sér og við þyrftum að vita svo miklu, miklu meira.

Ég hef á þeim dögum sem liðið hafa síðan við áttum umræðu um þetta, herra forseti, reynt að kynna mér þessi mál ofurlítið nánar, m.a. með aðstoð hæstv. sjútvrh. sem lét mér í hendur greinarkorn sem ég hef lesið. Þar kemur það vissulega fram, eins og ég hef reyndar viðurkennt, að það lítur út fyrir að vera samband á milli selafjölda og hringormatíðni í fiski. Hæstv. sjútvrh. sagði sjálfur nokkurn veginn óbreyttum orðum, ef ég má leyfa mér að reyna að vitna í það, herra forseti, að allar vísbendingar bentu til þess að þarna væri um ákveðið samband að ræða. Þetta er auðvitað alveg rétt. Ég mundi kannske ekki segja allar vísbendingar, en það er vísindalega rökstutt af mörgum fræðimönnum, sem kynnt hafa sér þessi mál, við Kanada, Bretlandseyjar, Ísland og víðar, að þarna virðist vera um samband að ræða. Það er auðvitað gott og blessað, menn eru þá komnir það áleiðis, en það dugar okkur líka skammt, herra forseti, því miður. Og við þyrftum að vita miklu, miklu meira. Við þyrftum að vita hvernig þetta samband er, hvers eðlis það er, hvernig því er háttað, hvaða tegundir eru þar á ferðinni, bæði tegundir sela og tegundir hringorms, og einnig þyrftum við að vita og kannske fyrst og fremst um eðli þessa sambands, magnbundið, og eðliseiginleika sambandsins.

Það vita menn almennt í náttúrufræðinni að samspil tegunda og samskipti tegunda eru flókin og margverkandi. Þau verka yfirleitt í báðar áttir. Hæstv. sjútvrh. áttar sig væntanlega á því að einni tegund í vistkerfinu getur ekki fjölgað um 6% á ári endalaust. Það hlýtur að vera bæði upphaf og endir á slíkum sveiflum. Þær eru háðar svo mörgu öðru í umhverfinu. Eins er með samspil annarra tegunda, eins og fiska, hringorms og sels. Þar er líka um flókið samband að ræða þar sem magnstærðir geta ekki verið jafneinfaldar og það að einni tegundinni fjölgi indefinitum um 6% á ári. Þannig verka einfaldlega ekki lögmál líkerfanna.

Herra forseti. Það er ekki meining mín að halda hér uppi miklu málrófi um þetta og á því hef ég lítinn áhuga. Ég vil að sjálfsögðu að þetta mál fái sína þinglegu meðferð eins og önnur þingmál eiga að gera að undangenginni þeirri umræðu sem nauðsynleg er og upplýsandi getur talist í málinu. Slíkt á að vera okkar góða þinglega venja. Þess vegna ætla ég ekki að lengja mikið mál mitt. Ég tel að ég hafi komið minni afstöðu á framfæri. Eins og ég hef sagt hef ég ekki heyrt þau gagnrök andstæðra skoðana að það hafi breytt miklu hjá mér og þess vegna stend ég enn við þær athugasemdir og þá gagnrýni sem ég hef haft fram að færa.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um selveiðar við Ísland. Það fyrsta sem hefur valdið ágreiningi í þessu frv. er að selveiðar eru færðar frá landbrn. til sjútvrn. Það er upplýst að selurinn syndir í sjónum og hygg ég að það þyki engum tíðindi sem hér eru að frá því sé sagt, en engu að síður er hann kenndur við landið og kallaður landselur og útselur. Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki hvers vegna það er ekki hægt að hafa þetta undir landbrn. og

hef áður lýst yfir andstöðu minni við þann þátt þessara mála.

Hitt atriðið, sem ég vil vekja athygli á, er að alþm. er ætlað að virða stjórnarskrána. Þeim er ætlað að virða stjórnarskrána. Þeir eru látnir vinna eið að því að þeir vísvitandi brjóti ekki stjórnarskrána.

Nú er það svo að eignarrétturinn er friðhelgur í stjórnarskránni og aðeins heimilt að taka eign af manni með lögum þegar almannaheill krefur, enda komi þá fullar bætur til. Þetta vissu þeir mætu þm. sem sömdu lögin sem fjalla um útrýmingu á sel í Húnaósi. Með leyfi forseta vil ég lesa orðrétt þessi lög. Lögin eru frá 1937, Lög um útrýmingu sels í Húnaósi:

„1. gr. Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma sel úr Húnaósi. Ræður stjórn félagsins mann eða menn til starfans.

2. gr. Presturinn í Steinnesi fái bætur fyrir missi heimatekna vegna selveiði í Húnaósi. Ríkissjóður greiðir bæturnar eins og þær eru metnar."

Þarna var sú þekking til staðar á stjórnarskránni að það hvarflaði ekki að þeim að hægt væri að taka hlunnindi jarða sem eru metnar í fasteignamati, þar með komnar inn í eignarskatt manna og skattlagðar af hinu háa Alþingi, að hægt væri að taka slík hlunnindi af með almennum lögum án þess að bæta fyrir það.

Þá vil ég vekja athygli á að í 8. gr. er gert ráð fyrir að fella úr gildi lög nr. 30 frá 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, og lög nr. 29 13. júní 1937, um útrýmingu sels í Húnaósi sem áður var getið. Ég hygg að um leið og menn fella úr gildi lögin frá 1925 sé rétt að átta sig á því að ástæðan fyrir því að þessi lög voru sett um selaskot á Breiðafirði hefur vafalaust tengst því að þar er einnig æðarvarp á firðinum og í lögum um æðarvarp stendur að frá 15. apríl til 14. júlí eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Netalögn frá æðarvarpi er bönnuð í allt að 250 metra fjarlægð frá æðarvarpi.

Svo kemur það merkilega að bændur einir virðast hafa lesið frv. yfir en ekki þeir sem voru í nefndinni og það er slæmt því að nú vil ég biðja formann nefndarinnar og hv. 4. þm. Suðurl. að gera mér þann greiða að fletta upp í lögunum og finna út um hvað 16. gr. fjallar í tilskipun frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi. Um hvað skyldi þessi grein nú fjalla? Hún fjallar um vöðuselinn. Og mér er ekki grunlaust um það að hér hafi orðið prentvilla. (**GSig:** En hvað segir 15. gr.?) 15. gr. á að vera í fullu gildi áfram, en 16. gr., sem felld er úr gildi, er heimildargreinin til þess að hægt sé á Breiðafirði með leyfi sýslumanns að stunda netalagnir í annars manns landi og greiða hæfilega þóknun fyrir. Hvers vegna er ekki skynsamlegt að hafa þessa grein inni áfram? Hvað er það sem kemur í veg fyrir að ef einhver bóndi ekki nytjar sín hlunnindi geti veiðimaður við Breiðafjörð með heimild sýslumanns haft þar netalagnir og fengið mat á hvaða leigu hann eigi að greiða fyrir að nýta selinn? Ég vil, með leyfi forseta, lesa þessa grein. Greinin er á bls. 285 í lagasafninu og hljóðar svo:

„16. gr. Vöðuseli og annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum, hvar sem hann vill, og þó ekki nær annars manns landi en hundrað faðma tólfrætt frá stórstraumsfjörumáli þar sem nótlög eru né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en áður segir.

Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns, þá skal hann semja þar um við þann, er veiði á, og stendur það. En ef hann synjar veiðarinnar, og sýnist óvilhöllum mönnum að hann hefði getað leyft sér að skaðlausu, eða nóteiganda þykir eigandi veiðarinnar selja of dýrt leyfi sitt, skal nóteigandi leita sýslumanns og skal hann bjóða þeim, sem veiði á, að leyfa nótlögin og nefna til menn og kveða á leiguna.

Nú leggur maður nót fyrir farsel í nótlögum annars manns og hefir ekki til leyfi þess, er veiði á, eða aðra heimild, þá veiðir hann honum. Með ábyrgð hans og upptöku nótanna skal fara eftir fyrirmælum 12. gr.

Skutulveiði er heimil hvar sem stendur, nema þar er látur eru eða nótlög. Þar sem menn eru að skutulveiði má eigi skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn; en ef nokkur gjörir það, gjaldi 5 rbd. fyrir hvert skot." — Þetta er skammstöfun. (**GSig:** Ríkisbankadalir.) Mér er ekki ljóst hvort hægt er að greiða þá nú á dögum jafnvel þótt menn væru sektaðir.

Það er þess vegna misskilningur hjá hv. 5. þm. Austurl. að það sé búið að nema úr gildi að ekki sé heimilt að skjóta í nágrenni við látur. Sú grein er í fullu gildi, það er nefnilega 15. gr., og skv. henni má ekki skjóta nær selalátrum en hálfa mílu danska sem hann fullyrti hér áðan að væru 3,7 km. Mér er hreinlega ekki ljóst hvort þeir sem sömdu þetta frv. hafa ruglast á greinum í þessari dönsku konungstilskipun og hvort þeir hafi ætlað að ráðast á 15. gr. eða hvort þeim hafi verið svo í nöp við vöðuseli eða farseli sem kemur fram í því að þeir telja að það eigi að nema 16. gr. úr gildi. Hún fjallar fyrst og fremst um heimild til veiði. Hin aftur á móti er friðunargrein. Það má vel vera að svo sé, að þeir hafi ætlað að hafa þetta eins og er talað um, og þá er það misskilningur hjá hv. 5. þm. Austurl. að það sé búið að nema úr gildi þann friðunarrétt sem áskilinn er í lögum við selalátur og þýðir að óheimilt er að skjóta nær selalátrum en 3,7 km.

Hitt atriðið, sem ég vildi vekja athygli á og ég hef áður rætt hér um, er það að ég er nokkurn veginn sammála hv. 4. þm. Suðurl. um hvernig eigi að fara að því að veiða selinn. Auðvitað er langvitlegast að veiða selinn ef hann er spakur. Það er miklu minni vinna en fæla hann fyrst með skotvopnum. Gallinn við þetta er aftur á móti sá að frv. gerir alls ekkert ráð fyrir að það verði farið eftir leikreglum hv. 4. þm. Suðurl. um veiðiaðferðir. Frv. gerir ráð fyrir að menn fái að skjóta inn um allan Breiðafjörð, inn um allt lífríki Breiðafjarðar. Og þá vaknar þessi stóra spurning: Haldið þið að það sé auðvelt, ef óheimilt er að skjóta nær æðarvarpi en í tveggja km fjarlægð og óheimilt er að skjóta nær selalátrum en í 3,7 km fjarlægð, að vera yfirvald á þessu svæði, úrskurða nákvæmlega að ekki hafi verið brotið þegar skotið var úr byssu á þessu svæði? Ég hygg að allir þm. hér inni viti að það er dálítið til af eyjum á Breiðafirði. Það hefur í það minnsta ekki verið svo slæmt ástand með landafræðiþekkingu Íslendinga til þessa að þeir gerðu sér ekki grein fyrir því. Við það bætist að þetta miðar allt út frá stórstraumsfjöru þannig að það getur verið hægara sagt en gert að átta sig á því hjá manni, sem fer inn á þetta svæði og ætlar að fara að skjóta sel, hvort hann sé í löglegri fjarlægð eða ekki frá friðuðum stöðum. Þetta er ástæðan fyrir því að til þess að hægt væri að halda og virða önnur lög sem í gildi eru þótti mönnum einsýnt að það væri skynsamlegast að loka Breiðafirði fyrir selaskotum.

Ég hef mátt þola það hér að menn hafa hvað eftir annað fullyrt að ef menn ekki vildu samþykkja þetta frv. án nokkurra breytinga væru þeir selafriðunarmenn. Hv. 4. þm. Suðurl. hefur getið þess að hann hafi verið á skipum úti á Halamiðum og ég rengi það ekki. Ég hef skotið sel og fleiri en einn og fleiri en tvo. Mér er ókunnugt um hvort hv. 4. þm. Suðurl. hefur yfir höfuð skotið sel. Hann er kannske selafriðunarmaður og vill ekki standa í því að skjóta seli. Það er ekki ágreiningsefnið hvort það eigi að stunda selveiðar við landið eða ekki. Ágreiningsefnið er aðeins það í fyrsta lagi: Menn vilja að þetta heyri undir landbrn. eins og það hefur gert allt til þessa. Í annan stað: Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar verði virt. Í þriðja stað: Það verði staðið að því að halda selastofninum í ákveðinni stærð, ekki útrýma honum. Ég vona að allir hér inni séu þeirrar skoðunar að það eigi ekki að útrýma öllum sel við Ísland. Menn vilja halda honum í hæfilegri stærð og menn greinir á um hvernig skynsamlegast sé að fara að því að halda honum í hæfilegri stærð.

Ég er sannfærður um að með því að hagnýta sér 16. gr. í lögunum frá 1849 um tilskipanir á veiðum á Íslandi er hægt að veiða sel inn um allan Breiðafjörð með skynsamlegustu aðferð sem hægt er að nota.

Herra forseti. Mér er ljóst að stundum þróast mál á þann veg að menn gerast algerlega rökheldir. Það er ekki á dagskrá að menn hefji á ný hugsun um ákveðið mál. Þeir telja sig vera búna að finna þar allan sannleika og þeir ætla ekki að fara að hugsa málið upp á nýtt, enda getur það verið þreytandi að þurfa að standa í því að hugsa. Og því skyldu menn vera að leggja á sig slíkt erfiði? Ég verð aftur á móti að segja það eins og er að sú skotgleði sem lýsir sér í hugmyndum um hvernig menn virðast ætla að standa að þessu verki er ekki að mínu skapi og ég treysti mér ekki til að bera ábyrgð á þessari lagasetningu.

Það er hárrétt að hringormur veldur okkur miklum búsifjum í þorski og öðrum fiski og við þurfum að komast fyrir rætur þess vanda. Vissulega er sannað að þar á selurinn hlut að máli. Hvort hann er eini sökudólgurinn er aftur á móti ósannað. Ég hygg aftur á móti að það hefði fyrir löngu verið hægt að koma málum í gegnum Alþingi Íslendinga sem tækju á þeim þætti að halda selastofninum í hæfilegri stærð. Það held ég að sé ágreiningslaust. En það er bara ekki það sem menn hafa viljað. Menn hafa óskað hér eftir heimildum sem eru svo rúmar að það er hægt að skjóta hvern einasta sel við strendur landsins ef menn telja að það sé nauðsynlegt. Og ef menn ætla ekki að hagnýta sér þessar heimidir, hvers vegna óska þeir þá eftir þeim svo rúmum?

Það er borið á okkur, sem tölum gegn þessu máli, að við tölum í einhverjum æsingi, einhverjum tilfinningahita. Ég vil alls ekki kannast við það. Ég hef reynt eins og ég hef getað að vera málefnalegur í minni umræðu. Ég hef forðast það að haga þannig máli mínu að ég hleypti mönnum hér í salnum upp eða yrði þess valdandi að þeir teldu sig þurfa að bera af sér sakir. En ég skil ekki hvers vegna menn, á þeim tímum þegar almennt er viðurkennt að menn vilja hafa hemil á dýrastofnum en ekki eyða þeim, óska þá eftir miklu rýmri heimildum en þeir ætla sér að nota ef tilgangurinn er aðeins að viðhalda ákveðnum stofni. Hitt vekur einnig undrun mína hvers vegna þeir telja að meira en aldargömul reynsla á því hvernig vitlegast er að standa að selveiðum á Breiðafirði sé ónothæf í dag og hvers vegna þeir vilja standa þannig að þessu að það er ekki aðeins hætta á því að hlunnindin varðandi selinn verði þar að engu, heldur má búast við því að æðarvarp geti orðið fyrir verulegum skaða vegna vinnubragðanna. Mér er þetta nánast óskiljanlegt og ég segi það eins og er að ég vona að þeir aðilar sem hafa ákveðið að breyta lögum á þennan hátt þurfi ekki að standa frammi fyrir því að þeir iðrist vegna þess að þegar þeir sjá hverjar afleiðingarnar verða finnist þeim að þeir hafi gert mistök sem erfitt sé að bæta fyrir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklum tíma. Ég ætla hvorki að vera langorð né skemmtileg eins og menn hafa skipst á um að vera hér í dag. Hins vegar tel ég fulla ástæðu til þess að einn þm. sem ekki á sæti í hv. sjútvn. láti sig þetta mál einhverju skipta. Því hef ég hlýtt af áhuga á allar umræður um þetta mál, kom að því nokkuð fordómalaus og ákveðin í að taka afstöðu eftir því sem mér sýndist vera skynsamlegt.

Þegar menn standa frammi fyrir slíku máli og eru ekki sérfræðingar í málinu á nokkurn hátt hlýtur sú spurning oft að vakna: Um hvað snýst þetta mál? Og ég er ekki alveg viss um eftir allar þessar umræður að ég geti fullyrt að menn séu allir á sama máli um það um hvað þetta mál snýst. Snýst það, herra forseti, um selastofninn og velferð hans, snýst það um hringorminn eða snýst það um hlunnindi jarða? Það skiptir nefnilega töluverðu um hvað málið raunverulega snýst.

Auðvitað eru þessir þættir málsins allir góðir og gildir, en þó tel ég nú hlunnindaþáttinn e.t.v. þýðingarminnstan vegna þess að það er mín skoðun að þegar ríkisstjórnir bera fram lagafrumvörp eigi þau helst að varða almannaheill. En látum það vera.

Menn hafa verið á móti þessu frv. á ýmsum forsendum. Lengi vel í umræðunni snerist talið svo til eingöngu um hinn vísindalega þátt málsins, þ.e. selastofninn sjálfan. Ég get ekki betur séð en fyrir þeim þætti málsins sé þó nokkuð vel séð í þessu frv. Ég skal ekki tefja tímann með því að fara að lesa 2. gr. frv. þar sem fram er tekið að Hafrannsóknastofnun skuli hafa þarna hönd í bagga og 3. gr. þar sem Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands skuli vera með í öllum ákvörðunum um friðun eða fækkun sela. Ég held þess vegna að málið sé ekki í neinni sérstakri hættu, þ.e. verndun selastofnsins, með þessu frv.

Um hringorminn getum við deilt endalaust. Ég hef lesið það merka rit Seli og hringorma og reynt að lesa það sem mér hefur borist um það mál. Ég held að ég geti fullyrt með nokkurri vissu að um þetta vita menn ekki mjög mikið. Þegar menn vita ekki voðalega mikið hvetja þeir til að málið verði rannsakað. Ég get ekki betur séð en í þessu frv. sé gert ráð fyrir vísindalegum rannsóknum. Mér er því ómögulegt að sjá að þetta sé slíkt alvörumál að það þurfi að liggja fyrir hinu háa Alþingi ár eftir ár og taka þann ómælda tíma sem það hefur tekið.

Þá erum við komin að hlunnindaréttinum og grun hef ég um að sá þáttur sé miklu sterkari í andstöðu við frv. en áhugi á umhverfismálum og lífríki jarðarinnar. Það er svo sem ekkert undarlegt kannske. Hitt er annað mál

að um hlunnindi má segja ýmislegt. Það er ekki á nokkurn hátt sambærilegt að tala um lax og silung sem hlunnindi á jörð og dýrin í úthafinu. Af hverju eru ekki rauðmaginn og grásleppan hlunnindi jarða? En ég skal taka undir það með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að selurinn hefur um langt skeið verið talinn meðal búdýra og vitaskuld yrði að breyta lögum og sjálfri stjórnarskránni til að breyta því. En jafnvel þótt litið sé á hlunnindaþáttinn í þessu frv. sé ég ekki að þau hlunnindi séu rýrð svo hættulega að bændur landsins geti ekki við það unað.

Þá er ég komin að erindi mínu í ræðustól, en ég ætlaði að gefa hæstv. ráðh. kost á ekki að svara mér heldur vil ég biðja um álit hans. Í 4. gr. segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Nú liggur land að sjó og á þá landeigandi selveiðar 115 metra á haf út frá stórstraumsfjörumáli fyrir landi sínu og eru það netlög hans."

Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. hvort ekki sé hægt að leysa þetta eilífðarmál með því að óska eftir að nefndin skoði betur hvort nákvæmlega þessi mælieining er sú æskilega. Ég hallast að, án þess að ég viti allt of mikið um það, að þetta kunni e.t.v. að vera einum of stutt. Við hérna, sem ekki erum sérfræðingar í öllu því sem að þessu máli lýtur, en teljum okkur hafa ofurlítið brjóstvit og velvilja til að taka ákvörðun um mál, sem sérhverjum þm. ætti að bera skylda til að taka þátt í umræðu um á þessari stundu, hljótum að óska eftir að þær breytingar séu gerðar sem hugsanlega mættu verða til þess að málið næði fram að ganga.

Ég harma að hv. 5. þm. Austurl. skuli vera horfinn úr salnum, minn kæri flokksfélagi. Ég hefði viljað spyrja hann af hverju hann hefur ekki flutt brtt., t.d. um þetta efni. Einhvern veginn finnst mér að menn hafi skipst hér í hópa af ýmsum ástæðum, hópa sem voru frá upphafi ákveðnir í að vera á móti þessu frv. Ég held að frv. sé tilraun til að ná utan um stjórnun selveiða, og ef ég get sannfært mig og látið aðra sannfæra mig um að þetta sé frv. um stjórnun selveiða og ekkert annað er ég tilbúin til að styðja frv. Ég held að nauðsynlegt sé að koma þessari stjórnun í fastara horf. Sú stjórnun hefur engan veginn verið eins og hún hefði átt að vera. Ég treysti satt að segja sjútvrn., og þá skiptir ekki máli hverjir stjórna því, alveg eins vel og landbrn. til að annast stjórnun þessara mála og skiptir þá heldur ekki máli hverjir sitja í landbrn. hverju sinni. Ég tel að þetta mál eigi heima undir stjórn sjútvrh.

Ég skal ekki halda lengri ræðu, en ég vil beina því til hæstv. ráðh. hvort ekki sé hægt að skoða þetta atriði málsins, sem er hversu langt á haf út menn eiga rétt frá landi sínu, því að ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni að þarna sé meira og minna hundurinn grafinn, þetta sé tilfinningamálið í þessu öllu saman. Hv. sjútvn. hlyti að geta skoðað það mál ofurlítið betur. En það er auðvitað afar erfitt að sitja heilan dag undir umræðum um svona mál, sem þingið virðist allt skiptast í hópa um, ef menn eru farsællega fjarverandi, og þyrfti að hefja alla umræðuna upp á nýtt til að koma einhverju viti fyrir menn.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðeins örstutt vegna ábendingar hv. 10. landsk. þm.

Ég er þeirrar skoðunar að það sem hún sagði hafi verið afar skynsamlegt. Hún fór mjög vel efnislega ofan í það sem máli skiptir varðandi þetta mál. Auðvitað á að ræða það á þeim grundvelli. En vegna orða hennar sé ég ástæðu til að endurtaka það sem ég sagði fyrr í dag. Það var einmitt út af því sem stendur í 4. gr. Eftir athugun sem ég bað um að fram færi á því sem þm. gerði að umtalsefni gat ég þess hér fyrr í dag að orðalag er ekki ótvírætt um hvort 15. gr. tilskipunar frá 1849, um friðun utan látra, heldur gildi eða ekki. Tilgangurinn var að svo yrði ekki vegna þess að árlegar friðlýsingar skv. þessari tilskipun hafa ekki átt sér stað og því gert ráð fyrir að sjútvrn. grípi til friðunaraðgerða með stoð í þeim reglum sem eru skv. þessu frv. Því taldi ég rétt að lýsa því yfir vegna þessa að ráðuneytið muni að sjálfsögðu sjá til þess að friðun haldist utan við nytjuð sellátur á sama hátt og verið hefði án lagabreytinga. Með þessu tel ég að tekin séu af öll tvímæli í sambandi við þetta umrædda mál og eru m.a. uppistaðan í þeirri gagnrýni sem fram kemur í bréfi Búnaðarfélags Íslands og ætti að vera nægileg trygging til þess að svo muni verða því að allar heimildir eru til þess í frv. Vænti ég þess að það verði til þess að eyða öllum misskilningi um þetta mál því að að sjálfsögðu er meginatriðið að bændur nytji þessi hlunnindi og hugsi um þau og selastofninum sé með þeim hætti haldið í skefjum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3524, 3526, 3529, 3533, 3535, 3538, 3539, 3599, 3622.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 3469, 3471, 3476.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 3479.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3667, 3671, 3677.
Félmrh. Alexander Stefánsson 3470, 3622.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 3512, 3513, 3538, 3557, 3558, 3561, 3563, 3580, 3605, 3652.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 3521, 3542, 3653.
Landbrh. Jón Helgason 3471, 3473, 3517, 3520, 3553, 3555, 3557, 3648, 3649, 3650, 3654.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 3510, 3623, 3626.
Samgrh. Matthías Bjarnason 3481, 3482, 3484.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3465, 3628, 3646, 3648, 3688, 3716.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 3514, 3516, 3524, 3536.
Árni Johnsen 3478, 3639, 3645.
Birgir Ísl. Gunnarsson 3603.
Björn Dagbjartsson 3643, 3648.
Egill Jónsson 3555.
Eiður Guðnason 3472, 3477, 3479, 3527, 3540, 3544, 3554, 3568, 3605, 3622, 3635, 3650.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3469, 3530, 3539, 3541.
Friðjón Þórðarson 3518, 3676, 3698.
Garðar Sigurðsson 3690.
Guðrún Agnarsdóttir 3531, 3535, 3657.
Guðrún Helgadóttir 3714.
Gunnar G. Schram 3481, 3513, 3515, 3584, 3594, 3595.
Halldór Blöndal 3598, 3616, 3619.
Haraldur Ólafsson 3651.
Helgi Seljan 3511, 3512, 3513, 3520, 3522, 3548, 3554, 3556, 3558, 3569.
Hjörleifur Guttormsson 3504, 3515, 3523, 3528, 3533, 3590, 3674, 3699.
Jóhanna Sigurðardóttir 3609, 3615, 3618, 3622, 3676.
Jón Baldvin Hannibalsson 3484, 3494, 3578, 3584, 3619.
Jón Kristjánsson 3537, 3544, 3567.
Jón Magnússon 3474, 3564.
Karvel Pálmason 3516, 3519, 3520.
Kjartan Jóhannsson 3571, 3575.
Kristín Halldórsdóttir 3509, 3510, 3683, 3686.
Kristín S. Kvaran 3678, 3685.
Ólafur Þ. Þórðarson 3487, 3574, 3587, 3604, 3665, 3666, 3677, 3710.
Páll Pétursson 3485, 3527, 3534, 3577, 3580, 3677.
Pálmi Jónsson 3576, 3693.
Ragnar Arnalds 3470, 3473, 3541.
Salome Þorkelsdóttir 3559, 3569.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3541, 3551.
Skúli Alexandersson 3478, 3635, 3644.
Stefán Benediktsson 3472, 3476, 3551, 3554, 3608, 3613.
Stefán Guðmundsson 3654, 3686.
Stefán Valgeirsson 3573, 3578, 3592, 3665, 3675.
Steingrímur J. Sigfússon 3582, 3655, 3678, 3708.
Svavar Gestsson 3483, 3486, 3525, 3531, 3534, 3606, 3609, 3613, 3617.
Valdimar Indriðason 3477.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3540, 3601.

Efnisskrá.

Afgreiðsla þingmála 3567.
Almannatryggingar (399. mál) 3542.
Alþjóðahugverkastofnunin (322. mál) 3536, 3600.
Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (199. mál) 3481, 3571.
Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa (382. mál) 3536, 3600.
Atvinnuleysistryggingasjóður (419. mál) 3653.
Áfengislög (423. mál) 3648.
Búnaðarmálasjóður (336. mál) 3571, 3677.
Dagvistarheimili fyrir börn (301. mál) 3678.
Drengskaparheit unnið 3538.
Eftirlaun aldraðra (391. mál) 3520.
Fiskveiðasjóður Íslands (397. mál) 3598, 3652.
Fjáröflun til vegagerðar (126. mál) 3469, 3580.
Framleiðni íslenskra atvinnuvega (77. mál) 3603.
Framleiðsla og sala á búvörum (396. mál) 3471.
Frídagur sjómanna (367. mál) 3477.
Fyrirkomulag sjúkraflutninga (373. mál) 3516.
Grunnskólar (348. mál) 3559, 3568.
Happdrætti Háskóla Íslands (430. mál) 3649.
Heilbrigðisfræðsluráð (405. mál) 3657.
Iðnlánasjóður (409. mál) 3563.
Innflutningur búfjár (398. mál) 3537, 3601.
Innheimtustofnun sveitarfélaga (366. mál) 3470.
Kaupleiguíbúðir (410. mál) 3609.
Kostnaðarhlutur útgerðar (288. mál) 3654, 3665.
Lausaskuldir bænda (365. mál) 3480, 3557.
Minnst látins fyrrv. alþingismanns 3599.
Nám í ferðaþjónustu (323. mál) 3509.
Opinberar framkvæmdir (342. mál) 3476.
Rannsókn kjörbréfs 3538.
Rannsóknadeild fisksjúkdóma (431. mál) 3670.
Rannsóknastofnun landbúnaðarins (385. mál) 3537, 3600.
Réttur launafólks til námsleyfa (403. mál) 3606.
Ríkisborgararéttur (236. mál) 3567, 3568, 3654.
Ríkisendurskoðun (272. mál) 3469, 3539, 3667.
Selveiðar við Ísland (368. mál) 3480, 3686.
Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (415. mál) 3628.
Skipti á dánarbúum og félagsbúum (26. mál) 3666, 3667.
Stjórnarskipunarlög (338. mál) 3487, 3584, 3652.
Stofnlánadeild landbúnaðarins (364. mál) 3479, 3480, 3555.
Söluskattur (401. mál) 3561.
Talnagetraunir (232. mál) 3544.
Tekjuskattur og eignarskattur (404. mál) 3651.
Tollskrá (128. mál) 3541, 3568, 3652.
Tæknimat (386. mál) 3537, 3601.
Um þingsköp 3523, 3539.
Umboðsmaður Alþingis (384. mál) 3595, 3652.
Umsvif erlendra sendiráða (381. mál) 3513.
Útflutningsgjöld af sjávarafurðum (350. mál) 3475.
Útflutningur hrossa (337. mál) 3475.
Útvarpslög (417. mál) 3676.
Varamaður tekur þingsæti 3469, 3471, 3479.
Varnir gegn mengun sjávar (73. mál) 3481.
Veð (302. mál) 3580.
Verðbréfamiðlun (202. mál) 3482.
Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir (392. mál) 3655.
Verkfræðingar (312. mál) 3480.
Verslun ríkisins með áfengi (265. mál) 3540, 3567, 3657.
Verslun ríkisins með áfengi (400. mál) 3557.
Viðey í Kollafirði (414. mál) 3626.
Vísitala framfærslukostnaðar (371. mál) 3486, 3571.
Þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu (413. mál) 3623.
Þjóðfundur um nýja stjórnarskrá (273. mál) 3476.
Þjóðgarður við Gullfoss og Geysi (7. mál) 3604.
Þúsund ára afmæli kristnitökunnar (395. mál) 3601.
Öryggi á vinnustöðum (275. mál) 3665, 3667.
Öryrkjabifreiðar (328. mál) 3511.

Sameinað þing, 73. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú verður minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Einar Ágústsson, sendiherra Íslands í Danmörku og fyrrv. alþm. og ráðherra, andaðist í sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn aðfaranótt laugardags 12. apríl 63 ára að aldri.

Einar Ágústsson var fæddur í Hallgeirsey í Austur-Landeyjum 23. sept. 1922. Foreldrar hans voru hjónin Ágúst kaupfélagsstjóri þar Einarsson bónda í Miðey í Austur-Landeyjum Árnasonar og Helga Jónasdóttir bónda á Reynifelli á Rangárvöllum Árnasonar.

Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1941 og nam síðan lögfræði í Háskóla Íslands, lauk prófi vorið 1947. Réttindi héraðsdómslögmanns hlaut hann 1951. Hann var skrifstofustjóri Sölunefndar varnarliðseigna og jafnframt starfsmaður fjárhagsráðs 1947–1954. Fulltrúi í fjármálaráðuneytinu var hann 1954–1957. Við stofnun Samvinnusparisjóðsins árið 1957 varð hann sparisjóðsstjóri og jafnframt var hann fulltrúi forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga og forstöðumaður lífeyrissjóðs Sambandsins til 1960. Sparisjóðsstjóri var hann hins vegar til 1963, er Samvinnubankinn var stofnaður og tók við af sparisjóðnum, og var hann síðan bankastjóri til 1971. Hann var utanríkisráðherra í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar 1971–1974 og í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar 1974–1978. Sendiherra Íslands í Danmörku varð hann frá 1. jan. 1980 og jafnframt sendiherra á Ítalíu, í Ísrael og Tyrklandi. Þeim störfum gegndi hann til æviloka.

Rúma tvo áratugi gegndi Einar Ágústsson forustustörfum í stjórnmálum. Hann var formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur 1958–1961, í miðstjórn Framsóknarflokksins frá 1960, varaformaður hans 1967–1980. Hann var borgarfulltrúi í Reykjavík 1962–1971, borgarráðsmaður 1963–1964. Í hafnarstjórn var hann 1962–1971, í stjórn Landsvirkjunar 1971–1980. Formaður nýstofnaðrar örggismálanefndar var hann 1978–1979.

Á Alþingi tók hann fyrst sæti haustið 1960 sem varaþingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík og tók einnig sæti varaþingmanns á næstu tveimur þingum. Sumarið 1963 var hann kjörinn þingmaður Reykvíkinga og hélt því sæti þar til síðla árs 1979 er hann hafði verið skipaður sendiherra. Alls sat hann á 21 þingi.

Einar Ágústsson starfaði á ýmsum sviðum þjóðlífsins um ævidagana. Hann fékkst við lögfræðistörf, viðskiptamál, bankastörf, borgarmálefni Reykjavíkur, þjóðmál á Alþingi, utanríkismál í ráðherraembætti, og að síðustu var hann fulltrúi Íslands erlendis. Hvarvetna gat hann sér góðan orðstír. Hann var hógvær og rökfastur í málflutningi, prúðmenni í allri framgöngu, drengskaparmaður í hvívetna.

Utanríkismál Íslands voru meginviðfangsefni hans á síðustu æviárum. Þegar hann var utanrrh. reyndi á mannkosti hans á ýmsum sviðum, en hæst ber þar vandasama meðferð mála tvívegis við stórfellda útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu. Með góðu samstarfi og festu íslenskra ráðamanna lauk þeim málum farsællega af hálfu Íslendinga, og átti utanríkisráðherra þar að sjálfsögðu stóran hlut að máli.

Af Einari Ágústssyni hefði mátt vænta góðra verka mörg ár til viðbótar. Andlát hans er harmsefni þeim sem hafa kynnst honum og notið starfa hans.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Einars Ágústssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Mér hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 14. apríl 1986:

„Formaður þingflokks Sjálfstfl. skýrir frá að Valdimar Indriðason 3. þm. Vesturl. sé veikur og geti ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi hann sér því að ósk þm. með tilvísun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Sturla Böðvarsson sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Sturla Böðvarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og því hefur kjörbréf hans verið rannsakað. Er hann nú boðinn velkominn til starfa.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv. 260. mál (þskj. 493, n. 806, brtt. 807). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt mál þetta allítarlega og fengið á sinn fund ýmsa umsagnaraðila. Þar að auki komu greinargerð og athugasemdir frá dr. Páli Sigurðssyni. Að vel athuguðu máli telur nefndin að eðlilegt sé að samþykkja frv. þetta. Það hafa gefið góða raun svipaðar reglur sem hafa gilt í nágrannalöndum og ekki ástæða til að mati nefndarinnar eftir þessa ítarlegu skoðun að ætla annað en svo muni einnig fara hér. Hinu er ekki að leyna að það er nokkur ágreiningur í röðum lögfræðinga um þetta efni, en ég hygg að stuðningur við það sé yfirgnæfandi og a.m.k. ætti að vera áhættulaust að láta reyna á framkvæmd laganna. Það er þá auðvitað hægt að gera breytingu aftur síðar ef svo kynni að fara að eitthvað væri hér of frjálslega með farið. En það er ekki mat okkar nefndarmanna heldur þvert á móti að lögfesta beri þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 807 samþ. með 17 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
7.–10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Útflutningsráð, stjfrv. 259. mál (þskj. 492, n. 809, brtt. 810). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Nefndin hefur rætt þetta frv. ítarlega á fimm fundum og kallað til viðtals fulltrúa frá viðskrn., Verslunarráði Íslands, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og iðnrn. Að lokinni þessari athugun á frv. varð nefndin einhuga um að mæla með samþykkt þess í meginatriðum þó að það sé ágreiningur um eitt ákvæði þess eins og ég kem að nánar síðar.

Það urðu um það miklar umræður innan nefndarinnar hvernig bæri að skipa stjórn útflutningsráðs og einkum þá hverjir ættu að skipa fulltrúa ríkisins í stjórnina. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni leggja áherslu á að ekki verði fjölgað í stjórninni frá því sem lagt er til í frv., enda er stjórnin allfjölmenn og reiknað með að það verði átta stjórnarmenn. Eigi að síður álíta fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni að það verði að vera tryggt að sjónarmið þeirra ráðuneyta sem sinna útflutningsmálum, en það eru fleiri ráðuneyti en þau tvö sem skipa fulltrúa í stjórnina, eigi greiðan aðgang að stjórnarfundum. Í samræmi við þetta leggja fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni til brtt. um að iðnrh. og sjútvrh. tilnefni varamenn í stjórn útflutningsráðs fyrir þá aðalmenn sem viðskrh. og utanrrh. tilnefna í stjórnina. Aðrir nefndarmenn, að undanskildum Eiði Guðnasyni, hafa fyrirvara um afstöðuna til þessarar tillögu. Ragnar Arnalds leggur til að í stað þess að nokkur stórfyrirtæki tilnefni menn í stjórn, eins og frv. gerir ráð fyrir, verði stjórnarmennirnir, aðrir en fulltrúar ríkisins, kjörnir af útflutningsráði.

Nefndin telur í annan stað nauðsynlegt að endurskoða ákvæði 6. liðar frv. og er það með tilliti til þess að lagt hefur verið fram á Alþingi stjfrv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegs. Þar er gert ráð fyrir afnámi laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum, en það var reiknað með því í frv. að prósenta af útflutningsgjaldi yrði tekjustofn til útflutningsráðs. Nefndin hefur orðið sammála um að þessi endurskoðun verði að fara fram milli 2. og 3. umr. um frv. í deildinni, en frv. til laga um greiðslumiðlun og skiptaverðmæti er til meðferðar hér í deildinni jafnframt þessu frv. þannig að nefndin telur eðlilegt að þau fylgist að í vinnslu og verði gengið frá þessum málum áður en þau eru afgreidd frá deildinni.

Að lokum vill nefndin minna á að skv. 3. gr. frv. skal útflutningsráð opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreinanna. Að mati nefndarinnar ber ekki að skýra þetta ákvæði þröngt, enda væri slík lögskýring vart í samræmi við hlutverk útflutningsráðs skv. 1. gr. frv. Í þessu sambandi telur nefndin eðlilegt að t.d. Bandalagi íslenskra listamanna verði boðið að gerast stofnaðili Útflutningsráðs því að nefndin telur að framleiðsla, ef svo óskáldlega má að orði komast, íslenskra listamanna geti verið gjaldgeng á erlendum markaði.

Ég hef gert grein fyrir þeirri brtt. sem flutt er af meiri hl. nefndarinnar, en brtt. er þannig að 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

„Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnrh. tilnefnir varamann fyrir þann fulltrúa sem viðskrh. tilnefnir og sjútvrh. fyrir þann fulltrúa sem utanrrh. tilnefnir."

Í öðru lagi er flutt brtt. um gildistöku frv. Til þess að tækifæri gefist til að undirbúa framkvæmd málsins betur en orðið er og stofnun ráðsins þykir rétt að lögin taki gildi 1. okt. í haust.

Valdimar Indriðason var fjarverandi lokaafgreiðslu þessa máls, en aðrir nefndarmenn standa að þessu áliti og leggja til að frv. verði samþykkt með þeim undantekningum og fyrirvörum sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Einhver smámisskilningur hefur orðið við frágang og undirbúning nál. Ég var þeirrar skoðunar að í nál. yrði hin hefðbundna setning sem svo oft er að finna í nál.: „Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt." Þess vegna skrifaði ég undir þetta án fyrirvara í rauninni, en mergurinn málsins er sá að ég skil alls ekki þá brtt. sem lögð hefur verið til um breytta skipan á stjórn útflutningsráðsins. Ég er henni andvígur og mun greiða atkvæði gegn henni vegna þess að það kom upp í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál að helst vildu öll ráðuneyti eiga sína fulltrúa í stjórn útflutningsráðsins. Það er auðvitað ótækt að svona útflutningsráð verði einhvers konar undirnefnd ráðuneytanna. Það er hreint út í hött. Síðan kom í ljós að ráðherrar voru hreint ekki á eitt sáttir um hvaða ráðuneyti ættu að eiga fulltrúa í stjórn útflutningsráðsins og var þá brugðið á það ráð að eitt ráðuneyti gegndi þar varamennsku fyrir annað og var jafnframt látið fylgja inn í nefndina að þetta mundi líklega verða þannig í framkvæmd að allir varamenn mættu á stjórnarfundum. Þessir stjórnarfundir útflutningsráðsins verða þá a.m.k. 16 manna samkomur þar sem helmingurinn hefur atkvæðisrétt en allir hafa tillögurétt og málfrelsi. Það kom fram í nefndinni að þessi yrði hátturinn á og ég held að þetta sé mjög óskynsamleg leið. Ég greiði þess vegna atkvæði gegn brtt. sem hér hefur verið flutt til að miðla málum milli ráðuneytanna sem komu sér ekki saman um skipun málsins. Ég held að það sé rétt að hafa þann háttinn á sem er í frv. Um það var orðið samkomulag milli þeirra aðila sem undirbjuggu málið og ég held að það sé rétt að vera ekkert að hrófla við því. Það eru miklar efasemdir um að þetta sé endilega rétt skipun. Það hefur t.d. verið spurt: Hvers vegna eiga Flugleiðir fulltrúa í útflutningsráði? Væri ekki eðlilegra að Ferðamálaráð t.d. ætti fulltrúa í þessu ráði. Um þetta má auðvitað lengi deila. Á ekki Verslunarráðið að eiga þarna fulltrúa? Það verður seint gert þar svo öllum líki. En af því að samkomulag hafði tekist um þá skipan sem frv. gerði ráð fyrir, og það má auðvitað hugsa sér

margar aðrar leiðir, tel ég rétt að styðja þá skipan til að byrja með, en hef jafnframt flutt brtt. við frv., þ.e. við 10. gr. þess, brtt. sem er að finna á þskj. 835 og dreift hefur verið hér í deildinni, og hún er um að lög þessi gildi til 31. maí 1990, þau gildi í fjögur ár, og í þingbyrjun 1989 skuli viðskrh. leggja fyrir Alþingi nýtt frv. til laga um Útflutningsráð Íslands.

Ég held að það sé heldur skynsamleg hugmynd að endurskoða þessi lög innan fjögurra ára í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af þeim og þá má hugsa sér að endurskoða skipan stjórnarinnar í ljósi þeirrar reynslu sem menn hafa fengið í fjögur ár. Ég held að það sé hæfilegur tími, en ítreka að þeirri brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur er ég andvígur fyrst og fremst vegna þess að *ég held að hún sé mjög óskynsamleg. Þarna er* verið að friða ráðherra sem telja sín ráðuneyti sjálfskipuð í útflutningsráð. Eins og lagt var fyrir í nefndinni, að það ættu í rauninni allir varamenn að sitja þessa fundi, held ég að sé verið að eyðileggja þetta útflutningsráð. 16 manna stjórn er ekki mjög líkleg, að minni hyggju, til að starfa vel og skynsamlega. Til þess er hún einfaldlega of fjölmenn. Ég held að það horfi ekki til nokkurra heilla að samþykkja þessa brtt. Ég held að það sé þessu fyrirhugaða útflutningsráði miklu frekar til miska og ills að fara þessa leiðina sem farin er, því miður, til þess að sætta sjónarmið ráðherranna innan hæstv. ríkisstj. þannig að þeir geti bærilega glaðir unað við sitt hvort sem þeir eru hér á landi eða erlendis þessa dagana.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 835, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. 5. landsk. þm. um að hér hafi orðið, eins og hann kom inn á, einhver misskilningur á milli okkar nefndarmanna í sambandi við afstöðu til málsins. Sá misskilningur er leiðréttur með ræðu hans. Ég tek það á mig sem frsm. þessarar nefndar að bera ábyrgð á því, enda er það komið skýrt fram að einstakir nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara til þeirra brtt. sem fluttar eru við frv. Ég verð að taka það á mig að þessi fyrirvari kom ekki inn í nál. eins og réttast hefði verið og nákvæmast.

En örfá orð í sambandi við brtt. Eins og ég kom inn á í framsögu minni fyrir nál. leggja einstök ráðuneyti áherslu á að koma sínum sjónarmiðum að í stjórninni í sambandi við útflutningsmál. Það getur tæpast verið af öðru en hinu góða, ef ráðuneytin eða þeirra menn hafa áhuga fyrir útflutningsmálum, að þeir geti fylgst með því sem fram fer á þeim vettvangi innan ráðsins og komið athugasemdum sínum á framfæri þar. Það er reiknað með því að í reglugerð, sem sett verður með frv., verði ákvæði um að varamenn verði boðaðir á stjórnarfundi þannig að þeir hafi tækifæri til þess að fylgjast með því sem fram fer á þessum vettvangi. Ég get ekki séð að þetta sé til neins vansa og mun því að sjálfsögðu standa að þessari brtt. og samþykkja hana.

Ég vildi að þetta kæmi fram, en formgalla á nál. tek ég á mig og ítreka að einstakir nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara um samþykki sitt við brtt. sem fylgja frv.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er rétt að af vangá hefur það fallið niður að nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt., enda eru nefndarmenn nú í óða önn að flytja þær og kemur það reyndar fram í nál. að á þeim muni vera von.

Ég álít að stjórn útflutningsráðsins sé hálfgert klúður eins og hún er í frv. Þar er gert ráð fyrir því að fjögur stórfyrirtæki eigi öll einn stjórnarmann, þ.e. Sölumiðstöðin, Sambandið, Flugleiðir, SÍF, en síðan á Félag íslenskra iðnrekenda fimmta manninn og viðskrh. og utanrrh. tilnefna hvor ráðherra einn mann í stjórnina, en sá áttundi er tilnefndur af öðrum aðilum í útflutningsráði. Ég er þeirrar skoðunar að útflutningsráðið muni helst nýtast þeim aðilum sem þarna er ætlað að *eiga einn stjórnarmann af átta og það væri meiri þörf á* því að styðja við bakið á þeim en þessum stórfyrirtækjum sem öll eru með víðtæka sölu- og útflutningsstarfsemi í gangi og eru ekki líkleg til að leita á náðir útflutningsráðsins að neinu marki, eru kannske í raun og veru meira þarna upp á punt. Það verða litlu fyrirtækin, meðalstóru fyrirtækin sem mest þurfa á því að halda að útflutningsráðið beiti sér í þeirra þágu. Það er því algjörlega óeðlilegt að þessi fyrirtæki eigi ekki beinan aðgang nema að einum eða í mesta lagi tveimur fulltrúum í stjórn af átta.

Auk þess er það klúður að mörg ráðuneyti gera kröfu til að mega skipa fulltrúa í stjórnina. Ráðherrar eru mjög ósáttir við þetta fyrirkomulag, sérstaklega iðnrh., og því finnst mér eðlilegt að stokka skipulag stjórnarinnar upp, gjörbreyta því. Ég geri að tillögu minni að fimm stjórnarmenn verði kosnir af útflutningsráðinu án þess að nokkurt fyrirtæki eigi þarna sjálfkrafa fulltrúa, en þrír stjórnarmenn séu tilnefndir af ríkisstj. og henni þá ætlað að koma sér saman um frá hvaða ráðuneytum þeir verða.

Ég flyt því skriflega brtt. sem ekki hefur verið útbýtt, en hún er svohljóðandi:

„Upphaf 4. gr. orðist svo: Viðskiptaráðherra skipar átta menn í stjórn útflutningsráðs til tveggja ára í senn, svo og átta varamenn. Þar af skulu fimm aðalmenn og fimm varamenn tilnefndir af ráðinu, en ríkisstj. tilnefnir þrjá.“

Ég vil biðja virðulegan forseta að taka við þessari till. og leita afbrigða svo hún megi koma fyrir við atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti er ekki nema gott eitt að segja um þá viðleitni, sem hér er höfð uppi, að efla markaðsleit, starfsemi til stuðnings íslenskum útflutningi, þótt vissulega verði að viðurkenna að ákvæðin í 7. og 8. gr., um viðskiptafulltrúa, séu dálítið óljós. T.d. er alls ekki ljóst hjá hvaða ráðuneyti viðskiptafulltrúarnir verða starfandi eða hver eigi raunverulega að greiða þeirra laun. Um þetta á að setja sérstakar reglur og maður verður að treysta því að það verði gert að bestu manna yfirsýn, en vissulega hefði ég talið eðlilegra að það hefði komið skýrt fram í lögunum sjálfum hvort þessir menn yrðu starfsmenn utanrrn. og þægju laun frá því og hlytu þau réttindi sem fylgja starfsmönnum utanrrn., jafnvel þótt útflutningsráðið greiði þá einhverja greiðslur til utanrrn. vegna þessara starfa, eða hvort þessir menn eru beinlínis á launaskrá hjá útflutningsráðinu og þar með í raun og veru hjá allt öðru ráðuneyti, væntanlega hjá viðskrn. Það er ankannalegt að ganga þannig frá lagasetningu að þetta sé í lausu lofti. En það er sem sagt

gert ráð fyrir að um þetta verði settar reglur og sennilega er haft í huga að menn þreifi sig áfram í þessum efnum og þetta getur verið mismunandi og ætla ég þá ekki að vera að fetta frekar fingur út í þetta atriði, en þetta eru rök fyrir því, sem lagt var til af hv. þm. Eiði Guðnasyni, að lögin yrðu fljótlega tekin aftur til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu.

Ég benti líka á að fjármögnunin í sambandi við útflutningsráðið er ansi mikið líka í lausu lofti eftir að verið er að stokka upp útflutningsgjaldið. Í raun og veru er þetta allt dálítið á floti þrátt fyrir að málið sé hér til endanlegrar afgreiðslu í deildinni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 839, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 839 felld með 11:6 atkv.

Brtt. 810,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

5.–9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 835 felld með 12:8 atkv.

Brtt. 810,2 (ný 10. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, stjfrv. 275. mál (þskj. 510). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 46 frá 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þskj. 510.

Lögin nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, tóku gildi þann 1. jan. 1981. Fimm ár voru því liðin frá gildistöku þeirra um síðustu áramót. 5. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna hljóðar svo:

„Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.“

Þann 1. ágúst 1985 skipaði félmrh., að höfðu samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, nefnd fjögurra manna til að gera tillögur um endurskoðun laganna. Í nefndinni áttu sæti eftirtaldir: Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri, formaður, Þórarinn V. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri VSÍ, Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmiðasambands Íslands, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Nefndin var skipuð án tilnefningar.

Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að ekki væri ástæða til að breyta ákvæðum laganna enn sem komið er og leggur hún til að endurskoðun þeirra verði frestað um fimm ár og 5. tölul. bráðabirgðaákvæðis þeirra breytt í samræmi við það.

Meginástæður þessarar niðurstöðu voru eftirfarandi:

Samstaða er í nefndinni um markmið laganna eins og þeim er lýst í 1. gr. þeirra.

Ábyrgt samstarf hefur verið með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldinu í stjórn Vinnueftirlits ríkisins um framkvæmd laganna.

Nefndin taldi það stjórnarfarslega fyrirkomulag sem nú er á þessum málum heppilegt og leiða til lítillar skörunar við aðra málaflokka.

Eðlilegt sé að öll málefni sem löggjöf fjallar um á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum myndi sjálfstæðan málaflokk undir sameiginlegri stjórn aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins og undir yfirstjórn félmrn. er fer með málefni vinnumarkaðarins.

Lögin eru mjög viðamikil og óhjákvæmilegt að langan tíma taki að koma þeim til framkvæmda og byggja upp þá starfsemi sem þau gera ráð fyrir. Ekki hefur fengist nægilega löng reynsla af framkvæmd þeirra og sum ákvæði þeirra hafa enn ekki komið til framkvæmda.

Þau vandkvæði og álitamál sem upp hafa komið frá því að lögin tóku gildi taldi nefndin að unnt væri að leysa við framkvæmd þeirra að mestu leyti.

Nefndin tók saman ítarlega skýrslu um þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 46/1980 fram til þessa og um starfsemi Vinnueftirlits ríkisins. Er hana að finna í athugasemdum við frv.

Í skýrslunni setur nefndin einnig fram ábendingar um eftirtalin verkefni á sviði vinnuverndar sem hún telur brýnt að vinna að á næstu árum: Það eru varnir gegn heyrnarskemmdum, aðgerðir til að koma í veg fyrir heilsutjón af völdum lífrænna leysiefna, varúðaraðgerðir vegna notkunar eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum, endurbætur á gagnagrunni vinnuverndarstarfsins, aukin starfsemi á sviði iðjufræði og aukin fræðslustarfsemi á sviði vinnuverndar.

Við umfjöllun um lagasetninguna á Alþingi kom fram gagnrýni á að lögin skyldu ná til landbúnaðar og var sett í þau bráðabirgðaákvæði við setningu sérstakrar reglugerðar um framkvæmd laganna í þeirri grein. Slík reglugerð var sett í júní 1981 og samkvæmt henni var sérstök stjórn sett á laggirnar til að annast þessi mál í landbúnaði með aðild Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands. Mjög gott samstarf hefur tekist í þessari stjórn um framkvæmd eftirlits, fræðslustarfs og aðra fyrirbyggjandi starfsemi.

Stofnunin Vinnueftirlit ríkisins stendur að öllu leyti undir sér með iðgjöldum sem vinnuveitendur greiða og með tekjum samkvæmt gjaldskrá. Hún fær því enga fjárveitingu úr ríkissjóði á fjárlögum. Ábyrgt samstarf er í stjórn Vinnueftirlitsins við undirbúning reglna sem kveða á um kröfur til vinnuveitenda og starfsmanna um öryggi, hollustuhætti og aðbúnað. Allar slíkar reglur hafa fram til þessa verið afgreiddar með samhljóða samkomulagi og er mikil undirbúningsvinna lögð af mörkum til að svo megi takast.

Sem dæmi má taka nýjar reglur um hávaðavarnir sem voru fjögur ár í smíðum. Þær miða að því að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir, en með sem allra hagkvæmustum hætti því að hér er um kostnaðarsamar ráðstafanir að ræða. Vinnueftirlitið er alls ekki eftirlitsstofnun eingöngu heldur annast hún einnig umfangsmikið fræðslu- og leiðbeiningarstarf sem miðar að því að gera mönnum kleift að annast þessi mál sem mest innan vinnustaðanna sjálfra í samstarfi vinnuveitenda og starfsmanna. Sem dæmi má taka að nýverið gaf stofnunin út rúmlega 130 bls. handbók um hávaðavarnir til að auðvelda fyrirtækjum úrbætur á þessu sviði.

Vinnueftirlitið annast ýmiss konar bráðnauðsynlegt tæknilegt eftirlit í nútímaþjóðfélagi, svo sem með tækj-

um sem sprengihætta stafar af, lyftibúnaði, fólkslyftum, skíðalyftum, farandvinnuvélum, sprengihættu við losun og lestun olíuskipa og vinnu við eldsneytistanka, innflutningi og framleiðslu hættulegra véla o.fl. Eðlilegt er að hér sé um sérstakan málaflokk að ræða vegna hinna sterku stjórnunartengsla við aðila vinnumarkaðarins sem eru forsenda þess að árangur náist.

Ýmsir þættir starfsemi Vinnueftirlits ríkisins hafa verið endurskipulagðir að undanförnu með það fyrir augum að gera starfið markvissara og árangursríkara. Þannig tók nýtt starfsskipulag við eftirlitsdeild stofnunarinnar gildi um síðustu áramót.

Umfangsmikil tölvuvæðing starfseminnar stendur yfir og unnið er að því að taka upp verkefnaskipulag við sem flesta þætti starfseminnar.

Náið og gott samstarf hefur tekist við heilbrrn. og Hollustuvernd ríkisins um þau mál sem krefjast samstarfs þessara aðila. Sérstök ákvæði eru í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit um samráðsnefnd forstjóra þeirra stofnana sem fara með ýmiss konar eftirlit til að koma í veg fyrir skörun og stuðla að eðlilegu samstarfi. Enn fremur starfar sérstök samstarfsnefnd um framkvæmd eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum.

Vinnueftirlitið hefur auk þess samstarf við ýmsar aðrar stofnanir, svo sem Iðntæknistofnun.

Hér er um grundvallarréttindi hins vinnandi manns að ræða. Löggjöfin er í samræmi við viðhorf sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu, m.a. í samþykktum ILO. Hvatinn að baki hennar er virðing fyrir hinum vinnandi manni sem skapar auðæfi þjóðfélagsins með starfi sínu. Hann á rétt á að njóta sérstakrar verndar gegn slysum og sjúkdómum, sem tengjast starfi hans, og að honum ber að búa vel á vinnustað. Hann á rétt á að njóta fræðslu um hugsanlegar hættur í vinnuumhverfinu og hann á að geta leitað fulltingis hlutlauss aðila ef hann æskir upplýsinga eða telur á hlut sinn gert í þessum málum. Vinnuslys þarf að rannsaka gaumgæfilega, bæði í fyrirbyggjandi tilgangi og til að réttur hins slasaða verði ekki fyrir borð borinn.

Það er einnig mikilvægt fyrir vinnuveitendur að þessi mál séu í föstum skorðum og þeir geti leitað ráðgjafar hjá stofnun sem hefur reynslu og þekkingu á þessum málum sem m.a. byggir á rannsókn raunverulegra atvika. Vinnuslys og atvinnusjúkdómar leiða til truflana á starfsemi og vinnutaps vegna fjarvista. Slæm vinnuaðstaða getur hæglega leitt til lakari afkasta starfsmanna og óánægju þeirra. Séu þessi mál ekki í föstum farvegi og um þau annast á þann veg að njóti trausts beggja aðila er hætta á óróa á vinnumarkaði sem jafnvel getur leitt til staðbundinna verkfalla.

Ríkið hefur einnig hagsmuna að gæta í þessum málum. Hér er um fyrirbyggjandi starfsemi að ræða sem miðar að því að fækka slysum og sjúkdómum og auka vellíðan manna á vinnustað. Náist árangur með starfinu dregur hann úr kostnaði við heilbrigðisþjónustu og tryggingar og stuðlar að aukinni framleiðni í atvinnulífinu.

Það er mikil áhersla lögð á af hálfu fulltrúa launþega, að a.m.k. fimm ár verði til næstu endurskoðunar svo að ráðrúm gefist til að vinna á næstu árum af fullum krafti að því að koma ýmsum ákvæðum til framkvæmda. Verði tímabilið styttra, t.d. tvö ár, þarf að fara að huga að endurskoðuninni fljótlega, en þá getur orðið erfitt að ná fram framkvæmd á því sem til endurskoðunar er.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að ég tel mikla nauðsyn bera til að afgreiða þetta frv. á þessu þingi. Það hlaut samhljóða og fljóta afgreiðslu í hv. Nd. og ég vænti þess að hv. Ed. afgreiði þetta mál einnig þannig.

Ég legg til að að þessari umræðu lokinni verði því vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 399. mál (þskj. 737, n. 800, brtt. 772 og 808). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 800 um frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum. Það er nál. frá heilbr.- og trn.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og einnig brtt. sem heilbr.- og trmrh. mælti fyrir samhliða frv. Er sú brtt. á þskj. 772. Nefndin leggur til að brtt. ráðherra verði samþykkt, en hún fjallar um að heimilt verði að greiða mæðralaun til 17 ára aldurs í stað 16 ára eins og nú er og komi sú breyting til framkvæmda 1. júní n.k., en síðan verði mæðralaun greidd til 18 ára aldurs frá n.k. áramótum. Þessi brtt. er sett fram til samræmis því að barnalífeyrisaldur hefur verið færður úr 16 í 18 ára aldur.

Varðandi frv. sjálft leggur nefndin til að það verði samþykkt með brtt. sem nefndin flytur á þskj. 808, en við nánari athugun nefndarinnar kom í ljós að heppilegra er að breytingin sem frv. gerir ráð fyrir komi við 43. gr. laganna í stað 39. gr. Þannig breytt tryggja lögin auðveldari framkvæmd úti á landsbyggðinni í stað þess, sem gert var ráð fyrir í frv., að þessi breyting kæmi í 39. gr.

Fjarverandi afgreiðslu þessa máls voru Karl Steinar Guðnason og Kolbrún Jónsdóttir. Undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Helgi Seljan, Björn Dagbjartsson, Árni Johnsen og Jón Sveinsson.

ATKVGR.

Brtt. 772 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 808 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., verður 3. gr., samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lyfjafræðingar, stjfrv. 379. mál (þskj. 690, n. 799). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 799 frá heilbr.- og trn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga.

Frv. þessu er ætlað að breyta ákvæðum 4. tölul. 3. gr. laganna þannig að stytta starfsþjálfun lyfjafræðingsefna úr tólf mánuðum í níu. En frá því að lögin voru sett 1978 hefur framleiðsla á lyfjum að mestu leyti horfið úr langflestum lyfjabúðum. Frv. er því flutt til samræmis

breyttum forsendum.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Karl Steinar Guðnason og Kolbrún Jónsdóttir. Undir þetta nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Helgi Seljan, Björn Dagbjartsson, Árni Johnsen og Jón Sveinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 429. mál (þskj. 789). — 1. umr.

Flm. (Jón Sveinsson): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 789 að flytja ásamt Jóni Magnússyni alþm. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, svohljóðandi:

„1. gr. Við 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr. bætist ný málsgr. er orðist svo:

Vaxtagjöld, sem eru umfram leyfilegt árlegt hámark vaxtagjalda, sbr. 121. gr., er heimilt að flytja til næsta árs framreiknað skv. ákvæðum 26. gr.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og og eignarskatts á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 og eigna í lok þess árs."

Í grg. með frv. segir m.a.:

„Í áliti milliþinganefndar um húsnæðismál frá 7. des. s.l. var lagt til m.a. að hámark verðtryggingar og vaxtafrádráttar verði endurskoðað til hækkunar. Í frv. ríkisstj. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt var fram á Alþingi stuttu síðar og samþykkt þann 20. des. s.l., var tekið tillit til annarra ábendinga milliþinganefndarinnar. Á vaxtafrádrættinum var hins vegar ekki tekið sérstaklega, enda tíminn skammur til endurskoðunar laganna og um nokkuð yfirgripsmikið mál að ræða. Það hámark sem hér um ræðir er á skattárinu 1986 vegna tekna ársins 1985 216 757 kr. hjá einstaklingum og 433 514 hjá hjónum.

Í grg. með áðurnefndu frv. ríkisstj. sagði m.a.:

„Skv. upplýsingum ríkisskattstjóra nutu 16 669 framteljendur vaxtafrádráttar við álagningu 1985. Að meðaltali nam frádráttur þessi 97 554 kr. hjá hjónum og 70 669 kr. hjá einstaklingum. Tiltölulega mjög fáir verða fyrir skerðingu vegna hámarksins, en þeir sem verða fyrir henni eru að jafnaði tekjuháir. Því þykir ekki nauðsynlegt að svo stöddu að leggja til að umrætt hámark vaxtafrádráttar verði hækkað."

Rétt er að tiltölulega fáir verða fyrir þeirri skerðingu sem hér um ræðir. Er hins vegar dregin í efa sú staðhæfing að skerðingin bitni að jafnaði á tekjuháum. Að mati flm. skiptir skerðingin verulegu máli fyrir þá sem hana verða að þola sem eru oft einmitt þeir sem lent hafa í miklum greiðsluerfiðleikum og jafnvel greiðsluþroti í sumum tilvikum. Þykir ekki sanngjarnt gagnvart slíkum aðilum að tugir eða jafnvel hundruð þúsunda falli niður sem ónýttur vaxtafrádráttur eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Miðar tillagan að leiðréttingu þessa án þess þó að hækka vaxtafrádráttinn árlega. Heimilaður er í staðinn flutningur þess sem ónýtt er til næsta árs framreiknað með verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. núgildandi skattalaga.

Tiltölulega fáir lenda í þeirri skerðingu sem nefnd hefur verið, eins og fyrr segir, og því tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga mjög óverulegt. Breytingin er hins vegar réttlætismál þeirra sem fyrir skerðingunni verða."

Til glöggvunar er með þessu frv. sérstakt fskj. þar sem rakin eru tvö tilvik sem fjalla um það mál sem hér um ræðir. Þar kemur m.a. glöggt í ljós hversu miklum fjárupphæðum það getur numið sem niður fellur hjá einstaklingum og hjónum.

Í fyrra tilvikinu sem rakið er á fskj. falla niður sem ónýttur vaxtafrádráttur 204 332 kr. og í síðara tilvikinu 617 668 kr. Rétt er að geta þess í þessu sambandi að á grundvelli úrskurðar ríkisskattanefndar frá 30. des. 1983, úrskurði nr. 799, er heimilað að telja áfallnar verðbætur með vaxtagjöldum við sölu eigna hvort heldur um er að ræða almenna sölu eða nauðungarsölu á uppboði. Í slíkum tilvikum er einkum algengt að upp fyrir hámarksvaxtafrádráttinn sé einmitt farið. Í slíkum tilvikum er alls ekki sanngjarnt að einmitt þeir sem í mesta vandanum eru hverju sinni vegna húsnæðiskaupa eða húsnæðisbyggingar tapi tugum eða hundruðum þús. kr. Því er frv. flutt.

Um greinarnar sem slíkar vísast til athugasemda sem fylgja því frv. sem um er fjallað. Sérstök athygli er þó vakin á því að frv. gerir ráð fyrir að ónýttur vaxtafrádráttur frá 1984 nýtist við álagningu 1986 þar sem lögin öðlast þegar gildi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. sérstaklega, en ég ítreka að það er réttlætismál þeirra sem fyrst og fremst hafa lent í verulegum greiðsluerfiðleikum og bera þess vegna mjög mikla vaxtabyrði og verðbætur vegna lána sinna.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Lágmarkslaun, frv. 406. mál (þskj. 750). — 1. umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lágmarkslaun sem er að finna á þskj. 750. 1. gr. frv. hljóðar upp á það að óheimilt sé að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur framfærslukostnaði einstaklings skv. mánaðarlegum útreikningi Hagstofu Íslands.

Framfærslukostnaður einstaklings er enn ekki reiknaður sérstaklega af Hagstofu Íslands en Hagstofan vinnur nú að nýrri neyslukönnun þar sem gert er ráð fyrir að hann verði reiknaður sérstaklega. Mun útreikningur Hagstofunnar á framfærslukostnaði einstaklings væntanlega liggja fyrir í lok þessa árs. Fram til þess tíma er gert ráð fyrir því í frv. að lágmarkslaun miðist við 30 000 kr. á mánuði en sú tala er þannig fundin að miðað er við framfærslukostnað vísitölufjölskyldunnar sem nú er rúmlega 80 000 kr. á mánuði. Vísitölufjöl-

skylduna skipa 3,66 manns og út frá því er áætlað að framfærslukostnaður einstaklings sé nálægt 30 000 kr. á mánuði. Þar til sérstakur útreikningur á framfærslukostnaði einstaklings liggur fyrir er í frv. gert ráð fyrir að miðað verði við 30 000 kr. sem leyfileg lágmarkslaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku.

Eins og fram kemur í grg. með frv. þá hækkuðu lægstu laun hér á landi úr 16 930 kr. á mánuði í 19 236 kr. á mánuði í lok samningstímans skv. nýgerðum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Skv. útreikningi Hagstofu Íslands á meðaltalsframfærslukostnaði má áætla að framfærslukostnaður hvers einstaklings sé nú nálægt 30 þús. kr. á mánuði. Slíkt ósamræmi milli launa og framfærslukostnaðar hlýtur að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem í hlut eiga, enda er nú komið á daginn að umtalsverður fjöldi fólks eða nálægt fjórða hver fjölskylda hér á landi býr við afkomu sem telst undir fátæktarmörkum. Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi og því er þetta frv. flutt.

Í frv. er gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Markmið þess er að koma í veg fyrir að fólk beri minna úr býtum fyrir fulla vinnu en sem nægir til að sjá sér farborða. Frv. tekur aðeins til þeirra sem hafa laun undir 30 þús. kr. á mánuði, þar með talið til mikils hluta útivinnandi kvenna, en það hreyfir ekki við launum sem hærri eru en 30 þús. kr. á mánuði.

Frv. er í raun neyðarráðstöfun þar sem það á að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. Þegar aðilar vinnumarkaðarins sinna ekki þessu hlutverki sínu og neyðarástand skapast á mörgum heimilum landsins getur Alþingi hins vegar ekki setið hjá aðgerðarlaust. Því er hér lagt til að Alþingi tryggi þann lágmarksrétt hvers vinnandi manns að geta framfleytt sjálfum sér með fullri dagvinnu.

Eins og fram kemur í þessari grg. er þetta frv. flutt í framhaldi af nýgerðum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins, kjarasamningum sem við Kvennalistakonur gagnrýndum harðlega hér á Alþingi, m.a. fyrir að taka ekki á lægstu launanum, og það er flutt í framhaldi af þeim upplýsingum sem síðan hafa komið fram um fátækt á Íslandi. Þetta hvort tveggja varð til þess að við ákváðum að leggja fram þetta frv. nú en allt frá því að ríkisstj. afnam vístölutryggingu launa með bráðabirgðalögum í maí 1983 höfum við velt fyrir okkur hvort slíkt frv. ætti rétt á sér. Fram til þessa höfum við fallið frá því að leggja slíkt frv. fram á þeim forsendum í fyrsta lagi að við höfum ekki viljað festa með lögum einhvern botn á launagreiðslur í landinu sem lægst launaða fólkið ætti á hættu að sitja eftir á á meðan aðrir fengju launahækkanir. Í öðru lagi vegna þess að við teljum það vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um laun fyrir unna vinnu en ekki Alþingis og í þriðja lagi að ákvarðanir um laun hinna lægst launuðu, þ.m.t. flestra útivinnandi kvenna, væru betur komnar í þeirra eigin höndum en í höndum Alþingis að óbreyttu.

Nú er hins vegar ljóst að verkalýðshreyfingin er ekki fær um eða vill ekki gæta hagsmuna þeirra sem lægstu launin hafa. Tregðulögmál launastigans og prósentuhækkananna kemur í veg fyrir að hún geti eða vilji það. Nýgerðir kjarasamningar eða „þjóðarsátt", eins og höfundar þeirra nefna þá gjarnan, eru gleggsta dæmið um þetta. Þar er samið um rúmlega 19 þús. kr. lágmarkslaun á meðan framfærslukostnaður einstaklings er í kringum 30 þús. kr. og í hönd fara hagsældartímar í íslensku þjóðfélagi, stórbætt viðskiptakjör og metafli.

Verkalýðshreyfing sem þannig semur gætir tæplega hagsmuna þeirra sem minnst mega sín á íslenskum vinnumarkaði. Þess vegna er sú röksemd fallin brott að kjörum manna kunni að vera stefnt í hættu með framígripi af hálfu Alþingis. Þegar þar við bætist að fram koma upplýsingar um að 8–24% fjölskyldna á Íslandi búi við afkomu undir fátæktarmörkum er ljóst að Alþingi getur ekki setið aðgerðarlaust hjá heldur ber því siðferðileg skylda til að grípa í taumana og tryggja að landsmenn allir hafi fyrir brýnustu lífsnauðsynjum með launum fyrir fulla vinnu. Þess vegna er þetta frv. nú flutt.

Hvað víðtækari efnahagsleg áhrif þessa frv. varðar mun það ekki valda miklum breytingum né hafa mikla þenslu í för með sér þar sem um er að ræða kjarabætur til þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Gera má ráð fyrir að þeim verði frekar eytt í nauðsynjar, eins og t.d. búvörur, en í þensluskapandi lúxusvörur. Skv. lauslegum útreikningum Þjóðhagsstofnunar má áætla að frv. nái til um 40 000 launþega og að meðaltalskauphækkun þessa hóps verði um 20%. Þetta mun þýða um 200 millj. kr. á mánuði í atvinnutekjum eða 2½ milljarð á ári. Heildaratvinnutekjur í landinu eru nú um 65 milljarðar á ári þannig að frv. hefur í för með sér 3–4% aukningu á launakostnaði atvinnurekstrarins.

Þeir efnahagssérfræðingar sem ég hef borið málið undir telja allir að íslenskur atvinnurekstur sé það vel í stakk búinn nú að þessi kostnaðarauking valdi honum hvorki vandræðum né erfiðleikum. Hitt er svo aftur líklegra að atvinnurekstrinn velti þessari kostnaðarauknigu út í verðlagið og þá hefur frv. í för með sér 3–4% hækkun verðbólgunnar. 3–4% verðbólguhækkun er hins vegar vel viðráðanleg innan þess ramma sem settur var um efnahagslífið í síðustu kjarasamningum að mati Þjóðhagsstofnunar og ætti ekki að stefna kaupmætti launa almennt í hættu.

Ég vona að hv. þm. sé ljóst að það kostar ekki mikið í peningum, í efnahagslegum gæðum, að hækka lægstu launin í landinu. Kostnaðurinn við slíkt er ekki þröskuldurinn. Þröskuldurinn er að ef þeir lægst launuðu eru hækkaðir um nokkrar krónur þá fylgir öll strollan á eftir og allir sem aðeins meira bera úr býtum vilja líka fá hækkun og ekki bara jafnmargar krónur og þeir lægst launuðu heldur hlutfallslega og því fleiri krónur.

Það er löngu komið á daginn að verkalýðshreyfingin ræður ekki við þennan vanda og því er hér lagt til að Alþingi geri það með því að lögfesta lágmarkslaun sem nægja til einstaklingsframfærslu án þess að hrófla á nokkurn hátt við launum sem hærri eru en 30 þús. kr. á mánuði. Það er reyndar forsenda þessa frv. og forsenda þess að það fái staðist á núverandi grunni efnahagslífsins að það snertir ekki við launum ofan við 30 þús. kr. á mánuði.

En þetta frv. hefur fleiri forsendur. Það hefur þá forsendu einnig að það sé siðferðilega óverjandi að fólk líði skort í íslensku nútímaþjóðfélagi, að það ástand sem nýlega var greint frá á ráðstefnu íslenskra félagsmálastjóra um fátækt á Íslandi sé ekki sæmandi sjöttu

ríkustu þjóð heims. Það byggir einnig á þeirri forsendu að atvinnurekstur sem ekki getur borgað laun sem nægja til einstaklingsframfærslu eigi tæplega rétt á sér. Það bendir jafnframt á að aðstæður í íslensku efnahagslífi eru óvenjugóðar um þessar mundir. Fiskverð fer hækkandi á fiskmörkuðum, olía lækkandi og metafli berst á land og því ekki hægt að afsaka lág laun með almennum efnahagsörðugleikum eins og alsiða er hér á landi. Það bendir einnig á að það getur verið dýrt fyrir atvinnureksturinn að borga lág laun og það er án nokkurs vafa rándýrt fyrir þjóðfélagið að brjóta fólk niður en það er það sem gerist í kjölfar svo lágra launa að menn geta ekki lifað af þeim. Peningahlið þessara mála er þó e.t.v. léttvæg miðað við hvílíkt siðleysi það er að bjóða mönnum lægri laun fyrir fulla vinnu en sem nægir þeim til framfærslu.

Af öllum þessum ástæðum er þetta frv. flutt og að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. 26. mál (þskj. 819). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, frv. 336. mál (þskj. 619). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður Íslands, stjfrv. 416. mál (þskj. 767). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Með þessu frv. er lagt til að Söfnunarsjóður Íslands verði lagður niður og eignir hans og skuldir yfirteknar af ríkisviðskiptabanka. Söfnunarsjóður Íslands hefur verið starfræktur í tæp 100 ár en hann er stofnaður með lögum nr. 2 frá 1888. Samkvæmt lögum þessum er megintilgangur sjóðsins að gefa almenningi kost á að spara fé til langs tíma með reglulegum sparnaði. Söfnunarsjóðurinn telst því innlánsstofnun í skilningi núgildandi laga um Seðlabanka Íslands. Lögin frá 1888 skapa hins vegar ekki lengur heppilegan ramma fyrir starfsemi þessarar innlánsstofnunar og raunar má segja að uppbygging sjóðsins miðist við allt öðruvísi þjóðfélag en við búum við á Íslandi í dag.

Innlán í sjóðinn eru t.d. bundin mjög lengi og koma í veg fyrir að sjóðurinn geti sinnt eðlilegum þörfum sinna viðskiptamanna. Engir nýir viðskiptareikningar hafa lengi verið opnaðir við sjóðinn og starfsemin hefur hin síðari ár verið með allra minnsta móti. Ársreikningur síðasta árs sýnir þetta glögglega en þar er niðurstöðutala efnahagsreiknings tæpar 5 millj. kr. og eigið fé aðeins 112 þús. kr.

Í ljósi þessa þá er það samdóma álit allra sem til þekkja, þar á meðal bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, að leggja beri Söfnunarsjóð Íslands niður og fela einum viðskiptabankanna að taka yfir eignir, skuldir og eigið fé sjóðsins. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að þessu starfi verði lokið 1. sept. n.k.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla nánar um einstakar greinar frv. sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis en vil þó ekki láta hjá líða að greina frá því að í síðustu skýrslu bankaeftirlitsins um eftirlit með Söfnunarsjóði Íslands kemur fram að bókhald sjóðsins hefur verið í góðu lagi og reikningar vel frá gengnir. Sá maður sem hefur verið söfnunarstjóri um langt árabil hefur látið af störfum fyrir aldurs sakir en formsins vegna kaus Alþingi söfnunarstjóra fyrir jól og fékkst maður til þess að gegna því aðeins um örstuttan tíma. Því húsnæði sem sjóðurinn hefur haft hefur verið sagt upp en hann hefur verið staðsettur í Sparisjóði Reykjavíkur. Einnig vil ég láta það koma fram að ef þetta frv. verður að lögum, sem ég vona því að hér er um lítið frv. og skýrt afmarkað að ræða, er ætlunin að semja við Landsbanka Íslands um þessa yfirtöku. Eins og alþm. eflaust vita eru fjöldamargir reikningar eða sjóðir innan Söfnunarsjóðsins sem eru mjög veigalitlir eins og nærri má geta af þeim upplýsingum sem ég hef hér gefið.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 636 (sbr. 602), n. 701, 703, 705 og 717, brtt. 709, 710, 720 og 740). — Frh. 2. umr.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir frv. sem hér liggur fyrir, frv. um sveitarstjórnarmál, og litið á umsagnir. Ég hafði ekki aðstöðu til að setja fram nál., enda er ég ekki í félmn., en ég átti kost á því að sitja einn fund nefndarinnar.

Þar kom fram hjá aðalhöfundi frv. að það væri vitanlega klúður og vandræðalegt á allan hátt og hafði um það hin verstu orð. Það kom og fram hjá þeim sýslumönnum sem komu á fundinn að þeir áttuðu sig ekki á því hvað átt var við með svokölluðum héraðsnefndum og lögðu fram ýmsar spurningar varðandi þá þætti, hvernig ætti að fara með eignir sýslunefnda og annað í þeim dúr. Það var náttúrlega lítið um svör. Það virðist sem hugmyndir um héraðsnefndir séu mjög á reiki, menn viti ekki hvað sé verið að setja á stofn og ástandið breytist miklu minna en ætlað hefði verið.

Það er líka atriði í frv. sem menn hafa mjög gagnrýnt, einkum við Alþýðuflokksmenn, að sveitarfélög sem aðeins hafa 50 íbúa skuli verða að sameina öðrum

sveitarfélögum. Við teljum að þessi tala hefði átt að vera miklu hærri og reyndar er það svo að í umsögnum um frv. kemur fram að hin ýmsu sveitarfélög telja að svo eigi að vera. Ástæðan fyrir því er sú að sveitarfélög sem eru með mjög fáa íbúa, allt niður í 400 manns, hafa varla aðstöðu til þess að lifa sem sjálfstæð sveitarfélög teknanna vegna. Við teljum að lágmarksíbúatala sveitarfélags ætti að vera 400 íbúar eins og var í frv. áður. Það mætti jafnvel gjarnan hækka.

Í umsögninni frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar segir: „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar telur að sveitarfélag, sem aðeins telur 50 íbúa, sé allt of fámennt til að standa undir lögboðnum verkefnum og bendir jafnframt á að aukning íbúafjölda í sveitarfélagi eykur sjálfstæði þess. Því leggur bæjarstjórn til að tala þessi verði ákveðin 1500–2000. Hins vegar gerir bæjarstjórn sér ljóst að verið getur að sveitarfélag geti alls ekki náð þessum íbúafjölda, t.d. af landfræðilegum eða félagslegum ástæðumn og þyrfti í þeim tilvikum að gera ráð fyrir undantekningum."

Á þessu sjáum við tóninn sem þarna ríkir og ég sé það í fleiri umsögnum að þessi tónn er einnig þar fyrir hendi.

Þá segir í umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, með leyfi forseta:

„Stjórn samtakanna telur að ýmsar lagfæringar þurfi að gera á frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga áður en það verði afgreitt. Þær hugmyndir um þriðja stjórnsýslustigið sem komu fram í frv., þ.e. svokallaðar héraðsnefndir, eru ekki fullmótaðar og vafasamt hvort þær eigi þar heima. Eðlilegra sé að fjalla sérstaklega um hugsanlegt þriðja stjórnsýslustig og skiptingu landsins í héruð eða fylki með sjálfstæðu lagafrumvarpi, enda muni þurfa breytingar á stjórnarskrá Íslands ef ýmsar þær hugmyndir sem menn gera sér um þriðja stjórnsýslustigið eigi að ná fram að ganga."

Þá er eitt atriði sem ástæða er til að gefa gaum og ég minntist reyndar á við 1. umr. Í umsögn sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og sveitarstjórna allra 14 hreppa Skagafjarðarsýslu segir t.d. almennt: „Í sambandi við ákvörðun um hver séu verkefni sveitarfélaga er ljóst að tekjustofnar sveitarfélaganna eru meginforsendan. Nauðsynlegt er því að ákvæðin um tekjustofna sveitarfélaga og sýslufélaga séu tekin upp í frumvarpi að sveitarstjórnarlögunum eða frumvarp um það atriði liggi fyrir samhliða."

Ég tel að þetta sé mjög nauðsynlegt og frv. um tekjustofna hefði átt að liggja fyrir samhliða því frv. sem við ræðum um nú. Það er ekki vafi á því að eitt meginmarkmiðið með endurskoðun sveitarstjórnarlaga, sem hófst á árinu 1981, var að vinna að eflingu og stækkun sveitarfélaga. En það er forsenda þess að þeim sé fært að takast á við fleiri og stærri verkefni og unnt sé að auka sjálfsstjórn þeirra og fela þeim sem víðtækast ákvörðunar- og fjármálavald.

Alþfl. telur brýnt að gerð verði róttæk uppstokkun á stjórnkerfi sveitarstjórnarmála með nýskipan byggðamála. Í þeim tillögum sem Alþfl. hefur sett fram segir í fyrsta lagi að lögboðin verði stækkun sveitarfélaganna með nýjum ákvæðum um lágmarksíbúafjölda þeirra. Lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi verði 400 nema í algjörum undantekningartilvikum þegar landfræðileg sérstaða kallar á aðra skipan.

Í öðru lagi höfum við lagt til að félmrh. skipi nefnd til að gera tillögur um skipan nýrra stjórnsýslueininga á héraðsgrundvelli og frv. þar að lútandi verði lagt fyrir Alþingi veturinn 1988–1989. Við það skuli miðað að stjórn héraðanna verði kjörin beint af atkvæðisbærum íbúum þeirra, að þau hafi sjálfstæða tekjustofna og verkefni, sem nú eru í höndum ríkis og sveitarfélaga, verði færð til héraðsstjórnanna. Skýr verka- og tekjuskipting liggi á milli stjórnsýslustiga og tryggt að saman fari ákvörðunarvald og framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.

Eitt er það sem ég tel að mætti einnig koma fram í nýjum sveitarstjórnarlögum og það er ákvæði um að hjá stofnunum eða fyrirtækjum, sem bæirnir eða sveitarfélögin reki, stofnunum sem hafa fjölda manns í vinnu, verði komið á svokölluðu atvinnulýðræði eða vísi að því. Ég veit um dæmi þess, sem er allt að 20 ára gamalt, suður í Keflavík, en þar eru rekin nokkur slík fyrirtæki. Þar er það skylda að fulltrúar starfsmanna eigi sæti í stjórnum þessara fyrirtækja. Ég bendi á að einmitt þessi skipan hefur aukið mjög frið innan stofnunarinnar, milli starfsmanna og stjórnenda fyrirtækjanna og bæjarfélagsins, og ég tel að ef við ætlum að horfa fram á við sé nauðsynlegt að koma slíku ákvæði í frv.

Það frv. sem liggur nú fyrir Ed. er á margan hátt verra en það var í upphafi. Vissulega eru gerðar ýmsar tæknilegar breytingar til bóta og ber að meta það. En ég tel að það frv. sem hér liggur fyrir sé það gallað að ekki sé fært að samþykkja það. Eina ákvæðið sem virkilega knýr á um lagasetningu nú er 18 ára kosningaaldur og kjörgengi en auðvitað er hægt að samþykkja sérstök lög um það og þá um leið um þann kjördag sem væntanlegur er til sveitarstjórnarkosninga.

Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með þetta frv., einkum af því að ég veit að félmrh. þekkir mjög til sveitarstjórnarmála og hefði þess vegna getað fengið samþykkt mun betra frv. Ég tel að þeir sem að þessu hafa unnið, margir hverjir, hafi lítið komið nálægt sveitarstjórnarmálum og því sé frv. ekki meira að vöxtum eða betra eða horfi meir til framfarasóknar en greinilegt er.

Ég tel ástæðulaust að fara fleiri orðum um þetta mál en legg áherslu á það að margar efasemdir eru uppi hjá þeim fjölmörgu sem við sveitarstjórnarmálin fást. Við í Alþfl. teljum að það hefði mátt ganga mun lengra og við viljum gjarnan vita hvaða hlutverki héraðsnefndirnar eigi að gegna, hvernig eigi að fara með skuldaskil, hvernig eigi að móta þriðja stjórnsýslustigið þannig að vit sé í. Í raun er gert ráð fyrir sáralítilli breytingu í þessum efnum og þá á ég við það ástand sem ríkir varðandi landshlutasamtök. Það þurfa að vera til ákvæði um það hvernig með þau skuli fara og líka það að minni hlutar í svokölluðum héraðsnefndum fái að njóta sín. Í dag hafa landshlutasamtökin byggst upp af samþykktum sveitarstjórna og þá yfirleitt meiri hluta þeirra sveitarstjórna sem fyrir hendi eru hverju sinni. Svokallaður minni hluti er varla til, þ.e. áhrif hans eru varla til, og á honum er gengið eins og mögulegt er í mörgum tilvikum.

Ég endurtek að ég lýsi vonbrigðum mínum með þetta frv. Ég tel að það hefði mátt ganga mun lengra, það sé gallað og því sé óeðlilegt að samþykkja það nú. Það mætti hins vegar taka nokkur atriði út úr og samþykkja þau, eins og varðandi kosningaaldurinn, kosningadagana, en bíða með samþykkt frv. að öðru leyti þar til

gerðar hafa verið á því gagngerar endurbætur sem miða til framfara en ekki aðeins til tæknilegra breytinga.

Frsm. 3. minni hl. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 717 um frv. til sveitarstjórnarlaga frá 3. minni hl. félmn. Í nál. þessu segir:

„Nefndin fékk frv. seint og hefur lítinn tíma haft til að fjalla um málið. Það eitt er næg ástæða til að mæla gegn samþykkt þess.

Frv. leysir ýmis tæknileg atriði er varða stjórnsýslu sveitarfélaga án þess þó að auka lýðræði með því að auka vald og ábyrgð íbúanna. Ekki eru heldur gerðar neinar breytingar er auki upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart almenningi.

Alvarlegasti galli frv. er þó sá að það sneiðir algerlega hjá því vandamáli sem enga bið þolir lengur, þ.e. að laga stjórnsýsluna að þeim gífurlegu breytingum sem orðið hafa á búsetu í landinu á síðustu 40 árum, og því legg ég til að frv. verði ekki samþykkt."

Þá er fyrst til að taka að varðandi 1. mgr. þessa nál., þ.e. hversu seint þetta mál kom til þessarar deildar og hversu lítill tími henni var ætlaður til fjalla um málið, er skoðun mín að það eitt nægi til þess að mæla gegn samþykkt þess.

Nú gætu menn haldið því fram að málið hefði fengið langa og ítarlega umfjöllun í Nd. og þess vegna væri hægt að ætla því lítinn tíma í þessari deild. Þetta eru röksemdir sem maður heyrir oft þegar farið er með frumvörp á þennan veg eins og gert var nú. Eru menn þá þar að mínu mati að horfa fram hjá þeirri upprunalegu kröfu eða nauðsyn sem talin var vera á því að hafa þing í tveimur deildum og að ætla báðum deildum góðan, sanngjarnan umþóttunartíma um þau mál sem kæmu til þeirra og ætla þeim ekki, sérstaklega ekki þegar um jafnstór og mikil mál er að ræða og þetta sveitarstjórnarfrumvarp, þó ekki væri nema bara vegna lengdar þess, efnislegrar stærðar, jafnlítinn umþóttunartíma eins og um þetta frv. núna.

Þess vegna tel ég að ef deildin almennt vill halda virðingu sinni og reisn, ef deildin almennt vill skapa fordæmi um vinnubrögð, nægi þessi ástæða ein til þess að deildin láti málið ekki frá sér fara á þessu þingi, þ.e. samþykki það ekki. Ég tel að þetta sé mjög hæpið og hættulegt fordæmi að samþykkja, og þetta er ekki í fyrsta sinn sem slíkt gerist, jafnstóran lagabálk án þess raunverulega að hafa fengið nokkurn tíma til þess að fara ofan í hann í einstökum atriðum. Það skal upplýst hér og er ekki sett fram sem gagnrýni á einstaka nm. að nefndin las t.d. ekki frv. allt í gegn, hún fór ekki í einstakar greinar þess á fundum sínum, heldur skoðaði hún eingöngu þær brtt. sem gerðar höfðu verið við það í fyrri deild og hlustaði á orð nokkurra þeirra manna sem kallað hafði verið á til viðræðna þegar frv. var í Nd.

Eins og segir í 2. mgr. nál. leysir þetta frv. til sveitarstjórnarlaga ugglaust ýmis tæknileg atriði er varða stjórnsýslu sveitarfélaga en það er þó áberandi varðandi þessar lausnir að ekki er verið að auka lýðræði með samþykkt frv. Hér er ekki verið að auka vald og ábyrgð íbúa með þeim breytingum sem framkvæmdar eru. Þær lúta allar að ákveðnum lausnum á tæknilegum vandamálum stjórnvaldsins en hreyfa lítið eða ekkert við ýmsum áberandi göllum í samskiptum íbúa og stjórnvalds. Það er kannske fyrst til að taka að greinilegt er að frv. er ekki ætlað að stuðla í einu eða neinu að því að draga úr miðstýringu og kemur það strax fram í fyrstu greinum þess, t.d. í 3. gr. þar sem segir, með leyfi frú forseta:

„Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum." Síðan segir í 2. mgr.: „Þó getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna."

Mér er erfitt að skilja hvers vegna annars vegar er sagt að óheimilt sé að breyta staðarmörkum sveitarfélaga nema með lögum en gefa síðan ráðuneytinu umboð til þess að breyta þeim án þess að lagafyrirmæli komi til. Þetta er í anda þeirrar miðstýringarhugsunar sem hefur ríkt hér á Íslandi og á greinilega að ríkja áfram.

Í 4. gr. segir, með leyfi frú forseta:

„Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Tilkynna skal um þá ákvörðun til ráðuneytisins sem heldur sérstaka skrá um merki sveitarfélaga og setur almennar reglur um gerð þeirra.

Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags og ákvörðun um byggðarmerki í Stjórnartíðindum."

Þetta er þáttur annars vegar í ákvörðunum sveitarfélaga um sérstöðu sína, að ákveða sér merki með einhverjum hætti og nafn. Ég fæ ekki almennilega séð hvaða hlutverki ráðuneytið á að gegna í þessu, hvort því er þá ætlað sams konar hlutverk og prestum þegar foreldrum er gert að bera nafn barna sinna undir þá áður en skírnin fer fram þannig að hann geti staðfest það fyrir fram hvort þetta nafn þyki gjaldgengt skv. íslenskum venjum og hefðum. Mér finnst óþarfi að binda föðurhlutverk ráðuneytisins með þessum hætti í lögum.

Síðan kemur sú fræga 5. gr. þar sem segir:

„Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags gætu myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags."

Þetta kallar maður nú að fara tvisvar sinnum yfir lækinn vegna þess að það er augljóst að þeir sem að samningu þessara greina stóðu átta sig á því í miðri grein að hugsanlega þjóni tilskipanir sem þessar mjög litlum tilgangi af því að það geti verið svo margir annmarkar aðrir á því að sameina sveitarfélög að íbúatalan ein sé ekki nægjanleg til þess að ákveða um slíkt. Þá er opnað í 2. mgr. undantekningarákvæði um það að ef sérstakar aðstæður hindri það að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannafélagsins megi gera eitthvað annað en ekki tiltekið neitt nánar hvað það skuli vera. Þannig að af þessari grein stendur í raun og veru ekkert eftir vegna þess að tvær seinni mgr. hennar stangast hvor á við aðra. Það stendur eiginlega ekkert eftir annað en: Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar. Þessi ítala í sveitarfélag er mjög umdeild og ég veit ekki um marga sem í raun og veru geta flutt fyrir því einhver skynsamleg rök eða réttara sagt einhver sannfærandi rök að

þetta sé einhvers konar non plus ultra í stærð íslenskra sveitarfélaga. Staðreynd er að með því framhaldi byggðaþróunar, sem við horfum upp á núna, verður ákveðinn fjöldi sveitarfélaga á Íslandi í þeirri stöðu í mjög náinni framtíð að geta í raun og veru ekki séð um sig sjálf. Þá kemur til kasta ríkisvaldsins, hvaða hlutverk það ætlar sér gagnvart slíkum aðilum. Ætlar það sér að taka slík sveitarfélög upp á sína arma? Ætlar það að reka sveitarfélagið fyrir einhverja tölu íbúa með því að leggja þeim til framkvæmdastjórn einhvers konar eða framkvæmdastjóra? Ætlar það að leggja íbúunum til fé þannig að þeir geti haldist við í sínu sveitarfélagi eða ætlar það að flytja fólk, nauðugt eða viljugt, úr slíkum sveitarfélögum og sameina það bara í eitt skipti fyrir öll öðrum sveitarfélögum með flutningum?

Við vitum að það sem er raunverulega kannske er það eina, sem fámenn sveitarfélög á Íslandi eiga sameiginlegt, er að þar er fjöldi íbúanna orðinn lítill sérstaklega miðað við það landsvæði sem þeir byggja. Og að sameina slík sveitarfélög, yfirleitt stór landsvæði, nálægum sveitarfélögum leysir í raun og veru ekki neitt fyrir einn eða annan. Því að hafi þetta sveitarfélag verið baggi á sjálfu sér þá verður það enn þá meiri baggi á því sveitarfélagi sem það er sameinað. Það er afskaplega erfitt að réttlæta það að flytja ábyrgðina með þessum hætti yfir á herðar annarra sveitarfélaga. Og það er í raun og veru hvergi komið fram neitt viðhlítandi svar við því: Hvað ef sveitarfélög neita að taka við slíkum böggum? Hvað gerist þá?

Í Nd. var gerð breyting á 6. gr. frv. um verkefni sveitarfélaganna og í sjálfu sér kannske ekki neitt stórt við þá breytingu að athuga. Þar er þó komið inn á þessar ræmdu héraðsnefndir sem eiga hugsanlega að geta tekið við verkefnum sveitarfélaga en að þeim kem ég síðar.

Áfram í II. kafla er fjallað um sveitarstjórnirnar sjálfar og þar er í 7. gr. þess krafist að sveitarstjórnir skuli gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Slíka samþykkt skuli senda ráðherra til staðfestingar. Miðað við þá stjórnskipan sem við búum við, þá verkefnaskiptingu milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, finnst mér að þá samþykki maður frekast og helst annað hvort valdið. Ef menn hafa einhverjar ákveðnar skoðanir á því hvernig stjórn og stjórnsýslu sveitarfélags skuli vera háttað, þá sé annaðhvort eðlilegra að setja bara ákveðin lög um slíkt, og menn hlíti þeim lögum eða ekki, eða þá frekar að láta menn gjörsamlega afskiptalausa með þetta, þ.e. að menn fái að ráða því sjálfir, af því að sveitarstjórnir eru náttúrlega óneitanlega framkvæmdarvald í þessu landi.

Í 9. gr. segir, með leyfi frú forseta:

„Sveitarstjórnir hafa ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast, að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála sem ákveðnar eru í samþykktum sveitarfélagsins, lögum og reglugerðum.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið."

Mér er nú eiginlega spurn hvort það sé virkilega nauðsynlegt að setja jafneinfalda og sjálfsagða hluti og þetta í lög. Mér finnst setningar sem þessar — og þessi setning í 9. gr. II. kafla er ekkert einsdæmi í þessum lögum, það er þó nokkuð mikið af öðrum álíka setningum — mér finnst þær eiginlega vera mjög niðrandi gagnvart því stjórnvaldi sem hér er verið að fjalla um. Að það skuli nánast þurfa að segja þessum aðilum, eins og þetta kemur fyrir sjónir þegar það er lesið, að þeir hafi heimild til þess að ályktа um málefni sem varða sveitarfélög. Ef hinir kjörnu fulltrúar í sveitarfélagi gera sér ekki grein fyrir því að þeir eru ályktunarhæfir um málefni sveitarfélagsins þá held ég að miklu heppilegra sé að kjósa bara aftur en að það þurfi að gera þeim grein fyrir því með lögum að þeir séu ályktunarhæfir.

Síðan koma greinar sem fjalla um nafngiftir og fjölda sveitarstjórnarmanna og þá kem ég hér að ákvæðum 13. gr. laganna í III. kafla um kosningar sveitarstjórna. Í 13. gr. segir, með leyfi frú forseta:

„Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum fyrsta dag næsta mánaðar eftir kjördag og situr til júníloka það ár sem næstu almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram."

Við þetta atriði gerðu nokkrir af þeim aðilum sem umsögn létu í té um frv. athugasemdir og mátti skilja að sumir væru e.t.v. fylgjandi því að breyta þessu. Ég verð nú að viðurkenna það að ég styð kannske frekar en ella þetta atriði. Ég held að það sé ekkert skrýtið þó að ein eða tvær vikur líði þangað til nýkjörin sveitarstjórn tekur við. Ég geri ráð fyrir því að hún starfi strax frá kjördegi þó hún taki ekki opinberlega við störfum fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar, eins og sagt er, en nýkjörnir sveitarstjórnarmenn hafa þarna ákveðinn tíma þó til þess að kynnast þeim málum og þeim framkvæmdum sem sveitarstjórnin er ábyrg fyrir þegar þeir taka við.

Í 14. gr. er aftur á móti atriði sem ég er mjög mótfallinn. Þar segir, með leyfi frú forseta:

„Fulltrúar í sveitarstjórnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti:

a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.

b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því."

Ég tel óeðlilegt að halda í þessa tegund fulltrúakjörs lengur. Þetta er ekki lengur samræmanlegt lýðræðislegum venjum og ég skil ekki hvers vegna ekki er hægt að láta eina og almenna reglu gilda um kjör til sveitarstjórna á öllu landinu — og þá sömu regluna. Og þá á ég einfaldlega við bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum.

Þetta á líka við þá um 15. gr. þar sem segir í upphafi, með leyfi frú forseta:

„Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300, skal kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Í öðrum sveitarfélögum skulu kosningar vera óbundnar. Þó skal einnig þar kjósa bundinni hlutfallskosningu ef 20 kjósendur eða einn tíundi hluti kjósenda krefjast þess í bréfi stíluðu til oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en sex vikum fyrir kjördag."

Ég fæ ekki almennilega séð hvernig talan 300 hefur öðlast svona mikla töfranáttúru á mælikvarða lýðræðisins að það skuli vera réttlætanlegt að krefjast þess að í

sveitarfélögum þar sem íbúar eru 300 eða fleiri skuli kosið bundinni hlutfallskosningu. Menn hljóta að hafa einhverja ástæðu til þess að setja slíka kröfu fram og þykja hún eðlileg. Og þá aftur á móti fæ ég ekki séð hvers vegna ekki er líka eðlilegt að æskja þess í sveitarfélagi, þar sem íbúar eru 200 eða 100 eða jafnvel bara 50, að kosning skuli vera bundin hlutfallskosning. Þetta er ekki hvað síst tengt því hvernig kosið er í óbundnum kosningum. Því að sérstaklega ef við horfum til þess að menn notist við óbundna kosningafyrirkomulagið í fámennum sveitarfélögum, þá er skoðanaeftirlit og skoðanakúgun þar svo auðveld, má segja, og erfitt í raun og veru að koma í veg fyrir hana. Og þá er ég að taka til þess sem lýst er í 30. gr. frv. í III. kafla:

„Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna."

Ég er nokkuð kunnugur í fámennu sveitarfélagi hér nokkuð langt frá höfuðstaðnum og ég veit það af eigin reynslu að í þessu litla sveitarfélagi þekkja menn handbragð og rithönd hver annars svo að þeir eru ekki í nokkrum vafa hver hefur ritað eitthvað það sem fyrir framan þá stendur. Þetta er í jafnlitlu samfélagi eins og þar um ræðir eðlileg afleiðing af nánu sambýli. Þess vegna er það alveg útilokað að menn geti kosið í óbundnum kosningum þannig að það fari fram hjá öðrum hvern þeir hafa kosið. Og þar með erum við búin að brjóta eitt af grundvallaratriðum lýðræðisins, þ.e. lýðræðislegra kosninga, þ.e. leyndina. Menn eiga rétt á því — það eru mannréttindi sem menn hafa barist fyrir hörðum höndum að ná — menn eiga þann rétt sem menn að fá að kjósa, og eiga það eingöngu við samvisku sína og engan annan hvern eða hvað þeir kusu. Þess vegna eru óbundnar kosningar ekki lýðræðislega réttlætanlegar, og hafa svo sem aldrei verið það, en eru það alls ekki lengur.

Þegar kemur að IV. kafla, frú forseti, um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna, og síðan V. kaflanum um sveitarstjórnarfundi, þá erum við kannske að nálgast fyrst þau atriði sem eru þess valdandi að a.m.k. ákveðinn hluti sveitarstjórnarmanna í dag er fylgjandi því að þetta frv. verði samþykkt. Einfaldlega vegna þess að í þeim köflum sem þar fylgja, allt að IX. kafla, er fjallað um skipulag á starfsemi og rekstri sveitarfélagsins sem samræmist trúlega betur deginum í dag en þau gildandi lög sem við erum með í höndunum og þess vegna hægt að tala um ákveðna nauðsyn þess að samþykkja a.m.k. þann hluta þeirra. Aftur á móti fullyrði ég að það mundi litlu breyta fyrir sveitarfélög í landinu þó að IV.–VIII. kafli yrðu ekki samþykktir á þessu þingi. Því að menn eru búnir að stjórna sveitarfélögunum með gömlu lögin í höndunum um nokkurra ára skeið, án þess kannske að þau fullnægi kröfum tímans, og það fara ekki allir hlutir úr böndunum þó þeir gerðu það kannske eitt árið enn. En við yfirlestur rak ég þar augun í eitt atriði sem ég skil ekki alveg. Það er í 47. gr. frv. þar sem fjallað er um það að:

„Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa oddvita í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins."

Ég bið nú forláts ef ég tala eitthvað út úr kortinu en hverslags Bakkabræðrum gera menn ráð fyrir í stjórnum sveitarfélaga að þeir átti sig ekki á því að þegar oddviti deyr þurfi þeir að kjósa nýjan oddvita? Að það þurfi að segja þeim það með lögum að slíkt þurfi að gerast. Nú bendi ég auk þess á það að oft, ef ekki oftast, er náttúrlega líka búið að ganga frá kjöri varaoddvita.

Þá erum við komin að IX. kafla og þar á þá við 3. mgr. þess nál. sem ég setti fram, þar sem ég segi:

„Alvarlegasti galli frv. er þó sá að það sneiðir algerlega hjá því vandamáli sem enga bið þolir lengur, þ.e. að laga stjórnsýsluna að þeim gífurlegu breytingum sem orðið hafa á búsetu í landinu á síðustu 40 árum, og því legg ég til að frv. verði ekki samþykkt."

Hér erum við að tala um spurninguna um lögbundið samstarf sveitarfélaga. Þessi grein breyttist reyndar gjörsamlega í meðförum Nd. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir skiptingu landsins í héruð og héraðsnefndir. Þessi héruð voru þá tilgreind 18 í frv. Þessi nákvæma útlistun á héruðunum var felld niður og í stað þess þá hljóðar greinin svo: „Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga eða í landshlutasamtökum." Og þar með erum við í raun og veru aftur komnir á reit eitt í þessu lúdói sem starfið í kringum þetta frv. hefur verið.

Því er alls ekki hægt að neita að 97. gr., eins og hún var í upphaflegri mynd, gerði ákveðna tilraun til þess að skoða stjórnsýslu og samstarf sveitarfélaga í ljósi þess raunveruleika sem við búum við núna. Ég skal ekki setja mig sem dómara um það hvort þessi skipting landsins í héruð hafi verið gáfulegri eða verri en önnur. Ég tel mig þó geta sagt svo mikið um það að líklega er vonlaust að ætla sér það að skipta Íslandi í fá héruð. Þau þurfa örugglega að vera fleiri en fimm, en hvort þau þurfi að vera átján það skal ég ósagt látið. Aftur á móti veit ég það eins og hvert annað mannsbarn hér á landi að óánægja landsbyggðarmanna fer vaxandi. Hún fer sívaxandi og hún tekur á sig ýmiss konar myndir. Sú seinasta og mest áberandi mynd sem við höfum fyrir augunum er hópur fólks sem hefur tekið sig saman og bundist samtökum um jafnrétti landshluta. Ýmsir menn ganga svo langt að kalla þessi samtök jafnvel sértrúarhóp. En hvernig sem menn eru innstilltir, sem er nú ljót íslenska, hvaða skoðunar sem menn eru um samtök sem þessi þá geta menn ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að það hlýtur að vera einhver ástæða fyrir hreyfingum sem þessum. Við getum horft á þetta frá mörgum hliðum. Við getum reynt að spyrja okkur þeirrar spurningar: Hvers vegna telur fólk orðið nauðsyn bera til að bindast samtökum sem þessum? Annaðhvort getum við sagt að ástæðan hljóti að vera eitthvað raunverulegt, þ.e. fólkið álítur sig ekki eiga neina aðra möguleika til þess að umflýja þau slys sem eru að gerast núna í okkar félagsmálum, og þá á ég við flótta landsbyggðarfólks til þéttbýlis og þá sérstaklega hingað á suðvesturhornið. Ef ekkert er að gert þá mun sá dagur renna upp þegar fólk býr ekki hér á Íslandi nema á örfáum þéttbýlisstöðum dreift um landið og þeir þéttbýlisstaðir verða flestallir mjög fámennir nema sá sem við erum í hér núna. Ég held að þetta sé hin raunverulega ástæða fyrir þessu framtaki, fólk bindur vonir við það að breytingar í stjórnsýslu gætu með einhverjum hætti stöðvað þessa þróun. Sumir ganga svo langt einfaldlega að afskrifa þetta fólk sem ruglað en eiga þó

samt sem áður ósvarað þeirri spurningu: Hvers vegna er svona stór hópur af Íslendingum orðinn svona ruglaður? Það hlýtur þá að vera einhver ástæða fyrir því líka.

Settar hafa verið fram tillögur um það hvernig megi bregðast við þeim vanda sem hér um ræðir, þ.e. byggðaflóttanum. Ein af þeim hugmyndum er sú að stofnsetja þriðja stjórnsýslustigið og færa verkefni frá ríkinu til þessa þriðja stjórnsýslustigs sem væri þá lýðræðislega kjörið og stæði umboðsaðilum sínum það miklu nær en ríkisvaldið að það hefði betri yfirsýn yfir þarfir þeirra og lausnir á vandamálum þeirra. Ýmsir hafa mikið út á þessar hugmyndir að setja. En staðreynd er að menn hafa ekki komið fram með neinar viðhlítandi lausnir á þessum vanda enn og eru þó búnir bæði að sjá hann og reyna að berjast gegn honum um æðilangan tíma. Það sem menn binda mestar vonir við í grófustu dráttum er að stækka stjórnsýslueiningarnar í þeirri von að þeim aukist þar með kraftur vegna þess að þar komi saman fjöldi manna og meira fé með þeim fjölda og að menn ráði þannig betur við þau verkefni sem þeir vilja taka að sér. Þessu hafa menn reynt að ná með því að sameina sveitarfélög.

Sameining sveitarfélaga er mjög fátítt fyrirbæri hér á Íslandi og virðist einfaldlega stranda á því, eins og mér betri menn hér á þingi mundu líklega kalla, að forngermanskar erfðir koma einfaldlega í veg fyrir það að menn vilji sleppa tökum á sveitarmörkum sínum. Menn líta á þau sem einhvers konar menningarlega og sjálfstæðis arfleifð sem þeir ekki vilja láta af hendi. (**Gripið fram í:** Ekki full rök.) Ég býst við því að í margra hugum séu það full rök og ég held að ef ég sæti heima í héraði þá væru það fullgild rök fyrir mig. Það er kannske þess vegna engin furða þó að menn í framhaldi þessarar forngermönsku hugsunar hafi hugsað til stjórnskipunar sem væri að einhverju leyti lík eða skyld þeirri stjórnskipan sem við bjuggum við hér á þjóðveldisöld — án þess þó að ég ætli að gera því skóna að þeir séu margir hér innan dyra sem ætli sér að hverfa algjörlega til baka til þjóðveldisaldar hvað stjórnsýslu snertir.

En menn horfa til möguleika þriðja stjórnsýslustigsins vegna þess að þar sjá menn möguleika á því að sameinast án þess að gefa upp sjálfstæði sitt. Og í þeim anda má segja kannske að IX. kafli eða réttara sagt 97. gr. upphaflega frv. hafi átt nokkurt erindi til dagsins í dag, að þar var gerð tilraun að ofan til þess að skipta landinu niður í stjórnsýslueiningar og koma á þar stjórn sem kallaðist héraðsnefndir. Aftur á móti var á þeim einn mjög alvarlegur stór galli sem ég held að hefði komið í veg fyrir það að þegnar landsins hefðu jafnvel hlítt þessu einfaldlega vegna þess að ekki var gert ráð fyrir því að kjörið yrði lýðræðislega til þessara héraðsnefnda heldur áttu sveitarstjórnir að skipa fulltrúa í héraðsnefndirnar. Og það held ég að sé alrangt.

Við Íslendingar erum að mínu mati komnir hættulega langt út á þá braut að hafna lýðræðinu sem við ættum raunverulega að vera að berjast fyrir. Því að staðreynd er að enn þá er mjög langt í land hér sem og annars staðar að búið sé að ná lokatakmarki í lýðræðisbaráttunni. Hvernig þessar héraðsnefndir áttu að vera skipaðar eins og kveðið var á um í 99. og 100. gr. frv., það var svo gjörsamlega þvert á anda lýðræðisins að ég efast um að nútímafólk hefði yfir höfuð hlustað á jafnvel lagafyrirmæli sem þessi.

Þá var það að menn duttu niður á annað fyrirbæri sem kallast byggðasamlög. Það er búið að fara nokkuð mörgum orðum um þessi byggðasamlög og sumum allháðulegum. Ég minnist ræðu sem hv. þm. Friðjón Þórðarson flutti í Nd. um þetta hugtak og þessa tegund samstarfs. En ég vil samt sem áður ekki leiða hjá mér þetta hugtak og þessa hugmynd án þess að geta þess að ég held að í allri þessari umræðu megum við ekki afneita einni eða annarri hugmynd öðruvísi en að hafa skoðað hana og að mínu mati í seinasta lagi alls ekki án þess að hafa borið hana undir fleiri en bara okkur. Við erum ekki æðsta vald í þessum málum. Við erum að fjalla hér um stjórnsýslu í landinu, stjórnsýslu fyrir fólk, og ég tel að fólkið í landinu eigi að fá miklu meira um þessa hluti að segja heldur en við gerum ráð fyrir í dag. Ég held að samlagshugmyndin sem hugmynd sé langt frá því þess eðlis að maður geti kastað henni frá sér sem einhvers konar brandara því að við höfum í dag, ef nokkuð, einmitt dæmi svona samstarfs í okkar stjórnsýslu á sveitarstjórnarsviði, þ.e. að menn myndi einhvers konar samrekstur um ákveðin verkefni án þess að afsala sér í einu eða öðru nokkru öðru frá sér.

Það sem mér finnst sérstaklega og endanlega áberandi við þetta frv., og þá ekkert síður eftir þær breytingar sem urðu á því í Nd., er það að menn *treystust ekki þegar á hólminn var komið til* þess að takast á við þetta stóra verkefni, að finna einhverja þá lausn á okkar stjórnskipan sem yrði að gagnlegu tæki til þess að berjast gegn þeirri ógnvænlegu þróun í byggð landsins sem við höfum verið að upplifa núna á síðustu árum, kannske allt að síðustu 40 árum. Ég held að þar hafi alls ekki verið um að ræða einhvers konar gunguеða ræfilshátt. Langt því frá. Ég held að menn hafi raunverulega áttað sig á því að þegar kemur að þáttum sem þessum, sem snerta svo mjög mannréttindi einstaklinga eins og stjórnskipanin gerir endanlega, þá er það vissum takmörkunum háð hvað ég eða þú hefur mikið umboð til þess að fjalla um þá hluti án þess að bera þá undir almenning, án þess að bera þá yfir höfuð undir þjóðina til samþykktar eða synjunar eða til þess að ráðfæra sig við hana. Þegar að stjórnsýslunni kemur og spurningunni um valddreifinguna erum við nefnilega að fjalla um þætti sem eiga að öllu réttu að vera bundnir í stjórnarskrá. Þess vegna held ég að ástæðan fyrir því að menn meðhöndluðu þetta af þeirri feimni, sem fram kemur bæði í seinni hluta frv. og grg. með því, hafi fyrst og fremst verið sú að þeir áttuðu sig á því að þeir voru komnir inn á svið sem þeir höfðu ekki nægilegt umboð til þess að fjalla um. Þess vegna stöndum við held ég hérna, þegar við erum að fjalla um þetta frv., enn þá einu sinni í þeim sporum að vera með óbeinum hætti að fjalla um stjórnarskrá Íslands og spurninguna um það hvenær þeirri svokölluðu endurskoðun, sem fram fór á henni, á að ljúka. Endurskoðun sem hlýtur að taka til einmitt þeirra þátta sem hér er tæpt á í þessu frv.

Nú mætti kannske segja sem svo, ef ég hugsaði mér að einhverju leyti málflutning andmælanda míns: Þú verður að nokkru leyti margsaga eða a.m.k. tvísaga þegar þú annars vegar gagnrýnir þetta frv. með því að segja að alvarlegasti galli þess sé sá að sneiða algjörlega hjá því vandamáli sem enga bið þolir lengur, þ.e. að laga stjórnsýsluna, og í næsta orði segir þú síðan: Mennirnir sem sömdu þetta frv. höfðu ekkert umboð til þess að fjalla um þetta atriði og þeir áttuðu sig á því

sjálfir og þess vegna gerðu þeir það með þeim hætti sem í frv. kemur fram.

Að vissu leyti gæti ég tekið undir þá gagnrýni og jánkað henni nema þá, og það er það sem er ástæðan fyrir því að ég set þessa fullyrðingu fram í mínu nál., að mennirnir reyndu það. Þeir hefðu líka alveg eins getað sleppt því. En þeir reyndu að taka á þessu vandamáli án þess að hafa, og líklega fyrir fram vitandi það að þeir höfðu ekki lausnina í höndunum. Því það er búið að fjalla um þetta mál svo lengi, utan þingsala miklu frekar en innan, það er búið að fjalla um það á vettvangi sveitarstjórna í landinu um líklega a.m.k. tveggja eða þriggja áratuga skeið, og þó sérstaklega mikið núna s.l. 10–15 ár, og menn hafa ekki komist að niðurstöðu. Það var því býsna djörf fyrirætlun að leggja út í samningu þessa frv. og þeirra kafla, sem fjalla um hugsanlegar breytingar á stjórnsýslunni, með það veganesti sem menn höfðu af því að raunverulega skorti það samkomulag sem þurfti til þess að taka á málum með þessum hætti. Enda sáum við að það fyrsta sem gerðist þegar þetta frv. kom hér inn í þingsali og þeir menn, sem standa sveitarstjórnarmálum nærri, fóru að fjalla um það, var að þeir tóku einfaldlega upp strokleður og þurrkuðu þessa kafla út úr frv. af því að þeir vissu og þeir hafa bent á það að samstöðuna vantar einmitt um þessi atriði.

Ég hirði ekki að fjalla um hið breytta hlutverk sýslunefndanna — eða réttara sagt hið forna hlutverk sýslunefndanna getum við líklega bráðum sagt — sem tengist þessu frv. (**Forseti:** Ég vildi aðeins mega skjóta hér inn fyrirspurn til hv. ræðumanns hvort hann eigi mikið eftir af ræðunni þar sem áformað er að fresta þessari umræðu og hefja nýjan fund fyrir klukkan sjö með nýrri dagskrá, þar sem umræðum verður svo haldið áfram í kvöld.) Já, ef ég mætti leggja mitt til fundarstjórnar þá vildi ég biðja um að fá að fresta ræðunni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þessari umræðu er þá frestað. Þannig háttar nú til í störfum þingdeilda að nokkur skriður er kominn á málin og nú hafa borist til þessarar hv. deildar sjö mál frá Nd. Þar af eru fimm 1. umræðu mál og tvö mál sem eru endursend til einnar umræðu. Þá hafa verið afgreidd hér í deildinni í dag til 3. umr. fjögur mál sem þarf að koma til hv. Nd. Til að koma þessum málum áfram er nauðsynlegt að fresta þessari umræðu, eins og ég sagði áðan, og setja nýjan fund með nýrri dagskrá.

Umr. frestað.

Neðri deild, 78. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. 301. mál (þskj. 553). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665, n. 773, brtt. 811, 817). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 811,1 felld með 21:4 atkv.

1. gr. samþ. með 20:4 atkv.

Brtt. 811,2 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 811,3 tekin aftur.

3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 22:3 atkv.

Brtt. 817 tekin aftur til 3. umr.

5.–7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

8. gr. (fyrri málsl.) samþ. með 22 shlj. atkv.

8. gr. (síðari málsl.) samþ. með 22:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, ÓE, PP, GHH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, EBS, GSig, GB, GJG, GHelg, GGS, HÁ, HBl, IG.

nei: HG, KH, KSK, ÓÞÞ, PJ, SvG, FÞ, GeirG, KMK.

9 þm. (JS, JBH, KP, KJóh, MÁM, RH, SJS, GHG, GA) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv. 238. mál (þskj. 466, n. 821, brtt. 815). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 821 er nál. um þetta mál frá samgn. Þar kemur fram að samgn. hefur haldið marga fundi um málið og fengið til viðræðna Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur lögfræðing frá samgrn., Magnús Jóhannsson siglingamálastjóra, dr. Pál Sigurðsson dósent, Ásgeir Pétursson bæjarfógeta, Harald Henrýsson sakadómara og Magnús Thoroddsen hæstaréttardómara, formann réttarfarsnefndar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Það er í fyrsta lagi brtt. við 2. gr. 6. tölul. orðist þannig:

Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi og veita aðstoð við rannsókn sjóslysa. Rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.

2. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:

Leita skal tillagna siglingamálastjóra um skipun í þessi störf. Siglingamálastjóri ræður annað fast starfsfólk samkvæmt ráðningarsamningi.

3. Við 5. gr. Í fyrsta lagi að 2. tölul. falli brott. Í öðru lagi að 4. tölul., sem verði 3. tölul., orðist svo:

Að fjalla almennt um öryggismál skipa og báta, þar á meðal að sjá um birtingu á niðurstöðum af rannsóknum sjóslysa, ekki sjaldnar en árlega, í samvinnu við nefnd þá er starfar að rannsóknum sjóslysa skv. 230. gr. siglingalaga, nr. 34 frá 1985, með síðari breytingum.

4. 8. gr. orðist svo:

Aðalaðsetur Siglingamálastofnunar skal vera í Reykjavík, en auk þess skal stofnunin hafa umdæmis-

skrifstofur í Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi og Vestmannaeyjum. Samgrh. ákveður að fengnum tillögum siglingamálastjóra mörk umdæma og hvar umdæmisskrifstofur skuli vera.

Með þessum breytingum er nefndin sammála um að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 815,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 815,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 815,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 815,4 (ný 8. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, stjfrv. 237. mál (þskj. 465, n. 823). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er í sjálfu sér bundið breytingu sem mun verða lagt til að verði gerð á 230. gr. siglingalaga.

Þetta er aðeins um að tiltekin grein í frv. um eftirlit með skipum falli niður þar sem nefnd sem fjallar um sjóslys verður ákveðin í siglingalögum.

Samgn. Nd. samþykkir að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Siglingalög, stjfrv. 383. mál (þskj. 700, n. 830, brtt. 822). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgn. hefur haldið nokkra fundi um þetta mál og fengið allmarga menn til viðræðna sem hafa góða þekkingu á málinu, en þetta er eins og kunnugt er frv. til l. um breytingu á 230. gr. siglingalaga að því er snertir hina svokölluðu sjóslysanefnd.

Nefndarmenn gátu ekki náð samkomulagi. Meiri hl. nefndarinnar vill samþykkja frv. óbreytt, en aðrir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma. Og hér gefur að líta eina slíka á þskj. 822. Legg til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Á þskj. 822 er brtt. við þetta frv. frá þeim sem hér stendur og hv. þm. Stefáni Guðmundssyni. Í frv. stendur að samgrh. skuli skipa þriggja manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn í þá nefnd sem á að annast mál í sambandi við sjóslys. Það eru engir varamenn í þessari nefnd. Þessi nefnd getur þurft að taka til starfa hvenær sem er. Þykir okkur mjög óvarlegt að hafa bara þriggja manna nefnd þannig að hún gæti undir vissum kringumstæðum ekki verið til taks. Ef einn maður t.d. fellur úr teljum við að hún sé ekki starfshæf. Í flugslysanefnd er svipað fyrirkomulag, en þar eru nefndarmennirnir fimm. Til þess að reyna að tryggja að þessi nefnd verði virk teljum við eðlilegra að fimm menn séu í þessari nefnd þannig að nokkurn veginn sé tryggt að alltaf séu þrír tiltækir þegar þarf að kalla til þeirra.

Það voru ýmsar vangaveltur um þetta fyrirkomulag í nefndinni og eins og frsm. sagði vorum ýmsir kallaðir til, en þetta var niðurstaðan. Við sem stöndum að brtt. teljum mjög vafasamt að þessi nefnd verði virk öðruvísi en það séu a.m.k. fimm menn, eða þá varamenn, sem er verri kostur vegna þess að aðalmenn fylgjast með störfunum frekar, eru kallaðir til, en varamenn síður.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli á því að hér er um að ræða, eins og hefur komið fram, verulega þýðingarmikið frv. varðandi meðferð og rannsóknir sjóslysa sem hefur verið í ólestri hjá okkur á undanförnum árum og áratugum. Hér er gerð tillaga um að stíga mjög þýðingarmikið skref í rétta átt að mínu mati í þessum efnum. Ég tel að þessar tillögur séu í öllum meginatriðum í samræmi við þau sjónarmið sem fram komu í tillögum öryggismálanefndar sjómanna.

Það sem ég vildi vekja athygli á, herra forseti, er fyrst og fremst að ég sé að einn nefndarmanna, hv. 4. þm. Norðurl. e., hefur skrifað undir nál. með fyrirvara. Hann er ekki kominn til fundar enn. Ég leyfi mér að fara fram á það við hæstv. forseta að hann fresti umræðunni um stund þangað til hv. 4. þm. Norðurl. e. kemur hér. Ég á von á að það verði á hverri stundu.

Umr. frestað.

Veð, stjfrv. 302. mál (þskj. 553). — 3. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Fyrir liggur brtt. við þetta frv. á þskj. 834 frá Stefáni Valgeirssyni og Kjartani Jóhannssyni. Ég óskaði eftir því fyrr á fundinum að þessu máli yrði frestað um stund til þess að okkur í fjhn.- og viðskn. gæfist ráðrúm til að líta á þessa brtt. Ég hef borið mig saman við meðnefndarmenn mína, þá sem ég náði til, og okkur sýnist að þessar brtt. eigi rétt á sér. Ég lýsi stuðningi mínum við þær.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 834, sem var of seint fram komin, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 834 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Verkfræðingar, stjfrv. 312. mál (þskj. 577, n. 826, brtt. 827). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 826 um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 73 frá 1968, um rétt manna til að kalla sig

verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Iðnn. Nd. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj. Undir nál. rita Páll Pétursson, formaður, Guðrún Agnarsdóttir, fundaskrifari, Gunnar G. Schram frsm. og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Þær breytingar, sem iðnn. leggur til að gerðar verði á þessu frv., eru tvær og þær koma fram á þskj. 827.

Sú fyrri er þess efnis að nefndin leggur til að tvö orð verði felld niður úr 10. gr. frv., þ.e. orðin sem þar standa innan sviga og eru úr dönsku máli, „möbel- og interiörarkitekt". Þetta er greinilega komið inn í frv. til skýringar á íslensku starfsheitunum, en greinin í heild hljóðar svo:

„Rétt til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði (möbel- og interiörarkitekt) hafa þeir einir hér á landi sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra."

Það er skoðun nefndarmanna að ástæðulaust sé að vera með erlend starfsheiti í íslensku frv. og íslenskum lögum. Það sé alveg fullnægjandi að notast við móðurmálið og það sé í öðru lagi alveg fullljóst hvað við er átt með húsgagna- og innanhússhönnuðum. Því eigi þessi danska klausa ekki heima í lögum um þetta efni. Nefndin leggur til að hún falli niður.

Í öðru lagi leggur nefndin til að 11. gr. breytist. Í frv. er gert ráð fyrir því að engum megi veita leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði nema þeim sem hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem stéttarfélag húsgagna- og innanhússhönnuða viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein. Iðnn. leggur til að á þessu verði gerð breyting. Nefndin telur að óeðlilegt sé að fela hlutaðeigandi stéttarfélagi að viðurkenna fullgilda skóla sem skilyrði fyrir því að menn megi kalla sig þessu starfsheiti. Það sé eðlilegra að öllu leyti að það sé ráðherra sem viðurkennir fullgilda skóla í þessu efni, en ekki hlutaðeigandi stéttarfélag. Þess vegna er gerð sú breyting í tillögum nefndarinnar að hlutaðeigendur skuli hafa lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein að fenginni umsögn stéttarfélags húsgagna- og innanhússhönnuða. Með þessu er tryggt að álit og umsögn hlutaðeigandi fagfélags kemst ávallt skýrt og greinilega til vitundar ráðherra og er honum þá til leiðbeiningar og aðstoðar við viðurkenningu á þeim skólum sem hér skipta máli.

Aðrar breytingar eru það ekki, herra forseti, sem iðnn. leggur til að gerðar verði á þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 827,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 827,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, stjfrv. 295. mál (þskj. 541, n. 828, brtt. 829). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 828 um frv. til l. um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum. Hér er um stjfrv. að ræða, eins og fram kom í máli hæstv. forseta.

Allshn. hefur rætt frv. á nokkrum fundum, en hér er um mjög viðamikið mál og mikilvægt að ræða eins og sjá má.

Við nefndina ræddu að hennar ósk þeir embættismenn sem helst fjalla um meðferð ávana- og fíkniefnamála í dómstólakerfi landsins og einnig varðandi réttarframkvæmdina. Það voru þeir Hallvarður Einvarðsson, Ásgeir Friðjónsson, Böðvar Bragason, Jón Thors, Hjalti Zóphóníasson og Arngrímur Ísberg. Að loknum þeim viðræðum og ítarlegri könnun og umræðum um efni frv. leggur nefndin til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj. Undir þetta nál. rita auk mín Guðrún Helgadóttir fundaskrifari, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson og Stefán Guðmundsson.

Brtt. nefndarinnar við þetta frv. er að finna á þskj. 829 og þær eru tvær. Efni þeirrar fyrri er einfaldlega að í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir að utan Reykjavíkur geti lögreglustjórar, að því er varðar meðferð ávana- og fíkniefnamála, leitað til almenns sakadómara ef það þykir betur henta er þetta ákvæði gert mun víðtækara og almenns eðlis í brtt. nefndarinnar. Þar er það ekki bundið við svæðið utan Reykjavíkur, að unnt sé fyrir lögreglustjóra að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta, heldur gert að almennri reglu að lögreglustjóra, hverjum sem það er, í Reykjavík og annars staðar, er heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls. Þetta er kannske ekki stórvægileg breyting, en nefndinni þótti æskilegt að hafa ekki tvenns konar meðferð í réttarfari þessara mála.

Seinni breytingin er einfaldlega að við er bætt nýrri grein sem fjallar um málsmeðferð alla fyrir sakadómi að því er varðar ávana- og fíkniefnamál. Þar er einfaldlega sagt að sú málsmeðferð skuli fara að hætti opinberra mála.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 829,1 (ný 4. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 829,2 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
6.–7. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 12. mál (þskj. 12, n. 824, brtt. 825). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur tekið mál þetta, 12. mál þingsins, frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, til meðferðar og í nál. segir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Guðmundur H. Garðarsson.“

Undir álitið skrifa Guðmundur Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Geir Haarde og Kjartan Jóhannsson sem jafnframt er 1. flm. frv. þessa.

Nefndin sendi það til umsagnar Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins. Í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar er reynt að athuga hver kostnaður kunni að hljótast af þessu frv., verði það samþykkt, en Fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur ekki treyst sér til að meta þennan kostnað og með leyfi forseta segir svo í þessari umsögn:

„Frv. er um ferðakostnað sem greiða skal án tillits til vegalengdar. Samkvæmt núgildandi lögum er ferðakostnaður einungis greiddur ef vegalengd er meiri en 15 km. Ekki er unnt með góðu móti að áætla kostnað sem af slíkri breytingu yrði, enda ættu þá allir rétt á ferðakostnaðargreiðslu og yrði mesta aukningin hjá íbúum Reykjavíkur og nágrennis.“

Í umsögn Tryggingastofnunarinnar er hins vegar reynt að leggja mat á þennan kostnað og þar segir, með leyfi forseta:

„Engar upplýsingar liggja fyrir hjá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins um fjölda þeirra tilvika sem fallið hefðu undir ákvæðið sem frv. fjallar um hefði það verið í gildi á s.l. ári. Með vísan til þeirrar takmörkunar í ákvæðinu sem felst í skilyrðum um tíðni ferða, 30 á 12 mánuðum, má þó ætla að fjöldi slasaðra sem félli undir ákvæðið væri óverulegur. Á árinu 1985 nam endurgreiddur ferðakostnaður til læknis með leigubíl (50% kostnaðar) 29 673 kr. og sams konar ferðakostnaður með áætlunarferðum (75% kostnaðar) 256 460 kr. hjá slysatryggingadeild. Á þessum grundvelli má telja ólíklegt að viðbótarkostnaður slysatryggingadeildar vegna gildistöku umræddsákvæðis fari yfir hálfa milljón kr. á ári.“

Í þessari umsögn Tryggingastofnunar ríkisins eru einnig nokkrar athugasemdir um form og efnisatriði og hefur nefndin tekið þau til athugunar og meðferðar og gerir tillögu um nokkrar breytingar á frv. sem fram koma á þskj. 825.

Þar er í fyrsta lagi um það að ræða að lagt er til að ákvæðin sem þarna eru til meðferðar falli undir 3. tölulið 1. málsgr. 32. gr. laganna sem fjallar um heimild til greiðslu en ekki að greiða skuli þennan kostnað, svo sem segir í 2. tölul. sömu greinar, sbr. frv. sjálft.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ferðakostnaður sé greiddur að ¾ hlutum en ekki að fullu.

Síðan eru hér smávegis orðalagsbreytingar. Það er lagt til að auk þess sem getið er um áætlunarferðir sé einnig getið um ferðir með strætisvögnum og svo um það að þessi greiðsla taki einnig til sjúklinga sem þurfa að fara í meðferð á sjúkrastofnunum.

Að lokum er í 1. gr. lögð til sú breyting að þetta taki til greiðslu séu ferðir fleiri en 30 á 6 mánaða tímabili í staðinn fyrir að í frv. var gert ráð fyrir 30 ferðum á 12 mánaða tímabili.

Svo sem heyra má af þessu er greinin þrengd nokkuð og þess vegna má gera ráð fyrir því að kostnaður sé minni en áætlun Tryggingastofnunar gerði ráð fyrir í umsögn stofnunarinnar.

Þá hljóðar fyrri brtt. á þskj. 825 svo:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 3. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

c. Ferðakostnað að ¾ hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni, eða samkvæmt kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi, þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.“

Nefndin leggur einnig til að gerð verði breyting á 2. gr. frv. og varðar það afturvirkni. Þar var lagt til að lögin tækju til allra tilvika frá og með 1. maí 1982, en nefndin varð sammála um að leggja til að greinin orðaðist svo sem segir í 2. brtt. á þskj. 825:

„Lög þessi öðlast þegar gildi“.

Ákvæðið um afturvirknina er þá þar með fellt niður.

Eins og ég sagði í upphafi leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru sérstaklega á þskj. 825.

ATKVGR.

Brtt. 825,1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 825,2 (ný 2. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Siglingalög, stjfrv. 383. mál (þskj. 700, n. 830, brtt. 822). — Frh. 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. samgn. Nd. með fyrirvara um stuðning við vissa hluti í frv. um breytingar á siglingalögum og er þar helst að ég vildi hafa fyrirvara á um fjölda nefndarmanna. Það er í sjálfu sér mikið álitamál hversu stórar slíkar nefndir eigi að vera eða fjölmennar og hvað er heppilegast í þeim efnum. Það kemur til greina að hafa sem allra fæsta nefndarmenn, en tilnefna þá fulltrúa til vara þannig að ef einhverjir þeirra eru vant við látnir verði nefndin ekki óvirk af þeim sökum. En ljóst er að þriggja manna nefnd er í nokkurri hættu með að verða óvirk ef engir varamenn eru tilnefndir og hér er á ferðinni nefnd sem á að geta tekið viðstöðulaust til starfa þegar þannig tilfelli koma upp og það er að mínu viti ekki hyggilegt að ganga þannig frá hlutunum að það geti torveldað henni að hefja störf fyrirvaralaust ef aðeins einn nefndarmaður er forfallaður eða vant við látinn. Þess vegna hefði ég talið hyggilegra að annaðhvort væru a.m.k. fimm menn í nefndinni eða þessir þrír fulltrúar, sem hér er gerð tillaga um, hefðu varafulltrúa. Ég hyggst því styðja brtt. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og Stefáni Guðmundssyni um að hafa fimm aðalmenn í nefndinni úr því að ekki var valin sú leið að tilnefna varamenn.

Fyrirvari minn byggðist einnig að nokkru leyti á því að ég vildi athuga nánar hvernig skipan þessarar nefndar og verksvið hennar skaraðist við verksvið þeirra sem framkvæma sjópróf og hvernig ætti að haga samstarfi þessara aðila og yfirtöku sérstakrar rannsóknarnefndar á málum sem hún sæi ástæðu til að fara ofan í. En ég held að það sé öllum fyrir bestu að um þetta séu sem skýrust ákvæði.

Ég hef ekki tillögur um neinar breytingar á þessari

tilhögun að athuguðu máli og tel sjálfsagt að stuðla að því að þessi nefnd komist á legg og það fáist reynsla á hvernig starf hennar gefst. Ef það kemur í ljós, sem ég vissulega vona að ekki verði, að um erfiðleika verður að ræða í samskiptum nefndarinnar og þeirra aðila sem framkvæma sjópróf skv. lögum þar um verður einfaldlega að bæta úr því. En mér sýnist ekkert því til fyrirstöðu að skipa þessa nefnd og fá reynslu á hvernig það gefst. Það er mjög brýnt og mjög þýðingarmikið að við gerum allt sem í okkar valdi stendur á hv. Alþingi til að stuðla að því að draga megi úr því mikla manntjóni og þeim miklu óhöppum sem verða í þessari atvinnugrein. Ég held að þetta sé tvímælalaust skref í rétta átt og mun því styðja frv., herra forseti, með þeim fyrirvara sem ég hef hér gert grein fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 822 samþ. með 20:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 79. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, að loknum 78. fundi.

Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv. 238. mál (þskj. 845). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eftirlit með skipum, stjfrv. 237. mál (þskj. 465). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Siglingalög, stjfrv. 383. mál (þskj. 842). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verkfræðingar, stjfrv. 312. mál (þskj. 846). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, stjfrv. 295. mál (þskj. 847). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. 12. mál (þskj. 848). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665, brtt. 817). — 3. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er komið til 3. umr. frv. til laga um selveiðar við Ísland. Ég hef kvatt mér hljóðs m.a. vegna þess að hæstv. sjútvrh. var ekki viðstaddur 2. umr. þegar ég mælti úr þessum ræðustól og ég lét það óátalið, en nú er ráðherra hér við þannig að ég ætla að inna hann eftir nokkrum atriðum og gera örfáar athugasemdir við mál hans um daginn þegar hann síðast tók þátt í umræðum um þetta frv.

Áður en að því kemur vildi ég aðeins minna á að í gær voru stofnuð sérstök áhugamannasamtök um selveiðihlunnindi. Þeir héldu framhaldsstofnfund og sendu alþm. orðsendingu í dag af þessum fundi og ég held að eðlilegt sé að við lítum aðeins á erindi þeirra hér, það er stutt, þar sem minnst er á nokkur helstu atriði úr málflutningi þessara nýju samtaka, með leyfi forseta. Þar segir:

„Á stofnfundi samtakanna 13. apríl urðu snarpar umræður um selveiðimál og lagafrv. það sem nú liggur fyrir á Alþingi. Í umræðum og fundarályktun kom m.a. þetta fram:

Selalátur hafa fylgt bújörðum frá upphafi, verið nytjuð af ábúendum þeirra og selveiðar jafnan talist

búgrein. Hefðbundnar nytjar þeirra eru vænlegasti kosturinn til að halda selastofnunum í jafnvægi og hafa af þeim gagn. Til skamms tíma voru landselskópaskinn verðmæt grávara. Ástæða er til að ætla að svo verði aftur þegar menn hafa áttað sig á að lokun skinnamarkaðarins hefur ekki leitt til friðunar heldur ofsókna.

Bent hefur verið á að fækkun sela leysir ekki hringormavanda fiskiðnaðarins og óvíst hve mikið hún dregur úr honum. Kenningar um að fækkun sela mundi auka fiskafla á Íslandsmiðum að ráði hafa náttúrufræðingar talið fjarstæðu og fært rök að.

Á fundinum kom fram hörð gagnrýni á hringormanefnd og veiðiaðferðir sem gripið hefur verið til undanfarið. Má telja víst að selalátrum og verðmætum landnytjum hafi verið stórspillt sums staðar af þeim sökum. Ágreiningslaust er þó að nýta megi sel í loðdýrafóður og fækka útsel, enda sé þá farið eftir ströngum reglum um verndun látra.

Frv. um selveiðar sem nú liggur fyrir Alþingi hlaut harða dóma á fundinum. Það er talið fela í sér fulla hættu á að selveiðihlunnindi verði tekin af bændum í reynd og selalátrum spillt sem jafngildir stórfelldri eignaupptöku. Fundurinn taldi fulla þörf á heildarlöggjöf um sel og selveiðar sem tæki fullt tillit til verndunarsjónarmiða og skynsamlegrar nýtingar selastofnanna. Mikið skortir á að frv. gegni því hlutverki og er það viðurkennt af mönnum sem studdu það áður, en hafa skipt um skoðun eftir að hafa kynnt sér öll sjónarmið.

Samtök áhugamanna um selveiðihlunnindi krefjast þess að frv. verði ekki lögfest í núverandi mynd heldur verði málið tekið upp að nýju og þá haft fullt samráð við bændur og aðra hagsmunaaðila".

Þetta er það erindi sem stjórn þessara nýju samtaka áhugamanna um selveiðihlunnindi hefur komið á framfæri við Alþingi eftir stofnfund sinn í gær. Hér er vikið að mikilvægum þáttum þessa máls og ekki síst að svo gæti farið, ef fylgt yrði þeirri stefnu sem leiða mætti rök að að hægt væri í sambandi við fækkun sela, að þá verði stefnt í óefni í sambandi við hlunnindabúskap á þessu sviði og það hittir ýmsa þá sem nú þegar eiga mjög í vök að verjast í sambandi við sína hagsmuni, fólk sem býr við hvað erfiðust skilyrði í strjálbýli, en hefur getað nytjað sér þessi hlunnindi á liðnum tíma. Þó að breyttar markaðsaðstæður hafi raskað þeim nytjum verulega um skeið er talið sitthvað sem bendir nú til að þar geti orðið breyting á og þess vegna er eðlilegt m.a. að þessir aðilar reyni að verja þessa hagsmuni og gera vart við sig eins og gert er í þessu erindi.

Ég ætla þá, herra forseti, að víkja að nokkrum atriðum úr ræðu hæstv. sjútvrh. hér síðast við 2. umr. og inna hann eftir vissum atriðum sem fram komu í máli hans. Hann kom að því snemma í sinni ræðu að hann vildi skilgreina selinn sem sjávardýr og það var fjallað um það af öðrum ræðumanni, hv. 1. þm. Norðurl. v., að það væri dálítið hæpið, jafnvel eftir barnabókalærdómi í náttúrufræði, að staðhæfa það, þar sem selurinn kæpir á landi. Stundum heyrum við rök færð fyrir því t.d. að laxinn sé ekki sjávarfiskur heldur ferskvatnsfiskur þó svo að hann skreppi í sjó og stækki þar, þannig að hér eru ekki neinar sjálfgefnar skilgreiningar að þessu leyti. Þetta eru skepnur sem ala aldur sinn að hluta til bæði í sjó og á landi og oft hefur það verið dregið fram til skilgreiningar að þar sem fjölgunin fer fram á landi eða í ferskvatni beri að miða við þá skilgreiningu, en hér er vissulega ekkert óyggjandi. En ég tel sem sagt að þessi röksemd hæstv. ráðh. skjóti engum sérstökum fótum undir þá stefnu þessa frv. að taka stjórn þessara mál undir sjútvrn. og að því leyti hafi ráðherrann ekki bætt neinu við með þessu mati sínu á náttúrunni hvað selinn varðar.

Það var hins vegar önnur staðhæfing í máli hæstv. ráðh. sem ég tók sérstaklega eftir og ætla að biðja hann að rökstyðja miklu nánar hér fyrir okkur. Ráðherrann sagði að verði ekki gripið til takmarkana í sambandi við selinn fjölgi selnum um 6% á ári hverju. Hv. 4. þm. Norðurl. e. greip fram í fyrir ráðherranum í sambandi við þetta og eitthvað nefndi ráðherra þá um sveiflur sem þarna gætu verið á ferðinni, en hann bar það sem sagt fram sem sitt viðhorf og hlýtur að hafa fyrir því rök og sannanir, að um sé að ræða 6% fjölgun í selastofnum við landið. Ég vil gjarnan fá frá honum, og tel það reyndar nauðsynlegt þegar bornar eru fram tölur af þessu tagi, að þær séu rökstuddar og þau gögn dregin hér fram og þingdeild tjáð hvað ráðherrann hefur fyrir sér í þessu efni. Þetta er engin smáviðkoma ef það gerist um langt árabil að einni tegund fjölgi um 6%. Ég sagði nú raunar að ráðherranum fjarverandi hér um daginn að ég færi nú að skilja að honum stæði verulegur stuggur af þessari fjölgun því að þetta leiðir til þess sem kallað er veldisvöxtur og menn þekkja slík fyrirbæri, hvert stefnir í þeim efnum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðh. í þessu sambandi: Er hann að tala hér um útsel, er hann að tala um landsel, er hann að tala um báðar þessar aðaltegundir sels við Ísland og gildir það sama um þær báðar og ef ekki, hvað gildir um hvora, um hvora tegundina er hann að tala þegar hann er að tala um þennan 6% vöxt?

Ég hefði margt um þetta að segja, en ætla að bíða eftir því að hæstv. ráðh. greini okkur frá sínum upplýsingum um þessi efni sem hann vafalaust hefur og vil áskilja mér þá rétt til að fjalla um það frekar. Ég satt að segja hef litið svo til að þær upplýsingar sem menn hafa um þessi efni séu svo ófullnægjandi að það sé mjög hæpið að draga af því víðtækar ályktanir í sambandi við breytingar á fjölda sela við landið undanfarin ár og til lengri tíma litið til baka.

Þetta var það sem ég vildi koma að sérstaklega af því sem ráðherra vék að. Hann nefndi í sínu máli að ef þetta frv. yrði lögfest mundi ráðuneyti hans að sjálfsögðu, eins og hann orðaði það, sjá til þess að ekki verði skotið, ég vil nú ekki segja hömlulaust á Breiðafirði, en a.m.k. að þar yrði ekki gengið um með þeim hætti sem margir bera ugg í brjósti um að gæti orðið niðurstaðan. Það kann að vera að einhver treysti sér til þess að halda uppi slíkri vörslu að það verði ekki um að ræða þá röskun sem t.d. kom fram í erindi frá hlunnindaráðunaut Búnaðarfélags Íslands, erindi sem sent var alþm., að vegna skotmennsku utan netlaga gæti orðið um slíka röskun að ræða að selur komi alls ekki til kæpingar í hefðbundin látur heldur yrði þar um stórfellda röskun að ræða af þessum sökum. Það er einn þátturinn í þessu máli að menn óttast slíka útgerð eins og hún hefur m.a. verið stunduð á vegum hringormanefndar og ljóst er að knúið verði mjög fast á um í framhaldi af samþykkt þessara laga, að hert verði á, m.a. vegna krafna hagsmunaaðila, jafnt atvinnurekenda og verkalýðsfélaga sem hafa látið til sín heyra um þessi mál og trúa því að það megi með fækkun sela leysa hið margumrædda

hringormavandamál. Það er alveg ljóst að það hefur verið knúið á um slíka fækkun. Nú fer eftir því hver á heldur hvað verður heimilað í þeim efnum, en ég óttast verulega að það geti orðið erfitt fyrir þann sama ráðherra sem fer með sjávarútvegsmál og á að hafa með höndum stjórnun selveiða annars vegar og hins vegar horfa til samhengisins varðandi fiskiðnaðinn á meðan menn trúa því að þetta samhengi við sníkjuorm í fiski sé með þeim hætti sem margir túlka hér, nánast línulegt samhengi á milli fjölda sela og magns af hringormi í fiski. Og þá er mjög hætt við að það verði haldið með þeim hætti á heimildum, sem beðið er um m.a. skv. 6. gr. þessara laga, að menn lendi út í þær ógöngur sem ég tel að hætta sé á ef farið er út í fækkunaraðgerðir, t.d. með þeim hætti sem við höfum séð dæmi um að undanförnu og ég held að hafi í rauninni ekki, a.m.k. liggur ekkert fyrir um það, hamlað gegn þeim vanda sem við er að fást í fiskiðnaðinum sem er vissulega mikill vandi og þarf með rannsóknum að bregðast við eftir því sem frekast er kostur.

Hv. þingdeild hefur greitt atkvæði nýlega um þetta mál og það virðist því miður vera meirihlutafylgi fyrir því hér að hleypa þessu máli áfram án breytinga. Þó er eftir að taka afstöðu til einnar brtt. frá hv. 1. þm. Vesturl. í sambandi við Breiðafjörðinn sérstaklega. Það má vera að menn eigi eftir að sjá að sér því að þar er vissulega um mjög mikilvægan þátt máls að ræða, þó að það taki aðeins til eins svæðis á landinu.

En ég tel sem sagt nauðsynlegt að hæstv. ráðh. greini okkur frá sinni vitneskju um þessi efni, því að það segir okkur kannske eitthvað til um hvernig líklegt sé að hann, á meðan hann gegnir starfi sjútvrh., komi til með að halda á þessum málum verði frv. þetta að lögum. Ég vænti þess að hann hér við umræðuna geri okkur ítarlega grein fyrir þeirri vitneskju sem hann telur sig geta lesið út úr þeim rannsóknum sem hann er að vitna til þegar hann ræðir um líkurnar á 6% fjölgun selastofnanna við landið, verði ekki að gert með sérstökum stjórnunaraðgerðum, sem ég geri ráð fyrir að hann hafi undanskilið sem forsendu þegar hann gat um þessa viðkomu.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki sérfræðingur um það ágæta dýr sem selur er nefndur, hvort sem menn vilja kalla það sjávardýr eða landdýr, en alla vega lifir selurinn við sjó og ég get alveg fallist á þær skilgreiningar sem hér hafa verið hafðar í frammi, jafnvel þótt ég leyfi mér að nefna hann sjávardýr. Eins má segja með laxinn að hann a.m.k. dvelur meira í sjó en í fersku vatni, en hvort á að kalla hann ferskvatnsfisk eða sjávarfisk skal ég ekki deila við menn um. Ég held að það skipti afar litlu máli.

En það sem ég hafði í huga þegar ég nefndi þessi 6% var það sem ég hafði lesið um þetta mál ásamt ýmsu öðru, m.a. get ég vitnað í 9. tölublað Ægis 1982 þar sem segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Stjórn Fiskifélagsins samþykkti á fundi í janúar á þessu ári að senda skyldi menn út af örkinni til að kanna þessi mál í þessum löndum, þ.e. Noregi og Nýfundnalandi, og landsvæðum, enda einna mest stundaðar selveiðar þaðan á norðanverðu Atlantshafi. Fiskifélagið hefur haft allmikil afskipti af selveiðum og hefur fiskiþing jafnan hvatt til þess að selastofninum verði haldið innan skynsamlegra marka með tiltækum ráðum. Má í þessu sambandi minna á að sett var á laggirnar sérstök selanefnd á árinu 1974 að frumkvæði stjórnar félagsins og með samþykki sjútvrh. til að kanna fjölgun og útbreiðslu sels og fæðuval svo og samband sníkjudýra og sels. Í nefnd þessari áttu sæti fulltrúar framleiðenda sjávarafurða svo og frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Búnaðarfélagi Íslands og Náttúruverndarráði. Formaður nefndarinnar var tilnefndur af Fiskifélaginu. Ápekkar athuganir og nefnd þessi stóð að hafa farið fram bæði í Noregi, á Bretlandseyjum, einkum við norðanvert Skotland, og í Kanada. Niðurstöður þessara rannsókna eru samhljóða: a) Ef selurinn er látinn óáreittur fjölgar honum mjög, allt að 5–6% á ári. b) Hann étur mikinn fisk. c) Staðfest er að selurinn er hlekkur í lífkeðju sníkjudýra.

Í beinu framhaldi af störfum selanefndar tóku samtök framleiðenda sjávarafurða höndum saman um aðgerðir til að hefta enn frekari fjölgun sela og draga þannig a.m.k. úr þeim vanda sem við er að glíma."

Ég ætla ekki að vitna frekar í þessi orð sem hér standa og eru skrifuð á árinu 1982. Þar kemur skýrt fram að lengi hefur verið fjallað um þessi mál. Ég tel mig ekki þurfa frekari tilvitnana við í sambandi við þessar tölur. Hér stendur allt að 5–6% sem getur að sjálfsögðu verið allmiklu minna eftir því hvaða aðstæður eru, en þetta var sú heimild sem ég hafði sérstaklega í huga þegar þetta kom hér til umræðu og vænti ég þess að það sé fullnægjandi fyrir hv. fyrirspyrjanda og skal gjarnan láta hann hafa ljósrit af þessu greinarkorni.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég gagnrýndi það mjög í 1. umr. um þetta mál að það skyldi lagt fram svo seint á þessu þingi, mál sem mjög deildar meiningar eru um. Á frv. voru vissulega gerðar breytingar til bóta á milli þinga, en þær eru ekki meiri en svo að enn er um það mikill ágreiningur.

Hv. sjútvn. taldi þó ekki ástæðu til mikillar umfjöllunar og afgreiddi málið frá sér á mjög skömmum tíma. Með tilliti til allra aðstæðna og raka í þessu máli leyfi ég mér að átelja þau vinnubrögð og tel þau ekki til þess fallin að stuðla að afgreiðslu þessa frv. nú fyrir þinglok, enda væri eðlilegast að fresta því enn einu sinni og freista þess að ná sæmilegum friði um það því að allir eru sammála um að setja þurfi lög um selveiðar.

Þetta frv., 368. mál Nd., skapar að mínu viti meiri vanda en það leysir, ef að lögum verður, þar sem sum atriði þess eru að margra dómi til þess fallin að framlengja og löghelga umdeildar aðgerðir svokallaðrar hringormanefndar. Það hefur margsinnis komið fram í umræðum um frv. að þeir sem styðja það af mestu kappi telja það fela í sér lausn hringormavandans svokallaða. Það er að mínu viti rangt. Það er engan veginn sannað að beint samband sé á milli selafjölda og fjölda hringorma. Meira að segja telja margir af okkar færustu vísindamönnum sannað að svo sé ekki. Þessi forsenda hvílir því á veikum vísindalegum grunni. Hún er ekki studd fræðilegum rökum og réttlætir ekki að efna til handahófskenndra aðgerða til fækkunar á sel.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í umsögn um þetta frv. frá Arnþóri Garðarssyni sem hljóðar svo:

„Frv. þetta felur í sér að öll málefni er selveiðar varða eru færð til sjútvrn. sem að vísu er gert að hafa samvinnu við landbrn. um framkvæmd, sbr. 3. gr., og

auk þess samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Fiskifélagið og Búnaðarfélagið. Þetta meginatriði frv. gæti virst meinlaust, en er að margra dómi til þess fallið að framlengja og löghelga ýmsar umdeildar aðgerðir svonefndrar hringormanefndar, sbr. hjálagða ritfregn, Náttúrufræðingurinn, 35. árgangur, bls. 46–48, 1985, um ritið Selir og hringormar sem Landvernd gaf út, en ritfregnin kom nýlega við sögu á Alþingi í umræðum um selveiðifrv. Það skal fúslega viðurkennt að ýmis atriði, sem þar er vakin athygli á og varða umhverfisvernd og starfsaðferðir, eru í eðli sínu huglæg og verður hver að meta þau fyrir sig.

Í upphafi ræðu sjútvrh., er hann flutti frv. til laga um selveiðar við Ísland í Nd. 2. apríl 1986, kom fram að tilgangur lagafrv. er að leysa hringormavandamálið, en hann segir orðrétt:

„Hringormur er sífellt vaxandi vandi í sjávarútvegi og brýnt að þetta mál verði afgreitt hið fyrsta.“

Sú skoðun ýmissa alþm. að auknar selveiðar leiði til þess að minna verði um hringorm og jafnvel til þess að kaup fiskvinnslufólks hækki kemur og berlega fram í umræðum um frv. Því miður eru þessar hugmyndir ekki studdar neinum marktækum mælingum eða rannsóknum og þar að auki bendir ekkert til þess að þær fái staðist fræðilega.

Ég tel skylt að vekja athygli á því að líffræði hringorms og samband hans við hýsla sína, sem eru selir, þorskur og krabbadýr, er langt frá því að vera nægilega vel þekkt til þess að hægt sé að benda ákveðið á hagkvæmar vistfræðilegar aðferðir til þess að draga úr hringormavandanum. Til þess að leysa þann vanda virðist miklu líklegra til árangurs að reyna að bæta aðferðir við að hreinsa orma úr fiski. Menn verða að gera sér ljóst að hér getur verið um kostnaðarsamar og tímafrekar undirstöðurannsóknir að ræða sem vinna þarf án óeðlilegs þrýstings hagsmunasamtaka. Full ástæða er til að vara við markvissum aðgerðum, eins og svonefndri fækkun sela, sem hafa einungis kostnað í för með sér“.

Ég les þetta upp hér, herra forseti, þar sem þetta styður nákvæmlega það sem ég sagði við 1. umr. um þetta mál, en þar minnti ég á þær rannsóknir og tilraunir sem verið er að gera til að efla og finna nýjar aðferðir við leit að hringormi í fiski og tína hann úr fiskinum og hvatti til þess að í það væri meira lagt þar sem það mundi leiða frekar til árangurs en sú leið sem hér er verið að fara.

Það mætti vafalaust vitna í margar aðrar álitsgerðir sem hafa borist um þetta mál og sanna hversu skiptar skoðanir eru um það, en ég ætla ekki að taka allt of mikinn tíma af þessum fundi í það. En þetta er meginástæðan fyrir því að ég er andvíg þessu frv. eins og það er nú. Auk þess er svo með þessu frv., ef það verður að lögum, gengið mjög verulega á rétt hlunnindabænda án þess að þeim séu ætlaðar nokkrar bætur fyrir. Selveiðar hafa lengi fylgt bújörðum og talist búgrein og telja margir að vænlegasti kosturinn til að halda selastofninum í jafnvægi sé einmitt að hann sé nýttur á hefðbundinn hátt svo sem verið hefur.

Við höfum nýlega fengið erindi frá Samtökum áhugamanna um selveiðihlunnindi, sem eru nýstofnuð samtök, stofnuð 13. apríl, þ.e. í gær, og ég ætla að leyfa mér að lesa það upp. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á stofnfundi samtakanna 13. apríl urðu snarpar umræður um selveiðimál og lagafrv. það sem nú liggur fyrir á Alþingi. Í umræðum og fundarályktun kom m.a. þetta fram:

Selalátur hafa fylgt bújörðum frá upphafi, verið nytjuð af ábúendum þeirra og selveiðar jafnan talist búgrein. Hefðbundnar nytjar þeirra eru vænlegasti kosturinn til að halda selastofnunum í jafnvægi og hafa af þeim gagn. Til skamms tíma voru landselskópaskinn verðmæt grávara. Ástæða er til að ætla að svo verði aftur þegar menn hafa áttað sig á að lokun skinnamarkaðarins hefur ekki leitt til friðunar heldur ofsókna.

Bent hefur verið á að fækkun sela leysir ekki hringormavanda fiskiðnaðarins og óvíst hve mikið hún dregur úr honum. Kenningar um að fækkun sela mundi auka fiskafla á Íslandsmiðum að ráði hafa náttúrufræðingar talið fjarstæðu og fært rök að.

Á fundinum kom fram hörð gagnrýni á hringormanefnd og veiðiaðferðir sem gripið hefur verið til undanfarið. Má telja víst að selalátrum og verðmætum landnytjum hafi verið stórspillt sums staðar af þeim sökum. Ágreiningslaust er þó að nýta megi sel í loðdýrafóður og fækka útsel, enda sé þá farið eftir ströngum reglum um verndun látra.

Frv. um selveiðar, sem nú liggur fyrir Alþingi, hlaut harða dóma á fundinum. Það er talið fela í sér fulla hættu á að selveiðihlunnindi verði tekin af bændum í reynd og selalátrum spillt sem jafngildir stórfelldri eignaupptöku. Fundurinn taldi fulla þörf á heildarlöggjöf um sel og selveiðar sem tæki fullt tillit til verndunarsjónarmiða og skynsamlegrar nýtingar selastofnanna. Mikið skortir á að frv. gegni því hlutverki og er það viðurkennt af mönnum sem studdu það áður, en hafa skipt um skoðun eftir að hafa kynnt sér öll sjónarmið.

Samtök áhugamanna um selveiðihlunnindi krefjast þess að frv. verði ekki lögfest í núverandi mynd heldur verði málið tekið upp að nýju og þá haft fullt samráð við bændur og aðra hagsmunaaðila.“

Á fund sjútvn. skilst mér að hafi komið aðeins einn aðili þegar málið var til umfjöllunar í þeirri nefnd, en það var Anna Guðrún Þórhallsdóttir hlunnindaráðunautur. Hún hafði raunar einnig samband við þingflokk Kvennalistans og við fengum þá umsögn sem hún lét nefndinni í té. Ég hef ekki hlustað á allar umræður þegar þetta var til 2. umr., en ég tel rétt að hér komi fram nokkuð af því sem lesa má hennar umsögn og þá sérstaklega þar sem talað er um rétt landeigenda til látra sinna sem ég ætla að vitna hér orðrétt til, með leyfi forseta:

„Réttur landeigenda til látra sinna er með elstu ákvæðum íslenskra laga. Í tilskipun um veiði á Íslandi frá 1849, 15. gr., sem enn er í gildi, er ákvæði um friðlýsingu og friðhelgi látra og bann við selaskotum. Í ákvæðum þessum er bann við skotveiðum um hálfa danska mílu út frá látrum eða 3,7 km. Þetta bann er ítrekað árið 1855 þegar með konungsbréfi öll skotveiði er bönnuð á Breiðafjarðarsvæðinu. Bann við skotveiðum er síðan lögfest árið 1925 og eru þau lög enn í gildi. Ástæður tilgreindra ákvæða eru öllum augljósar er til þekkja. Selur í látrum er mjög viðkvæmur fyrir utanaðkomandi truflunum. Skotsvæði í nálægð látra hrekur selinn úr látri og hefur í för með sér eyðileggingu þeirra þar eð hann í mörgum tilvikum snýr ekki aftur.

Í frv. því sem nú liggur fyrir Alþingi er friðhelgi látra skert verulega með því að færa friðhelgina úr hálfri

danskri mílu eða 3,7 km í 115 m netalög. Ljóst má vera þeim er um málið hugsa að með skerðingu þessari er réttur landeigenda til látra sinna í raun að engu gerður.

Með 2. málsgr. 4. gr. til laga um selveiðar við Ísland er í reynd verið að taka selveiðihlunnindi frá landeigendum. Undirrituð bendir á að selveiðihlunnindi sem og önnur hlunnindi eru tekin með í fasteignamati og skattskyld. Selveiðihlunnindi eru því samkvæmt lögum verðmæti og eign landeiganda.

Bent skal sérstaklega á dóm Hæstaréttar frá 17. nóv. 1967 þar sem selveiðinytjar eru talin eign sem varin er af 67. gr. stjórnarskrárinnar. Með skerðingarákvæðum 4. gr. frv. til laga um selveiðar við Ísland er því í raun gengið á eignarrétt landeiganda á selveiðinytjum sínum.

Í lögum um lax- og silungsveiði er að finna ákvæði um að fullar bætur skuli koma fyrir þegar, vegna hagsmunaárekstra, bændur missi selveiðinytjar sínar. Friðlýsing látra, sbr. 5. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849, er ekki talin nauðsynleg til að til bóta komi samkvæmt fyrrnefndum dómi Hæstaréttar frá 17. nóv. 1967.

Á undanförnum árum hafa fjölmargir bændur og landeigendur mátt líða skerðingu og jafnvel fullan missi selveiðihlunninda sinna vegna hagsmunaárekstra við sjávarútveginn án þess að fá nokkrar bætur fyrir. Í frv. til laga um selveiðar við Ísland eru engin ákvæði um bótagreiðslur til landeiganda vegna missis selveiðinytja sem orsakast af hagsmunaárekstrum við sjávarútveginn.

Með hliðsjón af 85. gr. laga um lax- og silungsveiði verður að teljast eðlilegt og sanngjarnt að slíkt ákvæði væri að finna í framangreindu frv. Á undanförnum mánuðum hefur mjög verið þrengt að bændum og eiga margir hverjir í vök að verjast við að halda búum sínum og búsetu.

Hlunnindi ýmiss konar skipta því bændur mun meira máli nú en verið hefur og hefur áhugi þeirra á nýtingu hlunninda sinna aukist verulega á undanförnum mánuðum. Selskinn hafa ekki verið í háu verði á undanförnum árum, en ýmislegt bendir nú til að það sé að breytast og markaðir að opnast að nýju. Með þau verðmæti í huga, sem lágu og geta legið í heföbundnum nytjum af sel, er enn mikilvægara að halda rétt og skynsamlega á málum.

Með skerðingarákvæðum á rétt landeigenda til látra sinna er mikil hætta á að landeigendur missi sín selveiðihlunnindi í hendur utanaðkomandi skotmanna sem hvorki hafa til að bera áhuga né þekkingu á verkun skinnanna.

Á undanförnum tveimur árum hefur verið bent á fjölmörg atriði í frv. til laga um selveiðar við Ísland er betur mættu fara. Hér að framan hefur verið bent á enn eitt atriði sem að dómi undirritaðrar hefur ekki komið nógu skýrt fram áður.

Nauðsynlegt er að koma á heildarlöggjöf um sel og selveiðar sem og aðrar veiðar á Íslandi. Hins vegar verður ekki séð að frv. það sem hér er fjallað um leysi meiri vanda en það skapar, svo marga vankanta sem á því er að finna. Staldra verður við og bæta úr áður en lengra er haldið."

Herra forseti. Ég vil svo að lokum vitna í grg. Náttúruverndarráðs um hringorma og seli frá því í janúar 1984 þar sem segir svo:

„Náttúruverndarráð vill ítreka þá skoðun sína að brýna nauðsyn ber til að sett verði hið fyrsta lög um selveiðar við Ísland er tryggi fullnægjandi stjórnun þessara veiða. Ráðið telur rétt í því sambandi að sjútvrn. hafi yfirumsjón mála er selveiðar varða. Þá er eðlilegt að Hafrannsóknastofnun annist rannsóknir á selum að öðru jöfnu en fylgist að öðrum kosti náið með rannsóknum er aðrir kunna að hafa með höndum. Hyggilegt væri að koma á fót sérstakri nefnd er væri til aðstoðar sjútvrn. um allt er varðar stjórnun og skipulag selveiða, en í slíkri nefnd ættu m.a. að sitja fulltrúar Náttúruverndarráðs, Hafrannsóknastofnunar og hagsmunaaðila.

Ofangreint fyrirkomulag mundi stuðla að því að selveiðar yrðu undir ströngu eftirliti. Jafnframt tryggði það ítarlega umfjöllun um þessi mál, bæði frá fræðilegu sjónarmiði og frá sjónarmiði náttúruverndar, en á hvort tveggja hefur verulega skort frá því að hringormanefnd hóf afskipti sín af selveiðum.

Náttúruverndarráð vill að lokum taka það fram að það er að sjálfsögðu ekki andvígt skynsamlegri nýtingu sela hér við land. Hins vegar vill ráðið enn vara við ótímabærum og hæpnum aðgerðum til fækkunar sela. Eins og fram hefur komið hér að framan er þörf miklu meiri rannsókna á fjölmörgum atriðum er snerta hringormavandamálið. Þegar haft er í huga hversu gífurlegir hagsmunir eru hér í húfi verður það og að teljast nauðsynlegt að veita miklu fjármagni til hnitmiðaðra rannsókna."

Ég tel ekki að þrautreynt sé hvort hægt er að ná samkomulagi allra þeirra sem láta sig þessi mál varða og tel farsælast að fresta þessu máli enn einu sinni og reyna að ná friði um þetta mál.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það fór eins og ég kannske hugsaði með sjálfum mér þegar ég heyrði staðhæfingar hæstv. ráðh. varðandi 6% fjölgun á selastofnum við Ísland, eins og ég hafði skilið hann, að þær heimildir sem hæstv. ráðh. hefði fyrir svo örri viðkomu eins og þarna var staðhæft væru ekki ýkja traustar. Nú hef ég undir höndum þá grein frá hæstv. ráðh. sem hann hafði í höndum og byggði þessa staðhæfingu sína á og hann hefur greint frá því hvernig það mál liggur fyrir í umræddri grein í tímaritinu Ægi frá árinu 1982. Þar kemur í ljós að hér er ekki um að ræða neinar niðurstöður rannsókna á selastofninum við Ísland heldur er verið að draga ályktanir af rannsóknum, sem ekkert er nánar fjallað um í þessum heimildum hvernig framkvæmdar voru, í öðrum löndum við norðanvert Atlantshaf, í Noregi, á Bretlandseyjum, Skotlandi og Kanada, og eins og hæstv. ráðh. gat um eru þessi fjölgunarmörk, eftir því sem hermir í umræddri grein í tímaritinu Ægi, „allt að 5–6% á ári", ef selurinn er látinn óáreittur.

Hér hefur farið, eins og oft í sambandi við umræður um þessi mál, að menn eru helst til óvandaðir í sambandi við rökstuðning og talnaleg gögn um þessi efni. Það er mikið ábyrgðaratriði að henda slíkar tölur á lofti og bera þær fram í sambandi við svo mikilsvert mál eins og það sem hér er til umræðu og hafa ekki meira á bak við sig en hér er um að ræða. Ég skil hæstv. ráðh. þannig að hann telur sig ekki dómbæran á þessi efni sem sérfræðingur, enda er hann það ekki frekar en ég. Ég hef ekki stundað rannsóknir á sel, en ég tel að ég hafi færi á að meta ýmsar rannsóknarlegar niðurstöður

með hliðsjón af öðrum þekktum ferlum í lífríkinu og mér sýnist að hér sé ekki haldið vel á máli.

Við höfum heyrt í umræðum um þessi efni ýmsar hliðstæðar staðhæfingar sem eru ekki vel fengnar þegar farið er að gá að uppruna þeirra. Nú vil ég ekkert fullyrða um þær rannsóknir sem er vitnað til í þessari grein og ítreka enn að hér er um hámarksviðkomu að ræða, án þess að tiltekið sé á hve löngu tímabili sé. Það sér hver viti borinn maður að 6% fjölgun hjá einni dýrategund gengur ekki nema skamma hríð. Þá hlýtur viðkomandi tegund að reka sig á náttúrleg takmörk, jafnvel þó að enginn sé til að veiða hana, fæðutakmörk, sjúkdóma og aðra þá náttúrlega þætti sem takmarka fjölgun og fjölda í einstökum dýrastofnum. Þannig er gjörsamlega út í bláinn að ímynda sér og setja það fram að um talnalegt gildi af þessu tagi geti verið að ræða.

Ég held líka að það, sem fram hefur komið hér í rannsóknum um þessi efni og framreitt hefur verið m.a. af talsmönnum hringormanefndar, sé frjálslega með farið svo ekki sé meira sagt. Við höfum heyrt tölur um fjölgun t.d. á útsel, mismunandi tölur, og ég hef heyrt það mat frá dýrafræðingum að þar geti kannske verið um að ræða fjölgun á ákveðnu tímabili um 2–3%, eitthvað á því bili. Ég hef einmitt heyrt um 3% fjölgun á útsel við Bretlandseyjar, byggt á ákveðnum rannsóknum. En við skulum hafa í huga að allt mat að þessu leyti er býsna erfitt. Það eru verulegir tæknilegir örðugleikar í sambandi við talningu á selum og það eru líka verulegir erfiðleikar í því að túlka niðurstöður slíkrar talningar. Það liggur t.d. fyrir, svo ég fari aðeins lengra út í þessi efni, að það er aðeins hluti af stofni hverju sinni, staðbundið, sem sést á fjörum. Hluti er í sjó. Sá sem stendur fyrir slíkum talningum, jafnvel þó að hann noti nýtískulega tækni og ljósmyndatöku sér til aðstoðar svo sem gert er, þarf alltaf að gefa sér ákveðið talnagildi sem hann margfaldar síðan með það sem hann telur og sér á myndum. Það er þessi óvissa sem gerir þessi vísindi augljóslega harla miklum takmörkunum háð og það er túlkun á þessum gögnum sem hefur verið farið ansi frjálslega með því að menn hafa viljað gleyma fyrirvörunum um óvissuna. Ég hef heyrt staðhæfingar um það frá fræðimönnum, sem láta sig þessi mál varða og hafa unnið að þessum málum, sem fullyrða að allt það sem gert hefur verið til þessa í sambandi við stofnstærðarmat á selum hér við land sé svo mikilli óvissu háð að það sé innan skekkjumarka, innan óvissumarka. Það séu sem sagt ekki marktækar niðurstöður sem þar liggja fyrir.

Annað er það, sem snertir þetta mál, að menn hafa ímyndað sér og gefið sér það að hin hefðbundna kópaveiði á liðnum tíma hafi verið takmarkandi fyrir stofn hinna einstöku tegunda. Þetta er vefengt. Það er vefengt að það sé nokkurt teljandi samhengi á milli fjölda veiddra kópa í hinum hefðbundnu veiðum og stærðar stofnins, fjölda fullvaxinna dýra. Það sé það takmarkað sem úr stofninum sé tekið að þetta verði ekki takmarkandi fyrir stofninn sem slíkan. Og þá segir sig sjálft að ef þetta er rétt stendur samhengið milli þeirrar fjölgunar sem orðið hefur núna vegna þess að kópaveiði og hlunnindanytjar hafa fallið niður og hins vegar vaxandi vanda í fiskiðnaði vegna hringorms ekki ýkja traustum fótum, og sé ég nú að hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason minnist ályktana og áskorana á stjórnvöld um fækkun sela sem hann hefur undirritað með fleiri mætum mönnum ekki alls fyrir löngu. Þær eru kannske ekki allar vel undirbyggðar fræðilega séð og væri vel til fundið að varaformaður Verkamannasambandsins liti aðeins betur í þessi efni áður en hann ítrekar fyrri áskoranir í þessum efnum. Og það eru fleiri sem þyrftu að lesa þá bók dálítið betur.

Það sem ég hef sagt hérna varðandi kópaveiðina á kannske alveg sérstaklega við um landselinn. Hvað snertir útsel hygg ég að það liggi heldur ekki fyrir þær niðurstöður að menn geti miklar niðurstöður af þeim dregið. Það er mikill breytileiki í þeim stofni milli ára. Það er þó talið að fjölgun á útsel hafi orðið umtalsverð á síðustu öld þegar menn drógu úr veiði fullorðinna dýra allverulega, en slíkar nytjar lögðust af að mestu fyrir síðustu aldamót þó að eitthvað hafi verið um að slík veiði hafi verið stunduð þá í minni mæli og aðallega kópaveiði. Það sem ég er að segja hér varðar sem sagt samhengið á milli kópaveiði og stofnstærðar. Það sem menn hafa viljað lesa út úr því vil ég halda að sé á hæpnum rökum reist.

Það er því ótvírætt þörf á því að rannsaka þessi mál miklu betur en gert hefur verið og ég vil síst af öllu draga úr því að það verði gert, en ég vil halda því að mönnum enn og aftur, sem hér var vitnað til áðan og ég hef áður getið um í sambandi við álit prófessors Arnþórs Garðarssonar í þessum efnum, vegna þess að sú vísa virðist aldrei vera of oft kveðin hér fyrir menn, þar sem hann segir, og það hefur ekki verið vefengt af mönnum í þessum umræðum: „Því miður eru þessar hugmyndir", það eru hugmyndirnar um árangurinn sem megi ná varðandi hringorm í fiski með fækkun sela, „ekki studdar neinum marktækum mælingum eða rannsóknum og þar að auki bendir ekkert til þess að þær fáist staðist fræðilega." Þetta segir prófessor í dýrafræði við Háskóla Íslands. Ég hef ekki fengið nein þau rök hér, og síst af öllu í þeim tilvitnunum sem hæstv. ráðh. var að greina okkur hér frá að lægju að baki hans staðhæfingum í þessum efnum, að þær hnekktu á nokkurn hátt því sem þarna kemur fram hjá prófessor Arnþóri.

En það eru ýmsir þættir sem grípa inn í þetta samhengi og geta fyrr en varir borið við. Það eru hinar náttúrlegu sveiflur. Það er t.d. vitað um að það hafa komið upp sjúkdómar í selastofninum, svokallað selafár, eins konar inflúensa í sel, sem hefur leitt til mikillar sveiflu og mikillar fækkunar, og ég hygg að slíkar náttúrlegar sveiflur verði kannske, þrátt fyrir alla tilburði sem hugmyndir eru um að leggja upp með í framhaldi af lögfestingu þessa frv., áhrifameiri til þess að hafa áhrif á stofnstærðina en þær fækkunaraðgerðir sem menn eru með hugmyndir um og ímynda sér að verði til að draga úr tilkostnaði í verulegum mæli við hreinsun á hringormum úr fiski. Hvaða áhrif halda menn t.d. að auknar kröfur markaðarins í sambandi við hringorma hafi haft á þær ályktanir sem menn draga af þessu vandamáli, um að þetta vandamál fari stækkandi? Ég er alveg sannfærður um að það eru markaðskröfurnar sem hafa komið til og verða þess valdandi að menn þurfa að beita sér að þessum vanda og þessar kröfur hafa farið harðnandi. Síðan fara menn að gefa sér í framhaldi af því að þessi vandi hafi náttúrlega vaxið svo og svo mikið. Það eru bæði kröfur markaðarins og bætt tækni við að finna þessi sníkjudýr í fiskholdi sem þarna koma inn í þetta samhengi.

Ég ætla, herra forseti, ekki að lengja þessa umræðu mikið af minni hálfu. Við eigum kannske eftir að bera okkur saman um þessi mál þó seinna verði á Alþingi. Ég kemst þó ekki hjá að vekja athygli hv. þingdeildarmanna á þeirri breytingu sem þeir hafa gert á gamalli konunglegri tilskipan, undirritaðri í Friðriksborgarhöll 20. júní 1849 af vorum þáverandi allra náðugasta kóngi, ætli það hafi ekki verið Friðrik hinn VII., sem gerði kunnugt. Það var við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. verið að lýsa yfir vilja að fella úr gildi 16. gr. nefndrar tilskipunar um veiði á Íslandi. Það er rétt að menn íhugi hvað þeir hafi verið að gera. Hvað voru menn að fella niður, herra forseti? Má ég vitna til umræddrar greinar, 16. gr. nefndrar tilskipunar? Ég veit að hv. 1. þm. Vesturl. leggur við hlustir:

„Vöðuseli og annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum, hvar sem hann vill og þó ekki nær annars manns landi en hundrað faðma tólfrætt frá stórstraumsfjörumáli, þar sem nótlög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en áður segir. Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns, þá skal hann semja þar um við þann, er veiði á, og stendur það. En ef hann synjar veiðinnar, og sýnist óvilhöllum mönnum, að hann hefði getað leyft sér að skaðlausu, eða nóteiganda þykir eigandi veiðinnar selja of dýrt leyfi sitt, skal nóteigandi leita sýslumanns, og skal hann bjóða þeim, sem veiði á, að leyfa nótlögin og nefna til menn og kveða á leiguna. Nú leggur maður nót fyrir farsel í nótlögum annars manns og hefir ekki til leyfi þess, er veiði á, eða aðra heimild, þá veiðir hann honum. Með ábyrgð hans og upptöku nótanna skal fara eftir fyrirmælum 12. gr. Skutulveiði er heimil hvar sem stendur, nema þar er látur eru eða nótlög. Þar sem menn eru að skutulveiði má ekki skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn; en ef nokkur gjörir það gjaldi 5 rbd. fyrir hvert skot."

Þetta er það ákvæði hinnar konuglegu tilskipunar frá 20. júní 1849 sem menn hafa lagt mikið á sig þing eftir þing að fá fellda úr gildi, hv. 7. þm. Reykv., studdur af hv. 5. þm. Norðurl. v., svo ekki sé nú talað um hæstv. sjútvrh., enda geta þeir nú verið kampakátir yfir þeirri niðurstöðu sem fékkst í nafnakalli úr atkvæðagreiðslu um þetta atriði að fella úr gildi nefnt ákvæði varðandi vöðuseli og annan farsel. Það er eðlilegt að þeir leggi á það ofurkapp og ég óska þeim hjartanlega til hamingju með árangurinn sem þeir hafa haft hér á hinu þriðja þingi þar sem um þetta mál er fjallað. Hins vegar standa eftir af þessari tilskipun ekki færri en 21 grein, þar á meðal þessi, með leyfi forseta, hin 15.:

„Sýslumenn skulu ótilkvaddir af eiganda hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi þeirra staða, þar sem landselaveiði eða útsela nú er tíðkuð með nótum eða öðrum hætti." — Og heyrði ég að hv. 7. þm. Reykv. dró í nefið að þessum orðum lesnum.

„Vili maður taka upp nýja stað til selveiða og friðhelga, þá skal hann segja til sýslumanni, og skal hann þá lýsa friðhelgi þeirra hvert ár á manntalsþingum, ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þeir vel hentir til slíkrar veiði. Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum; en ef skotið er, eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina.

Sá, er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. gr. og þar á ofan 2 rbd. fyrir hvert skot." — Dýr skal Hafliði allur.

En hv. þingdeild hefur nú farið sér gætilega í sambandi við þessa konunglegu tilskipun og aðeins ákveðið að fella niður 16. gr. hennar, um vöðusel og annan farsel, en viðhalda völdum sýslumanna sem enn halda nokkru í sínum höndum, þrátt fyrir tilburði til að minnka þeirra valdsvið og sýslunefnda hér á hv. Alþingi, þar á meðal um að lýsa friðhelgi þeirra staða þar sem landselaveiði eða útsela nú er tíðkuð með nótum eða öðrum hætti og að enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum þar sem látur eru eða lagnir nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum, en ef skotið er eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina. Þarna eru hvorki meira né minna en tveggja ríkisbankadala viðurlög tiltekin fyrir hvert skot, auk sekta og skaðabóta eftir 5. gr.

Herra forseti. Þetta frv. til laga um selveiði við Ísland er orðið allnokkuð rætt. Því miður hafa þessar umræður, svo ágætar sem þær hafa verið, ekki leitt til réttrar niðurstöðu að mínu mati. Það hefur gerst í þessu máli, eins og því miður vill henda í málum jafnvel hina skynsömustu menn, að þeir taka ekki rökum, sérstaklega þegar þá hefur hent það slys að taka ranga afstöðu til máls í upphafi. Þá á ég sérstaklega við þá ágætu nefndarmenn í sjútvn. þessarar virðulegu deildar sem á sínum tíma festu sig í því fari að mæla með samþykkt þessa frv. nokkurn veginn í þeim búningi sem það liggur nú hér fyrir í þriðja sinn. Þeir hafa ekki notað tímann, sem þó hefur gefist m.a. vegna þess að hæstv. sjútvrh. leggur þetta mál fram fyrst undir þinglok að þessu sinni, til að fara yfir málið svo sem skylt væri, athuga hvað gerst hefur í sambandi við þessi mál og hvaða ný rök hafa komið fram, m.a. hvaða rannsóknalegar niðurstöður hafa bæst við í þessu efni.

Ég hef vakið athygli á því að hv. þingnefnd hafði ekki fyrir því að tala eitt einasta orð við vísindastofnanir á þessu sviði, eins og Líffræðistofnun Háskóla Íslands eða Náttúrufræðistofnun Íslands. Það var algjörlega gengið fram hjá þessum aðilum. Og þó að nefndin sé að fjalla um málið hér í þriðja sinn hefur hún ekki einu sinni fyrir því að kalla til menn. Hvernig stendur á því? Er það vegna þess að hv. viðkomandi aðilar óttist að þurfa að endurskoða sína afstöðu? (Gripið fram í.) Ekki er einu sinni haft fyrir því að leiðrétta augljósar málvillur. Það er því miður ekki sú uppskera af langri meðferð þessa máls fyrir hv. Nd. sem við hefðum vænst. Það virðist sem hér hafi tvímennt fákunnáttan og þráhyggjan í meðferð þeirra manna sem mest hafa um þetta mál vélt af hálfu þingsins (**GJG:** Sagði þm. þráhyggja?) og sæti eiga í hv. sjútvn. — Já, ég sagði ekki heimska. Ég sagði fákunnátta og þráhyggja. Auðvitað má gefa því önnur nöfn, en ég tel að þessir þættir hafi verið mest áberandi af hálfu þeirra sem deildin hefur trúað fyrir því að fjalla um þetta mál með því að vísa þessu máli til hv. sjútvn. deildarinnar. Auðvitað er mjög tvísýnt með mál af þessu tagi að senda það til þeirrar nefndar sem fyrst og fremst er að fjalla um hagsmuni viðkomandi atvinnugreinar út frá tiltölulega þröngu sjónarhorni. Það er ekkert óeðlilegt að þeir starfshættir mótist af að líta aðallega til hagsmuna atvinnugreinarinnar einnar út af fyrir sig og umsagnir og annað vill oft fara í ákveðinn farveg af hálfu viðkomandi aðila. Því var það auðvitað tvísýnt, sérstaklega að fenginni reynslu, að senda þetta

mál ekki til meðferðar og athugunar hjá annarri þingnefnd, en ég gerði ekki athugasemd við það því að ég vildi fara eftir því gamla mati að lengi má manninn reyna og ég hafði satt að segja von um að hv. trúnaðarmenn okkar í sjútvn. deildarinnar tækju sig á í þessu máli og vildu hafa í þessu sem öðru það sem sannast reynist við nákvæma skoðun og bestu manna yfirsýn. En um leið og ég geri ráð fyrir að við séum að kveðja þetta mál að sinni í hv. þingdeild vil ég vænta þess að ekki sé öll nótt úti enn og menn eigi eftir að taka sig á. Væntanlega gefst til þess ráðrúm á komandi sumri á milli þinga að yfirfara þetta mál allt frá grunni svo sem þörf er og læra af þeim mistökum sem orðið hafa í meðferð málsins af hálfu meiri hl. þingdeildarinnar hingað til þannig að við getum tekið þetta mál allt upp með allt öðrum tökum og betur tilreitt frá upphafi í byrjun komandi þings.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 75. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, kl. 7 síðdegis.

Almannatryggingar, stjfrv. 399. mál (þskj. 844). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lyfjafræðingar, stjfrv. 379. mál (þskj. 690). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv. 260. mál (þskj. 838). — 3. umr.

Of skammt var liðið fra 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Hæstv. samgrh. er kominn hér í hv. deild til að mæla fyrir málum sem eru á dagskrá. *Ég hafði reyndar gert ráð fyrir að fresta nú* fundum til hálfníu en ef hv. þdm. gera ekki athugasemdir við það þá mundi ég vilja nota tækifærið og gefa hæstv. ráðh. tækifæri til að mæla fyrir sínum málum nú. Hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir að hann muni verða mjög stuttorður.

Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv. 238. mál (þskj. 845). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. um Siglingamálastofnun ríkisins hefur fengið mjög vandlega meðferð í nefnd í hv. Nd. Þar voru gerðar á frv. fimm breytingar og eru þær fremur lítilfjörlegar breytingar a.m.k. tvær þeirra. Sú þriðja er einnig breytt orðalag, það er við 5. gr.: Að fjalla almennt um öryggismál skipa báta, þar á meðal að sjá um birtingu á niðurstöðum af rannsóknum sjóslysa, ekki sjaldnar en árlega, í samvinnu við nefnd þá er starfar að rannsóknum sjóslysa skv. 230. gr. siglingalaga með síðari breytingu. En frv. sem hér er á dagskrá á eftir fjallar um þessi mál, breytingu á 230. gr. siglingalaga. Og í síðasta lagi þá er orðalag um það að þessi stofnun hafi umdæmisskrifstofur í tilteknum svæðum á landinu og að ráðherra ákveði að fengnum tillögum siglingamálastjóra mörk umdæma og hvar umdæmisskrifstofur skuli vera.

Ég tel að þær breytingar sem nefndin gerði á frv. séu allar til bóta og tel jafnframt að með þessu frv. sé verið að breyta nokkuð um form og færa í auknum mæli *starfsemi Siglingamálastofnunar út um landið*. Og þegar á heildina er litið held ég að í því felist bæði hagræðing og sparnaður.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, stjfrv. 237. mál (þskj. 465). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um eftirlit með skipum er um að 45. gr. laganna falli niður og þá breytist *númeraröð greina 46 og áfram í samræmi við það*, og að lögin öðlist gildi 30. júní 1986. Niðurfelling þessarar greinar þýðir að felld er niður rannsóknarnefnd sjóslysa með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um Siglingamálastofnun og þess frv. sem næst verður tekið hér fyrir.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Siglingalög, stjfrv. 383. mál (þskj. 842). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Með þessari breytingu á 230. gr. siglingalaga er verið að færa rannsókn sjóslysa í nútímalegra horf og stefnt að því að gera þessar rannsóknir mun betri og fyllri en áður hafa verið. Leitað hefur verið álits öryggismálanefndar sjómanna á þessu frv. og tekist mjög góð samvinna á milli ráðuneytisins og hennar um það. Í samgn. Nd., sem fjallaði um frv., var það samþykkt samhljóða að öðru leyti en því að flutt var till. frá minni hl. nefndarinnar um það að nm. væru fimm í stað þriggja og hlaut sú till. samþykki Nd.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, stjfrv. 295. mál (þskj. 847). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstvirtur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Nd. á því máli á þskj. 847.

Frv. þetta fjallar að stofni til um sama efni og núgildandi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum nr. 52/1973. Meginbreytingin sem lögð er til með frv. þessu er að færa frumrannsókn frá dómstólum til lögreglu, svo sem gert var í öðrum málaflokkum með stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins skv. lögum nr. 108/1976 og breytingu á lögum um meðferð opinberra mála með lögum nr. 107 1976.

Samkvæmt núgildandi lögum tekur sakadómurinn við málum á rannsóknarstigi og gengur frá þeim til ríkissaksóknara ef þeim verður ekki lokið með dómsátt fyrir sakadómi.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að það sé lögregla á hverjum stað sem annast lögregluranns6kn í fíkniefnamálum eins og öðrum málum og þannig hefur það verið í reynd. Hér í Reykjavík hefur starfað sérstök deild fíkniefnarannsókna innan Reykjavíkurlögreglunnar og gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að auka samvinnu og samstarf milli lögsagnarumdæma á þessu sviði. T.d. hefur sá maður sem starfar sérstaklega að fíkniefnamálum í Hafnarfirði verið ráðinn hjá þessari deild hér í Reykjavík. Nú er verið að fjölga mönnum í þessari deild þar sem þörfin er mjög brýn. Það er því verið að reyna að efla þessa starfsemi sem vissulega er þörf á.

Önnur aðalbreyting þessa frv. er hins vegar sú, og sú eina sem er í reynd frá því sem verið hefur, að lögreglan sendi mál síðan beint til ríkissaksóknara til ákvörðunar um ákæru í stað þess að þau séu send fíkniefnadómara sem millilið. Það er gert til þess að reyna að hraða afgreiðslu mála.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 12. mál (þskj. 848). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Veð, stjfrv. 302. mál (þskj. 843). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstvirtur forseti. Hér er um að ræða tiltölulega litlar breytingar. Það er annars vegar að bæta við 1. gr. þar sem upptalning er á vörum, ýmiss konar afurðum. Þar stendur „sem veðsali á eða eignast kann“ í 1. málsgr. en á eftir því komi: eða hefur til sölu.

Hitt er efnisatriði. Það er varðandi meginefni frv. sem er að gera eldisfisk óumdeilanlega veðhæfan og það var gert í samráði við þá nefnd sem um þetta fjallar og skipuð var á s.l. sumri af hæstv. forsrh. og í samráði við bankana. Menn telja eðlilegt að takmarka nokkuð þann tíma sem þessi lán mega vara og því er bætt við nýjum málslið sem hljóðar svo: Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn. — Yfirleitt er fiskur ekki lengur í eldi en fjögur ár og þess vegna á þetta að geta verið alveg skaðlaust fyrir fiskeldisstöðvar þótt þær ali fisk upp alveg frá seiðum og upp í sláturstærð. Mæli ég með að þetta verði samþykkt og hygg að það þurfi ekki að fara fyrir hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 850).

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 636 (sbr. 602), n. 701, 703, 705 og 717, brtt. 709, 710, 720 og 740). — Frh. 2. umr.

Frsm. 3. minni hl. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Ég var þar kominn áðan í máli mínu að ég minntist á sýslunefndir. Ég held reyndar að ég hafi getið þess áður hér í ræðustól að ég tel mig þess naumast umkominn að dæma um þær breytingar sem verið er að gera á starfsemi sýslunefnda og samhengi þeirra við stjórnkerfið, að öðru leyti en því, að mér sýnist að verði farið að lögum, sem ætla má ef þetta frv. verður samþykkt, þar sem meiningin er að héraðsnefndir taki við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laganna, nema þá að sveitarfélög sem aðild áttu að sýslufélögunum óski að yfirtaka þær, geti orðið þó nokkur endurskoðunar- og bókhaldsveisla á landinu þegar að því kemur að skipta reytum sýslufélaganna. Þá hugsa ég líka til þess ef menn færu að nota sér allar heimildir sem í þessum lögum er boðið upp á, eins og þá í fyrsta lagi að sveitarfélög taki við eignum og skuldum sýslufélaga, í öðru lagi að héraðsnefndir komi til og taki við þessu hinu sama, og í þriðja lagi ef menn eru með svokölluð byggðasamlög í gangi líka og skipta reytunum eftir því hvernig hentar best fyrir þá hverju sinni. Mér sýnist reyndar að lögin taki ekki mjög ákveðið á því hvernig þetta skuli gerast, hvort það sé t.d. hugsanlegt að fara þarna bil beggja, þ.e. að héraðsnefndirnar taki við einhverju og sveitarstjórnirnar við einhverju af eignum og skuldum og þá skuldbindingum sýslunefndanna.

Þegar menn standa hér og gagnrýna má segja að þeim beri skylda til að tjá sig að einhverju leyti um það hvernig þeir líti á þessa hluti og hvaða úrlausnir þeir hafi í sjónmáli á þeim vandamálum sem er verið að fjalla um og menn eru að reyna að takast á við. Þá bendi ég fyrst á þá staðreynd, sem öllum er náttúrlega ljós sem hér sitja, að ef við horfum á þrjá mjög nátengda málaflokka, þ.e. skipulag stjórnsýslustigs sveitarfélaganna sem gerð er grein fyrir í þessu frv. sem er verið að fjalla um, er það bara þriðjungur af þeim málaflokkum sem tengjast því sem hér um ræðir, því að síðan kemur einn lagabálkur úr hinni og þessari áttinni, eins og sagt er, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og í þriðja lagi þau lög sem fjalla um tekjustofna sveitarfélagsins. Æskilegt væri, þegar fjallað er um þessa hluti, að um þá væri fjallað meira í samhengi, að þeir væru ekki slitnir svona úr samhengi hver við annan.

Ég bendi á þetta vegna þess að einn af höfuðgöllum stjórnarfarslegra samskipta milli ríkis og sveitarfélaga er í því fólginn að að málið er flókið. Það eru ekki nógu hreinar línur, þegar á heildina er litið, í þessum samskiptum. Það sem veldur er ekki síst það að sameiginleg verkefni sveitarfélaga og ríkis hafa aukist með árunum, nokkurn veginn í hlutfalli við það að skatttekjur ríkisins hafa farið vaxandi á þessum sömu árum á meðan skatttekjur sveitarfélaga hafa nánast staðið í stað. Og þessi sameiginlegu verkefni ríkisins og sveitarfélaganna gæti maður skilgreint sem vont mál vegna þess að þar verða mörk valds og ábyrgðar þeirra aðila sem að standa afskaplega óljós. Niðurstaðan úr þessari athugun er einfaldlega sú að maður sér ekki fram á það að neitt eigi eftir að breytast, t.d. alls ekki fyrir tilverknað þessa frv., völd og áhrif ríkisins hafa aukist og þau munu áfram aukast ef ekkert er að gert.

Það er m.a. þess vegna sem maður saknar þess að einmitt í þessu frv. skuli ekki tekið á þessum alvarlega og augljósa ágalla stjórnsýslu á Íslandi sem óumflýjanlega leiðir til þess að fólk sér æ minni og minni ástæðu til þess að binda búsetu sína úti í hinum dreifðu byggðum landsins. Það kýs frekar að flytja í þéttbýli og þá einna helst hingað suður, til þess staðar sem valdið er á og öllum hlutum er stjórnað frá.

Það sem af þessari þróun hlýst er óhemju mikið misræmi í stærð sveitarfélaga á Íslandi, misræmi sem á sér líklega fáar hliðstæður þótt víða væri leitað. Sem dæmi má taka að að því er ég best veit eru í minnsta sveitarfélagi á landinu 14 manns meðan íbúafjöldinn í stærsta sveitarfélaginu, hérna í Reykjavík, er tæplega 89 000 manns. Það segir sig sjálft að aðstaða sveitarfélaga til að takast á við þau verkefni sem þeim eru ætluð skv. lögum verður náttúrlega mjög mismunandi við þessar aðstæður. Fámennir sveitarhreppar eru þess ekki megnugir að taka við auknum verkefnum. Þar af leiðandi hafa þeir heldur ekki haft nein tiltæk ráð til að sporna við fólksfækkun og samdrætti. Það er samdráttur í atvinnulífi sem leiðir af þessari stöðu fámennra sveitarhreppa sem síðan aftur orsakar fólksflótta. Tekjumöguleikar þessara hreppa eru mjög takmarkaðir og því verður ekki neitað að fulltrúar þessara fámennu sveitarhreppa hafa beinlínis unnið að því að færa verkefni frá þessum sveitarfélögum til ríkisins, af þeirri eðlilegu ástæðu að þeir réðu ekki við þau. Þannig hefur myndast ákveðinn vítahringur sem birtist í sívaxandi hlutdeild ríkisins í ákvörðunum og kostnaði af sameiginlegum verkefnum.

Þegar á heildina er litið er kannske um fjórar leiðir að velja til þess að reyna að umflýja þennan vanda. Fyrsta leiðin er einfaldlega sú sem við erum á núna, þ.e. með framhaldi núverandi þróunar eykst tilflutningur á verkefnum frá sveitarfélögum til ríkisins. Eins og í raun og veru er gert ráð fyrir í frv. hérna er jafnvel möguleiki á því að tilflutningur á verkefnum aukist frá sveitarfélögum til þess millistigs sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Önnur leið væri sú að með auknum ríkisstyrkjum og aukinni hlutdeild ríkisins í kostnaði af sameiginlegum verkefnum mætti hugsanlega stöðva þessa hrörnun atvinnulífsins og um leið stöðva fólksflóttann. Síðan eru þær leiðir sem oft hafa verið ræddar og menn hafa einna mest beint kröftum sínum að: að sameina sveitarfélög, þ.e. annaðhvort að auka samvinnu þeirra eða vinna að sameiningu þeirra. Við höfum reynslu af því, eins og ég sagði áðan, að færa verkefni frá sveitarfélögum til ríkisins. Þessi flutningur á verkefnum frá sveitarfélögum til ríkisins dregur úr sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna yfir eigin málum og stefnir þar með sjálfstæði þeirra í hættu þegar til lengri tíma er litið.

Ef við hugsuðum okkur að auka mjög hlutdeild ríkisins beint í rekstri sveitarfélaganna með því að létta í stórum skrefum álögum af sveitarfélögum með því að flytja verkefnin til ríkisins í formi útdeilingar ríkisstyrkja eða hlutdeildar gætum við að vísu bætt aðstöðu sveitarfélaganna en um leið yxi krafan um aukið eftirlit af hálfu ríkisins og vaxandi íhlutun í málefni sveitarfélaganna og aftur stæðum við frammi fyrir því að sjálfstæði þessara sömu sveitarfélaga væri í hættu.

Menn hafa reynt og í vissum tilvikum náð árangri í því að auka samvinnu sveitarfélaganna. Þau samstarfsverkefni sem sveitarfélög hafa tekið upp saman hafa mörg

hver gefið góða raun. Það verður þó ekki horft fram hjá því að í þessu samstarfi eru það oft einn eða fáir fulltrúar hverrar sveitarstjórnar sem ráða mestu um stefnuna í þeim málaflokki sem samvinnan á sér stað í og sá aðili sem hefur þá mest vægi er oddvitinn. Menn hafa heimildir fyrir því að þar sem um slíka samvinnu er að ræða hefur orðið viss tilhneiging í þá átt að hreppsnefndarfundum fer einfaldlega fækkandi á meðan oddvitafundum fer fjölgandi.

Það sem er líka vandamál í því að auka samvinnu sveitarfélaganna er það að samstarfsverkefnin eru oft í því formi að nokkur sveitarfélög starfa saman í ákveðnum málaflokkum og samstarfsaðilarnir eru ekki endilega þeir sömu í öllum málaflokkunum. Þetta getur oft þýtt að sveitarfélög eða þeir sem eru ábyrgir fyrir stjórn þeirra og rekstri, að ég tali nú ekki um íbúa þeirra, lenda í erfiðleikum með að ná yfirsýn yfir eigin málefni. Ákvörðunarrétturinn er orðinn dreifður. Honum er ekki dreift lýðræðislega vegna þess að það eru fulltrúar valdir af sveitarstjórnum sem fyrir málaflokkunum standa og öll áætlanagerð verður flókin og vissum erfiðleikum bundin. Þetta þýðir að það gætir óánægju meðal sveitarfélaganna sem ganga í fjárhagslega ábyrgð fyrir slíku samstarfi og yfirleitt er það stærsta sveitarfélagið sem þarf að sjá um að innheimta sinn hlut frá minni sveitarfélögunum með minna greiðsluþoli og afleiðing þess háttar samstarfs er sú að hið stóra sveitarfélag, sem gegnir þessu hlutverki einungis vegna þess að það hefur til þess betri aðstöðu en hin, starfsfólk og annað, verður að nokkurs konar blóraböggli í þessu samstarfi og sakað um valdníðslu og yfirgang af hinum minni starfsbræðrum sínum og þá oftast algerlega að ósekju þar sem hér er oftast um tæknilegt framkvæmdaatriði að ræða.

Lágmarksstærð sveitarfélaga hefur oft verið til umræðu við endurskoðun sveitarstjórnarlaganna. Það er ljóst að umsvif í minnstu sveitarfélögunum eru nánast engin, enda þótt sum þessara sveitarfélaga nái yfir gríðarstór landsvæði.

Samgöngur hafa breytt mynd okkar af landinu gífurlega á s.l. hálfri öld. Með bættum samgöngum hafa þau svæði stækkað sem hægt er að fara um innan eðlilegs ferðatíma, en enn þá búum við í dreifbýli sem á sér fáar hliðstæður í veröldinni. Þá er ég að miða við það menningar- og efnahagsstig sem við erum stödd á.

Það hefur gjarnan verið staðnæmst við þá hugmynd að sveitarfélagið hefði nægilega marga íbúa til að geta staðið undir sinni eigin stjórnsýslu, þ.e. geta á einhvern hátt haft starfsmann í sinni þjónustu. Til þess þarf 300–500 íbúa. En þegar svo horft er á íbúafjölda sveitarfélaganna er greinilegt að það þyrfti að sameina mjög marga hreppa til að ná þessum mannfjölda og þá er sú sameining orðið landfræðilega afskaplega óskynsamleg í allflestum tilvikum.

Heppilegustu aðstæðurnar sem við getum búið við hér eða gengið út frá eru að fyrir hendi sé stórt þéttbýlt sveitarfélag sem minni sveitahreppar geti sameinast án þess að úr verði óeðlilega stórt landsvæði. Sums staðar á landinu, eins og t.d. á Vestfjörðum, eru aðstæður þannig og þá er þetta kannske ekki tæknilega ýkja stórt vandamál. En á öðrum stöðum á landinu verður landfræðileg sameining lítilla sveitarfélaga oft mjög erfið og þjónar þá mjög illskiljanlegum markmiðum. Slík sveitarfélög verða einfaldlega ekki að þeirri félagslegu heild sem þau hafa áður verið. Við erum engu bættari í viðleitni okkar til að ná þessu markmiði þegar og ef við brjótum niður viðurkenndar félagslegar heildir því að það þýðir einfaldlega uppflosnun og mannfækkun með sama hætti og lítil eða léleg atvinna þýðir í flestum tilvikum líka. Þess vegna þarf að koma til eitthvert annað hugtak eða einhver önnur stærð sem fólk getur sætt sig við, sem fólk getur samþykkt og bundist einhverjum félagslegum tengslum við án þess að þurfa að láta af hendi það sjálfstæði sem falið er í því að búa innan einhverra ákveðinna sveitarfélagamarka.

Þá er ég kominn að kjarna þess máls sem er að nokkru leyti mín sannfæring. Hún er í sem fæstum orðum sú, að til þess að auka traust fólks á möguleikum sjálfs sín til þess að komast af og sjá fyrir sér og sínum þarf að færa veruleg verkefni og fjárhagslega ábyrgð frá ríki út til landsbyggðarinnar, það þarf að dreifa valdi. Þar sem eiginlega engu valdi er til að dreifa, eins og sagt er, öðru en því sem er í Reykjavík, er það þar sem verður að skera niður, það er þar sem verður að byrja að taka á hlutunum og flytja þá út til landsbyggðarinnar. Við vitum að það eru fáar ef nokkrar stjórnsýslueiningar úti í hinum dreifðu byggðum sem geta tekið við þessari valdayfirfærslu og þeirri fjármálalegu ábyrgð sem um er að ræða. Við vitum af fenginni reynslu að það er ekki hægt að mynda þessa stjórnsýslueiningar með sameiningu sveitarfélaga. Það hefur á það reynt og það næst ekki árangur með þeim hætti. Við vitum líka að aðalástæðan fyrir því er sú að menn vilja einhverra hluta vegna ekki gefa frá sér þá huglægu stærð eða það huglæga gildi sem sveitarfélag er í augum fólks. Þess vegna er eina leiðin til þess að hægt sé að færa þetta vald og þessa fjárhagslegu ábyrgð frá ríkinu til fólksins eða nær fólkinu sú að búa til eitthvert það stjórnsýslustig eða fyrirkomulag sem í fyrsta lagi getur tekið við þessu valdi og þessari ábyrgð og í öðru lagi að fólk geti litið á sem hluta af sér, þá er ég að tala um fólk í hinum dreifðu byggðum landsins, frekar en sem hluta af ríkinu. Þar með er ég að reka áróður fyrir hinu svokallaða þriðja stjórnsýslustigi eða millistjórnsýslustigi. Menn geta svo velt vöngum yfir því heima hjá sér hvað slíkt eigi að heita.

Það sem ég er hræddur við er að ef við hleypum þessum lögum hér í gegn, og þá er ég að tala um ágalla sem eru á frv. sjálfu án þess að maður horfi til einhverra annarra hluta, ef við hleypum því í gegn með þeim kostum sem á frv. eru, sem að mínu áliti eru fyrst og fremst kostir fyrir sveitarstjórnarmenn sjálfa og ég held að við eigum ríkari skyldum að gegna við landsmenn í heild en við stjórnvaldið sjálft, ef við hleypum því í gegn með þeim göllum sem á því eru beint, þ.e. að frv. tekur ekki á hlutum eins og því að tryggja lýðræðislegt öryggi í sambandi við kosningar, það er enginn kafli í því um skyldur sveitarstjórnarmanna til að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um gerðir sínar, og ef maður þar að auki hefur í huga að við verðum að knýja á um lausn á þeirri byggðaröskun sem við stöndum frammi fyrir, þá er ég hræddur um að samþykkt þessa frv. svæfi um sinn samvisku þeirra manna sem á málinu gætu tekið og á málinu bera ábyrgð. Því legg ég til að þetta frv. verði ekki samþykkt heldur fellt til að halda vöku manna og til að þrýsta á að menn beiti kröftum sínum að því verkefni sem ekki verður umflúið, en það er að stöðva flóttann frá dreifbýlinu til þéttbýlisins.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég skal ekki hefja umræður um þetta mikla mál þó að ærin ástæða væri til þess miðað við ýmislegt sem hér hefur komið fram í umræðunni svo maður tali nú ekki um eftir að hafa hlýtt á fræðilegan upplestur á erindum ýmissa hagfræðinga sem hefur einnig komið upp í ræðum manna.

Það sem mig langar að koma inn á er bara áhersluatriði. Hér hefur komið fram gagnýni og virðist vera að menn blandi saman talsvert miklu í sambandi við hin almennu sveitarstjórnarmál, blandi inn í sérlögum um tekjustofna sveitarfélaga og verkefnaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Ég vil skýra frá því hér að til meðferðar er nú hjá ríkisstj. nýtt frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga frá nefnd sem skilaði af sér fyrir nokkru. Það verður til meðferðar í vor og sumar og væntanlega sent til umsagnar ýmissa aðila í þjóðfélaginu þannig að um það fæst mjög mikil umfjöllun áður en þing kemur saman í haust. Á samráðsfundi sem haldinn verður bráðlega milli ríkis og sveitarfélaga verður það mál rætt og einnig hafinn undirbúningur að verkefnatilflutningi sem hlýtur að koma í kjölfarið á þessu. En lykillinn að því að þetta verður meðfærilegra en hefur reynst á undanförnum áratugum er einmitt það nýja frv. sem hér er til lokaafgreiðslu sem opnar ýmsa möguleika fyrir sveitarfélögin að takast á við þessi verkefni á nýjan hátt. Ég vil segja það við þá sem ekki hafa fylgst með á undanförnum árum að það hefur kannske farið fram hjá þeim að sveitarfélögin hafa lagt á þetta gífurlega mikla áherslu og rætt um þetta á fundum og þingum sínum. Landsþing sveitarfélaga hafa gert ákveðnar ályktanir um hvernig sveitarstjórnarmenn vilja haga þessum málum. Fulltrúaráðsfundir hafa um þetta fjallað og núna upp á síðkastið hafa sveitarstjórnarmenn lagt alveg gífurlega áherslu á uppstokkun í sveitarstjórnarlagafrv. sem hér liggur fyrir. Ég vil aðeins rifja það upp að síðasti fulltrúaráðsfundur sveitarfélaga, sem haldinn var núna fyrir stuttu síðan, 27.–28. febrúar s.l., sendi Alþingi ákveðna ályktun þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga skorar á Alþingi að samþykkja á þessu þingi frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga."

Þetta er rammi sem sýnir hvaða áherslu þeir menn sem vinna að þessum málum út um allt Ísland, bæði í þéttbýli og dreifbýli, leggja á þessi mál.

Ég verð að mótmæla því, sem hér kom fram fyrr í dag, sérstaklega hjá hv. 6. landsk. þm., að menn sem unnu þetta frv. hefðu lítið komið nálægt þessum málum eða vissu lítið um hvernig hin raunverulegu sveitarstjórnarmál eru eða fara fram. Það er þvert á móti. Þetta frv. er að aðalstofni til unnið af þaulreyndum sveitarstjórnarmönnum sem hafa rætt um þetta árum saman og þekkja alla þræði þeirra áhersluatriða sem þarf að leggja mesta áherslu á í sambandi við þetta. Hins vegar er ljóst að það eru skiptar skoðanir um þetta, en síðasta landsþing sveitarfélaga lagði eindregið til að stjórnsýslustigin í landinu yrðu aðeins tvö, þ.e. ríki og sveitarfélög. Ég ætla ekki að fara að ræða um það hér. Það hefur oft borið á góma í þessum umræðum og í ritum og grg. sem fram hafa verið settar á ýmsum stigum. Það kemur í ljós hvort menn telja að það henti í okkar fámenni að taka upp það kerfi sem aðrar stórþjóðir hafa komið á hjá sér en eru margar að gefast upp við eða glíma við ágalla þess, sbr. Norðmenn og Svía.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara að tefja tímann í ræðuhöldum. Ég vil aðeins láta það koma fram í þessari umræðu að ég mun að lokinni samþykkt þessa frv., sem ég vona að verði, skipa nefnd til að fylgjast með yfirfærslu verkefna og eigna sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Ætlast ég til að nefndinni sé falið að gera tillögur að reglugerð vegna þessara breytinga. Jafnframt gæti nefndin, eftir því sem þurfa þykir, gert tillögur til breytinga á lögum um þau efni sem varða verksvið hennar. Það er alveg ljóst og það vita allir, sem nálægt þessum málum koma, að það mun að sjálfsögðu þurfa að gera einhverjar breytingar á framkvæmd margra þeirra atriða sem hér koma fram, en til þess þarf að vera tími í þessum lagaramma. Ég reikna með því að nefndin verði skipuð fulltrúum frá félmrn., Sambandi ísl. sveitarfélaga og Sýslumannafélagi Íslands.

Ég vil einnig láta það koma fram hér að félmrn. mun gera sérstakt átak til að aðstoða minni sveitarfélögin við að kanna hagkvæmni aukinnar samvinnu og eða sameiningar við nágrannasveitarfélög og beita sér fyrir fjárstuðningi við litlu sveitarfélögin í slíkum tilvikum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem hefur hamlað á undanförnum árum gegn eðlilegri samvinnu eða samruna sveitarfélaga. Þau óttast fjárskort í sambandi við þetta og þetta er eitt af þeim atriðum sem þessi lög opna umræðu fyrir.

En til þess að draga úr áhyggjum ýmissa þm. af að það verði of skammur tími til að fjalla um þessi mál leyfi ég mér hér með, virðulegi forseti, að leggja fram brtt. við ákvæði til bráðabirgða I, það er í niðurlagi 1. málsgr. þess. Þar komi ártalið 1988 í stað 1987, þ.e. að kosning sýslunefnda vorið 1986 fer fram skv. ákvæðum IV. kafla laga nr. 58 29. mars 1961 með síðari breytingum og skulu þær fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, en þó ekki lengur en til 31. desember 1988 með þessari breytingu.

Það er mín skoðun að eðlilegt sé að gera þessa breytingu nú þó að það þýði að frv. þarf að fara aftur til Nd. Ég hygg að þarna sé verið að greiða fyrir því að þessi samskipti verði viðráðanlegri og þessi breyting, sem þarna er sett fram í frv., verði til þess að menn geti betur sætt sig við frv., þar sem menn hafa þarna lengri tíma til aðlögunar. Ég legg þessa brtt. fram, virðulegi forseti.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 849, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Sú brtt., sem hæstv. félmrh. bar hér fram og við vorum að samþykkja afbrigði fyrir, er sálfsagt frá hans hálfu að einhverju leyti sáttargjörð eða leið til þess að flýta meðferð frv. í gegnum hv. deild. Ég fagna ekki þeirri tillögu. Ég held að þar sé verið að gefa eftir fyrir sýslumannavaldinu og verið að hörfa frá þeim eina punkti sem reglulega var góður í þessu frv., verið að gefa eftir eitt ár í völdum sýslumanna í sambandi við sýslunefndir.

Þau sveitarstjórnarlög sem við búum við núna eru frá árinu 1961, þ.e. að verða 25 ára gömul, og þá tókst að

gera sveitarstjórnarlög eftir aðeins eins árs nefndarstarf. Þó að þau lög hafi kannske ekki breytt miklu erum við þó búin að búa við þau eins og ég segi í 25 ár. Á þessu 25 ára tímabili hefur margt breyst þannig að eðlilegt er að við þurfum að fara að fá breytingu á þeim lögum, enda kom fljótt í ljós að lögin voru á þann veg að sveitarstjórnarmenn töldu nauðsyn á að breyta þeim og fljótlega eftir að þau höfðu verið samþykkt fóru að heyrast raddir um það og áskoranir frá sveitarstjórnarmönnum að þeim þyrfti að breyta.

Árið 1966, að fimm árum liðnum frá samþykkt sveitarstjórnarlaganna, var skipuð nefnd um skipun sveitarstjórnarmála, um stærð sveitarfélaga. Sú nefnd skilaði áliti 1968 og lagði þá til m.a. að sveitarfélögunum yrði fækkað í 66. Út úr þessu kom ekkert annað en umræða um þessar tillögur, en á þessu sama ári, árið 1968, tilnefndir Samband ísl. sveitarfélaga nefnd um verkefnaskiptingu og síðan aftur nefnd um landshlutasamtökin, um stöðu þeirra í stjórnsýslukerfinu, það mun hafa verið í kringum 1970, og enn er skipuð nefnd, þá ráðherranefnd, 1973 um endurskoðun sveitarstjórnarlaga og 1976 kemur enn ráðherranefnd um verkaskiptingu og tekjustofna. Sú nefnd er síðan endurskipuð 1979. Enn er svo skipuð nefnd 1981 til að endurskoða sveitarstjórnarlögin. Á öllu þessu tímabili er skipuð hver nefndin ofan á aðra, bæði frá ráðherrum og samtökum sveitarstjórnarmanna, en einhvern veginn komast þessar nefndir aldrei að þeirri niðurstöðu að hingað inn á hv. Alþingi berist tillögur þeirra þannig að um þær verði fjallað í alvöru til að lögfesta þær.

Þessi vinna á þessum árum sýnir vitaskuld fyrst og fremst stefnuleysi ráðherra á þessu tímabili og stefnuleysi stjórnmálaflokka um hvað gera skuli. Svo skeður það að á árinu 1983 sest einn nefndarmaðurinn, sem hefur unnið að þessari tillögugerð, í sæti sjálfs félmrh. Þá var erfitt að búa til eina nefndina enn. Það var því varla um það að ræða fyrir hæstv. félmrh. að taka upp það frv., sem hann að miklu leyti var búinn að semja með félögum sínum, þó að hann setti annan í sinn stað þegar hann tók sæti sem félmrh. Um það var ekki lengur að ræða að leika þann leik að skipa nefnd ofan á nefnd til að ræða þessi mál en marka aldrei stefnu um hvað gera skyldi.

Hæstv. núv. félmrh., sem eins og ég sagði áðan var í nefndinni sem var skipuð 1981, leggur síðan fram frv. á síðasta þingi, það frv. sem var fyrirrennari þess frv. sem við erum að ræða hér. Þetta frv. er komið hingað úr hv. Nd. og var rætt þar allmikið og nokkuð breytt. En staðreyndin er sú að þetta frv., þó segja megi að það sé afrakstur allra þessara nefnda sem ég gat um hér áðan, er ekki mjög mikið plagg. Það má segja kannske ótrúlega lítið afgerandi plagg. Og að sumu leyti stangast það á við þau markmið sem upp eru talin í aths. við frv. Það stuðlar ekki mikið að því sem upp er talið í fyrsta lið, að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka. Því miður. Það er ekki mikið í þessu frv. sem eykur sjálfsstjórn sveitarfélaga umfram það sem er í þeim sveitarstjórnarlögum sem við búum við. Og einnig annar liðurinn, að réttarstaða allra sveitarfélaga verði sem líkust, breytist ekki mikið með því frv. sem við erum hér um að fjalla. Og í þriðja lið segir að stuðla beri að vald- og verkefnadreifingu. Því miður er ekki mikið í þessu frv. sem eykur vald- og verkefnadreifingu. Og ég get talið þessa punkta svona áfram upp. Þeir eru sjö. Sá sjöundi er um að stuðla beri að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð sveitarstjórnarmála. Því miður hef ég ekki fundið í þessu frv. neitt sem eykur lýðræðislega meðferð á sveitarstjórnarmálefnum frá því sem er í lögum frá 1961.

Frv. tekur sem sagt ekki að neinu ráði á þeim þáttum sem upp eru taldir sem aðalmarkmið frv. og endurskoðunarnefndin átti að hafa að leiðarljósi. En þrátt fyrir það er ég ekki að lýsa yfir andstöðu minni við frv. Ég tel að þetta frv. eigi að samþykkja hér í hv. deild, þó ekki væri til annars en að losa hæstv. núv. félmrh. og þá sem á eftir honum setjast í ráðherrastól við þau steinbörn sem allar þessar nefndir hafa skilið eftir sig og hægt sé að byrja á nýjan leik að ræða málin og skipa nefndir og vinna að því að efla og styrkja grunneiningar stjórnkerfis okkar, sameina minni sveitarfélögin og reyna að gera eitthvað í staðinn fyrir það sem komið hefur út úr öllu þessu nefndarstarfi í tvo áratugi, sem er ansi lítið, ég vil ekki segja akkúrat ekki neitt.

Í þessu frv. eru atriði sem eru spor í rétta átt. Það er spor í rétta átt að leggja niður sýslunefndir. Það er rétt spor vegna kosningafyrirkomulags til sýslunefnda og tengsla þeirra við sýslumannsembætti og þess óþarfa millistigs sem þær hafa verið og eru í stjórnkerfinu. En það ber samt að undirstrika að vegna getuleysis litlu sveitarfélaganna hefur víða verið gripið til þess að nota sýslunefndirnar til að leysa ýmis verkefni sveitarfélaganna. Það er ekki vegna ágætis sýslunefndarkerfisins. Það er vegna þess að litlu sveitarfélögin hafa þurft að leita sér að einhverju ákveðnu formi til að leysa ýmis sameiginleg málefni. Þau verkefni eru breytileg frá einu héraði til annars. Á vissu tímabili stóðu sýslunefndir á Suðurlandi að hafnargerð í Þorlákshöfn. Þær höfðu forgöngu um að byggja höfnina í Þorlákshöfn. Víða standa sýslunefndir að bókasöfnum, skólamannvirkjum, jafnvel heilsugæslu. En þetta er ekki það verkefni sem þeim er ætlað. Þær hafa farið út fyrir sinn verkahring þegar þær standa að slíkum verkefnum. Eins og ég sagði áður er það vegna þess að litlu sveitarfélögin hafa verið svo vanmegnug að þau hafa ekki getað staðið ein að þessu að þau hafa leitað til sýslunefndanna, stundum vegna þess að oddvitar og forustumenn í sýslunefnd hafa verið duglegir félagshyggjumenn, foringjar í sínu umhverfi og hafa boðið sýslunefndirnar fram til þess að leysa ákveðin verkefni. En í eðli sínu í stjórnkerfinu á þetta alls ekki þar heima.

Eins og ég nefndi áðan hefur kosningafyrirkomulagið til sýslunefndanna verið mjög ólýðræðislegt þar sem kosinn hefur verið einn fulltrúi úr hverju sveitarfélagi þannig að raunverulega hefur alltaf meiri hlutinn einn getað komið þar inn fulltrúum. Reyndin hefur verið sú víðast hvar að sýslunefndirnar hafa verið fyrst og fremst skipaðar fulltrúum Sjálfstfl. og Framsfl. Minni flokkar hafa ekki haft neinn möguleika til að koma þar neinum fulltrúum að.

Ákvæði 6. gr. frv. eins og það kemur frá Nd., um hvernig farið skuli með þau verkefni sem sýslunefndir hafa haft með að gera, eru dálítið einkennileg og að mínu mati alls ófullnægjandi. Það er ekki nóg að leggja sýslunefndirnar niður. Það þarf að finna eitthvert form til þess að taka við þeim verkefnum sem þær hafa innt af hendi, bæði lagabundið og eins og ég hef nefnt sem sveitarfélögin hafa falið þeim. Með leyfi forseta skal ég lesa þá grein, þ.e. hluta úr 6. gr., þar sem vikið er að því

hvernig skuli leysa þau verkefni sem sýslunefndirnar hafa áður verið með. Hún er svoljóðandi:

„Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim eru falin með lögum. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Um héraðsnefndir gilda ákvæði IX. kafla eftir því sem við getur átt.“ Þ.e. kaflans sem fjallar um samvinnu sveitarfélaga.

Hér er kveðið laust að öllu. Sagt er: „Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær.“ Ef eitt sveitarfélag óskar að yfirtaka sínar eignir hvað verður þá um hinn hlutinn o.s.frv.? „Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna.“ Það er ekki tekið fram hvort kaupstaðir í kjördæmum eða núverandi sýslufélögum skuli verða að gerast aðilar að þessu, heldur er þetta allt laust, ófrágengið. Ég tel að þarna hefði þurft að kveða miklu fastar að orði og að ekki hefðu átt að vera neinar undanþágur.

En þrátt fyrir þessi veiku ákvæði tel ég þó að hér sé um skref í rétta átt að ræða. Aðalatriðið er það að ólýðræðislegt og óþarfa stjórnsýslustig hefur verið lagt niður. Ýmislegt fleira er vitaskuld í þessu frv. til bóta enda væri það eins og ég sagði áður dálítið skrýtið ef ekki þyrfti að laga 25 ára gamla lagasmíð. Aðalatriðið er frá mínu sjónarmiði að með samþykkt þessa frv. er hægt að byrja á nýjan leik án beinna tengsla við nefndafargan og um leið aðgerðarleysi síðustu 20–25 ára og stefna til aðgerða með því að gera meira en tala um það að efla sveitarfélögin, bæði með því að sameina og stækka minni sveitarfélögin og færa sveitarfélögunum aukin verkefni og sjálfsforræði og tryggja aukna tekjustofna.

Sveitarfélögin eru grunneining stjórnkerfis okkar og þar með sú stjórnsýsla sem stendur næst hinum almenna þjóðfélagsþegni. Sveitarfélögin annast margháttuð verkefni. Þau hafa forustu í grunnskólafræðslu, dagvistun, þau annast hafnamál, gatnagerð og skipulagsmál, heilsugæslu, brunavarnir, heilbrigðiseftirlit og margs háttar almenna þjónustu. Og það er nú ekki svo, eins og hv. 8. þm. Reykv. fullyrti hér í ræðustól áðan, að verkefnum sveitarfélaga hafi verið að fækka og þau hafi verið að fara yfir til ríkisins í auknum mæli á undanförnum árum. Það hefur ekki verið þannig, heldur hefur verkefnum sveitarfélaganna verið að fjölga, bæði með því að viss verkefni hafa komið frá ríkinu og einnig vegna eðlilegrar þjóðfélagsþróunar, fleiri og fleiri verkefni hafa verið tekin til afgreiðslu hjá sveitarfélögunum.

Það er mikils um vert að til starfa hjá sveitarstjórnum veljist gott og hæft fólk og sem betur fer tekst oftast að velja til þessara starfa duglegt fólk. Fyrr á árum voru verkefnin sem þarna þurfti að leysa einhæf og eins og ég sagði voru þau miklu færri en nú er. Nú eru verkefnin að verða margbreytileg, auknar kröfur og aukin pappírsvinna sem krafist er af þeim sem sinna þessum störfum. Smá sveitarfélög þurfa að fjalla um grunnskóla, brunavarnir, skipulagsmál og ýmsa almenna þjónustu. Það er ekki aðeins, eins og sumir hafa á milli varanna, að fyrst og fremst sé verið að ræða um fjallskil og hundahreinsun o.s.frv. Þau eru margþætt og yfirgripsmikil málefnin sem sveitarstjórnarmenn þurfa að sinna og til þess hefur þurft í auknum mæli að byggja upp skrifstofuþjónustu. Og eins og ég sagði: Pappírsvinnan í þessu starfi eykst ár frá ári eins og á öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Mörg hin fámennari sveitarfélög standa frammi fyrir því að kostnaðurinn við þessa starfsemi er að verða þeim ofviða, þau eru mörg á mörkum þess að geta staðið undir launagreiðslum til nauðsynlegs starfsmanna- og skrifstofuhalds. Því miður hefur reynst erfiðara ár frá ári að fá dugmikla sveitarstjóra til starfa í þeim sveitarfélögum, sem eru það stór að þau eiga að ráða sér sveitarstjóra, og fjárhagsstaða margra sveitarfélaga hefur verið svo bág að erfitt hefur verið að halda uppi þeirri þjónustu sem krafist er af sveitarfélögunum.

Margra ára umræða hefur átt sér stað, hún er jafnvel eldri en sveitarstjórnarlögin, um að það þyrfti að stækka sveitarfélögin, það þyrfti að efla sveitarfélögin, það þyrfti að búa sveitarfélögin betur undir að sinna þeim störfum sem þeim eru falin og ætlast er til að þau sinni. Það hafa verið gefnar út þykkar bækur og álitsgerðir um það hvernig eigi að gera þetta og nauðsyn þess. Og eins og ég nefndi fyrr: Landið hefur verið hlutað sundur í tillögum manna um það hvernig skuli farið að þessu. Heilmikill áhugi virðist hafa verið fyrir því að koma þessu í kring. Það hefur verið rætt um þetta á þingum sveitarstjórnarmanna, bæði landshlutasamtökum og landssamtökum, en það hefur akkúrat ekkert verið gert.

Menn hafa gert sér grein fyrir því að smæð sveitarfélaganna hefur á undanförnum árum verið dragbítur á eðlilega byggðaþróun. Nú síðustu árin hefur hlutur landsbyggðarinnar versnað, orðið fólksfækkun og margs konar erfiðari staða þrátt fyrir mikla uppbyggingu víða um landið og þá ekki síst á vegum sveitarfélaganna á undanförnum árum — og þá á ég ekki við á allra síðustu árum eða sérstaklega á árum þeirrar hæstv. ríkisstj. sem nú situr. En varðandi þá stöðnun og þá erfiðleika sem nú eiga sér stað hjá sveitarfélögunum og tíundað hefur verið hér úr ræðustól hafa mál snúist á þann veg að fólki hefur fækkað vítt um landið en fólksstraumur orðið til Reykjavíkursvæðisins. Og það er merkilegt að menn hafa ekki leitað orsaka mjög víða þegar þeir hafa skilgreint þennan vanda, fólksfækkun og erfiða aðstöðu sveitarfélaganna og erfiða aðstöðu landsbyggðarinnar, heldur hafa ótrúlega margir hlaupið og bent á einn óskaplegan hlut sem væri valdur að þessu öllu saman, miðstjórnarvaldið í Reykjavík. Það væri þetta voðalega miðstjórnarvald, sem við erum búin að byggja upp hér í Reykjavík, sem væri bölvaldurinn.

Við Íslendingar höfum verið lagnir við að koma okkur upp grýlum og draugum til að hafa að blóraböggli fyrir okkar eigin sjálfskaparvítum. Það er eins í þessu máli. Svo mikið hefur gengið á í sambandi við umræðuna um hið agalega miðstjórnarvald í Reykjavík, sem hefur dregið sér rétt sveitarfélaga og almennings á landsbyggðinni og fært hingað til Reykjavíkur, að úthugsaðar hafi verið margs konar fjandafælur til að vinna á þessu draugaliði sem tilheyrir miðstjórnarvaldi

Reykjavíkur. Og hvar er draugahirðin kringum miðstjórnarvaldið sem nauðsynlegt er að kveða niður?

Í fyrsta lagi er það sú stofnun sem við erum hér saman komnir í, hv. Alþingi, 60 alþm. Þeim þyrfti að fækka, sumir nefna a.m.k. um helming. Það yrði mjög hættulegt ef þeim yrði fjölgað. Það mundi skapa vandræði á landsbyggðinni.

Í öðru lagi ráðuneytin. Þau eru í miðstjórnarvaldinu, félmrn., menntmrn., heilbrrn., samgrn. Svona má áfram telja. Eftir 20 til 30 ára starf og forustu í sveitarfélagi og sveitarstjórn hef ég aldrei fundið fyrir ofurvaldi þrúgandi miðstjórnarvalds þessara ráðuneyta. Og að þau séu frekar ráðuneyti Reykjavíkurvaldsins en landsbyggðarinnar er fjarstæða.

Í þriðja lagi eru títt umtalaðir angar miðstjórnarvaldsins Vegagerð ríkisins, Hafnamálastofnun, Ríkisspítalar, Landhelgisgæsla o.s.frv. (**EgJ:** Fylkin eiga að taka við þessu öllu.) Þetta eru fyrst og fremst landsbyggðarstofnanir. Þar væru þær betur settar heldur en í Reykjavík. Eða á kannske að leggja þær niður? Mundi ekki frjálshyggjan biðja um það og væri það ekki rökrétt framhald af stefnu núv. ríkisstj.? Ég held að þetta sé mikill misskilningur.

Það er í sannleika furðulegt hvað alþm. gera lítið af því að svara þeirri neikvæðu umræðu sem fram fer um Alþingi í mörgum fjölmiðlum. Og hvað fréttaflutningur er oft og tíðum neikvæður frá Alþingi. Með hliðsjón af því er svo sem ekkert óeðlilegt að talað sé um vald Alþingis sem miðstjórnarvald í niðrandi tón og hlutunum snúið við, að best sé að gera þetta miðstjórnarvald enn fámennara og enn veikara. Er það trúlegt að sú þróun, ef við mundum veikja ráðuneytin okkar, ef við mundum veikja vald Alþingis, að það mundi styrkja stöðu landsbyggðarinnar og sveitarstjórnanna úti um land? Ég veit ekki hvað er öfugmæli ef það er ekki slík kenning sem þetta.

Erfið staða sveitarfélaga og landsbyggðar nú er ekki að kenna einhverju vondu miðstjórnarvaldi í Reykjavík, Alþingi, ráðuneytum og ríkisstofnunum. Því miðstjórnarvaldi verður í eðli sínu ekki mikið breytt. Þetta eru allt stofnanir sem þurfa að vera til. En athafnir þessara stofnana og vilji breytast eftir því hverjir stjórna. Vandamál landsbyggðar í dag eru að mestu leyti afleiðing ríkisstjórnarstefnu síðustu þriggja ára og áhugaleysi stjórnvalda undanfarinna áratuga við það að styrkja og efla sveitarfélögin í landinu, grunnstjórnsýslueininguna. Núv. ríkisstj. hefur á öllum sviðum dregið úr fjárveitingum ríkisins til sameiginlegra verkefna sveitarfélaga og ríkisins jafnframt því sem dregið hefur verið úr beinum framlögum ríkisins til framkvæmda úti um land, svo sem vegagerð, flugvallagerð o.fl.

Allt frá því að sveitarstjórnarlögin voru samþykkt 1961, og reyndar áður, hefur farið fram umræða um það að sameina þurfi og stækka sveitarfélögin, fjölga íbúum hvers sveitarfélags og gera þau þar með öflugri og hæfari til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð. Ekkert hefur verið gert nema talað. Í þessu efni stöndum við næstum í sömu sporum og 1961. En þörfin fyrir breytingar á þessu sviði hefur aukist ár frá ári vegna breyttrar búsetu og aukinna verkefna hjá sveitarfélögum.

Til að bæta stöðu landsbyggðar þarf nú tvennt. Í fyrsta lagi þarf breytta stjórnarstefnu. Það er aðalatriðið. Um þann þátt þarf að ræða undir öðrum dagskrárlið en þessum. Í öðru lagi þarf að gera meira en það að tala um að stækka og efla sveitarfélögin.

Í 5. gr. frv., sem hér er til umræðu, er lagt til að lágmarksíbúatala sveitarfélags verði 50 íbúar. Ég tel að það sem skiptir máli sé ekki að setja í lög einhverja tölu um fjölda íbúa heldur hitt, að gera almenningi grein fyrir því að til þess að sinna stjórnarfarslegum skyldum og tryggja byggð sé nauðsynlegt að félagslegar einingar og stjórnarfarslegar séu ekki fámennari en svo að þær geti staðið undir þeim skyldum og leyst þau verkefni sem þeim er ætlað að leysa. Ég tel að talan 50 í þessu tilfelli sé markleysa og breyti í raun engu. (**EgJ:** 50 hafa nú merkingu.) Ja, það er nú eftir því hvernig sú merking er túlkuð. Í stærð sveitarfélags skiptir ekki máli hvort íbúarnir eru 40, 50 eða 60. Það þarf frekari útskýringar á því til þess að auka merkingargildi þess, hv. þm.

Í 106. gr. frv. eins og það kom frá Nd. segir, með leyfi forseta: „Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.“ Ég tel að hér þurfi að kveða fastar að orði og flyt því brtt. á þskj. 740 um að þessi grein orðist svo:

„Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir.“ Ég sleppi þarna úr greininni eins og hún er í frv.: fámennra. Ég tel að það sé nauðsynlegt að vinna að því að sameina sveitarfélög og stækka þau hvort sem það byggist á því að verið sé að sameina fámenn sveitarfélög, sem er vitaskuld forgangsverkefni, eða undir vissum kringumstæðum að sameina það sem við köllum núna fjölmenn sveitarfélög, sveitarfélög sem kannske nokkur hundruð íbúar eru í. Við eigum að standa að þeirri sameiningu engu síður eða jöfnum höndum og unnið er að því að sameina smærri sveitarfélögin. Ég tel því rétt að orðið „fámennra“ falli þarna burtu.

Ég legg svo til að inn í greinina komi: „Ráðuneytið skal beita sér fyrir viðræðum milli sveitarfélaga um sameiningu og boða til funda sveitarstjórnarmanna á stærri svæðum til umræðu um sameiningu sveitarfélaga.“ Ég legg sem sagt til að ráðuneytið beiti sér beint fyrir ákveðnum aðgerðum í þessum málum. Ég tel að á það hafi skort á undanförnum árum, það hafi skort forustuna. Það er eðlilegast að forustan komi frá ráðuneytinu í þessu efni og því tel ég að það þurfi að binda í lög að félmrn. beiti sér fyrir viðræðum á milli sveitarfélaga um sameiningu og að ráðuneytið boði til funda á stærri svæðum, kjördæmum eða hluta af kjördæmum, til að ræða þessi mál og útskýra þá möguleika sem þarna er hægt að vinna að.

Í 108. gr. legg ég til, þar sem talað er um að samstarfsnefnd skuli í samráði við ráðuneytið láta í té aðstoð, sem nauðsynleg er til að úrskurða um vafaatriði og annað sem upp kunni að koma, að það verði sveitarfélögunum að kostnaðarlausu. Og á eftir 3. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo: „Ráðuneytið skal gera fjárhagslega úttekt á viðkomandi sveitarsjóðum og fyrirtækjum þeirra og hlutast til um að fé verði veitt úr ríkissjóði til að jafna fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna um leið og sameining á sér stað.“

Ég tel að í allri umræðunni undanfarin ár um sameiningu sveitarfélaganna hafi fyrst og fremst skort

að í boði væri fjármagn til að jafna fjárhagslega stöðu þeirra sveitarfélaga sem áhuga hefðu á sameiningu. Ég skal taka sem dæmi að fyrir nokkrum árum var umræða um það í sveitarfélögunum sunnan Skarðsheiðar að sameina þau sveitarfélög, en innan þess sveitarfélagahóps voru sveitarfélögin mjög breytilega á vegi stödd fjárhagslega. Ég held að ekki sé ofsagt að kannske var aðalandstaðan gegn því að þessi sameining gæti átt sér stað sú að það var ekki neins staðar í lögum né heldur að ráðuneyti gæti komið til og jafnað þessa stöðu. Það er næstum því vonlaust að vel stætt sveitarfélag gefi eftir sína stöðu til annarra sveitarfélaga sem eru verr stödd þó að ýmsir þættir mæli með sameiningu. Það þarf að koma til fjármagn frá opinberri hálfu til að jafna þessa stöðu.

Það sem felst í brtt. minni er að við þær aðstæður að sveitarfélög vilji sameinast hlutist ríkissjóður og ráðuneyti til um að gerð verði úttekt á stöðu sveitarfélaganna og að ríkissjóður leggi til fjármagn til að jafna stöðu. Ég hef trú á því að um leið og slíkt yrði bundið í lög mundi víða um landið verða vilji fyrir því að sameina sveitarfélög.

Á eftir orðunum „um sameiningu“ í 4. málsgr. er talað um að taki sveitarfélögin málið á dagskrá skuli það vera bundið því að ráðuneytið hafi gert hina fjárhagslegu úttekt sem ætti til að koma í hinni nýju grein.

Ég geri mér ljóst að það mun ekki vera stuðningur við þessa brtt. mína í hv. deild. Stuðningur er kannske fyrir hendi, en aðstæður bjóða ekki upp á að hann komi nú fram. Ég tel að allt tal um sameiningu og stækkun sveitarfélaga, valddreifingu og sjálfsstjórn sveitarfélaga, aukin verkefni sveitarfélaga og allt það sem upp er talið af því ágæti sem á þarf að komast hjá hinum dreifðu byggðum sé glamur eitt ef menn gera sér ekki grein fyrir því að ekkert af þessu gerist af sjálfu sér.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að upplýsa og fræða almenning og sveitarstjórnarfólk um stöðu sveitarfélaga og verkefni og slíkri fræðslu verði fram haldið í nokkur ár.

Í öðru lagi er vonlaust að umræða um sameiningu fari í gang milli sveitarfélaga með breytilega fjárhagsstöðu nema fyrir liggi að sá fjárhagslegi mismunur verði jafnaður áður en sameining fer fram. Þessi fjárhagslegi mismunur er víðast fyrir hendi og yfirleitt gert mikið úr honum.

Ef tekið yrði á sameiningarmálum sveitarfélaga í þá veru sem ég legg til tel ég nokkuð ljóst að stutt yrði í sameiningu nokkurra hreppa og þar með brotinn ísinn til áframhaldandi stækkunar sveitarfélaga og eflingar þeirra. Þar með yrðu sveitarfélögin betur búin til að sinna þeim verkefnum sem þau nú hafa og auðveldara verður að færa þeim aukin verkefni. Allt stuðlar það að valddreifingu og stjórnin og ákvörðunartakan er komin eins nálægt hinum almenna landsmanni og kostur er. Allt millistig milli Alþingis og ráðuneyta og sveitarstjórna er þar með óþarft, aukaskriffinnska aðeins til að draga vald og stjórn frá sveitarfélögunum.

Ég nefndi það fyrr að mikið væri gert úr hinu mikla miðstjórnarvaldi í Reykjavík og því kennt um að ýmislegt færi á verri veg á landsbyggðinni, miðstjórnarvaldið væri sá draugur sem um væri kennt. Ég nefndi það líka að til að kveða þennan draug niður hefðu menn búið sér til tilheyrandi fjandafælur. Ég kalla ímyndaðan draug og þá um leið ímyndaðan andstæðing landsbyggðar eðlilegt miðstjórnarvald Alþingis og ríkisstofnana og kalla því fjandafælur þær tillögur sem miða að því að hnekkja þessu miðstjórnarvaldi með nýju stjórnsýslustigi. Ég kalla það óvinafagnað að blása nú út þær kenningar að það sé stjórnskipun okkar að kenna hversu nú hallar á landsbyggðina. Vandinn er ekki stjórnskipuninni að kenna heldur stefnu þeirrar ríkisstj. sem við búum við.

Herra forseti. Nokkrir fyrrverandi og núverandi sveitarstjórnarmenn Alþb. sendu frá sér yfirlýsingu um sveitarstjórnarmál fyrr í vetur í byggðanefnd okkar ágæta flokks. Ég vil leyfa mér í lok ræðu minnar að lesa meginefni þessarar yfirlýsingar:

„Í stjórnarskránni er fjallað um rétt sveitarfélaga til að ráða eigin málum í einni setningu þar sem segir: Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisins skal skipa með lögum. Þennan lýðræðislega rétt sveitarfélaga ber að varðveita hvort sem þau eru stór eða smá.

Barátta fyrir virku lýðræði er einn af hornsteinum í starfi sósíalísks flokks. Hluti hennar er að vinna að því að það form sem menn velja stjórnsýslu sé þess eðlis að það skapi möguleika á virku lýðræði. Til að svo megi verða þurfa að vera tengsl milli ákvörðunartöku og ábyrgðar. Ákvarðanir þurfa að vera teknar sem næst því fólki sem ákvörðunin snertir.

Sveitarstjórnir eru grunneiningar í íslensku þjóðskipulagi. Virkast hlýtur lýðræðið að vera að þær hafi sem víðtækast sjálfsforræði. Gildir það jafnt um hvernig verkefnin eru framkvæmd og hvernig þau eru fjármögnuð.

Sveitarfélögin þurfa að vera svo öflug að íbúar þeirra geti haft í raun mótandi áhrif á nánasta umhverfi sitt og byggt upp fjölbreytta félagslega þjónustu. Þess vegna er brýnt að koma í veg fyrir einhæfni einstakra byggða, hvort sem um er að ræða þjónustubyggðir án framleiðsluatvinnuvega eða einhæfar atvinnubyggðir.

Til þess að sveitarfélögin geti rækt þetta hlutverk þurfa þau mörg hver að stækka bæði um fjölda íbúa og landfræðilega. Sveitarfélög þurfa að sameinast og fækka frá því sem nú er. Smæð margra þeirra stendur beinlínis í vegi fyrir eðlilegri valddreifingu.

Þar til sameining sveitarfélaga hefur átt sér stað má nota þjónustusvæði sem grunneiningu. T.d. á Austurlandi hefur slík formleg eining verið mynduð til þess að hægt sé að leysa ákveðna þætti sameiningarmálanna, draga úr miðstýringu og komast hjá stofnun svæðisnefnda.

Rætt hefur verið um að koma á þriðja stjórnsýslustigi, ýmist nefnt fylki, svæðisstjórn, héraðsstjórn, kjördæmisþing eða annað.

Þriðja stjórnsýslustigið stuðlar ekki að virkara lýðræði. Með héraðsstjórnum eða svæðisstjórnum færist ákvörðunartaka og ábyrgð frá því fólki sem ákvörðunin snertir. Lýðræðið eykst ekki með því að grunneiningar séu gerðar áhrifaminni og yfir þær séu sett ráð, jafnvel þótt þau ráð séu kosin á lýðræðislegan hátt. Slíkt fyrirkomulag veldur aðeins deilum um valdsvið og deilum um stjórn og framkvæmd á verkefnum og aukinni skriffinnsku.

Í dreifbýlinu þurfa sveitarfélögin að vera fjölmennari, verða öflugri félagslegar heildir. Fleiri þurfa að vera með í stjórnun og ákvörðunartöku í grunneiningunni,

sveitarfélögunum. Það er leiðin til virkara lýðræðis.

Leggja ber því áherslu á að stjórnsýslustigin verði áfram einungis tvö, ríki og sveitarfélag, landshlutasamtökin áfram frjáls hagsmunasamtök sveitarfélaga sem annist þau verkefni sem sveitarfélögin fela þeim.

Sameining sveitarfélaga hefur verið til umræðu í mörg ár, en ekkert hefur verið gert til að auðvelda slíka sameiningu af ríkisvaldsins hálfu né heldur frá hendi stjórnmálaflokkanna eða pólitískra samtaka. Hér þarf að verða breyting á. Auðvelda ber sveitarfélögunum sameininguna og nánara samstarf, m.a. með því að jafna fjárhagsstöðu og stórbæta samgöngur milli þeirra sveitarfélaga sem vilja sameinast. Rýmkun tekjustofna sveitarfélaga er ein af forsendum þess að sveitarfélögin geti tekið við nýjum verkefnum og bætt félagslega þjónustu."

Undir þetta plagg skrifa allir sveitarstjórnarmenn Alþb. sem fara með beina pólitíska forustu í sveitarstjórnum. Þeir sem skrifa undir þetta eru: Kristinn V. Jóhannsson, Neskaupstað, Ragnar Elbergsson í Grundarfirði, Margrét Frímannsdóttir á Stokkseyri, Skúli Alexandersson á Hellissandi, Jóhann Ársælsson á Akranesi, Kristinn Jón Friðþjófsson á Rifi og Logi Kristjánsson í Kópavogi.

Ég geri ráð fyrir að með því að lesa þessa yfirlýsingu upp hafi ég gert hv. þm. grein fyrir því hver stefna a.m.k. ákveðins hóps sveitarstjórnarmanna Alþb. er í þessu máli.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það var býsna fróðlegt að hlýða á síðasta ræðumann, hv. þm. Skúla Alexandersson, og það hefði raunar verið vel þess vert að bera saman hans ræðu og t.d. ræður Alþýðubandalagsmanna í Nd., sem fluttu brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga. Hins vegar fékkst í máli hans ákaflega mikilvæg skýring varðandi stefnu Alþb. í þessu máli þar sem hann las upp tillögu frá átta eða tíu þekktum sveitarstjórnarmönnum og tvítók að þetta væri stefna a.m.k. nokkurs hóps innan Alþb. Þannig er út af fyrir sig ekki mikið þó að mál manna í þessum efnum gangi út og suður. Ég held líka að það sé nokkuð erfitt að koma beinum flokksböndum á afstöðu manna til jafnviðkvæmra mála og sveitarstjórnarmála, ekki síst vegna þess hvað sveitarfélögin eru ólík og hvað þau eru breytileg einmitt eftir landshlutum og þarf ekki að fara langt í þeim efnum. Ef menn vilja bera saman t.d. sveitarfélögin í nágrenni við okkur og svo ef aftur er farið í hin fjarlægari byggðarlög er það augljóst að sveitarfélögin eru misjöfn að starfi og gerð og því ekki óeðlilegt þótt einstakir þm. móti afstöðu sína að nokkru með tilliti til þess.

Það hefur komið fram oftsinnis í þessum umræðum og verið á það bent hvað hreppaskipanin er gömul, allt frá landnámsöld, og a.m.k. hjá sumum hv. ræðumönnum er í því sambandi á það bent að það sé ekki óeðlilegt, og raunar fremur það gagnstæða, að slíkri skipan sé breytt. Mér sýnist að þessi hreppaskipan hafi í upphafi tekist vel og hún hafi haldið sig vel í tímans rás. Það eitt út af fyrir sig hvað hún er forn og merk eru viss rök fyrir því að þar eigi ekki að fara með byltingu þegar breyta skal. Mönnum ber líka að virða tilfinningar og skoðanir fólks í þeim efnum.

Það er svo annað mál að vissulega er ástæða til að endurskoða lög um sveitarstjórnir af og til. Þau lög sem núna eru í gildi hafa lifað um aldarfjórðungsskeið og er því ekki að ófyrirsynju að þau séu tekin til endurskoðunar. Það er þó ekki þar með sagt að ég sé sammála allri þeirri umræðu, öllum þeim ályktunum og tillögum sem á ferðinni hafa verið m.a. í störfum sveitarstjórnarmanna, bæði í samtökum þeirra og svo líka ýmissa einstaklinga, í sambandi við breytingar á þessum málum. Það er fjarri því. Það má kannske segja að einn af stærstu kostum þessa frv. sé að það gerir ekki ýkja mikla breytingu þegar á heildina er litið frá núverandi formi. Það tel ég vera mikilvægt og margt er það í þessu frv. sem þannig er til bóta. Ég held að okkar litla þjóðfélag og okkar smáu einingar þoli engar byltingar í þeim efnum. Starfið í sveitarfélögunum er svo nátengt störfum fólksins þar að óþægilegar breytingar í þeim efnum gætu vissulega sett óhug í fólkið. Þar af leiðandi tel ég það vera kost við þetta frv. að það gerir í rauninni ekki ráð fyrir miklum skipulagsbreytingum.

Það gegnir með vissum hætti nokkuð sama máli með sýslunefndir og hreppana, að þær eru orðnar æði fornar og eru búnar að taka sér æði fastan sess í okkar stjórnkerfi. Þá finnst mér ástæða til þess að gera athugasemd við það sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um í sambandi við sýslumannavald. Ef hann kann einhver sérstök skil á sýslumannavaldi geri ég ráð fyrir að það hljóti að vera í gegnum dómarastörf, en að sjálfsögðu eru sýslunefndir samstarfsvettvangur sveitarfélaga og þar af leiðandi ein af þeim grunneiningum sem störf sveitarstjórna hafa grundvallast á.

Menn kannast við samtök sveitarfélaga og þeir sem eldri eru en ég á Alþingi muna sjálfsagt vel þá umræðu sem hér átti sér stað á árum áður um lögbindingu sveitarfélaga. Eins og menn vita féllst Alþingi ekki á að lögbinda samtök sveitarfélaga þó að nokkrum sinnum væri barið að dyrum hér á Alþingi til að gera tilraun til að koma slíkri lögbindingu á. Ég er sannfærður um að sú atlaga sem gerð er að sýslufélögunum í þessu frv. á rætur í fyrri umræðu um lögbindingu samtaka sveitarfélaga vegna þess að það var ekki hægt að koma slíkri lögbindingu á óðruvísi en losna við sýslunefndirnar. Það má segja að með þessu frv. hafi þannig náðst nokkur árangur fyrir þá sem fyrir því börðust.

Ég get hér, virðulegi forseti, endurtekið það, sem ég sagði áðan, að það er vissulega ýmislegt til bóta í þessu frv. En ef menn ætla að ná árangri í þessum efnum sem öðrum mega heldur ekki vera á ferðinni ákvarðanir sem eru til hins verra, sem spilla þeim árangri sem e.t.v. gæti annars unnist. Ég held að það sé augljóst mál að IX. kafli frv. sé í því formi sem nú er alveg gjörsamlega óviðunandi. Þar er kveðið á um lögbundið samstarf sveitarfélaga og það er sannarlega fátæklegt sem þar er um fjallað.

Það er augljóst mál að við undirbúning og meðferð þessa máls hafa menn verið í vandræðum og þrátt fyrir nokkra viðleitni hefur alls ekki tekist að ganga frá samstarfi sveitarfélaga í þessu frv. með þeim hætti að það gæti tryggt stöðu smærri sveitarfélaganna. Menn hafa vissulega orðið þess áskynja í umræðunni hvaða leiðir menn telja líklegastar til að treysta smáu sveitarfélögin. Hér hefur verið áberandi í málflutningi Alþb. og líka Alþfl. að það ætti að treysta hagsmuni fólksins í þeim byggðarlögum með því að stækka sveitarfélögin, þau væru of veik, þau gætu of lítið og það þyrfti að færa þau saman í stærri heildir. Aftur á móti er ég í hópi þeirra sem vilja að frjálsræðið ríki í þessum efnum eins

og ýmsum öðrum. Ég vil láta fólkið sjálft um af hvaða stærðargráðu það hefur sveitarfélögin sín. Gallinn við kenninguna um stóru sveitarfélögin er m.a. sá að það hefur aldrei verið rökstutt hvaða möguleikar kæmu upp í hendur á mönnum við að stækka sveitarfélögin.

Ég minntist á það við 1. umr. málsins hvernig skipan sveitarfélaga í Austur-Skaftafellssýslu væri. Ég benti m.a. á með hvaða hætti þar hefði á síðustu árum verið tekist á við bæði sameiginleg verkefni, sem sveitarfélögin hafa unnið sameiginlega, og líka hvaða árangri þau hafa náð hvert um sig t.d. í sambandi við uppbyggingu skóla og félagsaðstöðu. Ég held að það sem hefur gerst t.d. í Austur-Skaftafellssýslu á síðustu árum hefði ekki gerst ef sýslan hefði verið í einu sveitarfélagi. Með hreppaskipaninni *er valdinu dreift og það er tryggt* ákveðið sjálfsforræði fólksins. Það er mjög mikilvægt að þjappa ekki þessu valdi of mikið saman.

Ef ég má aftur vitna í byggðasamfélagið í Austur-Skaftafellssýslu teldi ég út af fyrir sig að það væri grundvöllur fyrir sameiningu sveitarfélaga í því sýslufélagi, en ég held að þar væri vænlegasti kosturinn að sameina tvö stærstu sveitarfélögin ef menn kysu það. Það er ekkert langt síðan þau voru skilin að í tvö sveitarfélög og það voru full rök fyrir því þegar það var gert. Nú eru hins vegar breyttir tímar. Hér er orðið um sama atvinnusvæðið að ræða og nokkuð sameiginlegt þjónustusvæði líka. Það væri vissulega hægt að einfalda stjórnsýsluna í þessum tveimur sveitarfélögum, annaðhvort með samruna eða meira samstarfi. En auðvitað er þetta ekkert baráttumál og ég held að það væri ekki af hinu góða ef það ætti með einum eða öðrum hætti að sameina sveitarfélögin í Austur-Skaftafellssýslu að öðru leyti í eina heild.

Ég kýs að taka þess viðmiðun m.a. vegna þess að mér þykir ekki henta að líta nær þar sem menn þekkja varla sveitarmörk út frá þessari borg en þrátt fyrir það kýs fólkið að hafa sína sérstöku sveitaskipan, þrátt fyrir að erfitt sé fyrir ókunnuga að finna bæjarmörkin. Þetta eru full rök. Hv. þm. Skúli Alexandersson má vissulega kalla það frjálshyggju og hvaða tegund af frjálshyggju sem honum hentar að þetta eru rök sem ég virði.

Ég er sammála því að auðvitað er 50 íbúa viðmiðun ekkert heilög tala. Hún segir kannske ekki afar mikið, en þó alltaf það að meðan íbúar eru 50 eða fleiri geta menn verið í friði í sínum sveitarfélögum og þurfa ekki að óttast lögregluaðgerðir í þeim efnum.

Þegar á þetta er litið vona ég að menn skilji afstöðu mína gagnvart IX. kafla frv. og þá alveg sérstaklega að því er varðar héraðsnefndirnar. Héraðsnefndunum er auðvitað skotið inn í til að taka við af sýslufélögunum og þær eru veikburða. Þær eru í rauninni hrein markleysa eins og þær eru settar inn í frv. Ástæðan er að sjálfsögðu sú að menn hafa ekki gefið sér tíma eða rúm til að ganga frá þessum málum, ná fram þeim tillögum og þeim ákvörðunum sem gætu tryggt tilveru sveitarfélaganna, gætu tryggt lögboðið og lögbundið samstarf sveitarfélaga. Það er vissulega fjarri því að það þurfi að kallast sýslunefndir. Það er enn þá fjarri því að sýslumenn þurfi þar endilega að vera í oddvitastóli.

Hins vegar verður ekki komist hjá því að skilgreina nánar hvað sé héraðsnefnd. Skv. frv. er héraðsnefnd væntanlega stjórnvald. Um hana gilda ákveðin ákvæði í lögum. En það segir ekkert fyrir um hvernig eigi að kjósa héraðsnefnd. Það segir ekkert fyrir um hverjar eigi að vera tekjur héraðsnefnda, svo dæmi séu nefnd. Það sem segir einvörðungu um héraðsnefndirnar er að þær eiga að starfa á grundvelli þeirra laga sem um þær gilda og að þær eigi að taka við verkefnum sýslufélaganna og þó með vissum fyrirvörum þar um. Ef þetta er *ekki veik framsetning í sambandi við stjórnsýslubreytingu* veit ég ekki hvar hana er að finna.

Það má með vissum hætti segja að þetta sé eina breytingin í sambandi við stjórnvaldsaðgerðir, þ.e. IX. kaflinn og það eru sýslufélögin. Það hlýtur að vera auðskilið þeim mönnum sem vilja viðhalda hreppaskipulaginu og byggðasamfélaginu í núverandi formi, sem vissulega er ekki allt of sterkt og fjarri því, að það sé ekkert að gert við þessa lagagjörð sem veikir það samfélag frá því sem er.

Ég hef áður lýst því, virðulegur forseti, að ég hef ekki traust á þeim tillögum sem vilja brjóta þessi mál til mergjar með þeim hætti að stækka sveitarfélögin, enda er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. og þess vegna er í þeim efnum ekki um valkost að ræða. Aftur á móti vek ég athygli á því enn og aftur að hér er um að ræða ákvörðun sem veikir sveitarfélögin og sérstaklega smærri sveitarfélögin.

Menn hafa haft um það orð að verkefni sýslufélaga væru ekki mikil. Hv. þm. Skúli Alexandersson hafði orð á því að sýslufélögin hefðu jafnvel farið út fyrir þau ákvæði í lögum sem tilgreina hver verkefni þeirra eigi að vera. Ég tel að það sé af hinu góða. Það er að sjálfsögðu ekki lögbrot, það brýtur ekki lögin þó að sveitarfélögin taki upp samstarf um aðra þætti en sérstaklega eru tilgreindir í lögum. Það er hins vegar lögbrot ef þeim verkefnum, sem kveðið er á um að sýslufélögin eigi að sinna, er ekki sinnt. Það er lögbrot. En það er ekki lögbrot að taka til hendinni á öðrum sameiginlegum verkefnasviðum ef mönnum sýnist svo og um það er samkomulag. Menn verða að athuga í þessu sambandi að þar sem slíkt samstarf hefur átt sér stað, þar sem hafa myndast eignir á grundvelli slíks samstarfs er ekkert auðhlaupið að því að rjúfa slíkt félagskerfi. Það hygg ég að verði að gera með nokkurri gát.

Ég gæti t.d. minnt hv. þm. Skúla Alexandersson á það sem kom fram í ræðu hans um breytt skipulag í sambandi við sjóði sjávarútvegsins þar sem hann hafði áhyggjur af því hvað ráðherra fengi mikið vald við að skipta tveimur eða þremur sjóðum. (**SkA:** Það var 3. þm. Suðurl. sem var að tala um það.) Ja, *ætli það hafi* ekki verið hv. þm. Skúli Alexandersson sem minnti á það líka. (**SkA:** Nefndi það ekki á nafn.) Það skiptir ekki meginmáli. En menn hafa áhyggjur af því þó að um tvo, þrjá sjóði sé að ræða. Menn hafa minni áhyggjur af því í þessari löggjöf að það er í rauninni ekkert á það minnst hvernig eigi að fara með eignir sýslnanna og hvernig beri að greina það í sundur þegar til skipta kæmi.

Það er augljóst mál að hér er mjög flaustrað verkum. Það er af hinu betra að hæstv. félmrh. skuli hafa áttað sig á þessu. Hann hefur lýst því yfir að hann muni gangast fyrir nefndaskipan þegar í stað um að endurskoða eða fá fram tillögur um með hvaða hætti þessar breytingar gætu orðið. Hann hefur lagt til að það væru gefnir lengri frestir til að koma þessum málum í betra horf. Þetta er góðra gjalda vert, en það hafa fyrr verið gefnar yfirlýsingar í stórum málum, kannske ekki

sérstaklega af hæstv. núv. félmrh. Það voru gefnar myndarlegar yfirlýsingar á Alþingi, og reyndar færðar í tillöguform, um að gera ætti mikið átak í að tryggja byggðirnar og fámennari kjördæmin þegar kosningalögunum var breytt hér um árið. Hvað hefur gerst í þeim efnum? Ekki nokkur skapaður hlutur. Auðvitað datt mér aldrei til hugar að trúa því. Ég gerði mér alveg ljóst að þetta var aðeins lipur leikur til að brjóta á bak aftur þá andstöðu sem var innan Alþingis við þær ákvarðanir. Menn hafa nú orðið vitni að því að þær yfirlýsingar hafa engu skilað. Ég held nefnilega að það sé góð regla í svipuðum tilvikum og voru við þær breytingar að þær ákvarðanir væru teknar áður en jafnmikilvægar breytingar eru gerðar. Auðvitað væri ekki um mikið verk að ræða. Það hefði verið hægt að komast að niðurstöðu í þessu efni á Alþingi ef tími hefði verið rýmri. Þess vegna væri miklu skynsamlegra að fresta afgreiðslu á þessu máli til næsta þings.

Það hefur farið fram ákaflega mikilvæg umræða í þinginu um sveitarstjórnarlögin og um skipan sveitarfélaganna í landinu og sú umræða hefur skýrt ákaflega mikið hin ýmsu sjónarmið. Á grundvelli hennar væri stórum auðveldara að leita eftir sameiginlegri niðurstöðu en áður var því að þetta mál hefur fyrst og fremst verið í umræðu innan sveitarstjórnanna og sérstaklega samtaka þeirra.

Menn hafa látið orð að því liggja í þessari umræðu, bæði í kvöld og eins líka við meðferð málsins í Nd., að *það væri lögð mikil áhersla á það af sveitarfélaganna hálfu* að ná þessu frv. fram. Það hefur líka verið að því vikið að samstaða um þetta mál á milli sveitarstjórnarmanna væri mikil. Það má vel vera að það sé þrýstingur frá samtökum sveitarfélaga um að fá þetta frv. lögfest, en mér er vel kunnugt um að það er líka fyrir hendi mikil andstaða. Andstaðan er frá smærri sveitarfélögunum og veikbyggðari og andstaðan er vegna IX. kaflans. Menn verða að muna það hér eins og í annan tíma að það ber frekar að virða óskir þeirra sem veikbyggðari eru en þeirra sem hafa yfir meiri styrk að *ráða. Ekki síst vegna þess að með IX. kaflanum er* gengið gegn hagsmunum veikari sveitarfélaganna í landinu hefði verið full ástæða til þess að virða óskir þeirra í þessum efnum.

Það er alveg óhætt að fullyrða, og ég staðhæfi það, að það er bæði ágreiningur innan samtaka sveitarfélaga um þetta frv. og það er líka andstaða við það frá sveitarstjórnarmönnum og hún hefur farið vaxandi. Ég gæti þar borið fyrir mig orð manna sem eru í daglegri snertingu við sveitarstjórnirnar og sveitarstjórnarmenn um allt land. Það er þannig alveg fráleitt að telja frv. að þessu leyti eitthvað sérstaklega upplagt.

Ég hef hér getið tveggja sjónarmiða sérstaklega varðandi skipan sveitarfélaganna. Það er annars vegar sjónarmið þeirra sem vilja stækka sveitarfélögin og fá þeim meiri styrk með þeim hætti og hins vegar sjónarmið þeirra sem vilja auka styrk smærri sveitarfélaganna með samstarfi alveg gagnstætt því sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En það hefur líka fléttast inn í þessa umræðu sú umfjöllun sem hefur átt sér stað um þriðja stjórnsýslustigið, þ.e. fylkin, átta fylki á Íslandi. Mér virðist raunar að sú skipan eigi helst hljómgrunn í BJ og í hluta af Alþb. Það dylst væntanlega engum, enda fluttu þm. Alþb. till. um það efni í Nd. Alþingis. (**SkA:** Ekki í fleirtölu, ekki í fleirtölu.) Ja, þingmaður. En hann er kannske á móti tveimur. (**SkA:** Það getur verið að Austfirðingar meti sig svona þunga.) En alla vega er þessi umræða uppi. Mér þykir vert að taka það fram að ég er ekki hlynntur slíkri skipan. Ég held að það sé alveg augljóst mál að þó að við mundum byggja átta Kínamúra með þessum hætti væri það ekki ráðið til að treysta byggðina. Það þarf held ég ýmislegt meira og ýmislegt frekar til.

Sú umræða hefur að mínu viti verið of neikvæð. Hún hefur ekki tekið nægilegt mið af því að við búum í þessu landi, Íslendingar, allir og í okkar almenna skilningi eigum við kosti þess sameiginlega eins og við verðum líka að *deila sameiginlega kjörum þegar andar af hinni* hliðinni. Undan þessu getum við ekki vikist.

Mér þykir vert að geta þess sérstaklega í umræðunni að ég held að fylkjaskipunin mundi ekki treysta byggðina né heldur tryggja hana nema síður væri. Hún mundi hins vegar skapa mörg vandamál. Og ég er sammála því, sem kom fram hjá Skúla Alexanderssyni, að valdið sé best komið á Alþingi. Það er mín skoðun.

Ég hef farið nokkuð yfir þessi mál og skýrt í stórum dráttum á hverju mín afstaða byggist gagnvart þessu frv. Ég harma hvernig til hefur tekist með meðferð þessa máls á Alþingi. Hv. þm. Pálmi Jónsson gat þess í Nd. Alþingis við umræðurnar þar að umræðunni um frv. væri í raun ekki lokið í þingflokki Sjálfstfl. Það er slæmur kostur í stjórnarsamstarfi, þegar til þess er ætlast að stuðningsmenn ríkisstj. standi að þeim málum sem hver og einn ráðherra leggur fram, að það skuli ekki vera gengið frá þeim með þeim hætti í stuðningsflokkum ríkisstj. að niðurstaða sé fengin áður en farið er að brambolta með málið í Alþingi. Það eru slæm vinnubrögð.

Það er augljóst að þetta er viðkvæmt m.a. vegna ákvarðana um kosningadag og kosningaaldur. Það eru venjulega einhverjir slíkir hnútar sem menn hafa til að tryggja að mál náist fram. Þetta eru ekki góð vinnubrögð. Ég virði hins vegar þá viðleitni sem fram kemur í till. hæstv. félmrh. að því marki sem hún nær. Ég virði þá viðleitni af hendi ráðherrans þó að að sjálfsögðu gangi hún allt of skammt. Það hefði verið hægt með víðtækari tillöguflutningi um frestun á löggildingu t.d. IX. kaflans að ná miklu líðanlegri niðurstöðu því að þá var málið óafgreitt að því leyti. Ég óttast það, þó að ég vanmeti á engan hátt vilja hæstv. félmrh. í þessum efnum, að það geti orðið nokkuð þungt fyrir fæti með breytingar sem tryggja rétt og sérstöðu smærri sveitarfélaganna og tryggja með lögbindingu hvernig þau eiga og hvernig þau geti skipað sínum málum sameiginlega með lögbundnu samstarfi eins og nú er. Ég vitna í þessum efnum í þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég vitna til þess ágreinings sem er á milli manna um stærð sveitarfélaganna annars vegar og um þetta lögbundna samstarf sem ég vil nota og raunar margir fleiri til að tryggja rétt og stöðu smærri sveitarfélaganna.

Það er augljóst mál að þær breytingar, sem hugsanlega eiga sér stað og hæstv. félmrh. er að gera till. um, að auka fresti til að ná þeim fram, eiga sér ekki stað fyrr en á næsta kjörtímabili. Og hver stjórnar landinu þá? Það verður að sjálfsögðu sá meiri hluti sem þá stendur að baki ríkisstj., hver svo sem hann kann að verða, sem ræður þessum málum til lykta. Það er augljóst, alveg burtséð frá öllum yfirlýsingum sem hér eru gefnar, að hver sem sá meiri hluti verður, og ég er ekki með neina

spádóma um þau efni, ræður hann þessari niðurstöðu. Þess vegna, ef grannt er skoðað, eru menn kannske ekki svo miklu betur settir með þá fresti sem hér eru gefnir. En ég undirstrika að ég virði þessa viðleitni hæstv. félmrh. og ég hef ekki neina ástæðu til að vantreysta því að hann hefjist handa um að gera úttekt á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og gætu hugsanlega leitt til skárri niðurstöðu en hér er gert ráð fyrir.

Það er að sjálfsögðu afar margt sem væri hægt að fjalla um í þessum efnum og í skýrara og lengra máli, en ég hef dregið hér fram veikleikana í þessu frv. og skoðanir mínar á því með hvaða hætti eigi að skipa sveitarfélagasamfélaginu í landinu og það vona ég að sé orðið nægjanlega skýrt.

Ég endurtek svo að lokum, virðulegi forseti, það sem ég sagði fyrr í ræðu minni, að árangur í löggjöf af þessu tagi markast af því sem slakast er, af því sem verst er í löggjöfinni. Það er mikill galli við þetta frv. hvað mikla óvissu það hefur skapað meðal sveitarstjórnarmanna, meðal smæstu sveitarfélaganna, og það er mikill galli á þessu frv., sem að sjálfsögðu verður á löggjöfinni líka, sú mikla óvissa sem einmitt smærri sveitarfélögin í landinu búa við meðan ekki verða aðrar ákvarðanir teknar. Þau hin stærri þurfa ekki að hafa áhyggjur. Það er ekkert af þeim tekið, það er enginn réttur af þeim tekinn. Og það er mjög margt til bóta í þessu frv. sem snertir einmitt stærri sveitarfélögin. Þess vegna er þetta mál ekkert mjög ólíkt afgreiðslunni á kosningalögunum og kjördæmabreytingunum. Það er sérstaklega litið eftir þeim stærri, en minna hugsað um þá smærri og veikbyggðari. Það finnst mér ekki vera góður málatilbúnaður, virðulegi forseti, og hef ég þá lokið máli mínu.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera svolítið erfitt fyrir hæstv. félmrh. að hafa þurft að sitja undir þessum löngu og efnismiklu ræðum í báðum deildum þings og heyra þá margvíslegu gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv. til sveitarstjórnarlaga, gagnrýni sem í velflestum tilvikum hefur verið studd margvíslegum rökum. Það er í rauninni með ólíkindum hvernig að öllu þessu máli er unnið og staðið þegar maður horfir á hvernig þessi afgreiðsla öll gengur fyrir sig.

Hæstv. félmrh. lét svo ummælt að hér væri um tímamótafrv. að ræða. Ég held að eftir því sem tíminn hefur liðið og eftir því sem lengra hefur liðið frá því að umræðan hófst og eftir því sem umræðan hefur lengur staðið, þá hafi farið minna og minna fyrir því að hér væri verið að marka einhver tímamót í skipan sveitarstjórnarmála, a.m.k. tekst mér ekki að sjá hvernig þannig megi til orða taka að hér sé um tímamótalöggjöf að ræða. Ég held þvert á móti að þetta orð hafi verið útvatnað og útþynnt æ meir eftir því sem málsmeðferðin hefur tekið lengri tíma.

Það er líka athyglisvert að þegar frv. er samþykkt frá hv. Nd. þingsins er það minnihlutafrv. í rauninni, þ.e. það nær ekki meiri hluta í þeirri hv. deild. Það skal ósagt látið hver niðurstaðan verður hér. Það minnir á aðra löggjöf, sem var samþykkt hér í fyrra þegar komið var fram á sumar raunar, útvarpslögin sem voru samþykkt með atkvæðum minni hluta hv. þm., illa gerð löggjöf og gölluð að mörgu leyti og raunar svo gölluð að það er ljóst að Ríkisútvarpið treystir sér ekki til að vinna eftir lögunum að öllu leyti, t.d. að því er varðar geymslu á dagskrárefni skv. þeim vitlausu ákvæðum sem eru í útvarpslögunum og á var bent mjög rækilega í fyrra.

Þetta frv. er eins og útvarpslögin. Það bendir allt til að það verði minnihlutalöggjöf. Það er í rauninni ógnarlegt til þess að hugsa að hér á að fara að samþykkja lög næstu daga sem allir eru sammála um að séu meingölluð á margan veg. Þetta á samt að samþykkja.

Hér á dagskrá þessarar hv. þingdeildar er annað mál, talnagetraunir. Ég hef orðið mjög áþreifanlega var við það í samtölum við þm. undanfarna daga að menn eru margir hverjir á því að það sé mál sem athuga þurfi langtum betur. Engu að síður virðist eiga að keyra það mál í gegnum þingið, þrátt fyrir að um það sé mjög mikill ágreiningur, í skjóli einhvers samkomulags sem gert var um nótt í reykfylltu bakherbergi einhvers staðar hér í húsinu að viðstöddum ónefndum mönnum. Það á að keyra það mál í gegn að því er mér virðist þrátt fyrir ágreining og þrátt fyrir að fjölmargir þm., bæði í Ed. og Nd., viðurkenni að málið þurfi miklu meiri athugunar við. Ég veit ekki hvað stýrir þeirri málsmeðferð, það eru einhver annarleg sjónarmið sem þar eru að baki, en það kemur kannske í ljós þegar þm. greiða atkvæði um brtt. sem fluttar hafa verið við það mál.

En, virðulegi forseti, svo að ég víki aftur að þessu frv. til l. um sveitarstjórnarmál er það yfirleitt reglan að það ríkir nokkuð sæmilegur friður innan ríkisstjórnarliðsins um þau frumvörp sem ráðherrarnir leggja fram. Það hefur ekki verið í þessu tilviki. Ég minnist varla annars frv. á þessum vetri þar sem hafa verið jafnmiklar deilur og mikill ágreiningur milli stjórnarsinna og hefur verið um þetta frv. þangað til kannske nú að hæstv. félmrh. hefur lagt fram sáttatillögu í málinu sem hann mælti fyrir áðan og afbrigði voru veitt fyrir, þ.e., ef ég hef skilið það rétt, að lengja svolítið snöru sýslunefndanna þannig að það verði eftir ár, þ.e. 1988 í staðinn fyrir 1987, sem þær verða teknar af. Þetta segir svo sem ákaflega lítið. Þarna er verið að friða einhverja andstæðinga málsins og líklega hafa þá þar með tekist um þetta nokkrar sættir meðal stjórnarliða þannig að a.m.k. verður málið afgreitt nú, en enda þótt málið verði nú afgreitt eins og það liggur fyrir sýnist mér að það þurfi strax að byrja að endurskoða þessa löggjöf þegar Alþingi hefur samþykkt hana. Það eru náttúrlega ekki góð vinnubrögð og engum til sóma, hvorki okkur sem sitjum hér á hinu háa Alþingi né heldur hæstv. félmrh. sem er reyndur sveitarstjórnarmaður og þekkir þessi mál. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. félmrh. hreint út: Hver er afstaða hans til brtt. sem flutt var í Nd.? Það gerði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Það var brtt. á þskj. 528, till. nr. 2 á því þskj. Þar var gert ráð fyrir að við bættist svofellt ákvæði til bráðabirgða og vitna ég til þess, með leyfi forseta:

„Þegar eftir setningu laga þessara skal félmrh. skipa nefnd til að gera tillögur um skipan nýrra stjórnsýslueininga á héraðsgrundvelli. Skal nefndin m.a. skipuð fulltrúum tilnefndum af samtökum sveitarfélaga og skal við það miðað að tillögur hennar komi það tímanlega fram að hægt sé að leggja frv. um sjálfsstjórn héraða fyrir Alþingi veturinn 1988–1989.

Nefndin skal gera tillögur um mörk héraða og nöfn þeirra. Við það skal miðað að stjórn héraðanna verði kjörin beint af atkvæðisbærum íbúum þeirra, að þau

hafi sjálfstæða tekjustofna og að verkefni, sem nú eru í höndum ríkisins eða sveitarfélaga, verði færð til héraðsstjórnanna. Skýr verka- og tekjuskipting skal liggja fyrir milli stjórnsýslustiga og tryggja skal að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð."

Nú vildi ég spyrja hæstv. félmrh. hver afstaða hans sé til þessarar till. Er hann reiðubúinn að lýsa því yfir að hann muni beita sér fyrir nefndarskipun eins eða í svipaða átt og gert er ráð fyrir í þessari till. eða er hann þessari hugmynd andvígur?

Það er kunnara en frá þurfi að segja og öllum þm. vel kunnugt að það hefur starfað um allnokkurt skeið svokölluð byggðanefnd þingflokkanna þar sem allir þingflokkar eiga fulltrúa og þar sem fjallað hefur verið um aukna valddreifingu og virkara lýðræði. Meðal þess sem mjög hefur verið rætt í þeirri nefnd eru tillögur um þriðja stjórnsýslustigið. Það styttist væntanlega í að þessi nefnd skili áliti, en það hefur ekki gengið þrautalaust að fá afstöðu stjórnmálaflokkanna til þeirra tillagna sem nefndin hefur verið að fjalla um og einkanlega verið erfitt að fá svör frá stjórnarflokkunum. Þess verður eins og ég sagði væntanlega ekki langt að bíða að þessi nefnd skili áliti sem kemur þá til athugunar í þingflokkunum. En ég óska eindregið eftir því að hæstv. félmrh. svari því hér á eftir hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir nefndarskipun eins og ég minntist á áðan eða hvort hann telur slíkt fráleitt og er því andvígur að slík nefnd taki til starfa.

Ég minnist þess að við framsögu fyrir málinu sagði hæstv. félmrh. að þetta frv. væri samið af valinkunnum sveitarstjórnarmönnum. Það er sjálfsagt rétt að frv. sem lagt var fram hér í haust var samið af valinkunnum sveitarstjórnarmönnum. Við erum bara að tala um allt annað frv. núna. Það er búið að breyta því á alla enda og kanta. Hæstv. ráðh. gerði breytingar á frv. eftir að það kom frá höfundum og síðan hefur það tekið mjög miklum breytingum í meðförum þingsins þannig að við erum að tala hér um allt annað mál.

Það hefur m.a. í þessari umræðu verið rætt töluvert um héraðsnefndir, hlutverk þeirra og vald. Það er alveg ljóst að það er afar margt óljóst og ótal endar lausir í þessu máli öllu saman eins og oftlega hefur verið komið inn á í þessum umræðum. Hins vegar er sjálfsagt athyglisvert fyrir lögfræðinga og töluvert umhugsunarefni að fara í gegnum þetta frv. eins og það er núna vegna þess að þar er ýmislegt sem er mjög einkennilegt. T.d. segir í 6. gr., með leyfi forseta:

„Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum."

Þó það nú væri. Þó sveitarfélögum væri skylt að fara að lögum. Ég hélt satt að segja að það þyrfti ekki að taka það fram í löggjöf. Ég veit að lögfræðingar hafa ýmislegt fleira frá lagatæknilegu sjónarmiði að athuga við þetta frv. Eins og það að sveitarfélögum sé heimilt að stofna félög með takmarkaðri ábyrgð um samstarfsverkefni. Það væri nú skárra ef sveitarfélögum væri ekki heimilt að stofna hlutafélög ef þau óskuðu þess. Það á ekki að þurfa að kveða sérstaklega á um slíkt í lögum.

Það væri sömuleiðis fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. félmrh. hvenær tillögurnar um tekjustofna sveitarfélaga sjá dagsins ljós og hvaða meginhugmyndir séu uppi í þeim efnum og hvaða breytingar séu fyrirhugaðar varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Af hálfu Alþfl. hafa ýmsar brtt. verið fluttar við þetta frv. sem ekki hafa náð fram að ganga. Það er svo sem ástæðulaust að vera að eyða tíma þessarar hv. deildar í að flytja þær allar aftur. Ég hef flutt eina brtt. við þessa umræðu um að fella niður allar greinarnar í þessari löggjöf nema þær sem verða að standa vegna kosninganna óhjákvæmilega. Ég hef ákveðið að kalla þá till. til baka til 3. umr. þannig að hún komi þá fyrst til atkvæða.

Ef menn raunverulega vilja draga úr miðstýringu og auka valddreifingu, auka lýðræði, gera lýðræðið virkara, eins og til siðs er að segja, verður að gera miklu meiri breytingar en felast í þessu frv. eins og það nú liggur fyrir. Innan Alþfl. hefur verið um þessi mál fjallað. Það hefur verið unnið í nefndum og starfshópum að því að móta stefnu, ræða þessi mál. Þeirri vinnu er ekki lokið, en meginhugmyndir hafa verið settar fram. Við teljum t.d. að það þurfi að skilgreina meginverkefni sveitarfélaga langtum betur í lögum en gert er nú. Það eigi t.d. í löggjöf að greina mjög skýrt á milli þeirra verkefna sem sveitarfélögum er skylt að sinna að lögum og þeirra sem þeim er heimilt að sinna.

Við erum í öðru lagi þeirrar skoðunar að núverandi skipan sveitarstjórnarmála sé löngu úrelt, sveitarfélögin allt of mörg og smá og millistigið, þ.e. sýslurnar gömlu, hafi raunar misst sitt hlutverk sem stjórnsýslueiningar. Við höfum lagt til að lágmarksstærð sveitarfélaga verði stækkuð verulega, 200, 400 íbúar. 200 væri kannske að mörgu leyti eðlilegt. En þetta eru tillögur sem ekki eru fullræddar innan flokksins. En við það eitt að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 200 íbúar mundi þeim fækka úr 223 í 100–120. Okkur finnst eðlilegt að landinu yrði skipt í átta stjórnsvæði eða fylki sem er raunar nafn sem ég kann ekki við og kysi eitthvert annað nafn heldur án þess ég hafi gert beina tillögu um það. Við teljum að með slíku fyrirkomulagi yrðu minnstu sveitarfélögin betur fær um að valda sínum verkefnum og taka við nýjum. Markmiðið með þessu væri fyrst og fremst að draga úr þeirri samþjöppun og miðstýringu opinberu þjónustunnar sem nú á sér stað í Reykjavík og lögbinda og koma í miklu fastara form en verið hefur núverandi samstarfi sveitarfélaganna.

Annað, sem mundi gerast samhliða þessu, er það að samstarfsvettvangur sveitarfélaganna mundi ná yfir miklu stærra svæði en núna. Þjónustan í heild yrði færð nær fólkinu og ákvarðanatakan yrði í miklu ríkari mæli úti í þessum nýju stjórnsýslueiningum, en þær og þeirra stjórnir hefðu einkum eftirfarandi fimm hlutverk, þ.e. reka stjórnsýslumiðstöð fyrir þetta svæði, í öðru lagi að hafa umsjón með og bera fjárhagslega ábyrgð fyrir hönd ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga á málaflokkum eins og heilbrigðismálum, framhaldsskólum, tónlistarskólum, húsnæðismálum, skipulagsmálum, öldrunarmálum, hafnarmálum. Það mætti vel hugsa sér að fela þessum einingum enn fleiri verkefni, t.d. orkudreifingu.

Það er ekkert útilokað að hugsa sér að í kjölfar slíkra breytinga mætti hreinlega leggja niður í núverandi mynd ýmsar ríkisstofnanir. Ég nefni þar Húsnæðisstofnun ríkisins, Skipulag ríkisins að einhverju leyti og Hafnamálastofnun. Þessar fylkisstjórnir eða héraðastjórnir gætu einnig unnið að ýmsum ráðgjafar- og samstarfsverkefnum sem samtök sveitarfélaga og iðnþróunarfélög, ferðamálasamtök og náttúruverndarsamtök sinna nú.

Gert er ráð fyrir í þessum tillögum að þá verði þessi

fylki lögsagnarumdæmi og skattumdæmi. Það væri líka eðlilegt að í hverju fylki utan höfuðborgarsvæðisins væri útibú frá Stjórnarráði Íslands og stærstu ríkisstofnunum sem starfa víðs vegar um landið, eins og RARIK, Vinnueftirlitinu, Hollustuvernd, svæðisstjórn um málefni fatlaðra, Vegagerð, fræðsluskrifstofur.

Það þyrfti auðvitað að tryggja sveitarfélögunum og fylkjunum tekjustofna til að standa undir þeim verkefnum sem þeim eru falin að lögum. E.t.v. væri skynsamlegt að meginreglan yrði sú að ríkið innheimti óbeinu skattana, en sveitarfélögin beinu skattana og hefðu þá til ráðstöfunar. Sveitarfélögin og ríkið greiddu síðan framlög til þessara nýju stjórnsýslueininga eða fylkja eftir ákveðnum reglum.

Við teljum sömuleiðis eðlilegt að það verði dregið úr kostnaðarskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaga frá því sem nú er innan einstakra flokka og verkefnin í framtíðinni höfð meira aðskilin milli þessara þriggja stjórnsýslustiga þannig að öll skil yrðu langtum hreinni. Með því færi saman ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð innan hvers stjórnsýslustigs fyrir sig.

Það er eðlilegt að í þessum fylkisstjórnum væru 9–15 manns kosnir eftir listum og í lögum væru takmarkanir eða reglur um hverjir væru kjörgengir í slíkar fylkisstjórnir. T.d. væri ekki óeðlilegt að hugsa sér að alþm. og ráðherrum og ýmsum æðstu embættismönnum ríkisins væri óheimil seta í sveitarstjórnum og fylkisstjórnum, sömuleiðis að fastráðnum starfsmönnum sveitarfélaganna væri óheimilt að sitja í sveitarstjórnum og að það sama gilti um starfsmenn fylkja og fylkisstjórnir.

Í síðasta lagi væri eðlilegt að sveitarfélög og fylki hefðu algerlega frjálsan ákvörðunarrétt um gjaldskrár eigin fyrirtækja og stofnana.

Í ljósi þess, virðulegi forseti, hve orðið er áliðið kvölds og enn eru hv. þm. á mælendaskrá sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri svo margt sem um þessi mál er búið að segja. Ég lýsi miklum efasemdum um að það sé rétt að ganga fram í þessu máli eins og gert er vegna þess að ágreiningur er mjög verulegur um málið. Ég ítreka að þá brtt. sem ég hef flutt kalla ég til baka til 3. umr. Ég ítreka sömuleiðis spurningar mínar til hæstv. félmrh., þ.e. hvað hann segir um þá tillögu að skipa nefnd til að gera tillögur um skipan nýrra stjórnsýslueininga, hvort hann er því andvígur eða styður þá hugmynd og hvort hann er jafnvel reiðubúinn að beita sér fyrir slíkri nefndarskipun, og sömuleiðis þær spurningar hvenær komi tillögur um tekjustofna sveitarfélaga og hvaða meginhugmyndir séu uppi í þeim efnum.

Það mætti auðvitað tala langt mál og ítarlegt um ýmsa kafla þessa frv. Þar eru vissulega ýmis nýmæli þó varla geti það talist nein stórmæli. T.d. mun kaflinn um fjármál sveitarfélaga allítarlegur. Ég veit þó ekki hvort rétt er, þó að settar séu ýmsar bókhaldsreglur fyrir sveitarfélögin, að það réttlæti að kalla þetta tímamótafrv. Ég ætla ekki að sinni að hafa þessi orð fleiri, en það gefst kannske kostur að ræða málið frekar þegar hæstv. ráðh. hefur svarað þeim spurningum sem ég bar fram.

Frsm. 3. minni hl. (Stefán Benediktsson): Forseti. Þar er fyrst til að taka að hv. 11. landsk. þm. gagnrýndi í máli sínu að ekki skyldi hafa verið leitað samstöðu í stuðningsflokkum ríkisstj. áður en byrjað var að brambolta með það inni á þingi, eins og hann orðaði það ef ég man orð hans nokkurn veginn rétt. Ég get ekki annað en tekið undir þá gagnrýni því að það vekur ákveðna óvissu með þegnum landsins þegar það verður mönnum ljóst að þeir sem hafa eftir lýðræðislegum leiðum ráðist til að stjórna þessu landi eru ekki innbyrðis sammála um gildi þeirra mála sem þeir eru að ýta í gegnum löggjafarþingið til framkvæmdavaldsins. Ég tel að það sé af hinu illa því að fólk á rétt á því að vita nokkuð gjörla hvernig það stendur gagnvart stjórnvöldum. Það hjálpar ekki frumkvæði og áhuga fólks til sjálfsbjargar að svona hlutir séu óklárir og fólk geti ekki gert sér nákvæmlega grein fyrir vilja og stefnu stjórnvalda.

Í máli hv. 4. þm. Vesturl. kom greinilega fram að hann hafði ekki miklar áhyggjur af miðsækni þessa frv. og þeirri þróun í átt til miðstjórnarvalds sem orðið hefur fyrir tilstilli þeirra laga sem í gildi eru. Það er kannske ekkert furðulegt þó að þm. Alþb. hafi ekki miklar áhyggjur þó að miðstjórn aukist í landinu, enda hefur það ávallt verið eitt af aðaláhugamálum þeirra sem kennt hafa sig við sósíalisma að auka miðstjórn frekar en að draga úr henni. Því fór greinilega í taugarnar á honum öll gagnrýni varðandi þetta frv. sem um leið var gagnrýni á miðstjórnarvaldið.

En það kom líka greinilega fram hjá 4. þm. Vesturl. að hann ruglaði dálítið saman í ræðu sinni löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi því að eitt er það að setja landinu lög og annað er það að framkvæma þessi lög. Þó að brögð hafi verið að því að valdsvið löggjafarvalds og framkvæmdarvalds renni saman mega menn ekki ganga út frá því og líta nánast á Alþingi eins og það sé einhvers konar framkvæmdarstjórn í þessu landi.

Hv. 4. þm. Vesturl. talaði líka um það að verkefni sveitarfélaga hefðu aukist á seinustu árum. Skv. þeim upplýsingum sem ég hef í höndunum er það ekki rétt. Verkefni sveitarfélaga hafa ekki aukist einfaldlega af því að þau gátu ekki tekið við meiri verkefnum. Aftur á móti hafa tekjur sveitarfélaga rýrnað í hlutfalli við tekjur ríkisins og þannig hafa sveitarfélög í raun og veru þurft að sinna sömu verkefnum og áður, og þó jafnvel kannske að einhverju leyti samandregnum verkefnum, fyrir hlutfallslega minna fé en áður.

Illa leist mér á hugmyndir hv. 4. þm. Vesturl. um það að ríkissjóður stuðlaði með nokkurs konar happdrættisvinningum að sameiningu sveitarfélaga með því að greiða fyrir þeim með þeim hætti að jafna fjárhagslega aðstöðu þeirra við sameininguna með styrk eða framlagi. Ég tek undir það sem kemur fram í athugasemdum hjá hv. 11. landsk. þm. að það gengur ekki upp því að það er ekkert hægt að hætta við svo búið. Aðstöðumunur tveggja sveitarfélaga, fjárhagslegur, heldur áfram að vera til á borðinu eftir að af sameiningunni hefur orðið, aðstöðumunur þeirra hópa sem þarna er um að ræða. Ef ríkið tekur þetta verkefni að sér einu sinni er það þar með búið að ábyrgjast þessa sameiningu með ákveðnum hætti sem skapar fordæmi til frambúðar. Það ber einfaldlega ábyrgð á þeirri sameiningu það sem eftir er.

Ég vil aðeins gera athugasemdir líka við orð hæstv. ráðherra. Hann talaði um það í máli sínu að Norðmenn og Svíar hefðu slæma reynslu af premur stjórnsýslustigum. Það kann að vera að einhverju leyti rétt en enga þjóð veit ég þó sem hefur verri reynslu af sameiningu sveitarfélaga en Svía.

Upp úr 1950 fækkuðu Svíar sveitarfélögum þar í landi

með lögboðinni sameiningu niður í eitthvað svipaða tölu og við búum við hér á Íslandi. Þeir deildu nánast í tölu sveitarfélaganna sem þar voru með tíu og úr á þriðja þúsund sveitarfélögum urðu milli tvö og þrjú hundruð sveitarfélög. Staðreynd er að atvinnulegur og efnahagslegur ávinningur af þessari sameiningu var ljós og staðfestanlegur á sjötta og sjöunda áratugnum. Þegar kom á áttunda áratuginn fóru hins vegar að koma upp aðrir hlutir sem skiptu efnahagslega velmegandi fólk meira máli en margt annað í lífinu og verður það að skoðast í ljósi þess að sá árangur sem af sameiningu sveitarfélaganna varð í fyrstu lýsti sér í auknu atvinnustigi og velmegun. Þegar þessu aukna atvinnustigi og velmegun var náð stóð fólk allt í einu frammi fyrir þeirri staðreynd að það réði, að því er því fannst, allt of litlu um sín mál. Þannig að í seinustu kosningum í Svíþjóð var eitt — þá á ég ekki við þær sem fram fóru núna seinast heldur þar áður þegar Olof Palme komst aftur að við stjórnvölinn — aðalmál þeirra kosninga: Hvað ætlið þið að gera í sveitarstjórnarmálum?

Svíar eru reyndar alls ekki búnir að leysa það mál enn þá en þeir höfðu ekki lítið við. Þeir settu sérstakan ráðherra í það embætti að smíða tillögur að skiptingu þessara stóru sveitarfélaga í smærri stjórnsýslueiningar. Að því er ég fæ næst komist mun ekki vera meiningin að brjóta niður þessi stóru sveitarfélög í þeim skilningi að brjóta niður valdsvið þeirra eða stjórnsýslustigið sjálft, þeir eru þegar fyrir með þrjú stjórnsýslustig. Þá væru þeir í raun og veru að bæta því fjórða við. Aftur á móti ætla þeir alveg greinilega að skapa með lýðræðislegum hætti farvegi fyrir fólk í smærri einingum til þess að hafa áhrif á stjórnsýsluna innan þessara stóru sveitarfélaga.

Ef hæstv. ráðherra leggur þetta að líku og telur það m.a. að einhverju leyti stafa af þremur stjórnsýslustigum í þessum löndum verður reyndar að viðurkenna að eftir því sem maður fær næst komist við að kynna sér þessa hluti er kannske frekar um ákveðna eftirspurn eftir fjórða stjórnsýslustiginu að ræða þar til viðbótar, þ.e. menn eru ekki á leiðinni að fækka stjórnsýslustigum þarna.

Ég eyddi þó nokkuð miklum tíma af mínu máli áðan í að tala um tengsl íbúa og sveitarstjórna í gegnum þær lagagreinar sem lúta að kosningu til sveitarstjórna. Ég heyrði ekki að ráðherra kæmi í nokkru inn á þær athugasemdir sem ég gerði við greinarnar 12.–39. um það að ég teldi að þær uppfylltu ekki kröfur lýðræðisins, a.m.k. eins og við lítum á lýðræðið í dag. Þá gerði ég þar aðallega athugasemdir við óbundnar kosningar og þessa hámörkun eða lágmörkun þess hvenær kjósa skal bundinni hlutfallskosningu og hvenær ekki og reyndar tel ég þessa kosningaaðferð, óbundna kosningu, með öllu ótæka í dag í nútímaþjóðfélagi.

Ráðherra lagði aftur á móti mikla áherslu á það í máli sínu hvað menn væru ánægðir og samþykkir þessu frv. Ég er með í höndunum plagg sem okkur var afhent í félmn. Ed. þegar við fengum þetta frv. til umfjöllunar. Þetta er samantekt gerð af Byggðastofnun fyrir félmn. Nd. og send henni sem yfirlit yfir athugasemdir sem skriflega komu fram við þetta frv. fram að tímanum 13. des. 1985. Í formála þessarar samantektar er greinargerð frá Byggðastofnun sem ég hirði ekki að lesa. Það væri of mikill lestur. Aftur á móti eru hér æðimörg ansi athyglisverð bréf og ég hef einhvern veginn á tilfinningunni eftir lestur þeirra að einhverra hluta vegna hafi það algerlega farist fyrir hjá stuðningsmönnum þessa frv. að senda inn skriflegar athugasemdir við það því að mér virðist allir þeir sem hægt er að vitna í hafi flest á hornum sér hvað frv. viðvíkur.

Hér er ég t.d. með bréf sem skrifað er á Akureyri 25. sept., sent félmrn., frá fjórðungssambandi Norðlendinga. Þar er ítrekuð ályktun og segir svo, með leyfi frú forseta:

„Síðasta fjórðungsþing Norðlendinga gerði eftirfarandi ályktun um frv. til sveitarstjórnarlaga:

Fjórðungsþing Norðlendinga haldið að Laugum í Reykjadal 29.–30. ágúst 1985 bendir á nauðsyn þess að sem víðtækust samstaða náist um meginatriði sveitarstjórnarlaga og það sem fyrst. Því leggur þingið til að frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga sem lagt var fyrir síðasta Alþingi verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar og samþykkt á næsta þingi að undanskildum IX. kafla.“ Þetta er í sept. á síðasta ári. „Hins vegar verði sett sérstök löggjöf um millistjórnstig. Til þess yrði kosið sérstaklega beinni kosningu um leið og kosið yrði til sveitarstjórna og því fengin völd og tekjustofnar frá ríkisvaldinu. Með slíku fyrirkomulagi færðust aukin völd og áhrif út í héruðin.

Ljóst er af þessari ályktun að fjórðungsþingið telur ekki tímabært að leggja fram frv. það til sveitarstjórnarlaga sem lagt var fyrir síðasta Alþingi óbreytt. Hjá ráðuneytinu liggja fyrir athugasemdir, m.a. frá framkvæmdastjóra sambandsins, við frumgerð frv. sem bera með sér ábendingar. Vakin er athygli á þeirri afstöðu þingsins að til komi sérstakt millistjórnstig sem taki umboð sitt millilíðalaust frá kjósendum og hafi sérstakan tekjustofn og að þessi þáttur verði leystur með sérstakri löggjöf utan sveitarstjórnarlaga.“

Þetta var frá fjórðungssambandi Norðlendinga í sept. s.l. Þetta bréf er enn ítrekað í nóvember 1985. Þá segir í því bréfi, með leyfi frú forseta:

„Með tilliti til þess að afráðið er að afgreiða frv. til sveitarstjórnarlaga þykir rétt að kynna samþykkt síðasta fjórðungsþings Norðlendinga um þetta efni.“ Það er sú samþykkt sem ég las upp áðan að því viðbættu að í þessu bréfi er það tilkynnt að þessu til áréttingar séu nefndinni sendar breytingartillögur við fyrstu átta kafla frv. er varða stjórnhætti sveitarfélaga. Síðan mun nefndinni, og þá er verið að tala um félmn. Nd., verða sendar brtt. við aðra kafla frv. Tillögur þessar eru samdar af framkvæmdastjóra sambandsins að höfðu samráði við fjölmarga sveitarstjórnarmenn. Þessar tillögur stefna að einföldun lagaákvæða sem vænst er að nefndin taki til athugunar.

Í greinargerð með þeim tillögum sem fyrst voru sendar, þ.e. þann 22. nóv. frá fjórðungssambandi Norðlendinga, segir, með leyfi frú forseta:

„Segja má að fyrstu átta kaflar sveitarstjórnarlagafrv. fjalli um það sem nefna mætti starfsreglur sveitarfélaga. Eins og gefur að skilja eru yfir 20 ára gömul lagaákvæði á sumum sviðum orðin úrelt og því þörf nýrrar lagasetningar. Hinu er ekki að neita að núgildandi sveitarstjórnarlög eru vel úr garði gerð að mörgu leyti og því ástæðulaust að hrófla við þeim nema brýn þörf sé til breytinga. Einnig er vafasamt að grípa til breytinga eftir erlendum fyrirmyndum án þess að brýn ástæða sé til. Nokkuð ber á uppfinningasemi í frv. sem ekki á rætur í hefð eða reynslu hér á landi og kemur ekki til með að bæta starfshætti sveitarfélaga.“ Svo mörg voru þau orð.

Hér eru síðan tekin nokkur dæmi.

„1. Það er gagnstætt lýðræðisvenju hér á landi að nýkjörin stjórn taki ekki við störfum í upphafi kjörtímabils.“ Þetta er reyndar ekki eini aðilinn sem gerir athugasemd við þetta atriði.

„2. Það á ekki stoð í starfsvenjum að kærur vegna kosninga skuli sendar yfirvaldi sem skipi eins konar úrskurðarnefnd um gildi sveitarstjórnarkosninga.

3. Sérstök kjörbréf til varamanna í sveitarstjórn stangast á við venjur og eru til trafala við boðun varamanna sem oft er fyrirvaralítil.

4. Ruglað er saman hefðbundinni skiptingu starfa á milli formanns og framkvæmdastjóra sveitarfélags gagnstætt við venjur sem hafa skapast.

5. Vafasamt er að gera mögulegt að framkvæmdastjóri sé kosinn með hlutkesti.

6. Verður að teljast verulega hættulegt í stjórnum sveitarfélaga, einkum þeirra fámennari, að hægt er að skjóta ákvörðun m.a. undir almenna atkvæðagreiðslu. Telja verður þetta ákvæði varhugavert, a.m.k. á meðan Alþingi tekur ekki upp þjóðaratkvæði til úrskurðar málum.

7. Telja verður það andstæðu við þingræðislega hefð að sveitarstjórn geti falið borgarafundi úrskurð mála í sínu umboði.

8. Ákvæði um fimm ára framkvæmdaáætlun eiga sér enga stoð í stjórnsýsluvenjum og því vafasamt ákvæði að því er varðar önnur sveitarfélög en þau stærstu.“ Þetta er heldur ekki eini aðilinn sem gerir athugasemd við þessar fimm ára áætlanir sem teknar eru upp á Íslandi löngu eftir að Sovét-Rússland er hætt við þær.

„9. Það er óframkvæmanlegt að opna fjárhagsáætlun með niðurstöðum efnahags frá fyrra ári miðað við almennar starfsvenjur um uppgjör ársreikninga og venjum um frágang áætlana.

10. Það er varasamt að fella niður þann öryggisventil að framkvæmdastjóri geti skotið ágreiningi um öflun tekna vegna fjárveitinga utan áætlana til ráðuneytisins, einkum þegar stjórnun mála er veik.“

Í allt eru athugasemdir í 12 liðum og síðan eru gerðar breytingar á 36 af 96 greinum frv. í fyrstu 8 köflum þess og hverri breytingartillögu fylgir stutt en gagnorð greinargerð. Þetta er plagg sem mun vera upp á einar 30 síður eða svo þannig að það getur ekki verið að það hafi farið fram hjá ráðherra þegar það var sent ráðuneytinu. Þannig séð erum við að fjalla um sveitarfélagasamband sem ekki er nein smásmíð á íslenska vísu þar sem um er að ræða Norðlendingafjórðung.

28. nóv., í framhaldi af þessu bréfi, eru sendar ábendingar til breytinga á síðari köflum þess. Einnig er sent afrit af bréfi til byggðanefnda þingflokkanna sem markar afstöðu landshlutasamtakanna til millistjórnstigs. Þetta bréf er samið af samstarfshópi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Samstarfshópur landshlutasamtaka sveitarfélaga, Hallormsstað, 14. júní 1985. Þessi samstarfshópur skrifar þá byggðanefnd þingflokkanna og í því bréfi segir, með leyfi frú forseta:

„Með tilvísun til bréfs yðar frá 4. mars 1985 varðandi bréf nefndarinnar til formanna þingflokkanna frá 27. febr. s.l. er það harmað að ekki skuli liggja fyrir afstaða þingflokkanna til þeirra meginatriða sem koma fyrir í bréfi nefndarinnar og landshlutasamtakanna þrátt fyrir að endanleg svör þingflokkanna liggja ekki fyrir. Ítrekað er að í bréfi forsrh. til landshlutasamtakanna varðandi störf nefndarinnar er lögð áhersla á samráð aðila. Gert er ráð fyrir að byggðanefndin fylgist með störfum er varða verksvið hennar, m.a. af félmrn. og stjórnarskrárnefnd. Því er eindregið óskað eftir samstarfsfundi með nefndinni næst þegar byggðanefnd kemur saman til fundar.

Varðandi þau fjögur meginatriði sem nefndin leitar svara um hjá þingflokkunum er afstaða viðstaddra formanna og framkvæmdastjóra samhljóða, þ.e. allra framkvæmdastjóra og formanna samtakanna nema á Vesturlandi og Norðurlandi. Þess skal getið að varaformaður fjórðungssambands Norðlendinga sat fundinn í fjarveru formanns þess sem var erlendis.

Fundarmenn voru sammála um eftirfarandi svör við spurningum nefndarinnar til þingflokkanna. Þetta eru sem sé allir formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og þeir svara þessu samhljóða með undantekningu fulltrúa Vesturlands og Norðurlands:

„1. Stjórnstigin verði þrjú, þ.e. ríkisvald, landshlutar eða fylki (millistjórnstig) og sveitarfélög.

2. Sé til staðar millistjórnstig er ekki brýn nauðsyn að setja ákvæði um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga.“ Þetta er mikilvægt atriði. „Umdæmi millistjórnstigs skuli afmarkast af kjördæmum eða landsfjórðungum þar sem sú skipan er eðlilegri nema á Suðvesturlandi, í umdæmi höfuðborgarsvæðisins, Kjalarnesþings og umdæmi Suðurnesja sunnan Straums.

3. Landshlutar sem umdæmi millistjórnstigs skulu annast gagnvart sveitarfélögum sameiginleg samskiptaverkefni ríkis og sveitarfélaga og öll önnur viðfangsefni sem nú eru á vegum ríkisvaldsins og eðlilegra er að leysa á vegum heimastjórnarvalds en eru ofviða þorra sveitarfélaga. Millistjórnstigið sækir umboð sitt til kjósenda í beinum kosningum og stjórn þess annist kjörnir fulltrúar íbúa hvers umdæmis.

4. Hvert stjórnsýslustig ber stjórnarfarslega ábyrgð á þeim verkefnum sem því eru falin stjórnsýslulega séð. Skilin á milli stjórnstiganna skulu vera afdráttarlaus, sem gleggst og eðlilegust í framkvæmd. Hvert stjórnstig hafi óháða, afmarkaða tekjustofna í samræmi við verkefni. Landshlutar eða fylki geti notið millifærslu frá ríkissjóði vegna tiltekinna verkefna sem millistjórnstigið annast. Umdæmi millistjórnstigs sækja ekki framlög til sveitarfélaganna nema um sé að ræða vegna verkefna sem þau annast fyrir þau með samkomulagi.

Ljóst er að nauðsynlegt er að tryggja stjórnskipulegt hlutverk hins nýja millistjórnstigs í stjórnarskránni. Gengið sé út frá því að millistjórnstigið byggist á starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga.“

Ekki var þetta ýkja mikil stuðningsyfirlýsing. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar er samþykkt 26. nóv. umsögn um þetta frv. og leyfi ég mér að lesa úr henni, með leyfi frú forseta. Að gengnum ákveðnum inngangi um meginsjónarmið í samningu frv. segir svo:

„Ekki er að efa að í hugum þorra sveitarstjórnarmanna eru allir þessir þættir [þ.e. markmið frv.] æskileg markmið sem stefna ber að í skipan sveitarstjórnarmála. Hitt er svo annað hvernig hér hafi til tekist og hvort í raun ofangreind markmið setji svo ýkja mikinn svip á frv.

Að dómi bæjarstjórnarinnar er svo alls ekki [þ.e. bæjarstjórnar Hafnarfjarðar] og enn síður eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á upphaflegum til-

lögum endurskoðunarnefndarinnar. Að sumu leyti virðist frv. þannig í beinni mótsögn við yfirlýst markmið þess, sbr. t.d. þau markmið sem sett eru fram undir lið 1 og 6 hér að framan.“ Það eru sem sé markmiðin „að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka og að stuðla beri að eflingu og stækkun sveitarfélaga til að þau verði betur fær um að valda verkefnum sínum og taka við auknum verkefnum.“

Ég hirði ekki um, frú forseti, að lesa allar þær athugasemdir sem koma fram í þessu bréfi en það er greinilegt að annmarkarnir eru mjög margir. Þó get ég ekki stillt mig um að lesa smákafla úr seinni hluta bréfsins þar sem segir:

„Því má velta fyrir sér hvort frv. þetta sé nú lagt fram eingöngu vegna þess að gildandi sveitarstjórnarlög eru orðin nokkuð gömul og þurfi því breytinga við eða eingöngu breytinganna vegna. A.m.k. er harla lítið gert til að leysa úr þeim praktísku vandamálum sem ætla má að mörg sveitarfélög búi nú við.“ Og stangast þessi athugasemd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar dálítið mikið á við fullyrðingar hæstv. ráðherra um það að hér sé á ferðinni einmitt plagg í þá veru að leysa úr þeim praktísku vandamálum sem ætla má að mörg sveitarfélög búi við og ekki held ég að hæstv. ráðherra geti haldið því fram að þeir sem stjórna Hafnarfjarðarbæ séu allir ýkja óreyndir í sveitarstjórnarmálum.

Raunar sýnist gæta tilhneigingar til að velta vanda hinna smáu sveitarfélaga á hin stærri. Þetta kemur að nokkru leyti inn á það sem ég sagði fyrr í mínu máli, frú forseti, að með því að halda þessu dauðahaldi í tvö stjórnsýslustig er ríkið bara að velta vandanum af sameiningu sveitarfélaganna yfir á önnur stærri sveitarfélög. Vitandi það geta menn ekki vænst neins árangurs af þessu frv.

Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, bæjarfógetinn í Ólafsvík, ritar félmn. Nd. bréf 28. nóv. og sendir félmn. þar umsögn sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um frv. til sveitarstjórnarlaga. Þetta mun vera nánast úr héraði hvað hæstv. ráðherra snertir. Þar er byrjað á því í hinni eiginlegu umsögn að fagna því að lagt hefur verið fram á Alþingi frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga. Síðan snúa menn sér að því að geta þeirra meginmarkmiða sem endurskoðunarnefndin hafði að leiðarljósi og svo vinda menn sér í slaginn. Og þá kveður við dálítið annan tón því að þar segir, með leyfi frú forseta:

„Gott er hvað vinnst í þessu með frjálsum samningum og sameiningu sveitarfélaga að vilja íbúanna á hverjum stað og víða getur slíkt verið skynsamlegt og eðlilegt og stuðlað að hagkvæmri byggðaþróun með tilliti til atvinnuhátta, félagslegra og landfræðilegra aðstæðna á hverju svæði. Það er athugandi að háværustu kröfurnar um sameiningu hinna fámennari sveitarfélaga með lögþvingunum koma frá aðilum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er á það að líta að enda þótt þessi leið væri farin, þá leysir hún ekki allan vanda. Hún nær heldur ekki þeim markmiðum sem að er stefnt.

Sameining sveitarfélaga með valdboði einungis vegna sameiningar og til að hafa ákveðnar tölur um íbúafjölda á blaði fyrir fram sig og í skýrslum þjónar engum tilgangi enda bjóðast betri leiðir. — Einhvers staðar minnir mig að ég hafi heyrt þessa setningu áður. — Yfirleitt eru menn sammála um að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka. Til þess að sveitarfélögin geti raunverulega fengið slíka aukna sjálfsstjórn miðað við núverandi aðstæður á Íslandi þarf að gera vissa uppstokkun, enda sé þess gætt að valda sem minnstri röskun heldur aðlaga hlutina að hinum breyttu þjóðfélagsaðstæðum í nútíð og jafnframt að byggja upp til framtíðar. Þarna verður að eiga sér stað viss þróun.

Athugum þetta nánar. Ég er sammála því að leggja beri niður sýslunefndir í núverandi mynd, þ.e. sem yfirstofnanir hreppsnefnda. — Talað er í 1. persónu. Sá sem talar er Jóhannes Árnason sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. — En ég tel að það sé jafnfráleitt að leggja niður sýslunefndir sem sveitarstjórnarumdæmi heldur eigi að efla þær og breyta á nútímavísu, gjörsamlega þvert á það frv. sem hér liggur fyrir. Þannig þarf í þessu frv. að gjörbreyta stöðu sýslunefndanna í kerfinu á þann veg að þær hætti að vera sem stjórnvöld yfir hreppsnefndum með þeim hætti sem nú er og hefur verið allt frá gildistöku tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi frá 1872. Þess í stað eiga sýslunefndir að verða samstarfsvettvangur allra sveitarfélaga, bæði hreppa og kaupstaða innan landfræðilegra marka sýslufélagsins, enda skal réttarstaða allra sveitarfélaga vera hin sama, sbr. 2. tölul. Þannig yrði landinu skipt í 15–20 sýslur utan Reykjavíkur sem í reynd væru hver um sig eitt stórt sveitarfélag. Slík efling og stækkun sveitarstjórnarumdæma á að leiða til þess að þau verði betur fær um að valda verkefnum sínum og taka við auknum verkefnum, sbr. 6. tölul. — Þá er hann að tala um 6. tölul. markmiðanna. — Allt tal um að flytja verkefni til sveitarfélaganna er út í hött og tómt málskrúð í tækifærisræðum nema umdæmaskipan í dreifbýlinu sé með viðhlítandi hætti til að taka við og fara með þessi verkefni. Víða í sýslum hafa sameiginleg stærri verkefni á héraðsvísu þannig verið leyst með samstarfi hreppa innan sýslufélaga. Með þessu má nýta betur fjármagn og koma við margvíslegri hagræðingu. Því ber að halda áfram á þessari braut og það því fremur að kaupstaðirnir kæmu einnig inn í myndina.

Slík stór og öflug sveitarstjórnarumdæmi ættu eðlilega að fara með verulegt vald í málefnum umdæmisins sem væri sjálfstætt í kerfinu varðandi allar héraðsstjórnir. Umdæmið ætti líka að hafa ákveðna tekjustofna, annaðhvort hluta söluskatts gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða aðra markaða tekjustofna til að annast rekstur sinna mála. Með þessu móti væri náð því markmiði 5. tölul. að þegar sveitarfélögum hafa verið fengin verkefni eigi að fara sem mest saman ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð. Með þessu væri sjálfsstjórn sveitarfélaga aukin, sbr. 1. tölul., og stuðlað að raunhæfri dreifingu valds og verkefna í þjóðfélaginu, sjá 3. tölul., gagnstætt þeirri miðstýringu út frá ráðuneytum og stofnunum í höfuðborginni sem nú er og hefur lengi verið með alkunnum afleiðingum fyrir þróunina í hinum dreifðu byggðum.“

Eitthvað er nú lífsreynsla þessa stjórnmálamanns af Vesturlandi önnur en lífsreynsla hv. 4. þm. Vesturl. sem ekki kannaðist við það að hafa nokkurn tíma rekist á miðstýringu hér í samskiptum sínum sem sveitarstjórnarmanns við ríkisvaldið.

„Í slíkum stærri sveitarstjórnarumdæmum væri jafnframt auðveldara að viðhafa lýðræðislega stjórnarhætti í meðförum margra þátta sveitarstjórnarmála, sbr. 7. tölul.,“ og þá er hann hér alltaf að höfða til markmiðanna sem höfð voru við samningu frv., en 7.

markmiðið eða 7. boðorðið við samninguna var það að stuðla bæri að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð sveitarstjórnarmála. Einhverja grein gerðu menn sér fyrir því þegar þeir byrjuðu að lýðræðinu væri eitthvað ábótavant í sveitarstjórnarmálum, en ég er alveg sammála þeirri skoðun sem fram kemur í þeirri athugasemd að ekki hefur nú tekist ýkja vel til. Síðan segir hér, og það er dálítið athygli vert því að þetta atriði skiptir trúlega miklu meira máli en menn vilja vera láta og þetta atriði gleymist líklega oft þegar menn eru að ræða um þessa hluti, þó að það hafi reyndar verið nefnt hér í þessari umræðu: „Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að héraðskennd manna á Íslandi er ákaflega rík. Menn eru Borgfirðingar, Snæfellingar, Dalamenn, Barðstrendingar, Ísfirðingar o.s.frv. eða Skagfirðingar og Þingeyingar. Sem arfur frá fjórðungaskipan eru menn Vestfirðingar, Norðlendingar, Austfirðingar o.s.frv. Innan héraðs kemur þetta einnig mjög ríkt fram. Ég gerist svo djarfur að nefna dæmi úr minni sýslu, en þar eru menn t.d. Hólmarar, Ólsarar og Sandarar og hafa þeir að margra áliti ekki alltaf verið sammála en mikið sómafólk allt það fólk engu að síður. Svona hefur þetta þróast gegnum ár og aldaraðir og er liður í þjóðareinkennum og menningu landsmanna."

Við skulum t.d. taka eftir því þegar menn hittast hér í Reykjavík og tala saman að það er yfirleitt ekki langt komið í samræðum manna þegar menn spyrja: Hvaðan ert þú? Og það er enn þá, þrátt fyrir 89 þús. manna byggð í Reykjavík, tiltölulega sjaldgæft að maður hitti fólk komið á fertugsaldur sem segir: Ég er Reykvíkingur. Menn eru einmitt eins og höfundur bendir hér á, Skaftfellingar, Húnvetningar, Vestfirðingar eða Dalamenn allt eftir því hvaðan þeir vilja helst rekja sinn uppruna. Og hér í höfuðborginni er m.a. mjög blómlegt félagslíf sem tengist einmitt þessum uppruna manna.

Það var mjög gaman að upplifa það hér fyrir nokkrum árum síðan að sjá þann mikla eld sem fór um m.a. Bandaríki Norður-Ameríku þegar viss hluti íbúa Norður-Ameríku áttaði sig allt í einu á því að þeir voru einhvers staðar frá, þ.e. þeir gátu rakið ættir sínar. Allt byrjaði þetta með bók eða bókum, sem komu út um ævi og örlög nokkurra Afríkubúa í Bandaríkjunum, sem hétu Rætur. Og ég er alveg viss um það að menn munu lengi enn á Íslandi leggja upp úr því að vera Húnvetningar eða Ólsarar, allt eftir því hvað menn vilja helst viðurkenna.

Höfundi er nokkuð svona létt um þegar hann talar um IX. kafla fyrstu frumvarpsdraganna þar sem landinu var skipt í tíu héruð. Hann kallar hana fráleita og með öllu tilefnislausa, enda hafði hún mætt eindreginni andstöðu.

Um IX. kafla þessa frv. segir hann um lögbundið samstarf sveitarfélaga á vegum svokallaðra héraðsnefnda að „þar virðist vera um heldur fljótfærnislegar tillögur að ræða og jafnframt fremur vandræðalegar. Helst dettur manni í hug að verið sé að hringsnúast í kringum heitan graut einungis í þeim tilgangi að losna við sýslumennina úr forsæti sýslunefnda. Þarna er leitað langt yfir skammt. Þessi kafli frv. er með öllu ónothæfur eins og hann liggur nú fyrir."

Auðvitað er þess að gæta að sá maður sem undirritar þetta bréf er sýslumaður þannig að hér er hann að fjalla um hagsmuni sem eru honum mjög skyldir og auðvitað getum við sagt sem svo: Góði maður, þessir hagsmunir standa þér svo nærri að þú ert í raun og veru ekki dómbær um þá. En samt sem áður, ef við horfum þó aðeins nær á það sem hann segir hér í þessum umsögnum sínum, og hann er ekki einn um það, þá er tvennt sem er mjög áberandi í gagnrýni hans og þá um leið í kröfum hans. Og það er að hann er að berjast fyrir því í sínu umboði og sínu embætti að stækka sveitarstjórnarumdæmin með ákveðnum tekjustofnum og tilfærslu verkefna, þ.e. tilfærslu tekna og verkefna frá ríki til þessa stærra sveitarstjórnarumdæmis.

Hér er líka endurrit úr gerðabók sýslunefndar Kjósarsýslu þar sem Einar Ingimundarson sendir félmn. Nd. umsögn sýslunefndarinnar. Þar segir í niðurstöðu að sýslunefnd Kjósarsýslu mæli gegn lögfestingu þessa frv. óbreytts.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum sendir bréf, sem undirritað er af Eiríki Alexanderssyni, og það er hingað til eina bréfið sem ég hef fundið í þessum gögnum sem er jákvætt í garð þessa frv. og samþykkir að það verði afgreitt.

Rúnar Guðjónsson, sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sendir umsögn sýslunefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um frv. og þar er að finna að nokkru leyti algerlega sömu gagnrýnisatriði og komu fram hjá sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Þar vildi ég, með leyfi frú forseta, benda á eitt atriði sem snertir það sem ég talaði um í fyrra máli mínu en ég hætti mér ekki út í að ræða ýkja nákvæmlega vegna þess, eins og ég sagði þá, að ég er málum ekki nógu kunnugur frá þessum væng til þess að vera dómbær. En ég dró í efa möguleikana á að framkvæma yfirfærslu eigna og skuldbindinga sýslunefndannna til annarra stjórnsýslustiga með þeim hætti sem frv. gerði ráð fyrir.

Í umsögn sýslunefndarinnar segir: „Höfundar frv. telja í grg. að til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að verði kaupstaðirnir að koma inn í héraðsnefndirnar. Af þessum ástæðum sé lagt til að sýslufélögin séu lögð niður með öllu, eins og segir í grg. með frv., þar sem þau hafi ekki á síðari árum verið sá samnefnari og framkvæmdaaðili sem sveitarfélögunum var nauðsynlegur. Þessari staðhæfingu má beinlínis mótmæla sem rangri. A.m.k. á þetta ekki við í þessu héraði. Sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eru í dag og hafa lengi verið virkir þátttakendur í framkvæmdum og atvinnulífi héraðsins. Má því til sönnunar nefna að sýslunefnd Mýrasýslu var stofnandi Sparisjóðs Mýrasýslu, einu lánastofnunarinnar í héraðinu, og er sýslunefndin ábyrgðaraðili sjóðsins og kýs honum stjórn. Innlán Sparisjóðs Mýrasýslu voru í árslok 1984 243 millj. kr. Sýslufélög Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eru eigendur að Andakílsárvirkjun að ⅔ hlutum. Eigið fé virkjunarinnar nam 124 millj. kr. um s.l. áramót. Þá eru sýslufélögin stórir hluthafar í Hóteli Borgarness og eiga nokkurn hlut í Skallagrími, útgerðarfélagi Akraborgar. Auk þess hafa sýslunefndirnar jafnan stutt að ýmsum framfara- og menningarmálum héraðsbúa með ráðum og dáð og eru t.d. ásamt Borgarneshreppi aðaleigendur og rekstraraðilar safnanna í Borgarnesi, þ.e. Héraðsbókasafns, Héraðsskjalasafns, Byggðasafns og Náttúrugripasafns. Fyrir dyrum stendur nú bygging nýs safnahúss sem hýsa á öll fyrrnefnd söfn auk Listasafns Borgarness.

Hinu er ekki að neita að tekjustofnar sýslusjóða eru þannig upp byggðir samkvæmt lögum að fjárhagsgeta

þeirra er ekki mikil og einnig hefur skort á um virk tengsl milli sveitarstjórna og sýslunefnda eins og kjöri til sýslunefnda er háttað. Segja má því að ekki hafi reynt á sýsunefndirnar sem sameiginlegan samstarfsvettvang sveitarstjórnanna þótt landfræðilegar, sögulegar og félagslegar ástæður mæli mjög með slíku samstarfi."

Þetta er ein af mörgum athugasemdum sem sýslunefnd Borgarfjarðar- og Mýrasýslu hefur við þetta frv.

Fjórðungssamband Vestfirðinga fundar og sendir umsögn 15. maí 1985. Þar segir:

„Aðalmál fjórðungsþings Vestfirðinga 1984 var tillaga endurskoðunarnefndar um ný sveitarstjórnarlög. Þingið samþykkti nál. sem fram kom á þskj. 33, sem sent var félmrh. sem ályktun þingsins. Álit þetta fylgir hér með.

Þar sem tillögum endurskoðunarnefndarinnar var í jafnmörgum atriðum breytt í meðförum félmrn. frá því sem það var kynnt sveitarstjórnum, þykir stjórn fjórðungssambands Vestfirðinga rétt að undirstrika eftirfarandi atriði:

Stjórnin telur IX. kafla frv. ónothæfan. Héraðsnefndir, a.m.k. sumar hverjar, spanna yfir of fámenn svæði til að geta tekið við stjórnsýsluverkefnum er máli skipta. Kosningafyrirkomulagið sé óviðunandi. Innbyggt neitundarvald um fjármál torveldi eða útiloki viðunandi vinnubrögð og stjórnun. Stjórnin leggur til að í stað efnis þess, sem er í IX. kafla frv., komi nýtt efni um millistig milli ríkis og sveitarfélaga sem sé í meginatriðum í samræmi við þær reglur sem hin ýmsu landshlutasamtök sveitarfélaga með beinni aðild sveitarfélaga starfa nú eftir.

Stjórnin telur að samstarf sveitarfélaga á takmarkaðri svæðum innan marka landshlutasamtaka, millistigs, geti verið á grundvelli byggðasamlaga samkvæmt X. kafla frv. Þá telur stjórn fjórðungssambandsins að frv. þetta til sveitarstjórnarlaga þurfi að afgreiða samhliða breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem séð verði til þess að samræmi sé í ákvæðum um verkefni sveitarfélaga og millistigs í stjórnsýslunni og fullnægjandi tekjum til að standa straum af verkefnunum."

Ef maður tekur mið af þeim tón, sem er í þeim athugasemdum sem sendar voru nefndinni í Nd., þá er það ekkert út í hött að benda á það með nokkrum hávaða að maður fær ekki betur séð en hér sé verið að koma í gegn sveitarstjórnarlögum, þ.e. frv. til sveitarstjórnarlaga í mjög mikilli andstöðu við yfirvöld sveitarstjórna hér á landi.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem eru nú ekki fulltrúar neins smáhóps, það er tæpur helmingur landsmanna sem er innan þess umdæmis, segir einfaldlega:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu telur að ýmsar lagfæringar þurfi að gera á frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga áður en það verði afgreitt. Þær hugmyndir um þriðja stjórnstigið sem fram koma í frv., þ.e. svokallaðar héraðsnefndir, eru ekki fullmótaðar og vafasamt hvor þær eigi þar heima. Eðlilegra sé að fjalla sérstaklega um hugsanlegt þriðja stjórnstig og skiptingu landsins í héruð eða fylki með sjálfstæðu lagafrv. enda mun þurfa breytingar á stjórnarskrá Íslands, ef ýmsar þær hugmyndir sem menn gera sér um þriðja stjórnstigið eiga að ná fram að ganga."

Hérna er um að ræða umsögn um frv. til sveitarstjórnarlaga frá samtökum sveitarfélaga sem eru fulltrúar fyrir, eins og ég sagði áðan, nánast helming landsmanna og vill það nú heita eitthvað.

Bæjarfógetinn á Ísafirði sendir umsögn sem er neikvæð og áfram mætti svona telja alveg til loka þessa plaggs. Ef menn hafa áhuga á því að kynna sér það hversu mikil andstaða er við þetta frv. af hálfu sveitarstjórnarmanna á landinu, þá geta þeir dundað sér við það að lesa þessa mjög svo athyglisverðu lesningu sem ég hef verið að vitna hér í, frú forseti.

Það fer nú að síga á seinni hlutann í þessari umræðu. Það er líklega, þó ekki væri annað, sanngjarnt að gefa mönnum tíma til að ná svefni sínum vegna þeirra anna sem nú eru á þingi og læt ég því hér lokið máli mínu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Það er sannarlega fróðlegt að hlusta á svona ítarlegar umræður sem hv. 8. þm. Reykv. hafði hér í frammi, bæði í fyrri umferð og núna í síðari. En mér finnst að hann hefði átt að átta sig á því að mikið af því sem hann var að lesa upp hefur verið til umræðu og meðferðar í umfjöllun um frv. í hv. Nd. Sumt af því sem kom fram í upplestri hans er komið inn í frv. eins og það er núna til meðferðar hér.

Ég ætla ekki að eyða tímanum í þetta. Ég get aðeins í sambandi við hans ræðu sagt að það sem hann sagði um reynsluna í Noregi og Svíþjóð eru vissulega atriði sem við ættum að geta áttað okkur á. Þegar Svíar og Norðmenn, sérstaklega Norðmenn, voru að gera þessa miklu skipulagsbreytingu hjá sér á sveitarstjórnarlöggjöfinni, þá var það mjög umdeilt mál. Og reynslan hefur sannað það að þær breytingar sem þar voru gerðar, ekki síst í sambandi við þriðja stjórnsýslustigið, hafa ekki skilað sér vel, hvorki í Norður-Svíþjóð né Norður-Noregi. Því miður hafa þessi stóru fylki eða ömt sem þar voru sett, sameining smærri sveitarfélaga, ekki skilað því sjálfstæði sem að var stefnt. Þau eru a.m.k. sum komin á framfærslu ríkisins og þurfa að sækja alla sína þjónustu og það fjármagn sem þau þurfa til þess að halda fólkinu, til ríkisins svo að það gengur misjafnlega eins og gefur að skilja. Þetta kemur einmitt heim við það sem þeir sögðu við okkur: Þið skuluð varast að apa eftir okkur það form sem við höfum tekið upp því að það hentar ekki ykkar fámenna þjóðfélagi. Og það er þess vegna sem ég hef sannfærst betur og betur um að það á a.m.k. að gera tilraun til þess að efla sveitarfélögin á annan hátt heldur en þann að búa til þriðja stjórnsýslustigið. Þess vegna held ég mig enn þá við þá skoðun að stigin eigi að vera aðeins tvö, ríki og sveitarfélög, eins og ég hef oft látið fram koma.

Ég vil aðeins gera tilraun til þess að verða við tilmælum hv. 5. landsk. þm. varðandi þær fsp. sem hann kom hér með til mín. Að sjálfsögðu hafði ég sömu afstöðu og aðrir í Nd. Við felldum þessa brtt. sem þar kom fram frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En ég hef gefið þær yfirlýsingar að ég mun láta hefja viðræður við sveitarstjórnir og íbúa byggðarlaga um aðgerðir til aukinnar samvinnu sveitarfélaga eða samruna þeirra til þess að mynda þar sterkari heildir sem á að efla sveitarfélögin og þar með byggðirnar og breyta meðferð mála þannig að hægt verði að fá fjármagn til að gera þetta mögulegt.

Um skipun nefndar á þessu augnabliki vil ég ekki

úttala mig af þeirri einföldu ástæðu að í gildi er núna sérstakur samningur milli ríkis og sveitarfélaga, samráðssamningur, sem gerir ráð fyrir að fjalla einmitt um þessi mál sem við erum að tala um hér. Í þessu lagafrv. sem hér er til meðferðar er sérstakur kafli, XII. kafli frv., um samskipti ríkis og sveitarfélaga og ég get sagt frá því hér að eins og ég raunar kom inn á fyrr í kvöld þá er allnokkuð síðan að ég lagði fullmótað frv. um tekjustofna sveitarfélaga inn á ríkisstjórnarfund og það er til meðferðar hjá ríkisstjórninni. Þetta er frv. sem sérstök nefnd samdi á þessum vetri frá því á s.l. ári og þar eru mjög margar nýjungar settar fram. En í stuttu máli get ég sagt það að frv., eins og það liggur fyrir til meðferðar, felur í sér mjög aukið frjálsræði sveitarfélaga til að afla tekna og opnar möguleika á því að tekjustofnar sveitarfélaga séu í samræmi við þau verkefni sem þeim eru fengin án þess að þurfi að breyta öðrum lögum þar um.

Í framhaldi af þessu hefur verið ákveðið að á næsta samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga, sem verður fljótlega eftir næstu mánaðamót, þ.e. fyrri formlegi fundur á þessu ári, þá verða þessi mál tekin sérstaklega fyrir og ákveðið hvert næsta skrefið verður í því að ákveða hvaða verkefni verða tekin til meðferðar í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár. Þetta er mjög mikilvægt og ég vænti þess að í framhaldi af því verði tekin ákvörðun um það hvort skipa þarf sérstakar nefndir til þess að fjalla um þetta, frekar en á vegum Sambands sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar eins og það stendur í dag. Ég loka ekki neinum möguleikum eða leiðum að til þess þurfi að taka. Það er alveg sjálfsagður hlutur. En ég mun beita mér fyrir framhaldsumræðu í þjóðfélaginu um þessi mál og ég held að það væri einkennilegt ef þess þyrfti ekki með.

Talsvert hefur borið á því í gagnrýni hér að þetta frv. væri lítils virði o.s.frv., en ég vil aðeins benda á það að í frv. eru skilmerkileg ákvæði um verkefni sveitarfélaga, miklu nákvæmari en hafa verið áður um sveitarstjórnirnar sjálfar, um kosningakaflann, sem ég þarf ekki að fara út í þrátt fyrir ummæli hv. 8. þm. Reykv., um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna, um sveitarstjórnarfundi, nefndir og ráð. Fjármálakaflinn er sérstaklega vandaður og margt sem sveitarfélögin hafa beðið eftir árum saman í þessu frv. sem hefur mjög mikið gildi.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta, virðulegi forseti. Þessi umræða er orðin löng og því miður finnst mér hún sumpart hafa borið keim af málþófi. En alla vega liggur alveg ljóst fyrir að það er nauðsynlegt að þetta frv. verði afgreitt núna næstu daga og ég vonast til að sú breyting sem ég hef lagt til verði ekki til þess að tefja lögfestingu frv. þó að það þurfi að fara aftur til Nd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 76. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 636 (sbr. 602), n. 701, 703, 705 og 717, brtt. 709, 710, 720, 740 og 849). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10:7 atkv.
6.–10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 710 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 720 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB, EG, HÓ, HS.
nei: JK, SBöð, ÞK, JM, ÁJ, BD, JSv, EgJ, EKJ, JHelg, SalÞ.

11.–18. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
20.–39. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
40.–96. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
97. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 709 felld með 11:6 atkv.
98.–105. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 740,1 tekin aftur til 3. umr.
106.–107. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 740,2.a felld með 9:5 atkv.
Brtt. 740,2.b–c tekin aftur til 3. umr.
108.–121. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 849 samþ. með 11:1 atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 80. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl, kl. 2 miðdegis.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665, brtt. 817). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 817 felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KH, PJ, SvG, EH, FÞ, GeirG, KMK, GA, GGS, HG.
nei: ÓE, PP, StG, StH, SvH, ÞP, AS, GSig, GB, GJG, GHelg, HÁ, HBl, JBH, KP, KJóh, IG.

KSK, MB, GHH, SV, BÍG, GHG greiddu ekki atkvæði.
7 þm. (MÁM, ÓÞÞ, RH, SJS, ÞS, EBS, JS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að endurtaka það sem ég hef áður sagt við þessa umræðu. Ef frv. er samþykkt í óbreyttri mynd er staðan þessi:

1. Landeigendur eiga einir rétt til nýtingar selveiði á jörðum sínum, þar á meðal skotveiði.

2. Ráðherra gæti í samráði við lögbundna aðila bannað veiðar á ákveðnum svæðum eða sett reglur um framkvæmd þeirra skv. 6. gr. Reglur þessar mundu þó ekki skerða rétt einstakra landeigenda til nýtingar réttar síns innan netalaga.

Yrði hins vegar þessi brtt. samþykkt kæmi upp sú staða að allar skotveiðar innan línunnar yrðu óheimilar án samráðs við landeigendur. Við það sköpuðust þau vandamál í fyrsta lagi hver er landeigandi utan netlaga jarða, en í öðru lagi er vandséð hvernig hægt væri að hafa samráð við þann fjölda eigenda sem land og eyjar eiga við og í stórum hlutum Breiðafjarðar.

Mér er fullkomlega ljóst að það verður að tryggja að ekki skapist það ástand á Breiðafirði að menn gangi þar um og sigli eftir því sem hver vill og skjóti. Það má að sjálfsögðu ekki gerast. Ráðuneytið mun að sjálfsögðu sjá til þess að svo verði ekki og tryggja þann tilgang sem fram kemur í þessari brtt., en ef brtt. er samþykkt sé ég ekki betur en hún sé óframkvæmanleg og segi nei.

Frv. samþ. með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SV, StH, SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, GSig, GB, GJG, GHelg, GGS, HÁ, HBl, JBH, KP, MB, MÁM, ÓE, PP, GHH, IG.

nei: SvG, FÞ, GeirG, KMK, GA, HG, KJóh, KH, KSK, PJ.

GHG greiddi ekki atkvæði.

6 þm. (SJS, ÞS, EBS, JS, ÓÞÞ, RH) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þetta mál snýst og á að snúast um stjórnun selveiða og jafnvægi selastofnsins. Ég tel eðlilegt að selveiðar heyri undir sjútvrn. Með tilliti til þess að frv. gerir ráð fyrir nánu samstarfi um allar ákvarðanir við landbrn., Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands tel ég ekkert svo varhugavert við samþykkt frv. að ég sjái ástæðu til að tefja framgang þess. Ég hef enda gert nánari grein fyrir þeim sjónarmiðum mínum í ræðu hér á hinu háa Alþingi.

Um rétt til hlunninda bújarða ber að fjalla sérstaklega í samhengi við og aðra löggjöf og þá í samhengi við rétt einstaklinga til lands og sjávar þar sem um getur verið að ræða almenningseign. Það eru önnur mál og ber að fjalla um þau sérstaklega. Ég segi já.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þótt skv. 3. gr. þessara laga sé áskilið samráð við tiltekna aðila hefur ráðherra skv. 6. gr. ótvíræðan rétt til setningar reglugerðar, þar á meðal um fækkun sela. En eftir stendur þó við lokaafgreiðslu þessarar deildar að felld er úr gildi 16. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849 um veiði á Íslandi sem kveður á um að vöðusel og annan farsel má hver maður veiða og skjóta eða veiða í nótum hvar sem hann vill. Þetta er fellt úr gildi, en eftir stendur skv. sömu tilskipan, 15. gr.: „Sýslumenn skulu ótilkvaddir af eiganda hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi þeirra staða þar sem landselaveiði eða útsela nú er tíðkuð með nótum eða öðrum hætti“ og fleiri ákvæði um verndun útsela og landsela halda gildi sínu skv. þessari tilskipun. Mér sýnist því sæmilega fyrir verndun þessara stofna séð þrátt fyrir setningu þessara laga, en segi samt nei við þessu frv.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það væri réttast að fresta afgreiðslu þessa frv. og reyna að ná friði um þetta mál, en þrátt fyrir mikinn ágreining er nú lagt allt kapp á að fá það afgreitt óbreytt. Aðalorsökin er sú að ákveðnir aðilar telja það fela í sér einhverja lausn á hringormavandanum. Það er að mínu viti alrangt. Það er engan veginn sannað að neitt samband sé á milli selafjölda og fjölda hringorma í fiski og meira að segja telja margir okkar færustu vísindamanna sannað að svo sé ekki. Þessi forsenda hvílir því á veikum vísindalegum grunni og auk þess er fáránlegt að skerða svo rétt hlunnindabænda sem gert er í þessu frv. Ég segi nei.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta er að mínum dómi stjórnskipulega rangt. Önnur efnisatriði þess eru einnig meira en vafasöm. Með frv. er verið að færa frjálsar hlunnindanytjar bújarða undir margbrotið miðstýringarkerfi og forræði eins manns, sjútvrh. Þetta miðstýringarkerfi virðist betur fallið til þess að torvelda selveiðar en örva. Ég er andvígur þessu frv. Ég segi nei.

Frv. afgr. til Ed.

Sameinað þing, 74. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl kl. 2.15 miðdegis.

Ráðningar í lausar stöður embættismanna, fsp. 215. mál (þskj. 443). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Hæstvirtur forseti. Ég hef lagt fsp. fyrir fjmrh. um ráðningar í lausar stöður embættismanna. Fsp. hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„1. Hefur ákvæðum 5. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins varðandi auglýsingar í lausar stöður ævinlega verið stranglega framfylgt?

2. Hafa verið veitt embætti s.l. fjögur ár án þess að gætt hafi verið ákvæða 5. gr. áðurgreindra laga og þær auglýstar með venjulegum fyrirvara? Ef svo er, í hvaða tilvikum og hvaða ástæður lágu til grundvallar?“

Ég vil aðeins, með leyfi herra forseta, fá að lesa upp 5. gr., sem ég vísa í, úr kaflanum um stjórnarfar, embættismenn og yfirvöld, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hún hljóðar svo:

„Lausar stöður skal auglýsa í Lögbirtingablaði, venjulega með fjögurra vikna fyrirvara. Heimilt er að taka til greina umsóknir, sem berast eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn eftir að frestur var liðinn. Veita skal umsækjendum og viðurkenndum félögum opinberra starfsmanna kost á að fá vitneskju um það hverjir sótt hafa. Nú hefur staða verið auglýst en eigi þykir rétt að skipa nokkurn umsækjanda í hana og má þá setja þann umsækjanda sem næst þykir standa til þess að fá skipun. Veita má slíkum manni stöðu án auglýsingar að nýju eftir að hann hefur gegnt henni óaðfinnanlega eitt ár eða lengur, enda á hann þá

rétt á að fá úr því skorið hvort hann eigi að fá veitingu. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar."

Hér koma greinilega fram þær einu undantekningar sem gerðar eru frá lögunum annars, en eins og segir í 1. gr., með leyfi forseta, þessara sömu laga:

„Lög þessi taka til hvers manns sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf."

Ég vonast til þess að við þessu liggi nokkuð einhlít svör, en mér þætti fróðlegt, þó að það komi ekki fram í fsp., að fá um það upplýsingar, ef þær liggja fyrir hjá hæstv. fjmrh., hvort farið hefur verið út á þá braut í seinni tíð að lausráða starfsmenn í ríkara mæli en áður hefur tíðkast.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það atriði sem hér er spurt um er eðli máls samkvæmt á valdi einstakra ráðuneyta að framkvæma og fyrir því skrifaði fjmrn. öllum ráðuneytum bréf í framhaldi af því að fsp. þessi var lögð fram á Alþingi og óskaði eftir svörum frá þeim. Af svörum ráðuneytanna virðist almennt mega ráða að 5. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um auglýsingar á lausum stöðum sé fylgt að því er varðar allar viðameiri stöður og embætti og þegar um er að ræða fyrirhugaða ráðningu til frambúðar.

Þess ber þó að geta að stundum er ráðið í lausar stöður tímabundið án þess að allra formsatriða 5. gr. laga nr. 38/1954 sé gætt. Á þetta t.d. við um stöður skrifstofufólks og störf innan heilbrigðiskerfisins. Þarna eiga oft í hlut stórar stofnanir þar sem starfsmannaskipti eru ör og svigrúm því oft lítið til að fylgja ströngum formreglum. Eru þess jafnvel dæmi að ráðið sé í slíkar stöður án auglýsingar, enda talið illmögulegt af forstöðumönnum að sinna heilsugæslu og reka sjúkrahús án þess að gripið sé í einhverjum tilvikum til slíkra úrræða.

Í svörum ráðuneytanna varðandi 2. og 3. tölulið fsp. kemur ekki fram að um nein sérstök frávik sé að ræða frá 5. gr. áðurgreindra laga umfram það sem þegar hefur verið gerð grein fyrir undir 1. tölulið. Rétt er hins vegar að taka fram að fjmrn. er ekki kunnugt um að embætti hafi verið veitt án þess að þau hafi verið auglýst með tilskildum fyrirvara í Lögbirtingablaði.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin þótt mér þyki þau heldur rýr eftir allan þann tíma sem hefur tekið að fá svör við fsp., en það var beðið um sérstakan frest til að svara þessu af ráðuneytisins hálfu vegna þess að eftir því hvernig spurningarnar hefðu verið settar fram hefði þurft að svara þessu svo ítarlega.

En það kom ekkert fram um hvort þetta væri í einhverjum sérstökum mæli gert nema þá innan heilbrrn. og ekkert gat hæstv. ráðh. um svör við þeirri spurningu, sem ég beindi til hans í lokin, hvort um það væri að ræða að fólk væri í meira mæli en áður lausráðið. Ég hef ástæðu til að ætla að svo sé og ríkisstofnanir virðast ekki þurfa að standa við þau stöðugildi sem þeim eru sett mörk um. Forsvarsmenn stofnana virðast geta lausráðið fólk þegar þeim þykir svo þurfa. Ég hefði gjarnan kosið að fá um það svör hér frá hæstv. ráðh. hvort það tíðkist ekki hjá ráðuneytum að stjórnir og ráð og yfirmenn stofnana þurfi að gera grein fyrir því hverju sinni ef það sé augljóst að það vanti fólk til starfa.

Mér er t.d. kunnugt um að hjá Reykjavíkurborg er stöðufjöldi borgarstofnana ákveðinn á fjárhagsáætlun og það þarf að fara fyrir borgarráð ef beiðni berst um fjölgun áður en hægt er að ráða. Ég hélt í einfeldni minni að það sama ætti óhjákvæmilega við um ríkisstofnanir. En þetta virðist vera tíðkað í auknum mæli og svo þegar að því kemur að staðan er auglýst sækja þeir sem eru lausráðnir og þeir eru í flestum tilfellum ráðnir vegna þess að þeir eru hæfastir og hafa mesta reynsluna sem hinum hefur af eðlilegum ástæðum ekki tekist að verða sér úti um.

Það hefði verið fróðlegt að fá svör við þessu í framhjáhlaupi vegna þess að þetta snertir svo mjög hina spurninguna.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Að því er varðar fsp. hv. þm. í framhjáhlaupi er þess að geta að stöðuheimildir eru ákveðnar og ríkisstofnanir hafa ekki heimild til að fara fram úr þeim nema með sérstöku leyfi, en að því er varðar efni spurningarinnar sem hér lá fyrir er það rétt að fjmrn. óskaði eftir fresti til að svara fsp. vegna þess, eins og hér kom fram, að það er á ábyrgð hvers ráðuneytis að framfylgja þeim lagaákvæðum sem hér um ræðir og fjmrn. taldi sig ekki geta svarað fsp. fyrr en öll ráðuneyti hefðu sent inn svör, en þau voru mjög á svipaða lund og ég dró meginefni þeirra fram í mínu svari.

Aukastörf embættismanna, fsp. 230. mál (þskj. 458). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Hæstvirtur forseti. Ég hef beint til hæstv. fjmrh. fsp. sem varðar aukastörf embættismanna og störf þeirra í þágu eigin atvinnurekstrar.

„1. Hvernig er af hálfu ráðuneytanna gengið úr skugga um að fullnægt sé lagaákvæðum um aukastörf starfsmanna ríkisins, sbr. 34. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins?

2. Er algengt að embættismenn gegni öðrum launuðum stöðum í þágu ríkisins hjá einkaaðilum eða við eigin atvinnurekstur?

3. Ef svo er, í hvers konar tilvikum og hvernig reynist slíkt geta átt sér stað án þess að vanrækslu valdi eða ósamrýmanlegt sé stöðu embættisins og þeim störfum er henni fylgja?"

Herra forseti. Ég hef spurt um þetta vegna þess að það hefur annað slagið komið upp að mikið sé um það að menn gegni öðrum launuðum störfum og þá sérstaklega í þágu eigin atvinnurekstrar meðfram störfum hjá ríkinu og tel þess vegna ástæðu til þess að spyrja um og fá svör við því hvort það sé rétt. Ef það er rétt, sem í mörgum tilvikum virðist vera samkvæmt úttektum sem gerðar hafa verið á vegum blaðanna og nýverið á einu sérstöku atviki á vegum Helgarpóstsins, er allra hluta vegna rétt og skylt að fá fram svör við því hér á hinu háa Alþingi.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Fjmrn. óskaði eftir því við einstök ráðuneyti eftir að fsp. sem

hér er til umræðu var lögð fram að þau gerðu grein fyrir framkvæmd þess lagaákvæðis sem hér um ræðir og svör hafa borist frá ráðuneytum, en rétt er að taka fram að það tók alllangan tíma að innheimta svör frá sumum þeirra.

Skv. 34. gr. laga nr. 38/1954 hvílir skylda á starfsmanni að skýra því stjórnvaldi, er veitti honum stöðu, frá því ef hann stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi sem nánar er skilgreint í greininni. Af hálfu ráðuneytanna virðist svo sem almennt hafi ekki verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að ganga úr skugga um að starfsmenn fylgi þessari lagaskyldu. Hins vegar er ætlast til þess að forstöðumaður stofnunar gæti þess á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis að starfsmaður hafi ekki þau aukastörf á hendi sem brjóta í bága við ákvæði þessara laga eða gera hann á annan hátt ófæran um að sinna starfi sínu.

Almennt virðist mega ráða af svörum ráðuneytanna að sjaldgæft sé að embættismenn gegni öðrum launuðum störfum hjá einkaaðilum eða við eigin atvinnurekstur. Hins vegar er ekki óalgengt að embættismönnum sé falið að gegna öðrum launuðum störfum í þágu ríkisins, svo sem nefndarstörfum, kennslu og fleira af því tagi. Þegar taka þarf afstöðu til þess af hálfu stjórnvalds hvort embættismaður geti gegnt aukastarfi er það fyrst og fremst lagt til grundvallar að aukastarfið fái samrýmst stöðu hans og það valdi ekki vanrækslu.

Þetta eru þau meginatriði sem ráða má af svörum viðkomandi ráðuneyta sem fjmrn. hafa borist í tilefni af þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég hef samt sem áður ástæðu til að ætla að það sé heilmikið um þetta og ekki víst að fólk sé hreinlega á varðbergi fyrir því að um slíkt sé að ræða. Síðast í dag var ég að lesa Dagblaðið og rakst þá á að þar var getið um einn opinberan starfsmann og jafnframt tekið til hvaða fyrirtæki hann ræki á eigin vegum. Það var talað um það í framhjáhlaupi í þessari blaðagrein. Ég held að þetta sé orðið svo algengt, að menn gegni einu starfi eða fleirum utan stöðu sinnar hjá ríkinu, að menn séu nánast hættir að gefa því gaum.

T.d. er til að taka að lögreglumenn vinna meira eða minna utan þeirrar stöðu sem þeir gegna hjá ríkinu, annaðhvort þá meðfram hjá ríkinu annarri stöðu eða þá í eigin atvinnurekstri. Auðvitað er þetta alfarið vegna þess að það eru skammarlega lág laun sem liggja til grundvallar þessu og ekkert spursmál um að það þarf að bæta úr því.

En ég tel að það sé eðlilegt að löggjafinn hafi eftirlit með því hvernig þessu er farið og ef um það er að ræða að lögin nái ekki tilgangi sínum er spurning hvort ekki þarf að breyta þeim á einhvern hátt. Hins vegar tel ég líka eðlilegt að forstöðumenn stofnana hafi fengið beiðni um svör við þessari spurningu til þess þó ekki væri nema að þeir gerðu sér grein fyrir hverjar skyldur þeirra væru í þágu ríksins.

Stuðningur við loðdýrabændur, fsp. 393. mál (þskj. 724). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Austurl. Helga Seljan leyft mér að beina svofelldri fsp. til hæstv. landbrh.:

„Til hvaða aðgerða ætla stjórnvöld að grípa til stuðnings loðdýrabændum vegna verðfalls á skinnum og annarra erfiðleika?

Hefur verið athugað í því sambandi:

1. að fresta greiðslu vaxta og afborgana af lánum frá Stofnlánadeild landbúnaðarins,

2. að leiðrétta gengismun vegna afurðalána og breyta afurðalánaskuldum í föst lán,

3. að koma upp verðjöfnunarsjóði vegna sveiflna á afurðaverði,

4. að greiða ríkisframlög út á loðdýrahús sem byggð voru fyrir 1985,

5. að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld vegna loðdýrahúsa sem byggð voru fyrir 1985?"

Eins og kunnugt er hafa menn vænst mikils af loðdýrarækt til þess að mæta erfiðleikum í hefðbundnum landbúnaði. Það eru því slæm tíðindi að erfiðlega gengur í þessum nýju búgreinum og á það ekki síst við um refabændur. Mér er kunnugt um að á Austurlandi, þar sem nokkuð er um refarækt, eru erfiðleikarnir miklir. Ég get nefnt hér sem dæmi að reiknað hefur verið út sem meðaltalskostnaður á nokkrum refabúum á Héraði að rekstrarkostnaður á árinu 1985 án afskrifta og launa nemi 2208 kr. á framleitt skinn, en fyrirsjáanlegt virðist að skinnaverð verði aðeins á bilinu 1400–1450 kr. pr. skinn á yfirstandandi uppboðsári.

Það eru því afar miklir erfiðleikar sem við blasa hjá þeim sem við þessar búgreinar fást, þó að ég vilji ekki fullyrða um hvernig staðan sé að meðaltali yfir landið í heild, og það er óhjákvæmilegt að af opinberri hálfu verði gripið til ráðstafana til að fleyta þeim sem ráðist hafa í fjárfestingar í þessum nýju búgreinum yfir erfiðasta hjallann í von um að bjartara sé fram undan.

Ég inni því hæstv. landbrh. eftir því hvað stjórnvöld hyggjast gera í þessum efnum, hvert er viðhorf til ábendinga m.a. þeirra sem tilteknar eru í fsp.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Vegna þess verðfalls sem varð á loðdýraskinnum í vetur á uppboðsmörkuðum erlendis og fyrst og fremst stafar af því að skinnaverðið fylgir dollaraverðinu, sem hefur lækkað mjög mikið miðað við aðra erlenda gjaldmiðla á síðasta ári, sendi Samband loðdýrabænda landbrn. bréf þar sem það óskaði eftir athugun á því hvað hægt væri að gera til að draga úr þessum áföllum. Í þessu bréfi voru upp talin öll þau atriði sem koma fram hér í fsp. hv. fyrirspyrjanda ásamt einhverjum fleirum. Þegar þetta barst var boðaður fundur með fulltrúum frá loðdýrabændum og landbrn. og fjmrn. þar sem þessi mál voru rædd en ákveðið að það þyrfti að skoða þau betur og tilnefna skyldi sérstakan hóp til að vinna að málunum. Það hefur verið gert og er hann nú að vinna að athugun þessara mála og á þeim atriðum, sem eru borin fram í fsp., ásamt fleirum.

Það var frá upphafi ljóst að verð á skinnum er breytilegt frá ári til árs. Svo hefur alltaf verið. Því mátti búast við slíku. Eina varanlega lausnin í þessu máli er því sú að reyna að skapa betri grundvöll fyrir loðdýraræktina. Annars vegar er það með lækkun fjárfestingarkostnaðar og hins vegar lækkun rekstrarkostnaðar en þar er fóðrið langstærsti liðurinn.

Á s.l. ári voru gerðar margvíslegar ráðstafanir af opinberri hálfu til að draga úr fjárfestingarkostnaðinum

og einnig er verið að vinna að því áfram að skipuleggja fóðurframleiðsluna sem best þannig að hún geti orðið sem hagkvæmust.

Byggðastofnun hefur verið í vetur að gera úttekt og endurskoða fyrri áætlanir um þessi mál og þá sérstaklega í sambandi við fóðurframleiðsluna. Þeirri vinnu er að ljúka. Það er gert ráð fyrir að fóðurnotkun verði sums staðar allt að því helmingi meiri á þessu ári en var á síðasta ári. Miðað við þá útreikninga sem ég hef séð frá Byggðastofnun, fyrstu upplýsingar, er von til þess að fóðurverð frá fóðurstöðvum, sem fá aukinn markað, geti haldist óbreytt frá fyrra ári. Sjá allir hversu mikið hagræði það verður fyrir reksturinn á þessu ári, þ.e. hvernig aukið magn leiðir til lækkandi fóðurverðs.

Að öllum þessum málum er verið að vinna og leita allra leiða til að gera þessa atvinnugrein sem álitlegasta þar sem þörfin er mjög mikil.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að ekki skuli liggja fyrir skýrari stefna af hálfu stjórnvalda í þessu máli því að raunar gat hæstv. ráðh. ekki svarað neinu ákveðnu til um hvort og þá í hvaða formi yrði gripið til stuðnings af stjórnvalda hálfu í þessu sambandi. Ráðstafanir til lækkunar á fjárfestingarkostnaði á s.l. ári hjálpa ekki mikið til viðbótar á þessu ári í þeim erfiðleikum sem við blasa þó að það sé allt góðra gjalda vert og auðvitað er það gott ef fóðurkostnaður þarf ekki að hækka.

Staðan er ekki aðeins mjög erfið hjá loðdýrabændum, sem vinna nú kauplaust margir hverjir og borga með sér í störfum í reynd, heldur eru fóðurstöðvar þeirra nálægt í þroti sumar hverjar, eiga a.m.k. í miklum fjárhagslegum erfiðleikum, vegna þess að bændurnir hafa ekki haft möguleika á að greiða fóðrið. Hér er því við mjög mikla erfiðleika að etja. Ég vil eindregið hvetja stjórnvöld, og þar á meðal hæstv. landbrh. en einnig hæstv. fjmrh., til að taka á þessum málum fyrr en seinna. Nógir eru erfiðleikar í sveitum í hefðbundnum búgreinum, sem við eigum eftir að ræða vonandi nánar áður en þessu þingi lýkur, þó að ekki bætist við að þeir sem að hinum nýju búgreinum standa séu í þroti og þurfi e.t.v. að gefast upp.

Við verðum að vænta þess að hér sé um tímabundna erfiðleika að ræða. Gengismunurinn t.d. á afurðalánunum skiptir hér allverulegu máli. Í því dæmi sem ég nefndi áðan var reiknað út að gengismunurinn næmi 71 kr. pr. skinn og það safnast þegar saman kemur. Það eru um 70 000 á þau bú að meðaltali sem voru til grundvallar í þeim útreikningum sem ég nefndi áðan.

Ég hvet því stjórnvöld til að marka sína afstöðu hið fyrsta og það er brýn nauðsyn að sá hópur, sem hæstv. ráðh. nefndi að væri að störfum, ljúki þeim fyrr en seinna því að óvissan er erfið og nánast óþolandi fyrir þá sem í þessum rekstri standa.

Innheimta skyldusparnaðar, fsp. 374. mál (þskj. 674). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til félmrh. um innheimtu skyldusparnaðar.

Það er ljóst að skyldusparnaðarkerfið er mjög mikils virði fyrir launþega, sérstaklega er það ungt fólk sem er tengt því, en mál standa þannig að mínu mati að kerfið er nær ónýtt, innheimta í ólestri. Innheimta er erfið vegna þess að lögtaksheimild er ekki fyrir hendi. En fsp. mínar eru þannig:

„1. Hvernig er háttað innheimtu skyldusparnaðar ungs fólks til íbúðabygginga skv. VII. kafa laga nr. 60 1984?

2. Hvernig er háttað framgangi 75. gr. laganna ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögunum og vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna?

3. Hvernig miðar setningu reglugerðar um skyldusparnað?

4. Hvernig er réttur starfsmanna tryggður við gjaldþrot atvinnurekanda ef atvinnurekandi hefur tekið skyldusparnað af launum starfsmanna en hefur ekki gert skil til innheimtuaðila, sbr. lög um ríkisábyrgð á launum, nr. 23/1985, sem ná einungis til ógreiddra launa og skyldusparnaðar sex síðustu mánaða í starfi?"

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. á þskj. 674 frá 6. landsk. þm. vil ég taka þetta fram:

1. spurning: „Hvernig er háttað innheimtu skyldusparnaðar ungs fólks til íbúðabygginga skv. VII. kafla laga nr. 60/1984?"

Svar: Veðdeild Landsbanka Íslands tekur við greiðslum frá launagreiðendum og færir á reikning hvers skyldusparanda. Veðdeildin sendir síðan reikningseigendum yfirlit um stöðu reiknings tvisvar á ári, þ.e. um áramót og á miðju ári. Á yfirlitinu koma fram allar hreyfingar á reikningum skyldusparenda. Ef greiðslur berast of seint frá launagreiðendum eru þeir krafðir um greiðslu lögboðinna dráttarvaxta. Veðdeild Landsbankans hefur annast fjárvörslu og að hluta til afgreiðslu þessara mála. Erfitt er að staðreyna vanskil nema hjá launþegum sem gefa sig fram og framvísa launaseðlum þar sem fram kemur að skyldusparnaður hefur verið dreginn af starfsmanni en fjárhæð ekki verið skilað til veðdeildar Landsbankans.

2. spurning: „Hvernig er háttað framkvæmd 75. gr. laganna ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögunum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna?"

Svar: Kvartanir vegna vanskila sem borist hafa Húsnæðisstofnun ríkisins hafa nær eingöngu verið um að launagreiðandi hafi ekki gert skil til veðdeildar Landsbanka Íslands á sparifé sem hann hefur dregið af launum starfsmanns. Fram að gildistöku laga nr. 60 1984 var eina úrræðið fólgið í því að hafa samband við launagreiðanda, benda honum á vanskilin og óska eftir skilum af hans hálfu. Einnig vísaði Húsnæðisstofnunin á stéttarfélög launþega í sambandi við innheimtu á afgreiðslu skyldusparnaðar til veðdeildarinnar þar sem skyldusparnaður er hluti af launum launþega.

Varðandi framkvæmd á 75. gr. laga nr. 60/1984 hafa farið fram bréfaskriftir og viðræður á milli félmrn., Húsnæðisstofnunar og fjmrn. þar sem segir að með innheimtu á vangreiddum skyldusparnaði skuli fara með sama hætti og innheimtu launaskatts. Innheimta launaskatts er í höndum innheimtumanna ríkisins og hefur verið óskað eftir atbeina þeirra til að takast á hendur innheimtu vangoldins skyldusparnaðar og í

athugun er að setja inn í lagagreinina skýra lögtaksheimild fyrir þessum kröfum til þess að Húsnæðisstofnun geti beitt sér sem skyldi í innheimtu vangreidds skyldusparnaðar til veðdeildar, en slík lögtaksheimild er ekki fyrir hendi í þessum lögum.

Húsnæðisstofnun hefur nýlega ráðið lögfræðing til að hafa yfirumsjón með þessum málaflokki, en lengi vel fékkst ekki heimild til að ráða sérstakan starfsmann til að sinna skyldusparnaðarmálum þrátt fyrir ítrekaða beiðni þar um og þá miklu hagsmuni sem í húfi hafa verið. Vonir standa því til að unnt verði að koma þessum málum í betra horf en verið hefur.

3. spurning: „Hvernig miðar setningu reglugerðar um skyldusparnað?"

Svar: Núgildandi reglugerð er nr. 92/1985. Ný reglugerð er ekki í smíðum.

4. „Hvernig er réttur starfsmanna tryggður við gjaldþrot atvinnurekanda ef atvinnurekandi hefur tekið skyldusparnað af launum starfsmanna en hefur ekki gert skil til innheimtuaðila, sbr. lög um ríkisábyrgð á launum, nr. 23/1985, sem ná einungis til ógreiddra launa og skyldusparnaðar sex síðustu mánaða í starfi?"

Svar: Varðandi tryggingu á rétti starfsmanna um það sem segir í 4. gr. laga nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum, hlýtur að eiga að fara með vangreiddan skyldusparnað á sama hátt og aðrar forgangskröfur vegna launa, sbr. lög nr. 3/1978. Réttur launþega ætti samkvæmt því að vera tryggður sem forgangskrafa í þrotabú 18 mánuði aftur í tímann miðað við upphaf skipta.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka félmrh. svör hans. Ég vænti þess að honum sem fleirum sé ljóst að það kerfi sem nú er í gangi er gjörsamlega ónýtt og það þurfi að fara fram veruleg endurskoðun á því.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherra að fyrirhugað er að setja í lög að lögtaksheimild verði fyrir hendi í innheimtu á þessum gjöldum og er þess vissulega þörf.

Hann minntist á að Húsnæðisstofnun vísaði stundum til stéttarfélaga varðandi innheimtu á þessum launum. Því miður er það svo að samskipti stéttarfélaga við innheimtuaðila hafa verið mjög stirð og aðstaða stéttarfélaga til að innheimta þessa hluti erfið vegna þess að þau eru ekki innheimtuaðili þessa skyldusparnaðar. Því hefur aðstoð stéttarfélaganna ekki komið að gagni, því miður.

Ég vænti þess að ef lögtaksheimild fæst muni verða ráðin bót á þessu vandræðaástandi, en með núverandi kerfi er haft stórfé af launþegum og líka það að skyldusparnaðarkerfið, sem vissulega á fullan rétt á sér, er aðeins svipur hjá sjón.

Sparnaður í ráðuneytum og ríkisstofnunum, fsp. 388. mál (þskj. 713). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 713, 714 og 715 eru fsp. sem ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. fjmrh. Tilefni þeirra allra er hið sama. Við afgreiðslu fjárlaga ársins í ár gerði ríkisstj. með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar ráð fyrir sparnaði í ríkisútgjöldum sem nemi nokkrum hundruðum milljóna kr., m.a. í rekstri ríkisstofnana, í launaútgjöldum og Tryggingastofnun ríkisins. Einstakir nefndarmenn í fjvn. leituðu margsinnis eftir útfærslu og tillögum um hvernig ríkisstj. hygðist ná þessum sparnaði, en fengu aldrei ákveðin svör við þeim spurningum og engar tillögur hafa enn sést um hvernig ætlunin er að ná þessu takmarki, enda þótt fjórðungur fjárlagaársins sé liðinn.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. sagði hæstv. fjmrh. m.a., með leyfi forseta:

„Lagt er til að útgjöld ríkisins verði lækkuð um 574 millj. frá því sem greinir í frv. Ráðgert er að af sparnaði í rekstrarútgjöldum náist tæplega 50 millj. kr. með lækkun einstakra rekstrarverkefna eða frestun þeirra um stundarsakir, en 120 millj. kr. náist með sérstökum sparnaðaraðgerðum á vegum ráðuneyta og stofnana ríkisins. Er fyrirhugað að setja ákveðin mörk á fjárveitingar til einstakra útgjaldaliða, m.a. ferða- og bílakostnað, risnu og aðkeypta þjónustu af ýmsu tagi."

Við 3. umr. ítrekaði hv. formaður fjvn. þessa ætlan ríkisstj. og mér vitanlega hefur ekki verið horfið frá henni. Hins vegar verður ekki séð af fréttum og umræðum um þessi mál að neinar þær breytingar hafi orðið á skipan þessara mála sem um munar. Hæstv. ráðherrar eru stöðugt á faraldsfæti, Saga class er þéttsetið ríkisstarfsmönnum í flestum ferðum og ekki er vitað að dregið hafi úr veisluhöldum hins opinbera. Því spyr ég hæstv. fjmrh. á þskj. 713 hvaða reglur gilda um ferða- og bílakostnað, risnu og aðkeypta þjónustu af ýmsu tagi á vegum ríkisins og í öðru lagi: hefur þeim reglum verið breytt eða á annan hátt reynt að ná því markmiði, sem sett var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986, um 120 millj. kr. lækkun rekstrarkostnaðar í ráðuneytum og ríkisstofnunum?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Spurt er um hvaða reglur gildi um ferða- og bílakostnað, risnu og aðkeypta þjónustu af ýmsu tagi á vegum ríkisins í samræmi við áform um lækkun útgjalda á þessum sviðum.

Að því er varðar ferða- og bílakostnað er það að segja að í byrjun þessa árs voru ráðuneytum kynntar leiðbeiningar til að ná þessu markmiði fjárlaga fyrir árið 1986. Þau atriði sem lögð var áhersla á voru þessi: Í fyrsta lagi að ferðaáætlanir ráðuneyta og stofnana yrðu endurskoðaðar í öðru lagi að leitað yrði eftir samningi við flutningsaðila um fargjöld í styttri ferðum. Í þriðja lagi að gerð yrði athugun á samningsbundnum erlendum ferðum starfshópa hjá ríkinu. Og í fjórða lagi að endurskoðaðir yrðu aksturssamningar og útboð á bílaleigubílum fyrir ríkisstofnanir. Einstökum ráðuneytum var gerð grein fyrir þessum atriðum í byrjun árs og falin framkvæmd þeirra.

Að því er varðar aðkeypta þjónustu er það að segja að Fjárlaga- og hagsýslustofnun gerði í janúar s.l. könnun meðal ráðgjafarfyrirtækja um hvaða þjónustu aðilar veittu og gjaldskrár þeirra. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur enn fremur gefið út leiðbeiningabækling til ríkisaðila sem greinir frá helstu atriðum sem taka skal tillit til við gerð samnings um ráðgjöf. Ráðuneyti og stofnanir voru enn fremur beðnar um upplýsingar um áform um aðkeypta ráðgjöf og þjónustu á árinu 1986.

Það er ljóst að aðkeypt þjónusta af ýmsu tagi hefur hækkað meira en nemur almennum launabreytingum í landinu og er því nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstaf-

anir af því tilefni. Til að mynda má nefna að frá 4. ársfjórðungi 1983 hafa laun Bandalags háskólamanna hækkað um rúmlega 73%, en útseldir taxtar verkfræðiskrifstofa um rúmlega 90%. Fyrir því hafa verið teknar ákvarðanir í ríkisstj. þess efnis að ekki verði sjálfkrafa viðurkenndir taxtar ráðgjafarfyrirtækja sem byggjast á samningum fyrirtækjanna við starfsmenn sína. Í raun og veru eru fyrirtækin þar með að semja um eigin tekjur við sína starfsmenn. Héðan í frá verða taxtar af þessu tagi ekki viðurkenndir nema þeir séu í samræmi við almennar launabreytingar. Leitað verður eftir almennum samningum við ráðgjafarfyrirtæki um þessi efni. Þegar hefur verið ákveðið að auka útboð á þjónustustarfsemi. M.a. hefur verið lagt til að aukin verði útboð á hönnun og verklegum framkvæmdum í einum og sama pakka, ef þannig má taka til orða.

Að því er varðar risnukostnað var þegar í stað óskað eftir því við einstök ráðuneyti að ýtrasta aðhalds yrði gætt í þeim efnum í samræmi við ákvörðun Alþingis við samþykkt fjárlaga.

Þá er spurt hvort þeim reglum hafi verið breytt eða á annan hátt reynt að ná fram því markmiði sem sett var *með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 um 120 millj.* kr. lækkun rekstrarkostnaðar í ráðuneytum og ríkisstofnunum.

Svarið er þetta: Fjárveitingar til einstakra ráðuneyta og stofnana hafa verið hlutfallslega lækkaðar þannig að 120 millj. kr. lækkunin nái fram að ganga. Forstöðumönnum ráðuneyta og ríkisstofnana hefur þar með verið falið að sjá svo um að fyrirhuguðum sparnaði verði náð á þessu ári.

Fjmrn. hefur látið ráðuneytum og stofnunum í té leiðbeiningar um atriði sem taka þarf tillit til svo að þessum settu markmiðum verði náð.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Þau staðfesta nú kannske helst það að þrátt fyrir góðan vilja, sem gera verður ráð fyrir, hafi ekki náðst mikill árangur í því að reyna að fylgja eftir sparnaðaráformum ríkisins, enda átti ég þess ekki beinlínis von. Það virðist þurfa dálítið þrek til að koma á ærlegum breytingum. Eftir höfðinu dansa limirnir og þegar höfuðið leyfir sér að láta skattborgarana kosta sig á handboltamót í útlöndum er varla von að vel gangi að hafa hemil á lægra settum.

En það sem hæstv. ráðh. nefndi er allra góðra gjalda vert. Ég átti kannske von á að reynt yrði að fastmóta einhverjar tillögur, eitthvað meira en bara tilmæli til ráðuneytanna, enda má búast við að eitthvað misjafnlega verði eftir þeim tilmælum farið. Ef marka má þær fréttir sem maður heyrir sýnist mér að það geti orðið eitthvað lítið um veisluhöld í árslok. Fjárveitingin er einfaldlega uppurin.

En það er varðandi risnuna. Ég er hrædd um að þar sé töluvert bruðlað og ekki vanþörf á ákveðnari aðhaldsreglum þar. Mig hefur stundum furðað á því hversu auðvelt það virðist fyrir hina og þessa hópa að herja út hanastél eða matarboð hjá ráðherrum. Það koma hingað varla svo erlendir hópar eða gestir á ráðstefnu að þeir séu ekki meira og minna í opinberum veislum og alls konar félagasamtök, innlendar ráðstefnur, námsmannahópar og fleiri virðast fara létt með að herja út dagamun hjá einhverjum ráðherranna. Ég vil eindregið hvetja ráðherrann til þess að athuga þessi mál vel. Gestrisni er góð, en fyrr má nú stundum vera.

Það hafa orðið töluverðar umræður um þessi mál utan þings og innan, einkanlega varðandi ferða- og risnukostnað ríkisstarfsmanna og þá einkum ráðherranna sjálfra sem mönnum finnst eðlilegt að gangi á undan með góðu fordæmi. En ég held að það veiti ekkert af því að beina ljósinu að þessum efnum öðru hverju, ekki síst ef það mætti verða til þess að veita eitthvert aðhald.

Í svari hæstv. ráðh. við fsp. hv. þm. Kristínar S. Kvaran fyrr í vetur kom m.a. fram að í a.m.k. einu tilviki fékk ráðherra dagpeninga sem voru langt yfir þeirri upphæð sem fjölmargir þurfa að láta sér nægja til mánaðar framfærslu og ég vil aðeins í framhaldi af þessu spyrja hæstv. fjmrh. hvort honum finnist eðlilegt að opinberir starfsmenn á Íslandi fái yfirleitt mun hærri dagpeninga á ferðalögum erlendis en bandarískir starfsbræður þeirra, eins og fram kom í Morgunblaðinu nýlega.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ferðakostnaður hefur verið greiddur eftir ákveðnum reglum. Ég hef ekki í höndum samanburð við aðrar þjóðir að því er þetta við varðar, en það er sjálfsagt að taka það til athugunar þannig að ferðakostnaður Íslendinga sem ferðast erlendis sé í sæmilegu samræmi við það sem gerist meðal annarra þjóða.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Aðeins nokkur orð þar sem ég minntist á þessa frétt í Morgunblaðinu. Hún er frá 13. mars 1986 og sýnir m.a. að bandarískir starfsmenn fá í mörgum tilvikum helmingi minni dagpeninga en íslenskir starfsbræður þeirra í ýmsum borgum erlendis.

Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna, fsp. 313. mál (þskj. 580). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Sveinsson): Herra forseti. Hér á Alþingi var þann 27. apríl 1982 samþykkt svofelld þál., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. skipun fimm manna nefndar til að gera heildarathugun á fiski- og farskipahöfnum landsins með tilliti til slysahættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara. Í nefndinni sitji einn fulltrúi tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands og sé hann formaður nefndarinnar. Eftirtaldir aðilar skipi hver einn fulltrúa í nefndina: Siglingamálastofnun ríkisins, Hafnamálastofnun ríkisins, Landssamband ísl. útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands. Skal starf nefndarinnar miða að því a) að benda á kunnar eða hugsanlegar slysagildrur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta, b) að benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta, c) að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins, d) að gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni sjómönnum og öðrum sem um hafnir fara til aukins öryggis.

Ofangreind athugun og tillögugerð skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1982."

Þann 15. nóv. 1982 voru nefndarmenn skipaðir. Í bréfi formanns nefndarinnar um störf hennar í mars

1984 sagði m.a., með leyfi forseta:

„Nefndarmenn eru sammála um að nauðsynlegt sé að þeir geti skipt með sér verkum eftir landshlutum, gert úttekt samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum og heimsótt ýmsar hafnir til samanburðar á frágangi hafnarmannvirkja til samráðs við hafnarstjóra og hafnarverði um ábendingar til úrbóta þar sem þörf krefur.

Í viðræðum við samgrn. var þessu komið á framfæri og ítrekað með bréfi ásamt beiðni um sérstaka fjárveitingu í því augnamiði. Þótt nefndarstörf hafi legið niðri um sinn eru ýmsar athyglisverðar upplýsingar sem liggja fyrir og er fullur vilji nefndarmanna að takast á við þau verkefni, ljúka störfum og skila áliti. Því er áréttuð sú ósk og þess er vinsamlegast farið á leit við hið háa ráðuneyti að það hlutist til um sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis allt að 150 þús. kr."

Í svari hæstv. samgrh. við fsp. minni um sama efni hér á Alþingi þann 6. mars 1984, fyrir tveimur árum, kom fram að af hálfu hans mundi ekki standa á því að reyna að verða við beiðni nefndarinnar um að hún gæti haldið áfram störfum og lokið þeim sem fyrst. Kvaðst ráðherra leggja á þetta áherslu.

Í lok ársins 1983 hafði nefndin hins vegar alls ekki lokið störfum, heldur ekki í árslok 1984 og enn síður í árslok 1985. Er því ekki nema von að spurt sé hvað valdi slíkum drætti.

Af þessu tilefni hef ég leyft mér að leggja fram á þskj. 580 fsp. til hæstv. samgrh. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 27. apríl 1982 um störf nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna og tillögugerð í því efni?"

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Með bréfi dagsettu 15. nóv. 1982 skipaði samgrn. fimm manna nefnd til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna samkvæmt þeirri þál. sem hér er vitnað til. Samkvæmt skipunarbréfi skyldu störf nefndarinnar miða að því að benda á kunnar eða hugsanlegar slysagildrur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta og benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta, að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins og gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni sjómönnum og öðrum sem um hafnir fara til aukins öryggis.

Í svari sem ég gaf hér á Alþingi fyrir ári við fsp. um sama efni frá sama fyrirspyrjanda kom m.a. eftirfarandi fram um störf nefndarinnar:

Í viðræðum nefndarmanna hefur sérstök áhersla verið lögð á nýtingu hafnarsvæða, frágang og merkingu skipa, aukinn öryggisbúnað við hafnir og síðast en ekki síst varðandi ýmsan slíkan búnað um borð í skipunum sjálfum, t.d. landganga og allan frágang við þá.

Nefndin skrifaði hafnarstjórum og hafnarvörðum um land allt þar sem hún leitaði samstarfs, bað um ábendingar og sendi jafnframt spurningalista í 11 liðum sem hún óskaði svars við. Fulltrúi Hafnamálastofnunar lagði fram athyglisverða skýrslu um flotbryggjur fyrir smábátahafnir, en notkun þeirra fer ört vaxandi í nágrannalöndum okkar og hefur nefndin rætt mjög ákveðið þetta atriði.

Þá kynntu nefndarmenn sér greinargóða úttekt í máli og myndum um frágang og fleira á hafnarmannvirkjum sem gerð var á árinu 1978. Nefndarmenn eru sammála um að nauðsynlegt sé að þeir geti skipt með sér verkum eftir landshlutum, gert úttekt samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum og heimsótt ýmsar hafnir til samanburðar á frágangi hafnarmannvirkja til samráðs við hafnarstjóra og hafnarverði um ábendingar til úrbóta þar sem þörf krefur.

Einnig fór nefndin fram á sérstaka fjárveitingu til að vinna áfram að verkefni sínu. Í svari mínu hér á Alþingi tók ég fram að reynt yrði að verða við þessari beiðni, en nokkru síðar átti ráðuneytisstjóri samgrn. viðtal við formann nefndarinnar og staðfesti að fjárskortur skyldi ekki verða í vegi fyrir því að nefndin gæti lokið störfum og höfðum við þá ákveðna fjárveitingu í huga sem nota skyldi til öryggismála sjómanna.

Það er ljóst að þessu verki þarf að ljúka og ég hef ætlað mér að endurskipuleggja nefndina með það í huga að Hafnasamband sveitarfélaga fengi aðild að henni. Það var e.t.v. frá upphafi misgáningur að hafa sambandið ekki með inni í myndinni þegar nefndin var skipuð 1982 og vafalaust hægt að vinna þetta verk á miklu fljótvirkari og einfaldari hátt með beinni aðild þess að nefndinni.

Rétt er að það komi fram hér að í hafnalögum, sem afgreidd voru á Alþingi vorið 1984, er tekið inn í lögin það nýmæli að stofnkostnaður við slysavarnir verði styrkhæfur um 75%. Þetta ákvæði er að mínu mati mikils virði fyrir bættar slysavarnir í höfnum landsins og til komið í kjölfar almennra umræðna um þetta efni sem m.a. má rekja til þál. þeirrar sem hér var áður rædd.

Ég harma að þessi nefnd skuli ekki hafa lokið sínum störfum og það er á engan hátt stjórnvöldum eða ráðuneyti að kenna að svo er. Það er því nauðsynlegt eftir þennan langa tíma, sem liðinn er frá því að hún hóf störf, að endurskipulagning eigi sér stað og ég hef rætt það við ráðuneytisstjóra samgrn. að gera breytingar á nefndinni í þessa átt og ýta mjög ákveðið undir að nefndin ljúki störfum eins fljótt og kostur er á.

Fyrirspyrjandi (Jón Sveinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þau svör sem hann gaf við fsp. minni. Ég lýsi ánægju minni yfir því að það skuli vera ásetningur hans að endurskipuleggja þá nefnd sem hér um ræðir á þann hátt að við fáum niðurstöður hennar í hendur sem allra fyrst. Er tími til kominn frá árinu 1982 að slík niðurstaða liggi fyrir.

Fyrir alþm. hlýtur það hins vegar að vera umhugsunarefni að tillögur þingsins skuli vera í meðförum nefnda af því tagi sem hér um ræðir svo árum skiptir. Hljóta þingmenn að vera sammála um að til slíks sé ekki ætlast. En hvað er unnt að gera til að koma í veg fyrir að svo verði þegar um jafnmikil og brýn hagsmunamál er að ræða og þessi hér?

Full ástæða er að mínu mati að taka á þessum málum, en ekkert eða mjög lítið hefur breyst í öryggismálum sjómanna hvað þennan málaflokk snertir á síðustu árum og alls ekki hefur dregið úr slysatíðni. Þegar ég spurðist fyrir um þessi efni hér fyrir tveimur árum hafði hörmulegt slys átt sér stað í Grundartangahöfn í Hvalfirði. Á þessu ári minnist ég nokkurra slíkra slysa við hafnir landsins, m.a. tveggja í Vestmannaeyjahöfn, þar sem giftusamleg björgun tókst í öðru tilvikinu en í hinu því miður ekki, og einnig minnist ég tilvika úr Akureyrarhöfn um svipað efni.

Seinagangur í þessum efnum er því óverjandi með öllu. Ég ítreka því ánægju mína með þá yfirlýsingu ráðherra að á þessum málum skuli nú tekið. Vænti ég þess að nú verði loks brugðist við á skjótan og skilvirkan hátt.

Flugmálanefnd, fsp. 411. mál (þskj. 760). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 760 að beina svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh. um störf flugmálanefndar:

„Hvað líður störfum nefndar er skipuð var af ráðherra til að gera úttekt og skila tillögum um framkvæmdir í flugmálum og hvað hyggst ráðuneytið fyrir um það forgangsverkefni er nefndin fékk til meðferðar í erindisbréfi sínu um uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar?"

Það má kannske segja að til lítils sé að spyrja um flugmál og framkvæmdir í þeim þegar svo hlálega litlu fjármagni er varið til þessa málaflokks ár eftir ár. Nefndarstörf, hversu vel unnin sem þau eru og hversu góðar áætlanir sem gerðar kunna að vera af framsýni jafnt sem raunsæi, allt kemur þetta fyrir lítið ef ekkert kemur í kjölfarið. Ef engar aðgerðir fylgja eftir er í raun lítið unnið. Áætlunargerðin liggur ein eftir, en ekkert er aðhafst og ekkert er hægt að aðhafast í raun í framhaldi af því sem þar er gert ráð fyrir.

Hins vegar þykir mér rétt að spyrjast fyrir um störf og álit þeirrar nefndar sem falin voru svo veigamikil verkefni og forvitnast þá um leið um áætlanir ráðuneytisins hvað þetta varðar.

Þetta snertir kannske alveg sér í lagi seinni þátt þessarar fsp., enda veit ég að s.l. sumar hafði samgrh. uppi góð orð austur á Egilsstöðum um væntanlegan flugvöll þar og forgang þeirrar framkvæmdar, enda hafði hann skýrt fororð um það í erindisbréfi nefndarinnar að það mál skyldi hafa forgang. Þar sem ég veit um áhuga hans í þessum efnum, en spurning er reyndar um fjármagn og möguleika þar með til að vinna slík stórátök, sem nýr Egilsstaðaflugvöllur er, þykir mér rétt að heyra á ráðherra nú hvað hann sér fyrir sér í þeim efnum, hvað mögulegt sé að gera í kjölfar þessa álits sem ég trúi að liggi nokkurn veginn fyrir.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Með bréfi dagsettu 4. febr. 1984 skipaði ég nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Í nefndinni eiga sæti Birgir Ísl. Gunnarsson alþm., sem er formaður hennar, Andri Hrólfsson stöðvarstjóri, Garðar Sigurðsson alþm., Ragnhildur Hjaltadóttir deildarstjóri, dr. Þorgeir Pálsson verkfræðingur og Kristján Egilsson flugstjóri.

Í samræmi við skipunarbréf sitt hefur nefndin skilað áfangaskýrslu um tillögugerð vegna framkvæmda í flugmálum ásamt tillögu að þremur sérverkefnum, Egilsstaðaflugvelli, varaflugvelli fyrir millilandaflug og flugstöð á Reykjavíkurflugvelli. Almenn áætlun um uppbyggingu flugvalla er á lokastigi og mun nefndin væntanlega skila af sér endanlega innan skamms.

Svar við síðari spurningunni: Nefndin hefur lagt til að byggð verði ný flugbraut vestan við núverandi braut nær Lagarfljóti. Nefndin hefur rætt allnokkuð um hugsanlega fjármögnun þessarar framkvæmdar, hefur m.a. verið athugað hvort mögulegt er að fjármagna þessa framkvæmd að einhverju leyti úr norrænum þróunarsjóðum. Einn möguleiki sem til greina gæti komið í því efni er að fá fjármagn úr sjóði sem ekki hefur enn verið stofnaður en ákvörðun mun verða tekin um innan skamms. Er hér um að ræða þróunarsjóð fyrir Norðurlönd í vestri eða Nordvest eins og sjóðurinn hefur verið nefndur, þ.e. Grænland, Ísland og Færeyjar. Að öðru leyti telur nefndin að fjármagna beri þessa framkvæmd með fé á fjárlögum.

Nefndin hefur talið að þetta framkvæmdatímabil verði þrjú ár. Út af orðum fyrirspyrjanda, að mjög takmarkað framlag hafi verið til framkvæmda í flugmálum, þá er það rétt hjá honum, en hins vegar vil ég geta þess að það hefur orðið mikil aukning á rekstri og í öryggismálum í flugmálum á síðustu árum og þegar á heildarframlög til flugmála er litið er um óhemjuhá framlög að ræða á meðan bygging flugstöðvarinnar í Keflavík stendur yfir. En þetta á ekki að tefja fyrir framkvæmd þessa máls. Það hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf í sambandi við Egilsstaðaflugvöll og því fyrr verður hægt að byrja sem þeim undirbúningi miðar áfram.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og þykir þessi fjármögnunarhugmynd, sem hann vék þarna að, býsna athyglisverð, úr þessum norræna þróunarsjóði, því að það er ljóst að svo stórt átak sem Egilsstaðaflugvöllur er verður ekki fjármagnað á þremur árum af því almenna framkvæmdafé sem hefur fengist til flugmála á s.l. árum. Vissulega er þetta ágæt hugmynd ef hún er þá framkvæmanleg og hægt er að fara út í það.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh. og ég viðurkenni það fúslega að til öryggismála í flugmálum hefur farið meira fé á undanförnum árum og er skylt að minna á það og meta það.

Hins vegar benti hæstv. ráðh. á að það væri kannske ekki um mikið að ræða í sambandi við flugmálin og til skipta í þeim á meðan stórframkvæmdin á Keflavíkurflugvelli væri í gangi. Það sýnir okkur ljóst hvaða áherslur eru á þeim bæ varðandi flugvallarframkvæmdir í heild sinni. Það virðist líka vera svo að fjármagnsútvegun liggi á lausu ef mönnum sýnist svo og einstakir ráðherrar taka á sig rögg, t.d. á nú Þjóðarbókhlaða að rísa upp á stuttum tíma, ef menn bara finna einhverjar matarholur til þess að ganga í eins og sumir hæstv. ráðh. virðast hafa átt tiltölulega auðvelt með.

Ég vona að hæstv. samgrh., sem hefur haldið í horfinu varðandi sína málaflokka í heild í þessum niðurskurðarstefnualgleymingi sem núna hefur ríkt, hefur haldið vegamálunum nokkurn veginn í horfi, en orðið að gjalda þess í hinum málaflokkunum, hafnamálum og flugmálum, detti niður á álíka matarholu og hæstv. menntmrh. hefur dottið niður á og allir stjórnarliðar virðast syngja hallelúja fyrir þannig að hann geti fljótt og vel fjármagnað framkvæmdir varðandi Egilsstaðaflugvöll með því móti ef norræni þróunarsjóðurinn skyldi nú bregðast.

Takmörkun yfirvinnu ríkisstarfsmanna, fsp. 389. mál (þskj. 714). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Aftur bið ég forseta leyfis að mega vitna til orða hæstv. fjmrh. við 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Hann segir þar:

„Ætlunin er að lækka launaútgjöld um 130 millj. með því að endurráða ekki strax í störf þeirra sem hætta, draga úr yfirvinnu og ráðningu afleysingafólks. Nú er unnið að gerð ítarlegra tillagna um framkvæmd þessa atriðis".

Ég leyfði mér reyndar í 2. umr. um fjárlagafrv. að láta í ljós efasemdir um framkvæmd þessara atriða og vísaði þar til fyrri reynslu. Þetta var m.a. ætlunin fyrir tveimur árum, þ.e. að lækka launaútgjöld með því að endurráða ekki í störf sem losnuðu, draga úr ráðningum til afleysinga og draga úr yfirvinnu. Árangur þeirra frómu áforma var nákvæmlega enginn það ég best veit. Hið sama má búast við að verði uppi á teningnum í þetta sinn þótt hér sé talað um gerð ítarlegra tillagna um framkvæmdina, en kannske hafa þær tillögur verið gerðar og það ætti þá að koma fram í svari hæstv. fjmrh. við fsp. minni á þskj. 714.

Hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „1. Hvernig er staðið að takmörkun yfirvinnu og endurráðninga hjá ríkisstarfsmönnum til þess að ná fram 130 millj. kr. lækkun launaútgjalda sem stefnt var að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986?

2. Hver var fjöldi yfirvinnustunda ríkisstarfsmanna frá 1. jan. til 15. mars 1986 borið saman við sama tímabil árið 1985 og hversu hátt var hlutfall yfirvinnu af föstum launum ríkisstarfsmanna á sama tíma borið saman við sama tímabil árið 1985?"

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Svo sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda var ráð fyrir því gert í fjárlögum fyrir árið 1986 að fjárveitingar yrðu lækkaðar um 130 millj. kr. frá áætlun í fjárlagafrv. Lækkun þessi var gerð í hlutfalli við áætlaðar launagreiðslur einstakra stofnana.

Í byrjun þessa árs var ráðuneytum gerð grein fyrir þessum ráðstöfunum og bent á leiðir til að ná þessu marki. Meðal þeirra atriða sem ráðuneytunum var þá gert að fara eftir voru þessi:

Í fyrsta lagi að ekki yrði endurráðið í störf sem losna nema um væri að ræða beina þjónustu sem ekki væri hægt að vera án og ekki væri hægt að fela öðrum starfsmönnum tímabundið eða varanlega.

Í öðru lagi að leitað yrði eftir tillögum forstöðumanna stofnana um fækkun starfsmanna og í því efni kannaðir kostir á tilflutningi starfsmanna milli ríkisstofnana, þ.e. í þau störf sem nauðsynlegt kynni að vera að endurráða í ef losna skyldu.

Í þriðja lagi að yfirvinnu yrði stillt í hóf sem unnt væri, einkum hjá þeim sem mikla yfirvinnu hafa fyrir.

Í fjórða lagi að ekki yrði ráðið starfsfólk til sumarafleysinga umfram það sem bráða nauðsyn ber til.

Þetta voru þær reglur sem ráðuneytunum var gert að fara eftir til að ná þessu marki.

Í öðru lagi er spurt um fjölda yfirvinnustunda á tímabilinu 1. janúar til 15. mars 1986. Af tæknilegum ástæðum hefur reynst torvelt að tilgreina með nákvæmum hætti tölur fyrir svo stutt tímabil og hluta úr mánuðum, en miðað við útborganir fyrir tvo mánuði, sem að mestu falla saman við tímabilið 15. janúar til 15. mars, voru á árinu 1985 um 900 þúsund yfirvinnutímar, en á árinu 1986 um 990 þúsund yfirvinnutímar greiddir starfsmönnum sem taka laun samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Þessi yfirvinna var um 34% af launum 1985 en er nú 37%. Að þó nokkrum hluta er hér um að ræða aukningu sem leiðir af breyttum kjarasamningum við kennara, en að öðru leyti er um að ræða aukið vinnumagn. Það er því augljóst að það hefur á fyrstu mánuðum þessa árs ekki tekist að ná fram þessum sparnaði að því er yfirvinnu varðar og þvert á móti virðist yfirvinna hafa aukist. Því er augljóst að gera verður enn frekari ráðstafanir til þess að spyrna við fótum í þessu efni. Því er nú verið að vinna að bættu eftirliti með vinnumagni og launagreiðslum hjá ríkisstofnunum og er stefnt að því að forstöðumönnum ríkisstofnana verði reglulega gerð grein fyrir því vinnumagni, dagvinnu, yfirvinnu og aukagreiðslum, sem sérhver stofnun hefur notað frá upphafi árs, og þær bornar saman við áætlun fjárlaga. Ætlunin er að ganga eftir því að þær áætlanir verði haldnar.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans, sem voru býsna athyglisverð og sögðu okkur töluverða sögu, og raunar nákvæmlega það sem ég bjóst við, að ítarlegar tillögur voru ekki gerðar og framkvæmdin hefur verið eftir því. Óneitanlega læðist að manni sá leiði grunur að sparnaðaráform ríkisins hvað þetta snertir hafi verið meira sýndarmennska en að alvara hafi legið þar að baki.

Auk þess segir mér svo hugur að þessi markmið séu ekki að öllu leyti samrýmanleg því að ef lögð er áhersla á eitt svið þá dregur það úr líkum á árangri á öðru sviði, þ.e. að ef áhersla er lögð á að endurráða ekki í störf sem losna og ráða ekki fólk til afleysinga hljóti það að koma fram í því að það verði aukning í yfirvinnu. Ég er satt að segja engu vissari eftir svör hæstv. ráðh. en áður um árangur af þessum aðgerðum. En um árangur er vitanlega best að spyrja í árslok.

Sparnaður í rekstri Tryggingastofnunar ríkisins, fsp. 390. mál (þskj. 715). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 715 leyfi ég mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. svohljóðandi:

„Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að mæta 150 millj. kr. sparnaði í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins sem stefnt var að við afgreiðslu fjárlagaársins 1986?"

Til skýringar á fsp. minni vitna ég enn, með leyfi hæstv. forseta, til orða hæstv. fjmrh. við 1. umr. um fjárlög þessa árs, en hann sagði:

„Í sjöunda lagi eru framlög til almanna- og atvinnuleysistrygginga við það miðuð að lækka megi útgjöldin um 250 millj. kr. frá því sem væri að óbreyttu. Gera þarf sérstakar ráðstafanir á þessum sviðum til að ná fram þessum sparnaði."

Á milli 1. og 3. umr. um fjárlögin var hins vegar horfið frá 100 millj. kr. skerðingu til Atvinnuleysistryggingasjóðs, en haldið fast við áform um sparnað í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins eða svo vitnað sé orðrétt í ræðu hv. formanns fjvn. Pálma Jónssonar við

3. umr., með leyfi forseta:

„Standa þá áfram ákvarðanir um að ná skuli sparnaði um 150 millj. kr. í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins af lífeyristryggingum svo sem fjárlagafrv. greinir."

En í grg. með fjárlagafrv. var tekið fram að framlög til lífeyristrygginga mundu lækka um 80 millj. og til sjúkratrygginga um 70 millj. kr.

Hið sama gildir um þessi sparnaðaráform og ýmis önnur að þau fengust aldrei skilgreind né nánar útfærð þótt margsinnis væri eftir því leitað meðan málið var í umfjöllun í nefnd. Reyndar er mér til efs að hægt sé að spara á þessum pósti án þess að skerða þjónustu og í því felast áhyggjur mínar af þessu máli. Þær eiga sér einnig rætur í því að nýlega var ég ásamt fulltrúum annarra þingflokka á flokkakynningu í Menntaskólanum í Kópavogi. Þá var hv. 2. þm. Reykv. spurður hvernig ríkissjóður ætlaði að mæta þeim kostnaðarauka sem hann yrði fyrir vegna þeirra ráðstafana í ríkisfjármálum sem síðustu kjarasamningar byggjast á. Og hv. þm. svaraði: „Við verðum m.a. að borga meira fyrir það sem við fáum frá ríkinu." Ég skrifaði þetta niður eftir honum orðrétt, en því miður var ekki tími til neinna orðaskipta þá þar sem þetta var í lok fundarins og hv. þm. síðastur á mælendaskrá. Er miður að hann skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu núna til að skýra þessi orð, en mér varð óneitanlega hugsað til sparnaðaráformanna í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins sem hér eru á dagskrá.

En við skulum heyra hvað hæstv. fjmrh. hefur að segja sem svar við fsp. minni á þskj. 715.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Svo sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda var ráð fyrir því gert að spara 150 millj. kr. í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins á þessu ári. Heilbr.- og trmrn. var gert að ná fram þessum sparnaði. Af hálfu ráðuneytisins hefur verið bent á að í kjölfar nýrra verðlagsforsendna sé nú þrengra svigrúm en áður til að ná þessum sparnaði fram með hækkun á þjónustugjöldum. Ráðuneytið vekur athygli á því að unnið hefur verið að endurskoðun á heildarskipulagi Tryggingastofnunarinnar og endurskoðun á löggjöf um almannatryggingar og jafnframt sé starfandi starfshópur á vegum ráðuneytisins er vinni að athugun á lyfjakostnaði til þess að ná fram lækkun útgjalda. Af þessu má ráða að niðurstaða er ekki fengin af hálfu heilbrrn. varðandi þennan sparnað.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin sem sanna að enn, þótt fjórðungur fjárlagaársins sé liðinn, hefur ekki verið tekið á þessum málum. Ég held reyndar, vegna þess sem sagt var áðan, að það ætti að vera unnt að ná fram umtalsverðum sparnaði á a.m.k. einu sviði og það er hvað varðar lyfjakostnað sem er stór liður í útgjöldum ríkisins.

Í ár er lyfjakostnaður áætlaður nálægt 700 millj. kr., en auk þess er lyfjakostnaður drjúgur hluti af útgjöldum í rekstri sjúkrahúsa þannig að samanlagt mundi þessi útgjaldaliður nálgast 1 milljarð kr. Nú eru margir þeirrar skoðunar að með samstilltum aðgerðum mætti spara verulega á þessum lið án þess að það komi í nokkru niður á neytendum og ég legg áherslu á að Kvennalistinn hafnar öllum hugmyndum um aukna þátttöku neytenda í heilbrigðisþjónustunni. En læknar hafa sjálfir gagnrýnt það sem þeir kalla óhóflegan lyfjakostnað og bent á að vissum flokkum t.d. sýklalyfja sé ávísað miklu meira en í nágrannalöndum okkar. T.d. hefur Pétur Pétursson læknir á Bolungarvík bent á þetta og fullyrt að notkun sýklalyfja mætti að skaðlausu minnka niður í þriðjung af því sem hún nú er. Mundu við það sparast jafnvel 50–100 millj. kr. á ári. Þá má nefna þá gagnrýni, sem einnig kemur úr röðum lækna, að í mörgum tilvikum sé ávísað á dýr lyf þar sem ódýrari lyf kæmu að sama gagni og hefur verið lagt til að ábendingum um lyfjaverð og lyfjaval yrði dreift til lækna u.þ.b. tvisvar ári til að ná niður kostnaði af þessum sökum. Þá hefur sú gagnrýni oft skotið upp kollinum að sumum læknum sé of laus höndin við ávísun lyfja sem notuð eru sem fíknilyf og með síðbót í þeim efnum mætti draga enn úr lyfjakostnaði ríkisins. Það sakar svo ekki að minna á að ofnotkun fíknilyfja hefur í ofanálag í för með sér ýmsar aukaverkanir sem leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Það er því í mínum huga ekki vafi á að sparnaðaraðgerðir á þessu sviði væru til góðs hvernig sem á er litið. En ég vil leggja enn og aftur áherslu á að hagur neytenda sé hafður í fyrirrúmi og sjúklingar ekki látnir líða fyrir sparnaðaraðgerðir hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Umfang skattsvika, fsp. 402. mál (þskj. 746). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Hinn 3. maí 1984 eða fyrir tæpum tveim árum var samþykkt þáltill. frá þm. Alþfl. um úttekt á umfangi skattsvika. Þessi till. fól í sér að komið yrði á fót starfshópi sem í samvinnu við skattayfirvöld hefði það verkefni að gera grein fyrir og leggja mat á umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar, í öðru lagi hvort skattsvik megi rekja sérstaklega til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina, í þriðja lagi umfang söluskattssvika hér á landi og í fjórða lagi helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir séu vænlegastar til úrbóta. Niðurstöður átti að leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 1985.

Þar sem nú er liðið rúmlega ár frá því að niðurstöður þessa starfshóps áttu að liggja fyrir taldi ég ástæðu til að leggja fsp. fyrir hæstv. fjmrh. um hvort niðurstöður þessa starfshóps, sem vinnur að úttekt á umfangi skattsvika, verði lagðar fyrir Alþingi fyrir þinglok og þar sem senn líður að þinglokum vænti ég þess að ráðherra hafi jákvæð svör við þessari fsp. minni.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Nefnd sú sem hér um ræðir, sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis frá 3. maí, var skipuð í nóvember 1984, en hóf störf í ársbyrjun 1985. Hún hefur lokið starfi sínu og lagt fyrir fjmrh. ítarlega skýrslu um það efni sem hún fékk til athugunar. Hún hefur unnið mikið starf og að mínu mati gert verkinu góð skil. Formaður þessarar nefndar var Þröstur Ólafsson hagfræðingur. Ég ætla að þessi skýrsla verði birt og kynnt almenningi á föstudag og hún verður lögð fram á hinu háa Alþingi fyrir þinglausnir.

Það er ljóst af helstu niðurstöðum nefndarinnar að svo sem mjög hefur verið um rætt mörg undangengin ár er allnokkur dulin atvinnustarfsemi í landinu og skattsvik óeðlilega mikil þó að deila megi um hvort niðurstöður nefndarinnar um það efni séu í samræmi við þær getsakir sem menn hafa haft uppi í því efni. Meginniðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hér á landi sé á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu og ef miðað er við 6% meðaltal nemi þetta um 6,5 milljörðum kr. á árinu 1985 miðað við áætlaða verga landsframleiðslu það ár. Tap hins opinbera að mati nefndarinnar vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts er áætlað um 2,5–3 milljarðar kr. á árinu 1985.

Nefndin telur að engar óyggjandi leiðir séu til að áætla söluskattssvik, en gerir þó ráð fyrir að umfang þeirra hér á landi sé um 11% af skiluðum söluskatti og það jafngildi um 1,2 milljörðum kr. árið 1985.

Samkvæmt niðurstöðunum er helst talið að dulin atvinnustarfsemi eigi sér stað í byggingarstarfsemi, persónulegri þjónustustarfsemi af ýmsu tagi, iðnaði, verslun, veitinga- og hótelrekstri.

Nefndin hefur reynt að gera grein fyrir helstu ástæðum skattsvika, bendir á flókið skattkerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega, frádráttar- og undanþáguleiðir, há skatthlutföll, skattvitund almennings sé tvíbent og auk þess beri að nefna að eflaust eigi tilhneiging til lagasetningar og opinberra hafta á ákveðnum sviðum sinn þátt í örvun til skattsvika.

Í tillögum nefndarinnar til úrbóta er vikið að skattalögum og framkvæmd þeirra og lögð áhersla á einföldun skattalaga og fækkun á undanþágum og afnám margs konar frádráttarliða. Það er lögð áhersla á ákveðnari og markvissari refsingar og þyngri refsingar. Að því er varðar bókhaldslög eru tillögur í ýmsum efnum um herta og ákveðnari framkvæmd og eins að því er varðar skatteftirlitið og framkvæmd þess sjálfs.

Þetta eru í meginatriðum niðurstöður nefndarinnar, en á föstudag verður skýrsla hennar birt í heild sinni.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég fagna því að þessi starfshópur hefur skilað niðurstöðum í þessu máli. Það var vissulega athyglisvert, sem fram kom hjá fjmrh. þar sem hann drap á nokkrar niðurstöður af starfi þessa starfshóps um undandrátt frá skatti, að hann nemi 6,5 milljörðum kr. og að tekjutap ríkissjóðs sé 2,5–3 milljarðar og vegna söluskattssvika 1,2 milljarðar.

Hér er um svo athyglisverða niðurstöðu að ræða að ég tel óhjákvæmilegt, herra forseti, að þingið fái að fjalla um þessa niðurstöðu áður en þinglausnir verða og að hægt sé að ræða á hinu háa Alþingi tillögur til þess að hægt sé að gera stórátak í því að uppræta skattsvik. Þess vegna beini ég því til hæstv. fjmrh. að hann nú þegar geri gangskör að því að leggja umræddа skýrslu fyrir þingið. Hann talar um að kynna almenningi hana n.k. föstudag, en fyrir þinglausnir verði skýrslan lögð fyrir Alþingi. Ég fer fram á það og óska eftir því við hæstv. fjmrh. að þessi skýrsla verði þegar í stað lögð fyrir Alþingi þannig að þm. hafi tíma til að kynna sér hana og fá að ræða hana fyrir þinglausnir.

Það hefur verið unnið nokkuð í tíð þessarar ríkisstj. að aðgerðum gegn skattsvikum. Þær aðgerðir sem hefur verið gripið til hafa byggst á tillögu frá þm. Alþfl. sem samþykkt var hér á Alþingi um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Nokkrir þessara liða hafa þegar komist til framkvæmda, t.d. að auka mannafla hjá skatteftirlitinu, og það hefur þegar skilað árangri því að samkvæmt nýlegum upplýsingum skattrannsóknarstjóra hefur með þessu aukna skatteftirliti tekist að upplýsa skattsvik og um 125 millj. kr. komið inn í ríkissjóð vegna endurálagningar og skattsekta. Ég bendi á þetta vegna þess að það er mjög mikið í húfi að Alþingi taki á þessu máli þegar í stað og að fjmrh. leggi drög að því að skipulögðum aðgerðum verði beitt í þessu máli.

Það voru vissulega athyglisverðar fréttir sem fram komu í sjónvarpi í gærkvöld þar sem fram kom að 37% atvinnurekenda séu undir fátæktarmörkum á móti því að 20% láglaunafólks eru í hópi þeirra sem teljast undir fátæktarmörkum. Þetta þarf vissulega athugunar við.

Ég beini því því til hæstv. fjmrh. að hann sjái til þess að þegar í stað verði þessi skýrsla lögð fyrir Alþingi og að hann stuðli að því og geri það sem í hans valdi stendur til að þm. fái að ræða þessar athyglisverðu niðurstöður, sem hann hefur hér upplýst, fyrir þinglok.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það er rétt að taka fram að ég hef ákveðið að þegar í stað verði hafist handa við undirbúning að því að koma í framkvæmd tillögum þeim sem nefndin leggur til til úrbóta á þessu sviði. Ég er þeirrar skoðunar að það sé útilokað við að una að mat af þessu tagi liggi fyrir um svo umfangsmikil skattsvik í þjóðfélaginu án þess að gripið sé til mjög ákveðinna aðgerða til að freista þess að stemma stigu við þessari mjög svo alvarlegu starfsemi í þjóðfélaginu, ekki einungis vegna þess að ríkið verði af tekjum af þessum sökum heldur líka vegna þess að hér er um að ræða atriði sem leiðir til aukins ójafnaðar í þjóðfélaginu og veldur spillingu og er af þeim sökum einnig óþolandi. Þess vegna verður allt gert til að hrinda í framkvæmd tillögum af því tagi sem nefndin leggur til og ég vænti þess að í byrjun þings á hausti komanda verði hægt að leggja fram þau lagafrv. og þær tillögur til lagabreytinga sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Ég geri ráð fyrir því að þessi skýrsla verði tilbúin til prentunar á morgun. Það hefur ekki enn verið að fullu lokið við frágang á handriti, en ég vænti þess að því verki verði lokið á morgun. Það verður enginn undandráttur á því að leggja skýrsluna fram um leið og því starfi er lokið. Ég er fyrir mitt leyti, ef tími vinnst til, tilbúinn að ræða efni hennar. Hitt skiptir þó meira máli að undirbúa nauðsynlegar breytingar þannig að þær geti komið til umræðu hér og ákvörðunar næsta haust.

Sameinað þing, 75. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl, að loknum 74. fundi.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, 407. mál (þskj. 751).

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með árlegum umræðum um utanríkismál gefst þm. færi

á að ræða um Ísland og íslenska hagsmuni í alþjóðlegu samhengi. Á tímum örtölvutækni og fulkominna samgangna erum við ekki þeir einbúar sem við áður vorum. Stundum virðist þó að ekki hafi allir gert sé grein fyrir þessu. Atburðir í fjarlægum heimsálfum hafa oft á tíðum áhrif á líf okkar ekki síður en annarra jarðarbúa. Við erum þátttakendur í margþættum alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum samtökum og samvinnu, auk tvíhliða samskipta við aðrar þjóðir, sem ekki er aðeins rétt heldur líka nauðsynlegt að fjalla um.

Íslendingar taka þátt í 36 alþjóðasamtökum, að Sameinuðu þjóðunum og hinum 16 sérstofnunum þeirra meðtöldum, sem við erum aðilar að. Íslensk sendiráð og fastanefndir eru í 11 borgum, en við höfum stjórnmálasamband við 80 ríki. Íslenskir sendiherrar eru tilkynntir hjá 59 ríkjum og fastafulltrúar eru hjá allmörgum alþjóða- eða milliríkjastofnunum.

Er ég tók við embætti utanríkisráðherra lýsti ég yfir óbreyttri stefnu ríkisstj. í utanríkismálum og jafnframt lýsti ég yfir að áfram yrði haldið því frumkvæði Íslendinga í öryggis- og varnarmálum sem hafist var handa um í tíð forvera míns, Geirs Hallgrímssonar. Eigi að síður er ljóst að nýjar áherslur fylgja nýjum mönnum og hefur m.a. komið fram að ég muni leggja sérstaka áherslu á þann þátt í störfum utanríkisþjónustunnar er lýtur að stuðningi við útflutningsatvinnuvegina.

Ég mun nú fyrst fara nokkrum orðum um forsendur og framkvæmd íslenskrar utanríkisstefnu, þá ræði ég nánar um þær nýju áherslur í störfum utanríkisþjónustunnar, sem ég gat um, fjalla um afvopnunarmál, starfsemi Sameinuðu þjóðanna, málefni fjarlægra heimshluta og þróunarsamvinnu. Að endingu fer ég fáeinum orðum um utanríkisþjónustuna.

Frá upphafi hefur íslensk utanríkisstefna miðað að því að tryggja frelsi þjóðarinnar og sjálfsákvörðunarrétt í landinu. Vitaskuld hafa margvíslegir þættir haft áhrif á mörkun stefnunnar eða öllu heldur með hvaða hætti henni hefur verið framfylgt. Það hafði mikil áhrif við hvaða aðstæður Íslendingar urðu að taka öll sín mál í eigin hendur snemma í síðari heimsstyrjöldinni. Skyndilega var lítilli þjóð, sem lifði ein í afskekktu landi, kippt inn í átök þar sem barist var um sjálfa undirstöðuna: lýðræði, frelsi og framtíð vestrænnar menningar.

Fram að þeim tíma hafði íslensk utanríkisstefna, að svo miklu leyti sem hún var yfirleitt til, tekið mið af sambandinu við Dani. Saga okkar, sjálfstæðisbaráttan, menningararfurinn, eðli sambandsins við Dani, auk annarra þátta, gerði það að verkum að afstaðan sem Íslendingar voru neyddir til að taka var í hæsta máta eðlileg og rökrétt framhald þeirra forsendna sem ég gat um. Ekkert annað kom til greina en að við Íslendingar skipuðum okkur í sveit með lýðræðisþjóðunum gegn ofríki nasista og síðar kommúnista.

Eftir styrjöldina báru Sovétríkin ægishjálm yfir önnur ríki Evrópu hernaðarlega. Ýmsir atburðir þá urðu þess valdandi að vestræn ríki fundu sig knúin til að mynda með sér varnarbandalag til að verjast þeirri ógnun sem þeim stafaði af útþenslustefnu alræðisaflanna.

Frá því að við tókum framkvæmd utanríkisstefnunnar í eigin hendur hefur öðru fremur þurft að taka mið af öryggishagsmunum. Íslendingar hafa verið aðilar að Norður-Atlantshafsbandalaginu, varnarbandalagi vestrænna þjóða, og með þeim hætti lagt sitt af mörkum til að tryggja frið, en um leið eyða óvissu í okkar heimshluta. Þegar Íslendingar tóku ákvörðun um aðildina að Atlantshafsbandalaginu nutu þeir viturlegrar stefnumörkunar og ákvörðunar um sjálfstæði íslensku þjóðarinnar 1944.

Varnarsamstarfið hefur veitt öllum ríkjum í hinum vestræna heimi það öryggi sem er forsenda efnahagslegra og félagslegra framfara í þessum heimshluta. Rétt er að hafa hugfast að frjáls milliríkjaviðskipti og önnur samvinna vestrænna ríkja hafa átt sér stað innan ramma öflugra varna. Þau ríki í Vestur-Evrópu, sem standa utan varnarsamstarfsins, hafa einnig notið góðs af þeirri samvinnu. Ákvörðun Spánverja um að ganga til liðs við Atlantshafsbandalagið er vitnisburður um aukinn skilning vestrænna þjóða á gildi samstöðu þeirra á sviði varna.

Þegar í upphafi aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu var ljóst að sakir smæðar yrði ekki um beina þátttöku að ræða í hernaðarlegu tilliti. Framlag Íslands hefur verið að leggja til aðstöðu, svonefnd varnarsvæði. Á grundvelli Atlantshafssáttmálans hafa Bandaríkjamenn lagt fram liðsafla og tæki til reksturs varnarstöðvarinnar. Landið hefur lykilhlutverki að gegna hvað varðar tengsl aðildarríkja bandalagsins annars vegar í Norður-Ameríku og hins vegar í Vestur-Evrópu og eftirlit með samgönguleiðum í lofti, á legi og neðansjávar.

Á undanförnum árum hafa miklar breytingar átt sér stað á höfunum umhverfis Ísland. Sovéski flotinn hefur á þessum tíma breyst úr tiltölulega veikburða strandvarnaflota í stærsta úthafsflota veraldar. Öflugastur fjögurra flota Sovétríkjanna er norðurflotinn sem hefur bækistöð sína á Kólaskaga. Þar hafa einnig bækistöð ⅔ hlutar þeirra kafbáta Sovétmanna sem bera langdræg kjarnavopn.

Þessi flotastyrkur er ekki aðeins ógnun við samgönguleiðir Atlantshafsbandalagsins heldur og við öryggi Íslands. Yfirráð á höfunum varða eyþjóð eins og okkur afar miklu. Það snertir siglingar okkar eigin skipa og aðdrætti til landsins. Aukin umsvif norðurflotans, á sama tíma og flotaveldi Atlantshafsríkjanna hefur minnkað, eru alvarlegt umhugsunarefni.

Flotaæfingar norðurflotans undan ströndum Íslands á s.l. sumri undirstrika hernaðarlegt mikilvægi landsins. Það mikilvægi ræðst öðru fremur af landfræðilegri legu þess í Norður-Atlantshafi. Varnarliðið eitt sér, eða annar varnarviðbúnaður hér á landi, eykur hvorki né dregur úr hernaðarlegu mikilvægi landsins. Varnarliðið hefur á hinn bóginn afgerandi áhrif á aðstöðu Atlantshafsbandalagsins til að fylgjast með hernaðarumsvifum umhverfis Ísland. Mikilvægt er því að varnarliðið sé ávallt búið bestu tækjum sem völ er á hverju sinni, en um bætta aðstöðu varnarliðsins og framkvæmdir á vegum þess er fjallað í sérstökum kafla skýrslunnar.

Reynslan hefur ráðið miklu um afstöðu okkar Íslendinga í öryggis- og varnarmálum, en sú afstaða hvílir líka á staðreyndum. Af reynslunni drögum við þann lærdóm að varnarsamstarf vestrænna ríkja hefur tryggt okkur frið og öryggi í landinu. Af staðreyndunum drögum við þá ályktun að samstarfsins sé enn þörf, ekki síst vegna ógnvekjandi uppbyggingar sovéska norðurflotans. Reynslan af útþenslustefnu Sovétríkjanna var kveikjan að stofnun Atlantshafsbandalagsins. Staðreyndin er að hernaðarmáttur Sovétríkjanna er margfalt meiri nú en við lok heimsstyrjaldarinnar.

Eins og ég vék að hér að framan drögum við Íslendingar þann lærdóm af sögunni að miklu varðar fyrir heill þjóðarinnar hver ræður höfunum umhverfis Ísland. Við höfum notið góðs af greiðum og frjálsum samgöngum að og frá landinu. Þessu frelsi okkar stafar ógn af gífurlegri flotauppbyggingu Sovétríkjanna, þar sem það er staðreynd að þau stefna að því leynt og ljóst að færa áhrifasvæði sitt út á heimshöfunum.

Íslensk utanríkisstefna birtist einnig með öðrum hætti. Vil ég í því sambandi minna annars vegar á viðskiptamálin og hins vegar á landhelgisbaráttuna. Í þeirri baráttu fóru hagsmunir okkar ekki saman við hagsmuni sumra bandalagsþjóða okkar í Atlantshafsbandalaginu. Þá sýndi það sig að samstarf Atlantshafsþjóðanna var okkur styrkur.

Ég undirstrika í þessu sambandi að þótt Íslendingar taki sjálfsagt tillit til sameiginlegra hagsmuna ríkja Atlantshafsbandalagsins í öryggis- og varnarmálum stöndum við fast á okkar eigin hagsmunum þegar svo ber undir. Það gerðum við í landhelgismálinu og það gerum við einnig í öðrum málum þótt minni séu að umfangi. Flutningar fyrir varnarliðið að og frá landinu eru dæmi um þetta, en um þá flutninga hafa staðið deilur vegna einokunar bandarísks skipafélags á flutningunum. Í skýrslunni kemur fram að í þessu máli hafa Íslendingar sýnt mikla biðlund sem senn er á þrotum. Ég hef gert Bandaríkjastjórn grein fyrir því að þessu ástandi verði að linna án tafar, enda er núverandi fyrirkomulag hjá Bandaríkjamönnum algjörlega andstætt þeim frjálsu viðskiptaháttum sem báðar þjóðirnar aðhyllast.

Um langan aldur höfum við Íslendingar tekið þátt í samstarfi og samvinnu norrænna þjóða. Samstarfið hefur farið fram á vettvangi Norðurlandaráðs síðan 1952, en um starfsemi ráðsins er árlega fjallað í sérstakri skýrslu til Alþingis sem nú hefur verið lögð fram. Landfræðileg lega Íslands gerir það hins vegar að verkum að framkvæmd öryggismála okkar verður að vera með öðrum hætti en annarra þjóða á Norðurlöndum. Eigi að síður eru þjóðirnar oft sammála um grundvallaratriði alþjóðamála og koma þá fram sem ein heild. Utanríkisráðherrar landanna hittast reglulega og bera saman bækur sínar. Enn fremur er náið og reglubundið samstarf milli embættismanna utanríkisráðuneyta Norðurlandanna, milli fastanefnda þeirra hjá alþjóðasamtökum og starfsmanna sendiráða. Þessi samráð gera hinni fámennu utanríkisþjónustu okkar kleift að sinna mikilvægum verkefnum betur en ella.

Við Íslendingar erum aðilar að hinu margvíslega samstarfi Sameinuðu þjóðanna. Ég orða það svo í skýrslunni, sem hér er til umræðu, að smáþjóðum, sem ekki hafa yfir eigin herafla að ráða, sé augljóslega mikill styrkur að því að virðing sé efld fyrir alþjóðalögum. Með virkri þátttöku innan Sameinuðu þjóðanna hafa Íslendingar lagt sitt af mörkum til að svo megi verða. Hefur það verið stefna íslenskra stjórnvalda að leggja lið hverjum þeim hugmyndum, er stuðlað gætu að eflingu öryggisráðs og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á vettvangi friðargæslu og afvopnunarmála, en að þessum málum, svo og málefnum Sameinuðu þjóðanna, mun ég víkja á eftir.

Með enn öðrum hætti hafa Íslendingar verið aðilar að því að treysta virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða og einstaklinga. Ég minni í því sambandi á að á s.l. ári voru tíu ár liðin frá undirritun Helsinki-samþykktarinnar, en veigamikill þáttur hennar eru skuldbindingar aðildarríkja um að virða *mannréttindi*. Því miður skortir mikið á að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt og áfram verður haldið að ganga eftir efndum.

Af öllu framansögðu er ljóst að Íslendingar hafa rekið ábyrga utanríkisstefnu á þeim tæpa mannsaldri sem þeir hafa haft forsjá þeirra mála í eigin höndum. Utanríkisstefnan hefur m.ö.o. tryggt þeim fullt frelsi og sjálfsákvörðunarrétt í landinu.

Utanríkisviðskipti eru snar þáttur alþjóðaefnahagsmála og fer mikilvægi þeirra vaxandi. Þá eykst þýðing svæðasamstarfs á borð við Efnahagsbandalag Evrópu, en það hvetur okkur Íslendinga til að halda vöku okkar þar sem við eigum allt okkar undir frelsi í milliríkjaviðskiptum.

Í inngangi skýrslunnar um utanríkismál segir að utanríkisþjónustan verði aðlöguð stefnuatriðum sem fram koma í frv. um útflutningsráð sem er til umræðu í hv. Ed. Alþingis.

Í fyrsta lagi verði gert átak í kynningar- og markaðsmálum í samvinnu og samráði við viðskrn. og Útflutningsráð Íslands. Fyrirhugað er að ráða sérstakan markaðsfulltrúa í þau sendiráð sem þurfa þykir. Það er mjög vænlegt til árangurs að veita slíkum viðskiptafulltrúum stöðu opinberra erindreka. Það opnar margar dyr og ætti einnig að horfa til hagkvæmni og sparnaðar. Vænti ég mikillar samstöðu um þetta mál, enda veit ég að þær þjóðir, sem lengst hafa náð á sviði alþjóðaviðskipta hin síðustu ár, hafa rekið mjög árangursríka viðskiptastefnu í samvinnu útflutningsfyrirtækja og stjórnvalda.

Í þessu sambandi má benda á að norska utanríkisþjónustan hefur í náinni samvinnu við útflutningsráð Noregs unnið mikið starf við kynningar- og sölumál vegna fiskeldis þar í landi. Við Íslendingar erum að feta okkur inn á þá braut líka og mikið verk er óunnið í markaðsmálunum, þar sem utanríkisþjónustan getur og á að gegna veigamiklu hlutverki. Það hlutverk felst m.a. í öflun upplýsinga um markaðsmöguleika og tækniþróun í umdæmum sendiráða auk almennrar kynningar á Íslandi og íslenskri framleiðslu.

Í öðru lagi verði unnið að mörkun framtíðarstefnu gagnvart mjög auknu stjórnmálalegu og efnahagslegu samstarfi ríkja Efnahagsbandalags Evrópu. Hinn 1. janúar s.l. urðu bæði Spánn og Portúgal aðilar að bandalaginu og þar með er um helmingur utanríkisviðskipta okkar við Efnahagsbandalagsríkin, þ.e. 48,8% heildarútflutnings og 52,7% heildarinnflutnings. Það þarf að vinna að nánari viðskiptum Íslands og bandalagsins, í framhaldi af sameiginlegum yfirlýsingum ráðherra EFTA- og EBE-landanna í Lúxemborg árið 1984.

Það er afar nauðsynlegt af viðskiptaástæðum að fylgjast náið með málefnum bandalagsins og fyrsta skrefið í þá átt verður að efla skrifstofu fastafulltrúa okkar hjá bandalaginu. Ég hef í gær ritað bréf til sendiherra okkar í Brussel og falið honum að kanna með hvaða hætti þetta verði best gert.

Í þriðja lagi verði gerð sérstök athugun á fyrirkomulagi utanríkis- og viðskiptaþjónustu okkar í Asíu og með hvaða hætti auka megi viðskipti okkar þar. Markaður okkar í Asíu, þá sér í lagi Japansmarkaður, er nú þegar mikilvægur fyrir íslenskar afurðir og framleiðslu og þar eru taldir vera miklir framtíðarmöguleikar. Ég vil minna á að japanska stórfyrirtækið Sumitomo er í

samstarfi við Íslendinga um rekstur járnblendiverksmiðjunnar og við hljótum að horfa til aukins samstarfs við Japana á sviði orkuvinnslu og hátækni.

Undanfarna tvo áratugi hefur það verið mikilvægt stefnuatriði Atlantshafsbandalagsins að ná samningum um niðurskurð vígbúnaðar undir raunhæfu, framkvæmanlegu eftirliti. Traustar varnir eru eftir sem áður undirstöðuatriði í tilraunum bandalagsins til að koma á eðlilegum samskiptum milli austurs og vesturs. Þessi stefna var mörkuð árið 1967. Hún felst annars vegar í traustum vörnum og hins vegar í slökun spennu. Áhersla er lögð á að niðurskurður vopnabúnaðar skuli framkvæmdur með þeim hætti að hann raski ekki heldur auki á öryggi. Yfirlýsingar um einhliða afvopnun væru til þess fallnar að ýta undir óvissu í okkar heimshluta og gætu þannig haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ábyrg umræða og áætlunargerð um afvopnun hlýtur að taka mið af gagnkvæmni, jafnvægi, traustu eftirliti, sem aðilar sætta sig við, og eins litlum viðbúnaði og mögulegt er.

Mikilvægt er að menn líti á afvopnun í samhengi og geri sér grein fyrir gangi sögunnar. Hernaðaruppbygging eftirstríðsáranna átti rætur sínar í djúpstæðum hugmyndafræðilegum skoðanamun risaveldanna. Fram hjá þeim mun verður ekki gengið. Það er t.d. ekki hægt að horfa fram hjá mannréttindabrotum og hernaðarlegri ævintýramennsku í þriðja heiminum. Af framangreindum sökum binda Íslendingar, Norðmenn og fleiri þjóðir í Atlantshafsbandalaginu miklar vonir við Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu. Eitt helsta einkenni Helsinki-samþykktarinnar er sú áhersla sem lögð er á jafnvægi milli ólíkra þátta hennar: meginreglnanna í samskiptum ríkjanna 35 og aðgerðir til að skapa gagnkvæmt traust, samvinnu á sviði efnahagsmála, vísinda-, tækni- og umhverfismála og samvinnu um mannúðarmál og á öðrum sviðum, m.a. á mennta- og menningarsviðum.

Í sérstökum kafla Helsinki-samþykktarinnar var fjallað um áframhaldsaðgerðir, en með þeim kafla má segja að samþykktin hafi fengið stjórnmálalegt hreyfiafl. Sovétmenn sættu sig við mannréttindakafla Helsinki-samþykktarinnar og ýmislegt annað, sem þeim þótti lítt ákjósanlegt, enda var þeim mjög í mun að fá landamæri í Evrópu viðurkennd. Þeir töldu samþykktina koma í stað landamærasamninga eftir heimsstyrjöldina. Þetta sjónarmið hefur orðið þeim nokkuð þungt í skauti því að aldrei hefur á alþjóðavettvangi verið meira fjallað um mannréttindi í Austur-Evrópu en á árunum eftir 1975.

Á þeim áratug, sem liðinn er frá undirritun Helsinki-samþykktarinnar, hafa verið haldnir tveir framhaldsfundir til að fylgjast með og bæta framkvæmd hennar. Hinn fyrri var haldinn í Belgrad veturinn 1977–1978 og hinn síðari í Madrid á árunum 1980–1983. Þriðji framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu hefst í Vínarborg síðar á þessu ári. Vonast er til að þar geti legið fyrir einhverjar niðurstöður Stokkhólmsráðstefnunnar um traustvekjandi ráðstafanir til afvopnunar í Evrópu, en óvissa ríkir enn þá um hvort það tekst.

Miklar vonir eru bundnar við samningaviðræður risaveldanna í Genf. Slíkar vonir fengu byr undir báða vængi undir lok síðasta árs, þegar leiðtogar ríkjanna, þeir Ronald Reagan og Mikhail Gorbatsjoff, áttu með sér fund í Genf. Það var í fyrsta skipti í langan tíma sem leiðtogar risaveldanna hittust að máli. En það er ýmislegt sem bendir til að fullmikillar bjartsýni hafi gætt í kjölfar þessa fundar. Eigi að síður ber að fagna því að ríkin tvö eru farin að ræðast við á nýjan leik og að Sovétmenn komu loks til samningaviðræðna í Genf eftir að hafa gengið frá samningaborðinu fyrir þremur árum.

Í Genfarviðræðum risaveldanna er fengist við þrennt, meðaldrægar og langdrægar kjarnaflaugar, auk geimvopna. Vonir eru bundnar við að unnt verði að komast að samkomulagi um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna og fjarlægja úr Evrópu allar meðaldrægar kjarnaflaugar. Það hefur valdið vissum erfiðleikum að Sovétmenn hafa sett það skilyrði að Bandaríkjamenn hættu rannsóknum á geimvörnum. Þá hafa Sovétmenn krafist þess að Bandaríkjamenn hættu öllum tilraunum með kjarnavopn nú þegar, eftir að hafa sjálfir nýlokið umfangsmiklum og áralöngum tilraunum með kjarnavopn á sama tíma og Bandaríkjamenn héldu að sér hendinni í þeim efnum.

Mikill áherslumunur er á afstöðu risaveldanna. Á sama tíma og Bandaríkjamenn leggja mikið upp úr jafnvægi í niðurskurði og öruggu eftirliti setja Sovétmenn bann við rannsóknum á geimvopnum að frumskilyrði, þótt þeir sjálfir hafi stundað slíkar rannsóknir um árabil.

Fengist er við afvopnunarmál á fleiri stöðum. Viss teikn eru á lofti sem lofa góðu um árangur í viðræðum á vegum Sameinuðu þjóðanna varðandi sýkla- og efnavopn. Enn fremur er hreyfing í samkomulagsátt, að því er virðist, í viðræðum austurs og vesturs í Vínarborg um gagnkvæma fækkun hefðbundins herafla í Mið-Evrópu þótt enn sé þar við mikinn vanda að glíma.

Áður en ég læt lokið umfjöllun minni um afvopnunarmál vil ég geta tveggja hugmynda sem töluvert hafa verið ræddar hér á landi á undanförnum árum. Það er annars vegar vegna tillöguflutnings á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um „frystingu" kjarnavopna og hins vegar hugmyndar, sem hreyft hefur verið, um að lýsa því yfir að Norðurlönd séu kjarnavopnalaust svæði.

Um fyrri hugmyndina get ég verið stuttorður þar sem ég fjallaði um hana í ræðu á Alþingi hinn 11. febrúar s.l. og einnig er um hana fjallað í skýrslu þeirri sem við hér ræðum. Ég vil þó geta þess, að við munum halda áfram tilraunum til að fá texta frystingartillögu Mexíkómanna, Svía og fleiri þjóða breytt þannig að við getum stutt hana. Ísland var meðflutningsaðili að tillögum á sviði afvopnunarmála sem samþykktar voru á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Kappkostað hefur verið að veita þar brautargengi þeim sjónarmiðum sem við höfum talið raunhæfust í þessum margflókna málaflokki.

Varðandi síðari hugmyndina hefur danska þjóðþingið átt frumkvæði að tillögu um að skipuð verði norræn embættismannanefnd til að kanna og koma með tillögur um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Í ályktun Alþingis hinn 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum er hvatt til að könnuð verði samstaða og grundvöllur fyrir samningum um kjarnavopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, er sé liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og spennu. Eins og fram kom í umræðum á Alþingi um ályktunina er með Norður-Evrópu átt við lönd í norðanverðri álfunni frá Úralfjöllum til austur-

strandar Grænlands. Slíkt svæði tæki til hlutlausra ríkja og ríkja í Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu. Einnig gerir ályktunin ráð fyrir að utanrmn. kanni, í samráði við utanrrh., hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðum um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Þannig tengir ályktun Alþingis umræðuna um kjarnavopnalaus Norðurlönd víðtækara samkomulagi, enda eru Norðurlönd kjarnavopnalaus.

Sovétmenn hafa hins vegar komið upp belti kjarnaflauga sem m.a. er miðað á Norðurlönd. Auk kjarnavopna hafa þeir komið fyrir fjölmennum herjum og miklum birgðum hefðbundinna vopna í nágrenni Norðurlanda. Á sviði hefðbundinna vopna er um gífurlega yfirburði Sovétmanna að ræða. Fælingarstefna Atlantshafsbandalagsins, sem m.a. byggir á kjarnavopnum, tryggir öryggi aðildarlandanna, þar á meðal Íslands, Noregs og Danmerkur, gegn þessum hernaðarmætti. Það hlýtur að vera ein af forsendunum fyrir samkomulagi um kjarnavopnalaust svæði að jafnvægi ríki á sviði hefðbundinna hergagna.

Ég legg áherslu á þann þátt í ályktun Alþingis að í umræðu um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum sé tekið tillit til stærra svæðis en Norðurlanda. Einnig vil ég árétta að ríki Atlantshafsbandalagsins starfa sem heild í öryggis- og varnarmálum. Vettvangur umræðu um kjarnavopnalaust svæði í Norður-Evrópu er fyrst og fremst innan Atlantshafsbandalagsins. Tel ég afar mikilvægt, með tilliti til íslenskra öryggishagsmuna, að Íslendingar standi vörð um þessa grundvallarstarfsreglu Atlantshafsbandalagsins.

Ég vík nú máli mínu að málefnum Sameinuðu þjóðanna, en á liðnu ári hefur einkum tvennt sett mark sitt á starfsemi samtakanna. Það er í fyrsta lagi 40 ára afmæli samtakanna, sem haldið var hátíðlegt á síðasta allsherjarþingi, og í öðru lagi afar bágur fjárhagur samtakanna sem er ýmsum mikið áhyggjuefni og var m.a. ítarlega rætt á vorfundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í Stokkhólmi í síðustu viku.

Stofndagur Sameinuðu þjóðanna er 24. október 1945. Þar sem Ísland var ekki stofnaðili, en gekk í samtökin 19. nóvember 1946, verður 40 ára afmælis aðildar Íslands minnst síðar á þessu ári.

Afmælishátíð Sameinuðu þjóðanna var ætlað að ljúka með einróma yfirlýsingu. Hún átti að lýsa vilja aðildarríkjanna til að framfylgja sáttmála þeirra og ítreka stuðning við samtökin. En enn einu sinni var það Palestínumálið, sem kom í veg fyrir samkomulag, þannig að ekkert varð af yfirlýsingu. Setti þetta nokkurn skugga á hátíðarhöldin.

Á allsherjarþinginu voru í fyrsta sinn fordæmd brot á mannréttindum í Afganistan og Íran. Tillögur um fordæmingu íhlutunar í Afghanistan og Kampútseu og kröfur um að herir Sovétríkjanna og Víetnams hafi sig á brott úr þessum ríkjum voru samþykktar með fleiri atkvæðum en nokkru sinni fyrr. Umræðum um stríð milli Írans og Íraks var frestað og ekki náðist samkomulag um tillögur um ástandið í Mið-Ameríku.

Af ályktunum þingsins er sérstaklega ástæða til að vekja athygli á einróma ályktun um fordæmingu hryðjuverka, hver sem stendur á bak við þau og hvar sem þau eiga sér stað. Öryggisráðið hefur einnig gert samþykkt um fordæmingu mannrána og töku gísla.

Allsherjarþingið lýsti árið 1986 alþjóðlegt friðarár og er tilgangur ársins m.a. sá að leggja áherslu á hlutverk samtakanna í alþjóðlegri friðar- og öryggisgæslu. Í tilefni friðarársins hafa stjórnvöld ákveðið að styrkja Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi til kynningar á starfi samtakanna að friðarmálum og hafa lagt tillögur fyrir félagið í því sambandi. Alþjóðlega friðarársins verður minnst sérstaklega síðar á árinu, um það leyti er 40 ár verða liðin frá inngöngu Íslands í Sameinuðu þjóðirnar, en kynning á starfsemi samtakanna, skipulögð af menntmrn., hefur þegar verið hafin í skólum.

Sameinuðu þjóðirnar hafa átt við fjárhagsörðugleika að stríða s.l. tvo áratugi. Gífurlegur halli hefur verið á rekstri stofnunarinnar árum saman. Á síðasta ári nam hann rúmum 390 millj. bandaríkjadala. Mörg ríki greiða seint og illa skylduframlög sín og skulda jafnvel framlög fyrir tvö ár eða meira. Þessar skuldir bera enga dráttarvexti, en vextir eru háir á hinum alþjóðlega lánamarkaði og þetta bil hafa Sameinuðu þjóðirnar þurft að brúa með lánum. Stærsti hluti hallans stafar af því að greiðslur eru ekki inntar af hendi til friðargæsluliða Sameinuðu þjóðanna. Skuldugustu aðildarríkin eru Austur-Evrópulöndin sem neita að greiða fyrir vissa starfsemi samtakanna.

Allsherjarþingið samþykkti skipan 18 manna nefndar til að gera tillögur um lausn fjárhagsvandans og bættan rekstur samtakanna. Þessi nefnd mun öðru fremur móta tillögur um haldbæra lausn til langs tíma en ekki takast á við þann bráða vanda sem leysa verður á þessu ári.

Þótt ófriðvænlega horfi víðs vegar í heiminum hafa eigi að síður orðið ýmsir þeir atburðir á liðnu ári sem uppörvandi verða að teljast. Vil ég þar öðru fremur nefna tvo atburði: Annars vegar sigur lýðræðisaflanna á Filippseyjum þar sem gerspillt stjórn Marcosar varð að hrökklast frá völdum við lítinn orðstír. Hinn atburðurinn var flótti Duvaliers frá Haiti, en sá atburður markaði lokin á áratuga langri harðstjórn Duvalierfeðga í þessu fátækasta ríki Mið-Ameríku.

Þróun í málefnum fjarlægra heimshluta hefur að öðru leyti verið svipuð og undangengin ár. Þannig ríkir sama ófremdarástandið í Suður-Afríku þar sem meiri hluti íbúanna verður enn sem fyrr að sæta ofríki og mannréttindaskerðingu af hálfu hins ráðandi minni hluta hvítra manna.

Afstaða íslenskra stjórnvalda til málefna Suður-Afríku er í samræmi við samþykkt utanríkisráðherra Norðurlanda um ráðstafanir gegn Suður-Afríku sem birt var eftir fund þeirra í Osló 17. og 18. okt. s.l. Íslensk stjórnvöld líta svo á að kynþáttaaðskilnaðarstefna Suður-Afríkustjórnar brjóti í bága við mannréttindaákvæði Sameinuðu þjóðanna og vilja stuðla að því að horfið verði frá aðskilnaðarstefnunni með friðsamlegum hætti.

Aðskilnaðarstefnan, sem er bundin í stjórnlög í Suður-Afríku, hefur verið fordæmd víðast hvar í hinum siðmenntaða heimi. Á s.l. sumri samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tillögu sem hvatti til refsiaðgerða gegn Suður-Afríku. Samkomulag hefur á hinn bóginn ekki orðið í öryggisráðinu um samræmdar ráðstafanir, svo sem algert viðskiptabann. Það ýtir síðan enn undir ólguna á svæðinu að Suður-Afríkustjórn hefur ekki verið fáanleg til að láta Namibíu af hendi þar sem stjórnin telur að samþykktir Sameinuðu þjóðanna um sjálfstæði Namibíu séu háðar því að herlið Kúbumanna hverfi á brott frá Angóla og nýtur í því efni stuðnings

Bandaríkjastjórnar.

Þrátt fyrir að málefnum Suður-Afríku hafi eðlilega verið mikill gaumur gefinn má ekki gleyma að almenn þegnréttindi eru fótum troðin víðar í Afríku. Af tæplega 50 ríkjum álfunnar eru þau ríki teljandi á fingrum annarrar handar sem umbera stjórnarandstöðu eða gera almenningi kleift að hafa áhrif á stjórnarákvarðanir. Í flestum hinna er aðeins leyfður einn stjórnmálaflokkur, flokkur valdhafanna, og eru fjölmiðlar að meira eða minna leyti undir stjórn þeirra. Útbreidd spilling er meðal valdhafa í mörgum Afríkuríkjum og er það ein ástæða þess hörmungarástands sem víða ríkir í álfunni í efnahagslegu, félagslegu og stjórnmálalegu tilliti.

Vandi Nígeríumanna ætti að vera okkur Íslendingum nærtækt dæmi um ástandið í löndum Afríku. Fyrir aðeins fimm árum var Nígería þriðja helsta viðskiptaþjóð Íslendinga, en á árinu 1981 fóru þangað 13% alls útflutnings okkar. Vegna alvarlegra stjórnmálalegra, en þó ekki síður efnahagslegra þrenginga í landinu hefur ekki reynst mögulegt að selja þangað skreið undanfarin ár.

Nígeríumenn standa í svipuðum sporum og önnur Afríkuríki. Útflutningur landsmanna er afar einhæfur og háður miklum verðsveiflum á alþjóðlegum mörkuðum. Verðfall á olíuvörum að undanförnu kemur til með að auka enn á vanda Nígeríumanna, en helsti útflutningur þeirra hefur einmitt verið olía.

Á árinu 1984 varð algert neyðarástand í mörgum Afríkuríkjum vegna matvælaskorts. Verst er ástandið á þurrkasvæðunum þar sem þúsundir manna dóu úr hungri. Ríkisstjórnir og hjálparstofnanir komu til bjargar og veittu fólki í Eþíópíu og Súdan aðstoð sem nam um 50 millj. bandaríkjadala eða 21 milljarði ísl. kr. Þjóðartekjur á mann hafa rýrnað mjög í ríkjum Afríku og hafa tólf þeirra lægri þjóðartekjur á mann en þegar þau hlutu sjálfstæði. Barnadauði er margfalt tíðari í Afríku en í þróunarríkjum annars staðar og um helmingur vinnufærra manna er atvinnulaus eða hefur ónóga atvinnu.

Ýmislegt veldur því að aðstæður almennings í Afríku eru erfiðar. Þar koma til ástæður eins og spillt stjórnarfar, sem ég nefndi áðan, og einnig þættir eins og einhæf framleiðsla og verðsveiflur á heimsmörkuðum. Annaðhvort þarf að tryggja þessum ríkjum sanngjarnt verð fyrir framleiðslu sína, t.d. með endurskoðun á niðurgreiðslum á framleiðslu í iðnríkjum, eða hjálpa þeim að vinna frekar úr afurðum sínum og hráefnum til sölu á markaði í iðnríkjum.

Við Íslendingar leggjum þjáðum þjóðum þriðja heims lið í þrengingum þeirra með neyðaraðstoð og þróunarsamvinnu. Í sérstökum kafla skýrslunnar er fjallað um þróunarsamvinnu. Þar kemur fram að framlag af ríkisfé til þessara mála nam á s.l. ári rúmum 77 millj. kr. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 85,5 millj. kr. sem er undir 0,1% af þjóðarframleiðslu Íslendinga. Vantar því jafnmikið og áður á að náð sé því marki sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér, þ.e. að ríkisfé sem nemur 0,7% þjóðarframleiðslu verði varið til þessara mála. Danir, Norðmenn og Svíar eru komnir fram úr þessu marki og Finnar hafa aukið framlög sín verulega ár frá ári.

Alþingi lýsti yfir s.l. vor vilja sínum í þessum efnum með þál. þar sem sagði, með leyfi forseta: „Á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar á þróunarríkjum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu.“ Með ályktuninni markar Alþingi ákveðna stefnu í þessu efni. Mestu varðar þó að efnahagsaðstæður skapi skilyrði til að henni verði sem dyggilegast framfylgt. Þær fregnir, sem sífellt berast af örbirgð í þróunarríkjunum, eru hvatning til að láta ekki deigan síga.

Ófriður og efnahagsörðugleikar hafa um langt skeið hamlað þróun lýðræðislegra stjórnarhátta í Mið-Ameríku ekki síður en í Afríku. Í þremur ríkjum af sjö geisar borgarastyrjöld enn: í Guatemala, El Salvador og Nicaragua. Hafa átök þessi komið í veg fyrir nauðsynlega efnahagslega uppbyggingu, en útbreidd fátækt jafnframt kynt undir ófriðarbálinu.

Athygli heims hefur þó einkum beinst að Nicaragua, en þar hefur þróun mála orðið mörgum áhyggjuefni. Þrátt fyrir að kosningar hafi verið haldnar í nóvember 1984 er engin virk stjórnarandstaða leyfð í landinu. Í október s.l. afnam stjórn sandinista öll borgaraleg þegnréttindi og bar við að nauðsyn bæri til vegna utanaðkomandi afskipta af málefnum landsins. Óhætt er að fullyrða að stjórn Sandinista mun reynast erfitt að ávinna sér traust á Vesturlöndum meðan hún efnir ekki fyrirheit um að greiða götu lýðræðis og hafnar öllum viðræðum við „contra“-skæruliða.

Sjónarmið íslenskra stjórnvalda hefur verið að forðast bæri tilraunir til hernaðarlegra lausna á ástandinu í Mið-Ameríku en að reynt skuli til hins ýtrasta að koma á friði með samningum. Af þessum sökum hefur Ísland lýst yfir stuðningi við frumkvæði Contadora-ríkjanna, en ríki þessi hafa leitast við að koma á viðræðum milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Nicaragua annars vegar og milli stjórnar Nicaragua og grannríkja hins vegar.

Árangurinn af starfi Contadora-hópsins hefur þó verið minni en vonir stóðu til og veldur þar miklu djúpstæður ágreiningur Bandaríkjamanna og stjórnar sandinista. Í maí á s.l. ári settu Bandaríkjamenn viðskiptabann á Nicaragua, en höfðu áður slitið viðræðum ríkjanna í Manzanillo.

Á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var Ísland meðal þeirra ríkja er fordæmdu viðskiptabannið, enda var það og er skoðun ríkisstj. að slíkar aðgerðir séu lítt vænlegar til árangurs, auk þess sem þær torvelda friðarumleitanir Contadora-ríkjanna á svæðinu. Þegar rætt er um tálmanir í vegi Contadora-áætlunar beinist þó athyglin ekki síður að framferði stjórnar sandinista. Vil ég í því sambandi benda sérstaklega á að í Nicaragua eru fleiri erlendir hernaðarráðgjafar og mun meiri vígbúnaður en nágrannar á svæðinu telja réttlætanlegt með tilliti til varnar landsins einvörðungu.

Ófriðlega horfir víðar hér í heimi. Stríð Írana og Íraka geisar sem fyrr, en friðarumleitanir stranda á þeirri kröfu Írana að Hussein Íraksforseti verði rekinn frá völdum. Ekkert lát er heldur á hernaði Sovétmanna í Afghanistan sem stökkt hefur milljónum Afgana á flótta úr landi sínu og leitt ósegjanlegar hörmungar yfir þá sem eftir eru. Þá er engin lausn í sjónmáli í Kampútseumálinu, en stjórn Heng Samrins í Phnom Penh situr í skjóli Víetnama í landinu.

Enn er barist í Líbanon og ekki sér fyrir endann á borgarastríðinu sem geisað hefur á annan áratug í landinu. Friðarumleitanir í deilu Ísraela og Araba eru í sömu sjálfheldu og ávallt áður. Ófriðurinn í Austur-

löndum nær teygir sig langt út fyrir þennan hrjáða heimshluta, en um það eru nýleg hryðjuverk hryggileg dæmi.

Það er mikið áhyggjuefni með hvaða hætti Gaddafi í Líbýu hefur veitt alþjóðlegum hryðjuverkamönnum hæli og stuðning. Það er í ljósi þess stuðnings, sem árás Bandaríkjanna á Líbýu er skýrð af þeim, þar sem Bandaríkjamenn telja sig hafa óyggjandi sannanir um aðild Líbýustjórnar að öldu hryðjuverka að undanförnu. Harma ber þá árás þar sem hún getur leitt til frekari átaka og haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Aðgerðin er ekki til þess fallin að uppræta hryðjuverk, eins og fram kemur í samþykkt ríkisstj. frá því í morgun, en ég vil, með leyfi forseta, lesa hana hér upp:

„Ríkisstj. harmar árás Bandaríkjamanna á Líbýu. Telur hún slíkar hernaðaraðgerðir ekki til þess fallnar að uppræta hryðjuverk. Um leið fordæmir ríkisstj. þráláta hryðjuverkastarfsemi, m.a. með stuðningi Líbýustjórnar, sem leitt hefur til þessarar árásar.

Hvetur ríkisstj. þjóðir heims til samræmdra aðgerða gegn hryðjuverkum með nýju átaki og minnir á samþykkt 40. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um fordæmingu á hryðjuverkum. Lýsir hún yfir þeirri von að ekki komi til frekari átaka sem haft gætu í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar."

Við lifum því miður á tímum alþjóðlegra hryðjuverka þar sem hvaða land sem er getur fyrirvaralaust orðið vettvangur ofbeldisverka svo sem dæmin sanna. Ég tel mjög mikilvægt að Íslendingar gæti eigin öryggis að þessu leyti og hef lagt til í ríkisstj. að kannað verði ítarlega með hvaða hætti nágrannaþjóðir okkar, einkum Danir og Norðmenn, hagi innra öryggi sínu og að það verði tekið til fyrirmyndar hér að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa og krefjast. Þessi mál heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti. Því hef ég lagt til að ríkisstj. skipi nefnd til að meta stöðu þessara mála. Nefndinni væri ætlað að skila tillögum um hvernig yfirstjórn og samræming ráðstafana til eflingar innra öryggis skuli fyrir komið í stjórnkerfinu, hvert skuli vera verksvið hvers þeirra aðila er sinni þessum málum og það mun að sjálfsögðu verða haft samráð við utanrmn. varðandi þessi mál.

Ég gat þess hér að framan að mikilvægi utanríkisviðskipta færi vaxandi á sviði alþjóðamála. Einnig hef ég gert grein fyrir aukinni áherslu utanríkisþjónustunnar á þjónustu við útflytjendur. Fáar þjóðir eru eins háðar milliríkjaviðskiptum og við Íslendingar. Í þessum efnum hefur það verið í samræmi við viðskiptahagsmuni okkar sjálfra að við höfum verið aðilar og þátttakendur í margvíslegu alþjóða- og fjölþjóðasamstarfi er miðar að því að ryðja hindrunum úr vegi viðskipta milli ríkja heims.

Við Íslendingar erum aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu, en á s.l. ári voru liðin 25 ár frá stofnun samtakanna og 15 ár frá inngöngu Íslands í þau. Þess má geta hér að á fyrri hluta þessa árs hefur viðskrh. á hendi formennsku í ráðherranefnd Fríverslunarsamtakanna. Fundur ráðherra EFTA verður haldinn í Reykjavík 4.–5. júní ásamt fundi ráðgjafarnefndar samtakanna, en í þeirri nefnd eiga sæti fulltrúar vinnumarkaðarins og samtök atvinnulífsins í EFTA-löndunum.

Þá erum við aðilar mikilvægs samnings við Efnahagsbandalag Evrópu um tollfríðindi í viðskiptum við bandalagið. Undanfarið hefur það valdið nokkrum erfiðleikum í samskiptum okkar við EBE að í tengslum við aðild Spánar og Portúgals ákvað bandalagið að taka upp að nýju toll á saltfiski sem hafði verið felldur niður einhliða af þeirra hálfu á árinu 1971. Vegna tilmæla Íslendinga var ákveðið að senda í júní á síðasta ári sameiginlegt erindi EFTA-landanna annarra en Portúgals til framkvæmdanefndar Efnahagsbandalagsins til stuðnings málstað Íslendinga. Með margvíslegum öðrum hætti er unnið að því að reyna að finna lausn á þessu vandamáli sem við Íslendingar getum fellt okkur við. Mál þetta verður væntanlega á dagskrá þegar forustumenn Efnahagsbandalagsins sækja okkur Íslendinga heim síðar á þessu ári.

Auk framangreinds samstarfs höfum við Íslendingar frá upphafi verið aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) sem vinnur að frelsi í alþjóðaviðskiptum og gegn verndarstefnu. Einnig erum við aðilar að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti GATT, en á vegum þeirra samtaka er nú verið að vinna að undirbúningi nýrra viðræðna þar sem gert er ráð fyrir að teknar verði fyrir hindranir á sviði erlendra fjárfestinga, tryggingastarfsemi, samgangna, bankareksturs og ýmiss konar þjónustu.

Í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna 23. maí 1983 er komist svo að orði að meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga sé að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Ég hef hér að framan lýst því með hvaða hætti þetta hefur verið gert m.a. í norrænu samstarfi, í varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana sem eru þeim tengdar. Í samræmi við stefnuyfirlýsinguna hafa Íslendingar einnig beitt sér með ýmsum hætti fyrir mannréttindum og friði jafnframt því að styðja viðleitni í þá átt að draga úr vígbúnaði.

Utanrrn. fer með kynningu á Íslandi og íslenskum málefnum með öðrum þjóðum nema þau séu sérstaklega lögð til annars ráðuneytis. Miklum tíma í störfum sendiráða og ræðisstofa Íslands erlendis er varið til að svara fyrirspurnum um land og þjóð frá fjölmiðlum, stofnunum, almenningi; standa að skipulegri kynningarstarfsemi og annast útsetningu og útvegun upplýsingarefnis.

Auk sendiráðanna hafa ýmsir aðilar unnið ötult starf að kynningarmálum og vil ég sérstaklega minna á þátt forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur, sem sýnt hefur þessum málum sérstakan skilning og stuðning.

Þessi landkynning beinist ekki einvörðungu að því að laða ferðamenn til landsins, heldur einnig að vekja áhuga og traust manna á Íslandi og íslenskum útflutningi með því að kynna landið, þjóðina, stjórnarfar, sögu, menningu, efnahag og auðlindir.

Þrátt fyrir þenslu í stjórnsýslu á undanförnum árum hefur sendiráðum og fastanefndum ekki fjölgað síðan 1970 þótt verkefnin hafi verulega aukist. Ég hef nú lagt til að þessi mál verði tekin til alvarlegrar endurskoðunar þar sem viðskiptahagsmunir okkar Íslendinga krefjast þess.

Herra forseti. Ég hef lokið greinargerð minni í sambandi við þá skýrslu sem hér er til umræðu. Ég vil leyfa mér að þakka fulltrúum í utanrmn. fyrir samstarfið og forseta þingsins einnig.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Árið 1986 var lýst friðarár af hinum Sameinuðu þjóðum. Við vorum að finna að því hér á Alþingi um daginn að ríkisstjórn Íslands hefði ekki sýnt þessu máli þann sóma sem skyldi að undirbúa þátttöku Íslands í þessu alþjóðlega friðarári. Frá því að sú umræða fór fram höfum við ekki orðið varir við frekari aðgerðir af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar þar að lútandi, en við höfum hins vegar orðið vitni að stórum tíðindum á alþjóðavettvangi sem lítið eru í samræmi við yfirlýst markmið þessa árs sem friðarárs.

Í skýrslu utanrrh., sem er orðið hefðbundið að lögð sé fyrir Alþingi, lesum við á bls. 8, með leyfi forseta:

„Rétt er að rifja upp að Atlantshafsbandalagið er varnarbandalag 16 lýðræðisríkja með þá yfirlýstu stefnu að leiðarljósi að það muni aldrei ráðast gegn öðrum ríkjum eða beita valdi að fyrra bragði. Tilgangur þess er að tryggja öryggi aðildarríkja sinna með gagnkvæmum skuldbindingum og sameiginlegri sjálfsvörn í samræmi við 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er yfirlýst stefna bandalagsins að virða í einu og öllu stofnskrá samtakanna og leysa ágreining þjóða í milli með friðsamlegum hætti."

Forusturíki þessa bandalags, sem á undanförnum dögum hefur dregið saman aðalflota sinn á Miðjarðarhafi og lét í nótt vopnin tala með árás á eitt af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, vitnar líka til 51. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna um sjálfsvörn til réttlætingar gerðum sínum með svipuðum hætti og hæstv. utanrrh. gerir varðandi Atlantshafsbandalagið sem hann er dyggur stuðningsmaður að. Hvernig hljóðar 51. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Reagan forseti vitnaði til í ræðu sinni til bandarísku þjóðarinnar s.l. nótt þegar hann var að réttlæta árás sína á eitt af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna? Hún er þannig, með leyfi forseta:

„Engin ákvæði þessa sáttmála skulu takmarka hinn órjúfanlega rétt ríkis til sjálfsvarnar eitt sér eða með öðrum ríkjum, ef ráðist er með hervaldi á meðlim hinna Sameinuðu þjóða, þangað til öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til varðveislu heimsfriðar og öryggis. Ráðstafanir gerðar af meðlimum við framkvæmd þessa sjálfsvarnarréttar skulu undir eins tilkynntar öryggisráðinu og skulu þær á engan hátt skerða vald eða ábyrgð öryggisráðsins skv. þessum sáttmála til að hefja hvenær sem er þær aðgerðir sem það álítur nauðsynlegar til að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi."

Þetta er efni 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Reagan forseti vitnar til með svipuðum hætti og utanrrh. Íslands í sambandi við stuðningsyfirlýsingu sína við Atlantshafsbandalagið, en Reagan notar þessa grein til að réttlæta árás sína á Líbýu.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, við þessa umræðu um utanríkismál að við áttum okkur á því hvar við erum stödd í sambandi við öryggishagsmuni okkar og hvernig er komið forustunni í því ríki sem er ótvírætt forustuafl í því bandalagi sem Ísland hefur verið aðili að frá því 1951.

Eitt er það að fordæma hryðjuverkastarfsemi. Það gerum við öll. Það eru óhæfuverk sem þjóðir heims verða að bindast samtökum um að snúast gegn með réttum ráðum. Hver ímyndar sér að innrás í ríki eða árás á ríki af því tagi sem gerð var s.l. nótt sé til þess að draga tennurnar úr hryðjuverkastarfsemi eða hryðjuverkamönnum? Ætli bandaríska þjóðin sannfærist um það þegar hún sér sjónvarpsmyndirnar af afleiðingum þessa hervirkis Bandaríkjanna á óbreytta borgara sem fyrir þessari árás urðu og á erlend sendiráð sem einnig urðu fyrir barðinu á þessari árás?

Það fór ekki mikið fyrir því í máli hæstv. utanrrh. að fjalla um þetta efni. Hann virðist þurfa að hugleiða það allnokkru lengur umfram það sem hann vitnaði hér til samþykktar ríkisstjórnar Íslands sem harmar samkvæmt viðteknu orðalagi hæstv. forsrh. árás Bandaríkjamanna á Líbýu og lýsir yfir þeirri von að ekki komi til frekari átaka. Sterkari eru nú orðin ekki úr orðasafni ríkisstj. varðandi þetta efni. Hún harmar. Hún lýsir yfir von.

Ég lagði á fundi utanrmn. Alþingis í gærmorgun fram tillögu í sambandi við deilu Bandaríkjamanna og Líbýu sem ég ætla að leyfa mér að kynna hér og þingflokkur Alþb. stóð að baki í gær á meðan hún var tímabær og í samræmi við rás atburða. Till. er þannig, sem liggur fyrir utanrmn., með leyfi forseta:

„Alþingi lýsir yfir áhyggjum vegna þeirrar miklu spennu sem nú ríkir í samskiptum Bandaríkjanna og Líbýu og varar eindregið við því að gripið verði til hernaðaraðgerða í þessari deilu. Alþingi telur vopnuð átök ekki líkleg til að binda endi á hryðjuverkastarfsemi, en hvetur til samvinnu Evrópuríkja gegn slíkum óhæfuverkum."

Utanrmn. sá sér ekki fært í gærmorgun að taka afstöðu til þessarar till. þótt einstakir nefndarmenn hafi lýst yfir stuðningi við hana. Ég gekk eftir því að reynt yrði utan fundar að bera sig saman og ná samstöðu um afgreiðslu till. sem lögð yrði fyrir Alþingi í ljósi þess hver staðan var á Miðjarðarhafi í gær. Hvaða alþm. hefðu í gær ekki viljað taka undir tillögu af þessu tagi? En meiri hl. í utanrmn. eða forustan í utanrmn. og hæstv. utanrrh. þurfti að sofa á tillögunni áður en henni væri veitt brautargengi til að afla sér upplýsinga. Og svarið kom í nótt. Þá töluðu vopnin. Hvar er rödd Íslands í sambandi við þá spennu og þá augljósu hættu sem fyrir lá í gær? Rödd Íslands heyrðist ekki í þeim efnum. Svona má Alþingi ekki bregðast við í stórmálum. Ísland verður og Alþingi Íslendinga verður að gæta sóma síns og láta rödd friðar og sátta tala á meðan enn er tækifæri til.

Þessi umræða, herra forseti, sem hér fer fram um utanríkismál, fer fram í skugga þeirra voveiflegu atburða sem hafa verið að gerast síðasta sólarhring og sem hafa verið í aðsigi og öllum sjáanlega í aðsigi undanfarna daga og undanfarnar vikur. Ég treysti því að utanrmn. nái saman um verðuga tillögu fyrr en seinna í ljósi atburða s.l. sólarhrings og þar stilli menn sig saman í þessum efnum svo að Alþingi fái að lýsa yfir vilja sínum í máli sem þessu.

En það eru fleiri stórmál á döfinni, sem Alþingi Íslendinga þyrfti að taka afstöðu til í framhaldi m.a. af viljayfirlýsingu þingsins samhljóða um afvopnunarmál fyrir tæpu ári, og þar á ég við þær tilraunasprengingar með kjarnorkuvopn sem forusturíki Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkin, lætur sér sæma að standa að ítrekað þó að gagnaðilinn, Sovétríkin, hafi fyrir sitt leyti lýst yfir stöðvun á tilraunum með kjarnorkuvopn þann 30. júlí s.l. og hafi ekki enn sprengt neina kjarnorkusprengju neðanjarðar frá þeim tíma og tvívegis framlengt það bann, framlengt af sinni hálfu stöðvun

kjarnavopnasprenginga þó þeir nú, eftir síðustu sprengingu Bandaríkjamanna, mjög öfluga sprengingu á tilraunasvæði þeirra í Nevada, hafi áskilið sér rétt til að taka upp tilraunir á ný.

Hér var tækifæri og hér er kannske enn þá tækifæri til þess að byrja að vinda ofan af því brjálæði vígbúnaðar, vígbúnaðarkapphlaups, sem er í fullum gangi og hefur undið upp á sig undir forustu Reagan-stjórnarinnar í Bandaríkjunum frá árinu 1981 að telja og hefur m.a. endurspeglast í stórfelldri uppbyggingu hernaðarmannvirkja hér á Íslandi með samþykki og blessun ríkisstjórnar Íslands og þeirra utanrrh. sem hafa farið með völd á þessu tímabili.

Það er ekki spurningin lengur hjá Bandaríkjastjórn, eins og hjá hæstv. utanrrh., um eftirlit með tilraunasprengingum með kjarnavopn. Spurningin snýst ekki um það lengur. Það hefur bara reynst blæja, bara huliðshjálmur, til þess að dylja andstöðu við slíkum tilraunasprengingum.

Nei, það er vilji Bandaríkjastjórnar gegn vilja meiri hluta Bandaríkjaþings að halda áfram tilraunasprengingum með kjarnorkuvopn. Hversu lengi hefur ekki verið svarað en þessar sprengingar, þessar tilraunasprengingar, tengjast þeirri áætlun um geimvopn, stjörnustríðsáætlun Bandaríkjanna, sem fær alveg sérstaka blessun í þessari skýrslu hæstv. utanrrh. eins og ég mun koma að nánar síðar. Þar eru kjarnorkusprengingar undirstaða þeirra rannsókna sem meinlausar eiga að teljast og Íslendingar ættu að keppa að að gerast aðilar að eða njóta ávaxtanna af samkvæmt orðum þessarar skýrslu utanrrh. sem hér liggur fyrir. Kjarnorkusprengingar eru einn þátturinn þar til þess að framkvæma þá leysigeisla sem í stjörnustríðsdraumum Bandaríkjaforseta eiga að geta, hugsanlega, grandað eldflaugum andstæðinganna sem fyrst eftir að þeim er skotið á loft, ekki fyrir mannlegt tilstilli því allt verður það tölvuvætt ef þær hugmyndir reynast með einhverjum hætti tæknilega framkvæmanlegar sem miklu fleiri draga í efa en hinir, sem telja að geimvopnadraumurinn, stjörnustríðsdraumurinn, það að færa vopnakapphlaupið út í himingeiminn, eigi sér nokkra stoð í veruleikanum, í veruleika framtíðarinnar.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að Alþingi Íslendinga segi sitt orð um þetta brjálæði sem þarna er á ferðinni, segi sitt orð um það framferði, svo ekki séu nú notuð sterkari orð, stærsta herveldis heims og öflugasta að halda áfram kjarnorkuvopnatilraunum.

Ég lagði fram á vettvangi utanrmn. í gærmorgun, vegna síðustu kjarnorkuvopnatilraunar Bandaríkjanna, svofellda ályktun sem ég les — hún er stutt — með leyfi forseta, og ætlast til að utanrmn. geri hana að sinni, óbreytta eða með breytingum, til að leggja hana fyrir Alþingi til samþykktar. Hún er svofelld:

„Alþingi fordæmir að hafnar eru á ný tilraunir með kjarnorkuvopn og telur brýnt að hið fyrsta verði gerður samningur um allsherjarbann við slíkum tilraunum undir traustu eftirliti.“

Hvaða alþm. treysta sér ekki til að gjalda slíkri ályktun atkvæði sitt? Í gildi er alþjóðasamningur um takmarkað bann við tilraunum með kjarnavopn frá 1963. Þessi samningur gerir ráð fyrir möguleika á endurskoðun ef þriðjungur aðildarríkja óskar eftir því. Þá verði kvödd saman alþjóðaráðstefna til þess að ná fram breytingum og þær breytingar sem þurfa að verða eru allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn. Samþykkt Alþingis um gerð slíks samnings er það sem ég er að mæla fyrir að gerð verði þannig að lóð Íslands falli á skál friðarins á friðarárinu 1986 og það verði hluti framlags Íslands til þessara mála, gildari en sú sýndarmennska sem ríkisstjórn Íslands hefur verið að boða að hún ætli að beita sér fyrir á þessu ári. Alþingi þarf að leggja sitt lóð á þá vogarskál.

Herra forseti. Staðan á Miðjarðarhafi undanfarna daga sýnir okkur ótvírætt hversu skammt getur verið í ragnarök. Fréttirnar sem við höfum verið að hlusta á frá því í morgun minna okkur óhugnanlega á þann aðdraganda þriðja heimsstríðs sem dreginn hefur verið upp í vönduðum kvikmyndum, framleiddum í Bandaríkjunum eða Bretlandi, og menn þekkja, kvikmyndum eins og Þráðum, kvikmyndum eins og Daginn eftir eða „The day after“ á enskunni, þar sem einmitt aðdragandi af þessu tagi varð til þess að menn voru kvaddir til að ýta á hnappana og opna lyklana í Missouri eða annars staðar í Bandaríkjunum fyrir eldflaugarnar, hleypa þeim af stað. Ég er ekki að segja að það þurfi að vera Bandaríkjamenn sem gera það. Hver verður fyrstur? Kannske er enginn til frásagnar. Kannske verður það aldrei upplýst enda óvíst um að nokkrir sagnfræðingar verði til að grúska í slíku. Yfir svona þróun má Alþingi Íslendinga ekki þegja. Þess vegna þurfum við að álykta og ég vænti þess að við náum saman um skýrari og markvissari ályktun en ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti sent frá sér þó hún sé góðra gjalda verð svo langt sem hún nær.

Það er áhyggjuefni, eins og ég hef nefnt, hvernig komið er forustusveit í forusturíki Atlantshafsbandalagsins þar sem dómgreindin er af því tagi sem við höfum orðið vitni að á þessum sólarhring þar sem svo virðist, ef trúa má fréttum, að árásir af því tagi sem forustumaður ríkisins stendur fyrir, ber pólitíska ábyrgð á, njóti pólitísks stuðnings í landinu. Það á vissulega eftir að sjást hversu lengi sá stuðningur endist, hversu lengi hann dugir. Það er ekki verið að spyrja bandamenn. Var hæstv. utanrrh. Íslands spurður um þetta efni? Fékk hann kynningu á því hvað til stæði eins og látið er að liggja að gert hafi verið við tiltekna vini og bandamenn Bandaríkjanna af sendiboða fyrir síðustu helgi? Hvað fékk hæstv. utanrrh. Íslands að vita um hvað til stæði? Eða var hann bara tekinn í rúminu? Gleymdist að hafa samband við hann? Ég spyr.

Herra forseti. Þessir alvarlegu atburðir sem ég hef gert að umræðuefni verða eflaust ræddir af öðrum við þessa umræðu og e.t.v. verður staðan í þessum málum orðin önnur eftir að við höfum hlýtt á fréttir kvöldsins. Um það vitum við ekki. Óvissan er slík sem hleypt hefur verið af stað af ábyrgðaraðila Atlantshafsbandalagsins, ef svo má segja, forustuaðila, en við erum líka ábyrg sem aðilar að þessu bandalagi og það var verið að nota aðstöðu þessa bandalags í nágrannaríkinu Bretlandi undir árásarflotann. Þaðan var lagt upp og laumast suður með ströndum ríkja Atlantshafsbandalagsins sem ekki vildu leyfa árásarsveitunum að fljúga yfir sitt land. Ætlar íslenska ríkisstj. að láta slíku ómótmælt að í nafni Atlantshafsbandalagsins, sem Ísland er aðili að, sé læðst þannig að aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna í náttmyrkri? Hvað segir hæstv. utanrrh. Íslands um þetta? Hann á eftir að tala síðar við umræðuna.

Ég mun, herra forseti, hér á eftir ræða nokkur þau atriði, fá af mörgum, sem ástæða er til að fjalla um í umræðu sem þessari. Ég mun ræða nokkuð um störf utanrmn. og samþykktir Alþingis um utanríkismál. Ég mun líka aðeins ræða um framkvæmd að þessum samþykktum á þeim tíma sem liðinn er síðan þær voru gerðar. Ég mun drepa á nokkra þætti í þróun alþjóðamála umfram það sem hefur verið að gerast síðustu klukkustundirnar, einkum afvopnunarmálin, og ég mun ræða lítillega um afstöðu Alþb. til öryggis- og varnarmála. En það munu fleiri af talsmönnum Alþb. tala við þessa umræðu. Varamaður minn í utanrmn., hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon mun ræða tiltekna þætti sem ég mun lítt snerta, svo sem þróunarsamvinnu, samvinnu við nágrannaríkin Færeyjar og Grænland sem eru mikilsverð fyrir Ísland, en einnig um hernaðaruppbygginguna hérlendis sem ekki er ástæða til að gleyma og sem hæstv. utanrrh. hefur dregið fram ýmsar gagnmerkar upplýsingar um í sinni skýrslu, tölulegar, og það er vel. Og það munu fleiri talsmenn flokksins tala við þessa umræðu. Formaður Alþb., Svavar Gestsson, hefur tekið þátt í norrænu þingmannasamstarfi í sambandi við undirbúning og umræðu um undirbúning að kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum og ég eftirlæt honum að ræða um það mjög svo mikilsverða mál sem sannarlega þarf að fá skilmerkilegri meðferð af hálfu Alþingis og utanrmn. og ríkisstj. en verið hefur til þessa því að þar er allt afundið. Þar eru engir peningar til að vinna nauðsynlegar skýrslur. Þar er takmarkaður áhugi á því að taka á málum.

Það er vissulega góð hefð sem felst í því að hæstv. utanrrh. leggur hér fram skýrslu um utanríkismál. Þau mætti ræða oftar á Alþingi en það er mjög eðlilegt að fram fari ítarleg umræða um þessi efni í tengslum við þessa skýrslu og ég vil þakka framlagið sem slíkt, nú sem fyrr, þó ég hafi margt við innihaldið að athuga. Ég held ég þurfi í rauninni ekki að eyða mörgum orðum að því hversu ólíkt mat mitt á stöðunni varðandi alþjóðamál er því sem fram kemur af hálfu hæstv. ráðherra. Sú uppmálun hlutanna í svarthvítu sem þar kemur fram, nú sem fyrr hjá forvera hæstv. núv. utanrrh., þar hefur ekkert breyst fremur en væntanlega um stefnuna sem hann hefur sagt að hann ætli að fylgja dyggilega fram sem forverinn markaði.

Ég mun gera örfá atriði að umtalsefni á eftir og ég hef nefnt geimvopnin þar sérstaklega. Það kemur ljóslega fram í þessari skýrslu að þar er horft á alþjóðamálin í gegnum gleraugu. Hver skyldi hafa lánað hæstv. ráðherra og embættismönnum hans gleraugun þegar þeir eru að draga saman efnið í þessa skýrslu? Þau eru komin vestan um haf. Eða frá öðrum þeim sem eru sannfærðir um að sú stefna sem fylgt er innan Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkin hafa alla forustu um sé hin eina sanna, rétta. Það er það sem við sjáum endurspeglast á þessum blaðsíðum. Sjálfstæði í mati á alþjóðamálum eða sjálfstæði í mati á einstökum þáttum utanríkismálastefnu — hvenær kemur að því? Jú, hæstv. ráðherra sagði: Ja, við erum bara að leggja fram nokkuð sjálfstætt mat á utanríkismálunum og stöndum fast á okkar þegar þar að kemur. Og hvenær kemur að því? Jú, það er hermangið. Ef hróflað er við hermanginu og gróðamöguleikanum í sambandi við hersetu Bandaríkjanna hérlendis er mér að mæta, segir hæstv. utanrrh., þá er komið upp sjálfstætt mat á stöðunni. Rainbow Navigation-málið: Nú er komið alveg að lokapunkti. Nú er þolinmæðin brostin. Hér er mér að mæta, sagði hæstv. ráðherrann. Til hvaða ráða ætlar hæstv. ráðherra að grípa í þessu hjartans máli sínu? Hann hlýtur að greina Alþingi frá því. Þetta er hans eina sjálfstæðismál í utanríkismálum ef marka mátti ummæli hans áðan og skal nú hvergi hopað því það er buddunnar lífæð sem er í veði og þá fer að hrikta um Suðurnes og á stöku skrifstofum hér í Reykjavík þar sem safnað er í baukana.

Það liggur fyrir og er enn staðfest í þessari skýrslu að ríkisstj. Steingríms Hermannssonar er dyggasti stuðningsmaður stefnu Reagans Bandaríkjaforseta, kannske að frátalinni Margaret Thatcher, hinni bresku. Það er hugsanlegt að ríkisstj. Steingríms Hermannssonar standi þar nokkuð jafnfætis en í sumum atriðum áreiðanlega framar í fylgispekt við stefnu Reagan-stjórnarinnar sem meiri hluti Bandaríkjaþings er andvígur í mjög þýðingarmiklum greinum og forseti Bandaríkjanna er þar í stríði við eigið þing. En hér uppi á Íslandi er allt á hreinu um þetta efni. Allt á hreinu. Og rödd Íslands, hún skal sko ekki hljóma í kór Norðurlandaþjóða ef hætt er við að það styggi aðila vestur í Washington, að það komi einhver hjáróma tónn inn í kórinn héðan frá Íslandi, hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar og hæstv. utanrrh. hans, tvísöng þeirra í þessum efnum. Þar á ég m.a. við atkvæðagreiðsluna á þingi Sameinuðu þjóðanna í desember s.l. í sambandi við ályktunartillögu frá Svíþjóð, Mexíkó og fleiri ríkjum um frystingu kjarnavopna. Þar skyldi Ísland gæta sín að ekki kæmi neinn falskur tónn sem væri mistúlkaður þar vestra því að tillagan var alveg stórvarasöm. Það vantaði í hana, sagði hæstv. fyrrv. utanrrh. og núv. hefur staðfest það, að hans mati ýmsa þætti þannig að tillagan uppfyllti ekki ákvæði samþykktar Alþingis frá 23. maí 1985. Svoleiðis að honum var bara aldeilis ómögulegt að gjalda tillögunni atkvæði sitt eins og öll hin Norðurlandaríkin gerðu.

Ja, þetta er myndarframmistaða. En nú skuldar hæstv. utanrrh. okkur skýringu og ég ætla að biðja hann um að reiða hana fram hér við umræðuna og helst fyrr en seinna. Hvaða þættir eru það sem vantar í Svíþjóðar-Mexíkó tillöguna? Hvaða þættir eru það nákvæmlega í sambandi við eftirlit og öryggi sem þarf að uppfylla til þess að Ísland geti staðið með hinum ríkjunum, á annað hundrað, og ekki setið hjá eins og sex önnur ríki í þágu málstaðar Pentagon? Hvaða atriði eru það varðandi eftirlit og öryggi — því mér skilst að það sé á því sviði? Hæstv. ráðherra verður að upplýsa Alþingi um þetta og líka stuðningsmenn sína svo þeir viti hvar þeir standa. Því að hver veit nema þau fádæmi gætu gerst að Gorbatsjoff austur í Moskvu ætti eftir að leysa málið fyrir hæstv. utanrrh. þannig að hann gæti kannske komið með inn á tillöguna. En mælikvarða verðum við að hafa í svo þýðingarmiklu máli því að það er tekið eftir afstöðu sem þessari á alþjóðavettvangi af Íslands hálfu. Þetta er svo mikilsvert atriði, hæstv. utanrrh., að það lá við stjórnarslitum í desember s.l. Menn eru vonandi ekki búnir að gleyma því að þegar við opnuðum fyrir morgunútvarpið þann 6. eða 7. desember fréttum við að formaður Sjálfstfl. hefði gengið á fund forsrh. landsins og tilkynnt honum að það varðaði stjórnarslitum á Íslandi ef einhverjir undanvillingar úr Framsfl., hv. þm. Framsfl., færu að hlaupa inn á

tillögur, vafasamar tillögur sem gerðu ráð fyrir því að Ísland stæði með öðrum Norðurlöndum og segðu já við frystingu tilrauna með kjarnavopn og öðrum þáttum afvopnunarmála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Það hefur sitthvað gerst, herra forseti, frá því við ræddum skýrslu utanrrh. 2. maí í fyrra og þar er hvað merkast samþykkt Alþingis frá 23. maí um stefnu Íslands í afvopnunarmálum. Sú samþykkt markaði afstöðu þingsins til mikilvægra þátta afvopnunarmála og kjarnorkuvígbúnaðarins. Með þessari samþykkt fagnaði Alþingi m.a. hverju því frumkvæði sem fram kemur til að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins. Alþingi beindi því til ríkisstj. í þessari samþykkt að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna. Alþingi áréttaði þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn, gerði það að sinni stefnu. Það var hvatt til þess að kanna samstöðu og grundvöll fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, og utanrmn. var falið að kanna í samráði við utanrrh. þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Öryggismálanefnd er falið skv. þessari tillögu í samráði við utanrrh. að taka saman skýrslu um hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Þetta var stefnumarkandi samþykkt þingsins og mjög mikilsverð samþykkt. Með henni tók Alþingi af skarið um að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn og það er afar þýðingarmikil stefnumörkun af hálfu þingsins. Við höfum fengið upplýsingar bandarískra aðila í des. 1984 um áætlanir bandarískra hermálayfirvalda um að flytja til Íslands kjarnorkudjúpsprengjur, 48 talsins, og þessar upplýsingar var fullyrt að hefðu verið staðfestar af Bandaríkjaforseta. Það er víst ekkert skorið úr um þetta mál þó að bæði forsrh. og utanrrh. Íslands spyrðust fyrir því að þeir fengu kalda kveðju, bara svarað: Um svona atriði spyr maður ekki í góðu samkvæmi Atlantshafsbandalagsins. Um það er engar upplýsingar að fá. Hvað eruð þið að ímynda ykkur, drengir góðir? Þetta voru svörin sem fengust.

Það er ekki þýðingarlítið að Alþingi Íslendinga hefur tekið af skarið í þessu örlagamáli og lýst því yfir að allar áætlanir af þessu tagi brjóti í bága við vilja Alþingis Íslendinga. Íslensk stjórnvöld hafa enga heimild til að samþykkja að taka við kjarnorkuvopnum yfir á íslenskt yfirráðasvæði, hversu mjög sem þau langaði til ef aðstæður væru þannig, enga heimild til þess á meðan ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 stendur og hefur ekki verið breytt af Alþingi sjálfu.

Þessi skilningur lá fyrir við samþykkt tillögunnar, var undirstrikaður í þessum ræðustól af ýmsum talsmönnum, m.a. af formanni þingflokks Framsfl., og var ekki mótmælt. Þessi niðurstaða, þessi samþykkt Alþingis er hin þýðingarmesta. Það er ástæða til í þessu samhengi, herra forseti, að minna á yfirlýsingu hæstv. fyrrv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar úr þessum ræðustól á fundi Sþ. þann 16. apríl 1985 þegar hann svaraði fsp. frá hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni sem innti hann í fyrsta lagi eftir því hvort yfirlýsingar utanrrh. um að kjarnorkuvopn séu ekki geymd hér á landi taki einnig til herskipa sem koma í hafnir hérlendis eða sigla um íslenska lögsögu. Ég sé ástæðu, með leyfi forseta, til að rifja svar hæstv. fyrrv. utanrrh. upp, það er stutt og að þessu sinni sem betur fór skýrt. Geir Hallgrímsson hæstv. ráðherra svaraði þannig:

„Fyrri fsp. hv. þm. svara ég játandi. Það er skýr stefna ríkisstjórnar Íslands að kjarnorkuvopn séu ekki geymd hér á landi og tekur hún einnig til herskipa í íslenskri lögsögu."

Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði einnig: Er utanrrh. reiðubúinn að beita sér fyrir því að banna siglingar herskipa um íslenska lögsögu og komur þeirra í hafnir hérlendis nema fullvíst sé að þau beri ekki kjarnorkuvopn?

Og hæstv. ráðherra svaraði þessu þannig:

„Síðari fsp. hv. þm. vil ég svara með þeim hætti að í samræmi við þau svör sem ég gaf við fyrri fsp. og í samræmi við þá stefnu sem lýst hefur verið yfir er fullljóst að sigling herskipa með kjarnorkuvopn um íslenska lögsögu er óheimil og þá jafnframt koma þeirra til hafna hérlendis og mun ég framfylgja þeirri stefnu."

Þetta var svar hæstv. ráðherra um þetta efni. Hann sagði einnig:

„Ég tel ekki þörf frekar að taka af öll tvímæli í þessum efnum vegna þess að af hálfu íslenskra stjórnvalda og aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hafa engin tvímæli átt sér stað."

Þetta var svar ráðherrans og þm. sagði við lok umræðunnar:

„Ég skildi hæstv. utanrrh. svo sem það væri ótvírætt og undantekningarlaust að umferð herskipa með kjarnorkuvopn væri brot á þessari íslensku stjórnarstefnu. Ég tek það þá þannig að ef upp komi efasemdir um að þessi vor stefna sé virt muni íslensk stjórnvöld ganga úr skugga um að svo sé. Sé þessi skilningur réttur hjá mér er ég ánægður með þau svör sem hæstv. utanrrh. hefur gefið."

Og lengri varð ekki umræða um þetta efni. Þetta var hins vegar hin mikilsverðasta umræða og yfirlýsingar sem ástæða var til að þakka þáverandi hæstv. utanrrh. landsins.

Ég treysti því að hæstv. utanrrh. standi við stefnu forvera síns sem hann hefur lýst yfir að hann fylgi að fullu í þessu mikilsverða atriði.

Mér finnst hins vegar ekki nógu góður svipur á þeim orðum í skýrslu hæstv. utanrrh. sem varða ályktun Alþingis varðandi kjarnorkuvopnin og er að finna á bls. 8 í skýrslu hans, þar sem hæstv. ráðh. segir, með leyfi forseta: „Ályktunin ítrekar þá stefnu, sem farið hefur verið eftir, að á Íslandi skuli ekki staðsett kjarnavopn. Utanríkisráðherrar Íslands hafa marglýst yfir að staðsetning kjarnavopna á Íslandi sé óheimil án samþykkis íslenskra stjórnvalda. Sú stefna er í samræmi við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 og yfirlýsta stefnu Atlantshafsbandalagsins."

Hér er talað um samþykki íslenskra stjórnvalda en ég ítreka það, enda hlýtur það að vera skilningur allra hér á Alþingi, að ætli íslensk stjórnvöld sér að taka afstöðu til mála sem þessara þá eru þau bundin af vilja Alþingis í þessu efni á meðan hann liggur fyrir eins og frá honum var gengið í samþykktinni 23. maí 1985. Vilji íslensk stjórnvöld virða þingið og lúta vilja þess að þessu leyti þá eru þau bundin af samþykkt Alþingis um þetta efni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um það, þó ástæða væri til, hvaða undirtektir þessi samþykkt fékk meðal ákveðinna hópa hér innanlands og m.a. má lesa um í Morgunblaðinu í grein sem aðalritstjóri Morgun-

blaðsins, Styrmir Gunnarsson, skrifaði í blað sitt 8. júní s.l. undir fyrirsögninni „Hvers vegna þessa „málamiðlun?"„ Það er alveg ljóst að sumir eru ekkert ánægðir með þessa samþykkt Alþingis og átöldu þingflokk Sjálfstfl. mjög harðlega fyrir að gerast aðilar að henni fyrir sitt leyti. Og það eru kannske slíkar ofanígjafir sem hafa orðið þess valdandi að þm. og ráðherrar með góðan hug hafa kannske þurft að draga til baka eða leitast við að túlka þessa samþykkt með öðrum hætti heldur en ég tel eðlilegt vera. Þar á ég m.a. við afstöðuna til frystingar kjarnorkuvopna, sem ég hef þegar rætt, og afstöðuna til kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum, í Norður-Evrópu, sem aðalritstjóri Morgunblaðsins gat um í sinni grein — með leyfi forseta, örlítil tilvitnun: „Í pólitískum umræðum á okkar dögum nær hugtakið Norður-Evrópa ekki nema til Norðurlanda og hluta Þýskalands og Bretlandseyja. Þetta er að mínum dómi sá skilningur sem leggja ber í „Norður-Evrópa" þótt landfræðileg merking þessara orða kunni að vera víðtækari." Þess gætir í túlkunum varðandi þetta að menn vilja teygja þetta og þessa gætir einnig í skýrslu hæstv. ráðh. Og það kom fram þegar formaður utanrmn. mælti fyrir þessu máli á sínum tíma að menn vilja reyna að teygja þetta víðar en almennur skilningur er í þessu efni.

Öllu skiptir þó spurningin um það: Er pólitískur vilji fyrir því að skapa kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum? Að Norðurlöndin eigi frumkvæði í slíkri stefnu eða ekki? Um það snýst auðvitað málið, burtséð frá öllum orðhengilshætti er það spurningin um pólitískan vilja.

Við ræddum hér fyrir fáum dögum um viðhorf til samþykktar danska þingsins varðandi vinnu að því markmiði að Norðurlönd átti sig á því hvernig á þessum málum verður tekið og hugmyndum um að gera Norðurlöndin kjarnorkuvopnalaus. Ég var ekkert ánægður með það að hæstv. ráðh. vildi ekki ræða þessi mál hér utan dagskrár í Alþingi og mér var synjað um orðið af hæstv. forseta Sþ., synjað um að taka til máls hér utan dagskrár til að ræða þessi þýðingarmiklu efni. En ég ætla ekki að fjölyrða um það hér og nú. Hins vegar er nauðsynlegt, og það ítreka ég, að skýr stefna verði mörkuð af hálfu þingsins um vinnu að málinu í samvinnu við önnur Norðurlönd þannig að okkur miði fram í þessari umræðu og það verði þá leitt í ljós hvar ágreiningurinn er. Hver er þessi ágreiningur? Hvar eru mörk hins pólitíska vilja í þessu efni?

Samþykkt Alþingis um afvopnunarmál, sem ég hef rætt hér, hefur mikið gildi þrátt fyrir ólíka túlkun um viss atriði. Og Alþingi verður að skera úr þegar á slíkt reynir, m.a. varðandi afstöðu á alþjóðavettvangi. Ef um ágreining á túlkun á þessari samþykkt er að ræða þá er sjálfsagt að menn skeri úr með atkvæðum hér á Alþingi.

Herra forseti. Ég minntist hér á geimvopn. Einn dapurlegasti kaflinn í skýrslu hæstv. utanrrh. varðar einmitt geimvopn. Ég hlýt að vekja athygli á honum, hann er á bls. 10. Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna til örstutts kafla úr skýrslunni sem snertir þetta og er svohljóðandi:

„Eftir leiðtogafund Reagans og Gorbatsjoffs í nóvember vöknuðu vonir á Vesturlöndum um að samninganefndir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf myndu einbeita sér að því að ná samningum um atriði sem minnstur ágreiningur var um, svo sem um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna og niðurskurð meðaldrægra kjarnavopna í Evrópu. Þessar vonir hafa ekki ræst því Sovétmenn gera þá kröfu að Bandaríkjamenn hætti við geimvarnaáætlun sína áður en samið verði um meðaldræg og langdræg kjarnavopn. Á þetta hafa Bandaríkjamenn ekki fallist og benda á að hér sé aðeins um að ræða rannsóknir og alls óvíst um niðurstöður þeirra. Hins vegar sé von þeirra sú að þær sýni fram á hvernig unnt sé að gera kjarnavopn óþörf. Vilja þeir þar af leiðandi ekki útiloka sjálfar rannsóknirnar. — Þar á meðal kjarnorkusprengingar. — Vekja þeir athygli á því að Sovétmenn hafi stundað svipaðar rannsóknir um árabil.

Íslensk stjórnvöld — og hér kemur stefnan — telja mikilvægt að staðið verði við gerða alþjóðasamninga, þar á meðal áðurnefndan samning um takmörkun gagneldflaugakerfa. Rannsóknir af því tagi sem hér um ræðir þurfa ekki að stríða gegn slíkum samningum. Auk þess er óraunhæft að ætla að hægt sé að framfylgja banni við rannsóknum. Bendi niðurstöður geimvarnarannsókna til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu ber risaveldunum að sjá til þess að geimvarnaáætlanir verði aldrei að veruleika. Sýni þær á hinn bóginn að geimvarnakerfi muni stuðla að friði og öryggi er eðlilegt að risaveldin geri samkomulag um framkvæmd slíkra áætlana. Vert er að hafa í huga að geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna gerir ráð fyrir stórstígum framförum á sviði tækni og vísinda og má þar nefna upplýsinga-, efna-, orku-, leysigeisla- og kerfistækni. Geri Bandaríkjamenn — ég bið menn um að taka eftir þessu niðurlagi í stefnumótuninni — öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni er ljóst að Íslendingar geta, ekki síður en aðrir, notið góðs af samvinnunni."

Hvað er hér á ferðinni, góðir þingmenn? Hvað er hér á ferðinni? Hvað er hæstv. utanrrh. Íslands hér að fara? Ætlar hann að fara að seilast eftir samningum við bandarísk stjórnvöld um aðild að stjörnustríðsáætluninni? Annað verður ekki lesið út úr þessum orðum en það sé keppikefli hæstv. ráðh. að Íslendingar leiti eftir aðild og samvinnu um geimvarnaáætlunina sem er kölluð svo fallegu nafni, en almennt gengur undir nafninu stjörnustríðsáform eða -áætlanir, SDI, Strategic Defense Initiative, sem þetta er skammstöfun fyrir.

Ég held að hæstv. utanrrh. ætti m.a. að kynna sér greinar í virtum ritum um þessi efni. Það úir og grúir í öllum erlendum blöðum Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna af umræðu um SDI. Hérna er Der Spiegel, virt þýskt tímarit, frá 24. mars, sem skrifar um SDI, rannsóknirnar meinlausu sem hæstv. utanrrh. telur að eigi ekkert að standa í veginum fyrir friðsamlegum umleitunum og afvopnun — Rússarnir hafi bara verið að þessu áður, segir ráðh. hér í skýrslu sinni, og það er fullkomlega réttlætanlegt að Bandaríkin standi að slíkum rannsóknum. Hvað ætli Der Spiegel hafi að segja um þetta efni? Ég eftirlæt hæstv. ráðh. að taka hann með sér á náttborðið og kynna sér það sem þar stendur um þær tilraunir sem hafa verið í gangi og hafnar eru í sambandi við stjörnustríðsáætlunina, þessar meinlausu rannsóknir sem erfitt er að koma í veg fyrir, væntanlega af því að þær fari svo hljótt inni í tilraunastofum. En ætli það sé nú víst að þær fari allar svo hljótt?

Þann 10. apríl s.l. var sprengd kjarnorkusprengja neðanjarðar og 30. desember s.l., bæði skiptin í Nevada, sem liður í þessum rannsóknum og eingöngu sem liður í þessum rannsóknum, stjörnustríðsrannsóknum Reagan-stjórnarinnar, sem hæstv. utanrrh. Íslands er að sækjast eftir aðild að og lýsir hér með hinum fegurstu gylliorðum um afurðir tækni og vísinda sem geti fylgt í kjölfarið. Áætlanir sem eru um að flytja vopnakapphlaupið út í himingeiminn. Áætlanir sem næstu fimm árin eiga að kosta litla 26 milljarða bandaríkjadollara og verið er að egna fyrir meðal bandalagsríkjanna innan Atlantshafsbandalagsins og reyna að lokka þau með þennan sjóð í höndum til þátttöku og um leið til pólitískrar ábyrgðar á þessari vitfirringu. Rannsóknum, sem fremstu vísindamenn margir draga í efa að nokkurn tímann muni ganga upp, hversu miklum upphæðum sem til þeirra verður varið — og tíma. En gangi þær upp þá liggur það fyrir að flestra mati að maðurinn hefur ekki lengur neina stjórn — og er hún þó orðin takmörkuð — ekki nokkra stjórn á þeim vígtólum, á þeim morðtólum og gereyðingarvopnum sem þegar hafa verið framleidd því að tíminn, sem er til umráða og ákvarðana um að hleypa af stað stjörnustríðsvopnunum, geimvopnunum, hann skiptir aðeins mínútum. Ráðrúmið er ekkert. Það eru tölvur sem taka ákvörðunina, hvenær flaugarnar fara af stað, hvenær sprengja skal til að leysa leysigeislana úr læðingi sem eiga að granda eldflaugunum. Það er þessi rannsóknaáætlun sem hæstv. utanrrh. Íslands er að tala um í skýrslu sinni að við eigum að gerast aðilar að, við eigum að leita samvinnu um.

Það er búið að draga Margrétu Thatcher upp í þetta ból með undirritun á samningi. Það er væntanlega upp í það sama rúm sem hæstv. ráðh. vill komast. Og það er búið að draga Helmut Kohl á asnaeyrunum upp í það sama, og samstarfsflokkinn sárnauðugan, frjálsa demókrata — svona svipað eins og þegar Sjálfstfl. er að teyma framsóknarmaddömuna upp í hjá sér í sambandi við hin afdrifaríkustu mál á sviði utanríkismála og afvopnunarmála og feykja út af borðinu flokksþingssamþykktum Framsfl. í sambandi við utanríkismál, eins og er að gerast hér þing eftir þing. Og er ömurlegt upp á að horfa hvernig Framsfl. er komið í þessu samstarfi. Þar fer nú lítið lengur fyrir fyrirvörunum sem einu sinni giltu. Þeir eru gleymdir.

Fyrir Alþingi liggur tillaga annars eðlis, tillaga um stuðning við bann gegn geimvopnum, sem ég flutti ásamt þremur hv. þm. í byrjun þings til að Alþingi gæfist kostur á að marka stefnu til geimvopna- og stjörnustríðsáforma Bandaríkjastjórnar. Meðflm. að þessari tillögu eru hv. þm. Kristín S. Kvaran og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. Þessari till. var snemma þings vísað til utanrmn. Þar liggur hún enn óafgreidd en það hefur verið rætt um hana í undirnefnd. Það hefur komið í ljós að stjórnarþingflokkarnir hafa ekki enn fjallað um till. efnislega. En því var heitið að það yrði gert við fyrstu hentugleika og ég vænti að það hafi gerst í gær þannig að talsmenn þessara flokka geti hér lýst sinni afstöðu til þessarar þáltill. og almennt um stuðning við bann gegn geimvopnum.

Ég vil ekki trúa því að hæstv. utanrrh. að athuguðu máli ætli sér þann sess eða það ból — svo ég haldi nú áfram samlíkingunni — að skríða upp í þessa geimferju með vopnabúnaðinn og rannsóknirnar eins og lesa má út úr skýrslu hans hér, því miður. Og ég vænti að afstaða þingflokkanna til þessa máls, þessa afdrifaríka máls, skýrist hér við umræðuna og þá einnig af hálfu þingflokks Alþfl., sem ég vænti að styðji þetta mál, bann við geimvopnum og andstöðu af hálfu Alþingis Íslendinga eins og sósíaldemókrataflokkar um, ég held, gervalla Evrópu standa raunar í harðri baráttu gegn brjálæðinu. T.d. í Vestur-Þýskalandi gegn aðild stjórnvalda að geimrannsóknum, að rannsóknum á þessu sviði. Og sama var uppi á teningnum í Bretlandi.

Herra forseti. Það hefur mikið verið að gerast í sambandi við afvopnunarmálin og afstöðu stórveldanna í þeim efnum. Þar hefur sem betur fer komist á mikil hreyfing. Þar hefur orðið breyting t.d. á afstöðu stjórnvalda í Sovétríkjunum, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. og lesa má úr skýrslu hans, mjög róttæk breyting í orði a.m.k., þar sem settar eru fram hugmyndir um það að afvopnast varðandi kjarnorkuvígbúnaðinn þannig að fyrir lok þessarar aldar sé búið að kistuleggja kjarnorkuvopnin. Menn spyrja eðlilega: Hver er alvaran að baki slíkum tillögum eins og við höfum heyrt frá forustumönnum Sovétríkjanna á undanförnum mánuðum? Ég vil ekki fara að skýra þeirra afstöðu eða túlka á einn eða annan hátt, því að um það veit ég ekki, á það verður að reyna við samningaborð. En þar hafa komið fram hugmyndir sem fyllsta ástæða er til að láta reyna á, hvort pólitískur vilji er til að framfylgja að kistuleggja kjarnorkuvopnin og hætta frekari þróun kjarnorkuvopnabúnaðar. Slíkt hljótum við að styðja, að látið verði reyna á og það ætti að vera hlutverk Íslendinga á alþjóðavettvangi að greiða fyrir því að fyrr en seinna fáist úr því skorið og þá einnig varðandi það eftirlit sem menn telja nauðsynlegt að fylgi, en einmitt á því sviði virðist hafa orðið mjög róttæk breyting frá fyrri afstöðu Sovétríkjanna hvað snertir vilja til að opna fyrir eftirlit, en á slíkt verður að reyna. Til þess verður gagnaðilinn að vera reiðubúinn til að lýsa yfir vilja af sinni hálfu til að stíga slík skref, m.a. varðandi frystingu kjarnavopna.

Því miður hefur ekki orðið róttæk breyting á mörgum öðrum sviðum þar austur í Sovétríkjunum sem við hefðum viljað sjá. Enn er haldið uppi af hálfu Sovétríkjanna grimmdarlegu stríði gegn nágrannaríki, í Afghanistan, styrjöld sem er siðlaus og stendur í vegi fyrir trausti á málflutning Sovétríkjanna á ýmsum sviðum á meðan þau eru uppvís að slíku framferði eins og þar er enn fram haldið gegn fátækri bændaþjóð. Þó að það mál hafi vafalaust ýmsar hliðar hvað snertir hlutdeild annarra aðila, þá er það ótvírætt hver hóf þann leik og hver ber fyrst og fremst ábyrgð á þeirri styrjöld sem þar er fram haldið. Þar er gengið gegn almenningsáliti heimsins, þori ég að fullyrða, a.m.k. er það hérlendis og minn flokkur, Alþb., hefur ítrekað fordæmt þessa villimannlegu styrjöld sem þar er enn fram haldið.

En hitt risaveldið gengur einnig gegn almenningsáliti heimsins. A.m.k. skulum við vænta að sú verði reyndin í sambandi við geimvopnin þegar á reynir og ég hef þegar rætt um hver ætti að vera hlutur Íslendinga að því leyti. Og hið sama gildir um áframhaldandi tilraunir þeirra með kjarnorkuvopn.

Spurt er um afstöðu allra þjóða í málum sem þessum, örlagamálum sem varða allt mannkyn. Það er sannarlega ánægjuefni þegar leiðtogar ríkja taka sig saman um að leitast við að breyta stöðunni að þessu leyti, t.d. eins

og gerst hefur með friðarfrumkvæði þjóðarleiðtoga sex ríkja úr fimm heimsálfum sem hafa látið mikið að sér kveða og þar sem Olof Palme fyrrv. forsrh. Svíþjóðar, sem veginn var fyrir skömmu, var mikilvirkur aðili að, því friðarfrumkvæði, og einn af varaþm. á Alþingi Íslendinga, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur helgað krafta sína að undanförnu að verulegu leyti stuðningi við þetta mál sem staðið er að á vettvangi samtaka þingmanna undir heitinu „Parliamentarians for World Order". (**Gripið fram í:** Það er búið að skipta um nafn á samtökunum.) Það er ágætt að fá það upplýst hvert nafnið er, en það er ekki nafnið sem máli skiptir heldur *verkin og að hverju er unnið á vegum þessara samtaka.*

Ég tel að það sé mjög jákvætt þegar Íslendingar geta lagt af mörkum skerf með þeim hætti, sem Ólafur Ragnar hefur gert í þessu máli, og það væri betur að það væru fleiri sem legðust á þá sveif, m.a. aðilar sem til þess hafa aðstöðu og eru við stjórnvölinn hérlendis. En því hefur ekki verið að heilsa, því miður.

Ég vil, herra forseti, fara að stytta mál mitt því hér eru margir sem vilja tjá sig. Ég vil aðeins rifja hér upp afstöðu Alþb. til öryggismála þeirra, sem ég hef hér verið að ræða varðandi öryggi Íslands, með því að vitna hér örstutt í samþykkt landsfundar Alþb. frá nóvember s.l. um utanríkis- og sjálfstæðismál, en þar segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Landsfundur 1985 ítrekar fyrri andstöðu Alþb. við veru Íslands í NATO og bandarísku herstöðvarnar hér. Krafan er því ótvírætt: „Ísland úr NATO, herinn burt." Ísland á að standa utan hernaðarbandalaga, lýsa yfir hlutleysi og styðja alla alþýðubaráttu fyrir friði, lýðræði og réttlátu þjóðskipulagi.

Fundurinn fordæmir stóraukin hernaðarumsvif hérlendis sem ganga þvert gegn vaxandi friðarvilja almennings og andúð á vígbúnaði. Ísland er tvímælalaust eitt af mikilvægustu víghreiðrum NATO í norðurhöfum og herstöðvarnar hér eru hlekkir í fremstu víglínu í hugsanlegri kjarnorkustyrjöld. Af þessari feigðarbraut verður að snúa.

Það er skylda Íslendinga að leggja sinn skerf af mörkum til friðar í heiminum með því að hætta þátttöku í hernaðarbrölti og stöðva allar hernaðarframkvæmdir í landinu. Það er óþolandi að á sama tíma og örbirgð og *hungursneyð ríkir víða um lönd er tugum milljarða* íslenskra króna kastað á bál vígbúnaðarkapphlaupsins hér á landi. Á meðan því marki er ekki náð að herinn hverfi á brott ber að einangra herstöðvarnar og loka á öll efnahagsleg tengsl og önnur samskipti við hið erlenda herlið."

Þetta er sú afstaða sem Alþb. ítrekaði og markaði í þessum efnum á landsfundi sínum hinum síðasta.

Eins og ég gat um, herra forseti, þá eru þau mál fjölmörg sem ástæða væri til að ræða en vegna síðustu atburða á alþjóðavettvangi, ekki síst, hef ég hlotið að dvelja mjög við afvopnunarmálin og spurninguna um stríð og frið.

Ég minni hér á eitt mál sem fjallað var um á vettvangi utanrmn. Alþingis og gekk fram með samhljóða samþykkt á síðasta vori, en það var staðfesting á alþjóðasamningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Þar var um mikilsvert mál að ræða og ég flutti s.l. haust, ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, þáltill. um sérstaka úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis með tilliti til ákvæða þessa alþjóðasamnings. Þessi till. hefur verið til meðferðar í félmn. Sþ. Á þessu sviði er víða pottur brotinn. Vissulega er þar launamisréttið, sem konur í þessu landi sem víðast hvar annars staðar búa við, hvað tilfinnanlegast, en þetta endurspeglast á mörgum sviðum og einnig þá í utanríkisþjónustu okkar. Þar hallar vissulega mjög á konur.

Ég óskaði eftir því fyrir nokkru á vettvangi utanrmn. að fá grg. um hlut kvenna í íslensku utanríkisþjónustunni og samkvæmt þeirri grg. var það staðfest að hlutur kvenna í utanríkisþjónustu okkar í sögu lýðveldisins, þ.e. á hinum efri þrepum, hefur verið harla smár. Samkvæmt þeirri grg. starfa nú aðeins þrjár konur með diplómatíska stöðu hjá íslensku utanríkisþjónustunni, sem sendiráðunautar allar þrjár, og frá upphafi lýðveldisins eru það aðeins fimm konur samtals sem hafa starfað með diplómatísk verkefni í íslensku utanríkisþjónustunni. Þeim mun fjölmennari eru konur hins vegar í illa launuðum þjónustustörfum, m.a. sem ritarar í utanrrn. og hjá sendiráðum okkar erlendis.

Þetta er ekki sagt þeim körlum til hnjóðs sem starfa í utanríkisþjónustu okkar. Hér er á ferðinni það sama og í flestum öðrum ábyrgðarstöðum í samfélaginu, að þar er hlutur kvenna allur annar og minni en skyldi.

Starfsmenn okkar í utanríkisþjónustunni vinna vissulega hin mikilsverðustu störf og oft við mjög erfið skilyrði. Ég tala nú ekki um í samanburði við það sem gerist hjá starfsbræðrum þeirra hjá fjölmennari þjóðum. Þessi störf er ástæða til að þakka þegar við ræðum hér um utanríkismál.

Ég vil, herra forseti, um leið og ég lýk máli mínu að þessu sinni við þessa umræðu, undirstrika nauðsyn þess fyrir litla þjóð, fyrir fámenna þjóð sem Íslendinga, að treysta sem best má verða samstöðu sína til hinna mikilsverðustu mála. Íslendingar eiga að þekkja það af reynslu sinni, m.a. þann skamma tíma sem þeir hafa verið fullráða um sín málefni, fullvalda þjóð, hvaða þýðingu það hefur að þjóðin nái saman í hinum mikilsverðustu málum. Þetta sýndi sig ekki síst í sjálfstæðisbaráttunni og þetta hefur sýnt sig í sambandi við sókn okkar til að ná fullum ráðum yfir auðlindum landsins og sjávarins umhverfis það, þar á meðal í landhelgisbaráttu okkar. Sá lærdómur má ekki gleymast.

Það er því hryggðarefni að á sviði öryggismála, sem við köllum svo, skuli þjóðin vera klofin í tvær fylkingar með mjög ólík sjónarmið. Annars vegar er sú stefna, sem hefur orðið ofan á, að hengja Ísland aftan í Atlantshafsbandalagið og hernaðarbrölt þess og ljá hér land undir herstöðvar og hins vegar stefna þeirra sem vilja að Ísland skipi sér með hlutlausum þjóðum gagnvart hinum stríðandi blökkum risaveldanna.

Það er mikil nauðsyn að við ræðum þessi mál og þennan ágreining af einurð hér á Alþingi Íslendinga og með þann vilja í vegarnesti að reyna að brúa bilið en ekki að breikka það. Stefna núv. ríkisstj. hefur því miður leitt til þess að bilið hefur breikkað því að hún hefur verið öll mjög á einn veg. Hún hefur verið einhliða og Ísland hefur á undanförnum árum, alveg sérstaklega í tíð núv. ríkisstj., verið hengt aftan í þá stefnu sem Reagan-stjórnin í Bandaríkjunum hefur fylgt og magnað hefur upp vígbúnaðarkapphlaupið á undanförnum árum. Þetta er ekki stefna sem er samboðin smáþjóð sem Íslendingum. Á þessu þarf að verða breyting. Ég tel að það séu lífshagsmunir Íslendinga í

bráð og lengd að taka aðra afstöðu til þess að treysta sjálfstæði sitt og menningu og skipa sér á þann sess með öðrum þjóðum sem okkur er sæmd af.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við skulum ekki ganga þess dulin að þessi umræða fer fram í skugga mjög alvarlegra atburða. Ég efast ekki um að þessir alvarlegu atburðir, sem hafa verið að gerast við Miðjarðarhaf, séu flestum Íslendingum og þm. efst í huga þessa stundina. Ég tel að hér hafi mjög hörmulega til tekist. Árás Bandaríkjamanna á Líbýu er sannarlega fordæmanleg með sama hætti og við hljótum að fordæma með hinum hörðustu orðum þá hryðjuverkaöldu sem yfir er gengin.

Það er ekki líklegt að sú leið, sem Bandaríkjamenn hafa hér valið, sé til farsældar. Það er langtum líklegra að hún muni draga slóða og það heldur óskemmtilegan slóða. Hér leika menn sér með eld.

Ég geri ekki ráð fyrir að nokkrir hér hafi sérstaka samúð með einræðisherranum í Líbýu, Gaddafi, fjarri því. En það dregur ekki úr nauðsyn þess að þjóðir fari fram með gát og þá ekki síst stórveldi því að engum er nauðsynlegra að beita afli sínu í hófi en hinum sterku.

Ég sagði að þetta væru sorgleg tíðindi. Ég fordæmi þá árás sem Bandaríkjamenn hafa hér gert á Líbýu á sama hátt og ég fordæmi þá hryðjuverkastarfsemi sem gengur eins og alda yfir heiminn. En þegar ég lít til Bandaríkjanna í þessum efnum, þá tel ég að þau beri sérstaklega þunga ábyrgð. Ég geri einmitt mjög miklar kröfur til Bandaríkjamanna, ekki einungis vegna þess að þeir eru bandalagsþjóð okkar, heldur líka vegna þess að ég hef talið og tel að þessi þjóð hafi mikinn siðferðilegan styrk og sé að ýmsu leyti framvörður meðal þjóða heims. En þetta getur ekki verið leiðin og þess vegna er dapurt um að hugsa og upp á að horfa.

Ríkisstjórn Íslands hefur birt yfirlýsingu um þetta efni. Deildin tekur væntanlega eftir því að ég nota sterkara orðalag en ríkisstjórn Íslands hefur treyst sér til að því er varðar umsagnir um þessar hernaðaraðgerðir. Hitt er hárrétt í ályktun ríkisstj. að leiðin hlýtur að vera sú að samræma aðgerðir þjóða heims til þess að ná höndum yfir hryðjuverkamenn og þá sem að baki þeirra standa. Um það þurfa allar þjóðir heims að sameinast.

Herra forseti. Það er hollt þegar rætt er um utanríkismál að gæta fyrst að því með hverjum við eigum mesta samleið. Ég held að það sé ljóst að Íslendingar eiga mesta samleið með Norðurlandaþjóðunum, með lýðræðisþjóðunum, einkum lýðræðisþjóðunum í Evrópu og með smáþjóðum og sjálfsagt í þeirri röð sem ég hef hér talið upp ef menn vilja hafa röð á því hversu samleiðin sé dyggilega samofin. Það er heldur ekki vafi á því að við höfum skipað okkur í sveit einmitt með þessum hætti, í Norðurlandaráði, á ýmsum vettvangi Evrópuþjóða, í Atlantshafsbandalaginu og á fjölþjóðavettvangi. Ég tel að allvel hafi til tekist í þessum efnum og við höfum notið góðs af.

Við höfum notið góðs af Norðurlandasamvinnunni og við skulum ekki ganga þess dulin. Þess væri óskandi að ýmsum hvimleiðum skeytum til frændþjóða okkar í ýmsum fjölmiðlum mætti linna. Svo góðs höfum við notið af samvinnunni á vettvangi Norðurlandaráðs og svo mikils virði er hún okkur. Ég segi þetta fyrst vegna þess að okkur hættir til ýmist að taka samvinnuna á vettvangi Norðurlandaráðs sem sjálfgefna eða líta fram hjá henni.

Við höfum líka átt gott samstarf við Vestur-Evrópuþjóðir og bandamenn okkar í Atlantshafsbandalaginu. Margir hafa að sjálfsögðu horn í síðu Atlantshafsbandalagsins og það kom t.d. mjög glögglega fram hjá síðasta ræðumanni. En ég treysti mér ekki til að segja hvað hefði gerst í Evrópu og hver örlög Vestur-Evrópu hefðu verið ef Atlantshafsbandalagsins hefði ekki notið við. Það er ómótmælanlegt að við höfum notið hér friðar og Atlantshafsbandalagið hefur að því leytinu reynst okkur vel.

Annað veifið heyrast raddir um vopnlaust hlutleysi og hafa reyndar ýmsir ætíð uppi slíkar hugmyndir. Ég heyrði ekki betur en forveri minn hér í ræðustól, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, ítrekaði gamla stefnu Alþb. í þeim efnum. En ég held að sífellt fleirum sé að verða ljóst að þessi stefna gengur ekki upp. Meira að segja þykist ég hafa orðið þess var að ýmsir Alþýðubandalagsmenn og jafnvel fremstu talsmenn Alþb. fyrirverði sig hálfpartinn fyrir þá stefnu sem stendur þó á blöðum hjá þeim og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rómaði svo hástemmt hér áðan. Ég spyr ekki að því að horfa upp á vopnað hlutleysi á öld hryðjuverkanna eins og þau ganga nú yfir. Nei, við skulum meta það sem við höfum notið og ekki hagga því sem við höfum meðan skipan heimsmála er í stórum dráttum eins og hún hefur verið að undanförnu.

Ég tók eftir því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi mjög um hernaðarumsvif á Keflavíkurflugvelli, um hermangið þar, eins og hann nefndi það og taldi það vaxandi. Ég þarf kannske ekki að rifja upp að vöxturinn er ekki eingöngu á tímabili þessarar ríkisstj. því að vöxturinn hófst á tímabili fyrri ríkisstjórnar. Þá voru ákveðnar miklar framkvæmdir og miklar framkvæmdir hafnar. Ég þarf kannske ekki að minna á þetta. En hitt vil ég segja að ég hef ekki áhuga á því að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli sé samsett úr úreltum tækjum eða líti út eins og sorphaugur. Ég tel nauðsynlegt að menn fylgist með tækniþróun og að mannvirki þar séu þannig að það sé ekki til vansa.

Ég sagði áðan að við hefðum notið friðar og við skyldum meta það. En vitaskuld höfum við lifað í skugga ógnarjafnvægisins sem svo er nefnt. Sumir halda því fram — og ég treysti mér ekki til að mótmæla því — að þetta ógnarjafnvægi hafi tryggt frið. En á sama hátt er ekki nokkur vegur að fullyrða að jafnvel þótt það hafi tryggt okkur frið muni það ætíð og ævinlega gera það. Það er vissulega óhugnanleg tilhugsun að við eigum að fá að lifa fyrir hótun um tortímingu, að það sé eina leiðin til að hafa frið, og vopnin skuli hlaðast upp og eyðingarmátturinn aukast á báða bóga og öllum þeim fjármunum sem raun ber vitni skuli vera til þess varið á sama tíma og mikill hluti mannkyns líður sára neyð og skort. Þess vegna er vitaskuld nauðsynlegt að leitað verði annarra leiða til að tryggja frið en þeirrar sem við höfum búið við að undanförnu.

Sú hugsun, sem kemur fram í hugmyndinni um sameiginlegt öryggi í stað gagnkvæmrar ógnunar, er að mínum dómi aðlaðandi en ég veit að það er þröngt stigið þangað og erfitt að feta það. En við hljótum að óska eftir því að í stað þess að síauka vopnabúr tortímingarvopna verði stefnt til gagnstæðrar áttar, nefnilega þeirrar áttar að draga úr vopnabúnaðinum.

Í þá veru ályktaði Alþingi á s.l. ári, setti fram

heildarstefnu um viðhorf Íslendinga í afvopnunarmálum. Vissulega teygðu sig ýmsir aðilar eins langt og þeir gátu teygt sig til samkomulags í þessari ályktun. Sú ályktun var um heildarstefnu í afvopnunarmálum sem var reist á þeirri grundvallarforsendu að varðandi afvopnunarmálin verði menn að geta treyst því sem um er samið og að gagnkvæmt eftirlit sé hornsteinn þess að gagn sé að. Það gerist með þeim hætti að afvopnunin sé gagnkvæm og þannig að málsaðilar uni því og treysti og það verði undir öruggu eftirliti.

Ég tel þetta grundvallaratriði og ég legg til að Alþingi Íslendinga reyni að byggja áfram á þeim grunni sem reistur var þó í fyrra með samþykkt þessarar ályktunar en tæti hana ekki í sundur með því að ætla henni annað en hún er. Afstaða okkar Íslendinga í afvopnunarmálum er þannig í stórum dráttum ljós.

En það eru fleiri svið sem hljóta að vekja ugg og umhugsun að því er vopnabúrin varðar. Það er t.d. hættan á slysi, að kjarnorkuvopn verði notuð eða kjarnorkusprengja sprengd fyrir mistök eða af slysni. Um aðgerðir til að koma í veg fyrir að slíkt geti gerst hljóta allir, stórveldin bæði ásamt öllum öðrum, að geta komið sér saman um að vinna að. Þar er sameiginlegt verkefni sem vissulega þarf að gæta að og sem Íslendingar mættu gjarnan hafa uppi.

Vopnabúr jarðarinnar, kapphlaupið í vopnabúnaði, varðar ekki stórveldin ein þó að þau séu gjarnan ávörpuð þegar þessi mál ber á góma. Það varðar allar þjóðir heims og smáþjóðir kannske alveg sérstaklega. Maður saknar þess að ekki skuli vera meiri samheldni milli smærri þjóða um að þrýsta á að leitað verði nýrra leiða til að tryggja öryggi þjóðanna í heiminum.

Í sambandi við þessi mál mætti margt ræða. En af því að tíminn líður fljótt og margir ætla að taka til máls mun ég einungis stikla á fáeinum atriðum. Eitt þeirra atriða, sem stundum ber á góma og reyndar ósjaldan, er svonefnd kjarnorkuvopnalaus svæði, m.a. spurningin um það að Norðurlönd, sem eru kjarnorkuvopnalaus, gefi sérstaka yfirlýsingu um áform sín að verða ætíð og ævinlega kjarnorkuvopnalaust svæði.

Þetta er ekki óumdeilt. En að mínum dómi væri jafnfávíslegt að hafna þessum hugmyndum algerlega eins og að gleypa þær skilyrðislaust. Grunnhugmyndin, sem menn hafa byggt á, varðar belti í gegnum Evrópu þvera eða endilanga eftir því á hvorn veginn menn líta á hana, frá norðri til suðurs sem sagt. Bak við þessa hugmynd liggur ákveðinn skilningur, ákveðin fílósófía svo að segja. Hitt er ljóst að það þarf mörgum skilyrðum að vera fullnægt til að svæði af þessu tagi komi að fullu gagni.

Mikilvægasti punkturinn á bak við þessa hugmynd er sá að fjarlægja skammdræg vopn frá línunni á milli austurs og vesturs, frá línunni milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, til að draga úr freistingunni að nota þau frekar en að láta þau falla í óvina hendur ef illa tækist til.

Þetta er vissulega mikilvægur punktur. En það gagnar ekki að standa upp og segja: Svona viljum við hafa það. Hér þarf langtum fleira til að koma og þessi mál verða ekki skoðuð öðruvísi en í stærra samhengi. Við skulum fylgjast með umræðunni á þessum vettvangi og athuga þau nánar eins og Alþingi hefur samþykkt að gert verði og eins og utanrrh. hefur tekið undir. Þessi umræða um kjarnorkuvopnalausu svæðin er sjálfsagt óþroskuð enn þá og ýmislegt á eftir að gerast en sem eins konar tilboð, sem liður í stærra samkomulagi, hlýtur þetta að koma til alvarlegrar athugunar.

Annað atriði, sem menn ræða gjarnan þessa dagana, eru sprengingar á kjarnavopnum eða öllu heldur það að banna tilraunir með kjarnavopn. Það er merkilegt ef maður lítur aðeins aftur í tímann að annað veifið hafa komið upp hugmyndir um þetta, ekki bara frá einhverjum smáríkjanna, hlutlausu ríkjanna, heldur eru ekkert ýkja mörg ár síðan að oftar en einu sinni gerðu forsetar Bandaríkjanna tilboð til Sovétríkjanna um að nú skyldu menn hætta tilraunum með kjarnavopn. Þá passaði það ekki Sovétmönnum. Nú þegar Sovétmenn gera tilboðið passar það ekki Bandaríkjamönnum.

Ég get þessa og set það í þetta samhengi vegna þess sem mér sýnist að ef menn ætla að komast eitthvað áfram í þessum efnum þurfi menn líka að leita nýrra leiða um takmörkun og eftirlit með þessum tilraunum ef menn ætla að komast út úr þeirri sjálfheldu sem menn eru í í þessum efnum. Ég læt þetta nægja, herra forseti, um þessa hlið málanna, um vígbúnaðarkapphlaupið, um afvopnunarmálið, um öryggismálið, um stöðu Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Mig langar nú til þess að fara einungis fáeinum orðum um ýmsa aðra þætti sem fram koma í þessari skýrslu hæstv. utanrrh. Ég vil fyrst nefna hvalveiðar og hugmyndir okkar um að stunda hér rannsóknir á hvalastofninum og gera þær á grundvelli þess að nokkrar veiðar fari fram.

Við skulum ekki látast neitt um það hvers vegna við erum að þessum rannsóknum. Það er vegna þess að við höfum áhuga á því að halda áfram hvalveiðum, að nýta áfram þessa auðlind. Ég tel að það sé ótækt að þrýstihópar einhvers staðar í öðrum löndum geti neytt okkur til að láta af nýtingu á auðlindunum í sjónum í kringum okkur.

Sú stefna, sem mörkuð hefur verið af okkar hálfu í þessum efnum, er mikilvæg beinlínis út frá auðlindasjónarmiðinu og yfirráðum yfir auðlindum. Við skulum vona að okkur takist að fylgja henni fram af farsæld. Ég hef orðið þess var að það er ekki erfitt að tala máli Íslendinga í þessu máli við útlendinga eða á erlendum vettvangi þegar menn fá til þess tækifæri. Ef við ætlum að halda okkar striki í þessum efnum er ég sannfærður um að við þurfum að halda uppi málstað okkar, við þurfum að sýna öðrum og sanna hvað það er sem við meinum. Sumum finnst þetta kannske erfitt verkefni en ég tel það nauðsynlegt og mikilvægt og ég legg ríka áherslu á að því verði sinnt.

Annað atriði, sem mig langar að drepa hér eilítið á, er staða okkar í samningum við Grænland. Mér finnst það orðið eins og fleinn í holdi okkar að okkur skuli ekki hafa tekist enn að ná samningum við grannþjóð okkar, Grænlendinga, um nýtingu þeirra auðlinda sem þeir ásamt okkur ráða yfir eða við gerum sameiginlega tilkall til. Ég veit að ýmsar tilraunir hafa verið uppi í þessum efnum og ég legg áherslu á að áfram verði haldið á þeirri braut og lögð verði alúð og vinna í það af okkar hálfu að ná samkomulagi. En ég ætla heldur ekki að gera því skóna að Grænlendingar verði ekki líka að sýna ábyrgð að því er þeirra afstöðu varðar og það verðum við sjálfsagt líka að gera þeim ljóst.

Þessu næst, herra forseti, langar mig til að minnast eilítið á atriði sem gert er að umtalsefni í skýrslunni,

þ.e. svonefndan saltfisktoll Efnahagsbandalagsins. Hann hefur í raun ekki bitnað á okkur enn þá. En hér var svo óréttlátlega fram farið af hálfu Efnahagsbandalagsins að við hljótum að nýta hvert tækifæri sem gefst til að mótmæla þessu framferði og leitast við að fá aðrar þjóðir til liðs við okkur til að hnekkja ákvörðun Efnahagsbandalagsins um að taka upp þennan saltfisktoll sem bitnar fyrst og fremst á okkur og svo hins vegar almenningi í Portúgal og á Spáni, þeim sem fiskinn borða.

Það er líka skoðun mín, og ég þykist hafa af því nokkra reynslu, að það sé ekki erfitt að tala máli Íslands í þessu máli. Ég hef áður gert tillögu um það, sem ég vil ítreka nú, að Íslendingar geri út sérstaka sendinefnd til allra aðildarríkja Efnahagsbandalagsins til að vinna fylgi einstakra þjóða, einstakra ríkisstjórna Efnahagsbandalagsríkjanna, við okkar sjónarmið, en ætli sér ekki að vinna þetta mál eingöngu hjá kontóristunum og býrókrötunum í Brussel. Ég ítreka þessa till. vegna þess að ég er sannfærður um að með þeim hætti á að vera hægt að ná verulegum árangri.

Víkjum þá fáeinum orðum að öðru viðskiptasambandi sem við erum aðilar að, EFTA. Þar hefur ýmislegt verið að gerast eins og kemur fram í skýrslu utanrrh. En ég tel að það sé eitt atriði sem við eigum að beita okkur sérstaklega fyrir innan EFTA og ég og aðrir fulltrúar Íslands innan þingmannanefndar EFTA höfum gert sérstaklega að umtalsefni á þeim vettvangi. Við eigum að vinna að því innan EFTA að fiskur verði gerður að fríverslunarvöru. Við eigum að beita okkur í þá átt. Ekki með þeim hætti að tíndar verði til einstakar fisktegundir og þeim bætt á listann yfir fríverslunarvöru, eins og hefur verið tilhneiging til og kemur reyndar fram í skýrslu utanrrh. Ég tel að sú leið sé ekki hin rétta. Leiðin er sú að taka grundvallarákvörðun um það að menn ætli að fara eins að með fiskinn og með iðnaðarvörurnar en ætla sér ákveðinn aðlögunartíma til að koma því í framkvæmd. Þetta er leiðin til að auka viðskipti með fisk. Þetta er leiðin til að losna út úr styrkjakerfi ýmissa samkeppnisþjóða okkar því að við mundum gera hér sams konar samning og hefur verið gerður varðandi iðnaðarvörurnar.

Ég held að á næstu misserum eigi Íslendingar að feta þessa braut innan EFTA, ekki bara til að vinna slaginn innan EFTA heldur jafnframt til að skapa sér betri stöðu gagnvart Efnahagsbandalaginu með því að EFTA hafi tekið upp þessa stefnu. Ég tel að Evrópa öll muni standa betur gagnvart Bandaríkjunum varðandi þá tilhneigingu sem þar virðist gæta til að taka upp sérstakar aðgerðir gegn þeim sem hafa stundað niðurgreiðslur af ýmsu tagi, sbr. þann toll sem Bandaríkjamenn ákváðu að leggja á fiskinnflutning frá Kanada og hafa haft þau orð að útvíkka.

Mig langar til þess að minnast örfáum orðum á eitt atriði enn í sambandi við utanríkisviðskipti. Hæstv. utanrrh. hefur lýst sérstökum áhuga á því að láta þau til sín taka og ég tel að hæstv. utanrrh. muni fá alveg sérstakt tækifæri í þeim efnum. Betra tækifæri heldur en ýmsir forverar hans, vegna þess að það er að eiga sér stað viðhorfsbreyting hjá Íslendingum þar sem aukist hefur skilningur á mikilvægi útflutningsstarfsemi og svonefndrar markaðssetningar. Í ljósi þessa tel ég að utanrrh. muni fá betra tækifæri og ég ætla að vænta þess að hann nýti það vel, þannig að það megi gagnast okkur vel í framtíðinni. Ég fagna þannig þeim áhuga sem að hæstv. ráðh. hefur sýnt að því er þetta varðar.

Herra forseti. Það er af mörgu að taka í sambandi við umræður um utanríkismál. En fleiri þurfa að að komast. Ég hefði getað rætt um Afghanistan eða um Suður-Afríku, ég hefði getað rætt um styrjöldina milli Íran og Írak, ég hefði getað rætt um ástandið í Mið-Ameríku, alveg sérstaklega í Nicaragua, en ég ætla ekki að gera það. Ég ætla að takmarka mig við þessi fáu atriði sem ég hef hér nefnt og einungis nefna eitt atriði eða tvö að lokum.

Það kom fram í máli hæstv. utanrrh., og hefur reyndar komið fram á öðrum vettvangi, að hann hefði áhuga á að líta á og skoða svonefnt innra öryggi eða það sem hefur verið gefið það nafn. Ég held að hér sé lofsvert framtak á ferðinni og vil láta í ljós ánægju mína með að þetta atriði skuli nú tekið til sérstakrar skoðunar.

Að lokum kemst ég ekki hjá því að minna á það að hér var hinn 28. maí 1985 samþykkt sérstök þál. um þróunaraðstoð Íslands. Um að á sjö árum skuli með reglubundnum hætti auka framlag til þeirra mála þannig að því marki verði náð á þessu tímabili að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu. Ég kemst ekki hjá að minna á þetta vegna þess að okkur miðar ekki neitt þrátt fyrir þessa ályktun. Ég kemst ekki hjá að minna á það vegna þess að það er okkur til vansa, það er okkur til vansæmdar að okkur skuli ekki einu sinni miða hænufet í þessum efnum, svo skammarlega lágt er þetta framlag okkar. Og okkur dugar ekkert að skjóta okkur á bak við lélegt efnahagsástand. Það stoðar ekki, svo smánarlega lágt er framlag okkar í þessum efnum. Við þessa ályktun verður að standa.

Fátæktin blasir við í heiminum. Hæstv. utanrrh. gerði sérstaklega að umtalsefni fátæktina í Afríku, en hún er ekki bara í Afríku, hún er í Suður-Ameríku, hún er í Mið-Ameríku, hún er í Asíu, hún er um allt. Og hún er svo hörmuleg að þeir sem kynnast henni fyrsta sinni fá það sem kallað er „sjokk". Það er langt síðan ég fékk að sjá hana í fyrsta skipti en ég hitti annað veifið fólk sem nýlega hefur fengið að kynnast því, hefur fengið að sjá hvernig þetta fátæka fólk lifir og er ég þó ekki að tala um það fólk sem sveltur í Eþíópíu eða Súdan eða Mósambik, heldur hina almennu og hörmulegu fátækt sem menn geta fengið að sjá á ýmsum öðrum stöðum í heiminum.

Við verðum, Íslendingar, að leggja okkur fram í þessum efnum. Hér eru ýmsir starfskraftar sem hafa verið til þess reiðubúnir að vinna að þessum málum og ýmsir starfskraftar sem hafa lagt verulega að sér og unnið verulega í þessu viðfangsefni, en það hrekkur skammt. Og það hlýtur að vera leiðinlegt fyrir þessa aðila að horfa upp á það að framlag Íslands, hið opinbera framlag skuli vera jafnsmánarlega lágt og raun ber vitni ár frá ári. Þessu fólki skulum við ekki heldur gera það að sitja alltaf og hjakka í sama farinu og bera fyrir okkur lélegt efnahagsástand því að það dugar ekki sem afsökun.

Ég skora á hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir og ná nú í gegn verulegri umbreytingu í þessum efnum því ég veit líka að utanrmn. öll hefur mjög mikinn áhuga á og telur mjög nauðsynlegt að hér verði unnin bót á.

Páll Pétursson: Herra forseti. Alþingi gefst nú tækifæri til að fjalla um skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál. Þessi skýrsla er í þetta skipti ítarleg og er það þakkarvert í sjálfu sér.

Í upphafi skýrslunnar er getið um meginmarkmið utanrríkisstefnu Íslendinga og ég er sammála því mati hæstv. utanrrh. að telja norrænt samstarf þar í fremstu röð. Núverandi formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs mun fjalla ítarlega um skýrslu Íslandsdeildar en ég vil einungis drepa á örfá atriði varðandi norrænt samstarf.

Ég tel að norrænt samstarf sé mikilvægara öðru utanríkissamstarfi. Þetta er samstarf við þær þjóðir sem eru okkar skyldastar að tungu, hugsunarhætti og menningu. Það eru enn fremur þær þjóðir sem okkur er mestur sómi að að eiga samstöðu með. Norðurlönd njóta virðingar umheimsins og þegar þau eru á einu máli er tekið verulegt tillit til þeirra. Norðurlönd misstu að vísu einn sinn mikilhæfasta forustumann fyrir fáum vikum þegar forsrh. Svíþjóðar, Olof Palme, féll fyrir morðingjahendi. Olof Palme var sá norrænna forustumanna sem naut mestrar alþjóðlegrar viðurkenningar einkum fyrir baráttu sína fyrir friði og frelsi og gegn kúgun, harðstjórn og ójöfnuði. Þótt Olof Palme sé fallinn og skarðið eftir hann standi opið og ófullt þá megum við ekki láta deigan síga, heldur halda ótrauðir á lofti hinu norræna merki jöfnuðar og friðarviðleitni.

Síðasta ár var viðburðaríkt í norrænu samstarfi og það stóð með blóma. Við Íslendingar stóðum fyrir myndarlegu og sögulegu þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1985 og til þess mun verða vitnað sem eins hins merkasta í sögu Norðurlandaráðs. Norðurlandaráð lagði á síðasta ári aukna áherslu á samskipti við umheiminn og það tel ég mjög mikilvægt. Við þurfum að láta rödd okkar berast út í veröldina þegar við höfum eitthvað að segja. Ég vil vekja athygli alþm. á mjög viðamikilli og vel undirbúinni fjölþjóðaráðstefnu sem Norðurlandaráð gengst fyrir í Stokkhólmi á næsta hausti um loftmengun sem berst milli landa og um ráð til úrbóta. Alþingi hefur verið boðið að senda fulltrúa á ráðstefnuna og mun Alþingi þiggja það boð.

Þá vil ég enn fremur geta um ráðstefnu um skattamál sem Norðurlandaráð gengst fyrir í Bergen næsta haust. Ég tel einboðið að alþm. fylgist með þeirri ráðstefnu þar sem við þurfum verulega á fræðslu að halda í þeim efnum. Staða Íslands hjá Norðurlandaráði styrktist tvímælalaust á síðasta ári og Íslendingar voru ráðnir þar í áhrifastöður. Við Íslendingar höfðum einnig forgöngu um merkan málatilbúnað á vettvangi Norðurlandaráðs.

Ég vil þakka þm. og ríkisstj., og þá ekki hvað síst hæstv. utanrrh., gott samstarf um málefni Norðurlandaráðs þann tíma sem ég var þar í forsvari.

Þá vil ég nefna samstarf Alþingis við þingmenn í Færeyjum og á Grænlandi. Síðast liðið haust var gert samkomulag þingmannanefnda þessara þjóðþinga í Nuuk um stofnun vestnorræna þingmannaráðsins. Þetta samkomulag hlaut staðfestingu Alþingis hinn 19. des. s.l. og samstarfið er nú að hefjast af fullum krafti. Ég tel að hér sé um hið merkasta samstarf að ræða og geti það orðið öllum þrem þjóðunum til hinna mestu hagsbóta þegar fram líða stundir. Þjóðirnar eiga fjölmörg mikilvæg sameiginleg hagsmunamál, bæði sín á milli og út á við, og sameiginlegar auðlindir sem þau þurfa að nýta af fyrirhyggju svo mannlíf geti þrifist í þessum löndum um ókomin ár.

Herra forseti. Langur kafli í skýrslu utanrrh. fjallar um öryggis- og varnarmál. Þar er aðgengilegur fróðleikur á öðru leitinu en annað er nú að mínum dómi með nokkrum áróðursblæ. Atburðir síðustu nætur, og þar á ég við hina fordæmanlegu fólskuárás Bandaríkjamanna á Líbýu, fylla mann að vissu leyti mikilli vantrú á *hið vestræna samstarf og opna augu manna fyrir þeim* háska sem af því getur stafað og þar á ég ekki síst við hinn siðferðilega háska, að ganga til náinnar samvinnu um utanríkismál og hermál við þjóð sem velur sér stjórnendur sem grípa til slíkra örþrifaráða.

Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna, hefur tekið ákvörðun sem Íslendingar hljóta að fordæma og verða í framhaldi af því að gæta þess að treysta varlega á leiðsögn Bandaríkjanna um utanríkis- og/eða hermál. Ronald Reagan hefur með framferði sínu sannað að hann er þess ekki umkominn að hafa vit fyrir heiminum.

Ég ætla ekki að fara að mæla stjórnvöldum í Líbýu bót. Aðild þeirra að hryðjuverkastarfsemi er fullkomið áhyggjuefni og mjög fordæmanleg. Og það er réttmætt og sjálfsagt að reyna að vinna bug á henni en það að grípa til slíkra örþrifaráða sem árás Bandaríkjamanna á Líbýu er, réttlætist ekki af hryðjuverkum Líbýumanna. Hryðjuverkamenn verða ekki kveðnir í kútinn með loftárásum á saklausa borgara. Að mínu mati hvetur svona framferði til áframhaldandi hryðjuverka og kann að efla stuðning almennings í Líbýu við hryðjuverkamenn. Þar að auki hefur heimsfriði verið stofnað í voða með þessu tiltæki.

Ég þakka ríkisstj. fyrir ályktun sem hún gerði í morgun þó að ég teldi að hún hefði mátt vera skorinorðari. Til að fyrirbyggja misskilning og ofurviðkvæmni ber ekki að skoða það álit mitt sem vantraust á ríkisstjórn Íslands. Sem betur fer hafa flestar lýðræðisþjóðir og bandalagsþjóðir okkar einnig brugðist einarðlega við þessum voðaatburðum. Ég tel að veröldinni sé öðru fremur nauðsyn á friðarviðleitni. Það þýðir ekki að láta stórveldin ein um að teygja það skinn á milli sín. Hver og ein þjóð, hver og einn maður verður að láta sig þau mál miklu varða. Ég tel að það sé ekki eðlilegt að leggja áherslu á gagnsemi fælingarstefnu Atlantshafsbandalagsins eins og gert er á bls. 11 í skýrslunni. Gagnsemi fælingarstefnu er nefnilega villukenning, hvort heldur hún er praktiseruð af Atlantshafsbandalagi eða af hryðjuverkamönnum.

Á síðast liðnu vori urðu þáttaskil í meðferð utanríkismála hér á Alþingi með samþykkt ályktunar um afvopnunarmál frá 23. maí 1985. Samþykktin var gerð einróma og þar áréttar Alþingi þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn og könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu. Ég er ekki tilbúinn að láta í ljósi hér eða nú skoðun mína á því hvort ég telji mögulegt eða rétt að koma upp kjarnorkuvopnalausu svæði, en hitt tel ég mjög mikilvægt að Íslendingar fylgist vel með þeirri umræðu og taki þátt í henni vegna þess að ef slíkt svæði yrði myndað án þátttöku Íslands, þá væri stór hætta á því að þrýstingur ykist á jaðra svæðisins, og þar með Ísland, að koma þar fyrir kjarnavopnum. Þess vegna verðum við að vaka vel yfir þessari umræðu og taka þátt í henni.

Þá var í ályktuninni — og þar á ég við ályktun

Alþingis frá 23. maí s.l. — fjallað um nauðsyn gagnkvæmrar afvopnunar og bann við tilraunum með framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti. Þessi ályktun er grundvöllur að stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum og í samræmi við og í framhaldi af ályktuninni frá 23. maí 1985 bar ég fram fyrr á þessu þingi ásamt sjö öðrum framsóknarmönnum till. til þál. á þskj. 223, um frystingu kjarnorkuvopna. Þar var lagt til að Ísland reyndi að ná samstöðu með öðrum ríkjum Norðurlanda um tillögugerð á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um frystingu og framleiðslu kjarnorkuvopna og bann við tilraunum með kjarnavopn. Þessi tillaga er enn þá hjá utanrmn. og ég verð að vonast fastlega eftir því að nefndin afgreiði hana jákvætt fyrir þinglok.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið en undirstrika það enn og aftur að ég tel mjög mikilvægt að Alþingi haldi vöku sinni varðandi utanríkismál. Við erum hluti af heiminum og getum ekki látið eins og okkur komi ekkert við hvað gerist í heiminum í kringum okkur eða þá í geimnum yfir okkur.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka meðnm. mínum í hv. utanrmn. fyrir gott samstarf í vetur og formanni fyrir sanngjarna fundarstjórn og greiðar upplýsingar. Á starfstíma nefndarinnar á þessu þingi urðu mannaskipti í embætti utanrrh. er Matthías Á. Mathiesen tók við af Geir Hallgrímssyni. Um leið og ég þakka fyrrv. utanrrh. samstarfið óska ég núv. utanrrh. farsældar í starfi og þakka jafnframt þá skýrslu sem hann hefur gefið um utanríkismál og hér er til umræðu.

Þessi yfirgripsmikla skýrsla var lögð fram nú fyrir réttri viku og umræða um hana fer fram nú á síðustu dögum þingsins. Ég tel að viðfangsefni þessarar skýrslu sé svo mikilvægt og varði okkur svo miklu að óviðunandi sé að undirbúningur og umfjöllun um hana skuli nær drukkna í önnum þingloka. Því geri ég það hér að tillögu minni að tryggt verði að umræður um skýrslu utanrrh. skuli jafnan fara fram nokkru áður en þingi lýkur. Að vísu má segja að í ár gegni öðru máli en vanalega þar sem þingi lýkur óvenju snemma. Þó skiptir meginmáli að þessar umræður og undirbúningi undir hana sé ævinlega ætlaður nægur og rúmur tími.

Þessi umræða hér í dag fer fram í skugga þeirra voðaatburða sem gerðust á alþjóðavettvangi í nótt þegar Bandaríkjamenn gerðu loftárásir á Líbýu. Sú staðreynd að maður eins og Muammar Gaddafi getur manað stórveldi til slíkra aðgerða hengir vonir manna um heimsfrið á bláþráð. Þessar árásir voru gerðar þvert gegn vilja helstu ráðamanna í ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu utan, að því er virðist, Margarétar Thatcher, forsrh. Bretlands, og kom kannske fáum á óvart. Og einnig eftir að Gaddafi hafði hótað árásum á herstöðvar Bandaríkjamanna í Evrópu sem geyma kjarnorkuvopn, jafnvel þótt það kostaði þriðju heimsstyrjöldina, var haft eftir honum í fréttum. Og eftir því sem ég hef þegar fregnað þá hafa Líbýumenn endurgoldið þessa árás í nótt með því að skjóta á fjarskiptastöð Bandaríkjamanna á Ítalíu.

Þetta er bara fyrsta dæmið sem sýnir hversu óábyrg ákvörðun þetta var, og röng. Slík viðbrögð ber ekki bara að harma, hæstv. utanrrh., heldur gagnrýna mjög harðlega og fordæma því að slík árás mun leiða til meiri átaka. Íslensk stjórnvöld eru gjarnan sein til að taka afstöðu á alþjóðavettvangi í friðar- og afvopnunarmálum og gera sér far um að móðga ekki og ganga hægt um dyr. Þau vilja fremur slá mynt til að minna á friðinn, eins og kom fram í máli hæstv. forsrh. þegar ég bar fram fsp. um aðgerðir á alþjóðlegu friðarári. Þau vilja fremur slá mynt til að minna á friðinn en taka einarðlega afstöðu á alþjóðavettvangi þegar það skiptir máli. Því var það að við misstum af lestinni meðan við veltum fyrir okkur orðalagi sem engan mundi styggja og vorum ekki meðal þeirra Evrópuþjóða sem reyndu að mynda fyrirstöðu gegn þeim árásum sem nú hafa verið gerðar. Þó var mál þetta rætt í hv. utanrmn. í gær, þar sem till. var borin fram um að stjórnvöld myndu lýsa andúð sinni gegn slíkri árás og þar hvatti ég til þess að hæstv. ráðh. hraðaði aðgerðum þannig að íslenska ríkisstj. gæfi út yfirlýsingu áður en til átaka kæmi. En það varð ekki.

Þessir atburðir leiða hugann að því hve viðkvæmt öryggi okkar jarðarbúa er. Hve mjög við erum í raun háð hvert öðru og hve afdrifaríkar aðgerðir í einum heimshluta eða landi geta orðið fyrir jarðarbúa alla á skömmum tíma. Það leiðir enn fremur hugann að því að öryggi eins ríkis getur í reynd ekki verið á kostnað annars ríkis. Öryggi okkar er í raun sameiginlegt. Þess vegna er sú sérhyggna hagsmunaþrönga utanríkisstefna, sem rekin hefur verið af flestum þjóðríkjum hingað til, orðin úrelt og við verðum að leita nýrra aðferða, nýrra leiða til þess að tryggja sameiginlegt öryggi jarðarbúa allra. Það eru sífellt fleiri hættur og vandamál sem steðja að okkur sem virða engin landamæri sem dregin eru af mönnum. Kjarnorkuváin ógnar okkur öllum með margslungnum og áður óþekktum afleiðingum. Skelfilegur uppblástur jarðvegs og gróðureyðing sem veldur endurteknum hungursneyðum og eyðir hægt og sígandi ræktanlegu landi af yfirborði jarðar. Súrt regn berst með veðrum úr reykháfum skeytingarlausra iðnaðarríkja og drepur trjágróður og líf í vötnum víðsfjarri upptökum sínum. Þannig mætti lengi telja. Dæmin eru mýmörg. Nógu mörg til að réttlæta það að við nemum staðar, stöldrum við í þessu óðagoti efnishyggjunnar og andvaraleysisins og finnum okkur önnur mörk og mið, aðrar aðferðir til samskipta og aðrar umgengnisvenjur um þessa jörð sem er bústaður okkar allra. Við höfum ratað í ógöngur en það er fyrst og fremst hegðun okkar mannanna sem hefur leitt okkur þangað og nærir rætur þess vanda sem við glímum við. Breytt hegðun okkar getur leitt okkur út úr þessu sjálfskaparvíti og breytt hugsun í utanríkismálum er mikilvægur áfangi í þeim efnum, og ég mun víkja að því síðar.

Vegna þess sem ég hef þegar sagt hér langar mig að minnast á það að við þm. Kvennalista ásamt öðrum þm. höfum endurflutt till. um friðarfræðslu. Þessi till. varðar einmitt það málefni að menn breyti framferði sínu og finni upp aðrar aðferðir við að lifa saman en þeir hafa reynt hingað til. Það örlar á skilningi á þessu atriði í núv. skýrslu utanrrh. þar sem segir, með leyfi forseta, á bls. 8:

„Mikilvægt skilyrði fyrir lausn vandans — og vandinn er einmitt sá er fjallar um styrjaldir — er skilningur á því að það er ekki vopnabúnaðurinn sem ógnar heimsfriðnum heldur mennirnir sem ráða honum."

Þessi till. um friðarfræðslu hefur verið víða flutt annars staðar og m.a. vil ég víkja að nokkrum greinum um friðarfræðslu sem hvetja til friðarfræðslu í skýrslu kvennaráðstefnunnar í Nairóbí, sem ég mun reyndar víkja að nánar síðar. Þar eru a.m.k. sex greinar sem

fjalla beinlínis um mikilvægi friðarfræðslu, um mikilvægi þess að konur sinni friðarfræðslu, um mikilvægi þess að hanna heppilegt námsefni fyrir friðarfræðslu og um mikilvægi þess að bera ekki stríðsleikföng eða annan stríðsáróður að börnum. Ég ætla ekki að eyða tíma í að lesa þessar greinar nú vegna þess hve tími er naumur og margir eru á mælendaskrá en ég vísa til þeirra í þessari skýrslu, það er málsgr. 255, málsgr. 256, málsgr. 272, 273, 274 og 344.

Skattgreiðendur allra þjóða heimsins munu þurfa að greiða nærri einni trilljón bandaríkjadala til að fjármagna hernaðarútgjöld alls heimsins á árinu 1985. Ein trilljón eru þúsund milljarðar dollara, það er um þúsundföld upphæð íslenskra fjárlaga þessa árs. Bandaríkin og Sovétríkin ein munu hafa eytt a.m.k. 645 milljörðum dollara, þ.e. rúmum helming af því fjármagni sem eytt hefur verið, og bara framlag þeirra er um 1,7 milljarðar á hverjum degi. Árlegur kostnaður við rekstur bæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna er minni en vígbúnaðarrekstur Bandaríkjanna og Sovétríkjanna til samans á hverjum degi. Veltið því fyrir ykkur, hv. þm., þegar jafnframt er verið að ræða um fjárþröng Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra.

Þær ríkisstjórnir, sem nú eru við völd í hinum ýmsu þjóðríkjum, hafa skrýtna forgangsröð. Þær verja að meðaltali 19 300 dollurum á ári á hvern hermann í löndum sínum, en aðeins 380 dollurum á hvert barn á skólaaldri. Hverjum ætla þær að erfa löndin? Hermönnum? Þessi undarlega forgangsröðun stafar einmitt af úreltri stefnu og aðferðum í utanríkismálum. Ríkisstjórnir stórveldanna halda áfram að eyða a.m.k. helmingi meira fé til hernaðarrannsókna en til annarra rannsókna. Sá baggi, sem þessi lönd binda sér vegna þess fjár sem sólundað er til vígbúnaðar, er skoplítill miðað við þau efnahagsáhrif sem þessi fjársóun hefur í þróunarlöndunum.

Það virðist ekki öllum nægilega ljóst hve skaðvænlegar pólitískar og efnahagslegar afleiðingar hljótast af vaxandi kostnaði við vígbúnaðarkapphlaupið. En hernaðar- og gróðahyggja gagnsýrir pólitíska hugsun um víða veröld í allt of ríkum mæli. Það fé sem eytt er til vígbúnaðar árlega jafngildir þjóðarframleiðslu allra þeirra landa þar sem fátækari helmingur jarðarbúa býr. Árleg eyðsla heimsins til vígbúnaðar jafngildir allri skuld hinna fátækari þjóða við hinar efnaðri. En vaxtagreiðslur af þessum skuldum eru að kyrkja efnahagslíf margra fátækra þjóða. Ef 10% af því fé sem eytt er til vígbúnaðar árlega yrði varið til að grynnka á þessum skuldum mundu þær hverfa á innan við 20 árum.

Hæstv. utanrrh. var viðskrh. áður en hann tók við embætti og þegar hann sótti fund Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Seoul á s.l. hausti. Þar kom í ljós að í rómönsku Ameríku einni saman gengu 38% af samanlögðum tekjum þeirrar álfu af útflutningi til þess að greiða vexti á síðasta ári, vexti af erlendum lánum. Og þar kom einnig fram að ótti valdsmanna við skuldakreppuna var ekki einungis pólitískur, hann var enn fremur tengdur því að skuldheimtan við þessi fátæku lönd, eins og hún hefur verið rekin hingað til, grefur í raun undan því að í framtíðinni geti viðkomandi ríki framleitt sig út úr skuldakreppunni. Allir sjóðir þeirra eru tæmdir og fjárfestingar hafa skroppið saman. Það má taka sem dæmi að lönd eins og Mexíkó, Argentína, Brasilía og Venezúela skulda einum aðila, Chase Manhattan bankanum, 6,1 milljarð dollara. Þetta svarar tvöföldum höfuðstóli þessa bankarisa.

Á þessum fundi í Seoul var spurt að því hvort menn ætluðu að koma í veg fyrir þá öflugu pólitísku sprengju sem skuldakreppan væri og koma í veg fyrir að hún færi í loftið og rifi e.t.v. með sér fjármálakerfi heimsins. Þeirri spurningu var mér vitanlega ekki svarað á þessum fundi en kannske veit hæstv. utanrrh. betur. Svo ólíkir menn að skoðunum sem Castró Kúbuforseti og ritstjóri Dagblaðsins og Vísis eru, virðast þeir þó sammála um það að eina raunsæja leiðin í þessum efnum sé að strika yfir þessar skuldir í eitt skipti fyrir öll. Mig langar að vitna hér í leiðara DV frá 14. apríl. Þar er talað um skuldasöfnun Marcosar fyrrum Filippseyjaforseta.

„Dæmi Marcosar er aðeins stærsta dæmið af mörgum tugum um framferði alþjóðabanka í þriðja heiminum. Annað dæmi er Chile sem var í peningasvelti á lýðræðistíma Allendes en hefur verið að drukkna í lánsfé síðan Kissinger kom geðsjúklingnum Pinochet til valda.

Eitt sorglegasta dæmið er Argentína, sem drukknaði í lánsfé á valdatíma her- og lögregluforingja sem haldnir voru stelsýki og kvalalosta, en hefur verið fryst af alþjóðabönkunum síðan lýðræðisstjórn komst þar til valda. Argentínumenn bera ekki ábyrgð á skuldunum. Einhverra hluta vegna virðast vestrænir bankastjórar halda að peningar séu vel varðveittir hjá glæpamönnum, sem ryðjast með ofbeldi til valda í þriðja heiminum, en illa geymdir hjá stjórnum sem starfa í umboði borgaranna eins og tíðkast á Vesturlöndum. Staðreyndin er hins vegar sú að þeir sem ráða ríkjum í skjóli hers og lögreglu fara verr með fé en hinir sem hafa umboð."

Þessi efnahagsvandamál þróunarríkjanna eru enn önnur afleiðing af úreltri utanríkisstefnu. Halli á fjárlögum Bandaríkjanna var nær 200 millj. dollara á s.l. ári. Mig langar að minnast á ummæli sem ég því miður gat nú ekki fundið tilvitnun í, en var vitnað til í fréttum í fyrri viku. Þá var talað um ummæli sem David Stockman, sem hafði verið fjárhagsráðgjafi Reagans Bandaríkjaforseta, viðhafði í bandarísku tímariti. Hann bar kvíðboga fyrir því hversu lélega ráðgjafa Bandaríkjaforseti hefði og hann óttaðist mjög um ákvarðanir Bandaríkjaforseta vegna þess hve lélega ráðgjafa hann hefði sér við hönd.

Sérhver milljarður dollara, sem bætist við hernaðarútgjöldin, eykur fjárlagahallann. Það leiðir svo aftur til vaxtahækkana sem gera skuldastöðu þróunarríkjanna verri og mörg þeirra geta ekki staðið í skilum með vextina eina hvað þá afborganir af lánunum.

Ein af réttlætingum fyrir vígbúnaðarsmíð hefur gjarnan verið að af henni verði efnahagslegur ávinningur, hún veiti atvinnu og leiði til hagvaxtar. Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, skipuð sérfræðingum frá ýmsum ríkisstjórnum, komst að þeirri niðurstöðu á árinu 1981 að eyðsla til hernaðar væri efnahagslega óarðbær, hún leiddi ekki til hagvaxtar heldur þvert á móti hefði áhrif til verðbólgumyndunar og kæmi í veg fyrir fjárfestingu til arðbærrar nýsköpunar. Með því að draga til sín hæfileikafólk á sviði vísinda dregur hún úr framförum og afrakstri vísinda og tækni á öðrum sviðum.

Samkvæmt könnun, sem gerð var í Bandaríkjunum

árið 1982 á vegum ráðs um forgangsröðun í efnahagsmálum, „council on economic priorities“ á ensku, skapar hver milljarður, sem Pentagon eyðir til hermála, 28 þús. störf sem ekki eru tengd hernaði. En ef sama fjármagni væri varið t.d. til menntamála mundi það leiða til 71 þús. nýrra starfa. Ef sama fjármagni yrði varið í fataiðnaði mundi það leiða til helmingi fleiri starfa en það gefur nú við smíði landsækinna eldflauga, þ.e. cruise-eldflauga, og geimferja.

Ráðið komst einnig að þeirri niðurstöðu að 50 til 150 þús. ný störf hlytust af því í Bandaríkjunum ef því fjármagni, sem nú er eytt í kjarnorkuvígbúnað, yrði beint til borgaralegs reksturs.

Að baki allra þessara talna liggja grimmilegar staðreyndir þeirrar efnahagsþróunar sem ríkir á okkar dögum. Útgjöld til vígbúnaðar margfaldast meðan frumþörfum milljóna manna er ekki sinnt. Eldflaug, sem ber kjarnaodd, er aðeins sex mínútur á leið sinni frá Vestur-Evrópu til Sovétríkjanna. Venjuleg afríkönsk húsmóðir þarf að ganga margar klukkustundir til að sækja drykkjarhæft vatn. Þetta, hv. þm. — þeir eru ekki margir eftir hér inni — stafar af úreltri hugmyndafræði, óviðunandi verðmætamati og þessu verðum við að breyta. Að þeim orðum sögðum leiðum við hugann að hlutverki smáþjóða á alþjóðavettvangi, smáþjóða eins og Íslendinga. Hvaða hlutverk við höfum til þess að reyna að breyta þessum staðreyndum.

Það er liðin sú tíð að Íslendingar voru nýlenduþjóð og örlög hennar ráðin af herraþjóð sem hafði mál hennar í hendi sér. Eða er ekki svo? Í raun má segja að kjarnorkuveldin drottni yfir örlögum annarra þjóða og hafi öryggi þeirra í hendi sér. Og stórveldunum hefur í raun sjálfum verið falið að forða veröldinni frá kjarnorkuvá. Samningamenn þeirra hafa setið löngum stundum að viðræðum en án mikils árangurs. Í reynd hefur kjarnorkuvopnum fjölgað á meðan úr nokkrum hundruðum í 50 þúsund. Í stað þess að stöðva framleiðslu kjarnavopna eða draga úr fjölda þeirra sem fyrir er hafa samningar í raun snúist um það að ákvarða tegundir og fjölda þeirra vopna sem smíða má.

Það er flestum orðið löngu ljóst að ríkisstjórnir, sem leyfa smíð nokkurra nýrra kjarnavopna á hverjum degi, eru ólíklegar til þess að taka forustu í því að koma í veg fyrir kjarnorkuvá. Vaxandi fjöldi þjóða gerir sér grein fyrir nauðsyn þess að þrýsta á stórveldin til að knýja fram vilja hjá þeim og aðgerðir til að draga úr vígbúnaði og stöðva frekari vopnasmíð. Öll stjórnvöld svara þrýstingi og stórveldin munu svara þrýstingi frá bandamönnum sínum og nágrönnum en einungis ef sá þrýstingur er nógu mikill. Þess vegna er það hlutverk smáþjóðar, eins og annarra þjóða sem æskja friðar og vilja bægja frá kjarnorkuvá, að láta þennan vilja sinn skorinort og ótvírætt í ljós.

Herra forseti. Það er enginn þingmaður staddur hér utan herra forseti sjálfur og ég. (**Forseti:** Já, það verður ekki gert við því, við höldum áfram fundinum. Við höfum ekki ráð á því að skipa þingmönnum að vera til staðar en fundurinn stendur yfir og umræðum er haldið áfram.)

Það er ekki sæmandi hlutverk að vera talhlýðinn jábróðir sem ævinlega varast það að styggja stóra bróður. Við eigum að rétta úr hrygglengjunni og vera óhrædd við að láta skoðanir okkar í ljós, þær sjálfstæðu skoðanir sem þessi þjóð hefur, eins og komið hefur fram í skoðanakönnunum og í reynd í samþykkt Alþingis um afvopnunarmál frá s.l. vori. Það er t.d. í samræmi við þær skoðanir sem Íslendingar hefðu átt að styðja tillögu Mexíkó, Svíþjóðar og fleiri ríkja á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna eins og hin Norðurlöndin gerðu, en ekki að sitja hjá.

Það er sömuleiðis í samræmi við yfirlýstar skoðanir meiri hluta þjóðarinnar í skoðanakönnunum að styðja við hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði. Því er eðlilegt að stjórnvöld taki þátt í og stuðli að viðræðum um þetta málefni, þannig að slíkum svæðum verði komið á.

Það er því bæði sjálfsagt og mjög æskilegt að smáþjóð eins og Íslendingar láti til sín heyra á alþjóðavettvangi og styðji þar við þau mál sem mega verða til þess að efla frið og leiða til afvopnunar og stjórnvöld gegni þar því fulltrúahlutverki sem þeim ber fyrir íslenska þjóð.

Hin óbilgjarna stefna stórveldanna í kjarnorkumálum hefur leitt til þess að margar þjóðir velta því fyrir sér hver framtíð þeirra verði innan bandalaga við kjarnorkuveldin. Og komið hefur fram sú skoðun að ýmsar þjóðir muni ekki una því að fylgja þeim að málum ef þau krefjast þess að bandalagslönd þeirra verði að taka við kjarnorkuvopnum sem aðilar að bandalagi við þau, eins og Helen Clark þingmaður og formaður utanríkismálanefndar þingsins á Nýja-Sjálandi hefur sagt nýlega. Sama skoðun hefur komið fram víða í Evrópu, bæði meðal almennings og stjórnmálamanna, þ.e. að jafnvel þótt þjóðir þessar séu fylgjandi því að vera í bandalagi við stórveldi eins og t.d. Bandaríkin þá muni þau ekki una því að kjarnorkuvopn verði staðsett í löndum þeirra. Og þar sem slíkum vopnum hefur verið komið fyrir hefur það gerst þvert ofan í kröftug mótmæli, bæði almennings og margra stjórnmálamanna.

Mig langar til þess að bera fram spurningu í þessu sambandi til hæstv. utanrrh. ef hann er hér. Í samþykkt Alþingis er talað um að kjarnorkuvopn verði ekki leyfð í íslenskri lögsögu, hvorki á landi, lofti né í hafi. Hvernig ætlar hæstv. utanrrh. að framfylgja þessu, hvaða tök hefur hann í raun á því eða hans embætti eða íslensk stjórnvöld almennt að fylgjast með því hvort kjarnorkuvopn eru staðsett í íslenskri lögsögu, hvort flugvélar, sem millilenda á Keflavíkurflugvelli, kunni að bera kjarnorkuvopn, hvort kafbátar, sem koma að landinu, kunni í raun að bera kjarnorkuvopn? Hvaða aðferðum getur hæstv. utanrrh. beitt?

Sú skoðun á sér vaxandi fylgi á þjóðþingum í Evrópu og víðar að nauðsynlegt sé að snúa við þessari óheillavænlegu þróun sem orðin er í vígbúnaðarmálum og hafa ýmsir ráðamenn átt frumkvæði að mikilsverðum aðgerðum. Má sem dæmi nefna frumkvæði sex þjóðarleiðtoga frá fimm heimsálfum, sem áður var getið, þeirra Raúls Alfonsin Argentínuforseta, Raschids Gandhi forseta Indlands, Miguel de la Madrid Mexíkóforseta, Júlíusar Nyerere forseta Sambandslýðveldis Tanzaníu, Andreasar Papandreu forsætisráðhera Grikklands og Olofs Palme forsætisráðherra Svíþjóðar sem var öllum friðelskandi einstaklingum og þjóðum harmdauði er hann var myrtur fyrir nokkrum vikum. Þessir stjórnmálamenn eru og voru allir meðlimir alþjóðlegra þingmannasamtaka sem beita sér fyrir friðar-, afvopnunar- og þróunarmálum og hafa unnið þarft starf í þeim efnum, m.a. með bréfum reynt að hvetja leiðtoga stórveldanna til aukins samstarfs um afvopnunarmál og

reynt að glæða vilja þeirra í þeim efnum.

Jafnaðarmenn á Norðurlöndum hafa haft frumkvæði að því að hefja umræður meðal allra stjórnmálaflokka á Norðurlöndum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og var haldinn fundur um það efni í Kaupmannahöfn í nóv. s.l. Þar tóku til máls meira en 70 þingmenn og lýstu skoðunum sínum. Nú stendur til að halda þessum umræðum áfram og m.a. vísa málinu til meðferðar í nefnd embættismanna sem muni kanna möguleikana á því að koma á slíku svæði og gera um það tillögur til stjórnmálamanna. Ég tel mjög mikilsvert að við styðjum þessa hugmynd og verðum áfram þátttakendur í þessum umræðum.

Það kom glögglega fram víða í skýrslu utanrrh. hve náið samstarf Norðurlöndin hafa haft á alþjóðavettvangi, t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það hefur einnig komið fram að Norðurlöndin njóta virðingar sem hópur, hópur velviljaðra upplýstra velferðarríkja, og geta þannig haft töluverð áhrif. Það er því beinlínis skylda þeirra að beita sér sameiginlega og taka frumkvæði að því að knýja á stórveldin um afvopnun, leita nýrra leiða í utanríkis- og öryggismálum til þess að rjúfa þann vítahring sem leiðir vaxandi fjármagn og brothætt öryggi jarðarbúa hring eftir hring og reyndar í spíral stigmögnunar án þess að við verði spornað.

Nú síðast er þessari stigmögnun ætluð leið út í geiminn. Forsendur þeirrar áætlunar og vísindalegar líkur á því að hún sé framkvæmanleg eru vægast sagt hæpnar og ræddi ég geimvarnaáætlun Reagans Bandaríkjaforseta í löngu og ítarlegu máli við umræður um skýrslu utanrrh. í fyrra og vísa ég til máls míns þar.

Sú hugmyndafræði, sem að baki þessari áætlun liggur, er hin sama gamla úrelta sem leitt hefur okkur þær ógöngur sem við höfum ratað í nú, þ.e. að óviðráðanleg vopn verði einungis hamin með nýjum vopnum. Með illu skal illt út reka. En menn skyldu ekki gleyma því að hönd í hönd við þann málshátt gengur annar og hann gildir jafnt um geimvopn og Gaddafi, ofbeldi leiðir af sér ofbeldi.

Ég fékk ekki svar á s.l. ári frá hæstv. fyrrv. utanrrh. um afstöðu hans og ríkisstj. til þessarar draumórakenndu og barnalegu en hættulegu áætlunar. Nú stendur í skýrslu utanrrh. skýrum stöfum afstaða stjórnvalda í þessum efnum. Það hefur áður verið vitnað ítarlega til þessa kafla og ég mun ekki endurtaka hann allan. En ég verð þó að segja að mér finnst fjarskalega barnalegt að láta sér detta í hug að ef niðurstöður geimvarnarannsókna bendi til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu, beri risaveldunum að sjá til þess að geimvarnaáætlanir verði aldrei að veruleika. Mér finnst þetta þvílík óskhyggja að ég undrast að það skuli vera sett í skýrslu af þessu tagi. Ég hélt að mennirnir þyrftu ekki annað en að kanna sögu hernaðar, þó það væri ekki nema nokkra tugi ára aftur í tímann. Það hafa aldrei verið smíðuð vopn sem hafa ekki einhvern tíma verið notuð og vopnin eru í raun smíðuð til þess að ógna með þeim, ef ekki nota þau.

Ef áætlun, sem kostar jafnmikið fé, jafnhrikalegt fjármagn og þessi geimvarnaáætlun eða stjörnustríðsáætlun, er lokið og talið verði að hún geti stofnað heimsfriðnum í hættu dettur nokkrum manni í hug að það verði hætt við hana, henni verði pakkað ofan í kassa og hún geymd? Kjarnorkuvopnin eru með okkur og það hefur ekki hvarflað að nokkrum manni á s.l. áratugum að reyna að fækka þeim í reynd, það hefur ekki örlað á pólitískum vilja til þess arna.

En þetta var nú bara barnalegt og það er allt í lagi að mínu mati. Verra og miklu verra þykir mér þar sem sagt er að vert sé að hafa í huga að „geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna gerir ráð fyrir stórstígum framförum á sviði tækni og vísinda og má þar nefna upplýsinga-, efna-, orku-, leysigeisla- og kerfistækni. Síðan kemur — og ég vitna áfram, með leyfi forseta:

„Geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni er ljóst að Íslendingar geta, ekki síður en aðrir — Er betra að syndga í góðum félagsskap? Er það það sem þetta er að segja, ef það eru fleiri þá er það allt í lagi? — notið góðs af samvinnunni."

Mig langar til að spyrja: Hvað er í raun meint með þessu? Á að krækja sér í svolítið fjármagn til þess að fjármagna íslenskan atvinnurekstur, til þess að byggja upp íslenskt hugvit? Hvað er eiginlega meint með þessu?

En hæstv. utanrrh. er ekki sá eini sem vill njóta góðs af samvinnunni. Bæði ráðamenn og vísindamenn í Evrópu hafa séð sér leik á borði að krækja í eitthvað af því gífurlega fjármagni sem renna mun til geimvarnaáætlunarinnar. Þar koma margir siðprúðir menn að matarholunni og vilja fá bita. Þeir koma þangað m.a. til að selja hugvit sitt og þeir virðast ekki hafa minnstu áhyggjur af því að hugvit þeirra og afurðir þess verði notað í hernaðarlegum tilgangi. Þeir eru kannske bara að selja tölvu eða forrit, blásaklaust forrit. Þeim virðist sama hvort hernaðarmálastofnun, menningarmálastofnun, matvælastofnun eða vísindastofnun kaupir af þeim hugvit. Eða hvað? Hvar draga þeir línuna? Mundu þeir selja Gaddafi? Einhverjir selja honum vopn og vígbúnað. Mundu siðprúðir vísindamenn, t.d. á Íslandi, selja honum hugvit sitt sem síðan yrði nýtt í hernaðarlegum tilgangi?

Ríkir kannske engin siðfræði eða siðferðileg ábyrgð í heimi vísindanna? Vitanlega eru vísindi ekkert annað en eitt af því marga sem manneskjur hafa fyrir stafni og tengd allri manneskjunni, takmörkunum hennar, lífi, ábyrgð og stöðu í samfélagi manna. Og það er ekki hægt að rjúfa þau úr tengslum. Þau eru hvergi tárhrein og ferðast ekki í neinu tómarúmi. Þau eru afurð mannsandans sem er samofin líkama mannsins sem á samskipti við aðrar lifandi verur.

Það lítur ekki út fyrir að tillaga okkar þingmanna Kvennalistans, um bann við hönnun og framleiðslu hergagna eða hluta þeirra hér á landi, njóti fylgis allra þeirra sem sitja í utanrmn. Hún er samt að meginefni til samhljóða þeirri tillögu, um bann við dreifingu kjarnorkuvopna, sem Íslendingar eru þegar aðilar að, Non-Proliferation Treaty. En einhverra hluta vegna treystust ekki menn til að samþykkja þessa tillögu. E.t.v. ráða þarna einmitt þær sömu hvatir og eru einna drýgstar til að reka vígbúnaðarkapphlaupið áfram í reynd, en það eru efnahagshagsmunir. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði reyndar lokið meginhluta máls míns þegar hlé var gert á umræðu en átti þó eftir í raun að fjalla nokkuð um þá skýrslu sem hér er til umræðu.

Ég fagna því að hæstv. utanrrh. skuli ætla að leggja þá áherslu, sem hér kemur í ljós, á það að sinna í auknum mæli viðskiptahagsmunum Íslendinga erlendis og nota utanríkisþjónustuna sem farveg til þess að sinna

þeim málum. Á þessu hefur lengi verið brýn þörf og er það mjög jákvætt ef hann getur tvinnað saman fyrri reynslu sína úr viðskrn. og þá reynslu sem hann fær nú af þessu embætti til þess að auka og efla markaðsöflun okkar Íslendinga erlendis. Á því er mikil þörf.

Sömuleiðis tek ég undir að það þarf að gæta vel að stöðu okkar gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu, einkum hvað varðar aðild annarra þjóða að fiskveiðiréttindum á fiskislóðum okkar og að afla nýrra markaða í Asíu, eins og kemur fram í þessari skýrslu.

Varðandi ráðstafanir utanrrh. um innra öryggi þjóðarinnar, þá mun ég fara fram á það að öll umfjöllun um þau mál verði gerð í náinni samvinnu við utanrmn. og henni leyft að fylgjast með þeim málum.

Ég hef þegar tekið á ýmsum þeim málum sem fjallað er um í skýrslunni í ræðu minni áðan. Ég vil þó leggja áherslu á það sem ég gerði líka þá og stendur reyndar í skýrslunni — ég tek eindregið undir það:

„Samskipti austurs og vesturs eru ekki einkamál risaveldanna. Þótt afstaða smáþjóðar til afvopnunarmála skipti ekki sköpum varðandi heimsfriðinn megum við ekki liggja á liði okkar í þessum mikilvægustu málum mannkyns. Okkur ber að marka sjálfstæða afstöðu og hafa áhrif til góðs."

Þetta vona ég að hæstv. utanrrh. treysti sér til þess að standa við í reynd en ekki að hér liggi einungis fyrir fallega orðuð tillaga um afvopnunarmál sem allir segjast samþykkja og hún sé síðan ekkert annað en orðin tóm og eftir henni sé ekki farið. Þá verður hún lítils virði.

Ég hef áður minnst á geimvopnaáætlunina og ætla ekki að eyða fleiri orðum að henni. En mig langar til þess að ræða það sem segir á bls. 11, með leyfi forseta, um umfjöllun tillögu þeirrar um frystingu kjarnavopna sem borin var fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna af Mexíkó, Svíþjóð og fleiri þjóðum. Sú ráðstöfun að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa tillögu á síðasta allsherjarþinginu er óviðunandi að mínu mati og hlýtur að þurfa að breytast.

Í umræðu um þessi mál á þinginu á s.l. hausti spurði ég hæstv. utanrrh. hver væru þau atriði í þessari tillögu sem gerðu það að verkum að hann treysti sér ekki til þess að standa við hana eða samþykkja hana. Ég hef í raun ekki fengið nógu gott svar við því. Þau svör að nægjanlegt eftirlit sé ekki fyrir hendi, að raunhæft eftirlit sé ekki fyrir hendi með þeirri frystingu sem þar er farið fram á, það eru rök sem ekki standast tæknilega. Ég veit að það eru til jarðskjálftamælar sem hægt er að koma upp og geta greint allar tilraunir sem gerðar eru með kjarnorkuvopn. Ég veit að bandarískir sérfræðingar, sem hafa unnið við hernaðarmálaráðuneyti, eru jarðfræðingar eða jarðskjálftafræðingar að mennt, hafa látið hafa eftir sér — og stjórnmálamenn ýmsir hafa leitað ráðgjafar þeirra um þessi atriði — að fyrir liggi tæknilegir möguleikar á því að hafa eftirlit með slíkum tilraunum.

Mér finnast því þessar mótbárur vera fyrirsláttur einn og benda til þess að það sé í raun og veru ekki pólitískur vilji til þess að standa að tillögu um frystingu kjarnavopna vegna þess að einhver vilji halda áfram að gera tilraunir með kjarnorkuvopn. Ég vil fara fram á það við hæstv. utanrrh. að hann svari afdráttarlaust: Hver eru raun þau atriði í þessari tillögu sem gera það að verkum að ekki er hægt að samþykkja hana? Ég kem ekki auga á þau sjálf.

Hvað varðar jafnvægi í vígbúnaði og fælingarstefnu þá hef ég svo oft áður talað um það hér úr þessum stól að ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því. En í raun og veru þá er það mikið til af kjarnorkuvopnum að það er löngu, löngu, löngu búið að ná því jafnvægi sem hægt væri að ímynda sér að hægt væri að ná með þeim, það er möguleiki á að drepa hvern mann mörgum sinnum. Þannig að það er ekki um að ræða jafnvægi. Það getur ekki verið röksemd fyrir frekari söfnun þessara vopna.

Hvað varðar þriðju endurskoðunarráðstefnu aðildarríkja samningsins um að dreifa ekki kjarnavopnum, þ.e. NPT eða Non-Proliferation Treaty, þá er tekið fram að fjórða endurskoðunarráðstefnan verði haldin að fimm árum liðnum um þennan samning. En þá langar mig til þess að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvernig verður unnið að þessu máli í þau fimm ár þar til næsta ráðstefna verður haldin til þess að fá fleiri ríki til að samþykkja þennan samning? Og ég fagna því að það skuli þó vera það ítarleg úttekt á hinum ýmsu samningum og ráðstefnum sem haldnar hafa verið um öryggismál eins og raun ber vitni í þessari skýrslu, en ég vek jafnframt athygli á því að síðan í síðustu heimsstyrjöld hafa verið um 40 samþykktir, samningar eða samkomulög, sem varða afvopnun og öryggismál, sem tekin hefur verið afstaða til og verið staðfestar. Um það bil fjórðungur þessara samninga snertir á einhvern hátt kjarnavopn. Enginn þeirra samninga hefur þó leitt til þess að eitt einasta kjarnorkuvopn væri eyðilagt eða tekið úr umferð. Það er t.d. um að ræða a.m.k. 8 samninga sem nú eru í gildi og við erum aðilar að. Vandamálið er kannske fyrst og fremst að reyna að framfylgja þeim samningum sem við þegar höfum gert og standa við þá og ekki síst þá stórveldin eða kjarnorkuveldin. Það segir hér á bls. 13, með leyfi forseta, í umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði. Ég hef áður rætt það í máli mínu áðan og mun ekki fara ítarlegar út í það, en ég get ekki fallist á það sem stendur hér:

„Vettvangur umræðu um kjarnavopnalausa Norður-Evrópu eða Norðurlönd er fyrst og fremst innan Atlantshafsbandalagsins."

Ég get ekki tekið undir þetta. Það hlýtur að vera fyrst og fremst innan Norðurlandanna meðal Norðurlandaþjóða. Þau hljóta að hafa sjálfræði til að ákveða hvort þau vilji verða kjarnorkuvopnalaus og þá með hvaða skilyrðum. Það getur ekki verið fyrst og fremst hlutverk Atlantshafsbandalagsins að ræða slíkt. Mér finnst fáránlegt að þetta skuli standa þarna.

Það er fjallað um aðgerðir vegna alþjóðlegs friðarárs á bls. 16 og ég bar fram fsp. á þinginu til hæstv. forsrh. um þær aðgerðir og þær áætlanir sem stjórnvöld hefðu gert í tilefni af friðarári. Mér fannst svör hans mögur. Mér fundust aðgerðirnar vera seint á ferðinni og vera litlar í raun og veru. Það kom reyndar ekki fram í máli hans að stjórnvöld hefðu lagt tillögur fyrir Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í sambandi við þetta ár. Því vildi ég spyrja hæstv. utanrrh., því það er talað um það hér, hvaða tillögur lögðu stjórnvöld fyrir Félag Sameinuðu þjóðanna í þessu sambandi? Og í raun, hvenær á að fara að gera eitthvað í tilefni af þessu ári? Við gerðum ekkert í tilefni af þessu ári í gær áður en þau átök fóru fram sem nú eru í hraðri framvindu. Það var ekkert gert til þess að sýna friðarvilja í gær. Kannske

skipta meira máli aðgerðir stjórnvalda og afstaða þeirra heldur en minningarathafnir sem hafa mjög lítið gildi til að minnast friðar.

Á sömu síðu, bls. 16, er rætt um fjármál Sameinuðu þjóðanna. Vegna þeirrar gagnrýni sem ég hafði uppi um úrelta stefnu og leiðir í utanríkismálum hinna ýmsu þjóðríkja vil ég benda á leið til úrlausnar, eina af mörgum leiðum, og hún er sú að efla þær alþjóðastofnanir sem vinna að því að tryggja sameiginlegt öryggi allra jarðarbúa en beinast ekki fyrst og fremst að þeim sérhagsmunum sem öryggi eins lands getur krafist á kostnað annars. Þess vegna mundi ég vilja leggja til að Ísland beitti sér af öllu afli fyrir því að einhverju af því mikla fé sem rennur til vígbúnaðar verði beint til starfsemi Sameinuðu þjóðanna til að gera þær að öflugri stofnun en þær eru í dag og hæfari til þess að sinna hlutverki sínu.

Ég vil líka spyrja utanrrh., því að hér stendur í þessum kafla um Sameinuðu þjóðirnar að skipuð hafi verið 18 manna nefnd til að gera tillögur um lausn fjárhagsvanda Sameinuðu þjóðanna og aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna muni kalla 40. allsherjarþingið saman til framhaldsfunda e.t.v. í apríl eða maí til að ræða hið alvarlega ástand sem ógnar nú sjálfum starfsgrundvelli Sameinuðu þjóðanna, eins og segir, með leyfi forseta: Hvað getur hæstv. utanrrh. sagt okkur nánar af þessu máli? Munu fastafulltrúar okkar á þingi Sameinuðu þjóðanna taka þátt í þessum fundum og getur utanrmn. vænst þess að fá fregnir af þeim málum?

Varðandi Alþjóðavinnumálastofnunina, sem hér er talað um, vildi ég fá að spyrja hæstv. utanrrh. eða hæstv. félmrh. ef hann er viðstaddur um atriði sem samþykkt var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf, það var 1982. Þar var gengið frá samþykkt, sem er nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda. Þessi samþykkt mundi kalla á nokkrar breytingar á íslenskri löggjöf ef Ísland á að staðfesta hana af sinni hálfu en Ísland hefur ekki gert það. Þau atriði sem helst má nefna í þessu sambandi eru afmörkun á heimild til tímabundinna ráðninga, að óheimilt sé að segja upp starfsmanni nema gild ástæða sé til þess í sambandi við hæfni eða hegðun eða rekstrarlegar ástæður leiði til þess, að ekki megi segja starfsmanni upp starfi vegna hegðunar hans eða afkasta án þess að honum sé fyrst gefinn kostur á að verja sig gegn þeim aðfinnslum sem fram eru bornar, nema um sérstaklega alvarlegt brot sé að ræða, og síðan segir í samþykktinni með hvaða hætti viðkomandi starfsmaður geti leitað réttar síns. Það mætti tína fleiri atriði til úr þessari samþykkt sem ég mun ekki gera hér, en það má líka fullyrða að ef þessi samþykkt væri staðfest af Íslands hálfu væri stigið stórt framfaraskref í réttindamálum launafólks hér á landi og því vil ég spyrja hæstv. utanrrh. eða félmrh. ef hann er staddur hér hvort farið hafi fram athugun á þessari samþykkt með það fyrir augum að hún verði staðfest af Íslands hálfu og hvort félmrh. eða utanrrh. muni beita sér fyrir því að þessi samþykkt verði staðfest því að hún skiptir miklu máli fyrir réttindi vinnandi fólks.

Í kaflanum um ECOSOC, Efnahags- og félagsmálaráðið, er rætt um samning þann sem við staðfestum á þingi á s.l. ári um afnám alls misréttis gegn konum. Því miður er þessi samningur enn þá einungis orðin tóm. Ég hef ekki orðið vör við það né aðrar þingkonur Kvennalistans að eftir honum væri farið þegar væri staðið að málum hér né heldur það að ríkisstj. hafi haft eitthvert frumkvæði um að standa við þann samning.

Ég mun ekki hafa mörg orð um þessa skýrslu frekar. Ég vil þó minnast á það að á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var Ísland meðal þeirra þjóða er fordæmdu viðskiptabannið sem hafði verið sett á Nicaragua af Bandaríkjunum, „enda var það og er skoðun ríkisstj.“, segir þar, „að slíkar aðgerðir séu lítt vænlegar til árangurs auk þess sem þær torveldi friðarumleitanir Contadora-ríkjanna á svæðinu.“ Ég vil vekja athygli hæstv. utanrrh. á því að þarna tók hann sjálfstæða ákvörðun gegn þeirri ákvörðun sem Bandaríkin höfðu tekið um málið og ég vil hvetja hann til þess að sýna slíkt sjálfstæði í mannréttindamálum, í friðarmálum og afvopnunarmálum af frekari tilefnum.

Ég mun ekki eyða frekari orðum að kaflanum um þróunarsamvinnu því að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mun ræða um þann kafla auk annarra atriða í þessari skýrslu. Ég vil þó harma það, og mér þykir það skammarlegt, að við skulum enn ekki hafa náð nærri því marki sem við höfum skuldbundið okkur til að láta í té til þróunaraðstoðar. Það vantar jafnmikið og áður á það að við höfum náð því marki sem er ekki nema 0,7% af þjóðarframleiðslu sem við ætlum okkur að verja til þessara mála en það sem við raunverulega látum í té er minna en 0,1%. Það er hreinlega skammarlegt og það eru engar þær efnahagsástæður eða aðstæður á Íslandi sem réttlæta slíkt. Við skulum ekki gleyma því að við erum sjötta ríkasta þjóð í heimi hvað varðar þjóðarframleiðslu.

Hvað varðar kaflann um öryggis- og varnarmál á Íslandi mun ég ekki verja frekari tíma í umfjöllun um hann. En ég vil segja það að það er og hefur verið ævinlega afstaða Kvennalistans að hernaðarbandalög og vopn muni ekki leysa vandamál manna. Við erum andvígar þeim. Við viljum ekki styrkja þau. Við teljum ekki að öryggi Íslands sé betur komið með því að styrkja hernaðarbandalög. Ég vil vísa til þess sem ég sagði áðan að öryggi allra jarðarbúa er sameiginlegt og byggist hvorki á vopnum hé hernaðarbandalögum.

Að öðru leyti vil ég taka undir það sem ég sagði upphaflega. Það er í skugga válegra atburða sem við stöndum og ræðum þessi mál hér. Ég spáði því í tali mínu áðan að þær aðgerðir sem Bandaríkjamenn hefðu gripið til, loftárásir á Líbýu, mundu draga á eftir sér slóða, ofbeldi mundi leiða af sér frekara ofbeldi. Það hefur komið á daginn að bara meðan við stöndum hér og ræðum þessi mál hefur framvinda mála orðið nokkuð hröð. Líbýumenn hafa þegar endurgoldið þessa loftárás Bandaríkjamanna með því að skjóta á skotmörk á Ítalíu og Bandaríkjamenn hafa að öllum líkindum hafið aðra loftárás á Líbýumenn. Þetta eru ógnvænlegar staðreyndir og við sáum það í fréttum í hléinu áðan að þær vekja almennan ugg meðal allra þeirra sem leitað var álits hjá, ráðamanna og almennings víða um heim. Ég vænti þess að utanrrh. taki skelegga afstöðu í þessu máli, lýsi yfir vilja sínum og að þingið samþykki ályktun um þessi mál í kjölfar þessarar umræðu.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Í upphafi máls míns vildi ég byrja á því að óska hinum nýja utanrrh. okkar velfarnaðar í starfi. Í þeirri skýrslu sem við

fjöllum um er komið víða við en í upphafi hennar byrjar hæstv. ráðherra á því að skýra að nokkru leyti frá þeim verkefnum sem hann hyggst beita sér fyrir í störfum sínum í utanrrn. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessi markmið, þ.e. að efla og sinna í auknum mæli viðskiptahagsmunum Íslendinga erlendis, að marka framtíðarstefnu gagnvart auknu stjórnmálalegu og efnahagslegu samstarfi ríkja Efnahagsbandalags Evrópu og gera sérstaka athugun á fyrirkomulagi utanríkis- og viðskiptaþjónustu okkar í Asíu.

Ég vil þó með tilliti til nokkurra þeirra atriða sem fram koma í þessari skýrslu, án þess kannske að raunverulegt tilefni liggi enn þá fyrir heldur einfaldlega vegna þess að maður gæti átt von á því að þær viðræður og sú kynning sem fram mun fara á frekara samstarfi Íslands og Efnahags- eða Evrópubandalagsins um viðskiptamál, við þá aðstöðu sem við búum við í dag, aðstöðu sem lýst er á blaðsíðu 30 í þessari skýrslu, í umfjöllun um Efnahags- og framfarastofnun, OECD, gætu hugsanlega valdið því að menn færu að hugleiða möguleikana á því að við gengjum í Efnahagsbandalagið sem ég tel með öllu óráðlegt. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú aukna áhersla sem einstök ríki leggja á það að tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi getur valdið Íslendingum erfiðleikum beint og óbeint.“ Þ.e. í samningum við ríki Efnahagsbandalagsins liggjum við undir ákveðnum þrýstingi hvað varðar viðskipti okkar með þessa afurð okkar sem fiskurinn er í þessum löndum og það er ekki hægt að horfa fram hjá því að Efnahagsbandalagsþjóðir nota sér þennan stóra markað sem þeir ráða yfir annars vegar og hins vegar þessa sérstöðu okkar að vera svona háðir þessari afurð til þess að ná þeim árangri sem þeir telja vænlegastan fyrir sig í samningum um viðskipti við okkur Íslendinga. Og ég vil leggja á það ríka áherslu að Íslendingar hviki ekki í sjálfstæði sínu að þessu leyti, þ.e. að renna nú ekki inn í Efnahagsbandalagið bara vegna þess að það hugsanlega þjóni einhverjum viðskiptalegum hagsmunum því að til lengdar tel ég að það sé ekki ráðlegt. Ég held að við þurfum ekki að nefna nein dæmi þess þó að við höfum þau fyrir augunum. Þar á ég við aðild okkar að EFTA og áhrif þess á þróun iðnaðar hér á landi.

Eitt er það af þeim málefnum sem hæstv. ráðherra nefnir í inngangi þessarar skýrslu sem ég tel nauðsynlegt að minnast á, þ.e. í 2. mgr. á 6. bls. Þar er talað um frumkvæði Íslendinga í öryggis- og varnarmálum sem hafi aukist „í tíð forvera míns“, eins og ráðherra orðar það. „Í eðlilegu framhaldi þess hef ég lagt til í ríkisstj. að gerð verði úttekt á „innra öryggi“ þjóðarinnar. Þar er öðru fremur átt við varnir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum, svo og gegn ólöglegri upplýsingastarfsemi.“ Ég held nú að það hafi verið tilviljun sem réði því að þessar hugmyndir komu fram nánast í kjölfarið á þeim skringilegu kjarasamningum sem fram fóru fyrir stuttu síðan. Aftur á móti held ég að það sé nauðsynlegt að vara við því að menn fari að búa til drauga og vandamál í þessu tilefni sem hugsanlega leiði til þess að það verði ekki lengur leyfilegt að hafa skoðanir á Íslandi. Ég held að allir verði að hafa á sér andvara að gæta þess að þær hugmyndir og þær úrlausnir sem menn munu leita varðandi innra öryggi landsins snúi fyrst og fremst út á við en alls ekki og aldrei inn á við að okkar eigin þegnum.

Ég ætla að láta bíða aðeins að tala um svokölluð einstök alþjóðamál heldur fara hér fljótt yfir sögu. Það er búið að koma víða við í þessari skýrslu en á bls. 19 er eitt atriði sem snertir mjög okkar starf hér á þingi og ekki hvað síst eftir atburði dagsins í dag, og þá er ég ekki að tala um Líbýu heldur um Ed. Í neðstu mgr. á þeirri síðu stendur:

„Í nóvember s.l. undirritaði Geir Hallgrímsson, þáv. utanrrh., í Strasbourg tvo Evrópusamninga fyrir Íslands hönd. Sá fyrri fjallar um sjálfsstjórn sveitarfélaga og kveður m.a. á um að opinber þjónusta skuli almennt falin stjórnvöldum sem næst standa þegnunum og að sveitarstjórnir skuli hafa ákvörðunarvald til að laga eigin stjórnkerfi að staðbundnum þörfum.“ Ég fæ ekki betur séð en þau sveitarstjórnarlög sem afgreidd voru til 3. umr. í dag í Ed. stangist verulega á við þau markmið sem sett eru fram í meginatriðum þessa samnings og skil ekki hvers vegna menn sjá sig tilknúna annars vegar til þess að vera þátttakendur að slíkum samningum eða ella hvers vegna menn sjá sig tilknúna til þess að fara ekki eftir þeim samningum sem þeir undirrita.

Á bls. 30 og 31 er talað um viðskiptajöfnuð og útflutning og þar er minnst á útflutning ullarvöru. Ég vil benda á það að útflutningur ullarvöru hefur að nokkuð stórum hluta verið háður mörkuðum austantjalds. Ég vil minna líka á það að við stöndum allt í einu í þeim sporum hvað þennan útflutning varðar að sú vara sem við höfum verið að bjóða okkar viðskiptaaðilum upp á er ekki lengur seljanleg vegna þess að hún er ekki eins og sagt er í tísku. Ég held að hægt sé að tengja að vissu leyti orsakir þessarar óheppilegu þróunar í markaðsmálum þeirri staðreynd að menn lögðu allt of mikla áherslu á þennan austantjaldsmarkað og tóku kannske lífinu allt of létt með tilliti til þess að sá markaður var tryggður með samningum sem í raun og veru gerðu enga kröfu til gæða þeirrar vöru sem verið var að selja og vara við því að menn falli í þessa sömu gryfju í framtíðinni.

Þá komum við að V. kafla þessarar skýrslu sem fjallar um þróunarsamvinnuna. Þátttaka okkar í þróunarsamvinnu hefur verið gagnrýnd og hún hefur verið gagnrýnd einna helst á þeim nótum að við höfum ekki nándar nærri skilað frá okkur því framlagi í peningum sem menn ætluðu sér og þar af leiðandi ekki staðið okkur í stykkinu. Ég tel, og það ekki hvað síst í ljósi þess ástands sem við búum við í heiminum í dag, að spurningin um þróunarsamvinnu sé í raun og veru ekki fyrst og fremst spurning um peninga heldur spurning um lífsskoðun, þ.e. hvað ætlum við okkur stóran þátt í því að koma þeim þjóðum til þroska — og þá á ég nú aðallega við hvað menntunar- og tæknilegt ástand snertir — sem enn þá eru mjög langt að baki okkur í þróun sinni og hvað erum við reiðubúin til að leggja mikið af mörkum, í vinnu og áróðri og áhuga, til þess að flýta sem mest fyrir því að þjóðir Afríku og Austurlanda fjær, sem hvað erfiðast standa í samkeppni við veröldina, nái sem fyrst því menningar- og þróunarstigi sem við á Vesturlöndum erum svo heppin að búa við.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur tekið þátt í verkefnum í Kenýa og Tanzaníu og núna í jan. s.l., eins og upplýst er í þessari skýrslu, var undirrituð yfirlýsing í Harare, höfuðborg Zimbabwe, um sameiginlega aðstoð

Norðurlanda við löndin í suðurhluta Afríku. Þetta eru allt saman mjög góðir og vænlegir áfangar en ég held að við verðum að ætla okkur meiri hlut þarna og spyrja okkur þeirra spurninga um það hvað við viljum gera mikið og hvað við getum gert. Á hvaða sviðum getum við lagt eitthvað af mörkum?

Ég held að þeirri spurningu sé í raun fljótsvarað. Við höfum þegar, án þess að mikið fari fyrir því, lagt þó nokkuð mikið af mörkum á sviði menntunar, reyndar ekki eftir opinberum leiðum, þ.e. ekki fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins beint. Það starf hefur meira verið unnið af líknarstofnunum, trúarsamfélögum og kirkjum. Íslendingar geta tvímælalaust lagt mjög mikið af mörkum á því sviði. Þá á ég við skólun og kennslu, það að kenna fólki að lesa, skrifa og reikna.

Í öðru lagi erum við framarlega, ef ekki með fremstu þjóðum veraldar, á sviði sjávarútvegs og þar hljóta að vera ómæld verkefni sem við gætum tekið að okkur. Sýnir það dæmi sem við þekkjum af samstarfi okkar við Grænhöfðaeyjar eilítinn vott um það hverju við gætum tekið þátt í, hvaða árangri við gætum tengst. Ég hef einu sinni áður í umræðu um utanríkismál fyrir held ég tveimur árum bent á að eðlilegt væri að við horfðum til Suðaustur-Asíu, ekki hvað síst vegna þess að þær þjóðir hafa ákveðnar hefðir í því að neyta sjávarafurða frekar eða meira en þær þjóðir sem við hingað til höfum verið að reyna að styðja á þessum vettvangi.

Það sem eftir er af þessari skýrslu fjallar að miklu leyti um þau mál sem tengjast þátttöku okkar í varnarbandalagi vestrænna ríkja að undanteknum kaflanum um hafréttarmál, þ.e. VII. kaflanum. Þar vil ég eingöngu lýsa yfir stuðningi mínum við að menn geri sem mest og sem fyrst í því að reyna að ná samstöðu milli okkar og Dana í viðræðum út af Rockall-svæðinu við Breta og hugsanlega Íra.

Þá erum við komin að því sem hefur kannske litað mestalla þessa umræðu í dag og skiljanlega. Það eru þeir viðburðir sem við höfum verið að upplifa núna nýlega, þ.e. allra seinustu klukkustundir og þennan sólarhringinn.

Áður en ég sný mér að því langaði mig til að beina einni fsp. til hæstv. utanrrh. Það er viðvíkjandi lið 5.3 á bls. 46 í skýrslunni um utanríkismál. Þar er talað um nauðsyn á því að ítarleg úttekt yrði gerð á hugsanlegri aðild Íslands að mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins.

„Nú er svo komið", segir þar, með leyfi hæstv. forseta, „að flestar framkvæmdir varnarliðsins á Íslandi við varnarmannvirki eru fjármagnaðar af mannvirkjasjóðnum. Hér er um framkvæmdir að ræða svo sem styrkt flugskýli og tengdar byggingar, helming kostnaðar við gerð hafnar og olíubirgðastöðvar í Helguvík, nýjar ratsjárstöðvar og styrkta stjórnstöð. Í dag eru Ísland og Spánn einu aðildarríki Atlantshafsbandalagsins sem ekki eru meðlimir sjóðsins en Frakkland hefur takmarkaða aðild.

Á varnarmálaskrifstofunni hefur nú verið hafist handa um ofangreinda úttekt. Að henni lokinni verður hægt að meta kosti og galla hugsanlegrar aðildar okkar." Og mín spurning hljóðar svo: Ef menn sjá hugsanlega galla á aðild okkar að þessum sjóði verður það þá niðurstaðan að Íslendingar hafni aðild að sjóðnum eða hafa þeir ekki möguleika á því að hafna henni? Ég spyr af þeirri einföldu ástæðu að reglur samnings Atlantshafsbandalagsins kveða á um að aðild að sjóðnum, þ.e. fjármögnun framkvæmda af fé úr sjóðnum af hálfu aðildarríkja, skuldbindur þau til þess að framkvæmdir, sem unnar eru fyrir þetta fé, séu boðnar út í NATO-löndum. Við höfum komist fram hjá þessu hér á landi vegna þess að Bandaríkjamenn eiga aðild að sjóðnum og hafa sjálfir tekið sér sjálfdæmi um það að ákveða hvernig þeir standa að framkvæmdunum þannig að okkur hefur ekki verið inn í það blandað. Með aðild okkar blönduðumst við inn í þetta og værum, nema þá að einhverjir sérstakir samningar kæmu til, skuldbundnir til þess að bjóða þær framkvæmdir út í NATO-löndum sem fjármagnaðar væru af hálfu sjóðsins.

Við erum aðilar að NATO og þannig séð erum við ófrjálsir og gegn vilja okkar að nokkru leyti orðnir aðilar að þeim atburðum sem nú eru að eiga sér stað suður við Miðjarðarhafið og slá miklum óhug á alla menn. Ég er reyndar ekki þeirrar skoðunar, eða ég er kannske þeirrar bjartsýni að við stöndum ekki frammi fyrir þriðju heimsstyrjöldinni. Ég tel að skoðun okkar á því hvernig þarna er að málum staðið í dag skipti e.t.v. ekki mestu máli. Það er að vissu leyti eðlilegt og ánægjulegt að finna hvað viðbrögð allra eru nánast einróma í óhug og hneykslun á atburðarásinni eins og við höfum upplifað hana. Nú erum við náttúrlega mjög svo háð þeim fréttaflutningi sem við búum við og allir þeir, sem hafa á einhvern hátt upplifað það að fréttir eru fluttar af því sem þeir þekkja til um, þekkja það að þær eru oft og tíðum kannske dálítið öðruvísi en staðreyndirnar. En eitt er víst að Bandaríkjamenn hafa gert árás á Líbýu og þeir réttlæta þessa árás með því að Líbýumenn eigi aðild að hermdarverkum sem framin voru í Berlín fyrir stuttu síðan.

Nú er það þannig að hermdarverk, sem unnin eru í Vestur-Evrópu og að einhverju leyti beinast gegn Bandaríkjunum, hljóta náttúrlega að snerta öll aðildarríki NATO-landa, þar sem þau eru framin í einu NATO-landi. Í skýrslu utanrrh. segir svo efst á bls. 37, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefna okkar Íslendinga í öryggis- og varnarmálum hvílir sem fyrr á aðild okkar að Norður-Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin. Markmiðin eru friður, frelsi og sjálfsákvörðunarréttur þjóða í okkar heimshluta."

Síðan segir litlu síðar í lið 1.1. um varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins: „Varnarstefna þessi hvílir þannig á því að sannfæra hugsanlega árásaraðila um að árás, hvernig svo sem hún sé framkvæmd og hvar og hvenær sem hún sé gerð, geti haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar og fórnir. Um leið er forðast að gera ráð fyrir fyrir fram ákveðinni og sjálfvirkri stigmögnun.

Vert er að ítreka þá staðreynd að Atlantshafsbandalagið er varnarbandalag, enda er það yfirlýst stefna þess að það muni aldrei grípa til vopna að fyrra bragði og er þá átt við hvers konar vopn, jafnt hefðbundin vopn sem kjarnavopn."

Ég tel að það verði mjög erfitt fyrir Bandaríkjamenn að neita því að NATO sé aðili að þessari hernaðaráætlun og þá bendi ég m.a. á að það er ekki bara eitt NATO-ríki sem er viðriðið þessa árás, heldur eru það tvö og núna síðast í dag er það greinilegt að þriðja NATO-ríkið er að verða aðili að þessu vopnabraki og það eru Ítalir. En eins og allir vita flugu flugvélarnar,

sem tóku þátt í árásinni, frá flugvöllum í Bretlandi.

Síðast liðið ár hafði reyndar gefið tilefni til þó nokkurrar bjartsýni. Reagan og Gorbatsjoff hittust í Genf. Eins og segir hér í skýrslu utanrrh. voru upp-örvandi teikn á lofti í afvopnunarviðræðum á vegum Sameinuðu þjóðanna og enn fremur hreyfing í sam-komulagsátt í viðræðum austurs og vesturs í Vín. Einnig má þar nefna Stokkhólmsráðstefnuna og aðgerðir til að skapa gagnkvæmt traust og öryggi um afvopnun sem fram fer innan ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Ekki veit ég hvort hæstv. utanrrh. var ljóst þegar hann ritaði það sem stendur hér á bls. 8 hversu sannspár hann yrði þegar hann sagði:

„Mikilvægt skilyrði fyrir lausn vandans — og þá er hann að tala um vígbúnaðarkapphlaupið — er skilning-ur á því að það er ekki vopnabúnaðurinn sem ógnar heimsfriðnum heldur mennirnir sem ráða honum."

Ég get að vissu leyti tekið undir þetta, sérstaklega í ljósi seinustu atburða. Aftur á móti er það samt sem áður ógnvænleg staðreynd að eins og málum er komið í dag, þá er þetta líklega ekki algjörlega rétt. Tilfellið er að það er greinilegt að vopnabúnaðurinn er farinn að ráða miklu meiru en menn halda. Ég veit ekki hversu margir fylgdust með eftirleiknum eftir seinustu viðskipti Líbýumanna og Bandaríkjamanna, úttekt ýmissa aðila á árás Bandaríkjamanna á eldflaugastöð í Líbýu og við-brögðum Líbýumanna og svo síðan aðgerðum Banda-ríkjamanna í kjölfar þess. Það var nokkuð áberandi að menn töluðu þar um og reyndu að meta árangur af þeim aðgerðum, þ.e. þegar menn fóru að fjalla um þessa svokölluðu aðgerð í fjölmiðlum kom í ljós að þarna hafði verið á ferðinni einhvers konar tilraun, þ.e. hversu dugleg eru þau vopn og vopnakerfi sem við erum með í höndunum? Og þá er hægt að sjá það alveg fyrir sér að það eru vopnakerfin en ekki mennirnir sem farin eru að ráða gangi mála því að mönnunum var greinilega mjög mikið í mun að geta komist á snoðir um það með einhverjum hætti hversu dugleg þessi tól væru sem þeir voru með í höndunum. Og mér óar við þeirri tilhugsun ef það sem við erum að upplifa í dag er að einhverju leyti tengt sams konar tilraun.

Við höfum mikla þörf fyrir öryggistilfinningu, bara sem einstaklingar, sem fólk. Við, sem erum á mínum aldri og eldri, upplifðum það tímabil sem kallaðist „kalda stríðið" og þekkjum alveg þá tilfinningu sem er því samfara að lifa í stöðugum ótta við eitthvað sem maður ekki veit hvað er. Ég minni bara á þá tíma hér á Íslandi þegar fréttaflutningur af kjarnorkuvopnatil-raunum og hugsanlegu geislavirku úrfelli yfir norður-hvel jarðar sem af því hlytist var sem mestur, hvaða áhrif þetta hafði t.d. á unglinga og börn.

Við höfum á vissan hátt sefað okkur sjálf á síðustu árum með þeirri röksemdafærslu að varnarbandalögin yrðu líklega síst allra til þess að hefja heimsstyrjöld. Og við vorum nokkurn veginn viss um það að ef til heimsstyrjaldar kæmi af hálfu þessara stóru varnar-bandalaga þá yrði það miklu frekar af slysni en af vilja eða meðvitund. Aftur á móti hefur vaxið ákveðinn ótti á síðustu árum við aðila sem standa utan þessara bandalaga og þá sérstaklega aðila sem hafa virkilega staðið í stríði við veröldina í kringum sig. Þá á ég við fyrirbæri eins og Gaddafi og Khomeini. Við skyldum samt sem áður varast að tengja þetta allt of mikið þessum einstaklingum því þarna býr að baki annað og miklu meira. Í fyrsta lagi miklu stærri hópur manna en bara nokkrir brjálæðingar. Þarna býr að baki gífurlega mikil og sterk sannfæring fólks sem ekki veit betur í upplýsingaskorti sínum og einangrun. Þessa menn leit maður á sem einna hættulegasta heimsfriðnum. Þess vegna verður maður sleginn undri og felmtri þegar Bandaríkjamönnum dettur í hug að stugga við þessum mönnum fyrstum af öllum.

Nú er það alveg greinilegt á umfangi þessara aðgerða að hér er ekki um neina útrýmingu að ræða, þ.e. maður hefði kannske getað séð það fyrir sér sem lausn að ætlunin væri að þurrka þessar þjóðir af yfirborði jarðar og losa sig þannig við þessa hættu, heldur er hér um eins konar kennslustund í einhverju að ræða sem við bara alls ekki skiljum.

Við, sem búum hér á Íslandi, á norðurhveli jarðar, gerum okkur kannske alls ekki grein fyrir því hvað vissir þættir menningar eru okkur, ef svo má segja, grónir svo við hörund að við vitum ekki lengur af þeim. Þá á ég við þá lýðræðis- og réttlætiskennd sem við ölumst upp í og eigum með okkur og kemur kannske helst í ljós í viðbrögðum okkar þegar við allt í einu stöndum frammi fyrir atburðum eins og þeim sem við upplifðum í nótt og í dag. Það er nefnilega mjög einfalt og auðskiljanlegt samhengi í hugum Íslendinga á milli lýðræðis og friðar vegna þess að lýðræðið er í sjálfu sér loforð um réttlæti og réttlæti án friðar er í raun og veru óhugsandi. Og þá stöndum við frammi fyrir því að þurfa að samþykkja samt sem áður ákveðinn tvískinnung, þar sem um er að ræða ábyrgð lýðræðislega kjörinna valdhafa á þessum friði, því að lýðræðislegt umboð til stríðs eins og í pottinn er búið í dag — og þá á ég við með því vopnabúri sem við erum með í höndunum í dag — það er í raun og veru með öllu óhugsandi að það fengist nokkurn tíma og nokkurs staðar lýðræðisleg samþykkt fyrir styrjöld. Að nafninu til hvílir samt sem áður þessi ákvörðun á herðum lýðræðislega kjörinna fulltrúa.

Samkvæmt öllum samningum um það varnarbanda-lag, sem við erum þátttakendur í, er það útilokað, á pappírnum a.m.k., að hershöfðingjar geti tekið ákvörð-un um það að fara í kjarnorkustríð. Ábyrgðin af þeirri ákvörðun hvílir á herðum kjörinna valdhafa í löndum NATO. Þetta er enn þá meira vandamál en maður kannske hugleiðir svona dagsdaglega. Ef við ímynduð-um okkur að lögð væri fyrir íbúa í löndum NATO sú spurning hvort þeir væru reiðubúnir til að fara í stríð gagnvart einhverjum þeim óvini sem við teldum okkur eiga, þá held ég að friðarhugsun manna sé orðin svo sterk og svo rótgróin hér á Vesturlöndum að við kæmumst að þeirri niðurstöðu, ef fólk almennt fengi að láta vilja sinn þar í ljós, að fólk vill frið, það vill ekki stríð. Samt sem áður stöndum við alltaf frammi fyrir þeirri spurningu hvort við viljum stríð eða frið.

NATO hefur að eigin mati haldið friðinn í tæp 40 ár. Það er að vísu rétt að NATO hefur ekki farið í stríð formlega séð, en sá friður sem við búum við er náttúrlega miklu skyldari vopnahléi en friði vegna þess að vopnin eru fyrir hendi og einhvern tímann hljótum við að þurfa að svara þeirri spurningu hvort við ætlum okkur að nota þessi vopn eða ekki.

Maður veltir þessum spurningum fyrir sér á degi sem þessum þar sem maður er vakinn upp til vitundar um

það ástand sem við búum við í dag. Við setjum þetta í samhengi við veröldina í kringum okkur og við reynum á einhvern hátt að gera upp hug okkar til þess sem er að gerast og hvaða þýðingu það hefur fyrir okkur sjálf.

Ég sagði áðan að ég væri svo bjartsýnn að vona það að við værum ekki, a.m.k. ekki í dag á leiðinni inn í þriðju heimsstyrjöldina. En ég held að í tilefni þessara atburða verðum bæði við og allir aðrir að leggjast á eitt um að reyna að svara þeirri spurningu til fulls hvort við viljum stríð eða frið. Ef menn ekki vilja stríð þá verða menn að vinna að því að útrýma vopnum. Þannig — og eingöngu þannig — öðlumst við frið. Á meðan þau vopn eru til og fyrir hendi sem við vitum að eru til og fyrir hendi í dag, þá búum við við það óöryggi sem hlýst af því að hafa ekki gert upp hug sinn gagnvart þessum hugtökum, stríð eða friður. Þetta óöryggi hefur ómæld og óholl áhrif, og er búið að hafa á vestræna menningu. Það lýsir sér í skorti á sjálfstrausti, það lýsir sér í kaldhæðni og vantrú fólks á hugsjónir og tilfellið er að þessi skortur á sjálfstrausti og þessi kaldhæðni og vantrú á hugsjónir, sem við verðum svo vör við í dag, þetta er ástand sem getur tortímt okkur alveg eins og bombur.

Þetta ætti að verða okkur hvatning til þess að taka upp umræðu um samhengið milli þess að við erum lýðræðisþjóð, við viljum að *réttlæti sé fullnægt, réttlæti* fyrir alla. Þetta lýðræði er ekki bara einhvers konar stjórnskipan sem við búum við heldur er þetta stór og einn stærsti hluti þeirrar menningar sem við búum við í dag. Og við verðum að nota það til þess að skapa okkur framtíð þar sem fólk getur horft til framtíðar í öryggi en ekki öryggisleysi, í trausti á sjálft sig en ekki í skorti á sjálfstrausti, og ef vel tækist til gætum við kannske upplifað enn eina endurfæðinguna í vestrænni menningu. En fyrir alla muni, þegar að einhverju leyti hefur færst ró yfir heiminn eftir þá atburði sem áttu sér stað í nótt og í dag, þá mega menn ekki sofna aftur á verðinum og hætta að hugsa um þetta vandamál sem við stöndum frammi fyrir, því að haldi þetta ástand áfram, ég tala nú ekki um með atburðum sem þessum, hryðjuverkum og gagnaðgerðum og áframhaldandi hryðjuverkum og áframhaldandi gagnaðgerðum, þá er ekki að sökum að spyrja að *sú óheillavænlega þróun*, sem hefur átt sér stað í menningu okkar Vesturlanda og gagnrýnd hefur verið sem úrkynjun og áhugaleysi ungra kynslóða, kemur til með að vaxa enn hraðar og enn örar en áður og hlýtur að enda í hruni þess fyrirbæris sem við köllum vestræna menningu og höfum stolt talið okkur vera hluti af.

Ég held að við Íslendingar getum í þessari stöðu þakkað fyrir að vera hluti af Norðurlöndum því að í því tilliti ættum við að geta verið hluti af þeim parti heimsins sem er öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Því að tilfellið er, hversu mikið sem við gagnrýnum nú okkur sjálf og nágranna okkar, þá næstu og skyldustu, að þegar veröldin í kringum okkur spyr sig sjálf að því hvar sé að finna bestu fordæmi lýðræðis og mannréttinda í veröldinni, þá er það hér í þessum hluta veraldarinnar, á Norðurlöndum, sem við erum hluti af og, eins og ég sagði áðan, skyldum þakka fyrir að vera, og ættum að leggja miklu meira af mörkum til heldur en við höfum gert hingað til. En það hefur reyndar verið raunin á þessu s.l. ári og ég ætla að vona að það starf verði eins blómlegt og það hefur verið núna undanfarið.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður en vil koma að nokkrum þeim atriðum sem hér hafa verið sögð.

Ég get tekið undir flest það sem hefur verið sagt um árás Bandaríkjamanna á Líbýu. Ég get tekið undir formælingar, átölur og sömuleiðis harma ég það sem þarna hefur gerst. Reyndar gæti ég tekið svo djúpt í árinni að segja að mér virðist að þessi árás sé brjálæði næst.

Ég sé hins vegar ekkert rangt við það sem ríkisstj. hefur látið frá sér fara. Hér er um að ræða þjóð sem er okkar meginviðskiptaþjóð, vinaþjóð og lýðræðisþjóð og við hljótum svo sannarlega að harma það slík þjóð grípur til þeirra ráða sem nú hefur verið gripið til.

Ég get tekið undir það sem menn hafa sagt um afleiðingar þessarar árásar. Þær eru fullkomlega óljósar. Ákaflega hætt er við, þegar í hlut eiga menn sem gjalda auga fyrir auga og tönn fyrir tönn, að þetta leiði til frekari hryðjuverka og jafnvel gagnárása. En það vekur einnig athygli mína, að í þeirri umræðu sem hér hefur verið, hafa fáir nefnt hryðjuverkin, hryðjuverkamenn og aðgerðir þeirra. Ég lít það svo sannarlega ekki síður alvarlegum augum. Þar eiga fjölmargir saklausir um sárt að binda. Tugir manna og hundruð hafa fallið fyrir árásum hryðjuverkamanna. Það munaði sannarlega ekki miklu að stórkostlegt slys yrði yfir Miðjarðarhafinu um daginn þegar sprengja sprakk í flugvél sem þar var á ferð. Ég veit ekki hve margir létu lífið þegar hryðjuverkamenn létu til skarar skríða á flugvöllum í Evrópu fyrir skömmu. Og það hefði sannarlega getað farið verr þegar sprengja sprakk í Berlín fyrir fáeinum dögum.

Það vakti athygli mína t.d. að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist lítið eða ekkert á hryðjuverkamenn. Ég verð að segja að ef ég teldi að vopnuð árás gæti komið í veg fyrir hryðjuverk mundi ég skoða hug minn, en ég hef enga trú á því, ekki nokkra trú á því, og það kemur greinilega fram í ályktun ríkisstj. Ályktun ríkisstj. er tvímælalaust fordæming á vopnaðri árás og aðgerðum hryðjuverkamanna. Þar segir svo ekki verður um villst að ríkisstj. telji að slík árás verði ekki til þess að draga úr verkum hryðjuverkamanna.

Mér sýnist að það sé nánast orðaleikur að gera lítið á einn máta eða annan úr þessari ályktun ríkisstj. Mér sýnist reyndar að það sé ákaflega breið samstaða á Alþingi um að fordæma þessar árásir þótt menn vilji e.t.v. hafa eitthvað annað orðalag og eigi ekki að gera að deiluefni.

Ég gæti alveg eins lýst undrun minni á því orðalagi sem kom fram í till. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í utanrmn. í gær. Þar er aðeins varað við vopnaðri íhlutun eða hernaðaríhlutun. (**HG:** Hún var ekki orðin staðreynd þá.) Nei, en það mátti samt sem áður taka dýpra í árinni en að vara við. Það hefði svo sannarlega mátt segja meira en að „ekki verði talið“ að það komi í veg fyrir árásir hryðjuverkamanna. Ég er þó ekki að átelja hv. þm. fyrir það að hafa ekki haft það harðara. Ég er sannfærður um að hv. þm. hefði verið fús til þess. Mér sýnist allir vera sammála um að átelja það sem hefur verið gert og ég held að menn ættu að geta verið sammála um að lýsa frekar ánægju með að ríkisstj. þegar í morgun lýsti harðri andstöðu gegn því sem hefur gerst og fordæmir.

Hv. þm. sagði jafnframt að ríkisstj. væri eins konar taglhnýtingur, eða hvernig hann orðaði það, hjá Reagan Bandaríkjaforseta. Ég andmæli því. Ég vil ekki láta kenna mig a.m.k. við stefnu Reagans í fjölmörgum málum.

Ég get alls ekki fallist á að þessi árás Bandaríkjanna á Líbýu sé árás Atlantshafsbandalagsins í raun. Ég heyrði ekki betur í fréttunum áðan en að allir forustumenn Atlantshafsbandalagsríkjanna fordæmdu Bandaríkjamenn fyrir þessa árás nema Bretar. Ég gat ekki heyrt annað. Reyndar heyrði ég líka í fréttunum að sumir harðir andstæðingar notuðu svipað orðalag og íslenska ríkisstjórnin notar í ályktun sinni.

Ég get heldur alls ekki samþykkt að íslenska ríkisstjórnin hafi nokkru sinni með nokkru móti samþykkt að tilraunir með kjarnorkusprengjur voru hafnar á ný. Ég vil hins vegar taka undir það, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði hér í umræðunni fyrr í dag, að ákaflega erfitt er að rekja hvar upphafið er og hvar endirinn er í þessari víxlverkun. Fyrir nokkrum árum ákváðu Bandaríkjamenn að gera ekki tilraunir með kjarnorkuvopn. Þá gerðu Rússar það o.s.frv.

Ég hlýt að komast að þeirri niðurstöðu og ég hygg að margir séu þeirrar skoðunar að í raun, eins og reyndar hefur einnig komið hér fram, veltur framtíð þessara mála fyrst og fremst á því hvernig risaveldin koma sér saman. Það stendur og fellur með því. Og það var ekki að ástæðulausu að menn sáu nokkurn vonarneista þegar stórveldin höfðu haldið sinn fund s.l. sumar. Ég er einn þeirra sem óttast að sá vonarneisti muni nú slokkna og ég er þeirrar skoðunar að endurnýjaðar tilraunir með kjarnorkuvopn hafi verið rangt skref á þessu stigi.

Töluvert hefur verið rætt um samþykkt Alþingis frá 23. maí. Ég tel þá samþykkt eina þá merkari sem Alþingi hefur gert í utanríkismálum. Mér fannst hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hins vegar leggja nokkurn annan skilning í það sem þar segir en ég geri a.m.k. Í þeirri samþykkt er greinilega tekið fram að Alþingi leggur áherslu á kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu á landi, í lofti, á sjó og í hafinu. Þetta er töluvert annað en kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Ég verð að viðurkenna að ég sé ekki mikinn tilgang í kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndunum meðan Kólaskagi er stöðugt byggður upp sem eitthvert stærsta kjarnorkuhreiður í heiminum rétt við landamæri Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og reyndar ekki nema örstutt héðan. Ég get upplýst að á mörgum fundum sem ég hef átt m.a. með forsætisráðherrum Norðurlanda hefur alltaf verið viðurkennt, að það væri veiki bletturinn á hugmyndinni um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum að hafið í kring er fullt af kjarnorkukafbátum, að því er manni skilst, og allir vita að Kólaskagi er, eins og ég sagði áðan, eitthvert öflugasta kjarnorkuvopnahreiður í heimi. Þetta hefur alltaf verið viðurkennt. Þess vegna tel ég að eins og orðalag á þessari tillögu var sé þar gripið á málunum af fullri alvöru og bent á að slíkt svæði þurfi að vera stærra.

Mér fannst liggja í orðum að stjórnvöld gerðu ekki mikið úr þessari ályktun. Ég andmæli því. Ég hef notað mér hana eins og ég hef getað þar sem ég hef verið erlendis. Ég skýrði frá henni í ræðu á 40 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna. Ég hef dreift henni til manna sem komið hafa á mína skrifstofu og gert grein fyrir henni m.a. á fundi með Lord Carrington og gerði þar grein fyrir þeim eindregna vilja og skoðun Íslendinga að hverfa ætti frá kjarnorkuvopnakapphlaupinu. Ég tel því að sú samþykkt hafi verið mjög merk og mjög gagnleg fyrir þá sem þurfa og vilja flytja mál okkar Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi og fjalla um þessi mál. Mér finnst því satt að segja ekki rík ástæða til að hafa hér uppi deilur. Ég held að þjóðin sé mjög sammála í andstöðu sinni gegn því sem hefur gerst. Ég tel að sú samstaða hafi komið mjög ríkt fram í þeirri samþykkt sem gerð var 23. maí og ég tel að við eigum að byggja á því.

Fram kom í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar andstaða við Atlantshafsbandalagið. Það kom ekki á óvart. Hún er yfirlýst. Ég vil hins vegar láta það koma skýrt fram að ég tel að við Íslendingar eigum að vera áfram þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu. Ég a.m.k. treysti mér ekki til að spá í það sem gæti gerst ef Atlantshafsbandalagið riðlast. Staðreyndin er að það hefur verið friður í Evrópu þótt segja megi, eins og síðasti ræðumaður sagði, að sá friður hafi einkennst af ógnarjafnvægi. Mikið er til í því. En ég tel sömuleiðis að ef menn gera sér einhverjar vonir um að áframhald verði á viðræðum forustumanna stórveldanna og þær viðræður kunni að leiða til þess að menn hverfi frá þessari heljarbraut, sem heimurinn hefur verið á, sé rangt að valda því að jafnvægi það sem nú er breytist. Ég vil láta það koma hér fram og leggja áherslu á að ég tel að við Íslendingar eigum ekki að stuðla að slíku.

Herra forseti. Ég sagði að ég ætlaði að vera stuttorður og get því lokið máli mínu. Þó vil ég aðeins nefna það, af því að það kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að engar tillögur hefðu verið frá ríkisstj. til stjórnar Félags Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir. Ég man ekki betur en að ég hafi greint frá því í fyrirspurnatíma að ríkisstj. var með hugmyndir þessu lútandi. Ég greindi frá fleiru en peningnum. Ég greindi frá fundum og ráðstefnum og fleiru sem ríkisstj. telur sjálfsagt að verði gert. Á það hefur verið lögð rík áhersla við stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna að hendur verði látnar standa fram úr ermum og með þeim fjölmörgu aðilum sem vilja tjá sig um frið verði unnið. Ég tel ástæðulaust að ætlast til annars en að svo verði gert.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Eins og margir ræðumenn hafa tekið fram fer þessi umræða fram í skugga þeirra alvarlegu atburða sem hafa verið að gerast á þessum sólarhring. Ríkisstjórn Íslands hefur, svo sem flestar aðrar ríkisstjórnir, harmað árás Bandaríkjamanna á Líbýu um leið og hún hefur fordæmt þráláta hryðjuverkastarfsemi m.a. með stuðningi Líbýustjórnar og sem leitt hefur til þessarar árásar.

Ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. hafi mismælt sig þegar hann var að tala um að hann formælti Bandaríkjaforseta eins og hann orðaði það hér áðan. Það er annað að fordæma en formæla.

Þótt hér sé vissulega um atburði að ræða sem kalla á umræðu hér á hv. Alþingi mun ég halda mig við þá þætti sem ég hafði ætlað mér að ræða.

Ég vil með nokkrum orðum ræða sérstaklega tvö atriði sem drepið er á í hinni ítarlegu skýrslu hæstv. utanrrh. Annars vegar hið norræna samstarf, og þá einkum það samstarf sem Alþingi hefur bein afskipti af með starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Hins

vegar mun ég koma inn á umræðuna um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og þingmannaráðstefnuna sem haldin var í Kaupmannahöfn um það mál á s.l. hausti.

Sem kunnugt er eiga sjö alþm. sæti í Norðurlandaráði, en hvert hinna fjögurra ríkjanna á þar 20 fulltrúa. Þannig skipa ráðið 87 þingmenn Norðurlandanna. Starf Íslandsdeildar var með venjubundnum hætti að flestu leyti, þó kannske viðameira í ljósi þess, að hv. þm. Páll Pétursson gegndi starfi forseta Norðurlandaráðs frá því þingið var haldið í Reykjavík í marsmánuði árið 1985 og þar til í mars s.l. þegar þingið var háð í Kaupmannahöfn og við forsetastarfi tók Anker Jörgensen fyrrum forsrh. Danmerkur.

Hér á Alþingi hefur nú verið dreift skýrslu um norrænt samstarf árið 1985 frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs, þskj. 813. Ég vísa til þessarar skýrslu Íslandsdeildarinnar og sé því ekki ástæðu til að tíunda sérstaklega hér úr ræðustól það sem þar er skráð. Þó er rétt að nefna nokkur mál sem við, fulltrúar Íslands í Norðurlandaráði, höfðum sérstök afskipti af.

Við áttum frumkvæðið að tillögu um að sett yrði á stofn norræn líftæknistofnun á Íslandi. Umsagnir þær sem Norðurlandaráði bárust um tillöguna studdu þá skoðun okkar að hér væri um mjög áhugavert mál að ræða. Tillagan kom fyrir 34. þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í mars s.l. og var þar samþykkt að beina þeim tilmælum til norrænu ráðherranefndarinnar að kanna hvaða hlutverki líftæknistofnun á Íslandi gæti gegnt fyrir norrænt atvinnulíf. Þessi fyrirhugaða líftæknistofnun á samkvæmt tillögunni að sinna sérstaklega verkefnum og rannsóknum á hita- og kuldaþolnum örverum og er staðarval á Íslandi af þeirri ástæðu talið mjög eðlilegt.

Á 34. þingi ráðsins var lögð fram tillaga um norræna framkvæmdaáætlun gegn krabbameini. Tillaga þessi kemur ekki til atkvæða fyrr en á næsta Norðurlandaráðsþingi. Ég nefni hana þó hér, bæði vegna þess að Íslandsdeild Norðurlandaráðs átti frumkvæðið að henni og 1. flm. er Páll Pétursson og vegna þess að hér er um mjög athyglisvert mál að ræða. Tillagan tengist samræmdu átaki Evrópuþjóða gegn krabbameini, átaki sem Evrópubandalagið stendur að. Efni tillögunnar er að forvarnir og krabbameinslækningar verði skipulagðar þannig að komið verði í veg fyrir ótímabær dauðsföll vegna krabbameins. Að mati sérfræðinga er unnt að bjarga á ári hverju 8000 einstaklingum á Norðurlöndum frá því að deyja úr krabbameini frá og með árinu 2000. Að þessu marki er stefnt með tillögunni.

Þriðja tillagan sem ég ætla að nefna er ráðherranefndartillagan um stofnun vestnorræns þróunarsjóðs með aðsetri í Reykjavík. Tillaga þessi var samþykkt á 34. þingi Norðurlandaráðs núna í mars. Stofnframlag Norðurlanda til sjóðsins verður 14,1 millj. bandaríkjadala og hlutur Íslands 0,4 millj. dala. Ísland, Færeyjar og Grænland munu skiptast á um formennsku í sjóðstjórn. Markmið stofnunarinnar er að stuðla að samstarfi iðnaðar og verslunar milli Íslands, Færeyja og Grænlands og einnig milli þessara landa og annarra norrænna landa, ásamt því að stuðla að þróun samkeppnisfærs atvinnulífs á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi með lán- og styrkveitingum. Lítil fyrirtæki munu að öðru jöfnu ganga fyrir um lánveitingar úr sjóðnum.

Fleira gæti ég að sjálfsögðu nefnt af tillöguflutningi á vettvangi Norðurlandaráðs og fleiri atriði, sem við höfum unnið að, en geri það ekki, heldur vísa til áðurnefndrar skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Ég sný mér þá að hinu atriðinu sem ég mun reifa. Í skýrslu utanrrh. er vikið að hugmyndinni um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og fundinum sem haldinn var í Kaupmannahöfn dagana 29. og 30. nóv. 1985, en þann fund hefur áður borið á góma hér á hv. Alþingi þótt ekki hafi verið rakið í smáatriðum það sem þar fór fram. Í sambandi við umræður á Alþingi um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd verða alþm. að muna eftir ályktun þingsins um afvopnunarmál frá 23. maí á s.l. ári, ályktun sem gerð var í einu hljóði. Vegna ummæla hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hér fyrr í umræðunni vil ég taka fram að ég hef ekki tekið við neinum ákúrum vegna nefndrar samþykktar og tek ekki við ákúrum frá einum né neinum. Við sjálfstæðismenn stöndum við þessa samþykkt og hugsanleg óánægja einhverra flokksbræðra hefur engin áhrif á okkur.

Í þessari ályktun var lagt til að könnuð yrði samstaða og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, lofti sem á hafinu eða í því og það sé liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og spennu. Utanrmn. Alþingis skýrði líka hvað hún ætti við með Norður-Evrópu. Það væru Norðurlönd, eyjar á norðanverðu Atlantshafi, Norður-Þýskaland, þ.e. Norður-Evrópusléttan, og allt frá Grænlandi til Úralfjalla. Einhver önnur túlkun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hefur því mjög takmarkað gildi vægast sagt.

Norðurlöndin hafa farið mismunandi leiðir eftir seinni heimsstyrjöld til að tryggja öryggi sitt. Þannig eru þrjú ríki Norðurlandanna, Ísland, Danmörk og Noregur, í Atlantshafsbandalaginu. Svíar töldu að hlutleysi hefði reynst sér vel og álitu sig hafa mátt til að verja það. Finnar völdu hlutleysið og voru auk þess í kjölfar friðarsamninga við Sovétríkin bundnir ákveðnum skuldbindingum samkvæmt sérstökum vináttusamningi við Sovétríkin. Íslendingar, Norðmenn og Danir höfðu aftur á móti þá reynslu að hlutleysi væri í engu virt og í því engin vörn.

Hugmyndin um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd er ekki ný. Spurningin er hins vegar nú hvort Norðurlönd eigi þar samleið og þá með hvaða skilyrðum.

Mestur hluti umfjöllunar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum hefur verið almenns eðlis og mörgum spurningum er ósvarað. Sú spurning vaknar t.d. hvort ýmis hugtök séu nægilega skilgreind. Allir sem taka þátt í umræðunni verða að leggja sama skilning í hugtök. Hugtakið „yfirráðasvæði“ t.d. verður að vera óumdeilt. Sumir halda því fram að hugtakið „yfirráðasvæði“ feli í sér landið sjálft, landhelgina og lofthelgina þar fyrir ofan. Aðrir halda fram þeirri skilgreiningu að yfirráðasvæði hljóti að vera í samræmi við alþjóðalög. Á það leggja Sovétríkin t.d. áherslu í þeim umræðum sem þau hafa tekið þátt í um kjarnorkuvopnalaust svæði og hafna því einhliða yfirlýsingum einstakra ríkja innan svæðisins.

Hugtakið „svæði“ er heldur ekki óumdeilt. Yfirleitt er litið á hugtakið „kjarnorkuvopnalaust svæði“ sem landsvæði þar sem engin kjarnorkuvopn eru til staðar. Hins vegar hefur því einnig verið haldið fram að „svæði“ í þessari merkingu verði einnig að taka til

alþjóðlegra siglingaleiða í nágrenni svæðisins eða á milli landa innan svæðisins ef það er til að treysta enn betur öryggi ríkjanna.

Þetta hefði t.d. í för með sér að ef svæðið frá Finnlandi til Grænlands væri lýst kjarnorkuvopnalaust þýddi það ekki einungis að löndin sjálf, Finnland, Svíþjóð, Noregur, Danmörk, Færeyjar, Ísland og Grænland, væru kjarnorkuvopnalaus, heldur einnig allt hafsvæðið innan þess svæðis, þ.e. sundið milli Íslands og Grænlands, Norðaustur-Atlantshafið, Norðursjór og Eystrasaltið.

Sovétríkin eru andvíg svo víðtækri skilgreiningu á hugtakinu „svæði" og neikvæð afstaða Breta og Bandaríkjamanna kann að vera af sömu rót og þeirra Sovétmanna. Hér er um svo mikla hernaðarlega hagsmuni að ræða að kjarnorkuveldin geta varla sætt sig við að siglingaleiðum kafbáta þeirra og herskipa og flugleiðum flugvéla þeirra, búnum kjarnorkuvopnum, verði lokað á þessu víðáttumikla heimssvæði.

Og mörk svæðisins skipta máli. Í umræðunni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd skýtur því vandamáli hvað eftir annað upp hver skuli vera mörk hins kjarnorkuvopnalausa svæðis á Norðurlöndum, hvort það eigi að taka til hluta af Sovétríkjunum, til vestari jaðarsvæða Norðurlanda, þ.e. Færeyja, Íslands og Grænlands, og hluta landsvæða sunnan við svæðið, þ.e. til Norður-Þýskalands.

Margt fleira mætti nefna um þau vandamál sem skapast geta í tengslum við umræður um kjarnorkuvopnalaus svæði, en af þessu má þó sjá að margir endar eru lausir enn þá.

Það hefur t.d. ekki alltaf legið skýrt fyrir hvort hugmynda- og tillögusmiðir hafa viljað telja Ísland til Norðurlanda í þessu samhengi. Það leiðir hins vegar af legu landsins að ýmsir komast í töluverðan vanda þegar þeir líta til þess, hvort eylandi á hinu hernaðarlega mikilvæga Norður-Atlantshafi geti verið skipað í flokk með hinum ríkjum Norðurlanda í þessu samhengi. Og hvað með Færeyjar og Grænland?

Á þessu máli er engin einföld lausn, en við getum ekki talað um Norðurlönd án þess að ræða um þau öll og þess vegna hlýtur Ísland að skoðast hluti af þeim í þessu efni sem öðrum.

Sé hér um að ræða jafnmikilvægt framlag til friðar og öryggis í heiminum og sumir vilja vera láta geta hinir sömu ekki látið sem svo að Ísland sé ekki hluti Norðurlanda af því að það hentar ekki til að tillögurnar verði framkvæmanlegar. Spurningin, sem við stöndum frammi fyrir þegar rætt er um kjarnorkuvopnalaust svæði, er einfaldlega þessi: Eigum við með einhliða yfirlýsingu og í samfloti með öðrum Norðurlandaþjóðum að lýsa því yfir í eitt skipti fyrir öll að við munum aldrei heimila flutning kjarnorkuvopna til landsins? Þegar þessari spurningu er svarað þurfa menn að huga að því hverju það breyti fyrir okkur Íslendinga að lýsa þessu yfir. Stuðlar það að friði í heiminum? Eykur það öryggi okkar sjálfra? Hefur það í för með sér að ríki, sem nú kann að beina kjarnorkueldflaugum á Ísland, snýr þeim eitthvað annað? Er ástæða til að binda hendur sínar á þennan hátt í eitt skipti fyrir öll í stað þess að hafa það frjálsræði sem íslensk stjórnvöld hafa nú?

Ég tel ekki skynsamlegt að fórna því ástandi, sem nú ríkir, á altari óvissunnar. Of mikið er í húfi og of litlar vonir bundnar við það að einhliða yfirlýsing Norðurlandanna dragi úr hættu á kjarnorkuárás á þau. Hvers vegna skyldum við treysta á einhliða yfirlýsingar í þessum efnum hér á Norðurlöndum þegar við hvetjum til þess að afvopnun annars staðar fari fram með gagnkvæmum hætti? Hvers vegna vænta menn svo mikils af því að þjóðir, sem ekki ráða yfir neinum kjarnorkuvopnum, lýsi því yfir að þær ætli að vera kjarnorkuvopnalausar?

Afvopnunarmál ná ekki fram að ganga frekar en önnur málefni nema unnt sé að færa þau rök fyrir framkvæmd þeirra að breytt ástand sé betra en óbreytt. Yrði ástandið betra á Norðurlöndum eftir að við hefðum einhliða lýst því yfir að þau yrðu aldrei varin með kjarnorkuvopnum ef á þau yrði ráðist? Segir sagan okkur að það sé það skynsamlegasta sem menn gera til að tryggja eigið öryggi og annarra að afsala sér vörn með þeim vopnum sem öflugust og ógnvænlegust eru talin? Frumskilyrðið er auðvitað að gagnkvæmni ríki um afvopnun hér um slóðir eins og annars staðar.

Þar sem Norðurlöndin geta ekki fækkað þeim vopnum, sem þau eiga ekki, verður yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd að fylgja loforð stórveldanna um aukið öryggi þeirra um leið og kjarnorkuvörninni er afneitað. Hvernig á að koma slíku fyrir? Ekki viljum við leyfa stórveldum að hlutast til um innri málefni okkar, síst af öllu þeir sem hlutlausir eru.

Umræðurnar um kjarnorkuvopnalaust svæði eru að verulegu leyti byggðar á tilfinningalegri óbeit okkar allra á þessum hroðalegu vopnum. Eins og við vitum er oft erfitt að samræma tilfinningalegt mat og það sem nauðsynlegt er og rétt hverju sinni. Líklega er það hvergi erfiðara en einmitt í umræðunum um kjarnorkuvopn. Við berum þá ábyrgð að við megum ekki benda á neinar leiðir, sem ekki eru framkvæmanlegar, þótt þær kunni að ganga í augun á mörgum. Ég er því miður hræddur um að hugmyndirnar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum séu enn á því stigi að það sé ótímabært að binda við þær miklar vonir ef við hugum að því sem skynsamlegt er að gera til að tryggja öryggi Norðurlanda.

En við skulum ekki hika við að halda umræðunum um þetta mál áfram í von um að þær einar haldi athyglinni vakandi á nauðsyn þess að fækka kjarnorkuvopnum.

Ég ætla þá að fara nokkrum orðum um þingmannaráðstefnuna í Kaupmannahöfn, sem haldin var 29. og 30. nóv. s.l., um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og nefni þá afstöðu einstakra flokka til málsins. Þær niðurstöður sem ég dreg af ráðstefnunni byggjast að sjálfsögðu á mínu mati, en ég hef reynt að leggja hér á hlutlægt mat.

Það var einkennandi á þessari ráðstefnu að hugmyndin um einhliða yfirlýsingu um að Norðurlönd skuli vera kjarnorkuvopnalaust svæði átti mun meira fylgi að fagna hjá fulltrúum Finnlands og Svíþjóðar en hjá fulltrúum Danmerkur, Íslands og Noregs. Fulltrúar allra finnskra flokka studdu eindregið að Norðurlönd yrðu með einhliða yfirlýsingu gerð að kjarnorkuvopnalausu svæði. Hið sama má segja um fulltrúa sænsku flokkanna með þeirri undantekningu þó að fram komu af hálfu fulltrúa hægri flokksins, eða Moderata samlingspartiet, efasemdir um gildi einhliða yfirlýsinga um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Afstaða

fulltrúa dönsku flokkanna skiptist þannig að fulltrúar sósíaldemókrata, sósíalistíska þjóðarflokksins, róttæka vinstri flokksins og vinstri sósíalistanna, voru fylgjandi einhliða yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Fulltrúar íhaldsflokksins og vinstri flokksins fundu tillögunni um einhliða yfirlýsingu hins vegar flest til foráttu. Í Noregi hafa tillögur um einhliða yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd ekki átt fylgi að fagna en þó kom fram jákvæð afstaða hjá fulltrúum sósíaldemókrata og sósíalistíska vinstri flokksins.

Ef við snúum okkur að málflutningi íslensku þingmannanna á þessari ráðstefnu, þá var það svo að fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. voru andvígir einhliða yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum en fulltrúar Alþb., Kvennalistans og Bandalags jafnaðarmanna voru henni fylgjandi. Landsþing Grænlands og lögþing Færeyja hafa tekið ákvörðun um að Grænland og Færeyjar skuli vera kjarnorkuvopnalaus. Allir flokkar grænlenska landsþingsins studdu þá ákvörðun. Þeir fulltrúar á þessari ráðstefnu sem studdu tillögurnar voru upp til hópa ófúsir að fjalla nokkuð um framkvæmd tillögunnar, hvaða hafsvæðis kjarnorkuvopnalausa svæðið ætti að ná til, samninga við kjarnorkuveldin um kjarnorkuvopnalausa svæðið, um Kólaskaga eða yfirleitt nokkuð annað en að Norðurlönd ættu að ganga á undan með góðu fordæmi, að jákvætt hugarfar væri forsenda friðar, að tillögurnar nytu stuðnings almennings og að Suðurpóllinn og hluti af Kyrrahafinu hafi verið lýst kjarnorkuvopnalaus svæði.

Hinn látni forsrh. Svía, Olof Palme, tók þó fram í ræðu sinni að skuldbindingar um að Eystrasalt skyldi vera kjarnorkuvopnalaust yrðu að tengjast yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Á ráðstefnunni dreifðu sósíaldemókratar tillögu um að skipuð yrði vinnunefnd sem í ættu sæti norrænir þingmenn til að vinna að framkvæmd tillögunnar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Einnig beindu þeir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að skipuð yrði embættismannanefnd til að vinna að málinu. Skömmu síðar kom svo fram stuðningsyfirlýsing við þetta bréf sósíaldemókratanna og undir þá stuðningsyfirlýsingu rituðu ýmsir fulltrúar á ráðstefnunni undir forystu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur. Nú hefur formönnum þingflokka hér og á öðrum Norðurlöndum borist bréf frá Anker Jörgensen þar sem hann boðar myndun nýrrar nefndar sem undirbúa skal nýjar aðgerðir í þessum hugmyndum sósíaldemókrata og fleiri um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Í bréfi þessu gerir Anker Jörgensen ráð fyrir að skipuð verði 25 manna nefnd, fimm frá hverju Norðurlandanna, sem undirbúa skuli málið. Þetta munum við að sjálfsögðu taka til umfjöllunar í okkar þingflokkum.

Fulltrúi græningja í Finnlandi vék að því atriði sem líklega er meginástæðan fyrir þeim almenna stuðningi sem tillögurnar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum eiga í Finnlandi. Hann benti á að yfirlýsing Norðurlanda um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum gæti stuðlað að því að Finnland næði samningum við Sovétríkin um að Finnland þyrfti ekki að hlíta því að sovésk kjarnorkuvopn yrðu flutt til Finnlands jafnvel þótt spenna ykist á þessum slóðum.

Ræður þeirra sem drógu í efa gildi einhliða yfirlýsinga um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum einkenndust öðru fremur af vangaveltum um það hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til að kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum yki friðarhorfur. Almenn skoðun meðal hægri manna var að yfirlýsingar Norðurlanda um að þau væru kjarnorkuvopnalaust svæði og yrðu það um alla framtíð þyrftu að vera hluti stærra samkomulags um kjarnorkuvopn í Vestur-Evrópu og kjarnorkuveldin þyrftu að vera aðilar þessa samkomulags til að það hefði nokkurt gildi.

Þetta er í stórum dráttum það sem gerðist á nefndri ráðstefnu og ég vona að ég hafi skýrt hlutlaust frá henni.

Að lokum vil ég segja þetta, herra forseti. Hvað sem líður samþykktum um kjarnorkuvopnalaus svæði er hitt þó aðalatriðið að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Í því sambandi minni ég á það sem raunar hefur áður verið sagt að það er ekki aðalatriðið hvar kjarnorkuvopnin eru geymd heldur hvar þau lenda. Og ég minni líka á það að í þau skipti sem kjarnorkuvopnum hefur verið beitt var þeim beitt gagnvart þjóð sem engin kjarnorkuvopn hafði.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég komst ekki hjá því að velta því fyrir mér áðan meðan hv. síðasti ræðumaður talaði hvort hann hefði hugsanlega gengið frá megintexta síns máls fyrir þá atburði sem orðið hafa á síðasta sólarhring og ekki unnist tóm til að laga hann til í ljósi nýrra aðstæðna. (**ÓE:** Heyrði ekki þm. upphaf ræðu minnar?) Ég gerði það nú reyndar, hv. þm. Það gaf mér vissulega tilefni til þessara hugleiðinga og ég hef þá væntanlega komist að réttri niðurstöðu.

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að þeir alvarlegu atburðir sem nú hafa orðið á síðasta sólarhring setji mark sitt á þessa umræðu og það má segja með fullum rétti að oft hafi verið minni tilefni til þess að Sþ. eyddi eins og einni dagstund í að ræða utanríkismál. Við hefðum sjálfsagt kosið öll sem tökum þátt í þessari umræðu eða á hana hlýðum að tilefnið hefði verið ánægjulegra, t.d. að náðst hefði umtalsverður árangur í afvopnunarmálum og að friðvænlegar horfði nú í heiminum. En hinu verðum við víst að sæta að upp eru komnir atburðir, alvarlegir, og ég vil jafnvel segja alvarlegri heldur en flest okkar hafa enn þá gert sér grein fyrir. Ég held að með tilliti til alþjóðaréttar, til sjálfstæðis þjóðríkja og til samskipta sjálfstæðra þjóðríkja séu hér slík alvörumál á ferð að fá dæmi séu um önnur slík frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Það er e.t.v. ástæða til að rökstyðja þessi orð nokkru nánar því að vissulega hefur verið nóg um ófrið í heiminum á undanförnum árum og áratugum og ekki er þetta einsdæmi um vopnaviðskipti en þetta er einsdæmi að ýmsu öðru leyti. T.d. er það nánast einsdæmi að þarna fer stórveldi með vopnum á hendur miklu minni þjóð án þess undanfara sem gjarnan hefur verið að slíkum vopnaviðskiptum. Þarna er farið í skjóli náttmyrkurs án undangenginna stríðsyfirlýsinga og hefðbundinna viðvarana sem venjuleg samskipti ríkja gera þó ráð fyrir, jafnvel á átakatímum.

Ég verð að segja, herra forseti, í framhaldi af ræðu hæstv. forsrh., að ég tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið í umræðunni á samþykkt hæstv. ríkisstj. frá í morgun. Ég les samþykkt ríkisstj. þannig að ég get fyllilega tekið undir fyrri hlutann og það geta væntanlega allir en það er sú tenging sem fram kemur við

hryðjuverkin og sú ályktun sem í raun og veru virðist dregin af þeim, m.ö.o. að binda þetta þannig saman að árásin hafi verið óumflýjanleg afleiðing af hryðjuverkunum, sem ég er aldeilis ekki sammála. Ég held að hæstv. ríkisstj. hefði átt að reyna að orða þetta öðruvísi. Það var út af fyrir sig eðlilegt að fordæma einnig hryðjuverkin sem vissulega eru hluti af þessu máli en ég er undir engum kringumstæðum sammála því að það megi álykta sem svo að þessi árás, þessi hernaðaraðgerð, sé að einhverju leyti eðlilegt framhald af þeim atburðum. Hún er það ekki. Jafnalvarleg og hryðjuverkin eru sem slík eru þau engin ástæða, enginn rökstuðningur, fyrir slíkum aðgerðum sem fylgdu í kjölfarið af hálfu Bandaríkjamanna.

Ég spyr: Hvert værum við komnir ef menn leyfðu sér að draga slíkar ályktanir? Og ég spyr: Hversu margar vopnaðar árásir hefðum við þá mátt þola á undanförnum árum? Það er óhjákvæmilegt að benda á að jafnvel Líbýa, svo hábölvuð, herra forseti, með leyfi þínu, sem hún nú er, er þó ekki neitt forysturíki hvað það varðar að hýsa hryðjuverkastarfsemi eða skjóta skjólshúsi yfir hryðjuverkamenn. Þvert á móti mundu ýmsir segja að þar væru önnur ríki sem ættu enn þá dekkri fortíð og lékju enn þá ljótara hlutverk. Og ég vil leyfa mér að nefna lönd eins og Sýrland og Íran. Ég mundi segja að Líbýa væri kannske í hópi þeirra 10 ríkja í heiminum sem hvað mestar grunsemdir leika á um að hafi skotið skjólshúsi yfir eða aðstoðað alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi og er það vissulega ekki fallegt en þetta leiðir hugann að því hvert menn væru komnir í samskiptum þjóðanna ef þessi vinnuregla væri ávallt viðhöfð. Ég vil benda, herra forseti, á það að það eru ekki einungis ríki við botn Miðjarðarhafs, ekki einungis Arabaþjóðir og nokkrar þjóðir á því landsvæði, sem hafa gerst sekar um íhlutanir í innanríkismál annarra landa, jafnvel með ofbeldisstarfsemi, þannig að álykta mætti sem svo að þær væru þá ástæður til hernaðaríhlutunar.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. t.d. um aðgerðir leyniþjónustu Frakka í Nýja-Sjálandi. Ef menn leyfðu sér að taka sér í hendur slíkan refsivönd, hvað hefði þá nýsjálenska þjóðin mátt segja? Hvaða aðgerða hefði hún þá mátt grípa til með sömu rökum gegn íhlutun, grófri íhlutun leyniþjónustu Frakka, og ofbeldisverkum innan landamæra Nýja-Sjálands á s.l. sumri eða fyrir ekki margt löngu síðan. Ég vil benda á framgöngu leyniþjónustu Bandaríkjanna sjálfra í höfnum Nicaragua. Þar var að sjálfsögðu um ofbeldisaðgerð að ræða þar sem lagðar voru sprengjur inn í hafnir, inn í lögsögu sjálfstæðs ríkis o.s.frv., o.s.frv.

Menn hafa auðvitað glímt við hryðjuverk um árabil. Alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi hefur verið stórkostlegur höfuðverkur og stórkostlegt vandamál um áratuga skeið og rúmlega það. Menn hafa fyrir löngu svarað því í raun að þar væri um að ræða vandamál sem væri allt annars eðlis en viðbrögð Bandaríkjamanna nú gefa tilefni til. Það hefur verið reynt af hálfu ýmissa ríkja, bæði hlutlausra ríkja og margra Evrópuríkja, að efla samstöðu gegn þessari starfsemi og að beita ýmsum öðrum ráðstöfunum vegna þess fyrst og fremst að menn hafa verið sannfærðir um að önnur ráð væru ekki tiltæk og ofbeldi í slíkum tilfellum mundi ekki leysa vandamálið.

Ég vil nefna til samanburðar viðbrögð og aðgerðir gegn flugránum sem mega heita annað alþjóðlegt vandamál af þessu tagi þar sem ofbeldi er beitt gegn saklausum borgurum. Menn hafa glímt við flugrán um langt árabil. Engum heilvita manni hafa, svo langt ég veit, dottið í hug ofbeldisaðgerðir af því tagi, sem hafa nú orðið, í slíkum tilfellum.

Þannig að niðurstaða mín er sú, og ég vona að það sé sameiginleg niðurstaða okkar allra á Alþingi, að hernaðaraðgerðir séu algerlega óréttlætanlegar, jafnvel í ljósi þeirrar hryðjuverkaöldu sem gengið hefur yfir heiminn. Þess vegna harma ég það orðalag á ályktun ríkisstj., sem ég tel ekki vera nógu gott, sem tengir þetta saman með óviðurkvæmilegum hætti að mínu mati og gerir því skóna að þessi hernaðaríhlutun Bandaríkjamanna hafi verið nánast óumflýjanleg afleiðing af hryðjuverkum.

Herra forseti. Ég er einnig þeirrar skoðunar að þetta mál sé alvarlegra fyrir okkur Íslendinga en kannske mörg önnur vegna þess að hér er jú margnefnd vina- og bandalagsþjóð okkar á ferðinni, Bandaríkjamenn, og um þá eru ekki haldnar svo fáar lofræður hér, m.a. úr þessum virðulega ræðustól, en látum það nú vera. Látum það liggja milli hluta. Við skulum aðeins íhuga þá stöðu sem við erum í gagnvart þessum aðgerðum vegna beinnar aðildar okkar að t.d. Atlantshafsbandalaginu, og út af fyrir sig mætti einnig velta fyrir sér aðild okkar að þessu máli í gegnum varnarsamning okkar við þetta tiltekna stórveldi, og vegna þess herafla sem það hefur hér á landi.

Í 4. gr. Norður-Atlantshafssamningsins segir, með leyfi forseta, og þar er vitnað til aðstoðar, gagnkvæmrar aðstoðar, sem aðilar, þ.e. aðildarríki bandalagsins muni veita hvert öðru á átakatímum:

„Aðilar munu hafa samráð sín á milli hvenær sem einhver þeirra telur friðhelgi landsvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað."

Þessa grein les ég m.a. vegna þess, herra forseti, að Bandaríkjamenn sjálfir — Ronald Reagan forseti Bandaríkjanna hefur rökstutt innrás eða hernaðaraðgerð Bandaríkjanna gegn Líbýu á grundvelli 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna en þar er fjallað um, eins og þegar hefur verið vitnað til í þessari umræðu, rétt ríkis til sjálfsvarnar. M.ö.o. Bandaríkin hafa talið öryggi sínu ógnað og þess vegna er þessi innrás gerð, til að tryggja öryggi þeirra á grundvelli réttar þeirra til sjálfsvarnar. Þar með erum við komin beint að orðalagi 4. gr. og því hlýt ég að spyrja hæstv. utanrrh., það er óhjákvæmilegt vegna þessarar greinar Norður-Atlantshafssamningsins: Vissi ríkisstjórn Íslands eða hæstv. utanrrh. um þessar fyrirhuguðu hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna gegn Líbýu með einhverjum fyrirvara? Ef svo var: Hversu langur var hann og hver voru þá viðbrögð hæstv. ríkisstj.? Ég vona að menn hafi skilið að það stendur skýrum orðum að aðilar Atlantshafsbandalagsins skuli hafa samráð sín á milli telji þeir friðhelgi landsvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað.

Það mætti velta þessu ágæta skjali frekar fyrir sér, herra forseti, í tengslum við þessa alvarlegu atburði, m.a. 5. og 6. gr. nefnds samnings, þar sem segir fyrst í 5. gr., með leyfi forseta, að aðilar séu sammála um að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla.

Í 6. gr. segir að ákvæði 5. gr. um vopnaða árás á einn eða fleiri samningsaðila skuli taka til vopnaðrar árásar á

lönd hvaða aðila sem vera skal í Evrópu eða Norður-Ameríku, á hin frönsku héruð í Alsír — þetta má úrelt kallast — á hernámslið hvers aðila sem vera skal í Evrópu, á eyjar undir lögsögu hvors aðila o.s.frv.

Ég held að við ættum því að gera okkur grein fyrir því að við erum aðilar að þessu bandalagi, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr og hvort sem menn eru nú sáttari eða ekki sáttari við það, og að hér er um alvarlega hluti fyrir íslensku þjóðina að ræða sem við getum ekki léttilega yppt öxlum yfir. Væru þeir nógu alvarlegir samt þó ekki væru þessir pappírar fyrir hendi sem ég hef vitnað í.

Ég ítreka því spurningar mínar til hæstv. utanrrh. og ég sé mig knúinn til þess: Vissi utanrrh. Íslands eða ríkisstjórn Íslands um þessar aðgerðir fyrir fram, eins og reyndar skilja mátti á kvöldfréttum Ríkisútvarpsins að bandalagsþjóðir Bandaríkjamanna í Evrópu hefðu gert, þar sem sagt var frá för fulltrúa Bandaríkjastjórnar til Evrópu til að ráðgast við bandalagsþjóðirnar um þessar aðgerðir áður en þær voru framkvæmdar? Og ef svo var, hver voru þá viðbrögð ríkisstjórnarinnar? Var haft samráð við utanrmn. eða hver var aðdragandi þessa máls? Var hæstv. utanrrh. e.t.v. vakinn í rúminu í morgun með þessar fréttir?

Herra forseti. Það hefur þegar verið eytt miklum tíma í að ræða þetta tiltekna mál og ég mun ekki gera það frekar hér þó að vissulega væri ástæða til þess að við ekki síður en breska þingið tækjum okkur ekki bara þetta kvöld og nóttina heldur einnig morgundaginn til að ræða þessa alvarlegu atburði.

Ég ætlaði að víkja nánar að nokkrum sérstökum þáttum í skýrslu hæstv. utanrrh. og byrja á því að fjalla lítillega um málaflokk sem hefur verið nokkuð til umræðu á þessu hv. Alþingi í vetur þar sem er þróunaraðstoð okkar Íslendinga. Um það tiltekna mál er fjallað á bls. 35 og 36 í þessari skýrslu sem er til umræðu, herra forseti, og einnig er birt tafla á bls. 55 um afrek okkar á þessu sviði á undanförnum árum. Það er hægt að fara fljótt yfir sögu, herra forseti. Því miður miðar okkur ekki áleiðis heldur aftur á bak í þessum efnum. Því hefur reyndar ranglega verið haldið hér fram í þessari umræðu aftur og aftur að framlög okkar ykjust ekki á þessu ári. Hið rétta er auðvitað að þau dragast verulega saman, sbr. töflu á bls. 55 þar sem það kemur fram að áætlun um framlög okkar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á líðandi ári, árinu 1986, fer niður í 0,063% af þeirri stærð úr 0,087%, sem var árið áður, þar áður 0,1% rúmt og enn þar áður 0,129%. Hér hefur því í fjögur ár í röð verið um samdrátt á þessu sviði að ræða.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, heldur en þau að minna aftur á samþykkt Alþingis um þróunaraðstoð frá því í maí 1985 og lýsa því yfir, eins og ég geri jafnan þegar við ræðum þessi mál, að ég mun ekki una því að frammistaða Íslands sé með jafnbágbornum hætti. Ég mun í hvert eitt skipti gera það sem í mínu valdi stendur til að bæta þar úr og létta þeirri skömm af hinni sjálfstæðu íslensku þjóð, jafnrík og hún nú er, að standa ekki betur að málum á þessu sviði en raun ber vitni. Ég vil sérstaklega harma það að svo lítið er gert með þessa samhljóða samþykkt frá s.l. vori um að auka þessa aðstoð í áföngum. Á sama tíma og þjóðartekjur hafa farið vaxandi þrjú ár í röð hefur þetta hlutfall farið lækkandi og við höfum okkur ekkert til afsökunar, herra forseti, í þeim efnum.

Ég vil aðeins nefna þann kafla skýrslunnar sem fjallar um samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja og segja það eitt að ég fagna því að nú er slíkur kafli í þessari skýrslu. Það ber vitni um það að þar sé um eitthvað að fjalla í það minnsta og ég hvet eindregið til þess að við Íslendingar sýnum á næstu árum alúð í þessu samstarfi og leitum eftir því að auka það sem allra mest. Ég held að þessum eyþjóðum hér í norðanverðu Atlantshafinu sé mikil þörf á því að ná betur saman en verið hefur og það muni styrkja þær bæði efnalega og menningarlega. Hlutverk okkar, Íslands, er sérstaklega mikilvægt í þessum efnum vegna þess að þetta er eitt af fáum dæmum um alþjóðlega samvinnu þar sem við getum kallast með nokkrum rétti stóri bróðir. Við erum bæði langfjölmennastir og efnalega sterkastir af þessum þremur þjóðum en það leggur okkur einnig bæði skyldur og vanda á herðar og við verðum að gæta þess að ganga ekki þar fram með stórabróðurhugsunarhætti á óeðlilegan hátt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við höfum e.t.v. af ýmsum ástæðum betri aðstöðu til að starfa með og aðstoða þessar nágrannaþjóðir en flestir aðrir og liggur þar ýmislegt til grundvallar.

Þá vil ég víkja að einum tilteknum kafla á bls. 22 þar sem fjallað er um ástand mála í Mið- og Suður-Ameríku, herra forseti. Það væri út af fyrir sig gaman að velta fyrir sér ástandinu víðar en ég vil sérstaklega taka þennan kafla fyrir og nokkurn veginn afmarka mig við hann með tilliti til tímans.

Ég er heldur ósáttur við umfjöllun hæstv. utanrrh. um þetta landsvæði. Mér finnst heldur leiðinlegur nöldurtónn umfram ástæður í garð t.a.m. sandinistastjórnarinnar í Nicaragua og mér finnst gert of lítið úr viðleitni t.a.m. Contadora-ríkjanna og þeim árangri sem þar er hugsanlega hægt að ná til lausnar vandamálunum á þessu landsvæði.

Ég vil minna á, herra forseti, að á s.l. sumri skrifuðu 20 íslenskir alþm. undir yfirlýsingu sem send var þjóðhöfðingjum og þjóðarleiðtogum og forsetum þjóðþinga allra nálægra landa þar sem viðskiptabanni Bandaríkjamanna á Nicaragua var sérstaklega mótmælt og lýst var yfir stuðningi við friðarfrumkvæði Contadora-ríkjanna. Þessari yfirlýsingu hefur síðan verið fagnað og fyrir hana verið þakkað af hálfu margra aðila sem hana fengu.

Ég held að það verði ekki horft fram hjá því að aðstaða Nicaragua er erfið og viðbrögð Bandaríkjamanna hafa ekki bætt þar úr skák. Þar er komið að ákveðnum þætti í þeirra utanríkisstefnu sem ómögulegt er annað en að harma, jafnvel fordæma, svo að ég segi ekki formæla eins og hæstv. forsrh. áðan. Ég alla vega fordæmi hana og ég hefði vonast til þess að hæstv. ríkisstj. treysti sér til að harma hana því að hún er stundum til í að harma hlutina, eins og við vitum.

Það er ósköp einfaldlega þannig, herra forseti, hæstv. utanrrh., að verið er að ýta stjórn sandinista út í aðgerðir sem við getum ekki sætt okkur við og við hljótum að átelja. En það eru hins vegar þær kringumstæður sem búnar eru til handa þessu þjóðríki, m.a. með viðskiptabanni og ýmsum öðrum þvingunum, sem eru að kippa fótunum undan eðlilegri lýðræðislegri þróun í þessu ríki. Slíku hljótum við harðlega að mótmæla. Þegar talað er um djúpstæðan ágreining Bandaríkjamanna og stjórnar sandinista er ómögulegt

annað en að minnast þess að sandinistastjórnin hefur á öllum tímum, þrátt fyrir viðbrögð Bandaríkjamanna, lýst sig reiðubúna til viðræðna við þá um lausn málsins. Stuðningur Bandaríkjamanna við skæruliðahóp contramanna hefur hins vegar gert þarna illt verra og áform þeirra um stóraukinn beinan hernaðarlegan stuðning við þá nú hleypa þessum málum í enn verri hnút en þau hafa verið í hingað til.

Ef ég má, herra forseti, langar mig einnig aðeins til að minnast á kaflann um Afghanistan. Þar er ég aftur heldur ósammála hæstv. utanrrh. Mér finnst sú umfjöllun satt best að segja heldur ræfilsleg. Ég verð að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað á það eiginlega að þýða að hann skuli ekki eyða nema örfáum línum á ástandið í Afghanistan? Hvers konar linkind eiginlega er þetta? Eru það einhverjir annarlegir viðskiptahagsmunir við þetta stórveldi, Sovétríkin, sem valda því að hæstv. utanrrh. treystir sér ekki til þess að fjalla nema í örfáum ræfilslegum línum um ástandið í Afghanistan? Mér finnst þetta sérstaklega ámælisvert í raun vegna þess að íslenska þjóðin er sæmilega upplýst um ástandið þarna. Íslenskir fréttamenn hafa verið á þessum slóðum og það hefur jafnvel staðið til að við beindum ákveðnum hluta af okkar hjálparstarfsemi til þessa landsvæðis til lausnar flóttamannavandamálinu þar. Ég hefði talið fyllilega eðlilegt að hæstv. utanrrh. hefði tekið mun sterkar til orða varðandi hernaðaríhlutun Sovétríkjanna í Afghanistan og hvatt miklu frekar til lausnar á þeim vandamálum en hann gerir í sínum örfáu línum. Mér finnst þetta heldur snubbótt.

Herra forseti. Ég ætlaði síðan aðeins að koma að kafla sem mönnum finnst kannske ástæðulaust að ræða þegar svona miklir stórviðburðir eru að gerast úti í hinum víða heimi. Það er sú aðstaða sem bandarískt herinn hefur á Íslandi og þróun mála þar. En ég brygði illilega hætti mínum ef ég ekki reyndi að víkja að þessu örfáum orðum og mun nú gera svo.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé ekki síður ástæða til að líta á það mál einmitt í ljósi síðustu atburða en ella. Við höfum á síðustu vikum fengið enn eina sönnun þess, herra forseti, að hernaðaruppbyggingin hér á Íslandi er á fullri ferð. Hæstv. utanrrh. hefur nýlega staðfest það í svari við fsp. frá þeim sem hér heldur ræðu að veitt hafi verið leyfi seint á s.l. hausti fyrir margvíslegum nýjum hernaðarframkvæmdum á Íslandi og þar á meðal stjórnstöð, sem áður hefur reyndar borið hér á góma, sérstaklega styrktri stjórnstöð, að stærð tæpir 2000 fermetrar, sem á að hýsa miðstjórn heraflans í Keflavík og nálægs viðbúnaðar Bandaríkjamanna hér. Nú er það svo, herra forseti, að því er, eins og venjulega í skýrslum þeirra hæstv. utanrrh., haldið fram, ekki bara á einum stað heldur yfirleitt á tveimur, þremur, fjórum stöðum, að bókstaflega ekkert hafi breyst hér í herstöðinni, þetta sé allt eins og áður var og engin eðlisbreyting hafi orðið, þetta sé allt saman eðlileg tækniendurnýjun o.s.frv. Þessu er haldið fram og menn berja höfðinu við steininn hvað sem á dynur þó að það komi fram í þessum skýrslum ár eftir ár að verið sé að leyfa margvíslegar nýjar hernaðarframkvæmdir af allt öðrum toga en áður hafa verið hér leyfðar eða hér hafa verið, til að mynda sérstaklega styrkt mannvirki sem þola umtalsverðar sprengjur og árásir. Engu að síður er fullyrt að hér sé enginn viðbúnaður annar en varnarviðbúnaður til að verja hólmann og nánasta umhverfi og engin eðlisbreyting hafi orðið á því. Maður fer að velta því fyrir sér, herra forseti, hvað þyrfti eiginlega að gerast til þess að augu þessara manna opnuðust, hvers konar blinda þetta er. Hún er greinilega mjög varanleg og erfitt að koma nokkurri skynsemisglætu inn í þennan múr. Maður getur spurt hæstv. utanrrh., ekki í von um að fá svör en það væri eðlileg rökfræði að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvers vegna reisa menn sérstaklega styrkt mannvirki, sérstaklega sprengjuheld flugskýli og hálfniðurgrafna sprengjuhelda gluggalausa stjórnstöð á svæði þar sem engin von er á nokkurri árás, þar sem ekki er nokkur viðbúnaður sem getur ógnað nokkrum manni? Hvers konar eiginlega sóun er þetta? Hvaða ástæða er til að hafa þessi mannvirki af þessum styrkleika ef það er allt satt og rétt í skýrslunum að hér sé ekki nokkur hlutur sem ógni nokkrum manni, ekki hagamús. Þetta gengur ekki upp, herra forseti. Það er í raun og veru sálfræðilegt viðfangsefni hvers vegna þetta kemst alls ekki að hjá þessum mönnum, hvers vegna þeir átta sig alls ekki á því og neita að viðurkenna hluti sem ættu að liggja öllu sæmilega gefnu fólki í augum uppi.

Það hefur verið venjan þegar við höfum rætt um framkvæmdir varnarliðsins eða eðli herstöðvarinnar í Keflavík að þeir menn sem hafa aflað sér einhverra upplýsinga um þessi mál á erlendum vettvangi, til að mynda þeirra upplýsinga sem liggja á lausu í Bandaríkjunum sjálfum eða hjá ýmsum fræðistofnunum um þessi mál, hafa komið með slíkar upplýsingar heim og talað um þær í nokkur ár og þá hefur loksins byrjað að rofa til. Þá hafa menn, eftir 2–3–4 ár eftir atvikum, viðurkennt að þetta eða hitt gæti átt sér stað. Ég gæti farið út af fyrir sig yfir það, herra forseti, hvernig þetta hefur gerst með hverja framkvæmdina á fætur annarri, hvernig menn hafa staðið jafnvel í þessum ræðustól og neitað því að nokkuð væri á döfinni sem héti stjórnstöð, að nokkur hlutur væri til sem héti Norður-Atlantshafsvarnarkerfið. Einum 2–3–4 árum seinna kemur þetta upp annaðhvort í skýrslum hæstv. utanrrh. eða í svörum við fsp.: Jú, það var verið að leyfa þetta um daginn — eða: Þetta er nú á framkvæmdaáætlun. Svona er þetta ár eftir ár. Ég get flett þessari sögu allri upp í þingtíðindunum og ég gæti lagt hana hérna á borðið. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. utanrrh. að hrista höfuðið núna vegna þess að þetta eru borðleggjandi staðreyndir. Þetta eru tölur sem við getum unnið upp úr þingtíðindunum og skýrslum hæstv. utanrrh. frá undanförnum árum. Það voru meira að segja farnir að koma á prenti í skýrslum öryggismálanefndar hlutir sem utanríkisráðherrar þjóðarinnar höfðu fram að þeim tíma alla tíð neitað að væru til, vissu ekki einu sinni af.

Ég til að mynda hef úr þessum ræðustóli rætt í líklega þrjú ár, jafnlengi og ég er búinn að sitja á þessu virðulega Alþingi, um þá breyttu áherslu í flotamálum Bandaríkjamanna sem hefur verið að eiga sér stað á norðurhöfunum undanfarin ár. Þessu var auðvitað neitað framan af. Menn önsuðu þessu ekki. Það þótti vitleysa. Þetta er almennur fróðleikur sem allir vita nú orðið, birtist bæði í innlendum og erlendum blöðum, kemur út í skýrslum. Þá loksins fer að rofa til hjá þeim sem fara með varnarmál þjóðarinnar eða samskiptin við þetta svonefnda varnarlið.

Svona hefur þetta verið, herra forseti, og það er auðvitað ámælisvert og meira en það. Það er

jafnneyðarlegt að lesa þessar síendurteknu lummur um að ekkert hafi breyst hér frá því að hér voru örfáar Delta Dagger-vélar, sem drifu nokkra tugi km út á haf eða hvað það nú var, og til þess tíma sem nú er hér stór orustuflugsveit staðsett á Íslandi með fullkomnustu árásarþotum bandaríska hersins, meira að segja búnar vopnum til að geta farið í árásarleiðangra. Ég segi ekki að þær dragi alla leið til Líbýu, en langleiðina gætu nýju Phantom-orustuþoturnar farið í árás á önnur lönd. Og að halda því svo fram að hér sé ekki nokkur hlutur sem ógni nokkurri annarri þjóð, ekkert nema varnarviðbúnaður fyrir skerið og nánasta umhverfi, það er ákaflega barnalegt, herra forseti.

En ég vil spyrja hæstv. utanrrh. einnar spurningar um eitt tiltekið mannvirki sem nokkuð hefur verið í nösum manna hér að undanförnu. Það er svonefndur varaflugvöllur. Um hann er ekki fjallað í þessari skýrslu, en ég hef stundum rekið mig á að það er ekki sagt frá hlutum í þessum skýrslum sem síðan skjóta upp kollinum einum tveimur mánuðum eða árum síðar. Vegna þeirrar miklu umræðu sem orðið hefur um þennan varaflugvöll spyr ég hæstv. utanrrh.: Veit hann eitthvað um þennan varaflugvöll? Hafa Bandaríkjamenn áhuga á að byggja annan herflugvöll á Íslandi? Við skulum tala einfalda íslensku sem við skiljum báðir. Er til að mynda verið að tala um Sauðárkróksflugvöll í því sambandi eða dettur einhverjum heilvita manni í hug að við ætlum að fara að byggja sjálfir, Íslendingar, af eigin rammleik fullbúinn varaflugvöll fyrir millilandaflug og reka hann? Hefur einhverjum dottið það í hug? Ég trúi því varla að menn séu svo bjartsýnir á batnandi efnahag íslensku þjóðarinnar að það standi til alveg á næstunni að byggja og reka fullbúinn varaflugvöll fyrir okkur og fyrir okkar áætlunarflug til nálægra landa. Þess vegna vil ég í framhaldi af öllu þessu umtali spyrja hæstv. utanrrh. að þessu og þá kemur svarið vonandi niður í þingtíðindin. Kannske flettum við upp á því eftir nokkur ár til að glöggva okkur á því hvernig atburðarásin var eða ekki var í þessu sambandi.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni, úr því að ég nefni varaflugvöll á annað borð, að það vanti lítið á að við Íslendingar eigum út af fyrir okkur nothæfan varaflugvöll þar sem er flugvöllurinn á Akureyri. Ég hef sjálfur látið kanna það mál fyrir mig að hve miklu leyti hann gæti þjónað því hlutverki fyrir okkar flug og mér segja fróðir menn að með tilliti til breyttrar tækni og þróunar í framleiðslu flugvéla líti það tiltölulega vænlega út að fyrir venjulegar tegundir millilandaþota dugi hann okkur og því flugi sem hér er. Aðflugstæki og lendingartæki og tækni í þeim efnum gæti gert þann flugvöll að fullkomlega viðunandi varamillilandaflugvelli fyrir okkur Íslendinga. Hann er það reyndar nú þegar í mörgum tilfellum og það er ekki óvenjulegt að stórar þotur lendi á honum. Þar af leiðandi sé ég ekki nokkra ástæðu til að við förum að leggja í það fé, Íslendingar, að byggja sérstaklega upp varaflugvöll einhvers staðar þar sem ekkert er fyrir og geld mikinn varhug við slíkum hugmyndum.

Ég hefði, herra forseti, gjarnan viljað eiga ofurlítinn orðastað við hæstv. utanrrh. um framkvæmd á svonefndum varnarsamningi sem ég hef hér fyrir framan mig. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að þar sé margt í heldur bágu ástandi og það ætti að mega takast um það samstaða að standa þar betur að hlutunum burtséð frá því hvaða afstöðu menn hafa til þess samnings í sjálfu sér. Nú er ég í hópi þeirra, eins og mönnum er vonandi ljóst, sem eru ekki ýkja hrifnir af þeim samningi og vildi gjarnan nema hann úr gildi og losna við þessa óværu af landinu, en ég er þeirrar skoðunar að meðan þetta er hér séu vissar reglur sem við gætum reynt að sameinast um til að bíða ekki nema sem minnstan skaða bæði á sálu okkar og líkama af því að hafa þessa óværu hér.

Ég átel það t.d. mjög hvernig hæstv. utanrrh. fer með þessi mál, hvernig hann gengur fram hjá Alþingi Íslendinga við framkvæmd þessa samnings. Það hefur reyndar alla tíð verið gert frá því að þessi her kom hingað í landið. Þá voru lög brotin til að koma hernum inn og ég er þeirrar skoðunar að lög séu brotin enn þann dag í dag, nánast daglega eða í hvert skipti sem einhver meiri háttar atriði gerast í samskiptum við þennan her á Keflavíkurflugvelli.

Ég lýsti þeirri skoðun minni fyrr í umræðum sem hér urðu um fsp. að þegar meiri háttar ákvarðanir væru teknar um framkvæmdir á þessum stað væri það á allan hátt óeðlilegt að slíkt væri ekki borið undir utanrmn. Alþingis. Mér finnst margt í framkvæmd og meðhöndlun hæstv. utanrrh. á þessum málum satt best að segja harla kynlegt.

Það vakti t.d. athygli mína þegar framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins var hér á ferðnni á dögunum að þannig var staðið að því að skipuleggja heimsókn þessa framkvæmdastjóra að alþm. og meðlimir utanrmn. höfðu engin tækifæri til að berja þann ágæta mann augum eða ræða við hann. Hins vegar gafst einhverjum klúbbfélögum Varðbergs og áhugamönnum um vestræna samvinnu ítrekað tækifæri til að sitja með honum til borðs og ræða við hann. Og ég spyr utanrrh. í fullri hreinskilni: Finnst honum þetta eðlilegt? Er ekki heldur snautlegt að standa svona að hlutunum, að einhverjum Pétrum og Pálum, sem eru í einhverju áhugamannafélagi úti í bæ, sé sérstaklega boðið að stíga í vænginn við þennan ágæta mann, en Alþingi Íslendinga hefur engum skyldum að gegna þarna, því kemur þetta ekkert við?

Sama má segja um þann vettvang sem hæstv. utanrrh. valdi sér til að kynna hugmyndir sínar um svonefnd innri öryggismál sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér. Það var þessi sami klúbbur úti í bæ, en það var ekki haft fyrir því að ræða við utanrmn. Alþingis hvað þá almennt við þm. um þessi áform áður en þau voru gerð heyrinkunn og gengu til fjölmiðla frá þessum sérstaklega valda vettvangi.

Þrátt fyrir þetta geri ég ráð fyrir því að hæstv. utanrrh. hafi lesið þingsköp Alþingis og viti að þingsköp Alþingis eru lög í landinu. Þar með er 15. gr. þingskapa, þar sem kveðið er á um hlutverk utanrmn., lög á Íslandi. Ég vona a.m.k. að hæstv. utanrrh. sé það vel að sér í þingsköpum að hann geri sér grein fyrir þessu. Þar er sem sagt kveðið á um að allar meiri háttar ákvarðanir af þessu tagi skuli bornar undir utanrmn. Alþingis og hún skuli vera ríkisstj. til ráðuneytis í slíkum tilfellum.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. um enn eitt praktískt mál og það varðar áform nágrannaþjóðar okkar Breta um að reisa endurvinnslustöð fyrir kjarnorkuúrgang á strönd Bretlands. Ég hef orðið þess var að ýmsar nágrannaþjóðir Breta hafa af þessu nokkrar áhyggjur. M.a. hafa frændur vorir Norðmenn komið mótmælum á

framfæri við þessi áform og er ekki nema eðlilegt vegna þess að það eru tiltölulega alvarlegir hlutir ef kjarnorkuúrgangi eða kælivatni eða skolvatni frá slíkri stöð er hleypt beint út í sjóinn og veldur með tímanum uppsöfnun geislavirkra efna og geislamengun í viðkomandi hafsvæðum. Þetta vandamál er þekkt frá Írlandshafi og þar hafa menn nú af þessum málum verulegar áhyggjur. Ég held að það væri fullsæmandi fiskveiðiþjóð eins og okkur Íslendingum að ganga fram fyrir skjöldu í tilfelli sem þessu og mótmæla hugmyndum um að reisa svona stöð og sleppa úrgangnum beint út í hafið hvort sem það er talið líklegt eður ei að þetta gæti hugsanlega borist að okkar ströndum. Þó er það engan veginn óhugsandi samanborið við þá hafstrauma sem til okkar liggja.

Ég vil, herra forseti, hvetja hæstv. utanrrh. til að halda áfram þeirri hreyfingu sem komst á mál og aðgerðir gegn ríkisstjórn Suður-Afríku og fordæmingu á kynþáttaaðskilnaðarstefnu hennar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við stöndum með hinum Norðurlandaþjóðunum í því að fordæma það og hafa jafnvel forustu um það á alþjóðavettvangi að beita okkur fyrir aðgerðum gegn þeirri ómannúðlegu stefnu. Á þeim málum var nokkur hreyfing hér á s.l. hausti, en nú virðist mér orðið fremur hljótt um það.

Ég vil segja, herra forseti, í sambandi við eitt mál sem hæstv. utanrrh. gerði mikið úr og talaði heldur digurbarkalega, það var um svonefnt Rainbow-mál sem mun vera einhver flutningadallur bandarískur sem nestar bandaríska herinn á Keflavíkurflugvelli, að ég er tiltölulega ánægður með það mál eins og það hefur nú þróast. Ég vildi óska þess að þetta væri upphafið að því að Bandaríkjamenn sæju sjálfir meir og meir um sín mál á meðan þeir eru hér, svo bölvað sem það nú er. Það hefur verið stefna, a.m.k. í nösunum á ýmsum, til að mynda því blaði sem ég held að hæstv. utanrrh. telji sig nú helst styðja, þ.e. Morgunblaðið, að það ætti að reyna að halda öllum efnahagslegum tengslum við þennan her í lágmarki á meðan hann væri í landinu. Ég sé ekki betur en það sé liður í því að Bandaríkjamenn sjálfir sjái um flutningana til þessa hers á meðan hann er hér og það mun ég styðja. Sama á auðvitað við um það að herinn nesti sig sjálfur. Ég er mjög ánægður með að herinn éti frosið bandarískt kjöt og hef ekki nokkurn áhuga á því að fara að reyna að troða upp á hann íslenskum afurðum í þeim efnum því að það mundi gera okkur á vissan hátt háða þeim markaði.

Hitt er jafnástæðulaust að láta þennan her brjóta landslög um sjúkdómavarnir og annað og einnig jafnástæðulaust að láta þennan her hafa áhrif á flutninga okkar Íslendinga sjálfra til eða frá landinu. Ég er til í það hvenær sem er að aðstoða hæstv. utanrrh. við að setja um það lög að þessi bandaríski flutningadallur sinni engu öðru en flutningum fyrir herinn og væri þá vel að þessu staðið að mínu mati. Ég er sem sagt einlægur stuðningsmaður þeirrar stefnu að við einangrum þennan her á allan tiltækan máta á meðan hann er hér í landinu og höldum öllum efnahagslegum samskiptum við hann í algeru lágmarki og gerum þau helst engin. Ég sé ekki annað en það hafi þróast í rétta átt hvað þessi mál varðar, a.m.k. þetta Rainbow-mál, á síðustu árum.

Herra forseti. Ég mun þá ljúka máli mínu. Mér finnst í ljósi þeirra atburða sem nú hafa gerst að það hljóti að vera svolítil vandræði á stjórnarheimilinu, sérstaklega í Sjálfstfl. Ég ímynda mér að það sé heldur pínleg uppákoma fyrir Sjálfstfl. sem nú hefur orðið í alþjóðamálum, sem sagt sú að á þá einföldu heimsmynd, sem þeir eru oft að hugga sig við, að það séu bara góðir menn og vondir menn í heiminum og við séum hluti af góða heiminum og hjá okkur sé allt gott og hinir séu vondir og þess vegna sé valið svona einfalt og málin svona einföld, hafi borið smáskugga ef ekki bara komið sprunga í þessa spegilmynd. Það hefur sem sé komið í ljós að Bandaríkjamenn eru býsna gikkglaðir. Ég hygg að hv. þm. Guðmundur Einarsson, sem er vel að sér í kúrekaslangri, hefði leyft sér að sletta með orðunum „trigger happy" og sagt sem svo að þeir Bandaríkjamenn og Ronald Reagan væru dálítið „trigger happy". Nú er hv. þm. fjarri góðu gamni. Hann er einmitt í heimsókn hjá þessum sama manni og kemur þá kannske skoðun sinni á framfæri.

Nei, það er auðvitað svo að bandarísk heimsvaldastefna hefur birst allt í einu í nakinni mynd og ofbeldistilhneigingar, ofbeldishugsunarháttur, sem við höfum sjálfsagt ekkert okkar viljað trúa að ætti bólstað í nálægu ríki, hefur nú birst okkur. Það er ekki nokkur leið að afsaka slíkt. Slík framkoma er hörmuleg í samskiptum þjóða og það er ekki hægt að verja hana. Engin hryðjuverkastarfsemi eða aðrir slíkir atburðir, svo alvarlegir sem þeir geta verið í sjálfu sér, réttlæta slíka atburði. Þess vegna hefði hæstv. forsrh., jafnvænt og honum þykir um orðið „að harma", gjarnan mátt reyna að finna orð á hinu ástkæra, ylhýra íslenska máli, svo tært og skýrt sem það nú er og svo mörg kjarnyrt lýsingarorð sem það á, sem hefði hentað betur við þetta tækifæri.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þessi umræða um skýrslu hæstv. utanrrh. hefur ögn nærtækari snertipunkt við gráan veruleika alþjóðamála nú en endranær vegna þeirra tíðinda sem spurðust í morgun frá Miðjarðarhafi. Hæstv. utanrrh. kynnti í ræðu sinni afstöðu ríkisstj. Ríkisstj. harmaði atburðina og lét uppi efasemdir um að þeir skiluðu tilætluðum árangri í viðureign við hryðjuverkamenn og hvatti síðan til samstöðu þjóða gegn hryðjuverkamönnum. Ég geri ekki athugasemd, herra forseti, við þessa afstöðu svo langt sem hún nær. Það að harma ástand mála í alþjóðamálum er kannske dálítið slitin plata, en þó er endalaust hægt að telja upp ærin tilefni til þess að harma. Það segir hins vegar kannske ekki mikið. Hitt væri kannske örlítið forvitnilegra að fá einhverjar skýringar á seinni hlutanum. Hvað meina menn þegar þeir hvetja til samstöðu, lýðræðisríkjanna sérstaklega, gegn hryðjuverkamönnum?

Þegar ég tek undir þá skoðun að þessar aðgerðir Bandaríkjastjórnar séu harmsefni og ólíklegt að þær skili árangri er það ekki vegna þess, herra forseti, að ég telji ástæðu til að draga úr því að þjóðir heims verða í reynd að svara þeirri spurningu, til hvaða aðgerða á að grípa til að kveða alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi niður og það verður að svara þeirri spurningu með hvaða ráðum, hvernig? Ég mundi fyrir mitt leyti segja að þjóðir heims hafi kannske þrenns konar tæki í sínum höndum til þess að bregðast við.

Í fyrsta lagi er um að ræða pólitískar aðgerðir. Þau ríki sem eru uppvís að því að hýsa hryðjuverkamenn,

vopna þá, gefa þeim griðastaði eða aðstoða þá á einhvern annan máta þyrftu að standa frammi fyrir því að þjóðir heims sýndu í verki andstöðu sína með því t.d. að slíta stjórnmálasambandi við slík ríki, með því t.d. að loka sendiráðum. Svo að ég nefni dæmi af Líbýu væri það ógerningur fyrir útsendara Gaddafis að stunda morð sín með hægu móti ef hann ekki nyti sendiráðaþjónustu, leyniþjónustuupplýsinga og griðastaða.

Í annan stað er unnt að grípa til efnahagslegra aðgerða. Það vill svo til að lýðræðisríkin á Vesturlöndum búa yfir tækjum, varningi og gæðum sem mörgum þessara þjóða er lífsnauðsyn að fá. Með því að bregðast hart við og beita efnahagslegum þvingunum slíkar þjóðir er hægt að koma svo við kaunin á þeim að margar ríkisstjórnir mundu hugsa sig um tvisvar áður en þær héldu áfram að styðja leynt eða ljóst við hryðjuverkastarfsemi, t.d. með því að loka flugvöllum fyrir flugfélögum þessara þjóða, t.d. með því að loka höfnum eða setja viðskiptabann að því er varðar þýðingarmiklar vörur. Dugi þetta ekki til má vel vera að niðurstaðan verði sú að þjóðir heims verði í reynd að svara þeirri spurningu hvernig þær ætla að standa saman um að kveða niður hryðjuverk sem, ef þau fá að haldast uppi óátalið og aðgerðarlaust, enda með því að brjóta niður þau tæki í alþjóðlegum samskiptum sem eru nauðsynleg til þess að við getum gert okkur vonir um friðsamleg samskipti þjóða eða lausn ágreiningsmála eftir venjulegum leiðum.

Það er nú einu sinni svo að þó að sjálfsákvörðunarréttur þjóða sé helgur eru þau tilvik til að hann sé ekki skilyrðislaus. Ef ríki gera sig sek um að standa ekki við alþjóðlegar skuldbindingar og alþjóðalög eða gera sig sek um að brjóta þau á grimmilegan máta með því t.d. að hýsa sveitir hryðjuverkamanna getur vel verið óumflýjanlegt að þau kalli yfir sig, ríkisstjórnir sem slíkt aðstoða eða stunda, að það verði óhjákvæmilegt að beita þær hernaðaraðgerðum. En þá á það helst að gerast sem örþrifaráð eftir að búið er að beita fyrst þeim leiðum sem ég nefndi fyrst, pólitískum aðgerðum eða *jafnvel efnahagslegum þvingunum*.

Hin alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi hefur færst svo mjög í vöxt á undanförnum árum að hún er orðin snar þáttur alþjóðlegra vandamála og varðar ekki aðeins fyrst og fremst öryggi ríkja heldur öryggi óbreyttra borgara sem verða saklaus fórnarlömb hryðjuverka. En hvað eru hryðjuverk? Ein skilgreiningin er sú að hér sé um að ræða kerfisbundin morð eða limlestingar af ásettu og yfirlögðu ráði á saklausu fólki, valdbeiting, oft studd mætti ríkisvalds, til þess að vekja skelfingu, kúga almenningsálit eða fjölmiðla en fyrst og síðast að lokum ríkisstjórnir og það í pólitískum tilgangi. Dæmin um þessi hryðjuverk eru orðin mýmörg. Menn eru hvergi óhultir um líf sitt. Farþegar í flugvélum, á flugstöðvum, á samkomustöðvum. Hvarvetna geta menn átt von á *fyrirvaralausum sprengjuárásum* og *hópmorðum*. Fyrst og fremst er munurinn á hryðjuverkastarfsemi og við skulum segja skæruliðastarfsemi sá að fórnarlömbin eru saklausir borgarar.

Það var sagt í gamla daga á tíð breska heimsveldisins að þung væri byrði hins hvíta manns. Ég held að það sé ekki á færi neins eins ríkis að vera lögreglumaður heimsins. Menn spyrja um samstöðu ríkja gegn hryðjuverkum alveg eins og menn spyrja um samtök ríkja í öryggismálum frammi fyrir sameiginlegri ógn. Myndir teknar í gervihnöttum, fjarskiptahleranir og leyniþjónustuupplýsingar gefa til kynna að þau ríki séu mörg sem þjálfa hryðjuverkamenn til starfa, vopna þá, kosta starfsemi þeirra, veita þeim griðland og veita þeim jafnvel þjónustu í sendiráðum viðkomandi ríkja. Slíkar upplýsingar eru til um aðstoð við skipulagðar sveitir hryðjuverkamanna innan Sovétríkjanna, í einstökum ríkjum Austur-Evrópu, á Kúbu, í Norður-Kóreu, í Líbýu, í Íran, í Sýrlandi, í Írak, í Suður-Yemen og fleiri ríkjum sem ég ekki hirði um að telja upp. Það mætti kannske bæta við listann bófafélagi því sem nú hefur búið um sig í Hondúras til árása á Nicaragua. Það eru leifarnar af því bófafélagi sem var við völd í því ríki áður í stjórn Somoza.

Þetta eru dæmi um hryðjuverkastarfsemi sem fyrst og fremst hefur látið til sín taka á Vesturlöndum. En stöldrum aðeins við. Er þessi skilgreining á hryðjuverkastarfsemi *nóg*? Ef *við lítum á ástand* alþjóðamála kemur á daginn við stutta umhugsun að svo er ekki. Meginið af þeirri hryðjuverkastarfsemi sem bitnar á saklausum borgurum er nefnilega alveg grímulaust stunduð fyrst og fremst af ríkisstjórnum. Það er ríkisvaldið sjálft sem beitir slíkum ofbeldisaðgerðum ýmist gegn sínum eigin þegnum eða saklausum borgurum annarra landa. Mestu ofbeldisverk okkar aldar voru skipulögð af ríkisstjórnum gegn eigin þegnum. Dæmi: Útrýmingarherferð Hitlers gegn Gyðingum og reyndar fjölmörgum öðrum einstaklingum af ólíku þjóðerni. Annað dæmi: Grimmileg borgarastyrjöld sovéska ríkisvaldsins gegn borgurum Sovétríkjanna sem kostaði tugi milljóna manna lífið og er ekki hægt að líkja í mörgum tilvikum við annað en skipulegt þjóðarmorð. Nærtækt dæmi: Morð á milljónum manna í Kampútseu sem stundað var af ríkisvaldi, þ.e. bófafélagi sem tekið hafði völdin í viðkomandi ríki. Þannig mætti telja upp fjöldamörg dæmi um herferðir ríkisstjórna eða öllu heldur bófafélaga sem kalla sig ríkisstjórnir á hendur eigin borgurum. Ég nefni dæmi um Íran, ég nefni dæmi um Eþíópíu og ég gæti nefnt ótal dæmi frá hinum nýfrjálsu ríkjum Afríku þar sem stunduð hafa verið fjöldamorð og útrýmingarherferðir gegn einstökum kynþáttum af ríkisstjórnum sem að vísu höfðu hvergi verið kjörnar til þess að fara með vald heldur höfðu tekið sér vald með valdi og raunverulega eru lítið annað en skipulögð bófafélög.

Það væri æskilegt, og þá hefði stór draumur ræst, ef við hefðum getað borið það traust til hinna Sameinuðu þjóða að þar væri aðili þar sem væru fulltrúar ríkisstjórna sem færu með ósvikið umboð þjóða sinna til að taka að sér lögregluhlutverk í heiminum gagnvart slíkri hryðjuverkastarfsemi. Eitt af því óhugnanlegasta við staðreyndir alþjóðamála er að stór hluti ríkisstjórna í heiminum, og fulltrúar ríkja á samkomum hinna Sameinuðu þjóða, eru lítið annað en hryðjuverkamenn, sem þar eru ekki í umboði neinna löglegra ríkisstjórna heldur fyrst og fremst útsendarar pólitískra bófafélaga sem hafa stundað fjöldamorð í hverju ríkinu á fætur öðru, ýmist á eigin þegnum eða á þegnum grannríkjanna. Hver er sá aðili í heiminum sem getur axlað það hlutverk að halda uppi löggæslu í nafni óbreyttra borgara, einstaklinganna sem eru fórnarlömb slíks stjórnarfars, slíkra ríkisstjórna? Það er með öðrum orðum hægara um að tala en í að komast.

Ef við lítum til þjóða heims og spyrjum um afstöðu til

einstakra hryðjuverka er hægt að nefna nokkur dæmi um ríki, sem hafa mótað sér stefnu, sem hafa aldrei hvikað fyrir hótunum hryðjuverkamanna, hversu grimmilegar sem þær hafa verið og nefni ég Ísrael þar sem dæmi. Það er líka hægt að nefna dæmi um ríkisstjórnir, eins og ég hef þegar gert, sem styðja hryðjuverkastarfsemi með ráðum og dáð. En allur þorri ríkisstjórna er að sjálfsögðu hlutlaus, a.m.k. meðan hryðjuverkaöflin láta ekki til skarar skríða gegn viðkomandi ríki og þá í von um að með því að heiðra skálkinn svo að hann skaði þig ekki verðir þú látinn í friði. Slík afstaða gengur ekki. Að lokum er óumflýjanlegt að reyna að svara þessari spurningu: Hvernig geta ríki heims, sem vilja virða grundvallarreglur alþjóðalaga og hafa í heiðri samskipti siðaðra manna í samskiptum ríkisstjórna, beitt samtökum sínum til að kveða þetta niður? Þá kann ég ekki önnur svör en þau sem ég nefndi áðan: Í fyrsta lagi að beita pólitískum aðgerðum, í annan stað efnahagsþvingunum og ef þetta ekki dugar þá með samtökum að láta til skarar skríða til að uppræta þessa starfsemi, öðrum til viðvörunar.

Það eru hins vegar ekki mjög bjartar horfur á því að slík samstaða náist, m.a. vegna þess að gróðahagsmunir einkaaðila og ríkisstjórna eru oft miklir. Ríkisstjórnir skirrast við að beita efnahagsþvingunum af þeim ástæðum að þær óttast um viðskiptalega hagsmuni. Í annan stað er hlutleysisafstaðan oft byggð á voninni um að verða látinn í friði og að sumu leyti lýsir þetta siðferðilegri kreppu. Eitt meginmarkmið hryðjuverkamanna er að sjálfsögðu að nýta sér fjölmiðla í vestrænum opnum þjóðfélögum til að ná þar aðstöðu til að kúga almenningsálitið til hlýðni. Það er eitt þýðingarmikið atriði sem ætti að koma til álita. Það á að vera ein fyrsta skylda blaðamanna að afhjúpa glæpastarfsemi í sínum eigin þjóðfélögum. Ég nefni t.d. framgöngu bandarískra fjölmiðla við að afhjúpa mafíustarfsemi þar í landi. Ef fjölmiðlar í opnum lýðræðisþjóðfélögum beittu svipuðum aðferðum og gerðu sömu kröfur til sjálfra sín þegar um er að ræða alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, eins og sagan sýnir að þeir hafa gert með því að fletta ofan af starfsemi innlendra glæpamanna, gæti það verið mjög þýðingarmikil aðgerð ein út af fyrir sig.

Herra forseti. Ég sagði áðan: Það er útslitin plata að harma ástand mála og hrekkur skammt, en ef menn vilja ræða þessi mál í alvöru er þýðingarmeira að leitast við að svara þeirri spurningu: Hvað geta lýðræðisþjóðirnar sérstaklega, og ég segi lýðræðisþjóðirnar vegna þess að þær eru augljóslega helstu fórnarlömb alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi, hvað geta þær að lokum gert, ekki hver og ein heldur þá sameiginlega, til að verja líf og limi saklausra fórnarlamba slíkrar starfsemi? Niðurstaðan er hin sama og að því er varðar grundvallarforsendur fyrir öryggispólitík þessara landa. Það er aðeins með því að setja sér sameiginlegar reglur og hafa kjark til að fylgja þeim fram sem einhver von er um árangur.

Herra forseti. Þessi skýrsla utanrrh. gæfi að sjálfsögðu tilefni til að ræða fjölmargt annað en atburði dagsins. Ástæða væri til að fjalla allítarlega um tillögur og hugmyndir um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, um afvopnunarmál almennt, um samskipti okkar við granna okkar, Grænlendinga og Færeyinga, um það sem þarna er sagt um öryggis- og varnarmál, að árétta grundvallaratriðin sem skýra hvers vegna aðild okkar að varnarsamtökum lýðræðisríkja er brýnni nú en kannske nokkru sinni fyrr. Það væri ástæða til að efna til eldhúsdags um varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins, m.a. í ljósi hugmyndanna um kjarnorkuvopnalaust svæði, og um ýmsar breytingar sem hafa orðið á starfsemi utanríkisþjónustunnar að undanförnu, eins og um varnarmálaskrifstofu, þátttöku í hermálanefnd og því næst um veru varnarliðsins hér, sambúðina við það, verktakastarfsemina o.s.frv. Augljóslega gefst enginn tími til þess arna.

Ég ætla að láta mér það nægja að drepa á tvennt áður en ég lýk máli mínu. Fyrst örfá orð um kjarnorkuvopnalaust svæði og að lokum nokkrar athugasemdir um afstöðu þeirra fulltrúa Alþb. sem hafa talað í þessum umræðum til utanríkismála og það að gefnu tilefni.

Afstaða okkar íslenskra jafnaðarmanna til hugmyndarinnar um kjarnorkuvopnalaust svæði er held ég sæmilega kunn og þarf ekki að árétta hana í löngu máli. Í raun og veru má furðu gegna að þessi umræða hefur yfirleitt sjaldnast farið fram í eðlilegu samhengi við grundvallaratriði um öryggisstefnu ekki aðeins þessa ríkis heldur Norðurlanda og Vestur-Evrópu í heild.

Það vita allir menn að Norðurlöndin eru kjarnorkuvopnalaus. Það vita það líka allir að enginn stjórnmálamaður og engin stjórnmálahreyfing á Norðurlöndum hafa neinn vilja til að breyta því. Við viljum viðhalda því ástandi meðan við fáum nokkru um það ráðið, þ.e. á friðartímum. Hins vegar vita allir sem vilja vita að ef til þeirra skelfilegu atburða drægi að til kjarnorkustyrjaldar kæmi verðum hvorki við né aðrir spurðir um það. Þetta þýðir ósköp einfaldlega að spurningin um kjarnorkuvopnalaust svæði hér eða þar er ekki fyrst og fremst staðbundið vandamál, spurning um hvar þessum vopnum er komið fyrir, heldur er það fyrst og fremst spurning um hvernig smáþjóðir í okkar heimshluta, sem ekki búa yfir kjarnorkuvopnum flestar hverjar, geta mótað sér sameiginlegt öryggiskerfi eða haft með sér sameiginlegt varnarsamstarf sem við getum gert okkur vonir um að skili þeim árangri að koma í veg fyrir styrjöld og þar með að kjarnorkuvopnum verði nokkurn tíma beitt. Engin leið er að ræða þessa öryggispólitík eða leggja mat á hana, hvern árangur hún hefur borið frá stríðslokum, nema menn gefi sér einhverjar sameiginlegar forsendur um hvaðan öryggi okkar er ógnað. Ef menn telja að öryggi lýðræðisríkjanna stafi engin ógn neins staðar frá þarf ekki frekar um málið að ræða.

Ég hef, eins og t.d. á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn um hin kjarnorkuvopnalausu svæði, vitnað sérstaklega til sovéskra heimilda um hver áform þeirra eru að því er varðar Vestur-Evrópu. Þau áform eru óbreytt frá stríðslokum. Þau eru einfaldlega að gera Vestur-Evrópu að sovésku áhrifasvæði með svipuðum hætti og Austur-Evrópa er nú þegar. Friðarskilmálarnir eru þekktir, þ.e. að sætta sig við hið sama pólitíska ástand og þar ríkir. Sovétríkin eru hervætt nýlenduveldi á útþensluskeiði, eins og allir mega skynja sem þekkja eitthvað til eðlis Sovétríkjanna og sögu þeirra á tímabilinu frá byltingu til okkar daga. Spurningunni um hvernig við eigum að mæta þessu hernaðarstórveldi í okkar heimshluta hefur þegar verið svarað. Samstaðan um það svar hefur sjaldan verið meiri í okkar heimshluta þrátt fyrir allt en einmitt nú.

Þrátt fyrir forna frægð er svo komið að ríkin í Vestur-

Evrópu eru ýmist smá- eða miðlungsríki. Ekkert þeirra hefur hernaðarlegt bolmagn til að sjá öryggishagsmunum sínum borgið eitt út af fyrir sig. Lexía sögunnar og staðreyndir samtímans hafa kennt þeim að þetta öryggi verði aðeins tryggt með sameiginlegu varnarsamstarfi. Þetta breytir engu um að öllum er þessum ríkjum það sameiginleg ósk að bægja frá kjarnorkuvopnaógnuninni sem ekki er staðbundið vandamál heldur varðar heimsbyggðina alla. Niðurstaðan er sú að það getum við því aðeins gert að við gerum það sameiginlega, með sameiginlegum og gagnkvæmum samningum um að fjarlægja kjarnorkueldflaugar beggja megin víglínu, stöðvun á framleiðslu og tilraunum með kjarnorkuvopn og afvopnun og samdrætti herja beggja aðila og það líka að því er varðar venjuleg vopn.

Ef einhverjir menn trúa því að einstök smáríki í þessum heimshluta geti skorið sig úr og náð sérstökum friðarskilmálum með einhliða aðgerðum er það mikill misskilningur. Um þetta snýst þetta mál. Það sem þarf að taka afstöðu til er einfaldlega þetta: Trúa menn að það auki friðarhorfur í heiminum eða í okkar heimshluta, dragi úr spennu, auki öryggi Norðurlanda, ef einstök ríki, sem nú eru aðilar að NATO, eins og Noregur, Danmörk eða Ísland, taki sig út úr varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins og geri sérsamninga um Norðurlönd sem kjarnorkuvopnalaust svæði? Ef menn halda að slík aðgerð þjóni einhverjum tilgangi eða tryggi betur öryggi Norðurlandaþjóðanna er það að mínu mati hreint og klárt öfugmæli.

Það eru líka hreinar öfgar að segja að valið sé eingöngu annars vegar milli stríðs eða þess friðar sem fáanlegur er á friðarskilmálum Sovétmanna. Málið er ekki þannig vaxið. Málið snýst um það að lýðræðisríkin með sameiginlegu varnarkerfi vilja tryggja öryggi þeirrar þjóðfélagsskipunar sem við kjósum okkur og byggir á lýðræði og frelsi einstaklinga og við viljum gera það án þess að lúta þeim afarkostum að við verðum annaðhvort að láta þetta af hendi og þá lúta friðarskilmálum Sovétmanna eða ella bíða allsherjar tortíming. Svo einfalt er málið ekki.

Það væri mjög æskilegt í þessu viðfangi að skýra nánar ýmis þýðingarmikil atriði þessarar umræðu, en ég ætla ekki að gera að. Ég vil aðeins benda hv. alþm. á að kynna sér rækilega skýrslu þá sem sérstök nefnd á vegum norska utanríkisráðuneytisins skilaði til norska Stórþingsins 25. okt. 1985. Skýrslan heitir „Vandamálið um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum." Hún er geysilega ítarleg. Hún er kennd við Kjeld Colding sem er sendiherra Norðmanna í Finnlandi. Þetta er sú ítarlegasta ritið sem ég hef séð í norrænu samhengi um hugmyndina um kjarnorkuvopnalaust svæði. Ég læt mér nægja að nefna að í þessari skýrslu er bent á um það bil 20–30 *þýðingarmikil málsatriði*, sem varða praktíska útfærslu þessarar hugmyndar, sem sýna mönnum fram á, hversu yfirborðskennd og einfeldningsleg umræðan er, fyrr en hún fer að beinast að grundvallarspurningum. Eins og t.d. um það einfalda mál að einhliða yfirlýsing breytir ekki nokkrum sköpuðum hlut að því er varðar öryggi Norðurlanda öðru en því að auka vafalaust spennu á þessu svæði Norðurlandanna og draga úr árangri þess öryggiskerfis sem þessar þjóðir hafa þó búið við allt frá stríðslokum. Sérstaklega væri ástæða til þess fyrir Íslendinga að huga að því hvaða áhrif slík einhliða aðgerð hefði á hafsvæðið á Norður-Atlantshafi á milli Íslands og Noregs verði kjarnorkuvopn flutt í auknum mæli af landi á haf út. Það eitt út af fyrir sig ætti að vera okkur nægilegt umhugsunarefni til að taka með fyrirvara patentlausnum af þessu tagi.

Herra forseti. Íslensk utanríkismálaumræða og öryggismálaumræða hefur fyrir löngu staðnað í gömlum skotgröfum og klisjum eins og t.d. slagorðið „Ísland úr NATO — herinn burt" bendir til. Kannske getum við gert okkur einhverjar vonir um að það fari að breytast. Sérstaklega er ástæða til að gera sér vonir um að talsmenn Alþb., sem allan tímann frá stríðslokum hafa farið með þessa rullu, kunni að vera fáanlegir til að endurskoða grundvallaratriðin í þeirri afstöðu.

Eins og allir vita er sú tíð liðin að talsmenn Alþb. verji Sovétkerfið í sinni pólitísku umræðu. Margir þeirra vilja láta sem svo að þeir hafi, þótt seint sé, komist að nýjum niðurstöðum um eðli þess þjóðfélags og geri sér grein fyrir að lýðræðisríkjunum kunni að stafa nokkur hætta af hinu hervædda alræðisríki í austri og áformum þess í okkar heimshluta. Ef svo er er ástæða til að spyrjast fyrir um hvort ekki sé orðið tímabært að talsmenn Alþb. dragi rökréttar niðurstöður af þeirri greiningu á eðli hins sovéska nýlenduveldis. Ég segi: Það er kannske tímabærara en ella nú með vísan til atburða sem eru að gerast í kringum okkur. Fyrir skömmu var frá því skýrt í fréttum og vakti nokkra athygli að á flokksþingi ítalska kommúnistaflokksins var enn einu sinni áréttað að ítalski kommúnistaflokkurinn hefði endurskoðað algerlega afstöðu sína til NATO, sem hann hefur reyndar gert fyrir allmörgum árum, og væri nú þeirrar skoðunar að þjóðarhagsmunir Ítala séu slíkir að Ítalíu beri að vera áfram aðili að Atlantshafsbandalaginu og það sé eðlilegt út frá sjónarmiði ítalskra kommúnista að Vestur-Evrópuríkin, lýðræðisríkin, tryggi öryggi sitt með varnarsamstarfi við Bandaríkin. Því er haldið fram af hálfu ítalskra kommúnista að með þessu móti hafi þeir, Ítalir, meiri áhrif í þá átt að móta tillögugerð og stefnu Atlantshafsbandalagsins í heild að því er varðar t.d. tilraunir til að draga úr kjarnorkuvopnum í okkar heimshluta eða í afvopnunarmálum almennt en ef þeir væru utan bandalagsins. Þeir leggja á það sérstaka áherslu að þeir telji að þeir hafi meiri áhrif með þessum hætti en t.d. hlutlausu ríkin fjögur í Evrópu, þ.e. Svíþjóð, Austurríki, Sviss, Júgóslavía, sem byggja öryggisstefnu sína á vopnuðu hlutleysi.

Sú var tíð að Alþýðubandalagsmenn vildu leita til Ítalíu um fyrirmyndir um Evrókommúnisma. Ef þeir meina eitthvað með þeirri gagnrýni, sem þeir hafa sett fram á Sovétríkin og Sovétkerfið, mætti ætla að þetta væri út af fyrir sig rökrétt niðurstaða af þeirri greiningu á eðli stjórnmála vegna þess að utanríkismál eru líka stjórnmál.

Þá er líka sérstök ástæða, herra forseti, til að vekja athygli þeirra Alþýðubandalagsmanna á því að í nýjasta hefti Nordisk Kontakt er frá því skýrt að fulltrúi vinstri sósíalista í Danmörku, Klaus Birkholm, hefur sett fram mjög svipaðar skoðanir og ítalskir kommúnistar, þ.e lagt það til að flokkur hans gerbreyti sinni utanríkispólitísku afstöðu, taki m.ö.o. afdráttarlausa afstöðu með því að Danmörk eigi heima í varnarsamtökum lýðræðisríkjanna, tekur undir það sjónarmið að þar með sé líklegt að Danmörk hafi meiri áhrif til góðs og í friðarátt

að því er varðar starf að afvopnunarmálum en ef hún stæði utan, fullyrðir að stefna danskra kommúnista hingað til og vinstri sósíalista um óvopnað hlutleysi sé rugl og reyndar strútspólitík, eins og segir í þessari grein, en leggur um leið áherslu á að aðildin að NATO, aðildin að Atlantshafsbandalaginu er þess eðlis, þar sem saman eru komin lýðræðisríki þar sem ríkisstjórnir þiggja umboð sitt frá fólki, að ekki þýði að líkja Atlantshafsbandalaginu saman við leppstjórnir Varsjárbandalagsins vegna þess að þetta eru sjálfstæðar ríkisstjórnir. Auðvitað endurspegla þær umræðu og áhrif almenningsálits á þær, svo sem augljóst er af þróun í okkar heimshluta á undanförnum árum, þannig að þeir gera sér vonir um að með starfi innan Atlantshafsbandalagsins og með því að virkja almenningsálitið innan þess með upplýstri umræðu um afvopnunarmál hafi Evrópuríkin fulla burði til að lýsa sjálfstæðri afstöðu sinni t.d. gagnvart ríkisstjórn Bandaríkjanna á hverjum tíma, enda ótal dæmi um að það hafa þau gert. Varnarsamstarf lýðræðisríkjanna byggist m.ö.o. á sameiginlegum niðurstöðum. Þar er ekki um leppríki eins stórveldis eins og í Varsjárbandalaginu að ræða. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi sjónarmið, sem þarna eru sett fram, eru af hinu góða, enda er það fljótsagt að fulltrúar t.d. danskra sósíaldemókrata lýstu sérstakri ánægju sinni með þessi sinnaskipti talsmanns danskra vinstri sósíalista í öryggismálum.

Að lokum, herra forseti. Ef slíkar breytingar yrðu hér á málflutningi og stefnumótun Alþb. að því er varðar utanríkis- og öryggismál teldi ég að þeir Alþýðubandalagsmenn hefðu gert sitt til að ryðja úr vegi ágreiningsefnum sem að vísu hvíla á úreltum forsendum en hafa staðið í vegi fyrir æskilegu samstarfi afla eins og jafnaðarmanna og Alþýðubandalagsmanna að öðrum og þýðingarmiklum innanlandsmálum.

Geir H. Haarde: Herra forseti. Fátt er smáþjóðum mikilvægara en að um utanríkismál þeirra geti náðst almenn samstaða á innlendum vettvangi og að innanlandsdeilur grafi ekki undan þeirri stefnu sem fylgt er út á við. Flest lýðræðisríki, smá sem stór, hafa raunar lagt áherslu á að um utanríkisstefnu þeirra væri eining og að stöðugleiki ríkti á þessu sviði þrátt fyrir ríkisstjórnarskipti. Stefnufesta í þessum efnum óháð tímabundnum innlendum stjórnmálasveiflum hefur af mörgum verið talið markmið í sjálfu sér.

Það er ólán Dana um þessar mundir að þar í landi hefur á undanförnum árum orðið frávik í þessu efni og hefur meiri hluti þingsins fylgt annarri stefnu í ýmsum veigamiklum utanríkismálum en ríkisstj. hefði kosið. Vissar blikur sýnast einnig á lofti í Noregi að því er þetta varðar. Vonandi leiðir staða Dana ekki til ófarnaðar, en vissulega er hún lítt eftirsóknarverð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi þess fyrir okkur Íslendinga að sameinast um utanríkisstefnuna, ekki síst á viðsjárverðum tímum. Þess vegna ber að fagna því að um grundvallaratriði íslenskrar utanríkisstefnu, þar á meðal stefnuna í varnar- og öryggismálum, hefur um áratuga skeið verið samstaða milli stærstu stjórnmálaflokkanna. Margt bendir og til þess að andstæðingum þeirrar varnarstefnu sem fylgt hefur verið fari nú mjög fækkandi og er það einnig fagnaðarefni.

Hin vandaða skýrsla hæstv. utanrrh., sem hér er til umræðu, ber þess glöggt vitni að öruggum skrefum er nú unnið að því að treysta þann grundvöll sem utanríkisstefna okkar byggir á og þróa hana áfram á ýmsum sviðum. Hún er órækur vitnisburður um það mikla og góða starf sem fram fer á vettvangi utanrrn. og staðfestir að áfram verður haldið á þeirri braut sem mörkuð var af fyrrv. utanrrh.

Utanríkismálum má með handhægum hætti skipta í nokkur meginsvið:

1. Öryggis- og varnarmál.
2. Alþjóðleg efnahagsmál og fjármál, þar með talin milliríkjaviðskipti og málefni þróunarlandanna.
3. Almenn alþjóðastjórnmál, þar með talin afvopnunarmál.

Þessir málaflokkar tengjast innbyrðis með ýmsum hætti. Farsæl utanríkisstefna verður að ná til þeirra allra og fjölmargra einstakra málefna sem út frá þeim spinnast. Þá má nefna málefni er snerta almenna samvinnu milli ríkja, tvíhliða eða marghliða, og samskipti einstaklinga og fyrirtækja milli landa. Í öllum þessum efnum geta vaknað spurningar eða skapast vandamál sem unnt þarf að vera að greiða úr. Það er nauðsynlegur þáttur utanríkisstefnu að móta slík svör og undirbúa hvernig bregðast eigi við óvæntum aðstæðum.

Helstu alþjóðastofnanir og samtök sem við Íslendingar eigum aðild að samsvara þeim meginsviðum er ég nefndi. Þannig er um alþjóðastjórnmál í víðasta skilningi fjallað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Öryggismálunum er sinnt innan Atlantshafsbandalagsins og um alþjóðleg efnahagsmál er fjallað hjá stofnunum eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD. Milliríkjaviðskipti eru síðan rædd innan vébanda hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, GATT, og svæðasamtaka eins og EFTA og að sjálfsögðu mun víðar.

Miklu varðar fyrir okkur Íslendinga, sem eigum meira en flestar aðrar þjóðir undir góðum samskiptum við önnur lönd og greiðum milliríkjaviðskiptum, að á öllum þessum stöðum sé þess freistað að fylgjast vel með þróun mála og tryggja sem best íslenska hagsmuni. Ég tel reyndar að svo sé gert í dag þótt jafnan þurfi að vinna markvisst að því að bæta skipulag og starfshætti og aðlaga kröfum tímans.

Virk utanríkisstefna felur í sér að sækja verður fram fyrir Íslands hönd á öllum hagsmunasviðum. Ráðning íslensks varnarmálafulltrúa á hermálaskrifstofu Atlantshafsbandalagsins í Brussel er spor í þá átt og mikilvægur liður í þeirri viðleitni að byggja upp hér innanlands nægilega þekkingu á þessu sviði svo að íslensk stjórnvöld þurfi síður að reiða sig á ráðgjöf annarra um þessi mál.

Efling skrifstofu Íslands hjá Evrópubandalaginu, sem lögð er til í skýrslu utanrrh., er sömuleiðis mikilvægur þáttur í því að gera stjórnvöld hérlendis færari en ella til að gæta hagsmuna Íslands hjá því stóra og volduga bandalagi. Ég vil taka undir tillögu hæstv. utanrrh. um þetta atriði.

Um öll meginsvið utanríkismála má hafa mörg orð, en mig langar, herra forseti, að einskorða mig í því sem á eftir fer við nokkur atriði sem snerta milliríkjaviðskipti og þátttöku Íslands í alþjóðlegu efnahagssamstarfi.

Hin alþjóðlega efnahagsframvinda skiptir okkur Íslendinga gífurlega miklu máli. Nægir að vitna til þeirra

atburða sem nú gerast með öðrum þjóðum á efnahagssviðinu og hafa bætt viðskiptakjör okkar og m.a. auðveldað gerð þeirra kjarasamninga sem urðu að veruleika síðla vetrar. Yfirsýn yfir þessi mál er því afar nauðsynleg og hlutverk þeirra stofnana, sem það verkefni hafa að fylgjast með málum þessum, mikilvægt.

Engum blöðum er um það að fletta að alþjóðlegt viðskiptafrelsi og fríverslun eru fáum þjóðum jafnmikilvæg og þeim sem eiga allt sitt undir því að geta selt afurðir sínar á erlendum mörkuðum og flutt inn ýmsar nauðsynjar í staðinn. Þannig er um okkur Íslendinga sem flytjum út um helming alls sem framleitt er í landinu. Það er því sérlega mikilvægt fyrir okkur að staðinn sé vörður um hið alþjóðlega viðskiptafrelsi sem þjóðir heims hafa með ærinni fyrirhöfn náð að þróa allvel á áratugunum frá síðari heimsstyrjöld. Hinu er ekki að leyna að þegar kreppir að í efnahagsmálum á viðskiptafrelsið jafnan nokkuð undir högg að sækja. Á því kunna að vera nokkrar skýringar meðal þjóða þar sem hagur af frjálsum alþjóðaviðskiptum er ekki jafnaugljós og hann er hér á landi. Það er hins vegar til marks um mikla skammsýni þegar hérlendis rísa upp menn sem telja það lausn á efnahagsvanda að koma á takmörkunum á innflutningi og öðrum viðskiptatálmunum, þvert á þá almennu hagsmuni þjóðarinnar að alþjóðleg viðskipti séu sem greiðust. Við getum ekki vænst þess, Íslendingar, að aðrar þjóðir greiði fyrir innflutningi frá okkur ef við setjum tálmanir á útflutning þeirra hingað til lands.

Um þessi mál er fjallað af þekkingu í skýrslu hæstv. utanrrh. og það er rétt að undirstrika að þessi afstaða er liður í stefnu Íslands á alþjóðaefnahagssviðinu. Við erum að sjálfsögðu og sem betur fer ekki ein um þessa stefnu. Undir hana taka t.d. velflest Vesturlönd í orði þótt stundum reynist erfitt að framfylgja henni á borði.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á sameiginlegri yfirlýsingu fjármálaráðherra Norðurlanda sem birt var í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í síðasta mánuði. Þar er lögð rík áhersla á viðskiptafrelsið og varað við verndarstefnu. Svo er raunar í öðrum yfirlýsingum sem Norðurlöndin hafa sameiginlega látið frá sér fara um þessi efni undanfarin ár. Þessi afstaða er hluti af utanríkisstefnu landanna. Hún er raunar skráð sem markmið í stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og er því hluti af því alþjóðlega efnahagskerfi sem þróast hefur frá stríðslokum þótt misvel hafi tekist að fylgja henni eftir.

Það er í þessu sambandi umhugsunarefni að fyrir þróunarlöndin er vafasamt að nokkuð sé jafnmikilvægt og óhindraður aðgangur fyrir afurðir þeirra að mörkuðum í hinum þróaðri ríkjum. Þeir sem mæla gegn viðskiptafrelsinu eru því einnig í raun að tala fyrir því að dregið verði úr möguleikum þróunarlandanna til að koma undir sig fótunum.

Rétt er að vekja athygli á því að frelsi í gjaldeyrismálum er nátengt viðskiptafrelsinu og að vissu leyti forsenda fyrir því að það fái notið sín. Hin afkáralega skömmtunarstefna Íslendinga í gjaldeyrismálum, sem lengi viðgekkst og enn eimir eftir af, var að sínu leyti skammsýn utanríkisstefna, að ekki sé talað um skatt vinstri stjórnarinnar 1978 á ferðamannagjaldeyri sem hefði getað kallað fram viðbrögð annarra ríkja.

Afstaðan til erlends fjármagns er einnig liður í utanríkisstefnu á efnahagssviðinu. Deilur hérlendis um það efni eru alkunnar en heyra vonandi brátt fortíðinni til því óhjákvæmilegt verður í framtíðinni að tryggja greiða fjármagnsstrauma til og frá landinu ef hér á að reka þjóðarbúskap sem er samkeppnisfær við önnur lönd um starfskjör atvinnuvega og lífskjör almennings.

Mér hefur alltaf þótt það merki um undarlegan tvískinnungshátt þegar menn hafa allt á hornum sér varðandi erlent fjárfestingarfé hér á landi en sjá á sama tíma ekkert athugavert við að taka stórfé að láni erlendis jafnvel til að greiða niður ýmsa innlenda vöru eða þjónustu. Þessa afstöðu hafa ýmsir vinstri menn haft hér á landi leynt og ljóst, meðvitað eða ómeðvitað.

En það er mikilvægt að líta ekki á þetta atriði einangrað og óháð öðrum þáttum í stefnu landsins gagnvart öðrum þjóðum heldur ber að skoða þessi mál í samhengi við hina almennu efnahags- og viðskiptastefnu út á við.

Herra forseti. Af máli mínu má ráða að ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum að skipa okkur á bekk með þeim þjóðum sem hafa markað frjálslyndasta stefnu í alþjóðlegum efnahags- og viðskiptamálum. Við eigum að greiða fyrir því að vörur, þjónusta, fjármagn og fólk eigi auðvelda leið yfir landamæri og hagkvæmni frjálsra utanríkisviðskipta og alþjóðlegrar verkaskiptingar fái notið sín til fulls. Við eigum þess vegna að vera talsmenn lækkandi samkeppnistolla á alþjóðavettvangi, jafnframt því sem við búum þannig um hnútana heima fyrir að okkar eigin atvinnuvegir séu betur í stakk búnir til að takast á við ný verkefni í heimi lækkandi aðflutningsgjalda og harðnandi samkeppni milli landa. Það er einmitt eitt af þeim stóru viðfangsefnum sem við blasa hér á innlendum vettvangi, að tryggja að svo verði og að atvinnuvegir okkar geti búið landsmönnum batnandi kjör. En þá verða menn að vera stórhuga og hafa kjark til að beina huganum í meira mæli að hinum stóra heimi og þeim tækifærum sem þar bíða. Ein meginforsenda þess að unnt sé að nýta slík tækifæri er að sú stefna sem mörkuð er í efnahags- og viðskiptamálum út á við sé frjálslynd og opni hagkerfið í báðar áttir. Annars er hætta á efnalegri stöðnun og andlegri forpokun og er hvort tveggja jafnslæmt.

Sú útrás, sem samtök atvinnulífsins hafa í samvinnu við stjórnvöld beitt sér fyrir á þessu sviði undanfarin ár, m.a. með undirbúningi að stofnun fyrirhugaðs útflutningsráðs, er gleðilegur vottur um það að menn eru tilbúnir til mikilla átaka á þessu sviði. Þessir aðilar gera sér líka grein fyrir því að þeir verða sjálfir að vera hreyfiafl þess átaks sem gera verður og stjórnvöld geta ekki verið þar í aðalhlutverki heldur aðeins veitt liðsinni og fyrirgreiðslu. Frumkvæðið verður að koma frá atvinnulífinu sjálfu.

Í þessu sambandi velta menn því mjög fyrir sér hvernig best skuli staðið að útflutningsátaki í hinum fjarlægari heimshlutum, t.d. í Austurlöndum fjær. Það er ljóst að á meginlandi Asíu, ekki síst í Kína, er að skapast gífurlega stór markaður fyrir ýmsar af framleiðsluvörum vestrænna þjóða. Í Kína er að verulegu leyti óplægður akur fyrir íslenska útflytjendur vöru en ekki síður seljendur ýmiss konar sérhæfðrar þjónustu. Að mínum dómi kæmi til greina að setja þar upp tímabundna viðskiptaskrifstofu á vegum utanrrn. og hins nýja útflutningsráðs, t.d. til fimm ára, sem ynni að markaðsöflun á þessum fjölmennasta markaði heims.

Við eigum að nota utanríkisþjónustu okkar þar sem þörfin fyrir starfsemi hennar er mest og ónýtt tækifæri flest. Meiri sveigjanleiki í þessu efni en verið hefur kann að vera nauðsynlegur.

Ég tel t.a.m. að samskipti okkar við hin Norðurlöndin séu orðin það náin og beint samband milli sambærilegra aðila, t.d. í stjórnsýslunni, það gott að óhætt sé að draga heldur úr hinum formlegu sendiráðasamskiptum við þessi lönd. Sambönd okkar við þessi ríki eru það vel þróuð að þau þarf ekki að rækta eftir hefðbundnum diplómatískum leiðum lengur með sama hætti og ýmis nýrri og viðkvæmari sambönd. Réttindi Norðurlandabúa í ríkjum hvers annars eru einnig orðin það mikil að erindrekstur beinn vegna vandamála einstaklinga er minni en áður var.

Öll vitum við sömuleiðis vel hversu náin samvinna er milli stjórnarráða, þjóðþinga og einstakra stjórnarstofnana allra þessara landa. Þar eru menn í reglubundnu sambandi og samstarfi jafnvel daglega ýmist beint eða fyrir atbeina skrifstofa á vegum Norðurlandaráðs án þess að sendiráð landanna komi þar nokkuð nærri. Þetta þekkja allir sem nálægt þessum málum hafa komið.

Við eigum að aðlaga utanríkisþjónustu okkar að þessum breytta veruleika og beina takmörkuðum kröftum hennar í meira mæli frá þessum ríkjum til fjarlægari landa þar sem þeir nýtast betur. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að mæla fyrir því að við drögum úr samskiptum okkar við frændþjóðir okkar, heldur þvert á móti að benda á hugmynd um að við lögum hin formlegu samskipti á sendiráðagrundvelli að breyttum tímum og minnkum umsvif sendiráðanna í þessum löndum eftir því sem fært þykir til þess að geta beint kröftunum annað.

Tímabundin starfsemi á vegum utanríkisráðuneytisins á stöðum eins og Kanada, Kína eða Japan er að mínum dómi líkleg til að skila góðum árangri og á þessum stöðum mundi hún njóta góðs af því starfi sem þegar hefur verið unnið á vegum ráðuneytisins. Ég er sannfærður um að hið ágæta starfslið utanríkisráðuneytisins mundi ekki vera síður fært um eða fúst til að leysa af hendi ný verkefni á slíkum stöðum í samvinnu við fulltrúa útflutningsaðila en sinna hefðbundnari verkefnum í sendiráðum okkar hér í næsta nágrenni.

En eldri viðskiptasambönd okkar mega að sjálfsögðu ekki gleymast. Þau verður stöðugt að rækta og efla. Ég vil fagna fram kominni þáltill. þar sem lagt er til að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og galla þess að gera sérstakan fríverslunarsamning við Bandaríkin. Alkunna er að þar í landi er okkar mikilvægasti útflutningsmarkaður. Bandaríkin munu á undanförnum misserum hafa gert fríverslunarsamninga við Kanada og Ísrael og ég tel eðlilegt að kannað verði hvort slíkur samningur, ef til boða stæði, gæti þjónað okkar hagsmunum. Virk utanríkisstefna felst m.a. í því að hafa vakandi auga á tækifærum á borð við þetta sem vera kunna á boðstólum.

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi að ég teldi skýrslu utanrrh. í ár óvenju vel úr garði gerða. Ég hef í minni ræðu einkum vikið að málum er snerta þá kafla skýrslunnar er fjalla um alþjóðleg efnahagsmál og viðskipti. Mér finnst það raunar ánægjuefni að meira rúmi er varið til þessara mála í skýrslum utanríkisráðherra nú síðustu ár en áður var. Það er á sinn hátt vísbending um það að þungamiðja umræðna um íslensk utanríkismál er að færast frá deilum um öryggis- og varnarmál yfir í annað og er það vel.

Viðfangsefnin blasa við hvert sem litið er á viðskipta- og efnahagssviði utanríkismálanna. Skýrsla utanrrh. ber með sér að ætlunin er að taka til hendi á því sviði utanríkismála. Því hljóta allir framsýnir menn að fagna. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil um leið og ég vísa til skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismálin í heild og afstöðu ríkisstjórnar til síðustu atburða ræða nokkuð um Alþjóðavinnumálastofnunina í Genf.

Þann 19. október s.l. voru liðin 40 ár síðan umsókn Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni í Genf var tekin til afgreiðslu og samþykkt. Mér þykir því rétt að nota þessi tímamót til að rifja upp eitt og annað um Alþjóðavinnumálastofnunina og minna á það merka starf sem hún hefur unnið frá því að hún varð til.

Rétt hefur þótt að gera nokkrar breytingar á því formi sem fram til þessa hefur verið viðhaft við skýrslugjöf til Alþingis um alþjóðavinnumálaþingin og færa það nær því sem gert er ráð fyrir í stofnskrá stofnunarinnar. Í 19. grein hennar er kveðið á um skyldur aðildarríkja til að leggja þær samþykktir, sem alþjóðavinnumálaþingin hafa gert, fyrir þann handhafa opinbers valds sem mál ber undir þannig að hægt sé að setja lög henni til framkvæmdar eða hægt sé að gera aðrar ráðstafanir til að stuðla að framkvæmd samþykktarinnar. Þessari skyldu hefur verið fullnægt af Íslands hálfu með því að skýrslum um alþjóðavinnumálaþingin hefur verið dreift til þm. Ég er þeirrar skoðunar að réttara sé að Alþingi sé gerð formlega grein fyrir vinnumálaþingunum og að skýrslum um þau sé dreift sem þingskjölum til þm. og legg til að það verði gert framvegis. Þessi háttur er hafður á í þeim löndum sem við Íslendingar erum skyldastir stjórnskipulega og menningarlega.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns eru liðin 40 ár síðan umsókn Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni var samþykkt. Aðdragandinn að aðild var samþykkt þáltill. 15. okt. 1943 þar sem ríkisstjórninni var falið að athuga um þátttöku í stofnuninni. Ári síðar, 7. desember 1944, ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að sækja fyrir Íslands hönd um upptöku í Alþjóðavinnumálastofnunina. Á 27. þingi hennar, sem haldið var í París 1945, var tillagan tekin til afgreiðslu og samþykkt einróma. Það gerðist 19. október.

Þótt 40 ár séu liðin frá því að umsókn Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni var samþykkt er stofnunin mun eldri. Þau ákvæði sem lágu til grundvallar stofnun hennar er að finna í friðarsamningum sem ganga undir heitinu Versalasáttmálinn en hann var undirritaður 28. júní 1918.

Í XIII. kafla Versalasáttmálans eru ákvæði um það að komið skuli á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og aðeins verði sigruð með sameiginlegu átaki allra þjóða. Sérstaklega er tekið fram að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna sjálfra vegna þess að vísirinn að árekstrum sem einatt leiða til styrjalda þjóða á milli felist í því

félagslega ranglæti sem milljónir manna eigi við að búa í hinum ýmsu löndum.

Í síðari greinum XIII. kafla sáttmálans er nánar kveðið á um stofnun þessara alþjóðasamtaka og meginlínur lagðar fyrir starfsemi hinnar nýju stofnunar. Hún sá dagsins ljós árið 1919 eins og áður segir og hlaut nafnið Alþjóðavinnumálastofnunin. ILO, eins og hún er skammstöfuð í ræðu og riti, er þannig eitt af mörgum afkvæmum fyrri heimsstyrjaldarinnar og er nú svo komið að hún er eina stofnun Þjóðabandalagsins sem enn er á lífi. Árið 1946 fékk hún ný og mikilvæg viðfangsefni þegar hún tengdist Sameinuðu þjóðunum og varð ein af sérstofnunum þeirra.

Stofnþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var háð í Washington í Bandaríkjunum vorið 1919 og þar var fyrsta stofnskráin samþykkt 11. apríl. Öll ríki sem stóðu að stofnun Þjóðabandalagsins voru sjálfkjörnir aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni þegar hún var stofnsett og hvert það ríki sem gekk í Þjóðabandalagið varð um leið aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Flest munu aðildarríki ILO hafa orðið 55 fyrir síðari heimsstyrjöldina en þau eru nú 141.

Á þeim rúmlega 65 árum sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur starfað hefur óneitanlega töluvert miðað í áttina að þeim fjölmörgu umbótamálum sem nefnd eru í þeim inngangi, sérstaklega í okkar heimshluta, en samt sem áður er rétt að vekja athygli á tvennu:

Í fyrsta lagi hafa Íslendingar enn ekki séð ástæðu til að staðfesta nema 14 af þeim 161 alþjóðasáttmála sem alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Í annan stað skulum við ekki gleyma að í öðrum heimshlutum býr fólk við það erfið kjör að þau eru eins langt og hugsast getur frá því sem við þekkjum. Alþjóðavinnumálastofnunin og ekki síst þær þjóðir innan vébanda hennar sem byggja okkar heimshluta eiga enn fyrir höndum mikið verk óunnið við að liðsinna þessu fólki á þann hátt sem það sjálft kýs.

Herra forseti. Ég hef hér að framan gert í örstuttu máli nokkra grein fyrir aðdragandanum að stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þeim háleitu markmiðum sem hún vinnur að. Einnig hef ég drepið á forsögu aðildar Íslands að stofnuninni. Á yfirstandandi Alþingi hefur verið dreift til hv. þm. skýrslum um þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1983 á þskj. 473, 1984 á þskj. 418 og árið 1985 á þskj. 628.

Síðast liðin ár hefur verið unnið að ýmsum breytingum á starfsháttum í félmrn. og það hefur einnig átt sinn þátt í að útgáfa þeirra skýrslna, sem hér eru lagðar fram, hefur dregist. Ég vænti þess að nú sé það mál komið í þann farveg að hægt verði í framtíðinni að gefa Alþingi skýrslu um alþjóðavinnumálaþingin innan hóflegs tíma frá þingslitum. Í því felst að stefnt verður að því að láta hana koma fram um svipað leyti og Alþingi fjallar almennt um samskipti Íslands við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

Ég mun vegna takmarkaðs ræðutíma einungis víkja að nokkrum atriðum í þskj. 628 en það hefur að geyma skýrslu um alþjóðavinnumálaþingið 1985.

71. alþjóðavinnumálaþingið var haldið í júnímánuði á síðasta ári. Þingið afgreiddi samþykktir og tillögur um hagskýrslugerð um atvinnumál og um heilsugæslu á vinnustöðum. Einnig var tekið stórt skref í þá átt að leiða til lykta 25 ára gamalt deilumál varðandi skipulagsmál ILO.

Á þinginu náðist samkomulag um að afnema annars vegar fastasæti tíu aðildarríkja heimsins í stjórnarnefndinni og hins vegar þann mun sem er á aðal- og varamönnum í nefndinni.

Ítarleg grein er gerð fyrir fyrirhuguðum breytingum á skipulagi ILO í skýrslunni en áætlað er að tillögur um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði á dagskrá vinnumálaþingsins nú í sumar.

Í skýrslunni um 71. alþjóðavinnumálaþingið er að finna samþykkt og tillögu um hagskýrslugerð um atvinnumál sem þingið afgreiddi. Hér er um að ræða endurskoðun á samþykkt nr. 63 frá árinu 1938 um hagskýrslur um laun og vinnutíma. Þess má geta að samþykktin frá 1938 þótti ekki lengur vera í takt við tímann og því nauðsynlegt að gera nýja samþykkt. Á þann hátt verði stuðlað að því að tölfræðilegar upplýsingar um málefni vinnumarkaðarins frá þeim aðildarríkjum ILO sem staðfesta hana verði sambærilegri og betri grundvöllur fyrir áætlanagerð á þessu sviði.

Alþjóðavinnumálaþingið 1985 afgreiddi einnig samþykkt og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum. Samþykktin gerir ráð fyrir samstarfi atvinnurekenda og launafólks um fyrirbyggjandi heilsugæslu innan fyrirtækja og bætt vinnuumhverfi. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt nokkrar samþykktir sem snerta öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Ég mun á næstunni beita mér fyrir athugun á því hvaða samþykktir sé rétt að Ísland staðfesti á þessu sviði.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni gert nokkra grein fyrir aðdraganda stofnunar Vinnumálastofnunarinnar og aðild Íslands að henni. Vegna takmarkaðs ræðutíma hefur mér einungis gefist tækifæri til að geta um helstu atriðin sem koma fram í skýrslu um 71. alþjóðavinnumálaþingið þótt einnig hafi verið dreift til þm. skýrslum um vinnumálaþingin 1983 og 1984.

Ég vil að lokum taka fram að þótt Ísland sé smáríki í samanburði við önnur ríki heimsins vegur atkvæði okkar á fundum alþjóðasamtaka, eins og t.d. Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, jafnþungt og annarra ríkja. Slíkum rétti til áhrifa fylgja jafnframt skyldur sem við verðum að uppfylla eins og fjárráð og mannafli leyfa. Við Íslendingar verðum að hafa smæð okkar í huga þegar um stórar alþjóðastofnanir er að ræða en við megum ekki láta hugfallast og vera óvirkir áhorfendur.

Við höfum á mörgum sviðum náð lengra en milljónaþjóðirnar, t.d. á sviði félags- og menntamála. Á þeim sviðum geta margar þeirra lært ýmislegt af okkur. Á hinn bóginn getum við lært ýmislegt af þeim á öðrum sviðum, e.t.v. sömu sviðum. Eitt af hlutverkum alþjóðastofnana er einmitt upplýsingamiðlun af þessu tagi á milli ríkja heimsins. Á þann hátt er stuðlað að framþróun og velmegun allra íbúa jarðarinnar og eins og segir í inngangi stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar: Bætt úr því félagslega ranglæti sem milljónir eiga við að búa í ýmsum löndum og er vísirinn að árekstrum sem einatt leiða til styrjalda þjóða í milli.

Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. gerði í ræðu sinni fyrr í kvöld fyrirspurnir sem ætlast var til að ég gæfi nokkur svör við. Hún spurðist fyrir um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Það sem hún spyr um er fyrst og fremst hvort félmrh. hafi látið fara fram

athugun á samþykktinni með það fyrir augum að samþykktin verði staðfest af Íslands hálfu. Svarið er já. Sú athugun hefur farið fram. Um þetta mál hefur verið ágreiningur milli aðila vinnumarkaðarins hér á landi þar sem aðstaða á þeim tíma sem fyrst og fremst var rætt um þessa samþykkt var mjög erfið að mörgu leyti. Þessi aðstaða hefur breyst til batnaðar með nýjum kjarasamningum sem hafa tekið meira mið af þessu ákvæði samþykktarinnar. Svar mitt er það að þetta mál er nú til umfjöllunar í nefnd á vegum félmrn. sem fjallar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í þessari nefnd eiga sæti aðilar vinnumarkaðarins. Á það hefur verið lögð áhersla að gera vandaða úttekt á þessu máli. Það er ljóst að hér má ekki flasa um of því að málið er vandasamt en allar líkur eru til að hægt verði að koma með þau rök frá þessari nefnd á þessu ári að hægt verði *á grundvelli þeirra að taka ákvörðun um það hvort* Ísland staðfestir þessa samþykkt eður ei.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tefja umræður hér. Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi að ég tek undir það sem kemur fram í hinni vönduðu skýrslu hæstv. utanrrh. Auðvitað erum við allir hv. þm. og væntanlega þjóðin öll sammála um að full ástæða er til þess að líta alvarlegum augum þá atburði sem nú eru að gerast og reyna að sameina kraftana til þess að draga úr og koma í veg fyrir þær hörmungar sem sú hryðjuverkastarfsemi leiðir af sér sem gengur yfir heiminn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er orðið nokkuð langt liðið á þessa umræðu og tveir þm. Alþb., hv. 5. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Norðurl. e., hafa þegar gert grein fyrir okkar sjónarmiðum varðandi þá skýrslu sem er til umræðu, svo og árás Bandaríkjamanna á Líbýu, en öll þessi umræða hefur mjög verið í merki þeirra atburða. Ég ætla þess vegna ekki að bæta þar við mjög mörgum orðum og hafði einkum hugsað mér að dveljast við tvö atriði, þ.e. í fyrsta lagi spurninguna um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og í annan stað framkvæmdir í bandarísku herstöðinni á Íslandi og hvernig þær hafa þróast á undanförnum árum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi þau mál nokkuð en í skýrslunni koma fram upplýsingar um þann kostnað sem til er stofnað í herstöðinni í Keflavík. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson var svo smekklegur fyrr í dag að taka upp gamla tuggu frá hæstv. fyrrv. utanrrh., Geir Hallgrímssyni, um það að framkvæmdir hér á landi í herstöðinni væru í rauninni svipaðar og verið hefðu og að þær hefðu náð ákveðnu hámarki í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að svara þessum áróðurslummum nokkrum orðum og að það verði kannske best gert með því að vitna í skýrslu hæstv. utanrrh. á bls. 46 þar sem tekin eru af öll tvímæli í þessu efni. Þar kemur það fram að á þessu ári er gert ráð fyrir að framkvæma verk á vegum Íslenskra aðalverktaka fyrir 57 millj. dollara og á vegum Keflavíkurverktaka upp á 9 millj. dollara, eða samtals 66 millj. dollara. Hér er um að ræða upphæð sem er í kringum 2,5 milljarðar ísl. kr., upphæð sem er meira en tvisvar sinnum hærri en var að jafnaði á árunum næst þar á undan. Það er því alveg ljóst að í tíð núv. ríkisstj. er um að ræða margföldun á framlögum til framkvæmda í herstöðinni. Hermangið margfaldast frá því sem verið hefur á sama tíma og framkvæmdir á vegum landsmanna sjálfra í félagslegum verkefnum af margvíslegum toga eru skornar niður með býsna harkalegum hætti.

Ég held að það sé gott að hæstv. núv. utanrrh. skuli hafa stigið sín fyrstu skref með því að taka aftur áróðursfullyrðingar forvera síns í þessu efni með þeim skriflega hætti sem gert er á bls. 46 í skýrslu utanrrh.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson nefndi þetta atriði í sinni ræðu í dag. Ég hefði ekki farið að vekja sérstaka athygli á þessu nema vegna þess að hann sá ástæðu til þess að leggja lykkju á leið sína til að núa Alþb. því um nasir að í þeirri tíð sem Alþb. var aðili að ríkisstjórn hafi verið um sérstaka aukningu framkvæmda á vellinum að ræða. Það varð veruleg aukning framkvæmda á vellinum á árinu 1983 en ákvörðun um þær framkvæmdir var m.a. tekin eftir kosningarnar 1983 þegar þáv. ríkisstj. hafði sagt af sér en væntanlega þá í trausti þess að þáv. hæstv. utanrrh. hefði stuðning hernámsflokkanna, sem svo voru kallaðir hér áður og mega gjarnan heita það enn, á Alþingi við hugmyndir sínar og áætlanir. Þetta vildi ég nefna, herra forseti, til þess að leiðrétta fullyrðingar sem uppi hafa verið í þessu efni.

Þá vil ég leyfa mér þessu næst að taka til meðferðar hugmyndina um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum en það mál er einnig rætt lauslega í skýrslu utanrrh. á bls. 12 og 13. Þar er farið um þessa hugmynd orðum með svipuðum hætti og utanrrn. telur að þóknanlegt sé í Bandaríkjunum. Ekki er gerð nein tilraun til að leggja neitt sjálfstætt mat á hlutina af hálfu íslenska utanrrn. frekar en fyrri daginn, það er ekkert nýtt. Það hefur ekki komið til með þeim embættismönnum sem þar eru nú eða þeim ráðherra sem þar situr nú. Þannig hefur það lengi verið. Ég komst reyndar einu sinni svo að orði um hæstv. fyrrv. utanrrh., Geir Hallgrímsson, að hann væri kaþólskari en páfinn, Bandaríkjamegin við Reagan, og ég held ég leyfi mér að hafa svipuð ummæli um utanrrn. í dag.

Ég tel að margt af því sem kom fram í ræðu hv. 9. landsk. þm. í kvöld um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum hafi verið athyglisvert þar sem hann gerði grein fyrir umræðum um þau mál í nefnd sem við áttum báðir sæti í til að undirbúa ráðstefnu þingmanna á Norðurlöndum s.l. haust. Það var hins vegar mjög sláandi í hans ræðu að hann gerði allt sem hann gat til þess að finna veikleika á þessum hugmyndum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, finna þeim eitthvað til foráttu, benda á vandamálin. Hann dró ekki fram hina hliðina á málinu sem er það jákvæða framlag sem yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum gæti verið til umræðunnar í heiminum um þessar mundir og þróunar afvopnunarmála.

Ég held að við verðum að gera okkur ljóst að það er úrslitaatriði að Íslendingar taki þátt í öllum umræðum um hugmyndir um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum þegar frá upphafi og að við verðum aldrei viðskila í þeirri umræðu við hin Norðurlöndin. Með því að Íslendingar yrðu viðskila við hin Norðurlöndin *í þeim efnum væri verið* að skapa hættu á klofningi milli Íslands og annarra Norðurlanda, skapa hættu á auknum þrýstingi á Ísland að taka við kjarnorkuvopnum í framtíðinni. Hvað sem öllu öðru líður og hvað sem talsmenn Sjálfstæðisflokksins, ríkisstjórnarinnar og Alþýðuflokksins segja um þessi mál viðurkenna þeir þó allir að Íslendingar eigi að vera með í þessari umræðu. Þeir eiga að fylgjast með henni skref af

skrefi.

Mér fannst það mjög athyglisvert á þingmannaráðstefnu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum í haust að einmitt talsmenn Sjálfstfl., bæði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Ólafur G. Einarsson, lögðu á þetta sérstaka áherslu, að þarna mætti Ísland ekki verða viðskila, við yrðum að reyna að verða samferða hinum Norðurlöndunum svo sem frekast er unnt.

Ég hef engan íslenskan stjórnmálamann heyrt hafna þessu. Ég heyrði að vísu ræðu hv. 5. þm. Reykv. Jóns Baldvins Hannibalssonar á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn í haust. Hún er ein af þessum ræðum sem maður stundum heyrir og eru vondar og maður hefði helst viljað að hefðu aldrei verið haldnar og er í raun og veru tilbúinn til að gleyma henni. En það örlar þó á því að maður minnist þess hvernig þm. setti málin upp og ég hygg að enginn þm. á þeirri ráðstefnu fyrir utan talsmenn Glistrup-flokksins í Danmörku hafi komist jafnlangt í að níða niður hugmyndina um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Hins vegar veit ég það að Alþfl. hér á Íslandi hefur tekið þátt í umræðum um þessi mál með öðrum sósíaldemókrataflokkum á Norðurlöndum og ég er sannfærður um að innan Alþfl. eru margir sem telja að hér sé um að ræða brýnt pólitískt verkefni.

Menn segja: Málið er flókið. Hvernig á að afmarka landsvæðið? Hvað með höfin? Hér er um að ræða siglingaleiðir stórveldanna. Allt eru þetta réttmætar og eðlilegar spurningar. En við skulum ganga út frá því í fyrsta lagi sem við vitum, eða hvað? Við höfum ekki kjarnorkuvopn á Norðurlöndum skv. yfirlýsingum sem gefnar hafa verið. Í öðru lagi, við viljum ekki hafa kjarnorkuvopn á Norðurlöndum. Í þriðja lagi, við viljum ekki taka við kjarnorkuvopnum á Norðurlöndum. Við getum gengið þannig út frá mikilvægum grundvallaratriðum í þessum efnum.

Þess vegna er það skynsamlegt, sem formaður sósíaldemókrataflokksins í Danmörku hefur lagt til, að sett verði á laggirnar 25 manna þingmannanefnd frá öllum Norðurlöndunum sem fari yfir þessi mál, setji fram hugmyndir um útfærslu kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum í eins konar samningsuppkasti sem síðan gengi til umræðna, skoðanaskipta og athugasemda á þjóðþingum Norðurlandanna meðal norrænu þjóðanna. Þannig færu menn yfir málin lið fyrir lið. Þegar slíkur samningstexti væri tilbúinn mætti hugsa sér að þessar fimm þjóðir, sem eru þekktar á alþjóðlegum vettvangi að samstöðu og mörgu skynsamlegu í málatilbúnaði, leggi þetta samningsuppkast fram og segi: Hér erum við. Við viljum hafa þetta svona. Komið þið nú. Standið að þessu með okkur.

Þessi uppsetning í „einhliða“ og „ekki einhliða“, sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni hér fyrr í kvöld, er ekki rétt uppsetning. Þegar við erum að ræða um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum skoðum við það auðvitað í stóru, almennu, alþjóðlegu samhengi. Annað kemur ekki til greina.

En hugsum við um það eitt augnablik hvaða áhrif það gæti haft ef Norðurlöndin öll hefðu sagt þetta: Við viljum ekki hafa kjarnorkuvopn og munum ekki taka við þeim. Á sama tíma og fyrir liggur að það hafa verið gefnar yfirlýsingar um kjarnorkuvopnalaus svæði í Mið-Ameríku, Suður-Ameríku, Kyrrahafi og Suðurskauti og það er verið að ræða um þessi mál annars staðar. Ímyndum okkur að slík svæði séu orðin til, þrjú eða fjögur, og fulltrúar þeirra gangi fyrir stórveldin og segi: Hér erum við. Við höfum ákveðið að við viljum hafa þessa hluti svona. Við erum nýtt afl í alþjóðastjórnmálum. Þið eigið ekki ein að ráða öllum hlutum og sitja yfir hvers manns hlut í þessum heimi.

Það er þessi nýja hugsun í alþjóðastjórnmálum sem hörðustu talsmenn NATO-flokkanna á Íslandi hafa ekki fengist til að glíma við. Mér finnst það miður. En þó, umræðan hefur verið í gangi að undanförnu með þátttöku m.a. þm. úr öllum íslenskum stjórnmálaflokkum. Þeirri umræðu verður haldið áfram og ég held að við séum þarna að þróa kost í utanríkis- og öryggismálum sem við getum sameinað fleiri um en unnt hefur verið til þessa í utanríkis- og öryggismálum Íslendinga.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, hversu sannfærðir sem menn eru um ágæti Atlantshafsbandalagsins og alls sem því fylgir, að það hefur verið bullandi ágreiningur um aðildina að NATO og herstöðina og útfærslu utanríkisstefnunnar hér allan tímann frá árinu 1946. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að sameinast um kost í utanríkismálum sem nær til fleiri og stærri hluta þjóðarinnar, miklu stærri en okkur hefur áður tekist.

Samþykktin, sem var gerð á Alþingi Íslendinga s.l. vor, var skref í rétta átt. Ég tel að hér sé um að ræða þýðingarmikið og alvarlegt mál og þess vegna megi menn ekki yppta öxlum yfir þessu og líta á þessar hugmyndir um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum fyrst og fremst sem niðurstöðu af tilfinningum vegna þess að við höfum óbeit á þeim hryllilegu vopnum sem hér er um að ræða.

Ég tel, eins og ég sagði áðan, herra forseti, að bréf Ankers Jörgensens, sem hefur borist hæstv. forseta Alþingis, þar sem óskað er eftir aðild þingflokka að þessari 25 manna norrænu nefnd, sé merkilegur atburður. Það er reyndar í rökréttu framhaldi af ráðstefnunni í Kaupmannahöfn. Spurningin er hér um það: Viljum við að Norðurlöndin hafi frumkvæði burtséð frá öllum orðhengilshætti, eins og einhver maður orðaði það hér í dag?

Í umræðum um utanríkismál og í skýrslu utanrrh. stendur aðaláherslumálið í utanríkisstefnu okkar — það stendur líka í stjórnarsáttmálanum, það er fölgræn bók sem var gefin út vorið 1983 og heitir „Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar“ og flestir eru búnir að gleyma — **(Gripið fram í:** Sumir muna þó eftir henni.) Já, ég man eitt og annað úr henni. Í þeirri bók stendur að leggja eigi sérstaka áherslu á norrænt samstarf, það er númer eitt í utanríkismálum. En síðan segir hér í skýrslu utanrrh. að það megi alls ekki tala um þessa hugmynd um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum nema innan Atlantshafsbandalagsins.

Ég tel að þetta sé algjörlega fráleit uppsetning, eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir reyndar benti á hér í dag. Auðvitað eigum við að nálgast þessi mál út frá norrænum hagsmunum, þátttöku í norrænu samstarfi. Reynslan er sú að þar sem menn hafa gengið heils hugar til norræns samstarfs hefur það skilað árangri. Það sýna dæmin í félags- og menningarmálum og á fleiri sviðum.

Ég tók eftir því að hv. þm. Kjartan Jóhannsson talaði um að við Alþýðubandalagsmenn ættum að fyrirverða okkur fyrir okkar stefnu í utanríkismálum og var þar að vitna til spurningarinnar um aðild að Atlantshafsbanda-

laginu. Við Alþýðubandalagsmenn höfum rætt um þau mál opnum huga, skoðum þau mál eins og önnur á hverri stundu og teljum það eðlileg vinnubrögð.

Hins vegar er það fróðlegt að horfa á okkar afstöðu í þessum efnum einmitt í dag. Er Ísland í dag betur komið sem aðili að Atlantshafsbandalaginu og þar með hluti af átökunum sem eiga sér stað um Líbýu vegna þess að í varnarsamningnum er kveðið á um það að árás á eitt ríki sé árás á þau öll? Lítur hæstv. utanrrh. svo á að Ísland sé nú á þessari stundu í stríði við ríkið Líbýu? Hefur Ísland í rauninni þegar skuldbundið sig með alþjóðlegum samningum til að vera í stríði við ríkið Líbýu og þar með standa við hliðina á Ameríkananum gjörsamlega í þessari deilu þrátt fyrir harmskvaðningu og ályktun ríkisstjórnarinnar í dag?

Það er óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. gefi hér skýrar yfirlýsingar í þessu efni vegna þess að hér er um að ræða einstæðan viðburð á undanförnum árum og ég geri ekki ráð fyrir því að utanrrn. eða ríkisstj. hafi fabrikkerað einhver svör við spurningum af þessu tagi. En spurningin er gild. Veruleiki dagsins í dag kallar á svar við þessari spurningu og það verður að gera þá kröfu til utanrrh. að hann með afdráttarlausum hætti skýri sína afstöðu í þessu efni.

Ég vil einnig spyrja hæstv. utanrrh.: Ætlar hann að beita sér fyrir því innan Atlantshafsbandalagsins að árásinni verði mótmælt? Ætlar hann að beita sér fyrir því að Atlantshafsbandalagið mótmæli þessari árás? Ég hef tekið eftir því að einstaka ráðamenn í Vestur-Evrópu hafa lýst því yfir að þessi árás sé ekki á vegum Atlantshafsbandalagsins. En ég spyr: Ætla þessir menn að fylgja þessum yfirlýsingum eftir með því að Atlantshafsbandalagið vísi þessari árás algjörlega frá sér og segi: Þetta er ameríska málefni, þetta er ekki málefni Atlantshafsbandalagsins? Eða ætla menn að sitja og þrymja og þegja undir þessum ósköpum sem eru að ganga yfir? Eða ætla menn að muna hvaða örlög eru hér í húfi fyrir þjóðir heimsins? Ætla menn að muna eftir þeim skyldum sem við höfum bæði við okkur sjálf og okkar þjóð og nágrannaþjóðir okkar? Þessum spurningum, sem ég hef hér borið fram, verður að svara. Utanrrh. verður að gera grein fyrir sinni afstöðu og við að halda áfram umræðum hér í nótt um þetta mál ef þörf krefur.

En ætli að það hafi verið skynsamlegt af hv. 3. þm. Reykn. einmitt í dag að spyrja okkur að því hvort við vildum fyrirverða okkur fyrir stefnu okkar gagnvart Atlantshafsbandalaginu? Ég hygg að aðrir þurfi í dag að gera hreint fyrir sínum dyrum gagnvart Atlantshafsbandalaginu og láta það koma skýrt fram hvernig þeir vilja taka þar á málum. Hvað segir Alþfl. um þessi mál? (**JBH:** Þeir eru að því vinstri sósíalistar í Danmörku og SF.) Hvað segir Alþfl. um þessi mál varðandi NATO og stöðu þess gagnvart árásinni á Líbýu, af því að hv. 5. landsk. þm. er næsti ræðumaður á eftir mér?

Í árásinni á Líbýu kemur heimsvaldastefnan fram kviknakin, alþjóðalögreglan sem ætlar að hafa vit fyrir okkur öllum hinum hvar sem er í heiminum, hann sjálfur, Ronald Reagan, sem vakti þjóðir þessa heimshluta í morgun með því að ljúga því að þeim, með leyfi forseta, að það hefðu verið gerðar árásir á búðir hryðjuverkamanna einvörðungu og sú árás hefði tekist. En í sama fréttatíma birti sjónvarpið frétt um það í myndum hvaða hryðjuverkamenn það voru sem hann var að tala um, forseti Bandaríkjanna, fólkið inni á spítölunum í Trípólí.

Það er rétt sem hv. þm. Páll Pétursson sagði, hér var um að ræða fólskulega árás og slíkum mönnum er ekki treystandi fyrir örlögum heimsins. Það er eðlilegt að hæstv. forsrh. landsins komi í hug og að hann nefni hér úr þessum ræðustól orðið „brjálæði“ þegar slíkir atburðir gerast.

Úr því að ég nefndi hæstv. forsrh. má ég til með að víkja að einu atriði í hans ræðu, einkar „framsóknarlegu“ atriði. Það atriði var um að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði í raun og veru ekkert talað um hryðjuverkastarfsemi í sinni ræðu. Með því var verið að gefa í skyn að þó að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gagnrýndi árásina á Líbýu væri hann ekki að fara mörgum orðum um hryðjuverkastarfsemi. Þetta var þessi „millilínapólitík“ sem Framsfl. stundum rekur. Hann er sennilega farinn, hæstv. forsrh., sem á þarna stól enn þá.

Ég vil í allri vinsemd minna á mjög hörð og eindregin ummæli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar varðandi hryðjuverkastarfsemi. Hann sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Það eru óhæfuverk sem þjóðir heims verða að bindast samtökum um að snúast gegn með öllum ráðum.“ Í ræðu sinni gagnrýndi hann auðvitað hryðjuverk mjög harðlega. Hverjum dettur það í hug að einhver á Alþingi Íslendinga geri annað en að gagnrýna hryðjuverk mjög harðlega?

Ég vil spyrja eins og hv. 5. þm. Reykv.: Hvernig ætlar ríkisstj. að fylgja eftir ályktun sinni varðandi hryðjuverkastarfsemina? Hér segir: „Hvetur ríkisstj. þjóðir heims til samræmdra aðgerða gegn hryðjuverkum með nýju átaki.“ Ætlar ríkisstj. að láta sitja við orðin tóm eða ætlar hún að flytja tillögu á alþjóðavettvangi um átak í þessu efni?

Ég er sannfærður um að hér á Alþingi Íslendinga er ekki bara meiri hluti heldur samhljóða stuðningur við slíkt átak. Það er þess vegna óþarfi og það er ómerkilegt af sjálfum forsrh. landsins að vera með dylgjur um annað í umræðum um utanríkismál. En eins og ég sagði áðan, herra forseti, þetta var einkar „framsóknarleg“ athugasemd og ég er satt að segja farinn að þekkja þær býsna vel.

Ég ætlaði, herra forseti, að drepa hér á fleiri atriði en sumt af því hefur þegar komið glöggt fram í ræðum félaga minna hér fyrr í dag. Ég fer því ekki að tefja tímann með löngum ræðuhöldum úr þessu. Ég hef borið fram nokkrar spurningar til hæstv. utanrrh. og vænti þess að hann svari þeim og síðan eigum við hér góðar og gagnlegar umræður. Nóg er nóttin til að fara yfir þessi mál.

Það er aðeins eitt atriði varðandi fréttatilkynningu ríkisstj. sem ég ætla að rifja upp að lokum. Það er í sambandi við 2. málslið fyrri málsgr. þeirrar ályktunar. Þar segir, með leyfi forseta: „Um leið fordæmir ríkisstjórnin þráláta hryðjuverkastarfsemi, m.a. með stuðningi Líbýustjórnar, sem leitt hefur til þessarar árásar.“

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi hér fyrr í kvöld þetta sérstaka atriði. Ég vil ítreka spurningu hans til hæstv. utanrrh. um það hvort þessi setning þýði að ríkisstj. telji hryðjuverkastarfsemina og árásina á Líbýu vera í eðlilegu og rökréttu samhengi.

Ég vil þá spyrja hæstv. utanrrh.: Hvað þá með aðrar ríkisstjórnir sem sannanlega eru að veita hryðjuverka-

starfsemi stuðning? Er meiningin að bombardera fleiri borgir? Er meiningin að halda áfram á þessari braut? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. utanrrh. svari þessari spurningu sem hér var borin fram fyrr í kvöld.

Svo að allra síðustu þetta: Ég sé í skýrslunni mér til ánægju að skipuð hefur verið nefnd til að taka á skipulagsmálum á vallarsvæðinu. Það er ekki seinna vænna. Það er ánægjulegt að utanrrn. skuli treysta sér til að fara í nefnd um skipulagsmál á svokölluðum varnarsvæðum því að sú var tíðin hér áður að utanrrn. vildi ekki fara í svoleiðis nefndir. Þegar félmrn. gerði tilraun til að skipa slíka nefnd á árinu 1982–83 vildi utanrrn. ekki fara í svoleiðis nefnd. En nú er komin svoleiðis nefnd. Batnandi manni er best að lifa. Ég tel að það sé út af fyrir sig gott að menn séu farnir að skoða þessi mál því að þau eru öll í graut, þessi vitleysa.

En nú er búið að stefna utanrrh. vegna þess að Miðneshreppur telur að það eigi að greiða gatnagerðargjöld, ef ég man rétt, eða önnur opinber gjöld af flugstöðinni þar sem að hún sé ekki á svonefndum varnarsvæðum. Miðneshreppur vill draga utanrrh. fyrir dóm í þessu máli. Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh.:

1. Er flugstöðin á varnarsvæði?

2. Hvenær varð það svæði að varnarsvæði? Hvar er sú yfirlýsing í Stjórnartíðindum að þetta svæði sé varnarsvæði?

3. Er Helguvíkurhöfnin varnarsvæði? Hvenær varð það svæði varnarsvæði? Er ætlunin að Helguvíkurhöfnin verði undir íslenskum hafnalögum eins og hæstv. núv. forsrh. lýsti yfir fyrir fáeinum árum? Eða er meiningin að lýsa Helguvíkurhöfnina varnarsvæði þegar hún verður fullbúin og framkvæmd?

Æskilegt væri að fá um þetta upplýsingar og eins hvernig hæstv. utanrrh. hyggst bregðast við þeim kröfum sem honum hafa birst frá Miðneshreppi um greiðslu almennra gjalda af flugstöðinni í Keflavík.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég held að ástæða sé til nú þegar þessi umræða um skýrslu utanrrh. hefur staðið í allmargar klst. að velta því fyrir sér hvort sá háttur, sem nú er á hafður, sé endilega sá rétti og endilega sá besti. Nú eru aðeins fáir dagar eftir þings og þessi skýrsla tiltölulega nýkomin fram. Hún hefur verið rædd hér frá því kl. hálf fjögur eða svo í dag og verður rædd eitthvað fram eftir nóttunni.

Ég er ekki viss um að rétt sé að leggja skýrslu um utanríkismál fram svo seint á þinginu. Ég held að það sé í rauninni ekkert sem segi að það þurfi að gera þó að það hafi verið síður lengi. Ég held að það megi gjarnan leggja þessa skýrslu fram miklu fyrr á þinginu. Ég tek það fram að ég er ekki að sakast neitt við núv. hæstv. utanrrh. í þessu efni, þetta er síður sem hér hefur verið alllengi. Ég held að þetta eigi að gerast fyrr, þannig að umræðan geti orðið með öðrum hætti. Það er engin dagsetning og það er ekki neitt sem segir að þessi skýrsla þurfi endilega að koma fram núna, hún gæti sem best komið fram í janúar eða byrjun febrúar.

Annað, sem er íhugunarvert í ljósi þessarar umræðu nú, er það að hér hafa þó nokkuð margir þm. talað, þó ekki mjög margir, og forseti hefur samviskusamlega raðað því niður þannig að flokkarnir hafa skipst á. Skv. þingsköpum ræður forseti hins vegar ekki við það við svona umræðu hversu lengi menn tala. Hér hafa menn haldið mjög langar ræður. Hér hafa menn talað á annan klukkutíma. Það er satt best að segja heldur lítil tillitssemi við þá mörgu sem voru búnir að kveðja sér hljóðs hér í dag.

Það frelsi, sem felst í ótakmörkuðum ræðutíma við umræður sem þessar, er í rauninni ófrelsi vegna þess að þeir sem nýta sér þetta frelsi, eins og sumir hv. þm. hafa gert í dag, gera það á kostnað annarra. Þetta er til íhugunar, hvort ekki sé rétt að takmarka ræðutíma, t.d. við hálfa klst. eða svo, við svona umræður vegna þess að ég held að það sem menn ekki ná að segja í hálftíma ræðu í umræðum sem þessum megi þá allt eins vera ósagt.

Það hefur verið farið allvíða í þessari umræðu í dag. Í henni hafa þegar talað af hálfu Alþfl. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson 5. þm. Reykv. og hv. þm. Kjartan Jóhannsson 3. þm. Reykn. og ég get sparað mér að fara mörgum orðum um það sem þeir hafa þegar um fjallað. Sömuleiðis er hægt í stuttu máli að taka undir þá almennu fordæmingu sem hér hefur komið fram á þeim atburðum sem átt hafa sér stað undangenginn sólarhring í Líbýu án þess að um það séu höfð fleiri orð. Ég hygg að það ríki nokkuð almenn samstaða hér á Alþingi um að fordæma þá atburði, enda þótt hv. þm. Alþb. geri sitt besta til þess að, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði hér, segja berum orðum að hér væri það Atlantshafsbandalagið sem stæði að baki. Það er auðvitað alrangt eins og allir vita sem fylgst hafa með fréttum. Þetta er framtak Bandaríkjanna, að vísu með stuðningi forsrh. Bretlands, frú Thatcher. Atlantshafsbandalagið sem slíkt á ekki aðild að.

Það er eðlilegt og við því að búast og það er í eðlilegu samhengi við allan málflutning Alþb. að það skuli reynt að snúa þessari umræðu í þann farveg sem þeir hv. þm. gerðu nú. Ég sé að hv. þm. Svavar Gestsson, sem talaði næstur á undan mér, situr hér í hliðarherbergi og ég ætlaði að beina til hans fáeinum orðum í ljósi þess sem hann sagði áðan.

Það er greinilegt að hv. þm. Alþb. eru afar viðkvæmir fyrir því þegar talað er um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og aukningu framkvæmda og þá staðreynd að þar hefur ekki orðið nein minnkun á þó að þeir sitji í ríkisstjórn og raunar hefur engin breyting orðið á neinu í sambandi við varnir landsins eða framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli þó Alþb. hafi sest í ríkisstjórn. Það sýnir sagan svo langt aftur sem líta má, allar götur síðan Alþb. tók sæti í ríkisstjórn 1956, en varnarliðið kom hingað 1951. Það er því eðlilegt að þeir bregðist illa við og þetta er viðkvæmur punktur. Það sýndu viðbrögð formanns Alþb. mætavel áðan.

En það er annað efni sem hér hefur verið vikið að og mig langar til að fara um nokkrum orðum. Það er sú stefna Alþb. sem felst í orðunum „Ísland úr NATO — herinn burt“, eins og þeir segja gjarnan þegar þeir eru utan stjórnar. Mér sýnist að Alþb. standi nú senn uppi, a.m.k. í norrænum stjórnmálum, eins og nátttröll sem dagað hefur uppi á heiði. Í þessum umræðum í kvöld hefur verið vitnað í viðtal við flokksbróður þeirra Alþýðubandalagsmanna, vinstri sósíalistann Klaus Birkholm, í Nordisk kontakt og umfjöllun um afstöðu hans, sem er í síðasta tölublaði þess blaðs, þar sem hann ásamt fleiri flokksbræðrum sínum, og þetta er flokkur sem Alþb. hefur náin samskipti og samstarf við, m.a. innan Norðurlandaráðs, styður eindregið aðild Dan-

merkur að Atlantshafsbandalaginu og talar m.a. um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum, Balkanskaga og í Mið-Evrópu. Þetta er eitt atriði. Enn fremur liggur innan seilingar frá hv. formanni Alþb. þar sem hann situr í hliðarherbergi dagblaðið Information þar sem er grein um afstöðu frú Margaretar Auken, sem komið hefur töluvert við sögu hér í fréttum t.d. af starfinu í Norðurlandaráði og er í nánu sambandi við ýmsa af þm. Alþb., þar sem skýrt er frá þeirri stefnubreytingu frú Auken að styðja Atlantshafsbandalagið. Það segir hér í blaðinu, með leyfi forseta, og er það tilvitnun í ummæli Margaretar Auken:

„Ef Danir gengju úr NATO mundi það aðeins leiða til aukinna hernaðarútgjalda, ekki aðeins leiða til aukinnar hernaðarspennu og öryggisleysis heldur mundi það gera það að verkum að það sendi eins konar stjórnmálalegt „sjokk" um alla Evrópu" — segir frú Margaret Auken þm. danskra vinstri sósíalista sem þekkt hefur verið fyrir annað en stuðning við NATO fram að þessu.

Það segir líka í þessari grein og þar er nú notuð samlíking sem ég hef sjálfur notað í mörg ár varðandi Ísland:

„Ef við breytum Danmörku í hernaðarlegt tómarúm munu sterk öfl fljótlega fylla þetta tómarúm. Árangurinn verður aukinn vígbúnaður í næsta nágrenni við Danmörku."

Þetta eru orð að sönnu. Nákvæmlega sama gildir hér. Og þetta eru athyglisverðar staðreyndir. Alþb. stendur nú uppi sem nátttröll meðal þessara flokka. Það á kannske réttilega einna helst samleið með þeim fáu hreinu kommúnistaflokkum sem enn starfa á Norðurlöndunum. Vinstri sósíalistar viðurkenna staðreyndir í þessum efnum. Það skyldi nú aldrei vera svo, þrátt fyrir stóru orðin sem fallið hafa hér í kvöld, fyrst í hinni afar löngu ræðu hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar, síðan í ræðu hv. þm. Steingríms Sigfússonar og svo í ræðu formanns Alþb., að þessi stefna Alþb. ætti eftir að breytast áður en langt um líður, innan tveggja ára. (**SJS:** Hefurðu áhyggjur af því?) Nei, ég vonast til að hv. þm. Alþb. sjái ljósið í þessum efnum. Ég vonast til að þeir vitkist um síðir. Það gæti nefnilega skapað mjög breyttar forsendur í íslenskri pólitík. Það gæti skapað forsendur fyrir víðtækara samstarfi á vinstri væng íslenskra stjórnmála og traustara samstarfi en tekist hefur að skapa nokkurn tímann til þessa. En forsenda þess held ég að sé sú að Alþb. vitkist og forustumenn þess í öryggis- og varnarmálum íslensku þjóðarinnar. Ég held að það sé forsenda þess að þarna verði breyting á.

Herra forseti. Það eru mörg mál sem ástæða væri til að fara um nokkrum orðum. Það hefur lítið verið talað um Sameinuðu þjóðirnar í þessum umræðum. Það hefur lítið verið talað um vandamál þróunarlandanna. Það hefur lítið verið talað um stjórnmálaþróun t.d. í Mið-Ameríku sem væri þó sannarlega ástæða til. Það hefur lítið verið talað um hafréttarmál. Enn sýnir þetta mér að þessi umræða þyrfti að vera með töluvert skipulegri hætti þannig að hún væri ekki meira og minna karp um þessa hversdagslegu og kannske fánýtu hluti sem okkur hættir, því miður, og undirritaður ekki undanskilinn, til að fara út í í þessari umræðu þannig að hér gæti verið meiri verkaskipting og þessi umræða öll með skipulegri hætti. Hér hefur líka verið talað um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum. Ég ætla að víkja að því örfáum orðum.

Ég hef ekki breytt um skoðun á því að einhliða yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaus svæði er lítils virði og kannske einskis virði, en ég hef heldur ekki breytt um skoðun á því að þær umræður sem hafa átt sér stað og eiga eftir að eiga sér stað um þetta kunna að geta leitt til einhvers konar samkomulags sem við teldum af hinu góða. Ég er ekkert sérlega bjartsýnn á það. Ég hef ekki séð þau rök sem sannfæra mig um að slík einhliða yfirlýsing auki á öryggi eða geri friðvænlegra í okkar heimshluta. Hins vegar er það bjargföst sannfæring mín að við eigum að taka þátt í öllum þessum umræðum og fylgjast með og vera þar þátttakendur hvort sem það leiðir til einhvers eður ei. En engu að síður eigum við að fylgja Norðurlöndunum og taka þátt í þessu samstarfi, taka þátt í þeirri nefndaskipan sem tilmæli hafa borist um hingað frá Anker Jörgensen, formanni danska jafnaðarmannaflokksins. Við eigum að gera það alveg tvímælalaust og hispurslaust af fullri einurð og velvilja og það segi ég enda þótt ég sé ekkert bjartsýnn á að það leiði til neins árangurs.

Hér hefur líka verið lögð fram skýrsla um norrænt samstarf og starfið í Norðurlandaráði. Þar sem ég á sæti í Norðurlandaráði og hef raunar um nokkurt skeið gegnt formennsku í einni af nefndum ráðsins þykir mér hlýða að víkja að því nokkrum orðum. Það er raunar svo að það væri sérstök ástæða til að í tengslum við umræðuna um skýrslu utanrrh. væri sérstök umræða um norrænt samstarf. Ég held að það væri mjög brýnt í ríkisstjórninni ef einn ráðherranna, hæstv. sjútvrh., sem sérstaklega sinnir þessu samstarfi, flytti fyrir hönd ráðherranefndarinnar sérstaka skýrslu og síðan yrði almenn umræða um hið norræna samstarf. Þar er ýmislegt að gerast. Ég nefni sérstaklega samstarfið í sjónvarpsmálum, fjarskiptahnöttinn Tele-X sem á að byrja að senda á miðju ári 1987. Það er nú ekki nema rúmt ár þangað til það á að gerast og hefur satt best að segja heldur lítil umræða um það farið fram hér á hinu háa Alþingi.

En ég vildi gjarnan áður en þessari umræðu lýkur nefna nokkra þætti úr norræna menningarmálasamstarfinu, sem ég held að við ættum að gefa gaum, sem menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hefur fjallað um og sem eru á döfinni þar. Ég held að ein af forsendunum fyrir aukinni norrænni samvinnu, sem tvímælalaust á að stefna að, sé sú að það fáist aukið fjármagn til samstarfsins. Ég minni þá á tillögu sem norrænir jafnaðarmenn hafa flutt innan Norðurlandaráðs um að framlögin til samstarfsins verði 0,1% af þjóðartekjum hvers lands. Þetta mundi þýða í raun fimm- til sexföldun á framlaginu til Norðurlandaráðs og mundi tvímælalaust verða bylting í þessu samstarfi. Það er ekki miðað við í tillögunni að þetta gerist í einni svipan heldur að þetta mundi gerast á allmörgum árum, einum 6–8 árum, og að markinu yrði náð í kringum 1994–1995.

En meðal annarra mála sem ég vildi nefna hér er að menningarmálanefndin hefur lagt til að gerð verði sérstök framkvæmdaáætlun á sviði norrænu menningarmálasamvinnunnar sem lögð verði fyrir næsta þing ráðsins. Við höfum líka ályktað í menningarmálanefndinni um sjónvarpssamvinnuna að leggja beri sérstaka áherslu á samstarf á sviði dagskrárgerðar við undirbún-

ing þessa samstarfs á sviði útvarps og sjónvarps og gera tillögur um hvernig samstarfi um dagskrárgerðina skuli háttað. Ég get sagt frá því í framhaldi af því að ég hef innan Norðurlandaráðs lagt fram tillögu um að stofnaður verði sérstakur sjóður til að styrkja samstarf um kvikmyndagerð, gerð sjónvarpsþátta og myndbandaefnis, en eins og kunnugt er eru bæði kvikmyndagerð og framleiðsla sjónvarpsþátta orðin svo dýr að það er oft einu landi eða einu fyrirtæki ofviða að standa straum af slíku. Þessi tillaga hefur þegar verið lögð fram. Hún verður tekin til umfjöllunar á næsta fundi menningarmálanefndarinnar og væntanlega til afgreiðslu á næsta þingi Norðurlandaráðs. Ég hygg að allir íslensku fulltrúarnir í Norðurlandaráði hafi gerst meðflutningsmenn að þessari tillögu.

Það hefur verið ályktað um það líka eftir sérstaka ráðstefnu sem menningarmálanefndin gekkst fyrir að kanna hvernig megi með skipulegum hætti stuðla að auknum nemenda- og kennaraskiptum á Norðurlöndunum. Þetta er tiltölulega nýtt mál, en á eftir að verða býsna stórt mál og það hefur þegar verið veitt fjármagni til þessa samstarfs en það þarf að veita meira fjármagni til þess.

Menningarmálanefndin gerði einnig tillögur um breytingar á ýmsum fjárveitingum. Þar náðist ekki nema fátt eitt fram. Þó náðist það að bókmennta- og tónlistarverðlaunin verða hækkuð verulega, þ.e. úr 75 000 kr. í 125 000 kr. á næsta ári, en nefndin hefur um nokkurt skeið beitt sér fyrir því að fá þessa hækkun fram. Innan menningarmálanefndarinnar held ég að sú skoðun sé uppi að framlögin til menningarmálanna og menningarmálasamstarfið hafi í mörgum tilvikum skilað meiri og áþreifanlegri árangri en samstarfið á ýmsum öðrum sviðum.

Við reyndum líka að fá auknar mjög fjárveitingar til Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar hér á landi. Það tókst ekki nema að nokkru leyti, en þegar starfsemi þeirrar stofnunar var metin að tíu árum liðnum fékk hún einhvern besta dóm og eitthvert mesta hól sem ég minnist að nokkur norræn stofnun hafi fengið í slíku mati. Það var alþjóðleg sérfræðinganefnd sem framkvæmdi þetta mat. Við megum vera stolt af þeim íslensku vísindamönnum sem þarna hafa starfað með svo góðum árangri.

Ég ætla ekki í ljósi þess hversu framorðið nú er, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en ég vísa til þess að nýju, sem ég sagði í upphafi máls míns, að ég held að það sé brýnt að endurskipuleggja formið á þessum umræðum um skýrslu utanrrh. vegna þess að þetta er svo mikilvægt mál að það á betra skilið en að vera til umræðu að næturþeli þegar tiltölulega fáir þingmenn eru viðstaddir og menn eru kannske orðnir þreyttir, alla vega þeir sem voru hér til kl. 1 s.l. nótt og byrjuðu nefndarfundi kl. 8 í morgun. Þetta eru ekki hin æskilegustu vinnubrögð og ég vona að við getum náð samstöðu um að breyta þeim.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég vil taka undir ummæli síðasta hv. ræðumanns um fyrirkomulagið á umræðum hér. Það er heldur illt við það að una að standa í ræðustól um lágnættið eftir að hafa beðið um orðið fyrir hálfum sólarhring og komast þá fyrst að. Ég beini þessu ekki sérstaklega til forseta, sem hefur stjórnað þessum umræðum mjög vel, en fyrirkomulagið mætti mjög bæta hér.

Hér er til umræðu skýrsla utanrrh. um utanríkismál til Alþingis. Það er að líkum að atburðir síðustu nætur og dagsins í dag hafa sett mikil merki á þessa umræðu. Það skyldi engan undra. Ég er þess fullviss að allir alþm. taka af heilum hug undir ályktun þá sem ríkisstj. gerði vegna þessa máls á fundi sínum í morgun, árásar Bandaríkjastjórnar á Líbýu, og hefði þó mátt kveða í þeirri ályktun ríkisstj. fastara að orði svo fordæmanlegt sem það athæfi var.

En ég skal ekki fjölyrða um það. Ég vildi á hinn bóginn, þótt nokkuð sé liðið nætur, víkja að örfáum atriðum í skýrslu utanrrh., en þó ekki mörgum.

Skýrslan er óvanalega ítarleg og vönduð og ber sérstaklega fyrir það að þakka. Hún ber glöggt vitni góðs starfs starfsliðs utanrrn. og utanríkisþjónustunnar.

Ég vildi í upphafi víkja nokkrum orðum að því sem kemur fram sem stefnumótandi atriði hjá utanrrh. í upphafi skýrslunnar. Það eru atriði sem varða þátt utanrrn. og utanríkisþjónustunnar í heild í því að efla og auka utanríkisverslun og útflutning landsmanna. Að því er vikið strax í upphafi skýrslunnar að sendiráðin verði efld til að sinna í auknum mæli viðskiptahagsmunum Íslendinga erlendis. Þessari stefnumótun ber að fagna. Þetta hefur vitanlega alltaf verið gert í nokkrum mæli, en á þetta er að þessu sinni lögð sérstök áhersla og það er vissulega orðið tímabært.

Við höfum of lengi sinnt þessum málum í of litlum mæli. Það má raunar segja að við Íslendingar séum eftirbátar nágrannaþjóða okkar og raunar miklu fleiri þjóða, á tveimur sviðum sérstaklega, í atvinnulífinu, þ.e. í framleiðni íslenskra atvinnuvega og í markaðssetningu og sölumennsku. Þar stöndum við samkeppnisþjóðum okkar langt að baki. Þess vegna er mikil nauðsyn á að hér verði gerð á bragarbót. Þess vegna er það sem hér er fjallað um mjög mikilsvert og ekki síst það að virkja og nýta sendiráðin í mjög auknum mæli í þessum efnum. Þá beinist hugurinn vitanlega að því hvort ekki er orðið tímabært að fjölga sendiráðum og þá sérstaklega sendiráðum sem hafa að meginhlutverki að fjalla um viðskipta- og markaðsmál.

Ný sendiráð hafa ekki verið stofnuð á vegum Íslendinga síðan 1970. Það er þess vegna fyllilega tímabært að stofnaðar séu annaðhvort viðskiptaskrifstofur eða ný sendiráð í helstu viðskiptalöndum okkar þar sem þau eru ekki fyrir hendi. Þá beinist hugurinn fyrst og fremst að löndum Asíu og þá Austurlöndum fjær.

Ég vakti nýlega úr þessum ræðustól athygli á nauðsyn þess að kannað verði hvort ekki er ástæða til að opna sendiráð í Japan. Ég vil aðeins nefna það í þessu sambandi. Til Japans fluttum við út á síðasta ári vörur fyrir tæplega 2 milljarða kr. Japan er orðið eitt af mestu viðskiptalöndum okkar og þar eru mjög góðir markaðir, framtíðarmarkaðir fyrir íslenskar vörur. Þess vegna er full ástæða til að gefa því gaum. Þaðan mætti þjóna viðskiptahagsmunum í nálægum Asíulöndum.

Fyrr í þessum umræðum var minnst á það af hv. þm. Geir Haarde að ástæða væri til að athuga opnun viðskipta- og verslunarskrifstofu í Kína. Undir það vil ég einnig taka. Þessa möguleika þarf vissulega að kanna og það sem allra fyrst.

Það er víðar ástæða til að efla samskipti okkar við önnur ríki og þá ekki endilega eingöngu á viðskiptagrundvelli. Í þeim efnum hefur einnig á þingi nýlega

verið vakin athygli á nauðsyn þess að við tækjum upp nánari viðskipti og samskipti við Grænlendinga, okkar næstu nágranna, og skipuðum þar sérstakan ræðismann eða fulltrúa sem m.a. færi með viðskiptamál, en einnig önnur málefni. Ég held að það sé orðið mjög tímabært að við látum af því verða, ekki síst vegna þeirra miklu hagsmuna sem þessar tvær þjóðir eiga sameiginlega og oft hefur verið bent á innan og utan þingsala. Það er ekki síst vegna þeirra fiskveiðihagsmuna sem eru í húfi. Þessar tvær þjóðir, Íslendingar og Grænlendingar, ráða yfir miklum hluta hafsvæðanna í Norðaustur-Atlantshafi og þess vegna er tímabært að taka upp miklu nánari samvinnu við Grænlendinga í þeim efnum.

Við eigum þar ýmis óleyst vandamál. Ég minni á óleyst vandamál varðandi rækjuveiðar á Dohrnbanka beggja vegna miðlínu. Við eigum óleyst vandamál að því er varðar loðnuveiðarnar, en þar gera Grænlendingar kröfu til kvóta sem enn hefur ekki verið ákveðinn og stendur nú í stímabraki að ákveða þann kvóta fyrst og fremst vegna krafna Norðmanna í því spili. Við eigum enn þá einnig óútkljáð karfamálin við Grænlendinga, en þeir hafa veitt Efnahagsbandalaginu 55 000 tonna kvóta. Þeir hafa verið að selja Japönum karfaveiðiréttindi, en karfinn er fullnýttur og raunar ofnýttur stofn og skiptir vitanlega okkar fiskveiðar miklu máli. Ég bendi á þessi þrjú atriði, fyrir utan laxveiðarnar, sem eru óleyst í samskiptum okkar við Grænlendinga, en full ástæða er til að leysa sem fyrst og m.a. á þann hátt sem ég nefndi.

Það er raunar fyllilega tímabært að við tökum upp miklu nánari samvinnu, þrátt fyrir skipun þingmannanefndar nýlega og skipun embættismannanefndar sem á að fjalla um samskipti okkar við Grænlendinga, og ekki aðeins við þá heldur einnig við Færeyinga. Það er fyllilega tímabært að þessi þrjú eyríki stofni með sér raunveruleg samtök eða bandalag. Slíkt bandalag getur náttúrlega ekki verið á þann hátt sem við þekkjum þau annars staðar úr Evrópu vegna þess að þessi tvö lönd, Grænland og Færeyjar, eru ekki fyllilega sjálfstæð. En föst samtök gætu þetta orðið þar sem ríkisstjórnir þjóðanna hefðu samráð nokkrum sinnum á ári um þau hagsmunamál sem ég nefndi. Það samband væri í miklu fastara formi en því nefndarformi sem nú gildir og stefndi að þeim markmiðum sem ég gat um, fyrir utan að fjalla frekar um alla stjórn auðlinda á þessum víðlendu hafsvæðum og fjalla þar að auki um markaðsmál, en þar eiga þjóðirnar sameiginlegra hagsmuna að gæta. Raunar seljum við nú allan frystan fisk fyrir Færeyinga í Bandaríkjunum. Á því sviði eru því miklir kostir aukinnar samvinnu svo ég tali ekki um menningarmálin.

Hér þurfum við alveg nýjan farveg. Það er ljóst að hér verður að stokka upp spilin því að það nefndakerfi sem hefur gilt í þessum efnum dugar ekki lengur. Það er okkur í hag og það er þessum tveimur nágrannaþjóðum okkar, eyþjóðunum, í hag að við komum á miklu fastara bandalagi þessara þriggja þjóða.

Í öðru lagi, herra forseti, vildi ég víkja lítið eitt að öðru máli. Við leggjum í dag fram fjármuni til að vinna að verðugum verkefnum fjarri Íslandsströndum. Þar á ég við þróunarsamvinnu, þróunarverkefni Íslendinga í öðrum löndum sem í raun hefur verið allt of lítill gaumur gefinn í þessum umræðum í dag og í kvöld. Alþingi samþykkti þann 28. maí 1985, rétt fyrir tæpu ári, merka þáltill. Alþingi ályktaði þar um það að á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjunum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu.

Þetta er verðugt markmið og þetta er háleitt markmið en þetta er einnig markmið sem ekki er byrjað að fara eftir og efna. Það er að vísu ekki langur tími liðinn síðan þessi þáltill. var samþykkt en á þessu fjárlagaári verður veitt allt í allt 85 millj. kr. til þróunarstarfa, þróunaraðstoðar, af hálfu Íslands. Það er innan við 0,1% af þjóðarframleiðslu, þannig að langt eigum við í land til þess að standa jafnfætis öðrum þjóðum. Ég vil nefna sérstaklega að til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sem er sú stofnun sem fer með þessi mál af hálfu Alþingis, eru aðeins veittar 24 millj. kr. Heildartalan var 85 millj. kr. Hitt fé fer til annarra þróunarverkefna og stærsta upphæðin fer til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, sem starfar í nánum tengslum við Alþjóðabankann, eða 27 millj. kr. Meira fé rennur til þeirrar alþjóðastofnunar en til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Það er ekki vansalaust hvað við höfum farið okkur hægt í þessum efnum. Menn bera við fátækt þjóðarinnar sem er nátturlega hinn mesti misskilningur og hin mesta firra. Ísland er með ríkustu löndum veraldar. Þjóðartekjur okkar eru sennilega fimmtu eða sjöttu hæstu allra þjóða í veröldinni. Spurningin er sú hvaða forgangsröð við höfum á verkefnum og því sem við veitum fé til. Það væri okkur til minnkunar ef á þessu yrði ekki breyting þegar í stað á næsta ári og á árunum sem fylgja í kjölfarið. Hér verðum við að taka okkur á og auka verulega framlög okkar á þessu sviði, enda hefur Alþingi um það ályktað og eftir því ætti því að fara.

Í þessu sambandi má minnast á það að sú þróunaraðstoð okkar sem kannske hefur borið einna mestan ávöxt er stofnun Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfar og hefur starfað á Íslandi frá upphafi og gefið mjög góða raun. Það er mikil spurning hvort einn þáttur í okkar þróunarstarfi á næstu árum ætti ekki að vera í því formi að við stofnuðum nýjan skóla, að þessu sinni fiskveiðaskóla fyrir þróunarlöndin á sama hátt og við höfum stofnað jarðhitaskólann. Á því er mikil þörf. Slíkur skóli tíðkast hvergi, mér vitanlega, í veröldinni en í þeim skóla gætu menn frá þróunarlöndunum hlotið fræðslu bæði í fiskveiðum, meðferð veiðarfæra, nýtingu afla o.s.frv. Og það er ekki stærra fyrirtæki en það að við ættum vel að geta boðið upp á slíkan skóla. Það er mín tillaga að slíkt verði gert.

Annað atriði sem við þurfum að gefa miklu meiri gaum að er að tengja verkefni íslenskra fyrirtækja við útflutning til þróunarlandanna í sambandi við þróunaráætlanir okkar þar. Ég minni á fiskveiðaverkefnið á Grænhöfðaeyjum þar sem við lögðum til skip til þess að annast það, íslenskt skip, en á sama tíma létu Grænhöfðaeyjamenn smíða allmörg fiskiskip í öðru Evrópulandi en Íslandi. Það er akki alveg vandalaust að tengja slíka atvinnustarfsemi við þróunaraðstoð, en það gera allar þjóðir, ekki síst Norðurlandaþjóðirnar, og við eigum að hyggja miklu betur að málum í þeim efnum. Það mun vera svo að þjóðir binda fjárframlög sín til Alþjóðaframfarastofnunarinnar ýmsum skilyrðum og þess er skemmst að minnast að á síðasta ári mun raunar

framlag Íslendinga til þeirrar stofnunar hafa farið til þess að fjármagna jarðhitaverkefni í Kenýa sem Ástralíubúar unnu að og það skýtur náttúrlega nokkuð skökku við.

Það er full ástæða til þess að hyggja að því í þessu sambandi hvort ekki ætti að breyta lögunum um Útflutningslánasjóð, sem eru frá 1970, í þá veru að sá sjóður veitti íslenskum fyrirtækjum áhættulán til þess að starfa að verkefnum í þróunarlöndunum fyrir eigin reikning sem yrðu endurgreidd ef verkefnin tækjust en yrði ella veitt sem styrkur. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að hyggja að í þessum efnum.

Meginatriðið er það, og um það eru jákvæð ummæli í skýrslu utanrrh., að hér þarf að taka verulega betur á málum. Við þurfum að auka starf okkar í þessum efnum og efla frá því sem nú er. Það hefur verið stefna okkar. Okkur hefur ekki tekist nægilega vel upp með framkvæmdina þrátt fyrir góðan vilja en ég vil mega ljúka þessum orðum mínum með þeirri von og þeirri ósk að á því verði bragarbót í framtíðinni.

Utanrrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er nú töluvert liðið á nóttu og nýr dagur senn að rísa. Ég skal reyna að vera eins stuttorður og ég mögulega get og jafnframt haga máli mínu þannig að það veki ekki upp umræður til þess að lengja þann fund sem hefur staðið síðan um fjögurleytið í gær.

Ég vildi mega byrja á því að taka undir orð hv. 5. landsk. þm. og annarra sem hafa vikið að umræðunni og því að skýrslan sé seint fram komin. Mér var ljóst að ekki var um að ræða gagnrýni á mig heldur hitt að þetta er sá tími sem skýrslan hefur jafnan verið til umræðu. Ég er sammála því og er reiðubúinn að beita mér fyrir því að þessi skýrsla verði fyrr á ferðinni og því að gerð verði breyting á fyrirkomulagi umræðna og treysti ég þar mjög vel forseta og forsetum Sþ. í samráði við formenn þingflokka að koma þar á breyttu fyrirkomulagi. Ég er sannfærður um að við fengjum gagnlegri umræður miðað við þær hugmyndir sem voru settar fram af hv. 5. landsk. þm. og öðrum sem höfðu talað fyrr á fundinum.

Ég vil þessu næst leyfa mér að þakka hv. þm. ummæli þeirra um skýrsluna og einstaka þætti hennar. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að ýmis þau mál sem tekið er á eigi eftir að koma til með að skila hagstæðum niðurstöðum og ég vil sérstaklega víkja að því sem lagt er til í sambandi við viðskiptamál og aðstoð af hálfu utanrrn. við útflutningsatvinnugreinarnar.

Fyrir ekki löngu síðan talaði hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson og gerði að umræðuefni nokkur atriði í sambandi við skýrsluna og þau mál önnur sem hafa verið til umræðu. Ég sé ekki ástæðu til þess að víkja sérstaklega að þeim atriðum sem hann fjallaði um varðandi kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Bæði vísa ég þar til skýrslunnar, þess sem ég sagði í minni ræðu og þess sem hér hefur komið fram af hálfu þm.

Hv. þm. vék að Keflavíkurflugvelli sérstaklega og þeirri starfsemi sem þar fer fram. Hann vildi hrekja fullyrðingar sem áður höfðu verið fram bornar um það hversu mikið hefði verið framkvæmt á árinu 1983 og las upp úr skýrslunni á bls. 46 þar sem kemur fram að framkvæmdir á varnarsvæðinu jukust töluvert mikið á árinu 1983 en hv. þm. vildi ekki viðurkenna krógann og vék því þannig til að hér væri um að ræða ákvarðanatökur af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem tók við í maímánuði 1983. Hér er um að ræða misskilning af hálfu þm. því að allar þessar ákvarðanir eru teknar í tíð fyrri ríkisstjórnar á árunum fyrir 1983, framkvæmdar 1983, þannig að það sem sagt hafði verið áður er rétt í þessum efnum.

Þm. spurði hvort flugstöðin væri á varnarsvæði. Því er svarað játandi. Og síðan hvenær? Þetta er varnarsvæði síðan 1951. Hann spurði enn fremur um Helguvík þar sem hafnarbygging á sér stað. Það er hins vegar ekki á varnarsvæði.

Þm. vék síðan að því sem áður hafði verið og ég gerði grein fyrir í minni ræðu, þ.e. fréttatilkynningu ríkisstj. frá því í morgun. Það liggur í hlutarins eðli, þar sem vísað er til þess að þjóðir heims taki höndum saman, að forustan á að sjálfsögðu að vera í þessu tilfelli Sameinuðu þjóðanna. Það gerðist og á síðasta þingi Sameinuðu þjóðanna að samþykkt var samhljóða tillaga í þessum efnum sem er nokkur undantekning að mér skilst í þeirri stofnun.

Ég held að við getum allir verið sammála um að það er ekki sama hvaðan forusta í þessum efnum kemur. Fyrst og fremst hlýtur það að vera forusta Sameinuðu þjóðanna sem ætti að hafa hlutverki að gegna.

Hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson gerði að umræðuefni í kvöld þessi mál sérstaklega og með hvaða hætti hægt væri að bregðast við, dró þar upp mjög glögga mynd og undirstrikaði með hvaða hætti væri hægt að standa að þessum málum. En að sjálfsögðu gerist það ekki öðruvísi en að um það geti myndast mjög breið samstaða.

Ég held að rétt sé, m.a. vegna orða hv. 3. þm. Reykv. og fsp. hans varðandi þá atburði sem gerðust s.l. nótt og Atlantshafsbandalagið og Ísland sem aðila að því, að víkja að þeim atburðum nokkrum orðum. Ljóst er að árás Bandaríkjanna á Líbýu er frá þeirra bæjardyrum séð árás gerð á grundvelli sönnunargagna sem Bandaríkin telja sig hafa um stuðning Líbýumanna við ógnaræði hryðjuverka sem geisað hafa um skeið og ekki hvað síst beinst að Bandaríkjamönnum. Íslensk stjórnvöld hafa ekki haft aðstöðu til þess að dæma um þessi sönnunargögn. Hvers eðlis sem slík sönnunargögn eru legg ég áherslu á samþykkt ríkisstj. frá því í morgun þar sem lýst er skoðun hennar á þessum atburðum sem gerst hafa og lögð er áhersla á að slíkar hernaðaraðgerðir séu ekki til þess fallnar að uppræta hryðjuverk.

Það er að sjálfsögðu von mín eins og allra annarra að þessir atburðir leiði ekki til frekari stigmögnunar átaka við Miðjarðarhafið. Ég mótmæli því eindregið, sem hér hefur verið haldið fram, að átökin séu tengd Atlantshafsbandalaginu. Það er ekki. Hér er um að ræða aðgerðir Bandaríkjanna sem þeir sjálfir gera grein fyrir að styðjist við ákvæði í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um sjálfsvarnarrétt þjóða. Ein þjóð Atlantshafsbandalagsins, Bretar, hefur lýst stuðningi við þessar aðgerðir. Mér var ekki kunnugt um þær aðgerðir sem var gripið til. Það vil ég að komi skýrt fram og hafði ég áður verið spurður að því af hv. þm. Steingrími Sigfússyni fyrr í kvöld.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur Sigfússon vék að nokkrum atriðum í sinni ræðu varðandi þróunaraðstoð. Það gerði einnig hv. 2. þm. Reykn. hér rétt áður. Alþingi hefur samþykkt stefnu í þessum málum en eins og ég réttilega benti á í minni framsöguræðu þá eru það

að sjálfsögðu efnahagsaðstæður á hverjum tíma sem ráða. Það er Alþingi sjálft sem hefur tekið afstöðu og ákvarðað það sem ætlað er til þessara mála á þessu ári. Ég get sagt það sem mína skoðun að hér erum við miklir eftirbátar okkar næstu nágranna og vissulega er ástæða til þess fyrir okkur að við skoðum þessi mál betur og reynum að átta okkur á því með hvaða hætti sé hægt að bæta úr.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli, á varnarsvæðinu og gagnrýndi með hvaða hætti að þeim væri staðið og jafnframt að Alþingi, utanrmn., fengi ekki vitneskju um þá hluti. Einhvers staðar að hefur þó þm. þann mikla fróðleik sem hann býr yfir í sambandi við þessi mannvirki sem þar er unnið að, enda hefur Alþingi fengið og fær upplýsingar m.a. í þeirri skýrslu sem lögð er fyrir þingið um utanríkismál og þá hefur utanrmn. og verið gerð grein fyrir þeim framkvæmdum sem ráðist er í á varnarsvæðinu.

Ég held ég megi fullyrða að það hafi orðið töluverð breyting á þessu í tíð forvera míns einmitt og hann komið fram með allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru, ýmist í skýrslunni til Alþingis eða til utanrmn.

Hv. þm. spurði um sérstaka framkvæmd, varaflugvöll. Um það er það að segja að lýst hefur verið áhuga á varaflugvelli fyrir Atlantshafsbandalagið. Hins vegar hafa engar formlegar viðræður farið fram um það en eins og kunnugt er er skrifleg fsp. í þinginu frá hv. 6. landsk. þm. sem verður svarað og útbýtt á morgun þar sem nánar er getið um þessa hluti og ég vænti þess að hv. þm. sætti sig við þau svör sem ég hef gefið varðandi þetta efni.

Um endurvinnslustöð vegna kjarnorkuúrgangs vil ég vísa til skýrslu á þskj. 812. Þar er einmitt gerð grein fyrir hver staða þess máls er eftir fund sem alþm. tóku þátt í en þar kemur fram sú niðurstaða að kjarnorkuúrgangi skyldi ekki fleygt í sjóinn enn um sinn eða þar til frekari niðurstöður rannsóknar lægju fyrir. Á þeim fundi sem tók þessa afstöðu var m.a. hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson og var einmitt með tillögu í þessum efnum.

Hv. þm. vék að því atriði sem ég hef vakið máls á, innra öryggi. Við áttum nokkur orðaskipti um þessi mál fyrir ekki löngu síðan. Hann vísaði til 15. gr. þingskapa og þar með að þessi mál færu til umræðu í utanrmn. Það er ekki svo að það sé ekki ætlunin að gera slíkt en þar er skýrt tekið fram að um utanríkismál sé að ræða. Hvort svo innra öryggi, sem ekki aðeins heyrir undir utanrrn. heldur fleiri ráðuneyti, sé málefni af því tagi geta menn svo deilt um. En mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að þegar farið verður að vinna að þessu máli á vegum ráðuneytisins fylgist utanrmn. þar með. Ég vil ekki að svo langt sé gengið að það sé ekki hægt fyrir einn ráðherra, eins og ég orðaði það, þm. eða einstakling, að mæta þar sem hann er beðinn og flytja sitt mál, koma fram með sínar hugmyndir. Það held ég að menn mundu ekki sætta sig við, enda þótt starfsemi Alþingis og ríkisstj. sé eftir þeim þingsköpum sem gilda hverju sinni. En mér er fullljóst að þingsköp eru lög og eftir þeim ber að fara.

Hv. þm. Stefán Benediktsson kom fram með fsp. varðandi mannvirkjasjóð Atlantshafsbandalagsins. Þær reglur gilda að þar sé um að ræða útboð á verkum sem sjóðurinn fjármagnar, útboð á meðal aðildarríkja. Það hefur hins vegar gilt sá réttur aðildarríkis að það geti farið fram á undanþágu frá almennu reglunni um vissa byggingarþætti. Reynslan er sú að sé farið fram á undanþágu á útboðum, á tilgreindum þáttum, hefur undanþágan verið veitt. Hugsanleg aðild Íslands að mannvirkjasjóðnum mundi því ekki breyta núverandi ástandi en úttektin sem ráðuneytið lætur gera kemur að sjálfsögðu til með að draga betur fram kosti og lesti. Eftir að það hefur verið gert er ástæða til að taka ákvörðun um hvort að því skuli staðið að Ísland gerist aðili að mannvirkjasjóðnum.

Fyrr í kvöld beindi hv. 3. landsk. þm. Guðrún Agnarsdóttir nokkrum spurningum til mín. Enda þótt hún sé ekki viðstödd þykir mér rétt að víkja að þeim nokkrum orðum. Í fyrsta lagi spurði þm.: Hvernig ætlar utanrrh. að tryggja það að kjarnorkuvopn séu ekki flutt til eða staðsett í íslenskri lögsögu eins og tekið er fram í ályktuninni? Það er öllum ljóst að stefna íslenskra stjórnvalda er sem fyrr sú að ekki séu staðsett kjarnavopn hér á landi eða í íslenskri landhelgi án samþykkis ríkisstj. Þessi stefna er í fullu samræmi við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna frá 1951, svo og skuldbindingar okkar gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Vegna umræðu um komu loftfara og skipa til landsins sem geta borið kjarnavopn skal skýrt tekið fram að gengið er út frá því að slík vopn séu ekki til staðar þar sem fullt traust er borið til þess að yfirlýst stefna okkar í þessu máli sé virt.

Spurt var um ástæður fyrir því að íslensk stjórnvöld töldu sig ekki geta samþykkt tillögu Mexíkó og Svíþjóðar. Ég held að ég vísi þar til ræðu minnar frá 11. febr. og svo til ræðu fyrrv. utanrrh., Geirs Hallgrímssonar, 5. des., þar sem hann vék einmitt að því að skilyrði sem ályktun Alþingis gerir ráð fyrir væru ekki fyrir hendi til þess að hægt væri að greiða atkvæði með þeirri tillögu.

Það hefur verið gerð ítrekuð tilraun til þess að koma fram breytingu á þessari tillögu. Það hefur ekki tekist að ná fram þeim breytingum sem gætu orðið til þess að Ísland greiddi atkvæði með tillögunni. Ég gat þess í minni ræðu í dag að það yrði áfram reynt að vinna að því og þannig fá fram að Ísland gæti greitt atkvæði með tillögunni. Hins vegar vek ég athygli á því að enda þótt þessi tillaga hafi verið samþykkt sjá menn ekki árangur af henni, einfaldlega vegna þess að hún nýtur ekki stuðnings þeirra aðila sem til þarf til þess að hún beri árangur.

Þm. vék að því að umfjöllun um innra öryggi yrði í nánu samstarfi við utanrmn. Því hef ég svarað hér.

Þá var vikið að því að umfjöllun um kjarnorkuvopnalaust svæði eigi að eiga sér stað innan Atlantshafsbandalagsins og rætt um það að hér væri fyrst og fremst um norrænt málefni að ræða. Ég vék að því í minni ræðu að það væri grundvallaratriði í okkar öryggismálum að þau væru rædd innan Atlantshafsbandalagsins. Það væri öryggismál fyrir okkur og þá væri það eins í þessum efnum eins og öðrum.

Þm. spurði um afstöðu íslenskra stjórnvalda til fjárhagsvanda Sameinuðu þjóðanna. Þetta mál var til umræðu á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna fyrir tæpri viku síðan og þar var niðurstaðan að láta frá sér heyra til þeirra aðila sem ekki standa sig í þessum efnum og að sjálfsögðu gera það sem hægt er til þess að koma fram breytingum í þessum efnum.

Ég trúi því að ég hafi svarað þeim atriðum sem ég var sérstaklega spurður um og ekki komu fram í minni

framsöguræðu. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau sjónarmið sem þar komu fram varðandi afvopnunarmálin, varðandi frystingu kjarnorkuvopna eða geimvarnir. Ég held að ég vilji undirstrika í sambandi við friðarárið að gerðar eru ráðstafanir til þess að hægt verði að standa að því eins og við teljum að eigi að gera. Það er rétt að það komi fram af þessu tilefni að Félag Sameinuðu þjóðanna hefur síðan því var falið umrætt verkefni undirbúið öfluga starfsáætlun sem er um það bil að koma til framkvæmda. Ég skal ekki tefja tímann með því að lesa upp þau atriði sem ég hef en að sjálfsögðu verður lögð áhersla á það af hálfu utanrrn. að að þessum málum verði staðið með þeim hætti sem ég veit að Alþingi og ríkisstj. óska.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég endurtek þakkir til hv. þm. fyrir umræðurnar. Ég þakka forseta fyrir hans stjórnun og ég veit að þó að nokkuð sé liðið á nýjan dag hafa þessar umræður orðið til gagns. Ég veit hins vegar að takist okkur að koma þeim hugmyndum sem hér komu fram í það horf sem á var bent væri það sýnu betra og engum, eins og ég sagði, treysti ég betur til þess heldur en forseta Sþ. í samstarfi við formenn þingflokka.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Menn hafa nokkuð verið að mæðast yfir því að það sé svolítið liðið á kvöldið og eitthvað kannske fram á nóttina og þessi umræða standi enn yfir. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég vorkenni okkur ekki hætis hót. Hér eru mikilsverð mál til umræðu og annað eins hafa menn lagt á sig eins og að standa hér eitthvað fram í nóttina til að ræða þá hluti sem mikilsverðir teljast. Ég sé miklu frekar, herra forseti, ástæðu til að átelja þann bjálfadóm allt of margra hv. þm. að vera horfnir héðan úr þingsalnum og það jafnvel fyrir löngu þegar þessir alvarlegu hlutir eru hér til umræðu. Ég sæi út af fyrir sig full rök til þess að halda þessum fundi áfram nokkuð enn.

Ástæðan fyrir því að ég kem hingað aftur er fyrst og fremst ein. Það kom fram í svari hæstv. utanrrh. áðan við beinni spurningu frá mér að það umtal sem verið hefur á undanförnum misserum um áform um að reisa annan hernaðarflugvöll á Íslandi á við rök að styðjast. Forsvarsmenn herafla NATO hafa sýnt á því áhuga, komið áhuga sínum á framfæri má kannske orða það, við hæstv. utanrrh. eða embættismenn hans að fá að reisa hér slíkan herflugvöll. Og þar með er skýringin komin á umtali og umræðum um svonefndan varaflugvöll.

Ég vil, vegna þess einnig að hæstv. utanrrh. gat þess að þetta mundi birtast í skriflegu svari við fsp. á morgun sem þá lýtur þeim reglum að koma ekki til umræðu nema það sé sérstaklega tekið fram, nota þetta tækifæri sem gefst, vegna þess að utanríkismál eru til umræðu og á dagskrá, til að mótmæla öllum áformum af þessu tagi, um fjölgun hernaðarmannvirkja í landinu, um að draga ný byggðarlög og nýja landsfjórðunga inn í þessa útþenslu hernámsins. Og ég sé engin efnisleg rök fyrir því að við Íslendingar heimilum slíka framkvæmd.

Ég nefndi það áðan í minni ræðu að við gætum að öllum líkindum á farsælan hátt leyst úr því máli sem menn hafa nokkuð rætt um, þ.e. að búa betur en nú er út varaflugvöll fyrir okkar eigið millilandaflug og það flug annað sem á leið um nágrenni Íslands. Ég hef látið sérfróða menn gera á þessu fyrir mig sérstaka athugun, menn sem eru vel að sér um þróun þessara mála, tæknilega séð, og fylgjast með þeim dag frá degi gegnum sín störf. Þeir hafa m.a. vakið athygli mína á því að sú umræða sem reis fyrir nokkrum mánuðum og misserum síðan um nauðsyn þess að taka tillit til nýrrar gerðar flugvéla, tveggja hreyfla farþegaþota, við gerð áætlana í farþegaflugi yfir Atlantshafið, fari nú hjaðnandi vegna þess að þessar tegundir flugvéla hafa reynst svo öruggar við ítrekaðar prófanir og þá lengri reynslu sem á þær er komin að nú er verið að slaka á kröfum hvað varðar nálægð þeirra á hverjum tíma við næsta flugvöll. Þetta þýðir það að mati þessara sérfróðu manna að það mun ekki vera að vænta þrýstings úr þessari átt eins og sumir hafa haldið fram.

Í öðru lagi benda menn á það að þotuflug hefur verið stundað frá og til Akureyrarflugvallar um árabil og tekist vel.

Í þriðja lagi er nú komin reynsla á aðflug að Akureyrarflugvelli úr báðum áttum. Það var til skamms tíma þannig að ekki var talið tryggt aðflug fyrir stærri flugvélar úr suðri í blindflugi en nú hefur þetta verið um nokkurt skeið og gefist vel.

Enn fremur er á það bent að ný aðflugstækni sé í prófun sem að öllum líkindum muni gera það óhagræði sem landfræðilegar aðstæður skapa við Akureyrarflugvöll í dag að engu og það muni einfaldlega þýða það að allar venjulegar tegundir flugvéla geti athafnað sig þar með fullkomnu öryggi í flestöllum veðrum.

Þá er það sem eftir stendur hugsanlega það að það þarf að búa eitthvað betur að Akureyrarflugvelli en nú er, hugsanlega lengja flugbraut um einhver hundruð metra og breikka flughlöð og öryggissvæði. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að það er sú lausn sem er langskynsamlegust og eðlilegust í þessu máli út frá sjónarhóli okkar Íslendinga og það sem kannske er betra, hún sýnist vera fullkomlega á okkar valdi og viðráðanleg af efnahagslegum ástæðum fyrir okkur sjálfa.

Með allt þetta í huga, herra forseti, alveg sérstaklega, þá vil ég endurtaka það að ég mótmæli öllum hugmyndum um að gefa nokkurn kost á því að í landinu verði settur á fót annar herflugvöllur. Einn er miklu meira en nóg. Einn er einum flugvelli of mikið til þessara nota. Það mundi þýða enn breytingu á aðstæðum á Íslandi ef við léðum máls á slíkum hlutum og enn alvarlegri breytingar vegna þess að þessi flugvöllur færðist enn norðar og yrði væntanlega bækistöð flugsveita sem þá gætu enn sótt norðar og nær þeim andstæðingi sem um er rætt í þessu efni og mundu þá auka á það árásar- og ógnarhlutverk sem herafli héðan frá Íslandi hefur nú þegar og ég kæri mig ekki nokkurn hlut um að eiga aðild að, allra síst þegar það blæs eins og nú gerir í þessum málum.

Ég fagna því út af fyrir sig að það hefur komið fram að þessi áform eru á döfinni. Ég fagna því að ekki er lengur við algeran draug að slást í þessum efnum en það er einmitt athyglisvert að orðrómur um það að slík áform væru uppi hefur nú verið til tals hér um líklega tveggja ef ekki þriggja ára skeið þegar það er í fyrsta skipti staðfest af hálfu þeirra manna sem fara með utanríkismálin á Íslandi. Þetta endurspeglar þá atburðarás sem verið hefur í hverju málinu á fætur öðru. Um árabil var búið að ræða t.d. um þá stjórnstöð sem í

fyrsta skipti var viðurkennt að ætti sér stoð í raunveruleikanum á Alþingi Íslendinga í fyrravetur en er núna komin á framkvæmdaáætlun ári síðar. Það er ekki síður þessi atburðarás sem er ástæða til að hafa í huga og gagnrýna sérstaklega, burtséð frá eðli einstakra hernaðarmannvirkja í það og það skiptið.

Efri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjfrv. 364. mál (þskj. 659, n. 852, brtt. 853). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég get endurtekið það sem ég sagði hér við fyrri umræðu þessa máls og lagt á það aftur og enn ríkari áherslu að hér er um að ræða afar mikilvægt mál fyrir landbúnaðinn.

Skuldbreytingar hafa átt sér stað með nokkurra ára millibili allt frá árinu 1962 og hafa raunar á þessu tímabili skilað miklum árangri. Það er hins vegar augljóst mál að eftir að verðtrygging hefur verið tekin upp á þau lán, eins og önnur sem landbúnaðurinn hefur aðgang að, hefur þessi skuldbreyting ekki skilað tilætluðum árangri og skapast hafa erfiðleikar í sambandi við skil á þessum lánum. Þess vegna ber að fagna því að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að gera þessi viðskipti landbúnaðarins við Stofnlánadeildina stórum hagkvæmari en verið hefur.

Eins og fram kemur í nál. er hér um það að ræða að færa skuldbindingar veðdeildarinnar yfir til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það er gert með þeim hætti að Stofnlánadeildin eignast þau bréf sem deildin hefur gefið út til bænda og tekur á móti skuldbindingum að sama marki. Ég lagði á það áherslu við fyrri umræðu að þessar tvær stærðir yrðu að vera jafnar, þ.e. að skuldbindingar Stofnlánadeildarinnar eftir þessa breytingu yrðu jafnar þeim bréfum sem deildin eignast. Til að tryggja að svo yrði frá málum gengið hefur nefndin lagt fram brtt. sem tekur af öll tvímæli í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira. Meginrökin koma fram í nál. og þar eru tilgreindar þær stærðir sem hér liggja til grundvallar. Ætti það að vera fullnægjandi til frekari skýringar við það sem ég hef hér sagt. Eins og fram kemur í nál. undirrita allir nefndarmenn nál. að undanskildum einum sem var fjarstaddur við afgreiðslu málsins, þ.e. Kolbrún Jónsdóttir. Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 853 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Verkfræðingar, stjfrv. 312. mál (þskj. 846). — Ein umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er komið til okkar á ný. Því var breytt í Nd. Tvær breytingar voru gerðar þar. Önnur var sú að orðin „möbel- og interiörarkitekt", sem voru í sviga í frv., eru felld niður.

Hin breytingin er sú að í frv. eins og Ed. afgreiddi það var gert ráð fyrir að engum mætti veita leyfi sem frv. fjallar um nema hann hefði stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla „eða aðra sérskóla sem stéttarfélag húsgagna- og innanhússhönnuða viðurkennir sem fullgilda skóla í þeirri grein". Þessu breytti Nd. á þann veg að ákvæðið er nú svohljóðandi: „eða aðra sérskóla sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags húsgagna- og innanhússhönnuða".

Iðnn. hefur tekið frv. á ný til athugunar með tilliti til þessara breytinga og samþykkt einróma að mæla með frv. eins og það kemur nú breytt frá Nd.

Er þetta vottur þess hversu þýðingarmikið er fyrir Alþingi Íslendinga að sitja í tveim deildum. Það er ekki einungis að þessi hv. deild geti leiðrétt Nd. heldur getur það komið fyrir að Nd. leiðrétti Ed. eins og hefur verið gert í þessu tilviki.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 888).

Lausaskuldir bænda, stjfrv. 365. mál (þskj. 660, n. 854). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. Ed. Alþingis sem lagt er fram á þskj. 854. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Þetta frv. er í rauninni fylgifrv. með frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins þar sem kveðið er á um heimild til stjórnenda veðdeildarinnar að yfirfæra þær skuldbindingar, sem hún er í gagnvart lausaskuldum bænda, yfir í Stofnlánadeildina.

Undir nál. rita allir nefndarmenn nöfn sín nema Kolbrún Jónsdóttir sem var fjarstödd við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil bara að það komi fram í þessari umræðu, þar sem ég gat ekki verið viðstödd á þeim nefndarfundi þegar þetta mál var afgreitt, að ég er þessu alveg sammála. Ég tel það vera til einföldunar og bóta að lausaskuldir bænda skuli vera hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og tel það í einu og öllu eðlilegt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, stjfrv. 275. mál (þskj. 510, n. 858). — 2. umr.

Frsm. (Jón Sveinsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46 frá 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nefndin hefur rætt það frv. sem hér um ræðir og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Frv. sem slíkt þarfnast ekki sérstakrar skýringar svo stutt sem það er. Undir álitið rita allir nefndarmenn svo sem fram kemur í nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, stjfrv. 268. mál (þskj. 501, n. 859). — 2. umr.

Frsm. (Jón Sveinsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 frá 1. júní 1979, sbr. síðari lög nr. 70 frá 30. maí 1984. Nefndin hefur rætt það frv. sem hér um ræðir og komist að þeirri niðurstöðu að það skuli samþykkt óbreytt. Um frv. er ekki mjög mikið að segja, þetta er fylgifrv. með frv. um breytingar á samningalögum nr. 7/1936. Undir nál. rita allir nefndarmenn félmn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv. 366. mál (þskj. 661, n. 861). — 2. umr.

Frsm. (Jón Sveinsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54 frá 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Nefndin hefur rætt það frv. sem hér um ræðir og mælir eindregið með því að það verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita allir nefndarmenn félmn.

Um frv. sem slíkt er ekki mjög mikið að segja. Það tekur til dráttarvaxta á meðlagsgreiðslum svo sem kunnugt er og horfir það til bóta.

Jón Magnússon: Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé dálítið bráðræði að ætla að samþykkja frv. með þessum hætti án þess að taka fleiri atriði inn í myndina og þá sérstaklega það að varðandi innheimtu meðlagsskulda gilda ekki almenn fyrningarákvæði laga. Um þær skuldir sem dráttarvextir gilda um gilda stystu fyrningarfrestir í íslenskum lögum, en enginn fyrningarfrestur gildir á meðlagsskuldum. Af þeim ástæðum held ég að eðlilegt væri að bíða með að samþykkja frv. þangað til hefur verið búið til heilstætt frv. þar sem fyrningarfrestir á skuldum sem bera dráttarvexti eru sambærilegir eða stystu frestir sem um getur. Meðan það er ekki gert og frv. er svona get ég ekki greitt því atkvæði.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þó að ég eigi aðild að því að mæla með samþykkt frv. gerði ég mér grein fyrir þessu atriði, en taldi það ekki mikilvægt að svo komnu máli einfaldlega vegna þess að sá galli, sem hv. 1. þm. Reykv. bendir á, kemur í raun og veru ekki til álita fyrr en eftir drjúgan tíma, þ.e. eftir gildistöku þessara laga og þeirra fyrningarfresta sem hugsanlega ættu að gilda í þessum tilvikum miðað við aðra innheimtu með dráttarvöxtum. Því er fullt tækifæri, að því er ég tel, til að taka þessa hluti annaðhvort sértækt til endurskoðunar í þessu tilviki eða þá, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á, að hugsa þetta í heild með tilliti til innheimtu annarra skulda einnig. Þess vegna tel ég allt í lagi að samþykkja þetta hér og nú, einfaldlega vegna þess að við höfum þó einhvern tíma fyrir okkur til að bæta um betur.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Vegna þeirra athugasemda sem komu fram hjá hv. 1. þm. Reykv. hef ég rætt við formann nefndarinnar og hann um það hvort ekki væri rétt að málið gengi til nefndar aftur á milli 2. og 3. umr. til skoðunar á þessu efni þannig að við gætum sameinast um að vísa því til 3. umr. Þeir eru báðir samþykkir því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður Íslands, stjfrv. 416. mál (þskj. 767, n. 869). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur skoðað mál þetta og fengið sér ráðgjafa. Þetta er tiltölulega einfalt mál. Það hnígur að því að ríkisviðskiptabanki, sem viðskrh. ákveður, taki við öllum eignum og skuldum Söfnunarsjóðs Íslands. Söfnunarsjóður Íslands var stofnaður 1888 og var merk stofnun fyrr á árum, en hefur síðan nánast þornað upp. Í sjóðnum eru mörg hundruð smásjóðir, ýmiss konar minningarsjóðir og annað slíkt, sem eru kannske nokkrar krónur eða nokkur hundruð króna og enginn sinnir um. Heildarniðurstöðutala efnahagsreiknings er 4 millj. 793 þús. kr. og varasjóður er 112 þús. kr. Þessi sjóður á ekki neinu hlutverki að gegna lengur og nauðsynlegt er að fram fari innköllun á kröfum á sjóðinn og hann verði síðan í vörslu einhvers annars aðila.

Nefndarmenn skrifa allir undir nál. þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Söluskattur, stjfrv. 401. mál (þskj. 742, n. 870). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur skoðað mál þetta og mælir einróma með samþykkt frv. Stefán Benediktsson var viðstaddur fundi nefndarinnar og er samþykkur því áliti.

Hér er um að ræða þá meginreglu, sem gilt hefur við söluskattsálagningu þar sem fyrirtæki annast ýmiss konar þjónustu fyrir sjálf sig, ef svo má að orði komast, eða láta vinna á verkstæðum vinnu sem verktakar taka einnig að sér, að þá verði reiknaður söluskattur. Þetta hefur verið svo í framkvæmd um langa tíð og gert ráð fyrir að það verði þannig áfram, en nýlega féll dómur sem Eimskipafélag Íslands höfðaði, í undirrétti að vísu, þar sem skattheimtu af þessu tagi var hnekkt. Því er nauðsynlegt að úr verði bætt. Að vísu gerir fjmrn. ráð fyrir að vinna þetta mál í Hæstarétti, en enginn veit það auðvitað fyrir fram. Þess vegna er eðlilegt að bæta úr þessu. Þarna er ekki um efnislega breytingu að ræða frá framkvæmdinni heldur einungis staðfestingu á því að framkvæmdin skuli vera sú sem hingað til hefur verið.

Þess má geta að Landssamband iðnaðarmanna leggur mjög ríka áherslu á að allur vafi verði þarna af tekinn vegna þess að svo gæti farið að starfsemi sjálfstæðra verkstæða mundi meira og minna leggjast niður ef öll fyrirtæki færu af þessum ástæðum að hafa sérstaka menn í þjónustu sinni til þess að annast allar slíkar viðgerðir og framkvæmdir.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er rétt og eðlilegt að þetta frv. nái fram að ganga og um það voru ekki skiptar skoðanir í nefndinni. Ég vildi hins vegar við þetta tækifæri láta koma fram og minna á að við Alþýðuflokksmenn höfum margsinnis bent á hversu gallað og gloppótt þetta söluskattskerfi er og kannske ekki síst vegna þess hversu margar ólíkar og fjölbreyttar undanþágur eru í gildi. Raunar var þetta staðfest síðast í gær þegar hæstv. fjmrh. svaraði fsp. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í Sþ. um skattsvik og starfshóp sem unnið hefur að athugun á þeim. Kom fram í svari hans ágiskun um hve mikið mundi undandregið af söluskatti sem ætti ríkinu að skilast. Sjálfsagt hefur það verið mjög varlega áætlað. Ég vildi aðeins við þessa umræðu láta koma fram að enda þótt við fylgjum þessari breytingu nú erum við ekki að leggja neina blessun yfir það kerfi sem er við lýði. Það er götótt, gloppótt og gallað á margan veg og því þarf að breyta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, stjfrv. 295. mál (þskj. 847, n. 872). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Frv. hefur verið til umræðu í Nd. og var samþykkt þar með nokkrum breytingum sem liggja fyrir á þskj. 847. Nefndin hefur rætt frv. og hafa komið til viðtals við nefndina þeir aðilar sem undirbjuggu málið. Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt og skrifar nefndin öll undir nál.

Síðan málið var afgreitt frá nefndinni hefur borist skrifleg grg. frá Hallvarði Einvarðssyni rannsóknarlögreglustjóra og vil ég mælast til þess að nefndin fái ráðrúm til að taka þá grg. til umræðu á milli 2. og 3. umr. málsins, en nefndin mælir með að það verði samþykkt til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. 26. mál (þskj. 819, n. 855). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta mál og eins og fram kemur í nál. leggur nefndin til að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 868 (sbr. 636 og 602), brtt. 710, 740). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. á þskj. 884, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga og er með því að reyna að feista þess á síðustu stigum við afgreiðslu málsins í þessari virðulegu deild að fá fram lífsnauðsynlega breytingu á frv. Till. skýrir sig sjálf, en hún kveður á um að IX. kafli frv. falli brott og eldri lög um það efni, sem þar er um fjallað, gildi þar til búið væri að endurskoða efni IX. kaflans og komast að niðurstöðu við þá endurskoðun.

Við fyrri umræðu gat ég þess allrækilega hver væri meginágreiningur við þessa lagasetningu og ætla ekki að fara yfir það svið aftur. En í fáum orðum sagt er hann sá að smæstu og veikustu sveitarfélögin eru skilin eftir og hlutur þeirra og aðstaða eru stórlega skert frá því sem áður hefur verið með því að svipta þau því lögbundna samstarfi sem þau hafa átt í gegnum sýslunefndirnar.

Það hefur bæði komið fram í tillöguflutningi hér í deildinni við afgreiðslu málsins og eins í máli manna að menn greinir á um stærð sveitarfélaganna, þ.e. lágmarksstærð þeirra, og mér er ljóst að það sjónarmið að stækka sveitarfélögin jafnvel upp í 400 til 500 íbúa á ákveðinn hljómgrumm meðal alþm. Frá því hefur hins vegar verið horfið í frv. og því fagna ég. En þá stendur út af einmitt það, sem skiptir meginmáli við þennan frumvarpsflutning, að sjá fyrir því að með lögbundnu

samstarfi geti litlu sveitarfélögin tekist á við verkefni sem þeim eru oft og tíðum ofvaxin hverju um sig en hafa gott vald á með því að starfa saman með formlegum og lögbundnum hætti. Þetta er grundvallaratriði í málinu og á þessu skerst málið. IX. kaflinn, eins og hann er, og 6. gr. eru ófær um að tryggja litlu sveitarfélögunum þau nauðsynlegu réttindi sem þau hafa haft með samstarfi á sýslugrundvelli og eru nú í rauninni svipt. Þess vegna hef ég flutt till. sem mundi einungis hafa þau áhrif að þessi skipan yrði óbreytt um sinn, jafnframt því sem kveðið væri á um, eins og fram kemur í 3. lið till., að slík endurskoðun færi fram og þá væri hægt með eðlilegum hætti að ráða þessu máli til lykta.

Ég vil svo, virðulegur forseti, að endingu vekja athygli hv. þm. á því að þó að menn greini á um stærð sveitarfélaga hljóta menn hins vegar, þegar fengist hefur niðurstaða hvað snertir þá stærð, að geta sameinast um þessa tillögu vegna þess að hún, ef samþykkt yrði, mundi ráða bót á miklum vanda og raunar afstýra miklum háska gagnvart hinum smærri byggðum og dreifbýlinu í landinu. Það hlýtur að vera næstbesti kosturinn fyrir þá sem vilja leysa þennan vanda með stórum sveitarfélögum eftir að tillögur þar um hafa fallið. Þess vegna ætti að geta verið gott samkomulag um þessa tillögu hér í deildinni ef skynsemin fær að ráða.

Frsm. 3. minni hl. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Í tilefni af þeirri brtt. sem hér er fram komin verður að viðurkenna að hún er nokkuð seint til orðin. Þó að maður (**EgJ:** Það er ekki búið að afgreiða málið enn.) hafi þegar fyrir nokkru verið búinn að gera sér grein fyrir andstöðu hv. 11. landsk. þm. við þetta frv. teldi ég eðlilegt að deildin tæki sér einhvern tíma til að skoða brtt. Með hliðsjón af því, sem hefur komið fram í þessum umræðum, að nefnd sú sem fjallaði um þetta frv. tók sér aldrei ýkja mikinn tíma til þess ætti ekki að vera mikil eftirsjá að einhverjum smátíma í að skoða þessa till. og frv. hvort við hliðina á öðru.

Það skal ósagt látið hversu lífsnauðsynleg breyting það er sem hér er gerð tillaga um á frv. sem fyrir okkur liggur. Aftur á móti tel ég að það að fella algjörlega á brott IX. kaflann úr frv. sé í raun og veru mjög einföld og skiljanleg viðurkenning á því að hann er bæði í sínu fyrra formi og núverandi formi eftir breytingar Nd. gagnslaus og ónýtur og því alveg fyllilega réttlætanlegt að fella hann algjörlega á brott.

Í gærkvöld fór hér fram umræða um utanríkismál. Þar minntist ég á að í skýrslu utanrrh. kemur fram að í nóvember s.l. undirritaði Geir Hallgrímsson þáverandi utanrrh. í Strasbourg undir Evrópusamning fyrir Íslands hönd um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Ég hef ekki haft tækifæri til að verða mér úti um þennan samning í heild sinni, en í skýrslu utanrrh. á bls. 19 er að finna útdrátt, mjög stuttan, úr þessum samningi og þar segir m.a., og verðum við að trúa því að það sé nokkuð sannferðug lýsing á innihaldi samningsins, að opinber þjónusta skuli almennt falin stjórnvöldum sem næst standa þegnunum og að sveitarstjórnir skuli hafa ákvörðunarvald til að laga eigin stjórnkerfi að staðbundnum þörfum, sveitarstjórnir sjálfar skuli hafa ákvörðunarvald um að laga eigin stjórnkerfi að staðbundnum þörfum. Ég fæ ekki betur séð en að það frv. sem hér er til umfjöllunar og við erum að tala um, meira að segja að afgreiða sem lög frá Alþingi innan skamms, stangist gjörsamlega á við þau markmið sem í þessum samningi eru sett fram.

Í þessum samningi er greinilega viðurkennd sú staðreynd, sem öllum mönnum er almennt orðin ljós í dag, að ríki er ekki til fyrir sjálft sig. Það er ekki tilgangur í sjálfu sér. Sveitarstjórn er ekki tilgangur í sjálfu sér. Stjórnapparöt eru til fyrst og fremst fyrir það fólk sem um er að ræða hverju sinni. Þess vegna eru það engin rök fyrir samþykkt frv. að það sé að einhverju leyti gagnlegt fyrir sveitarstjórnir. Á meðan ekki er hægt að sanna óyggjandi að þetta frv. komi raunverulega að einhverju gagni fyrir það fólk sem við erum að tala um, á meðan ekki er hægt að sanna að þetta frv. leysi vanda þess fólks sem við erum að tala um, á meðan þetta frv. gerir ekkert nema þá til hins verra til að stöðva þá óheillavænlegu þróun sem við horfum upp á í dag, og þá á ég við flóttann af landsbyggðinni, er engin ástæða til að samþykkja það. Ég sé ekki að sveitarstjórnarmönnum á Íslandi sé neitt betur þjónað þó að þeir sitji eftir einir heima í héraði með eitthvert stjórntæki sem er gott fyrir þá en ekkert fólk lengur til að þjóna.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að hafa langt mál núna og skal ekki gera það. Aðallega ætlaði ég að vekja athygli á því hvernig þetta frv. fer í gegnum þingið, ef það fer þá í gegn eftir síðustu tíðindi því að hlutirnir gerast býsna hratt nú. Nú hefur einn stjórnarliða, sem hefur reyndar ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu um þetta frv. af eðlilegum ástæðum, lagt fram ég vil segja úrslitatilraun sína til að hindra að málið nái fram að ganga. Ekki lái ég honum það miðað við í hvers konar skötulíki m.a. IX. kafli frv. er vissulega. En ég hygg samt sem áður að í þessu tilfelli verðum við að láta þá stjórnarliða um það að kljást um þessar breytingar á síðustu og verstu tímum í sambandi við þessi sveitarstjórnarlög og því hygg ég að ég blandi mér ekki í þessi innbyrðis átök þeirra sem reyndar komu miklu skýrar og betur fram og af miklu meiri hörku í Nd. en hér í Ed. Ég er ekki tilbúinn til þess þó maður vildi gjarnan fá nokkurt ráðrúm til að skoða þessar till. því maður er varla búinn að lesa þær yfir þegar þær eru komnar hér til umræðu þó að það sé auðvitað býsna skýrt hvað við er átt.

Það má búast við því þrátt fyrir þetta að málið muni drattast í gegnum þingið á fjórum fótum eða varla það og þessar síðustu brtt. sýna best að meira að segja sú tilraun hæstv. félmrh. að lengja örlítið lífdaga sýslunefnda til að koma til móts við þá sjálfstæðismenn hefur ekki dugað þeim, a.m.k. ekki öllum, og þeir vilja fá eitthvað meira fyrir snúð sinn en þeir hafa hingað til fengið.

Ég held að það sé rétt að vekja athygli á því að ef mál skipast svo sem þau gerðu við 2. umr. treysta ellefu þm. í þessari hv. deild sér til að styðja þetta frv. og þó með hangandi hendi þannig að forseti náði varla fram atkvæðagreiðslum hér. Það voru tíu með sumum greinum og alllengi stóð það í því. En við skulum hafa þá ellefu engu að síður sem munu með semingi greiða þessu atkvæði. Í Nd. voru það átján við lokaafgreiðslu málsins sem greiddu frv. atkvæði. Það þýðir, þó frv. eigi eftir að fara aftur niður í Nd., að ef við hefðum afgreitt þetta núna með þessum hætti og ef stjórnarliðið fellir

brtt. þær sem bornar eru fram af hv. 11. landsk. þm. hefðu 29 þm. gengið frá þessum stóra lagabálki, stóra lagabálki óneitanlega þó að með mörgum breytingum sé til bóta eins og ég hef tekið fram áður. Þetta er makalaus afgreiðsla á stórmáli ef hlutirnir réttast þá ekki eitthvað af í Nd. þegar þeir koma þangað aftur. Mér segir svo hugur um að hæstv. félmrh. hafi eiginlega tryggt að þegar þetta mál fer aftur niður í ljónagryfjuna í neðra sé miklu meiri ástæða til að halda að frv. hreinlega dagi þar uppi.

Hins vegar veit ég að ýmsir bíða afgreiðslu vegna komandi kosninga á þessu máli. Þetta snýr að mörgu þar. M.a., svo að maður minni á eitt atriði, breytist fjöldi meðmælenda á framboðslistum nokkuð með þessum nýju lögum, verði frv. að lögum, eftir stærð sveitarfélaganna.

En um eitt tiltekið atriði vildi ég spyrja hæstv. félmrh. og það varðar utankjörfundarkosningu og hversu háttað verði framgangi hennar í vor. Það er vitað mál að vísu að með styttingu þess frests sem nú verður staðreynd varðandi framboðslista, þ.e. frest til að skila framboðslistum þrem vikum og þrem dögum fyrir kjördag í stað fjögurra vikna og fjögurra daga eins og áður var, verður vitanlega styttri tími til utankjörfundarkosninga, en ég legg áherslu á að hann þyrfti að vera sem allra lengstur innan þessara marka.

Í 64. gr. laga um kosningar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að framboðslistar hafa verið auglýstir skv. 2. málsgr. 42. gr. og eigi seinna en tveim vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags eiga kjósendur rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar" o.s.frv.

Hér er að vísu heimild til að fara allt niður í tvær vikur fyrir kjördag. Ég tel að það væri mikill munur, sérstaklega með tilliti til þeirrar óvissu sem þessi mál hafa verið lengi í, mjög æskilegt a.m.k., að hæstv. ráðh. beitti sér fyrir því að þessi tími yrði lengdur svo sem kostur er. Þetta er alveg sér í lagi mikil nauðsyn vegna fólks erlendis sem oft þarf verulega fyrir þessu að hafa, þarf tíma og tök til að neyta þess réttar sem við öll viljum að allt fólk njóti sem jafnast og best hvar sem það kann að vera ef nokkur tök eru á því fyrir það að neyta þessa sjálfsagða réttar.

Ég hef heyrt utan að mér að það eigi að fara yfir í þetta þrengsta ákvæði, þ.e. tvær vikur aðeins fyrir kjördaginn. Mér þykir það býsna skammur tími þó ég geri mér grein fyrir því að það þarf að hafa hröð handtök eftir að framboðslistar eru komnir fram til að koma tilheyrandi gögnum á þá ýmsu staði sem þau þurfa að berast varðandi upplýsingar um t.d. listabókstafi og annað því um líkt til að fólk geti á skýran og eðlilegan hátt neytt síns atkvæðis. Ég vil samt ekki trúa því að það eigi í raun og veru að vera svona skammur tími sem þetta fólk hefur til að neyta þessa réttar. Mér þætti eðlilegra að það væri ekki minna en 17–18 dagar. Það finnst mér eiginlega lágmark í sambandi við þetta þó að samgöngur séu góðar, með tilliti til þess þó að oft þarf þetta að fara krókaleiðir til þess að komast aftur til Íslands þegar búið er að greiða atkvæði.

Ég spyr því hæstv. ráðh. hver ætlunin sé varðandi utankjörstaðakjörið og hvernig að því muni staðið einmitt í ljósi þess styttri tíma sem líður frá framboðum endanlega og til kjördags og þeirra ákvæða sem hann hefur í lögum til kosninga til Alþingis sem ég vitnaði til áðan. Ég treysti a.m.k. á það, og læt það verða mín síðustu orð hér núna, að sá tími verði sem rýmstur og bestur, m.a. sér í lagi vegna námsfólks erlendis og annarra Íslendinga úti sem ber skylda til að gera sem auðveldast að nýta sér þessi grundvallarmannréttindi.

Sturla Böðvarsson: Virðulegi forseti. Svo sem fram hefur komið hefur í langan tíma verið fjallað um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna. Á vettvangi sveitarstjórna markar landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga sameiginlega stefnu sveitarstjórna. Þar hefur verið fjallað um grundvallaratriði sveitarstjórnarlaga og mörkuð sú meginstefna að í landinu verði tvö stjórnsýslustig, þ.e. sveitarfélög og ríki, þar sem sveitarfélögin hafi svæðisbundið samstarf á grundvelli héraða og landshluta svo sem þróast hefur eftir verkefnum.

Það frv. sem hér er til lokaafgreiðslu er í meginatriðum samið af nefnd sveitarstjórnarmanna, svokallaðri endurskoðunarnefnd, en í þeirri nefnd áttu þingflokkar fulltrúa auk þess sem Samband ísl. sveitarfélaga tilnefndi fulltrúa í þá nefnd. Að gefnu tilefni vegna andstöðu Alþfl. og Alþb. er rétt að minna á að meðal nefndarmanna sem sömdu þetta frv. í meginatriðum voru oddvitar sveitarstjórnarmanna í Alþfl. Magnús H. Magnússon og í Alþb. Sigurjón Pétursson.

Frv. ber þess auðvitað merki að ótal málamiðlanir hafa verið gerðar svo meginlínur mætti leggja og koma á endurbótum á þessari mikilvægu löggjöf sem varðar grunneiningu íslenskrar stjórnsýslu. Það er löngu vitað að með breyttum tímum, breyttum verkefnum sveitarfélaga, m.a. vegna margs konar löggjafar, hefur reynst nauðsynlegt að færa sveitarstjórnarlög að þeim starfsháttum og verkefnum sem nútíminn gerir kröfu til.

Ég mun ekki við lokaafgreiðslu þessa máls ræða forsendur breytinga eða gagnrýni á frv. heldur gera nokkra grein fyrir þeim meginendurbótum sem ég tel að frv. feli í sér. Ég hirði heldur ekki um að gera úttekt á málflutningi stjórnarandstöðunnar sem mótast m.a. af því að einstakir flokkar hafa ekki mótað málefnalega afstöðu til sveitarstjórnarmála svo sem fram kom hér í deildinni við 2. umr. hjá hv. 5. landsk. þm. um afstöðu Alþfl.

Hins vegar mætti margt um málflutning stjórnarandstöðunnar segja, en ég læt það kyrrt liggja að þessu sinni. Umræður um þetta frv. hafa verið töluvert miklar og það hefur fengið góða og ítarlega umfjöllun á vettvangi sveitarstjórna og á vettvangi flestra flokkanna. Þá eru meginbreytingartillögur við frv. byggðar á ályktun flokksráðs Sjálfstfl.

Svo sem fram hefur komið fyrr í ræðu minni byggir frv. á þeirri meginstefnu að stjórnsýslustigin verði tvö. Um það hefur ekki verið mjög mikið deilt í röðum sveitarstjórnarmanna svo sem ályktanir landsþings og fulltrúaráðsfunda ár eftir ár bera með sér. Hins vegar hefur komið fram að ýmsir telja að landsbyggðin muni því aðeins styrkja stöðu sína að inn komi þriðja stjórnsýslustigið er taki við verkefnum bæði frá ríki og sveitarfélögum. Á þessa röksemd get ég ekki fallist og tel að staða landsbyggðarinnar eða einstakra landshluta muni ekki, þegar til lengri tíma er litið, ráðast af stöðu stjórnsýslunnar í landinu þó að hún hafi veruleg áhrif að sjálfsögðu.

En svo ég víki að frv. eru meðal nýmæla og endurbóta í frv. mörg atriði og ég vil nefna sex þau mikilvægustu auk lækkunar kosningaaldurs í 18 ár.

1. Ákvæði eru um lágmarkstölu íbúa í sveitarfélögum. Fellt er inn í heildarlöggjöf ákvæði er varðar sameiningu sveitarfélaga þó ekki sé þar gengið eins langt í þeim efnum og t.d. Alþfl. hefur lagt til. Fæ ég ekki séð hvernig Alþýðuflokksmenn hugsa sér að ná fram því stefnumarki sínu að sameina sveitarfélög strax þannig að 400 íbúar verði lágmarkstala hvers sveitarfélags.

2. Mjög ítarleg ákvæði og nauðsynleg eru um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna og fjármál sveitarfélaga auk þess sem ítarleg ákvæði eru um nefndir og ráð og tengsl þeirra við sveitarstjórnir sem er afar mikilvægt atriði. Auðvitað er hér ekki um að ræða þætti er varðar beint lífsafkomu ákveðinna landshluta, en engu að síður er hér um að ræða mikilvæg atriði sem varða stjórnun sveitarfélaga.

3. Heimild er til að kjósa nefnd til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélaga. Hér er um að ræða valddreifingu og nýmæli sem heimila að ákveðin verkefni sem að mati sveitarstjórna eru best komin í höndum þeirra sem á viðkomandi svæði búa verði í höndum sérstakrar nefndar. Má ætla að þetta ákvæði verði nýtt ef um sameiningu ákveðinna sveitarfélaga verður að ræða. Skv. 58. gr. frv. má ákveða að slík nefnd verði kjörin í almennum kosningum í sveitarhlutanum. Er hér tvímælalaust um að ræða mikilvægan þátt er varðar minni sveitarfélögin ekki síður en hin stærri.

4. Með frv. er gerð sú breyting að réttarstaða allra sveitarfélaga er gerð hin sama. Með samþykkt brtt., sem var kynnt í deildinni nú fyrir stuttu, mundi þetta mikilsverða ákvæði ekki ná fram að ganga. Svo sem hv. þm. þekkja hafa hreppar ekki verið í raun fjárráða og hafa þurft leyfi sýslunefndar til lántöku yfir ákveðnum mörkum og á sama hátt varðandi kaup og sölu fasteigna, auk þess sem sýslunefndir hafa í raun haft ótakmarkaða skattlagningarheimild á hendur sveitarfélögunum. Með frv. er sjálfstæði sveitarfélaganna staðfest en skv. 6. gr. skulu sveitarfélögin hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrám eigin fyrirtækja og stofnana svo að reka megi þau með eðlilegum hætti.

5. Ákvæði eru um samstarf sveitarfélaga sem marka tímamót. Meginhersla er lögð á hvert eitt sveitarfélag, en samstarf verði frjálst og óþvingað svo sem þróast hefur víða um einstök verkefni. Ég tel að með þessum hætti verði ekki á nokkurn hátt gengið á hlut litlu sveitarfélaganna og tel ég að samstarf, bæði á héraðsgrundvelli og landshlutagrundvelli eins og það hefur þróast á undanförnum árum, hafi sannað það. Það samstarf verður nú á grundvelli héraðsnefnda eða byggðasamlaga sem munu styrkja litlu sveitarfélögin til átaka við það mikilsverða verkefni að bæta búsetu í landinu. Það verður ekki gert með tilstyrk annarra en heimamanna sem kjörnir eru til þeirra verka.

6. Ákvæði eru í frv. um samráð ríkis og sveitarfélaga og gerð samstarfssáttmála. Að vísu hefur nú þegar verið komið á slíkum samstarfssáttmála, sem á eftir að þróast og verða gildari en hann hefur þegar orðið, en það mun verða þegar sveitarstjórnir hafa styrkt stöðu sína á grundvelli nýrra laga.

Það hefur komið fram í máli sumra hv. þm. að þeir telja að frv. gangi of skammt meðan aðrir telja að of langt sé gengið í breytingum og óttast hag hinna minni sveitarfélaga þegar sýslunefndir hætta störfum. Um það vil ég segja að að engin hætta er á ferðum, síður en svo, um grundvallarbreytingar verður hins vegar einungis að ræða á sviði sveitarstjórna og til eflingar byggðanna að þessu frv. verði fylgt eftir með nýrri tekjustofnalöggjöf fyrir sveitarfélögin og róttækri uppstokkun á hinum beinu samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Á ég þar einkum við að verkefnum verði með þeim hætti skipt að hrein og glögg skil verði um framkvæmdir og fjármálalega ábyrgð milli ríkis og sveitarfélaga.

Að lokum vil ég minna á að hversu góð löggjöf sem sett verður um stjórnsýslu ræður hún ekki úrslitum um stöðu landshlutanna. Þar mun t.d. ráða úrslitum löggjöf um stjórnun veiða, stefna í skattamálum, löggjöf um húsnæðismál, stefna lánastofnana og afstaða þeirra til einstakra atvinnugreina og landshluta. Á þeim sviðum munu úrslit ráðast hjá landsbyggðinni og þá allri þjóðinni þegar fram líða stundir.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður. Ég vil aðeins segja að mér kom á óvart þessi brtt. frá hv. 11. landsk. þm. vegna þess að ég reiknaði með að þær yfirlýsingar og sú brtt. sem ég lagði fram mundu hafa fært mönnum heim sanninn um að það er ekki meiningin að ganga með neinu offorsi að þessum málum. Ég vil aðeins rifja upp að sú yfirlýsing sem ég gaf var þannig að þegar að lokinni samþykkt frv. mun ég skipa nefnd sem fylgist með yfirfærslu verkefna og eigna sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Nefndinni verði einnig falið að gera tillögur að reglugerð vegna þessara breytinga. Jafnframt gæti nefndin, eftir því sem þurfa þykir, gert tillögur til breytinga á lögunum um þau verkefni er varða verksvið hennar. Nefndin verði skipuð fulltrúum frá félmrn., Sambandi ísl. sveitarfélaga og Sýslumannafélagi Íslands. Félmrn. mun gera sérstakt átak til að aðstoða litlu sveitarfélögin við að kanna hagkvæmni aukinnar samvinnu og/eða sameiningar við nágrannasveitarfélög og beita sér fyrir beinum fjárstuðningi við litlu sveitarfélögin í slíkum tilvikum. Brtt. sem samþykkt var í hv. deild var um það að lengja umþóttunartíma yfirfærslunnar til ársloka 1988. Ég vona samt sem áður að menn átti sig á því að hér er um grundvallaratriði að ræða.

Í sambandi við ræðu hv. 8. þm. Reykv. einu sinni enn verður að líta svo á að ýmsar skoðanir hans, sem hann hefur látið í ljós, séu til orðnar af ókunnugleika á sveitarstjórnarmálum, leyfi ég mér að segja. Hv. þm. ætti að vita að það er verið að færa valdið nær fólkinu í landinu, til sveitarfélaganna sjálfra. Það er verið að efla og auka sjálfstæði sveitarfélaga með þessu frv. Það þekkjum við vel sem höfum unnið að sveitarstjórnarmálum í 20–30 ár. Við vitum vel hvað við erum að tala um. Það er verið að færa valdið nær þegnunum, nær þeim vettvangi sem fólkið býr á. Það er aðalatriðið. **(Gripið fram í:** Getur þú nefnt mér dæmi um það?) Það er í nærri því annarri hverri grein í frv. ef hv. þm. gefur sér tíma til að lesa frekar frv. en þau plögg sem hann las við 2. umr. málsins.

Ég vil segja nokkur orð í sambandi við það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði. Í fyrsta lagi ræddi hann um stöðuna í Nd. Þá vil ég minna á að það voru þrír stjórnarþing-

menn fylgjandi frv. erlendis þegar frv. kom til lokaafgreiðslu. Þannig var meiri hluti í hv. Nd., það vil ég fullyrða, eins og kemur í ljós.

Hann var að spyrja um utankjörstaðaatkvæðagreiðslu. Strax og frv. hefur orðið að lögum mun ég skipa sérstaka embættismannanefnd til að fjalla um framkvæmd kosninganna sérstaklega. Ég hef fullan hug á að ganga til móts við það sjónarmið sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Útlit er fyrir að umræðum sé ekki lokið í þessu máli. Það kom hér fram í máli hv. 8. þm. Reykv. að hann taldi æskilegt að félmn. fjallaði um þessa brtt., sem hér er lögð fram, við 3. umr. sem er ekki óvenjulegt að gert sé án þess að nefndir fjalli endilega um þær. Það háttar nú svo einkennilega til, eins og vitum, að bæði formaður og varaformaður félmn. eru utan þings af eðlilegum ástæðum og þess vegna eru þeir ekki hér til þess að mæla fyrir því máli. Hins vegar hefur skrifari nefndarinnar, hv. 8. þm. Reykv., óskað eftir þessu.

Ég geri mér nú vonir um að nefndin, ef hún telur nauðsynlegt að koma saman, geti þá notað tímann núna eftir kl. 4. Annars verður það þá að koma í ljós síðar á fundinum. En ég hef hugsað mér að fresta þessari umræðu núna. Hv. 11. landsk. þm. hefur beðið um orðið. Að vísu eru ekki fleiri á mælendaskrá (Gripið fram í.) Er hv. 6. landsk. búinn að biðja um orðið einnig? Það hefur farið fram hjá forseta. Ég skal þá setja hann á mælendaskrá og það staðfestir þá enn frekar að umræðunni er ekki lokið. Því mun ég nú fresta þessu máli þar til síðar, þ.e. þegar fundastörf halda áfram hér eftir kl. 5 eins og áður hefur verið getið um.

Umr. frestað.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um selveiðar við Ísland. Ég get verið mjög stuttorður enda fór fram um þetta mál í deildinni á síðasta þingi löng og gagnleg umræða og ætti það að geta orðið til að stytta hana nú, enda er frv. þetta lítið breytt og þm. hafa haft gott tækifæri til að kynna sér það nánar milli þinga. Þær breytingar, sem gerðar eru á frv., eru fyrst og fremst eftirfarandi:

Það er kveðið á um samvinnu við landbrn. við framkvæmd laganna og er það að mínu mati nauðsynlegt mál og sjálfsagt því að þessi mál koma vissulega inn á verksvið þess ráðuneytis og eðlilegt að það fylgist með framkvæmd málanna, m.a. til þess að tryggja hagsmuni þeirra landeigenda sem hér eiga hlut að máli.

Það er gert ráð fyrir því að haft verði samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélagið og Fiskifélagið varðandi ákvarðanir er lúta að friðun eða fækkun sela, en var áður um stjórn og skipulag selveiða.

Ég vænti þess að þetta frv. fái eðlilega meðferð í nefnd og unnt verði að afgreiða það á þessu þingi. Það er mjög brýnt að koma þessu máli frá og koma á stjórnun selveiðanna. Því miður hefur að undanförnu á margan hátt verið snúið út úr máli þessu og það rangfært af ýmsum aðilum sem ég ætla ekki að rekja hér og er það miður. Öllum ætti að vera ljóst að það er nauðsynlegt að grípa til ákveðinna stjórnunaraðgerða og koma á skipulagi þessara mála. Það má endalaust um það deila með hvaða hætti það skipulag skuli vera. Hér er um mikið vandamál að ræða að því er varðar hringorminn, sem verður að taka á, en eðlilega þarf að taka fullt tillit til annarra sjónarmiða og ég fæ ekki betur séð en það sé gert í þessu frv. því að það kemur skýrt fram í því að réttindi landeigenda eru tryggð með þessu frv. og engin ástæða til að ætla að þar verði einhver óeðlilegur atgangur eins og fram hefur komið í þeirri umræðu sem að mínu mati hefur verið verulega villandi.

Ég vil að lokum leggja til að frv. þessu verði vísað til hv. sjútvn. og 2. umr.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera langorður um málið í þetta sinn svo að hægt sé að koma því til nefndar. Hins vegar vil ég leiðrétta það hjá hæstv. sjútvrh. að þetta mál var einmitt ekkert rætt í Ed. í fyrra, alls ekki neitt. Það kom til umræðu síðustu nóttina og var ekkert rætt.

Ég get ekki svarið af mér undirbúning þessa frv. upphaflega. Þó vil ég taka það fram að undir álit undirbúningsnefndarinnar skrifaði ég með fyrirvara og var raunar aldrei sannfærður um það að lögskipan selveiða væri til mikilla bóta frá því ástandi sem þá ríkti, en það var engan veginn gott.

Mér finnst rétt að rifja það upp að þegar svokölluð hringormanefnd ákvað vorið 1982 að greiða veiðiverðlaun til selveiðimanna upphófust mikil æsingaskrif og umræða í fjölmiðlum. Það er óþarfi að rifja upp alla þá undarlegu umræðu en hún beindist fyrst og fremst að hringormanefndinni sem menn töldu vera að fremja lögleysu. Ég vil þó aðeins benda á það að hringormanefnd var kærð án árangurs en það kom í ljós að það var hvergi bannað að veiða sel. Hlunnindahafar máttu veiða á sínu umráðasvæði og aðrir Íslendingar utan þeirra. Þá snerist umræðan upp í það að krefjast þess af stjórnvöldum að þau gerðu eitthvað til að stöðva selveiðar tilkomnar vegna verðlaunaveitinga hringormanefndar. Í framhaldi af þeim þrýstingi skipaði þáv. sjútvrh. nefnd til að semja lagafrv. Ég bið menn að taka vel eftir því að það voru kröfur og þrýstingur andstæðinga selveiðanna, a.m.k. selveiða vegna verðlaunaveitingar hringormanefndar, sem leiddu til lagafrv., ekki kröfur sjávarútvegsins og þaðan af síður fiskverkafólks.

Nú hefur það gerst að frv. um selveiðar hefur verið samþykkt í hv. Nd. ekki síst með atkvæðum þeirra manna sem vilja auka selveiðar, hvetja til fækkunar sela vegna vanda fiskiðnaðarins og ormatínslu úr fiski og vegna þess að mönnum, t.d. úr röðum verkalýðsforingja, er orðið það ljóst að fjöldi sela hefur áhrif á hringormafjölda í fiski, sem aftur hefur áhrif á afkomu fiskvinnslu og möguleika hennar til að greiða hærri vinnulaun. Ég vil taka það skýrt fram að ég fagnaði sérstaklega þeirri yfirlýsingu aðila vinnumarkaðarins í tengslum við síðustu kjarasamninga sem að þessu laut. Hún lýsti skilningi á vandamálinu, dýpri skilningi en ég átti jafnvel von á eftir þann tilhæfulausa áróður sem haldið hefur verið uppi í þessum efnum. Talsmenn febrúarsamninganna hafa nú stutt frv. dyggilega í hv.

Nd. og ég efast ekki um að það hefur verið gert í þeirri góðu trú að með því móti yrði best stuðlað að fækkun sela og minnkun hringormavandans. En svo er alls ekki.

Það er mjög auðvelt fyrir hvern sem lesa vill frv. með athygli að sjá að selveiðar verða með því hindraðar mun meira en nú er. Eina atriðið sem e.t.v. mundi gera selveiðimönnum auðveldara fyrir er að það mundi leyfast að skjóta sel á innanverðum Breiðafirði, en það er nú bannað samkvæmt lögum nr. 30 frá 1925. Að öðru leyti inniheldur frv. mikið til atriði til takmörkunar á selveiðum. Og í því sambandi vil ég biðja menn að lesa 6. gr., en samkvæmt henni er gert ráð fyrir reglugerðum sem í sjö af níu atriðum, sem upp eru talin, mundu draga úr eða takmarka selveiðar, að nokkru leyti a.m.k.

Selveiðar og nytjun selastofnsins hefur á síðustu tveimur árum gengið mun betur en þegar þetta frv. var upphaflega samið. Veiðar hafa farið vaxandi og afurðirnar, þ.e. kjötið hefur verið nýtt til fullnustu eða því sem næst, en skinnin eru auðvitað verðlaus og óseljanleg eftir sem áður. Af þessum ástæðum ber alls ekki brýna nauðsyn til að setja lög nú og alls ekki lög sem allir hlutaðeigendur eru óánægðir með, þ.e. hlunnindahafar, fiskiðnaðurinn sjálfur og náttúruverndarmenn. Ég spyr sjálfan mig til hvers sé verið að berja þetta frv. í gegn nú með látum. Ég spyr hæstv. sjútvrh. — sem hann getur svarað seinna ef tími hans er naumur nú — hvort hann haldi að þeir flokksbræður, því nú eru þeir tveir ráðherrarnir sem eiga að stjórna þessum málum, geti stjórnað samkvæmt þessum lögum í andstöðu við alla sem hlut eiga að máli. Ég er hræddur um það að reglugerðirnar, sem verða bæði margar og langar samkvæmt þessum lögum, verði samdar að skapi þeirra sem duglegastir eru að þrýsta á ráðherrana sem eiga að stýra þessu. Áróður og fjölmiðlabardagi, sem nú hefur legið niðri að mestu í ein tvö ár, mun upphefjast nú um leið og reglugerðirnar verða örugglega fyrir áhrifum af þeim áróðri.

Ég þarf líkast til ekki að ítreka það að ég er fylgismaður þess að selveiðar aukist. Ég er fylgismaður þess að sel, einkum útsel, fækki hér við land. Ég tel að á þann hátt verði fiskiðnaðinum unnið það gagn sem samningamenn vinnumarkaðarins ætluðust til í samningunum um daginn. En það væri alger bjarnargreiði að samþykkja þetta frv. sem sennilega hefði þveröfug áhrif. Ef menn vilja endilega búa til lög um þetta efni þá þarf að semja nýtt frv. fyrir haustið. Það frv. þarf að taka á efninu á miklu markvissari hátt. Það má ekki skilja málið eftir í lausu lofti væntanlegra reglugerða. Ég efast ekki um það að hlunnindahafar og fiskiðnaðurinn muni ná saman í þessu hagsmunamáli beggja, með eða án lagaramma. Ég held líka að náttúruverndarmenn muni ná áttum í þessum efnum. Ég hef undir höndum greinar sem benda til þess að vestur í Kanada hafi náttúruverndarmenn sýnt því skilning að hin mikla fjölgun selastofna þar eftir að veiðar lögðust niður hafi mjög alvarleg áhrif fyrir fiskiðnaðinn þar í landi. Ég hef undir höndum mjög mikið af gögnum sem ég mun kynna hv. þm. þessarar deildar ef þetta frv. kemur til 2. umr.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri. Ég veit og þekki vinnubrögð í hv. sjútvn. þessarar deildar og þar verður málið tekið fyrir efnislega og með eðlilegum hætti.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hvað það tekur langan tíma að afgreiða frv. um selveiðar við Ísland og hversu oft þarf að taka það fyrir á þingi. Ég hélt að mönnum væri orðið það ljóst hversu mikill vágestur selurinn er fyrir fiskiðnaðinn á Íslandi, afkomu fiskiðnaðarins og afkomu fiskvinnslufólks jafnhliða. Ég tel mjög mikla nauðsyn á því að tekin sé afstaða til þess sem fyrst að útrýma sel svo mjög sem unnt er. Ég tel að það megi ekki bíða öllu lengur.

Það var minnst á það hér áðan að aðilar vinnumarkaðarins hefðu sent frá sér yfirlýsingu í tengslum við síðustu kjarasamninga. Það gerði Verkamannasambandið og Samband fiskvinnslunnar og Sambandsfrystihúsanna. Sú yfirlýsing var afdráttarlaus þar sem bent var á að reikna mætti með að launakjör fiskvinnslufólks skertust um 25–30% einungis vegna þess hversu afköst verða miklu minni vegna hringorms sem sannað er að kominn er til í tengslum við selinn.

Það er og ljóst að á þeim svæðum, t.d. í Danmörku og annars staðar, þar sem hringormur er ekki fyrir hendi nema í afar litlum mæli og sjálfsagt í minnstum mæli við Bornholm, þar eru afköst fiskvinnslufólks margföld á við það sem er hér á landi og má rekja það helst til þess hve verkafólk þarf að beina sínum kröftum að því að tína hringorm úr fiskinum.

Það var athyglisvert sem síðasti ræðumaður sagði hér. Hann taldi að þetta frv. væri frekar friðunarfrv. heldur en annað. Ég vil láta reyna á það í nefnd hvort eitthvert sannleiksgildi er í því. Hitt er annað, að ég tel að ákvæði 4. gr. um það að landeiganda einum séu heimilar selveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, sé óþarft og í raun ætti að leyfa hverjum einasta manni, sem það vill, að drepa sel.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég mun ekki fjalla sérstaklega um þetta frv. og ætlaði reyndar ekki að koma hér í ræðustól fyrr en ég heyrði fullyrðingar hv. 6. landsk. þm., Karls Steinars, um það að hringormurinn skerti kaup fiskvinnslufólks á Íslandi um 25–30%. Ég hef ekki trú á því að hv. þm. sé með svona yfirlýsingu af heilum hug hér uppi í ræðustól á hv. Alþingi. Býst hann við því að Vinnuveitendasamband Íslands, samningsaðilarnir sem verkalýðshreyfingin á við, mundi samþykkja það að hækka kaup fiskvinnslufólks um 25–30% sérstaklega ef enginn hringormur væri í fiskinum? (**Gripið fram í:** Gera það með bónus.) Ég geri ekki ráð fyrir því að núna á síðustu mánuðum, þegar fiski, sem er næstum því alveg hringormalaus, hefur verið landað á Breiðafirði, geti fiskvinnslufólk á því svæði komið með útreikning sinna vinnulauna á þann máta að laun þess hafi hækkað um 25–30%. Því hef ég ekki trú á og fullyrðingar í þessa veru standast að mínu mati alls ekki. Og ég er nokkurn veginn viss um það að vinnuveitendur mundu finna leið til þess að draga úr bónusgreiðslunum, ef hlutirnir væru á þann veg að bónusinn væri allt í einu orðinn þetta gífurlega hár gegnumgangandi, þannig að ekki væri of mikill mismunur á milli fiskvinnslufólksins, iðnaðarfólksins og verslunarfólksins og þeirra annarra aðila sem þeir væru að semja við. Nei, hringormurinn hefur ekki svona mikil áhrif á efnahagsástandið og launagreiðslurnar í þjóðfélaginu. Það er nú staðreynd.

En þrátt fyrir það er aukning hringormsins vandamál

sem sjálfsagt er að reyna að takast á við og það er sjálfsagt að reyna að finna leið til þess að halda selnum í skefjum. Það er ekki nýtt vandamál á Íslandi að það sé hringormur í fiski. Það er af og frá. Sjálfsagt hefur það eitthvað aukist á síðustu árum en ekki í neinni líkingu við það sem verið er að tala um oft og tíðum í fjölmiðlum og sumir hafa lagt fram á svipaðan máta og hv. þm. gerði hér, að þetta munaði í kaupgjaldi fiskvinnslufólks um 25–30%. (**Gripið fram í:** Er þm. fulltrúi hringormsins?) Ég tel mig vera alveg fullkomlega fulltrúa þeirra aðila sem vita nokkurn veginn hvað hringormurinn veldur miklum skaða. Ég hef fylgst með þessu máli, ekki aðeins í nokkra mánuði heldur í nokkur ár, og ég veit, eins og ég sagði áðan, að vandamálið í sambandi við hringorminn er ekki nýtt vandamál á Íslandi og við höfum ekki þurft að lækka kaup eða breyta kaupi fiskvinnslufólks vegna þess. Það er af og frá. Og sem betur fer sýnir það sig í dag, þegar fiskgengd eykst á miðunum, að þá er sá fiskur, sem er ekki af grunnslóð, mjög lítið sýktur. Og þær fréttir, sem er verið að setja í fjölmiðla um það að á þessu eða hinu svæðinu sé svo mikið af hringormi að það sé eitthvað um 30 í hverju flaki o.s.frv. (**Gripið fram í:** Kílói.) eða kílói, þær finnst manni einhvern veginn vera pantaðar inn í þessa umræðu. Og á sama tíma og fréttin berst um þennan óskaplega hringorm í Grundarfirði, þá er ekki verið að flagga því að aðalaflinn sem hefur verið landað við Breiðafjörð hefur verið næstum hringormalaus, og að fiskvinnslufólk við Breiðafjörð hefur ekki fundið í pyngjunni sinni neina 25–30% aukningu á launum þrátt fyrir það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Áður en hv. 11. landsk. þm. tekur til máls vil ég benda á að það eru aðeins þrjár mínútur þar til við þurfum að fresta þessum fundi og mun þá forseti grípa inn í ræðu hv. þm. ef hann hefur ekki lokið og hann getur þá haldið áfram þegar fundinum heldur áfram í seinna skiptið.

Egill Jónsson: Virðulegur forseti. Það er mér alveg að bagalausu þó að ég geri hlé á ræðu minni, sem verður reyndar ekkert mjög löng þótt hún verði eitthvað lengri en þrjár mínútur.

Ég endurtek það, sem fram kom í upphafi máls míns við umræðurnar um málið hér í deildinni, að ég treysti því að sjútvn. þessarar deildar fari vandlega yfir þetta mál og vinni það með eðlilegum hætti. Og þá er ég satt að segja illa svikinn ef ekki næst í málið sæmilega líðanleg samkomulagsniðurstaða. Ég ber það traust til nefndarmanna í sjútvn., og byggi þar á samstarfi mínu við þá í öðrum nefndum, að meðan annað er ekki reynt treysti ég þeim alveg til að ná fram líðanlegu nál. sem samkomulag getur orðið um. Því að það er að sjálfsögðu grundvallaratriði, ef ná á árangri í þessum efnum, að um það náist samkomulag. Og með því að þetta er skoðun mín ætla ég ekki að tala hér efnislega mikið um málið að þessu sinni.

Mér þykir hins vegar vert að minna á það hvernig þessu máli hefur vegnað hér í gegnum Alþingi og jafnframt því ætla ég líka að minna á það að ekki verður séð að mikill áhugi hafi verið fyrir að koma málinu áfram né heldur að enn sé mikill áhugi fyrir hendi til þess að málið nái fram að ganga. Nú hef ég ekki farið nákvæmlega yfir hvernig til hefur tekist á s.l. tveim árum en mig minnir að málið hafi verið lagt fram árið 1984 og þá aldrei verið afgreitt frá nefnd. Árið 1985 var málið lagt fram að því er ég hygg fyrir jólaleyfi þm. og fljótlega eftir að þing kom saman skilaði sjútvn. Ed. nál. sem síðan beið afgreiðslu í deildinni um tveggja eða þriggja mánaða skeið þar til á síðasta þingdegi að það skilaði sér hingað upp í þessa virðulegu deild. Þá flutti hæstv. sjútvrh. framsögu fyrir málinu. Ég held að gefið hafi verið fimm mínútna hlé á störfum deildarinnar til þess að fjalla um það í nefnd, fjalla um það í sjútvn. Ed. Alþingis, og að því búnu kom málið til umræðu hér í þinginu eins og menn væntanlega muna. Þessi vinnubrögð voru náttúrlega með þeim hætti að það var engin lifandi leið að líða þau. Það var engin lifandi leið að líða það að málið væri keyrt hér áfram í deildinni í rauninni eftir að þingi lauk eða átti að ljúka á sama tíma sem það hafði beðið tvo til þrjá mánuði eftir atkvæðagreiðslu í Nd.

Umr. frestað.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 868 (sbr. 636 og 602), brtt. 710, 740). — Frh. 3. umr.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. verði hér viðstaddur.

Hæstv. félmrh. hafði orð á því hér við umræðuna að honum hefði komið á óvart sú afstaða mín að leggja hér fram brtt. við frv. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir orðum ráðherrans þar sem mér virtist sem hann léti að því liggja að brtt., sem hann flutti hér við 2. umr., hefði verið sáttargjörð í málinu sem ég hefði þá væntanlega verið þátttakandi í. Svo var ekki. Ég má til með að geta þess, vegna þess að hæstv. félmrh. taldi sig verða hissa og þá kannske einnig einhverjir aðrir hv. alþm. í þessari virðulegu deild, að ég greiddi atkvæði á móti þessu frv. til 3. umr.

Ég get enn fremur vitnað til orða minna við 2. umr. þar sem ég ræddi sérstaklega brtt. hæstv. félmrh. Ég minni á það sem ég sagði þá, t.d. það að í henni fælist engin efnisbreyting heldur einungis að hægt væri að nota lengri tíma til að fá vit í IX. kafla.

Ég vitna líka til þess sem ég sagði að í yfirlýsingu sem hans væri ekki mikið hald, einfaldlega vegna þess að það verður að sjálfsögðu sá þingmeirihluti sem verður á næsta kjörtímabili, hver svo sem hann kann að verða, sem kemur til með að fjalla um þetta mál. Sá þingmeirihluti er ekki neitt bundinn af yfirlýsingum núv. hæstv. félmrh.

Ég vildi bara að það kæmi alveg skýrt fram að ég hef ekki verið hér á nokkurn hátt í mótsögn við sjálfan mig. Það er svo heppilegt að í þingtíðindum er skráð það sem ég sagði um yfirlýsingu félmrh. og það sem ég sagði um brtt. félmrh. Þeir sem voru hér við umræðuna hljóta að muna þetta og aðrir geta þá fengið staðfestingu á þessu. Þetta þykir mér vert að komi hér fram.

Ég vil svo að endingu, virðulegi forseti, aðeins benda á það að fyrir þessu máli hefur ekki verið tafið í þessari deild. Hér hafa ekki verið haldnar ræður um það til að tefja þetta mál. Ég minni hins vegar á það sem ég sagði áðan að málið er svo veikt og svo gallað að það hefur af þeirri ástæðu ekki þann byr sem a.m.k. stjfrv. þurfa að hafa.

Ég get enn vitnað til þess sem ég sagði líka við fyrri umræðu þegar ég vitnaði í orð Pálma Jónssonar við umræðuna í Nd. þar sem hann gat þess að þá hefði að hans mati ekki verið lokið umræðu um þetta mál í þingflokki Sjálfstfl. Þótt hún hafi síðan orðið hefur hún ekki leitt til annarrar niðurstöðu, reyndar engrar niðurstöðu, og ekkert skýrt málið frá því þegar fjallað var um það í Nd.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég met vissulega kjark hv. 11. landsk. þm. þótt ég harmi það heimilisböl sem hann á við að stríða í þingflokki Sjálfstfl. En það er rétt af honum að fylgja eftir sannfæringu sinni og við metum það fleiri hér.

Ég get tekið undir það með honum að frv. er veikt og gallað og ég get tekið undir það með aðalhöfundi þessa frv., sem sagði á nefndarfundi að vitanlega væri frv. klúður og vandræðalegt, enda fullt af málamiðlunum sem ekki væru við hæfi. Það markaði of óskýra stefnu sem hlyti að þurfa að breyta síðar meir ef þetta frv. yrði að lögum.

Hv. 3. þm. Vesturl. ræddi áðan um frv. og tók til sex atriði frv. til ágætis. Datt mér í hug að varla er þar nokkur tilbeiðslumaður í ríki Khomeinis sem lofar svo ágæti þess einstaklings sem gert var hér hvað varðar verk félmrh. En það verður að virða þá viðleitni þótt vissulega telji ég hana byggjast á misskilningi.

Hv. þm. spurði að því hvað við Alþýðuflokksmenn meintum með því að vilja hafa lágmarksíbúatölu í sveitarfélagi a.m.k. 400 manns. Sem svar við því vil ég lesa, með leyfi forseta, skýringar sem koma fram í frv. Reyndar má geta þess að nefnd sú er samdi frv. gerði ráð fyrir að lágmarksíbúafjöldi væri 400 manns. Síðan var því komið niður í 200 manns, nú er því komið niður í 50 manns, með sífelldum málamiðlunum. En í skýringum frv. segir:

„Í 5. gr. laga nr. 58/1961 er heimilt til handa ráðuneytinu að sameina hrepp nágrannahreppi að tillögu sýslunefndar hafi íbúatala í samfellt fimm ár verið lægri en 100. Þessi heimild mun aldrei hafa verið notuð.

Í árslok 1983 voru 53 sveitarfélög með færri en 100 íbúa og 16 með færri en 50 íbúa.

Ljóst er að fámennustu sveitarfélög landsins hafa ekki bolmagn til þess að halda uppi þeirri starfsemi sem nú er talin nauðsynleg í hverju sveitarfélagi, og verður því ekki hjá því komist að taka af skarið um það að ráðuneytið skuli við ákveðinn lágmarksfjölda íbúa sameina sveitarfélag nágrannasveitarfélagi. Um það má lengi deila við hvaða mark þessar aðgerðir skuli miðaðar en hér er því slegið föstu að sveitarfélag með færri íbúa en 50 sé þar á vegi statt að það sé þess eigi lengur megnugt að standa undir eðlilegri starfsemi sem sveitarfélag og verði því að frumkvæði ráðuneytis sameinað öðru eða öðrum sveitarfélögum."

Áfram segir: „Þrátt fyrir þetta þykir rétt að halda opinni leið til undantekningar frá þessu ef sérstakar ástæður hindra að mati ráðuneytis."

Ég bendi á það aftur að nefnd sú, er samdi þetta frv., taldi að miða ætti við 400 íbúa. Síðan var því komið niður í 200 og nú er talað um 50. Ég fullyrði að sveitarfélag með færri en 400 manns á mjög erfitt uppdráttar og ég tel að það styrki sveitarfélögin sem heildir og bæti hag íbúanna ef þau eru sameinuð.

Það er vitnað til þess að heimild hafi verið fyrir hendi til að sameina sveitarfélög. Sú heimild var aldrei notuð. Nú er talað um að marka ákveðna stefnu þar sem ríkisvaldið krefjist þess að sveitarfélagaheildir verði stærri. Ég tel að það sé rétt stefna og að þessi tala, sem kemur fram í frv., sé allt of lág. Ég minni á að annars staðar — það eru til sveitarfélög annars staðar en á Íslandi sem betur fer — hefur verið gengið í það að sameina sveitarfélög. T.d. í Noregi hefur það gengið vel og gefið góðan árangur.

Ég vil að Alþingi marki skýra stefnu í þessum efnum og taki á. Það á ekki endilega að hlusta alltaf á allt sem einhverjir smákóngar segja einhvers staðar, heldur verður löggjafinn að sjá svo um að sveitarfélögin séu einingar sem geti starfað af fullri reisn til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði hér í fyrri umræðu. Þó vil ég minnast á það að það hefði verið mjög æskilegt að tekjustofnalög hefðu fylgt þessari umræðu. Einnig hefði verið mjög æskilegt að gerð hefði verið betur grein fyrir því hvernig landshlutasamtök eiga að starfa. Ég minni á þær röksemdir sem fram hafa komið hjá hinum ýmsu umsagnaraðilum um það að menn viti ekki hvernig með þessar svokölluðu héraðsnefndir skuli fara og þá síst hvernig fara skuli með rétt minni hluta í sameiginlegum sveitarsamtökum. Þau landshlutasamtök, sem til þessa hafa starfað, hafa ekki gert því skil. Ég tel að því þurfi að gera skil og löggjafinn eigi að gera það í samráði við sveitarfélögin.

Þess vegna tel ég að mikið verk sé óunnið og ástæðulaust að samþykkja þetta frv. nú að sinni, það þarf að gera á því gagngerðar endurbætur. Enn minnist ég á það að mér eru það vonbrigði að félmrh., sem er manna kunnugastur sveitarstjórnarmálum í landinu, hefur verulegt vit á þeim, skuli una við þær málamiðlanir sem þetta frv. einkennist af.

Frsm. 3. minni hl. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Ég kem hér af tvennu tilefni. Annars vegar fór ég fram á það í fyrri ræðu minni við þessa umræðu að haldinn yrði fundur í félmn. þessarar deildar til að fjalla um þá brtt. sem fram kom við þessa umræðu um sveitarstjórnarlagafrumvarpið frá hv. 11. landsk. þm. Nefndin hefur skoðað þessa brtt. Nefndin tók ekki afstöðu til hennar og kynnti sér aðeins efni hennar og afleiðingar fyrir frv. í heild. En menn urðu sammála um að taka ekki formlega afstöðu til hennar að svo komnu máli heldur yrði hver að gera það fyrir sig við atkvæðagreiðslu.

En það var annað atriði líka sem varð þess valdandi að ég sá ástæðu til að koma hér upp. Það voru orð hæstv. ráðherra í minn garð í þessari umræðu. Ég hirði ekki um að svara ávirðingum hans um að ég hafi ekkert vit á sveitarstjórnarmálum. Ég tel mig sjálfan hafa sæmilegt vit á þeim enda verið að vasast í þeim, kannske ekki eins lengi og hann, en menn geta líka stundum vasast of lengi í hlutunum og hætt að hafa yfirsýn.

En ég vil gera athugasemd við þá hraustlegu fullyrðingu ráðherrans að í annarri hverri grein þessa frv. væri að finna yfirfærslur á valdi og verkefnum frá ríkisvaldi til sveitarfélaga og til fólksins. Þessi orð mælti ráðherrann í tilefni af því að ég hafði bent á ákveðna Evrópusamþykkt sem undirrituð hafði verið fyrir Íslands hönd og ég taldi að þetta frv. og andi þess væri í andstöðu við þennan samning sem við Íslendingar erum

búnir að undirrita á Evrópugrundvelli.

Ég vil nú leyfa mér vegna þessarar fullyrðingar ráðherrans að fara lauslega í gegnum greinar frv. og reyna að tína þær til sem sanna þessa fullyrðingu ráðherrans, því að þó að ég beiddist þess úr stól mínum áðan þegar hann var að tala að hann færði sönnur á mál sitt fékk ég ekki annað svar en þetta, að þar væri um að ræða aðra hverja grein þessa frv.

Frv. er, eins og deildarmenn vita, í allmörgum greinum. Mér telst til að samkvæmt þessari fullyrðingu ráðherrans ætti að vera hér um að ræða einar 60 greinar þar sem um er að ræða klárlega yfirfærslu af valdi frá ríkisvaldinu til fólksins í landinu, til fólksins í sveitarfélögunum, eins og hann orðaði það.

Ég fæ ekki betur séð við það að horfa á fyrstu síðu þessa frv. en að það sé leitun að grein í fyrstu fimm greinum þess sem færi sönnur á mál ráðherrans. Í fyrsta lagi er ákvæði þar sem ríkisvaldið ákveður að skipta landinu í staðbundin sveitarfélög, síðan að félmrn. fari með málefni sveitarfélaganna, þá að ráðuneytið geti breytt mörkum sveitarfélaga án lagaheimildar en sveitarfélög geti ekki breytt þessum mörkum nema með lagaheimild. Ekki get ég skilið þetta sem klára yfirfærslu á valdi frá ríki til fólksins í landinu eða til sveitarfélaganna.

Ekki má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytis. Það er ríkisvaldið sem ákveður hver lágmarksíbúatala sveitarfélags eigi að vera og það er ráðuneytið sem metur það hvaða undantekningar má gera frá því ef sérstakar aðstæður hindra að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

Í 6. gr. er ákveðið hvaða verkefni sveitarfélögin eigi að hafa. Eins og hún er orðuð verður að viðurkenna að þar verður vart við þann anda að sveitarfélögum sé gert að fjalla um sín verkefni af þekkingu á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna og að það muni leiða til betri þjónustu fyrir þá en miðstýring af hálfu ríkisvaldsins. Þetta eru setningar sem gefa manni ákveðna von um að hér sé á ferðinni tilraun til að draga úr miðstýringarvaldi.

Síðan komum við að kaflanum um sveitarstjórnir. Þar eru verkefni sveitarfélagsins skilgreind nánar og hvaða vald sveitarfélögin hafa um nýtingu tekjustofna og framkvæmd verkefna. En tilfellið er að þar er ekki um stórfelldar breytingar að ræða frá því sem menn búa við í dag. Meira að segja finnst mönnum nauðsynlegt að setja í lög jafneinföld atriði og það að sveitarstjórn geti ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélögin. En auðvitað er það yfirlýsing af hálfu ríkisvaldsins sem afmarkar og reynir a.m.k. að gefa sveitarstjórnarmönnum til kynna hvaða vald þeir hafi fengið í hendur ef þörf var á.

Við erum komin að 11. gr. í frv. og enn þá hafa þó ekki nema 2 greinar af 11 sannað þessa fullyrðingu ráðherrans. Það verður að segjast að 10. og 11. gr. frv. gefa sveitarstjórnum aldeilis ekki mikið sjálfdæmi um að ákveða um sín mál. M.a. er ákveðið hér hver fjöldi sveitarstjórnarmanna eigi að vera og sveitarstjórnum ekki gefið sjálfdæmi um það hvaða fjölda þeir telja eðlilegan eða sjálfsagðan miðað við aðstæður hverju sinni.

Um kaflann um kosningar til sveitarstjórna hef ég fjallað nokkuð ítarlega í mínu máli. Ég hef orðið var við að þrátt fyrir að hæstv. ráðherra hafi tekið nokkuð oft til máls hefur hann ekki komið inn á þá gagnrýni mína sem ég hef haft uppi um þennan kafla. Sú gagnrýni mín beinist einkum og sér í lagi að þeirri kosningaaðferð sem kölluð er óbundin kosning og ég tel vera með öllu ólíðanlega í dag í nútímalýðræði. Það er ekki nema stigsmunur á þess konar kosningu og þeim kosningum sem við þekkjum af lestri og lýsingum frá þeirri tíð þegar kosið var með bendingum eða handaupprétttingum.

Ég tel að þessi kafli sé mjög gallaður og sé einn rækilegasti vitnisburðurinn um að hér á ekki að flytja vald frá fulltrúum til fólks heldur þvert á móti á að viðhalda hinum sömu samskiptum, því sama kerfi, og við höfum búið við hingað til.

Að vísu er hópurinn stækkaður sem rétt hefur til að kjósa og bjóða sig fram. Það kemur fram í 19. gr. og það má kannske reikna þá grein sem fjöður í hatt ráðherrans, þ.e. að hún styðji þá fullyrðingu hans að önnur hver grein flytji vald frá miðstjórnarvaldi til fólks.

Ég get ekki séð að nauðsynlegar lagagreinar um hvernig atkvæðakassa skuli nota og annað slíkt færi mikið vald frá ríki til fólks. Þar með er ég kominn aftur að 40. gr. og enn þá hef ég ekki fundið nema þrjár greinar í þessu frv. sem að einhverju leyti fela það í sér að réttur fólks til valdsins sé viðurkenndur.

IV. kafli frv., 40.–45. gr., fjallar um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna og einu réttindin sem fólki eru veitt í þeim kafla eru einfaldlega þau að viðurkenndur er réttur fólks til að vera viðstatt þá fundi sem sveitarstjórn ekki ákveður að séu lokaðir. Að öðru leyti fjalla greinar þessara tveggja kafla, þ.e. IV. og V. kafla, eingöngu um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna gagnvart sjálfum sér og því valdi sem þeim er falið með kjörinu, en ekki á nokkurn hátt um réttindi og skyldur þeirra gagnvart því fólki sem þeir hafa fengið umboð fyrir. Ég ræddi það við fyrri umræðu að ég tel að það vanti sárlega í þetta frv. kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna hvað viðvíkur upplýsingum og upplýsingastreymi frá þeim til fólksins sem þeir hafa umboð fyrir. Þar á ég við að sveitarfélögum af þeirri stærð sem algengust er í dreifbýli á Íslandi verður aldrei stjórnað með góðu móti öðruvísi en að fólkið, sem í sveitarfélaginu býr, sé að meira eða minna leyti þátttakendur í þeim ákvörðunum sem verulega skipta máli. Þetta kemur líka fram í því að góðir sveitarstjórnarmenn viðurkenna þessa staðreynd og án þess að lögin skyldi þá til þess bera þeir meiri háttar ákvarðanir undir fólkið í sínu byggðarlagi, en það hefði ekki sakað að skylda menn til að gera slíkt því að það má reikna með því, sérstaklega þegar sveitarfélög stækka, að upp komi ákveðin tregða manna til að gegna slíkum sjálfsögðum skyldum og því nauðsynlegt að slíkt komi fram í lagabálki þessum.

Síðan kemur kafli um nefndir, ráð og stjórnir. Ekki er þar um mikla valdatilfærslu að ræða. Þá kemur kaflinn um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga. Ekki er þar um mikla valdatilfærslu að ræða. Síðan kemur kaflinn um fjármál sveitarfélaga. Þar hefði kannske t.d. verið ástæða til að skylda sveitarstjórnarmenn til að kynna niðurstöður, bæði reikninga og áætlana, fyrir sveitungum sínum, en ekki er þar heldur um neina áhrifatilfærslu, jafnvel í svo einfaldri mynd

sem þeirri sem ég nefndi, að ræða. Þar með eru gengnar 96 greinar af þessu frv. og fer þá að þrengjast um að uppfylla það loforð sem ráðherrann gaf í máli sínu áðan um að önnur hver grein í þessu frv. væri framkvæmd valdatilfærslu.

IX. kaflinn hefur hlotið þá útreið, sem menn þekkja og þarf ekki um það að fjalla, að menn standa þar nánast í sömu sporum og áður að því undanskildu að sýslunefndirnar, sem voru þó lýðræðislega kjörin öfl, lýðræðislega kjörið stjórnvald, á að leggja niður. Ef maður mælir þetta á mælikvarða lýðræðislegrar þátttöku fólks í stjórnvaldi er hér um valdatilfærslu að ræða sem dregur úr þátttöku fólks.

Síðan kemur kaflinn um lögbundið samstarf sveitarfélaganna, um héraðsnefndirnar og byggðasamlögin. Þessir kaflar gera alls ekki ráð fyrir neinni þátttöku fólks í þeim ákvörðunum sem þar er um fjallað.

Þar með erum við komnir aftur að 121. gr. frv. Ég fæ ekki séð að í þessu frv. sé að finna meira en þrjár greinar sem á einhvern hátt viðurkenna rétt fólks til valds og hafna þar með algerlega þeirri fullyrðingu ráðherrans að önnur hver grein í þessu frv. fjalli um valdatilfærslu frá miðstjórnarvaldi til fólks. Ég skora á hann, ef hann vill standa við þessi orð sín, að sanna mál sitt héðan úr ræðustól.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Ég tek ekki til máls að ástæðulausu vegna þess að hér hafa í dag gerst þeir atburðir, sem ekki eru óalgengir reyndar núna hjá þessari hæstv. ríkisstj., að þegar stjórnarandstaðan beitir sér fyrir því í hverju málinu á fætur öðru að greiða fyrir málum og reyna að flýta fyrir þeim er það stjórnarliðið sem með einhverjum hætti kemur allt í einu á óvænt og gengur ekki undir þann regnboga sáttagjörðarinnar sem hæstv. félmrh. var að ræða áðan að hann hefði breitt út yfir, en hv. 11. landsk. þm. hefði aldrei komist undir þann góða regnboga.

Ég bendi virðulegum forseta á það og í raun og veru má það vera til umhugsunar okkur öllum að á dagskrá þessa fundar eru 16 mál frá hæstv. ríkisstj. sem öll eru þess eðlis að stjórnarandstaðan hefur á allan máta reynt að greiða fyrir og flýta fyrir framgangi þeirra. Ég held að við verðum að skoða þetta alveg í nýju ljósi og sjá til þess að ríkisstj. eigi ekki svona léttan leik, jafnvel með þau mál sem eru kannske ágreiningslaus og menn vilja ekki bregða fæti fyrir. Við eigum kannske eftir að fá framhald af selasinfóníunni á eftir. Þar er stjórnarliðið greinilega í ham og ætlar að sjá til þess að um það mál verði býsna langar umræður öfugt við að sem ég hygg að stjórnarandstaðan í þessari hv. deild hugsi sér.

Þegar menn gera athugasemdir við frumvörp koma hæstv. ráðherrar heldur klaufalega fram, svo að ég noti ekki sterkara orð, gagnvart hv. þm. og segja þeim, eins og hæstv. félmrh. sagði áðan, að þeir hafi eðlilega ekkert vit á þessum málum. Ekki er það til að draga úr mönnum löngunina til að fara upp í ræðustól og segja nokkur vel valin orð í framhaldi af því. Þetta var nákvæmlega það sem hæstv. félmrh. sagði áðan við hv. 8. þm. Reykv. og hann hefur þegar svarað fyrir. En þá bendi ég líka hæstv. félmrh. á að það hefur verið margsinnis gagnrýnt í þessari deild sem og í Nd. að það sem vantar inn í þennan lagabálk, sem við erum að afgreiða og sjálfsagt er á lokastigi nema stjórnarliðið haldi áfram uppteknum hætti, er einmitt sá kafli sem hefði þurft að vera í frv. að til virkilegrar valddreifingar, til virkilegrar verkefnadreifingar út í sveitarfélögin með þeim auknu tekjumöguleikum sem sveitarfélögin hefðu þá haft meðferðis í malnum til þeirra nýju verkefna og til þess nýja valds sem þau áttu að fá. Það er svo, þó að ég þykist vita að hæstv. félmrh. hafi góðar meiningar í þessum efnum, að það gildir gamla setningin: Góð meining enga gjörir stoð. Það mun nefnilega engin breyting verða á þessum málum að einu eða neinu leyti þó að við samþykkjum þennan lagadraug sem hér er að ganga í gegnum þingið, þetta steinbarn hæstv. ráðh. eins og hv. þm. Skúli Alexandersson nefndi svo réttilega hér, en taldi reyndar að fleiri hefðu gengið með en hæstv. ráðh.

Ég vil hins vegar nota tækifærið og þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf mér áðan varðandi að reynt yrði að lengja tímann sem tækifæri gefst til að greiða atkvæði utan kjörfundar. Það er mjög nauðsynlegt. Ég skildi hans orð á þann veg að hann mundi freista þess til hins ýtrasta að lengja þann tíma. En eftir þá tillitssemi sem ég m.a. hef sýnt í þeim nefndum sem ég hef átt sæti í og afgreitt mál út úr síðustu dagana get ég ekki annað en vakið athygli virðulegs forseta á því að þegar þessi tillitssemi er sýnd hæstv. ríkisstj. í svo ríkum mæli skuli hvað eftir annað gerast þeir hlutir að stjórnarliðið eða ráðherrar hafi ekki minnstu ráð á sínum mönnum í þessu efni. Það er allt í lagi. (**EgJ:** Sínum mönnum?) Sínum mönnum, já. Það er allt í lagi. Ég tek það skýrt fram. En þá ætti stjórnarliðið og hæstv. ráðherrar, sem eru að óska eftir því að við greiðum fyrir málum í nefndum, að láta okkur vita af þessum deilum við sína menn um þessi tilteknu atriði og að það sé engin ástæða fyrir okkur að mæta óskum þeirra vegna þess að stjórnarsinnar eru af eðlilegum málefnalegum ástæðum — ég vona að hv. 11. landsk. þm. misskilji mig ekki neitt — alls ekki á sama máli og hæstv. ráðh., hvort sem það er í þessu máli, selamálinu eða hvaða öðru máli. Það er það minnsta sem hæstv. ráðherrar geta gert að láta stjórnarandstöðuna vita af því, þegar verið er að reyna að ganga til samninga um að mál nái hér fram að ganga, að það sé engin trygging fyrir því að ekki logi allt innbyrðis í þeirra eigin herbúðum. Það er þá rétt að láta vita af þeim eldsvoða og að þeir geti ekki slökkt hann áður en þeir koma knékrjúpandi í nefndir þingsins til að biðja okkur um að slá á þá elda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Að gefnu tilefni vegna orða hv. 2. þm. Austurl. vill forseti vissulega taka undir það og hann hefur gert sér fulla grein fyrir því að stjórnarandstaðan hefur hreint ekki tafið fyrir framgangi mála. Það er ekkert upp á hana að klaga nema síður væri. Það er vissulega ástæða til að þakka hvað samvinnan hefur verið góð nú sem endranær við stjórnarandstöðuna um að koma málum áfram þegar svo skammt lifir þings og forseti hefur vakið athygli á þessu á öðrum vettvangi.

Forseti hefur reynt að höfða til tillitssemi hv. þm. um að reyna að greiða fyrir málum hér vegna þess hve skammt er eftir af þingtíma, en stundum liggur hv. þm. mikið á hjarta. Ég veit þó að þeir reyna hver og einn að stilla sínum orðum og tíma í hóf þegar þannig stendur á. Þannig stendur á með þetta mál nú að það er nauðsyn-

legt að koma því til Nd. á þeim fundi sem nú stendur yfir til þess að Nd. geti afgreitt það. Eftir því sem ég skil best mun málið vera að komast í eindaga í vissum atriðum ef það kemst ekki til afgreiðslu í dag, hver sem sú afgreiðsla verður.

ATKVGR.

Brtt. 710 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 740 tekin aftur.
Brtt. 884 felld með 11:4 atkv.
Frv. samþ. með 11:8 atkv. og endursent Nd.

Póstlög, stjfrv. 248. mál (þskj. 477, n. 856). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Það er líklega ekki enn þá talið til tafa í þessari deild þegar menn mæla fyrir stjfrv., en ég geri ráð fyrir því að það sé það eina sem stuðningsmönnum ríkisstj. sé ætlað að gera, mæla fyrir frv. ríkisstj. en láta skoðanir sínar að öðru leyti kyrrar liggja.

Hér mæli ég fyrir nál. samgn. Ed. Alþingis um frv. til póstlaga. Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og kvatt til viðtals við sig Halldór S. Kristjánsson, Ragnhildi Hjaltadóttur og Rafn Júlíusson póstfulltrúa, en þau voru þessu máli öllu saman gerkunnug.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts eins og það var lagt fyrir Ed. Þar með sé ég ekki ástæðu til að fjalla um það efnislega með því að samgrh. flutti framsöguræðu fyrir málinu sem bæði var skýr og einnig að öðru leyti mjög áheyrileg. Ég ætla því ekki að fara yfir þetta svið aftur, virðulegi forseti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–39. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Fasteigna- og skipasala, stjfrv. 320. mál (þskj. 591, n. 873). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um fasteigna- og skipasölu.

Nefndin hefur rætt frv. og kallað til viðræðu Ármann Snævarr fyrrv. hæstaréttardómara og lögfræðingana Jón Sveinsson og Sigurbjörn Magnússon, en þeir voru ráðgjafar við undirbúning frv.

Frv. fjallar um fastmótaðri reglur um fasteigna- og skipasölu. Var það einróma álit nefndarinnar að það horfði til bóta. Hún leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Þó vil ég geta þess að nefndinni hafa borist ábendingar um smávægilegar breytingar á tveimur greinum frv. sem ég vildi óska eftir að við fengjum ráðrúm að ræða milli 2. og 3. umr. og yrðu þær þá væntanlega lagðar fram sem brtt. við 3. umr. Nefndin leggur til að frv. verði vísað óbreyttu til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, stjfrv. 400. mál (þskj. 741, n. 871). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Mál þetta fjallar um það að fjmrh. skuli vera heimilt að veita öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leyfi til framleiðslu áfengra drykkja, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Eru frekari skilyrði í frv.

Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt mál þetta og m.a. boðað á fund sinn fulltrúa áfengisvarnaráðs. Mælir nefndin með samþykkt frv. Stefán Benediktsson var viðstaddur fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir nál. skrifa að öðru leyti Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson og Egill Jónsson.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Þegar þetta frv. var lagt fram í ríkisstj. hafði ég þann fyrirvara um að ég þyrfti að athuga mál þetta nánar áður en ég veitti því samþykki mitt og þegar það var lagt fyrir í þingflokki framsóknarmanna greiddi ég atkvæði á móti því.

Ég tel að það sé einkum tvennt sem þurfi þar athugunar við. Í fyrsta lagi þarf að athuga hvar sú heimild, sem er gert ráð fyrir með þessu frv., er sett. Ég vil af því tilefni lesa minnisblað sem ég fékk frá Ólafi Walter Stefánssyni skrifstofustjóra í dómsmrn., með leyfi forseta:

„Í frv. þessu er lagt til að fjmrh. verði veitt heimild til að veita öðrum en ÁTVR leyfi til að framleiða áfenga drykki til útflutnings eða til sölu hjá ÁTVR. Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 fer dómsmrn. með framkvæmd áfengislöggjafar sem eigi ber undir annað ráðuneyti. Fjmrn. fer með rekstur verslunar á vegum ríkissjóðs, þar á meðal ÁTVR, og heilbr.- og trmrn. fer með áfengisvarnir og bindindisstarfsemi. Telja verður að þeim þáttum sem áfengislögin fjalla um hafi jafnan verið skipt með þessum hætti. Yfirstjórn á áfengissölu ríkisins hefur verið í höndum fjmrn., en aðrir þættir í höndum dómsmrn., þar á meðal áfengisvarnir áður en stofnað var sérstakt ráðuneyti heilbrigðismála.

Í áfengislögunum er á nokkrum stöðum vikið að ríkisstjórn. Fyrirsvar fyrir einstökum málaflokkum hefur þá verið í samræmi við framanritað. Þannig hefur dómsmrn. farið með ákvæði 9. gr. laganna þar sem ríkisstj. er heimilað að leyfa tilbúning áfengs öls vegna sölu til varnarliðsins eða til útflutnings. Frv. sem fjallað hafa um rýmkun þessa ákvæðis og heimild til framleiðslu áfengs öls fyrir innlendan markað hafa byggt á því að dómsmrh. fari með leyfisveitingar í því sambandi.

Eðlilegt verður að telja og í samræmi við stjórnarráðsreglugerð að heimild til að leyfa öðrum en ÁTVR framleiðslu og blöndun áfengis sé í höndum dómsmrh. en ekki fjmrh.

Í einkasölulögum eru ýmis ákvæði sem einnig er að finna í áfengislögum. Milli þessara laga gætir og ósamræmis, jafnvel svo að vafi getur verið um túlkun. Er æskilegt að svona efni sé skipað á heildstæðan hátt í

löggjöf og væri því eðlilegt að a.m.k. ýmis ákvæði einkasölulaganna yrðu felld inn í áfengislögin.

Rétt er að taka fram að núgildandi einkasölulög eru frá 1979, þ.e. fyrir gildistöku stjórnarskrárreglugerðarinnar."

Ég tel nauðsynlegt að þetta atriði sé íhugað gaumgæfilega. Í frv. er ekki verið að fjalla um heimild fyrir Áfengisverslun ríkisins heldur fyrir aðra aðila henni óskylda.

Hitt atriðið er það sem m.a. kom fram í grein sem dr. Tómas Helgason skrifaði fyrir fáum dögum í dagblað. Sú skoðun sem hann setur þar fram er að það sé í algjörri andstöðu við það viðhorf sem nú ríkir í sambandi *við baráttu fyrir heilbrigði og bættri heilsu fram* til ársins 2000 að vera að rýmka ákvæði í sambandi við áfengissölu, en áfengisneysla er stærsti orsakavaldur af eigin hvötum manna fyrir heilsutjóni.

Ég vildi því gjarnan að hv. frsm. gerði grein fyrir því viðhorfi sem kom fram hjá dr. Tómasi Helgasyni á fundi hjá fjh.- og viðskn. og hvernig nefndin hefur metið þau rök sem hann flutti hjá nefndinni.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég hef ekki skrifað undir nál. sem nefndin hefur gefið út vegna þess að ég var ekki viðstaddur fund hennar. Ég sé það eftir að mál þetta er komið til umræðu að ýmsar spurningar vakna í sambandi við það, sem ég hefði kosið að hefðu verið athugaðar frekar, en mér er einum um að kenna í þeim efnum vegna þess að ég var ekki á nefndarfundinn og bar ekki fram þessar spurningar.

Það er ljóst að viss rök eru borin fram fyrir því að heimild sé veitt af því tagi sem ræðir um í þessu frv. Á það er bent að sterkir drykkir séu framleiddir af íslenskum mönnum í nálægu landi. Þarna geti verið um útflutningsframleiðslu að ræða og atvinnuskapandi rekstur hér á landi. Menn spyrja hvort ekki sé eðlilegast að veita heimild af þessu tagi til framleiðslu á sterkum drykkjum hér innanlands úr því að starfsemi af þessu tagi fer fram á vegum íslenskra aðila erlendis.

En eins og ég segi vakna óhjákvæmilega ýmsar spurningar í þessu sambandi. Ein er sú hvernig eftirliti verður háttað og hversu margar heimildir verða veittar af þessu tagi. Það getur auðvitað ekki dulist neinum að talsverð misnotkunarhætta hlýtur að skapast ef margar heimildir verða veittar til framleiðslu á sterkum drykkjum hér innanlands og eftirlit er kannske bágborið.

Við búum við sérstakt kerfi í áfengissölumálum þar sem ríkið hefur einkarétt til sölu og framleiðslu áfengra drykkja og við höfum ákveðið víðtækar sölutakmarkanir þannig að þessi vara er ekki á markaðnum með svipuðum hætti og aðrar vörutegundir. Það liggur því í augum uppi að hér á Íslandi hljóti að vera nokkuð öðruvísi reglur sem gilda einnig um framleiðslu á sterkum drykkjum og ekki eðlilegt að hver og einn geti fengið til þess heimild.

Ég minni líka á að hér er um mjög víðtæka heimild að ræða fyrir ráðherra. Hann virðist geta gefið út leyfi af þessu tagi nokkuð takmarkalaust án þess að bera það undir nokkurn annan. Ráðherrar eru misjafnir. Þegar einu sinni er búið að veita leyfi af þessu tagi stendur það áfram. Ráðherra, sem væri reiðubúinn að veita hömlulaust mörg leyfi af þessu tagi, gæti skapað býsna mikinn glundroða og mikla áhættu á þessu sviði.

Einnig tek ég undir það með hæstv. dómsmrh. að ekki virðist einsýnt að fjmrh. eigi að hafa þessa heimild því að vald hans yfir áfengismálum er fyrst og fremst fólgið í því að hann stjórnar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem fjárvörslumaður ríkisvaldsins, en það eru aðrir ráðherrar sem fara með aðrar hliðar áfengismálanna, t.d. bindindismálin og heilbrigðishliðina. Þegar höggvið er svona stórt skarð í það kerfi sem gildir í sölumálum áfengis hér á landi sýnist manni ekki sjálfgefið að það vald eigi að vera í höndum fjmrh., og það kannske hans eins, án þess að nokkur geti þar haft nein áhrif á.

Mér sýnist því að ýmsir lausir endar séu á þessu máli. Ég hefði kosið að málið hefði verið til lengri og nánari *meðferðar. Ég tel ekki tímabært* að afgreiða þetta mál eins og það liggur hér fyrir og mun því ekki greiða því atkvæði.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Mér er ljúft að svara fsp. hæstv. dómsmrh. þar sem hann spyr hvert sjónarmið okkar hafi verið er við heyrðum álit Tómasar Helgasonar um áfengismálin. Raunar var Ólafur Haukur Árnason einnig á þessum fundi. Það er skemmst frá að segja að báðir lögðust þeir gegn samþykkt þessa frv., töldu að þarna væri farið inn á nýjar brautir og vitnuðu nokkuð til þess, annar þeirra a.m.k., að þetta æli á gróðafíkn í sambandi við útbreiðslu áfengis. Ég hygg að flestir þingdeildarmenn, a.m.k. allir nefndarmenn í bæði fjh.- og viðskn. og allshn., þekki þessi sjónarmið, hafi heyrt þau varðandi önnur mál, en það var ekki síður varðandi þetta sem báðir þessir ágætu gestir nefndarinnar lögðu mikla áherslu á að þeir væru andvígir þessu máli.

Svar okkar við því kemur fram í nál. Við teljum að rök þeirra séu ekki þess eðlis að rangt sé að lögfesta frv. Nál. er undirritað af fimm nefndarmönnum og Stefán Benediktsson var viðstaddur fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Þeir sem undirrita nál. eru Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson og Egill Jónsson.

Ég veit ekki hvort það hefur þýðingu að ég reyni að rekja frekar röksemdir dr. Tómasar Helgasonar. Hann hefur nýlega birt ítarlega grein í Morgunblaðinu þar sem sum af þessum sömu rökum, og flest held ég, komu fram. Það var þó út af fyrir sig ekki nema gott og ánægjulegt að fá þau endurtekin og áréttuð í nefndinni. En það er skoðun okkar og sannfæring, sem undirritum þetta nál. og mælum með samþykkt frv., að þau rök hafi ekki breytt þeirri meginniðurstöðu að frv. beri að samþykkja.

Haraldur Ólafsson: Hæstv. forseti. Samkvæmt reglunni kallar þetta stjfrv. á andsvör og andmæli stjórnarþingmanna og ég vil ekki láta hjá líða að taka þátt í því. Að vísu gefst mér vonandi kostur á að ræða hér um *selinn á eftir og sem upprunninn* við Breiðafjörð hlýt ég að taka þar til máls.

Ég sé eiginlega ekki tilganginn með þessu frv. annan en þann að veita einum aðila leyfi til að framleiða tiltekna áfengistegund hér á landi í því skyni einu að unnt sé í auglýsingum að geta þess að hún sé framleidd á Íslandi. Í athugasemdum við frv. eru að vísu settar fram tölur um sölu á vodka til Bandaríkjanna og gefið í skyn — og það er eiginlega hið furðulegasta við þetta frv. — að hér geti verið um allt að 300 millj. kr. gjaldeyrisþén-

ustu fyrir Íslendinga að ræða. Ég hefði mjög gjarnan viljað heyra hæstv. fjmrh. útskýra á hverju þessar tölur eru byggðar og hvort það er ekki dálítið glannalegt að setja slíkt fram í virðulegu stjfrv.

Ég sé engan kost við að samþykkja þetta frv. Ég sé hins vegar marga ókosti, m.a. þá, eins og þegar hefur verið bent á af hv. þm. Ragnari Arnalds, að þetta gefur fjmrh. mjög víðtækt vald til að leyfa framleiðslu áfengra drykkja hér á landi. Ég held að öllum ætti að vera ljóst að ef það yrði algengt og almennt mundi það knýja mjög á að teknar yrðu upp auglýsingar í margs konar formi fyrir þessum drykkjum á allt annan hátt en er þó fyrir erlendum drykkjum. Það er því augljóst mál að a.m.k. væru miklir möguleikar á því að þetta stuðlaði að aukinni drykkju.

Ég held að öll mál sem snerta framleiðslu og neyslu áfengra drykkja hér á landi og yfirleitt öll áfengislöggjöf eigi miklu fremur að miða að því að draga úr neyslu áfengis. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu frv.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Öll þessi umræða kemur svolítið á óvart. Hér er um að ræða stjfrv. flutt af hæstv. fjmrh. Síðan kemur hæstv. dómsmrh. og lýsir efasemdum og andstöðu við frv. Svo kemur upp stjórnarþingmaður, hv. þm. Haraldur Ólafsson, og lýsir andstöðu við frv. Þetta er svo sem engin ný bóla í þessari hv. deild og ekki einu sinni ný bóla hér í dag. Við höfum svo sem upplifað þetta áður.

En ég er satt að segja svolítið hissa á því fjaðrafoki sem þetta frv. veldur vegna þess að efni þess gerir ráð fyrir ákaflega lítilli breytingu frá því sem verið hefur. Um það er að ræða að leyfa að hér verði sett á flöskur og búið um vodka og það selt bæði hér og flutt út af einkaaðila sem hefur haslað sér völl á þessu sviði með þeim hætti að þetta er núna átappað í Skotlandi. Það hefur verið rakið hér að Norðurlandaþjóðunum hefur orðið býsna vel ágengt á þeim stóra markaði í Bandaríkjunum með ýmsar vörur, bæði áfengi og annað, sem eru framleiddar á Norðurlöndunum. En í þessu tilviki, *meðan þetta tiltekna áfengi er sett á flöskur í Skotlandi*, er auðvitað ekki hægt að segja að það komi frá Íslandi.

Ég sé ekki í raun hvaða breyting er hér á ferðinni heldur sýnist mér þessi umræða frekar ætla að einkennast af þeirri óskaplegu hræsni sem einkennir alla áfengismálaumræðu á Íslandi. Hér er framleiddur bjór. Hér er framleitt áfengi og því er tappað á flöskur af aðilum sem eiga ekkert skylt við íslenska ríkið. Það gerir Ölgerðin Egill Skallagrímsson, það gerir Thule á Akureyri. Þar er framleitt áfengi og tappað á flöskur, m.a.s. áfengi sem má ekki framleiða til sölu á innanlandsmarkaði hér. Ég veit ekki til þess að gerðar hafi verið neinar ráðstafanir til að breyta þessu. Það er ekki verið að tala um neina raunverulega breytingu hér. A.m.k. alls ekki slíka breytingu — ég get ekki fallist á það sem prófessor Tómas Helgason lét að liggja í viðtölum sínum við nefndina — að hér væri um algjöra stefnubreytingu að ræða frá því sem verið hefði. Það er ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Það er misskilningur. Ef við getum haft af þessu verulegar gjaldeyristekjur t.d. held ég að þetta sé alveg þess virði að reyna það.

Ég sé ekki að það auki drykkjuskap og óreglu hér á landi þó að héðan sé hafinn útflutningur á sterku víni. Það er ekkert samhengi í því. Það eru engin tengsl þar á milli. Þessi tiltekna tegund af áfengi er þegar seld í Áfengisverslun ríkisins og ég sé ekki að það hafi neina breytingu í för með sér á vínneyslu hér á landi þó að þessi breyting sé gerð. Það er ekkert samhengi á milli þess hvar varan er framleidd eða hver framleiðir hana. Það sem stýrir neyslunni mest hér er verðið. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ákveður verðið á þessari vöru. Mér finnst það heldur bera vott um þröngsýni að vilja ekki gera þessa tilraun. Það er sjónarmið út af fyrir sig að það eigi ekki aðrir aðilar en ríkið að fást við þetta. En þá verður að breyta ýmsu öðru hér. Þá verður ríkið að taka að sér alla þá bjórframleiðslu sem hér á sér nú stað og er töluverð.

En mín skoðun er sú að það beri að samþykkja þetta frv. Ég skrifaði undir nál. og styð það vegna þess að hér er um að ræða tilraun til að afla aukinna tekna fyrir landið og sjálfsagt veita einhverju fólki atvinnu.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Um þetta mál allt mætti vissulega setja á langa tölu, en ég skal ekki gera það hér.

Hér er talað nokkuð um þröngsýni í þessum efnum. Ég kalla það að fara að öllu með gát vegna þess að þetta eru þau alvörumál að við þurfum að fara að öllu með gát í þessum efnum og megum ekki rasa í neinu um ráð fram. Það er einnig talað um hræsni í sambandi við afstöðu manna í þessu máli. Ég frábið mig öllu slíku tali þó að ég staldri við og vilji skoða þetta mál býsna vel vegna þess einfaldlega að sú áfengismálalöggjöf sem gildir hér á landi er mér ekki að skapi. Því þýðir ekki að vera að vitna í að þetta og hitt sé þar í gildi og þar af leiðandi sé það hræsni ef maður mótmælir einhverju nýju, einhverri viðbót í því efni. Það eru margir gallar á þeirri löggjöf nú þegar. Ég held að það sé ótvírætt um vissa stefnubreytingu að ræða í þessum efnum. Ég held að það sé útilokað að skoða þetta einstaka mál sem slíkt án samhengis við hugsanlegt framhald. Það dettur auðvitað engum í hug að þetta sé eitt og einangrað mál og síðan verði ekkert framhald á því.

Ég hlýddi á merkan kennimann á dögunum af Vesturlandi sem hafði greinilega af þessu máli miklar áhyggjur. Ég ætla ekki að fara að rekja hans mál. Hann benti á að útflutningur okkar Íslendinga til þessa hefði verið á hollustu- og nytjavörum, matvælum fyrst og síðast og yfirleitt þeim varningi sem tengdist fæði og klæðum, þessum grunnþörfum mannsins. Nú væri til viðbótar talað um íslenska hugvitið sem væri lögð áhersla á að nýta til þessa markmiðs til ávinnings fyrir þjóðarheill. Það var greinilegt að honum þótti hér skjóta nokkuð skökku við og varaði við þessari útflutningsvöru sem einhverri þjóðarnauðsyn.

Hér hefur verið minnst á álit dr. Tómasar Helgasonar um þessi mál öll, en hann hefur rannsakað þau mjög vel og er virtur á því sviði að kanna áhrif hinna ýmsu þátta áfengismálanna á neysluvenjur. Ég leyfi mér að taka hið fyllsta mark á áliti hans í þessu sem öðru því sem hann hefur fjallað um jafnvandlega og vísindalega og raun ber vitni.

Hann hefur vakið athygli á alveg sér í lagi, það eru ekki mín orð heldur hans, þeim áhrifum sem hagsmunaaðilar eða fjármagnsaðilar í þessu tilfelli gætu haft til óheilla í öllum vímuefnamálum okkar og ekki þá hvað síst varðandi áfengið. Hann hefur stutt þetta sterkum rökum og beinum tilvísunum til annarra þjóða.

Þetta hefur hann oft gert áður og við þekkjum þetta.

Ég endurtek því það, sem ég sagði við 1. umr., að hér ætti að fara að öllu með gát og horfa til allra átta. Ég hlýt að undrast hvaða hraði er á þessu máli og viss forgangur þess hér í gegnum þingið. Mér skilst að þetta mál hafi ekki verið á forgangslista hæstv. ríkisstj., en allt í einu er það á mjög mikilli hraðferð hér í gegn.

Hér er býsna mikið um atvinnuatriði talað. Því er ekki að neita þó ekki sé það neitt sem slíku máli skiptir að hér þurfi svo hröð handtök til eins og gífurlegir hagsmunir séu þar í húfi varðandi atvinnumál fjölda manna. Auðvitað fá fáeinir menn þarna vinnu. Annað er það ekki sem gerist í þessu efni.

Varla hef ég trú á að það séu hagsmunir einhverra einstakra aðila, sem hér standa að verki, sem reka svo á eftir þessu frv. Ég hef t.d. ekki í önn þessara daga getað kynnt mér það sem skyldi á hvern hátt þessir aðilar hugsa sér þetta og að koma því í framkvæmd þó að ég viti býsna vel um aðdraganda og ástæður þessa máls vegna góðs kunningsskapar við þá sem eru í forsvari fyrir þessu. Því fer fjarri, og ég vil að það komi skýrt fram, þekkjandi þar til, að ég geri því skóna að einhverjar illar hvatir liggi að baki hjá þessum aðilum varðandi það að auka á þá vá sem við höfum af vímuefnum hér á landi. Hins vegar er hér um býsna margþætt mál að ræða vegna þess að auðvitað dettur engum í hug að hér verði látið staðar numið. Við þurfum að horfa til hugsanlegrar þróunar á þann hátt að ég hygg að öllum hefði verið hollt að staldra við og íhuga málið allt og gera sér grein fyrir því í sem víðustu samhengi, en ekki taka það einangrað út úr og segja: Þetta er bara sjálfsagður hlutur.

Það koma þarna inn ákveðnar milljónir. Kannske finnur einhver ráðherra þarna eitthvað í sína „þjóðarbókhlöðu", það kann vel að vera, út úr þeim gróða sem þarna fæst. Þá er það vel, því þeir eru á höttunum eftir slíkum matarholum núna þessa dagana, eins og menn þekkja, og mætti þá kannske segja að það væri ekki til einskis af stað farið ef þeir uppgötvuðu það og þetta rynni þá til góðra hluta.

En ég bendi hv. þingdeildarmönnum á að þegar við erum að tala úti í þjóðfélaginu af miklum alvöruþunga og alveg sér í lagi hæstv. ráðh., sem standa að þessu frv., um sérstakt átak í vímuefnamálum til varnar og verndar og þegar fólk um allt þjóðfélagið, m.a. hæstv. ráðh., sem standa að þessu stjfrv., taka undir að það þurfi að gera sérstakt heilbrigðisátak fram til ársins 2000 með forvörn og fyrirbyggjandi starf að leiðarljósi einmitt í þessum málum, alveg sérstaklega í þessum málum, samkvæmt því sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og hennar fulltrúar leggja áherslu á, þá finn ég ekki samhljóm í öllu þessu alvörutali og hugsanlegum afleiðingum þessa máls hér, ekki þessa einstaka máls heldur sem upphafs að því sem við engan veginn gerum okkur grein fyrir hvernig enda muni.

Ég get því ekki þrátt fyrir atvinnurök og útflutningstekjur, sem er býsna hátt hampað hér, fylgt þessu frv. sem stríðir bæði gegn mínum grundvallarsjónarmiðum og samvisku.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Áður en hv. 8. þm. Reykv. tekur til máls vill forseti gjarnan vekja athygli á hvernig hann væntir þess að fundarhöld geti haldið áfram til kl. 8 ef á þarf að halda. Þegar þetta mál er komið til 3. umr. verður settur nýr fundur og tekin fyrir mál sem hafa komist til 3. umr. í dag og haldið síðan áfram með selveiðarnar. Ég treysti því að hægt verði að koma því frv. til nefndar. Hér er annað mál sem hafði verið gert ráð fyrir að koma einnig áfram. Það er 3. dagskrármálið, talnagetraunir. En við verðum að sjá til hvernig gengur með það mál. Forseti vill gjarnan vekja athygli hv. þingdeildarmanna á þessu áður en lengra er haldið.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Eins og þegar er fram komið styð ég þetta frv. og þar sem umræða fer nú fram um það þykir mér nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir bæði skoðunum mínum og hugsunum í tengslum við það.

Við stöndum frammi fyrir ákveðnum staðreyndum, sem hafa reyndar þegar verið nefndar, eins og að við framleiðum áfengi og við seljum áfengi. Bjór er framleiddur hér innanlands. Það er framleitt áfengi hér innanlands og sú framleiðsla seld hér innanlands. Það áfengi sem tengist þessu frv. er reyndar framleitt utanlands, en þegar selt hér á landi.

Ég held að umræða um hvort hér sé um magnaukningu að ræða eigi sér frekar litla stoð í þessu tilviki. Ég er alveg tilbúinn að taka þátt í þeirri umræðu þegar rætt verður hér um bjór því að tvímælalaust er hægt að viðurkenna að um magnaukningu verður trúlega að ræða hvað hann snertir. Aftur á móti sýndu tölur, sem birtust í dagblöðum fyrir stuttu, að einu áhrifin, að því er virtist, í sölu hjá Áfengisverslun ríkisins af tilkomu þessarar nýju íslensku áfengistegundar voru þau að dregið hafði úr sölu á innfluttum tegundum, en sala á þessari íslensku tegund aukist að sama skapi. Í heild hafði ekki orðið nein merkjanleg söluaukning.

Það er líka í tengslum við þetta frv. kannske eðlilegt að skoða hug sinn um hvort Íslendingar eru sammála um eða ekki að hafna því algjörlega að framleiða áfengi til sölu, hvort sem er innanlands eða utan. Viljum við að þessu leyti verða kaþólskari en páfinn? Viljum við ganga hér fram fyrir skjöldu og sýna öðrum þjóðum heimsins fordæmi með slíkri ákvörðun? Það væri ákvörðun sem ég teldi að ætti fyrst og fremst að bera undir þjóðina alla, því að hún snertir jafnveigamikið og viðamikið mál og þar um ræðir, en það hefur reyndar reynst erfitt að fá stjórnvöld hér til að gera þjóðina að þátttakendum í slíkum ákvörðunum.

Auðvitað stöndum við frammi fyrir áskorunum alþjóðlegra stofnana um átak í baráttu gegn vímuefnum, hvort sem um er að ræða lögleg vímuefni eða ólögleg. En ég býst við að ef menn skoða hug sinn átti þeir sig á því að viðbrögð manna við þeirri áskorun verði trúlega fyrsta kastið a.m.k. ekki á þann veg að draga úr framleiðslu á áfengum drykkjum heldur munu stjórnvöld, þar sem þau á annað borð sinna þessu, bregðast frekar við með þeim hætti sem við þegar þekkjum, þ.e. almennri fræðslu um skaðsemi neyslunnar.

Ég á t.d. erfitt með að sjá að Írar, nágrannar okkar, hætti að framleiða þær áfengistegundir sem þeir framleiða með jafngóðum árangri og alkunna er. Ég er sammála hv. 2. þm. Austurl. Helga Seljan að við erum hér að samþykkja frv. sem trúlega er upphaf að einhverju sem við enn þá sjáum ekki almennilega fyrir hvað verður, en ég hef fulla trú á að við getum öðlast þá

yfirsýn. En af því að ég nefndi Íra má benda á að þeir framleiða m.a. þær tegundir áfengis sem kallast líkjör. Ég þekki ekki neitt íslenskt heiti yfir það. Til framleiðslu þessara tegunda, sem eru mjög vinsælar og mikið keyptar víðs vegar um heim, og ég ætla ekki að fara að auglýsa tegundaheiti héðan úr ræðustól á Alþingi, er notað mjög mikið af mjólk. Eins og hér var minnst á höfum við Íslendingar hingað til stundað aðallega útflutning á því sem snertir fæði og klæði, en við getum ekki neitað því að við höfum eftir sem áður verið að flytja út vanda, okkar vanda. Sá útflutningur sem hér um ræðir er öðruvísi að því leyti að hann skapar væntanlega frekar öðrum vanda en okkur. En við gætum vel séð fram á það að sameina þessa útflutningsgrein útflutningi á vandamálum, t.d. í landbúnaði, því að ég hef það fyrir satt að Írar noti í framleiðslu þessara líkjörstegunda, sem þeir selja, álíka mikið magn mjólkur og við framleiðum á ári hverju. Við sjáum þar að tiltölulega lítill hluti af heimsmarkaði, sem ég trúi að Írar hafi, gerir ansi stórt strik í reikninginn þegar um er að ræða framleiðslu hjá jafnlitlum þjóðum og okkur og þeim.

Í síðasta lagi vildi ég segja að þessi uppákoma, sem við núna upplifum, veldur manni nokkurri furðu og ruglar mann jafnvel í ríminu, þegar við allt í einu stöndum frammi fyrir því að stjórnarandstöðuþingmenn mega hafa sig alla við að koma málum ríkisstj. í gegn þvert ofan í vilja stjórnarþingmanna. Það verður uppi sá flötur á því máli sem maður áttar sig ekki almennilega á og hefði ekki að öllu jöfnu átt von, en það er staðreynd, eins og hv. 5. landsk. þm. benti á, að þessi atvik gerast æ tíðari. Það jaðrar við að ástæða sé til að stinga upp á því að sú ríkisstj. sem nú situr skipti hreinlega um þingmenn til þess að hún hafi alltaf fullan stuðning fyrir sínum málum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:4 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 78. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, að loknum 77. fundi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjfrv. 364. mál (þskj. 889). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Nd.

Lausaskuldir bænda, stjfrv. 365. mál (þskj. 660). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 907).

Húsaleigusamningar, stjfrv. 268. mál (þskj. 501). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Öryggi á vinnustöðum, stjfrv. 275. mál (þskj. 510). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 910).

Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv. 366. mál (þskj. 661). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sveinsson): Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Magnússon gat þess við 2. umr. um þetta frv. og nál. að ákvæðin um dráttarvextina orkuðu máske tvímælis vegna þess að fyrningarákvæði giltu ekki alfarið á sama hátt um meðlagsgreiðslur og um aðrar greiðslur. Það er út af fyrir sig rétt athugasemd sem fram kemur hjá hv. þm. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að eftir lögbindingu þessa frv. er full ástæða til að taka þessi atriði til sérstakrar skoðunar og þykir því ekki sérstök ástæða til að fjalla um það efni hér að þessu sinni. Því er ekki gerð tillaga um neina frekari breytingu og lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söfnunarsjóður Íslands, stjfrv. 416. mál (þskj. 767). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söluskattur, stjfrv. 401. mál (þskj. 742). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. 26. mál (þskj. 819). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 911).

Verslun ríkisins með áfengi, stjfrv. 400. mál (þskj. 741). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:4 atkv. og afgr. til Nd.

Póstlög, stjfrv. 248. mál (þskj. 477). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla hér fyrir örlítilli brtt. við 3. umr. þessa máls. Brtt. er á þá leið að 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

„Til fjármunapóstsendinga teljast greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró) og inn- og útlánastarfsemi fyrir póstgíróreikningshafa."

Ég vil leyfa mér að rökstyðja þetta örfáum orðum. Póstgíróstofan er að mörgu leyti rekin eins og banki eða sparisjóður fyrir þá sem þar eru með reikninga. Þar eru mjög margir með launareikninga. Það var a.m.k. svo að þorri starfsmanna Pósts og síma fékk sín laun greidd inn á launareikninga hjá Póstgíróstofunni.

Í nágrannalöndunum í kringum okkar er póstgíróþjónustan, sem er í höndum póstþjónustunnar, rekin og starfar eins og banki.

Tilgangurinn með þessari litlu breytingu er að tryggja að reikningshafar hjá Póstgíróstofunni eigi kost á hliðstæðri þjónustu og bankar og sparisjóðir veita, þ.e. lánastarfsemi, að Póstgíróstofunni verði heimilað að veita sínum reikningshöfum lán, þeim sem þar eru með launareikninga, eins og bankar og sparisjóðir gera.

Mér er fullljóst að um þetta þarf að setja ákvæði í reglugerð eins og ráðherra ber að gera skv. póstlögunum um ýmis atriði sem þar er um fjallað. En til þess að þessi heimild sé til staðar verða að vera ákvæði um hana í lögum.

Ég held að þetta sé hið þarfasta mál. Á ýmsum stöðum, þar sem ekki starfar banki eða peningastofnun, starfar a.m.k. pósthús sem gæti þá sinnt þessari þjónustu. Ég geri ekki ráð fyrir að þetta yrðu stór viðskipti, þetta yrði smáfyrirgreiðslulán til launafólks sem væri með sína launareikninga hjá þessari stofnun. Ég vona að hv. deildarmenn sjái sér fært að samþykkja þessa litlu breytingu.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það er rétt að taka fram að um þessa hugmynd, sem hér er rædd, var fjallað í samgn. en náðist ekki samstaða um hana. Ég vil skjóta því hér að að það liggur engin grundvallarhugmynd fyrir um útfærslu á þessari leið. Það er sýnt að þarna er í rauninni um fjölgun banka að ræða þó að það yrði kannske ekki í stórum mæli. En það liggur engin hugmynd fyrir um það hjá þeim aðilum sem hafa fjallað um þetta frv. hvernig ætti að útfæra þetta mál og þess vegna tel ég mér ekki fært að styðja það.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 903, sem var of seint fram komin, samþ. með 15 shlj. atkv.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Varðandi þá till., sem hv. 5. landsk. þm. var hér að kynna, þá vil ég láta það koma fram hér strax í umræðunni að ég er henni mótfallinn. Í sjálfu sér er póstgíróþjónusta með þeim hætti sem hann lýsti hér ekkert óalgengt fyrirbrigði í nágrannalöndum okkar. Ég tel bara gegna svolítið öðru máli hér á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum ekki einn ríkisbankann enn. Ef okkar bankakerfi væri samansett af frjálsum bönkum horfði það svolítið öðruvísi við í mínum huga. En að svo komnu máli tel ég það vera að bera í bakkafullan lækinn að bæta enn einum ríkisbankanum við.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Þessi till., sem hér um ræðir, kom til umræðu í hv. samgn. en ekki fyrr en á lokastigi starfs nefndarinnar. Ég hef þá afstöðu að ég vil skoða þetta mál betur og er ekki reiðubúinn á þessu stigi að samþykkja hana. Þetta þýðir að þarna er hleypt af stað eða opnað fyrir bankastarfsemi. Það má vel vera að það sé af hinu góða en það er með öllu óljóst hvernig það yrði útfært. Þess vegna treysti ég mér ekki til að greiða atkvæði með þessari brtt.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Suðurl. var þessi till. rædd í samgn. Þar var vilji fyrir því að flytja till. sem þessa, mæla með því að Póstgíróstofunni væri veitt þessi heimild. Nefndarmenn vildu þó hafa vissan umþóttunartíma og skoða þetta mál betur. Við samþykktum að málið færi til 2.

umr. án þess að þessi brtt. kæmi fram og við hefðum því vissan umþóttunartíma til að skoða málið.

Fram á síðustu stundu var meiningin sú að þetta yrði skoðað betur hjá þingflokkunum. En eftir að búið var að taka málið hér á dagskrá hefur náttúrlega orðið að hrökkva eða stökkva. Hv. þm. Eiður Guðnason hefur sem sagt stokkið í málinu og lagt fram þessa till. án þess að um það væri að ræða að við aðrir þm., sem vorum að fjalla um þetta mál og vorum meðmæltir þessu, hefðum möguleika til að standa þar að.

Ég vil minna á að bent var á þennan þátt strax við 1. umræðu hér í deildinni um þetta mál. Bæði hv. þm. Eiður Guðnason og ég undirstrikuðum að þetta væri þáttur sem væri orðinn nokkuð gildur í starfsemi póstgíróstöðva í nágrannalöndunum og að það hefði verið í uppkasti þeirrar nefndar, sem undirbjó þessi lög, till. um að þessi þáttur væri tekinn upp hjá Póstgíróstofunni.

Mín afstaða í sambandi við þetta skapast m.a. af því að nú á síðustu tímum hefur ekki verið andæft neitt gegn því að lánastofnanir risu upp næstum því á hverju götuhorni, ekki aðeins að það væri í nafni banka, heldur væru ýmsir einkaaðilar nú farnir að höndla með fjármagn á ýmsa vegu. Þar af leiðandi taldi ég eðlilegt og sjálfsagt að þessi stofnun nyti þess ekki aðeins að sinna millifærsluþættinum og móttöku peninga, heldur nyti hún þess einnig að fá að veita hina þjónustuna, útlánaþjónustuna, innan þeirra marka sem þetta kerfi býður upp á.

Ég hafði þá hugmynd að við gætum unnið að því að tryggja þessu máli meiri hluta hér í þessari hv. deild en einhverra hluta vegna fór þetta þannig úr böndum hjá okkur að málið var lítið unnið á þeim tíma sem við höfðum. Málið kemur því svolítið öðruvísi að en ég bjóst við að gæti orðið.

Ég er ekki að gagnrýna hv. þm. Eið Guðnason fyrir að hann skyldi hafa stokkið, eins og ég sagði áðan. Ég held að það hafi verið gott að málið fór ekki fram hjá deildinni án þess að þess væri getið að þessi umræða fór fram í nefndinni og einnig það að ég hef grun um, veit það reyndar, að hæstv. samgrh. var því alls ekki mótfallinn að þessi till. yrði lögð hér fram og að hann sé jafnvel málinu samþykkur. Hv. þm. Egill Jónsson veit reyndar frekar um þetta, en hann fjallaði um þetta mál við hæstv. samgrh.

Fyrst svo er komið að till. er komin hér fram mun ég standa að samþykkt hennar þó að ég hefði talið það eðlilegra og betra að við hefðum getað tryggt það að um þetta mál væri ekki fjallað hér nema við værum nokkurn veginn öruggir um að málið fengi jákvæða afgreiðslu. En ég viðurkenni það, sem hv. 3. þm. Suðurl. sagði, að um málið var ekki nógu vel fjallað í nefndinni og margt er óljóst varðandi framkvæmd þessarar starfsemi.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Hér hefur nú verið skýrt frá störfum og umfjöllun samgn. varðandi þetta mál. Það sem þar hefur komið fram er að sjálfsögðu allt saman rétt með farið eftir því sem ég fæ best séð.

Mér finnst hins vegar vert að það komi hér fram, eins og reyndar hefur komið fram hjá öðrum hv. ræðumönnum, að fyrir þessari till. var nokkuð mikið fylgi í samgn. Ed. Alþingis. Af þeirri ástæðu hafði ég samband við samgrh. um tillöguflutning af þessu tagi og hann endurtók það í mín eyru, sem hann sagði raunar í framsögu fyrir málinu, að hann væri því engan veginn andvígur ef nefndinni sýndist svo að tillaga af þessu tagi yrði flutt.

Það má til sanns vegar færa að um þessa till. og þennan efnisþátt frv. hafi ekki mikið verið fjallað. Það verður að segjast eins og er að það var ekki mjög mikil umfjöllun um póstlagafrv. Það var haldinn einn fundur fyrir páska með sérfræðingum eða fólki sem starfaði að undirbúningi frv. og þar kom greinilega fram að frv. var frekar auðvelt í umfjöllun. En strax á þeim fundi kom það líka fram — ég held að ég mun það örugglega rétt — að þetta ákvæði, sem till. byggist á, hafi verið fellt út við meðferð málsins í ráðuneytinu. Það var af þeirri ástæðu sem okkur þótti vert að kanna hug samgrh. nánar í þessum efnum.

Út af því sem hér hefur verið sagt vildi ég einungis leggja áherslu á tvennt. Í fyrsta lagi það að hér er ekki um neina bankastofnun að ræða og þessi þjónusta gæti aldrei orðið nema smá í sniðum. Hins vegar hefur hún sérstöðu að því leyti fram yfir aðra bankastarfsemi að hún gæti liðkað til í þeim byggðarlögum þar sem enginn banki er. Þess vegna er þetta að mörgu leyti skemmtilegt mál. Ég segi það sem mína skoðun. Það er alveg augljóst, eins og kom fram í ræðu hv. flm. að till., að hér yrði ekki um mikil umsvif að ræða og að þetta tæki að sjálfsögðu fyrst og fremst og kannske eingöngu til þeirra sem eiga launareikninga í póstgíróinu.

Hitt atriðið, sem ég vildi svo leggja líka áherslu á, eins skýrlega og ég get gert, er það að þetta er heimildarákvæði. Það má fullyrða að áður en tekin yrði ákvörðun um að nota þessa heimild yrði gengið frá þeim reglum sem unnið væri eftir.

Þetta fannst mér rétt að taka fram þótt margir ræðumenn hafi hér skýrt málið rétt og vel með tilliti til þess sem gerðist í samgn. Ed. Alþingis.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Þegar þetta mál kom hér til 1. umr. nefndi ég þennan möguleika, að reikningshafar hjá Póstgíróstofunni ættu að eiga kost á einhverri lánafyrirgreiðslu. Í umræðunum kom síðan fram að nefndin, sem samdi frv., lagði til að sá háttur yrði hafður á, eins og raunar hefur komið fram hjá hv. formanni samgn., 11. landsk. þm. Síðan var það ákvæði fellt niður við athugun málsins í ráðuneytinu.

Til þess að það liggi alveg skýrt fyrir hvernig þessi till. kom inn í þessa umræðu núna þá sat ég fund samgn. í síðustu viku, er fulltrúi Alþfl. þar, hv. 6. landsk. þm., var fjarverandi, og lýsti þar þeirri skoðun minni að þetta ætti að vera eitt af hlutverkum Póstgíróstofunnar, einkanlega við þær aðstæður, sem lýst var hér áðan, þar sem engin peningastofnun er.

Þessum hugmyndum var ákaflega vel tekið í nefndinni, miklu betur en ég átti von á. Ég var mjög ánægður með það og niðurstaðan fannst mér verða sú að nefndin mundi bara flytja þetta sem brtt. Síðan var frá því horfið en þá voru aftur aðrir í nefndinni sem vildu gjarnan flytja þessa till. Þess vegna aðhafðist ég ekkert í málinu, enda var fulltrúi Alþfl. í nefndinni þá kominn aftur og búinn að taka sitt sæti þar. Ég átti því ekki neins konar aðild að málinu í nefndarstörfunum.

Ég hélt því satt að segja að málið væri í höfn og allt í góðu gengi. Ég áttaði mig svo á því hér áðan þegar

málið kom til 2. umr. að þessari till. hafði ekki verið dreift og það var ekki ætlunin að hún kæmi fram við 2. umr. heldur þá 3.

Síðan gerðist það, sem ég hafði ekki alveg búist við, að boðaður var nýr fundur og þá var þetta mál tekið til 3. umr.. Mér var tjáð að málið yrði tekið til 3. umr. á þessum fundi og þá var ekki um neinn annan kost að ræða en að flytja þessa hugmynd sem skriflega brtt. ef hún átti hér að koma fram. Í ljósi þess sem ég hafði sagt, í fyrsta lagi við 1. umr. málsins og í öðru lagi í nefndinni, fannst mér óhjákvæmilegt að flytja þetta í formi skriflegrar brtt. hér við 3. umr. enda þótt ég tæki fyllilega undir það, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, að vissulega hefði þurft að undirbúa þetta mál betur, undirbúa jarðveginn betur í nefndinni og hér í deildinni. En til þess var bara ekki gefið neitt ráðrúm.

Ég ræddi þetta mál að vísu ekki persónulega við forseta en mér var tjáð hér frammi á ganginum að málið yrði tekið til 3. umr. núna. Sá kostur er því einn fyrir hendi að flytja málið í þessari mynd. Ég held að það sé skynsamlegt að gera þessa breytingu og auðvitað verður hér aldrei um neina lánastarfsemi í stórum stíl að ræða. Til þess standa engin efni.

En ég get t.d. sagt að ég hafði launareikning hjá Póstgíróstofunni í nokkuð langan tíma og það var að mörgu leyti þægilegra og hagkvæmara en að skipta við banka nema að því leyti að það var erfitt fyrir þann einstakling sem ekki er með launareikning í banka að óska þar eftir lánafyrirgreiðslu. Þannig er nú kerfið.

Ég vil biðja hv. deildarmenn að skoða nú hug sinn vel áður en menn hafna þessu heimildarákvæði sem er aðeins heimildarákvæði og stjórnvöld hafa í hendi sér að ákveða það nánar í reglugerð hvernig eða hvort þetta verður gert. Með þessari till. er ekki verið að segja að það eigi að gera þetta heldur er þetta, eftir því sem ég hef skilið og legg til, aðeins heimildarákvæði um að Póstgíróstofunni verði þetta heimilt.

Hér er ekki verið að tala um neina útþenslu í kerfinu. Póstþjónustan er með útibú víðar en nokkur banki og annast margháttaða fjármálaafgreiðslu og fjármálafyrirgreiðslu við almenning. Ég held að þetta væri þvert á móti til mikilla þæginda fyrir allan almenning án þess að það yrði um einhverja óskaplega útþenslu á póstþjónustunni að ræða. Ég hef ekki nokkra trú á því og yfirvöld hafa það þá í hendi sér að hafa stjórn á þeirri útþenslu. Auðvitað hafa yfirvöld það miklu betur í hendi sér og stjórnvöld að stjórna þessari útþenslu en bankakerfinu sem stjórnvöld ráða ekkert við.

Ég ítreka að ég skora á hv. deildarmenn að skoða vel hug sinn til þessa máls áður en gengið er til atkvæða innan fárra mínútna.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Hér er ekki um stórmál að ræða heldur fráhvarf frá forneskju til nútímans. Ég minni á að sú þjónusta, sem hér er rætt um, er fyrir hendi hvarvetna á Norðurlöndum og í Vestur-Þýskalandi, en hún er ekki til staðar í Austur-Þýskalandi þar sem fulltrúar forneskjunnar ráða.

Ég bendi á að margir hnýta í bankakerfið vegna mikillar yfirbyggingar, vegna bruðls sem þar er, vegna mikilla byggingarframkvæmda í eigin þágu og hvaðeina, en þrátt fyrir að þetta verði samþykkt verður ekki um neitt slíkt að ræða. Þetta er spurningin um eðlilega og almenna þjónustu við viðskiptavini. Ef þetta yrði banki með þessu er þetta alveg eins banki í dag. Við skulum minnast þess að bankaviðskipti hafa verið að þróast og þroskast á undanförnum árum til hagsbóta fyrir viðskiptavinina. Ég tel ástæðu til þess að við höldum þeirri þróun áfram fyrir einstaklingana í þjóðfélaginu, fyrir launamenn og aðra. Einkum mun þetta koma til góða fyrir launamenn. Ég tala nú ekki um úti á landi. Þar sem ekki eru bankaútibú er hægt að notfæra sér þetta því að víðast hvar eru pósthús. Þess vegna er þetta byggðamál líka, þetta litla mál.

Ég verð að játa að ég átti ekki von á því að þetta yrði tekið til umræðu núna og vissi reyndar ekki annað en að við mundum ræða saman um þetta, nefndarmenn, áður en þetta yrði tekið til 3. umr. En svona er málum komið nú.

Í framhaldi af því sem ég hef áður sagt vil ég benda á að það mætti kannske herða að einhverju öðru en svona löguðu, almennri þjónustu við launamenn, eins og viðskiptum verðbréfasala og öðru slíku sem er á fullu. Það þykir mönnum allt í lagi. Kannske er það allt í lagi ef það er innan eðlilegra og heiðarlegra marka sem maður efast stundum um.

Þegar rætt er um að undirbúa hefði mátt málið betur hygg ég að það hafi verið undirbúið mjög rækilega í ráðuneytinu eins og það var sett fram í upphaflegum tillögum ráðuneytisins. Ég tek undir það, sem hinn ágæti formaður samgn. kom að áðan, að frv. allt hlaut afskaplega litla skoðun í nefndinni.

Ég legg áherslu á að viðhorf forneskjunnar ráði ekki í þessu máli heldur viðhorf þeirra sem vilja gera viðskipti öll þægilegri og lipurri fyrir fólkið í landinu og horfa fram en ekki aftur.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það er ástæða til að vekja athygli á því að hér er um að ræða frv. sem er meira og minna staðfesting á hlutum sem hafa verið að þróast um árabil og það flýtti auðvitað fyrir starfi í nefndinni. Það er grundvallaratriði í þessu máli, finnst mér, að ekki er klárt hvað verið er að samþykkja ef frv. er samþykkt. Það eru u.þ.b. 2000 reikningshafar á póstgíróreikningum í pósthúsum landsins. Það eru lauslegar grunnhugmyndir að menn gætu fengið nokkur mánaðarlaun lánuð eða til yfirdráttar. Við gætum verið að tala um 200–500 millj. kr. tilfærslu inn í bankalán, þá í póststofum, sem út af fyrir sig er sjónarmið. En mér finnst ótækt að skoða það ekki miklu nákvæmar í hv. nefndum þingsins áður en slíku yrði hleypt fram. Ég kalla það ekki afturför. Ég kalla það að vita hvað menn eru að gera nákvæmlega því að þetta er veruleg breyting sem er spennandi en óljós.

ATKVGR.

Brtt. 903 samþ. með 11:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það hafði verið gert munnlegt samkomulag, má segja, um að þessi fundur stæði ekki lengur en til kl. 8. Það er þess vegna útséð um að hægt sé að ljúka málum sem stefnt var að, eins og selveiðifrv., og koma því til nefndar. Er ekkert við því

að gera. (**EG:** Eru margir á mælendaskrá þar? Ég fell frá orðinu. Ég var á mælendaskrá.) Það er einn hv. þm. í miðri ræðu. (**EgJ:** Ég var ekki kominn í miðjuna á þremur mínútum.) Það má gera því skóna að sú ræða sé ekki komin miðja leið og þar af leiðandi mun það taka of langan tíma að koma því máli til nefndar. Hins vegar er hér eitt mál á dagskrá, 15. dagskrármálið, sem er fasteigna- og skipasala, og var meiningin að reyna að koma því til Nd. Ef hv. þingdeildarmenn gera ekki athugasemd við það mun forseti freista þess að taka það mál fyrir.

Fasteigna- og skipasala, stjfrv. 320. mál (þskj. 591). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð um brtt. sem flutt er við frv. frá allshn. Eins og ég gat um áðan þegar ég mælti fyrir áliti allshn. höfum við fengið ábendingar um lagfæringar á 6. gr., þ.e. að við 2. mgr. bætist: „á sama stað og fasteignasalan er rekin.“ Þetta er til lagfæringar þannig að menn geti síður notað leppa fyrir sig í fasteignasölu. Frv. þrengir þann möguleika.

Og svo er brtt. við 14. gr. Upphaf 2. mgr. 14. gr. orðist svo: „Fyrir aðstoð við kaup eða sölu má þóknun frá kaupanda eða seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar“ o.s.frv.

Þetta orðalag er nákvæmara til þess að það sé tryggt að sú viðskiptavenja sem hefur verið í þessum efnum haldist. Allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 904, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 904 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 81. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tollskrá, stjfrv. 128. mál (þskj. 778, n. 814). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Mál þetta er einfalt í sniðum. Það voru gefin út brbl. s.l. haust um lækkun á tollum á bifreiðum m.a. Síðan hefur Alþingi afgreitt enn frekari lækkun á tollum á bifreiðum, en eftir stendur að tollur á snjósleðum var lækkaður skv. brbl. og þar eru þær eftirhreytur sem hér blasa við þm. Tollur á vörum í tollskrárnúmeri 87.02.11 í 1. gr. tollskrárinnar lækki í 70%, þ.e. snjósleðar. Nefndin varð sammála um að staðfesta þetta ákvæði brbl. og mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingasjóður, stjfrv. 419. mál (þskj. 771, n. 831). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. þetta. Nefndin fékk Eyjólf Jónsson, framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs, til að koma á fund og gera grein fyrir efni frv., en Eyjólfur Jónsson var einn af þeim mönnum sem fyrir hönd ríkisstj. undirbjuggu þetta frv. Í hans máli kom fram að hér er ekki gert ráð fyrir auknum útgjöldum af hálfu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólksins heldur fyrst og fremst öðrum aðferðum við að greiða þessar atvinnuleysistryggingabætur sem eiga að tryggja atvinnu fiskverkunarfólks, tryggja eða bæta atvinnuöryggi þess. Að þeim upplýsingum fengnum varð nefndin sammála um að leggja til að frv. þetta yrði afgreitt óbreytt eða eins og segir í nál.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. Eyjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuleysistryggingasjóðs, kom á fund nefndarinnar. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Einstakir nefndarmenn undirrita álitið þó með fyrirvara.“

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kjartan Jóhannsson og Guðmundur H. Garðarsson, en undir nál. skrifa Guðmundur Bjarnason, Guðrún Agnarsdóttir með fyrirvara, Guðrún Helgadóttir með fyrirvara, Ólafur G. Einarsson og Geir H. Haarde.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma, stjfrv. 431. mál (þskj. 791, n. 857, brtt. 851). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 857 er nál. frá landbn. um þetta frv. Þar kemur fram að til viðræðu við nefndina komu Páll Agnar Pálsson yfirdýralæknir, Sigurður Helgason fisksjúkdómafræðingur, Jón Sveinsson, formaður Félags eldis- og hafbeitarstöðva, og Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með nokkrum breytingum sem ég mun nú greina frá. Undir það skrifa allir þeir nefndarmenn sem voru á fundinum, en hv. alþm. Halldór Blöndal var ekki við lokaafgreiðslu málsins.

Brtt. eru í fyrsta lagi við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:

Deildin lætur fiskeldisstöðvum í té vottorð um heilsufar fisks í stöðinni eftir því sem reglubundið eftirlit, sbr. lög nr. 76/1970 og lög nr. 61/1985, og rannsóknir og önnur starfsemi deildarinnar skv. lögum þessum gefa tilefni til.

2. brtt. er við 3. gr. Síðasti málsl. greinarinnar orðist svo:

Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og ber ábyrgð á fjárhag deildarinnar.

3. brtt. er við 4. gr. Greinin orðist svo:

Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur yfirstjórn forstöðumanns Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði.

4. brtt. er við 5. gr.

a. 4. tölul. fyrri málsgr. orðist svo:

Að veita fiskeldisstöðvum hvers konar aðstoð og ráðgjöf er að gagni má koma til varnar útbreiðslu sjúkdóma og til að tryggja heilbrigði fiska.

b. Síðari málsgr. *falli* brott.

5. brtt. er við 6. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

Rannsóknadeildin getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast tiltekna þætti rannsókna vegna fisksjúkdóma í landinu.

6. brtt. er við 9. gr. Greinin orðist svo:

Menntmrh. setur Rannsóknadeild fisksjúkdóma starfsreglur og staðfestir gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem hún veitir, með reglugerð.

7. brtt. er við 10. gr.

a. Síðasti málsl. 1. málsgr. orðist svo:

Þegar um sýnatöku vegna fyrirhugaðs útflutnings er að ræða skal rannsóknadeildin ganga úr skugga um að sýnatökur og úrvinnsla séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

b. Í stað orðanna „sem og önnur fyrirmæli“ í 2. málsgr. komi: sem og fyrirmæli.

8. brtt. er við 11. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal rannsaka sýni frá fiskeldisstöðvum með viðurkenndum aðferðum. Finnist ekkert athugavert við rannsókn er sú niðurstaða skráð í skýrslur um viðkomandi stöð. Þær niðurstöður, ásamt reglubundnu eftirliti, eru grundvöllur útgáfu heilbrigðisvottorða, sbr. 14. gr.

9. brtt. er við 14. gr. Í stað orðsins „fiski“ í síðari málsl. komi: alifiski.

Þetta eru þær brtt. sem nefndin varð sammála um að flytja hér og leggur hún til að frv. verði samþykkt með þeim.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 851,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 851,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 851,3 (ný 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 851,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 851,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 851,6 (ný 9. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 851,7 samþ. með 28 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 851,8 samþ. með 25 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
12.–13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, stjfrv. 272. mál (þskj. 770, n. 862). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 862 um frv. til l. um ríkisendurskoðun frá fjh.- og viðskn. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Kristófer Már Kristinsson mun ekki hafa verið viðstaddur á þeim fundi þar sem málið var afgreitt á og ekki heldur Ólafur G. Einarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Verðbréfamiðlun, stjfrv. 202. mál (þskj. 721, n. 863, brtt. 867). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 863. Það hljóðar þannig:

„Nefndin hefur athugað frv. og aflað umsagnar laganefndar Lögmannafélags Íslands. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.“

Undir þetta rita Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson og Svavar Gestsson. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Kristófer Már Kristinsson.

Eins og ég sagði áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. og brtt. hefur komið hér fram frá hv. þm. Halldóri Blöndal, einum nefndarmanninum, þar sem lagt er til að réttindi fái einnig löggiltir endurskoðendur. Hann mun að sjálfsögðu gera grein fyrir brtt. sinni sjálfur, en ég fyrir mitt leyti get fallist á þessa brtt.

ATKVGR.

Brtt. 867 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–18. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv. 387. mál (þskj. 708, n. 864, brtt. 836). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur fjallað um frv. þetta, breytingu á lögum um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

Frv. þetta fjallar um breytingu á 2. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ráðherra sé heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss til að annast læknisþjónustu á vegum stöðvarinnar og jafnframt að yfirlæknir augndeildarinnar verði yfirlæknir stofnunarinnar.

Reynslan hefur leitt í ljós að það fyrirkomulag hentar ekki og frv. gerir ráð fyrir að niður úr þessari lagagrein verði fellt það ákvæði að yfirlæknir augndeildar, sem hugsanlega er samið við, sé jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar og verði breytingin samþykkt verði þessi staða yfirlæknis við þjónustu- og endurhæfingarstöð

sjónskertra auglýst laus til umsóknar.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Augnlæknafélagi Íslands, þeir Ólafur Grétar Guðmundsson og Vésteinn Jónsson, og settu fram þær óskir Augnlæknafélagsins að málsliðurinn um heimild ráðherra til að semja við augndeild sjúkrahúss til að annast læknisþjónustu á vegum stofnunarinnar yrði einnig felldur niður úr lögunum, málsgr. öll sem sagt felld burtu. Um það náðist ekki samstaða í nefndinni. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var lagt hér fyrir Nd., þ.e. að 2. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss að annast að einhverju eða öllu leyti læknisþjónustu á vegum stöðvarinnar.

Þar með eru þá felld niður ákvæðin um að yfirlæknir þeirrar augndeildar sé jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar.

Eins og ég sagði varð ekki samkomulag í nefndinni. Hún klofnaði í afstöðu sinni til málsins og leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Guðmundur H. Garðarsson. Undir þetta nál., sem er á þskj. 864, skrifa Guðmundur Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Kjartan Jóhannsson og Geir H. Haarde.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er kannske of djúpt í árinni tekið hjá hv. frsm. að nefndin hafi klofnað um þetta mál. Svo stórt mál er þetta ekki að það orðalag eigi við. En okkur hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur þótti að hér mætti betur gera og til lengri framtíðar en sú till. gerir ráð fyrir sem hæstv. ráðh. lagði fram.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason hefur reyndar þegar rakið hvað hér er á ferðinni, en ef ég mætti, herra forseti, lesa 2. gr. í lögum um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra hljóðar hún svo:

„Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar skv. lögum nr. 59 frá 1983, um heilbrigðisþjónustu. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar."

Síðar kemur seinni hluti greinarinnar sem er að okkar mati dálítið annarlegur. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss að annast læknisþjónustu á vegum stöðvarinnar og yrði yfirlæknir augndeildar jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar."

Í fyrsta lagi er dálítið kyndugt að hafa það í lagagrein að ráðherra sé heimilt að semja við eina sjúkrastofnun um samstarf við aðra. Slíkt á eiginlega tæplega að þurfa. Það gefur auga leið að sjónstöðin hlýtur að leita til augndeildarinnar á Landakotsspítalanum með allar meiri háttar aðgerðir vegna þess einfaldlega að þær eru ekki annars staðar gerðar.

Síðan gerist það einfaldlega að þegar sjónstöðin tekur til starfa er yfirlækni augndeildar falið að annast jafnframt þetta starf á sjónstöðinni. Það kemur fljótlega í ljós að hann annar því engan veginn og telur ekki að hann komist yfir bæði þessi störf og felur þess vegna samstarfsmanni sínum á augndeildinni að taka við þessu starfi. Þetta eru aftur á móti dálítið óvenjulegar aðferðir við að ráða starfsmenn og ekki að undra þó að Augnlæknafélagi Íslands þætti vald þess virðulega yfirlæknis orðið allverulegt. Það stendur þess utan, eins og lögin eru núna, að jafnframt verði yfirlæknir augndeildar yfirlæknir stofnunarinnar. Þá þótti hæstv. ráðherra rétt að sú lína félli í öllu falli út.

Ég vona að þetta sé nú ekki allt of flókið. Málið er einfaldlega þannig að Augnlæknafélaginu og raunar Læknafélagi Íslands líka þykir eðlilegast að þarna sé staða auglýst og maður ráðinn til að stjórna þessari stöð og vera yfirlæknir hennar. Ég vil benda á að engum hefur nokkurn tíma dottið í hug að ekki sé sérstakur yfirlæknir sem stjórnar heyrnar- og talmeinastöðinni.

Við hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir vildum hreint ekki tefja framgang þessa máls. Við skiljum mætavel að hæstv. ráðherra er að laga svolítið til þetta klúður sem upp er komið. En einfaldast er að allur síðari hluti 2. gr., þ.e. 2. málsgr., falli niður. Þá er þetta mál leyst, samstarfssamningur úr gildi fallinn og ekkert á móti því að auglýsa stöðuna eins og lög gera ráð fyrir.

Að lokum vil ég aðeins vitna í bréf frá Augnlæknafélagi Íslands sem skrifað er til heilbr.- og trn. 10. apríl s.l., með leyfi forseta:

„Stjórn Augnlæknafélags Íslands leggur eindregið til að lögum um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra verði breytt þannig að 2. málsgr. 2. gr., þar sem stjórn sjónstöðvarinnar er heimilað að semja við augndeild sjúkrahúss varðandi læknisþjónustu, verði öll felld niður."

Ég og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir erum hjartanlega sammála því að þetta væri best fellt út úr lögunum og við leggjum til við hv. deild að svo verði gert. Ég get ekki séð að þetta geti verið hæstv. ráðherra, sem ég sé ekki að sé hér viðstödd, mjög á móti skapi og hef rætt það lítillega við hana. Okkur fannst það ekki mikið tilfinningamál en ég sakna þess raunar að heyra ekki hennar skoðun á því máli.

Fallist menn ekki á þessa till. okkar hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur þá munum við ekki tefja framgang þessa máls, við teljum það nú ekki svo stórkostlegt. En vissulega held ég að lögin væru betri eftir þessa breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 836 felld með 20:10 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, að loknum 81. fundi.

Tollskrá, stjfrv. 128. mál (þskj. 778). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 890).

Atvinnuleysistryggingasjóður, stjfrv. 419. mál (þskj. 771). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma, stjfrv. 431. mál (þskj. 895). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisendurskoðun, stjfrv. 272. mál (þskj. 770). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 891).

Verðbréfamiðlun, stjfrv. 202. mál (þskj. 721, brtt. 867). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hafa fallið niður af vangá í d-lið 4. gr. frv. orðin „löggiltur endurskoðandi“, sem er eðlilegt þar sem ekki hefur verið athugað við samningu frv. að hér áður þurfti ekki viðskiptafræðipróf til þess að öðlast menntun sem löggiltur endurskoðandi. Það kemur í ljós í niðurlagsgrein 4. gr. að þar er gert ráð fyrir því að löggiltir endurskoðendur búi yfir þeirri þekkingu sem er forsenda þess að veita leyfi til verðbréfamiðlunar. Þar er gert ráð fyrir því að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn og löggiltir endurskoðendur geti þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. veitt tilteknum viðskiptamönnum þjónustu sína sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni. Það er m.ö.o. forsenda fyrir þessari lagagrein, eins og hún er byggð upp, að löggiltir endurskoðendur hafi kunnáttu til að veita þá þjónustu sem hér er gert ráð fyrir.

Ég hafði samband við Félag löggiltra endurskoðenda um þetta efni og þeir voru mér sammála um þetta. Þetta er lítil orðalagsbreyting og nánast leiðrétting.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og hv. deild sjálfsagt rekur minni til gerði ég mjög að umræðuefni hér fyrir ekki löngu síðan stöðu verðbréfasjóða og viðskiptahætti þeirra. Sú umfjöllun vakti þó nokkra athygli bæði hér og annars staðar í þjóðfélaginu. Mér þykir rétt að fram komi nú við þetta tækifæri að eftir þá umræðu fóru fram samræður milli mín og aðila sem eru í fjh.- og viðskn. Ed. þar sem frv. til l. um verðbréfamiðlun var til umfjöllunar. Út frá þeim samræðum urðu þó nokkrar breytingar á frv. til laga um verðbréfamiðlun sem ég tel að séu til mikilla bóta og þá frv. eins og það liggur hér fyrir eftir breytingarnar í Ed.

Þessar breytingar sneru að ýmsum þeim atriðum sem ég hafði gert að umtalsefni og ég tel eftir atvikum að viðunandi árangur hafi náðst í því að tekið væri á því máli með verðbréfasjóðina sem ég gerði þá sérstaklega að umtalsefni.

Ég vil sem sagt við þetta tækifæri láta í ljós ánægju mína með það að þær endurbætur hafa verið gerðar á frv. sem raun ber vitni og til þeirrar áttar sem gagnrýni mín beindist að og ég taldi nauðsynlegt þó að sjálfsagt megi þar í framtíðinni enn betur um bæta.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja áherslu á að framfylgt verði ákvæðum laga, sem reyndar hæstv. viðskrh. taldi að ættu við í þessu efni og eru ítrekuð í frv. eins og það liggur nú fyrir um verðbréfamiðlun, þ.e. ákvæði laga um samkeppnishömlur, verðlag og óréttmæta viðskiptahætti, þannig að það dynji ekki yfir fólk misvísandi auglýsingar um starfsemi þessara sjóða og enginn taki ákvarðanir sínar vaðandi í villu um það hvers konar fyrirkomulag er hér á ferðinni.

ATKVGR.

Brtt. 867 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv. 387. mál (þskj. 708). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv. 126. mál (þskj. 727, n. 816 og 820). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um fjáröflun til vegagerðar. Nál. er á þskj. 820.

Eins og þar kemur fram varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl., en hann skipa auk mín þeir hv. þm. Páll Pétursson, Halldór Blöndal og Guðmundur H. Garðarsson, leggur til að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed. Minni hl. leggur til að frv. verði fellt.

Þetta frv. var flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru um þetta efni þann 20. sept. 1985. Þau fólu í sér hækkun gjalda af bensíni og hækkun þungaskatts af bifreiðum og skyldu hinar auknu tekjur ganga til framkvæmda í vegamálum á árinu 1986.

Þetta mál hefur fengið ítarlega umfjöllun, sérstaklega í hv. Ed. Þar voru gerðar á því breytingar sem fyrst og fremst lutu að því að gera uppbyggingu laganna heilsteyptari og skýrari, voru sem sagt tæknilegs eðlis að mestum hluta. Efnisbreytingar hafa þó verið gerðar. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þær. Það var gert í framsögu fyrir málinu í þessari hv. deild. Auk þess vísa ég til ítarlegs nál. á þskj. 688 sem er nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed.

Ég ítreka svo að meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar.

Í nál. minni hl. segir: „Nefndin hefur athugað frv. og rætt við fulltrúa fjmrn. og hagsmunasamtaka. Frv. er flutt til staðfestingar brbl. sem gefin voru út 20. sept. 1985. Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frv. Minni hl. er andvígur því að skattheimta á bifreiðar sé aukin á sama tíma og útgjöld til vegamála eru skorin niður. Frv. gengur einnig þvert á þá stefnu, sem nú er uppi, að færa niður verðlag í landinu og standa gegn öllum hækkunum. Minni hl. leggur því til að frv. verði fellt."

Undir þetta skrifa Svavar Gestsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Kristófer Már Kristinsson.

Eins og fram hefur komið áður hefur þetta mál verið alllengi á döfinni hér á hv. Alþingi. Ed. hefur verið með það til meðferðar í marga mánuði. En þetta er í meginatriðum staðfesting á brbl. sem ríkisstj. setti í september 1985. Það er því ekki seinna vænna að Alþingi taki afstöðu til málsins því að sú skattlagning á umferðina, sem frv. gerir ráð fyrir, félli úr gildi ef þetta þing næði ekki að staðfesta hana, eins og ríkisstj. gerir hér tillögu um.

Við höfum hins vegar tekið undir þá afstöðu sem minni hl. hafði í Ed. í þessu máli og leggjum til að frv. verði hafnað.

Hér er um að ræða 355 millj. kr. aukaskattlagningu á umferðina frá því sem verið hefði. Þar er annars vegar um að ræða bensíngjald upp á um 230 millj. og hins vegar þungaskatt upp á um 100 millj. kr. Þungaskattshækkunin nemur um 56% á sama tíma og byggingarvísitala hafði hækkað um 24%. Hér er því um að ræða gífurlega raunhækkun á gjöldum af umferðinni í landinu.

Út af fyrir sig kynnu menn að segja sem svo: Það er eðlilegt að umferðin greiði gjöld í einhverjum verulegum mæli til vegagerðar í landinu. En því er ekki að heilsa að um aukningu sé að ræða á framlagi til vegagerðar. Það kemur glöggt fram á þskj. 512 sem er svar samgrh. við fyrirspurn hv. þm. Þórðar Skúlasonar um fjárframlög til vegagerðar. Þar kemur fram að á verðlagi ársins 1986 er staðan þannig að mismunur á vegáætlun og langtímaáætlun verður upp á 710 millj. á þessu ári, var upp á 520 millj. í fyrra og 160 millj. kr. í hitteðfyrra.

Þegar borin eru síðan saman gjöld af umferðinni, skattar á bensín og útgjöld til vegamála, kemur fram að heildarskattar á bensíni á þessu ári eru taldir vera tæpir 3 milljarðar kr. eða 2985 millj. kr. Af þessum gjöldum af bensíni renna til vegamála, framkvæmda á þessu ári, aðeins 68%. Það er lægsta hlutfall tekna af bensíni sem runnið hefur til vegamála á fjögurra ára tímabili og sjálfsagt lengra aftur ef það væri skoðað.

Árið 1982 runnu til vegamála af sköttum af bensíni 82%, 1984 var talan 83%, 1985 var hún 78%, en á þessu ári 68%. Það er því minnkandi hlutur bensíngjalda sem rennur til vegamála í landinu. Þessar tölur eru ákaflega sláandi, á sama tíma og verið er að skera niður, að verið er að hækka skatta á umferðina eins og hér er gerð tillaga um.

Í ljósi þessa og annarra raka, sem fram hafa komið í þessu máli, leggur minni hl. til að frv., eins og það birtist eftir 2. umr. í Ed. og eins og það er hér til meðferðar, verði fellt.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tek undir mál hv. 3. þm. Reykv. sem mælti hér fyrir minnihluta-áliti. Eins og hann hefur rakið er ljóst að síminnkandi hlutfall af sköttum á bensín rennur til vegamála og kemur fram sem framlag, en hinn hlutinn fer að meginefni inn í ríkissjóð. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er um gífurlega lækkun að ræða frá því sem var fyrir 3–4 árum á framlagi til vegamála sem skv. fjárlögum 1986 er áætlað að verði aðeins 1,64% af þjóðarframleiðslu en náði 2% á árunum 1983 og 1984, svo litið sé aðeins til baka.

Það er mjög tilfinnanlegt hvernig framlag til framkvæmda í vegamálum hefur dregist saman á undanförnum árum. Kemur þetta alveg sérstaklega niður á landsbyggðinni sem býr við misjafnlega slæma vegi. Þeir fara að vísu batnandi sums staðar á aðalleiðum, en mjög víða er ástandið þannig að mönnum blöskrar sem koma af þessu svæði hér þar sem búið er að leggja bundið slitlag á alla vegi að heita má. Er gjarnan tíðkað að kalla þetta sveitavegi þegar menn koma út á mölina.

Nú er það svo að bensínverð fer nú lækkandi vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíuvörum. Vissulega eru menn ánægðir með það þegar þróunin er í þá áttina þó að sú þróun hafi fleiri en eina hlið. Ég hef ekki trú á því og ég held að þeir séu ekki margir sem reikna með því að þetta lága verð á olíuvörum, sem nú ríkir, haldist til lengri tíma. Það er ekkert æskilegt í rauninni að fara að laga samgöngumynstur t.d. í landinu að slíkum sveiflum ef skammæjar reynast.

Ég vil því nefna það við þessa umræðu að ég tel að það þurfi að athuga það mjög vel á þessu ári í ljósi þeirrar þróunar sem verður á bensínverði hvar menn ætla að staldra við. Ég tel að það eigi að koma fullkomlega til greina, jafnframt því sem skilað er til vegamálanna eðlilegum hluta af skattheimtu á umferðina og miklu meira en nú er gert, að það verði athugað í fullri alvöru að staldra við eitthvert þak á bensínverði, ef það ætlar að lækka mjög stórlega frá því sem nú er, og taka þá tekjurnar af slíku til vegaframkvæmda eingöngu og óskipt og fyrst og fremst til að bæta úr ástandinu þar sem það er verst og hraklegast í landinu.

Þegar gerðir voru kjarasamningar í lok febrúarmánaðar var í forsendum þeirra gert ráð fyrir að bensínverð

lækkaði um sem nemur u.þ.b. 10% a.m.k., en líka mælst til þess við stjórnvöld að sjá til þess að frekari lækkun komi fram í breytingum á verðlagi. Skil ég afar vel slíkar óskir út af fyrir sig. Það stefnir hins vegar í það að bensínverð fari enn frekar lækkandi miðað við það heimsmarkaðsverð sem nú er í gildi, niður í 28 kr. frá næstu mánaðamótum hefur verið boðað, í framhaldi af því jafnvel niður í 24 kr. á miðju ári miðað við þau innkaup sem nú er hægt að gera á olíuvörum.

Ég tel að menn þurfi að bera sig saman um þessi efni af raunsæi og átta sig á því hvort ekki sé skynsamlegt að staldra við við eitthvert skynsamlegt lágmark og taka mismuninn af því og innkaupsverði til vegaframkvæmda því að nauðsynin er brýn og það eru fáar framkvæmdir í landinu sem eru jafnarðbærar og endurbætur á samgöngukerfinu. Þar eru vegamálin ofarlega þó að fleira komi til, flugið og sjósamgöngur að hafnarframkvæmdum meðtöldum, en ég er hér að tala um vegamálin því að þau tengjast bensínverðinu eðlilega eða umferð bensínknúinna bíla.

Ég vildi nefna þetta við þessa umræðu. Það er aldrei vinsælt að tala fyrir því að ganga ekki eins langt í lækkunarátt og kostur er. En ég held að málið sé þannig vaxið að það sé í rauninni ekki skynsamlegt að fara að taka inn einhvern öldudal, kannske mjög tímabundinn, í bensínverði og fara að laga umferðarmynstur og umferðarvenjur manna eftir slíku sem síðan getur breyst fyrr en varir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:14 atkv.

2.–9. gr. samþ. með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, ÞP, PJ, GHH, SV, StH, SvH, ÞÞ, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GGS, HÁ, HBl, IG.

nei: JBH, ÓÞÞ, EBS, KMK, HG.

KP, GSig greiddu ekki atkvæði.

13 þm. (KJóh, KH, KSK, RH, StG, SJS, SvG, GeirG, GB, GJG, GA, GHelg, JS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í könnun um verðlag á vörum á Íslandi hefur komið í ljós að vöruverð er mun hærra úti á landsbyggðinni en í Reykjavík. Ég tel hér um ofskattlagningu að ræða og segi nei.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv. 260. mál (þskj. 838). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir er samið á vegum viðskrn. Meginmarkmið frv. er tvíþætt. Því er ætlað að bæta úr réttarstöðu neytenda í viðskiptum og sporna gegn misnotkun á reglunni um samningsfrelsi sem er ein af grundvallarreglum íslensks fjármunaréttar. Í þessu skyni er lagt til í frv. að lögfest verði nýtt ákvæði, almennt ógildingarákvæði, í III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem venjulega eru nefnd samningalögin. Þetta ákvæði mun veita íslenskum dómstólum víðtækari heimildir til ógildingar eða leiðréttingar ósanngjarnra samninga en gildandi réttarreglur heimila. Er þar einkum um tvær breytingar frá gildandi rétti að ræða. Annars vegar mun ákvæðið taka til allra samningstegunda á sviði fjármunaréttar og hins vegar almennt veita heimild til að taka tillit til aðstæðna sem ekki voru fyrir hendi við samningsgerð ef talið yrði að ógilda eða leiðrétta þyrfti slíka samninga skv. ákvæðunum.

Samhliða þessari breytingu eru í frv. lagðar til þrjár aðrar breytingar sem gerðar eru á III. kafla samningalaga. Í fyrsta lagi er lagt til að 31. og 35. gr. núgildandi samningalaga verði felldar úr gildi, enda eru þær óþarfar sé hið nýja ákvæði lögleitt, í öðru lagi er lagt til að 7. gr. laganna frá 1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., verði flutt í III. kafla samningalaganna og í þriðja lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á 37. gr. núgildandi samningalaga og efni hennar og orðalag þannig samræmt hinu nýja ógildingarákvæði.

Í Ed. varð nefndin sammála um afgreiðslu þessa frv. og gaf út sameiginlegt nál. Þar var gerð ein breyting við 6. gr.: Við mat skv. 1. málsgr. 6. gr. skal líta til efnis samnings o.s.frv., eins og kemur fram í því nál.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 399. mál (þskj. 844). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í þessu frv., sem hér er flutt, er að finna drög að tvennum breytingum á núgildandi lögum um almannatryggingar. Annað varðar mæðralaun. Breytingin felst í því að aldursmark barna vegna töku mæðralauna hækkar úr 16 árum í 17 ár frá 1. júní n.k. og í 18 ár frá 1. jan. n.k.

Fyrir allmörgum árum, þegar aldursmarki vegna töku barnalífeyris skv. almannatryggingalögum var breytt og hann hækkaður úr 16 árum í 17 ár, var ég meðal þeirra þm. sem hafði mikinn hug á og reyndi að vinna að því að aldursmarki vegna mæðralauna væri breytt samtímis. Það tókst ekki þá að sinni. Síðan hefur aldursmark vegna barnalífeyris hækkað upp í 18 ár. Sama ástæða er nú og áður til að láta mæðralaunaréttinn fylgja þeim aldri sem barnalífeyririnn er miðaður við. Því er þetta frv. flutt.

Nú er það svo að mæðralaun hafa verið hækkuð mjög mikið í tíð þessarar ríkisstj. Sérstaklega hefur það gilt um mæðralaun með einu barni og tveimur og raunar um öll mæðralaunin. Hér er um að ræða mjög mikilvægar greiðslur til einstæðra foreldra, eitt af því sem hefur veruleg áhrif á afkomu foreldrisins og barna þess. Það atriði að láta mæðralaunaréttinn ná til 18 ára aldurs barnsins felur m.a. í sér aukið jafnrétti milli þeirra barna sem eiga einstætt foreldri og hinna sem eru samvistum með báðum foreldrum sínum.

Ég hygg að óþarft sé að fara mörgum orðum um þetta réttlætismál. Það kostar nokkurt fé að sjálfsögðu. Það er gert ráð fyrir að á þessu ári muni þessi breyting kosta almannatryggingar 9 millj., en á móti kemur sú réttarbót að hér hækka tekjur margra þeirra sem búa við mjög lágar tekjur nú. Þetta á því að vera liður í því, sem þegar hefur verið um samið í kjarasamningum, að létta lífsbaráttuna fyrir mörgum sem þar áttu hlut að máli. Það liggur fyrir frv. í þessari hv. deild frá hv. 10. landsk. þm. um sama efni og þetta að öðru leyti en því að gildistaka þess frv. var ætluð nú þegar og þá færi aldur barnanna, sem mæðralaunaréttur miðast við, upp í 18 ár, en í þessu frv. er þeirri hugmynd skipt í áfanga. Það þýðir að sjálfsögðu að í grundvallaratriðum erum við sammála um þetta efnisatriði. En við verðum auðvitað að horfast í augu við að hér er um mikið kostnaðarmál að ræða og það getur þurft að koma til þess síðar á árinu að hækka bætur almannatrygginga, m.a. mæðralauna. Þess vegna er það að þessari réttarbót er skipt í tvo áfanga.

Hitt efnisatriðið í frv., sem hér er verið að ræða um, er mjög mikil réttarbót líka, en það heimilar, ef að lögum verður, að hjúkrun í heimahúsum verði greidd af sjúkratryggingum. Þetta mundi fyrst og fremst koma sér vel fyrir aldrað fólk sem býr í heimahúsum, létta á þörf fyrir stofnanavist, gera fólki kleift að búa meðal sinna nánustu lengur, en fá allt að einu faglega hjálp eins og gert er ráð fyrir með því að auka heimahjúkrunina í landinu.

Ég geri mér líka vonir um að með þessari breytingu fáist til starfa við hjúkrun fleiri hjúkrunarfræðingar en þeir sem fengist hafa til þess að ráða sig í föst störf við stofnanir. Þessu atriði verður að sjálfsögðu að hrinda í framkvæmd hverju sinni í heimabyggðum, enda skiptir það mjög miklu máli og hefur oft komið fram á Alþingi að stuðla beri að því að unnt sé að veita slíka þjónustu í heimabyggðum manna. Þess vegna er gert ráð fyrir að til þess að þessu verði komið á geri Tryggingastofnun ríkisins samninga fyrir hönd sjúkrasamlaganna heima fyrir og síðan verði framkvæmdin skv. þeim samningum og reglum sem tryggingaráð setur. Þar á meðal rís sú spurning hvort til komi þátttaka samlagsmanns í greiðslu fyrir hjúkrunina, en ég hygg að þarna verði að vera jafnrétti milli þeirra sem fá hjúkrun frá heilsugæslustöðvum og þeirra sem fá heimahjúkrun samkvæmt þessu kerfi.

Ég hygg, herra forseti, að það sé ekki ástæða til að útlista það mál nánar. Þetta er alveg nýtt í okkar tryggingakerfi og auðvitað segir það sig sjálft að um sum atriði mun reynslan leiða sitthvað í ljós, en ég hygg að nauðsynlegt sé að koma þessu á hið allra fyrsta þannig að unnt verði að létta á þeirri miklu þörf sem fólk með langvinna sjúkdóma, og þá sérstaklega í þeim hópi aldraðir, hefur fyrir þjónustu af þessu tagi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði eins og það kom frá hv. Ed. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa fullum stuðningi mínum við þetta frv. hæstv. ráðh. og ríkisstj. Ég vil jafnframt þakka hæstv. ráðh. fyrir að taka upp það frv. til laga sem liggur fyrir þinginu á þskj. 20 og er 20. mál þingsins. Efnislega er málið náskylt og ég tel ekki ástæðu til að halda til streitu tillögunni eins og hún var þegar ég lagði hana fram hér fyrr í vetur, tel ekki muninn það mikinn.

Hinu get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á, hvernig í raun og veru er farið með vinnu þm. á hinu háa Alþingi. Þetta frv. mitt er búið að liggja í hv. heilbr.- og trn. frá fyrstu dögum þingsins. Allir nefndarmenn voru því í hjarta sínu sammála og gerðu sér fullkomlega grein fyrir að hér væri mikið réttlætismál á ferðinni, að mæðralaun væru greidd til 18 ára aldurs eins og barnameðlög og barnalífeyrir. Af hverju var þetta þá ekki samþykkt þá þegar og varð að lögum fljótlega á eftir? Jú, það er ofur einfalt. Stjórnarandstöðuþingmanni líðst ekki að fá samþykkt mál af þessu tagi sem varðar beinlínis hagsmuni þúsunda íslenskra fjölskyldna. Þetta er auðvitað mikill ljóður á ráði Alþingis. Hér eigum við að afgreiða mál málefnanna vegna en ekki í einhverri samkeppni um hver hafi borið málið fram. Það á ekki að skipta neinu minnsta máli.

Þar á ofan vil ég benda hæstv. ráðh. á, um leið og ég endurtek að ég met mikils að hún skyldi veita þessu máli brautargengi, að stórmannlegra hefði verið að hæstv. ráðh. hefði gert sína brtt. við frv. sem ég lagði fram vegna þess að þar átti brtt. beint við. Lagalega og formlega er hins vegar ekkert rangt við að bera það fram sem brtt. við allt annað mál, sem hún hafði lagt fram, sem er einnig frv. til laga um breytingu á almannatryggingalögum. En ef hæstv. ráðh. taldi ráðherraheiður sinn þar í veði skal ég upplýsa að mínum þingmannsheiðri er misboðið. Ég tel ekki að það eigi að vera viðurkennt hér á hinu háa Alþingi að efnislega sams konar mál sé verra ef ég flyt það en hæstv. ráðh. Menn sem tala hátt um lýðræði og þingleg vinnubrögð hljóta að viðurkenna þetta. Því segi ég þetta hér að við megum sæta því ár eftir ár, þingmenn stjórnarandstöðunnar, að ágæt mál, sem allir eru sammála um, liggja óhreyfð í nefndum þingsins vegna þess að það er ekki liðið að þau mál nái fram að ganga. Oft er einasta ráðið til þess að þau nái samþykki að velviljaður ráðherra beri málið fram sjálfur. Það ber að meta þegar slíkt gerist. Það vil ég endurtaka.

En ég vek athygli á þessu og ég held að það væri mál til komið að þm. stjórnarandstöðunnar ræddu þessi mál nokkuð og hér yrðu tekin upp öðruvísi vinnubrögð. Það er á engan hátt sæmandi að ekki sé sama hvaðan gott kemur ef Alþingi Íslendinga hefur það verkefni eitt að vinna að velferð þegna þessa lands og þess fólks sem hefur kosið okkur til að vinna á hinu háa Alþingi. En að sjálfsögðu mun ég styðja frv. hæstv. ráðh. og fagna því að þetta mál er í höfn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég sé fram á að Alþingi á úr vöndu að ráða. Annars vegar blasir við að þingmannsheiðri hv. 10. landsk. þm. er svo stórlega misboðið að til hreinna vandræða horfir og hins vegar að gott mál er lagt fram í deildinni sem gæti goldið þess að til að bjarga þingmannsheiðrinum yrði að drepa það. Ég sé ekki fram á annað en þm. verði að hugsa vel sinn gang.

En ég vil undirstrika að þegar sagt er að mál séu látin liggja í nefndum án þess að þau séu skoðuð, út á það að þau séu mál stjórnarandstöðunnar, þá tel ég að ég geti með nokkuð góðri samvisku sýnt fram á að þar sem ég kem nálægt slíkum vinnubrögðum er því ekki að heilsa og tel að það sé fráleitt hjá hv. 10. landsk. þm. að kveða

svo fast að orði sem gert var áðan. Auðvitað greinir menn á um mál og mörg mál fá ekki afgreiðslu, en ég biðst undan því að því sé haldið hér fram að það fari ekki eftir efnisinnihaldi heldur eftir því hverjir flytja. Ég tel að það sé alveg ljóst að það fer eftir efnisinnihaldi, en það eru náttúrlega örlög sem menn verða að sitja uppi með að það eru meiri líkur á að ráðherrar komi málum sínum fram en óbreyttir þm. Ég verð að vona að hv. 10. landsk. þm. herði nú sókn sína á framabrautinni og geri sér grein fyrir þessari staðreynd og láti það ekki bregðast, ef Alþb. fer í ríkisstjórn, að hún vermi einn af ráðherrastólunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Lyfjafræðingar, stjfrv. 379. mál (þskj. 690). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér er flutt lítið frv. um breytingu á þeim kröfum sem gerðar eru í sambandi við réttindi lyfjafræðinga. Það er gert ráð fyrir að sá tími sem þeir eru skyldaðir til að starfa í apótekum sé styttur, enda var sá tími, sem nú er í lögum og það atriði varðar, miðaður við aðstæður sem voru allt öðruvísi en nú. Hann er miðaður við þann tíma þegar miklu meira af lyfjaframleiðslunni fór fram í apótekunum, en núna er gert ráð fyrir að losa um þetta. Tíminn er styttur úr einu ári í níu mánuði og gert ráð fyrir að af þessum níu mánuðum séu sex þeirra á námstímanum. Um þetta mál eru allir sem hlut eiga að því sammála, Apótekarafélag Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands svo og háskóladeildin. Það er gert ráð fyrir að verði þetta frv. að lögum, sem ég vona að verði, gildi þetta einnig um þá sem útskrifast sem lyfjafræðingar nú í vor.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 393, n. 865 og 877, brtt. 866 og 878). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem birtist á þskj. 865. Texti nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum og aflað um það umsagna frá viðskiptabönkum og Sambandi sparisjóða. Þá kvaddi nefndin á sinn fund Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlits, Lúðvík Jósepsson, Stefán Pálsson, bankastjóra, Val Valsson, bankastjóra, Sigurð Markússon, framkvæmdastjóra Sjávarafurðadeildar SÍS, Guðmund H. Garðarsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Hjört Hjartarson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Finn Geirsson og Árna Árnason frá Verslunarráði Íslands, Gunnar Helga Hálfdanarson frá Fjárfestingarfélaginu og Björn Líndal frá viðskiptaráðuneytinu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Meiri hl. flytur brtt. við 1. málsgr. 8. gr. þar sem felld er niður heimild ráðherra til að ákveða með reglugerð hvað felist í orðinu „ráðstöfunarfé". Þess í stað leggur meiri hl. til að orðið verði skýrt þannig í lögum að það taki til alls þess fjár sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þar er auk innlána einkum um erlent lánsfé stofnunar að ræða, svo og fjáröflun innanlands með útgáfu og sölu verðbréfa og skuldabréfa. Meiri hl. nefndarinnar þykir þó ekki rétt að skylt verði að miða ætíð við þessa skilgreiningu og leggur því jafnframt til að heimilt verði að undanskilja tiltekna flokka útlána þegar og ef binding verður miðuð við ráðstöfunarfé. Er þá haft í huga að binding ráðstöfunarfjár trufli ekki eðlilega fyrirgreiðslu banka og annarra innlánsstofnana við framleiðsluatvinnuvegina. Leggur nefndin áherslu á að þessa sjónarmiðs verði ævinlega gætt þegar binding ráðstöfunarfjár er ákveðin. Í þessu skyni hefur meiri hl. nefndarinnar talið rétt að ráðh. samþykki hverjir skuli vera þeir flokkar útlána sem undanþegnir skuli bindingu þegar binding á ráðstöfunarfé stendur fyrir dyrum.

Einnig leggur meiri hl. nefndarinnar til að áskilið verði samþykki ráðherra til þess að reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar geti öðlast gildi. Er með þessari till. m.a. stefnt að því að tryggja að sama féð verði ekki bundið tvisvar svo sem þegar banki annast milligöngu fyrir annan banka um útvegun erlends lánsfjár.

Hvað varðar breytingu á 10. gr. verður að telja eðlilegt að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum. Ekki getur talist heppilegt að vaxtaákvarðanir hér á landi þróist í miklu ósamræmi við það sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Einnig verður að gæta þess að vaxtamunur inn- og útlána verði ekki óhæfilega mikill.

Síðast en ekki síst má nefna að ríkisstj. kann að vera nauðsynlegt að geta haft bein áhrif á vaxtastig við undirbúning og framkvæmd alhliða efnahagsráðstafana.

Varðandi breytingar á 18. gr. þykir sjálfsagt að bankaráði viðskiptabanka, eða félagsstjórn sé um aðra innlánsstofnun að ræða, sé gerð grein fyrir kröfum, athugasemdum og fyrirhuguðum aðgerðum bankaeftirlitsins þegar í stað.

Þar sem enn hafa ekki verið sett sérstök lög um dráttarvexti er nauðsynlegt að lögfesta í seðlabankalögum ákvæði til bráðabirgða þar um.

Einnig er nauðsynlegt að setja ákvæði til bráðabirgða varðandi ákvörðun á greiðslu hagnaðar Seðlabankans í ríkissjóð á árinu 1986."

Undir þetta rita Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal og Guðmundur H. Garðarsson.

Brtt. þær, sem við flytjum, eru á þskj. 866 og skýra þær sig að mestu leyti sjálfar. Þó langar mig til að fara örfáum orðum um sumar þeirra sem ekki var minnst á í nál.

Í 1. mgr. 11. gr. er lagt til að felld verði út skylda þess efnis að auk ríkissjóðs skuli aðrar ríkisstofnanir geyma innlán sín í Seðlabankanum eftir því sem við verði komið. Þessi breyting felur ekki í sér að ríkisstofnun verði óheimilt að geyma innstæður sínar í Seðlabankan-

um heldur einungis að slíkt skuli gert með milligöngu ríkissjóðs og fjmrn. Með þessu móti virðist mega auka aðhald fjmrn. með fjármálum einstakra ríkisstofnana. Breytingin skapar einnig möguleika á að ríkisstofnanir geti haft viðskipti sín annars staðar en innan Seðlabankans.

Lagt er til að á 20. gr. verði gerð sú breyting að Lánastofnun sparisjóðanna verði bætt við þær stofnanir sem heimilt sé að versla með erlendan gjaldeyri. Er sú breyting í samræmi við ákvæði XII. kafla laga nr. 86 1985, um sparisjóði.

Þá er rétt að vekja á því athygli að skýringar þær, sem prentaðar eru í upphaflega þskj. með 10. gr. í frv., eiga ekki við greinina eins og hún er nú orðin. Hún hefur breyst í meðförum síðan þessar skýringar voru samdar.

Minni hl. fjh.- og viðskn. setur fram á þskj. 878 margar brtt. við frv. til l. um Seðlabanka. Þessar till. eru flestar komnar frá eða að hluta til unnar upp úr frv. bankamálanefndar sem prentað er sem fskj. með nál. þeirra minnihlutamanna. Þetta eru brtt. sem eru þess eðlis að ég vil fara örfáum orðum um þær og tel það nauðsynlegt til að varpa ljósi á hvern skilning við í meiri hl. höfum á þeim og því sem í frv. stendur.

1. till. er um birtingu stefnu ríkisstj. til Seðlabankans. Hér er í raun um endurtekningu á ákvæðum Ólafslaga að ræða. Í 2. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir að skýrsla um þjóðhagsáætlun sé lögð fyrir á Alþingi á hverju hausti. Ljóst er að til þess er ætlast að efni þjóðhagsáætlunar taki m.a. til þeirra atriða sem þessi brtt. gerir ráð fyrir að verði sérstaklega kynnt Seðlabankanum. Að vísu eru það nýmæli að það sé sett beinlínis í lög að birta eigi Seðlabankanum stefnu ríkisstj. en ætla verður að það leiði af ýmsum öðrum ákvæðum laga að ríkisstj. komi markmiðum sínum í efnahagsmálum á framfæri við þær ríkisstofnanir sem ætlað er að annast framkvæmd stefnunnar. Það er ekki aðalatriðið hvort þessi markmið séu kynnt ársfjórðungslega, oftar eða sjaldnar. Meginatriðið er að sjálfsögðu að stefnan sé ætíð skýr. Af þessari ástæðu er lögfesting þessarar brtt. að okkar dómi ekki nauðsynleg. Hún er hins vegar allrar athygli verð og það er rétt að leggja áherslu á að reynt sé að bæta vinnubrögð við gerð þjóðhagsáætlunar enn frekar.

2. brtt. er við 6. gr., þ.e. að Seðlabankinn taki við innlánum frá innlánsstofnunum. Hér er m.a. lagt til að viðskiptabönkum, sem hafa með sér takmarkað samstarf, verði heimilt að hafa sameiginlegan viðskiptareikning hjá Seðlabankanum. Þessi möguleiki er fyrir hendi í frv. en í lokamálsgrein 6. gr. segir að Seðlabankinn skuli setja nánari reglur um viðskipti sín við innlánsstofnanir. Það er því ekkert sem mælir gegn sameiginlegum viðskiptareikningi t.d. tveggja viðskiptabanka hjá Seðlabankanum hafi þeir með sér samstarf. Þetta mun þó ekki hafa tíðkast samkvæmt gildandi lögum. En samkvæmt orðanna hljóðan er ekkert í lögunum sem kemur í veg fyrir að unnt sé að semja um slíka reikninga við bankann. Það má ekki ályktа svo að Lánastofnun sparisjóðanna einni sé heimilt að koma fram gagnvart Seðlabankanum í viðskiptum sem fulltrúi margra innlánsstofnana. Ástæða þess að hún er sérstaklega til tekin er ósk sparisjóðasambandsins sem fram er komin vegna þess að hér er um nýja stofnun að ræða sem nauðsyn ber til að treysta verulega í sessi.

Jafnframt er hér lagt til að í stað Seðlabankans verði það ráðherra sem setji nánari reglur um viðskipti Seðlabankans við innlánsstofnanir samkvæmt 6. gr. frv. Þessari hugsun skýtur víða upp í brtt. hv. þm. í minni hl. nefndarinnar og má sem dæmi nefna brtt. við 7. og 8. gr. frv.

Vissulega getur verið nauðsynlegt að draga nokkuð úr áhrifavaldi Seðlabankans. En það er hins vegar að sjálfsögðu ekki ætlunin að Seðlabankinn verði deild í viðskrn., eins og sumar af þessum till. virðast næstum gera ráð fyrir. Seðlabankinn á að vera sjálfstæð stofnun og annast framkvæmd þeirra markmiða sem ríkisstj. setur í efnahagsmálum, einkum þeim er lúta að framvindu peningamála. Honum ber að hafa nokkurt sjálfstæði um það hvernig hann hagar þessari framkvæmd. Í því efni skal hann gæta ákvæða 4. gr. sem fjallar um samstarf ríkisstjórnar og bankans. Þar segir í frv., herra forseti:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári senda ráðherra grg. um þróun, horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum."

Það er auðvitað nauðsynlegt að Seðlabankinn sé í takt við ríkisstjórnina á hverjum tíma. Seðlabankinn verður að kappkosta að hafa gott samstarf við ríkisstjórnina um framkvæmd þeirrar peningamálastefnu og efnahagsstefnu sem ríkisstjórn markar á hverjum tíma. Taki bankaráð Seðlabankans mikilvæga ákvörðun sem ráðherra telur brjóta gegn sinni skoðun er ótvírætt að hann getur lagt fyrir bankann að breyta þessari ákvörðun, enda er honum falin yfirstjórn bankans ásamt bankaráði samkvæmt frv.

Um 4. brtt. vil ég segja þetta: Hún fjallar um innlánsbindingu og þar er um ýmsar breytingar að ræða frá frv. Stærsta breytingin er fólgin í því að niðurlagsákvæði greinarinnar er fellt brott. Þar segir að Seðlabankanum sé heimilt að setja innlánsstofnun reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð yfir að ráða. Ekki er ljóst hvers vegna þetta er lagt til af hv. flm. en vera kann að hér sé um mistök að ræða.

Um aðrar breytingar má almennt segja að þær feli í sér takmörkun á notkun þess stjórntækis sem felst í bindingu Seðlabanka á innlánsfé eða ráðstöfunarfé innlánsstofnana. Um það er ekki ágreiningur að takmarka ber notkun þessa stjórntækis frá því sem gildandi lög heimila. Í frv. og brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. er gert ráð fyrir að svo verði gert. Má þar nefna að bindingu má einungis beita þegar sérstaklega stendur á og er þetta orðalag skýrt í athugasemdum á þann hátt að þessu stjórntæki skuli aðeins beitt þegar telja megi að önnur stjórntæki dugi ekki til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Þá leggur meiri hl. nefndarinnar til að binding skv. 9. gr. verði felld brott og jafnframt sérstök binding skv. 42. gr. frv. Verði þessar breytingar lögfestar er ekki unnt að skýra vilja Alþingis á annan veg en að

takmarka beri bindingu frá því sem nú tíðkast. Slík afgreiðsla verður að teljast fullnægjandi.

8. brtt. við 13. gr. frv. má ekki líta á eina sér. Hún verður að skoðast í tengslum við önnur ákvæði kaflans um innlend viðskipti Seðlabankans. Ef ákvæði kaflans eru skoðuð með hliðsjón af brtt. meiri hl. má segja að brtt. minni hl. sé að mestu ástæðulaus.

Um 9. brtt. er þetta að segja: Þessi brtt. felur í sér afskaplega erfitt stjórnarmunstur innan Seðlabankans og vekur þá spurninguna hvers vegna minni hl. leggur ekki einfaldlega til að skrefið verði stigið til fulls og bankaeftirlitið gert að sjálfstæðri stofnun, sem líka hefði mjög vel getað komið til greina. Niðurstaðan varð samt sú hjá meiri hl. að ekki sé ástæða til að fjölga ríkisstofnunum og betra sé að kveða á um aukin og virkari afskipti ráðuneytis og ráðherra af starfsemi bankaeftirlitsins með stofnun sérstakrar samstarfsnefndar.

Um 9. brtt., upplýsingaskylduna, er þetta að segja: Þessi brtt. felur einungis í sér þá breytingu að bankaeftirlitið hafi lögboðna upplýsingaskyldu gagnvart ráðherra. Slík skylda er fyrir hendi hvort sem ákvæðið er tekið upp í frv. eða ekki. Jafnframt má minna á niðurlagsákvæði 18. gr. frv. en það má alls ekki skilja þannig að þar séu lögfest að öllu leyti samskipti bankaeftirlitsins við ráðuneytið.

Um brtt. 10 a. má vísa til þess sem sagði undir 9. tölulið.

Brtt. 10 c. felur í sér eðlilegar reglur um starfsskyldur þeirra sem starfa hjá bankaeftirliti Seðlabankans. Þær hafa víðtækara gildi og ættu að ná til ýmissa annarra starfsmanna bankans. Á hinn bóginn á þetta ákvæði illa heima í frv. Því má ekki heldur gleyma að lög nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, virðast hiklaust eiga að ná til starfsmanna ríkisstofnunar eins og Seðlabankans. Þar er að finna nú þegar sett lagaákvæði sem eiga að varna hagsmunaárekstrum. Af þessum sökum tel ég nægilegt að ákvæði þess efnis, sem brtt. felur í sér, verði sett í reglugerð um Seðlabankann og taki þá jafnframt til annarra starfsmanna eftir því sem við á. Ég tel að ráðherra ætti vel að geta staðfest að þessa verði gætt við samningu reglugerðarinnar.

Brtt. 12 a. og b. er að finna í frv. til laga um verðbréfamiðlun og það er óþarfi að lögfesta sömu ákvæðin tvisvar á sama þingi.

Brtt. 12 c. er um kreditkortin. Samkvæmt upplýsingum viðskrn. er unnið að samningu reglna um greiðslukort hjá Verðlagsstofnun. Þar mun verða gert ráð fyrir að Verðlagsstofnun fylgist með þessum viðskiptum og það er ástæðulaust að samþykkja lagaákvæði sem gengur í aðra átt en þessi framvinda mála. Á það ber einnig að líta að óeðlilegt er að taka út eina tegund lánsviðskipta og setja undir eftirlit bankaeftirlitsins en láta t.d. hefðbundin afborgunarkjör í verslunum eiga sig.

Varðandi till. þeirra um að bankaeftirlitinu beri skylda til að veita ráðgjöf er þess að geta að sjálfstæð ráðgjöf og eftirlit fara tæplega saman innan einnar og sömu stofnunar. Æskilegt er að þannig sé búið um hnútana við rekstur innlánsstofnana að þar sé fyrir hendi staðgóð þekking og reynsla á slíkum rekstri. Þá má minna á Tryggingasjóð sparisjóða sem ætlað er að veita sparisjóðum þá þjónustu sem brtt. gerir ráð fyrir að bankaeftirlitið veiti.

Um brtt. 15 a.: Með orðalaginu „stjórn innlánsstofnunar" er vitaskuld átt við bankaráð viðskiptabanka og félagsstjórn annarra innlánsstofnana.

Varðandi 16. brtt., þar sem kveðið er á um innlánsstofnun sem stofnar útibú, afgreiðslu, þá er sú breyting óþörf, því að heimildir bankaeftirlitsins í þessu efni eru þegar fyrir hendi skv. 17. gr. frv.

Um brtt. 17–20 er það að segja að varðandi launakjör kemur til greina að minna á sérstöðu Seðlabankans í stjórnkerfinu og nauðsyn nokkurs sjálfstæðis bankans.

Varðandi 21. till.: Í athugasemdum með frv. kemur fram að ætlunin sé að setja reglur, sem brtt. felur í sér, í reglur um gerð ársreiknings. Hér er um sömu till. að ræða og í viðskiptabanka- og sparisjóðslögum. Þar hefur við útgáfu reglna um gerð ársreiknings verið staðið að öllu leyti við þau loforð sem viðskrh. gaf á Alþingi um þetta atriði fyrri hluta árs 1985.

Um 22. brtt. varðandi arðgreiðslur Seðlabankans ber þess að geta að það getur verið óskynsamlegt að hirða allan hagnaðinn af Seðlabankanum á hverju ári. Hvernig fer þá ef tap kemur? Á þá að greiða tapið úr ríkissjóði? Meiri hl. velur þá leið að taka helming hagnaðarins, ef um hann er að ræða, en láta Seðlabankanum eftir hinn helminginn, m.a. til að mæta rekstrartapi í næstu framtíð. Með þessu verða tekjur ríkissjóðs af Seðlabankanum einnig jafnari.

Ég hef hér fjallað í nokkuð löngu máli um brtt. minni hl. Það hef ég talið nauðsynlegt til að sýna fram á að margt, sem í þeim felst, felst einnig í frv. og hefur verið unnið upp úr þeim stofni sem bankamálanefnd lagði til á sínum tíma. Jafnframt hef ég talið nauðsynlegt að gera þetta svona ítarlega til þess að síðar verði ekki gagnályktað þannig að með því að fella þessar brtt. minni hl. sé verið að afneita ýmsu í efni þeirra sem er gagnlegt og felst þegar í frv.

Að lokum vil ég þakka fjh.- og viðskn. gott samstarf við meðferð þessa frv. Við höfum unnið mjög vandlega og með opnum huga að þessari vandasömu lagasetningu.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til laga um Seðlabanka Íslands, sem eru á þskj. 878, og vísa að öðru leyti til nál. minni hl. fjh.- og viðskn., þ.e. þess sem hér stendur og hv. þm. Svavars Gestssonar, á þskj. 877.

Ég vil fyrst rifja upp aðdraganda þessa máls í fáum orðum. Í júlímánuði 1981 skipaði þáv. viðskrh. Tómas Árnason fimm manna bankamálanefnd. Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði að henni væri falið „að endurskoða allt bankakerfið, þar á meðal löggjöfina um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans, með það að markmiði að mynda stærri og virkari heildir og einfalda bankakerfið innan ramma heilsteyptrar löggjafar um viðskiptabanka".

Bankamálanefnd vann allmikið starf og skilaði ítarlegri grg., lýsti þar markmiðum þess starfs og gerði grein fyrir hverjar helstu breytingar væru frá gildandi löggjöf um Seðlabanka. Í þeirri grg. kemur fram að nefndin leggur áherslu á þessi markmið:

1. Að því er stefnt að rekstur Seðlabankans verði bundinn í ríkari mæli en verið hefur við hefðbundin verkefni seðlabanka, eins og þar segir. Áhersla er á það lögð að bankinn verði banki ríkissjóðs, annarra við-

skiptabanka, en ekki peningastofnana almennt.

2. Boðað er mjög mikilvægt nýmæli í peningamálastjórn þar sem segir: „Fellt er niður vald Seðlabankans til að setja almennar reglur um innláns- og útlánsvexti", sem eiga þá meira að ráðast af framboði og eftirspurn á markaði og með samkeppni viðskiptabanka innbyrðis. Þó var gert ráð fyrir íhlutunarrétti Seðlabanka að því er varðar vaxtamun inn- og útlána.

3. Þarna var gert ráð fyrir verulegri innlánsbindingu áfram í tengslum við afurðalán. Frá því að þetta kom fram frá nefndinni hefur sú breyting orðið á, löngu tímabær, að afurðalánin færist til viðskiptabanka, sem hlýtur að gerbreyta afstöðu manna til þeirra bindiskylduákvæða sem hefðbundin voru í íslenskri löggjöf.

4. Stefnt skyldi að stórauknu sjálfstæði bankaeftirlitsins sem þó héldi stöðu sinni innan Seðlabankans, en sem sjálfstæð stofnun.

Loks var lögð á það áhersla að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í stjórn bankans með því að setja strangar skorður við því að bankastjórar Seðlabankans gegni öðrum launuðum störfum, taki þátt í stjórnun fyrirtækja eða stofnana utan banka.

Þá voru sett nýmæli að því er varðaði skattgreiðslur bankans eða ráðstöfun á hagnaði hans.

Þetta voru í stórum dráttum meginatriði þeirra till. sem frá bankamálanefnd komu. Það er svo aftur athyglisvert að í meðförum málsins síðar, bæði í viðskrn. og reyndar inni í Seðlabanka, hafa upphaflegu tillögur bankamálanefndarinnar breyst mjög í meðförum þannig að ljóst er að í mörgum tilvikum er ekki fylgt þeirri stefnu sem bankamálanefndin sjálf hafði sett á blað. Þannig var í ýmsum greinum slakað mjög á kröfum um hreinar línur og skýra verkaskiptingu milli verkefna hefðbundins seðlabanka og hins vegar þess banka sem við þekkjum sem greinilega hafði farið langt út fyrir verksvið og hefðbundin valdsvið seðlabanka í annan stað og það er ekki hvað þýðingarminnsta breytingin. Er ljóst að meiri hluti núverandi ríkisstj. hefur fallið frá yfirlýstri stefnu ríkisstj. og þá sér í lagi stefnu hæstv. fjmrh. um að vextir skuli ráðast af framboði og eftirspurn og stigið aftur til fyrra horfs um að auka valdsvið Seðlabankans að því er varðar vaxtaákvarðanir.

Í þriðja lagi má á það benda að í frv. eins og það lá fyrir áður en umfjöllun fjh.- og viðskn. hófst var gert ráð fyrir að Seðlabankinn hefði sjálfdæmi nánast um innlánsbindingu, þ.e. hlutfall innlánsbindingar var ekki lögbundið og skyldi það vera á valdi bankans að ákveða það. Þá er á það að líta að frá tillögum nefndarinnar, sem beindust allar í þá átt að auka sjálfstæða stöðu bankaeftirlitsins, hefur verið horfið í allt of ríkum mæli að okkar mati og tillögum bankamálanefndar um meðferð á hagnaði og skattgreiðslu Seðlabankans breytt í mjög veigamiklum atriðum. M.a.s. hafði verið vikið frá þýðingarmiklum ákvæðum sem kveða á um það að bankastjórnin og bankastjórarnir sæti ströngum kröfum um að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur og jafnvel veittar undanþágur frá almennum grundvallarreglum um starfshætti og starfsaðstöðu bankastjórnar. Því er ekki hægt annað en að draga af þessu þá ályktun að í meðförum, hvort heldur er viðskrn. eða Seðlabankans sjálfs, er hægt að nefna mörg dæmi þess að vikið er frá þeim grundvallarreglum sem stýrðu starfi bankamálanefndarinnar og hvað eftir annað fallið frá sjálfsögðum reglum í þágu eiginhagsmuna eða forréttindasjónarmiða bankastjórnarstofnunarinnar. Þetta á bæði við um skattmeðferðina, meðferðina á hagnaðinum og ákvæðin um að reglur, sem bankastjórarnir eiga að sæta framvegis, skuli ekki taka til þeirra sem nú gegna embætti, svo fjarstæðukennt sem slíkt er í löggjöf. Þetta á við um bankaeftirlitið og um grundvallarreglurnar um að reyna að fylgja stranglega reglum um hlutverk miðbanka.

Brtt. þær, sem við hv. þm. Svavar Gestsson flytjum einkennast af því að við viljum taka meira tillit en meiri hl. hefur gert til hinna upphaflegu tillagna bankamálanefndar í veigamikum atriðum, engan veginn þó í öllum atriðum, og teljum þess vegna að tillögur okkar séu meira í samræmi við grundvallarsjónarmið um starfsemi Seðlabanka.

Í hinum gömlu og gildandi lögum frá 1961 um Seðlabanka gætti nokkurrar tvíhyggju að því er varðaði stöðu bankans í stjórnkerfinu. Segja má að uppi séu aðallega tvenns konar sjónarmið í því efni ef við lítum til reynslu og löggjafar grannþjóðanna sem lengri reynslu hafa á þessu sviði.

Annað sjónarmiðið er það að Seðlabankinn eigi að starfa sem allra sjálfstæðust stofnun innan peningamálastjórnkerfis hvers lands. Í því felst að honum séu settar mjög almennar en takmarkandi reglur en bankinn hafi síðan innan ramma þeirra reglna í sínum höndum stjórntæki til þess að fylgja sjálfstæðri peningamálastefnu, sjálfstæðri í þeim skilningi að hún getur jafnvel gripið inn í og vegið upp á móti ef stefna ríkisstjórnar reynist að mati hins sjálfstæða banka tilslökunarsöm eða ábyrgðarlaus í efnahagsmálum. Þessu sjónarmiði fylgir það að bankinn eigi að vera sem sjálfstæðastur, starfssvið hans eigi að vera mjög takmarkað, þröngt skilgreint, en innan ramma þess eigi hann hins vegar að hafa yfir að ráða öflugum stjórntækjum sem dugi til þess að hann geti framfylgt nokkuð sjálfstæðri stefnu.

Hitt sjónarmiðið í þessum efnum er þvert á móti að bankinn eigi fremur að vera eins konar hjálpartæki í höndum sitjandi ríkisstjórnar hverju sinni, ráðgjafarstofnun, en hann eigi ekki að hafa vald til sjálfstæðrar stefnumótunar í peningamálum sem gæti verið í andófi við ríkjandi stefnu ríkisstjórnar. Í gildandi lögum er reynt að fara bil beggja í þessum efnum og það er grundvallaratriði að því er varðar löggjöfina í þessu efni. Þannig segir í grg. með lagasetningunni frá 1960–1961 um 4. gr., með leyfi forseta:

„Grein þessari er ætlað að skilgreina stöðu Seðlabankans gagnvart ríkisvaldinu. Hér er um þrjú meginatriði að ræða:

1. að bankinn skuli hafa nána samvinnu við ríkisstjórn og gera henni grein fyrir skoðunum sínum,

2. að bankanum sé rétt sem sjálfstæðum sérfróðum aðila að halda fram skoðunum sínum opinberlega, jafnvel þótt um ágreining við ríkisstjórn sé að ræða,

3. að endanlegt ákvörðunarvald um stefnu í efnahagsmálum hljóti þó ætíð að vera hjá ríkisstjórninni og undir það hljóti Seðlabankinn ætíð að beygja sig að lokum."

Með þessum hætti var reynt að fara bil beggja, sniðganga grundvallarvandann. Seðlabankinn var að löggjöfinni til reyndar hvorki sjálfstæður né heldur deild í ráðuneyti. Til hans er gerð sú krafa að hann lýsi

ágreiningi sínum við ríkisstjórn ef hann er fyrir hendi en samt að lokum að hann beygi sig undir ákvarðanir stjórnvalda.

Á þessum tæpa grundvelli hefur starf bankans verið byggt síðan og reynslan sýnir okkur að með því að fara þarna bil beggja höfum við kannske hreppt kosti hvorugs kerfisins.

Það er alveg augljóst af greinargerð bankamálanefndarinnar að hún er með tillögum sínum um afdráttarlausara og skýrara og takmarkaðra valdsvið að reyna að koma til móts við og taka tillit til þeirrar gagnrýni sem bankinn hefur sætt á undanförnum áratugum. Það fer ekki fram hjá neinum manni að Seðlabankinn er mjög umdeild stofnun sem er kannske óvenjulegt að mörgu leyti og að gagnrýni á þennan banka hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Sú gagnrýni hefur beinst að því að verksvið bankans, sem var ekki nægilega skýrt skilgreint í lögum, hefur í reynd verið túlkað allt of vítt þannig að hann hefur smám saman orðið eins konar ríki í ríkinu. Útþensla bankans hefur verið mikil. Frá því að þessi banki var ein skúffa í Landsbankanum í upphafi hefur hann vaxið í það að vera gífurlega fjölmenn stofnun með mjög fjölmennu sérfræðingaliði og afskipti bankans af málum ná langt út fyrir hefðbundið verksvið seðlabanka.

Kannske er meðhöndlunin á þessu frv. og á áliti bankamálanefndar, m.a. að tilstuðlan seðlabankavaldsins, eitt skýrasta dæmið um þetta. Fjölgun starfsmanna bankans er annað dæmi. Nefna má enn sem dæmi um þetta seðlabankabygginguna frægu sem sýnir að bankinn hegðar sér eins og ríki í ríkinu og ráðstafar eigin fé sínu og hagnaði nánast að vild. Það er ekki eitt af hlutverkum seðlabanka að vera rekinn sem gróðastofnun. Engu að síður kennir reynslan okkur, ekki síst ef við lítum á hagnaðartölur bankans á undanförnum árum, að bókfærður hagnaður hans hefur farið síminnkandi þrátt fyrir sívaxandi umsvif og eignamyndun Seðlabankans á umliðnum árum segir sína sögu um það að hagnaður hefur verið verulegur.

Enn eitt dæmi um gagnrýni á stjórn bankans byggir á grundvallarhugmyndum um hagsmunaárekstur. Þannig hefur það verið harðlega gagnrýnt að aðalbankastjóri bankans frá upphafi hefur jafnframt gegnt fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum innan hins opinbera geira og þá ber sér í lagi að nefna formennsku hans fyrir stjórn Landsvirkjunar sem er stærsti viðtakandi erlendra lána í íslensku efnahagslífi og þess vegna eitt stærsta, hrikalegasta dæmið um augljósan og ólíðanlegan hagsmunaárekstur sem hægt er að finna í íslensku stjórnkerfi.

Þetta eru nokkur dæmi um gagnrýnina sem beint hefur verið að Seðlabankanum og ég árétta, herra forseti: Það var ljóst af tillögum bankamálanefndar að hún tók þessa gagnrýni alvarlega og vildi reyna með ýmsu móti að taka tillit til hennar og setja strangari reglur sem hefðu þýtt að bankinn hefði ekki eins og áður farið út fyrir verksvið sitt.

Í gildandi seðlabankalögum hefur lengi veri heimild fyrir bankann til að beita sér fyrir stofnun verðbréfamarkaðar. Sú heimild var hins vegar ekki nýtt og hefur það eitt með öðru átt sinn þátt í því að bankinn hefur ekki haft yfir að ráða stjórntækjum sem dygðu honum til vitiborinnar og árangursríkrar stjórnunar í peningamálum. Þessa stundina erum við einnig á Alþingi að fjalla um frv. til laga um verðbréfamiðlun og verðbréfamarkað sem er væntanlega rétt að líta á í nánu samhengi við afgreiðslu seðlabankalaganna vegna þess að kaup og sala verðbréfa á almennum markaði er eitt af þýðingarmestu stjórntækjum miðbanka í flestum hagkerfum til þess að hafa áhrif í þá átt að jafna út sveiflur á fjármagnsmarkaði og að nokkru leyti til þess að hafa áhrif á þróun peningamagns í umferð.

Herra forseti. Ég nefndi að Seðlabankinn hefur sætt sívaxandi gagnrýni úr ýmsum áttum sem beinist einkum að síþenslu bankans sem skriffinnskukerfis, sérfræðingaveldis, og hagsmunaárekstrum stjórnenda bankans. Sem dæmi um það má kannske nefna að samskipti Seðlabankans við viðskiptabankana hafa í mörgum tilvikum ekki verið í æskilegu formi. Sem dæmi um þetta vil ég nefna að í starfi fjh.- og viðskn. var leitað umsagna bankaráða viðskiptabankanna um frv. í þeirri mynd sem það lá fyrir þegar nefndin fékk það til umfjöllunar. Þar komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar en ég vil sérstaklega staldra við eina umsögnina sem er frá Alþýðubankanum og tel að hún sé þess eðlis að hún verðskuldi að komast í þingskjöl í tilefni af afgreiðslu þessa máls. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við lestur III. kafla frv. — III. kafli fjallar um innlend viðskipti Seðlabankans — verður fyrst fyrir að láta þá skoðun í ljósi að ekki geti talist heillavænlegt í lýðfrjálsu landi að nokkur sú stofnun sé til sem sé nokkurs konar ríki í ríkinu. Enn fremur verður að telja raunhæft að gera kröfu til þess að þeir sem veitt eru ríkuleg réttindi hafi jafnframt miklum skyldum að gegna. Réttindi og skyldur hefur löngum þótt rétt að spyrða saman. Í III. kafla umræddS frv. er það síður en svo gert. Þar eru réttindi, sjálfsákvörðunarréttur Seðlabankans, þungamiðja."

Sjálfsákvörðunarréttur bankans þungamiðjan, sbr. Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín skv. þessari grein. Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd innlánsbindingar skv. 1. og 2. mgr. Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir. Að vísu kemur hér fyrir á einum stað að ákvarðanir Seðlabankans skuli þó skylt að birta í Lögbirtingablaðinu.

Ég held að það sé nokkuð til í þessari gagnrýni frá Alþýðubankanum. Ég held hún styðjist við þó nokkur rök og ég tel það miður að í stað upphaflegs ásetnings bankamálanefndarinnar um að takmarka valdsvið bankans, setja honum takmarkandi almennar reglur, hefur í staðinn komið sú viðleitni stjórnarliða, væntanlega undir þrýstingi frá þessari voldugu stofnun sjálfri, um það að slaka þar aftur á klónni.

Herra forseti. Ég sagði: Viðleitni bankamálanefndarinnar var sú að taka mark á þeirri gagnrýni, málefnalegu gagnrýni, sem að Seðlabankanum hefur verið beint og taka tillit til hennar með því að setja honum einfaldari og skýrari reglur. Ég geri líka ráð fyrir því að þessi viðleitni bankamálanefndarinnar hafi stafað af nokkurri viðurkenningu á því hversu mjög peningamálastjórn á Íslandi hefur raunverulega verið í skötulíki á undanförnum árum og sér í lagi seinasta hálfan annan áratug þrátt fyrir það að Seðlabankinn sem slíkur, sem með þessi mál á að fara, hefur eflst og þanist út að mannafla, tækniliði og fjármunum.

Ef ætti að nefna stærstu dæmin um það hvernig peningamálastjórnin hefur mistekist er auðvitað að nefna vaxtapólitíkina sjálfa. Lengst af, eða fram til

ársins 1979, var það staðreynd að vextir á Íslandi voru ákveðnir langt undir verðbólgustigi, þ.e. raunvextir voru neikvæðir, stundum u.þ.b. 20% og jafnvel meira á einstökum tímabilum. Spurningin er: Var þetta stefna Seðlabankans eða var þetta eingöngu stefna ríkisstjórna? Seðlabankanum bar skylda til að gagnrýna stefnu ríkisstjórnar og lýsa ágreiningi ef hann var einhver. Þess kunna að vera dæmi að þessi pólitík hafi verið gagnrýnd en engu að síður var hún framkvæmd með hörmulegum afleiðingum fyrir íslensk efnahagsmál.

Þetta leiddi af sér í fyrsta lagi hrun innlendrar sparifjármyndunar, í annan stað að leitað var í sívaxandi mæli til erlendra lánardrottna um fjármögnun fjárfestingar og framkvæmda í landinu. Í þriðja lagi þýddi þetta bankarán á eignum sparifjáreigenda, almennings í landinu. Í fjórða lagi þýddi þetta gífurlega tilfærslu, oft á tíðum frá hinum efnaminni og til hinna efnameiri eða þeirra sem betri höfðu aðstöðu, í gegnum það að lán breyttust í styrki. Í fimmta lagi mætti nefna að með þessari peningamálastjórn var raunverulega ekki við að styðjast neinn raunhæfan mælikvarða á arðsemi fjárfestingar. Afleiðingar þess blasa við í hrikalegum mistökum opinberrar fjárfestingarstjórnar, þ.e. í fjárfestingum upp á tugi milljarða sem raunverulega skiluðu okkur aldrei viðunandi arði.

Peningamálastjórn sem byggir á slíkum sandi er ekki gæfuleg enda reyndar ekki lengur umdeilt að á þessu tímabili var heilbrigt efnahags- og atvinnulíf á Íslandi raunverulega keyrt um koll, þ.e. grundvellinum var kippt undan eðlilegum og heilbrigðum rekstri fyrirtækja og allri eðlilegri áætlunargerð á grundvelli fyrirtækja eða opinberra aðila um fjárfestingu og rekstur.

Með þessu móti var líka sjálfgefið að öll stjórnun á peningamálum, sér í lagi á peningamagni í umferð, varð að sjálfsögðu haldlaus. Þegar vextir eru neikvæðir, þegar sparifjármyndun fer svo hratt rýrnandi og þegar innstreymi erlends lánsfjár er svo hóflaust og þegar ríkissjóður sjálfur er rekinn með gegndarlausri peningasláttu í Seðlabanka er náttúrlega ekki von á góðu um árangurinn.

Þessi dæmi nægja til að sýna að stjórnun peningamála, sem Seðlabankinn lögum samkvæmt bar helst ábyrgð á, hefur verið einhver veikasti hlekkurinn í efnahagsmálastjórn Íslendinga frá því að bankinn var stofnaður. Sér í lagi hefur þó þessi óstjórn ágerst á seinni árum. Hitt kann að vera umdeilanlegt hvort hægt er að gera bankann sem slíkan eða löggjöfina um hann ábyrga fyrir þessum mistökum eða hvort hún er alfarið á herðum þeirra stjórnmálamanna sem með völdin hafa farið.

Ljóst er að það hlýtur að vera eitt meginmarkmið lagasetningar um Seðlabankann að endurmeta þessa reynslu og þá um leið að spyrja sjálfan sig hvað það sé að því er varðar löggjöfina, starfsreglurnar, sem við þurfum að breyta til þess að stuðla að því að mistök af þessu tagi endurtaki sig ekki í framtíðinni. Og þá hygg ég að svarið við því sé fyrst og fremst það að við eigum að fara þá leið að fá Seðlabankanum í hendur afdráttarlaus og öflug stjórntæki til peningamálastjórnunar. Það á að setja honum almennar takmarkandi reglur en síðan ætlast til þess að Seðlabankinn hafi nokkurt sjálfræði í að beita þessum tækjum skv. þeim markmiðum efnahagsmálastjórnar sem banki og ríkisstj. eru sammála um.

Þessi stjórntæki eru auðvitað áhrif á mótun vaxtastefnu, beiting bindiskyldu í peningamálastjórnunarskyni en ekki til þess að fjármagna afurðalán, kaup og sala á verðbréfamarkaði til þess að jafna sveiflur og náttúrlega að lokum hið sígilda stjórntæki, sem að vísu hefur dugað lítt hér á landi, þ.e. fortöluvald og samningavald bankans við viðskiptabanka um útlánaþök. Auk þess er að sumra mati æskilegt að bankinn hafi valdsvið til þess að hafa takmarkandi áhrif á hömlulausa sláttumennsku erlendra lána. Það er með hliðsjón af þessari almennu gagnrýni og þeim grundvallarreglum sem bankamálanefndin upphaflega setti sér sem við hv. þm. Svavar Gestsson höfum flutt okkar brtt. Mun ég nú víkja nánar að þeim.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. þm. Páll Pétursson, sýndi okkur þann heiður að fara nokkrum orðum um þær till. flestar þannig að þær hafa út af fyrir sig þegar verið kynntar úr þessum ræðustól. En þau orð voru kannske ekki þess eðlis að þau dygðu í öllum tilvikum til þess að kynna þær á hlutlægan máta. Þess vegna langar mig til þess að renna skjótlega yfir þessar till.

Við leggjum til að á eftir 3. gr. komi ný grein sem skuldbindi ríkisstj. í ársbyrjun og ársfjórðungslega til að birta Seðlabankanum stefnu ríkisstj. og markmið í peninga- og efnahagsmálum, um hluti eins og peningamagn í umferð, raunvaxtastig, markmið varðandi viðskiptajöfnuð, útlána- og innlánaþróun o.s.frv. Það á síðan að vera hlutverk bankans, með þeim stjórntækjum sem hann hefur skv. lögum, að framfylgja þessari stefnu.

Hv. þm. Páll Pétursson taldi að í Ólafslögum væri nægilega fyrir þessu séð með ákvæðum um birtingu þjóðhagsáætlana með fjárlögum, en þar eru birtir ákveðnir kaflar frá Seðlabankanum um peningamálastjórn. Þessar röksemdir hv. þm. duga ekki vegna þess að þetta ákvæði er af okkar hálfu fyrst og fremst sett vegna okkar reynslu af því að þegar orðin mistök blasa við í peningamálastjórninni er það venjan að þeir kenna hvor öðrum um, annars vegar ríkisstjórnin og hins vegar stjórnendur Seðlabankans, af hverju svo illa tókst til. Þessi till. okkar er þess vegna fyrst og fremst til þess að koma á skýrari verkaskiptingu, að það fari ekki á milli mála að ríkisstjórnin geti ekki skotið sér á bak við embættismenn. Henni sé skylt að birta stefnu sína og síðan geti hún þá gengið að því að gera stjórnendur Seðlabankans ábyrga fyrir framkvæmdinni.

Brtt. við 6. gr. eru tvíþættar. Annars vegar er nákvæmari skilgreining á hugtakinu innlánsstofnun, sem menn geta væntanlega orðið sammála um, en hins vegar er ráð fyrir því gert að viðskiptabankar, sem vilja hafa með sér takmarkað samstarf, geti átt sameiginlega viðskiptareikninga hjá Seðlabanka. Hv. þm. Páll Pétursson heldur því fram að þetta sé hvergi bannað í lögum. Það er einmitt það. Við viljum hins vegar að rétturinn til þessa sé afdráttarlaus í lögum þannig að viðskiptabankar geti eftir þessu leitað og teljum það nauðsynlegt í ljósi reynslu.

Að því er varðar 8. gr. viljum við sérstaklega taka það fram hvers vegna við skilgreinum hámark innlánsbindingarheimildar Seðlabankans við 15% en t.d. ekki 10%. Skýringin er sú að við leggjum til að 9. gr. frv. falli niður en þar var gert ráð fyrir viðbótar-

skyldu innlánsstofnana til þess að ráðstafa allt að 10% af innlánsfé viðskiptabanka til þess að eiga ríkistryggð verðbréf og er raunverulega partur af bindiskyldu. Við leggjum til að þetta verði fellt niður þannig að þar með verði hámarkið aðeins 15%. Aðalatriðið er þetta að við viljum ekki selja Seðlabankanum sjálfdæmi um það hversu innlánsbindingin megi vera hátt hlutfall, þ.e. að hann hafi ótakmarkað vald til þess. Við teljum rétt að löggjafinn setji hina almennu reglu. Það segir sig hins vegar sjálft að innan þessarar tiltölulega víðtæku heimildargreinar verður að ætlast til þess að Seðlabankinn hafi sjálfstætt ákvörðunarvald um að beita tækjum sínum til þess að hafa áhrif á framboð og eftirspurn lánsfjár og jafna út sveiflur á markaðnum. Við venjulegar kringumstæður — ef þannig er stjórnað í landinu að peningamálastefnur séu í einhverju samræmi við prinsipfasta almenna efnahagsstefnu — gerum við ráð fyrir því að sjaldan þurfi til þess að koma að nýta þessa lágmarksheimild að fullu.

Við leggjum á það mikla áherslu að óheimilt sé að mismuna innlánsstofnunum að því er varðar fjárbindinguna og í annan stað að með öllu sé óheimilt að ráðstafa því fé, sem bundið er skv. þessari grein, til útlána. Það mun vera einsdæmi í veröldinni, það kerfi sem við höfum búið við á undanförnum árum, að hafa annars vegar mjög hátt heimildarákvæði til innlánsbindingar en nota það fé, sem bundið er í Seðlabanka að nafninu til undir yfirskini peningamálastjórnar, til fyrirgreiðslu út í efnahagskerfið aftur í formi afurðalána á niðurgreiddum vöxtum. Þetta er dæmi um afglapahátt í peningamálastjórn sem er ein af ótal mörgum öðrum skýringum á þensluáhrifum peningamálastjórnarinnar og verðbólguáhrifum á undanförnum árum.

Þá er í þessari grein ákvæði sem óhjákvæmilegt er að hafa bundið í lögum. Það er þetta: „Seðlabankinn greiði eðlilega vexti af bundnu innlánsfé þannig að innlánsbinding hafi sem minnsta röskun í för með sér á starfi innlánsstofnana."

Það segir sig sjálft að það er ekki í samræmi við það sjónarmið, að setja beri bankanum almennar starfsreglur, ef hann á að hafa algert sjálfdæmi um það hvort það fé, sem hann bindur af ráðstöfunarfé viðskiptabankanna, ber enga vexti eða lága vexti. Seðlabankinn hlýtur þess vegna að verða skyldaður til að greiða sem samsvarar meðalvöxtum á þetta bundna fé, en við leggjum til að sú ákvörðun verði tekin í samráði við ráðherra til að tryggja að bankinn hafi ekki um það sjálfdæmi. Ella gætu viðskiptabankar varla gegnt starfi sínu ef hámarksákvæðið væri nýtt og það væri bundið og vaxtalaust.

Að því er varðar 10. gr. þá er það fljótsagt að hún er trúlega þýðingarmesta greinin í þessari lagasetningu nú. Hún varðar vaxtaákvörðunarvaldið og vaxtastefnuna.

Núv. ríkisstj. hefur, sem kunnugt er, boðað þá stefnu að framboð og eftirspurn á lánsfjármarkaði skuli ráða vaxtastiginu. Við höfum nú fengið um nokkurt skeið reynslu af því hvernig samkeppni innlánsstofnana hefur gefist í reynd.

Í fyrsta lagi hefur þetta þýtt gífurlega vaxtasprengingu. Það hefur þýtt það að við höfum búið á undanförnum árum við einhverja hæstu raunvexti umfram verðbólgu sem þekkjast og reyndar miklu hærri vexti en nokkur von er til að jafnvel vel rekin fyrirtæki í hefðbundnum atvinnuvegum okkar fái undir risið með eðlilegum ávöxtunarkröfum.

Í annan stað hefur þetta þýtt það að verðbréfamarkaður hefur sprottið upp til hliðar við bankakerfið með þeim afleiðingum m.a. að fjármagn nýtist verr en ella oft og tíðum til atvinnulífsins, það fer fram hjá bankakerfinu.

Í þriðja lagi er ástæða til að nefna að aðrar almennar forsendur fyrir framkvæmd þessarar stefnu, sem út af fyrir sig er ekkert rangt við í grundvallaratriðum, eru ekki til staðar hér á landi. Ástæðan er einfaldlega sú að ríkisvaldið sjálft beitir valdi sínu svo óþyrmilega að því er varðar fjárfestingarstjórnun í hagkerfinu og tekur í sinn hlut svo stóran hlut af því fjármagni sem unnt er að nota til fjárfestingar — aðallega eru þessir fjármunir erlent fé — að það sem eftir er til ráðstöfunar er svo lítið að það rís ekkert undir því að skapa heilbrigðar forsendur fyrir samkeppni á venjulegum lánamarkaði.

Í ljósi þessarar gagnrýni er það mjög athyglisvert og ágreiningslaust við mig og okkur flm. þessara brtt. að nú hefur ríkisstj. fallið frá þessari stefnu, sem hæstv. fjmrh. hefur fyrst og fremst verið talsmaður fyrir, um vaxtafrelsi innlánsstofnana. Þetta kemur ótvírætt fram í orðalagi 10. gr. þar sem segir:

„Seðlabankinn getur bundið ákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum, m.a. til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána."

M.ö.o., skv. þessum texta hefur Seðlabankinn sem miðbanki afdráttarlaust vald til íhlutunar um vaxtaákvarðanir. Það er mjög athyglisvert að vita af því, ekki síst með hliðsjón af tillögum, sem nú eru væntanlegar til umræðu hér á hinu háa Alþingi, um stóraukna fjármögnun húsnæðislánakerfisins og bundnar vaxtaákvarðanir þar og viðskipti lífeyrissjóða og ríkisvaldsins.

Hafi menn efasemdir um að þetta sé rétt túlkun vil ég aðeins nefna að hv. þm. Svavar Gestsson beindi fsp. um þetta efni til viðskrh. og spurði þá sérstaklega: Telur ráðherra að Seðlabankinn og ríkisstjórn hafi vald til að ákveða vexti skv. 2. málsgr. 10. gr.? Svarið við þeirri fsp. frá viðskrh. er afdráttarlaust. Það hljóðar svo: Þessi möguleiki er fyrir hendi skv. frv. Það er því algerlega afdráttarlaust.

Í 13. gr. herðum við á þeim reglum sem við teljum að setja beri um það að Seðlabankinn annist engin viðskipti sem skv. lögum, venju eða eðli máls teljast vera verkefni innlánsstofnana. Ef menn fara yfir þann lista um alla þá sjóði sem varslaðir hafa verið í Seðlabankanum, en þar eiga ekki heima skv. grundvallarreglum um seðlabanka, þá er sá listi langur. Þess munu vera ótal dæmi að Seðlabankinn hafi í reynd hegðað sér eins og viðskiptabanki og jafnvel sem hreinn og beinn viðskiptabanki einstaklinga. Þannig er fullyrt í mín eyru að starfsmenn bankans hafi haft sín ávísanaviðskipti við Seðlabankann sem er náttúrlega hrein óhæfa. Dæmi, sem ég nefndi áður um hagsmunaárekstra stjórnenda bankans að öðru leyti, sýna að þetta er ein af þeim greinum sem þurfa að vera afdráttarlausar.

Herra forseti. Þá vil ég aðeins vekja athygli á því að við höfum raunverulega gerbreytt kaflanum um bankaeftirlitið út frá nokkrum grundvallarreglum.

Í fyrsta lagi viljum við að bankaeftirlitið verði sjálfstætt. En við getum hins vegar á þessu stigi málsins sætt okkur við að það starfi innan Seðlabankans en þó þannig að það heyri beint undir ráðherra og forstöðumaður sé ráðherraskipaður og heyri bent undir hann. Að vísu, bankaráð Seðlabankans er síðan stjórnarstofnunin en lagagreinarnar herða að öðru leyti mjög á sjálfstæði bankaeftirlitsins.

Sérstaklega vil ég vekja athygli á 10. gr. c-lið þar sem segir að starfsmenn bankaeftirlitsins megi ekki vera í stjórn innlánsstofnana eða eiga hlutabréf í banka eða vera stofnaðilar eða ábyrgðarmenn sparisjóðs eða annarrar stofnunar sem er háð eftirliti bankaeftirlitsins. Þessi grein er nokkru ítarlegri. Þetta er grundvallaratriði. Þetta er alveg nauðsynlegt til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra sem nauðsynlegt er að fyrirbyggja í tæka tíð og ástæðulaust er að bjóða heim. Þetta er tekið beint upp úr tillögum bankamálanefndar og er eitt af þeim ákvæðum sem nauðsynleg þykja í löggjöf um Seðlabanka og bankaeftirlit í grannlöndum okkar með meiri reynslu á þessu sviði.

Þá teljum við einnig nauðsynlegt að bankaeftirlitinu sé beinlínis skylt að annast eftirlit, ekki aðeins með hefðbundnum innlánsstofnunum heldur einnig í víðtækari merkingu. Þá eigum við sérstaklega við verðbréfafyrirtæki og verðbréfamarkað. Þess vegna teljum við að hér eigi heima í löggjöfinni um bankaeftirlitið ákvæði laga um verðbréfamarkað og verðbréfamiðlara auk þess sem við leggjum til vegna sívaxandi greiðslukortaviðskipta að bankaeftirlitið hafi einnig eftirlit með þeirri starfsemi.

Þá leggjum við einnig til að bankaeftirlitinu verði gert að skyldu að annast ráðgjafarþjónustu við viðskiptabanka að því er varðar t.d. lánaþjónustu og ýmis tæknileg atriði um bankastarfsemi og reikningsskil. Þessi till. er hingað komin skv. ábendingu í umsögnum fleiri en eins viðskiptabanka. Ég hygg að þetta sé einkum og sér í lagi nauðsynlegt ákvæði fyrir hinar minni innlánsstofnanir og sparisjóði.

Að því er varðar 18. gr. þá er nokkur ágreiningur uppi í nefndinni og munur á tillögunum. Hún fjallar um skyldu bankaeftirlitsins til að bregðast við í tæka tíð ef eitthvað þykir athugunarvert við starfsemi innlánsstofnunar eða banka. Greinin er tvíþætt:

Annars vegar er um það að ræða að ef innlánsstofnun hefur vanrækt einhverjar þær skyldur, sem á henni hvíla, að mati eftirlitsins skal bankaeftirlitið hafa rétt til íhlutunar. En þá teljum við nauðsynlegt að það sé ekki aðeins bankastjórn sem gert sé viðvart heldur þurfi þá einnig þegar í stað að koma upplýsingum á framfæri við bankaráð og skoðunarmenn skv. ákvæðum nýsettra laga um viðskiptabanka.

Í seinna tilvikinu er fjallað um hvernig við skuli brugðist ef innlánsstofnun sinnir ekki athugasemdum og fer ekki að kröfum um úrbætur. Þá er að sjálfsögðu ákvæði um tilkynningarskyldu til ráðherra, æðsta yfirmanns bankamála, en jafnframt teljum við nauðsynlegt að bankaráði og skoðunarmönnum, eða félagsstjórn ef um aðra innlánsstofnun er að ræða, sé gert viðvart.

Þá er komið að 27. gr. Þar er þess að geta að í till. okkar er um að ræða nýmæli. Við leggjum til að í bankastjórn Seðlabankans eigi sæti einn aðalbankastjóri og því næst tveir aðstoðarbankastjórar og að aðalbankastjórinn gegni formennsku bankastjórnarinnar. Bankastjórarnir verði að vísu allir ráðherraskipaðir og ekki til lengri tíma í senn en sex ára, en aðstoðarbankastjórar til þriggja.

Við viljum leggja áherslu á það að við rekstur Seðlabanka — við styðjumst þar við fordæmi frá öðrum löndum — fer betur á því að einn bankastjóranna sé gerður ábyrgur sem aðalbankastjóri fyrir stefnu bankans og samskiptum hans við ríkisvald og aðstoðarbankastjórarnir séu þá fremur ráðnir út frá faglegum sjónarmiðum um sérhæfingu og verkaskiptingu innan bankastjórnarinnar.

Önnur ákvæði, sem varða bankastjórnina, eru þau að ákvörðun biðlauna í 29. gr. teljum við að eigi að miða við sex mánuði til samræmis við almennar reglur á vinnumarkaðinum en ekki tólf mánuði. Við teljum sömuleiðis að um eftirlaun bankastjóra eigi að fara eftir almennum kjarasamningum í þessu tilviki sem öðrum. Með þessu viljum við leggja áherslu á að við erum ekki fylgendur neinna forréttinda hvorki í þessu kerfi né annars staðar og teljum að þarna eigi að fara eftir almennum reglum. Sama gildir um biðlaun í eitt ár við uppsögn o.s.frv.

Við leggjum áherslu á að bankaráðið ákveði fjölda starfsmanna Seðlabankans. Eitt af gagnrýnisatriðunum á bankann er það að þar hefur ráðið Parkinsons-lögmál. Miðað við þau verkefni, sem miðbanki á að hafa innan strangra takmarkana, er starfsmannafjöldi bankans orðinn óhóflegur. Það á að vera skýrt og skilmerkilega á valdsviði bankaráðsins að gera þar á breytingar.

Að því er varðar 36. gr., um reikningsskil o.fl., leggjum við einfaldlega til að ákvæði, sem nú er í gildandi lögum um Seðlabanka, um birtingu sundurliðaðra upplýsinga yfir launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans, verði áfram í gildi til þess að veita nauðsynlegt almannaaðhald að stjórn bankans.

Þá er að líta á 38. gr. um skattheimtu og meðferð á arði. Í meðferð frv. frá því að bankamálanefnd skilaði áliti og þar til frv. var lagt fyrir þing voru gerðar miklar breytingar á þessu ákvæði. Þær breytingar teljum við að hafi ekki aldeilis verið til bóta. Það er ástæða til þess í þessum umræðum að rifja upp hvernig þetta ákvæði var í tillögum bankamálanefndar. Af einhverjum ástæðum virðist ég nú ekki hafa þann texta hér við hendina. En ég vil aðeins af þessu tilefni rifja upp að þær tillögur, sem við höfum hér sett á blað varðandi 38. gr., byggja að verulegu leyti á grundvallaratriðum í tillögum bankamálanefndar en eru að vísu engan veginn samhljóða.

Í frv. eins og það er núna er gert ráð fyrir því að árlega skuli greiða helming af meðalhagnaði næst liðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í Arðsjóð skv. 2. málsgr., í ríkissjóð. Þá skal við þann útreikning endurmeta hagnað fyrri ára til verðlags hins þriðja og greiðsla fari fram 1. júní ár hvert. Árlega skal síðan leggja í Arðsjóð a.m.k. jafngildi 40 millj. kr. miðað við verðlag í árslok 1984. Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum en helmingur árlegra tekna hans skal renna í Vísindasjóð skv. lögum um Vísindasjóð.

Fyrsta athugasemdin er að sjálfsögðu sú að það er gömul hefð, sem er vægast sagt óvenjuleg og óviðunandi að því er varðar starfsemi seðlabanka, að fjárveitingar af ríkisins hálfu til vísindarannsókna og vísindastarfsemi skuli fara fram með þessum hætti, þ.e.

vera tengdar einhverjum hluta af hagnaði Seðlabankans og ráðast að meira eða minna leyti af ákvörðunum bankastjórnar.

Því er það að við leggjum einfaldlega til að Vísindasjóður skuli að vísu starfa áfram á árinu 1986 í samræmi við eldri lög og reglur. En fyrir haustþing 1986 skal ríkisstj. leggja fram frv. til l. um starfsemi Vísindasjóðs, er hafi tekjustofna svo sem verið hefur en heyri framvegis undir menntmrh. Þetta er í framhaldi af því að við leggjum til að hagnaði Seðlabankans skv. nánari skilgreiningu yrði einfaldlega skilað í ríkissjóð. En þessi þáttur af ráðstöfun hagnaðarins, sem varðar framlög til Vísindasjóðs, verði síðan skv. sérstökum lögum sem Alþingi setji og verði síðan ákveðinn við afgreiðslu fjárlaga með eðlilegum hætti á hverju ári, þannig að þetta verði ekki eitt af gæluverkefnum einhverra forréttindastofnana úti í bæ. Þetta er eðlilegt verkefni löggjafarsamkomunnar, varðar almenna stefnu í málefnum vísinda og þar með menntastefnu og jafnvel atvinnustefnu og á þess vegna að vera vistað þar sem það á heima, í fjárlögum ríkisins og heyra undir ákvarðanavald þingsins.

Að öðru leyti leggjum við til að hagnaði Seðlabankans skuli ár hvert skilað í ríkissjóð og við skilgreinum þennan hagnað næst liðins árs af innlendri lánastarfsemi, sölu gjaldeyris og umboðslaunum af gjaldeyrisyfirfærslum að frádregnum rekstrarkostnaði. Við föllumst hins vegar á að gengismunur af erlendum eignum og skuldum skuli ekki teljast til tekna og gjalda í rekstrarreikningi og gengismunurinn þar af leiðandi undanþeginn arðsskilum.

Nú kunna menn að segja sem svo að þetta séu strangar reglur. Í fyrsta lagi er á það að benda að sú regla mun mjög algeng að því er varðar seðlabanka með öðrum þjóðum að hagnaður þeirra sé lagður í ríkissjóð.

Í annan stað vil ég vekja athygli á því að skv. fram komnum upplýsingum hefur hagnaður Seðlabankans farið minnkandi sem hlutfall af heildarrekstri bankans á undanförnum árum.

Í þriðja lagi vil ég benda á — og vísa þá m.a. til sérálits Lúðvíks Jósepssonar, fyrrv. bankamálaráðherra, en hann átti sæti í bankamálanefnd — að bankarnir hafa til þess ótal ráð að gildandi lögum að fela hagnað sinn með ýmsu móti og vitna ég þar, eins og ég sagði, til ummæla Lúðvíks Jósepssonar, fyrrv. bankamálaráðherra, en hann segir í þessu séráliti sínu sem fylgir frv.:

„Ég tel rétt að taka upp reglu um skattgreiðslur bankans en álít þau ákvæði, sem um það fjalla í frv., ófullnægjandi, einkum vegna þess að verulegum tekjum bankans á að skjóta undan skattlagningu."

Ég endurtek, herra forseti: Það er mat þessa meðlims bankamálanefndar og fyrrv. viðskrh., sem talar af reynslu sem viðskrh. og yfirmaður bankans, að það eigi að skjóta verulegum tekjum bankans undan skattlagningu. Það teljum við óeðlilegt. Við teljum að Seðlabankinn eigi að hafa mjög takmarkað valdsvið. Hann eigi ekki að hafa sjálfdæmi um það hvernig hann hagar reikningsuppgjöri sínu til þess að minnka hagnað sinn. Við teljum að það sé eðlilegasta reglan við þessar kringumstæður að hagnaðinum sé skilað í ríkissjóð og það sé gert á eins einfaldan og skilmerkilegan máta og unnt er.

Herra forseti. Þar með tel ég að ég hafi gert grein fyrir því sem máli skiptir varðandi þetta viðamikla mál. Ég hef sýnt fram á þann mun sem er á tillögum bankamálanefndar og því frv. sem hér liggur fyrir, jafnvel að meðtöldum brtt. meiri hl. sem sumar hverjar eru þó til bóta. Ég hef rifjað upp gagnrýni á Seðlabankann á umliðnum árum, sem hefur farið vaxandi og gætt mikið í almennum umræðum um efnahagsmál, og varpað fram spurningum um það með hvaða hætti eðlilegt er að mæta þessari gagnrýni og taka tillit til hennar að því er varðar löggjöfina sjálfa.

Í þriðja lagi fór ég nokkrum orðum um dapurlega reynslu okkar Íslendinga, sérstaklega s.l. hálfan annan áratug af árangrinum eða öllu heldur árangursleysinu af stjórn peningamála. Í ljósi þeirrar reynslu hljótum við að reyna að draga ályktanir af henni um það hvernig við þurfum að breyta lagarammanum til að reyna að koma í veg fyrir að þessi reynsla endurtaki sig.

Ég legg á það megináherslu að til þess að mæta hvoru tveggja, gagnrýninni og slæmri reynslu, þurfum við að reyna að sameinast um að setja almennar takmarkandi reglur um Seðlabankann, draga úr efasemdum sem uppi eru um verkaskiptingu og valdsvið annars vegar Seðlabanka og ríkisvalds en á hinn bóginn gefa Seðlabankanum nægilega öflug stjórntæki til þess að hann geti innan ramma slíkrar almennrar löggjafar beitt tækjum sínum til að ná tilætluðum árangri í stjórn efnahagsmála.

Það gæti orðið eins konar prófsteinn á vilja löggjafarsamkomunnar til þess að taka slíkar almennar takmarkanir alvarlega með hvaða hætti hv. alþm. ætla að taka á gildistökuákvæðinu í 41. gr. Þar segir að ákvæði 27. og 29. gr., sem fjalla um ráðningarskilmála bankastjóranna og kjör þeirra, taki einungis til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku þessara laga. M.ö.o., þessi grein, þetta gildistökuákvæði, er á þá leið að þeir sem nú eru þegar starfandi í Seðlabankanum eigi að vera undanþegnir mjög þýðingarmiklum og eðlilegum starfsreglum í þessum lögum nánast eins og „af því bara", af því að þeir hafa setið þarna fyrir, sumir kannske óhæfilega lengi.

Þetta er fyrir neðan allar hellur. Þetta ákvæði er gersamlega óviðunandi fyrir löggjafarsamkomu sem ætlar að taka mark á sjálfri sér. Hér er um það að ræða að verið er að breyta mjög þýðingarmiklum lögum sem varða grundvallaratriði og að sjálfsögðu er það krafa, alveg eins og það var krafa þegar viðskiptalögunum var breytt, að þeir sem nú gegna embætti Seðlabanka séu seldir undir þessi lög rétt eins og aðrir dauðlegir menn. Þegar viðskiptabankalögunum var breytt voru sett ákvæði þar sem vörðuðu t.d. hagsmunaárekstra og ég hef upplýsingar um að reynt hafi verið að framfylgja þeim þannig að bankastjórar viðskiptabankanna, sem voru fyrir í starfi, hafi orðið að beygja sig fyrir þessum lögum.

Ein gagnrýnin á stjórn Seðlabankans nú er sú að sami maðurinn hafi gegnt því sem ég kalla starfi aðalseðlabankastjóra mjög lengi jafnframt því sem hann gegnir öðrum mjög þýðingarmiklum störfum sem ekki samræmast þessu starfi. Eitt af því, sem við þurfum að gera með þessum lögum, er auðvitað að taka tillit til þessarar gagnrýni. Það er prófsteinn á alvöru Alþingis hvernig Alþingi fer með 41. gr., hvort það lætur bjóða sér það að forréttindi miðað við ákvæði eldri laga skuli gilda áfram eða hvort hér skuli gert hreint borð og sú krafa

gerð að bankastjórar Seðlabankans, hvort heldur þeir sem fyrir voru eða nýir sem ráðnir kunna að verða, sitji þar við sama borð því að allir eiga menn að vera jafnir fyrir lögum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur gert svo ítarlega grein fyrir brtt. okkar að ég tel enga ástæðu til að bæta þar neinu við. Ég stíg hér í stólinn aðeins til að undirstrika eitt aðalatriði. Það er það að þegar 1. umr. um þetta mál fór fram á sínum tíma lýsti ég því yfir sem minni skoðun að 2. málsgr. 10. gr. frv. þyddi það að ríkisstjórn og Seðlabanki gætu tekið ákvarðanir um vexti. Ég spurði hæstv. viðskrh. hvort þetta væri réttur skilningur hjá mér og hann kvað svo vera. Ég lagði síðan skriflega spurningu fyrir viðskrh. 17. mars s.l. á þessa leið:

„Telur ráðherra að Seðlabankinn og ríkisstjórnin hafi vald til að ákveða vexti skv. 2. málsgr. 10. gr.?"

Svar ráðuneytisins barst mér 15. apríl 1986 og það er á þessa leið orðrétt, með leyfi forseta: „Þessi möguleiki er fyrir hendi samkvæmt frv."

Hér er því um algerlega ótvírætt atriði að ræða að mínu mati. Ríkisstjórn hefur til þessa vald, ekki einasta að mínu mati heldur einnig að mati ríkisstj. og flm. þessa frv.

Ég tel þetta mikilsvert atriði því að þar með hefur ríkisstj. hvikað frá veigamesta þætti sinnar peningamálastefnu á s.l. misserum. Þó svo að hún muni kannske ekki gera það í verki á næstunni þá opnar þetta frv., ef að lögum verður, leið fyrir nýja ríkisstjórn til að taka þá ákvörðun í vaxtamálum sem henni sýnist eða hún telur pólitískt rétt þá og þá.

Þetta er aðalatriðið sem ég vil hér undirstrika þannig að það liggi fyrir eins rækilega og hægt er í þingtíðindum hver er afstaða einstakra manna og, að því er virðist, ríkisstj. í þessu efni.

Í annan stað vil ég upplýsa að við meðferð málsins fékk ég upplýsingar um tekjuafgang eða tap Seðlabankans á árunum 1976–1985. Á föstu verðlagi ársins 1985 hagnaðist Seðlabankinn á síðasta ári um 176 millj. kr., 1984 um 409 millj. kr. Árið 1983 varð tap á Seðlabankanum, eftir þeim bókhaldskúnstum sem þar tíðkast, upp á 1368 millj. Árið 1982 var hagnaður bankans aftur á móti talinn 2 milljarðar kr., 1981 var tap upp á 539 millj., 1980 græddi bankinn 155 millj., 1979 140 millj., 1978 16 millj., 1977 2 millj. og 1976 12 millj.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi, ekki síst þegar verið er að taka ákvörðun um skattlagningu Seðlabankans, að þessar upplýsingar liggi fyrir en þær lágu ekki fyrir nefndinni fyrr en eftir þeim var leitað af mér í sérstöku bréfi til viðskrn.

Ég ætla ekki að fara einstökum orðum um brtt. eins og ég sagði áðan. Ég ætla að vekja athygli á áliti okkar hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar á þskj. 877 þar sem við skrifum í sameiningu undir nál. þar sem við fordæmum mjög harðlega þá hávaxta- og okurvaxtastefnu sem fylgt hefur verið hér á undanförnum misserum. Einhvern tíma hefðu það þótt tíðindi að formenn Alþb. og Alþfl. skrifuðu með þessum hætti undir jafneindregna fordæmingu á okurvaxtastefnunni.

Ég ætla heldur ekki, herra forseti, að fara að ræða einstök atriði í máli hv. þm. Páls Péturssonar. Ég skildi ræðu hans svo hér áðan að hann væri í rauninni sammála nær öllum brtt. minni hl., teldi hins vegar að þeim væri komið hér og þar annars staðar og jafnvel þó að þær væru felldar væri ekki ástæða til þess fyrir þingið eða framkvæmdavaldið að taka mark á þeirri afstöðu. Þetta þykir mér athyglisverð yfirlýsing formanns fjh.- og viðskn. og gott vegarnesti fyrir þingið. Auðvitað ætti í ljósi hennar að vera eðlilegast að þingið samþykki till., en formaðurinn hefur að vísu sagt að þó þær verði felldar skipti það í raun og veru engu máli því að þær hafi samt verið samþykktar. Þetta er athyglisverð aðferð við löggjafarstörf og ber að þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir það brautryðjendastarf sem hann hefur beitt sér fyrir í þeim efnum.

Ég ætla heldur ekki að fara að ræða ítarlega um álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem er að sumu leyti hið spaugilegasta og þó alveg sérstaklega þessi setning, herra forseti:

„Einnig leggur meiri hl. nefndarinnar til að áskilið verði samþykki ráðherra til þess að reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar geti öðlast gildi."

Síðan segir: „Er með þessari till. m.a. stefnt að því að tryggja að sama fé verði ekki bundið tvisvar."

Það er stefnt að því að það verði ekki bundið tvisvar, *en því er ekki alveg slegið föstu að það verði ekki* bundið tvisvar. Kannske verður það bundið tvisvar, en þó er það alla vega ekki ætlunin, það er þó ekki ásetningssynd því að stefnan er sú að binda það ekki nema einu sinni. Það væri full ástæða til þess að slá þessum texta upp hér með ljósastöfum til þess að menn sjái hvað meiri hlutinn er klókur við að setja frá sér texta og auglýsi ég eftir þeim manni sem botnar í þessum setningum með þeim hætti sem þær koma hér fram.

Í Ed. er verið að samþykkja frv. um að takmarka bindingu bankanna. Þar er miðað við ákveðna tölu eins og við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerum tillögu um hér. Við gerum tillögu um 15% í þessu efni sem hámark. Þó að þetta frv. fari út úr þessari deild á þessum eða næsta sólarhring spái ég því, herra forseti, að það komi hingað aftur næstu daga með prósentubindingu og að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson muni sjá til þess í Ed. að till. minni hl. verði samþykkt þar og þess vegna komi frv. hingað aftur og er það vel því að þá getum við afgreitt málið með skárri hætti en ella verður.

Brtt. meiri hl. við frv. eru margar til bóta og ég tel að það frv. í heild sem hér liggur fyrir hafi að mörgu leyti innifalin ákveðin atriði sem eru til bóta frá gildandi seðlabankalögum.

Ég mun fyrir mitt leyti taka afstöðu til endanlegrar ákvörðunar um atkvæði um þetta frv. þegar fyrir liggur hvaða afgreiðslu okkar brtt. fá. Við munum að sjálfsögðu freista þess að fá þær fram þrátt fyrir það góða boð og þá nýjung í löggjafarstarfi sem hv. 2. þm. Norðurl. v. lýsti yfir að hann mundi beita sér fyrir hér áðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, að loknum 82. fundi.

Útvarpslög, frv. 417. mál (þskj. 768, n. 882). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti menntmn. um frv. til l. um breytingu á útvarpslögum.

Þetta er einfalt mál. Í nýjum útvarpslögum er ekki heimild til að ákveða í reglugerð að þeir sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri geti orðið undanþegnir afnotagjöldum útvarps. Til að bæta úr þessu var þetta frv. flutt og menntmn. leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

Undir nál. rita auk mín Halldór Blöndal, Hjörleifur Guttormsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Jón Baldvin Hannibalsson, en fjarverandi afgreiðslu málsins var Kristín S. Kvaran.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Sveitarstjórnarlög, stjfrv. 54. mál (þskj. 868 (sbr. 636 og 602)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Hv. félmn. Nd. kom saman til fundar nú í fundahléi og ræddi fram komna brtt. sem samþykkt var í Ed., en þetta er brtt. á þskj. 849 flutt af hæstv. félmrh. Þessi brtt., sem samþykkt var í Ed., gerir ráð fyrir því að sýslunefndir, sem kjörnar verða um leið og sveitarstjórnarkosningar fara fram í vor, hafi umboð til ársloka 1988 í stað ársloka 1987 eins og gert hafði verið ráð fyrir í frv. eins og það var samþykkt frá Nd. á sínum tíma.

Meiri hl. félmn. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom, svo breytt, frá hv. Ed.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 901, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 21 shlj. atkv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þegar frv. þetta var afgreitt við 3. umr. í þessari hv. deild voru felldar þær brtt. sem ég hafði flutt við frv. og lutu að því m.a. að taka upp í frv. reglur um lögbundið samstarf sveitarfélaga á grundvelli sýslunefnda. Ég sé að í Ed. hefur verið gerð breyting á frv. Sú breyting er ærið efnislítil en lengir í snörunni fyrir sýslunefndir um eitt ár. Efnislega hefur sú breyting ekki þýðingu varðandi þetta frv. og enn standa í frv. þau efnisatriði sem ég gagnrýndi mjög við meðferð málsins í þessari hv. deild.

Ég ætla ekki að ítreka þá gagnrýni mína. Ég segi aðeins frá því að ég verð æ betur var við það meðal sveitarstjórnarmanna víðs vegar af landinu að þeir undrast að hv. Alþingi skuli hugsa sér að afgreiða þetta mál í því formi sem það er og lýsa fjölmargir þeirri skoðun sinni að þeim hafi ekki dottið í hug og hafi raunar ekki trúað því að frv. gengi fram í þeim búningi sem það nú er. Þetta á vitaskuld við um það efni sem ég hef gagnrýnt mest við meðferð málsins í þessari hv. deild.

Ég vil því gera tilraun til, með því að leggja fram brtt., sem flutt er á þskj. 901 af mér og hv. 1. þm. Vesturl., að leita eftir því hvort hv. þingdeild fellst ekki á að fella þau ákvæði frv. sem eru í svo ófullkomnum búningi sem ég hef lýst á fyrri stigum þessa máls að ég tel ekki viðunandi, en jafnframt að taka upp í frv. breytingar á ákvæði til bráðabirgða sem hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tölul. 1 orðist svo:

Ríkisstjórnin skal láta fara fram endurskoðun á þeim ákvæðum sveitarstjórnarlaga er lúta að frjálsu og lögbundnu samstarfi sveitarfélaga og leggja frv. til laga um þau efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. 121. gr. skal IV. kafli sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, gilda þar til ný ákvæði hafa verið lögfest um það efni."

Með þessum hætti skapaðist svigrúm fyrir hæstv. ríkisstj. og fyrir Alþingi að leita eftir því hvort ekki mundi nást samkomulag um þau efnisatriði frv. sem mest hefur verið deilt um. Ég hygg að unnt sé að ná því samkomulagi ef vilji er fyrir hendi, samkomulagi sem væri á þann máta að við stæðum ekki frammi fyrir því, sem ég tel niðurstöðu þessa máls verði ekki við þessu orðið, að hin veikari og minni sveitarfélög víðs vegar um strjálbýli landsins standi verr í stakk búin til að fjalla um sín mál eftir en áður og verr í stakk búin til að taka við verkefnum sem ríkisvaldið kann að vilja fela þeim.

Ég skal ekki hafa um þetta langt mál. Að sjálfsögðu hlýtur meiri hluti Alþingis að ráða, en ég hef úr þessum ræðustól varað sterklega við að samþykkt verði frv. í þeim búningi sem það er í, þ.e. sérstaklega þau ákvæði frv. sem fjalla um samstarf sveitarfélaga, einkanlega þó þann þátt þeirra mála sem varðar lögbundið samstarf þeirra.

Ég skal svo, herra forseti, ekki tefja þetta mál. Eðlilegt er að Alþingi fái að segja til um hvernig það vill standa að þessu máli. En ég lýsi enn áhyggjum mínum yfir því ef þessar till. verða ekki samþykktar og að sjálfsögðu ábyrgð á hendur þeim sem að því vilja standa á þann máta.

ATKVGR.

Brtt. 901,1 felld með 20:3 atkv.
Brtt. 901,2 felld með 20:2 atkv.
Brtt. 901,3 tekin aftur.
Frv. samþ. með 20:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 913).

Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv. 126. mál (þskj. 727). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 912).

Sameinað þing, 76. fundur.

Fimmtudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Þúsund ára afmæli kristnitökunnar, þáltill. 395. mál (þskj. 726). — Síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 926).

Alþjóðahugverkastofnunin, stjtill. 322. mál (þskj. 595, n. 739). — Síðari umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Á fundi sínum 14. þ.m. tók utanrmn. til meðferðar till. til þál. um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðahugverkastofnunar.

Alþjóðahugverkastofnunin er ein af 15 sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna og upphaf hennar má rekja til Parísarsamnings um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sem gerður var þegar árið 1883 og Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum sem gerður var árið 1886. Tilgangur þessarar stofnunar er að stuðla að vernd hugverka um allan heim. Það er gert bæði með milliríkjasamvinnu og í samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir þegar þörf krefur. Jafnframt er það tilgangur stofnunarinnar að tryggja samræmda stjórnun ýmissa alþjóðasamninga á sviði hugverka. Stærstu samningarnir eru Parísarsamningurinn og Bernarsáttmálinn. Ísland varð aðili að Parísarsamningnum árið 1962 og að Bernarsáttmálanum árið 1947.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þessarar þáltill. um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðahugverkastofnunar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 927).

Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa, stjtill. 382. mál (þskj. 699, n. 833). — Síðari umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur rætt þáltill. þessa og leggur einróma til að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 928).

Neðri deild, 84. fundur.

Fimmtudaginn 17. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 393, n. 865 og 877, brtt. 866 og 878). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 878,1 felld með 21:7 atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,2 felld með 19:7 atkv.
Brtt. 866,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 878,3 felld með 22:7 atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 878,4 felld með 21:7 atkv.
Brtt. 866,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 866,3 (9. gr. falli brott) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 878,5 tekin aftur.
Brtt. 878,6 felld með 21:7 atkv.
Brtt. 866,4 samþ. með 21:2 atkv.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 866,5 samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 878,7 felld með 21:5 atkv.
11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,8 felld með 23:7 atkv.
13. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 878,9 felld með 22:8 atkv.
14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 878,10 felld með 22:8 atkv.
Brtt. 878,11 felld með 23:8 atkv.
15. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,12 felld með 21:8 atkv.
Brtt. 878,13 felld með 21:8 atkv.
Brtt. 866,6 samþ. með 21:5 atkv.
17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,14 felld með 21:9 atkv.
Brtt. 878,15.a felld með 22:8 atkv.
Brtt. 878,15.b felld með 21:5 atkv.
Brtt. 866,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,16 felld með 21:6 atkv.
19. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 866,8 samþ. með 29 shlj. atkv.
20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
21.–26. gr. (verða 20.–25. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,17 felld með 22:8 atkv.

27. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
28. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,18 felld með 21:8 atkv.
29. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 878,19 felld með 21:8 atkv.
30. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
31.–34. gr. (verða 30.–33. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,20 felld með 22:6 atkv.
35. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,21 felld með 22:8 atkv.
36. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
37. gr. (verður 36. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,22 felld með 22:7 atkv.
38. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
39.–40. gr. (verða 38.–39. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,23 felld með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, GJG, GHelg, HG, JBH, SJS, SvG, GSig.
já: GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHH, RH, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, IG.
ÓÞÞ, SV greiddu ekki atkvæði.
8 þm. (KMK, GA, JS, KP, KJóh, KH, KSK, EBS) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Brtt. hljóðar upp á það að 2. og 3. málsl. 2. málsgr. falli brott í 41. gr., gildistökuákvæði. Þar er vísað til 27. og 29. gr., þ.e. þeirra ákvæða sem fjalla um að bankastjórar skuli eigi skipaðir til lengri tíma en sex ára í senn og í 29. gr. að bankastjórum og aðstoðarbankastjórum sé óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum o.s.frv.

Ég vil, herra forseti, um leið og ég geri grein fyrir atkvæði mínu, vekja athygli á því að þegar Alþingi samþykkti nýlega lög um viðskiptabanka voru ákvæði sem áttu að firra hagsmunaárekstri bankastjóra og forbuðu þeim setu í stjórnum annarra stofnana samþykkt og látin gilda frá og með gildistöku að því er varðaði bankastjóra viðskiptabankanna. Ef Alþingi ætlar að gera undanþágu frá þessum sérstöku grundvallarreglum, sem bankamálanefnd vildi leiða í lög og lagði eindregið til, er Alþingi að lýsa því yfir að það vilji gera reginmun á sumum bankastjórum og öðrum. Reyndar sagði ég í framsögu minni að samþykkt á þessari breytingu, það að þessi ákvæði skyldu gilda um þá bankastjóra sem nú sitja, væri prófsteinn á hvort löggjafarsamkoman ætlar að beygja sig fyrir seðlabankavaldinu eða ekki. Með því að hafa hér undanþáguákvæði er Alþingi að lýsa því yfir að það ætli að beygja sig fyrir valdi Seðlabankans og verða sjálfu sér til skammar. Ég segi þess vegna að því er varðar þessa brtt. já.

41. gr. (verður 40. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 866,9 samþ. með 23 shlj. atkv.
42. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
43. gr. (verður 42. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 866,10 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 878,24 felld með 20:7 atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, stjfrv. 268. mál (þskj. 501). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 23:1 atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv. 366. mál (þskj. 661). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður Íslands, stjfrv. 416. mál (þskj. 767). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Söluskattur, stjfrv. 401. mál (þskj. 742). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Póstlög, stjfrv. 248. mál (þskj. 905 (sbr. 477)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Fasteigna- og skipasala, stjfrv. 320. mál (þskj. 906 (sbr. 591)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er fjórða dagskrármálið, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara, komið frá nefnd. Full samstaða er um afgreiðslu málsins og ég spyr, herra forseti, af hverju er ekki mælt fyrir þessu máli þannig að það geti gengið áfram til 3. umr.? Það er ekki komið til Ed.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skil ekki þessa óþolinmæði. Menntmn. Ed. og Nd. hafa unnið saman að þessu máli. Frá því að málið var fyrst tekið fyrir á sameiginlegum fundi menntmn. Nd. og Ed. hafa einstakir nefndarmenn verið að láta í ljós einhverjar áhyggjur yfir því að málið næði ekki fram að ganga. Það hefur verið unnið að þessu máli í fullri samvinnu við kennarasamtökin og mér er ekki kunnugt um það, a.m.k. ekki í mínum flokki, að uppi séu raddir um að stöðva þetta frv. og mjög flókin mál bíða afgreiðslu þingsins eins og m.a. húsnæðismálin. Sú niðurstaða sem fékkst á sameiginlegum fundum menntmn. á að tryggja að þetta frv. fái þinglega meðferð og ég vænti þess að stuðningsmenn frv. haldi ekki áfram að reyna að tefja fyrir framgangi þess með því að láta í ljós áhyggjur um að málið nái ekki fram að ganga.

Hins vegar liggur ljóst fyrir að nokkrar umræður verða um þetta mál að ég ætla. Þetta er ekki einfalt mál í sniðum. Mér skildist, vegna þess að það er gert ráð fyrir eldhúsumræðum í kvöld, að menn vildu hafa þennan fund sem stystan og leit svo á að samkomulag hefði verið um að taka eingöngu á dagskrá í dag mál sem þyrftu að ganga til nefnda eða mál sem ekki yrðu umræður um.

Á hinn bóginn er það rétt að hv. 5. þm. Austurl. spurði mig að því áðan hvort hugmyndin væri sú að taka málið fyrir nú til 2. umr. Ég hafði ekki heyrt að það væri ætlun hæstv. forseta. En auðvitað, ef hv. þm. og hæstv. forseti leggja ofurkapp á það og það er samdóma álit þeirra beggja að þær yfingar séu í þinginu út af þessu máli sem mér er ekki kunnugt um að nauðsynlegt sé að vaka dag og nótt út af núna, þá er ég reiðubúinn til þess. En ég hélt að málsmeðferð í menntmn., sem er samkvæmt beiðni hæstv. menntmrh. og í fullu samráði við þingflokka, hefði tryggt að þetta væri eitt af þeim málum sem allir þingflokkar væru sammála um að þyrfti að ná fram að ganga. Og ég ítreka að málið hefur fengið ítarlega efnislega skoðun á sameiginlegum fundum menntmn. Ed. og Nd. þannig að ég sé ekki hvað ætti að tefja framgang þess.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn um það að hafa ekki mjög langar umræður um þetta efni. Það hefði kannske verið heppilegra að forseti hefði sagt strax álit sitt á því og reynt að skýra hvað hér hefur gerst vegna þess að í rauninni lá nokkurn veginn ljóst fyrir hvernig þingstörfum mundi verða háttað hér. Það var samkomulag um að tekið yrði fyrir seðlabankamálið á þessum fundi til 2. umr. og til atkvæðagreiðslu, síðan yrði settur nýr fundur til að ljúka því máli við 3. umr. Um þetta var fullt samkomulag. Síðan var forseta tilkynnt, og hann tók þá tilkynningu trúanlega, að það væri samkomulag og ekki að því fundið af stjórnarandstöðu eða neinum hv. þm. þó að hér yrðu tekin fyrir nokkur mál, sem ekki eru mjög harðvítug deilumál, til 1. umr. til að koma þeim til nefndar. Þau mál hafa nú verið afgreidd með mjög góðri aðstoð hv. þingdeildarmanna. Ég vil taka það skýrt fram að önnur mál áttu ekki að koma hér fyrir, hversu mikilvæg sem þau eru.

Ég vona að þetta skýri málið og hv. þingdeildarmenn fari ekki að karpa um meðferð mála á þessum þingfundi eins og háttað er.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í morgun urðu nokkrar umræður um þinghaldið í dag þar sem ég var viðstaddur og formenn þingflokka stjórnarliðsins. Þá var um það rætt, þannig að það sé skýrt hér fyrir þingheimi, að seðlabankafrumvarpið yrði afgreitt frá 2. og 3. umr. í dag, að nokkur mál sem ágreiningslítil væru eða líklega ágreiningslaus, 1. umr. mál sem hafa hlotið afgreiðslu í Ed., færu til nefndar. Ég hafði skilið þessa umræðu þannig að frv. um lögverndun á starfsheiti kennara væri ágreiningslaust mál og þess vegna væri hægt að gera ráð fyrir að taka það til 2. og 3. umr. í dag á tiltölulega mjög stuttum tíma. Ég vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn að standa að því að hlutir verði með þeim hætti. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu þar sem hér er um ágreiningslaust mál að ræða og ég skil ekki hvað því veldur að stjórnarliðið tregðast við að halda áfram þessu máli. Það er nokkur nýlunda þegar kemur að lokum þings að stjórnarliðar séu að pæfast fyrir. Það er að vísu ekki nýlunda í tíð þessarar stjórnar því að tafir undanfarna daga á meðferð mála hafa aðallega átt rætur að rekja til stjórnarliðsins, en það kemur mér á óvart að þetta mál, sem mér hefur skilist að væri orðið samkomulagsmál, eigi að gjalda þess ástands sem er í stjórnarliðinu síðustu daga þingsins þar sem menn virðast vera með innantökur út af smáu og stóru.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessari ræðu hv. 3. þm. Reykv. vil ég að það komi fram að ekki stendur á forseta að halda fund um ýmis önnur mál sem á dagskrá eru, þar á meðal þetta mál, en sá hængur er á að það vantar fulltrúa eins þingflokksins, Kvennalistans, og ég hef nokkurn veginn vissu fyrir því að það yrði tekið óstinnt upp af hv. fulltrúum sem sæti eiga í deildinni úr þeim flokki ef þetta mál, sem hér um ræðir, yrði tekið fyrir nú, og hafa fulltrúar Kvennalistans hér í hv. deild leyfi forseta til að vera fjarstaddir þennan fund. Það er hængur á því frá sjónarmiði forseta að taka þetta mál fyrir, hversu æskilegt sem væri að nota þennan dag til fundahalda.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna umræðna sem hér hafa orðið um meðferð mála í dag fyrir hv. þingdeild vil ég taka það fram að við hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson höfum ákveðið að taka þátt í þessari umræðu. Við höfum athugasemdir við þetta mál að gera. Það mun taka nokkurn tíma og þess vegna getur þetta mál ekki fallið undir þá lýsingu sem kom fram áðan. Þetta segi ég hér eftir að hafa borið mig saman við hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held að það verði

mjög að íhuga það, ef sú er afstaða Alþb. að reyna að tefja fyrir þessu máli, ef það kemst ekki á dagskrá þessa fundar, að reyna að halda fundinum áfram. Ég vil undir engum kringumstæðum eiga undir því að þetta mál nái ekki fram að ganga. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við tökum málið á dagskrá til að tryggja framgang málsins. Menntmn. hefur lagt vinnu í að reyna að ganga þannig frá frv. að efnisatriði þess skýrðust til fullnustu. Síðast áttum við fund ég og sá hv. þm. sem hóf þessa utandagskrárumræðu, hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, með forustumönnum kennarasamtakanna og á þeirri stundu vissi ég ekki betur en hv. þm. væri reiðubúinn til þess að greiða götu málsins hér í þinginu. Það kemur mér mjög á óvart nú ef hann liggur uppi með einhverja vitneskju um að það að málið sé ekki tekið fyrir á þessum fundi kynni að valda því að það næði ekki fram að ganga. Það er þvert ofan í vilja þeirra manna sem um málið hafa fjallað í menntmn. þingsins og ég hef m.a. fullvissað forustumenn kennarasamtakanna um að ég vilji greiða fyrir framgangi málsins eftir því sem mér er unnt. Þess vegna verð ég að beina því til hæstv. forseta að hann reyni að greiða fyrir því að þessar umræður geti farið fram í dag til að fullnægja öllu réttlæti og til þess að fulltrúar Alþb. geti farið rólegir að sofa í kvöld.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég held að réttlætiskennd þess forseta, sem hér stendur, verði að ráða í þessu máli. Þetta mál verður ekki tekið fyrir til umræðu í dag. Það er ekki vegna þess að forseti vilji ekki að þetta mál gangi fram. En hér hefur beðið um orðið m.a. hæstv. menntmrh. Ef hann heldur því til streitu er orðið laust um þingsköp.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég bið og segi að menn stilli nú hugi sína í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti er þess fullviss að þetta mál er orðið gott samkomulagsmál og þannig úr garði gert að allir megi vel við una. Málið er mjög mikilvægt og var raunar þáttur í kjarasamningum kennara og alveg ástæðulaust að menn séu með orðhengilshætti og hæpnum fullyrðingum að nota þetta til að fá útrás fyrir gremju sína sem einhver kann að vera og oft vill verða á síðustu stundum þings þegar menn þurfa að leggja sig mjög fram um afgreiðslu mála. Ég er fullkomlega sáttur við stjórn hæstv. forseta á þessu máli og hér er ekki teflt í neina tvísýnu varðandi þetta mál.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það hefur verið gott samkomulag um skipulag verka hér í dag og menn hafa sýnt hver öðrum tillitssemi. Ég sat fund og átti tal ásamt með þingflokksformanni Sjálfstfl. við hv. 3. þm. Reykv. um málin og það varð að samkomulagi að láta ganga fram umræðulaust, ef ráðherrar féllust á það, þessi 1. umr. mál, reyna að hafa fund stuttan í dag, eins stuttan og mögulegt væri, vegna þess að menn þurfa að undirbúa sig undir umræður í kvöld. Það kom engin ósk fram þá um að taka sérstaklega lögverndun á starfsheiti kennara til umræðu frekar en önnur 2. umr. mál sem hér eru á dagskránni. Líka með tilliti til þess að það vantar einn þingflokkinn í salinn held ég að ákvörðun forseta sé hárrétt.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ábending mín til virðulegs forseta og þingdeildarinnar út af þessu máli var eingöngu byggð á því að ég gerði ráð fyrir að þetta gengi umræðulaust fram, þetta mál sem full samstaða er um í menntmn. Nd. sem hefur skilað nál. og mikið rætt mál í þinginu nú þegar, og á því einu byggðist afstaða mín. Ég treysti því að á þessu verði haldið þannig að málið þurfi ekki að gjalda þessa, afgreiðsla málsins í þinginu, en málið á eftir að ganga til Ed. Þó að það hafi verið starfað saman af menntmn. beggja deilda veit ég út af fyrir sig ekki hvaða hugur er til þessa máls þar hjá einstökum þm. og vil engum getum að því leiða. En hér er mál að ræða sem ég tel mjög mikilsvert að nái fram fyrir þinglok og þess vegna vakti ég athygli á þessu. Ég treysti hæstv. forseta að halda á þessu máli þannig að það komist sem fyrst út úr þessari þingdeild, auðvitað þannig að þeir sem vilja ræða það hafi til þess tíma, en komist í hendur Ed. þannig að ekki sé nein hætta á því að málið strandi þar vegna tímaskorts.

Neðri deild, 85. fundur.

Fimmtudaginn 17. apríl, að loknum 84. fundi.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 923). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef brtt. fram að færa. Hún varðar 40. gr. frv., þ.e. gildistökugreinina. Þar er gert ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. maí 1986. Það er of skammur tími, m.a. vegna þess að það þarf að kjósa nýtt bankaráð fyrir Seðlabankann. Brtt. er þess eðlis að upphaf greinarinnar orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. nóv. 1986.

Till. er skrifleg og of seint komin og þarf afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 924, sem var of seint fram komin, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 924 samþ. með 20:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 77. fundur.

Fimmtudaginn 17. apríl, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 20 mínútur í þeirri fyrri og 10 mínútur í þeirri síðari. Kristín S. Kvaran 1. landsk. þm. fær 15 mínútna ræðutíma.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Alþfl., Sjálfstfl., BJ, Alþb., Framsfl., SK. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Alþfl. Karl Steinar Guðnason 6. landsk. þm. og Eiður Guðnason 5. landsk. þm. í fyrri umferð og Kjartan Jóhannsson 3. þm. Reykn. í seinni umferð. Fyrir Sjálfstfl. Salome Þorkelsdóttir 4. þm. Reykn. og Birgir Ísl. Gunnarsson 4. þm. Reykv. í fyrri umferð og Þorsteinn Pálsson fjmrh. í seinni umferð. Fyrir BJ tala Kristófer Már Kristinsson 4. landsk. þm. og Kolbrún Jónsdóttir 8. landsk. þm. í fyrri umferð og Stefán Benediktsson 8. þm. Reykv. í seinni umferð. Fyrir Alþb. tala Svavar Gestsson 3. þm. Reykv. í fyrri umferð og Skúli Alexandersson 4. þm. Vesturl. í seinni umferð. Fyrir Framsfl. tala Steingrímur Hermannsson forsrh. í fyrri umferð og Halldór Ásgrímsson sjútvrh. í seinni umferð. Fyrir SK tala Guðrún Agnarsdóttir 3. landsk. þm. og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 11. þm. Reykv. í fyrri umferð og Kristín Halldórsdóttir 7. landsk. þm. í síðari umferð. Kristín S. Kvaran 1. landsk. þm., utan þingflokka, talar síðust í fyrri umferð.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fyrir skömmu heyrði ég frásögn frá ævilokum Benedikts Gröndals skálds. Þorvaldur Thoroddsen kom til Gröndals 2–3 dögum áður en hann dó og var hann þá mjög veikur. „Hvernig líður þér í dag, Gröndal?“ spurði Þorvaldur. Gröndal svaraði: „Ég get ekki gengið og ekki andað, en annars líður mér vel.“

Án þess að ég vilji líkja saman hinu skarpgáfaða skáldi og þeirri vesölu ríkisstj. sem við búum við var henni eins farið þegar viðræður um kjarasamninga hófust í vetur. Henni var orðið þungt og þröngt um andardrátt og víst var það að hún gat ekki gengið. Hún réð ekkert við verðbólgu, erlendar skuldir og óreiðu í efnahagsmálum, en annars leið henni bara vel eða svo fannst þeim stjórnarsinnum.

Það var við þær aðstæður sem verkalýðshreyfingin og Alþfl. kröfðust þess að gerður yrði kjarasáttmáli, farnar yrðu nýjar leiðir í stað þeirra gömlu slitnu leiða sem reyndar höfðu verið áður.

Það er áreiðanlegt að öll þjóðin andaði léttar er tókst að knýja fram nýja efnahagsstefnu, ný viðhorf, von um bjartari framtíð. Þessi viðhorf, sem verkalýðshreyfingin og Alþfl. hafa barist fyrir, eru ekki ný af nálinni. Sumarið 1984, er landið var lamað af vinnudeilum, freistaði Verkamannasambandið að koma þessari stefnu fram með svokallaðri skattalækkunarleið. Hefði það tekist byggjum við í dag við betri efnahag, meiri kaupmátt.

En ríkisstj. brást. Þá tókst okkur ekki að beisla hana til betri efnahagsstefnu. Samið var um 23% kauphækkun fyrir alla landsmenn. Þessi sama ríkisstj. notaði síðan fyrsta tækifæri til að hirða þessa kauphækkun aftur. Árangurinn varð enginn, en verðbólgan brenndi heitar og sárar efnahag heimilanna og atvinnulífsins.

En þetta var reyndar engin nýlunda. Aðilar vinnumarkaðarins hafa í áratugi notað þessa slitnu leið. Kjarasamningar hafa hvað eftir annað verið gerðir án þess að taka tillit til þess að ríkisstjórn væri til í landinu, afl sem reynslan hefur sýnt okkur að svífst einskis í því að ógilda kjarasamninga, taka jafnóðum það sem um hefur samist. Engu máli hefur skipt hvort ríkisstjórnin hallaðist til hægri eða vinstri. Er skemmst að minnast ríkisstjórnar Svavars Gestssonar sem skerti kaupið 14 sinnum á sínum ferli. Þessi ríkisstjórn hóf sinn feril á um 25% kjaraskerðingu.

Ábyrg öfl verkalýðshreyfingar og Alþfl. hafa bent á að verðbólga er versti óvinur þeirra sem minnst hafa. Hinir geta ætíð matað krókinn. Við höfum bent á að á árunum 1974–1980 áttfaldaðist taxtakaup. Á sama tíma lækkaði kaupmáttur um 1% yfir tímabilið. Þessar staðreyndir kölluðu á ný viðhorf, breytt vinnubrögð. Nýgerðir kjarasamningar byggjast á þeirri meginhugsun að lífskjör verkafólks á Íslandi verði hvorki í bráð né lengd bætt svo neinu nemur með kauphækkunum einum saman, hvorki með né án verðtryggingar, heldur verði til að koma víðtækar aðgerðir á sviði efnahags-, félags- og kjaramála. Það þýddi að binda yrði hendur ríkisstj., knýja hana til að láta að vilja verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda. Okkur tókst það í nýgerðum kjarasamningum sem vissulega marka tímamót. Þar hafði ríkisstj. ekkert frumkvæði. Hins vegar skal það þakkað að hún stóð ekki í vegi fyrir nýjum leiðum eins og árið 1984.

Auðvitað er engum ljósara en fulltrúum verkalýðshreyfingar að laun eru smánarlega lág. Við erum láglaunaland. Það er hins vegar staðreynd að gömlu leiðirnar hafa skilað okkur þeim árangri. Við viljum ekki 30–40% kauphækkun sem skilar engu nema verðbólgu. Við viljum ekki verðtryggingu sem skert er 14 sinnum eða alveg tekin þegar óvönduðum stjórnmálamönnum býður svo. Við viljum betri kjör, betri kaupmátt, réttlátara þjóðfélag.

Hér á Alþingi hafa heyrst gagnrýnisraddir yfirstéttarkvenna og -karla sem aldrei hafa kynnst mannlífi nema í huggulegu umhverfi foreldrahúsa eða þá í erlendum háskólahöllum. Þetta fólk hefur talið sig þess umkomið að segja fátæku verkafólki fyrir verkum. Þetta lið hefur ekki goldið verðbólgu og biturrar reynslu óábyrgrar efnahagsstefnu. Það hefur allt sitt á þurru.

Forusta verkalýðshreyfingarinnar, það fólk sem hefur trúnað verkafólks, sem best sést á yfirburðafylgi við samningsgerðina, hefur þurft að þola rýtingsstungur Þjóðviljans sem leggur sig allan fram um að tortryggja samningsgerðina og eyðileggja árangurinn. Þar sem í hugum utangarðsmanna ríkir forneskjan, afturhaldið, sú merkilega þráhyggja að neita staðreyndum. Það þarf kjark og þor til að móta nýja stefnu, en það þarf aðeins smáborgaralega afturhaldssemi til að halda sig við það gamla.

Verkalýðshreyfingin átti aðeins tvo kosti. Annars vegar þann að knýja fram yfir 30% kauphækkun án félagslegra úrbóta, án verðtryggingar. Reynslan sýnir okkur að sú leið hefði haft í för með sér óðaverðbólgu og atvinnuleysi. Hrammur ríkisstj. hefði strax að loknum undirskriftum fellt gengi krónunnar. Verkafólk hefði staðið verr að vígi en fyrir samningana — verst þeir fátækustu. Þeir sem neita þessu treysta hinni guðsvoluðu ríkisstj. betur en Alþfl. og verkalýðshreyfing.

Hins vegar átti hreyfingin þess kost að móta nýja stefnu, stefnu framtíðar, stefnu sem byggði á raunsæju mati reynslunnar. Um þá leið náðist fullkomin eining. Það var fyrst er fulltrúar forneskjunnar höfðu skjól af samningsgerðinni að gagnrýnisraddir heyrðust. Áður brast kjarkinn líkt og hjá Katli skræk í Skugga-Sveini.

Nýgerðir kjarasamningar marka tímamót. Þeir tryggja vaxandi kaupmátt, einkum hjá þeim lægst

launuðu. Þeir tryggja byltingu í húsnæðismálum og lífeyrismálum, þeir tryggja stóraukin réttindi fiskverkafólks, þeir tryggja verðlækkun mikilsverðra vöruteg-unda og opinberra gjalda — og umfram allt, sem er okkur svo mikils virði, samningarnir miða við fastgengisstefnu sem er raunhæf verðtrygging. Þeir tryggja líka mjög lága verðbólgu sem er kjarabót út af fyrir sig.

Þessi samningsgerð er tilraun. Hún getur mistekist en hún verður að takast. Stærsta hættan er ríkisstj. Það kann að reynast afdrifaríkt að ríkisstj. lét annarlega hagsmuni ráða þegar hún neitaði tillögu samningsaðila um sérstakan skatt á banka- og efnafólk til að standa straum af niðurgreiðslum umfram sérstök kaup lífeyris-sjóðanna.

Nú á næstu dögum og mánuðum verður hver einasti Íslendingur að leggja sig fram um það að þessi tilraun takist. Stöðugu gengi á að fylgja stöðugt verðlag. Í ljósi þess að fleira er kjör en króna verður hver og einn að fylgjast með verðlagi, leggja sitt lóð á vogarskálina svo að óvandaðir gróðamenn eyðileggi ekki þessa tilraun. Þar er treyst á þig. En höfum það í huga að enn hafa allar spár um árangur ræst.

Verkalýðshreyfing og vinnuveitendur höfðu vit fyrir fársjúkri ríkisstj. Aðilar knúðu hana af rangri leið. Nýgerðir kjarasamningar eru mikill sigur fyrir launafólk í landinu, fyrir verkalýðshreyfinguna og helstu baráttumenn nýrra leiða. Þessir kjarasamningar eru ósigur forneskjunnar og óábyrgra gróðaafla. Helsta vandamálið er sjúklingurinn, ríkisstj. Við þurfum að gæta að hverju skrefi hennar svo að árangri samninganna verði ekki stefnt í voða. Við Íslendingar höfum í áratugi lifað við illvígar deilur og miskunnarleysi í garð hvers annars. Þar hefur sjálfseyðingarhvötin ráðið. Þessi staðreynd hefur átt sinn þátt í að halda lífskjörunum niðri.

Nú hafa ábyrgir aðilar vinnumarkaðarins lyft umræðunni ofar hinu hversdagslega karpi. Nýgerðir kjara-samningar gefa tilefni til að ætla að félagslega hugsandi menn geti áfram mótað stefnuna. Við verðum öll að vinna saman. Við verðum að læra af reynslunni til að byggja betra þjóðfélag þar sem enginn þarf að vera fátækur, þar sem allir búa við öryggi. Takist það sjáum við framtíðarland jafnaðarstefnunnar fram undan.

Innan skamms verða sveitarstjórnarkosningar í landinu. Þær skipta alla frjálshuga Íslendinga miklu máli. Það var fyrir tæpum 30 árum á þingi Sambands ungra jafnaðarmanna, sem haldið var suður í Keflavík, að tillaga að 18 ára kosningaaldri var fyrst samþykkt hér á landi. Ungir sjálfstæðismenn og fleiri börðust gegn þessu, en nú er þessi hugsjón orðin að veruleika. Áhrif æskufólks verða því meiri í komandi kosningum en nokkru sinni fyrr. Í prófkjörum Alþfl. að undanförnu hefur komið í ljós að æskufólk fylkir sér um jafnaðar-stefnuna í stórauknum mæli. Það laðast að nýjum ferskum hugmyndum róttækrar umbótastefnu líkt og jafnaldrar þess um allan heim. Næstu vikur verður að vinna vel. Hin breiða fylking liðsmanna Alþfl. verður nú að þjappa sér saman til átaka og baráttu fyrir frjálsara, réttlátara og betra þjóðfélagi.

Góður hlustandi. Við eigum samleið. Vertu með.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það er eitt af einkennum nútímaþjóðfélags, fjölmiðla-þjóðfélagsins, að málin gera stuttan stans í hugum okkar. Hratt tekur eitt við af öðru og það fyrnist undrafljótt yfir athyglisverðustu mál og við erum fljót að gleyma. Þrennt er það, sem gerst hefur og borið hefur á góma í þingsölum og í fjölmiðlum að undan-förnu, sem mig langar til að rifja aðeins upp og kannske setja í svolítið nýtt samhengi.

Hið fyrsta: Ráðstefna var haldin um fátækt á Íslandi. Þar var sagt og hefur víða verið endurtekið að 20 þús. íslenskar fjölskyldur, 20 þús. af 70 þús., byggju við lífskjör undir fátæktarmörkum. Okkur brá. Gat það rétt verið að í velferðarþjóðfélaginu árið 1986 væri svona komið, 20 þús. fjölskyldur undir fátækra-mörkum?

Annað: Frétt var lesin í sjónvarpi. Í athugun Þjóð-hagsstofnunar var litið sérstaklega til fjölskyldna sem hafa meira en helming tekna sinna af sjálfstæðum atvinnurekstri. „Í ljós kom", sagði orðrétt í fréttinni, „að 37% þeirra eru undir tilgreindum fátæktarmörk-um." Við erum að tala um þá sem eru með eigin atvinnurekstur. Í hópi launþega reyndist fimmta hver fjölskylda undir þessum mörkum, en hins vegar rúm-lega þriðja hver hjá þeim sem eru með sjálfstæðan atvinnurekstur.

Hið þriðja ætla ég að nefna. Þið sjáið samhengið sjálf. Í fyrradag svaraði fjmrh. og formaður Sjálfstfl. fsp. Jóhönnu Sigurðardóttur um umfang skattsvika. Þar kom fram að álitið er að ríkissjóður hafi tapað 2500–3000 millj. kr. vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts bara í fyrra. Er ekki samhengið skýrt? Fátækt í velferðinni og sjálfstæðir atvinnurekendur fjölmennir meðal hinna fátækustu, gífurleg skattsvik, svartur at-vinnurekstur, menn skjóta sér undan að greiða milljarða til sameiginlegra þarfa.

Jú, vissulega er fátækt í velferðarþjóðfélaginu þótt draga megi í efa að svo margir megi kallast fátækir að þar sé um 20 þús. fjölskyldur að ræða. Marklausar tekjutölur á skattframtölum skattsvikaranna stækka þennan hóp verulega, en fátækt er vissulega til. Hvar er hún? Þar koma þrír hópar einkum upp í hugann.

Í fyrsta lagi einstæðar mæður með börn. Í öðru lagi aldraðir og öryrkjar sem hafa lífeyri almannatrygginga einan sér til framfæris. Í þriðja lagi ungt fjölskyldufólk sem er að berjast við að eignast þak yfir höfuðið og vinnur myrkranna á milli, en sér aldrei fram á að endar útgjalda og tekna nái að mætast. Þvert á móti breikkar það bil stöðugt eins og það raunar gerir almennt í þjóðfélaginu, bilið milli hinna ríku og fátæku, rökrétt afleiðing þeirrar stefnu sem ríkisstjórn Steingríms Her-mannssonar og Þorsteins Pálssonar fylgir. Það er stað-reynd að stjórnarstefnan hefur fjölgað fátækum og gert þá enn þá fátækari.

Svo eru það sjálfstæðu atvinnurekendurnir og fá-tæktin. Í hópi sjálfstæðra atvinnurekenda eru bændur taldir. Óðaverðbólga og vitlaus stjórnarstefna hafa leikið íslenska bændur grátt. Þeir eru ekki of sælir af sínum hlut, en það er enginn fátækrabragur á milliliða-kerfinu í landbúnaðinum — eða hvað sýnist ykkur? Þar skortir hvergi fé þótt kerfið skammti bændum hin kröppustu kjör.

Þegar fjmrh. og formaður Sjálfstfl. svaraði henni Jóhönnu Sigurðardóttur um skattsvikin hér á Alþingi í fyrradag var það í beinu framhaldi tveggja tillagna sem Alþingi samþykkti frá Alþfl. um athugun á umfangi skattsvika og aðgerðir gegn skattsvikum. Í framhaldi af

samþykkt tillagna okkar var skipaður starfshópur til að kanna skattsvikin og verður skýrsla hans væntanlega birt á morgun. Þar er viðurkennt að dulin eða „svört" atvinnustarfsemi sé allnokkur hér á landi með tilheyrandi skattsvikum. Við höfum sagt og segjum það enn, Alþýðuflokksmenn, að skattsvikin eru eitt hrikalegasta ranglæti sem viðgengst í þjóðfélaginu. Þau verður að uppræta því að með því er líka stigið skref til að uppræta fátæktina í landinu. Þjóðfélagið væri áreiðanlega talsvert öðruvísi ef hver og einn greiddi réttan skerf til sameiginlegra þarfa.

Lítum á annað, húsnæðismálin. Hversu margar fjölskyldur eru ekki að sligast eða kikna undan fjárhagsbyrðum vegna íbúðakaupa? Hve margir byggjendur og íbúðakaupendur síðustu ára hafa ekki staðið andspænis þeirri staðreynd um áramót að þeir áttu minna í íbúðinni sinni en áramótin á undan og voru þó ekki neinir vanskilamenn? Þeirri eignaupptöku verður að linna og það verður að gera fólki kleift að eignast húsnæði með mannsæmandi kjörum án þess að fara niður fyrir fátækramörkin, án þess að færa þær dýru fórnir sem margar fjölskyldur hafa þurft að færa til að fullnægja þeirri frumþörf að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Um síðustu helgi efndum við Alþýðuflokksmenn til fundar víðs vegar um land til að kynna nýjung, til að kynna nýja tillögu í húsnæðismálum sem við höfum lagt fram á Alþingi. Hún er um byltingu í húsnæðismálum, hún er um kaupleiguíbúðir, hún er um það hvernig hægt er að eignast íbúð með manneskjulegri hætti en unnt hefur verið til þessa.

Samkvæmt tillögum okkar, og þær eru margreiknaðar og fyllilega raunhæfar, er með kaupleigufyrirkomulaginu t.d. hægt að eignast 100 fermetra íbúð í fjölbýlishúsi á 25 árum með því að greiða aðeins innan við 7 þús. kr. á mánuði miðað við lánakjör Byggingarsjóðs verkamanna og 9500 kr. á mánuði miðað við lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins. Þessi till. okkar hefur vakið verðskuldaða athygli og ég skora á ykkur, góðir hlustendur, að kynna ykkur þetta mál. Þetta er eitt merkasta nýmæli í húsnæðismálum sem fram hefur komið í ein 50 ár eða allt frá því að Alþfl. innleiddi verkamannabústaðakerfið á Íslandi.

En við vorum að tala um fátæktina í velferðarþjóðfélaginu, velferðarþjóðfélaginu sem boðberar nýfrjálshyggjunnar í Sjálfstfl. vilja feigt. Ég minntist á hina öldruðu. Aðbúnaður aldraða í þessu þjóðfélagi er okkur til skammar. Hann er svartur blettur á þjóðfélaginu. Vitið þið að í Reykjavík einni eru á annað þúsund aldraðir á biðlista hjá Félagsmálastofnun sem bíða eftir húsnæði og umönnun? Þar af eru 400 á svokölluðum forgangslista. Hugsið ykkur hvaða forgangur það er, þrátt fyrir góðan vilja þeirra sem að þessu starfa, að vera nr. 399 á 400 manna forgangslista og það bætist við ein ný umsókn til jafnaðar á hverjum einasta degi.

Þessu verður að linna. En því linnir ekki meðan í landinu situr ríkisstj. sem hefur jafnlítinn skilning á félagslegu réttlæti og sú sem nú situr. Þessu verður ekki breytt meðan postular nýfrjálshyggjunnar ráða ferð og stefnu ríkisstj. Ef við eigum að sameinast um að breyta þessu og afmá þennan smánarblett verðum við líka að sameinast um að skipta um stjórn í þessu landi og hefja ný sjónarmið til öndvegis, sjónarmið þar sem réttur þeirra sem minna mega sín er virtur, þar sem mannúð og manngæska eiga sér ríkari sess en þau sjónarmið nýju frjálshyggjunnar sem nú drottna.

Og við skiptum um stjórn í þessu landi áður en langt um líður, en fyrst skulum við einbeita okkur að því að efla áhrif Alþfl. í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum um land allt, sem nú eru á næsta leiti, efla og styrkja áhrif þeirrar félagslegu mannúðarstefnu sem jafnaðarstefnan í eðli sínu er.

Þökk sé þeim er á mál mitt hlýddu. — Góðar stundir.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Innan fárra daga fara fram þinglausnir og að hefðbundnum hætti fara nú fram almennar stjórnmálaumræður héðan frá Alþingi þar sem þið, áheyrendur góðir, fáið að heyra sjónarmið stjórnar og stjórnarandstöðu. Slíkar umræður geta vissulega verið gagnlegar ef þær eru byggðar á málefnalegum grunni.

Því hefur oft verið haldið fram af ýmsum þingmönnum stjórnarandstöðunnar, og þá ekki síst þeim sem ranglega telja sig vera einu fulltrúa hér á Alþingi sem gæta hagsmuna kvenna og barna, að sú ríkisstjórn sem nú situr sé óvinveitt launþegum, að hún hugsi ekki um hag aldraðra, að ekki sé nú talað um konur og börn. Vitanlega eru svona fullyrðingar rangar og eru einungis settar fram til að villa um fyrir almenningi. Ég ætla að freista þess að drepa á nokkur atriði máli mínu til sönnunar.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum voru sérstakar ráðstafanir gerðar til að bæta kjör hinna lægst launuðu. Ýmsar bætur almannatrygginga voru hækkaðar umfram almennar launahækkanir, svo sem uppbætur á lífeyri, tekjutrygging og heimilisuppbætur. Mæðralaun, sem voru svo smánarleg að furðu sætir, voru hækkuð um 100% með 1 barni og 30% með 2 eða 3 börnum.

Þrátt fyrir þessar hækkanir voru þær ekki til að miklast yfir. Þegar þáverandi heilbr.- og trmrh. Svavar Gestsson lét af embætti voru mæðralaun með einu barni litlar 247 kr. á mánuði. Þegar núverandi ríkisstj. tók við hækkaði hún þessar greiðslur í 493 kr. eða um 100%. Nú eru mæðralaun með einu barni 2222 kr. á mánuði eða 900% hækkun á þeim tæplega þremur árum sem þessi ríkisstj. hefur setið. Mæðralaun með tveimur og þremur börnum hafa hækkað um 400% á sama tímabili.

Áður en þingi lýkur verður tillaga heilbrrh. Ragnhildar Helgadóttur væntanlega að lögum þar sem mæðralaun verða greidd með börnum einstæðra foreldra til 17 ára aldurs í stað 16 ára nú frá 1. júní n.k. og til 18 ára aldurs frá n.k. áramótum. Þessar ráðstafanir verða væntanlega bót fyrir einstæða foreldra sem eiga unglinga á þessum aldri og gera þeim fremur auðveldara að stunda framhaldsnám.

Í sama frv. er gert ráð fyrir að sjúkratryggingar taki þátt í heimahjúkrun, en svo er ekki í núgildandi lögum. Slík þjónusta, sem heimilum er ofviða í mörgum tilvikum að veita, mun bæta úr brýnni þörf ekki síst hvað varðar aldraða.

Þá hefur ráðherra einnig kynnt athyglisverðar hugmyndir um að koma á dagvistun aldraðra í heimahúsum.

Fjárframlög til Framkvæmdasjóðs aldraðra eru næstum tvöfalt hærri en á síðasta ári vegna breytinga sem gerðar voru á lögunum.

Leiðrétting á lögum almannatrygginga varðandi fæð-

ingarorlof hefur verið gerð vegna fleirburafæðingar. Jafnframt hefur ráðherra nú skipað nefnd undir forustu Ingibjargar Rafnar, formanns félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar, til að endurskoða núgildandi ákvæði í lögum almannatrygginga um fæðingarorlof og fæðingarstyrk með endurbætur á fyrirkomulaginu fyrir augum.

Jafnréttismálin hafa oft borið á góma hér í þingsölum og ekki síst það launamisrétti sem er ríkjandi gagnvart konum almennt, sérstaklega þegar það er haft í huga að konur eru fjölmennastar í láglaunahópunum. Það vantar ekki lög til að leiðrétta slíkt misrétti. Konur verða að standa saman í þeirri baráttu á vinnumarkaðinum og láta sjálfar til sín taka við gerð kjarasamninga. Það gerir það enginn annar.

Einn þáttur varðandi kjaramálin er sá að fá metin heimilisstörf til starfsreynslu á vinnumarkaðinum við hliðstæð störf í almennum kjarasamningum. Þetta er réttlætismál sem þarf að koma inn í kjarasamninga almennt. Sú mikla umræða, sem orðið hefur um launalegt misrétti gagnvart konum, hefur vakið athygli, haft áhrif og er nú viðurkennd. Ég trúi því að hún eigi eftir að skila sér enn betur í náinni framtíð.

Að undanförnu hefur verið talsverð umræða um þörfina á betra samstarfi heimila og skóla og tengist hún m.a. þeim skýrslum sem unnar voru af vinnuhópi sem Ragnhildur Helgadóttir þáverandi menntmrh. skipaði í upphafi þessa kjörtímabils og hafði það hlutverk að kanna tengsl heimila og skóla, samfelldan skóladag og nestismál skólabarna. Með skipan vinnuhópsins var mörkuð stefna ríkisstj. í þessu brýna hagsmunamáli ungs fólks í landinu, máli sem varðar börn, unglinga og foreldra með börn á framfæri, mál sem tengist einnig forvarnarstarfi á sviði slysavarna og heilsugæslu.

Skýrslurnar hafa fengið jákvæðar undirtektir foreldra og skólamanna. Óhætt er að fullyrða að það er stefna stjórnvalda að vinna markvisst að úrbótum í þessum málum í samvinnu við bæjar- og sveitarfélög og óhætt er að treysta á góða samvinnu við foreldra og forráðamenn skóla sem nú þegar hafa margir reynt að aðlaga sig breyttum högum heimilanna. Ungt fólk á í sífelldu basli með að samræma dýrmætan vinnutíma sinn slitróttum skóladegi barna sinna. Því er samfelld viðvera nemenda í skólum eitt brýnasta hagsmunamálið og að þeim verði tryggð holl næring í skólanum.

Það má segja að börnin hafi gleymst að þessu leyti. Vinnustaðamáltíðir hafa tekið við af heimamáltíðum um miðjan daginn hjá flestum fjölskyldum. Hvers eiga börnin að gjalda? Eitt skref í rétta átt var að greiða niður skólamjólk eins og nú hefur verið gert, en áfram þarf að vinna að lausn þessa þáttar skólastarfsins.

Í nýafstöðnum kjarasamningum og þeim efnahagsráðstöfunum ríkisstj., sem fylgdu í kjölfarið, voru í fyrsta skipti um langan tíma lagðar efnahagslegar forsendur til grundvallar kjarasamningum og horfið frá leið hárra prósentuhækkana og gengisfellinga en í stað þess byggt upp á stöðugu gengi og hóflegum launahækkunum ásamt ýmsum ráðstöfunum til þess að tryggja sem best lífskjör fólksins í landinu. Horfið var frá leið verðbólgunnar sem stefnt hefur hag heimilanna og friðsæld fjölskyldnanna í hættu.

Óhætt er að segja að kjarasamningarnir séu tímamótasamningar. Þeir eru alger andstæða kjarasamninganna sem gerðir voru haustið 1984. Þá reyndi ríkisstj. að fara leið skattalækkana og bauð fram aðgerðir í þá veru líkt og nú. Um þá leið tókst því miður ekki samstaða með þeim afleiðingum sem alþjóð þekkir. Þessir samningar líkjast mun meir kjarasamningunum frá því í febrúar 1984. Í þeim samningum náðust fram mikilvæg atriði sem ekki má gleyma. Þá var tekinn upp sérstakur tekjutengdur barnabótaauki, óendurkræfur barnalífeyrir var hækkaður og sömuleiðis mæðra- og feðralaun. Hjá elli- og örorkulífeyrisþegum voru tekjutrygging, frítekjumark og heimilisuppbót hækkuð.

Í gær voru samþykkt á Alþingi ný sveitarstjórnarlög. Þau fela m.a. í sér að staðfest er sú stjórnarskrárbreyting sem gerð var 1983 og fá 18 ára einstaklingar nú í fyrsta skipti að kjósa í sveitarstjórnarkosningum. Þessu ber vissulega að fagna og sjálfstæðismenn eru ekki í nokkrum vafa um að hinir nýju ungu kjósendur munu ráðstafa atkvæði sínu að vel athuguðu máli.

Á undanförnum árum hefur tilhneigingin verið sú að miða réttindi borgaranna við 18 ára aldur. Þeir sem orðnir eru 18 ára hafa leyfi til að gifta sig. Þeir eru fjárráða og að öllu leyti fullgildir þjóðfélagsþegnar. Þeir bera þær skyldur sem þjóðfélagið leggur þeim á herðar. Þess vegna eiga þeir að hafa þau réttindi sem borgarar í lýðræðisríkjum hafa. Það er því von mín, og ég beini orðum mínum til þeirra 25 þúsund ungmenna sem nú kjósa í fyrsta skipti, að þau kynni sér vel þann mun sem er á stefnumálum stjórnmálaflokka til sveitarstjórna og hugi vel að því hvernig þeir ráðstafa atkvæði sínu.

Sjálfstfl. hefur ávallt sótt styrk til ungra kjósenda, lagt megináherslu á að gera ungu fólki kleift að eignast eigið húsnæði og heimili og viljað standa vörð um fjölskylduna sem hornstein samfélagsins.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur.

Á Íslandi eru skriðuföll algeng og við þekkjum að auðveldara er að hleypa skriðum af stað en stöðva þær. Fyrri ríkisstjórn hleypti fjórum stórskriðum af stað og það hefur verið hlutverk núverandi ríkisstj. að stöðva þær. Við skulum aðeins líta á þessar stórskriður.

1. Verðbólgan var komin á ógnarhraða. Hún mældist 130 stig á síðustu mánuðum fyrri ríkisstjórnar. Ekkert atvinnulíf fær til lengdar staðist slíka verðbólgu. Stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi blasti því við. Það var því brýnt forgangsverkefni að stöðva verðbólguna og koma á eðlilegu jafnvægi í íslensku atvinnulífi.

2. Þessi ríkisstjórn hleypti af stað skriðu erlendra skulda. Skuldasöfnunin undir forustu fjmrh. Alþb. keyrði fram úr öllu hófi og lán voru í stórum stíl tekin til daglegrar neyslu. Á þessum árum jukust erlendar skuldir miðað við gengi í dag um rúmlega 28 milljarða króna. Sú stjórn skildi eftir sig arf, skuldabagga upp á meira en 100 000 kr. fyrir hvert mannsbarn í landinu. Auðvitað hlýtur það að skerða lífskjör þegar lán þessi greiðast til baka. Allir vita að menn geta ekki notað sömu peningana til að greiða upp skuldir sínar og jafnframt keypt sitthvað sem hugurinn girnist.

3. Á þessu tímabili hófst mikill fólksflótti frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Þessu olli m.a. þröngsýn og afturhaldssöm stefna í atvinnumálum þar sem reynt var að reyra allt í fjötra ríkisforsjár og miðstýringar, auk þess sem Alþb. kom í veg fyrir það í heil fimm ár að viðræður færu fram við erlenda aðila um samstarf á sviði orkufreks iðnaðar með þeim afleiðing-

um að orkuframkvæmdir og nýjar verksmiðjubyggingar stöðvuðust.

4. Kaupmáttur byrjaði að hríðfalla. Ég hef hér fyrir framan mig línurit úr síðasta fréttabréfi kjararannsóknarnefndar sem gefið er út undir ritstjórn Ásmundar Stefánssonar, forseta Alþýðusambands Íslands. Nú væri gott að hafa sjónvarp og bregða þessu línuriti á skjáinn svo að áheyrendur sæju þetta svart á hvítu.

Línuritið sýnir kaupmátt greidds tímakaups miðað við vísitölu framfærslukostnaðar árin 1982–1985. Á þessu línuriti má sjá að kaupmáttur tímakaupsins byrjaði að hríðfalla á þriðja ársfjórðungi 1982 og fallið er mest á tímabilinu frá þeim tíma og þar til fyrri ríkisstjórn fór frá. Og þetta skriðufall kaupmáttarins stöðvast ekki fyrr en í árslok 1983.

Við öll þessi stóru vandamál átti núv. ríkisstj. að glíma þegar hún tók við. Samstarfsmönnum Alþb. í fyrri ríkisstjórn ber saman um að ástæða þess hvernig fór hafi verið sú að Alþb., sem gegndi lykilhlutverki í ríkisstjórninni, gat ekki eða vildi ekki gera neinar þær ráðstafanir sem gera þurfti. Í þeim flokki eru menn góðir að tala eins og við munum vafalaust heyra hér í kvöld, en þeir eru lélegri þegar til framkvæmdanna kemur.

Núverandi ríkisstjórn hefur um margt tekist vel í glímunni við þessi miklu vandamál. Verðbólgan hefur verið færð niður á það stig sem er meðal helstu viðskiptaþjóða okkar. Aukning erlendra skulda hefur stöðvast þótt ekki hafi enn tekist að grynnka á skuldunum, enda hefði slíkt haft í för með sér óbærilega lífskjaraskerðingu. Kaupmátturinn er að byrja að mjakast upp á við og margvíslegar fyrirætlanir í atvinnulífi landsmanna eru líklegar til að koma á eðlilegu jafnvægi að nýju í byggð landsins.

Í því sambandi vil ég nefna mikla aukningu í fiskeldi, loðdýrarækt og líkleg ný stórverkefni á sviði orkufreks iðnaðar í samvinnu við erlenda aðila sem virðast reiðubúnir til að taka á sig meiri hluta áhættunnar við reksturinn.

Ég nefni einnig í þessu sambandi mikinn og vaxandi skilning á markaðsmálum meðal Íslendinga þar sem menn sækja fram á erlendum mörkuðum til að selja margvíslegar vörur, bæði fiskafurðir og iðnaðarvarning. Þessu starfi þarf að fylgja eftir með aukinni kynningu á Íslandi erlendis, þar sem Ísland sé kynnt sem tæknivætt nútímaþjóðfélag, þar sem framleiddar séu nútímavörur fyrir heimsmarkaðinn og að hér sé vettvangur fyrir samstarf við erlenda aðila um uppbyggingu nýrra hátækniiðngreina. Því aðeins bætum við Íslendingar lífskjör okkar til frambúðar að við aukum framleiðslu okkar og komum henni í gott verð á erlendum mörkuðum.

Utanríkismál hafa mikið verið á dagskrá síðustu daga. Því veldur auðvitað fyrst og fremst árás Bandaríkjamanna á Líbýu og hér á Alþingi tengdist umræða um það mál ítarlegri skýrslu utanrrh. um hina ýmsu þætti utanríkismála. Íslenska ríkisstjórnin hefur harmað þessa árás þar sem hún gæti leitt til frekari átaka og haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Öll hljótum við að vona að til frekari átaka komi ekki þótt það hryðjuverkaríki, sem fyrir árásinni varð, sé auðvitað óútreiknanlegt. Fréttir í kvöld gefa vonir um að ekki verði framhald á hernaðaraðgerðum.

Þessir atburðir hafa hins vegar orðið til þess að andstæðingar varnarsamstarfs okkar við vestrænar þjóðir hafa enn á ný reynt að egna til andstöðu við þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og veru varnarliðs á Íslandi. Hér á Alþingi eru þessar skoðanir settar fram af Alþb. og hinum óbrigðula fylgihnetti þess, Kvennalistanum.

Í heiminum í dag geisar mikið áróðursstríð. Þetta áróðursstríð tengist öllum þáttum alþjóðamála eins og friðarumræðunni, afvopnunarmálum, hryðjuverkastarfsemi, svo að eitthvað sé nefnt. Það er því auðvelt að tapa áttum í því moldviðri og því er ekki síður þyrlað upp á Íslandi en annars staðar. Í allri þessari umræðu reyna vinstri sinnaðir stjórnmálamenn að koma því inn hjá fólki að öll svonefnd hernaðarbandalög séu eins og í raun sé enginn munur á varnarbandalagi vestrænna þjóða, Atlantshafsbandalaginu, og bandalagi kommúnistaríkjanna í austri, Varsjárbandalaginu. Í þeim áróðri ganga menn fram hjá þeirri sögulegu staðreynd að ríki Vestur-Evrópu og Bandaríkin tóku saman höndum í Atlantshafsbandalaginu til að verja sig þegar hvert ríkið á fætur öðru hvarf inn fyrir járntjaldið á árunum eftir stríðið. Þá spurðu menn: Hvaða ríki verður næst? Og til að þurfa ekki lengur að svara þeirri spurningu þá bundust þessi ríki samtökum um að verja sig, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Sovétríkin beita stöðugum pólitískum og hernaðarlegum þrýstingi hvar sem glufa myndast, bæði í Evrópu og annars staðar í heiminum. Við megum heldur ekki gleyma því að lýðræði er á undanhaldi í heiminum. Lítill hluti mannkyns býr við lýðræðislegt þjóðskipulag en lýðræðið viljum við vernda eins og lífsandann. Að lýðræðinu er nú mjög sótt. Sú sókn er frá ýmsum einræðisöflum víða um heim. Þessi sókn að lýðræðinu birtist m.a. í vaxandi hryðjuverkum sem teygja sig til okkar heimshluta, eins og morðið á Olof Palme minnti okkur óþyrmilega á. Lýðræðisandúðin er einnig til innan lýðræðisríkjanna sjálfra í hópum öfgasinna til hægri og vinstri. Þetta stöðuga áróðursstríð og þessi mikli þrýstingur hefur glapið mörgum sýn. Slagorðið „betra rauður en dauður" hafa friðarhreyfingar úti í Evrópu tekið upp í baráttu fyrir einhliða afvopnun Vesturlanda. Það hefur líka hljómað hér á landi. Í því felst siðferðileg uppgjöf fyrir ofbeldis- og einræðisöflum. Í því felst einnig að menn vilja engu fórna og engu hætta til að vernda lýðræðið, það þjóðskipulag sem okkur flestum finnst ómissandi. Þess vegna hljótum við Íslendingar að taka áfram þátt í varnarsamstarfi vestrænna þjóða eins og mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur viljað hingað til.

Ég ætla ekki hér að ræða um samvinnu eða tengsl íslenskra stjórnmálaflokka við erlend samtök. Það vekur hins vegar óneitanlega athygli og jafnframt áhyggjur að fulltrúi Alþb. í Norðurlandaráði hefur skipað sér til samstarfs með kommúnistaflokkum á Norðurlöndum og jafnvel gerst framsögumaður í málum af þeirra hálfu. Á meðal þeirra flokka eru kommúnistaflokkar Finnlands og Svíþjóðar, sem ekkert fara dult með náin tengsl sín við Moskvu og lúta því valdi eins og tíðkast hjá kommúnistaflokkum. Það er þetta sama Moskvuvald sem styður hryðjuverkastarfsemi Sýrlands og Líbýu svo eitthvað sé nefnt. Alþb. verður auðvitað að svara fyrir þessi nánu tengsl.

Herra forseti, góðir áheyrendur. Nú er stutt í sveitarstjórnarkosningar og nýjar sveitarstjórnir munu vinna á

grundvelli nýrra laga um sveitarstjórnarmál sem hér voru samþykkt í gær. Alþingi lýkur störfum eftir fáa daga til að gefa sveitarstjórnarmönnum eftir hið pólitíska svið þann rúma mánuð sem þá verður eftir til kosninga.

Að venju mun kosningabaráttan hér í Reykjavík vekja mesta athygli. Í Reykjavík stendur baráttan milli trausts, samhents og ábyrgs meiri hluta undir forystu Davíðs Oddssonar borgarstjóra annars vegar og hins vegar ósamstæðs og margklofins minni hluta. Reykvíkingar muna vel óstjórnartímabilið 1978–1982 þegar ósamhentur vinstri meiri hluti reyndi að stjórna hér í borg við lítinn orðstír. Það tímabil stendur Reykvíkingum öllum í fersku minni og þeir munu þess vegna ekki láta slík ævintýri henda aftur. Ég hvet Reykvíkinga til að kynna sér nú næstu vikur störf borgarstjórnarinnar á þessu kjörtímabili. Hlutlægt mat borgarbúa á störfum meiri hluta sjálfstæðismanna í borgarstjórn er Sjálfstfl. í hag. Kosningar vinnast þó aldrei án fyrirhafnar og því þurfa sjálfstæðismenn að vera vel á verði til að tryggja sigur í borgarstjórnarkosningunum.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er lánsamasta ríkisstjórn sem setið hefur að völdum hérlendis í 15 ár. Nú mætti ætla að við þessa lánsömu ríkisstjórn byggi fullt eins lánsöm þjóð. Málum er bara engan veginn þannig farið. Í þessu landi býr ólánsöm þjóð. Hennar stærsta ólán er þessi lánsama ríkisstjórn. Ólán þjóðarinnar felst í því að hún fær í engu að njóta lánsemi ríkisstjórnarinnar.

Ráðherragengið og sérfræðingasveitir þess eru á sex mánaða verðbólguhjöðnunarfylleríi og enginn í þeim söfnuði hirðir um að undirbúa sig undir timburmenn aldarinnar í nóvember. Lukkuröllin í ríkisstjórninni trúa því vafalaust að lækkandi olíuverð, hækkandi fiskverð og blíða til lands og sjávar sé þeirra verk á sama hátt og þeir trúa því að hjöðnun verðbólgunnar hafi verið það. Það er skondið að líta til þess að það eru ekki kommafantarnir í Alþb. sem stíga fyrsta stóra skrefið í átt til langþráða landsins, Sovét-Íslands, heldur er það postulasveit frjálshyggju og kapítalisma sem boðar og berst fyrir þjóðarsátt um sultarlaun og miðstýringu.

Nýgerðir og svokallaðir kjarasamningar eru stærsta blekking Íslandssögunnar og þannig að gjaldmiðilsbreytingin verður að minni háttar brellu í samanburðinum og byggði þó margur auð sinn á fimmaurakúlum í kjölfar hennar. Hér er sá munur á að við gjaldmiðilsbreytinguna skyldu verðmæti fólks óskert, en með talnaleikjum og efnahagstöfrabrögðum þjóðarsáttarinnar hefur vinnuframlag og eignir almennings verið skert um 20–30%. Í þessum skrípaleik hafa kjör fólks engu skipt. Það er samið um laun til handa hinum sérstöðulausu, laun sem hver heilvita maður sér að enginn lifir mannsæmandi lífi af. Menn gera rétt í því að átta sig á að í svokölluðum kjarasamningum er raunverulega verið að semja um bindandi kjör fyrir þá sem hafa lægstu launin. Aðrir, þeir sem hafa menntun eða aðra sérstöðu, semja sjálfir hver á sínum vinnustað.

Nýgert samkomulag verkalýðs- og atvinnurekenda staðfestir þá nauð og eymd sem þessir aðilar hafa reyrt sig í með meðaltalsbulli sínu. Á Íslandi verða ekki greidd mannsæmandi laun fyrr en farið verður að semja um það sem er til skiptanna á hverjum vinnustað fyrir sig. Það er uggvænlegt en ljóst að ekki er enn séð fyrir endann á Garðastrætisstjórninni. Nýjasta tilskipunin birtist hér á Alþingi í gær. Ákvarðanir aðila vinnumarkaðarins í húsnæðismálum. Stefnulaust plagg sem virðist ætlað að dæla fé sem kúgað er út úr lífeyrissjóðum í byggingabransann. Þeir, sem hafa gerst svo djarfir að freista þess að semja upp á sína um kaup og kjör og hafa þannig ætlað að nota sjálfsagðan rétt sinn, hafa orðið fyrir barðinu á sveigjanleika hv. alþm. gagnvart mannréttindum þegar óbreytt ástand á meðaltalsafkomutöflum stjórnvalda er annars vegar. Það er vert að gefa gaum að því að blekið var vart þornað í Garðastrætinu er hæstv. ráðherrar og snatasveitir þeirra hófu af umtalsverðri ábyrgð tal um að ýmislegt væri athugavert við innra öryggi landsins. Það er eftirtektarvert að í þeirri umræðu hefur ekki verið vikið að öryggi landsmanna heldur fyrst og fremst stofnana.

Ég hefði haldið að það væri alveg á hreinu að lýðveldið og stofnanir þess er til orðið fyrir þegnana en ekki öfugt. Frjáls þjóð verður að vera þess umkomin að leggja niður vondar stofnanir og jafnvel að losa sig við vond stjórnvöld með öllum tiltækum ráðum sé nauðsyn á. Við megum aldrei fallast á persónunjósnir, leynipjónustu og heimildir til aðgerða sem eiga sér þann tilgang einan oftast að reka fleyg á milli þjóðar og ríkis. Lýðveldið og stofnanir þess eru samkomulagsatriði allra þegna þessa lands. Þetta verða stjórnmálamenn að skilja, en augljóslega gengur kommúnistunum í Sjálfstfl. það illa.

Og svo að vikið sé að þessum fulltrúum einkaframtaksins þá verður ekki betur séð en að skilningur hæstv. ráðh. Sjálfstfl. á því framtaki sé sá að þeim beri allt þetta framtak og þannig og þess vegna sé það einka.

Einn hæstv. ráðherra ygglir sig í sjónvarpi út í fyrirtæki úti í bæ sem leyfir sér þann munað að selja hæstbjóðanda eignir sínar vegna þess að hæstv. ráðh. hafði látið annan vilja í ljós. Annar hæstv. ráðherra breiðir úr sér yfir Austfirði alla, belgir sig út og gefur skólaálmu hér, háskólalíki þar, að ógleymdri verksmiðju fyrir þjóðina alla að tapa á um ókomin ár. Nú er gott eitt um frumkvæði og dugnað ráðherra að segja og því ber að fagna að upp komi í landinu ráðherrar sem ekki þjást af meðaltalsvilja og skoðunum. En ráðherrar mega aldrei frekar en aðrir þjónar fólksins gleyma því að eðli málsins samkvæmt þá erum það við, þjóðin öll, en ekki hann einn sem framkvæmir.

Sitthvað fleira er athyglisvert við það lánsemislið sem myndar hæstv. ríkisstjórn. Lagasmíð og lagasetning hefur í hennar meðförum orðið persónubundin, sniðin að þörfum og skapferli einstakra ráðherra, ef lagatextinn á annað borð er fullsmíðaður.

Stjórnkerfi okkar hefur mörg greinileg fráhvarfseinkenni sem birtast t.d. í því að um leið og sú þróun á sér stað í nágrannalöndum okkar að valdi er dreift og dregið úr miðstýringu, eykst hún hérlendis. Við búum enn við stjórnarhætti kreppu og styrjalda og það eru engin teikn á lofti um að á því verði breyting á næstu áratugum. Hvert miðstýringarfrv. á fætur öðru verður að lögum í þessari virðulegu stofnun. Kvóti í sjávarútvegi og landbúnaði, sveitarstjórnarlög, selveiði. Einkennandi fyrir þessi lög og frv. eru setningar eins og: Ráðherra getur, ráðherra ákveður, ráðherra er heimilt. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. í lagasmíð sinni staðfest

þann vonda sið að lög séu fyrst og fremst alls kyns heimildir um hitt og þetta til ráðherra og stjórnarstofnana.

Herra forseti. Síst ætla ég mér það hlutverk að telja kjark úr þjóðinni nú þegar loksins vorar í efnahagslífinu. Þjóðin er að drukkna í kjarahjólbörðum og kostabílum eða hvar í veröldinni býr fólk við þá makalausu aðstöðu að kjarabæturnar vaxi í réttu hlutfalli við eyðsluna? Og hvers vegna ætti fólk yfirleitt að bera ugg í brjósti, eða er ekki ljóst að fjmrh., sem skattlagði bakaríin og ferðamennina, veit hvað hann er að gera? Er ekki jafnframt ljóst að ríkisstjórnin — sem lét semja frv. um skipulega útrýmingu eða fækkun á sel og tókst að friða endanlega þann hluta stofnsins sem frá örófi hefur verið réttdræpur — er ekki ljóst að sú ríkisstjórn veit hvert hún er að fara? Ríkisstjórnin sem með lagasetningu afnemur forréttindi seðlabankastjóra og sker ráðningartíma þeirra niður við trog, en undanskilur þá sem nú sitja í þeim embættum, það er auðsjáanlega gallhörð ríkisstjórn sem kallar ekki allt ömmu sína.

Herra forseti. Endurskoðun stjórnarskrárinnar er jafngömul lýðveldinu. Lengi hefur staðið til að gera þessari þjóð stjórnarskrá og henda þeirri þýðingu sem nú er í gildi. Nefnd á vegum hins háa Alþingis hefur verið til frá því fyrir lýðveldisstofnun. Enn þá hefur ekki tekist að ná samkomulagi um annað en hlutaskiptareglur á milli stjórnmálaflokka. Núverandi stjórnarskrárnefnd hefur ekki séð ástæðu til að funda í heilt ár og það eru vond tíðindi. Hins vegar eru góð tíðindi af fólkinu í landinu og stjórnarskrá. Fólk um allt land hefur stofnað Samtök um jafnrétti á milli landshluta. Á vegum þessara samtaka vann fjöldi fólks að því að gera stjórnarskrá. Þessu skal fagna eða hvar á stjórnarskrá að verða til ef ekki meðal fólksins? Stjórnarskrá sem ekki á rætur hjá þjóðinni verður aldrei annað en orðin tóm. Það er mín skoðun að þessi samtök séu vísir mikilla breytinga í íslenskri pólitík. Það má merkja af ýmsu, m.a. fýlu þorra hv. alþm. í garð þessarar hreyfingar. Ég vona að Samtök um jafnrétti á milli landshluta verði sú púfa sem dugir til að velta því þrúgandi hlassi sem íslensk stjórnmál hafa orðið á þessari þjóð.

Herra forseti. Það er ósennilegt að það vori með þessari þjóð fyrir tilverknað hæstv. ríkisstj. Ég hef hins vegar þá trú á fólkinu í landinu að það vori þrátt fyrir þessa ríkisstj.

Ég hef lokið máli mínu.

Kolbrún Jónsdóttir: Saga Íslandsbyggðar hefst á því að hingað flúðu menn undan ofríki valdhafa síns heimalands. Með öðrum orðum, hér námu menn land sem fremur kusu landflótta en una því að vera sviptir sjálfstæði sínu, menn sem vildu halda reisn sinni og fá að ráða högum sínum sjálfir. Tæpum þremur öldum eftir landnám urðu það örlög þessarar þjóðar að lúta erlendum yfirráðum um margra alda skeið. Þjóðin undi illa þeim höftum og þeim skorðum sem hinir erlendu drottnarar settu henni.

Eftir langvinna baráttu þrautseigra manna hlaut þessi hrjáða þjóð loks frelsi og lýðveldið Ísland var stofnað. Menn horfðu björtum augum til framtíðarinnar fyrir 40 árum. Kreppan að baki, heimsstyrjöldin síðari var öll, og loks réðu Íslendingar sér sjálfir, þurftu ekki að eiga afkomu sína undir ákvörðunum yfirvalda sem ekkert eða nánast ekkert skynbragð báru á þarfir þeirra. Við skulum stökkva yfir s.l. fjóra áratugi og athuga hvernig staða lýðveldisins er nú.

Er hér lýðveldi í orðsins fyllstu merkingu? Hverjir ráða á Íslandi? Hvernig er farið með vald? Á dögum Danastjórnar ríkti hér fámennisstjórn konungs, ráðuneyta hans og embættismanna. Íslandi var stjórnað af fáum og þeir höfðu harla litla þekkingu á högum landsmanna og þörfum þeirra. Til þeirra leituðu auðmjúkir þegnar, biðjandi um góðfúsleg leyfi um nánast allt. Ráðamenn deildu og drottnuðu og hygluðu sínum. Hvernig er staðan nú? Enn þurfa landsmenn að leita til stjórnvalda um náðarsamlegar leyfisveitingar. Enn á þorri landsmanna afkomu sína undir geðþóttaákvörðunum valdhafa sem eiga það sammerkt með nýlenduherrunum dönsku að þekkja harla lítið til aðstæðna og bera sig lítið eftir því að bæta úr þeim þekkingarskorti en ganga þeim mun ötullegar fram í því að treysta valdanet sitt. Allir kerfisflokkarnir hafa lagt sitt af mörkum til að viðhalda þessu stjórnkerfi. Stjórnkerfi sem einkennist af sterkri miðstýringu og fámennisvaldi. Þetta stjórnkerfi tryggir það að enn skulu Íslendingar, svo sem á dögum Danastjórnar, fara bónleiðir og þiggja með þökkum góðfúsa greiðasemi valdhafa.

Sú stjórn sem nú situr virðist hafa það helst á sinni stefnuskrá að slá stjórnarkrumlu sinni á allt kvikt, bæði til sjós og lands. Engum er frjálst að draga bein úr sjó án þess að fá leyfi hjá sjútvrn. Öll framleiðsla hefðbundinna landbúnaðarvara er háð leyfi landbrn.

Launasamningar eru misjafnlega stórir félagsmálapakkar ríkisstjórnarinnar. Félagsmálapakkinn að þessu sinni felst í vísitöluleik, lækkun tolla á bílum vegna þess að bílar vega þungt í vísitölu framfærslukostnaðar. Það fólk sem þarf að lifa á lægstu launatöxtunum hefur ekki efni á því að kaupa né reka bíl, enda sér það hver sá, sem á annað borð hefur opin augun, að 19 þús. kr. á mánuði duga skammt til að framfleyta einstaklingi, hvað þá heldur fjölskyldu. En er við ríkisstjórnina að sakast nema um launakjör ríkisstarfsmanna? Eru það ekki launþegarnir sjálfir sem semja um kaup og kjör? Þannig ætti það alla vega að vera. En því er ekki að heilsa hér á landi. Verkalýðsforustunni og vinnuveitendum hefur tekist að gera ríkisstjórnina samábyrga fyrir smánarkjarasamningum, ekki bara samábyrga, heldur þarf að greiða 1800 milljónir úr tómum ríkissjóði með samningunum.

Hver kemur til með að greiða þessar milljónir nema launþegar sjálfir í gegnum skatta? Ríkissjóði tókst að eyða 2500 milljónum umfram fjárlög á s.l. ári sem standa enn eftir ógreiddar. Það er lítil von til þess að hallanum frá síðasta ári eða væntanlegum halla á þessu ári verði að neinu leyti mætt með sparnaði opinberra aðila. Slíkur hugsunarháttur kemst ekki inn hjá stjórnvöldum.

Nú er aðalmál stjórnarsinna, þrátt fyrir umsamda tollalækkun á grænmeti, að leggja allt að 200% toll á innfluttar kartöflur. Það er ekki hægt að mati stjórnvalda að leyfa neytendum að njóta lægra kartöfluverðs yfir sumartímann þegar innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn. Slíkt mundi auka kaupmátt launafólks og brýtur því í bága við stefnu stjórnvalda. Ríkisstjórnin sóar ekki fjármunum til að bæta lífsafkomu þegnanna.

Hlutverk hennar er að segja almenningi að herða sultarólina og axla ábyrgð á mistökum ríkisstjórna fjórflokkanna. Glappaskot ríkisstjórna undanfarinna ára eiga stærstan þátt í skertum lífskjörum íslenskrar alþýðu. Kjör aldraðra og öryrkja, sem þurfa að lifa af smánarbótum hins opinbera, eru vægast sagt þjóðfélaginu til háborinnar skammar. Á sama tíma og ekki er til fjármagn til þess að byggja heimili eða íbúðir fyrir aldraða er varið andvirði 350 meðalstórra íbúða í Seðlabankahöll. Hvar er réttlætið?

Óhæf ríkisstjórn sem nú situr er fangi fortíðarinnar. Í stað þess að breyta því ónýta kerfi sem við búum við leita þeir leiða fram hjá lýðræðinu og auka miðstýringu. Bandalag jafnaðarmanna berst gegn miðstýringu. Við viljum að sett verði á stofn fylki til að auka sjálfsforræði fólks. Hver er færari að taka ákvörðun um málefni héraða en íbúar þess? Hvers vegna er fólksflótti af landsbyggðinni á sama tíma og metaflaár er hér á landi ef það er ekki vegna rangs stjórnkerfis? Ef fjármagn fengist nýtt þar sem þess er aflað þyrfti landsbyggðin ekki að óttast um sinn hag. Hvers vegna eru stjórnmálamenn tregir til að dreifa valdi nema vegna þess að með því missa þeir spón úr sínum aski? Það er nákvæmlega sama hver af kerfisflokkunum situr við stjórnvölinn. Þeir hafa hvorki vilja né getu til þess að breyta því gjörspillta stjórnkerfi sem við nú búum við.

Góðir áheyrendur. Þessu verður ekki breytt fyrr en til valda komast stjórnmálamenn sem ekki eru flæktir í kóngulóarvef kerfisins. — Góðar stundir.

Svavar Gestsson: Góðir Íslendingar. Einu sinni var stjórnmálaflokkur sem vildi herinn úr landinu. Nú veitir hann forstöðu ríkisstjórn sem styður í öllum meginatriðum utanríkisstefnu Reagan-stjórnarinnar. Einu sinni var sami stjórnmálaflokkur talinn sérstakur málsvari bænda og búaliðs, dreifbýlis í þessu landi. Nú hefur hann forustu fyrir aðgerðum í ríkisstjórn sem hafa komið svo illa við landbúnaðinn og framleiðsluatvinnuvegina að auðn blasir við stórum hluta landsbyggðarinnar og fjöldi bænda sér fram á gjaldþrot. Einu sinni var sami stjórnmálaflokkur sem hafði stuðning um 30% þjóðarinnar í almennum kosningum hvað eftir annað og sami flokkur var næststærsti flokkur höfuðstaðarins fyrir aðeins 16 árum. Nú eru áhöld um það hvoru megin þessi sami flokkur verður við 10% mörkin í næstu alþingiskosningum og ljóst að hann yrði minnsti flokkur Reykjavíkur í næstu kosningum ef Flokkur mannsins byði ekki fram. Einu sinni hafði þessi stjórnmálaflokkur kjörorðin „allt er betra en íhaldið“ og vann síðar stórfelldan kosningasigur á grundvelli þessa kjörorðs árið 1979. Nú hefur flokkurinn annað kjörorð „allt er best hjá íhaldinu“.

Nú heyri ég hér í salnum að einhver áttar sig á að ég er að tala um Framsfl. og einhvers staðar heyrist tuldrað: Já, en Framsfl. er ekki einn í núv. ríkisstj. og það er rétt. En í rauninni er Framsfl. í núv. ríkisstj. ekkert frábrugðinn íhaldinu og ég man ekki eftir neinu máli þar sem hann hefur skorið sig frá íhaldinu með afgerandi hætti. Hann hefur hlýtt eins og húsbóndinn skipar hverju sinni. Munurinn kemur að vísu örsjaldan í ljós, en sá munur minnir á muninn á hjáleigunni og höfuðbólinu. Framkoma Framsfl. eftir kosningarnar 1983 eru einhver stærstu kosningasvik sögunnar og það er ljóst að það er aðeins eitt sem Framsfl. skilur, tap, stórfellt tap í kosningunum og það strax í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Fyrir kosningarnar 1983 lýsti Sjálfstfl. því yfir að við tæki gullöld og gleðitíð ef hann aðeins kæmist til valda. Hver er niðurstaðan? Hafa erlendar skuldir minnkað? Nei, þær hafa aukist svo nemur milljörðum króna í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hefur viðskiptahallinn minnkað? Nei, hann nemur 15 milljörðum króna í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hefur hagur framleiðsluatvinnuveganna batnað? Nei, þar blasir við stórfelldur hallarekstur þegar líður á árið þrátt fyrir stöðuga árgæsku og hækkandi verð á erlendum mörkuðum. Hafa vextirnir lækkað? Nei, vextir eru þeir hæstu í heimi. Hefur hagur ríkissjóðs batnað? Nei, ríkissjóður er rekinn með meiri halla en nokkru sinni fyrr, þar hefur Þorsteinn Pálsson slegið fyrri met íhaldsins í fjmrn., þeirra Alberts Guðmundssonar og Matthíasar Á. Mathiesens.

En hið alvarlegasta er þó það hvernig stjórnarstefnan, frjálshyggjan hefur leikið heimilin í landinu. Þúsundir heimila eru komnar á vonarvöl. Nú er ekki deilt um það að það er stórfelld fátækt á Íslandi á nýjan leik. Deilurnar snúast um það hversu víðtæk hún er. Sérfræðingur Þjóðhagsstofnunar telur 20 þúsund fjölskyldur af 70 þúsund hafa tekjur undir fátæktarmörkum. Sérfræðingur kjararannsóknarnefndar telur mörkin vera 17% af félagsmönnum verkalýðsfélaganna. Hvor talan sem rétt er, þá er hér komið upp nýtt ástand á Íslandi, ástand sem við þekkjum ekki frá stjórnmálaumræðu síðustu ára. Fólk á mínum aldri hefur alist upp við batnandi lífskjör undanfarna áratugi. Við höfum rætt um það á þeim tíma hvernig eigi að bæta félagslega þjónustu, bæta heilbrigðiskerfið, skólakerfið, menntakerfið, dagvistun barna. Nú er fátæktin orðin dagskrárefnið, rétt eins og fyrir stríð í kreppunni miklu. Virðingarleysið fyrir sammannlegum verðmætum er í hámarki. Rætt er um að stjórnarstefnan hafi í för með sér mannfórnir. Þetta er Ísland árið 1986.

En eru ástæðurnar kannske þær að þjóðarbúið sé efnahagslega komið á vonarvöl? Nei, það er ekki skýringin. Síðasta ár var metár í afla Íslendinga. Við höfum aldrei dregið meiri fisk að landi og verðmæti aflans er í hámarki. Verðlag á erlendum mörkuðum hefur aldrei verið hærra. Olía og bensín er nú á lægra verði á alþjóðamörkuðum en verið hefur í meira en hálfan annan áratug. Allt ætti að vera með blóma. Vegna ytri aðstæðna hafa þjóðartekjur á mann og þjóðarframleiðsla farið vaxandi allt frá árinu 1983. Nú er því ekki til að dreifa, sem var á árinu 1982, að þjóðarbúið hafi orðið fyrir stórfelldu áfalli. Þvert á móti, þjóðartekjur hafa aukist um 10 milljarða króna frá árinu 1983 á föstu verðlagi síðasta árs. Og samt er fátæktin þessi. Samt dugir ekki margfaldur vinnuþrældómur fjölskyldnanna til þess að framfleyta þeim með eðlilegum hætti. Samt blasir óvissan við börnum og unglingum sem nú eru að vaxa úr grasi. Og hvað veldur þessu? Svarið er: Stjórnarstefnan og sú misskipting auðæfanna sem af henni hlýst.

Við eigum svo mikil verðmæti á Íslandi að allir ættu að geta búið við sæmileg lífskjör. En á sama tíma og hundruð fjölskyldna sjá íbúðirnar sínar í tilkynningum um nauðungaruppboð, á sama tíma og fátæktin heldur innreið sína á ný, á sama tíma og örvæntingin læsist um íslensk heimili þúsundum saman, þá vitum við að fámennur, forríkur minni hluti býr við betri kjör en

nokkru sinni fyrr. Eftirspurn þeirra eftir rándýrum nýjum bílum er nú slík að bílaumboðin anna ekki eftirspurn. Það sem byggt hefur verið í Reykjavík á undanförnum árum eru aðallega rándýr einbýlishús. Verslunarhús sem kosta hundruð milljóna króna rísa hvert af öðru. Okurlánastarfsemi skilar okrurum hundruðum milljóna. Þeir fáu sem nást fara svo úr landi án þess að þurfa að hlíta dómi og lögum og leika sér í útlöndum í vellystingum praktuglega meðan láglaunafólkið er hundelt með reikningana sína. Og þetta gerist auðvitað á sama tíma og Sjálfstfl. ræður öllu og hefur Framsfl. í tjóðurbandi í landsstjórninni, og á þeim tíma sem Sjálfstfl. er algjörlega einvaldur í Reykjavík og í mörgum byggðarlögum öðrum, sérstaklega hér á Suðvesturlandi.

Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur auðmanna. Hann er hið pólitíska skjól fyrir fjármálabrask og spillingu — og Framsfl. á sínar kaffibaunir líka. Sjálfstfl. hefur hagsmunagæslu fyrir þessa aðila á hendi og hann starfar í samræmi við það. Það er þess vegna dapurlegt upp á að horfa ef launamenn styðja íhaldið. Með því eru þeir að kjósa á móti sjálfum sér og sínum hagsmunum. En eru þeir ekki allir eins? Því er stundum haldið fram, en hugleiðum þessar spurningar:

1. Af hverju hefur kaupmáttur launa á undanförnum áratugum alltaf verið hæstur þegar Alþb. hefur verið aðili að ríkisstjórnum?

2. Af hverju er uppbygging á félagslegri þjónustu, skólamálum og heilbrigðismálum öflugust þegar Alþb. er í ríkisstjórn?

3. Af hverju er byggðaþróun jákvæð þegar Alþb. er aðili að ríkisstjórnum?

Það er vegna þess, góðir hlustendur, að Alþb. hefur stefnu sem byggist á hagsmunum meiri hluta þjóðarinnar, hinna vinnandi manna í landinu. Alþb. skorar nú á þennan meiri hluta að höggva á viðjar vanans, snúa baki við íhaldinu og veita stjórnarflokkunum ærlega ráðningu. Það er tækifæri til þess í næstu kosningum eftir aðeins sex vikur.

Alþb. hefur á þessum vetri sýnt fram á að það er unnt að lifa á Íslandi og það er unnt að bæta lífskjörin. Það á að gera í fyrsta lagi með því að skipta jafnar. Auðvitað geta ekki allir fengið allt. Þeir lægstu eiga að hækka verulega en lífskjör þeirra auðugu verður að skerða frá því sem nú er um að ræða. Samkomulagið í Bolungarvík er skynsamleg tilraun til þess að brjótast fram á nýjum brautum og ákveða að enginn skuli hafa minna fyrir sig að leggja en 30 þús. kr. á mánuði.

Í annan stað verður að takast að skera niður milliliðakostnaðinn og yfirbygginguna í þjóðfélaginu. Landsbankinn græddi á síðasta ári um einn milljarð króna, Seðlabankinn á síðustu tveimur árum um hálfan milljarð króna — eftir að hafa reist hús sem kostar 547,8 millj. kr. á núvirði, samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá Seðlabankanum í dag. Þetta milliliðabákn þarf að skera miskunnarlaust niður og yfirbygginguna þungu sem er að sliga þjóðarbúið. Skattsvikin verður að uppræta með þeirri stefnu sem Alþb. samþykkti á landsfundi sínum: Með margföldun skattsekta, einfaldara skattakerfi og hertu skatteftirliti. Opinber nefnd hefur nú komist að sömu niðurstöðu og telur að skattsvikin nemi 6000–7000 millj. kr., en tap ríkis og sveitarfélaga þess vegna nemi 2,5–3 milljörðum kr. Það er ein meginforsenda þess að unnt verði að bæta lífskjörin að skattakerfið verði betra en verið hefur.

Í þriðja lagi hefur Alþb. bent á leiðir til nýrrar sóknar í atvinnulífinu. Með aukinni áherslu á nýsköpun, tækniþróun og rannsóknarstarfsemi getum við hér á næstu árum skapað forsendur fyrir lífskjör sem eru sambærileg við það sem gerist í grannlöndum okkar, bæði í kaupi og félagslegri þjónustu. Þá munu Íslendingar ekki lengur þurfa að flýja til grannlandanna til þess að bjarga sér undan gjaldþrotastefnu ríkisstjórnar, eins og þeirri sem nú birtist launafólki og framleiðsluatvinnuvegum.

Góðir hlustendur. Í kjarasamningunum í vetur gerðust þau tíðindi að aðilar vinnumarkaðarins sameinuðust um að stilla ríkisstjórninni upp við vegg. Stærsti árangur samninganna eru húsnæðismálin. Þar hafði Sjálfstfl. lofað 80% lánum en svikið og aldrei hefur verið erfiðara fyrir fólk að festa kaup á húsnæði en undanfarin ár. Mátti heita að Sjálfstfl. hefði beinlínis drepið svokallaða sjálfseignarstefnu í húsnæðismálum. Verkalýðshreyfingin knúði fram lagfæringar, nýtt húsnæðislánakerfi, þar sem er byggt á hugmyndum sem hafa þróast á undanförnum árum. Húsnæðissamkomulagið er hápunktur kjarasamninganna og ber að jafna því til stærstu ávinninga verkalýðshreyfingarinnar á liðnum áratugum.

En þrátt fyrir samkomulagið sem gert hefur verið í húsnæðismálum er vissulega hvergi nærri nóg að gert. Efla verður félagslegt íbúðabyggingakerfi, stuðla að viðgangi húsnæðissamvinnufélaga og síðast en ekki síst er óhjákvæmilegt að grípa til sérstakra aðgerða vegna þeirra sem hafa orðið harðast fyrir misgengi launa og lána á undanförnum árum eftir að kaupgjaldsvísitalan var bönnuð með lögum.

Auk þess að knýja fram nýja stefnu í húsnæðismálum tókst verkalýðshreyfingunni að hrekja ríkisstjórnina á flótta í verðlagsmálum. Þar hefur til þessa verið fylgt stefnu hins hömlulausa álagningarokurs. Nú hefur verðlagseftirlit verið eflt verulega fyrir frumkvæði verkalýðssamtakanna. Í samningunum var líka tekið á félagslegum réttindum fiskvinnslufólks og foreldra í veikindum barna. Þar með verða að veruleika þingmál sem þeir Guðmundur J. Guðmundsson, Karvel Pálmason og Ragnar Arnalds hafa átt fyrir þinginu að undanförnu en stjórnarliðið hefur fellt. Þar með kemur í ljós að hið stéttarlega vald verkalýðsins getur beygt meiri hluta Alþingis þó hann sé almennt fjandsamlegur verkafólki.

Þá er í kjarasamningunum gert ráð fyrir mun minni verðbólgu en áður hefur verið um langt skeið, en minnkandi verðbólga byggist fyrst og fremst á því að útflutningsafurðir okkar hækka stöðugt í verði og olíuverð fer lækkandi, og loks á því að kaupmáttur launa er enn mjög lágur þó hann geti aukist um 6–7% á samningstímabilinu.

Kaupmáttur launa hér á landi er óþolandi lágur og vinnuþrældómurinn er yfirþyrmandi. Lífskjörin verður að bæta og Alþb. er ekki til viðtals um þjóðarsátt um fátækt á 20 þúsund heimilum í landinu. Það er hlutverk Alþb. að berjast gegn fjármálavaldinu hvar sem það birtist. Eini raunverulegi andstæðingur íhaldsins í þjóðmálum er Alþb.

Þess hefur orðið vart eftir kjarasamningana að margir hafa orðið fyrir vonbrigðum með þá og það er ekki að undra því margt hefði þurft að takast betur. Hitt er ljóst að kjarasamningar hafa aldrei skilað varanlegum þjóðfélagslegum breytingum undir hægri stjórn og að þjóð-

félaginu verður aldrei breytt til frambúðar nema með pólitískum breytingum. Kjarasamningar eru áfangi og þar tekst oft vel til en stundum miður. En einungis með víðtækum pólitískum breytingum getum við skapað varanlegt velferðarríki hins vinnandi manns á Íslandi.

Og fram undan er tækifæri: Kosningarnar 31. maí. Þá verður tekist á um stjórn byggðarlaganna. Berið þið saman, góðir hlustendur, stjórn byggðarlaganna þar sem Alþb. er aðili að meiri hluta og þar sem Alþb. er utan meirihlutaaðildar. Svo vill til að nærri hlið við hlið eru álíka stórir bæir, Kópavogur og Hafnarfjörður. Þar er fróðlegt að bera saman félagslega þjónustu. Sá samanburður er Kópavogi tvímælalaust í vil. Athugið Neskaupstað sérstaklega. Þar er nægilegt framboð á dagvistarrými fyrir börn og hefur verið allt frá árinu 1966. Berið saman stjórnarhættina í Reykjavík og annars staðar. Berið saman framkvæmdir í þágu aldraða nú og áður í Reykjavík. Berið saman veisluhöldin fyrir flokksgæðinga íhaldsins — sem fá gefnar 60 millj. kr. fyrir landsvæði sem þarf í fyrsta lagi að nota seint á næstu öld — berið þetta saman við framlög félagsmálastofnunar handa fátæku fólki í Reykjavík. Um þetta verður að fjalla í kosningabaráttunni.

En hitt er ekki minna um vert, góðir tilheyrendur, að við setjum kosningarnar í landsmálapólitískt samhengi: Af hverju er minna fé til framkvæmda í félagsmálum, menningarmálum, samgöngumálum og heilbrigðismálum en áður? Það er vegna þess að ríkisstjórnin hefur skorið niður um meira en helming framlög til sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin, hvað er hún? Hún er Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir sem styðja þessa flokka eru að leggja blessun sína yfir niðurskurð félagslegra framlaga til sveitarfélaganna. Frambjóðendur þessara flokka eru frambjóðendur niðurskurðarstefnunnar. Hvar sem þeir eru í framboði þá eru þeir að skrifa upp á þessa stefnu. Á mannamótum munu þeir reyna allt hvað þeir geta til að sverja flokka sína af sér á landsmálagrundvelli. En orð þeirra eru innihaldslaus og marklaus. Og þegar þeir tala um nauðsyn sjálfstæðis sveitarfélaganna gegn hinu ægilega ríkisvaldi eru orð þeirra einnig marklaus því flokkar þeirra hafa skrifað upp á skerðingu á eina verðtryggða tekjustofni sveitarfélaganna, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en Alexander Stefánsson hefur haft forustu um þá skerðingu sem nemur fleiri hundruð milljónum króna.

Kosningarnar til sveitarstjórna 1982 voru upphafið að sigri frjálshyggjunnar og þeirrar stefnu sem hefur haft í för með sér upplausn og örvæntingu á þúsundum heimila, landflótta og byggðaröskun, og minnkandi félagslegar framkvæmdir. Kosningarnar 1986 þurfa að marka önnur þáttaskil, þau að félagsleg sjónarmið sæki á á nýjan leik og að frá og með kosningunum 1986 hefjist nýtt sóknarskeið á Íslandi, framfarir og uppbygging, bjartsýni og baráttugleði í stað niðurdrepandi vonleysis undanfarinna þriggja ára.

Í kosningunum 1982 tapaði Alþb. nokkru fylgi en er samt næststærsti flokkurinn í kaupstöðum landsins með verulegt forskot á þá sem næstir komu. Alþb. er þannig eini raunverulegi andstæðingur íhaldsins en þarf að eflast að miklum mun. Í kosningunum 1982 skiptu íhaldsandstæðingar sér á fleiri flokka en áður. Sundrungin þá er ein ástæða kjaraskerðingarinnar sem hefur dunið yfir að undanförnu.

Ég hvet Alþýðubandalagsmenn um allt land til þess að fylkja liði á komandi vikum. Íhaldið hefur yfir stórfelldum fjármunum að ráða og ekkert getur unnið það forskot upp annað en stöðug vinna stuðningsmanna Alþb. Nú er skammur tími til stefnu og hverja stund þarf að nota til markvissra starfa.

Góðir hlustendur. Síðustu daga höfum við verið minnt óþyrmilega á það að Ísland er hluti heimsátakanna, þegar Bandaríkjastjórn hóf árásir á Líbýu og Bandaríkjaforseti tók ábyrgð á hryðjuverkum gegn saklausu fólki. Þegar slíkt gerist erum við minnt á að hér á landi er bandarískur her, sami herinn og gerði árásina á Líbýu. Hefðu stjórnvöld í Bretlandi neitað um aðstöðu fyrir morðárásina á Líbýu er næsti NATO-flugvöllur Bandaríkjamanna hér á Íslandi. Sem aðilar að NATO erum við kölluð til ábyrgðar á árásinni vegna þess að hér er bandarískt herlið. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda voru aumingjaleg og viðbrögð stærsta blaðs landsins hneyksli, en Morgunblaðið hefur í raun réttlætt árásina sem hafði í för með sér morð á konum og börnum — saklausu fólki.

Það ber að beita sér af alefli gegn hryðjuverkum og hryðjuverkamönnum, en það verður ekki gert með öðrum hryðjuverkum. Ætlum við að bera ábyrgð á því að þessar deilur magnist stig af stigi rétt eins og í Víetnam á sínum tíma? Ætlar íslenska ríkisstjórnin að bera ábyrgð á þeirri stórfelldu hættu sem blasir við öllu mannkyni þessa dagana? Ef íslenska ríkisstjórnin vill við þessar aðstæður tryggja öryggi Íslands og grannþjóða okkar ber henni að fordæma árásir Bandaríkjamanna á Líbýu.

Alþb. hefur haft sérstöðu í utanríkismálum; hefur viljað stuðla að friði og afvopnun; hefur viljað halda Íslandi utan hernaðarátaka; hefur viljað herinn burt og Ísland úr NATO. Friðarstefna Alþb. í utanríkismálum verður aldrei brýnni en þegar vá ber að dyrum eins og nú, og sú stefna á vissulega stuðning víða í þjóðfélaginu.

Að lokum þetta, góðir tilheyrendur. Fyrir nokkrum dögum birtist í sjónvarpinu stutt viðtal við Kjartan Ragnarsson leikstjóra og leikritahöfund. Kjartan er tvímælalaust einn fremsti listamaður Íslendinga um þessar mundir og í viðtalinu lýsti hann því hvernig menn hefðu tekið framtíðinni opnum örmum með bjartsýni og framfarahug er kreppunni lauk. Nú, sagði hann, nú er fólk hrætt við framtíðina, og fortíðarhyggjan einkennir samfélagið. Þessi skil sýnir Kjartan ákaflega vel í leikverki sínu Land míns föður, og margt er til í orðum Kjartans: En ber okkur ekki engu að síður að reyna að efla trú fólksins á framtíðina, á lífið? Auðvitað. Og besta leiðin til þess er alhliða ný sókn í efnahags- og atvinnumálum okkar, sókn til betri lífskjara, auðugra menningarlífs, styttri vinnutíma, betri félagslegrar þjónustu, en umfram allt sókn til lífsins með friðarstefnu í utanríkismálum.

Okkar skylda er að færa hinni ungu kynslóð nýtt Ísland, bjartsýni og lífsgleði. Ísland sem þorir á alþjóðavettvangi að berjast fyrir friði og sjálfstæði smáþjóðanna gegn hryðjuverkum, hver sem ber ábyrgð á þeim, berjast fyrir jöfnuði, jafnrétti og lýðræði inn á við. Ísland er gott land og fagurt. Fólkið er vel menntað og duglegt. Hér eru öll skilyrði til betra lífs, til þess að skapa trú á framtíðina og lífið. Gefum voninni líf. Gleðilegt sumar!

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Eflaust hefur einhver undrast stóryrta ræðu Svavars Gestssonar hér áðan. Það gerði ég ekki. Ég þekki Svavar Gestsson vel. Þar talaði fulltrúi þess flokks sem á stærstan þátt í því að verðbólga fór úr böndum um áramótin 1982–83. Þar talaði fulltrúi þess flokks sem á stærstan þátt í því að auka erlendar skuldir þjóðarinnar svo að þær eru nú orðnar um eða yfir 50% þjóðarframleiðslu.

Eins og stjórnarsáttmálinn ber með sér var þessi ríkisstjórn mynduð til að fást við þessi vandamál. Hún var mynduð til þess að ráða niðurlögum verðbólgu og stöðva erlenda skuldasöfnun. Það var með þetta í huga sem við framsóknarmenn gengum til stjórnarsamstarfsins. Við vorum og erum sannfærðir um að þjóðarbúið hefði ekki þolað þá vaxandi verðbólgu sem var í upphafi ársins 1983. Við erum einnig sannfærðir um það að erlendar skuldir þjóðarinnar mega ekki aukast þótt þær séu ekki komnar á sama hættustig og verðbólgan var. Flestar gerðir ríkisstj. hafa því einkennst af viðureigninni við verðbólguna og erlendar skuldir. Við höfum talið óhjákvæmilegt að meta bæði eldri og nýjar ráðstafanir í þessu ljósi.

Allir viðurkenna þann mikla árangur sem náðist í upphafi stjórnartímabilsins þegar verðbólga var færð úr 130 í 20% á átta mánuðum. Það var gert með hörðum lögbundnum aðgerðum sem stjórnarandstaðan kallaði gerræðislegar en við framsóknarmenn töldum óhjákvæmilegar. Þær tókust vegna þess að þjóðin skildi að um nauðsyn var að ræða og studdi aðgerðirnar. Síðast liðin tvö ár töldu ýmsir rétt að láta á það reyna hvort áframhaldandi árangur næðist í efnahagsmálum með sem mestu frjálsræði og afskiptaleysi stjórnvalda. Ég þarf ekki að rekja þróun mála á þessu tímabili. Þetta tókst ekki. Í ljós kom að íslenskt efnahagslíf er enn þá allt of veikburða eftir eld verðbólgunnar til þess að laga sig án opinberra aðgerða að breyttum aðstæðum og tryggja um leið hjöðnun verðbólgu. Ríkisstjórnin bauð að vísu þátttöku í kjarasamningum og m.a. fyrir tilstuðlan ríkisstj. tókust skynsamlegir samningar í febrúar 1984. Þátttaka ríkisvaldsins má segja var hins vegar ekki nægilega markviss, enda ekki ákveðið eftir henni leitað. Í peningamálum sérstaklega kom í ljós að atvinnuvegirnir og þjóð, sem er almennt í fjársvelti eftir fjársóun á verðbólguárum, þarf töluverðan tíma til þess að ná jafnvægi á markaðnum.

Með tilvísun til þessarar reynslu töldu stjórnarflokkarnir óhjákvæmilegt að ganga ákveðnar til verks og bjóða þátttöku stjórnvalda í kjarasamningum um s.l. áramót. Ég þarf ekki að rekja árangurinn, hann er öllum í fersku minni. Með markvissu samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda náðust kjarasamningar og samkomulag um aðgerðir í efnahagsmálum sem mun tryggja hið langþráða markmið um verðbólgu sem eins stafs tölu í lok þessa árs. Þetta tókst þrátt fyrir markvissa viðleitni Svavars Gestssonar og Alþýðubandalagsmanna að koma í veg fyrir þessa samninga og þetta mun takast ef ekkert óvænt gerist í heimsmálum.

Til þess að ná þessum árangri hafa stjórnvöld orðið að grípa mjög ákveðið inn í fjölmarga þætti efnahags- og peningamála. Dregið var án tafar úr hækkun á opinberri þjónustu, nafnvextir voru lækkaðir þegar í kjölfar samninganna og bankarnir knúðir til þess að falla frá hækkun á ýmiss konar þjónustu. Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum voru auknar og tollar á ýmsum innflutningi lækkaðir en um leið er af opinberri hálfu og á vegum verkalýðshreyfingarinnar vandlega fylgst með því að lækkun verðlags skili sér til almennings.

Það hefur loks sannast að niðurtalning verðbólgu er fær leið þegar um samstillt átak stjórnvalda, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda er að ræða, auk þess sem verðbólga í lok ársins mun að öllum líkindum verða um 6%, sem að sjálfsögðu er lítið annað en bylting í íslensku efnahagslífi, verður umtalsverð aukning á kaupmætti almennings sem mun í lok ársins verða svipaður og hann var um áramótin 1982–1983.

Svavar Gestsson hafði ekki rétt svar við spurningu sinni um kaupmátt tímakaups þann tíma sem hann var í ríkisstj. Sá kaupmáttur var falskur. Hann var gerður með erlendri lántöku og miklum viðskiptahalla.

Það er ekki síst ánægjulegt að þessi árangur sem ég hef lýst hefur náðst án atvinnuleysis. Ég þekki enga aðra þjóð sem af því getur státað. Að sjálfsögðu hefur það Alþingi sem senn lýkur einkennst mjög af ráðstöfunum í efnahagsmálum, lög um ýmiss konar aðgerðir í kjölfar kjarasamninganna hafa verið samþykkt með víðtæku samkomulagi á þingi og enn liggja fyrir þinginu frv. sem eru sprottin úr kjarasamningunum. Með frv. um húsnæðismál, sem nú hefur verið lagt fyrir þingið eftir mikla vinnu í kjölfar kjarasamninganna, er staðið að fullu við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf í þeim efnum.

Ég hygg að varla verði annað sagt en að með þeim sé boðuð stórkostleg framför í húsnæðismálum þjóðarinnar. Með þeim tengjast lífeyrissjóðirnir húsnæðiskerfinu og lán Húsnæðisstofnunar, bæði til nýbygginga og kaupa á eldra húsnæði, eru stórlega aukin. Verða lán til þeirra sem byggja í fyrsta sinn allt að 2 millj. 100 þús. kr. sem mun vera 70% af kostnaðarverði meðalíbúðar. Þeir sem standa í byggingu eða húsakaupum öðru sinni eða oftar fá einnig umtalsverðar hækkanir. Ríkisstj. hefur jafnframt heitið því að vextir af lánum Húsnæðisstofnunar verði ekki yfir 3,5% á meðan hún ræður.

Eftir að lög þessi koma til framkvæmda 1. sept. n.k. sýnist mér að það eigi ekki að vera neinum sem er í fullri atvinnu ofraun að eignast viðunandi húsnæði. Fjármagn sem ráðstafað er í gegnum hina svonefndu ráðgjafarþjónustu til þeirra sem hafa lent í erfiðleikum vegna misgengis launa og fjármagnskostnaðar er jafnframt enn aukið um 300 millj. kr. Hefur þá verið varið í þessu skyni samtals 800 millj. kr.

Það er sannfæring mín eftir að ég hef kynnst ýmsum sem notið hafa ráðgjafarþjónustunnar í erfiðleikum sínum að sú aðstoð sem þannig hefur verið veitt hefur bjargað mörgum. Með því að koma skuldum í skil og framlengja lán með lægri vöxtum skapast mönnum nú, þegar kaupmáttur fer hækkandi umfram kostnað fjármagns, svigrúm til þess að vinna upp það sem tapaðist. Með því sem verið er að gera í húsnæðismálum er enn einum áfanga náð í þeirri viðleitni félmrh. og stjórnvalda að auka fjármagn til þess málaflokks.

Árið 1982, þegar Svavar Gestsson fór með félagsmálin, var 2% af þjóðarframleiðslu varið til húsnæðislána en á árinu 1985 3,6% og það mun nú enn aukast. Með endurnýjuðum reglum um stærð íbúða og fleira sem allt var gefið laust í tíð Svavars Gestssonar, með flýtingu á útborgun lána og fjölmörgum öðrum nýmælum ásamt þeirri ráðgjafarþjónustu sem haldið verður áfram og öllum er opin eru húsnæðismálin loks að komast í höfn.

Það er mikill árangur.

Framkvæmd laga um framleiðslu landbúnaðarafurða hefur mjög verið til umræðu. Það er eðlilegt. Samdráttur í hefðbundnum og aldagömlum atvinnugreinum hlýtur ætíð að vera mjög viðkvæmt mál.

Ég vil hins vegar enn leggja áherslu á þá staðreynd að fyrir þjóð sem er með erlendar skuldir sem nema um 53% landsframleiðslunnar er útilokað að greiða 70–80% framleiðslukostnaðar með útflutningi landbúnaðarafurða eða nokkurrar annarrar vöru. Slíkt eykur erlendar skuldir þjóðarinnar. Frá þessum vanda hljóp Framsfl. ekki. Það boðaði Svavar Gestsson hins vegar áðan. Hann áfelldist þessar aðgerðir, boðaði aðgerðarleysi. Alþýðubandalagið hefur venjulega hlaupið frá vandanum og leitast við að ná atkvæðum í gruggugu vatni.

Útflutningsbætur hafa vissulega verið mikilvægar til þess að tryggja byggð víða um land. Sú leið er hins vegar ekki fær lengur. Aðrar leiðir varð að finna. Að því er einnig stefnt með fyrrnefndum lögum um framleiðslu landbúnaðarafurða og öðrum aðgerðum landbrh. og ríkisstj.

Um leið og ég legg áherslu á að framkvæmd þessarar breytingar verður að vera með þeim hætti að tekið sé fullt tillit til stöðu einstakra byggða og möguleika til annarrar framleiðslu er óhjákvæmilegt að framleiðslubreytingin verði. Ef rétt er að málum staðið er ég jafnframt sannfærður um að byggðaröskun þarf lítil að verða og landbúnaður verður sterkari eftir en áður.

Málefni sjávarútvegsins hafa verið mjög til meðferðar á þessu þingi. Þar er nú bjartara fram undan. Um það efast enginn. Stjórnun fiskveiða hefur hins vegar verið umdeild sem er ekki óeðlilegt þegar um svo viðkvæmt mál er að ræða. Mikill meiri hluti hagsmunaaðila hefur þó staðfest fylgi sitt við þá fiskveiðistefnu sem fylgt er. Í samræmi við það hlaut sjútvrh. að starfa.

Ég vil hins vegar lýsa ánægju minni með það að ýmsar lagfæringar fengust fyrir landshluta sem háðari eru sjávarútvegi en aðrir hlutar landsins. Nefni ég sem dæmi að línuveiðar eru nú að hálfu utan kvóta í fjóra mánuði ársins.

Nú liggur fyrir Alþingi frv. til laga um afnám sjóðakerfisins sem ég hygg að hafi að flestra dómi verið orðin hin versta flækja. Afnám þessa kerfis í sjávarútvegi er sérstaklega mikilvæg fyrir landshluta sem byggja fyrst og fremst á þorskveiðum því að frá þeim hefur verið tekið og greitt með öðrum fisktegundum.

Þótt afli sé vaxandi og bjartara framundan í sjávarútvegi eiga fyrirtæki í þeirri grein eðlilega í erfiðleikum vegna óhjákvæmilegrar aðlögunar að gjörbreyttum aðstæðum, einkum á fjármagnsmörkuðum. Nú kostar fjármagnið sitt eins og sagt er og eins og hlýtur að vera í eðlilegu þjóðfélagi. Ég er þó ekki í nokkrum vafa um að sjávarútvegur mun komast yfir þann þröskuld, enda væri framtíð þessarar þjóðar að öðrum kosti vægast sagt í mikilli óvissu.

Eins og ég hef áður sagt tel ég fulla ástæðu til að ætla að sá árangur muni nást sem að er stefnt. Reyndar er von til þess að ástand í lok ársins geti orðið töluvert betra en menn hafa þorað að gera ráð fyrir.

Nýjasta endurskoðun Þjóðhagsstofnunar á ástandi og horfum í efnahagsmálum, sem birt verður eftir fáeina daga, bendir til þess að þjóðartekjur vaxi allmiklu meira en áður hafði verið gert ráð fyrir. Stafar það fyrst og fremst af enn batnandi viðskiptakjörum sem felast í lækkun olíu umfram það sem áður var talið og nokkurri viðbótarhækkun á fiskverði á erlendum mörkuðum. Því er nú talið að rúmlega milljarður geti orðið umfram á vöruskiptareikningi og að viðskiptahalli verði því minni en áætlað var, þrátt fyrir nokkuð aukinn innflutning í kjölfar tollalækkana, og verður hann þá minnstur sem hann hefur verið um langt bil.

Erlendar skuldir þjóðarinnar munu þá lækka töluvert sem hundraðshluti af þjóðarframleiðslu í fyrsta sinn um árabil og greiðslubyrði sömuleiðis. Þjóðarframleiðsla mun þá jafnframt aukast um nálægt 3,5%. Þessar horfur tryggja að sjálfsögðu þau markmið sem að er stefnt, bæði aukinn kaupmátt launa og minni verðbólgu. Hitt má þó ekki gleymast að atvinnuvegirnir eru margir hverjir í sárum eftir verðbólgueldinn. Óhjákvæmilegt er því að ráðstafa verulegum hluta batnandi efnahags til þess að treysta stöðu atvinnuveganna og renna fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf. Á það hefur ríkisstj. lagt áherslu þau ár sem hún hefur setið og sérstaklega eftir að tókst að draga úr verðbólgu á árinu 1983. Nýjar atvinnugreinar hafa fengið forgang að lánsfé, sérstakt fyrirtæki, Þróunarfélagið hf., sett á fót til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi og Stofnlánasjóður fengið fyrirmæli um að lána til slíkra greina.

Ég veit að sumir kappsamir menn eru óþolinmóðir og vilja sjá árangurinn strax. Staðreyndin er að ótrúlega margt er í bígerð. Ég er sannfærður um að það mun skila þjóðarbúinu ómældum arði á næstu árum og stórlega styrkja allan grundvöll efnahagslífsins.

Ég er hins vegar jafnsannfærður um það að hollt er að fara varlega í sakirnar og rasa ekki um ráð fram. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að yfir 200 loðdýrabúum hefur verið komið á fót og þeim fjölgar ört. Fyrirtæki á sviði ýmiss konar hátækni hafa vaxið, bæði þau sem nokkuð eldri eru og mörg ný. Sumt af því á eftir að skila sér í ríkum mæli, m.a. í fiskiðnaði landsmanna. Mjög er mikilvægt að Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður taki skipulega á þeim málum og hvetji menn til að nota það fjármagn sem sjóðirnir hafa til ráðstöfunar í þessu skyni.

Í fiskeldi er sérstaklega mikill hugur í mönnum. Þeir aðilar munu nú vera orðnir um 60–70 sem þar ætla að hasla sér völl. Sumar hugmyndir eru afar stórar. Þetta er ekki að ástæðulausu þegar þess er gætt hvað vöxtur fiskeldis hefur verið mikill og hraður í nágrannalöndum okkar, t.d. Noregi. Þar hefur fiskeldi aukist um u.þ.b. 40% á ári. Er því spáð að það verði orðið töluvert stærra en sjávarútvegur Noregs innan örfárra ára. Við höfum dregist aftur úr þrátt fyrir það að allir viðurkenna að aðstaða hér á landi er stórum betri til fiskeldis en þekkist víðast annars staðar.

Af þessum ástæðum taldi ég nauðsynlegt að skipa nefnd á s.l. ári til þess að gera tillögur um samræmdar aðgerðir og ráðstafanir vegna fiskeldis. Þessi nefnd hefur þegar skilað ýmsum tillögum sem eru að koma til framkvæmda. Frv. um veðhæfni eldisfiska er að verða að lögum og frv. um Rannsóknadeild fisksjúkdóma verður afgreitt fyrir þingslit. Það er e.t.v. hið mikilvægasta sem gert hefur verið til þess að treysta og tryggja fiskeldi hér á landi. Sjúkdómar eru sú hætta sem verst er eins og reynslan sýnir.

Á vegum Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggðasjóðs og

Stofnlánadeildar landbúnaðarins verða lánaðar um 350 millj. kr. á þessu ári til fiskeldis. Auk þess hefur Fiskveiðasjóður veitt ábyrgðir sem munu nema um 400 millj. kr. Mikið fjármagn hefur einnig fengist með beinni þátttöku erlendra aðila. Það er umhugsunarefni. Við verðum að gæta þess vandlega að missa aldrei tökin á þessari álitlegu atvinnugrein.

Þannig gæti ég reyndar haldið áfram að ræða um nýsköpun í íslensku atvinnulífi en tíminn leyfir það ekki. Það sem ég hef nefnt verður að nægja til þess að undirstrika þá bjartsýni sem ég ber í brjósti í þessu sambandi og hún er allt annað en það svartagallsraus sem Svavar Gestsson fór með áðan.

Nú þegar verðbólga næst niður í svipað og er í nágrannalöndum okkar er orðinn allt annar og heilbrigðari grundvöllur fyrir atvinnulífið, bæði hið hefðbundna og nýtt. Möguleikarnir eru óteljandi og dugnaður landsmanna mikill. Ég lít því björtum augum til framtíðarinnar, enda takist okkur að halda verðbólgunni í skefjum, draga jafnt og þétt úr erlendum skuldum og búa þannig við heilbrigt efnahagslíf.

Því get ég þó ekki neitað að stóran skugga ber á bjartsýni mína þegar að ástandi heimsmála kemur. Vonarneisti var kveiktur með fundi forustumanna stórveldanna í Genf á s.l. hausti. Það var eðlilegt. Þeir höfðu ekki lengi talast við þótt örlög heimsins alls séu í raun í þeirra höndum. Því miður hefur þessi neisti nú dofnað. Endurnýjaðar tilraunir með kjarnavopn eru mönnum að vonum ekki að skapi. Árás Bandaríkjanna á Líbýu ræður þó úrslitum í þessu sambandi. Þegar málið er skoðað frá öllum hliðum virðist mér sú aðgerð óafsakanleg.

Ég mæli hryðjuverkum ekki bót, því fer víðs fjarri. Alsaklausir einstaklingar verða fyrir slíkum árásum, jafnvel fullhlaðnar flugvélar sprengdar í loft upp, aðeins vegna þess að þær bera merki einhverrar þjóðar, og flugfarþegar myrtir í flughöfnum.

Að sjálfsögðu eiga allar lýðræðisþjóðir að taka höndum saman gegn slíku brjálæði. Veita verður þeim þjóðum sem að hryðjuverkum stuðla verðuga ráðningu. Að svara með hernaðarárás mun hins vegar að mínu mati aldrei stöðva hryðjuverk, fremur auka þau.

Árás Bandaríkjamanna á Líbýu er móðgun við önnur lýðræðisríki í heiminum og sérstaklega við bandamenn þeirra í Evrópu. Hún sýnir virðingarleysi við almenningsálitið, a.m.k. utan Bandaríkjanna. Með árásinni er jafnframt tekin sú áhætta á vaxandi átökum sem engri þjóð er leyfilegt að taka.

Góðir Íslendingar. Senn líður að lokum þessa kjörtímabils. Ég sé enga ástæðu til að ætla að kosningar til Alþingis verði fyrr en á eðlilegum tíma að ári. Kosningar til sveitarstjórna verða hins vegar nú fljótlega og þá mun m.a. vera metið það verk sem ríkisstj. hefur unnið. Ég efast ekki um hver niðurstaðan verður.

Stjórnarflokkunum ber hins vegar skylda til að sanna að sá árangur náist sem þeir hafa lofað. Þeir eiga jafnframt fyrir höndum hið mjög svo erfiða verkefni að endurreisa fjárhag ríkissjóðs. Frá því verður að sjálfsögðu ekki hlaupið. Í því eru stjórnarflokkarnir ákveðnir. Því verður ekki neitað að fjárhagur ríkissjóðs er mjög erfiður í kjölfar kjarasamninganna. Má jafnvel segja að ríkissjóði hafi að nokkru verið fórnað til þess að auka kaupmáttinn og ná verðbólgunni niður.

Hins vegar bíða ríkissjóðs fjölmörg nauðsynleg verkefni sem úr hefur verið dregið á undanförnum árum. Hafnir landsins eru margar í erfiðri stöðu, flugvellir og skólabyggingar hafa tafist og sjúkrahús og fleira. Tekist hefur að viðhalda velferðarkerfinu og er það vel og þar með því jafnræði og öryggi sem þegnunum er ætlað með heilsugæslutryggingu, menntun og fleiru. Um þetta verður að standa vörð þótt sparnaðar beri að leita á öllum sviðum. Fjármagn til opinberra framkvæmda verður að aukast jafnt og þétt á ný, um leið og efnahagslífið styrkist, þótt það náist ekki á einu eða tveimur árum.

Verkefnin eru þannig mörg fram undan. Frá þeim verkefnum mun Framsfl. ekki hlaupast á meðan hann er í ríkisstjórn.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Árið 1986 var valið sem alþjóðlegt friðarár á vegum Sameinuðu þjóðanna. Það þótti vel viðeigandi í tilefni af 40 ára afmæli þeirrar stofnunar þar sem varðveisla friðar var einmitt megintilgangurinn með stofnun Sameinuðu þjóðanna í lok síðari heimsstyrjaldarinnar.

Enn lifir tæpur fjórðungur þessa friðarárs þegar þeir atburðir hafa gerst sem stefna heimsfriði í verulega hættu. Hinar vítaverðu loftárásir Bandaríkjamanna á Líbýu hafa vakið ótta og andúð meðal almennings og ráðamanna flestra Evrópuþjóða þótt þær virðist njóta stuðnings heima fyrir. Bandaríkjamenn virðast trúa því að með illu megi illt út reka, en virðast ekki, þrátt fyrir dýrkeypta reynslu sína í Víetnam, muna eða skilja að skæruhernaður og hryðjuverkastarfsemi verða trauðlega brotin á bak aftur með loftárásum. Þeir virðast heldur ekki muna eftir því að ofbeldi leiðir af sér ofbeldi.

Sú stigmögnun, sem margir óttuðust, er þegar orðin og fáir trúa því að hryðjuverkamönnum hafi verið gefin sú ráðning sem dugar, hve fegnir sem menn vildu þó vera lausir við voðaverk þeirra. Miklu líklegra er að þeir færist í aukana og sæki í sig veðrið til hefnda. Aðgerðir Bandaríkjamanna eru því líklegar til að draga á eftir sér slóða, sem enginn veit hvar endar. Bandamenn Líbýumanna, Sovétríkin, og Bandaríkin eru farin að senda hvort öðru tóninn og heimsbyggðin horfir kvíðin á fjöregg sitt í höndum tröllanna.

Atburðir síðustu sólarhringa vekja upp fjölda hugsana og spurninga sem mig langar að víkja að í máli mínu hér vegna þess hve mikilvægar þær eru. Hvernig stendur á því að stórveldi eins og Bandaríkin lætur öfgafullan einræðisherra smáþjóðar mana sig til svo óábyrgra og hættulega skammsýnna aðgerða? Það hlýtur að leiða hugann að hæfni núverandi ráðamanna til að gegna því forustuhlutverki sem þeir hafa og jafnframt að því hvers konar ráðgjafa Bandaríkjaforseti hefur valið sér.

Þessar loftárásir voru gerðar þvert gegn vilja helstu ráðamanna Evrópuríkja utan Breta. Það leiðir hugann að því hvert neitunarvald og sjálfræði bandalagsþjóðir stórvelda hafa þegar til kastanna kemur. Verður tekið tillit til óska þeirra og eindregins vilja ef upp kemur sú staða að ráðamönnum stórveldis hugkvæmist að beita kjarnorkuvopnum?

Hin óbilgjarna stefna stórveldanna í kjarnorkumálum hefur leitt til þess að margar þjóðir velta því fyrir sér hver framtíð þeirra verði innan bandalaga við kjarn-

orkuveldin. Austur-Evrópuþjóðir eiga fárra kosta völ í þessum efnum. En sú skoðun er ríkjandi meðal almennings víða í Vestur-Evrópu að jafnvel þótt þjóðir þeirra séu fylgjandi aðild að bandalagi við Bandaríkin þá muni þær ekki una því að kjarnorkuvopn verði staðsett í löndum þeirra. Þrátt fyrir þessa skoðun hefur kjarnorkuvopnum verið komið fyrir í sumum þessara landa, t.d. Bretlandi, Vestur-Þýskalandi og nú síðast Hollandi, með því að beita þrýstingi á stjórnvöld og gegn kröftugum mótmælum, bæði almennings og margra stjórnmálamanna.

Vígbúnaðarkapphlaupið byggir á sömu forsendum og það hefur ævinlega gert og nýjum og betri vopnum er ætlað að bera sigur af þeim sem fyrir eru. Fleiri vopn eiga að tryggja meira öryggi. Mergurinn málsins er þó sá að þessi röksemdafærsla gildir ekki um kjarnorkuvopn. Afleiðingar af notkun aðeins örlítils hluta þeirra mun hafa tortímingu í för með sér jafnt fyrir þá sem fyrir vopnunum verða og hina sem beita þeim. Engu jafnvægi er því hægt að ná í þeim leik.

Árið 1944 orti skáldkonan Hulda hátíðarljóð í tilefni af stofnun hins íslenska lýðveldis, þar sem segir:

> Með friðsæl býli, ljós og ljóð
> svo langt frá heimsins vígaslóð.

42 árum síðar finnst enginn staður á þessari jörð sem gæti verið óhultur fyrir áhrifum þeirra kjarnorkuvopna sem stórveldin hafa sankað að sér. Svo miklu hefur nú verið safnað að ætla má hverju mannsbarni jafngildi 4 tonna af sprengjuefni og mætti því deyða hvern mann nokkru oftar en einu sinni ef það væri hægt.

Samt heldur söfnunin áfram og hún kostar ekkert smáræðis fé. Til hennar var sólundað á s.l. ári 800–1000 milljörðum dollara. Það er um þúsundföld upphæð íslenskra fjárlaga þessa árs. Það virðist ekki öllum nægilega ljóst hve skaðvænlegar pólitískar og efnahagslegar afleiðingar hljótast af vaxandi kostnaði við vígbúnaðarkapphlaupið. En hernaðar- og gróðahyggja gagnsýrir pólitíska hugsun um víða veröld í allt of ríkum mæli.

Sá baggi, sem kjarnorkuveldin og önnur vopnaframleiðslulönd binda sér vegna þessara útgjalda, er skoplítill miðað við þau efnahagsáhrif sem þessi fjársóun hefur í þróunarlöndunum. Halli á bandarískum fjárlögum á s.l. ári var um 200 milljarðar dollara og má reikna með svipuðu ástandi í Sovétríkjunum, en þessi stórveldi eru ábyrg fyrir meira en helmingi allra útgjalda til hermála.

Vaxandi fjárlagahalli leiðir til vaxtahækkana, sem gerir skuldastöðu þróunarríkja erfiðari. Það fé, sem eytt er til vígbúnaðar árlega, jafngildir þjóðarframleiðslu allra þeirra landa þar sem fátækari helmingur jarðarbúa býr. Þessi árlega eyðsla jafngildir allri skuld hinna fátækari þjóða við hinar efnaðri, en vaxtagreiðslur af þessum skuldum eru að kyrkja efnahagslíf margra fátækra þjóða.

Um 2 millj. manna eiga ekki kost á hreinu drykkjarvatni, en sýkingar af völdum mengaðs drykkjarvatns eru tíðasta dánarorsök ungbarna. Er talið að nokkrar milljónir barna deyi af þessum sökum á hverju ári. Jafnvirði þriggja vikna hernaðarútgjalda gæti þó útvegað heilnæmt drykkjarvatn handa öllum jarðarbúum. Fyrir áratug dóu 2 milljónir manna árlega úr bólusótt. Með því að verja 300 millj. dollara til bólusetninga tókst að útrýma þessum erkióvini mannsins á nokkrum árum. Þessar 300 millj. mundu samsvara 5 klst. hernaðarútgjöldum. Hernaðarútgjöld í hálfan dag mundu nægja til að útrýma malaríu.

Góðir áheyrendur. Hugsið ykkur alla sjúkdómana sem við kunnum læknisráð við í dag og gætum losað okkur við. Og hvað með mannvitið og fjármagnið sem flytja mætti frá hernaði yfir í rannsóknir á sjúkdómum, eins og krabbameini? Hver mundi ekki vilja losna við það?

Og hvað með hungrið, atvinnuleysið og ólæsið? Um 900 milljónir manna eru ólæsar, um 600 milljónir atvinnulausar og um 600 milljónir manna eru vannærðar eða líða hungur. Ef allur heimur er hafður í huga er 450 dollurum að jafnaði varið til mennta til hvers barns en kostnaðurinn við hvern hermann er aftur á móti 25 þús. dollarar. Þarna var skrýtin forgangsröð, góðir áheyrendur, hjá þjóðríkjum heimsins. Hverjum skyldu þau ætla að erfa löndin? Varla hermönnum.

Að baki allra þeirra talna, er ég áður nefndi, liggja grimmilegar staðreyndir um þá efnahags- og félagslegu þróun sem ríkir á okkar dögum. Útgjöld til vígbúnaðar margfaldast meðan frumþörfum milljóna manna er ekki sinnt. Eldflaug, sem ber kjarnaodd, er aðeins 6 mínútur á leið sinni frá Vestur-Evrópu til Sovétríkjanna. Venjuleg afríkönsk húsmóðir þarf að ganga margar klukkustundir til að sækja drykkjarhæft vatn.

En hverjir eru það sem velja slíka forgangsröð? Eru það stjórnmálamenn? Ekki nema að litlu leyti. Hópur enskra vísindamanna telur að í raun og veru séu það fyrst og fremst hergagnaframleiðendur og herforingjar sem taki úrslitaákvarðanir um hönnun og smíð vígbúnaðar á Vesturlöndum og þetta er áætlaður hópur sem ekki telur nema um 800 manns. Líklegt er að svipað gildi í Sovétríkjunum.

Stjórnmálamennirnir standa oft frammi fyrir gerðum hlut eftir að miklu fé hefur verið varið til rannsókna og tilrauna og eru neyddir til að samþykkja hverja áætlunina á fætur annarri. En fjármagnið, sem viðheldur vígbúnaðarkapphlaupinu, það kemur frá skattgreiðendum, frá fólkinu sjálfu.

Er þessi þróun í samræmi við vilja fólksins? Er það vilji fólksins að kosta meiru á hermennina en börnin? Er það vilji fólksins að búa við hið brothætta öryggi kjarnorkuváarinnar? Því trúi ég ekki, enda sýna niðurstöður skoðanakannana að svo er ekki.

Á þessari öld hefur mönnum orðið það æ ljósara að þjóðir heimsins mynda eina heild. Öryggi allra þjóða er sameiginlegt og engin ein þjóð getur nú á dögum tryggt sér öryggi umfram aðrar eða á kostnað annarra. Því er sú sérhyggna hagsmunaþrönga utanríkisstefna, sem ríkt hefur víða um heim, úrelt og hættuleg og við verðum að beita nýjum hugmyndum og leita nýrra leiða við að tryggja sameiginlegt öryggi og hugsa í miklu víðara samhengi en við höfum áður gert með hagsmuni allra jarðarbúa í huga.

Vaxandi fjöldi þjóða gerir sér grein fyrir nauðsyn þess að þrýsta á stórveldin til að knýja fram vilja hjá þeim og aðgerðir til að draga úr vígbúnaði og stöðva frekari vopnasmíð. Öll stjórnvöld svara þrýstingi og stórveldin munu svara þrýstingi frá bandamönnum sínum og nágrönnum en einungis ef sá þrýstingur er nógu mikill. Þess vegna er það hlutverk smáþjóðar eins og Íslendinga, sem æskja friðar og vilja bægja frá kjarnorkuvá, að láta þennan vilja sinn og skoðanir skorinort og ótvírætt í ljós, þær skoðanir sem meiri hluti

Íslendinga hefur lýst í skoðanakönnunum og hafa reyndar komið fram í samþykkt Alþingis um afvopnunarmál á s.l. vori.

Það er í samræmi við þær skoðanir sem Íslendingar hljóta að styðja tillögu Mexíkó, Svíþjóðar og fleiri ríkja á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um frystingu kjarnorkuvopna, eins og hin Norðurlöndin gerðu, en ekki að sitja hjá eins og síðast var gert.

Það er sömuleiðis í samræmi við yfirlýstar skoðanir meiri hluta þjóðarinnar í skoðanakönnunum að styðja hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði og því er eðlilegt að Íslendingar taki fullan þátt í og stuðli að umræðum um þau mál á Norðurlöndum.

Góðir áheyrendur. Ég hef kosið að verja meginhluta máls míns hér í kvöld til að ræða um ástand mála á alþjóðavettvangi. Það er fyrst og fremst vegna þess að ærið tilefni hefur gefist til þess, en einnig vegna þess hve mikilvæg þessi mál eru og sjaldan rædd í almennum stjórnmálaumræðum á Alþingi.

Af nógu er þó að taka á innanlandsvettvangi og vegna þess sem ég áður sagði um frið og öryggi má geta þess að misrétti og skortur á jöfnuði eru algengar orsakir fyrir ófriði og ofbeldi. Þó að við hyggjum að alþjóðamálum og fordæmum það hrópandi misrétti, sem þar blasir við, skulum við gæta okkar því að misréttið fer vaxandi á Íslandi.

Nú síðast var það lögfest í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Eitt það alvarlegasta við þá samninga var að engin tilraun var gerð til að hrófla við tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Það var þvert á móti staðfest að hér skuli ríkja láglaunastefna sem skipar fjórðu hverri fjölskyldu undir fátæktarmörk. Slíkt er óþolandi og óverjandi frá siðferðilegu sjónarmiði, en auk þess er það ákaflega dýrkeypt fyrir efnahag þjóðarinnar. Við höfum ekki efni á því að leiða svo stóran hóp manna í fátækragildru. Þetta er þeim mun ófyrirgefanlegra af því að öll ytri skilyrði eru svo hagstæð og hefðu í raun leyft að mun betur væri gert.

Aðgerðir þessarar ríkisstj. í efnahagsmálum og úrræða- og aðgerðaleysi hennar í húsnæðismálum hafa leitt stóran hóp manna í gapastokk, þar sem ríkir örvænting, félagsleg upplausn og persónuleg ógæfa. Samt hefur þetta fólk ekkert gert annað en að reyna að koma yfir sig húsnæði.

Sú neyðarþjónusta, sem sett hefur verið á laggirnar, hefur sumum hjálpað en er hvergi nærri nóg, enda er um þriðjungur, sem þangað leitar, nú að koma í annað sinn.

Húsnæði tilheyrir frumþörfum og telst til mannréttinda, ekki bónbjarga. Það er skömm þessarar stjórnar að hafa leyft misréttinu að hreiðra um sig og skjóta rótum í þjóðfélaginu án þess að gera nokkra alvarlega tilraun til að koma í veg fyrir það. Það verður hennar versta skömm og hún á sér engar málsbætur, hún hefur umboð þjóðar sem er sú sjötta ríkasta í heimi.

„Systir góð, sérðu það sem ég sé?" spurði Jónas Hallgrímsson og benti frænku sinni á bleika grastó í fjallinu. Þangað fóru þau svo í grasaferð og fylltu alla bagga sína en nóg var samt eftir. Það er enn nóg af grösum á Íslandi handa okkur öllum en við verðum að skipta þeim jafnara.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hvert stefnir heimurinn? Þessi spurning er áleitin nú í kjölfar þeirra atburða sem orðið hafa við sunnanvert Miðjarðarhaf undanfarna daga. Með ugg í brjósti hafa menn spurt sig: Er það ofbeldið sem enn á að ráða för? Hefur því enn tekist að ná tangarhaldi á heiminum? Hafa menn ekki lært af reynslunni?

Menn eiga engin svör við þessum spurningum. En í hjarta sínu vita menn að ofbeldi er engin lausn á neinu máli og getur aldrei verið til heilla í samskiptum manna og þjóða.

Sennilega hafa fáir verið í vafa um að hermdarverk væru ofbeldisverk. Hins vegar kunna þeir að hafa verið einhverjir sem ekki töldu hernað til ofbeldis. Með árás sinni á Líbýu hafa Bandaríkjamenn hins vegar þurrkað út skilin sem að nafninu til hafa verið á milli hernaðar og hermdarverka og sýnt heiminum að ofbeldi, hvaða nafni sem það nefnist, er ávallt eitt og það sama.

Það er gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er og hvaða nafni sem nefnist sem okkur, hverjum og einum, ber skylda til að snúast því að við liggur ekki aðeins heiður okkar og mannúð, heldur líf allra heimsins barna. Í því efni skiptir álit hvers og eins, almenningsálitið, öllu máli því að það er því aðeins að menn sameinist um að vilja heim án ofbeldis, heim friðar og frelsis, að takast megi að byggja slíkan heim.

Íslensk þjóð er að sönnu lítil þjóð út við ystu höf og vissulega ekki ráðandi í heimsmálum. En við erum rödd í samfélagi þjóðanna og þá rödd eigum við að láta hljóma hátt og skýrt gegn hvers konar ofbeldi, kúgun og valdbeitingu hvar sem er í heiminum.

Að snúast gegn ofbeldi er það sama og að snúast til varnar fyrir rétti þeirra sem minna mega sín og það er ekki aðeins á sviði alþjóðamála sem slíkt skiptir máli. Slíkt skiptir máli á öllum sviðum mannlífsins og hvarvetna í samfélagi manna.

Ef við lítum okkur nær þá eru mér efstar í huga upplýsingar, sem fram hafa komið að undanförnu, um vaxandi neyð fólks hér á landi. Sérfræðingar á Þjóðhagsstofnun reikna nú út að fjórða til fimmta hver fjölskylda hér á landi búi við afkomu sem telja verður undir fátæktarmörkum. Landlæknir segir okkur að fólk sé farið að tapa heilsu og verða veikt vegna fátæktar. Frá félagsmálastofnununum berast upplýsingar um geigvænlega fjölgun þeirra sem þangað leita eftir hjálp. Barnaverndarmálum fjölgar, hjónaskilnuðum fjölgar og þeir sem með sálgæslu fara, s.s. prestar og geðlæknar, segja okkur að sífellt fleiri láti bugast og gefist upp við að reyna að lifa lífinu upp á eigin spýtur. Þannig er ástandið þessa vordaga í sjötta ríkasta landi heims.

Þetta ástand er með öllu óverjanlegt í íslensku velferðarþjóðfélagi fyrir utan það að vera þjóðfélaginu dýrt — því að menn skulu ekki gleyma því að það er ódýrt að brjóta fólk niður. Menn skulu heldur ekki gleyma því að fátækt er ekkert náttúrulögmál. Hún er til komin af manna völdum, vegna ákvarðana sem menn hafa tekið, ekki guðir. Og eins og öðrum mannanna verkum má henni af sér hrinda.

Nýgerðir kjarasamningar hafa af ýmsum verið kallaðir tímamótasamningar. Það eru þeir, ekki síst fyrir þá sök að þeir festa í sessi það ástand sem ég hef hér gert að umtalsefni. Fyrir utan það að stefna ríkisfjármálum í óvissu og byggja á ótraustum forsendum verða samkvæmt þeim áfram greidd laun á Íslandi fyrir fulla

dagvinnu sem ekki nægja einstaklingi til framfærslu.

Samkvæmt nýjum útreikningum kjararannsóknarnefndar var kaupmáttur kauptaxta á síðasta ári sá lægsti sem verið hefur í 20 ár. Sömu útreikningar benda til að svo verði áfram út þetta ár. Það var um þetta sem þjóðarsáttin margfræga, samningarnir, var gerð — þjóðarsátt um lægstu laun í 20 ár, um fátækt. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Svavar Gestsson eða hæstv. ráðh. Þorstein Pálsson né þá Framsóknar- og Alþýðuflokksmenn að standa hér upp og sverja af sér fátæktina. Þeir greiddu henni allir atkvæði, allir sem einn, þegar þeir staðfestu síðustu kjarasamninga hér í þingsölum.

Hverjir skyldu svo fara verst út úr þessum kjarasamningum? Hverjir vinna eftir lægstu töxtum og njóta hvorki launaskriðs né annarra launatengdra fríðinda? Það eru fyrst og fremst konur. Þær eru mikill hluti þeirra sem ekki geta séð sjálfum sér farborða í dag með launum fyrir fulla vinnu.

Ætli það sé einhver tilviljun að það eru fjórir karlastjórnmálaflokkar og karlstýrð verkalýðshreyfing og vinnuveitendasamtök sem semja um þessi lágu laun? Auðvitað er það engin tilviljun, svona mundi enginn semja fyrir sjálfan sig. Í raun er hér aðeins komið enn eitt lifandi dæmið um það hversu það á langt í land að konur njóti fullrar mannvirðingar hér á landi.

Til þess að bregðast við þessu ástandi í launamálum höfum við Kvennalistakonur lagt fram hér á Alþingi frv. til laga um lágmarkslaun þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að greiða lægri laun fyrir fulla dagvinnu en sem nemur framfærslukostnaði einstaklings. Frv. þetta nær til um 20 þús. launþega, þeirra sem lægstu launin hafa. Samkvæmt lauslegum útreikningum Þjóðhagsstofnunar hefði það aðeins um 3–4% hækkun á launakostnaði í för með sér. Hvorki mun þessi kostnaðarauki setja atvinnulífið á hliðina, allra síst nú á tímum óvenju hagstæðra efnahagsskilyrða, né valda aukningu á verðbólgu að ráði. Það kostar m.ö.o. ekki mikið í peningum að hækka lægstu laun í landinu, það er ekki þröskuldurinn. Þröskuldurinn er að það kostar töluvert í virðingu. Það kostar það að saumakonan, sem nú er með rúm 17 þús. á mánuði, fær kannske verkstjóralaun fyrir vinnu sína án þess að verkstjórinn hækki nokkuð. Það er það sem ekki gengur að mati þeirra sem nú ráða ferðinni í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Þar erum við komin að kjarna málsins. Erum við í raun tilbúin til að breyta þessu þjóðfélagi á þann veg að hér njóti allir, konur, karlar og börn, sömu virðingar? Erum við tilbúin til að tryggja að hér líði enginn skort? Erum við tilbúin til að bera þá lágmarksvirðingu fyrir tilverurétti manna? Og erum við tilbúin til að sýna lífinu þá virðingu að gera allt sem við getum til að láta rödd okkar hljóma hvarvetna í þágu friðar og frelsis og gegn ofbeldi og valdbeitingu í hvaða mynd sem er og hvar sem er? Þetta bið ég þing og þjóð að íhuga því að þetta eru þær spurningar sem enga bið þola á þessum vordögum. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þá er komið að hinum árlega viðburði sem eru almennar stjórnmálaumræður. Það hefur tíðkast í áranna rás að í þessum umræðum beini hin svokallaða stjórnarandstaða spjótum sínum að ríkisstjórninni og gagnrýni störf hennar. Aftur á móti taka stjórnarliðar sig til og bera blak af aðgerðum ríkisstjórnarinnar og telja fram til tekna það sem að þeirra mati hefur verið vel gert.

Nú ber hins vegar svo til að í ár sér þess ekki nokkurn stað að það þurfi að beina spjótum að ríkisstj. í þessum umræðum. Af hverju skyldi það nú stafa? Jú, það kemur til af því að réttara væri að spyrja hvort það sé stjórn í landinu.

Er stjórn í landinu? Jú, það á að heita að svo sé. En hvað er það þá sem hún hefur verið að aðhafast og hvar er frumkvæðið og hvar er ábyrgðin? Ég hef a.m.k. ekki orðið vör við að hér hafi verið að störfum ábyrg ríkisstj. sem hafi beitt sér fyrir nauðsynlegum efnahagsaðgerðum. Ég hef ekki heldur orðið vör við að hér hafi verið að störfum ábyrg ríkisstj. sem hafi haft frumkvæði að því að láta þegna landsins njóta þess góðæris sem staða þjóðarbúsins sýnir, eða að Ísland er jú sjötta ríkasta þjóð heims.

Það fer hins vegar ekkert á milli mála að það er til nokkuð í landinu sem heitir ASÍ og VSÍ eða þeir aðilar vinnumarkaðarins sem stóðu að hinum margfræga samningum sem skemmst er að minnast, þeir sem stóðu að þeim efnahagsaðgerðum sem nýlega hafa verið framkvæmdar og síðast en ekki síst þeir sem urðu til þess að lækka bensínverðið og dekkin undir bílana, svo að ekki sé minnst á lækkun á tollum á bifreiðum og heimilistækjum sem þessir aðilar stóðu fyrir að yrði að veruleika.

En meðfram vegna þess að forustumenn aðila vinnumarkaðarins hafa nú komið öllu þessi til leiðar væri ekki úr vegi að leita eftir skýringu og svörum þeirra um það hvers konar framtíðarþjóðfélag þeir sjá fyrir sér. Reyndar er einnig þörf á að varpa þeirri sömu spurningu til þess meiri hluta sem virðist hafa allt sitt á hreinu, virðist vera ofan á, eins og það er kallað, þeir sem ekki hafa séð til þess ástæðu að mögla vegna útkomu þessara samninga. Enda hefur bilið breikkað milli þeirra og svo hinna sem vart hafa í sig og á.

Þeir sem höfðu það gott fyrir samninga hafa það að sjálfsögðu betra en ekki eftir þá, þar sem samningarnir gáfu þeim í kjarabót möguleika á að eignast m.a. bíl og eða heimilistæki. Hinir, sem höfðu átt við erfiðleika að etja fyrir þessa samninga, fengu bara enn stærri bita af erfiðleikum til að kyngja niður samningunum með. Þeir fengu í kjölfarið enn þá meira óréttlæti og vonleysi til að búa við til frambúðar. Það fengu þeir til frambúðar, vegna þess að nú þykir sýnt að það er ekki stefnt á þau mið að rétta hlut þeirra lægst launuðu.

Þessir samningar staðfestu einungis það bil sem orðið var. Þeir sem voru u.þ.b. að missa íbúðir sínar á nauðungaruppboðin misstu þær og hinir, sem áttu aðeins lengra í land með það, missa þær greinilega innan tíðar. Forustumenn aðila vinnumarkaðarins gleymdu að gera ráð fyrir því að launin duga lægst launaða fólkinu alls ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, hvað þá heldur að þau dugi til greiðslu afborgana og verðbótaþátta lána áhvílandi á íbúðum þeirra.

Svo voru til þeir sem lifað höfðu í þeirri trú að með þessum samningum fengju þeir leiðréttingu þess óréttlætis sem þeir hafa búið við. Þeir vonuðu til einskis. Með þessum samningum staðfestu forustumenn ASÍ og VSÍ einungis bilið milli hinna ríku og fátæku í þjóðfélaginu. Það bil var staðfest með því að samningarnir hljóðuðu nær einvörðungu upp á það að ná niður verðbólgu, sem auðvitað er gott og blessað út af fyrir sig ef tilraunin heppnast, en það er óþarft að láta niðurtaln-

ingu verðbólgunnar verða svo öra að hér skapist neyðarástand.

Samningarnir hljóðuðu upp á það að ná niður verðbólgunni en kjörin eru eftir sem áður óbreytt og verri hjá hinum verst settu og eftir stendur að launin hjá hinum lægst launuðu nægja ekki til framfærslu. Með því hafa samningarnir fært okkur fátæktarhugtakið í munn að nýju.

Góðir áheyrendur. Þegar þetta ástand, sem skapast hefur í þjóðfélaginu, eða fátæktin, var til umræðu hér inni á hv. Alþingi nú í lok febrúar fannst mér sem þessi annars virðulega stofnun setti ofan. Þá var það orðið aðalatriðið í umfjöllun manna að karpa um það hverjum það ástand, sem skapast hefur, sé að kenna. Það eina, sem hins vegar skiptir máli í þessu sambandi, er að þetta ástand skuli vera staðreynd. Þar af leiðandi átti umræðan auðvitað að snúast um það á hvern hátt ráðamenn þjóðarinnar mundu leysa og leiðrétta það og koma þar með fátæktarhugtakinu fyrir bí.

Það getur aldrei orðið aðalatriði hverjum sé um að kenna að svo er komið sem raun ber vitni. En slíkt karp um einskis nýt atriði eru næsta algengar uppákomur hér á hv. Alþingi. Það hafa tilheyrendur fengið að heyra í þessum umæðum hér í kvöld þar sem mikilvægið virðist liggja í því að koma höggi á persónulegan andstæðing.

Þeir sem létu sig hafa það að karpa á þennan hátt um þetta háalvarlega málefni, fátæktina, eru hinir sömu sem að því er virðist telja virðingu sinni misboðið með því að hlusta t.d. á umræður um dagvistarmál og önnur skyld mál, taka sjaldnast ef nokkurn tíma þátt í umræðum af þeim toga. Ekki veit ég hvort það er af því að þeir telji virðingu sinni misboðið með því, en sé því svo varið verð ég að segja að þá datt sá ímyndaði virðuleiki af og undir grímunni kom í ljós að sumir eru vart komnir af sandkassastiginu enn þá. Ég vek athygli á því að það er urmull slíkra mála, sem snerta jafnari aðstöðu og jafnrétti fólki til handa, sem liggja óafgreidd hér á þinginu í þinglok.

Það sem er þó alvarlegast í þessu sambandi er að á sama tíma gerði forsrh. þjóðarinnar sér lítið fyrir og gaf út um það yfirlýsingu að hann teldi sjálfstæði þjóðarinnar best borgið með því að ferðast um heiminn á kostnað skattborgaranna, ferðast um heiminn og eyða til þess fé þess fólks sem síðan þarf að taka við skömmtunarseðlum til brýnustu nauðþurfta.

Tugir milljóna fara til ferðalaga á vegum ríkisins. Ef aðeins eru teknar utanlandsferðir ráðherranna á s.l. ári er ljóst að þær samsvara árslaunum 34 launamanna, þeirra sem hafa 20 þús. kr. mánaðarlaun, sem sagt, árslaun þeirra allra. Þá eru ótaldar allar utanlandsferðir alþm., starfsmanna ráðuneytanna og allra stofnana ríkisins. En sé miðað við það að kostnaður við utanlandsferðir starfsmanna ráðuneytanna að meðtöldum ráðherrunum var á s.l. ári 40 millj. kr. mun láta nærri að ekki sé oftalið að heildarferðakostnaður á vegum ríkisins hafi þegar allt er talið, bankarnir og allar aðrar ríkisstofnanir, verið um 100 millj. kr.

Þetta er allt saman gott og blessað ef íslenska ríkið og þjóðarbúið hefði efni á þessu. En það hefur þjóðin ekki, ekki eins og nú árar. Þjóð sem hefur 25% launþega sinna undir fátæktarmörkum hefur ekki efni á því að senda fólk í löngum bunum á fundi og ráðstefnur erlendis. Það verður að gera um það kröfur að um leið og sett er fram krafa til almennings um að skera niður einkaneyslu, og sú skerðing hefur orðið sjálfkrafa að veruleika með því að lífskjörin hafa rýrnað, verður að gera um það kröfu að umsvif hins opinbera einkennist ekki af bruðli. Það verður að gera um það kröfur að þau verði dregin saman að því marki að a.m.k. sé ekki um að ræða að rándýrar utanlandsferðir séu farnar á kostnað launafólks í landinu.

Það er enginn að tala um það að 100 millj. skipti sköpum um afkomu launafólks. En safnast þegar saman kemur. Það er athyglisvert að þessi kostnaður við utanlandsferðirnar nemur 2000 kr. á hverja fjölskyldu í landinu, 2000 kr. í ferðaskatt á hverja fjölskyldu í landinu. En það samsvarar svo aftur u.þ.b. þeirri upphæð sem fólk er þessa dagana að fá í launabætur.

Þegar það nú hefur komið í ljós að svo miklu fé er eytt, og það aðeins í ferðalög, fer fólk að spyrja sig: Hvernig er þá ekki bruðlað með fé, okkar fé, á öllum mögulegum öðrum sviðum? Á meðan á öllu þessu stendur er launamanninum ætlað að sætta sig við kjararýrnun, sætta sig við það að ekki sé svigrúm til launahækkana.

Góðir áheyrendur. Svo eru menn undrandi á því að almenningur skuli ekki hafa trú á ráðamönnum. Það er í raun og veru eðlilegasta mál í heimi að svo skuli vera komið þegar fólk horfir upp á tvískinnunginn í nærfellt öllu tilliti. Það er greinilegt að það er kominn tími til þess að þróuninni verði snúið við. Það verður að hefja til hásætis það sem er ótvírætt hægt að ná samstöðu um, en það er að jafnrétti verði virt og frelsi allra gert mögulegt, en ekki aðeins þeirra sem búa svo vel að eiga fjármuni og eignir.

Góðir áheyrendur. Það er nú svo að frelsi getur aldrei náð lengra en þangað sem það fer að setja skorður við frelsi annarra. Það er þess vegna sem nú þarf að spyrna við fótum.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú er fyrri umferðinni í þessari umræðu lokið. Hefst nú síðari umferð.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Áður en ég vík að meginefni þess sem ég ætla að ræða hér í kvöld kemst ég ekki hjá að fara nokkrum orðum um ræðu Steingríms Hermannssonar. Ég þarf að vísu ekki að lýsa fjárhag ríkissjóðs því að forsrh. lýsti því skilmerkilega að hann væri í rúst og sú lýsing er rétt. Hitt fór í verra þegar Steingrímur hélt því fram að nú væri erlendri skuldasöfnun hætt og hrósaði sér af. Það er nefnilega beinlínis rangt.

Samkvæmt nýjum opinberum gögnum verður viðskiptahalli á árinu og erlendar skuldir munu enn vaxa um 3000–4000 millj. kr. á árinu. Það er óvefengjanlegt.

Ég gat svo ekki gert að því að brosa þegar Steingrímur fór að hrósa sér og ríkisstj. sinni af þeim úrbótum sem fram undan eru í húsnæðislánum. Allir vita að ríkisstj. hefur verið að vandræðast með þetta mál árum saman og það var ekki ríkisstj. sem leysti málin. Það var verkalýðshreyfingin sem leysti húsnæðismálin í seinustu kjarasamningum og útvegaði meira að segja peningana í það. Það hafa væntanlega fleiri en ég brosað að sjálfshóli Steingríms.

Hitt var svo reyndar hálfgrátlegt að Svavar Gestsson vildi líka eiga þessar úrbætur og þakka þær sínum

flokki. Það var grátlegt því að allir vita að það var einmitt hann sem lagði húsnæðislánakerfið í rúst í ráðherratíð sinni.

Ég ætla svo ekki, herra forseti, að fjalla frekar um þetta eða um almenn efnahagsmál hér í kvöld. Ég ætla í staðinn að gera að umræðuefni tvö mál sem lýsa öðrum sérstökum veikleikum þjóðfélags okkar og taka á því eftir þeim hugmyndum sem við Alþýðuflokksmenn höfum.

Flest þekkjum við trúlega dæmi af fjölskyldum sem eru að sligast undan íbúðakaupum sínum. Þetta eru fjölskyldur sem byggðu eða keyptu íbúðir á árunum 1980–1985. Skýringin liggur í gölluðu húsnæðislánakerfi og svo sérstaklega í því að lánskjaravísitala æddi áfram á sama tíma og launakjör voru skert.

Í nokkrum mæli hefur verið gripið til svonefndra viðbótarlána til þess að þetta fólk missti ekki íbúðir sínar. Menn hafa sagt að með þessum viðbótarlánum hafi einungis verið lengt í hengingarólinni og það er rétt. Málið er nefnilega langtum stærra og alvarlegra en svo að úr því verði leyst með viðbótarlánum. Hér er í raun og sannleika á ferðinni óbærilegt misrétti sem þjóðfélagið verður að grípa á.

Staðreyndin er nefnilega sú að þeir sem öfluðu sér íbúðarhúsnæðis fyrir árið 1980 nutu til þess aðstoðar verðbólgu og neikvæðra vaxta. Að hinu leytinu liggur nú fyrir að stórbæta eigi húsnæðislánakerfið. Þeir sem afla sér íbúðarhúsnæðis samkvæmt nýja kerfinu munu því væntanlega njóta allhagstæðra lána.

Eftir situr þá sá hópur sem aflaði sér íbúðar á þessum árum. Þessum hópi hefur verið sökkt í skuldafen og hann hefur verið gerður eignalaus. Þetta hefur ekki gerst fyrir annan tilverknað þessa fólks en þann að leyfa sér að afla íbúðarhúsnæðis á einmitt þessum árum, 1980–1985. Það voru ytri aðstæður, sem þetta fólk gat ekki haft áhrif á, sem réðu því að skuldirnar hækkuðu sífellt. Það var þannig ekki þetta fólk, heldur þjóðfélagið, efnahagsástandið og efnahagsstefnan sem brást. Sökin liggur ekki hjá þessu fólki heldur hjá þjóðfélaginu sjálfu.

Það er þetta sem er kjarni málsins. Þjóðfélagið hefur hér skapað óbærilegt misrétti. Þjóðfélagið hefur mismunað þegnum sínum. Og þá er það verkefni og skylda þjóðfélagsins að jafna muninn. Þá duga ekki viðbótarlán. Það verður beinlínis að létta á skuldum íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda áranna 1980–1985 svo að þeir geti staðið nokkurn veginn jafnfætis öðrum þjóðfélagshópum.

Það er á þessum forsendum og út frá þessum sjónarmiðum sem við þm. Alþfl. höfum lagt fram tillögu hér á Alþingi um að ríkið í gegnum Húsnæðisstofnun ríkisins leggi fram fé til að lækka skuldir þessa þjóðfélagshóps. Hér er stórt sagt en þetta er nauðsynlegt.

Í till. okkar er gert ráð fyrir að 50% af hækkun þessara skulda vegna íbúðaröflunar á þessum árum umfram hækkun almenns kaupgjalds í landinu myndi sérstakan endurgreiðsluhluta sem viðkomandi aðili ætti rétt á og yrði þessari upphæð þá varið til þess að greiða vanskil og lækka skuldir hans.

Vafalaust geta menn haft skiptar skoðanir um ýmis framkvæmdaatriði í þessu sambandi. Það má skoða. En aðalatriðið er að menn viðurkenni að þann ójöfnuð, sem hér um ræðir, verður að jafna og að hér er um félagslegt verkefni að ræða sem greiða verður úr almannasjóði því að annars hefur þjóðfélagið mismunað fólki með óbærilegum hætti eftir því einu á hvaða tímabili það aflaði sér íbúðarhúsnæðis.

Þetta vantar í það húsnæðismálafrv. sem ríkisstj. hefur nú lagt fram á sama hátt og þar vantar ákvæði um kaupleigu á íbúðum eins og við Alþýðuflokksmenn höfum flutt tillögur um. Ég skora á þingheim að bæta hér úr því að mikið er í húfi.

Næst ætla ég, herra forseti, að víkja að máli sem nokkrum sinnum hefur komið til umfjöllunar á Alþingi en þingið hefur ætíð gefist upp við af ástæðum sem ég skal greina frá hér á eftir. Ég á hér við lífeyrissjóðsmálin. Það er best að ég segi það strax að þegar ég fór að kynna mér núverandi kerfi komst ég að því að það er langtum verra og gallaðra en ég átti von á og vissi ég þó að það væri ófullkomið. Helstu staðreyndirnar um núverandi kerfi eru þessar:

1. Í landinu eru starfandi 90 lífeyrissjóðir.

2. Fólk er í mörgum sjóðum. 7300 manns eru í sex sjóðum eða fleiri. Maður spyr: Hvernig gengur fólki að halda til haga réttindum sínum og e.t.v. rifja þau upp marga áratugi aftur í tímann við þessar aðstæður? Kerfið er herfilegt.

3. Fjöldi fólks greiðir verulegar fjárhæðir í lífeyrissjóði án þess að öðlast nokkurn rétt út á það eða einungis mjög skertan rétt. Þetta finnst ykkur sjálfsagt ótrúlegt. Það fannst mér líka þegar ég uppgötvaði það. Skýringin liggur í því að sjóðirnir setja alls konar og reyndar margbreytileg skilyrði fyrir því að menn öðlist rétt út á iðgjaldagreiðslu.

Algengast er að krafist sé ákveðins lágmarkstíma, t.d. fimm ára iðgjaldagreiðslu, til þess að réttur til lífeyris fáist. Þegar sjóðfélagi hættir þátttöku í ákveðnum lífeyrissjóði er venjulegast að réttindi falli niður ef ekki eru uppfyllt skilyrði um lágmark greiðslutíma. En jafnvel þótt þeim skilyrðum sé fullnægt þegar menn flytjast úr ákveðnum sjóði skerðist réttur samt á ýmsa lund. Margir sjóðir fella þá niður barnalífeyri, aðrir fella niður rétt til örorkulífeyris og í sumum sjóðum verður verðtrygging einskis virði við þessar aðstæður. Af þessu má ráða að mörg iðgjaldagreiðslan ber ekki ávöxt í réttindum.

4. Sumir sjóðanna eru svo illa staddir að þeir geta engan veginn risið undir þeim lífeyrisgreiðslum sem þeir hafa lofað sjóðfélögum sínum. Þeir sjóðfélagar, sem greiða í þessa sjóði, munu því beinlínis verða sviknir um það sem þeim var lofað.

Fleira mætti nefna en ég læt þetta nægja. Það sýnir að núverandi lífeyrissjóðskerfi er óviðunandi og veitir léleg réttindi. Það hefur vissulega verið reynt að lappa upp á þetta kerfi. En þetta kerfi verður ævinlega ófullkomið og stenst engan samanburð við kosti eins sameiginlegs lífeyrissjóðs allra landsmanna.

Kostir þess að hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð eru fjölþættir. Ég ætla að nefna fáeina:

1. Þegar einn sjóður nær til allra landsmanna þarf enginn að velkjast í vafa um rétt sinn. Rétturinn er á einum stað og engum glatast neinn réttur þótt hann skipti um starf.

2. Einn sjóður yrði sterkur og öflugur. Sjóðnum væri því ekki hætt vegna áfalla, t.d. vegna slysa, eins og hinum litlu sjóðum er hætt sem nú eru við lýði.

3. Rekstrarkostnaður af einum sameiginlegum sjóði

yrði mun lægri en af núverandi fjölsjóðakerfi. Þannig nýttust tekjur sjóðanna betur til að standa undir réttindagreiðslum.

„Hvers vegna“ hljóta menn þá að spyrja, „hefur þá hugmyndin um einn sameiginlegan lífeyrissjóð ekki náð fram að ganga?“ Ég held að skýringin liggi í því að ýmsir svokallaðir áhrifaaðilar hafi brugðið fæti fyrir málið og Alþingi því gefist upp. Ég held hins vegar að miklum fjölda fólks, líklega meiri hluta landsmanna, séu ljósir kostir sameiginlegs sjóðs og vilji að honum verði komið á fót.

Það er á þessum forsendum og við þessar aðstæður sem við nokkrir þm. Alþfl. höfum flutt till. um að málinu verði beinlínis skotið til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tillaga okkar er að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram við næstu alþingiskosningar og þjóðin sjálf fái þar að segja til um hvers konar lífeyrisréttindakerfi hún vill hafa.

Í tillögu okkar hér á Alþingi er lýst megineinkennum hins sameiginlega sjóðs. Í fáum orðum eru þau þessi:

1. Sjóðurinn leysi gamla kerfið af hólmi 1. jan. 1990 og eftir það verði allir landsmenn félagar í nýja sjóðnum.
2. Þau réttindi, sem fólk hefur aflað sér fram til þess tíma í gamla kerfinu, haldist en gömlu sjóðirnir eigi kost á að sameinast nýja sjóðnum.
3. Sjóðurinn greiði tekjutengdan og verðtryggðan lífeyri til viðbótar greiðslum almannatrygginga.
4. Settar verði nýjar reglur um lífeyrisréttindi hjóna.
5. Sjóðurinn verði undir stjórn samtaka launafólks, atvinnurekenda og ríkissjóðs. Við teljum að fólkið sjálft eigi að fá að velja hvort það vill slíkan sameiginlegan sjóð eða núverandi fjölsjóðakerfi.

Herra forseti. Ég hef gert að umtalsefni sérstaklega tvö mál sem eiga það sameiginlegt að fólki er herfilega mismunað við þær aðstæður sem nú ráða. Við Alþýðuflokksmenn teljum að slík mismunun sé óviðkomandi og hér verði úr að bæta.

Mismunun og misrétti slítur sundur þjóðina og það er hættulegt. Við erum ein þjóð í einu landi. Það á að vera styrkur okkar að styðja hvert annað. Við eigum að leita eftir jöfnuði og jafnrétti. Það eykur þjóðarsamstöðu. Þannig áréttum við það og eflum sem er öðru mikilvægara að við erum og ætlum að vera ein þjóð í einu landi. — Góðar stundir.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Íslendingar. Núverandi ríkisstjórn var mynduð til þess að breyta og taka þátt í breytingum með fólkinu í landinu og það hafa sannarlega orðið umskipti í íslensku þjóðfélagi. Við búum við aðrar og betri aðstæður en áður var. Þeim árangri hefur að vísu ekki verið náð þrautalaust en því verður ekki á móti mælt að núv. ríkisstj. tók við efnahagslegri ringulreið á vormánuðum 1983. Verðbólga hafði þá á undangengnum misserum farið stöðugt vaxandi og var orðin 130% og stefndi hærra. Verðbótaskerðing á laun var viðvarandi og hafði verið framkvæmd 14 sinnum í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem þá skildi við. Misgengi á milli launa og lánskjara fór stöðugt vaxandi. Hagvöxtur var um það bil að stöðvast og engir tilburðir voru til þess að auka framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu og alvarlegur og víðtækur atvinnubrestur blasti við. Gengi íslensku krónunnar féll á hverjum einasta degi. Peningalegur sparnaður minnkaði og erlendar skuldir jukust þannig að stórhætta var á ferðum.

Allt þetta er nú liðin tíð. Fólkið í landinu vildi festu og öryggi í stjórnarháttum, það vildi breytingar. Það var tilbúið til þess að færa tímabundnar fórnir til þess að ná árangri. Staðreyndirnar tala nú skýrustu máli um að það var til mikils að vinna.

En í hverju eru þá umskiptin fólgin?

Í fyrsta lagi er á það að líta að við eygjum nú í fyrsta skipti möguleika á því að verðbólga geti komist á svipað stig og í nágranna- og viðskiptalöndum. Við höfum upplifað nú á þessu ári að framfærsluvísitala hefur beinlínis lækkað og lánskjaravísitalan hefur að auki lækkað. Það voru mikil tíðindi sem lengi hafði verið beðið eftir. Þrátt fyrir tímabundið áfall eftir verðbólgusamningana haustið 1984 er nú ljóst að með markvissum efnahagslegum aðgerðum og víðtækri samstöðu verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda höfum við sannað fyrir okkur sjálfum, Íslendingar, og öðrum þjóðum að við getum náð verðbólgunni niður og gert okkur vonir um að búa við efnahagslegt jafnvægi rétt eins og aðrar þjóðir.

Aðilar vinnumarkaðarins geta eftir að þessum árangri er náð gert kjarasamninga sem miða að því að viðhalda og auka kaupmátt án verðbólguskrúfu gamla vísitölukerfisins í samræmi við meiri framleiðslu og aukna verðmætasköpun. Hér hafa mest umskipti orðið.

Auðvitað setjum við markið hærra, stefnum á betri lífskjör, en hér gildir að missa ekki fótanna loksins þegar fast land er undir fótum. Bætt lífskjör verða nú að fylgja þeim auknu verðmætum sem við sköpum sjálf með vinnu okkar og þeim ávöxtum sem fjármagnið gefur af sér.

Lítum svo til þess sem var meðan Alþb. lék höfuðhlutverkið í fyrri ríkisstjórn. Þá var kaup hækkað í kjarasamningum en það var jafnharðan skert 14 sinnum með lögbundnum kjaraskerðingum. Samtals lækkaði sú lánlausa ríkisstjórn kaupmátt kauptaxta um 20% á 10 síðustu mánuðum sínum sem hún sat við völd. Á sama tíma og hún skerti kaupmáttinn þannig æddi verðbólgan upp í 130%. Þeir náðu ekki einu sinni, þeir góðu herrar, verðbólgunni niður með þessari kjaraskerðingu. Á fimm ára ferli í ríkisstjórn reyndi Alþb. árangurslaust að ná samstöðu milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins en verkalýðshreyfingin treysti þeim ekki. Hvernig ætla svo talsmenn Alþb. að telja fólkinu í landinu trú um að þeir mundu stjórna á annan veg nú en þeir gerðu fyrir þremur árum? Hvers vegna voru þau meðul sem þeir nú þykjast ráða yfir ekki notuð meðan þeir sjálfir sátu í ráðherrastólum?

Nú hefur það hins vegar gerst að kauptaxtar munu hækka um 13–14% á þessu ári en áætlað er að hækkun framfærsluvísitölu verði innan við 10%. Kaupmátturinn er þannig að aukast. Tekjur fólksins munu jafnvel hækka meira vegna þess að gróska er í atvinnulífinu, ný störf eru að verða til, framleiðni er að aukast og verðmætasköpunin að vaxa. Kaupmáttur lífeyrisþega er 7% hærri en þegar Svavar Gestsson gekk út úr heilbr.- og trmrn. á vordögum 1983. Kaupmáttur lífeyrisþega er 7% hærri en þegar þessi talsmaður og forustumaður Alþb. yfirgaf stjórnarráðið fyrir þremur árum.

Fólkið í landinu vill kjarabætur sem endast. Það hefur hafnað stefnu gömlu flokkseigendadeildarinnar í Alþb. sem felst í því að lifa hátt og lifa um efni fram um

stuttan tíma en fá svo stórfellda kjaraskerðingu á eftir. Hafi Alþb. verið treyst til ábyrgðar í ríkisstjórn hefur það ávallt hlaupist frá vandanum þegar í slíkt óefni hefur verið komið.

Í þriðja lagi ber að hafa það í huga að í tíð fyrri stjórnar hækkaði lánskjaravísitalan um rúm 17% umfram það sem launavísitalan hækkaði. Á þessu sviði hafa orðið algjör umskipti. Um síðustu mánaðamót stóð svo á að lánskjaravísitalan og launavísitalan höfðu hækkað nokkurn veginn jafnt frá upphafi starfstíma þessarar ríkisstjórnar. Þetta eru umskipti í þágu launafólksins, ekki síst unga fólksins sem á það verk fyrir höndum að koma sér þaki yfir höfuðið.

Í fjórða lagi getum við horft fram á veginn með nokkurri bjartsýni. Með breyttri efnahagsstefnu og bættum ytri skilyrðum þjóðarbúsins er framleiðslan að aukast og þjóðartekjurnar að vaxa og hallinn á viðskiptum við aðrar þjóðir, sem við höfum haft miklar *áhyggjur af á undanförnum árum, verður minni en áður* var ætlað eða um 2,3% af framleiðslunni. En á hinn bóginn er ætlað að launþegar beri meira úr býtum. Þó að kaupmáttur útflutningstekna aukist um 2% gerum við ráð fyrir því að kaupmáttur atvinnutekna aukist um 4%. Við höfum með öðrum orðum notað efnahagsbatann til þess að bæta lífskjörin, til þess að lækka verðbólguna og til þess að minnka viðskiptahallann við útlönd.

Í fimmta lagi hefur það gerst að peningalegur sparnaður er að vaxa. Það eru einhver mikilsverðustu umskiptin sem átt hafa sér stað því að engin þjóð vinnur sig út úr erfiðleikum öðruvísi en að spara.

Á félagsmálasviðinu hafa einnig orðið umskipti. Ég ætla að nefna eitt atriði. Jafnt og þétt hefur verið unnið að því að byggja upp traust og öflugt húsnæðislánakerfi. Framlög ríkisins til Byggingarsjóðs hafa verið stóraukin. Í tíð Svavars Gestssonar sem félmrh. námu fjárveitingar til Byggingarsjóðs aðeins 17% af heildarlánveitingum en eru nú komnar í u.þ.b. 60%. Þegar Svavar Gestsson var félmrh. voru engar tilraunir gerðar til að koma til móts við það fólk er varð svo hart úti sem raun ber vitni vegna misgengis launa og lánskjara. Í tíð núverandi ríkisstj. hafa hins vegar verið gerðar margháttaðar ráðstafanir bæði með skuldbreytingu og samþykkt sérstakra laga um greiðslujöfnun en nauðsynlegt var að hafa þau lög afturvirk til þess að rétta því fólki hjálparhönd sem hafði orðið fyrir barðinu á efnahags- og félagsmálastefnu fyrri ríkisstjórnar.

Eigi að síður glímir það fólk enn við mikinn vanda. Og nú hefur tekist víðtækt samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um enn frekari uppbyggingu *húsnæðislánakerfisins. Það hefur alla tíð verið ljóst að* endanlegum markmiðum í þeim efnum yrði ekki náð nema með samvinnu opinbera húsnæðislánakerfisins og lífeyrissjóðanna í landinu. Um þetta atriði náðu aðilar vinnumarkaðarins samkomulagi í síðustu kjarasamningum og ríkisstj. hefur þegar lagt fram frv. til þess að koma fram þeim breytingum sem samstaða varð um milli hennar og aðila vinnumarkaðarins á dögunum. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum þar sem mjög myndarlega hefur verið tekið á hinum félagslegu verkefnum, samhliða því sem unnið hefur verið að því að uppræta efnahagslegar meinsemdir í þjóðfélaginu og skapa skilyrði fyrir uppbyggingu og velferð.

Veruleg umskipti hafa einnig orðið í skattamálum. Í tíð núverandi ríkisstj. hafa beinir skattar verið lækkaðir um 1,4 milljarða króna sem er u.þ.b. helmingurinn af nettótekjuskatti einstaklinga. Skattbyrði einstaklinga til ríkisins vegna beinna skatta hefur lækkað um því sem næst fjórðung frá árinu 1982. Ýmsir óbeinir skattar og tollar hafa stórlækkað, launaskattur verið afnuminn í fiskvinnslu og iðnaði, verðjöfnunargjald á raforku afnumið. Samtals hafa skatttekjur ríkissjóðs verið minnkaðar um rúmlega 3200 millj. kr. á tíma þessarar ríkisstj.

Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að þessar umfangsmiklu skattalækkanir og aukin framlög t.a.m. til húsnæðismála hafa valdið hallarekstri á ríkissjóði. Það verður mikið verkefni á næsta ári að brúa það bil. Þessi ríkisstj. hefur talið rétt að auka sértekjur ríkisins á ýmsum sviðum með það í huga að þeir sem njóta þjónustu eigi að standa undir kostnaði við hana eða hluta hennar. Þeir sem ekki eiga bíl eiga t.d. ekki að greiða kostnað við bifreiðaeftirlit. Þeir sem lítið ferðast til útlanda eiga ekki að greiða sama skerf í afborgunum af lánum af nýrri flugstöð og hinir sem mikið ferðast til útlanda.

Herra forseti. Á bak við þau umskipti sem hafa orðið í íslenskri pólitík er stefna í efnahagsmálum. Við sjálfstæðismenn viljum halda áfram að byggja upp á þessum grunni sem nú hefur verið lagður. Við höfum stigið fyrsta skref til betri framtíðar og vitum og finnum að við eigum samleið með fólkinu í landinu á þeirri vegferð.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Góðir landsmenn, þeir sem enn eru að hlusta.

Ég vil byrja mál mitt á að harma það að fólkið í landinu fær aldrei að heyra í fulltrúum sínum á þingi með öðrum hætti en þessum. Tvisvar til þrisvar á ári fær fólk þetta leikhús yfir sig. Menn koma hér í ræðustól og þenja sig framan í hljóðnema og auðan sal. Þessir atburðir eru leikhús vegna þess að þeir eru ekki veruleiki þingstarfa.

Hvers vegna má almenningur ekki fylgjast með raunverulegum þingfundum? Hvers vegna má almenningur ekki fylgjast með þingmönnum þegar þeir verja málstað sinn í umræðum hér á þingi? Við hvað eru menn hræddir? Svo hræddir að það má ekki hafa sérstaka útvarpsrás opna á þingfundartíma sem menn geta hlustað á sem vilja. Í staðinn er skynsemi fólks misboðið með því að hlusta á þessar uppákomur, þegar fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu tala hér hvor fram hjá öðrum. Stjórnarfulltrúar guma og gorta af afrekum sínum, skamma fyrri ríkisstjórnir og slappa *stjórnarandstöðu en stjórnarandstaðan formælir ríkis*stjórninni og skammar hana fyrir getuleysi og segist geta allt betur.

Það sem er að þessum umræðum er að þær eru náttúrulausar. Þær eru náttúrulausar vegna þess að menn skiptast hér ekki á skoðunum, vega og meta skoðanir hvers annars, heldur gefa hástemmdar yfirlýsingar í þeirri von að einhver sé að hlusta á þá. Ég held ekki að það sé rétt að sýna fólki aldrei annað en þessa náttúrulausu mynd af Alþingi.

Þingmenn eru að fara í 24 vikna sumarleyfi eða rúmlega fimm mánuði. Auðvitað munu þeir ekki sitja auðum höndum en fólk veit að á meðan verða ekki sett nein lög, hvorki góð né vond, og fólki sviður. Því sviður

þegar það horfir í launaumslagið sitt því það veit að hluti af þeim peningum sem vantar í launaumslagið fer í að borga þingmönnum laun. Laun fyrir að sitja eða sitja ekki á þingi, laun fyrir að sitja í stjórnum banka eða fyrirtækja og laun fyrir að sitja í alls kyns nefndum og ráðum sem ekki eru í neinum tengslum við þess daglega líf.

Hvað sögðu þeir í bankaráði Útvegsbankans? Bankaráðið, það gerir ekkert, það ræður engu. Og fyrir það þiggja þeir laun samt.

Hvers vegna svíður fólki þessi vitneskja? Jú, vegna þess að það veit að þessir þm. bera ábyrgð á afkomu þess. Það eru þm. sem bera ábyrgð á því að krónurnar í launaumslaginu hrökkva svona skammt. Og fólkið veit að þm. hafa ekki sett nein lög á þessu þingi frekar en öðrum sem stuðla að því að laun þess nægi fyrir mannsæmandi lífi. Samt vill fólk hafa mannsæmandi laun og fólk vill að þm. setji þannig lög að það geti haft mannsæmandi laun. Fólkið veit að við erum sjötta tekjuhæsta þjóð veraldar. Fólk veit að verðmæti framleiðslu hvers Íslendings er hærra en hjá Dana, Finna eða Svía og samt sem áður eru launin lægri og verðlag neysluvarnings þrisvar sinnum hærra. Fólk veit að þm. geta breytt þessu. Þm. geta sett lög sem tryggja réttláta skattheimtu og koma í veg fyrir skattsvik. Fólk veit að þm. þurfa ekki að setja lög um offjárfestingar í virkjunum og verksmiðjum og byggingum sem eru baggi á þjóðinni. Fólkið veit að þm. geta sett lög sem koma í veg fyrir sjálfvirkt arðrán fyrirtækja eins og SÍS, Mjólkursamsölunnar og Seðlabankans. Fólk veit að við þurfum ekki 700 milljóna Seðlabankahús. Fólkið veit þetta og fólkið vill annað.

Hvers konar lýðræði er það þegar þm. gera ekki það sem fólkið vill heldur eitthvað allt annað? Er það lýðræði þegar þjóðkjörnir fulltrúar fara ekki að vilja kjósenda sinna? Hvers konar stjórnkerfi búum við við að kjörnir fulltrúar skuli komast upp með það ár eftir ár að fara ekki að vilja meiri hluta kjósenda?

Þingmenn geta hundsað vilja meiri hluta kjósenda í stjórnkerfi þar sem mannréttindi eru vanvirt með því að menn hafa ekki allir sama atkvæðisrétt. Stjórnvöld geta hundsað vilja kjósenda þegar þau eru ekki kosin af þjóðinni heldur af fámennum hópi flokkseigenda. Stjórnvöld geta hundsað vilja fólks þegar öllu athafnalífi er stjórnað af fámennum hópi ráðherra og flokkseigenda. Fólki eru allar bjargir bannaðar þegar verkalýðsforustan síðan sest í hóp þessara manna og semur um kjör launþega með lögum eins og gerðist í síðustu samningum.

Góðir landsmenn. Gömlu flokkarnir munu ekki setja lög um jafnan kosningarrétt því að það eykur völd kjósenda og dregur úr valdi flokkanna. Gömlu flokkarnir munu ekki setja lög um að forsrh. verði kjörinn beint því það eykur völd kjósenda og dregur úr valdi flokkanna. Gömlu flokkarnir munu ekki setja lög um að skera niður miðstýringu ríkisvaldsins og flytja framkvæmdavald út til landshlutanna því að það dregur úr tökum flokkanna á miðstýringunni. Gömlu flokkarnir munu ekki setja lög sem heimila fólki að semja beint við fyrirtæki sín á vinnustað því að það dregi úr pólitísku valdi þeirra á verkalýðshreyfingunni. Gömlu flokkarnir munu heldur aldrei þora að leyfa ykkur, góðir áheyrendur, að fylgjast með venjulegum störfum hér á Alþingi, hvorki í útvarpi né sjónvarpi, því þá yrðu þeir að svara kjósendum fyrir gerðir sínar í hverju máli og því þora þeir ekki.

Hvers vegna þora þeir því ekki? Jú, vegna þess að þá sæju kjósendur hvað þm. gömlu flokkanna eru ófrjálsir og rígbundnir í hagsmunavörslu fyrir flokkseigendurna. Hvers vegna heldur fólk að þm. hafi samþykkt lögin um kjarasamningana? Haldið þið að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því að þeir voru að dæma hóp fólks til að lifa á launum sem nægja ekki til framfærslu eða að dæma fólk til að vinna tvöfaldan vinnudag? Haldið þið að þeir hafi ekki vitað að einhleyp stúlka með eitt barn sem borgar 15 þús. kr. í húsaleigu og hita lifir ekki á þeim 7 þús. kr. á mánuði sem hún á eftir? Það eru 233 kr. á dag. Og þó hún fái hækkað meðlag og barnabætur hefur hún aldrei meira en 450 kr. á dag að moða úr. Haldið þið ekki að þeir hafi vitað þetta? Það skal reyndar sagt þessum þm. til afsökunar að það stendur ekki í dönsku stjórnarskránni okkar að allir skuli jafnir fyrir lögum af því að hún var samin af kóngi á síðustu öld.

Góðir landsmenn. Stjórnarskrá okkar var samin á síðustu öld. Gömlu stjórnmálaflokkarnir okkar eru stofnaðir í byrjun þessarar aldar. Stjórnkerfi okkar varð til í lok fyrri heimsstyrjaldar. Vinnulöggjöf okkar varð til í kreppunni fyrir síðari heimsstyrjöld. Það eru 14 ár þangað til 21. öldin byrjar.

Ég tel að þeir stjórnmálamenn sem halda að þessi tæki dugi til þess að stjórna á næstu öld eigi ekki rétt á að sitja á þessu þingi. Ég tel að stjórnarskrá sem samin var af fulltrúa lénsskipulags á síðustu öld sé ekki heppilegt stjórntæki á 21. öldinni. Ég tel að stjórnkerfi sem mótaðist af miðstýringarþörf við frumstæðar aðstæður fyrri heimsstyrjaldar sé ekki heppilegt stjórntæki á 21. öldinni. Ég tel að flokkakerfi hægri og vinstri sem varð til á uppgangstímum marxismans eftir fyrri heimsstyrjöld sé ekki flokkakerfi 21. aldarinnar. Ég tel líka að vinnulöggjöf kreppuáranna þurfi að breyta til að hún dugi næstu öld.

Ég veit að þessum hlutum verður ekki breytt með starfi innan gömlu flokkanna. Þess vegna berst Bandalag jafnaðarmanna gegn flokkakerfinu og fyrir þeim breytingum sem verður að gera til þess að Íslendingar geti notið þeirra verðmæta sem þeir skapa.

Góðir landsmenn. Ég hef lokið máli mínu.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Árásirnar á Alþb. og formann þess, Svavar Gestsson, hafa verið einkar athyglisverðar í kvöld. Ástæðurnar fyrir árásunum eru auðvitað ótti hinna flokkanna við Alþb. sem er í stórfelldri sókn um allt land nú fyrir sveitarstjórnarkosningarnar. Alþb. er flokkurinn sem fhaldsöflin óttast um þessar mundir og ræður stjórnarsinna lýsa taugaveiklun þeirra. Það er einkar fróðlegt fyrir hlustendur að þeir eyða ekki aukateknu orði á aðra stjórnarandstæðinga. Það segir líka sína sögu.

Þriðja þing ríkisstjórna er þeim oft erfitt. Þá fara þreytumerki oft að koma á liðið og áhuginn og getan til að gera eitthvað minnkar, nýjabrumið og áhuginn sem oftast er ríkjandi fyrstu tvö þingin er ekki lengur til staðar.

Það eru einmitt þreytumerkin á ríkisstjórnarliðinu sem einnkennt hafa það þing sem nú situr og senn er lokið. Það er kannske vægt að orði komist að nefna það þreytumerki. Að sumra mati mætti nefna starfshætti ríkisstj. uppgjöf við að stjórna þjóðinni, þjóðarbú-

skapnum.

Því ber vitaskuld að fagna að svo sé ástatt hjá þessari íhaldsstjórn, leiftursóknar- og frjálshyggjustefnunni sé ekki eins haldið til haga og við upphaf stjórnarsetunnar.

Greinilegustu merki þreytunnar eru þau að þau þingmál sem í minnum verða höfð frá þessu þingi eru mál sem lögð eru fyrir þing og ríkisstjórn af aðilum utan þingsins. Málin hafa verið afhent ríkisstj. til afgreiðslu og framlagningar á Alþingi. Aðilar utan ríkisstj. hafa fyrir fram tryggt þeim meiri hluta á Alþingi. Þessi mál eru:

Í fyrsta lagi þau lög sem samþykkt voru í beinum tengslum við kjarasamningana í vetur. Í öðru lagi frv. um nýtt húsnæðislánakerfi sem enn er til umræðu hér í þinginu og er í beinum tengslum við kjarasamningana. Þetta frv. mun verða að lögum á þessu þingi. Í þriðja lagi frv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins sem er samkomulagsmál hagsmunaaðila innan sjávarútvegsins og verður vonandi að lögum nú í þinglokin.

Öll þessi mál eru staðfesting á uppgjöf ríkisstj. og að leitursóknarstefnan og frjálshyggjupólitíkin gengur ekki upp hér hjá okkur á Íslandi frekar en annars staðar þar sem hún hefur verið reynd. Ríkisstj. hefur ekki tekist að ráða við verðbólguna, aðilar vinnumarkaðarins tóku ráðin af ríkisstj. í þeim málum. Þar hefur a.m.k. náðst tímabundinn árangur. Nú þarf að halda ríkisstj. við efnið og láta hana ekki komast upp með verðhækkanir eða aðrar millifærsluleiðir frá launafólki og framleiðslusténum til afætuþátta í þjóðfélaginu.

Eftir þriggja ára valdatíma þessara manna, sem lofuðu hvað mestu í kosningunum 1983 um aðgerðir í húsnæðismálum, hefur ekki örlað á neinu í þá átt að leysa á varanlegan hátt lánaþörf og húsnæðisvandamál. Það er ekki fyrr en verkalýðshreyfingin knýr þessa herra til aðgerða við samningaborðið um kaup og kjör í landinu að þeir fallast á að gera samkomulag um nýtt húsnæðislánakerfi. Það er öll reisnin eftir stóru loforðin 1983, m.a. hjá hæstv. félmrh., 2. þm. Vesturl.

Þriðja málið nefndi ég, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Þetta frv. er samkomulagsmál hagsmunaaðila og í reynd orðið til á svipaðan hátt og Garðastrætismálin sem ég nefndi hér á undan. Þetta mál hefur verið blásið út í fjölmiðlum sem eitthvert afrek sjútvrh. og ríkisstj., verið sé að leggja niður ýmislegt sem vont hafi verið í kerfinu án frekari skilgreiningar þar um. En hvað skyldi það vera þetta vonda sem verið er að leggja niður með þessu frv. ef að lögum verður?

Þar ber langhæst millifærslukerfi sem núverandi ríkisstj. hafði búið sér sjálf til og notað, m.a. sérstakur kostnaðarhlutur fram hjá skiptum, 29%, sem var grundvöllur bjargráðanna 1983 þegar ríkisstj. settist í stólana. Millifærslukerfi Aflatryggingasjóðs hefur verið uppáhaldskerfi ríkisstj. og síðast notað við fiskverðsákvörðun nú í vetur þótt auðvelt hefði verið að fella það niður og láta þá millifærslu koma beint í fiskverð.

Við samningu þessa frv. var öðruvísi að staðið og umfjöllun virðist ætla að verða allt önnur en þegar frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins var hér til umræðu í fyrravor. Nú komu aðilar sjávarútvegsins með fulltrúum þingflokka sér saman um frv. sem einfaldar margflókið kerfi ríkisstj.

Framleiðsluráðsfrv. var undirbúið í þröngum hópi og þrýst gegnum þingið gegn margháttuðum mótmælum. Stjórnarandstaðan fékk ekki að koma nálægt undirbúningi málsins. Ráðherra voru fengið stóraukin völd til að taka ákvarðanir í málefnum bænda.

Það er gott þegar þreyta og uppgjöf ríkisstj. birtist á þann veg sem kemur fram í samanburði á meðferð þessara mála. Um þjóðfélagið allt er þó skaðinn skeður af öðrum verkum ráðherranna, heildarstjórnarstefnunni. Afleiðingar framleiðsluráðslaganna og þá kannske frekar aðdraganda þeirra og mistök við stjórnun landbúnaðarframleiðslunnar undanfarin ár eru nú að verða þess valdandi að við blasir eignamissir margra bænda með tilheyrandi röskun á byggð.

Niðurskurður framlaga á fjárlögum til sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga á valdatíma ríkisstj. er að verða þess valdandi að uppbygging félagslegrar þjónustu er í algjöru lágmarki víða á landsbyggðinni. Minnkandi félagsleg þjónusta og erfiðleikar sveitarfélaga eru einn aðalvaldur þess að fólk flytur af landsbyggðinni hingað á Reykjavíkursvæðið.

Miðað við fjárlög 1983, síðustu fjárlög Ragnars Arnalds sem fjmrh., er útkoman þessi miðað við verðlag fjárlaga 1986: Framlag til grunnskóla er 44,4% af framlagi ársins 1983. Framlag til hafnarframkvæmda er 41,9% af framlagi 1983. Framlag til dagvistarstofnana er 64,3%. Framlag til flugvalla er 40,2% af framlagi 1983. Framlag til mennta- og fjölbrautaskóla er 43,6% af framlagi 1983. Framlag til héraðsskóla er 64,3% af framlagi 1983. Og framlag til sjúkrahúsa er 44,1% af framlagi 1983. Meðalhlutfallstala á framlögum þessara þátta á fjárlögum 1986 miðað við fjárlög fjmrh. Alþb. 1983 er 44,7%.

Nú þegar líður að sveitarstjórnarkosningum er rétt að festa sér þessar tölur í minni, muna eftir því að aukið afl íhaldsins þýðir minni félagslegar framkvæmdir og þjónustu. Aldrei fyrr hefur jafnmargt ungt fólk haft rétt til að kjósa á Íslandi og í hönd farandi sveitarstjórnarkosningum. Ég óska því unga fólki til hamingju með þann rétt og 18 ára kosningaaldurinn. Engum er eins nauðsynlegt og unga fólkinu að séð sé vel fyrir félagslegri þjónustu. Til að tryggja það þarf að efla Alþb., öflugasta mótvægið gegn íhaldsstefnunni

Herra forseti. Í lokin nokkur orð um fiskveiðistefnuna.

Fjölmiðlar hafa ekki gert mikið úr ábendingum okkar sem höfum talið þá fiskveiðistjórnun sem við höfum búið við undanfarin rúm þrjú ár mjög gallaða. Ábendingar okkar um það hvaða leiðir væru betri hafa ekki átt greiða leið í fjölmiðla.

Einn er sá þáttur sem hvað mest hefur verið lofsunginn í sambandi við aflamarkið eða kvótann. Það er aukin hagkvæmni í rekstri, kvótakerfið stuðlaði að sparnaði á marga vegu. Þjóðhagsstofnun hefur m.a.s. reiknað út að hagkvæmnin sé mjög mikil!

Eins og við vitum öll hefur þorskurinn gert mikið að því að flækja sig í netum sjómanna í vetur, sérstaklega þó við Vesturland. Breiðafjörður virðist vera fullur af fiski og þar hefur veiðst mjög vel og góður fiskur borist á land, stutt á miðin, netaeyðsla í lágmarki, tíðarfar mjög gott.

Ef Þjóðhagsstofnun reiknaði út sparnað þeirra Breiðfirðinga nú mundi tölvan hjá þeim varla hafa forrit til að vinna það. Breiðafjörður hefur verið fullur af fiski frá því í febrúar og er það enn, en þeir eru alltaf

fleiri og fleiri Breiðafjarðarbátarnir sem ekki eru á miðunum heldur bundnir við bryggju vegna þess að þeim er bannað að fiska meira. En það fjölgar jafnframt bátum frá Suðurlandi sem eru á Breiðafjarðarmiðum, bátum frá Grindavík, bátum frá Þorlákshöfn og jafnvel frá Hornafirði og veri þeir velkomnir á Breiðafjarðarmið. Þeir eru 15–20 klst. á miðin frá heimahöfn, jafnvel lengur, og þeir sigla með aflann til heimahafnar. Hvert skyldi vera tap þjóðarbúsins af því að meina Breiðafjarðarbátum að veiða þorskinn við landsteinana heima hjá sér, færa hann næstum spriklandi að landi, miðað við þann kostnað sem fer í siglingatíma Sunnlendinganna og verðmætisrýrnun sem óhjákvæmilega verður á afla þeirra?

Herra forseti. Er nokkurt vit í fiskveiðistefnu sem stuðlar svona að auknum sóknarkostnaði og um leið verðmætisrýrnun á afla?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Nú eru liðin tæp þrjú ár frá því að núv. ríkisstj. var mynduð og því farið að síga á seinni hluta starfstíma hennar. Þegar hún tók við voru ytri aðstæður okkur Íslendingum óhagstæðar og höfðu verið það um nokkra hríð. Það þurfti því áræði og festu til að takast á við þau vandamál sem biðu úrlausnar.

Alþb. hafði brugðist kjarkur hvað eftir annað í fyrri ríkisstjórn og svo var einnig þegar kom til myndunar nýrrar ríkisstj. að afloknum síðustu kosningum. Alþb. kaus að hlaupa frá stjórn landsins í 130% verðbólgu og við blasti hætta á miklu atvinnuleysi.

Framsfl. ákvað að axla þá ábyrgð sem því fylgdi að takast á við aðsteðjandi vandamál sem Svavar Gestsson kallaði hér áðan kosningasvik. Ef eitthvað eru kosningasvik er það að bregðast á vandasamri stund, eins og hann hefur iðulega gert.

Framsfl. lagði fram strax í upphafi ákveðnar tillögur um úrlausn mála og þó að margt hafi farið með öðrum hætti en gert var ráð fyrir má fullyrða að árangurinn er mikill. Verðbólgan er nú minni en um áratuga skeið en það er forsenda þess að okkur takist að byggja upp heilbrigt atvinnu- og menningarlíf og minnka þær skuldir sem við höfum safnað.

Það er hins vegar engin ástæða til að hrósa strax sigri. Því það á eftir að vera verkefni okkar á næstu árum og jafnvel áratugum að glíma við miklar erlendar skuldir. Það er því eðlilegt að menn spyrji í dag hvernig sá árangur sem náðst hefur verði tryggður og með hvaða hætti takast megi að mynda þá samstöðu í þjóðfélaginu sem þarf til að gera hann varanlegan. Við höfum lært það af reynslunni að það er lítill vandi að missa tökin á verðbólgunni og enn minni vandi að auka skuldirnar.

Ef samstaða er um eitthvað í þessu þjóðfélagi hygg ég að hún sé um að halda verðbólgunni í skefjum og lækka erlendar skuldir. Það verður hins vegar aldrei alger eining um með hvaða hætti þessum markmiðum verði best náð. Það er verkefni stjórnmálaflokkanna að leiða þjóðina til farsællar lausnar á þeim vandamálum sem að steðja.

Þeir þættir sem mestu ráða í þeim efnum eru uppbygging og skipulag atvinnuveganna, kjaramál, ríkisfjármál og peningamál. Þeir kjarasamningar sem nýlega voru gerðir eru mjög mikilvægir því að með þátttöku aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins í sameiningu var ráðist að verðbólguvandanum með markvissari og ákveðnari hætti en við höfum áður kynnst. Þessir samningar setja okkur hins vegar þröngar skorður í ríkisfjármálum.

Framsóknarmenn leggja áherslu á að tryggja þurfi betri afkomu ríkissjóðs, afla þurfi nauðsynlegra fjármuna til sameiginlegra þarfa og hvergi megi slaka á til að viðhalda því velferðarríki sem tekist hefur að byggja upp hér á landi. Því verður það eitt aðalverkefni stjórnvalda á næstunni að huga að þessum þáttum.

Það er á margan hátt merkilegt að þegar stjórnarandstaðan ræðir um framtíðina í íslenskum stjórnmálum komast leiðtogar hennar oft að þeirri niðurstöðu að til að tryggja áframhaldandi árangur í íslenskum efnahagsmálum þurfi að útiloka Framsfl. frá þátttöku í ríkisstjórn. Hins vegar virðast þeir vera reiðubúnir að eiga aðild að ríkisstjórn sem er breyting frá 1983, rétt sé að mynda ríkisstjórn Alþb., Alþfl. og Sjálfstfl. að loknum næstu kosningum. Þessi niðurstaða stjórnarandstöðunnar er torskilin hugsandi fólki sem hafa aðdraganda, undirbúning og framkvæmd síðustu kjarasamninga í huga, en enn þá furðulegri verður niðurstaðan þegar forsendur slíkra fullyrðinga eru skoðaðar.

Því er gjarnan haldið fram að til að ná frekari árangri í efnahagsmálum þurfi að taka á skipulagsmálum atvinnuveganna og því þá bætt við að slíkt verði ekki gert með Framsfl. Í þessu sambandi er rétt að líta til þess tímabils sem liðið er af kjörtímabilinu. Framsfl., fyrstur flokka, lagði fram heilsteypta stefnu í atvinnumálum undir kjörorðinu Nýsköpun atvinnulífs, sókn til bættra lífskjara. Þessi atvinnustefna hefur síðan verið grundvöllurinn í atvinnustefnu ríkisstj.

Í sjávarútvegi hafa verið gerðar miklar skipulagsbreytingar. Fiskveiðistefnunni hefur verið gerbreytt og miklar takmarkanir settar á stækkun fiskiskipaflotans. Með frv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, sem nú er til meðhöndlunar á Alþingi, hefur verið ákveðið að leggja sjóðakerfi sjávarútvegsins niður. Með þessum aðgerðum hafa verið sköpuð mun betri skilyrði í sjávarútvegi en annars hefði orðið. Arðsemi greinarinnar hefur aukist, framleiðslan vaxið og tilkostnaðurinn minnkað sem hefur gert henni kleift að takast á við þá erfiðleika sem hún var komin í. Breytingarnar hafa jafnframt skapað grundvöll til að bæta kjör þess fólks sem mun vinna við sjávarútveg um ókomin ár.

Breytingar á sjóðakerfinu bæta stöðu sjómanna. Unnið er skipulega að aukinni starfsfræðslu fiskvinnslufólks sem mun verða grunnur að auknum réttindum og bættum kjörum. Það er því að ganga yfir mikið breytingaskeið í sjávarútvegi sem lýsir sér í skipulagsbreytingum og margvíslegum nýjungum.

Í landbúnaði hefur stjórnun framleiðslunnar verið gerbreytt og aðstæður skapaðar til að auka arðsemi greinarinnar og tryggja hag þess fólks sem mun vinna við landbúnað í framtíðinni. Hér er um óvenjuvandasamt mál að ræða og landbúnaðurinn mun þurfa fyrst í stað að taka á sig þá erfiðleika sem breytingunum fylgja með sama hætti og sjávarútvegurinn. Það er ávallt skammsýni að taka ekki á erfiðleikum. Ávöxtur aðgerðanna mun koma síðar og tryggja framtíðarhag landbúnaðar og búsetu í sveitum.

En hvað eru þessir forustumenn stjórnarandstöðunnar að tala um þegar þeir segja að það sé forsenda til frekari árangurs að Framsfl. verði ekki með í næstu ríkisstjórn? Hvaða aðrar breytingar ætla þeir að gera í

sjávarútveginum til að tryggja betri árangur? Ekkert hefur komið fram um það nema e.t.v. þau orð sem komu fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni sem sýndi mikla þröngsýni í fiskveiðistjórnun því að að sjálfsögðu þarf að tryggja fiskveiðar allra landsmanna. Hverjum öðrum breytingum ætla þeir að standa að í landbúnaði til að tryggja betri árangur? Lítið hefur komið fram um það, en þó má ráða af orðum þeirra að það þurfi að draga enn meira úr framleiðslu landbúnaðarvara en gert hefur verið sem mundi leiða til þess að heilar sveitir legðust í eyði. Fróðlegt væri að vita með hvaða hætti þeir hafa hugsað sér að standa að málum.

Hitt er svo annað mál að víða má taka til hendi. Hömlulaus fjárfesting og óráðsía í raforkumálum hefur orðið þess valdandi að raforkuverð hér á landi er mun hærra en annars þyrfti að vera. Lítið var gert til að selja þá orku sem ákveðið var að framleiða. Þar er enn mikið óunnið.

Uppbygging heilbrigðiskerfisins hefur ekki verið framkvæmd af nægilegri fyrirhyggju og víða eru vandamál í menntakerfinu. Framsfl. hefur á engan hátt komið í veg fyrir að tekið væri á þessum málum.

Mikill ofvöxtur hefur verið í bankastarfsemi hér á landi og hafa m.a. í þeim tilgangi að ráða þar bót á verið samin ný lög um bankastarfsemina. Sú löggjöf hefur enn ekki leitt til mikillar hagræðingar í bankakerfinu, en vonandi mun það gerast. Ekki hefur Framsfl. komið í veg fyrir að myndarlega væri tekið á þeim málum heldur lagt á það mikla áherslu.

Ástæðurnar fyrir því að þessir flokkar telja að útiloka beri Framsfl. frá frekari stjórnarþátttöku eru að sjálfsögðu allt aðrar. Alþfl. hefur kosið sér forustu sem aðhyllist svokallaðar frjálshyggjukenningar. Alþb. hefur á síðari árum litið á það sem sitt aðalhlutverk að ráðast á Framsfl. og taka upp ýmis stefnumál hans í þeim tilgangi að komast inn á það svið íslenskra stjórnmála sem Framsfl. hefur starfað á, eins og skýrt kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni áðan. Þeir byrjuðu sem kommúnistar, en það er sama hvar kommúnistar starfa í heiminum, alls staðar reyna þeir að komast inn á svið lýðræðisflokkanna í þeim tilgangi að ná völdum. Það er í sjálfu sér mikilvægt að þetta skuli koma hreint fram hjá Alþb. Nú hyggst foringi kommúnistanna taka saman við Alþfl. og Sjálfstfl. Þar ætlar hann að finna nýja vini sína. Með þeim ætlar hann að komast til valda.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Framsfl. fékk ekki auðvelt hlutskipti í þessari ríkisstjórn. Hann tók að sér forustu í henni og erfiða málaflokka í atvinnumálum. Það var einnig hans hlutskipti að hafa forustu um mikilvægar breytingar í húsnæðismálum sem nú hafa komið fram hér á Alþingi og eiga eftir að skipta sköpum fyrir þær kynslóðir sem nú eru að vaxa úr grasi. Við höfum unnið að þessum verkefnum af fullum heilindum og starfað á grundvelli þeirra hugsjóna sem við berjumst fyrir. Við höfum að sjálfsögðu þurft að standa að málamiðlunum. Íslenska flokkakerfið er kerfi málamiðlunar og það er ekkert sem bendir til að það muni breytast. Framsfl. hefur hins vegar haft meiri áhrif á mótun íslensks þjóðfélags en nokkur annar flokkur og má vera að þeim sem standa innan vébanda annarra stjórnmálaflokka þyki nóg komið.

Við erum hins vegar stoltir af því þjóðfélagi sem við búum í og við erum hreyknir af sporum flokksins sem liggja um allt þjóðfélagið og erum þess fullvissir að það muni koma skýrt fram í þeim sveitarstjórnarkosningum sem nú eru fram undan.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hvert þing hefur sitt svipmót. Það sem nú er senn á enda hefur mörgum þótt dauft og sviplítið lengst af. Ef að er gáð hljótum við þó að minnast hressilegra skoðanaskipta um hin margvíslegustu málefni, kjaramál og okurmál, húsnæðismál og stjórnun fiskveiða, afvopnunarmál og gjaldþrotamál, selveiðar og sveitarstjórnarmál og svo eru öll hin málin, sem of langt yrði upp að telja, sem ekki síst þm. stjórnarandstöðu hafa lagt fram til umfjöllunar en litlu fengið áorkað því stjórnarliðum er hreint ekki sama hvaðan gott kemur. Slíkur er samkeppnisandinn og eiginhagsmunapotið, því miður.

Það er þó engan veginn tilgangslaust að leggja fram till. hér á Alþingi, þótt þær leiði ekki til tafarlausra úrbóta. Hugmyndir þurfa sinn tíma til að skjóta rótum og öðlast viðurkenningu og skilning og stundum sjá stjórnvöld sér hag í því að nýta hugmyndir óbreyttra þm., jafnvel úr stjórnarandstöðu. Mestu skiptir þó að allur almenningur fylgist sem best með störfum fulltrúa sinna, kynni sér málflutning þm. og hvetji þá og letji eftir atvikum, frjóvgi þá með hugmyndum og bendi á hvað eina sem betur má fara. Almenningur á ekki að láta sér nægja þau áhrif sem hafa má í kjörklefanum.

Eitt þeirra mála sem í mínum huga skipa hvað stærstan sess af þeim sem fjallað hefur verið um á þessu þingi er baráttan um Lánasjóð ísl. námsmanna. Kvennalistinn hefur alltaf látið sér annt um málefni lánasjóðsins og snúist hart gegn öllum hugmyndum sem vinna gegn markmiði hans, en það er að jafna aðstöðu fólks til náms óháð búsetu, kynferði og efnahag.

Sá vöxtur sem orðið hefur á sjóðnum er ekki vegna núgildandi laga heldur vegna uppbyggingar í skólakerfinu. Með síauknum menntunarkröfum, fjölgun námsleiða og fjölgun framhaldsskóla um allt land hefur lánshæfum umsóknum að sjálfsögðu fjölgað mjög mikið og það er gleðileg þróun. Við eigum að hafa metnað til að búa svo um hnútana að allir fái notið menntunar og þroskað hæfileika sína eftir því sem hugur stendur til.

Auðvitað kostar það fé, það kostar mikið fé, en því fé er vel varið. Og við skulum hugsa dæmið til enda. Þörfin fyrir háar fjárveitingar úr ríkissjóði mun fara ört minnkandi innan tiltölulega fárra ára þegar sá stóri hópur sem nú nýtur námslána verður farinn að endurgreiða lánin sín. Ætla má að um aldamótin þurfi framlag ríkissjóðs ekki að vera nema sem svarar 100–200 millj. kr. á núvirði, þ.e. ef skammsýnum mönnum tekst ekki að eyðileggja þetta kerfi.

Það fólk sem nú nýtur námslána mun að stórum hluta standa undir námslánakerfi barna sinna með endurgreiðslum eigin lána, ég tala nú ekki um eftir að horfið hefur verið frá láglaunastefnunni sem er að brjóta niður allar venjulegar fjölskyldur.

Kvennalistinn hafnar algjörlega öllum hugmyndum um vexti á námslán og stórfellda hækkun á lágmarksendurgreiðslu á ári sem mundi bitna fyrst og fremst á hinum efnaminni, þ.e. námsmönnum utan af landi, börnum einstæðra og efnalítilla foreldra og stúlkum sem sjá ekki fram á að geta ráðið við endurgreiðslu lánanna.

Það verða einnig konurnar sem fara verst út úr því ef

hætt verður að taka tillit til tekna við úthlutun námslána, ekki síst þær sem eiga fyrir börnum að sjá. Þær eiga erfiðara með að fá vel launuð störf milli anna og geta því síður bætt sér upp óhagstæðari námslán. Við skulum ekki gleyma því hvern þátt lánasjóðskerfið hefur átt í aukinni sókn kvenna í framhaldsnám. Lánasjóðskerfið er helsta skjól jafnréttis hér á landi. Kvennalistinn vill verja það skjól.

En jafnréttið á víðar í vök að verjast en hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Árin 1984 og 1985 fækkaði fólki á landsbyggðinni í beinum tölum reiknað, en slíkt hefur ekki gerst síðan á árunum 1945–1946 þar eð náttúrleg fjölgun hefur vegið upp fækkun vegna flutninga. Þessi þróun á rætur í þeim erfiðleikum sem sjávarútvegur og landbúnaður eiga nú við að etja og þeim stórfelldu breytingum og endurskipulagningu sem þessar atvinnugreinar ganga nú í gegnum. Hún er enn fremur afleiðing af samdráttarstefnunni í ríkisfjármálum sem hefur bitnað harkalega á framkvæmdum á landsbyggðinni. En hún á einnig rætur í breyttum og vaxandi kröfum fólks til félagslegrar og menningarlegrar þjónustu og fjölbreytts mannlífs á alla lund. Síauknar kröfur um menntun og sérhæfingu á öllum sviðum, breytingar á fyrirvinnuhlutverkinu, síaukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu samhliða breyttri stöðu þeirra í þjóðfélaginu, allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á þróunina.

Sumarið 1984 fóru Kvennalistakonur í hringferð um landið og hittu hvarvetna að máli konur og fræddust um hagi þeirra. Tvennt lá þeim alls staðar þyngst á hjarta: Einhæfni atvinnulífsins og erfiðar aðstæður til menntunar. Þessu verður að breyta. Kvennalistinn hefur gert ýmsar tillögur um bætta aðstöðu í skóla- og menntunarmálum landsbyggðarinnar, svo sem um námsgagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum og fjölgun skólaselja svo að engin börn undir 10 ára aldri þurfa að dveljast í heimavist. Þá höfum við hvatt til eflingar fullorðinsfræðslu og lagt fram frv. til l. um fjarnám sem mundi gjörbreyta aðstöðu fólks um allt land til náms og símenntunar. Sem betur fer virðist vaxandi áhugi stjórnvalda á fjarnámi, enda vonum seinna að við förum að nýta okkur nútímatækni til annars en léttvægrar afþreyingar.

Ekki skiptir minna máli hvernig til tekst með atvinnuþróun á landsbyggðinni. Fjölgun starfa hefur á síðustu árum fyrst og fremst verið í þjónustugreinum og að flestra áliti mun svo verða áfram í náinni framtíð. En hvaða líkur eru á því að landsbyggðin fái aukna hlutdeild í þeirri atvinnusköpun sem á sér stað í þjónustugreinunum? Líkurnar eru háðar því hvort okkur auðnast að gera umtalsverðar breytingar í stjórnkerfi landsins sem færi landsbyggðinni aukna sjálfsstjórn og forræði um eigin málefni og aflafé.

Í gær voru afgreidd héðan frá Alþingi ný sveitarstjórnarlög og því miður nýttist ekki það tækifæri til að gera neinar þær breytingar á stjórnsýslukerfinu sem skipt geti sköpum fyrir fólkið í landinu. Meiri hluti Alþingi náði ekki saman um þetta stærsta hagsmunamál landsbyggðarinnar. Það eru mörgum mikil vonbrigði og ég óttast að þessi niðurstaða verði til þess að draga á langinn nauðsynlega uppstokkun í stjórnkerfinu. Kvennalistakonur telja að ekki megi dragast öllu lengur að koma á nýrri verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að færa ábyrgð og verkefni nær fólkinu sjálfu og tryggja að saman fari ábyrgð á fjármálum og framkvæmdum.

Sveitarfélögin eru of sundurleit og flest of fámenn til þess að gegna stærra hlutverki en þau gera nú, enda hafa verkefni flust frá þeim til ríkisvaldsins á undanförnum árum að tilhlutan þeirra sjálfra. Sameining þeirra í stærri heildir virðist þrautreynd. Hér þarf því að koma til millistig stjórnsýslu sem hafi bolmagn til framkvæmda og reksturs á sviði menntunar og menningarmála, heilsugæslu, samgangna, brunavarna og skipulagsmála. Jafnframt afsali ríkið sér tekjum sem staðið geti undir þessum þáttum. Til þessa stjórnsýslustigs vill Kvennalistinn láta kjósa beinni lýðræðislegri kosningu án takmörkunar á kjörgengi. Slík grundvallarbreyting í stjórnsýslunni gæti snúið við eða a.m.k. dregið úr þeirri óheillaþróun síðustu ára sem ógnar öllu jafnvægi í byggð landsins. Valddreifing og virkara lýðræði eru kjörorð nútímans. Tími er til kominn að gerðir teki við af orðum.

Góðir hlustendur. Allt bendir nú til þess að konum fjölgi verulega í bæjar- og sveitarstjórnum landsins eftir nokkrar vikur. Það er okkur Kvennalistakonum fagnaðarefni, enda ekki minnsti vafi á hlutdeild okkar í þeirri jákvæðu þróun. Trú mín er að áhrif kvenna og ungs fólks fari jafnt og þétt vaxandi á næstu árum til góðs fyrir þjóðfélagið allt, en til þess að svo megi verða eigum við konur að þora að vera við sjálfar, þora að vera konur, hlusta á röddina í eigin brjósti. Annars verður engu breytt til betri vegar.

Hið sanna jafnrétti kynjanna er ekki fólgið í því að konur leitist við að haga sér nákvæmlega eins og karlar, tala eins og karlar og tileinka sér störf, áhugamál og leikreglur karla. Konur verða að gera kröfu til að verða metnar á eigin forsendum, að þjóðfélagið virði áhugaefni kvenna og meti þær leikreglur og þau störf sem konum henta best engu síður og minna en það sem hæst er skrifað hjá körlum. Á það skortir svo sannarlega enn í dag. Hugarfarsbreytingin er ekki enn orðin að byltingu, en við skulum næra þann vaxtarbrodd sem svo vænlegur er á þessu vori. Það er líka vor í kvennabaráttunni og sumarið á næsta leiti.

Gleðilegt sumar, góðir hlustendur, og þökk fyrir áheyrnina. — Góða nótt.

Efri deild, 79. fundur.

Föstudaginn 18. apríl, kl. 1 miðdegis.

Verðbréfamiðlun, stjfrv. 202. mál (þskj. 892 (sbr. 721)). — Ein umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Mál þetta er komið til okkar aftur frá Nd. sem gerði á því mjög smávægilega breytingu. Maður gat eins búist við því, eins og ég sagði í framsögu fyrir nál. fyrir nokkrum dögum, að kannske yrðu víðtækari breytingar gerðar í hv. Nd., en svo hefur ekki orðið. Þar er aðeins um eina lítilfjörlega breytingu að ræða sem nefndin í þessari hv. deild er sammála. Það er við 4. gr. þar sem talað er um leyfi til þeirrar starfsemi sem um er fjallað. Upp eru talin skilyrði og í d-lið sagði í frv. eins og það fór frá Ed.: „Hefur lokið viðurkenndu prófi í hagfræði,

lögfræði eða viðskiptafræði.“ Nú hefur löggiltum endurskoðendum verið bætt við og liðurinn hljóðar þá svo: Hefur lokið viðurkenndu prófi í hagfræði, lögfræði, viðskiptafræði eða er löggiltur endurskoðandi.

Við mælum með að frv. verði samþykkt endanlega með þeirri breytingu sem gerð var í Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 935).

Útflutningsráð Íslands, stjfrv. 259. mál (þskj. 840). — Frh. 3. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 2. umr. þessa máls var ætlunin að athuga tekjuöflun í a-lið 6. gr. milli 2. og 3. umr. En vegna þess hve liðið er á þingtímann þykir ekki annað fært en frv. fari til meðferðar Nd. og til skoðunar þar. Verði frv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins samþykkt þurfa breytingar á a-lið 6. gr. frv. að koma til meðferðar Ed. á ný.

Við mælum með því að frv. verði afgreitt óbreytt til Nd. til skoðunar þar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Talnagetraunir, stjfrv. 232. mál (þskj. 460, brtt. 837). — 3. umr.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Þetta mál hefur átt sér töluverðan aðdraganda og umræður í þessari hv. deild. Ég hef við þessa umræðu flutt á sérstöku þskj. nokkrar brtt. við frv. Það er sömuleiðis ástæða til við þessa umræðu að víkja svolítið að frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, sem hér er einnig til meðferðar í þessari deild, vegna þess að svo mjög tengjast þessi mál saman.

Ég gerði grein fyrir því við 2. umr. málsins að um þetta væri mikill ágreiningur. Minni hl. hafði margar athugasemdir við þetta að gera. Þetta mál er rekið áfram í gegnum Alþingi af einhverjum annarlegum krafti og satt best að segja er erfitt að skilja þann ofurþunga sem ákveðnir aðilar innan þingsins leggja á samþykkt þessa máls. Á því hafa ekki komið fram neinar eðlilegar skýringar.

Í nál. tókum við mjög skilmerkilega fram að við, sem skipum minni hl., þ.e. auk mín hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson og hv. 11. þm. Reykv. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir *teldum fullkomlega óeðlilegt* að veita með þessum hætti ákveðnum félagasamtökum þetta leyfi allar götur til ársins 2005. Einkum væri þetta óeðlilegt vegna þess að ríkisvaldið væri hér að taka ein samtök öryrkja fram yfir önnur. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þær mótbárur og þau rök sem ég tel að fyrir liggi í þessu máli komi mjög skýrt fram í Alþingistíðindum þegar þetta mál verður seinna skoðað. Af því tilefni vil ég, með leyfi forseta, lesa blað frá samtökunum Þroskahjálp sem lagt var fram í nefndinni. Ég tel nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, þegar fjallað er um þessar svokölluðu talnagetraunir, að afstaða Þroskahjálpar liggi fyrir í þingtíðindum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Minnisatriði vegna frv. til laga um talnagetraunir: Í landinu eru tvenn landssamtök sem vinna að hagsmunamálum fatlaðra, landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands. Hvorugt er aðili að hinu. Þessi samtök eru á ýmsan hátt ólík hvað varðar aðildarfélög, gerð og starfsemi. Öryrkjabandalag Íslands var stofnað 1961. Aðildarfélög þess eru nú 14 og það m.a. félög fatlaðra sjálfra en einnig styrktarfélög sem vinna í þágu þeirra.

Landssamtökin Þroskahjálp voru stofnuð 1976. Aðildarfélögin eru nú 26 um land allt og félagar þeirra um 6000 talsins. Fyrst og fremst er þar um að ræða foreldra- og styrktarfélög vangefinna og annarra sem fatlaðir eru en einnig nokkur fagfélög fólks sem hefur sérhæft sig í kennslu og þjálfun fatlaðra.

Nú liggur fyrir Alþingi frv. sem felur í sér að lögfestur verði einkaréttur Öryrkjabandalags Íslands til að afla fjár til starfsemi sinnar með rekstri talnagetrauna í samvinnu við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands. Það er fagnaðarefni ef tekst að afla aukins fjár til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis fyrir fatlaða því þar kreppir skórinn hvar mest í málefnum þeirra.

Í ljósi þess að verið er að lögvernda einkarétt á fjáröflunarleið til ákveðins málaflokks vill Þroskahjálp hins vegar leggja á það ríka áherslu að því fjármagni sem þannig verður aflað í nafni fatlaðra verði varið í þágu allra fatlaðra, ekki einungis hluta þeirra, þ.e. þeirra sem eiga aðgang að húsnæði Öryrkjabandalags Íslands.

Eðlileg viðmiðun í þessu sambandi eru lög um málefni fatlaðra nr. 41 frá 1983, sem sett voru til að tryggja rétt allra fatlaðra og samræma heildarstjórn á málefnum þeirra, bæði hvað varðar framkvæmdir og rekstur. Því hlýtur það að vera skýlaus krafa Þroskahjálpar að tryggt sé í væntanlegum lögum og reglugerð um talnagetraunir að því fjármagni, sem þannig verður aflað, verði varið í samræmi við markmið laganna og þar sitji allir fatlaðir við sama borð.

Ekki skulu settar hér fram ákveðnar tillögur um hvernig málum skuli háttað, hvað varðar þann hluta af ágóða af væntanlegum getraunum sem áformað er að varið skuli í þágu fatlaðra, en nefna má tvo valkosti.

1. Ágóðinn renni í sérstakan sjóð sem ætlað sé að standa straum af stofnkostnaði við íbúðarhúsnæði fyrir fatlaða. Í stjórn sjóðsins eigi sæti fulltrúar frá hagsmunasamtökum fatlaðra og opinberum aðilum.

2. Ágóðinn renni í Framkvæmdasjóð fatlaðra sem stofnaður var skv. 31. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, og það hlutverk að fjármagna framkvæmdir í þágu þeirra. Sem kunnugt er fer stjórnarnefnd um málefni fatlaðra með stjórn sjóðsins en í henni eiga sæti aðilar frá þremur ráðuneytum sem málefni fatlaðra heyra undir, Sambandi ísl. sveitarfélaga og hagsmunasamtökum fatlaðra, Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.“

Hér lýkur þessum lestri úr bréfi Þorskahjálpar þannig að þm. öllum megi það ljóst vera að þeir eru að gera upp á milli þessara tveggja öryrkjasamtaka varðandi þá fjáröflun sem hér um ræðir. Ég á eftir að sjá það að menn samþykki það. Þeir gera það kannske orðalaust en varla verður það kinnroðalaust ef grannt er skoðað. Ég vil biðja menn um að hugleiða þetta og hafa til

hliðsjónar þegar þeir greiða hér atkvæði á eftir.

Ég hef á þskj. 837 leyft mér að flytja þrjár brtt. við þetta frv. til l. um talnagetraunir ásamt hv. þm. Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. brtt. er sú að heimildin, sem veitt yrði til ársins 2005, gildi ekki í svo langan tíma heldur einungis fram til ársloka 1992 sem er þó mjög hæfilegur tími þannig að ráðrúm gefist til að endurskoða þetta allt að þeim árum liðnum fram til 1992. Þessi brtt. skýrir sig sjálf.

Í öðru lagi flyt ég þá brtt. að á eftir 1. mgr. 2. gr. þessa frv. komi ný mgr. sem orðist svo með leyfi forseta: „Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.“ Þetta ákvæði er í lögum um getraunir sem knattspyrnugetraunirnar, sem íþróttahreyfingin starfrækir, starfar eftir. Það eru hins vegar engin ákvæði um endurskoðun í þessu frv. til l. um talnagetraunir sem alþm. er ætlað að afgreiða hér, engin ákvæði.

Síðan er þriðja brtt. mín, þ.e. að 4. gr. orðist svo:

„Helmingi af söluverði miða skal varið til vinninga. Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla til útborgunar.“

Þarna eru tvær breytingar, þ.e. að helmingi af söluverði miða skuli varið til vinninga. Það eru engin ákvæði um það í þessu frv. Þessi breyting á að tryggja það að helmingi af söluverði miðanna skuli varið til vinninga. Um það eru ákvæði í getraunalögum. Um það voru ákvæði í þessu frv. eins og það var samið upphaflega. Einhverra hluta vegna voru þau tekin út og væri fróðlegt að heyra hvað hæstv. dómsmrh. segir um það hvers vegna þetta ákvæði var tekið út úr frv. Sú skýring sem gefin er í grg. eða reynt er að gefa er engan veginn haldbær. Það er ekki skýring á þessu máli að mínu mati.

Í öðru lagi held ég að hljóti að verða að breyta hér í 4. gr. „Vinningar getrauna eru undanþegnir“, eins og það er orðað í frv., „hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla.“ Hvað þýðir þetta orðalag: „á því ári sem þeir falla“? Það getur ekki *verið ætlunin að greiddur sé eignarskattur af vinningum* fyrr en þeir koma til útborgunar. A.m.k. er það í öðrum happdrættislögum orðað með þeim hætti, ég hygg öllum öðrum happdrættislögum, sem ég legg til í brtt. minni hinni þriðju, að vinningar getrauna séu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla til útborgunar. Auðvitað hlýtur orðalagið í lögunum að verða að vera ótvírætt. Hver á þá að greiða eignarskatt af vinningum sem falla? Vinningar falla þegar vinningar eru dregnir út. Og nú getur það verið eins og gerist stöku sinnum í þessum happdrættum — það er hugsanlegt, sjálfsagt, þó ég þekki ekki þetta fyrirkomulag alveg — að vinningur komi á óseldan miða. Þess munu vera dæmi eftir því sem blöð hafa sagt frá að undanförnu og það er alveg augljóst og skýrt að þessu orðalagi verður að breyta áður en þingið afgreiðir þetta frv. Það gefur alveg auga leið. Þetta er þriðja brtt. En ef svo ólíklega skyldi fara að þessar brtt. mínar yrðu allar felldar í þessari hv. deild hef ég leyft mér að flytja skriflega brtt. sem ég vil biðja forseta að bera upp. Að þessum till. mínum hugsanlega föllnum komi svofellt ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal dómsmrh. láta fara fram endurskoðun laganna er talnagetraunir hafa starfað í fjögur ár. Ef sú endurskoðun leiðir til þess að leyfistími verði styttur og/eða fleiri aðilum veitt aðild að talnagetraunum skulu rekstraraðilar sæta því bótalaust.“ Ég óska sem sagt eftir að þessi skriflega tillaga verði borin upp að hinum tillögunum föllnum vegna þess að efnislega getur hún ekki komið til atkvæða fyrr en afstaða hefur verið tekin til þeirra tillagna.

Ég þykist hafa með þessu bréfi frá Þroskahjálp leitt rök að því hvernig Alþingi ætlar að mismuna samtökum fatlaðra með ótvíræðum hætti, og afar óviðurkvæmilegum hætti leyfi ég mér að segja, í þessu máli um talnagetraunir. Ég tel að kannske megi leiða nokkur rök að því að menn hafi verið blekktir til fylgis við þetta frv. Það hafi ekki allar staðreyndir málsins legið fyrir. Auk þess bendi ég á að frv., eins og það liggur fyrir, er mjög gallað, meingallað, og alls ekki í samræmi við önnur lög í lagasafni okkar um happdrætti. Það er misræmi þar á milli að því er varðar ýmis atriði og skal ég í örstuttu máli víkja að nokkrum þeirra. Það eru t.d. lög um Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Kannske fáum við hv. þm. áður en langt um líður, þó líklega ekki á þessu þingi, að sjá lög um það happdrætti þar sem óskað verður eftir svona einhverri svipaðri heimild og á að fara að veita Happdrætti Háskólans. Það er t.d. í lögum um Happdrætti Háskólans að þar skal vinningsfjárhæð nema a.m.k. 70% af iðgjöldum samanlögðum. Og í lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga segir: „Vinningar skulu vera að verðmæti samtals a.m.k. 50% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.“ Í lögum um getraunir segir: „Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.“ Og þar segir líka: „Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla til útborgunar“, nákvæmlega eins og ég hef lagt til í minni brtt. hinni þriðju.

Ég held að hér sé á ferðinni mál sem þarf að athuga langtum betur en gert hefur verið og þykist hafa fært að því rök. Það má líka minna á í þessu sambandi að á *borðum okkar er frv. sem hefur verið afgreitt úr nefnd* núna, frv. til l. um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands og ég tel nauðsynlegt að það komi fram við þessa umræðu, því að svo mjög tengjast þessi mál, að ég skrifaði undir nál. í því máli með fyrirvara. Sá fyrirvari er einfaldlega fólginn í því að ég tel að það mál sé mjög illa undirbúið, þessi heimildargrein um það mál sé skrifuð í flýti. Hún er skrifuð til þess að koma þessu máli fram meðan er verið að afgreiða þessar svokölluðu talnagetraunir sem er verið að þröngva í gegnum þingið núna. Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt að samþykkja þetta jafnopið og laust og það er í þessu stjfrv. En hins vegar ef ekki verður fallist á neinar af þeim brtt. mínum til eftirlits og aukins aðhalds um þessar talnagetraunir er auðvitað eins gott að sleppa þessu bara öllu lausu og vera ekkert að myndast við að hafa neitt eftirlit eða neina löggjöf um þetta vegna þess að það þjónar greinilega engum tilgangi ef svona á að vinna. Ég lýsi furðu minni á þessum einkennilegu vinnubrögðum. Menn eru minnugir þess hvernig einn þm. utan flokka, hv. þm. Ellert B. Schram, stöðvaði þetta mál hér á Alþingi í fyrra með vinnubrögðum sem ég tel ekki vera til fyrirmyndar. Honum er málið auðvitað skylt þar sem hann gegnir miklum trúnaðarstörfum í íþróttahreyfingunni. Hann tók sér það vald að

stöðva þetta mál í fyrra og atvik æxluðust þannig að hann gat gert það og málið var stöðvað.

Ég hefði hins vegar talið skynsamlegast að þetta mál yrði kallað til baka og það yrði reynt að finna á þessu skynsamlega lausn í stað þess að þröngva þessu í gegn. Fjölmargir þm. í báðum deildum hafa viðurkennt það, svona í einkasamtölum og án þess að farið sé nokkuð lengra út í það, að eðlilegt væri að kanna þetta mál betur en málið sé bara komið svo langt að það sé helst enginn vegur að gera neitt í því og þess vegna ætli menn að afgreiða það. Það er sannarlega illt til afspurnar og ekki til þess fallið að auka virðingu Alþingis í hugum borgaranna þegar svo er staðið að verkum sem hér er gert, *að mál eru afgreidd sem mönnum er ljóst að eru* meingölluð og eru í eðli sínu ranglát gagnvart hópi þeirra sem ætlað er að hjálpa, eins og ég þegar hef vikið að varðandi samtökin Þroskahjálp og afstöðu þessara aðila til þeirra. Það kom fram að Þroskahjálp hafði óskað eftir því við Öryrkjabandalagið að fá að fylgjast með þessu máli. Þeirri ósk Þroskahjálpar hafði ekki verið sinnt. Það kom fram við athugun þessa máls í nefndinni og frá því var skýrt hér við 2. umr.

Engu að síður eru ákveðnir aðilar innan þingsins sem reka þetta mál af slíku ofurkappi að það má ekki doka við og freista þess að láta nú skynsemina ráða í þessu máli, freista þess að ná víðtæku samkomulagi um málið, freista þess að skapa frið um þetta mál og freista þess að gera það að verkum að fleiri öryrkjar fái notið góðs af þessari fjáröflunarleið sem ég er sannfærður um að á eftir að verða mjög mikilvirk og á jafnframt að sjálfsögðu eftir að verða á kostnað ýmissa annarra happdrætta í landinu og ýmissar annarrar fjáröflunarstarfsemi líknarfélaga. Ég er alveg sannfærður um það. Ég tel að hér sé verið að fara inn á mjög hættulegar brautir og að Alþingi hafi engan rétt til að mismuna samtökum fatlaðra og öryrkja með þeim hætti sem hér á að gera. Mér hefðu fundist það skynsamleg vinnubrögð að fresta þessu máli nú og taka málið til nýrrar athugunar, leggja það fyrir nýtt þing að hausti og vera þá búin að skapa frið um málið og víðtækari samstöðu. En ég óttast að þeir hv. þm., sem telja sérstaka nauðsyn á því að keyra þetta mál áfram með þeim hætti sem gert er, muni ekki hlusta á þessi rök og það er ákaflega miður fyrir þetta mál.

Það er líka rétt að það komi fram, virðulegi forseti, í þessari umræðu, vegna þess að hæstv. dómsmrh. og ýmsir fleiri hafa mjög vitnað til þess að íþróttahreyfingin hafi þessa heimild til að reka talnagetraunir í lögunum frá 1972 um getraunir, nr. 59 frá 1972, hver er sú skýring sem ég hef frá einum af embættismönnum dómsmrn. á því hvers vegna, þegar íþróttahreyfingin fékk leyfi fyrir hinni heföbundnu getraunastarfsemi, var sett ákvæðið um talnagetraunir inn í 2. gr. Það var til að tryggja að enginn aðili færi fram með slíkar getraunir í samkeppni við leikjagetraunir íþróttahreyfingarinnar. Það var ekki vegna þess að íþróttahreyfingin ætlaði sér að reka slíkar getraunir eins og hún nú vill gera. Þetta var til þess að tryggja að aðrir færu ekki af stað með þetta. Fyrir þessu hef ég orð embættismanns í dómsmrn. Enn ber allt að sama brunni með þann rétt sem hin ágætu íþróttasamtök telja sig eiga í þessu máli. Hann er hæpinn að ekki sé meira sagt.

Nú þykist ég, virðulegi forseti, hafa gert nokkra grein fyrir þeim rökum sem ég tel hníga að því að við látum þetta mál bíða, að það verði reynt að skapa frið um þetta mál, það verði tryggt að allir öryrkjar, allir fatlaðir á Íslandi fái notið þess hagnaðar sem hér er um að ræða en þeim verði ekki mismunað eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég þykist líka hafa leitt rök að því hverjir gallar eru á frv. og hvers vegna væri sjálfsagt nauðsynlegt að nefndin athugaði þessar tillögur mínar við þessa umræðu. Ég þykist hafa leitt að þessu nægilega sterk rök til þess að allir skynsamir menn skilji hvert er verið að fara. Hins vegar þykir mér miður að játa það ef svo reynist að þm. hafa ákveðið að hlusta ekki á rök í þessu máli og greiða atkvæði með hinu gallaða frv. vegna einhverra annarlegra sjónarmiða sem ég fæ ekki skilið *enn*.

Nú er það svo að ég mun hafa sagt við virðulegan forseta að ég mundi tala í hálfa klukkustund í þessu máli og við það mun ég standa og mun ljúka máli mínu. Það þýðir hins vegar ekki að ég hafi ekki ýmislegt fleira um þetta mál að segja. En það er lagt mikið kapp á að þetta mál fái afgreiðslu hér og því mun ég ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri og að sjálfsögðu standa við það sem ég sagði við forseta um að ég mundi ekki tala lengur en í hálfa klukkustund. En ég ítreka þá skoðun mína að síðustu að hér er hið háa Alþingi að mínu mati að gera sig sekt um mistök. Það er að gera sig sekt um vinnubrögð sem eru fyrir neðan virðingu Alþingis. Ég hef freistað þess að fá fram örlitlar lagfæringar á þessu máli með þeim brtt. sem ég hef flutt á þskj. 837 og ég vona svo sannarlega að hv. þm. gefi sér tíma til að gaumgæfa þær við þessa umræðu málsins og íhuga hvort þeir treystast ekki til að greiða þeim atkvæði þannig að það megi sníða af a.m.k. nokkra af þeim mörgu agnúum sem eru á þessu máli. En það breytir auðvitað ekki því að áfram, ef þetta frv. um talnagetraunir verður að lögum, mun Alþingi mismuna öryrkjum og fötluðum á Íslandi með þessari lagasmíð sem, ef samþykkt verður eins og fyrir liggur nú, er okkur til vansa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Forseta er sönn ánægja að staðfesta að hv. þm. hefur staðið við það sem hann hafði lofað og talaði meira að segja ekki nema í 29 mínútur.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Það skal upplýst í upphafi máls míns vegna óseðjandi forvitni deildarmanna að ég lofaði engu.

Það er ekki á hverjum degi að sá sem hér stendur og hv. 5. landsk. þm. eru hjartanlega sammála. En ég kem nú í ræðustól ekki hvað síst til þess að það komi í ljós að hv. 5. landsk. þm. er ekki einn í andstöðu sinni við þetta frv. Ég held að sá málstaður sem hann hefur talað fyrir í þessari umræðu eigi fyllsta rétt á sér. Staðreynd er að það hafa engin rök komið fram af hálfu þeirra sem styðja þetta mál, og ekki bara styðja það heldur ýta á það með undarlega miklum þrýstingi, það hafa engin rök komið fram fyrir því hvers vegna þarf að afgreiða *þetta mál í svo miklu snatri nú*.

Þetta mál var hér í þingsölum undir þinglok í fyrra og þá fór þannig fyrir því að einn hv. neðrideildarmanna, sem sá mjög mikla agnúa á þessu frv., talaði svo lengi að menn heyktust á því að reyna að knýja málið fram.

Það sem hann hafði aðallega að þessu frv. þá að finna var það að hann taldi vera gengið á rétt íþróttahreyfingarinnar og hann taldi að íþróttahreyfingunni bæri stærri

skerfur af þeim tekjum sem af þessu happdrætti kynnu að fást. Ég held að þó að menn séu alltaf að sefa sjálfa sig með því að lífið sé allt saman ein málamiðlun sé hægt að nota það sem rök í þessu máli að þegar þetta mál kom fyrst inn á þing var tekjum þessa happdrættis ætlað annað hlutverk en að styðja íþróttahreyfinguna með jafnmiklum hætti og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það verður sannast að segja að viðurkennast að það kemur dálítið skringilega fyrir sjónir að setja þarna saman í hóp annars vegar íþróttahreyfinguna, sem einkennist af fullfrísku og mjög frísku fólki, að öllu leyti sjálfbjarga, að undantekinni þeirri deild íþróttahreyfingarinnar sem sérstaklega er fyrir fatlaða, og síðan samtök sem starfa að líknarmálum, starfa fyrir hagsmuni þeirra sem minna mega sín í þessu þjóðfélagi og er ætlað að afla tekna til að bæta úr sárum skorti á lífsgæðum þessa fólks. Mér finnst í fyrsta lagi mjög mikið ósamræmi í því, enda var það ekki þannig þegar þetta frv. var fyrst borið hér upp. En einhverra hluta vegna hefur samningsstyrkur íþróttahreyfingarinnar verið það mikill að síðan þessari umræðu lauk í fyrra og þar til nú hefur henni tekist að þrýsta svo mikið á að hún er orðin aðaltekjuaðilinn að þessu happdrætti.

Það er kannske óþarfi að minna menn á hvað margar líknarhreyfingar standa utan við möguleikann á því að njóta góðs af tekjum þessa happdrættis. Og maður spyr æ ofan í æ: Hvers vegna mega þær ekki vera með? Hvers vegna mega þær ekki njóta góðs? Að mínu mati ættu öll þau félög og fyrirtæki sem starfa að líknarmálum hér á landi að eiga jafnan rétt til að vera aðilar að þessu happdrætti og sá réttur ætti að koma þannig fram að hann skerti ekki rétt þeirra líknarmálahreyfinga sem nú er tekið tillit til í frv. heldur ætti að skerða rétt íþróttahreyfingarinnar.

Hv. 5. landsk. þm. hefur skýrt hvers vegna þessi réttindi voru upphaflega viðurkennd í 2. gr. frv., sem samþykkt var, um getraunir. Ég tel að atburðarásin hafi sannað þessa fullyrðingu og þessa skýringu einfaldlega vegna þess að íþróttahreyfingunni hefur aldrei dottið í hug að nýta sér þennan rétt. Það er ekki fyrr en aðrir aðilar fá áhuga á því að hún rís upp og ver rétt sinn, viðurkenndan með lögum, en rétt sem hún hefur ekki talið nauðsyn á að nýta hingað til.

Ég vil biðja þann hæstv. ráðh. sem fyrir þessu stendur og flytur það hér lengstra orða að gefa mönnum aðeins meiri tíma, hafa eilítið meiri biðlund, sýna þeim, sem í hlut eiga og þeim líka sem enn þá eiga ekki hlut að, meiri skilning og víðsýni. Það samræmist einhvern veginn ekki þeim vinnubrögðum sem menn, alla vega í orði kveðnu stefna að, að veita einhverjum sérstökum aðilum svona mikil forréttindi og skilja aðra nánast eftir úti á köldum klaka. Menn skyldu líka, sérstaklega þeir sem sitja í ráðherrastólum, hugleiða að með aðgerðum sem slíkum skuldbinda þeir sig ekki lítið gagnvart þeim sem ekki fá notið þessara tekna því að ekki einasta fá þeir ekki notið þessara tekna heldur er nánast girt fyrir aðra möguleika þeirra til tekna. Það vita allir sem vilja vita að þessi tegund happdrættis er einhver drýgsta tekjulind í þessari tegund verslunar sem um ræðir í öllum löndum þar sem hún er til. Þess vegna skora ég á hæstv. ráðh. að sjá til þess að þessu máli verði frestað um sinn. Það var hægt að fresta því í fyrra þegar miklir hagsmunir voru taldir vera í húfi. Það eru enn þá miklir hagsmunir í húfi. Þess vegna tel ég að það sé enn þá hægt að fresta því um sinn og leitast við að fá samstöðu þeirra hreyfinga og fyrirtækja sem starfa að líknarmálum, a.m.k. þó að ekki væri nema að bjóða þeim aðild að þessu happdrætti. Ef þeir ekki vilja er það þeirra ákvörðun og á þeirra ábyrgð, en vilji þeir það ætti að sjá til þess með samningum að þeir nái sanngjarnri hlutdeild. Ég tel að menn verði ekki minni menn fyrir að reyna slíka leið því að ég get ekki séð annað en að með því að knýja á samþykkt þessa frv. sé líka verið að reka á mjög leiðinlegan hátt fleyg í þá samstöðu líknarstarfs hér á landi sem þó hefur verið fyrir hendi og etja mönnum upp hverjum á móti öðrum því að þeir sem út undan verða horfa náttúrlega á þessa gífurlegu mismunun.

Ég mun víst hafa minnst á það í gær að í dönsku stjórnarskrána okkar vantaði þá mikilvægu grein að allir væru jafnir fyrir lögum, en ég tel nú og taldi að þetta hefði almennt frést hingað upp til Íslands. Mér finnst aftur á móti að löggjöf sem hér er verið að knýja fram með þessum hætti sé þvert á anda slíkrar hugsunar og ég tel að þó að hún mæti e.t.v. skilningi hjá einhverjum þrýstihópum og hagsmunaaðilum, sem stjórnmálaflokkar binda trúss sitt við og telja nauðsynlega mjög, sérstaklega á dögum kosningabaráttu, sé það þegar til lengdar lætur mjög óheppilegt að láta störf sín ráðast af slíkum stundarhagsmunum. Ég vil þess vegna eindregið fara fram á það við hæstv. ráðh. að hann hlutist til um að þessu máli verði frestað til næsta þings og þess verði freistað að ná samstöðu allra þeirra líknarfélaga sem með sanngjörnum hætti eiga rétt á því, sjálfsagðan rétt, alveg jafnmikinn rétt og þau líknarfélög sem hér þegar um ræðir að ég tali ekki um íþróttahreyfinguna sem ég tel að eigi í þessu tilviki annaðhvort réttinn allan eða engan.

Ég vil þar með, frú forseti, ljúka máli mínu, en ég vil samt sem áður áður en ég lýk því minna hæstv. ráðh. á að það eru engin rök komin fram í þessu máli sem sannfæra mann um að viðkomandi aðilar eigi rétt umfram aðra á aðild að þessu talnagetraunahappdrætti, ekki nema þá að menn viðurkenni einfaldlega að íþróttahreyfingin eigi réttinn allan eða engan. Í öðru lagi endurtek ég enn áskorun mína til hæstv. ráðh. um að hann hlutist til um að fresta þessu máli þannig að hægt sé að ljúka því á næsta þingi með þeim farsæla hætti að veita öðrum líknarfélögum aðild að þessu happdrætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Umræðu er þá lokið. (**EG:** Ég vek athygli á því að ég beindi spurningu til hæstv. dómsmrh.)

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Ég verð að taka enn undir með hv. 5. landsk. þm. Þegar maður stendur hér og talar til ráðherra, ber fram spurningar til þeirra og eða virkilega höfðar til þeirra hlutverks hér á þingi finnst mér mjög óeðlilegt og afskaplega óviðkunnanlegt að þeir sitji og þegi þunnu hljóði og reyni að koma málum sínum fram ekki með þeim hætti að fylgja þeim eftir málefnalega og með röksemdum heldur einfaldlega þegja þau í gegnum deildir.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég hafði áður látið koma fram viðhorf mín til þessa máls. Það var beint til mín spurningu um hvort ég vildi draga þetta

frv. til baka á þessu þingi. Slíkt mun ég ekki fara fram á.

Ég hef hlýtt á málflutning þessara ræðumanna og ýmislegt í honum tengist framkvæmd þessa máls sem m.a. kemur fram í þeirri reglugerð sem sett verður um lögin eins og gert er ráð fyrir samkvæmt þeim. Vissulega mun ég hafa þeirra ábendingar í huga í sambandi við hana.

En mér skildist að meginspurning þeirra væri hvort ég vildi draga þetta frv. til baka. Það mun ég ekki gera.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég spurði hæstv. dómsmrh. um ýmis önnur atriði varðandi þetta mál sem hann kýs að svara ekki. Ég vek bara athygli á því hvernig umræðu um þetta mál lýkur í þessari hv. deild og kemur það væntanlega skýrt fram í þingtíðindum. Ég vek athygli á því að það sýnir kannske betur en allt annað með hverjum hætti þetta mál er rekið í gegnum þingið.

ATKVGR.

Brtt. 837 felld með 12:3 atkv.

Afbrigði um brtt. á þskj. 936, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 936 felld með 11:5 atkv.

Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 937).

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, stjfrv. 295. mál (þskj. 847). — 3. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Eins og kom fram við 2. umr. þessa máls óskaði allshn. eftir að fá málið til athugunar milli 2. og 3. umr. vegna grg. sem hafði borist nefndinni frá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Nefndin hefur farið yfir þá grg., en leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var samþykkt við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv. 396. mál (þskj. 729, n. 896 og 916, brtt. 897). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Sveinsson): Hæstv. forseti. Landbn. hefur fjallað um það mál sem hér um ræðir, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og mæli ég fyrir meirihlutaáliti nefndarinnar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum, eins og fram kemur í nál. Til viðtals við nefndina kom Guðmundur Sigþórsson frá landbrn. Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu frv., en meiri hl. leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þskj., þskj. 897, og dreift hefur verið hér í Ed.

Um þetta mál er það að segja að við samningu frv. voru kartöflur sérstaklega hafðar í huga. Heimildin skv. upphaflegu frv. er því óþarflega rúm, enda ekki ætlunin að breyta lögunum gagnvart búvörum almennt. Þetta hefur í raun fengist staðfest með yfirlýsingum formanna beggja stjórnarflokkanna þar sem þetta mál hefur nokkuð borið á góma í fjölmiðlum að undanförnu. Fullt samkomulag hefur nú orðið um að breyta orðalagi 1. gr. í þá veru sem brtt. meiri hl. nefndarinnar gerir ráð fyrir og nefna í því sambandi kartöflur eingöngu í stað búvara. Fer því ekki milli mála við hvað er átt.

Meginmálið er hins vegar að frv. veitir innlendum kartöflubændum vernd gagnvart innfluttri framleiðslu. Vísast í þessu efni til grg. með frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vegna náttúrufars og legu landsins er ekki unnt að tryggja nægjanlegt vöruframboð allt árið á vissum tegundum búvara, t.d. garðávöxtum, grænmeti og oft kartöflum. Verður því að flytja þessar vörur inn, en í ýmsum tilvikum eru hinar erlendu vörur greiddar niður verulega af þarlendum stjórnvöldum. Þegar innlend framleiðsla er enn á markaði raskar innflutningur þessara vara því mjög samkeppnisaðstöðu innlendu framleiðslunnar og skerðir möguleika innlendra framleiðenda til að tryggja nægjanlegt vöruframboð í framtíðinni. Þessar aðstæður hafa m.a. gert þeim innlendu fyrirtækjum sem vinna úr kartöflum erfitt fyrir í samkeppni við niðurgreidda framleiðslu erlendis frá."

Eins og ég nefndi áðan er það kjarni málsins sem getið er um í athugasemdum með frv. Því leggur meiri hl. landbn. til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég gat um hér á undan.

Undir nál. skrifa þeir Egill Jónsson, formaður, Eyjólfur Konráð Jónsson, fundaskrifari, Jón Sveinsson, Skúli Alexandersson og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Frsm. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. landbn. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Minni hl. nefndarinnar er andvígur frv. af eftirgreindum ástæðum:

Sú breyting, sem lögð er til í frv., verndar ekki hag framleiðenda. Þeir njóta nú þegar verndar vegna þess að innflutningur á grænmeti og garðávöxtum er ekki heimill meðan nægilegt framboð er af innlendri framleiðslu. Varðandi kartöflur er um að ræða mjög stutt tímabil þegar innlend framleiðsla og erlend eru samtímis á markaðnum og þess vegna ekki þörf þeirrar verndar sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá er minni hl. nefndarinnar andvígur því að samþykkja svo víðtækt framsal skattlagningarvalds frá Alþingi til ráðherra. Vafasamt getur raunar verið hvort slíkt er heimilt miðað við ákvæði stjórnarskrárnnar.

Enn fremur skal sérstaklega varað við því víðtæka ákvæði frv. að umræddan skatt megi leggja á vörur unnar úr kartöflum. Þar er um að ræða mjög margar vörutegundir og fráleitt að geðþótti ráðherra eigi að ráða því á hvaða verði neytendur þurfi að kaupa þær vörur, sem og aðrar vörur.

Samþykkt frv. leiðir til hækkunar til neytenda á þeim vörutegundum sem frv. tekur til. Því mun minni hl. nefndarinnar greiða atkvæði gegn frv."

Undir nál. skrifar ásamt mér hv. þm. Eiður Guðnason.

Það kom fram hjá frsm. meiri hl. landbn. að hér væri um verndun að ræða og nefndi hann sérstaklega unnar vörur úr kartöflum. Þetta mál er tvenns konar. Annars vegar er innflutningur á óunnum kartöflum og hins vegar innflutningur á steiktum eða unnum kartöflum. Það hefur ekki komið mjög skýrt fram í nefndinni

hvernig þessu ákvæði verður beitt. Mér finnst mjög mikilsvert að það komi skýrt fram hvort hér er ætlast til að allt að 200% tollur verði lagður á innfluttar kartöflur meðan innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn og þar með hækki kartöfluverð yfir allan sumartímann þegar innlenda framleiðslan nær ekki því magni sem neytt er eða hvort hér er um að ræða ákvæði sem á að nota eingöngu á innfluttar unnar kartöflur. Þetta finnst mér vera mjög mikið atriði.

Í grg. er talað um meira en kartöflur. Þar er talað um grænmeti líka. Mig rekur minni til þess að í síðustu kjarasamningum var sérstakt ákvæði um að lækka tolla á grænmeti, en þar voru ekki sérstaklega undanteknar kartöflur. Er þá ekki þessi löggjöf brot á þeim kjarasamningum sem ríkisstj. stendur að?

Ég vil áður en ég tjái mig mjög mikið um þetta mál fá það greinilega fram hvernig á að nota þetta vald og hvort ekki hafi komið til greina, ef þetta er eingöngu hugsað til að vernda unnar kartöflur, að vernda einungis framleiðslu frá þeim tveim verksmiðjum sem framleiða slíka vöru hér á landi og hvort ekki hafi komið til tals að flytja inn hæfara hráefni til steikingar í þeim verksmiðjum. Þeir sem eitthvað þekkja til mála vita að það er ekki sama varan sem unnin er úr mjög blautum innlendum kartöflum eða mjölmiklum erlendum kartöflum. Þær innlendu þurfa lengri steikingartíma. Þess vegna hækkar vöruverð til neytenda. T.d. munu hótel kaupa inn enn þá erlendar kartöflur höfum við ekki sambærilega vöru á markaðnum.

Það er engin goðgá að flytja inn kartöflur t.d. yfir 60 mm að stærð til kartöfluverksmiðjanna yfir allt árið vegna þess að þá mundi verða meira til af kartöflum til neyslu innanlands og lengdist því tíminn sem innlendar kartöflur væru á markaðnum. Það er mjög sjaldan sem innlend framleiðsla nær saman, þ.e. að uppskera frá síðasta ári nægi þar til ný uppskera er tilbúin á markaðinn.

Svo er líka eitt atriði í þessu að ef, eins og ákvæði laganna segja til um, þarna geti orðið um jafnaðarverð að ræða, ef jafnaðartollur er settur á innflutning, munu menn ekki reyna að ná hagstæðum innkaupum á kartöflum erlendis því að eftir því sem kartöfluverðið verður lægra, eftir því verður tollurinn hærri.

Það eru mörg atriði í þessu sem eru svo óljós að það er ekki nokkur hemja að samþykkja slíkt frv. án þess að þau verði skýrð, hvorki fyrir stjórnarsinna eða stjórnarandstöðu. Ég hef spurt nokkuð marga og beðið þá að skýra þetta út fyrir mér og hef komist að því að þeir vita ekki mikið um hvað málið snýst. Þannig hefði ég viljað að hæstv. ráðh. kæmi í ræðustól og útskýrði málið nánar.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Hv. 8. landsk. þm. beindi til mín spurningum um hvernig þetta yrði framkvæmt, hvort skv. þessu frv. yrði eingöngu um að ræða unnar vörur. Svo er alls ekki. Meðan Grænmetisverslun landbúnaðarins sá algerlega um innflutning var það gjarnan svo að þegar fóru að minnka birgðir innanlands og þurfti að flytja inn, sem var á fyrri árum misjafnlega mikið að vísu, verðjafnaði hún á milli þeirra þannig að allir sem keyptu innlendar eða erlendar kartöflur greiddu þær á sama verði. Eins og við vitum árar misjafnlega milli landshluta. Stundum voru til nægar kartöflur fyrir norðan sem mundu endast út árið þar, ef þær væru ekki fluttar í burtu, en hins vegar yrði dýrara að flytja þær hingað til Reykjavíkur og svo aftur aðrar inn fyrir norðan.

Ef ekki væri til verðjöfnunarheimild, eins og er ekki í núgildandi lögum, þýddi það að þegar vel árar fyrir norðan og næg kartöfluuppskera væri fyrir Norðlendinga allt árið yrðu þeir að borða miklu dýrari kartöflur en Sunnlendingar sem gætu þá flutt inn ódýrari vörur erlendis frá. Það er til að koma í veg fyrir þessa mismunun, sem þarna er um að ræða, að óskað er eftir þessu lagaákvæði.

Hv. 8. landsk. þm. sagði einnig að það mætti flytja inn kartöfur til verksmiðjanna erlendis frá allt árið. Vissulega er það möguleiki, en þá nýtist ekki innlend framleiðsla. Það er einmitt það sem þessum lögum er ætlað að gera, að tryggja nýtingu hennar. Það er stutt síðan kartöflframleiðendur urðu að henda mjög miklum birgðum óseldum þegar nýja uppskeran kom. Ég þori ekki að segja um hvernig verður á þessu ári, en ég hygg að það muni ekki skorta mikið á að framleiðslan nýtist þangað til ný uppskera kemur á markaðinn í sumar. Þá væri það andstætt hagsmunum framleiðenda að vera að flytja inn kartöflur allt árið erlendis frá og koma í veg fyrir að þeir kæmu sínum á markað.

Þetta er með örfáum orðum dæmi sem ætti að skýra tilgang frv.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. 8. landsk. þm. hefur nú þegar gert ágætlega grein fyrir afstöðu minni hl. í þessu máli.

Hér er auðvitað um hið einkennilegasta mál að ræða og því verður eiginlega ekki trúað fyrr en það kemur í ljós að allir þm. Sjálfstfl. t.d. styðji þetta skattlagningarfrv. sem fjallar um hreina skattlagningu á neytendur. Raunar kemur þetta, eins og sjálfsagt hefur komið fram í þessari umræðu, þvert á þá stefnu, sem er uppi í þjóðfélaginu, að færa niður verðlag, draga úr sköttum og tollum og öllu því um líku. Þetta kemur alveg þvert á það. Þetta kemur þvert á þá kjarasamninga sem nýbúið er að gera. Það væri fróðlegt að heyra afstöðu fulltrúa Alþýðusambandsins, verkalýðshreyfingarinnar til þess nýja neytendaskatts sem stjórnin er að leggja hér á, ekki aðeins á kartöflur heldur allar vörur unnar úr kartöflum eins og frv. gerir ráð fyrir. Það eru allar vörur unnar úr kartöflum. Þetta er ekki bara 200% gjald á tollverð á kartöflum. Það er á öllum vörum sem eru unnar úr kartöflum. Fyrir hönd Alþfl. lýsi ég eindreginni andstöðu við þetta frv. og við munum greiða atkvæði gegn því hér í deildinni þegar það kemur til atkvæða.

Það er alveg ástæðulaust og hafa engin rök fram komið sem réttlæta að ráðherrann hafi þetta mikla skattlagningarvald á þessa neysluvöru og vörur úr kartöflum. Hér er verið að fylgja fram harðsvíraðri verndartollastefnu sem er andstæð því sem við viljum að gildi gagnvart okkar afurðum í nágrannalöndunum og okkar viðskiptalöndum, t.d. á meginlandi Evrópu. Við mundum ekki taka því þegjandi ef við værum beittir svona skattlagningu. Raunar er efamál hvernig þetta gjald samræmist þeim fríverslunarsamningum sem við erum aðilar að.

Hér er og um það að ræða að leggja skatt á neytendur og það verður fróðlegt að sjá hvernig hv. þm. Sjálfstfl. greiða atkvæði í þessu nýja neytendaskattsmáli sem liggur hér til afgreiðslu.

Jón Magnússon: Virðulegi forseti. Ég lýsti því við 1. umr. um frv. eins og það lá þá fyrir að ég væri því andvígur. Frv. hefur nú tekið mjög veigamiklum breytingum þar sem það áður hljóðaði þannig:

„Heimilt er að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum búvörum sbr. 2. gr.“ Í staðinn fyrir orðið „búvörur“ er nú lagt til að komi: kartöflur. Það er að sjálfsögðu ljóst að hér er um verulega magnminnkun að ræða og er það út af fyrir sig vel. Miðað við það sem hv. síðasti ræðumaður benti á áðan er því um magnminnkun á neytendaskatti að ræða. En samt sem áður er um óeðlilega og óviðunandi skattheimtu að ræða.

Það sem er fyrst og fremst athugavert við þessa skattheimtu er það að hún gefur landbrh. algera geðþóttaheimild til að leggja gífurlega skatta á þessa framleiðsluvöru. Ég tel að svo víðtækt skattaframsal sé óheimilt Alþingi skv. stjórnarskrá. Það gæti þá síðar reynt á, ef þetta frv. yrði að lögum, með hæstaréttardómum eftir nokkur ár hvernig Alþingi hefði brugðist við og gætt ákvæða stjórnarskrárinnar. Þá gætu fallið dómar svipaðir þeim sem hafa fallið í öðrum svipuðum skattlagningarmálum þar sem landbrh. var falin geðþóttaákvörðun um mál sem þessi.

Ég verð að segja að þegar frv. kom fram var ég mjög undrandi á því að ríkisstj. skyldi leggja fram svo víðtækt skattlagningarfrv. á búvörur almennt skv. 2. gr. Ég veit að sjálfsögðu ekki hvað fyrir ríkisstj. vakti með því að orða frv. svona. Síðar kom í ljós hjá talsmönnum formanna beggja stjórnarflokkanna að þarna hefðu orðið mistök. Mistökin voru fólgin í því að í staðinn fyrir orðið „búvörur“ átti að standa: kartöflur. Meiri hl. landbn. Ed. hefur að sjálfsögðu brugðist við og sett inn kartöflur í staðinn fyrir búvörur.

Það er svo hægt að velta því fyrir sér hvernig á því stendur, fyrst bæði formaður Sjálfstfl. og formaður Framsfl. töldu að þeir hefðu samþykkt að leggja fram stjfrv. þar sem væri fjallað um skattlagningu á kartöflur, að kartöflurnar urðu að búvörum í meðförum landbrh. og landbrn. E.t.v. er landbrh. enn minnugur þeirra deilna sem hann stóð í við neytendur varðandi kartöflur og innflutning á þeim á sínum tíma og þær hafi því fest sig í hans huga sem mikilvægustu búvörur þessa lands. Ég held að það sé eina skýringin sem maður getur fundið á því að kartöflur skyldu allt í einu verða í meðförum hans að búvörum.

Miðað við þessa breytingu, sem meiri hl. landbn. leggur hér til, er óhjákvæmilegt annað en segja að grg. eða athugasemdir sem fylgja þessu frv. til l. eigi hreinlega ekki við. Við skulum aðeins skoða þær athugasemdir sem settar voru fram með frv. í upphafi.

Þar segir að það beri að tryggja að ávallt sé nægilegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu og þá vöruframboð á kartöflum við breytilegar aðstæður í landinu. Nú er það svo að það hefur ekki reynst örðugt undanfarin ár eða áratugi að tryggja nægjanlegt framboð á þessari vörutegund. Á öllum neytendamörkuðum í nágrenni við okkur er verulegt framboð og offramboð á þessari vörutegund.

Síðan er vitnað til þess í athugasemdum við frv., ég man ekki hvort það var í athugasemdunum við frv. eða hvort það var í framsöguræðu hæstv. ráðh., að um væri að ræða ýmiss konar styrki og niðurgreiðslur hjá nágrannaþjóðum okkar í sambandi við framleiðslu á búvörum. Þetta er rétt varðandi vissar búvörur. Þetta er rétt hvað snertir kjöt, ýmsar fóðurvörur og mjólk og mjólkurafurðir. Varðandi grænmeti, garðávexti, þar á meðal kartöflur, gildir þetta í mjög fáum löndum.

Ef við tökum Efnahagsbandalagið sérstaklega þá leitaði ég mér upplýsinga hjá ágætum lögmanni í Hollandi um í hvaða formi styrkir væru í Efnahagsbandalagslöndunum varðandi kartöflframleiðslu og framleiðslu á vörum unnum úr kartöflum. Ég fékk það svar að í Efnahagsbandalaginu væri ekki um að ræða neins konar kerfi styrkja fyrir bændur eða aðra framleiðendur kartaflna. Svo virðist því sem athugasemdir um niðurgreiðslur og styrki falli þá marklausar varðandi þær athugasemdir og önnur rök sem fram hafa komið fyrir því að þetta frv. væri samþykkt.

Nú er það svo að í raun njóta framleiðendur kartaflna verulegrar verndar eins og vikið hefur verið að í umræðunum. Í raun er ekki um innflutning að ræða á kartöflum meðan innlend gæðaframleiðsla er fyrir hendi. Hvers vegna þarf þá að setja þessi verndarákvæði? Mér er það gersamlega hulin ráðgáta. Það sem ég hygg að knýi á um þessi verndarákvæði er það sem hnýtt er við, þ.e. vörum unnum úr þeim, sú iðnaðarframleiðsla sem unnin er úr kartöflum.

Þá er komið að þeim þætti. Samkvæmt verðkynningu Verðlagsstofnunar, 4. tbl. 1986, er borið saman verð á ýmsum merkjavörum. Þar er t.d. tekið til verð á frönskum kartöflum sem hér eru á markaði. Miðað við 1 kg af hverjum kartöflum kemur í ljós að ódýrustu kartöflurnar kosta 50 kr. Næst ódýrustu 60,80 kr. Bæði þau vörumerki, sem ég nefndi hér, eru framleidd í Efnahagsbandalagslöndunum. Ef við lítum hins vegar á ódýrustu íslensku framleiðsluna eru það Þykkvabæjarkartöflur sem seldar eru í 1500 gramma pokum. 1 kg af slíkum kartöflum kostar skv. 4. tbl. Verðlagsstofnunar hvorki meira né minna en 140,52 kr. eða tæplega þrisvar sinnum meira en ódýrustu innfluttu frönsku kartöflurnar.

Ég hygg að það sé ljóst að verði frv. þetta að lögum muni einna fyrst verða gengið í að leggja 200% gjaldið ofan á tollvirði á þessar innfluttu frönsku kartöflur. Það mundi þýða að ódýrustu innfluttu kartöflurnar yrðu á svipuðu verði eða örlítið ódýrari en sambærilegar íslenskar franskar kartöflur. Það er því ljóst að frv. þetta, verði það að lögum, þýðir stórhækkað verð til neytenda hvað snertir þessa vörutegund. Það er ekki um annað að ræða. Hæstv. landbrh. kom í fréttatíma útvarps um daginn þar sem hann fékk það út með samlagningu og frádrætti samkvæmt einhverjum sérkennilegum reikningsskilaaðferðum, sem ég kann ekki að greina frá í hverju eru fólgnar, að þetta mundi ekki hækka verð til neytenda. Gott og vel. Mér er það hulin ráðgáta hvernig ráðherrarnn fékk það út þegar það liggur fyrir að í frv. sjálfu segir: „Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð.“ Hvernig í ósköpunum er hægt að hafa tekjur af skattlagningu á vörur öðruvísi en það hækki verð á vörunum? Mér þætti mjög fróðlegt að fá mjög nákvæma og ítarlega útskýringu hjá hæstv. landbrh. á því hvernig hann fékk það út að vörurnar mundu ekki hækka í verði þrátt fyrir að tekjur af gjaldinu ættu að renna í ríkissjóð.

Ég hef fengið í hendur útreikninga eins innflytjanda. Samkvæmt þeim pappírum kemur í ljós að innkaups-

verð á unnum kartöflum frá Hollandi nemur 17,55 kr. Flutningsgjald er um 10 kr. á kg. Síðan kemur tollur 40%, vörugjald 24%, þ.e. 11 kr. og 9,10 kr. Samtals leggjast ofan á vöruna í innflutningi 30,10 kr., en það eru 174% frá því að varan er seld af framleiðanda og þangað til hún er boðin til sölu í verslunum, þ.e. þá á eftir að leggjast á verslunarálagning o.s.frv. Verndin er þá þegar orðin 174% miðað við þennan innflutning. Ég reikna með að þarna sé um svipuð dæmi að ræða nema sé um að ræða dýrari tegundir þar sem flutningsgjaldið vegur örlítið minna. En það er svo óverulegt að það skiptir ekki máli. Það sem innlendu framleiðendurnir hafa þegar þetta er skoðað er nú þegar vernd sem þýðir í raun 174% hækkun frá framleiðanda. Þeir ættu því að geta framleitt sína vöru nokkuð vel verndaðir. Miðað við aðra iðnframleiðendur hygg ég að ekki sé um að ræða miklu rýmri vernd en hér greinir fyrir þá aðila. Ég bendi á þetta til að sýna fram á að í raun er þetta frv. algerlega óþarft. Að mínu viti stuðlar það eingöngu að óhagkvæmum atvinnurekstri og óarðbærum ef hann getur ekki staðist snúning erlendum framleiðanda sem þarf að selja vöru sína með því álagi sem hér ræðir um.

En þá skulum við velta því fyrir okkur: Hvers vegna kartöflur? Af hverju var ekki breytt úr búvörum í grænmeti og garðávexti? Af hverju bara kartöflur? Hvaða sérreglur og hvaða sérstök vandamál varða innflutning á kartöflum umfram annað grænmeti og garðávexti? Ég held að ef við skoðum málið hljótum við að verða sammála um að í flestum tilvikum séu kartöflur miklu einfaldari í meðförum en flestir aðrir garðávextir eða grænmeti. Í fyrsta lagi er ræktun þeirra mjög einföld. Í öðru lagi er geymsluþol þeirra mjög mikið. Þarna er um geymsluþolna framleiðslu að ræða sem geymist marga mánuði áður en varan skemmist, ef hún er rétt geymd, jafnvel ár. Varðandi fjölmarga garðávexti, ef við tökum t.d. tómata, gúrkur o.fl., erum við að tala um geymslu í nokkra daga. Þess vegna get ég ekki heldur séð hvað það er sem mælir með því að þarna séu kartöflur sérstaklega teknar út úr.

Hæstv. landbrh. fann sig knúinn til þess að koma í ræðustól áðan og drap þá á ákveðið atriði sem afsökun fyrir því að samþykkja ætti þetta makalausa frv. Hann benti á að þó að nægar kartöflur væru til fyrir norðan væri kannske lítið af kartöflum til fyrir sunnan og þá gætu Sunnlendingar flutt inn og fengið ódýrari kartöflur en það væri óréttlátt. Þarna kemur landbrh. inn á það fornaldarfyrirbrigði sem enn tíðkast varðandi sölufyrirkomulag á búvörum, eins konar nútímalénsskipulag í sölumálum þar sem sérstök sölusvæði viðgangast enn í dag og erfiðleikar eru á því fyrir neytendur, sem búa í Reykjavík t.d., að fá keyptar búvörur sem eru framleiddar töluvert langt frá þeim og jafnframt er fyrir framleiðendur á þeim búvörum, við skulum segja norður í landi, mjög örðugt að koma þeim vörum á framfæri við neytendur vegna þeirra ákvæða sem gilda af opinberri hálfu um sölusvæðin.

Einhverja þingdeildarmenn kann að reka minni til þess að fyrir nokkrum árum stóð verslunin Hagkaup í mikilli deilu, sem ég hygg að landbrn. hafi reyndar blandast inn í, vegna þess að sú verslun vildi selja jógúrt sem var framleidd á Húsavík. Að sjálfsögðu var ægilegt fyrir neytendur að fá keypta jógúrt frá Húsavík. Í fyrsta lagi var hún örlítið ódýrari. Í öðru lagi gat það raskað markaðsaðstöðu þess framleiðanda sem hafði einokunaraðstöðu á reykvískum neytendamarkaði.

Því miður kemst maður ekki hjá því, þegar maður fjallar um vitleysu eins og þetta frv. er, að taka örlítið til skoðunar skipulagningu á búvöruframleiðslu og þau fornaldarsjónarmið sem ríkja hjá stjórnendum búvöruframleiðenda og í landbrn. með tilliti til þess hver staða framleiðenda eigi að vera annars vegar og hver staða seljenda eigi að vera og hver staða neytenda eigi að vera. Að sjálfsögðu á hinn innlendi markaður að vera algerlega frjáls. Að sjálfsögðu á framleiðandi hvar sem er á landinu að geta selt sína framleiðslu hvar sem er á landinu. (**EgJ:** Hann getur það.)

Í öðru lagi á að stuðla að því að um verði að ræða hagræðingu í framleiðslu á búvörum þannig að neytandanum geti nýst í lægra vöruverði og verð á búvörum geti nálgast það sem gerist með okkar nágrannaþjóðum. Það er ekki endalaust hægt að láta búvöruframleiðsluna ganga með þeim hætti að þar sé tilbúið verð sem sé úr öllu samræmi við markaðsverð erlendis og neytendum sé endalaust ætlað að borga þann herkostnað. Það gengur ekki til langframa.

Hitt er annað mál, og það skal ég alveg taka undir og samþykkja, að að sjálfsögðu er innlendum framleiðendum þörf á ákveðinni vernd. Í fyrsta lagi vegna þess að markaðurinn er hér mjög lítill. Við njótum ekki hagkvæmni þeirrar stærðar markaðar sem ýmsar milljónaþjóðir njóta. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að ríkisstj. hefði vandað töluvert til vinnu sinnar, velt því fyrir sér og lagt fram frv. um að tryggja stöðu innlendra framleiðenda gagnvart innfluttri vöru almennt. Þá er ég að tala um þá sem stunda búvöruframleiðslu, þá sem stunda framleiðslu úr sjávarfangi og þá sem stunda iðnaðarframleiðslu. Það er útilokað að ætla endalaust að setja atvinnugreinarnar í flokka og skammta þeim mismunandi aðstæður. Það er eðlilegt að öll atvinnustarfsemi í landinu njóti svipaðra kjara, en það sé ekki einn hópur og jafnvel lítill hópur innan einnar atvinnugreinar stöðugt tekinn út úr og skömmtuð sérréttindi.

Ég sé ástæðu til þess með tilliti til þess að vernda atvinnustig hér á landi og lífskjör að það sé brugðist við skefjalausum innflutningi, en þó má sú vernd alls ekki fara úr hófi fram. Ég bendi t.d. á að það kann að vera spurning um hvort óheftur innflutningur á ódýrum fatnaði frá Suður-Kóreu þýði ekki að það þurfi að leggja niður fleiri störf á Íslandi í fataiðnaði, t.d. hjá fataverksmiðju KEA á Akureyri, en getur skipt máli skv. þessu frv.

En hér er að sjálfsögðu alltaf um samspil að ræða. Hvað er eðlilegt að hafa verndina mikla fyrir innlenda framleiðandann? Hvað er eðlilegt að neytandinn greiði umfram til að viðhalda innlendri framleiðslu? Að sjálfsögðu er það mjög viðamikil spurning. Að sjálfsögðu er eðlilegt að taka tillit til þess að hér sé um ákveðna vernd að ræða, en hún má ekki keyra úr hófi fram. Það sem hér er lagt til er að það er eingöngu verið að taka eina vörutegund sérstaklega fyrir og skammta henni vernd umfram allar aðrar vörutegundir. Það finnst mér gersamlega út í hött.

Við 1. umr. benti hæstv. landbrh. á að tilgangur frv. væri að jafna verð á milli innfluttrar og innlendrar framleiðslu og að sjálfsögðu mundi það álag sem kæmi á hina innfluttu vöru verða til þess að lækka verð hinnar innlendu framleiðslu. Hvað þá með skattinn sem á að

renna í ríkissjóðinn? Hvað er hér verið að segja? Hér er einfaldlega verið að segja þetta: Þar sem innlendu framleiðendurnir, þeir smáframleiðendur sem hér ræðir um, geta ekki staðið sig á að taka af verði hinnar innfluttu vöru og nota til að greiða niður verð hinnar innlendu. Ég held að þetta þýði mjög óeðlilega verndartollastefnu sem sé ekki í neinu samræmi við þá þróun sem hefur átt sér stað í okkar heimshluta hvað snertir tollamál og viðskipti. Og enn segi ég: Af hverju á þetta að taka til þessarar einu vörutegundar? Hvaða sérástæður gera nauðsynlegt að leggja fram stjfrv. á Alþingi Íslendinga um kartöflur?

Hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði við 1. umr. líka og benti á að það sem hér væri verið að leggja til væru verndartollar. Að sjálfsögðu eru þetta verndartollar. Þá benti hann á að það væru sérákvæði sem giltu varðandi iðnaðarframleiðslu miðað við búvöruframleiðslu hvað snertir tollamál. Þetta er algerlega rétt ábending. Hann benti á það líka að af þeim ástæðum þyrfti að bregðast með einhverjum hætti við hvað snerti innflutning á landbúnaðarframleiðslu. Ég get út af fyrir sig samþykkt þetta sem ákveðið sjónarmið. Ég get líka samþykkt það, sem hv. þm. sagði við 1. umr. þessa máls, að það væri sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna, bæði framleiðenda og neytenda, að íslensk framleiðsla legðist ekki niður af tilviljunarkenndum ástæðum á erlendum mörkuðum. En enn snýst spurningin um hversu langt á að ganga. Ég hygg að það sé enginn hv. þingdeildarmaður þeirrar skoðunar að vilja leggja niður innlenda framleiðslu í þessari grein, jafnvel þó að það þýði örlítið hærra verð til neytenda. Hér tekur einfaldlega út yfir allan þjófabálk. Ég vil þess vegna, miðað við þau skynsamlegu rök sem komu fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., benda á að að sjálfsögðu erum við sammála meginatriðum í hans ræðu, en það getur hins vegar ekki leitt til þeirrar niðurstöðu að við getum samþykkt þetta frv.

Í fyrsta lagi, og það finnst mér vera meginatriðið í málinu, er þarna mjög víðtækt skattlagningarvald lagt alfarið undir geðþóttaákvörðun landbrh. Mér er út af fyrir sig alveg sama hvað sá landbrh. heitir. Formlega séð er þarna of mikið framsal á skattlagningarvaldi frá Alþingi til annars stjórnvalds. Af þeim ástæðum í fyrsta lagi get ég ekki samþykkt þetta frv.

Í öðru lagi hef ég ekki fengið nein skynsamleg rök sem segja mér af hverju setja þurfi sérstakar reglur og sérstaka tolla og innflutningsvernd varðandi kartöflur og vörur unnar úr þeim miðað við aðrar búvörur eða garðávexti, grænmeti. Af þeim ástæðum sé ég ekki annað en það sé full ástæða til að vera á móti frv.

Í þriðja lagi verður ekki annað séð en verði þetta frv. að lögum, miðað við það sem ég rakti og benti á varðandi verðkynningu Verðlagsstofnunar, muni frv. leiða til stórhækkaðs vöruverðs til neytenda.

Í fjórða lagi, og það skiptir líka verulegu máli jafnt fyrir stjórn sem stjórnarandstöðu, er það fordæmi sem er gefið með svo óhemjulegri verndartollastefnu sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál hafði verið rætt í þingflokki míns flokks og um það tekin ákvörðun áður en ég settist á þing. Mér er jafnljóst að neytendur í Reykjavík og nágrannabyggðarlögum og sjálfsagt um allt land, alveg óháð því hvar þeir eru í stjórnmálaflokki, eru mjög andvígir frv. Þeir gera sér grein fyrir því hvaða þýðingu það hefur. Það skerðir þeirra hagmsuni. Ég vil því leyfa mér að lokum að skora á þm. jafnt stjórnar sem stjórnarandstöðu að standa saman um að fella þetta makalausa frv.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Örfá orð vegna nokkurra atriða í ræðu hv. 1. þm. Reykv. sem ræddi um vitlaust frv. Þetta frv. var samið í mjög nánu samstarfi milli fjmrn. og landbrn. og þannig er það til komið.

Hv. þm. gat ekki skilið annað en hér væri um íþyngingu fyrir íslenska neytendur að ræða, enda þótt ég hafi lýst því yfir að þessu gjaldi, sem þarna er að forminu til látið renna í ríkissjóð, verður varið til að greiða niður neysluvörur sem framleiddar eru hér innanlands og lækkar þá þeirra verð á móti. Kartöflusala er ekki bundin við svæði, eins og hv. þm. hélt fram. Hins vegar er augljóst mál að ef þarf að flytja þær annaðhvort héðan frá Suðurlandi og norður eða af Norðurlandi og suður hækkar auðvitað mjög verð á þeim. Að því leyti veldur það mismun á verði.

Hv. 1. þm. Reykv. furðaði sig á því af hverju væri verið að fjalla um landbúnaðarvörur á einhvern annan hátt en aðrar vörur, en eins og flestir munu væntanlega vita gilda allt aðrar reglur um viðskipti með landbúnaðarvörur milli landa en með iðnaðarvörur. Það þýðir ekki fyrir okkur að ætla að flytja út landbúnaðarvörur til Efnahagsbandalagslandanna t.d. Þar eru tollar og algert innflutningsbann sem við verðum að komast hjá með sérstökum samningum ef við ætlum að koma okkar vörum þangað inn. Það ætti að vera skiljanlegt að þarna er um gerólíka hluti að ræða.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér heimild til álagningar sérstaks gjalds á innfluttar kartöflur eins og frv. er orðið eftir þá breytingu sem fyrirhuguð er á því við þessa umræðu. Ég lýsti því yfir við 1. umr. að ég liti svo á að hér væri um verndartoll að ræða og þar sem flokkur minn er þeirrar skoðunar að verndartollar geti átt fyllsta rétt á sér í sérstökum tilvikum, þegar sérstaklega er á þeim þörf og þegar heimilt er að leggja þá á samkvæmt alþjóðlegum viðskiptasamningum, teljum við að fyllilega sé réttlætanlegt að grípa til slíkra aðgerða í tilviki eins og þessu.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að í umræðum um þetta mál hafa menn stundum verið að rugla saman samningum okkar við Efnahagsbandalagið eða við EFTA, rugla saman umræðum um viðskiptafrelsi með iðnaðarvörur, sem orðið er meginregla í samskiptum þjóða Vestur-Evrópu, og svo hins vegar viðskiptum með landbúnaðarvörur, en um þær gilda allt aðrar reglur. Það þýðir ekkert að mæta máli af þessu tagi með spurningunni um hvort við mundum kæra okkur um að settur væri tollur á einhvern iðnaðarvarning sem við værum að flytja til annars lands. Við vitum ósköp einfaldlega að það er ekki heimilt, hvorki af okkar hálfu né af hálfu viðskiptaþjóða okkar vegna samninga, en það sama gildir ekki um landbúnaðarvörurnar. Landbúnaðarvörurnar falla undir allt annað kerfi. Þessu má alls ekki rugla saman, hvað þá að beita samningum um EFTA og Efnahagsbandalag sem einhverjum rökum í þessu samhengi.

En það er eitt atriði sem ég tel að hafi kannske ekki

komið alveg nægilega ljóslega fram í þessari umræðu. *Hv. 8. landsk. þm. Kolbrún Jónsdóttir bar fram þá* spurningu til landbrh. í upphafi umræðunnar hvort hugsanlegt væri að lagaheimild þessi yrði notuð í því tilviki þegar innlend framleiðsla væri ekki fyrir hendi, t.d. að sumarlagi. Ég sé ástæðu til að ítreka þessa spurningu. Ég held að landbrh. ætti að gefa sér tóm til að svara henni því að hún skiptir verulegu máli. Er hugsanlegt að þetta gjald yrði lagt á innfluttar kartöflur undir þeim kringumstæðum að landið væri kartöflulaust, það væri engin innlend framleiðsla fyrir hendi? Þá væri ekki lengur um að ræða verndartoll, þá er ekki verið að vernda íslensku framleiðsluna. Þá væri með fullum rétti hægt að segja að verið væri að hækka vöruverð innanlands og skerða hag neytenda verulega frá því sem væri ef gjaldið væri ekki lagt á. Mér finnst að hæstv. ráðh. þurfi að svara þessari spurningu. Ég vænti þess fastlega að hann svari henni neitandi og hef alltaf gengið út frá því, eins og ég hef gert hér grein fyrir, að þetta sé verndartollur og hann sé einungis lagður á undir þeim kringumstæðum að verið sé að verja íslenska framleiðslu. Ég segi fyrir mig að viðhorf mitt til frv. mundi kannske eitthvað breytast ef hætta gæti verið á því að heimild af þessu tagi væri notuð þegar ekki væri um neina íslenska framleiðslu að ræða sem þyrfti að verja.

Ég er því almennt hlynntur að heimild af þessu tagi sé veitt til verndar íslenskri framleiðslu, tel nokkur rök fyrir því að svo verði að gera þó að ég viðurkenni vissulega það, sem kom fram hjá 1. þm. Reykv., að heimildin er nokkuð viðtæk og getur því verið spurning hversu langt á að ganga í því að Alþingi veiti ráðherrum heimildir af þessu tagi. En það eru mörg fordæmi af þessu tagi í löggjöfinni. Ég gæti t.d. nefnt löggjöfina um þungaskattinn sem dæmi eða gjaldið sem var lagt á innflutt einingahús svo að maður nefni annað dæmi. Það má tína út úr löggjöfinni fjöldamörg dæmi af þessu tagi þar sem löggjafinn hefur veitt ráðherra vald til að leggja gjöld á í sérstökum afmörkuðum tilgangi. Mér sýnist á öllu að þó að nokkuð langt sé gengið verði það að teljast réttlætanlegt í þessu sérstaka tilviki. En vissulega er varhugavert að þetta yrði mjög víðtæk regla.

En ég stóð sérstaklega upp til að óska eftir því að ráðherra svaraði spurningu hv. 8. landsk. þm. sem mér fannst að ekki hefði verið nægilega greinilega svarað.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Í mínum huga hefur verið ætlunin að nota þessa heimild til að jafna verð milli innlendrar og erlendrar framleiðslu. Ég vil líka undirstrika að ég tel að það gjald sem komi á eigi að ganga til að greiða innlenda framleiðslu niður í einhverju formi til þess að neytendur njóti þess sem þarna er lagt á þannig að þetta verði ekki að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð. (Gripið fram í.) Ja, það er misjafnt hvað langt fram á sumar uppskera endist. Ekki er hægt að árstíðabinda það. Ég hef ekki alveg nýjar upplýsingar um hvað kartöflur endast núna, en mér er tjáð að það muni verða a.m.k. langt fram í júnímánuð. Ef til vill verður mjög lítið bil á milli og því þurfi mjög lítið að flytja inn. Þegar öll innlend framleiðsla er búin teldi ég þó að þetta ætti ekki að vera.

Frsm. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ef ég skil orð hæstv. ráðh. rétt er aðeins ætlað að *innheimta þetta gjald á þeim tíma* þegar bæði er innlend og erlend framleiðsla í landinu. Þetta er sú spurning sem ég lagði fyrir nokkra þm. í gær og hæstv. ráðherra einnig, ekki landbrh. reyndar. Það voru önnur svör sem ég fékk þar. En þetta er nú komið á hreint. Aðeins er um að ræða toll á kartöflur þegar er bæði innlend og erlend framleiðsla í landinu. (**EgJ:** Hvar stendur það nú?) Það kemur fram hjá hv. 11. landsk. þm. að ekki er sama túlkun hjá öllum á þessum væntanlegu lögum. En þrátt fyrir að þennan toll sé aðeins ætlað að leggja á þegar innlend og erlend framleiðsla er á sama tíma til í landinu tel ég það mjög hættulegt fyrir kartöflubændur vegna þess að þó að innlend framleiðsla sé til, þó það sé fyrir norðan, eigum við ekki til nógu góðar geymslur og geymsluþol kartaflna er ekki með mjög góðum hætti þar sem ekki eru kælikerfi í geymslum. Því getum við ekki réttlætt að flytja inn kartöflur erlendis frá á stærsta markaðinn, en láta kartöflubændur víðs vegar um land sitja uppi með sína framleiðslu. Það er minn skilningur að þó að ráðuneytið hafi stjórnkerfi til að stýra innflutningi með leyfisveitingum eigi ráðherranum ekki að vera heimilt að leyfa innflutning fyrr en innlenda framleiðslan er á þrotum. Við getum aldrei borðað upp innlenda framleiðslu einhvern ákveðinn dag og flutt svo inn daginn eftir erlenda vöru því að markaðurinn tekur þó nokkuð til þess að eiga á lager. Ég held því að þessi heimild, þrátt fyrir að hana eigi aðeins að nýta á þessum tíma, lengi þann tíma sem innlendir framleiðendur eru að losna við sína vöru.

Ég hélt að hv. 11. landsk. þm. hugsaði meira um hag kartöflubænda en svo að hann mundi samþykkja að hann sæti kannske uppi með kartöflur þangað til allir á Hornafirði og Austurlandi væru búnir að klára sína framleiðslu og hann mætti ekki flytja hana hingað suður. En málið er ekki þannig. Það er leyfilegt að flytja kartöflur *milli landshluta*. Það *þyrfti* þá að koma nýtt ákvæði sem mundi setja skorður við því eins og áður var meðan Grænmetisverslun landbúnaðarins var eingöngu með söluna. Þá var landinu skipt niður í svæði. Norðurland hafði sitt svæði, Austurland sitt og Suðurland stóra markaðinn. Ég get ekki fallist á þær *röksemdir að það sé ekki hægt að flytja* kartöflur norðan úr landi, það sé ódýrara að flytja þær erlendis frá, ef menn fyrir norðan hafa nægа uppskeru fyrir sig og sína. Þetta get ég alls ekki fallist á.

Enn fremur vil ég líka benda á að eftir að Grænmetisverslun landbúnaðarins var lögð af í sinni fyrri mynd hafa gæði kartaflna batnað mjög mikið. Sú samkeppni sem átt hefur sér stað undanfarið hefur sýnt og sannað að það er full þörf á að hafa samkeppni um sölu á þessari vörutegund. En því miður er Ágæti, sem heitir svo, fyrirtæki Grænmetisins sáluga ef svo má segja, að taka yfir pökkunarverksmiðju í Þykkvabænum sem bændur sáu um áður. Ég harma að bændur í Þykkvabænum skyldu ekki hafa fengið þá aðstoð sem þeir þurftu til að geta sjálfir staðið undir þessari pökkunarverksmiðju og staðið þá í samkeppni við Ágæti.

En ég er ekki að beina þessu beint til hæstv. ráðh. Ég held að ekki sé við hann að sakast í þeim efnum. En kerfið er það þungt í vöfum að þessi verksmiðja hefur ekki hlotið þann stuðning, þó það sé ekki um margar milljónir að ræða þar, að bændur geti starfrækt hana heldur er nú Ágæti að taka þessa pökkunarverksmiðju

yfir. Ég held að það sé einmitt mjög gott að þar sem um 40% af kartöfluframleiðslunni fara fram sé vörunni pakkað í neytendaumbúðir. Það skapar líka atvinnu fyrir fólk sem býr þar á staðnum. Ég er hér um bil viss um að á næsta hausti verði þessi starfsemi flutt til Reykjavíkur. Þetta kerfi, sem er búið að vera í eitt ár, er því aftur að fara inn í lokaða miðstýringu. Það er aftur að síga inn í Grænmetið þó það heiti Ágæti.

Varðandi unnar kartöflur kom hv. 1. þm. Reykv. inn á þá tolla sem eru á innfluttum frönskum kartöflum. Auk þess sleppa verksmiðjurnar hér innanlands við 24% vörugjald. Ofan á það er varið töluverðu fé úr ríkissjóði til að styrkja verksmiðjurnar. Það kom upp í landbn. að það vantaði 18 millj. til að styrkja þessa framleiðslu. Það er verið að styrkja þær tvær verksmiðjur sem til eru í landinu. En við megum aldrei ganga svo langt að við vitum aldrei hvað borgar sig og hvað borgar sig ekki. Ef ekki borgar sig að vinna þessa vöru innanlands verðum við að horfast í augu við það. Það er svo sérkennilegt við kartöflurækt að ef það er gott árferði er ekkert að því að henda kartöflum. Kartöflubændur græða bara meira eftir því sem sprettan er betri án þess að hafa meiri kostnað. Við verðum bara að sætta okkur við að verða að henda þeirri framleiðslu sem umfram er. Þær verksmiðjur sem vinna kartöflur vinna auk þess kartöflur undir 28 mm eða kartöflur sem fóru í beljur áður. Þeir geta bara þakkað fyrir að fá eitthvað fyrir þessa vöru. Það er ekki hægt að greiða sífellt niður og greiða með og geta aldrei gert sér grein fyrir hvað borgar sig og hvað ekki og reyna alltaf að koma í veg fyrir samkeppni. Auðvitað geta kartöflubændur lækkað sína vöru ef uppskeran er mikil vegna þess að þeir nota ekki meiri áburð, þeir nota ekki fleiri vélar eða neitt. Ég á bara varla orð yfir frv. Hvers konar vitleysa er hér að fara í gegn? Þetta er rökleysa.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svar hans við spurningu minni áðan. Það var kannske svolítið djúpt á svarinu, en það kom og það var skýrt að mínu viti. Hann sagði í lokasetningunni að það væri skilningur hans að eftir að allar birgðir af íslenskum kartöflum hér innanlands væru uppurnar, hefðu verið seldar, mundi gjaldið á innfluttu kartöflurnar verða fellt niður. Ég fagna þessari yfirlýsingu því að ég veit að launamenn og aðilar nýgerðra kjarasamninga munu fagna því að neytendur geta þá undir þeim kringumstæðum notið hins lága vöruverðs á erlendum kartöflum, enda er þá ekki lengur verið að verja íslenska framleiðslu.

Jón Magnússon: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja tímann á því að fara að ræða um það sem hæstv. landbrh. hafði út á mína ræðu að setja áðan og það sem hann kom með til varnar frv. sínu, en það eru nokkur atriði sem væri mjög mikilvægt að ráðherra upplýsti.

1. Hvers vegna er nauðsyn að taka til þessi sérákvæði um tollvernd fyrir kartöflur og vörur unnar úr þeim umfram aðrar búvörur? Ég mundi vilja að ráðherra gerði rækilega grein fyrir því hvaða ástæður valda því að það þurfi að gilda þessar sérreglur um kartöflur.

2. Ekki síst að gefnu tilefni vegna fsp. hv. 3. þm. Norðurl. v., þar sem hann velti upp þeirri spurningu hvort tollurinn yrði eftir sem áður í gildi þegar innlend framleiðsla væri ekki til sölu, ég skildi spurninguna sem slíka, þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðh. varðandi þá innflutningstolla og álögur sem gilda á innflutt grænmeti eða garðávexti: Hvenær hafa þeir verið lækkaðir eða felldir niður þegar framboð hefur ekki verið á innlendri framleiðslu á markaðnum?

Ég ætla ekki að svara fyrir hæstv. ráðh., en benda á að ég hef ekki orðið var við að um væri að ræða neina verðlækkun á grænmeti eða garðávöxtum er íslenskri framleiðslu sleppir og byrjað er að flytja inn sannanlega ódýrari vöru hvað innkaupsverð snertir vegna þess að tollálögurnar hafa þá tekið við. Þetta hefur gilt t.d. varðandi tómata og margt fleira. Enda væri nokkuð furðulegt að tala um tekjur sem ættu að renna í ríkissjóð ef hér væri eingöngu um verðmiðlunarfrv. að ræða, eins og hæstv. ráðh. vill láta í veðri vaka hér í þessari hv. þingdeild.

Til viðbótar þeim efnisatriðumn sem ég gat um áðan vil ég leyfa mér að nefna að í mörg, mörg ár ríkti mikið ófremdarástand varðandi sölumál á kartöflum. Grænmetisverslun landbúnaðarins hafði einokunaraðstöðu varðandi sölu á markaðnum hér og sölustarfsemi hennar var með þeim endemum að á ákveðnu tímabili og rétt áður en sú stofnun var að velli lögð þurftu heilbrigðisnefndir og heilbrigðisráð að ganga í málin og spítalar á Reykjavíkursvæðinu að neita að taka við þeim óþverra sem Grænmetisverslun landbúnaðarins ætlaði að neyða ofan í neytendur. Í framhaldi af því, þar sem talmsmenn Grænmetisverslunarinnar létu ekki skipast, þurftu neytendur á þessu svæði að taka til sinna ráða, og reyndar líka annars staðar, m.a. norður á Akureyri og víðar, og knýja á um að það yrði hætt að selja óþverra sem var ekki samkvæmt mati yfirmatsmanns garðávaxta hæfur til manneldis. Neytendur í Reykjavík brugðust mjög vel við og sendu ráðherra áskorun og nokkru síðar var hætt að selja þennan óþverra, en það var árviss viðburður áður fyrr að á löngu tímabili ár hvert voru ekki til hér á neytendamarkaði ætar kartöflur. Það hefur ekki verið síðan deilan út af finnsku kartöflunum var til lykta leidd, gæti að sjálfsögðu komið aftur ef það ágæta Ágæti fær svipaða einokunarstöðu og Grænmetisverslun landbúnaðarins hafði áður.

En þannig var staðan og þessi lélegu vörugæði á kartöflum hafa leitt til þess að fólk er í stórum stíl hætt að neyta þessarar vöru. Ég reikna með því að hæstv. landbrh. geti upplýst þingheim um að neysla kartaflna hefur farið minnkandi ár frá ári. Vegna hvers? Einfaldlega vegna þess að sölukerfið var ófullnægjandi og í öðru lagi vegna þess að það voru ekki á markaðinum langtímum saman ætar kartöflur. Þegar verið er að tala um offramleiðslu núna er þar að hluta til um að kenna arfi frá þeim tíma að það var árviss viðburður að fólki var boðið upp á óæti í staðinn fyrir ágæti.

Að sjálfsögðu verður að telja eðlilegt að vinna gegn þessari þróun vegna þess að ég lít svo á að þarna sé um hollustuvöru að ræða og mjög mikilvæga neysluvöru. Út af fyrir sig er það mesta hagsmunamál framleiðenda þessarar vöru að neysla á henni aukist, langsamlega mesta hagsmunamálið. En það verður ekki gert með því að setja á þá verndartolla sem hér ræðir um og þá skattlagningu og það verður ekki gert með því að stefnt sé að því að sölukerfið fari í svipaðan farveg og meðan Grænmetisverslun landbúnaðarins sáluga, fáum harmdauði, var við lýði. En höfuðspurningin er þessi: Hvaða ástæður eru til þess að setja sérreglur um kartöflur?

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Það gengur furðu næst að við skulum þurfa að standa í Ed. Alþingis á árinu 1986 og rífast um jafnmikil miðaldaviðhorf og fram koma í því frv. sem hér liggur fyrir hv. deild. Það er rétt eins og menn hafi ekki lesið mannkynssöguna sína og lesið um baráttu kúgaðra Íslendinga fyrir því að fá að éta eitthvað annað en maðkað mjöl. Það náðist fyrir tveimur árum ákveðinn árangur í þessum málum þegar einokun Grænmetisverslunar var aflétt að nokkru og ég held að það þurfi enga félagsfræðideild í Háskóla Íslands til að gera könnun á því og komast að þeirri niðurstöðu að þær breytingar, sem þá voru gerðar á löggjöf sem varðaði innflutning á grænmeti, hafa gerbreytt vali og möguleikum íslenskra neytenda hvað grænmeti snertir og þá sérstaklega kartöflur. Þú gengur núna inn í búð í marsmánuði og hefur fyrir þér úrval af ágætiskartöflum, íslenskum aðallega, og tilfellið er að samkvæmt því sem manni er sagt velja neytendur, þ.e. hinir venjulegu neytendur sem kaupa til daglegra þarfa sinna í verslunum, frekar og fyrst og fremst íslenska vöru en erlenda þegar beggja er völ. Það er aftur á móti víst staðreynd líka að þeir sem kaupa inn í miklu magni, þá er þar aðallega um veitingahús, spítala og stofnanir að ræða, fyrirtæki sem ekki hafa sjálf eins gott tækifæri til að kanna gæði þeirrar vöru sem þau eru að kaupa í miklu magni en verða að uppfylla ákveðin skilyrði og kröfur af hálfu eftirlits og opinberra aðila, kaupa frekar innflutta vöru en innlenda einfaldlega vegna þess að þeir ganga að því sem gefnu að þar séu gæðin yfirleitt meiri. Það er líka staðreynd að eftir að einokun Grænmetisverslunarinnar var aflétt hafa gæði innfluttu vörunnar batnað stórlega.

Þetta frv., sem hér um ræðir, væri þá t.d. að stórauka alla vega þennan kostnaðarlið hjá veitingahúsum, spítölum og opinberum stofnunum. Þannig eru menn að bregða fæti fyrir sjálfa sig að nokkru leyti í þessum málum.

Það sem virðist vera stjórnvöldum hér á landi einna mestur þyrnir í augum, framsóknarmönnum allra landa, er það að hinar erlendu vörur eru greiddar niður verulega af þarlendum stjórnvöldum og það verður greinilega með öllum ráðum að koma í veg fyrir það að íslenskir neytendur fái notið þess að menn úti í löndum taka þá afstöðu til landbúnaðarframleiðslu að greiða hana niður.

Í nýlega út gefnum tölfræðiritum kemur fram að vísitala neysluvöruverðs á Íslandi er þrisvar sinnum hærri en á öðrum Norðurlöndum, þrisvar sinnum hærri. Þá má spyrja hvort við þær aðstæður sem við búum við hér á landi — að vera háð innflutningi á grænmeti eins og allir vita, að laun hér á landi eru lægri en í nágrannalöndum okkar, að neysluvöruverð á Íslandi er þrisvar sinnum hærra en á öðrum Norðurlöndum — hvort ástæða sé þá til að vera að bæta enn um betur til að tryggja það að íslenskir neytendur geti alls ekki átt kost á því að kaupa eitthvað af þeirri neysluvöru sem þeir nauðsynlega þurfa á aðeins hagstæðara verði en hér á að búa til með þeim kúnstuga hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á það hérna áðan, vegna þess að þetta frv. tekur náttúrlega ekki bara til frumframleiðslunnar, þ.e. kartaflnanna sjálfra heldur líka varnings unnum úr þeim, að við getum ekkert barið hausnum við steininn og neitað því að Íslendingar hafa tekið upp siði eða ósiði annarra þjóða og borða t.d. það sem kallast franskar kartöflur, þá kemur í ljós í þeirri verðkönnun, sem hann vitnaði til í 4. tbl. verðkönnunar Verðlagsstofnunar frá 1986, að ódýrasta íslenska framleiðslan sem völ er á kostar 140,52 kr. hvert 1 ½ kg á meðan af ódýrustu innfluttu framleiðslunni kostar 50 kr. 2 ½ kg skammtur. Og það sem á nú að tryggja með þessari lagasetningu er það að fólk sem fer út í búð og ætlar að kaupa þessa vöru, hversu nauðsynleg eða ónauðsynleg sem fólki þykir hún nú, — en það er bara ekkert hægt, eins og ég sagði áðan, að berja hausnum við steininn, fólk vill kaupa og neyta þessa varnings við vissar aðstæður alla vega — að nú á fólk ekki að geta átt þess kost að kaupa þessa vöru á ekki bara ⅓ af því verði sem ódýrasta íslenska varan kostar, heldur ¼ af því verði sem íslenska framleiðslan kostar.

Nú eiga menn að búa við það að verða að borga það sama nánast fyrir innflutninginn eins og fyrir íslensku framleiðsluna. Þetta þýðir það að þeir hinir sömu menn, sem settu núna nýlega lög á það fólk hér á landi sem býr við lág laun, eru að takmarka og skera niður möguleika þessa fólks til að búa við sömu eða sambærileg kjör og aðrir með því einfaldlega að banna þeim neyslu á ákveðnum vörum. Ég segi þetta vegna þess að lögin, sem sett voru í kjölfar samninganna hér um daginn, snúa fyrst og fremst að því fólki sem ekki hefur menntun eða stöðu til þess að sækja það sem á þessa samninga vantar í greipar vinnuveitenda sinna. Það á fyrst og fremst við um það fólk sem engan málsvara á lengur því að verkalýðsforustan er búin að gefa þetta fólk upp á bátinn og verkalýðsforingjar hafa m.a.s. lýst því yfir í fjölmiðlum að þetta fólk skuli sækja sínar launabætur til almannatrygginga.

Ef við snúum okkur þá aftur að hinni hliðinni sem ég byrjaði á, þ.e. þeim miðaldahugsunarhætti sem í lagasetningu sem þessari felst, þá er sagt hér á bls. 2 í grg. með frv., með leyfi frú forseta:

„Í tillgr. er lagt til að landbrh. verði veitt heimild til að leggja sérstakt jöfnunargjald á innfluttar búvörur *sem lið í stjórn búvöruframleiðslunnar* . . .“ — Og undir þetta eigum við hér í hv. þingdeild að taka.

Finnst mönnum virkilega að svo vel hafi tekist til að stjórna búvöruframleiðslu á Íslandi að það réttlæti nauðsyn þess að við ljáum stuðning okkar enn einni tilraun á því sviði? Það vita allir sem vilja vita, það vita allir sem lesa blöðin ekki á hvolfi að stjórn búvöruframleiðslu á Íslandi hefur gjörsamlega mistekist. Hún hefur mistekist svo gjörsamlega að nú setja menn orðið lög árlega til þess að reyna með einhverju móti að ná tökum á þeirri hvelju sem þessi svokallaða stjórn landbúnaðarframleiðslunnar er á. Fyrst og fremst vegna þess að menn vilja ekki sleppa úr höndunum því forna stjórntæki sem framleiðsluráðslögin eru. Og menn vilja ekki sleppa sjónum af þeim heimsstyrjaldarhugsunarhætti sem réði þeirri upphaflegu samningsgerð sem samstarf ríkis og bænda er sprottið upp úr á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld. Menn berja enn þá hausnum við steininn og neita að viðurkenna það að endanlega hlýtur þessi framleiðslugrein eins og allar aðrar að verða að lúta hinum einföldu lögmálum samkeppninnar í viðskiptum, að það verður aldrei hægt að stjórna henni þannig að hagsmunir neytenda og framleiðenda fari saman. En þeir hagsmunir mætast nákvæmlega í þeirri einu og eilífu staðreynd að báðir aðilar hljóta að sækjast

eftir að varan sem þeir framleiða og varan sem þeir kaupa sé af sem allra mestum gæðum.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín þeirri spurningu af hverju sérstaklega væri þörf fyrir þessa lagasetningu um kartöflur og ekki annað. Eins og hv. þm. veit þá var frv. víðtækara, en það varð niðurstaðan í landbn. að gera þessa breytingu og vafalaust er það augljós ástæða að kartöflurnar eru umfangsmesta framleiðsluvaran hér sem um er að ræða og svona getur hagað til með, að bæði er um að ræða innlenda og erlenda framleiðslu á markaðnum samtímis. Hinu er ekki að neita að svo er einnig með fleiri vörur. En með sumar tegundir gróðurhúsaframleiðslu, sem koma á markaðinn síðari hluta vetrar, tómata og gúrkur, þá verður það til þess að lækka verðið en ekki hækka þegar innlenda framleiðslan kemur á markaðinn og þá er þessa ákvæðis vissulega ekki þörf.

Vegna ræðu hv. 8. þm. Reykv. vil ég aðeins ítreka það að það viðhorf að vera með verndaraðgerðir fyrir búvörur er ekki meira miðaldalegt en svo að það gildir enn í dag í flestum Evrópulöndum. Við verðum að sætta okkur við það ef við ætlum að flytja okkar framleiðslu til þeirra landa.

ATKVGR.

Brtt. 897 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14:5 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:4 atkv.

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665). — Frh. 1. umr.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég hafði talað hér við fyrri hluta umræðunnar í þrjár mínútur og þar hafði ég fjallað um meðferð málsins á Alþingi fram að þessu. Það er fjarri því að ég ætli að tefja þessa umræðu en vegna þess að það virðist nú fara í taugarnar á alþm. sumum hverjum, og ekki síst Alþýðubandalagsmönnum og reyndar virðulegum forseta líka, þegar stuðningsmenn ríkisstj. eru að tala og leyfa sér að hafa skoðun á málum, þá finnst mér vert að taka það fram að í þeim efnum hef ég ekki litið á mig enn þá þjóðnýttan. Og innan eðlilegra marka tel ég það vera óeðlilegt að alþm. hafi ekki möguleika á því að setja fram skoðanir sínar, hvort heldur sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ég hafði, herra forseti, farið lauslega yfir hvernig málið hefur borið að hér á Alþingi. Og ég minni á hvað það hefur verið ómarkvisst og reyndar borið að með öllum mögulegum hætti. Ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu sú að menn hafa ekki haft, og hafa trúlega ekki enn, sannfæringu fyrir þessu frv. Og ástæðan fyrir því er áreiðanlega sú að menn fá ekki séð hverju þetta frv. á að koma til leiðar. Menn greinir á um það hvort talað sé um frv. til að fjölga sel eða til að fækka sel. Og þegar frv. er m.a.s. svo óljóst — eins og fram kom í fyrri hluta umræðunnar hjá hv. þm. Birni Dagbjartssyni, sem er áreiðanlega einn kunnugastur manna þessu frv. og þessu viðfangsefni — þá hljóta menn að vera farnir að sjá það að þetta frv. er í heild sinni meingallað.

Ég ætla mér ekki að fara hér út í að fjalla um lífríkið í sjónum, ekki þann þáttinn sem snertir selinn né heldur þann þáttinn sem snertir þorskinn og það orsakasamhengi sem er á milli þessara tveggja dýrategunda varðandi hringorm. En það vekur hins vegar athygli að menn hafa misjafnar skoðanir á því, m.a.s. þeir sem hafa sérfræðiþekkingu í þessum efnum, hversu mikill hlutur sela er í útbreiðslu og í viðgangi á hringormi.

Það er engan veginn umdeilt að hann er stór. En jafnvel um jafnþýðingarmikil atriði eins og þessi eru menn ekki á sama máli. Samt á að ná árangri með aðgerðum gagnvart selnum einum út af fyrir sig. Ég geng hins vegar út frá því í mínu máli að selurinn sé hér orsakavaldur, og stór orsakavaldur. Og ég er sammála t.d. búnaðarþingi, ég er sammála selveiðibændum, hlunnindabændum, um að það beri að hafa stjórn á stærð þessa stofns. Það hvarflar ekki að mér að leggja stein í þá götu sem þangað liggur. En menn verða þá að hafa rétt spil á hendi. Og það verður að duga í þeim efnum að einn tígulkóngur sé í því spili. Tveir mega þeir ekki vera því að þá næst heldur ekki árangur.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega vekja athygli á að þrátt fyrir að þetta frv. veiti víðtækari veiðiheimildir á sel og langtum fleiri aðilum en áður hafa haft slíkar heimildir, þá nær slík ákvörðun ekki fram öðruvísi heldur en að um þetta sé sæmilegt og bærilegt samkomulag, að um þetta sé sæmilegur friður á milli þeirra sem þarna eiga hagsmuna að gæta. Og þá á ég við selveiðibændur, raunar ekki einungis selveiðibændur heldur líka hlunnindabændur almennt. Hér á ég t.d. við þá bændur sem hafa nytjar af æðarvarpi en það vill nú svo einkennilega til að í langflestum tilfellum fylgjast þessar nytjar að.

Það vekur athygli einmitt um þessar mundir að stóraukinn áhugi er á að nýta hlunnindi. Og það er þeim mun meiri þrýstingur á það núna sem hitt er ljóst að mönnum eru settar nokkrar takmarkanir í hinni hefðbundnu búvöruframleiðslu. Til dæmis núna síðan um áramót hefur stóraukist eftirspurn eftir upplýsingum um það með hvaða hætti sé hægt að efla þessa fornu búgrein. Það skyldi nú ekki vera að það eitt út af fyrir sig væri kannske hvað líklegast til þess að selastofninn gæti verið í jafnvægi eins og hann hefur verið þegar hann hefur verið nytjaður af hlunnindabændum?

Það er vert að geta þess í þessu sambandi að þótt verð á selaafurðum sé ekki ýkja hátt um þessar mundir, þá eru mikil verðmæti í sambandi við æðarvarp og æðarrækt. Ég held að hvert kíló af æðardún sé núna einhvers staðar nálægt 20 þús. kr., gífurlega mikil verðmæti sem hafa farið hækkandi á seinni árum. Og eins og menn vita þá eru þetta einungis launagreiðslur. Það þarf ekki mikla ógætni í sambandi við meðferð skotvopna í nágrenni þessara dýrategunda til þess að eyðileggja bæði æðarvarp og selalátur. Af þessari ástæðu er það að sjálfsögðu höfuðatriði að þegar tekin er upp stjórnunaraðgerð á stærð einhverrar dýrategundar, á sama hátt og hér er gert ráð fyrir, þá verði það gert í samkomulagi. Og það er áreiðanlega það allra versta við þetta frv. að um það er ekki samkomulag og m.a.s. að um það er mjög mikið ósamkomulag, mjög mikill ágreiningur.

Það er alveg ljóst að forsenda þess að tilætluðum árangri verði náð er sú að um þetta verði sæmilegt og líðanlegt samkomulag. En þá er það líka nauðsynlegt að fyrir liggi um hvað er ágreiningur í þessum efnum. Hvað

segja hagsmunaaðilar um þau efni? Eru bændasamtökin t.d. mótfallin því að selastofninum sé haldið í skefjum? Hafa hlunnindabændur og eigendur selalátra verið að neita því að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að halda selastofninum í skefjum innan ákveðinna marka? Nei, það hafa þessir aðilar ekki gert. Það er eðlilegt að deilur séu í málum þegar menn eiga ekki sameiginlegar leiðir, þegar menn greinir á. Þá er eðlilegt að menn deili í málum og þá er líka eðlilegt að menn skýri það hver fyrir öðrum í hverju ágreiningsefnið liggur. Mér finnst í þessu efni eðlilegt, herra forseti, að vitna hér í ályktun búnaðarþings um þetta efni, sem er nú ekki eldri en frá því í vetur. En þar segir í þriðja lið ályktunarinnar, með leyfi forseta:

„Meðan verð á selaafurðum á markaði er svo lágt að það afstýrir því ekki að sel fjölgi úr hófi er eðlilegt að skipulega sé unnið að því að halda selafjölda innan hóflegra marka“ — búnaðarþing telur eðlilegt með tilliti til þeirra aðstæðna sem eru núna varðandi markaðsmál selaafurða að stofni þeirrar dýrategundar sé haldið innan eðlilegra marka. Og enn fremur segir, með leyfi forseta: — „með kópadrápi eða á annan hátt og fela veiðistjóra umsjón með þeim aðgerðum sem annars væru á ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga og höfð hliðsjón af fyrirkomulagi hreindýraveiða og refavinnslu.“

Þetta segir nú búnaðarþing um málið. Það segir líka raunar ýmislegt fleira. Og vegna þess að hæstv. landbrh. gekk hér í salinn má minna á það að búnaðarþing telur að selveiðar og hlunnindi, hér eftir sem hingað til, heyri landbúnaðinum til og eigi að vera undir því ráðuneyti sem stýrir málum þess atvinnuvegar.

Þá má kannske enn fremur minna á það, sem ég satt að segja furða mig á, að það hafa komið upp deilur áður um það hvað ætti að tilheyra hverju ráðuneyti eða hvar viss mál ætti að vista. Og það hefur að sjálfsögðu alltaf verið bæði metnaður og vilji atvinnugreinanna að halda sínum hlut í þeim efnum miðað við þau ráðuneyti sem um þeirra mál fjalla. En það er svo einkennilegt að það er farið að taka upp breytta siði í þessum efnum og alveg sérstaklega er það í Framsfl., því að það eru einkum samráðherrar hæstv. landbrh. sem beita sér fyrir því að færa mál úr landbrn. yfir í önnur ráðuneyti. Þar hélt maður nú kannske að frekar væri að vænta stuðnings heldur en þess gagnstæða. Það má segja í þeim efnum að þar heggur sá sem hlífa skyldi.

Einnig liggur fyrir afstaða hlunnindabænda sjálfra, afstaða hagsmunaaðila sem hér eiga hlut að máli. Og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að leyfa mér að vitna hér í niðurlag samþykktar þeirra um þetta efni, sem var gerð 4. apríl s.l. Þar segir svo:

„Að lokum skal hér áréttað að full þörf er á lögum um sel og selveiðar sem séu skýrari en þau sundurleitu ákvæði sem í gildi eru. Hins vegar teljum við að alls ekki hafi nógu vel til tekist með því umdeilda frv. sem fyrir liggur og því megi ekki gera það að lögum. Vinna þarf þetta mál að nýju frá grunni og taka þá fullt tillit til staðreynda sem dregnar hafa verið fram í umfjöllun um selamálið að undanförnu.“

Þetta segir nú búnaðarþing og þetta segja hlunnindabændur, bændur sem eiga selalátrin. Þeir segja að það eigi að stjórna veiðinni. Þeir segja að það þurfi að takmarka þennan stofn. Og þeir eru tilbúnir til að taka þátt í því að vinna frv. sem sátt gæti orðið um í þessum efnum.

Ég held að það sé afar mikilvægt að þetta komi einmitt fram í dagsljósið vegna þess að ég hygg að þetta sé skýrari afstaða til samkomulags af hendi hagsmunaaðila heldur en áður hefur legið fyrir. Og það er gífurlega þýðingarmikið að þessi deild og sú nefnd, sem um þetta mál fjallar, geri sér fullkomlega ljóst hver staðan er í þessu máli að því er þetta efni varðar.

Það er kannske vert að benda aðeins á að það eru í gildi lög í landinu sem takmarka stærð vissra dýrategunda. Ég minni t.d. á lögin um fækkun refa og minka og ég minni á það að þegar þau lög voru sett var stofnað alveg sérstakt embætti til þess að hafa yfirumsjón með þeirri gjörð sem lögin ákveða. Og það þótti ýmsum sveitamanninum einkennilegt þegar þá var lögleitt að til þess að menn mættu fara að mink eða ref með skotvopni þyrfti til þess alveg sérstakt leyfi. Menn töluðu þá um að verið væri að friða ref og mink vegna þess að það var ekki heimilað nema vissum og ákveðnum mönnum að vinna þetta verk.

Það væri ekki neitt óeðlilegt að selurinn fengi að njóta nokkurn veginn þó hliðstæðrar verndar, ef ég má þannig að orði komast, í þessum efnum eins og tófa og minkur. Varla eru það svo miklu göfugri skepnur en selurinn. Ég minni t.d. á að við hreindýraveiðar er fylgt ströngum reglum. Þar mega ekki aðrir fara með vopn en þeir sem til þess eru kvaddir, sérstakir skotmenn eða þá menn sem hafa til þess sérstök leyfi. Þarna er kveðið skýrt á um það með hvaða hætti megi halda þessum dýrategundum innan þeirrar stofnstærðar sem eðlilegt þykir. Menn ættu að bera saman og um það vil ég alveg sérstaklega biðja sjútvn. Ed., og undirstrika þá það sem ég hef áður sagt, að bera saman lögin um refi og minka, fækkun þeirra dýrategunda miðað við þetta frv., og sjá hvaða reginmunur er á þessari löggjöf.

Herra forseti. Ég hef við þessa umræðu komið því að sem mér lá þyngst á hjarta og helst á erindi á þessu stigi málsins í umfjöllun hér í þessari virðulegu deild. Ég hef bent á það hvernig þetta frv. hefur hrökklast hér til í Alþingi. Það eru ekki margir dagar sem eftir lifa af þessu þingi. Ég geri ráð fyrir því að menn hafi það nokkuð í hendi sér hvort þetta frv. fer fram eða fer ekki fram. Ég held hins vegar að það sé afar þýðingarmikið að hér fáist ákveðin niðurstaða og þess vegna hvet ég hv. sjútvn. til að vinna þetta verk vel. Ég skora á hana að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem ég hef hér bent á. Ég hvet hana sérstaklega til að athuga með hvaða hætti hagsmunaaðilar hafa tekið á þessu máli einmitt núna á þessum vetri, tilbúnir til að vinna að þeirri niðurstöðu sem hér er að stefnt. Og það er alveg furðulegt ef það verður nú hlutverk Alþingis að ganga til ófriðar í þessu máli þegar fyrir liggur að mikill vilji, og yfirlýstur vilji, er til að ná fram líðanlegri niðurstöðu og góðu samkomulagi.

Ég endurtek það, herra forseti, að ég hef ekki fjallað um þetta mál núna efnislega en lagt áherslu á hvað hér er í húfi, jafnframt því sem ég hef lagt áherslu á það hvað einmitt núna er gott lag, m.a. með tilliti til þess sem hefur komið fram frá bændunum í landinu, gott lag til þess að ná fram sáttum og árangri í þessu máli. Ég endurtek að ég skora á sjútvn. að vanda sig við afgreiðslu þessa máls og þá er ég alveg sannfærður um að það fæst líðanleg niðurstaða sem menn geta orðið sáttir við, hvort sem það verður núna í þinglokin eða þá á næsta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Starfsmenn þjóðkirkju Íslands, stjfrv. 422. mál (þskj. 776). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Frv. fjallar um starfsmenn þjóðkirkjunnar. Meginefni þess fjallar um embættisgengi, störf og starfshætti presta, prófasta og biskupa og nokkurra annarra starfsmanna þjóðkirjunnar.

Frv. skiptist í fimm kafla. Í I. kafla er fjallað um prestaskipun og setningu í prestsembætti, reglur um embættisgengi, réttarstöðu þeirra og lögkjör. Í II. kafla er fjallað um aðra starfsmenn kirkjunnar og þjóðkirkjusafnaðar. Í III. kafla frv. er fjallað um prófasta. Frv. gerir ráð fyrir að prófastur verði virkari um eftirlit og umsjón með kirkjustarfi en nú er. Í IV. kafla frv. er fjallað um biskupa og biskupsdæmi íslensku kirkjunnar. Þar er gert ráð fyrir að biskupsdæmin á Íslandi verði þrjú, Reykjavíkurbiskupsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Biskup Íslands situr í Reykjavík og fer með yfirstjórn sameiginlegra mála þjóðkirkjunnar. V. kaflinn fjallar um stjórnvaldsreglur, gildistöku og brottfallin lög.

Frv. þetta er að stofni til samið af svokallaðri kirkjulaganefnd er skipuð var til að endurskoða löggjöf er varðar þjóðkirkjuna.

Ýmsar stofnanir kirkjunnar, bæði kirkjuþing, kirkjuráð og prestastefna hafa fjallað um frv. og gert á því ýmsar breytingar frá upphaflegri gerð þess. Frv. kom síðan aftur til umfjöllunar í kirkjulaganefnd. Nefndin gerði ekki efnislegar breytingar á frv.

Lagaákvæði um starfsmenn þjóðkirkjunnar eru sundurleit og frá mismunandi tímum. Því er tímabært að setja um þetta efni ný lög. Við samningu þessa frv. hefur það verið haft að leiðarljósi að löggjöf um þetta efni yrði sem samfelldust. Frv. gerir ráð fyrir að gömul ákvæði, sem ekki eiga lengur við vegna breyttra tíma, verði felld úr gildi. Jafnframt eru ýmis nýmæli er miða að því að þjóðkirkjan svari sem best þeim kröfum sem til hennar eru gerðar.

Því er ekki að leyna að í frv. eru ákvæði sem ríkisstj. hefur ekki getað samþykkt óbreytt. Hér er einkum um að ræða ákvæði í I. kafla um prestssetur, einkum ákvæði 6.–8. gr. Samkvæmt téðum greinum er gert ráð fyrir að skylt sé að leggja presti til bústað hvar sem hann býr á landinu. Einnig eru ákvæði um eignarréttarlega stöðu prestssetra sem nánar þarf að athuga hvort ríkisvaldið getur fallist á.

Hitt atriðið sem ekki er eining um er ákvæði IV. kafla um þrjú biskupsdæmi. Frv. var á sínum tíma sent Fjárlaga- og hagsýslustofnun þar sem reiknaður var út sá kostnaður sem kynni að leiða af samþykkt þess. Hér verður ekki frekar farið út í það en þm. eru þau gögn tiltæk ef þeir óska þess.

Kirkjuráð hefur eindregið óskað eftir því að frv. verði lagt fram óbreytt á þessu þingi til kynningar. Ég hef orðið við því enda þótt það njóti ekki stuðnings ríkisstj. í óbreyttri mynd. En ég tel mjög nauðsynlegt að um það sé fjallað á milli þinga og reynt að færa það í það form sem líklegt er að náist samstaða um á Alþingi að afgreiða málið. Ég vil jafnframt leggja áherslu á það að ég tel þörf á að setja heildarlöggjöf um starfsmenn þjóðkirkjunnar.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég sé í grg. þessa frv. að það er alllangt síðan það hefur náð afgreiðslu frá biskupi eða þeim aðilum þar, sem um þetta hafa fjallað, og furðar mig á því að málið skuli svona seint fram komið.

En tilefni þess að ég tek hér til máls er að ég heyrði það í útvarpsfréttum í hádeginu að maður að nafni Cesil Haraldsson, sem er menntaður í guðfræði í Svíþjóð, hafi sótt um embætti hér á Íslandi og sá úrskurður verið felldur að hann sé ekki embættisgengur eða kjörgengur vegna þess að hann hafi ekki próf héðan frá Háskóla Íslands. Ég lýsi furðu minni á að svo skuli vera því það vill nú svo til að hann hefur lært guðfræði um sama guð og við trúum á hér og sömu guðfræði, og er með ólíkindum hversu gömul lög eru látin gilda um þetta. Ég spyr hæstv. kirkjumrh. hvort ekki sé möguleiki á því að taka út 2. málsl. 2. gr. og fá hann samþykktan hér í þinginu núna fyrir þingslit til þess að umgetinn einstaklingur verði ekki fyrir því ranglæti sem augljóst er að hann verður fyrir ef hann er dæmdur frá kjörgengi í krafti gamalla laga sem allir eru sammála um að séu úrelt. Það mun hafa komið fyrir áður, að einstaklingur hafi ekki verið kjörgengur vegna þessa ákvæðis. Það var reyndar skömmu eftir að fyrri lög voru sett 1911 og þá voru sett sérlög um það.

Nú liggur fyrir að þjóðkirkjan og svo til sjálfsagt allir aðilar eru því sammála að það nái engu tali að þessi vinnubrögð séu viðhöfð. Því spyr ég hæstv. kirkjumrh. hvort möguleiki sé á að taka þessa sérstöku grein út úr og samþykkja hana svo að þessi einstaklingur geti notið fyllsta réttlætis. Ég skora á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 6. landsk. þm. eru það lagaákvæði sem kveða skýrt á um hverjir hafa heimild til prestvígslu hér og það er í samræmi við þau sem fyrrnefndur úrskurður var felldur. Hins vegar eru í þessu frv. ákvæði sem gera það kleift að víkja frá þessu og mundu þá eiga við í þessu tilviki.

Ég skal ekki segja hvort möguleiki er nú á þessu þingi, þegar svo fáir dagar eru eftir, að koma slíkri breytingu í gegn. En ég lagði til að þessu frv. yrði vísað til hv. menntmn. og er reiðubúinn að ræða við formann nefndarinnar eða nefndina um það hvort nefndin treysti sér til að leggja slíkt til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv. 238. mál (þskj. 845, n. 917, brtt. 918). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér

fyrir nál. samgn. Ed. Alþingis um frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins. Eins og fram kemur í nál. og raunar líka á þskj. 918, þar sem gefur að líta brtt. frá samgn., þá leggur samgn. Ed. til að tvær breytingar verði gerðar á frv. eins og það kom til þessarar deildar úr Nd.

Annars vegar er breyting varðandi fyrirkomulag á ráðningu starfsfólks þar sem lagt er til að ráðherra, að fengnum tillögum siglingamálastjóra, ráði starfsfólkið. Þetta ákvæði er fært til samræmis við það sem er í lögum um Veðurstofu Íslands og Landmælingar Íslands en þau lög voru afgreidd hér á síðasta Alþingi. Það þykir eðlilegt að þessi háttur sé hafður á þar sem hér er um hliðstæðar stofnanir að ræða, a.m.k. stofnanir sem heyra allar undir sama ráðuneyti.

Hin breytingin er við 6. gr. frv. þar sem lagt er til að ekki sé lögbundið hvar siglingamálaráð hefur aðsetur, eins og er í lagafrv. eins og það kom til nefndarinnar.

Þetta eru þær breytingar sem við gerum á frv., herra forseti, og það þarf ekki að því að spyrja að öll nefndin var á einu máli um að færa frv. í þennan búning.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 918,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 918,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
7.–11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, stjfv. 237. mál (þskj. 465, n. 919). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Nú vildi ég, með leyfi forseta, hafa hér framsögu fyrir tveimur málum í einu, Eftirliti með skipum og frv. til l. um breytingar á siglingalögum, því að þessar breytingar eru gagnkvæmar. Þær byggjast á því að nú er kveðið svo á að sjóslysanefnd verði undir siglingalögum en áður var fjallað um það efni í lögum um eftirlit með skipum. Aðalbreytingin er sú að í stað þess að áður fjölluðu um þetta hagsmunaaðilar er gert ráð fyrir því núna að til verði kvaddir menn með sérfræðiþekkingu í þessum efnum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Siglingalög, stjfrv. 383. mál (þskj. 842, n. 920). — 2. umr.

Forseti (Stefán Benediktsson): Frsm. hefur þegar lokið framsögu sinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 925 (sbr. 923)). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um Seðlabanka Íslands var flutt nokkuð snemma. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, byggist á tillögum bankamálanefndar sem var skipuð í júlímánuði 1982 en í skipunarbréfi þeirrar nefndar var henni falið að endurskoða allt bankakerfið, þar á meðal löggjöfina um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans, með það að markmiði að mynda stærri og virkari heildir og einfalda bankakerfið innan ramma heilsteyptrar löggjafar um viðskiptabanka.

Bankamálanefndin skilaði tillögum sínum til ráðuneytisins í mars 1984 og fylgdu þeim sérálit tveggja nefndarmanna, Kjartans Jóhannssonar og Lúðvíks Jósepssonar.

Frá því að tillögurnar bárust ráðuneytinu hafa þær verið til athugunar og í meginatriðum hefur verið ákveðið að fylgja tillögum meiri hluta bankamálanefndar.

Upphaflega var ætlunin að seðlabankafrv. yrði lagt fram á síðasta þingi um líkt leyti og þingið tók til meðferðar frv. til l. um viðskiptabanka og sparisjóði. Slík málsmeðferð hefði verið mun æskilegri enda var nánast gert ráð fyrir því í viðskiptabanka- og sparisjóðsfrv. að breytingar yrðu samtímis gerðar á lögum um Seðlabanka og nægir í þessu sambandi að nefna tilhögun vaxtaákvarðana. Úr þessu gat því miður ekki orðið en þm. fengu hins vegar í hendur drög að frv. til l. um Seðlabanka Íslands sem trúnaðarmál í júnímánuði á s.l. ári.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, eru lagðar til margvíslegar breytingar á gildandi lögum um Seðlabankann frá 1961. Meginhlutverk bankans, sem er að vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, verður hins vegar óbreytt.

Helstu breytingarnar eru þær að rekstur Seðlabankans er í auknum mæli bundinn við hefðbundin verkefni seðlabanka. Í öðru lagi er ákvæðum um stjórntæki bankans skipað með öðrum hætti en gert er í gildandi lögum miðað við að bindiskyldu innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka verði fyrst og fremst beitt til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaðnum. Seðlabankanum verði heimilt að setja innlánsstofnun reglur um lágmark og meðaltal lauss fjár. Almenn heimild Seðlabankans til að ákveða innláns- og útlánsvexti innlánsstofnana er felld niður. Reglur um lán ríkissjóðs úr Seðlabanka eru hertar. Afskipti Seðlabanka af stofnun nýrra útibúa hjá bönkum og sparisjóðum falla niður. Sett eru ákvæði um starfsemi og starfsheimildir bankaeftirlitsins. Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum Seðlabankans er almennt bannað að sitja í stjórn annarra stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka

þátt í atvinnurekstri utan bankans og skv. frv. verða bankastjórar eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára eftir gildistöku frv. Hagnaður Seðlabankans er skattlagður.

Með þeim breytingum, sem ég hef í örstuttu máli verið að lýsa og nánar hefur verið rætt um í fyrri deild, og þar sem svo langt er liðið frá því að ég mælti fyrir frv. í Nd. hygg ég að þm. almennt hafi kynnt sér meðferð þessa máls.

Þegar málið kom til afgreiðslu úr fjh.- og viðskn. Nd. voru samþykktar 10 brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. sem eru á þskj. 866. Því til viðbótar var flutt til 3. umr. brtt. um gildistöku laganna þannig að lögin taka gildi 1. nóv. á þessu ári ef þetta frv. verður að lögum.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að skýra hér frá því að við afgreiðslu málsins varð sú yfirsjón við brtt. meiri hl. nefndarinnar að tvö orð féllu niður. Mér þykir því rétt að flytja þá brtt., sem nefndin fær til athugunar, við 8. gr. 1. málsl. 1. málsgr. að hann orðist svo:

„Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðh. að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli af heildarinnlánsfé hjá hverri stofnun eða af ráðstöfunarfé hennar."

Þessi brtt. er óbreytt eins og nefndin í Nd. gekk frá henni en tvö orð féllu niður svo að ég taldi réttara að flytja upphaf málsgr. við 8. gr. frv.

Herra forseti. Mér er ljóst að þetta frv. kemur allt of seint til nefndar í þessari hv. þd. En hér er um mál að ræða sem er búið að liggja lengi fyrir þinginu. Ég tel brýna nauðsyn vera á því að afgreiða þetta frv. Ég treysti mjög vel hv. þd. til að taka á því þó að frv. hafi legið alllengi fyrir nefnd í Nd. og legg til að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umræðu og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. 228. mál (þskj. 456, n. 763 og 793). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hér er um að ræða gamlan kunningja okkar í þessari hv. deild, þ.e. breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þannig að heimild bankans til að binda innstæður verði lækkuð úr 28% niður í 10%.

Þetta frv. var flutt í fyrra en féll þá á jöfnum atkvæðum hér í þessari hv. deild. Það er nú endurflutt og er óbreytt. Ég held að ástæðulaust sé að rekja efni þess frekar, það þekkja það allir, vita hvað um er hér að ræða.

Undir nál. meiri hl., sem mælir með samþykkt frv., skrifa auk mín Eiður Guðnason, Valdimar Indriðason, Ragnar Arnalds og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Jón Kristjánsson skilar minnihlutaáliti og mun gera grein fyrir því hér.

Það kann einhverjum að finnast það einkennilegt að tvö frv. um Seðlabanka Íslands skuli vera til umræðu hér í dag, þegar hafi verið mælt fyrir stjfrv. og því vísað til nefndar en engu að síður skuli þetta mál vera hér til umræðu. Það er alls ekkert skrýtið við það. Í fyrsta lagi eiga hin nýju lög — þótt að lögum yrðu sem maður veit auðvitað ekki — ekki að taka gildi fyrr en 1. nóv. n.k., eins og hæstv. viðskrh. greindi frá. En að mínu mati og fleiri er brýn þörf á að losa um fé í Seðlabankanum fyrir þann tíma. Þar að auki er ekkert við það að athuga að þessi hv. nefnd láti sitt álit í ljós og sinn vilja að því er þetta efni varðar og að hann komi fram við atkvæðagreiðslu.

Ég veit ekki hvort þetta mál verður til atkvæða hér aftur, hvort það komi nokkuð til 3. umr. Það skýrist væntanlega á fundum á morgun og núna um helgina því að ég hef þegar boðað bankastjóra Seðlabanka og allra hinna ríkisbankanna, viðskiptabankanna, allra hlutafélagabankanna og fulltrúa sparisjóðasambandsins til funda sem haldnir verða strax í fyrramálið eins og tími leyfir þar til deildafundir byrja og öll þessi mál skýrast. Þar liggja bæði þessi mál fyrir til umræðu við þessa menn sem kunnugastir eru bankakerfinu og þar gera hv. nefndarmenn í hv. fjh.- og viðskn. upp sinn hug. En hugmynd mín er að reyna að vinna um helgina eins og kostur er við þessi mikilvægu mál.

Þegar er komið í ljós, eins og hæstv. ráðh. greindi frá, að málið þarf að fara aftur til Nd. Það var villa í 8. gr., þeirri sem einmitt fjallar um bindiskylduna. Hann hefur þegar flutt brtt. svo að málið er alveg að komast í eindaga.

Úr því að ekkert mál var hér, sem hægt var að taka fyrir, féllst ég á að mæla fyrir þessu áliti nú, hvort sem það verður tekið til atkvæða nú eða á morgun. Ég hafði tilkynnt forseta að ég vildi að önnur mál gengju fyrir og sérstaklega þá hitt seðlabankamálið og ég gæti þá frestað umræðu. En úr því að tíminn var ekki notaður til annars féllst ég á að mæla fyrir frv. en legg enga áherslu á að það gangi til atkvæða fyrr en á morgun ef svo vill verkast.

Frsm. minni hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um Seðlabanka Íslands, 228. mál. Eins og fram hefur komið er frv. um heildarlöggjöf fyrir Seðlabanka til umræðu hér í deildinni og það er eðlilegt að þessi frv. verði afgreidd í samhengi og efni þessa frv. komi inn í heildarlöggjöf um Seðlabankann.

Í áliti mínu legg ég til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. En þar sem þannig stendur á að frv. til l. um Seðlabanka Íslands, 205. mál, er nú komið til fjh.- og viðskn. er sjálfsagt að athuga þessi mál í samhengi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, stjfrv. 413. mál (þskj. 762, n. 900 og 956). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur haft mál þetta til skoðunar og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt. Undir nál. skrifa Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds með fyrirvara, Egill Jónsson, Sturla Böðvarsson og Jón Kristjánsson.

Menn þekkja vist þetta mál það vel að ekki er þörf á að fara um það mörgum orðum. Auðvitað orkar það tvímælis með hvaða hætti á að afla þess fjár sem frv. gerir ráð fyrir. Hitt orkar ekki tvímælis að mínu mati að

þjóðarbókhlöðuna verði að klára og það sem allra fyrst. Það megi ekki dragast lengur. Það er ekki vansalaust hve lengi hefur dregist að ljúka þessari byggingu.

Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um það hvernig fjár mætti afla. Ég hef t.d. gert það að tillögu minni oftar en einu sinni að útvarpshúsið yrði selt og fjármunirnir notaðir til að ljúka þjóðarbókhlöðu. Sumir hafa kannske haldið að það væri í hálfkæringi flutt það mál af minni hálfu. Svo er ekki. Ég tel að það sé ekki útvarpinu til hagsbóta að flytja inn í þessa byggingu, a.m.k. ekki sjónvarpinu, og gífurlega dýrt. Hins vegar megi hagnýta þetta hús með ágætum til ýmiss konar annarrar starfrækslu. Og úr því að kartöflurnar voru hér á dagskrá, þá er það alls ekkert fráleitt að nota þennan gífurlega stóra leiðslukjallara sem kartöflugeymslu og jafnvel grænmetissölu, og sú tillaga er ekki borin fram í neinum hálfkæringi. Það gæti verið ágætt að koma upp öflugum grænmetismarkaði í þessu húsi. Þar að auki vita menn að ýmiss konar verkstæði og verksmiðjur eru oftast gluggalausar og þarna er hægt að hafa góða loftræstingu. Í næsta nágrenni er svo líka að rísa stærsta verslunarbyggingarsamstæða hér á landi og vafalaust væri hægt að hagnýta þennan stóra kjallara sem vörugeymslur fyrir það. Og hæðirnar, sem risnar eru ofan á þessum gífurlega kjallara, má nota til margháttaðra hluta ef menn ekki vilja nota þær sem íbúðir, sem a.m.k. gætu verið hundrað ágætis íbúðir, þá má auðvitað nota þetta fyrir skrifstofur t.d., ýmiss konar handverk o.s.frv.

En það er sem sagt ekki vilji að selja það hús heldur á að neyða sjónvarpið, að manni skilst, til að flytja í það með gífurlegum kostnaði og þess vegna er lögð hér til önnur fjáröflunarleið. Ég skal játa það að hún orkar nokkuð tvímælis. Engu að síður er algjör nauðsyn að hraða framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu og þjóðarskömm að gera það ekki. Þess vegna styð ég þetta frv. einlæglega og við sem að nál. stöndum.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu. Þar sem þessu nál. hefur rétt núna verið útbýtt ætla ég að byrja á því, með leyfi forseta, að lesa það því ekki er víst að hv. þingdeildarmönnum hafi gefist tími til að kynna sér efni þess. Álitið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Minni hl. nefndarinnar telur brýnt að sem fyrst komist skriður á framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu og átelur harðlega að lítið eða ekkert fé skuli undanfarið hafa verið veitt til byggingar hennar.

Minni hl. nefndarinnar bendir á hversu brýna nauðsyn beri til að ljúka þessari byggingu sem allra fyrst, svo að leysa megi óviðunandi aðbúnað höfuðbókasafna landsins, og jafnframt að til skammar er fyrir stjórnvöld hversu lengi hefur dregist að afhenda þjóðargjöfina frá 1974.

Hins vegar telur minni hl. nefndarinnar þá leið, sem farin er í þessu frv. til að fjármagna framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu, með öllu óviðunandi. Þjóðarbókhlaða er hús þjóðarinnar allrar og hana á þjóðin að byggja, ekki eignamenn hennar eins og lagt er til í þessu frv.

Í stað þess að fara þá leið, sem lögð er til í þessu frv., á að veita fé til byggingar þjóðarbókhlöðu á fjárlögum ár hvert beint úr sameiginlegum sjóði landsmanna allra, ríkissjóði.

Þá ber þess að geta að ef á að leggja á sérstakan eignarskatt, eins og frv. kveður á um, væri langeðlilegast að sá skattur rynni beint til húsnæðismála og kæmi þeim til góða sem nú eru að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn, við ólíkt verri aðstæður en næsta kynslóð á undan þeim. Réttmætast er að beita slíkum skatti til að jafna þá kynslóðamismunun sem átt hefur sér stað í húsnæðismálum hér á landi.

Einnig bendir minni hl. nefndarinnar á að frv. þetta kemur ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1987 og að enn er nægur tími fyrir ríkisstj. til að undirbúa fjárveitingu til þjóðarbókhlöðu á fjárlögum ársins 1987. Því leggur minni hl. nefndarinnar til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti."

Undir þetta nál. ritar Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Eins og þarna kemur fram eru að áliti minni hl. fjh.- og viðskn. þrjár höfuðástæður fyrir því að vísa beri þessu máli til baka, til ríkisstj. Þær eru, í fyrsta lagi — og það er að mínu viti veigamesta ástæðan — að þjóðarbókhlaðan er hús sem öll þjóðin á. Hún er gullakista þjóðarinnar. Þar á að geyma prentað mál og bækur þær sem nú eru í tveimur höfuðsöfnum landsins, Landsbókasafni og Háskólabókasafni, og að mínu viti á þjóðin sjálf ótvírætt að byggja þetta hús og eiga það en ekki aðeins hluti hennar.

Önnur ástæðan er sú að eðlilegt væri að láta eignarskatt, ef slíkur skattur er lagður á á annað borð, renna til húsnæðismála til að jafna það bil og þá mismunun sem orðið hefur á milli kynslóða í húsnæðismálum hér á landi.

Þriðja ástæðan er sú að ekkert hastar í þessu máli. Frv. kemur ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1987 og langeðlilegast er að málefnum þjóðarbókhlöðu verði gerð skil á fjárlögum næsta árs. Það er enn nægur tími fyrir ríkisstj. til að fjalla um fjárveitingar til þjóðarbókhlöðu á fjárlögum og veita myndarlega til hennar á fjárlögum ársins 1987.

Eins og fram kemur í þessu nál. er ástandið í málefnum Háskólabókasafns og Landsbókasafns, þeirra safna sem í álitinu eru nefnd höfuðbókasöfn landsins, afar slæmt. Brýna nauðsyn ber til að þegar verði hafist handa við að ljúka þjóðarbókhlöðunni því að öllu lengur verður ekki unað við það ástand sem nú er í þessum söfnum.

Háskólamenn og aðrir sem láta sig þessi mál einhverju skipta hafa þingað oftlega um þau á undanförnum árum. Í fréttabréfi Háskóla Íslands frá því í nóv. s.l. er m.a. að finna yfirlit og úttekt á ráðstefnu sem haldin var um málefni þjóðarbókhlöðu þann 19. okt. s.l.

Á þessari ráðstefnu hélt Sigmundur Guðbjarnason rektor Háskóla Íslands m.a. erindi. Í erindi hans kom fram, eins og segir hér í fréttabréfi, með leyfi forseta, að „með byggingu þjóðarbókhlöðu og sameiningu Háskólabókasafns og Landsbókasafns hafi verið áformað að leysa bókaþörf Háskólans í heild sinni á viðunandi hátt til frambúðar. Þessi draumur um lausn á vanda Háskólabókasafns er hins vegar að verða að martröð," segir háskólarektor, „því að þarfirnar aukast og breytast og vandinn vex stöðugt."

Síðan segir háskólarektor: „Við verðum að tryggja

gæði háskólakennslu, veita hliðstæða menntun og erlendir háskólar og gera tilsvarandi kröfur um þekkingu og færni okkar nemenda. Mælikvarði á gæði kennslunnar er svo frammistaða og velfarnaður nemenda okkar í framhaldsnámi erlendis. Þar fæst samanburður við heimamenn á hverjum stað. Sá samanburður hefur verið okkur hagstæður.

Annan samanburð fáum við þegar erlendir kennarar starfa sem gistiprófessorar við Háskóla Íslands í misseri eða tvö í senn. Þessir gistiprófessorar hafa gjarnan látið vel yfir nemendum en þeir hafa undrast aðstöðuleysi kennara og verið nánast orðlausir þegar ræða átti aðstöðu bókasafnsins og bóka- og tímaritakost þess. Slík er fátæktin. Enda er svo komið að gestum eru ekki sýnd óhreinu börnin hennar Evu, þ.e. bókasafnið."

Þannig farast háskólarektor orð um ástand mála í Háskólabókasafni og veit ég af eigin raun, eftir að hafa nýtt þetta bókasafn sem kennari við Háskóla Íslands, að hér er ekki orðum aukið.

Síðan segir háskólarektor: „Ef vonir okkar og áform eiga að verða að veruleika, þá er þörf skjótrar lausnar þess vanda sem Háskólabókasafnið á við að búa. Sú lausn, sem fyrirhuguð er og fyrirheit gefur, er þjóðarbókhlaðan. Er því brýnt að sú von verði skjótt að veruleika."

Undir þessi orð tek ég í einu og öllu og ítreka hér enn hvílíka nauðsyn ber til að þessu húsi þjóðarinnar verði sem fyrst komið upp og það gert fullbúið til notkunar.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á eitt mál enn við þessa umræðu, sem tengist bókasafnsmálum, þótt það tengist ekki beint því að afla fjár til byggingar þjóðarbókhlöðu. Það er að bókaþjóðin, sem Íslendingar vilja nefna sig, á í raun ekki lengur bækur. Bókakostur okkar er ákaflega fátæklegur og nú er málum svo komið að í Háskólabókasafni er ekki til rannsóknabókasafn nema ef vera skyldi í íslenskum fræðum. Í mörgum greinum, sem kenndar eru við Háskóla Íslands, er ekki til viðunandi kennslubókasafn, hvað þá heldur rannsóknabókasafn. Fjárveitingar til bókakaupa hafa verið af svo skornum skammti undanfarin ár að í óefni hefur stefnt og málum er nú svo komið að vart má telja að við eigum frambærilegan bókakost í velflestum þeim fræðigreinum sem við viljum mennta okkar unga fólk í.

Það er þess vegna ekki nóg að reisa þjóðarbókhlöðu, það þarf líka að kaupa bækur. Ég vil nota þetta tækifæri til að benda á að það er annað heljarverkefni og kostar ekki færri milljónir en það að ljúka við þjóðarbókhlöðuna. Það kostar ekki færri milljónir að ná upp því sem við höfum tapað í gegnum árin og koma okkur upp frambærilegum bókakosti í öllum helstu fræðigreinum. Það verður því ekki of mikil áhersla á það lögð hversu brýnt er að auka fjárveitingar til þessara mála.

Svo ég víki nú að því frv. hæstv. menntmrh., sem hér liggur fyrir, þá kemst ég ekki hjá að gera athugasemdir við ýmislegt sem fram kemur í grg. með frv. Í grg. bendir menntmrh. á að eigi megi lengur dragast að reisa þjóðarbókhlöðu. Þar er ég honum sammála og er það sennilega það eina sem við erum sammála um í þessu máli.

Síðan segir í grg., með leyfi forseta: „Af þeim ástæðum er leitað til þjóðarinnar um lausn bókhlöðumálsins, svo það dragist ekki um ófyrirsjáanlegan tíma að þjóðin geti nýtt sér þessa gjöf."

Hæstv. menntmrh. er sem sagt að leita til þjóðarinnar um að byggja þetta hús sem er gjöf til þjóðarinnar sjálfrar. Þarna sýnist mér hæstv. ráðh. vera farinn að bíta í skottið á sjálfum sér í röksemdafærslu og minni jafnframt á að Alþingi afgreiðir á ári hverju fjárlög og þar er ráðstafað sameiginlegum fjármunum landsmanna. Þar eru ýmsar framkvæmdir á blaði sem hvorki menntmrh. né öðrum ráðherrum hefur þótt ástæða til að leita til þjóðarinnar sérstaklega til að fjármagna heldur hafa einfaldlega veitt fé til úr ríkissjóði, enda er ríkissjóður sjóður þjóðarinnar allrar.

Ég vil t.d. minna á að á fjárlögum ársins í ár er að finna 300 millj. kr. teknar að láni til að byggja flugstöð suður við Keflavík. Ekki taldi ríkisstjórn Íslands sig þurfa að leita til þjóðarinnar eftir sérstökum fjárframlögum til að byggja þetta hús. Hún tók 300 millj. kr. einfaldlega að láni. Það er svipuð upphæð og þetta frv. á að ná inn í ríkissjóð, eða 360 millj. kr.

Svo ég taki annað samanburðardæmi — þau eru mýmörg — þá er sá vaxtakostnaður, sem við greiðum í ár af lánum sem þegar hafa verið tekin vegna Blönduvirkjunar, nú kominn yfir 200 millj. kr. Það er kostnaður vegna framkvæmda sem er ljóst að við höfum enga þörf fyrir í nánustu framtíð. Ekki þurfti að leita sérstaklega til þjóðarinnar eftir því að fjármagna þessar framkvæmdir.

Ég vek athygli hv. þdm. á því að það er þegar kemur að menningarmálum, þegar kemur að sjálfri þjóðargjöfinni frá 1974, gjöfinni sem þjóðin ætlaði að gefa sjálfri sér í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, að leitað er til þjóðarinnar eftir fjárframlögum. Það er þá, en ekki fyrr. Það er nóg til af fé að því er virðist — og veit ég að það er ekki nóg — til að setja í önnur verkefni. Þá þarf ekki að leita til þjóðarinnar.

Einnig langar mig til að víkja fáeinum orðum að því sem síðan segir í þessari grg., með leyfi forseta:

„Ástæða þykir til að viðurkenna það sérstaka framlag, sem frv. gerir ráð fyrir, með því að láta fylgja hverju framlagi sérstaka viðurkenningu. Þar verður tekið fram um greitt fé hvers einstaklings til þjóðarbókhlöðunnar með það fyrir augum að hið góða handtak hvers og eins megi geymast innan fjölskyldna og ætta um ókomnar tíðir."

Heyr á endemi! Ég spyr: Hvers eiga þeir að gjalda sem ekki eiga eignir sem eru metnar að eignarskattsstofni upp á 1,6 millj. kr. og geta ekki tekið þátt í því að setja fáeinar krónur í þjóðarbókhlöðuna og fengið svona fínt bréf til að láta börnin sín og barnabörnin vita að þeirra handtök voru góð, eins og stendur í grg.?

Mér þykir það til skammar að svona nokkuð sé borið á borð fyrir Alþingi Íslendinga, ekki síst þar sem um er að ræða þetta hús. Þarna er verið að fara inn á braut sem ég gæti trúað að hæstv. menntmrh. hefði fengið eitthvert veður af í öðrum löndum þar sem sums staðar tíðkast að efnamenn gefi til ákveðinna menningar- og mannúðarmála, til háskólabygginga o.s.frv. og fái þess í stað nafn sitt letrað á silfurskjöld í anddyri bygginga eða stofnskrá sjóða og þar fram eftir götum.

Ég hef ekki á móti þessari leið í sjálfu sér séu einstaklingar t.d. að reyna að koma einhverjum þjóðþrifa- og menningarfyrirtækjum á fót. En ég hef á móti þessu þegar um er að ræða sameiginleg menningarverðmæti þjóðarinnar allrar, eins og þjóðarbókhlaðan er, og tel að þarna sé stigið skref í óheillaátt, það skref, að sumir geta talið sig eiga meira undir í sameign þjóðar-

innar en aðrir. Því hlýt ég að mótmæla.

Ég ítreka að lokum þá grundvallarskoðun mína að þetta hús eigi að byggja með sameiginlegu fé landsmanna allra, enda sé það eign þjóðarinnar allrar, og að til þess eigi að veita myndarlega á fjárlögum og ljúka því hið bráðasta.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir nál. um frv. til laga um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu með fyrirvara. Sá fyrirvari er ekki að ástæðulausu. Ég tel að margt sé athugavert við frv. það sem hér er flutt og get í ýmsum efnum tekið undir það sem fram kom hjá hv. seinasta ræðumanni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Ég minni á að framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu voru nokkuð lengi að komast af stað. En þegar þær loks komust af stað í lok seinasta áratugs var unnið þar verulegt átak á nokkrum árum og húsið gert fokhelt eins og flestir þekkja. Stærstu átökin til að koma upp þjóðarbókhlöðunni voru unnin á árunum 1979–1983. En það er skemmst frá að segja að í tíð þessarar ríkisstj., sem nú situr, hafa framkvæmdir stöðvast og hafa nú legið niðri um skeið.

Það er sannarlega ánægjulegt að ríkisstj. skuli nú taka fjörkipp og ætla sér að gera meira en gert hefur verið að undanförnu til að ljúka þessari byggingu. En eðlilegra hefði verið að reyna að þoka þessari byggingu áfram á liðnum árum, m.a. ætla einhverja fjármuni til hennar á árinu 1986. En því er ekki að heilsa. Við afgreiðslu fjárlaga í haust var mjög óveruleg upphæð ætluð til þessa verkefnis og sjálfur menntmrh. hæstv. beitti sér síðan fyrir því að þessi óverulega upphæð var strikuð út úr fjárlögunum. Þar er því ekki að finna eina einustu krónu til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Þetta frv. fjallar ekki um að bæta þar úr. Það verður ekki neitt unnið við þjóðarbókhlöðu á árinu 1986. Því hefði verið eðlilegast, eftir þetta skipbrot ríkisstj. í framkvæmdum við þjóðarbókhlöðu, að hún hefði sest niður með talsmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu, talsmönnum allra þingflokka, og reynt hefði verið að gera áætlun um það með hvaða hætti skynsamlegast væri að ljúka þessu máli.

Það hefði verið eðlilegast þegar um er að ræða, eins og hér segir, þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu að um það hefði verið sköpuð eðlileg samstaða með öllum stjórnmálaflokkum hvernig að þessu máli skyldi staðið og þeim öllum gefinn hæfilegur tími til að fjalla um málið. En það er nokkuð annað sem uppi hefur verið á teningnum, eins og menn þekkja. Afleiðingin er sú að það er alls ekki allsherjar samstaða um málið hér í þinginu. Stór hópur þm. gagnrýnir málsmeðferðina og greinilega talsverður hópur þm. sem alls ekki er reiðubúinn að veita málinu brautargengi. Ég hygg að óánægjan með málsmeðferð hæstv. menntmrh. nái inn í alla stjórnmálaflokkana og hún er mjög megn í öllum flokkunum.

Eðlilegast hefði verið, úr því sem komið var, að afgreiða þetta mál í tengslum við fjárlagagerð fyrir næsta ár úr því að tekjuöflunin á ekki að koma til framkvæmda fyrr en á næsta ári. Þetta eru í einu orði sagt handarbakavinnubrögð sem ekki eiga að þekkjast hér á Alþingi.

Ég leyfi mér sem sagt í þessu samhengi að fordæma mjög eindregið vinnubrögð hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Ég fordæmi það að ekki skuli vera reynt að skapa samstöðu allra þingflokka um þetta mál.

Ég tek undir ýmislegt það sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, þar sem hún t.d. vakti athygli á þessum syndakvittunum sem senda á þeim sem greiða þennan eignarskatt og eru að minni hyggju ákaflega óviðfelldið fyrirbrigði. Ég get ekki séð að það sé málinu til nokkurs framdráttar að senda út kvittanir af þessu tagi. Mér finnst ólykt af þessum kvittunum. Þetta er gjöf sem þjóðin er öll að gefa sjálfri sér en ekki bara eignamenn þessa lands og það á ekki að líðast og ekki að þekkjast að í tengslum við átak af þessu tagi, þar sem öll þjóðin er gefandi og öll þjóðin viðtakandi, sé verið að gefa sérstökum mönnum og sérstökum ættum, eins og tekið er sérstaklega fram í grg., kvittanir um að þeir hafi lagt fram fé sérstaklega í þessu skyni.

En vegna þess að ég tel þjóðarnauðsyn að hraða framkvæmdum við þjóðarbókhlöðu og vegna þess að ég vil stórauka framlög í þessu skyni og skil nauðsyn þess, úr því að ríkisstj. hefur þetta frumkvæði, að þetta tækifæri glutrist ekki niður, þá hef ég að vandlega athuguðu máli ákveðið að styðja þetta frv. þrátt fyrir þá gagnrýni sem ég hef nú sett fram og þrátt fyrir þá ákveðnu fyrirvara sem ég hef um viss atriði sem tengjast framkvæmd málsins, eins og þessi kvittanabréf sem hér voru ágætlega gerð að umtalsefni af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég held að fyrirvari minn komi skýrlega fram í nál. Ég hef sem sagt mjög mikið að athuga við vinnubrögð, hvernig að þessu máli hefur verið staðið. Við hefðum þurft að hafa miklu lengri tíma til að fjalla um þetta, til að skapa þá samstöðu sem ein hæfir þessu máli. Mér er að vísu kunnugt um að hæstv. menntmrh. ræddi þetta mál við formenn flokkanna. En það var bara svo seint gert og lítill tími, sem gafst til raunverulegs samráðs milli flokka um þetta mál, að úr því gat ekki orðið neitt annað en klúður eins og raun ber vitni. Úr því sem komið er hefði ég talið miklu gæfulegra að bíða með þessa ákvörðun til haustsins og reyna að skapa almenna samstöðu um það.

En ef hæstv. ríkisstj. ætlar engu að síður að halda því til streitu að afgreiða þetta mál lít ég svo á að málið sé svo mikils virði að þrátt fyrir þessa vankanta, þrátt fyrir fyrirvara mína, verði ekki undan því skotist að taka jákvæða afstöðu til málsins og það mun ég gera.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti, aðeins örfá orð. Ég skrifaði undir nál. í þessu máli og gerði það án alls fyrirvara. En það má svo sem segjast að það hefði ekki skaðað þetta mál að láta það bíða lítið eitt og um þetta eru, hygg ég, nokkuð skiptar skoðanir í öllum þingflokkunum. Það hefði ekki skaðað málið að láta það bíða til haustsins og reyna að ná um það samstöðu. En mín niðurstaða varð sú, að vandlega athuguðu máli, að styðja þetta frv. því auðvitað er ekki vansalaust hvernig að þessu hefur verið staðið og hvernig að fjárveitingum hefur verið staðið til þjóðarbókhlöðu.

Málið snýst ekki um ágæti þess húss eða þeirrar starfsemi sem þar fer fram, heldur hefur sá ágreiningur fyrst og fremst snúist um það hvernig þetta mál hefur borið hér að. En ég hef svo sem enga nennu til að halda uppi málþófi um það. Þetta mál er komið fram og svo

langt fram gengið að það mun hljóta samþykki. Ég styð það og greiði því atkvæði án nokkurs fyrirvara enda þótt ég hefði kosið að um það hefði auðnast að ná meiri samstöðu og meiri tími hefði verið gefinn til þess. En sem sagt, ég hef engan fyrirvara um stuðning minn við þetta mál.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð án þess að ég ætli að fara að ræða efnisatriði málsins ítarlega — það eru slíkar annir að manni gefst ekki kostur á að vera nægjanlega á vakt þegar mál sem maður stendur fyrir eru á dagskrá — en vildi aðeins geta þess um þetta, sem menn hafa fundið að og ég heyrði, um hinar sérstöku viðurkenningar fyrir þátttöku í þjóðargjöfinni þá vill svo til að þetta er hugsað alveg öfugt við það sem menn skilja, að því sem mér virðist, að þetta séu einhver heiðursskjöl til handa efnamönnum. Það var ekki á þann veg hugsað, heldur að reyna að sjá svo um að enginn, sem vildi taka þátt í þessari þjóðargjöf, yrði afskiptur. Takmörk hljóta að vera fyrir því hvað við treystum okkur til þess að leggja á tekjusnautt og eignasnautt fólk. En til þess að gefa því, ef það vildi samt sem áður leggja eitthvað af mörkum til þessa þjóðarátaks, færi á að leggja sitt af mörkum þá var þessi heiðursskjalaviðurkenning, eða hvað maður á að kalla það, upphugsuð, og að hún yrði að lágmarki 1000 kr., skjal sem menn gætu keypt. Ekkert annað lá þessu til grundvallar og fjarri öllu lagi að það væri verið að búa til eitthvert skrautskjal til handa efnamönnum eða ættum þeirra að innramma upp á framtíðina.

Ég þakka fyrir þá samstöðu sem um þetta mál hefur náðst og nefndinni, fjh.- og viðskn., fyrir hennar verk og sérstaklega formanni hennar, hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég batt fyrst vonir við það að um þetta gæti orðið allsherjar samkomulag milli þingflokka. Það kann vel að vera að tímaskortur hafi hindrað það m.a. Ég hlaut mjög að beita mér gegn því að um frekari frestun á afgreiðslu málsins yrði að tefla því að við þekkjum of vel, sem lengi höfum setið þingbekki, að ekki er nú rýmra um hendur þegar kemur að því að afla fjár til hinnar almennu fjárlagagerðar eins og verða vill.

Ég hef svo ekki fleira um þetta mál að segja nema ég ítreka þakkir mínar fyrir góða afgreiðslu.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ekki batnar nú málið við útskýringar hæstv. ráðh. Nú er komið á daginn að áform menntmrh. um þau viðurkenningarskjöl, sem hér hafa verið kallaðar syndakvittanir, eru þannig að ef menn fá ekki slíkar syndakvittanir sjálfkrafa þá geta menn keypt sér þær, rétt eins og menn gátu keypt sér syndaaflausn hér áður fyrr. Sem sagt, ef menn eiga ekki nóg til þess að fá þetta sjálfkrafa þá geta menn komið á einhverja skrifstofu og látið skrá sig og fengið það þannig. Mér sýnist þetta nokkurn veginn vera sama fyrirkomulagið og með skömmtunarseðlana illræmdu hjá Félagsmálastofnun, að ef þú átt ekki nóg þá þarftu að taka þig út úr hópnum og sækja um það sérstaklega að fá að taka þátt í þessu sem kallað er þjóðarátak og er vitaskuld ekkert þjóðarátak, heldur eignamannaátak.

ATKVGR.

Brtt. á þskj. 956, um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 10:3 atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BD, JSv, EgJ, EG, EKJ, HÓ, JHelg, JK, KSG, RA, SkA, SBöð.

HS, SDK, StB greiddu ekki atkv.

5 þm. (KolJ, ÞK, SalÞ, JM, ÁJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Helgi Seljan: Herra forseti. Með fjárlögum yfirstandandi árs sýnir ríkisstj. sitt rétta andlit, sitt raunverulega álit og rausn í framlögum til fjölmargra góðra framkvæmda, þar á meðal þjóðarbókhlöðunnar. Yfir eitt horn þessarar ömurlegu ásýndar er nú með vafasömum vinnubrögðum reynt að breiða skrautblæju. Yfir heildarmyndinni hvílir enn neyð niðurskurðarins. Með næstu fjárlagagerð gefst hæstv. ríkisstj. kostur á að sýna sinn rétta hug til þessarar framkvæmdar, sem og annarra ekki síður brýnni. Samþykkt þessa frv. breytir engu þangað til. Horfandi á niðurskorin nauðsynjaverk í öllum áttum get ég ekki stutt þessa sérkennilegu og ótímabæru aðgerð. Með tilliti til þessa greiddi ég atkvæði með því að vísa frv. til ríkisstj. Því greiði ég ekki atkvæði.

2.–6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 80. fundur.

Föstudaginn 18. apríl, að loknum 79. fundi.

Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv. 396. mál (þskj. 947). — 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, stjfrv. 413. mál (þskj. 762). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Aðeins fáein orð. Þessi brtt. þarf ekki mikilla útskýringa við. Hún tekur aðeins til þess að breyta fyrirsögn frv. á þann veg að hún segi réttilega til um efni þess.

Það er alveg ljóst að þetta frv. fjallar ekkert um þjóðarátak um byggingu þjóðarbókhlöðu heldur átak þeirra sem eiga eignir af ákveðinni stærð. Þess vegna er hér lagt til að fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um

eignamannaátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Ég ítreka aðeins þá skoðun mína, sem fram kom við 2. umr. málsins, að ég tel að þetta hús þjóðarinnar eigi að byggja með fjármunum þjóðarinnar allrar, að til þess eigi að veita fé beint úr ríkissjóði og annað sé ekki sæmandi þar sem um þjóðargjöf er að ræða.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 961, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Mig langar til að beina einni spurningu til hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, 11. þm. Reykv. Hvernig skilgreinir hún hugtakið „eignamaður" og hvar setur hún mörkin, hverjir eru eignamenn og hverjir eru ekki eignamenn, hversu miklar eignir þurfa menn að eiga? Mér sýnist hún setja mörkin ansi neðarlega ef það er þessi eignarskattsauki sem hér er um rætt, þ.e. eign umfram 1700 þús., að alla skuli kalla eignamenn sem eiga, hvað eigum við að segja, meðalstóra íbúð, varla það. Það væri fróðlegt að heyra nánari skilgreiningu þm. á þessu hugtaki. Fyrst hún flytur hér brtt. á þskj. um að þetta skuli heita átak eignamanna er alveg nauðsynlegt að við fáum skilgreiningu á því hugtaki hvernig Kvennalistinn skilgreinir hugtakið „eignamaður" og hvar Kvennalistinn setur mörkin í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Mér er mikil ánægja að svara fsp. síðasta hv. ræðumanns. Eignamaður skilgreinist út frá frv. sjálfu. Þar er kveðið á um hvar mörk eignarskattsstofns skuli liggja, hvort menn eiga að greiða eignarskatt vegna þessa máls eða ekki. Þeir sem greiða þennan eignarskatt teljast eignamenn og kemur af sjálfu sér að þannig er það skilgreint.

Hv. þm. telur það ekki mikið að eiga ekki nema 1,6 millj. í eignarskattsstofn og þótt mér sé ekki mjög tamt að ræða hér persónuleg mál get ég upplýst þm. um að ég á ekki svo mikið þannig að ég t.d. telst ekki til þeirra sem greiða í þessa þjóðarbókhlöðu. **(EgJ:** Þar eru þá mörkin hjá Kvennalistanum.) Nei, þar eru ekki mörkin hjá Kvennalistanum. Þetta eru þau mörk sem hæstv. menntmrh. setur í sínu frv. og við þau miðar brtt. En ég sé að hv. 5. landsk. þm. er búinn að biðja um orðið aftur og þá langar mig til þess að biðja hann, vegna þess að hann styður þetta frv., að útskýra hvað hann á við með orðinu þjóð. Hvað er þjóðarátak? Hvað þýðir orðið þjóð?

Eiður Guðnason: Ég vil bara, herra forseti, að það komi skýrt fram að ég var ekki að spyrja hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur um hennar persónulegu eignir. Mér kemur það ekkert við. En hún fann hvöt hjá sér til að lýsa sinni eignastöðu úr þessum ræðustól. Ég álít að þingheimi komi það nákvæmlega ekkert við. Það er hennar mál.

Ég lét fylgja hér spurningu mína um hvar Kvennalistinn setti mörkin og ég hef svo sem litlu við það að bæta sem hún sagði. Í minni málvitund er „eignamaður" nokkuð sama og maður sem á mjög miklar eignir. Það er alls ekkert miðað við það í þessu. Ég lít nú á þessa brtt. sem vott um hina ágætu kímnigáfu sem þær eru búnar Kvennalistakonur. Mér finnst það frekast bera því skemmtilegan vott fremur en hér sé um neina alvöru að tefla. Ég hugsa að við séum sammála um hvað orðið þjóð þýðir. Það má auðvitað um það deila hvort það sé rétt að kalla þetta þjóðarátak. Ég get alveg fallist á það. En ég sé hins vegar ekki ástæðu til að flytja till. til breytinga á því nafni. Ég get alveg fallist á að þetta er ekki endilega hárnákvæmlega réttnefni, en jafnfráleit finnst mér sú brtt. sem hv. þm. mælti hér fyrir áðan.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég hlýt að harma að forseti er fastur í forsetastól og hefur engan varaforseta í deildinni og hefur þess vegna ekki tök á því að bera það af sér að vera orðinn innanborðs í Kvennalistanum og þar að auki kona samkvæmt málflutningi síðasta ræðumanns. Hann getur ekki borið af sér sakir. En konur eru hjartagóðar og ég tek það að mér fyrir hæstv. forseta að benda hv. þingdeildarmönnum á að hann er einnig meðflm. að þessari till.

Það þjónar sennilega litlum tilgangi að vera að halda uppi tveggja manna tali úr ræðustól. Þetta er ekki spurning um hvar Kvennalistinn setur mörk um hvað eru eignamenn og hvað ekki, heldur hvernig frv. ákvarðar það. Það er skýrt ákveðið í frv. sjálfu.

Orðið „eignamaður" þýðir einfaldlega sá sem á einhverja eign — og hvað er það mikil eign? spyr hv. þm. Það er eign upp á 1,6 millj. metin sem eignarskattsstofn.

Hvað mína persónulegu hagi varðar tók ég það nú fram að mér væri ekki tamt að ræða þá hér úr ræðustól, en ég ræddi þetta vegna þess að mér hefur oft reynst það vel í kennslu að taka dæmi til skýringa. Ég var þess vegna aðeins að reyna að útskýra fyrir hv. þm. á aðgengilegan hátt, þannig að auðskiljanlegt væri, hvað átt væri við og tók dæmi af mínum eigin persónulegu högum.

Forseti (Stefán Benediktsson): Ég vil byrja á því að þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að leiða 5. landsk. þm. í sannleikann um sköpulag mitt.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ekki er mér nokkur leið að átta mig á því hvernig þessi umræða hefur þróast yfir í að ræða um sköpulag manna, en þetta mál er vitanlega þess eðlis að það er allt hið undarlegasta og ekkert mikið þó að ýmsar hugmyndir komi fram í sambandi við það, jafnvel varðandi fyrirsagnir þess. Það væri auðvitað gott að hafa hér orðabók til að fá úr þessu skorið þannig að ekki þyrftu að vera deilur milli hv. 5. landsk. þm. og hv. 11. þm. Reykv. um hvað væri eignamaður, en ég held að ef hv. þm. hefðu viljað breyta þessu virkilega í þessa veru hefðu þeir orðið að fara yfir í stóreignamenn, ef þeir hefðu viljað taka það alveg skýrt fram að þarna væru eingöngu þeir sem ættu miklar eignir.

En hins vegar verð ég að segja að hin almenna merking þessa orðs, eignamaður, er auðvitað sá sem á miklar eignir, býsna miklar eignir. Það er sú almenna skilgreining sem ég hef heyrt á því orði.

Það er vissulega rétt að það verður um býsna betur stætt fólk að ræða sem greiðir þessi gjöld. Það hefði t.d. verið forvitnilegt, af því að þessi skattur var lagður á í fyrra, að vita hvernig sú útkoma hefði verið, hvernig

þessi eignarskattsauki hefði komið út, hverjir hefði fengið þennan eignarskattsauka og þurft að borga hann og hverjir ekki.

Það vill svo til að ég veit svolítið um þetta úr mínu byggðarlagi og það er það undarlega að eignarskattsauka þar greiddi ekki best setta fólkið í byggðarlaginu. Ekki veit ég af hverju það stafaði, en svo var að mig undraði í raun og veru ýmsa þá sem báru þennan eignarskattsauka þá og munu gera það samkvæmt þessu nú. Og það ætlaði ég að segja hv. 11. þm. Reykv. að margir þeir sem báru þennan skatt þá og hljóta að bera hann áfram, þennan eignarskattsauka, voru ekki eignamenn, engan veginn möguleiki á að telja þá eignamenn.

Ég tók eftir því núna þegar ég var að líta yfir þetta frv. að eins og venja er til mun ekki vera um það að ræða að örorkulífeyrisþegar séu þarna undanskildir þessum eignarskattsauka. Er það ekki rétt? Það eru aðeins ellilífeyrisþegar. Örorkulífeyrisþegar, sem með einhverjum hætti hafa önglað sér saman í íbúð, eru ekki þarna. Það hefði verið full ástæða að athuga það fyrr hvort það sé virkilega svo, ef örorkulífeyrisþegar hafa verið búnir að eignast húseign áður en þeir urðu öryrkjar og eru þess vegna með talsverðan eignarskattsstofn, þrátt fyrir sína aðstöðu í tekjum og öðru slíku, ef þeir eiga svo að greiða eignarskattsauka. Það er til þess að kóróna allt annað.

Ég skal svo að öðru leyti ekki skipta mér af þessu, hvorki sköpulagi fólks eða öðru. (Gripið fram í.) Nei, það hafa verið skiptar skoðanir um það hér greinilega. Ég segi aðeins að það hefði verið nauðsynlegt, þegar þetta var gert, að kanna nokkuð í hv. nefnd hverjir greiddu eignarskattsaukann í fyrra, hve margir, hve mikill hluti þjóðarinnar greiddi eignarskattsauka, og fá örlitla úttekt á því hverjir það voru í raun og veru, úr hvaða stéttum þjóðfélagsins þeir voru sem greiddu þennan eignarskattsauka.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég verð að hefja mál mitt á því að biðja virðulegan forseta afsökunar. Mér var ekki ljóst að hann var meðflm. á þessari till., enda taldi ég afar ólíklegt að hann hefði gerst meðflm. að svona lagaðri till. En ég bið hann innvirðulega afsökunar á því að ég skyldi hafa blandað honum með þessum hætti saman við Kvennalistann og vona að hann taki þá afsökunarbeiðni mína til greina.

En hv. 11. þm. Reykv. sagði það hafa gefist sér vel við kennslu að taka dæmi af sjálfum sér. Ég skal ekkert um það segja. Mér hefur gefist vel við kennslu að nota góðar heimildir og orðabækur kannske fyrst og fremst. Af því að við vorum að tala um hvað orðið eignamaður þýddi, þá þýðir það ekki bara maður sem á eitthvað. Það þýðir vel efnaður maður, a.m.k. eftir orðabók Menningarsjóðs sem ég held að sé sú traustasta heimild sem völ er á í þessum efnum. Það er á bls. 165. Eignamaður, karlkyn, vel efnaður maður.

Forseti (Stefán Benediktsson): Afsökunarbeiðni hv. 5. landsk. þm. er tekin til greina.

ATKVGR.

Brtt. 961 felld með 9:2 atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv. 238. mál (þskj. 960). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Eftirlit með skipum, stjfrv. 237. mál (þskj. 465). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 971).

Siglingalög, stjfrv. 383. mál (þskj. 842). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 972).

Neðri deild, 86. fundur.

Föstudaginn 18. apríl, kl. 1 miðdegis.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjfrv. 364. mál (þskj. 889). — Ein umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég ræddi um það í minni framsögu fyrir þessu máli hér í hv. deild að það yrði ekki fært á milli annað en það að það mundi passa, þau bréf sem Stofnlánadeildin mundi taka við og skuldir á móti. Það var því ekki ætlunin að halla á Stofnlánadeildina að neinu leyti.

Þetta þótti þeim í hinni deildinni ekki nægjanlegt þó að þessi yfirlýsing lægi hér fyrir og þótt þeir fengju hana staðfesta hjá framkvæmdastjóra Stofnlánadeildarinnar. Það er allt í lagi að okkar mati að setja þetta inn en við töldum það óþarfa. Okkur fannst það vera nóg að hér kæmi fram yfirlýsing um það að séð yrði til þess að Stofnlánadeildin yrði ekki fyrir neinu tjóni við yfirtöku á þessum hlutum sem hér um ræðir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 951).

Útvarpslög, frv. 417. mál (þskj. 768, brtt. 902). — 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hafði láðst að setja í frv. setninguna „Lög þessi öðlast þegar gildi". Ég held að þessi brtt. á þskj. 902 lýsi sér sjálf og ég vænti þess að deildin hafi skoðun á því hvort þessi lagagrein á að taka gildi þegar í stað eða eftir almennum reglum.

ATKVGR.

Brtt. 902 samþ. með 26:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 794, n. 898, brtt. 899). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Nál. er á þskj. 898. Nefndin athugaði frv. eins og það kom frá Ed. og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem nefndin flytur á sérstöku þskj., nr. 899. Þar er um að ræða umsóknir um ríkisborgararétt sem bárust eftir meðferð málsins í Ed. og einnig nokkrar umsóknir sem þurftu nánari athugunar við. Hér er um að ræða alls fjóra einstaklinga sem bætast við á listann í frv. eins og það kom frá Ed. Allshn. Nd. leggur til að með þessum brtt. verði þeim veittur íslenskur ríkisborgararéttur með lögum frá Alþingi.

Brtt. 899,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 899,2 samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Varnir gegn mengun sjávar, frv. 73. mál (þskj. 718, n. 914 og 931, brtt. 915 og 932). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 914 er nál. frá meiri hl. samgn. Þar kemur fram að á fundi nefndarinnar hafi komið Ragnhildur Hjaltadóttir lögfræðingur í samgrn., Magnús Jóhannsson siglingamálastjóri, Gunnar Ágústsson deildarstjóri mengunardeildar Siglingamálastofnunar og Ólafur Pétursson forstöðumaður mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins.

Það var fjallað nokkuð mikið um þetta frv. og það kom fram hjá nefndinni og raunar gestum hennar að frv. þetta skaraðist við önnur lög sem í gildi eru, t.d. lög um Hollustuvernd ríkisins. Tók Ólafur Pétursson sérstaklega fram að það þyrfti að hafa skilin gleggri þarna á milli. Nefndarmenn voru sammála um að æskilegt væri að lögin yrðu endurskoðuð innan þriggja ára þegar reynsla væri komin á hvernig samskipti þeirra stofnana, sem fara með mengunarmál, hefðu tekist.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir nál. með fyrirvara en hv. þm. Kristín Halldórsdóttir skilaði séráliti. Hinir nefndarmennirnir, að meðtöldum hv. þm. Steingrími Sigfússyni, leggja til að frv. verði nú samþykkt með brtt. sem eru á þskj. 915. Það er í fyrsta lagi við 21. gr.:

„2. málsl. orðist svo:

Siglingamálastofnun ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur."

Önnur brtt. er við 33. gr.:

„2. málsgr. orðist svo:

Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð og renna þær í sjóð samkvæmt 32. gr."

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri en endurtek það að sex af sjö nefndarmönnum leggja til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef lýst.

Frsm. minni hl. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. samgn. sem er að finna á þskj. 931 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Glundroði ríkir í umhverfismálum hér á landi og löngu orðið tímabært að setja lög um heildaryfirstjórn umhverfismála í stað þess að búta þau niður í margar deildir sem eru hver í sínu ráðuneyti.

Réttast væri að fresta öllum þingmálum sem snerta umhverfismál, þar með töldu frv. til l. um selveiðar og því frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar sem hér um ræðir, þar til umhverfismálin hafa verið sameinuð undir einn hatt. Ljóst er þó að ekki er nægilegur skilningur og vilji fyrir hendi hjá núverandi stjórnvöldum til þess að slíkt nái fram að ganga.

Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar að samþykkja beri þetta frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar með smávægilegum breytingum. Undirrituð er ekki á sama máli. Þetta frv. er málamiðlun ólíkra sjónarmiða. Með samþykkt þess væri í raun verið að staðfesta og löggilda glundroðann í umhverfismálum. Má nefna sem dæmi að skv. 22. gr. frv. væri samgrh. heimilt, að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins, að stöðva rekstur sem Hollustuvernd ríkisins hefði gefið út starfsleyfi fyrir skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Mengun sjávar er ekkert sérfyrirbæri sem nauðsyn ber til að fela Siglingamálastofnun ríkisins fremur en aðra mengun, heldur er hér um að ræða arf frá gamalli tíð þegar enginn hafði með mengunarvarnir að gera. Þá kom það í hlut Siglingamálastofnunar undir yfirstjórn samgrn. að staðfesta alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar fyrir Íslands hönd og þannig myndaðist sú hefð sem menn virðast tregir til að breyta þrátt fyrir augljósa ókosti.

Minni hl. vill freista þess að fá samþykktar þær breytingar á frv. að hvers konar mengunarvarnir verði eftirleiðis á einni hendi, þ.e. undir stjórn mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins, og heyri undir heilbrrn., sbr. brtt. á sérstöku þskj. Væri það vissulega spor í átt til þeirrar sameiningar umhverfismála undir einn hatt sem koma skal. Verði þær brtt. ekki samþykktar leggur minni hl. til að frv. verði fellt."

Undir þetta ritar Kristín Halldórsdóttir fundaskrifari.

Herra forseti. Brtt. á þskj. 932, sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir flytur ásamt mér, þarfnast lítilla skýringa.

Þær lúta að þessu eina atriði sem við höfum í rauninni við frv. að athuga, svo sem fram kemur í nál. því sem ég var að lesa. En þetta eina atriði er grundvallaratriði. Þetta mál er reyndar af svipuðum toga og mörg önnur sem valdið hafa ágreiningi hér í þinginu vegna þess að menn eru ekki sammála um heimilisfang. Hafi einhver málaflokkur einhvern tíma fengið heimilisfang er ekki heiglum hent að slíta hann þaðan burtu því að þá er heimaríkum embættismönnum að mæta hversu augljós sem vitleysan er.

Hér er um glöggt dæmi að ræða. Ísland hefur um áraraðir tekið þátt í nokkru samstarfi um varnir gegn mengun hafsins með aðild að ýmiss konar alþjóðlegu samkomulagi þar að lútandi. Lengi vel var enginn í landinu sem hafði með mengunarvarnir að gera og sú hefð myndaðist að siglingamálastjóri tók á sig nauðsynleg ferðalög til útlanda til að undirrita slíka samninga. Síðan samþykkti Alþingi lög um heimild til handa ríkisstjórninni til að fullgilda samninga fyrir Íslands hönd og Siglingamálastofnun annaðist framkvæmd samninganna.

Þegar lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, voru samþykkt hefði þetta fyrirkomulag átt að breytast. Samkvæmt þeim lögum var Hollustuvernd ríkisins stofnuð og ein af þremur deildum þeirrar stofnunar er mengunarvarnadeild.

Í gr. 17.4 í þeim lögum segir að mengunarvarnadeild hafi yfirumsjón með því að fylgt sé ákvæðum í reglugerð um mengunarvarnir. Sú reglugerð er að vísu ekki til enn þá en verið er að vinna að henni af fullum krafti, það ég best veit.

Einnig segir í sömu lögum að mengunarvarnadeild skuli annast tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir, starfsemi geislavarna og skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

Síðan þessi lög voru samþykkt hefur mengunarvarnadeild verið að byggja upp starf sitt. Þar starfa nú sérfræðingar á ýmsum sviðum loftmengunar. Um áramótin var ráðinn þangað sérfræðingur á sviði vatnsmengunar og veitir ekki af í vaxandi fiskeldi.

Mengun er flókið fyrirbæri og margslungið og ákaflega erfitt að ætla að sundurgreina hana í hólf. Ef t.d. olíubíll veltur uppi á Hveravöllum og olía kemst í ár og læki rennur hún til sjávar. Loftmengun, t.d.. frá verksmiðjum, fellur í regni, bæði á sjó og land. Og blessaðar fiskeldisstöðvarnar eru mjög mengandi. Bara ein þeirra, Íslandslax við Grindavík, sendir fullbúin frá sér til hafs jafnmikla mengun og allt höfuðborgarsvæðið.

Þannig mætti lengi telja en niðurstaðan hlýtur alltaf að verða sú sama. Það er að öllu leyti langskynsamlegast að hafa allar mengunarvarnir á einni hendi — og þá að sjálfsögðu í mengunarvarnadeild Hollustuverndar ríkisins. Þar á heimilisfangið að vera. Það væri spor í rétta átt til sameiningar umhverfismála undir einn hatt.

Og vel á minnst, hér er rétt að minna á frv. til l. um umhverfismál sem er eitt af vanefndum loforðum hæstv. ríkisstj. Það sakar ekki að spyrja, úr því að hæstv. félmrh. er hér í salnum, hvað líði samningu þess frv. og á það verður minnt aftur þótt síðar verði.

Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram nokkuð snemma á þessu þingi og var lengi til umfjöllunar í Ed. og tók þar vissulega ýmsum breytingum til batnaðar. Að frágengnu þessu grundvallaratriði um heimilisfangið og yfirvaldið eru þó enn á því hnökrar sem hefði mátt lagfæra ef nú væri ekki tími hinna óvönduðu vinnubragða. Það er hart að horfa upp á Alþingi verða að hálfgerðri stimpilstofnun fyrir ráðherra og embættismenn. Ég bið nú hv. þingdeild að staldra aðeins við í óðagotinu og kanna hug sinn til þeirra raka sem ég hef hér flutt máli mínu til stuðnings.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl., þar sem lagt er til að frv. þetta verði samþykkt með breytingum, með fyrirvara og mun nú gera stuttlega grein fyrir þeim helstu:

Í fyrsta lagi er um að ræða almennan fyrirvara hvað varðar stjórnskipulega tilhögun umhverfismála á Íslandi. Það er mikið mein, eins og við höfum oft rætt hér á Alþingi, að umhverfismál og meðferð þeirra er dreifð milli hinna ýmsu ráðuneyta. Hér kemur upp eitt dæmigert tilvik þar sem verkefni mismunandi stofnana og mismunandi ráðuneyta skarast að verulegu leyti í þessum málaflokki. Það vekur athygli á því einu sinni sem oftar að það er vægast sagt óheppilegt að jafnmikilvægur málaflokkur og umhverfismál skuli dreifast svoleiðis um stjórnkerfið.

Þar af leiðandi er ég með fyrirvara á um það að stuðningur minn við þetta frv. hér á þessari stundu er eingöngu bundinn því ástandi sem við búum við og felur ekki í sér almennan stuðning við þá skiptingu málaflokksins milli ráðuneyta sem raun ber vitni. Ég hefði talið eðlilegt að setja jafnvel inn skýr ákvæði um tímabundinn gildistíma þessara laga og að nauðsynlegt væri að vinna að heildarendurskoðun þessa málaflokks samtímis.

En ég er ekki sammála hv. síðasta ræðumanni hvað það varðar að þetta tiltekna mál lögfesti þessa skipan mála með eitthvað öðrum hætti en yfirleitt þegar fjallað er um umhverfismál. Ég lít svo á að hér sé eingöngu um afmarkaðan þátt málsins að ræða og ítreka fyrirvara minn um stuðning við þessa tilhögun í lengd.

Í öðru lagi er fyrirvarinn bundinn því hvernig verksvið Siglingamálastofnunar og Hollustuverndar hljóta óhjákvæmilega að skarast í þessum málaflokki vegna þessa frv. En það er sú skörun verkefna sem viðgengst í reynd. Hér er fyrst og fremst verið að lögbinda hana með nokkuð ákveðnari hætti en verið hefur. Það mætti að sjálfsögðu hugsa sér að það væri skýrar gert en þetta frv. og lög um Hollustuvernd gera. En þessi hefur orðið niðurstaðan og út af fyrir sig held ég að hægt sé að una því og fá reynslu á það hvernig þessi verkaskipting gefst þó að ég geti fúslega viðurkennt að ég hef efasemdir um að nógu skýrt sé á kveðið í þessu frv.

Í þriðja lagi, herra forseti, hef ég nokkurn fyrirvara á um það, eins og jafnan í slíkum tilfellum, þegar í frv. eða lögum á að fela einum fagráðherra víðtækt vald til útgáfu reglugerða og afsala honum þar með að verulegu leyti yfirstjórn þeirra mála sem gjarnan annars er bundin í lögum.

Ég hef til gamans, herra forseti, farið yfir það í fljótheitum hversu oft setningar eins og „Samgrh. skal...“, „Samgrh. er heimilt...“, „Samgrh. má...“ koma fyrir í þessum lögum. Það er a.m.k. einum fjórtán sinnum. Greinar frv. eru nú ekki nema rúmlega 30,

þannig að þetta kemur ansi víða fyrir. Ég held að rétt sé að við rennum aðeins yfir það, herra forseti.

Í 4. gr. segir í upphafi 3. málsgr.: „Samgrh. er heimilt...“ Og í næstu málsgr.: „Samgrh. er heimilt að setja reglur“. Í 6. gr. segir: „Samgrh. er heimilt að setja reglur um flokkun fljótandi efna“ o.s.frv. Í 7. gr. segir: „Samgrh. er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps“ o.s.frv. Í 8. gr. segir: „Samgrh. er heimilt að setja reglur um losun á skolpi í sjó“ o.s.frv. Í 10. gr. segir: „Samgrh. er heimilt að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.“ Og í næstu málsgr.: „Samgrh. skal setja nánari reglur um móttöku olíuúrgangs“ o.s.frv. Í 12. gr. segir: „Samgrh. er heimilt að setja reglur um móttökustöð fyrir annan úrgang.“ Í 19. gr. segir: „Samgrh. getur krafist þess“ o.s.frv. Í 22. gr. segir: „Samgrh. er heimilt að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar“ o.s.frv. Í 23. gr. segir: „Samgrh. skal að höfðu samráði“ o.s.frv. og: „Samgrh. er heimilt að höfðu samráði“ o.s.frv. Í 29. gr. segir: „Samgrh. er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sektargerða samkvæmt þessari grein.“ Í 32. gr. segir: „Sektir skv. lögum þessum renna í sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar segir í reglugerð er samgrh. setur.“ Í 33. gr. segir: „Dagsektir þessar skulu ákveðnar af samgrh. og renna í sjóð þann sem getið er í 32. gr.“ Þetta er 15. skiptið, sem samgrh. er með þessum hætti falið hitt og þetta í þessu frv.

Ég hafði ákveðnar athugasemdir við það að meira að segja sektarákvæði og upphæðir sekta væri ráðh. falið að setja með þessum hætti og ráðstafa. Niðurstaðan hefur orðið sú að meiri hl. samgn. Nd. flytur ákveðna brtt. til móts við þetta sjónarmið sem kveður þó a.m.k. á um það að sektarákvæðin skuli ákveðin í reglugerð og auglýst þannig og birt í Stjórnartíðindum mönnum til glöggvunar.

Herra forseti. Ég les þetta ekki upp vegna þess að ég hafi sérstakan ímugust á hæstv. núv. samgrh. og treysti honum síður til að fara með málefni en öðrum hæstv. ráðh. En ég vildi vekja athygli á þessu vegna þess að stundum eru menn að ræða um að ekki sé heppilegt að lengja arm laganna með þessum hætti allt of langt út til hinna einstöku stofnana og út í hin einstöku fagráðuneyti. Það er eins og mig minni að einhvern tíma hafi hæstv. núv. samgrh. einmitt gerst talsmaður þeirra sjónarmiða.

Hæstv. sjútvrh. hefur stundum mátt þola skammir fyrir það að verið væri að afsala honum miklu valdi í hendur með kvótalögum eða ýmsum öðrum hætti. En nú er það sem sagt hæstv. samgrh. sem fær þetta vald og skákar nú, held ég, hæstv. sjútvrh. í flestum greinum því að svona myndarlega hef ég ekki séð fjallað um hlut eins ráðherra í stuttu frv. fyrr. En sæll veri hæstv. samgrh. af þessu hlutverki sínu. Hef ég ekki fleiri orð um það.

Það er út af fyrir sig brýnt að koma mörgum þáttum þeirra mála, sem fjallað er um í frv., í betra horf en nú er, herra forseti. Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni einn þátt þessara mengunarvarna, sem tengjast vörnum gegn mengun sjávar, og það er eftirlit í þessum tilfellum. Ég hef því miður grun um að það sé ekki alltaf sem skyldi. Reyndar staðfesta yfirmenn Siglingamálastofnunar að það sé miklum vandkvæðum bundið að koma við eftirliti, eins og þó væri mjög æskilegt og nauðsynlegt í þessum tilfellum. Ég vil vekja sérstaklega athygli á þessu og hvetja hæstv. samgrh. og aðra til að leita leiða til að efla eftirlit og tryggja betur en nú er og verið hefur undanfarið framkvæmd þessara ákvæða sem tryggja eiga varnir gegn mengun sjávar.

Í fjölmiðlum var nýlega brugðið upp ófagurri mynd af einum firði austanlands þar sem olíuflekkir flutu. Í viðtölum við heimamenn kom einmitt fram að til væru þeir aðilar sem ekki gerðu allt of mikið með lög og reglur í þessum efnum, hvort sem það væru lög eða reglur einstakra aðila. Það er auðvitað mjög slæmt, herra forseti, ef þessu er svo varið. Þess vegna hefði verið æskilegt, að mínu mati, að reyna að bæta hér verulega úr framkvæmdinni og til þess hefði jafnvel verið ástæða að koma því með einhverju móti betur inn í lögin en raun ber vitni.

Ég vil einnig vekja á því athygli að hér er nú lögfest það hlutverk Siglingamálastofnunar að mæla mengunarefni í sjó og þar með talin t.a.m. geislavirk mengunarefni. Ég fagna því og hvet til þess að þessum þætti verði sinnt. Þó að mörgum hætti til að álykta sem svo að vegna þess að við erum eyja úti í miðju hafi sé okkur ekki veruleg hætta búin af þessum efnum, þá er hér á ferðinni stórfellt og vaxandi alþjóðlegt vandamál sem getur haft verulegar hættur í för með sér, einnig fyrir okkur. Ég fagna því að þetta ákvæði er þarna og hvet til þess að því verði sinnt.

Þær brtt. tvær, sem meiri hl. flytur, eru að mínu mati báðar til bóta og ég styð þær. Með þeim fyrirvörum, sem ég hef nú gert grein fyrir, mun ég styðja þetta frv., herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er vissulega um mikilsvert mál að ræða og ég ætla ekki að fara að ræða það efnislega hér. Sjónarmið hafa komið fram frá meiri og minni hl. nefndarinnar. Ég tek mjög eindregið undir það að ástandið er slæmt í þessum efnum, m.a. vegna þess hversu ábyrgðin er dreifð og þessi málaflokkar, sem varða mengun á hinum ýmsu sviðum, eru undir mismunandi ráðuneytum, heyra undir mismunandi stofnanir.

Það er alveg rétt sjónarmið sem kemur fram hjá minni hl. nefndarinnar að þessu leyti og það er mikið búið að ræða um nauðsynina á að bæta þar um. Alþb. hefur eindregið mælt með því að stofnað verði sérstakt umhverfisráðuneyti sem reynt verði að fella sem flesta þætti umhverfismála undir.

Ég er alls ekkert sannfærður um að það væri til bóta að fara að taka mengunarmálin í heild sinni nú undir heilbrrn., eins og kemur fram hjá minni hl. En um það geta þó verið deildar meiningar og það getur verið ákveðinn hagur í því að hafa mengunarmálin á höndum eins ráðuneytis, þótt heilbrrn. sé. Ég vil ekki andmæla því að það geti verið viss rök fyrir því. Aðalatriðið er þó hitt, að taka á því stóra verkefni að sameina helstu þætti umhverfismála undir einu ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands.

Frv. til laga um Stjórnarráð Íslands var sýnt hér í vetur og rætt við 1. umr. Ekkert höfum við meira af því spurt síðan og það virðist sem ekki sé mikill hugur hjá ríkisstj. að lögfesta það frv., enda skiptir það í rauninni engu máli hvað um það verður því að það fól ekki í sér neinar marktækar breytingar og hafði inni að halda ýmsa augljósa agnúa nánast til verri vegar en nú er, þannig að ekki syrgi ég það.

Hæstv. félmrh. hefur verið talsmaður þess í tíð þessarar ríkisstj. að koma upp umhverfisráðuneyti eða sameina umhverfismálin undir einu ráðuneyti og þá út frá því sjónarmiði, sem fram kom 1978 hjá páv. ríkisstjórn, að sameina umhverfismálin málefnum félmrn. Gæti það vissulega verið til bóta og kemur fyllilega til álita, ekki síst ef menn ekki vilja stofna strax um þetta eitt sjálfstætt ráðuneyti. Hæstv. félmrh. hefur oft tjáð okkur að þetta væri alveg að koma, það væri í vændum sérstakt frv. um umhverfismál sem gengi út frá þessari stefnu. En árin hafa liðið og mánuðir hafa liðið og ekkert bólar á þessu frv.

Mér þykir það mjög miður hvernig þarna hefur til tekist. Ég vil inna hæstv. félmrh. eftir því hér við umræður um þetta mál hvað veldur og hvers er að vænta. Er einhvers að vænta í tíð núv. ríkisstj., þ.e. á núverandi kjörtímabili, í þessum efnum? Ég vænti þess að hæstv. ráðh. geti greint okkur frá þessu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Snemma vetrar 1978 gaf páv. hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson út úrskurð um það að umhverfismál skyldu, að svo miklu leyti sem þau ekki falla til sérstakra ráðuneyta samkvæmt sérlögum, heyra undir félmrn. Gunnar Thoroddsen fyrrv. forsrh. var samþykkur þessari afstöðu sem slíkur og á grundvelli hennar voru samin í félmrn. drög að frv. til laga um umhverfismál og umhverfismálastjórn.

Þegar núv. ríkisstj. tók við gaf hæstv. félmrh. yfirlýsingu um að alveg á næstu mánuðum kæmi frv. frá ríkisstj., sem var mynduð 1983, um samræmda yfirstjórn umhverfismála. Á því frv. bólar ekki neitt og þess vegna tek ég hér undir fsp. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Varðandi efni þessa máls, sem hér er uppi, vil ég segja að ég mun fyrir mitt leyti styðja brtt. hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur um að mengunarvarnir falli undir heilbrrn. og mengunardeild Hollustuverndar ríkisins. Fari svo að sú till. falli mun ég engu að síður greiða fyrir því að þetta frv. nái fram að ganga. Ég tel það ekki rökrétta afstöðu að stöðva málið, eins og hv. þm. leggur til, vegna þess að í frv. eru mörg brýn ákvæði sem nauðsynlegt er að leiða í lög.

En ég ítreka spurningu mína og hv. 5. þm. Austurl. til hæstv. félmrh.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það fer ekkert á milli mála að það er löngu tímabært að setja heildarlöggjöf um umhverfismál hér á landi og hv. 3. þm. Reykv. er sjálfsagt jafn annt um það og öðrum. En ég vil aðeins minna á að hann lenti sjálfsagt í svipuðu og núv. félmrh. þegar hann var félmrh., að hann flutti ekki það frv. sem honum var fengið í hendur, heldur lét breyta því og það var heldur ekki lagt fram á þingi á hans tímabili það frv. sem hann sem félmrh. lét semja. En sjálfsagt eru gildar ástæður fyrir því, eins og fram kemur hjá núv. félmrh. Ég get lýst því yfir að það er fullbúið frv. um umhverfismál í mínu ráðuneyti sem ekki hefur enn tekist að ná samstöðu um innan ríkisstj.

Ég get einvörðungu lýst því yfir að þessu máli er sífellt unnið. Það er á stefnuskrá ríkisstj. að setja heildarlöggjöf um umhverfismál og við skulum vona og sjá til hvort það sumar, sem í hönd fer, muni ekki nægja til að undirbúa löggjöf á þessu sviði sem lagt verður fyrir næsta haust.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Það er ekki að undra að í þessum umræðum um mengun sjávar við Ísland og lagasetningu í því sambandi komi upp spurningin um nauðsynina á setningu heildarlöggjafar um umhverfismál hér á landi. Slík heildarlöggjöf hefur aldrei verið sett en á henni er hin mesta nauðsyn. Það mál, sem hér er á dagskrá í dag, er raunverulega aðeins einn angi þessa stóra máls og sýnir hver nauðsyn er á heildarsamræmingu og skipulagningu í þessum efnum öllum.

Sérálit hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur víkur einmitt að því hvernig eigi að haga skipulagi og stjórnsýslu í umhverfismálunum og setur í hnotskurn einn meginvanda sem hér er við að etja, þ.e. að stjórnsýslan er hér nánast á ringulreið. Með umhverfismál er nú farið í níu af ráðuneytum landsins. Það sjá allir í hendi sér hve skilvirk slík stjórnsýsla er og hvern vanda þetta skapar, bæði fyrir ráðuneytismenn, sem að þessu eiga að standa, og aðra sem nálægt þessum málum koma.

Þess vegna er hin mesta nauðsyn á heildarlagasetningu í þessum efnum. Vegna þeirra umræðna, sem hér hafa átt sér stað um það, og ummæla hæstv. félmrh. áðan vil ég ekki láta hjá líða að minna á að á þinginu 1983–1984 flutti ég ásamt nokkrum þm. Sjálfstfl. frv. til laga um umhverfismál sem var að flestu leyti það frv. sem áður hafði verið lagt fram hér á þingi, ég hygg á þinginu 1980–1981, og var að stofni til frv. sem stjórnskipuð nefnd samdi og skilaði til ríkisstjórnarinnar 1978.

Þetta mál á sér því langa sögu og það ber að harma að hvorki fyrrv. ríkisstjórn né núv. ríkisstjórn hefur séð sér fært vegna ýmissa ástæðna, eins og hér kom fram í máli hæstv. félmrh., að leggja frv. fram um þennan mikilvæga málaflokk hér á þingi.

Framtak okkar þm. á þinginu 1983–1984 leiddi ekki til endanlegrar samþykktar þess lagafrv. Ég og meðflm. mínir hugðumst endurflytja það frv. á næsta þingi, 1984–1985. En þá lýsti félmrh. því yfir að ríkisstj. hefði í huga að flytja sjálf frv. um málið. Af sjálfu sér leiðir og þeim verklagsreglum, sem ríkja hér á þingi, að þegar stjfrv. hefur verið boðað um ákveðinn málaflokk taka ekki einstakir stjórnarþm. frumkvæðið í þeim málum, þó svo að þar hefðum við staðið að frv. um þessi efni.

Ég hlýt að taka undir áskoranir manna, sem hér hafa komið fram, til félmrh. um að nú verði mjög hert á sókninni til þess að ná samkomulagi um það frv. sem hann segir að fyrir liggi í ráðuneyti sínu.

Hér er um miklu meira nauðsynjamál að ræða en í fljótu bragði gæti virst og umræðan hér og þetta frv. um mengun hafsins lýsir því mjög glögglega. Við höfum þegar beðið á þessu þingi í þrjú ár eftir stjfrv. um þessi mál og það væri ekki vansalaust ef slíkt frv. sæi ekki dagsins ljós í upphafi næsta þings.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 932,1–2 felld með 20:7 atkv.
2.–20. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 932,3 tekin aftur.
Brtt. 915,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 932,4 tekin aftur.

23.–32. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 915,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, stjfrv. 399. mál (þskj. 844, n. 930). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á almannatryggingalögum. Nál. er á þskj. 930. Nefndin mælir einróma með samþykkt frv. eins og það er komið frá hv. Ed. Undir þetta álit rita auk mín Guðmundur Bjarnason, Guðrún Agnarsdóttir, Geir H. Haarde, Kjartan Jóhannsson og Guðrún Helgadóttir, en fjarverandi afgreiðslu málsins var Friðrik Sophusson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lyfjafræðingar, stjfrv. 379. mál (þskj. 690, n. 929). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga. Nefndin mælir einróma með að frv. verði samþykkt óbreytt eins og var gert í hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, stjfrv. 285. mál (þskj. 523, n. 879, brtt. 880). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Nefndin varð sammála um að flytja brtt. sem er á þskj. 880. Ástæðan fyrir henni er sú að fyrir misgáning hafði orðið „fræðslustjóri" slæðst inn í 3. málsgr. 14. gr. þar sem fjallað er um framhaldsskólakennara. Fræðslustjórar fjalla ekki um framhaldsskólann, þannig að efnisbreyting till. er sú að fella orðið „fræðslustjóri" niður.

Hins vegar hefur prentvilla slæðst inn í brtt. Þar á að standa í niðurlagi: „... og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann" en ekki „... óskað eftir heimild nefndarinnar um að lausráða annan starfsmann". Ég lít á þetta sem leiðréttingu. Þetta er greinilega ekki rétt íslenskt mál eins og það liggur fyrir.

Menntmn. beggja deilda ræddu þetta frv. á fjórum sameiginlegum fundum og var farið allrækilega niður í efnisatriði þess. Á fundi nefndarinnar komu frá menntmrn. Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, Hörður Lárusson deildarstjóri, Sigurður Helgason deildarstjóri og Þórunn Hafstein lögfræðingur. Skólastjórarnir Ingvar Ásmundsson, Iðnskólanum í Reykjavík, og Guðjón Ármann Eyjólfsson í Stýrimannaskólanum voru kallaðir á fund nefndarinnar og einnig Jóhannes Einarsson kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði, en hann var settur skólastjóri hans á s.l. ári. Þá komu á fund nefndarinnar frá Háskóla Íslands Þórólfur Þórlindsson deildarforseti félagsvísindadeildar og háskólakennarar í uppeldis- og kennslufræðum, Guðný Guðbjörnsdóttir og Jón Torfi Jónasson.

Það er greinilegt bæði í þeim umsögnum, sem nefndinni bárust frá fjölmörgum aðilum og ég mun koma lítillega inn á, og í viðræðum við þá sem á fund nefndarinnar komu að allir voru sammála um að brýnt væri að tryggja það eftir mætti að kennarar væru vel menntaðir og raunar betur en nú er og reynt yrði að halda við þeirra þekkingu með námskeiðum og öðru slíku eftir því sem efni standa til til þess að þeir séu frískir og ferskir í sínu starfi og geti valdið sínu verkefni.

Eins og hv. þm. sjá er kjarni þessa frv. að tryggja að þeir sem kenna á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi hafi fengið verulega þekkingu í uppeldis- og kennslufræðum. Varðandi framhaldsskólana er gert ráð fyrir 30 einingum, sem er ársnám við háskóla, stíft ársnám. Það er að vísu hængur á, að þessi kennslufræði, sem hér hefur verið kennd, er vanburða að því leyti að hún miðast um of við bóklegar greinar. Á hinn bóginn hefur ekki verið kennd kennslufræði með hliðsjón af einstökum greinum — sérstaklega á þetta þó við um verkmenntun — og hlýtur að koma til álita hvort ekki sé rétt að leggja sérstaka áherslu á það við framkvæmd þessa frv. að mögulegt sé að veita leiðbeiningar og kennslu í kennslufræðum á breiðari grundvelli en nú er gert.

Það er augljóst að um það er breið samstaða að nauðsynlegt sé að tryggja starfsgrundvöll kennara og kennarastarfsins. Af þeim sökum og til þess lítur nefndin svo á að nauðsynlegt sé að lögfesta þetta frv. eins og það liggur fyrir enda þótt í því séu nokkrir agnúar og þá helstir þeir, annars vegar, að hér er ekki gerð tilraun til að meta að nýju þær menntunarkröfur sem gerðar eru til kennara í einstökum greinum. Á það einkum við um kennslu í iðn- og verkmenntaskólum.

Sú leið hefur verið farin að halda sig við þær kröfur um menntun í sérgreinum sem nú eru í lögum en reyna ekki að endurmeta kröfurnar um leið og þetta frv. var samið. Skýringin er sú að sú áhersla var lögð á að lögfesta kröfuna um nám í uppeldis- og kennslufræðum að rétt var talið að láta fagþekkinguna bíða. Til þess að mæta því, og öðrum agnúum frv. raunar einnig, er kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði að þessi lög skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá setningu þeirra.

Ég vil í sambandi við þennan agnúa minna á c- og d-lið 7. gr., en í því sambandi segir m.a. svo í umsögn um frv. frá Landssambandi iðnaðarmanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdastjórn Landssambands iðnaðarmanna leggur áherslu á nauðsyn þess að bæta menntun kennara og gera þá hæfari til að gegna starfi sínu. Frv. sinnir þessum mikilvæga þætti nær ekkert en þess í stað er einblínt á þau sérréttindi sem kennurum skulu tryggð að afloknu námi. Það gleymist algjörlega að í fag- og tæknimenntun er oft nauðsyn á að fá til starfa sérfróða

menn sem ekki hafa kennaramenntun, t.d. til kennslu í nýrri tækni og til að kynna þróun sem sífellt á sér stað á sviði hinna ýmsu starfsgreina. Aðilar úr atvinnulífinu eru oftast betur í stakk búnir til að veita fræðslu um slík efni. Full ástæða er því til að auka heimildir fag-, tækni- og sérskóla frá því sem frv. gerir ráð fyrir til að ráða sérfróða menn til kennslustarfa. Er því nauðsynlegt að rýmka ákvæði lagafrv. hvað þetta varðar.

Samsvarandi áhyggjur komu fram í umsögn og máli skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík, svo og skólastjóra Stýrimannaskólans og Iðnskólans í Hafnarfirði og frá fleiri aðilum. Leggur Ingvar Ásmundsson, skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, t.d. beinlínis til að orðin „eða ráðin" í 1. mgr. 7. gr. frv. og „eða ráðningar" í 2. mgr. 7. gr. verði felld niður.

Rökstuðningur skólamanna á verkmenntasviði og tæknisviði var sú að þeir þyrftu oft að grípa til þess að fá stundakennara til að kenna mjög sérgreind fög og töldu að ákvæði frv. um að ráðning slíkra stundakennara skyldi borin undir sérstaka undanþágunefnd gæti torveldað að maður fengist til starfans þar sem hann yrði ófús á að leggja hæfni sína undir slíka matsnefnd. Við kynntum þessi viðhorf forustumönnum kennarasamtakanna og þeir komu á okkar fund eftir að hafa haft samband við skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík og þeir fullvissuðu okkur um það, eins og ég mun gera nánar grein fyrir síðar, að það væri vilji kennarasamtakanna að reyna að standa svo að framkvæmd þessa ákvæðis, til að byrja með a.m.k., meðan við værum að venjast við nýja löggjöf, að ekki torveldaði eðlilegt skólastarf.

Ég verð að taka líka fram að utan af landi bárust sams konar áhyggjur vegna grunnskólans. Ég vil segja frá sjálfum mér að ég er mjög hræddur við þetta ákvæði, geri mér ekki grein fyrir því hvaða afleiðingar það muni hafa, en vil samt sem áður, vegna þeirrar sterku áherslu sem kennarasamtökin leggja á þetta og eins og aðdragandi málsins er, fallast á að þessi tilraun verði gerð og vil vænta þess að bæði hæstv. menntmrh., skólastjórnendur og kennarar sameinist um að torvelda ekki að hægt verði að sinna kennslu í fag- og tæknimenntun með tilhlýðilegum hætti hvað svo sem um undanþágunefndina er að segja. Ég vil vænta þess að hún hagi þannig störfum sínum að það verði ágreiningslaust.

Ég vil þá einnig vekja athygli á því sem fram kemur í bréfi skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 7. gr. c-lið er kveðið á um það að kennari í sérgreinum eða faggreinum í iðnfræðsluskóla skuli hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða og hafa starfað í tvö ár sem meistari á sérsviði sínu.

Undirritaður vill benda á að í flestum iðngreinum geta menn uppfyllt þetta skilyrði með því að ljúka sveinsprófi og vinna við iðnina í fjögur ár að því loknu. Augljóst er að kennari í sérgreinum og faggreinum í iðnfræðsluskóla þarf að hafa mun meiri þekkingu í almennum undirstöðugreinum og meiri fræðilega þekkingu í sérgreinum og faggreinum en hann öðlast í sínu iðnnámi. Því telur undirritaður eftir atvikum eðlilegt að gerð sé krafa um að slíkur kennari hafi a.m.k. iðnfræðipróf frá tækniskóla eða aðra hliðstæða menntun.

Undirritaður leggur til að c-liður 7. gr. verði þannig:

Kennari í sérgreinum eða faggreinum í iðnfræðsluskóla skal hafa lokið prófi í tæknifræði, iðnfræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein og hafa starfað í tvö ár sem tæknifræðingur, iðnfræðingur eða meistari á sérsviði sínu."

Við í nefndinni treystum okkur ekki á þeim stutta tíma sem nefndin hafði til umráða eftir að þetta álit kom til þess að endurmeta þau skilyrði sem gerð eru til þess að menn megi vera kennarar í hinum ýmsu greinum skv. 7. gr., en við væntum þess á hinn bóginn að þessi atriði verði tekin til endurskoðunar.

Ég vil um leið kynna brtt. frá skólastjóra Stýrimannaskólans i Reykjavík, Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni, en hann segir svo í sínu áliti, með leyfi hæstv. forseta, varðandi d-lið 7. gr. Hann óskar að hún orðist svo:

„Kennari í sérgreinum stýrimannanáms skal hafa lokið tækni- eða verkfræðinámi eða öðru sambærilegu námi sem tekur til þeirrar námsgreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða hafa lokið 4. stigs prófi úr stýrimannaskóla og siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmlestir."

Um þessa brtt. segir í bréfi skólastjórans, með leyfi hæstv. forseta, enn fremur:

„Ofangreind breyting er nauðsynleg m.a. vegna kennslu í sérgreinum eins og sjórétti og fleiru, auk þess vegna prófa frá sambærilegum erlendum siglingafræðiskólum."

Ég get að sjálfsögðu fallist á þessa breytingu, en eins og ég áður sagði tel ég rétt eins og á stendur að 7. gr. verði í heild tekin til endurmats og endurskoðunar og látið við það sitja hvernig frv. er að þessu leyti orðað þar sem það varð að samkomulagi milli kennarasamtakanna og menntmrn. Ég vek athygli á því að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að kennarar í tónlistarfræðum sem ekki kenna við grunnskóla, eða tónmenntakennarar tónlistarskóla þurfi á því að halda að hafa notið leiðsagnar í uppeldis- eða kennslufræðum og skýtur það nokkuð skökku við önnur ákvæði frv. eins og t.d. varðandi myndlistar- og listiðnaðargreinar við myndlista- og handíðaskóla eða aðra hliðstæða skóla. Ég veit ekki hvort ástæða er til að tala frekar um það atriði.

Ég vil segja varðandi ákvæði til bráðabirgða almennt: Eins og þm. er kunnugt skortir mjög á það, bæði í grunnskóla og við ýmsa framhaldsskóla, að allir þeir sem þar starfa við kennslustörf fullnægi þeim ákvæðum sem sett eru í þessu frv. sem skilyrði þess að menn hljóti starfsréttindi í viðkomandi skóla. Við vitum að það munu mörg vötn renna til sjávar áður en við verðum í stakk búin að skipa skóla okkar svo kennurum, bæði fastráðnum kennurum, stundakennurum, ég tala nú ekki um ef maður tekur inn í það allar sérgreinar, áður en við höfum kennaraliði á að skipa sem lokið hefur prófum í þeim greinum sem hér eru upp taldar, m.a. uppeldis- og kennslufræði.

Reynt er í ákvæði til bráðabirgða að brúa þetta bil þar sem gert er ráð fyrir því að þeir sem hafi fyrir gildistöku laganna starfað sem settir kennarar í sex ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til starfsheitis og starfsréttinda, skuli eiga kost á því að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands til þess að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins skal setja ákvæði í reglugerð.

Eins og þetta frv. er byggt upp er gert ráð fyrir því að framhaldsskólarnir falli undir Háskóla Íslands, en ég vil

þá einnig vekja athygli á því að það sjónarmið kom fram hjá fulltrúum Háskólans að ekki væri eðlilegt að verkmenntakennarar læsu samsvarandi námsefni og gert er í Háskólanum varðandi bóklegar greinar heldur lögðu til að hæstv. menntmrh. hefði fullnægjandi námskeið fyrir slíka verkmenntakennara sem sniðið yrði fyrir þeirra þarfir. Þar yrði m.a. tekið mið af kennslutækni í verkmenntagreinum. Skal ég ekki meira um það tala því að ég hef ekki kunnáttu til að fara út í það.

En ég vil leggja áherslu á að nauðsynlegt er, ef þetta frv. verður að lögum eins og ég vil leyfa mér að vona, að mjög verði að því unnið að gera kennurum kleift að öðlast þau starfsréttindi sem hér er gert ráð fyrir. Eins og fram hefur komið og hæstv. menntmrh. hefur gefið yfirlýsingu um hefur hann til þess m.a. lagt sérstaklega áherslu á að fyrsta skrefið í hinum opna háskóla skuli einmitt vera að koma til móts við þarfir kennarastéttarinnar að þessu leyti.

Herra forseti. Ég vil svo að síðustu lesa hér upp bréf sem okkur barst í menntmn. frá Kristjáni Thorlacius, formanni Hins íslenska kennarafélags, Heimi Pálssyni, sem er formaður Bandalags kennarafélaga, og Kristjáni Bersa Ólafssyni, sem var fulltrúi Bandalags kennarafélaga við samningu frv., vegna þeirra athugasemda sem fram hafa komið, einkum varðandi það hvort skólastjórum eigi að vera heimilt að ráða kennara til starfa án þess að leitað sé álits undanþágunefndar. Bréf Hins íslenska kennarafélags hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Ljóst er að í sumum kennslugreinum framhaldsskólanna verður mjög erfitt og við núverandi aðstæður jafnvel ógerlegt að finna kennara með full kennsluréttindi skv. framlögðu frv. um lögverndun á starfsheitum kennara og skólastjóra. Einkum á þetta við um starfsgreinar iðnnáms og verkmennta ýmiss konar. Fyrir hönd framhaldsskólakennara leggjum við ríka áherslu á að ekki verði gerður greinarmunur á verknámi og bóknámi í lögum. Of lengi hefur verkmenntun verið gert lágt undir höfði, jafnvel svo að ýmsir nemendur og forráðamenn þeirra telja að það nám sem stundað verði í iðnfræðsluskólum sé ómerkilegra en hitt sem heima á í menntaskólum, svo að notuð séu hefðbundin heiti. Brýnt er að snúið verði af þessari braut og ein meginforsendan er að lög og reglugerðir taki af tvímæli.

2. Í frv. er mörkuð skýr grundvallarstefna um kröfur sem gerðar skulu til kennara. Við teljum afar mikilvægt að ekki verði hvikað frá þeirri stefnu og undantekningar festar í lög. Því teljum við fullkomlega óeðlilegt að gera greinarmun á ráðningu og setningu í þessu efni. Skv. frv. er gert ráð fyrir undanþágum og eru þau ákvæði að okkar mati öldungis fullnægjandi trygging fyrir því að ekki komi upp vandræðaástand vegna þessara skilmála.

3. Með frv., ef að lögum verður, er á engan hátt hugmyndin að gera stjórnendum skóla erfitt fyrir né vantreysta þeim á nokkra lund. Það er hins vegar tryggt að safnað verði í einn stað upplýsingum um stöðu mála í skólakerfinu að því er kennararáðningar og kennaraskort varðar. Þar með verður einnig auðveldara fyrir yfirstjórn menntamála en nú er að grípa til nauðsynlegra ráða til úrbóta og sjá þannig til þess að hæfir og fullmenntaðir kennarar fáist í allar námsgreinar framhaldsskólanna.

4. Fyrir hönd samtaka kennara leggjum við þunga áherslu á að ekki verði í lögum gerður greinarmunur á skólastigum. Við minnum einnig á að frv. byggir í núverandi mynd sinni á víðtæku samkomulagi og þar hafa kennarar slegið mjög af ýtrustu kröfum sínum."

Svo mörg voru þau orð. Ég endurtek, herra forseti, að ég er sammála því í grundvallaratriðum að nauðsynlegt sé að kennarar okkar séu sem menntaðastir. Ég tel nokkuð á skorta að mögulegt sé að kenna hér fullnægjandi kennslufræði í einstökum greinum. Ég hef í hjarta mínu nokkrar efasemdir um að rétt sé að hafa orðin „ráðning" og „ráða" í þessu frv., en vegna þess að kennarasamtökin hafa lagt áherslu á að þau vilji ganga til samvinnu við yfirvöld menntamála um að framkvæmd þessara laga megi vera farsæl og í fullum friði vil ég treysta að svo megi til takast. Í trausti þess mæli ég með því fyrir hönd menntmn. að þetta frv. verði samþykkt og vil mega vænta þess að af því megi margt gott leiða, bæði inn á við fyrir kennarastéttina og út á við með því að sú kennsla sem í skólum fer fram og skólastarfið allt beri meiri árangur en nú.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. menntmn. á þskj. 879 ritaði ég undir nál. með fyrirvara, en eins og fram kom í framsöguræðu formanns nefndarinnar, hv. 2. þm. Norðurl. e., varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. með smábrtt.

Mér þykir hins vegar rétt að gera nokkra grein fyrir því hér í hverju minn fyrirvari er fólginn. Hann lýtur að tveimur meginþáttum.

Í fyrsta lagi hef ég vaxandi vantrú á þeirri öru þróun, sem hér er á landi, þar sem hver stéttin á fætur annarri fær lögbundin sérréttindi til ákveðinna starfa. Ég held að þessi þróun sé að fara út í öfgar. Okkur er t.d. boðað, svo að eitthvað sé nefnt, að það muni væntanlega ekki verða langt í að hér komi inn á hv. Alþingi frv. sem veiti búfræðingum frá búnaðarskólum sérréttindi til að stunda búskap, vera bændur. Þannig virðist vera þróunin í þessa átt og er alveg ljóst að hún stefnir mjög hratt út í algerar öfgar.

Ég vil í þessu sambandi vitna til þáltill. á þskj. 677, sem hv. 2. þm. Reykv. ásamt þm. úr öllum flokkum nema fulltrúum frá Kvennalistanum hefur flutt, þar sem mælt er með því að ríkisstj. verði falið að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar eins og nánar segir í þeirri till. Allshn. Sþ. hefur haft þessa till. til meðferðar og hefur þegar afgreitt hana þannig að hún kemur væntanlega hér til umræðu og afgreiðslu fyrir þinglok.

Ég tel hins vegar ekki rétt eins og mál standa nú að stöðva þessa þróun í þessu sérstaka máli þegar kennarar eru til umræðu, svo viðkvæm og erfið sem málefni þeirrar stéttar eru nú. Það ræður auðvitað líka nokkru í þeirri afstöðu minni að hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir a.m.k. tvisvar úr þessum ræðustól að hann telji að þetta frv. og efni þess sé hluti af kjarasamningi við kennara þannig að ég vil ekki verða til þess að stöðva mál sem hæstv. ríkisstj. hefur þannig til stofnað.

Hinn þátturinn í mínum fyrirvara lýtur að efni þessa sérstaka frv. og þá einkum að því atriði sem hv. frsm. nefndarinnar gerði nokkuð að umtalsefni, en það er ótti skólastjóra framhaldsskólanna, einkum á sviði verkmennta, um efni þessa frv. Við í nefndinni fengum á okkar fund allmarga skólastjóra og forsvarsmenn fram-

haldsskóla og þá ekki síst á sviði verkmennta og þeir lýstu mjög áhyggjum sínum yfir því hvernig þetta ákvæði yrði framkvæmt og lýstu því fyrir okkur hvaða erfiðleikum þeir væru í við að útvega kennara á ýmsum sérsviðum í verkmenntun. Þeir sögðu fleiri en einn að þeir þyrftu oft að ganga með grasið í skónum á eftir mönnum, sem væru sérmenntaðir í ákveðnum verkgreinum, til þess að fá þá til að kenna við sína skóla. Þeir óttuðust að ef því fylgdi jafnframt að þeir yrðu að sækja um einhverjar undanþágur til nefndar í Reykjavík hefðu menn hreinlega ekki áhuga á því. Þetta væru menn í öðrum störfum og gerðu það oft í greiðaskyni við sinn gamla skóla eða skólann í sinni heimabyggð að koma til kennslu. Þeir mundu þá ekki standa í því og halda sér við sitt aðalstarf, en ekki koma til slíkrar kennslu. Þetta var áhyggjuefni allmargra skólastjóra.

Að vísu er í þessu frv., eins og fram hefur komið, heimild til undanþágu og undanþágur eiga að metast af sérstakri nefnd sem væntanlega situr þá suður í Reykjavík, en með því að samþykkja þetta ákvæði á þennan hátt er Alþingi að sjálfsögðu að afsala miklu valdi í hendur þessarar undanþágunefndar þannig að Alþingi er þar með að lýsa yfir og óska þess, og ég undirstrika það sérstaklega, að framkvæmd þessa ákvæðis laganna verði með þeim hætti að það valdi ekki erfiðleikum í skólastarfi í verkmenntaskólum og á það við bæði hér í Reykjavík og ekki síst reyndar úti á landi.

Þetta eru þeir fyrirvarar sem ég vildi gera varðandi þetta frv., en eins og málið er hingað komið inn á Alþingi og eins og til þess er stofnað vildi ég ekki leggja stein í götu þess og ritaði undir nál. með þessum fyrirvara.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun ekki flytja langa ræðu við þessa umræðu um 285. mál þingsins og hefði kannske getað sparað mér að koma í ræðustól eftir ræðu hv. 4. þm. Reykv. sem rétt í þessu lauk máli sínu.

Ástæða þess að ég kem hér upp er sú að fyrir nokkru fluttum við till. til þál. nokkrir þm., auk mín hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson og Páll Pétursson, og í fjarveru minni hafði hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson framsögu fyrir málinu, en það fjallar um að fela ríkisstj. að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Þetta mál fór til hv. allshn. Sþ. og eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns hefur nefndin nú þegar afgreitt tillöguna og vonast ég þess vegna til að hún geti hlotið samþykki á yfirstandandi þingi sem mun þýða að hæstv. ríkisstj. mun skylt að láta þá könnun, sem þar er fyrir lagt, fara fram.

Ástæður fyrir þessari till. okkar fimmmenninganna koma m.a. fram í grg., en þar er bent á að iðnþing Íslendinga hafi á s.l. ári ályktað sérstaklega um þetta mál á þann veg að tímabært væri að meta hvort taka skyldi ákvæði iðnaðarlaga til gagngerðrar endurskoðunar með hliðsjón af þróun þessara mála í nágrannalöndunum, einkum í Noregi. Þar munu menn að mestu hafa horfið frá lögbundnum einkarétti einstakra starfsstétta í iðnaði. Frá því er greint í grg. með þáltill. að Landssamband iðnaðarmanna hafi skipað nefnd til að vinna að þessu máli og er henni ætlað að skila áliti á þessu ári.

Þá er jafnframt á það minnst í nál. með þáltill. okkar að í skýrslu starfshóps, sem starfaði á vegum hæstv. félmrh. undir stjórn Ingvars Ásmundssonar, skólastjóra Iðnskólans, kom fram að mikil áhersla er lögð á það að ekki verði um lögbundnar hömlur á atvinnustarfsemi að ræða, enda sé þróunin í þeim löndum þar sem hagvöxtur er mestur í þveröfuga átt, þ.e. að taka tillit til reynslu manna og leggja meira upp úr símenntun en að taka fyrst og fremst tillit til prófs úr einum ákveðnum skóla eða ákveðins prófs í ákveðnum greinum og binda það síðan niður að aðeins menn með slík próf séu til þess hæfir að gegna ákveðnum störfum í þjóðfélaginu. Mér er ljóst að svo kann að vera um ýmis störf að nauðsyn sé að tryggja gagngert að menn hafi ákveðin próf, hafi farið í gegnum ákveðið nám. T.d. má benda á læknisstarf. Þar hljóta menn að þurfa að hafa farið í gegnum ákveðið nám, ekki síst vegna þess að þeir sem eru neytendur lækna koma oft til þeirra í þannig ástandi að þeir geta ekki gert sér neina grein fyrir því til hverra þeir eru að sækja. Menn sem hafa orðið fyrir slysum koma jafnvel meðvitundarlausir og verða að fá að treysta því að þeir gangi til manna sem hafa tilskilin próf og tilskilda reynslu.

Í sjálfu sér ætti að nægja að nám í flestum greinum veitti forgang samkvæmt eðli sínu. Ég tek skýrt fram að ég er ekki eingöngu að tala um kennarastéttina í þessu sambandi. Þetta á við um fjölmargar aðrar stéttir, ekki síst t.d. um lögfræðinga, en sá sem hér stendur í ræðustóli er einmitt lögfræðingur. Ég tel vera ákaflega vafasamt að binda málflutningsréttindi manna við lögfræðipróf þótt auðvitað beri að gera mikinn mun á því hvort um það er að ræða að menn kalli sig lögfræðinga eða ekki. Allir vita að hér á landi hefur til skamms tíma tíðkast að menn, sem ekki hafa lokið lögfræðiprófi, hafa fengið að reka mál fyrir dómi einmitt vegna þess að það hefur verið skortur á lögfræðingum, en um leið og þeim fjölgaði tóku þeir auðvitað yfir þennan „praxis". Það er ekki þar með sagt að það þurfi að hafa byggst á lögbundnum forréttindum þessarar stéttar.

Þetta er aðeins dæmi um eina stétt og það sama má segja um margar aðrar. Kannske á þetta einkum og sér í lagi við þar sem um er að ræða iðn, eins og t.d. iðnmenntun sem veitir mönnum forréttindi til starfa. Auðvitað ætti að nægja að menn hafi einkaleyfi á að kalla sig þeim nöfnum sem prófin gefa þeim, en þyrftu ekki auk þess að njóta lögmæltra forréttinda og einokunar til að fá að starfa á sínu sviði.

Þetta er sagt vegna þess að nú á dögum þykir það vera sjálfsagt víða um heim að menn öðlist starfsreynslu, þekkingu og jafnvel nám í sínum störfum með símenntun sem á sér stað á degi hverjum, mánuði hverjum og ári hverju. Sú losun á hömlum sem hefur átt sér stað víða í nágrannalöndunum er auðvitað gerð til að ná fram betri lífskjörum og hefur oftast verið rökstudd með þeim hætti.

Ég óttast að með lögbindingu á borð við þá sem við erum að gera núna, þar sem er verið að veita ákveðinni stétt einhliða rétt, án þess að nokkrar skyldur komi í staðinn samkv. lögunum, séum við að opna dyrnar fyrir því að enn fleiri stéttir fylgi á eftir. Hv. síðasti ræðumaður minntist í því sambandi á hugmyndir sem uppi eru í fullri alvöru um að aðeins þeir er hafa lokið búfræðinámi geti stundað búskap á Íslandi. Sjá þá allir hvert stefnir í málefnum þessarar þjóðar.

Ég vil minna á að meðal okkar hv. þm. eru menn sem

hafa staðið sig ágætlega sem kennarar þótt þeir hafi ekki lokið tilskildum prófum. Ég átti ekki við þá sem hafa próf, eins og hv. skrifari deildarinnar. Ég á við menn sem hafa ekki lokið prófum en hafa staðið sig mjög vel. Hér situr í salnum hv. þm. Geir Gunnarsson. Hann kom hv. þm. Kjartani Jóhannssyni til manns með því að vera kennari hans í Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Þetta gat hv. þm. Geir Gunnarsson án þess að hafa til þess tilskilin réttindi. Nú kann að vera að einhver sé mér ekki sammála um að honum hafi tekist jafnvel og mér finnst, en minn dómur er sá að hv. þm. Geir Gunnarssyni hafi tekist ákaflega vel upp þó að ég viti að það sé umdeilt. (ÓÞÞ: Er þá miðað við upplag?)

Annar hv. þm. er Ragnar Arnalds lögfræðingur frá Mánaþúfu í Varmahlíð. Hv. þm. Ragnar Arnalds, fyrrv. menntmrh., var skólastjóri í Varmahlíð í Skagafirði og ég hef ekki heyrt mikið kvartað undan honum. Þvert á móti jók hann vinsældir sínar í Skagafirði og var kosinn á þing og hefur styrkt heldur sinn flokk í því héraði. Þær vinsældir fékk hann m.a. út á það að hann, próflaus maðurinn, stundaði kennslu með ágætum árangri. Samkvæmt þessum lögum hefði það verið aldeilis útilokað þannig að Ragnar Arnalds, hv. þm. frá Mánaþúfu, Varmahlíð í Skagafirði, hefði ekki getað kallað sig skólastjóra. En inn á þessa braut vilja menn ganga.

Ég ætla mér ekki að tefja þetta mál. Ég vil aðeins láta þessi fáeinu atriði koma hér fram. Ég vil einnig að það komi skýrt fram að það er ekki af einhverri andstöðu, meðfæddri eða áunninni, við kennara sem ég segi þetta. Sjálfur hef ég verið kennari í nokkur ár, á systkini sem eru kennarar, á móður sem er skólastjóri, báðar ömmur mínar voru kennarar og afi minn jafnframt og amma og afi kynntust í Kennaraskólanum. Ég á ýmislegt að þakka kennurum eins og heyra má af þessari upptalningu. (**Gripið fram í:** Eru þau þá með réttindi?) Þau eru með réttindi. Ja, önnur amma mín hafði ekki réttindi, en ég efast um að hún hafi verið nokkuð verri kennari en hinir.

En þetta er ekki mergurinn málsins. Mergurinn málsins er hvort ofan á þá þekkingu og það nám sem menn taka út í skólum þurfi virkilega að fá lögverndaðan stimpil til þess að menn fái að starfa þegar jafnvel stundum stendur svo á að hægt er að leita til jafnvel betri manna, eins og ég hef hér nefnt dæmi um, til þess að takast á við slík störf. Er þetta ekki öfugþróun á sama tíma og nágrannaþjóðir eru að hverfa frá þessu miðaldafyrirkomulagi, t.d. að því er varðar iðnir, og eru reyndar að reyna að losa um þessar hömlur?

Mér er ljóst að sumir halda því fram að hér sé um að ræða hluta af kjarasamningi. Það ber auðvitað að virða. Þetta er stjfrv. sem auðvitað gerir okkur stjórnarþm. nokkuð ábyrga fyrir þessu frv. Það skal þó tekið fram að stjórnarþm. höfðu óbundnar hendur um stuðning við frv.

Ég mun ekki, þrátt fyrir að það sé auðvelt verk í þinglok, koma í veg fyrir að þetta frv. verði samþykkt. Það er m.a. af þeim ástæðum að nú er ljóst að afgreidd hefur verið út úr nefnd þáltill. sem gerir ráð fyrir að ríkisstj. láti kanna hver áhrif af slíkri lögbindingu eða lögverndun starfsréttinda sé. Ég ætlast til þess, ef sú till. verður samþykkt, að ríkisstj. kanni þetta mál, fari í gegnum þau lög sem eru í gildi, þar á meðal þessi lög ef þetta frv. verður samþykkt, og skili þinginu skýrslu. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að látið verði stranda á réttindum þess eina hóps sem nú sækist eftir því að fá þau forréttindi sem ýmsar aðrar stéttir hafa hér á landi.

Herra forseti. Ég taldi skyldu mína að láta þessi viðhorf koma fram þannig að ljóst sé að þótt þetta frv. verði að lögum þarf hæstv. ríkisstj. að láta fara fram ítarlega könnun á því hvort ekki beri að hverfa frá þeirri stefnu sem hefur verið fylgt hér á landi og felst í því að veita ákveðnum starfsstéttum svo mikil forréttindi eins og m.a. kemur fram í þessu frv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá, 285. mál Alþingis, frv. til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, er nú komið til 2. umr. Mér þykir rétt að taka fram að ég mun hafa haft veikindaforföll þegar málið kom til 1. umr. ella hefði ég þá tekið til máls.

Mér kemur það sannast sagna býsna mikið á óvart að frv. þetta skuli vera komið til 2. umr. með samhljóða ályktun hv. menntmn., þótt einstakir nefndarmenn hafi skrifað undir með fyrirvara, með tilliti til þess að þegar þetta frv. var kynnt í þingflokki Sjálfstfl. urðu um það mjög skiptar skoðanir. Það var eigi að síður samþykkt að það skyldi lagt fram til kynningar og sýnis og að þm. flokksins hefðu óbundnar hendur um afstöðu til þess. Það hefur enda sýnt sig að þrír hv. þm. Sjálfstfl. hafa talað næstir á undan mér, þar á meðal frsm. hv. menntmn., og allir hafa þeir lýst áhyggjum sínum og efasemdum um þetta frv. enda þótt tveir þeirra hafi lýst því að þrátt fyrir efasemdir sínar og áhyggjur vilji þeir ekki bregða fæti fyrir frv. og leggi til að það verði samþykkt.

Ég hef að sjálfsögðu áhyggjur og efasemdir sem eru á svipuðum röksemdum byggðar og hér hafa komið fram, og væri kannske ástæða til að stytta nokkuð mál sitt þess vegna, en ég get ekki látið hjá líða að rekja nokkuð afstöðu mína til þessa máls.

Áður en ég geri það leyfi ég mér að vitna til orða hv. frsm. menntmn. þar sem hann undir lok sinnar ræðu sagðist hafa í hjarta sínu efasemdir um tiltekin atriði málsins, svo sem eins og að undir þessi lög þyrfti að falla ráðning kennara, ekki einungis skipun eða setning heldur einnig ráðning, en hv. frsm. nefndarinnar mun nú hafa mismælt sig þegar hann bætti við að hann treysti sér til að framkvæmdin færi vel úr hendi. Nú má vel vera að framkvæmd færi vel úr hendi ef hún væri í höndum hv. þm. Halldórs Blöndals og kannske höndum hæstv. núv. menntmrh., en það er ákaflega valt að byggja lagasetningu á því að framkvæmd fari vel úr hendi þrátt fyrir marghátt aðar efasemdir og ég tala nú ekki um ef það traust er byggt á einhverjum tilteknum persónum í valdastöðum og er þá sleppt því mismæli hv. þm. að hann treysti sér til þess að haga framkvæmd með góðum hætti.

Ég vil að þessum inngangi loknum lýsa þeirri skoðun minni að kennarastarf er eitt af hinum allra mikilvægustu hér á landi og að kennarar þurfa sannarlega að hafa hæfni til sinna starfa, hæfni sem þeir í flestum tilvikum og að miklu leyti sækja í sína menntun, en geta sannarlega einnig í sumum tilvikum sótt í reynslu eða þekkingu sem þeir hafa aflað sér á langri lífsleið.

Ég tel ákjósanlegt og sjálfsagt að menntun kennara

sé góð og ég tel sjálfsagt einnig að menntun kennara veiti þeim ákveðin og aukin réttindi, svo sem er í gildandi lögum að menntun kennara veitir þeim forréttindi til starfs. Þetta tel ég sjálfsagt og nauðsynlegt og ítreka að ég tel heppilegt og ákjósanlegt að stuðla að því að menntun kennara sé sem allra best.

En það er ekki þar með sjálfgefið að allir aðrir, sem hafa stundað þetta starf og kynnu að vilja stunda það áfram, séu ónothæfir. Það er ekki þar með sagt að þeir sem ekki hafa tilskilin kennararéttindi samkvæmt þessu frv. séu óalandi og óferjandi til þessa starfs. Reynslan hefur margsinnis sýnt annað. Reynslan hefur sýnt hvað eftir annað að það fólk sem stundað hefur kennslu, þrátt fyrir að það hafi ekki lokið háskólanámi í kennslufræðum, hefur rækt sína vinnu af kostgæfni og skilað sínu starfi með sóma.

Ég hygg að mjög margir hv. alþm. hafi notið kennslu slíkra manna. Og flestir sem komnir eru á fullorðinsaldur og muna vel sína skólatíð, sem að sjálfsögðu er misjafnlega löng, bera í huga sér hlýjar tilfinningar og jafnvel ræktarsemi til einhverra af þeim kennurum sem þeir hafa notið leiðsagnar hjá á æskuskeiði. Það er ekki alltaf víst að það séu endilega þeir kennarar sem hafa haft þau réttindi sem þetta frv. krefst sem hafa í minningunni mest gildi í hugum fólks sem komið er á miðjan aldur.

Þetta er kannske útúrdúr, en þetta er dæmi um það, sem hægt er að taka mýmörg, að fjölmargir hafa stundað kennslu með ágætum og skilað góðu starfi, í rauninni gert skólastarf í mörgum tilvikum mögulegt þrátt fyrir að þeir hafi ekki haft háskólapróf í kennslufræðum, svo sem hér eru gerðar kröfur um, eða uppeldisfræðum.

Í frv. þessu eru ýmis nýmæli sem vafalaust hafa verið rakin hér, a.m.k. við 1. umr. málsins. Meðal nýmæla er að nú dugar ekki lengur að einhver tiltekinn maður hafi aflað sér tilskilinnar menntunar. Það dugar ekki lengur að ljúka námi í Kennaraháskóla eða BA-prófi í Háskóla til að fá ótvírætt stöðu sem kennari eða geta kallast kennari heldur þarf ráðherra að veita stimpil.

Þetta er meðal nýmæla í frv. og þó að þetta atriði skipti kannske ekki miklu máli finnst mér að þeir sem hafa aflað sér menntunar og lokið prófum með tilskildum árangri eigi ótvírætt að geta gengið inn í störf þó að á skorti að tiltekinn ráðherra í þeirri grein veiti þeim náðarsamlegast leyfi sitt.

Í frv. er tekið fram um þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að mega veita þessi leyfi og þar eru gerðar námskröfur sem út af fyrir sig eru góðra gjalda verðar. Það er líka tekið fram í frv. að kennarar skuli hafa lokið námi í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda, er nemur tilteknum einingum, við Háskólann. Í frv. er svo einnig um að ræða undantekningartilvik og ákvæði um að þeir sem ekki hafa þessi starfsréttindi geti sótt sér þau. Við skulum taka sem dæmi grunnskólakennara. Það má gefa grunnskólakennara sem starfað hefur í sex ár heimild til að sækja sér menntun í háskóla í uppeldis- og kennslufræðum og hefur hæstv. ráðh. þá væntanlega heimild til að veita honum starfsréttindi, enda falli það þá undir mat sérstakrar nefndar, sem eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sagði starfar í Reykjavík, sérstakrar nefndar varðandi grunnskólakennara og annarrar nefndar varðandi framhaldsskólakennara, sem á að slá mati sínu á það nám og þá starfsreynslu sem tiltekinn maður hefur öðlast í þessum tilvikum.

Varðandi framhaldsskólakennara er þetta í sambærilegu horfi, en þó kannske enn þá flóknara. Þó eru kröfurnar minni varðandi kennslutíma. Hann þarf að hafa stundað kennslu í fjögur ár til þess að þetta sé mögulegt og sækja sér þá aukið nám sem gerði að verkum að hann gæti haft möguleika til að fá þessi starfsréttindi.

Hér er vitaskuld um mikla flækju að ræða. Það er a.m.k. álitamál hvort líkur séu til að kennarar, sem starfað hafa án þessara tilskildu réttinda á undanförnum árum, kannske í langan tíma, muni kjósa að leggja á sig slíkt nám og eiga það síðan undir mati einhverrar nefndar sérfræðinga á vegum menntmrn. hvort þeirra starf verði einhvers metið eða ekki. Ég þekki ýmsa kennara sem starfað hafa án þess að hafa full kennararéttindi og mér er kunnugt um, því að ýmsir þeirra hafa sagt það við mig, að þeim dettur ekki í hug að fara í slíkt nám, þeir muni einfaldlega sækja eftir öðrum störfum. Í mörgum tilvikum er hér um fólk að ræða sem hefur góða hæfni og yfirleitt yrði sóst eftir til starfa. Það þarf ekki á því að halda að leggja á sig nám á fullorðinsaldri í háskóla til að geta áfram starfað sem kennarar. Það getur í flestum tilvikum valið úr öðrum störfum. Sé það ekki þeirri hæfni búið, sem rís undir þessari fullyrðingu minni, hefur það yfirleitt ekki starfað lengi sem kennarar án starfsréttinda. Þá hafa aðrir menn verið fengnir til.

Ég þekki margt fólk af þessum toga. Það má nefna fólk sem hefur til að mynda stúdentsmenntun. Það er fólk sem hefur menntun sem iðnaðarmenn. Eftir þessu frv. mætti til að mynda ekki iðnaðarmaður starfa að því að segja grunnskólanemanda til í verklegum greinum, til að mynda í smíðum, eða iðnaðarmaður að segja til nemanda í framhaldsskóla, til að mynda í iðnskóla. Slíkir menn væru útilokaðir. Ýmsir þeirra starfa, eins og hér hefur raunar komið fram fyrr í þessum umræðum, að kennslu meira af ræktarsemi við sinn skóla og sína heimabyggð en vegna þess að það sé þeim eitthvert metnaðarmál eða kjaraatriði því að iðnaðarmenn geta yfirleitt aflað sér tekna á annan hátt en með kennslu.

Það er hlálegt að eftir þessu frv. mætti prestur ekki segja grunnskólanemanda til í kristnifræði. Hann hefði ekkert leyfi til þess þó háskólamenntaður sé. Hann hefði ekki tilskilið próf í uppeldis- og kennslufræðum. Jafnvel gætu doktorar í sumum fræðigreinum ekki orðið kennarar í grunnskóla eða framhaldsskóla nema sækja sérstakt námskeið í uppeldis- og kennslufræði.

Einnig má taka sem dæmi að húsmóðir með almenna menntun, húsmóðir sem allir vita að hefur góða reynslu bæði varðandi húsmóðurstörf og uppeldi barna, gæti ekki og mætti ekki segja grunnskólanemanda til í heimilisfræðum. Á marga lund er þetta svo fáránlegt að það tekur varla tali.

Hér sagði hv. 2. þm. Reykv. að tilteknir hv. alþm. í þessum sal hefðu reynst vel sem kennarar og það efa ég ekki og ég þekki til þess. En samkvæmt þessu frv. mætti, ef ég man rétt, kannske einn af núlifandi núverandi og fyrrverandi hæstv. menntmrh. stunda kennslu. Það ætla ég að sé fyrrv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Núv. hæstv. menntmrh. hefði vitaskuld enga heimild til að stunda kennslu til að mynda í íslensku. Við skulum sleppa stafsetningu, en ýmsar aðrar greinar er

ég alveg sannfærður um að hann væri fullfær um að kenna, hefði ágæta hæfni til.

Hæstv. núv. heilbrrh. hefði heldur enga heimild til þess að stunda kennslu, fyrrv. hæstv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir. (Gripið fram í.) Í hvaða grein? Vafalaust mætti velja þar um margar greinar því að sú kona er fjölhæf og hæf til að stunda kennslu án efa í mörgum greinum.

Hæstv. forseti Nd., fyrrv. menntmrh. Ingvar Gíslason, (**ÓÞÞ:** *Nei, bíddu nú við.*) *sem því miður hefur* vikið úr sínum stóli að sinni, (**HBl:** Gamall kennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri.) hefði auðvitað enga heimild til þess t.d. að kenna mönnum fundarsköp hvað þá annað.

Hér var áðan nefndur fyrrv. menntmrh. Ragnar Arnalds. Ég minni á annan fyrrv. menntmrh., Magnús Torfa Ólafsson. Eftir þessu frv. hefði hann ekki heimild til að segja mönnum til í sögu. (**HBl:** Og ekki Gylfi Þ. í bókhaldi.) Og ekki fyrrv. menntmrh. Gylfi Þ. Gíslason í bókhaldi, eins og skrifari segir, hv. frsm. menntmn.

Ég get tekið fram af þessu tilefni að fáa veit ég fróðari menn en Magnús Torfa Ólafsson og skal þó ekkert segja um þá aðra sem ég hef hér nefnt en það er allt er hið mætasta fólk, fólk sem hefur án efa góða hæfni og þarf ekki um að tala. Þetta vita allir.

Ég held að það sé hið mesta tjón að samþykkja lög sem reyra þessi mál í svo þröngar og fastar skorður sem er gert með þessu frv.

Ég held að margt af því fólki, sem nú starfar án tilskilinna réttinda samkvæmt þessu frv. og hefur sumt gert um langan tíma, mörg ár, hafi gjörsamlega borið uppi skólastarf í sínum byggðum. Ég óttast að við samþykkt þessa lagafrv. stöndum við frammi fyrir því að torvelt verði að rækja þetta skólastarf þannig að vel fari úr hendi.

Ég þarf ekki að ítreka að margt af þessu fólki hefur starfað með ágætum. En allt er það undir þá sök selt samkvæmt núgildandi lögum að það hlýtur að víkja og víkur ef þeir sækja sem hafa meiri réttindi. Þetta liggur allt fyrir. Og þetta torveldar ekki að kennarar með full námsréttindi geti gengið inn í starf þar sem henta þykir og þar sem réttindalaust fólk er fyrir. Núgildandi lög torvelda það ekki.

Það sem fæst með þessum lögum, ef samþykkt verða, er á hinn bóginn það að rutt er burtu í einni svipan því fólki sem starfað hefur að kennslu, borið hefur uppi skólastarf víðs vegar um land með ágætum þrátt fyrir að það hafi ekki full kennararéttindi.

Þó að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir blaki til höfðinu eru svo mörg dæmi sem sanna að það sem ég hér hef sagt um þetta fólk er rétt að þó einstök tilvik gætu verið á annan veg eru það aðeins undantekningar sem sanna regluna, enda er þá slíkt fólk ævinlega látið víkja. Það hefur ekki sótt sér þau réttindi að það sé ekki auðvelt að láta það víkja og annað hæfara ráðið.

Eg heyrði á máli ræðumanna, hv. þm. Halldórs Blöndals, hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar og hv. þm. Friðriks Sophussonar, að hjá þeim var hinn mesti beygur við þetta mál og mér er kunngt um að kennarar sjálfir hafa skiptar skoðanir um þetta mál. Mér er einnig kunnugt um að ekki einungis á grunnskólastigi, þar sem ég hygg að sé meiri fjöldi réttindalausra kennara að starfi, heldur einnig á framhaldsskólastigi, í ýmsum sérskólum, við skulum segja verkmenntaskólum, starfar töluvert af kennurum sem ekki hafa kennsluréttindi skv. þessu frv. en hafa reynst nýtir í sínu starfi vegna sérfræðiþekkingar sinnar og vegna þess að þeir hafa almenna hæfni til að gegna slíkum störfum þó þeir hafi ekki stimpil sem náðarsamlega er gefinn út af einhverri nefnd í Reykjavík og hæstv. menntmrh.

Mér er einnig kunnugt um það, eins og hér hefur komið fram, að hjá skólamönnum á framhaldsskólastigi, kennurum og skólastjórum, er beygur við þetta mál. Þeir sjá fram á að það eru allar líkur sem benda til þess að skólastarf verði erfiðara, það verði erfiðara að láta í té tilskilda kennslu og a.m.k. tekur tíma að vinna upp og fylla það skarð sem myndast þegar réttindalausum kennurum er rutt á brott í einni svipan með þessari lagasetningu.

Ég held að það hefði verið ástæða til að hafa a.m.k. verulegt svigrúm í þessum efnum þannig að áfram mætti grípa til hinna ágætustu manna til kennslu, manna sem sumir hverjir hafa stundað þetta starf um árabil og manna sem stunda þetta starf af ræktarsemi við sína heimabyggð, af ræktarsemi við sinn skóla og hafa í alla staði reynst vel. Eins og áður er tekið fram er ekkert sem hindrar að réttindafólk ýti þessu fólki til hliðar og það er að mínum dómi eðlilegt og sjálfsagt mál að meiri réttindi í námi geti ýtt til hliðar þeim sem minni réttindi hafa, en til þess þarf ekki þá lagasetningu sem hér er á ferðinni.

Að samanlögðu lít ég svo til að með frv. þessu, ef að lögum verður, sé stigið óheillaspor. Ég hef dregið fram þær meginröksemdir sem þeirri skoðun minni eru til grundvallar, en til viðbótar má auðvitað segja að þessi lagasetning þrengir að sjálfstæði skólayfirvalda á hverjum stað, í hverju byggðarlagi, herðir yfirstjórn á vegum menntmrn. og leggur hluta af þeirri yfirstjórn í vald matsnefnda, einnar fyrir grunnskólastig, annarrar fyrir framhaldsskólastig. Ég hefði gjarnan óskað eftir að sjá hæstv. núv. menntmrh. flytja frv. sem hefði í för með sér aukið frjálsræði og sjálfstæði skólastofnana, skólahverfa á hverjum stað í stað þess að ganga í öfuga átt.

Allt það sem ég hér hef sagt haggar ekki því og styður þá skoðun mína að kennarastarfið sé, eins og ég áður hef sagt, eitt hið allra mikilvægasta og það beri að hlúa að því starfi og hlúa að því á alla lund að hið besta fólk geti stundað þessi störf.

Í þessum umræðum hefur komið fram, sem ég hafði einnig hugsað mér að víkja að, að fyrir liggur á þessu hv. Alþingi till. til þál. á þskj. 677 um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu sem flutt er af fimm hv. alþm. úr ýmsum flokkum. Þessi þáltill. er að mínum dómi hið þarfasta mál og í raun og veru löngu tímabær. Ég get getið þess að áður en þessi till. kom fram hafði ég samið texta að þáltill. sama efnis, en lét kyrrt liggja úr því að málið kom fram af hendi annarra hv. alþm. Ég tel sem sé að við höfum verið að ganga vafasama braut á undanförnum árum með sífelldri lagasetningu um lögverndun á starfsréttindum og starfsheitum hinna ýmsu starfshópa í þjóðfélaginu. Með þessum hætti erum við að rígskorða starfsskiptingu fólks á vinnumarkaði, ekki einungis eftir menntun heldur einnig með leyfisveitingum. Það er verið að skipta fólkinu í landinu í starfshópa með lögum og fólk á sér sífellt færri leiðir til að velja um störf. Það skal vera á þeim bás sem því hefur verið markaður. Ég tel að það sé afar mikilvægt að þessi mál séu öll tekin til

endurskoðunar. Að sjálfsögðu eru kennararéttindi ekkert einstök í þessu dæmi, það er fjöldi annarra starfsgreina sem hlotið hafa starfsréttindi með lögum sem er mjög vafasamt að hafi verið rétt stefna, en ég met hins vegar kennarastarfið svo mikils og skólastarf almennt í landinu að við megum ekki við því að kasta burtu með einni lagasetningu öllu því ágæta fólki sem að þessu starfar nú án sérstakra réttinda skv. þessu lagafrv.

Ég ítreka að ég dreg í efa að margt af þessu ágæta fólki muni leita eftir því að ná réttindum með aukinni menntun með umsóknum til matsnefnda og síðar til ráðherra. Það muni heldur kjósa að fara í önnur störf.

Ég ber þann ugg í brjósti með sama hætti og aðrir sem hér hafa talað í dag og ég hef heyrt til að þetta sé, eins og þeir orðuðu það, vafasamt mál. Þeir voru með alls konar efasemdir. Ég geng lengra. Ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði með þessu frv. eða veita því hlutleysi mitt. Ég er andvígur þessu frv. og mun greiða atkvæði gegn því.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Til umræðu er frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Þetta frv. gengur ekki svo langt að það megi ekki kalla mann kennara þó að hann hafi ekki lokið tilskildum prófum. Hins vegar getur hann ekki kallað sig grunnskólakennara og ekki framhaldsskólakennara. Þetta frv. kemur heldur ekki í veg fyrir að slíkir aðilar geti stundað kennslu. Það er endanlega á valdi ráðherra.

Ég skrifaði undir þetta frv. með fyrirvara. Minn fyrirvari lá í því að sem meginreglu hef ég talið að það ætti ekki að lögvernda starfsheiti og ég hef barist gegn því í mínum þingflokki og einnig í ræðustól í Alþingi og vitna þá til þeirrar umræðu sem fór fram um ljósmóðurmenntun á sínum tíma og þær hugmyndir sem þá voru uppi. Ég barðist harkalega gegn því í mínum þingflokki að það yrði t.d. bannað að selja gleraugu í Hagkaupum. Og mér þótti það skrýtið að við sem vorum í samstarfi við frjálslynda aðila, að því er okkur er stundum sagt, sjálfstæðismenn, máttum þola að slík hringavitleysa færi í gegnum þingið að það væri bannað að selja þar gleraugu.

Ég tel að það sé því vel tímabært að menn taki á þessum málum í heild og hef átt þátt í því sem nefndarformaður að afgreiða út úr nefnd till. og mæla með henni, sem hafði þar stutta viðdvöl, þar sem lagt er til að taka á þessum málum sem heild. Það blasir aftur á móti við í dag að venjulegum þm. er stillt upp við vegg á þann veg að hann á kost á því annars vegar að leggjast gegn því sem 75% kennara í landinu vilja eða að standa að því að stöðva þetta frv. sem e.t.v. um 25% kennara hefðu áhuga á. Þeirra rök fyrir því að þetta eigi að samþykkja eru fyrst og fremst þau að það virðist ekki hafa staðið á Alþingi Íslendinga að hleypa áþekkum frv. í gegnum þingið í löngum bunum.

Mér er ljóst að þann veg er háttað launakjörum kennara að það hefur skapað gífurlegan óróleika í öllu skólastarfi. Og þegar núv. hæstv. menntmrh. leggur á það áherslu að koma þessu frv. í gegnum þingið, m.a. í von um að það skapi betri vinnuanda í skólunum, treysti ég mér ekki til að leggjast gegn því. En ég vil undirstrika engu að síður að þó að ég greiði atkvæði með þessu frv. er mín meginstefna óbreytt, að við eigum að hverfa frá því þjóðfélagi sem lögverndar starfsheiti og taka upp mun frjálslegri starfshætti í þessum efnum því að menntunin mun eilíflega veita forgang sé um raunhæfa þekkingu að ræða.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég stend að nál. menntmn., sem mælir með samþykkt þessa frv., og það án fyrirvara. Ég hef talað fyrir þessu máli efnislega, sem hér er til umræðu, m.a. sem flm. að frv. á síðasta þingi um sama efni, og ég vænti þess að Alþingi beri gæfu til að afgreiða þetta frv. og lögfesta það fyrir þinglok. Ég tel eðlilegt að menn skiptist á skoðunum um svo mikilsvert mál eins og hér er gert og það er ljóst að skoðanir eru skiptar og menn taka afstöðu til þessa máls, einnig þeir sem ætla að styðja það, með fyrirvörum sumir hverjir og við það er auðvitað ekkert að athuga. Aðalatriðið er hver verður efnisleg niðurstaða og hvernig verður haldið á málinu af framkvæmdavaldinu eftir að frv. hefur verið lögfest.

Ég tel að sumt af því sem hefur verið sagt í umræðunni til þessa stafi af misskilningi á efnisatriðum frv. Það sem fram kom í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. var að hluta til, að ég hygg, af slíkum misskilningi sprottið því að það er ekki stefnan með þessu frv., eins og ég hef skilið efni þess, að ryðja burt á einu bretti fjölda manns sem starfar í skólum landsins án þess að hafa til þess fyllstu réttindi skv. ákvæðum frv. Bæði er það að í frv. eru undanþáguákvæði í ákvæði til bráðabirgða, aðlögunarákvæði svo sem eðlilegt er í máli sem þessu og sem veita svigrúm til að vinna að farsælli framkvæmd þessara ákvæða. En það reynir líka á framkvæmdavaldið, yfirstjórn menntamála og fjármála í landinu, hvernig til tekst í þessum efnum því að það er ekki sama hvernig greitt er fyrir því að sá fjöldi fólks sem nú starfar við kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum geti aflað sér tilskilinna réttinda. Það skiptir miklu máli að fyrir því sé greitt með öllum tiltækum ráðum af hálfu framkvæmdavaldsins. Ég held að það sé rangt að ræða um þetta mál þannig að það snúi öndvert við því fólki sem starfar í skólum án fyllstu réttinda. Með því að lögfesta þau ákvæði hin nýju sem eru í þessu frv. er hugmyndin, a.m.k. í mínum huga, sú að lyfta kennarastarfinu, auka veg þess og virðingu og gera það þar með eftirsótt, bæði fyrir nýja kennara og starfandi kennara, að taka á sig þá ábyrgð sem kennarastarfi fylgir og afla sér til þess tilskilinna réttinda að lögum.

Það er verið að ræða um þessi mál hér og ætla ég, herra forseti, ekki að fara þar vítt yfir svið, en það er verið að ræða um þessi mál hér eins og allt sé í stakasta lagi í skólum landsins, eins og hér sé verið að stíga einhver óheillaspor, eins og komist var að orði af þeim sem talaði áðan, með lögfestingu þessa frv. En hvernig er ástandið í skólunum, hvernig hefur það verið undanfarin ár? Það er ekki bara áhyggjuefni kennarastéttarinnar í landinu. Það er áhyggjuefni landsmanna allra. En það er mat kennarastéttarinnar, a.m.k. að yfirgnæfandi meiri hluta, að eitt af þeim ráðum til þess að bæta þar úr sé að kveða á með þeim hætti sem hér hefur orðið samkomulag um milli fulltrúa menntmrh. og samtaka kennara, vissulega engan veginn gengið að ýtrustu óskum kennarasamtaka um þessi efni heldur málamiðlun sem ég tel augljóslega vel ásættanlega og þannig frá gengið að engin óeðlileg áhætta sé tekin í þessu stóra máli.

Það er kyndugt, þegar menn eru að ræða um alvörumál af þessu tagi og leita leiða til að bæta það hörmulega ástand sem ríkir víða um land í sambandi við það hvernig skólar eru mannaðir, hvernig ástandið er í þeim efnum, að menn skuli vera hér að hafa hlutina nánast í flimtingum út frá því hvort þessi eða hinn alþm., sem gripið hefur í kennslustörf á liðinni tíð, hafi til þess réttindi að samþykktu þessu frv. Ætli þeim sé ofætlan að setjast á skólabekkinn og afla sér þeirra réttinda sem á kann að vanta, sem vildu leggja það fyrir sig, eftir að þeir hverfa af vettvangi hér á Alþingi?

Hitt er svo annað mál og ég tel það alveg umræðuvert hvernig staðið er að verndun ákveðinna starfa og starfsréttinda í þjóðfélaginu í heild sinni. Ég hef ekkert á móti því að þau efni séu athuguð á vegum framkvæmdavaldsins eins og hér er verið að mæla fyrir, en það er ekki það sem hér er til umræðu. Umræðuefnið er að skjóta einhverjum stoðum undir starfið í skólum landsins og bæta úr því mikla ófremdarástandi sem þar hefur ríkt. Það er ekki bundið við kennara eina sem rætt er um að ýta undir menntun og væntanlega almennt séð hæfni til að gegna störfum. Þar er rætt um svipaðar úrlausnir og hjá öðrum stéttum sem bera allt of skarðan hlut fyrir sín þýðingarmiklu störf. Ég minni bara á fiskverkunarfólkið í landinu, fólkið sem starfar að fiskvinnslu í landinu. Það hefur verið samið um það ekki alls fyrir löngu í kjarasamningum að gera því fólki kleift að auka réttindi sín með skipulögðu námskeiðshaldi þar sem framkvæmdavaldið á að koma við sögu. Ég tel það mjög vel. Og þetta er gert bæði til að gera fólkið hæfara, en það er einnig gert til þess að lyfta störfum þess og auka sjálfsvirðingu þess og bæta laun þess. Það er beinlínis augljóst markmið þess samkomulags sem gert hefur verið um þau efni og það er eðlisskylt því máli sem við erum að fjalla um hér. Ég teldi, miðað við þá þróun sem hefur verið varðandi verndun á réttindum til starfa, að það væri engin goðgá að kveða á um það í lögum að veita því fólki forgang og réttindi umfram það sem nú er sem starfar í undirstöðugreinum í þjóðfélaginu. Og kennslustörfin, störfin í skólum landins eru raunar ein af undirstöðugreinunum í þessu landi.

Herra forseti. Ég vil síst verða til þess að tefja framgang þessa máls hér í deildinni og vænti þess að þrátt fyrir efasemdir í huga nokkurra þm., og flestir eru þeir úr flokki hæstv. menntmrh. sem hér hafa talað og lýst efasemdum, nái menn saman um þetta mál, nái að lögfesta þetta frv. fyrir þinglok og við fáum reynslu af þeirri skipan mála sem hér er lögð til með þeim aðlögunarákvæðum sem í þessu eru og möguleikum til að endurskoða málið reynslunni ríkari innan fárra ára.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Af óviðráðanlegum ástæðum var sá sem hér stendur fjarverandi lokaafgreiðslu málsins frá nefnd og finn ég mig þess vegna tilknúinn að fara um þetta nokkrum orðum. Mér fer eins og öðrum, sem hér hafa talað, að þrátt fyrir ýmsar efasemdir um framkvæmd þessa máls og afleiðingar þess mun ég fyrir mitt leyti styðja það til þess að það verði að lögum þó að til álita hefði komið, miðað við eðli málsins, að það hefði verið með sólarlagsákvæðum, þ.e. almennum fyrirvara um að lögin skyldu endurskoðuð að fenginni hæfilegri reynslu.

Nóg hefur verið sagt hér til að gera mönnum ljóst að þetta mál eða lögfesting þess vekur að vissu leyti upp ýmsar spurningar sem torvelt er að fá svör við. Mig langar að nefna nokkur dæmi.

Hér á Alþingi Íslendinga hefur verið flutt mál sem margir telja hið mesta réttlætismál sem er það að meta til starfsreynslu í skyldum störfum reynslu heimavinnandi fólks, eins og ber víst að orða það nú til dags, þ.e. grundvallarsjónarmiðið er fyrst og fremst það, ef við lítum til starfreynslu konu sem búin er að koma upp börnum sínum, annast húsmóðurstörf og rekstur í mörg ár, að mönnum þykir eðlilegt að hennar starfsreynsla verði metin til starfsréttinda og launa á vinnumarkaðnum, a.m.k. að því er varðar skyld störf. Ef hér væri um að ræða undanþágulaust ákvæði þýddi þetta mál hins vegar, sem líka er talið vera réttlætismál, að slík kona þætti ekki gildur starfskraftur til þess að annast húsmóðurnarfræðslu eða heimilisfræðslu.

Einhver nefndi hér dæmi af prestinum sem ekki mætti segja til í kristnum fræðum. Það er kannske spurning þegar um er að ræða nýjar greinar sem eru að ryðja sér til rúms, eins og t.d. í rafeindafræði og tölvufræðum. Þar er ástandið oft þannig að þeir sem best eru heima í þeim fræðum, ganga upp í þeim af lífi og sál, eru hin ungu „tölvufrík" sem fyrst og fremst hafa skólað sig í þessu af áhuga, jafnvel utan skólakerfis. Fræg eru mörg dæmi sem hægt er að nefna um hámenntaða menn, sérhæfða frá erlendum háskólum, sem ekki hafa búið sig sérstaklega undir kennslustarf að aðalstarfi en búa oft yfir þekkingu sem er óhjákvæmilegt að nýta í skólastarfi. Gætum við nefnt t.d. menn með doktorsgráður í stærðfræði, eðlisfræði, ýmsum afleiddum vísindagreinum, — afleiddum en ekki afleitum — rafeindatækni o.s.frv. Hvað um tónsnilling, konsertmeistara, sem búinn er að draga sig í hlé frá vígvellinum með mikla alhliða reynslu og menntun þótt ekki hafi hann próf úr kennaradeild tónlistarskóla og hafi þannig réttindi til kennslu í tónlistarskólum ríkisins?

Þannig mætti nefna fjölmörg dæmi og öll eru þessi dæmi raunverulega þess eðlis að spurningin er þessi: Hver á að mennta kennarann? Og þá kemur upp í huga minn sérstaklega eitt dæmi af framhaldsskólastiginu sem er þróun fjölbrautaskóla. Fjölbrautaskólarnir hafa verið að ryðja sér til rúms. Þeim hefur verið að vaxa ásmegin smám saman samkvæmt þeirri hugmynd að æskilegt sé að sameina hinar margvíslegu brautir í framhaldsnámi, að skipta náminu í almennan menntunarkjarna en síðan sérhæfðar brautir innan sömu skólastofnunar og þar með að færa inn í hinn almenna framhaldsskóla marga þætti sem sérskólar hafa sinnt hingað til sem er því sem næst allt hið víða svið iðnmenntunar í landinu.

Oft og tíðum er það svo að engin lögvernduð kennaramenntun er í þessum greinum. Fjölbrautaskóli sem tekur upp kennslu á ýmsum sviðum iðnmenntunar leitar fyrst og fremst eðli málsins samkvæmt til iðnaðarmanna. Í reynd virðist mér það oft vera svo að það er leitað til manna sem kannske eru búnir að ljúka sínum starfsdegi úti á vígvellinum, eru kannske komnir á efri ár, búa yfir mikilli reynslu og þekkingu, en hafa samkvæmt íslenskri löggjöf enga kennaramenntun eða undirbúning til kennarastarfs en til annarra er hreinlega ekki að leita í þeim greinum.

Og þá er spurningin: Á að gera það að skyldu að

slíkir menn afli sér þessara kennsluréttinda með einhverju fræðilegu námi í uppeldis- og kennslufræðum? Almennt séð er um það að segja að við rekum okkur á það að þeir hafa ekki inntökuréttindi til háskólanáms. Fjölmargir af þessum aðilum í sérgreinum hafa engin inntökuréttindi til háskólanáms. Hvernig á þá að gefa þeim kost á að afla sér þessarar menntunar?

Almennt má segja að gallinn við kennslu í uppeldis- og kennslufræðum sé sá að ef þau fræði eru kennd á einhverjum námskeiðum út frá almennum fræðilegum forsendum en ekki í tengslum við þá sérstöku grein sem menn hafa sérhæft sig í er það mín reynsla — og tala ég þá af 17 ára kennslureynslu og tíu ára skólastjórareynslu — að þetta nám sé ekki eins hagnýtt og það gæti orðið. Það er allt annar hlutur þjálfun út frá kennslufræðilegum forsendum við kennslu með nútímaaðferðum í eðlisfræði en t.d. að því er varðar kannske tungumál eða þjóðfélagsfræði. Ég hef takmarkaða trú á að maðurinn sem hefur starfað lengi sem sérhæfður maður í iðngrein yrði miklu hæfari kennslukraftur fyrir það að fara á einhverra tuga eininga almennt námskeið í Piaget.

Þetta eru kannske prívatskoðanir og skipta ekki meginmáli en að lokum nefni ég eitt dæmi og styðst þar við eigin reynslu. Fyrir u.þ.b. 16 árum var undirritaður sendur forsendingu vestur á firði til þess að leggja þar grunn að stofnun menntaskóla við erfiðar kringumstæður. Fyrstu árin voru vissulega erfið og það var hörð barátta fyrir því að koma þessari stofnun upp. Ef þá hefðu verið í gildi lög sem hefðu verið undanþágulaus af þessu tagi hefði sú tilraun verið gjörsamlega dæmd fyrir fram til að mistakast, þ.e. ég hefði ekki fengið einn einasta kennara til mín — og var að rifja það upp í huganum undir umræðum — sem hefði fullnægt þessum skilmálum. Að vísu vildi það svo til um sjálfan mig að ég álpaðist einhvern tíma á slíkt námskeið að sumarlagi, reyndar fyrir hendingu, vegna þess að það hafði spurst í bænum að prófessor Símon Jóhannes Ágústsson, sem löngum hafði kennt fyrir tómum sal í Háskóla Íslands það sem háskólanemar kölluðu „fílu", færi nú á kostum í sérstöku kennaranámskeiði þar sem hann væri að útskýra Piaget með vísan til lífsreynslusagna af skemmtilegu fólki norður á Ströndum upp úr aldamótunum. Og ég stóðst ekki að fara á þetta námskeið og var útskrifaður með láði, ég held við annan mann sem nú er skólameistari á Selfossi, með hæstu einkunn sem við höfum hvor um sig nokkurn tíma fengið í háskólanámi. En hvort þetta breytti öllu um það að ég væri fær til þess að stýra Menntaskólanum á Ísafirði, því ætla ég ekki beinlínis að halda fram.

Kannske vega þessi dæmi ekki þungt. Einna þyngst mundu vega í mínum huga þó þau dæmi sem ég hef tekið varðandi vanda hinna iðnlærðu manna þegar ekki er til annarra að leita í fjölbrautaskólanum og þeir hafa ekki, flestir hverjir, rétt til þess einu sinni að bæta úr þessum meinta menntunarskorti með því að leita náms í kennslufræðum á háskólastigi.

Ég sagði í upphafi máls míns að þrátt fyrir það að þetta mál vekti upp í mínum huga fleiri spurningar en svör ætlaði ég ekki að verða til þess að bregða fæti fyrir þetta mál. Og hvers vegna ekki það úr því að á máli mínu má heyra að ég sjái á því ýmsa annmarka?

Rökin fyrir því eru þessi: Í fyrsta lagi er að mínu mati og samkvæmt minni reynslu ólíku saman að jafna þegar við erum að tala um þær kröfur sem við eigum að gera til kennara sem leggja grundvöllinn að námi fólks og annast kennslu á skyldunámsstigi og sér í lagi þeirra sem leggja grundvöllinn að öllu þessu námi og gegna hinu virðulega starfi barnakennarans, barnafræðarans. Ég tel rökin fyrir því að gera hinar ströngustu kröfur að því er þessa kennslu varðar og þennan þátt skólakerfisins gildari en ella. Mér finnst miðað við reynslu að öðru máli gegni þegar komið er að framhaldsnámi og um er að ræða kennslu í sérgreinum sem oft og tíðum, miðað við fámenni íslenskra byggðarlaga, verður ekki sinnt nema leitað sé út fyrir raðir þeirra sem gera kennslu að aðalstarfi, til manna sem eru væntanlega oft vel menntaðir og sérhæfðir menn í sínum greinum, stunda störf sín á því sviði, en geta orðið skólum í sínu byggðarlagi til algerrar bjargar með því að stunda þar kennslustörf af skyldurækni jafnframt. Það er nærri því ósanngjarnt að ætlast til þess að maður, sem er doktor í byggingarverkfræði og tekur að sér kennslu í framhaldsskóla í byggðarlagi þar sem hann er staddur, fari til háskólanáms í uppeldis- og kennslufræðum fræðilegum í heilt ár til þess að gegna slíku starfi.

Nú kunna einhverjir að segja: Þetta eru hártoganir, það eru undanþáguákvæði. Já, ég viðurkenni það. Og það er m.a. forsendan fyrir því að ég tel fært að styðja þetta. Það eru undanþáguákvæði bæði að því er varðar bráðabirgðagreinina og eins þessa vandræðalegu undanþágunefnd, tvískipta, og auðvitað er með því verið að taka tillit til dæma af þessu tagi.

Annað vegur líka nokkuð í mínum huga og það er þetta: Ef þessi löggjöf getur orðið til þess að auka starfsvirðingu kennara og ef hún getur orðið til þess að styrkja stöðu þeirra í kjaramálum og auðvelda þeim baráttuna fyrir bættum kjörum þá tel ég þetta frv. einnar messu virði og vil láta á það reyna hvernig það gefst í framkvæmd vegna þess að fáum er það ljósara en þeim, sem fengist hafa við kennslu og líta til þeirrar breytingar sem orðið hefur á starfsháttum og starfskjörum kennara, að eitt af meiri háttar umbótamálum í íslensku þjóðfélagi er að auka starfsvirðingu og bæta kjör kennarastéttarinnar. Um það þarf ekki að fara mörgum orðum. Ástæðan er einfaldlega sú að þetta er þjóðfélag örra breytinga. Hér standa menn í þessum ræðustól lon og don og mæla fyrir og lýsa vonum sínum um að það takist að hasla völl nýjum vaxtargreinum í íslensku atvinnulífi. Sumir leggja meiri áherslu á undur tækninnar og mátt sérfræðimenntunarinnar í þeim efnum en aðrir, en alla vega verður ekkert af þessum draumum, þeir verða sér allir til skammar ef við ekki getum tryggt að skólar okkar, þar sem þessi menntun er kennd, séu mannaðir af vel menntuðum, vel sérhæfðum kennurum sem eru ánægðir í sínu starfi og njóta þeirrar virðingar í sínu starfi sem þeim ber. Kannske er það til of mikils mælst að þetta frv. út af fyrir sig geri mikið til þess að breyta því en ég segi að lokum: Ef það getur orðið til þess að leggja kennarastéttinni lið að þessu leyti, þrátt fyrir ágallana, er ég tilbúinn að styðja það með vísan til þess að það verði endurskoðað að fenginni reynslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:2 atkv.

2.–3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,

og sögðu
já: JBH, KH, ÓE, ÓÞÞ, PP, StG, SV, SJS, SvG, SvH, ÞS, AS, GSig, GeirG, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, JS, IG.
nei: KP, PJ.
MB, MÁM, GHH, ÞP, EH, FrS greiddu ekki atkv.
11 þm. (KJóh, KSK, RH, StH, BÍG, EBS, FÞ, GB, KMK, GJG, GA) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Geir H. Haarde: Herra forseti. Ég er andvígur þeirri meginhugsun sem liggur að baki þessum kafla í frv. og ég tel raunar að Alþingi hafi nú þegar gengið allt of langt í því að lögbinda rétt manna til starfsheita og starfa. Fyrir Alþingi liggur tillaga um að áhrif lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu verði könnuð sérstaklega og ég hefði talið eðlilegt að Alþingi héldi að sér höndum um fleiri slíkar lögbindingar þar til niðurstöður þeirrar könnunar lægju fyrir.
En með tilliti til aðdraganda þessa máls tel ég ekki rétt að standa gegn málinu. Ég greiði ekki atkvæði, herra forseti.

5.–13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 880 samþ. með 22 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
15.–16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 87. fundur.

Föstudaginn 18. apríl, að loknum 86. fundi.

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, stjfrv. 285. mál (þskj. 948 (sbr. 523)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:2 atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 949). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv. 73. mál (þskj. 952 (sbr. 718)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:1 atkv. og endursent Ed.

Almannatryggingar, stjfrv. 399. mál (þskj. 844). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 954).

Lyfjafræðingar, stjfrv. 379. mál (þskj. 690). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 955).

Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. 442. mál (þskj. 881). — 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 881, frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985.
Eins og hv. alþm. vita voru gerðir nýir kjarasamningar, samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. um nýjar leiðir í kjaramálum sem marka vissulega tímamót í efnahagsmálum á Íslandi. Horfið var frá hefðbundnum aðferðum sem ávallt hafa mistekist eða oftast. Ákveðin var niðurtalningarleið sem þýðir lækkun verðlags, tilkostnaðar á öllum sviðum, lækkun gjalda, lækkun vöruverðs og þjónustu, lækkun fjármagnskostnaðar, þar með taldir vextir, stöðugt gengi, sem gefur von um hækkandi kaupmátt. Og áhrifin láta ekki á sér standa. Verðbólgan lækkar og áætlað er að í árslok verði hún jafnvel komin niður í 6%.
Ég tel ástæðu til í byrjun þessa máls að fagna sérstaklega þessum kjarasamningum, ekki síst kaflanum um húsnæðismál sem felur í sér stóraukið framlag lífeyrissjóða til byggingarsjóða ríkisins. Ég hef áður sem

félmrh. marglýst því yfir og lagt áherslu á nauðsyn þess að aukið fjármagn frá lífeyrissjóðunum komi til að fjármagna húsnæðiskerfið. Þess vegna fagna ég þessari ákvörðun í samkomulaginu alveg sérstaklega. Ríkisstj. fylgdist vandlega með þessum hugmyndum aðila vinnumarkaðarins um breytingu á húsnæðismálum og var viðbúin að taka afstöðu í málinu. Í bréfi ríkisstj. til samningsaðila 27. febr. s.l. gaf ríkisstj. eftirfarandi yfirlýsingu um húsnæðismál:

„Ríkisstjórnin fellst á grundvallaratriði þeirra hugmynda, sem fram koma í yfirlýsingu samningsaðila um húsnæðismál, og er reiðubúin til þess að athuga þær vandlega í samráði við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega útgjöld ríkisins í þessu sambandi. Ríkisstjórnin er reiðubúin til að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um húsnæðismál í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar."

Á grundvelli þessarar yfirlýsingar skipaði forsrh. nefnd til að gera tillögur um húsnæðismál. Í nefndina voru skipaðir: Ásmundur Hilmarsson og Jóhannes Siggeirsson, samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands; Örlygur Geirsson, samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja; Gunnar Birgisson og Vilhjálmur Egilsson, samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna; Jóhann Einvarðsson, samkvæmt tilnefningu félmrh., og Geir H. Haarde, samkvæmt tilnefningu fjmrh.

Forsrh. skipaði Hallgrím Snorrason hagstofustjóra sem formann. Með nefndinni hafa unnið frá félmrn.: Gylfi Kristinsson og Þorgerður Benediktsdóttir lögfræðingur. Frá Húsnæðisstofnun ríkisins: Helgi Guðmundsson lögfræðingur, Hilmar Þórisson, Katrín Atladóttir og Percy Stefánsson. Og frá Seðlabanka Íslands: Ingvi Örn Kristinsson.

Ég lagði áherslu á það í upphafi að nefndin hefði samráð við milliþinganefnd í húsnæðismálum sem vinnur að stefnumótun til framtíðar og býr yfir miklum gögnum og upplýsingum, m.a. ýmsum tillögum stjórnmálaflokkanna og niðurstöðum ýmissa nefnda og kannana. Gott samstarf var á milli nefndanna og m.a. voru haldnir sameiginlegir fundir. Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, og þakka nefndinni og öðrum þeim sem hafa lagt fram mikla vinnu við að móta þetta frv. í samræmi við samkomulagið. Sérstaklega vil ég þakka formanni nefndarinnar, Hallgrími Snorrasyni hagstofustjóra.

Í skilabréfi nefndarinnar til ríkisstj. segir nefndin m.a.:

„Nefndin varð sammála um að einbeita sér fyrst að þeim þætti þessa málefnis sem lýtur að breytingum á hinu opinbera húsnæðislánakerfi. Þeim verkþætti er nú lokið og fylgja tillögur nefndarinnar hér með í formi frv. um breytingar á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Nefndin mun að afloknum þessum verkþætti taka til við aðra hluta húsnæðissamkomulags aðila vinnumarkaðarins, þ.e. breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, þ.e. húsnæðisafsláttur, og stefnir að því að skila tillögum um það efni sem allra fyrst."

Og í bréfi frá forsrh. til formanns nefndarinnar sem er dags. 15. apríl, eftir að nefndin hafði afhent þetta frv., kemur fram að ríkisstj. lýsir sig einnig reiðubúna til áframhaldandi viðræðna um húsnæðisafslátt, sbr. samkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 26. febr. s.l. og yfirlýsingu ríkisstj. dags. 27. febr., og felur nefndinni að vinna þetta verk. Og nefndin hefur þegar hafið starf við að móta þessar tillögur.

Nefndinni var skammtaður naumur tími til starfa og tók hún því í upphafi þá ákvörðun að einbeita sér að athugun á þeim hluta húsnæðissamkomulags samningsaðila, sem lýtur að breytingum á hinu opinbera húsnæðiskerfi, og samningu tillagna um það efni. Í framhaldi af þessu mun nefndin fjalla um aðra þætti húsnæðisskipulagsins og stefnir að því að ljúka gerð tillagna um það efni hið allra fyrsta.

Meginatriði húsnæðissamkomulagsins, svo og þessa frv., er það að lagt er til að lánsréttindi í hinu opinbera húsnæðislánakerfi verði tengd aðild manna að lífeyrissjóðum og lánveitingum lífeyrissjóðanna til húsnæðislánakerfis. Er lagt til að einstaklingar hafi mismikinn lánsrétt eftir því hve lífeyrissjóðir þeirra hafa lánað mikið fé til húsnæðislánakerfisins í hlutalli við ráðstöfunarfé sitt. Lánveitingar lífeyrissjóða til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna hafa um árabil verið ein meginuppspretta lánsfjár þessara sjóða. Þessar lánveitingar, eða skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af byggingarsjóðunum tveimur, hafa bæði verið reistar á sérstöku samkomulagi um að sjóðirnir tækju með því móti þátt í fjármögnun félagslegra íbúðarbygginga en hins vegar á lögum. Með lögum nr. 13/1981 var ákveðið að hverjum lífeyrissjóði sé skylt að verja a.m.k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs Íslands og fjárfestingarlánasjóða. Skuldabréfakaupin í heild sinni hafa þó aldrei náð þessu marki og skuldabréfakaup sjóðanna allra hafa numið 33–37% ráðstöfunarfjár þeirra undanfarin ár. Að auki hafa sjóðirnir keypt mjög mismikið af skuldabréfum, margir sjóðir hafa staðið við kaupskylduna og vel það, en aðrir hafa keypt mun minna og sumir ekki neitt. Geta sjóðanna til annarra útlána, einkum til einstaklinga, hefur því þegar af þessum ástæðum verið mjög misjöfn og yfirleitt má segja að því minna sem sjóðirnir hafa varið af fé sínu til skuldabréfakaupa af hinu opinbera, því hærri lán hafa þeir getað veitt sjóðfélögum.

Meginrökin fyrir þeim tillögum sem fluttar eru með frv. þessu, um að lánsréttur einstaklinga hjá Byggingarsjóði ríkisins verði háður skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna, sem einstaklingarnir greiða til, eru því þau að heildarlánsréttur manna hjá Byggingarsjóði ríkisins og lífeyrissjóðunum sé nú mjög misjafn eftir lífeyrissjóðsaðild. Þannig eiga allir rétt á opinberum húsnæðislánum en mismikinn rétt hjá lífeyrissjóðunum eftir því hve miklu af ráðstöfunarfé sínu sjóðirnir verji til skuldabréfakaupa af hinu opinbera. Kaupi sjóður mikið af skuldabréfum af hinu opinbera og fjárfestingarlánasjóðum á sjóðfélaginn einungis kost á litlu láni úr sjóðnum. Sjóðir, sem vilja lána sem mest til sjóðfélaga, gæta því þess að kaupa sem minnst af skuldabréfum byggingarsjóðanna og annarra fjárfestingarlánasjóða. Það er skoðun samningsaðilanna að verði ekki breyting á þessu og lánsréttindi manna gerð jafnari en nú er, verði að gera ráð fyrir að sjóðirnir hætti almennt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðanna en fari í þess stað að lána beint til sjóðfélaga sinna.

Auk þess sem hér hefur verið rakið má benda á að með þeim hætti sem hér er lagt til verður unnt að

tryggja húsnæðislánakefinu verulega aukið fjármagn á næstu árum án þess að til komi aukið ríkisframlag.

Tillögur frv. þessa um Byggingarsjóð ríkisins eru þríþættar.

Í fyrsta lagi er í 1. gr. lagt til að lagaákvæðum um fjáröflun sjóðsins verði breytt á þann veg að gert verði ráð fyrir sérstökum samningum um skuldabréfakaup lífeyrissjóða og enn fremur að felld verði niður ákvæði um lágmarksfjárframlag ríkissjóðs.

Í öðru lagi eru í 2.–4. gr. gerðar tillögur um lánsrétt einstaklinga og lánsfjárhæðir og lengingu lánstíma.

Í þriðja lagi eru í 5.–12. gr. gerðar ýmsar tillögur um lagabreytingar til að samræma ýmis gildandi ákvæði laganna megintillögum frv. um lánsrétt, lánsfjárhæðir og endurgreiðslutíma lána.

Tillögur frv. um Byggingarsjóð verkamanna eru þríþættar.

Megintillagan er í 18. gr. og fjallar um hækkun lánshlutfalls úr 80% í 85%.

Í öðru lagi eru í 13.–17. gr. ýmsar tillögur sem leiða af þeim tillögum sem gerðar eru um Byggingarsjóð ríkisins, einkum þeirri að hægt sé að miða lán við svonefnda staðalíbúð.

Í þriðja lagi eru í 19.–21. gr. tillögur um breytingar sem leiða af hækkun lánshlutfallsins.

Hér á eftir verður fjallað um tillögur frv. í einstökum atriðum.

Fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins. Í gildandi ákvæðum um fjáröflun segir í 2. tölul. 9. gr. laga um Húsnæðisstofnun að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skuli ekki nema lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins hvert ár. Í 1. gr. frv. er lagt til að þetta ákvæði um lágmarksframlag verði fellt niður og framlag ríkissjóðs verði óbundið og ákveðið með fjárlögum hvers árs. Þessi till. er rökrétt afleiðing þeirrar till. frv. að lánsréttur og lánsfjárhæðir verði lögfestar. Samkvæmt gildandi lögum er við ákvörðun framlags ríkissjóðs ár hvert gengið út frá útlánaáætlun sem félmrh. og fjmrh. samþykkja. Í þeirri áætlun er m.a. gert ráð fyrir ákveðnum fjölda útlána og ákveðnum fjárhæðum nýbyggingarlána sem miðaðar eru við byggingarkostnað. Eins og nú háttar geta stjórnvöld því stýrt útlánum sjóðsins með breytingum á hlutfalli lána af byggingarkostnaði og að vissu marki með ákvörðun um fjölda útlána og þar með ákveðið ríkissjóðsframlagið. Í till. þessa frv. er á hinn bóginn gert ráð fyrir að lánsfjárhæðir verði lögfestar miðað við verðlag á fyrsta fjórðungi þessa árs og þær breytist síðan í hátt við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Þetta á ekki aðeins við nýbyggingarlán heldur og lán til kaupa á notuðum íbúðum. Þetta hefur í för með sér að möguleikar stjórnvalda til að stýra útlánum og hafa þau áhrif á íbúðarbyggingar og fasteignaviðskipti, sem heppileg eru talin með hliðsjón af framvindu efnahagsmála og efnahagsstefnu stjórnvalda, eru takmarkaðri en nú er og því eðlilegt að ekki sé kveðið á um lágmarksframlag ríkissjóðs í lögum. Jafnframt er nú gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir beini fjármagni sínu í mun meira mæli en nú er til Húsnæðisstofnunar, en í því felst að vissu marki sameining á núverandi húsnæðislánum og lífeyrissjóðslánum.

Gera verður ráð fyrir að þörfin fyrir framlög úr ríkissjóði ráðist fyrst og fremst af tvennu, af niðurgreiðslu vaxtakostnaðar húsbyggjenda og íbúðarkaupenda (þ.e. af muninum á vöxtum af teknum lánum hjá lífeyrissjóðum og veittum lánum til einstaklinga) og af lánsfjáreftirspurn. Í tillögum nefndar þeirrar sem samdi frv. þetta er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að vextir af útlánum megi ekki verða hærri en 3,5% á ári. Ríkisstjórnin taldi það ekki heppilegt að kveðið væri á um hámark vaxta í lögum. Á hinn bóginn hefur ríkisstj. ákveðið að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði 3,5% á ári eins og þeir eru nú og verði ekki hærri meðan þessi ríkisstj. situr.

Í 1. gr. frv. þessa er gert ráð fyrir að vextir af skuldabréfum þeim sem lífeyrissjóðirnir kaupa af Húsnæðisstofnuninni verði miðaðir við að lánskjör á þessum bréfum verði miðuð við þau kjör sem ríkissjóður býður á fjármagnsmarkaði hverju sinni, eins og gert er ráð fyrir í húsnæðissamkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Ljóst er að þetta getur falið í sér mikla óvissu fyrir Byggingarsjóð ríkisins um þær skuldbindingar sem hann tekst á hendur gagnvart lífeyrissjóðum og um niðurgreiðslu vaxtakostnaðar einstaklinga. Jafnframt leggur þessi tilhögun auknar skyldur á ríkissjóð um þátttöku hans á lánsfjármarkaði. Ýmislegt verður þó að hafa í huga í þessu sambandi.

1. Niðurgreiðsla vaxtakostnaðar hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna hefur viðgengist um langt skeið. Eins og nú háttar eru vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins 3,5% en 1% af Byggingarsjóði verkamanna. Vextir af skuldabréfum þeim sem lífeyrissjóðirnir kaupa af byggingarsjóðunum tveimur eru nú 6–9%. Vaxtamunur er því nú 2,5–5,5% hjá Byggingarsjóði ríkisins og 5–8% hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þess ber þó að geta að þessi mikli vaxtamunur hefur staðið í tiltölulega skamman tíma. Á árunum 1980–1981 var vaxtamunurinn hjá Byggingarsjóði ríkisins 1% og um 1,25 til 1,75% á árunum 1982–1983.

2. Hafa verður í huga að þrátt fyrir háa vexti á fjármagnsmarkaði að undanförnu og þann vaxtamun sem nú er hafa útlánavextir byggingarsjóðanna ekki orðið hærri en að ofan greinir. Því er óvíst að ákvæði um vaxtaþak, eins og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, breyti svo miklu um vaxtaákvarðanir og núv. ríkisstj. mun ekki hækka vexti umfram 3,5%.

Þá má nefna eins og síðar verður rakið nánar að horfur eru á að ráðstöfunartekjur lífeyrissjóðanna aukist mjög mikið á næstu árum. Þetta stafar ekki síst af því að í kjarasamningunum í febrúar tókst samkomulag um að iðgjaldagreiðslur yrðu auknar í áföngum á árunum 1987–1990 frá því að miðast við dagvinnulaun nú í það að iðgjald greiðist af öllum launum. Þessi breyting er talin munu auka iðgjaldatekjur um 50% og er það varlega áætlað. Að auki hefur ávöxtun á ráðstöfunarfé sjóðanna batnað mjög mikið undanfarin ár. Á hinn bóginn er ljóst að vegna aldursskiptingar þjóðarinnar undanfarin ár mun líða langur tími þar til lífeyrisgreiðslur sjóðanna fara að aukast svo að um munar. Af þessu leiðir að lánsfjárframboðið hjá lífeyrissjóðunum eykst mjög ört á næstu árum og verður að ætla að sú aukning geti haft talsverð áhrif á vexti á almennum fjármagnsmarkaði.

Þeir útreikningar sem gerðir hafa verið á vegum nefndarinnar sem vann að máli þessu benda til að verði mismunurinn á vöxtum á teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins meira en 2–3% til lengdar muni lánakerfið sligast. Þannig sýna dæmi sem tekin hafa

verið um 5–6% vaxtamun til langs tíma að slík niðurgreiðsla krefjist sífellt meira ríkisframlags og lántöku hjá lífeyrissjóðum. Þetta gæti aðeins staðið mjög skamma hríð og hlyti að kalla á gagngera endurskoðun þessara mála og breytingu á lögum.

Sem fyrr segir er í frv. þessu gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnunin geri bindandi samninga við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup. Lagt er til að samningar þessir verði til a.m.k. tveggja ára þar sem óhjákvæmilegt er að sem mest festa skapist um lánamálin og Húsnæðisstofnun komi við traustri áætlanagerð. Þetta er ekki síst nauðsynlegt fyrir væntanlega lántakendur, enda er það eitt markmiða húsnæðissamkomulagsins að eytt sé óvissu einstaklinga um væntanlega lántökumöguleika eftir því sem kostur er. Gert er ráð fyrir að í samningum þessum verði kveðið á um að viðkomandi lífeyrissjóður skuldbindi sig til að verja að lágmarki tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum byggingarsjóðanna. Jafnframt yrði að vera ákvæði um eftirlit með því að við þetta væri staðið og hvernig bregðast skuli við frávikum. Yrði þá að reikna með að vanefndir lífeyrissjóðs hefðu í för með sér skerðingu á lánsrétti sjóðfélaga hjá Byggingarsjóði ríkisins hafi þeir ekki fengið bindandi lánsloforð fyrir. Í samningum þessum yrðu loks ákvæði um lánskjör og endurgreiðslur.

Auk þess sem þegar hefur verið nefnt um vexti má benda á að endurgreiðslutími á lánum lífeyrissjóða til byggingarsjóðanna er nú tiltölulega skammur eða mest 10 ár miðað við endurgreiðslutíma útlána til einstaklinga sem er 40 ár skv. tillögu þessa frv. Með hliðsjón af því að iðgjaldatekjur lífeyrissjóðanna munu vaxa mjög á næstu árum, en greiðslubyrði þeirra af lífeyri tekur fyrst að vaxa að mun að alllöngum tíma liðnum, virðist eðlilegt að reynt verði að semja um mun lengri endurgreiðslutíma af lánum lífeyrissjóðanna til byggingarsjóðanna en nú er.

Þá má enn fremur hafa í huga að lán lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga eru yfirleitt til 20–40 ára. Lenging lánstímans gæti breytt stöðu byggingarsjóðanna til muna næstu árin og þar með útlánagetu þeirra í framtíðinni. Í 1. gr. er lagt til að í 3. tölul. 9. gr. verði kveðið á um að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fremur en af Byggingarsjóði ríkisins eins og nú er. Þetta stafar af því að lántökuréttur einstaklinga er í frv. háður lánveitingum lífeyrissjóðanna til hins opinbera húsnæðislánakerfis í heild. Því er eðlilegt að skuldabréfaviðskipti verði við Húsnæðisstofnunina sem komi fram fyrir hönd byggingarsjóðanna beggja og skipti síðan niður lánsfénu milli sjóðanna eftir þörfum.

Töluverð óvissa ríkir um útlánaþörf Byggingarsjóðs ríkisins næstu árin. Undanfarin fimm ár hafa að meðaltali verið veitt 1368 nýbyggingarlán á ári og um 2000 lán til kaupa á notuðum íbúðum. Auk þess má við mat á byggingarþörf næstu ára taka mið af tölum um breytingu mannfjöldans. Í hverjum árgangi á aldrinum 20–30 ára eru nú um 4300 manns en árlega deyja um 1700 manns. Mismunurinn er 2600 en sýnt er að þessi tala fer lækkandi. Þetta stafar bæði af því að fallandi fæðingartíðni veldur því að fækkar í árgöngum á aldrinum 20–30 ára frá því sem nú er og að tala þeirra sem deyja á ári hverju fer vaxandi vegna aukins fjölda roskins og aldraðs fólks. Séu tveir um hverja íbúð benda þessar tölur til að byggingarþörfin nemi 1300 íbúðum á ári og fer sú tala lækkandi. Við þetta bætist svo íbúðaþörf einhleypinga sem gera má ráð fyrir að aukist, m.a. vegna tíðra hjónaskilnaða.

Tölur Húsnæðisstofnunar sýna að undanfarin ár hefur fjöldi lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn verið um helmingur allra lána til byggingar á nýju húsnæði og kaupa á nýju og notuðu húsnæði. Í áætlunum um útlánaþörf er miðað við að útlán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn skiptist í svipuðum hlutföllum milli nýrra og notaðra íbúða og verið hefur. Enn fremur er miðað við að útlán skiptist líkt á milli þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og hinna sem eiga íbúð fyrir. Þá má nefna að sýnt er að meðallán til þeirra sem eru að kaupa notaða íbúð og eiga íbúð fyrir muni fara lækkandi ár frá ári eftir því sem meira verður áhvílandi af húsnæðismálastjórnarlánum á slíkum íbúðum. Þetta gæti haft veruleg áhrif þegar fram líða stundir þótt naumast verði þau áhrif mikil næstu árin.

Niðurstaða áætlana um útlán miðast við fyrrgreindar tölur um fjölda lána og skiptingu þeirra, svo og miðað við þær tillögur um lánsfjárhæðir sem gerðar eru í þessu frv., er sú að útlánaþörf gæti numið 4,5–5,5 milljörðum kr. á næstu árum en fari síðan minnkandi. Á hinn bóginn er hæpið að stefna strax í upphafi að ýtrustu útlánum heldur virðist eðlilegt að útlánaeftirspurn verði næstu fjögur árin fullnægt með hliðsjón af vexti ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna. Auk þess er æskilegt að reynt sé að forðast stökkbreytingar í framboði íbúðalána vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem það hefði vafalaust á íbúðaverð og fasteignaviðskipti, svo og á efnahagslífið í heild sinni. Því þykir rétt að gera ráð fyrir að útlánaeftirspurninni í upphafi verði sinnt á þann hátt að þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og eiga forgang fái lán sín afgreidd með eðlilegum hætti en eftirspurn hinna sem eiga íbúð fyrir verði jafnað yfir lengri tíma.

Við könnun á fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins hefur nefndin notið liðsinnis Ingva Arnar Kristinssonar hagfræðings hjá Seðlabanka Íslands. Þá fékk nefndin dr. Pétur H. Blöndal tryggingastærðfræðing til þess að gera áætlun um þróun ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna.

Í áætlunum Péturs Blöndals kemur fram að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna muni vaxa úr tæpum 5 milljörðum kr. á árinu 1986 í 8–9,5 milljarða kr. á árinu 1990 eftir því hvernig ávöxtunar sjóðirnir njóta og lánstíma og fjárráðstöfun þeirra er háttað. Sé reiknað með að sjóðirnir verji yfirleitt 55% af ráðstöfunarfé til kaupa á skuldabréfum og sé gert ráð fyrir svipuðum lántökum Byggingarsjóðs verkamanna og á þessu ári má gera ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins hafi til umráða af lífeyrissjóðafé um 3,1 milljarð kr. á árinu 1987 og um eða yfir 5 milljarða kr. árið 1990. Sé gert ráð fyrir a) ofangreindum lántökum hjá lífeyrissjóðum b) að aðrar lánveitingar en til kaupa á nýjum og notuðum íbúðum nemi um 300–400 millj. kr. eins og nú háttar og c) áætlað fyrir greiðslum af teknum lánum, tekjum af afborgunum og vöxtum af veittum lánum og rekstrarkostnaði fæst sú niðurstaða að Byggingarsjóðurinn muni hafa til ráðstöfunar af eigin fé og lánsfé um 2,5–2,6 milljarða kr. til útlána til byggingarlána og lána til kaupa á nýjum og notuðum íbúðum á árinu 1987 og 3,8 milljarða kr. árið 1990.

Útlánaáætlun má byggja á eftirfarandi forsendum:

1. Eðlileg eftirspurn eftir lánum til kaupa á nýjum

íbúðum er talin svara til byggingar 1400 íbúða á ári. Fyrstu tvö árin verði eftirspurnin þó meiri eða sem nemur lánum til 1600 íbúða. Þar af verði um 800 lántakendur sem ekki eiga íbúð fyrir og njóta því forgangs.

2. Eðlileg eftirspurn eftir lánum til kaupa á notuðum íbúðum er talin vera 2000 en jafnframt er bætt við 200 fyrstu tvö árin. Þar af er gert ráð fyrir að um 1100 lán gangi til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir.

3. Gera má ráð fyrir að veitt meðallán verði nokkuð lægri en svarar fullum lánsfjárhæðum, m.a. vegna þess að ekki njóti allir óskerts lánsréttar, að áhvílandi lán verki til lækkunar á veitt lán og vegna mismunandi veðhæfni íbúða. Hér er gert ráð fyrir að meðallán nemi 80% af fullum lánsfjárhæðum. Niðurstaða þessa er sú að lánsfjárþörf vegna forgangslána geti numið 2,6 milljörðum kr. en lánsfjárþörf vegna þeirra sem eiga íbúð fyrir geti numið 1,8 milljörðum kr. Þessar tölur ættu að eiga við árin 1987 og 1988 en eftir það gætu þær lækkað í 2,3–2,4 milljarða og 1,6–1,7 milljarða kr.

Auk takmarkaðs fjármagns er margt sem mælir með því að hluta af lánsfjáreftirspurn þeirra sem eiga íbúð fyrir og eiga því ekki forgang að lánum skv. frv. verði í upphafi jafnað yfir lengri tíma en eitt ár. Þetta væri ekki síst til að draga úr þenslu- og verðbólguáhrifum útlánaaukningarinnar á byggingar- og fasteignamarkaði. Má þá jafnframt hafa í huga að sparnaður í hagkerfinu mun aukast í áföngum á árunum 1987–1990 vegna þeirrar aukningar á greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóða sem um samdist í kjarasamningnuum í febr. s.l.

Sé gert ráð fyrir að um helmingi af þeim lánveitingum sem reiknað er með hér á undan til þeirra sem eiga íbúð fyrir verði frestað um eitt ár yrði fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins til lána vegna nýrra og notaðra íbúða um 3,5 milljarðar kr. á árinu 1987. Framlag ríkissjóðs mætti á þessum forsendum ekki vera lægra en 1 milljarður. Lögbundið lágmarksframlag ríkissjóðs miðað við samþykktar útlánaáætlanir á árinu 1986 er 940 millj. kr. Á hinn bóginn mun ríkissjóður verja á þessu ári 1100 millj. kr. til sjóðsins auk 200 millj. kr. til lána til þeirra sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum. Hafa verður í huga að framlag ríkissjóðs umfram hið lögbundna lágmark byggist á sérstakri fjáröflun sem fellur niður í lok þessa árs. Þessu til viðbótar ver ríkissjóður 300 millj. kr. til Byggingarsjóðs verkamanna þannig að samtals nema framlög ríkissjóðs til byggingarsjóðanna beggja 1600 millj. kr. á þessu ári.

Vegna mikillar aukningar ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna næstu árin á ekki að skapast hætta á sífellt vaxandi biðröð þótt lánum sé frestað í upphafi. Heppilegt virðist að útjöfnunar lánsfjáreftirspurnarinnar gæti fyrst og fremst á árinu 1987 en eftir það ætti ekki að taka nema 2–3 ár að ná jafnvægi. Er því miðað við að lánsfjárhæðir skv. frv. þessu, ofangreindar tölur um fjölda lána og að framlag ríkisins verði ekki lægra en 1 milljarður kr. á ári.

Þörfin fyrir framlag ríkissjóðs ræðst þegar fram í sækir ekki einungis af lánsfjáreftirspurn heldur ekki síður af vaxtaniðurgreiðslunni. Hún er svo aftur háð vaxtamuninum á teknum lánum og veittum og muninum á endurgreiðslu lánanna. Verði hér um verulegan mun að ræða í vöxtum og tíma og vaxtaniðurgreiðslan því mikil kallar það, svo sem fyrr segir, á vaxandi framlag ríkissjóðs. Á hinn bóginn er einnig ljóst að framlag ríkissjóðs ræður miklu um eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Því er óhjákvæmilegt að ákvarðanir um framlag ríkissjóðs á fjárlögum til Byggingarsjóðs ríkisins ár hvert verði teknar með hliðsjón af hvoru tveggja, útlánaþörf sjóðsins á árinu og eiginfjárstöðu sjóðsins.

Sem fyrr segir er í frv. þessu gert ráð fyrir að lánsréttur sé háður skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af Húsnæðisstofnun. Í 2. gr. eru gerðar tillögur um lánsrétt einstaklinga og er megintillagan sú að einstaklingar eigi fullan lánsrétt kaupi lífeyrissjóður þeirra skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu, lágmarkslánsrétt ef skuldabréfakaupin nema 20% af ráðstöfunarfé, en verji sjóðirnir enn lægra hlutfalli af ráðstöfunarfé til Húsnæðisstofnunarinnar eiga félagar í þeim sjóðum engan lánsrétt hjá Byggingarsjóði. Þessar tillögur stefna að því að jafna heildarlánsrétt einstaklinga í hinu opinbera húsnæðislánakerfi og hjá lífeyrissjóðum og að tryggja húsnæðislánakerfinu nægilegt fjármagn til útlána.

Jafnframt er hér lagt til að þeir sem ekki eiga íbúð fyrir njóti forgangs til lána fram yfir hina sem eiga íbúð.

Þessar tillögur eru teknar beint eftir húsnæðissamkomulagi ASÍ, VSÍ og VMS og er stefnt að því að sjóðirnir séu hvattir til skuldabréfakaupa fyrir a.m.k. 55% ráðstöfunarfjár en með því móti tryggja þeir sjóðfélögum sínum sem mestan lánsrétt.

Athygli skal vakin á því að þótt lán verði eftir sem áður veitt til byggingar eða kaupa tiltekinnar íbúðar verða þau jafnframt háð persónulegum rétti einstaklinganna. Af þessu leiðir m.a. að viðmiðun við byggingarkostnað og fjölskyldustærð sem er í gildandi lögum fellur niður.

Í 3. og 4. gr. eru tillögur um lánsfjárhæð og eru þær teknar eftir húsnæðissamkomulagi samningsaðilanna. Er lagt til að hámarkslán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa nýja íbúð verði 2,1 millj. kr. Til samanburðar má nefna að húsnæðismálastjórnarlán 2–4 manna fjölskyldu var á fyrsta fjórðungi þessa árs 1 millj. og 50 þús. kr. Lífeyrissjóðslán til einstaklinga voru á bilinu frá um það bil 100 þús. kr. til 1,0 millj. kr. í lok s.l. árs. Algengt er nú að slík lán séu 400–500 þús. kr. en rétt til svo hárra lána vinna menn sér þó yfirleitt inn með iðgjaldagreiðslum í nokkur ár. Af tillögum frv. leiðir hins vegar að menn geta eignast fullan lánsrétt með greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða í tvö ár.

Sú hækkun á lánum til einstaklinga sem gert er ráð fyrir í frv. og flestir lántakendur munu njóta, verði það að lögum, er ekki síst mikilvæg fyrir þá sök að hún dregur úr þörf fyrir skammtímalán og léttir því greiðslubyrði verulega fyrstu árin eftir íbúðakaupin. Jafnframt er lagt til að lánstími verði lengdur í 40 ár úr 31 ári fyrir nýbyggingarlán og úr 21 ári hvað varðar lán til kaupa á notuðum íbúðum. Áhrif þessara þátta koma skýrt fram í meðfylgjandi töflu sem sýnir samanburð á greiðslubyrði lántakenda á 2,1 millj. kr. láni í núverandi lánakerfi og í því kerfi sem frv. gerir ráð fyrir.

Í tillögum frv. þessa er gert ráð fyrir að þeir sem eiga íbúð fyrir og fullan lánsrétt eigi kost á láni til byggingar eða kaupa á nýrri íbúð sem nemi 70% af lánum til þeirra sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn. Fjárhæðin yrði því 1470 þús. kr. Sömu fjárhæð eiga þeir að eiga kost á sem ekki eiga íbúð áður en kaupa notaða íbúð. Þeir sem eiga íbúð fyrir og ætla að kaupa notaða

íbúð eiga loks að eiga kost á 1 millj. og 29 þús. kr. láni, þ.e. 70% af láninu til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir.

Loks má nefna að lagt er til að lánin eða hlutar þess, sé það greitt út í áföngum, séu verðtryggðir. Í þessu felst í reynd hækkun á lánum frá því sem nú er og eykur hún stórlega öryggi einstaklinga um fjármögnun íbúðakaupa.

Ég vil benda hv. þm. á að kynna sér töflu á bls. 21 í grg. þar sem kemur fram að við núverandi kerfi mundi greiðslubyrði lántaka breytast mjög eða sem svarar á fyrsta ári úr 200 þús. kr. í 73 500 kr. sem yrði á 1. og 2. ári ársgreiðsla.

Byggingarsjóður verkamanna. Megintillagan sem gerð er í frv. um Byggingarsjóð verkamanna felst í 18. gr. Þar er tekin upp sú tillaga samningsaðila að lánshlutfall verði hækkað úr 80% í 85%. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að veita sérstök skammtímalán til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun. Ekki þykir raunhæft að þessi lán verði til skemmri tíma en þriggja ára. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að þeir sem fá slík lán þurfi ekki að greiða afborganir af langtímaláni sínu hjá sjóðnum á sama tíma.

Að öðru leyti eru tillögurnar um breytingar á ákvæðum um Byggingarsjóð verkamanna aðallega gerðar vegna tillagna frv. um Byggingarsjóð ríkisins eða til samræmingar vegna tillögunnar um hækkun lánshlutfalls. Hér er m.a. um það að ræða að vegna þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á ákvæðum um lánsrétt og ákvörðun lánsfjárhæða hjá Byggingarsjóði ríkisins verður hætt að ákveða lán sem hlutfall af byggingarkostnaði svonefndrar staðalíbúðar. Ákvæði um staðalíbúðir eru því felld niður en þau hafa jafnframt gilt um lán til verkamannabústaða. Í frv. er gert ráð fyrir að í þess stað ákvarði húsnæðismálastjórn sérstakan kostnaðargrundvöll sem hún geti miðað verkamannabústaðalánin við. Um þetta er vísað til athugasemda við einstakar greinar frv.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt en ég vil aðeins koma inn á athugasemdir um 2. gr. frv. sem er í raun og veru mikilvægasta greinin þannig að þar kemur allt fram sem um er að ræða. Til þess að fyrirbyggja misskilning tel ég mjög eðlilegt að alþm. kynni sér mjög athugasemdir um 2. gr.

Herra forseti. Ég vil aðeins í lokin draga saman aðalatriði þessa lagafrv. um nýtt húsnæðislánakerfi.

Það er í fyrsta lagi, eins og áður hefur komið fram, hækkun lána. Húsnæðislánin hækka sérstaklega til þeirra sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn. Lánin geta orðið fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð: Ný íbúð allt að 2,1 millj. kr., notuð íbúð allt að 1 millj. 470 þús. kr. Fjárhæðir þessar miðast við byggingarvísitölu 250. Fyrir þá sem eiga íbúð fyrir: Ný íbúð allt að 1 millj. 470 þús. kr., notuð íbúð allt að 1 millj. 29 þús. kr. Þeir sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn eru í forgangsröð.

Lánsréttur fer eftir því hversu háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu lífeyrissjóður umsækjanda ver til kaupa á skuldabréfum hjá Húsnæðisstofnun. Skuldabréfakaup fyrir 55% af ráðstöfunarfé veitir fullan rétt en 20% hlutfall veitir minnsta rétt. Miðað er við að umsækjandi hafi greitt í lífeyrissjóð undangengin tvö ár áður en umsókn var lögð fram. Ég vil sérstaklega undirstrika að síðan 1980 hefur öllum launþegum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi verið rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði.

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að þarna geti komið upp ýmis vandamál í sambandi við meðferð málsins. Um það verður að fjalla á sérstakan hátt og ég geri ráð fyrir því að það komi til í sambandi við athugun félmn. hvort á að setja varnagla við þessu. Það er sjálfsagt erfitt mál en eins og okkar lífeyrisskyldukerfi er byggt upp má búast við ýmsum vanköntum í sambandi við þetta mál. Lánsréttur einstaklings miðast við skuldabréfakaup lífeyrissjóðsins sem hann greiðir í. Lánsréttur hjóna, eða sambýlisfólks, sem bæði eru á vinnumarkaði, ræðst af meðaltali skuldabréfakaupa lífeyrissjóðs þeirra. Lánsréttur hjóna, eða sambýlisfólks, þar sem heimilisstörf eru aðalstarf annnars þeirra ræðst af lánsrétti þess sem er á vinnumarkaðinum.

Áður en gengið er frá lánasamningi skal ganga frá greiðslu og kostnaðaráætlun og umsækjanda kynnt geiðslubyrði hans. Heimilt er að synja um lán ef umsækjandi ræður augljóslega ekki við framkvæmdina. Umsækjandi getur átt kost á því að mat kostnaðar og greiðsluáætlana sé á vegum lánastofnana sem Húsnæðisstofnun hefur gert samning við. Sér þá viðkomandi lánastofnun um lánssamning, afgreiðslu og útborgun lánsins.

Stærðarreglur. Lán vegna nýrra íbúða skerðast um 2% fyrir hvern fermetra sem umfram er 170 fermetra. Er þá miðað við innanmál útveggja hússins alls að frádregnum bílskúr.

Sé lánið greitt út í tveimur eða fleiri hlutum fylgja hlutarnir breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Lánin eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu og bera, eins og nú hefur verið ákveðið, 3,5% vexti og eru til allt að 40 ára. Umsækjendur eiga rétt á að fá innan tveggja mánaða eftir að fullgild umsókn er lögð fram bindandi svar um lánsfjárhæð og afgreiðslutíma lánsins. Á tímabilinu 1. sept. til 31. des. 1986 ræðst lánsréttur af því hve háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóður umsækjanda ver til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunarinnar. Sá sem á óafgreidda lánshluta getur því fengið þá afgreidda skv. nýja kerfinu strax eftrir 1. sept. ef lífeyrissjóður umsækjanda fer inn í kerfið á þessu ári, t.d. kaupir fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu strax á þessu ári. Þeir lánshutar sem eru óafgreiddir eftir 1. jan. 1987 verða allir afgreiddir eftir nýja kerfinu ef umsækjandi óskar þess.

Herra forseti. Ég vænti þess að um þetta mál sé víðtækt samkomulag á hv. Alþingi og hægt verði að nýta vel þann stutta tíma sem eftir er af þingtíma og tryggja þannig að þetta frv. verði að lögum. Ég vænti þess einnig að hv. félmn. beggja deilda vinni saman að því að athuga þetta frv. Ég geri alveg ráð fyrir því að margt geti komið upp. Ég vil aðeins áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, koma inn á örfá atriði sem eru í samningunum sjálfum, þ.e. í sambandi við aðrar aðgerðir.

Mér finnst rétt að geta þess við 1. umr. að fyrsta atriðið í samkomulaginu er um aðgerðir til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar. Samkomulag varð um að varið verði 300 millj. kr. til viðbótar þeim 200 millj. kr. sem fyrr hafði verið ákveðið af ríkisstj. að verja til sérstakra viðbótarlána á þessu sviði. Ríkisstj. brást strax við þessu atriði og ákveðið var að 500 millj. kr. yrðu veittar í þessu skyni og að þetta yrðu lán til 31 árs

og hámarksupphæð yrði 400 þús. kr. á hvern lántakanda eftir því sem ástæður væru til.

Ég vil aðeins geta þess í sambandi við þetta að í dag hafa borist til ráðgjafarstöðvarinnar tæplega 900 umsóknir sem var búið að bóka. Það var búið að afgreiða í gær um 360 umsóknir, sem nema 70,4 millj. kr., en 493 umsóknir eru í afgreiðslu nú.

Ég vil geta þess einnig, vegna þess að það kemur fram í samkomulaginu, að unnið hefur verið að því að fjölga starfsfólki og núna fyrir örfáum dögum var tekið í notkun nýtt húsnæði sem gerir aðstöðu ráðgjafarstöðvarinnar allt aðra en orðið var og mun flýta mjög afgreiðslu þessara mála á næstu dögum.

Í sambandi við annað atriði þessa máls var gert ráð fyrir í samkomulaginu að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því í sambandi við skuldbreytingalán að bankakerfið gæfi húsbyggjendum og kaupendum kost á lengingu lánstíma í allt að 10 ár. Áður hafði verið samið um átta ára skuldbreytingu í bönkum og strax þegar þetta samkomulag kom upp var tekin upp viðræða við bankakerfið um þetta atriði. Hæstv. viðskrh. er með þetta mál í sérstakri athugun, að fá hrein svör við þessum tilmælum, en ég vil geta þess, skv. upplýsingum frá ráðgjafarstofnuninni, að viðskipti við bankakerfið hvað þetta varðar eru mjög til fyrirmyndar.

Þá er í þessu samkomulagi gert ráð fyrir því að Húsnæðisstofnun verði falið að framkvæma könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði hér á landi og skal þeirri könnun hraðað eins og kostur er þannig að hægt sé við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 1987 að veita fjármagn til byggingar leiguhúsnæðis í ljósi þeirrar þarfar sem er fyrir byggingu slíks húsnæðis hér á landi. Á þessu máli var tekið strax og er könnun á þessari þörf nú þegar í gangi.

Í sambandi við breytingu á skattalögum eða hinum svokallaða húsnæðisafslætti hefur komið fram í upphafi máls míns að sú nefnd sem vann þetta frv. er þegar byrjuð að vinna að því að móta þær hugmyndir eða þær breytingar sem til greina koma á þessu sviði og ríkisstj. hefur veitt samþykki sitt til þess að svo verði þannig að *ég geri ráð fyrir að við þetta verði staðið.*

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu, herra forseti, verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn. Og ég endurtek að ég vonast til að félmn. beggja deilda þingsins vinni ötullega að því að skoða þetta mál þannig að tryggt verði að hægt verði að afgreiða það, eins og lofað hefur verið, áður en þingi lýkur.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða dýrmætum tíma hv. Nd. í málalengingar um aðdraganda þessa máls. Hann er öllum kunnur og allir þingflokkar eru sammála um að hraða för þessa frv. í gegnum þingið. Til þess að svo megi verða munu félmn. beggja þingdeilda vinna saman um helgina og þess vegna hefur Kvennalistinn nú þegar lagt fram brtt. við frv. til þess að nefndarmenn fái þær til umfjöllunar strax. Þær eru unnar í samráði við Kristínu Einarsdóttur sem gerþekkir þessi mál eins og þeir vita sem hafa unnið með henni í húsnæðismálastjórn og milliþinganefnd um húsnæðismál þar sem hún er fulltrúi Kvennalistans.

Þingflokkar stjórnarandstöðunnar lögðu mikla áherslu á stofnun milliþinganefndar þegar vandi húsbyggjenda og húsnæðiskaupenda var til umræðu á s.l. vori. Þeir lögðu einnig, a.m.k. fulltrúi Kvennalistans, mikla áherslu á samráð við milliþinganefndina þegar frv. það var í samningu sem hér er til umræðu. Það samráð hefði sannarlega mátt vera meira og vil ég gagnrýna þann þátt þessa máls sérstaklega því að þótt haldnir hafi verið þrír fundir með milliþinganefndinni, eins og kemur fram í grg. með frv., og jafnvel eitthvað tekið til greina af athugasemdum hennar er það ekki þetta sem átt er við með samráði. Hér er um svo mikilvægt mál að ræða og flókið að mér er óskiljanlegt hvers vegna nefndin, sem samdi frv., nýtti sér ekki betur þá þekkingu og reynslu sem milliþinganefndin hefur aflað sér.

Mun ég nú skýra brtt. Kvennalistans, en raunar höfum við athugasemdir við fleiri atriði en þar koma fram sem e.t.v. hefði verið ástæða til að forma í brtt., en um þær verður væntanlega nánar fjallað í nefndunum. Mun ég reyndar víkja að nokkrum þeirra hér á eftir. En ég tel rétt að lýsa því strax yfir að ég fagna þessu frv. og vona að menn beri gæfu til að fjalla þannig um það á þeim skamma tíma sem menn hafa til þess starfs að takist að gera þetta þannig úr garði að það verði til góðs.

Brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur eru á þskj. 933 og mun ég nú snúa mér að því að skýra þær.

1. brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 3. gr. Aftan við b-lið nýrrar 13. gr. bætist: Þó skal umsækjandi eiga rétt á hámarksláni hafi hann aðeins nýtt 70% eða minna af lánsrétti sínum við kaup á fyrri íbúð".

Til skýringar vil ég segja þetta: Það er vissulega góðra gjalda vert að reyna að takmarka útlán við eðlilega þörf og þeir sem eiga íbúð fyrir þegar farið er út í húsnæðiskaup standa betur að vígi en þeir sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Hins vegar er ósanngjarnt að þeir sem kaupa litla og væntanlega ódýra íbúð í fyrsta sinn og hafa þar af leiðandi ekki veð fyrir hámarksláni hafi þá skertan rétt í næsta sinn. Þessi takmörkun getur haft þau áhrif að hvetja fólk til að kaupa stærra í fyrsta sinn *en það þarf í raun og veru, og e.t.v. stærra en það ræður* við, til að missa ekki endanlegan rétt sinn til hámarksláns. Hér er m.ö.o. í rauninni um að ræða hugsanlega hvatningu til fólks um að reisa sér hinn margfræga hurðarás um öxl. En þetta ákvæði getur líka haft þau áhrif, sem ekki eru síður alvarleg, að þeir sem alls ekki hafa efni á að kaupa svo stóra íbúð í fyrsta sinn að hún standi undir veði fyrir hámarksláni festist endanlega í litlu ófullnægjandi íbúðinni því að þeir hafa fyrirgert rétti sínum til hámarksláns og hafa því ekki möguleika til að stækka við sig. Við leggjum mikla áherslu á að þetta atriði verði rætt og skoðað gaumgæfilega í nefndum þingsins og 3. gr. breytt svo sem við leggjum til til að koma í veg fyrir þetta misrétti.

2. brtt. okkar á þskj. 933 er við 4. gr. frv. og hljóðar svo, með leyfi forseta, er reyndar í tveimur liðum:

„a) Orðin „sem nemur 70% af lánum" í 2. málsgr. og „sem nemur 70% af láni" í 3. málsgr. nýrrar 14. gr. falli brott.

b) Fyrri málsliður 4. málsgr. orðist svo: Þó má lán, sem veitt er skv. þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán er á hverjum tíma."

Markmiðið með þessari tillögu er einfaldlega að lán

til kaupa á nýjum og notuðum íbúðum verði jafnhá og er það í fyllsta samræmi við húsnýtingarstefnuna sem hæstv. félmrh. og aðrir stjórnarliðar, sem um húsnæðismál fjalla, hafa haldið mjög á loft. B-liður brtt. er samhljóða núgildandi lögum, en skv. þeim getur G-lán, það er lán vegna kaupa á eldri íbúð að viðbættum áhvílandi lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, orðið jafnhátt nýbyggingarláni. Ef 4. gr. þess frv. sem hér er til umfjöllunar yrði óbreytt að lögum væri því um afturför að ræða og áfall fyrir margrómaða húsnýtingarstefnu. Menn skulu íhuga vandlega hvernig þetta yrði í framkvæmd.

Ég vil þá víkja að öðrum atriðum í þessu frv. Ég vil t.d. biðja menn að íhuga vandlega hvað ákvæði 2. gr. þýða fyrir lántakendur. Lánsréttur þeirra er algerlega háður því að viðkomandi lífeyrissjóður hafi keypt skuldabréf í nægilega miklum mæli. Réttur til lána úr byggingarsjóðum ríkisins getur m.ö.o. orðið minni eftir en áður. Þeir eiga auðvitað eftir sem áður hugsanlega möguleika á láni úr lífeyrissjóðum, en slík lán eru yfirleitt ekki á jafngóðum kjörum og lán byggingarsjóðanna þannig að lántakandi getur tapað á því. Hann getur þurft að taka lán á hærri vöxtum. Menn segja að þetta komi ekki til þar sem lífeyrissjóðirnir muni sjá sér hag í því að skipta við byggingarsjóðina vegna vaxtamunar, en þetta þarf að skoða vel með hag allra í huga því að þetta veldur mörgum óvissu og óróleika.

Næst skulum við líta á 5. málsgr. 2. gr. frv. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðast við meðaltal lánsréttar þeirra."

Í athugasemdum á bls. 23 í frv., þar sem fjallað er um þetta, stendur þetta, með leyfi forseta:

„Um hjón og sambýlisfólk er lagt til að miðað sé við meðaltal lánsréttar þeirra. Hér gæti komið upp sú staða, ef einhverjir lífeyrissjóðir kaupa skuldabréf fyrir minna en 55% af ráðstöfunarfé, að annar makinn eigi betri rétt en hjónin saman. Þetta er ágalli, en á hinn bóginn þykir ekki fært að slaka á í þessu efni þar sem þá væri jafnframt dregið mjög úr þeirri hvatningu, sem í þessu felst, að lífeyrissjóðirnir geri allir samninga um þau skuldabréfakaup sem tryggja sjóðfélögum þeirra hámarkslánsrétt."

Undir þetta viljum við taka og biðjum nefndarmenn, sem um þetta fjalla, að íhuga vandlega hvort ekki sé rétt að gera breytingu á 5. málsgr. 2. gr. sem gæti hljóðað svo: Sæki tveir eða fleiri einstaklingar um lán til sömu íbúðar skal fjárhæð lánsins miðast við lánsrétt þess þeirra sem er hagstæðastur.

Ég treysti því að vel verði fjallað um þetta atriði og rækilega. Þessi breyting, sem ég orðaði hér hugmynd að, væri að mínu mati til bóta og ég veit að hún kom til greina við samningu frv. því að ég er ekki fyrsta manneskjan sem vek athygli á þessu. Ég sé enga ástæðu til að refsa fólki fyrir hjúskap eða sambúð eins og segja má að verið sé að gera ef 4. málsgr. er látin halda sér eins og hún er í frv.

Þá vil ég víkja að 22. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1986. Á tímabilinu september til desember 1986 skal lánsréttur einstaklinga ráðast af því hve háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóðir þeirra verja til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar."

Mér er ekki ljóst hvort menn hafa almennt gert sér grein fyrir þýðingu þessa ákvæðis. Það þýðir í raun að réttur fólks til hámarksláns nýtist fæstum á þessu ári vegna þess að sárafáir lífeyrissjóðir geta uppfyllt skilyrðin um hæsta hlutfall af ráðstöfunarfé sem veitir lífeyrissjóðsþegum rétt til hámarksláns. Ástæðan er sú að lífeyrissjóðirnir eru margir þegar búnir að ráðstafa fé sínu annað en til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar.

Í umfjöllun um þessi mál síðustu vikurnar hafa verið kveiktar falskar vonir hjá fólki að mínu mati. Menn trúa því almennt að eftir 1. sept. n.k. eigi þeir rétt á hámarksláni að upphæð 2,1 millj. kr. Það er vitanlega ekki tilfellið af þeim orsökum sem ég tilgreindi hér áðan. Margir lífeyrissjóðanna eru þegar búnir að ráðstafa svo miklu af sínu fé að þeir geta ekki náð því hlutfalli í skuldabréfakaupum sem er skilyrði fyrir því að viðkomandi sjóðfélagi fái hámarkslán. Þeir sem fyrir þessu verða geta jafnvel lent í því að lánsréttur þeirra tryggi þeim lægri lánsupphæð á þessu ári eftir samþykkt þessa frv. en núgildandi lög veita. Það er ekki fyrr en eftir næstu áramót sem þessi lög mundu skila tilætluðum árangri. Þetta verða menn að gera sér ljóst. Þetta má ekki fela og vekja með mönnum falskar vonir. Nóg er nú samt í þeim efnum.

Ég vil nú víkja örfáum orðum að fjármögnun þess lánakerfis sem við erum hér að fjalla um. Um þetta atriði er töluverður kafli í athugasemdum með frv. og þar koma fram mörg íhugunarverð atriði. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að lesa það allt saman upp, enda hefur hæstv. félmrh. vitnað mjög rækilega í þá grg., en hvet hv. þm. til að kynna sér rækilega það sem þar stendur.

Á bls. 16 vil ég þó taka út úr eitt atriði, það er neðst á blaðsíðunni, töluliður 4, og ég bið forseta leyfis um að mega vitna í þann lið. Þar stendur:

„Þeir útreikningar, sem gerðir hafa verið á vegum nefndarinnar sem vann að máli þessu, benda til að verði mismunurinn á vöxtum af teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins meiri en 2–3% til lengdar muni lánakerfið sligast. Þannig sýna dæmi, sem tekin hafa verið um 5–6% vaxtamun til langs tíma, að slík niðurgreiðsla krefðist sífellt meiri ríkisframlaga og lántöku hjá lífeyrissjóðunum. Þetta gæti aðeins staðið mjög skamma hríð og hlyti að kalla á gagngera endurskoðun þessara mála og breytingu á lögum."

Herra forseti. Hér er dregið fram algert meginatriði hvað varðar fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Vaxtalækkun er forsenda fyrir því að þetta lánakerfi fái staðist.

Ég vil svo, herra forseti, víkja að samkomulagi því sem þetta frv. byggist á, þ.e. samkomulagi Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Verkamannasambandsins við ríkið. Hæstv. félmrh. minntist á nokkra liði þessa samkomulags hér áðan, en hann sleppti 4. lið sem ég vil taka hér til umræðu. Ég ætla aðeins að lesa eina setningu úr þeim lið sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fé Byggingarsjóðs verkamanna verði aukið um 200 millj. á árinu 1986."

Mér vitanlega hefur ekkert enn þá frést af því hvernig eigi að standa við þetta. Því spyr ég hæstv. félmrh. og hefði kannske verið ástæða til að leita eftir svari hæstv. fjmrh. líka en hann virðist ekki vera hér viðstaddur:

Verður þetta leyst með aukafjárveitingu úr ríkissjóði eða með heimild til lántöku?

Nú má raunar vera að hæstv. félmrh. hafi komið að þessu í upphafi máls síns. Það voru einir tveir eða þrír fundir í gangi í kringum sæti mitt þegar hann hóf mál sitt og ég heyrði varla aukatekið orð af því sem hæstv. ráðh. sagði. En ég spyr að þessu ekki síst vegna þess að verði það síðarnefnda ofan á, þ.e. að aukin verði heimild Byggingarsjóðs verkamanna til lántöku á þessu ári, kallar það á frv. til breytinga á lánsfjárlögum og hlýtur að þurfa að ganga frá því fyrir þinglok. Því verður naumast trúað að fulltrúar ríkisins hafi ekki gert sér grein fyrir þessu atriði og tekið ákvörðun um hvernig eigi að standa að lausn þess. Ég óska eindregið eftir svari hæstv. ráðh. við spurningu minni. Hafi hann komið inn á þetta áðan er mér til efs að nokkur hafi heyrt það, slík ókyrrð sem var í salnum þegar hann hóf mál sitt.

Ég vil svo að lokum nota þetta tækifæri til að minna hæstv. félmrh. á fsp. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur á þskj. 681 um eignatap íbúðakaupenda og húsbyggjenda vegna misgengis launa og lánskjara. Þessi fsp. var lögð fram 25. mars s.l. og óskað eftir skriflegu svari. Við leggjum mjög mikla áherslu á að þetta svar fáist og ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort ekki sé ætlunin að svara þessari fsp. fyrir þinglok.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Um leið og ber að fagna því að frv. það sem hér er lagt fram mun veita húsbyggjendum og íbúðakaupendum aukinn lánsrétt hjá byggingarsjóðunum verður ekki hjá því komist að gagnrýna veigamikla þætti í frv. bæði er lýtur að fjármögnun til byggingarsjóðanna og eins mikla annmarka sem á þessu frv. eru varðandi skilyrði fyrir lánsrétti.

Ég vil fyrst fara nokkrum orðum um fjármögnunina. Hér er stefnt að gífurlega auknu lánsfjármagni í byggingarsjóðina frá lífeyrissjóðunum og að því stefnt að lífeyrissjóðirnir veiti 55% af ráðstöfunarfé sínu til byggingarsjóðanna. Miðað við forsendur útlánaáætlunar og þann gífurlega vaxtamun sem leiðir af niðurgreiddum lánum úr byggingarsjóðunum er ljóst að auka þarf verulega fjárframlög úr ríkissjóði til byggingarsjóðanna á næstu árum til að mæta þessum vaxtamismun. Af grg. með þessu frv. má ráða að gert er ráð fyrir að þetta aukna fjármagn frá lífeyrissjóðunum renni að mestu eða öllu leyti til Byggingarsjóðs ríkisins. Ef svo er má spyrja: Er ekki stefnt að því að auka félagslegar íbúðabyggingar með því aukna fjármagni sem frá lífeyrissjóðunum kemur? Mun ég koma að því síðar í mínu máli.

Að því er vaxtamismuninn varðar eru vextir nú af skuldabréfum þeim sem lífeyrissjóðirnir kaupa af byggingarsjóðunum tveimur 6–9%. Vaxtamismunurinn er því nú 2,5–5,5% hjá Byggingarsjóði ríkisins og 5–8% hjá Byggingarsjóði verkamanna. Eftir því sem næst verður komist liggur ekki fyrir enn þá neitt heildarsamkomulag við alla lífeyrissjóðina, hvorki um aukin skuldabréfakaup né á hvaða kjörum þau verða. Verður það að teljast harla einkennilegt ef fyrir liggur hér frv., sem stefnt er að að lögfesta á nokkrum sólarhringum, og enn hefur ekki verið rætt við þá sem borga eiga brúsann af auknum lánsrétti húsbyggjenda og íbúðakaupenda. Ekki síst er það einkennilegt í ljósi þess að þau fyrirheit sem húsbyggjendum og íbúðakaupendum eru gefin með þessu frv. standa og falla með því hvort lífeyrissjóðirnir auka verulega skuldabréfakaup sín. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort það sé rétt að ekki liggi fyrir neitt samkomulag við lífeyrissjóðina um þetta mál og engin niðurstaða liggi fyrir um lánskjör eða hvort lífeyrissjóðirnir vilja ganga til slíks samkomulags sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það veltur t.d. á miklu fyrir ríkissjóð og skattgreiðendur hvort samkomulag næst um 6% vaxtagreiðslu af lánum eða hvort vextir verða 9%. Að því er hreinlega vikið í þessu frv. að verði vaxtagreiðslur 9% verði ríkisframlög og aukin lántökuþörf svo hrikaleg að dæmið gangi aldrei upp og þessi spilaborg muni hrynja á örskömmum tíma. Á það er bent að verði mismunurinn á vöxtum á teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins meira en 2–3% til lengdar muni kerfið sligast. Ef miðað er við 6% vaxtagreiðslur til lífeyrissjóðanna er vaxtamismunur, sem ríkissjóður verður að standa undir, orðinn á áttunda ári, 1994, rúmlega 850 millj. kr. Á árinu 1994 þarf því ríkissjóður að greiða 850 millj. kr. í vaxtamismun og fer hann vaxandi um nálægt 150–200 millj. á ári. Ef miðað er við 9% vaxtagreiðslur til lífeyrissjóðanna verður vaxtamismunur sem ríkissjóður þarf að standa undir orðinn tæplega 1,9 milljarðar á árinu 1994 og fer hann vaxandi um 300–400 millj. kr. á ári miðað við 9% vaxtagreiðslur til lífeyrissjóðanna. Spyrja má hvernig ríkissjóður á að standa undir greiðslum sem eingöngu fara í að greiða vaxtamismuninn á teknum lánum og veittum upp á nær 2 milljarða kr. Eiga skattgreiðendur að bera þennan vaxtamun? Á að leggja á aukna skatta til að mæta vaxtamismuninum?

Í 1. gr. frv. segir að lánskjör á skuldabréfum frá lífeyrissjóðunum eigi að miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði. Þessi ríkisstj. og núv. fjmrh. hafa haldið uppi háu vaxtastigi, en ríkissjóður býður nú 9% vexti almennt á fjármagnsmarkaði. Því má spyrja hvort hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn að semja við lífeyrissjóðina um þau vaxtakjör, 9% vexti, sem ég sé ekki betur en hann þurfi að gera miðað við ákvæði 1. gr. frv. Það þýðir að fjmrh. þarf einnig að vera reiðubúinn að láta úr ríkissjóði eftir örfá ár eða á árinu 1994 nálægt 2 milljörðum kr. eingöngu í hreinan vaxtamismun af veittum lánum og teknum úr byggingarsjóðnum. Ég harma að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu því að ég hafði ætlað mér að beina til hans örfáum spurningum varðandi þetta mál. Er hæstv. fjmrh. í húsinu, herra forseti? **(Forseti:** Forseti skal athuga hvort hæstv. ráðh. er í húsinu.)

Já, ég mun halda áfram máli mínu, herra forseti. Við því þurfa að fást svör hvort hæstv. fjmrh. sé tilbúinn að beita sér fyrir að lækka vextina sem ríkissjóður býður upp á á almennum lánsfjármarkaði og þar með að skapa betri samningsstöðu við lífeyrissjóðina um skaplega vexti á því gífurlega fjármagni sem nú er ætlað að taka að láni hjá lífeyrissjóðunum. Ég held að ekki verði hjá því komist við þessa umræðu eða a.m.k. áður en málið verður afgreitt úr þessari hv. deild að heyra afstöðu fjmrh. til þessa máls og hann svari því hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir lækkun vaxta þannig að þm. geti áttað sig á því hvort við séum að ræða aukna fjármögnun til byggingarsjóðanna og aukinn lánsrétt til húsbyggjenda og íbúðakaupenda sem

stenst í raunveruleikanum. Ég tel nefnilega að mikil hætta sé á því að menn séu að byggja sér skýjaborgir með þessu frv. og veita húsbyggjendum og íbúðakaupendum vonir sem erfitt er að standa við. Miðað við 9% vaxtaendurgreiðslu til lífeyrissjóðanna hrynur þessi spilaborg auðvitað fyrr en varir.

Ég held að við verðum að átta okkur á því að botninn undir þeim fyrirheitum sem felast í þessu frv. til húsbyggjenda og íbúðakaupenda sé afar veikur og verið sé að gefa fyrirheit sem erfitt reynist að standa við nema á móti komi stóraukin skattlagning. Því ítreka ég að svör verða að fást við því hvort fjmrh. sé tilbúinn að beita sér fyrir lækkkun vaxta sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði þannig að betri samningsstaða skapist um vaxtakjör á lánsfjármarkaði lífeyrissjóða.

Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. eða hæstv. félmrh. hafa fyllilega gert sér grein fyrir þeirri hrikalegu fjármagnsþörf sem skapast vegna vaxtamismunar á veittum og teknum lánum hjá byggingarsjóðunum. Ef gengið er út frá þeim áætlunum og útreikningum sem gerðir hafa verið um áætluð skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna frá Byggingarsjóði ríkisins þýðir það, miðað við 6% vexti til lífeyrissjóðanna, að á tíu ára tímabili, 1987–1997 þyrfti að verja samtals á þeim árum úr ríkissjóði rúmum 5,6 milljörðum kr. eingöngu vegna vaxtamismunar. Og ef vaxtagreiðsla til lífeyrissjóðanna verður 9% er um að ræða 12,4 milljarða kr. í greiðslu vaxtamismunar úr ríkissjóði á næstu tíu árum. Hér er um hrikalegar fjárhæðir að ræða og hæstv. fjmrh. getur haft mikil áhrif á hvort vaxtaniðurgreiðsla ríkissjóðs vegna þessa frv. sem hér er verið að lögfesta verði tæpir 6 milljarðar eða allt að á þrettánda milljarð kr. á tíu ára tímabili því að lánskjör á skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna, eins og segir í 1. gr. frv., eiga að miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði. Fjmrh. getur því með ákvörðun sinni haft áhrif á það t.d. hvort nauðsynlegt verður að leggja á stóraukna skatta vegna þessarar miklu vaxtaniðurgreiðslu eða hvort yfirleitt verður hægt að standa við þau fyrirheit sem felast í þessu frv. fyrir húsbyggjendur og íbúðakaupendur. Því er mikilvægt að fá fram svör hæstv. fjmrh. áður en málið er afgreitt úr deildinni.

Ég vil þá snúa mér að því að ræða um aukinn lánsrétt sem í þessu frv. felst, en sú regla sem hér er lögð til að gildi um lánsréttinn getur leitt til þess að húsbyggjendur og íbúðakaupendur hafi mjög mismikinn lánsrétt eftir því hvað lífeyrissjóður viðkomandi hefur lánað mikið fé til húsnæðislánakerfisins í hlutfalli við ráðstöfunarfé sitt. Einnig er um það að ræða að menn telja óeðlilegt hvað snertir ýmsa sterka lífeyrissjóði, sem koma sér hjá skuldabréfakaupum, að sjóðfélagar þeirra hafi fullan aðgang að lánum úr opinbera húsnæðislánakerfinu á sama tíma og lífeyrissjóðir þeirra geta boðið þeim há lán úr sínum lífeyrissjóðum þar sem þeir þurfa ekki að leggja fjármagn til opinbera húsnæðislánakerfisins. (**Forseti:** Út af fsp. hv. þm. áðan varðandi hæstv. fjmrh. Það hefur verið grennslast fyrir um það og hann mun væntanlegur í húsið áður en langt um líður.) Já, ég þakka fyrir og held áfram máli mínu.

Út af fyrir sig er það skiljanlegt sjónarmið því almennt er gert ráð fyrir að þeir lífeyrissjóðir sem kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 55% af sínu ráðstöfunarfé og skapi þannig sínum sjóðfélögum full lánsréttindi á niðurgreiddum vaxtakjörum úr opinbera húsnæðislánakerfinu þurfi að sama skapi að draga úr lánveitingum til húsnæðismála til sinna sjóðfélaga. Því telja menn óeðlilegt að sjóðfélagar þeirra sjóða sem lítið eða ekkert lána til opinbera húsnæðislánakerfisins fái full lánsréttindi á sama tíma og lífeyrissjóðir þeirra hafa bolmagn til að lána þeim háar fjárhæðir til viðbótar þar sem þeir hafa ekki bundið sitt fé hjá byggingarsjóðunum. Engu að síður getur í þessu nýja fyrirkomulagi komið upp mjög óvenjuleg og hreint óviðunandi staða því að húsbyggjendur og íbúðakaupendur fá í raun engu um það ráðið hver þeirra lánsréttur er. Þeirra lífeyrissjóðir hafa allt um það að segja hve mikinn aðgang þeir hafa að niðurgreiddu fjármagni byggingarsjóðanna til að fjármagna sín íbúðakaup. Tveir aðilar, sem sjálfir standa jafnfætis þannig að þeir uppfylla öll skilyrði um hámarkslánsrétt, geta staðið frammi fyrir því að annar þeirra fær hámarkslán 2,1 millj. kr., en hinn ekki eina krónu af niðurgreiddu fé gegnum húsnæðislánakerfið, ekki einu sinni lágmarksupphæðina 700 þús. kr., hafi lífeyrissjóður hans ekkert lánað til húsnæðislánakerfisins.

Það er spurning hvort það fær staðist að einstaklingum sé mismunað með þessum hætti þegar þeir sjálfir ráða engu um kringumstæður. Hér er ekki spurt um þörf viðkomandi fyrir niðurgreitt fé úr opinberum sjóðum heldur ræðst lánsréttur hans af því hvað sjóðstjórnin í hans lífeyrissjóði vill lána hinu opinbera mikið fé. Hér er ekki spurt um hálaunamann eða láglaunamann og sú staða getur komið upp að láglaunamanni eða launamanni með meðaltekjur sé synjað um fyrirgreiðslu eða fái lágmarksupphæðina 700 þús. kr. meðan sá betur setti, jafnvel hálaunamaður, fær hámarkslán með niðurgreiddum kjörum úr byggingarsjóðnum.

Hagstjórnartæki þau sem stjórnvöld hafa yfir að ráða til að jafna eigna- og tekjuskiptinguna gætu hér farið að virka öfugt, þ.e. að stuðla að eignamyndun þeirra betur settu með niðurgreiddu lánsfé meðan margir sem verr eru settir fá litla eða enga fyrirgreiðslu af niðurgreiddu lánsfé.

Fleira má til taka sem nauðsynlegt er að komi fram og menn geri sér fulla grein fyrir mismiklum lánsrétti húsbyggjenda og íbúðakaupenda skv. þessu frv. Þeim sem síst skyldi er eingöngu ætlaður lágmarksréttur eða 700 þús. kr. Ég nefni elli- og örorkulífeyrisþega sem engan rétt eiga í lífeyrissjóðum, ég nefni þá sem ekki geta verið á vinnumarkaði vegna fötlunar og örorku og ég nefni námsmenn sem skv. þessu frv. fá lágmarksrétt hafi þeir ekki greitt í lífeyrissjóð með fullnægjandi hætti í a.m.k. tvö ár. Þetta er veigamikill galli á þessu frv. sem nefnd sú sem fær það til meðferðar hlýtur að skoða og leiða hugann að hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta.

Ég spyr líka hæstv. félmrh. í ljósi þess ákvæðis sem í frv. er, að skilyrði fyrir lánveitingu er að viðkomandi hafi greitt a.m.k. tvö ár með fullnægjandi hætti til lífeyrissjóðs: Hvað með þá sem eru í hlutastarfi á vinnumarkaðnum og greiða því hlutfallslega minna en aðrir í lífeyrissjóð? Eiga þeir full réttindi ef þeir hafa greitt í lífeyrissjóð í tvö ár sem svarar iðgjöldum af hálfum dagvinnulaunum? Spurningin snýst um hvað þetta þýðir, hvernig má túlka það að greiða iðgjöld í tvö ár með fullnægjandi hætti. Við þessu er brýnt að fá fram svar ráðherra því að það er óþolandi að takmörkuð séu lánsréttindi þeirra sem ekki hafa aðstöðu til að vera á

vinnumarkaðinum nema hálfan daginn.

Ég vil einnig spyrja um ákvæði 2. gr. frv. þar sem segir að lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjald til tveggja eða fleiri sjóða næstu tvö árin áður en hann sækir um lán, ákvarðist með hliðsjón af þeim lánsréttindum sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita. Ég skil þetta ákvæði svo að hafi viðkomandi verið í tveim sjóðum eða fleiri síðustu tvö árin áður en hann sækir um lán eigi að taka meðaltal þeirrar hlutfallstölu sem viðkomandi sjóðir hafa ráðstafað til byggingarsjóðanna. Ég spyr: Ef þetta er rétt túlkun getur þá ekki komið upp sú einkennilega staða að húsbyggjandi eða íbúðarkaupandi hafi greitt mörg ár í sjóð sem að fullu hefur greitt 55% af ráðstöfunarfé sínu í byggingarsjóðina en síðasta árið áður en hann sækir um lán skipti viðkomandi um vinnu og greiði þar með í annan sjóð sem einungis hefur greitt 20% af ráðstöfunarfé sínu til byggingarsjóðanna? Það að viðkomandi ákveði að skipta um vinnu á síðustu mánuðum áður en hann sækir um lán og kannske þar með um lífeyrissjóð getur þá þýtt í reynd að lánsréttur hans skerðist um mörg hundruð þús. kr. Ég spyr hæstv. félmrh. því að ef svo er er hér um verulega ágalla á frv. að ræða og óeðlilegt að við það eitt að skipta um vinnu og þar með kannske lífeyrissjóð síðustu 1–2 árin áður en viðkomandi sækir um lán eigi hann á hættu að lánsréttur hans skerðist um mörg hundruð þús. kr.

Annað sem ber að hafa áhyggjur af er að einhverjir hópar sem eru utan lífeyrissjóða verði algerlega út undan með þessu nýja fyrirkomulagi og verði sviptir öllum lánsrétti úr byggingarsjóðunum. Skv. nafnaskrá lífeyrissjóðanna frá 1984 kemur fram að 25 þús. manns fædd 1967 og fyrr standi utan lífeyrissjóða, þar af á aldrinum 25–35 ára 6700 manns. Nú er tryggt með þessu frv. að heimavinnandi fólk sem er utan lífeyrissjóða fái lánsrétt og einnig námsmenn, aldraðir og öryrkjar. Það eru örugglega stærsti hluti þeirra 25 þús. manns sem utan lífeyrissjóða standa. En ég spyr hæstv. félmrh.: Er ekki hætta á því að það séu fleiri en þeir sem tilheyra þessum hópum sem standa utan lífeyrissjóða og fá þar af leiðandi engin lánsréttindi? Hefur þetta verið ítarlega kannað? Ég spyr hæstv. félmrh.: Getur verið að það sé verið að svipta einhverja lánsrétti sem utan lífeyrissjóða standa, lánsrétti sem þeir áður höfðu úr byggingarsjóðunum þegar lánsréttur var ekki tengdur sjóðsaðild í lífeyrissjóði? Þetta er mikilvægt að verði kannað og skýr svör fáist við.

Ég vil þá víkja að þeim skilyrðum fyrir lánsrétti sem sérstæðust eru í 2. gr. frv. Það er vissulega jákvætt að þeim sem hafa heimilisstörf að aðalstarfi skuli ætlaður fullur lánsrétttur í þessu frv., en sá réttur gildir bara ef um einstakling er að ræða sem hefur heimilisstarf að aðalstarfi. Ef sá einstaklingur tekur upp á því að fara í hjúskap eða sambúð gæti lánsréttur þess sem eingöngu stundar heimilisstörf dottið niður úr 2,1 millj. kr. í 700 þús. Lánsréttur hans verður nú allt í einu háður því hvaða rétt makinn hefur. Sama er að segja um hjón og sambýlisfólk. Þá er reiknað út meðaltal lánsréttar þeirra. Og hvað þýðir þetta í reynd? Jú, karlmaðurinn getur átt fullan rétt eða 2,1 millj. kr., en konan bara lágmarksrétt, 20% svo að dæmi sé tekið, sem þýðir að þessi litli réttur konunnar lækkar lánsrétt heimilisins til íbúðarkaupa úr 2,1 millj. kr., sem annars var fullur réttur karlsins, niður í 1,7 millj. kr.

Það má auðvitað velta ýmsu upp, hvaða afleiðingar slíkt hefur t.d. á hjúskap. Er hugsanlegt að þessar reglur ýti t.d. undir óvígða sambúð og dragi úr hjónaböndum? Ef hjónaband þýðir að fólk hefur kannske 400 þús. kr. minna til ráðstöfunar að koma sér þaki yfir höfuðið er ljóst að slíkar reglur, sem Alþingi er nú að samþykkja, gætu stuðlað að vaxandi líkum á óvígðri sambúð en dregið úr hjónaböndum. Ungt fólk, karl og kona, sem hyggja á hjónaband, gætu frekar kosið óvígða sambúð ef hjónaband þýddi að þau hefðu kannske úr nokkur hundruðum þús. kr. minna að spila af niðurgreiddu fjármagni til að koma sér þaki yfir höfuðið. Það stuðlaði líka að því að fólk mundi ekki skrá óvígða sambúð. Það ýtti undir að í slíku sambúðarformi yrðu ekki eignir skráðar á nafn beggja aðila og síðar meir, ef upp úr slíkri sambúð slitnaði, stæði annar aðilinn, sem oftast er konan, uppi allslaus og hefði engan rétt. Þetta vandamál er þegar mikið nú að því er óvígða sambúð varðar. Margir, ekki síst konur, standa uppi allslausir ef upp úr sambúð slitnar, jafnvel þó mikil eignamyndun hafi orðið í sambúðinni. Þessar reglur gætu enn aukið á það vandamál.

Sumir vilja líka halda því fram að þessar reglur, sem hér á að lögfesta, gætu ýtt undir hjónaskilnaði. Menn spyrja: Ef fjölskylda vill stækka við sig og getur það ekki, hafi til að mynda lánsréttur konunnar dregið mikið niður lánsrétt karlsins, hvaða afleiðingar hefur það þegar hjónaband þýðir kannske minni aðgang að opinberu niðurgreiddu lánsfé? Ég spyr því: Er það verjandi að Alþingi setji reglur sem leitt geta til fjárhagslegs taps fyrir fólk ef það gengur í hjónaband eða fjárhagslegs ávinnings ef hjón skilja? Við skilnað gætu hjónin bæði fengið fullan rétt eða sá aðili sem fullan lánsrétt hafði heldur þeim lánsrétti óskertum utan hjónabands meðan lánsréttur konunnar getur dregið hann svo niður að hann fái mörg hundruð þús. kr. minna að láni í hjónabandi. Hjónaskilnaðir í því tilfelli gætu því leitt til fjárhagslegs ávinnings fyrir karlinn því að kerfið verðlaunar honum skilnaðinn með því að lána honum þá mörg hundruð þús. kr. meira af opinberu fé. Hér er um svo alvarlega ágalla að ræða á þessu frv. að ég spyr: Er það verjandi fyrir Alþingi að lögfesta slíkt ákvæði sem leitt getur til þeirra kringumstæðna sem ég hef hér lýst? Ég vara við þessum ákvæðum og tel að sú nefnd sem málið fær til meðferðar verði að athuga gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að sníða þessa agnúa af frv. og t.d. miða við lánsrétt makans sem meiri rétt hefur.

Ég vil þá víkja að þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frv. á sérstökum lánum til einstaklinga með sérþarfir. Mér sýnist að hér sé um að ræða minni lán en núgildandi lög gera ráð fyrir. Í núgildandi lögum er kveðið á um að sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir nemi 80% af byggingarkostnaði eða kostnaði við endurbætur á húsnæði. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að lán til fólks með sérþarfir megi nema allt að 70% af samþykktri kostnaðaráætlun. Ég fæ ekki annað séð en að hér sé verið að lækka lánshlutfall úr 80% í 70%.

Ég spyr hæstv. félmrh. um þetta atriði og hvort rétt sé að hér sé um lækkun að ræða. Sé svo er nauðsynlegt að leiðrétta það nú við meðferð málsins á Alþingi því að ég trúi ekki að meiningin hafi verið að lækka lánveitingar til íbúðarhúsnæðis einstaklinga með sérþarfir.

Ég vil þá næst víkja að þeim ákvæðum í 3. gr. frv. sem

kveða á um að lán skuli skerðast um 2% fyrir hvern fermetra sem íbúðin er stærri en 170 fermetrar. Hér er enn verið að auka á þau stærðarmörk sem lán er veitt til af opinberu fé. Ég tel að það sé mjög varasamt að veita full lán eða 2,1 millj. kr. til þeirra sem byggja eða kaupa svo stórt húsnæði sem ákvæði þetta gerir ráð fyrir. Þegar úr takmörkuðu fjármagni er að spila er óeðlilegt að veita full lán til þeirra sem byggja eða kaupa svo stórt húsnæði sem hér er gert ráð fyrir og hlýtur að vera skynsamlegra að beina því niðurgreidda fjármagni, sem hið opinbera er hér að úthluta, fyrst og fremst til minni eigna eða hóflegrar stærðar af íbúðum. Ég tel að menn ættu að kynna sér vel þá skýrslu sem fyrir liggur um fasteignamarkaðinn og nefnd hefur unnið sem félmrh. setti á laggirnar. Það er í raun furðulegt að hæstv. félmrh. skuli mæla með þeim stærðarmörkum, sem hér er lagt til að fullur lánsréttur verði miðaður við, eftir að hann hefur kynnt sér niðurstöður þessarar nefndar. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í skýrslu þessarar nefndar um leiðir í húsnæðismálum þar sem sterklega kemur fram að varað er við þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið, að veita lán til svo stórra íbúða eða fasteigna.

Það kemur fram að nýting þess fjár sem veitt er úr hinu opinbera lánakerfi er ekki nægilega góð. Of mikið fé fer til að byggja stórt húsnæði. Síðan segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Þannig fóru um 25% lánsfjár til nýbygginga 1983 til fjölskyldna sem byggðu hátt í 60 fermetra að gólffleti á fjölskyldumeðlim eða stærra."

Enn fremur er bent á að nýbyggt íbúðarhúsnæði hafi farið stækkandi undanfarin ár. Nú er gólfflötur á mann í landinu 40 fermetrar, en þá sé enn eytt stórfé í að auka við húsnæði á hvern Íslending. Með því að draga úr þessari stækkun telur nefndin að ná megi fram betri nýtingu á því fé sem veitt er til húsnæðismála.

Í skýrslunni er bent á sem dæmi um áhrif þess sem kallað er nýbyggingarstefna að á árunum 1979–1983 hafi fjárfesting í stækkun húsnæðis á hvern Íslending numið meira en 15 milljörðum kr. Í skýrslunni er síðan bent á að árið 1983 voru byggðir rúmlega 220 þús. fermetrar af íbúðarhúsnæði. Segir í skýrslunni að það ár hefði mátt komast af með 100–115 þús. fermetra til að halda óbreyttum húsakosti miðað við fjölskyldu. Fram kemur í þessari athyglisverðu skýrslu að meðalstærð íbúða sem byggðar voru eftir 1980 var rúmlega 160 fermetrar. Mikill hluti af hinu opinbera lánsfjármagni hafi þannig farið til byggingar eða kaupa á stóru húsnæði. Sem dæmi um áhrif þess á nýtingu lánsfjár kemur fram í skýrslunni að 1 kr. af hverjum 4 sem veitt var til nýbyggingar fór til fólks sem var að byggja um 60 fermetra að gólffleti fyrir hvern fjölskyldumeðlim eða stærra.

Ég held að okkur þm. sé skylt að taka tillit til þessara athyglisverðu ábendinga sem fram koma í þessari skýrslu því að hér er verið að marka nýja útlánastefnu í húsnæðismálum, stefnu sem gengur í raun þvert á það sem fram kemur í þessari skýrslu því að hér er lagt til að stærðarmörk sem lán eru veitt til af opinberu niðurgreiddu lánsfé verði stóraukin eða úr 130–150 fermetrum í 170 fermetra. Spurningin sem við verðum að svara þegar við mörkum hér nýja útlánastefnu er þessi: Er eðlilegt að 25% lánsfjár renni til fjölskyldna sem byggðu hátt í 60 fermetra að gólffleti á fjölskyldumeðlim eða stærrra eins og gerst hefur? Er eðlilegt að á fjögurra ára tímabili nemi fjárfesting vegna stækkunar húsnæðis á hvern Íslending meira en 15 milljörðum kr. eins og gerðist á árunum 1979–1983? Er eðlilegt að 1 kr. af hverjum 4 af niðurgreiddu opinberu lánsfé renni til fólks sem var að byggja um 60 fermetra að gólffleti fyrir hvern fjölskyldumeðlim eða stærra? Ef menn eru sammála um að óeðlilegt sé að af opinberu niðurgreiddu lánsfé renni svo gífurlega mikið fjármagn til stækkunar húsnæðis og svo stórra íbúða og húseigna sem hér hefur verið lýst, sem menn verða að átta sig á að er á kostnað þess að styðja betur við bakið á þeim sem eru að koma sér upp hóflegri stærð af húsnæði og einnig á kostnað aukningar á félagslegu íbúðarhúsnæði, ef menn svara þessum spurningum játandi er ljóst að við erum að marka ranga útlánastefnu með þessu frv. Við erum að stýra miklu af niðurgreiddu opinberu lánsfé í rangan farveg. Við erum með þeirri útlánastefnu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, ekki eingöngu að viðhalda þeirri stefnu sem fylgt hefur verið um að stór hluti af opinberu lánsfé renni í stórt íbúðarhúsnæði, stefnu sem gagnrýnd er í þeirri skýrslu sem ég vitnaði í, heldur erum við líka að ýta undir enn frekari stækkun íbúðarhúsnæðis frá því sem verið hefur. Ég er þeirrar skoðunar að af niðurgreiddu opinberu lánsfé eigi eingöngu að lána til hóflegrar stærðar af íbúðarhúsnæði. Ef einhverjir hafa efni á að byggja stórt yfir sig á það að vera þeirra mál og þeir eiga ekki að fá styrki til þess af fé skattborgaranna með niðurgreiddum lánum sem skattgreiðendur verða að standa undir.

Í þessum tillögum er af lagt allt sem heitir viðmiðun við fjölskyldustærð. Núgildandi reglur eru þannig að tveggja til fjögurra manna fjölskylda fær fullt lán upp að 129 fermetrum. Ef byggt er stærra skerðist lánið. Fimm manna fjölskylda fær skv. núgildandi reglum fullt lán miðað við 149 fermetra húsnæði, en ef byggt eða keypt er stærra húsnæði skerðist lánið. Skv. þeim reglum sem nú eiga að taka við er engin viðmiðun við fjölskyldustærð og þess vegna getur einstaklingur eða 2–3 manna fjölskylda fengið fullt lán óskert, 2,1 millj. kr., vegna húsnæðis sem er allt að 170 fermetrar, en þá byrjar lánið fyrst að skerðast.

Í þessu sambandi vil ég benda á að í raun er opnað fyrir heimild til að lána fullt lán fyrir enn stærra húsnæði í fermetrum en 170 fermetra. Í frv. eru 170 fermetrar miðaðir við innanmál útveggja hússins alls að frádregnum bílskúr. Þetta svarar til 185–190 fermetra eignar ef miðað er við stærðarreiknireglur Fasteignamats ríkisins. Og þó í grg. sé sagt að ekki sé veitt lán til íbúðar sem er 220 fermetrar eða stærra er í reynd verið að tala um 270 fermetra húsnæði ef miðað er við þær reglur sem Fasteignamat ríkisins notar.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að eyða í þetta nokkrum orðum því að ég óttast að þessi nýja útlánastefna muni enn auka á að mikið af niðurgreiddu opinberu fé, jafnvel enn meira en áður, renni til fólks sem er að byggja sér svo stórt húsnæði að óeðlilegt sé að styrkja slíkt af fé skattgreiðenda.

Ljóst er af þessu frv. að ýmsir endar eru enn lausir í því samkomulagi sem gert var um húsnæðismálin í nýgerðum kjarasamningum. Ég nefni einn veigamikinn þátt sem snýr að hagsmunum þeirra sem nú eru að kikna undan oki fjárhagsskuldbindinga, þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar. Í athugasemdum með frv. eru gefin fyrirheit um húsnæð-

isafslátt án þess að greint sé frá hve mikill sá afsláttur verður. Er ætlunin samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum að setja á laggirnar starfshóp sem útfærir tillögur í því efni.

Meðan ekki liggur ljóst fyrir hvað sá húsnæðisafsláttur verður mikill er erfitt að átta sig á því hvaða úrbótum þetta muni skila fyrir þá sem nú eru í greiðsluerfiðleikum. Að vísu liggur fyrir að verja eigi um 300 millj. kr. til viðbótarlána fyrir þá sem eru í greiðsluerfiðleikum, en það svarar ekki þeirri sanngjörnu kröfu sem þeir sem eru í greiðsluerfiðleikum hafa sett fram. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í bréf áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Margt fólk hefur misst húsnæði sitt fyrir lítið, aðrir ramba á barmi gjaldþrots og mörg heimili eru í upplausn. Við erum nú að súpa seyðið af stefnu í lánskjara- og launamálum sem ekki hefur gengið upp fyrir stóran hóp í þjóðfélaginu, einkum þá sem litlar tekjur hafa. Ráðamenn hafa margoft viðurkennt þetta í orði og nú verða þeir að vera menn til að axla ábyrgðina í verki með myndarlegum aðgerðum."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Með því að bjóða okkur sífellt upp á ný neyðarlán eruð þið í raun að endurlána okkur peninga sem þið hafið þegar tekið af okkur með óréttmætum hætti. Við krefjumst því leiðréttingar aftur í tímann, auk þess sem við teljum okkur eiga rétt á því að njóta allrar þeirrar lánafyrirgreiðslu sem nýtt húsnæðiskerfi kann að bjóða upp á."

Þeirri kröfu hefur enn ekki verið svarað eða viðurkennt í verki að bæta þurfi fólki upp þær hrikalegu umframgreiðslur sem þetta fólk hefur þurft að standa undir vegna misgengis launa og lánskjara. Það er orðið brýnt að ná pólitískri samstöðu um að rétta hlut þeirra sem byggðu eftir 1980 og eru að kikna undan oki mikillar greiðslubyrðar og fjárhagserfiðleika sökum misgengis launa og lánskjara á umliðnum árum. Það er ljóst að þeir sem byggðu eða keyptu íbúðarhúsnæði eftir 1980 nutu aðstoðar verðbólgu og niðurgreiddra lána við fjármögnun íbúða sinna. Ekki alls fyrir löngu voru birtar þær athyglisverðu niðurstöður að fyrir tíu árum fóru 18 mánaðarlaun í að fjármagna þriggja herbergja íbúð. Nú fara 50 mánaðarlaun í að fjármagna eignina.

Það hlýtur að teljast sanngjarnt að lagt sé fram fjármagn til að jafna húsnæðiskostnað og rétta hlut þeirra sem byggðu eða keyptu á undanförnum árum meðan misgengi launa og lánskjara var sem mest. Um það hafa þm. Alþfl. lagt fram till. sem felur í sér að jafna húsnæðiskostnað milli mismunandi hópa í þjóðfélaginu með því að létta skuldabyrði þeirra sem harðast hafa orðið úti vegna íbúðaröflunar á s.l. árum. Það er lagt til að endurgreiða hluta af kostnaði við öflun íbúðarhúsnæðis til aðila sem keyptu eða byggðu á árunum 1980–1985 og urðu fyrir mikilli hækkun skulda vegna misgengis launa og lánskjara. Þar er lagt til að til grundvallar skuli leggja hækkun á skuldum sem sannanlega verða raktar til íbúðakaupa eða íbúðabygginga á tímabilinu 1980–1985 og nemi endurgreiðsluhlutinn 50% af þeirri hækkun sem átt hefur sér stað fram til 31. desember s.l., umfram hækkun almenns kaupgjalds í landinu. Endurgreiðsluhlutinn renni síðan til þess að greiða í fyrsta lagi vanskil, í öðru lagi lækka skammtímaskuldir viðkomandi og í þriðja lagi lækka skuldir viðkomandi til langs tíma.

Hér er um að ræða lausn á vanda þeirra sem nú eru í greiðsluerfiðleikum sem sannarlega mun skila sér til þessa fólks og bæta stöðu þess verulega. Ég tel, herra forseti, að það sé erfitt fyrir þingið að afgreiða þetta frv. um húsnæðismál án þess að á raunhæfan hátt sé tekið á vanda þeirra sem eru í greiðsluerfiðleikum. Hér á aðeins að veita fólki viðbótarlán sem ekki leysir þann mikla greiðsluvanda sem margar fjölskyldur eru í, auk þess sem möguleikar eru á því samkvæmt frv. að sá, sem misst hefur íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni vegna greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots, geti fengið fullan lánsrétt. Ég dreg í efa að þetta nýtist þeim sem helst þurfa, fólki sem er fjötrað í skuldum og hefur veðsett eign sína að fullu. Því nýtist ekki viðbótarlán og heldur ekki þó að því fólki sé tryggður sami réttur og þeim sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, þ.e. fullur lánsréttur. Hvernig ætla menn þessu fólki að borga til baka slík lán þegar það stendur ekki undir þeim skuldum sem fyrir eru og þegar hvíla á eigninni?

Ég tel að 300 milljónir sem verja á í viðbótarlán kæmu þessu fólki fyrst til góða og yrðu til að rétta hlut þeirra verulega ef farin yrði sú leið sem lögð er til í frv. Kjartans Jóhannssonar og fleiri um jöfnun húsnæðiskostnaðar og endurgreiðslu í því sambandi. Spurningin er sú: Er hægt að ná pólitískri samstöðu um slíka lausn nú við afgreiðslu málsins? Þm. Alþfl. munu nú reyna að ná samstöðu um þetta mál hér á þinginu og flytja um það brtt. við meðferð málsins hér á Alþingi.

Í þessu frv. fylgir einnig með loforð um að ríkisstj. beiti sér fyrir því að húsbyggjendum og -kaupendum verði gefinn kostur á lengingu lánstíma í bönkum og sparisjóðum, þannig að lánstíminn verði a.m.k. 10 ár. Spurningin er: Hvað líður þessum síendurteknu loforðum um lánalengingu í bönkum? Hvað geta húsbyggjendur og -kaupendur treyst á þetta síendurtekna loforð ríkisstj. um að lánalenging eigi sér stað og skuldbreyting á skammtímalánum til a.m.k. 10 ára í bankakerfinu? Ég tel að ef ekkert verður að gert fyrir þá sem nú eru í miklum greiðsluerfiðleikum umfram það sem kemur fram í þessu frv. þá komi það í reynd að litlu gagni fyrir þá sem nú eru með eigur sínar á nauðungaruppboði eða standa frammi fyrir gjaldþroti af því að skuldir þeirra eru orðnar svo risavaxnar að ekki verður við neitt ráðið miðað við óbreyttar aðstæður eða frekari lausnir af hálfu ríkisstj.

Ég hlýt hér í lokin, herra forseti, að fara nokkrum orðum um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðarbyggingar sem mér sýnist að sé nokkuð hornreka og ekki fyrirsjáanlegt að hægt sé að auka mikið félagslegar íbúðarbyggingar miðað við þær tillögur sem hér liggja fyrir. Því ber vissulega að fagna að lánshlutfall til byggingar verkamannabústaða sé hækkað úr 80 í 85% af byggingarkostnaði, en það er þó enn undir því sem var áður en núv. ríkisstj. tók við, en þá var lánshlutfallið 90% af byggingarkostnaði.

Auðvitað er ljóst að mjög margir ráða ekki við útborgun í verkamannabústaðaíbúðum. Samt er þetta hagstæðasti kosturinn sem nú er fyrir hendi í húsnæðismálum. Nýlega kom fram í blaði að fólk, sem er innan þeirra tekjumarka sem sett eru sem skilyrði til að eiga rétt á að kaupa íbúð innan verkamannabústaðakerfisins, hefur ekki efni á því að kaupa þessar íbúðir af því að

það ræður ekki við útborgunina. Vitnað var til þess að á Sauðárkróki sé verið að byggja 14 íbúða fjölbýlishús á vegum verkamannabústaða og hefur gengið mjög treglega að selja þessar íbúðir. Það er vitaskuld ljóst að láglaunafólki, sem ætlaðar eru þessar íbúðir, er um megn að standa undir útborgun, jafnvel þó hún verði lækkuð niður í 15% eins og hér er gert ráð fyrir. Af íbúð sem kostar 2,3 millj. þarf fólk að greiða 460 þús. kr. í útborgun. Og jafnvel þó útborgunarhluti þess verði 15% eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá er engu að síður um að ræða 345 þús. kr. sem mörgu láglaunafólki er um megn að standa undir. Þennan vanda leysa hugmyndir um kaupleiguíbúðir sem Alþfl. hefur lagt fram á Alþingi, og ekki bara á Alþingi því í borgarstjórn hefur borgarfulltrúi Alþfl. lagt fram tillögu um að 90 millj. kr. verði varið til kaupleiguíbúða fyrir ungt fólk. Í kaupleigufyrirkomulaginu er ekki um neina útborgun að ræða heldur fastar, tiltölulega lágar mánaðargreiðslur.

Ég skal ekki, herra forseti, tefja tíma þingsins með því að fara ítarlega út í kosti kaupleigufyrirkomulagsins enda hef ég nýlega mælt fyrir þáltill. um það efni þar sem ítarlega var rakið kaupleigufyrirkomulagið. Það er ljóst að kaupleiguíbúðir sameina kosti eignaríbúða, leiguíbúða, búseturéttaríbúða og verkamannabústaða. Þær tillögur, sem Alþfl. hefur lagt fram í því efni, leysa ekki bara útborgunarvanda láglaunafólks í verkamannabústaðakerfinu, heldur einnig á almenna markaðnum því í okkar tillögum er gert ráð fyrir að kaupleiguíbúðir verði einnig á almennum markaði fjármagnaðar gegnum Byggingarsjóð ríkisins. Þessi nýja lausn í húsnæðismálum leysir því þann vanda sem er hvað stærstur hjá fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið, þ.e. að eiga fyrir útborguninni og þurfa að brúa það bil t.d. með skammtímalánum í bönkum. Að því er Byggingarsjóð ríkisins varðar í þessu frv. þá fær fólk aldrei lánað meira en sem nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar, eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar. Þetta þýðir að ef miðað er við íbúð sem kostar 2,3 millj., þá þarf fólk að reiða fram um 700 þús. kr. sem það vafalaust þarf að verulegu leyti að brúa gegnum skammtímalán í bankakerfinu þar sem ráð er fyrir því gert að lífeyrissjóðirnir muni draga úr sínum lánveitingum til sjóðfélaga kaupi þeir fyrir 55% af sínu ráðstöfunarfé skuldabréf af byggingarsjóðunum.

Þetta vandamál, bæði í félagslegum íbúðarbyggingum og á almennum markaði, er leyst með þeim tillögum sem Alþfl. hefur flutt hér á Alþingi. Það verður að ætla að þm. sjái hvað hér er um góðan kost í húsnæðismálum að ræða sem ekki er dýrari fyrir ríkissjóð en þær tillögur sem hér er lagt til að lögfestar verði. Þm. Alþfl. munu því freista þess við afgreiðslu þessa frv. að flytja við það brtt. sem opnar fyrir lánveitingar til kaupleiguíbúða jafnt í félagslegum íbúðarbyggingum sem á almennum markaði. Ég trúi ekki öðru en að um það geti náðst samstaða. Og ég trúi því ekki að óreyndu að verkalýðshreyfingin hafi á móti því að slík brtt. komi fram og að slík breyting sé gerð á því samkomulagi sem gert var í húsnæðismálum í nýgerðum kjarasamningum. Kaupleiguíbúðir eru sá kostur sem mun koma launþegum miklu betur en þær tillögur sem hér liggja fyrir. Því tel ég að slíkur kostur og slík breyting á frv. hljóti að vera ásættanleg lausn fyrir alla aðila sem hlut eiga að máli.

Ég verð að segja að þar sem þessar tillögur sem hér eru til umræðu eru byggðar á samkomulagi sem gert var við verkalýðshreyfinguna þá kemur það mér á óvart hvað lítil áhersla er í þeim lögð á að styrkja félagslegar íbúðarbyggingar og veita til þess auknu fjármagni þannig að hægt sé að auka þær verulega.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvers megi vænta í því máli. Hér er lagt til að stórauknu fjármagni verði varið til húsnæðismála. Samkvæmt þeim útreikningum sem fyrir liggja og út frá er gengið er gert ráð fyrir að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna verði á næsta ári aukin úr 1,6 milljörðum í 3,1 samkvæmt útreikningum, til að ríkissjóður geti að fullu staðið við útlánaáætlun sem fram kemur í grg. með þessu frv. og er sem hér segir:

Eðlileg eftirspurn eftir lánum til kaupa á nýjum íbúðum er talin svara til byggingar 1400 íbúða á ári. Fyrstu tvö árin verði eftirspurnin þó meiri en sem nemur lánum til 1600 íbúða. Þar af verði 800 lántakendur sem ekki eiga íbúð fyrir og njóta því forgangs. Eðlileg eftirspurn eftir lánum til kaupa á notuðum íbúðum er talin vera 2000, en jafnframt er bætt við 200 fyrstu árin. Þar af er gert ráð fyrir að um 1100 lán gangi til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir. Ef við þetta er staðið þá þarf ríkissjóður að leggja fram á næsta ári 2,6 milljarða, en framlag ríkissjóðs á yfirstandandi ári er 1,6 milljarðar. Ef hins vegar lánveitingum til þeirra sem eiga íbúð fyrir er frestað um eitt ár, þá þarf ríkissjóður að leggja fram 1 milljarð á næsta ári. Ef þetta verður með þeim hætti að þeir þurfa að bíða í eitt ár sem eiga íbúð fyrir, þá þýðir það að um verulega lækkun á ríkisframlagi er að ræða frá því sem nú er.

En ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er einungis ætlunin að leggja Byggingarsjóði verkamanna til 200 millj. kr. aukið framlag? Eða hversu mikið mun hann fá af því aukna fjármagni sem inn í húsnæðislánakerfið kemur?

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Þó þetta frv. veiti mörgum aukinn lánsrétt frá því sem nú er, þá eru ágallar þess margir og það svo að þeir sem áður höfðu rétt úr húsnæðiskerfinu fá jafnvel engan rétt. Ef ég dreg saman í örstuttu máli veigamestu galla frv. og þær spurningar sem ég hef lagt fyrir bæði hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., þá er það þannig í stuttu máli:

Í fyrsta lagi. Vegna breyttrar útlánastefnu í þessu frv. stendur fjárhagsgrundvöllurinn afar veikt. Getur ríkissjóður orðið að taka á sig 5,6 milljarða greiðslur eingöngu vegna vaxtamismunar á næstu 10 árum, miðað við 6% endurgreiðslu vaxta til lífeyrissjóðanna, og miðað við 9% þarf ríkissjóður að taka á sig 12,4 milljarða. Ég lagði fram spurningar í upphafi míns máls til hæstv. fjmrh. sem ég vil ítreka. Ég lagði þá spurningu fyrir hæstv. fjmrh., og geri nú, hvort hann sé tilbúinn til að lækka vexti þá sem ríkissjóður býður á almennum lánsfjármarkaði til að bæta samningsstöðu við lífeyrissjóðina og stuðla þar með að því að þetta lánsfjármagn lífeyrissjóðanna fáist á ekki hærri en 6% vöxtum? Ég sé ekki annað, hæstv. fjmrh., en að ef ríkisstj. og hæstv. fjmrh. beita sér ekki fyrir lækkun vaxta, þá þýði það að ríkissjóður verði að greiða lífeyrissjóðunum 9% vexti, því að í 1. gr. frv. er sagt að lánskjör af skuldabréfum skuli miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði.

Í öðru lagi liggur ekki fyrir heildarsamkomulag við alla lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup eða með hvaða

kjörum byggingarsjóðirnir fái lánsfjármagn frá þeim. Heildarsamkomulag liggur sem sé ekki fyrir við þá aðila sem standa eiga undir auknum lánsrétti samkvæmt þessu frv.

Í þriðja lagi tel ég að miklir ágallar séu á frv. varðandi lánsréttinn, sem leitt getur til mikils mismunar á lánum til einstaklinga úr byggingarsjóðunum, mismunar sem verður að teljast óeðlilegur ekki síst þegar um er að ræða niðurgreitt lánsfé sem greitt er af fé skattborgaranna. Ég hef lagt fyrir hæstv. félmrh. ýmsar spurningar í því sambandi sem ég vænti að hann svari. Spurningar varðandi lánsréttinn eru um réttindi þeirra sem eru í hlutastarfi:

Fá þeir sem eru í hlutastarfi full réttindi, hámarkslán 2,1 millj. ef þeir hafa greitt iðgjöld af hálfum dagvinnutekjum í tvö ár? Ég spyr líka: Telur félmrh. eðlilegt að lögfesta ákvæði sem geti mismunað lántakendum, ákvæði sem í raun geta leitt til þess að hátekjumaður fær meira lán af opinberu fé en lágtekjumaður? Telur félmrh. eðlilegt að örorkulífeyrisþegar eða þeir sem vegna fötlunar og örorku geta ekki verið á vinnumarkaðnum, svo og námsmenn, fái lágmarksrétt? Telur félmrh. ekki hættu á að um geti verið að ræða nokkurn hóp, auk námsmanna og örorkuþega, sem standa algerlega fyrir utan lífeyriskerfið og fá þar af leiðandi engin réttindi samkvæmt þessu frv., hvorki úr byggingarsjóðunum né frá lífeyrissjóðunum? Ég spyr: Getur verið hætta á að hópur manna, sem ekki eru í lífeyrissjóði og áður gátu fengið lán hjá Húsnæðisstofnun, að þeir séu sviptir þeim rétti og hafi enga möguleika á lánum? Ég minni á nafnaskrá lífeyrissjóða frá 1984 þar sem fram kemur að 25 000 manns séu utan lífeyrissjóða. Stærsti hópurinn þar er heimavinnandi fólk, námsmenn, elli- og örorkulífeyrisþegar sem tryggður er réttur með þessu frv. En eru ekki í þessum 25 000 manna hópi, sem er utan lífeyrissjóða, aðrir hópar sem sviptir eru lánsrétti af opinberu fé til húsnæðisöflunar með ákvæðum þessa frv.? Ég vil ekki fullyrða að svo sé, en ég spyr félmrh.: Hefur verið gengið úr skugga um að svo sé ekki?

Ég spyr líka ráðherra, þar sem að því er stefnt að veita stórauknu fjármagni til húsnæðismála: Er ekki eðlilegt að tengja fyrirgreiðslu til G-lána, þ.e. kaupa á eldra húsnæði, því að útborgunarhlutfall lækki og að það verði skilyrði fyrir lánveitingum til kaupa á eldra húsnæði?

Ég spyr ráðherra líka: Hvað með þá sem skipta um vinnu á síðustu mánuðum áður en sótt er um lán og kannske þar með um lífeyrissjóð? Getur það þýtt í reynd að lánsréttur viðkomandi skerðist um mörg hundruð þúsund kr. þar sem lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjöld til tveggja eða fleiri sjóða síðustu tvö árin, ákvarðast með hliðsjón af þeim lánsréttindum sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita?

Ég spyr líka félmrh.: Telur hann verjandi að lögfesta ákvæði um lánsrétt sem ýtt geta undir óvígða sambúð, reglur sem leitt geta til fjárhagslegs taps fyrir fólk ef það gengur í hjónaband, eða fjárhagslegs ávinnings fyrir hjón ef þau skilja?

Ég óska einnig svars ráðh. við því hvort í reynd sé verið að lækka lán til einstaklinga með sérþarfir, úr 80% í 70%.

Ég spyr um afstöðu ráðherra til ákvæða um stærðarmörk. Telur hann forsvaranlegt, miðað við þá niðurstöðu sem liggur fyrir hjá Fasteignamati ríkisins um að t.a.m. árið 1983 fóru 25% lánsfjár til fjölskyldna, sem byggðu hátt í 60 m^2 að gólffleti á hvern fjölskyldumeðlim eða stærra, er það forsvaranlegt, ég spyr, að rýmka enn stærðarmörkin og að af niðurgreiddu opinberu fé fari því mikið fjármagn til óhóflega stórs húsnæðis?

Ég spyr einnig ráðherra um aukningu á félagslegum íbúðarbyggingum: Má vænta miðað við ákvæði frv. að aukning verði á félagslegum íbúðarbyggingum eða er einungis ráð fyrir því gert að lítill hluti af auknu fjármagni byggingarsjóðanna fari til að auka félagslegar íbúðarbyggingar?

Og ég spyr ráðherra í lokin að því hvort hann muni beita sér fyrir því hér við afgreiðslu málsins að opnuð verði heimild til að lána til kaupleiguíbúða, hvort hann muni styðja þá till. sem þm. Alþfl. munu leggja hér fram við afgreiðslu málsins um það að opna fyrir lagaheimild til að lána til bygginga eða kaupa á kaupleiguíbúðum?

Ég hef hér dregið saman nokkrar helstu spurningar sem fram komu fyrr í ræðu minni og ég óska eftir að hæstv. félmrh. svari.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að ræða hér nokkuð ítarlega ýmsa ágalla sem ég sé á þessu frv. og ég taldi brýnt að hv. þm. leiddu hugann að og sú þingnefnd sem málið fær til meðferðar skoðaði sérstaklega. Ég geri mér grein fyrir því að stuttur tími er til stefnu, en engu að síður er ekki verjandi að þingið afgreiði frá sér svo stórt mál með svo alvarlegum ágöllum sem ég hef hér lýst. Að vísu geri ég mér grein fyrir að hæstv. félmrh. hafði að vísu lítið um það að segja hvernig þessi frumvarpssmíð var úr garði gerð því að hér er fyrst og fremst um að ræða ákvæði sem samið var um í nýgerðum kjarasamningum og ríkisstj. hefur lagt fram frv. um hér á hv. Alþingi. En hæstv. ráðh. getur vissulega haft mikið um það að segja hvort alvarlegustu ágallarnir verði sniðnir af frv.

Ég vil í lokin, herra forseti, að það komi skýrt fram að þrátt fyrir þá ágalla, sem ég hef hér rakið, þá er vissulega í þessu frv. reynt að finna leið til að stuðla að stórauknum lánsrétti og betri lánskjörum til húsbyggjenda og íbúðarkaupenda en verið hefur. Engu að síður er það mín skoðun að ágallar þessa frv. séu margir og einnig það að ég tel að hægt hefði verið að finna betri lausn fyrir launafólk í húsnæðismálum en þetta frv. gerir ráð fyrir, og á ég þar ekki síst við kaupleiguíbúðirnar. Þar sem um er að ræða mál sem vafalaust var ein af meginforsendum þess að samningar tókust milli aðila vinnumarkaðarins í nýgerðum kjarasamningum þá geri ég mér grein fyrir að erfitt verður að ná fram nauðsynlegustu breytingum og lagfæringum á þessu frv. En það er þó skylda alþm. að ganga svo frá þessu máli að verstu ágallar verði af því sniðnir, ágallar sem hætta getur verið á að mismuni fólki mikið að því er lánsrétt varðar af niðurgreiddu opinberu fé til húsnæðismála.

Herra forseti. Ég ítreka í lokin það sem fram kom fyrr í mínu máli að þm. Alþfl. munu flytja brtt. sem heimila að lána úr byggingarsjóðunum til kaupleiguíbúða, sem og að jafnaður verði húsnæðiskostnaður þeirra sem byggðu eftir 1980, þannig að endurgreiddur verði hluti umframgreiðslna vegna misvægis launa og lánskjara á umliðnum árum.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það sneiðist nú mjög um fundartímann hér hjá okkur. Ég ætla aðeins að rifja upp nokkur atriði og þá fyrst: Við hvaða aðstæður gerði verkalýðshreyfingin í landinu þá kjarasamninga sem um er að ræða og eru forsenda þessa frv., við hvaða aðstæður í húsnæðismálum? Ég ætla að benda á eitt sem sýnir það ákaflega vel af hverju verkalýðshreyfingin hlaut að taka húsnæðismálin í rauninni fram yfir flesta aðra málaflokka í þessum kjarasamningum. Það má nefna mörg dæmi til að sýna fram á þá nauðsyn. Ég ætla að dveljast við einn þátt. Það eru nauðungaruppboðin hér í höfuðstað landsins. Frá því 12. nóvember 1985 til 14. apríl 1986 hafa verið seldar í Reykjavík 19 íbúðir á nauðungaruppboðum, 19 íbúðir aðeins á örfáum mánuðum. Það er athyglisvert að sjá lista yfir þessi nauðungaruppboð, en mér barst hann í hendur í dag frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Ég ætla að fara yfir hann, herra forseti:

12. nóvember fer fram nauðungaruppboð þar sem íbúð er seld á 4,4 millj. kr. Áhvílandi kröfur eru 7,4 millj. kr.

18. nóvember fer fram nauðungaruppboð. Þar er söluverð 3,6 millj. kr. Áhvílandi kröfur eru 6,2 millj. kr.

27. nóvember fer fram nauðungaruppboð. Þar er söluverð 1,1 millj. kr. Áhvílandi kröfur eru 2,4 millj. kr.

4. desember fer fram nauðungaruppboð á íbúð í eigu Verkamannabústaðanna í Reykjavík.

5. febrúar fer fram nauðungaruppboð á íbúð í eigu Verkamannabústaðanna í Reykjavík.

6. febrúar fer fram nauðungaruppboð þar sem söluverðið er 1,7 millj. kr. en áhvílandi kröfur eru 3 millj. kr.

11. febrúar fer fram nauðungaruppboð á íbúð í eigu Verkamannabústaðanna í Reykjavík.

11. febrúar fer fram nauðungaruppboð á íbúð sem er í eigu Verkamannabústaðanna í Reykjavík.

13. febrúar fer fram uppboð á íbúð sem er í eigu Verkamannabústaðanna í Reykjavík.

13. febrúar fer fram nauðungaruppboð þar sem söluverðið er 850 þús. kr. á heilli íbúð en kröfurnar sem á henni hvíla eru 2,2 millj. kr.

14. febrúar fer fram nauðungaruppboð í Reykjavík. Söluverðið er 2,8 millj. kr. Áhvílandi kröfur eru 3,9 millj. kr.

14. febrúar, eða sama dag, fer fram nauðungaruppboð. Söluverðið er 1 millj. kr. Áhvílandi kröfur eru 9,8 millj. kr.

19. febrúar fer fram nauðungaruppboð á íbúð í eigu Verkamannabústaðanna í Reykjavík.

25. febrúar fer fram nauðungaruppboð. Söluverð er 2 millj. kr. Áhvílandi eru 2,4 millj. kr.

17. mars fer fram nauðungaruppboð í Reykjavík. Söluverðið er 2,8 millj. kr. Áhvílandi kröfur eru 5,7 millj. kr.

6. desember fer fram nauðungaruppboð á íbúð í eigu Verkamannabústaðanna í Reykjavík.

13. desember fer fram nauðungaruppboð á lítilli íbúð vestur í bæ. Söluverðið er 800 þús. kr. Áhvílandi kröfur eru 1,5 millj. kr.

17. janúar fer fram nauðungaruppboð á íbúð í Reykjavík. Söluverðið er 3,6 millj. kr. Áhvílandi kröfur á þessari íbúð eru 8,6 millj. kr.

20. janúar fer fram nauðungaruppboð á íbúð í eigu Verkamannabústaðanna í Reykjavík.

4. febrúar fer fram nauðungaruppboð. Söluverð lítillar íbúðar er 205 þús. kr. Áhvílandi kröfur eru 305 þúsund kr.

Herra forseti. Ég hef rakið hér 19 dæmi um íbúðir sem á síðustu mánuðum hafa verið seldar ofan af fólki á nauðungaruppboðum aðeins hér í Reykjavík. Það var við þessar aðstæður sem verkalýðshreyfingin í landinu hlaut að taka húsnæðismálin út úr og leggja á þau höfuðáherslu í þeim kjarasamningum sem núna eru gengnir yfir. Það er athyglisvert að virða þessar tölur fyrir sér, þar sem samtals er um að ræða söluverð upp á 28,1 millj. kr. en kröfurnar í þessum nauðungaruppboðum eru upp á 62 millj. kr. Það sem á milli ber, tap kröfuhafa af ýmsu tagi, er upp á u.þ.b. 34 millj. kr. — aðeins af þessum 19 íbúðum. Og það er einnig athyglisvert hverjir það eru sem hirða tekjur af þessu ástandi. Innheimtulaun, aðeins á þessum 19 íbúðum, eru í kringum 100 000 kr. Og tekjur ríkissjóðs, aukatekjur ríkissjóðs af þessum nauðungaruppboðum — sem hann hefur alveg extra upp úr krafsinu af því að íbúðir fara á nauðungaruppboð — eru hvorki meira né minna en 130 þús. kr. af aðeins 19 íbúðum. Við þessar aðstæður hlaut verkalýðshreyfingin í landinu að taka húsnæðismálin út úr og leggja á það áherslu að þau fengju sérstaka afgreiðslu í tengslum við kjarasamningana.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara mjög ítarlega yfir þessi mál og þetta frv. vegna þess að ég mun eiga kost á því að starfa í þeirri nefnd sem málið fær til meðferðar. Ég vil aðeins vekja athygli á nokkrum efnisatriðum frv. og þeirrar grg. sem því fylgir.

Það er þá fyrst varðandi 2. gr. frv. Þar stendur að hér eigi að takmarka við þá sem greitt hafa iðgjöld til lífeyrissjóða tvö undanfarandi ár áður en umsókn er lögð fram. Spurningin er sú hvort hér þarf að vera um samfelldan tíma að ræða. Þetta er atriði sem nefndin þarf að glöggva sig á áður en frá málinu er gengið.

Ég kem þá að nokkrum efnisatriðum öðrum í 2. gr. frv. Og ég verð að segja eins og er, herra forseti, ég tel að þarna sé um nokkuð flóknar reglur að ræða. Ég veit hvað mönnum gengur til, þ.e. að knýja lífeyrissjóðina til þess að kaupa skuldabréf fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu. En hér er farið býsna nákvæmlega í saumana á hlutunum. Það er talað um fjórðung ársverks í 2. málsgr. á bls. 2. Hvað ef um er að ræða 24% ársverks eða 23%? Er þetta ekki of nákvæm aðgreining á hlutunum?

Í 3. málsgr. á bls. 2 segir: „Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fullnægja ekki skilyrðum þessarar málsgr., eiga lágmarkslánsrétt skv. 1. málsgr. þessarar greinar." Það er vel að ganga þannig frá hnútunum að elli- og örorkulífeyrisþegar geti a.m.k. fengið lágmarkslánsrétt, eða 20%. En í sömu grein er kveðið á um það að þeir sem eru heimavinnandi geti fengið fullan lánsrétt, eða 55%. Þýðir með öðrum orðum það að aldraðir, eða öryrkjar í þessu tilviki, hljóta að freistast til þess að skrá sig heimavinnandi og ná þannig 55% rétti.

Ég vil einnig vekja sérstaka athygli á greininni um lánsrétt hjóna og sambúðarfólks. Ég hygg að sú grein verði erfið í framkvæmd. Ég skil rökin fyrir henni. Þau eru að knýja lífeyrissjóðina til að kaupa skuldabréf. En ég spyr: Breytir þetta ákvæði ýkja miklu? Er nú víst að fleiri lífeyrissjóðir kaupi meira fé þó að greinin sé svona

en ef ákvæði væru ósköp hreinlega um það að lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðaðist við lánsrétt þess sem hærri er? Ég efast um að þetta breytti satt að segja ýkja miklu. En þetta er mál sem þingnefndin verður að ræða við aðila vinnumarkaðarins. Og ég vil benda á það í tilefni m.a. af síðustu ræðu: Hvað erum við hér með í höndunum? Við erum hér með samkomulag sem byggist á gagnkvæmum réttindum og skyldum. Og auðvitað dugir ekki fyrir þingið að festa hér niður sínar óskir einhliða nema að tryggt sé að lífeyrissjóðirnir komi með fjármunina inn í þessa mynd. Félmn. þingsins, sem um þessi mál fjalla, verða þess vegna að gæta þess að þarna sé um að ræða fullt jafnvægi og ræða mál af þessu tagi við forráðamenn lífeyrissjóðanna, en ég efast um það fyrir mitt leyti að þessi málsgr. eins og hún er breyti í rauninni neinu til þess að knýja lífeyrissjóðina til að kaupa bréf. En hún flækir myndina eins og hún er.

Þá vil ég gera athugasemd, herra forseti, við næstu málsgr. þar sem segir: „Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu.“ Þetta held ég að gangi aldrei í framkvæmd. Ég sé það vel hvað menn eru þarna að hugsa. En ég veit vel hvað ég mundi segja ef ég væri að ganga fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins og biðja um lán samkvæmt þessari málsgr. og þeir segðu: „ Heyrðu, þú getur ekki borgað þetta.“ Ég mundi segja: „Ég fer á loðnu, þá get ég borgað þetta.“ Ég held að það sé útilokað fyrir stofnunina að framkvæma þessa grein eins og hún er þarna. Ég held að það gangi ekki upp. Ég skil hvaða hugsun er á bak við þetta, en ég held að menn eigi ekki að vera að rembast við að setja aðra hluti inn í þetta en eru viðráðanlegir. (**JBH:** Lánsumsókn frestast þangað til þú kemur af loðnunni.) Það er náttúrlega hugsanlegur hlutur. Mér hafði ekki hugkvæmst það en ég finn örugglega einhverja viðbáru við því, hv. þm.

Síðan kem ég að síðu 3, 3. gr. frv. Ég held að við eigum að skoða þessi stærðarmörk mjög vel. Ég bendi á að auðvitað er sanngjarnt að reyna að takmarka stærð íbúða sem eru að fá lán úr almennu húsnæðislánakerfi. Það er eðlilegt. Ég beitti mér hins vegar fyrir því fyrir nokkrum árum, þegar ég var í félmrn., að fella niður stærðarmörk. Rökin voru þau að þetta var stórkostlega misnotað. Ég held að það sé betra að setja enga reglu heldur en reglu sem kallar á misnotkun af einhverju tagi.

Ég vil þessu næst, herra forseti, benda á ákvæði í 3. málsgr., þar sem segir:

„Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liða þessarar greinar má lánsfjárhæð samkvæmt þessari grein aldrei vera hærri en nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar, eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.“ Þetta er tala sem er lækkuð frá gildandi lögum, hún er 80% í gildandi lögum. Ég sé engin rök fyrir því að breyta henni og mun taka það til umræðu í nefndinni þegar þar að kemur.

Ég vík þá þessu næst að 11. grein frv. á síðu 6. Þar er gert ráð fyrir því að fjárhæð láns vegna endurbótakostnaðar megi nema 70% af kostnaðinum. Ég hygg, ef ég kann þetta rétt, að það séu örugglega orkusparnaðarlánin sem þarna er um að ræða. Orkusparnaðarlánin eru nú veitt út á ákveðnar áætlanir um kostnað og þau eru núna 80%, þessi orkusparnaðarlán. Ég spyr: Af hverju að færa þau niður úr 80% í 70% í þessu frv.? Það eru engin sérstök rök fyrir því og það er örugglega ekkert í samningum aðila vinnumarkaðarins um að það eigi að færa niður orkusparnaðarlánin úr 80% í 70%.

Ég vík þessu næst að 12. gr. frv. þar sem fjallað er um lánskjör. Þar segir: „Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir“. Aðilar vinnumarkaðarins gerðu tillögu um 3,5% vexti. Ríkisstj. hafnaði þeirri tillögu, en gefur í staðinn fyrirheit um að á meðan hún stjórnar verði þetta 3,5%. Ég tel það verra. Ég tel betra að setja þetta í lögin og ég er einnig þeirrar skoðunar að það eigi að setja í lögin ákvæði um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna, að þau verði 1% eins og þau eru nú, og það sé ekki á neinn óvissan að róa í þeim efnum. Ég tel að það hafi verið mistök af ríkisstj. að taka þetta út úr vegna þess að hún fellst á þetta efnislega og ég sé ekki betur en að það sé nánast sérviska af ríkisstj. að taka hlutina með þessum hætti. Það hefði verið nær að vilja fallast á tillögurnar í heild og þar með þetta ákvæði.

Þá vil ég næst, herra forseti, víkja að 16. gr. frv. Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins er gert ráð fyrir að það eigi að skapa verkamannabústöðunum möguleika til að kaupa eldra húsnæði í stað þess að vera svo að segja eingöngu í nýbyggingum. Ég held að það hefði átt að hnykkja á þessu ákvæði samningsaðila vinnumarkaðarins í hinum nýju lögum. Það er alveg út í hött að verkamannabústaðirnir séu að byggja íbúðir í stórum stíl á allháu verði á sama tíma og íbúðaverð á almennum markaði er jafnlágt og raun ber vitni um núna. Auðvitað ættu verkamannabústaðirnir að kaupa eitthvað af íbúðum. Og ég vil spyrja um það: Getum við ekki náð samkomulagi um það við meðferð málsins hér í þinginu að opnað verði fyrir þetta sérstaklega? Og ég segi reyndar meira. Ég segi: Það þarf að setja þarna inn eitthvert ákvæði sem á einhvern hátt knýr stjórnir verkamannabústaðanna til að gera þetta. Stjórnir verkamannabústaðanna eru byggingarsinnaðar af ýmsum eðlilegum ástæðum. Sumar þeirra eru með flokka manna í vinnu og á sínum vegum dýr tæki. En það eru ekki nægileg rök fyrir okkur sem eigum að hafa tilsjón með þessu kerfi í heild. Þess vegna hefði ég talið að kæmi til greina að setja í ný lög einhver ákvæði sem hreyfa verkamannabústaðakerfið frekar í þessa átt en nú er gert.

Ég vil varðandi 18. gr. benda á að þar er gert ráð fyrir að hækka lán út á verkamannabústaði úr 80% í 85%. Ég bendi á að þessi lán voru 90% þegar á árunum 1980–1984.

Ég hef hér, herra forseti, hlaupið á nokkrum efnisatriðum þessa frv. og ég geri mér alveg ljóst að utan við þetta frv. eru fjöldamörg flókin úrlausnarefni. Dæmi: Fjármögnun þessa kerfis inn í framtíðina. Dæmi: Húsnæðisafslátturinn. Þriðja dæmi: Sambýli almenna húsnæðislánakerfisins við verkamannabústaðakerfið. Hvernig verður það eftir að G-lánin eru orðin þetta há eins og hér er gert ráð fyrir? Hvernig ganga þessi kerfi upp þá hlið við hlið? Hvað með leiguhúsnæði, hvað með búseturéttaríbúðir og allt þetta? Allt eru þetta mál sem auðvitað þarf að fara yfir í víðara samhengi og ég vil inna hæstv. félmrh. sérstaklega eftir því hvort það er ekki rétt eftir tekið hjá mér að það sé ætlunin að

milliþinganefnd allra flokka í húsnæðismálum vinni að því í sumar eða á komandi mánuðum að greiða úr þeim flækjum sem út af standa enn þá og geri tillögur fyrir haustið um hvernig með þessi mál verði farið. Auðvitað er hægt að ræða um þetta frv. með margvíslegum hætti. Það er hægt að taka frv. sjálft og gagnrýna einstök atriði þess, en það er líka hægt að skeiða út um víðan völl hins almenna húsnæðislánakerfis og verkamannabústaðakerfis og taka þar margt fyrir, en tíminn leyfir ekki að út í þá hluti sé farið í smáatriðum.

Ég vil leyfa mér þessu næst að benda á örfá atriði, sem koma hér fram til viðbótar, og þá þar sem fjallað er um afgreiðslu lána til þeirra sem nú eiga óafgreiddar lánsumsóknir hjá Byggingarsjóði ríkisins. Það er þáttur í samningum aðila vinnumarkaðarins. Ég spyr: Hvað eru þeir margir, sem eiga óafgreiddar lánsumsóknir hjá Byggingarsjóði ríkisins þegar breytingarnar taka gildi, sem samkvæmt breytingunum eiga að fá kost á láni sem miðist við að lánið verði afgreitt samkvæmt nýja kerfinu? Hvað þýðir þetta í auknum útgjöldum fyrir Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1986? Það hlýtur að vera einhver upphæð. Hver er hún? Það er hægt að sjá það út. Þessar umsóknir liggja þegar fyrir í talsverðum mæli. Það er hægt að áætla hvað þetta eru mikil viðbótarútgjöld á árinu 1986.

Ég vil einnig vekja athygli á fróðlegri grg. þessa frv. sem hæstv. félmrh. hefur verið svo vinsamlegur að lesa fyrir þingheim í heild. Þar er víða komið inn á fjármögnun þessa kerfis og gert mikið úr því að mismunurinn er 3,5% annars vegar og 9% hins vegar og menn reikna sig alveg dauða á örfáum árum og segja: Þetta er óframkvæmanlegt kerfi, það gengur ekki upp. Auðvitað lítur dæmið ekki svona út. Auðvitað eru 9% raunvextir til langframa óframkvæmanlegir. Þeir verða það ekki. Það getur ekki gerst þó ekki væri nema vegna þess að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna mun þegar á næstu árum hækka um 50% að raunvirði frá því sem er í dag eins og kemur fram í þessu plaggi. (**JBH:** Fróðlegt að heyra hvað fjmrh. segir um þetta.) Hvað þýðir það? Það vita menn sem hafa lært til æðri embætta í hagfræði. Það þýðir að framboð á lánsfé verður miklu meira en það er í dag. Það þýðir að vextir verða lægri en þeir eru í dag. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að lífeyrissjóðirnir mættu verða fegnir að koma peningum til ríkissjóðs á þeim kjörum sem verið er að tala um hér þó það væri til miklu lengri tíma.

Ef við svo skoðum dæmin til ársins 2015, eins og menn eru með í þessum töflum sem ég fékk við vinnslu málsins á sínum tíma, er augljóst mál hvað gerist. Það er gífurleg fjármagnsupphleðsla í lífeyrissjóðakerfinu. Og hver er hún? Stærðirnar eru þessar: Í ár eru lífeyrissjóðirnir með í ráðstöfunarfé 5–6 milljarða kr. Árið 2015 er talað um að þessi tala sé hver? 30 milljarðar kr. eins og þetta kerfi er sett upp þegar menn framreikna það með helmingnum af því háa vaxtastigi sem er í dag.

Gjaldahliðin liggur einnig fyrir að því er varðar Húsnæðisstofnun ríkisins í þessum útreikningum þar sem kemur t.d. fram í þeim töflum sem ég hef séð að Húsnæðisstofnun ríkisins stæði upp úr aldamótum eða svo með nettóeign upp á 20 milljarða kr. eða svo eins og þetta lítur út. Auðvitað er þetta ekkert borðleggjandi og auðvitað er þetta vandasamt mál, en ég er að segja þetta vegna þess að við megum ekki tala okkur alveg dauða í þessum málum. Hér er um vanda að ræða, en þetta er vandi sem er ekki óleysanlegur.

Í fjárlögum ársins 1986 er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði í Byggingarsjóð ríkisins 1,3 milljarða kr. á þessu ári. Ef húsnæðislánakerfið fer af stað eins og við erum hér að ráðgera gætu þessi útgjöld farið upp í 2,6 milljarða kr. jafnvel á næsta ári.

Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, í grg. á bls. 19, að framlagið á næsta ári verði ekki 1,3 milljarðar heldur aðeins 1 milljarður. Ég bið hæstv. fjmrh., af því að hann er hér viðstaddur, að taka eftir því að í grg. frv. er gert ráð fyrir að framlag ríkisins á næsta ári á verðlagi þessa árs verði um 1 milljarður kr., en framlagið í ár er 1,3 milljarðar kr. Er með öðrum orðum verið að tala um að lækka þetta framlag á næsta ári eða hvað, því að til að fullnægja þessu kerfi á framlagið ekki að vera 1 milljarður kr. og ekki 1,3 heldur 2,6? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að annaðhvort svari hæstv. fjmrh. upp á þetta núna eða það komi fram síðar við meðferð málsins í nefnd. Það gengur auðvitað ekki að gera ráð fyrir að lækka ríkisframlögin. Þau verða að hækka. Spurningin er aðeins hversu mikið þau verða að hækka.

Þetta var í sambandi við einstakar athugasemdir við þetta frv. og þá er það næst varðandi samkomulag aðila vinnumarkaðarins. Það er þetta:

Það var þrennt í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins sem átti að koma þeim til góða sem höfðu byggt eftir 1980 og síðar. Í fyrsta lagi hækka ráðgjafarþjónustulánin úr 200 millj. kr. í 500. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvenær kemur þetta viðbótarfé? Hvenær á árinu verður því úthlutað?

Í öðru lagi var gert ráð fyrir því að þeir fengju húsnæðisafslátt með ákveðnum hætti ef þeir fengju lán ráðgjafarþjónustunnar. Ég spyr: Hvenær er þess að vænta að niðurstöður liggi fyrir um húsnæðisafsláttinn? Ég mun óska eftir því í félmn. að fá dæmi þau sem ég veit að eru til um húsnæðisafsláttinn og útreikning hans.

Í þriðja lagi var gert ráð fyrir því í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins að þeir sem hafa byggt eftir 1980 fengju lánalengingu til að minnsta kosti tíu ára, eins og stendur í samkomulaginu ef ég man rétt. Ég spyr: Hvar er þessi lánalenging í bönkunum? Hvar er hún á vegi stödd? Ég fer fram á það við hæstv. félmrh. að hann svari mér um þetta og hæstv. fjmrh. líka vegna þess að hann hefur fjallað um þessi mál á opinberum vettvangi og lýsti því yfir fyrir nokkru að þetta ætti að gera. Jónas Haralz sagði að vísu að þetta væri vitleysa hjá formanninum, en allt um það. Það er fróðlegt að vita hvernig það mál stendur.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins eru ákvæði sem eru beint tekin inn í frv. sem við erum hér að ræða. Svo er komið að Byggingarsjóði verkamanna og þar er gert ráð fyrir 200 millj. í viðbót á árinu 1986. Hvar eru þeir peningar? Hvenær koma þeir? Það er fsp. til hæstv. félmrh. Það stendur beinlínis í samkomulaginu að þetta fé eigi að koma á árinu 1986. Kemur þetta og hvenær til Byggingarsjóðs verkamanna?

Þá er í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins gert ráð fyrir að það fari fram sérstök könnun á leiguhúsnæði og þörf fyrir það í tæka tíð fyrir fjárhagsáætlun verkamannabústaðanna fyrir árið 1987. Hvað þýðir í tæka tíð? Það þýðir fyrir 1. ágúst samkvæmt gildandi lögum. Og ég spyr hæstv. félmrh.: Hvenær fer þessi könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði fram, hver framkvæmir hana og hvenær er þess að vænta að niðurstöður liggi fyrir?

Nú kann svo að vera að eitthvað af þessum upplýsingum hafi komið fram í upphaflegri framsöguræðu hæstv. félmrh. Ef svo er er það vel, en það ætti ekki að taka mjög langan tíma að hlaupa á þessum atriðum hér á eftir því að ráðherrann kemur væntanlega hvort eð er upp í lok þessarar umræðu.

Þá vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh.: Hvenær hefjast samningar við lífeyrissjóðina? Eru þeir byrjaðir? Er farið af stað með samninga við lífeyrissjóðina um 55%? Ég fagna því ákvæði að gert er ráð fyrir að það eigi að semja við þá til tveggja ára. Ég tel reyndar að það ætti að semja við þá til lengri tíma og ég tel að það sé eins gott fyrir þá og þyrfti að sýna þeim fram á að þeir græða á því að gera samning til lengri tíma. Ef þeir kunna eitthvað í reikningi yrðu þeir dauðfegnir að fá samkomulag til lengri tíma. — Þó að það sé veisla í fjármálaliði Sjálfstfl. núna þarf hv. 2. þm. Reykv. ekki að fara þangað. (**Gripið fram í:** Henni er lokið.)

Eitt atriði vil ég nefna hér, herra forseti, að lokum og það er þetta: Hæstv. fjmrh. landsins, hv. 5. þm. Reykv. o.fl. hafa gjarnan haft uppi mikla speki um að húsnæðislánakerfið hafi verið allt í rusli í þeirri tíð sem ég bar ábyrgð á þeim málum og hæstv. fjmrh. hefur farið með falsaðar tölur um þróun misgengis launa og lána um nokkurra ára skeið. Þessu hyggst ég nú svara í örstuttu máli.

Er það rétt að misgengi launa og lána hafi orðið til í tíð síðustu ríkisstjórnar? Svarið er þetta:

1. Lánskjaravísitala og kaupgjaldsvísitala þróuðust nákvæmlega samhliða frá 1980 til 1982 og þar var enginn munur á nema að 1981 var þróunin launanum í vil.

2. Lánskjaravísitala miðað við 100 1980 var 327,4 í mars 1983, en kauptaxtavísitala á sama tíma reiknuð á sama grunni er 329,6 í mars 1983. Misgengi á þessum tíma, 1980 til mars 1983, er 1%.

3. Misgengi launa og lána aftur á móti frá 1982 til 1983 var þannig að lán hækkuðu um 79,4%, en laun um aðeins 48,3% á sama tíma. Þarna hefst misgengið sem kemur fyrst og fremst fram vegna þess að vísitölubætur á laun eru bannaðar 1. júní og 1. sept. og áfram 1983. Vísitölubætur áttu að koma til greiðslu 1. júní 1983 upp á 20%. Þetta er nákvæmlega sama tala og misgengið milli áranna 1982 og 1983. Það er nákvæmlega 20%.

4. Misgengi launa og lána milli áranna 1983 og 1984 hélt enn áfram þannig að lán hækkuðu um 33,8%, en laun á sama tímabili að meðaltali aðeins um 19,8%. Mismunurinn milli 1983 og 1984 er 11,7% sem kemur til viðbótar við misgengið frá árinu 1983 upp á 20%.

Niðurstaðan er því þessi: Misgengi launa og lána verður til vegna launaskerðingarinnar 1983 sem er ákveðin þá um vorið af núv. ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og Steingríms Hermannssonar.

En í sjötta lagi: Ríkisstj. bauð að lán breyttust eins og laun á árinu 1982, en því var hafnað. Og annað: Ríkisstj. lagði fram frv. í byrjun 1982 um að lánskjaravísitala færi eftir kaupgjaldsþróun. Það mál fór samhljóða í gegnum Ed., en var stöðvað í Nd. af íhaldinu.

Þetta eru staðreyndir málsins sem vert er að hafa í huga, en þær skipta þó ekki einar máli heldur að hlut þess fólks verður að bæta sem verður fyrir því harkalega misgengi sem þarna er um að ræða. Það eru tvær leiðir til að bæta þetta misgengi:

Í fyrsta lagi að hækka kaup meira en lánskjaravísitölu, eins og gerist á árinu 1986 þegar gert er ráð fyrir að launin hækki um 13–14% en lánskjaravísitalan um 5%, og með því í öðru lagi að endurgreiða þessu fólki hluta af þeim peningum a.m.k. sem hafa verið ofteknir af því.

Önnur fullyrðing sem ég vil svara og þá einkum eftir ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar í útvarpsumræðunum í gærkvöld er þessi: Lánasjóðirnir voru rústaðir í tíð Alþb. með félmrn.

Svar: Eignir Byggingarsjóðs ríkisins jukust á árunum 1979 til 1983 um 2 milljarða 877 millj. kr. eða um 59%. Og hvernig var ávöxtun eigin fjár á þessum tíma? Var hún neikvæð? Nei, ávöxtun eigin fjár var jákvæð öll þessi ár um 1,5 til 2,1%, en var neikvæð öll ár ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar og er neikvæð einmitt um þetta leyti líka.

Ég hef með þessum lokaorðum mínum viljað vísa á bug með rökum tveimur ómerkilegum fullyrðingum sinni úr hvorri áttinni sem stundum hafa að mér steðjað í húsnæðismálum.

Ég vil svo aðeins segja þetta að lokum, herra forseti: Ég tel óhjákvæmilegt að það verði allt gert sem hægt er til að afgreiða það frv., sem hér liggur fyrir, á þessu þingi. Vitandi vits hafa flokkarnir gert með sér samkomulag um að freista þess að ljúka þinginu á miðvikudaginn kemur og allir flokkarnir nema Bandalag jafnaðarmanna hafa átt fulltrúa í milliþinganefnd sem hefur haft aðstöðu til þess að fylgjast með þróun þessara mála. Þess vegna er þess að vænta að það takist að ljúka þessu með eðlilegum hætti. Ég tel að við eigum að reyna að hraða meðferð málsins sem mest, en auðvitað vanda það í hvívetna eins og kostur er. Ég dró fram í máli mínu áðan sex efnislegar athugasemdir sem við ræðum í nefndinni, sjáum hvort við komumst að samkomulagi um, en ég endurtek það sem ég sagði hér áðan. Hér erum við ekki bara að skrifa niður okkar óskalista. Hér erum við að fjalla um mál sem snúa að lífeyrissjóðunum. Við erum í raun að semja við þá um fjármögnun hins nýja húsnæðislánakerfis um leið og við erum að ganga frá þessu frv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er tímanna tákn. Það er dæmi um það gagnkvæma traust sem myndast hefur milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. og sýnir að aðilar vinnumarkaðarins eru í raun þeirrar skoðunar að þær áherslur sem ríkisstj. hefur lagt í efnahags- og atvinnumálum eru réttar. Að öðrum kosti, ef þetta væri ekki svo, væri auðvitað óhugsandi að frv. af þessu tagi hefði verið lagt fram. Ég vek athygli á því að hér hefur með frjálsum samningum tekist að fá aðila vinnumarkaðarins til að leggja mjög verulegt fé, óhemju mikið fé úr sjóðum sínum til að leysa úr þeim sameiginlegu þörfum sem húsnæðismálin eru.

Ég skal ekki við þetta tækifæri fara mörgum orðum um þann þátt málsins. Ég vil hins vegar vegna síðustu orða hv. 3. þm. Reykv. aðeins segja að í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, 1971–1974, þvarr fé Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna vegna þeirrar ákvörðunar þáv. húsnæðisráðherra að setja þak á verðbætur eða vexti af hverju láni sem olli því að fé byggingarsjóðanna brann upp í óðaverðbólgu. Af því höfum við síðan sopið seyðið og svo var komið um skeið að gripið var til þess að taka erlend lán til að fjármagna

íbúðarhúsabyggingar. Nú hefur til allrar hamingju tekist víðtækt samkomulag, bæði á vinnumarkaðinum og einnig pólitískt vil ég segja, um að sjóðir launþega verði notaðir til þessara þarfa þannig að ekki þurfi til þess að koma að við förum að nota erlent lánsfé í þessu skyni. Ég vil í þessu samhengi einnig minna á að fyrir einu ári tókst samkomulag um það hér á Alþingi að lagður skyldi á sérstakur skattauki vegna húsnæðismálanna til að draga úr nauðsyn þess og komast hjá því að erlent fé yrði tekið að láni til húsnæðismála. Undir slíkum kringumstæðum var meira en réttlætanlegt, það var blátt áfram nauðsynlegt að þyngja skattbyrðina til að ná þessu fram.

Það sem mér finnst jákvæðast í sambandi við þetta samkomulag er að grunntónninn í samkomulaginu er sá að launþegar, sem flestir Íslendingar skuli vera sjálfs sín herrar, skuli gefið tækifæri til þess að eignast sitt eigið húsnæði, sína íbúð. Það er enginn vafi á að það hefur mjög mikla þýðingu, bæði menningarlega þýðingu, það eykur sjálfsbjargarhvöt og er mjög sparandi, veldur miklum sparnaði, ef fólkið býr í sínum eigin íbúðum og ber ábyrgð á því hvernig það gengur um íbúðir sínar og hefur forsjá þeirra að öllu leyti í sínum höndum. Það er sparnaður fyrir þjóðfélagið í heild, það dregur úr sameiginlegum útgjöldum og hvetur einstaklingana til dáða.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt að þetta víðtæka samkomulag skyldi hafa tekist á þessum grundvelli og á að geta orðið til þess að úr deilum um húsnæðismál dragi og að umræður um húsnæðismál verði á öðrum grunni á næstu misserum en verið hefur um skeið.

Eins og hér hefur verið rakið er gert ráð fyrir að hámarkslán sé 2,1 millj. og ég held að það sé óhætt að ganga út frá því að þeir sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð muni njóta þessarar fyrirgreiðslu. Ég held að sá ótti sé algjörlega ástæðulaus að lífeyrissjóðirnir muni ekki kaupa skuldabréf fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu. Ég held að allir lífeyrissjóðirnir muni gera það, einfaldlega vegna þess að þeir sem þeim ráða sækja völd sín til sjóðfélaganna og þeir munu ekki treysta sér til annars.

Ég held á hinn bóginn að þær varúðarreglur sem settar eru í 2. gr. séu mjög skiljanlegar og má vera að þær séu nauðsynlegar til þess að það markmið náist fram, 55% kaup án lagaþvingunar af einum eða öðrum toga.

Þá er það mikilvægt í öðru lagi að upplýsingar um hversu há lánsfjárhæð sé og hvenær greiðsla lánsins liggi fyrir skuli sendar umsækjanda innan tveggja mánaða frá því að hann sótti um lánin. Þetta er auðvitað mjög mikils virði og á að geta nýst viðkomandi með margvíslegum hætti þannig að hann geti hagað framkvæmdum sínum í samræmi við þessar upplýsingar, fengið með þeim hætti staðgreiðsluafslætti bæði á byggingarefni og jafnvel á vinnu. Það styrkir enn fremur þá skoðun að svo muni verða að lánshlutarnir verða verðtryggðir sem ekki hefur verið. Þetta er auðvitað mjög þýðingarmikið ákvæði. Jafnvel þótt verðbólgan hafi rýrnað svo mjög sem raun ber vitni er þetta ákvæði auðvitað mjög þýðingarmikið og breytir mjög miklu um efnahagslegar ástæður þeirra sem eru að eignast íbúð.

Ég vek athygli á því að 8. mgr. 2. gr. hljóðar svo: „Hafi húsnæðismálastjórn gert samning við lánastofnun um afgreiðslu lána skv. 10. gr. skal lántakanda gefinn kostur á að lánssamningur, afgreiðsla og útborgun lánsins verði á vegum viðkomandi lánastofnunar sem þá annast mat kostnaðar- og greiðsluáætlana."

Þetta ákvæði er mjög þýðingarmikið og á að geta orðið til þess að auðvelda húsbyggjendum og húskaupendum að komast yfir íbúðir.

Ég heyrði á hv. 3. þm. Reykv. Svavari Gestssyni að hann var þeirrar skoðunar að verkamannabústaðir ættu að gera miklu meira af því en verið hefur um hríð að kaupa gamlar íbúðir, notaðar íbúðir. Þetta virðist vera augljóst, en á því er þó sá hængur að það gæti orðið til þess að hækka íbúðarverð mjög verulega og gæti torveldað möguleika annarra til þess að komast yfir notaðar íbúðir á hagstæðu verði. Við megum ekki gleyma því að notaðar íbúðir eiga eðli sínu samkvæmt að vera ódýrari en nýjar og ég held að menn verði að gæta hófs í þessu og verkamannabústaðirnir megi ekki a.m.k. gera of mikið af því heldur verði að halda uppi þeim standard að byggja einnig nýjar íbúðir. Á hinn bóginn er ég ekki í vafa um að nauðsynlegt er að endurskoða verkamannabústaðakerfið frá grunni. Það sést best af því að rúmmetrar í verkamannabústöðum eru mjög misdýrir eftir því hvar byggt er. Mismunandi verð íbúða í verkamannabústöðum er geigvænlegt. Ég man ekki betur um íbúðir í verkamannabústöðum á Húsavík og Akureyri en þar hafi munurinn verið 50% eða þriðjungur eftir því frá hvorum enda reiknað er, en það er náttúrlega allt of mikill munur og nauðsynlegt að aðhaldið í sambandi við verkamannabústaði sé miklu meira en verið hefur. Ég hef raunar oft hreyft þeirri hugmynd hvort ekki sé rétt að stjórnir verkamannabústaða bjóði út hugmyndir að slíkum byggingum, hvernig hægt væri að byggja ódýrar en smekklegar íbúðir sem mundu þjóna að þessu leyti.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa miklu fleiri orð. Ég álít þetta frv. vera mikið framfaraspor. Ég álít þetta mjög merkilegt plagg. Það eru að sjálfsögðu ýmis atriði í því sem eru álitamál. Við höfum á þessum fundum, sem við höfum átt í milliþinganefndinni, skipst á skoðunum við aðila vinnumarkaðarins og nefnd forsrh. á þeim samráðsfundum sem við höfum verið á. Þessir fundir hafa verið mjög gagnlegir og þeir hafa skýrt margt það sem hér stendur. Ég held á hinn bóginn að við getum ekki vænst þess að þingið geti breytt grunni þessa frv. eða hlaupið allt aðrar leiðir en hér er gert ráð fyrir og ég held þess vegna að þm. verði að gera það upp við sig hvort þeir geti fallist á þetta frv. eins og það liggur fyrir í grundvallaratriðum.

Ég ætla ekki á þessum kvöldfundi að hefja almennar húsnæðismálaumræður við hv. 3. þm. Reykv. Ég get aðeins sagt að það er ekki undarlegt þótt margir eigi í erfiðleikum sem byggðu á síðustu árum áður en þessi ríkisstj. tók við völdum. Við vitum að óðaverðbólgan var slík að lánshlutarnir, sem menn fengu greidda eftir á, urðu svo sem að engu þannig að um skeið voru lán Byggingarsjóðs ríkisins komin niður í 10 eða 11% af verði staðalíbúðar þegar verðbólga var tekin inn í dæmið. Erfiðleikarnir voru slíkir að strax haustið eftir að þessi ríkisstj. tók við völdum var tekin ákvörðun um að greiða 50% lánsuppbót á öll lán sem Byggingarsjóður ríkisins hafði veitt síðustu 2–3 árin og síðan hefur verið lagt fé til hliðar á hverju ári til að mæta þeim sem eiga í mestum erfiðleikum vegna húsnæðismála.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að enn verði 300 millj. varið í

þessu skyni þannig að á þessu ári verði 50 millj. kr. varið til að reyna að laga til hjá þeim sem í mestum erfiðleikum eru jafnframt því sem sú breyting var gerð á skattalögum um áramótin að þessi „konverteruðu" lán, þessi lengri lán var heimilt að taka inn sem kaupalán eða sem byggingarlán vegna þeirra íbúða eða húsa sem höfðu verið keypt eða byggð frá árinu 1979, skammtímalán sem höfðu dottið upp fyrir miðað við vaxtafrádrátt skattalaga. Þetta mun líka laga mjög mikið til hjá mörgum og það var með vilja að miðað var við átta ára lán í tekjuskattslögunum vegna þess að með því er verið að þvinga lánastofnanir til að lengja lánin ekki til skemmri tíma en átta ára. Þetta var auðvitað mjög mikið hagræði, munar kannske ekki miklu enn, en strax og sá aukni vaxtafrádráttur, sem þessi breyting hefur í för með sér, mun fara að skila sér í framtölum og minni sköttum mun það auðvitað lækka greiðslubyrði þessa fólks verulega.

En aðalatriðið er auðvitað að þetta frv. eins og það er byggt upp lækkar greiðslubyrði til húsnæðislánanna til frambúðar þannig að menn með meðaltekjur eiga að geta eignast íbúð án verulegra erfiðleika og þá kemur þar m.a. inn í myndina að lánin eru afborgunarlaus fyrstu tvö árin sem viðkomandi geta þá notað til að greiða skammtímaskuldir og laga til hjá sér.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en vænti þess að þm. muni taka höndum saman um að greiða fyrir því að þetta mál nái fram að ganga.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og sætir vissulega nokkrum tíðindum, er einn mikilvægasti árangur síðustu kjarasamninga. Þeir kjarasamningar eru nokkuð umdeildir, en kannske ætti þetta frv. að nýrri lausn á húsnæðisvandanum að verða til þess m.a. að sýna þeim sem hvað harðast hafa gagnrýnt kjarasamningana að sú gagnrýni var ekki ýkja rökrétt.

Verkalýðshreyfingin ákvað við erfið skilyrði að láta á það reyna hvort hún gæti náð auknum kaupmætti fyrir sitt fólk í smáum skrefum án kollsteypu, þ.e. að sá takmarkaði ávinningur sem náðist héldist. Þetta var gert með niðurfærsluleið og það hefur m.a. gleymst í þessari umræðu að sá árangur sem þar með náðist til þess að lækka verðbólgu að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins er ekki hvað síst þýðingarmikill fyrir þær fjölskyldur í landinu sem höfðu þunga skuldabyrði, ekki hvað síst af húsnæðislánum. Lækkun lánskjaravísitölu, lækkun greiðslubyrði af skuldum sem fyrsta skref fyrir utan þetta frv. í húsnæðismálum var ekki minnsti ávinningurinn. Menn beri það saman hvaða árangur menn gætu gert sér vonir um ef farin hefði verið hefðbundin kollsteypuleið með mun hærri prósentutölu launa yfir alla línuna og þar með gífurlega aukna verðbólgu, þar með gífurlega hækkun lánskjaravísitölu, þar með gífurlega hækkun á greiðslubyrði þeirra fjölskyldna sem verst eru settar vegna þess að þær hafa tekið á sig miklar fjárhagsskuldbindingar vegna þeirra frumþarfa fjölskyldunnar að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Það er óþarfi að setja hér á eldhúsdag út af fyrir sig um það við hvaða aðstæður verkalýðshreyfingin greip til þessara ráða. Ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Reykv., sem byrjaði ræðu sína á að þylja upp nýjar upplýsingar um nauðungaruppboð, hvernig hópur fólks hefur lent í þeirri ólýsanlegu ógæfu að missa eigur sínar á uppboðum á spottprís vegna krafna sem voru trúlega komnar langt umfram endursöluverð eigna, alla vega tvisvar til þrisvar sinnum umfram raunverulegt söluverð á uppboðum.

Við þurfum ekki að deila um hvaðan frumkvæðið að þessum málum er komið, hvorki að því er varðar þessa lausn húsnæðisvandans né heldur varðandi þá leið sem farin var í kjarasamningunum og leiddi til þess að ríkisstj., sem þá stóð frammi fyrir 35–40% verðbólgu, gífurlegum viðskiptahalla og gífurlegum halla á ríkisfjármálum ásamt með því ástandi sem við blasti í húsnæðismálum, var neydd til að taka upp nýja stefnu þó að veikleiki málsins sé auðvitað fyrst og fremst byggður á hinum veika grunni sem ríkisfjármálin standa á. Vonir manna um árangur eru hvað veikastar í því efni.

Það sem þetta frv. felur í sér og eru stærstu þættir þess og fagnaðarefni er ósköp einfaldlega þetta: Það er verið að verja meiri fjármunum til húsnæðismálanna, það er verið að hækka lánshlutfallið miðað við byggingarkostnað og þar með er verið að stuðla að lægri greiðslubyrði fyrir utan þann árangur sem náðst hefur í því efni með minnkun verðbólgunnar. Þar með ætti að vera minni þörf fyrir húsbyggjendur eða íbúðakaupendur að leysa vanda sinn með rándýrum skammtímalánum í bankakerfinu þannig að þetta er tvímælalaust helsti ávinningurinn.

Engu að síður er það svo og ég held að þessar umræður hafi leitt það í ljós að þessi lagasmíð er ekki fullkomin. Margir hv. þm., sem hér hafa talað á undan mér, hafa tíundað þau atriði sem þingið í meðferð nefnda þarf að einbeita sér að. Ég vil drepa þar á nokkur meginatriði sem þarf að halda til skila í því efni.

Fyrst er á það að líta að þessi lausn felur í sér að sameina fjármagn lífeyrissjóðanna og ríkisframlag í gegnum Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Þær brúttótölur sem nefndar hafa verið hér um aukningu á fjármagni til ráðstöfunar til húsnæðislána eru hins vegar ýktar vegna þess að ekki hafa komið fram tölulegar upplýsingar um hve mikill samdráttur verður í beinum fjárveitingum lífeyrissjóðanna til sinna félagsmanna þar á móti. Nefnd hefur verið talan 400–500 millj. sem þessi nettóaukning gæti orðið við sameiningu á fjármagni lífeyrissjóða og byggingarsjóðanna.

Ég nefndi áðan sem annað meginatriði lægri greiðslubyrði vegna hækkunar lánshlutfalls og lengingar lánstíma. Samt sem áður skulu menn hafa í huga að eftir sem áður verða íbúðakaupendur eða þeir sem byggja að leggja fram eigið fé allt að 30% byggingarkostnaðar, eins og nefnt var t.d. allt að 700 þús. kr. venjulegrar íbúðar með byggingarkostnað upp á 2,3 millj. sem er lágur. Það hefur komið fram í þessum umræðum að svo mikið framlag eigin fjár eða útborgunar er ofviða mörgum hópum í þessu þjóðfélagi. Hér voru t.d. nefnd dæmi um að fólki hefur reynst ofviða að standa undir framlagi jafnvel 20 eða 15% hlutar í verkamannabústöðum, hvað þá heldur þegar hlutfallið er tvisvar sinnum hærra. Þetta þýðir að ef við viljum að þetta aukna fjármagn nýtist sem best þeim sem minnst hafa efnin hljótum við að huga að breytingum til að auðvelda þeim nýtingu á þessum bættu kjörum og þar koma þá fyrst og fremst upp í hugann þær tillögur sem við Alþýðuflokksmenn höfum flutt í formi kaupleigu-

íbúða. Reyndar árétta ég það, sem við höfum þegar boðað, að við munum við meðferð málsins flytja brtt. um að tryggja lagaheimildir fyrir kaupleiguforminu, ekki hvað síst vegna þess að þar er verið að tryggja mannsæmandi kjör fyrir þann hóp sem ekki ræður við of hátt útborgunarhlutfall eigin fjár til að byrja með.

Eitt atriði vil ég nefna enn og það varðar greiðsluerfiðleika þeirra sem hafa verið að byggja eða kaupa á undanförnum árum. Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins voru gefin ákveðin fyrirheit um lausn á þeim málum. Það byggðist fyrst og fremst á því að verja ákveðinni upphæð, 300 millj. kr., til þess arna. Þar var gefið fyrirheit um húsnæðisafslátt og þar var gefið fyrirheit um að ríkisstj. beitti sér fyrir skuldbreytingum og lánalengingu í bankakerfinu. Í því efni var talað um að því er varðar ráðgjafarþjónustuna að hún yrði efld þannig að afgreiðslu allra umsókna væri lokið innan tveggja mánaða. Þetta er út af fyrir sig gott og blessað, en ef við lítum á frv. er það í fyrsta lagi að þar skortir á að þessi húsnæðisafsláttur hafi verið skilgreindur og tryggður í lögum. Þar er ónunið starf.

Síðan er spurningin um nýtinguna á þessum fjármunum. Í því efni vil ég ósköp einfaldlega leggja á það áherslu að við teljum að þessi lausn sé ekki nægjanleg. Í þeim efnum vísa ég til till. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson er 1. flm. að og felur í sér aðra og haldbetri lausn að því er varðar vanda þessa fólks. Sú till. byggist á því að viðurkenna ósköp einfaldlega að endurgreiða beri ákveðinn hluta af kostnaði við öflun íbúðarhúsnæðis til þessara aðila sem urðu fyrir mikilli hækkun skulda af íbúðaröflun vegna aðstæðna sem ekki voru á valdi þeirra. Grundvallaratriðið verði að miða við hækkun skulda umfram launaþróun á þessu tímabili og að miðað sé við endurgreiðslu helmings upp að ákveðinni hámarksviðmiðun. Þessu fé verði varið til að greiða upp vanskil, lækka skammtímaskuldir og svo að lokum langtímaskuldir og þá í þessari forgangsröð.

Ég geng út frá því sem gefnu, t.d. miðað við málflutning hv. 3. þm. Reykv. sem nefndi dæmi um uppboð á eignum manna og dæmi um hvernig menn hafa beinlínis misst eigur sínar á þessu tímabili, að í þeim orðum hans felist stuðningur við að hér þurfi að gera betur.

Að því er varðar vaxtamuninn ætla ég ekki að eyða í það mörgum orðum. Ef við gefum okkur gildandi forsendur um hversu gríðarlega mikill hann er, framreiknum hann ósköp einfaldlega, fáum við stjarnfræðilegar tölur. Auðvitað stenst kerfið ekki á þeim forsendum. Þess vegna vil ég aðeins árétta þá fsp. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til fjmrh. Hún var fyrst og fremst um það hvort fjmrh. væri reiðubúinn að lýsa því yfir við þessar umræður að hann væri reiðubúinn til samninga við lífeyrissjóðina um lægri vexti af hálfu ríkisins með þeim afleiðingum sem það hefur þá einnig á stöðu ríkissjóðs á lánamarkaði. Þetta er fyrst og fremst spurning sem lýtur að því hvað gera megi ráð fyrir að gerist í vaxtamálunum til skamms tíma þegar á þessu ári, burtséð frá því hver verða áhrifin af aukinni sjóðmyndun lífeyrissjóða hugsanlega til lækkunar vaxta þegar til lengri tíma er litið.

Þá vil ég nefna enn eitt atriði sem ég tel þýðingarmikið að fjallað verði um, en það varðar stærðarmörk íbúða. Hér voru nefndar tölur um að í reynd byrji lánsrétturinn ekki að skerðast fyrr en við 270 m^2 ef miðað er við þær reglur sem Fasteignamat ríkisins gefur sér um mælingu að utanmáli. Hér var vitnað til upplýsinga vegna skýrslna frá Fasteignamatinu eða nefndar sem félmrn. skipaði áður, hrikalegar tölur um lélega nýtingu á takmörkuðu fé til húsnæðismála sem ég hirði ekki um að endurtaka, en ég legg á það mikla áherslu að í meðförum nefndar leitist menn við að tryggja að húsnýtingarstefna eða nýting á þessu fjármagni verði tryggð með því að sett verði þrengri mörk að því er varðar lán með niðurgreiddum kjörum en hér er um að ræða.

Þá vil ég nefna eitt atriði sem ekki hefur komið fram í þessum umræðum en varðar áform ýmissa sveitarfélaga að því er varðar byggingu þjónustuíbúða aldraðra. Í 3. gr. þessara laga, sem er um breytingar á 13. gr., er ákvæði sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lán skv. þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldraða eða leiguíbúðir fyrir almennan markað. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við lágmarksrétt."

Þetta ber að skoða í samhengi við lagaheimildir um Byggingarsjóð verkamanna, hina umdeildu grein um hámarkslánveitingar til félaga esm hyggjast byggja leiguíbúðir. En það sem mig langar til að vekja athygli á af þessu tilefni er þetta: Við skulum segja að sveitarfélög hafi uppi áform um að byggja þjónustuíbúðir fyrir aldraða með tvenns konar móti, annars vegar til leigu og svo hins vegar með nýjum hætti, þ.e. eins konar búseturéttaríbúðir sem byggjast á því að aldraðir í eigin húsnæði eygja kannske í þessu nýja kerfi von um að geta selt tiltölulega stórar eignir og dýrar og vilja eða eiga þess kost að leggja við skulum segja andvirði fyrstu útborgunar, ef hún væri að hámarki eins og hér er 2,1 millj., inn á verðtryggða bankareikninga. Ef bankarnir síðan skuldbyndu sig til gagnvart sveitarfélögum að fjármagna byggingu slíkra þjónustuíbúða, sem væru ekki til varanlegrar eignar hinna öldruðu heldur tryggðu þeim búseturétt meðan líf entist eða áhugi er á, væri þetta því aðeins gerlegt í fyrsta lagi að tryggð séu full lánsréttindi til slíkra íbúða hvort heldur það er að frumkvæði sveitarfélaganna beint eða félagasamtaka. Þannig er ekki ljóst við fljótan yfirlestur á þessari grein hvort þessi hugmynd er framkvæmanleg nema með breytingum á þessum lagatexta. Ég vek í þessu efni sérstaklega athygli á tillögum sem eru í meðferð t.d. bæjarstjórnar Kópavogs í þessu efni og fjalla um að byggja slíkar þjónustuíbúðir og gera það með tvennum hætti. Annars vegar er um það að ræða að aldraðir tryggi sér þennan rétt með því að leggja fram upphæð sem gæti samsvarað næstum því, og þó ekki að öllu leyti, byggingarkostnaði slíkrar lítillar íbúðar sem væri ávöxtuð á verðtryggðum reikningum í bankakerfi. Bankar hins vegar efndu til samvinnu við sveitarfélög eða félagasamtök um fjármögnun bygginganna. Þetta er að því leyti óvenjulegt að hér er ekki um að ræða einfaldan eignarrétt heldur umráðarétt á þessu tímabili. En frumforsenda þess að þessi fjármögnunarleið, sem reynd hefur verið í ýmsum öðrum löndum, takist er sú að um fullan lánsrétt sé að ræða.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Þessi atriði, sem varða greiðslubyrðina, tillögugerð um að fá lagaheimild fyrir lánsforminu sem við kennum við kaupleiguíbúðir og við höfum þegar kynnt

hér á Alþingi, breyttar lagaheimildir að því er varðar það að koma til móts við þann hóp sem lent hefur í mestum greiðsluerfiðleikum á undanförnum árum, skýrari ákvæði til þess að tryggja góða nýtingu á þessu aukna fjármagni með því að hafa stærðarmörk íbúða takmarkaðri en hér er gert ráð fyrir, sem og þetta atriði sem ég talaði um síðast, sem ætti að tryggja aðilum frekar örari uppbyggingu á þjónustuíbúðum aldraðra, eru atriði sem ég legg áherslu á að fái umfjöllun í meðferð nefndanna.

Að öðru leyti vil ég, herra forseti, vísa til þeirra ítarlegu spurninga sem fram komu í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hún beindi til fjmrh. að því er varðaði vaxtapólitíkina og síðan til félmrh. varðandi mörg önnur atriði svo sem eins og rétt þeirra sem eru í hlutastarfi á vinnumarkaði, um afleiðingarnar af reglunni um meðaltal lánsréttar þeirra sem eru aðilar í tveimur ólíkum sjóðum, hvaða áhrif það hefur ef menn flytjast milli sjóða og fara úr sjóði, sem hafði kannske full réttindi, í annan lakari. Það væri slæm niðurstaða ef tilviljanir af slíku tagi gætu haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir fólk. Þá var einnig spurt þar um stærðarmörkin og ég vil leggja áherslu á spurninguna um hvað hafi verið gert nú þegar til að standa við ákvæði samkomulagsins frá 26. febr., þ.e. samkomulag aðila vinnumarkaðarins um skuldbreytingu í bankakerfinu fyrir þá sem eru í alvarlegum greiðsluerfiðleikum. Sem og væri mjög fróðlegt ef hæstv. félmrh. vildi í ræðu sinni á eftir lýsa nánar afstöðu sinni til þess hvort ekki væri ástæða til að gera sérstakar ráðstafanir nú þegar við endurskoðun húsnæðislaganna til þess að tryggja betur fjárhagsgrundvöll hins félagslega kerfis og þá sér í lagi hver afstaða hans er til þeirra hugmynda sem við höfum kynnt um kaupleigukjör í hinu félagslega kerfi.

Þá er ástæða til þess að spyrjast enn fyrir um fyrirheitið úr samkomulaginu um 200 millj. kr. viðbótarframlag til Byggingarsjóðs verkamanna. Hvernig er fyrir því séð?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. beindi til mín tveimur fsp. Í fyrsta lagi hvort hugsanlegt væri að greiðslur ríkissjóðs yrðu á næstu 10 árum eða gætu orðið 5,6 milljarðar kr. miðað við 6% ávöxtun á því fjármagni sem Byggingarsjóðurinn þarf að taka að láni og hvort slíkar tölur gætu numið 12,4 milljörðum miðað við að vextirnir yrðu 9%.

Auðvitað er unnt að reikna sig fram til stærða af þessu tagi og í störfum nefndarinnar, sem unnið hefur að þessu, hafa margs konar útreikningar farið fram og nefndin lét reikna út dæmi af ýmsu tagi og þau geta auðvitað skilað mismunandi niðurstöðu. Það er ekki aðalatriði málsins heldur hitt hvað menn treysta sér og geta gert á hverjum tíma. Nefndin, sem vann að undirbúningi málsins og samningu frv., segir í grg. að ef helmingi af þeim lánveitingum sem reiknað er með til þeirra sem eiga íbúð fyrir verði frestað um eitt ár yrði fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins til lána vegna nýrra og notaðra íbúða um 3,5 milljarðar kr. á árinu 1987 og framlög ríkissjóðs mættu þá á þessum forsendum ekki vera lægri en 1000 millj. kr. Nefndin bendir jafnframt á að framlögin eru 1100 millj. kr. í ár auk 200 millj. kr. til þeirra sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum.

Á þessu stigi málsins er auðvitað ekki hægt að ganga út frá öðru en þessum tölum sem liggja fyrir. Engar frekari ákvarðanir hafa enn verið teknar um fjárveitingar á næsta ári. Svo sem venja er til verða þær ákvarðanir auðvitað teknar við meðferð og undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár og lánsfjárlaga. Að sjálfsögðu er fullkomlega ljóst, eins og nefndin bendir á, að framlög ríkissjóðs mega ekki vera lægri en 1000 millj. kr. ef þetta kerfi á að ganga upp og standa á við það samkomulag sem var gert og auðvitað verður við það staðið. Að öðru leyti verður að koma til mats á fjárþörf og möguleikum við undirbúning fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir næsta ár.

Það er ljóst, og kemur glöggt fram í athugasemdum nefndarinnar, að þetta kerfi stenst ekki 5–6% vaxtamismun. 2,5 til 3% vaxtamismunur gæti gengið og hugmyndirnar eru á því byggðar að slíkur munur geti verið framkvæmanlegur.

Hv. 2. landsk. þm. spurði hvort fjmrh. væri tilbúinn að lækka vexti á almennum markaði til þess að þetta fjármagn, sem fá á til Byggingarsjóðsins, fáist á lægri vöxtum, 6%, og hv. 5. þm. Reykv. spurði hvort fjmrh. væri tilbúinn að semja um lægri vexti við lífeyrissjóðina þegar í stað. Því er til að svara að þegar viðræður fóru fram við verkalýðshreyfinguna um lausn kjarasamninganna var einn þáttur þeirrar niðurstöðu sá að lífeyrissjóðirnir lána 925 millj. kr. vegna þeirra efnahagsráðstafana sem ríkisstj. gerði og til þess að hluta til að auka fjármagn Byggingarsjóðsins á þessu ári.

Það var eftir því gengið af hálfu ríkissjóðs að þessi lán yrðu tekin á 6% vöxtum. Því var alfarið hafnað af hálfu lífeyrissjóðanna og gerð sú afdráttarlausa krafa að vextirnir yrðu 9%. Það liggur því alveg fyrir að fjmrh. var tilbúinn að semja um lægri vexti af þessum lánum en því var með öllu hafnað af verkalýðshreyfingunni.

Fjmrn. hófst þegar handa um undirbúning að þessari lántöku og lífeyrissjóðum hefur verið skrifað af því tilefni. Þess verður freistað að reyna að hraða því að lífeyrissjóðirnir gangi til þess að framkvæma þetta samkomulag. Á meðan það er ekki komið til framkvæmda er af augljósum ástæðum erfitt að lækka almenna vexti af spariskírteinum, meðan það er svo skýlaus krafa af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að vextirnir séu þetta háir.

Ég hafði hins vegar haft það í huga að vexti af spariskírteinum mætti lækka núna í maímánuði og hef stefnt að því að svo mætti verða. En það getur auðvitað ráðist af því hversu hratt samningarnir við verkalýðshreyfinguna koma til framkvæmda.

Nú er það svo að það er auðvitað ekki sama um hverja er verið að tala í þessu efni. Sumir hafa haldið því fram í umræðum um þessi mál að undanförnu að ríkissjóður ætti þann einfalda leik að lækka vextina og þá gengi allt eftir og vextir almennt lækkuðu. En hv. 3. þm. Reykv. benti mjög réttilega á að í þessu efni gilda lögmál framboðs og eftirspurnar. Þegar eftirspurn eftir lánsfjármagni er mikil og framboðið takmarkað eru það auðvitað þeir sem eiga fjármagnið og ráða yfir því sem hafa mest um það að segja hvaða vaxtastig gildir. Hinir, sem þurfa að taka fjármagnið að láni, geta minna um það sagt og nú er ríkissjóður í þeirri stöðu að hann er að taka fjármagnið að láni en það eru lífeyrissjóðirnir sem eiga peningana sem til ráðstöfunar eru og eftirspurnin er meiri en ráðstöfunarféð. Þetta verður auðvitað að hafa í huga þegar þessi mál eru metin.

Ég er hins vegar sammála því, sem fram kom hjá hv.

3. þm. Reykv. í þessari umræðu, að lífeyrissjóðirnir mega auðvitað þakka fyrir þegar fram í sækir að þetta samkomulag skuli hafa tekist og þeir eigi þess kost að fá aðila til þess að taka þetta fjármagn að láni því að með því samkomulagi sem gert var á dögunum var um það samið að greiða iðgjöld af öllum launum og það mun stórauka sparnaðinn í lífeyrissjóðakerfinu á næstu árum og þar að auki mun sjóðssöfnunin í lífeyrissjóðunum aukast mjög verulega fram yfir aldamót og þar verður mikil uppspretta þvingaðs sparnaðar í þjóðfélaginu. Það skiptir auðvitað miklu máli fyrir lífeyrissjóðina að eiga þess kost að ávaxta þetta fjármagn. Ég hygg að þegar fram líða stundir muni það skipta lífeyrissjóðina miklu máli að eiga möguleika á því að ávaxta sitt pund með þessum hætti og viðbúið að þeir hefðu lent í miklum erfiðleikum eftir nokkur ár ef þessa hefði ekki verið kostur. Þá kann þetta dæmi auðvitað að snúast við og ríkissjóður kemst væntanlega í sterkari aðstöðu, samningsstöðu gagnvart lífeyrissjóðunum til þess að fá þetta fjármagn á lægri vöxtum. Um þetta er ég fyllilega sammála hv. 3. þm. Reykv. Eins og dæmið blasir við í dag held ég að þetta sé það sem líklegast er að gerist á næstu árum.

Á þessu ári er staðan hins vegar sú að fjármagnið er enn takmarkað og eftirspurnin mikil og það mun auðvitað hafa áhrif á vaxtastigið. Ég vænti þess þó enn að sú fyrirætlan að lækka vexti af spariskírteinum í maímánuði muni takast. Það var óhjákvæmilegt að gera bindandi samkomulag við verkalýðshreyfinguna um 9% vexti á þeim 925 millj. sem samið var um að lífeyrissjóðirnir legðu af mörkum til þess að fjármagna þær efnahagsaðgerðir sem gerðar voru í tengslum við samningana.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að undirstrika það einu sinni enn að aðalatriðið í þessu máli er það að hér erum við að fjalla um frv. sem byggt er á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins með sérstökum hætti. Við verðum náttúrlega að gera ráð fyrir því að þegar stjórnvöld staðfesta slíkt samkomulag sé ekkert óeðlilegt við það að þeir aðilar sem stóðu að þessu samkomulagi og eru höfundar þess komi sínum sjónarmiðum fram í því frv. um breytingu á húsnæðislöggjöfinni sem er aðalatriðið að þeirra mati í sambandi við þetta mál í heild. Þess vegna er ákaflega erfitt fyrir félmrh. eða hvern sem væri úr ríkisstj. að fara efnislega ofan í aðrar kröfur en þar hafa verið settar fram og ég legg mikið upp úr því að gert er ráð fyrir að nefndin, sem samdi þetta frv., komi á fund félmn. á morgun eða þegar þær halda fund og geri grein fyrir hverju atriði sem er í þessu frv. og hvaða rök liggja á bak við þær útfærslur sem koma þar fram.

Ég vil aðeins hlaupa á örfáum atriðum sem hér hafa komið fram. Ég vil fyrst nefna vegna spurningar frá hv. 7. landsk. þm. í sambandi við fsp., sem ekki hefði enn verið svarað en skriflegt svar átti að koma við, fsp. frá hv. 3. landsk. þm., að það svar er í vinnslu og reyndist erfiðara að vinna það heldur en ég gerði ráð fyrir en því verður svarað formlega. Ég þori ekki að fullyrða það hér í ræðustól nú að það nái fyrir þinglok inn á Alþingi en alla vega verður það afhent undir eins og það verður tilbúið.

Varðandi það sem hv. þm. spurði einnig um í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna, en gert er ráð fyrir að fé hans verði aukið um 200 millj. á þessu ári, er því er til að svara að það er búið að ákveða útlán til 1. júlí á þessu ári úr sjóðunum, en eftir er að fjalla um útlánaáætlunina fyrir síðari hluta ársins. Gert er ráð fyrir að þarna verði um tilfærslu að ræða þannig að það geti komið til greina að Byggingarsjóðurinn fái þessa aukningu úr því fjármagni sem um er að ræða.

Í sambandi við fsp. hv. 3. þm. Reykv. vil ég aðeins segja að það er með hann eins og fleiri hv. þm. að þeir virðast ekki hafa heyrt þær upplýsingar sem ég gaf við framsögu í málinu. Ég vil segja við hv. þm. að milliþinganefndin heldur áfram og hún hefur það verk að vinna, eins og ég tók fram í framsöguræðu minni fyrr, að móta framtíðarstefnu í húsnæðismálum. Hún á að vinna úr ýmsum atriðum sem meira að segja koma fram í sambandi við þessa samninga eða samkomulag sem um er að ræða og ég vonast til þess að hún nái saman um að marka stefnu og vinni úr þeim skynsamlegu tillögum sem allir stjórnmálaflokkarnir hafa sent inn til hennar um framtíðarlausn húsnæðismála.

Hv. þm. spurði einnig um það sem ég þóttist hafa svarað. Ég gaf upplýsingar um aðgerðir til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árinu 1980 eða síðar sem var eitt atriðið í þessu samkomulagi. Þar er um að ræða fjármagn upp á 500 millj. kr. og hluti af því er innifalinn í þeim kaupum ríkissjóðs á þessum 925 millj. sem lífeyrissjóðirnir ætla að leggja fram á þessu ári. 300 millj. eiga að koma strax og það hefur komið fram hjá forustu verkalýðshreyfingarinnar að það mun ekki standa á þessu fjármagni til þess að nota í þessu skyni.

Ég gaf þær upplýsingar áðan að það eru um 1000 umsóknir sem hafa borist um þessi viðbótarlán frá því að ráðgjafarstofnunin fór að vinna að þessu í vetur og í gær var búið að afgreiða rúmlega 400 umsóknir, að fjárhæð um 70,5 millj. kr. sem búið er að greiða út af þessu fjármagni. Núna eru í vinnslu 493 umsóknir sem verður reynt að hraða. Ég gaf einnig upplýsingar um það að tekið var í notkun nýtt húsnæði — einmitt í samræmi við þetta samkomulag — sem ráðgjafarstofnunin er flutt í og búið að auka mannafla til þess að hraða mjög afgreiðslu þessara mála.

Í sambandi við lengingu lána í 10 ár minnst, eins og lögð er áhersla á í þessu samkomulagi, gaf ég upplýsingar um það að áður hefði verið búið að semja við bankakerfið, um að skuldbreyta allt að átta árum, sem hefur gengið mjög greiðlega fyrir sig. Síðan hefur verið unnið að því að fá bankana til að viðurkenna formlega þessa lengingu í a.m.k. 10 ár. Fyrir nokkru síðan sendi ég formlegt bréf til viðskrh., sem sendi það aftur til bankakerfisins, um það að fá skýr svör um þetta, þannig að hægt væri að birta það opinberlega að bankakerfið hefði viðurkennt það að lengja þessa fyrirgreiðslu í tíu ár. Sumir hafa þegar gert það eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá stofnunum.

Könnun á þörf á leiguíbúðum var atriði sem Húsnæðisstofnun fékk strax fyrirmæli um að setja í gang og eftir þeim upplýsingum sem ég hef var öllum sveitarfélögum landsins gefinn ákveðinn frestur til að gefa upplýsingar um þessa þörf og síðan verður tekin ákvörðun um það, þegar þau svör fara að berast, hvort aðrir aðilar en Húsnæðisstofnunin sjálf og hennar mannafli verða fengnir til að vinna úr þeim svörum eða setja þau upp á skipulegan hátt, þannig að hægt sé að taka ákvörðun út

frá því sem verður bitastætt um stefnuna í þeim málum.

Í sambandi við húsnæðisafsláttinn eða breytingu á skattalögum, eins og kemur fram, eitt mikilvægt atriði í þessu samkomulagi, kom fram í því sem ég skýrði frá í framsögu í dag að þessi nefnd undir forustu hagstofustjóra er þegar farin að vinna að mótun hugmynda um það hvernig með þetta atriði eigi að fara og gera ákveðnar tillögur um það og eins og kom fram í bréfi nefndarinnar til ríkisstj. og bréfi forsrh. til nefndarinnar er gert ráð fyrir að hraða þessu atriði sérstaklega. Þetta er mikilvægt og reynir sjálfsagt á afstöðu ýmissa aðila hvernig menn vilja breyta þessu atriði.

Í sambandi við fsp., sem hv. 2. landsk. þm. bar fram og eru hér á þremur blöðum, vil ég vísa til þess sem ég sagði fyrr, að ég tel að réttast væri að taka þetta upp við nefndina, ýmis svona atriði, eins og hvernig með þá á að fara t.d. sem hafa verið í hlutastarfi og greitt í samræmi við það í lífeyrissjóði og eins í sambandi við skipti milli sjóða og þá sem kunna að vera utan við sjóði. Ég geri alveg ráð fyrir, eins og ég sagði í framsögu, að þetta sé vandamál sem þurfi að athuga alveg sérstaklega, hvort um þetta er að ræða, að það sé fólk í þjóðfélaginu sem verður utanveltu við þetta nýja samkomulag. Það er ekki gert ráð fyrir því og það verður að reyna að finna lausn á því.

Í sambandi við fólk með sérþarfir, sem hv. þm. spurði um, held ég að gæti dálítils misskilnings og ég vona að nefndin muni þá útskýra það nánar fyrir félmn. Í 23. og 24. gr. gildandi laga eru ákvæði um sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir. Þar er gert ráð fyrir að þetta fólk fái lán sem er komið til viðbótar lánum samkv. aðalreglunni. Og eftir því sem ég túlka þetta geta þessi lán, í þessum tilfellum, sem fara til fólks sem vissulega þarf að fá alveg sérstaka fyrirgreiðslu, numið miklu hærri upphæðum en kemur t.d. til greina með 2,1 eða 1,5 millj. eða hvernig sem það yrði. Það yrði viðbótarlán. Það er í samræmi við 23. og 24. gr. gildandi laga ef menn lesa þær nánar, þannig að það þarf að skoða það og ég held að það mæti þessu alveg.

Í sambandi við stærðarmörkin, sem kom einnig fram hjá hv. 5. þm. Reykv. og 2. landsk. þm., get ég verið alveg sammála um það. Ég er í vafa um það hvort stærðarmörkin í frv. eru rétt sett og get lýst því yfir að ég tel að það sé sjálfsagður hlutur að skoða það nánar. Við lögðum mikla vinnu í það á árinu 1984, bæði með skipun opinberra nefnda og ýmissi annarri vinnu í stofnuninni sjálfri, að setja nýjar stærðarreglur sem takmörkuðu mjög rétt manna til að byggja eins og þeim sýndist miðað við það að taka opinber lán og ég er vel inni á því að það þurfi að skoða það nánar.

Varðandi þessar nýju hugmyndir eða tillögur Alþfl. í sambandi við kaupleiguíbúðir get ég tekið undir það að þarna sé um merkilegar tillögur að ræða og ég hef sagt það áður að ég tel að það þurfi að skoða þær vel. En það er eitt sem þarf þá að gera sér grein fyrir: Við höfum ekki rúm fyrir allar þessar hugmyndir undir félagslega kerfinu og ég mundi telja að miðað við þessar hugmyndir og útlistun á þeim frá hendi flytjanda komi til greina að þær eigi þá að leysa af hólmi verkamannabústaðakerfið. Mér sýnist að það sé beinlínis stefnt að því að þetta eigi að koma í staðinn fyrir það.

Hins vegar get ég sagt það að ég er löngu kominn á þá skoðun að það sé e.t.v. rétt að fara að stokka húsnæðiskerfið þannig upp að það sé einn byggingarsjóður en fleiri útfærslur á félagslegri aðstoð við fólk séu þá settar í löggjöf og ekki þurfi að hafa þessa tvískiptingu. Mér sýnist aðilar vinnumarkaðarins að vissu marki, a.m.k. miðað við áhersluatriðin, jafnvel ganga út frá því að þarna sé byrjun á því að breyta þessu kerfi.

En að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um þetta nú en ég sé í þessu kerfi með kaupleiguíbúðir að þar er vissulega athyglisvert mál á ferð. Það verður þá að gera upp við sig um leið breytingar á verkamannabústaðakerfinu.

Í sambandi við byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða vil ég benda á að í gildandi lögum, í 15. og 16. gr., eru möguleikar á því að koma mjög til móts við þetta fólk og ég veit að Húsnæðisstofnun, að minni kröfu frá því fyrr í vetur, er að athuga með nýjar útlánareglur til þess að mæta þörfum þessa fólks þar sem svo stendur á að ef það getur losnað við íbúðir sínar verði hægt að veita því sérstaka fyrirgreiðslu til þess að komast í hentugra húsnæði eða koma sér fyrir í þjónustuíbúðum sem mörg sveitarfélög vilja byggja með sérstökum hætti og leysa þannig vanda þessa fólks. Það eru einmitt mörg sveitarfélög sem eru að gera það og að mínu mati þarf að lagfæra lánakerfið til þess að auðvelda þetta á sérstakan hátt. Það er einmitt það sem Húsnæðisstofnunin er að taka ákvörðun um og ég vitna þar í mjög merka tilraun sem þeir hafa gert og framkvæmt t.d. á Seltjarnarnesi, og í nokkrum sveitarfélögum eru framkvæmdir í gangi.

Herra forseti. Ég held að ég fari ekki nánar út í þetta en vísa á það sem ég sagði áðan að á fund nefndanna kemur einmitt nefndin og hún á að geta útskýrt, og menn þá tekið afstöðu til þess, hvort þarf að breyta ýmsum þáttum til þess að tryggja að ekki verði einhverjir og margir út undan í þessu kerfi því það hefur ekki verið meiningin að mínu mati.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör þau sem hann gaf við fsp. mínum. Ég er ánægð með að við megum vænta svars við fsp. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, en ég verð að viðurkenna að ég skildi ekki svar hæstv. ráðh. við hinni fsp. minni, þ.e. varðandi *200 millj.* kr. aukningu í Byggingarsjóð verkamanna. Ég átta mig ekki á því um hvaða tilflutning getur verið að ræða og vil ítreka spurningu mína hvernig eigi að fjármagna þetta atriði, hvort þarna komi til aukafjárveiting eða hvort þurfi að gera breytingu á lánsfjárlögum. (**Félmrh.:** Það er að vísu innifalið í framlagi frá lífeyrissjóðunum.) En þarf ekki að fá heimild fyrir því í lánsfjárlögum? (Gripið fram í.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 88. fundur.

Laugardaginn 19. apríl, kl. 8.45 árdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. 442. mál (þskj. 881). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 81. fundur.

Laugardaginn 19. apríl, kl. 3 miðdegis.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, stjfrv. 415. mál (þskj. 766, n. 957, brtt. 958). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti sjútvn. um frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins sem liggur fyrir á þskj. 766 og nál. á þskj. 957 og brtt. á þskj. 958.

Nefndin hélt alls sex fundi um málið og var sá háttur hafður á að sjútvn. Nd. var einnig á þeim fundum þegar tekin voru viðtöl við hagsmunaaðila. Fengnir voru til viðtals fulltrúar eftirtalinna aðila: Fiskifélags Íslands, Fiskveiðasjóðs, tryggingafélaga og sjútvrn., enn fremur forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem var formaður nefndar þeirrar er undirbjó frv. Einnig bárust skriflegar ábendingar frá Fiskifélagi Íslands, sjútvrn., félögum sjómanna og skipstjóra á Norðurlandi, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum grásleppuhrognaverkenda og Samvinnutryggingum.

Í umfjöllun nefndarinnar var lögð rík áhersla á það að bakgrunnurinn að þessu frv. væri sá að hér væri um samkomulag að ræða um stóru atriðin í frv. milli hagsmunaaðila og þess vegna væri ekki rétt að brjóta upp það samkomulag í meginatriðum, enda var ekki ágreiningur í nefndinni um meginefni frv. sem, eins og fram kom í framsögu, er að meginefni um það að einfalda sjóðakerfi sjávarútvegsins og leggja niður þær millifærslur sem þar er um að ræða.

Eigi að síður gerði nefndin tillögur um breytingar á frv., sem að vísu eru ekki stórvægilegar í sniðum en allnokkrar breytingar þó, og þær brtt. liggja fyrir á þskj. 958. Ég vil geta þess að af misgáningi hér í gær féllu niður tvær greinar úr þessum brtt. Þeim verður dreift eftir augnablik og mun ég gera grein fyrir þeim í þessari framsögu. Áður en ég geri grein fyrir þeim brtt. sem nefndin leggur til vil ég geta þess að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

1. brtt. sem nefndin leggur til er við 8. gr. frv., að 1.–3. tölul. orðist svo:

1. Að 48% sé greitt til lífeyrissjóða sjómanna.

2. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af vátryggingu báts og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, samkvæmt reglum sem sjútvrh. setur.

3. Til Landssambands smábátaeigenda, þar með vegna grásleppuveiða.

Breytingin sem þarna um ræðir er sú að þarna er getið sérstaklega um að þessar greiðslur séu vegna grásleppuveiða og er það í samræmi við ábendingar og óskir þeirra aðila. Í nefnd þeirri sem vann að frv. áttu sæti allir helstu hagsmunaaðilar innan sjávarútvegsins utan Landssambands smábátaeigenda og Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda. Þau samtök töldu að lítið hefði verið haft við sig samráð í þeirri nefnd sem vann frv. Þess vegna ræddi nefndin ítarlega þeirra sjónarmið og kallaði þá fyrir.

Landssamband smábátaeigenda var stofnað í desember s.l. og það hefur sýnt sig að víðtæk samstaða er innan samtakanna þó að þau séu ekki komin enn á fullt skrið, m.a. vegna þess að þau hafa ekki enn þá fengið það fjármagn sem þau þurfa til starfsemi sinnar. Það átti að tryggja félaginu þetta fjármagn með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum með lagabreytingu sem enn er í meðförum Alþingis. Með þessu frv. er lagt til að þau lög falli úr gildi, eða lögin um útflutningsgjald, og þar sem búast má við því að samkomulag geti orðið með þessum aðilum, þessum samtökum um sameiginlega hagsmuni, félagsmálastarfsemi og fleira, þá þykir rétt að hækka framlag til Landssambands smábátaeigenda úr 3% í 5% og taka það beinlínis fram í greininni að grásleppuveiðar heyri þar undir og taka þar af allan vafa.

Nefndin flytur brtt. við 10. gr. frv. sem mun verða dreift hér, en hún féll niður úr þessari prentun í gær og ég vona að ég megi, með leyfi forseta, fara yfir þá till. við þessa framsöguræðu. 10. gr. í frv. hljóðar svo:

„Lífeyrissjóður sjómanna skal annast skiptingu þess fjár, sem inn kemur skv. 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr. á reikning hvers skips, til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.“

Það hefur komið fram ótti um það að þetta leiði til þess að þetta fé safnist saman á einum stað í einum stórum sjóði, Lífeyrissjóður sjómanna geymi þetta fé t.d. í banka hér í Reykjavík. Þess vegna þykir rétt að orða greinina þannig að það sé skýrt að þessar greiðslur mega ganga beint í banka á viðkomandi stað, en Lífeyrissjóður sjómanna hafi eftirlitshlutverk með þessum greiðslum, að þær fari fram, og að greinin orðist svo:

„Lífeyrissjóður sjómanna skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr., sé skipt og greitt inn á reikning hvers skips til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.“

Við 15. gr. er brtt. þar sem a-liður hennar orðist svo:

„Til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts til hverrar vinnslugreinar, en í hlutfalli við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu til hvers fyrirtækis innan greinar eftir reglum sem sjútvrh. setur í samráði við Samtök fiskvinnslufyrirtækja. Heimilt er að verja hluta af þessu fé til greiðslu árgjalda til Útflutningsráðs Íslands með samþykki hlutaðeigandi fiskvinnslufyrirtækja.“

Hér er kveðið á um fjármögnun útflutningsráðs en frv. um það lá hér fyrir þessari hv. deild og var nýlega afgreitt til Nd. með þeim fyrirvara að tekjuliðinn af útflutningsgjaldi, sem reiknað er með í frv., verði að endurskoða. Hér er lagt til að um sinn eða á þessu ári verði fjármögnunin leyst á þennan hátt með hluta af endurgreiðslu söluskatts til fiskvinnslufyrirtækja en með samþykki þessara fyrirtækja og í samráði við þau.

Við 17. gr. er flutt eftirfarandi brtt., að við 1. mgr. bætist:

„Þá er sjútvrh. heimilt að fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem framleitt er og/eða flutt út frá ársbyrjun 1986 til 15. maí 1986. Enn fremur skal ekki innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem flutt er út eftir 1. jan. 1986 en framleidd var fyrir 1. des. 1984."

Þessi liður er til kominn vegna þess að hér hefur verið til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Það liggur hér fyrir samhliða þessu frv.

Samþykkt þessa frv. felur í sér að það þarf að huga að þeim heimildum sem eru í fyrra frv. um útflutningsgjald af fóðurlýsi og útflutningsgjald af skreið það sem af er árinu. Það er talið eðlilegt að ákvæði þessa efnis komi inn í þetta frv. en þessi ákvæði eru til komin vegna þeirra erfiðleika sem hafa verið í þessum greinum.

Þá er örlítil breyting á lokalið þessarar greinar sem er nú til komin vegna þess að nafn Fiskifélags Íslands féll niður úr prentun. Það er lagt til að lokaliður greinarinnar orðist svo: „Til þess að auðvelda framkvæmd ákvæða þessarar málsgr. skulu allir framleiðendur sjávarafurða skyldir að senda Fiskifélagi Íslands sérstakt yfirlit yfir birgðir sjávarafurða miðað við 14. maí 1986." En nafn Fiskifélags Íslands féll niður úr prentun frv.

Þá eru breytingar á ákvæði til bráðabirgða. Þar er lagt til að c-liður orðist svo:

„Af eignum Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans samkvæmt lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, og reglum settum samkvæmt þeim, er lokið, skal verja 12 millj. kr. til öryggismála og björgunaræfinga sjómanna á fiskiskipum í samráði við öryggismálanefnd sjómanna og samtök sjómanna og útvegsmanna." — Þarna kemur inn að þessu fé á að verja í samráði við þá öryggismálanefnd þingmanna sem starfar í þessum málefnum, og í samráði við samtök sjómanna og samtök útvegsmanna. — „12 millj. kr. til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss í Reykjavík samkvæmt tillöögum byggingarnefndar hússins er sjútvrh. skipar fyrir árslok 1986," — breytingin frá frv. er sú að lagt er til að sjútvrh. skipi byggingarnefnd hússins og ég vil segja fyrir árslok 1986 þannig að það sé ákveðinn aðili og liggi fyrir ákveðinn samningur og áætlun um byggingu þessa húss og séu ábyrgir aðilar þar í forsvari áður en þetta fé er reitt af hendi. — „og 3 millj. kr. til Landssambands smábátaeigenda, m.a. til að ljúka skuldbindingu Samtaka grásleppuhrognaverkenda við Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 79/1984." Þetta ákvæði er komið inn vegna þess að hluti útflutningsgjalds, sem ganga átti til Fiskveiðasjóðs, gekk til þess að jafna skuld grásleppuhrognaframleiðenda í Landsbankanum, en sú skuld var til komin vegna fjárfestingar í Frakklandi sem skilaði sér ekki og lentu stjórnarmenn í samtökunum í persónulegum ábyrgðum fyrir þessum skuldum. Þetta mál var leyst með séstökum lögum héðan frá Alþingi og var útflutningsgjald látið ganga til greiðslu á þessari upphæð. Það þykir rétt að ljúka þessu máli í tengslum við þessa lagasetningu þannig að möguleikar skapist til þess að Landssamband grásleppuhrognaframleiðenda geti gengið inn í Landssamband smábátaeigenda á *jafnréttisgrundvelli* og þessi skuld komi ekki í veg fyrir samstarf þessara aðila. — „Eftirstöðvar eigna Tryggingasjóðs skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands."

Þá er að d-liðurinn orðist svo:

„Af eignum Úreldingarsjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans samkvæmt lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, er lokið, skal verja 8 millj. kr. til varðveislu sjóminja og sjávardýra að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og 4 millj. skulu renna til Fiskimálasjóðs til að styrkja rannsóknar- og tilraunastarfsemi í sjávarútvegi á þessu ári. Eftirstöðvar eigna Úreldingarsjóðs fiskiskipa skulu varðveittar á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum þar *til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og* ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð."

Þarna eru tvær breytingar. Framlag til varðveislu sjóminja er hækkað um 2 millj. og bætt inn að þarna sé um varðveislu sjóminja og sjávardýra að ræða, en þar eru höfð í huga sædýrasöfn og þau söfn þar sem sjávardýr, lifandi dýr eru varðveitt eða höfð til sýnis. Í öðru lagi er sú breyting að ákveðið er að 4 millj. skuli renna til Fiskimálasjóðs til þess að Fiskimálasjóður geti haldið áfram starfsemi sinni út þetta ár og staðið við skuldbindingar sínar.

Þá er það að e-liður orðist svo:

„Sjútvrh. staðfestir lokauppgjör Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa."

Þess má geta að þessum sjóðum hefur nú þegar verið skrifað og þeir beðnir um að staðfesta stöðu sína nú og lokauppgjör þeirra verður síðan staðfest af sjútvrh. ef þessar brtt. ná fram að ganga.

Ég hef lokið við að fara yfir og gera grein fyrir þeim brtt. sem nefndin flytur við frv. Hér er um mjög stórt mál að ræða og allflókið vegna þess að hér er verið að leggja niður og breyta verulega viðamiklu kerfi. Nefndinni hafa borist erindi frá Skipstjórafélagi Norðlendinga, Sjómannafélagi Eyjafjarðar, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannafélagi Ólafsfjarðar, Verkalýðsfélaginu Vöku, Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Verkalýðsfélagi Skagastrandar vegna launagreiðslna til áhafna á frystitogurum sem eru á bolfiskveiðum. Þær telja sig búa við skarðan hlut samkvæmt frv. en það hefur verið staðfest af fulltrúum sjómannasamtakanna að hér hafi verið um samkomulag að ræða og millifærslu milli þeirra sem eru á frystitogurum sem stunda bolfiskveiðar og til þeirra sem stunda rækjuveiðar og annarra togara. Þetta mál verði síðan að taka upp aftur í tengslum við kjarasamninga þar sem hér sé um ákveðið samkomulag að ræða sem ekki sé rétt að brjóta upp. Þess vegna leggur nefndin ekki til að þarna verði gerðar breytingar á.

Ég tel rétt að geta þess að Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafa skrifað útgerðarmönnum eftirfarandi erindi sem ég vil lesa upp, með leyfi forseta:

„Til þess að unnt væri að einfalda núgildandi sjóðakerfi, eins og fram komið frv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins gerir ráð fyrir, var skiptaverðmæti á frystiskipum á botnfiskveiðum ákveðið 70% af fob-verðmæti. Nú er þetta hlutfall 72,25% af fob-verðmæti auk þess sem greiddar eru verðbætur af afla þessara skipa sem koma til skipta.

Ljóst er að þar sem verðbætur falla niður og skiptaverð til sjómanna lækkar frá því sem nú er samkvæmt frv. koma tekjur sjómanna á frystiskipum til með að lækka verulega. Þrátt fyrir að samhliða breytingum á

sjóðakerfinu falli verðbætur og bætur Aflatryggingasjóðs niður fær útgerðin til sín útflutningsgjaldið sem nú er 5,6% af fob-verðmæti. Við þessa breytingu er því ljóst að útgerðin heldur sínu en sjómenn á þessum skipum bera skarðan hlut frá borði. Mikil óánægja er meðal sjómanna á þessum skipum með þá tekjuskerðingu sem þeir verða fyrir, sem eðlilegt er.

Með þetta í huga fara Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fram á það við útgerðir þessara skipa að þær hækki álag á aflahlut sjómanna á þessum skipum samkvæmt grein 5.26 í kjarasamningi í 13,5% á skipum undir 500 brúttólestum og í 12,5% á skipum yfir 500 brúttólestum til þess að þeir haldi óskertu skiptahlutfalli eftir að einföldun sjóðakerfisins hefur átt sér stað. Með því væri komið í veg fyrir megna óánægju á þessum skipum."

Ég tel rétt að láta þetta erindi koma fram hér en nefndin leggur ekki til að breytingar verði gerðar hér á.

Það voru gerðar skriflegar athugasemdir við tryggingakaflann í frv. þar sem eitt tryggingafélag, Samvinnutryggingar, eins og hefur komið fram í nál., telur það ekki eðlilegan gang mála að tryggingafé renni inn á reikning hjá LÍÚ og sé greitt þaðan aftur til þeirra félagsmanna. Nefndin telur það vera mál félagsmanna í LÍÚ hvernig þeir standi að þessum málum og leggur ekki til að það sé gerð breyting þar á.

Ég vil að lokum geta þess að nefndinni hefur borist erindi frá Félagi rækju- og hörpudisksframleiðenda. Þar sem mér barst þetta erindi ekki fyrr en málið var komið hér á dagskrá og fundur hafinn legg ég til að sjútvn. Nd. fái það til meðferðar og kanni það mál.

Rækju- og hörpudisksframleiðendur gera athugasemdir í þremur liðum. Í fyrsta lagi telja þeir að rækju- og hörpudisksframleiðendur hafi undanfarið fengið mun minna fjármagn úr þeim sjóðum sem nú á að leggja niður en fyrirtæki í öðrum greinum fiskvinnslu. Af þeim sökum fögnum við fram komnu frv. í flestum atriðum, segja þeir.

Í öðru lagi: „Í bráðabirgðaákvæði í frv. kveður á um að hráefnisverð skuli vera 58% hærra en það verð sem gilt hefði óbreytt í maíbyrjun 1986 að meðtöldum helmingi verðbóta úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs. Þetta er of mikil hækkun á rækju og hörpudiski. Stafar það af því að nú eru greiddar uppbætur á allar tegundir sjávarafla utan rækju og hörpudisks. Þessar uppbætur eru 6%. Miðað við samanburð á hráefniskostnaði vinnslugreina skv. rekstraráætlunum sem fylgja frv. kemur fram að hækkun frá núgildandi lágmarksverði verðlagsráðs er áætluð 58% í rækjuvinnslu, en 63–64% í öðrum greinum. Því ætti bráðabirgðahækkun rækju og hörpudisks að vera 52–53%.

Í frv. er gert ráð fyrir endurgreiðslu söluskatts. Samkvæmt áætlun virðist eiga að viðhalda misrétti sjóðakerfisins og halda hlutfalli á greiðslu til rækjuvinnslu mun lægra en til annarra greina. Við vonum að þér sjáið yður fært að vinna leiðréttingu á þessu misvægi við afgreiðslu frv.

Það má að lokum geta þess að útreikningar á afkomu rækjuvinnslu gefa ekki rétta mynd að raunverulegri stöðu vinnslunnar."

Ég tel rétt að láta þetta koma fram við umræðu málsins, en að þessi atriði séu tekin til athugunar í framhaldsvinnslu frv.

Ég tel að ég hafi nú gert grein fyrir þeim breytingum sem nefndin leggur til, en einstakir nefndarmenn munu gera grein fyrir þeim fyrirvörum sem þeir hafa við einstakar brtt. að gera við umræðu málsins.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég mæli þau reyndar fyrir hv. 4. þm. Vesturl. sem hefur fjarvistarleyfi. Hann átti hlut að því, hv. þm. Skúli Alexandersson, að semja þetta frv. og gerði auk þess rækilega grein fyrir sjónarmiðum sínum í heild við 1. umr. þessa máls. Eins og kemur fram í nál. er hann samþykkur þessu frv., meginefni þess, af eðlilegum ástæðum.

Við þessa umræðu bað hann mig að koma á framfæri athugasemdum við tvö atriði eða áréttingu við annað og athugasemd við hitt.

Annað atriðið varðar 2. brtt. á þskj. 958, síðustu setninguna þar. Þar stendur, með leyfi virðulegs forseta: „Heimilt er að verja hluta af þessu fé til greiðslu árgjalda til Útflutningsráðs Íslands með samþykki hlutaðeigandi fiskvinnslufyrirtækja."

Hér þykir honum í raun gengið þvert á megintilgang þessa frv., þarna sé nýr millifærsluangi að skjóta upp kollinum til að bjarga framgangi annars frv. hér að Alþingi, þ.e. frv. um útflutningsráð, þannig að það komist klakklaust hér í gegn.

Hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson vildi koma andstöðu sinni við þetta atriði á framfæri og koma þeim boðum til virðulegs forseta að láta greiða atkvæði sér í lagi um þessa setningu, þ.e. lokasetningu 2. brtt. við 15. gr., „heimilt er að verja hluta af þessu fé til greiðslu árgjalda til Útflutningsráðs Íslands með samþykki hlutaðeigandi fiskvinnslufyrirtækja." Kem ég því hér með á framfæri.

Í öðru lagi vill hv. þm. koma öðru að. Það er varðandi 3. lið 7. gr. frv. Það er í sambandi við miðlun á því fé sem haldið er eftir skv. 5. gr. Þar segir í 3. lið, með leyfi forseta: „2% af hráefnisverði greiðist inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa", svo skemmtilegt orðalag sem er nú á þessu.

Hann vill láta koma fram að það hafi mjög skýrt verið tekið fram í nefndinni og hann skilji væntanlega framkvæmd þessa svo að Fiskifélag Íslands skuli hér eftir sem hingað til annast um þennan þátt, hafi öll gögn til þess, alla burði til þess, enda hafi Már Elísson forstjóri Fiskveiðasjóðs sérstaklega beðið um það í nefndinni að „bikar þessi yrði frá þeim tekinn", svo orðrétt sé vitnað til þess sem hv. 4. þm. Vesturl. vildi láta kom hér fram.

Annað erindi átti ég ekki í þennan ræðustól og vona að skilaboð hafi komist á framfæri með viðunandi hætti.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hygg að það séu ekki nægilega margir sem gera sér grein fyrir því hversu mikil breyting er hér á ferðinni, hreinsun á því sjóðakerfi sem hefur viðgengist í sjávarútveginum og mér sýnist að fjölmiðlar gefi því allt of lítinn gaum í raun og veru og jafnvel þm. sem eru ekki margir hérna. Þegar ég ræði um hreinsun á ég við að sjávarútvegurinn hefur myndað hvers konar sjóði, reyndar oft og tíðum þannig að ríkið hefur þvingað þessum sjóðum upp á sjávarútveginn. Ástandið hefur loks orðið þannig að þetta sjóðakerfi hefur orðið eins konar frumskógur sem bæði sjómönnum og útvegsmönnum hefur gengið mjög illa að rata í gegnum. Ég tel að sú breyting, sem nú er

gerð, verði til að einfalda alla hluti. Ég hygg að það hafi oft verið þannig með útvegsmenn og reyndar sjómenn líka að þeir hafi átt erfitt með að reikna út sinn hlut, ekki áttað sig á hvað kæmi í sinn hlut vegna þess að þetta kerfi hefur verið svo andstyggilega flókið.

Hitt er annað, sem ég vildi minnast á, sem er mjög útbreiddur misskilningur í þjóðfélaginu, misskilningur sem er í því fólginn að það eru margir sem ætla að þessir sjóðir séu eign ríkisins, þeir séu eign einhvers annars en sjávarútvegsins, sem er allsherjar misskilningur. Allir þessir sjóðir eru eign sjávarútvegsins sjálfs, sjómanna og útvegsmanna, og ríkissjóður á ekkert þar í. Ef svo væri væri íslenska þjóðfélagið reyndar afar illa statt. Þá lifði það ekki því lífi sem það lifir í dag. Staðreyndin er sú að Ísland er eina ríkið sem heldur uppi velferðarþjóðfélagi án þess að ríkisstyrkja sjávarútveg. Ástæðan er sú að við lifum á sjávarútvegi. Sjávarútvegur er undirstaða okkar lífskjara og ef hann er ekki í lagi er allt í ólagi í þjóðfélaginu. Svo má deila um það lengi og oft hvort grundvöllur sjávarútvegsins hafi verið slíkur að sæmandi hafi verið.

Ég tek það fram, sem allir vita hér, að þetta frv. er samið af nefnd sem í áttu sæti menn tilnefndir af þingflokkunum og hagsmunasamtökum eins og Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sjómannasambandinu, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi fiskvinnslustöðvanna og Félagi sambandsfiskframleiðenda og sá er ritaði texta frv., Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar, var fulltrúi sjútvrh. Ég tel að það hafi tekist merkilega vel til í starfi þessarar nefndar og satt að segja hélt ég um tíma að það væri óvinnandi vegur að komast út úr þessum frumskógi, en það ætlar að takast. A.m.k. verður gerð alvarleg tilraun til þess.

Auðvitað hafa bæði ég og aðrir ýmislegt að þessu að finna, en ég hef fallist á frv. í meginatriðum og þeim brtt. sem nefndin gerir á ég hlut að og minn flokkur. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka samnefndarmönnum mínum og þá sérstaklega formanninum fyrir lipra og góða forustu í nefndinni sem hefur miðað að því að ná samkomulagi. Ég mun því ekki gera sérstakar brtt. við þetta frv. Ég er samþykkur því í meginatriðum.

Þó eru nokkur atriði sem ég vildi svona tæpa á. Það er t.d. varðandi hlut Fiskifélagsins. Ég óttast um að hann verði ekki sem ætti að vera. Þá á ég við 3. lið 7. gr. frv. Það er spurning, ef svokallaður greiðslumiðlunarreikningur fiskiskipa verður hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, hvort komið verði á nýju kerfi, en það kerfi er allt til hjá Fiskifélaginu. Það þarf að huga að því að ekki verði neitt nýtt apparat sett á fót. Tilgangur þessa frv. er að leggja niður þessi „apparöt" eða kerfi sem í kringum þetta eru og ég vænti þess að svo verði gert einnig varðandi þetta.

Ég tel ástæðu líka til að minnast á að í 2. lið 7. gr. er sagt að 6% af hráefnisverði greiðist inn á vátryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Það er spurning hvort þetta á að vera svona. Mér er sagt að í reikningum Landssambands ísl. útvegsmanna komi í ljós að vaxtahagnaður einn af þessari millifærslu geti hafa numið 7–8 millj. á síðasta ári. Þá er spurning hvers vegna þessi millifærsla á sér stað.

Varðandi 10. gr. ber nefndin fram brtt. Sú brtt. er nokkurs konar skýringartillaga, eins og formaður nefndarinnar skýrði áðan, og skýrir að það er ekki meiningin að það fé sem safnast í lífeyrissjóði sjómanna verði geymt í Reykjavík og forvaltað þar með tilheyrandi kostnaði heldur renni það beint til viðkomandi sjóða.

Ég geri líkt og síðasti ræðumaður fyrirvara varðandi tekjustofn til útflutningsráðs. Ég tel að það sé vont mál að samþykkja í þessum lögum að útflutningsráð eigi að þiggja tekjur af þessum vettvangi heldur eigi fyrirtækin sjálf að ákveða það þegar til kemur. En það virðist vera um heimilisvandamál hjá stjórnarliðinu að ræða hvað varðar þetta útflutningsráð og þess vegna mun þetta vera inn tekið.

Ég vil og minnast á að í brtt. við 17. gr. er rætt um skreiðina. Það segir í niðurlagi greinarinnar:

„Enn fremur skal ekki innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem flutt er út eftir 1. jan. 1986 en framleidd var fyrir 31. des. 1984."

Ég tel að þetta ætti að ná til þeirra sem hafa þegar flutt út skreið og ekki fengið hana greidda. Ég veit að hagur þeirra sem hafa orðið fyrir því, ef ég mætti segja svo, að flytja út skreið og ekki fengið hana greidda er mjög slæmur og menn vita ekki hvenær þeir fá þessa peninga. Horfur eru allar lakari núna í Nígeríu en áður. Mér er sagt að það sé verið að semja um það nú að menn fái ekki nema 25% af söluverðmæti greitt þegar allt kemur til alls. Af þessu ætlar ríkissjóður að taka gengismun og líka útflutningsgjald sem er með ólíkindum og mikið óréttlæti. Ég átta mig eiginlega ekki á því hvaða hugarfar liggur að baki því að vilja ekki láta þetta ákvæði ná aftur í tímann. Ég tel ekki ástæðu á þessu stigi málsins, í framhaldi af viðræðum við sjútvrh. sem hefur reyndar sagt að það væru uppi tilraunir til að laga þetta, að flytja brtt., en mér finnst að það hefði átt að vera alveg skýrt að þetta yrði ekki gert.

Annað atriði er það sem mér finnst afar mikilsvert og óska eftir að við 3. umr. gefi sjútvrh. ótvíræða yfirlýsingu um hvernig með skuli fara. Það er varðandi aflabrest. Ef aflabrestur verður í verstöð, ef aflabrestur verður í ákveðnu sjávarplássi skapast mikil vandræði. Menn geta að vísu selt sinn kvóta til annarra byggðarlaga sem betur gengur, en eftir situr fólkið atvinnulaust og atvinnulífið í rúst ef svo kemur upp. En við vitum það, Íslendingar, að aflabrestur kemur alltaf annað slagið og getur bitnað verr á einu byggðarlagi en öðru. Ég vænti þess og vil óska eftir því að sjútvrh. skýri hvernig hann hyggst með fara ef slíkt tilvik kemur upp að eitt byggðarlag lendir í aflabresti, neyðarástandi, hvað fyrir honum vakir í þeim efnum. Það er afar mikilsvert að vita hvernig með skuli fara. Ég er út af fyrir sig samþykkur því að leggja niður Aflatryggingasjóð í því formi sem hann hefur verið og tel hann hafa verið skrípamynd af því sem ætlað hafði verið, en eftir stendur það að menn geta lent í mjög erfiðum málum ef aflabrestur einstakra byggðarlaga á sér stað.

Ég tel ástæðulaust að fjalla frekar um einstök atriði þessa frv., en ég tel, eins og ég hef áður sagt, frv. vera mikla hreinsum og til mikilla bóta og þeim til sóma sem hafa að því unnið. Ég leyfi mér að horfa fram til betri tíma, bjartari framtíðar, ef það verður að lögum á þessu þingi. Mér er sagt reyndar að í Nd. séu uppi ráðagerðir um að hafa uppi hinar ýmsu ýfingar varðandi frv., jafnvel ráðherrar, aðrir en sjútvrh. reyndar, en ég vona sjómanna vegna og útvegsmanna líka að þetta frv. nái fram að ganga.

Ég ítreka að lokum þetta síðasta atriði sem ég nefndi. Hvað er fyrirhugað að gera ef byggðarlag lendir í

alvarlegum aflabresti og atvinnulífið er í hættu? Hvað er fyrirhugað að gera af hendi hins opinbera?

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Þetta mál er, eins og síðasti hv. ræðumaður lýsti, mjög þýðingarmikið fyrir sjávarútveginn og það er raunar merkilegt hversu víðtæk samstaða náðist um það í vinnu þeirrar nefndar sem undirbjó málið. Ég lýsti því yfir í 1. umr. að ég vildi fá að skoða þetta mál vel og ég tel mig hafa gert það á sex nefndarfundum. Þó er eflaust eitthvað enn sem hugsanlega mætti betur fara. Ég hef reyndar fengið um það ábendingar nú. Það verður þó að álykta að þeir hv. þm. sem voru í undirbúningsnefndinni hafi verið vel á verði um það hvað þinglegt væri og talið allt með felldu að því leyti. Ég get ekki dæmt um það. Ég efast ekki um að þetta mál eins og svo mörg önnur þurfi endurskoðunar við og þegar til framkvæmdanna kemur þá kemur ýmislegt í ljós sem menn hafa kannske ekki gert sér grein fyrir um framkvæmdaatriði.

Auðvitað er ekkert mál öllum að skapi. Menn hafa gert athugasemdir við það og séð eftir því að hin almenna deild Aflatryggingasjóðs skuli vera lögð niður. Menn komu fram með athugasemdir við okkur nefndarmenn um miðstýringu vátryggingarfjár í gegnum Landssamband ísl. útvegsmanna. Það hafa komið fram ábendingar um að Úreldingarsjóður og Aldurslagasjóður væru vissulega skildir eftir í nokkru tómarúmi. Reyndar hefur verið bent á að Aldurslagasjóður eigi ekki heima í þessum lögum þó ekki sé nema aðeins minnst á að sett skuli ný lög um starfsemi hans, og ákvæði Aldurslagasjóðs í II. kafla laga nr. 37/1978, um samábyrgð á fiskiskipum, þurfi endurskoðunar við.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en ég vil aðeins segja að í nefndinni var samstaða um að frv. næði fram að ganga og að greiða fyrir því á þeim stutta tíma sem eftir er.

Ég skildi það svo að þeirri brtt. sem nefndin varð sammála um að flytja við 10. gr. hefði verið dreift. Hún kemur þá eflaust til atkvæða með öðrum brtt.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka sjútvn. fyrir góð störf í sambandi við þetta stóra mál. Hér er um viðamikið mál að ræða og liggur alveg ljóst fyrir að það hefði verið betra að hafa lengri tíma til að vinna að því, en nefndin hefur unnið mjög vel að málinu og er ástæða til að þakka henni sérstaklega fyrir það.

Vegna spurningar Karls Steinars Guðnasonar, hv. 7. landsk. þm., vil ég benda á að ég sagði í minni framsögu að ég sæi ástæðu til þess að athugað yrði hvort og með hvaða hætti aflatrygging ætti sér stað í framtíðinni í samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútveginum. Jafnvel þótt við höfum haft Aflatryggingasjóð og hann hafi getað leyst oft áður fyrr ýmis mál vegna aflabrests er að mínu mati aldrei hægt að tryggja sig algerlega fyrir slíkum skakkaföllum sem fylgja aflabresti. Aðalatriðið er að sjálfsögðu að ganga skynsamlega um þá auðlind sem hafið er og þeir fiskistofnar sem þar eru. Það er mikilvægasta aflatryggingin að veiðunum sé stjórnað með þeim hætti að menn geti bærilega treyst því að ekki þurfi að verða verulegur aflabrestur þó að náttúran stjórni mestu í því sambandi að sjálfsögðu.

Ég vildi aðeins vitna til þessara ummæla í minni framsögu, en eins og málum er komið þegar frv. þetta hefur verið samþykkt, ef að lögum verður, sem ég vænti að muni gerast næstu daga og sé enga ástæðu til að ætla annað, fellur þessi trygging niður og í reynd hefur hún ekki verið nú s.l. tvö ár. Mér er ekki kunnugt um að það hafi orðið nein sérstök vandamál vegna þess.

Það er engin launung á því að margir treystu á það hér áður fyrr að fá bætur úr Aflatryggingasjóði og hugsuðu þar af leiðandi ekki nógu vel um sína útgerðarhætti. Það er gallinn við allar tryggingar og samhjálp, sem er að sjálfsögðu nauðsynleg, að það eru alltaf einhverjir sem verða til þess að misnota hana og verður sjálfsagt aldrei komið í veg fyrir það.

Ég get ekki svarað þessari spurningu betur en ég hef nú gert, en vildi aðallega vitna til ummæla minna í framsögu með málinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 958,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
9.–14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 958,2 (fyrri málsl.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 958,2 (seinni málsl.) samþ. með 13:5 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 958,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 958,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, stjfrv. 409. mál (þskj. 756, n. 945, brtt. 946 og 953). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta hefur legið fyrir hv. fjh.- og viðskn. og verið þar rætt allítarlega og niðurstaðan hefur orðið sú að nefndin flytur við það brtt., en mælir síðan með samþykkt frv. Brtt. er í því fólgin að fella burt 1. og 2. gr. frv. Þar er um atriði að ræða sem komin voru inn í frv. um sjóði í fyrra og sem eru sameiginleg varðandi sjóðina alla sem frv. nú fjallar um, sjóðafrv. sem menn þekkja en ekki fær afgreiðslu á þessu þingi. Það var talið eðlilegt að þessi tvö atriði biðu þess hvað yrði um sjóðina í heild og þess vegna leggjum við til að þær greinar falli niður og frv. fjalli þá í rauninni einungis um hina svokölluðu tryggingadeild útflutningslána. En það atriði var einnig komið inn í sjóðafrv. í fyrra og er í núverandi frv.

Síðan hefur hv. þm. Ragnar Arnalds flutt brtt. þar sem vikið er að ríkisábyrgð á þessum útflutningslánum og mæli ég með samþykkt þeirrar brtt. og þeir nefndarmenn aðrir sem ég hef náð til. Flestir eru mér a.m.k. sammála um það. Ég get getið þess að bæði hæstv. fjmrh. og eins forráðamenn Iðnlánasjóðs eru samþykkir því að orðalagið verði eins og hv. þm. Ragnar Arnalds leggur til.

Þá vil ég geta þess að Stefán Benediktsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur nál. þar sem mælt er með samþykkt þessa frv. með áorðnum breytingum.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara sem skýrist einfaldlega af því að ég ákvað á seinustu stundu að flytja brtt., gera svolitla bragarbót á frv.

Ég þekki þetta mál frá gamalli tíð. Það var stundum til umræðu í þeirri ríkisstjórn sem ég átti seinast sæti í. Auðvitað er eitt ákvæði þessa frv. hæpnara en önnur. Það er það ákvæði að verði tjónadeildin við Iðnlánasjóð fyrir verulegum skakkaföllum þannig að greiðslur tjónabóta fari langt umfram efni deildarinnar, varasjóður dugi ekki til, beri að greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði skv. b-lið 3. gr.

Ríkisábyrgðasjóður er auðvitað ekkert annað en ríkissjóður. Það er því ljóst að ef þarna yrði um stóráföll að ræða, sem alltaf getur orðið, er einfaldlega verið að vísa beint í ríkissjóð að jafna tapið ef svo skyldi fara. Þetta er kannske óhjákvæmilegt og hefur raunar alltaf verið gert ráð fyrir því að ríkissjóður væri baktryggjandi deildarinnar, en það er þó tvímælalaust sérkenni við þetta frv. umfram þau frumvörp sem áður hafa verið í gangi varðandi þetta mál að fjmrh. hefur ekki úrslitaáhrif á hvaða áhætta er tekin eða hverjar iðgjaldagreiðslurnar eru. Er því ljóst að ríkissjóður yrði látinn taka þarna verulega mikla áhættu án þess að fjmrh. hafi þar úrslitaáhrif á.

Þetta mál er búið að vera að velkjast lengur en svo í kerfinu að hægt sé að una því að það verði ekki afgreitt. Ég er því eindregið hlynntur að málið verði afgreitt og styð frv. þrátt fyrir þessa vankanta, en ákvað á seinustu stundu að flytja brtt. sem dregur svolítið úr þeirri áhættu sem ríkissjóður tekur í þessu sambandi vegna þess að þar er gert ráð fyrir því að það eigi að mynda varasjóð um leið og starfsemi deildarinnar fer af stað og stefna að því að varasjóðurinn nemi 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Þetta er viðbótin í fyrri brtt. og hlýtur að sjálfsögðu að draga eitthvað úr áhættunni sem í þessu felst fyrir ríkissjóð.

Í síðari till. minni er gert ráð fyrir að deildin eigi ekki aðeins að endurgreiða Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi, eins og segir í frv., heldur skuli það gert á næstu tveimur árum, Ríkisábyrgðasjóður og ríkissjóður hafi einhverja tryggingu fyrir því að skuld sem myndast verði ekki látin standa árum saman heldur sé stefnt að því að gera hana upp á hæfilegum tíma. Hér er sem sagt lagt til að það dragist ekki lengur en tvö ár.

Til að gera hins vegar mögulegt að jafna endurgreiðslu til Ríkisábyrgðasjóðs út á fleiri ár, sem kynni kannske að þykja eðlilegt ef deildin yrði fyrir óvæntum skakkaföllum, hef ég lagt til að Iðnlánasjóður gæti þá hlaupið í skarðið og veitt deildinni lán, geri henni kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Ríkisábyrgðasjóði ef á það reyndi. Ég held að það sé nauðsynlegt að deildin búi yfir heimild af því tagi að hún geti tekið lán ef illa fer þannig að hægt sé að halda deildinni í skilum við alla aðila.

Ég fagna því að það kom fram í máli formanns nefndarinnar að aðrir nefndarmenn styddu þessar tillögur og er þá ekki neitt frekar um það að segja nema að þakka fyrir góðar undirtektir.

Jón Magnússon: Virðulegi forseti. Þegar frv. var lagt fyrir voru þau ákvæði sem kveða á um tryggingadeild útflutningslána og getið er um í 3. gr. frv. samhljóða 27.–29. gr. frv. um sjóði atvinnuveganna sem liggur fyrir þessu löggjafarþingi. Ég verð að segja að brtt. hv. 3. þm. Norðurl. v. tel ég vera til bóta, í fyrsta lagi miðað við að myndaður verði varasjóður sem nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum tryggingadeildarinnar. Ég held að þetta sé nauðsynlegt, tvímælalaust til bóta og styð þetta eindregið og jafnframt að það sé skýrar kveðið á um með hvaða hætti skuli endurgreiða tjón ef ábyrgðir falla á Ríkisábyrgðasjóð. Miðað við hvernig frv. var lagt fyrir hygg ég að þessar tillögur séu tvímælalaust til bóta.

Mér þykir hins vegar miður að það skyldi ekki hafa fundið náð fyrir augum nefndarinnar að samþykkja frv. að öðru leyti svo sem það var lagt fram í upphafi, en við það verður víst að una úr því sem komið er.

ATKVGR.

Brtt. 946 (1. og 2. gr. falli brott) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 953 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

4.–5. gr. (verða 2.–3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv. 430. mál (þskj. 790, n. 908). — 2. umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um Happdrætti Háskóla Íslands. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Eiður Guðnason skrifar undir nál. með fyrirvara.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Svo sem fram kom í máli hv. 4. þm. Austurl. skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara. Minn fyrirvari er fólginn í því að ég tel að þetta mál sé ekki mjög vel undirbúið. Þetta er frv. sem er nánast kastað inn í þingið þegar ljóst er að Happdrætti Háskólans og forráðamenn þess bera mikinn ugg í brjósti vegna þess frv. sem hér var samþykkt og varð að lögum í gær um talnagetraunir og hafa þess vegna óskað eftir heimild til að fá að reka viðtækari happdrættisstarfsemi en happdrættið rekur nú. Ég tel að allt þetta mál hefði þurft að íhuga miklu betur og hefði mönnum verið sæmra og skynsamlegra hefði það verið að athuga þetta mál betur og í samfellu en afgreiða þessi frv. eins og hér hefur verið gert og auðvitað umhugsunarefni hvernig af hálfu ríkisstj. er hér staðið að verki. Ég tel hins vegar ekki stætt á því að neita Happdrætti Háskólans um þessa heimild fyrst óskað er eftir. Ég bendi hv. þingdeildarmönnum á að áreiðanlega líður ekki á löngu þar til t.d. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna óskar eftir sams konar heimild til happdrættisreksturs. Það er heldur ekki stætt á því að neita því um slíka heimild. En ég mun greiða atkvæði með þessu máli af þeim ástæðum sem ég hef nú rakið. Ég tel að það væri ósanngjarnt að neita Happdrætti Háskólans um heimild til að færa út starfsemi sína. En allt þetta mál er Alþingi til heldur lítils sóma og skal ég ekki rekja það frekar en ég gerði hér í gær í minni ræðu um svokallaðar talnagetraunir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 82. fundur.

Laugardaginn 19. apríl, að loknum 81. fundi.

Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv. 430. mál (þskj. 790). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, stjfrv. 415. mál (þskj. 974 (sbr. 766)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.
Afbrigði um brtt. á þskj. 977, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hef vakið athygli á því við hæstv. sjútvrh. að dagsetningar í 17. gr. frv. eru ekki eins og þær ættu að vera þannig að víðast er miðað við 14. maí, en uppgjör hinna ýmsu sjóða miðast við 15. maí. Hann telur að það muni vera hægt að ráða við þetta og því sé óhætt að láta þetta standa óbreytt. Ég efast um það og tel að það skapi ótrúlega miklu meiri vinnu en þyrfti ef dagsetningum væri breytt. En þar sem það fellur í hans hlut að axla þá óánægju sem það veldur sé ég ekki ástæðu til að gera brtt. En ég vildi vekja athygli á þessu.

ATKVGR.

Brtt. 977 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnlánasjóður, stjfrv. 409. mál (þskj. 978). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuleysistryggingasjóður, stjfrv. 419. mál (þskj. 771). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Frú forseti. Þetta frv. hefur að geyma tvær mikilvægar breytingar á núgildandi lögum um atvinnuleysistryggingar. Önnur felst í því að heimilt verður að greiða atvinnuleysisbætur þegar stöðvun er á fiskvinnslu vegna hráefnisskorts. Áður hefur þurft oft og tíðum að segja fólki upp störfum af þessum sökum og þetta hefur valdið því að öryggisleysi hefur verið mikið í þessari starfsstétt.

Frv., bæði þetta ákvæði og hið síðara sem ég mun gera grein fyrir, er byggt á víðtæku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins að þessu leyti og þetta er framhald af nýgerðum kjarasamningum, svo og kjarasamningum á s.l. sumri. Það hefur verið mjög vel unnið að undirbúningi þessa máls. Frv. hafa samið þeir Eyjólfur Jónsson í Atvinnuleysistryggingasjóði, Óskar Hallgrímsson í félmrn. og Þórður Friðjónsson í forsrn.

Síðara aðalatriði þessa frv. er um að heimilt sé að greiða bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði þegar fiskvinnslufólk er á starfsfræðslunámskeiðum. Það er gert ráð fyrir að slík námskeið veiti frekari réttindi og um leið má auðvitað ætla að þetta sé eitt af því sem við getum gert til að stuðla að betri vöruvöndun þannig að með þessu vinnst tvennt í senn: varan verður betri og starfið áhugaverðara auk þess sem þetta er grundvöllur vissra kjarabóta.

Menn spyrja væntanlega: Felur þetta frv. í sér útgjaldaauka fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð? Afar erfitt er að segja til um það á þessu stigi. Það hefur verið nákvæmlega hugleitt en mjög erfitt að segja til um það því að vitanlega hefur komið til atvinnuleysisbóta þegar uppsagnir hafa verið mjög tíðar í þessari grein. Þær verða ekki svo tíðar eftir þetta. Hér er um að ræða fastráðið fólk. En öryggi þess verður að sjálfsögðu meira þar sem vitað er að það heldur vinnu hjá hinu sama fyrirtæki eftir að þessu fyrirkomulagi verður komið á þótt vinnslustöðvun verði vegna hráefnisskorts, öryggi fyrirtækjanna eykst að því er stöðugleika vinnuafls varðar.

Ég vonast til þess, virðulegi forseti, að þetta frv. fái jafngreiðlega brautargengi í þessari hv. deild og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 17 shlj. atkv.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma, stjfrv. 431. mál (þskj. 895). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Með tilvísun til þess mikla áhuga sem nú er hér á landi fyrir fiskeldi, sem m.a. hefur komið fram í fjölmörgum till. til þál. sem fluttar hafa verið á undanförnum þingum, ákvað ég á s.l. sumri að skipa nefnd til að fjalla um þau mál og gera tillögur til ríkisstj. um opinberar aðgerðir og lagasetningu sem nauðsynleg kann að vera í þessu sambandi. Í nefndinni sitja þrír hv.

alþm., Eyjólfur Konráð Jónsson, Kjartan Jóhannsson og Stefán Valgeirsson. Í nefndinni eru einnig Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbrh., Finnur Ingólfsson, aðstoðarmaður sjútvrh., Jónas Matthíasson frá Sambandi fiskeldisstöðva, Árni Ísaksson, deildarstjóri á Veiðimálastofnun, og Gunnlaugur M. Sigmundsson viðskiptafræðingur sem er formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur unnið mikið. M.a. var hér lagt fyrir og er orðið að lögum frv. um veðhæfni eldisfiska. Hún hefur fjallað um fjármagn í þessu skyni. Ég hygg að um 350 millj. verði til útlána til fiskeldis á þessu ári. Mér var tjáð síðast í gær að það virðist vera nokkurn veginn það sem nauðsynlegt er þegar tekið er tillit til þess sem fæst eftir öðrum leiðum, m.a. beint erlendis frá.

En eitt allra mikilvægasta málið eru sjúkdómar og því hefur nefndin sérstaklega fjallað um það. Hefur reyndar verið um það fjallað með bæði sérfræðingum á Keldum og yfirdýralækni og fjölmörgum öðrum. Ég vil ekki lengja umræður mjög, en eftir mikla vinnu og umræður um það mál varð niðurstaðan sú að leggja fram hér á hinu háa Alþingi frv. til l. um rannsóknadeild fisksjúkdóma. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að koma á fót sjálfstæðri deild við Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum sem annist eingöngu rannsóknir á fisksjúkdómum, leiðbeiningar á þessu sviði og ráðgjöf hvers konar sem þurfa kann. Í þessu frv. er deildin eðlilega tengd embætti yfirdýralæknis og sömuleiðis fisksjúkdómanefnd og þar er að finna ástæðuna fyrir því að ég flyt þetta frv. Tvö ráðuneyti eiga hér hlut að, þ.e. menntmrn. með tilraunastöðina að Keldum og landbrn. með embætti yfirdýralæknis og fisksjúkdómanefnd.

Þetta mál fékk greiðan gang í gegnum Nd. Þar var það enn skoðað í nefnd og náðist samstaða um nokkrar breytingar. Það er von mín að svo verði einnig hér að þetta mál fái greiðan framgang. Það er ákaflega mikilvægt fyrir þessa grein sem væntanlega, það er sannfæring mín, verður ekki síður mikilvæg hér en hún er orðin t.d. í Noregi þar sem fiskeldi hefur vaxið um 40% á ári undanfarin ár og veitir nú milljarða í þjóðartekjur.

Það er ákaflega mikilvægt að vel sé að þessum þætti búið því að þarna liggja mestu hætturnar. En ég má ekki lengja fundinn með því að rekja það mál allt þó að það væri mjög áhugavert. Læt ég því þessari framsögu lokið, en legg til, virðulegi forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv. 387. mál (þskj. 708). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Frú forseti. Hér er flutt frv. sem felur í sér lítils háttar breytingu á núgildandi lögum um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra sem venjulega gengur undir nafninu Sjónstöð Íslands.

Skv. núgildandi lögum er heimildin til samstarfs við augndeild sjúkrahúss bundin því að yfirlæknir augndeildar sé einnig yfirlæknir sjónstöðvarinnar. Það að binda í lögum að ákveðinn maður skuli vera yfirlæknir í heilbrigðisstofnun eða í slíkri heilbrigðisþjónustu þykir óeðlilegt og þess vegna er þetta frv. flutt. Breytingin sem það felur í sér er fólgin í því að skyldan um að yfirlæknir augndeildar skuli einnig vera yfirlæknir sjónstöðvar er felld brott.

Athygli mín var vakin á því í vetur að nú hagaði þannig til t.d. að annar læknir en sá sem hefur verið yfirlæknir augndeildar hefur sinnt hinum faglega þætti í Sjónstöð Íslands og þess vegna er starfsemin ekki að öllu leyti í samræmi við gildandi lög þó að hér sé um mjög þarfa og góða starfsemi að ræða. Það segir sig auðvitað sjálft að við verðum að ganga svo frá lögum að unnt sé að auglýsa þetta starf með eðlilegum hætti eins og önnur störf. Þess hefur sérstaklega verið óskað bæði af hálfu Augnlæknafélagsins og af hálfu Læknafélags Íslands. Ég sé ekki annað en þær óskir séu réttmætar og þess vegna er það að heilbrrn. bíður eftir því að Alþingi samþykki þetta frv. eða það er von mín þannig að unnt sé að auglýsa stöðuna strax þegar lögin taka gildi. Það liggur fyrir að það verður gert ef Alþingi þóknast að samþykkja þetta frv.

Ég varð vör við það við meðferð málsins í Nd. að nokkurs misskilnings gætti í sambandi við þá breytingu sem hér er verið að ræða um. Menn höfðu sumir hverjir einhvern veginn skilið það svo að ekki væri ætlunin að auglýsa þetta starf og frv. fæli einungis í sér að fyrirkomulagið eins og það nú er væri staðfest með lögum, en ég lít svo á að það sé eðlilegt og sjálfsagt og í samræmi við lögin þegar, er þau hafa verið samþykkt, að auglýsa starfið.

Ég vildi einungis skýra frá þessu til að girða fyrir þann misskilning sem ég varð vör við að upp hafði komið hjá einhverjum nefndarmanna í Nd.

Ég legg til, frú forseti, að þessu frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. og vonast til þess að afgreiðslan gangi mjög fljótt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 17 shlj. atkv.

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, stjfrv. 285. mál (þskj. 948 (sbr. 523)). — 1. umr.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Frú forseti. Samtök kennara hafa lengi haft á stefnuskrá sinni lögverndun starfsheitis kennara ásamt endurskoðun á lögum nr. 51 frá 1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Haustið 1984 skýrði þáv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir frá því að hún væri reiðubúin til þess að skipa nefnd fulltrúa tilnefndra af kennarasamtökunum til að starfa með fulltrúum menntmrn. að því að gera tillögur að frv. um lögverndun starfsheitis kennara sem væri sambærileg við lögverndun á starfsheiti bókasafnsfræðinga svo að það sé nefnt og lög gilda um nr. 97 frá 1984.

Nefndin var skipuð í október sama ár, 1984, og segir í skipunarbréfi að hún skuli vinna að gerð lagafrv. um lögverndun starfsheitis kennara. Í nefndina voru skipuð þau Hörður Lárusson deildarstjóri, Kristín H. Tryggvadóttir, deildarstjóri fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, Hanna Kristín Stefánsdóttir kennari, Kristján

Bersi Ólafsson skólameistari, Sigurður Helgason deildarstjóri og Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Þórunn J. Hafstein, lögfræðingur og deildarstjóri, starfaði með nefndinni.

Þegar nefndin hóf störf kom fram að kennarar töldu lögverndun starfsheitis sambærilega við þá sem bókasafnsfræðingar höfðu hlotið með lögum nr. 97 frá 1984 ekki nægjanlega þar sem þau lög fela ekki í sér lögverndun starfsréttinda. Lögðu kennarar þunga áherslu á endurskoðun á lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra, sem eru lög nr. 51 frá 1978, samhliða lögverndun á starfsheiti. Niðurstaðan varð sú að ráðherra heimilaði fulltrúum ráðuneytisins í nefndinni að kanna hvort unnt væri með viðunandi hætti að ná samkomulagi um ein lög þar sem bæði væri kveðið á um starfsheiti og starfsréttindi án þess að skólastarfi í landinu væri stefnt í hættu sökum kennaraskorts. Á þessum forsendum hélt nefndin áfram störfum og varð sammála um það frv. sem hér liggur fyrir.

Helstu atriðin í frv. þessu og þau sem skilja það frá gildandi lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra eru:

1. Lögverndun starfsheitis er nýmæli. Það er nýtt í lögum.

2. Þau skilyrði sem uppfylla skal til þess að öðlast starfsréttindi eru nær óbreytt. Ég legg mjög mikla áherslu á að skv. eldri löpgum um embættisgengi er þetta frv. til laga, sem hér er borið fram, ekki nýmæli.

3. Matsnefnd, sem hefur verið starfandi um þetta, er skipt í tvær deildir að segja má. Matsnefnd, sem fjallar um hvort umsækjandi um starf uppfyllir sett skilyrði, leiki á því vafi, er starfandi skv. núgildandi lögum. Í stað þess að í henni sitji fulltrúar tilnefndir af Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands auk formanns, sem er skipaður af menntmrh., er gert ráð fyrir að nefndirnar verði tvær, fyrir grunnskólastig og fyrir framhaldsskólastig. Samkvæmt gildandi lögum, embættisgengislögum eins og það heitir á vondu máli, eru ákveðin skilyrði einungis sett ef um er að ræða skipun í starf en í frv. er gert ráð fyrir að sömu skilyrði um menntun þurfi að uppfylla til þess að fá setningu og/eða ráðningu, þ.e. að óheimilt er að skipa, setja eða ráða til kennslustarfa annan en þann sem uppfyllir þau menntunarskilyrði sem nú er krafist við skipunina.

Þetta er meginbreyting frá gildandi lögum. Skv. þeim er heimilt að setja og ráða menn til kennslustarfa þótt þeir hafi ekki full réttindi. Skv. frv. þessu verður þetta óheimilt. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimilt sé að sækja um undanþágur til að ráða réttindalausa aðila til kennslustarfa ef ókleift reynist að fá réttindamenn í kennslustarf. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir að menntmrn. starfræki tvær undanþágunefndir sem ég gat um fyrr, eina fyrir hvort skólastig, og geti þær heimilað lausráðningu starfsmanna til kennslustarfa. Gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði að þeir sem hafa unnið við kennslu undanfarin ár, án réttinda, fái tækifæri til að afla þeirra á næstu árum.

Ég sparaði orð mín í umræðum í Nd. í gær af því sem að hér líður að lokum starfa Alþingis og menn hafa ekki ráðrúm til að skopa skeiðið að hverju einu sem um munn líður hjá mönnum. Ég nefni málafærslu hv. 1. þm. Norðurl. v. þar sem hann virtist leggja út af frv. sem hefði verið samið fyrir hann sérstaklega og er ekki hér að líta í þessu þar sem hann virtist álíta að með þessu frv. væri verið að sópa út þeim kennurum réttindalausum, sem kallaðir eru, í heilu slengi frá kennarastörfum. Þetta er fjarri öllu lagi.

Þetta frv. er frv. sem kennarasamtökin hafa fallist á og miðar miklu skemur áleiðis en þau vildu krefjast. Kennarar slógu af kröfum sínum þann veg að hér er um enga grundvallarbreytingu að tefla, heldur verður það að vísu, má segja, þyngra í vöfum að réttindalausir kennarar verði ráðnir til starfa, en af minni hálfu verður það framkvæmt með þeim hætti að ekki kemur annað til greina en að kennarar, þótt ekki hafi réttindi með þeim hætti sem krafist er skv. lögum, verði ráðnir til starfa, um það þarf ekki að tefla. En hér er líka um það að ræða að það verður þrýstingur til þess að menn afli sér réttinda. Á það vil ég leggja áherslu og að því vil ég stuðla. Þetta er að sínu leyti þáttur í kjarasamningum sem gerðir voru. Ég kalla það svo og hlýt að sækja það með miklum ákafa að við náum þessu fram til þess að fá að vinna frekar að réttindamálum kennara og efla kennarastéttina sem á og hefur átt mjög í vök að verjast.

Ég bið og segi að hið háa Alþingi geri sér grein fyrir því að við nálgumst töluverða ófæru vegna kennara, vegna kjara þeirra og vegna stöðu. Það er engu tali takandi hversu um hefur breytt á örskömmum tíma frá því sem staða kennara var orðin eftirsóknarverð í það nú að menn virðast ekki leggja það á sig né sækjast eftir því að verða þessir uppalendur ungviðis okkar.

Hér er skammt stigið í átt til þess að fullnægja þeim kröfum sem kennarar hafa gert. Ég treysti mér ekki til þess og neitaði því með öllu, og fyrirrennari minn var sammála því, að taka af skarið um það að stemma stigu við því að réttindalausir kennarar fengju ráðningu og við gætum notið starfskrafta þeirra. Það kom ekki til mála og ég legg mjög mikla áherslu á að ekki verði með neinum hætti hindrað að þeir verði ráðnir til starfa og að við njótum starfskrafta þeirra áfram, þeirra manna sem eftir lögum og reglum eru taldir réttindalausir. Ég legg höfuðáherslu á að við framkvæmdina, og þess mun ég gæta, kemur ekki til nokkurra greina að ég muni með neinum hætti stuðla að því að kennarar, þótt ekki hafi notið þessara réttinda sem kveður á um í lögum, komist ekki að verkum sínum vegna þess að um ófyrirsjáanlega framtíð þurfum við á þeim að halda. Og þótt þetta sé þrengt þessum hætti mun ég, meðan ég er í þessari stöðu minni, stuðla að og beita mér fyrir og ráða úrslitum um að engu verður breytt í því að við fáum notið þessara kennara áfram.

En þessi nýju lög, þótt ekki skili miklu til handa kennurum, eru að mínum dómi mjög mikilvæg til þess að við getum haldið áfram að semja um og/eða komast að samkomulagi um frekari starfsréttindi og betri kjör til handa kennurum. Þess vegna hlýt ég að leggja áherslu á að þetta nái fram að ganga og það kom mér gleðilega á óvart hversu hv. Nd. tók vel og skynsamlega á þessu máli, þannig að ég treysti því alveg að hv. Ed. muni ekki verða síðri í verkum sínum og legg svo til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Víst er um það að þessi hv. deild mun ekki taka á þessu máli af neitt minni skynsemi heldur en þeir í neðra, það er öldungis víst.

En ég skal játa það að ég hef haft nokkrar efasemdir um ágæti þessa máls. Nefndir störfuðu saman, menntmn. beggja deilda að nokkru leyti að athugun málsins. Þær efasemdir mínar, sem ég hafði, hafa nokkuð minnkað, ekki horfið með öllu, við þá athugun.

Það er skýrt á um það kveðið að þeir sem ekki öðlast rétt eða hafa rétt til að nota þetta starfsheiti, grunnskólakennari og framhaldsskólakennari svo sem kveðið er á í lögunum, geti aflað sér þessara réttinda með því að sækja til Háskóla Íslands 30 námseiningar í uppeldis- og kennslufræðum sem mundi vera hverjum meðalmanni drjúgt vetrarverk eftir því sem okkur var tjáð. Nú er ég ekki öldungis sannfærður um það, og það er bara mín persónulega skoðun, að allir verði betri kennarar þótt þeir afli sér þessara 30 eininga í Háskóla Íslands. Ég leyfi mér raunar að hafa nokkrar efasemdir um það. Það getur vel verið að það geri einhverjum gott en ég er ekki sannfærður um að það geri öllum gott.

Vildi ég nú spyrja hæstv. menntmrh. hvort þeim kennurum, sem starfað hafa, verði gert það auðveldara að afla sér þessara réttinda t.d. með einhverjum skammærri sumarnámskeiðum, þannig að þeir þyrftu ekki að taka sér leyfi eða orlof frá störfum og setjast á skólabekk. Ég er viss um, eins og launakjörum kennara er háttað, að fæstir þeirra sem komnir eru á fullorðinsár og búnir að stofna fjölskyldur og heimili og hafa þær fjárhagsskuldbindingar sem slíku fylgir geta leyft sér þann munað að setjast árlangt til náms í uppeldis- og kennslufræðum. Á ekki með einhverjum hætti að gera mönnum þetta auðveldara? Ég viðurkenni að sumar af mínum efasemdum eru enn til staðar, einkum að því er varðar framhaldsskólastigið.

Við getum nefnt ýmis dæmi í verkmenntakennslu eða verknámi í iðnskólum og verkmenntaskólum þar sem eru við störf iðnlærðir menn sem hafa ekki þessa uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands. Við getum nefnt að mér sýnist t.d. að söknarprestar, sem víða kenna kristinfræði í grunnskóla, þurfi til þess að mega kenna börnum hin kristnu fræði, að setjast á skólabekk í Háskóla Íslands að nýju og ég fæ ekki séð að þetta sé með neinu móti réttlætanlegt. Í þriðja lagi gætum við hugsað okkur mann sem hefði lokið doktorsprófi í háskóla í Bandaríkjunum. Mér er raunar kunnugt um slíkt dæmi, um mann sem hafði stundað nám í sjö ár í Bandaríkjunum í hagnýtri stærðfræði og tók síðan til við kennslu hér að loknu doktorsprófi og auðvitað er framhaldsskólum mikill fengur að slíkum mönnum. Þeir eru þarfir menn í sveit. Hann má ekki kenna samkvæmt þessu og mun sjálfsagt snúa sér að öðrum störfum. Þannig hefur þetta ýmsa annmarka sem ég efast um.

Hins vegar, og það vegur þyngra í mínum huga og þess vegna mun ég greiða þessu máli atkvæði, held ég að þetta mál muni skapa meiri frið í skólum landsins en þar hefur verið að undanförnu og þar af leiðandi betri starfsskilyrði, betri námsaðstöðu fyrir nemendur — skólarnir eru jú til nemendanna vegna — og betri starfsaðstöðu kennara. Það eru mjög eindregnar óskir kennara að þetta verði samþykkt og ég held að þetta muni horfa til aukins friðar í skólunum og þar með betra skólastarfs. Þess vegna mun ég greiða þessu frv. atkvæði enda þótt ég hafi nokkrar efasemdir baka til í mínu hugskoti, m.a. af þeim toga sem ég hef rakið, en hitt vegur þyngra, að skapa frið í skólum landsins og ég held að þetta sé spor í þá átt.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Frú forseti. Ég er ekki undrandi á viðbrögðum ræðumanna, eins og þeim sem komu fram hjá hv. 5. landsk. þm. Ég er fullur efasemda og hef verið og eitt átaksversta mál sem ég hef komist í tæri við eru réttindamál og starfsaðstaða kennara í framtíðinni nú sem ég hef tekið við þessu embætti menntmrh. Ég er með öllum hætti að reyna að átta mig á með hvaða móti tekið verði skynsamlega á málum og bætt úr því ófremdarástandi sem ríkir. Ég held að það sé alveg frumskilyrði að þeir sem stjórna og sitja að ráðum, í framkvæmdavaldinu, trúi því og skilji að hér erum við í vanda og háska staddir. Þetta eru ekki neinar kröfur offorsmanna sem settar eru fram af hálfu kennarasamtakanna þótt þær kannske séu að sínu leyti ekki vænlegar til árangurs eins og það að krefjast þess að tvöfalda laun.

Margt má athuga, upp á mörgu má fitja til úrbóta, en við erum, og það er alveg nauðsynlegt að hið háa Alþingi geri sér grein fyrir því, í háska staddir, bara beinlínis í háska staddir, vegna þessarar stéttar. Þetta er stéttin sem tekur við og hefur tekið við að ala upp börnin okkar. Við þurfum að leggja okkur fram. Ég finn andúð, einkennilega andúð, og skilningsleysi á þessum kjörum hjá félögum mínum í stjórnmálum. Það er náttúrlega ekki von á góðu þegar menn mæta og steyta hnefann og segja á hinu háa Alþingi: Þessi stétt er óþörf, þessi stétt skal verða sett niður, hún er óþörf. Þessi hnefi sem ég steyti er bara eftiröpun. Ég kem engu fram, hvorki að þessu leyti né öðru nema fá atfylgi hins háa Alþingis.

Ég verð að segja það í hreinskilni að mér finnst að ég tali fyrir of daufum eyrum. Ég get vel játað að kröfugerðin er ekki skapfellileg og ekki vænleg til árangurs þegar spurt er: Hvernig á að bæta um hjá ykkur í kaupi? — og þeir svara rakleiðis: Með því að tvöfalda launin. Ég var einu sinni verkalýðsforingi og hefði aldrei sett þetta fram og ekki haldist það uppi. En hér er stigið að mínu viti líka of skammt skref vegna þess að ef t.a.m. menntmrh. vildi svo vera láta ynnu þeir ekkert á með þessu frv. Þeir ynnu ekkert á vegna þess að það er í hendi hans að hafa þetta með sama hætti. En þetta þrýstir á um réttindi kennara. Ég vil svara hv. 5. landsk. þm. með þeim hætti að það eina sem ég setti fjarkennslunefndinni minni fyrir var það með hvaða hætti við gætum séð fram úr eða ráðið þessa gátu um réttindakennslu og endurmenntun kennara.

Ég get ekki lagt of þunga áherslu á að við bætum ráð okkar varðandi þessa uppalendur. Ég get það ekki. Mér er óskaplega þungt í sinni út af þessu vegna þess að ég veit ekki með hvaða hætti ég á að taka á því. Ég finn ekki lausnina enn þá. En skref eins og þetta er þó í áttina, mundi auðvelda mér framhaldið. Þess vegna bið ég og segi að hin hv. deild hér muni verða jafnviðtalsgóð um framkvæmd málsins eins og í neðra.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. skýr og greinargóð svör við mínum spurningum og sömuleiðis hans athyglisverðu ræðu. Mér er það alveg ljóst að hann á við ramman reip að draga innan stjórnarliðsins við að bæta kjör kennara með þeim hætti sem hann lýsti svo nauðsynlegt. Ég tek fyllilega undir með honum um nauðsyn þess og heiti honum jafnframt því, a.m.k. að því leyti sem ég get

talað fyrir stjórnarandstöðuna, að ekki mun standa á liðsinni okkar við það mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Áfengislög, stjfrv. 423. mál (þskj. 777, n. 968, brtt. 969). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á áfengislögum og hefur skilað nál. á þskj. 968 þar sem segir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með því að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Helgi Seljan leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Undir þetta skrifa Jón Kristjánsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Stefán Benediktsson, Sturla Böðvarsson og Eiður Guðnason.

Brtt. sem nefndin leggur til að verði samþykktar er að finna á þskj. 969 og eru þar lagðar til breytingar í fimm liðum. Til þess að gera langt mál stutt, vegna þess að langt er liðið á dag og mörg mál enn á dagskrá, er sú breyting sem meiri hl. nefndarinnar leggur til sú að í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir að lögreglustjóri veiti leyfi til áfengisveitinga á veitingastað skuli það vera sveitarstjórnir sem veita leyfi til áfengisveitinga á veitingastað. Það er sem sagt sú meginbreyting sem nefndin leggur til.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að hafa um þetta fleiri orð. Það mætti auðvitað tala um þetta miklu lengra mál en í ljósi þess hve miklar annir eru sé ég ekki ástæðu til að tefja tímann en meiri hluti nefndarmanna taldi eðlilegt að þetta vald, um að ákveða hvort skyldi leyfa vínveitingar á tilteknum stöðum, sé í höndum sveitarstjórnar á hverjum stað en ekki hjá lögreglustjóra eins og hið upphaflega frv. gerði ráð fyrir.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en látið í ljós vonbrigði mín með þessa brtt. frá hv. meiri hl. allshn. Ég held að málið hafi ekki verið skoðað nægilega frá öllum hliðum áður en hún var sett fram. Eins og frsm. meiri hl. sagði er hægt að ræða þetta mál frá mörgum hliðum og ég ætla að reyna að forðast það en vil aðeins taka eitt atriði þá sem ég vil benda á til stuðnings afstöðu minni.

Það hefur komið fram í fjölmiðlum í vetur að neysla og jafnvel sala á ólöglegum fíkniefnum færi fram í vínveitingahúsum. Ég býst við að við séum öll sammála um að slíkt er vitanlega algjörlega óviðunandi. Ég skrifaði því öllum lögreglustjórum bréf og óskaði eftir því að þeir reyndu að fylgjast gaumgæfilega með þessu og reyndu að koma í veg fyrir að slíkt ætti sér stað. Nú er það svo að þó að þeir sem á húsin fara séu nokkuð sannfærðir um að slíkt eigi sér stað getur verið erfitt að sanna það til fulls. Þá verður að dæma meira eftir þeim brag sem á staðnum er og öðru slíku. Ég ræddi þessi mál við formann Samtaka veitinga- og gistihúsaeigenda og hann var mér vitanlega sammála um að gegn slíku þyrfti að berjast. Það væri óviðunandi fyrir samtökin að slíkt ætti sér stað og var mjög fús til samstarfs til þess að vinna gegn þessu. Það var ákveðið að lögreglan léti í té leiðbeiningar um það til starfsmanna veitingahúsanna hvernig hægt væri að fylgjast með þessu og koma í veg fyrir slíkt. En ef slíkt ber ekki árangur er eina úrræðið sem lögregla hefur að svipta staðinn leyfi, og þá vínveitingaleyfi vegna þess að bragur er ekki sem skyldi þó svo að ekki sé sannað beinlínis að um ólöglega fíkniefnaneyslu sé að ræða.

Með þessari breytingu er meiri hl. allshn. að kippa fótunum undan þessum möguleika fyrir lögreglustjóra. Ég er alveg sannfærður um að það er ekki vilji meiri hl. allshn. að torvelda möguleika á því að berjast gegn ólögmætum fíkniefnum og þeir vilja ekki stuðla að því að slíkt sé erfiðara. Ég vil því eindregið mælast til þess að þessi brtt. verði dregin til baka til 3. umr. svo að nefndinni gefist tóm til að skoða málið betur og íhuga það milli umræðna þannig að hér verði ekki um slys að ræða í afgreiðslu málsins sem stuðlaði að þróun sem við áreiðanlega erum öll sammála um að vilja koma í veg fyrir.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Bara fáein orð um þá sérstöðu mína sem frsm. allshn., hv. 5. landsk. þm., gat um áðan að ég hefði haft, þá afstöðu í nefndinni að telja réttara að hafa frv. í sínu upphaflega formi. Ég hygg að það sem gengur þeim meirihlutamönnum til í allshn. sé þetta gamla, að rétt sé að færa valdið nær fólkinu með þessum hætti, því fólki sem við þetta á að búa og þarf að taka ákvarðanir um það. Það eru út af fyrir sig nokkur rök í þessu máli og ekki hægt að neita því, en tvíbent er þetta vald alveg tvímælalaust. Ég kann ekki við að fara að rekja dæmi úr mínu næsta nágrenni frá s.l. sumri varðandi mál af þessu tagi en mér var það auðvitað alveg ljóst af þeirri reynslu við meðferð þessa máls að ekki væri þetta til bóta, þ.e. sú breyting sem hér er á gerð. Það er alveg ljóst. Ég tel líka að eitt veigamesta atriðið í öllu þessu sé að sami aðili, sem í þessu tilfelli á að geta verið hlutlaus aðili, þ.e. lögregluyfirvaldið eða sýslumaðurinn eða bæjarfógetinn, hafi vald til leyfisveitingar og einnig vald til leyfissviptingar gagnvart þessum aðilum. Mönnum finnst náttúrlega það vera ósköp saklaust að setja vínveitingaleyfi til einhvers aðila á einn stað og ég veit að þeir sem telja að hér eigi að fara sem frjálslegast með alla hluti, þeir telja það af hinu góða, en tvíbent er það nú einnig og ætla ég ekki að fara nánar út í það.

Ég held hins vegar að þær ábendingar, sem við fengum frá áfengisvarnaráði, hafi verið býsna réttmætar og ég efast ekki um að hvað sem menn vilja segja um skoðanir þeirra manna, sem þar standa fyrir því góða ráði, þá er það áreiðanlega ljóst að þeir byggja á meiri reynslu og meiri upplýsingum en velflestir aðrir um ástand þessara mála. Af þeirri ástæðu einni held ég að menn ættu nú að fara varlega og taka visst tillit til ábendinga þeirra sem voru einmitt í þá áttina að frv. ætti að vera óbreytt.

Af þessum atriðum öllum sýnist mér það einsætt að valdið sé endanlega hjá sýslumanni, bæjarfógeta, lögregluyfirvaldi að fenginni þeirri umsögn sveitarstjórnar sem upphaflega frv. gerir ráð fyrir.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. dómsmrh. í sambandi við hugsanlega eða raunverulega fíkniefna- og eiturlyfjaneyslu á veitingastöðum, þá vil ég minna á að á þskj. 969 í d-lið brtt. segir:

„Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Telji lögreglustjóri að veitingamaður brjóti gegn settum skilyrðum eða fullnægi þeim ekki lengur ber honum að tilkynna það sveitarstjórn, sem tekur ákvörðun um sviptingu leyfis."

Í öðru lagi, að ef lögregla verður þess vör að eiturlyfja- eða fíkniefnaneysla á sér stað á veitingastað, þá hygg ég að lögreglan hafi ýmis úrræði önnur gagnvart rekstri staðarins heldur en vínveitingaleyfið eitt. Ég held að það skipti engu höfuðmáli í þessu sambandi með að berjast gegn neyslu vímuefna eða eiturlyfja á þessum stöðum hvar þetta vald liggur. Ég held að það hafi komið fram í nefndinni þegar þetta mál var til umræðu að lögreglan gæti látið loka stöðum þar sem þetta kæmi upp. Ég held því að þessi röksemd hæstv. ráðh. vegi nú ekki þungt, alla vega ekki í mínum huga.

Hæstv. ráðh. óskaði eftir því að þessi till. yrði dregin til baka. Ég segi nú fyrir mig að mér finnst það ekki eðlilegt að till. sé dregin til baka á þessu stigi. Hins vegar finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að umræðunni verði frestað nú eða innan skamms og nefndin, að beiðni ráðherra, íhugi þetta atriði sem hann tiltók og umræðan haldi síðan áfram að nýju á fundi deildarinnar, t.d. á mánudag, og málið verði þá látið ganga til atkvæða í ljósi þeirrar niðurstöðu sem nefndin kann að komast að við framhaldsathugun málsins. Þannig að ég legg til virðulegi forseti, að umræðunni verði frestað svo að nefndin geti farið að ósk hæstv. ráðh. og athugað þetta aðeins nánar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það hefur komið fram ósk um að þessu máli verði frestað til þess að koma til móts við ábendingar hæstv. ráðh. um að skoða málið betur í nefndinni. Ef ekki koma athugasemdir við það þá verður þessari umræðu nú frestað.

Umr. frestað.

Forgangsréttur kandídata til embætta, frv. 444. mál (þskj. 970). — 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Hæstv. forseti. Frv. það er menntmn. Ed. leyfir sér að flytja um forgangsrétt kandídata til embætta er til komið vegna þeirrar stöðu er upp kom þegar ljóst var að einn umsækjandi um prestakall hér á landi reyndist ekki hafa embættisgengi. Umsækjandi hefur lokið háskólaprófi í guðfræði við háskólann í Lundi í Svíþjóð og gegnt prestsembætti þar í landi. Samkvæmt lögum verða prestar þjóðkirkjunnar að hafa fullgilt próf frá guðfræðideild Háskóla Íslands. Hugsanlega gæti guðfræðideildin viðurkennt guðfræðipróf frá öðrum háskólum ef viðkomandi lyki einhverjum tilskildum prófum frá deildinni, til dæmis í kirkjurétti, sem er mismunandi eftir löndum. Ætla má að ekki sé um verulegan kenningamun háskólanna í Lundi og Reykjavík að ræða og ætti það ekki að valda neinum vandræðum.

Í frv. um starfsmenn þjóðkirkjunnar eru ný ákvæði um embættisgengi presta sem rýmka heimildir frá því sem nú er. Það frv. verður ekki rætt á því þingi sem nú situr og því enginn möguleiki á að leiðrétting fáist í þessum efnum fyrr en á næsta þingi, en hins vegar óeðlilegt að ekki ríki allmikið frjálsræði í þessum efnum sem öðrum hvað varðar atvinnumarkaðinn á Norðurlöndum. Í frv. er tekið fram að hér er um heimildarákvæði að ræða og verður guðfræðideild Háskólans að mæla með því að undanþága verði veitt.

Þetta frv. er flutt að frumkvæði fulltrúa allra flokka í þinginu og hefur ekki komið annað fram en að fullkomin samstaða sé um það. Nefndin gerir ekki till. um að málinu verði vísað til nefndar, en til 2. umr. hins vegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. 228. mál (þskj. 456, n. 763 og 793). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. um rökstudda dagskrá á þskj. 793 felld með 10:5 atkv.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Streitis, frv. 341. mál (þskj. 625, n. 841 og 860). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Sveinsson): Hæstv. forseti. Landbn. hefur haft til umfjöllunar frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu sem flutt er af þm. Jóni Kristjánssyni og Agli Jónssyni. Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur meiri hl. nefndarinnar til að jörðin verði seld á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Minni hl. skilar hins vegar sérálíti á þskj. 841 og mun gera sérstaka grein fyrir því.

Rökin sem helst er fram að færa í sambandi við þessa jarðarsölu eru í fyrsta lagi þau að segja má að ef ekki er fyrir að fara sérstökum hlunnindum eða öðru á jörðum ríkissjóðs eða um að ræða sérþarfir hans sérstakar, þá mæli ekkert sérstakt með eignarhaldi ríkisins á slíkum eyðijörðum ef einstaklingar vilja nýta sér þær til búræktar og hafa eignarhald þeirra og umráð. Er hagsmuna ríkisins vel borgið í 3. málsgr. 1. gr. frv. þar sem undanskilið er nauðsynlegt land vegna vegagerðar í landi jarðarinnar, svo og land undir vita í Streitishorni.

Í öðru lagi er ljóst að umsækjandi ber umhyggju fyrir jörðinni vegna tengsla ættmenna sinna þó að segja megi að ýmsir geti vafalaust bent á svipuð eða lík rök. Jafnframt liggur fyrir yfirlýsing hans hér á sérstöku

fskj., fskj. I með frv., þar sem fram kemur að hann hyggst nýta hana til æðarfugls, kanínuræktar, garðræktar og fleiri búsnytja.

Í þriðja lagi hefur ekki til þessa komið neitt það fram um áhuga annarra hreppsbúa eða enn annarra aðila á jörðinni sem slíkri og mælir því ekkert sérstakt hvað þá snertir gegn þessari ráðstöfun.

Í fjórða lagi liggur fyrir hér á sérstöku fskj. samþykki hreppsnefndar Breiðdalshrepps um þessa ráðstöfun og í fimmta lagi liggur jafnframt fyrir hér á sérstöku fskj. samþykki jarðanefndar Suður-Múlasýslu, þó að með ákveðnum skilyrðum sé.

Síðan í sjötta og síðasta lagi er hér nánast aðeins um heimildarlög fyrir ríkisstjórnina að ræða.

Í ljós á því eftir að koma hvort samkomulag tekst um verð og greiðslukjör. Kemur þá jafnframt í ljós hvort unnt er að ganga að skilyrði jarðanefndar um aðrar landsnytjar sem jarðanefnd nefnir sérstaklega. Þannig að með frv. sem slíku og lögum, sem í kjölfar þess fylgja ef frv. verður samþykkt, þá reynir að sjálfsögðu á það hvort unnt verður að ganga að þeim skilyrðum sem jarðanefndin setur.

Undir nál. meiri hl. skrifa Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jón Sveinsson og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Hér er á ferðinni hið einkennilegasta mál. Hér á að fara að selja ríkisjörð, nánar tiltekið Eydala-kirkjujörð, Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. landbn. sem er andvígur þessu frv. og mun greiða atkvæði gegn því. Minni hl. er andvígur frv. af eftirgreindum ástæðum m.a.:

Það liggur ekkert fyrir um að þessi væntanlegi kaupandi ætli að flytjast á jörðina og setjast þar að. Það liggur ekkert fyrir um það. Í fskj. kemur fram að viðkomandi einstaklingur hyggist nytja jörðina fyrir æðarfugl, angórakanínur, garðrækt o.fl. Það hefur ekkert komið fram sem bendir til að þessi jörð henti sérstaklega vel til þeirra nytja. Af þeirri litlu staðarþekkingu sem ég hef á Austurlandi hygg ég einmitt að þessi jörð sé ekki sérstaklega fallin til garðræktar en aðrir eru mér fróðari um þau efni.

Minni hl. telur eðlilegt að sá háttur sé hafður á, ef einstaklingar óska eftir að kaupa ríkisjarðir sem nú eru í eyði, að slíkar jarðir séu ekki seldar eða leigðar undir hefðbundinn búrekstur, enda nóg af slíku í bili svo sem alkunna er, og ef einstaklingar óska eftir að hefja þar búskap í nýjum búgreinum, þá fái þeir jarðirnar leigðar, að þeim verði seldar jarðirnar á leigu uns séð er hver alvara felst í áformum þeirra.

Ein af þeim röksemdum, sem hv. 5. þm. Vesturl. rakti hér áðan, var sú að viðkomandi einstaklingur, sem óskar eftir að fá þessa jörð keypta, ætti til sérstakra tengsla að rekja við þessa jörð. Það kemur fram hér í frv. að móðir þessa manns er fædd á þessari jörð og ólst þar upp. Það eru þau persónulegu tengsl sem hann er talinn hafa við jörðina. Sá sem þetta mælir gæti allt eins óskað eftir því að fá umrædda jörð keypta og borið við tengslum, þar sem hann dvaldist í sveit á næstu jörð við. Það eru ósköp viðlíka tengsl, en ég hef nú ekki hugsað mér að óska eftir því. Hins vegar er eitt atriði í málflutningi hv. 5. þm. Vesturl. Hann sagði að ekkert hefði komið fram um áhuga einstaklinga í sveitinni, Breiðdal, til að fá þessa jörð keypta. Þetta er rangt. Í landbrn. liggur fyrir ósk frá ábúendum á Felli í Breiðdal, sem hafa nytjað þessa jörð að hluta, um að fá jörðina keypta. Á maður að trúa því að meðan sú ósk liggur fyrir í landbrn. þá séu keyrð hér í gegnum Alþingi lög um að selja einstaklingi búsettum hér suður í Garðabæ þessa jörð? Ja, það ber þá nýrra við hjá þeim hv. framsóknarmönnum ef það er ný stefna að flytja eignarhald af jörðum úr sveitunum í þéttbýlið, eins og hér er verið að gera. Það hefur ekkert komið fram um að sá einstaklingur sem hér um ræðir ætli að flytja á þessa jörð og setjast þar að. Ekkert. En fyrir liggur í landbrn. beiðni frá ábúendum á Felli í Breiðdal um að fá þessa jörð keypta. Það er það fólk sem hefur nytjað jörðina að hluta að undanförnu. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að Alþingi samþykki sölu á þessari jörð hingað suður meðan fyrir liggur beiðni úr hreppnum. Það er þá mörkuð ný stefna í jarðasölu og verður fróðlegt að fylgjast með framhaldi, en ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þessu máli verði ráðið þannig til lykta að þessi jörð verði seld, eignarhald hennar flutt hingað suður meðan fyrir liggur þessi beiðni í ráðuneytinu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ekki ætla ég nú að setja á langa tölu um þetta mál. Þetta mál hefur verið sótt af miklu kappi af viðkomandi aðila sem fram á þetta fer og hann leitaði til okkar allra þm. Austurl. um það að við flyttum þetta mál hingað inn í þingið. Mér þóttu á því ýmsir meinbugir að gera það og ég veit að það var viss efi einnig í hugum þeirra flm., hv. 4. þm. Austurl. og hv. 11. landsk. þm. um að flytja þetta mál. Og því er það nú svona síðkomið vegna þess að þegar í fyrra hafði þessi aðili uppi mikla ásókn í að kaupa þessa jörð. Ég benti honum þá á það að sjálfsagt væri hægurinn hjá fyrir hann að fá leigurétt á jörðinni, ef hann ætlaði að setjast þar að, og ná svo þeim rétti á þann veg að geta keypt jörðina seinna samkvæmt jarðalögum. En hann taldi það af og frá að það mundi hann gera. Hann yrði að fá jörðina keypta til að láta þessa draumsýn sína rætast, sem hér var lýst áðan, um það að búa þarna úti á Streiti — sem er nú svo sem kannske ekki nein vildarjörð eða neitt eftirsóknarverð eftir því sem manni sýnist, það getur verið að hún sé það hérna sunnan séð í einhverjum hillingum að vísu — búa þar með æðarfugl, kanínur og rækta gúrkur og annað því um líkt eða eitthvað á þann veginn eða hvað það var nú. (Gripið fram í.) Já, einhver æðri garðrækt átti þetta nú að vera.

Ég hef aldrei efast um það að hugur þessa viðkomandi aðila sé einlægur í þessu máli og hann virkilega langi til að eignast þessa jörð og hann langi virkilega til að gera henni eitthvað til góða. Ég hef aldrei efast um það og þetta er hinn geðugasti maður og líklegur til þess að hirða vel um æðarfugl sinn og fara vel með kanínur sínar. Það þykist ég nokkurn veginn fullviss um.

En hitt er svo annað mál að þegar málið er orðið á þann veg, sem hv. 5. landsk. þm. lýsti réttilega, að aðili í hreppnum, í sveitarfélaginu, Breiðdalshreppi hefur formlega sent umsókn til landbrn. um kaup þessarar sömu jarðar, þá held ég að það verði að staldra við og skoða málið örlítið betur.

Ég hef staðið að því nokkrum sinnum að ríkisjarðir væru seldar, seldar bændum til þess að búnytjar þeirra yrðu betri og hagur þeirra vænkaðist á ýmsan veg. Hér

hefur verið um eyðijarðir að ræða fyrst og fremst og ég hef staðið að því með öðrum þm. Austurlands að þær yrðu seldar. Þetta tel ég sjálfsagt. Í mínum huga er þetta atriði sem við þurfum að skoða miklu betur þegar utanaðkomandi aðili kemur aðvífandi og vill fá jörð keypta með þessum hætti, en þó tekur nú fyrst steininn úr varðandi efa í mínum huga þegar innansveitaraðili leitar eftir þessu og ég hygg, án þess að vilja fullyrða það, að það sé mikil spurning um hvort hægt sé að líta á bæði samþykktir hreppsnefndar Breiðdalshrepps og samþykkt jarðanefndar frá því í fyrra í ljósi þeirrar nýju umsóknar sem þarna hefur komið fram. Ég stórdreg það í efa. Þess vegna vil ég nú biðja menn um að athuga þetta mál a.m.k. milli 2. og 3. umr. og leita jafnvel til þessara sömu aðila aftur sem ekki hafa fengið tækifæri til að tjá sig eftir að sú nýja staða kom upp að innansveitaraðilar hafa óskað eftir því að fá jörðina keypta.

Frsm. meiri hl. (Jón Sveinsson): Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ekki mjög miklu við það að bæta sem ég nefndi í fyrri ræðu minni. Ég vil þó segja eitt varðandi það sem hv. þm. Eiður Guðnason nefndi áðan varðandi ættartengsl umsækjanda og tengsl hans sjálfs við þá jörð sem hér um ræðir. Ég mundi fyrir mitt leyti fagna því sérstaklega ef Eiður Guðnason sæktist eftir jörð í Austurlandskjördæmi og flytti úr Vesturlandskjördæmi með allt sitt. En það er aftur annað mál.

Síðara atriðið skiptir meginmáli. Það sem hann benti á og ekki kom fram í umræðu um málið í landbn. er sú fullyrðing hans að fyrir lægi ósk ábúenda á Felli um kaup á þessari jörð. Það mun þá vera nýkomin ósk um það til landbrn. ef slíkt er rétt. Dreg ég alls ekki í efa að hv. þm. fari með rétt mál. Af því tilefni finnst mér full ástæða til þess að málið verði skoðað á milli umræðna. En að öðru leyti vísa ég til þess sem ég sagði fyrr.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Hv. frsm. hefur skýrt viðhorf meiri hl. landbn. Ed. Alþingis og eru skýringar hans á afstöðu nefndarinnar alveg fullnægjandi. Greinilegt er að það skilja leiðir í þessu máli og að sjálfsögðu metur hvor nefndarhlutinn fyrir sig hverra viðbótarupplýsinga hann kýs að afla sér í þessum efnum.

Hv. 2. þm. Austurl. hafði hér orð um afstöðu mína til þessa frv., að það hefðu verið einhverjar sérstakar efasemdir í mér um flutning frv. Að sjálfsögðu hefði ég alveg treyst mér að koma skoðunum mínum hér á framfæri án hjálpar og allra helst hefði ég líka viljað að hugsanir mínar og skoðanir væru túlkaðar eins og ég best veit sjálfur um hverjar þær eru. En ég tel mjög mikilvægt ef einhver góður maður vill taka að sér að búa á Streiti og hreinsa þar til. Satt að segja er ekki hirðan með þeim hætti að jörðin og ásjón hennar sé til fyrirmyndar þótt hún sé í eigu Heydalakirkju. Þessi jörð er reyndar landmikil jörð, með landmeiri jörðum þarna á ströndinni. Það er alveg óhætt að fullyrða að það verður pláss fyrir þann nautpening sem þangað hefur verið rekinn frá Felli þó að jörðin væri seld þeim sem eftir henni sækir.

Það er rétt að það hefur komið fram bréf í landbrn. og landbrn. hefur sent mér afrit af því bréfi þar sem óskað er eftir því af þeim sem hafa jörðina núna til leigu, reyndar ekki núna fyrr en á síðustu tímum, ég man ekki hvort bréfið er frá mars eða apríl, að fá jörðina leigða vegna þess að hún sé nýtt fyrir nautkálfa sem illa séu þokkaðir í nánd við þéttbýlið á Breiðdalsvík. Það finnst mér að væri hægt að gera eftir sem áður.

Ég vil líka benda á að það verður ekki hvort tveggja gert í senn að leigja þessa jörð og selja. Ég held að ég fari ekki rangt með að frsm. minni hl. hafi talið eðlilegt að jörðin yrði leigð. Það kom a.m.k. oftar upp í nefndinni. Ég þori ekki að fullyrða hvort ég hef þetta rétt eftir. Ég held að ég muni það þó alla vega rétt að hv. 2. þm. Austurl. hafi lagt málið upp með þeim hætti og ef það er skilningur manna að það eigi að leigja jörðina þeim sem nú leitar eftir kaupum verður hún heldur ekki seld ábúendunum í Felli.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Hvað sem öðru líður held ég að sé rík ástæða til að athuga þetta mál svolítið nánar. Eins og fram hefur komið hér eru uppi óskir frá aðilum í hreppnum um að fá jörðina keypta. Ég hygg að það muni vera einsdæmi á Alþingi ef frv. verður samþykkt um að selja jörð og flyta eignarhaldið á henni suður á Reykjavíkursvæðið meðan fyrir liggja óskir úr sveitarfélaginu um að fá jörðina keypta. Ég hygg að það muni vera einsdæmi. Það kemur þá í ljós. (**StB:** Það er nýja byggðastefnan.) Það er sjálfsagt hin nýja byggðastefna, eins og hv. 8. þm. Reykv. segir. Það má vel vera.

Varðandi það sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði og þær óskir hans, sem hann bar fram hér í ræðustól, að ég mætti sem fyrst flytja úr Vesturlandskjördæmi og sem lengst án þess að fara af landi brott, því lengra er ekki hægt að komast en austur að Streiti, held ég, verð ég að hryggja hann með því... (**EgJ:** Þú verður boðinn velkominn til Austurlands.) Ég veit allt um gestrisni Austfirðinga og kvíði engu í þeim efnum. En ég verð að hryggja hann með því að ég hef aldrei flust í Vesturlandskjördæmi. Ég átti lögheimili í Reykjavík þegar ég fór í framboð 1978 og ég á það enn vegna þess að ég hef ekki kosið að taka þátt í þeim leik sem er fólginn í því að flytja án þess að flytja.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð um þetta mál. Það er náttúrlega byggðastefna að flytja fólk úr Garðabæ og austur á Streiti og ef hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason hefur hug á að flytja austur býð ég hann innilega velkominn og tel mikinn sóma að því að fá hann þangað. En ég vil undirstrika að það er rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að þetta mál hefur verið lengi í skoðun og við veltum þessu fyrir okkur. Það sem í mínum huga ræður úrslitum í þessu máli er að viðkomandi maður hefur staðhæft að hann muni flytja á jörðina. Ég gat í framsöguræðu um þá umsókn sem hefur komið í landbrn. og að sjálfsögðu styð ég það að nefndin skoði málið og öll þau gögn sem liggja þar fyrir. Mér finnst sjálfsagt að það sé skoðað milli 2. og 3. umr. málsins. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þetta mál, en ég tók fram í framsögu að það væri sjálfsagt að skoða öll gögn í málinu og kalla alla þá aðila fyrir sem nauðsynlegt er til þess að komast til botns í þessu þannig að nefndarmenn geti byggt afstöðu sína á hinum bestu upplýsingum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2. gr. samþ. með 12:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 417. mál (þskj. 950). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 89. fundur.

Laugardaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tilkynning.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég er hér með smátilkynningu til hv. þingdeildarmanna.

Útför Andrésar Eyjólfssonar fyrrv. alþm. fer fram frá Síðumúlakirkju í Borgarfirði í dag. Til heiðurs minningu þessa aldna fyrrv. þm. verður nú gert hlé á þingstörfum í eina klukkustund. Þessum fundi er frestað til kl. 3. — [Fundarhlé.]

Siglingamálastofnun ríkisins, stjfrv. 238. mál (þskj. 960 (sbr. 845). — Ein umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég verð að játa að ég hef ekki séð þessa breytingu fyrr en núna, þ.e. fyrri breytinguna á þskj. 918. Ég hef verið annars staðar á nefndarfundi síðan kl. 9 í morgun. Eins og nefndin í Nd. gekk frá frv. stóð í 5. gr.:

„Siglingamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimilt er siglingamálastjóra að ráða trúnaðarmenn Siglingamálastofnunar utan höfuðborgarsvæðisins og ákveður ráðherra þeim þóknun að fengnum tillögum siglingamálastjóra."

Breytingin sem hefur orðið á þessu er sú að ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Það er að vísu ekki stórvægileg breyting, en ég hef ekki getað borið mig saman við aðra nefndarmenn.

Síðari brtt. er við 6. gr. 5. málsgr. orðist svo:

„Siglingamálastjóri situr fundi siglingamálaráðs ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti."

Það verður að segjast eins og er að það var búið að ganga frá þessari till. í nefndinni en hún fell niður af einhverri ástæðu í vélritun og er þetta þess vegna raunar till. nefndarinnar. (**Forseti:** Ég vil spyrja formann samgn. hvort hann hyggist kveðja nefndina saman til fundar nú.)

Herra forseti. Ef enginn gerir athugasemd af þeim nefndarmönnum sem hér eru inni tel ég ekki ástæðu til þess. (**Forseti:** Forseti lítur þá svo á að samgn. hafi ekkert við þessa breytingu að athuga sem gerð hefur verið í Ed.)

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 984).

Útflutningsráð Íslands, stjfrv. 259. mál (þskj. 840). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Haustið 1984 samþykkti ríkisstj. að í samráði við útflytjendur og samtök þeirra yrði hafist handa um heildarendurskoðun á útflutningsmálum og með hvaða hætti æskilegt væri að ríkisvaldið stæði að þeim málum. Hér var m.a. átt við hvort ekki væri rétt að ein og sama stofnunin, útflutningsmiðstöð, annaðist aðstoð við útflytjendur þar sem fulltrúar frá öllum greinum útflutningsins ættu aðild að ásamt fulltrúum ríkisvaldsins í sérstöku útflutningsráði.

Viðskrh. ber samkvæmt réttarreglum um Stjórnarráð Íslands stjórnskipulega ábyrgð á utanríkisviðskiptum og skipaði fyrrv. viðskrh. nefnd til að athuga og gera tillögur um fyrirkomulag útflutningsmála og þá sérstaklega með hvaða hætti mætti efla samstarf útflytjenda og stjórnvalda á sviði útflutnings. Formaður nefndarinnar var skipaður Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda. Nefndin skilaði svo tillögum til mín í lok desembermánaðar og voru þær tillögur lagðar óbreyttar fyrir Ed. Alþingis, sem hefur haft þetta frv. nokkurn tíma til meðferðar, og þar var gerð á henni smávægileg breyting varðandi stjórn útflutningsráðs þannig að iðnrh. og sjútvrh. tilnefndu varamenn í stjórn útflutningsráðs og varð samkomulag um þá till.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa ræðu ítarlegri, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Söluskattur, stjfrv. 401. mál (þskj. 742, n. 962). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Eins og þskj. 962 ber með sér leggur fjh.- og viðskn. Nd. til að frv. verði samþykkt.

Undir þetta nál. rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson, Halldór Blöndal og Ólafur G. Einarsson.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég er sammála því að nauðsynlegt er að eyða óvissu við innheimtu söluskatts í framhaldi af úrskurði ríkisskattanefndar 17. okt. 1985 sem eru aðalrökin fyrir flutningi frv. þessa. Hins vegar er ljóst að frv. þetta getur haft það í för með sér að fjmrh. ákveði að leggja söluskatt á innri þjónustu ríkisfyrirtækja, t.d. fyrirtækis eins og ríkisspítalanna svo að dæmi sé nefnt, en á vegum þeirra er um að ræða ýmsa starfsemi, þvottahús, mötuneyti o.fl., sem skv. orðanna hljóðan í þessum texta gæti orðið söluskattsskyld ef ákvæði 1. gr. frv. væru útfærð út í hörgul.

Af þessum síðarnefndu ástæðum treysti ég mér ekki til að mæla með samþykkt frv. en mun ekki leggjast gegn því við meðferð málsins hér þar sem nauðsyn ber til að koma til móts við þau sjónarmið sem eru aðallega talin fram í grg. þess varðandi úrskurð ríkisskattanefndar frá 17. okt. 1985.

En í tilefni af þessu, herra forseti, vil ég vekja athygli á því að í greininni er mjög rúm heimild fyrir fjmrh. til að setja reglur í þessu efni. Hún er satt að segja ótrúlega rúm. Þar stendur:

„Ráðherra setur nánari reglur um hvaða eigin þjónusta og starfsemi falli hér undir og á hvaða verði hún skuli reiknuð."

Það mun vera þannig samkvæmt lögum að ráðherra gæti eftir þessum texta ákveðið að hv. 2. þm. Norðurl. v. skuli borga söluskatt þegar hann gerir við dráttarvélar sínar. (**HBl:** Sem rétt er líka og sanngjarnt.) Það er kannske hugsanlegt að hv. þm. geri þetta aldrei sjálfur, en ég nefni þetta nú, herra forseti, til að skýra mál mitt og til að færa það sem næst þingdeildarmönnum.

Ég vil þess vegna í tilefni af þessu leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. hvaða áform hann hefur uppi varðandi efnisatriði þeirrar reglugerðar sem gert er ráð fyrir í 1. gr. þessa frv. að hann setji.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. þm. Reykv. vil ég taka fram að það hafa engar ákvarðanir verið teknar sem lúta sérstaklega að skattlagningu á hv. 2. þm. Norðurl. v.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hafa fallið tveir hæstaréttardómar með stuttu millibili á þann veg að lög sett af Alþingi hafa ekki staðist stjórnarskrána. Það er ekki óeðlilegt undir þeim kringumstæðum að menn velti fyrir sér af og til þegar frumvörp koma hér fram hvort þau standist stjórnarskrána.

Þegar það er eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar að skattar séu lagðir á með lögum, en undantekningaratriði að það sé þannig frá því gengið að ráðherra hafi mjög rúmar túlkunarheimildir, þá hljóta menn að velta fyrir sér hvort nýafstaðinn dómur Hæstaréttar varðandi skattheimtu af þungaflutningabifreiðum eigi ekki að vera þinginu viss viðvörun í þeim efnum að gá örlítið að sér þegar þessi klásúla er sett í lög: Ráðherra má gera það sem honum sýnist. Þetta var sú stefna sem fór nánast inn í fyrsta frv. um stjórnun fiskveiða og það virðist vera sem fjh.- og viðskn. hafi gefist upp við að ganga þannig frá lögum sem þessum að réttur hins almenna manns eigi að byggjast á neinu öðru en túlkun ráðherra.

Ég segi fyrir mig að mér finnst þetta léleg lagasmíð og mér finnast þetta dæmigerð vinnubrögð fyrir sérfræðinga í þjónustu ráðuneyta sem helst vilja ganga þannig frá lögum að innihaldið í þeim sé nánast ekkert annað en það: Ráðherra er heimilt að gera það sem honum sýnist. Og mér finnst það galli þegar lög eins og þessi koma fram og það liggur fyrir hæstaréttardómur á þann veg að menn þurfi að lýsa því yfir fyrir fram, ef þeir eigi að fá bætur fyrir yfirtroðslu framkvæmdavaldsins, að þeir áskilji sér allan rétt. Þá vaknar sú spurning hvort menn á næstu árum þurfi að staðaldri, ef þeir inna af hendi greiðslu t.d. á söluskatti, að taka skýrt fram að þeir áskilji sér allan rétt til að fá endurgreiðslu ef dómur Hæstaréttar félli þannig að lögin stæðust ekki.

Ég vil ekki, herra forseti, tefja störf deildarinnar á þann veg að menn taki ekki efnislega afstöðu til þessa máls. Ég segi fyrir mig að miðað við þær forsendur sem ég hef getið hér um, að það hefur verið kveðinn upp af Hæstarétti dómur þann veg að það hljóti að vera miklum takmörkum háð hvað eðlilegt sé að skattheimta sé sett mikið inn í reglugerð í staðinn fyrir að hún eigi að vera í beinum lagakvæðum, þá hlýt ég að hika við að greiða atkvæði með frv. þar sem ekkert tillit er tekið til þessa dóms heldur vaðið áfram eftir sömu leikreglum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er einn þeirra sem standa að því nál. sem hér er til umræðu ásamt frv. til l. sem er að finna á þskj. 742. Það hefur þegar verið rakinn aðdragandi þessa máls sem er fyrst og fremst sá að ríkisskattanefnd hefur viðurkennt að viðgerðarþjónusta ýmis annars vegar og starfsemi með lyftara hjá Eimskipafélagi Íslands sé ekki söluskattsskyld þjónusta innan fyrirtækisins. Til að koma í veg fyrir mikið tekjutap ríkissjóðs, sem mundi hljótast að því ef Hæstiréttur kæmist að sömu niðurstöðu og ríkisskattanefnd, er þetta frv. flutt.

Ég held að það sé fyllilega tímabært að löggjafinn skýri betur þær reglur sem menn hafa talið að væru hér í gildi í söluskattslögunum. Sem dæmi má nefna að þegar annað skipafélag, Hafskip hf., hafði starfsemi í Reykjavíkurhöfn leigði Hafskip krana og varð að borga söluskatt af þeirri þjónustu, en Eimskipafélagið samkvæmt þessum úrskurði þarf ekki að greiða söluskatt af nákvæmlega sams konar þjónustu því að lyftarinn eða kraninn er í eigu Eimskipafélags Íslands.

Mér er líka kunnugt um það sem atvinnurekanda í tómstundum að t.d. hjá frystihúsum þar sem starfandi eru bílaviðgerðarmenn þarf að telja fram til söluskatts þá vinnu sem þar fer fram við bílaviðgerðir. Það er að sjálfsögðu gert hjá þeim fyrirtækjum þar sem ég þekki til, en ég efast ekki um að það er ekki alls staðar sem slíkt gerist. Ég er viss um að í landbúnaði mun ekki vera tíundað þegar bændur gera við sínar vélar, stórar og smár, enda erum við þar kannske komin á mörk hins óframkvæmanlega. Ég tel að þetta frv., þótt samþykkt verði, leiði ekki til þess að lagður verði söluskattur á vinnu bænda, hvorki hv. 2. þm. Norðurl. v. né annarra, þegar þeir af sinni miklu kunnáttu í vélaviðgerðum leggjast undir sínar dráttarvélar og heybindivélar og gera við. Hérna er fyrst og fremst verið að ná til miklu stærri aðila sem hafa meiri þýðingu fyrir ríkissjóð.

En ég stend hér upp aðallega vegna orða hv. 3. þm. Reykv. sem skoraði á hæstv. ráðh. að útbúa reglugerð á grundvelli þess lagaákvæðis sem hér er verið að fjalla um á þann veg að söluskattsskyldan næði ekki til ýmissa ríkisfyrirtækja, þar á meðal ríkisspítala. Sá sem hér stendur í ræðustól er formaður stjórnarnefndar ríkisspítala og hann skrifaði undir nál. m.a. í fullvissu þess að söluskattur verði lagður á starfsemi ríkisspítala, einkum og sér í lagi mötuneyti og þvottahús, vegna þess að aðeins með þeim hætti er hægt að ná fram jafnræði á milli þeirrar starfsemi sem fer fram innan stórfyrirtækjanna og hinna sem starfa utan við stórfyrirtækin.

Ég vil nefna dæmi: Við sem störfum við ríkisspítala ákváðum á sínum tíma vegna bréfs sem við fengum frá heilbrrn. að bjóða út ákveðið mötuneyti innan ríkisspítalanna. Það var gert. Nú kemur í ljós að sá sem sér um

þessa þjónustu fyrir ákveðinn þátt ríkisspítalastarfseminnar er krafinn söluskatts. Þá bresta forsendur fyrir frekari útboðum því að hjá þessu stórfyrirtæki er augljóslega hagkvæmara að bjóða ekki út. Betra er að ráða til sín starfsfólk og byggja húsnæði fremur en að versla við aðra aðila úti í bæ sem þó má telja og sýna fram á að selji sína þjónustu ódýrar en spítali mundi vera fær um að gera með sínu starfsfólki, einfaldlega vegna þess að ýmis sérhæfð fyrirtæki í þessum rekstri, þ.e. í framleiðslu á unnum matvörum, geta gert þetta betur, hafa til þess betri aðstöðu og kannske meiri leikni.

Ég treysti því að með reglugerðarvaldið verði þannig farið að það komi í veg fyrir að ýmis fyrirtæki, bæði ríkisfyrirtæki og önnur fyrirtæki, ráði til sín menn til að stunda vinnu sem er söluskattsskyld annars staðar. Það er til dæmi um að eitt fyrirtæki sem er í opinberri eigu og rekur bíó í Reykjavík hafi ráðið til sín bólstrara til að bólstra sæti í bíóinu til að koma í veg fyrir að bíóið þurfi að greiða söluskatt. Þannig myndast auðvitað ójafnræði á milli starfsemi sem á sér stað í því kvikmyndahúsi og hjá öðrum sem þurfa að kaupa þjónustu annars staðar að.

Það er líka nauðsynlegt að hafa í huga að ef Alþingi Íslendinga eða hæstv. fjmrh., sem hefur til þess heimild í lögunum, hver sem það verður í framtíðinni, vill fækka undanþágum sem nú eru, t.d. hjá ýmsum þjónustugreinum hjá háskólamenntuðum mönnum, t.d. hjá lögfræðingum, endurskoðendum eða verkfræðingum, þá hefur hæstv. fjmrh. heimild til að hverfa frá undanþágunum hvað varðar verkfræðinga og endurskoðendur. Reyndar er þetta lögbundið um lögfræðinga og lækna. Þetta er því aðeins hægt að gera ef það er sleginn sá varnagli, hafður sá fyrirvari, að sú starfsemi sem þá verður stunduð innan stórfyrirtækjanna, þegar þau ráða til sín lögfræðinga, endurskoðendur og verkfræðinga, verði söluskattsskyld á sama hátt og hjá þeim sem starfa úti í bæ, annars staðar en hjá þessum stóru fyrirtækjum.

Það er af þessum ástæðum, herra forseti, og vegna orða hv. 3. þm. Reykv. sem ég tel nauðsynlegt að það komi fram að a.m.k. ég, sem skrifa undir þetta nál., ætlast til þess að hæstv. ráðh. fylgi eftir þeirri heimild til setningar á reglugerð sem kemur fram í þessu frv. til þess að jafnræði verði og sérhæfing geti aukist hjá íslenskum fyrirtækjum.

Auðvitað er það rétt, sem fram hefur komið oft þegar þessi mál eru rædd, að ríkið ætti ekki að leggja söluskatt á sjálft sig því að það sé verið að borga þá á milli sömu vasa. Það hefur þó þá þýðingu að þegar niðurstöðutölur sjást er aðeins um samanburðargrundvöll að ræða, ef söluskattur er lagður á opinberu þjónustuna jafnt og einkaþjónustuna, og það verður enn fremur til þess að opinberir aðilar geta í ríkari mæli en hingað til sóst eftir þjónustu frá aðilum sem eru sérfræðingar á sínu sviði úti í bæ og kunna til verka og framkvæma verk oft með minni tilkostnaði en þegar ráða þarf sérstaka starfsmenn sem kannske hafa ekki nema tímabundin verkefni hjá opinberum fyrirtækjum.

Þetta, herra forseti, tel ég nauðsynlegt að komi fram af minni hálfu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég bar fram ákveðna fsp. til hæstv. fjmrh. hér áðan varðandi ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann kaus að heyra ekki og svara ekki. Hins vegar hefur hv. 2. þm. Reykv., varaformaður Sjálfstfl., tekið ómakið af þeim félögum í þessu efni og lýst því yfir að varaformaðurinn samþykki frv. í trausti þess að það hafi það í för með sér að lagður verði söluskattur á þjónustu ríkisfyrirtækja, innan sama fyrirtækis. Ég vil segja það að taki hæstv. fjmrh. undir þessi sjónarmið hv. 2. þm. Reykv. þá mun ég fyrir mitt leyti greiða atkvæði á móti þessu frv. vegna þess að þar með er í rauninni verið að kollvarpa forsendum þess.

Málið er kynnt hér í Ed. og Nd. með þeim rökum að hér sé verið að leiðrétta tiltekna hluti vegna úrskurðar sem fallinn er í ríkisskattanefnd vegna ákveðins stórfyrirtækis hér á landi. Hæstv. fjmrh. nefnir það aldrei nokkurn tímann að það eigi að fara að söluskattskylda þjónustu ríkisins við sjálft sig í framhaldi af þessu frv. Síðan heyrist það í fjh.- og viðskn. Nd. að formanni stjórnarnefndar ríkisspítalanna er alveg sérstakt kappsmál að nota þetta til að skattleggja þjónustu ríkisspítalanna við sjálfa sig. Ég fer hér upp og spyr hæstv. fjmrh. Hann svarar ekki þeirri spurningu. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hann geri grein fyrir máli sínu með skýrari hætti en hann gerði hér áðan.

Ég vil einnig í þessu sambandi benda á það, herra forseti, sem hv. þm. Ólafur Þórðarson minnti á hér áðan. Það er búið fyrir fáeinum dögum að setja hér lög til þess að skýra ákveðna hluti varðandi skattlagningu sem hefur verið framkvæmd með reglugerðum hér um árabil, í lögum um fjáröflun til vegagerðar. Með þessu ákvæði eins og það er núna er verið að opna skattlagningarsvigrúm fyrir fjmrh. sem samkvæmt síðustu ræðu er í rauninni víðara en nokkru sinni hefur verið. Og það er algerlega útilokað og kemur ekki til greina að Alþingi afgreiði mál með þessum hætti með nýjum víðtækum skattlagningarheimildum hér á síðustu sólarhringunum áður en þinginu er slitið. Þá eru menn að koma aftan að Alþingi, m.a. hv. Ed. sem afgreiddi málið á allt öðrum forsendum en þeim sem 2. þm. Reykv. var að rekja hér áðan. Þetta gengur auðvitað ekki.

Hver er svo tilgangurinn sem hv. 2. þm. Reykv. var að rekja hér áðan? Af hverju skyldi hann nú vera að strekkja í þessu máli? Er það til að bæta þjónustu ríkisspítalanna, bæta matinn hjá sjúklingunum, koma við betra eftirliti með gæðum þess matar sem sjúklingar á ríkisspítölunum fá? Nei. Það er smámál. Það er smámál hjá formanni stjórnarnefndarinnar. Aðalatriðið fyrir honum er það að einkaaðilar úti í bæ geti farið að bjóða í þetta vegna þess, segir hann, að þeir séu sérhæfðir í framleiðslu á þessum vörum. Ég segi: Þetta er auðvitað fullkomið rugl vegna þess að þeir eru ekki sérhæfðir í framleiðslu á þeim vörum sem sjúklingar þurfa á að halda. Þeir eru það ekki. Eini aðilinn sem getur framleitt þær vörur með skikkanlegum hætti eru eldhús spítalanna sem hafa þjálfað sig í þessum efnum um langt árabil. Og að vera að reyna að smeygja inn með einhverjum túlkunaræfingum á síðustu stundu möguleikum fyrir einhverja vildarvini íhaldsins til þess að fara að framleiða mat ofan í sjúklinga hér í landinu, á síðustu stundu meðferðar málsins hér á hv. Alþingi, þvert ofan í það sem hefur verið sagt í Ed. um málið, það eru vinnubrögð sem ganga ekkert upp. Og það er alveg ástæðulaust að láta þessi vinnubrögð ganga hér fyrir sig.

Þess vegna endurtek ég það sem ég sagði áðan, og

það er eins gott að hæstv. fjmrh. geri hér grein fyrir sínu máli í framhaldi af ræðu síðasta ræðumanns, ég endurtek það sem ég sagði: Þetta mál rúllar ekkert hér í gegn í einhverjum rólegheitum ef menn ætla að fara að koma við svona æfingum á síðustu dögum þingsins. Það gengur ekkert upp. Menn hafa stytt mál sitt í ýmsum málum hér síðustu daga, menn hafa hleypt í gegn án framsöguræðna stjórnarfrv. hér í Nd., aftur og aftur, til þess að greiða fyrir þinghaldinu. Við höfum lagt áherslu á það og samið um að reyna að ljúka þingi á miðvikudaginn kemur. Svo eru menn með einhverjar æfingar til þess að þjóna tilteknum ofstækishópi í hægri kanti Sjálfstfl. núna á þessum úrslitadögum þingsins! Ég blæs á svona vinnubrögð, herra forseti, þau ganga ekki hér á hv. Alþingi.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Svo sem fram kemur í frv. sjálfu og í framsögu með því þá var tilefni þess að þetta frv. var flutt úrskurður ríkisskattanefndar sem féll á síðasta ári og leiddi til þess að þeirri framkvæmd, sem verið hefur á skattlagningu eigin þjónustu, var stefnt í verulega tvísýnu. Og það hafa komið fram af hálfu hagsmunasamtaka í atvinnulífinu mjög ákveðnar kröfur þess efnis að skattaleg aðstaða fyrirtækja verði jöfnuð með ótvíræðri lagasetningu. Auðvitað gengur ekki að setja lög sem einungis lúta að Eimskipafélagi Íslands þó að úrskurðurinn, sem var tilefni þess að flytja þetta frv. hér inn á Alþingi, gengi um söluskatt á eigin þjónustu innan þess fyrirtækis. Lög verða að kveða á um almennar reglur og hér er það gert með mjög ótvíræðum hætti og fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir mismunun. Það getur verið á fleiri sviðum en varðandi vélavinnu þó að úrskurður ríkisskattanefndar hafi verið um þess konar vinnu. Heimildin verður að vera almenn og taka til fleiri atvinnugreina en þeirrar einnar sem varða beint tilefni lagasetningarinnar.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að það er ekki unnt að bera saman kostnað við rekstur innan fyrirtækja, hvort heldur það eru einkafyrirtæki eða ríkisfyrirtæki, nema að skattlagningin sé sú hin sama. Þess vegna eru þau sjónarmið mjög skýr og þetta frv. miðar að því einu að tryggja að eins sé farið með skattlagningu, hvort heldur hún er hluti af starfsemi stærra fyrirtækis, einkafyrirtækis, eða ríkisfyrirtækis, eða innan fyrirtækis sem hefur sérhæft sig í ákveðinni þjónustu.

Að því er varðar þær vangaveltur, sem hér hafa komið fram, um valdframsal að því er varðar skattlagningu, þá skal ég fyllilega taka undir það að ástæða er til að gæta þess. En í þeim tilvikum þar sem dómar hafa fallið um að Alþingi hafi framselt vald í andstöðu við stjórnarskrána, þá hefur það lotið að því að um hefur verið að ræða framsal á skattlagningunni sjálfri. Það sem hér er lagt í vald ráðherra er að takmarka skattlagninguna í þeim tilvikum þar sem vafi getur leikið á. Og í grg. frv. er greinilega skýrt út hvað við er átt í þessu efni. Hér er tekið dæmi af því að skrifstofuþjónusta yrði ekki talin tilefni til skattlagningar þó að hún sé ekki nema hluti af þeirri starfsemi sem fram fer innan stærra fyrirtækis. Það er í tilvikum sem þessum, sem auðvitað geta verið fjölmörg og af ýmsu tagi, sem ráðherra er gefið vald til þess að takmarka skattlagninguna en ekki að færa hana út. Á þessu er reginmunur og ég geri ekki ráð fyrir því að Hæstiréttur kæmist að þeirri niðurstöðu að þess konar framsal valds til ráðherra yrði talið stangast á við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég held að það sé óþarfi að vera að gera því skóna að hæstv. fjmrh. fari að setja reglugerð sem óbúandi sé við. Ég er t.d. ekki til viðtals um að fara að borga söluskatt af viðgerðum sem ég eða mínir starfsmenn framkvæma á búvélum mínum heima á Höllustöðum. Fjmrh. setur að sjálfsögðu ekki reglugerðarákvæði sem gera þjóðarbúskapinn óskynsamlegan. Ég vil a.m.k. ekki að óreyndu ætla honum það.

Ég er ekki sammála hv. 2. þm. Reykv. um það að veitingamenn úti í bæ búi til heppilegra fæði fyrir sjúklinga en gert er á sjúkrahúsunum og mér þykir nokkuð skjóta skökku við. Það hefur illa skipt um hv. 2. þm. Reykv. sem gengur nú upp í sérfræðingahagsmunagæslu en í gær var hann akkúrat að tala á móti einkarétti sérfræðinganna í umræðum um frv. um lögverndun á starfsheiti kennara. Það er víst ekki sama hver sérfræðingurinn er. Sérfræðingar, menntaðir kennarar eru að sjálfsögðu sérfróðir í að kenna eins og sérfróðir veitingamenn í að búa til mat.

Ég tel eðlilegt að gera ríkisfyrirtækjum kleift að starfa með eðlilegum hætti. Ég tel eðlilegt að reynt sé að skapa þeim grundvöll til þess að starfa með hagkvæmum hætti og ég lít svo á að nefndin hafi alls ekki verið að krefja ráðherra um það að skattleggja eldhús ríkisspítalanna. Þvert á móti. Og það er ekki krafa mín né að ég held annarra nefndarmanna að fjmrn. sé að íþyngja ríkisfyrirtækjum sérstaklega. Ég held að það hljóti að vera einfalt að reikna út og bera saman hagkvæmni einstakra útboða, hvort heldur er með eða án söluskatts. Þetta hlýtur að vera reikningsdæmi sem unnt er að leysa.

Ég held að það þýði ekki heldur að lögbjóða innheimtu skatta sem ómögulegt er að fylgjast með. Í mörgum tilfellum er mjög torvelt að fylgjast með hvort staðin eru skil á skatti. Það eru gildrur, sem hæstv. fjmrh. gæti fallið í við þessa reglugerðarsetningu, en ég sé ekki ástæðu til þess að vera á þessu stigi málsins sérstaklega að búast við því að hann falli í einhverja slíka.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir þær yfirlýsingar sem hann gaf hér áðan. Það er bersýnilegt að ef hæstv. fjmrh. fær að leggja söluskatt á þjónustu ríkisspítalanna t.d., þá væri ráðherrann að ganga í blóra við nefndina, eða meiri hluta hennar, og þá skoðun sem hv. 2. þm. Norðurl. v. lýsti hér fyrir hennar hönd og ég fagna því. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sjái sóma sinn í að gæta þess vandlega að fara eftir þeim forsendum sem nefndarmenn að meiri hluta til hafa haft þegar þeir afgreiddu málið. Ég mun hins vegar, þar sem hér er um mjög opna heimild að ræða, ekki greiða atkvæði með þessu frv. en ekki leggjast gegn því, þar sem það er óhjákvæmilegt að eyða óvissu og koma í veg fyrir að ríkissjóður verði fyrir stórfelldu tekjutapi í framhaldi af þeim úrskurði ríkisskattanefndar sem nefndur hefur verið hér í þessari umræðu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að

flytja hér langa ræðu. Ég ætla bara að lýsa því yfir að þær umræður sem hér hafa farið fram hafa í engu breytt minni afstöðu til þessa máls. Hv. 3. þm. Reykv. er ekki á nál. Hann mun ekki greiða atkvæði með þessu frv. og yfirlýsingar hans um það hvað felst í þessu frv. koma þess vegna málinu heldur lítið við og hann getur ekki talað fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar. (**SvG:** Það getur Páll Pétursson aftur á móti.) Hann er einn líka.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Fasteigna- og skipasala, stjfrv. 320. mál (þskj. 906 (sbr. 591), n. 934). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 934 um frv. til l. um fasteigna- og skipasölu. Allshn. hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt með þeim breytingum sem voru á frv. gerðar í Ed. Undir nál. skrifa Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli þingheims á brtt. varðandi þetta frv. til laga um fasteigna- og skipasölu eins og þær birtast hér á þskj. 906. Þessar brtt. eru tvær, við 6. gr. og við 14. gr.

Það sem ég vil gera að umtalsefni eru brtt. við 14. gr. sem hljóða svo, seinni málsliður: „Honum [fasteignasala] er heimilt að áskilja sér þóknun fyrir tímabundna vinnu við tilraun til að selja fasteign eða skip."

Og í 2. málsgr., þar er fyrst kveðið á um að ekki megi áskilja sér þóknun sem fari fram úr 2% af kaupverði, en síðan segir: „en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda." Síðan er áréttað: „Þóknun skal yfirleitt vera lægri ef makaskiptum er til að dreifa."

Mínar athugasemdir eru þessar: Ég á bágt með að trúa því að það sé samhljóða brtt. þeirra ágætismanna sem sitja í allshn. að upp skuli taka þá reglu að fasteignasala skuli heimilt að áskilja sér þóknun fyrir tímabundna vinnu við tilraun til að selja fasteign eða skip. Fasteignasala er að sjálfsögðu áhættuviðskipti og mér finnst með öllu fráleitt að leiða inn í lög þá reglu að fasteignasala skuli heimilt að áskilja sér þóknun fyrir umsýslu, tíma eða fyrirhöfn vegna fasteignar sem hann ekki selur. Það á að vera þáttur í hans áhættu. Og sama máli finnst mér gegna að því er varðar auglýsingakostnað. Auglýsingakostnaður er einn meginþáttur í starfsemi fasteignasölu — og reyndar alkunna að fasteignasalar eru blómlegustu viðskiptavinir Morgunblaðsins og greiðslur þeirra fyrir auglýsingar vafalaust einn af máttarstólpum þess blaðs — það er partur af þeirri þjónustu sem þeir inna af hendi, partur af þeirra rekstrarkostnaði, partur af þeirrar rekstraráhættu. Og mér finnst með öllu fráleitt að leiða nú í lög að fyrir utan þá söluþóknun sem hefð og lög kveða á um, þá skuli fasteignasala heimilt að taka þennan kostnaðarlið og velta honum yfir á neytendur, og sér í lagi með öllu óviðunandi að honum skuli heimilað að áskilja sér þóknun fyrir sölu sem ekki fer fram. Ég trúi ekki öðru fyrr en ég tek á því en að þetta hafi með einhverjum hætti farið fram hjá nefndarmönnum því ég geri því ekki skóna að menn hafi orðið ásáttir um það einróma að þetta skuli í lög leiða.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 5. þm. Reykv. um ákvæði í 6. gr. frv. vildi ég gjarnan greina frá því að í núgildandi lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, er svohljóðandi ákvæði að finna í 6. gr. þeirra laga, sem er nákvæmlega sambærilegt því ákvæði sem er hér í frv. Ég vitna hér í núgildandi lög nr. 47/1938, 6. gr. Orðrétt segir þar: „Enn fremur getur fasteignasali áskilið sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað enda hafi eignin verið auglýst eftir sérstakri beiðni eiganda." Hér er sem sagt ekki um neinar breytingar að ræða frá núgildandi lögum að því er auglýsingakostnaðinn varðaði og sérstakar greiðslur fyrir hann. En hv. þm. gerði þetta atriði sérstaklega að umtalsefni.

Varðandi hitt atriðið segir í 14. gr. orðrétt: „Honum er heimilt að áskilja sér þóknun fyrir tímabundna vinnu við tilraun til að selja fasteign eða skip." Má segja að nokkuð hliðstætt ákvæði sé í núgildandi lögum, þar sem segir í 6. gr. einnig, orðrétt: „Fasteignasala er þó heimilt að áskilja sér minnst 150 kr. fyrir aðstoð við sölu fasteignar." En hér er um viðbótarákvæði að ræða við ákvæðið um 2% söluþóknun af kaupverði eignar.

Ég vildi aðeins vegna ummæla hv. 5. þm. Reykv. láta þessi atriði koma hér fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–21. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður Íslands, stjfrv. 416. mál (þskj. 767, n. 943). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum og skuldum Söfnunarsjóðs Íslands. Þetta mál er komið frá hv. Ed. og nefndin mælir einróma með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, stjfrv. 400. mál (þskj. 741). — Frh. 1. umr.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér heimild til þess að leyfa

öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að framleiða áfenga drykki á Íslandi, en fram til þessa hefur Áfengis- og tóbaksverslunin ein haft leyfi til þess að framleiða hér áfenga drykki. Þetta hefur haft í för með sér að einstaklingar og fyrirtæki, sem áhuga hafa haft á að koma upp atvinnustarfsemi af þessu tagi, hafa ekki getað komið þeim áformum fram og eitt dæmi er um það að íslenskt fyrirtæki hefur orðið að setja upp framleiðslu af þessu tagi erlendis en hefur nú áhuga á að koma þessari framleiðslu heim og skapa atvinnutækifæri hér á Íslandi.

Þetta frv. er flutt til þess að gera hér breytingu á. Það er ráð fyrir því gert í 1. gr. frv. að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé áfram heimilt að framleiða áfengi en jafnframt gert ráð fyrir því að fjmrh. sé heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunarinnar. Ekki er þó gert ráð fyrir því að Áfengisverslunin sé skyldug til að selja áfengi sem framleitt er hér innanlands samkvæmt þessum heimildum. En samkvæmt greininni er gert ráð fyrir því að Áfengisversluninni sé heimilt að hafa samstarf við aðila sem fá leyfi til að framleiða áfengi hér innanlands og gerast eignaraðili að slíkum fyrirtækjum.

Með þessu frv. er ekki stefnt að því að breyta á nokkurn veg einkarétti Áfengisverslunarinnar til þess að selja og dreifa áfengi né heldur að því er varðar *innflutning á áfengi til landsins*. Fyrst og fremst og eingöngu er verið að opna hér heimildir sem geta leitt til þess að hér skapist fleiri atvinnutækifæri og við getum framleitt þessa vöru til útflutnings og á þann veg bæði fjölgað störfum í iðnaði og aukið gjaldeyristekjur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efni frv. en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að í þessu frv. felst alger stefnubreyting í þessum málum, þ.e. að Áfengisverslun ríkisins hefur einkaleyfi til að framleiða áfenga drykki.

Þau rök, sem hæstv. fjmrh. hafði fyrir flutningi þessa frv., held ég að standist ekki vegna þess að ég held að ég muni það rétt að mér var tjáð það fyrir nokkrum vikum síðan að það hefði ekki verið farið fram á það við Áfengisverslun ríkisins að hún framleiddi fyrir þá aðila sem láta framleiða þetta úti í Bretlandi. Ég held að það væru mjög eðlileg vinnubrögð í þessu efni því að hér er verið að opna fyrir fjmrh. á hverjum tíma að veita ekki einungis þetta, heldur að veita slík leyfi eftir geðþótta.

Hæstv. fjmrh. gat um það að þetta mundi auka atvinnu í landinu. Mundi það ekki gera það alveg nákvæmlega eins ef Áfengisverslunin tæki þetta að sér sem væri eðlilegast í þessu máli? Ég held að þessi rök falli alveg um sjálf sig.

Það er líka rætt um það í grg. að þetta mundi skapa útflutningstekjur um 300 millj. Ég hef ekki trú á því að forstjóri Áfengisverslunar ríkisins, hinn ágæti maður Höskuldur Jónsson, geti ekki fengið jafngóða menn til þessara starfa eins og hver annar og að af þeim ástæðum ætti að rýra útflutningstekjur þjóðarinnar að það væri framleitt þar.

En þetta er fyrst og fremst grundvallaratriði. Er Alþingi Íslendinga á árinu 1986 á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að gefa hæstv. fjmrh. heimild fyrir því að leyfa framleiðslu á áfengi eftir sínum geðþótta? Þetta er spurningin sem menn verða að velta fyrir sér og svara. Önnur rök fyrir þessu get ég ekki séð að séu tiltæk, þau falla um sjálf sig.

Á síðustu dögum þessa þings hefur mér heyrst það á ráðamönnum hér að það væri annað þarfara að gera en að pexa um svona mál sem hafa enga þýðingu því að möguleikarnir eru fyrir hendi í núgildandi löggjöf ef mönnum sýnist svo.

Allur málatilbúningur í kringum þetta frv. stenst ekki. Af þeim ástæðum held ég að við þurfum ekki að eyða tíma þingsins í að pexa um þetta mál.

Ef þetta kemur til 2. umr. mun ég ræða þetta frv. frekar.

ATKVGR.

Frv. *vísað til* 2. *umr. með* 22 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er að vísu ekki mjög fróður um atvinnuhætti þessarar þjóðar en þó þykir mér einsýnt að hér sé um iðnaðarframleiðslu að ræða og nota til þess útilokunaraðferðina að þetta muni ekki vera sjávarútvegur og þetta sé ekki hugsað sem landbúnaður, sem það gæti þó verið, þ.e. ef sykurrækt yrði upp tekin í landinu eða rabarbari notaður. En með vísan til þess að úrvinnsla landbúnaðarafurða telst til iðnaðar virðist einsýnt að hér sé um iðnaðarframleiðslu að ræða. Þar sem ég er ekki viss um að það breyti mjög þeim mönnum sem munu fjalla um málið hvort það fer til hv. viðskn. eða iðnn. þykir mér einsýnt að það geti ekki verið ástæðan. En ég legg eindregið til að málinu verði vísað til iðnn. þingsins.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 19:4 atkv.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, stjfrv. 413. mál (þskj. 762). — 1. umr.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir 413. máli Ed. á þskj. 762, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu. Þrátt fyrir góðan vilja og heitstrengingar um byggingu þjóðarbókhlöðu hafa mál staðið þannig að ekki var séð hvenær byggingu hennar lyki. Nú síðast við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1986 var fjárveiting til bókhlöðunnar skert verulega svo að ekki þótti ástæða til annars en að fella hana alveg niður og leita nýrra leiða til að ljúka byggingunni á sem skemmstum tíma.

Frv. það, sem liggur hér fyrir, gerir ráð fyrir því að byggingu þjóðarbókhlöðunnar ljúki á þremur næstu árum með tekjum af sérstökum eignarskatti sem rennur óskertur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðu. Eignarskattsviðauki þessi er aðeins lítið brot af eignarskatti, sbr. 2. gr. þessa frv.

Allt frá því á vordögum 1968 hefur bygging þjóðarbókhlöðu verið á dagskrá, en í bréfi dagsettu í mars 1969 til dr. Bjarna Benediktssonar forsrh. frá þjóðhátíðarnefnd 1974, segir að á fundum með þingflokkunum vorið 1968 hafi nefndarmenn orðið varir við mikinn stuðning þm. við byggingu þjóðarbókasafns. Ítrekaði nefndin síðar að þjóðarbókhlaða yrði væntanlega helsta gjöfin sem þjóðin færði sjálfri sér á 1100 ára afmæli

byggðarinnar í landinu.

Hinn 30. apríl 1970 samþykkti Alþingi síðan þáltill. um byggingu þjóðarbókhlöðu, svohljóðandi: „Alþingi ályktar að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar skuli reist þjóðarbókhlaða er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn."

Laugardaginn 28. jan. 1978 var fyrsta skóflustungan tekin að þjóðarbókhlöðunni. Vilhjálmur Hjálmarsson menntmrh. tók skóflustunguna að viðstöddum Geir Hallgrímssyni forsrh., byggingarnefnd bókhlöðunnar og fleiri gestum. Við þetta tækifæri og oftar var nefnd dagsetning þegar byggingu hússins átti að ljúka. Nefnt var árið 1982.

Árið 1978 voru 340 þúsund bindi í Landsbókasafni og á annað hundrað þúsund bindi í Háskólabókasafni. Í hinni nýju bókhlöðu uppkominni er hægt að geyma eina milljón bóka.

Frá upphafi þessa máls hefur verið litið svo á að þjóðarbókhlaða væri helsta gjöfin sem þjóðin gæti fært sjálfri sér á 1100 ára afmæli mannlífs og menningar í landinu. Þjóðarbókhlaðan er enn þjóðargjöf þótt komið sé fram yfir afmælið. Af þeim ástæðum er leitað til þjóðarinnar um lausn bókhlöðumálsins svo að það dragist ekki um ófyrirsjáanlegan tíma að þjóðin geti nýtt sér þessa gjöf.

Ástæða þykir til að viðurkenna það sérstaka framlag sem frv. gerir ráð fyrir með því að láta fylgja hverju framlagi sérstaka viðurkenningu. Þar verður tekið fram um greitt fé hvers einstaklings til þjóðarbókhlöðunnar með það fyrir augum að hið góða framtak og handtak hvers og eins megi geymast innan fjölskyldna og ætta um ókomnar tíðir.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þessi hugmynd hefur mætt gagnrýni og andstöðu og í samstarfsflokki Sjálfstfl., Framsfl., er dregið mjög í efa að rétt sé að málum staðið með þessum hætti. Ég hlýt því að skjóta þessu fram sem hugmynd því að hún er eingöngu bundin við það að enginn verði afskiptur í þessu átaki.

Auðvitað getum við ekki lagt skatta á öryrkja og ellilífeyrisþega, aldrað fólk eða ungmenni. En hugmynd okkar og mín var einvörðungu sú að allir gætu átt þess kost að taka þátt í þessu átaki þannig að enginn yrði afskiptur og með því móti að skattlagning, eins og þetta er, næði ekki til allra, þá gætu hinir, sem vildu rétta hönd fram til stuðnings þessu mikilsverða málefni, keypt sér skuldabréf eða viðurkenningarbréf upp á 1000 kr. t.a.m., eins og hugmyndin var, til þess að enginn þyrfti þess vegna að sitja auðum höndum þegar þetta mikilsverða málefni verður á dagskrá.

En ég ítreka, og beini orðum mínum sérstaklega til formanns þingflokks Framsfl., honum hefur ekki þótt þetta skapfellileg aðferð, að mér er þetta ekki fast í hendi í framkvæmd ef frekari andmæli koma fram við hugmyndina.

Frv. til að ljúka byggingu þjóðarbókhlöðu með sæmd og með samhentu átaki landsmanna er í samræmi við hugmyndir ágætra manna á Alþingi sem hrundu þessu máli af stað fyrir margt löngu og munu ekki hafa talið að tvo áratugi þyrfti til að Íslendingar gætu eignast sína þjóðargjöf.

Þjóðarbókhlaðan er engin tildurbygging. Okkur er mikil nauðsyn á að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn og koma að auki fyrir sérsöfnum vegna fræða okkar, menntunar og vísinda. Húsnæðismál tveggja fyrrgreindra bókasafna standa okkur fyrir þrifum, enda takmarkað hvað hægt er að auka bókakost þessara safna við núverandi aðstæður. Það er því komið að þeirri stund að ekki verður lengur unað því sinnuleysi sem ríkt hefur um byggingu þjóðarbókhlöðu. Með þjóðargjöf landsmanna tekst að ljúka á næstu þremur árum þessari byggingu, sem svo mjög er miðuð við brýnar þarfir okkar, og er að auki verðugt og sjálfsagt húsrými fyrir stóran hluta af þeirri menningu sem bundin er við bækur.

Fjáröflun sú, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, felst í álagningu sérstaks eignarskatts í þrjú ár. Heildarfjárhæðin, sem tekur mið af kostnaðaráætlun um þær framkvæmdir sem eftir eru við byggingu þjóðarbókhlöðu, er áætluð 360 millj. kr.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til fjh.- og viðskn. enda þótt að sínu leyti ætti þetta erindi til menntmn. En þar sem þetta er að verulegu leyti skattlagning legg ég eigi að síður til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. í hendur Páls Péturssonar hv. 2. þm. Norðurl. v., þar sem því verður vel fyrir komið, og að það verði einnig samþykkt að þessu máli verði vísað til 2. umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að vísa þessu frv. til okkar og yfirleitt fyrir að flytja þetta frv. og áhuga hans á því að hrinda á veg byggingu þjóðarbókhlöðunnar.

Ég tek til máls út af grg. sem mér finnst að sumu leyti ófullkomin. Það er að sjálfsögðu mikilvæg vitneskja að þáv. forsrh. Geir Hallgrímsson var viðstaddur þegar þáv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson tók fyrstu skóflustunguna en síðan gerðist fremur lítið nema að það var grafin hola. Það vantar nefnilega í frásögnina að hæstv. forseti deildarinnar byggði þessa bókhlöðu, þ.e. það sem af henni er til orðið. Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens hafði byggingu þjóðarbókhlöðu á stefnuskrá sinni og í ráðherratíð hv. þm. Ingvars Gíslasonar var unnið af krafti við þessa byggingu á árunum 1980–1983.

Þá er ekki getið um það í grg. að forseti Íslands lagði hornstein að þjóðarbókhlöðunni við hátíðlega athöfn 23. sept. 1981. En þann dag voru 75 ár liðin frá því að Hannes Hafstein lagði hornstein að Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Ég held að það sé tímabært að gera skynsamlega framkvæmdaáætlun og reyna að standa við hana. Um þessa áætlun þarf að ríkja eining ríkisstjórnar og Alþingis. Það er ekki verið að biðja um að allt annað sé látið sitja á hakanum. Það er ekki verið að taka ákvörðun um það með því að samþykkja þennan skatt.

Ég held að það sé ekki vansalaust að láta þetta menningarmál sitja á hakanum. Það er of rík tilfinning hér á Alþingi að telja eftir það fé sem fer til menningarmála og ónotast út í allt sem kenna má til menningar. Þegar allt kemur til alls er íslensk menning það sem gefur þessari þjóð tilverurétt í samfélagi þjóða. Vegleg og virðuleg umhirða menningarverðmæta er þáttur í þessu. Ég styð þetta frv. úr því að hæstv. fjmrh. þarf ekki að nýta þennan skattstofn fyrir ríkissjóð.

Ég vil gera athugasemd í framhaldi af því, sem hæstv. menntmrh. tók réttilega fram, að þegar frv. þetta var til umræðu í þingflokki Framsfl. var það krafa okkar að sú málsgr. í grg. yrði felld út sem hljóðar svo:

„Ástæða þykir til að viðurkenna það sérstaka framlag sem frv. gerir ráð fyrir með því að láta fylgja hverju framlagi sérstaka viðurkenningu. Þar verður tekið fram um greitt fé hvers einstaklings til Þjóðarbókhlöðunnar með það fyrir augum að hið góða handtak hvers og eins megi geymast innan fjölskyldna og ætta um ókomnar tíðir."

Ég er ekki að hafa á móti því að hæstv. menntmrh. láti af hendi viðurkenningu fyrir frjáls framlög sem innt kunna að verða af hendi til byggingar þessarar þjóðarbókhlöðu. En þegar málið var til meðferðar í þingflokki Framsfl. var það okkar krafa að þessi málsgr. yrði felld út úr grg. en fyrir einhver mistök fórst það fyrir en ákvörðun framsóknarmanna stendur.

Það er fjarstæða að fara að gefa út einhver verðlaunaskjöl til að geyma innan fjölskyldna og ætta um ókomnar tíðir fyrir skil á skatti. Sú viðurkenning er ekki fyrir neitt „gott handtak" sérstaklega „hvers og eins" í þágu íslenskrar menningar heldur væri það viðurkenning fyrir að hafa átt eignir er námu einhverju tilteknu mati árið 1986, 1987 og 1988. Það er að mínum dómi ekki í sjálfu sér verðlauna virði. Það er að vísu rétt að til þess að geta látið rita veglega skinnbók þurftu menn að eiga marga kálfa forðum eða a.m.k. komast yfir mörg kálfskinn. Að öðru leyti hefur íslensk menning aldrei verið einkaeign ríkra manna sem betur fer.

Ég styð þetta frv. og ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir ráðsnilld í þessu máli.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í einum af sínum þekkilegu blaðagreinum nú nýverið í Morgunblaðinu 17. apríl rifjar forseti vor upp forsögu þessa máls, sem er vægast sagt harmkvælasaga. Það er saga um stór loforð og litlar efndir, fögur fyrirheit en innistæðulausar ávísanir mestan part hingað til með þó einni meiri háttar undantekningu. Þá er um að ræða þær framkvæmdir sem urðu við að koma þessu húsi undir þak á menntamálaráðherraárum hæstv. forseta.

Ekki ætla ég að staldra lengi við forsögu málsins, en það á skráða sögu til ársins 1956 eða 1957. Nefndir hafa verið skipaðar, þáltill. samþykktar, hátíðlegar yfirlýsingar gefnar um að í tilefni af stórafmælum þjóðarsögunnar skuli þjóðarbókhlaðan verða afmælisgjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín.

Þannig hefur þetta mál velkst í 35 ár og nú er svo komið að hæstv. menntmrh., nýtekinn við embætti, unir því ekki lengur og vill taka á sig rögg og lúka málinu með þriggja ára áætlun og leggur fram frv. hér til fjáröflunar um það mál.

Í framhaldi af þessari forsögu vil ég í sem skemmstu máli lýsa því yfir að ég og mínir félagar í þingflokki Alþfl. viljum leggja okkur fram um að þessi vanefndakrónika verði ekki öllu lengri. Við tökum undir það, sem hér hefur verið sagt, að það er kominn tími til að Alþingi reki af sér slyðruorðið og standi við gefin fyrirheit og samþykktar þáltill. í þessu efni.

Spurningin er hins vegar fremur sú, eins og reyndar kemur fram í grein hæstv. forseta, að það liggur ekki endilega á borðinu að menn séu allir sáttir við hugmyndir hæstv. menntmrh. um hvernig að málinu skyldi staðið. Í þessari blaðagrein segir forseti, með leyfi hans sjálfs:

„Núverandi menntmrh. hefur sýnt áhuga á að koma þessu máli á hreyfingu á ný. Deila má um fjáröflunarhugmyndir hans og hvernig þar er að verki staðið. Mörgum sýnist að hugmyndir hans séu ekki líklegar til að sameina almenning og stjórnmálamenn um þetta mál eða auka skilning landsmanna á mikilvægi þess. Um það ætla ég ekki að dæma."

Ég vil aðeins vekja athygli manna á því að hér er verið að leggja fram tillögur um fjáröflun sem fyrst koma til framkvæmda árið 1987 og væntanlega til þriggja ára, 1987, 1988 og 1989. Skv. því er ráðrúm fyrir hæstv. ráðh. og þann þingmeirihluta sem hér er að undirbúa sína tillögugerð um fjáröflun með öðrum hætti og ganga frá þeim með eðlilegum og þinglegum hætti fyrir afgreiðslu fjárlaga í haust án þess að þetta mál tefjist af þeim sökum frá því sem þegar er orðið.

Ég vil leyfa mér að rifja það upp að við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1986 var flutt till. um fjáröflun til byggingar þjóðarbókhlöðu. Það var ein till. af þeim 74 sem við Alþýðuflokksmenn fluttum. 21. brtt. við fjárlög hljóðaði svo:

„Við 4. gr., nýr liður, Þjóðarbókhlaða, 25 millj. kr."

Ef þessi till. hefði verið samþykkt hefðu a.m.k. verið fjármunir til að undirbúa næsta áfanga nú þegar á þessu ári. En svo undarlega vill til að hæstv. menntmrh. og flokksbræður hans allir og reyndar allur stjórnarmeirihlutinn sýndi þessu máli ekki meiri skilning eða áhuga þá en svo að þessi till. var felld.

Það þýðir ekki að svara því til að þetta hafi verið ónóg vegna þess að þessi till. fjallar ekki um neitt fyrr en árið 1987. Hún var vissulega nægileg – ef málið hefur legið í láginni á undanförnum árum eða í tíð forvera hæstv. menntmrh. — til að taka upp þráðinn og til að tryggja að undirbúningur málsins væri vel á veg kominn, þannig að hægt væri að taka til hendinni við framkvæmdir á árinu 1987 þegar rýmri fjárlagaheimildir lægju fyrir.

En sá menntmrh., sem vill beita sér fyrir þessu, ætti væntanlega einnig að hafa skilning á því að ef við viljum fá aukið olnbogarými innan ramma fjárlaga til að leggja fram myndarlega til verklegra framkvæmda, ekki hvað síst við þarfar menningarlegar framkvæmdir eins og byggingu þjóðarbókhlöðu, þá þarf um leið að vera vilji fyrir því að færa til fé innan ramma fjárlaga og til þess er svigrúm. Við flutum till. um bæði sparnað og niðurskurð, um nýja tekjuöflun sem gerði þetta kleift, og auðvitað er það hinn eðlilegi framgangsmáti.

Það er þess vegna ekki úr sérlega sterkri taflstöðu sem hæstv. menntmrh. snýr sér t.d. til stjórnarandstæðinga, sem málinu eru velviljaðir, nú þegar hann er búinn að fella fyrir okkur till. um fjárveitingu til málsins, en kemur síðan að því verki loknu og fer fram á það að nú samþykkjum við auknar skattálögur til að verja fé til þessara framkvæmda sem hæstv. ráðh. sjálfur hafði fellt.

Þá er á það að líta að hér er lögð fram till. um að skattstofninn, sem nýttur verður í þessu skyni, verði sérstakur eignarskattsauki. Það er kunnara en frá þurfi að segja að við jafnaðarmenn höfum í tvígang lagt fram till. um að sá skattstofn skuli nýttur og röksemdafærsla okkar fyrir því er kunn. Ég ætla ekkert að endurtaka þá röksemdafærslu hér. Seinast fluttum við þær till. við gerð seinustu fjárlaga, um sérstakan stigbreytilegan eignarskattsauka á stóreignir, einkum og sér í lagi félaga, þegar um er að ræða skuldlausan eignarskattsstofn af verulegum fjárhæðum. Skv. þeim till. okkar var

um að ræða tekjustofn upp á hálft sjötta hundrað millj. kr.

Það er líka kunnara en frá þurfi að segja að úr röðum þeirra sjálfstæðismanna hefur komið oft og tíðum hin harðasta andstaða við þessa skattlagningaraðferð. Sér í lagi minnist ég þess að formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., hefur hvað eftir annað haft allt á hornum sér um þennan skatt, talið hann skatta óréttlátastan og með öllu ólíðanlegan og komi ekki til greina út frá grundvallarsjónarmiðum sjálfstæðismanna að samþykkja hann. Enda er því haldið fram að hér sé um að ræða tvísköttun þó að þau rök standist ekki þegar við lítum til baka til þess með hvaða hætti eignamyndun hefur orðið hér í landi í skjóli óðaverðbólgu og neikvæðra vaxta á umliðnum árum. (**Menntmrh.:** Ég kom því samt fram.) Þar er einmitt komið mínu máli, hæstv. menntmrh., að það er ástæða til að fagna því út af fyrir sig, þeim sinnaskiptum sem nú hafa orðið í málflutningi sjálfstæðismanna.

Þótt í litlu sé þýðir þessi till., sem ég skil svo að hafi farið í gegnum þingflokk Sjálfstfl., að Sjálfstfl. hafi hér með látið af andstöðu sinni við eignarskattsauka — (**Menntmrh.:** Rétt.) Rétt, gleður mig að heyra það, hæstv. menntmrh. (**Gripið fram í:** Er það nú víst?) Það liggur ljóst fyrir að Sjálfstfl. hefur tekið sinnaskiptum. Hann hefur fallist á að framlengja eignarskattsauka til þriggja ára. Skattformið eða útfærslan er að vísu á annan veg en við hefðum kosið, við hefðum kosið að hann væri stigbreytilegur og legðist með meiri þunga á félög en hér er gert ráð fyrir. En þótt í smáu sé er ástæða til að fagna þessum sinnaskiptum.

Í framhaldi af því vil ég taka fram að ef niðurstaðan verður sú eftir umfjöllun í nefnd að við þm. Alþfl. föllumst á þetta nú, ef hún verður sú, þá er það ekki hvað síst vegna þess að þar með teljum við að Sjálfstfl. hafi staðfest fylgi sitt við þessa skattlagningaraðferð og fallið frá allri andstöðu sinni við það að þessi skattstofn verði nýttur til þarfra mála.

Þá á ég ekki hvað síst við t.d. að við höfum á þessu þingi flutt till. enn einu sinni um húsnæðismál þar sem er hugmyndin um kaupleiguíbúðir, þ.e. lausn á húsnæðisvanda láglaunafólks í landinu. Skv. þeim till. þarf að verja til Byggingarsjóðs verkamanna um 550 millj. kr. á þessu ári. Þar af er þegar gert ráð fyrir að í samkomulagi við lífeyrissjóðina sé varið 200 millj. kr. Þar vantar því á rúmlega 300 millj. kr. Við höfum hingað til lagt til að til þessara verkefna til að leysa húsnæðisvandann verði einmitt farin sú leið, sem hæstv. menntmrh. leggur hér til að því er varðar þjóðarbókhlöðu, þ.e. með eignarskattsauka. Ég vildi þá mega vænta þess af hæstv. menntmrh. að hann í framhaldi af þessum tillögum sínum styðji við bakið á okkur um það að þessi lausn verði einnig látin ganga til þess að leysa láglaunavandann og þar með skapist þá meiri samstaða meðal þingheims um að fara þessa leið.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að svo stöddu að hafa um þetta fleiri orð. Ég árétta það að í ljósi sögu og eðlis þessa máls eru ég og mínir flokksbræður, það ég best veit, allir af vilja gerðir að greiða götu þess. Við viljum leggja menntmrh. lið við að reka slyðruorðið af Alþingi í þessu máli.

Við höfum uppi vissar efasemdir um að þetta mál eitt verði leyst með því að nýta þennan tekjustofn. En þó kann það að vega þungt í okkar huga ef fyrir liggur að þar með láti Sjálfstfl. sem slíkur af andstöðu sinni við þessa skattlagningaraðferð sem við teljum réttláta og eðlilega miðað við aðstæður í íslenskum þjóðarbúskap. Þar með viljum við ganga út frá því sem gefnu að þeir láti þá af andstöðu sinni við það skattlagningarform þegar kemur að öðrum þörfum málum sem brýnt er að hrinda fram og stuðla að tekjujöfnun og félagslegu öryggi í þjóðfélaginu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hélt nú að formanni mínum væri ljóst hvaða afstöðu ég hefði haft í þessu máli. Hann þyrfti því ekki að tala hér í þeim dúr, að því er mig varðar, um afstöðuna til þessa máls. Ég þykist þó vita að ýmsum menningarfrömuðum hér í hv. deild líki ekki að einhver komi hér upp og andmæli þessu máli. Eigi að síður skal það nú gert. Það er ekki vegna andstöðu við þjóðarbókhlöðuna sem slíka. Hún er út af fyrir sig þarft fyrirtæki og hefði kannske löngu átt að vera búið að hrinda því í framkvæmd að koma henni upp. En það er fullt af öðrum fyrirtækjum í landinu, það er fullt af öðrum verkefnum sem þarf að vinna að ekkert síður en þjóðarbókhlöðunni og þarf peninga til.

Ég er ekkert sannfærður um það — hvað sem hæstv. menntmrh. segir — að hæstv. fjmrh. sé að fallast á eignarskattinn. Mér þætti gaman að heyra hæstv. fjmrh. lýsa því yfir sem formann Sjálfstfl. að þeir væru hættir við fyrri stefnu að því er þessi mál varðar. Ég á eftir að sjá og heyra slíka yfirlýsingu og bið um hana frá hæstv. fjmrh., sé hann í grennd og heyri mál mitt eða lesi það einhvers staðar.

Mér þykir þetta einkennileg málsmeðferð — og það kom hv. þm. Jón Baldvin hér inn á áðan — eftir það sem á undan er gengið, þó að ekki sé lengra síðan en í desembermánuði þegar hæstv. menntmrh. virðist hafa gengið fram í því að fella framlög til þjóðarbókhlöðu.

Auðvitað getur mönnum yfirsést og menn eiga heimtingu á því að skipta um skoðun ef svo er, það er ekkert við því að segja nema gott. En mér þykir þetta einkennilegt líka vegna þess — ég vildi helst að hæstv. samgrh. færi ekki út alveg strax — mér þykir þetta einkennilegt og vildi gjarnan heyra skoðanir hæstv. samgrh. á því hvað honum finnist um þetta málefni. Finnst honum alveg sjálfsagt að láta 125 millj. á næstu þremur árum í þjóðarbókhlöðuframkvænd þegar ástandið er eins og það er núna í hafnamálum, í flugmálum, í skólamálunum og svona mætti lengur telja upp. Að því er ég best veit fara um 20 millj. kr. í ár til framkvæmda í höfnum. Ég veit að hæstv. samgrh. er ekki ánægður með slíkt. (**Samgrh.:** Það er miklu meira sem fer til framkvæmda.) Það er ekki framkvæmt fyrir meira, hitt var skuld. Hitt var skuld frá fyrri árum.

Ég veit að hæstv. samgrh. er mjög óhress yfir þessum málum og ég botna ekkert í honum ef hann er stuðningsmaður að þessu frv. án þess að eitthvað meira eigi þá að fylgja með. Ef svo er vil ég gjarnan fá að heyra það: Á eitthvað meira að fylgja eftir með þessu máli til framkvæmda við aðra þætti í verkefnum? Það er fullt af skólum sem standa nánast auðir og ekki er hægt að starfrækja vegna fjármagnsleysis. Menn hefðu þegið að fá 125 millj. á ári næstu þrjú árin til viðbótar í vegamálin og menn hefðu þegið að fá það í flugmálin. Þannig mætti lengi telja upp.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að þetta mál eigi eitt og

sér að taka út úr og láta það í forgangsröð, fyrir utan hitt að það er nægjanlegt að fjalla um framlög til þessa máls við afgreiðslu fjárlaga á hausti komanda. Það verður ekkert gert í framkvæmd fyrir þetta mál fyrr en á næsta ári, árinu 1987.

Ég skil hæstv. menntmrh. afskaplega vel, jafnröskan mann og duglegan — hann vill láta verkin tala. En á þessu máli er hálfgerður flumbruháttur. Ég veit líka að hæstv. menntmrh. er mér sammála um að það er fjöldinn allur af öðrum mikilvægum málum sem þarf að taka inn í þessa mynd og þarf að hrinda í framkvæmd. Ég hygg að þetta mál, þó gott sé, geti beðið til afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987. Ef menn hafa fleiri ráð til að framkvæma í öðrum málum vil ég gjarnan fá að heyra slíkt því að ég tel önnur mál nauðsynlegri. Þó að þetta mál sé nauðsynlegt tel ég önnur mál nauðsynlegri. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu máli við afgreiðslu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er alveg himinlifandi yfir því að þessi sinnaskipti hafa orðið á Sjálfstfl. í sambandi við eignarskattinn. Við vorum að berjast í því í vetur að reyna að fá eitthvað í opinberar framkvæmdir. Við vorum að berjast í því að reyna að bjarga höfnum sem t.d. liggja undir skemmdum eða byggðarlögum sem eru algerlega í vandræðum vegna þess að hafnirnar eru þannig að þær geta ekki með neinu móti þjónað þörfinni. Ég ætla ekki að fara að telja þessar hafnir upp, þær eru svo margar. Það er blátt áfram neyðarástand sums staðar í hafnamálum út um allt land.

Ég er því mjög feginn þessum sinnaskiptum því að það mátti ekki minnast á það í vetur við afgreiðslu fjárlaga að leggja á eignarskatt. En við framsóknarmenn lögðum þunga áherslu á að það yrði gert til að bjarga eitthvað þessum málum. Ég skal svo sannarlega styðja menntmrh. í þessu máli með því nú að auka þennan skatt. Ég legg til að þessi skattur verði a.m.k. tvöfaldaður á næsta ári og helmingurinn fari í að reyna að bjarga eitthvað þeim höfnum sem eru verst settar.

Ég held að a.m.k. viti það allir landsbyggðarþingmenn — og ekki síður hæstv. menntmrh. en aðrir — hvernig ástandið er í þessum málum. Ég treysti því að hann taki mjög undir mína till. að þessu leyti. Hitt er annað mál að það kann að vera að það þyki betra að geyma þessi mál öll til haustsins. En það skal ekki standa á mér að greiða þessari till. atkvæði með þessu skilyrði þó.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið. Sérstaklega vil ég taka undir orð síðasta hv. ræðumanns, 3. þm. Norðurl. e., sem vakti athygli á máli sem er að verða þjáningarmál á okkur, hvernig hafið er að éta upp hafnirnar okkar hringinn í kringum landið, hafnir sem við leitum skjóls í og öll framfærsla okkar byggist á. Ekki mun ég af mér draga í fylgi við að ná vopnum í þessu mikilsverða máli.

En eitt er í senn og líka það að við eigum hér byggingu vestur á Melum upp á 200 millj. kr., ónýtta, *vannýtta, einskis virði fyrr en við ljúkum verkinu.* Það liggur fyrir að Háskóli Íslands þarf og hlýtur að taka þátt í og vinna með atvinnulífinu í uppbyggingunni á næstu árum. Og heilinn í honum er í slíku bókasafni. Því er það að ekki kemur annað til greina, ef ég á að vera í þessu embætti sem nú gegni ég, en að sinna þessu og gegna þessu og lúka þessu sem þar liggur fyrir. Ég þakka undirtektir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv. 396. mál (þskj. 947). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed. á málinu. Í frv. felst heimild til að leggja verðjöfnunargjald á innfluttar kartöflur. Þar sem það getur verið erfitt ef á sama tíma er verið með innlendar kartöflur og erlendar á miklu lægra verði þarf að hafa þarna heimild til verðjöfnunar. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Dráttarvextir, stjfrv. 412. mál (þskj. 761). — 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Meginákvæði íslenskra laga um dráttarvexti er 5. gr. laga frá 1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sbr. lög frá 1965. Lög frá 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., hafa einnig að geyma ákvæði um dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum, sbr. 39. gr. þeirra laga.

Skv. þessum tveimur lagaákvæðum gildir sú meginregla hér á landi að Seðlabankinn ákveður dráttarvexti og gilda ákvarðanir bankans bæði innan og utan innlánsstofnana. Auk þessara lagaákvæða er að finna ýmis sérákvæði í lögum um dráttarvexti. Má þar einkum nefna lög um dómvexti, en þau lög gilda einungis um vexti af kröfum sem dómstólar dæma og þá aðeins fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags kröfu.

Í íslenskum rétti hafa lengi verið ákvæði um dráttarvexti, en fyrstu raunverulegu ákvæðin er sennilega að finna í tilskipun frá 1859 um leiguburð af peningum o.fl. Þetta ákvæði tilskipunar gilti áfram sem hin almenna regla um dráttarvexti þar til tilskipunin var afnumin 1933, en þau lög hétu „Lög um bann við okri, dráttarvexti o.fl." Ákvæði þessara laga um dráttarvexti hélst óbreytt til ársins 1965, er lögtekin var breyting á ákvæði 5. gr. laganna frá 1960. Það ákvæði hefur nú að geyma meginreglu íslenskra laga um dráttarvexti.

Á liðnum árum hafa ýmis atriði valdið vafa og jafnvel deilum varðandi dráttarvexti. Má þar nefna hæð dráttarvaxta, *en í lögum er t.d. ekki nein ákvæði um það við* hvað Seðlabanki Íslands skuli miða dráttarvaxtaákvarðanir sínar og hafa ákvarðanir bankans borið þess merki að mismunandi sjónarmið hafa ráðið ríkjum frá einum tíma til annars. Þess ber þó að geta að ákveðnar umbætur hafa orðið í þessu efni að undanförnu. Það orkar jafnframt tvímælis að gera mun á því eftir tegundum krafna hversu háir dráttarvextir falli á kröfu.

Einnig vantar reglur um margvísleg álitamál sem risið geta varðandi upphafstíma dráttarvaxta, svo og reglur um dráttarvexti að því er varðar kröfur í erlendri mynt.

M.a. með hliðsjón af þessum atriðum er nauðsynlegt að setja lagareglur um dráttarvexti og eru settar fram í þessu frv. tillögur að slíkum lagareglum. Frv. er samið að Benedikt Sigurjónssyni fyrrv. hæstaréttardómara, og Viðari Má Matthíassyni hdl. í náinni samvinnu við starfsmenn viðskrn. og Seðlabanka. Við samningu frv. var nokkur hliðsjón höfð af frv. til laga um verðgildisbætur og dráttarvexti sem samið var af Jóni Steinari Gunnlaugssyni og Baldri Guðlaugssyni hæstaréttarlögmönnum. Jafnframt var litið til erlends réttar á þessu sviði, einkum danskra laga um dráttarvexti.

Ég ætla ekki að fara yfir einstakar greinar frv. þó að það hefði að mörgu leyti verið full þörf á því. En í lokaákvæði frv. er gert ráð fyrir að felld verði úr gildi 5. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sbr. lög nr. 71/1965 um breytingu á þeim lögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að lög um dómvexti verði felld úr gildi. Þá verður einnig nauðsynlegt að breyta ýmsum öðrum lögum þegar frv. þetta hlýtur samþykki Alþingis. Hér er um að ræða lög um lausafjárkaup, víxillög, tékkalög, lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og lög um vátryggingarsamninga. Er þess að vænta að á næsta þingi verði þessi frv. lögð fram í samvinnu við hlutaðeigandi fagráðuneyti.

Herra forseti. Ég hef aðeins lítillega farið yfir þetta frv. sem hér er lagt fram. Mér er ljóst að til þess vinnst ekki tími að afgreiða það á þessu þingi en í samvinnu við formann fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar lagði ég á það áherslu að frv. færi hér í gegnum 1. umr. þannig að nefndin gæti sent það til umsagnar nú í sumar og tekið þá mið af því þegar ákvörðun verður tekin um framlagningu málsins að hausti.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 90. fundur.

Laugardaginn 19. apríl, að loknum 89. fundi.

Söluskattur, stjfrv. 401. mál (þskj. 742). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Með tilliti til þeirra umræðna sem fram fóru í dag og þess að boðaður hefur verið fundur í fjh.- og viðskn. Nd. á morgun óska ég eftir því að fá að skoða þetta mál nánar milli umræðna og vil leita eftir því við hæstv. forseta hvort hann geti ekki fallist á að endanlegri afgreiðslu málsins hér verði frestað fram á mánudag.

Umr. frestað.

Söfnunarsjóður Íslands, stjfrv. 416. mál (þskj. 767). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 985).

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 265. mál (þskj. 498, n. 980 og 981). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. á þskj. 980 varðandi frv. til l. um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf á þskj. 498. Þetta er tillaga um breytingu á lögum. Flm. eru þeir Karl Steinar Guðnason og Eiður Guðnason í Ed. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en fékk þá ekki afgreiðslu og er flutt óbreytt.

Breytingin er í því fólgin að fella brott úr niðurlagi 2. mgr. 1. gr. laganna orðin „svo og vindlingapappír og eldspýtur“ og þá fara menn að skilja um hvað málið snýst. Þetta er hið svokallaða eldspýtnamál og felur í sér að afnumin verði einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með þennan varning.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir það nál. skrifa Páll Pétursson formaður, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal, Kristófer Már Kristinsson og Guðmundur H. Garðarsson auk þess sem hér stendur.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mesti óþarfi að vera að þvælast með þetta mál á síðustu dögum þingsins og eðlilegra að skoða þessi mál í heild og í tengslum við önnur mál sem snerta verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og því legg ég til að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 981, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 18:8 atkv.

1. gr. samþ. með 19:3 atkv.

2. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv. 430. mál (þskj. 790). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands. Það er tvennt sem felst í þessu frv. Annars vegar er framlenging á því leyfi sem Háskólinn hefur nú, einkaleyfi til peningahappdrættis sem rennur út í árslok 1988, og hins vegar að Háskólinn fái leyfi til peningahappdrættis sem ekki er bundið við flokka og er nokkru rýmra en núgildandi lög leyfa.

Á þeim 50 árum sem liðin eru síðan Háskólinn fékk sitt einkaleyfi hafa aðstæður í þjóðfélaginu breyst geysimikið og því eðlilegt að einhver breyting verði á formi happdrætta. Háskólinn hefur óskað eindregið eftir því að fá þessa heimild og það hefur verið talið rétt af ríkisstj. að verða við því með flutningi þessa frv. sem hv. Ed. hefur þegar samþykkt.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, stjfrv. 415. mál (þskj. 974). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég *mæli hér fyrir* frv. til l. *um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun* innan sjávarútvegsins. Núverandi skipulag í fjármálum sjávarútvegsins er ákaflega flókið. Af þessum sökum er fjárstreymi og tekjuskipting innan hans afar óskýr sem í fjölmörgum tilvikum hefur óheppileg áhrif á ákvarðanir manna og dregur úr verðmætasköpun.

Með frv. því sem er til umræðu eru gerðar róttækar tillögur til einföldunar á þessu kerfi. Í stað flókinna reglna um útflutningsgjöld, sjóði, millifærslur og bótagreiðslur er lagt til að lögleiddar verði einfaldar reglur um skiptaverðmæti sjávarafla. Til marks um þetta má nefna að þegar tillit er tekið til allra greiðslna skv. núgildandi kerfi, beinna og óbeinna, kemur í ljós að raunverulegt fiskverð er 63% hærra en sýnist í verðtilkynningum verðlagsráðs. Sjóðakerfið leynir því hvað fæst í reynd fyrir fiskinn innanlands í samanburði við fiskverð erlendis og stuðlar þannig í heild sinni að auknum útflutningi óunninnar vöru. Með frv. er lagt til að komið sé framan að hlutunum og þeir nefndir réttum nöfnum.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem einföldun á sjóðakerfinu á sér stað. Í ársbyrjun 1976 var gerð mikil uppstokkun á sjóðum sjávarútvegsins. Voru útflutningsgjöld þá einfölduð og lækkuð stórlega.

Á undanförnum erfiðleikaárum hefur þó sótt í sama farið. Margs konar lögbundnar greiðslur og bætur úr sjóðum flækja nú verulega tekjuskiptinguna innan sjávarútvegsins. Í ársbyrjun 1985 skipaði sjútvrh. nefnd með aðild samtaka sjómanna, útvegsmanna og þingflokka til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um sjóði sjávarútvegsins og lögbundnar greiðslur tengdar fiskverði. Nefndin starfaði undir forustu Jóns Sigurðssonar forstjóra Þjóðhagsstofnunar.

Í þessu nefndarstarfi skyldi samhengið milli lagafyrirmæla og skiptaverðs sjávarafla, þar með afla til sjómanna, tekið til rækilegrar skoðunar. Markmið þessarar endurskoðunar skyldi vera að gera fjárstrauma og tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins einfaldari og skýrari, að stuðla að sanngjarnri skiptingu tekna innan sjávarútvegsins, að koma í veg fyrir að sjóðakerfið og tekjuskiptingarreglur dragi úr hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri sjávarútvegsins.

Í ársbyrjun 1986 var svo ákveðið að nefndin skyldi einnig fjalla sérstaklega um hlut fiskvinnslunnar í skiptum við sjóði sjávarútvegsins, þar með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og var þá bætt í nefndina fulltrúum frá samtökum fiskvinnslunnar.

Hinn 4. apríl s.l. skilaði nefndin tillögum sínum til sjútvrh. og taldi sig þar með hafa lokið verkefni sínu að öðru leyti en því að síðar yrði fjallað um starfsemi Verðjöfnunarsjóðs.

Frv. þetta er samið af nefndinni og flutt efnislega óbreytt frá þeim tillögum sem nefndin gerði og var sammála um. Tilgangur frv. þessa er að einfalda allt greiðsluflæði innan sjávarútvegsins. Tillögurnar fela í sér róttækar breytingar á fjárhagslegu skipulagi atvinnugreinarinnar. Eins og ég hef áður sagt eru allir millifærslusjóðir og greiðslur utan skipta við fiskkaup skv. þessu frv. lögð niður.

Ég mun nú víkja að einstökum þáttum frv. og þá fyrst og fremst þeim sem lúta að afnámi sjóðakerfisins. Þessi ákvæði eru í 17. gr. frv. um gildistöku þess. Hornsteinn *núgildandi sjóðakerfis eru lögin um útflutningsgjald af* sjávarafurðum frá 1983. Þetta gjald á sér yfir 100 ára samfellda sögu. Með afnámi þess verður að telja að sagt sé skilið við ákveðið þróunarstig í skattheimtu hér á landi og niðurfelling þess markar því þáttaskil í hagþróun. Útflutningsgjöld sem leggjast sem föst prósenta á verðmæti útflutningsvöru eru almennt séð mest íþyngjandi fyrir þær greinar sem auka mest verðmæti framleiðslunnar með úrvinnslu innanlands. Þau stuðla því almennt að útflutningi óunninnar eða lítt unninnar vöru og eru því hemill á innlenda hagþróun.

Enda þótt núgildandi útflutningsgjald sé ekki ýkja hátt eða 5,5% hefur það óneitanlega haft þessi áhrif. Við afnám þess væri því að fullu horfið hið sérstaka óhagræði sem innlend fullvinnsla á sjávarafurðum hefur mátt búa við. Með afnámi útflutningsgjaldalaganna sem skiluðu tæplega 1300 millj. kr. gjaldi á árinu 1985 falla niður tekjustofnar Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa.

Tillagan um afnám útflutningsgjalds felur því einnig í sér tillögu um að starfsemi þessara sjóða verði hætt. Tryggingasjóður hefur staðið undir greiðslu á 40% af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa. Er við það miðað að fyrir þessum þörfum verði framvegis séð með ákvæðum II. kafla um greiðslumiðlun er ég kem að á eftir.

Þær eignir Tryggingasjóðs sem eftir standa, þegar starfsemi hans lýkur, munu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands en þó er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að nokkur fjárhæð af fé sjóðsins fari til öryggismála sjómanna og björgunaræfinga á fiskiskipum og einnig renni ákveðin fjárhæð til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss.

Óhætt er að fullyrða að starfsemi þeirra sjóða sem fengist hafa við greiðslur vegna úreldingar fiskiskipa hafi ekki verið nógu markviss til þessa. Á ég við Úreldingarsjóð fiskiskipa og Aldurslagasjóð fiskiskipa. Þannig hafa greiðslur úr Úreldingarsjóði oftar en ekki auðveldað mönnum kaup nýrra skipa með aukinni afkastagetu í stað hinna eldri. Þetta verður að telja andstætt þeim megintilgangi hans að auðvelda þeim er gömul skip eiga og óhagkvæm að hætta í útgerð og draga þar með úr afkastagetu skipastólsins.

Í frv. er gert ráð fyrir að starfsemi Úreldingarsjóðs verði hætt og þær eignir hans sem eftir standa, þegar skuldbreytingum hans er lokið, verði varðveittar og ávaxtaðar á bestu kjörum þar til honum hefur verið fengið hlutverk að nýju. Ég tel fulla þörf á að kanna með hvaða hætti þessum málum verði best komið fyrir í framtíðinni og mun strax í vor, verði frv. þetta að lögum, beita mér fyrir að vinna við það hefjist. Til þess að skapa öllum útgerðarmönnum jöfn tækifæri til úreldingarstyrkja úr sjóðnum áður en starfsemi hans lýkur mun ég beita mér fyrir því að stjórn sjóðsins auglýsi eftir umsóknum um styrki fyrir 1. maí n.k. þannig að skipin geti horfið varanlega úr rekstri t.d. fyrir 15. maí n.k., en þá á starfsemi Úreldingarsjóðs að leggjast niður.

Herra forseti. Ég flutti um þetta mál allefnismikla framsöguræðu þegar málið var til umræðu í Ed. og þetta mál hefur verið til umfjöllunar í þeirri nefnd sem ég vitnaði áður til, í þingflokkum og um það hefur verið góð samstaða sem m.a. kemur fram í því að hv. Ed. afgreiddi mál þetta samhljóða fyrr í dag.

Í stuttu máli er ávinningur að þessari breytingu, sem hér birtist í frv., þríþættur.

Í fyrsta lagi er í frv. gert ráð fyrir að raunverulegt fiskverð, sem vinnslustöðvar greiða, komi fram á skýran hátt í einni tölu þannig að augljóst verði hvaða verð er í raun og veru greitt. Opinbert fiskverð hér á landi hefur oft verið innan við 60% af raunverulegu verði sem útgerðin fær greitt. Þetta lága verð hefur síðan verið borið saman við bruttóverð á ferskum fiski á erlendum markaði. Með þessu hefur orðið til algjörlega óraunhæfur samanburður sem aftur hefur hvatt til sölu á óunnum fiski á erlendum markaði eins og ég hef áður komið að.

Í öðru lagi hefur núverandi sjóðakerfi haft í för með sér óeðlilegar millifærslur. Einhver millifærsla hefur átt sér stað á milli verðmeiri framleiðslu og verðminni framleiðslu þannig að hin verðminni hefur fengið styrk frá hinni verðmeiri. Þetta er óeðlilegt. Rétt er að hver vörutegund fái notið síns raunverulega verðs eins og gert er ráð fyrir í frv. Sjóðakerfið hefur einnig valdið millifærslu innan útgerðarinnar þannig að fjárstraumar hafa verið teknir frá aflasælum skipum til hinna sem verr hefur gengið að reka. Þetta hefur viðhaldið óhagkvæmri útgerð og dregið úr hámarksafrakstri fiskiskipastólsins. Úr þessu er bætt með frv. þessu og með því tel ég heilbrigðan rekstur sjávarútvegsins í framtíðinni best tryggðan.

Í þriðja lagi sparast nokkur vinna við útreikning á aflaverðmæti og þeirri skýrslugjöf er því fylgir. Jafnhliða sparast kostnaður sem fylgt hefur því að greiða hluta af tekjum sjávarútvegsins í sérstaka sjóði og endurgreiða þá síðan eftir mismunandi flóknum reglum. Frv. hefur því í för með sér beinan kostnaðarsparnað fyrir sjávarútveginn í heild og einnig fyrir ríkissjóð því tollheimtumenn hér í landinu þurfa að sjá um innheimtu á útflutningsgjaldinu og eru við það starfandi nokkrir menn.

Herra forseti. Ég vil að öðru leyti vitna til ítarlegrar ræðu minnar í Ed. til að flýta fyrir umræðum hér en ég veit að mörg mál eru á dagskrá sem þarf að ljúka í dag. Ég vil að lokum leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. sjútvn. og til 2. umr.

Umr. frestað.

Iðnlánasjóður, stjfrv. 409. mál (þskj. 978). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Afgreiðsla þingmála 3974.
Almannatryggingar (12. mál) 3748, 3752, 3768.
Almannatryggingar (399. mál) 3726, 3765, 3986, 4123, 4144.
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður) 4018.
Alþjóðahugverkastofnunin (322. mál) 4011.
Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa (382. mál) 4011.
Atvinnuleysistryggingasjóður (419. mál) 3976, 3981, 4206.
Aukastörf embættismanna (230. mál) 3810.
Áfengislög (423. mál) 4213.
Búnaðarmálasjóður (336. mál) 3731.
Dagvistarheimili fyrir börn (301. mál) 3743.
Dráttarvextir (412. mál) 4240.
Eftirlit með skipum (237. mál) 3745, 3751, 3766, 4099, 4114.
Fasteigna- og skipasala (320. mál) 3959, 3975, 4014, 4229.
Fjáröflun til vegagerðar (126. mál) 3982, 4010.
Flugmálanefnd (411. mál) 3821.
Forgangsréttur kandídata til embætta (444. mál) 4215.
Framleiðsla og sala á búvörum (396. mál) 4077, 4110, 4240.
Happdrætti Háskóla Íslands (430. mál) 4205, 4242, 4204.
Húsaleigusamningar (268. mál) 3937, 3968, 4014.
Húsnæðisstofnun ríkisins (442. mál) 4144, 4192.
Iðnlánasjóður (409. mál) 4202, 4205, 4246.
Innheimta skyldusparnaðar (374. mál) 3813.
Innheimtustofnun sveitarfélaga (366. mál) 3937, 3968, 4014.
Lausaskuldir bænda (365. mál) 3968.
Lágmarkslaun (406. mál) 3728.
Lyfjafræðingar (379. mál) 3726, 3665, 3989, 4123, 4144.
Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra (285. mál) 4123, 4143, 4208.
Minnst látins fyrrv. alþingismanns 3717.
Póstlög (248. mál) 3959, 3969, 4014.
Rannsóknadeild fisksjúkdóma (431. mál) 3976, 3981, 4206.
Ráðningar í lausar stöður embættismanna (215. mál) 3808.
Ríkisborgararéttur (236. mál) 4115, 4143.
Ríkisendurskoðun (272. mál) 3978, 3981.
Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum (295. mál) 3747, 3752, 3767, 3939, 4077.
Sala jarðarinnar Streitis (341. mál) 4216.
Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar (260. mál) 3718, 3765, 3985.
Seðlabanki Íslands (205. mál) 3989, 4012, 4018, 4100.
Seðlabanki Íslands (228. mál) 4101, 4216.
Selveiðar við Ísland (368. mál) 3744, 3752, 3806, 3947, 4093.
Siglingalög (383. mál) 3745, 3750, 3751, 3767, 4099, 4114.
Siglingamálastofnun ríkisins (238. mál) 3744, 3751, 3766, 4098, 4114, 4221.
Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (415. mál) 4193, 4205, 4243.
Skipti á dánarbúum og félagsbúum (26. mál) 3731, 3940, 3969.
Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál (407. mál) 3828.
Sparnaður í ráðuneytum og ríkisstofnunum (388. mál) 3815.
Sparnaður í rekstri Tryggingastofnunar ríkisins (390. mál) 3824.
Starfsmenn þjóðkirkju Íslands (422. mál) 4097.
Stofnlánadeild landbúnaðarins (364. mál) 3935, 3967, 4114.
Stuðningur við loðdýrabændur (393. mál) 3811.
Sveitarstjórnarlög (54. mál) 3732, 3768, 3806, 3940, 3952, 4009.
Söfnunarsjóður Íslands (416. mál) 3731, 3938, 3968, 4014, 4230, 4242.
Söluskattur (401. mál) 3939, 3969, 4014, 4222, 4241.
Takmörkun á yfirvinnu ríkisstarfsmanna (389. mál) 3823.
Talnagetraunir (232. mál) 4069.
Tilkynning 4221.
Tollskrá (128. mál) 3975, 3980.
Tekjuskattur og eignarskattur (429. mál) 3727.
Um þingsköp 4015.
Umfang skattsvika (402. mál) 3826.
Útflutningsráð Íslands (259. mál) 3719, 4069, 4222.
Útvarpslög (417. mál) 4009, 4115, 4221.
Varnir gegn mengun sjávar (73. mál) 4115, 4144.
Varamaður tekur þingsæti 3718.
Veð (302. mál) 3746, 3768.
Verðbréfamiðlun (202. mál) 3978, 3981, 4068.
Verkfræðingar (312. mál) 3746, 3752, 3936.
Verslun ríkisins með áfengi (265. mál) 4242.
Verslun ríkisins með áfengi (400. mál) 3960, 3969, 4230.
Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu (413. mál) 4102, 4110, 4232.
Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra (387. mál) 3978, 3982, 4207.
Þúsund ára afmæli kristnitökunnar (395. mál) 4011.
Öryggi á vinnustöðum (275. mál) 3723, 3937, 3968.
Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna (313. mál) 3818.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3717, 4018, 4052.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 3718, 3743, 3766, 3947, 3951, 3958, 3965, 3974, 4074, 4076, 4215.
Forseti Ed. Stefán Benediktsson 4099, 4112, 4113.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 4015, 4016, 4017, 4221.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 3882, 4039, 4206.
Félmrh. Alexander Stefánssson 3723, 3773, 3804, 3814, 3912, 3946, 4121, 4144, 4198.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 3809, 3810, 3816, 3818, 3823, 3825, 3826, 3828, 4055, 4187, 4223, 4227, 4230.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 3986, 3989, 4206, 4207.
Landbrh. Jón Helgason 3767, 3812, 3960, 4076, 4079, 4086, 4087, 4093, 4097, 4098, 4213, 4240, 4243.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 4017, 4109, 4208, 4212, 4232, 4239.
Samgrh. Matthías Bjarnason 3731, 3766, 3767, 3819, 3821, 3985, 4100, 4222, 4240.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3755, 3806, 3945, 4063, 4201, 4243.
Utanrrh. Matthías Á. Mathiesen 3828, 3929.
Árni Johnsen 3970, 3974.
Birgir Ísl. Gunnarsson 4026, 4128.
Björn Dagbjartsson 3948, 4201.
Egill Jónsson 3783, 3925, 3926, 3940, 3951, 3952, 3959, 3971, 4093, 4098, 4099, 4219.
Eiður Guðnason 3720, 3789, 3921, 3939, 3940, 3963, 3969, 3972, 4021, 4069, 4077, 4080, 4108, 4111, 4113, 4210, 4212, 4213, 4215, 4217, 4220, 4204.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3718, 3768, 3938, 3939, 3960, 3962, 4068, 4101, 4102, 4202.
Friðjón Þórðarson 3745.
Friðrik Sophusson 4009, 4016, 4129, 4224, 4228.
Geir H. Haarde 3908, 4143.
Guðmundur Bjarnason 3748, 3976, 3978.
Guðrún Agnarsdóttir 3863, 4044.
Guðrún Helgadóttir 3807, 3979, 3987.
Gunnar G. Schram 3746, 3747, 3925, 4115, 4122, 4229, 4230.
Halldór Blöndal 3975, 3981, 4015, 4016, 4115, 4123, 4180.
Haraldur Ólafsson 3962, 4011, 4215.
Helgi Seljan 3821, 3822, 3942, 3957, 3964, 4110, 4112, 4198, 4214, 4218.
Hjörleifur Guttormsson 3752, 3760, 3807, 3811, 3812, 3841, 3984, 4015, 4017, 4120, 4138.
Jóhanna Sigurðardóttir 3826, 3827, 4159.
Jón Baldvin Hannibalsson 3900, 3994, 4013, 4139, 4183, 4229, 4235, 4242.
Jón Kristjánsson 3719, 3721, 3939, 3959, 3970, 3975, 4069, 4077, 4102, 4193, 4220, 4204.
Jón Magnússon 3937, 4081, 4089, 4203.
Jón Sveinsson 3727, 3818, 3820, 3937, 3968, 4077, 4216, 4219.
Karl Steinar Guðnason 3732, 3813, 3815, 3950, 3953, 3973, 4019, 4098, 4198, 4205.
Karvel Pálmason 4238.
Kolbrún Jónsdóttir 3936, 4031, 4078, 4087.
Kjartan Jóhannsson 3855, 3982, 4052.
Kristín Halldórsdóttir 3756, 3808, 3815, 3817, 3818, 3823, 3824, 3825, 4066, 4116, 4155, 4192.
Kristín S. Kvaran 3808, 3809, 3810, 3811, 4049.
Kristófer Már Kristinsson 4029.
Ólafur G. Einarsson 3982, 4009, 4123, 4230.
Ólafur Þ. Þórðarson 3884, 3985, 3988, 4137, 4223, 4232.
Páll Pétursson 3746, 3861, 3978, 3989, 4017, 4018, 4222, 4228, 4234.
Pálmi Jónsson 3808, 4009, 4132.
Ragnar Arnalds 3722, 3961, 4086, 4089, 4107, 4203.
Salome Þorkelsdóttir 3726, 4024.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 3728, 4048, 4103, 4109, 4110, 4111, 4112.
Skúli Alexandersson 3774, 3950, 3970, 4060.
Stefán Benediktsson 3735, 3770, 3793, 3874, 3938, 3941, 3954, 3966, 3970, 4058, 4074, 4076, 4091.
Stefán Valgeirsson 3744, 3745, 3976, 4114, 4115, 4221, 4231, 4239.
Steingrímur J. Sigfússon 3750, 3890, 3933, 4118.
Sturla Böðvarsson 3944.
Svavar Gestsson 3746, 3915, 3983, 4007, 4016, 4033, 4121, 4173, 4222, 4225, 4228, 4241, 4242.
Þorv. Garðar Kristjánsson 3936.

Efri deild, 83. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Mér hefur borist eftirfarandi bréf, dags. 21. apríl 1986:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður landskjörinna þm. Alþfl., Magnús H. Magnússon stöðvarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eiður Guðnason,
5. landsk. þm."

Magnús H. Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi og því hefur kjörbréf hans verið rannsakað. Er hann nú boðinn velkominn til starfa.

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 949). — Ein umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Þannig háttar með frv. þetta að hv. allshn. þarf að líta á breytingar sem komu frá Nd. Ég óska eftir að atkvæðagreiðslunni verði frestað og við fáum tóm til að líta á málið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Eins og fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. hefur nefndin óskað eftir að skoða málið áður en endanleg atkvæðagreiðsla fer fram. Sér forseti ekki ástæðu til annars og því verður málinu enn frestað þar til nefndin hefur fengið tækifæri til að athuga það.

Umr. frestað.

Varnir gegn mengun sjávar, stjfrv. 73. mál (þskj. 952 (sbr. 718)). — Ein umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegur forseti. Eins og hv. alþm. hafa séð hefur Nd. gert breytingar á frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar. Þessar breytingar eru varðandi 21. og 33. gr. frv. og eru ekki efnisbreytingar heldur tiltölulega mjög smávægilegar orðalagsbreytingar.

Samgöngunefndarmenn hafa haft samráð sín á milli um að mæla með því við Ed. að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem um getur á þskj. 952.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1053).

Viðey í Kollafirði, stjfrv. 414. mál (þskj. 764, n. 976). — 2. umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Hæstv. forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og átt ítarlegar viðræður við þjóðminjavörð um málið, en það snertir hann að verulegu leyti þar sem hér er m.a. um minjar að ræða sem eru á fornleifaskrá.

Í frv. er lagt til að hlutur ríkisins í Viðey ásamt þeim minjum þar sem eru á fornleifaskrá verði afhentur Reykjavíkurborg til eignar með skilyrðum sem skýrt eru tekin fram í texta frv.

Það hefur vissulega verið rætt að það skyti nokkuð skökku við að ríkið gæti ekki varðveitt minjar þær sem því er falið með lögum á þann hátt að sómi sé að. Nefndarmenn voru sammála um að æskilegast hefði verið að ríkið hefði lokið endurreisn Viðeyjar, en það virðist ekki hafa náðst pólitískt samkomulag um það efni þrátt fyrir þál. Alþingis frá því í fyrravor um að lagt skyldi fé til þess á fjárlögum fyrir árið 1986.

Nú hefur hæstv. menntmrh. fundið leið til þess að þessari endurreisn Viðeyjar mætti ljúka með sómasamlegum hætti og þótt ýmsir nefndarmanna hafi nokkuð við það að athuga er það sameiginleg niðurstaða þeirra sem standa að afgreiðslu málsins að hér sé þó væntanlega gengið tryggilega frá því að Viðey hljóti þann búning og þær minjar sem þar eru sem sómasamlegur er og okkur landsmönnum ekki til algerrar skammar.

Ég get ekki fallist á að Viðey sé fyrst og fremst eign Reykjavíkur. Þetta er eign alls landsins. Og Viðey tengist Íslandssögunni miklu lengur en Skúli Magnússon. Skúli Magnússon bjó reyndar aldrei í Reykjavík. Hann bjó í Viðey og þótt hann sé með nokkrum rétti kallaður faðir Reykjavíkur er hann ekki síður merkilegur í þjóðarsögunni fyrir ýmislegt annað sem hann gerði en að setja upp Innréttingarnar.

En að öllu athuguðu var nefndin sammála um að styðja þetta frv. Einn nefndarmanna skrifaði að vísu undir með fyrirvara og annar nefndarmaður tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Ég heyri að þeir hv. nefndarmenn hafa báðir kvatt sér hljóðs og munu væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni. En nefndin mælir með að frv. verði samþykkt og að það sem gert verður í Viðey fari fram í fullu samráði við þjóðminjavörð og álits hans leitað um allt sem máli skiptir í því sambandi.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki ýkja hrifinn af þessu máli eða því hvernig að því hefur verið staðið.

Í fyrsta lagi álít ég, ef ríkið tekur ákvörðun um að gefa sveitarfélagi, í þessu tilviki höfuðborg landsins, stóra gjöf á afmælisdegi borgarinnar, að málið sé þess eðlis að það eigi að hafa samráð við alla stjórnmálaflokka um hvernig að því skuli staðið. En það er skemmst frá að segja að það var ekkert samráð haft við stjórnarandstöðuflokka um undirbúning þessa máls. Mér er reyndar sagt að flokki hæstv. menntmrh. hafi láðst að hafa eðlilegt samráð við samstarfsflokk sinn í ríkisstj., en það er önnur saga og kemur mér ekki við.

En í fyrsta lagi er málsmeðferðin óeðlileg. Þegar um gjöf af þessu tagi er að ræða er ekki um að ræða pólitískt mál í sjálfu sér og æskilegt að eðlileg og góð samstaða geti tekist um hvernig að gjöfinni skuli staðið.

Í öðru lagi hefði ég talið að það hefði þurft að liggja fyrir að haft hefði verið fullt samráð við þjóðminjavörð um framkvæmd málsins og hann væri því að öllu leyti samþykkur áður en málið er flutt. En eftir þeim

fregnum sem ég hef af þessu máli var alls ekki þannig staðið að málum. Þjóðminjavörður var mjög andvígur því að frv. yrði flutt og mun ekki hafa fallist á þessa niðurstöðu fyrr en eftir að frv. var komið fram á Alþingi og hann taldi sig meira og minna standa frammi fyrir gerðum hlut. Þetta er ámælisvert og flokkast ekki undir eðlilega eða skynsamlega málsmeðferð.

Í þriðja lagi má velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að ríkið gefi sveitarfélögum stórar gjafir í hvert sinn sem þau eiga afmæli. Það eru mörg sveitarfélög á landinu og margir afmælisdagarnir. (**Gripið fram í:** Dýr mundi Hafliði allur.) Já, dýr yrði Hafliði allur ef öll sveitarfélög ættu að þiggja slíkar gjafir því að afmælin eru æðimörg og hætt við að ýmis önnur sveitarfélög eigi eftir að upplifa mikla og merka afmælisdaga á komandi árum og þá er spurningin hvort hér er verið að skapa fordæmi.

Hins vegar er það skoðun mín að eftir að frv. hefur komið hér fram og eftir að málið hefur verið rætt við borgarstjóra Reykjavíkur og borgarstjórn sé málið komið á það stig að ekki verði aftur snúið og ekki hæfilegt að kippa að sér hendinni þegar gjöfin er um það bil að komast í fangið á afmælisbarninu. Það væru veisluspjöll á afmælisári að standa þannig að málum. Því hef ég ákveðið að skrifa undir með fyrirvara að þessi gjöf verði gefin þrátt fyrir þá vankanta sem ég sé á þessu frv. og allri málsmeðferð og undirbúningi þess.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. hv. menntmn. tók ég ekki þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni og vil ég nú skýra nokkuð af hvaða sökum það er.

Eins og fram kom í máli síðasta hv. ræðumanns var ekki haft samráð við stjórnarandstöðuflokkana áður en ákvörðun var tekin um þetta mál sem hefði þó verið hæfilegt því að þm. Reykjavíkur eru í öllum þingflokkum og eðlilegt hefði verið að þm. Reykjavíkur og þingið allt hefðu sameinast um það hvernig staðið væri að hátíðahöldum af hálfu þingsins á þessu merkisafmæli Reykjavíkurborgar.

Það sem ég hef þó einkum að athuga við þá till. sem hér liggur fyrir er það að með henni er verið að leggja til að gefnar séu þjóðminjar. Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja eru á þjóðminjaskrá. Ég tel óeðlilegt að þjóðminjar séu á annarra hendi en þjóðarinnar allrar og því er ég mótsnúin því að sveitarfélagi, sem að vísu er mannmargt og telur nær þriðjung þjóðarinnar en er engu að síður aðeins hluti hennar, séu afhentar þjóðminjar.

Ég vil einnig til taka að hér kann að vera varhugavert fordæmi á ferðinni og spurning hvenær mönnum finnst við hæfi að endurtaka þessa aðferð við að heiðra sveitarfélög eða kaupstaði á afmælishátíðum og eins og hv. 8. þm. Reykv. kallaði fram í áðan mundi Hafliði dýr allur ef út í það yrði farið. (**Iðnrh.:** En Guðrún?) Og Guðrún sjálfsagt enn þá dýrari, iðnrh.

Það er líka spurning hvort menn gætu þá hugsað sér, fyrst út á þessa braut er farið, að afhenda t.d. dýrgripi úr þjóðminjasafni í heiðursgjafir. Það kann að vera að slíkt hafi ekki hvarflað að neinum sem að þessu máli hefur staðið, en þetta er fordæmi sem hægt væri að vísa til dytti einhverjum slíkt í hug einhvern tíma.

Fram kom í hv. menntmn. að ekki var leitað álits þjóðminjavarðar á þessu máli fyrir fram og fram kom að hann var allósáttur við að þjóðminjar væru afhentar með þessum hætti. Þjóðminjavörður nefndi tvær tillögur sem hefðu getað orðið samkomulagstillögur til breytinga á þessu frv. Annars vegar að stofa og kirkja væru undanskilin. Ef ekki, þá að húsin yrðu friðuð og féllu undir húsfriðunarnefnd. Um þessar tillögur varð ekki samkomulag og hlýt ég að harma það.

Á það er einnig að benda, eins og síðasti hv. ræðumaður kom inn á, að þær fornminjar sem hér um ræðir eru ekki eingöngu tengdar sögu Reykjavíkur heldur eru þær tengdar þjóðarsögunni allri. Í Viðey stóð klaustur í kaþólskri tíð og var ríkasta klaustur hér á landi. Þar var prentverk mikið á sinni tíð og þar barðist Jón biskup Arason við danskinn. Þar hafa því fleiri merkisatburðir í þjóðarsögunni og merkisstarfsemi átt sér stað en snertir Skúla fógeta og Innréttingarnar.

Þetta kemur m.a. fram í grg. með till. til þál. sem þm. Reykjavíkur fluttu á síðasta þingi og samþykkt var hér í fyrravor. Sú till. hljóðaði upp á að „Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu og lendingarbætur á eynni í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur", eins og þar segir. „Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986."

Þessi þáltill. var samþykkt hér s.l. vor. Engar spurnir hafa hins vegar verið af kostnaðaráætlun vegna þessa verks og engu fé hefur verið veitt til þess sérstaklega þannig að það er ljóst að framkvæmdavaldið hefur í þessu efni hundsað ályktun og vilja Alþingis.

Ég hefði talið að þetta hefði verið bæði eðlilegri og höfðinglegri gjöf af hálfu ríkisins til Reykjavíkurborgar á þessu merkisafmæli hennar og hlýt að lýsa vonbrigðum mínum með að ekki skuli hafa verið staðið að málum eins og þessi þál. kveður á um.

Hins vegar tek ég að fullu undir þau sjónarmið að mikilvægt er að hraða viðgerð Viðeyjarstofu og slæmt er hversu það hefur dregist, en ég tel það vera ríkinu til vansæmdar að geta ekki sjálft staðið að þessu verki og gera þetta á þann hátt að gefa í raun og veru Reykjavíkurborg það í afmælisgjöf að kosta verkið sjálf.

Það er illt að vera á móti því að gefa gjafir og mér mikið á móti skapi að vera á móti slíku. Ég hefði gjarnan viljað standa að höfðinglegri gjöf til Reykjavíkurborgar á 200 ára afmæli hennar. Frv. get ég hins vegar ekki samþykkt eins og það liggur fyrir og þess vegna er mér nauðugur sá kostur að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins heldur sitja hjá við atkvæðagreiðslu um það.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Við erum í þann veginn að gefa stóra gjöf og það er svo sem ekkert að því annað en það að ég verð að taka undir það með öðrum að það er óneitanlega fýla í hluta gefenda. Ég er þar með talinn. Ég er í fýlu einfaldlega vegna þess að það var ekki við okkur rætt út af þessum málum. Ákveðin gleði og ánægja er því yfirleitt samfara að gefa gjafir og skiptir þá ekki öllu máli hversu höfðinglegar þær eru heldur það hugarfar, sá hugur sem fylgir. Okkur er kannske farið ekki alls ólíkt glæpamanninum sem lýst er í upphafi Íslandsklukku, að það var stolið frá okkur glæpnum. Að fá ekki að vera með við að taka ákvörðun um svona lagað eyðileggur á vissan hátt gleðina af því að gefa.

Það er tvímælalaust líka ámælisvert og til vansa að gjöfin skuli ekki vera eins vel úr garði gerð og hægt væri. Þá á ég við að Viðeyjarstofa hefði átt að vera komin í það horf sem ætlast var til að hún væri komin í áður en gjöfin var afhent.

Ég ætla ekki að fara að gera mönnum upp einhverjar annarlegar hugmyndir eða forsendur vegna þessarar gjafar. Það hefði svo sem mátt hugsa sér að menn hefðu velt vöngum yfir því hvaða gjöf ætti að gefa. Það eru margar aðrar gjafir sem hægt væri að færa Reykjavíkurborg í tilefni þessa afmælis, eins og t.d. gamla tugthúsið hérna í Bakarabrekkunni, sem hátíðarvott. En það er vonandi að Reykjavíkurborg og forráðamenn hennar kunni að meta þessa gjöf og haldi áfram að vera jafnþægir og þeir hafa verið okkur hér á þingi hingað til. Þegar menn gefa svo stórar gjafir eins og hér er um að ræða þótti það alltaf hér áður fyrr höfðingjasiður að menn skiptust á gjöfum. Það er spurningin hvað Reykjavíkurborg gefi okkur í staðinn þannig að höfðinglega sé að málum staðið í heild.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég undrast mjög þá umræðu, sem hér er komin af stað, þar sem menn lýsa því yfir að þeir séu komnir í fýlu vegna þess að ekki var rætt við þá út af þessari gjöf. Ég kem hingað til að lýsa yfir fyllsta stuðningi mínum við að Viðey skuli vera gefin Reykjavíkurborg. Ég minni á að á sínum tíma var Viðey í Reykjaneskjördæmi, það breyttist nú fyrir 2–3 árum, en tilheyrði Seltjarnarnesi.

Ég tel að fyrst Reykjavík vill þiggja þessa gjöf, sem vafalaust verður henni mjög dýr, verði það til góðs og ég hygg að framkvæmdum við endurreisn Viðeyjarstofu fleyti fram um ca. 100 ár við það að Reykjavíkurborg tekur þetta að sér, ef skoðaðar eru fjárveitingar ríkisins til svona mála í ljósi reynslunnar.

Ég endurtek að ég tel það vel við hæfi að gefa þessa gjöf og treysti Reykjavíkurborg fyllilega til að fara svo með gjöfina að til sóma verði og Viðey verði í framtíðinni sá staður sem ekki aðeins Reykvíkingar heldur allir Íslendingar geti horft á með nokkru stolti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Streitis, frv. 341. mál (þskj. 625). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:8 atkv. og afgr. til Nd.

Forgangsréttur kandídata til embætta, frv. 444. mál (þskj. 970). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Útflutningur hrossa, frv. 337. mál (þskj. 620, n. 941, brtt. 942). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. Ed. Alþingis um útflutning hrossa og er nál. á þskj. 941.

Eins og fram kemur í nál. hefur nefndin gert tillögur um breytingar á frv. og er ástæðan fyrir því sú að við meðferð málsins í Nd. hafði yfirdýralækni ekki verið gefinn kostur á að setja fram sín sjónarmið gagnvart þessari breytingu. Er brtt., sem fram kemur í afgreiðslu landbn., einmitt byggð á þeim athugasemdum sem hann lagði þar fram.

Mér finnst hins vegar vert að geta þess að okkar tillögur ganga ekki gegn upphaflegum óskum Hagsmunafélags hrossabænda því að þar var óskað eftir heimild til að víkja frá tilteknu aldursmarki sem er skv. fyrri lögum tíu ár.

Í erindi frá Hagsmunafélagi hrossabænda var leitað eftir að heimild væri gefin til að víkja frá þessu aldursmarki. Þess vegna fæ ég ekki séð annað en að hér hafi fengist sú lausn sem friður gæti verið um og jafnframt skilað hrossabændum þeim árangri sem þeir leita eftir.

Með hliðsjón af þessu vænti ég að virðuleg þingdeild geti fallist á okkar tillögur.

ATKVGR.

Brtt. 942 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 332. mál (þskj. 611, n. 874 og 883). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Frv. það sem hér um ræðir gerir ráð fyrir því að heimilað verði að flytja hingað til landsins þá tegund áfengra drykkja sem menn almennt kalla bjór og þá einnig heimilt að selja þá sömu framleiðslu, sem reyndar hefur farið fram hér á landi, þá íslensku framleiðslu sem framleidd er hér innanlands.

Nefndin fjallaði um málið og fékk til viðræðna menn frá áfengisvarnaráði, auk Tómasar Helgasonar, Jóhannesar Bergsveinssonar læknis og Ingólfs Guðmundssonar.

Meiri hl. nefndarinnar varð sammála um að mæla með samþykkt frv. þó að einstakir nefndarmenn áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Valdimar Indriðason og Salome Þorkelsdóttir.

Frú forseti. Ég ætla mér ekki að hafa mörg orð um málið á þessu stigi. Það hefur býsna margt verið talað í þessu máli og ég held að í grundvallaratriðum greini menn ekki mjög mikið á. Ég held að það séu fáir menn sem t.d. gera ráð fyrir því að þetta hafi ekki nein áhrif

til breytinga á drykkjuvenjum Íslendinga. Aftur á móti er líka öllum mönnum kunnugt að hér er ráðandi ákveðinn tvískinnungur í þessum málum sem gerir það að verkum, án þess að ég ætli nú að túlka það sem einhver forréttindi sérstaklega að fá að drekka bjór, að fólki er mismunað hér á Íslandi hvað það snertir. Hafi fólk áhuga á því að neyta bjórs þá verður það að gerast annaðhvort farmenn eða ferðamenn til þess að slíkt geti orðið.

Það má kannske segja að það sé ekki lagaleg skylda stjórnvalda að gera mönnum endilega kleift að neyta bjórs. En ef menn halda því fram hljóta þeir um leið að vera að halda því fram að það sé þá þvert á móti lagaleg skylda stjórnvalda að koma í veg fyrir það að menn geti neytt bjórs.

Ég hef sagt það áður, undir reyndar dálítið öðrum formerkjum þar sem ekki var þá um að ræða tillögu um lagabreytingu heldur tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir tveim árum, að ég hef litið þannig á að niðurstaða manna í þessu máli hlyti að leiða til þess að annaðhvort yrði hér heimiluð bruggun og sala áfengs öls algerlega eða bönnuð algerlega.

Frsm. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Ég hef skilað minnihlutaáliti í þessu máli og vil minna á það í upphafi og taka það fram að ég hef síður en svo hugsað mér að halda uppi málþófi og hef aldrei hugsað mér að halda uppi neinu málþófi hér um þetta mál. Hins vegar hlýt ég að benda virðulegum forseta á það að ég þarf eðlilegan tíma til framsögu í þessu máli. Ég þarf að vitna til þess aðila, sem hér á til um að segja og þarf að leita til af Alþingis hálfu, þ.e. áfengisvarnaráðs. Ég þarf einnig að vitna til nýlegra greina sem hafa birst í blöðum og þarf og á að vekja athygli á hér á Alþingi þannig að ég bendi virðulegum forseta á það að mér dugir ekki sá tími til kl. 4, sem er reiknað með til þessarar framsögu, en hins vegar skal ég hefja hana með mikilli ánægju. (**Forseti:** Ef ég má aðeins trufla hv. ræðumann, þá tók ég það fram hér í upphafi að ég mundi fresta umræðum þegar ég vissi að ég gæti sett nýjan fund. Ég vænti þess að hv. þm. sé þá tilbúinn að fresta ræðu sinni svo að það megi gerast.) Já, virðulegi forseti. Ég heyrði þetta og vildi aðeins vekja athygli á þessu í upphafi, en mun að sjálfsögðu gera hlé á máli mínu þegar virðulegum forseta þóknast að setja nýjan fund og taka þetta mál þar með út af dagskrá þessa fundar.

Ég minni í upphafi á afgreiðslu minni hlutans í fyrra, en í minni hlutanum þá áttum við hv. 9. þm. Reykv. Haraldur Ólafsson sæti. Hann hafði hér framsögu fyrir nál. af okkar hálfu í þessu máli. Við fórum þar nokkurs konar millileið ef Alþingi mætti bera gæfu til að víkja þessu máli í þann farveg sem þá var — og er reyndar enn máske eðlilegastur, þ.e. að vísa því til þeirrar stjórnskipuðu nefndar um áfengismál og stefnumótun í áfengismálum almennt, sem sett var á laggirnar að tillögu Alþýðuflokksmanna hér á sínum tíma og samþykkt var einróma af öllum hv. þm. þá. Við lögðum sem sagt til að málinu yrði vísað til ríkisstj. með tilliti til þessarar stjórnskipuðu nefndar sem fengi þá þetta mál ásamt öðrum til umfjöllunar.

Nú bendi ég á það að til viðbótar þessu hafa þær hugmyndir komið fram í ríkisstj., sem virðast vera að verða að virkileika, að þar verði sett á laggirnar sérstök nefnd manna til þess að fjalla um vímuefnavána í heild sinni og aðgerðir til þess að fyrirbyggja hana sem best og mest. Því væri kannske tvöföld ástæða til þess að hafa þann hátt á nú að vísa þessu máli til þessarar stjórnskipuðu nefndar eða til ríkisstj., stjórnskipuðu nefndarinnar annars vegar og þeirrar ráðherranefndar sem á að setja á laggirnar hins vegar.

Ég hef á þessu máli ákveðna skoðun en hún kemur kannske ekki þessu máli beint við þó að það sé mín einkaskoðun sem ég hef býsna drjúg rök fyrir. Ég hef miklu meiri áhuga fyrir því að koma á framfæri skoðunum annarra á þessu máli, sem hafa á því þekkingu, vita hvað þeir eru að tala um í þessum efnum og byggja fyrst og fremst á niðurstöðum þeirrar þekkingar og þeirrar vitneskju sem þeir vita sannasta og réttasta. Það er býsna mikið talað um tvískinnung í áfengismálum okkar í dag og síðast í máli hv. frsm. meiri hl. kom þetta fram. Ég vil þá taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning að sú áfengislöggjöf sem ríkir í dag er ekki sú sem ég kysi að væri á landi hér. Það þýðir því ekki að sakast um það við mig að Alþingi hefur kosið að setja áfengislöggjöf með þessum hætti og undanþágum sem veldur vissum tvískinnungi og ég neita ekki að margir eru haldnir í þessum efnum. Hér er nefnilega ekki um það að ræða, eins og mér sýnist af mörgum þeim sem halda uppi þeim málatilbúnaði, að okkur sé nauðsyn á því að hér verði áfengur bjór. Hér er sem sé ekki um það að ræða að við eigum að velja á milli, að við eigum að hafna öðru í staðinn. Ég hef aldrei heyrt þá röksemd hjá neinum þeirra sem flutt hafa þetta mál hér inn í þingsali að með því að leyfa bruggun og sölu áfengs öls þá ættum við að taka fyrir sölu á sterkari drykkjum. Þetta hefur aðeins verið túlkað á þann veg að við yrðum að bæta þessu hreinlega við.

Nál. mitt, sem kemur fram á þskj. 883, er þess eðlis að ég tel kannske rétt að vitna í það síðar í mínu máli því af nógu er að taka þegar maður fer að leita fanga um það að mæla gegn frv. af þessu tagi. Varðandi þessi mál öll hefur verið vitnað nokkrum sinnum í þann virta mann dr. Tómas Helgason. Eflaust eru menn ósammála skoðunum hans, eflaust eru menn ósammála fullyrðingum hans eða ekki sammála þeim. Hitt dregur enginn í efa, vona ég, að þar er byggt á þekkingu, þar er byggt á rannsóknum, þar er byggt á víðtækum athugunum á vandamálinu í heild sinni, athugunum sem teknar hafa verið góðar og gildar og sem mjög þýðingarmiklar hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni m.a., svo og öðrum þeim aðilum sem fjalla um þessi mál af meiri alvöru en Alþingi Íslendinga hefur gert hingað til í þessum efnum og ekki af því gáleysi sem margir hafa gert hér í sölum Alþingis.

Í grein í Morgunblaðinu nú á dögunum segir dr. Tómas Helgason eftir að hann er búinn að ræða um frv., sem hér var til meðferðar fyrir stuttu um verslun ríkisins með áfengi, þ.e. að framleiða áfengi hér á landi til þess að selja það út úr landinu, og vara mjög við þeim hagsmunum sem þar kæmu inn í:

„Þó tæki fyrst steininn úr ef Alþingi samþykkti bjórfrv. sem meiri hl. allshn. Ed. hefur lagt blessun sína yfir. Samþykkt þessa frv. er fáránleg tímaskekkja nú þegar lögð er öll áhersla á heilsuvernd og að draga úr útgjöldum til heilbrigðismála. Þegar í dag eru miklir einkahagsmunir í húfi í sambandi við bjórsölu og framleiðslu. Þeir munu ekki minnka ef almennt verður leyfð sala áfengs öls í landinu og getur þá hver sem er séð í

hendi sér líkurnar á að aftur verði horfið frá því óráði. Það er varla af þekkingarleysi sem alþm. og jafnvel fjmrh. flytja frv. sem sannanlega munu auka áfengisvanda þjóðarinnar. Sjálfur forsrh. hefur látið Þjóðhagsstofnun reikna út hver verði aukning áfengisneyslu ef framleiðsla og sala áfengs öls verður leyfð í landinu. Þeir útreikningar sýna að neyslan mundi aukast um þriðjung. Slíkt hefur í för með sér enn meiri skaða. Ofneytendum mun fjölga, alkóhólistarnir verða veikari. Öðrum sjúkdómum og slysum, sem af áfengisneyslu hljótast, fjölgar og dánartalan hækkar þar með. En ekki virðist fylgja mikill hugur máli þegar jafnframt er stuðlað að aukinni neyslu. Vonandi eru enn nógu margir alþm. sem skilja hvað hættuleg aukin áfengisneysla er heilsu og félagslegri velferð þjóðarinnar svo að dugi til að fella bæði bjórfrv. og frv. um að leyfa einkaaðilum framleiðslu á áfengi í landinu."

Hér hef ég vitnað til þess manns, sem virtur er í þessum fræðum öllum á hinum æðstu stöðum, eins og t.d. hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni alveg sérstaklega, dr. med. Tómasar Helgasonar, og ég hygg að erfitt sé að hrekja þau rök sem hann hefur margoft látið fram koma í andstöðu sinni við þetta mál.

Það hefur oft verið vitnað til þess að við ættum að hlusta á ýmsa þá sem hart hafa orðið úti af áfengisbölinu í heild sinni og þá sem hafa fengist við það vandamál sérstaklega. Og þá kem ég að því að ég tel nauðsynlegt og gott að koma hér inn í þingtíðindi ákveðnum atriðum úr merkri grein úr síðasta SÁÁblaði sem er skrifuð af Óttari Guðmundssyni, yfirlækni við sjúkrastöðina á Vogi. Ég hlýt að vitna nokkuð til þessarar greinar hér þó ég skuli ekki lengja mál mitt mjög með því. Dr. Óttar segir orðrétt í þessari grein, m.a. varðandi þetta sérstaklega, með leyfi virðulegs forseta:

„Það sem gerir áfengisvandamálið svo flókið sem raun ber vitni er að áfengisneysla er hluti þess menningarþjóðfélags sem við höfum skapað og eina löglega vímuefnið sem neytt er. Áfengi er notað við mörg félagsleg tækifæri af öllum þorra manna og stórir hópar geta notað það án sérstakra skakkafalla. Alkóhólistar byrja að drekka á sama hátt og hinir sem aldrei lenda í neinum vandræðum, á sama aldri og af sömu ástæðum. Einhvers staðar fer síðan að halla undan fæti hjá alkóhólistunum og þeir taka að missa tökin á drykkjunni og hætta að geta ráðið við hana á þann hátt sem þeir sjálfir helst vildu. Áfengi fer að skapa þessum einstaklingum og vandamönnum þeirra veruleg vandræði og þjóðfélaginu ómetanlegt tjón. Alkóhólistar verða með tímanum þurftarfrekir í samfélaginu. Þeir veikjast meira en aðrir af ýmsum kvillum, lenda ölvaðir í slysum, slasa aðra og mæta oft illa til vinnu.

Á sama tíma er áfengisvíman, sem er að fara með þessa einstaklinga og aðstandendur þeirra í hundana, vafin miklum dýrðarljóma. Menn krefjast þess í blöðum að áfengi verði sem víðast haft um hönd, tegundum fjölgi, fleiri barir opnaðir og sem frjálslyndust stefna tekin upp í sambandi við áfengismál. Umræða um bjór tröllríður dagblöðum svo mánuðum skiptir og í mörgum greinum eru það talin eðlileg mannréttindi að geta drukkið áfengan bjór við öll hugsanleg tækifæri. Þessi afstaða" — og taki menn nú eftir því sem þessi yfirlæknir á sjúkrastöðinni segir um þetta atriði — „Þessi afstaða gerir alkóhólistanum erfitt um vik. Vímugjafinn sem er að leggja líf hans í rúst er hafinn til skýjanna í fjölmiðlum og nánustu vinir og félagar telja reglubundna áfengisneyslu eðlilega og sjálfsagða. Þetta getur valdið mikilli firringu þess sem ekki ræður við það að drekka áfengi." (**Forseti:** Nú vildi ég biðja hv. 2. þm. Austurl. að gera hlé á ræðu sinni, því að nú verður þessum umræðum frestað þar til á næsta fundi væntanlega.)

Umr. frestað.

Efri deild, 84. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, að loknum 83. fundi.

Viðey í Kollafirði, stjfrv. 414. mál (þskj. 764). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Forgangsréttur kandídata til embætta, frv. 444. mál (þskj. 970). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningur hrossa, frv. 337. mál (þskj. 1024). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv. 387. mál (þskj. 708, n. 988). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál, þ.e. frv. til laga um

breytingu á lögum nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Það var algjör eining í nefndinni um afgreiðslu málsins og undir nál. rita auk þess sem hér stendur Björn Dagbjartsson, Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir og Kolbrún Jónsdóttir. Á frv. hefur engin breyting orðið við meðferðina hér í þinginu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingasjóður, stjfrv. 419. mál (þskj. 771, n. 990). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. til laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Eins og kunnugt er er þetta frv. samið og flutt í framhaldi af þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 26. febr. s.l.

Um þetta er óþarft að hafa fleiri orð. Hv. þingdeildarmönnum er kunnugt um efni frv. Heilbr.- og trn. er einróma í afstöðu sinni til frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita auk mín Helgi Seljan, Salome Þorkelsdóttir, Björn Dagbjartsson, Karl Steinar Guðnason og Kolbrún Jónsdóttir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, stjfrv. 285. mál (þskj. 948 (sbr. 523), n. 996). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Hæstv. forseti. Ég hef nú þegar mælt fyrir þessu máli, að vísu í tengslum við annað mál og óskylt. Ekki kann ég þó við að vitna til þeirrar ræðu minnar svo ég held að ég verði að endurtaka það að menntmn. er einhuga í afstöðu sinni til þessa frv. og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 12. mál (þskj. 848, n. 989). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta almannatryggingafrv. til meðferðar. Í Nd. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér. Þetta frv. varðar ferðakostnað sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun.

Það er einhugur um þetta frv. Heilbr.- og trn. leggur einróma til að það verði samþykkt ásamt þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í Nd. Undir nál. rita auk þess sem hér stendur Helgi Seljan, Salome Þorkelsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Karl Steinar Guðnason og Björn Dagbjartsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, að loknum 84. fundi.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv. 387. mál (þskj. 708). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1036).

Atvinnuleysistryggingasjóður, stjfrv. 419. mál (þskj. 771). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1037).

Almannatryggingar, frv. 12. mál (þskj. 848). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1038).

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, stjfrv. 285. mál (þskj. 948 (sbr. 523)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. frestað.

Útvarpslög, frv. 417. mál (þskj. 950, n. 1008). — 2. umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Hæstv. forseti. Menntmn. hefur haft þetta mál til meðferðar og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 332. mál (þskj. 611, n. 874 og 883). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Helgi Seljan) (frh.): Virðulegi forseti. Það er spurning hvers konar afþreyingarefni á að hafa fyrir þessa hv. deild á meðan hún er aðgerðarlaus í þeim verkum sem meira skipta máli en þetta efni. Ég sé mikið eftir því, úr því að þetta á að vera afþreyingarefni, að maður skyldi ekki útvega sér öllu skemmtilegri texta til að fara með en þann dapurlega texta sem maður verður að fara með varðandi bjórinn.

En ég skal verða við þeim tilmælum virðulegs forseta að drepa tímann í þess orðs fyllstu merkingu þangað til mál koma hér á dagskrá sem þurfa að fá og eiga að fá afgreiðslu. Ég var þar kominn máli mínu að ég hafði vitnað annars vegar í nýlega grein eftir dr. Tómas Helgason — og hefði þó mátt gera það miklu nákvæmar og betur — og í öðru lagi í yfirlækninn á Vogi, Óttar Guðmundsson. Ég hlýt að endurtaka það sem hann segir um þetta mál sérstaklega, með leyfi forseta, í grein sinni í síðasta SÁÁ-blaði:

„Umræða um bjór tröllríður dagblöðum svo mánuðum skiptir og í mörgum greinum eru það talin eðlileg mannréttindi að geta drukkið áfengan bjór við öll hugsanleg tækifæri. Þessi afstaða gerir alkóhólistanum erfitt um vik. Vímugjafinn, sem er að leggja líf hans í rúst, er hafinn til skýjanna í fjölmiðlum og nánustu vinir og félagar telja reglubundna áfengisneyslu eðlilega og sjálfsagða. Þetta getur valdið mikilli firringu þess sem ekki ræður við það að drekka áfengi. Hann telur að hann skeri sig úr á einhvern hátt og sé ekki eins gjaldgengur þjóðfélagsþegn og hinn sem getur lifað eðlilegu lífi samkvæmt þeim áfengisstaðli sem þjóðfélagið viðurkennir.

Þannig skapast mikill tvískinnungur" — af því að hér var rætt um tvískinnung í kvöld er gott að það komi fram hér hjá Óttari — „varðandi áfengið. Menn eru á einu máli um það tjón og þá manneskjulegu harmleiki sem skapast geta af þessum völdum, en jafnframt vilja menn að áframhaldandi neysla sé leyfð og sem frjálsust. Svo að þetta megi samrýmast verður að horfa með blinda auganu í báðar áttir og segja, eins og einhvers staðar stendur í Lísu í Undralandi: „Hlutirnir eru það sem ég segi að þeir séu." Þess vegna er heppilegast að telja þá menn einungis alkóhólista sem bera sjúkdóminn augljóslega með sér og allir geta séð að eru komnir í þrot á öllum sviðum. Þá er búið að skapa ákveðinn hóp sökudólga sem eru fulltrúar áfengisvandamálsins og þá eru hinir, sem ekki eru komnir í daglega drykkju kardimommudropa, stikkfrí og geta drukkið áfram að vild.

En vandamálið er auðvitað miklu stærra en þetta. Rónar eru einungis lítill hluti þeirra sem eiga við áfengisvandamál að stríða og þeir byrjuðu eitt sinn feril sinn sem hófdrykkjumenn en þróunin varð þessi hjá þeim. Skítugi róninn í gráa frakkanum, sem gengur um og betlar peninga á torginu, var einu sinni glæsilegur unglingur, vel klæddur og snyrtilegur, á leiðinni á árshátíð með vasapela í hendinni."

Ég held að ég láti þetta nægja úr þessari annars athyglisverðu grein Óttars Guðmundssonar. Ég geri það sérstaklega að vitna í grein hans vegna þess að því hefur oft verið haldið fram að þeir, sem standa í forsvari fyrir SÁÁ og hafa þar helst forustu á hendi, vilji ekki taka afstöðu til bjórdrykkjunnar eða þess að leyfa bjórinn sem algera viðbót hér á landi. Hér held ég að Óttar taki af öll tvímæli um það því að hann hefur reynsluna af því að taka við því fólki sem til hans kemur og veit mætavel um hvað hann er að tala bæði af sinni eigin reynslu og reynslunni í öðrum löndum þar sem bjórdrykkja er böl.

Ég held að það hefði verið hollt fyrir alla að lesa Tímann nú um helgina þar sem greint var frá ástandinu á Grænlandi þar sem bjórinn og áfengið flýtur eins og þar er greint frá og raun ber vitni svo engu tali tekur. Bjórinn er sannarlega þar hrein viðbót ofan á allt það hrikalega vandamál sem áfengisneysla er á Grænlandi.

Það er ástæða til að hugleiða hvað aðrar þjóðir — og ekki ómerkilegar — eru að gera í þessum efnum, fara yfir það hvað hjá þeim er að gerast, jafnvel í þeim löndum sem við erum nú kannske ekki alltaf hrifin af hvað eru að aðhafast, þ.e. stórveldin, Bandaríkjamenn og Rússar. En ég vitna nú orðrétt í það sem þar hefur verið sagt um þau mál alveg nýlega. Ég ætla að benda á eftirfarandi sem er byggt á greinargóðum upplýsingum, raunsönnum tíðindum en ekki því sem menn láta oft frá sér fara í hita leiksins.

Hin merkustu tíðindi, sem hafa gerst í áfengisvörnum, eru í Bandaríkjunum þau að lögaldur til áfengiskaupa þar er nú 21 ár í flestum fylkjum. Stjórnin í Washington leggur áherslu á að þau fylki, sem enn hafa lægri lögaldur, hækki hann. Að öðrum kosti verði felld niður framlög ríkisins til vegamála.

Refsingar fyrir ölvun við akstur eru þungar. Í New York eru veitingastaðir skyldaðir til að hengja upp á áberandi stað viðvörun frá borgarstjórn þar sem ófrískar konur eru minntar á að áfengisneysla kunni að skaða barnið sem þær ganga með.

Dregið hefur úr neyslu áfengis, einkum öls og brenndra drykkja, en neysla óáfengra drykkja aukist. Talað er um nýbindindi þar vestra. Rúmur þriðjungur fullorðinna Bandaríkjamanna er bindindisfólk.

Ráðamenn lýsa yfir að áfengisneysla sé hættulegri framtíð þjóðarinnar en Sovétmenn og er þá mikið sagt.

Í Sovétríkjunum hefur lögaldur til áfengiskaupa verið hækkaður eins og í Bandaríkjunum. Áfengisveitingum hefur verið hætt þar við opinberar athafnir í stórum stíl, áfengissölustöðum hefur verið fækkað, opnunartími styttur og reynt að beina neyslunni að óáfengum drykkjum. Refsingar fyrir ölvun eru hertar. Sérstaklega ber að athuga að fyrir nokkrum árum ætluðu Sovétmenn að bæta ástandið með því að hvetja fólk til að drekka áfengt öl í stað sterkra drykkja. Sú tilraun fór út um þúfur, gerði slæmt ástand enn verra. Ráðamenn þar lýsa því yfir þegar þeir eru að berjast gegn þessu mikla böli að áfengisneysla þar sé hættulegri framtíð þjóðarinnar en jafnvel sjálf Vesturveldin og er þá mikið sagt einnig þar.

Í Bretlandi gerðist það, sem ekki þarf reyndar að tíunda hér, ætti ekki að þurfa að gera a.m.k., að í kjölfar hörmulegra slysa og óeirða við íþróttavelli hefur sala áfengs öls í grennd við þá verið bönnuð.

Þetta læt ég nægja um það sem verið er að gera í þessum málum í þeim ríkjum heims sem við lítum nú gjarnan til af eðlilegum ástæðum hvernig haga sér gagnvart þegnum sínum til þess að þegnar þeirra séu sem best undir það búnir að verja hagsmuni ríkisins og sækja fram á öllum sviðum.

Ég vil þessu næst koma á framfæri nokkrum minnisatriðum sem ég veit að áfengisvarnaráð afhenti ásamt öðrum gögnum allshn. Nd. á sínum tíma og full ástæða er til að ítreka hér. Með leyfi virðulegs forseta les ég þau hér orðrétt upp.

„1. Undanfarin misseri hefur mjög gætt áróðurs þeirra, sem ábata hafa af áfengissölu, fyrir auknu frjálsræði í dreifingu áfengis og aukinni neyslu. Á sama tíma og talið er rétt og skylt að lögbjóða notkun bílbelta af öryggisástæðum og takmarka tóbaksreykingar af heilsufarslegum ástæðum láta æ fleiri sefjast af andróðri hagsmunaafla gegn takmörkun þar sem vímuefnið áfengi á í hlut. Þó látast a.m.k. þrefalt fleiri af völdum áfengisneyslu en í umferðarslysum. Aðeins fjórðungur þeirra sem látast vegna drykkju er úr hópi er kallast ofdrykkjumenn. Samt er sífellt reynt að kenna þeim um allt tjón sem áfengið veldur.“

Áfengisvarnaráði, sem reynir að gæta skyldu sinnar sem hlutlaus ríkisstofnun, hefur ekki tekist að finna neitt land í heiminum þar sem neysla áfengs öls hefur orðið til að draga úr drykkju og tjóni af hennar völdum. Það væri raunar gaman að fá upplýsingar frá þeim, sem flytja þetta mál af ofurkappi hér inn í þingið ár eftir ár, hvaða reynslu þeir hafa til þess að benda á frá öðrum þjóðum þar sem ástand í þessum málum hefur batnað vegna þess að áfengt öl flýtur þar yfir allt.

Marktækar kannanir á viðhorfum til áfengismála eru vandasamar og ekki á færi annarra en hlutlausra kunnáttumanna er beita vísindalegum aðferðum af ýtrustu nákvæmni. Það er því barnalegt að gera ráð fyrir því að í almennum könnunum komi fram óvefengjanleg sannindi um raunverulega afstöðu þjóðarinnar til áfengismála. Það sagði ég raunar í fyrra hér, þegar rætt var um hvort við ættum að efna til þjóðaratkvæðis um þetta mál, að ég væri í raun og veru ekkert hræddur við það þjóðaratkvæði þegar öll gögn lægju fyrir og ef, og það er auðvitað stórt ef, áfengisauðmagnið, sem auðvitað stendur á bak við þetta meira og minna, fengi ekki að leika lausum hala í því áróðursstríði, sem óneitanlega yrði þarna háð, því að við vitum að um leið og þessi smuga er opnuð kemur það til sögunnar þar eins og alls staðar annars staðar.

Ég gæti haldið hér áfram og nefnt dæmi sem áfengisvarnaráð hefur látið frá sér fara og ég tel að mönnum sé skylt að koma a.m.k. inn í þingtíðindi.

Samkvæmt könnun er það staðreynd að um 70% barna í 7. bekk grunnskóla í Reykjavík neyta ekki áfengis. Hlutfallið kann að vera svipað í grunnskólum annars staðar. Hætt er við að hlutfallið yrði óhagstæðara ef áfengt öl yrði lögleyft.

Í þeim nágrannalöndum vorum þar sem bjórdrykkja er mikil, svo sem í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi og Írlandi, er neysla annarra vímuefna en áfengis mjög mikið og vaxandi vandamál. Það er lögmál vímuefnamisnotkunar að vímuefnaneytandinn byrjar yfirleitt á veikum vímuefnum en fer yfir í sterkari og hann byrjar á smáum skömmtum og fer yfir í stærri skammta. Áfengur bjór inniheldur vímuefnið vínanda og áhrif þess eru jafnskaðleg fyrir flesta vefi líkamans, hvort heldur það kemur inn í hann blandað miklu eða litlu vatni.

Varðandi tvískinnung í þessum málum, varðandi innflutning og ýmsar undanþágur varðandi áfengt öl, þá er bent á það af áfengisvarnaráði að prófessor Sigurður Líndal álítur að innflutningur áfengs öls sé ólöglegur. Lögfræðingarnir Finnur Torfi Stefánsson og Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri komust að sömu niðurstöðu er þeir rannsökuðu lögmæti innflutnings áfengs öls að tilhlutan fyrrv. dómsmrh.

Fjölgun vínveitingahúsa er ekki náttúrulögmál, en ráðherra veitir leyfin og hefur heimild til að afturkalla þau eða takmarka, bæði hvað snertir veitingatíma og hvaða tegundir má veita. Borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir og sýslunefndir geta synjað ráðherra um heimildir til að gefa út vínveitingaleyfi. Það er rétt að fara sérstaklega ofan í þetta núna þegar við erum að fjalla um frv. hér í hv. deild, sem um eru býsna miklar deilur hér, hvort sem hægt er nú að setja þær niður eða ekki, um hver skuli hafa endanlegt ákvörðunarvald um vínveitingaleyfin. Hingað til hefur dómsmrh. haft þessi leyfi í sínum höndum endanlega til úrskurðar, en nú er spurning um hvort sveitarstjórn eigi alfarið að hafa hér úrslitavald eða hvort viðkomandi lögreglustjóri á hverjum tíma á að hafa þetta lokavald.

Ég hef lýst því yfir í umræðum um þetta mál og geri það enn þá að ég tel eðlilegt að sá aðili sem á að hafa umsjón með því að þetta leyfi sé haldið, að það sé farið eftir settum reglum, að sá hinn sami sem getur svipt vissan aðila og vissa aðila leyfum eigi einnig að hafa veitingarvaldið í sínum höndum. Þá er það eðli málsins samkvæmt lögreglustjóri, bæjarfógeti eða sýslumaður á hverjum stað sem á að fara með þetta vald. Annars er hann, eins og lögreglustjórinn í Reykjavík sagði á nefndarfundi í morgun, í raun og veru óþörf

skrautfjöður sem best er að sleppa þá út úr þessu frv. með öllu. En þetta snertir nú annað mál sem hér á eftir að koma á dagskrá eflaust í framhaldi af nefndarstörfum um endanlega gerð þess máls.

Þá held ég að það sé rétt að víkja að þeim kafla sem gæti orðið býsna langur ef mikinn tíma þarf að drepa í kvöld, eins og mér skilst á virðulegum forseta, um ákveðnar staðreyndir um áfengt öl sem komið hefur verið á framfæri við alla alþm. af því ráði sem Alþingi sjálft kýs til að leita til umsagnar um hin ýmsu atriði sem varða þessi mál. Ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni af þeim einföldu ástæðum að áfengisvarnaráð hefur orðið fyrir óréttmætum ásökunum um að það sé ekki óvilhallur aðili, það sé ekki aðili sem fari eftir vísindalegum niðurstöðum. Maður hefur jafnvel séð greinar í blöðum eftir annars ágæta greinda doktora sem hafa reynt að gera starfsemi þessa ráðs tortryggilega og reynt að snúa út úr ákveðnum staðreyndum sem það hefur borið á borð. Það er hryggilegt að svo skuli vera um annars greinda menn að þorsti þeirra skuli gjörsamlega blinda þeim sýn. Nóg er nú að það fari í önnur skynfæri líkamans.

En áfengisvarnaráð hefur látið frá sér fara ákveðnar staðreyndir um áfengt öl og ég tel líka skylt að koma þeim hér á framfæri, með leyfi virðulegs forseta:

„Sala milliöls var leyfð í Svíþjóð 1965. Þeir sem fengu því til leiðar komið héldu því fram að ölneysla drægi úr neyslu sterkra drykkja. Reynslan varð þveröfug. Unglinga- og barnadrykkja jókst gífurlega og sænska þingið bannaði framleiðslu og sölu milliöls frá 1. júlí 1977. Á fyrsta árinu eftir milliölsbannið minnkaði áfengisneysla Svía um 10% miðað við hreinan vínanda. Neysla öls allra tegunda minnkaði um 24% miðað við áfengismagn. Á milliölsáratugnum í Svíþjóð jókst áfengisneysla um 39,5%. Á sama tímabili jókst neyslan á Íslandi, og þykir okkur þó nóg um, um 26,1%.

Félmrh. Svía segir m.a. um þetta mál: Ég er eindregið þeirrar skoðunar að á nýliðnu tíu ára tímabili milliöls í Svíþjóð hafi grunnur verið lagður að drykkjusýki sem brátt muni valda miklum vanda.

Gunnar Ågren í Stokkhólmi, doktor í félagslækningum, segir nýlega í blaðaviðtali að hörmulegar afleiðingar barna- og unglingadrykkjunnar á milliölsáratugnum séu nú að koma í ljós. Afleiðingar öldrykkjunnar sem dr. Gunnar Ågren minnist á eru einkum heilaskemmdir. Þær gerast nú miklu tíðari meðal fólks á þrítugsaldri en verið hefur, einkum þó meðal þeirra sem komnir eru undir þrítugt. Einkennin eru minnisleysi og ýmsar taugatruflanir. Lifrarmein, skorpulifur og flogaveiki koma nú oftar fyrir í þessum aldursflokkum en fyrr. Svíar sjá þó fram á betri tíð að áliti dr. Gunnars. Eins og fyrr segir drekka unglingar nú æ minna og byrja seinna en áður var og munu þessar hörmungar væntanlega ganga yfir á álíka mörgum árum og milliölsdrykkjan stóð. Dr. Gunnar Ågren telur að til að draga svo að um muni úr tjóni af völdum drykkju þurfi að koma til auknar hömlur á dreifingu þessa vímuefnis og jafnvel skráning áfengiskaupa á nafn.

Í Finnlandi var sala áfengs öls gefin frjáls 1968. Þá var áfengisneysla Finna minni en annarra norrænna þjóða að Íslendingum undanskildum. Eftir að sala áfengs öls hófst hefur keyrt um þverbak hvað drykkju snertir þar í landi. Nú drekka Danir einir Norðurlandaþjóða meira áfengi en Finnar. Margir telja drykkjuvenjum Finna svipa að ýmsu leyti til drykkjusiða Íslendinga.

Á tímabilinu frá 1969 til 1974 jókst áfengisneysla Finna um 52,4%. Á sama tíma jókst neyslan hérlendis um 35% og þótti mörgum nóg. Þegar sala áfengs öls hafði verið leyfð í rúm tvö ár í Finnlandi hafði ofbeldisglæpum og árásum fjölgað um 51% og hinum alvarlegustu þeirra glæpa, morðum, um 61,1%.

Danir eru mestu bjórdrykkjumenn meðal norrænna þjóða. Þar eykst ofneysla sterkra drykkja jafnt og þétt. Þeir drekka allt að þrisvar sinnum meira en Íslendingar. Þar er öldrykkja ekki einungis vandamál á fjölmörgum vinnustöðum heldur einnig í skólum. Ofneysla bjórs er algeng meðal barna þar í landi og ofdrykkja skólabarna stórfellt vandamál. Meðalaldur við upphaf áfengisneyslu mun um það bil fjórum árum lægri en hérlendis. Í helmingi sjúkrarúma í Kaupmannahöfn og á Norður-Sjálandi er fólk sem þangað er komið vegna drykkju.

Samkvæmt nýrri könnun, sem samband amtsráða í Danmörku hefur gengist fyrir, kemur í ljós að meðalaldur neytenda kannabisefna hefur farið hækkandi undanfarin ár eða úr 18–19 árum 1970 í 25–26 ár nú, hefur farið hækkandi undanfarin ár. Við hefur tekið meðal unglinga misnotkun á áfengu öli og pillum og virðist slík ofneysla nú nánast faraldur og að ýmsu leyti jafnvel erfiðari viðfangs en kannabisneyslan.

Við rannsókn sem Karsten Börup geðlæknir í Slagelse hefur nýlega staðið fyrir kom í ljós að danskir unglingar drekka nú meira en nokkru sinni fyrr. Ekki er óvanalegt að 14–15 ára börn drekki heila brennivínsflösku á dag, oft ásamt sterkum taugalyfjum. Niðurstaðan veldur sérfræðingum þungum áhyggjum. Þeir gera af þessum sökum ráð fyrir að 10% úr hverjum aldursflokki muni verða fyrir alvarlegum heilaskemmdum.

Vestur-Þjóðverjar ásamt Tékkum neyta meira bjórs en aðrar þjóðir Evrópu. Þar jókst heildarneysla áfengis á árunum 1950–1967 um 196%. Á sama tíma jókst neyslan hérlendis um 70% og þótti flestum meira en nóg. Þýska blaðið Der Spiegel, sem vart verður vænt um bindindisáróður, helgar nýlega drykkjusýki unglinga forsíðu og verulegan hluta eins tölublaðs. Háskólarnir í Hamborg, Frankfurt og Mainz rannsökuðu fyrir nokkrum árum áfengisneyslu ökumanna og ölvun við akstur í Þýskalandi. Rannsóknin leiddi í ljós að aðalskaðvaldurinn er bjórinn, en um helming allra óhappa á vegunum mátti rekja til hans. Ef við bætast þau tilfelli þar sem bjór var drukkinn með víni eða sterkari drykkjum hækkar hlutfallið í 75%.

Í Belgíu er yfir 70% alls áfengis sem neytt er sterkt öl. Þar eru það um það bil 95% allra drykkjusjúklinga öldrykkjumenn, þ.e. menn sem drekka ekki aðra áfenga drykki en öl.

Formaður samtaka æskulýðsheimila, forstjóri í Stokkhólmi, segir: Öldrykkja er mesta og alvarlegasta vandamál æskulýðsheimilanna. Auðveldara hefur verið að fást við vandamál af völdum ólöglegra fíkniefna.

Vitað er að unglingar og börn hefja áfengisneyslu oft og tíðum með öldrykkju. Hún veldur m.a. því hversu margir unglingar og jafnvel börn þjást af drykkjusýki í ölneyslulöndum.

Aðgát sú sem sjálfsögð þykir gagnvart sterkara áfengi nær síður til ölsins. Það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér aukna hættu á áfengisneyslu unglinga og jafnvel barna. Sú hefur orðið raunin á í löndum sem

leyfa bruggun og sölu á áfengu öli.

Hætta er á að auðveldur aðgangur að áfengu öli leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum og þar með til meiri hættu á vinnuslysum, lélegum vinnubrögðum og til tíðari fjarvista. Nýjar rannsóknir sýna að því fleiri áfengistegndir sem eru á boðstólum og því víðar, þeim mun meira er drukkið. Drykkjusjúklingum fer fjölgandi er drykkja eykst.

Jafnslæmt er fyrir drykkjusjúkling að drekka eina ölkrús og viskístaup. Á þennan sannleika ber að leggja megináherslu, en það er líka jafnhættulegt fyrir barnið eða unglinginn og börn eiga ábyggilega greiðari aðgang að öli en viskíi eða sú er a.m.k. raunin meðal nágrannaþjóða okkar.

Eina raunhæfa leiðin til að koma í veg fyrir fjölgun drykkjusjúkra er að draga úr neyslunni. Til þess eru ýmis ráð og þótt góðra gjalda sé vert að lækna drykkjusjúka og gefa þeim að nýju þrek og sjálfstraust er hitt þó mikilvægara að leitast við að koma í veg fyrir að menn verði áfengi að bráð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hina dönsku drykkjusiði Grænlendinga. Flestir hafa heyrt um afleiðingar þeirra. Ég vitnaði áður til ítarlegrar greinar í Tímanum sem lýsti þeim hörmungum sem öldrykkjan kannske öllu öðru fremur hefur leitt yfir Grænlendinga.

Þá kem ég að hinum fjárhagslega ábata sem ég held að sé rétt að leggja hér áherslu á.

Ölgerðir eyða hundruðum milljóna kr. í áróður, beinan og óbeinan. Óafvitandi gerast ýmsir sakleysingjar áróðursmenn þeirra afla sem hafa hag af því að sem flestir verði háðir því fíkniefni sem lögleyft er á Vesturlöndum, áfengi. Því má bæta við að samtök bruggara greiða hinum lakari blöðum stórfé fyrir að birta staðleysur um áfengismál, oft undir yfirskini vísindamennsku.

Ef enginn hefði fjárhagslegan ábata af drykkju annarra og þar með þeim hörmungum sem af henni hljótast væri áfengismálastefna þjóðarinnar raunsærri og heiðarlegri, sbr. baráttu gegn öðrum vágestum, svo sem *holdsveiki, lús og berklum*.

Nú er að störfum nefnd sem skipuð var af heilbr.- og trmrh. í samræmi við þál. sem samþykkt var samhljóða á Alþingi 7. maí 1981. Sú nefnd vinnur að undirbúningi tillagna um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum. Vart er svo brýnt að bæta fleiri tegundum áfengis á sölulista ÁTVR og vínsöluhúsa í landinu að ekki megi bíða þess að nefndinni gefist kostur á að ljúka störfum og leggja tillögur fyrir ríkisstj."

Ég læt þessum lestri frá áfengisvarnaráði lokið þó að ég gæti haldið býsna lengi áfram enn því að margt er það sem ber að hafa í huga og okkur er í raun og veru skylt að láta ekki tilfinningarnar einar ráða í þessum efnum eða spurningu um skoðun með eða móti. Við eigum að líta hlutlaust á þetta mál, afla okkur sem bestrar vitneskju um það frá öllum hliðum. Ég hef reynt að verða mér úti um þau rök sem fyrir því eru að leyfa áfengt öl. Við þekkjum þau rök býsna vel. En rökheld eru þau ekki. Það hefur t.d. hvergi komið fram, svo að ég viti til, að þeir sem mæla með áfengu öli reikni í alvöru með því að það verði hægt að draga að neinu marki úr neyslu sterkari drykkja.

Ég held að það sé öllum ljóst sem vilja um þessi mál hugsa af einhverri alvöru að áfengt öl getur aldrei orðið annað en hrein viðbót við það sem þegar er fyrir og sem við erum öll að tala um sífellt að sé eitthvert mesta böl þjóðfélagsins, böl sem við eigum að snúast við með öllum ráðum. Þess vegna hef ég sett fram þá kenningu, sem ég held að sé orðin býsna vinsæl hjá mörgum, að setja hlutina í mjög einfalt samhengi. Þegar menn eru að berjast gegn vímuefnum eiga þeir við vondu vímuefnin, þ.e. þau ólöglegu, þau vímuefni sem við köllum eiturlyf oft einu nafni, en um leið og þetta er gert eru önnur vímuefni sem ekki flokkast þar undir. Það er áfengið. Ég tala nú ekki um svo saklaust efni sem bjórinn eins og hann er túlkaður af þessum aðilum. Þetta eru góð vímuefni og sem ber að sjálfsögðu að taka fullt tillit til að megi vera sem víðast og frjálsast á boðstólum hvar sem er.

Það er nefnilega svo að mörgum þykir býsna gott að veifa því ranga tré að segja: Ég er á móti vímuefnum. Ég vil herða baráttuna gegn vímuefnunum — og meina í raun og veru þeim vímuefnum sem þeir neyta ekki sjálfir, þeim vímuefnum sem óneitanlega ógna okkur í allri sinni eyðileggingu, sem við vitum að þau hafa í för með sér fyrir fjölda fólks, en um leið segja menn í raun og veru: Það er allt í lagi með efnin sem ég neyti sjálfur. Þau eru saklaus. Þau leyfum við. Þau skulum við jafnvel auka og margfalda eins vel og við mögulega getum.

Í framhaldi af þessu er rétt að ég lesi yfir það nál. sem ég hef látið frá mér fara um þetta mál, þannig að það komist einnig inn í þingtíðindin eins og það er undirritað 16. apríl, þó að það hafi ekki verið tekið hér á dagskrá fyrr, einkanlega vegna þess að ágreiningsmál sem þm. hafa verið með hér almennt hafa hreinlega ekki fengist rædd í þinginu af þeirri ástæðu að menn hafi verið nokkuð sammála um að frv. ríkisstj., þau sem hún vildi láta ná fram að ganga, kæmu hér til umræðu. Þar hafa stjórnarliðar alveg sérlega verið iðnir við að tefja tímann og staðið oft lengi í ræðustól alveg óvænt fyrir okkur stjórnarandstæðinga sem höfum reynt á alla vegu að flýta fyrir málum þeirra.

Ég verð að segja að þegar maður stendur andspænis *því að þingi er rétt að verða lokið og það er greinilega* meining ríkisstj. og þeirra nefndarformanna sem þar eru í verkum að sjá til þess að næstum ekkert af málum stjórnarandstöðunnar nái fram að ganga, hversu hlynntir sem þeir kunna nú að vera þeim og hversu góð sem þeim þykja þessi mál, að hver till. á fætur annarri fær að daga uppi í nefndum þingsins af þeirri ástæðu að einhverjir aðilar hafa ákveðið það, eins og einn nefndarformaðurinn ku hafa orðað það, að það skyldi hreinlega ekkert af því ná fram að ganga, þá vekur það býsna mikla furðu að þetta þmfrv. skuli þó vera afgreitt úr nefnd með ágreiningi og tekið svo til umræðu hér þegar vitað er að það er útilokað að það fái afgreiðslu, enda aldrei verið til þess ætlast af flm. vegna þess hversu síðbúið það var fyrir þetta þing, kom seint fram og vitað var að um það yrðu deildar meiningar nákvæmlega eins og hefur verið á síðustu þingum.

En látum það vera þó þau vinnubrögð hafi verið viðhöfð að taka þetta þmfrv. svo fram yfir ýmis önnur þmfrv., miklu fyrr fram komin í þessari hv. deild og miklu fyrr fram lögð, úr því þetta er það áhugamál sem menn hafa brýnast á Alþingi Íslendinga, a.m.k. sumir hverjir.

Í nál. mínu á þskj. 883 segir svo, með leyfi forseta:

„Undirritaður getur af eðlilegum ástæðum ekki stutt

frv. þetta. Megintilgangur þess er að dómi undirritaðs sá að bæta enn við þá ofneyslu vímuefna sem alls staðar blasir við þó hann efi ekki að önnur muni ætlan flm. Í þessu efni ber fyrst og fremst að taka tillit til álits þeirra sem af ýmsum ástæðum þekkja gleggst hér til og hafa kannað þessi mál út frá vitrænu og vísindalegu sjónarmiði. Um þeirra álit velkist enginn í vafa sem kynnt hefur sér málið.

Vá vímuefna hvers konar er nú mjög umrædd og ekki að ástæðulausu. Gegn þeirri vá vilja menn snúast af alefli og alvöru, en enn þá fást menn að mestu við illar afleiðingar. Fátt gerist í fyrirbyggjandi starfi enn sem komið er.

Á sama tíma og talað er um sérstakt heilbrigðisátak fram til næstu aldamóta, sem ekki hvað síst snýr að átaki og forvarnarstarfi í vímuefnamálum, er löggjafarþing Íslendinga að fjalla um leið til aukningar vandans, viðbót ofan á allt sem fyrir er og öllu hugsandi fólki þykir meira en nóg um. Þetta er í senn dapurleg og umhugsunarverð staðreynd.

Í þessu nál. kemur undirritaður á framfæri nokkrum ábendingum og áliti merkra aðila á málum þessu frv. tengdum. Skal þó aðeins örfátt talið.

Meðal þeirra aðila, sem látið hafa í ljós álit á „bjórmálinu", skal fyrst fræga telja, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. — Einn framkvæmdastjóri hennar í Sviss hefur látið svo um mælt að það yrði ekki aðeins áfall fyrir Íslendinga ef áfengt öl yrði lögleyft heldur einnig fyrir áætlun stofnunarinnar um heilbrigði öllum til handa um aldamót. — Það er því í hæsta máta undarlegt, ef við ætlum að stefna að þessu marki, að byrja ferðina í átt að því með lagasetningu sem dregur mjög úr möguleikum okkar á að komast á leiðarenda.

Rétt er að minna á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur til að þjóðir dragi úr áfengisneyslu, a.m.k. um fjórðung (25%) fyrir árið 2000.

Rannsóknastofnun Ontario-fylkis í vímuefnamálum er þekktasta stofnun sinnar tegundar í heimi og vinnur náið með Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Tvisvar hefur verið leitað álits þeirrar stofnunar á hverjar afleiðingar líklegast sé að samþykkt „ölfrumvarps" hefði á Íslandi. Svörin eru ótvíræð: Neysla áfengis mun aukast og þá einnig tjónið sem af henni hlýst.

Nýlegar rannsóknir, sem gerðar hafa verið í háskólanum í Mainz, í hinu mikla bjórdrykkjulandi, Þýska sambandslýðveldinu, leiða í ljós að bjórdrykkja er skaðvænlegri fólki sem þjáist af magasári en neysla víns og brenndra drykkja, og eru slíkar veigar þó engir heilsudrykkir að flestra dómi.

En því er þessa getið hér að þeir, sem láta hafa sig til að tala eða skrifa um „hollustu" áfengs öls, vitna tíðum í Þjóðverja. Vill þá oft gleymast að bruggarar hafa í sinni þjónustu mýgrút „sérfræðinga" sem birta það eitt sem er húsbóndanum í hag.

Öldrykkja hefur hvergi aukist meira á síðustu árum en í þróunarlöndum Afríku. Þá neyta Grænlendingar áfengis mestan part í bjór. Flestir vita hvernig ástandið í áfengismálum er þar. Rannsóknir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum (Detroit), benda til að bein tengsl séu milli öldrykkju og neyslu sterkra vímuefna. Það kemur í rauninni heim og saman við það að vandræði vegna ólöglegra vímuefna eru hvergi í Evrópu meiri en í þeim löndum þar sem ölneysla er almennust, t.d. Danmörku, Þýskalandi og Bretlandseyjum.

Þuríður Jónsdóttir félagsráðgjafi hefur bæði starfað hér á landi og í Kanada. Hún sagði í blaðaviðtali í fyrra:

„Í Halifax leitaði yngra fólk hjálpar en hér vegna vímugjafaneyslu árum saman. Þar var um tvær tegundir að ræða, áfengt öl og hass."

Meðal þekktra erlendra sérfræðinga, sem hafa tjáð sig um tjón af völdum öldrykkju, má nefna dr. Gunnar Ågren í Stokkhólmi, sem ég vitnaði til hér áðan sérstaklega, sem bendir m.a. á að hörmulegar afleiðingar barna- og unglingadrykkju á milliölsáratugnum (1965–1977) séu enn að koma í ljós (heilaskemmdir, lifrarmein, flogaveiki).

Þeir vísindamenn íslenskir, sem gerst þekkja til þessara mála, leggjast eindregið gegn því að áfengt öl verði lögleyft hér. Má þar tilnefna prófessorana dr. Tómas Helgason og dr. Þorkel Jóhannesson og Jóhannes Bergsveinsson yfirlækni. Einnig er rétt að minna á ummæli læknanna Guðsteins Þengilssonar, Jóseps Blöndals, Óttars Guðmundssonar, sem ég vitnaði til hér í kvöld, greinar hans í SÁÁ-blaðinu, Péturs Péturssonar og Þórarins Tyrfingssonar.

Að lokum mætti minna á eftirfarandi orð úr ræðu Vilmundar heitins Jónssonar landlæknis hér á hinu háa Alþingi þegar fyrsta ölfrv. var til umræðu 1932:

„Ég verð því að segja það, að þegar verið er að brigsla um blindni í áfengismálunum, getur það ekki átt við aðra en þá, sem eru svo blindir á þá reynslu, sem við höfum fengið með öllum tilslökununum, að þeir ætla sér að bæta ástandið með því að gera eina tilslökunina enn." –

Síðan segi ég að undirritaður muni rekja ítarlega í framsögu fyrir þessu nál. þau ummæli sem vitnað er til hér á undan. Um önnur atriði, svo sem form frv. og fleira því um líkt, áskilur undirritaður sér allan rétt til athugasemda í framsögu. Undirritaður leggur til að frv. sem slíkt með sínum megintilgangi verði fellt.

Þetta er mín niðurstaða og hún er byggð bæði á skoðun og eins á því að ég geng ekki blindandi til þessa leiks. Ég geng ekki blindandi til þess að bæta við þá vímuefnavá sem allir segja að sé orðin allt of mikil. Ég ætla flm. þessa frv. það ekki heldur. Það eru einhver önnur sjónarmið, einhver þrákelkni, sem veldur því að þeim finnst þeir endilega verða að þóknast einhverju ímynduðu almenningsáliti og flytja þetta frv. hér inn ár eftir ár. Jafnágætur maður og fyrri flm. þessa frv., sem er vel að sér í næringarfræði og ýmsu sem að því lýtur, ætti a.m.k. að vita betur áður en hann leggur slíkt frv. á borð. Þó er kannske kátlegast af öllu að þeir aðilar sem greiddu atkvæði á móti því að þjóðin fengi að dæma um þetta mál skuli nú sjá það helst til bjargar að skjóta þessu máli engu að síður til þjóðarinnar eins og nú er gert. Ég átta mig hreinlega alls ekki á því hvað þeir hv. flm. eru að fara. Ég veit ekki í raun og veru hvað þeir eru að gera — og nú geri ég hlé á máli mínu svo að hv. 4. þm. Vesturl. geti talað við hæstv. sjútvrh., þannig að virðulegur forseti getur líka látið drepa tímann með þeim hætti að láta hv. 4. þm. Vesturl. skamma hæstv. sjútvrh. hér inni einnig. (Forseti: Ég held að hv. þm. og hæstv. ráðherra séu nú komnir í sátt.) Þeir eru örugglega ekki komnir í sátt en það hefur lægt mikið á þeim miðum.

Ég vil hins vegar óska eftir því og þætti það viðkunnanlegast fyrir þessa hv. deild að meðan við erum að reyna að koma hér í gegn ýmsum málum, málum sem

við erum kannske ekki öll sammála um, en málum sem þó er samkomulag um að þoka í gegnum þingið, meðan við bíðum t.d. eftir því að fá húsnæðismálafrv. til meðferðar, mál sem getur skipt sköpum fyrir húsbyggjendur og húskaupendur næstu ára, séum við ekki að skemmta skrattanum með því að vera með umræður um þetta mál, jafntilgangslausar og ég tel þær vera, í ljósi þess að hvort sem við greiðum atkvæði um þetta mál í framhaldi af þessu eða ekki er hitt alveg dagljóst að í gegnum Nd. fer þetta mál ekki. Það strandar því hér og fer ekki lengra og það vita flm. betur en allir aðrir. Ég vona því að hv. þingdeild beri gæfu til þess að fella þetta frv. þannig að það þurfi aldrei að láta reyna á það.

Umr. frestað.

Efri deild, 86. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, að loknum 85. fundi.

Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra, stjfrv. 285. mál (þskj. 948 (sbr. 523)). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1042).

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 949). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Nefndin hefur skoðað frv. um ríkisborgararétt nánar og hefur ákveðið að taka til greina eina umsókn til viðbótar við þær sem eru á nál. og hefur lagt fram svohljóðandi brtt. á þskj. 1033:

„Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

Lee Tian Choi, verslunarmaður, f. 19. apríl 1948 í Malaysíu. Fær réttinn 17. des. 1986.“ En þá hefur þessi einstaklingur fullnægt þeim skilyrðum sem sett eru til að öðlast ríkisborgararétt eða 10 ára lögheimili hér á landi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1033, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 1033 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Framhaldsskólar, frv. 421. mál (þskj. 775). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég flyt frv. til l. um framhaldsskóla ásamt tveimur öðrum þm. Alþb., Helga Seljan og Skúla Alexanderssyni. Ég vil taka það fram að allur þingflokkur Alþb. stendur að flutningi þessa frv. Það er samið af nefnd á vegum Alþb. sem lagt hefur mikla vinnu af mörkum til að koma saman þessu ítarlega og vandaða frv. Við áttum sæti í þessari nefnd, ég og hv. þm. í Nd., sem einnig á sæti í menntmn., Hjörleifur Guttormsson.

Eins og ég nefndi er þetta býsna ítarlegt frv. Það er 44 greinar auk bráðabirgðaákvæða og í því eru satt best að segja fjöldamargar nýjar hugmyndir og stefnumarkandi nýmæli sem ég mun rekja hér.

Til að auðvelda skilning á þessu frv. ætla ég að gefa fyrst stutt yfirlit yfir meginatriði þess.

Í fyrsta lagi er í frv. afnumin sú mismunun sem verið hefur milli verknáms og bóknáms að því er varðar þátttöku ríkisins í fjármögnun skólahalds. Sömu kostnaðarákvæði gilda skv. frv. um allt nám á framhaldsskólastigi ef frá eru taldir sérgreinaskólar sem starfræktir eru fyrir landið allt.

Lagt er til að ríkið kosti slíka skóla að öllu leyti og það sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, til viðbótar við að verið er að afnema þessa mismunun, sem verið hefur milli verknáms og bóknáms, er að kostnaðarákvæðin eru algjörlega sambærileg gagnvart öllum sveitarfélögum í landinu.

Í öðru lagi er rétt að benda á að með þessu frv. er reynt að tryggja sem greiðastar leiðir fyrir nemendur milli skóla og milli námsbrauta.

Í þriðja lagi er það áberandi einkenni frv. að dregið er verulega úr ákvarðanavaldi menntmrn. og völdum þess er dreift til fræðsluumdæmanna. Þetta lýsir sér í því að fræðsluráðum eru ætluð mikil völd í þessu samhengi og fræðsluráðin eru kosin beinni kosningu af kjósendum í tengslum við sveitarstjórnarkosningar þannig að úr verður valdastofnun sem sækir vald sitt beint til kjósendanna og hefur endanlegt ákvörðunarvald í fjölmörgum málum sem varða rekstur og uppbyggingu framhaldsskólanna í hverju fræðsluumdæmi. Fræðslustjórar verða framkvæmdastjórar fræðsluráðanna. Raunar er rétt að geta þess að við gerum ráð fyrir því að þessum fræðsluráðum, þótt þau yrðu kosin á allt annan hátt en núverandi fræðsluráð eru kosin því að þau eru kosin af landshlutasamtökum sveitarfélaga, væri ætlað það hlutverk að hafa með höndum yfirumsjón með grunnskólum í sínu fræðsluumdæmi undir yfirstjórn menntmrn. eins og grunnskólalögin gera ráð fyrir.

Í fjórða lagi er rétt að benda á það nýmæli frv. að skólastjórn skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólanna eftir nánari reglum sem fræðsluráð setur. Skólastjórn fer með málefni hvers skóla skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Nýmælið sem í þessu felst er að sjálfsögðu það að skólastjórnin er kosin af kennurum, nemendum og öðrum starfsmönnum skólanna.

Þá er rétt að nefna það nýmæli að skólastjórnin kýs skólastjórann en skólastjórar framhaldsskólastigsins eins og grunnskólastigsins eru í dag skipaðir af menntmrh.

Í fimmta lagi vil ég nefna það nýmæli sem í þessum lögum felst að það er skólastjóri sem ræður kennarana, sbr. 26. gr. frv., en í því felst veruleg valddreifing því að í dag eru allir kennarar skipaðir af menntmrn.

Í sjötta lagi vil ég nefna það nýmæli að gert er ráð fyrir að sveitarfélögin myndi svokallaðan framhaldsskólasjóð í hverju fræðsluumdæmi og standi hann undir greiðslum til fræðsluráða vegna kostnaðar við framhaldsskólana. Framhaldsskólasjóðurinn er sem sagt í vörslu fræðsluskrifstofunnar í umdæminu og skv. 30. gr.

er gert ráð fyrir því að tillög sveitarfélaga til sjóðsins greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, af framlagi hans til viðkomandi sveitarfélags þannig að innheimta þessa fjár ætti að vera tiltölulega einföld.

Þá vil ég í sjöunda lagi nefna kostnaðarskiptingarákvæði frv. en í þeim felast veruleg nýmæli. Gert er ráð fyrir því að ríkissjóður greiði 80% stofnkostnaðar en 100% kostnaðar við heimavist. Hins vegar greiðir ríkissjóður allan launakostnað og skv. 32. gr., sem fjallar um kostnaðarskiptingarákvæði, greiða svo aftur á móti sveitarfélögin, eða fræðsluráðið fyrir þeirra hönd, 20% stofnkostnaðar á móti og 40% af rekstrarkostnaði.

Ég vil láta þess getið án þess að fjölyrða frekar um það að kostnaðarákvæði þessi eru í fullu samræmi við tillögu sem fjölmennur hópur sveitarstjórnarmanna sendi menntmrh. á s.l. hausti. Hópur þessi hafði starfað um skeið og í honum voru fulltrúar ýmissa framhaldsskóla víðs vegar að af landinu ásamt nokkrum sveitarstjórnarmönnum. Það má því víst heita að kostnaðarákvæði frv. séu í fullu samræmi við viðhorf og skoðanir sveitarstjórnarmanna um land allt, eftir því sem best er vitað.

Í áttunda lagi vil ég sérstaklega nefna ákvæði frv. um fullorðinsfræðslu og fjarnám. Það eru 21.–24. gr. frv. sem fjalla um það efni. Í 24. gr. er gert ráð fyrir því að Námsgagnastofnun gegni hlutverki fjarkennslumiðstöðvar og annist öflun og gerð námsefnis til fjarkennslu, svo sem myndbanda, hljóðbanda, tölvuforrita og prentaðs máls, en að Ríkisútvarpið annist útsendingu efnis til fjarkennslu eftir því sem þörf krefur, og í hverju fræðsluumdæmi sé starfrækt ein fjarkennsluútstöð þar sem best hentar að mati fræðsluráðs.

Í níunda lagi vil ég svo nefna ákvæði frv. um eftirlitsnefnd, en þau eru í 39. gr., þar sem gert er ráð fyrir því að komið sé á fót óháðri eftirlitsnefnd þriggja manna með sérþekkingu á skólamálum til að fylgjast með starfi framhaldsskóla og afla hlutlægra og almennra upplýsinga um þá starfsemi. Eftirlitsnefndin á að beita sér fyrir úttekt á starfi og stöðu a.m.k. fimm framhaldsskóla árlega og skila niðustöðum til menntmrn., hlutaðeigandi fræðsluráðs og skólastjórna.

Áreiðanlega er ekki ofmælt að dregist hefur úr hömlu að setja heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið. Nú er liðinn rúmur áratugur frá því að hafist var handa um þær breytingar á skólakerfinu sem áttu að mynda undirstöður fyrir úrbætur í framhaldsmenntun hér á landi. Setning laga um grunnskóla, nr. 63/1974, var vissulega áfangi að þessu marki. Haustið 1974 skipaði þáv. menntmrh. nefnd til að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi og skilaði sú nefnd áfangaáliti í júlí 1976 og í febrúar 1977 í frv. til laga um framhaldsskóla. Þetta frv. var svo fyrst flutt á árinu 1977 og hefur síðan verið lagt fram fimm sinnum með ýmsum breytingum án þess að ná fram að ganga.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum alla tíð reynt að þrýsta eins fast á það og okkur hefur verið unnt að löggjöf um framhaldsskóla yrði sett. Við studdum á sínum tíma þá meginstefnu, sem fyrrnefnt frv. um framhaldsskóla byggðist á, og satt best að segja þá vantaði ekki nema herslumuninn á það á sínum tíma, þegar Alþb. átti sæti í ríkisstjórn á árunum 1978 og 1979, að frv. um þetta efni yrði lögfest því að frv. var komið til 3. umr., búið að ganga í gegnum töluverðan hreinsunareld, en þingslit urðu þess valdandi og annríki á seinustu dögum þingsins að ekki tókst að afgreiða málið.

Á landsfundi Alþb. 1983 var gerð ítarleg ályktun um uppeldis- og fræðslumál. Þar var m.a. hvatt til þess að hraðað yrði setningu laga um framhaldsskóla. Veturinn 1984–85 helgaði hópur flokksmanna og áhugamanna utan flokksins sig þessu verkefni. Hópurinn gekkst fyrir opinni ráðstefnu um framhaldsmenntun í október á s.l. hausti og kynnti þar hugmyndir sínar, þar á meðal efnispunkta í frv. um framhaldsskóla. Mörg atriði í þessu frv. eru byggð á tillögum þessa starfshóps.

Ég hef látið það koma hér fram og vil nú ítreka það að ein veigamesta breytingin í þessu frv. frá fyrri frv., sem flutt hafa verið um þetta mál, er sú að dregið er mjög úr einhliða ákvörðunarvaldi menntmrn. og að sama skapi eru aukin áhrif fræðsluumdæmanna á stefnumótun og stjórnun framhaldsmenntunar. Í þessu efni er frv. ætlað að ýta undir þróun, sem verið hefur að gerast, í þá átt að fræðsluumdæmin og hvert skólasamfélag axli aukna ábyrgð á þessu málasviði. Stefnt er að verulegri valddreifingu í málefnum framhaldsskólans og stjórneiningum í hverju umdæmi ætlað að taka við mörgum verkefnum sem áður voru á hendi menntmrn.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að stjórnkerfi framhaldsskólans eins og hann er hugsaður í þessu frv.

Við gerum ráð fyrir því að menntmrn. hafi yfirstjórnina með höndum en fræðsluráðin fari með stjórn í hverju fræðsluumdæmi og undir þau heyri skólastjórnir.

Við gerum ráð fyrir því að menntmrn. standi fyrir lágmarkssamræmingu náms í framhaldsskólum og gefi út svokallaða rammanámsskrá þar sem skilgreind væru helstu markmið námsins og kveðið á um meginatriði varðandi námsbrautir, markmið þeirra og inntak.

Síðan gerum við ráð fyrir því að landinu sé skipt í níu fræðsluumdæmi sem yrðu í meginatriðum byggð á kjördæmum landsins, þó þannig að Reykjavík væri í fræðsluumdæmi með nálægum sveitarfélögum eins og Seltjarnarnesi, Mosfellssveit, Kjalarnesi og Kjós, en Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur og Kópavogur yrðu saman um fræðsluráð. Þó er það tekið fram að sveitarfélag með 10 þús. íbúa eða fleiri getur myndað sérstakt fræðsluumdæmi eins og er í sambandi við grunnskólann.

Við gerum ráð fyrir því að í leynilegum almennum kosningum, sem fram fara um leið og sveitarstjórnarkosningar fara fram, séu kosnir níu menn í fræðsluráð og það sé yfirkjörstjórn í viðkomandi kjördæmi við kosningar til Alþingis sem taki að sér þessa sérstöku kosningu í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar. Eftir að fræðsluráð hefur verið kosið ræður það fræðslustjóra sem sinn framkvæmdastjóra.

Að lokum vil ég geta þess að markmið framhaldsmenntunar er hér skilgreint á nokkuð annan veg en verið hefur í þeim frv. sem fram hafa verið lögð um þetta efni. Markmiðin eru víkkuð til muna með hliðsjón af breyttum viðhorfum til menntunar og hlutverks skóla í lýðræðisþjóðfélagi. Lögð er áhersla á tvo meginþætti, í fyrsta lagi að skólinn þurfi að búa einstaklinga undir virka og ábyrga þátttöku í lífi og starfi í þjóðfélagi sem er stöðugt að breytast, og í öðru lagi að skólinn þurfi einnig og ekki síður að vera vettvangur félagslegra samskipta þar sem rík áhersla er lögð á persónu- og

tilfinningaþroska hvers einstaklings.

Ég vil svo að lokum ítreka það, sem ég hef þegar sagt, að ég álít það mjög mikla vanrækslu löggjafans að framhaldsskólafrv. skuli ekki enn hafa verið afgreitt hér á Alþingi. Þessi vanræksla hefur tafið æskilega þróun framhaldsmenntunar og jafnframt valdið margs konar vandkvæðum og óvissu varðandi starfsemi og rekstur framhaldsskólanna. Frekari töf á því að hafist verði handa um skipulega uppbyggingu framhaldsmenntunar mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir skólastarf í landinu og þá sem leggja stund á framhaldsnám. Þess vegna er það skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna að með löggjöf þurfi nú þegar að marka helstu skipulagsdrætti framhaldsskólastigsins. En síðan þarf að sjálfsögðu að fylgja þessu starfi á löggjafarsviðinu eftir með auknum fjárveitingum og markvissum áætlunum um bættan aðbúnað skólastarfs.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sturla Böðvarsson: Virðulegi forseti. Frv. um framhaldsskóla, sem hér er til umræðu, mun væntanlega ekki verða útrætt á þessu þingi svo skammur tími sem er til þingslita. Ég mun ekki fjalla efnislega um frv. heldur leggja áherslu á nauðsyn þess að sett verði löggjöf um framhaldsskólann er aflétti því ástandi sem nú er í þeim málum. Í langan tíma hefur málið verið þæft og engin heildarstefna mörkuð en þess í stað hafa sveitarstjórnir orðið að ríða á vaðið og hafa ýtt á stofnun fjölbrautaskóla svo fullnægja mætti menntunarþörf ungmenna í landinu.

Það sem einkum hvetur til þess að tekið verði til hendi við að setja viðunandi löggjöf um framhaldsskóla er tvennt: Að samræma kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á öllu framhaldsskólastiginu og að marka stefnu í uppbyggingu framhaldsskóla svo starf þeirra samræmist menningar- og atvinnulífi okkar en verði ekki látið þróast eftir tilviljunum og geðþótta þeirra sem ráða hverju sinni skólastarfi hvers skóla.

Svo sem hv. þm. vita er kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaganna hvað varðar rekstur framhaldsskólanna með öllu óeðlileg þar sem ríkið kostar rekstur menntaskólanna að öllu leyti en sveitarfélögin kosta verulegan hluta af rekstri fjölbrautaskólanna. Með þessu er gert upp á milli sveitarfélaga með þeim hætti að ekki verður við unað auk þess sem uppbygging framhaldsskólanna er meira og minna hendingu háð. Ég vil því við þessa umræðu leggja áherslu á að hæstv. menntmrh. taki til hendi og láti undirbúa frv. um framhaldsskóla og tengist það heildarendurskipulagi á allri verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. 417. mál (þskj. 950). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1051).

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665, n. 1029 og 1031, brtt. 1032). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. sjútvn. um frv. til l. um selveiðar við Ísland sem liggur hér fyrir á þskj. 1029.

Nefndin hefur haft mjög skamman tíma til þess að fjalla um þetta frv., en það hefur verið til ítarlegrar skoðunar í Nd. Við notuðum þó þann tíma til þess að kalla til viðræðu fulltrúa frá fiskvinnslufyrirtækjum, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. fiskframleiðenda og sjávarafurðadeild SÍS. Einnig kölluðum við fyrir fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands og samtökum áhugamanna um selveiðihlunnindi.

Í nefndinni komu fram skiptar skoðanir á málinu og nefndin klofnaði. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. í málinu.

Minni hl. nefndarinnar hefur skilað áliti á sérstöku þskj. en að því stendur hv. 5. þm. Norðurl. e. og hann mun gera grein fyrir því hér á eftir.

Skúli Alexandersson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Björn Dagbjartsson): Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála gat þess hér um daginn í framsögu sinni við 1. umr. þessa máls að málið hefði fengið ítarlega umræðu en honum láðist að geta þess að þó að mikið hafi verið rætt um málið í hv. Nd. og oft af lítilli þekkingu, þá hefur það ekki fengið neina umfjöllun hér. Örlög þess virðast hafa verið þau á undanförnum árum að það hefur staldrað við hér nokkra síðustu klukkutíma þingstarfanna og svo virðist eiga að vera nú líka.

Ég tel nauðsynlegt að koma á framfæri hér í hv. deild ýmsum þeim upplýsingum sem ég tel að ekki hafi komist á framfæri í umræðu um málið til þessa. Ég geri mér grein fyrir því, hæstv. forseti, að það getur tekið nokkurn tíma en ég tel það samt sem áður nauðsynlegt. Ég tel að hv. deildarmenn eigi það skilið að fá um þetta sem bestar upplýsingar.

Ég vil þá fyrst skýra frá því að þeim brtt., sem ég hef lagt hér fram ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, fylgir nokkuð ítarlegt nál. og skýringar á í hverju brtt. eru fólgnar svo að ég mun ekki eyða löngum tíma í að fylgja þeim úr hlaði.

Ég vil þá aðeins byrja á því að rekja aðdraganda þess að þetta frv. var samið á sínum tíma, árið 1982. (**SkA:** Hvers lags vinnubrögð eru þetta eiginlega?) — Ég mun nú gera hlé á máli mínu meðan menn ræðast við hér. (**Forseti:** Það heyrðist hér athugasemd frá hv. 4. þm. Vesturl. að nál. væri ekki komið frá honum. Forseti vissi ekki að það væri von á fleiri nál. varðandi þetta mál. Honum var ekki gerð grein fyrir því og þar af leiðandi var málið tekið á dagskrá og til umræðu. Og þá

held ég að forseti verði að fá upplýsingar um það hjá hv. þm. hvort þetta nál. er væntanlegt þannig að hv. 5. þm. Norðurl. e. sé óhætt að halda áfram með sína ræðu og nál. hv. 4. þm. Vesturl. verði komið þegar röðin kemur að honum að mæla fyrir því. Annars mun þá málinu verða frestað ef svo verður ekki.) (**SkA:** Það er kannske rétt að ég fengi að koma í ræðustól til að upplýsa þetta?)

Virðulegur forseti. Ég skal með ánægju gera hlé á *máli mínu*.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Hér gerast fundarstörf með svolítið afbrigðilegum hætti, en það er svo margt sem gerist hér með öðrum hætti en venjulega, vægast sagt, svo að nú ætlar forseti að gefa hv. 4. þm. Vesturl. orðið sem snöggvast og hann ætlar aðallega að ræða um þingsköp.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það var haldinn fundur í sjútvn. hér í hliðarherbergi um fimm-leytið í dag, eða milli kl. fimm og sex, og þá var fjallað um það mál sem hér var tekið fyrir á dagskrá. Nefndarmenn voru að kanna hvort þetta mál hefði meirihlutafylgi hér í hv. deild þannig að líkur væru fyrir því að hægt væri að ganga frá þessu frv. *sem lögum*. Ég tók þátt í þessum umræðum og lýsti afstöðu minni þar nokkuð og gekk í það með öðrum nefndarmönnum að leita eftir fylgi manna við frv. Síðan þurfti ég að fara frá. Það vissi formaður nefndarinnar. Ég þurfti að fara á framkvæmdastjórnarfund í mínum flokki og ég gekk út frá því að ekki yrði gengið frá þessu máli frekar fyrr en að ég hefði tíma til að sinna þar nefndarstörfum og ganga frá afgreiðslu nefndarinnar og hvort ég yrði þar einn á báti eða í meiri hl. Ég taldi líklegt að ég mundi fylla þann hópinn, ef um það væri að ræða að meiri hl. væri í deildinni fyrir málinu, sem mælti með samþykkt frv., eða alla vega eiga aðild að meirihlutanefndaráliti. Einhverra hluta vegna taldi síðan sjútvn. ástæðu til þess að ganga frá nál. án þess að ég kæmi þar neitt nálægt og lýsir því beinlínis yfir í sínu nál. að aðrir nefndarmenn muni skila séráliti. Ég kem síðan hér á fund í hv. deild — reyndar heldur seint, það skal viðurkennt, um níuleytið — og er þá búið að dreifa á borð þm. nál. Ég fór beint í það, þegar ég sá að mér var ætlað að gefa út sérstakt nál., að safna í það nál. gögnum. Ég er kominn með svolítinn bunka en það er langt frá því, því miður, fyrst ætlast er til þess að ég leggi fram sérstakt nál., að ég sé búinn að ná þeim gögnum saman sem ég þarf að hafa í því nál., það er langt frá því. Og ég fer fram á það við virðulegan forseta að þessari umræðu verði frestað, þar til ég, sem hef verið dæmdur til þess af meiri hl. sjútvn. að flytja hér sérstakt nál., hef haft tíma til þess að semja það nál. og leggja það fyrir hv. deild.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að hann vissi ekki að skrifari væri fjarverandi úr húsinu, hv. 4. þm. Vesturl., og þar af leiðandi var honum ekki kunnugt um hver staða þessa máls var. En hv. 4. þm. Austurl. tekur til máls.

Frsm. meiri hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegur forseti. Já, það eru nokkur orð til skýringar í sambandi við meðferð þessa máls. Sjútvn. hélt fund í morgun um málið og þá var boðað að það yrði fundur aftur seinni partinn. Einhvern veginn hafa ummæli hv. 4. þm. Vesturl., að hann yrði fjarverandi úr húsinu á þessum tíma, farið fram hjá mér. Ég boðaði fund hér í hliðarherbergi seinni partinn og lét þá leita að hv. þm. í húsinu en hann var þá ekki viðstaddur. Hann hafði ekki boðað andstöðu við frv. á fundinum í morgun. Nefndin var sammála um að afgreiða málið út og einstakir nefndarmenn áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Hv. 4. þm. Vesturl. hafði ekki boðað að hann mundi skila séráliti í málinu. Við ræddum saman núna eftir kvöldmat og ég bauðst til að kalla saman fund í nefndinni aftur en hann taldi þess ekki þörf og sagði orðrétt „að þessi vinnubrögð yrðu ekki aftur tekin". En hann boðaði þá ekki að hann mundi skila séráliti.

Mér tókst ekki að ná til hv. 4. þm. Vesturl. áður en þessi umræða byrjaði, ég reyndi það til þess að aðvara hann. Ég reyndi að ná í hann í síma og sendi þingverði til þess að aðvara hann en það tókst ekki. Þessar eru skýringarnar. En það er algjör misskilningur að meiri hl. sjútvn. ætli að neyða hv. þm. til þess að skila séráliti í málinu, og var alls ekki ætlunin að ganga yfir hann að neinu leyti í sambandi við afgreiðslu málsins. Í hita dagsins hafa einhvern veginn farið fram hjá mér þau skilaboð hv. þm. að hann yrði fjarverandi úr húsinu á *þessum tíma á fundi annars staðar*. Það er *rótin* að þessari málsmeðferð. Ég harma það, eins og er orðtæki hjá mörgum í þinginu, að þetta hefur gerst svona.

Frsm. minni hl. (Björn Dagbjartsson): Virðulegur forseti. Ég get staðfest það að hv. 4. þm. Vesturl. tók það sérstaklega fram, og var reyndar sóttur af hv. 5. þm. Vesturl. vegna einhverra bílamála sem ég kann ekki skil á, að þeir þyrftu að fylgjast að út í bæ, þannig að mér var það alveg ljóst að hann yrði ekki viðstaddur næsta klukkutíma eða svo. En þannig vildi til að skömmu síðar þurfti ég að hverfa á annan nefndarfund og vissi því ekki hvernig frá nál. yrði gengið að öðru leyti en því að ég sagði að ég gæti ekki staðið að meirihlutaáliti og mundi skila séráliti og brtt. Að öðru leyti legg ég það að sjálfsögðu í vald forseta hvað um þessa umræðu verður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Forseta grunar að mál séu farin að skýrast og vegna þeirrar mildilegu umræðu sem hér hefur farið fram og sanngirni formanns þessarar nefndar grunar hann að hv. 4. þm. Vesturl. geri sér fulla grein fyrir því að hér hafi óviljandi orðið misskilningur en e.t.v. á hann eftir að láta í ljós hvort hann stendur við þessa beiðni um frestun.

Egill Jónsson: Virðulegur forseti. Það virðist kannske sannast hér eins og stundum endranær að kapp sé best með forsjá. Og eftir þeim skýringum sem eru komnar fram frá hv. 4. þm. Vesturl. dugði að telja saman liðið til þess að menn treystu sér að halda út í þessa umræðu og þessa afgreiðslu. En það sem ég legg sérstaklega áherslu á í þessum efnum er að það komi að sjálfsögðu fram nál. og að allir málsaðilar í sjútvn., sem þurfa að skýra sína afstöðu, leggi sitt álit fram. Því það er að sjálfsögðu ekki fyrr en nál. liggja fyrir að einstakir þm. geta farið að taka sig saman um brtt. Vera má að í brtt. sem koma fram við nál. felist einhver þau atriði sem annars kæmu fram í brtt. frá einstökum þm. Ég tel því afar óeðlilegt að þessi umræða hefjist öðruvísi en að nál. liggi fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Já, umræðan er hafin, rétt er að árétta það. En hér hefur verið gert hlé á þeirri umræðu um dagskrármálið til þess að komast til botns í því hvað gert verður með framhaldið.

Frsm. meiri hl. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil árétta það að ég ætlast að sjálfsögðu ekki til að þessi umræða sé leidd til lykta án þess að nál. komi fram. Það hefur aldrei hvarflað að mér að þessi umræða yrði leidd til lykta án þess að menn fengju að gera sér grein fyrir öllum atriðum málsins. Vil ég láta það koma fram hér úr ræðustól.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að harma það að svona hefur tekist til með þessi nefndarstörf. Þar sem hv. 4. þm. Vesturl. hefur fylgst mjög vel með þessu máli og af áhuga hvarflaði ekki að mér annað en að hann væri ekki mættur á fund með fullri vitund formannsins fyrst málið var afgreitt. Þannig að ég skrifaði undir nál. Reyndar fór ég fram á fyrirvara en það er ekkert skrýtið að slíkir smáhlutir detti niður í þessum látum. Ég ætla ekki að kenna formanninum um það, hann hefur víst nægilega margt á sinni könnu þessa dagana og er þrýst á hann úr ýmsum áttum.

Ég held að það verði að verða við þessari ósk. Mér finnst eðlilegt að hv. 4. þm. Vesturl. fái tíma til þess að skila nál. Mér finnst þetta líka leitt þar sem ég er sannfærð um að hann hefði verið okkur mjög sammála. Mér fannst það a.m.k. á okkar umfjöllun um þetta mál að við ættum þar mjög mikla samleið. Ég held að það sé búið að koma þessum málum í strand vegna mistaka og fljótfærni sem er ekkert óeðlilegt þegar mál stöðvast helst ekki í nefndinni fleiri en einn eða tvo daga. Þegar þetta skeður ár eftir ár ættu hv. þm. að fara að hugsa sinn gang og hæstv. ráðherrar að ýta þá fyrr á eftir málum. Í ljósi þess að þingsköpum var breytt á s.l. ári sérstaklega með það í huga að bæta starfshætti hér á þinginu er þetta mjög leitt að það skyldi ekki ganga fram. Við erum að upplifa það nú að það er ákveðið með þó nokkuð löngum fyrirvara að þinginu skuli vera lokið kl. 5 á miðvikudag. En til þess að svo geti orðið og málin komist í gegn nægði ekki þó við stæðum hér dag og nótt, a.m.k. ekki ef þau ættu að fá einhverja eðlilega umfjöllun og eðlileg vinnubrögð.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða forseta að umræðan um gang þessa máls væri það mild að líkur ættu að vera til að ástæðulaust væri að fresta þessari umræðu vil ég endurtaka það að ég óska eindregið eftir því að umræðunni verði frestað þannig að mér gefist tækifæri til að ganga frá mínu nál.

Ég tel að engan veginn sé ástæða til að óttast það, eins og hv. 8. landsk. nefndi áðan, að málið sé komið í strand þótt umræðu verði frestað og hún fari ekki fram fyrr en á miðvikudag sem ég tel eðlilegt vegna þess að aðeins eru eftir tvær umræður. Annað eins hefur verið gert í hv. deild og að koma máli í gegnum tvær umræður á einum degi. Ég held því að það sé langt frá því, og að því stefni ég alls ekki, að þetta mál strandi í deildinni ef fyrir hendi er meiri hluti til þess að afgreiða það.

Ég ítreka sem sagt ósk mína til forseta um að málinu verði frestað og ég mun leggja fram nál. og reyna að koma því til starfsmanna þingsins um miðnættið eða svo.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Forseti vill að sjálfsögðu taka til greina það sem hefur komið fram í þessu máli og þær eindregnu óskir um að fresta því. Það er ekki ástæða til annars en að taka slíkar beinar óskir til greina þar sem það liggur fyrir að hér hafa orðið þau mistök að nál. sem átti að koma fram hefur ekki komið fram.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstvirtur forseti. Mér sýnist að hér þurfi að leita samkomulags. Ég hef ekki heyrt af því að formaður sjútvn. hyggist boða til fundar. Ég vildi mælast til þess að formaður nefndarinnar boðaði til framhaldsfundar um þetta mál og reyndi til þrautar hvort ekki væri hægt að ná því samkomulagi sem virtist vera á næsta leiti og menn sáu gjarnan fyrir í dag. Ég mælist til þess að boðað verði til fundar. Það hefur verið boðað að fundarhlé verði e.t.v. Þá gefst tími til þess fundarhalds sem ég mælist til að fram fari. Ég held að menn séu fremur á því að þoka þingstörfum áfram svo sem frekast er kostur enda þótt klukkan sé liðlega 11. Eftir því sem best er vitað verða ekki deildarfundir á morgun heldur á miðvikudag og tíminn er að sjálfsögðu orðinn mjög naumur. En ég mælist til þess að nefndin verði kölluð saman og leitað samkomulags í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það var í samráði við formann nefndarinnar að forseti ætlaði að fresta þessu máli en að þessum orðum töluðum, hv. 5. þm. Vesturl., verður gert hlé á fundinum og þessu máli frestað til þess að gefa nefndinni kost á að ræða málið. Það er líka kærkomið tækifæri fyrir forseta. Hann getur þá stigið hér úr stóli augnablik og a.m.k. kannað stöðu mála hér frammi, hvort eitthvað er fleira sem við getum unnið í nótt áður en við förum heim.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegur forseti. Örfá orð vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. Ég nefndi að þetta mál væri komið í strand. Það var aðeins að fenginni reynslu frá s.l. ári. Það er ekki mín von en ég var hrædd um að þetta mál væri komið í strand væri það tekið fyrir á síðasta þingdegi. Þegar búið er að ákveða klukkan hvað þinginu á að vera lokið held ég að það væri skynsamlegra að umræða gæti átt sér stað þegar við hefðum lengri tíma fyrir okkur því að kortérin og tíu mínúturnar skipta orðið máli á síðasta þingdegi. — [Fundarhlé.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það skal upplýst að sjútvn. hefur fjallað um málið og það hefur orðið samkomulag í nefndinni um að að lokinni ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. verði þessu máli frestað til næsta fundar og nál. meiri hl. verður dregið til baka.

Frsm. minni hl. (Björn Dagbjartsson): Virðulegi forseti. Þar var held ég komið í minni tölu að ég var að byrja að ræða um aðdraganda þess að þetta mál er fram komið.

Það var þannig að árið 1975 setti sjútvrn. á stofn sérstaka selanefnd til að vinna að athugun á selastofnum við Ísland. Þessi nefnd var sett á fót í samráði við Fiskifélag Íslands og hennar meginverkefni var að fást við hringormavandamálið í víðu samhengi, enda var þá

vitað að ekki yrði fundin lausn á því án þess að það snerti selinn á einhvern hátt. Þessi nefnd hélt uppi víðtæku rannsóknarstarfi allt til ársloka 1977 og skilaði þá niðurstöðum rannsókna sinna ásamt tillögum um framhald rannsókna. Skýrsla nefndarinnar og tillögur fóru niður í skúffu og ekkert var aðhafst í rúmlega hálft annað ár.

Verkefnið hélt áfram að vera jafnbrýnt þó að það væri komið niður í skúffu og í ágúst 1979 skipaði þáverandi sjútvrh. nýja nefnd, hringormanefnd, sem skyldi hafa fyrir hönd ráðuneytisins umsjón með rannsóknum á hringormavandamálinu og þeim aðgerðum sem nauðsynlegar kynnu að verða. Það umboð hefur nefndin enn þá. Nefndin er skipuð fulltrúum stærstu söluaðila sjávarafurða og greiða þeir allan kostnað við rannsóknir nefndarinnar og aðra starfsemi, þar með talin veiðiverðlaun. Sjútvrn. lagði til formann nefndarinnar, þann sem hér stendur.

Nefndin réði þegar um haustið líffræðing í þjónustu sína. Hann hefur annast nauðsynlegar rannsóknir og hefur haft aðstoðarmenn sér við hlið eftir ástæðum. Þessi nefnd ákvað þegar í upphafi að jafnframt því að hafin yrði alhliða rannsókn á mikilvægustu þáttum lífs og viðgangs selastofna hér við land skyldi hafin athugun á því hvort mögulegt væri að finna leiðir til þess að rjúfa lífkeðju selormsins án þess að það sakaði aðrar lífverur í umhverfi hans. Sérstakar vonir voru bundnar við það ef unnt reyndist að ormahreinsa selinn á einhvern hátt. Voru gerðar víðtækar tilraunir með ormalyf úti í náttúrunni. Allar tilraunir til ormalyfsgjafar hafa misheppnast fram til þessa og þó hefur nefndin engan veginn gefist upp við að leita allra leiða til þess að rjúfa lífkeðju selormsins.

En á meðan leitað var lausna á því hvernig rjúfa mætti lífkeðju selormsins líður tíminn og vandamálið vex. Á meðan engin lausn er í sjónmáli á því á hvern hátt megi rjúfa lífkeðjuna verður að leita annarra leiða. Ef ekki finnst aðferð til þess að rjúfa lífkeðjuna verður ekki komist hjá því að fækka sýktum sel verulega. Af þessum orsökum ákvað hringormanefnd veturinn 1982–1983 að vinna að sérstökum verkefnum í viðbót við aðrar rannsóknir sem áður höfðu verið ákveðnar. Þessar rannsóknir voru á sviði aldursdreifingar selsins annars vegar og hins vegar hvort ekki mætti finna að hvaða marki unnt kynni að vera að halda selastofnum í skefjum með veiðum á fullorðnum sel.

Til þess að kanna aldursdreifingu selsins á þann hátt að vísindalegri nákvæmni sé fullnægt þarf stórt úrtak dýra. Til þess að gera sér grein fyrir hvaða áhrif veiði hefur á aldursdreifinguna þurfa slíkar tilraunir að standa um árabil. Þessar rannsóknir eru stundaðar á þann hátt að safnað er kjálkum úr þeim selum sem veiddir eru en árhringir tannanna gefa upplýsingar um aldur selsins. Ef á að stjórna selveiðinni í framtíðinni er nauðsynlegt að fylgjast með breytingum á aldursdreifingunni. Tilraunir með veiði á fullorðnum sel verða einnig að standa um árabil, með verulegri varfærni þó, áður en endanlega kemur í ljós hvort það er nothæf aðferð til þess að halda hinum sýkta selastofni nægilega í skefjum. Nú er u.þ.b. lokið rannsóknum á þriggja ára úrtaki af seltönnum. Þær rannsóknir verða birtar bráðlega en þær eru mjög mikilvægar fyrir áframhald þessa máls eins og það leggur sig.

Það var ljóst að litlar sem engar selveiðar yrðu árið 1982 — og hefðu reyndar ekki orðið síðan — vegna þess að selafurðir voru þá orðnar og eru enn í mjög lágu verði ef ekki óseljanlegar. Það var þess vegna sem nefndin ákvað að greiða veiðiverðlaun fyrir hvert veitt dýr og nota neðri kjálkann sem sönnunargagn fyrir veiðunum.

Á vegum hringormanefndar voru og eru enn trúnaðarmenn, 15 talsins, dreifðir út um allt land. Þeirra hlutverk er að fylgjast með veiðunum og sjá um að þær fari fram á þann hátt sem nefndin gerir ráð fyrir. Hringormanefnd hefur forðast að gera mikið veður út af starfi sínu. Starf hennar er viðkvæmt og þess vegna er nauðsynlegt að menn tali af gát um þau störf sem auðvelt er að misskilja. Til þess að tryggja að hægt væri að hafa fulla stjórn á veiðunum og greiðslu veiðiverðlaunanna fengu trúnaðarmenn eftirfarandi reglur:

Trúnaðarmenn eru beðnir að kynna þessar verðlaunagreiðslur þeim aðilum á nærliggjandi svæði sem stunda eða hafa stundað selveiðar, þeim sem hafa sel innan sinnar landhelgi og þeim er þeir treysta til þess að stunda selveiðar á árangursríkan hátt. Forðast ber ævintýramenn á þessu sviði. Hér eru á ferðinni skipulegar selveiðar í vísindalegu skyni. Brýna skal fyrir selveiðimönnum að sjá svo um að skrokka reki ekki á fjörur. Slíkt getur valdið vandræðum.

Það fór auðvitað ekki hjá því að hringormanefnd varð fyrir miklu aðkasti vegna þessara veiðiverðlauna, raunar mikið til af móðursýki og að ósekju. Þó er því ekki að neita að einstaka menn gengu illa um og þá ekkert síður hlunnindahafar og reyndar í því tilfelli þar sem mest var um mótmælin og þar sem sýnilega hafði verið illa gengið um hlutina var það einn ákveðinn hlunnindahafi í Ísafjarðardjúpi sem hafði gengið ákaflega illa um veidda seli.

En það var gripið til þess að ófrægja störf hringormanefndar á allan hátt. Eitt af því var skýrsla sem Landvernd gaf út og var reyndar þrjú ár í smíðum. Í hana hefur á tíðum verið vitnað sem stórasannleik í málinu en í raun réttri er þetta ákaflega ómerkilegt plagg. Hún er skrifuð af líffræðingum sem lítið sem ekki hafa komið nærri rannsóknum á þessu vandamáli né öðrum skyldum málum. Hringormanefnd fannst við nánari athugun að ekki væri svaravert það sem í þessari skýrslu stæði. Það var þó búið að gera nokkrar athugasemdir sem ég leyfi mér hér að vitna í, með leyfi forseta.

Í ritinu, þ.e. riti Landverndar, er gerð tilraun til að gera hringormanefnd tortryggilega á þann hátt að hún hafi reynt að leyna ákvörðun sinni um að greiða veiðilaun árið 1982. Um þetta stendur í ritinu:

„Um tveir mánuðir liðu frá aprílbyrjun þar til almenningur fékk að vita hvað væri að gerast með ströndum landsins. Mörgum brá illa við þessi tíðindi."

Ef litið er í þetta rit Landverndar nokkrum línum neðar má lesa þetta:

„Í Morgunblaðinu 18. mars 1982 birtist grein sem upplýsti um hugmyndir hringormanefndar varðandi verðlaunaveitingar til höfuðs sel."

Það verð ég að segja hér að það er alveg nýtt ef Morgunblaðið er nothæfur birtingarstaður fyrir það sem á að fara leynt eins og hér er gefið í skyn.

Það yrði, eins og ég sagði, allt of langt mál að fara yfir rit Landverndar lið fyrir lið, en þó er vissulega ástæða til þess. Þess í stað verður hér fyrst og fremst farið yfir VI. kafla ritsins á bls. 76–79. Sá kafli er nefndur

„Ágrip“ og er þar væntanlega tekið saman það sem höfundar ritsins telja skipta mestu máli. Hér verða tilgreindar þær greinar ágripsins sem ríkust ástæða er til að fjalla um að mati nefndarinnar. Þess skal getið að þessar athugasemdir eru þm. e.t.v. kunnugar því þær voru settar a.m.k. í hólf þeirra manna sem í sjútvn. þingsins eru. Ég sé ástæðu samt til að rifja þær hér upp.

Liður 1 úr Landverndarágripi:

„Tilefni þessa rits eru verðlaunaveitingar hringormanefndar sem hófust árið 1982 í því skyni að fækka selum við landið og draga á þann hátt úr hringormasýkingu í nytjafiski.“

Í þessari grein er það rangt með farið að verðlaunaveitingar hringormanefndar hafi hafist í þeim tilgangi að fækka selum. Greiðsla veiðiverðlauna var ákveðin í tvennum tilgangi: annars vegar til víðtækra rannsókna á sel og þætti hans í lífsferli hringormsins, hins vegar til að draga úr þeirri röskun á jafnvægi í náttúrunni sem við blasti vegna þess að veiðar voru að leggjast niður í kjölfar verðfalls á selafurðum. Um langt árabil höfðu verið veiddir um 6000–8000 selir á ári og það mátti búast við að um umtalsverða fjölgun sela yrði að ræða ef veiðum yrði algerlega hætt. Fyrsta ákvörðun hringormanefndar um greiðslu veiðiverðlauna var um 2000–3000 dýra veiði og voru veiðar stöðvaðar þegar því marki var náð. Síðar hið sama ár var tekin ákvörðun um meiri veiði vegna fyrirhugaðra rannsókna á útsel. Síðan hefur verið stefnt að því að veiðin væri sem næst 5000 dýr á ári eða enn innan þeirra marka sem áður veiddist.

Hringormanefnd hefur beitt mismunandi aðferðum við greiðslu veiðiverðlauna. Í upphafi var greitt fyrir kjálka úr selum, en á þessu ári, og þá er átt við árið 1985 og nú í ár, er greitt alfarið eftir þyngd sela.

Það er nauðsynlegt að kanna hvaða áhrif hvor aðferð hefur á veiðarnar með tilliti til stjórnunar á veiðum í framtíðinni. Það er t.d. ljóst að greiðsla miðuð við þyngd örvar fremur veiði á fullorðnum útsel og yrði með þeirri aðferð væntanlega náð betri árangri ef einhvern tíma kæmi að því að fækka þyrfti útsel.

Markaður fyrir selkjöt er góður til loðdýrafóðurs og er sjálfsagt að nota þann markað. Það vildi bera við meðan eingöngu var greitt fyrir kjálkann að selhræ voru skilin eftir á fjörum og það er sjálfsagt að sporna við því því að það er mengun og reyndar sóðaskapur, svo ekki sé sterkar til orða tekið.

Hringormanefnd hefur ekki enn tekið sér fyrir hendur að fækka sel, en þó kann það að reynast nauðsynlegt. Í þau fimm ár sem hún hefur starfað hefur hún staðið fyrir rannsóknum á sem flestum þáttum hringormavandamálsins og jafnframt reynt að tryggja að vandamálið ykist ekki. Það hefur hún gert með því að viðhalda veiði frá árinu 1982 og reyna þannig að halda jafnvægi í selastofninum. Veiðin er að vísu minni en áður var, en gæti þó skilað svipuðum árangri eða betri þar sem veiðin hefur beinst að fullorðnum dýrum í meira mæli en áður.

Þá kemur hér önnur tilvitnun í skýrslu Landverndar.

„Fyrsta skýrsla hringormanefndar var samin áður en rannsóknir hennar hófust. Hún sýnir glögglega að strax í upphafi var ákveðið að fækka selum. Má því nánast halda að rannsóknir hennar hafi verið aukaatriði, enda segir í sumum skýrslum að þær séu nauðsynlegar til að veita haldbær svör við gagnrýni andstæðinga aðgerðanna.“

Hringormanefnd réði þegar í upphafi líffræðing í þjónustu sína. Hann var upphaflega ráðinn af formanni til bráðabirgða áður en nefndin hélt sinn fyrsta fund og áður en hún hafði markað stefnu. Það er því ekki dómur um hringormanefnd að líffræðingurinn taldi sérstaka ástæðu til að taka fram að veita þurfi haldbær svör við gagnrýni andstæðinga aðgerðanna. Þetta byggist að sjálfsögðu á þeirri vitneskju að margir, sem telja sig vera baráttumenn fyrir náttúruvernd, hafa farið offari og hefur vissulega þurft að huga sérstaklega að því að hafa á takteinum haldbær svör við málatilbúnaði þeirra. Þessi þáttur í skýrslu líffræðingsins er hins vegar algert aukaatriði og kom aldrei svo mikið sem til alvarlegrar umræðu, hvorki á fyrsta fundi nefndarinnar né síðar, þannig að þetta sjónarmið hefur aldrei ráðið ferðinni hjá hringormanefnd. Hitt er svo annað mál að það hefur alltaf legið fyrir að svo gæti farið að eina hugsanlega leiðin til að ná tökum á hringormavandamálinu væri að takmarka fjölda sela verulega. Það hefur einnig verið vitað frá upphafi að veigamikill þáttur í rannsóknastarfi hringormanefndar yrði að fjalla um hvernig skyldi bregðast við ef nauðsynlegt reyndist að fækka sel.

Þá er hér þriðja tilvitnun í skýrslu Landverndar:

„Selamálið snýst um það hvort fyrirliggjandi þekking sé nægileg til að ákveða hvort selum skuli fækkað eða hvort fækkunaraðgerðir koma til með að bera raunhæfan árangur.“

Að mati hringormanefndar á hún ekki aðild að neinu því máli sem fjallað er um í ofangreindri tilvitnun. Hringormanefnd vinnur að lausn hringormavandamálsins, en hefur reyndar takmarkað sig við mikilvægasta þátt þess, selormavandamálið, a.m.k. í bili. Nefndin hefur enga afstöðu tekið til þess hvort árangursríkt geti verið við lausn þessa vandamáls að fækka sel, en telur hugsanlegt að svo sé.

Til að hægt sé að ganga úr skugga um áhrif fækkunar á sel er nauðsynlegt að gera tilraun með fækkun. Slíka tilraun verður að gera fyrr eða síðar. Útselir eru miklu færri hér við land en landselir, en hver útselur vegur mun þyngra í dreifingu selorms en hver landselur. Þess vegna verður sennilega heppilegra að gera tilraun með fækkun útsels. Sú aðferð við greiðslu veiðiverðlauna sem nú er notuð hefur líklega haft þau áhrif að veiðin beinist meira í útsel nú en áður. Þó væri hiklaust hægt að halda því fram að selastofnarnir báðir séu í sæmilegu jafnvægi. Á þessu ári, sem nú er að líða, fæst væntanlega mikilvæg reynsla fyrir því hvernig hægt væri að standa að fækkun, en hringormanefnd hefur enga ákvörðun tekið um það enn sem komið er.

Í skýrslu Landverndar segir enn fremur:

„Selir bera kynþroska hringorma. Samband sela og hringorma er flókið og margir aðrir þættir umhverfisins, en selir hafa áhrif á það.“

Þetta er allt saman rétt. Sjávarhiti hefur áhrif á selorminn. T.d. er sjávarkuldi við Grænland það mikill að selormur þrífst þar ekki og selur við Grænland er því líka laus við selorm. Hringormanefnd hefur ekki komið auga á neina leið til að hafa áhrif á hitastig sjávar og telur þá leið ekki færa, enda hefði það ýmiss konar önnur flókin áhrif á náttúruna, ekki síst fiskgengd.

Millihýslar hafa áhrif á lífkeðju selormsins. Millihýslar eru t.d. krabbadýr og smærri fiskar. Um er að ræða

ótaldar þúsundir milljóna dýra, ýmist óaðgengilegar djúpt á sjávarbotni eða á stöðugri ferð undir yfirborði sjávar. Hringormanefnd hefur ekki komið auga á neina leið til að hafa áhrif á lífsferil selorms á þessu stigi. Selurinn er hins vegar lokahýsill selormsins. Væntanlega er fjöldi sela hér við land ekki langt frá því að vera um 50 þúsund, en það er greinilega mun viðráðanlegri tala en fjöldi millihýslanna.

Selir eru óneitanlega nær yfirborði sjávar en millihýslarnir og stundum á landi. Hringormanefnd telur að fullrannsaka verði hvort hægt er að rjúfa lífkeðju selormsins annaðhvort í eða við selinn. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið fram að þessu, hafa ekki skilað árangri. Hringormanefnd telur að eini hýsillinn sem unnt kynni að reynast fært að ráða við sé selurinn. Þess vegna nálgast sá tími að rétt kunni að vera að huga að því hvaða áhrif mismunandi stofnstærðir sela hafa.

Þá er hér enn tilvitnun í skýrslu Landverndar:

„Því hefur verið haldið fram að í kjölfar minnkandi selveiða hafi hringormavandamál aukist í fiskiðnaði. Það er ljóst að vandi frystihúsa hefur aukist vegna hringorma, en það er ekki víst að aukningu í selastofninum sé um að kenna. Á síðustu árum hefur sókn í fisk aukist af þeirri stærð sem hefur mun meiri hringorma en sá fiskur sem áður var veiddur. Auknar markaðskröfur hafa leitt til þess að hringormum í fiskholdi er nú veitt meiri athygli en áður."

Það er mikill misskilningur að hringormanefnd hafi haldið því fram að hringormur hafi eingöngu aukist í kjölfar minnkandi selveiða. Hringormanefnd er vel ljóst að upp úr 1960 fór hringormasýking mjög ört vaxandi þrátt fyrir að selveiði væri mikil. E.t.v. stafaði þetta af því að selveiði var mjög lítil um langt skeið fyrir 1960 og þá hafði aukning vandamálsins orðið til þó hún kæmi ekki fram í veiddum fiski fyrr en löngu síðar. Um þetta er ekki hægt að fullyrða að svo stöddu, enda kunna orsakirnar að vera margvíslegar. Hringormanefnd gengur þess ekki dulin að selur getur verið mismunandi mikið sýktur af selormi og að ekkert beint samband er á milli fjölda sela og selormasýkingar þannig að hægt sé að fullyrða að sé selum fækkað um þetta mikið muni selormavandamálið minnka um ákveðna tölu að sama skapi. Selormavandamálið getur minnkað minna en nemur fækkun sela, en það getur einnig minnkað meira og við ákveðna fækkun er einmitt líklegra að það gerist. Og víst er um það: Enginn selur, enginn hringormur.

Veiði þorsks af þeirri stærð, sem búast má við að meiri selormasýking sé í en áður, hefur aukist. Þar á móti kemur að meira er nú veitt á djúpslóð þar sem ormgengd er minni. Þetta kynni því að jafnast upp. Hins vegar er nú orðinn verulegur ormur í fisktegundum sem sjaldan eða aldrei fannst ormur í fyrir u.þ.b. 20–30 árum, svo sem ýsu, ufsa, karfa og steinbít. Þetta stafar ekki af því að betur sé leitað en áður eða af því að leitartækni sé fullkomnari. Þau hlutföll hafa ekki breyst. Þetta stafar heldur ekki af því að markaðskröfur séu meiri hvað þessar tegundir varðar. Selormurinn hefur einhliða numið land í þessum fisktegundum og þar að auki hefur honum fjölgað mjög verulega í þorski. T.d. fannst varla ormur í vertíðarþorski fyrir 25–30 árum. Þetta hefur nú breyst mjög til hins verra.

Hins vegar er það rétt að markaðskröfur eru nú að aukast. Ekki vegna þess að hinn almenni neytandi geri strangari kröfur en áður. Hann hefur alltaf gert strangar kröfur um ormalausan fisk. Ástæðan er fremur sú að reglugerðir um matvælaframleiðslu verða sífellt strangari í okkar markaðslöndum. Í því felst mesta hætta, sem steðjað getur að íslenskum fiskiðnaði, að settar verði reglur í fleiri eða færri markaðslöndum okkar sem banni innflutning á fiski sem ormur finnst í eða hefur fundist í.

Það er vissulega af mörgu að taka í þessari skýrslu Landverndar sem ástæða væri til að fjalla um meira. Ég leyfi mér að vitna í klausu úr þessu riti. Hún er svohljóðandi:

„Hringormanefnd hefur staðhæft að selum hafi fjölgað mikið við Ísland í kjölfar minnkandi selveiða. Tiltæk gögn um fjölgun sela eru of ófullkomin til þess að hægt sé að byggja á slíka staðhæfingu. Það er almenn vitneskja hins vegar að þegar dregið er úr veiðum eða veiðum hætt verður fjölgun í dýrastofnum að öðru óbreyttu, sérstaklega í byrjun."

Það er ekki vitað um neitt afbrigðilegt í umhverfi sela við Ísland á árunum um og fyrir 1980 sem gefur til kynna að slík fjölgun hafi ekki orðið. Að órannsökuðu máli má því búast við fjölgun sela um leið og dró úr veiði. Niðurstöður rannsókna hringormanefndar benda einnig allar í þessa átt þó draga megi í efa að niðurstöður milli ára séu umfram óvissumörk. Það er enginn vafi á því að það þarf nokkur ár til að skoða þessi mál í samhengi.

Talning dýra í sjó er háð ýmsum annmörkum og óvissumörkin því nokkuð há. Talning sela er þó nokkru auðveldari en talning fiska. Aðallega hafa verið notaðar tvær aðferðir við talningu á selum. Þessar aferðir gefa ekki nákvæmlega sömu niðurstöður. Hringormanefnd hefur gert tilraunir með báðar aðferðirnar og reynt að gera sér grein fyrir hvor sé nákvæmari. En það má ekki undir neinum kringumstæðum bera saman niðurstöður þessara athugana. M.a. er fráleitt að ætlast til þess að starfsskýrslur hringormanefndar séu opinber gögn áður en lokaskýrslur eru til.

Að síðustu, virðulegi forseti, vil ég vitna í eina klausu í viðbót, svohljóðandi:

„Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á fæðu sela hér við land benda til þess að selir séu tækifærissinnaðir í fæðuvali og éti það sem auðveldast er að ná hverju sinni. Hringormanefnd hefur haldið því fram að selir éti hundruð togarafarma af nytjafiski á ári hverju. Menn virðast telja að það sem selir eta kæmi óskert sem aukning á afla ef selum yrði útrýmt. Það gleymist að ýmsir aðrir dýrahópar sjávarins lifa einnig á nytjafiski og kynnu að stækka um leið og selum fækkaði vegna aukins fæðuframboðs. Líkur á aflaaukningu yrðu því litlar sem engar."

Þessi kafli er raunar allur hinn skrýtnasti. Að selir séu tækifærissinnaðir í fæðuvali bendir að sjálfsögðu ekki til þess að þeir sneiði hjá nytjafiskum. Að selir séu tækifærissinnaðir þýðir einfaldlega að þeir éti loðnu þegar hana er að hafa, þorsk þegar í hann er að ná, þeir éta hnognkelsi úr netum o.s.frv.

Þeir vísindamenn eru áreiðanlega ekki til sem telja að það sem selir éta kæmi óskert fram í afla ef selum væri útrýmt. Það dettur örugglega engum í hug að reyna að meta hugsanlega aflaaukningu nema að gera sér grein fyrir náttúrlegum afföllum. Hringormanefnd hefur að sjálfsögðu notað alla þá vísindalegu þekkingu sem fyrir hendi er um náttúrleg afföll fiska við Íslandsstrendur í

mati sínu á þessum efnum.

Ég læt þá lokið tilvitnunum í þessa skýrslu Landverndar.

Eitt af því sem hefur einkennt þessa umræðu á Alþingi, sérstaklega nú í vetur, eru síendurteknar efasemdir um að selur dreifi selormi og að selur sé nokkurn veginn eini mögulegi orsakavaldurinn í dreifingu selormsins. Því hefur jafnvel verið haldið fram á hinu háa Alþingi að sjófuglinn væri allt að því meiri orsakavaldur. Erlingur Hauksson líffræðingur hefur nýlega tekið saman rit af þessu sérstaka tilefni þar sem hann hefur farið yfir mikinn fjölda vísindagreina um rannsóknir á mögulegum lokahýslum selorms. Það er þá sérstaklega að í grein í tímaritinu Ægi 1984 er fjallað mjög vel um hringrás selormsins í sjónum og er það eftir Erling Hauksson. Þar er nokkuð fjallað líka um lokahýsla selormsins. Þar er m.a. að finna tilvitnun í þekktan kanadískan vísindamann, Mayers, sem skrifaði grein 1959 og þar stendur:

„Kynþroska selormar hafa ekki fundist í meltingarvegi máva, skarfa, svartfugla né lóms. Tilraunir með skarfa sýndu að þeir eru ekki lokahýslar fyrir selorminn, þ.e. að selormslirfur gátu ekki þroskast í orma í meltingarvegi þeirra."

Kynþroska selormar hafa fundist í eftirtöldum selategundum: útsel, vöðusel, kampsel, landsel, hringanóra, blöðrusel og rostungi. Tilraunir á selum í sjóbúrum hafa sýnt svo ekki verður um villst að landselir og útselir eru lokahýslar fyrir selorminn. Í selamögunum þroskast selormslirfur sem selir hafa fengið með fæðunni. Í þessum tilraunum var þeim gefinn ormasýktur fiskur. Þar þroskast ormurinn í kynþroska karl- og kvenorma, ormarnir æxlast þar og kvenormarnir gjóta frjóvguðum eggjum. Þetta hefur allt saman verið sýnt fram á í tilraunum.

Þar sem kynþroska selormar finnast í mörgum sjávarspendýrategundum sem eru dæmigerðar fiskætur þótti líklegt að fjölda slíkra orma væri einnig að finna í öðrum hryggdýrum í sjó sem hefðu sambærilega lifnaðarhætti. Því var það sem þessi leit fór fram og skv. upptalningunni sem ég hafði hér áðan hafa skarfar, svartfuglar, fýlungar, mávar, kríur, súlur, tugir ef ekki hundruð fuglategunda verið krufnar og rannsakaðar og aldrei fundist kynþroska selormur í neinum. Auðvitað getur verið að fuglar eti orma með fæðunni, en eins og margsinnis hefur komið fram er ekkert víst að það sé sá ormur sem við erum að fást við í íslenskum fiski. Það gæti verið, en þeir verða einfaldlega ekki kynþroska.

Þá hefur verið leitað að kynþroska selormum í brjóskfiskum, háfum og hákarli, við strendur Kanada, en það var allt saman án árangurs. Kynþroska selormar hafa heldur ekki fundist í neinni tegund beinfiska í heimshöfunum og eru um það margar tilvitnanir.

Það er rétt að geta þess að kynþroska selormur hefur fundist í búrhval og er það tiltölulega nýlega sannað fyrirbæri.

Það hefur heilmikið verið staglast á skorti á rannsóknum að ýmsu öðru leyti en hér hefur verið rakið. Vegna þess hve þetta er mikilvægt atriði held ég að ég verði að fara nokkrum orðum um rannsóknaþáttinn. Hringormanefnd hefur um fjölda undanfarinna ára stundað mjög víðtækar rannsóknir, eins og þegar hefur komið fram í máli mínu.

Ég vil aðeins benda hér á það sem hringormanefnd hefur látið gera til þess að fylgjast með fjölda sela.

Nefndin hefur á undanförnum árum nokkrum sinnum látið framkvæma talningar úr lofti til að ákvarða fjölda sela. Fyrsta talningin var framkvæmd í ágúst 1980 og hún gaf nokkuð góða raun hvað landsel varðaði. Samkvæmt þeirri talningu reyndust landselir vera flestir við suður- og norðvesturströndina, einnig nokkuð á Breiðafirði. Það sáust úr lofti samtals 15 þúsund dýr. Þessi tala er leiðrétt með þáttum sem taka tillit til þess hversu vel selirnir sjást úr lofti og hversu stór hluti þeirra er í raun og veru á þurru landi á þeim tíma dags sem talið er. Þetta er byggt á erlendum rannsóknum og einnig leiðrétt fyrir íslenskar aðstæður. Þessi tala gefur til kynna að landselir séu líklega nær 40 þúsund. Þetta eru reyndar tölur sem gengið hafa aftur í öðrum gögnum og verður að telja að þær séu nokkuð ábyggilegar.

Það var sérstaklega haustið 1982 sem fór fram nokkuð góð talning á útsel og þá útselskópum einkum og sér í lagi. Þeir voru langsamlega flestir í Breiðafirðinum, en það voru önnur stórlátur í Hvalseyjum á Mýrum, í Vigur í Lónsvík og upp á Skaftafells- og Svínafellsfjörum. Út frá þeim fjölda kópa sem sáust á landi er kópaframleiðsla útselastofnsins hér við land áætluð vera 2600 kópar. Af þeirri framleiðslu eru a.m.k. 10 600 fullorðin dýr, eins árs og eldri. Þannig er stofnstærðarmat á útsel líklegast mjög nærri því að vera 10 þúsund dýr. Talning sem fram fór haustið 1985 var ekki eins vel heppnuð. Við vorum sennilega vegna góðviðris í sumar nokkuð seinni en þyrfti að vera til þess að fá fyllilega sambærilegar tölur en þessi tilraun verður endurtekin nú í sumar.

Það er rétt að skýra frá því að á þeim svæðum, sérstaklega í Faxaflóa og sunnanverðum Breiðafirði, sem talning á útselskópum tókst vel, hefur þegar orðið einhver örlítil fækkun í útselastofninum.

Nokkuð var getið um það hér áður hvaða fæðutegundir selir leggja sér helst til munns. Til eru greinar eftir Erling Hauksson o.fl. um fæðu sela á Íslandsmiðum. Þessar rannsóknir voru framkvæmdar á árunum 1979–83 og það voru alls um 300 fæðusýni úr selamögum tekin til athugunar. Helstu niðurstöður eru þær að leifar af þorski og síli, sandsíli og trönusíli, voru langalgengastar og fundust í 40% sýna hjá hvorri selategund. Hjá landsel voru ufsi, loðna og skarkoli næstir á matseðlinum og hjá útsel hrognkelsi, steinbítur, sandkoli og ufsi. Af þunga fæðutegundarinnar var ufsinn efstur á blaði hjá landsel en þorskur hjá útsel. Þorskur var næstalgengastur hjá landselnum en hjá útselnum var það hrognkelsi.

Það er tiltölulega auðvelt að reikna út hve mikið eitt sjávarspendýr þarf að éta til þess að draga fram lífið í þeim sjávarkulda sem hér er. Heildarneysla selastofna við landið, ef reiknað er með 40 þús. landselum og 10 þús. útselum, er einhvers staðar á bilinu 40–50 þús. tonn. Af nytjafiskum ætti neyslan að vera a.m.k. 30 þús. tonn.

Á árunum 1979–82 var rannsökuð hringormasýking sela, þ.e. hve mikið af hringormum var í selamögum sem rannsakaðir voru. Að meðaltali voru 1370 selormar í maga hvers útsels en 320 í landsel. Eftir því sem dýrin verða eldri hýsa þau fleiri orma. En í öllum aldurshópum eru útselir margfalt sýktari en landselir. Selir eru sýktastir í Breiðafirði. Þetta á við um alla aldurshópa og

yfir 90% allra hringorma í maga fullorðinna útsela eru selormar en 60% í maga fullorðinna landsela. Þetta stafar að sjálfsögðu að miklu leyti af fæðuvali selategundanna.

Nokkur orð um hringormasýkingu þorsks á Íslandsmiðum. Sýkingartíðni og meðalfjöldi selorma í þorski eykst í takt við fisklengd, þ.e. þar til fiskurinn er svona 60–90 sm langur stendur sýkingin yfirleitt í stað eftir það eða minnkar jafnvel. Í stærsta þorskinum eykst sýkingin svo aftur. Þessi hegðun er talin stafa af því að íslenski hrygningarstofninn blandast stundum þorski af grænlenskum uppruna sem gengur til hrygningar þegar kynþroska er náð. Er það út af fyrir sig merkilegt rannsóknarefni að þorskur sem gengur frá Grænlandsmiðum er hringormalaus en sýkist mjög fljótt við legu t.d. í Breiðafirði.

Varðandi ormafjölda í fiskholdi hafa farið fram allmargar rannsóknir. Tekist hefur að sýna fram á að það er marktækt samband á milli hringormasýkingar og holdafars. Holdafar fiska fellur með aukinni hringormasýkingu. Halldór Bernódusson, framkvæmdastjóri hjá fiskiðjunni Freyju á Súgandafirði, hefur safnað skýrslum um hringormafjölda í bónusskýrslum allt frá árinu 1963 fram til ársins 1985. Þar hefur ormafjöldinn farið vaxandi jafnt og þétt á undanförnum árum og virðist ekki mikið lát á því. Ormafjöldinn í línu- og handfæraafla báta hefur vaxið meira en í togaraaflanum. Í báðum tilvikum er um margföldun að ræða frá því sem var 1963. Í ár, þ.e. hann á við árið 1985, varð ekki um aukningu að ræða, hvort sem það er nú af tilviljun eða minnkandi útselafjölda. Um það er erfitt að segja að svo stöddu.

Það er rétt að geta þess að starfsmenn hringormanefndar, þeir líffræðingar sem starfað hafa fyrir nefndina, hafa að sjálfsögðu fylgst mjög náið með öllum birtum og óbirtum rannsóknum á þessu vandamáli út um allan heim. Og ekki þarf að undirstrika að það eru ýmsar fleiri fiskveiðiþjóðir sem eiga við þetta vandamál að stríða.

Við Bretlandseyjar, Noreg og Kanada fylgir útbreiðsla selorms í nytjafiskum útbreiðslu útselsins. Þetta hefur verið sýnt fram á og er vitnað í tvo menn, Young sem birti grein 1972 og McCleland sem birti grein 1983. Þá aukningu, sem orðið hefur á selormum í þorski við strendur Kanada og Noregs og að hluta til við Bretlandsstrendur, má rekja til fjölgunar útsels á sömu slóðum. Við rannsóknir á þessu hefur komið í ljós að því fjær sem dregur frá stórum selalátrum minnkar sýking þorsks og annarra fiska af selormi. Þetta eru ótvíræðar sannanir í skýrslu eftir McCleland frá árinu 1983. Enn fremur er í þessari sömu skýrslu getið um það að egg selorma klekjast ekki út í sjó sem er kaldari en tvö stig á Celsíus.

Þá er rétt að víkja aðeins að þeim tilraunum sem farið hafa fram til þess að reyna að útrýma hringormum úr íslenskum sjávarafurðum sem seldar eru erlendis. Hringormanefnd hefur bæði beint og óbeint staðið að fjöldamörgum tilraunum með hina ólíklegustu hluti til þess að leita að ormi og fjarlægja. Ein af þessum líffræðilegu leiðum, sem reyndar hafa verið í baráttunni við orminn, er könnun á því hvort hægt sé að fá hringorma í fiskflökum til þess að skríða úr fiskinum af sjálfsdáðum. Það voru reyndar til þessa ýmsar aðferðir af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins á árunum 1960–1970 án árangurs. Það virtist helst vera að upphitun fisksins, t.d. þegar hann var reyktur, hefði þau áhrif á suma orma að þeir fóru af stað og hreyfðu sig. Tilraunir til að endurtaka þessar niðurstöður leiddu það sama í ljós, en það voru einungis sumir hringormanna sem fóru af stað við 25 og 40 stiga hita í reykingu. Hringormar, sem hafðir voru í fiski sem var við frostmark, lágu hreyfingarlausir svo dögum skipti. Salt virðist hafa hemjandi áhrif á hreyfingu ormanna. Þeir fluttu sig ekki úr stað meðan fiskurinn var að verkast en drápust fljótlega í saltinu. Kuldi virðist því hemja ferðir hringormanna frekar en hitt. Niðurstöður tilrauna benda til þess að þó svo að hringormur fari á stjá þurfi að hitna vel í fiskinum, jafnvel svo að fiskurinn er orðinn mjög lélegt hráefni, áður en ormarnir taka að skríða um. Það er því hætta á að ef fiskurinn er látinn liggja óslægður í hita geti hluti þeirra orma, sem venjulega er í innyflum, farið af stað og borað sig inn í vöðvann.

Það lítur einna helst út fyrir að selormslirfur séu fangar í bandvefshylki sem fiskurinn myndar utan um þennan aðskotahlut og losi sig þá og því aðeins við hann að það meltist sundur í selsmaga eða veikist svo við rotnun að fiskurinn skemmist. Þær hugmyndir, sem sumir fiskverkendur hafa fengið, að með því að geyma þorsk í ís eða ísvatni megi fá hringorma til þess að skríða úr fiskholdinu og ormahreinsa fiskinn á þennan hátt, ná því aðeins til þeirra hringormstegunda sem venjulega eru í kviðarholi fiskanna eða innyflum þar. Þeir geta farið á flakk við dauða fisksins og borað sig t.d. inn í lifrina, en þeir ormar sem eru fangnir í bandvefshylki, hringaðir upp í fiskholdinu, hreyfa sig ekki við slíkt heldur halda kyrru fyrir í fiskinum á meðan bandvefshylkin eru óskemmd.

Þeirri hugmynd hefur skotið upp að ormahreinsa mætti seli með lyfjum. Þessari hugmynd skaut upp fyrir allmörgum árum. Lengi var gælt við þennan möguleika en ekki voru gerðar tilraunir til þess úti í náttúrunni. Hringormanefnd réðst í það að kanna þennan möguleika með tilraun í sjónum. Þá kom í ljós að mjög margir vankantar voru á þeirri framkvæmd. Sá hinn helsti var sá að selirnir vildu ekki éta það agn sem fyrir þá var lagt, hvort sem það innihélt ormalyf eður ei.

Erlendis hefur sú hugmynd skotið upp kollinum að það megi bólusetja selskópa í látrum með bóluefni sem gerir þá óhæfa til að hýsa selorm. Slíkt bóluefni er óþekkt í dag og reyndar kæmi það að litlum notum þar sem sennilega þyrfti að gefa selum ormalyf margsinnis á ári og hver stendur í því?

Það hefur verið reynt að kanna hvaða millihýslar væru hugsanlegir fyrir selormslirfurnar eða eggin. Það er mikið verk og er raunar mjög margt óljóst í þeim efnum, en það er vitað um allmargar tegundir burstaorma og krabbadýra, marfló og þess háttar sem hýsa þessi egg og eru síðan étin af fiskinum.

Þá er rétt að fara nokkrum orðum um stöðu ormaleitar og þróunar ormaleitartækja. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur t.d. samið við rannsóknarstofnun Carlsberg í Danmörku um þróun aðferða til þess að finna orma og bein í fiski með því að nema ljómun þeirra í fiskholdinu eða „fluorescence". Þetta mál er enn í athugun og það er vitað að það gengur að einhverju leyti vegna beinahreinsunar, en óvíst hvort það komi að nokkru gagni við ormaleit.

Á vegum Iceland Seafood Corporation hafa vísindamenn frá háskólanum í Penn. State unnið að þróun á tæki til ormaleitar með ljósfræðilegum aðferðum með því að nota innrautt ljós.

Á vegum Coldwater Seafood hefur Hannes Hafsteinsson unnið að ormaleit með örbylgjum og lasertækjum. Um þetta hafa nýlega birst blaðagreinar sem hv. þm. hafa eflaust kynnt sér.

Jón Pétursson eðlisfræðingur hefur unnið á vegum hringormanefndar við rannsóknir á þessu vandamáli og raunar notað eina aðferð sem um tíma virtist ætla að gefa nokkuð góða raun en nú hafa vonir aftur dofnað, enda kostnaður við smíði tækis sennilega óheyrilegur.

Í allri þessari umræðu vill það oft gleymast að selir valda ýmsum öðrum skaða en með því að dreifa hringormi. Ég vildi leyfa mér að vitna hér í grein úr Fiskets gang, nýlegu hefti frá 10. viku 1986, og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sjómenn á austurströnd Kanada biðja nú stjórnvöld að grípa til aðgerða gegn stöðugt vaxandi selastofnum. Selastofnarnir, sem telja um 2 millj. dýra, höggva nú æ stærri skörð í fiskstofna við Kanadastrendur. Selveiðar Kanadamanna eru nú orðnar sáralitlar, m.a. vegna banns Efnahagsbandalagsins við innflutningi selafurða. Önnur afleiðing innflutningsbannsins er greinileg aukning á ormatíðni í fiski, séstaklega þorski. Kanadíski fiskiðnaðurinn heldur því fram að það kosti margar milljónir dollara árlega að fjarlægja hringorm úr fiskafurðum. Framleiðendur eru samt hræddir við að styðja opinberlega auknar selveiðar þar sem þeir óttast æsingar í fjölmiðlum og sölutregðu. Samtökin Greenpeace, sem barist hafa gegn selveiðum um allan heim, viðurkenna nú að hringormur sé orðinn mjög mikið vandamál fyrir Kanada, kanadískan fiskiðnað, vegna fjölgunar sela."

Ég bið menn að taka eftir því að jafnvel öfgasamtök eins og Greenpeace viðurkenna að selormur sé vandamál fyrir kanadískan fiskiðnað vegna fjölgunar hringorma.

Í kandídatsritgerð Gunnlaugs Briem við viðskiptadeild Háskóla Íslands sem hann skilaði haustið 1985 — og enginn getur nú sakað hann um að vera á neinn hátt á snærum hringormanefndar — fjallar höfundur um kostnað þann sem útgerð og fiskvinnsla, frysting og söltun, bera af of mörgum selum ef svo má að orði komast. Hann leggur fjárhagslegt mat á þann skaða sem neysla sela veldur útgerð og fiskvinnslu og hann reiknar út þann kostnað sem frysting og söltun bera af ormahreinsuninni. Hann tengir sem sagt hringormavandann við seli hér við land. Þessi kandídatsritgerð kom að vísu ekkert á óvart en helstu niðurstöður eru þær að ormahreinsunin sjálf muni kosta fiskvinnsluna um 250 millj. kr. á verðlagi ársins 1985; lélegri flakanýting muni kosta fiskvinnsluna samtals, frystingu og söltun, um 150 millj.; og neysla sela muni vera 400 millj. kr. virði ef svo má segja. Framreiknað á verðlagi ársins í ár sé það samtals um 1 milljarður sem þessi kostnaður leggur sig á.

Það má vitna í fleiri rit og ég vil sérstaklega benda þeim hv. þm. sem hér kunna að hafa áhuga á fiskeldi og jafnvel laxveiðum, og hafa af því nokkrar tekjur og nytjar, að selur er hinn versti skaðvaldur í laxi. Flokka má skaðsemina í nokkra flokka. Það má segja að það sé át, hann étur lax. Hann skemmir veiðarfæri og étur úr laxanetum og eldiskvíum. Selbitnir og klóraðir laxar drepast. Selir hræða lax frá netum í árósum og valda styggð hjá laxi í eldiskvíum. Það hafa menn horft á að þegar selir nálgast laxakvíar þá stökkva laxarnir upp úr þeim. Og síðan geta selir dreift hringorminum í lax.

Í tímaritinu Andvara, 22. árgangi frá 1897, er fjallað um lax- og selveiðar af Bjarna Sæmundssyni dýrafræðingi. Að hans dómi varð þá að grípa til eftirfarandi aðgerða ef auka skyldi laxveiði í ám: Í fyrsta lagi var að lengja viku friðunartíma hans sem nú er. — Þetta er skrifað 1897. — Í öðru lagi að gjöra allt til þess að eyða selnum í þessum ám og kringum mynni þeirra. Og svo í þriðja lagi að stofna laxaklak.

Bjarni Sæmundsson leggur til árið 1889 að sel verði eytt eða hann styggður brott úr Ölfusá, Breiðdalsvík, Hítará, Hvítá í Borgarfirði og fleiri ám til þess að auka laxagengd. Í þessum anda eru einnig lögin um útrýmingu sels í Húnaósi frá árinu 1937. Erlendar heimildir greina margar frá því að lax sé meðal algengustu fæðuleifa í maga sela, sérstaklega í útsel við Bretlandseyjar. Í Eystrasalti eru laxfiskar einnig mjög ofarlega á matseðlinum hjá selum. Þessi munur á fæðu sela á Íslandsmiðum annars vegar og Norðursjó og Eystrasalti hins vegar getur stafað af mun á rannsóknaraðferðum eða einfaldlega því að lax sé mun algengari á þessum hafsvæðum en við Ísland. Selastofnar hér við land hafa trúlega ekki afgerandi áhrif á stærð laxastofnsins á Íslandsmiðum. Samt getur selur, sem heldur til við ósa laxveiðiáa, haft mikil áhrif á laxagengd. T.d. skýrði Einar Hannesson frá því árið 1982.

Það hefur sem sagt ekki verið kannað hér hvaða áhrif rán sela á laxi við ósa hefur á veiðarnar í laxveiðiánum. Það væri full ástæða til að gera það og ástæða til þess að benda mönnum, sem hafa af því nokkurn ábata eða áhuga, á að það væri ástæða til þess að gera þær tilraunir að friða algerlega ósa áa sem þeir vildu auka laxagengd í. Það eru mörg dæmi þess að selir festist í laxanetum og rífi þau og skemmi. Það er ýmist að selirnir sleppa með skrekkinn eða þeir drukkna í netunum. Selir hafa m.a. vegna þessa verið ófriðaðir í laxveiðiám, eins og t.d. Þjórsá og Hvítá í Borgarfirði, og í nokkrum tilfellum hafa orðið deilur á milli laxveiðibænda og selveiðibænda út af slíku. En sem sagt, það hefur ekki verið kannað hér til hlítar hve miklum skaða selirnir valda laxveiðibændum á þennan hátt heldur, en þær kannanir hafa verið gerðar í Bretlandi, Svíþjóð, Danmörku, Noregi og víðar.

Þá hefur reynslan sýnt það að laxar hræðast veiðarfæri sem selur hefur farið í. Sýnt hefur verið fram á að laxar hræðast selhár og selskinn og það er eins og þeir finni lykt af sel. Selir við ós laxveiðiáa geta því tafið fyrir eða beinlínis komið í veg fyrir það að lax gangi upp ána. Aðrir þykjast hafa séð þess dæmi að lax tekur á sprett þegar selur nálgast og það má sjálfsagt deila um það hvort eitthvert gagn er í því að herða á laxinum upp Hvítá t.d.

Ein aðferðin við laxeldi, sem er vaxandi atvinnugrein hér á landi, er svokallað kvíaeldi. Það eru þegar dæmi um það hér að selir valdi laxeldismönnum vandræðum og skaða. Því hefur Einar Hannesson skýrt frá í sinni grein sem ég vitnaði til hér áðan. Selir hafa sýnt laxeldiskvíunum í Lóni í Kelduhverfi mikinn áhuga og það hefur þurft að verja þær fyrir ágangi sela. Laxarnir í eldiskvínni verða óttaslegnir ef þeir hafa veður af

selnum. Þeir synda meira um, rekast utan í netpokann, skemmast jafnvel og það er talsvert um að þeir stökkvi út úr kvínni í þessum hamagangi. Enn sem komið er hafa selir ekki ráðist á kvíarnar og gert á þær gat en slíkt hefur gerst á nokkrum stöðum í Noregi, þar eru dæmi til þess, og hafa valdið þar miklum skaða.

Í hafbeitarstöðinni í Vogum á Vatnsleysuströnd hefur selurinn lagst á sjógönguseiði og étið þau þegar þeim hefur verið sleppt til hafbeitar úr eldiskerum. Sömu sögu er að segja frá laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði. Í Lóni í Kelduhverfi er þess rækilega gætt að selir séu hvergi nálægir þegar laxaseiðum er sleppt til sjávar. Á þennan hátt er reynt að verja seiðin.

Hringormasýking laxfiska hefur ekki verið könnuð sérstaklega hér á landi en nýlega fundust hringormslirfur, líklegast selormar, í laxi. Það hafa sést hringormslirfur í innyflum í sjóbirtingi. Erlendar heimildir geta um það að í Atlantshafslaxi hafi fundist ýmsar hringormategundir. Selorms er ekki sérstaklega getið í heimildum sem sníkils í laxfiskum en margt bendir til þess að hann sé þegar kominn í íslenskan lax.

Það er aldeilis greinilegt að hagsmunir selveiðibænda og laxveiðibænda eða laxveiðifélaga eða laxeldisfélaga fara ekki saman, enda hafa komið upp kærumál vegna þessa eins og dr. Gunnar Schram, hv. þm. getur um í riti sínu um umhverfisvernd.

Þá vildi ég aðeins víkja að þeirri lagasetningu sem hér stendur fyrir dyrum. Ég gat þess um daginn við 1. umr. að ég hefði tekið þátt í samningu þessa frv. eða frv. þessa efnis. Ég tel að aðstæður séu nú að sumu leyti mikið breyttar frá því sem þá var, veturinn 1982–1983. Ég hef í vaxandi mæli efasemdir um að það sé nauðsyn að setja þessi lög, svo að ég vitni aftur í bók dr. Gunnars Schram, hv. þm., þá stendur þar: „Selveiðar eru almennt heimilar hér á landi, enda hafa þær jafnan talist til umtalsverðra hlunninda. Þó eru veiðar sels nokkrum takmörkum bundnar.“ Og hann rekur það síðan, fjallar um veiðitilskipun frá 1849 þar sem bannað er að skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum þar sem látur eru eða lagnir nær en hálfa mílu frá þeim. Vöðusel eða farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum hvar sem hann vill, en þó ekki nær annars manns landi en 100 faðma tólfrætt frá stórstraumsfjörumáli þar sem nótlög eru né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en áður segir. Þessi friðunarákvæði og veiðitilskipanir gengu skemmra en selveiðieigendur við Breiðafjörð vildu og þá voru sett lög nr. 30/1925, um bann við selaskotum á Breiðafirði og uppidráp. Þar eru öll selaskot bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim sem inn úr honum ganga fyrir innan línu sem nánar er tiltekin í lögum þessum. En netaveiðar eru heimilar á svæðinu.

Enn fremur eru í lögum um lax- og silungsveiði frá 1970 ákvæði um ófriðun sels þar sem hann hefur þótt vágestur í veiðiám og ósum. Segir þar í 83. gr. að rétt sé mönnum að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi óðruvísi mælt í lögum. Ef arður af lax- eða silungsveiði í veiðivatni er meiri en af selveiði — og ég bið hv. þm. að taka vel eftir þessu — er ráðherra heimilt að ófriða friðlýst eða arðgæf selalátur í eða innan við 7 km frá ósi veiðivatns, sbr. 84. gr. Fyrir missi slíkra selveiðinytja skulu þó koma fullar bætur.

Þá er á öðrum stað í riti dr. Gunnars sagt að fullar bætur skuli koma fyrir missi selveiðinytja. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi sem í hlut á. Bætur skulu ákveðnar með mati ef ekki semur og greiða veiðieigendur þær þá í arðskrárhlutfalli.

Niðurstaða mín af þessu er sú að selveiðar séu almennt leyfðar þar sem þær eru ekki bannaðar vegna hlunninda eða af öðrum orsökum. Selveiðar eru stundaðar nú og þær ganga nokkuð vel. Það voru veiddir um 6 þús. selir á s.l. ári, þar af upp undir helmingurinn fullorðin dýr, og þeir voru að langmestu leyti notaðir í loðdýrafóður. Eitt vil ég taka sérstaklega fram: að yfirgnæfandi meiri hluti var veiddur af hlunnindahöfum, sem sagt selveiðibændum.

Mér sýnast engar líkur á því að þetta frv., ef að lögum verður, muni auka selveiðar. Til þess að svo megi verða þarf a.m.k. að gera þær breytingar sem við hv. þm. Karl Steinar Guðnason höfum lagt til á sérstöku þskj. Ég hygg þó að annað tveggja þurfi að koma til til viðbótar:

Annaðhvort þarf að hækka veiðiverðlaun og halda áfram að fara þessa svokölluðu húsdýraleið, því það er húsdýraleið ef hlunnindi eru nýtt og menn hafa af því nokkrar tekjur. Til þess að fara þessa leið þarf aukið fé. Ég veit ekki til fullnustu hvort fjármagn er fáanlegt, annaðhvort frá hagsmunaaðilum í fiskiðnaði, eins og verið hefur, og þá vilja þeir aðilar væntanlega hafa einhverja hönd í bagga með það hvernig því fé er varið og það finnst mér a.m.k. ekki óeðlilegt, eða þá að fjvn. Alþingis ákveður framlag til selveiða árlega. Þess má geta hér að selveiðiverðlaun á s.l. ári voru um 6 millj. kr. og væntanlega verður til þess varið um 9 millj. kr. í ár.

Hin leiðin er svo að reyna að auka selveiðar með meindýraleið. Ráðnir yrðu sérstakir skotmenn líkt og gert er við refa- og minkaveiðar. Ég á von á því að til mikils ófriðar komi ef ákvörðun um fækkun á sel kemur ofan frá. Ég get getið þess hér að tilraun til fækkunar á sel í Noregi — það var bókstaflega ákveðið af norsku hafrannsóknastofnuninni að nú skyldu ráðnir menn til að fækka sel á ákveðnu svæði á Mæri í Noregi — mistókst gersamlega. Það veiddist aðeins um þriðjungur af hinni fyrir fram ákveðnu tölu sem átti að fella.

Ég vil ekki þreyta hv. þolinmóða þm. lengur með þessum athugasemdum. Ég taldi nauðsynlegt að koma þeim á framfæri, einkum og sér í lagi vegna þess hvernig þessi umræða hefur farið á skjön í hv. Nd. undanfarin ár án þess að hv. Ed. hafi fengið þar um að véla. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri í bili en umræðu er væntanlega ekki lokið enn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 91. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, stjfrv. 401. mál (þskj. 742). — Frh. 3. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég aflaði mér upplýsinga í fjmrn. í morgun um að það lægju ekki fyrir tillögur um breytingu á reglugerðum um innheimtu söluskatts í þá átt að söluskattur verði lagður á innri

þjónustu ríkisstofnana, svo sem ríkisspítalanna. Með tilliti til þess mun ég fyrir mitt leyti láta þetta mál afskiptalaust og ekki greiða atkvæði þegar það verður borið upp hér á eftir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1005).

Verslun ríkisins með áfengi, frv. 265. mál (þskj. 498). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1009).

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, stjfrv. 415. mál (þskj. 979). — Frh. 1. umr.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil láta það koma hér fram að þegar þetta mál var til umræðu í ríkisstj. gerði ég athugasemdir við nokkur tiltekin atriði í frv. og áskildi mér allan rétt til að reyna að hafa áhrif á að það yrðu gerðar á því tilteknar breytingar. Ég skal reyna að vera mjög stuttorður því ég hef enga löngun til að lengja umræður um þetta, en ég vil benda á að endurskoðun í sjóðamáli sjávarútvegins fór fram á árinu 1975 og var lögfest með stórfelldri lækkun á útflutningsgjaldi og síðan hélst það að verulegu leyti óbreytt, en upp úr 1980 fer þetta sjóðakerfi aftur að stórhækka eða það varð meiri miðstýring og m.a. með verðbótum úr Aflatryggingasjóði.

Það sem ég hef mest út á þetta frv. að setja er í fyrsta lagi að ég er mjög andvígur því að leggja niður Aflatryggingasjóð sem slíkan. Ég er algerlega sammála því, sem kemur fram í frv., að áhafnadeildin og verðjöfnunardeildin verði lagðar niður því að það má taka það upp í samninga á milli sjómanna og útgerðarmanna, en ekki almenna deildin því að hlutverk hennar er að bæta aflahluti skipa og áhafna þegar almennan aflabrest ber að höndum eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum. Þessu marki hefur verið reynt að ná með því að ákveða meðalveiðimagn, kvótatímabil, veiðisvæði, verstöðvar og skipa veiðiskipum í flokka eftir stærð og veiðarfærum, m.ö.o. að setja saman í flokka þau skip sem líkust skilyrði hafa til veiða með tilliti til stærðar, veiðibúnaðar, löndunarhafnar o.fl.

Ég tel að þessi deild hafi verið þörf frá fyrstu tíð, en í því frv. sem nú liggur fyrir er í grg. látið að því liggja að vegna nýrrar stjórnunar fiskveiða, þ.e. hins svokallaða kvótakerfis, sé ekki lengur þörf fyrir starfsemi eins og almennu deildina. Ég get ekki komið auga á að kvótakerfi geti komið í veg fyrir aflabrest. Ég vil geta þess að kvóti hefur til margra ára verið á humarveiðum og þrátt fyrir það hefur orðið aflabrestur og komið til kasta almennu deildarinnar. Ég bendi á sem nærtækt dæmi að þetta er ekki svo einfalt eins og höfundar frv. vilja vera að láta.

Þá finnst mér mjög slæmt að draga úr og kippa fótunum undan Úreldingarsjóði. Um það má deila í það óendanlega hvort hann hafi nokkurn tíma átt að verða til eða ekki. Aldurslagasjóðurinn eða aldurslagatryggingin er hreinn vátryggingarsjóður þar sem menn greiða iðgjöld og fá bætur alveg eftir ákveðnum reglum og lögum. Þar er engum mismunað. Þar fær enginn meiri bætur en annar eða borgar hærri iðgjöld en annar. Hins vegar var Úreldingarsjóðurinn upp settur með nokkuð öðrum hætti.

Ég óttast þá þróun sem er að verða í uppbyggingu fiskiskipastólsins. Ég held að núna á tveimur síðustu árum hafi bæst við flotann um 300 opnar trillur eða minni dekkbátar á sama tíma og að mestu leyti er lokað fyrir uppbyggingu fiskiskipastólsins. Á sama tíma er mikið fjör í að breyta 12, 14, 15 ára skipum í frystiskip og kaupa til þeirra ný tæki. Auðvitað er líka um vélaskipti að ræða eins og eðlilegt er. En hér er um að ræða yfirleitt verkefni upp á 100 til 120, 130, 140, 150 millj. kr. Ég tel að reglur Fiskveiðasjóðs séu allt of einstrengingslegar í þessum efnum og það beri að leggja fram meira þar sem þörf er á að byggja ný skip ef kaupendur eru fyrir hendi sem eru reiðubúnir að taka á sig að leggja verulega fram fjármagn til slíkra kaupa.

Þá óttast ég að það geti haft alvarlegar afleiðingar að Alþingi sé undir þeim kringumstæðum sem nú eru að skipta sér af skiptaverði. Það er talið af forsvarsmönnum a.m.k. sjö sjómannafélaga á landinu að tekjutap sjómanna á frystitogurum geti numið allt að 5,6% þegar selt er fob, en 5,8% þegar um sif-sölu er að ræða og séu tímabundnar verðbætur undanskildar nemur þessi skerðing, að þeir telja, 3,43%. Ég held að það sé ákaflega hættulegt að fara inn á þessa braut.

Ég er alveg sammála því að það eigi að leggja niður Tryggingasjóð fiskiskipa, en mér finnst það að sumu leyti broslegt, af því að hér eru aðalfeðurnir að því nál. sem þetta frv. byggir á, sem hafa viljað halda þessu sjóðakerfi frá því að endurskoðun átti sér stað 1976, Tryggingasjóði fiskiskipa, að það hefur tekið þá 10 ár, það hefur verið 10 ára meðgöngutími hjá þeim að átta sig á þessu. Ég tel hins vegar ástæðulaust að fela einum aðila þetta að fenginni reynslu, og má þó segja að enginn sé sekari en ég því að ég flutti frv. um vátryggingariðgjöldin og þar var LÍÚ falið að koma þeim peningum áleiðis sem bankarnir héldu eftir, og að þetta hafi verið gert að æðimiklu tekjuöflunarmáli fyrir ein félagasamtök. Ég hefði talið að það hefði mátt aðgæta nánar hvort þetta sé rétt. Er rétt að lögfesta svo áfram að ákveðin samtök eigi að hafa ein með þessa úthlutun fjármuna að gera, líka fyrir þá sem kæra sig ekki um það og eru innan vébanda þeirra og sömuleiðis einnig fyrir þá sem eru ekki félagsmenn í þessum samtökum? Þetta hefði ég talið að hefði mátt vera nokkuð öðruvísi án þess að himinn og jörð færust.

Ég hefði gjarnan viljað ræða miklu ítarlegar um þetta mál, en ég vil ekki á nokkurn hátt leggja stein í götu þess að málið fái þinglega meðferð. Ég bendi þó á að þegar mál eru flutt mjög seint er nauðsynlegt að gefa Alþingi, þó að stuttur sé tími, þó ráðrúm til þess að breyta þeim frv. sem talið er nauðsynlegt að gera breytingu á. Ég vil t.d. benda á að í sambandi við öryggismál sjómanna er talað hér um „að fengnum tillögum öryggisnefndar sjómanna". Ég veit ekki annað en öryggismál heyri undir samgrn., en þá er það falið nefnd sem samgrn. skipar. Þetta fer alls ekki saman og ég trúi ekki öðru en að nefndin muni leiðrétta

jafnlítilfjörlegan hlut og þetta því að það getur auðvitað ekki gengið að ein nefnd hafi fyrst og fremst umsögn um hluti en ekki æðra stjórnvald sem fer með þessi mál.

Ég hefði kosið að tala miklu ítarlegar um þessi mál því það er sannarlega ástæða til, en ég ætla, eins og ég sagði í byrjun, ekki að leggja stein í götu þess. En ég vænti þess að sjútvn. þessarar hv. deildar taki tillit til þeirra ábendinga sem ég hef komið hér fram með.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið umræður um þetta mál þó að það sé vissulega mál sem er þess eðlis að það hefði þurft ítarlegar umræður vegna þess að hér er um stórt mál að ræða. Það er nánast forkastanlegt að mínu viti að nú skuli málið vera hér til 1. umr. þegar rétt tveir sólarhringar eru eftir af þinghaldi hér á Alþingi. Ég dreg mjög í efa að þingmenn almennt, aðrir en þeir sem unnu þetta mál, hafi gert sér grein fyrir því hvað þetta kann að hafa í för með sér, verði þetta frv. samþykkt, miðað við það sem nú er. Ég er ábyggilega einn af þeim mörgu sem gera sér í raun og veru ekki alveg ljóst hvaða breytingar þetta frv. kunni að fela í sér til þess sem verða á frá því sem nú er.

Um þetta hljóta að hafa vaknað margar spurningar hjá mörgum, hvað kunni að vera hér á ferðinni. Ég dreg ekkert í efa að þeir aðilar sem unnu að þessu máli hafa haft vit og þor til að taka réttar ákvarðanir með því að fylgja málinu eftir stig fyrir stig, en eigi að síður hljóta að vakna spurningar um þetta mál.

Það er nú komið í ljós, sem kannske hefur verið vitað fyrr, að þetta er í raun og veru ekkert stjfrv. eins og er sagt í dagskrá t.d. Einn hæstv. ráðh. var hér að andmæla og hafði fyrirvara á ýmsum hlutum þegar málið var rætt í ríkisstj. Í reynd er ekki hér um að ræða stjfrv. í þeirri merkingu sem lögð er í það orð. En það breytir ekki miklu í þessu hvað kann að hafa gerst innan hæstv. ríkisstj. í þessum efnum.

Það eru örfá atriði sem mig langar til að fá upplýsingar um.

Hæstv. samgrh. minntist á Aflatryggingasjóðinn t.d. sem hefur gegnt mikilvægu hlutverki í aflaskorti víðs vegar um landið. Hvað verður, þegar búið er að samþykkja þetta frv. hér, í slíkum tilfellum að aflabrestur verður? Hvað gerist þá? Hleypur einhver undir bagga með þeim svæðum sem verða fyrir þessum vanda eða verða þau látin lönd og leið? Ef svo er að enginn er til til þess að grípa inn í þegar illa árar við sjávarsíðuna á hinum ýmsu stöðum tel ég það illa farið. Ég spyr því hvað menn hugsi sér að eigi að gerast ef aflabrestur á sér stað á hinum ýmsu stöðum eins og við höfum mörg dæmi um, því miður, áður.

Í öðru lagi verður mér litið á 7. gr. Ég sé ekki betur, ég bið menn að leiðrétta ef ég fer með rangt mál, en með þessu frv. sé verið að fella niður fæðispeninga til smærri báta. Nú verða aðeins tveir flokkar. Áður voru þeir þrír ef ég man þetta rétt. Og hver er ástæðan fyrir því að nú á allt í einu að hverfa frá því að trillukarlar, eins og menn orða það, fái áframhaldandi greidda fæðispeninga eins og þeir hafa fengið, ef þetta er réttur skilningur hjá mér? Af hverju er það gert? Hver er meiningin?

Í þriðja lagi er það varðandi lífeyrissjóðsgreiðslurnar. Eins og frv. var, að vísu hefur því verið breytt í Ed., átti Lífeyrissjóður sjómanna að safna þessu öllu saman og líklega deila því út til annarra lífeyrissjóða sjómanna sem eru staðsettir utan Reykjavíkursvæðisins. Mín spurning er í sambandi við þetta hvenær þetta eigi að gerast, á hvaða tíma. Á t.d. mánaðarlega að skila andvirði til viðkomandi lífeyrissjóða eða á það að gerast á einhverjum öðrum tímum? Er meiningin að Lífeyrissjóður sjómanna, sem er hér í Reykjavík, fái einhverjar greiðslur fyrir að útdeila þessum peningum til annarra lífeyrissjóða? Verður það dregið af eða með hvaða hætti á að fara með það mál? Ég veit ekki. Ég óttast mjög að þetta frv. kunni að leiða til þess að hér sé verið að leggja síðustu hönd á eilífðarkvóta, eins og hæstv. sjútvrh. hefur látið í ljós, að hann teldi að öll næsta framtíð sem séð væri hlyti að lúta að kvótalögmáli að því er varðaði fiskveiðar. Mér sýnist, kannske er það vitleysa og betur færi ef svo væri, að hér sé frekar farið inn á þá braut að festa í sessi kvótafyrirkomulagið en að úr því verði dregið. Auðvitað verður það reynslan sem sker úr um það eins og annað hvað í þessum efnum kann að gerast og um það skal ég ekki fullyrða, en ég óttast eigi að síður að reynslan verði í þá átt. Mér sýnist líka að með þessu frv. minnki allar upplýsingar og aðhald að því er varðar aflaskýrslur og annað slíkt sem er auðvitað nauðsynlegt að halda, en ég sé ekki betur en úr því verði dregið.

Í þessu frv. er líka að finna að það á að skipta upp fjármunum, sem verið hafa fyrir hendi, annars vegar til öryggismála sjómanna, sem er að mínu viti fullkomlega eðlilegt, hvort það eigi að gera í gegnum þetta frv. skal ég ekkert fullyrða um, en það verkefni er fullkomlega þess eðlis að í það séu settir fjármunir. Hvort þeir eiga að koma þarna eða með öðrum hætti, um það skulum við ekki deila að sinni.

En það er annað sem er í þessu frv. sem mér þykir enn einkennilegra. Það er að hér eiga að fara 12 millj. til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss í Reykjavík. Trúlega er það byrjunin. Hvaðan eiga peningarnir að koma í áframhaldinu? Ekki gera menn mikið fyrir 12 millj. í þeim efnum, að ég hygg, og einhvers staðar verður meira fé að koma ef á annað borð á að reisa slíka byggingu, eins og hér er talað um, sem ég dreg mjög í efa að hafi neinn sérstakan rétt á að standa í Reykjavík. Ég er ekkert sannfærður um að sjávarútvegshús eigi endilega að vera byggt hér í Reykjavík. Ég hygg að ýmsir aðrir staðir væru betur að því komnir að eignast sjávarútvegshús en Reykjavík.

Ef ég skil þetta frv. rétt sýnist mér að verið sé að leggja niður Fiskimálasjóð. Ég hef út af fyrir sig ekkert sérstakt við það að athuga. En mér þykir einkennilegt, ef þetta er réttur skilningur hjá mér, að í sama frv. og lagt er til að Fiskimálasjóður verði lagður niður eru honum áætlaðar 4 millj. tekjur — ef ég skil þetta rétt, ég tek það enn fram. Mér finnst það einkennileg vinnubrögð að sama frv. skuli innihalda efnislega atriði um að leggja niður heilan sjóð en eigi að síður afla þessum niðurlagða sjóði þó tekna á þessu tímabili. Ég ítreka enn — ef ég skil rétt.

Ýmsar svona vangaveltur hljóta að koma upp í hugann og fleiri en ég hef nefnt þegar svo viðamikið mál, sem hér er um að ræða, kemur á borð þingmanna og ekkert, nema síður sé, við það að athuga að margar spurningar vakni um breytingar frá því sem er til þess sem verða kann.

Eins og hér var minnst á áðan var síðast 1975 breytt til varðandi sjóðakerfi sjávarútvegsins og sú breyting

dugði ekki nema rétt í um fimm ár. Upp úr 1980 fóru breytingar að verða með þeim hætti að enn fór að hlaðast upp sjóða-"system", ef svo má orða, sem er auðvitað vont orð.

Nú er komið að því aftur á 10 ára tímabili að skipta sjóðakerfi sjávarútvegsins að nýju. Vonandi kemur þessi breyting, sem nú er lagt til að gerð verði, betur út og dugar lengur en hin fyrri. En ég hygg að enn þurfi að svara ýmsum kannske mikilvægari spurningum en ég hef hér verið að velta upp frá mörgum öðrum um það til hvers þetta kunni að leiða og númer eitt hvort hér sé um að ræða að menn séu frekar að festa í sessi hið alræmda kvótakerfi, sem ég hef kallað svo og kalla enn, eða hvort hér sé verið að hliðra til til að losa um hnúta þar. Ég á ekki von á því að hæstv. sjútvrh. stígi skref núna til að létta á kvótakerfinu eftir hans ummælum bæði fyrr og nú og hér sé frekar verið að stíga skrefið til þess að festa kvótakerfið í sessi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 92. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, að loknum 91. fundi.

Fasteigna- og skipasala, stjfrv. 320. mál (þskj. 906 (sbr. 591), brtt. 982, 1003). — 3. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í önn dagsins ganga mál kannske ekki alveg fyrir sig eins og þau eiga að gera. En allshn. sat á fundi og var með þetta mál til umfjöllunar. Þar var samstaða um að leggja til ákveðna hluti og formaður nefndarinnar Gunnar G. Schram, hv. 2. þm. Reykn., mun birtast hér eftir örfáar mínútur. Mér þætti vænt um ef forseti gæti orðið við þeim tilmælum að fresta þessu máli þangað til nefndin gerði grein fyrir málinu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það stendur nú svo illa á að umræðunni var lokið. Það var búið að ljúka þessari umræðu, það er ekki auðvelt að taka það mál upp að nýju. Hins vegar verður orðið við því að fresta þessu sinni að taka þetta mál til lokaafgreiðslu, en umræðunni var lokið.

ATKVGR.

Brtt. 1003 tekin aftur.
Brtt. 982 samþ. með 20:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, stjfrv. 413. mál (þskj. 762, n. 986, brtt. 983). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. og skilað nál. á þskj. 986. Það undirrita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal og með fyrirvara Svavar Gestsson og með fyrirvara einnig Jón Baldvin Hannibalsson.

Það er rétt að geta þess að nefndarmenn telja að ekki sé ástæða til að láta sérstök viðurkenningarskjöl umfram venjulegar kvittanir fyrir þessa skattagreiðslu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. fjh.- og viðskn. með fyrirvara. Ég styð málið og mun greiða því atkvæði. Ég tel ástæðu til að fagna því að ríkisstj. hefur loksins, þó með sérkennilegum hætti sé, tekið ákvörðun um það að reyna að reka af sér slyðruorðið í sambandi við þjóðarbókhlöðuna.

Ég minni á að á síðasta þingi voru þessi mál nokkuð til umræðu, bæði í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, þar sem till. okkar Alþýðubandalagsmanna um fé til þjóðarbókhlöðunnar voru felldar, og eins í sambandi við önnur mál þar sem ég m.a. stakk upp á því að þessi byggingarkreppa þjóðarbókhlöðunnar yrði leyst með sérstöku fjáröflunarátaki. Þáv. ráðherra tók þessari till. minni illa í fyrra og sýndi engan lit á því að koma til móts við þær hugmyndir. Ég fagna því að hæstv. núv. menntmrh. skuli hins vegar hafa tekið undir þessi sjónarmið og ætlunin sé að gera verulegt átak í sambandi við byggingu þjóðarbókhlöðunnar en það er öllum til skammar hvernig þau mál hafa þróast.

Ég vil einnig sérstaklega fagna því, herra forseti, að það skuli liggja fyrir að Sjálfstfl. skuli vera horfinn frá afstöðu sinni í sambandi við álagningu eignarskatts. Það hefur verið rætt talsvert um það á undanförnum árum að eignarskattur ætti í ríkara mæli að verða tekjulind fyrir ríkissjóð. Það var ákveðið skref samþykkt í þeim efnum á síðasta þingi þegar samþykkt var að 0,25% eignarskattur rynni til húsnæðismála og núna er hér enn till. um að leggja til að lagður verði á 0,25% eignarskattur, í þetta skiptið til þjóðarbókhlöðunnar. Ég hlýt að lýsa sérstakri ánægju minni með það að ríkisstjórn þar sem Sjálfstfl. er í sterkri aðstöðu og með fjmrh. skuli brjóta með þessum hætti gegn kosningafyrirheitum Sjálfstfl. fyrir kosningarnar 1983. Mér þætti vænt um að það yrði á sem flestum sviðum, herra forseti.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég gat um það við 1. umr. þessa máls að ég mundi leggja fram brtt. Hún er þannig:

„1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 skal lagður á sérstakur eignarskattur er renna skal að hálfu til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðu og að hálfu til hafnamála.

Við 2. gr. Í stað „0,25%" í a- og b-lið komi: 0,50%."

Ég gat um það í stuttu máli hvernig ástand væri víða í höfnum landsins og hvernig þróunin hefði verið. Það er mjög lítið til framkvæmda á þessu ári og neyðarástand í höfnum víða um land.

Ég fagnaði því að hæstv. menntmrh. tók úr þessum ræðustól eindregið undir það að þessi brtt., að mér skildist, yrði samþykkt. Þess vegna er ég eiginlega undrandi á því að frsm. þeirrar nefndar, sem hafði þetta til meðferðar, skyldi ekki einu sinni sjá ástæðu til að geta um það í sinni framsöguræðu að þessi till. lægi hér fyrir.

Ég vil spyrja hv. þm. að því hvort þeir haldi í raun og veru að ætti að hafa forgang með framkvæmdafé,

hafnirnar sem eru að eyðileggjast, sem eru ónógar fyrir fiskiflota okkar, eða þjóðarbókhlaðan. Ég er alveg sannfærður um að það verður tekið eftir því hvernig þetta mál verður afgreitt hér á hinu háa Alþingi.

Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu. Þetta mál liggur það beint fyrir að það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta. Það er t.d. neyðarástand á einum fimm stöðum í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir. Þetta er þjónusta við aðalframleiðslugrein þjóðarinnar og ég taldi að það mundi vera sjálfsagt mál að leysa þetta með einhverjum hætti og a.m.k. væri ekki ástæða til að leysa hitt öðruvísi en að þetta fylgdi með.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að fagna því að samkomulag verður á Alþingi um að gera ráðstafanir til að fjármagna byggingu þjóðarbókhlöðu. Það hefur verið langt frá því að vera vansalaust hvernig hefur verið staðið að fjárveitingum til þessa verkefnis í mörg ár.

Fyrir liggur hver viljayfirlýsingin af annarri af hálfu Alþingis allt frá því er undirbúningur þessa verkefnis hófst á 7. áratugnum og margsinnis ályktaði Alþingi að standa saman um það að gefa þjóðinni þessa gjöf sem væri samboðin okkar menningararfi.

Það þekkjum við vel að það hefur kostað mikla baráttu að fá fjárveitingar til þessa verkefnis og vissulega hefur það verið fjarri því að ganga með þeim hraða sem þurft hefur. Sérstaklega hafa upphæðir, sem samþykktar hafa verið á fjárlögum, verið of litlar. Svo var á fjárlögum fyrir árið 1985, en þó nokkuð í áttina. En aukafjárveiting fékkst á s.l. ári til viðbótar því sem samþykkt var á fjárlögum að upphæð 10 millj. kr.

Að gefnu tilefni um almenna afstöðu sjálfstæðismanna til eignarskatts vil ég geta þess að það er skattform — og sérstaklega hækkun skatta af því tagi — sem mér er ákaflega þvert um geð. Hitt er svo annað mál að hér er um að ræða skattauka sem staðið hefur um nokkurt skeið og ef við samþykkjum það að framlengja hann sé ég ekki betur en að þetta mikilvæga mál sé í höfn. Og svo mikið hef ég reynt á þeim tíma sem ég var menntmrh. að koma þessu máli í höfn, eða á þann rekspöl að sjáanlegt væri að hraðinn gæti orðið viðunandi, að mér er mætavel ljóst að ekki duga aðrar ráðstafanir en einhverjar þær sem eru annars konar en þær sem við venjulega grípum til með því að samþykkja fjárveitingar á fjárlögum.

Þess vegna lýsi ég mig eindregið fylgjandi þessu frv. og fagna því að Alþingi sýni áhuga sinn í verki með því að samþykkja þetta frv. sem ég vona að verði.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Alþb. hefur alla tíð stutt eindregið að staðið væri með eðlilegum og myndarlegum hætti að byggingu yfir bókasöfn hér í höfuðstaðnum og byggingu þjóðarbókhlöðu. Það var fyrir tilstuðlan Alþb. að þetta mál var tekið inn í stjórnarsáttmála í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens. Á þeim tíma var húsið steypt upp, í menntamálaráðherratíð núv. hæstv. forseta deildarinnar og var það vissulega til sóma. En ekki hefur verið framhald á þessu í tíð núv. ríkisstj. og fjárveitingar litlar sem engar til þessara mála.

Sá málabúnaður, sem hér er uppi hafður í sambandi við þetta efni, er hins vegar mjög kyndugur svo að ekki sé meira sagt. Í stað þess að standa að þessu máli með eðlilegum hætti og veita til þessa verks fjárveitingum á fjárlögum er farið að taka þetta mál sérstaklega út úr og það á tíma sem engin nauðsyn ber til. Það er eðlilegt að um þetta mál sé fjallað samhliða fjárlagagerð og það breytir engu hvort þetta frv. er samþykkt á þessu vori eða fjallað um þetta efni á síðari hluta ársins vegna þess að á þessi mál reynir ekki fyrr en á árinu 1987 í sambandi við fjáröflun skv. þessu frv.

Ég hlýt að benda á að þessi málsmeðferð er óeðlileg og ekki skynsamleg af hálfu ríkisstjórnar sem skorið hefur niður samneysluþætti í þjóðfélaginu um helming á sinni tíð og sett í svelti eitt nauðsynjamálið eftir annað um land allt. Hér eru nefndar hafnir en það mætti taka alla helstu samneysluþætti í landinu sem falla undir þennan niðurskurð.

Ég treysti mér því ekki til þess að styðja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir vegna þess að um þessi efni ber að sjálfsögðu að fjalla í samhengi. Ég mun hins vegar styðja þá brtt. sem hér hefur verið flutt af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og hann hefur mælt hér fyrir þó að það mætti vissulega taka aðra þætti inn í þetta dæmi ef menn á annað borð vilja afgreiða þetta mál hér og nú og taka það til afgreiðslu.

Ég ítreka það að ég hvet til þess að lokið verði byggingu þjóðarbókhlöðu með eðlilegum hætti og á eðlilegum tíma. En málsmeðferð af þessu tagi er ekki samboðin Alþingi að mínu mati þegar þannig er tekið á hinum mikilsverðustu málum sem raun ber vitni í tíð þessarar ríkisstj.

Ég vænti þess að menn hverfi að því ráði að taka þessi mál upp í eðlilegu samhengi að hausti og mun með ánægju stuðla að því, eins og Alþb. hefur gert á undanförnum árum, að það verði um að ræða eðlilegt fjármagn til byggingar þjóðarbókhlöðu þannig að sú framkvæmd nái fram að ganga jafnhliða því sem tekið verði með öðrum hætti á algerum nauðsynjamálum, jafnt varðandi menningar- og menntamál vítt um land svo og aðra þætti þar sem reynir á fjárframlög úr sameiginlegum sjóði.

Það er svo sannarlega kapítuli út af fyrir sig að heyra innantökur talsmanna Sjálfstfl. í sambandi við þá skattheimtu sem hér um ræðir og er það út af fyrir sig vel að Sjálfstfl. skuli fást til þess að leggja skatta á stóreignir og hefði fyrr mátt vera.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa langt mál um þetta mál sem hér er á dagskrá. Ég lýsti afstöðu minni til þess á fundi á laugardag. Ég er andvígur málinu og mun greiða atkvæði gegn því.

Hv. þm. eru hver á fætur öðrum að vitna til fráhvarfs Sjálfstfl. frá eignarskattstökunni. Hæstv. iðnrh. nikkaði á laugardaginn var þegar formaður Alþfl. var að vitna til þess að Sjálfstfl. væri fallinn frá fyrri ákvörðunum sínum varðandi eignarskatta. **(Iðnrh.:** Ég var í París á laugardaginn.) Það vita allir að hæstv. iðnrh. er búinn að vera lengi í París, það var ekki bara á laugardaginn, það er langt síðan. — En ekki hvarflar að mér að halda að Sjálfstfl. sem heild sé horfinn frá því sjónarmiði sem hann hefur haft fyrir stefnu að því er varðar eignarskattinn. Ég vildi gjarnan biðja hæstv. fjmrh., formann flokksins, að koma hér í ræðustól og segja hver stefna Sjálfstfl. er nú varðandi eignarskattstöku, álagningu

eignarskattsauka. Ég vil heyra það frá formanni flokksins ef flokkurinn sem heild er horfinn frá fyrri stefnu í þessum málum.

Ég er hins vegar á því að hæstv. menntmrh. hafi nánast þröngvað þessu liði inn á að samþykkja þetta nú, líklega fyrst og fremst vegna þess að hann varð að falla frá lánasjóðsmálinu á sínum tíma. Hann hefur fengið þetta í skiptum fyrir það að falla frá lánasjóðsmálinu og fengið þetta í gegn með þeim hætti sem það nú birtist hér á Alþingi. Út af fyrir sig má kannske hæla hæstv. menntmrh. fyrir það, enda er hann duglegur á mörgum sviðum. En ég óska sérstaklega eftir því að hæstv. fjmrh. komi hér í ræðustól og lýsi yfir hver stefna Sjálfstfl. er nú varðandi álagningu eignarskatta eins og hefur verið um að ræða í þessu tilfelli.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson var undrandi á því að frsm. fyrir nefndinni áðan skyldi ekki nefna á nafn tillögu sem hann flytur. Aldrei hvarflaði það að mér að neinn af þm. Framsfl. ætlaði að fyrra bragði að taka undir slíka tillögu í þessum efnum. Það má meira gerast en það að þeir ætli að fara að lofa fyrir fram að leggja á sérstaka skatta til þess að láta í hafnarframkvæmdir í landinu. Það þarf að segja mér það tvisvar til þess að ég trúi því.

Já, það er langt frá því að vera vansalaust, segir hæstv. heilbr.- og trmrh., hvernig farið hefur verið með blessaða þjóðarbókhlöðuna. Ætli það séu ekki mörg fyrirtækin, ætli það séu ekki margar hafnirnar í landinu sem eru að molna niður undan sjávargangi og ekki verður við neitt ráðið? Ætli það séu ekki mörg skólahúsnæðin í landinu sem eru að drabbast niður vegna þess að það vantar fjármagn til þess að framkvæma fyrir þau? Ætli það séu ekki svo og svo mörg framkvæmdamál sem er langt frá að sé vansalaust að láta halda áfram eins og þau hafa verið rekin undangengin ár? Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti þjóðarbókhlöðunni. En Ísland lifir ekki á þjóðarbókhlöðunni einni saman. (Gripið fram í.) Það má vel vera að hv. þm. Guðrún Helgadóttir lifi á henni en þeir verða ekki margir henni til fylgdar sem lifa eingöngu á þjóðarbókhlöðu. Ætli það þurfi ekki undirstöðuna fyrst? Ætli það þurfi ekki fiskinn, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, til þess að þetta land byggist eðlilega og þeir sem eftir verða hér á skaganum geti lifað eðlilegu lífi ef þeim fer ekki svo mjög ört fækkandi miðað við það hvernig ástand hefur verið hér undangengin ár?

Nei. Ég er út af fyrir sig ekki að hafa sérstaklega á móti framkvæmdum við þjóðarbókhlöðu. En að taka það mál út úr með þeim hætti sem hér er gert tel ég af og frá, ekki síst vegna þess að það liggur ekki svo á því. Það verða engar framkvæmdir fyrr en á næsta ári og þá er hægt að hafa það inni í fjárlögum. Ég á a.m.k. eftir að sjá það að við afgreiðslu næstu fjárlaga, að óbreyttu þingliði, verði verulega auknar fjárveitingar til hafnaframkvæmda í landinu, til flugvallagerðar í landinu, til skólabygginga í landinu og svo mætti lengi halda áfram að telja. Það þarf eitthvað meira að ske heldur en það sem nú er um talað til þess að hér verði hugarfarsbreyting hjá þeim sem ráða ferðinni til þess að auka framkvæmdafé til þessara mikilvægu málaflokka. Það mætti ábyggilega telja í tugum þau hafnarmannvirki sem ekki bara liggja undir skemmdum heldur eru þegar orðin skemmd vegna fjársveltis undanfarin ár. Og við getum ekki unað því öllu lengur að við slíkt verði látið halda. Það verður að grípa til hendinni og ég tel það verkefni framar því verkefni sem er verið að tala um, þjóðarbókhlöðunni. Það er mikilvægara að sinna þeim verkefnum sem eru undirstaða þess að fólk geti lifað í þessu landi, sem er sjávarútvegurinn, hafnaraðstaðan.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. fjmrh., formanns Sjálfstfl. Hefur orðið stefnubreyting hjá Sjálfstfl. að því er varðar eignarskattsálagninguna með tilkomu þess frv. sem er verið að ræða?

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól til að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta frv. og fagna því að það er komið fram. Ég hef heldur ekki sem Alþýðubandalagsmaður neitt á móti því að eignamenn greiði skatta og beri kostnað af samneyslu og þjónustufyrirtækjum.

Það er auðvitað, eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði, engan veginn vansalaust að þjóðarbókhlaða skuli standa óinnréttuð eftir að Alþingi samþykkti árið 1970 svohljóðandi tillögu með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist þjóðarbókhlaða er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn."

Allir vita að þessi ágæta tillaga er ekki komin lengra í framkvæmd en eins og öllum er kunnugt. Hið háa Alþingi og hv. þm. sem hér hafa tekið til máls hafa ekki allir verið heiðarlegir í málflutningi. Menn vísa til fjárlagagerðar. Hver hv. þm. hér inni veit ekki að menntmrh. eiga ekki alltaf sjö dagana sæla þegar komið er að gerð fjárlaga? Það vill nú einu sinni svo til að það sem hv. þm. og hæstv. ráðherrar oftast tala um á hátíðastundum, menningin og menntunin í landinu, verður ævinlega síðast á dagskrá þegar komið er að fjárlögum. Ég fagna því þess vegna að einum hæstv. menntmrh. sé þetta mál slíkt alvörumál að hann setjist niður og leiti annarra ráða. Og það er mér að meinalausu þó að hann leiti til eignamanna þjóðfélagsins. Það gerði þá ekki til þó að þeir færu loksins að borga. Þessi málflutningur sem hér hefur verið hafður í frammi er því gjörsamlega fáránlegur og út í hött. Ég harma slíkar raddir frá Alþb. vegna þess að áður hefur verið vikið að því að bygging þjóðarbókhlöðu var skilyrði fyrir samstarfi þegar ríkisstjórn hæstv. þáv. forsrh. Gunnars Thoroddsens var mynduð og ég hélt ekki að Alþb. hefði skipt neitt um skoðun í því efni.

Auðvitað er eftir að leggja mikið af þjóðvegum í þessu landi. Auðvitað er eftir að byggja hafnir. Og það er næstum eftir að byggja alla flugvelli landsins, að ég nú ekki tali um dagheimili og hvað sem er. Ef við ætlum að bíða eftir að þessu verði öllu lokið og ljúka þá við byggingu þjóðarbókhlöðu er ég ansi hrædd um að það mál verði komið í nokkurn eindaga. Vita menn t.d. að Háskólabókasafn, sem á að fá inni í þjóðarbókhlöðu, er orðið á því stigi að það sæmir engum nútímaháskóla? Hvað þýðir það? Verðandi menntamenn þessarar þjóðar vantar bókakost svo alvarlega að þess eru dæmi að deildir eru að kenna 25 ára gamlar bækur eins og hv. þm. Árni Johnsen upplýsti ekki alls fyrir löngu, meira að segja 25 ára gamlar bækur um markaðssetningu og sölumennsku.

Ég held, hv. þm., að alþýða þessa lands tapi engu á því að þjóðarbókhlaðan verði byggð. Og þeir sem vildu kannske heldur byggja dagheimili og raða öðruvísi í forgang skulu gera sér ljóst að þjóðarbókhlaða er

undirstaða lífs þeirra barna sem nú eru að vaxa upp og eiga eftir að reka þetta þjóðfélag áfram. Við erum að dragast aftur úr vegna lélegs bókakosts. Háskólinn er að dragast aftur úr af sömu ástæðu. Það sæmir ekki að hv. þm. vilji hafa þetta ástand þannig og setji fyrir sig ýmist heldur lítilsigld kjördæmasjónarmið og ekki rishærri flokkspólitísk sjónarmið. Sú var tíðin að samstaða var á Alþingi um byggingu þjóðarbókhlöðu. Ég skora á hv. þingheim að samþykkja þessa tillögu og tefja ekki framgang málsins með innihaldslausu rausi.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég var nú ekki viðstödd 1. umr. um þetta mál hér s.l. laugardag og gat því ekki lýst afstöðu Kvennalistans til málsins sem liggur raunar fyrir á þskj. 956. Þar sem nú er mikill asi á þm. og hraði í þingstörfum má búast við að einstök nál. séu ekki endilega lesin vandlega og til þess að afstaða Kvennalistans fari ekkert á milli mála mun ég vitna til þessa nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed., með leyfi forseta:

„Minni hluti nefndarinnar telur brýnt að sem fyrst komist skriður á framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu og átelur harðlega að lítið eða ekkert fé skuli undanfarið hafa verið veitt til byggingar hennar. Minni hl. bendir á hversu brýna nauðsyn beri til að ljúka þessari byggingu sem allra fyrst, svo að leysa megi óviðunandi aðbúnað höfuðbókasafna landsins og jafnframt að til skammar er fyrir stjórnvöld hversu lengi hefur dregist að afhenda þjóðargjöfina frá 1974.

Hins vegar telur minni hl. þá leið, sem farin er í þessu frv. til að fjármagna framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu, með öllu óviðunandi. Þjóðarbókhlaða er hús þjóðarinnar allrar og hana á þjóðin að byggja, ekki eignamenn hennar eins og lagt er til í þessu frv. Í stað þess að fara þá leið sem lögð er til í þessu frv. á að veita fé til byggingar þjóðarbókhlöðu á fjárlögum ár hvert beint úr sameiginlegum sjóði landsmanna allra, ríkissjóði.

Þá ber þess að geta að ef á að leggja á sérstakan eignarskatt, eins og frv. kveður á um, væri langeðlilegast að sá skattur rynni beint til húsnæðismála og kæmi þeim til góða sem nú eru að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn, við ólíkt verri aðstæður en næsta kynslóð á undan þeim. Réttmætast er að beita slíkum skatti til að jafna þá kynslóðamismunun sem átt hefur sér stað í húsnæðismálum hér á landi.

Einnig bendir minni hl. á að frv. þetta kemur ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1987 og að enn er nægur tími fyrir ríkisstj. til að undirbúa fjárveitingu til þjóðarbókhlöðu á fjárlögum ársins 1987. Því leggur minni hl. til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti."

Undir þetta skrifar Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Herra forseti. Ég er samþykk þessu nál. og mun greiða atkvæði samkvæmt því.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil í upphafi segja það að ég er ekki andvígur álagningu eignarskatts. Ég er hins vegar andvígur því sem kemur fram í 1. gr. frv. sem er til umræðu, að þessum sérstaka eignarskatti sé varið til byggingar þjóðarbókhlöðunnar. Ég er almennt talað andvígur mörkun tekjustofna. Ég held að það sé ekki skynsamleg leið í uppbyggingu okkar skattakerfis og varðandi okkar ríkisfjármál og varðandi okkar framkvæmdir að við stöndum þannig að málum og hvar endar það þá?

Þess vegna verð ég líka að lýsa því yfir að ég er andvígur brtt. hv. alþm. Stefáns Valgeirssonar um það að hækka þennan eignarskatt í 0,5% og verja honum að hálfu til hafnamála, m.a. vegna þess að það mundi gefa um það bil 120 millj. kr. til hafnaframkvæmda á næsta ári. Slíkur markaður tekjustofn mundi örugglega leiða til þess að mönnum dytti ekki í hug að þar kæmi til greina að hafa hærri upphæð heldur en sem honum næmi og 120 millj. kr. er allt of lítil upphæð til þessa verkefnis á næsta ári.

Ég get ekki ímyndað mér neitt um það á þessu stigi eða haft um það hugmyndir hver kann að verða niðurstaða við frumvarpsgerð í sumar og við afgreiðslu Alþingis á fjárlögum fyrir næsta ár hvaða upphæðum verður varið til einstakra framkvæmdamálaflokka eins og t.d. hafna. En það er ljóst að 120 millj. kr. er of lítil fjárveiting til þeirra framkvæmda sem þar eru margar og brýnar fyrirliggjandi og þyrfti enn hærri upphæð til.

Varðandi þjóðarbókhlöðuna sem slíka er það auðvitað rétt, sem hefur komið fram í máli ýmissa hv. þm., að það er ekki til neins sóma fyrir Alþingi hvernig að því hefur verið staðið. En það er heldur ekki til neins sóma fyrir Alþingi hvernig staðið hefur verið að ýmsum öðrum opinberum framkvæmdum á seinustu árum. Við höfum hins vegar orðið að horfast í augu við þær staðreyndir hvernig ríkisfjármálum hefur verið háttað og við höfum sætt okkur við það að ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir hafa verið skornar niður og þær orðið að bíða betri tíma. Svo á einnig við með þjóðarbókhlöðuna. Við ákváðum í sambandi við samþykkt fjárlaga fyrir síðustu áramót að fresta þeirri framkvæmd. Við höfum ekki efni til þess á þessu stigi að leggja í átak þar. Það yrði að bíða. Og ég ítreka það að mér sýnist að við verðum að horfa til framtíðar með það eins og ýmis önnur verkefni og takast á við það þegar við stöndum næst að gerð fjárlaga hversu mikið við treystum okkur til að leggja til þessarar byggingar svo sem til ýmissa annarra. Það eru margar þarfar framkvæmdir sem verða að bíða. Eins og öllum þm. er kunnugt tekur ríkissjóður lögum samkvæmt þátt í ýmiss konar framkvæmdum með sveitarfélögunum, svo sem hafnagerð, skólabyggingum, sjúkrahúsauppbyggingu, heilsugæslustöðvum, dagvistunarheimilum, svo að eitthvað sé upp talið. Þessi framlög hafa farið minnkandi að raungildi undanfarin ár og telja mörg sveitarfélög nú þegar að þau eigi miklar kröfur á hendur ríkissjóði af þessum sökum þó að þær skuldbindingar séu ekki samkvæmt skriflegum bindandi samningum. En þetta þekkjum við mjög vel, þeir sem hafa setið í fjvn. að undanförnu, og þar eru stórar kröfur uppi.

Mér telst svo til að á fjárlögum ársins 1986 sé veitt einhver fjárhæð til u.þ.b. 240 skólamannvirkja, ýmist til byggingarframkvæmda eða undirbúningsframkvæmda. Það eru fjárveitingar til 36 sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða og um 70 dagvistunarstofnana. Og allar þessar upphæðir eru of litlar miðað við það sem þyrfti að gera og miðað við þær framkvæmdir sem í gangi eru.

Ég get tekið undir margt, kannske flest, af því sem kemur fram á þskj. 956, nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. sem lagt var fram í Ed., og ég verð að segja það að ef niðurstaðan verður sú og menn verða sammála um

það að leggja á eignarskatt eða eignarskattsauka, eins og reyndar er í gildi í dag, sé ekki óeðlilegt að þeim eignarskattsauka sé varið til þess að létta undir með þeim húsbyggjendum sem eiga í erfiðleikum nú og hafa orðið að sitja við allt aðrar, verri og ólíkari aðstæður heldur en kynslóðin sem var að byggja á undan þeim eins og segir í þessu nál. Undir það get ég tekið.

Hitt vil ég ítreka að almennt talað er ég á móti því að við samþykkjum markaða tekjustofna eins og hér er lagt til. Ég sé ekki hvert mundi stefna ef það ætti að vera svo áfram. Þess vegna finnst mér það ómaklegt þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir kallar það „innihaldslaust raus" þegar menn lýsa skoðunum sínum á slíkum grundvallaratriðum eins og hér eru á ferðinni og ég vísa því algerlega á bug, þó ég láti þetta álit mitt í ljós, að það geti flokkast sem slíkt.

Ég verð því miður, herra forseti, að lýsa því yfir að ég get ekki samþykkt þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. þm. Vestf. vil ég taka fram að stefna Sjálfstfl. gagnvart eignarsköttum er óbreytt. Á síðasta þingi tók Sjálfstfl. þátt í því að leggja á sérstakan eignarskattsviðauka tímabundið til ákveðins verkefnis. Ég var sjálfur flm. að þeirri tillögu hér á hinu háa Alþingi. Þessi eignarskattsauki fellur úr gildi um n.k. áramót. Sá eignarskattsauki sem er til umræðu og fara á til þess að ljúka byggingu þjóðarbókhlöðunnar er beint framhald af þeirri ákvörðun sem tekin var í fyrra. Hér er ekki um að ræða viðbót við eignarskatt, hér er ekki um að ræða hækkun á eignarskatti frá því sem nú er og fyrir því get ég fellt mig við þetta frv. og staðið að samþykkt þess. En Sjálfstfl. hefur verið og er andvígur því að hækka eignarskatta umfram þetta mark eins og sakir standa.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Menn koma hér upp í hópum og lýsa afstöðu sinni. Ég skal leitast við að gera það í sem allra fæstum orðum til að hefja megi þingflokksfundi á eðlilegum tíma.

Ég er efnislega hlynntur því að reynt verði að ljúka byggingu þjóðarbókhlöðu sem allra fyrst og tek undir þau orð sem hafa fallið um það. En ég tel hér vera mjög óeðlilega málsmeðferð á ferðinni og ég vísa í fyrirvara á nál. Ragnars Arnalds í Ed. um það efni. Auðvitað er mjög sérkennilegt að vera að binda ráðstöfun þessa tekjustofns nú á vordögum á Alþingi þegar fyrir liggur að samþykkt verða fjárlög fyrir þann tíma sem viðkomandi ráðstöfun tekur síðan gildi um næstu áramót.

Af sama toga eru athugasemdir mínar við brtt. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Það liggur auðvitað fyrir að í fjárlögum á Alþingi næsta vetur verður ákveðið heildarfjármagn látið renna til hafnamála og þar með yrði væntanlega þessi markaði tekjustofn einungis dreginn frá því sem ella væri. Ég sé því engan tilgang í því að styðja þá brtt. þó að ég sé henni sammála, þ.e. þeirri hugsun hennar að nauðsynlegt sé auka verulega fjárveitingar til hafnamála. En við stöndum hér, herra forseti, frammi fyrir því að einstakir þm. stjórnarliðsins og einstakir hæstv. ráðherrar treysta sér ekki til að búa við fjárlög hæstv. ríkisstj. og grípa þess vegna til slíkra örþrifaráða, eins og ég vil kalla þennan málatilbúnað, að draga út úr einstaka málaflokka og reyna að koma þeim með sérstökum framhjáhlaupum í gegnum Alþingi til að þurfa ekki að búa við þá smán og þá skömm sem fjárveitingar hæstv. ríkisstj. eru til einstakra málaflokka eins og til að mynda þjóðarbókhlöðu og hafnamála. Niðurstaðan af þessu er því fyrst og fremst algert stefnuleysi í ríkisfjármálum. Hæstv. ríkisstj. hefur enga stefnu. Nokkrum mánuðum eftir að fjárlögum er lokað koma slíkar flugeldasýningar upp hjá einstökum hæstv. ráðherrum og einstökum þm.

Ég vil líka segja, herra forseti, og skal svo ljúka máli mínu, að jafnnauðsynlegt og ég tel að drífa þessa þjóðarbókhlöðu áfram vil ég og minna á að margar mjög þýðingarmiklar framkvæmdir í landinu voru skornar niður svo að algjörlega óviðunandi er í síðustu fjárlögum og hafa verið það í tíð þessarar ríkisstj. Ég vil nefna aðeins eitt dæmi, K-bygginguna á Landspítalalóðinni. Ég vil spyrja hv. þm., til að mynda hv. þm. Reykv. og hv. þm. í fjvn.: Eru þeir alveg sannfærðir um að það sé rétt forgangsröðun verkefna að verja ekki nema fáeinum tugum milljóna í þetta helsta stórvirki okkar á sviði heilsugæslunnar nú um stundir, K-byggingu Landspítalans eða ríkisspítalanna, á sama tíma og á að fara að verja kannske á annað hundrað milljóna á hverju ári á næstu árum í þjóðarbókhlöðuna? Ég er ekki viss um, herra forseti, að ég geti borið ábyrgð á slíkri forgangsröðun verka og treysti mér því ekki til að styðja þetta frv. En sé það vilji hæstv. ríkisstj. að láta það fram ganga mun það ekki mæta mótatkvæði mínu.

ATKVGR.

Brtt. 983,1 felld með 23:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, SV.

nei: GGS, HÁ, HBl, JS, JBH, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHH, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, FrS, GB, GJG, GHelg, IG.

KP, KH, KSK, SJS, SvG, EH, FÞ greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (HG, KJóh, RH, EBS, GSig, GeirG, KMK, GA) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 23:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, StH, SvG, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GJG, GHelg, GGS, HBl, JBH, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHH, IG.

nei: SV, GB, KP, ÓÞÞ.

SJS, JS, KH, KSK greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (EBS, GSig, GeirG, KMK, GA, HÁ, HG, KJóh, RH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég tel fráleitt að þetta mál gangi t.d. fyrir höfnunum og segi því nei.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Eins og fram kom við umræður um þetta mál er nógur tími og ráðrúm fyrir hæstv. ríkisstj. til að tryggja þjóðarbókhlöðunni viðunandi framlag á næstu fjárlögum. En með hliðsjón af því að flutningur þessa stjfrv. um álagningu eignarskatts felur í sér óvænta en ánægjulega stefnubreytingu að því er varðar afstöðu Sjálfstfl. til þessa skattstofns og það hlýtur að hafa fordæmisgildi í framtíðinni segi ég að vísu já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þrátt fyrir mjög ánægjulega stefnubreytingu hjá Sjálfstfl. treysti ég mér

ekki til að mæla með skattheimtu til ákveðinna verkefna þar sem slíkt mundi fjölga mjög ákvæðum um skattalög á Íslandi og segi nei.

Brtt. 938,2 tekin aftur.
2.–6. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv. 367. mál (þskj. 661, n. 992). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. félmn. sem hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Þetta er frv. sem gerir ráð fyrir því að Innheimtustofnun sveitarfélaga sé heimilt, þegar vanskil verða á meðlagsgreiðslum, að reikna dráttarvexti af gjaldföllnum meðlagskröfum og skulu dráttarvextir reiknaðir með sama hætti og hjá innlánsstofnunum, bönkum og sparisjóðum.

Nefndin athugaði þetta frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Undir þetta rita auk mín hv. þm. Halldór Blöndal, Stefán Guðmundsson, Eggert Haukdal, Stefán Valgeirsson, Svavar Gestsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Eins og fram hefur komið þótti nefndarmönnum eðlilegt að dráttarvextir væru reiknaðir af meðlagsskuldum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv. 260. mál (þskj. 838, n. 987). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. fjh.- og viðskn. sem er á þskj. 987.

Eins og fram kemur í nál. slær hv. fjh.- og viðskn. varnagla við því að 6. gr. frv., verði þetta frv. að lögum, verði ofnotuð. Það er ljóst að um ákvæði 6. gr. er ágreiningur meðal lögfræðinga. Einn hv. nefndarmanna, Halldór Blöndal, stendur ekki að nál. og telur reyndar að málsmeðferð hafi verið óvönduð. Kristófer Már Kristinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Þetta mál hefur verið vandlega undirbúið af hálfu hæstv. ríkisstj. Mér þykir ástæða til að leggja áherslu á það sem segir á bls. 15 í athugasemdum við þetta frv., en þar segir að „óhófleg beiting reglunnar í 6. gr. frv. væri mjög til þess fallin að skerða öryggi í viðskiptum og skapa réttaróvissu. Dómstólum er því fengið mikið vald í hendur þegar það er lagt á vald þeirra að meta það hverju sinni hvort sanngjarnt sé að bera samning fyrir sig."

Tilvik þau og tilbrigði sem á getur reynt varðandi beitingu reglunnar eru svo margvísleg og ólík að aldrei verður hægt að sjá þau fyrir í upphafi, en einmitt þessi frvgr. gerir ráð fyrir að ógilda megi samning af sanngirnisástæðum m.a. vegna atvika sem ekki voru fyrir hendi þegar samningur var gerður heldur komu síðar til.

Á bls. 21 er einmitt fjallað um 2. málsgr. 6. gr. frv. og þar segir, með leyfi forseta:

„Það er því ekki skilyrði fyrir beitingu reglunnar að eitthvað hafi verið athugavert við hvernig samningurinn komst á eða að það hefði verið ósanngjarnt að bera samninginn fyrir sig á því tímamarki sem hann var gerður. Aðstaðan getur því verið sú að samningurinn sé gerður milli tveggja jafnsettra aðila við fullkomlega eðlilegar aðstæður og efni hans sé við samningsgerðina sanngjarnt. Atvik, sem síðar koma til, geta þó leitt til þess að talið yrði ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Í slíkum tilvikum yrði skv. 2. málsgr. 6. gr. frv. mögulegt að víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta eða að breyta efni hans. Að þessu leyti er reglan mjög svo frábrugðin reglum 28.–32. gr. samningalaganna sem byggja á tímamarki því sem greinir í 38. gr. sömu laga."

Og síðar segir: „Með stoð í réttarreglum um brostnar forsendur hefur mátt víkja til hliðar samningum vegna atvika sem komu til eftir samningsgerð. Strangar kröfur hafa þó verið gerðar til þess að slíkt væri heimilt. Ljóst er að regla 6. gr. frv. mun taka til flestra þeirra tilvika sem skv. gildandi rétti hafa verið felld undir regluna um brostnar forsendur. Um það hvort nýja reglan kemur til með að byggja út réttarreglum um brostnar forsendur skal ósagt látið. Eðlilegast er að dómstólar meti það hvort áfram verður þörf að vitna til forsendureglna eða látið nægja að færa tilvik undir ákvæði hinnar nýju reglu."

Hér lýkur upplestri á tveimur stuttum köflum þar sem fjallað er í athugasemdum með þessu frv. um 2. málsgr. 6. gr.

Í nál. undirstrikar fjh.- og viðskn. sjónarmið sín. Þar kemur fram að formaður Lögmannafélagsins, Sveinn Snorrason, var andvígur setningu laga um þessi efni, en Þorgeir Örlygsson, annar höfunda frv., kom á fund nefndarinnar og mælti eindregið með samþykkt frv.

Efni það sem kemur fram í nál. var borið undir prófessor í samningarétti við lagadeild Háskóla Íslands og var hann sammála þeim efnistökum sem þar koma fram, en þar er lögð áhersla á, eins og fyrr hefur komið fram í mínu máli, að ekki megi ofnota þessa reglu þar sem slíkt getur leitt til réttaróvissu og þess að farið sé gegn þeirri undirstöðureglu íslenskra laga að samningar haldi.

Undir þetta nál. rita auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Svavar Gestsson, Ólafur G. Einarsson og Jón Baldvin Hannibalsson.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta frv. er að vísu vel unnið. En á hinn bóginn finnst mér það á skorta að nógu vel hafi verið unnið að athugun þess hér í þinginu. Lögmannafélag Íslands hefur á sínum vegum nefnd sérfræðinga, sérstaka laganefnd, sem fjallar sérstaklega um frv. og annað sem snertir réttarfar í landinu, mál eins og fjármunarétt og annað því líkt sem er tæknilegs eðlis. Ég tel eðlilegt að frv. sem eru jafnfagleg og þetta, flókin að efni til þó þau sýnist einföld, eigi að vinna vel

og rétt sé að þau fái athugun hjá þeim mönnum sem gerst mega til þekkja og eiga að vinna eftir þessum nýju lögum.

Eins og fram kom í máli frsm. fór Lögmannafélagið fram á að fá að athuga þetta mál betur, taldi að það hefði ekki fengið nægilega skoðun og bað þess að frv. biði haustsins. Lögum af þessu tagi, sem skapa eiga nýja réttarvenju, er ætlað að standa lengi, svo áratugum skiptir, og þess vegna tel ég rétt að þingið hafi almennt þau vinnubrögð að slík mál séu vel unnin, öll þau mál sem ætlað er að skapa nýja réttarvenju í landinu.

Einn höfunda frv., Þorgeir Örlygsson, kom á fund nefndarinnar. Hann gaf ítarlegar upplýsingar, en á hinn bóginn hafði hann litlar upplýsingar að færa varðandi það hvaða reynsla hefði fengist af sambærilegum lögum á öðrum Norðurlöndum. Hann þekkti ekki hvort ný lagasetning þar hefði breytt niðurstöðum dómstóla eða ekki. Það hefði auðvitað verið fróðlegt að fá slíkar upplýsingar og aðrar af því tagi.

Ég taldi rétt að þetta mál biði haustþings og fengi betri skoðun hjá öðrum en þeim sem um það hafa fjallað fram að þessu. Í því er fyrirvari minn fólginn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27:1 atkv.
2.–10. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, stjfrv. 259. mál (þskj. 840, n. 997, brtt. 1001). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 997. Nefndin mælir með samþykkt þessa frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. Það hafa þeir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Svavar Gestsson gert á þskj. 1001. Þeir óska eftir því að þeirri brtt. fylgi grg., sem ég mun nú lesa, og fylgiskjal sem ég vísa til. Flm. leggja til að frv. verði samþykkt, en telja óhjákvæmilegt að gerðar verði á því breytingar.

1. Að skipan stjórnar útflutningsráðs verði þannig að viðskrh. skipi alla stjórnarmenn á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í brtt.

2. Að fellt verði út úr frv. að ráðið hafi tekjur af útflutningsgjaldi þar sem fyrir þinginu liggur frv. um að fella útflutningsgjöld niður.

Þetta var grg. með brtt. hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar og Svavars Gestssonar sem báðir skrifuðu undir þetta nál. með fyrirvara. Hins vegar skrifuðu undir án fyrirvara Páll Pétursson, Friðrik Sophusson og Ólafur G. Einarsson.

Varðandi tekjur af útflutningsgjaldi, sem getið er um í 6. gr. frv., eru allar horfur á að hér verði samþykkt á þinginu frv. til l. um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, en þar er gert ráð fyrir að þetta útflutningsgjald verði afnumið. En það er heimild í því frv. að greiða af uppsöfnuðum söluskatti árgjald vegna fiskvinnslufyrirtækja í útflutningsstarfsemi þannig að aldrei kemur til með væntanlega að reyna á a-lið 6. gr. Í stað þess munu fyrirtæki greiða árgjöld skv. c-lið greinarinnar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á þskj. 1001 flytjum við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson brtt. við frv. þetta. 4. gr. orðist svo:

„Stjórn Útflutningsráðs Íslands skipa átta menn. Ráðherra skipar stjórnina eftir tilnefningu helstu útflutningssamtaka á Íslandi. Skal ráðherra gæta þess við samsetningu stjórnarinnar að þar eigi einnig sæti fulltrúar samtaka þess launafólks sem einkum starfar að útflutningsframleiðslu, svo sem fiskverkunarfólks, iðnverkafólks og bænda. Varastjórn skal skipuð með sama hætti."

Ég vil nú rökstyðja þessa till. nokkuð nánar. Í 4. gr. frv. eins og það birtist okkur er gert ráð fyrir því að stjórnin verði átta manna og að það verði ákveðin fyrirtæki og samtök þeirra sem tilnefni menn í stjórnina, þ.e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Flugleiðir hf., Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Félag ísl. iðnrekenda, auk þess sem tveir ráðherrar, ráðherra viðskiptamála og ráðherra utanríkismála, eiga að tilnefna sinn manninn hvor í stjórn útflutningsráðsins.

Hér er engin tillaga um að verkafólk, sem er óneitanlega mikilvægur hlekkur í framleiðslu útflutningsafurða eins og kunnugt er, fái nokkurs staðar að koma nærri. Auk þess er hér gert ráð fyrir því að sleppa mjög stórum aðilum í útflutningi hér á landi eins og fram kemur á þskj. 997, en þar birtum við yfirlit yfir útflutning einstakra útflytjenda 1984 og 1985. Þar kemur það fram að fob-verðmæti Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambands ísl. samvinnufélaga, Síldarútvegsnefndar og Sölustofnunar lagmetis sé árið 1985 af stærðargráðunni 17,3 milljarðar kr. Síðan eru fjöldamargir útflutningsaðilar, sem ekki eiga að eiga fulltrúa í stjórn útflutningsráðsins, sem flytja út á árinu 1985 fyrir samtals 4 milljarða kr.

Hér er auðvitað um að ræða býsna stóran hóp manna og fyrirtækja sem mér er tjáð að séu núna að koma sér saman í einhvers konar útflytjendasamtök, þau séu tæplega orðin til en þau séu í þann veginn að verða það þessa dagana. Og þá kem ég að vandamálinu sem hæstv. viðskrh. stendur frammi fyrir, sem sé það að með því að tilgreina ákveðin fyrirtæki og ákveðin samtök í lögunum sjálfum er hann auðvitað alltaf í hnút með þessi mál. Því það eru alltaf einhverjir aðrir sem flytja út líka. Þeir koma til ráðherrans og segja: Af hverju fæ ég ekki að vera með, en af hverju fær þessi að vera með? Ég flyt alveg eins mikið út og hann og af hverju fæ ég þá ekki að vera þarna líka? Þetta nudd mun standa lengi þangað til ráðherrann gefst upp, sem verður nú örugglega einhvern tímann, og breytir þessu.

Ég held að það sé miklu skynsamlegra að horfast í augu við þennan veruleika strax og löggjafinn segi einfaldlega sem svo: Ráðherrann skipar nefndina eða stjórnina átta mönnum á grundvelli ákveðinna sjónarmiða og gætir þess að þar eigi sæti fulltrúar útflutningssamtaka og þess launafólks sem einkum starfar að útflutningsframleiðslu, en það sé ekki verið að telja upp þessi samtök eða fyrirtækjabandalög eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. (**GJG:** Þetta er nú löggilt.) Það er nú kominn tími til að breyta því. Ég held að það sé ástæða til að breyta þessu, herra forseti, vegna þess að þetta er mesta vitleysa, þessi fyrirtækjaupptalning í 1. málsgr. 4.

gr. Þess vegna leggjum við til, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að þessu verði breytt.

Þá gerum við ráð fyrir því að til samræmis við annað frv. sem hér liggur fyrir verði a-liður 6. gr. felldur niður. „Tekjur útflutningsráðs eru", stendur hér, „tekjur af útflutningsgjaldi skv. lögum nr. 52/1983." En fyrir þinginu og deildinni liggur frv. um að afnema þessi lög og setja í staðinn ný lög um greiðslumiðlun í sjávarútvegi. Og þó að mönnum liggi mikið á hér í þinginu þessa dagana er ekkert á móti því að menn athugi í hverju dagskrármáli hvaða mál þeir voru að ræða síðast eða næstsíðast þó maður geri ekki meiri kröfur. Ég veit að hæstv. viðskrh. er mætavel ljóst hvaða mál ég á við. Hann ræddi það nokkuð í dag og hefði sjálfsagt þurft að gera það lengur, þ.e. frv. til l. um greiðslumiðlun í sjávarútvegi. Þar er lagt til að þessi tekjustofn, sem hann flytur till. um að verði notaður, verði felldur niður. Þess vegna hefði maður haldið að það væri einfaldur prófarkalestur fyrir meiri hluta nefndarinnar að strika þetta út og gera tillögu um að fella þetta niður og taka tekjur af uppsöfnuðum tekjuskatti inn í staðinn. Nei, nei, það má ekki. Það má ekki hlusta á minni hlutann. Það er ekki til siðs hér. Þess vegna hangir meiri hlutinn á því að þetta atriði sé inni áfram þó að það standi ekki til að framkvæma það. Það stendur ekki til að framkvæma það og vita allir að á morgun og hinn verða felld úr gildi þau lög sem vitnað er hér til, lög nr. 52/1983. Við leggjum ósköp einfaldlega til að þingið framkvæmi vissan prófarkalestur miðað við hinn almenna vilja sem virðist vera í þinginu í þessu efni.

Þetta var það sem ég vildi segja varðandi þetta mál, en að öðru leyti leggjum við til, sem stöndum að brtt., að frv. verði samþykkt. Við teljum að hér sé um að ræða mikilvægt mál og ég bendi á að ég hef flutt í þinginu ásamt tveimur öðrum þm. Alþb. frv. til l. um rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála þar sem tekið er á þessum málum að ég tel með talsvert myndarlegri hætti en hér er gert, en þetta er þó skref í áttina. Ég fagna því og þess vegna munum við styðja þetta frv. þó að við flytjum þær brtt. sem ég hef hér gert grein fyrir, en fyrir þeim liggja augljós rök vænti ég eftir að ég hef nú gert grein fyrir okkar sjónarmiðum.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af síðustu ræðu. Ég tel að það sé alveg óþarfi að fá hæstv. viðskrh. þann kaleik að velja alla þessa stjórnarmenn. Það er svigrúm fyrir ráðherrann að skipa stjórnarmann, þann áttunda, en þar segir í 4. gr.: „...og einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af aðilum í útflutningsráði öðrum en hér hafa verið nefndir." Þá hafa aðilar í útflutningsráði aðrir en upp voru taldir svigrúm til þess að koma sér saman um einn mann sem ráðherra skipar. Ég tel að það sé eðlilegri og skilvirkari aðferð til að fá góða stjórn í útflutningsráð að gera það með þeim hætti sem lagt er til í frv.

Það er út af fyrir sig rétt að væntanlega kemur ekki til með að reyna á a-lið 6. gr., en það gerir heldur ekki til þó að hann standi. Það er ekki búið að samþykkja lögin um greiðslumiðlun í sjávarútvegi og ég sé ekki að þessi a-liður geri svo sem neitt til þó að hann sé í þessari upptalningu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Alþt. 1985. B. (108. löggjafarþing).

2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1001 felld með 20:7 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr. a samþ. með 22:2 atkv.
6. gr. b–f samþ. með 26 shlj. atkv.
7.–10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, stjfrv. 400. mál (þskj. 741, n. 999 og 1000). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. á þskj. 999 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 63 frá 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. Kristófer Már Kristinsson var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins, en undir þetta rita auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson og Jón Baldvin Hannibalsson.

Meiri hl. mælir með samþykkt frv., en minni hl. skilar nál. á sérstöku þskj. og mun hv. þm. Svavar Gestsson sjálfsagt gera grein fyrir því áliti.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 1000 hef ég gefið út nál. sem minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Nál. er á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um málið. Fram kom við meðferð nefndarinnar að í næsta mánuði mun nefnd, sem fjallar um opinbera stefnumörkun í áfengismálum, skila áliti. Fulltrúar áfengisvarnaráðs mæltust til þess að þingið frestaði meðferð málsins til næsta þings þar sem þá mætti athuga það betur í heildarsamhengi, en nefndin hafði aðeins einn fund til þess að fjalla um málið.

Af þessum ástæðum leggur minni hl. til að málið verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Þar sem þingið hefur haft nauman tíma til að fjalla um mál þetta, auk þess sem nefnd um opinbera stefnumótun í áfengismálum skilar af sér í næsta mánuði, telur deildin ekki ástæðu til þess að afgreiða málið á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sem betur fer eiga Íslendingar eignir erlendis og ekkert nema gott um það að segja. Ég veit ekki betur hvað snertir t.d. framleiðslu á öli en þeir eigi brugghús í Hollandi og vafalaust er það á fleiri stöðum sem Íslendingar eiga eignir í iðnaði.

Nú gerðist það furðulega þegar þetta mál var tekið fyrir að því fékkst ekki vísað til iðnn. heldur skyldi því vísað til fjh.- og viðskn. Þó hygg ég að það hvarfli ekki að nokkrum manni annað en það sé iðnaðarframleiðsla sem hér eigi að hefja.

Nú er það svo að allshn. hefur löngum fjallað um öll mál sem snerta áfengi og þar liggur sennilega fyrir í þinginu víðtækasta þekkingin á því hvaða leikreglur

almennt hafa gilt. M.a. hefur það verið upplýst að þegar hér á landi er framleiddur áfengur bjór til sölu í fríhöfninni er það undir lögregluefirliti. Þá standa þar lögregluþjónar á vakt og fylgjast með því að allur sá lögur sé settur á flöskur eins og gert er ráð fyrir og að þar fari ekkert úrskeiðis.

Nú er það fyrsta spurning mín til hv. flm. hvort ætlunin sé að lögreglan hafi standandi vakt í því brugghúsi sem hugmyndin er að leyfa og ef svo verði upp tekið að almennt verði leyft að brugga áfengi fyrir utan starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hvort þá sé ætlunin að hafa standandi lögregluvaktir á þeim stöðum. Ég hygg að jafnmeinleysislegt mál og þetta er við fyrstu sýn, að taka ákvörðun um að flytja til landsins brugghús sem starfrækt er erlendis og er í eigu Íslendings, þá geti farið svo að menn sjái ekki fyrir endann á þeirri þróun sem þeir eru að kalla yfir sig. Ég hygg að ef mönnum er það almennt alvörumál að ríkið eigi að sjá um verslun með áfengi og hafa einkaleyfi á því sviði sé eins gott að hugsa það í upphafi hvort það hljóti ekki að vera bein afleiðing þess, ef hér yrðu settar upp 10–20 bruggstöðvar, að þeir aðilar teldu eðlilega vinnuhagræðingu að þeir fengju að selja þennan vökva beint, milliliðalaust. Ég verð að segja eins og er að mér finnst að það sé dálítið skondið ef niðurstaðan verður sú að næst þegar bruggari verður handsamaður í heimahúsum við iðju sína noti hann tímann þar til hann verði tekinn fyrir og dæmdur og leiti á fund ráðherra með beiðni um að mega halda starfseminni áfram því hann hafi hug á því að hafa atvinnu af þessu verki og selja þetta til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. (Gripið fram í.) Það kemur hér frá mætum manni framan úr sal að það sé löngu hætt að handtaka menn fyrir brugg. Það er hv. 7. þm. Reykv. sem bætir þessu inn í umræðuna. Það leiðir þá hugann að því hvort það hljóti ekki að vera eðlilegt að allir þeir aðilar sem eftir slíku starfsleyfi mundu leita til að auka atvinnufjölbreytni í landinu sætu við sama borð og hefðu sama rétt og gætu hafið framleiðslu.

Mér sýnist að þær hugmyndir sem hér koma fram hjá minni hl. fjh.- og viðskn., þar sem þeir leggja til að þessu máli sé frestað og því sé vísað frá með rökstuddri dagskrá meðan menn eru að átta sig á heildarstefnu í þessum málum, hljóti að eiga rétt á sér.

Ég vil hlusta á öll rök í þessu máli að sjálfsögðu, en ég vil þá líka gjarnan að menn skýri sitt mál, geri grein fyrir því hvað þeir eru að tala um, hvað þeir meina og hvert þeir stefna.

1. Er ætlunin að þessi starfsemi verði undir lögregluvakt í landinu?

2. Er ætlunin að leyfa þá hverjum aðila sem hefur upp á að bjóða fullgilt húsnæði og tæki að hefja framleiðslu?

3. Hafa menn þá gert sér grein fyrir umfangi þess sem þeir eru að hleypa af stað?

Mér finnst að hér hafi verið unnið af mikilli fljótfærni. Mér finnst að menn hafi alls ekki gert sér grein fyrir því að þetta mál er ekki jafneinfalt. Þetta mál á lítið skylt við það sem varla komst hér í gegnum þingið nema með því að margbiðja um atkvæðagreiðslu þar sem einkaréttur Áfengis- og tóbaksverslunar á eldspýtnasölu var lagður niður. Það var mikil tregða hjá þm. að greiða atkvæði í því máli. Ég man ekki hvort það var þrisvar eða fjórum sinnum sem forseti varð að biðja um að atkvæðagreiðsla væri endurtekin. En þegar kemur að þessu máli virðist eins og sumir hafi hugsað sem svo að það væri sjálfsagt að láta þetta sigla áfram með blásandi byr.

Ég er kannske ekki beinlínis trúaður á að niðurstaðan verði sú að við sigrum heiminn með þessari nýju framleiðslu, hér sé að fara af stað eitthvert efnahagsundur sem muni leysa vanda okkar Íslendinga í þeim efnum. Mér þykir það ákaflega ólíklegt að svo stórir hlutir séu fyrir stafni. Þess vegna álít ég ekki að það skipti miklu máli fyrir efnahag þjóðarinnar hvort þetta verður leyft eða bannað. Hins vegar getur það skipt verulegu máli út frá því sjónarmiði hvort við höfum vald á þeim leikreglum sem hafa gilt um framleiðslu á áfengi. Það hefur verið Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem hefur haft einkaleyfi hvað þetta snetir. Ég verð að segja eins og er að ég er það mikill ríkisrekstrarmaður í mér varðandi þessa hluti að ég tel að það sé sjálfgefið að svo eigi að vera áfram.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Frsm. í þessu máli spurði mig að því áðan hvað ég mundi verða lengi hér í ræðustól. Ég svaraði honum því til að ég mundi verða hér á meðan ég hefði þrek til. Hins vegar er ég orðinn aldursforseti deildarinnar, að sagt er, og mér dettur ekki í hug að reyna að slá met hæstv. menntmrh. sem ég varð vitni að fyrir nokkrum árum, en eftir því sem mig minnir var hann eitthvað á sjötta tíma hér í þessum ræðustól.

Þetta frv., sem hér er verið að ræða, er með dálítið einkennilegum hætti. Það er verið að reyna að beita rökum fyrir því að nauðsynlegt sé að samþykkja heimild fyrir hæstv. fjmrh. til að heimila einstaklingum hér á landi að framleiða vín. Það er sagt að það sé eina leiðin fyrir Íslendinga, sem láta gera þetta úti í Bretlandi, að fara þessa leið.

Fram að þessum tíma hefur Áfengisverslun ríkisins haft einkaleyfi á þessu. Nú á ári bindindisins er verið að brjóta í blað að þessu leyti og það er það sem málið snýst um en hitt ekki. Auðvitað geta þessir aðilar falið Áfengisversluninni að gera þetta fyrir hæfilegt gjald. Það er ekkert sem mælir á móti því. En ég mundi ekki öfunda hæstv. fjmrh. eða einhvern annan ráðherra að hafa þessa heimild í höndum sér.

Það er alveg út í hött, sem stendur í grg., að verið sé að bjarga því að þarna muni skapast gjaldeyrir fyrir 300 millj. Auðvitað mundi hann alveg skapast eins þó að Áfengisverslunin tæki þetta verkefni að sér. Sem sagt, allt sem er utan um þetta frv. stenst ekki. Málið snýst um það eitt: Eigum við að snúa við? Eigum við að láta einn ráðherra hafa heimild til að gefa út eins mörg leyfi og honum þóknast og Alþingi Íslendinga þurfi ekki að fjalla um það? Þetta er málið. Það snýst ekki um annað.

Það er algerlega þarflaust og raunar út í hött að ætla að knýja þetta mál í gegnum þingið á þessum síðustu dögum þinghaldsins. Ég get vel tekið undir rökstuðning hv. þm. Svavars Gestssonar að það sé eðlilegt a.m.k. að bíða eftir því að sú nefnd, sem er að athuga um opinbera stefnumörkun í áfengismálum, skili áliti áður en nokkuð er samþykkt í þessum málum.

Það kom fram hér að Íslendingur væri með nokkurs konar brugghús í Hollandi. Ætli hann muni þá ekki sækja til hæstv. fjmrh. um leyfi til að flytja þetta inn? Það getur verið að kartöflframleiðendur í Þykkvabæ

alveg eins og þeir á Selfossi muni eiga að fá þetta leyfi eftir þeim upplýsingum. Það getur vel verið að þeir komi líka því að mér er tjáð, þó að ég sé ekki neinn sérfræðingur í þessum málum, að það sé gott að nota smælkið og kannske moldina eitthvað með í slíkar veigar. Það getur vel verið að hann geti fundið einhverja fleiri í sínu kjördæmi til þess að láta fá leyfi. Það kann að vera.

Hitt er augljóst mál að grg. er blátt áfram blekking og ekkert annað. Ég er alveg undrandi á þeim mönnum sem skrifa undir þetta meirihlutaálit. Það er engin rós í hnappagat þeirra sem það gera, það er alveg áreiðanlegt.

Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. ætli að reyna að leysa atvinnumál okkar þjóðar með því að útbýta leyfum til beggja handa til að brugga vín. En eins og ég sagði í upphafi er ég mest hissa á því að hæstv. fjmrh. skuli vilja hafa slíkt vald, slíkt leyfi, slíka heimild. Mig undrar það.

Það hefur verið mikið rætt um áfengisstefnu og það ástand sem í þessum málum ríkir, bæði hjá okkur og öðrum þjóðum. Læknar og aðrir, sem fylgjast best með því sem er að gerast, telja t.d. að aukning á neyslu fíkniefna sé yfirleitt í sambandi við bjór og áfengi. Byrjunin er áfengi, síðan kemur neysla fíkniefna í kjölfarið. Það eru a.m.k. ljótar sögur sem maður heyrir frá læknum og lögreglu um það hvernig ástandið er í þessari borg og raunar víða úti um land. Það er fróðlegt fyrir hv. alþm. að fara hér um götur á aðfararnótt laugardags og sunnudags og sjá hvernig ástandið er, a.m.k. fyrir þá sem eru með bæði augun opin.

Ég sagði áðan að það væri verið að helga árið 1986 auknu bindindi. Það er köld kveðja frá hæstv. ríkisstj. og fjmrh. að ætla sér að keyra svona mál í gegnum þingið á síðustu dögum þess. Frsm. nefndarinnar var inni áðan þegar ég hóf mína ræðu og ég sagði frá því að hann hefði skotið því að mér hvort ég ætlaði að standa hér lengi og hverju ég hefði svarað. En ég lét það fylgja með að ég mundi ekki reyna að taka metið af hæstv. menntmrh., enda er ég aldursforseti þingsins. En hitt er annað mál að ég get kannske dvalið hér nokkra stund þrátt fyrir það.

Ef maður vill er hægt að ræða margt um þessi mál og ég skal ekkert segja hvernig til tekst með þetta ef þetta verður samþykkt eins og má ætla þegar maður horfir á nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. En það hljóta að koma ýmsar spurningar fram í hugann í sambandi við þessi mál. Við skulum segja að það væru komin 20–30 brugghús sem byggju til áfenga drykki. Hvernig ætla menn að haga eftirliti með slíkum bruggstöðvum? Verður þá ekki auðveldara a.m.k. fyrir hina sem fá ekki leyfi en hafa gert þetta til fleiri ára og sumir eru orðnir sérfræðingar í því, geta þeir ekki hert sig og stundað þetta í skjóli hinna brugghúsanna? Það er enginn annar vandi fyrir þá en að kaupa flöskur utan af áfengi frá Áfengisversluninni. A.m.k. yrði örðugt að fylgjast með því til hlítar. Það væri gaman að heyra hvernig hæstv. fjmrh. ætlar sér að hafa eftirlit með slíkum leyfum.

Þó að ég segði það sem ég sagði áðan ætla ég að láta þetta nægja a.m.k. við þessa umræðu og sjá hvernig dagskrártillögu hv. þm. Svavars Gestssonar reiðir af. En það er eftir 3. umr.

Ég vil aðeins að síðustu endurtaka að hér er verið að brjóta í blað í áfengismálum. Það er verið að taka úr höndum Áfengisverslunar ríkisins einkaleyfi hennar til að framleiða áfenga drykki. Það hlýtur að reynast stórt skref hjá okkar þjóð ef það verður stigið, eins og hér er ætlað. Ég mun láta þetta duga nú en mun ræða málið ítarlegar við 3. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér urðu það vonbrigði að hv. 2. þm. Reykv. taldi ekki nauðsyn á að svara þeim fsp. sem ég beindi til hans. Vissulega er það ekki gott þegar frsm. mála telja að þeir þurfi ekki að gera grein fyrir málunum ef óskað er eftir nánari upplýsingum af hálfu einhverra þm. í ákveðnu máli.

Nú er það svo að ég hygg að að öllum blöðum ólöstuðum, sem útgefin eru á Íslandi, muni hv. 2. þm. Reykv. taka mest mark á Morgunblaðinu. Vissulega hef ég aftur á móti rekist á það einstaka sinnum að þegar það góða blað fjallar um áfengismál er eins og það bregði fyrir vissri vantrú, vissri efasemd. Það er eins og þá verði hik. Trúin brestur. Það merkilega við þetta er að það er eiginlega alveg sama hvort greinarhöfundur slíkra greina er virtur læknir eða jafnvel einn af ritstjórum Morgunblaðsins. Ég hygg að fróðlegt sé að kanna það hvort viðkomandi hv. þm. telur t.d. að ef leiðari Morgunblaðsins skyldi grípa á svona málum, þar sem vikið er að áfengismálum, sé þess virði að hugsa málið, kannske fram á haustið því að allir vita að hægt er að hefja umræður á nýjan leik á næsta þingi um þetta mál.

Ég hygg að það sé eitt af því sem mönnum sé hollt að gera sér grein fyrir, að sá sem tekur ákvarðanir um að breyta stefnunni í jafnveigamiklum málum og þessu getur ekki borið því við seinna að hann hafi ekki haft tíma vegna anna á vordögum til að hugleiða þetta mál. Það var ekkert sem knúði hann til að taka þá ákvörðun strax.

Með leyfi forseta óska ég eftir að fá að lesa hérna leiðara úr Morgunblaðinu frá 12. apríl 1986 og er þó raunverulega annarra hlutverk meira en mitt að koma því á framfæri við hv. sjálfstæðismenn hér í deildinni hvað það blað segir í sínum leiðurum. „Vandi og vinnubrögð“ heitir leiðarinn. Þá hef ég lesturinn, með leyfi forseta:

„Grein Tómasar Helgasonar prófessors í Morgunblaðinu s.l. miðvikudag var athyglisverð og ástæða til að fagna slíkum skrifum. Þau miða að því að benda á hættu af notkun fíkniefna. Það hljóta allir að hafa samúð með málflutningi þeirra sem horfa upp á áfengis- og fíkniefnaböl dag hvern, ekki síst lækna sem þurfa að glíma við sjúkdóma sem eru afleiðing af ofneyslu áfengis og fíkniefnaneyslu almennt.

Þau orð prófessorsins vekja ekki síst athygli hér að á Íslandi er langlægsta skráða meðalneysla af áfengi á mann í Evrópu, og svo þær upplýsingar að 88% Íslendinga á aldrinum 16–36 ára hafa neytt áfengis, 58% neyta eða hafa neytt tóbaks og 26% hafa reynt kannabis en aðeins 3% aðra vímugjafa.

Meiri tíðindi úr þessum málaflokki eru þó þau að reykingar hafa minnkað á Íslandi, ekki síst meðal ungs fólks. Sá árangur hefur náðst vegna gífurlegrar upplýsingamiðlunar um reyktóbak sem sjúkdómsvald og hefur það átak skilað verulegum árangri. Þar eiga krabbameinsfélögin og þeir sem vinna gegn hjartasjúkdómum einkum hlut að máli. En því miður er mannskepnan því marki brennd að hún er hluti af umhverfinu eins og

vínviðurinn og fíkniefnaplönturnar og ásókn í þessa vímugjafa hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda.

Það verður ekki frá því tekið úr því sem komið er, því miður, ekki frekar en menn hætta að fullnægja kynþörf sinni vegna þess að það gæti haft í för með sér sjúkdóma. Maðurinn er langt frá fullkomin goðkynjuð vera sem stenst freistingar sínar og getur lifað í hættulegu umhverfi eins og dauðhreinsað væri. Hann mun ávallt þurfa að glíma við vandamál eins og áfengis- og fíkniefnaneyslu. Og þá er að leita leiða til að uppfræða fólk um þær hættur sem við blasa og kenna því að bregðast við umhverfinu á réttan hátt. Boð og bönn vekja uppreisnarhug með mönnum og duga í engu.

Nú vita allir að tóbaksreykingar geta leitt til dauða. Þær eru einn helsti orsakavaldur krabbameins og hjartasjúkdóma en samt halda margir áfram að reykja eins og ekkert hafi í skorist. Við eigum að sjá til þess að þeir sem reykja ekki eða eru hættir að reykja fái frið fyrir reykingamönnum eins og löggjafinn gerir ráð fyrir, þannig að þeir hafi sérstakt afdrep til að iðka nautn sína. Við getum ekki krafist þess af fólki, sem vill stytta ævi sína með reykingum, að það geri það ekki, en við getum krafist þess að ekki sé reykt ofan í þá sem nota ekki tóbak. Þannig getum við einnig krafist þess að þeir sem sækja í aðra vímugjafa taki sjálfir áhættuna af því og séu umhverfinu skaðlausir.

Við eigum einnig, eins og prófessor Tómas og starfsbræður hans ýmsir, að reyna að veita þeim aðstoð sem vilja berjast gegn fíkniefnabölinu því að þeirra starf er gott og þjóðfélagslega mikilvægt. Við eigum að reyna að koma í veg fyrir að blindur leiði blindan. En við eigum jafnframt að reyna að losa okkur við skinhelgi. Það er t.a.m. skinhelgi þegar íslenska ríkið lifir á sölu vímugjafa og eiturs en jafnframt skuli helst fara með það eins og mannsmorð. Það er einnig skinhelgi að leyfa sölu á öllum sterkustu áfengistegundum sem til eru, en banna svo sölu á veikustu tegundinni, bjór, sem er daglegt brauð í öllum löndum heims — nema Íslandi.

Halldór Laxness skrifaði talsvert um bjór á sínum tíma og gat ekki skilið hvers vegna hann hefði ekki leyfi til að kaupa þá vörutegund hér á landi." — (**Fjmrh.:** Er hv. þm. ekki búinn að lesa einum of langt?) Það kemur úr hörðustu átt ef formaður Sjálfstfl. hefur ekki þolinmæði til að hlusta á jafnágæta lesningu. — „Allir vita að Nóbelsskáldið umgengst áfenga drykki svo að til fyrirmyndar er en samt skal refsa honum vegna óhófs og villimennsku annarra." — Ég vil vekja á því athygli að bókmenntalega séð er textinn nokkuð góður á sumum stöðum.

„Morgunblaðið telur að hann og aðrir eigi að fá leyfi til að fá sinn bjór meðan íslenska ríkið lifir á því að selja drykki sem eru svo sterkir og göróttir að ekki þarf nema þrjú, fjögur glös til að breyta venjulegum heiðarlegum manni í skrímsli sem ekki er húsum hæft. Á þessu þyrfti að finna lausn sem flestir gætu við unað og minnist Tómas Helgason á þá afstöðu sína í athyglisverðri grein sinni þegar hann segir: „Verði bjórstefnan ofan á mun síga á ógæfuhlið nema því aðeins að lagðar verði svo miklar hömlur á sölu annarra áfengistegunda að heildarneyslan aukist ekki."

En hvað sem því líður skal undir þessi orð prófessorsins tekið: „Þessi aukning (sjúklinga vegna fíkniefnaneyslu) er í sjálfu sér mikið áhyggjuefni. En misnotkun áfengis er enn sem fyrr aðaláhyggjuefnið og nauðsynlegt að menn beiti sér af alefli gegn henni og gegn öllu sem getur orðið til þess að auka heildarneyslu áfengis meðal landsmanna."

Enn liggur bjórfrv. fyrir Alþingi Íslendinga. Enn virðast allar líkur á því að þingið hafi ekki metnað til að afgreiða málið. Morgunblaðið hefur áður bent á að best fari á því að þjóðin sjálf verði spurð vegna þeirrar hefðar að ákveða með almennri atkvæðagreiðslu hvort leyfa skuli áfengisútsölu eða ekki. Fræðsla og aðhald er betra en boð og bönn. Það hefur sýnt sig svo að ekki verður um villst í herferðinni gegn tóbaksreykingum. Þegar jafnvægi er komið á og Íslendingar eiga aðgang að léttustu tegund áfengis og sóknin í sterka eitrið minnkar ættum við einnig að geta náð svipuðum árangri í herferðinni gegn áfengisbölinu og náðst hefur í barátttunni við tóbakið. En tvískinnungurinn leysir engan vanda. Hann getur orðið erfiðasta vandamálið."

Ég hef vakið athygli á því, herra forseti, að bókmenntalega séð er greinin nokkuð góð á köflum. Hitt er svo annað mál að sennilega mundi sá sem skrifaði hana ekki fá mikið fyrir rökhyggju. En það verður að virða til vorkunnar því að það er ekki algengt að þetta tvennt fari saman.

Það er fyrst til að taka að boð og bönn duga ekki. Hvaða aðgerð skyldi hafa veitt tóbaksreykingum á Íslandi þyngsta höggið? Ætli nokkur heilvita maður, sem hefur kynnt sér það og einhver rökhyggja er til í kollinum á, sé í vafa um að lagasetning Alþingis og framfylgd hennar hafi haft langmestu áhrifin? Efast nokkur um það að heilbrrh. Matthías Bjarnason á þar stærstan heiðurinn? Það er maður sem þorir að beita boðum og bönnum. Efast nokkur um það hér inni? Ég held ekki.

Morgunblaðið dundar aftur á móti við það að illa sé farið með Nóbelsverðlaunahafann að hann skuli vera látinn sitja uppi með að drekka svo sterka drykki að hann geti átt það á hættu að breytast í skrímsli eftir þrjú eða fjögur glös á sama tíma og hægt væri að halda honum í hinu mannlegasta formi ef hann mætti drekka bjór. Auðvitað er þetta slæm meðferð á manninum. Hins vegar skal það játað að ég hef ekki vitað til þess að nokkur maður hafi komið að Nóbelsskáldinu í því ástandi að hann væri orðinn að skrímsli.

Ég vil aftur á móti vekja athygli á því að ef litið er á neyslu Íslendinga á hinum ýmsu vímuefnum fer ekki á milli mála að áfengið ber svo höfuð og herðar yfir alla aðra vímugjafa að þeir sem almennt tala um að reyna að draga úr vímuefnaneyslu en tala um hitt í hálfkæringi hvort draga eigi úr áfengisneyslunni, þeir eru í sjálfu sér ekki að tala um þetta vandamál. Þeir eru einhvers staðar til hliðar við vandamálið. E.t.v. er þetta skortur á rökhyggju. E.t.v. er þetta skortur á því að mennirnir hafi yfir höfuð sest niður og hugsað þetta mál.

En langalvarlegasti gallinn á leiðaranum er sú fullyrðing að ríkið lifi á áfengissölunni m.a. Ég hygg að því verði ekki á móti mælt að staðan í okkar fjárlögum er örugglega ekki betri en hjá Bandaríkjamönnum og Rússum hvað þetta snertir, að það má e.t.v. segja að fyrir hverja krónu sem við högnumst á áfenginu þurfum við annaðhvort að greiða þrjár eða fjórar í auknum útgjöldum. Þannig er ástandið hjá þessum tveimur mestu stórveldum heims. Það er athyglisvert að báðar þessar þjóðir, hvort heldur sem eru Bandaríkjamenn eða Rússar, hafa nú snúist gegn þessu vandamáli.

Rússar hafa nú tekið svo harkalega á því að sendimenn frá Íslandi, sem hafa vanist því að þeir kæmust í góðan kokkteil af og til í Rússlandsferðum, kvarta sáran yfir að þeir fái blávatnið eitt eða þá gos. Ég skil vel þeirra vonbrigði. En spurningin er þessi: Hvers vegna skyldu þessi stórveldi eða leiðtogar þeirra vera að reyna að hafa áhrif með boðum og bönnum á þessa hluti?

En það er annað sem er merkilegt við alla umræðu um áfengismál. Það er gert, að því er virðist nánast upp á punt, að kalla á fulltrúa frá áfengisvarnaráði á nefndarfundi. Það er vegna þess að bundið er í lögum að áfengisstefnan á Íslandi eigi að njóta leiðbeiningar frá þessum mönnum. En það virðist þó ríkt í þeim mönnum, sem aftur á móti eru ákveðnir í því að vinna ekki gegn fíkniefnunum, að ákveða fyrir fram að taka ekkert mark á því hvað þessir menn eru að segja.

Ef virtasti prófessor Háskóla Íslands í lögfræði mætti á nefndarfundi hjá fjh.- og viðskn. og varaði eindregið við ákveðinni lagasetningu, 4–5 kollegar hans legðu á þetta áherslu líka, þá mundi enginn í nefndinni þora að ganga í berhögg við þessar skoðanir. Þeir mundu njóta þeirrar virðingar sem sérfræðingar að á þá væri hlustað.

En þegar maður eins og prófessor Tómas Helgason skrifar grein í Morgunblaðið um þessi mál eða mætir kannske á nefndarfundi er eins og menn fyrir fram negli sig niður og segi: Hann hefur ekkert vit á áfengismálum. Þetta eru þó þeir sérfræðingar sem við höfum mesta og besta á þessu sviði.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér grein úr Morgunblaðinu frá 19. apríl 1986 eftir Tómas Helgason:

„Áfengisvandi og vafasöm viðbrögð.

Í ritstjórnargrein Morgunblaðsins laugardaginn 12. apríl s.l. er tekið undir þá skoðun að misnotkun áfengis sé aðaláhyggjuefnið þegar rætt er um notkun fíkniefna og nauðsyn þess að menn beiti sér af alefli gegn henni og gegn öllu sem getur orðið til þess að auka heildarneyslu áfengis meðal landsmanna.“ — Það var þessi leiðari sem ég var að lesa hér rétt áðan. — „Í sömu grein er talað um að fræðsla og aðhald sé betra en boð og bönn. Í því sambandi er vitnað til herferðar gegn tóbaksreykingum sem hefði borið lofsverðan árangur vegna starfs krabbameinsfélaganna og þeirra sem vinna gegn hjartasjúkdómum. Ritstjórinn gleymir hins vegar að geta um að þessi árangur hefði ekki náðst nema með eindregnum stuðningi fjölmiðla og boðum og bönnum.

Ekki var byrjað á að auka tóbaksneysluna með því að bæta nýjum og léttari reyktóbakstegundum við áður en herferðin gegn tóbaksreykingum hófst fyrir alvöru. Ekki var heldur flutt frv. til að leyfa framleiðslu reyktóbaks til sölu innanlands og til útflutnings. Það var ekki leitað eftir einhverju nýju jafnvægi til þess að Íslendingar ættu aðgang að léttustu tegundum tóbaksreyks og sóknin í sterka eitrið minnkuð áður en reynt var að ná árangri í herferðinni gegn tóbaksbölinu eins og nauðsynlegt er að ná í baráttunni við áfengið.

Það sýnir furðulegan tvískinnungsháttað jafnvel höfundur ritstjórnargreinar Morgunblaðsins skuli vilja taka þá áhættu að leyfa fleiri tegundir áfengis jafnvel þó að hann viti að það magn sem er í þremur eða fjórum glösum af því sem hann kallar sterka og görótta drykki breyta venjulegum heiðarlegum manni í skrímsli sem ekki er í húsum hæft. Sama magn af áfengi sem er í bjór hefur sömu áhrif ef það er drukkið á jafnlöngum tíma. Þetta veit leiðarahöfundurinn fullvel því að ekki verður annað skilið á honum en hann taki undir nauðsynina á að koma í veg fyrir að heildarneysla aukist.

Í þessari ritstjórnargrein gætir þess misskilnings að íslenska ríkið lifi á því að selja áfengi og tóbak. Nær væri að segja að íslenska ríkið lifði þrátt fyrir það að það seldi áfengi og tóbak.

Öllum sem vita er vitanlega ljóst að sennilega er kostnaðurinn af áfengis- og tóbaksneyslu landsmanna meiri en sá hagnaður sem ríkið hefur af sölu þessara eiturefna. Sé það vilji manna að þessi efni séu fáanleg í landinu er eðlilegast að sá aðilinn sem ber kostnað af skaðanum sem þau valda hafi og tekjurnar af sölu þeirra, þó að þær dugi sennilega ekki til að standa undir kostnaði.

Unnið gegn fræðslu.

Öllum hugsandi mönnum ætti og að vera ljóst að nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að einstaklingar eigi atvinnu sína og afkomu undir framleiðslu og sölu á eiturefnum á borð við áfengi og tóbak eða önnur fíkniefni sem ekki er leyfð sala á í landinu. Þetta er m.a. vegna þess að ekki er hægt að samræma sjónarmið einstakra seljenda og fræðslusjónarmið heilsuverndar sem leggur áherslu á að draga úr neyslu áfengis.

Því miður virðist mér meiri hl. allshn. ekki vera þetta ljóst. Hann leggur til að bjórfrv. verði samþykkt óbreytt án þess að reisa við því skorður að heildarneysla áfengis aukist í landinu. Skinhelgi þeirra sem flytja frv. og kemur fram í því að þeir eru að verja 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna sölu áfengs öls til að fræða fólk um skaðsemi þess eiturs sem þeir vilja hella í það er nánast grátbrosleg. Þessi tvískinnungur sýnir hversu erfitt uppdráttar fræðslan um skaðsemi áfengis á. Fræðsla án aðhalds sem fylgir boðum og bönnum, sem höfundur ritstjórnargreinar telur að veki uppreisnarhug með mönnum, er því miður ekki nóg.

Einnig hefur höfundur greinarinnar vafalaust skotið óviljandi og notað það sem stílbragð að telja að boð og bönn vektu einungis uppreisnarhug með mönnum og dygðu í engu. Ef svo illa er komið er ekki líklegt að takist að halda uppi neinu siðuðu þjóðfélagi.

Það vekur mikla furðu að fjmrh. skuli hafa borið fram stjfrv. á Alþingi um að leyfa einkaaðilum framleiðslu á áfengi í landinu. Engu er líkara en þetta frv. eigi að keyra í gegn eins og um sé að ræða neyðarráðstafanir sem þoli enga bið eða byltingarkennda nýjung sem koma þurfi á markað með hraði.“ — Til að fyrirbyggja allan misskilning af því að nú gengur mætur maður í salinn, hv. 9. landsk. þm. Það er verið að lesa upp úr því merka blaði Morgunblaðinu.

„Sem betur fer eru Íslendingar ekki þannig staddir að verulegur hluti þeirra eigi lífsafkomu sína undir því að framleiða eða koma á markað heima og erlendis tóbaki, áfengi eða öðrum eiturefnum sem valda ómældum skaða í þjóðfélögum markaðslandanna.

Þetta frv. sýnir enn einu sinni tvískinnungsháttinn gagnvart áfengi og erfiðleikana sem fræðslustarfsemin á við að stríða. Eitt af því sem gerir fólki erfitt fyrir í kennslu og uppeldi er tvíbent boð sem foreldrar og kennarar gefa börnum sínum og landsfeður þjóðfélagsþegnum. Það er ekki vænlegt til árangurs að segja öðrum þræði að áfengið sé slævandi, dragi úr dómgreind og sé hættulegt lífi og heilsu en jafnframt að flytja frv. á Alþingi um framleiðslu á þessu hættulega efni til að græða á sölu þess til útlendinga og þá

væntanlega misbjóða heilsu þeirra um leið.

Röksemdafærslan fyrir frv. er heldur veikburða og gróðavonin byggir á því annaðhvort að hafa gróðann af Svíum og öðrum frændum okkar eða að stuðla að því að auka eiturneysluna meðal vinaþjóða. Vonandi tekst það ekki og er þá hætt við að gróðinn af útflutningi verði ekki svo mikill og verði fyrst og fremst reynt að sækja hann innanlands. Þetta frv. mun, ef að lögum verður, grafa undan áfengismálastefnu þeirri sem hér hefur ríkt og hefur náð þeim lofsverða árangri að áfengisneysla Íslendinga er enn lægst meðal Evrópuþjóða. Vilja alþm. viðbótina?

Þá tæki fyrst steininn úr ef Alþingi samþykkti bjórfrv. sem meiri hl. allshn. Ed. hefur lagt blessun sína yfir. Samþykkt þess frv. er fáránleg tímaskekkja nú þegar lögð er öll áhersla á heilsuvernd og að draga úr útgjöldum til heilbrigðismála. Þegar í dag eru miklir einkahagsmunir í húfi í sambandi við bjórsölu og framleiðslu. Þeir munu ekki minnka ef almennt verður leyfð sala áfengs öls í landinu og getur þá hver sem er séð í hendi sér líkurnar á að aftur verði horfið frá því óráði." — Hér gerast merkilegir hlutir í kringum mig. Þeir eru farnir að skrafa um það, formaður Framsfl. og formaður þingflokksins, að það sé betra að ég lesi úr Tímanum en Morgunblaðinu. Auðvitað er nokkuð til í því. Ég mun að sjálfsögðu, haldi umræðan áfram, verða við þessum tilmælum og leita mér að blaðakosti til upplestrar þannig að ekki hallist mjög mikið á. (**Forsrh.:** Það er gott að heyra.) Með leyfi forseta held ég þá áfram lestrinum:

„Það er varla af þekkingarleysi sem alþm. og jafnvel fjmrh. flytja frumvörp sem sannanlega munu auka áfengisvanda þjóðarinnar. Sjálfur forsrh. hefur látið Þjóðhagsstofnun reikna út hver verði aukning áfengisneyslu ef framleiðsla og sala áfengs öls verður leyfð í landinu. Þeir útreikningar sýna að neyslan muni aukast um þriðjung. Slíkt hefur í för með sér enn meiri skaða, ofneytendum mun fjölga, alkóhólistarnir verða veikari. Öðrum sjúkdómum og slysum, sem af áfengsneyslu hljótast, fjölgar og dánartala hækkar. Væntanlega vilja þm. koma þessari þekkingu til alþýðu manna en ekki virðist fylgja mikill hugur máli þegar jafnframt er stuðlað að aukinni neyslu. Vonandi eru enn nógu margir alþm. sem skilja hve hættuleg aukin áfengisneysla er heilsu og félagslegri velferð þjóðarinnar svo að dugi til að fella bæði bjórfrumvarpið og frumvarpið um að leyfa einkaaðilum framleiðslu á áfengi í landinu.

Ábyrgð Morgunblaðsins á fræðslu þings og þjóðar.

Morgunblaðið er víðlesnasta dagblað landsins og hefur ásamt sjónvarpi og útvarpi mest áhrif á skoðanamyndun í landinu. Því leita undirritaður og aðrir, sem vilja koma fræðslu á framfæri, til þess þegar á liggur. Treysta má því að blaðið birti efnið skilmerkilega og á þann hátt sem ritstjórum þykir hæfa mikilvægi þess.

Ábyrgð Morgunblaðsins í heilsuverndarmálum og öðrum málum er mikil og í flestum tilvikum hefur það risið undir henni. Skrif og skoðanir ritstjóra þess hafa mikil áhrif á gang mála. Þess vegna vona ég að þeir endurskoði afstöðu sína til áfengismála enn betur en fram kom í ritstjórnargreininni sem varð tilefni þessara skrifa og mæli gegn öllu sem orðið getur til að auka neyslu eiturefna eins og áfengis.

Höfundurinn er dr. med., prófessor i geðlæknisfræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður geðdeildar Landspítalans."

Ég hygg að þó að sú mynd sem sýnd er hér að ofan boði það að það muni verða aukning um rúmlega ⅕ ef bjórinn yrði leyfður sé það staðreynd að þó að þetta sé útbreiddasta blað landsins og þó að þetta sé virtasti læknirinn sem íslensk þjóð á í dag og starfar daginn út og daginn inn að vandamálum sem þessum, og jafnvel þó að það sé lesið upp úr Morgunblaðinu, hafi það nákvæmlega engin áhrif. Ástæðan er sú að sumir menn hafa lesið verkfræði, aðrir lögfræði, aðrir viðskiptafræði. Þeir hafa vegna þekkingar sinnar á þessum greinum sannfærst um það að þeir vissu það mikið um aðra hluti að þeir þyrftu ekki að kynna sér þá, þeir þyrftu þess ekki.

Langskoplegast við allan áróðurinn er þó kenningin um það að boð og bönn dugi ekki. Við skulum prófa þetta með skattheimtuna, afnema skattalögin, segja að boð og bönn dugi ekki. Það verði settur upp fræðsluþáttur í sjónvarpinu þar sem tilkynnt verði að ríkissjóður þurfi peninga og menn beðnir að leggja í kassann eftir þörfum. Auðvitað mundi þjóðin leggja peninga í kassann. Spurningin er aðeins hvort þeir peningar yrðu það miklir að þeir dygðu fyrir launakostnaði, þó ekki væri nema alþm. og ráðherra. Það hefur engum dottið í hug að prófa þessa leið gagnvart þjóðarbókhlöðunni sem mikill áhugi ku vera fyrir, að opna bara stóran kassa og hefja svo fræðslustarfsemina og segja: Boð og bönn duga ekki í skattheimtu. Við látum menn leggja af frjálsum og fúsum vilja í kassann. Hvers vegna ætli hæstv. sjútvrh. hafi ekki notað þetta? Það vita allir að við lifum á þorskinum og loðnunni og öðru sjávarfangi. Ekki hefðu Íslendingar viljandi farið að veiða meira af þessu en skynsamlegt hefði verið. Hann hefði sem sagt hafnað öllum kenningum um boð og bönn og farið þessa frjálsu fræðsluaðferð, fengið sérstakan þátt í útvarpinu á sunnudögum og í kringum fréttir í sjónvarpinu á kvöldin. Trúir því nokkur að það hefði þurft að setja lög um þetta? Hvað eru menn að tala um að það þurfi að setja lög þegar boð og bönn eru það alversta og það er þessi mikla fræðslustarfsemi sem leysir þessa hluti alla?

Nei, það er dálítið merkilegt með þessar kenningar að boð og bönn séu vitleysa. Þetta virðist sigtað inn í stóran hóp manna svo undarlega fast að á sama tíma sem þeim dettur ekki annað í hug en að setja allt í strongustu skorður laga og reglugerða, ef þeir sjálfir eiga að stjórna því, sé langvitlegast þegar kemur að áfengismálum og fíkniefnum að halda þeirri kenningu á lofti að fræðslan ein eigi rétt á sér, boð og bönn henti ekki.

Ég sé að hæstv. sjútvrh. er genginn í salinn og það væri gaman ef hann tæki svo sem nokkra mánuði í það að framfylgja þeirri kenningu í sjávarútvegi að hætta öllum boðum og bönnum og leyfa mönnum bara að veiða eins og hver vildi, fengi fræðslutíma eins og ég gat um áðan. (**Sjútvrh.:** Hvað kemur það áfengismálum við?) Það er það merkilega. Hvað kemur það áfengismálum við? Svona getur farið illa fyrir mönnum þegar þeir verða án fræðslunnar þó það komi ekki einu sinni af boðum og bönnum. Þeir standa gjörsamlega á gati þegar kemur að einföldustu atriðum í rökhyggjunni.

Er það trúleg kenning að boð og bönn séu það eina sem gildi á einu sviði en þegar kemur að öðru sviði sé alveg vonlaust að notast við þau? Ég hygg að hver

einasti maður sem einhver rökhyggja er til í hljóti að reyna að yfirfæra hlutina.

Hæstv. menntmrh. ræskir sig og gengur úr salnum og hefur sennilega þegar numið nægilega mikið til þess að hann skilji fyrr en skellur í tönnum. (**Gripið fram í:** Rökhyggjan á ekki við hann.) Þarna kemur nefnilega dálítið athyglisverður hlutur. Rökhyggjan á ekki við hæstv. menntmrh. því hann hefur leikið þær kúnstir trekk í trekk að þegar honum hentar það betur setur hann stefnuskrá Sjálfstfl. ofan í skúffu og boðar sína eigin í þágu íslenskra menningarmála. Þannig sveif eignarskattshugmyndin, margbannfærð á öllum flokksþingum Sjálfstfl. frá fyrstu tíð, út í loftið í sölum þingsins og ráðherra boðaði að nú skyldi eignarskattur á lagður. Það skal að vísu undirstrikað að hans hugmynd var sú að menn fengju ákaflega fallegt skjal svona sem sárabætur þegar þeir væru búnir að borga. Og ég verð nú að segja að það er hugsanlegt að menn skrifi upp á einhverja slíka pappíra í viðurkenningarskyni ef hægt væri að breyta stefnunni almennt hjá flokknum til betri vegar og það eina sem þyrfti væri að menn fengju viðurkenningarskjal fyrir að hafa villst frá villu síns vegar.

Nei. Það er athyglisverður hlutur að á sama tíma og íslensku fjárlögin hafa tekið þá stefnu að einn liðurinn í þeim, þ.e. fjármagn til heilsugæslu, er hér um bil lóðrétt upp í fjárlögunum, það bætist stöðugt við, á sama tíma og þetta hefur gerst telja menn sig hafa efni á því að líta á það sem auðvirðilegasta „djók" sem læknar hafa að segja um áfengismál. (**Gripið fram í:** Hver heldur því fram?) Hv. 2. þm. Reykv. og varaformaður Sjálfstfl., frsm. meiri hl. í þessu máli hefur gengið úr salnum. Ekki veit ég hvort má túlka það á þann veg að hann hafi ákveðið að fresta frekari aðgerðum til stuðnings við þetta mál eða hvort hann er að hugleiða að reyna að komast undan áhrifum Morgunblaðsins með því að vera víðs fjarri þegar efni þess er kynnt.

Ég hef í gegnum árin stundum furðað mig á því með hið friðelskandi ríki Svíþjóð hvað Svíar hafa lagt mikla áherslu á vopnaframleiðslu og gjarnan vildi ég að þeir frændur okkar þar framleiddu minna af vopnum. En það er einhvern veginn þannig, jafnvel þó að menn séu friðelskandi, að þegar peningar eru annars vegar er eins og það ráði úrslitum. Ég hef yfir höfuð enga trú á því að hv. 2. þm. Reykv. hafi áhuga á að auka drykkju Íslendinga. Ég bara hreinlega trúi því ekki að hann hafi áhuga á því. Og ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh. hafi heldur áhuga á því að auka drykkju Íslendinga. Engu að síður, þegar draumurinn um uppsprettu auðs birtist, hvort sem það á að vera á þann veg að framleiðsla á áfengi hér á landi geti orðið arðvænleg atvinnugrein eða menn dreymir um að þeir fái einhverjar krónur í kassann, er hlaupið upp til handa og fóta og þeirri áfengisstefnu sem Tómas Helgason segir að hafi leitt til þess að Íslendingar neyti minna magns áfengis en aðrir í Evrópu á að varpa fyrir borð.

Ég veit ekki hvort yfirleitt er nokkur möguleiki á því, þegar menn hefja umræðu eins og þessa, að hnika til skoðun manna í þessum efnum, ég efa það. Menn hafa sett niður ákveðna skoðun og vilja standa á henni. En ég gat þess áðan og vil kannske geta þess aftur að fyrrv. heilbrrh. hikaði ekki við að nota boð og bönn þegar hann tók á tóbaksvandamálum þessarar þjóðar og hver einasti réttsýnn Íslendingur hlýtur að gera sér grein fyrir því að það var sá kjarkur sem stóð á bak við þær aðgerðir sem stuðlaði að því að stefnubreyting hefur orðið hjá þjóðinni varðandi þessa hluti. Ekki veit ég hvort hann hefur talið fræðsluna svona tafsama, ef hann ætti að notast við hana eina, eða hvort það er gömul harka sem birtist í því að hafa þrek til þess að fylgja eftir sinni sannfæringu þó að heilir hópar væru á móti.

Ég veit ekki hvort það er hugsanlegt að þeir þrekmenn séu til í þessu þingi, í ráðherraliði Íslendinga, að þeir vilji spyrna við fótum þegar tekist verður á um þetta mál. En mig undrar það að formaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., telur sig hafa aðra ráðgjafa betri í þessu máli en prófessor Tómas Helgason, mig undrar það. Ég vildi gjarnan fá nöfn þeirra manna sem hann telur betri til að hlýða á og hljóta þekkingu frá í málum sem þessum.

Ég hef ekki hugsað mér, herra forseti, að þreyta þingheim með einhverju óþarfa skvaldri um þessi mál. En ef menn telja að svona mál séu svo einföld, svo ómerkileg og svo sjálfsögð, sem sumir virðast telja, að það eigi ekki að ræða þau finnst mér að mælirinn sé fullur. Það má vel vera að áfengisstefna Íslendinga sé ekki svo samræmd sem við vildum á öllum sviðum en þeir aðilar sem leggja til að henni verði breytt bera ábyrgð á þróun sem ég hygg að þeir séu ekki menn til að rísa undir, ábyrgðin er slík.

Herra forseti. Ég ítreka það að ég óska eftir að fá svör við þeim spurningum sem ég varpaði fram til flm. á sínum tíma í minni fyrri ræðu en ég hef lokið máli mínu.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil lýsa í nokkrum orðum afstöðu minni til frv. sem er á dagskrá og til umræðu. Hún er í stuttu máli sú að ég er andvígur þessu frv. Ég held að menn þurfi að íhuga það dálítið hvort það sé tímabært og rétt að breyta um stefnu í grundvallaratriðum hvað varðar einkarétt ríkisins til að hafa þessa starfsemi með höndum og þar kemur margt til. Í sjálfu sér er málið ekki einfalt og mér þykir mjög slæmt að menn skuli þá ekki líta á það og ræða það í samhengi við ýmislegt annað, fjöldamargt annað sem snertir samskiptin við þennan margnefnda vímugjafa, brennivínið, sem hér er til umfjöllunar í og með.

Ríkið hefur haft einkarétt á heildsölu og á því að taka álagningu en einnig á framleiðslu þeirra áfengra drykkja sem hér hafa verið til sölu innanlands. Það er nú einu sinni þannig að á herðum hins opinbera lendir mest af þeim vandræðum og þeim erfiðleikum sem fylgja vímuefnaneyslu í þjóðfélaginu. Þess vegna segja ófáir að það sé þá eðlilegast, ef um einhverja framleiðslu, sölu og álagningu á þessum efnum er að ræða, að það sé þá á herðum og höndum hinna sömu og þeir njóti þá þess ef um er að ræða einhverjar tekjur af slíkri starfsemi. Ég held að það sé ekki síður ástæða til að ríkið hafi þá þessa tekjumöguleika ef um slíkt er að ræða.

Herra forseti. Áfengisneysla er víðast hvar vaxandi í nálægum löndum og reyndar ekki bara í nálægum löndum heldur er áfengisneysla einnig mjög hratt vaxandi og alvarlegt vandamál víða í þriðja heiminum. Það má því segja að þeir séu fáir afkimar heimsins þar sem ekki er við veruleg vandamál að glíma í samskiptunum við þennan drykk og af því hafa menn mjög víða áhyggjur.

Þó er hægt að finna dæmi um einstök lönd þar sem

menn hafa náð þeim árangri að draga úr áfengisneyslu. Þar má nefna til Svíþjóð. Ég veit ekki betur en sænska ríkið hafi einmitt einkarétt á framleiðslu sterkra drykkja, eins og við erum hér að tala um. Það er athyglisvert vegna þess að flm. þessa frv., sem gera í grg. með frv. nokkuð úr þeim smjörfjöllum sem af þessu gætu skapast, þ.e. þeim tekjum og þeim útflutningstekjum sem í framtíðinni gætu orðið af vodka sem þeir hafa sérstaka trú á, þessir menn, nefna einmitt árangur Svía sem hafi náð alveg gífurlegum árangri við það að selja vodka ofan í Bandaríkjamenn. Ég veit ekki betur, eins og ég áðan sagði, en það sé einmitt sænska ríkið sem hafi þar einkarétt á framleiðslu. Ekki kemur það því í sjálfu sér í veg fyrir það að menn geti flutt þetta út og grætt á því ef þeir hafa sérstakan áhuga á því. Enda hef ég ekki trú á öðru en að hið opinbera geti þá staðið þannig að hlutunum og nýtt sér alla þá verktækni og markaðstækni og hvað það nú er sem til þess þarf að selja vodka ofan í Bandaríkjamenn ef mönnum er það sérstakt keppikefli.

Nú er mér ekki illa við Bandaríkjamenn og ég hef engan sérstakan áhuga á því að reyna að troða ofan í þá meiri vodka en þeir hafa gott af. Að skaðlausu mætti því sleppa þeim þankagangi út úr þessu máli að hafa það inni í fylgiskjali að það sé mjög vænlegt að reyna að ná eins og 30% markaðshlutdeild í vodka á Bandaríkjamarkaði. Þessar vangaveltur, herra forseti, eru nokkuð broslegar. Vegna þess að Svíar hafi náð að selja svonefndan „Absolut vodka", 3 782 700 lítra, þá sé það mjög trúlegt að íslenskur vodki gæti einnig náð 30% markaðshlutdeild í Bandaríkjunum þegar tímar líða ef þetta frv. verði að lögum.

Ef hið opinbera hefur áhuga á því að nýta sér hugkvæmni einstöku manna, hvort sem þeir eru úr kjördæmi hæstv. fjmrh. eða einhvers staðar annars staðar að af landinu, getur það sem best gert það t.d. með því að efna til verðlaunasamkeppni um bestu hugmyndirnar um nöfn á sprittið, útlit á miðum, hönnun á flöskum o.s.frv. Það má jafnvel smyrja einhverju ofan á þetta ef menn vilja virkja hugmyndaauðgi Íslendinga í þessum efnum, einhverja listsköpun á þessu sviði, þá er það svo sem allt í lagi mín vegna. En það kallar ekki á það að þetta sé endilega í höndum einkaaðila og menn taki þá afdrifaríku ákvörðun að breyta alveg um stefnu hvað það varðar. Ég hefði talið miklum mun farsælla að þetta yrði áfram á höndum ríkisins hvort sem gert verður eitthvert markaðs- og vöruþróunarátak í þessum efnum eður ei.

Ég vil segja það, herra forseti, sem mína grundvallarafstöðu í þessum efnum, að ég er algerlega mótfallinn því að einstaklingar hafi aðstöðu til að græða á framleiðslu og/eða sölu þessarar vöru. Það stríðir gegn þeim grundvallarhugmyndum sem ég hef um þetta efni að fara að búa til íslenskt áfengisauðvald. Ég vil biðja menn aðeins að hugleiða það hvort það samræmist eðli þess varnings, sem hér er á ferðinni, að standa þannig að málunum.

Við erum ekki bara að tala um daglega eða almenna neysluvöru. Hér er um að ræða varning sem er allt annars eðlis. Menn hafa m.a. viðurkennt það, hæstv. fjmrh., með því að heimila ekki auglýsingar á þessum varningi. Þar af leiðandi lýtur þessi vara allt öðrum lögmálum á markaðnum en daglegar neysluvörur, sápa, brauð, gosdrykkir eða hvað það nú er. Það er óheimilt að reyna að koma þessari vöru inn á fólk með auglýsingum.

Ég vil þá einnig spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur hann þá ekki af því einhverjar áhyggjur að framleiðendur í einkaframtaki á Íslandi mundu fara að reyna að stunda eitthvað sem kalla mætti duldar eða dulbúnar auglýsingar ef þeir færu að koma framleiðslu á markað og hefðu af því persónulegan hag að auka markaðshlutdeild sinnar vöru? Ég held nefnilega að menn þurfi að skoða ýmislegt fleira en bara þann þátt að einhverjir einstaklingar gætu kannske komist yfir einhverja aura með því að haga þessu svona. Málið er miklu stærra og flóknara en það.

Menn ættu kannske að svara því í leiðinni: Ætla menn að leggja til að aflétta auglýsingabanni á áfengi? Væri það ekki rökrétt framhald af þessari stefnubreytingu, að fara að setja þennan varning í hendurnar á almennum samkeppnismarkaði, að heimila þá einnig auglýsingar á honum? Ég held að menn verði að hafa þá einhver samkvæmni í hlutunum.

Ég tek til samanburðar hinn alþjóðlega tóbaksiðnað og minni menn á það hvaðan andstaðan hefur helst komið við þær aðgerðir sem heilbrigðisyfirvöld og önnur yfirvöld hafa verið að grípa til á undanförnum árum, sérstaklega hér á landi og einnig annars staðar, til að draga úr tóbaksreykingum og skaðsemi þeirra. Auðvitað frá framleiðendunum, einkagróðanum sem framleiðir þessa vöru. Þaðan hafa komið kröftug mótmæli og þaðan hefur komið fé sem notað er til að reyna að vinna gegn slíkum takmörkunum og ráðstöfunum heilbrigðisyfirvalda.

Þetta ættu íslensk yfirvöld að muna vegna þess m.a. að einstakir erlendir tóbaksframleiðendur tóku sína vöru af markaði á Íslandi, eða a.m.k. hótuðu að gera það, þegar ákvæðin um auglýsingar á umbúðum utan um tóbak tóku gildi hér á landi. Það var auðvitað í eiginhagsmunaskyni sem þeir gerðu það, þeir óttuðust að það mundi draga úr sölu á sinni vöru og kannske þó sérstaklega að það mundi draga úr heildarneyslunni á þessari vörutegund í heiminum. Það er það sem þessir menn eru hræddir við.

Þá sjá menn í hnotskurn hvað það er andstætt stefnu og viðleitni stjórnvalda að öðru leyti að færa þetta nú yfir í hendurnar á einkaframtakinu eða einstaklingum. Þetta er ekki dagleg eða almenn neysluvara sem á að lúta sömu venjum og reglum og gerist um slíkar. Þess vegna er það að mínu viti algerlega óeðlilegt að nota þá röksemdafærslu sem hér er viðhöfð í þessu efni.

Herra forseti. Ég er ekki að fjalla um þetta mál á grundvelli þess sérstaklega hvort það atriði í sjálfu sér, að upp komi einstakir íslenskir framleiðendur, muni auka eða draga úr áfengisneyslu á Íslandi. Við eigum að líta á þetta út frá því grundvallaratriði, sem ég hef hér gert að umtalsefni, hvort það er í samræmi við viðbrögð og stefnu yfirvalda að öðru leyti að heimila þetta.

Stjórnskipulega séð tel ég það mikinn ókost, ef af þessu ætti að verða, herra forseti, að þetta mál er alfarið í höndum fjmrh. vegna þess að þetta mál snertir fyrst og fremst heilbrigðiskerfið og heilbrrh. og síðan dómsmrh. sem yfirleitt hefur farið með úthlutun leyfa í þessu efni. Það er því að mínu viti í fullkomnu ósamræmi við allt skipulag þessara mála að setja leyfisveitingu á þessu tiltekna sviði eingöngu í hendur fjmrh. og ekki orð um það hvernig hann skuli með það fara að

öðru leyti. Það er að mínu viti fullkomlega óeðlilegt, herra forseti.

Ég held að þetta sé einnig ótímabær ráðstöfun, m.a. vegna þess, eins og hér kemur fram á nál. minni hl., að það er verið að marka opinbera stefnu í áfengismálum og það er mjög óeðlilegt að taka þetta mál eitt þar út úr, rétt eins og það væri einnig óeðlilegt að fara að breyta um stefnu hvað varðar meðhöndlun áfengs öls eða hvers annars þáttar áfengismálanna á meðan svo stendur að verið er að vinna að mótun þessarar opinberu stefnu. Eða ætla menn að gera eitthvað með hana yfirleitt? Það vakna vissar spurningar, herra forseti, þegar svona er gersamlega gengið fram hjá opinberri stjórnskipaðri nefnd sem er á vegum hins opinbera að vinna ákveðna tiltekna stefnumörkun í þessum efnum. Síðan virðist ekki eiga að gera nokkurn skapaðan hlut með tilvist hennar þegar það virðist eiga að þjóna hagsmunum einstakra fagráðherra. Er ríkisstj. að afneita þessari nefnd sinni? Er hún ekki til lengur í augum hæstv. ríkisstj.? Ég held að hún ætti að svara því.

Þá hef ég u.þ.b. komið á framfæri, herra forseti, þeim meginatriðum sem móta afstöðu mína í þessum efnum. Ég vil sem sagt líta á þetta almennt í samhengi við tilhögun þessara mála og spyrja spurninga hvort þetta samrýmist þeim. Ég þykist hafa svarað því að svo sé ekki. Ég hefði gjarnan viljað heyra það t.d. af vörum hæstv. fjmrh., ef hann heldur því til streitu að koma þessu frv. hér áleiðis, hvernig hann ætli t.a.m. að taka á því máli sem ég gerði hér að umtalsefni og varðar auglýsingar eða auglýsingabann á þessum vörum og hvernig það samræmist því að leyfa framleiðsluna einkaaðilum.

Einnig væri fróðlegt að hæstv. heilbrrh. þjóðarinnar léti nú svo lítið að taka þátt í þessari umræðu og lýsti t.d. sinni afstöðu til þess hvernig það samræmist viðleitni stjórnvalda til forvarnarstarfs að gera þessa stefnubreytingu. Það er ákaflega sérkennilegt, herra forseti, að við ljúkum þessari umræðu um þetta mál hér í þessari deild án þess að fá að heyra eitt einasta orð frá hæstv. heilbrrh. sem má nokkrar áhyggjur hafa af því hvernig þessi mál þróast hér í landinu. Burtséð frá því að sérfræðingar eins og prófessor Tómas Helgason, sem hér hefur verið vitnað til, hafa komið sinni faglegu skoðun rækilega á framfæri ætti hæstv. heilbrrh., þó ekki væri nema vegna þess útgjaldaþáttar sem áfengisnotkun og þá sérstaklega misnotkun áfengis sannanlega er, að hafa af því nokkrar áhyggjur hvernig þessum málum er skipað.

Ég mun styðja dagskrártillögu minni hl. fjh.- og viðskn. um að næsta dagskrármál verði tekið fyrir og ég teldi það skynsamlega ráðstöfun á tíma hv. þingdeildar, herra forseti, að gera svo í ljósi þess að nú styttist óðum til þingslitanna.

ATKVGR.

Till. um rökst. dagskrá á þskj. 1000 felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, FÞ, GeirG, GJG, GHelg, KH, ÓÞÞ, StG, SV, SJS.

nei: SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, FrS, GB, HÁ, HBl, JS, JBH, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHH, StH.

EH, KSK, IG greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (EBS, GSig, KMK, GA, GGS, HG, KP, KJóh, RH) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, BÍG, FrS, GB, HÁ, HBl, JS, JBH, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHH, StH, SvH, ÞP.

nei: GeirG, GHelg, GJG, ÓÞÞ, StG, SV, SJS, SvG.

EH, FÞ, KSK, IG greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (EBS, GSig, KMK, GA, GGS, HG, KP, KJóh, KH, RH) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 18:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, stjfrv. 268. mál (þskj. 501, n. 991). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 991 frá hv. félmn. Þetta nál. er um frv. til. l. um breytingu á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með breytingum sem gerðar voru 1984.

Þetta frv. er flutt í beinu framhaldi af breytingum á samningalögum sem mælt var fyrir fyrr á þessum fundi. Því máli hafði verið vísað til hv. fjh.- og viðskn. og mikill meiri hl. nefndarinnar stendur að nál. þar sem gert er ráð fyrir því að þau ákvæði, sem þar er að finna, verði samþykkt. Verði það frv. að lögum breytast samningalögin nr. 7/1936, sem aftur hefur þá þýðingu að breyta verður húsaleigusamningalögunum eins og hér er ráð fyrir gert.

Herra forseti. Það er óþarfi að kynna efni þessa frv. Það hefur verið gert fyrr á fundi hv. deildar. Hv. félmn. hefur rætt þetta frv. og skoðað og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. rita auk mín hv. þm. Halldór Blöndal, Stefán Guðmundsson, Eggert Haukdal, Stefán Valgeirsson, Svavar Gestsson og Jóhanna Sigurðardóttir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Póstlög, stjfrv. 248. mál (þskj. 905, n. 994, brtt. 995). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 994 er nál. frá samgn. þar sem fram kemur að frv. var rætt á nokkrum fundum og til viðræðna við nefndina komu Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgrn., og Ragnhildur Hjaltadóttir, lögfræðingur þar, Rafn Júlíusson póstfulltrúi og Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlitsins.

Undir þetta frv. skrifa með fyrirvara hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Karvel Pálmason. Fyrirvari þeirra byggist á því að á þskj. 995 er brtt., sem ásamt mér flytja hv. þm. Friðjón Þórðar-

son, Stefán Guðmundsson og Eggert Haukdal, þess efnis að lagt er til að sú breyting, sem var sett inn í frv. í Ed., verði tekin út aftur.

Nefndin, sem samdi þetta frv., lagði til að 2. gr. 3. málsgr. orðaðist þannig: „Til fjármunapóstsendinga teljast greiðsluviðskipti með millifærslu (gíró)“ sem mundi hafa bæði inn- og útlánastarfsemi svipaða og bankar og sparisjóðir hafa.

Í grg. með þessu stendur, með leyfi forseta: „Í áliti sínu til ráðherra lagði nefndin til að það nýmæli yrði tekið upp í frv. að Póstgíróstofunni yrði heimilað að veita viðskiptamönnum sínum hliðstæða þjónustu og bankar og sparisjóðir veita varðandi inn- og útlán. Við umfjöllun ráðuneytisins á frv. var ekki fallist á þessa tillögu.“

Það kom fram í nefndinni að ekki er talið að það sé rétta leiðin til að fækka bönkum og stofnunum, sem hafa með höndum almenna bankastarfsemi, að fjölga þeim. Hins vegar kom það fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni að hann vildi þrengja þetta meira. Hann vildi þrengja það þannig að póstgíró hefði ekki þá möguleika sem það hefur nú skv. bæði núgildandi lögum og þeim lögum ef þetta frv. verður samþykkt eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til. En hv. þm. mun sjálfsagt gera frekar grein fyrir sínum hugmyndum í þessu máli.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til sem sagt að frv. verði samþykkt með þessari breytingu og minni hl. er með frv. að öðru leyti en því að það eru skiptar skoðanir um þessa grein sem ég var hér að lýsa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þarf raunar ekki miklu við það að bæta sem hv. þm. Stefán Valgeirsson vék hér að. Eins og fram hefur komið skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara. Ég er þeirrar skoðunar að það beri frekar að þrengja hjá Póstgíróstofunni en að útvíkka hennar verksvið. Eg tel t.d. að það nái vart nokkurri átt að orlofsdeild Póstgíróstofunnar geti valsað með orlofsfé þeirra landsmanna, sem þangað borga inn, að eigin vild og hefur um lengstan tíma borgað lægstu ávöxtunarvexti sem um getur í kerfinu. Ég tel að slíkt þurfi sérstakrar endurskoðunar að svona sé með málin farið. Minn fyrirvari byggist því frekar á því að þrengja verksvið Póstgíróstofunnar en að útvíkka það eins og sú till., sem samþykkt var í Ed., gerir ráð fyrir og var í tillögum nefndarinnar sem samdi frv. á sínum tíma eins og grg. gerir ráð fyrir.

Hins vegar tel ég að hefði þetta verið gert með eðlilegum hætti hefði það getað komið til skoðunar að gera þetta á stöðum sem ekki njóta bankaþjónustu. En að gera þetta í því formi sem hér er gert ráð fyrir, að nánast bæta við bankakerfið í landinu, sem ég er andvígur að sé gert, finnst mér ekki ná nokkurri átt.

En af því að farið er að tala um póstgíró hefði ég gjarnan viljað að hæstv. félmrh. væri hér viðstaddur nú, því að hluta til kemur þetta undir hans embætti, og hefði gjarnan viljað leita eftir því við hæstv. forseta hvort hæstv. félmrh. væri ekki í húsinu þannig að við næðum tali af honum hér í deildinni. Ég skal vera mjög stuttorður ef hægt er að ná til hæstv. ráðherra helst í skyndi. (**Forseti:** Það verður gerður reki að því að ná í hæstv. félmrh.) Það sem ég vildi spyrja hæstv. félmrh. um er það hvaða ávöxtun verði á orlofsfé frá orlofsdeild Póstgíróstofunnar á yfirstandandi orlofsári. Það er, að ég hygg, kominn sá tími sem slík ákvörðun þarf að liggja fyrir, hver ávöxtunin er, og ég tel að það sé á eðlilegum stað að skýra frá því hér á hæstv. Alþingi hver ávöxtun á þessu mikla fé, sem Póstgíróstofan hefur vegna orlofsgreiðslnanna, sé.

Ég skal ekki teygja þetta öllu lengur. En ég vildi gjarnan að hæstv. félmrh. svaraði þeirri spurningu hver ávöxtunartala orlofsfjárins er fyrir yfirstandandi orlofsár. Ég sé að hæstv. félmrh. gengur nú í salinn. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh., af því að ég tel að það eigi við hér á hv. Alþingi: Hver er ávöxtunartala á orlofsgreiðslur þess fólks, sem greiðir inn til orlofsdeildar póstgíró, á yfirstandandi orlofsári? Ég hygg að það sé kominn sá tími sem slíkar ákvarðanir hafi verið teknar. Þær eru teknar af hæstv. félmrh. Þess vegna beini ég þessari fsp. til hæstv. ráðherra.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það er reyndar óþarfi að eyða tíma í málalengingar um afstöðu mína í þessu máli, enda hv. formaður samgn. og frsm. í málinu þegar búinn að fara nokkrum orðum um hana í sínu máli. En ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara og ástæðan er fyrst og fremst sú að nefndin hefur haft mjög nauman tíma til umfjöllunar um þetta frv. Mér finnst ég engan veginn í stakk búin til að taka skýra og ákveðna afstöðu til þess.

Eins og hér hefur verið lýst og sést á þskj. 995 fellst meiri hl. nefndarinnar ekki á þá brtt. sem samþykkt var á 2. gr. frv. í Ed. og leggur til að 3. málsgr. 2. gr. verði aftur eins og hún var upphaflega í frv. Ég tel nefndina alls ekki hafa haft nægan tíma til að skoða þetta. A.m.k. hefur ekki tekist að sannfæra mig um réttmæti þessarar afgreiðslu málsins, en reyndar heldur ekki á hinn veginn. Mun ég því sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Því miður var ég ekki viðstaddur umræðurnar en mér skilst að það sé í sambandi við frv. til póstlaga sem hv. þm. Karvel Pálmason hafi borið fram fsp. um ávöxtun á orlofsfé. Ég get ekki svarað því öðruvísi í augnablikinu en þannig að það er einmitt á morgun sem verða komin öll þau gögn sem við höfum beðið eftir til að taka ákvörðun um hverjir vextirnir verða á orlofsfé fyrir síðasta orlofsár. Við vorum að bíða eftir endanlegri ákvörðun Seðlabankans. Það verður því fjallað um það á morgun. Ég reikna með því að í lok þessarar viku verði þetta tilbúið þannig að hægt verði að greiða þetta á eðlilegum tíma, þ.e. fyrir 1. maí n.k.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 995 samþ. með 22:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
3.–39. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, stjfrv. 409. mál (þskj. 978, n. 1004, brtt. 1006). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Á þskj. 1004

getur að líta nál. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Undir þetta rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Ólafur G. Einarsson, Svavar Gestsson og Jón Baldvin Hannibalsson.

Þar er skemmst af að segja að við Friðrik Sophusson flytjum á þskj. 1006 brtt. sem er í því fólgin að 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:

„Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll tryggingadeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnrh. og fjmrh.“

Það sem felst í þessari breytingu er það að fjmrh. hefur hönd í bagga með iðgjöldum og tryggingarhlutföllum útflutningslána.

ATKVGR.

Brtt. 1006 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Streitis, frv. 341. mál (þskj. 625). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til landbn. með 20:6 atkv.

Neðri deild, 93. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, kl. 00.05 árdegis.

Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, stjfrv. 413. mál (þskj. 762). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1034).

Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv. 366. mál (þskj. 661). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1047).

Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar, stjfrv. 260. mál (þskj. 838). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1048).

Útflutningsráð Íslands, stjfrv. 259. mál (þskj. 840). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1049).

Húsaleigusamningar, stjfrv. 268. mál (þskj. 501). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1050).

Póstlög, stjfrv. 248. mál (þskj. 1045 (sbr. 477)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Iðnlánasjóður, stjfrv. 409. mál (þskj. 1046). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. 442. mál (þskj. 881, n. 1007 og 1017, brtt. 933, 944, 975, 1002 og 1018). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Félagsmálanefndir beggja deilda unnu saman að athugun frv. og áttu fund með ýmsum þeim sem höfðu komið nálægt málinu áður, bæði staðið að samningsgerð milli aðila vinnumarkaðarins og einnig með fulltrúum úr þeirri nefnd sem samdi frv. á grundvelli samkomulags, svo og var rætt við fulltrúa frá lífeyrissjóðunum.

Eins og nál. ber með sér náðist ekki fullt samkomulag um málið. Meiri hl. nefndarinnar tók þá afstöðu að einskorða sig við þá þætti húsnæðismála sem samkomulag aðila vinnumarkaðarins tók til, en öðrum þáttum sem varða húsnæðismálin var meiri hl. nefndarinnar sammála um að vísa til milliþinganefndar og er gerð grein fyrir því í nál. á bls. 3 hvaða atriði það eru. Það eru:

1. Reglur um veð og veðhæfni íbúða.
2. Kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og leiguhúsnæði.
3. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar.
4. Áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðabyggingar og verkamannabústaðakerfið yfirleitt.
5. Verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja eða aldraða.
6. Staða og hlutverk ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar.
7. Ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.
8. Stærðarmörk íbúða verði athuguð sérstaklega og reglur opinberra stofnana þar að lútandi samræmdar.
9. Talað er um að milliþinganefndin kanni hvernig ætlunin sé að framkvæma ákvæði 11. gr. er líða tekur á sumarið.
10. Spurningin um hvernig fara skuli með lánsrétt þeirra sem ekki geta nýtt lánsrétt sinn til fulls við kaup á fyrstu íbúð vegna þess að um ódýra eða litla íbúð er að ræða. Er þá haft í huga að viðkomandi þurfi á stærri íbúð að halda vegna breyttra aðstæðna.

Um einstök atriði í þessari upptalningu er það fyrst að segja að það var spurt um afstöðu aðila vinnumarkaðarins til kaupleiguíbúðanna og kom það fram frá fulltrúa Alþýðusambandsins að á þær hefði ekki verið minnst, hvorki í sambandi við samningsgerðina milli aðila vinnumarkaðarins né hefði sú spurning komið upp þegar unnið var að samningu þessa frv.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því varðandi ráðstafanir til að koma til móts við þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum að í samkomulaginu eru ákvæði um að koma verulega til móts við það fólk með því að gert er ráð fyrir að 300 millj. til viðbótar komi frá lífeyrissjóðunum til að greiða úr greiðsluerfiðleikum þeirra íbúðaeigenda sem um ræðir. Vil ég í því sambandi vekja sérstaka athygli á því að hér er gert ráð fyrir að viðbótargreiðsluerfiðleikalán skuli vera með sama lánstíma og almennt er á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Þetta er mjög þýðingarmikið ákvæði og eins hitt að ríkisstj. mun beita sér enn frekar fyrir því að mönnum verði gefinn kostur á lengingu lánstíma í bönkum og sparisjóðum þannig að lánstími verði a.m.k. tíu ár.

Ég vil í þessu sambandi líka vekja athygli á að með skattalagabreytingum fyrir jólin var það ákvæði tekið inn að þeir sem ekki gætu breytt skammtímaskuldum í löng lán nú á þessu ári skyldu njóta vaxtafrádráttar þó svo hann hefði fallið niður skv. eldri lögum. Þetta eru allt saman mjög þýðingarmikil ákvæði og líka hitt að það var mat þeirra sem gerst þekkja til að það fé sem hér um ræðir, 500 millj. kr., sé nægilegt til að koma til móts við þetta fólk.

En eins og ég sagði voru menn í félmn. sammála um að húsnæðisnefndin, milliþinganefndin, skyldi taka þetta mál til sérstakrar athugunar á þessu sumri í ljósi breyttra aðstæðna og vegna þess að lífeyrissjóðirnir hafa nú komið inn með fullum þunga til að leysa vandamál þessa fólks. Ég vil mega vænta þess að takast muni að finna viðunandi lausn á því.

Með þessum aðgerðum, bæði með breytingum skattalaganna og með þessum nýju ákvæðum varðandi lengingu lána hjá húsnæðismálastjórn, er að sjálfsögðu um það að ræða að ríkissjóður tekur þátt í því að hjálpa fólki til greiðslu á þessum skuldum.

Á hinn bóginn var ekki kosið að setja ákvæði í frv. um að til frambúðar skyldi vera sérstakur lánaflokkur vegna greiðsluerfiðleika. Við spurðum aðila vinnumarkaðarins að því hvort það hefði komið upp þeirra á milli. Þeir töldu að þetta væri ekki viðvarandi ástand, vildu vona það, töldu ekki eðlilegt að slík greiðsluerfiðleikalán væru fastur liður í starfsemi Húsnæðisstofnunar og lögðu áherslu á að hið nýja húsnæðislánakerfi mundi leysa húsnæðismálin til frambúðar með þeirri lækkandi greiðslubyrði fyrir einstaklinga sem þetta nýja kerfi hefur.

Ég skal ekki rekja í því einstaka þætti, en í fskj. með nál. er útskýrt nákvæmlega hvaða áhrif frv. hefur, þetta nýja húsnæðiskerfi. Ég bið hv. þm. að kynna sér það þegar þeir hafa næði til. Ég vek líka athygli á því að í frv. er gert ráð fyrir því og tekið af skarið um að lánin skulu verðtryggð og líka einstakir lánshlutar þótt þau séu greidd út í tvennu eða þrennu lagi. Þetta er auðvitað gerbreyting frá því sem verið hefur og auðvitað verkar það á þá lund að auðvelda mönnum að eignast þak yfir höfuðið.

Menn ræddu ítarlega í nefndinni þær flóknu reglur sem settar eru upp í 2. gr. frv. til að ákveða lánsrétt viðkomandi. Þetta er mjög flókin regla ef lífeyrissjóðirnir taka ekki að fullu þann kostinn að greiða að fullu þau 55% sem hámarkslánið er miðað við. Ég hygg þó að ástæðulaust sé að óttast það. Þeir menn sem gerst þekkja til töldu að langflestir lífeyrissjóðanna mundu standa við skuldabréfakaupin að fullu af þessum 57%, en gátu ekki útilokað að einstakir sjóðir kysu að vera utan við. Reynslan á eftir að leiða það í ljós. En þetta

kerfi er sett upp til að knýja alla lífeyrissjóði til að kaupa skuldabréf Húsnæðisstofnunar. Það hefur verið þannig að ýmsir minni sjóðir hafa komið sér undan því að taka þátt í skuldabréfakaupum Húsnæðisstofnunar og með því verið í færum til þess að veita sínum sjóðfélögum hærri lífeyrissjóðslán en ella og þá auðvitað á kostnað hinna lífeyrissjóðanna. Það er verið að reyna að þrengja að þessum sjóðum þannig að lífeyrissjóðirnir standi allir jafnt að þessari fjármögnun sem er grundvöllur þeirrar breytingar sem hér er verið að tala um. Ég vek líka athygli á að með breyttum samningum um lífeyri, sem kemur til á næstu þrem árum þannig að mönnum ber að greiða í lífeyrissjóð af öllum sínum tekjum, mun ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna aukast mjög, sem við væntum að valdi því að almennir vextir fari lækkandi. Ég held að ef horft er til framtíðar sé ekki við því að búast að lífeyrissjóðirnir geti ávaxtað fé sitt betur né öruggar en með þessum skuldabréfakaupum frá ríkissjóði.

Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni hafa lagt fram brtt. á sérstöku þskj. Ég ætla aðeins að víkja að þeim, en um þessar till. var í rauninni samkomulag þó sá kostur hafi verið tekinn að við stöndum einir að þeim.

Fyrsta brtt. lýtur að því að Vinnuveitendasamband Íslands fái einn mann í húsnæðisstjórn, en Alþýðusambandið hefur haft þar tvo menn fram að þessu. Það er gert með hliðsjón af þeirri nauðsyn að tryggja verður undanbragðalaust aðild lífeyrissjóðanna að húsnæðislánakerfinu, enda eðlilegt að aðilum vinnumarkaðarins verði gert kleift að fylgjast með því að framkvæmd laganna verði í samræmi við samkomulagið um húsnæðismálin.

Önnur brtt. lýtur að því að auka rétt elli- og örorkulífeyrisþega sem eiga óverulegan rétt til greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Sú þriðja er um að taka af allan vafa um að einstakir landshlutar fylgi breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hin fjórða er um að draga nokkuð úr viðbótarlánum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Það er talið eðlilegt. Eins og þessi ákvæði voru í frv. var það nánast ofrausn. Það var gert ráð fyrir því að lán í þessu skyni gætu numið allt að 3,5–6 millj., en hér er gert ráð fyrir að þau nemi ekki nema rúmum 3 millj. Það verður að teljast ærið til þessa þáttar og hugsa ég raunar að þessi lagabreyting hafi litla praktíska þýðingu.

Í fimmta lagi er lagt til að lána allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði og endurbótakostnaði fyrir fólk með sérþarfir í stað 70% eins og í frv. stendur og loks er lagt til í bráðabirgðaákvæði að miðað sé við 1. sept. 1985 í stað 1. jan. 1985 þegar um það er að ræða að skerða lán til húsnæðiskaupa eða byggingar vegna þess að viðkomandi hafi fengið lán úr lífeyrissjóði á tímabilinu. Okkur þótti fulllangt að fara alla leið til 1. jan. á s.l. ári. Þess verður að gæta að við erum að tala um lánshluta sem koma til útborgunar eftir 1. sept. og við teljum nægilegt að miða við eitt ár þó ekki sé farið tæp tvö ár aftur í tímann.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu í þessum inngangsorðum að ræða þetta frekar, málið er þm. kunnugt, en ég legg áherslu á að meiri hl. nefndarinnar, aðrir en fulltrúi Alþfl., voru sammála um að einskorða sig á þessu stigi við það að frv. tæki til þess samnings sem náðist milli aðila vinnumarkaðarins í tengslum við síðustu kjarasamninga og ríkisstj. hefur síðan staðfest að hún vilji vinna að. Ef farið yrði út í endursköpun húsnæðislánakerfisins í heild nú yrði það miklu meira verk og tæki miklu lengri tíma en svo að hægt væri að afgreiða frv. á þessu þingi. Þess vegna er þessi afstaða tekin af meiri hl. nefndarinnar. Ég vil líka leggja áherslu á að ég tel nauðsynlegt að ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar móti hinar nýju reglur nokkuð í samræmi við reynsluna, hvernig eigi að stýra greiðsluerfiðleikalánunum, og ítreka það, sem ég sagði, að milliþinganefndin mun fara rækilega ofan í það mál og gera þá tillögur um breytingar og útfærslu við hæstv. félmrh. ef henni sýnist svo. Jafnframt vil ég vekja athygli á því að það er opið að auka þetta fé frekar ef lífeyrissjóðirnir fallast á að útvega frekar fé en hér er gert ráð fyrir. Við verðum að hafa í huga að þegar samningarnir voru gerðir höfðu ýmsir lífeyrissjóðanna ráðstafað sínu fé. Þeir höfðu skuldbundið sig fram í tímann sem aftur veldur því að þeir hafa minna svigrúm nú á þessu ári en búast má við eftirleiðis. Ákvæðið til bráðabirgða tekur mið af því að ekki er við því að búast að allir lífeyrissjóðir geti staðið við 55% nú á hausti komanda. Þess vegna tek ég fram að menn geta skapað sér rétt með því að gera samninga fyrir þann tíma um skuldabréfakaup á næstu tveim árum.

Frsm. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál ræddi ég ítarlega um frv. og ýmsa ágalla sem á því má finna. Við meðferð málsins í nefnd hefur nefndin tekið upp nokkrar brtt. og leiðrétt suma þá ágalla sem nauðsynlegt var að lagfæra og fram komu í mínu máli við 1. umr. Nefndin hefur m.a. leiðrétt það að ekki komi til lækkunar á lánum til einstaklinga með sérþarfir sem hætta var á eins og það ákvæði var í frv. Einnig ber að fagna því að samstaða er um að þeim sem vegna fötlunar eða örorku standa utan vinnumarkaðarins verði tryggður hámarksréttur.

Enn er það svo að ýmsir ágallar standa eftir á þessu frv. og vil ég aðeins stikla á þeim helstu.

Í fyrsta lagi er um að ræða að aukinn lánsrétt á að fjármagna með lánsfé úr lífeyrissjóðunum og er ljóst að gífurlega mikið fjármagn þarf til að standa undir vaxtamismun á teknum lánum og veittum. Hversu mikið það framlag verður ræðst af samningum við lífeyrissjóðina um vaxtakjör. Miðað við 9% vexti til lífeyrissjóða er fjárþörf vegna vaxtamismunar 12,4 milljarðar á næstu tíu árum, en 5,6 milljarðar á næstu tíu árum ef miðað er við 6% vexti. Ekkert liggur enn fyrir um vaxtakjör og er því alger óvissa um hve miklar fjárskuldbindingar ríkissjóður verður að taka á sig vegna ákvæða þessa frv.

Í öðru lagi liggur ekki enn fyrir heildarsamkomulag við lífeyrissjóðina og formaður Landssambands lífeyrissjóða, Pétur Blöndal, lýsti því yfir við meðferð málsins í nefnd að ekki hefði á neinu stigi málsins verið leitað til stjórnar Landssambands lífeyrissjóða um þetta mál. Óvissa ríkir því enn um afstöðu flestra sjóða innan Landssambands lífeyrissjóða til skuldabréfakaupanna eins og frv. þetta gerir ráð fyrir.

Í þriðja lagi má benda á að þar sem lánsréttur húsbyggjenda og kaupenda ákvarðast af skuldabréfakaupum þess lífeyrissjóðs sem viðkomandi er sjóðfélagi í getur það leitt til mikillar mismununar og óréttlætis að því er lánsrétt varðar. Einnig er hætta á því að

einhverjir sem utan lífeyrissjóða standa fái engan lánsrétt skv. þessu frv. Var það í reynd viðurkennt af fulltrúum úr þeirri nefnd sem forsrh. skipaði til að undirbúa þetta frv. Komi sú staða upp er það óviðunandi að þeir sem áður höfðu lánsrétt úr opinbera húsnæðislánakerfinu fái hann nú ekki vegna þeirra breytinga sem hér eru gerðar og menn séu þannig ekki jafnir fyrir lögum.

Einnig er mjög vafasamt að lögfesta ákvæði þar sem hjúskaparstaða hefur áhrif á lánsréttinn og verður að teljast óeðlilegt að Alþingi lögfesti ákvæði sem skert geta lánsrétt um mörg hundruð þús. kr. ef gengið er í hjónaband og aukið hann að sama skapi við hjónaskilnað, enda hefur verið nefnt að þetta ákvæði geti stuðlað að því að fólk kjósi að búa í óvígðri sambúð.

Þá varaði ég í 1. umr. um þetta mál við þeim auknu stærðarmörkum á íbúðarhúsnæði frá því sem áður var og sem lánafyrirgreiðslu er hægt að fá til af niðurgreiddu fé úr húsnæðislánakerfinu. Ég tel þetta óviðunandi ákvæði, en nefndin treysti sér ekki til að taka ákvæðið upp sérstaklega og vísaði því til úrlausnar hjá milliþinganefnd eins og reyndar fleiri atriðum sem ekki náðist samstaða um að breyta í þessu frv. Þegar úr takmörkuðu fjármagni er að spila er óeðlilegt að veita full lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa svo stórt húsnæði sem hér er gert ráð fyrir.

Ég ítreka það, sem ég sagði við 1. umr., að í skýrslu nefndar sem félmrh. skipaði og kannaði fasteignamarkaðinn kemur fram að nýting þess fjár sem veitt er úr hinu opinbera lánakerfi hefur ekki verið nægilega góð, of mikið fé fer til byggingar á stóru húsnæði og einnig kemur það fram að um 20% lánsfjár fór til nýbygginga á árinu 1983 til fjölskyldna sem byggðu hátt í 60 m^2 að gólffleti á fjölskyldumeðlim eða stærra. Bent er einnig á í skýrslunni sem dæmi um áhrif þess sem kallað er nýbyggingarstefna að á árunum 1979–1983 hafi fjárfesting í stækkun húsnæðis á hvern Íslending numið meira en 15 milljörðum kr. Mikill hluti af hinu opinbera fé fari þannig til byggingar eða kaupa á stóru húsnæði. Þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir tel ég vægast sagt mjög óeðlilegt að samþykkja aukin stærðarmörk frá því sem nú er eða úr 130–150 m^2 í 170 m^2 sem heimilt er að veita til full lán. Um þetta flyt ég brtt., að þessi stærðarmörk verði lækkuð úr 170 m^2 í 140 m^2.

Í athugasemdum sem Stefán Ingólfsson verkfræðingur sendi félmn. kemur fram ýmislegt áhugavert sem full ástæða hefði verið að taka tillit til. Stefán Ingólfsson heldur því m.a. fram að aukning fjármagns til húsnæðismála í heild verði minni en haldið er fram að verði miðað við ákvæði þessa frv. Vil ég, með leyfi forseta, vitna í þessa athugasemd Stefáns Ingólfssonar, en þar kemur eftirfarandi fram:

„Frv. mun ekki auka fjármagn á fasteignamarkaði eins mikið og gefið hefur verið til kynna. Kannanir félmrn. sýna að lífeyrissjóðslán, sem sjóðirnir veita beint til íbúðakaupenda, eru nú jafnhá og G-lánin. Bankalán, sem látið er liggja að í grg. að verði óþörf, nema um 60% af G-lánum. Með hinu nýja fyrirkomulagi mun draga úr lánum lífeyrissjóðanna beint til kaupenda og e.t.v. bankalánum einnig. Mesta nettóaukning á lánsfé sem sýnilegt er að lögin hafi í för með sér er um 4% af veltu fasteignamarkaðarins."

Hér heldur Stefán Ingólfsson því fram að þessi aukning á fjármagni sé ekki eins mikil og haldið hefur verið fram og er um að ræða. Ef miðað er við það sem hann leggur til grundvallar er aðeins um að ræða 350 millj. kr. aukningu. Stefán Ingólfsson telur einnig í sínum athugasemdum að ekki sé tekið á helstu vandamálum fasteignamarkaðarins og um það segir Stefán Ingólfsson, með leyfi forseta:

„Helstu vandamál fasteignamarkaðarins eru mikil fjárþörf og þung greiðslubyrði kaupenda. Báðir þessir þættir eru aðallega til komnir vegna þátta sem frv. tekur ekki til. Mjög óhagkvæm greiðslukjör eru aðalorsök þess hversu mikið reiðufé fasteignakaupendur hérlendis þurfa að hafa handbært við kaupin. Til þess að jafnlítil nettóaukning á heildarfjármagni á markaðnum geti haft varanleg áhrif verður útborgun að lækka. Til þess að útskýra hversu sterk áhrif hér er um að ræða má nefna að ef útborgun í fasteignaviðskiptum lækkaði niður í 50% mundi sú breyting jafngilda 1200 millj. kr. láni til fasteignakaupenda. Það er a.m.k. þrefalt meira en þessi lagabreyting hefur í för með sér."

Einnig kemur fram hjá Stefáni Ingólfssyni að hann telur að í forsendu frv. sé byggingarþörf á Íslandi sennilega áætluð fjórðungi of lítil, en um það segir hann, með leyfi forseta:

„Forsendur frv. fyrir útreikningi á byggingarþörf hér á landi næstu árin eru byggðar á veikum grunni. Hér á landi eru fáar íbúðir á hverja 1000 íbúa og t.d. nokkru færri en á hinum Norðurlöndunum. Gólfflötur er hins vegar næststærstur eða stærstur. Þó að ætla megi að þörf fyrir nýbyggðan gólfflöt muni dragast saman um 25–30% er fátt sem bendir til annars en útvega þurfi 1800–2200 íbúðir á ári næstu árin. Þær eru hins vegar talsvert minni en það húsnæði sem byggt hefur verið á síðasta áratug."

Ég taldi rétt, herra forseti, að þessar upplýsingar kæmu fram hér við 2. umr. málsins því að þær eru um margt athyglisverðar og full ástæða að gefa því gaum sem fram kemur í þessum athugasemdum. Ég tel einnig ástæðu til að benda á að Stefán Ingólfsson hefur gert veigamiklar athugasemdir um það ákvæði sem fram kemur í 12. gr. frv. og fjallar um veðhæfni eigna, en þar segir að jafnframt megi ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati og brunabótamati. Hér er um að ræða að í mörgum tilfellum sé svo mikið áhvílandi á eignum að með ákvæði frv. sé ekki svigrúm til þeirrar veðsetningar sem aukinn lánsréttur veitir. Orðrétt segir Stefán Ingólfsson um þetta atriði í athugasemdum sínum, með leyfi forseta:

„Mat á veðhæfni er með þeim hætti í dag að reglurnar skapa fólki misrétti eftir eignum og landshlutum. Oft eru vandamál varðandi veð leyst á þann hátt að veð eru fengin að láni þegar um lífeyrissjóðslán og bankalán er að ræða. Það er ekki unnt með G-lánin. Þær reglur sem eru í frv. gætu hugsanlega brugðið fæti fyrir 5%–15% af ungu fólki á höfuðborgarsvæðinu."

Ég tel að full ástæða sé til að taka alvarlega þær ábendingar sem hér koma fram þannig að lánin komi þeim að fullum notum sem til er ætlast með þessu frv.

Þm. Alþfl. styðja það frv. sem hér er til umræðu, en flytja við það nokkrar brtt. Ég vil, með leyfi forseta, hér í lokin lesa nál. minni hl. sem skýrir afstöðu þm. Alþfl. og þær brtt. sem við leggjum til. Með leyfi forseta kemur fram í áliti minni hl. félmn.:

„Meginatriði þessa frv. eru ákvæði um verulega

hækkun lána og lengingu lánstíma og að til þess verði varið stórauknu fjármagni frá lífeyrissjóðunum. Hækkun lána og lenging lánstíma eru til verulegra bóta frá því sem nú er þar sem þau tryggja lægri greiðslubyrði og auðvelda þar með mörgum húsnæðisöflun. Þessi niðurstaða er í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins í nýgerðum kjarasamningum sem tekið hafa frumkvæði af ríkisstj. við mótun húsnæðisstefnu. Það sem á skortir er þó að aukið verði verulega fjármagn til félagslegra íbúðabygginga og opnaðar verði fleiri leiðir í húsnæðismálum til að auðvelda þeim húsnæðisöflun sem við lakastar aðstæður búa, að staðið verði við fyrirheit um viðunandi lausn á greiðsluvanda þeirra sem byggðu eða keyptu á árunum 1980–1985.

Þó að nokkrir ágallar séu á frv. að því er takmörkun á lánsrétti varðar sem og að fjármögnunarþáttur ríkissjóðs til að tryggja að við ákvæði frv. verði hægt að standa eru í mikili óvissu styður Alþfl. frv. og þar með það samkomulag sem gert var í nýgerðum kjarasamningum um húsnæðismál. Alþfl. telur þó rétt að flytja brtt. um eftirfarandi atriði:

1. Lánafyrirgreiðsla verði tryggð úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna til kaupleiguíbúða.
2. Endurgreiðsla komi á hluta af kostnaði við öflun íbúðarhúsnæðis til þeirra sem keyptu eða byggðu á árunum 1980–1985.
3. Takmörkun verði á stærð húsnæðis sem lán verða veitt til af niðurgreiddu fjármagni úr húsnæðislánakerfinu.

Alþfl. leggur áherslu á að þessar tillögur nái fram að ganga, en þær munu einkum nýtast þeim sem lakast eru settir, en styður að öðru leyti það samkomulag sem gert var í húsnæðismálum í nýgerðum kjarasamningum.“

Ég tel, herra forseti, að í þessu nál. komi skýrt fram afstaða Alþfl. til þessa máls og sé ég raunar ekki ástæðu til að fara ítarlega út í þær brtt. sem fram koma á þskj. 1002, en þær fjalla um það að opna fyrir lagaheimild til að veita lán til sveitarfélaga eða félagasamtaka til byggingar kaupleiguíbúða og er bæði um að ræða að opna fyrir lánveitingar til kaupleiguíbúða úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna.

Að öðru leyti fjallar brtt. um það, eins og ég gat um áðan, að lækka þau stærðarmörk sem kveðið er á um í frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara ítarlegar út í þær brtt. en ég hef hér gert og ég hef lokið máli mínu.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. formanni félmn. og öðrum nefndarmönnum fyrir að hafa leyft mér að sitja fundi nefndarinnar og hlýða á mál þeirra sem þangað komu til að skýra nánar einstakar greinar frv. og starfið að baki þess.

Ég ræddi þetta frv. allítarlega við 1. umr. um málið s.l. föstudag, skýrði brtt. okkar hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur á þskj. 933 og benti á ýmis atriði sem við töldum þurfa athugunar við í nefndum þingsins.

Nú er hér um mjög viðamikið mál að ræða og miklar breytingar á húsnæðislánakerfinu og margt gott um þær breytingar að segja. En engin mannanna verk eru fullkomin og þetta frv. mætti vera öðruvísi og betra á ýmsan veg. Það eru mikil vonbrigði að hv. félmn. skyldi ekki treysta sér til að taka fastar á málinu og leggja til meiri breytingar en hún gerir. Það verður þó að segjast eins og er að það er að mörgu leyti skiljanlegt með tilliti til stærðar þessa máls og þess skamma tíma sem nefndin hafði til að fjalla um það. Þessi tímaþröng er að minni hyggju fyrst og fremst ástæðan fyrir því að nefndin treysti sér ekki til að taka tillit til brtt. okkar Kvennalistakvenna á þskj. 933 í þessari lotu, en samstaða náðist um það að vísa til milliþinganefndar um það mál og varð sú niðurstaða til þess að ég féllst á að samþykkja nál. meiri hl. nefndarinnar með fyrirvara þó. Ég vil til áréttingar vitna í nál., með leyfi forseta, en þar segir:

„Um það er samkomulag í nefndinni að sú milliþinganefnd, sem skipuð var til að endurskoða húsnæðislöggjöfina fyrir ári, skuli halda áfram störfum eftir að þingi lýkur nú í vor og skila till. til ríkisstj. nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frv. fram á haustþinginu. Í þessari milliþinganefnd eiga sæti fulltrúar allra þingflokkanna nema BJ sem kaus að draga fulltrúa sinn úr henni.“

Síðar segir:

„Frv. þetta er efnislega einskorðað við þá þætti húsnæðismála sem samkomulag aðila vinnumarkaðarins tók til. Öðrum þáttum, sem varða húsnæðismálin, var meiri hl. nefndarinnar sammála um að vísa til milliþinganefndarinnar. Meðal slíkra atriða eru þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi um breytingar á húsnæðislánakerfinu, en ekki hefur verið kostur á að fjalla um við meðferð málsins á Alþingi. Í þeim efnum bendir nefndin sérstaklega á eftirfarandi.

1. Reglur um veð og veðhæfni íbúða.
2. Kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og leiguhúsnæði.
3. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar.
4. Áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðarbyggingar og verkamannabústaðakerfið yfirleitt.
5. Verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja eða aldraða.
6. Stöðu og hlutverk ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar.
7. Ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.
8. Stærðarmörk íbúða verði athuguð sérstaklega og reglur opinberra stofnana þar að lútandi samræmdar.
9. Þegar líða tekur á sumarið kanni milliþinganefndin hvernig ætlunin sé að framkvæma ákvæði 11. gr. sem virðast geta orðið flókin og erfið í framkvæmd.
10. Hvernig farið skuli með lánsrétt þeirra sem ekki geta nýtt lánsrétt sinn til fulls við kaup á fyrstu íbúð vegna þess að um ódýra eða litla íbúð er að ræða. Þá er haft í huga að viðkomandi þurfi á stærri íbúð að halda vegna breyttra aðstæðna.“

Ég tel, herra forseti, að með því að vísa málinu með þessum hætti til milliþinganefndarinnar fáist allgóð trygging fyrir því að öll þessi atriði verði tekin til rækilegrar umfjöllunar og mun betri umfjöllunar en kostur var á nú hér á þinginu vegna tímaskortsins. Þess vegna munum við hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir draga til baka brtt. okkar á þskj. 933, enda mun fulltrúi Kvennalistans í milliþinganefndinni fylgja þeim eftir í þeirri nefnd.

Fyrirvari minn er fólginn í því að ég hefði að

sjálfsögðu kosið að tekið hefði verið betur á þessum þáttum nú strax og vitanlega er engin trygging fyrir því að niðurstaða milliþinganefndar verði slík að við getum sætt okkur við hana. En ég tel það verulegan áfanga að hafa fengið þessi atriði skjalfest, svo og eindreginn vilja Alþingis að á þessum atriðum sé tekið og ég vona að það verði milliþinganefndinni verulegur stuðningur í störfum sínum.

Ég vil svo að lokum ítreka það að ég er engan veginn sátt við þetta frv. í núverandi mynd og þykir mjög miður að ekki skyldi tími og tækifæri til að vinna það betur. Ég hef líka töluverðar efasemdir um fjármögnun þessa nýja lánakerfis og ítreka það sem ég sagði við 1. umr. að forsendan fyrir því að þetta lánakerfi fái staðist er sú að það verði vaxtalækkun. 5–6% vaxtamunur á teknum lánum og veittum eins og nú er gengur auðvitað ekki til lengdar, eins og réttilega er bent á í grg. með frv., því slíkur munur kallar á sífellt hærra beint framlag úr ríkissjóði eða enn meiri lántökur. Vaxtamunurinn má ekki verða meiri en 2–3%. Að öðrum kosti mun lánakerfið sligast því ekki má leggja meiri vaxtabyrði á lántakendur. Það kemur vitanlega ekki til mála.

Herra forseti. Vegna þess að mjög er vitnað til þess í ræðum og nál., sérstaklega þó í nál. minni hlutans, að þetta frv. sé í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins í nýgerðum kjarasamningum, þykir mér rétt að taka fram að afstaða mín nú til þessa frv. byggist ekki á þeim tengslum eins og þeim má vera ljóst sem hafa kynnt sér afstöðu Kvennalistans til kjarasamninganna. Við vorum ákaflega ósáttar við niðurstöður þeirra samninga vegna þess að þeir lögfestu að okkar mati þá láglaunastefnu sem fylgt hefur verið nú hin síðustu ár og er þess valdandi að neyðarástand hefur skapast á fjölda íslenskra heimila. Þær breytingar sem hér er verið að gera á húsnæðislánakerfinu geta á engan hátt réttlætt þá láglaunastefnu sem samningarnir staðfestu. Þetta vil ég taka fram að lokum, herra forseti, svo að afstaða okkar Kvennalistakvenna til þessa frv., sem hér er til umræðu, sé ekki sett í samhengi við niðurstöðu nýgerðra kjarasamninga.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég stend að áliti meiri hl. félmn. með fyrirvara og gæti stytt mál mitt með því að vísa til margs af því sem fram kemur í nál. sem er ítarlegt og tekur á flestum þáttum þessa máls. En ástæðan til þess að ég skrifa undir þetta með fyrirvara er fyrst og fremst sú að ég tel að frv., eins og það liggur hér fyrir, sé ekki í því samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins sem ég hefði kosið.

Í því samkomulagi var gert ráð fyrir því að vextir af húsnæðislánum yrðu lögbundnir, ekki hærri en 3,5%. Ríkisstjórnin breytti þessu eina ákvæði í frv. og gaf yfirlýsingu um að hún mundi fyrir sitt leyti miða við að vextir yrðu á hennar starfstíma ekki hærri en 3,5% en neitaði að taka það inn í frv. Ég tel að það sé slæmt að ríkisstj. skuli með þessum hætti víkja frá þessu grundvallaratriði í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Og minn fyrirvari lýtur ekki síst að því að þegar menn í öðru orðinu segjast vera að framkvæma þetta samkomulag og einskorða sig við það, eins og við orðum það hér í nál., þá neita menn í hinu að taka upp þetta atriði sem þó er geysilega stórt þegar þessi mál eru metin í heild.

Ég ætla, herra forseti, að víkja þessu næst að þeim athugasemdum sem fram koma um þetta mál á bls. 5, 6 og 7 í nál. meiri hlutans, en á bls. 3 segir svo, með leyfi forseta:

„Frv. þetta er efnislega einskorðað við þá þætti húsnæðismála sem samkomulag aðila vinnumarkaðarins tók til. Öðrum þáttum, sem varða húsnæðismálin, var meiri hl. nefndarinnar sammála um að vísa til milliþinganefndarinnar."

Eins og kunnugt er var það niðurstaðan af viðræðum stjórnar og stjórnarandstöðu á þinginu í fyrra að skipuð yrði milliþinganefnd í húsnæðismálum sem átti þá að starfa milli þinganna og gera tillögur fyrir næsta löggjafarþing um breytingar á húsnæðislánakerfinu og um framtíðarkerfi í húsnæðismálum. Atvik höguðu því svo að verkalýðshreyfingin taldi óhjákvæmilegt að taka húsnæðismálin upp sem meginatriði, algjört meginatriði í síðustu kjarasamningum og m.a. af þeirri ástæðu frestaðist starf milliþinganefndarinnar um skeið þangað til samkomulag aðila vinnumarkaðarins lá fyrir. Um tíma voru uppi hugmyndir um það í stjórnarliðinu að þessi milliþinganefnd yrði látin hætta störfum um leið og þetta samkomulag hafði verði gert. Það tókst fyrir áýting stjórnarandstöðu hér á hv. Alþingi að tryggja það að þessi milliþinganefnd starfaði með ríkisstjórnarnefndinni og nefnd aðila vinnumarkaðarins að þessum málum og nú hefur niðurstaðan orðið allsherjarsamkomulag, a.m.k. fjögurra þingflokka ef ekki fimm, um að milliþinganefndin skuli starfa áfram að tilteknum verkefnum sem eru talin hér upp í nál.

Ég tel að það samkomulag í húsnæðismálum sem varð á þessum vetri sé í rauninni með stærstu tíðindum sem orðið hafa í samningum verkalýðshreyfingarinnar í þessu landi á undanförnum áratugum undir stjórn af því tagi sem nú situr í landinu, hægri stjórn. Ég vil jafna þessu samkomulagi til samninganna um framkvæmdanefnd byggingaráætlunar á sínum tíma og samkomulagsins um Atvinnuleysistryggingasjóð árið 1955. Ég tel að hér sé um að ræða stórtíðindi í húsnæðismálum en vissulega felst í þessu samkomulagi áfangi en ekki endapunktur vegna þess að um leið og þetta samkomulag er sett í framkvæmd kallar það á að ýmsar aðrar ráðstafanir verði gerðar varðandi húsnæðiskerfið í heild til þess að aðlaga það að þessum breytingum sem hér er verið að gera á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í nál. eru talin upp tíu atriði sem við teljum að milliþinganefndin eigi að fjalla um og skila tillögum um núna fyrir haustið því að því er slegið alveg föstu að nefndin á að gera tillögur í tæka tíð fyrir þingið núna í haust. Þessi atriði eru talin upp á bls. 3 í þessu nál. og ég ætla að fara nokkrum orðum um þessi tíu atriði.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að kannaðar verði reglur um veð og veðhæfni íbúða. Hér er um að ræða stórvandamál vegna þess að á seinni árum, þegar skuldir hjá íbúðareigendum hafa hlaðist upp, er ljóst að veð miðað við fasteignamat er oft orðið mjög veikburða á móts við þær skuldir sem fólk hefur neyðst til þess að stofna til. Þess vegna er óhjákvæmilegt að reglur um veð og veðhæfni íbúða verði endurskoðaðar. Og ég vil reyndar segja að ég held að það sé óhjákvæmilegt að þær stofnanir sem hafa með matsmál að gera hér á landi, hvort sem það er brunabótamat eða fasteignamat, samræmi reglur sínar og alla starfsemi.

Í annan stað, herra forseti, er hér tekið á máli sem hefur verið bitbein stjórnarflokkanna núna um nokkurra ára skeið, en það eru svokölluð húsnæðissam-

vinnufélög. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að milliþinganefndinni er nú falið með allsherjarsamkomulagi flokkanna í þinginu að taka á þessu máli um húsnæðissamvinnufélögin og gera tillögur um þau mál hér inn í þingið fyrir haustið þannig að menn þurfi ekki lengur eftir það að velkjast í vafa um það hver staða húsnæðissamvinnufélaganna þarf að vera. Það er alveg ljóst að þau fyrirheit sem gefin hafa verið forustumönnum húsnæðissamvinnufélaganna hafa orðið til þess að þeir hafa stofnað til skuldbindinga sem eru þessi fólki í dag ákaflega þungbærar. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi að taka þess vegna á máli af þessu tagi og láta fólk ekki velkjast endalaust í vafa um hvaða stöðu húsnæðissamvinnufélögin eiga að hafa hér í framtíðarhúsnæðiskerfi landsmanna.

Ég vil einnig benda á það, herra forseti, að í þessu ákvæði nál. er milliþinganefndinni falið að fjalla um það sem kallað hefur verið kaupleiguíbúðir. Hv. þm. Alþfl. hafa flutt um það till. hér á hv. Alþingi og m.a. brtt. við frv. þetta. Ég tel sjálfsagðan hlut að þetta mál verði kannað mjög rækilega. Og ég er reyndar þeirrar skoðunar, herra forseti, að það þurfi að fara yfir allt félagslega íbúðarbyggingakerfið í landinu. Í þeim efnum eigum við að skoða öll mál með opnum huga. Líka þær tillögur sem uppi eru af hálfu Alþfl. um kaupleiguíbúðir. Ég tel að í þeim sé margt athyglisvert og það þarfnist skoðunar. Ég tel hins vegar að það sé óskynsamlegt af Alþýðuflokksmönnum hér í hv. deild að tefla á þá hættu, sem er yfirvofandi, að þessi ágæta hugmynd yrði felld af stjórnarliðinu hér í hv. Nd. Með því móti er verið að draga úr þunga þess að milliþinganefndin nái að fjalla um þetta mál með eðlilegum hætti. Ég held að í húsnæðismálum eins og öðrum málum hljótum við fyrst að spyrja um mál, málefnið sjálft. Hvernig getum við þokað því áleiðis? Og ég held að sú opnun sem er í nál. meiri hlutans sé hugmyndinni um kaupleiguíbúðir gagnlegri heldur en það að tefla málinu á þá hættubrún að það verði fellt hér í hv. deild.

Ég get auðvitað ekki farið fram á það við einn eða neinn að hann dragi sínar till. til baka og það dettur mér ekki í hug. En ég hlýt að taka það fram að ég hefði miklu frekar viljað sjá að þingið hefði allt, og þar með taldir auðvitað Alþýðuflokksmenn, sem hafa flutt um þetta till., að þingið hefði allt sameinast um að vísa þessu verkefni yfir á milliþinganefndina. Þar með vorum við að ákveða að á þessu verkefni yrði tekið með mjög alvarlegum og eindregnum hætti.

Í þriðja lagi leggur meiri hl. félmn. til að milliþinganefndin skoði sérstaklega fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar. Þetta er stórt mál þó að ég sé ekki fyrir mitt leyti sammála þeirri uppsetningu um vaxtamun sem fram kom hjá hv. ræðumanni Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég held að útilokað sé að framreikna það vaxtastig sem nú er um að ræða í landinu á hinum hæstu raunvöxtum, þ.e. 9% eða hvað það nú er. Ég held reyndar að það standist ekkert þjóðfélag slíka vexti stundinni lengur og vextir hljóti, þó ekki væri nema af þeim ástæðum, að lækka verulega. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að öll vaxtataka umfram eins og 2% sé óeðlileg í nokkru hagkerfi, 2% raunvexti. Ég tel að hún sé óeðlileg í nokkru hagkerfi. En hitt kemur svo til í þessu efni að lífeyrissjóðirnir munu mjög eflast að eignum á komandi árum. Talið er að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, sem á þessu ári er talið vera í kringum 5 milljarðar kr., verði árið 1990 8,5 til 9 milljarðar kr. Ég hef leyft mér að segja í góðra manna hópi við vini mína úr lífeyrissjóðunum að þeir megi þá verða fegnir að koma því fé út sem lífeyrissjóðirnir verða þá með milli handanna, m.a. inn í þá öruggu ávöxtun sem húsnæðiskerfið býður upp á. Ég tel m.ö.o. að þetta stóraukna ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á komandi árum muni hafa í för með sér lækkandi vexti hér á landi, algerlega óhjákvæmilega, og þess vegna sé það í rauninni fráleitt að reikna með að þetta vaxtagap, sem nú er um að ræða, verði viðvarandi hér um margra ára skeið. Engu að síður er nauðsynlegt að skoða þetta mál til hlítar, m.a. fjármögnun ríkissjóðs á húsnæðislánakerfinu.

Við stöndum frammi fyrir þeirri hraklegu staðreynd að í grg. með þessu frv. er gert ráð fyrir því að framlög ríkissjóðs á næsta ári þurfi ekki að verða nema 1000 millj. kr. á verðlagi þessa árs, þó svo að ríkissjóður leggi inn í þetta kerfi á þessu ári 1,3 milljarða kr. Það eru sem sagt vangaveltur um það í frv. og grg. þess að lækka framlag ríkissjóðs á næsta ári. Það er með öllu fráleitt að hefja þannig störf við framkvæmd hins nýja húsnæðislánakerfis. Og það er þess vegna sem meiri hl. félmn. hefur tekið ákvörðun um það að milliþinganefndin eigi að fara yfir fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar.

Í fjórða lagi er lagt til að milliþinganefndin fari yfir áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðarbyggingar og verkamannabústaðakerfið yfirleitt. Ég rökstuddi það mál nokkuð í minni ræðu við 1. umr. í þessari hv. deild þannig að ég hef út af fyrir sig ekki þar miklu við að bæta. En ég hygg að öllum eigi að vera það ljóst að það verður að aðlaga og endurbæta verkamannabústaðakerfið með tilliti til þeirrar niðurstöðu varðandi Byggingarsjóð ríkisins sem hér er verið að gera till. um.

Í fimmta lagi er lagt til að milliþinganefndin ræði sérstaklega verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja eða aldraða. Í þeim efnum er nauðsynlegt að hún fari yfir alla þætti málsins, ekki bara stöðu Húsnæðisstofnunarinnar heldur líka Framkvæmdasjóðs aldraðra, og í nál. meiri hlutans fjöllum við rækilega um þetta sérstaka atriði.

Í sjötta lagi leggjum við til að milliþinganefndin fjalli um stöðu og hlutverk ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar. Ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar hefur verið starfandi nú um nokkurra missera skeið. Við fluttum um það till. hér, stjórnarandstaðan, fyrir tveimur árum að stofnuð yrði ráðgjafarþjónusta hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Sú tillaga var nú auðvitað felld, enda ákvað ríkisstj. svo tveim, þrem mánuðum seinna að framkvæma tillöguna. Við teljum að það sé eðlilegt að komið sé upp ráðgjöf við íbúðarkaupendur og húsbyggjendur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Ráðgjöf til fólks sem er að fara af stað. En ekki aðeins ráðgjöf um það hvernig menn eiga að bjarga sér þegar allt er komið í hnút. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að hér sé um mjög mikilvægt verkefni fyrir milliþinganefndina að ræða og ég tel óhjákvæmilegt að undirstrika það sérstaklega hér.

Í sjöunda lagi segir hér: Milliþinganefndin á að fjalla um ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðis-

lánakerfi tekur ekki til. Þetta er algerlega óhjákvæmilegt verkefni. Hér er um að ræða fólk, sem hefur orðið fyrir svo hrikalegum hlutum í framhaldi af þeirri efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið frá 1983, að það verður að koma enn frekar til móts við það. Ég rifjaði það upp hér úr þessum ræðustól fyrir fáeinum dögum hvernig misgengið varð til. Ég ætla ekki að endurtaka það nú. En hvernig svo sem við skýrum misgengið þá er augljóst mál að þarna verður að koma með myndarlegum hætti til móts við þessa einstaklinga. Alþingi ber þarna ábyrgð. Alþingi hefur skyldur og ber að taka á málum samkvæmt því.

Í áttunda lagi leggjum við til að stærðarmörk íbúða verði athuguð sérstaklega og reglur opinberra stofnana þar að lútandi samræmdar. Það hefur ekki verið reiknað út hversu mörg mannár fara í það að reikna út stærðarmörk í þessu sambandi, en mér er tjáð að vísir menn séu að fjalla um þessi mál víðs vegar í kerfinu og það séu býsna mörg mannár sem fara í það að greiða úr þeirri flækju. Þess vegna leggjum við áherslu á að þetta verði athugað. Ég tel að þær till. sem uppi eru um þetta efni frá Alþfl., um að minnka þessa viðmiðunaríbúð, séu góðra gjalda verðar. Ég tel hins vegar skynsamlegra á þessu stigi málsins að milliþinganefndin fjalli um þetta mál og skoði það betur frekar en að hrapa að því að samþykkja brtt. sem er í rauninni ekkert betri en sú till. sem þarna er inni nú þegar.

Í níunda lagi er lagt til að milliþinganefndin fjalli sérstaklega um það hvernig á að framkvæma ákvæði 11. gr. sem virðast geta orðið flókin og erfið í framkvæmd. Ég get alveg tekið undir það sjónarmið hv. 2. landsk. þm. að það er vafasamt að setja inn í lög til lengri tíma ákvæði sem binda lánsrétt við hjúskaparstöðu. Ég hygg að menn komist mjög fljótlega að því að þessi ákvæði séu illframkvæmanleg og þess vegna setjum við þetta ákvæði inn að milliþinganefndin fylgist með þessu og geri þá brtt. á þessum ákvæðum fyrir haustið ef illa virðist ætla að ganga að framkvæma þau.

Loks er hér í tíunda lagi ákvæði sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur gert grein fyrir og ég hef engu þar við að bæta.

Ég vil í framhaldi af þessu, herra forseti, undirstrika að í framhaldi af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins hefur þetta komið fram á Alþingi:

1. Félmrh. hefur upplýst að gerðir hafi verið samningar við bankana um lengingu lána í a.m.k. 10 ár; flestir bankarnir hafi þegar undirgengist þetta, aðrir séu u.þ.b. að fallast á þetta fyrirkomulag; og að yfirlýsing í þessum efnum muni verða gefin út næstu daga.

2. Fyrir liggur að það er að hefjast könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði. Það er í framhaldi af yfirlýsingu aðila vinnumarkaðarins hér fyrir nokkrum vikum.

3. Fyrir liggur að það er ætlunin að auka við fé Byggingarsjóðs verkamanna á síðari hluta þessa árs um 200 millj. kr. Það kom fram hér í upplýsingum frá hæstv. félmrh. fyrir nokkrum dögum.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að víkja hér örlítið að einni sérstakri grein í þessu frv. sem ég hef tekið eftir að hefur valdið vissum misskilningi. En það er 11. gr. frv. Þar segir: „Fjárhæð láns má nema allt að 70% endurbótakostnaðar." Hér er verið að tala um svokölluð orkusparnaðarlán. Í gildandi lögum er þetta ákvæði 80% en það segir þó ekki alla söguna vegna þess að í gildandi lögum segir að þessi upphæð megi þó aldrei fara fram úr tilteknu hámarki sem á þessu ári er 580 þús. kr. fyrir fimm manna fjölskyldu. Þó að hlutfallið sé lækkað hér í 11. gr. hefði breytingin engu að síður í för með sér að þessi lán gætu orðið 1 millj. 470 þús. kr. Þannig að hér er í rauninni verið að hækka þessi lán stórlega frá því sem nú er.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði til fundar sem haldinn var með forráðamönnum lífeyrissjóðanna fyrir nokkrum dögum og ég vil sérstaklega fjalla um. Hún vitnaði til þess að Pétur Blöndal, formaður Landssambands lífeyrissjóða, hefði verið mjög neikvæður gagnvart þessu lífeyrissjóðasamkomulagi. Það er rétt og ekki of djúpt í árinni tekið hjá hv. þm. Hins vegar er ljóst að þrátt fyrir orð formannsins liggur það fyrir að meginhluti lífeyrissjóðanna innan Landssambands lífeyrissjóða mun standa að þessu samkomulagi, þar á meðal hefur því verið lýst yfir af talsmönnum Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Og það var athyglisvert sem fram kom hjá talsmanni Vinnuveitendasambands Íslands á þessum sama fundi, Þórarni Þórarinssyni. Hann lýsti því yfir að auðvitað myndi Vinnuveitendasambandið sem samningsaðili stuðla að því að þetta 55% ákvæði næðist. Og þannig háttar til að Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir atvinnurekendahlutann í stjórn langflestra lífeyrissjóða í landinu. Það er þess vegna ágiskun mín, sem aðrir hafa tekið undir, að þegar liggi fyrir yfirlýsingar frá talsmönnum 9/10 hluta ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna, og ef verulegir brestir kæmu í þetta samkomulag af þeirra hálfu þá væri það ekkert annað en svik og ekkert minna en svik.

Meiri hl. félmn. hefur lagt fram till. um það að Vinnuveitendasamband Íslands verði aðili að húsnæðismálastjórn með einum fulltrúa þannig að hún verði tíu manna, þar komi einn frá Vinnuveitendasambandinu en þar eru fyrir tveir frá Alþýðusambandinu. Ég tel að til þess að tryggja undanbragðalausa framkvæmd lífeyrissjóðasamkomulagsins þá sé eftir atvikum rétt að fallast á þessa tillögu. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að ganga svo ríkt eftir því að menn standi við sín fyrirheit varðandi lífeyrissjóðina að það sé réttlætanlegt við þessar aðstæður að láta það yfir sig ganga að Vinnuveitendasambandið fái þarna einn fulltrúa.

Við meðferð málsins, herra forseti, fengum við ýmsar upplýsingar m.a. frá Stefáni Ingólfssyni hjá Fasteignamati ríkisins og fleiri aðilum og ég tel ástæðu til þess hér að þakka þær. Einnig mjög glöggar upplýsingar frá formanni þeirrar nefndar sem undirbjó frv., Hallgrími Snorrasyni hagstofustjóra. Þá vil ég láta þess getið að mér hefur borist í hendur grein eftir einn af fulltrúum Sjálfstfl. í milliþinganefndinni um húsnæðismálin. Þetta er blaðagrein sem fulltrúinn hyggst birta í blöðum næstu daga. Ég vil láta þess getið að ég hafi séð þessa grein þegar þessi mál eru afgreidd. Ég tel að margt í henni þurfi skoðunar við og í heild vil ég segja: Við eigum auðvitað að ganga í þetta verk með opnum huga. Við erum hér að framkvæma samkomulag um fjármögnun lífeyrissjóðanna og húsnæðismálakerfisins í stórauknum mæli. Við viðurkennum að við höfum haft knappan tíma til að fara yfir þessi mál og vitum þess vegna að eitt og annað getur komið upp á síðari stigum sem við þurfum að skoða. Við skulum ekki reyna að telja nokkrum manni trú um það í þjóðfélaginu að við séum að ganga frá einhverjum endanlega fullkomnum hlut. Svo er ekki. Hér er um að ræða áfanga en ekki lokapunkt að neinu leyti.

Ég, fyrir mitt leyti, herra forseti, ég tek það fram að lokum, hefði helst viljað sjá að við hefðum náð heildarsamkomulagi hér í hv. deild þannig að mönnum hefði ekki verið stillt upp við vegg varðandi það hvort þeir þurfa að fara að samþykkja eða synja einstökum brtt. Ég held að það sé hinum góðu hugmyndum, sem eru í brtt., ekki til góðs ef svo illa færi að þær yrðu felldar hér í deildinni. Þess vegna endurtek ég fyrri áskoranir mínar úr þessari ræðu til tillögumanna um að þeir skoði þessa hluti mjög vandlega.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og mun ræða það í hverju sá fyrirvari er fólginn. Fyrst vil ég segja að formaður þeirrar nefndar sem samdi frv. sat á fundum félmn. allan tímann og gaf mjög greinargóðar upplýsingar um það starf sem nefndin vann og greiddi úr öllum spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Þar á ég við Hallgrím Snorrason hagstofustjóra. Ég verð að segja að ef hans hefði ekki notið við væri sá sem hér stendur a.m.k. í miklu meiri vafa um ýmis atriði frv.

Það kom líka glöggt fram hjá honum um þetta verk sem nefndin varð að vinna á mjög skömmum tíma að honum væri ljóst að nefndarmenn hefðu ekki getað skoðað málið nógu vel, hefðu ekki haft tíma til þess, þannig að það mundu sjálfsagt koma í ljós einhverjir annmarkar á því eins og á öðrum mannanna verkum og ekki síður.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um vextina. Það er alveg útilokað að þjóðin geti búið við slíka raunvexti sem eru í dag. Mér finnst það alveg vera, get tekið undir að það, út í hött að reikna út frá þeim raunvöxtum sem eru í dag. Ég tel að einmitt þeir vextir, sem hefur verið rætt um og verða a.m.k. þetta ár eða fram að kosningum 3,5%, séu m.a.s. í hærri kantinum sem atvinnulífið og þjóðin getur búið við.

Ég var þeirrar skoðunar við fyrsta lestur þessa frv. að það væri ekki þolandi og útilokað að þeir, sem hafa ekki lífeyrissjóðsréttindi og eru í ýmsum þjónustugreinum og alls konar störfum en hafa ekki sinnt því lagaákvæði að kaupa sér réttindi í lífeyrissjóð, hefðu engan rétt eins og frv. ber með sér. En þegar var farið að ræða þetta nánar fannst mér þetta í sjálfu sér vera eðlilegt. Þessir menn gátu verið búnir að öðlast réttindin og áttu að vera búnir að því. Það má benda á að ef þessir menn vilja kaupa sér réttindi á þessu og næsta ári tekur það ekki lengri tíma að fá full réttindi miðað við það frv. sem liggur fyrir.

Fyrirvari minn var fyrst og fremst um tvö atriði. Lífeyrissjóður bænda er samkvæmt lögum skyldugur til þess að láta 25% af ráðstöfunarfé sínu til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ég vil að það komi fram að ég lít svo á að ráðstöfunarfé sjóðsins sé það sem stendur eftir þegar þessari lagaskyldu er fullnægt. Ég mun ekki ræða það mál frekar, a.m.k. ekki nú nema frekara tilefni gefist, en vil að þetta komi fram.

Aðalfyrirvari minn er um þá sem hafa byggt á s.l. árum. Spurningin er hve mörgum árum. Þetta frv. gerir t.d. ráð fyrir í athugasemdum frá 1980. Það er mikil spurning. En það er siðferðisleg skylda þjóðfélagsins að reyna að lagfæra stöðuna sem þeir eru í eftir því sem kostur er.

Ég vil lesa, með leyfi forseta, örstuttan kafla úr nál., en hann hljóðar þannig:

„Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið gerði samkomulagið ráð fyrir því að 300 millj. kr. yrði varið til viðbótar þeim 200 millj. kr. sem fyrir voru til aðgerða til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra er byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar. Það var rætt í nefndinni hvort rétt væri að fella inn í lögin ákvæði þar að lútandi. Frá því var þó horfið þar sem talið var að það ætti ekki að vera verkefni Húsnæðisstofnunar til frambúðar að greiða úr greiðsluvanda þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum vegna húsbygginga."

Ég leitaði eftir því í nefndinni hvort ekki væri samstaða um að flytja heimildargrein við þetta frv. um að það yrði tekið á þessum málum. Í gildandi lögum hljóðar síðasta málsgr. í 11. gr. þannig: „Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félmrh." En ástæðan fyrir því að ég vildi koma með frekari heimildir í þessu efni er sú að þeir sem missa íbúðir sínar vegna skuldaerfiðleika fá fullt lán. Ef einhverjir tveir t.d. hefðu skipti á sínum íbúðum eiga þeir eftir frv. að fá fullkomið lán, 2,1 millj. (**HBl:** Það er nú ekki rétt.) Það er að vísu rétt, já. Það er líklega tæp 1,5 millj. (**HBl**: Það er rúm milljón.) Það er meira.

Aftur á móti, þó að mikið hafi verið gert fyrir þetta fólk á undanförnum tíma, er stór hópur sem er í vandræðum og er að missa íbúðirnar. Nokkrir þm. voru boðaðir til presta í Reykjavík á dögunum og það var afskaplega fróðlegt að heyra hvað þeir sögðu um þessi mál. Þeir hvöttu þm., sem þarna voru, mjög til að taka á þessu máli vegna þeirrar örvæntingar sem þeir sögðu að væri hjá mörgu af þessu fólki sem væri að missa íbúðirnar og fjölskyldurnar að sundrast. Þeir lýstu fyrir okkur sinni reynslu í þessum málum.

Það var raunar kannske ekkert nýtt, sem kom fram, fyrir okkur suma sem höfum verið í sambandi við margt af þessu fólki annað en að það staðfesti þá tilfinningu sem við höfum fyrir þessum málum. Eitthvað þyrfti að gera og má segja að fyrir því sé heimild fyrir húsnæðismálastjórn, eins og ég sagði, og hæstv. félmrh. Það er að vísu heimild til þess, en það má ekki dragast að hugað sé að þessum málum.

Ég spurði aðila vinnumarkaðarins hvort þeir teldu að það væri eitthvað brotið það samkomulag sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu um þessi mál þó að það væri tekin inn heimildargrein og yrði tekið á þessum málum. Þeir svöruðu því að það teldu þeir alls ekki. Hins vegar sögðu þeir á öðrum tíma að þeir legðu til að það yrði sem minnst hróflað við þessu frv.

Fyrirvari minn nær fyrst og fremst til þessara tveggja atriða og ég hef trú á að ef það væri ákveðið að taka á þessum málum á þessu og næsta ári, ekki endilega þessu ári heldur einnig á næsta ári, mundi vera hægt að bjarga mörgum frá því að missa sínar eignir í uppboðum. Ég tel að Alþingi sé í sjálfu sér skuldbundið til að rétta hlut þessa fólks og ég treysti því að það náist samkomulag um það, en það má bara ekki bíða eftir því að millþinganefndin skili sínu áliti.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður. Ég vil aðeins nota tækifærið til að fagna þeirri samstöðu sem hefur náðst um þetta mál í félmn. þingsins um leið og ég tek undir

með hv. 3. þm. Reykv. að vissulega hefði verið ánægjulegra ef menn hefðu áttað sig á því að það hefði verið sterkara að hafa algjöra samstöðu um þetta mál. Eins og ég lýsti yfir við 1. umr. málsins er þetta frv., sem hér er til umræðu, fyrst og fremst sniðið að því samkomulagi aðila vinnumarkaðarins sem gert var og það var tekið strax þannig við þessu máli frá hendi ríkisstj. og þeirrar nefndar, sem ríkisstj. lét vinna þetta frv., að halda sig eingöngu við þau meginatriði sem aðilar vinnumarkaðarins hefðu náð samkomulagi um.

Ég lýsti því yfir við umræðuna að milliþinganefndin mundi vinna áfram að mótun húsnæðisstefnu til framtíðar, eins og ávallt var gert ráð fyrir, og það hafa aldrei komið til mála í ríkisstj. nein áform um að leggja til að þessi nefnd hætti störfum. Eins og skipunarbréf hennar ber með sér, sem ég setti henni þegar hún var skipuð, hefur hún ákveðið hlutverk, að móta framtíðarstefnu, og til hennar hafa verið sendar allar þær hugmyndir, tillögur og samþykktir flokkanna sem eru um húsnæðismálin. Þess vegna er engin ástæða til að ætla annað en að ef hún bæri gæfu til að ná saman mundi hún móta þær framtíðarhugmyndir sem menn gætu svo tekið höndum saman um að setja í löggjöf.

Ég vildi gjarnan leiðrétta það sem kom hér fram hjá hv. 3. þm. Reykv. til þess að það valdi ekki misskilningi. Hann sagði þetta í sambandi við það, sem hefur verið unnið að, að fá bankakerfið til að lengja lán eða skuldbreyta lánum. Ég rifja upp að það sem ég sagði var að það hefði verið búið að gera samkomulag við bankakerfið um skuldbreytingar til átta ára, en eftir að samkomulagið kom fram hefði ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir að þetta samkomulag yrði allt að tíu árum. Ég lýsti hvernig að því hefði verið unnið. Það hefðu farið núna í lok umræðnanna bréf milli mín og hæstv. viðskrh. sem mundi ganga eftir því að bankakerfið svaraði þeim ákveðnu tilmælum um að samþykkja að breyta úr átta árum í tíu ár. Ég tók fram við 1. umr. að þetta samstarf við bankakerfið hefði gengið mjög vel og væri til fyrirmyndar á margan hátt, eins og hér hefur komið fram áður.

Ég vil segja það í sambandi við ráðgjafarþjónustuna að það hafði komið fram áður að ráðgjafarþjónustan er nú orðin að ráðgjafarstofnun við Húsnæðisstofnun ríkisins og tekin formlega til starfa sem slík. Ég vil einnig endurtaka það hér vegna ummæla sem hér komu fram að aðalatriðið í hlutverki þessarar stofnunar er að veita ráðgjöf til að fyrirbyggja vandamálin en ekki eingöngu að leysa úr því sem komið er. Þannig er hún byggð upp og ég vænti þess og fagna því auðvitað um leið að það virðast allir átta sig á mikilvægi þess að þessi ráðgjafarstofnun er nú orðin að veruleika. Auðvitað hljótum við að vænta mikils af því að við skipulag þessara mála verði hennar hlutverk enn þá þýðingarmeira, enda hefur það komið fram nú þegar að hinir ýmsu aðilar í þjóðfélaginu kunna þetta vel að meta.

Svo er eitt að lokum, vegna þess að menn hafa talað um veðhæfni og allt sem því fylgir og ekki dreg ég úr gildi þess, en það er að ég vil láta koma fram að nú er í vinnslu hjá ráðuneytunum ákveðin samræming matsreglna. Sérstök nefnd vann að þeim málum og skilaði áliti um að samræma matsreglur. Þar er fyrst og fremst átt við að samræma fasteignamat og brunabótamat. Það er búið að semja um þetta ótal frv. og gera áætlun um að að leysa þetta mál til frambúðar á næstu fimm árum. Ég vænti þess að um það sé algjört samkomulag milli hinna ýmsu ráðuneyta sem um þetta þurfa að fjalla.

Ég vil svo endurtaka, herra forseti, að ég fagna því að samstaðan er þetta mikil hér á Alþingi um þetta mál, eins og gera mátti ráð fyrir, og ég tek undir þau ummæli hv. 3. þm. Reykv. að það væri æskilegt hvað snertir brtt., sem ganga í þá átt að ekki er hægt að samþykkja þær miðað við aðstæður málsins, að þeir hv. flm. þeirra mundu láta sér nægja að málið á að fara til framhaldsvinnslu hjá milliþinganefnd og mundu draga sínar till. til baka.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég held að Stefán Valgeirsson, hv. 3. þm. Norðurl. e., hafi misskilið það sem ég sagði áðan. Það var ekki hugmyndin að milliþinganefndin fjallaði um það eftir hvaða reglum þeim 500 millj. yrði varið til að draga úr greiðsluerfiðleikum sem gert er ráð fyrir í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ég gerði grein fyrir heldur eru hér settar þær almennu reglur að þessu fé skuli úthlutað með sama lánstíma og almennt er á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Ég held því að það sé vel fyrir þessum þætti séð ef lánin á annað borð eru nógu há. Ég þekki ekki þær reglur sem Húsnæðisstofnun hefur sett þar um, en það verður ekki beðið milliþinganefndarinnar varðandi þetta atriði.

ATKVGR.

Brtt. 1018,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 1002,1 felld með 23:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JBH.

nei: ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GJG, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHH, StG, SV, StH, SvH, IG.

GeirG, HG, KH, SJS, SvG greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (EBS, GSig, KMK, GA, GHelg, KP, KJóh, KSK, ÓÞÞ, RH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil gera þá grein fyrir atkvæði mínu að ég er inni á þeirri hugmynd sem kemur fram í till. Hins vegar er gert ráð fyrir milliþinganefnd og hér hafa flokkar náð saman í megindráttum um að sá samningur sem var gerður milli aðila vinnumarkaðarins yrði að meginstofni að lögum. Ég held að það hefði verið mun hyggilegra að láta þessa ágætu hugmynd fara til milliþinganefndar, ég hefði stutt hana að hausti, en óhyggilegt að stefna henni hér í tvísýnu og gera henni erfiðara fyrir. Auk þess vil ég standa við það samkomulag sem ég hef gert þó að ég vilji hins vegar athuga að hausti ákveðnar breytingar. Þess vegna segi ég nei.

Brtt. 1018,2 samþ. með 32 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 933,1 tekin aftur.

Brtt. 1002,2 felld með 21:3 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 933,2 tekin aftur.

Brtt. 944 felld með 22 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
5.–7. gr. (verða 6.–8. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1018,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1018,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1002,3 tekin aftur.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1002,4 tekin aftur.
12.–13. gr. (verða 13.–14. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
14. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1002,5 felld með 21:2 atkv.
15.–22. gr. (verða 16.–23. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 1018,5 samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 975 felld með 21:3 atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 94. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, að loknum 93. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. 442. mál (þskj. 1052). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv. 430. mál (þskj. 790, n. 1028, brtt. 1035). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. Nd. á þskj. 1028 um frv. til l. um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Pálmi Jónsson, ritar undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja við það brtt. Kristófer Már Kristinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita Gunnar G. Schram, Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Ólafur Þ. Þórðarson, Pálmi Jónsson með fyrirvara og Stefán Guðmundsson.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 1035 hef ég leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. Hún er við b-lið 1. gr. 1. málsl. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómsmrh. er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands leyfi til rekstrar skyndihappdrættis með peningavinningum.“

Þessi brtt. felur það í sér að örlítið eru þrengdar þær nýju heimildir sem dómsmrh. fær í sínar hendur til að efna til nýrra happdrætta á vegum Happdrættis Háskóla Íslands og verður þó að ætla að sæmilega sé fyrir séð og án þess að þar sé takmarkað um of.

Frv. fjallar, eins og fram hefur komið, um að framlengja einkaleyfi til að reka happdrætti til ársins 2004, en einnig að efna til nýjunga í starfsemi happdrættisins. Með tilliti til þeirra mörgu happdrætta sem eru í gangi í landinu sýnist ekki tilefni til þess að mínu áliti að fara lengra en mín brtt. gefur tilefni til og veitir hún þó ærnar heimildir.

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara eins og fram hefur komið, en legg þessa brtt. hér fram.

ATKVGR.

Brtt. 1035 felld með 18:5 atkv.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, stjfrv. 236. mál (þskj. 1041). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1054).

Seðlabanki Íslands, frv. 228. mál (þskj. 456). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Viðey í Kollafirði, stjfrv. 414. mál (þskj. 764). — 1. umr.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 764 flyt ég frv. til l. um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði. Tilefni frv. þessa er 200 ára afmælishátíð Reykjavíkurborgar á þessu ári, en hinn 18. ágúst n.k. verða liðnar tvær aldir frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi.

Segja má að Viðey sé föðurleifð Reykjavíkurborgar, en þar dvaldi Skúli Magnússon landfógeti lengst af. Skúli valdi Innréttingum sínum stað í Hólminum, eins og Reykjavík kallaðist þá, um miðbik 18. aldar, en með þeim varð fyrsti vísir að kauptúnsmyndun í Reykjavík. Þykir vel við hæfi á svo merkum tímamótum að ríkið

afhendi Reykjavíkurborg eignarhluta sinn í Viðey að gjöf, enda eru uppi hugmyndir um það í borgarstjórn að gera eyna að fólkvangi og útivistarsvæði borgarbúa. Á eynni eru merkar minjar, m.a. Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja, sem eru á fornleifaskrá.

Afhendingin er bundin því skilyrði að Reykjavíkurborg taki að sér og kosti verndun þeirra minja sem á eynni eru og afhentar eru. Skal sú verndun á ákveðnum tíma vera í samræmi við fyrirmæli þjóðminjalaga eftir því sem við á og fara fram í fullu samráði við þjóðminjavörð.

Reykjavíkurborg er óheimilt að selja þennan eignarhluta eða láta hann af hendi nema til ríkisins. Hætti Reykjavíkurborg að annast eignarhlutann á þann hátt sem fyrir er mælt í frv. þessu fellur hann undir ríkið að nýju endurgjaldslaust.

Herra forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Forgangsréttur kandídata til embætta, frv. 444. mál (þskj. 970). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frv. 16. mál (þskj. 16, n. 998 og 1015, brtt. 1016). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ekki varð einhugur um meðferð þessa máls í fjh.- og viðskn. Klofnaði hún um málið og ég hef lagt fram á þskj. 998 nál. svohljóðandi:

„Nefndin hefur haft málið til meðferðar. Aflað var umsagnar félmrn., fjmrn., Landsbankans, Samvinnubankans, Verslunarbankans, Alþýðubankans og Búseta um frv.

Túlkun félmrn. og túlkun fjmrn. á lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga eru ósamhljóða og meðan svo er eru þessi lög óvirk. Bankarnir benda á að skv. lögunum sé binditími of langur til þess að húsnæðissparnaðarreikningar séu aðlaðandi fyrir innleggjendur.

Fyrsti minni hl. telur óhjákvæmilegt að lögunum um húsnæðissparnaðarreikninga verði breytt og viðkomandi ráðuneyti komi sér saman um túlkun laganna. Því telur 1. minni hl. rétt að málið hljóti viðeigandi undirbúning í sumar og leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Frsm. 2. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn., okkar hv. þm. Svavars Gestssonar, um þetta frv. til l. um breytingu á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga. Minni hl. mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu á orðalagi 2. mgr. 3. gr. frv. sem flutt er á þskj. 1016 og ég vík nánar að á eftir.

Ég vil fyrst rifja upp, herra forseti, að þetta mál er 16. mál á málaskrá 108. löggjafarþings, m.ö.o. það er lagt fram í byrjun þings í haust og má út af fyrir sig gagnrýna að málið skuli ekki hafa komið úr nefnd fyrr því að leitað var umsagna um málið og við það miðað að umsagnir væru komnar fyrir áramót, að vísu óskað eftir frekari umsögnum eftir áramót en þá gert ráð fyrir því í febrúarmánuði að málið yrði tekið til endanlegrar afgreiðslu. Það er ekkert launungarmál að það hefur gætt lítt dulbúinnar tregðu til þess að láta þetta mál hafa eðlilegan gang.

Flm. þessa máls eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín S. Kvaran og Guðrún Agnarsdóttir. Það er svo langt um liðið frá því að málið var fyrst flutt að það er ástæða til þess að rifja upp meginatriði málsins.

Í athugasemdum með frv. til l. um húsnæðissparnaðarreikninga, sem var samþykkt í júní á s.l. ári, kemur fram að meginreglur frv. séu þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapi rétt til skattafsláttar. Fram kemur í athugasemdum með frv. að nauðsynlegt sé að hvetja til sparnaðar áður en hafist er handa um öflun íbúðarhúsnæðis eða meiri háttar endurbóta, auk þess sem almenn þjóðhagsleg rök hníga að auknum sparnaði innanlands.

Það gengur þvert á ofangreind markmið laganna ef túlkun á framkvæmd þeirra er svo þröng að þeim sem stofna húsnæðissparnaðarreikninga vegna öflunar húsnæðis er mismunað allt eftir því hvernig eignaraðild eða eignarhaldi húsnæðis er háttað þó að ákvæði laganna séu að öðru leyti uppfyllt. Megintilgangur laganna hlýtur að vera að hvetja til sparnaðar vegna öflunar húsnæðis. Verður að telja að það sé ekki í samræmi við vilja Alþingis eða anda laganna ef útiloka á stóra hópa frá þeim rétti sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita, jafnvel þó að eignarhald eða ráðstöfunarréttur á húsnæði sé á einhvern hátt takmarkaður eins og oftast er um félagslegar íbúðabyggingar. Á þetta hefur þegar reynt því að fyrir liggur að fjmrn. hefur synjað félagsmönnum í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta um þann rétt sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita þó að ekki verði annað séð en að félagsmenn í Búseta uppfylli ákvæði laganna.

Frv. þetta er flutt til þess að taka af allan vafa í þessu efni og tryggja að sparnaður vegna öflunar húsnæðis, hvort sem er hjá húsnæðissamvinnufélögum eða öðrum félagslegum íbúðabyggingum, veiti sama rétt skv. ákvæðum laga um húsnæðissparnaðarreikninga og önnur kaup á húsnæði til eigin nota.

Í nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., þ.e. hv. þm. Páls Pétursonar, segir að minni hl. telji óhjákvæmilegt að lögum um húsnæðissparnaðarreikninga verði breytt og viðkomandi ráðuneyti komi sér saman um túlkun laganna. Við erum eindregið þeirrar skoðunar að ef ráðuneyti geta ekki komið sér saman um túlkun laga eigi Alþingi að skera úr og það sem við gerum er að flytja tillögu um að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn félmrn. en það hlýtur að mega líta svo á að það sé yfirvegað álit hæstv. húsnæðismálaráðherra, Alexanders Stefánssonar. Spurningin er þess vegna: Það er Alþingi sem á að skera úr í þessum ágreiningi milli fjmrn. og félmrn. og okkar tillaga er sú að breytingin, sem félmrn. leggur til, verði

samþykkt.

Ég vil, herra forseti, rifja upp þessa umsögn félmrn. en þar segir svo:

Sem svar við bréfi, dags. 6. nóv. 1985, þar sem fjh.- og viðskn. Nd. óskar umsagnar ráðuneytisins um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, skal eftirfarandi tekið fram:

Ráðuneytið telur að túlkun fjmrn. á 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga sé þröng og jafnvel í andstöðu við tilgang laganna. Hvað snertir frv. það sem hér er til álita skal tekið fram að ráðuneytið er samþykkt meginefni frv. Hins vegar telur ráðuneytið að í frv. sé sá annmarki að þar komi ekki nægilega skýrt fram að hér getur annars vegar verið um að ræða að fólk tryggi sér umráðarétt yfir húsnæði gegn greiðslu ákveðins framlags, eins og t.d. í tilvikinu um búseturéttaríbúðir, og hins vegar að keyptur sé eignarhluti í leiguíbúð skv. 4. mgr. 58. gr. laga nr. 60, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. c-lið 33. gr. sem margfræg er orðin. Til þess að þetta komi skýrt fram leggur ráðuneytið til að 2. mgr. 3. gr. frv. verði svohljóðandi: — sem síðan kemur nánar fram á þskj. 1016 sem er brtt. okkar hv. þm. Svavars Gestssonar þar sem við tökum upp nákvæmlega orðrétt tillögu félmrn.

Herra forseti. Þetta er eitt af þeim málum sem fyrst voru lögð fram á þingi. Hér liggja fyrir umsagnir frá ráðuneytum og bönkum. Það er rétt sem hv. þm. Páll Pétursson segir, það er ágreiningur milli fjmrn. og félmrn. í þessu máli, en það er einmitt hlutverk Alþingis að kveða upp úr um það hver skilningur þess er og hver tillaga þess er og við leggjum það til að hæstv. húsnæðismálaráðherra og hans ráðuneyti fái stuðning hér á hinu háa Alþingi við sína túlkun og sína tillögu um orðalag á þessari grein. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. félmrh. njóti þeirrar tiltrúar, a.m.k. í sínum þingflokki, meðal þeirra framsóknarmanna, að hann fái stuðning þeirra við þessa tillögu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Sá maður sem var að ljúka máli sínu telur sig vera mesta jafnaðarmannaforingja Íslands fyrr og síðar en þó bar öll ræða hans keim af því að hann er fremur fyrir misrétti en jöfnuð þar sem hann lætur sig hafa það að flytja tillögu um að binda tiltekin skattfríðindi, skattafslátt, því að viðkomandi falli undir Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðarbyggingar. Ég er ekki vel að mér í skattarétti en þó held ég að það sé alveg öldungis ljóst að með öllu er óhæfilegt að binda skattafslátt slíkum takmörkunum. Ég held að skattafsláttur og skattfríðindi hljóti að verða almenn. Ég held að ógjörningur sé að ætla að miða skattfríðindi við það að sá sem á húsnæði hafi fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna en ekki úr Byggingarsjóði ríkisins eins og tillaga hans ber með sér. Þetta sýnir náttúrlega betur en annað hversu illa er staðið að þessari tillögu. Ég vil líka taka það fram, af því að hér er verið að tala um ótímabundinn afnotarétt íbúðar og félagið Búseti er nefndur í því sambandi, að mér er ekki kunnugt um að á öðrum Norðurlöndum, en þangað sóttum við fyrirmyndina að húsnæðissparnaðarreikningunum, sé veitt heimild til þess að taka fé út af reikningum til þess að kaupa sér búseturétt. Það er ekki. Ég hef að vísu ekki fengið sannar spurnir af þessu nema frá tveimur Norðurlanda en eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá viðskrn. mun því ekki vera til að dreifa, eða því er a.m.k. ekki kunnugt um það, að húsnæðissparnaðarreikningar í þeim löndum taki til leiguíbúða eða búsetuíbúða.

Þetta er náttúrlega spurning um það hversu langt við viljum ganga í skattafslætti, hversu kæruleysislega við viljum umgangast tekjuskattinn. Þegar húsnæðissparnaðarlögin voru sett var ákveðið að hafa ákvæðin fremur ströng. Það var miðað við að innistæða væri bundin til 10 ára nema viðkomandi hefði fest kaup á íbúð eða lagt í mjög verulegar endurbætur á sinni íbúð. Þá gat innistæðan verið laus eftir þrjú ár og eftir fimm ár ef um elli- og örorkulífeyrisþega var að ræða.

Á hinn bóginn hefur komið í ljós að þessir reikningar hafa ekki aðdráttarafl. Það sem að þeim er fundið er í fyrsta lagi að binditími er of langur, í öðru lagi að innlánsreglur eru of strangar og flóknar og í þriðja lagi að refsiákvæðin eru allt of ströng og allt of flókin. Þessi þrjú atriði hljóta að koma til endurskoðunar í sambandi við húsnæðissparnaðarreikningana og vænti ég þess að það verði gert í sumar, ég veit ekki betur en að hæstv. fjmrh. hugsi sér það.

Ég vil sem sagt undirstrika: Við sóttum fyrirmyndina að þessum reikningum til annarra Norðurlanda. Sú hugsun kom aldrei upp, þegar lögin voru samin, að menn fengju sitt sparifé laust vegna leiguíbúðar og það var aldrei minnst einu einasta orði á það í þinginu. Þó hygg ég að báðir flm. þessa máls hafi átt sæti á Alþingi og tekið þátt í afgreiðslu frv. um húsnæðissparnaðarreikninga. Þetta er því eftiráskýring sem ekki stenst skoðun.

Ég hefði eftir atvikum talið hreinlegast að fella þetta frv. en til þess að undirstrika það að nauðsynlegt sé að endurskoða ýmis atriði í húsnæðissparnaðarreikningunum til þess að þeir geti komið að almennum notum get ég eftir atvikum fallist á frávísunartillögu hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég tek það fram að ég er algjörlega andvígur því að við göngum lengra í skattfríðindum í sambandi við reikning eins og þennan en gert er á öðrum Norðurlöndum. Þess vegna get ég ekki fallist á það að undanþáguákvæðið taki til leiguíbúða.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. þykir mér rétt að geta þess að í þessu áliti, sem lögfræðingar félmrn. sendu hv. fjh.- og viðskn. Alþingis um þetta ágreiningsefni, eða réttara sagt ekki ágreiningsefni heldur bara túlkun á þeim lögum sem eru í gildi um þessa húsnæðissparnaðarreikninga, kemur fram að félmrn. telur að annmarki sé á lögunum að því leyti til að þar komi ekki nægilega skýrt fram að hér getur annars vegar verið um að ræða að fólk tryggi sér umráðarétt yfir húsnæði gegn greiðslu ákveðins framlags og hins vegar að það kaupi sér eignarhlut í leiguíbúð.

Þetta telja lögfræðingarnir að þurfi að skýra betur og ég legg þann skilning í þetta að það þurfi að endurskoða þessi lög, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði réttilega áðan. Það eru fleiri lögfræðingar sem telja að skýring lögfræðings fjmrn. sé of þröng og þess vegna er full ástæða til að taka málið til meðferðar. Ég efast ekkert um að fjmrn. og félmrn. eða lögfræðingar þessara ráðuneyta muni koma sér saman um annaðhvort túlkun eða breytingu á þessum lögum ef með þarf og þess vegna styð ég það að þessu sé vísað til ríkisstj.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hef lögin að vísu ekki fyrir framan mig en ég man það áreiðanlega rétt að í lögunum er annars vegar talað um það að um byggingu á íbúð eða íbúðarhúsi sé að ræða og þá er talað um fokheldisvottorð, ef ég man rétt, sem viðmiðun og í hinu tilvikinu er talað um kaup á íbúð og þá er talað um kaupsamning. Það er ekki minnst einu einasta orði á afnotarétt af íbúð í þessum lögum eins og ég man þau.

ATKVGR.

Till. á þskj. 998, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHH, IG.

nei: SJS, SvG, GJG, HG, JS, JBH.

12 þm. (EBS, GSig, GeirG, KMK, GA, GHelg, KP, KJóh, KH, KSK, ÓÞÞ, RH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Með vísan til þess að hæstv. félmrh. hefur fyrir hönd síns ráðuneytis lýst yfir stuðningi við meginefni frv. og lagt fram tillögu um orðalagsbreytingu lýsi ég því yfir að ég er reiðubúinn til að styðja þessa tillögu hæstv. félmrh. þótt hann sé ekki tilbúinn til þess sjálfur og segi því nei um að vísa frv. til ríkisstj.

Neðri deild, 95. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, að loknum 94. fundi.

Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv. 430. mál (þskj. 790). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1055).

Verslun ríkisins með áfengi, stjfrv. 400. mál (þskj. 741). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil nú inna virðulegan forseta eftir því hvað hann hafi hugsað sér með fundahald. Það stendur nefnilega þannig á með þetta dagskrármál að um það er ekki samkomulag í deildinni eins og forseta væntanlega er ljóst og það gæti því tekið nokkra stund að ræða það eins og einstakir hv. deildarmenn teldu og telja nauðsynlegt.

Ég vil einnig spyrja hv. flm., hæstv. fjmrh., hvort hér sé um að ræða eitthvert sérstakt forgangsmál ríkisstj. sem geri það að verkum að það sé eðlilegt að vinna að málinu með þessum hætti þegar ljóst er að það er ágreiningsmál. Samtímis því sem hér hafa fjölmörg mál verið afgreidd með hraði í gegnum deildina í ágætu samstarfi meiri hl. og minni hl. og allra aðila finnst mér nokkuð óeðlilegt ef eitt einstakt mál er tekið út úr og afgreitt með hætti sem ekki er nú æskilegur þegar verið er að taka til umfjöllunar mál yfirleitt hér í deildinni. Ég vil í þessu sambandi, herra forseti, nefna það og minna á að ég t.d. spurði hér spurninga og óskaði eftir því jafnvel að fá álit annarra hæstv. ráðherra í ríkisstj. á því hvernig þetta snerti þeirra störf og þeirra fagsvið, en við því komu engin svör og það var ekki höfð uppi nein viðleitni af hálfu hæstv. ráðherra til að greiða þó framgang málsins með þeim hætti við 2. umr. Það er tekið hér engu að síður til 3. umr. þegar alllangt er liðið á nótt. Ég vil því ítreka spurningu mína í fyrsta lagi til forseta hvað hann hugsi sér með fundarhaldið og einnig til hæstv. fjmrh. hvort þetta brennivínsmál sé alveg sérstakt forgangsmál ríkisstj. og þá væntanlega Sjálfstfl. einnig.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þeirri fsp. sem gerð er til forseta er það hugsun forseta að ljúka umræðu um þetta mál. Þetta er eina málið sem verður til umræðu á þessum fundi. Ekki vill forseti kveða upp úr um það hvort hér er um meira ágreiningsmál að ræða en ýmis önnur. En ætlunin er, eins og hér hefur reyndar verið kynnt, að þetta mál verði nú rætt við 3. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þessi ræða mín mun fjalla um þetta dagskrármál, en ekki snerta þingsköp sérstaklega þó það væri út af fyrir sig ástæða til að ræða þau nokkuð hér. Ég vil lýsa óánægju minni með að það er ekki gefið færi á því t.a.m. að ræða þann ágreining sem hér er uppi og athuga hvort hugsanlega mætti ná fram samkomulagi í þessu máli. Ég lýsti því yfir af minni hálfu að það kynni að leynast samkomulagsleið í þessu með því að haga þannig þessari breytingu að báðir aðilar gætu sæmilega sætt sig við. Út af fyrir sig held ég að slíka tilhögun mætti vel finna ef menn hefðu áhuga fyrir að leita eftir henni. Úr því að það er sjáanlega mikið kappsmál hæstv. fjmrh. að einkaaðilar komist inn á þetta svið til að græða þar peninga væntanlega, ég sé ekki annan sérstakan tilgang í því að heimila þeim slíka starfsemi, gæti ég hugsað mér að semja mætti um að ríkið héldi eftir sem áður þannig á yfirstjórn þessara mála og annaðist t.d. framleiðslu, þó í einhvers konar umboðsframleiðslu væri, þeirra aðila sem teldu sig nú eiga hugverkin í hverju einstöku tilfelli. Jafnvel gætu þeir aðilar annast sölu og markaðssetningu vörunnar til útflutnings ef það er sérstakt keppikefli og átrúnaðarmál hæstv. fjmrh. að þannig þurfi það að vera. En ég mundi þá á móti leita eftir því að menn gætu sæst á að ríkið hefði eftir sem áður einkarétt á þessari framleiðslu, væri framleiðsluaðilinn og annaðist heildsöluna og meðferð vörunnar hér innanlands þannig að ekki yrði breyting á okkar heimamarkaði. Efasemdir mínar og gagnrýni snúast ekki síst að því að ég tel að það verði óeðlilegt og brjóti í bága við þá stefnu sem verið hefur í þessum efnum að heimila einkaaðilum að framleiða vöru og hafa hagnað af sölu hennar innanlands þannig að persónulegir hagsmunir einstaklinga fari þá að ráða í þeim efnum og upp komi

tilhneigingar til að koma sinni vöru að á markaði þar sem auglýsingar eru bannaðar og reynt er með því móti að tryggja að ekki sé sérstaklega efnt til aukinnar neyslu á þessari vöru. Það er mörkuð opinber áfengisstefna að hafa auglýsingu og aðgengi að þessari vöru í lágmarki eða takmarka hana með ákveðnum hætti. Ég óttast mjög að sú breyting sem hér er lögð til brjóti í bága við þá stefnu og hafi alvarlegar og óæskilegar afleiðingar.

Ég spurði hæstv. fjmrh. sérstaklega um þetta í 2. umr., herra forseti. Hann lét nú ekki svo mikið að svara því og ég er svo sem ekkert sérstaklega að búast við því að hann breyti út af því, en ég ætla nú hér í fyrri ræðu minni við 3. umr. að endurtaka þessar spurningar. Þær snerta ekki síst það hvort hæstv. fjmrh. telji að það sé í fullu samræmi við þá mörkuðu stefnu að leyfa ekki auglýsingar á þessari vöru að heimila einkaaðilum að hefja á henni framleiðslu og hafa þannig hagnað af því að selja hana í miklu magni. Hvernig þetta tvennt fær samræmst í huga hæstv. fjmrh. væri fróðlegt að heyra.

Ég hefði talið æskilegt, ef hæstv. dómsmrh. er enn vakandi, með augnalokin uppi, herra forseti, að hann svaraði því sem yfirmaður dómsmálanna og þar með sá aðili sem yfirleitt veitir leyfi til vínsölu og hefur á sinni hendi yfirstjórn þeirra mála hvað honum finnst um þær heimildir sem hæstv. fjmrh. fær í frv. E.t.v. vill virðulegur forseti vera svo vænn að athuga hvort dómsmrh. er í húsinu og má nema mál mitt. (**Forseti:** Hæstv. dómsmrh. mun ekki vera í húsinu. Hann á sæti í Ed. og mun ekki vera í húsinu fremur en aðrir þm. Ed.) (**Gripið fram í:** En að fresta málinu þangað til hann vaknar?) Ég hefði talið fulla ástæðu, herra forseti, til að fá að ræða þetta við 3. umr. Varla er seinna vænna að fá afstöðu þessara hæstv. ráðherra og reyndar ætlaði ég að óska eftir því að hæstv. heilbrrh., sem kemur ekki lítið við sögu, væri einnig viðstaddur umræðuna og gæti svarað hliðstæðum spurningum og ég hef fram að færa til hæstv. dómsmrh. þó að e.t.v. megi segja að spurningar mínar til hæstv. heilbrrh. séu efnislegri að því leytinu til að ég tel fulla ástæðu til að afstaða heilbrrh. þjóðarinnar liggi fyrir um leið og þessi mikla stefnubreyting verður í áfengismálunum. Ég sætti mig ákaflega illa við það, herra forseti, að þessari umræðu verði fram haldið nema þessir tveir hæstv. ráðherrar geti þá komið því við að heiðra okkur með nærveru sinni stundarkorn. (**Forseti:** Ég óttast að þess sé enginn kostur að ná í hæstv. dómsmrh. Þess held ég að það sé enginn kostur. Þessi umræða verður að halda áfram þrátt fyrir fjarvist hans, því miður.) En hæstv. heilbrrh.? (**Forseti:** Hæstv. heilbrrh. hefur ekki verið hér í kvöld og kann ég ekki skýringu á því.) Hvað hyggst virðulegur forseti gera í því tilfelli? (**Forseti:** Forseti hefur lítið við það að gera. Ég held að það hljóti að vera vissar ástæður fyrir því að hæstv. heilbrrh. er ekki hér staddur í kvöld og þess er naumast kostur nú að ná í hann.) Og ber að skilja það svo, virðulegur forseti, að forseti telji það eðlilegt og ætli sér að láta þessa umræðu halda áfram þrátt fyrir eindregnar óskir um að tilteknir hæstv. ráðherrar séu viðstaddir til að svara fyrir sig og sína málaflokka og finnst virðulegum forseta það eðlileg samvinna í þinginu á þessum næturfundi, sem verður einn sá síðasti sem við munum eiga saman á yfirstandandi þingi, að verða ekki við óskum þm. um slíkt? (**Forseti:** Ástæðan til þess að forseti hegðar sér nú með þessum hætti er einfaldlega sú að þetta er einmitt kannske næstsíðasti fundur sem haldinn verður í þessari virðulegu deild. Hér eru þrír hæstv. ráðherrar a.m.k., fjórir reyndar. Hæstv. viðskrh. og samgrh. er hér staddur og fjmrh., sem ber ábyrgð á málinu, og hæstv. forsrh. sem ég efa ekki að mun koma boðum. Félmrh. er hér einnig. Ég sé ekki annað en að það séu full skilyrði til að ræða þetta mál til enda. Ég vænti þess nú að hv. 4. þm. Norðurl. e. haldi áfram ræðu sinni og skýri frá því hvað hann hefur fram að færa.)

Það tjáir ekki að deila við dómarann. Ég tek það svo sem hæstv. forseti verði ekki við óskum mínum um að fresta þessari umræðu og ekki sé hægt að lyfta augnalokunum á hæstv. ráðherrum sem eru fjarstaddir. Gengur þá ósköp einfaldlega niður í þingtíðindi, herra forseti, að þessum óskum mínum hafi verið neitað og ég held áfram ræðu minni.

Ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh., úr því að það vill nú svo vel til að hann er hér við, að því hvort hann telji þetta eðlileg verkaskipti milli sín og hæstv. dómsmrh. sem er lagt til í frv. að viðhafa og ég vil spyrja hæstv. forsrh., ef það mætti vera hans hlutverk að svara fyrir um þá opinberu nefnd sem er að störfum og hefur unnið að því um alllangt skeið að móta opinbera stefnu í áfengismálum, hvort það sé viðhorf hæstv. ríkisstj. til þeirrar nefndar að ekki beri nú að gera meira með hennar störf, sem munu reyndar komin á lokastig, en svo að það sé eðlilegt að afgreiða hér frv. sem snerta beint stefnumörkun í áfengismálum á þessum vikum sem e.t.v. eru óliðnar þangað til að sú nefnd skilar niðurstöðum. Það finnst mér óviðeigandi, herra forseti, vægast sagt og ég sé ekki þá brýnu nauðsyn sem ber til að gera þetta frv. að lögum hér nú á vordögum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvaða þjóðarhagsmunir það séu sem eru í veði, hvaða brýnu hagsmunir séu í tengslum við þetta mál sem gera nauðsynlegt að leggja á það slíkt ofurkapp að það verði að lögum á yfirstandandi þingi, en megi ekki t.a.m. bíða haustsins og þeirrar niðurstöðu sem verður í störfum opinberrar nefndar um stefnumörkun í áfengismálum.

Ég harma einnig að menn skuli ekki hafa íhugað aðeins betur þá miklu breytingu sem verður ef þetta frv. verður að lögum og þá nýju hlið mála að mörgu leyti í sambandi við framkvæmd áfengisstefnunnar sem þá kemur upp og ég hef þegar gert að nokkru leyti að umtalsefni. Ég óttast sem sé að það gangi þvert á þá viðleitni sem verið hefur og sæmilegt samkomulag hefur, að því er ég best veit, ríkt um, þ.e. að beita tilteknum aðgerðum til að takmarka aðgengi og banna auglýsingar á þessum vöruflokki og beita síðan fræðslu og forvarnarstarfi eftir því sem hægt er og reyna að halda því sem kalla má einkahagsmuni í þessu tilfelli utan við þennan málaflokk eftir því sem kostur hefur verið. Það er ábyggilega, herra forseti, engin tilviljun að sú tilhögun mála hefur verið viðhöfð. Það er engin tilviljun heldur felst beinlínis í því stefna að menn hafa séð á því ýmsa vankanta að gefa færi á því að einkahagsmunir hefðu áhrif á hina opinberu stefnu og hina opinberu meðferð þessara mála. Ég held að fyrir því séu mjög mörg rök.

Ég nefndi til samanburðar þann þrýsting sem vitað er að leynt og ljóst hefur verið uppi af hálfu þeirra aðila sem framleiða reyktóbak í heiminum. Þar eru auðvitað eðlilegir viðskiptahagsmunir á ferðinni, eðlilegir eftir atvikum, forseti. Út af fyrir sig má deila um það, en þar

eru alla vega á ferðinni hagsmunir þeirra sem eru að koma á framfæri og selja sína vöru og reyna að bregðast gegn allri viðleitni til að takmarka neyslu á reyktóbaki og eru ákaflega tregir í taumi til að hlíta þeim reglum sem verið er að setja á hverjum tíma til að reyna að takmarka skaðann sem stafar af óhóflegri notkun þeirrar vöru. Ég er viss um að hv. þingdeildarmenn muna þá umræðu sem um þetta varð í tengslum við lagabreytingar sem snertu tóbaksvarnir hér á hv. Alþingi ekki fyrir margt löngu.

Ég held að það gefi auga leið, herra forseti, að hliðstæðar aðstæður geta komið upp. Ef upp koma í landinu menn og stétt manna sem hefur af því framfæri sitt og sér í því verulega hagnaðarvon að koma sinni framleiðslu á markað og selja hana sem mest mundu þeir hinir sömu aðilar væntanlega bregðast ósköp svipað við ef ætti að fara að grípa til opinberra aðgerða til að takmarka neyslu á þessum varningi. Ef það tækist þannig til að þessi vökvi, vodka eða hvað það nú yrði, yrði nú þeirrar náttúru að neyslan ykist í framhaldi af þeirri framleiðslu, þannig að menn sæju að það stefndi í óefni og hygðust þá grípa til einhverra ráðstafana, geri ég ráð fyrir að allir geri sér ljóst að þar rækjust á hagsmunir. Þar yrði um að ræða hagsmunaárekstur þeirra opinberu aðila sem væru að reyna að stýra og marka stefnu í áfengismálum og hinna sem hefðu af því beinan fjárhagslegan hag að selja vöruna. Þess vegna hefði ég talið að ein leið til samkomulags í þessu máli væri sú að gera skýran greinarmun á annars vegar innanlandsmarkaðinum og hins vegar útflutningi. Út af fyrir sig held ég að það væri tiltölulega einfalt tæknilegt atriði að greina þar á milli og verja einkarétt ríkisins hvað varðaði ávinning af framleiðslu og sölu vörunnar á innanlandsmarkaði þannig að um þá hagsmunaárekstra hér innanlands yrði ekki að ræða. Hæstv. fjmrh. er e.t.v. tilleiðanlegur til að svara því hér á eftir hvort hann gæti hugsanlega sætt sig við einhverja slíka tilhögun mála. Honum finnst e.t.v. ekki ástæða til og þá það. En ég hefði talið að þar væri verulega komið til móts við þá grundvallarstefnu sem verið hefur viðhöfð í þessum málum hingað til.

Það er út af fyrir sig, herra forseti, kannske ástæða til að ræða ofurlítið þá stefnu sem birtist í framlagningu þessa frv. og þá áherslu á þessi brennivínsmál sem kemur fram hjá hæstv. fjmrh. í þessum málatilbúnaði og þó ekki síður kannske málafylgjunni og því hversu brattan byr hann siglir við að koma þessu máli hér fram með góðri aðstoð þeirra sem fundum stýra og mætti hafa um það fleiri orð. Það er nokkuð sérkennilegt þegar formaður Sjálfstfl. gengur fram með þessum hætti í sambandi við viðkvæm atriði í mörkun áfengisstefnu. Það verður ekki horft fram hjá því að hæstv. fjmrh. er einnig formaður Sjálfstfl. Það hefðu einhvern tíma þótt nokkur tíðindi að formaður þess flokks gengi þannig fram fyrir skjöldu þvert ofan í ráðleggingar ýmissa færustu sérfræðinga sem vinna beinlínis að varnarstörfum eða lækningum sem tengjast þessum málum. Það hefðu út af fyrir sig einhvern tímann þótt nokkur tíðindi að Sjálfstfl. gerðist með þessum hætti brautryðjandi breytinga í þá átt í áfengismálum sem mjög eru átaldar af þeim sérfræðingum sem þessi mál láta sig sérstaklega varða og komið hefur fram m.a. í fjölmiðlum upp á síðkastið og verið vitnað til fyrr við umræður um þetta mál, herra forseti. Sú virðist vera uppistaðan að formaður Sjálfstfl. er hér sérstakur baráttumaður þess að koma þessari breytingu hér á.

Það er e.t.v. að einhverju leyti af pólitískum toga spunnið, herra forseti, að hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., telur sig vera að gera einkaframtakinu sérstakan greiða og lyfta því á æðri sess með því að leyfa því að fara að framleiða og selja brennivín og græða á því peninga. Það getur verið hans afstaða út af fyrir sig og er auðvitað veglegur sess sem einkaframtakið fær með því að fá að græða á brennivínsframleiðslu. Ég tek hins vegar ekki afstöðu til þessa máls á pólitískum forsendum, herra forseti. Mín afstaða mótast af allt öðrum sjónarmiðum. Ég tel að það sé tiltölulega alvarlegt mál ef menn hræra mikið í þeirri áfengisstefnu sem þó hefur gefið þá niðurstöðu að áfengisnotkun á Íslandi er minni en í flestum öðrum sambærilegum löndum og þykir þó mörgum nóg um bæði þann kostnað og þau vandræði sem af þessu bruki stafa.

Ég er ekki að verja sérstaklega hagsmuni ríkisins vegna þess að ég vilji að ríkið hafi með höndum allan rekstur í landinu. Það er stefna sem stundum er talið að sá flokkur sem ég er í beiti sér sérstaklega fyrir, en að verulegu leyti ranglega. Ég er jafnhlynntur því að einkaaðilar eða samvinnurekstur eða félagslegur rekstur og hið opinbera hafi starfsemina með höndum eftir eðli málsins í hverju tilfelli. En ég mótmæli því harðlega að hér sé um að ræða þá tegund starfsemi eða þá tegund varnings að það sé skynsamlegt og það sé rétt að bera hana saman við aðrar og daglegri neysluvörur almennings. Hér er um mál að ræða sem er allt annars eðlis og lýtur ekki þeim lögmálum, hvorki siðfræðilegum né viðskiptalegum, sem við í daglegu tali erum að fjalla um þegar um er að ræða almennt skipulag í atvinnurekstri.

Það er af faglegum ástæðum sem ég tek afstöðu, herra forseti, en ekki vegna þess að af pólitískum ástæðum vilji ég endilega hafa þessa tegund atvinnurekstrar í landinu ríkisrekna. Rökin eru hins vegar mörg fyrir því að þetta sé best komið á einum stað og alveg sérstaklega hvað varðar okkar eigin heimamarkað og aðstæður í landinu. Ef framleiðendur eða uppfinningamenn að einhverju eðalbrennivíni geta farið með formúlurnar til Skotlands og ráðið þar einhverja verksmiðju til að framleiða fyrir sig vínið sé ég í fljótu bragði ekki muninn á því að þeir kæmu með formúlurnar og uppskriftirnar til Áfengisverslunar ríkisins og létu hana gera slíkt hið sama. Þá væri framleiðslan áfram á sömu hendi og um það yrði þá væntanlega hægt að semja, eins og ég áður sagði, að á heimamarkaði yrði ekki um ábatavon að ræða af hálfu eigenda framleiðsluformúlanna þannig að það skipti ekki máli í því tilfelli hversu mikla markaðshlutdeild hér heima fyrir varan fengi. Síðan mætti hugsa sér það fyrirkomulag að uppfinningamenn sjálfir sæju þá um markaðssetningu og sölustarfsemi erlendis. Þá sé ég ekki annað en að með sæmilegu móti hefði tekist að sameina þau sjónarmið sem hér eru á ferðinni ef menn á annað borð hafa einhvern áhuga á málamiðlun.

Herra forseti. Það er líka alveg óhjákvæmilegt að menn horfi framan í það þegar menn ræða þessi mál að það er ábyrgðarleysi af mönnum, hvaða afstöðu sem þeir annars hafa til áfengisstefnu, að horfa fram hjá þeirri staðreynd að hér eru viðkvæm mál á ferðinni og oft má lítið út af bera til þess að illa fari. Við höfum fyrir

okkur dæmin svo mýmörg frá þjóðum ekkert ólíkum okkur að menningu og staðháttum þar sem menn hafa gert mikil og alvarleg mistök í mótun áfengisstefnu. Kannske hefur tekið áratugi að reyna að bæta fyrir þau mistök sem menn gerðu með breytingum sem ekki virtust svo stórvægilegar á þeirri tíð sem þær voru gerðar. Um þetta talar reynslan. T.d. fullyrða Svíar að þeir séu enn þá að kljást við afleiðingarnar af þeirri mislukkuðu breytingu sem þeir gerðu á sinni áfengislöggjöf seint á sjöunda áratugnum, ef ég man rétt, og enn séu að koma fram vandamál í kjölfar þess. Þeir hafa hins vegar verið menn til að læra af reynslunni og breyta sinni áfengisstefnu þannig að þeir hafa nú náð þeim árangri einir þjóða hér um slóðir að draga úr áfengisneyslu ár frá ári. Þar er einmitt sú tilhögun, sem ég hef nefnt, að ríkið hefur einkarétt á þessari framleiðslu og eins og ég reyndar nefndi fyrr í umræðunni virðist það ekki hafa komið í veg fyrir að þeir standi sig bærilega á útlendum mörkuðum við að koma þessari vöru á framfæri, enda sérstaklega til þess vitnað í athugasemdum við þetta lagafrv. og er þá væntanlega óhætt að taka mark á því. En mögulegt er að flm., hæstv. fjmrh., hafi ekki alveg áttað sig á því að hann var þar einmitt að sækja sér dæmi í fyrirkomulag hliðstætt því sem verið hefur hér á Íslandi og með því er hann að reyna að rökstyðja breytingar sem ganga í þveröfuga átt. Þannig getur stundum farið fyrir mönnum í röksemdafærslunni, herra forseti, og hef ég þá ekki fleiri orð um það.

Ríkið hefur miklar tekjur af einkaleyfum sínum á heildsölu og framleiðslu á áfengi, herra forseti. Það liggur fyrir og þær tölur þekkja menn sjálfsagt úr fjárlögum liðinna ára. Því hefur hins vegar verið haldið fram og á það bent og það rökstutt að þær tekjur séu *tiltölulega lítil upphæð borið saman við allt það tjón* sem ríkið og ýmsir aðrir aðilar verða fyrir í þjóðfélaginu vegna áfengisneyslunnar. Þess vegna hefur það af mörgum verið talið ekki nema rökrétt og eðlilegt að sá aðilinn sem hefur á sinni hendi að bera vandkvæðin hafi þá einnig þá tekjumöguleika sem framleiðsla og notkun þessarar vöru gefur í þjóðfélaginu. Hér yrði horfið út af þeirri stefnu væntanlega og þó fyrst í stað yrðu kannske ekki af því svo mikil áhrif gæti þetta þýtt stefnubreytingu sem drægi dilk á eftir sér og yrði, þegar tímar liðu, til að breyta í verulegum mæli þeirri skiptingu sem verið hefur milli tekna og útgjalda ríkisins í þessum málaflokki. Að því ættu menn að huga í upphafi áður en lagt væri í það ferðalag því að það getur orðið bæði dýrt og of seint að snúa við þegar langt er komið út í fenið.

Að lokum, herra forseti, og skal ég fara að stytta a.m.k. fyrri ræðu mína við þessa umræðu, er það algerlega andstætt mínum skoðunum, og þá kannske fyrst og fremst á siðferðislegum grundvelli, að einstaklingar standi í framleiðslu og í því að græða á þessari tegund starfsemi í landinu. Það er svo með ýmislegt á þessum við getum sagt jaðarsvæðum milli þess sem menn leyfa og hins sem menn banna, og þar má taka vímugjafana sérstaklega fyrir, að það orkar mjög tvímælis hvort það sé siðferðislega rétt að sú tegund starfsemi sé rekin með þeim hætti og undir þeim formerkjum sem önnur almenn atvinnustarfsemi er rekin í landinu. Reyndar hefur hæstv. núverandi iðnrh. einhvern tímann látið orð falla um að hann vildi ekki selja fólkinu í landinu eitur og ef það væri hægt að sanna fyrir sér að tóbak væri eitur, sem ég hygg að hann hafi átt við í því tilfelli, mundi hann vilja banna alfarið á því sölu í landinu. Menn hafa ekki treyst sér til að ganga svo langt og ekki viljað það, en menn hafa getað sæst á ýmsar málamiðlanir milli þeirra tveggja endasjónarmiða að hafa þennan varning algerlega frjálsan og að banna hann alveg. Þannig hafa orðið til ýmsar umgengnisreglur, getum við sagt, sem menn hafa komið sér niður á. Þessu er alveg hliðstætt farið með áfengi. Það er svona tegund varnings sem er á þessum viðkvæmu jaðarsvæðum og menn hafa fyrir lifandi löngu sætt sig við það og samið sig niður á það, burtséð frá allri hugmyndafræði, að það væri óhjákvæmilegt að hafa alveg ákveðnar reglur og strangar reglur í þessum samskiptum við þessa vörutegund. Mér finnst felast í þessu frv. nokkurt fráhvarf frá þessari stefnu, herra forseti, og kannske alvarlegra fráhvarf en margir hafa gert sér grein fyrir og a.m.k. hefur komið fram hér í þessari umræðu. Ég held að það sé ákaflega óheppilegt og óskynsamlegt og beinlínis siðferðislega rangt að gefa því undir fótinn að einkaaðilar fari inn í þessa starfsemi til þess að græða á henni með þeim tilheyrandi afleiðingum, sem ég tel að það hafi í för með sér og ég tel mig hafa gert sæmilega grein fyrir. Það er algerlega andstætt mínum grundvallarskoðunum í þessum málaflokki og því ég get ekki með nokkru móti sætt mig við að þetta frv. óbreytt verði að lögum, herra forseti.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna þeirra spurninga sem hv. síðasti ræðumaður beindi til mín get ég upplýst að sú nefnd, sem var skipuð fyrir nokkrum árum til að fjalla um varnir gegn áfengis- og fíkniefnavanda, gerir ráð fyrir að skila áliti í næsta mánuði. Hins vegar hefur hún þegar skilað ýmsum *bráðabirgðatillögum og þeim reyndar allítarlegum*. Ég hef farið yfir þær. Þær fjalla fyrst og fremst um takmarkanir á sölu og neyslu áfengis, styttingu á þeim tíma sem leyft yrði að veita áfengi á veitingastöðum o.s.frv., en á engan máta um framleiðslu áfengis nema þá með þeim bruggtækjum sem tíðkast nokkuð, að því er mér skilst, hjá einstaklingum.

Það frv. sem hér er um að ræða fjallar um framleiðslu á áfengi til útflutnings fyrst og fremst og veitir enga heimild til sölu á áfengi innanlands. Og ég fæ ekki séð að það rýmki á nokkurn máta söluheimildir á áfengi innanlands, enda tel ég ákaflega mikilvægt að svo verði um hnútana búið að það geti alls ekki orðið. Ég held því að ég megi fullyrða að ef það er gert, sem ég treysti vissulega hæstv. fjmrh., hver sem hann er, á hverjum tíma til að gera og hann hlýtur að gera, þá eigi slík framleiðsla sem hér um ræðir á engan máta að ganga gegn tillögum áfengisvarnanefndarinnar eða hvað við viljum kalla hana.

Ég vil svo taka það fram að ég ber fulla virðingu fyrir viðleitni hv. þm. og annarra til að draga úr áfengisneyslunni. Það þarf vissulega að gera það, leggja á það áherslu, en mér sýnist ekki þetta frv. koma því máli sérstaklega við.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég vildi gera hér örfáar athugasemdir vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað. Í fyrsta lagi er alveg nauðsynlegt að fram komi að hér er ekki um að ræða neins konar breytingu á stefnu í áfengismálum að því er varðar varnir gegn ofnotkun áfengis eða nokkurs konar

tilslökun á sölu áfengra drykkja. Hér er ekki heldur um að ræða heimildir til þess að leyfa mönnum að brugga. Hér er um að ræða framleiðslu á áfengi með innfluttum vínanda. Og það er gert ráð fyrir því að Áfengisverslunin flytji inn vínandann eða sjái um innflutning vínandans.

Að sjálfsögðu verður haft mjög strangt eftirlit með þessari framleiðslu þannig að útilokað er að sala á áfengi geti átt sér stað öðruvísi en í gegnum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem hefur eftir sem áður einkarétt til þeirrar sölu. Þess vegna er ekki unnt að halda því fram, eins og hér hefur komið fram í umræðum, að þetta frv., eða sú heimild til framleiðslu á áfengi sem það gerir ráð fyrir, breyti í einhverjum atriðum þeim reglum sem nú gilda um auglýsingar á áfengi. Það gerir það ekki á nokkurn hátt. Í því felst engin rýmkun að því leyti. Hér er einungis verið að leggja til að heimila þessa iðnaðarstarfsemi. Salan verður eftir sem áður í höndum Áfengisverslunarinnar og þess vegna er það ekki mikil málamiðlun sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi að hann vildi ganga til þess að semja um framgang málsins ef hér væri einungis um að ræða framleiðslu til útflutnings en salan yrði á vegum Áfengis- og tóbaksverslunarinnar eins og verið hefur. Frv. gerir einmitt ráð fyrir þessu. Þeir aðilar, sem hugsanlega fá leyfi til framleiðslu, fá ekki leyfi til þess að selja áfengi á innlendum markaði. Það verður áfram í höndum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þannig að að þessu leyti er þegar búið að gera þá málamiðlun sem hv. þm. var að gera tillögu um.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það hvort siðferðilega sé rétt eða rangt að leyfa einkaaðilum framleiðslu á þessum varningi, þessari iðnaðarstarfsemi. Ég vil aðeins benda á að ef farið yrði að tillögu hv. þm. Steingríms Sigfússonar og einkaaðilum heimilað að standa að slíkri framleiðslu á þann hátt að Áfengisverslunin keypti framleiðsluleyfi einkaaðilanna en annaðist framleiðsluna sjálf, þá fyrst færu þessir menn nú að græða. Þá fyrst væri nú verið að nota opinbera fjármuni til þess að leyfa einkaaðilum að græða vegna þess að þá yrði Áfengisverslunin að kosta alla fjárfestingu en einkaaðilarnir fengju að selja framleiðsluleyfin og hirða gróðann. Hér er þó verið að gera ráð fyrir því að þeir leggi til þá fjárfestingu, leggi til þá fjármuni í húsnæði og vélum sem til þarf og kosti því til.

Á engan hátt munu tekjur ríkissjóðs af áfengissölu skerðast. Allar gildandi reglur um það efni verða óbreyttar. Hér verður í engu horfið frá þeirri skipan sem er þar á. Þannig að þegar á málið er litið að þessu leyti sýnist mér að öll rök, sem hér hafa verið færð gegn frv., fái ekki staðist. Ég tek alveg heils hugar undir sjónarmið manna sem vilja hafa áfengisvarnir í huga, en þetta frv. breytir engu þar um, veikir í engu þá vörn, veikir í engu tekjuöflun ríkisins af þessari sölu, gefur einungis kost á því að nýir aðilar geti hafið hér framleiðslu en salan verði áfram með sama hætti og áður.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er dálítið merkilegt að þau vinnubrögð skuli vera hér viðhöfð að keyra þetta áfram hér í nótt og sumir þm. þurfa að mæta á nefndarfundum snemma í fyrramálið. Mér finnst það líka lítil tillitssemi við þm. að ekki skuli vera gerðar ráðstafanir til þess að þeir ráðherrar, sem þetta mál í sjálfu sér heyrir undir, verði við þá umræðu sem er um þessi mál. Mér er vel kunnugt að t.d. hæstv. dómsmrh. er algjörlega á móti þessu frv. Hins vegar hefði verið fróðlegt í þessari umræðu að heyra hans viðhorf og hans ráðuneytis. Það er alveg á sama hátt með hæstv. heilbrrh. Það væri fróðlegt og nauðsynlegt að heyra viðhorf þess ráðherra vegna þess að mörg þau mál, sem viðkoma áfengismálum, heyra undir hennar ráðuneyti.

Það var engin hrifning yfir þessu frv. Það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum. Það var ekki hægt að koma því á milli umræðna öðruvísi en að fara fram á það við þá, sem voru á móti því, að greiða atkvæði með því að koma málinu á milli umræðna.

Hæstv. fjmrh. sagði um frv. að engin rök hefðu komið fram gegn þessu frv. Ég skil ekki hæstv. ráðh. Ég held að færð hafi verið full rök fyrir því að það reki engin nauður til að samþykkja þetta frv., að það sé hægt að semja við og eðlilegast að Áfengisverslunin annist þetta. Það kom fram í hans máli t.d. að Áfengisverslunin ætti að flytja inn vínandann. En það kann að vera að frjálshyggjan, sem veður uppi alls staðar í þjóðfélaginu, sé þarna að sýna sitt andlit, þ.e. að peningahyggjan sé svo rík hjá hæstv. ráðh. að það sé nauðsynlegt að koma slíkri framleiðslu í hendur einstaklinga.

Ég get líka upplýst það að þeir, sem vinna að áfengisvarnamálum í þjóðfélaginu, telja þetta frv. mjög alvarlegt og hvetja mjög til þess að allt sé gert sem hægt er til þess að hindra framgang þess. Ég geri ráð fyrir því að sagan muni telja það nokkuð merkilegt að um leið og hæstv. fjmrh., sem nú gegnir því embætti, er kominn í þetta embætti þá er lagt til að þessi breyting sé gerð á áratuga stefnu Alþingis að Áfengisverslun ríkisins hafi einkaleyfi á þessari framleiðslu. Þetta er raunar athyglisvert og ég er alveg sannfærður um það að forveri hans, hv. þm. Albert Guðmundsson, hefði ekki flutt slíkt mál.

Í sjálfu sér er tilgangslítið að ræða þetta mál því að það er hér í síðustu umræðu. Það er auðséð að það á að koma því í gegn hvað sem það kostar. Slík áhersla er lögð á að veita hæstv. fjmrh. heimild til þess að hafa það einn á sinni hendi að gefa slík leyfi. Og það eru engar hömlur settar á slíka heimild. Samkvæmt þessum lögum gæti hann þess vegna gefið fleiri tugum aðila leyfi til þess að framleiða áfenga drykki. Ef einhver vildi vera umboðsmaður fyrir erlenda aðila sé ég ekki betur en samkvæmt þessari nýju stefnu, sem er mjög athyglisverð, sé greiður aðgangur fyrir hvern sem er að fá þá leyfi.

Ég er búinn að ræða þetta frv. fram og aftur. Ég harma mjög þá afstöðu sem hefur verið tekin í þessu máli. Ég verð að segja það eins og er að mér finnst það vera mikill álitshnekkir fyrir hæstv. ríkisstj. að standa að þessari breytingu og ég vona að reynslan af þessu muni þó ekki verða sú, sem ég mjög óttast, að af þessu muni verða mikið ólán fyrir okkar þjóð. Bara það eina atriði, að það á að fara að veita einstaklingum leyfi til þess að framleiða áfenga drykki í landinu, getur haft áhrif á hugarfar ýmissa í landinu þegar til lengdar lætur. Þetta er ekki eins einfalt mál og hæstv. ráðh. vilja vera láta, og hefði átt að ræða og athuga allar hliðar þess. Þess vegna harma ég það að hvorki hæstv. dómsmrh. né

hæstv. heilbrrh. skuli hafa aðstöðu til að vera við umræðu um þetta mál. Og að endingu lýsi ég allri ábyrgð á hendur þeim sem eru að berja þetta fram nú á síðustu dögum þingsins.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er aldrei að vita nema ég haldi hérna dálítinn ræðustúf í viðbót. Mér heyrist menn vera eitthvað svona að friðmælast og mælast undan því að málið sé rætt hér almennilega. Ég sé enga ástæðu til þess að menn vorkenni sjálfum sér svo mikið að ekki sé hægt að ræða þetta eins og þurfa þykir.

Ég held að menn hafi eitthvað misskilið mál mitt ef þeir hafa tekið það svo að ég hafi verið að halda því fram að ég læsi þetta frv. þannig að einkaaðilarnir fengju heimild til að annast smásölu á brennivíni. Að sjálfsögðu hefur mér ekki dottið í hug að lesa þetta þannig, enda væri það þá að lesa eins og skrattinn les Biblíuna eins og hér er stundum sagt. Það sem ég á við er að það verður eðlisbreyting á bæði um framleiðsluna og heildsölustarfsemina sem Áfengisverslun ríkisins hefur haft með höndum. Ég geri ráð fyrir því að þessir aðilar myndu reisa sér fabrikkur einhvers staðar úti í bæ og þar yrði framleiðslan. Sömuleiðis yrði þá um einhvers konar dreifingu að ræða á þeirri vöru til útsölustaða ríkisins eða í einhverja heildsölu ríkisins. En það er í sjálfu sér framkvæmdaratriði sem er ekkert aðalatriði í þessum efnum.

Hæstv. fjmrh. virðist hins vegar alls ekki hafa skilið að það sem ég fyrst og fremst hef áhyggjur af eru þær hættur sem koma upp í sambandi við hagsmunaárekstra og annarleg sjónarmið, önnur sjónarmið heldur en verið hafa uppi hjá hinu opinbera sjálfu þegar það hefur haft alla starfsemina á eigin höndum. Ég nenni nú satt best að segja ekki, hæstv. fjmrh., að fara að ræða þessi mál ef menn snúa bara út úr orðum manns og telja engin rök hafa komið fram þrátt fyrr það að þeir hafi hlustað á menn færa ítarleg rök fyrir sínu máli og það fleiri en einn og fleiri en tvo. Þá verður bara að hafa það. Ef menn hlusta þannig á málflutning aðila sem eru á gagnstæðri skoðun, þá er það þeirra eigin ógæfa og ég hef ekkert við því að segja. En fyrir þá aðra sem enn þá hlýða á þessa umræðu og fyrir söguna, þá kem ég að sjálfsögðu minni afstöðu og mínum rökum á framfæri, m.a. vegna þess að reynslan mun væntanlega skera úr um það ef af þessu verður hvort þetta hafi verið skref til góðs eður ei. Og þá vil ég í öllu falli að mín afstaða hafi legið ljóst fyrir og ég hafi komið þeim aðvörunum á framfæri sem ég hef fram að færa í þessu efni.

Það væri út af fyrir sig ánægjulegt, herra forseti, ef formaður Framsfl. væri ekki farinn úr húsinu, að hann kæmi hérna aftur augnablik. Hann misskildi mig nefnilega að nokkru leyti einnig. Ég vil einnig gera þá athugasemd við það sem hann sagði um nefnd um áfengismál að hún gerði ekki sérstaklega athugasemdir við þetta atriði. Það kynni nú að vera vegna þess að þetta mál er tiltölulega nýlega fram komið og sú nefnd hefur væntanlega ekki haft ýkja langan tíma til að kynna sér það og vinna að því eftir að það gerðist. Hefði hún hins vegar fengið það hefði ég á tilfinningunni að hún hefði látið sig þetta varða sem einn lið í sínu verkefni.

Ég hef gert þá opinberu stefnu að heimila ekki auglýsingar á áfengi hér nokkuð að umtalsefni, m.a. vegna þess að ég hélt kannske að það mundi skýra eðli málsins ofurlítið fyrir mönnum og það hvað fyrir mér hefur m.a. vakað í þessum efnum. En svo virðist nú ekki vera. Þegar menn halda því fram að engin eðlisbreyting verði við það að einkaaðilar í landinu fari að hafa af því ágóðavon að framleiða og selja sem mest af áfengi neita menn að viðurkenna þann möguleika að slíkir aðilar grípi þá til einhverra ráða til að koma framleiðslu sinni sem mest og best á markaðinn. Þá er spurning hvort þau viðbrögð viðkomandi samræmast hinni yfirlýstu opinberu stefnu um að leyfa ekki auglýsingar á áfengi. Ég vil biðja menn að hugleiða bara þá auglýsingu sem ein tiltekin brennivínstegund, sem mér skilst að sé átöppuð í Skotlandi, hefur fengið undanfarnar vikur í fjölmiðlum í landi þar sem auglýsingar á áfengi eru bannaðar. Hvað er það nema auglýsing þegar dag eftir dag eru í blöðum og fjölmiðlum sagðar sögur af þessari víntegund, af því hvernig gangi að selja hana hér og hvernig gangi að selja hana þar? Það eru birtar myndir af flöskunum og myndir af miðunum o.s.frv. Hér er auðvitað á ferðinni ákveðin dulbúin auglýsingastarfsemi, vitandi eða óvitandi eftir því hvernig á það er litið. Þetta ætti að leiða mönnum fyrir sjónir að vissulega er þessi hætta fyrir hendi og hlýtur að vera fyrir hendi. Það verður eðlisbreyting í sambandi við hana þegar til koma einstaklingar með hagnaðarvon og hún kemur í spilið. Þessu hélt ég satt best að segja að maður sem lætur sig jafnmikið varða viðskiptalífið og hæstv. fjmrh. mundi átta sig á og gera sér grein fyrir, en svo virðist ekki vera og þá verður enn að sæta því að skilningur hans er sem raun ber vitni á þessum málum.

Nú gengur frsm. nefndarinnar úr þingsalnum og tekur með sér tösku sína. Ég vona að ekki beri að skilja það svo sem hann sé á leiðinni úr þinghúsinu því það væri auðvitað miður ef við yrðum af því að njóta nærveru hans hér og fara þá heldur að þynnast bekkirnir, herra forseti. (**Fjmrh.:** Já, heldur.) Já, heldur. Ég hefði haldið og eiginlega vænst þess, úr því að þetta er svona gífurlegt forgangsmál hjá hæstv. ríkisstj., að menn létu eftir sér og legðu það á sig að fylgja því alveg til enda í umræðunni og er þá aldrei að vita nema ég mundi reyna að skemmta mönnum með nokkurri umfjöllun um málið í viðbót.

En það er eftir öðru að eðlilegum, að ég tel, óskum um málsmeðferð hér er neitað og síðan tínast einn af öðrum þeir menn úr þingsalnum sem undir venjulegum kringumstæðum ættu að taka þátt í eða sitja undir þessari umræðu.

En það er tvennt sem er ástæða til að vekja sérstaklega athygli á hér þegar fer að síga á seinni hlutann, skulum við segja, af umræðunni. Það er annars vegar Framsfl., sú skepna, og sú frjálshyggja, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. réttilega nefndi, sem felst í þeirri stefnu að hér lítur dagsins ljós stjfrv. þar sem einkaaðilum eru veittar heimildir til að hefja framleiðslu og taka að græða á framleiðslu brennivíns í landinu. Þá held ég nú, herra forseti, að við séum búnir að fá alveg „et par exemplar", dæmi um hvernig Framsfl. hefur lagst undir dregilinn hjá sjálfstæðismönnum og frjálshyggjustefnu þeirra. Það er ekki eitt heldur allt, líka framleiðsla á brennivíni, sem einkaframtakið skal hafa með höndum. Formaður Framsfl. sem og hæstv. dómsmrh. Jón Helgason, sem hefur haft nokkuð sérstaka stöðu í brennivínsmálunum eins og allir vita, láta þetta auðvit-

að yfir sig ganga. Að vísu er það upplýst hér af hv. 3. þm. Norðurl. e. að það geri hæstv. dómsmrh. nauðugur. Um hvers konar nauðgun þar hefur verið að ræða veit ég ekki, herra forseti, en ég hef ekki annað fyrir mér í því en orð hv. 3. þm. Norðurl. e. þar sem hæstv. dómsmrh. er fjarstaddur.

Herra forseti. Ég tel mig hins vegar hafa komið mínum viðvörunum á framfæri og ég ítreka þær. Ég er ekki viss um að menn hafi alveg áttað sig á því allir hvaða breytingar eru hér að eiga sér stað. Mér finnst þetta frv. tiltölulega vanhugsað og vanbúið og öll málsmeðferðin ekki traustvekjandi. Niðurstaða mín er sú að það sé verið að stíga hér skref sem gæti orðið fyrsta skrefið af mörgum til að búa til í landinu það sem ég vil kalla áfengisauðvald, brennivínsauðvald. Við þekkjum það frá nálægum löndum, herra forseti, hvernig eðli þess er. Það er til að mynda talið að fáir ef nokkrir aðilar í heiminum, sem eru í einni tiltekinni framleiðslugrein, auglýsi meir sína vöru en hið alþjóðlega brennivínsauðvald. Þar er um gífurlegar fjárhæðir að ræða sem renna í auglýsingar og í ýmsa aðra farvegi til að greiða fyrir útbreiðslu og sölu á þessum varningi, til að kippa úr veginum lagahindrunum og til að halda öllum tilraunum stjórnvalda til að draga úr neyslu áfengis í lágmarki. Þetta er viðurkennd staðreynd. Það er hugsanlega verið að stíga hér fyrsta skrefið af mörgum í sömu átt með þessum breytingum, að búa til íslenskt áfengis- eða brennivínsauðvald. Sú skemmtilega staða kom upp í Sjálfstfl. að hæstv. fyrrv. fjmrh., hæstv. núv. iðnrh. Albert Guðmundsson, var allt í einu orðinn yfirmaður Áfengisverslunar ríkisins, en hann hefur sem kunnugt er umboð fyrir einhverjar vínteg-undir frá Frakklandi og jafnvel fleiri löndum og hefur þar af leiðandi af því persónulegan ábata að flytja það inn í landið. Þegar sú skemmtilega staða var komin upp að hann var einnig orðinn yfirmaður Áfengisverslunar ríkisins var ekki frítt við að það kæmi ofurlítill litur í vanga á einstöku sjálfstæðismanni sem gat út af fyrir sig viðurkennt í einkasamtölum að þetta væri svolítið óheppilegt fyrirkomulag. En þetta virðist ekki hafa kennt þeim sjálfstæðismönnum mikið og þeir sjá ekki ástæðu til að staldra við þessa reynslu heldur halda áfram og taka nýtt skref undir forustu formannsins, hv. 1. þm. Suðurl., hæstv. fjmrh. Það er líka einkar athyglisvert. Þar með er orðinn mjög athyglisverður þáttur beggja stjórnarflokkanna í þessu máli, herra forseti, og ég er ekki viss um að þeir séu alveg búnir að bíta úr nálinni með það.

En ég læt þá lokið máli mínu, herra forseti, og mun að sjálfsögðu, sem vonandi er ljóst eftir ræðuhöld mín hér, greiða atkvæði gegn þessu frv. við 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 78. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, kl. 5 síðdegis.

Skipulag loðdýraræktar, þáltill. 235. mál (þskj. 463, n. 887). — Síðari umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 463 er till. til þál. um gerð áætlunar um skipulag í loðdýrarækt. Atvmn. hefur rætt málið á fundum sínum og fengið umsagnir um málið og er sammála um afgreiðslu þess. Í nál. á þskj. 887 segir svo:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, landbrn. og Búnaðarfélagi Íslands. Í umsögn landbrn. segir m.a.:

„Ráðuneytið tekur undir með hv. flm. að þörf sé á áætlun um uppbyggingu loðdýraræktar hér á landi. Ráðuneytið hefur áður gert áætlanir um uppbygginguna en síðla á árinu 1985 kom í ljós að hún mundi verða enn örari en gert var ráð fyrir. Þess vegna skrifaði ráðuneytið Byggðastofnun bréf, dags. 29. okt. 1985, þar sem þess er óskað að Byggðastofnun annist endurskoðun áætlana miðað við breyttar forsendur.

Með bréfi, dags. 18. nóv. 1985, svarar Byggðastofnun og ákveður að taka verkið að sér. Til ráðuneytis hafa verið kallaðir fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi ísl. loðdýraræktenda, Samtökum fóðurstöðva, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og landbrn. Auk þess hefur verið leitað til annarra aðila eftir því sem þurft hefur.

Miðað við framanskráð lítur ráðuneytið svo á að gerð áætlunar um skipulag loðdýraræktar sé þegar langt komin."

Atvmn. er þeirrrar skoðunar að mikil þörf sé á áætlun um skipulag loðdýraræktar og að sú áætlun komist í framkvæmd sem fyrst. Með tilvísun til þess sem fram kemur í umsögn landbrn. um slíka áætlun leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstj.

Allir nefndarmenn í atvmn. eru sammála um þessa afgreiðslu málsins og skrifa undir nál. Þeir eru Birgir Ísl. Gunnarsson, Garðar Sigurðsson, Björn Dagbjartsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Eggert Haukdal, Kristín Halldórsdóttir og Þórarinn Sigurjónsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afplánun dóma vegna fíkniefnabrota, þáltill. 261. mál (þskj. 494, n. 885). — Síðari umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um tafarlausa afplánun dóma vegna fíkniefnabrota. Nefndin leggur til að þessi till. verði samþykkt með breytingu sem hún flytur á þskj. 885. Breytingin er á þann veg, með leyfi forseta, ef ég les hér upp þá athugasemd sem gerð er:

„Orðin „og hafi afplánun slíkra dóma þannig forgang að öðru jöfnu" í niðurlagi till. falli brott."

Við viljum undirstrika það að refsingu við þessum brotum verði ætíð fullnægt, treystum okkur aftur á móti ekki til að ganga þannig frá málinu að það sé ekkert brot annað sem sé jafnörlagaríkt og þess vegna sé ekki hægt að binda þannig hendur framkvæmdavaldsins hvað það snertir, en undirstrikum mikilvægi þessa máls með því að leggja til að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Dómhús fyrir Hæstarétt Íslands, þáltill. 319. mál (þskj. 590, n. 964, brtt. 965). — Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. sem er 319. mál. Með leyfi forseta vil ég fá að lesa hér nál.:

„Nefndin hefur fjallað um till. til þál. um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt till. með breytingum sem nefndin flytur á sérstöku þskj.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Eggert Haukdal."

Brtt. er um að tillgr. orðist svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík geti hentað Hæstarétti Íslands sem dómhús ef starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu."

Sú breyting er gerð á þessari till. að við leggjum til að þetta verði kannað, en till. var áður fortakslaust á þann veg að ríkisstj. var falið að gera Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík að dómhúsi fyrir Hæstarétt.

Það liggur fyrir að þetta hús er friðað og því takmarkaðir möguleikar á því að breyta því á nokkurn hátt. Okkur þótti eðlilegt að það yrði kannað hvort það mundi henta. En að sjálfsögðu verður það að koma í ljós að þeirri könnun lokinni hvort hér er um raunhæfan valkost að ræða.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að í Safnahúsinu eigi að vera söfn. Um það var tekin ákvörðun fyrir nokkrum áratugum og ég tel að svo eigi að vera áfram. Ég tel enga ástæðu til að vera að kanna það sérstaklega hvort Hæstiréttur á að fara inn í þetta hús eða ekki. Ég ætla því að vera á móti till. nefndarinnar. Ég vil skýra frá því hér í heyranda hljóði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu, þáltill. 349. mál (þskj. 637, n. 959, brtt. 963). — Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um hert eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu. Nefndin leggur til sérstaka brtt. svohljóðandi á þskj. 963:

„Tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert í kjölfar nýgerðra kjarasamninga til að herða eftirlit með verðlagi og álagningu, verði lögð áhersla á að fylgjast með innkaupsverði vöru erlendis."

Undir þetta nál. skrifa: Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur J. Guðmundsson, Stefán Benediktsson, Eiður Guðnason og Birgir Ísl. Gunnarsson. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Geir H. Haarde og Eggert Haukdal.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áhrif forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu, þáltill. 377. mál (þskj. 677, n. 939, brtt. 940). — Síðari umr.

Frsm. (Geir H. Haarde): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti allshn. um 377. mál og brtt. frá allshn. sem hún hefur sameinast um og allir nefndarmenn skrifa undir. Brtt. allshn. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Í könnun þessari skal einkum leitast við að varpa ljósi á þýðingu einkaréttar eða lögbundinna forréttinda á stöðu þeirra er slíks réttar njóta, áhrif þessa á verðlag og hagsmuni neytenda. Könnuninni skal einnig ætlað að leiða í ljós áhrif lögbundinna takmarkana af þessu tagi á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi."

Breytingin, sem felst í þessu frá upphaflegu till., er ekki efnisleg, það er ekki efnisbreyting heldur er till. örlítið stytt og þannig frá henni gengið að hún er hnitmiðaðri en hún var. Undir þetta rita nefndarmenn í allshn., Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Benediktsson, Geir H. Haarde, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Eggert Haukdal og Eiður Guðnason.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fylgja þessu máli frekar úr hlaði. 2. flm. till., hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson, mælti fyrir málinu á sínum tíma. Það nýtur stuðnings manna úr öllum flokkum, er flutt af þm. úr öllum flokkum nema Kvennalista. Legg ég þetta nál. og brtt. hér fyrir til meðferðar í Sþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Frestun nauðungaruppboða, þáltill. 104. mál (þskj. 114, n. 966, brtt. 967). — Síðari umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um frestun nauðungaruppboða, neyðaraðstoð og ráðgjöf við húsbyggjendur. Flm. að þessari till. voru Sighvatur Björgvinsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Karl Steinar Guðnason og Kjartan Jóhannsson.

Þessi till. grípur á mjög stóru máli í okkar þjóðfélagi og vissir hlutar hennar voru þess eðlis að okkur þótti ekki aðgengilegt að ganga frá því í þingsályktunarformi. En meiri hl. nefndarinnar, raunverulega allir þeir sem voru á fundi þegar þetta mál var afgreitt, leggja til brtt. Með leyfi forseta vil ég lesa hana:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj. að sjá til þess við þá endurskoðun gjaldþrotalaga nr. 6 frá 5 nóv. 1978, sem nú stendur yfir, að tryggja betur en nú er gert að greiðslustöðvun verði beitt og reynt að selja eignir fyrir sannvirði fremur en að selja þær á nauðungaruppboði.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun gjaldþrotalaga, nr. 6 frá 5. maí 1978."

Ég hygg að með þeim efnisatriðum, sem allshn. leggur áherslu á í þessu máli, sé þessum málum stefnt nær þeim farvegi sem tíðkast á Norðurlöndum, m.a. í Danmörku, um meðferð mála sem hér er verið að fjalla um.

Undir þetta nál., sem ég las hér upp, skrifa Ólafur Þ.

Þórðarson, Stefán Benediktsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Eiður Guðnason. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Geir H. Haarde, Eggert Haukdal og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Svört atvinnustarfsemi, þáltill. 56. mál (þskj. 57, n. 886). — Síðari umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur skilað nál. á þskj. 886 um þessa till. sem fjallaði um skipan nefndar til að gera úttekt á svartri atvinnustarfsemi og tillögur til úrbóta. Samhljóða till. var flutt á Alþingi á síðasta þingi og komu þá umsagnir um hana frá fjmrn., skattrannsóknarstjóra, Landssambandi iðnaðarmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Það kom fram í umsögn skattrannsóknarstjóra á síðasta þingi að skipuð hefði verið sérstök nefnd til að gera athugun á umfangi skattsvika í framhaldi af þáltill. sem samþykkt var á Alþingi vorið 1984. Að þessum upplýsingum fengnum þótti atvmn. rétt að afla nánari upplýsinga um starf þeirrar nefndar og það kom fram að sú nefnd hefur tekið til meðferðar svokallaða svarta atvinnustarfsemi þótt viðfangsefni þeirrar nefndar hafi verið mun víðtækara.

Þegar þetta nál. var skrifað höfðum við fengið tækifæri til að kynna okkur þessa skýrslu og sannfærst um að hún tæki á þessu máli. Þessi skýrsla hefur nú verið lögð fram hér á hv. Alþingi og er reyndar sérstakt dagskrármál á þessum fundi. Við töldum því rétt, úr því að svo var komið, að leggja til að till. þessari yrði vísað til ríkisstj. Undir þetta nál. rita fyrir utan þann sem hér stendur Garðar Sigurðsson, Þórarinn Sigurjónsson, Kristín Halldórsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Eggert Haukdal og Björn Dagbjartsson.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég get sætt mig við þessa afgreiðslu nefndarinnar á till. okkar þm. Framsfl. um svarta atvinnustarfsemi, ekki síst eftir að sú skýrsla hefur komið fram sem frsm. vitnaði til. En í skýrslu starfshópsins segir m.a. að velta íslenska neðanjarðarkerfisins sé 5,5–7,5 milljarðar kr. á árinu 1985. Skatttekjur, sem ríkissjóður og bæjarfélög urðu af vegna þessa, eru taldar vera um 2,5–3,5 milljarðar kr. á sama ári.

Á sama tíma var innheimta allra beinna skatta ríkissjóðs rúmlega 3,3 milljarðar kr. og starfshópurinn segir m.a. í skýrslu sinni: „Skattsvik eru hins vegar aðeins hluti af þeirri efnahagslegu starfsemi sem fram fer utan hins skráða hagkerfis. Hér sést það best hversu mikið er í húfi að koma í veg fyrir þessa þróun."

Herra forseti. Ég treysti því að ríkisstj. stingi þessari þáltill. ekki undir stól heldur taki drjúglega til hendi og komi í veg fyrir þessa neðanjarðarstarfsemi og stöðvi þann hulduher sem að baki þessu er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Langtímaáætlun í jarðgangagerð, þáltill. 90. mál (þskj. 100, n. 783). — Síðari umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur skilað nál. á þskj. 783 um till. til þál. um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð sem flutt var af hv. 4. þm. Norðurl. e. og fleiri þm.

Nefndin hefur fengið umsagnir um till. frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Orkustofnun, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Verkfræðingafélagi Íslands, Vegagerð ríkisins, Fjórðungssambandi Norðlendinga og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Það er reyndar rétt að taka fram að sumar þessara umsagna eru frá síðasta þingi en þá var nær samhljóða till. flutt og var þá til meðferðar í allshn. og fengum við afnot af þeim umsögnum.

Í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar kemur fram að áætlun eins og henni er lýst í till. sé viðamikil og eflaust megi gera hana einfaldari og mundi hún þó nýtast við ákvörðun í málinu. Mikilvægt sé að jarðgangagerð verði sett í samband við aðra vegagerð í landinu og framlög ákvörðuð til málaflokksins í heild. Í umsögninni kemur og fram að kostnaður við jarðgangagerð sé mjög mikill þrátt fyrir bætta tækni. Með tilliti til stöðu vegamála hér á landi muni jarðgangagerð í einhverjum mæli því koma mikið niður á uppbyggingu og endurbótum á vegakerfinu nema heildarframlög til vegamála verði aukin verulega. Miðað við fjárlagagerð allra síðustu ára sé svigrúm til aukinna framlaga ekki fyrir hendi og verði fyrirsjáanlega lítið á næstu árum.

Í umsögn Vegagerðar ríkisins kemur fram að hún sé samþykk þeirri meginhugmynd sem fram kom í till., þ.e. að gerð skuli langtímaáætlun um jarðgangagerð sem falli að og verði hluti af langtímaáætlun í vegagerð. Vegagerðin bendir og á mikinn kostnað við jarðgangagerð og miðað við hina miklu þörf fyrir endurbætur á vegakerfinu sé því ekki óeðlilegt að svo dýrar lausnir, sem jarðgöng eru, sitji nokkuð á hakanum.

Nefndin varð sammála um, m.a. með tilvísun til þeirra ummæla sem ég hef vitnað til, að leggja til að þessari till. verði vísað til ríkisstj. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þau Jóhanna Sigurðardóttir og Þórarinn Sigurjónsson, en undir nál. rita Birgir Ísl. Gunnarsson, Garðar Sigurðsson, Eggert Haukdal, Björn Dagbjartsson og Kristín Halldórsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég er ósammála þeirri niðurstöðu sem hv. atvmn. Sþ. kemst að varðandi þessa till. og ég verð að lýsa óánægju minni með niðurstöðuna og vinnubrögð nefndarinnar þar að lútandi. Ég tel að þessi niðurstaða og þessi vinnubrögð séu ekki í samræmi við þær umræður sem orðið hafa um þessa tillögu og ekki heldur í samræmi við þá staðreynd að þessa tillögu flytja þm. úr a.m.k. fjórum flokkum á hv. Alþingi. Ég tel að þetta sé heldur ekki í samræmi við það að á þeim tveimur þingum sem þessi till. hefur verið hér til umfjöllunar hefur hún í umræðum fengið jákvæðar undirtektir nokkurra hv. þm. til viðbótar þannig að sameiginlega hygg ég að finna megi a.m.k. jákvæða afstöðu tíu hv. þm. sem nú eiga sæti á Alþingi. Þar af leiðandi held ég að nokkuð þurfi að koma til, þegar það liggur fyrir að þetta mikill stuðningur þm. úr mismunandi flokkum liggur fyrir tilteknu þingmáli, að menn gefist algerlega upp við það a.m.k. að skoða þá möguleika að laga þannig til viðkomandi tillögugrein að

menn geti orðið um hana sammála. Það hefur hv. atvmn. ekki reynt, eins og raun ber vitni. Hún leggur einfaldlega til að till. verði kistulögð á þann hátt sem hér er gjarnan gert með því að vísa henni til hæstv. ríkisstj.

Ég hef kynnt mér það, m.a. með lestri fundargerða viðkomandi hv. nefndar, hvernig hún hafi hagað störfum sínum og ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég hefði kosið að hv. þingnefnd hefði treyst sér til að leggja svolítið meira af mörkum í þessum efnum og leggja ofurlítið meira á sig.

Ég vil einnig mótmæla þeim niðurstöðum sem hv. nefnd kemst að og rökstyður með umsögnum sem nefndinni hafi borist. Ég hef farið yfir þessar umsagnir, herra forseti, og þar kemur í ljós að af sex umsögnum sem nefndinni hafa borist, sex eða sjö umsögnum, eru einar fimm tvímælalaust jákvæðar. Ein hygg ég að megi segja að sé tiltölulega hlutlaus en þó jákvæð og ein tiltölulega hlutlaus en þó e.t.v. frekar neikvæð. Það er eina umsögnin sem virkilega er eitthvað gert með í hv. nefnd og nál. að verulegu leyti byggt á þeirri umsögn. Þar er á ferðinni það sem ég vil kalla, herra forseti, ósköp eðlilegt nöldur hagsýslunnar vegna þess að henni er yfirleitt illa við mál sem þýða útgjöld. Hún er að berjast við það, þessi aumingja hagsýslustofnun, að koma saman fjárlögum ár eftir ár og hefur það sem vinnureglu að nöldra yfir þeim málum sem gætu hugsanlega þýtt aukin útgjöld á fjárlögum. Ég geri því, herra forseti, ekki allt of mikið með það þó að hv. nefnd fari svona með þessa umsögn.

Ég vil nefna að Orkustofnun skilar umsögn sem er fremst í hefti sem ég hef og ég mundi segja að sú umsögn væri hlutlaus en þó jákvæð vegna þess að Orkustofnun býður fram í lok á svari sínu alla sína aðstoð við þessa vinnu ef af henni verði, en tekur að öðru leyti ekki afstöðu, enda segir í umsögninni að það sé ekki beint hlutverk Orkustofnunar að fjalla um framkvæmdir til vegagerðar.

Síðan kemur að umsögn hagsýslunnar þar sem því er haldið fram að jarðgangagerð sé mjög dýr, rétt eins og hagsýslustofnun hafi fundið á það algildan mælikvarða hvað sé dýrt og hvað sé ekki dýrt í þjóðfélaginu. Ég vissi ekki að til væri slíkur mælikvarði, a.m.k. ekki nema þá að honum fylgdu einhverjar útskýringar á þessum algilda mælikvarða, þessum skala hagsýslunnar um hvað er dýrt og hvað er ekki dýrt í samfélaginu. En þetta er niðurstaða hagsýslunnar og nefndin hefur tekið hana trúanlega og gerir ekki gangskör að því að afla sér upplýsinga um hvað „dýrt" er dýrt, en það liggur þó fyrir að mjög mismunandi hugmyndir eru uppi um það.

Síðan kemur að umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga sem er mjög jákvæð og ef það skyldu vera hér einhverjir hv. þm. úr Vestfjarðakjördæmi ætla ég að leyfa þeim að heyra umsögn fjórðungssambands þeirra fjórðungs. Hún er svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fagnar fyrrgreindri þáltill. og leggur áherslu á að hún verði samþykkt fyrir þinglok."

Og síðast kemur: „Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur ríka áherslu á að framangreind þáltill. verði samþykkt fyrir þinglok."

Síðan kemur að Verkfræðingafélagi Íslands og þar er um jákvæða umsögn að ræða. Með leyfi forseta segir þar m.a.:

„Stjórn Verkfræðingafélags Íslands telur að hér sé um að ræða merka tillögu og getur tekið undir flest sem í henni er. Þó eru örfá atriði sem við viljum leggja áherslu á."

Þá koma ákveðnar skýringar sem ég tel tiltölulega eðlilegar og síðan koma uppástungur í framhaldi af tillgr., en þar segir að ríkisstj. skuli láta Vegagerð ríkisins í samstarfi við aðra sérfróða aðila gera langtímaáætlun o.s.frv. Verkfræðingafélagið kemur með uppástungu um til hvaða aðila skuli þarna leita. Þetta er tvímælalaust jákvæð umsögn.

Fjórðungssamband Norðlendinga sendir frá sér 3. apríl s.l. mjög jákvæða umsögn og leggur til að till. fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi.

Þá kem ég að Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem ekki er mikið um fjallgarða og menn ættu væntanlega ekki að hafa neinn sérstakan áhuga á því þar, talsmenn þeirra sveitarfélaga, að leggja í mikil útgjöld til jarðgangagerðar út af fyrir sig þó ég sé ekki að gera því skóna að þeir ágætu menn geti ekki haft skilning á þýðingu þessa verkefnis, enda segja þeir, með leyfi forseta:

„Stjórn SSH telur að æskilegt sé að allar vegaframkvæmdir, þar með talin jarðgangagerð, byggist á arðsemis- og hagkvæmnisjónarmiðum. Nauðsynlegt er að hinu takmarkaða vegafé landsmanna sé varið eins skynsamlega og hægt sé og allar áætlanir sem stuðla að því séu jákvæðar."

Þar með tel ég að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skili jákvæðri umsögn.

Að síðustu vil ég tvímælalaust halda því fram að umsögn Vegagerðar ríkisins um till. sé jákvæð, en þar segir m.a.:

„Vegagerð ríkisins er sammála þeirri meginhugmynd sem kemur fram í till., þ.e. að gerð skuli langtímaáætlun um jarðgangagerð sem falli að og verði hluti langtímaáætlunar í vegagerð. Ljóst má vera að nokkur byggðarlög á landinu búa við slíkar aðstæður að þau verða ekki tengd við vegakerfi landsins og/eða nærliggjandi byggðarlög með fullnægjandi hætti til frambúðar nema til komi jarðgöng."

Þá tel ég mig hafa sýnt fram á með þessum upplestri, herra forseti, að af sjö umsögnum sem um tillöguna bárust hafi fimm verið afdráttarlaust jákvæðar, ein hlutlaus en fremur jákvæð og ein hlutlaus en fremur neikvæð. Ég held að niðurstaða hv. atvmn. verði ekki rökstudd með tilvísan til umsagna sem nefndinni hafa borist.

Ég vil enn fremur segja, herra forseti, að ég skil ekki að menn skuli ekki hafa á því áhuga að láta slíka áætlun og slíka rannsókn fara fram. Ég hefði sætt mig mjög vel við það ef niðurstaða nefndarinnar eða meiri hl. hennar hefði orðið sú að ástæða væri til að breyta tillgr., m.a. í þá veru að stytta þessa athugun og minnka umfang hennar. Þó að efnislega hefði ég talið skynsamlegt að standa öðruvísi að málum hefði ég látið það óátalið og skilið ef menn hefðu viljað reyna að afmarka könnunina meira. En að falla alveg frá henni er mér illskiljanlegt.

Ég vil enn fremur rifja upp, herra forseti, að hæstv. samgrh. hafði um það orð á fundum sínum s.l. sumar úti á landi að hann væri mjög áhugasamur um að láta slíka vinnu fara fram. Mætti ábyggilega fletta upp á blöðum og vitna til fjölmiðlafrétta af fundum hæstv. ráðh. frá

s.l. sumri þar sem hann hélt mjög á loft nauðsyn þess að láta fara fram vinnu og gera langtímaáætlun um jarðgangagerð. Hæstv. ráðh. gleymdist að vísu einhvers staðar á þessum fundum að geta þess að þetta mál hefði verið til umfjöllunar á Alþingi og nokkrum hv. þm. hefði dottið þetta í hug, jafnvel á undan honum, en það má kyrrt liggja okkar á milli. Aðalatriðið er að hæstv. samgrh. hefur lýst sig mjög áhugasaman um þetta tiltekna viðfangsefni. Ekki er niðurstaða nefndarinnar í fullkomnu samræmi við þessa afstöðu hæstv. samgrh.

Ég hef gert á því nokkra könnun, herra forseti, hvaða þýðingu þau byggðarlög nokkur, sem hér eru sérstaklega til umfjöllunar, hafa fyrir íslenska þjóðarbúið. Hér er t.a.m. um að ræða það svæði á Vestfjörðum þar sem *um ⅔ hlutar íbúa Vestfjarða búa, en þar eru ein 5% af* íslensku þjóðinni eins og menn mættu muna. Þessi fáeinu prósent Íslendinga leggja þjóðarbúinu til um 13% alls sjávarafla landsmanna. Ef við gefum okkur að þessi afli dreifist nokkurn veginn jafnt á íbúa Vestfjarða ættu að vera nálægt ⅔ af þessu verðmæti á þessu svæði, þ.e. við Ísafjarðardjúp, Súgandafjörð og Önundarfjörð og nærlæg sveitarfélög. Það þýðir að þetta svæði eitt, sem með tveimur meðaljarðgöngum mætti gera að einni atvinnusókn, framleiðir talsvert á þriðja milljarð króna til útflutnings á hverju einasta ári. M.ö.o.: ef þjóðarbúið gæti séð af eins og tæpum helming af þeirri upphæð í eitt einasta ár mætti gera þessi jarðgöng og tengja saman rúmlega ⅔ Vestfirðinga þannig að það væri örskotsstund, kannske 20 til 30 mínútna akstur á milli flestra þessara byggðarlaga. Halda menn þá að það sé ekki eftir nokkru að sækjast?

Ég hef einnig gert á því nokkra athugun, herra forseti, hver rekstrarkostnaður þeirra vega er í dag sem þessi jarðgöng mundu leysa af hólmi, þ.e. tvenn meðallöng jarðgöng til að tengja þessi byggðarlög. Hann er fast að 10 millj. kr. á hverju einasta ári, rekstrarkostnaður fjallvega sem slík jarðgöng mundu leysa af hólmi. Þar með er rekstrarkostnaðurinn einn orðinn álitleg fjárhæð til að afskrifa t.d. lántökur, ef út í *þær væri farið, til að koma slíku verki af stað.*

Ég verð enn að segja að mér finnst hér hafa verið heldur slælega unnið. Ekki einu sinni reyndi hv. atvmn. að kynna sér hversu mikið væri nú í húfi fyrir þessi byggðarlög, hversu þýðingarmikil þau væru í þjóðarframleiðslunni og hversu óhagkvæmt væri að reka þá vegi sem göngin eiga að leysa af hólmi.

Ólafsfirðingar framleiða til útflutnings á hverju einasta ári á núvirði einhvers staðar á bilinu 550 til 600 millj. kr. Þau jarðgöng sem verið er að tala um að leysi veginn fyrir Ólafsfjarðarmúla af hólmi gætu kostað samkvæmt mjög varfærnum áætlunum Vegagerðarinnar rúmar 400 millj. Ég tel sennilegra, en það er mín skoðun og skal tekið fram, að fá mætti þennan kostnað niður undir 320–350 millj. með því að nýta sér þá ýtrustu hagkvæmni sem nú virðist í boði í þessum efnum. Með sömu rökum má segja að jafnvel rétt rúmur helmingur af útflutningsframleiðslu Ólafsfirðinga á hverju einasta ári dygði til að koma þessu gati í gegnum fjöllin og tengja þá við afganginn af Eyjafjarðarsvæðinu með eðlilegum hætti.

Vegna þess að menn sjá jafnan drauga þegar einstakir þm. tala um jarðgöng, það virðist vera löggild skoðun hjá hluta hv. þm. að það sé nánast guðlast að taka sér í munn að íslenska þjóðin hafi og muni hafa efni á því að beita þessari aðferð í samgöngumálum eins og flestar aðrar þjóðir þó gera sem búa við hliðstæðar aðstæður, þá hlýt ég að minna hv. þm. á að það er hvorki nýtt né mun verða nýtt í framtíðinni að einstök mannvirki í íslenska samgöngukerfinu kosti nokkrar upphæðir. Ég hef látið framreikna fyrir mig, herra forseti, nokkur stórátök í samgöngumálum þjóðarinnar, t.a.m. Borgarfjarðarbrúna. Hún er á núvirði yfir 700 millj. kr. Skeiðarársandurinn einn er á áttunda hundrað millj. kr. Ég minni á t.d. nýtt mannvirki sem nú er verið að hleypa af stokkunum og tengir saman byggðarlög sem að vísu hafa ágætisvegasamgöngur í dag, en nokkuð krókóttar, þ.e. Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrarbakki. Þar er verið að hleypa af stokkunum brú yfir Ölfusár*ósa, hinu þarfasta mannvirki, og taki nú enginn mig svo* sem ég sé andvígur því, en þessi brú, sem kemur sem hægðarauki í samgöngumálum ákveðins byggðarlags, kostar fast að 200 millj. á núvirði þannig að hún er kannske hálf þessi göng fyrir Ólafsfjörð. Ég verð að segja alveg eins og er að menn geta ekki einu sinni fullyrt að slíkum stórátökum sé haldið við hringveginn því þarna er um að ræða mannvirki sem kemur utan hringvegarins og kostar þessa upphæð. Menn geta því ekki sagt með réttu, herra forseti, að það sé eitthvert guðlast að líta til þessa kosts í samgöngumálum.

Ég gæti farið hliðstætt fyrir Austfirðina og lesið upp fyrir hv. þm. hversu þýðingarmikið það svæði á Austfjörðunum, miðfirðirnir og Hérað, er í raun og veru fyrir þjóðarbúið og hversu stórt atvinnusvæði þar gæti orðið til með þrennum stuttum jarðgöngum, en þá mætti tengja Seyðisfjörð, Mjóafjörð, Norðfjörð og Hérað og síðan áfram ef fara gerir og búa til eina atvinnusókn þar sem 35 til 50 mínútna akstur væri á milli allra þessara staða og tiltölulega þægilegt að aka til vinnu sinnar, svipað og fyrir Breiðhyltinga að fara út á Seltjarnarnes eða eitthvað svoleiðis.

Herra forseti. Þessu vildi ég koma á framfæri m.a. og gæti ég út af fyrir sig haft nokkru lengra mál um þetta því að ég held að það sé mikil blindni ef menn ekki vilja *horfa á hversu gífurlega þýðingarmikið það gæti orðið* fyrir viðkomandi svæði. Ég vil nefna Vestfirðina aftur alveg sérstaklega. Til marks um það, herra forseti, hversu mikinn áhuga menn þar um slóðir hafa á þessu máli, og nú vil ég minna hv. þm. á að ég er ekki í framboði á Vestfjörðum þó ég segi þetta, (**ÓÞÞ:** Ekki framboði?) — Ég er ekki kosinn á þing fyrir Vestfirði, hv. skrifari. (**ÓÞÞ:** Það er annað mál.) — að Fjórðungssamband Vestfirðinga og aðilar á Vestfjörðum hafa þegar lagt af mörkum umtalsverðar fjárhæðir til að láta kanna þessa kosti. Þeir reiddu t.d. fram umtalsvert fé til að flýta áfangaskýrslu Vegagerðar ríkisins um jarðfræðilega könnun á viðkomandi svæði og þeir hyggjast nú af eigin rammleik láta gera vandaðar kostnaðaráætlanir fyrir þessa hugsanlegu lausn í samgöngumálum. Það gera menn væntanlega ekki út í bláinn og ekki að gamni sínu og ekki vegna þess að þeir telji þetta einhverja goðgá heldur vegna þess að það fólk sem þar býr og þar vill búa hefur trú á því að þetta sé ein sú lausn sem að mestu liði gæti komið þar í lífsbaráttunni og ég er sammála því.

Vegna þess að ég hef það á tilfinningunni að sumir séu andvígir þessari till. af því að þeir sjái fyrir sér gífurlega eyðslu fjármuna úr íslenska ríkiskassanum á morgun eða hinn daginn vil ég biðja þá menn að lesa

till. og grg. Mér hefði þótt vænt um ef hv. frsm. atvmn. hefði t.d. lesið upp að það segir skýrt og skilmerkilega í tillgr. sjálfri á alveg gegnumtærri íslensku sem ég hélt að allir gætu skilið, með leyfi forseta:

„Þá skal áætlunin taka mið af þeim framkvæmdahraða sem hagkvæmastur er í jarðgangagerð innan þeirra marka sem framlög til vegamála setja hverju sinni."

Að sjálfsögðu er ekki verið að binda hér niður einhverja framkvæmdaáætlun né framkvæmdahraða úr samhengi við framlög til vegamála. Hverjum hefur dottið slíkt í hug? Það segir í tillgr. á mörgum stöðum að einmitt sé mjög nauðsynlegt að fá fram hagkvæmnismat, en að sjálfsögðu þurfi síðan að líta til þeirra áforma sem stjórnvöld hafa og getu til framkvæmda á sviði vegamála hverju sinni.

Herra forseti. Af því að tíminn mun vera naumt skammtaður til fundahalda þessa sólarhringa sem eftir eru af þinghaldinu held ég að ég stytti mál mitt og hlaupi yfir ýmislegt sem ég hefði gjarnan viljað koma á framfæri og lýtur t.a.m. að vinnubrögðum. Ég hefði getað haldið hér nokkra ræðu um að ég hef kynnt mér það og er þeirrar skoðunar að kostnaður í þessari tilteknu aðferð í samgöngumálum er á niðurleið. Um það liggja fyrir tölur og menn frá Vegagerð ríkisins hafa iðulega viðurkennt fyrir mér að þeirra mat sé mjög varfærið. Þeir taka reyndar fram í sinni umsögn einhvers staðar að til séu tölur allt að og jafnvel meira en helmingi lægri en þær sem þeir nefna þó sem sínar kostnaðaráætlanir.

Það var einhvern tíma ónefndur þingmaður, herra forseti, sem hélt ræðu á virðulegu Alþingi þegar til umræðu voru flugvélakaup einnar stofnunar í þjóðfélaginu, en þar vinna margir flugmenn og þykjast hafa nokkra þekkingu á flugrekstri. Hv. þm. sagði engu að síður að hann héldi því fram að þessir ágætu menn hefðu ekki hundsvit á flugvélum. Nú dettur mér ekki í hug að hafa jafndónalegt orðbragð um hv. nefndarmenn í atvmn. Þeir hafa örugglega talsvert vit á jarðgöngum, en ég er haldinn þeirri meinloku að ég hafi það líka og þess vegna vil ég gjarnan fá rök. Ég vil gjarnan fá t.d. rök fyrir því hvað það er sem menn óttast, hvað það er sem væri skaðlegt við að láta þessa úttekt fara fram í framhaldi af samþykkt þessarar till. Telja menn að það væri hrein sóun á peningum að kynna sér hversu hagkvæm þessi lausn væri, hvenær hún ætti að koma inn í sem eðlilegur hluti af okkar framkvæmdum í vegamálum o.s.frv.?

Ég harma út af fyrir sig að nefndin t.a.m. skyldi ekki taka einn einasta mann til viðræðna um þetta mál. Ég hefði ekki talið þeim tíma hv. atvmn., af því að hún heitir því nafni, illa varið þó t.d. sérfræðingar Vegagerðar og Orkustofnunar, sem ásamt með öðrum hafa kynnt sér framkvæmd þessara mála í Færeyjum og verið þar á ferð ekki fyrir löngu, hefðu mætt á einn nefndarfund og sagt nefndarmönnum undan og ofan af því. Frændur okkar Færeyingar bora, eins og kunnugt er, allt upp í kílómetra á hverju ári og jafnvel meira og eru að tengja mörg byggðarlög, mjög fámenn, við samgöngunet Færeyja og telja þeim fjármunum greinilega vel varið því þeir eru búnir að vera að þessu í mörg, mörg ár.

Herra forseti. Ég er sannfærður um það, og það má gjarnan fara inn í þingtíðindin á því herrans ári 1986, að þau okkar sem verður sæmilega langra lífdaga auðið muni upplifa það og sjá að ákveðin byggðarlög og ákveðin svæði á Íslandi komast í fullnægjandi og góðar samgöngur með jarðgöngum. Ég á mér sjálfur þann draum að ég eigi eftir að fara á einhvers konar farartæki, hvernig sem þau munu líta út einhvern tíma upp úr aldamótunum, í gegnum svona göng og aka á milli fjarða bæði fyrir austan og vestan og fara þá kannske á kortéri undir erfiðan og langan fjallveg sem menn hafa barist um með illu yfir á undanförnum árum. Þá er ég alveg viss um að afstaða sumra hv. þm. í þessu efni nú, sem kemur fram í þessari afstöðu atvmn. og reyndar hefur aðeins bryddað á víðar, muni þykja giska jafnbrosleg, herra forseti, og afstaða ákveðinna bænda sem tóku sig upp og riðu til höfuðstaðarins til að mótmæla símanum, sáu mikla hættu í því fólgna að menn færu að hleypa þessum vágesti inn í landið.

Ég held að það eigi eftir að verða mjög broslegt í sögunni í framtíðinni að menn skyldu jafnvel á árinu 1986 hafa uppi miklar efasemdir um það og deila um að í fjöllóttu landi með byggðarlög eins og Vestfirði og Austfirði hlyti ekki að koma að því að menn leystu samgöngumál á þann eina máta sem skynsamlegur er, þ.e. með því að fara undir fjöllin og losna þar af leiðandi við snjó og vandræði og allt sem af því stafar að hafa vegina þar sem þeir eru í dag á þessum svæðum.

En ég sleppi því að fara út í það sem kannske ætti þó að vera aðalatriðið í umfjöllun okkar um þessi mál, þó það sé viðkvæmt mál og út af fyrir sig ofurlítið erfitt að ræða, en það er sú mikla sjysahætta og það gífurlega óöryggi og þeir erfiðleikar sem því eru samfara í þessum byggðarlögum að búa allt árið um kring við þá yfirþyrmandi tilhugsun að þeir sjálfir eða einhverjir þeim nákomnir gætu farið út af veginum og horfið til feðra sinna vegna þess hvernig ástandið er. Nú eru þm. það vel reistir, eins og nóbelsskáldið sagði einhvern tíma, að þeir vita sjálfsagt hvernig það er að fara fyrir Ólafsfjarðarmúlann, t.a.m. í hálku og við erfið skilyrði að vetrarlagi þegar naumir snjómoksturspeningar hafa eingöngu dugað til að stinga örmjóa slóð í gegnum skaflana á blábrúninni þannig að hjólfarið eitt er eftir út af og þar eru nokkur hundruð metrar niður í sjó eins og menn vita.

Það liggur mjög þungt á því fólki sem býr í þessum byggðarlögum og þarf og neyðist til og á engan annan valkost en að aka um þessa vegi næstum því að segja hvernig sem aðstæður þar eru. Þó að þetta verði auðvitað aldrei reiknað út í krónum og aurum, herra forseti, enda stendur það ekki til, er þetta mjög stór hluti þessa máls og ég læt lokið umfjöllun minni með því að minna á þetta.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Jarðgangagerð á Íslandi er stórmál, eins og 4. þm. Norðurl. e. gat um í sínu máli, og vissulega þarf að vinna skipulega að þeim málum og gera áætlanir á því sviði. Það má aftur á móti segja að það horfir misjafnt við mönnum hversu gæfulegt þeim sýnist að vísa málum til ríkisstj. Við Vestfirðingar höfum forsrh. og samgrh. í þeirri ríkisstj. sem nú situr og viljum ekki fyrir fram trúa því að það sé slæm málsmeðferð að vísa máli sem þessu til ríkisstj.

Ég get aftur á móti tekið undir margt í máli hv. þm. því að ég held að menn mikli það mjög fyrir sér. Því miður er andrúmsloftið í landinu á þann veg að sumir

hverjir sjá nánast svart þegar minnst er á jarðgöng og við höfum allt til þessa neitað að ræða um jarðgöng sem jafneðlilegan hlut og það að brúa fjörð eða brúa stórfljót, en ég vona að það viðhorf eigi eftir að breytast.

Hins vegar vitnaði hv. 4. þm. Norðurl. e. í sunnlenska bændur þegar þeir komu til Reykjavíkur og mótmæltu því að taka átti ákvörðun um að leggja sæstreng frá Íslandi og til Evrópu. Sá landlægi misskilningur hefur legið að menn hafa borið það á sunnlenska bændur að þeir hafi verið á móti tækninni þegar þeir mótmæltu þessu. Það er mikill misskilningur. Skáldið Einar Benediktsson hafði sannfært sunnlenska bændur um að loftskeytatæknin væri á svo hraðri framfarabraut að sú tækni sem í dag er notuð í gegnum Skyggni kæmi innan skamms. Þess vegna væru það skammsýnir menn og afturhaldsmenn sem legðu til að sæstrengur yrði lagður á milli Íslands og Evrópu. Og í trausti þess að Einar hefði rétt fyrir sér en hinir væru að leggja til úreltar tillögur riðu sunnlenskir bændur og mótmæltu. Þetta tel ég rétt að komi hér fram í sölum þingsins því að hinni sögutúlkuninni er búið að flíka það oft að menn hafi verið að forheimska sig á því að vita ekki hvað raunverulega gerist.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla fjármálaráðherra um umfang skattsvika, 443. mál (þskj. 909).

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Með ályktun Alþingis frá 3. maí 1984 var ríkisstj. falið að koma á fót starfshópi í samvinnu við skattyfirvöld til að hafa það verkefni með höndum að gera grein fyrir og kanna umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar. Í öðru lagi að kanna hvort skattsvik megi rekja sérstaklega til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina. Í þriðja lagi að kanna umfang söluskattssvika og í fjórða lagi helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta.

Með bréfi dags. 8. nóv. 1984 skipaði þáv. fjmrh. Albert Guðmundsson starfshóp til að framkvæma þá úttekt sem Alþingi hafði falið ríkisstj. í þessu sambandi. Þröstur Ólafsson hagfræðingur var skipaður formaður starfshópsins, en aðrir þátttakendur í honum voru Eyjólfur Sverrisson, löggiltur endurskoðandi, Jónatan Þórmundsson prófessor, Ólafur Davíðsson framkvæmdastjóri og Þórólfur Matthíasson hagfræðingur. Nefndin lauk fyrir skömmu starfi sínu og skilaði skýrslu til fjmrh. sem lögð hefur verið fram hér á hinu háa Alþingi.

Helsta niðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis sé á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu og sé miðað við 6% sem meðaltal hafi 6,5 milljörðum kr. verið skotið undan á árinu 1985 og tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts af þessum sökum megi áætla um 2,5–3 milljarða kr. á s.l. ári.

Nefndin telur að dulin atvinnustarfsemi og skattsvik komi einkum fram í byggingarstarfsemi, persónulegri þjónustustarfsemi, svo sem bílaþjónustugreinum, gúmmíviðgerðaþjónustu, á hárgreiðslu- og snyrtistofum o.s.frv., í iðnaði, verslun og veitinga- og hótelrekstri.

Að því er söluskattssvikin varðar kemur fram af hálfu nefndarinnar að engar óyggjandi leiðir séu færar til að meta þau, en samkvæmt þeim aðferðum sem starfshópurinn beitti áætlar hann að söluskattssvik séu um 11% af skiluðum söluskatti, þ.e. um 1,3 milljarðar kr. á árinu 1985. Um helstu ástæður skattsvika segir að flókið skattkerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega sé ein af ástæðunum fyrir skattsvikum, svo og frádráttar- og undanþáguleiðir er íþyngi mjög framkvæmd skattalaga og opni margvíslegar sniðgönguleiðir eins og þar segir.

Þá bendir starfshópurinn á að skattvitund almennings sé tvíbent og verði óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukist og skatteftirlitið versni. Þetta grafi undan réttlætiskennd skattgreiðenda. Þá er enn fremur bent á að há skatthlutföll hafi áhrif á umfang skattsvika, þau hvetji til þess að menn nýti sér þá sniðgöngumöguleika sem fyrir hendi eru. Og loks er á það bent af hálfu nefndarinnar að tilhneiging til lagasetningar um opinber höft af ýmsu tagi örvi frekar til skattsvika en hitt.

Af hálfu nefndarinnar eru settar fram ýmsar ábendingar um leiðir til úrbóta. Þar er um að ræða ábendingar um breytingar á skattalögum og framkvæmd skattalaga, ábendingar um einföldun skattalaga og fækkun á undanþágum og margs konar frádráttarliðum. Enn fremur eru ábendingar um nauðsyn þess að breyta refsiákvæðum, setja ný refsiákvæði um stórfelld skattsvik inn í hegningarlög þar sem fangelsi allt að sex árum yrði lagt við brotum.

Þá eru tillögur um breytingar á bókhaldslögum með hertu bókhaldseftirliti og viðurlögum við brotum bókhaldsskyldra aðila, ábendingar um að lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldsbrot svipuð þeirri sem hún hefur vegna skattabrota. Ýmsar fleiri ábendingar eru í áliti nefndarinnar varðandi breytingar á bókhaldslögum.

Loks eru ábendingar um breytt skipulag við skatteftirlit og framkvæmd þess á vegum skattyfirvalda. Það er rétt að hér komi fram, þó ég hafi áður greint frá því í fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi, að það er ætlun fjmrn. að taka þessar ábendingar til athugunar nú þegar og stefna að því að koma fram á næsta þingi þeim lagabreytingum sem nauðsynlegar eru taldar til þess að viðunandi ráðstafanir séu gerðar til að stemma stigu við skattsvikum sem auðvitað eru of mikil svo lengi sem menn telja að þau fyrirfinnist í þjóðfélaginu.

Nefndin gerir nokkra tilraun til að gera samanburð við umfang skattsvika og dulinnar atvinnustarfsemi í öðrum löndum. Í heild sinni kemur fram, að svo miklu leyti sem þessi samanburður er marktækur, að skattsvik virðast ekki vera miklu alvarlegri hér en annars staðar í nágrannalöndum okkar. Tíðni nótulausra viðskipta virðist vera minni hér en á öðrum Norðurlöndum. Nefndin telur að sú skoðun sé nokkuð ríkjandi að hætta á undandrætti á söluskatti sé mest hjá smærri fyrirtækjum þar sem selt er beint til neytenda og eigendur sjá sem mest um viðskiptin og skráningu þeirra. Hins vegar telji hún að hættan minnki þegar umsvif fyrirtækjanna verða meiri, bókhald stærri fyrirtækja sé oft betra en

þeirra smærri og almennir launþegar annast viðskipti og skráningu þeirra. Samkvæmt þeim könnunum sem gerðar hafa verið virðast 5% af fyrirtækjum sem skila söluskatti skila tæpum 60% af skattinum, en 65% fyrirtækja tæpum 8%. Ef sú skoðun er rétt að stóru fyrirtækin séu góðir skilendur ætti söluskattur ekki að skila sér eins illa og umræðan um söluskattssvik gefur tilefni til að ætla, segir í áliti nefndarinnar.

Auðvitað er það svo um verk eins og þetta að það getur ekki gefið alveg óyggjandi niðurstöðu, en í heild sýnist mér að nefndin undir forustu Þrastar Ólafssonar hafi unnið hér gott starf og það mat sem hún hefur lagt á umfang skattsvika og dulinnar atvinnustarfsemi sé ekki fjarri lagi. Það er nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir til að uppræta skattsvik og stemma stigu við dulinni atvinnustarfsemi og af hálfu fjmrn. verður unnið að því bæði í tengslum við heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins og eins með skipulagsbreytingum sem kunna að leiða af ábendingum nefndarinnar og öðrum lagabreytingum, einkanlega að því er varðar bókhaldslög og refsiviðurlög.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Á Alþingi 1983–1984 fluttu þm. Alþfl. nokkur mál sem vörðuðu skattsvik og skattundandrátt. Hið fyrsta var till. til þál. um úttekt á umfangi skattsvika sem þm. Alþfl. fluttu undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur hv. þm. Sú till. var samþykkt og leiddi til þess að hæstv. fyrrverandi fjmrh. Albert Guðmundsson skipaði nefnd til að framfylgja þessari þál. með bréfi dags. 8. nóv. 1984. Það er sú skýrsla í framhaldi af baráttu þm. Alþfl. fyrir þessum málum sem nú liggur á okkar borðum.

Á sama þingi, 1983–1984, fluttu þm. Alþfl. einnig aðra þáltill. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Jafnframt gerðist það að í mars 1984 ritaði þingflokkur Alþfl. fjmrh. sérstakt bréf í framhaldi af umræðum um skattamál og skattsvik og um umbætur í skattamálum með ábendingum um ellefu framkvæmdaatriði sem betur mættu fara til þess að herða á skatteftirliti og bæta skattskil. Þessum till. var fylgt eftir með þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og raunverulegum launakjörum og frv. til l., sem flutt var af þm. Alþfl., Kvennalista, Alþb., BJ og reyndar Framsfl., um endurmat á störfum láglaunahópa.

Það fer því ekki milli mála að þessi áfangi, þetta fyrsta skref, þessi skýrsla fjmrh., er árangur af baráttu sem hefur verið háð nokkuð lengi. Hún er að vísu bara fyrsta skrefið.

Það er ástæða til að rifja upp að á þeim tíma þegar þessar till. voru til umræðu á Alþingi þótti eftirtektarvert hvað þm. gáfu því lítinn gaum, þingsalir voru hálftómir og ég minnist þess varla nema í einu undantekningartilfelli að þm. annarra flokka hafi ómakað sig til að taka þátt í umræðum.

Nú er fyrsta spurningin um þessa skýrslu að skattsvik verða ekki upprætt með skýrslugerðinni einni saman þó hún kunni að vera fyrsta skrefið. Ég tel það út af fyrir sig eðlilegt að nefnd af þessu tagi sé yfrið varfærin í mati sínu á skattundandrætti og skattsvikum. Ég er t.d. þeirrar skoðunar og hef fyrir því rökstuddan grun að nefndin vanmeti umfang söluskattsundandráttarins. Ég tel að hann sé í reynd til muna meiri en nefndin treystir sér til að ætla. Þá er og að nefna að sumt að því er varðar skattamál er utan verksviðs nefndarinnar vegna þess að þar er um að ræða gat í löggjöfinni sjálfri. Nefni ég þá sérstaklega til sögunnar skattmeðferð vaxtatekna og reyndar tekna af sölu verðbréfa. En vegna breytinga í peningamálum þjóðarinnar og vaxtamálum fer ekki milli mála að þar hefur verið um sívaxandi tekjumyndun að ræða sem er hins vegar utan skattakerfisins.

Ég hygg að það fari ekkert milli mála, þótt menn geti greint á um áætlunartölur um umfang skattsvika, hvort þau eru meiri eða minni en hér er nefnt, að þó þau væru ekki meiri en þetta eru þau ærin. Mætti sem dæmi nefna að binda mætti endi á verulegan hallarekstur ríkissjóðs ef innheimta álagðra skatta væri eins og hún ætti að vera. Þegar við berum saman við ýmsar aðrar stærðir er t.d. athyglisvert að hér er um að ræða upphæð sem er rúmlega tvisvar sinnum meiri en framlög ríkissjóðs til húsnæðismála áætluð á þessu ári. Ef skattskilin væru eins og vera ætti væri hægt að færa fyrir því rök að það hefði verið auðvelt að standa undir auknum útgjöldum til húsnæðismála eða leysa húsnæðisneyð fólks, sem verið hefur á undanförnum árum, með eðlilegum hætti.

Ég ætla í þessari umræðu fyrst og fremst að staldra *við eitt meginatriði:* Hvað þarf að gera að því er varðar breytingu á löggjöfinni sjálfri til þess að grafast fyrir rætur þessarar meinsemdar. Ég legg á það áherslu að skattalöggjöfin sjálf er slitið fat. Skattalögin eru hriplek. Þau eru mestan part ónýt. Við komumst ekki fyrir skattsvik og skattundandrátt með því móti einu saman að fjölga í lögreglunni. Þ.e. við gerum það ekki með því að fjölga eftirlitsmönnum eða ráða í opinbera þjónustu æ fleiri sérfróða menn, sem við yrðum reyndar að greiða laun utan við ramma launakerfis opinberra starfsmanna ef við ættum að fá þá í okkar þjónustu. Það er nauðsynlegt að vissu leyti, en til þess að það starf komi að gagni verður að sníða agnúana af löggjöfinni sjálfri. Þá verður að breyta gjörsamlega meginreglum skattalöggjafarinnar, og á ég þá bæði við tekjuskatt og meginuppistöðu hinna óbeinu skatta sem er söluskatturinn.

Skattakerfi verður að fullnægja þeim kröfum að það þarf að vera einfalt, það þarf að vera auðskilið og það þarf að vera réttlátt. Núverandi skattakerfi er ekkert af þessu. Það er gríðarlega flókið, það er mjög mörgum torskilið, jafnvel svo að venjulegu fólki er ofviða að telja fram til skatts eða áætla eðlilega skattheimtu af tekjum sínum. Og það er með vísan til þessarar skýrslu augljóslega afar ranglátt.

Tekjuskattskerfið er augljóslega launamannaskattur. Af hverju er það svo gallað? Það eru kannske ekki allir sem vita það, þó að menn ættu að vita það, því flestir þurfa að telja fram vegna tekjuskatts, að frádráttarliðir hjá einstaklingum eru yfir 20 talsins. Upphaflega var þeim mörgum hverjum ætlað að stuðla að tekjujöfnun, en þeir verka í reynd öfugt. Vegna þess að þeim tekjulægri nýtast frádráttarliðir verr en þeim tekjuhærri. Sem dæmi má nefna tvo einstaklinga sem hvor um sig á rétt á 200 þús. kr. vaxtafrádrætti. Sá sem hefur hærri tekjur og er í hæsta skattþrepi, 44%, sparar 88 þús. kr. í skatt. Sá sem hefur lægri tekjur og er í lægsta skattþrepi sparar þannig aðeins 40 þús. kr. í skatt. Sá tekjuhærri hefur því 48 þús. kr. meiri hag af þessari reglu en sá tekjulægri.

Frádráttarliðirnir verka þannig oft og tíðum óréttlátt og öfugt við það sem til er ætlast. Þeir koma þeim tekjuhærri að meiri notum en þeim tekjulægri. En þó er

versti galli þeirra sá að þeir gera alla framkvæmd skattalaganna erfiðari. Og síðast en ekki síst: Þeir gera eftirlit með undandrætti mjög torvelt ef ekki nánast órgerlegt.

Stærsti galli skattakerfisins er augljóslega sá að efnaðri hluti þjóðarinnar kemst hjá því, löglega eða ólöglega, að greiða sinn hlut til þess að halda uppi sameiginlegum kostnaði þjóðfélagsins. Það er í löggjöfinni sjálfri sem þeim, sem stunda atvinnurekstur, er hyglað verulega. Þeir fá margs konar skattaívilnanir. Auk þess er það vitað, og hér líka staðfest, að þeir geta oft látið fyrirtækið greiða persónulegan kostnað. Eða þurfa ekki að telja fram allar sínar tekjur eða telja þær fram á tekjulægri meðlimi fjölskyldu.

Það er athyglisvert að öflug og vel stæð fyrirtæki greiða afar lága tekjuskatta. Meginskýringin á því er sú að í löggjöfinni er boðið upp á reiknaða frádráttarliði, frádrætti frá tekjum eftir að venjulegur rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá, þar sem helstu ákvæðin eru t.d. þessi: Það er gjaldfærsla skv. 53. gr. sem er mikið þarfaþing til að fela tekjur og koma tekjum undan skatti. Það má draga frá 5% af útistandandi viðskiptakröfum; það má draga frá 10% af matsverði vörubirgða; það má draga frá 10% vegna arðgreiðslna og tillög í fjárfestingarsjóði mega nema allt að 40% af hagnaði, fyrir utan það að með ákvæðum 44. gr. um aukafyrningar, tekjufærslu eða meðferð söluhagnaðar eru ótal ráð til að koma undan raunverulegum hagnaði fyrirtækja og fela hann fyrir skatti. Í raun og veru er það svo oft og tíðum að ákvæði skattalöggjafarinnar hafa meiri áhrif á rekstur fyrirtækja, hvernig fyrirtæki eru rekin, en aðrir og eðlilegri mælikvarðar um arðsemi í heild. Þetta er m.a. skýringin á því gamalkunna fyrirbæri í íslensku þjóðlífi hvernig atvinnurekendur geta borist bærilega á en borga þó oft og tíðum hið fræga vinnukonuútsvar.

Þó að þetta skattakerfi, sem ég var að lýsa, sé ófullkomið er þó söluskattskerfið sennilega enn þá vanburðugra. Það er fyrst og fremst vegna þess að undanþáguákvæðin í því eru svo fjölmörg og svo erfið í framkvæmd að það væri ógjörningur nánast, að þessum lögum óbreyttum, að halda uppi eftirliti sem að nokkru gagni kæmi. Mér kemur í hug að stundum eru menn að gera þann samanburð, eða telja það fram sem galla á hugmyndum um virðisaukaskatt, að hann mundi fjölga stórlega framteljendum og hann mundi kalla á stóraukna skriffinnsku. M.ö.o. hann mundi kalla á mun meiri mannaflanotkun við framkvæmdina og skattaeftirlitið. Og menn bera það saman við núverandi mannaflanotkun í þessu skyni og segja: Höfuðgalli virðisaukaskattsins er þessi: Aukin skriffinnska, mikil fjölgun í mannahaldi við eftirlitið. Þessi samanburður er kannske ekki að öllu leyti réttlátur vegna þess að ef við ætluðum okkur raunverulega að fylgja fram með eðlilegum hætti núgildandi söluskattslöggjöf yrðum við heldur betur að fjölga í skattalögreglunni eða í skatteftirlitinu. Og þó er ég þeirrar skoðunar, miðað við það undanþágufargan allt saman, að það væri ógjörningur að tryggja eðlilega og skilvirka innheimtu á söluskatti.

Það er þess vegna mín niðurstaða að heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfinu og á skattalöggjöfinni sjálfri sé það sem fyrst og fremst þarf að gera til þess að grafast fyrir rætur skattundandráttar og skattsvika. Það skiptir miklu meira máli og það er mun þýðingarmeira en þær tillögur sem hér eru settar fram, og eru reyndar efnislega samhljóða þeim tillögum sem við höfum flutt áður hér á Alþingi, um framkvæmd skattaeftirlits.

Jafnframt tel ég að það séu þarfar ábendingar, sem hér koma fram og við höfum einnig hreyft áður, að breyta þurfi lagaákvæðum um bókhald og herða bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Í því efni skiptir kannske mestu máli að skattrannsóknir hafa oft strandað á því að bókhald er svo gjörsamlega í kalda koli, jafnvel fylgiskjalafærslur sjálfar. Þar sem sönnunarbyrðin er að öllu leyti á herðum skatteftirlitsins, og vegna þess hvað bókhaldið er ófullkomið, þá vefst fyrir skatteftirlitinu að færa sönnur með nákvæmni á þær tölur sem þeir þurfa að gera, til þess að málið verði tekið til rannsóknar, einfaldlega vegna þess að bókhaldið er í molum. Af þeim sökum er það mjög þýðingarmikil og þörf ábending, sem hér kemur fram, að viðurlög við lélegu bókhaldi þarf að herða og þau þarf að gera skjótvirkari. Eins er sú ábending þörf að til að gera viðurlög við skattsvikum áhrifameiri er líklegasta leiðin sú, sem hér er nefnd í tillögunum um bókhaldslög og framkvæmd þeirra í c-lið, að beita í auknum mæli sviptingu starfsleyfa. Ef t.d. um er að ræða söluskattssvik. Vísa ég í því efni til framkvæmdar og viðurlaga sem stunduð er í Bandaríkjunum að því er þetta varðar og skapar slíkan ótta hjá þeim aðilum, sem hugsanlega verða uppvísir að þessu, að flestir meta það svo að svo ströng viðurlög og svo skjótvirk hafi sín áhrif, enda alkunna að skattundandráttur í Bandaríkjunum er aðallega á öðrum sviðum en þessum.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. boðaði að hann mundi koma til móts við þá gagnrýni, sem sett er fram í þessari skýrslu, og taka tillit til þeirra tillagna, sem hér eru settar fram um endurskoðun á skattalöggjöfinni sjálfri, vil ég leggja áherslu á þessi meginatriði:

Við þurfum að taka tekjuöflunarkerfið til endurskoðunar, við þurfum að gjörbreyta tekjuskattslögunum, við eigum að fylgja til loka þeirri yfirlýstu stefnu Alþingis að stórhækka skattfrelsismörk í tekjuskatti þannig að við leggjum það af að leggja á venjulegar nauðsynlegar tekjur fjölskyldu tekjuskatt. En um leið og við gerum það, ef við hækkum skattfrelsismörk í tekjuskatti mjög verulega, ættum við um leið að fá svigrúm til að afnema þar á móti flesta ef ekki alla þá frádráttarliði sem nú gera framkvæmd, álagningu og eftirlit torveld. Sömuleiðis er ég þeirrar skoðunar að við eigum að endurskoða frá grunni forsendur fyrir skattlagningu á lögaðila. Við eigum ósköp einfaldlega að kynna okkur betur nýjar hugmyndir í skattahagfræði sem beinast að því að meginkrafan, sem gera eigi til skattakerfis, sé einfaldleikinn. Svo ég nefni dæmi: Ef við afnemum frádráttarliði í stórum stíl að því er varðar tekjuskatt og ef við afnemum undanþágur í stórum stíl að því er varðar söluskatt og tryggjum þannig í fyrsta lagi aukna tekjuöflun og öruggara eftirlit eigum við hins vegar þar á móti að beita aðgerðum til tekju- og eignajöfnunar gjaldamegin. Þ.e. ef söluskattur mundi skila verulega auknum tekjum eigum við að nota þær tekjur aftur á móti til tekjujöfnunar, hvort heldur við mundum velja þá leið t.d. að auka verulega beinar útgreiðslur, eins og t.d. gerist í neikvæðum tekjuskatti, eða ef við viljum auka stórlega bótagreiðslur til barnmargra fjölskyldna eða ef við viljum beita almennum niðurgreiðslum á vöruverð. Við eigum m.ö.o.

að beita skattalöggjöfinni sem hagstjórnartæki gjaldamegin frá fyrst og fremst, en ekki falla í þá freistni að búa til eilífar undanþágur fyrir álagninguna sjálfa, sem leiða hins vegar til þess að þau verða eins og hriplekt fat og að undanþágurnar snúast oft upp í andstæðu sína, þ.e. þjóna öðrum tilgangi en upphaflega vakti fyrir mönnum.

Þá vil ég vekja athygli á einu gati í löggjöfinni sem þarf að taka tillit til ef menn hyggjast endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Þá á ég við skattmeðferð á vaxtatekjum. Það er tvímælalaust eitt af stærri götunum hvað varðar framtaldar tekjur. Hér er ekki aðeins átt við skattfrelsi ákveðinnar tegundar sparifjár, sem menn telja almennt ekki fram og er viðurkennt, heldur miklu fremur líka tekjurnar af verðbréfaviðskiptum, sem færast mjög ört í vöxt, eins og öllum er kunnugt. Það er óhætt að fullyrða að mjög lítill hluti þeirra tekna, sem menn hafa af þessum viðskiptum, kemur fram á skattframtölum. Það er algjör nauðsyn að þegar í stað verði sett þau lög um verðbréfaviðskipti sem nú eru í meðförum þingsins. En það þarf fljótlega að endurskoða þau í ljósi reynslu, því að það sem þarf að tryggja fyrst og fremst er að um þessi mál verði fjallað á svipaðan hátt og atvinnurekendur þurfa að gera að því er varðar framtaldar tekjur launþega, þ.e. þeir þurfa að leggja fram til skattyfirvalda launamiða. Eins eiga verðbréfamiðlarar að vera skyldir til að gefa upp tekjur þeirra sem við þá eiga viðskipti á þessum grundvelli.

Þá er það eitt atriði í þessari endurskoðun á skattalöggjöf sem þarf að fara fram, en það er afnám á hinum svokölluðu — fyrirgefið þið orðbragðið — „skítasköttum", þ.e. öllum þeim tugum af gjöldum sem gefa litlar, afar takmarkaðar tekjur, eru oft og tíðum mjög dýrir í innheimtu, en er ævinlega viðhaldið af gömlum vana. Eins og hv. þm. suma hverja rekur kannske minni til gerðum við þm. Alþfl. tilraun til að fá slíka breytingu fram þegar við fluttum brtt. okkar við fjárlagagerð, um að fækka þá mörgum slíkum sköttum, en það hlaut ekki undirtektir að því sinni.

Að því er varðar löggjöfina um söluskatt vil ég aðeins árétta að meginatriðin eru þessi: Ef við viljum fá skatt á neyslu sem hægt er að hafa eftirlit með, og þar með hægt að gera sér vonir um að uppræta undandrátt, verðum við að horfast í augu við þá staðreynd að söluskatturinn, í hvaða formi sem hann er, verður að vera undanþágulaus. Ég rifja upp að fyrir tveimur árum beindi ég fyrirspurnum til þáverandi hæstv. fjmrh. um það hver mundi verða tekjuauki ríkissjóðs ef við tækjum upp undanþágulítið söluskattskerfi. Gekk þó út frá því að undanþágur yrðu áfram, á útflutningi, aðföngum samkeppnisgreina og ríkisgeiranum sjálfum, eins og t.d. heilbrigðiskerfi og orkukerfi. Svarið var það að miðað við tölur ársins 1983 mætti þá, miðað við undanþágulítið kerfi af þessu tagi, allt að því tvöfalda söluskattstekjur. Það þýddi í ár að ef söluskattstekjurnar eru um 15 milljarðar, þá mundi slíkt kerfi, svo ég framreikni þær tölur, skila um 13,5 milljörðum kr.

Það var þó ekki tilgangurinn heldur var meginspurning mín þessi: Ef við tækjum upp slíkt söluskattskerfi og gæfum okkur þá forsendu að ríkissjóður hygðist ekki auka tekjur sínar að raungildi umfram það sem þá var, þá voru svörin þau að það væri unnt samkvæmt þessu kerfi að ná inn sömu söluskattstekjum fyrir ríkissjóð að raungildi miðað við 12% álagðan söluskatt — miðað við að lækka söluskattsálagninguna úr 25,5% í 12%. Þó er þess að geta að það var einnig viðurkennt í þessum svörum að undanþágulaust kerfi af þessu tagi myndi trúlega stórbæta innheimtu og skattskil þó að tölur væru ekki nefndar í því efni. En menn mjög kunnugir þessum málum í framkvæmd segja mér að það væri ekki óvarlegt að áætla 1–1,5 milljarða í bættri innheimtu og bættum skilum bara einfaldlega vegna þessarar kerfisbreytingar. Að vísu höfum við gjarnan gert ráð fyrir því líka til einföldunar á kerfinu að það væri æskilegt að taka upp innheimtu á söluskatti, þó hún væri kannske ekki greiðsluskyld öll, á innfluttum vörum strax við tollafgreiðslu.

Nú beri menn þetta saman við tillögurnar um virðisaukaskattinn. Virðisaukaskatturinn er auðvitað eins konar söluskattur. Ég nefndi áðan að menn telja gallana við hann fyrst og fremst þá að hann kalli á aukna skriffinnsku og hann kalli á aukinn mannafla skatteftirlitsins og það er talinn vera býsna slæmur galli í litlu þjóðfélagi. Það sem veldur manni vantrú á að virðisaukaskattinum verði komið á er fyrst og fremst það að nú hafa á s.l. 10–15 árum, ef ég man rétt, verið lagðar fram a.m.k. fjórar ítarlegar skýrslur um þetta skattkerfi. Og oftar en einu sinni hefur verið lagt fram frv. af hálfu ráðherra um þetta skattkerfi. Og oftar en einu sinni hefur því verið lýst yfir að að því skuli stefnt að það taki gildi einhver næstu áramót, en af því hefur aldrei orðið. Og enn er því yfir lýst að menn stefni að því að taka þetta kerfi upp.

En virðisaukaskatturinn er engin töfraformúla. Ef menn ætla ekki að taka upp undanþágulausan virðisaukaskatt, þá verður hann með sömu missmíðum og söluskattskerfið. En ef menn eru talsmenn þess að fækka undanþágum með þeim rökum að því aðeins fáum við skattkerfi, sem stenst nauðsynlegar kröfur um innheimtuskil og eftirlit, þá verðum við um leið að svara því: Ef okkur tækist að koma á verulega lækkuðum óbeinum skatti af þessu tagi, hvort sem það er 12% eins og ég hef nefnt eða eitthvað á þeim breiddargráðum, þá þýðir það auðvitað um leið að slíkur skattur mundi leggjast á landbúnaðarafurðir og matvæli sem eru stærsti einstakur flokkur þeirra vara sem eru undanþegnar söluskatti.

Þetta vekur auðvitað upp andstöðu. En ef niðurstaðan er sú að slíkt skattkerfi tryggi ríkissjóði því sem næst fullkomin skil á skattinum — og það er annar kosturinn, en hinn kosturinn er sá að sætta sig við áframhaldandi óréttlæti í vanskilum skattsins — þá er mín niðurstaða sú að við eigum að horfast í augu við þetta og við eigum að ganga út frá því sem gefnu. Við eigum að mæta afleiðingunum af undanþágulausum skatti með því að nýta hluta af auknum tekjum ríkissjóðs af slíku skattkerfi til tekjujöfnunar með öðrum hætti, hvort heldur, eins og ég sagði áðan, við gerum það með því kerfi sem við þegar könnumst við, auknum niðurgreiðslum, beinum útborguðum fjölskyldubótum eða með því að tengja umbætur á tekjuskattskerfinu hugmyndinni um neikvæðan tekjuskatt. Aðalatriðið er að ef menn vilja fara þá leið að taka upp virðisaukaskattinn, þá þýðir ekki annað en að horfast í augu við þá staðreynd að við verðum að byggja hann á sömu grundvallarreglu um undanþáguleysi ef hann á að þjóna tilgangi sínum við að uppræta skattsvikin.

Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að hafa um

þetta lengra mál. Ég vek að lokum athygli á því að hæstv. fjmrh. hafði um það orð að nú yrði unnið að því að endurskoða skattalöggjöfina sjálfa, tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Hann fór ekki í neinum smáatriðum út í það hverjar hans hugmyndir væru í því efni. En ef hæstv. fjmrh. stefnir að því að koma slíkum lagabreytingum fyrir Alþingi fyrir næsta haust, þá mundi ég telja það mjög skynsamlegt af hans hálfu að leita eftir formlegu samstarfi við stjórnarandstöðu, gefa henni kost á ekki aðeins að fylgjast með slíku starfi heldur jafnvel að taka þátt í því, því að hér er um að ræða einhverja þýðingarmestu löggjöf í þjóðfélaginu í heild, áhrifamesta tækið til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Og í framhaldi af þeim umræðum, sem hér hafa orðið um vaxandi efnahagslega og félagslega misskiptingu í þessu þjóðfélagi, annars vegar um allsnægtir, sem byggjast á forréttindum eins og þeim að vera ekki jafnir fyrir skattalögum, og hins vegar fátækt og örbirgð, — ef menn vilja reyna að efla þjóðarsátt, eins og hæstv. fjmrh. stundum kemst að orði, þá er leiðin til þess sú að reyna að skapa sem mesta samstöðu um endurskoðun frá rótum á þessu ónýta skattakerfi sem við búum við.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, þáltill. 11. mál (þskj. 11, n. 507 og 802, brtt. 589, 609, 643, 657 og 803). — Frh. síðari umr.

Frsm. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir framhaldsnefndaráliti allshn. um till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Þetta er 11. mál á þskj. 11 og flm. eru hv. þm. Kvennalistans.

Út af fyrir sig væri ærin ástæða til að halda hér nokkuð langa ræðu en svona til þess að tryggja að þeir aðilar komist að sem eiga rétt á því, þá skal ég draga saman mál mitt. Ég vil að vísu vekja athygli á því, þó að ég sé ekki að beina því til hæstv. forseta, að þetta er 11. mál sem lagt er hér fram á þinginu og lendir hér í tímahraki á næstsíðasta degi þings eða svo. Ég hefði gjarnan viljað fara um þetta mál orðum nokkuð ítarlega en tíminn leyfir það ekki nema þá að hindra að aðrir komist að með eðlilegan málflutning. Ég vil strax taka það fram að því fer fjarri að ég telji að þetta mál, um að meta heimilisstörf til starfsreynslu, sé eitthvert hégómamál sem skipti litlu. Ég held að það sé alveg það gagnstæða. Ég held að það skipti ákaflega miklu og marga.

Hér er lagt fram mjög ítarlegt framhaldsnál. Þetta mál hefur nú fengið nokkra umfjöllun hér á Alþingi, fyrri umræðu og síðan kemur allshn. með frávísunartillögu eða dagskrártillögu um að vísa málinu frá. Þá kemur bunki af brtt. og verður af málþóf mikið og hv. 5. þm. Vestf., sem er formaður allshn., samþykkti þá að draga dagskrártillöguna til baka til þess að freista þess að nefndin næði sameiginlegri afstöðu, sem hún reyndar hafði, en koma til móts við þær brtt.

Nefndin leggur hér fram nokkuð ítarlegt nál. sem ekki er tími til að lesa. Þar er vakin athygli á því, og um það held ég að sé ágreiningur milli hv. þm. Kvennalistans og nefndarinnar, að í grg. nefndarinnar segir: „Í till. er gert ráð fyrir að hið opinbera viðurkenni starfsreynslu við heimilisstörf án tillits til eðlis þess starfs sem unnið er hjá hinu opinbera". Sem sagt 15 ára starf á heimili, jafnvel þó um sérhæft starf sé að ræða, fylgi 15 ára starfsaldur í tilteknu starfi. Brtt. allshn. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf, sem unnin eru launalaust, þegar um hliðstæð störf er að ræða. Jafnframt felur Alþingi ríkisstj. að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka starfsreynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla."

Það kemur fram í framhaldsnál. að ef t.d. starfsmaður, sem unnið hefði á tölvu í ríkisstofnun í 5 til 10 ár, fengi samstarfskonu, húsmóður, sem aldrei hefði unnið það sérhæfða starf, þá yrði sá starfsmaður sem fyrir væri og hefði styttri starfsaldur en heimilisstörfin eru að segja húsmóðurinni til, sem er að koma út á vinnumarkaðinn, en hann væri á lægri launum.

Nefndin kallaði á sinn fund Indriða Þorlákssson og Björn Björnsson. Björn Björnsson lýsti því, það kemur fram í nál., hversu mikil ringulreið ríkir í þessu. Það er smávilla eða það hafa orðið nokkrar breytingar á þessu. Í grg. þm. Kvennalistans er sagt að það taki húsmóður 5 ár að ná 3. þrepi þess launaflokks, en ef um hliðstæð eða skyld störf er að ræða, þá fer hún þegar í stað í 5. starfsþrep, þ.e. svipað og það væru 6 ára störf. Þetta er um hliðstæð eða skyld störf. Þetta gildir nú hjá ríkinu, í sjúkrahúsum, barnaheimilum, mötuneytum o.s.frv. Þá er þetta strax metið. En þegar komið er út á hinn almenna vinnumarkað er þetta ekki svona. Húsmóðir fer til fiskvinnslu, þá fer hún á byrjunarlaun. Fiskvinnslukona fer í verslun, þá fer hún á byrjunarlaun í verslun. Fari verslunarkona yfir í fiskvinnslu, þá fer hún þar á byrjunarlaun. Þannig að þetta er allt í kross. Það er ekkert samræmi þarna í einu eða neinu. En ég vona að ágreiningurinn milli þessara till. sé ákaflega hreinn og skýr og mér takist að koma því til skila.

Við tökum undir að heimilisstörf með starfsreynslu við heimilis- og umönnunarstörf, það ber að túlka það víðtækt, séu metin, en jafnframt feli Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka starfsreynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla. En í grg. Kvennalistans segir: „án tillits til eðlis þess starfs sem unnið er hjá hinu opinbera." Við viljum láta á það reyna hvort möguleiki sé á tillögum sem gengju eitthvað betur til móts við húsmæður. Og ég vil taka það fram að allir nefndarmenn, sjö að tölu, skrifa undir þetta álit.

Ég vil taka það alveg skýrt og greinilega fram að þetta byggist ekki á andstöðu við störf kvenna eða húsmæðra. Ég held að ég verði að taka það alveg sérstaklega fram að ég held að störf fullorðinna kvenna sem koma út á vinnumarkað séu ákaflega vanmetin. Ég veit ekki hvort ég er einn um þá reynslu. Ég hef þó rekist á fjöldann allan af fólki. Ef maður kemur í verslun þar sem er fullorðin kona — maður má nú ekki alhæfa þarna milli ungs fólks og fullorðins fólks — þá virðist mér eldri konan vera ákaflega mikið betur leiðbeinandi t.d. í verslunarstörfum heldur en yfirleitt er með yngra fólk. En eins og ég segi það má ekki alhæfa þetta. Á opinberum skrifstofum t.d. virðast mér upplýsingar yfirleitt vera mun betri hjá fullorðnum konum. Ég held að þarna sé hægt að koma lengra til móts við þessar konur, þær hafa lífsreynslu. En hjá hinu opinbera þar er miðað við lífaldur, 25 ára, 32 ára o.s.frv. Það er ekki hjá hinum almennu verkalýðsfélögum. Þar er engin viðmiðun við lífaldur. Þannig að

þarna er ákaflega mikið ósamræmi á milli. Ég held líka að fullorðið fólk sé yfirleitt ástundunarsamara og eins og einhver gagnmerkur atvinnurekandi sagði við mig: Það er svo einkennilegt að fullorðið fólk virðist hafa betri heilsu en ungt fólk. Það mætir betur til vinnu og tekur færri veikindadaga. Þetta held ég að gildi líka með húsmæður.

Ég vil líka vekja athygli á því að hér áður fyrr þótti sjálfsagt að launa vinnu kvenna lægra af því að það væri léttari vinna sem þær ynnu. Mér er nú nær að halda að í ótalmörgum starfsgreinum, og kannske þeim starfsgreinum sem konur eru mest í, sé um erfiðari vinnu að ræða. Þessi gamla biblía um að karlar vinni yfirleitt erfiðari störf held ég að sé úrelt og í mörgum tilfellum er þetta alveg öfugt, að konur vinna erfiðari störf.

Ég skal ekki teygja mál mitt lengur þó að freisting hefði verið mikil til þess. Ég vil leggja áherslu á það að þessi brtt. allshn. gengur út á það eitt að varðandi óskyld eða sérhæfð störf feli Alþingi ríkisstjórninni að láta athuga með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við slík störf.

Nefndin komst, eins og ég sagði áðan, að einróma samkomulagi og ég held að það segi sína sögu eftir frávísunartillöguna, og sem er nú mjög sjaldgæft að vísað sé aftur til nefndar. Nú vona ég að þetta geti verið lausn á þessu þingi og læt máli mínu lokið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim fjölmörgu þm. sem til máls hafa tekið við síðari umræðu þessarar þáltill. og stutt efni hennar með einum eða öðrum hætti. Meðferð allshn. á þessari till. hefur orðið mörgum þm. tilefni harðorðrar gagnrýni og vil ég einnig þakka þær undirtektir við mál mitt þar um.

Hér er nú nokkuð liðið á kvöld og að sönnu lítill tími til ítarlegra umræðna, en ég kemst samt ekki hjá því að rekja nokkuð gang þessa máls og skýra hina ýmsu snúninga sem á því eru, því að hér hafa fallið bæði mörg orð og stór sem nauðsynlegt er að láta ekki athugasemdalaust fram hjá sér fara.

Eins og ég sagði við upphaf 2. umr. um þessa þáltill. var upprunaleg afgreiðsla allshn. á till. til skammar og ljóst að nefndarstörf voru ekki slík að hægt væri að státa af, enda nefndin síðan búin að taka málið til sín aftur til umfjöllunar í tvígang eftir að það kom til síðari umræðu hér í Sþ. Það má með sanni segja að þessi síðari umræða hafi einkennst af því að menn hafi verið að vinna nefndarstörfin í ræðustól og betur hefði verið ef hv. allshn. hefði í upphafi sinnt því hlutverki sínu að fjalla sómasamlega um málið eins og henni var rétt og skylt. Síðan hafa þeir atburðir gerst eftir þriðju tilraun til umfjöllunar um till. að allshn. hefur nú dregið fyrri till. sína um málsmeðferð til baka, þ.e. að vísa till. frá, og skilað framhaldsnál. þar sem lagt er til að till. verði samþykkt í breyttu formi.

Ég fagna þessum sinnaskiptum allshn. hvað málsmeðferðina varðar þótt ekki geti ég fagnað brtt. sjálfri því hún gengur að mínu viti allt of skammt. Ég mun koma síðar að brtt. og því sem stendur í nál. allshn. en ég ætla að byrja á því að rekja mig stuttlega eftir gangi þessa máls, svara og skýra eftir föngum, þótt ljóst sé að ýmsar athugasemdir muni liggja óbættar hjá garði.

Strax í upphafi þessarar síðari umræðu komu fram spurningar um framkvæmd till. Kvennalistans, m.a. hjá hv. þm. Ellerti Schram og má e.t.v. eðlilegt teljast þar sem fullir sex mánuðir eru liðnir síðan ég mælti fyrir till. En þá kom fram ítarlegar en gerir í grg. hvernig framkvæmd hennar skuli háttað. Í raun er framkvæmdin harla einföld og ég vil nota þetta tækifæri til að vísa á bug öllum fullyrðingum, sem hér hafa ítrekað komið fram, um að till. sé upphaflega illa unnin eða illa grunduð. Það er ekki rétt enda hafa engin rök verið flutt fyrir þessum fullyrðingum og ég geri ekki mikið með þær.

Framkvæmd till. er einföld í raun. Hún gerir ráð fyrir að heimilisstörf séu metin til starfsreynslu hjá hinu opinbera án tillits til eðlis þess starfs sem unnið er hjá hinu opinbera. Sem þýðir einfaldlega að ákveðinn árafjöldi við heimilisstörf gefur sömu kjör og sami árafjöldi í því starfi sem viðkomandi ræður sig til hjá því opinbera. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimilisstörf séu ekki metin sem starfsreynsla nema viðkomandi hafi haft heimilisstörf að aðalstarfi, og þá er miðað við sömu reglu og notuð er í Háskóla Íslands við að greina í sundur þá stundakennara sem hafa stundakennslu að aðalstarfi og þá sem hafa hana að aukastarfi, sem þýðir hvað heimilisstörfin varðar að heimilisstörf teljast aðalstarf á meðan sá eða sú, sem þeim gegnir, sinnir ekki hálfu starfi eða meira úti á vinnumarkaðnum á meðan.

Það er því ekki rétt sem kom fram hjá formanni og upphaflegum frsm. allshn. að till. feli í sér starfsaldurshækkanir í takt við lífaldur starfsmanns. Starfsmaður þarf að hafa haft heimilisstörfin að aðalstarfi til þess að fá þau metin sem starfsaldur samkvæmt till. og því getur lífaldurinn einn ekki verið ákvarðandi. Mér er reyndar til efs að hv. formaður og fyrrv. frsm. allshn. í þessu máli, hafi eytt miklum tíma í að kynna sér grg. till. eða framsöguna fyrir henni, ef marka má umfjöllun hans um efni hennar þegar hann mælti fyrir frávísunartillögu allshn. Hins vegar bætti hann um betur og hóf að vinna nefndarstörfin þegar hann sté í ræðustól í annað sinn í þessari umræðu og í það skiptið hafði hann með sér í ræðustól umsagnir um till. sem hann taldi sýna að ágreiningsatriði um framkvæmd hennar væru fjölmörg, svo ég vitni beint til orða hv. þm.

Af þeim þremur umsögnum sem hv. þm. las upp hér í ræðustól kom engin skoðun fram á málinu í þeirri fyrstu, sem var frá Alþýðusambandi Íslands. Í annarri umsögninni, frá Verkamannasambandi Íslands, kom fram sú skoðun að till. ætti að ná til alls vinnandi fólks en ekki eingöngu til opinberra starfsmanna. Og í þeirri þriðju, frá Vinnuveitendasambandi Íslands, kom fram að Alþingi ætti ekki að vera að skipta sér af kjaratengdum málum sem þessum. Í þeirri umsögn sjáum við reyndar hvaðan meiri hl. nefndarinnar hafði þá upphaflegu skoðun sína að vísa bæri málinu frá. Og ljóst má vera að boðorðin úr Garðastrætinu ríða greinilega ekki við einteyming hér á þessu þingi.

Hitt er hins vegar bágt að sjá hvernig þessar umsagnir sýna að ágreiningsatriði eru um framkvæmd þessarar till., eins og formaður allshn. vildi vera láta, en fleiri umsagnir las hann ekki hér upp fyrir þingheim. Hins vegar brá svo við að eftir að hafa vísað því á bug, og það gerðu reyndar fleiri nefndarmenn í allshn. sem þá töluðu, að Alþingi hefði skoðun á þessu máli, tók hv. formaður allshn. til við það að hafa víðtæka skoðun á málinu.

Það er ekki tilefni til þess nú að orðlengja frekar um

það utan þess að hann hafði skoðun á því að till. næði eingöngu til opinberra starfsmanna, sem hann taldi fráleitt og ekki réttlátt, þótt hann væri einnig þeirrar skoðunar skv. nál. að Alþingi ætti ekki að skipta sér af hinum svokölluðu frjálsu samningum á vinnumarkaðnum. Þetta er þversögn. Sama þversögn kom fram í máli hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar þegar hann mælti fyrir brtt. sinni við tillgr. Um leið og hann taldi að Alþingi ætti ekki að gefa aðilum hins frjálsa vinnumarkaðar fyrirmæli um kjaratengd atriði nema í nauðir ræki taldi hann tillgr. samt of þrönga og að nauðsyn bæri til að hún næði einnig til hins frjálsa vinnumarkaðar en ekki bara til opinberra starfsmanna.

Ástæða þess að tillgr. nær eingöngu til opinberra starfsmanna er sú að við Kvennalistakonur virðum frelsi aðila hins almenna vinnumarkaðar til að semja sjálfir um kaup og kjör. Um opinbera starfsmenn gegnir öðru máli. Viðsemjandi þeirra er hæstv. fjmrh. sem fær umboð sitt frá Alþingi og því eðlilegt að Alþingi hafi skoðun á hvernig kjörum og samningum við ríkisstarfsmenn skuli háttað. Þetta er ástæða þess að till. nær aðeins til opinberra starfsmanna. Ástæðan er ekki sú, eins og hér hefur verið látið í veðri vaka, að sú réttarbót, sem till. tekur til, eigi ekki erindi til alls launafólks, því að það á hún svo sannarlega.

Þegar ég mælti fyrir till. lét ég þess og rækilega getið að það væri von mín að samþykkt hennar kæmi öllu launafólki til góða því að á grundvelli hennar gætu samtök launafólks á hinum svonefnda frjálsa vinnumarkaði samið um sömu réttar- og kjarabót sér til handa. Ég vísa því því alfarið á bug að okkur Kvennalistakonum hafi ekki gengið það sama til hvað varðar opinbera starfsmenn og launafólk á hinum almenna vinnumarkaði.

Þá er frá því að segja að síðan síðari umræða um þessa þáltill. fór af stað fyrir hartnær sex vikum síðan hafa komið fram fjórar brtt. við upphaflegu tillgr. Eru þær allar nokkurs konar tilbrigði við það stef sem kveðið var með upphaflegu tillgr. Fjöldi þessara brtt. — ein þeirra er meira að segja orðin að fullburða þáltill. — læddi þeim grun að mér að upphaflega till. væri svo góð að nú vildu allir „Lilju kveðið hafa“, eins og þar stendur, og eiga heiðurinn í þessu máli. Sá grunur styrktist og varð að nokkurri vissu þegar ekki reyndist unnt á milli 1. og 2. lotu í þessari umræðu að ná samstöðu með flm. þeirra till., sem þá höfðu komið fram og ekki höfðu verið dregnar til baka, um eina sameiginlega till., ekki síst þar sem munurinn á umræddum till. er blæbrigðamunur en ekki eðlismunur. Það var greinilega orðið mönnum keppikefli að fá sína útgáfu af tillgr. samþykkta frekar en búa þannig að málefninu að allir mættu sáttir við una.

Ég vil aðeins víkja að þessum brtt. og þá fyrst þeirri sem nú er orðin að þál. en hana flytja hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Salome Þorkelsdóttir. Þessi till. er svo grútmáttlaus að í henni kemur ekki einu sinni fram sú viljayfirlýsing að heimilisstörf skuli metin til starfsreynslu. Hún hljóðar upp á að kanna skuli málið og slíkar könnunartillögur þekkjum við orðið hér á virðulegu Alþingi og gerum ekki mikið með því að þær eru iðulega aðferð og einungis aðferð til að svæfa málin. Þessi till. er því með öllu óaðgengileg og ég hef ekki um hana fleiri orð.

Af öðrum brtt., sem fram hafa komið við tillgr., er sú till. næst upphaflegu till. sem borin er fram af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og þremur öðrum þm. Framsfl. Sú till. er efnislega nánast samhljóða upphaflegu till. að einu atriði undanskildu sem ég kem að núna rétt á eftir. Eins og upphaflega till. gerir þessi framhaldstillaga hv. þm. Stefáns Valgeirssonar o.fl. ráð fyrir því að Alþingi lýsi yfir vilja sínum í þessu efni, þ.e. að Alþingi álykti að meta skuli heimilisstörf til starfsreynslu. Í öðru lagi gerir hún ráð fyrir því að þetta verði ekki gert athugunarlaust, enda var það aldrei ætlunin í upphaflegu till. Í þriðja lagi gerir hún ráð fyrir að starfsreynsla við heimilisstörf sé metin til hvaða starfa sem er hjá hinu opinbera. Í fjórða lagi gerir hún ráð fyrir að þeir sem ekki þegar hafa þessi réttindi njóti þeirra örugglega verði till. samþykkt.

Þessi till. er því nokkurn veginn sammála upphaflegu tillgr. Það eina sem á milli skilur og einhverju skiptir er að upphaflega till. gerir ráð fyrir að heimilisstörf séu metin til starfsreynslu eingöngu þegar um aðalstarf er að ræða, þ.e. aðalstarf við heimilisstörf. En till. Stefáns Valgeirssonar gerir ekki ráð fyrir neinum slíkum mörkum. Till., eins og hún var upphaflega hugsuð, er auðveldari og skýrari í framkvæmd. En ég geri þetta atriði ekki að ágreiningsefni því að það má vissulega til sanns vegar færa að réttlátara sé að launa öllum heimilisstörfin, sama hversu mikið er jafnframt unnið utan heimilis.

Hins vegar hef ég það við till. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar o.fl. að athuga að þar er sett fram skilgreining á heimilisstörfum sem engan veginn getur talist fullnægjandi. Ég tel ákaflega óæskilegt að Alþingi samþykki og sendi frá sér jafngallaða skilgreiningu á þeim mikilvægu störfum sem hér um ræðir. Heimilisstörf felast ekki eingöngu í barnauppeldi og umönnunarstörfum, eins og fram er tekið í till. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, heimilisstörf eru miklu víðtækari og dugar mér sennilega ekki matartíminn til að fjalla um það, þannig að ég læt mér nægja að benda á að til heimilisstarfa teljast líka matargerð, ræstingar, þvottar, innkaup, fjármálastjórnun, skipulag á margs konar störfum og þar fram eftir götum. Hér er því um viðamikil og fjölbreytt störf að ræða og mikil ábyrgðarstörf að auki.

Til að leiðrétta þennan ágalla á þeirri till. sem ég hef hér verið að ræða um lagði ég ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Helga Seljan fram brtt. á þskj. 657, þannig gerða að enginn vafi léki á að átt er við heimilisstörf öll en ekki aðeins hluta þeirra í tillgr. Þessi till. er til komin vegna þess að merkingarmunur milli hennar og upphaflegu till. er ekki mikill, eins og ég hef hér sagt, og vegna þess að þar sem ekki reyndist unnt að ná samstöðu um eina sameiginlega till. með þeim sem brtt. höfðu flutt var ekki um annað að ræða málefnisins vegna en að reyna að laga þá till., sem vitað var að ætti möguleika á að verða samþykkt, þannig að hún væri brúkhæf. Þess vegna er till. á þskj. 657 fram komin.

Nú hefur hins vegar 4. brtt. bæst í tillöguhópinn, till. allshn. Þótt hv. allshn. hafi farið mikið fram frá því síðast að hún ályktaði í málinu gengur þessi till. hennar því miður allt of skammt. Till. felur í sér að starfsreynsla við heimilisstörf skuli aðeins metin til starfsaldurs þegar um hliðstæð störf er að ræða, ekki í öll störf eins og till. okkar Kvennalistakvenna kveður á um. Þetta tel ég ákaflega ósanngjarnt mat þar sem ljóst má vera, a.m.k.

öllum þeim sem heimilisstörf hafa stundað, að þau fela miklu meira í sér en leikni í uppvaski eða ryksugun. Heimilisstörf fela í sér margvíslega reynslu sem nýtist í hvaða starfi sem er og engu síður en almenn reynsla fengin á vinnumarkaðnum. Af fjölbreyttum þáttum heimilisstarfa get ég nefnt frumkvæði, sjálfstæði, ábyrgð og meðferð fjármuna, en þetta eru jafnframt þeir þættir sem hæst eru metnir til launa í launuðum störfum.

Það má halda hér langar ræður um fjölbreytileika og mikilvægi heimilisstarfa. Ég ætla að spara hv. þm. það nú þar sem komið er fram á matartíma og vitna til þess að það hefur reyndar þegar verið gert við 2. umr. málsins og minnist ég þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. hélt ræðu um þetta atriði.

Það er í raun og veru út í hött að meta heimilisstörf til starfsreynslu eingöngu þegar um er að ræða störf sem eru á yfirborðinu svipuð, t.d. diskaþvott eða ryksugun, eins og gert er ráð fyrir í till. allshn. Þeir sem heimilisstörf hafa stundað hafa miklu víðtækari og margvíslegri reynslu en svo að þetta sé réttlátt starfsmat. Á það vil ég líka benda að hjá ríkinu er starfsreynsla í hvaða starfi sem er metin gild í hvaða öðru starfi sem er hjá ríkinu. T.d. er starfsreynsla við póstburð metin til starfsreynslu til kennslu, svo dæmi sé tekið. Hvað hið opinbera varðar er þetta mat á heimilisstörfum til hliðstæðra starfa því einfaldlega fáránlegt enda lagt til í upphaflegu till. að sama skuli gilda um heimilisstörf að þessu leyti og önnur störf sem unnin eru hjá hinu opinbera. Ég fæ a.m.k. ekki séð hvers vegna póstur er endilega betri kennari en húsmóðir, en má vera að allshn. hafi séð það, enda má til sanns vegar færa að hv. allshn. hafi ýmislegt furðulegt og sumt markvert séð í þessu máli.

Þarna er ég sem sagt búin að nefna tvær ástæður fyrir því að ósanngjart er að meta heimilisstörf aðeins til starfsreynslu þegar um hliðstæð störf er að ræða, þ.e. hliðstæð á yfirborðinu eins og hv. allshn. vill. Sem sagt, ég tel að það sé annars vegar um vanmat á heimilisstörfum að ræða og hins vegar að það sé ekki nema sanngjarnt að sama gildi um heimilisstörf og önnur störf, a.m.k. hjá hinu opinbera, sem sagt að starfsaldur sé metinn að fullu án tillits til eðlis starfsins.

En ástæður þess að ávallt skuli meta heimilisstörf að fullu eru fleiri en þessar tvær. Þriðja ástæðan er sú að þar með væri verið að viðurkenna að þessi störf, sem löggjafinn hefur lítið viljað kannast við fram að þessu, eru viðurkennd sem hver önnur vinna og metin fullgild á við hvaða störf sem er önnur. Slík viðurkenning skiptir máli þar sem í hlut eiga konur sem í flestum tilfellum eru meðal þeirra réttindaminnstu í þjóðfélaginu, t.d. hvað varðar lífeyrissjóðsréttindi, veikindaréttindi, fæðingarorlofsréttindi og þar fram eftir götum. Slíkt mat væri því viðurkenning sem skiptir máli.

Í fjórða lagi er hér um það að ræða að konum sé ekki refsað fyrir að sinna börnum og búi einhvern hluta ævinnar eins og nú er þar sem slíkur tími reiknast ekki að fullu til starfsævi þeirra sem í hlut eiga. M.ö.o., starfsævi kvenna úti á vinnumarkaðnum er venjulega styttri en karla vegna þess að þær eru oft einhvern tíma heima við og sinna þá heimilisstörfum. Þetta er ein af mörgum ástæðunum fyrir lágum launum kvenna.

Með till., eins og við Kvennalistakonur fluttum hana, er verið að leggja til að konur fái notið starfsævi sinnar að fullu í launum, sama hvort hluti hennar hefur verið innan veggja heimilisins eða ekki og sama hvaða störfum þær snúa sér að úti á vinnumarkaðnum.

Í þessu ljósi verður röksemdafærsla allshn. í framhaldsnefndarálitinu, um konurnar á tölvunni, fráleit þar sem í okkar till., till. Kvennalistans, er eingöngu um það að ræða að báðar fái notið óskertrar starfsævi, þar sé jafnað þeirra á milli, og væntanlega er hvorug þeirra ráðin til starfans á tölvunni nema þær kunni á hana fyrir fram.

Þetta er fjórða ástæðan fyrir því að till. allshn. um tilhögun starfsmatsins er að okkar viti ófullnægjandi og þessi síðasta ástæða afsannar, vona ég, endanlega þá staðhæfingu sem fram kemur í lok nál. allshn. og hljómar svo, með leyfi forseta:

„Af framansögðu má ljóst vera að það mál, sem hér um ræðir, er ekki einfalt og að till. er að óbreyttu ekki til þess fallin að leysa vanda húsmæðra sem vilja fara til starfa úti á vinnumarkaðinum."

Till., sem þarna er vísað til, er till. okkar Kvennalistakvenna. Þessu er einmitt öfugt farið. Till. í sínu upphaflega formi var einmitt til þess fallin að leysa vanda þeirra húsmæðra sem vilja taka til starfa á vinnumarkaðnum eftir að hafa starfað eitthvert árabil heima fyrir. Till. allshn. gerir það hins vegar ekki. Hún er að sönnu stórt framfaraskref fyrir allshn. sjálfa en fyrir húsmæður gerir hún lítið annað en að staðfesta óbreytt ástand á vinnumarkaðnum.

Ég vona að hv. þm. sé þetta ljóst þegar kemur að atkvæðagreiðslu um till. Ég endurtek, till. allshn. staðfestir einungis „status quo", ef svo má segja, í framkvæmd. Það eina, sem telja má til nýmæla í till. allshn., er að þar er léð máls á því að láta athuga með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við heimilisstörf þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að ræða, eins og þar segir. Þetta er það sem til framfara horfir í tillgr. allshn. og það er vægast sagt þunnur þrettándi að það eina, sem þar er bitastætt, er athugunaratriði, að láta athuga.

Að öllu samanlögðu teljum við Kvennalistakonur lokaniðurstöðu allshn. ófullnægjandi og fyrir okkur er ekki um neitt annað að ræða en að sitja hjá við afgreiðslu hennar.

Ég vil, herra forseti, rétt í lokin minnast á tvö atriði sem hv. frsm. allshn., hv. 7. þm. Reykv., kom inn á í þessari 3. eða 4. umræðulotu. Það er villa í grg. með till., það er rétt. Það stafar af því að þessi till. var flutt á síðasta þingi einnig og þessi setning, sem þarna um ræðir, er eftirlegukind frá þeim tíma.

Hv. þm. kom einnig inn á það að ringulreiðin, sem nú ríkir í þessum málum, sé hrikaleg. Það má til sanns vegar færa, hún er það. Það er allur háttur hafður á með mat að þessu leyti, að svo miklu leyti sem það er yfirleitt fyrir hendi, það er líka mjög misjafnt.

Ég vil láta það verða mín lokaorð hér að till. okkar Kvennalistakvenna er einmitt tilkomin m.a. til að vinna bug á þessari ringulreið og ákveða í eitt skipti fyrir öll hvernig þessu mati skuli vera háttað þannig að sem flestir landsins þegnar sitji við sama borð að þessu efni til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 79. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, kl. 3 miðdegis.

Málefni ullariðnaðarins, fsp. 439. mál (þskj. 832). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 832 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh. ásamt hv. 5. þm. Austurl.:

„Til hvaða ráðstafana hyggjast stjórnvöld grípa svo að leysa megi sem best úr bráðum vanda ullariðnaðarins þannig að ekki komi til fjöldauppsagna í greininni?"

Ein þeirra greina atvinnulífs okkar sem hvað mestar vonir hafa vakið að verðskulduðu er úrvinnsla okkar og ágæt framleiðsla úr íslensku ullinni. Ullarfatnaður okkar hefur verið í alfremstu röð og vinna þessu tengd hefur á fjölmörgum stöðum um landið verið virkileg búbót og lyftistöng atvinnulífs sumra staða. Staða þessa iðnaðar er nú ekki sem skyldi. Menn þekkja dæmi, allt of mörg, um saumastofur sem lagt hafa upp laupana og nú nýlega eru fréttirnar um uppsögn starfsfólks Pólarprjóns hinar alvarlegustu en á voð þaðan byggja fjölmargar saumastofur öll eða flest sín verkefni.

Vitað er um almenna erfiðleika og vissar hættur sem steðja að greininni í heild. Nýjustu fréttir eru frá Landssambandi prjóna- og saumastofa sem ályktaði býsna hart á aðalfundi sínum í síðustu viku þar sem gagnrýni kom fram á stóru fyrirtækin í ullariðnaði sem legðu áherslu á það allt um of að draga framleiðsluna sjálfa til sín en sinna ekki útflutnings- og markaðsmálum nægilega. Þar kom og fram gagnrýni á bankakerfið og neikvæð viðhorf þess til þessarar greinar, svo og að hönnun og markaðssetning lægi mjög eftir. Allt veldur þetta áhyggjum og atvinna fjölda manns er í húfi. Því er von að spurt sé svo í þessari erfiðu stöðu.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 832 er fsp. til mín frá hv. þm. Helga Seljan og Hjörleifi Guttormssyni, svohljóðandi:

„Til hvaða ráðstafana hyggjast stjórnvöld grípa svo að leysa megi sem best úr bráðum vanda ullariðnaðarins þannig að ekki komi til fjöldauppsagna í greininni?"

Svar mitt er eftirfarandi: Á undangengnum 10–15 árum hefur íslenskur ullariðnaður vaxið hröðum skrefum og er nú mikilvæg útflutningsgrein. Í þessari grein starfa um 12–1300 manns í fjölda fyrirtækja víðs vegar um land. Á síðasta ári nam útflutningsverðmæti ullarvöru um 1,1 milljarði kr.

Afkoma í ullariðnaði hefur oftast verið mjög sveiflukennd, bæði vegna ytri aðstæðna á markaði og í gengisþróun, og einnig hefur mikill óstöðugleiki í íslenskum efnahagsmálum komið hart niður á ullariðnaði. Á árinu 1985 var verulegt tap á ullariðnaði. Nær öll fyrirtæki í greininni voru rekin með tapi og halli var á öllum þáttum rekstursins, framleiðslu á bandi, voð og fullbúnum flíkum. Heildartapið hefur líklega numið nálægt 6% af tekjum, en er þó breytilegt eftir fyrirtækjum.

Ástæða mikils taprekstur á s.l. ári er einkum lækkun á gengi dollarans gagnvart öðrum myntum og mikil verðbólga á Íslandi. Um 70% af tekjum ullariðnaðarins eru greidd í dollurum og lækkun á gengi dollarans rýrir því tekjur greinarinnar mjög mikið. Á sama tíma eru aðstæður á markaði þannig vegna mikillar samkeppni að ekki er unnt að ná verðhækkun á framleiðsluvörum.

Vegna tískubreytinga er markaðurinn fyrir íslenskar ullarvörur nú erfiðari en áður. Þetta hefur m.a. orðið til þess að ekki er lengur sú aukning á útflutningi sem áður var og reyndar hætta á samdrætti. Að undanförnu hefur þannig farið saman erfitt ástand á markaði, óhagstæð gengisþróun og mikil innlend verðbólga.

Rekstraráætlanir fyrirtækja í ullariðnaði, miðað við núverandi tekjur og kostnað, sýna áframhaldandi taprekstur á árinu 1986 þrátt fyrir að allra leiða sé leitað til að draga úr rekstrarkostnaði. Fyrirtækin gera yfirleitt ráð fyrir svipuðu eða minna framleiðslumagni en á síðasta ári, en sjá ekki neina möguleika á verðhækkun í erlendri mynt.

Þær aðgerðir í vöruþróun, hönnun og markaðsmálum sem fyrirtækin hafa þegar gripið til eða eru að undirbúa skila ekki árangri strax og reyndar eiga fyrirtækin í erfiðleikum með að halda þessum aðgerðum áfram í núverandi stöðu eins og nánar verður vikið að.

Það skiptir sköpum fyrir framtíð ullariðnaðarins að fyrirtækin fái ráðrúm til að laga sig að þeim breytingum sem stöðugt eiga sér stað á markaði fyrir þessar vörur. Hér skiptir miklu máli að verulega dragi úr verðbólgu og takist að ná auknum stöðugleika í efnahagsmálum. Það er jafnframt ljóst að í núverandi stöðu geta fyrirtæki í þessari grein ekki tekið á sig launahækkanir nema annar kostnaður lækki að einhverju marki.

Lánasjóðir iðnaðarins hafa veitt veruleg fjárfestingarlán til ullariðnaðarins á undanförnum árum og einkum hefur Iðnþróunarsjóður fjármagnað uppbyggingu í þessari grein. Þessir sjóðir hafa nokkra möguleika til að veita lán og styrki til áðurnefndra verkefna, en það þyrfti að kanna það hjá stjórnum sjóðanna að hve miklu leyti þyrfti að koma til aukið fé sjóðanna vegna þessara verkefna. Hafa fyrirtæki þegar gripið til eða eru að undirbúa aðgerðir til að hagræða og lækka kostnað við rekstur og auka vöruþróun og markaðsstarfsemi. Þessar aðgerðir krefjast óhjákvæmilega fjárfestinga í vélum og vöruþróun og markaðsaðgerðir eru einnig dýrar.

Hinn 23. janúar s.l. lagði ég fram í ríkisstj. tillögur að brýnustu úrbótum til leiðréttingar á rekstrarskilyrðum útflutningsiðnaðar. Þessar tillögur voru í átta liðum. Helstu atriðin, er varða fjárhagslega fyrirgreiðslu á vegum opinberra sjóða eða stofnana, eru sem hér segir:

1. Að gengistap útflutningsgreina vegna viðskipta við dollarasvæði verði endurgreitt til fyrirtækja í hlutfalli við afurðalánaviðskipti í SDR skv. reglum er Seðlabanki Íslands setur.

2. Forsrh. hefur óskað eftir því við stjórnir Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs að lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar og tæknivæðingar hafi forgang á þessu ári. Útlánaáætlun Byggðastofnunar er ekki tilbúin enn þá, en hér gæti verið um 60 millj. kr. að ræða til iðnaðarins. Vinna við sérstök vandamál ullariðnaðar er þegar hafin hjá Byggðasjóði.

3. Mikilvæg rannsóknar- og þróunarverkefni fái sérstakan fjárstuðning. Iðnþróunarsjóður er þegar með í athugun að verja fé til þess háttar verkefna í ullariðnaði. Verður hér um að ræða lán af þeim hluta af

tekjuafgangi sjóðsins sem árlega er varið til markaðsmála að öðru jöfnu.

Þann 25. febr. s.l. barst mér grg. um stöðu ullariðnaðar, sem unnin er af Félagi ísl. iðnrekenda, iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Landssamtökum sauma- og prjónastofa, þar sem farið er fram á ákveðnar aðgerðir í málefnum ullariðnaðar. Að mati iðnrn. felast þessar aðgerðir að nokkru í ofanrituðum tillögum, en auk þeirra er farið fram á að útvegað verði fé að upphæð er talin er geta numið 150–200 millj. kr. til skuldbreytinga á skammtímalánum fyrirtækja í ullariðnaði.

Þann 13. mars s.l. boðaði ég forsvarsmenn Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs til sérstaks fundar um málefni ullariðnaðarins þar sem þessi beiðni var rædd og eins voru kannaðar leiðir til lækkunar á vöxtum af lánum þessara sjóða. Var niðurstaða þessa máls sú að skuldbreytingar fyrir ullariðnað eru mögulegar og að því marki sem nemur afborgun eldri lána viðkomandi fyrirtækja. Vaxtalækkunin er möguleg af lánum Iðnþróunarsjóðs að svo miklu leyti sem hægt er að ná henni fram með breyttri gjaldeyrisviðmiðun lánanna.

Herra forseti. Ég hef svarað fsp.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Vissulega er rétt að erfiðleikarnir í ullariðnaði eru að miklu leyti utanaðkomandi og dreg ég ekkert úr því. Ég heyri líka að það hefur ekki verið björt spá sem lögð hefur verið fyrir hæstv. ráðh. um hag þessa iðnaðar á þessu ári. Ég fagna því hins vegar að hæstv. ráðh. hefur gert ákveðnar tillögur til úrbóta í þessu máli og taldi fram koma í svari hans mjög ótvíræðan skilning á því að efla þessa atvinnugrein og gera henni á ný kleift að sinna sínum mikilvægu verkefnum og veita svo mörgum atvinnu sem raun ber vitni. Ég vænti þess því að samræmt skipulagt átak komi hér til í framhaldi af þessum tillögum ráðherrans því að hér er mikið í húfi fyrir marga og sannarlega víða eftir því beðið að úr muni rætast og ullariðnaður okkar á ný blómstra til hagsbóta fyrir vinnandi fólk fyrst og síðast í bæ og byggð því hér fara hagsmunir bænda og verkafólks saman eins og svo víða, en ekki síður almennt fyrir okkar þjóðarbúskap. Það er ljóst að hér er mikið verk óunnið, hér þarf mikið átak til að koma. Ég treysti hæstv. ráðh., í ljósi þeirra svara sem hann gaf áðan, til að hann leggi þar allt það lið sem hann getur svo sem hann virðist greinilega vera að vinna að.

Sameinað þing, 80. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, að loknum 79. fundi.

Sölu- og markaðsmál, þáltill. 247. mál (þskj. 476, n. 1020). — Síðari umr.

Frsm. (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um þáltill. varðandi skipulagningu náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum.

Nefndin hefur fjallað um till. og leitað álits manna um efni hennar. Í þeim umsögnum sem hafa borist er mælt með samþykkt till. Nefndarmenn hafa orðið sammála um að leggja til að till. verði samþykkt með svofelldri breytingu, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því með samstarfi menntmrn., viðskrn., utanrrn. og aðila vinnumarkaðarins að samræma og skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innanlands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskiptalífinu víðtæku námi í sölumennsku, markaðsöflun, kynningu, auglýsingatækni og samningagerð.

Niðurstöður þessa starfs skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi."

ATKVGR.

Brtt. 1020 (ný tillgr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1076).

Umbætur í málefnum aldraðra, þáltill. 25. mál (þskj. 25, n. 1027). — Síðari umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1027 um till. til þál. um úrbætur í málefnum aldraðra. Þetta er 25. mál þingsins sem fyrir liggur hér í Sþ.

Félmn. Sþ. hefur fjallað um málið, yfirfarið umsagnir allmargra aðila um þetta mál, sem allar voru jákvæðar, og leggur nefndin til einróma að þessi till. verði samþykkt.

Undir þetta nál. rita Gunnar G. Schram, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Kristín S. Kvaran og Stefán Valgeirsson. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Árni Johnsen.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, HÓ, HS, HG, JS, JBH, JHelg, JK, KSG, KolJ, KH, KSK, MB, ÓE, PP, PJ, RA, RH, SalÞ, SDK, SkA, StB, SV, StH, SJS, SvG, SBöð, ÞP, ÞS, AS, ÁJ, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, MHM, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GB, GJG, GA, GHelg, GGS, HÁ, ÞK.

SvH, AG greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (IG, KP, KJóh, MÁM, ÓÞÞ, GHH, StG, EBS, GSig, KMK) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það mál sem nú eru greidd atkvæði um að hlutast skuli um að unnið verði er þegar í fullum gangi og hefur verið um langt skeið. Heilbrrn. hefur haft um það forgöngu í gegnum samstarfsnefnd um málefni aldraðra að unnið sé að þessu verkefni, enda væri verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra ófullnægjandi ef ekki kæmi til úttekt á ýmsum þáttum eins og hér er lagt til að gerð verði. Þetta vil ég taka fram og vegna þess að ég hef fullan hug á því að láta halda þessu máli áfram, enda málefni aldraðra með því

brýnasta sem við okkur blasir í heilbrigðisþjónustunni, segi ég vitanlega já.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Þetta er mjög dæmigert Alþýðuflokksmál og með vísan til þess sem hæstv. heilbrrh. hefur þegar sagt greiði ég ekki atkvæði.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þessi till. til þál., sem flutt er af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Pétri Sigurðssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Kjartani Jóhannssyni, gerir ráð fyrir að ríkisstj. hlutist til um áætlunargerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild skv. ákvæðum 4. gr. laga um málefni aldraðra og verði lögð til grundvallar úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra sem nái til eftirtalinna þátta: Er sá fyrsti húsnæðis- og vistunarmál, annar félagsleg staða, þriðji framfærslukostnaður og fjárhagsleg afkoma og fjórði atvinna með tilliti til hlutastarfa. Sú samstarfsmefnd sem hæstv. ráðh. talaði um áðan kom á fund nefndarinnar. Það skal reyndar tekið fram að fulltrúar hennar komu á fund þegar málið lá fyrir á síðasta þingi. Nefndin upplýsti að einungis væri verið að vinna að einum þætti málsins, könnun á húsnæðis- og vistunaraðstöðu aldraðra. Ég lít því svo á, og það gerði nefndin í heild, að full ástæða sé til að hvetja til að slík áætlunargerð fari fram og þá á víðari grundvelli en nú er verið að gera. Ég styð því þessa till. eindregið og segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1077).

Úrbætur í ferðaþjónustu, þáltill. 286. mál (þskj. 531, n. 1021, brtt. 1022). — Síðari umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til meðferðar till. til þál. um úrbætur í ferðaþjónustu sem flutt er af hv. 7. landsk. þm. o.fl. Nefndin fékk umsagnir um till. frá Félagi leiðsögumanna, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Ferðamálasamtökum Austurlands, Ferðamálasamtökum Suðurnesja, Ferðamálasamtökum Vesturlands, Ferðamálasamtökum Suðurlands, ferðamálaráði og Náttúruverndarráði. Auk þess barst nefndinni bréf um málið frá samráðsfundi landshlutasamtaka í ferðamálum. Nefndin mælir með því að till. verði samþykkt, en flytur brtt. á þskj. 1022 þar sem lagt er til að till. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. Úttektin skal m.a. ná til gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu- og leiðamerkingar, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Á grundvelli slíkrar úttektar skal gerð áætlun um úrbætur.

Verk þetta skal unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna."

Undir þetta nál. rita Birgir Ísl. Gunnarsson, Björn Dagbjartsson, Þórarinn Sigurjónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir og Eggert Haukdal. Garðar Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Brtt. 1022 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1078).

Nýting jarðhita í heilsubótarskyni, þáltill. 167. mál (þskj. 187, n. 1023). — Síðari umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni sem flutt er af hv. 2. þm. Reykn. o.fl. Nefndin fékk umsagnir frá landlækni, ferðamálaráði Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga. Enn fremur barst umsögn frá Orkustofnun um samhljóða till. sem flutt var á síðasta þingi og er sú umsögn prentuð með till. sem fylgiskjal.

Nefndin varð sammála um að mæla með því að till. verði samþykkt. Undir nál. rita Birgir Ísl. Gunnarsson, Björn Dagbjartsson, Eggert Haukdal, Þórarinn Sigurjónsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Kristín Halldórsdóttir, en Garðar Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1079).

Fríverslunarsamningur við Bandaríkin, þáltill. 307. mál (þskj. 572, n. 1030, brtt. 1010). — Síðari umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur haft mál þetta til umfjöllunar og kvatt á fund sinn þá Þórhall Ásgeirsson ráðuneytisstjóra, Ólaf Davíðsson, framkvæmdastjóra Félags ísl. iðnrekenda, og Árna Árnason, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands, til ráðuneytis.

Nefndarmenn mæla með samþykkt till. lítið eitt breyttrar, en þá breytingu er að finna á þskj. 1010 og orðast hún svo, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða svo sem föng eru á könnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin með hliðsjón af því hver yrði viðskiptalegur hagnaður af slíkum samningi fyrir íslenska atvinnuvegi og útflutningsstarfsemi."

ATKVGR.

Brtt. 1010 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1080).

Listskreyting Hallgrímskirkju, þáltill. 22. mál (þskj. 22, n. 1039, brtt. 1040). — Síðari umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1039 um till. til þál. um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík sem flutt er af Guðrúnu Helgadóttur o.fl.

Félmn. hefur fjallað um þessa þáltill. og farið yfir umsagnir allmargar sem bárust um till. og allar eru jákvæðar. Leggur nefndin til að till. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. sem hefur númerið 1040. Hér er um að ræða að 2. málsgr. till. breytist á þessa lund, með leyfi forseta:

„Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Jafnframt gerir nefndin tillögur um hvernig fjármögnun verksins verði best tryggð. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Niðurstöður nefndarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi fyrir árslok 1987."

Undir þetta nál. rita Gunnar G. Schram, Jóhanna Sigurðardóttir, Friðjón Þórðarson, Stefán Valgeirsson, Guðrún Helgadóttir og Kristín S. Kvaran. Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umræðu þessari verður frestað. Forseta varð á að taka hana eilítið of snemma til umræðu vegna þess að hv. 3. þm. Suðurl., sem ekki stendur að nál., er að skila nál. og það kemur að ég hygg eftir nokkrar mínútur.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ekki skal ég gera meiri háttar mál úr því að hv. þm. Árni Johnsen komi með að mér skilst þskj., en síðbúið er það. Ég upplýsi að hann á sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál hefur fjallað. Hann var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins og maður skyldi halda að hefði honum legið mikið á hjarta að gera við það athugasemdir hefði unnist til þess tími í allan vetur. En svo vill til að hv. þm. hefur ekki sótt nema einn fund nefndarinnar. Ég hlýt því að spyrja, herra forseti, nú þegar við höfum setið hér og lagt nótt við dag að greiða fyrir málum ríkisstj. og þeim málum sem hv. þm. hafa flutt hvort til of mikils sé mælst að forseti biðji hv. þm. að flýta því að gengið verði frá þskj. þannig að málið dagi ekki uppi á þessum síðasta fundi í Sþ. Ég vænti þess að forseti reynist okkur í allshn. hjálplegur við að málið ekki tefjist.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að þessi athugasemd hv. 10. landsk. þm. er algerlega að tilefnislausu vegna þess að forseti sagði að það væri von á nál. hv. 3. þm. Suðurl. á hverri mínútu og málinu verður örugglega lokið.

Umr. frestað.

Námslán og námsstyrkir, þáltill. 420. mál (þskj. 774). — Fyrri umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Eftir nokkurt hlé eru málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna komin aftur á dagskrá Sþ. og er það vel að til þess gefst kostur að ræða þau mál áður en þingið lýkur störfum. Ég mun mæla fyrir till. til þál. um að fela hæstv. menntmrh. að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578 frá 1982, um námslán og námsstyrki, en þessar breytingar áttu sér stað með útgáfu reglugerða 3. jan. og 2. apríl s.l.

Ég mun hafa þessa framsögu mína stutta, herra forseti, með tilliti til þess að hér hefur verið dreift núna fyrir nokkrum mínútum skýrslu frá hæstv. menntmrh. um málefni lánasjóðsins og mér er tjáð að hún muni koma til umræðu þegar í kjölfar þessarar till. Ég tel því eðlilegast að hafa stutta framsöguræðu, en taka síðan þátt í þeirri umræðu þegar málið allt og þar með talin skýrsla hæstv. menntmrh. er til umræðu.

Till. þessi er 420. mál Sþ. á þskj. 774 og tillgr. felur í sér að fela menntmrh. að fella úr gildi breytingar á reglugerðinni nr. 578 frá 1982, en hún fjallar um námslán og námsstyrki, þannig að gildi taki að nýju þau ákvæði um útreikning á framfærslukostnaði námsmanna sem áður giltu, þ.e. fyrir breytinguna 3. jan. s.l.

Enn fremur er í tillgr. gerð tillaga um að Alþingi feli ríkisstj. að gera ráðstafanir með aukafjárveitingum og lántökum sem tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72 frá 1982, um námslán og námsstyrki, út árið sem er að líða. Með eðlilegri framkvæmd laganna er sérstaklega átt við ákvæði 3. gr. í lögunum um námslán og námsstyrki, en það segir, með leyfi forseta, í 1. mgr. þeirra:

„Opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð", og er það sú reglugerð sem ég hef hér þegar nefnt.

Einnig má nefna í þessu samhengi, þegar fjallað er um það sem kalla mætti eðlilega framkvæmd þessara laga, 7. gr., en þar segir í upphafi, með leyfi forseta: „Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð."

Ég vil halda því fram, herra forseti, að útgáfa reglugerðar hæstv. menntmrh. 3. jan. s.l. standist engan veginn þessi ákvæði gildandi laga um námslán og námsstyrki. Það er alveg ljóst í öllu falli að þessi reglugerðarsmíð er í fullkomnu ósamræmi við anda laganna eins og hann er skýrt stafaður út m.a. í 3. og 7. gr. Það verður að draga stórlega í efa að þessar breytingar standist bókstaflega ákvæði gildandi laga sem ég hef hér vitnað til.

Herra forseti. Við höfum, eins og ég hef þegar nefnt áður, rætt málefni lánasjóðsins á þessu þingi. Í umræðum utan dagskrár hér á Alþingi 30. jan. s.l. gagnrýndi ég hæstv. menntmrh. allharðlega fyrir hans frammistöðu í þessum málum og sú gagnrýni stendur enn af minni hálfu.

Það hefur reyndar komið í ljós að hæstv. menntmrh. var fremur berlæraður á þessari göngu sinni og honum hafði láðst að tryggja málstað sínum stuðning, bæði áhrifamanna í samstarfsflokknum, sem hann svo kýs að nefna, og jafnvel áhrifamanna í eigin flokki. Því ber að fagna að þessar hugmyndir, sem hæstv. ráðh. hafði uppi og talaði stórum um á nýbyrjuðu ári, hugmyndir hans og stuttbuxnasveitarinnar í kringum hann, hafa nú sofnað værum svefni og er ljóst að þær koma ekki til

umfjöllunar í formi lagafrv. á þessu þingi. Það er meinalaust af minni hálfu, herra forseti.

En eftir stendur að hæstv. menntmrh. hefur þvert gegn fyrri yfirlýsingum og fyrri loforðum komið aftan að námsmönnum og skert kjör þeirra fyrirvaralaust á miðju námsári. Það er því till. okkar, flm. þessarar þáltill., að þeirri skerðingu verði kippt til baka, að virðulegt Alþingi, sem hann þiggur umboð sitt frá, feli hæstv. menntmrh. að afnema þessar reglugerðir þannig að fyrri skipan mála taki gildi að nýju. Við munum geyma okkur til næsta þings, herra forseti, eða vonandi lengur að ræða um framhaldið. En það er nauðsynlegt að einnig verði af hálfu ríkisstj. gerðar ráðstafanir til að tryggja eðlilegan rekstur lánasjóðsins út líðandi fjárlagaár.

Í grg. með þessari till., herra forseti, eru skýrð í stuttu máli þau rök sem við flm. færum fyrir málatilbúnaði okkar og einnig gagnrýnd vinnubrögð hæstv. menntmrh. Ég mun undir lok máls míns hlaupa yfir þessa grg. þar sem ég held að það taki stystan tíma að koma megindráttum afstöðu okkar flm. á framfæri með þeim hætti, með leyfi forseta. Grg. er svohljóðandi:

„Með útgáfu reglugerðar 3. jan. s.l., sem skerti námslán, var högum námsmanna raskað á miðju skólaári þvert ofan í fyrri yfirlýsingar ráðamanna, þar á meðal menntmrh., um annað. Það er nú ljóst að ekkert verður úr fyrirhuguðum lagabreytingum sem menntmrh. hafði boðað og jafnframt virðist ljóst að hann hyggst ekki nema úr gildi skerðingarákvæði reglugerðar frá 3. jan. s.l. Þar á móti var með útgáfu viðbótarreglugerðar 2. apríl s.l. reynt að sníða mestu agnúana af fyrri reglugerð sem ráðherra var reyndar þegar bent á á Alþingi er það kom saman eftir áramót og fólust í því að skerðingin kom mjög misjafnt við námsmenn eftir námslöndum og þróun einstakra gjaldmiðla.

Ljóst er að Lánasjóður ísl. námsmanna er að fara í gegnum tímabil í sögu sinni þar sem útgjöld eru mikil og hafa verið vaxandi á sama tíma og tekjur eru enn litlar. Þetta stafar af nokkrum samverkandi orsökum, en þær helstu eru að stærstu árgangar Íslandssögunnar eru nú að ganga gegnum framhaldsskólakerfið. Fleiri fara í langskólanám en áður og nemendur í fleiri greinum framhaldsnáms njóta nú lánsréttar. Þessi mikla fjölgun viðskiptavina sjóðsins er enn að mjög litlu leyti tekin að skila til baka auknum tekjum eðli málsins samkvæmt.

Síðast en ekki síst má ekki gleyma að fyrst nú eru afborganir af verðtryggðum námslánum teknar að skila sér til baka og hertar endurgreiðslureglur aðeins að litlu leyti farnar að virka. Það er því ljóst að svo fremi sem fjárhagsstöðu sjóðsins verði ekki með skammsýni stefnt í voða með óhagstæðum lántökum er mikil fjárþörf sjóðsins nú um nokkurt árabil tímabundin og því bæði óheppilegt og óréttlátt að láta námsmenn nú gjalda þess sérstaklega.

Það er því skoðun flm. að rétt sé að starfrækja sjóðinn áfram með svipuðum hætti og gert hefur verið undanfarið og skyndilegar og lítt hugsaðar breytingar á boð við þær sem menntmrh. hefur nú gripið til með reglugerðarbreytingum séu fráleitar.

Um hitt er ekki ágreiningur að eðlilegt og þarft geti verið að fara yfir og endurskoða lög og reglugerðir um námslán og námsstyrki. Einnig væri þarft að gera vandaða úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins nú og spá um þróun þeirra mála þannig að yfirlit fengist yfir væntanlega fjárþörf sjóðsins nokkuð fram í tímann.

Þau vinnubrögð sem Sverrir Hermannsson núv. menntmrh. hefur viðhaft við endurskoðun laga og reglugerða um lánasjóðinn eru fráleit. Nauðsynlegt er að unnið sé að þessum málum með sem víðtækustu samstarfi námsmannahreyfinganna, lánasjóðsins, ráðuneytis og Alþingis og leitað samstöðu um allar aðgerðir í málinu.

Hvað varðar kostnað af samþykkt þeirrar till. sem hér er flutt er ljóst að hann er verulegur miðað við gildandi fjárlög og framlög ríkisins á þeim til lánasjóðsins. Þann kostnað verður ríkissjóður að bera, en benda má á að taka hagnað Seðlabanka Íslands og hlut ríkisins í arðgreiðslu Landsvirkjunar hf. til ráðstöfunar í þessu skyni. Þá mætti draga úr fjáraustri til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og skera niður fjárveitingar til aukningar á starfsemi hernaðardeildar utanrrn. Þá eru flm. og reiðubúnir til að ræða sérstaka skattheimtu, svo sem á bankastarfsemi, stóreignamenn og fjármagnstekjur til fjáröflunar í þessu skyni.

Fyrst og fremst er þó till. þessi flutt til að koma í veg fyrir að gerræðislegar skyndiákvarðanir raski högum námsmanna og tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72 frá 1982, um námslán og námsstyrki."

Námsmenn í framhaldsskólum landsins og annars staðar eru sem betur fer fjölmennur hópur, herra forseti. Ég segi sem betur fer vegna þess að það er mikilvægt fyrir eina þjóð, sem vill auka mennt sína og mátt sinn, að ungt fólk vilji mennta sig. Það sést best á því hvað þessi hópur er nú stór, hæstv. menntmrh., hversu margir hafa á undanförnum dögum og vikum harðlega mótmælt vinnubrögðum og framgöngu hæstv. ráðh. í þessu máli. Aðilar að námsmannahreyfingunum hér innanlands hafa á nokkrum undangengnum dögum safnað á þriðja þúsund mótmælaundirskriftum eða mótmælabréfum við málatilbúnað hæstv. menntmrh. og ég hef eitt slíkt eintak undir höndum. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. menntmrh. fái þetta innan tíðar og vonandi verða þau þá orðin nokkru fleiri en 2000 eða ríflega það eins og þau voru síðast þegar ég hafði fréttir af, en undirskriftum hefur verið safnað undir svohljóðandi bréf, með leyfi þínu, herra forseti:

„Þvert ofan í fyrri yfirlýsingar um að þú komir ekki aftan að námsmönnum á miðju skólaári ákvaðst þú að frysta námslán í krónutölu miðað við framfærslu september–nóvember. Þá þegar hafði framfærslugrunnur lækkað um rúm 3%, þ.e. hann var orðinn 96,7% af reiknaðri framfærsluþörf. Þessi aðgerð brýtur í bága við 3. gr. laga um námslán og námsstyrki þar sem segir:

„Opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði."

Afleiðingar reglugerðarinnar frá 3. jan. eru nú þegar orðnar 7,5% niðurskurður og munu námslán halda áfram að skerðast því sem verðbólgu nemur."

Og síðan kemur undirskrift: „Ég undirritaður námsmaður skora á þig, Sverrir Hermannsson, að nema nú þegar úr gildi fyrrgreinda reglugerð frá 3. jan. s.l. [Nafn, nafnnúmer og skóli]".

Eins og ég hef þegar sagt hafa á þriðja þúsund námsmenn nú þegar skrifað undir svohljóðandi mótmælabréf og vitað er að mun fleiri bréf eru að berast að og þeim verður væntanlega komið á sinn stað til hæstv.

menntmrh. fyrr en seinna.

Ég vil einnig til marks um þessi mótmæli vitna í ályktun sem nýkjörið stúdentaráð samþykkti einróma á fundi sínum 20. apríl s.l. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nýkjörið stúdentaráð harmar það óðagot sem einkennt hefur framgöngu menntmrh. í málefnum LÍN. Lánasjóðurinn er undirstaða jafnréttis til náms og að þeim grundvallartilgangi má alls ekki höggva.“ Eigi skal höggva, hæstv. menntmrh.

„Hroðvirkni sú sem einkennt hefur umræðu um LÍN er ekki til þess fallin að gera starfsemi LÍN markvissari. Reglugerðarbreyting menntmrh. frá 3. jan. 1986 veldur því að endar ná ekki saman hjá námsmönnum. Því krefst stúdentaráð Háskóla Íslands þess að breytingin verði látin ganga til baka.

Jafnframt er það einsdæmi að ráðherra skuli í sjónvarpi hafa jafnærumeiðandi ummæli um hóp í þjóðfélaginu eins og gerðist miðvikudaginn 18. apríl s.l. Námsmenn munu ekki taka slíkum svívirðingum þegjandi.“

Lýkur þar þessari ályktun sem stúdentaráð samþykkti einróma á fundi sínum 20. apríl s.l.

Ég vil enn fremur minna á þau mótmæli sem íslenskir námsmenn erlendis hafa haft í frammi og ég hygg að flestir hv. alþm. kannist við því að talsvert hefur verið um póst frá þeim ágætu mönnum í pósthólf okkar þm. undanfarna daga og eru þar á ferðinni hundruð undirskrifta við mótmælabréf og mótmælaskeyti svipaðs eðlis og þau sem ég hef nú þegar gert grein fyrir.

Ég vil svo enn ítreka mótmæli mín við allri málafylgju hæstv. menntmrh. í þessu máli, en það er e.t.v. eðlilegt, eins og ég sagði í upphafi, herra forseti, að við ræðum það betur þegar hæstv. menntmrh. hefur gert grein fyrir skýrslu sinni. Ég vil þó sérstaklega benda á að þessi flumbrugangur hæstv. ráðh. hefur m.a. leitt til þess að til viðbótar skerðingunni, sem er auðvitað veruleg orðin á lánunum sem nú er verið að úthluta eða nú ætti að vera búið að úthluta samkvæmt venju, hefur komið umtalsverð töf vegna þess að reglugerðarsmíð ráðherrans hefur verið það seint á ferðinni og það illa ígrunduð og undirbúin að lánasjóðurinn hefur ekki séð sér fært að afgreiða námslánin á eðlilegum tíma í ljósi þeirra breytinga. Þar af leiðandi hefur nú þegar orðið umtalsverð töf á úthlutun námslánanna sem kemur sér illa og alveg sérlega þegar hún kemur til viðbótar þeirri skerðingu sem raun ber vitni.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er þinglegt að gera um það till. að þessi þáltill. gangi ekki til nefndar vegna aðstæðna í þinginu, en ég hefði í sjálfu sér talið það langeðlilegast, þar sem hér er í sjálfu sér um tiltölulega einfalda tillgr. að ræða og þingmál sem liggur nokkuð ljóst fyrir og hefur þegar fengið umtalsverða umfjöllun á Alþingi, að till. yrði tekin til síðari umræðu og afgreiðslu og að því stefnt að vísa henni sérstaklega til nefndar þannig að afstaða hv. alþm. mætti liggja fyrir í þessu máli áður en Alþingi lýkur störfum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef útbýtt meðal þm. greinargerð um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég mun í flutningi reyna að stytta mál mitt af því sem tímaþröng er orðin augljós hér á hinu háa Alþingi. En ég taldi hins vegar nauðsyn bera til að leggja spil þessa máls á borðið svo að menn gætu séð með eigin augum hversu mjög hefur verið hallað til um alla málafærslu og mátti heyra hér á síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Norðurl. e., að hann hjó þar í sama knérunninn og er hér notaður til að flytja skilaboðin inn og gerir það skilvíslega án þess að dæma neitt um þau sjálfur.

Núverandi fyrirkomulag aðstoðar við íslenska námsmenn hefur verið lítt breytt frá árinu 1976, en þá voru gerðar mjög róttækar breytingar á lögunum um námsstyrki og námslán. Endurgreiðslureglur voru stórlega hertar með verðtryggingarákvæðum og möguleikar námsmanna til að njóta verulegrar aðstoðar úr Lánasjóði ísl. námsmanna voru mjög auknir.

Sérfræðingar töldu að með breyttum endurgreiðslureglum mundu heimtur hjá sjóðnum aukast, en áður hafði óverulegur hluti útlána sjóðsins í raun endurgreiðst vegna lágra vaxta og mikillar verðbólgu. Með lögunum frá 1976 var stefnt að 66% endurgreiðslum af heildarútlánum sjóðsins eins og það var þá reiknað út. Með lögunum frá 1982 virðist löggjafinn hafa ætlast til að lánin endurgreiddust að mestu leyti, eða vel yfir 95%.

Í stuttu máli má segja að einstæð kjör námslána, léleg endurheimta þeirra og ófyrirséð fjölgun námsmanna hafi valdið því að málefni lánasjóðsins hafa farið úr böndum. Mjög mikil ásókn er í ríflega lán sem enga vexti bera og lánþegar vita að verulegur hluti lánanna verður auk þess afskrifaður vegna endurgreiðslureglna. Eftirfarandi eru þær helstu breytingar sem ég hef lagt til að gerðar yrðu á gildandi lögum um námslán og námsstyrki:

1. Lagt er til að það sé skýrt afmarkað í lögum um lánasjóðinn hverjir teljist vera í aðstoðarhæfu námi. Þannig hafi reglugerðargjafi ekki lengur heimild til að kveða á um lánshæfni tiltekinna skóla eða einstakra árganga þeirra eins og er í gildandi lögum.

2. Í núgildandi lögum er verulega litið til tekna námsmanns og maka hans við ákvörðun lánsfjárhæðar. Hefur þetta átt að vera til þess að draga úr lánveitingum. Einnig hafi þeir sem afla verulegra tekna í leyfum og með námi næg fjárráð til að framfleyta sér og þurfi því ekki aðstoðar lánasjóðsins við. Þetta hefur verið gagnrýnt mjög og verið afar óvinsælt meðal námsmanna. Hefur verið bent á ýmislegt sem mæli gegn þessu fyrirkomulagi:

Námsfólki er í raun refsað fyrir að vinna. Þeir sem minnstar tekjur hafa, venjulega vegna þess að þeir vinna minnst, fá hæst lán á afar hagstæðum kjörum sem gæti orðið að styrk að verulegu leyti. Afleiðingin er sú að námsmenn hafa margir misst tilfinningu fyrir nauðsyn og mikilvægi vinnunnar og standa frammi fyrir því að geta ekki bætt hag sinn með því að leggja harðar að sér.

Slæm uppeldisleg áhrif þessa eru auðsæ. Æskufólk er alið upp við þau sjónarmið að vinna og verðmætasköpun séu af hinu illa. Þetta hefur aftur þau áhrif að sumarvinna námsfólks og önnur vinna með námi minnkar mikið og leggst jafnvel af þegar til lengri tíma er litið. Þannig geti hugsanlega rofnað þau mikilvægu

tengsl skólafólks við atvinnulífið sem myndast hafa á undanförnum árum og áratugum og sem sumir hafa jafnvel talið eitt af megineinkennum íslenskra námsmanna og kost.

Einnig hefur verið bent á aðstöðumun þeirra sem njóta fjárstuðnings aðstandenda og þeirra sem algerlega verða að standa á eigin fótum. Þannig geta þeir sem ekki njóta stuðnings aðstandenda, sem yfirleitt kemur hvergi fram í opinberum skýrslum, ekki bætt hag sinn með vinnu nema að því leyti sem tekjurnar dragast ekki frá láni. Þá má og benda á það að niðurfelling tekjutillits við ákvörðun námslána einfaldar mjög ákvörðun lánasjóðsins svo sem allt eftirlit með tekjum námsmanna og maka þeirra, sem verið hefur mjög umfangsmikið, og útreikninga á lánsupphæð. Þetta er og til þess fallið að flýta mjög allri afgreiðslu lána og gæti dregið verulega úr rekstrarkostnaði skrifstofu lánasjóðsins.

Þá vil ég í þriðja lagi nefna um fjárhæðir námslána og úthlutunarreglur að einstakar lánsfjárhæðir hljóta annars að ráðast helst af tvennu: ráðstöfunarfé sjóðsins til lána og fjölda umsókna. Fjölda lánþega má sjá fyrir á hverju ári með nokkurri nákvæmni. Það verður því í raun Alþingi sem ræður fjárhæð námslána með fjárveitingu sinni þar til endurgreiðslur eldri lána eru orðnar það miklar að þær standi að verulegu leyti undir útlánum.

Lagt er til að stjórn sjóðsins verði skyldug til þess, að fengnu samþykki ráðherra, að setja eigi síðar en 1. febrúar ár hvert reglur um það hvernig fjárhæð einstakra lána og styrkja ákvarðast með hliðsjón af heildarráðstöfunarfé sjóðsins og áætluðum fjölda lánþega. Er þetta gert til að reyna að tryggja að námsfólki megi vera ljóst í tíma hvers það megi vænta í aðstoð frá sjóðnum á komandi skólaári.

Þá er í fjórða lagi gerð tillaga um að breytt verði skipan stjórnar lánasjóðsins. Er m.a. lagt til að eftirtaldir aðilar fái aðild að stjórninni: Háskólaráð sem stjórn æðstu menntastofnunar landsins, Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands sem mikilvægir aðilar vinnumarkaðarins. Lagt er til að skipunartími stjórnarmanna verði sem hér segir: Fulltrúar námsmanna, háskólaráðs, ASÍ og VSÍ verð skipaðir til tveggja ára. Skipunartími ráðherrafulltrúanna styttist úr fjórum árum í tvö, en auk þess takmarkist skipunartími þeirra af embættistíma af embættistíma menntmrh. og fjmrh.

Ástæðan fyrir þessari breytingu er fyrst og fremst sú að mjög nauðsynlegt er fyrir lánasjóðinn, viðskiptamenn hans og ráðuneytin að náið og gott samband sé með nefndum stjórnarmönnum og viðkomandi ráðherrum vegna þess hve veigamikil áhrif sjóðurinn hefur á framkvæmd mennta- og fjármálastefnu stjórnvalda. Rök fyrir lengri skipunartíma eru fyrst og fremst þau að tryggja þurfi sem kostur er að stjórnarmenn safni reynslu og þekkingu sem ekki fáist með skammri stjórnarsetu, en á hinn bóginn má auðvitað benda á að ráðherra getur valið sömu menn aftur og endurskipað þá til starfans.

Þá vil ég nefna í fimmta lagi að ég hef lagt til að tekið verði lántöku- og innheimtugjald sem standi undir kostnaði af lánveitingum og innheimtustarfsemi sjóðsins. Ástæður til þess að sú gjaldtaka er lögð til eru eftirfarandi:

Það er almenn regla að lántakendur greiði kostnað vegna lántöku, sem dregin er frá útborguðu láni, og innheimtunnar sem bætist þá við afborgun til að standa undir starfseminni. Eðlilegt er að námsmenn séu með undir þeim hatti. 1% lántökugjald er talið hæfilegt og hefur verið höfð hliðsjón af lántökugjaldi opinberra lánasjóða. Þannig verður og rekstrarfé sjóðsins skýrt aðgreint frá því fé sem ætlað er til lánveitinga og styrkja og veitir jafnframt aðhald í rekstri lánasjóðsins. Lagt er til að ríkissjóður greiði sérstaklega fyrir aðra starfsemi sjóðsins en vegna útlána og innheimtu.

Í sjötta lagi nefni ég að samkvæmt þessum nýju tillögum er Alþingi gert að ákveða á fjárlögum hverju sinni hversu miklu fé skuli verja til námslána. Þannig yrði fjárveiting Alþingis til lánasjóðsins væntanlega a.m.k. þríþætt: í fyrsta lagi fé til námslána, í öðru lagi fé til námsstyrkja og í þriðja lagi fé til að standa undir reksturskostnaði. Samþykki þingið þannig lág framlög og litlar lánsfjárheimildir til handa lánasjóðnum, hvort sem er til styrkja eða lánadeildar hans, verða stjórn sjóðsins og ráðherra að taka tillit til þess við úthlutun úr báðum deildum hans og þrengja skilgreiningar á aðstoðarhæfni og rýmka þegar Alþingi veitir meiru fé til sjóðsins. Með þessum ákvörðunum er auðvitað verið að vísa til þess að Alþingi getur ekki skotið sér hjá því hverju sinni að taka endanlegar ákvarðanir um hversu miklu fé skuli varið til þessara þarfa og að menn viti fyrir fram að hverju þeir ganga.

Ég nefni í sjöunda lagi að í núgildandi lögum eru heimildarákvæði fyrir stjórn lánasjóðsins til þess að veita þeim sem eru að hefja lánshæft nám víxillán til bráðabirgða sem síðan breytist í skuldabréfalán ef námsmaður uppfyllir kröfur um námsárangur. Nú er lagt til að þeir sem hefja lánshæft lán eigi rétt á sérstöku skuldabréfaláni til tveggja ára sem er bundið lánskjaravísitölu og ber hæstu lögleyfða vexti samkvæmt ákvörðun Seðlabankans á hverjum tíma. Ef námsmaður stenst kröfur um námsárangur á fyrsta misseri innan tólf mánaða frá útgáfu bréfsins getur hann breytt því í venjulegt námslán. Standist námsmaður ekki kröfur um námsárangur greiðist bréfið upp á næstu tólf mánuðum.

Námsmenn hafa lengi barist fyrir því að fyrsta árs nemar og aðrir sem eru að hefja lánshæft nám skuli eiga rétt á námsláni. Nú þykir óhætt með hliðsjón af tillögum um hertar endurgreiðslur og vaxtatöku af námslánum að leggja framangreint fyrirkomulag til. Reynsla sýnir og að fremur lítill hluti þeirra sem fengið hafa bráðabirgðalán standast ekki námskröfur.

Hér er um að tefla að mínum dómi mikilvægt réttindamál og það er mjög erfitt að sætta sig við það að geta ekki náð því í framkvæmd vegna skammsýni manna sem ekki vilja ganga til samninga um þá breyttu tilhögun sem hér er verið að leggja til í stærstu dráttum.

Ég vil taka fram að það er lagt til að í hin nýju lög verði sett ákvæði sem skylda lánasjóðinn til að tilkynna lánþegum við hverja úthlutun láns hver heildarnámsskuld þeirra er og hver muni verða árleg greiðslubyrði vegna þess. Þetta er gert til þess að námsmenn fylgist vel með skuldastöðu sinni og leggi mat á lánsþörf sína með hliðsjón af því.

Vík ég þá að vöxtum, en lagt er til að námslán beri 3,5% ársvexti auk verðtryggingar skv. lánskjaravísitölu eins og verið hefur. Lánið er vaxtalaust á námstíma, en upphafstími vaxta miðast við námslok. Vextir á tímabil-

inu frá námslokum til upphafstíma endurgreiðslu leggjast við höfuðstól. Höfuðstóll námsláns við upphaf endurgreiðslutímans verður því heildarlán til námsmanns, vísitölubundið frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að einstakir hlutar láns eru greiddir út, eins og verið hefur, að viðbættum 3,5% ársvöxtum í þrjú ár.

Ég hef tekið það fram í samningaumleitunum um þessi mál að ég hef lýst mig reiðubúinn til þess að ræða um vexti á einhverjum lægri nótum án þess þó að ég sjái ástæðu til þess nú og eins og á stendur að tilgreina það frekar.

Um vaxtatöku af námslánum gilda að sjálfsögðu öll almenn rök um töku vaxta í lánsviðskiptum. Vegna vaxtaleysis námslánanna má gera því skóna að ástæða fyrir gífurlegri ásókn í námslán hafi verið óeðlilegur mismunur kjara þeirra og annarra lána í þjóðfélaginu, en eins og kunnugt er hafa orðið miklar breytingar á fjármagnsmarkaði á allra síðustu árum og hafa raunvextir útlána í mörgum tilfellum hækkað mikið. Kjör námslána eru því færð í samræmisátt.

Þá er lánasjóðnum það afar nauðsynlegt að hann verði sem fyrst fjárhagslega sjálfstæður og standi án framlaga undir útlánum og verði jafnframt síður háður þeim sveiflum sem efnahagskerfi okkar Íslendinga hefur mátt búa við. Sjóðurinn notar lánsfé sem ber háa vexti og er þar að auki í mörgum tilfellum gengistryggt. Þetta fé hefur verið lánað vaxtalaust og hafa vaxtagjöld því verið lánasjóðnum töluverður baggi og skert möguleika sjóðsins til að byggja upp höfuðstól sinn. Vaxtatekjur á borð við þær sem lagðar eru til í þessu frv. munu létta vaxtabyrði sjóðsins.

Vegna þess hve hagur þjóðfélagsins af háu menntunarstigi er mikill er talið rétt að námslán beri lægri vexti en markaðsvexti þannig að þau séu ætíð með hagstæðustu lánum. Benda má á að vaxtaleysi lánanna á námstíma kemur þeim sérstaklega til góða sem fara í langt nám.

Í tíunda lagi nefni ég að lagt er til að tveimur árum eftir námslok falli öll veitt námslán sjálfkrafa í gjalddaga og eru þá möguleikar lánþega tveir: í fyrra lagi að greiða lánið upp eða að gefa út skuldabréf með heildarnámsskuldinni eins og hún stendur þá og með yfirlýsingu tveggja manna um að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins. Þannig er farið fram á tvo ábyrgðarmenn til handa lánasjóði þegar endanlega er gengið frá skuldabréfi á þennan hátt. Endurgreiðslur skuldabréfa skulu hefjast þremur árum eftir námslok og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Lagt er til að endurgreiðslutími námslána verði styttur úr 40 árum í 30 ár. Fallið verði frá tekjutengingu afborgana en þær í þess stað miðaðar við höfuðstól námsskuldarinnar. Auk þess er lagt til að lánin endurgreiðist öll að fullu. Stjórn sjóðsins hefur þó víðtækar undanþáguheimildir til að veita greiðslufresti á afborgunum eða fella niður lán eða hluta þess þegar sérstaklega stendur á hjá lánþega.

Eins og fram kemur í skýrslu sem ég hef látið Steingrím Ara Arason hagfræðing vinna telur hann að 85,2% af útlánum lánasjóðsins endurgreiðist skv. gildandi lögum. Er það líklega meira en 10% lægra endurgreiðsluhlutfall en gert var ráð fyrir er núgildandi lög voru samþykkt.

Endurgreiðsla námslánsins verði á svonefndum annuitets-grundvelli sem þýðir að hver afborgun allan endurgreiðslutímann er jafnhá að raungildi. Um verði að ræða lágmarksafborgun sem stuðlar að því að lægri fjárhæðir endurgreiðast á styttri tíma en 30 árum.

Hvað endurgreiðslutímann varðar er lagt til að hann verði styttur um tíu ár frá því sem nú er. Lán til 30 ára hlýtur að teljast gott lán að því leyti og spurning hvort mikið lengra lán þjóni nokkuð hagsmunum lántakenda þar eð ævidegi flestra yrði þá tekið að halla og starfsþrek og vinnutekjur væntanlega farnar að dragast saman. Telja verður að flestir ljúki námi sínu á tímabilinu 25–35 ára. Þannig ljúka þeir endurgreiðslu 30 ára lána á aldrinum 58–68 ára.

Kostur við það að nota annuitets-regluna er sá að allar afborganir verða jafnháar að raungildi í stað stiglækkandi greiðslna eins og tíðkast um almenn skuldabréf, auk þess sem útreikningur er afar einfaldur og auðvelt er að gera sér glögga grein fyrir væntanlegri greiðslubyrði.

Lagt er til að árlegum gjalddögum verði fjölgað úr tveimur eins og nú er í fjóra. Er það gert til þess að jafna greiðslubyrðinni á árið.

Ég nefni í ellefta lagi námsstyrki, en stikla á stóru þar. Er lagt til að þeir verði þrenns lags: Í fyrsta lagi ferðastyrkir til námsmanna sem eru í lánshæfu námi og verða að stunda það fjarri heimilum sínum og eru svipaðir og þeir styrkir sem veittir eru nú skv. gildandi lögum, í öðru lagi er lagt til að veittir verði námsstyrkir til framhaldsnáms á háskólastigi og í þriðja lagi námsstyrkir til þeirra sem ljúka lokaprófi á framhaldsskólastigi með sérstaklega góðum árangri. Þetta er þó mál sem þarf sérstaklega að vanda til þannig að ekki verði hætta á misnotkun, enda gert ráð fyrir því að lánasjóðurinn geri jafnan opinberlega grein fyrir því hverjir hljóta slíka styrki.

Ég hef þá, herra forseti, lokið við að skýra í stórum dráttum frá innihaldi þess frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna sem ég mun áfram beita mér fyrir að lögfest verði á Alþingi. Af þessari greinargerð mega menn sjá að sá áróður sem uppi hefur verið hafður um aðför mína að námsmönnum er auðvitað óhróður út í hött. Við ætlum að halda áfram að greiða götu námsmanna með það fyrir augum að jafna aðstöðu allra til náms og að girða fyrir að nokkur verði af námi fyrir fátæktar sakir.

Ég mun nú, þó ég reyni að stytta mál mitt, stikla á örfáum atriðum um stöðu lánasjóðsins og vík þá fyrst að reglugerðarbreytingunum sem mjög eru á orðum hafðar, en þær eru tvenns lags, frá 3. jan. og frá 2. apríl.

Vegna umræðna um áhrif reglugerðarbreytinganna á námslán vil ég nefna niðurstöður samanburðar á þessum áhrifum á grunnframfærslu í fjórum löndum á námsárinu 1985–1986 í heild miðað við níu mánaða námstíma. Þar er munurinn í prósentum: Fyrir Ísland 7,11%, fyrir Bandaríkin 4,33%, fyrir og eftir reglugerðarbreytingu, fyrir Danmörku 6,05% og fyrir Vestur-Þýskaland 5,75%. Síðari reglugerðin var til þess sett að jafna mismun milli landa þar sem þróun gjaldeyris hafði orsakað allmikinn mismun á kaupgetu námsáranna. T.d. hafði hún aðeins hækkað í Bandaríkjunum en lækkað verulega í ýmsum Evrópulöndum eins og til að mynda Vestur-Þýskalandi. Þetta er allt og sumt sem um er að tefla í sambandi við áhrif reglugerðarbreytinganna.

Þá vil ég geta þess að þær áætlanir sem gerðar höfðu

verið, bæði við fjárlagaafgreiðslu og í áætlun lánasjóðsins við fjárlagagerðina, hafa tekið verulegum breytingum frá því sem þá var miðað við bráðabirgðaáætlun lánasjóðsins nú í apríl. Ég tek þó fram að þessum áætlunum þarf að taka með fyrirvara um sinn því að ekki eru e.t.v. öll kurl komin til grafar. Í áætlun LÍN við fjárlagagerð var gert ráð fyrir að fjárþörf hans væri 1 milljarður, 988,1 millj. kr. Nú aftur á móti, vegna áhrifa reglugerðarbreytinganna og þó einkum og sér í lagi vegna áhrifa af breyttum spám um fjölda námsmanna, er gerð áætlun um að fjárþörfin sé 1 milljarður 607,2 millj. kr. Áætlanir um tekjur sjóðsins eru óbreyttar eða 1 milljarður 349,5 millj. kr. Samkvæmt áætlun lánasjóðsins frá fjárlagagerð, ef ekkert hefði breyst frá þeim tíma, hefði fjárþörfin nú numið 638,6 millj. kr., en samkvæmt nýrri bráðabirgðaáætlun er fjárþörfin talin nema 257,7 millj. kr. Samkvæmt þessari niðurstöðu þarf ríkisstj. og Alþingi að sjá fyrir á hausti komanda um það bil 258 millj. kr. fjárútvegun vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna og hlýt ég nú, til að eyða allri óvissu, að lýsa yfir að ég mun beita mér fyrir að svo muni verða gert, enda hef ég samþykki ríkisstj. fyrir þessari yfirlýsingu frá fundi hennar í morgun.

Það hefur verið unnið mjög hörðum höndum að breyttu skipulagi á starfrækslu skrifstofu lánasjóðsins. Breytingar á stjórnskipulagi og verkaskiptingu eru að talsverðu leyti komnar til framkvæmda og gert er ráð fyrir að þeim verði að mestu lokið 1. júní n.k. Markmið þessara breytinga er að gera verkaskiptingu markvissari þannig að vinnsluhraði og skilvísi í vinnslunni vaxi og skil verkþátta verði eðlilegri en nú er.

Megináhersla hefur verið lögð á að bæta þjónustu sjóðsins við námsmenn, auka og bæta upplýsingar til þeirra og tryggja þeim fljóta og greinargóða afgreiðslu mála sinna. Það hefur m.a. verið gert með stórbættri og stóraukinni afkastagetu símakerfis sjóðsins og með margháttuðum öðrum ráðstöfunum.

Í afgreiðslu lánasjóðsins hafa á undanförnum árum verið tíð mannaskipti og í raun hafa í þessum erfiðu störfum verið þeir starfsmenn sjóðsins sem hafa minnsta reynslu og þekkingu á starfseminni. Til að bæta hér úr er nú í undirbúningi breyting á verkaskiptingu sem miðast við að afgreiðsla verði í höndum þeirra starfsmanna sem reynslu hafa. Unnið er að endurhönnun svokallaðra reiknimiða í þeim tilgangi að gera þær upplýsingar, sem koma þar fram um útreikning námslána, aðgengilegri og skiljanlegri fyrir námsmenn. Sömuleiðis stendur yfir endurhönnun á umsóknareyðublöðum og öðrum fylgiblöðum sem tengjast lánsumsóknum í þeim tilgangi að fækka þeim og auðvelda notkun þeirra.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þjónustu lánasjóðsins. Um hana hafa námsmenn sjálfir borið greinilegust vitni. Þeir hafa opinberlega lýst því yfir að þeir hafi talið hana að sumu leyti alræmda. Ég ætla engum orðum fleiri að fara um það. Ég hafði að vísu reynslu á árum áður af starfsemi þessa sjóðs. Ég slapp tiltölulega óskaddaður frá þeirri viðureign, en margur hefur aðra sögu að segja. Fyrir því er það að á það hlýtur að verða lögð mjög mikil áhersla að breyta til hins betra í starfsemi sjóðsins.

Tölvuvæðing hefur verið framkvæmd, en rétt er að geta þess líka, vegna þess sem kom fram frá hv. síðasta ræðumanni, að vegna útreikningsforrits hefur orðið tíu daga töf á afgreiðslu lána núna í apríl. Við skulum vona að það komi ekki að örlagaríkri sök, enda áreiðanlega ekki í fyrsta skiptið sem menn hafa mátt reyna verulegar tafir á afgreiðslu lána hjá Lánasjóði ísl. námsmanna.

Þá er að geta þess að ég hef gefið fyrirmæli um og raunar tekist upphaf viðræðna við Landsbanka um hvort og þá hvernig megi auka þátttöku bankakerfisins í starfsemi sjóðsins.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum láta í ljós þá von mína að við hér á hinu háa Alþingi berum gæfu til að finna farsæla lausn á þessu máli og látum þá nauðsyn ganga fyrir pólitískri skákmennsku í atkvæðatafli. Við ætlum að styrkja og styðja íslensk ungmenni til náms af því sem það er áreiðanlega arðgæfasta fjárráðstöfun sem hugsast getur. En það er öllum fyrir bestu að agi og regla sé á öllum fjármálareiðum. Fyrir því mun ég beita mér af fullri hörku og er þess fullviss að við munum ná höndum saman við námsfólk um skipan mála sem öllum verður fyrir bestu.

Forseti (Helgi Seljan): Áður en umræðan heldur áfram er rétt að geta þess að það mun vera óformlegt samkomulag um að menn fari ekki mikið fram yfir 15 mínútur, talsmenn hvers flokks, í umræðum um þessa skýrslu og vænti ég þess að við því verði orðið því að hér er ekki um tímatakmörkun að ræða samkvæmt þingsköpum og því ekki slegið í bjölluna eða neinar slíkar aðvaranir gefnar þó að eitthvað fari úr böndum.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég mun leitast við að halda mig innan tímamarka eins og forseti skýrði þau með tilliti til aðstæðna hér og þó að hæstv. forseti vilji ekki berja í bjölluna, ef mér skyldi verða það á að fara einhverjar mínútur fram yfir, sting ég upp á því að hann hummi eða ræski sig á bak við mig og þá mun ég taka það til greina.

Herra forseti. Ég er alveg sannfærður um það, m.a. eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. menntmrh. áðan og lesið í fljótheitum skýrslu hans, að það er bókstaflega engu upp á hæstv. menntmrh. logið, eða hallað til um afstöðu hans í málinu, eins og hann kýs að orða það sjálfur. Ég sé ekki betur en hér gangi aftur í þessari skýrslu allar þær hugmyndir verstar sem maður hefur haft ávæning af að væru á döfinni í endurskoðunarstarfi hæstv. menntmrh.

Hann gat auðvitað ekki setið á sér að koma með sínar hefðbundnu lummur, hæstv. menntmrh., um það hversu námsmenn væru í raun og veru miklir letihaugar og útsmognir í því að draga sér lán á vildarkjörum alls staðar þar sem þeir fengju þess kost. A.m.k. gat ég ekki skilið orð hans öðruvísi en það væri eitt meiri háttar vandamál að glíma við hvað þetta lið sækti í þetta og hvað þetta væri nú óskaplegt. Svo væru þeir hættir að nenna að vinna og væru að afsiðast smátt og smátt vegna þess hve lánasjóðurinn væri voðaleg stofnun. Hann ætlar sem sagt að breyta þessu og taka að sér uppeldið, hæstv. menntmrh.

Það kemur kannske ekki að sök þó að við höfum ekki haft þessa skýrslu hans mjög lengi undir höndum því að við könnumst dálítið við krógann. Það er til hægðarauka, herra forseti, að skipta umfjölluninni hér í tvennt, þ.e. annars vegar staða lánasjóðsins og skerðingarákvæði reglugerðanna og fjármögnun sjóðsins á yfir-

standandi ári og hins vegar frumvarpshugmyndir hæstv. ráðh. Ég mun snúa mér að því að ræða þetta hvort í framhaldi af öðru, en fyrst vil ég þó segja að ég mótmæli síendurteknum fullyrðingum hæstv. menntmrh. um að þessi lánasjóður hafi eitthvað skorið sig úr öðrum stofnunum í landinu með það hvað þar hafi verið hábölvað að eiga viðskipti.

Ég hef haldið því fram, og ég bið menn að sýna mér fram á annað, að yfirgnæfandi meiri hluti þeirrar gagnrýni sem frá námsmönnum hefur komið á lánasjóðinn á undanförnum árum hafi verið af einni ástæðu og einni ástæðu aðeins, sem sagt þeirri að þeir telja sig ekki hafa fengið þá fyrirgreiðslu í sjóðnum í formi aðstoðar sem þeir töldu sig eiga rétt á. Og hvað segir það okkur, hæstv. menntmrh., annað en að stofnunin sem slík hefur haldið svo vel í féð sem þú hefur haft áhyggjur af að væri verið að sólunda út úr sjóðnum. Það kemur því úr hörðustu átt ef hæstv. menntmrh. ræðst sérstaklega á stofnunina af þessum sökum. Auðvitað er það til viðbótar að lánasjóðurinn hefur undirmannaður um árabil verið að glíma við sívaxandi starfsemi og breytingar og þverskallast hefur verið við öllum óskum hans um að fá að ráða sér starfsfólk til að sinna starfseminni á eðlilegan hátt. En þar er ekki við lánasjóðinn að sakast, herra forseti. Mér finnst þess vegna gagnrýni hæstv. menntmrh., a.m.k. hvað þetta varðar, harla ómakleg.

Ég hef, herra forseti, verið bæði viðskiptavinur sjóðsins sem lántakandi og síðan umboðsmaður fyrir fjölmarga skólabræður mína og skólasystkini, sem verið hafa í námi bæði erlendis og innanlands, og ég þykist því þekkja það sæmilega af hvaða toga eru spunnin þau umkvörtunarefni sem algengust eru þegar Lánasjóð ísl. námsmanna ber á góma. Það er yfirleitt, svo að ég taki bara eitt dæmi ef það mætti verða til þess að hæstv. menntmrh. skildi nú einu sinni hvað ég er að fara, t.d. í þeim tilfellum að lánasjóðurinn haldi inni láni og afgreiði það ekki vegna þess að einhver fskj. kann að vanta frá námsmanninum varðandi tekjur eða varðandi aðrar aðstæður. Þá er stofnunin og hefur verið tiltölulega fastheldin á lánin og reiðir þau ekki fram fyrr en allar upplýsingar, sem hún setur til skilyrðis fyrir láninu, liggja fyrir. Er það þetta sem hæstv. menntmrh. er að gagnrýna? Er það óánægja með þessi vinnubrögð sem er honum efst í huga, hæstv. ráðherranum, sem talar síðan í hinni setningunni um óráðsíu og sukk og hvað þessi stofnun hafi verið laus á fé? Svona málflutningur gengur auðvitað ekki upp, herra forseti, og það er með endemum að hæstv. menntmrh. skuli aftur og aftur gera sig beran að slíku hér.

Ég vil þá snúa mér að skýrslunni sem hér hefur litið dagsins ljós, dags. 22. apríl, og fletta henni, enda naumast tími til að vinna öðruvísi upp úr henni. Þá vil ég fyrst segja að á forsíðunni er mjög skemmtilega fjallað um kærleiksheimilið, stjórnina, og samskipti við „samstarfsflokkinn". Það er getið um að af því hafi stafað nokkurt óhagræði „að svo vildi til að samstarfsflokkur okkar í ríkisstj., Framsfl.," með leyfi þínu forseti, „átti ekki fulltrúa í þeirri nefnd", þ.e. þeirri nefnd sem fyrrv. hæstv. menntmrh. skipaði einmitt til að endurskoða lög um námslán og námsstyrki, og af þessu varð nokkur bagi, telur hæstv. núv. menntmrh. En nú hefur verið bætt úr þessu og „stjórnarflokkarnir hafa", segir hæstv. menntmrh., „gert með sér samkomulag um að nefna tvo menn hvor í samstarfsnefnd um málið sem samræmi sjónarmiðin fyrir þing á hausti komanda".

Ég vil gera, herra forseti, þessa samstarfsnefnd aðeins að umtalsefni og spyrja hæstv. forsrh., ef hann væri nú einhvers staðar nálægur, eða þá einhvern annan mann úr Framsfl. sem þyrði upp í ræðustólinn í umræðunum á eftir: Ætlar Framsfl. að tilnefna fulltrúa í þessa nefnd hæstv. menntmrh.? Og ég spyr af því tilefni að ég hef stundum heyrt raddir úr þeim röðum um að æskilegt væri að standa að þessu máli með öðrum hætti en þeim að loka það inni í einhverri undirnefnd stjórnarflokkanna eða jafnvel bara annars stjórnarflokksins. Er Framsfl. tilbúinn að beita sér fyrir því að stjórnarandstaðan, að námsmannahreyfingarnar og aðrir aðilar sem þarna eiga fullt erindi fái þarna fulla aðild að og verði í þessari vinnu í sumar til að reyna að standa að þessu einu sinni með skaplegum hætti? Ég minni á þau ummæli sem hæstv. fyrrv. menntmrh. Ingvar Gíslason lét falla í umræðu um lánasjóðinn hér fyrr í vetur þar sem hann lýst þeirri málsmeðferð sem hæstv. núv. menntmrh. hefur haft sem algerlega óeðlilegri í þessu tilfelli og minnti á hvernig staðið var að endurskoðun löggjafarinnar fyrir árið 1982.

Síðan kemur enn neðar á forsíðunni, herra forseti, alveg ágæt setning og hún er svona, með leyfi þínu, og það er hæstv. menntmrh. þjóðarinnar sem talar:

„Ég tek það fram að ég álít að flokkana skilji ekki mjög mikið að um afstöðu í máli þessu, enda hefur hæstv. forsrh. gefið mér heimild til að stjórna breyttum starfsháttum LÍN með reglugerðum svo langt sem þær kunna að ná."

M.ö.o. hefur hæstv. forsrh. gefið hæstv. menntmrh. ótakmarkaða heimild til að stjórna lánasjóðnum eins og fara gerir með reglugerðum svo langt sem þær ná. Ef hæstv. menntmrh. gefur út á morgun reglugerð um að hafa engin námslán og enga námsstyrki, gildir þá þessi heimild hæstv. forsrh. í því tilfelli? Er það þannig að hæstv. forsrh. hafi alveg afsalað málaflokknum úr höndum sínum og Framsfl. í hendur hæstv. menntmrh., og ber enn fremur að skilja þetta sem afdráttarlaust samþykki Framsfl. við útgáfu reglugerðanna 3. jan. og 2. apríl s.l.? Það er óhjákvæmilegt að fá það hér fram. (**FrS:** Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu, segir nú hv. 2. þm. Reykv. og tekur að sér að svara fyrir „samstarfsflokkinn" eins og þeir gera stundum í Sjálfstfl.

Þá vil ég nefna fullyrðingar á bls. 2 í skýrslunni um endurheimtur námslána. Þar er að mínu viti mjög gróflega einfaldað málið. Þar segir t.d. að talað hafi verið um, þegar lögin voru sett 1982, að námslánin ættu að skila sér til baka í endurgreiðslum, allt að 95%. Þessa tölu hef ég ekki séð fyrr sem viðurkennda tölu í þeim efnum. Ég held að menn hafi þvert á móti verið mjög nálægt hinu rétta, þ.e. talað um 87–88% endurgreiðslur og nýjustu athuganir sýna að þetta hlutfall sé vel yfir 85%. Ég mótmæli tölum hæstv. menntmrh. og tel að þær séu rangar.

Ég mótmæli einnig því sem segir síðar í 1. mgr. á bls. 2, með leyfi þínu, forseti:

„Í stuttu máli má segja að einstæð kjör námslána," takið eftir, „einstæð kjör námslána, léleg endurheimta þeirra og ófyrirséð fjölgun námsmanna" — menn höfðu sem sagt ekki hugmynd um að námsmönnum væri að fjölga — „hafi valdið því að málefni lánasjóðsins hafa

farið úr böndum. Mjög mikil ásókn er í rífleg lán sem enga vexti bera og lánþegar vita að verulegur hluti lánanna verður auk þess afskrifaður vegna endurgreiðslureglna.“ Verulegur hluti lánanna! Hér er aldeilis ósæmilega að orði komist. Þetta stenst ekki, herra forseti. Það liggja fyrir alveg nýir útreikningar á því hverju endurgreiðslureglurnar frá 1982 skila og þetta stenst ekki. Þetta er röng fullyrðing, sem hér er sett fram, og málin gróflega einfölduð. Þvert á móti liggur fyrir að þetta endurgreiðslukerfi skilar u.þ.b. því sem því var ætlað í upphafi.

Til að taka nú undir eitt atriði vil ég nefna að ég tel það í sjálfu sér alveg eðlilegt, eins og fjallað er um á bls. 2, að setja skýrari mörk laga og reglugerða hvað þetta varðar.

Síðan kemur ákvörðun um tillit til tekna. Þar gengur enn aftur gamall draugur úr herbúðum sjálfstæðismanna, að fella með öllu niður tekjutillitið við úthlutun námslána og væntanlega einnig við endurgreiðslur, við komum að því síðar, og þetta hefðbundna að það sé svo kostnaðarsamt og svo erfitt o.s.frv. og óréttlátt og guð má vita hvað, þrátt fyrir að það liggi fyrir að tekjutillitið sparar um 150 millj. kr. miðað við núgildandi veltu sjóðsins bara vegna þeirra námsmanna sem eru í viðskiptum við sjóðinn. Hæstv. menntmrh. ætti að hugsa sig um og minnast þess að mjög líklega sækir fjöldi námsmanna ekki um vegna tekjutillitsins eins og það er í dag, vitandi að tekjutillitið útilokar þá frá námslánum. Verði þessi breyting viðhöfð getur hver einasti námsmaður sótt um án tillits til þess hvaða tekjur hann hefur. Þó arabískur olíufursti kæmi hingað upp gæti hann sjálfsagt sótt um námslán ef hann hefði að öðru leyti tilskilin réttindi. Þetta gengur algerlega í berhögg við alla hugsun og allan anda laganna um að jafna aðstöðu manna til náms. Þetta er auk þess ákaflega heimskulegt með tilliti til fjárhagsstöðu lánasjóðsins.

Fullyrðingar ráðherrans um að tekjutillitið sé svo erfitt og flókið í framkvæmd og kosti svo mikið starfslið eru úreltar vegna þess að tölvuvæðing lánasjóðsins og sú hagræðing sem þar er að skila sér betur og betur gerir þessa fullyrðingu að verulegu leyti úrelta. Hæstv. menntmrh. ætti að átta sig á því sem ráðherra þeirra mála að til er nokkuð sem heita tölvur og þær eru að gerbreyta ýmsu í slíkum efnum.

Svo komum við aðeins að vöxtunum og fjárhæðum einstakra námslána. Þar er kannske sá hlutur á ferðinni, herra forseti, sem allra alvarlegastur er og felst í því að réttur námsmanna í lögunum, ef af þessu yrði, yrði tekinn út úr málinu eins og hann leggur sig og ákvæði til að mynda 3. og 7. gr. laganna eins og þau eru í dag, um rétt námsmanna til eðlilegrar framfærslu, hyrfu með öllu út úr þessu kerfi. Í staðinn kæmi það að eingöngu því yrði úthlutað og á þann hátt sem framlög leyfðu hverju sinni. M.ö.o., því fé sem skammtað yrði ár frá ári yrði bara svona dreift yfir liðið, bara jafnað út. Sú grundvallarhugsun sem liggur að baki lögunum eins og þau eru núna, um að mönnum beri réttur á eðlilegri framfærslu fyrir sjálfa sig og fjölskyldu sína, yrði þurrkuð út, strikuð út með einu pennastriki. Þetta er auðvitað gífurleg breyting ef af þessu yrði. Og það er alveg nauðsynlegt að mönnum verði vel ljóst að þessi er hugsun hæstv. menntmrh.

Ég vil nefna til samanburðar húsnæðiskerfið og það samkomulag sem hefur nýlega tekist þar og hið gagnstæða er lögleitt, þ.e. að menn eigi rétt á tiltekinni lánsupphæð til að koma sér þaki yfir höfuðið. Þetta eru tiltölulega hliðstæðir hlutir, herra forseti, og tengjast hvorir tveggja daglegum þörfum manna, þ.e. húsnæði og svo annað hitt sem þeir þurfa sér til framfærslu. En það er ekki mikið samræmið í þessum hugmyndum sem hér eru á ferðinni og þeim lögum sem við höfum nýlega samþykkt um húsnæðismál.

Um stjórn lánasjóðsins vil ég spyrja hæstv. menntmrh. — það er á bls. 4 — hvort aðild fulltrúa námsmannahreyfinganna yrði skv. hugmyndum hans óbreytt frá því sem nú er. Það er ekki hægt að lesa það út úr 4. gr. eins og hún er sett upp. Það er eingöngu fjallað um aðild Alþýðusambands og Vinnuveitendasambands og fleiri aðila en ekki minnst á fulltrúa námsmanna. Ég vona sannarlega að það þýði ekki að þeir eigi að falla með öllu út úr stjórn lánasjóðsins en spyr að gefnu tilefni til að mynda hvort Bandalag ísl. sérskólanema til viðbótar við stúdentaráð og SÍNE eigi áfram að eiga aðild að lánasjóðnum.

Síðan kemur 1% lántökugjald sem hæstv. menntmrh. telur eðlilegt að bæta ofan á vextina og allt það og það er hægt að fjalla um það í sömu andrá og vextina.

Um fyrsta árs nema hefur hæstv. menntmrh. haft nokkur orð og lagði það út sem alveg sérstaka beitu að menn ættu nú bara að vera menn til þess að drífa í að samþykkja þetta vegna þess að það væri svo gífurlega þýðingarmikið hagsmunamál fyrir fyrsta árs nema að fá þessi nýju lán sem hann væri með hugmyndir um.

Og hvernig lítur þetta nú út? Jú, í fyrsta lagi auðvitað þannig að það voru ráðherrar Sjálfstfl. sem afnámu það fyrirkomulag í þessu efni sem hafði gefist ágætlega og var vel viðunandi að mínu mati fyrir námsmenn. Og í öðru lagi lítur þetta þannig út að það sem hæstv. menntmrh. er að tala um er, með leyfi þínu, forseti — og ég les upp úr skýrslunni — : „Nú er lagt til að þeir sem hefja lánshæft nám eigi rétt á sérstöku skuldabréfaláni, til tveggja ára, sem er bundið lánskjaravísitölu og ber hæstu lögleyfðu vexti samkvæmt ákvörðun Seðlabankans á hverjum tíma.“ Það eru þessi vildarkjör sjálfsagt á námslánum sem hæstv. menntmrh. er að tala um. Ber hæstu lögleyfðu vexti Seðlabankans á hverjum tíma. Mér finnst alveg óþarfi að vera að binda þetta við það. Á ekki bara að segja sem svo: Ber meðalvexti á okurlánamarkaðinum? Það kemur alveg eins til greina.

Síðan eru reglurnar þær að standist námsmaður ekki kröfur fellur þetta í gjalddaga og ber að endurgreiðast á 12 mánuðum með þessum kjörum sem raun ber vitni. Og hvað þýðir þetta á mæltu máli í reynd? Það þýðir það að námsmaður, sem hefur kannske tekið að láni framfærslu heils námsárs og fellur svo á prófum, þarf að endurgreiða það allt á næsta ári. Og þetta er maður sem hefur verið í skóla og hefur ekki haft tekjur o.s.frv. Hann fer væntanlega út á vinnumarkaðinn til að reyna að ná þessu inn. Hvernig verður aðstaða þessa ágæta manns til að reyna að hefja nám að nýju? Menn ættu að hugleiða það aðeins. Ég held að þetta sé ekkert sérstaklega girnileg beita, hæstv. menntmrh. og ég er ekki viss um að námsmenn flykkist til fylgis við þig út á þessa hugmynd þína. Svo klykkir hann út með því að segja: „Hér er um að tefla mikilvægt réttindamál að mínum dómi og erfitt að sætta sig við að skammsýni ráði að ekki kemst til framkvæmda.“ Ja, heyr og heyr. En

framkvæmdin er alla vega í skötulíki hjá hæstv. menntmrh. á þessu mikla hagsmunamáli.

Svo kem ég að 3,5% ársvöxtunum sem hæstv. menntmrh. finnst hóflegt og um það ætla ég eingöngu að hafa þau orð að bera saman töflu sem ég fékk í hendur í vetur um það hvernig svona meðalnámslán upp á 500 þús. kr., skulum við segja, endurgreiðist samkvæmt gildandi kerfi og svo hinu nýja. Og þá er það þannig með gildandi lánakjörum, lánakjörunum frá 1982, að lán, sem námsmaður mundi hefja afborganir af á árinu 1987 og borga þá 22 500 kr. á því ári, greiðist upp að fullu á árinu 2006 og hefur þá námsmaðurinn greitt 500 þús. kr. vegna þess að lánið er vaxtalaust. Ef námsmaður tekur hins vegar lán að þessari upphæð samkvæmt þessum nýju hugmyndum — og þá erum við reyndar að tala um 3% vexti, ekki 3,5%, og hann skuldar 530 þús. kr. — lýkur hann við að greiða lánið árið 2015 og hefur þá greitt 818 þús. kr. og á þessu er ekki lítill munur. Þarna hefur þessi námsmaður greitt á *fjórða hundrað þús. kr. á fáeinum árum umfram* það sem núgildandi lánskjör gera ráð fyrir. Þetta held ég að dugi til að færa mönnum heim sanninn um það hvað 3%, svo að ekki sé talað um þaðan af hærri vexti, þýða gífurlega breytingu í þessum efnum.

Síðan víkur ráðherrann aðeins að því að vextirnir séu náttúrlega alveg nauðsynlegir vegna þess að lánasjóðnum sé afar nauðsynlegt að verða sem fyrst fjárhagslega sjálfstæður. Lítum aðeins á þetta. Hvaða áhrif hafa þessar breytingar eins og þær eru fyrirhugaðar með því ákvæði að vextirnir færist aftur fyrir höfuðstólinn og borgist á eftir sjálfum höfuðstólnum? Þær hafa þau áhrif að það munar tiltölulega litlu, næstum engu, fyrir fjárhag sjóðsins hvernig lán endurgreiðist frá og með árinu 1987 til ársins 2006. Það er ekki fyrr en að því loknu að það fer að skila lánasjóðnum einhverju sem að marki nemur í auknum eða hærri endurgreiðslum. Menn leysa því ekki fjárhagsvanda lánasjóðsins á morgun og hinn daginn og ekki fyrir næsta áratug, heldur einhvern tíma þegar kemur fram á næstu öld, með því að breyta reglunum með þessum hætti. Þar af leiðandi er núverandi tímabundinn fjárhagsvandi sjóðsins ekki röksemd fyrir því að fara fram með þessum hætti vegna þess að þar er um að ræða aðgerð sem kæmi ekki til með að skila neinu fyrr en miklu, miklu síðar.

Lánskjörin að öðru leyti eru auðvitað þau að það á að stytta afborgunartímann úr 40 árum ofan í 30 ár og það hefur enn áhrif til að þyngja greiðslubyrðina. Það væri fróðlegt, ef hæstv. fjmrh. hefði verið hér, að inna hann eftir því hvernig hann, sem hefur staðið í því að semja, gera kjarasamninga, t.d. við opinbera starfsmenn, líti á það mál, ef svona breytingar ættu sér stað. Myndu menn ekki ætla að þetta hlyti að koma inn í þá kjarabaráttu þeirra stétta sem að verulegu leyti bera slík námslán í framtíðinni eða væri annað hugsanlegt? Auðvitað hlyti þetta að hafa slík afgerandi áhrif á lífsafkomu þessara hópa að óhjákvæmilegt væri að það kæmi fram í þeirra kjarabaráttu.

Síðan sleppi ég því að fjalla um styrkjakerfið. Það geymi ég mér til betri tíma.

Í skýrslunni er einnig birt tafla yfir skerðinguna eins og hún kemur til með að vera nú miðað við grunnframfærslu námsársins í heild. Þar kemur fram að á Íslandi munar á fimmtánda þús. kr. sem getur þýtt það fyrir námsmann, sem hefur átt von á t.d. 25 þús. kr. úthlutun á vormánuðunum, að hann fari niður í 10 þús. kr. Og það getur munað um minna en það, hæstv. menntmrh., fyrir félítið fólk.

Herra forseti. Til að reyna að svíkja ekki allt of gróflega það sem ég sagði um ræðutíma minn ætla ég að fara að stytta mál mitt. Ég ætla aðeins að víkja að hinum kostulegu lokaorðum hæstv. menntmrh. eins og þau birtast á baksíðu skýrslunnar. Þær eru skemmtilegar útsíðurnar hjá hæstv. menntmrh. Hann kann sennilega það fyrir sér í blaðamennsku að það er um að gera að hafa rúsínurnar á útsíðunum. Hann fjallaði ofurlítið um samstarfsflokkinn á forsíðunni. Á baksíðunni segir, með leyfi þínu, forseti:

„Ég vil svo að lokum láta í ljós þá von mína að við hér á hinu háa Alþingi berum gæfu til að finna farsæla lausn á þessu máli og látum þá nauðsyn ganga fyrir pólitískri skákmennsku í atkvæðatafli. Við ætlum að styðja og styrkja íslensk ungmenni til náms af því sem það er áreiðanlega arðgæfasta fjárráðstöfun sem hugsast getur. En það er öllum fyrir bestu að agi og regla sé á öllum fjármálareiðum. Fyrir því mun ég beita mér af fullri hörku og er þess fullviss að við munum ná höndum saman við námsfólk um skipan mála sem öllum verður fyrir bestu."

Og þá fer maður að leiða hugann að því hvaða aðgerðir hæstv. menntmrh. frá undanförnum dögum og mánuðum það hafi verið sem sérstaklega hafa verið gerðar til að ná höndum saman við námsmenn úr því að það er honum slíkt keppikefli. Er það t.d. afstaða hans að skipa ekki réttkjörinn fulltrúa stúdenta í stjórn lánasjóðsins? Eða er það útgáfa reglugerðarinnar frá 3. jan.? Var það sérstök útrétt sáttahönd til námsmanna í framhaldi af fyrri loforðum um að svíkjast ekki aftan að bakinu á þeim sem var til þess sérstaklega ætluð að ná höndum saman og ná sáttum við námsfólk?

Ég held að hæstv. menntmrh. þurfi ekki fleiri vitna við en þeirra sem ég gat í framsöguræðu fyrir þáltill. minni og fleiri um þau mótmæli námsmannahreyfinganna bæði innanlands og erlendis sem dunið hafa yfir á síðustu dögum og vikum að framganga hæstv. menntmrh. hefur ekki verið námsmönnum þannig að skapi að þeir séu alveg í þann veginn að læsa hann hönd í hönd í einhverju griðabandalagi.

Það sem er alvarlegast í þessum hugmyndum, herra forseti, er auðvitað sú grundvallarbreyting sem lögð er til á, mér liggur við að segja hugsuninni bak við Lánasjóð ísl. námsmanna. Og sennilega er það þannig að hæstv. menntmrh. hefur aldrei skilið, enda lítill jafnaðarmaður og lítill félagshyggjumaður trúlegast, hvaða hugsun liggur að baki því námslánakerfi sem við nú búum við og þá verður bara að búa við það.

Hann leggur sem sagt til að taka með öllu út úr því kerfi allt sem heitið getur réttur námsmannsins og það skal vera fjárveitingavaldið og fjármálavaldið eitt sem ræður því hvort námsmenn svelta eða fitna, hvort þeir fá meiri eða minni eða engin námslán. M.ö.o., sú staðreynd að námsmenn eru lifandi manneskjur rétt eins og annað fólk og þurfa að borða og kaupa föt á börnin sín og helst að reka bíldruslu og jafnvel að geta farið einstökum sinnum í bíó kemur hæstv. menntmrh. ekki við. Það er greinilega ekki hans mál hvort námsmenn geta lifað eins og eðlilegir þegnar í þjóðfélaginu. Það á ekki að ganga út frá því þegar þessar breytingar hæstv. menntmrh. ná fram að ganga eða ef þær gerðu

það og allt sem heitið gæti félagsleg hugsun yrði rústað út úr þessu kerfi.

Ég hef stundum verið að leita að orðum og kannske lokaorðum, herra forseti, eins og hæstv. menntmrh. valdi á bakhlið skýrslu sinnar, um þessa framgöngu og málafylgju hæstv. menntmrh. Mér dettur í hug orð sem er kannske ekki mjög fallegt á íslensku, orðið „frjálshyggjubarbarismi" til að reyna að hnoða því saman í eitt samfellt orð sem mér finnst helst felast í þessum hugmyndum. Einhvers konar hnefaréttarfrjálshyggjubarbarismi. Og svo er auðvitað ákveðin forréttindahyggja í þessari skýrslu. Það er svo langt frá öllu sem getur heitið jafnaðarmennska að í því felst beinlínis forréttindahyggja. Sú hugsun að það sé bara ágætt og gott og eðlilegt að ákveðnar fámennar stéttir í landinu hafi mikil forréttindi umfram annan almenning. Auðvitað mundi það leiða af svona breytingum, hæstv. menntmrh., það er óhjákvæmilegt. Með þessum orðum, auk þess sem ég mótmæli enn og einu sinni angurgapahætti hæstv. menntmrh. í sambandi við öll vinnubrögð, læt ég máli mínu lokið, herra forseti.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í bréfhólfinu mínu fann ég áðan bréf til alþm. frá einum fulltrúa hinnar hrjáðu húsbyggjendakynslóðar áranna 1980–1985. Maðurinn er að ávarpa alþm. í tilefni af því að harmkvælasögu hans er lokið með því að hann missti þakið ofan af höfðinu á fjölskyldunni fyrir nokkrum dögum og hann á fáein orð ósögð við alþm. En í tilefni af þeirri umræðu sem farið hefur fram um vanda húsbyggjenda þykir honum við hæfi að vitna í hin fleygu orð úr Innansveitarkroniku Laxness þar sem hann segir:

„Því hefur verið haldið fram að íslendíngar beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur, og þó enn síður fyrir rökum trúarinnar, en leysi vandræði sín með því að stunda orðheingilshátt og deila um titlingaskít sem kemur ekki málinu við; en verði skelfíngu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls."

Umræðan um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur einkennst af þessari áráttu að beygja sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, varla fjármunarökum, síst af öllu rökum trúarinnar, en stunda orðhengilshátt og verða svo að lokum skelfingu lostnir þegar einhver imprar á kjarna máls.

Hver er þá kjarni málsins? Engan mann þekki ég svo forhertan að hann segi: Leggjum af alla aðstoð við námsmenn, leggjum niður Lánasjóð ísl. námsmanna, látum lögmál markaðarins ráða. Menn virðast, alla vega flestir, og þar með talinn hæstv. menntmrh., þeirrar skoðunar að námsaðstoðarkerfi þurfum við að hafa. Og þá er spurningin: Hvernig á það að vera? Þetta er eitt af tekjujöfnunarkerfum okkar. Út frá sjónarmiði hinna yngri, sem eru að afla sér menntunar, skiptir það máli hvernig það er. Þeir gera til þess ákveðnar kröfur. Og hinir, sem eiga að standa undir kostnaðinum, gera einnig fyrir sitt leyti einhverjar kröfur. Námsaðstoðin hefur þann tilgang m.a. að reyna að koma í veg fyrir að menn, sem vilja stunda nám og hafa á því áhuga og atorku til, geti gert það og verði ekki útilokaðir frá því af efnahagslegum ástæðum: að enginn þurfi að hverfa frá námi vegna fátæktar.

Í annan stað eru uppi kröfur af hálfu þjóðfélagsins um það að þessi námsaðstoð verði endurgreidd. Ef við lítum á málefni lánasjóðsins eins og þau hafa þróast á undanförnum árum mundi ég setja fram fjögur meginatriði sem við þyrftum að staldra við og skoða.

Hið fyrsta er þetta: Hvert er samhengið milli lána og launa? Er það skynsamlegt kerfi sem er þannig úr garði gert að sú námsmannsfjölskylda sem notið hefur námsaðstoðarinnar verði fyrir verulegri kjaraskerðingu, tekjuáfalli, ef hún lætur af námi en tekur upp starf? Það hygg ég að sé ekki eðlilegt. M.ö.o., ég held að það sé eðlilegt að eitthvert samhengi hljóti að vera milli þeirra launa sem erfiðisvinnufólk í þessu landi fær fyrir iðju sína og svo þeirrar námsaðstoðar sem það sama fólk á að standa undir með sköttum sínum. Og að kerfið eigi ekki að vera af því tagi að ráðstöfunartekjur námsmannsfjölskyldu séu til mikilla muna meiri á þeim tíma sem námið er stundað en hún má gera sér vonir um þegar námi er lokið og taka á upp störf. Menn geta auðvitað sagt í hálfkæringi: Það á að hækka launin. En meðan við horfum á staðreyndirnar eins og þær eru spyr maður bara: Eru forsendur fyrir því að þetta þjóðfélag, miðað við þau laun sem það greiðir, geti haldið uppi námsaðstoð sem virðist vera talsvert mikið ríflegri en auðugustu þjóðir í grennd við okkur veita, þar með taldar allar Norðurlandaþjóðir?

Atriði númer tvö, sem ég vildi staldra við, er þetta: Námsaðstoðin er auðvitað til þess — hún er tímabundin — að aðstoða unga fólkið í náminu meðan það þarf á því að halda og hún er auðvitað viðbótarfé, fyrir utan það aflafé sem námsmenn við venjulegar kringumstæður geta aflað sér á námstíma með sumarvinnu. Og krafa þeirra, sem undir námsaðstoðinni standa, er ákaflega einföld. Hún er sú að þessi námsaðstoð verði endurgreidd á raunvirði þegar námi er lokið og þegar geta námsmannsins eða fjölskyldu hans til þess að endurgreiða það er orðin meiri.

Þriðja atriðið, sem ég vildi staldra við, er það að ég tel það óskynsamlegt í núverandi kerfi að það skuli vera vinnuletjandi. Koma í veg fyrir að námsmaðurinn geti bætt sinn hag með því að leggja það á sig á námstímanum að afla tekna. Þetta styðst við gamlar og grónar hefðir íslenskra námsmanna. Og meðan okkar þjóðfélag er þannig úr garði gert að þess er kostur, það er ekki atvinnuleysi, tel ég það þýðingarmikið að reyna að halda í þessi tengsl námsmanna við atvinnulífið.

Fjórða atriðið, sem ég vildi síðan staldra við, varðar Alþingi, stjórnmálaflokkana, stjórnmálamennina og þá pólitík sem þeir reka. Þar vil ég fyrst og fremst segja það að námsaðstoðina, sem innt er af höndum, á að greiða af sköttum, og fjár í lánasjóð af þessu tagi, sem er tekjujöfnunarsjóður, á ekki undir neinum kringumstæðum að afla með erlendum lánum. Það er bæði siðlaust og frábærlega heimskulegt. Erlent lánsfé er dýrt og ber háa vexti. Þetta er lánsfé, alveg eins og við tölum um húsnæðislánakerfið, þar sem lánað er út til tiltölulega langs tíma, hefur hingað til ekki borið vexti. Og við byggjum ekki upp lánasjóð, sem rís undir nafni, eins og við þurfum að gera ef stjórnmálamennirnir hafa ekki kjark til þess að leggja á þá skatta sem þarf til þess að standa undir þessum sjóði, heldur velta vandanum á undan sér með sláttumennsku, með erlendum lánum, sem þýða það auðvitað að vonlaust er að byggja upp eigin fjárhag sjóðsins, þannig að hann standi undir sjálfum sér eins og hann á að gera þegar fram líða

stundir.

Það er ákaflega auðvelt að slá sig til riddara í þessu máli með því að taka undir allar kröfur. Það er hins vegar líka ákaflega billegt. Allur þorri námsmanna gerir sér fullkomlega grein fyrir því að á þessu máli eru a.m.k. tvær hliðar. Námsmenn eiga sínar kröfur og sinn rétt. En um leið verður líka að líta á það hvernig á að standa við þessar kröfur og þar skiptir þetta meginmáli. Stjórnmálamenn verða að hafa kjark til þess að segja: Þess fjár sem er til ráðstöfunar í þennan sjóð öflum við með sköttum en ekki með erlendum lánum með ávísun um þyngri skatta síðan.

Þetta finnst mér vera aðalatriðin. Og ég er tilbúinn að segja það bæði hér og við námsmenn, eins og reyndar ég hef gert þegar á fundum, og ég hef ekki orðið var við annað en að námsmenn hafi á því fullan skilning, þegar rætt er við þá í alvöru um það, að þessi sjónarmið séu góð og gild. Svo mega aðrir slá sig til riddara eins og þeir vilja með því að taka undir allar kröfur og segja að það eigi að verða við öllum kröfum og óskum. En þeir hinir sömu menn ættu þá líka að standa niðri við höfn eða á vinnustöðum vinnandi fólks og segja slíkt hið sama.

Herra forseti. Ég tel að það séu gallar á núverandi kerfi og ég tel að það sé eðlilegur hlutur að það sé reynt að sníða þá vankanta af og taka fullt tillit til réttra röksemda og sjónarmiða beggja aðila, þeirra sem eiga að standa undir þessum gjöldum tímabundið og hinna sem eiga að njóta.

Nú er það aldeilis fráleitt, herra forseti, að við getum á þessum tíma farið út í nákvæm útfærsluatriði. Og ég minni á: Hér liggur ekkert frv. fyrir Alþingi. Lögð hefur verið fram skýrsla sem menn fengu í hendur fyrir nokkrum mínútum. Skýrslan er auðvitað framlögð til að friða samvisku hæstv. ráðherra, vegna þess að hann hefur verið stórorður mjög um áform sín. Hann ætlaði að leggja hér fram frv., hann ætlaði að koma þessum hugmyndum í framkvæmd sem hann boðar. Hann hefur ekki getað gert það. Það liggur alveg ljóst fyrir. Við erum ekki að taka afstöðu til lagasetningar. Hann er að boða hugmyndir og ekkert liggur fyrir um það að það sé nokkur samstaða við samstarfsflokkinn um það að þessar hugmyndir verði nokkurn tíma að veruleika. Þess vegna ætla ég ekki á þessu stigi málsins að fara út í nákvæma umræðu um öll þau atriði sem hann hefur tíundað. Ég fyrir mitt leyti geri þó strax eina athugasemd. Hún er þessi: Það er spurningin um vaxtatöku af þessum lánum, þ.e. eftir að námstíma er lokið og til endurgreiðslu kemur. Í skýrslunni stendur einhvers staðar að þetta eigi að bera lægri vexti en markaðsvexti og þá miðast við lægstu vexti á markaðnum. Þeir vextir eru ekki 3,5%. Þeir vextir eru 1%, þ.e. þeir vextir sem eru krafðir af lánum til langs tíma varðandi húsnæðisöflun láglaunafólks.

Ég læt mér nægja, herra forseti, að lokum að árétta þessi sjónarmið. Við eigum að reyna að ná samstöðu um það að námsaðstoðarkerfið sé skipulagt út frá ákveðnum grundvallarsjónarmiðum. Í fyrsta lagi er það þetta: Það verður að vera ákveðið samhengi, sanngirninnar vegna, milli launa og lána. Það dugar t.d. ekki að laun séu ekki verðtryggð en lán séu það á sama tíma. Í annan stað: Það er sanngirniskrafa, sem námsmenn fyllilega skilja eins og aðrir í þessu þjóðfélagi, að lánin skuli endurgreiða á raunvirði. Námslánakerfið á ekki að vera vinnuletjandi. Og þeir sem sitja á hinu háa Alþingi eiga að gera þá kröfu til sjálfra sín að þeir eigi að leggja á skatta fyrir þessu kerfi, en hætta þeim ósóma að eyðileggja þennan sjóð upp á framtíðina með því að slá erlend lán, sem engin leið er að ávöxtunarkröfur þessa sjóðs rísi undir.

Að lokum eitt: Að því er varðar reglugerðarsetningu ráðherra í byrjun árs verð ég að taka undir gagnrýni sem fram hefur komið. Hann lýsti því mjög afdráttarlaust yfir að hann mundi ekki á miðju skólaári gera neinar þær breytingar sem breyttu högum námsmanna á miðju námsári. Þessu lýsti hann yfir við umfjöllun málsins í nefnd hér í stigaherbergi. Við þetta hefur ekki verið staðið. Að vísu er breytingin á reglugerðinni hin seinni, að því er varðar námsmennina erlendis, til bóta. En af því að ráðherra ber sig illa undan því að málstaður hans hafi verið affluttur, og víst hefur það verið gert víða, verður við einnig að rifja þetta upp og gera kröfur til þess að hann standi við þau orð sín. Það er sanngirniskrafa að námsmenn, sem tóku ákvörðun um sitt nám á s.l. sumri, standi ekki frammi fyrir því á miðjum vetri að forsendum fyrir þeirri aðstoð, sem þeir gengu út frá, verði breytt. Þannig að kannske voru þegar af þeirri ástæðu engar forsendur fyrir því að ráðherrann gæti út frá sanngirnissjónarmiðum lagt fram frv. eða látið lagabreytingar taka gildi á miðjum vetri.

Að lokum, herra forseti. Það hefur mikið verið talað um þær hugmyndir, sem bæði eru reifaðar í þessari skýrslu og hafa verið settar fram áður, að námsaðstoðarkerfið geti verið með tvennum hætti, þ.e. námslán með fullri endurgreiðslu og svo hins vegar styrkir að hluta til. Ég fyrir mitt leyti vísa til reynslu minnar á mínum námsárum af námsaðstoðarkerfinu sem ég kynntist, aðallega í Bretlandi og reyndar hjá þróunarþjóðum hins breska heimsveldis. Ég er hrifinn af þeirri hugmynd að við tökum upp námsstyrkjakerfi með. Ég get vel sætt mig við þær hugmyndir sem þarna eru reifaðar um það að það verði annars vegar styrkir vegna ferðalaga námsmanna sem þurfa að fara langa leið, ef sá ferðakostnaður er hár að og frá námsstað. Mér hugnast einnig sú tillaga vel að afburðamenn í námi séu verðlaunaðir með styrkjum, með hvatningu. Bæði þeir sem leggja á sig langt og strangt, erfitt sérhæft nám í háskóla og eins afburðamenn sem eru að búa sig undir háskólanám í framhaldsskólum. Ég sé ekkert rangt við það út frá sjónarmiðum jafnaðar. Þetta er nánast eins og menningarlegt uppeldisatriði í mínum huga, að þetta sé skynsamlegt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það var tilkynnt í upphafi þessa fundar að um kl. fimm yrðu kosningar í ráð og nefndir og atkvæðagreiðslur. Það verður að standa við það og því verður að fresta þessari umræðu að sinni. (**Gripið fram í:** Hve lengi?) Á meðan kosningin stendur yfir og atkvæðagreiðslur.

Umr. frestað.

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. til eins árs, frá 3. júní 1986, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 7. gr. laga nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn

skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde hagfræðingur (A),
Axel Gíslason aðstoðarforstjóri (B),
Theódór Blöndal tæknifræðingur (A),
Sveinn Jónsson verkfræðingur (C),
Hörður Þórhallsson sveitarstjóri (A),
Sveinn Þórarinsson verkfræðingur (B),
Helgi Hálfdánarson umboðsmaður (D).

Varamenn:
Bogi Nilsson sýslumaður (A),
Aðalsteinn Valdimarsson skipstjóri (B),
Þráinn Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Inger Linda Jónsdóttir lögfræðingur (C),
Guðmundur Á. Auðbjörnsson málari (A),
Þorsteinn Ólafsson framkvæmdastjóri (B),
Sigfús Guðlaugsson rafveitustjóri (D).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn landshafnar í Þorlákshöfn til fjögurra ára, frá 6. júní 1986 til jafnlengdar 1990, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 4. gr. laga nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Einar Sigurðsson skipstjóri (A),
Benedikt Thorarensen framkvæmdastjóri (B),
Jón Þorgilsson sveitarstjóri (A),
Ásgeir Benediktsson fiskmatsmaður (C),
Karl Karlsson skipstjóri (A),
Kjartan Þorkelsson lögfræðingur (B),
Erlingur Ævar Jónsson skipstjóri (D).

Varamenn:
Þór Hagalín sveitarstjóri (A),
Ketill Kristjánsson, Þorlákshöfn (B),
Jakob Havsteen hdl. (A),
Þröstur Þorsteinsson skipstjóri (C),
Sverrir Sigurjónsson trésmíðameistari (A),
Þórður Ólafsson, Þorlákshöfn (B),
Sigurður Bjarnason skipstjóri (D).

Kosning varamanns í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins í stað Guðrúnar Sæmundsdóttur sem sagt hefur sæti sínu lausu.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Helga Thorberg leikkona.

Kosning eins fulltrúa í nefnd til ráðuneytis um framkvæmd þingsályktunar um samræmingu gildandi laga í stað Margrétar Rúnar Pétursdóttur sem sagt hefur sæti sínu lausu.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Sigrún Benediktsdóttir.

Mat heimilisstarfa til starfsreynslu, þáltill. 11. mál (þskj. 11, n. 507 og 802, brtt. 589, 609, 643, 657 og 803). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 589, 609, 643, 657 teknar aftur.

Brtt. 803 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, HÓ, HS, HG, JS, JBH, JHelg, JK, KSG, KolJ, ÓE, PP PJ, GHH, RA, RH, SalÞ, SkA, StB, SV, SvG, SBöð, ÞS, AS, BÍG, BD, DA, EH, EgJ, MHM, EKJ, FÞ, GeirG, GB, GJG, GGS, HÁ, ÞK.

KH, SDK, SvH, ÁJ, FrS, GA, GHelg greiddu ekki atkvæði.

15 þm. (IG, KP, KJóh, KSK, MB, MÁM, ÓÞÞ, StG, StH, SJS, ÞP, AG, EBS, GSig, KMK) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Sú till. sem nú er verið að greiða atkvæði um er að sönnu framför frá fyrri afgreiðslu hv. allshn. á þessu máli. Till. gerir hins vegar lítið annað en að staðfesta það ástand sem í reynd ríkir nú í þessum málum. Hún fleygir mati á heimilisstörfum hvorki aftur á bak né áfram. Þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Sú till. sem hér um ræðir gerir að sönnu kannske ekki stórar breytingar á núverandi ástandi hvað fólki sem vinnur heimilisstörf viðvíkur, en ég gat ekki með neinu móti tekið undir þau viðhorf Kvennalistans að þeir sem gegna heimilisstörfum í landinu ættu að vera ríkisstarfsmenn. Þess vegna styð ég þessa till. og segi já.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hefði vænst þess að þessi afgreiðsla væri rismeiri en hún er, en hún er skárri en ekkert og því segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1070).

Langtímaáætlun í jarðgangagerð, þáltill. 90. mál (þskj. 100, n. 783). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 783, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 34:10 atkv.

Skipulag loðdýraræktar, þáltill. 235. mál (þskj. 463, n. 887). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 887, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 36 shlj. atkv.

Stefán Benediktsson: Við sitjum á þessum væng 17–20 manns, allt eftir því hvaða menn eru að ganga inn og út úr þingsalnum, og ég tók eftir því sérstaklega núna að það voru þó nokkrir menn sem ekki greiddu atkvæði þannig að ég held að það hafi ekki verið talið rétt. (**ÁJ:** Það eru 22 hér nú.) Í augnablikinu, já. Þetta gildir reyndar líka um atkvæðagreiðslu áðan um tilvísun til ríkisstj. um till. um jarðgangagerð. Mér sýndist einhvern veginn ekki alveg ganga upp tölur talningarmannsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er upplýst að það eru 47 þingmenn í þingsalnum, en það komu fram 36 atkvæði. Það er ekki sönnun fyrir því að rangt hafi verið talið. En með því að þessi athugasemd hefur fram komið verður atkvæðagreiðslan endurtekin.

Till. á þskj. 887, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 36 shlj. atkv.

Svört atvinnustarfsemi, þáltill. 56. mál (þskj. 57, n. 886). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 886, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 36 shlj. atkv.

Afplánun dóma vegna fíkniefnabrota, þáltill. 261. mál (þskj. 494, n. 885). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 885 samþ. með 36 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1071).

Dómhús fyrir Hæstarétt Íslands, þáltill. 319. mál (þskj. 590, n. 964, brtt. 965). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 965 (ný tillgr.) samþ. með 40:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1072).

Eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu, þáltill. 349. mál (þskj. 637, n. 959, brtt. 963). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 963 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1073).

Áhrif forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu, þáltill. 377. mál (þskj. 677, n. 939, brtt. 940). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 940 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1074).

Frestun nauðungaruppboða, þáltill. 104. mál (þskj. 114, n. 966, brtt. 967). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 967 (ný tillgr. og fyrirsögn) samþ. með 41 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1075).

Skýrsla menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna. — Frh. umr.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að verða langorð um þetta málefni í þetta sinn, enda búin að ræða það oft og mikið bæði utan þings og innan, nú síðast í útvarpsumræðum s.l. fimmtudagskvöld.

Samkvæmt hefðum og venjum vil ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að gera þó tilraun til að skilja ekki svo við okkur á þessu þingi að við hefðum ekki minnstu glóru um fyrirætlanir hans í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna, en þakkir mínar eru trega og jafnvel hneykslun blandnar og ekki get ég sagt að þessi skýrsla hans eyði kvíða og áhyggjum um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna í höndum hæstv. ráðh. og ráðgjafa hans.

Ég verð að segja alveg eins og er að ekki er þm. sýnd mikil tillitssemi né málefninu virðing við hæfi að standa svona að málum. Skýrsla hæstv. menntmrh. liggur hér á borðum í dag og nú örfáum tímum síðar, eftir miklar annir og inn á milli mikilla anna, eigum við að ræða hana. Og er nú hægt að ætlast til þess að það geti orðið af miklu viti? Ég endurtek að mér finnst þetta vera óvirðing við málefnið og hefði kosið að hér hefði öðruvísi verið staðið að. Hv. þm. eru að vísu orðnir ýmsu vanir, en þetta finnst mér keyra úr öllu hófi. Og ég hlýt að mótmæla þessum vinnubrögðum harðlega.

Ég vil þó fagna yfirlýsingu hæstv. ráðh. áðan um aukafjárveitingu til sjóðsins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér í dag ætti sú fjárveiting nokkurn veginn að duga til þess að hagur námsmanna

versni a.m.k. ekki á þessu ári frá því sem nú er.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp lið fyrir lið samskipti hæstv. menntmrh. og námsmanna og afskipti hans af málefnum lánasjóðsins. Þau eru hins vegar geymd en ekki gleymd. Það versta við þau er lítilsvirðandi framkoma hæstv. ráðh. í garð námsmanna sjálfra og vanhugsaðar yfirlýsingar og fullyrðingar um ókosti þessa lánakerfis, en þessi framkoma hefur haft þær afleiðingar að magna óvild og tortryggni í garð námsmanna og lánasjóðsins þeirra og einnig að magna áhyggjur námsmanna sjálfra og grafa undan því öryggi sem lánasjóðnum er ætlað að veita. Því miður er ekki að sjá við mjög snöggt yfirlit yfir þessa skýrslu menntmrh. að hann sé neitt að snúa við blaðinu í þeim efnum. — Þar sem hæstv. ráðh. kvartaði áðan undan því að hann heyrði ekki mál mitt vil ég endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að ég fagna yfirlýsingu hans um að séð verði til þess að útvega nægilegt fé í lánasjóðinn eða vonandi nægilegt fé á þessu ári.

Ég veit ekki hvort það þjónar tilgangi að fara mjög mörgum orðum um þessa skýrslu. Umræður um skýrslu, sem enginn tími hefur verið til að athuga og gera sér grein fyrir, eru í rauninni algerlega út í bláinn. Hún er greinilega stútfull af hinum verstu hugmyndum til breytinga á þessu lánakerfi sem flestar virðast því marki brenndar að miða að því að bæta hag sjóðsins. Hagur námsmanna sjálfra er augljóslega minna virtur. Þannig finnst mér menn nálgast málið frá öfugum enda og ég vil minna á það, sem ég hef reyndar margsagt áður, að ef farið verður út í einhverjar breytingar er algjör nauðsyn, ekki bara kurteisi og tillitssemi, heldur algjör nauðsyn að hafa um slíkar breytingar fullt samráð við fulltrúa námsmanna sjálfra. Því miður virðist mér skorta á vilja hæstv. menntmrh. hvað það varðar.

Ég minni líka á að við umræður utan dagskrár á Alþingi í lok janúar á þessu ári hafði hæstv. ráðh. góð orð um það að fulltrúar stjórnarandstöðu fengju eitthvað um málið að segja áður en það kæmist á ákvörðunarstig, eða eins og hann orðaði það, að hann skyldi gjarnan beita sér fyrir því að leita lags við aðra flokka á Alþingi um framkvæmdir í þessum efnum.

Herra forseti. Ég vil ítreka það, sem margsinnis hefur komið fram, að Kvennalistinn telur lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna góð lög vegna þess að þau koma hinum efnaminnstu best og tryggja það nokkurn veginn að enginn þurfi að láta slæman efnahag eða aðra þröskulda hindra sig á menntaveginum. Þetta lánakerfi kostar okkur mikið fé nú um skeið en þörfin fyrir háar fjárveitingar úr ríkissjóði munu fara ört minnkandi innan fárra ára og við megum ekki líða skammsýninni að ná yfirhöndinni hvað varðar uppbyggingu sjóðsins.

Hæstv. ráðh. og ráðgjafar hans gleyma því gjarnan að námsmenn eru nú úr óvenju fjölmennum aldursárgöngum og munu innan tiltölulega fárra ára standa að mestu undir lánakerfi sinna eigin barna. Og sjaldan verður sú vísa of oft kveðin að lausnin á vanda lánasjóðsins væri vitanlega fyrst og fremst fólgin í því að hverfa frá láglaunastefnunni sem er í raun og veru að sliga þetta þjóðfélag og skekkja allar áætlanir á nánast öllum sviðum. En það virðast því miður fæstir stjórnmálamenn skilja og viðurkenna.

Ég vil svo vara hæstv. menntmrh. við því að breyta því lánakerfi sem við búum við í dag. Ég held einfaldlega að þær breytingar, sem menn hafa hæst um, eins og niðurfelling tekjutillitsins, hrein skipting kerfisins í lán og styrki og þar fram eftir götunum, skili ekki hinum minnsta sparnaði inn í kerfið og væri til óþurftar. Það hefur margsinnis komið fram að Kvennalistinn er ákaflega mótfallinn þeim hugmyndum um breytingar á lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem mest hafa verið ræddar. Við vörum sérstaklega við vaxtaálagningu samfara hertum innheimtureglum sem mundu tvímælalaust bitna harðast á þeim sem síst skyldi.

Við vörum við öllum breytingum í þessa átt og mótmælum þeim og þá með hag námsmanna í huga. En vegna þess að hæstv. ráðh. og ráðgjafar hans byrja yfirleitt á hinum endanum og bera hag sjóðsins sjálfs mest fyrir brjósti, þá verða þeir að reikna dæmið til enda því þessar breytingar munu að öllum líkindum koma út á eitt fyrir sjóðinn.

Ég held ég hafi þessi orð ekki fleiri, enda vænti ég að hv. þm. og aðrir áheyrendur bíði nú með nokkurri eftirvæntingu eftir að heyra hvað fulltrúar samstarfsflokks hæstv. menntmrh. hafa um þessa skýrslu að segja. Og ég vænti þess að þessari umræðu ljúki ekki áður en sjónarmið framsóknarmanna hafa komið fram. Það er vikið hlýlega að þeim hér í þessari skýrslu eða eins og hæstv. menntmrh. segir hér á fyrstu bls.: „Ég tek það fram að ég álít að flokkana skilji ekki mjög mikið að um afstöðu í máli þessu," og er ég nú ekki alveg tilbúin að trúa þessu eftir allt sem á undan er gengið.

En hæstv. ráðh., nú verður þessari endalausu baráttu um Lánasjóð ísl. námsmanna að fara að linna. Ég sé svo sem ekkert eftir mér eða öðrum hv. þm. til þess að ræða málefni sjóðsins nokkrum sinnum á hverju ári og leggja mitt af mörkum til að halda aftur af ráðherrum í tilraunum þeirra til að brjóta þetta kerfi niður. En óvissu námsmanna verður að linna. Það nær ekki nokkurri átt að setja þá í þá aðstöðu, jafnvel oft á ári, að þeir viti ekki hvernig þeir geta brauðfætt sig næstu mánuði.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég veit að forseti hefur mjög þröngt um hendur tímans vegna og fyrir því er það að ég mun stytta mál mitt. En ég vil af gefnu tilefni taka fram það sem segir á fyrstu bls. í skýrslu minni um lánasjóðinn að ég er ekki þar með ávirðingar í garð fyrrv. hæstv. menntmrh. þegar ég tek fram að hann hafi skipað nefnd til þess að gaumgæfa starfsemi og reglur LÍN. Það stendur að svo hafi viljað til að samvinnuflokkur okkar, Framsfl., hafi ekki átt mann í þessari nefnd. Þetta var stjórn lánasjóðsins, en þannig vildi til að fulltrúi Framsfl., og trúlega formaður stjórnarinnar þá, sagði af sér í því bili. Þess vegna er það ekki að hér sé hæstv. fyrrv. menntmrh. og núv. heilbrrh. hafður að neinum blóraböggli. Það vil ég taka skýrt fram.

Ég þarf ekki mörg orð að hafa til andsvara við þeim fullyrðingum sem hér hafa komið fram og þeim málflutningi sem hv. 4. þm. Norðurl. e. tíðkar yfirleitt né heldur Kvennalistinn. Því hefur margsinnis verið svarað. Hv. 4. þm. Norðurl. e. vísar því á mig að ég hafi haft uppi fullyrðingar um slæm viðskipti námsmanna við lánasjóðinn. Ég bendi honum á að lesa sitt eigið blað, Þjóðviljann. Í honum stóð, haft eftir námsmönnum, að þessi sjóður og starfsemi hans væri alræmd vegna

þjónustu við námsmenn. Hann ætti að æfa sig í að lesa það guðspjall sem þar gefur að líta. Hann segir að þetta sé því að kenna að sjóðurinn hafi verið undirmannaður. Hann ætti að kynna sér hversu lengi félagi hans, hv. 3. þm. Norðurl. v., hefur verið fjmrh. Hann hefur töluvert með þessi mál að gera og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, en sex voru stöðugildin sem sjóðurinn hafði en starfaði með 25 manns samt, launað af lánsfé sjóðsins. Allt þetta hefði hann getað kynnt sér ef hann hirti eitthvað um staðreyndir í þessu sambandi. Ég held þess vegna að það sé ekki rétt fullyrt hjá honum þegar hann segir að þverskallast hafi verið við að lofa sjóðnum að ráða starfsfólk. Þetta snýr allt saman öfugt í munni mannsins þegar hann hefur uppi orðræður sínar um sjóðinn af því að hann hefur ekki nennt að kynna sér þetta. Hann þekkir ekkert nema til þess sem hann sjálfur mun hafa fengið einhverja fyrirgreiðslu á sínum tíma til þess að stunda nám sitt. Hann veit ekki betur um það hvernig reglugerðir eru en hann fullyrðir eða hefur á orði að ég kannske gæti tekið upp á því að setja reglugerð um afnám allra námslána. Reglugerðir verða að fara eftir innihaldi laga og geta ekki verið öðruvísi. Þær eru frekari útlistun og túlkun á lögum. Það ætti hann að kynna sér áður en hann hefur þessar fullyrðingar uppi. Annars skildist mér á ræðu hans að hún væri meira svona til skemmtunar en það að maður ætti að taka hana alvarlega.

Það var enginn að tala um að það hafi verið ófyrirséð fjölgun námsmanna. Ég var að tala um og hef verið að tala um þær áætlanir sem voru uppi hafðar þegar lögin frá 1982 voru sett. Það hefur ekki gengið eftir sú áætlun og ekkert við því að segja. En ekki var það fyrir séð þá og eftir þeim spádómum sem lágu þá fyrir.

Ég spyr: Ef svo vill til hjá námsmanni að hann getur séð fyrir sér sjálfur, er þá einhver hætta á því að hann sæki samt sem áður í lánsfé? Ef einhver getur og hefur fé handa í milli til að sjá fyrir sér og sínum, getur unnið fyrir sér eða með öðrum hætti hefur fé til ráðstöfunar, hvers vegna sækir hann þá í að safna sér lánum? Vill einhver gefa skýringu á þessu? Auðvitað blasir skýringin við. Auðvitað blasir hún við. Allir sækja í peninga, ókeypis peninga ef þeir geta komist yfir þá til þess að ráðstafa þeim þá öðruvísi. (**SJS:** Eru þetta gjafir, hæstv. menntmrh.?) Það er ekki verið að álasa neinum fyrir það þó þeir sæki í slíka sjóði. Við höfum of mörg dæmi um þetta. (**JBH:** Kommissar í Framkvæmdastofnun getur trútt um talað.) Við höfum of mörg dæmi um þetta. Þú fórst nú mörgum orðum, hv. 5. þm. Reykv., um hegðan manna í Framkvæmdastofnun án þess nokkurn tíma að hafa fyrir því að kynna þér þetta. (**JBH:** O-jæja.) Ekkert nema glannafengnar yfirlýsingar sem helst voru hirtar upp úr Alþýðublaðinu og samdar af mönnum sem við þurfum ekki lengur að nefna.

Ég stytti enn mál mitt, herra forseti, af ástæðum sem eru auðskildar. Ég vil svara því til að ég mun beita mér fyrir því að samtök námsmanna muni eiga áfram aðild að stjórn sjóðsins. Það var spurt beint um það og svarið er þar með gefið.

Ég ætla ekki að bæta neinu við um það sem áður hefur verið rætt um að peningar gefast ekki hér, svo að ég viti, ókeypis á Íslandi frekar en annars staðar. Ég vil hins vegar taka afstöðu til þess fyrir fram, ef menn vilja setja upp styrkjakerfi, að hve miklu leyti menn vilja verja háum fjárhæðum til styrkja. Það blöskrar hv. ræðumönnum. Ég að vísu undanskil alveg hv. 5. þm. Reykv. því að allt hans tal var mér mjög að skapi og við eigum greinilega mjög samleið í afstöðu okkar til málsins. En þeim alveg ofbýður að hér skuli eiga að fela hinu háa Alþingi í hendur að ákveða hversu mikið sjálft æðsta vald í þessum efnum treystir sér til að verja í þessu skyni árlega. Það á bara að vera eftir einhverjum öðrum þörfum sem fjárstreymið á að eiga sér stað. Auðvitað verður hið háa Alþingi að taka ákvörðun og við verðum að haga okkur eftir því hverju sinni. En við skulum gera okkur vonir um að sú stefna verði uppi að séð verði fyrir þörfum námsmanna að svo miklu leyti sem menn geta orðið sammála um það, a.m.k. að mínu leyti, þar sem ég hef margtekið fram að stefnan er sú að jafna aðstöðu manna til náms og að enginn þurfi að sitja af sér nám fyrir fátæktar sakir.

Ég nenni ekki og hirði ekki um að fara yfir útreikninga hv. þm. á tölum, en reglugerðarbreyting mín hafði þau áhrif að á Íslandi í níu mánuði lækkar þetta um 1600 kr. á mánuði, í Bandaríkjunum um 1445, í Vestur-Þýskalandi 1227 o.s.frv. Ég legg áherslu á það, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykv. Jóni Baldvini Hannibalssyni, að það er ekki bærileg tilhugsun að við aukum erlendar skuldir okkar til þess að standa undir lánsfé til námsmanna. En ég er þó ekki þar með að segja að það þurfi ekki að grípa til þess og þegar hv. 7. landsk. þm. Kristín Halldórsdóttir heldur því fram að hagsmunir lánasjóðsins og námsmanna fari ekki saman, þá undrast ég slíkan málflutning. Að styrkja lánasjóðinn og gera hann sterkan og öflugan til þess að standa undir þessum þörfum í framtíðinni hljóta að vera beinir hagsmunir námsmanna.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en ég ítreka það að mönnum liggur það mikið á að koma pólitískum höggum á andstæðingana að þeir gá ekki að sér í málsútlistun. Og virðist vera tilgangslítið á stundum að hafa uppi brýningar um þá stefnu sem menn vilja leggja áherslu á í framkvæmdinni því að öllu er öfugt snúið fyrir þeim í málflutningnum. Og fór raunar hv. 5. þm. Reykv. mátulegum orðum um málflutning hv. 4. þm. Norðurl. e.

Páll Pétursson: Herra forseti. Örfá orð um þessa skýrslu. Feginn hefði ég viljað sjá þessa skýrslu fyrr en nú síðdegis en hæstv. ráðh. hefur í mörgu að snúast. Ég hefði gjarnan viljað hafa tækifæri til þess að ræða um þessa skýrslu í þingflokki mínum. Í skýrslunni er sums staðar nokkuð sterkt til orða tekið, enda er ráðherrann garpur og skemmtilegur maður og kveður fast að orði. Þar er látið að hlutum liggja og jafnvel fullyrt ýmislegt sem ég held að sé stundum of mikið.

Það er rétt, sem fram kemur á fyrstu síðu þessarar skýrslu, að Framsfl. mun að sjálfsögðu ræða við fulltrúa Sjálfstfl., bæði um þetta mál og önnur meðan við erum í samstarfi. En ég vil láta það koma fram hér nú að framsóknarmenn hafa ekki tekið undir ýmsar af þeim hugmyndum ráðherrans sem settar eru fram í skýrslunni. Og m.a.s. hefur komið fram innan Framsfl. og af hálfu hans veruleg andstaða við sumar þeirra. Þessi lög um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem við búum nú við, eru að stofni til sett af menntmrh. úr Framsfl., Vilhjálmi Hjálmarssyni. Þau voru endurbætt af öðrum menntmrh. frá Framsfl., Ingvari Gíslasyni, hæstv. forseta Nd. Við berum þess vegna talsvert mikla ábyrgð á

lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og erum ekkert sérstaklega óánægðir með þau. Við lokum ekkert á það að einhverjar breytingar geti átt sér stað á lögunum. Þetta eru allgóð lög og það þarf ekki neinar byltingar á þeim.

Ég held að það eigi ekkert að vera að refsa mönnum fyrir að vinna og ég gæti hugsað mér hækkun á frítekjumarkinu. Það er rétt sem segir í þessari skýrslu um gildi vinnunnar, uppeldisgildi vinnunnar, og það er mikilvægt fyrir alla námsmenn að fá tækifæri til að kynnast atvinnulífinu. Við höfum hins vegar ekki léð máls á vaxtagreiðslum. Við höfum neitað þeim.

Það er margt fleira í þessari skýrslu sem við höfum ekki léð máls á. Þetta eru gamlir og hvimleiðir gestir sem við héldum að væru farnir. Það er eitt atriði í þessari skýrslu sem okkur hefur ekki verið sýnt áður eða a.m.k. hef ég ekki séð áður. Það er sú hugmynd að ASÍ og VSÍ fari að stjórna Lánasjóði ísl. námsmanna. Þetta finnst mér vera fráleit hugmynd. Ég vil veg ASÍ og VSÍ sem mestan en ég legg ekkert á þá að fara að stjórna Lánasjóði ísl. námsmanna.

Ég held líka að það sé fráleit hugmynd, sem ég reyndar hef ekki rekist á hér í þessari skýrslu en fram hefur komið í þessari umræðu, að fara að flokka nám í hagnýtt nám og óhagnýtt. Það er ákaflega erfitt að meta það og íslensk menning er ekki endilega byggð á hagnýtu námi og tilveruréttur og grundvöllur þessarar þjóðar og það veit menntmrh. náttúrlega manna best.

Ég vil ekki taka afstöðu til innheimtu- og lántökugjalda. Mér sýnist í fljótu bragði að þau kunni að orka tvímælis. Það er nauðsynlegt að einfalda starfsemi sjóðsins og takmarka fólkshald við hann og það er ekkert nema gott um það að segja. Ég tel jafnframt að vel geti komið til greina það fyrirkomulag sem hæstv. menntmrh. stingur upp á varðandi fyrsta árs nema. Það er ekki óskynsamlegt að gefa þeim kost á tveggja ára skuldabréfaláni sem breytist í venjulegt námslán ef námsmaður skilar eins misseris námsárangri á fyrstu 12 mánuðunum. Ég hef hins vegar fyrirvara um vaxtakjör, a.m.k. meðan vextir í þjóðfélaginu eru allt of háir eins og þeir eru enn þá. Ég er til viðtals um það að stytta endurgreiðslutímann úr 40 í 30 ár. Mér finnst 30 ár ekkert vera neitt mjög ósanngjarn tími til þess að greiða upp námslán sín og þá gætu námsmennirnir farið að leggja fyrir til ellinnar þegar það væri að baki. Það er náttúrlega fullmikið að fara að rífa af þeim ellistyrkinn til þess að borga námslánin. Það þyrfti að reyna að klára námslánin fyrst.

Mér finnst líka mögulegt, og það hefur held ég ekki komið fram í þessari umræðu, vel hugsanlegt að gera harðari endurgreiðslukröfur til þeirra viðskiptamanna lánasjóðsins sem setjast að erlendis. Sé t.d. námsmaður ekki kominn heim eftir 15–20 ár frá því að hann hóf að taka lán úr sjóðnum, þá finnst mér vel geta komið til greina að krefja hann um endurgreiðslu stífar heldur en ef hann hefði komið heim. Peningar, sem til námsaðstoðar er varið, eru fjárfesting sem kemur þjóðfélaginu að gagni, svo framarlega sem námsmaðurinn vinnur þjóð sinni að námi loknu. Annars er þetta glötuð fjárfesting og þá er ekkert við því að segja þó að hún sé endurgreidd hratt og vel, þegar það liggur ljóst fyrir að námsmaður ætlar að setjast að erlendis.

Ég hef ekki trú á því sem sagt, herra forseti, að fulltrúar stjórnarflokkanna komi sér saman um frv. sem væri í líkingu við það sem getið er um í þessari skýrslu. Við munum hins vegar tala við fulltrúa menntmrh. í þeirri von að fulltrúar Sjálfstfl. lagi sig að sjónarmiðum okkar framsóknarmanna. Lánasjóður ísl. námsmanna er fjárfrekur og við þurfum peninga til margs annars svo það er ekki hægt að láta alla peninga þangað. Fjárhagur LÍN væri reyndar þolanlegur ef hann hefði ekki þurft að búa við erlend lán. Það eru erlendu lánin sem sett hafa þennan sjóð um koll. En fjárþörf hans verður náttúrlega að mæta eftir því sem hægt er á hverjum tíma.

Við framsóknarmenn munum standa vörð um jafnrétti til náms þannig að engum eigi að vera lokuð leið til náms af fátæktar sökum. Það er jafnréttismál, það er landsbyggðarmál og það er aðalsmerki á þjóðfélaginu að börnum láglaunafólks sé ekki síður en öðrum tryggður réttur til náms ef hæfileikar og vilji er fyrir hendi. Nám er vinna, og vinna í þágu samfélagsins öðrum þræði. Það er ekki neitt við það að athuga þó að samfélagið beri einhverjar byrðar þess vegna. Lögmál markaðarins geta ekki gilt að fullu um Lánasjóð ísl. námsmanna fremur en margt annað í okkar þjóðfélagi.

Ég vona síðan að við framsóknarmenn komum til með að eiga góða samvinnu við hæstv. menntmrh. sem er skörungur mikill og hinn mesti garpur og vill vel þó að hann hafi hér að sumu leyti tekið upp sjónarmið sem við teljum ekki ásættanleg.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það hefur spunnist nokkuð langt mál um þessa skýrslu þó að hún sé reyndar ekki mikið meira en þriggja tíma gömul hér á borðum þm. Þó höfðu menn kannske eitthvert hugboð um það hvað í henni mundi standa. En ég vil bara benda á þá staðreynd að við erum ekki að tala um annað en þær reglugerðarbreytingar sem við horfum upp á. Því að þessi skýrsla er náttúrlega langt frá því að vera frv., ekki einu sinni drög að frv., eins og við heyrðum á máli hv. 2. þm. Norðurl. v., þingflokksformanns framsóknarmanna eða Samvinnuflokksins eins og menntmrh. vill heldur kalla hann. Hann taldi af og frá að þetta gæti verið grundvöllur að frv. sem þeir framsóknarmenn stæðu að í þessari ríkisstjórn. Og ég skildi hann svo að þeir stæðu væntanlega ekki heldur að slíku frv. í annarri ríkisstjórn.

Ég tel líka mjög ótímabært að menn ræði þessa hluti hér eins og um frumvarpsdrög væri að ræða. En ég tel alls ekki ótímabært að ræða þær hugmyndir sem hér eru settar fram því að það er þó nokkuð síðan menn hafa talað um grundvallaratriði í þessu máli. Það er nokkuð langt síðan menn hafa tekist á um það hér hugmyndafræðilega um námslán eða námsstyrki hvort lán eru fjármögnunaraðferð sem samfélagið tekur á sig vegna hagsmuna heildarinnar eða vegna hagsmuna einstaklinga, hvort menn líta á þetta sem fjárfestingu heildarinnar í sinni eigin framtíð eða sem ölmusu til einstaklinga. Og á þeim grundvelli, þ.e. út frá mestu andstæðum, verður að ræða málið en ekki með þeim hætti sem við höfum upplifað núna, í einhvers konar augnablikstaugaveiklun að gera hluti eins og reglugerðarbreytinguna, sem gerð var núna í vetur, sem tvímælalaust verður ekki túlkuð á annan veg en sem samningsrof á þeim aðilum sem þarna um ræðir. Því að menn hafa náttúrlega tekið ákvarðanir um sitt nám á grundvelli þeirra reglna sem þeir höfðu í höndunum. Það er alls ekki hægt að réttlæta svona aðgerð öðruvísi en að um sé að

ræða meiri stefnubreytingu af hálfu löggjafans en komið hefur fram. Reyndar hefur alls engrar stefnubreytingar orðið vart af hálfu löggjafans, heldur eingöngu af hálfu framkvæmdarvaldsins og það í einhvers konar andartakstaugaveiklun sem aðallega snerist um þjónustu stofnunarinnar. Það má segja að allt þetta mál sé sprottið upp af því að um eitt mál voru menn sammála, þó að andstæðingar væru að öðru leyti, það að þjónusta stofnunarinnar var ekki nógu góð við lántakendur. Og þar með voru menn líka að viðurkenna nauðsyn þessarar stofnunar fyrir lántakendur.

Ég ætla mér ekki, herra forseti, að eyða löngum tíma í að ræða efni og innihald þessarar skýrslu. Eins og ég sagði er hún ekki nema þriggja og hálfs tíma gömul hér á okkar borðum. Ég vil benda á nokkrar staðreyndir sem hér hafa verið ræddar. Ég vil benda á það að fram kemur í þessari skýrslu að hingað til hafa þó ekki nema 14,8% af útlánum sjóðsins orðið að styrkjum. Og ég tel þá staðreynd í hróplegri mótsögn við þá túlkun sem fram hefur komið í máli ráðamanna á því hvernig misfarið sé með þennan sjóð.

Í máli hæstv. ráðh. komu nokkuð fram áhyggjur hans yfir því að menn sæktu í þetta fé. Ég tel að þessari umræðu þyrfti þess vegna einmitt að ætla meiri tíma, því að þegar menn segja slíka hluti þá er alveg greinilegt að þeir líta fram hjá þeirri staðreynd hvers vegna kjörin voru höfð eins góð og þau eru. Þau voru höfð góð til þess að sem flestir gætu stundað nám. Og ef menn eru að draga úr því að laða menn að námi, þá eru menn líka um leið að boða þá pólitík að það eigi hreint og beint að minnka ásókn manna í nám, það séu ekki hagsmunir þjóðarinnar að allir læri, heldur einhverjir útvaldir.

Það er annað atriði sem ég tel að bendi til skammsýni eða þröngsýni eða einfaldlega hugsunarleysis í þessum hugmyndum. Það er það sem kemur fram í fyrsta lið þessarar skýrslu: „Lagt er til að það sé skýrt afmarkað í lögum um lánasjóðinn hverjir teljist vera í aðstoðarhæfu námi.“ Alþingi er m.ö.o. ætlað að setja fram í lögum lista yfir þær stofnanir eða þær námsgreinar sem lánshæfar eru. Þeir sem þekkja til starfa Alþingis ættu að átta sig mjög fljótlega á því að Alþingi er ekki hæfasta stofnunin til að taka ákvarðanir um slíka hluti, eins breytilegir og þeir eru í nútíma samfélagi frá ári til árs. Og að gera því skóna að menn geti gengið frá slíku í lögum finnst mér benda til þess að menn hafi tínt flestallt til sem einhvers staðar hafði komið fram sem gagnrýni og tekið það upp í þessa skýrslu bara til að fylla síður hennar. Annað stingur reyndar ekki í stúf við stefnu núverandi stjórnvalda. Það er sú fáránlega hugmynd að setja fulltrúa úr Alþýðusambandi Íslands í stjórn lánasjóðsins. Ég held að menn sjái kannske best fáránleika þeirra hluta ef námsmenn gerðu þá kröfu að fá að sitja í stjórn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands með gagnkvæmum réttindum.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Samstarfsaðilar í sambandi við tilboð í raðsmíðaskip, þeir á Kópaskeri og þeir á Svalbarðsströnd, sóttu, báðir þessir aðilar, um samtals 12 millj. til Byggðasjóðs til að kaupa þessi skip. Fjölmiðlar hafa haft eftir formanni stjórnar Byggðasjóðs, hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, að hann hafi borið fram tillögu um það í stjórn Byggðasjóðs að ofangreindar lánsbeiðnir yrðu samþykktar. Það varð því mörgum undrunarefni þegar þessi tillaga var felld með 4 atkvæðum gegn 3. Því vil ég spyrja hv. þm. Stefán Guðmundsson: Var þessi lánsbeiðni þeirra á Kópaskeri og Svalbarðsströnd hærri eða afbrigðilegri á einhvern hátt en t.d. það sem gert var af hálfu Byggðasjóðs vegna skipakaupa aðila á Akranesi, Ólafsvík, Bíldudal og Húsavík? Ég óska eftir að tilgreint sé hver fyrirgreiðsla Byggðasjóðs var í hverju tilviki. Björn Jósef Arnviðarson á Akureyri, sem er lögfræðingur þeirra sem stóðu að tilboði þeirra á Kópaskeri, spurði ég eftirfarandi spurninga og ég lét hann vita að ég mundi nota svör hans við þessa umræðu. — Ég spurði:

Telur þú ábyrgð Samvinnubankans fyrir Útgerðarfélag Kópaskers ekki fullnægjandi, eins og hún var í upphaflegu formi, miðað við venjulega viðskiptahætti?

Björn sagði: Jú, fullkomlega. Ég get ekki séð að hún geti verið betri.

Við ræddum þetta frekar og vorum sammála um að í þessu skilyrði Samvinnubankans fælist ekki annað en það að ef svo illa færi, sem litlar líkur væru fyrir, að kaupendur gætu ekki innt umsamda greiðslu af hendi og bankinn yrði að ganga að skipinu, væri það hægt án dómsúrskurðar. Annað var það ekki.

Ég spurði Björn Jósef enn fremur: Veist þú dæmi þess að sett séu þau skilyrði af byggingaraðila að hann fái ráðstöfunarrétt á hinni seldu eign ef bankatrygging er til staðar fyrir umsamdri greiðslu? Björn sagði: Ég veit engin dæmi þess.

Það hefur verið mikið rætt um þessi mál og því er nauðsynlegt að ræða þau meira en hægt er að gera hér á þremur mínútum.

Framkvæmdastjóri Slippstöðvarinnar á Akureyri setti það skilyrði að ef skipið gengi til baka fengi hann aftur að ráðstafa skipinu. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Var ekki óþarfi og raunar tilgangslaust að krefja Útgerðarfélag Kópaskers um bankaábyrgð fyrst sett var það skilyrði af hendi söluaðila að skipið gengi aftur til þeirra ef greiðslur ekki standast þar sem allar greiðslur átti að inna af hendi áður en skipið var afhent?

Annað skilyrði sem var sett samkvæmt því skeyti sem var vitnað til, þetta skeyti kom mánudagskvöldið 14. apríl og átti að svara því fyrir hádegi þann 16, var að sett yrði bankatrygging eða önnur sambærileg trygging fyrir því að eigið fé útgerðarfélagsins væri aukið um 4–5 millj. á ári næstu fimm árin þar sem ætla má að rekstur skipsins geti ekki staðið undir greiðslu vaxta og stofnlána fyrstu árin. Kröfur þessar voru ekki settar í sambandi við Særúnu á Blönduósi áður en þeir skrifuðu undir samninginn.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Telur hann að staðið hafi verið að þessu máli á eðlilegan hátt? Gerir hæstv. ráðh. engar athugasemdir við vinnubrögð og niðurstöður þessa máls?

Ég spyr hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh. sem áttu fulltrúa í embættismannanefndinni: Samþykkti embættismannanefndin þá niðurstöðu sem við blasir? Gera þeir engar athugasemdir við framgangsmáta þessa máls?

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Þegar kom að því að bjóða út raðsmíðaskip, sem samþykkt hafði verið að ríkissjóður taki nokkurn þátt í kostnaði við með niðurgreiðslu vaxta af lánum sem ríkissjóður hafði ábyrgst, þótti eðlilegt að ríkissjóður, með tilliti til þess að fyrirsjáanlegt var að hann yrði að taka verulegan þátt í byggingarkostnaði, setti ákveðin skilyrði varðandi útboðin og meðferð á þeim tilboðum sem bárust. Tilboðin voru opnuð 21. febrúar. Bárust alls í þessi skip 64 tilboð. Í samráði við skipasmíðastöðvarnar var ákveðið að þær ræddu við fjóra til fimm hæstu tilboðsgjafa í hvert skip og af hálfu sérstaks vinnuhóps, sem vann að þessu máli, var óskað eftir tilteknum upplýsingum. Það þótti rétt og nauðsynlegt af minni hálfu að skipa sérstakan starfshóp til að fjalla um tilboðin, leggja á þau hlutlægt mat og gera tillögur um málsmeðferð. Endanlegar ákvarðanir hafa að sjálfsögðu verið á mína ábyrgð. En það var leitast við að hafa vinnubrögð öll fagleg og leggja hlutlægt mat á tilboðin og málsmeðferð.

Þær upplýsingar sem vinnuhópurinn óskaði eftir voru rekstraráætlanir tilboðsgjafa, upplýsingar um hvernig eigin framlags yrði aflað, staðfesting viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækja um að þau gætu staðið við greiðslu eigin framlags og heimild til handa viðskiptabanka tilboðsgjafa til að veita Ríkisábyrgðasjóði þær upplýsingar um fjárhag og rekstur tilboðsgjafa sem óskað yrði eftir.

Að því er varðar það tilvik sem hér er sérstaklega vikið að af hv. málshefjanda skal það tekið fram að í mati starfshópsins, sem upphaflega var lagt fyrir, var gerð athugasemd við þá ábyrgð sem Samvinnubanki Íslands hafði veitt með tilteknum skilyrðum. Talið var að þessari ábyrgð yrði að breyta og þeim skilyrðum sem hún var háð. Með bréfi, sem Samvinnubanki Íslands skrifaði 12. mars, staðfesti bankinn ábyrgð með vissum skilyrðum. Það voru veittir frestir til að gefa útgerðarfélaginu á Kópaskeri kost á að ná fram niðurstöðu sem fullnægði þeim kröfum sem vinnuhópurinn hafði lagt til og verið sammála um. Sá frestur dugði ekki til þess að skilyrðum yrði breytt á þann veg að fullnægjandi væri og fyrir því var gefin heimild fyrir því að semja við annan aðila um ráðstöfun á þessu skipi.

Ég tel að tillögur ráðgjafarhópsins í þessu efni hafi í einu og öllu verið faglegar og á þeim grunni voru ákvarðanir teknar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Því hefur verið haldið fram að afgreiðsla á lánsbeiðnum í Byggðasjóði vegna Útgerðarfélags Kópaskers hafi verið óeðlileg. Þetta er nauðsynlegt að leiðrétta og þessi umræða utan dagskrár gefur mér kærkomið tækifæri til þess. Þessi eru helstu atriði málsins:

1. Rækjuverksmiðjan Sæblik hf. á Kópaskeri hefur lengi átt við rekstrarörðugleika að stríða sem valdið hafa langvarandi atvinnuleysi.

2. Meiri hluti stjórnar Byggðastofnunar hefur lýst því yfir að hann sé reiðubúinn til að leggja fram fé sem hlutafé eða að láni til að tryggja hráefnisöflun til rækjuverksmiðjunnar á Kópaskeri.

3. Varðandi kaup á raðsmíðaskipi af Slippstöðinni á Akureyri er nauðsynlegt að hafa í huga: Kaupverðið var 172 millj. kr. og skyldi það fjármagnað með lánum úr opinberum sjóðum að 85% eða 146,2 millj. kr. Það var mat Ríkisábyrgðasjóðs og vinnuhóps á vegum fjmrn., sjútvrn. og iðnrn. að Útgerðarfélag Kópaskers hf. yrði að setja sérstaka tryggingu til viðbótar skipinu fyrir 20 til 25 millj. kr. til að tryggja greiðslur afborgana og vaxta næstu fjögur árin eins og rekstraráætlun útgerðarfélagsins var upp sett. Þessi trygging var aldrei sett né grein fyrir henni gerð við starfsmenn Byggðastofnunar. Svo átti að heita að Samvinnubankinn ábyrgðist Slippstöðinni á Akureyri greiðslur á meðan á smíði togarans stæði. Í þessari ábyrgð, eins og hún var lögð fyrir Byggðastofnun, var þó tekið fram að Samvinnubankinn setti það eitt skilyrði að bankanum yrði afsalað skipið ef á ábyrgð bankans reyndi að einhverju eða öllu leyti. Þetta er mjög óvenjulegt ákvæði og augljóst að í ábyrgðinni fólst ekki að tryggja Útgerðarfélagi Kópaskers skipið. Hins vegar er augljóst að stjórn Samvinnubankans hefur vel getað hugsað sér að ráðstafa því á annan stað.

Starfsmönnum Byggðastofnunar var ekki gerð grein fyrir því hvernig samvinnu Kópaskers og Svalbarðseyrar yrði háttað í einstökum atriðum og væntanlegur útgerðarstjóri og framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins, Ólafur Valdimarsson, lét svo ummælt við starfsmenn Byggðastofnunar að skipið yrði að gera út á allra hagkvæmasta hátt og væri því gert ráð fyrir að vinna aflann um borð eftir því sem frekast yrði við komið. Hráefnisöflun fyrir rækjuverksmiðjuna á Kópaskeri var í hans huga víkjandi.

Ástæðan fyrir synjun Byggðasjóðs á 12 millj. kr. láni til hlutafjárkaupa vegna Útgerðarfélags Kópaskers var byggð m.a. á eftirfarandi:

1. Fjármagnsgrundvöllur útgerðarfélagsins var veikur og ekki lá fyrir hvernig útgerð skipsins yrði háttað.

2. Engin trygging var fyrir því að útgerðarfélaginu héldist á skipinu, sbr. ábyrgð Samvinnubankans og að ekki var gerð grein fyrir viðbótarveðinu.

3. Þó svo að útgerðarfélaginu héldist á skipinu lá ekkert fyrir um að það leysti hráefnisþörf rækjuverksmiðjunnar á Kópaskeri.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið við upphaf þessar umræðu, en ég skal reyna að svara því sem til mín var beint.

Fyrst er það fsp. um Útgerðarfélag Vesturlands vegna sölu á Óskari Magnússyni. Byggðastofnun lánaði hluthöfum í Krossvík hf. á Akranesi til að kaupa Höfðavík AK 200 af Fiskveiðasjóði 10 millj. kr. Byggðastofnun samþykkti einnig lán til að koma í veg fyrir að togarinn Jökull SH frá Ólafsvík yrði seldur úr byggðarlaginu. Lán til Hraðfrystihúss Ólafsvíkur var samþykkt upp á 6 millj. í þessu tilefni og heimild síðar á árinu upp á 4,5 millj. Samtals voru þarna lánaðar 10,5 millj. kr. Einnig var gefin heimild til að semja um vanskil Hraðfrystihúss Ólafsvíkur og Fiski- og síldarverksmiðjunnar Ólafsvík til þess að tækist að halda skipinu heima.

Í sambandi við Tálkna hf., vegna sölu á Sölva Bjarnasyni, samþykkti Byggðastofnun lán til Útgerðarfélags Bílddælinga og Fiskvinnslunnar hf. á Bíldudal, alls 28 millj. kr., til kaupa á Sölva Bjarnasyni af Fiskveiðasjóði og lánaði einnig til Suðurfjarðahrepps til hlutafjárkaupa í Útgerðarfélagi Bílddælinga 2 millj. kr.,

samtals 30 millj. Byggðastofnun tapaði þarna líka verulegu fé sem varð að afskrifa vegna þessa skips.

Það var einng spurt um Kolbeinsey. Þar lánaði Byggðastofnun Húsavíkurbæ 4,5 millj. kr. plús 500 þús., Fiskiðjusamlagi Húsavíkur 13 millj. og 500 þús. plús 1 millj. og 500 þús., samtals 20 millj. kr. Þetta var lánað til þessara fyrirtækja til að gera þeim kleift að kaupa togarann Kolbeinsey. Þarna tapaði Byggðastofnun einnig nokkru vegna afskrifta af þessu skipi.

Þá vík ég að málinu sjálfu sem varðar Byggðastofnun og afskipti okkar af þessu sérstæða máli. Fyrir lágu fjórar umsóknir í Byggðastofnun frá þessum aðilum, frá Sæbliki hf. lánsbeiðni upp á 3 millj. kr. og Presthólahreppi upp á 3 millj. kr., samtals 6 millj. kr. lánsbeiðni frá Sæbliki hf. á Kópaskeri og Presthólahreppi. Frá Svalbarðsstrandarhreppi kom lánsbeiðni upp á 2,5 millj. kr. og upp á 3 millj. kr. bráðabirgðalán eða til 18 mánaða. Samtals fóru þessir aðilar fram á að fá lánað úr Byggðasjóði til að kaupa þetta skip 11 millj. og 500 þús. kr.

Því miður er tíminn búinn og illt við það að búa að maður skuli ekki hafa tækifæri til að svara því sem um er spurt, en mín skoðun er sú að það hefði verið góður kostur að lána þetta fé og ég hef trú á því að þeim aðilum sem þarna voru með umsóknir hefði verið fyllilega trúandi fyrir því að reka þetta skip.

Ég spyr þá menn sem tala kannske hæst núna um þessi mál og gagnrýna þann vilja sem við höfðum, minni hluti stofnunarinnar, til að lána þetta fjármagn hvort þeir muni ekki eftir umræðunum um Hólmadrang. Það væri kannske fróðlegt nú að endurtaka þáttinn með Kristjáni Ragnarssyni og framkvæmdastjóra Hólmadrangs og bera saman umræðurnar sem fóru fram þá og hvað hefur gerst síðan.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þar sem þessi mál, um raðsmíðaskipin, ber á góma sé ég mér ekki fært annað en að segja örfá orð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ég hygg að fáir á landinu eigi um sárara að binda en Grundfirðingar í þessum efnum, þar sem togaranum Sigurfara var svipt burt frá þeim af alkunnum ástæðum, ásamt þriðjungi kvótans sem það byggðarlag byggir lífsafkomu sína á. Að vísu er það svo að í vetur hefur Breiðafjörður verið fullur af fiski. Aðkomubátar hafa komið og bjargað því sem bjargað verður. Eigi að síður er þarna mál sem er óleyst og verður að leysa með einhverjum ráðum, hvort sem það verður með því móti að við þm. Vesturlands tökum okkur saman um að flytja till. um að skip verði flutt til landsins eða á annan hátt. Því að það sér hver heilvita maður að það getur ekki gengið að með valdboði sé tekinn þriðjungur kvótans og þar með lífsbjörg þess byggðarlags sem í hlut á.

Þetta er mál sem mér ber skylda til að nefna hér og enn er óleyst og bíður lausnar.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þeir erfiðleikar sem fyrst og fremst er við að glíma í atvinnulífi á Kópaskeri og hafa verið undanfarið stafa af því að veiði á innfjarðarrækju á Öxarfirði hefur algerlega brugðist. Sá skipakostur sem fyrir hefur verið á Kópaskeri dugar því ekki til að sækja hráefni til vinnslunnar á djúpmið, eins og væntanlega verður að reyna þegar innanfjarðarveiðin, sem vinnslan hefur byggt afkomu sína á, bregst með öllu. Þess vegna hafa íbúar Kópaskers leitað eftir skipi nú um margra mánaða skeið og gerðu tilboð í þetta raðsmíðaskip til að leysa úr sínu brýna vandamáli, byggðavandamáli og atvinnuvandamáli. Rekstrarvandræði vinnslunnar koma hins vegar ekkert sérstaklega inn í það mál, hv. þm. Halldór Blöndal.

Ég vil koma þeirri skoðun minni á framfæri, herra forseti, að viðbrögð meiri hluta stjórnar Byggðastofnunar orki mjög tvímælis. Það vekur hjá manni efasemdir um hvort sú stofnun heitir lengur réttu nafni ef hún sér það ekki sem sitt hlutverk að aðstoða veik byggðarlög í tilfellum sem þessum, m.a. af þeim ástæðum að fyrir hefur legið um margra mánaða skeið erindi hjá stofnuninni vegna aðstæðna á Kópaskeri og bréf frá forsrh. Íslands, að ég best veit, einnig til sömu stofnunar um að beita sér fyrir úrlausn í þessu máli. Þar af leiðandi, þegar þetta byggðarlag reyndist hafa boðið hæst í þetta skip, fannst mér eðlilegt að þeir leituðu meðal annarra til Byggðastofnunar um að tryggja sér skipið og koma rekstri undir það.

Ég bendi á að skip eru væntanlega jafndýr, ef þau eru keypt á 176 millj. kr., hvort sem þau eru skráð á Kópaskeri eða einhvers staðar annars staðar. Á sameiginlegum rækjumiðum fyrir Norðurlandi ætti rekstrarafkoma skipa að vera tiltölulega svipuð hvar sem þau eiga lögheimili fyrir höfnum Norðurlands. Þar af leiðandi held ég að Kópaskersmenn hefðu jafnvel og aðrir getað rekið þetta skip úr því að það lá fyrir að verðið á því yrði á þessu bili.

Ég vil að lokum mótmæla því að það hefði gert út um möguleika skipsins til að leysa úr hráefnisvandræðum vinnslunnar á Kópaskeri þótt það hefði orðið að frysta að verulegu eða jafnvel öllu leyti sinn afla, ósköp einfaldlega vegna þess að það liggur fyrir að miðað við venjulega aflasamsetningu hefðu um 60% eða svo af þeirri rækju sem veidd hefði verið hvort eð er komið til vinnslu í landi og gerir það miðað við aflasamsetninguna fyrir Norðurlandi. Það eru ekki rök í þessu máli.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Hér kemur upp dæmigert mál þegar þm. eru að ákveða hvort þetta eða hitt byggðarlagið fær lán. Hér kemur upp dæmigert mál þegar pólitíkin ræður því og atkvæðaveiðarnar hvort lán séu veitt. Mér finnst mjög leitt að það skuli koma upp úlfúð milli þm. sama kjördæmis og togstreita myndast milli staða.

Við vitum öll að Kópasker á við mjög mikinn vanda að etja varðandi atvinnumálin, en ég held að það væri skynsamlegra að þessi mál væru leyst á faglegum grundvelli. Eins og hæstv. fjmrh. kom að áðan hefði átt að leysa þetta mál á faglegum grundvelli. En málið er lagt í dóm hjá Byggðastofnun þar sem sitja hv. þm. Mér dettur helst í hug að ég sé komin á bankaráðsfund, eitt skiptið enn, á hv. Alþingi þar sem er verið að togast á um milljónir á milli þingmanna. Ég ítreka að svona vinnubrögð mega ekki eiga sé stað á hv. Alþingi. Þessi umræða ætti að eiga sér stað annars staðar. (**StG:** Er það fjárveitinganefndarmaðurinn sem talar?) Alþingi hefur fjárveitingarvald, en það þarf ekki að setja upp sérstaka þingmannabankastofnun líka. Ég held að það sé alveg nóg að við skiptum fjármunum með lögum en ekki líka í bankastofnunum, hv. þm., sem er reyndar formaður stjórnar Byggðastofnunar. Mér finnst um-

ræðan bera merki um þau vinnubrögð sem eiga sér stað í Byggðastofnun og ég held að við værum betur stödd væri sú stofnun lögð niður eða a.m.k. skipt um nafn, ef hún mundi verða skírð Þingmannabankinn.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Áður en ég svara spurningum sem hv. fyrirspyrjandi beindi til mín sem iðnrh. vil ég segja að Útgerðarfélag Kópaskers naut viss velvilja í iðnrn. þegar þetta mál kom þar fyrst til athugunar og alla tíð.

Útgerðarfélagið gat hins vegar ekki fullnægt settum reglum. Þar af leiðandi minnkuðu möguleikarnir.

Hv. þm. spurði hvort eðlilega hefði verið staðið að afgreiðslu þessa máls að mati iðnrn. Svarið er já.

Hann spurði einnig hvort embættismaður iðnrn. hefði samþykkt niðurstöðu þessa máls. Svarið er já. Eftir gaumgæfilega athugun.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að svara þeirri spurningu sem til mín var beint.

Það liggur fyrir í þeim skjölum sem frá nefndinni komu, sem um þetta mál fjallaði, að hún lagði til að það yrði gengið til samninga við Útgerðarfélag Kópaskers, en að öðru leyti fjallaði nefndin ekki um málið eða þá stöðu sem kom upp við það að samningar voru ekki gerðir við það félag.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er nú komið í ljós að Oddeyri hf. á Akureyri hefur fest kaup á raðsmíðaskipinu sem Útgerðarfélag Kópaskers hf. átti fyrst kost á. Ég tel raunar að það hafi verið í samræmi við tilboðin á sínum tíma þar sem tilboð Oddeyrar hf. var hagstæðara en tilboð Útgerðarfélags Kópaskers á þeim tíma sem það var gert. Það var fyrir kjarasamningana, en þá voru sem kunnugt er allt aðrar efnahagsástæður í landinu.

Þingmönnum Norðurlands eystra hlýtur að vera það mikið ánægjuefni að svo skyldi hafa til tekist. Í fyrsta lagi vegna þess að Oddeyri hf. er reist á traustum fjárhagslegum grunni og verður útgerðin í tengslum við útgerð Samherja hf. sem allir eru sammála um að sé til mikillar fyrirmyndar. Því fylgir margvíslegt rekstrarlegt hagræði að hafa útgerð fleiri en eins skips á sömu hendi, bæði varðandi útgerðarkostnað skipanna og beitingu þeirra til öflunar hráefnis fyrir vinnslustöðvar í landi.

Í öðru lagi er það ánægjuefni fyrir þm. Norðurlands eystra vegna þess að hráefnisskortur hefur bagað niðursuðuverksmiðju Kristjáns Jónssonar nú um hríð eftir að Rússlandsrækjan hætti að fást. Niðursuðuverksmiðjan er í nokkurri sérstöðu hér á landi vegna þess að hún hefur unnið sér öruggan markað á meginlandi Evrópu, aðallega í Vestur-Þýskalandi, fyrir niðursoðna rækju og væri það auðvitað hörmulegt ef sá iðnaður þyrfti að leggjast niður vegna hráefnisskorts. Það er því þjóðhagslega mikilvægt að þessi starfsemi geti haldið áfram og að við getum ekki aðeins haldið þeim hagstæða markaði sem við höfum þarna unnið heldur stækkað hann og fært út.

Í þriðja lagi er þetta þm. Norðurlands eystra ánægjulegt vegna þess að atvinnuástand á Akureyri hefur ekki verið nógu gott. Það er því kærkomið tækifæri að geta stuðlað að því með markvissum hætti að fleiri stoðir séu undir það settar.

Ég vil að lokum aðeins segja þetta: Það er jafnan hæpið þegar tveir staðir sem jafnlangt er á milli eins og Svalbarðseyrar og Kópaskers standa saman að útgerð eins og sama skipsins, ekki síst þegar svo stendur á sem nú, að hagsmunir annars aðilans eru þeir að vinnsla rækjunnar sé í landi til að halda uppi atvinnu á staðnum, en hins að rækjan sé sem mest unnin um borð til að tryggja rekstrarafkomu skipsins einvörðungu. Samvinna sem er reist á svo ólíkum forsendum hefur löngum verið dæmd til að mistakast.

Það er vilji meiri hluta Byggðastofnunar og sérstök samþykkt hefur verið gerð þar að lútandi að það verði sérstaklega athugað hvernig hægt sé að treysta stoðir atvinnulífs á þessum stöðum báðum með aðgerðum sem beinast að hvorum stað fyrir sig. Gagnvart þeim á Kópaskeri er mikilvægt að tryggja hráefnisöflun til rækjuverksmiðjunnar og fjárhagslegan grundvöll hennar, gagnvart þeim á Svalbarðseyri að tryggja nýtingu þeirra húsa sem þar standa og reyna að byggja upp iðnað og þjónustu í tengslum við batnandi samgöngur við Akureyri sem kepptu á þeim stóra markaði sem þar er, t.a.m. á sviði matvælaiðnaðar eða annars létts iðnaðar. Ég hef skilið það svo að sérstakt fé hafi verið lagt til hliðar til að vinna að þessum verkefnum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það er nokkuð sérstakt að koma inn í umræðu sem þessa þar sem maður heyrir þm. beggja flokka ríkisstj. deila um afgreiðslu mála. Það er merkilegt vegna þess að þeir eru höfundar þeirra reglna sem unnið er eftir þegar ákveðið er hvert skipin skuli fara. Hvernig eru þær reglur byggðar upp? Þær eru byggðar upp út frá því sjónarmiði einu að afl peninganna ráði. Það er ekki farið eftir því hvernig þeir peningar koma í hendur þeirra aðila sem með peningana skuli fara heldur hvaða klíka er öflugust bak við hvern. Hefði ekki verið eðlilegra að aðrar reglur hefðu verið útbúnar til að ráðstafa þessum skipum? Ætli það hefðu ekki verið eðlilegri reglur að þessi skip hefðu farið fyrst og fremst á þá staði þar sem vantaði skip, þar sem við blasti atvinnuleysi, í stað þess að þau skip skyldu fyrst og fremst fara til þeirra aðila sem hafa fjármagn milli handanna? Það var afl auðsins, afl peninganna, en ekki það að þennan eða hinn staðinn vantaði atvinnutæki til að tryggja atvinnu á viðkomandi stað.

Það er furðulegt að heyra svo framsóknarmenn og sjálfstæðismenn vera að deila um hver úrskurðurinn var. Hann hlaut alltaf að verða úrskurður hins peningalega sterka. Þá skipti ekki máli hvort þeir peningar voru erlent lán eða farnar einhverjar aðrar leiðir, kannske svipað lán eins og maður er að frétta að sé verið að veita til hótelbygginga hringinn í kringum landið. Það skipti ekki máli. Þeir sem gátu sýnt að þeir höfðu peninga fengu skipin. Það skipti ekki máli þó að annar staður sækti um skip og byggði sín rök fyrst og fremst á því að það þyrfti að fá atvinnufyrirtæki á viðkomandi stað. Nei, það var vald peninganna. Þannig hefur þessi ríkisstjórn stjórnað og ætlar að stjórna fyrst og fremst með valdi peninganna á einhvern veg, allt eftir því hvort þessi eða hin klíkan er öflugri.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. sem var að fara úr pontunni. Var það afl peninganna sem réði þegar Byggðastofnun kom í veg fyrir að togarinn færi frá Ólafsvík? Var það afl peninganna? (**SkA:** Það er

ekki verið að ræða um togarann Má. Það er verið að ræða um allt önnur skip.) Það var ekkert verið að tala um togarann Má. Hann hét ekki Már. (**SkA:** Það var fyrst og fremst dugnaður Ólafsvíkinga sem því réði.)

Í sambandi við orðaskak Kolbrúnar Jónsdóttur verð ég að segja, og ætla að afgreiða hana á stuttlegan hátt, að ég varð aldrei var við afskipti þess þingmanns af þessum málefnum svo að hún getur trútt um talað. (**KolJ:** Það er ekki mitt verkefni.) Það er þitt verkefni víst.

Halldór Blöndal var að tala um að það ætti að tryggja þessum stað skip til rækjuveiða. En rétt áðan var hann að tala um að vandinn væri sá að rækjan sem hefði fengist hefði ekki farið til Kópaskers. Mér sýnist maðurinn fara heljarstökk út í óvissuna. Ég segi það.

Það er líka talað um að þetta mál hefði átt að leysa á faglegan hátt í Byggðastofnun. Byggðastofnun fór fram á það vinsamlegast að fá fjögurra eða fimm daga frest til að reyna að leita sátta í þessum málum og fá farsæla lausn. Því miður fengum við ekki þennan frest. (**Gripið fram í:** Hvað voruð þið látnir hafa langan frest?) Hvað vorum við látnir hafa langan frest? (**Gripið fram í:** Níu daga.) Níu daga? Við vorum ekki búnir að hafa neina níu daga. Við báðum um þennan frest en fengum hann ekki og ég tel að það sé kannske meginorsökin fyrir því hvernig komið er.

Hins vegar get ég sagt það hér, og það eru mín lokaorð, að ég mun beita mér fyrir því að Byggðastofnun vinni markvisst að því að byggja upp atvinnulíf bæði á Kópaskeri og Svalbarðsströnd og miklu víðar. Ég get sagt það og ég er viss um að það er meiri hluti stjórnar Byggðastofnunar sem vill það þó að við höfum því miður ekki átt samleið í þessu máli.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er ekki málið hvort Akureyringar fá skip eða hverjir fá skip heldur að þegar boðið er út verður að fara eftir réttum leikreglum. Það er málið. Og þetta var gert. Ég bara spyr: Telja menn að það séu réttar leikreglur þegar er sent skeyti til Kópaskers hálfum öðrum sólarhring áður en fresturinn er settur? Það kom engin formleg eða óformleg tilkynning þangað. Það hef ég beint eftir Birni Jósef, lögfræðingi á Akureyri. Ég hef það ekki annars staðar frá.

Þó að þeir á Kópaskeri hefðu farið suður til Reykjavíkur komust þeir ekki fyrr en á þriðjudeginum eftir lokun, þó þeir hefðu farið flugleiðis. Eru þetta réttar leikreglur? Fólkið í landinu verður að treysta því að það sé farið eftir réttum leikreglum þegar svona er.

Það eru margar spurningar sem þyrfti að spyrja og velta fyrir sér. Það kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að embættismannanefndin hefði alls ekki fjallað um þetta þegar þessi staða kom upp. Tókuð þið eftir því? Hún hefur ekki fjallað um þetta. Var það rétt?

Akureyri þarf skip. Það er ekki málið. Allir þurfa skip sem buðu í skipin. En menn verða að treysta því að þeir sem ráða í landinu fari eftir leikreglum.

Hæstv. fjmrh. vildi ekki láta staði fá skipin eftir matsverði. Hann sagði: Ég læt bjóða þau út. Hæstbjóðanda verða seld skipin. Var það gert?

Nei, ég held að það væri þarft að hafa meiri tíma til að ræða þessi mál því að nauðsynlegt er að sú tortryggni sem er um þessi vinnubrögð öll sé látin víkja og það rétta komi í ljós, en því miður er langt í frá að þessar munnræpur hafi komið í veg fyrir þá tortryggni sem er uppi, hv. þm. Halldór Blöndal.

Einhvern tímann hefðu þetta verið kölluð bolabrögð, kálfabrögð hefði kannske verið réttara.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil að það komi fram að ég get tekið undir það með hv. þm. Halldóri Blöndal að það er ánægjulegt að Oddeyri hf. á Akureyri og rækjuvinnsla Kristjáns Jónssonar fái skip til að afla hráefnis. Það hefði líka verið mjög ánægjulegt ef Kópaskersmenn hefðu fengið skip til að leysa úr sínum atvinnuvandamálum. Úr því að það er staðreynd að þeir áttu hæsta tilboð og stjórnskipuð nefnd lagði til að gengið yrði til viðræðna við þá tek ég undir það, sem hv. þm. Stefán Valgeirsson, málhefjandi hér, hefur sagt, að menn eiga að fara með það samkvæmt leikreglunum og ekki stytta sér neitt leið í þeim efnum. Ég hefði talið eðlilegt að Kópaskersmenn og samstarfsaðilar þeirra hefðu fengið eðlilegra og rýmra svigrúm til að láta á það reyna hvort þeir gætu tekið skipið með þeim kjörum sem í boði voru.

Skýrsla menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna. — Frh. umr.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það missir kannske marks að koma upp í ræðustól eftir svo langt hlé á þessari umræðu og ég skal vera ákaflega stuttorð.

Mér fannst hæstv. menntmrh. nánast gera sér leik að því að snúa út úr orðum mínum í umræðunum eða misskilja þau, orðum sem ég lét falla um hag lánasjóðsins og hag námsmanna og forgangsröðina í þeim efnum. Kannske skilur hæstv. ráðh. ekki hvað ég á við. Auðvitað fara hagur lánasjóðsins og hagur námsmanna saman, en það er blæbrigðamunur á því í hvaða röð hlutirnir eru sagðir. Þess vegna endurtek ég að ég hugsa fyrst um hag námsmanna og í öðru lagi um hag sjóðsins. Þetta er sami munur og er á því hvort við segjum að hagvöxtur og farsæl atvinnuþróun séu grundvöllur þess að við getum byggt upp menntun í landinu eða hvort við snúum því við og segjum að góð menntun sé grundvöllurinn undir hagvexti og farsælli atvinnuþróun. Ég vona að hæstv. ráðh. skilji nú hvað ég átti við.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. svaraði með þögninni þegar hann var minntur á að hann hefði gefið um það skýlaust fyrirheit að hann mundi ekki breyta á miðjum vetri kjörum námsmanna, koma aftan að námsmönnum, það mundi hann aldrei gera. Á þetta var minnt í ræðu minni og kannske hjá fleirum og ráðherra kaus að samsinna þessum vanefndum með þögninni. Hann bar þetta ekki af sér. Og nú, þegar við höfum heyrt samvinnuflokkinn hans tala og slá úr og í, vitum við að sjálfsögðu ekki hver stefna ríkisstj. er og ekkert hver verða afdrif þessa máls. Og þá spyrjum við enn: Hvað gerist í haust? Í sumar taka menn ákvarðanir um að hefja nám og halda áfram námi og þegar þær ákvarðanir eru teknar gerist það enn að menn gera það með því að renna blint í sjóinn og hafa ekki hugmynd um hver stefna ríkisstj. verður, hvort það verður eitthvert frv. sem hæstv. ráðh. ber fram eða ekkert eða hvaða moðsuða kemur út úr því þegar hæstv. ráðh. hefur kokkað saman með

samvinnuflokknum sínum, sem enginn veit hvað þýðir, því að af máli formanns þingflokks Framsfl. mátti ekkert ráða um hver yrði niðurstaða málsins.

Í framhaldi af því að fyrirheit var gefið um að það yrði ekki komið aftan að námsmönnum á miðju ári bendir þetta til þess, að það sé ekki nóg með að það hafi ekki verið efnt heldur að það geti gerst aftur. Nefnd verður skipuð, en það liggur ekkert fyrir um hver niðurstaðan verður. En krafa námsmanna, burtséð frá efnisinnihaldi, er að sú vitneskja liggi fyrir strax í vor. Ella er verið að koma aftan að námsmönnum í annað sinn. Og hvernig hyggst hæstv. ráðh. koma í veg fyrir að þetta gerist? Við því er það ekki aðeins ég sem vil fá svör heldur ekki síður viðskiptavinir lánasjóðs.

Að lokum, herra forseti. Hæstv. ráðh. spurði dreissugt: Vilja menn svara því hér í þessum sal hverjir það eru sem mundu ekki þiggja að fá, jafnvel þó þeir hefðu ekki þörf fyrir það, aðgang að ókeypis peningum? Og vildi minna hv. þingheim á að peningar yxu ekki á trjánum. Honum varð greinilega óskaplega hverft við þegar ég í sakleysi mínu nefndi orð sem ekki má nefna í návist ráðherrans fremur en snöru í hengds manns húsi, þ.e. reynslu kommissarsins í Framkvæmdastofnun. Það vill svo til að enginn maður getur kannske betur eða trúverðugar um talað hvað það er að úthluta verðugum eða óverðugum niðurgreiddu lánsfé, sem að vísu vex ekki á trjánum, en kommissar var hæstv. ráðh. á því tímabili þegar vextir voru stórlega niðurgreiddir, kommissar var hann og sem kommissar fór hann um landið og úthlutunarmaður og skömmtunarstjóri var hann á takmörkuðu fé á niðurgreiddum vöxtum og hefur aldrei gert grein fyrir því hverjir voru viðtakendur þeirra fjármuna. Það er ástæða til að rifja upp að hann gekk þá alveg í berhögg við yfirlýsta stefnu Sjálfstfl. Hann stundaði þetta starf ásamt með öðrum fyrrverandi hæstv. ráðh. sem einnig var þm. í sama kjördæmi. Það er alveg ástæðulaust að vera að fara með nokkrar dylgjur, en pólitískt séð er það ákaflega sniðugt að geta keypt sér atfylgi með niðurgreiddu fé, hæstv. fyrrverandi kommissar.

Menntmrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að eiga orðastað við hv. 5. þm. Reykv. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Það mál var tæpt mjög á sínum tíma. En sagt var að ekki hafi verið gerð grein fyrir hvert og hvernig fé var ráðstafað í Framkvæmdastofnun ríkisins. Það vill svo til að það er eina opinbera stofnunin sem gerði í smáatriðum grein fyrir hverju einasta láni. Og svo getur hann rifjað annað upp með því að fá aðgang, og það veit ég að hann getur fengið ef hann biður um það, hver það var sem frá því hann settist í janúar 1975 í Framkvæmdastofnun ríkisins togaðist á við stjórnina þar um að ná upp vöxtum á lánum Framkvæmdastofnunar. Meira ætla ég ekki að segja um þetta, en ég vænti að hann og aðrir hafi veitt því athygli að í skýrslu minni, það hefur kannske ekki komið nógu skýrlega fram, er gert ráð fyrir að verðlag byrji að telja vegna reiknings á námslánum frá 1. júní og munar 30 millj. kr. til viðbótar fram eftir árinu frá þeim tíma.

Listskreyting Hallgrímskirkju, þáltill. 22. mál (þskj. 22, n. 1039, brtt. 1040). — Frh. síðari umr.

Árni Johnsen: Herra forseti. Fyrir síðasta fund félmn., þar sem gengið var frá þessu máli, hafði ég samband við hv. formann nefndarinnar og boðaði forföll vegna þess að ég var á fundi í annarri nefnd og jafnframt tilkynnti ég honum að ég mundi skila séráliti í þessu máli og reiknaði með því að skila sérstöku nál. þar af leiðandi. Nú hafa þau mistök orðið að við ritun nál. er þessa ekki getið og formaður hefur staðfest að það sé á misskilningi byggt. Þess vegna leyfist mér ekki að flytja nál., en mun segja mína skoðun á málinu. Ég geri ekki tilkall til þess að þingskjöl séu prentuð upp.

Það sem ég vil segja í þessu máli er að í viðræðum nefndarmanna við formann byggingarnefndar Hallgrímskirkju kom fram að till. þessi um launaða listskreytinganefnd er í óþökk byggingarnefndarinnar, enda eru engin vilyrði í till. um fjármagn til kirkjubyggingarinnar. Byggingarnefnd hefur þegar unnið að ýmsu er varðar listskreytingar í Hallgrímskirkju og í því sambandi haft samráð við hæfustu sérfræðinga og listamenn. Þó er mörgu ólokið. Byggingarnefnd hefur starfað kauplaust í 45 ár og því tel ég öfugsnúið að taka þetta verkefni nú úr höndum byggingarnefndar í óþökk þeirra manna sem hafa borið hitann og þungann af framkvæmd kirkjubyggingarinnar um áratuga skeið og telja till. gagnslausa, en það hefur komið fram í félmn.

Alþingi hefur í vaxandi mæli lagt fram fjármagn á fjárlögum til Hallgrímskirkju og það er vel. Mál þetta hefur verið keyrt með offorsi og sleggjudómum í nefnd á síðustu dögum þingsins og í fyrrgreindu, sem hér hefur verið sagt, sem er samhljóma áliti minni hl. félmn., hefði ég lagt til að málið yrði fellt.

Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem er í rauninni erfitt að vera á móti því að þetta er jákvætt mál og allflestir sem til var leitað eru í sjálfu sér samþykkir málinu. En hvort þarna er valin sú besta leið sem um er að ræða er álitamál. Það er eindregin skoðun þeirra sem hafa unnið þarna mest að að svo sé ekki.

Ég tel það fyrir neðan virðingu kirkjunnar og Alþingis að afgreiða það mál sem hér um ræðir í ófriði við byggingarnefnd Hallgrímskirkju sem hefur sýnt að henni er fyllilega treystandi fyrir mikilvægu verkefni. Þótt 1. flm. till. hafi á fögrum degi labbað inn í Hallgrímskirkju fyrir einu ári eða tveimur, einn bjartan sumarmorgun, og boðið 100 millj. kr. af almannafé til kirkjunnar þá, og er það eftirminnileg rausn, er till. í því formi sem hún er nú í fjárhagslega haldlaus, enda engin kostnaðaráætlun sem fylgir og tillgr. miðar við að taka verkið úr höndum ólaunaðrar byggingarnefndar á lokastigi gegn vilja hennar og setja yfir það launaða nefnd. Sem sagt: Nú get ég.

Vonandi heldur Alþingi áfram í vaxandi mæli að styðja við framkvæmdir að verklokum Hallgrímskirkju, eins og verðugt er og markað hefur verið í fjárlögum um árabil og þó mest á síðustu árum. Ég tel lítinn sóma að því að keyra yfir byggingarnefnd í þessu máli og legg til að till. verði felld.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég vil upplýsa hv. Alþingi um að byggingarnefnd Hallgrímskirkju er sóknarnefnd Hallgrímskirkju. Með henni hefur unnið húsameistari ríkisins. Í

sóknarnefnd Hallgrímskirkju eru fjórar manneskjur, Helgi Eyjólfsson, Unnur Pálsdóttir, Helgi Ólafsson og Sigurbergur Árnason. Þetta fólk hefur lýst eindregnum vilja sínum til þess að þessi till. nái fram að ganga.

Hér skal einnig upplýst að umsagnir voru sendar m.a. byggingarnefnd Hallgrímskirkju. Formlega var hún aldrei tekin fyrir á fundi og þess vegna barst ekki umsögn, en formaður byggingarnefndar hefur komið á fund félmn.

Nefndinni hafa borist umsagnir frá öllum þeim aðilum sem aðild munu eiga að umræddri nefnd sem hér er lagt til að koma á legg. Hér er mjög jákvæð umsögn frá húsameistara ríkisins sem er framkvæmdaaðilinn við byggingu kirkjunnar. Ég held ég eyði ekki tíma þingsins á þessum allra síðustu dögum í að lesa þessar umsagnir, en það er óhætt að segja það ýkjulaust að þær eru jákvæðar.

Kirkjulistarnefnd segir hér t.d. í lok umsagnar: „Kirkjulistarnefnd styður því eindregið tillöguna." Bandalag ísl. listamanna styður till. eindregið og fagnar því að þetta mál skuli koma fyrir Alþingi. Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins tekur í sama streng og segir, með leyfi forseta:

„Að lokum vill stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins taka fram að hún er öldungis sammála flm. þáltill. um að listskreyting á Hallgrímskirkju í Reykjavík sé mikilsvert verkefni, listskreyting sem brýnt er að verði veglega og fagurlega af hendi leyst."

Síðast en ekki síst hefur borist bréf frá biskupnum yfir Íslandi sem segir hér, með leyfi forseta, á einum stað: „Eins og nærri má geta er ég heils hugar fylgjandi því að till. þessi nái fram að ganga."

Að lokum, herra forseti, til að fyrirbyggja allan misskilning: Þessi nefnd á á engan hátt að taka við byggingu kirkjunnar. Það munu sóknarnefndin og húsameistari áfram sjá um. Þetta er sérstakt afmarkað verkefni sem tekur við þegar kirkjubyggingunni er lokið sem verður nú í haust. Til stendur að vígja þetta mikla hús í október á þessu ári.

Þetta vildi ég einungis að kæmi fram svo menn væru ekki að tala um að byggingarnefnd væri andvíg þessari till.

Árni Johnsen: Herra forseti. Auðvitað eru umsagnir um þetta mál jákvæðar, en þær verða það kannske ekki í eins mikilli vikt þegar kemur að leikslokum vegna þess að þá skerst í odda milli byggingarnefndar sem hefur um áratuga skeið unnið að framgangi þessa máls undir forustu eins manns sem er formaður byggingarnefndar og kom sem slíkur á fund hv. nefndar og lýsti þar eindreginni skoðun sinni að þetta væri gagnslaus till. og í óþökk nefndarinnar. Þetta geta formaður og aðrir staðfest hvað svo sem síðasti hv. ræðumaður segir um málið.

Það hefur skinið í gegn í umræðum um þessi mál að mönnum hefur auðvitað þótt vænt um jákvæðan hug í garð kirkjunnar, en einnig hafa þeir séð peningavon í þessari till. Það var peningavon í henni í upphafi eins og hún var orðuð, en það hefur fjarað út. Nú er þetta beinlínis fjárlagagerðarmál eins og það hefur verið afgreitt á hverju hausti að undanförnu í sambandi við styrki til byggingar Hallgrímskirkju. Það er því að mínu mati ekki forsvaranlegt að afgreiða þetta mál í ófriði. Þetta á að vera friðarmál um slíka listskreytingu. Það er ekkert í þessu efni sem byggingarnefnd getur ekki stýrt eins og hún hefur gert og auðvitað er það á hennar sviði að kalla til hæfustu menn. En eins og þetta er nú er þetta fjárlagagerðarmál og ég verð að segja að mér finnst það sýndarmennska í þessu formi sem það nú er.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Mér finnst vera fjallað um mikilvægt mál með sérkennilegum hætti. Það er öldungis ljóst að hv. 3. þm. Suðurl. hefur á þessu máli mikinn skilning. Mér varð að orði þegar ég heyrði mál hans að hann væri e.t.v. sérlegur umboðsmaður þeirra sem tengdust með nokkrum hætti þeim sem Hallgrímskirkja er kennd við. En hvað sem um það er þykir mér það rétt, sem hv. þm. segir, að það er með öllu óviðeigandi að taka þetta mál úr höndum byggingarnefndar. Ég vil sem einn af þm. þessa kjördæmis leggja til vissa afgreiðslu á þessu máli. Mér finnst eðlilegt að því verði vísað til ríkisstj. Ég skyldi afhenda þá till. skriflega ef mér hefði gefist ráðrúm til að skrifa hana, en ég mun gera það strax þegar ég kem í sætið, afhenda hana hæstv. forseta og biðja um að leita afbrigða fyrir henni.

Ég get ekki séð rök til þess að fela listskreytingu kirkjunnar sérstakri nefnd. Þarna er um að ræða byggingu, framkvæmd hér í Reykjavík, sem er listaverk í sjálfu sér. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli hvernig listskreytingu þar að öðru leyti verður háttað, en mér þykir ekki einsýnt að Alþingi eigi að taka sérstaka ákvörðun um það og skipa sérstaka nefnd í þessu skyni. Annars veit ég það að hér á hv. Alþingi sitja menn sem eru sóknarbörn þessarar kirkju og munu vafalaust láta þetta mál sig varða en ég fæ ekki betur séð en að afgreiðslu þessa máls sé best borgið með því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að kirkjumálaráðherra taki þetta mál til sérstakrar athugunar.

Umr. frestað.

Rannsókna- og tilraunastöð fiskeldis, þáltill. 277. mál (þskj. 513, n. 1026, brtt. 534). — Síðari umr.

Frsm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Atvmn., sem ég mæli hér fyrir áliti frá, varð sammála um það að vísa þessari till. minni til ríkisstjórnarinnar með ákveðnum formála. Tillgr., sem um ræðir, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að beita nú þegar heimild í 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og standa fyrir myndun félagsskapar ríkisins og þeirra, er fiskeldi stunda, um rekstur rannsókna- og tilraunastöðvar. Fiskeldisstöðin í Kollafirði verði rekin af slíkum félagsskap sem tilraunastöð fyrir erfðafræðirannsóknir og kynbætur á eldisfiskum, til lífeðlisfræðirannsókna, svo og til rannsókna á fisksjúkdómum og verði með aðstöðu til leiðbeiningar og fræðslu um varnir gegn fisksjúkdómum, fóðrun fiska og aðra þýðingarmikla þætti ferskvatns- og sjávareldis."

Umsagnir, sem bárust um tillöguna, voru jákvæðar. Það komu að vísu fram einstakar efasemdir. Það voru allir sammála um að það þyrfti að efla rannsóknir og tilraunir á sviði þessarar nýju búgreinar og að tilraunaaðstaða væri frumskilyrði þess að rannsóknir beri

árangur. Athugasemdir voru einkum í þá veru hvort tíminn væri réttur til þess að byrja svo stórt, hvort stöðin í Kollafirði væri heppilegur staður og eins hvort fisksjúkdómarannsóknir væri heppilegt að stunda í almennri stöð.

Ég tel hiklaust að þó að þessar athugasemdir eigi allar rétt á sér séu þær engan veginn einhlítar. Ég tel að tíminn sé tvímælalaust kominn. Kollafjörður hefur sína galla sem staður en það hafa líka aðrir staðir sem til greina kæmu og fisksjúkdómalækningar þurfa aðstöðu ef þær eiga að bera árangur.

Eins og segir í grg. var niðurstaðan sem sagt þessi. Það er að vísu ekki ljóst hvert verður framhaldið á störfum þeirrar nefndar sem forsrh. hefur enn að störfum. Við treystum því að nefndin, ef hún starfar áfram, taki fullt tillit til efnis tillögunnar en verði hún leyst frá að hæstv. landbrh. beini málinu í réttan farveg. Það eru ýmsir sem telja að það að vísa þáltill. til ríkisstjórnar sé aðeins virðulegra form á útför slíkra tillagna. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar. Ég tel a.m.k. að þetta afkvæmi mitt eigi upprisuna vísa. Atvmn., sem ég þakka samstarfið í vetur og sérstaklega formanninum, mæltist til þess að ég mælti fyrir þessari till. til þess eins að sýna hina gífurlegu samstöðu í nefndinni.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þannig er að ég barnaði með nokkrum hætti þetta afkvæmi hv. þm. Björns Dagbjartssonar, þ.e. að ég flutti við það brtt. og ég sé mér til ánægju að hv. atvmn. hefur tekið hana til umfjöllunar ásamt með aðaltillögunni og afgreiðir hana eins og ég skil nál. með till. til ríkisstjórnarinnar. Ég vil því undirstrika þann skilning að með vísan þessa máls til ríkisstjórnarinnar sé jafnframt verið að vísa nefndri brtt. minni og þá uni ég því að sjálfsögðu allsæmilega eins og hv. síðasti ræðumaður gerði. Auðvitað mætti lengi búast við jákvæðari viðtökum þegar svona þörf og gáfuleg mál eru á ferðinni en við því verður ekki öllu gert. Það er út af fyrir sig nokkur viðurkenning á þeim sjónarmiðum sem hér voru gerð á þingmálum að vísa þeim beint til sérstakrar starfandi nefndar sem vinnur að þessum málum á vegum forsrn. og ég uni sem sagt þeim málalokum og fagna því að brtt. mín hefur þannig mætt þessum skilningi.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1026, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 31 shlj. atkv.

Könnun á launum og lífskjörum, þáltill. 49. mál (þskj. 49, n. 1025). — Síðari umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til athugunar till. til þál. um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum. Till. þessi er flutt af hv. 2. þm. Reykn. og 12. þm. Reykv. Nefndin hefur fjallað um þessa till. og leitað álits manna um efni hennar. Það er talið að framkvæmd till. þurfi ekki að kosta mikið fé. Allir nefndarmenn hafa orðið sammála um að leggja til að hún verði samþykkt með þessari breytingu, þ.e. að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á því hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar séu orsakir þess. Við framkvæmd könnunarinnar verði haft samráð við rannsóknastofnanir Háskóla Íslands.

Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi.“

Þá hefur nefndin einnig rætt um till. til þál. um úttekt á aðstæðum barna að 12 ára aldri. Sú till. er 8. mál þingsins og flutt af hv. 1. landsk. þm. og fleirum. Telur nefndin rétt að það mál komi einnig til athugunar við slíka könnun ef samþykkt verður. Allir nefndarmenn hafa staðfest þessa niðurstöðu með undirskrift sinni.

ATKVGR.

Brtt. 1025 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1086).

Listskreyting Hallgrímskirkju, þáltill. 22. mál (þskj. 22, n. 1039, brtt. 1040). — Frh. síðari umr.

Afbrigði um brtt. 1084, sem var of seint fram komin, samþ. með 34:2 atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lýst brtt. Hún er svohljóðandi: „Alþingi samþykkir að fela kirkjumálaráðherra að gera sérstaka áætlun um listskreytingu Hallgrímskirkju og vísar dagskrármálinu til ríkisstjórnarinnar.“

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að teygja mjög lopann hér úr ræðustól um þetta mál en vegna fram kominnar brtt. vil ég sem frsm. félmn. Sþ. aðeins ítreka það sem stendur á nál. 1039 að í nefndinni varð samkomulag um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar, utan hv. 3. þm. Suðurl., var sammála um að mæla með því við Sþ. að þessi tillaga yrði samþykkt. Ég vil aðeins minna á þessa niðurstöðu af þessu tilefni sem ég nefndi.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég er nú eitt af þessum sóknarbörnum Hallgrímskirkju sem minnst var á af hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan. Sé það rétt að þessi þáltill. á þskj. 22 sé andstæð byggingarnefnd Hallgrímskirkju get ég ekki með nokkru móti skilið hvers vegna hún er fram komin. Af hverju ættu þm. að hafa einhverja löggilda skoðun allt í einu á því hvernig á að standa að því að leggja síðustu hönd á þetta veglega, fallega guðshús eftir að áhugasamir einstaklingar hafa eytt áratugum af ævi sinni til þess að framkvæma það sem engum datt hug að þeir mundu geta gert á æviskeiði sínu? Og þá, á lokastigi byggingarinnar, koma fram góðviljaðir þm. sem vilja þá kannske breyta hugmyndum þeirra sem að hafa staðið allan tímann.

Það þarf ekki að lýsa þeim áhuga, þeim eldmóði, sem drifið hefur þessa einstaklinga, sem eru tiltölulega fáir, til framtaks, bæði að afla framlaga og standa sjálfir í byggingarframkvæmdum. Við höfum öll verið áhorfendur að því meira og minna og ætla ég ekki að lýsa því fórnfúsa starfi frekar.

Mér er alveg sama hvað einstakir stjórnmálamenn í öllum flokkum hafa samþykkt sem einhverja málamiðl-

un í þessu máli á síðustu stundu til að komast út úr því að eyða tíma, að eyða nokkrum klukkutímum af dýrmætum tíma Alþingis, og taka þá ákvörðun um að sameinast um tillögu um viðkvæmt verk sem verið er að vinna af einstaklingum, fórnfúsum einstaklingum, og brjóta þá niður kannske það sem þeir hafa unnið að alla sína ævi og þar með þá framtíðarsýn sem þeir hafa haft alla tíð frá byrjun. Þess vegna leggst ég gegn þessari till. og ég styð brtt. hæstv. heilbr.- og trmrh.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hlýt enn að leiðrétta. Það kemur mér meira en á óvart að heyra þessi nýju viðhorf hæstv. iðnrh. en það kann að vera að rangar upplýsingar hafi skipt þar sköpum. Áður en þessi till. var samin fór ég að sjálfsögðu upp í Hallgrímskirkju, óskaði eftir að ræða við presta kirkjunnar og formann byggingarnefndar, Hermann Þorsteinsson. Ég held mér sé óhætt að segja að mér hafi verið tekið með kostum og kynjum og allir þessir þrír aðilar sýndu áhuga sinn, þakklæti og jafnvel undrun að Alþingi skyldi sýna þessari miklu byggingu áhuga. Síðan þegar till. hafði verið samin var hún að sjálfsögðu send safnaðarstjórn sem er það sama og byggingarnefnd, formanni hennar, báðum klerkum kirkjunnar og síðast en ekki síst kirkjuþingi. Allir þessir aðilar lýstu áhuga sínum og þakklæti fyrir tillöguna. Þetta var samflutningsmönnum mínum, sem eru hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Stefán Benediktsson, Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson og Skúli Alexandersson, fullljóst. Það er því alrangt að meðal safnaðarfólks í Hallgrímskirkju sé nokkur minnsta óánægja eða misklíð vegna till. Hafi menn lagt það á sig að lesa grg. með þessari till. til þál., þar sem er í fyrsta lagi rakin byggingarsaga kirkjunnar, þá margkemur þar fram aðdáun á söfnuðinum sem hefur bókstaflega einn og sjálfur reist þetta hús, sem er ótrúlegt. Vissulega ber að þakka, og það er söfnuðinum vel kunnugt, að borgarstjórn Reykjavíkur hefur á síðustu árum aukið fjárstuðning sinn við kirkjuna, svo og Alþingi.

Á aðventukvöldi í kirkjunni fyrir síðustu jól var einmitt þetta gert að umræðuefni og þeim aðilum sem sýnt hafa stuðning við kirkjuna, sem er heilög þrenning, Davíð Oddsson, hæstv. iðnrh. og ég, beðið allrar blessunar fyrir að sýna þessu guðshúsi þann áhuga. Ég held þess vegna að það komi til með að vekja ólitla undrun í Hallgrímssöfnuði ef það spyrst út að hæstv. iðnrh. ætli að setja fótinn fyrir þessa till. Ég er alveg sannfærð um að það orð fer ekki af honum þar. Ég vil þess vegna biðja menn að gæta svolítið að sér áður en þeir fara að taka róttækar ákvarðanir. Það er búið að vinna í þessu máli í samráði við alla aðila. Hefði nú hæstv. heilbr.- og trmrh. viljað kynna sér það mál, því mér skilst að hún hafi ekki setið þingflokksfundi þar sem þetta mál hefur verið rætt í hennar flokki, er ekki mikið verk að taka upp síma og ræða við klerka kirkjunnar og þá aðra aðila sem nálægt þessu hafa komið.

Ég vil einnig minna menn á að á s.l. vetri vaknaði upp áhugi á, ekki kannske síst vegna þessarar fram komnu till., að efna til söfnunar til að kaupa veglegt kirkjuorgel því eins og gefur að skilja þarf stórt hljóðfæri í þessa miklu kirkju. Ég veit ekki hversu margir hv. þm. hafa komið í kirkjuna en ég held að menn ættu e.t.v. að gera það einhvern tímann því að það satt að segja vekur manni undrun hversu ótrúlega stór bygging þetta er.

Við hv. þm. Salome Þorkelsdóttir og ég tókum enn og aftur þátt í að koma þeirri söfnun á laggirnar og nú þegar liggja þar, ég þori að segja á þriðju millj. kr. sem þúsundir Reykvíkinga og reyndar töluvert af fólki utan Reykjavíkur sendi kirkjunni.

Þetta vildi ég einungis upplýsa og jafnframt ítreka enn og aftur að það stendur ekki til að þessi nefnd blandi sér á nokkurn hátt í það verkefni að ljúka byggingu kirkjunnar. — Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklum tíma lengur en ég hlýt að upplýsa hverjir eiga að taka sæti í nefndinni sem hæstv. kirkjumálaráðherra mundi skipa. Gert er ráð fyrir að hann skipi einn mann, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar, hæstv. menntmrh. einn, biskup Íslands einn, húsameistari ríkisins einn, byggingarnefnd Hallgrímskirkju einn, Félag ísl. myndlistarmanna einn og kirkjulistarnefnd einn. Ég sé ekki að þarna sé farið aftan að nokkrum þeim aðila sem nálægt kirkjubyggingunni hefur komið og þetta mál hefur verið borið undir alla þessa aðila þannig að það er satt að segja ótrúlegt ef, ég vil segja kviksögur, sem upp rísa á afgreiðslustigi samkomulagsmáls, verða til þess að stöðva þetta mál hér á hinu háa Alþingi. Ég vil gerast svo hátíðleg, enda er um hátíðlegt mál að ræða, að biðja hv. þm. að sýna þá reisn og drengskap að láta ekki svo óáreiðanlegar heimildir hafa áhrif á afgreiðslu máls sem þessa sem ætti ekki að vera pólitískur ásteytingarsteinn á hinu háa Alþingi.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagðist ekki skilja hvers vegna þessi till. væri fram komin. Hv. 1. flm. till., Guðrún Helgadóttir, hefur reynt að upplýsa um tilurð till. Nefnd þingsins hefur haft þetta mál til meðferðar og lagt fram brtt. við upphaflegu till. Ég ætla mér ekki að reyna sérstaklega að hafa áhrif á afstöðu hæstv. ráðherra og læt mér í sjálfu sér í léttu rúmi liggja hvort þeir taka tillit til þess sem nefndarmenn og aðrir reyna að semja um til að greiða fyrir afgreiðslu þingmála á síðustu stundum þingsins. Ég vona hins vegar að menn fari ekki að gera þetta mál að einhverju sérstöku stórmáli á allra síðustu dögum þingsins. Ég vona að hv. alþm. felli till. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur mælt fyrir en samþykki tillögu nefndarinnar.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja þessar umræður en mér þykir nauðsynlegt, í ljósi þeirra umræðna sem hafa orðið, að upplýsa nokkur atriði í þessu máli þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem hefur fjallað um það.

Það hefur mikið blandast inn í þessa umræðu að það sé andstætt byggingarnefndinni að þessi till. verði samþykkt. Þetta er eitt af fyrstu málum þingsins og var sent til umsagnar m.a. byggingarnefndinni, að ég hygg í októbermánuði. Byggingarnefndin sá ekki ástæðu til þess að senda félmn. neina umsögn um málið. Það er náttúrlega harla einkennilegt, ef það er rétt sem haldið er fram að það sé í andstöðu við byggingarnefndina að slík till. sé samþykkt, að hún hafi þá ekki séð ástæðu fyrr til þess að skýra mál sitt. Það er ekki fyrr en kemur að því að fara á að afgreiða þessa till. úr nefnd fyrir stuttu að formaður félmn. upplýsir að hann hafi hitt

Hermann Þorsteinsson, formann byggingarnefndar, þar sem hann hafi lýst fyrir honum að hann hefði athugasemdir í því máli. Því var kallað í formann byggingarnefndarinnar, Hermann Þorsteinsson, og tvo presta kirkjunnar, Karl Sigurbjörnsson og Ragnar Fjalar Lárusson. Prestarnir lýstu báðir stuðningi við þessa till. og lögðu eindregið til að hún væri samþykkt en fram komu efasemdir hjá formanni byggingarnefndar.

Ég hygg að það sé rétt, sem hér hefur komið fram, að þetta sé eingöngu sjónarmið formanns byggingarnefndar, að hann hafi efasemdir um þessa till., en allir aðrir aðilar, og það legg ég áherslu á, fimm eða sex umsagnaraðilar um þetta mál, hafa lýst eindregnum stuðningi við það ásamt prestum kirkjunnar sem komu á fund nefndarinnar. Ég vil einnig upplýsa það að Hermann Þorsteinsson afhenti nefndinni nokkur minnisatriði varðandi Hallgrímskirkju og á því blaði kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta: „Listskreyting kirkjunnar að innan og utan svo og frágangur landsins umhverfis kirkjuna er mikið mál framtíðarinnar sem vissulega er tímabært að hugsa fyrir.“ Og það er einmitt það sem verið er að gera með þessari till., það er verið að gera áætlun um listskreytingu kirkjunnar, sem er þá óháð byggingarframkvæmdunum.

Ég held að það hljóti að vera málinu til framdráttar að þeir aðilar komi að þessu máli og geri þá áætlun sem gert er ráð fyrir í till., þ.e. að kirkjumrh. skipi einn mann, menntmrh., biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju, Félag ísl. myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd. Ég held að málinu sé vel borgið í höndum slíkrar nefndar. Og húsameistari ríkisins, sem einmitt er lagt til að eigi sæti í þessari nefnd, hefur mælt með samþykkt þessarar till. Þannig að mér finnst mjög einkennilegt að núna eigi að fara að upphefja langt mál um það og mér finnst mikill misskilningur kominn fram í þessu máli þar sem verið er að reyna að halda því fram að þetta sé gert í andstöðu byggingarnefndarinnar. Því taldi ég ástæðu til að koma þessum upplýsingum inn í þessa umræðu.

Heilbr.- og trmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hafði satt að segja ekki vænst þess að lenda í meiri háttar umræðum út af þessu máli en mér finnst það óneitanlega nokkurt alvörumál þegar einn af nm. í félmn. segir að áætlun eins og hér er fyrirhuguð sé í andstöðu við byggingarnefnd. (**Gripið fram í:** Hver var það?) Það var hv. 3. þm. Suðurl. Víst er það rétt að ég mun hafa verið fjarverandi á þingflokksfundi þegar samkomulag kann að hafa verið gert um þetta og hefur verið gert, eftir því sem hér er upplýst. En þegar ég heyrði mál hv. 3. þm. Suðurl. þá hugsaði ég að eina ráðið til þess að styðja það, sem raunverulega væri hér ætlað að vinna að, væri að fela ráðherra málið til þess að ná samkomulagi milli þessara aðila sem þarna kynnu að vera sammála og auk þess rak ég sérstaklega augun í eitt atriði, sem enginn hefur minnst á í þessu sambandi, en það er að ráðherra er falið að skipa nefnd og það er nákvæmlega tiltekið hvernig nefndin á að vera samansett. Ráðherra hefur ekkert um það að segja nema hann skal skrifa nafn sitt undir þetta. Gott og vel. Alþingi getur falið ráðherra slík verk að sjálfsögðu, en ég sakna eins aðila úr þessari upptalningu. Það er nefnilega svo að í Hallgrímskirkju, sem og mörgum öðrum kirkjum þessarar borgar og vafalaust landsins, er einn hópur sem leggur á sig ómælt erfiði og ætti að vera með í ákvörðunum eins og þessari, en það er kvenfélagið. (**GHelg:** Það var haft samband við kvenfélagið.) Það kann að hafa verið haft samband við kvenfélagið, mikil lifandis ósköp, en hér eru upptaldir sjö aðilar, sem ráðherra á að skipa í nefndina, en ekki kvenfélagið. Og ég spyr: Hvers vegna ekki? Hvers vegna skyldi ekki fulltrúi frá kvenfélaginu vera í þessari nefnd? Ég veit ekki betur en að kvenfélagið í þessari sókn, sem og mörgum öðrum sóknum og kannske ekki síst í þessari sókn þar sem um er að ræða stórt og mikið verkefni, margra, margra ára verkefni, að kvenfélagið hefur verið boðið og búið til að leggja á sig hvers kyns erfiði í sambandi við samkomur í kirkjunni, ýmsar framkvæmdir til skreytingar og fegrunar af mikilli smekkvísi. Og ég get ekki betur séð en að fulltrúa þess félags væri bæði í senn sómi sýndur, og málinu betur borgið að fulltrúi frá þeim væri í slíkri nefnd. Nú geri ég ráð fyrir að Alþingi samþykki þessa till. nefndarinnar, sem og allir þeir sem verið hafa á þingflokksfundum þar sem ákvarðanir hafa verið um þetta teknar, en ég hefði viljað að Alþingi sæi í gegnum fingur við kirkjumrh. með það að hann skipaði einnig fulltrúa frá þessu nefnda kvenfélagi í slíka nefnd.

Þetta kann að hljóma fljótt á litið sem eitthvert smáatriði en það er ekkert smáatriði varðandi það fólk sem ver frítíma sínum af mikilli fórnfýsi, kvöld eftir kvöld og viku eftir viku, til þess að gera hugnanlegar ýmsar samkomur þess fólks sem það er ekkert vandabundið á neinn hátt, til þess eins að gera aðlaðandi guðshús síns safnaðar. Vitanlega á Alþingi ekki að ganga fram hjá slíku fólki. Ef verið er að álykta um það og tíunda í hólf og gólf hvernig ein nefnd, sem ráðherra skipar, eigi að vera saman sett, þá á ekki að ganga fram hjá slíkum hópum. Þess vegna er það sem ég greip til þess ráðs að flytja þessa litlu skriflegu brtt. að þá geri ég ráð fyrir því að ráðherra skipi nefnd, eins og þá sem félmn. hefur lýst vilja sínum yfir um að gert verði, og geti líka tekið tillit til sjónarmiða eins og þessa.

Þetta er kannske dálítið öðruvísi mál en hér hefur verið varið löngum stundum í að ræða nú á þessum seinustu dögum þings en ég get ekki séð að þetta skipti minna máli en ýmis þau mál sem hér eru tekin til umræðu utan dagskrár. Mér finnst það tímabært, og ég geri ráð fyrir að það finnist mörgum borgurum Reykjavíkur, að það sé rétt í slíku stórverki eins og þessu, sem hefur mikla menningarlega þýðingu, að taka tillit til kvenfélaganna sem verja öllum þeim ómælda tíma sem þar liggur að baki í þeirra verkum. Mér finnst að það beri að taka tillit til þeirra.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir harmaði það, við skulum segja þann möguleika, að kviksögur, sem er þá málflutningur hv. 3. þm. Suðurl., skuli verða til þess, eins og hún orðaði það, að stöðva þetta mál. Ég tek undir það, ég harma það ef svo er. En ég ætla engum þm. að bera kviksögur inn í Alþingi og byggja málflutning sinn á kviksögum. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort ráðherrar eða þm. almennt ... (**GHelg:** Ég hefði kannske átt að segja ósannindi, herra ráðherra.) Ég skrifaði það orðrétt niður. (**GHelg:** Já, en ég hefði átt að segja ósannindi.) Mér er alveg sama hvað þm. hefði átt að segja. Það er svo margt sem hún

hefur sagt sem hún hefði betur orðað öðruvísi og jafnvel ekki sagt. Hún hefði kannske átt að orða þetta einhvern veginn öðruvísi núna, en þetta er það sem hún sagði.

Ég tel að þetta sé út af fyrir sig alvarlegt mál ef þm. almennt, ég tala nú ekki um ráðherrar, þurfa að byggja, eins og hún orðaði það, málflutning sinn og jafnvel stöðva mál vegna þess að upp koma kviksögur sem eru það trúanlegar að þm. almennt treysta sér til að byggja málflutning sinn á þeim. Það er ekki mitt að verja hvort ég fer þar eftir kviksögum eða ekki. Hitt er annað mál að ég trúi henni vel og trúi öllum sem segja að aðstandendur kirkjunnar, þegar talað er við þá, sýni áhuga fyrir því að fá stuðning hvaðan sem er, svo ég tali nú ekki um frá Alþingi sjálfu. Það var sannarlega kominn tími til þess. Og ég sem borgarfulltrúi og sem forseti borgarstjórnar lagði mikla áherslu á stóraukið framlag til Hallgrímskirkju en þrátt fyrir það að framlagið hafi verið stóraukið þá er það enn þá mjög lítið frá Reykjavíkurborg. Hitt er annað mál að í minni fjármálaráðherratíð var það stóraukið samkvæmt tillögu fjmrh. og það var aukið enn þá meira og fyrir það hef ég hlotið dóm Alþingis. Það var aukið enn þá meira með aukafjárveitingum, svo það þarf enginn, hvorki hér inni og síst af öllu þar að efast um minn vilja og hug til framkvæmdanna, enda hef ég persónulega stutt þá áður á byrjunarstigi og geri áfram.

Þannig að auðvitað þakka ég sem áhugamaður, sem Reykvíkingur borinn og barnfæddur hér, fyrir þann stuðning sem þetta mikla mannvirki og guðshús fær, hvaðan sem hann kemur. En ég reikna ekki með, þrátt fyrir það þakklæti sem kann að koma frá þeim sem standa að Hallgrímskirkju og byggingu hennar, þó að þeir þakki að sjálfsögðu fyrir stuðninginn, að þeir ætlist til þess að með því sé verið að taka af þeim verkið sjálft, að vinna verkið. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þeir eru löngu búnir að gera sér í hugarlund hvernig kirkjan skuli líta út að innan. Og komi ný nefnd til þess að endurskoða það sem þegar hefur verið hugsað, þá er ekkert víst að þeir samþykki slíkar breytingar. Og þá er komin upp deila og þá er komin upp óánægja.

Ég er alveg viss um það að allir aðstandendur þessa guðshúss þakka fyrir stuðning en ég efast um að þeir vilji að þeir, sem koma til með að sýna kirkjunni velvilja á þessu lokabyggingarstigi hennar, taki yfir verkið eða það sem eftir er af því.

Hitt er annað mál að hv. 9. landsk. þm., sem ekki er í salnum á þessari stundu, (**Gripið fram í:** Hann er hérna.) já, hann talar hér til þm. Reykv. sem er búinn að sýna áhuga fyrir þessari byggingu og þessu guðshúsi frá byrjun. (**ÓGE:** Ég var að tala til ráðherra.) Hann var ekki að tala til ráðherra. Hér tala ég sem þm. og ég hlusta ekki á hv. þm. sem formann þingflokks Sjálfstfl. né öðruvísi valdamann hér í þessum sal heldur en hvern og einn annan. Hér tölum við sem þingmenn með þeim stuðningi sem við höfum til þess að vera hér. Ég tala ekki um þetta mál sem ráðherra og kæri mig ekkert um að vera ávarpaður í þessu máli sem slíkur, með þeim tón eins og hv. þm. orðaði orðrétt: Lætur sér í léttu rúmi liggja skoðun og afstöðu ráðherranna. Ég læt mér aldrei í léttu rúmi liggja skoðun þm. hvorki einstaklinga eða heildarinnar. En þegar í stærilæti er vitnað á þennan hátt, sem hann gerði, í samþykkt, ekki vegna þess að borin sé umhyggja fyrir málinu heldur borin umhyggja fyrir því einu að hér tefjum við í nokkrar mínútur af eilífðinni sem kirkjubyggingin tekur. Þetta er það sem ég ekki sætti mig við. Ég læt ekki tala á þann hátt og með slíku stærilæti frá einum eða neinum, hvorki um þau mál sem mér eru kær né heldur til mín persónulega.

Sem sagt, ég verð að harma það og á bágt með að trúa því að það sé rétt orðað af hv. 10. landsk. þm. þegar hún segir að sú skoðun, sem nú kemur upp á síðustu mínútum afgreiðslu þessa frv., sé byggð á kviksögum. Hún er byggð á málflutningi eins af félögum mínum sem tilheyrir sama stjórnmálaflokki og ég og ég hef aldrei staðið hann að því að fara með kviksögur.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það sem ég hef sagt hér um skoðun formanns byggingarnefndar Hallgrímskirkju er satt og rétt og aðeins það sem formaður hv. félmn. hefur sagt nefndinni allri. Og það kalla ég ekki ósannindi eða óáreiðanlegar heimildir. Í framhaldi af því að formaður nefndarinnar kynnti þessa afstöðu formanns byggingarnefndar þá var kallað á formann byggingarnefndar á fund nefndarinnar. Í máli hans kom fram að það hefði verið mjög erfitt fyrir byggingarnefnd og þá aðila að veita umsögn sem í rauninni væri neikvæð. En það hefur verið rætt hér um tilurð till. Upphaflega var þetta spurning um peninga, um verulega peninga og það var það atriði sem menn fögnuðu í þessu máli. Síðan fjöruðu peningarnir út og úr varð till. sem átti að ganga inn á verksvið byggingarnefndar. Og það er líklega þess vegna sem niðurstaðan kemur í málinu, eftir að formaður byggingarnefndar hefur talað við hæstv. kirkjumrh., áður en hann kom á fund hv. formanns félmn. og kynnti honum sömu afstöðu. Það er þessi ófriður sem ég hef lagt áherslu á að kæmi hér fram því mér finnst það skipta miklu máli í þessu stóra máli sem kirkjubygging Hallgrímskirkju er.

Hér hefur einnig verið rætt um að hér eigi einungis að fjalla um listskreytingu. Hvar eru mörkin á listskreytingu? Núv. byggingarnefnd er að vinna verk sem er listskreyting. Hún er að vinna verk sem er gluggaskreyting kirkjunnar og hefur leitað til eins hæfasta listamanns þjóðarinnar á því sviði. Listskreyting er líklega orgelval í kirkjuna. Þannig að margir þættir tengjast þarna órofa byggingunni sjálfri. Og að gera greinarmun á listskreytingu og kirkjubyggingu, það er erfitt að slá slíku fram í stuttu máli eins og hér hefur verið reynt. Byggingarnefnd hefur reynt held ég að vinna þetta í heild. (Forseti hringir.)

Ég vil ljúka máli mínu með því að vekja athygli á því aftur að ég spurði í lok fundarins, þar sem prestarnir voru og formaður byggingarnefndar, hvort það væri rétt skilið að prestarnir sæju tvennt í þessari tillögu, annars vegar góðan hug, hins vegar peningavon. Þeir kváðu það rétt vera. En að meta slíka tillögu til peninga finnst mér hæpið og ég undirstrika það.

Hv. 10. landsk. þm. lauk máli sínu með því að segja að þm. ættu að sýna reisn og drengskap og taka ekki mark á óáreiðanlegum heimildum. Ef það er reisn og drengskapur að keyra yfir skoðun talsmanns byggingarnefndar sem hefur lagt líf sitt í þetta verk þá hefði ég ekki geð í mér til þess.

ATKVGR.

Brtt. 1084 felld með 37:6 atkv.
Brtt. 1040 samþ. með 36:1 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1085).

Skýrsla viðskiptaráðherra um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans, 172. mál (þskj. 692).

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í skýrslu þeirri sem hér liggur fyrir er gerð nákvæm grein fyrir afskiptum bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans. Skýrslan er unnin af bankaeftirlitinu að beiðni ráðuneytisins sem yfirfór hana og ákvað að því loknu að senda hana Alþingi því sem næst óbreytta. Breytingar ráðuneytisins lutu einungis að því að þjappa textanum betur saman og hefur skýrslan að geyma allar upplýsingar sem bankaeftirlitið lét ráðuneytinu í té.

Almennt má segja um skýrsluna að hún varpi ljósi á afskipti bankaeftirlitsins af Útvegsbankanum allt frá árinu 1975. Þeim má skipta í fjóra meginþætti: Athugun á stöðu bankans, sem fram fór 1975, sams konar athugun 1978, sérstök úttekt á fjárhagsvanda bankans, sem var unnin 1980, og sérstök athugun á stærstu lánþegum bankans 1985. Hér er ekki ástæða til að rekja niðurstöður þessara athugana og má vísa til þess sem fram kemur í skýrslunni. Þar er einnig rakið til hvaða aðgerða þessar athuganir hafa leitt og leitast við að svara öðrum atriðum sem sérstaklega var óskað upplýsinga um.

Það sem nú skiptir máli er að svonefnt Hafskipsmál fái þá meðferð sem lög mæla fyrir og samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér miðar meðferð málsins vel hjá skiptaráði. Réttarrannsókn af hálfu skiptaráðanda mun væntanlega ljúka fyrri hluta sumars og er þess þá að vænta að fullur þungi verði lagður á starf þeirrar nefndar sem Hæstiréttur hefur tilnefnt til að kanna viðskipti Útvegsbankans og Hafskips. Samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar, Jóns Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, stefnir nefndin að því að ljúka störfum fyrir lok þessa árs.

Þá er einnig mikilvægt að þannig verði staðið að eftirliti með bankastarfseminni í framtíðinni og ákvörðunartöku þar að lútandi að ekki komi upp önnur mál sama eðlis og svonefnt Hafskipsmál. Alþingi hefur þegar gripið til ráðstafana sem stefna í rétta átt í þessu sambandi. Má þar einkum nefna lög um viðskiptabanka sem samþykkt voru á síðasta þingi. Þar er að finna reglur um lágmark eigin fjár hjá viðskiptaböndum og þýðingarmiklar reglur um hvernig með skuli farið þegar banki fullnægir ekki þessu lágmarki.

Á grundvelli laganna hafa nú verið settar reglur um gerð ársreiknings hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og kveða þær m.a. svo á að með gjaldfærslu í rekstrarreikningi skuli árlega leggja í afskriftareikning útlánafjárhæð er nemi að lágmarki 1% af útlánum og ábyrgðum banka í lok hvers reikningsárs.

Lögin kveða einnig á um stofnun tryggingasjóðs viðskiptabanka sem nú hefur verið stofnaður og virðist ætla að hefja starfsemi sína með miklum krafti.

Þá er þess að vænta að allir bankarnir setji reglur um lánveitingar sínar sem m.a. eiga að tryggja að heildarskuldbindingar eins og sama aðila gagnvart banka verði ekki óhæfilega miklar. Hjá einhverjum bankanna hafa slíkar reglur þegar verið settar.

Jafnframt er við þessa umræðu rétt að leggja áherslu á að seðlabankafrumvarpið, sem hefur verið hér til meðferðar á Alþingi meginhluta þessa vetrar, hefur að geyma mikilvæg ákvæði varðandi eftirlit með bankastarfsemi. Þau eru mun nákvæmari en núgildandi ákvæði og munu samhliða tryggja náin tengsl þessarar eftirlitsstarfsemi við viðskrn. Þau tengsl hafa reyndar aukist verulega frá því sem áður var, en að mínu mati þarf að stíga enn lengra í því efni. Af þessari ástæðu m.a. er mikilvægt að Alþingi afgreiði fyrirliggjandi frv. áður en þingi lýkur.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli fjallað um það mál sem hér er til umræðu. Skýrslan skýrir sig að öðru leyti sjálf. Hún er ítarleg og samin af vandvirkni. Mikilvægast er að mínu mati að ganga þannig frá hnútum innan bankakerfisins að það mál sem mest hefur orðið að umræðuefni fyrri hluta þessa vetrar verði einstakt og að slík mál heyri sögunni til.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þakka hæstv. bankamálaráðherra fyrir þessa skýrslu sem við þm. Alþb. fórum fram á að gefin yrði hér á Alþingi til að skýra afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans og einnig afskipti bankaeftirlitsins hvað varðaði einstaka viðskiptavini Útvegsbankans, sérstaklega fyrirtækið Hafskip hf.

Ég held að hér sé komið gott gagn og þarft innlegg í þá rannsókn sem stendur nú yfir á reiðum þessa fyrirtækis og á stöðu Útvegsbankans. Það var mjög þarft og eðlilegt bæði vegna þeirrar rannsóknar en ekki síður vegna þess umtals sem varð eðli málsins samkvæmt um frammistöðu bankaeftirlitsins. Þegar slíkir atburðir gerast sem raun ber vitni þegar fyrirtækið Hafskip fór á höfuðið og Útvegsbankinn væntanlega tapar þar stórum fjárhæðum hljóta að vakna ýmsar spurningar um það eftirlitskerfi sem við lýði er og á að koma í veg fyrir að slíkt gerist, hvernig það hafi reynst.

Ég held að það sé einnig fróðlegt að fá þessa skýrslu fram í sambandi við þá endurskoðun á skipulagi bankamála sem nú á sér stað. Í því sambandi vil ég minna á frv. okkar nokkurra þm. Alþb. um sjálfstætt bankaeftirlit. Það hefur verið okkar afstaða að bankaeftirlitið ætti að vera fullkomlega sjálfstæð og óháð stofnun án nokkurra tengsla við miðbankann eða aðrar bankastofnanir. Ég hygg, herra forseti, að fátt rökstyðji þessa afstöðu okkar betur en einmitt svarið við þessari beiðni um skýrslu. Það kemur skýrt og skilmerkilega fram í þessu svari að bankaeftirlitið sem slíkt hefur aftur og aftur sent frá sér aðvaranir, gefið gult ljós, ef svo má að orði komast, um stöðu þessa banka og stöðu einstakra fyrirtækja í viðskiptum við hann. Það er einnig rakið hvert þær athugasemdir hafa farið og hver afdrif þeirra hafa orðið. Í því sambandi vil ég halda því fram, herra forseti, að það komi greinilega fram hversu óeðlilega mikil völd bankastjórnin hefur í þeim tilfellum að bankaeftirlitið innan veggja Seðlabankans sendi frá sér slíkar athugasemdir.

Ég held að það væri mun heilbrigðara fyrirkomulag að bankaeftirlitið væri sjálfstætt og óháð og hefði sterka stöðu gagnvart bankakerfinu og miðbankanum, m.a. til að fyrirbyggja að seinagangur og linkind varðandi framkvæmdir í slíkum tilfellum ætti sér stað eins og mér

finnst óneitanlega mega lesa út úr þessari skýrslu.

Bankaeftirlitið hefur margoft, eins og kemur fram á bls. 2, gert úttekt á fjárhagslegri stöðu Útvegsbankans, bæði aðalbankans og einstakra útibúa, og þar af ekki færri en þrjár heildarathuganir á síðustu tíu árum, auk sérstakra athugana á stærstu lánþegum bankans og einstökum útibúum. Auk alls þessa hefur bankaeftirlitið sinnt sinni almennu eftirlitsskyldu gagnvart þessum bönkum eins og öðrum og gert sérstakar athuganir á einstökum þáttum í starfsemi bankans.

Það sem ég hefði talið nokkuð fróðlegt að ræða, herra forseti, ef tíminn hefði leyft það, er málsmeðferð í hverju einstöku tilfelli. Það nægir að segja að bankaeftirlitið hafi sent frá sér afdráttarlausar aðvaranir endurtekið um stöðu Útvegsbankans og einstakra viðskiptavina hans. Ég hygg að því verði ekki á móti mælt að þær aðvaranir hafa verið eftir efnum og ástæðum sterklega orðaðar. En skýrslan ber með sér að afdrif þessara athugana og þessara aðvarana bankaeftirlits hafa verið með ýmsum hætti. Það vekur athygli, herra forseti, að einstakir hæstv. ráðherrar eða bankastjórn Seðlabanka eftir atvikum eða bankaráð hafa ekki fylgt málinu ýkja lengi eftir, að því er séð verður. Það vekur t.d. athygli varðandi athugunina 1977 og 1978 að viðskrh. á þeirri tíð hefur ekki fylgt því máli ýkja mikið eftir né heldur úttektinni frá því í mars 1975. Aðeins í eitt skipti á árunum 1978–1979 virðist málunum hafa verið fylgt eftir að einhverju gagni. Þetta vekur óneitanlega spurningar, herra forseti, sem eðlilegt hefði verið að ræða hér. Á bls. 7 og 8 kemur fram að viðskrh. á framanverðu ári 1979 fylgdi málinu eftir m.a. með bréfaskriftum og sérstökum tilmælum, en það er í eina skiptið sem slíkar aðgerðir er að finna af hálfu einstakra viðskrh. þessa tímabils og fram koma í þessu svari.

Það væri einnig fróðlegt að fara yfir kaflana á bls. 12 og 13 og áfram þar sem fjallað er sérstaklega um afskipti bankaeftirlitsins vegna Hafskipsmálsins. Þar segir m.a., herra forseti, á bls. 12, með leyfi þínu:

„Í skýrslu bankaeftirlitsins um niðurstöður eftirlits hjá Útvegsbankanum frá 31. mars 1975 er gerð grein fyrir viðskiptum Hafskips við bankann og þróun þeirra frá miðju ári 1972. Á því tímabili jókst fyrirgreiðsla bankans við fyrirtækið um rúmlega 70% á föstu verðlagi og var bankinn þá kominn í hættulega stöðu. Í niðurstöðum bankaeftirlitsins um þetta mál segir:

„Þróun þessara skuldaviðskipta er þannig allt fram á árið 1973 að vægast sagt verður ekki séð að hún hafi á neinn hátt verið í samræmi við hagsmuni bankans, enda bankinn þá kominn í mjög hættulega stöðu í málinu.“„

Svona fast var kveðið að orði þegar á þessum tíma. Svipað orðalag er viðhaft á árunum 1975 og 1977 og þar segir, með leyfi þínu, forseti:

„Bankaeftirlitið hefur ekki framkvæmt athugun á útlánaviðskiptum aðalbanka Útvegsbankans frá því að framangreindri athugun frá árinu 1973 lauk. Ekki verður annað sagt en að þær staðreyndir, sem nú blasa við um þróun viðskiptanna við Hafskips hf. s.l. 2–3 ár og stöðu þeirra mála í dag, hafi komið bankaeftirlitinu á óvart. Með tilliti til fyrri reynslu bankans af þessum viðskiptum og með hliðsjón af mjög erfiðri fjárhagsstöðu bankans sjálfs mátti ætla að ýtrasta aðhald og aðgát yrði sýnd í þessu máli.“

Og enn fremur: „Hvernig sem á þetta mál er litið er ljóst að staða Útvegsbankans er orðin stórlega viðsjárverð. Komi til gjaldþrots hjá fyrirtækinu [þ.e. Hafskipi hf.] gæti bankinn á skömmum tíma þurft að leysa til sín kröfur upp á hundruð milljóna kr.“ Og er þeirri áhættu síðan lýst nánar í grg., sem dagsett er 24. okt. 1977, og þar er talið að fjárútlát bankans yrðu vart undir 700 millj. gkr.

Enn fremur segir: „Auk hugsanlegra áhrifa á lausafjárstöðu bankans verður svo að horfast í augu við þá hreinu tapþættu sem bankinn er í. Hér að framan er gerð grein fyrir hinni miklu óvissu sem er um raunverulega eiginfjárstöðu Hafskips og óvissu um raungildi þeirra greiðslutrygginga sem bankinn hefur. Í viðbót við það gífurlega áfall, sem innlausn skulda fyrirtækisins og fjárbinding af þeim sökum yrði bankanum, verður því engan veginn útilokað að um umtalsverð endanleg skuldatöp gæti orðið að ræða.“

Herra forseti. Ég taldi óhjákvæmilegt að vitna beint í svör bankaeftirlitsins til að rökstyðja þá niðurstöðu mína af þessari skýrslu að bankaeftirlitið hafi sem slíkt staðið vel í stykkinu og skilað, eins og því ber, þeim aðvörunum og það sterklega orðuðum aðvörunum sem eðlilegar hafa verið í ljósi stöðu bankans og viðskiptavinarins, Hafskips, á þessum tíma. Það sem vekur hins vegar miklu fleiri spurningar er hvers vegna, í ljósi þessara aðvarana frá bankaeftirlitinu, mál þróuðust sem raun ber vitni ár frá ári og gengu áfram með þeim afleiðingum og þeirri niðurstöðu sem raun ber nú vitni. Það er vissulega umhugsunarefni, herra forseti, mikið umhugsunarefni, en ég fagna því út af fyrir sig, m.a. vegna þeirra starfsmanna bankaeftirlitsins sem óhjákvæmilega tengjast þessu máli, að þeirra hlutur hefur nú verið sæmilega hreinsaður, að ég tel, með svari því við beiðni um skýrslu sem ég hef hér gert að umtalsefni og þakka hæstv. viðskrh. fyrir aftur.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Vera má að það sé ekki til mikils gagns að eyða miklu púðri eða löngum ræðutíma í skýrslur sem beðið er um í nóvember og svarað er í apríl. Þó er það álitamál. Þessi skýrsla, sem hér er á dagskrá, skýrsla viðskiptaráðherra um afskipti bankaeftirlitsins, er gagnleg. Ég er sammála þeim ályktunum seinasta ræðumanns að þessi skýrsla sé stuðningur við þau sjónarmið sem fram komu í tillögum og umræðum þegar þm. fjölluðu fyrr um þýðingarmikið frv. um ný lög um Seðlabanka Íslands. Þá voru lagðar fram eindregnar tillögur um að efla mjög sjálfstæði bankaeftirlitsins, en þær tillögur náðu ekki fram að ganga og tel ég það misráðið.

Að öðru leyti vekja þessar skýrslur upp spurningar um hlutverk bankaráða. Bankaráð virðast satt að segja vera eins konar „sleeping partners“ í þessu kerfi. Hugsunin er sú að þau eru þingkjörin og þau eiga að vera eftirlitsaðilar þingsins, almannahagsmuna, jafnvel þeirra þingflokka sem kjósa eða tilnefna fullrúa sína, en í annan stað eru ákvæði viðskiptabankalaga um bankaleynd þess eðlis að hvenær sem er er hægt að beita þeim ákvæðum til þess að upplýsingar komist ekki á framfæri. Síðan má ráða af þessu, eins og ótal fleiri dæmum, að bankaráðin eru ekki mjög virkur eftirlitsaðili og er þá vægilega að orði komist.

Þær upplýsingar sem hér liggja fyrir um hlutverk t.d. bankaráðs Útvegsbankans í því örlagaríka máli sem fjallar um samskipti bankans við Hafskip hf. virðast eindregið staðfesta að það þurfi að taka þetta eftirlits-

hlutverk bankaráðsins til endurskoðunar.

Í umræðunum um frv. um Seðlabanka voru sérstaklega að því er varðar 18. gr. þess frv. lagðar fram tillögur um að skylda bankaeftirlitið sem sjálfstæða stofnun til að gera ekki einasta bankastjórnum viðvart heldur líka bankaráðum og skoðunarmönnum skv. nýjum ákvæðum viðskiptabankalaga ef bankaeftirlitinu sýnist eitthvað óeðlilegt eða aðfinnsluvert við rekstur bankastofnunar og þá strax á fyrsta stigi, ekki bara þegar fyrir liggur að bankastjórn hefur ekki orðið við beinum tilmælum um endurbætur í starfsháttum.

Herra forseti. Hér liggur á borðum þm. önnur skýrsla frá viðskrh. um stöðu Útvegsbanka Íslands sem beðið var um um líkt leyti, þ.e. væntanlega í lok nóvember, sem getur ekki komist með formlegum hætti á dagskrá eða til umræðu en er þó nánast partur sama máls. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að vekja athygli á örfáum atriðum varðandi þá skýrslu.

Hún snerist um málefni Útvegsbankans og var beiðni um skýrslu frá viðskrh. um stöðu Útvegsbankans í ljósi upplýsinga í fjölmiðlum um viðskipti bankans og fyrirtækisins Hafskips hf. Ég verð sem upphafsmaður ásamt með öðrum að beiðni um þá skýrslu að láta í ljós mikil vonbrigði mín með þau svör sem þarna er að finna, sérstaklega við þeim spurningum sem enn hafa þó eitthvert lærdómsgildi. Upplýsingar um eigið fé bankans nú eða hvert var áætlað tap bankans eru út af fyrir sig úreltar eða löngu fram komnar. Það hlýtur þó að vera áhyggjuefni að hér kemur fram að eigið fé bankans sem svar við þriðju fyrirspurn er, miðað við 31. des. 1985, metið á aðeins 115 millj. kr., en það er þriðjungur til fjórðungur af þeirri upphæð sem upphaflega var talið í umræðum um málið að væri eigið fé bankans. Á þeim tíma lét ég í ljós efasemdir um að eigið fé bankans væri svo mikið sem í veðri var látið vaka. Þetta virðist staðfesta að þær grunsemdir voru réttar. Bankamenn höfðu reyndar vakið athygli á því að skilgreining á eigin fé banka er mismunandi eftir bönkum. Þannig hafði t.d. löngu áður verið á það bent að eigið fé Útvegsbankans er bókfært á annan veg. Þannig er t.d. ekki tekið tillit til verulegra útistandandi skuldbindinga bankans við eftirlaunasjóð starfsmanna og fleiri slík aðfinnsluefni höfðu verið sett fram.

En meginatriðin, sem hefði gildi að fá upplýsingar um, eru svör við spurningum eins og fimmtu spurningu: Hefur stjórn Útvegsbankans sniðgengið reglur og hefðir í bankaviðskiptum um greiðslutryggingar útlána? Svarið við því er ósköp einfaldlega ekkert, en það bíður niðurstöðu nefndar sem enn er að fjalla um málið.

Spurning númer sex: Hefur bankastjórn Útvegsbankans fengið villandi upplýsingar frá Hafskipi hf. um rekstur, afkomu og hagnað og veðhæfi eigna? Svarið við því er líka ekkert, en segir að kannske megi vænta þess þegar rannsókn skiptaráðenda verður lokið.

Svör formanns bankaráðs við tveimur spurningum um viðbrögð og aðgerðir hins þingkjörna bankaráðs eru líka þess eðlis að þau valda vonbrigðum og virðast satt að segja staðfesta þau orð sem ég lét falla áður um að hlutverk hinna þingkjörnu bankaráða virðist vera ansi takmarkað. Og þau gegna ekki hlutverki sínu ef menn standa í þeirri trú að þau séu einhver eftirlitsaðili sem Alþingi geti reitt sig á í þessum efnum.

Næstseinasta spurningin skiptir máli og hefur gildi enn: Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir fækkun, afnámi eða sameign ríkisbanka af þessu tilefni? Svarið er mjög véfréttarlegt. Þar segir að ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir skipulagsbreytingum innan bankakerfisins m.a. með hliðsjón af stöðu þessa máls. Jafnframt skal minnt á að viðskrh. kynnti alþm. í desember 1985 tillögur þriggja manna nefndar um sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Mikið rétt. En það sem um er spurt er auðvitað um afstöðu ríkisstjórnarinnar, um pólitískar ákvarðanir í framhaldi af því gífurlega áfalli sem Útvegsbankinn varð fyrir. Hann hefur síðan verið rekinn í gjörgæslu Seðlabankans og framtíðarstaða hans er auðvitað mjög óviss út frá þeim tölum sem þarna eru gefnar upp um eiginfjárstöðu. Svarið bendir til þess að ríkisstj. hafi ekki gert þetta upp við sig og málið sé látið dankast.

Herra forseti. Þá vil ég að lokum vekja athygli á að í þrettándu spurningu var spurt: Hvaða breyting verður á skuldastöðu Hafskips hf. við Útvegsbankann á tímabilinu 15. janúar 1980 til 2. júní 1983? Þessi spurning lýtur að því vandamáli sem varðar hagsmunaárekstur, þ.e. þeim þætti málsins, sem mikið var ræddur á sínum tíma, að hæstv. núv. iðnrh., fyrrv. fjmrh., hafði gegnt á sama tíma embætti formanns bankaráðs Útvegsbankans og stjórnarformanns Hafskips hf. Í umræðunum kom fram að hæstv. ráðh. tók þessar ábendingar óstinnt upp. Hann tók þær persónulega til sín í stað þess að viðurkenna að vandamál af þessu taki eru auðvitað stjórnsýsluvandamál. Það þurfa að vera ákveðnar reglur sem koma í veg fyrir að slíkur hagsmunaárekstur geti átt sér stað og menn eiga að hegða sér í samræmi við það.

Svarið við þessari spurningu er að skuldbindingar Hafskips hf. gagnvart Útvegsbankanum námu 18,2 millj. kr. 15. jan. 1980, en 2. júní 1983 eða á þeim tíma sem hæstv. ráðh. gegndi báðum störfum höfðu þessar skuldbindingar aukist milli 15- og 16-falt, þ.e. upp í 288,6 millj., en miðað við lánskjaravísitölu er þá um rúmlega þreföldun að ræða. Þetta svar er tiltölulega skýrt og afdráttarlaust. Það staðfestir óumflýjanlega og óvefengjanlega að hagsmunaárekstur inn má meta í tölum og hann er dæmi um hvað við getum lært af mistökum þessa máls. Niðurstaðan er sú að við eigum að taka þessa gagnrýni alvarlega og setja reglur sem koma í veg fyrir að slíkur hagsmunaárekstur geti átt sér stað í framtíðinni.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Síðasti ræðumaður sagði að það hefði verið beðið um þessa skýrslu í nóvembermánuði og hún kæmi í apríl. Ég vil aðeins stytta þennan tíma því að það er beðið um þessa skýrslu 11. des. 1985 og hún kom til Alþingis 25. mars s.l. Ástæðan fyrir því að þessar skýrslur eru lengi á ferðinni er þunglamalegt skrifstofukerfi og að ráðuneytið hefur sjálft hvorki mannafla né tækifæri til þess að vinna slíkar skýrslur heldur verður að biðja um það annars staðar frá í gegnum bankaeftirlit og Seðlabanka, eins og gert hefur verið í þessu tilfelli.

Það kom fram, einkum hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., varðandi eftirlit með fyrirtækjum, og líka hjá hv. 5. þm. Reykv., að þetta eftirlit bankanna er af mjög skornum skammti. Það hlýtur að vera ákaflega vandasamt að hafa eftirlit með margs kyns atvinnustarfsemi. Erlendis tíðkast þetta eftirlit, en það eru sérfræðingar sem hafa eftirlitið með höndum. Það eru fáir sérfræðingar til

starfandi hjá íslenskum bönkum og þar af leiðandi verða þeir mjög oft að fara eftir upplýsingum annarra í þessu sambandi.

Þær sveiflur sem hafa orðið, einkum á síðasta ári, t.d. í kaupskipaútgerð, hafa komið illa við marga banka bæði á Norðurlöndum og stóra banka í Bandaríkjunum þrátt fyrir sérfræðilegt eftirlit. Ástæðan er fyrst og fremst sú að þessar eignir hafa hrunið. Það hefur enginn séð fyrir þær miklu sveiflur sem hafa orðið. Það eru miklar sveiflur niður og upp og niður eins og gerist og gengur. Þetta hefur gert að verkum að það eru ófá gjaldþrot sem hafa átt sér stað á s.l. ári og hafa komið mjög hart niður á ýmsum bönkum, bæði gjaldþrot kaupskipaútgerða á Norðurlöndum, eins og í Noregi, og um allan heim í raun og veru.

Ég tel að það komi mjög til greina að auka þetta eftirlit og það er ekkert óeðlilegt við að atvinnurekstur, sem er margbrotinn og flókinn, kosti ákveðið eftirlit sjálfur, en bankinn velur slíka eftirlitsmenn, og það sé greitt fyrir þá lánafyrirgreiðslu sem slíkum fyrirtækjum er í té látin.

Svarið við síðari skýrslunni, sem var beðið um að tilhlutan Alþfl., kemur ekki fyrr en nú og er margt óljóst í því, sem er erfitt að svara, vegna þess að þessi mál eru fyrir skiptarétti. Það er einnig sérstök eftirlitsnefnd skipuð af Hæstarétti skv. lögum frá Alþingi sem vinnur að þessum málum og hefur hafið störf fyrir alllöngu. Þessi mál verða ekki skýrð í einni svipan, en það kemur að því að þau liggja alveg ljóst fyrir.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi gera örlítið að umræðuefni í því sem hv. 5. þm. Reykv. nefndi. Það var svar við því hvað yrði gert í sambandi við sameiningu banka. Þinginu var tilkynnt um niðurstöðu nefndar, hinnar svokölluðu bankamálanefndar sem var undir forustu Gylfa Þ. Gíslasonar prófessors. Þessi mál liggja ekki svo ljóst fyrir þar sem í tillögum þeirrar nefndar er aðallega bent á tvennt, í fyrsta lagi að stofna sterkan einkabanka með því að sameina einkabanka sem fyrir eru, sem eru afskaplega litlir þegar litið er á alla einkabankana til samans miðað við ríkisviðskiptabanka, og þá jafnframt að leggja tvo ríkisbanka niður sem gangi inn í þennan einkabanka eða á hinn bóginn að fækka ríkisbönkum a.m.k. um einn. Það var og er mjög vandasamt verk að taka ákvörðun á þessu stigi um stöðvun á rekstri Útvegsbankans. Þar eru margir viðskiptamenn sem eru alls góðs maklegir og hafa staðið sig vel á löngum tíma og það er ekki hlaupið að því í okkar bankakerfi að koma hundruðum viðskiptamanna fyrir í öðrum bönkum. Menn segjast eiga nóg með þá viðskiptavini sem eru fyrir og það var því ekki hægt að bjóða upp á það að þeir yrðu gerðir að einhverjum annars eða þriðja flokks viðskiptaaðilum í bönkum. Hins vegar eru engir erfiðleikar á því að taka við innlánum því að það eru allir bankar reiðubúnir að gera það. Inn í þetta fléttast heil byggðarlög og hvernig eigi að leysa þeirra vandamál.

Ég tel að Útvegsbankanum, sem er ríkisbanki, viðskiptabanki, hafi borið að halda áfram sinni starfsemi þannig að það raskaði ekki hans starfsemi þrátt fyrir það mikla áfall sem bankinn varð fyrir. Það hefur verið gert fram til þessa og verður auðvitað að gera áfram. Eftir því sem staða hans er betri þegar kemur til alvöru að taka ákvarðanir um framtíðina í þessum efnum kemur það eiganda bankans, ríkinu, til góðs eftir því sem staða hans er skárri.

Þessi mál eru, eins og ég segi, mjög flókin. Bæði er hér um tæknileg mál að ræða og framtíð heilla byggðarlaga í húfi, framtíð margra fyrirtækja og margra einstaklinga. Þau mál verða aldrei leyst nema með samstarfi margra aðila. Það er líka hér um mjög mikilvæga pólitíska ákvörðun að ræða. Þessi ríkisstj. samanstendur af tveimur flokkum og oft eru eðlilega skiptar skoðanir í ríkisstjórnum sem samanstanda af tveimur eða fleiri flokkum, þremur flokkum oftast. En það er ekki þar með sagt að ekki séu líka skiptar skoðanir innan allra stjórnmálaflokka, bæði stjórnarflokka og annarra. Menn líta ýmsum augum á það. Það er nú svo að mönnum eru kærastir þeir bankar sem þeir hafa lengst af skipt við og notið fyrirgreiðslu hjá.

Eins má segja að alþm. séu kærastir þeir bankar þar sem þeir hafa átt sæti í bankaráðum. Þetta á kannske ekki að vera svona, en það er þó. Það hefur bæði sína kosti og sína galla að tengja störf alþm. við bankastörf eða bankaráð. En það er þó einn mjög mikilvægur kostur í þessari samtengingu, að bankastarfsemin fær meiri skilning í sölum Alþingis eftir því sem menn eru tengdari henni og fylgjast betur með henni.

Ég vildi aðeins að þessi sjónarmið kæmu fram. Ég lít svo á að þessar skýrslur séu hérna gefnar og það verði ekki fyrr en með hausti sem skýrar liggur fyrir hvað kemur út úr þessu svokallaða Hafskipsmáli í skiptarétti og sennilega ekki fyrr en undir áramót skýrsla þeirrar nefndar sem byggð er á þeim lögum sem Alþingi samþykkti, nefndar sem Hæstiréttur tilnefndi.

Skýrsla sjávarútvegsráðherra um aldur, stærð, uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipastólsins, 330. mál (þskj. 1012).

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég svara hér beiðni um skýrslu til sjútvrh. um aldur, stærð, uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipastólsins frá Skúla Alexanderssyni o.fl. Beiðni þessi er í nokkrum liðum.

Í fyrsta lagi er spurt um aldur íslenska fiskiskipastólsins eftir stærð og gerð o.s.frv. Því er svarað eftir bestu getu af Fiskifélagi Íslands, tæknideild, í alllangri skýrslu sem ég vænti að gefi góða mynd af ástandi íslenska fiskiskipaflotans.

Þar kemur vissulega fram að íslenski fiskiskipaflotinn er orðinn allgamall. Hins vegar gefur árafjöldinn ekki rétta mynd í þessu sambandi vegna þess að mikið af skipunum hefur verið endurnýjað og ný tæki keypt í skipin. Eru mörg þeirra í reynd afkastameiri í dag en þau voru þegar skipin voru ný, jafnvel þótt þau séu orðin kannske 10, 15, 20 ára. Tækninni hefur fleygt ótrúlega hratt fram og þessi skip hafa getað tekið hana í notkun þrátt fyrir að þau séu orðin nokkuð gömul.

Það er oft talað um að vegna þessa háa aldurs verði að endurnýja íslenska fiskiskipaflotann mjög hratt. Að mínu mati væri það vissulega mjög æskilegt. Hér er hins vegar um fjárhagslegt atriði að ræða. Endurnýjun fiskiskipaflotans getur því aðeins átt sér stað að fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir rekstri hans.

Einnig er spurt um breytingar á fiskiskipum, flutning á skipum milli útgerðarstaða og úreldingu og einnig hver flutningur á aflamarki var milli útgerðarstaða sem tengist framannefndum þáttum. Í fylgiskjali með þessu

svari er reynt að gera grein fyrir því hvaða bátar hafa annars vegar verið keyptir til viðkomandi staða og seldir þaðan. Hins vegar er mjög erfitt að gefa fullnægjandi mynd af því hvaða aflarétt viðkomandi skip hafa vegna þess að þau hafa getað valið á milli mismunandi réttinda. Einnig hafa þau ýmis sérréttindi, eins og síldveiðar, humar o.s.frv. Hér er því aðeins tekinn þorskur og reynt með því að gefa vísbendingu um þær breytingar sem hafa átt sér stað. Þar er alls ekki um fullnægjandi upptalningu að ræða, enda erfitt að miða við ákveðið ár. Aflaréttindin hafa breyst og við flutning á milli staða geta aflaréttindi skipanna einnig breyst, t.d. vegna þess að þau flytjast á milli svæða.

Ég vænti þess að þessi upptalning gefi nokkra vísbendingu, en hitt er svo annað mál að það geta vissulega verið einhverjar minni háttar villur. T.d. var það svo um s.l. áramót að togarar þeir sem Fiskveiðasjóður hafði eignast voru skráðir í eigu hans og ekki á viðkomandi stöðum, en reynt er að geta þeirra atriða m.a., enda skipta þau verulegu máli, og annarra atriða sem skipta verulegu í sambandi við mat á þessu máli.

Í þriðja lagi er spurt um áform stjórnvalda um aðgerðir til uppbyggingar og endurnýjunar skipastólsins á næstu árum og hvaða hlutdeild íslenskum skipasmíðastöðvum er þar ætluð. Það er nú svo að áform stjórnvalda í þessu sambandi eru ekki aðalatriði heldur áform þeirra sem atvinnuveginn stunda. Stjórnvöld hljóta hins vegar að setja reglur um með hvaða hætti endurnýjun getur átt sér stað. Jafnvel þótt það séu áform stjórnvalda að halda stærð skipastólsins í skefjum er einnig ljóst að með langri stöðvun er hætt við því að við drögumst nokkuð aftur úr að því er varðar tækninýjungar á sviði fiskveiða. Þess vegna hlýtur að vera markmið að stöðug endurnýjun geti átt sér stað þannig að hún sé bæði hófleg og jöfn og það sé reynt að komast hjá því að flotinn sé endurnýjaður í stórum stökkum.

Hins vegar er það svo að fiskiskipastóllinn hefur verið of stór, að mínu mati, og er mun erfiðara að framfylgja slíkri stefnu þegar reglur um fiskveiðar ganga að miklu leyti út á það að takmarka veiðar skipanna og stöðva þau í ákveðinn dagafjölda á ári. Slíkt hlýtur að verka hamlandi á æskilegar reglur um endurnýjun flotans.

Þessu fylgir sem fskj. III reglugerð sú sem sjútvrn. hefur nýlega gefið út og jafnframt þessari reglugerð var útbúið bréf í samvinnu Fiskveiðasjóðs Íslands og ráðuneytisins, en endanlega var gengið þannig frá því að það væri bréf Fiskveiðasjóðs Íslands til sjútvrn. Um þetta mál var fjallað alllengi, en niðurstaðan kemur hér fram. Þar eru settar fram ákveðnar reglur um með hvaða hætti nýsmíði getur átt sér stað í stað skipa sem strikuð eru út af skipaskrá. Skal ég ekki rekja það frekar hér. En þetta kemur mjög skýrt fram í fskj. IV. Einnig er í 2. lið í sama fskj. fjallað um endurbætur á fiskiskipum.

Sem fskj. V fylgir tillaga að ríkisstjórnarsamþykkt sem ég lagði fram samhliða þeirri umræðu sem átti sér stað um lánareglur annarra aðila, þ.e. lánareglur langlánanefndar og annarra opinberra sjóða. Þessi tillaga var ekki endanlega afgreidd. Hins vegar er gert ráð fyrir að lánveitingar banka og langlánanefndar séu í samræmi við það sem þar kemur fram og vænti ég þess að viðskiptabankarnir, sérstaklega ríkisviðskiptabankarnir, muni starfa í samræmi við það.

Herra forseti. Ég gæti að sjálfsögðu haft um þetta mál mun lengri ræðu og væri full ástæða til þess, en þar sem hér er verið að reyna að stytta umræður vænti ég þess að ég geti að öðru leyti vísað til þeirrar skýrslu sem hér er flutt. Ef eitthvað er sem ég hef ekki tekið fram hér í upphafi vænti ég þess að geta bætt úr því síðar við þessa umræðu.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Á þskj. 608 er beiðni frá öllum þm. Alþb. um skýrslu frá sjútvrh. um aldur, stærð, uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipastólsins. Sjútvrh. hefur mælt fyrir þessari skýrslu hér og skýrslan var lögð fram á hv. Alþingi í gær. Það hefur því gefist fremur stuttur tími í önnum þingsins til að fara yfir skýrsluna og undirbúa sig undir að ræða um þá þætti sem skýrslan gefur til kynna. Það er víst heldur ekki tími til þess á síðustu stundum þingsins að hafa langt mál um skýrsluna og þær upplýsingar sem í henni eru faldar.

Það sem við þm. Alþb. fórum fram á að fá upplýsingar um var í fyrsta lagi aldur íslenska fiskiskipastólsins, sundurliðað eftir stærð og gerð og einnig eftir kjördæmum, í öðru lagi breytingar á fiskiskipum sem hefðu orðið á undanförnum árum, í þriðja lagi flutningur aflamarks á milli byggða og í fjórða lagi áform stjórnvalda um aðgerðir til uppbyggingar og endurnýjunar skipastólsins á næstu árum.

Eftir því sem ég hef farið yfir þessa skýrslu finnst mér að það sé vel að málum staðið í sambandi við þær fsp. sem við lögðum fram og upplýsingar séu eins góðar og við mátti búast að við fengjum við spurningum okkar, enda er það sú stofnun sem nýtur hvað mestrar virðingar hjá þeim sem fást við sjávarútvegsmál, þ.e. Fiskifélag Íslands, sem hefur skilað þessari skýrslu í hendur ráðherra eða meginhluta skýrslunnar, þ.e. upplýsingum um aldur flotans og breytingar og um breytingar á kvóta. Það var því ekki við öðru að búast en að þær upplýsingar væru lítið gagnrýnisverðar.

Þær upplýsingar sem í skýrslunni eru um aldur fiskiskipaflotans okkar og þá sérstaklega bátaflotans eru ansi uggvænlegar. Ef litið er á upplýsingarnar um bátana af stærðinni 20–69 lestir kemur í ljós að í einu kjördæminu er meðalaldur þessa bátaflota 30,6 ár og meðalaldur yfir landið allt 24,3 ár. Það er svipaður aldur hvað snertir aðrar stærðir. Meðalaldur báta milli 70 og 105 lestir er 23,3 ár og báta yfir 105 lestir 20,3 ár. Togaraflotinn er yngri.

Ef á það er litið að helmingur botnfiskaflans eða næstum því er fluttur að landi af bátaflotanum, þ.e. þeim flota sem er um og yfir 20 ára gamall, gefur auga leið að þessi floti hlýtur að vera meira og minna úreltur, meira og minna úrelt atvinnutæki, þó að ekki sé hægt að bera á móti því, sem hæstv. ráðh. sagði, að nokkur hluti af þessum flota hefur verið endurbyggður. En þó að hægt sé að nýta sér tæknina á mörgum sviðum við endurbyggingu skipa verður aldrei hægt að nýta hana að fullu á þann máta. Hún skilar sér aldrei í einu eða neinu tæki við endurbyggingu heldur verður að eiga sér stað nýbygging og það sé hugsað fyrir nýrri tækni og nýrri vinnuaðstöðu í nýju tæki, í nýju skipi. Það er líka reynslan um mörg af þeim skipum sem hafa verið endurbyggð að í ljós kemur eftir stuttan tíma að þeir hlutar skipsins sem ekki hefur verið talin þörf á að endurbyggja draga úr afkastagetu, draga úr nýtingu skipsins. Það kemur að því oft ótrúlega fljótt og oftar en búist er við að þessi skip þurfa að fara í aðra endurbygg-

ingu og kostnaðurinn við að halda slíkum flota í gangi verður vitaskuld miklu meiri en eðlilegt viðhald á skipi. Og enda þótt fjárfestingarkostnaður í nýjum skipum sé mikill verður hann jafnvel ekki eins þungur á útgerðinni við eðlilegar aðstæður og sá viðhaldskostnaður sem verður á svona gömlum flota, auk þess sem tækni og betri vinnuaðstaða nýtast ekki í þessum gömlu skipum.

Annar þáttur sem þessi skýrsla fjallar um er flutningur aflamarks á milli byggða. Ég var nokkuð undrandi á þeim tölum sem þar komu í ljós. Þó er það breytilegt eftir stöðum hvað á þessum tveimur árum hefur átt sér stað mikill flutningur á milli staða og hvernig það bendir í þá átt að það aflamark sem við búum við sé hættulegt. Það má vel vera að ýmsar leiðir sé hægt að finna til að betrumbæta það, en það kemur greinilega í ljós hér að það eru ákveðin svæði og ákveðnir staðir sem hreinlega standa frammi fyrir því að réttur þeirra til að sækja fisk í sjó hefur verið af þeim tekinn, heilla byggða. Það er engin vörn til í því kerfi sem við búum við eða hægt að laga þetta.

Í umræðum í Sþ. fyrir nokkrum klukkutímum vorum við að fjalla um hvernig nýjum skipum væri ráðstafað. Það var ekki farin sú leið að bjóða þau þeim aðilum sem hefðu misst kvótann sinn eða stæðu frammi fyrir því að hafa engin atvinnutæki til að flytja þann afla að landi sem þeim væri nauðsynlegur til að halda uppi atvinnu. Nei, það var fjármagnið sem átti að ráða. Búið var til kerfi þar sem það réði hver hefði besta fjármálalega aðstöðu til að ná í veiðitækið, en ekki boðið upp á að þeir aðilar, sem einhverra hluta vegna hefðu farið halloka í því fiskveiðikerfi sem við búum við, fengju að njóta nýrra atvinnufyrirtækja, nýrra skipa. Hin leiðin var farin.

Ég bendi á þennan þátt sérstaklega. Sérstaklega eru það Suðurnesin sem hafa farið illa út út því þó að einnig sé hægt að nefna staði eins og Grundarfjörð og jafnvel Austfirði.

En það sem mér finnst uggvænlegast í þessari skýrslu er sú þráhyggja stjórnvalda að halda því stöðugt fram að fiskiskipaflotinn sé of stór og það sé enn meginstefna stjórnvalda að koma í veg fyrir aukningu á afkastagetu hans, eins og stendur orðrétt í skýrslunni. Þó er viðurkennt að það sé jafnljóst að endurnýjunar sé þörf. En sú viðurkenning sést þó í engu og er ekkert gert til að ýta undir að það eigi sér stað endurnýjun heldur er frekar stuðlað að því að sá einkaréttur sem við búum við í sambandi við að sækja afla í sjó haldist og útgerðarmenn hugsi fyrst og fremst um að halda gömlu skipunum sínum í gangi án þess að gera þeim eitt eða neitt til góða eða huga að því að skipta um skip. Það er engin hvatning frá opinberum aðilum til þess að endurnýjun eigi sér stað.

Ég tel einnig að sú skoðun sé röng að flotinn sé of stór. Ég lít svo á að íslenski fiskiskipaflotinn sé að mörgu leyti ofnýttur. Fiskveiðisókn hjá okkur sé allt of mikil kraftasókn. Maður hefur séð það í vetur og maður les það jafnvel í því ágæta fréttabréfi sem Ríkismat sjávarafurða gefur út og hefur gefið út vikulega í vetur að ofnýting fiskiskipaflotans, kraftasóknin, geri að verkum að við erum að fá verðlítið hráefni að landi.

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp smáútdrátt úr þessu fréttabréfi, með leyfi forseta. Þar segir:

„Nú færist það í vöxt að gert sé að netafiskinum um borð, einkanlega þar sem lengra er sótt þótt það verði því miður ekki sagt um báta frá Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Skv. reglugerð mega fiskiskip, sem landa afla daglega, landa óslægðum fiski.“

Hvað er verið að segja þarna? Það er raunverulega verið að segja það að ákveðinn hluti bátaflotans sé að stunda veiðar af það miklu afli að ekki sé skilað góðu hráefni að landi. Það eru fleiri en bátar frá Eskifirði og Fáskrúðsfirði sem gera þessa hluti, því miður. Vítt um landið hefur það verið þannig að það er sóttur fiskur á mið, sem tekur um hálfan sólarhring eða meira að komast á, þannig að sigling að og frá miðunum er u.þ.b. sólarhringur. Það er farið á miðin og dregið, farið til heimahafnar og afla landað og netin látin liggja á miðunum. Vitaskuld er sá afli sem sóttur er í þessi veiðarfæri meira eða minna skemmdur.

Þetta kalla ég kraftasókn. Það mundi vera heppilegra að sækja þennan afla með heldur minni áfergju og minni krafti en það þýddi það að skipin yrðu ekki nýtt á sama máta. Það yrði að taka sér eitthvert frí. Það mætti ekki láta veiðarfærin liggja í sjónum lon og don eins og gert er núna.

Bátur frá Vestfjörðum hefur haft uppi annan hátt s.l. vertíð. Hann hefur sótt fiskinn á þann veg að hann hefur legið yfir sínum netum og dregið tvær, þrjár lagnir, tekið síðan upp netin í skipið og farið til heimahafnar og þar af leiðandi fallið frá því að láta netin liggja í sjónum og fiskinn skemmast. Vitaskuld verður nýting þessa fiskiskips minni. Hann nýtir ekki veiðimöguleika netanna nema kannske þrjá sólarhringa á móti fimm. Það þýðir það að ef við ætlum að sækja svipaðan afla í sjóinn með þessari aðferð, koma með verðmætari afla að landi, verðum við að stækka skipaflotann okkar. Við verðum að stækka skipaflotann okkar kannske um þetta hlutfall til þess að ná sama aflamagni. En þetta er ekki sú lausn sem stjórnvöld vilja. Þau vilja halda áfram gúanósókninni. Það er mikið eðlilegra að halda áfram gúanósókninni og kraftsókninni. Menn eru heldur ekki á því að draga úr úthaldstíma togara. Það er enn meira og minna haldið úti tíu, tólf daga og komið þar af leiðandi með meira og minna gallaðan fisk að landi. Það þýddi færri úthaldsdaga ef togarinn ætlaði að vera kannske sex daga að veiðum en það þýddi verðmeira og betra hráefni. En þegar stefnan er sú að ekki megi stækka flotann hlýtur að verða að halda áfram þessari aðferð, halda áfram þessari gúanósókn og halda áfram að vera að flytja út meira og minna lélega vöru, eða a.m.k. má segja mun verri vöru en við gætum annars. Ef við breyttum um veiðitilhögun mundum við getað skilað markaðslöndum okkar góðri vöru undir flestum eða öllum kringumstæðum. Við þyrftum ekki að standa frammi fyrir því sýknt og heilagt að fá áminningar frá sölumönnum okkar og fiskisölusamtökum um að það sem við þurfum fyrst og fremst að forðast sé það að flytja lélega vöru á markaðinn. Ef við séum með góða vöru séum við með öruggan markað.

Ég vil endurtaka það að mér finnst þessi skýrsla, sem hér er fram lögð, góð og hún gefur upplýsingar um flest af því sem við fórum fram á að fá upplýst. En hún er vond að því leyti að hún undirstrikar enn á ný þá stefnu stjórnvalda að ekki skuli stefnt að því að betrumbæta það hráefni sem fiskveiðiflotinn okkar ber að landi og það skuli ekki stefnt að því að skila markaðslöndum

okkar betri og betri vöru. Ekki skuli heldur stefnt að því að íslenski fiskiskipaflotinn verði þannig upp byggður að íslenskir sjómenn eigi þess kost að njóta svipaðra fría og helgidaga og annað fólk í landinu, að það eigi enn að halda þeirri stefnu að ætlast til þess að íslenskir fiskimenn og íslenskt fiskvinnslufólk skili miklu lengri vinnutíma en aðrar stéttir þjóðfélagsins. Ef við hverfum ekki frá þessari stefnu og ef við hverfum ekki frá þeirri hugmynd stjórnvalda að ekki megi endurbyggja og stækka íslenska fiskiflotann hlýtur afleiðingin að verða meira og meira fráhvarf frá þessum atvinnugreinum. Það verður erfiðara ár frá ári að fá fiskimenn á fiskiskipaflotann og fólk til þess að vinna við fiskiðnaðinn. Ég held að það verði að viðurkenna það, og það sé kannske þungamiðjan í sambandi við þróun sjávarútvegsins, að aðalatriðið er ekki að flotinn okkar sé úti á miðunum hvern einasta dag, heldur hitt, að við nýtum þennan flota og reynum að láta hann skapa okkur sem best hráefni, hráefni sem tryggir okkur markaði og að íslenskar sjávarafurðir verði eftirsóttari vara en hún er í dag víða á mörkuðum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þessa skýrslu sem hann hefur lagt fram með svörum við fsp. frá þingflokki Alþb. vildi ég bæta örfáum orðum við það sem fram kom frá hv. þm. Skúla Alexanderssyni sem var sá sem fyrstur bað um þessa skýrslu og hefur fjallað um efni hennar að verulegu leyti. Ég ætla að dvelja aðeins við það sem varðar endurnýjun skipastólsins og með hvaða hætti unnið er að slíkri endurnýjun.

Ég er alveg sammála þeirri meginskoðun, sem kemur fram á bls. 2 í þessari skýrslu, að æskilegt er að endurnýjun skipastólsins gerist hægt og sígandi, sem jafnast, en ekki í stórum stökkum eins og hefur því miður orðið reyndin á liðnum tíma, litið til síðustu áratuga. Ástæðurnar fyrir þeim sveiflum hafa verið pólitískar. Vantrú á sjávarútvegi okkar hefur legið þar að baki og mismunandi skoðanir á því hvernig að þessum málum skuli staðið.

Undanfarin ár hefur verið að mestu leyti stöðvun á viðbótum við fiskiskipaflotann og þetta hefur sumpart leitt til þess að verkefni í nýsmíðum, t.d. hér innanlands, hafa verið með minnsta móti en nokkuð hins vegar um breytingar. Ég tel æskilegt að það verkefni sem ætti að liggja fyrir jafnt og þétt, að endurnýja flotann, sé unnið sem mest hér innanlands. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé ekki eðlilegt að ætla sjávarútveginum sem atvinnugrein og þeim rekstri sem þar til heyrir að standa undir kostnaðarauka, og kannske verulegum kostnaðarauka, vegna þess að dýrara sé að byggja skip hér en erlendis eða afla skipa með slíkum hætti. En möguleikarnir á því að gera innlendan skipasmíðaiðnað samkeppnisfæran ættu að vera til staðar ef rétt er á málum haldið.

Innlendur skipasmíðaiðnaður hefur hins vegar á liðinni tíð ekki fengið að reyna sig sem skyldi. Ástæðurnar fyrir því eru m.a. þessi sveiflukennda endurnýjun og síðan mikill verkefnaskortur á milli þannig að ekki hefur náðst þar upp sú framleiðni og þjálfun vinnuafls sem æskileg væri. Þó vantar ekki mikið á að innlendar stöðvar, þær sem fremstar eru í landinu, séu fyllilega samkeppnisfærar og þær hafa reyndar reynst það í samkeppni varðandi útboð á nýsmíði. Ég er alveg viss um það að ef menn legðu áherslu á að stilla þarna saman þá hagsmuni sem felast í því að missa ekki þessi verkefni úr landi, við endurnýjun, nýsmíði og viðhald okkar skipastóls, er hægt að koma þannig fótum undir málm- og skipasmíðaiðnaðinn að hann sé fyllilega samkeppnisfær. Við sjáum dæmi um þetta varðandi Slippstöðina á Akureyri, sem hefur verið ein öflugasta skipasmíðastöð í landinu, að hún hefur fengið nú ekki alls fyrir löngu stór verkefni erlendis frá sem hún hefur náð í vegna þeirrar færni sem þar er og einnig vegna þess að tilboðin eru samkeppnisfær.

Það er ákveðið lánleysi í atvinnustefnu í landinu sem endurspeglast í því að við höfum misst þessi verkefni úr landi á liðinni tíð og á þessu þarf að verða breyting. Það gerist hins vegar ekki nema hægt sé af stjórnvalda hálfu að stilla þessa hagsmuni saman, iðnaðarhagsmunina og eðlilega kröfu sjávarútvegsins um samkeppnisfæra þjónustu og samkeppnisfær skip. Á því hefur verið mikill misbrestur á liðinni tíð og af því eigum við að læra. Það eru ófá atvinnutækifæri, sem svo eru kölluð, sem við höfum komið upp erlendis, t.d. í nágrannalandi okkar, Noregi, með viðskiptum við Norðmenn og skipakaupum þaðan á liðinni tíð, verkefni sem íslenskar hendur hefðu verið fullfærar um að vinna ef rétt hefði verið að málum staðið.

Við lesum um það í blöðum þessa dagana að meðal þeirra sem vinna í málm- og skipasmíðaiðnaði í landinu er uggur um verkefnaskort á næstunni og það er mjög eðlilegt í rauninni eins og málum er háttað. Það er ástæðulaust að þannig sé að málum staðið og ég vil því hvetja núv. hæstv. sjútvrh. og aðra ráðherra í ríkisstj. að leggja þessum málum lið og reyna að ná fram stefnumörkun til lengri tíma litið sem þjónar okkar hagsmunum á heildina litið og að á þessi dæmi sé litið út frá þjóðhagslegu mati.

Ég ætla svo ekki, herra forseti, að orðlengja þetta af minni hálfu, en ég vænti þess að þær upplýsingar sem hér eru reiddar fram og eru greinargóðar komi að gagni við frekari skoðun þessara mála.

Ég vil svo aðeins nefna það í lokin að við óskuðum eftir því, þingflokkur Alþb., við hæstv. sjútvrh. að hann legði fram upplýsingar í skýrsluformi um úrvinnslu sjávarafla, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi. Ég hef fengið afrit af bréfi til forseta Sþ. frá hæstv. sjútvrh. þar sem hann lýsir því að hann treysti sér ekki til að svara þeim atriðum sem þar var óskað upplýsinga um fyrir þinglok. Ég treysti því hins vegar að á því verði ráðin bót þannig að í byrjun næsta þings liggi þær upplýsingar skilmerkilega fyrir og ég hef skilið það svo að það sé ásættanlegt, enda hefur Alþingi heimilað þessa beiðni sem borin var fram af þingflokki Alþb. Þar er um að ræða mjög mörg þýðingarmikil atriði sem vissulega tengjast með vissum hætti því máli sem hér er rætt, t.d. í sambandi við uppbyggingu frystitogara og tilfærslu fiskvinnslunnar á haf út. Það er einn þátturinn sem þarna var óskað upplýsinga um og ég tel mjög nauðsynlegt að við fáum þær upplýsingar og það mat sem óskað er eftir af hálfu hæstv. sjútvrh. og ráðuneytis hans og við getum rætt þau efni snemma á næsta þingi í ljósi greinargóðra upplýsinga.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðeins út af því sem síðast kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni: Sú beiðni um skýrslu, sem

hann gerði að umtalsefni nú síðast og ég skrifaði hæstv. forseta bréf út af, hefur verið til athugunar í ráðuneytinu. Það er satt best að segja ekki auðvelt mál að svara þeirri beiðni og ég hef getið þess þar að það sé nánast útilokað í allmörgum atriðum nema með mjög mikilli athugun og rannsókn á nánast hverjum einasta stað í landinu.

Þó að ég geri mér fulla grein fyrir því að þessi beiðni hefur verið leyfð í Sþ. er þess að gæta að hingað til hafa slíkar beiðnir um skýrslur beinst að ákveðnum opinberum málum eins og um Útvegsbankann, fiskiskipaflotann, Kröflu o.s.frv. Ég held að það hafi aldrei gerst að beðið hafi verið um skýrslu um svo almennt mál eins og þar kemur fram, um nánast öll sjávarútvegsmál, þannig að ég vænti þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson muni yfirfara þessa beiðni að nýju og athuga hvort ekki megi þar einhverju breyta og flytja hana að nýju á næsta þingi. Jafnvel þótt við í sjútvrn. reynum að huga að henni í millitíðinni tel ég að hún sé þess eðlis að það sé nauðsynlegt að flytja hana að nýju.

Ég vona að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skilji mig ekki þannig að ekki sé fullur vilji fyrir því að reyna að upplýsa öll þau atriði sem að gagni megi koma í íslenskum sjávarútvegi. Menn verða hins vegar að gera sér það ljóst að okkar ráðuneyti eru fámenn og fjárveitingar til þeirra takmarkaðar. Það kostar allmikið fé að svara öllum þeim beiðnum sem berast þangað frá þinginu. En að sjálfsögðu verður að sinna þeim. En það getur líka farið út í öfgar.

Út af því sem fram hefur komið um fjárfestingarstefnu í sjávarútvegi er þar um mjög mikilvægt mál að ræða, ekki aðeins að því er varðar sjávarútveginn sjálfan heldur einnig kjörin í landinu. Það er ávallt verið að fara þess á leit við íslenskan sjávarútveg að hann greiði meira til þeirra sem búa í þessu landi og til þess að hann geti gert það verður að fjárfesta með skynsamlegum hætti. Og jafnvel þótt menn hafi áhuga fyrir því að eiga ný og falleg skip kemur alltaf sá vandi hvað eigi að gera við gömlu skipin. Hér áður fyrr var það lítið vandamál því það voru alltaf einhverjir til að kaupa þau. En nú er hins vegar nánast útilokað að selja þau til annarra landa eða finna verkefni fyrir þau þar þó að það sé ekki algjörlega útilokað. M.a. í þeim tilgangi hefur nýlega verið stofnað fyrirtæki sem á að reyna að leita að möguleikum fyrir íslenskan sjávarútveg á erlendum vettvangi. Ég er fullviss um það að í því hefur allt of lítið verið gert og þar eru ýmsir möguleikar sem við höfum ekki notað okkur. En við höfum m.a. ekki notað okkur þá möguleika vegna þess að menn hafa haft trú á því að hér væru ótæmandi auðlindir á okkar hafsvæði og það væri engin ástæða til þess að leita að öðrum tækifærum. Þetta er hættulegt og mönnum hefur ekki verið beint nóg að öðrum hlutum.

Þær breytingar sem hér koma fram, þ.e. að því er varðar flutning á milli staða, birtast m.a. í því að allmikið er af skipum sem flytjast til Norðurlands, nokkuð til Vestfjarða, m.a. vegna þess að rækjuveiðar hafa farið vaxandi og fleiri og fleiri skip hafa sinnt þeim veiðum. Það eru oft og tíðum skip sem stunduðu síldveiðar hér áður fyrr fyrir Norðurlandi, voru flutt til annarra landshluta vegna þess að möguleikar voru ekki fyrir þau þar. Þetta er sú breyting sem aðallega kemur fram á þessum listum þó að þar séu vissulega margar undantekningar.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég skildi ekki alveg það sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði um kraftasókn. Ég man ekki betur en hann hafi sagt það fyrir stuttu síðan að það væru allt of mörg skip bundin við Breiðafjörð og þau eru a.m.k. ekki í neinni kraftasókn meðan þau eru bundin við bryggju. Ég sé því ekki alveg hvernig hv. þm. kemur því heim og saman, sem hann sagði áðan, að vegna þess að menn fá ekki að kaupa ný og dýr skip sé verið að halda uppi allt of mikilli sókn á þeim gömlu. Dettur nokkrum manni í hug að aðilar sem kaupa dýrt og fullkomið skip muni ekki halda því út til veiða af öllum þeim krafti og mætti sem menn geta? Ætla menn að aðilarnir sem eru að kaupa dýr skip hjá Slippstöðinni á Akureyri og uppi á Akranesi muni liggja mikið í landi ef þeir ætla sér að standa við þær skuldbindingar sem þeir hafa tekið að sér? Þar eru falleg skip og vel búin að fara af stað síðari hluta þessa árs. Þau kosta tæpar 900 millj. kr., þessi fjögur skip, eða 850–860 millj. kr.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, ef velja mætti hvað ætti að gera við 850–900 millj. kr. í íslenskum sjávarútvegi í dag, hvar ætti að nýta það fjármagn. Við þurfum ekki fyrst og fremst á því fjármagni að halda í fiskiskipum. Við þurfum hins vegar á öllu þessu fjármagni að halda í íslenskum fiskiðnaði til að ráða fram úr þeim margvíslegu erfiðleikum sem eru þar. Það getur vel farið svo að ýmis fyrirtæki muni þar standa frammi fyrir stöðvun eins og oft áður vegna skorts á fjármagni, vegna skorts á tækni og nýjum vélum. En þegar þannig er staðið að málum að ekki er fjárfest á réttum stöðum — og þetta á að sjálfsögðu ekki bara við sjávarútveginn, þetta á við atvinnustarfsemina í heild — hafa menn oft og tíðum ekki það fjármagn sem til þarf til að hafa hlutina í lagi.

Um þetta mætti vissulega hafa langt mál en tími er takmarkaður. En ég vænti þess að þær upplýsingar sem hafa komið fram geti orðið til þess að einhver frekari umræða verði um málið þannig að upplýsingar þessar komist sem best á framfæri.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu en ég ætla að byrja á því að þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir það frumkvæði að biðja um þessa skýrslu. Hér er mikið af upplýsingum sem er nauðsynlegt að gefa sér tíma til að fara yfir.

Aðeins örstutt spurning til hæstv. ráðherra vegna þeirrar reglugerðar sem hér er birt: Þar kemur skýrt fram að þeir sem eiga rétt á því að kaupa skip eru þeir sem hafa átt skip fyrir. Við vitum að á vissum stöðum á landinu eru erfiðleikar vegna breyttra aðstæðna og hjá mönnum sem eiga ekki skip fyrir. Hvernig verður brugðist við slíkum erfiðleikum séu ekki skip innanlands til sölu fyrir þessi byggðarlög og þar má nefna Kópasker? Það eru vandamál sem við stöndum frammi fyrir sem verður að leysa og menn hafa gert ítrekaða tilraun til þess að fá skip keypt innanlands en hér spilar auðvitað kvótakerfið mjög mikið inn í.

Það er sem sagt ekki hægt að kaupa skip ef ekki fæst kvóti. Það er mjög skiljanlegt. En fram að þessu ári, á s.l. ári, var ekki kvóti á rækju þannig að menn eru seinheppnir sem byggja í þeim landshlutum þar sem sú fisktegund sem nýtt er á því landsvæði var utan kvóta í fyrra en er komin í kvóta núna í ár, eða a.m.k. þarf leyfi. Og á sama tíma er bannað að kaupa skip nema

eiga skip fyrir, eða fá lán út á skip nema eiga skip fyrir. Ég vildi bara heyra hæstv. ráðherra gefa skýringu í örstuttu máli á því hvað á að gera í þessu reyrða kerfi í sjávarútvegi sem nú er ef vissir landshlutar lenda í erfiðleikum vegna breyttra aðstæðna.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður en aðeins fannst mér ástæða til þess að koma hingað upp aftur og kannske leiðrétta hæstv. sjútvrh. um það að varla mundi ég kalla að hefði verið kraftasókn á Breiðafirði í vetur þegar bátarnir voru bundnir við bryggju eins og ég hef upplýst fyrir nokkru síðan.

Jú, það var einmitt stunduð kraftasókn á Breiðafirði í vetur og víðar um land, fyrst og fremst kraftasókn. Það var sóttur afli af öllu afli og það var ekki látið við það sitja að vinna þar svona venjulegan vinnudag heldur var unnið við Breiðafjörð um allar helgar og flest kvöld mun vinna hafa verið fram undir miðnættið. Ég held að þetta sé bara sú vinnutilhögun sem við eigum alls ekki að viðhalda. Og það að bátarnir, eins og hefur kannske verið meira áberandi annars staðar en við Breiðafjörð, láti netin liggja yfir helgar, taki sér ekki sunnudagsfrí, það gengur ekki upp, held ég, mikið lengur. Það er kraftasókn og ekkert annað. Þessir svörtu mánudagar, sem koma fram í skýrslu Ríkismats sjávarafurða, eru ekkert annað en kraftasókn og það er hlutur sem við eigum að snúa frá. Við eigum að leyfa sjómönnunum okkar og ætlast til þess af þeim að þeir taki sín net upp um helgar og þeir taki frí eins og annað fólk í landinu. Það er ekkert dýrara að láta vélarnar í fiskiskipunum okkar stoppa en í öðrum verksmiðjum vítt og breitt um landið. Ætli prentsmiðjurnar séu ekki flestar stopp á föstudagskvöldum og annað eftir því?

Þetta er kraftasókn og ég er alveg viss um að hefði verið linað svolítið á sóknninni við Breiðafjörð í vetur og annars staðar um landið værum við að flytja að landi miklu meiri verðmæti. Það er ekki aðeins hægt að tala um að við nýtum ekki fjárfestinguna. Ég hugsa að við skilum betri arði af fjárfestingunni með því að hætta þeirri kraftasókn sem við stundum nú. Ég er nærri viss um að þá yrði betri arður af okkar fjárfestingu en nú er.

Ég skal svo taka undir það sjónarmið ráðherra að við eigum að leita að verkefnum fyrir okkar sjávarútveg víðar en hér við Íslandsstrendur og sjálfsagt eru margir möguleikar þar fyrir hendi. Það skapar okkur aukið svigrúm, aukinn möguleika til að nýta okkar heimaauðlindir betur. En það breytir ekki því að við verðum að breyta um stefnu í sambandi við hina almennu uppbyggingu á okkar flota.

Reynt hefur verið að réttlæta flutning á milli byggðarlaga, sem er ískyggilega mikill skv. skýrslunni, m.a. með því að það hafi verið floti fyrir Norðurlandi á síldarárunum. Það er ansi langt síðan síld var fyrir Norðurlandi og að núna sé að eiga sér stað einhver tilflutningur vegna þess flota, það held ég að geti ekki verið mikið.

Því er haldið fram að þær 900 millj., sem verið er að leggja í þessi nýju skip sem nú eru að fara á flot, hefðu frekar átt að fara í frystiiðnaðinn. Ég veit að margir telja að í fiskiðnaðinum á Íslandi sé ansi mikil offjárfesting, hún sé jafnvel meiri þar. Þeir sem tala um offjárfestingu í skipaflotanum nefna það einnig að það sé allt of mikil fjárfesting í fiskvinnslunni. Víða eru fiskvinnslustöðvar nýttar kannske 2–4 mánuði á ári. Menn benda á að það sé vannýting á þessari fjárfestingu.

Ég vil ekki gera upp á milli þess hvort þetta fjármagn, sem við höfum yfir að ráða, fari frekar til uppbyggingar á skipaflotanum okkar eða í fiskvinnsluna. Ég hef þá skoðun að við þurfum að fá ansi mikið fjármagn í hvort tveggja. Það er ískyggilegt til þess að vita að á undanförnum árum skuli nær engin fjárfesting vera í þessum greinum og á sama tíma sé fjárfesting í orkugeiranum okkar nærri því komin niður í núll og það sé minnkandi fjárfesting í vegaframkvæmdum. En skuldir landsins halda áfram að aukast, a.m.k. standa í stað, þær eru ekki borgaðar niður. Meðan meginhluti fjárfestingar er stöðvaður í landinu, í aðalundirstöðuatvinnugreininni, í orkugeiranum, í vegaframkvæmdum, aukast skuldirnar. Það er ekki góð þróun.

En ég vil að lokum undirstrika að ég tel að það sé eitt af nauðsynjamálum landsbyggðar og sjávarútvegs og þar með okkar Íslendinga að horfið verði frá þeirri stefnu að ekki megi stækka fiskiskipaflotann og það sé lífsnauðsyn að fiskiskipaflotinn og sérstaklega bátaflotinn verði endurnýjaður nú á næstu árum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það var aðeins út af því máli sem hæstv. sjútvrh. gerði hér athugasemdir við, þ.e. skýrslubeiðni varðandi úrvinnslu sjávarafla, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi á þskj. 647, að ég bað hér aftur um orðið.

Þessi beiðni var hér lögð fram fyrir rúmlega mánuði síðan, þann 19. mars s.l., og var samþykkt í sameinuðu þingi. Þó að hún sé í allmörgum liðum og varði mörg atriði og mikilvæg hefði ég talið að einu ráðuneyti væri ekki ofætlan að veita þar a.m.k. nokkra úrlausn á þeim vikum sem síðan eru liðnar. Mér finnst heldur lítið vera gert með óskir héðan frá Alþingi ef ekki er raunverulegur vilji á því hjá framkvæmdavaldinu að leysa úr óskum um upplýsingar, svipað og þarna er beðið um, með eðlilegum hætti.

Ég get vel skilið að það taki tíma að verða við beiðnum af þessu tagi. Það getur tekið meiri tíma en liðinn er frá því að þessi ósk var fram borin og ég hef fullan skilning á því og treysti því að úr því verði bætt. En við höfum sem sagt engin svör fengið við þeirri beiðni um upplýsingar sem þarna var framreidd. Þess vegna ítrekaði ég þetta að hæstv. ráðherra sæi til þess að sameinað þing fengi skýrslu um þetta efni án þess að til sérstakrar nýrrar beiðni kæmi. Ég veit að það hefur ítrekað verið minnt á þessa beiðni af hálfu hæstv. forseta og málið verið rætt núna fyrir þinglokin milli formanna þingflokka. Ég taldi að það væri skilningur á því að úrlausn fengist í upphafi næsta þings fyrst hæstv. ráðherra sá sér ekki fært að veita þarna svör.

Ég ætla svo ekki að fara að ræða þetta efnislega. Ég vil aðeins benda á að hér er verið að spyrja um hin mikilsverðustu mál, upplýsingar sem ættu að liggja fyrir tiltölulega auðveldlega, flestar hverjar, og eru undirstaða þess að geta metið þjóðhagslega hagkvæmni frekari fjárfestinga og varðandi fleiri áherslur sem miklu skipta um stefnuna í sjávarútvegsmálum. Ég tel því að hér sé ekki um að ræða efni sem skipti bara þm. máli og þá sem áhuga hafa á þessum efnum, heldur raunverulega framkvæmdavaldið ekki síður, það þurfi að hafa aðgang að slíkum upplýsingum til þess að geta

tekið skynsamlegar ákvarðanir.

Ég er ekki að gera því skóna að það sé ágreiningur milli mín og hæstv. ráðherra í þessu og ég vænti þess að hann sjái sér fært með aðstoð síns ráðuneytis og opinberra stofnana ýmissa, eins og Þjóðhagsstofnunar o.fl., að fá þær upplýsingar sem þarna er um beðið og reiða þær fram með eðlilegum hætti. Ég er alveg reiðubúinn til að ræða einstök atriði við hæstv. ráðherra frekar á milli þinga ef það mætti verða til að greiða fyrir málinu.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Þegar þessi beiðni um skýrslu var hér fram lögð var ég því miður fjarverandi. Að vísu barst hún að sjálfsögðu strax til míns ráðuneytis en hér er um mjög ítarlega fsp. að ræða og það er miklum erfiðleikum bundið að svara ýmsu sem þar er spurt um. Ég nefni sem dæmi í 7. lið: „Hvernig er háttað nýtingu fiskvinnslustöðva í einstökum sjávarplássum og yfir landið í heild flokkað eftir verkunaraðferðum?“ Og 8. liður: „Ef nýting vinnslustöðva sbr. 7. tölul. er ábótavant, hverjar eru orsakir þess?“ Hráefnisskortur, skortur á vinnuafli o.s.frv. Það er nánaast ekki hægt að svara slíkum spurningum nema með mjög ítarlegri athugun alls staðar um land.

Ég vil því biðja hv. þm. að taka þessa beiðni til endurskoðunar og flytja hana aftur í upphafi næsta þings, enda hef ég skilið það svo og ég vænti þess að það sé réttur skilningur minn á þingsköpum, að öll þau mál, sem ekki eru afgreidd með einhverjum hætti á þingi, falla niður og verður að upphefja á nýjan leik í upphafi næsta þings. Það er a.m.k. sá skilningur sem ég hef ávallt haft á þingsköpum.

Þar að auki verð ég að endurtaka þann skilning minn að ég hef skilið þingsköp þannig að beiðni um skýrslu ætti að fjalla um afmarkað opinbert málefni, eins og ég sagði áðan, en ekki almenna stefnu eins og hér er á vissan hátt verið að biðja um. Slíkt hlýtur að koma fram af hálfu ríkisstj. í stefnuræðu forsrh. og umræðum um hana.

Hér er vissulega um atriði að ræða sem er þarft að taka til skoðunar. En ég tek undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að að sjálfsögðu ber að sjá til þess að hægt sé að gefa þinginu allar þær upplýsingar sem það þarf að fá. En þá verður einnig að búa þannig að framkvæmdavaldinu að það geti sinnt því ásamt öðrum stjórnunarstörfum sem eru ekki svo lítil. Það er ekkert lítið fyrir 15 manna ráðuneyti eins og sjútvrn. að stýra þeim málum sem á það er lagt, þar á meðal stjórnun allra fiskveiða við Ísland. Þar er því ekki margt fólk til húsa til að takast á við þau verkefni sem liggja til úrlausnar á hverjum einasta degi.

Skýrsla landbúnaðarráðherra um undirbúning að svæðabúmarki og fullvirðisrétti bænda, 267. mál (þskj. 1013).

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þessum tíma er ekki unnt að fjalla ítarlega um það yfirgripsmikla mál sem hér er beðið um skýrslu um, en ég mun þó aðeins með örfáum orðum fylgja þessari skýrslu úr hlaði.

Þessum spurningum, sem fram koma í beiðninni, má einkum skipta í þrennt að mínu mati. Í fyrsta lagi er það um aðdragandann og vinnu að ákvörðunum um skiptingu mjólkurframleiðslu á þessu verðlagsári, í öðru lagi um framleiðslumagn eða fullvirðisrétt hvers einstaks bónda og í þriðja lagi svo um framtíðarhorfur og undirbúning við gerð slíkrar skiptingar til næstu ára.

Í þessari skýrslu er í stórum dráttum rakinn aðdragandinn að vinnu við gerð reglugerðar fyrir þetta verðlagsár. Það kemur fram hvernig Stéttarsamband og Framleiðsluráð vann að því máli á s.l. hausti. Þegar í ljós kom hversu mikil vinna það var ákvað landbrn. að nú á þessu verðlagsári skyldi samin reglugerð sem aðeins gilti fyrir þetta ár og skyldi byggjast á þeim atriðum sem fram voru þá komin frá fulltrúum Stéttarsambandsins. Skömmu eftir þá ákvörðun barst álit nefndar sem fjallaði um þetta mál af hálfu Framleiðsluráðs, svæðabúmarksnefnd Framleiðsluráðs.

Þar kemur fram að allmikið vantar á að þær tillögur séu í því formi að unnt sé að gefa þær út sem reglugerð. Þess vegna tók það u.þ.b. mánaðarvinnu í ráðuneytinu með samstarfi við Framleiðsluráð og Stéttarsamband — þar inn í kom að vísu jólafrí — að ganga frá þessari reglugerð. Þau frávik, sem eru frá tillögum svæðabúmarksnefndar, er einkum að finna í 10. gr. reglugerðarinnar þar sem fjallað er um það á hvern hátt skuli taka tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið á búrekstrarstöðu manna síðustu árin. Í ljós hefur komið að ærin þörf hefur verið á því og í sumum tilvikum er talað um að ekki hafi verið nógu langt gengið.

Eftir að reglugerðin var gefin út komu þessi mál heim til búnaðarsambandanna og þar hafa þau síðan verið til meðferðar. Þrátt fyrir það að ákvæði væru um að allar tillögur frá búnaðarsamböndunum ættu að vera komnar fyrir 1. apríl voru þær í dag ekki komnar allar enn. Það er þá augljós ástæða fyrir því að ekki er hægt að uppfylla nema að litlu leyti spurningar um annan þáttinn, þ.e. fullvirðismark einstakra bænda. Þar við má bæta að þar er um að ræða atriði sem nokkurt álitamál er hvort eigi að vera að birta opinberlega. Það atriði hefur verið borið undir tölvunefnd og hún er með *það mál til athugunar. En þarna er* birtur fullvirðisréttur hinna einstöku búmarkssvæða í skýrslunni.

Á sama hátt er að sjálfsögðu ekki hægt að fjalla um hver áhrif þessi skipting hefur á afkomu bænda miðað við framleiðslu síðustu þriggja ára. Það er líka augljóst hversu gífurlegt verk það væri að fara að skoða afkomu hvers einasta bónda í landinu. Nú vil ég taka það fram *vegna umræðna, sem hér hafa farið fram rétt áður,* að landbrn. vill síður en svo vera að liggja á þeim upplýsingum sem það hefur tiltækar og hægt er að birta í sambandi við landbúnaðarmál. Ég tel að slíkt sé af hinu góða, að mönnum séu sem ljósastar allar staðreyndir í þeim málum.

Það má geta þess sem dæmis að til landbrn. var ráðinn nýr maður skömmu eftir áramótin og honum einkum ætlað að vera til aðstoðar við framkvæmd hinna nýju laga. En reyndin hefur orðið sú að mest af hans vinnu hefur farið í að afla upplýsinga og ganga frá svörum við fsp. sem borist hafa frá Alþingi.

Hér er sem sagt ekki um það að ræða að þótt hægt hefði verið að leggja þessa vinnu í útreikning á afkomu einstakra bænda miðað við fullvirðismark og fyrri ár þá eru slíkar upplýsingar alls ekki fyrir hendi, fullvirðismarkið, ekki í dag. Hitt er augljóst mál og ég vil undirstrika það að það er þörf á sem gleggstum

upplýsingum um afkomu bænda, en fyrst og fremst fyrir hvern einstakan bónda. Að því hef ég viljað stuðla og það hefur verið reynt að gera síðustu árin með stuðningi Framleiðnisjóðs, t.d. við búnaðarsamböndin þar sem þeim hefur verið veitt aðstoð við að koma upp tölvuþjónustu fyrir bændur, þannig að þau gætu tekið bókhald bænda til sín, gert það upp þannig að sem allra gleggstar upplýsingar lægju fyrir fyrir hvern einstakan bónda að meta sína afkomu.

En það er reynt að meta þarna aðeins hvernig afkoma mjólkurframleiðenda í heild er miðað við þessa úthlutun og síðustu þrjú ár. Meðalframleiðsla bænda á síðustu þremur árum var tæplega 109 millj. lítra. En það var nokkur verðskerðing á þessu magni til bænda, sérstaklega þó á síðasta verðlagsári. Þeir fengu því ekki greitt fullt verð fyrir þetta. Segja má að með þeim 107 millj. lítra fái bændur nokkurn veginn greitt fullu verði jafnmikið mjólkurmagn og síðustu ár. En þar við má bæta að á þessu verðlagsári fá bændur fullt verð fyrir framleiðslu sína sem mikið skorti á á síðustu árum. Greiddar tekjur mjólkurframleiðenda á þessu verðlagsári munu því verða allmiklu meiri en á síðustu árum.

Ef ég vík aðeins að þriðja þættinum, þ.e. undirbúningi að reglugerðarsetningu fyrir framtíðina, þá er það einnig rakið að síðan lögin voru sett hefur verið óskað eftir tillögum frá Stéttarsambandinu. Það var ítrekað. Eftir að þessi reglugerð, sem nú er í gildi, var gefin út, gerði Stéttarsambandið verkáætlun fyrir sitt starf. Hún er birt hér og eftir henni hefur verið farið hingað til. Gert er ráð fyrir að halda aðalfund Stéttarsambands bænda fyrri hluta júnímánaðar og þá verði af hálfu Stéttarsambandsins tekin endanleg afstaða til þessa máls.

Um frekari áætlanagerð fyrir framtíðina er rétt að undirstrika að mjög mikil þörf er á slíku. Það er einn megintilgangur hinna nýju laga að stuðla að því að slíkt sé hægt. Haft var samband við Byggðastofnun eftir að hún hafði verið stofnuð á s.l. hausti og óskað eftir því að njóta hennar aðstoðar eins og unnt væri í sambandi við slíka áætlanagerð. Það varð niðurstaðan að byrja á endurskoðun á áætlun um loðdýraræktina, eins og reyndar hefur komið fram hér á Alþingi áður, og því verki er nú langt komið. En að sjálfsögðu þarf síðan að huga að öllum öðrum þáttum.

Í þeirri stöðu sem við erum, þar sem svo var mjög komið á elleftu stundu að ný lög væru sett sem gerðu kleift að koma fastara skipulagi á landbúnaðarframleiðsluna, er óhjákvæmilegt að huga mjög að því hvernig á að koma í veg fyrir að þróun síðustu ára verði einstökum bændum of þung í skauti. Á það er lögð mjög mikil áhersla nú og því verða eitthvað minni möguleikar og dráttur á því að unnt sé í jafnríkum mæli og æskilegt væri að móta þegar stefnu sem horfir meira til framtíðar.

Reglugerðin mótast sem sé af því að reyna, eins og ég sagði, að taka nokkurt mið af þróun síðustu ára og bæta þar úr. En jafnframt hefur þegar verið hugað að uppbyggingarhliðinni með búháttabreytingu, með framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á s.l. ári og svo því sem til hans kemur á þessu ári á grundvelli hinna nýju laga. Að því verður hugað eins og kostur er. Það má geta þess að eitt af aðalmálum næsta aðalfundar Stéttarsambands bænda verður auk hinnar nýju reglugerðar umræða um atvinnuuppbyggingu í sveitum og það átak sem þar þarf að gera.

Herra forseti. Ég tel ekki fært að eyða meiri tíma í að fjalla um þetta yfirgripsmikla mál nú en hef hér í örfáum orðum getið nokkurra atriða í sambandi við þá skýrslu sem hér er lögð fram og gert grein fyrir ástæðum fyrir því að ekki er unnt að verða við einum meginþætti þessarar beiðni, þ.e. um búmark einstakra bænda.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það eru nokkuð sérstæðar aðstæður sem við störfum nú við á hv. Alþingi. Það er komið fram á fyrirhugaðan síðasta dag þinghaldsins og við erum að ræða hér um skýrslu frá hæstv. landbrh. um mál sem varðar alla bændastéttina í landinu við aðstæður sem eru tæplega boðlegar miðað við hvað málið er stórt og þýðingarmikið og hefði þurft að fá ítarlega umræðu hér á vettvangi þingsins.

Ég vil minna á að beiðni um þessa skýrslu var borin fram fyrir rúmum tveimur mánuðum og vel það. Þessi beiðni var samþykkt hér í sameinuðu þingi þann 13. febr. s.l. Það hefur tekið hæstv. landbrh. tíu vikur að reiða fram þau svör sem er að finna hér í skýrslu hans. Þessi svör koma hingað inn í þingið á næstsíðasta eða þriðja síðasta degi þinghaldsins.

Ég hlýt að segja það hér í upphafi að ég tel þessi svör, sem hér eru fram reidd, afar ófullkomin þó að ég vilji út af fyrir sig þakka hæstv. ráðherra þá viðleitni sem í þeim birtist. En þau eru langtum rýrari en ég hafði gert mér vonir um og við aðrir þm. Alþb. sem bárum þessa ósk fram. Ég hlýt hér að fara aðeins yfir það til að rökstyðja þá staðhæfingu mína.

Það er t.d. ekkert hér að finna varðandi fullvirðisrétt einstakra framleiðenda og ekki heldur um þá tekjuskerðingu sem mjólkurframleiðendur verða fyrir, en um þetta var beðið skv. 2. og 6. lið í okkar beiðni. Hæstv. ráðh. skýrir þetta með þeim hætti að ekki sé búið að gera þetta endanlega upp gagnvart einstökum framleiðendum og um það er mér vissulega kunnugt. Þó að nær átta mánuðir séu liðnir af verðlagsárinu vita einstakir bændur allvíða um landið enn þá ekki um það hver verði raunverulega þeirra hlutur, hver verði þeirra endanlegi fullvirðisréttur. Og það eitt út af fyrir sig segir náttúrlega meira en mörg orð um þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð gagnvart þessum framleiðendum. Það skortir því verulega á að við getum rætt þessi mál hér út frá upplýsingum sem þurfa að liggja fyrir ef menn ætla að leggja mat á áhrif þeirra laga sem sett voru í fyrra og þeirrar reglugerðar, sem hæstv. ráðh. setti 22. jan. s.l., hvernig þessar ákvarðanir koma við bændastéttina í heild, einstök svæði og einstaka framleiðendur.

Hæstv. ráðh. hefði hins vegar getað farið þá leið í sambandi við svör við þessari beiðni að greina frá úthlutun áður en til leiðréttinga kom skv. 10. gr. með þeirri óvissu sem framleiðendur hafa búið við fram undir þetta og hefði það út af fyrir sig gefið nokkuð góða mynd af ástandinu eins og það birtist framleiðendum. En ég ætla ekki að ræða það sérstaklega frekar, en þetta er auðvitað mikill ókostur þegar farið er yfir þessi efni.

Það eru ekki birt svör varðandi framleiðslubúmark nautgripaafurða og sauðfjárafurða á síðasta ári fyrir einstök búmarkssvæði og ekki heldur hjá framleiðendum, eins og þó er beðið um í tölul. 3. Ég skil ekki hvers vegna ekki er reynt að svara þessum þáttum sem eiga

þó að liggja fyrir. Og ég inni hæstv. ráðh. eftir því hvað valdi því að ekki er gefið hér yfirlit um þetta búmark, þar sem skv. lið 3 er beðið um framleiðslubúmark nautgripaafurða (mjólkur og kjöts) og sauðfjárafurða á árinu 1985 á búmarkssvæðum og hjá einstökum framleiðendum. Þetta ætti þó að liggja fyrir. Og ég inni hæstv. ráðh. eftir því hvers vegna ekki sé nein viðleitni til að svara þessum spurningum.

Þá er það tölul. 4 á þskj. 500. Þar biðjum við um flokkun á jörðum eftir stærð miðað við ærgildisafurðir, hlaup á hverju hundraði, þ.e. fjöldi býla með ærgildisafurðir á bilinu 1–100, 101–200 o.s.frv. upp úr. Það er ekki nokkur minnsta viðleitni til að reiða fram upplýsingar um þetta efni og er þetta þó eitt af þýðingarmiklum atriðum í sambandi við mat á stöðunni í heild hvernig bústærðin dreifist í landinu, hvernig þessu er háttað miðað við ærgildisafsurðir. Allar þessar upplýsingar liggja að sjálfsögðu fyrir og það er ekki hægt að túlka það öðruvísi en viljaleysi að ekki er reynt að svara þessu atriði hér í skýrslu hæstv. ráðh. Og það er kannske þess vegna sem þessi skýrsluónefna, sem er nú eiginlega rétta nafnið á þessa skýrslu, því miður, hún er svo grautarlega upp sett að það er ekki nein viðleitni til þess að fara yfir einstaka liði sem beðið er um svör við. Það þarf að fara rækilega í gegnum þetta og bera saman til þess að sjá í rauninni hverju er verið að svara og hverju er sleppt. Og þessum 4. lið er gersamlega sleppt. Hefur hæstv. ráðh. ekki áhuga á því að átta sig á því hver sé stærð býla í landinu og hvernig þetta flokkast? Það mætti hafa um það mörg orð hvaða þýðingu það hefur að hafa skýrar upplýsingar um þetta atriði.

Í 7. lið beiðninnar á þskj. 500 er spurt um hvað líði undirbúningi að stjórn á framleiðslu sauðfjárafurða, bæði á búmarkssvæðum og hjá einstökum framleiðendum. Hvar er að finna svörin við þessu, hæstv. ráðh.? Hvar eru svörin við þessu? Ég hlýt að óska eftir því að þau komi hér fram. Það er jú að finna á bls. 2 hvernig frá þessum málum var gengið af nefnd Stéttarsambands bænda þann 16. des. 1985, uppgjörsreglur vegna sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1985–1986. En það er verið að spyrja um framtíðina. Hvað ætlar hæstv. ráðh. sér í þessum efnum? Og hvaða tillögur liggja fyrir frá Stéttarsambandi bænda eða þeim nefndum sem hafa unnið að þessu?

Það þarf að leita eins og að saumnál í heysátu til að fá einhver svör um þetta efni og þessa saumnál fann ég kannske á bls. 11 þar sem segir: „Á þessu stigi er ekki að fullu séð hvort sömu aðferð megi viðhafa við uppgjör sláturafurða sauðfjár haustið 1986.“ Þetta er svona það helsta sem ýjað er að í þessum efnum. En ég spyr hæstv. ráðh.: Á að setja fullvirðisrétt á sauðfjárafurðir í landinu fyrir næsta verðlagsár? Er það meiningin eða ekki? Og hvernig er undirbúningi að því háttað? Hversu langt er hann kominn? Liggja fyrir hugmyndir um fullvirðisrétt fyrir sauðfjárafurðir eftir svæðum og til einstakra framleiðenda? Og hvernig lítur það dæmi út? Ég óska eftir skýrum svörum við þessu atriði. Hafa slíkar upplýsingar kannske verið sendar út? Sé svo, hvernig stendur á því að í svari til Alþingis er ekkert að finna um þetta efni? Við erum skilin eftir algerlega í þoku hvað þetta snertir og varðar þetta alls ekki það yfirklór sem hæstv. ráðh. hafði hér í sambandi við stöðuna gagnvart einstökum framleiðendum. Ég get ekki trúað því að málin séu í slíkri þoku, þó að margt sé óljóst í landbúnaðarstefnunni, að það liggi ekki svona nokkurn veginn fyrir hvað menn ætla sér, hvert menn stefna í sambandi við búmark í sauðfé og fullvirðisrétt í þeim efnum. Ætla menn að treysta á lukkuna með þeim hætti sem gert var á síðasta ári eða ætla menn að ganga fram með svipuðum hætti og gagnvart mjólkurframleiðslunni?

Þá er að víkja að síðustu atriðunum, sem spurt er um í beiðni okkar um skýrslu, varðandi það hvort tillit sé tekið til landkosta á einstökum svæðum og jörðum og til markaðsaðstæðna í einstökum byggðum og landshlutum við undirbúning að úthlutun á fullvirðisrétti. Og sé svo, þá í hve miklum mæli. Um þetta er ekki að finna neinar marktækar upplýsingar í þessari skýrslu nema þá að túlka eigi svarið neitandi. Mér er vissulega kunnugt um það að fram hjá þessu þýðingarmikla atriði hefur verið horft að mestu leyti á liðnum árum. Og það er kannske eitt það alvarlegasta í landbúnaðarstefnu á liðinni tíð að menn hafa ekki haft fyrir því að taka tillit til landkosta í sambandi við fjárfestingu í sveitum landsins. Það er aðeins vikið að því hér í skýrslu hæstv. ráðh. að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi verið ætlað að hafa auga á þessu. En ég held að veruleikinn sé sá að lítið sem ekkert hafi verið tekið tillit til landnýtingarsjónarmiða, alveg fram á þetta ár. Það er sannarlega alvarlegt atriði og það er enn þá alvarlegra ef svo á að halda fram í sambandi við það efni.

Í 9. lið var spurt hvort ríkisstj. hafi beitt sér fyrir áætlun um uppbyggingu nýrra búgreina á einstökum svæðum og lögbýlum með tilliti til þeirra breytinga sem nú ganga yfir í hefðbundnum búgreinum og þá með hvaða hætti. Það er lítil viðleitni til að svara þessu og að sjálfsögðu ekki vísað neitt til þessarar spurningar eða beiðni sem þarna liggur fyrir um upplýsingar, heldur aðeins á bls. 12 vikið að því að landbrn. hafi óskað eftir því við Framkvæmdastofnun ríkisins að hún gerði svo fljótt sem kostur væri yfirlit yfir atvinnumöguleika í sveitum landsins og einnig að sérstakur starfshópur vinni nú að tilhlutan landbrh. við endurskoðun fyrri áætlana um uppbyggingu loðdýraræktar í landinu og það verk sé nú vel á veg komið. Það er ekkert að hafa meira úr þessari skýrslu um þessi þýðingarmiklu atriði. Er það svo að varðandi nýjar búgreinar liggi engar skipulegar áætlanir fyrir hvernig nýjar búgreinar eiga að koma í staðinn fyrir hinn hefðbundna búskap þar sem um samdrátt er að ræða og samdráttur er boðaður í miklu stórkostlegri mæli heldur en verið hefur að undanförnu? Renna menn í reynd blint í sjóinn í þessum efnum? Eru menn að endurtaka fjárfestingarmistökin í hinum nýju búgreinum? Fjárfestingarmistökin varðandi hinar hefðbundnu greinar sem ég hef lítillega gert hér að umtalsefni.

Nei, herra forseti. Þessi skýrsla hæstv. landbrh. er aldeilis ótrúlega rýr. En hún leiðir kannske í ljós hver staðan er hjá framkvæmdarvaldinu í þessum efnum og er að því leyti upplýsandi ef hún endurspeglar, eins og ég óttast, sýn ráðuneytis landbúnaðarmála til þessara mála og þekkingu eða réttara sagt þekkingarleysi á því viðfangsefni sem við er að fást. Upplýsingagrunnurinn, ef marka má þessa skýrslu, er sannarlega rýr og það er því ekki að undra þó að ekki takist ýkja vel til í veigamiklum atriðum.

Vissulega sjáum við það og lesum út úr þessari skýrslu, og vissum það raunar, að ákvarðanir varðandi

yfirstandandi verðlagsár voru seint á ferðinni. Það er helst að sjá sem bæði hæstv. landbrh. og samtök bænda eða trúnaðarmenn í samtökum bænda hafi alls ekki áttað sig á umfangi verksins fyrir fram, hafi nánast enga grein gert sér fyrir umfangi verksins. Öðruvísi er ekki hægt að skýra það að það er fyrst þegar fimm mánuðir eru liðnir af verðlagsárinu sem hæstv. ráðh. treystir sér til að gefa út reglugerð. Og hvað gerðist á meðan? Jú, mjólkurframleiðslan í landinu jókst á meðan um 14% miðað við verðlagsárið á undan, um heil 14%, 5,5 millj. lítra. *Það er ekki vitað um neina marktæka viðleitni af* hálfu landbrn. eða forustumanna í bændasamtökunum til þess að vara við þessari þróun sem var þó dagljós frá mánuði til mánaðar, hvernig hún vatt upp á sig, því að útskriftirnar frá mjólkursamlögunum liggja jú fyrir mánaðarlega og þá mátti alveg vera ljóst löngu fyrir jól hvert stefndi í þessum efnum. En menn sátu með hendur í skauti þegjandi og skýringin sem við fáum efst á bls. 2 var sú að líta mætti á aukninguna sem viðbrögð bænda við hvatningunni, hvatningunni til þess að auka mjólkurframleiðsluna á vetrarmánuðum. Þetta er skýringin. Þetta er afsökunin á þessum ófarnaði sem þarna var í fullum gangi. Erfiðleikarnir mögnuðust þannig upp á sama tíma og menn sátu yfir undirbúningi að umræddri reglugerð.

Það er ekki óeðlilegt að spurt sé um það hver beri ábyrgð á vinnubrögðum af þessu tagi. Því er heldur ekki svarað hér í þessari skýrslu hver það er sem ábyrgðina ber, vandasamt verk og tímafrekt, en af hálfu ráðuneytisins stendur neðst á fyrstu síðu þessarar skýrslu: Var óskað eftir því að niðurstöður samninga um framleiðslumagn væru kynntar bændum rækilega þannig að þeir gætu stefnt framleiðslumagni í átt til hins umsamda magns. En það stendur ekki þarna skýrum stöfum hver átti að kynna bændum þetta. Var það Stéttarsambandið? Hver var það sem ábyrgðina bar á því að upplýsingar bárust ekki til bænda svo sem nauðsynlegt hefði verið til að vara við hvert stefndi?

Ég ætla, herra forseti, ekki að fara hér ítarlega út í þá miklu erfiðleika sem við blasa á yfirstandandi verðlagsári í framhaldi af þessari framleiðsluaukningu og því takmarkaða svigrúmi sem eftir var eftir að loks var sett reglugerð og fullvirðisréttur birtur framleiðendum. 5% svigrúmið til leiðréttinga innan búmarkssvæða reyndist allt of lítið í mörgum tilvikum. Einnig svigrúmið vegna mjólkurframleiðenda, sem hafa minna en 300 ærgildisafurðir, þ.e. 1 millj. lítra, og þurfti að bæta þar við. Það tókst, að vísu með tilstuðlan Framleiðnisjóðs, að tryggja þessum framleiðendum fullt verð fyrir 1 millj. 660 þús. lítra og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert að Framleiðnisjóður tók á sig að tryggja þessum litlu framleiðendum eða tiltölulega veiku framleiðendum fullt verð fyrir framleiðslu upp að nefndu marki.

Innan einstakra svæða hafa svo skapast mikil vandræði vegna þess hvernig mál höfðu þróast áður en reglugerð var sett og vegna þeirrar skömmtunar sem fullvirðisrétturinn hafði í för með sér fyrir viðkomandi svæði. Þarna var fyrst og fremst um þrjú svæði að ræða, sem reyndust hafa verulega sérstöðu, Norðfjarðarsvæði eystra og Djúpavogssvæði að Breiðdal meðtöldum og Vestur-Barðastrandarsýsla. Mér er kunnugt um að unnið er að því að reyna að leysa þann sérstæða vanda, sem er á þessum svæðum, á yfirstandandi verðlagsári og það verður að vænta þess að viðunandi lausn verði fundin mjög fljótlega á þeim miklu erfiðleikum sem við blasa á þessum svæðum. En eftir stendur margs konar rangsleitni þeirra viðmiðana varðandi fullvirðisrétt eftir að reglugerð hefur verið sett. Þessi rangsleitni blasir t.d. við gagnvart bændum sem drógu úr framleiðslu sinni á viðmiðunarárunum. Nú fá þeir minna en hinir. Þeim er í reynd refsað fyrir það að hafa dregið úr framleiðslu sinni eins og tilmæli voru um á liðnum árum. Nægir í raun að benda þar á nýlegt dæmi, glöggan rökstuðning sem kemur fram í grein í Morgunblaðinu í dag, þriðjudag 22. apríl, þar sem er opið bréf til Hákonar Sigurgrímssonar frá Axel Þorsteinssyni, skagfirskum bónda, sem skrifar þar heilsíðugrein undir fyrirsögninni „Lítið eitt um þegnskap“ og ræðir um Jón í Lágakoti og Svein í Háakoti og hvaða mismunandi kjör bændum eru búin í kjölfar setningar þessarar reglugerðar miðað við það hvernig aðstaða þeirra er.

Hið sama á við varðandi frumbýlinga sem eru að byggja upp á jörðum sínum og standa frammi fyrir óleysanlegu dæmi margir hverjir. Margt fleira mætti til tína í sambandi við þær miklu þrengingar sem um er að ræða hjá mörgum framleiðendum í kjölfar þessarar skömmtunar sem þarna var ákveðin. Ég er ekki með þessu að segja að erfiðleikarnir hefðu ekki verið í mörgum greinum þótt ekki hefði verið um þessa reglugerð að ræða, verðskerðingu sem hefði hitt menn eftir á. Það blasir að sjálfsögðu við. Um það hafa menn reynslu frá fyrri árum. En ýmis atriði sem ákveðin voru með þessari reglugerð hefði mátt sjá fyrir, skyldi maður ætla, og a.m.k. er brýnt að leiðrétta hið allra fyrsta þau atriði sem nú blasa við og óeðlileg verða að teljast.

Almennt má segja, herra forseti, varðandi stöðuna í sveitum að hún er mjög erfið, og þá er ég að tala um mjólkurframleiðendur, þrátt fyrir þá staðhæfingu hæstv. landbrh. að á heildina litið fái mjólkurframleiðendur í landinu ekki minni tekjur í vasann en á fyrri árum. A.m.k. jafnast þær tekjur ekki á milli sem skyldi og við þetta bætist framleiðsluaukningin, sem ég hef gert hér að umtalsefni, á fyrri hluta þessa verðlagsárs, sem ekki verður horft fram hjá. Staðan er vissulega erfiðust hjá minni bændum, þeim sem hafa lítil bú, og tölulega eru þeir fleiri heldur en stórbændurnir. Það er kannske ekki síst í þeim efnum sem rangsleitnin birtist hvernig sú stefna, sem hefur verið við lýði, vinnur gegn hóflegri bústærð, skynsamlegri bústærð, og ekki þarf að hafa mörg orð um það hvernig horfir hjá bændum sem þurfa í raun að ráðast í fjárfestingar ef þeir ætla að halda áfram búskap en hafa ekki megnað eða ekki ráðist í það að byggja upp á jörðum sínum. Þar er þröngt fyrir dyrum. Þar eru ekki bjartar horfur fram undan.

Það blasir því við að bændur landsins súpa nú seyðið af rangri stefnu í málefnum landbúnaðarins á liðnum árum og því verður ekki bjargað. Það hjálpar ekki í dag að sakast um það, nema menn hafi vilja til að læra af þeim mistökum, skipulagsleysinu í fjárfestingu, sem ég hef þegar nefnt, þeirri staðreynd að ekki hefur verið reynt að hlúa að eðlilegri og hagkvæmri bústærð í landinu, þeirri staðreynd að hagsmunir milliliðanna hafa í raun ráðið ferðinni í mörgum þýðingarmiklum atriðum en ekki hagsmunir bændanna sjálfra. Og síðan er ástæða til að minna á þá kauplækkunarstefnu sem núv. ríkisstj. hefur staðið fyrir og þá staðreynd að dregið hefur verið stórlega úr niðurgreiðslum í tíð núv. ríkisstj. og landbúnaðarafurðir þannig orðið langtum

dýrari fyrir neytendur en viðráðanlegt er, en þetta hefur dregið úr neyslu á hefðbundnum framleiðsluvörum okkar landbúnaðar í mjög ríkum mæli. Þarna er því um samþættar ástæður að ræða miðað við fortíðina og pólitíska ábyrgð á þessari stefnu bera núv. stjórnarflokkar báðir saman, óskipt í sumum greinum, kannske eitthvað mismunandi varðandi einstakar ákvarðanir eftir því hver hefur farið með valdið hverju sinni. En hin pólitíska ábyrgð hvílir á forráðamönnum, stjórnmálamönnum innan Sjálfstfl. og Framsfl. og pólitískum aðstoðarmönnum þessara aðila sem hafa ráðið ferðinni helst til mikið í samtökum bænda, svo að ekki sé talað um milliliðina.

Já, óvissa er um framtíðina. Það staðfesti hæstv. landbrh. hér í máli sínu og hann vildi sem minnstu í raun um hana spá. Það blasir við að neysla mjólkur hér innanlands fer minnkandi. Í henni er samdráttur fram undan að því er virðist og dæmið ekki ýkja fallegt ef litið er til mjólkurframleiðslunnar. Þó hygg ég að það sé nánasat barnaleikur miðað við það sem blasir við í sauðfjárbúskap í landinu, þar sem samdrátturinn er stöðugur, áframhaldandi þrátt fyrir fækkun sauðfjár um 200 þús. á ekki löngum tíma. Áfram heldur neyslan að minnka hér innanlands eins og lesa má í blöðum m.a. í dag, þar sem fyrir liggur að sala á kindakjöti hefur verið 750–800 tonnum minni, eða nærri því 40% minni, á þeim mánuðum sem liðnir eru af þessu ári í samanburði við sama tíma á fyrra ári. Þetta eru óhugnanlegar staðreyndir og því er það alveg ljóst að vandamálið í sauðfjárframleiðslunni er vaxandi og á eftir að birtast okkur að ég hygg í ansi ljótum tölum og erfiðleikum t.d. innan árs eða ekki síðar en innan árs. Það er rétt að *minna á í þessu sambandi* að s.l. ár og reyndar yfirstandandi verðlagsár hefur verið nánast óvenjulegt tekjuár hjá bændum vegna staðgreiðslu afurða — sem er jú eitt af því sem jákvætt má teljast í kjölfar nýrrar lagasetningar á s.l. sumri um framleiðslu og verðlagningu búvara — en þennan happdrættisvinning fá ekki bændurnir oft í hendur í þeim mæli og því á veruleikinn eftir að verða hryssingslegri innan skamms ef fram heldur sem horfir.

Ég hef spurt til hvaða ráða hæstv. ráðh. hyggist grípa í sambandi við sauðfjárframleiðsluna, fullvirðisrétt þar eða *óbreytta skipan mála? Ég vænti* þess að *hann svari* því hér. Og hvert sé viðhorf bænda í þeim efnum. Ég hygg að fram undan sé mikil umræða um þessi mál á vegum búnaðarfélaga í landinu, á vegum Stéttarsambandsins og á vegum kjörmannafunda sem kvaddir eru saman nú alveg á næstunni. Og það hefði sannarlega verið æskilegt að hæstv. landbrh. hefði ekki aðeins nestað þingið með skilmerkilegri upplýsingum en hér liggja fyrir, heldur einnig þann fjölda bænda sem á að fara að glíma við vandann, hinn uppsafnaða vanda í landbúnaðarmálunum sem við blasir.

Ég tel að gífurlega mikil nauðsyn sé á því að mönnum takist að átta sig sem best á stöðunni eins og hún er núna og eins og horfurnar eru fram undan. Bændum í landinu er enginn greiði gerður með því að draga þar fjöður yfir. Það þarf að lýsa inn í þetta erfiða landslag sem virðist blasa við. Menn þurfa m.a. að átta sig á hver staðan sé, ekki aðeins á einstökum svæðum heldur fyrir einstakar jarðir í landinu. M.a. vegna þess að ef halda á eitthvað vitrænt á þessum málum, þá verður að vinna að því, vilji menn halda byggðinni í landinu, vilji menn að ný atvinnustarfsemi, nýjar búgreinar, ný verkefni komi í staðinn fyrir samdráttinn í hefðbundinni framleiðslu og því strandi sem blasir við mörgum bændum sem eru í hefðbundnum búskap. Við hljótum að leggja á það áherslu að greitt verði fyrir búháttabreytingum með tilliti til landgæða og með tilliti til markaðsaðstæðna. Svo skiptir það ekki litlu máli, bæði fyrir neytendur og einnig fyrir bændastéttina sjálfa, að það takist að lækka framleiðslukostnaðinn í landbúnaði, að það takist að halda hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu þannig hvað verðlag snertir að hún sé samkeppnisfær. Á þessu megum við ekki missa sjónar. Á þetta verður að leggja áherslu, að reyna að nýta framleiðslugetuna í landbúnaði sem best til þess að lækka verðið en að sjálfsögðu með tilliti til félagslegra aðstæðna og með tilliti til byggðamálanna í heild sinni.

Það þarf að vinna að því, að mínu mati, herra forseti, að þær breytingar sem óhjákvæmilegar eru í okkar landbúnaði — og þar þarf vissulega að verða þróun og það helst ör þróun til úrbóta — gerist skipulega. Þær þurfa að gerast vitrænt í ljósi skýrra upplýsinga, og ljóslega skýrari upplýsinga en hæstv. landbrh. hefur getað reitt fram, svo að fjármagn nýtist og sú fjárfesting sem fyrir hendi er þannig að byggðakeðjan slitni ekki eins og nú er mikil hætta á að verði víða um land.

Ég vænti þess að hæstv. landbrh. geti upplýst okkur a.m.k. um nokkra þá þætti sem ég hef spurt um og skýrt eitthvað frekar fyrir okkur hvers vegna í ósköpunum hann kemur hér eftir 10 vikur með þennan magra pappír og kallar hann skýrslu og svör við beiðni eins þingflokks á Alþingi um þann málaflokk sem hann ber pólitíska ábyrgð á í Stjórnarráði Íslands. Ég sé ekki að hann hafi nein frambærileg rök fyrir því að hafa ekki svarað þarna mörgum þáttum og hef nefnt þar t.d. stærð jarða í landinu, flokkun þeirra eftir ærgildisafurðum og upplýsingar um búmark á síðasta verðlagsári, bæði varðandi nautgripa- og sauðfjárafurðir og fjölmarga fleiri þætti sem ég hef hér nefnt. Ég treysti því að þetta skýrist þó eitthvað í umræðunni hér á eftir.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Eins og áður er hægt að taka undir það að hægt sé að ræða þetta í löngu máli. En ég veit ekki hvaða þýðingu það hefur við þessar aðstæður og líka eru viðhorf okkar hv. 5. þm. Austurl. nokkuð ólík, að sumu leyti a.m.k.

Ég gat þess að ástæðan fyrir því að ekki væri unnt að svara meginhluta þessarar beiðni um skýrslu væri sú að ekki lægi fyrir fullvirðismark einstakra jarða. Það sagðist hv. 5. þm. Austurl. vita en taldi að það hefði þó verið betra fyrir mig að gefa röng svör en engin. Það tel ég ekki vera betri kost. Ég held að það sé hinn lakasti kostur að setja tölur sem ekki eru endanlegar á blað frekar en engar. Síðan er við það að bæta, eins og ég sagði, að það er álitamál hvort á að vera að birta þessar tölur fyrir einstaklinga og um það gilda sérstök lög, um nefnd sem um það eigi að fjalla, og hún hefur ekki svarað þeirri beiðni enn þá um álit á því.

Varðandi tölur er það líka svo að misjafnt er hvernig menn nota þær. Hv. 5. þm. Austurl. sagði að það væri samdráttur í sölu mjólkurvara. Frá áramótum hefur á sölusvæði Mjólkursamsölunnar í Reykjavík a.m.k. orðið 3% söluaukning á þeim mjólkurvörum sem hún selur, sem eru fyrst og fremst svo kallaðar dagvörur. Þetta kalla ég ekki samdrátt í sölu því að 3% aukning á

milli ára er allmikil aukning þannig að okkur greinir töluvert á um hugtök og framsetningu.

Hv. þm. spurði einnig um það hver væri ætlunin í sambandi við sauðfjárframleiðslu næsta árs. Á bls. 11 í þessari skýrslu stendur þó: „Undirbúningur að reglugerð um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða næstu verðlagsár er nú þegar í fullum gangi.“ Ég gat þess að það hefði verið ítrekuð beiðni um slíkar tillögur frá Stéttarsambandi bænda og Framleiðsluráði. Það var sendur spurningalisti til allra búnaðarfélagsstjórna í landinu og kjörmanna og frá yfirgnæfandi meiri hluta búnaðarfélaga bárust svör. Auðvitað er margt athyglisvert í þeim svörum. Þessi svör voru tekin til skoðunar af búmarksnefnd Framleiðsluráðs og á grundvelli þeirra hefur hún gert drög að tillögum um skiptingu framleiðslunnar fyrir næstu verðlagsár sem ég var að fá í hendur um helgina og ætlunin er að fulltrúar Framleiðsluráðs fari með á alla kjörmannafundi í landinu á næstu 10 dögum eða svo. Þessir fundir eru opnir öllum bændum þannig að þar gefst mönnum kostur á að fjalla um þetta.

Þessi drög eru í sama formi og þær tillögur sem birtar eru hér, þ.e. þau eru ekki í reglugerðarformi og í nokkuð svipuðum anda og er í hinum fyrri tillögum sem hér eru birtar. En þær höfðu ekki borist ráðuneytinu þegar þessi skýrsla fór í prentun sem þó var dregið svo lengi, eins og hv. þm. lagði mikla áherslu á, að hefði verið of lengi.

Eins og ég gat um áðan var bætt inn í reglugerðina að mestu leyti 10. gr. hennar sem fjallar um að tillit sé tekið til breyttra aðstæðna síðustu árin frá því sem var í tillögum búmarksnefndar Framleiðsluráðs. Mér fannst það athyglisvert að í þeim svörum sem komu frá búnaðarfélögunum virtist það vera ríkjandi skoðun bænda að það ætti fyrst og fremst að taka tillit til búmarksins en ekki breyttra aðstæðna á síðustu árum sem höfðu gerst án breytingar á búmarki. Og þar get ég vissulega viðurkennt að ég er á nokkuð annarri skoðun. Ég held að slíkt sé óhjákvæmilegt. Við megum ekki binda okkur allt of mikið við fortíðina. Það kemur líka í veg fyrir það sem hv. 5. þm. Austurl. lagði áherslu á, og ég er honum sammála, að við skipulagningu framleiðslunnar þurfi að taka tillit til aðstæðna, landgæða, markaðsaðstæðna og annarra atvinnumöguleika. En slíkt er mjög erfitt ef á um of að binda sig við tölur langt aftan úr fortíðinni. Þetta hef ég látið í ljós áður að er mitt viðhorf og einn megintilgangur laganna að gera slíkt kleift, að ná fram meiri hagkvæmni í landbúnaði með betra skipulagi. En allt þetta vekur kannske spurningu um það hvað var gert í þessum málum af þeirri ríkisstj. sem hv. 5. þm. Austurl. átti sæti í. (**Gripið fram í:** Spurðu Steingrím.)

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það lá við, þegar hlustað var á lokaorð hæstv. landbrh., að það rifjaðist upp fyrir manni í hvaða flokki hann er. Því hæstv. ráðh. Framsfl. stunda það ár og síð er óhætt að segja, þegar þeir eru að reyna að verja sínar pólitísku gerðir hin síðustu árin, að fara að minna á fyrri ríkisstjórnir þar sem þeir ýmist fóru með atvinnumál, jafnvel forsæti og réðu efnahagsstefnu. Þá reyna þeir að benda á að það hafi verið mislagðar hendur hjá mönnum í þeirri ríkisstjórn. (**Landbrh.:** Ég benti ekki á neitt.) Það mátti auðveldlega skilja hjá hæstv. ráðh. hvaða skeyti var verið að senda. En hér er enginn til svara fyrir þann flokk sem fór með landbúnaðarmálin í þeirri ríkisstjórn en sá hefur að vísu sagt sínar skoðanir á prenti, hv. 1. þm. Norðurl. v., og dregið fram hvernig í raun tókst þó að halda í horfinu eða laga landbúnaðarframleiðsluna á þessum árum að verulegu leyti að innanlandsneyslunni þannig að þróunin var alls ekki neikvæð á tímabili. Ég ætla ekki að fara að metast um það. Það ættu að vera hæg heimatökin hjá hæstv. núv. landbrh. að ræða það við samstarfsflokkinn hvernig hann hafi haldið á landbúnaðarmálunum á þeim tíma.

Ég ætla ekki, herra forseti, að eiga í löngu máli frekari orðastað við hæstv. landbrh. svo fróðlegt sem það væri. Ég hefði kosið að við værum að ræða þessi mál á dagtíma og við betri aðstæður þar sem fleiri hefðu getað tekið þátt í þessum umræðum heldur en sýna áhuga á þeim nú.

Hæstv. ráðh. kom í rauninni ekki með neinar frekari skýringar á því hvers vegna hann ekki svaraði ýmsum þeim atriðum í okkar beiðni sem hefði verið honum innan handar að gera. Auðvitað vorum við ekki að biðja um röng svör. En það er hægt að veita svör með fyrirvörum um ákveðin atriði. Það er allt annað en að veita röng svör. Enginn er að biðja um slíkt.

Hæstv. ráðh. upplýsti eitt atriði sem ég fagna að liggur fyrir, og er ekkert að rengja það, að aukning hafi orðið í neyslu mjólkur, dagneyslu á mjólkurvörum, hér á mjólkursamlagssvæðinu í Reykjavík á síðustu mánuðum. Ég hafði ekki heyrt um það, hafði ekki um það upplýsingar og vissulega er það ánægjuefni. En því miður horfir ekki með sama hætti varðandi sauðfjárafurðirnar ef marka má þær upplýsingar sem ég gat um áðan og hæstv. ráðh. ekki rengdi.

Hæstv. ráðh. greindi okkur frá því að það væru komnar fram tillögur varðandi sauðfjárframleiðsluna, hugmyndir um það með hvaða hætti tekið verði á henni fyrir næsta verðlagsár. Það hefði sannarlega verið æskilegt að hann hefði treyst sér til að sýna okkur þær hugmyndir. Ég hygg að það hefði út af fyrir sig ekki verið ofætlan að dreifa þeim og gera þær aðgengilegar fyrir þingið, fjölritaðar, því varla er þarna um neitt að ræða sem ekki á að koma fyrir sjónir alþjóðar ef það á að vera til umræðu á opnum fundum bænda um land allt núna á næstunni.

Ég fékk einnig upplýsingar um það í dag, sem hæstv. ráðh. greindi frá, að skoðanakönnun hefði farið fram á vegum búnaðarfélaganna á ýmsum þáttum í sambandi við stjórnun landbúnaðarframleiðslu og viðhorf bænda þar að lútandi. Það hefði vissulega verið fróðlegt fyrir Alþingi að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem verða reiddar fram á þeim kjörmannafundum á næstu dögum, sem á að halda.

Ég vil, herra forseti, ekki lengja þessa umræðu af minni hálfu. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það sem fram hefur komið þó ég hefði óskað eftir því að það væri bitastæðara en raun ber vitni um. Ég er ekki einn um það að hafa þungar áhyggjur af þróuninni í landbúnaði og þeirri stefnu sem þar hefur verið fylgt um lengri tíma. Og það er sannarlega ekkert skýrt land fyrir stafni ef marka má það sem komið hefur fram af hálfu stjórnvalda nú að undanförnu. Þar þarf að verða róttæk breyting á málstökum, þar þarf að standa að með allt öðrum hætti en gert hefur verið og á það bæði við um aðlögun hinna hefðbundnu búgreina og þá atvinnustarf-

semi sem þarf að koma í staðinn þar sem dregið er úr slíkum búskap. Þar þyrftu allir að geta lagst á eitt en því er því miður ekki að heilsa. Það eru mjög sterk öfl, og þau hafa verið fyrirferðarmikil í núverandi ríkisstj. og bakliði hennar, sem hafa lítinn áhuga á þeim vanda sem skapast hefur í sveitum landsins og hafa í rauninni sótt að hagsmunum sveitanna og sveitafólksins með mjög ósvífnum hætti. Ég veit að hæstv. landbrh. hefur leitast við að standa gegn ákveðnum kröfum þar, en flokkur hans hefur þó, á heildina litið, alls ekki brugðist við með þeim hætti sem menn hefðu getað reiknað með og ég veit að stuðningsmenn Framsfl., þeir sem voru stuðningsmenn þess flokks, gerðu sér vonir um. En þar hafa því miður orðið mikil umskipti eins og ljóst verður ef litið er yfir feril núverandi ríkisstj.

Efri deild, 87. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, kl. 20.30 síðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. 442. mál (þskj. 1052). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985, þskj. 1052, 442. mál Nd.

Eins og hv. alþm. vita voru gerðir nýir kjarasamningar, samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar um nýjar leiðir í kjaramálum, sem marka vissulega tímamót í efnahagsmálum á Íslandi. Horfið var frá hefðbundnum aðferðum sem ávallt hafa mistekist eða oftast. Ákveðin var niðurtalningarleið sem þýðir lækkun verðlags, tilkostnaðar á öllum sviðum, lækkun gjalda, lækkun vöruverðs og þjónustu, lækkun fjármagnskostnaðar, þar með taldir vextir, stöðugt gengi sem gefur vonir um hækkandi kaupmátt. Og áhrifin láta ekki á sér standa. Verðbólgan lækkar og áætlað er að í árslok verði hún jafnvel komin niður í 6%.

Ég tel ástæðu til í byrjun þessa máls að fagna sérstaklega þessum kjarasamningum, ekki síst kaflanum um húsnæðismál sem felur í sér stóraukið framlag lífeyrissjóða til byggingarsjóða ríkisins. Ég hef áður sem félmrh. marglýst því yfir og lagt áherslu á nauðsyn þess að aukið fjármagn frá lífeyrissjóðunum komi til að fjármagna húsnæðiskerfið. Þess vegna fagna ég þessari ákvörðun í samkomulaginu alveg sérstaklega.

Ríkisstj. fylgdist vandlega með þessum hugmyndum aðila vinnumarkaðarins um breytingu á húsnæðismálum og var viðbúin að taka afstöðu í málinu. Í bréfi ríkisstj. til samningsaðila 27. febrúar s.l. gaf ríkisstj. eftirfarandi yfirlýsingu um húsnæðismál:

„Ríkisstjórnin fellst á grundvallaratriði þeirra hugmynda sem fram hafa komið í yfirlýsingu samningsaðila um húsnæðismál og er reiðubúin til þess að athuga þær vandlega í samráði við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega útgjöld ríkisins í þessu sambandi. Ríkisstj. er reiðubúin að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um húsnæðismál í samræmi við niðurstöður þessarar nefndar."

Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var skipuð sérstök nefnd sem samdi frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil sérstaklega fagna því að samstaða tókst á hv. Alþingi milli félmn. beggja deilda sem störfuðu saman að athugun á frv. og vísa ég til nál. á þskj. 1017 og till. félmn. Nd. á þskj. 1018 sem hv. Nd. samþykkti við afgreiðslu málsins.

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. þm. á fskj. sem fylgdi þessu nál. sem var tekið saman af Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar er samanburður á lánum skv. gildandi lögum og breytingar skv. þessu frv. á öllum lánaflokkum húsnæðisútlána.

Þær breytingar sem félmn. Nd. eða meiri hl. hennar gerði voru fyrst og fremst lagfæringar á augljósum atriðum sem þurfti að leiðrétta í sambandi við lánsrétt o.fl. og eins að laga stöðu vissra útlánaflokka. Aðalbreytingin var sú að það var bætt við fulltrúa frá atvinnurekendum eða VSÍ í stjórn Húsnæðisstofnunarinnar.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, að fara að tefja Ed. á því að lesa þessar brtt. upp. Þær skýra sig sjálfar og eru sjálfsagt í þskj. sem hv. þm. hafa undir höndum.

Ég lýsti því yfir við 1. umr. málsins í Nd. að frv. þetta væri fyrst og fremst sniðið eftir samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og nefnd ríkisstj., sem samdi frv., hafi einskorðað sig við samkomulagið sem slíkt. Ég lýsti því einnig yfir að milliþinganefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka, sem ég skipaði formlega 1985, ætti að starfa áfram að mótun húsnæðisstefnu til framtíðar skv. erindisbréfinu. En nefndin sem samdi þetta frv. hafði samráð við milliþinganefnd um samkomulagið og þessa frumvarpsgerð.

Eins og áður segir mun þessi milliþinganefnd starfa formlega áfram og henni er ætlað að leggja fram tillögur fyrir næsta þing. Hjá nefndinni liggja margar hugmyndir og tillögur allra stjórnmálaflokkanna og margar fleiri. Í nál. félmn. Nd. er henni ætlað að athuga viss atriði sem hafa komið upp í meðferð þessa máls í félmn. Alþingis. Þess er sérstaklega getið í þessu ítarlega nál. sem ég gat um áðan og báðar félmn. þingsins standa að.

Varðandi aðra þætti samkomulagsins er rétt að taka fram að ráðgjafarstofnun Húsnæðisstofnunar ríkisins vinnur ötullega að því að leysa úr greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar eins og samkomulagið gerði ráð fyrir. Stofnunin hefur til umráða um 500 millj. kr. og hafa þegar verið veitt lán til 400 aðila að upphæð tæplega 100 millj. kr. Þar eru veitt lán allt að 400 þús. kr. til 31 árs. Það var samið við bankakerfið fyrr í vetur um skuldbreytingalán til átta ára og standa nú yfir formlegir samningar um að lengja slíka fyrirgreiðslu í tíu ár eins og samkomulagið gerði ráð fyrir.

Húsnæðisstofnun vinnur að könnun á þörf fyrir byggingu leiguíbúða í landinu öllu sem hægt verður að byggja áætlun á fyrir lánsfjáráætlun og fjárlög 1987.

Þá er ríkisskipaða nefndin að vinna áfram að ákveði um húsnæðisafslátt eins og er í samkomulaginu og er gert ráð fyrir að fljótlega liggi fyrir tillögur um hugmyndir nefndarinnar og útfærslu á því atriði til að útfæra það nánar því um það þarf lagabreytingu að sjálfsögðu næsta haust.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka langan tíma.

Ég vil draga saman í lokin að sú breyting sem hér er fyrst og fremst gerð í húsnæðiskerfinu á þessu stigi máls er hin gífurlega hækkun á fjármagni vegna aukins framlags lífeyrissjóðanna sem þýðir stórhækkun lána. Húsnæðislánin hækka sérstaklega til þeirra sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn. Lánin geta orðið fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð: Ný íbúð allt að 2 millj. og 100 þús. kr. og notuð íbúð allt að 1 millj. 470 þús. kr. og lánstíminn er lengdur í 40 ár. Fyrir þá sem eiga íbúð fyrir: Ný íbúð allt að því 1 millj. 470 þús. kr. og notuð íbúð allt að 1 millj. og 29 þús. kr. og lánstíminn 40 ár. Þessar fjárhæðir eru miðaðar við byggingarvísitölu 250.

Lánsréttur miðast við skuldabréfakaup lífeyrissjóða eins og ég sagði áður. Lánsréttur fer eftir því hversu háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu lífeyrissjóður umsækjanda ver til kaupa á skuldabréfum af Húsnæðisstofnun. Skuldabréfakaup fyrir 55% af ráðstöfunarfé veita fullan rétt, en 20% hlutfall veitir minnsta rétt. Miðað er við að umsækjandi hafi greitt í lífeyrissjóð í undangengin tvö ár áður en umsókn er lögð fram. Ég vil geta þess sérstaklega og undirstrika að síðan 1980 hefur öllum launþegum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi verið rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði.

Það hafa komið fram vissar efasemdir og menn hafa áhyggjur af Lífeyrissjóði bænda sem er vissulega rétt. Þessi lífeyrissjóður er skyldur lögum samkvæmt að láta 25% af ráðstöfunarfé sínu sem framlag til Stofnlánadeildar. Ég legg þann skilning í þetta að ef Lífeyrissjóður bænda leggur fram 55% af því sem hann á þá óráðstafað, sem er umfram þá skyldu sem hann hefur gagnvart Stofnlánadeildinni, til Húsnæðisstofnunar fullnægi hann þessu ákvæði og bændur eigi þannig fullan rétt á lánum.

Hins vegar vil ég taka fram að alveg er ljóst að það hljóta að koma upp ýmis vafaatriði í sambandi við meðferð þessa máls vegna mismunandi aðstöðu lífeyrissjóðanna. Það verður þá að vinna úr því sérstaklega. Ég held að sá skilningur sé opinber að það ætlast enginn til þess að mönnum sé mismunað hvað þetta snertir. Það verður að leysa úr því þannig að allir fái aukinn rétt í sambandi við þessa ráðstöfun.

Lánsréttur einstaklinga og hjóna miðast við skuldabréfakaup lífeyrissjóðsins sem fólkið greiðir í. Lánsréttur hjóna eða sambýlisfólks sem bæði eru á vinnumarkaði ræðst af meðaltali skuldabréfakaupa lífeyrissjóða þeirra. Lánsréttur hjóna eða sambýlisfólks þar sem heimilisstarf er aðalstarf annars þeirra ræðst af lánsrétti þess sem er á vinnumarkaðnum.

Ég held, virðulegur forseti, að það sé ástæðulaust að ég fari nánar út í þetta. Ef eitthvað kemur upp á eftir mun ég svara því. En á tímabilinu 1. sept. til 31. des. 1986 ræðst lánsréttur af því hve háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóður umsækjanda ver til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunarinnar. Sá sem á óafgreidda lánshluta getur því fengið þá afgreidda samkvæmt nýja kerfinu strax eftir 1. september ef lífeyrissjóður umsækjanda fer inn í kerfið á þessu ári, t.d. kaupir fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu strax á þessu ári. Þeir lánshlutar sem eru óafgreiddir fyrir 1. jan. 1987 verða allir afgreiddir eftir nýja kerfinu ef umsækjandi óskar þess.

Í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna er sú breyting gerð að lánshlutfall hækkar úr 80% í 85% og heimilt er, ef sérstaklega erfiðlega stendur á, að lána útborgun til allt að þriggja ára.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að um þetta mál sé áfram samkomulag gegnum þessa hv. deild og hægt verði að nýta vel þennan stutta tíma, sem er vissulega mjög stuttur það sem eftir er af þingi, til að tryggja að frv. verði að lögum. Þetta er samkomulagsmál og ég vonast til þess að meðferð hv. Ed. sýni að svo er einnig í þessari hv. deild.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Hér er ótvírætt um stærsta og merkasta mál þessa þings að ræða að ég tel og getur, ef vel tekst til, valdið gjörbyltingu í þeim málaflokki sem hér um ræðir.

Við skulum gæta þess að þetta er afrakstur kjarasamninga. Þetta er afrakstur þeirrar baráttu sem verkalýðshreyfingin hefur háð við sína vinnuveitendur, beinn afrakstur af því, gott sýnishorn af því hversu félagsleg atriði geta áunnist í slíkum samningum og dapurlegt í raun í allri þeirri gagnrýni sem á þessa samninga hefur verið hversu lítt þessu stórmáli hefur verið haldið til haga og er það sérkapítuli sem ég ræði ekki hér.

Meginatriði þessa frv., þessa afmarkaða máls svo stórt sem það er, er annars vegar forsendan, þ.e. þátttaka lífeyrissjóðanna. Á þeirri þátttöku í uppbyggingu húsnæðiskerfisins hefur verið mikill misbrestur hjá mörgum lífeyrissjóðum og margir stórir sjóðir og sterkir tekið þar lítinn þátt eða nær engan. Sannleikurinn er sá að kerfið hefði ekki verið svelt eins og það hefur verið ef þau mál hefðu alls staðar verið í lagi hjá lífeyrissjóðunum. Hins vegar er það sem snýr að húsbyggjendum og húskaupendum, þ.e. hærri lán til lengri tíma, sem ætti mjög að auðvelda öll húsnæðismál fólks, einkum til lengri tíma litið.

Það er öllum ljóst að hér er engan veginn á öllum þáttum tekið. Þar bíður fjölmargt frekari vinnu og væntanlegra úrlausna. Félagslega kerfið allt, nýjar leiðir þar t.d., þarf alveg sérstaklega að fara yfir og reyna þær lausnir sem viðráðanlegar verða þeim efnaminnstu. Nýjar leiðir þarf þar sérstaklega að athuga.

Í nál. meiri hl. félmn. Nd., en Alþb. stóð að því nál., eru gefin fyrirheit um þetta og margt fleira sem nánari vinna verður lögð í. En þessi áfangi er hinn merkasti þó margt hefði eflaust getað á annan veg verið. Ég hnýt máske sér í lagi um stærðarmörk í þessu sem mér þykja óhóflega rúm. Nd. leiðrétti frá upphaflegri gerð ýmislegt, m.a. varðandi elli- og örorkuþega, endurbótalán til öryrkja, hámarksrétt elli- og örorkuþega svo og ákveðna viðbót vegna orkusparandi aðgerða.

Ekki verður hjá því komist að hafa uppi ýmsar efasemdir um framkvæmd lánsréttar, en á það skal líka bent að þá reynir fyrst og fremst á þroska og þegnskap forráðamanna lífeyrissjóðanna hvernig þar til tekst. Ef allir sýna þar þann þroska og þegnskap að taka þátt í þessu sameiginlega húsnæðislánakerfi mun framkvæmd lánsréttarins ekki verða neitt vandamál.

Fá mál hafa verið meira í brennidepli í okkar þjóðfélagi en einmitt húsnæðismálin. Það ber því að fagna þessum áfanga alveg sérstaklega. Við vitum hins vegar að sú umræða sem um þessi mál hefur farið fram hefur mestmegnis farið fram um neyð þeirra mörgu sem hafa lent í hinum mestu vandræðum með íbúðarhúsnæði sitt, kaup eða byggingar, og því er vert að geta um það

sérstaklega og minna á það að fyrsta atriðið í samkomulagi ASÍ, VSÍ og Vinnumálasambands samvinnufélaganna var einmitt aðgerðir til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árinu 1980 og síðar, að 300 millj. til viðbótar þeim 200 millj. sem fyrr voru komnar í þetta verði varið til þessa málaflokks, einmitt til þessa fólks. Á þessu er svo hnykkt í nál. meiri hl. félmn. Nd. þar sem segir sérstaklega, með leyfi virðulegs forseta: „að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til."

Ég sé ekki ástæðu til á þessum knappa tíma að fara frekar í þetta stóra mál. Ég mun í nefnd skoða það betur, en lýsi eindregnum stuðningi við frv.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég hefði raunar ekki þurft að koma hingað til annars en þess að hnykkja betur á síðustu athugasemd hæstv. síðasta ræðumanns. Ég a.m.k. hefði ekki staðið að því nál. sem skilur þessi mál eftir í svo lausu lofti.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Þó að ég komi í ræðustól með mikið af pappírum í höndunum þýðir það ekki að ég ætli að rugla því samkomulagi sem er um að reyna að ljúka þessu á sem skemmstum tíma.

Í grófum dráttum er það við þetta frv. að athuga frá minni hálfu að mönnum sem að þessu stóðu virðist hafa sést yfir þá staðreynd að þeir eru að breyta lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er ekki bara stefna Húsnæðisstofnunar eða pólitík stjórnvalda að lána peninga heldur að stuðla að því með lánveitingum, eins og segir í 1. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins, „með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum". Ég tel að þetta frv. gangi nokkuð langt í að uppfylla þær kröfur sem stjórnvaldið gerir til sjálfs sín hvað lánveitingar snertir því að því er alls ekki hægt að neita að hér er um stórbreytingu að ræða hvað það snertir. Aftur á móti, og ég kenni því um hverjir að málinu stóðu því að það eru ekki stjórnvöld sem að þessu máli standa heldur óskyldir samningsaðilar úti í bæ, er algerlega brugðist síðari hluta 1. málsgr. 1. gr. laganna að standa þannig að því „með skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum". Þegar þessi lög nema gildi, er verið að sigla inn í enn eina húsbyggingarölduna. Hér er gjörsamlega horfið frá þeirri stefnu, sem menn héldu að allir væru að verða sammála um að ætti að verða ofan á núna, þ.e. húsnýtingarstefnu, og sem kemur greinilegast fram í þeirri mismunun sem er milli þeirra sem byggja nýtt og kaupa nýtt og hinna sem kaupa gamalt. Eina leiðin til að stuðla að fullnýtingu eldra húsnæðis er sú að gera þessum aðilum a.m.k. jafnhátt undir höfði. Þannig mætti kannske ná því að nýta sem gerst allt það húsnæði sem þegar er byggt og útrýma heilsuspillandi og úrsérgengnu húsnæði og ef rétt væri líka að málum staðið hvað viðkemur útlánastefnu og skilyrði 1. málsgr. 1. gr. laganna mætti örva byggingu leiguíbúða á frjálsum markaði til að draga úr því óeðlilega fjölskyldumynstri sem allir þekkja og kannast við í dag.

Og síðast en ekki síst af stóru atriðunum sem hér er að að finna þó margt sé hér gott á ferðinni: Hvað í ósköpunum ætla stjórnvöld að gera fyrir fólkið sem einu sinni gekk undir nafninu Sigtúnshópurinn en er nú svo með öllu gleymt að menn vita eiginlega varla hvað þeir eiga að kalla þann hóp? Það er alveg greinilegt að hvorki þeir aðilar sem sömdu grunn þessara laga, þá á ég við samningsaðilana úr Garðastrætinu, né stjórnvöld sáu nokkra ástæðu til að taka alvarlega á því máli. Þannig eru þessi lög að stuðla að mjög mikilli mismunun til frambúðar ef ekki kemur neitt annað til af hálfu stjórnvalda sem réttir hlut þessa fólks.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal reyna að virða það samkomulag sem gert var og takmarka mjög mál mitt hér.

Ég vil byrja á því að taka fram að mér þykir mjög miður að ekki skuli gefast meiri tími til að vinna þetta mál hér í þinginu en raun ber vitni og vil minna á að það liðu fullar þrjár vikur frá því að kjarasamningar voru gerðir og það samkomulag sem þetta frv. byggir á, þar til fullskipuð nefnd tók að vinna að þessu máli. Þó var ljóst og hafði verið ljóst frá því í janúar, að stefnt var að því að ljúka þingi síðasta vetrardag. Heldur var því hægt farið af stað, finnst mér, í það að vinna þetta mikla mál og þinginu frá upphafi ætlaður lítill tími til þess að fjalla um það.

Ég hlýt líka að gagnrýna hvernig þetta frv. er til komið. Ég tel að um húsnæðismál eigi ekki að semja í samningum aðila vinnumarkaðarins heldur eigi stjórnvöld á hverjum tíma að stjórna því hvernig þessum málum er háttað, enda til þess kjörin.

Hvað frv. varðar, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., þá er þar að finna verulega hækkun og lengingu lána. Það er sannarlega af því góða og það styð ég heilshugar. Í Nd. vorum við Kvennalistakonur aðilar að meirihlutaáliti félmn. með fyrirvara. Sá fyrirvari helgast af nokkrum atriðum. Ég skal rétt reyna að tæpa á þeim og vera eins stuttorð og mér mögulega er unnt.

Í fyrsta lagi teljum við að heldur skammt sé gengið í þá átt að tryggja rétt þeirra sem ekki geta nýtt sér þessi lánsréttindi í fyrstu umferð. Þ.e. ef menn hafa ekki tækifæri til að nýta sér réttindin að fullu í fyrsta skipti sem þeir reyna að festa kaup á íbúð sökum bágra fjárhagsástæðna teljum við að það hefði átt að tryggja að þeir gætu nýtt sér það sem þeir ekki nýttu í fyrsta skipti í annað skipti þ.e. þegar þeir reyndu að stækka við sig. Það má að mínu viti ekki búa þannig um hnútana að réttur þeirra sem geta strax við fyrstu atrennu keypt sér fullnægjandi íbúð sé sterkari en hinna sem ekki geta það af efnalegum ástæðum.

Í öðru lagi hefði ég viljað sjá lánshlutfall til eldri íbúða hærra en þarna er. Um það fluttum við Kvennalistakonur brtt. við 1. umr. í Nd. og teljum mikið við liggja að sú húsnýtingarstefna, sem menn hafa mjög haft á orði en síður á borði, verði viðurkennd og staðfest með lögum þannig að hana sé hægt að framkvæma. Við lögðum á það áherslu að þessi atriði kæmu inn í nál. meiri hl. félmn. í Nd. Það hafa þau gert og teljum við það nokkurn áfanga þar sem þar er kveðið á um að milliþinganefndin skuli áfram vinna að þessum málum og mun þá fulltrúi okkar þar halda áfram og fylgja þessum málum eftir í nefndinni. Það er áfangi, en björninn er ekki unninn.

Eins helgast fyrirvari okkar við þetta frv. af því að við höfum töluverðar efasemdir um fjármögnun þessa nýja

lánakerfis, en forsenda þess að það geti staðist er sú að það verði töluverð vaxtalækkun á næstunni. 5–6% vaxtamunur á teknum lánum og veittum eins og nú er gengur vitaskuld ekki. Eins og réttilega hefur verið bent á mundi það þýða að það tæki okkur ekki ýkja mörg ár að kollvarpa þessu kerfi endanlega. Þess vegna hefðum við viljað hafa ákveðnari fyrirætlanir um það hvað stendur til að gera í vaxtamálunum.

Eins helgast fyrirvari okkar af því að við erum allsendis ósáttar við þá kjarasamninga sem hér voru gerðir um mánaðamótin febrúar og mars. Það kemur m.a. fram í nál. minni hl. félmn. í Nd. að ein ástæða þess að minni hl. styður frv. er sú að það er hluti af þeim samningum sem gerðir voru og sem sá minni hl. studdi. Sú ástæða er ekki okkar ástæða og ég vil að það komi hér skýrt fram.

Við lögðum á það mikla áherslu í félmn. Nd., þar sem við fengum áheyrn í tilefni þessa máls, að áfram yrði unnið að málefnum þess stóra hóps fólks sem kallað er misgengishópurinn og sem hefur farið afar illa út úr tilraun sinni til að koma sér upp þaki yfir höfuðið á undanförnum fimm árum eða svo. Ég hef miklar áhyggjur af þessum hópi. Það er engin tilraun gerð til þess í frv. að taka á málum hans. Þetta frv. vísar fram á við, ef svo má segja, en ekki aftur á bak. Ég vil því að endingu leggja mikla áherslu á að áfram verði unnið að málefnum þessa hóps. Ég veit að milliþinganefndin mun áfram vinna að því, en einnig þurfa stjórnvöld að sýna því þá athygli, þann áhuga og þann góða vilja sem nauðsynlegur er til að leysa mál þessa hóps.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Enn er einn á mælendaskrá, hv. 5. landsk. þm., en hann hefur boðist til að virða það samkomulag sem gert var um að reyna að ljúka þessu máli og koma því til nefndar á hálftíma og fresta sinni ræðu þar til við 2. umr. Er það nú þegið og þakkað fyrir þá tillitssemi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til félmn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 10 árdegis.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 925 (sbr. 923), n. 1019, 1043 og 1063, brtt. 973 og 1064). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta mál og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd. að öðru leyti en því að samþykkt verði brtt. við 8. gr. sem viðskrh. hefur flutt. Við hv. þm. Sturla Böðvarsson höfum fyrirvara sem gerð er grein fyrir í nál.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Eins og hv. nefndarmönnum er kunnugt skilaði fjh.- og viðskn. samhljóða nál. s.l. mánudag og gaf upplýsingar um stöðu málsins eftir að hafa rætt við bankastjóra Seðlabankans og viðskiptabankanna. Þar kom fram að margt væri athugavert við frv. þetta og ekki væri það enn orðið sá alfullkomni skapnaður sem við hefðum helst kosið að svo mikilvægt frv. væri þegar það riði héðan úr garði frá okkur.

Síðan hefur nefndin fjallað frekar um málið og meiri hl. hefur ákveðið að afgreiða málið eins og það liggur fyrir með yfirlýsingu bankastjóra Seðlabankans um þá almennu fyrirætlan þeirra að lækka bindiskyldu, en við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, teljum að gera þurfi fjölmargar breytingar á frv. og skilum séráliti.

Það er skemmst frá að segja að við í minni hl. nefndarinnar erum í grundvallaratriðum andvíg þeirri stefnu sem nú er fylgt í vaxta-, peninga- og bankamálum. Það blasir við flestum landsmönnum að þessi stefna, sem fylgt hefur verið, hefur haft í för með sér mjög stórfellt vaxtaokur enda eru raunvextir hér á landi einhverjir þeir hæstu sem þekkjast. Við látum í ljós ótta okkar um að þetta svonefnda vaxtafrelsi, sem hér veður hvarvetna uppi og hefur haft í för með sér ómældar afleiðingar fyrir þúsundir manna, geti stofnað í hættu þeim árangri sem ætlunin var að ná í kjölfar nýgerðra kjarasamninga.

Það er ekki síst staða ríkissjóðs sem hér ræður úrslitum. Hann er rekinn með stórfelldum halla og hallinn fjármagnaður með lántökum á almennum markaði sem spenna upp vexti í landinu. Skemmst er að minnast skýrslu frá Þjóðhagsstofnun sem gefin var út fyrir fáum dögum, en þar kemur einmitt fram og er staðfestur þessi ótti þeirra sem best þekkja til, að vondur rekstur ríkissjóðs kunni að valda því að verðbólga verði miklu meiri en vonir stóðu til eftir gerð seinustu kjarasamninga.

Ástæðan er sú, sem ég hef þegar nefnt, að ríkissjóður neyðist til að taka lán í stærri stíl en nokkru sinni fyrr á almennum markaði. Hann er ekki aðeins tilneyddur að standa í kapphlaupi við almenna markaðinn um sölu skuldabréfa, sem hann býður á ótrúlega háum vöxtum, svo háum vöxtum að hann verður að endurgreiða upphæðina eftir átta ár tvöfalda — 9% vextir þýða að upphæðin tvöfaldast á aðeins átta árum, skuldin verður orðin tvöfalt meiri að þeim tíma liðnum — heldur verður hann líka að taka lán í mjög stórum stíl í bankakerfinu, sennilega sem nemur upphæðum sem jafnast á við þá tölu sem á vantaði þegar dæmi nýgerðra kjarasamninga var gert upp. Þetta mun þá aftur ýta mjög undir almenna peningamarkaðinn og spenna upp vexti þar. Allt getur þetta sem sagt orðið til þess að ýta undir verðbólgu í landinu.

Við sem skipum minni hl. nefndarinnar, þ.e. auk mín fulltrúi Alþfl., Magnús H. Magnússon, og fulltrúi Kvennalistans, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, flytjum allmargar brtt. á þskj. 1064. Þetta eru 16 brtt. alls. En án þess að ég fari að lýsa hverri þeirra fyrir sig er skemmst frá að segja um aðalatriði þeirra að þar eru gerðar tillögur um að skerða vald Seðlabankans verulega frá frv. og þá einkum og sér í lagi með því að gera bankaeftirlitið sjálfstæðara og leggja það beint undir bankaráðið en ekki bankastjóra Seðlabankans og svo reyndar með því að draga úr heimildum bankans til að binda innlánsfé. Í því efni fylgjum við þeirri meginstefnu, sem hv. fjh.- og viðskn. hefur öll fylgt og deildin staðfest hér við atkvæðagreiðslu, þótt tillaga sú, sem við

flytjum hér, sé að vísu til samræmis við þau sjónarmið sem minni hl. í hv. Nd. flutti og er því prósentutalan, sem miðað er við, heldur hærri en við höfðum staðið að að samþykkja ekki alls fyrir löngu hér í deildinni.

Önnur veigamesta breytingin í tillögum okkar er sú að við leggjum til að möguleikar Seðlabankans og ríkisstjórnar til að hafa hemil á óhæfilegum vaxtaákvörðunum innlánsstofnana verði eins og var í frv. þegar það var lagt fram. En það er skemmst frá að segja að í Nd. var dregið úr valdi Seðlabankans til afskipta af vaxtaákvörðunum.

Ef við lítum aðeins nánar á þetta atriði þá vek ég athygli á 2. málsgr. 9. gr. sem var víst 10. gr. áður en Nd. gerði breytingar á frv. Þar stóð að Seðlabankinn gæti að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum, m.a. til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

Nd. gerði orðalagsbreytingar á greininni sem við fyrstu sýn kynnu að virðast minni háttar. Aðalbreyting Nd. var að fella niður orðin „meðal annars". En þessi orð, „meðal annars", fela miklu meira í sér en manni kynni að virðast við fyrstu sýn því að eftir að þau hafa verið felld niður er ljóst að Seðlabankinn getur ekki haft afskipti af vaxtaákvörðunum innlánsstofnana nema í því eina tilviki sem nefnt er í greininni, þ.e. þegar rökstuddur grunur leikur á að raunvextir séu orðnir hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum eða vaxtamunur milli inn- og útlána sé orðinn óhæfilega mikill. Meðan þessi orð, „meðal annars", voru inni í greininni voru þetta aðeins dæmi um það hvenær Seðlabankinn gæti gripið inn í en dæmin fólu það í sér að bankinn gæti hugsanlega gripið inn í í mörgum öðrum tilvikum.

Við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, leggjum til að greininni sé breytt í það horf sem hún var þegar frv. var lagt fram. Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. nefndarmanna á þessari brtt. sem ég tel að sé í raun og veru mikilvægasta till. sem við flytjum þótt hún láti lítið yfir sér.

Í þriðja lagi bendi ég á að í till. okkar er gert ráð fyrir breyttum reglum um ráðningu seðlabankastjóra og öll undanþáguákvæði vegna núverandi bankastjóra eru felld niður.

Loks er rétt að benda á að till. okkar fela í sér að útþenslu bankans eru settar eðlilegar skorður og lögð er til sú regla að bankinn skili hagnaði sínum árlega í ríkissjóð. Að vísu er gert ráð fyrir því í frv. að bankinn skili helmingi af arði sínum miðað við þriggja ára uppgjör. En við gerum ráð fyrir því að hann skili öllum arði sínum og það sé gert upp árlega. Til viðbótar gerum við ráð fyrir því að ársreikningur sé miklu ítarlegri og greinarbetri en gert er ráð fyrir í frv. og þar sé ítarlega gerð grein fyrir hvers konar launagreiðslum og þá ekki síður hlunnindum, risnukostnaði, ferðakostnaði og öðrum greiðslum af því tagi.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir brtt. minni hl.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Það verður að viðurkennast að það er með öllu óþolandi að manni skuli ekki vera ætlaður meiri tími til að fjalla hér um mál en raun ber vitni. Hér þæfast menn í minni háttar eða nærfellt engum málum allan veturinn. Svo kemur að svona stórum umbrotamálum eins og þessu frv. sem hér er verið að fjalla um, um Seðlabanka Íslands, og frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem verður hér bráðum á dagskrá, og við höfum nákvæmlega dagstund að ég hygg til þess ekki bara að segja álit okkar á þessum málum heldur fjalla um þau.

Til þess að gera langa sögu stutta ætla ég eingöngu að skýra afstöðu mína til þeirra nál. sem fram eru komin og gera með þeim hætti grein fyrir atkvæði mínu. Í sjálfu sér hafði ég við þetta frv. um Seðlabanka Íslands lítið annað að athuga en það sem laut að því hlutverki sem honum var ætlað í því að binda áfram innlánsfé lánastofnana í landinu.

Þetta mál átti sér ákveðinn aðdraganda þar sem hér var í fyrra gerð tilraun til að draga úr þessu hlutverki bankans með því að lagt var fram þingmannafrv. í þessari deild um að lækka bindiskyldu banka úr því sem þá var, 28%, niður í 10%. Páv. viðskrh. lagðist mjög eindregið gegn þessu frv. og lofaði nokkuð stóru um að þetta væri allt saman á góðri leið þar sem verið væri að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands og þessum málum yrði bjargað í því frv. Með tilliti til þess studdi ég ekki það frv. sem hér kom til atkvæða.

Nú er aftur á móti þetta frv. til laga um Seðlabanka Íslands komið fram og reyndar líka annar viðskipta- og bankamálaráðherra. En ég held að það sé samt sem áður ekki þeirra breytinga vegna að hér er áfram gert ráð fyrir hlutverki Seðlabankans sem bindistofnunar, sem stjórntækis til að hafa áhrif á peningamagn í umferð með þeim einfalda og nánast ruddalega hætti að taka innlánsfé banka og — eins og m.a.s. í þessu frv. er gert ráð fyrir — ekki bara innlánsfé heldur líka ráðstöfunarfé bankanna og binda það. Ég held að öllum sem vilja sjá séu ljós þau óhollu áhrif sem þess háttar stjórnun peningamála hefur.

Að öðru leyti er það líka mjög ógeðfellt að menn skuli eftirláta framkvæmdavaldi jafnmikið vald í þessum málum. Að mínu mati ætti að vera um að ræða mjög víðtækt samkomulag ef menn ætla sér að minnka peningamagn í umferð og ætti alls ekki að geta átt sér stað öðruvísi en með löggjöf héðan úr þingsölum. Þannig mun ég styðja brtt. við 8. gr. upphaflega frv. Ég mun aftur á móti ekki styðja till. um aukin áhrif Seðlabankans á vaxtamálin því að ég er þeirrar einfeldnislegu trúar að það hafi nokkuð að segja hvaða framboð og eftirspurn er um að ræða í þeirri verslun sem bankaviðskipti eru og að það sé hollast að láta lögmál þess markaðar ráða vaxtastigi og það sé mjög óheppilegt að ráðgjafinn eða framkvæmdavaldið fikti í þeim þáttum þó það væri ekki nema vegna þess að um leið og menn fara að stjórna slíku takast þeir á hendur ákveðna ábyrgð sem þeir oft og tíðum ekki geta staðið undir.

Við sjáum núna hvað afskipti stjórnvalda af efnahagsmálum hér á landi hafa haft víðtækar afleiðingar því tilfellið er að því verður ekki á móti mælt að verðbólga er búin til af stjórnvöldum. Hún verður ekki til af sjálfu sér. Eins og einn af deildarmönnum hér hefur margoft bent á, hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfur Konráð Jónsson, eru peningar ávísanir á verðmæti og ef verðmæti eru til fyrir þeim peningum sem í umferð eru er engin hætta á að til verði verðbólga. Ef stjórnvöld

fara aftur á móti að fikta í þessu með því að breyta aðstæðum á þessum markaði og annaðhvort að gera ráð fyrir því að það séu minni eða meiri verðmæti til en peningunum svarar verður til skekkja í efnahagslífinu og ef þau gera ráð fyrir að það séu til miklu meiri verðmæti en raunverulegt peningamagn samsvarar verður það að verðbólgu. Þá þýðir ekkert að taka svo og svo mikið af þessum peningum úr umferð og ég tala nú ekki um að lána þá síðan út um bakdyrnar eins og hefur verið gert hérna. Þar með er allt efnahagslíf orðið kolruglað og menn mega þakka fyrir ef hægt er að bjarga því á einhvern hátt fyrir horn eins og menn hafa einhverja von um núna.

Aftur á móti verð ég að viðurkenna að ég er mjög svartsýnn í þeim efnum enn þá, sérstaklega vegna þess að þröskuldurinn í þessum málum er sú einfalda tæknibrella að halda gengi föstu. Það hefur líkt og fikt manna í vöxtum aldrei gefið góða raun til lengdar.

Ég tel sinnaskipti nokkurra manna í meiri hl. fjh.- og viðskn. standa á mjög veikum ís. Þeir hafa tekist þá ábyrgð á hendur að mæla með samþykkt þessa frv. á þeim grundvelli að seðlabankastjórar gáfu frá sér yfirlýsingu, sem þeir afhentu nefndinni, um að peningamarkaður hefði verið að þróast ört í frjálsræðisátt hér á landi undanfarin ár og að þetta gæfi færi á að draga úr beinum hömlum á útlánastarfsemi bankanna, svo sem innlánsbindingu sem þegar hefur verið lækkuð úr 28% í 18%. Síðan segir, með leyfi frú forseta:

„Bankastjórn Seðlabankans mun leggja áherslu á að þessi þróun haldi áfram svo ört sem markaðsaðstæður og ytri skilyrði leyfa. Væntanlega verður unnt að taka umtalsverð skref til lækkunar á innlánsbindingu síðar á árinu."

Ég efast ekkert um góðan vilja þessara mætu manna. Aftur á móti gefur fyrsta setning þessarar yfirlýsingar til kynna að þessir menn gera sér grein fyrir að grundvöllur peningastjórnar undanfarin ár hefur verið vilji stjórnvalda og trú á það að þau geti haft áhrif á efnahagsmál hér með því að stjórna peningamagni í umferð. Þegar þeir segja: Peningamarkaðurinn hefur verið að þróast ört í frjálsræðisátt hér á landi undanfarin ár, þá eru þeir líka að segja að verði einhverjir hnökrar á þessari þróun, að ég tali nú ekki um einhverjar sviptingar, réttlæti það aðgerðir eins og þær sem við höfum búið við undanfarin ár. Þeir segja ekki afdráttarlaust hérna: Þær aðgerðir sem við höfum beitt undanfarin ár hafa verið orsök óheillavænlegrar þróunar í peningamálum. Þeir viðurkenna það ekki. Þeir sitja í raun og veru enn þá fast við sinn keip og telja að þær aðferðir sem þeir hafi beitt hafi verið þær einu sem dugðu af því að þeir segja í annarri setningunni: Þetta gefur færi á að draga úr beinum hömlum á útlánastarfsemi bankanna. Menn hafa haldið því hér fram, þar á meðal hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfur Konráð Jónsson, að hömlur á útlánastarfsemi bankanna séu einn af orsakavöldum þess hvernig komið er í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þegar þeir segja: Þetta gefur færi á að draga úr beinum hömlum, þá eru þeir ekki að afneita fyrri vinnubrögðum heldur segja einfaldlega: Ástandið er svo gott í dag að við getum sleppt þessu lausu, en ef það breytist, ef það versnar að okkar mati áskiljum við okkur fullan rétt til að halda uppi fyrri iðju.

Ég var ekki við upphaf þessa fundar þannig að ég veit ekki hvort hér hefur átt sér stað viljayfirlýsing ráðherra, en hennar mun hafa verið að vænta. (**EgJ:** Hún er í nál.). Já. Ég hef ekkert við góðan vilja þessa ráðherra að athuga, en bendi á að viljayfirlýsingar embættismanna í þessu máli eru harla haldlitlar nema þá að við séum farnir að gera ráð fyrir því að embættismenn lúti ekki vilja framkvæmdavaldsins. Því verða allir menn að gera sér grein fyrir að embættismenn eru verkfæri í höndum framkvæmdavaldsins. Það sem framkvæmdavaldið vill framkvæma þeir. Nú stendur þannig á að fulltrúi framkvæmdavalds í þessum málum er ráðherra sem gefur ákveðna yfirlýsingu sem menn treysta, en treystir hv. 4. þm. Norðurl. v. t.d. öllum ráðherrum ónefndum sem eiga eftir að sitja í þessum stól? Svo að ég orði þessa spurningu skýrar: Treystir hann ráðherrum í vinstri stjórn til að standa við þessar yfirlýsingar? (**EKJ:** Svarið er nei.) Þá hefði ég haldið að það væri haldbetra að hafa lög. (**Gripið fram í:** Sammála.) Lög skulu ráða en ekki menn. Þess vegna mun ég styðja brtt. sem lýtur að því að draga enn frekar úr bindiskyldu bankanna og þessu valdi Seðlabankans. Þess vegna mun ég ekki heldur styðja brtt. sem miða að því að auka áhrif Seðlabankans á vaxtaákvarðanir.

Ég get vel skilið og hef ákveðna, hvað eigum við að segja, samúð með tillögu um að gera bankaeftirlitið sjálfstæðara. Þessir hlutir voru hér til umræðu í gær vegna skýrslu ráðherra um Útvegsbankann. En ég held samt sem áður að á þeim hugmyndum sé einn ljóður. Hann er einfaldlega sá að þegar menn tala um að bankaeftirlitið þurfi að vera sjálfstæðara horfa menn algerlega fram hjá stjórnsýslu í þessu landi, skipan stjórnsýslunnar. Þeir horfa algerlega fram hjá stjórnkerfinu eins og því er fyrir komið. Hverjum eiga þessir bankaeftirlitsmenn í raun og veru að tilkynna sínar niðurstöður þannig að það hafi einhver áhrif? Alþingi er ábyrgt fyrir rekstri bankanna með þeim hætti sem við allir þekkjum. Það sitja alþm. í bankaráðum, bera ábyrgð á ráðningu bankastjóra og bera þannig ábyrgð á útlánapólitík bankanna. Þeir hafa engar skyldur til að upplýsa Alþingi um eitt eða neitt sem við kemur starfsemi bankanna. Í hvert skipti sem spurt er einhverra spurninga um hvað þeir séu að gera þarna í bönkunum leggst hulinshjálmur leyndarskyldunnar yfir alla þessa starfsemi. Síðan væri búið til sjálfstætt bankaeftirlit. Þeir menn tækju sig alvarlega og rykju til og færu að skoða starfsemi banka og kannske að taka af meiri hörku á málum en þeir hafa gert hingað til, hefði það verið mjög æskilegt t.d. þegar um Útvegsbankann var að ræða, og þeir rykju með það annaðhvort til ráðherra eða til Alþingis. Það er sama hvorn veginn þeir fara. Þessi ráðherra er líka rígbundinn í báða skó. Hann er rígbundinn af sömu aðilum sem hafa meiri hlutann í stjórn þessara banka þannig að sjálfstætt bankaeftirlit getur endanlega kannske helst höfðað til pressunnar, til almennings, en það getur svo sem hvaða ábyrgur embættismaður sem er. Sú samtvinnun og það samkrull framkvæmdavalds og löggjafarvalds sem við búum við í dag gerir hlutverk og þýðingu fyrirbæris eins og sjálfstæðs bankaeftirlits að brandara vegna þess að þeir væru alltaf að tala við sömu mennina þegar þeir væru að gefa og færa sína skýrslu, sömu menn og bera ábyrgð á því sem þeir væru að gagnrýna.

Ég held, frú forseti, að ég hafi þessi orð ekki miklu fleiri nema þá hvað viðvíkur þeirri grein sem fjallar um reglugerð ráðherra um starfsemi bankanna, þeirri sem

var 42. gr. í frv. en orðin er að 41. gr. núna. Það er reyndar búið að nema burt úr þeirri grein að hér skuli kveðið á um sérstaka bindingu á innlánsfé eða umráðafé innlánsstofnana sé ákvörðunum Seðlabankans ekki hlítt. En ég tel að það nægi samt sem áður ekki til að fullvissa menn um að menn fari ekki í gamla farið ef þeim þykir svo við horfa. Ég nefni sem hugsanlegt dæmi að ef þessi stífla brestur sem fastagengið skapar, ef ekki verður mjög álitleg verðmætaaukning í sölu á okkar framleiðslu, skapast hér mjög erfitt ástand. Mér er sem ég sjái að þessi framsóknarstjórn sem núna situr grípi ekki fegins hendi til einhverra svona aðgerða þó ekki væri nema til þess að ná sér í lánsfé til að veita út aftur um bakdyrnar til þeirra atvinnugreina sem hvað vinsælastar eru í þessu landi og hafa ekki haft nema ca. 1100 ára aðlögunartíma að íslensku efnahagslífi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1064,1 felld með 12:8 atkv.
Brtt. 973 samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,2 felld með 12:6 atkv.
9.–11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,3 felld með 12:8 atkv.
12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,4 felld með 12:7 atkv.
13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,5 felld með 12:5 atkv.
Brtt. 1064,6 felld með 12:5 atkv.
14.–15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,7 felld með 12:5 atkv.
Brtt. 1064,8 kom ekki til atkv.
16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,9 kom ekki til atkv.
Brtt. 1064,10 felld með 12:3 atkv.
17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,11 felld með 12:6 atkv.
18.–25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,12 felld með 12:6 atkv.
26.–27. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,13 felld með 12:7 atkv.
28.–34. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,14 felld með 12:7 atkv.
35.–36. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,15 felld með 12:7 atkv.
37.–39. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1064,16 felld með 12:6 atkv.
40.–42. gr. samþ. með 12:3 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fasteigna- og skipasala, stjfrv. 320. mál (þskj. 1044 (sbr. 591)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1094).

Póstlög, stjfrv. 248. mál (þskj. 1045 (sbr. 477)). — Ein umr.

Magnús H. Magnússon: Hæstv. forseti. Ég er alfarið á móti þeirri breytingu sem hv. Nd. gerði á frv. eins og það kom frá þessari hv. deild. Hvers vegna skyldu þeir sem fá laun sín greidd inn á reikninga hjá Póstgíróstofunni fá öðruvísi og verri fyrirgreiðslu en þeir sem leggja laun sín inn á reikninga hjá bankakerfinu? Í öllum nágrannalöndum okkar starfa póstgíróbankar innan póstþjónustunnar án þess að um verulegt bákn sé að ræða, a.m.k. ekki í neinni líkingu við sjálft bankakerfið. Nú koma bankastjórar fram á völlinn og berja sér á brjóst og vara við útþenslu bankakerfisins, einmitt nú þegar er verið er að leggja til aukna þjónustu án umtalsverðrar útþenslu.

Það eru alls staðar starfandi póstafgreiðslur þannig að sú heimild sem bætt var við lögin í þessari hv. deild kostar ekki mikla útþenslu. Þeir sem mest vara við útþenslu nú eru sömu mennirnir sem hafa hin síðari ár staðið fyrir útþenslu bankakerfisins langt úr hófi fram og langt út fyrir öll skynsemismörk. Frá því að póstgíróþjónustan var tekin upp og samstarfsnefnd hennar og bankanna var komið á laggirnar hafa bankarnir ævinlega reynt að draga til sín sem allra mest af hagræðinu við þessa þjónustu, en látið póstinn sitja uppi með sem allra mest af kvöðunum. Þannig vilja þeir að þetta verði áfram.

Hæstv. forseti. Ég er alfarið á móti þeirri breytingu sem Nd. gerði á þessu frv.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég lýsi mig alveg andstæðan þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í Nd. Hv. Ed. gerði þær breytingar á frv. að heimilt væri fyrir póstgíróþjónustuna að sinna tvíhliða viðskiptum, þ.e. ekki aðeins að taka á móti fjármagni og annast millifærsluviðskipti fyrir sína viðskiptamenn heldur einnig að annast takmörkuð lánaviðskipti. Það virðist svo sem hv. þm. Nd., þar sem sumir hverjir í samgn. eru bankaráðsmenn í ákveðnum bönkum, hafi talið nauðsynlegt að breyta þessum eðlilega þætti póstgíróþjónustunnar til þess horfs sem nú er.

Ég tel að þarna hafi ekki ráðið önnur sjónarmið en sjónarmið ákveðinna bankastofnana. Það er dálítið sérstakt að heyra að í umræðum um seðlabankafrv. fyrir stundu í deildinni er því lýst yfir að bankastjórar Seðlabankans hafi talið eðlilegt að það væri aukið frelsi í bankaviðskiptum, en á sama tíma gerist það að m.a. sumir seðlabankastjórar lýsa því yfir að þetta frelsi sé óþarft. Að ætla að halda uppi viðskiptum og eðlilegri þjónustu í gegnum gírókerfið og leyfa því eingöngu að annast millifærsluviðskipti og taka á móti fjármagni er svipað og hæstv. iðnrh., meðan hann rak heildsöluviðskipti, hefði verið leyft að flytja inn en ekki leyft að selja. (**Iðnrh.:** Eða öfugt.) Eða öfugt, já. Frelsið er ekki meira en að þessari þjónustustofnun er aðeins leyft að sinna öðrum þættinum.

Og að tala um að það sé verið að búa til nýtt fargan eða nýja bankastofnun með því að leyfa gíróþjónustunni að annast þessi viðskipti er alveg út í hött. Þetta kerfi er fyrir vítt um landið, en það mun vitaskuld á ákveðnum stöðum ýta pínulítið við einkarétti Búnaðar-

banka, Samvinnubanka og annarra banka sem sitja yfir viðskiptum á þessu sviði. Frelsið sem verið er að tala um er ekki meira en aðeins í orði hjá þessum höfðingjum, hvort sem það eru seðlabankastjórar eða bankaráðsmenn þessa eða hins bankans.

Það er erfitt að segja hvernig á að fara með málið núna í lokaafgreiðslu þingsins. Við erum hér með merkilegt lagafrv. sem þarf að samþykkja. Þess vegna er erfitt að segja að við eigum að fella þetta. En þarna hefur verið farið öfugum höndum um mál af hv. Nd.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tel mjög miður að Nd. skyldi eyðileggja frv. sem hér liggur fyrir svo sem raun ber vitni. Við ræddum þetta frv. fyrir nokkru og gerðum á því veigamikla breytingu í frjálsræðisátt án þess að báknið yrði aukið, en Nd. hefur kosið að líta aftur en ekki fram í þeim málum. Það markast af áhrifum bankastjóra og bankavaldsins sem telur nú að að sér sé sorfið, þess sama bankavalds sem staðið hefur fyrir hvers konar eyðslu og útþenslu í bankakerfinu, atvinnuvegunum til mikils tjóns vegna offjárfestinga og annars, án þess að þjónusta yrði teljandi miklu betri. Það er þetta vald sem hér hefur ráðið ríkjum. Við minntumst á það við síðustu umræðu hér að samþykkt till. um að Póstgíróstofan fengi að stunda inn- og útlánastarfsemi væri í sjálfu sér byggðamál. Pósthús væru miklu víðar en bankar og þessi breyting hefði mjög liðkað til fyrir ýmiss konar viðskiptum, ekki síst fyrir launamenn.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Mér þykir mjög leitt að þessi öfl skyldu kúga þá sem eru í Nd. og að þeir skuli kjósa að hafa reglur og lög um bankastarfsemi meira í ætt við það sem tíðkast austan járntjalds en það sem tíðkast meðal vestrænna þjóða. Við Alþýðuflokksmenn höfum ekki kosið að flytja brtt. á ný hér því við höfum lýst okkur fúsa til að greiða fyrir þingstörfum, en vonandi kemur sá tími að það takist að breyta þessu aftur.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það er erfitt að viðurkenna það að hv. Nd. hefur tekið rétta afstöðu í þessu máli að mínu mati. Þetta mál er mjög í lausu lofti. Þó að málið út af fyrir sig sé áhugavert þá er það ekki hnýtt upp eins og þarf að vera. Það kom fram í máli hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar að hann væri mjög andvígur þessari breytingu sem hefði verið gerð í Nd. En sú breyting lokar í rauninni fyrir þann möguleika að hann sé gerður að bankastjóra í sínu starfi. Það eru líklega nær 100 útibú Pósts og síma á landinu sem kynnu að afgreiða á þennan hátt. Það eru ekki nein mörk um það hvaða tölur er um að ræða í mögulegum útlánum. Öll þessi útibú kynnu á næstu árum, næstu misserum, að krefjast aukins rekstrarkostnaðar vegna aukinna starfa vegna þessarar þjónustu þannig að það eru ótal liðir sem eru algjörlega óklárir. Þess vegna finnst mér ekki nokkur rök fyrir því að styðja málið á þann hátt að verið sé að opna þarna nýja leið í aukinni yfirbyggingu þjóðarinnar þó að þarna sé vissulega ákveðinn spennandi möguleiki í þjónustu. En það er þó betra að vita fyrir fram hvað það þýðir og hvað menn vilja gera í þeim efnum og hvað það kostar.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Mér finnst að það beri að harma að þessi breyting skyldi hafa verið gerð í Nd., ekki síst vegna þess að það var allan tímann fullur vilji á því hér í þessari deild og í samgn. að afgreiða þetta mál, enda er málið þess eðlis. M.a. af þeirri ástæðu kom þessi breyting, sem hér var gerð í deildinni, ekki fram í nál. Það var mjög mikill meiri hluti fyrir því í samgn. Ed. Alþingis að gera þá breytingu sem gerð hefur verið. En það var hins vegar samkomulag um það í nefndinni, til þess að hraða störfum og til þess að það leiddi ekki af sér neina pólitíska erfiðleika, að afgreiða málið með þeim hætti sem gert var, þ.e. samkomulagi um að mæla með frv. óbreyttu en aftur á móti að menn hefðu fullan rétt á að flytja og fylgja brtt. Það lá náttúrlega alveg ljóst fyrir miðað við þann áhuga sem var í nefndinni um þetta mál að slíkar tillögur mundu koma fram. En málið var ekki tafið og það var ekkert samkomulag rofið með þessari afgreiðslu.

Mér finnst ástæða til þess að minna á ræðu samgrh., framsöguræðu fyrir þessu máli, sem er áreiðanlega ýmsum minnisstæð, og skýrir það m.a. hvað póstþjónustan sem slík á miklar rætur í viðhorfum fólksins vítt um landið, ekki síst í einangraðri byggðum, þar sem pósturinn var sá eini sem flutti nýjar fréttir og færði ný boð hér fyrr á árum. Þessi litla breyting felst einungis í því að út á þessi viðskipti með launin á gíróreikningunum sé hægt að veita smávægilega fyrirgreiðslu á móti. Og það er að sjálfsögðu það sem bankarnir með allt frelsið sitt eru á móti. Að þeir, sem láta peningana sína ganga yfir á póstgíróreikninga, geti notið sambærilegrar þjónustu eins og gerist yfirleitt varðandi bankareikninga, að þar hafa menn svolítinn yfirdrátt eða fá ofurlitla hjálp undir vissum kringumstæðum. Það gerist a.m.k. þar sem bankarnir eru tveir. Það gerist hins vegar ekki alls staðar þótt menn hafi slíka reikninga og bankinn er einn. Þannig að ég tek undir það, sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði hér áðan, að þetta er sannarlega ekki í takt við það sem menn eru að tala um í sambandi við frelsið. Þetta er heldur ekki í takt við það sem menn eru að tala um í sambandi við jöfnuð á þjónustu í landinu. Þetta er ekki í takt við það. Þetta gengur í berhögg við það.

Ég held að það sé alveg ljóst — og er ég þar ekki sammála Karli Steinari — að ef þetta mál tapast núna, þá vinnst það aldrei aftur. Það er gjörsamlega vonlaust að taka það upp öðru sinni ef það tapast núna.

Ég vek svo að lokum athygli á því að hér er aðeins um heimild að ræða. Það liggur alveg ljóst fyrir að um þetta yrðu settar mjög strangar reglur og hér yrði ekki um nokkra einustu útlánastarfsemi í þeirri mynd að ræða. Það er ekki verið að fara fram á annað en að þeir sem nota póstgíróreikninga geti haft nákvæmlega sömu réttindi og hinir sem nota bankareikninga í sambandi við launaviðskipti. Það eru nú öll ósköpin sem verið er að tala hér um.

Hins vegar veit ég vel að það er ekki vilji fyrir því hjá samgn. Ed. að trufla þessa afgreiðslu, það treysti ég mér til að fullyrða. En hjá því verður ekki komist að nefndin taki málið aftur til athugunar og þar verði reynt að finna bestu leiðina.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 3. þm. Suðurl. vil ég taka það fram að þetta mál er e.t.v. mun betur undirbúið en mörg önnur mál sem hér koma fram. Í upphaflegri gerð frv. var gert ráð

fyrir þessum möguleika, þessari heimild, og ég minnist þess líka að hv. 3. þm. Suðurl. Árni Johnsen var einn af áhugasömustu mönnunum í samgn. að af þessu gæti orðið. Þarna hefur orðið skoðanabreyting, sem er rannsóknarefni út af fyrir sig, en ég ítreka það að málið er vissulega undirbúið og það hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að hafa það svo sem Ed. hafði samþykkt, en við sjáum nú þegar atkvæðagreiðslan á sér stað hverjir hér eru fulltrúar forneskjunnar og hverjir ekki.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það var fyrst og fremst út af orðum hv. 3. þm. Suðurl. sem gerði mikið úr því að það væri vafasamt að samþykkja þetta mál vegna þess að leiðir væru óklárar. Í fyrsta lagi, eins og hv. 11. landsk. þm. benti á, þá er þetta fyrst og fremst um heimild og í öðru lagi þá er hér verið að samþykkja heimild fyrir Póstgíróstofuna sem þegar hefur verið reynd og er í gangi hér í nágrannalöndunum og þykir sjálfsagður hlutur. Þar er öflug starfsemi á þennan veg, t.d. mjög öflug í Svíþjóð. Það hefur nú ekki þótt mjög miklum erfiðleikum bundið fyrir okkur Íslendinga að sækja fyrirmyndir að ýmsum þeim framfaramálum, sem við höfum komið á, til frændþjóða okkar á Norðurlöndum. En það má vel vera að hugmyndir sumra þm. séu þær að þar sé komið of mikið frelsi og er sjálfsagt á þann veg að við Íslendingar þolum það ekki. Þessu var lengi vel haldið fram í sambandi við millifærslur alls konar í kaupfélögum og kaupmannaverslunum að ekki væri þorandi að borga mönnum út peninga, vegna þess að Íslendingar væru alls ekki hæfir til þess að hafa peninga milli handanna. Og að vilja ekki samþykkja núna þessa eðlilegu viðskiptaþróun er ósköp svipað og sú skoðun sem áður var að almenningur þyldi ekki sjálfur að hafa peninga milli handanna. Og svo það að verið sé að koma á nýju bákni og verið sé að auka kostnað í þessum þjónustuþætti, það er náttúrlega af og frá. Eins og fram hefur komið eru símstöðvar fyrir hendi vítt um landið. Þær hafa verið byggðar upp á undanförnum árum til dálítið annarrar þjónustu en þar á sér stað núna, til almennrar þjónustu við viðskiptamenn sem núna eru flestir komnir til síns heima vegna þess að nú er komin sjálfvirk þjónusta um allt land. Það er sem sagt verið að bjóða upp á það að nýta þá aðstöðu sem er fyrir hendi og það starfslið sem er fyrir hendi til að sinna svolítið aukinni þjónustu á þessu sviði. En einhvern veginn stendur á því að þessari þjónustu megi ekki sinna. Ég held að það sé fyrst og fremst út frá því sjónarmiði, sem hér hefur komið fram, að það eru bankarnir, það eru fulltrúar bankaráðanna hér á hv. Alþingi sem hafa komið í veg fyrir það að þessi eðlilega samþykkt gengi í gegn og lögin yrðu á þann veg sem þau voru samþykkt hér í hv. deild.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það mætti nefna mörg dæmi um það hvernig Íslendingar hafa í allt of ríkum mæli apað ýmsar hugmyndir eftir Svíum og öðrum nágrannaþjóðum sem við höfum sótt í gullabú til, en ekki ætla ég að fara nánar út í það.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Karli Steinari að ég sem einn af nefndarmönnum samgn. var spenntur fyrir þessari hugmynd, en þegar ég aflaði mér upplýsinga eins langt og ég gat ofan í kjölinn og ræddi m.a. við starfsmann Pósts og síma, Rafn Júlíusson, sem hafði komið á fund nefndarinnar, og kannaði sérstaklega viðhorf til þessa máls, kom í ljós að það eru engar hugmyndir uppi um það innan stofnunarinnar hvernig eigi að útfæra þessa leið. Eins og kom fram í upplýsingum hjá þeim ágæta manni var það ekki óeðlilegt að það þætti spennandi fyrir stofnunina að fá þessa möguleika. En hér er um að ræða mál sem getur þýtt svo mikla útþenslu að mörgu leyti, ef menn hafa ekki hlutina í hendi sér, að mér finnst ekki ástæða til þess að samþykkja það án þess að það sé gert fyrir fram.

Í framhaldi af því sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði að verið væri að reyna að nýta plássið og mannskapinn sem væri í þessum stofnunum út um allt land, þá er það engin algild regla og auðvitað getur hann ekki sagt það hér hvernig staðan er í þeim efnum og hvernig svona mundi þróast. Það hefur aðeins verið rætt um að þarna gæti verið um nokkurra mánaða launalán að ræða. Sem sagt það geta verið á bilinu 200–500 millj., miðað við þá hugmynd, sem á að velta í gegnum þetta kerfi. Og það er ekki þar með sagt að þetta sé ekki nauðsynlegt á hinum ýmsu dreifbýlustu stöðum landsins. En þarna er verið að búa til nýja bankastjóra, nær 100 nýja bankastjóra, og það er mjög varhugavert í þessari yfirbyggingu, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að hvar sem peningar fara um, í hvaða stofnunum sem peningar fara um, þar hrúgast upp skrifborðin, þar hrúgast upp starfsmennirnir um fram í öllum öðrum greinum þjóðfélagsins.

Samgrh. (Matthías Bjarnason): Forseti. Ég gat þess, eins og raunar hefur komið fram í þessum umræðum, að ég mundi ekki leggja til að þessi breyting yrði gerð og ég mundi heldur ekki leggjast gegn því. Ed. gerði þessa samþykkt við 3. umr. Það var af og frá að nefndin í Nd. vildi ganga inn á það og m.a.s. þeir, sem skrifuðu undir nál. með fyrirvara, gerðu það sinn með hverjum hætti. Ég veit um að einn þeirra, sem skrifaði undir nál. þar með fyrirvara, vildi með öllu taka þetta út en hinir aftur voru sammála því sem gerðist hér í Ed.

Það sem um er ræða hér núna er það hvort frv. fer fram eða ekki. Ef breyting verður gerð frá því sem það kom frá Nd. þá þýðir það að frv. fer ekki fram. Það er búið að vinna mikið að þessari breytingu og það er verið að færa hér tæplega 50 ára löggjöf í nútímalegra horf. Hitt stendur mönnum opið að flytja frv. um breytingu á þessu á næsta þingi. Ég vil eindregið mælast til þess við hv. þingdeildarmenn að þeir, þrátt fyrir skoðanamun hvað þetta atriði varðar, afgreiði þetta frv. eins og það kom frá Nd. Það er opin leið að flytja málið aftur á komandi hausti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnlánasjóður, stjfrv. 409. mál (þskj. 1046). — Ein umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstvirtur forseti. Í hv. Nd. var gerð smávægileg breyting á þessu frv. frá því sem það var afgreitt hér í deildinni. Ég hef borið mig saman við nefndarmenn í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og við erum sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1099).

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665, n. 1029 og 1031, brtt. 1032). — Frh. 2. umr.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Mér finnst það vera nokkuð áberandi með málaafgreiðslu á þessu þingi að þar er í ýmsu farið meira af kappi en með forsjá. Við, þessir óbreyttu þm., höfum fengið að kenna á því að ganga hér fyrir gölluðum málum meira en góðu hófi gegnir. Og eins og ég hef áður sagt er helst stundum svo á að líta að við, sem gegnum ekki æðstu störfum en vinnum hér verkin á Alþingi, séum svona hálfgildis þjóðnýttir til að koma málum áfram. Og ég er ekkert viss um nema við eigum síðar meir eftir að fá eftirþanka af sumu því sem við höfum sleppt fram hjá okkur. Mér eru þá ofarlega í huga mál eins og sveitarstjórnarlögin, selveiðarnar, póstlögin — þar sem við erum nú að tapa okkar fótfestu — og raunar fleiri lagagerðir.

Mér virðist þetta fara svolítið eftir ráðuneytum, þannig að ef að menn ættu eftir að komast í eitthvað svipaða aðstöðu, t.d. eftir eitt ár í sambandi við þessa ríkisstjórn og þingstörfin, þá væri það mér alveg að sársaukalausu þótt hún fengi a.m.k. eitt svolítið létt vandarhögg á bossann, þannig að hann yrði þá kannske á einhverjum bletti aðeins ljósrauður. Þetta vildi ég taka fram rétt til þess að menn, sem eru hér í æðstu störfum, fari að gera sér það ljóst að menn þurfa að vanda sig. Það er reyndar aðeins einn hæstv. ráðh. sem heyrir hér mál mitt og mér þykir þess vegna kannske vert að geta þess að þetta á síst við hann því að ég held að best undirbúnu málin sem koma frá ráðherrunum séu þau sem að er unnið í landbrn. (Gripið fram í.) Já, það er alveg rétt að í landbúnaðinum hafa þau mörg fengið mikla umfjöllun og það auðveldar að sjálfsögðu góð störf ráðherra og ráðuneyta þegar vel er unnið í hagsmunasamtökum og landbúnaðurinn er vel settur að þessu leyti, m.a.s. mjög vel settur. Og það vill svo til að í því máli sem við erum hér að fjalla um hefur landbúnaðurinn sagt sína skoðun.

Það getur vel verið að síðar í þessari umræðu, þegar betur skýrist með atkvæðagreiðslur og menn hafa getað metið það hvort þeir leggi fram brtt. eða ekki, verði sérstök ástæða til þess að rifja það upp og festa í þingtíðindi með hvaða hætti landbúnaðurinn hefur tekið á þessu vandamáli, selormavandamáli. Það gæti kannske einhvern tímann orðið sögulegt að virða það fyrir sér með hvaða hætti hagsmunaaðilar í þessum efnum hafa stýrt sínum málflutningi.

Ég held út af fyrir sig að það gæti nú þegar í stað verið góður skóli fyrir Framsfl., sem hefur talið sig vera sjálfkjörna vörn og skjól fyrir íslenska bændur og hagsmuni sveitafólks, ég held að það geti hæglega líka orðið síðar meir sögulegur þáttur í þessum málum að meta það með hvaða hætti ráðherrar Framsfl. leitast við að færa áhrif frá landbrn. yfir til annarra ráðuneyta. Þá á ég bæði við sjútvrh. og forsrh. Það fer að sjálfsögðu ekki á milli mála hvert hugur þeirra stefnir í þessum efnum þar sem um er að ræða formann og varaformann Framsfl.

Ég held að í þessu felist ekki af hendi Framsfl. vantraust á núverandi hæstv. landbrh., enda á hann góðan embættisferil í núverandi ríkisstj. Þetta verður því fyrst og fremst að skoða sem sinnaskipti Framsfl. gagnvart landbúnaðinum, gagnvart hagsmunum sveitafólks, gagnvart dreifðum íslenskum sveitabyggðum.

Það er ákveðin skýring á þessu. A.m.k. einn þeirra þm. sem á nokkuð djúpar rætur í sveitunum og í landbúnaðinum, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, hristir höfuðið. Það er að sjálfsögðu merki þess að þingliðið er ekki búið að átta sig á þessum breyttu áherslum Framsfl.

Það er líka með vissum hætti dómur um þetta virðingarleysi að erfitt deilumál eins og frv. um selveiðar er ekki tekið fyrir í þessari deild fyrr en Alþingi hverju sinni á að vera lokið. Ég held að hv. þm. Björn Dagbjartsson hafi haft orð á því að þetta frv. hafi einungis verið fáa klukkutíma í meðförum Ed. Alþingis í fyrra. Ég stórefa að það hafi verið einn klukkutíma þar. Það var sett inn á dagskrá á eftir því máli sem þá átti að afgreiða. Ég efast um að nefndarfundur í hv. sjútvn. þá hafi tekið fimm mínútur. Þá hafði málið beðið í Nd. í tvo eða þrjá mánuði og þá tilbúið til 3. umr. Það er sem sagt leiðin, að koma þessu máli í gegnum Alþingi í tímaþröng.

Það sem hefur vakið athygli við meðferð málsins hér í Ed. er sú ræða sem hv. þm. Björn Dagbjartsson flutti við þessa umræðu og var bæði ítarleg og málefnaleg. Af jafnlangri ræðu og hún var, þar sem m.a.s. mig brast þolinmæði til að sitja hana til enda, þá var hún ólík mörgum öðrum ræðum af þeirri ástæðu hvað hún var málefnaleg, ítarleg og fróðleg, raunar hávísindaleg á köflum.

Það væri út af fyrir sig vel þess vert að yfir þessa ræðu væri farið mjög nákvæmlega. Þegar hún sem slík er metin og menn virða hana fyrir sér vekur það enn meiri undrun og eftirtekt hvað það frv., sem hér er til umræðu, er meingallað.

Það er út af fyrir sig kannske komin skýring á því að þessi hv. þm., sem þarna hefur haft skyldum að gegna og — ég vona að ég fari rétt með — átti sinn þátt í að semja þetta frv. upphaflega, það leiðréttist ef ég fer þar með rangt mál — hefur komist að því í gegnum tímans rás að þetta frv. væri ófullkomið og ófullnægjandi. Ég er alveg sannfærður um það að þótt brtt. þær, sem hann leggur fram við frv., séu mér ekki sérstaklega geðfelldar hefðum við getað komist að samkomulagi. Þetta eru till. sem eru gerðar við ómögulegt frv. og það gerir æðimikinn mun á hverju er byggt þegar menn eru að setja fram sínar till. Ef málið hefði verið unnið upp og sett fram með nýjum hætti, sett fram á þeim grundvelli að menn ætluðu að ná árangri gagnvart þeim vanda sem sýking selorma í okkar nytjafiski er, þá er ég alveg sannfærður um að það hefði ekki valdið neinum erfiðleikum.

Ég sagði áðan að það hefði verið þess virði að gera nokkra úttekt á ræðu hv. þm. Björns Dagbjartssonar. Það hefur hins vegar ekki unnist tími til þess. Til þess hefðu menn þurft að fara yfir þessa víðáttumiklu og markvissu ræðu. En í huga mínum hafa örfá atriði skotið upp kollinum núna upp á síðkastið í því sambandi þótt vissulega hafi verið um annað að hugsa. Hvergi er minnst á þau í skýringum við frv. og hvergi er þeirra

efnisþátta getið í framsögum fyrir þessu máli.

Það væri t.d. ákaflega fróðlegt að fá vitneskju um það hversu miklu fjármagni — helst á hverju ári — hringormanefnd hefur varið til höfuðs selunum. Það væri líka gaman að fá vitneskju um það hvert það fjármagn hefur lent. Ég er nefnilega ekkert viss um að þar hafi hlunnindabændur farið með skarðan hlut frá borði og ég er ekki að spyrja um þetta til að gera því skóna. En það gæti hins vegar vel skýrt þá hagsmuni sem hér er um að tefla annars vegar.

Ég held að hv. þm. hafi orðað það svo að þetta fjármagn hafi komið frá fiskvinnslunni að stórum hluta eða kannske alveg. Það hlýtur að vera eðlilegt við þessa umræðu, fyrst það kemur ekki fram í nál., framsöguræðum og grg. með frv., að menn fái einhverjar talnalegar upplýsingar af því tagi sem ég hef hér fram sett.

Þá fannst mér líka ákaflega athyglisvert — og ég hafði mjög gaman af því, ekki síst vegna þess að Austur-Skaftafellssýsla var nefnd í því sambandi — að heyra um aðalútbreiðslusvæði selastofnsins. Það voru afar fróðlegar tölur. Ég tók svo eftir að þar hefði hann m.a. minnst á selalátrin sitt hvoru megin við ósa Skeiðarár. Það hefði verið gaman ef hv. þm. hefði líka getað upplýst um selalátur sem voru austar í Austur-Skaftafellssýslu, sérstaklega í sambandi við Papóssvæðið. Það hefði líka verið gaman ef hann hefði t.d. sagt frá því hvernig útselnum hefur verið haldið niðri eða hvernig hann hefur verið veiddur í sambandi við Vigrina sem er eyja út af austustu sveitinni í Austur-Skaftafellssýslu og var einu sinni mikið matarforðabúr þeirra sem þá byggð byggðu í þá tíð. Þetta væri afar gaman að fá vitneskju um. Þetta er fróðleikur sem kannske snertir ekki sérstaklega þetta vandamál út af fyrir sig.

Þá kem ég að því sem ræðumaður fjallaði um í sambandi við þennan stóra vanda vegna hringormsins. Ég náði því ekki hvernig sá vandi hefur aukist á síðustu árum. Hins vegar hefur mér fundist, og hef ég reyndar sótt mestan minn fróðleik í þessum efnum til hv. þm. Björns Dagbjartssonar, að þessi vandi væri ekki að aukast. Mér hefur fundist á honum að það gagnstæða væri frekar að eiga sér stað. Af þeirri ástæðu höfum við e.t.v. komist að þessari sameiginlegu niðurstöðu, að þetta frv. væri friðunarfrv. en ekki til fækkunar á sel né til lausnar á þeim vanda sem selormurinn skapar. Það væri því afar gaman ef ræðumaður vildi aðeins með örfáum orðum fara yfir þetta svið.

Það er kannske af því að ég er mikið tengdur landbúnaði vegna atvinnu að mér fannst einkar fróðlegt að hlýða á hv. þm. Björn Dagbjartsson þar sem hann fjallaði um ormalyf og ormahreinsun á selum. Mér fannst það vera stórmerkileg niðurstaða í ræðunni þar sem hann gat þess að hún hefði mistekist. Nú er það þannig t.d. í almennum landbúnaði, svo maður taki t.d. sauðfjárræktina, að ég held að búið sé að skipta fjórum eða fimm sinnum um ormalyfstegundir í sauðfé síðan ég fór að búa, kannske oftar.

Menn eru með ormalyf í hross og nautgripi. Mér var sagt það hér á dögunum að dýralæknirinn hefði verið að drepa orma í nautum hjá mér með því að sprauta þau. Það getur verið erfitt að fljúgast á við stór naut þegar þarf að ormahreinsa þau. Þá er spurning hvort hringormanefnd hefur verið með rétta tegund af ormalyfi því að ormalyf verkar mjög misjafnlega vel. Það væri gaman að vita hvaða tegund þetta hefði verið. Ég er nú ekki sérfræðingur í ormalyfjum, en þekki þó útlínurnar í þeim málum í sambandi við almennan landbúnað. Það væri fróðlegt að vita hvort þetta væri svipað og í sauðfé, hrossum eða nautum.

Í hinum almenna landbúnaði hafa menn misjafnar aðferðir við að koma ormalyfinu á framfæri við búpeninginn. Það væri ákaflega gaman að fá vitneskju um það hvernig selormanefnd hefur farið að því að fljúgast á við selina til að koma þessu ormalyfi ofan í þá. (**Gripið fram í:** Útselinn sérstaklega.) Sérstaklega útselinn. Þá væri líka gaman að vita um það hvernig selirnir hafi verið merktir og hvernig þeir hafi skilað sér aftur og hvernig talning hefur þá farið fram á þeim sem komu til baka. Ég held nefnilega að þetta sé heimssöguleg tilraun, að gefa sjávardýrum inn ormalyf og rannsaka síðan áhrif þess. Ég held að ég hafi tekið nákvæmlega rétt eftir að ræðumaður hafði orð á því að þetta hefði mistekist og þá að sjálfsögðu þannig að hringormurinn hefði lifað þessa aðgerð af.

Það er ákaflega margt fleira sem gaman væri að fjalla um í sambandi við ræðu hv. þm. Björns Dagbjartssonar. En vissulega getur gefist til þess tími hér síðar í umræðunni. Og ólíklegt þykir mér að fleiri þurfi ekki að spyrja grannt út í þau mál eins og ég. Hefði þó verið full ástæða til að fjalla um þessa ræðu á vísindaráðstefnu alveg eins og hér á Alþingi.

Við fyrri umræðu gat ég þess hvað frv. um fækkun sela væri ófullkomið. Ég leiddi að því rök að þetta væri frv. um friðun en ekki um fækkun. Um þetta erum við hv. þm. Björn Dagbjartsson sammála. Við erum líka sammála um að við viljum hafa stjórn á þessari stofnstærð. Þegar menn eru orðnir sammála í einhverju máli er, ég held alltaf, hægt að finna sameiginlega niðurstöðu og sameiginlega lausn.

Menn hafa í ýmsum viðkvæmum málum lagt til að þau væru færð á milli ráðuneyta. Það er eins og það eigi að vera allra meina bót að færa mál á milli ráðuneyta. Um það hafa staðið deilur. Þegar slík vinnubrögð eru uppi fæst ekki málefnaleg niðurstaða, þá fæst einungis stjórnarfarsleg niðurstaða um það hvar völdin eigi að vera. Þetta selamál er ekki eina málið af þessu tagi á Alþingi og ekki eina málið af þessu tagi sem við höfum verið að fjalla um í þessari deild og hefur byggst á togstreitu á milli ráðuneyta.

Það er eins og menn haldi að það deyi fleiri selir bara við það að flytja verkefnið stjórnarfarslega yfir í sjútvrn. Þetta er hinn mesti misskilningur. Nú höfum við m.a.s. reynslu af því varðandi stjórnun á stofnstærð ýmissa dýrategunda að hún hefur verið falin öðru ráðuneyti en því sem viðkomandi atvinnugrein heyrði undir.

Hér er ég t.d. með lög um friðun og eftirlit með hreindýrum. Þau lög eru undir menntmrn. þótt hins vegar séu það landeigendur eða sveitarfélög sem þessara verðmæta njóta. Við höfum séð það, Austfirðingar, að á þessum málum er gott skipulag og góður árangur. En þessi framkvæmd byggist á mjög skýrum fyrirmælum. Hún byggist ekki einvörðungu á reglugerðarsetningu. Í þessu tilviki er það menntmrn. sem á í hlut. Það er menntmrn. sem hefur með höndum yfirumsjón með hreindýrastofninum í landinu. Það hafa komið upp vandamál í sambandi við hreindýrastofninn, það hefur þurft að taka ákvarðanir um að fækka í honum. En sá

aðili í embættiskerfinu, sem sérstaklega hefur fjallað um þau mál, hefur að sjálfsögðu verið yfirdýralæknir þegar um slík mál hefur verið þarflegt að taka ákvarðanir.

Ég er svo hér með önnur lög sem ég vona að hv. sjútvn. hafi tekið til athugunar að minni ábendingu við meðferð málsins í nefnd. Þessi lög heita ekki sérstaklega fögru nafni. Þetta eru lög um eyðingu refa og minka. Þessi lög eru nú rétt að verða 30 ára gömul. Þau hafa gefist með þeim hætti að menn eru jafnvel farnir að tala um að friða þessi dýr. Af hverju skyldi það vera? Það er vegna þess að komið var upp mjög góðu og markvissu veiðiskipulagi. Mér finnst ástæða til að minna á að þegar þessi lög voru sett fyrir 30 árum var talað um að það ætti að fara að friða refi og minka. Það var vegna þess að í þessum lögum voru tekin upp miklu skýrari og markvissari vinnubrögð og þau voru sett undir ákveðið skipulag.

Það er vissulega vel þess vert að fara yfir þessa löggjöf þótt í fáum orðum sé. Ég held nefnilega að ef menn hefðu gert það hefði verið með ákaflega einföldum hætti hægt að komast hjá deilum um þetta mál. Ég get ekki séð annað en að þessi lög, lög um eyðingu refa og minka, nái líka til sela. Svo einkennilegt sem mönnum kannske virðist sýnist mér að svo sé. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta, í 1. gr.:

„Búnaðarfélag Íslands hefur undir yfirstjórn landbrh. stjórn allra aðgerða til útrýmingar refum og minkum. Skipar ráðherrann veiðistjóra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skal hann starfa undir stjórn þess og hafa haldgóða þekkingu á lifnaðarháttum refa og minka og góða reynslu af veiðiaðferðum og öðru sem unnt er að beita til útrýmingar vargdýrum þessum." Og svo kemur í framhaldi af þessu, með leyfi forseta:

„Ef menntmrh. telur henta, að fengnu áliti Búnaðarfélags Íslands, getur hann falið veiðistjóra yfirumsjón með eyðingu svartbaks og annarra skaðlegra dýra." Og af hverju skyldu menn nú hafa áhyggjur af svartbak? Ætli það sé ekki m.a. vegna æðarfuglsins, þeirra dýrmætu hlunninda sem þar eru að baki? Þarna er talað um menntmrh. og þarna er talað um aðrar skaðlegar dýrategundir en refi og minka. Það er alveg augljóst mál að þarna getur málið alveg gengið upp. Þarna eru menn lausir við landbrh., Framsfl. þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af hans völdum í þessum málum. Hann yfirgengur ekkert sjútvrh. Þarna sýnist mér því að sé vel ásættanleg niðurstaða sem er í lögum. Ef menntmrh. telur að það þurfi að minnka selastofninn eru þessar heimildir til. (**Forseti:** Forseti neyðist til að trufla hv. þm. aðeins í ræðunni og vildi spyrja hvort langt sé í það að henni ljúki vegna þess að það var gert ráð fyrir atkvæðagreiðslum, eins og forseti hafði áður greint frá, kl. 12.) Nei, það er, forseti, stutt í það. (**Forseti:** Þá vill hv. þm. kannske ljúka ræðunni núna ef stutt er eftir.) Nei, ég hef ekki svo nákvæma tímasetningu, forseti, að ég hugsa að það geti þá orðið hnitmiðaðra sem ég segi á eftir og taki skemmri tíma.

Umr. frestað.

Áfengislög, stjfrv. 423. mál (þskj. 777, n. 968, brtt. 969 og 1089). — Frh. 2. umr.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð um það frv. sem liggur fyrir. Eins og hv. þm. muna var 2. umr. frestað að ósk dómsmrh. sem hafði athugasemdir fram að færa við þær brtt. sem nefndin lagði til á frv. og óskaði eftir því að málið yrði athugað nánar milli 2. og 3. umr.

Nefndin hefur haldið fundi í málinu og kallað fyrir aðila, lögreglustjóra og forsvarsmenn dómsmrn. Það var einkum eitt atriði sem var þeim þyrnir í augum. Þeir töldu að tillögurnar eins og við gengum frá þeim þrengdu heimildir lögreglunnar til skyndilokana á veitingastöðum ef upp kæmist þar um misferli í starfi þessara veitingastaða.

Nefndin hefur rætt brtt. sem eru á þskj. 1089. Þær eru samdar í samráði við dómsmrn. og varð það úr í samráði við starfsmenn þingsins að af tæknilegum ástæðum flytti ég brtt. einn. Þær hafa verið bornar undir nefndina og reyndar nefndir beggja deilda því að tíminn er mjög skammur en menn hafa viljað ganga frá þessum málum.

Brtt. eru þannig við a-lið lagt er til að hann orðist svo:

„3. mgr. orðist svo:

Sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað. Við þá ákvörðun verði höfð hliðsjón af tilgangi laga þessara." Það er breytingin. „Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra." Í brtt. nefndarinnar var það ákvæði að lögreglustjóri gengi úr skugga um hvort staðurinn uppfyllti skilyrði en reiknað er með að það sé óþarft ákvæði þar sem það er hlutverk sérstakrar nefndar.

Við b-lið. Liðurinn orðist svo:

„Síðasti málsl. 4. mgr. orðist svo: Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því. Dómsmrh. ákveður gjald fyrir hvert leyfi til áfengisveitinga sem lögreglustjóri innheimtir og rennur það í ríkissjóð."

Þessi síðasta mgr. er samhljóða því fyrirkomulagi sem nú er og á m.a. að standa undir kostnaði við störf þeirrar nefndar sem er matsnefnd veitingahúsa.

Síðan er brtt. við d-lið og það er mergurinn málsins. Það er aðalbreytingin frá því sem nefndin lagði til í upphafi en það eru skýrari ákvæði um heimild lögreglumanna til skyndilokunar. Lagt er til að liðurinn orðist svo:

„6. mgr. orðist svo:

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða fullnægir þeim ekki lengur skal hann þegar missa leyfi sitt. Ef svo stendur á getur lögreglustjóri fellt leyfi niður um stundarsakir. Veitingamaður getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmrh. en það frestar ekki framkvæmd ákvörðunarinnar."

Þetta á að veita lögreglunni fullnægjandi heimildir til þess að hafa eftirlit með starfsemi vínveitingahúsa og beita skyndilokunum ef á þarf að halda.

Hv. 5. landsk. þm. flytur síðan brtt. á þskj. 1093 sem hann mun væntanlega gera grein fyrir.

Þess má geta að hv. 2. þm. Austurl. studdi ekki álit nefndarinnar og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og er sú afstaða hans óbreytt.

Magnús H. Magnússon: Hæstv. forseti. Meiri hl. allshn. hv. Ed. flutti brtt. á þskj. 969 við þetta frv. Þær brtt. ganga fyrst og fremst út á það að það verði sveitarstjórn á hverjum stað, ekki lögreglustjóri, sem hefur síðasta orðið í þessum efnum, þó að fenginni umsögn lögreglustjóra, ekki öfugt eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég treysti sveitarstjórnum betur en embættismönnum ríkisins til að taka skynsamlegar ákvarðanir í þessum málum eins og mörgum öðrum. Það er oft talað um aukið sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaga og um að sveitarfélögin yfirtaki verkefni frá ríkisvaldinu og þá um leið ákvarðanatökur. Menn eru yfirleitt sammála um að það sé til bóta og mér finnst að það eigi við í þessu máli eins og á mörgum öðrum sviðum.

Ég get vel fallist á brtt. hv. þm. Jóns Kristjánssonar á þskj. 1089 en mér finnst vanta botninn í 3. lið brtt., hvernig með skuli fara ef ágreiningur kemur upp milli sveitarstjórnar og lögreglustjóra. Því hef ég lagt fram brtt. á þskj. 1093 við brtt. hv. þm. Jóns Krisjánssonar. Brtt. mín er svohljóðandi:

„Við 3. tölul. bætist: Dómsmrh. sendir tillögur sínar um málsmeðferð til sveitarstjórnar sem tekur endanlega ákvörðun um hvort leyfissvipting skuli vera varanleg."

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1093, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég benti fyrir þessa umræðu á þá annmarka sem ég taldi vera á brtt. meiri hl. nefndarinnar. Verstu vankantarnir hafa verið sniðnir af þeim, bæði með leyfi til skyndisviptingar og einnig með því að inn er sett ákvæði um að það gjald sem greitt hefur verið fyrir þetta leyfi haldist en falli ekki niður eins og meiri hl. nefndarinnar lagði til í brtt.

Ég er enn á þeirri skoðun að upphaflega frv. sé heppilegra en mun ekki setja mig á móti þessari afgreiðslu, en það er vissulega ósýnt um hvort það nær afgreiðslu á þessu þingi í hvaða formi sem er. Ég mun svo, eftir því sem mögulegt er innan núgildandi laga, ef það fær ekki afgreiðslu, reyna að stefna að því formi sem lagt er til í upphaflega frv.

Sturla Böðvarsson: Virðulegi forseti. Það er örstutt út af því frv. sem hér er til meðferðar og brtt. Frv. er upphaflega flutt vegna þeirrar sjálfheldu sem vínveitingaleyfismál hafa verið í að undanförnu. En meiri hl. allshn., sem flutti brtt., vildi gera þær tillögur til breytinga sem kynntar hafa verið.

Hv. 4. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, hefur flutt brtt. við frv. og ég vil að það komi fram við umræðuna að ég styð þá brtt. og tel að hún horfi til bóta þó að sá háttur sem þar er hafður á hefði ekki þurft að vera forsenda fyrir því að þetta mál næði fram að ganga. Ég endurtek að ég styð brtt. frá hv. þm. Jóni Kristjánssyni.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég skil tilgang hv. 5. landsk. þm. með þeirri brtt. sem hann flytur en ég held að það form sem er á henni geti vart staðist, þ.e. að sveitarstjórn skuli hnekkja úrskurði dómsmrh. Það þarf að hafa eitthvert annað form á því en það.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég er í raun tilbúinn að halda langa ræðu um þetta mál og sé ástæðu til þess eftir að sú yfirlýsing kom frá hv. 3. þm. Vesturl. að þessi mál hefðu verið í einhverri sjálfheldu af því að allt hefur ekki verið opnað upp á gátt í þessum efnum. Það væri nefnilega ærin ástæða til þess að ræða þetta mál einmitt út frá því sjónarmiði sem tröllríður okkar þjóðfélagi að af því að menn hafa viljað hamla hér á móti, af því að menn hafa ekki viljað opna allt upp á gátt varðandi vínveitingaleyfi, hafi þessi mál verið í sjálfheldu. Í sjálfheldu fyrir hverja? Fyrir örfáa gróðaaðila sem hafa ætlað að ná sér í skjóttekinn gróða með þessum hætti. Það eru þeirra hagsmunir sem þarna eru í veði og þeirra hagsmunir sem knýja á það að jafnvel ágætustu menn tala um að mál séu í sjálfheldu af því að gróðamöguleikarnir eru minnkaðir í þessum efnum hjá einstökum aðilum.

Ég er, virðulegi forseti, ekkert viss um að ég ljúki máli mínu á næstunni því að ég tel að öll málsmeðferð þessa sé með endemum. Menn koma hér upp og flytja brtt. á brtt. ofan til þess að sníða af vankanta, taka af agnúa og annað því um líkt. Og hvers vegna? Vegna þess að menn ösnuðust til þess, svo að ég noti það orð, að fara að hringla í frv. hæstv. dómsmrh. um þessi mál, þykjast vera að færa vald og verkefni og ég veit ekki hver ósköpin yfir til sveitarfélaga í þessum efnum, þykjast gera það, og lenda svo í sjálfheldu með allt saman, í sannkallaðri sjálfheldu, og þurfa að halda fund eftir fund í allshn. til þess að finna einhverja lausn út úr ógöngunum. Það er niðurstaðan í þessu máli. Síðan koma menn og fara að tala við dómsmrn. fram og til baka, hvernig megi nú lagfæra þetta og lagfæra hitt svo að úr þessu verði ekki hið argasta klúður. (**Forseti:** Forseti verður að fá að trufla hv. ræðumann aðeins. Það er greinilegt að hér fer fram umræða sem ekki verður hægt að ljúka á næstu mínútum eins og gert hafði verið ráð fyrir og reyndar boðað af forseta fyrir nokkru síðan á þessum fundi, að fyrirhugaðar atkvæðagreiðslur færu fram kl. 12. Ef hv. þm. ætlar að flytja langt mál að þessu sinni eins og hann var að gefa í skyn, og forseti að sjálfsögðu getur ekki lagt neinar hömlur á það, væri gott að fá það fram núna því að þá held ég að ég yrði að biðja hv. þm. um að fresta ræðunni þar til síðar á þessum fundi.)

Ég vil gjarnan fá að fresta þessari ræðu vegna þess að ég er alls ekki tilbúinn að fara úr þessum ræðustól við svo búið og ljúka þar með minni tölu.

Umr. frestað.

Efri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 88. fundi.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 1098). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Áfengislög, stjfrv. 423. mál (þskj. 777, n. 968, brtt. 969, 1089 og 1093). — Frh. 2. umr.

Helgi Seljan (frh.): Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að menn geri sér grein fyrir því þegar þetta mál er nú komið á lokastig hvort það hefur yfir höfuð nokkurn tilgang að vera að ræða það hér í Ed. miðað við væntanlegan framgang þess eða framgangsleysi í Nd. Þess vegna er manni kannske ekkert að vanbúnaði að ljúka máli sínu miðað við að málið gangi ekki lengra. Ég held líka að mönnum væri hollt að hugleiða hvernig þetta mál var upphaflega hingað komið frá hálfu dómsmrh. og hvað hæstv. dómsmrh. ætlaði sér með þessu frv. Hann var í raun og veru að færa það vald sem alfarið hefur verið hjá dómsmrn., sem legið hefur alltaf á þeirra borðum endanlega, hjá ráðuneytinu sjálfu, og mjög hefur verið undan kvartað, yfir til lögreglustjóra, bæjarfógeta eða sýslumanns á hverjum stað. Það var efni frv. Það var það sem skipti máli. Miðað við hvernig að þessum málum hefur verið staðið hefði ég út af fyrir sig ekkert verið sérstaklega hlynntur því að færa þetta vald frá dómsmrn. því að ég treysti mönnum þar alveg til að taka á þessum málum yfirleitt af hlutleysi, en jafnframt að gera þær eðlilegu kröfur sem þarf að gera varðandi vínveitingaleyfin almennt.

Þetta frv. var sem sagt til þess fallið að færa þetta enn frekar út til sveitarstjórnanna og svo til endanlegs úrskurðar viðkomandi lögregluyfirvalds, þess sama lögregluyfirvalds sem á að fylgjast með því að framfylgt sé réttum reglum í sambandi við vínveitingaleyfin og sem á að svipta viðkomandi aðila leyfi ef þess þarf. Út á þetta gekk frv. og sætir í raun og veru furðu minni að það skyldi þá ekki ganga hér snurðulaust í gegn á þann hátt sérstaklega í ljósi þess að dómsmrh., sérstaklega af því að hann er sá sem hann er nú, hefur legið undir býsna miklu ámæli fyrir að hafa ekki gert nógu mikið af því að veita þessi vínveitingaleyfi. Það kom hins vegar fram í upplýsingum sem hæstv. dómsmrh. gaf mér við fsp. minni í fyrra að fjölgun vínveitingaleyfa í hans tíð einmitt, vegna þess ofurþrýstings sem var og þrátt fyrir margar synjanir, var óvenjumikil vegna þess að ásóknin var svo gífurleg og það varð að líta hlutlægt á þessi mál og veita þar af leiðandi miklu fleiri leyfi en t.d. ég hefði talið æskilegt og ég veit að hæstv. ráðh. í hjarta sínu hefði líka talið mjög óæskilegt að veita svo mörg leyfi sem veitt voru.

Einu sinni var ég þeirrar skoðunar þrátt fyrir mína meginskoðun í þessum málum að með því að færa vínveitingaleyfi inn á t.d. skemmtistaði væru menn að stuðla að einhverju sem héti betri meðferð á áfengum drykkjum. Menn hafa löngum talað um það í niðrandi tón að menn vildu ekki horfa upp á ómenninguna sem fylgdi sveitaböllunum, fylgdi félagsheimilaböllunum og öðru slíku og hafa talað um það gjarnan í þessum andbyggðatón gagnvart landsbyggðinni að þar kynnu menn ekki með þetta að fara. Óðruvísi væri farið hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem menn gengju inn á hin fallegu vínveitingahús og færu þar að öllu með skikk og gát þannig að varla sæist vín á nokkrum manni. Ég trúði því einu sinni að það gæti vel verið að eitthvað væri til í þessu og að dansleikirnir sem ég sótti austur á landi og sæki enn þar væru með einhverjum verri blæ en dansleikirnir á vínveitingahúsunum í Reykjavík. En ég verð að segja nákvæmlega eins og er að hafi sú von einhvern tíma verið fyrir hendi hefur hún orðið sér a.m.k. til ærlegrar skammar, það er þó víst og satt, vegna þess að þegar maður hefur kynnst því nokkuð við þessar aðstæður sé ég nákvæmlega sömu hlutina vera að gerast í meðferð þessara drykkja á þessum svokölluðu „fínu" skemmtistöðum sem bjóða upp á vínveitingar með „menningarlegu ívafi", eins og menn hafa innan gæsalappa, í stað þeirrar kófdrykkju sem hefur verið talin einkenni sveitaballanna og ballanna í félagsheimilunum. Það hef ég séð með mínum eigin augum og verð þess vegna að segja að ef menn halda að það að veita einhverjum stað vínveitingaleyfi sé einhver trygging um leið fyrir því að þar sé farið að með meiri gát í drykkju og þar hagi menn sér eitthvað skynsamlegar er það vitanlega hin versta villa.

Vínmenning er orð sem ég kann lítt að meta og vil benda á að getur nú oftar en hitt snúist upp í algera andhverfu sína. Því held ég að það sé full ástæða til að fara hér að með fullri gát og varast að hafa það hömluleysi sem menn hafa verið að krefjast á undanförnum árum. Sannleikurinn er enda sá, eins og ég sagði áðan og ætla að ítreka hér enn, að ásóknin í þessi leyfi er auðvitað fyrst og fremst bundin ákveðinni gróðavon þeirra aðila sem eru að fá þessi leyfi í hendur.

Ég held að það sé hollast hins vegar fyrir hv. deild að fella niður tal um þetta, láta þetta mál niður falla og vera ekkert að vísa því í neðra þar sem það fengi þá kannske enn lakari dauðdaga en jafnvel hér, (Gripið fram í.) jafnvel miklu verri, segir hv. þm. Björn Dagbjartsson, en hér, þar sem við gætum núna sem hægast lokið þessari umræðu með hægu andláti þessa annars ágæta frv. í upphafi en sem hefur verið gert að óskapnaði hér í deild.

ATKVGR.

Brtt. 1089,1 samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 969,a kom ekki til atkv.
Brtt. 1089,2 samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 969,b kom ekki til atkv.
Brtt. 969,c samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 1093 felld með 9:3 atkv.
Brtt. 1089,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 969,d kom ekki til atkv.
Brtt. 969,e samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BD, DA, MHM, EKJ, JHelg, JK, KSG, StB, SBöð, ÁJ, SalÞ.

nei: HS, SkA.

EgJ, HÓ, RA, SDK, ÞK greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (KolJ, AG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er stjfrv. á ferð sem reyndar hefur tekið þeim breytingum að óþekkjanlegt er, aldrei þessu vant til hins verra af stjfrv. að vera. Þetta frv. fer til 2. umr. hér í fyrri deild og mér er sagt að það hafi komið krafa úr neðra um það að þetta yrði

að fá afgreiðslu hér. Ekki veit ég hvort það er rétt. Hins vegar er ljóst að hér hafa verið samþykktar klúðurslegar og illframkvæmanlegar brtt. við upphaflega frv. sem gera það á þann veg að ég held að framkvæmd þess verði ómöguleg auk þess sem meginafstaðan, sem tekin er í þessum brtt., er röng. Ég segi því nei.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Póstlög, stjfrv. 248. mál (þskj. 1045 (sbr. 477)). — Frh. einnar umr.

Egill Jónsson: Virðulegur forseti. Það fór fram hjá mér áðan við umræðu um þetta mál að henni lauk og þar af leiðandi hafa ekki staðið efni til þess að samgn. Ed. fjallaði aftur um póstlögin. Ég held að mér sé líka óhætt að fullyrða að það hefði ekki verið vilji fyrir því að gera þar neitt sem torveldaði framgang málsins þótt ég sé hins vegar sannfærður um að okkur muni þar flestum þykja sú niðurstaða sem fékkst eftir meðferð málsins í Nd. vera með þeim hætti sem við eigum erfitt með að sætta okkur við. En það koma dagar og koma ráð og að því marki sem ég gæti orðið stuðningsmaður þess ásamt öðrum ágætum deildarmönnum að taka þetta mál upp í upphafi næsta þings, og þá að sjálfsögðu með tilliti til þess mikla vilja sem fyrir því er hér í deildinni, skal ekki á minni liðveislu standa við framgang málsins. Ég vona að menn geti orðið sæmilega sáttir eftir atvikum og við getum átt samleið með að laga þessi mistök Nd. þótt síðar verði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JHelg, JK, KSG, KolJ, SDK, SkA, StB, SBöð, ÞK, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, MHM, EKJ, HÓ, HS, SalÞ.

1 þm. (RA) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er ljóst að frv. til l. um póstlög þarf að afgreiða. Það eru ýmiss konar nýmæli þar sem þurfa að komast til framkvæmda. Lögð hefur verið mikil vinna í að endurskoða þessi lög. Í Ed. var gerð gagnger breyting til nútímahátta varðandi póstgíró. Nd. sá ástæðu til þess, eins og ég hef komist að orði áður, að horfa aftur frekar en fram. Það hefur valdið mér og fleiri hér miklum vonbrigðum og munum við á næsta þingi bera fram till. um að þessu verði breytt aftur. En vegna þess, sem ég sagði áður hér, að það væri nauðsynlegt að lögin yrðu samþykkt, þó með þessum ágalla sé, mun ég segja já.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Í trausti þess að virðuleg deild muni að hausti standa svipað að málinu og hún gerði í sambandi við brtt. Eiðs Guðnasonar fyrr á þinginu og að við fáum stuðning ráðuneytis til að vinna þetta mál upp að nýju og leggja það fyrir hv. Ed. að hausti tek ég undir það sem Karl Steinar Guðnason sagði áðan og tel að ekki sé hægt að vera á móti þessu máli þótt Nd. hafi breytt því á þann veg sem gert hefur verið. Ég segi því já.

Magnús H. Magnússon: Hæstv. forseti. Ég er mjög óánægður með þá breytingu sem hv. Nd. gerði á frv. eins og það kom frá þessari hv. deild. Ég tel að sjónarmið bankastjóra hafi fengið að ráða þar allt of miklu. Vegna tímaskorts og hve nauðsynlegt er að afgreiða málið nú sé ég mér samt ekki fært annað en að segja já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1105).

Rannsóknadeild fisksjúkdóma, stjfrv. 431. mál (þskj. 895, n. 1062). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. Ed., sem lagt er fram á þskj. 1062, um frv. til l. um rannsóknadeild fisksjúkdóma. Ég gat þess við umræður um annað mál að okkur bærist mál af þeim toga sem tæplega teldist eðlilegt að afgreiða og með hógværu orðalagi í nál. er frá því sagt að nefndin mæli með samþykkt frv. þrátt fyrir að þar mætti ýmislegt betur fara. Að því er sjálfan mig varðar er þetta gert meira af vilja en mætti.

En m.a. af þessari ástæðu vil ég fara örfáum orðum um heilbrigðiseftirlit, lækningar svo og rannsókn á fisksjúkdómum.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur frá árinu 1977 verið starfað að rannsóknum fisksjúkdóma og fisksjúkdómasérfræðingur, sem þar hefur verið skipaður, hefur verið þar við störf. Það hefur orðið mikilvægur árangur af þessari starfsemi, en eins og kunnugt er hefur hann starfað skv. lögum um fisksjúkdómanefnd. Skv. lögum frá árinu 1970, um lax- og silungsveiði, hefur verið í gildi reglugerð um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum um töku sýnishorna og um sóttvarnaraðgerðir. En héraðsdýralæknar hafa haft þetta eftirlit með höndum og frá því á s.l. ári undir samræmdri stjórn, með aðstoð og eftirliti dýralæknis fisksjúkdóma.

Lög um það embætti voru samþykkt á Alþingi á s.l. ári og má ég til með að minna á að að því leyti er mér þetta mál nokkuð skylt að ég flutti ásamt fleiri mönnum frv. um það á Alþingi. Í framhaldi af þeirri lagasetningu var skipaður dýralæknir, sérmenntaður í fisksjúkdómum, til þessa embættis. Sú ákvörðun sem Alþingi tók fyrir einu ári hefur þannig orðið að miklu gagni og ég hygg að út af fyrir sig sé þar m.a. að finna skýringu á því að umræða um fisksjúkdóma er ekki eins útbreidd nú og þá var.

Í frv. er leitast við að samræma starfsemi þessara sérfræði[illegible], þ.e. yfirstjórnin er áfram hjá fisksjúkdómanefnd og yfirdýralækni. Hann er einmitt formaður nefndarinnar, en í nefndinni eiga sæti auk hans forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum og veiðimálastjóri. Á einum og sama stað er þannig fyrir hendi þekking og reynsla til ákvörðunartöku í svo þýðingarmiklum málum sem fisksjúkdómamálin eru, en hitt er augljóst mál að landbrh. er í þessum efnum úrskurðaraðilinn ef til þess þarf að koma.

Í lögum um lax- og silungsveiði og lögum um Tilraunastöð Háskólans í meinafræði eru ákvæði sem veita stjórnvöldum heimild til að auka og efla heilbrigð-

iseftirlit og allar rannsóknir í þessum efnum. Þess vegna var út af fyrir sig ástæðulaust að grípa til þeirrar lagasetningar sem ég var hér að ræða um.

Mér er ekki ljóst hvað það er í frv. sem ekki er í lögum eða reglugerðum og sem stjórnvöld geta ekki beitt þótt frv. hefði ekki orðið að lögum. Kannske er hér um að ræða eina merkinguna til viðbótar við það sem ég hef sagt hér fyrr í umræðum á þessum degi að í þeim efnum varðar menn meira um ráðuneyti en málefni.

Sú hugmynd, sem fram kemur í grg. með frv., að færa saman í eina stofnun heilbrigðiseftirlit, lækningar svo og rannsóknir á fisksjúkdómum er að mínum dómi fráleit og alveg augljóst að eins og frv. er núna er þeirri skipan mála hafnað. Það hlýtur ævinlega að vera best trygging fyrir hlutlausri rannsókn að sá aðili hafi hvorki haft með höndum heilbrigðiseftirlit né lækningar fisksjúkdóma. Lækningar verða auðvitað ekki greindar frá öðrum dýralækningum. Það skulu menn athuga. Vottorðagjöf byggð á reglubundnu eftirliti dýralækna og rannsóknum sýna skv. tillögum fisksjúkdómanefndar er besta trygging fyrir því að þannig verði staðið að fiskeldismálum almennt sem gera verður kröfu til og nauðsynlegt er ef fyrir hendi á að vera nauðsynleg heilbrigði í þessari nýju búgrein sem er trúlega einn allra þýðingarmesti þátturinn til að þar megi vel farnast.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 90. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 89. fundi.

Áfengislög, stjfrv. 423. mál (þskj. 1106). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Einhvern veginn hefur mér skilist að stefnt væri að þinglausnum í dag. En greinilegt er að það er fjarri forsetum að ætla sér það. Spurning er um það hvaða mál eigi hér fram að ganga. Ég hélt satt að segja að það væri eitt mál sem framar öðrum þyrfti að ná fram að ganga á þessari dagskrá, þ.e. Húsnæðisstofnun ríkisins, og um það væri fullt samkomulag. Síðan hélt ég að einnig hefði verið gert samkomulag um að svokallað Arnarflugsmál gengi hér í gegn. Þetta tekur vitanlega sinn tíma.

Við erum hér að vísa máli niður til Nd. sem ég hef enga trú á að verði frekari eining um þar en hér í þessari hv. deild. Svo virðist sem alls konar mál, sem greinilega er ekki samstaða um, eigi engu að síður með einhverjum hætti að keyra hér í gegn. Þá hefur a.m.k. ekki verið gert neitt samkomulag við mig um það, bæði varðandi umræður í einstökum málum, t.d. húsnæðismálunum, sem ég get gjarnan hugsað mér að flytja ítarlega ræðu um hér á eftir ef það er sérstök ósk forseta þingsins að þetta mál hér gangi fram og sé tekið fram yfir öll önnur mál.

Þá vildi ég leyfa mér í framhaldi af þessu, úr því að tíminn er svona yfrið nægur og ekkert liggur greinilega á og þau mál, sem menn kalla nauðsynjamál, sitja á hakanum og ekkert er með þau gert, sbr. Húsnæðisstofnun ríkisins sem ég hélt í einfeldni minni að væri mál sem ætti endilega að ná hér í gegn — (**Forseti:** Forseti telur ástæðu til að útskýra nokkru nánar ef hv. þm. hefur misskilið hvað hér er á döfinni. Það er að sjálfsögðu ekki nein ósk forseta, það eru ekki hans óskir sem ráða, heldur óskir þingsins almennt sem honum ber að fara eftir, að koma málum áfram eftir því sem samkomulag verður um og svo í annan stað að reyna að nýta tímann og fara eftir dagskránni eftir því sem tök eru á til að koma málum áfram. Þannig háttar til með Húsnæðisstofnunarfrv. að ekki er enn þá tilbúið nál. í því máli og sú er ein ástæðan fyrir því að það mál hefur ekki enn verið tekið til umræðu. Varðandi Arnarflugsmálið, þá er það ekki enn komið til þessarar hv. deildar. Þannig ber forseta, eins og ég veit að hv. 2. þm. Austurl. veit jafnvel og ég og jafnvel enn betur en núverandi forseti, að leggja sig fram um að koma málum áfram sem á dagskrá eru. En það eru ekki hans persónulegu óskir sem ráða í þeim efnum öðruvísi en að sinna sínum skyldustörfum.)

Ég þakka virðulegum forseta þessar skýringar. Ég á ekki við að það sé neitt óeðlilegt að baki því hvernig mál ganga hér til afgreiðslu og umræðu. Hitt vildi ég gjarnan vita áður en lengra er haldið, af því að þetta er mál hæstv. dómsmrh., hvort það er sérstök krafa hans og ósk að þetta mál nái endilega fram að ganga í því formi sem það nú er. Skal ég þá ekki hafa orð mín fleiri nú í þessari lotu fyrr en ég hef heyrt svör hæstv. ráðherra, sem þetta mál heyrir undir, um það hvort það sé hans krafa að þetta mál gangi skilyrðislaust til Nd. til þess þá auðvitað að fá þar afgreiðslu hversu langan tíma sem það kann að taka þar.

Svo spyr ég í lokin: Enn sefur selur á steini og á hann að sofa þar áfram eður ei? Það mál er þó á undan þessu dagskrármáli sem nú er búið að taka og væri fróðlegt að heyra skýringar virðulegs forseta á þeim svefni. (**Forseti:** Trúlega heldur selurinn vöku sinni því að ekki væri gott ef hann sváfi á steini til lengdar því að víða eru skotmenn í leyni.)

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það virðist ekki liggja mjög mikið á að koma ákveðnum málum hér í gegnum þingið fyrst þetta mál er hér tekið eftir að raunverulega var búið að lýsa því yfir, ekki kannske beint úr forsetastóli, að horfið væri frá því að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Síðan kemur skipun einhvers staðar frá um að þetta sé nauðsynjamál og ekki sé hægt að bíða næsta þings til að leysa það.

Þau eru ansi mörg málin sem stjórnarandstæðingar hafa lagt fram hér á hv. þingi og það hefur ekki verið mikill vilji meiri hluta þingsins, ríkisstjórnarflokkanna, til að afgreiða þau mörg hver. Nú er ætlast til þess að á síðustu stundum þingstarfsins sé hespað hér í gegnum deildina málum sem eru þannig til komin að ákveðnir aðilar í stjórnarandstöðunni eru þeim mjög andstæðir. Við Alþýðubandalagsmenn hér stöndum að því allir að

leggja til að þetta mál verði ekki afgreitt úr deildinni.

Ef það er vilji ráðherra, forseta og ríkisstjórnarliðsins að þetta verði gert hljótum við að gera það upp við okkur hvort við eigum ekki að nota þennan eina rétt sem við höfum, að standa hér áfram í pontunni í nokkra klukkutíma og vita hvort hæstv. ríkisstj. leiðist ekki þófið. Stjórnarliðum hefur stundum tekist að stoppa nokkur mál á síðustu tímum þingsins. Það gæti verið að okkur tækist það líka.

Mér kom í hug að hv. 11. landsk. þm. tókst í lokin á síðasta þingi að stöðva mál ríkisstj., ekki með málþófi heldur bara með snjöllum vinnubrögðum. Það mál er reyndar komið hingað aftur og er viðkvæmt á þessari stundu. Það er kannske ekki rétt að blanda því saman við umræðu um þetta mál þó að það sé í eðli sínu sjálfsagt að gera það. Ríkisstj. hefur staðið þannig að því máli að ekki var talin ástæða til að gefa þessari hv. deild, sem það mál stoppaði í, tækifæri til að ræða það eða fjalla um það á eðlilegan máta. Nú er þessi hv. þm. raunverulega beðinn um að endurtaka það sem hann gerði hér fyrir ári síðan vegna vinnubragða ríkisstj., vegna vinnubragða ráðherra.

Það er reyndar greinilegt að þessi ríkisstj., sem nú situr, er orðin þreytt. Öll hennar vinnubrögð bera þess vitni. Eina frv., sem hér er í deildinni enn þá, er aðsent til ríkisstj., frv. sem henni var fært upp í hendurnar uppi í Garðastræti. Það er raunverulega eina málið sem liggur á að koma hér í gegnum deild. Því er ekki undinn bráður bugur að því?

Ég er nokkurn veginn viss um að ef hver og einn hv. þm. hér í deildinni væri spurður að því hvaða mál það væri sem æskilegt væri að taka út úr deildinni nú á síðustu stundu yrði niðurstaðan sú að ekkert annað mál en þetta væri brýnna að afgreiða. Það er þetta eina mál sem verkalýðshreyfingin sendi til afgreiðslu á hv. Alþingi. Ríkisstjórnarmálin eru ekki þess eðlis að það liggi neitt á að samþykkja þau.

Ég hvet hæstv. forseta til að líta yfir dagskrána og vita hvort það væri ekki þannig að ef við ætlum á næstu stundum, jafnvel næstu dögum, að klára þetta þing væri eðlilegt að sortera úr og athuga hvort það er ekki aðeins eitt mál sem við þurfum að afgreiða af þeim lista sem fyrir okkur liggur hér til afgreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er e.t.v. rétt að forseti reyni enn á ný að koma því á framfæri að hann leggur sig fram um að greiða fyrir málum eins og honum ber að gera, hvort sem um er að ræða málefni ríkisstj., þmfrv. stjórnarsinna eða stjórnarandstöðu. Forseti telur ekki að hann hafi farið þar í manngreinarálit og telur að það hafi gengið vel að koma hér málum áfram miðað við aðstæður, stuttan tíma og miklar annir sem allt starf þingsins þessa dagana ber sterkan keim af.

Forseti vill ítreka að það er ekki ástæða til að ætla að ekki sé hægt að koma málum áfram í gegnum þessa hv. deild nú í dag ef allir eru jafnsamtaka og samvinnan er jafngóð og hún hefur verið fram að þessu um að slíkt skuli gerast. Hins vegar ef menn hugsa sér að taka upp málþóf, þá er auðvitað alltaf hægt að stöðva mál. En því trúir forseti ekki á þessa hv. þingdeildarmenn að óreyndu, það þykir honum mjög ólíklegt og lái forseta hver sem vill.

Þetta mál, sem hér er verið að gera athugasemdir við, hefur á engan hátt verið rekið áfram með offorsi. Það hefur verið hér á dagskrá fund eftir fund og málinu verið frestað vegna þess að beðið hefur verið um þá frestun. Það hefur ekki legið fyrir og því hefur aldrei verið lýst yfir af forseta að þetta mál ætti ekki að fara hér í gegn vegna þess að forseti hefur óskað eftir að fá skýr fyrirmæli um það ef svo skyldi vera og það hefur ekki verið gert. Þess vegna er málið á dagskrá og nú ætlar hæstv. dómsmrh. að skýra sína afstöðu í málinu eins og óskað hefur verið eftir.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl. vil ég ítreka það sem ég sagði hér við 2. umr. málsins. Með flutningi þessa frv. í upphafi óskaði ég eftir breytingum á þeirri tilhögun sem hefur verið um veitingu áfengisleyfa. Þegar það mál kom til nefndar hér var meiri hl. fyrir því í nefndinni og deildinni virtist vera að breyta því mjög mikið á þann veg sem ég gat alls ekki sætt mig við.

Hins vegar voru nú við 2. umr. málsins dregnar nokkuð til baka þær breytingar sem áður höfðu verið lagðar til á þann veg að ég taldi að ásættanlegt væri. Á þeirri forsendu greiddi ég atkvæði með frv. til 3. umr. og mun gera það einnig hér við lokaumræðu málsins.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð um það hvernig á því stendur að þetta mál er komið hér aftur vegna þess að ég skildi það sem hér fór fram áðan á þann veg að þetta mál ætti að liggja hér bara af þeirri einföldu ástæðu að sýnt væri að það færi ekki í gegnum Nd. Það má svo sem vel láta reyna á það vegna þess að við höfum yfirleitt ekki haft þann sið hér að taka mikinn tíma í það sem hæstv. forseti kallaði málþóf. Það hafa aðrir séð um í þessari hv. deild.

Það má vel segja það núna þegar að þinglokum er komið og verður farið að skamma stjórnarandstöðuna einhvers staðar í fjölmiðlum fyrir að hún hafi verið dauf að það verði m.a. ádeiluefnið að menn hafi ekki staðið nógu lengi hér í stól til að andæfa ýmissi þeirri vitleysu sem ríkisstj. hefur verið að knýja í gegn. En margt er nú svo skrýtið í þeim kýrhaus að menn hafa hreinlega ekki nennt að eltast við það.

Auk þess er það venja í þessari hv. deild að lengja ekki mál úr hófi þó að menn þurfi eðlilega að gera grein fyrir sinni skoðun í hverju máli, m.a. í því máli sem hér er eftir, húsnæðismálinu, sem ég held að hljóti að taka nokkurn tíma með tilliti til þess hvernig það mál ber að og hversu stórt það er. Ég sé það bara á þeim brtt., sem þegar hafa verið lagðar fram af þeim hv. þm. Stefáni Benediktssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur, að sú umræða mun taka býsna langan tíma, eðlilegan tíma, af þeim ástæðum að hv. fyrri flm. hlýtur að þurfa að gera allnána grein fyrir þeim brtt., svo og nál. sínu. Það er óhjákvæmilegt.

Ég dreg ekki sanngirni virðulegs forseta í efa. Það gerir ábyggilega enginn hér í deildinni. En létt hefur það verk verið fyrir hæstv. forseta að sýna sanngirni á báða bóga stjórn og stjórnarandstöðu því að hlutföllin á málum sem hafa gengið fram í deildinni af ríkisstj. annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar eru slík. Það hefur verið létt verk fyrir forseta að sýna sanngirni í þeim 3–4 málum sem hér hafa farið í gegn allt í allt frá hv. stjórnarandstöðu. Það er rétt að ítreka það nú að það er mjög glöggt um öll vinnubrögð þessa þings nú að það hefur verið ákveðið — hvar sem það hefur verið,

ekki hefur það verið gert í Garðastrætinu en einhvers staðar hefur það verið gert — að tillögur stjórnarandstöðunnar skyldu yfirleitt ekki sjá dagsins ljós hér og jafnvel til 2. umr. eða til afgreiðslu. Það er greinilega sú lína sem hefur verið gefin út til nefndarformanna. Það kom gleggst í ljós í umræðum í Sþ. í gær að a.m.k. sumir hæstv. ráðherrar eiga ákaflega erfitt með að sjá frv. eða tillögur frá stjórnarandstöðunni ná fram að ganga, eiga þá mjög bágt, svo að ekki sé meira sagt, ef það lítur út fyrir að einhver till. frá stjórnarandstöðunni villist í gegn frá nefndarformönnum, því að það hljóta að hafa verið hreinar hafvillur, sem þeir hafa þó lent í í lokin, að hafa samþykkt eina og eina till. frá stjórnarandstöðunni.

Það er alveg hárrétt hjá virðulegum forseta að það hefur ekki verið rekið á eftir þessu máli, sem við erum að ræða núna, með neinu offorsi. En hvers vegna hefur þetta mál verið hér á dagskrá og verið frestað æ ofan í æ? Það er af því að stjórnarliðið sjálft hefur verið í hreinustu vandræðum með það, klúðrað því út og suður. Hv. 4. þm. Austurl., formaður allshn., sá samviskusami maður, hefur verið á handahlaupum hér í tillögugerð undanfarna daga í mestu erfiðleikum með að finna einhverja þá lausn á þessu máli sem ráðherra t.d. gæti sætt sig við og Alþingi gæti talið brúklegt og er þó engan veginn brúklegt enn. Það á vel eftir að koma í ljós þegar farið verður að framkvæma þá endaleysu sem menn ætla að láta ná hér í gegn.

Ég ætla nú, með leyfi virðulegs forseta, að rekja athugasemdir við þetta lagafrv. eins og það kom upphaflega frá hæstv. ráðherra til þess að menn átti sig á því hvað um var að ræða þegar hæstv. dómsmrh. flutti þetta mál inn í þingið. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta, til að þetta gleymist mönnum ekki alveg eftir allt klúðrið og handahlaupin við leiðréttingarnar síðustu daga:

„Frv. þetta felur í sér þá meginbreytingu að ákvörðunarvald um útgáfu leyfa til áfengisveitinga á veitingastað er lagt í hendur lögreglustjóra í stað dómsmrh."

Þetta var þessi voðalega breyting sem lagt var til að gerð yrði eftir að hæstv. dómsmrh. hefur legið undir stóráföllum í sambandi við það að hafa lagst allt um of á vínveitingaleyfi sem gífurleg ásókn hefur verið í í þeirri gróðafíkn frjálshyggjunnar sem nú ríður húsum og hann hefur orðið að búa við í þessum málum eins og mörgum öðrum. Svo segir áfram í athugasemdum, með leyfi virðulegs forseta:

„Jafnframt er gert ráð fyrir því að óheimilt verði að gefa út slíkt leyfi nema viðkomandi sveitarstjórn mæli með leyfisveitingu, en nú er óheimilt að veita leyfi ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd er leyfisveitingu mótfallin" — þ.e. sýslunefndin er tekin út úr þessu. Það er trúlegt að menn hafi saknað hennar svona mikið. Þess vegna hafa menn rokið til, farið að breyta og saknað þess að hún skyldi þó ekki halda þessu valdi þessi tvö ár sem hún á eftir ólifuð í landinu sem stjórnsýslueining.

„Rétt þykir að flytja ákvörðunarvald um útgáfu leyfa þessara til staðbundinna lögreglustjóra að fengnum meðmælum sveitarstjórnar sem í hlut á. Með frv., ef að lögum verður, er aukin ábyrgð lögð á sveitarstjórnir í landinu en ákvörðunarvaldi því, sem dómsmrh. hefur nú, haldið innan lögreglustjórnarinnar. Jafnframt er tekið fram að við ákvörðun um leyfisveitingu skuli lögreglustjóri hafa hliðsjón af tilgangi áfengislaganna sem fram kemur í 1. gr. þeirra, þ.e. að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara.

Haldið er því skilyrði að veitingastaður skuli vera fyrsta flokks að því er varðar húsakynni, veitingar og þjónustu. Til að meta það hvort veitingastaður telst fyrsta flokks og til að tryggja samræmt mat um land allt er gert ráð fyrir starfsemi matsnefndar áfengisveitingastaða svo sem verið hefur.

Auk þeirra breytinga, sem raktar hafa verið, felur frv. í sér nokkrar minni breytingar." — Hér eru þær raktar og ég nenni ekki að telja þær upp enda eru þær að miklu leyti á stofnanamáli sem ég er ekki mikið hrifinn af að þurfa að þylja upp í framhaldi af þessu.

Það er því dagljóst að þetta mál, eins og það er komið frá hæstv. dómsmrh., var auðvelt til afgreiðslu í þessari deild með því að kanna á hvern hátt sú framkvæmd yrði sem af því leiddi. En menn vildu það ekki heldur fóru að hringla í þessu máli fram og til baka, reyna að finna einhverja lausn — mér skilst helst vegna þess að í Nd. höfðu ákveðnir hv. þm. flutt frv. fyrr á þessu þingi sem gekk nokkuð á skjön við þetta mál. Þess vegna hafi nefndin í Ed. endilega þurft að fara að breyta því enda var það beinlínis kynnt þannig í allshn. Ed. að það yrði að athuga þetta mál vegna þess að einhverjir þm. í Nd. hefðu ætlað að hafa þetta einhvern veginn öðruvísi.

Það hryggir mig ef menn eru farnir að mynda sér skoðun eftir því hvort eitthvert frv. hefur einhvern tíma komið fram frá einhverjum þm. um þetta mál þar sem tekið er jafnvel á þessum málum af því gáleysi sem þeim hv. þm., sem það frv. fluttu í Nd., er svo gjarnt að gera þegar áfengismál eru annars vegar.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu meira, virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka það fram til að forða misskilningi að ég veit undir hvaða þrýstingi virðulegur forseti er gagnvart afgreiðslu mála. En mér þykir það hins vegar undarlegt að það sé þetta mál sem virðulegur forseti þarf alveg sérstaklega að koma hér í gegn og ýta á eftir. Það kemur mér mjög á óvart.

Hitt ítreka ég svo að þegar litið er til baka hefur því miður ekki verið mikil ástæða til þess á þessu þingi, sem nú er að ljúka, fyrir stjórnarandstöðuna að sýna samkomulagsvilja æ ofan í æ til að greiða fyrir málum, vegna þess að nefndarformenn stjórnarflokkanna, annaðhvort sjálfir eða skv. skipunum, hafa fengið um það ótvíræð fyrirmæli eða hafa gert það að láta ekkert af málum stjórnarandstöðunnar ná fram að ganga, helst ekkert nema þá ótilneyddir einhverjar tillögur sem væru það saklausar og með það breyttu orðalagi að þær segðu í raun og veru ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég sé a.m.k. eftir því að hafa sýnt þann samkomulagsvilja við hæstv. ríkisstj. sem ég hef sýnt hér í vetur í afgreiðslu mála þegar hæstv. ríkisstj. og hennar lið tekur þannig á málum stjórnarandstöðunnar sem ég hygg að séu engin dæmi um á síðustu árum að gert hafi verið. Heimur versnandi fer, segir einhvers staðar. Ég hélt að það gæti ekki átt við núv. ríkisstj. en það er greinilegt að það á að snúa orðtakinu á hana. Ríkisstjórnin versnandi fer.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Forseti vill gjarnan taka undir það að það hefur verið létt verk fyrir hann að stjórna þessari deild, ekki vegna þess að svo fá mál hafi

verið af hendi stjórnarandstöðunnar heldur og miklu frekar vegna þess að stjórnarandstaðan hefur verið mjög samvinnugóð, einnig varðandi mál ríkisstj.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma, stjfrv. 431. mál (þskj. 895). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1111).

Áfengislög, frv. 332. mál (þskj. 611, n. 874 og 883). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, StB, ÁJ, BD, MHM, EKJ, JK, KolJ, SalÞ.

nei: SkA, SBöð, ÞK, AG, DA, HÓ, HS, JHelg, KSG, SDK.

EgJ greiddi ekki atkv.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Þegar mál þetta var til umræðu hér í deildinni í fyrra studdi ég till. þess efnis að málinu yrði vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er enn sömu skoðunar og segi því já.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstvirtur forseti. Ég greiddi atkvæði á síðasta þingi með því að mál þetta færi fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu á þann veg sem þar var gert ráð fyrir. Öðru máli gegnir nú þar sem um er að ræða efnislega afstöðu til málsins.

Ég vil minna á að skv. þál. frá 7. maí 1981 ákvað Alþingi að láta undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum í þeim tilgangi að draga úr áfengisneyslu landsmanna. Ég stóð að þessari þál. Þó að nauðsyn sé að flýta þessari tillögugerð rekur ekki nauður til að taka fyrir sérstaklega einn þátt málsins og þeim mun síður þar sem ekki verður séð að bjórdrykkja sé umfram annað til þess fallin að stuðla að minni áfengisneyslu. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn frv. og segi nei.

Iðnrh. (Albert Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á þessu plaggi sem kallað er frv. til l. um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969. Hvað er Alþingi að afgreiða? Í 7. gr. stendur, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1987. Lögin skulu þó ekki koma til framkvæmda nema þau hafi áður hlotið samþykki með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fari eigi síðar en 31. des. 1986.“ Alþingi er alls ekki að afgreiða nokkurn skapaðan hlut hérna. Lögin taka ekki gildi fyrr en að afstaðinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Við erum því ekki að afgreiða nokkurn skapaðan hlut. Við erum bara að staðfesta þann ræfildóm sem ríkt hefur á Alþingi í þessu máli að menn hafa ekki þorað að segja annaðhvort já eða nei. Ég segi nei.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Í mínum málflutningi í þessu máli hef ég ávallt lagt ríka áherslu á að ég teldi eðlilegast að um þetta mál færi fram þjóðaratkvæðagreiðsla og ég var meðflm. slíkrar till. í hv. deild á síðasta þingi. Mér finnst þjóðaratkvæðagreiðslan vega þyngst í þessari till. Hún er skilyrði fyrir málinu og því segi ég já.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Sú málsmeðferð, sem hér er lögð til, er öðruvísi en samþykkt var hér í deildinni á liðnum vetri. Þá var ég meðmæltur því fyrirkomulagi þjóðaratkvæðis sem þá var lagt til. Hér er um annars konar málsmeðferð að ræða. Ég hef ekki skipt um skoðun frá því á liðnum vetri og segi því nei.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Með því að þessi atkvæðagreiðsla er einvörðungu skoðanakönnun í þessari hv. deild og þrátt fyrir það að till. sem slík komi til móts við þau sjónarmið sem ég studdi hér fyrir einu ári síðan og með tilliti til þess hvernig þetta mál ber að tek ég ekki þátt í atkvæðagreiðslu núna.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég hef ekki haft tækifæri til að taka fyrr til máls í þessu máli og sjálfsagt hefur það verið á einhverjum misskilningi byggt hjá mér að þetta mál kæmi ekki til atkvæðagreiðslu nú. Mér eru því settir hér slæmir skilmálar því að ekki eru nokkur tök á því að ég geti að nokkru ráði gert grein fyrir afstöðu minni hér við nafnakallið. Ég vil aðeins vísa til þess að mér þykir eðlilegt að hinkra við eftir áliti þeirrar stóru áfengismálanefndar sem hefur verið að vinna að undanförnu í þessum málum, áður en Alþingi tekur lokaákvörðun í þessu máli. Enn fremur vil ég láta þess getið hér að ég er eindregið á móti því að vísa þessu máli til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að Alþingi eigi að hafa dug til að taka á þessu máli sjálft, ella vísa þá þeim fjölmörgu margfalt mikilvægari málum, sem hér eru dagsdaglega til umræðu, líka til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég segi nei.

Frv. þar með fallið.

Neðri deild, 96. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 10 árdegis.

Útflutningur hrossa, frv. 337. mál (þskj. 1024). — Ein umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál var flutt í fyrstunni af landbn. Nd. sem var sammála um að flytja það eftir beiðni hagsmunafélags hrossabænda.

Breytingin var í því fólgin að útflutningshross skulu ekki vera eldri en tíu vetra, segir í þeim lögum sem gilda, en þetta var fellt niður. Breytingin sem þeir gerðu í Ed. var að sett var inn það ákvæði aftur að miðað skyldi við tíu vetra aldur, en þó væri leyfilegt að flytja eldri hross út og landbrh. gæti heimilað það ef yfirdýralæknir mælti með því. Þetta er rýmkað frá þessum lögum. Það er þó hægt með því móti að yfirdýralæknir leggi það til og getur ráðherra gert það hér á eftir sem ekki var áður hægt. Það var fjallað um þetta í nefndinni í gær og hún mælir með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1092).

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, stjfrv. 415. mál (þskj. 979, n. 1069, brtt. 1058). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala fyrir nál. sjútvn. um frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Í nál. segir:

„Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að ekki væri ágreiningur um meginefni frv., enda um að ræða víðtækt samkomulag hagsmunaaðila innan sjávarútvegsins.

Með tillögum um hlutfall skiptaverðmætis af heildarverðmæti með 70% sem meginreglu er gert hreint borð í kjaraskiptingu milli sjómanna og útvegsmanna. Eru samningsaðilar sammála um þetta þótt auðvitað verði aldrei gert endanlegt samkomulag um tekjuskiptingu milli þeirra. Í stað flókinna tilfærslna og reiknireglna kemur eitt hlutfall, mishátt eftir því hvort landað er heima eða erlendis úr veiðiskipi eða gámi eða frystiskipi. Hins vegar er það ekki tilgangur þessara ákvæða að breyta tekjuskiptingunni í meginatriðum heldur markaðar skýrari línur fyrir kjarasamninga aðila sem fari fram á sínum rétta vettvangi.

Það hefur nokkuð verið gagnrýnt af hálfu sjómanna að 4. gr. frv., þar sem ákveðið er að skiptaverðmæti á frystiskipum skuli vera 70% af fob-verðmæti, feli í sér skerðingu á hlut sjómanna á þeim skipum. Það er rétt að samkvæmt núgildandi skiptum er sambærileg tala 72,25% þegar um botnfisk er að ræða, en aftur á móti 68,25% þegar rækja er fryst um borð. Þannig felur ákvæði 4. gr. í sér hækkun hlutar á rækjuskipum, en lækkun á öðrum veiðum frystiskipa. Algengt mun vera að sömu skipin stundi hvort tveggja.

Þá er þess að geta að 70% talan í 4. gr. er hluti af víðtæku samkomulagi fulltrúa sjómanna og útvegsmanna um ákvæðin í I. kafla frv. Sjómenn fengu því framgengt að hlutfallið í 1. gr. hækkaði úr 69,5% í 70% um leið og ákveðið var að gera þá málamiðlun sem felst í 4. gr.

Loks er rétt að benda á að hluti þess samkomulags, sem fulltrúar sjómanna og útvegsmanna í nefndinni, sem samdi frv., gerðu með sér, var viðbót við kjarasamninga þeirra um hækkun á skiptaprósentu á skipum sem eru undir 240 brúttólestir og um greiðslu fæðispeninga. Vilji sjómenn ná fram fekari leiðréttingu í einstökum greinum flotans eru kjarasamningar hinn eðlilegi vettvangur til slíkra breytinga.

Nefndin leggur á það áherslu, eins og kom fram í framsöguræðu sjútvrh. og við umræður í nefndinni, að strax í vor verði kannað í samvinnu við útvegsmenn og sjómenn hvort aðstæður séu til að taka upp einhvers konar aflatryggingu eða tekjutryggingu í framtíðinni verði aflabrestur í einstökum landshlutum eða í ákveðnum verstöðvum. Að því ætti að stefna að hugmyndir um þetta efni komi fram sem fyrst og helst á haustþingi. Hins vegar sé nú heppilegast að leggja núverandi Aflatryggingasjóð niður þar sem starfsemin hefur fjarlægst upphaflegan tilgang hans.

Við umræður í nefndinni kom fram að æskilegast væri að sérstaklega yrði athugað hvert sé heppilegasta form vaxtaákvörðunar á innstæðum útvegsmanna á stofnfjársjóðsreikningum. Ákvæðin í 12. gr. frv. um hæstu lögleyfða fasteignaveðlánavexti eru fyrst og fremst lágmarksákvæði og fela reyndar í sér hækkun vaxta frá því sem segir í gildandi lögum. Þetta er hins vegar fyrst og fremst málefni útvegsmanna og Fiskveiðasjóðs sem heppilegast virðist að verði leyst á þeim vettvangi. Líku máli gegnir um vátryggingarreikninga þá sem LÍÚ annast fyrir útvegsmenn sjálfa.

Nefndin telur æskilegt að ríkisstj. fjalli að nýju um vanda skreiðarframleiðenda, m.a. um útflutningsgjöld og gengismun af skreiðarbirgðum og ógreiddum skreiðarútflutningi af framleiðslu fyrri ára.

Nefndin bendir á að ráðstöfun fjár til öryggismála og björgunaræfinga á fiskiskipum verði að sjálfsögðu endanlega ákveðin í samvinnu við samgrn. sem skipaði öryggismálanefnd sjómanna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það er á þskj. 979. Einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, gerði ágreining varðandi útflutningsgjaldið og greiðslu gengismunar af skreið framleiddri fyrir 31. des. 1984 og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. þar um. Hann skrifar því undir nál. með fyrirvara um þetta atriði frv., enda varðar það ekki það samkomulag sem varð milli hagsmunaaðila sjávarútvegsins og frv. var byggt á þegar það var lagt fram."

Undir þetta nál. rita Stefán Guðmundsson, Halldór Blöndal með fyrirvara, Geir H. Haarde, Ingvar Gíslason, Geir Gunnarsson og Gunnar G. Schram.

Sjútvn. hefur fjallað allítarlega um þetta mál og m.a. átt sameiginlega fundi með sjútvn. Ed. Í athugasemdum við frv. segir m.a.:

„Í ársbyrjun 1985 skipaði sjútvrh. nefnd aðila samtaka sjómanna og útvegsmanna og þingflokka til að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegsins og lögbundnar greiðslur tengdar fiskveiði. Auk þess skyldi samhengi milli þessara lagafyrirmæla og skiptaverðs sjávarafla og þar með aflahluta sjómanna tekið til rækilegrar skoðunar. Markmið þessarar endurskoðunar skyldi vera: að gera fjárstrauma og tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins einfaldari og skýrari, að stuðla að sanngjarnri skiptingu tekna innan sjávarútvegsins, að koma í veg fyrir að sjóðakerfið og tekjuskiptingarreglur dragi úr hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri sjávarútvegsins."

Með þessu frv. er gerð tilraun til að einfalda kerfi sjávarútvegsins. Millifærslur og greiðslur utan skipta

eru lagðar af. Nú mun fiskverð sýna hið raunverulega verð sem fæst fyrir hvert kíló af fiski við löndun á afla. Það skal hér tekið fram að tilgangur þessara laga er ekki að breyta tekjuskiptingunni í meginatriðum heldur að marka skýrari línur fyrir kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna sem fara fram á réttum vettvangi.

Herra forseti. Með þessu frv. er stigið stórt skref í málefnum sjávarútvegsins. Því fagna ég alveg sérstaklega þeirri miklu og óvenjuvíðtæku samstöðu sem náðst hefur um þetta mál, fyrst og fremst milli sjómanna og útvegsmanna sjálfra og einnig hér á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Sjútvn. þessarar deildar er sammála um að leggja til að málið verði samþykkt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 1058 flyt ég tvær litlar brtt. við þetta frv. sem kosta ekki mikið fé en ég lít fyrst og fremst á sem réttlætismál. Önnur brtt. snýst um það að ekki skuli innheimt útflutningsgjald af þeirri skreið sem ógreidd var 1. jan. 1986 og framleidd var fyrir 31. des. 1984. Í frv. er þetta ákvæði þannig, með leyfi hæstv. forseta, við 17. gr.:

„Enn fremur skal ekki innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem flutt er út eftir 1. jan. 1986 en framleidd var fyrir 31. des. 1984."

Ég held hinni sömu viðmiðun og gert er í frv., 31. des. 1984.

Nú væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, ef til eru, hvenær menn vænta þess að sú skreið sem flutt hefur verið út verði greidd og hvort einhver trygging er fyrir því. Á sínum tíma þegar lögin voru sett um gengismun af sjávarafla var ég andvígur því að sá gengismunur yrði tekinn af skreiðarbirgðum þar sem ég taldi að þær væru illseljanlegar og raunar alveg óvíst um hvort þær mundu nokkurn tíma seljast. Hæstv. sjútvrh. minnti mig á það í gær að ég hefði á þeim tíma gjarnan viljað rétta hlut saltfisksins og það er rétt. Ég vildi það gjarnan. En ég fór á hinn bóginn aldrei fram á að eytt væri meiru fé en aflað var. Úr því að menn voru áfjáðir í að skattleggja skreiðina vildi ég þó að þeir peningar færu til baka til fiskframleiðenda. Nú er það komið í ljós, eins og marga uggði á þeim tíma, að þessir peningar hafa ekki skilað sér.

Ég get út af fyrir sig fallist á það með hæstv. sjútvrh. og öðrum sem um þetta mál hafa fjallað að engin leið er að halda því fram að einhver einn tímapunktur sé réttari en annar. Þegar um það er talað að fella niður útflutningsgjald eða gengismun sem allir sjá að er ósanngjarn er erfitt að segja að frekar skuli kannske miða við 1. jan. 1986 en 31. júlí 1985 eða finna sér einhvern annan dag, en úr því að hér er búið að finnan þennan dag vil ég ganga hreint til verks.

Ég ætla ekki að rifja upp það mikla tap sem skreiðarframleiðendur hafa orðið fyrir, bæði vaxtatap og líka tap vegna þess að skreiðin hefur rýrnað á þessum árum og enn er ekki meira að segja útséð um að menn losni við hana. Ég tók það fremur í gamni en alvöru, en reynt hefur verið að réttlæta þessa skattheimtu á skreiðina frá 1981, 1982 og 1983 með því að á þeim tíma hafi flotinn fengið ódýra olíu og þess vegna sé rétt að greiða þær niðurgreiðslur núna með hagnaðinum af skreiðinni. Þetta er eins og að halda því fram að ýmis kaupfélög úti á landi, sem eru með ónýta lagera, hagnist á því af því að þau hafi fengið lagerana keypta svo ódýrt af því að þeir voru úreltir þegar þeir voru keyptir. Þetta er útúrsnúningur af versta tagi sem ég ætla ekki að rekja frekar. En ég ítreka að fyrri brtt. er mjög smá í sniðum. Hún er réttlætismál. Það eru litlar 10 millj. kr. sem verið er að tala um og þó er verið að tala um peninga sem ekki liggur ljóst fyrir hvort nokkurn tíma muni skila sér.

Varðandi 2. brtt. má segja að hún sé kannske stór. Hún fjallar um 20–25 millj. Hún er sú að ekki skuli greiða gengismun skv. lögum nr. 71/1984 af skreið sem ógreidd var 1. jan. 1986. Og nú spyr ég: Hver var hugsunin á bak við gengismuninn? Þegar fyrst voru sett lög um það hér á landi að nauðsynlegt væri að gera gengismun upptækan var hugsunin sú að vegna þess að á þeim tíma voru afurðalánin til sjávarútvegsins óverðtryggð mundu einstakir framleiðendur hagnast óhæfilega, ef þeir fengju að stinga gengismun af birgðum í sjávarútvegi í sinn vasa, vegna þess að það væri nánast tilviljun hvernig birgðastaðan væri hjá hverju einu fyrirtæki á hverjum tíma. Á hinn bóginn minnir mig að það hafi jafnan verið svo að gengismunur af hvalafurðum hafi verið látinn renna til Hvals hf. til baka vegna þess að það fyrirtæki var eitt í sinni atvinnugrein. A.m.k. minnist ég þess ekki að sá gengismunur hafi nokkru sinni allur verið af þeim tekinn í sameiginlegar þarfir. Þó má það vera ef ráðstafanir hafa verið gerðar t.d. varðandi niðurgreiðslu á olíu því að hvalbátarnir eyða mikilli olíu og er réttlætanlegt út frá því sjónarmiði.

En kjarni málsins er sem sagt þessi: Gengismunur er gerður upptækur vegna þess að menn telja að í honum felist óeðlilegur hagnaður, óeðlilegur gróði. Er einhver þm. hér inni sem heldur því fram að skreið framleidd á árunum 1981–1983 og enn er ógreidd hafi safnað á sig óeðlilegum gengishagnaði? Er einhver maður hér sem heldur því fram? Þá væri fróðlegt að fá að vita það.

Þau rök hafa verið færð gegn síðari brtt. minni að eftirstöðvar skuldbindinga gengismunarsjóðs séu eftirfarandi: a. Olíusjóður fiskiskipa 25–30 millj. kr., b. saltfiskdeild Verðjöfnunarsjóðs 25,4 millj. og c. öryggismál sjómanna 0,5 millj. Þetta eru milli 50 og 60 millj. Á móti þessu eru sem sagt þessar tekjur, 20–25 millj. af skreiðinni, og mér hefur heyrst að menn séu nú mjög að velta því fyrir sér að það sé rétt að láta skreiðarframleiðendur greiða hallann af Olíusjóði sem ekki var fyrir séð þegar löggjöf var sett um hann á sínum tíma. Það hefur mér skilist. Saltfiskurinn megi vera eftir, en það þurfi að greiða Olíusjóðinn í Seðlabankanum. Nú er það í mínum huga ekki aðalatriði hvort það verði greiddur saltfiskurinn eða olían. Staða saltfisksins er mjög góð í dag, miklu betri en skreiðarinnar, þannig að þau rök eru fallin að það eigi að skattleggja skreiðina til að rétta hag saltfiskframleiðslunnar. Þau rök tek ég ekki til greina. Í öðru lagi: Þeir menn sem báru ábyrgð á Olíusjóðnum á sínum tíma geta ekki sent reikninginn til skreiðarframleiðslunnar eins og staðan er.

Ég þykist með þessum orðum mínum í fyrsta lagi að hafa sýnt fram á að þessar brtt. mínar eru ekki stórvægilegar í peningum talið. Að vísu eru 35 millj. fé, en hitt held ég að sé þyngra á vogarskálunum að ég er hér að tala um sanngirnismál, réttlætismál. Ég er að tala um það að skattleggja ekki framleiðslu sem við vitum að er á syngjandi hausnum og við vitum að þeir einstaklingar sem stóðu fyrir henni hafa orðið fyrir

verulegum töpum. Ég veit ekki hvernig menn hefðu tekið því í gær, þegar hæstv. iðnrh. var að gera grein fyrir afkomu ullariðnaðarins í landinu, ef einhver hefði stungið upp á því í þeim sömu svifum að skattleggja ullariðnaðinn sérstaklega til að standa undir öðrum atvinnurekstri sem betur gengur.

Ég vil drepa á annað efnisatriði frv., þ.e. í 16. gr., sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvrh. setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga, þar með um innheimtu skv. II. kafla, yfirlit yfir greiðslumiðlun og um endurskoðun og eftirlit með greiðslum sem Fiskveiðasjóður Íslands skal annast fyrir hönd Stofnfjársjóðs fiskiskipa og samtaka sjómanna og útvegsmanna."

Það var raunar ekki þetta sem ég var að hugsa um. Það var við 12. gr. þar sem talað er um að sé innstæða í Stofnfjársjóði lengur en hálfan mánuð skuli Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti sem séu jafnháir hæstu lögleyfðu fasteignaveðlánavöxtum.

Nú eru skuldir útgerðarmanna í Fiskveiðasjóði yfirleitt í SDR eða það er a.m.k. að færast mjög í vöxt og ég tel ekki ósanngjarnt að sú regla komist á að skuldurum Fiskveiðasjóðs sé heimilt að biðja um að það fé sem af þeim er tekið í Stofnfjársjóð sé geymt í sömu mynt og þau lán sem viðkomandi hefur fengið hjá sjóðnum. Ef lán útgerðarfélagsins eru bundin SDR eigi útgerðin kost á því að geyma fé sitt í Stofnfjársjóði í þeirri sömu mynt, ef lánin eru í dollurum, þá sömuleiðis í dollurum og þar fram eftir götunum. Þetta tel ég eðlilega og sanngjarna breytingu. Ég féllst á það í nefndinni að þetta mál yrði tekið til endurskoðunar og sé ekki ástæðu til að flytja um það sérstaka brtt., enda vænti ég þess að útgerðarmenn nái þessu fram fljótt, enda er þetta að verða reglan í viðskiptum.

Í þriðja lagi, þó það komi ekki beint þessu máli við, en vegna þess hversu áliðið er þingsins og ekki vinnst tími til að taka það mál upp með þinglegum hætti, ætlaði ég í þrjár til fjórar mínútur að níðast á deildinni með því að minnast á lítið mál. Þannig stendur á varðandi dragnótaveiðar í Bakkaflóa að heimild var gefin til að stunda þær frá 1. janúar til 15. júní á þessu ári. Svo brá hins vegar við að hafnarnefnd Bakkfirðinga kærði dragnótabát fyrir að hafa fiskað á almennri veiðislóð, ég hygg það hafi verið í Finnafirði sem er víðsfjarri höfninni í Bakkafirði, út af því að þessi bátur væri inni á nýju hafnarsvæði sem hæstv. samgrh. hafði verið svo rausnarlegur að úthluta þeim austur þar. Nú gerðu menn ekki ráð fyrir því að þessi kæra stæðist réttarlagareglur og þá brá hæstv. sjútvrh. skjótt við og sendi svohljóðandi skeyti norður til að standa nú við bakið á þeim Bakkfirðingum:

„Allar dragnótaveiðar bannaðar á Bakkaflóa frá og með 10. apríl 1986 innan línu sem dregin er úr Fossá, Fossárdal, í Saurbæjartanga, þaðan í Skarfatanga og loks í Svartanes."

Það sem hæstv. sjútvrh. í raun og veru gerði var það að hann lokaði innfjörðunum, en leyfði dragnótaveiðar á miðsvæði hins nýja hafnarsvæðis þar sem er grýttur botn og menn geta hvort sem er ekki athafnað sig með dragnót og var það náttúrlega mikil rausn.

Hins vegar er Finnafjörður á mörkum Norður-Múlasýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Ég veit ekki hvort það er almennur vilji þeirra Bakkfirðinga að fylgja sínum sérhagsmunum svo hart eftir að ekki megi deila þessum litla firði með nágrannasveitarfélögum, en það vita menn að veiðar í Finnafirði voru mjög góðar. Meðalþungi þorsks í veiðiferð fór upp undir 7 kg og var yfirleitt frá 3 og upp í 5 kg. Mér er ekki kunnugt um að neitt álit né erindi hafi borist frá Hafrannsókn varðandi þetta atriði né hafi verið um það beðið.

Nú er spurning mín til hæstv. sjútvrh. út af þessu:

Í fyrsta lagi: Er það hugmyndin framvegis að loka þessum fjörðum, við skulum taka Finnafjörðinn sérstaklega?

Í öðru lagi: Er kannske hugmynd hæstv. sjútvrh. að taka mið í friðunaraðgerðum sínum af nýjum hafnarsvæðum hæstv. samgrh. og láta hann þar með með óbeinum hætti móta fiskveiðistefnuna?

Í þriðja lagi spyr ég hvort hugmyndin sé framvegis að leita álits Hafrannsóknastofnunar áður en ráðist er í að loka eða opna veiðisvæði.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum að tala um þetta dagskrármál, en hv. þm. sem talaði síðast hringdi í mig einn morguninn og sagðist mundi tala um þetta mál hér utan dagskrár. Ég sagðist að sjálfsögðu verða við því að ræða það ef til þeirrar umræðu yrði efnt. Síðan fer hann að tala um það nú án þess á nokkurn hátt að láta mig vita um það. Hitt er svo annað mál að ég get vel tekið þátt í umræðu um það mál ef deildin hefur tíma til, en ég hef skilið það svo að svo væri ekki og þess vegna verð ég við tilmælum hæstv. forseta. (**Forseti:** Forseti vill af þessu tilefni taka það fram að hann er ekki við því búinn að hér hefjist utandagskrárumræður eða umræður um önnur mál en þau sem á dagskrá eru ef það er vilji þingsins að þessum þingfundi ljúki í dag eða þinginu yfirleitt.) Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu verða við þessu, en gat ekki annað en skýrt frá þessu m.a. vegna ámæla sem komu fram í máli hv. þm. En ég skal ekkert gera frekari tilraun til að verja mig í því máli.

Í sambandi við það sem hann ræddi hér um að öðru leyti og varðar efni þessa máls, þ.e. um skreiðina, þá er það mál afar einfalt. Það var ákveðið á sínum tíma að taka gengismun af sjávarafurðum. Rökin fyrir því eru mjög einföld. Það hráefni sem var keypt í þær birgðir sem voru fyrir hendi á þeim degi sem gengisbreyting átti sér stað var miðað við gamalt gengi og hefur ávallt verið. Þess vegna hefur það verið venja lengi að taka hluta af þeim gengismun og dreifa til útgerðar og sjómanna vegna þessarar stöðu. Þá er mikilvægt að allar birgðir séu meðhöndlaðar eins. Hins vegar, eins og kom fram hjá hv. þm., eru þar ekki hvalaafurðir og slíkar afurðir vegna þess að hvalskipin njóta einskis úr þessum sjóðum.

Hitt er svo annað mál að skreiðin er mikið vandamál og um það vandamál hefur oft verið fjallað, m.a. af ríkisstjórn. Það var fjallað um það nú í vetur og þar var ákveðið að taka ekki gengismun af skreið sem seld væri eftir 1. janúar 1986 og ekki útflutningsgjöld heldur. Var þessi ákvörðun tekin af því tilefni að menn voru að vonast eftir því að það væri mögulegt að selja skreiðina og ljóst að þar yrði mikið tap. Hins vegar er það svo að það standa eftir skuldbindingar gengismunarsjóðs, eins og hv. þm. rakti hér, og verður ekki komist hjá að standa við þær.

Hitt er svo annað mál að það eru ýmis atriði óútkljáð varðandi vandamál skreiðarframleiðenda. Seðlabank-

inn breytti lánum sínum í innlend lán á sínum tíma í ársbyrjun 1985 og vextir af þeim lánum á árinu 1985 eru 90 millj. kr. Þessir vextir hafa ekki enn þá verið tekjufærðir hjá Seðlabanka Íslands. Bankastjórn Seðlabankans hefur ákveðið að bíða með ákvörðun í því máli þar til vitað er fyrir hvað skreiðin selst. Ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð vegna skreiðarinnar upp á 250 millj. kr. Það er einnig ákveðið að taka ekki endanlegar ákvarðanir um það mál fyrr en ljóst er hvað fæst fyrir skreiðina. Einnig hefur verið kvartað yfir mikilli vaxtatöku viðskiptabanka af afurðalánum vegna skreiðar og um það hefur verið rætt hvort þeir gætu að einhverju leyti komið til móts við skreiðarframleiðendur.

Það er full samstaða um það milli hagsmunanefndar skreiðarframleiðenda og stjórnvalda að það sé rétt að breyta þessu miðað við áramót, þ.e. hætta að taka gengismun og útflutningsgjöld miðað við áramót. Hitt er svo annað mál að skreiðarframleiðendur hafa lagt áherslu á fyrirgreiðslu að því er varðar vexti Seðlabankans, að því er varðar fyrirgreiðslu ríkissjóðs, að því er varðar vexti viðskiptabanka.

Það er aðalatriðið í þessu máli að menn geri í því rétt skil og séu ekki að rugla saman óskyldum málum eins og hv. þm. Halldór Blöndal gerði áðan. Það virðist engu skipta þó hann fái margvíslegar upplýsingar í málinu.

Að öðru leyti ætla ég ekki að gera þetta mál að umræðuefni, það er í mínum huga mjög skýrt að því er varðar skreiðina, en vil taka fram að þau mál eru alls ekki leyst. Sú brtt. sem hv. þm. Halldór Blöndal flytur hér breytir aftur á móti engu í þeim stóra vanda og skiptir engu máli að því leytinu til. En ef hún væri samþykkt mundi hún aðeins rugla það mál og gera línur mun óskýrari en þær eru.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki teygja þessa umræðu, en ég vil segja örfá orð um þetta mál.

Við 1. umr. velti ég upp nokkrum spurningum sem mér finnst að geti skipt máli að því er varðar framkvæmd þessara laga. Kannske finnst öðrum það smámál, en eigi að síður held ég að það geti skipt verulega miklu máli.

Það var í fyrsta lagi spurningin um hvað komi til eftir að búið er að leggja niður Aflatryggingasjóð ef aflabrestur verður í einstökum verstöðvum eða landsvæðum. Mér finnst það vera aðfinnsluvert ef Alþingi afgreiðir mál frá sér án þess að vita örugglega að ef til þessa kemur verði gripið inn í til aðstoðar. Ég sé að vísu að í nál. er að þessu vikið og yfir það var farið hér áðan. Með leyfi forseta vil ég vitna í það. Þar segir:

„Að því ætti að stefna að hugmyndir um þetta efni komi fram sem fyrst og helst á haustþinginu, þ.e. að komið verði á einhvers konar aflatryggingu eða tekjutryggingu í þessum tilfellum."

Út af fyrir sig er þetta gott. Ég tel þetta hins vegar ekki nægja. Ég held að það verði að liggja fyrir yfirlýsing annaðhvort frá hæstv. sjútvrh. hér við umræðuna áður en málið verður afgreitt eða frá hæstv. forsrh. um að það verði gripið til aðgerða til aðstoðar ef aflabrestur á sér stað þangað til búið er að koma málinu á þann rekspöl sem hér er talað um. Ég held að nauðsynlegt sé að fá slíka yfirlýsingu fram.

Í öðru lagi spurðist ég fyrir um hvernig á því stæði, sem ég tel enn að sé rétt, að verið væri að fella niður fæðispeninga til trillukarla eins og menn kalla svo. Ég sé ekki betur en það sé gert og ég spyr um ástæðuna: Af hverju eru þeir einir teknir út úr, trillukarlar, og felldir niður fæðispeningar til þeirra? Hver er ástæðan fyrir slíku? Við því vildi ég helst fá svör.

Og í þriðja lagi, án þess að ég teygi þetta um of, auðvitað mætti margt um þetta tala en það skal ekki gert af minni hálfu nú, spurðist ég fyrir um lífeyrisgreiðslur. Nú er gert ráð fyrir því að allar greiðslur fari til Lífeyrissjóðs sjómanna sem er hér í Reykjavík og á síðan að deila því fé út. Og ég spyr: Hvenær á hann að gera það? Ég sé ekki að það séu nein takmörk í frv. um það hvenær hann eigi að standa skil á þessu til annarra lífeyrissjóða. Ef ég fer rangt með biðst ég afsökunar, en það verður þá væntanlega leiðrétt. Er ekki rétt að í Lífeyrissjóð sjómanna á að borga, en hann á síðan að endurgreiða öðrum lífeyrissjóðum sjómanna? Og hvenær á hann að gera það? Ég sé ekki að neitt sé um það í frv. Ég held að þurfi að koma þar inn örugg ákvæði um að það sé ekki dregið saman fé hér í Reykjavík og safnist upp þar fé sem á með eðlilegum hætti að fara út á land.

Þetta eru þau þrjú atriði sem ég vildi helst nefna núna og vil gjarnan fá svör við.

Ég sé líka í nál. að menn víkja að fæðispeningagreiðslunni og benda á að vilji sjómenn fá frekari leiðréttingu í einstökum greinum flotans séu kjarasamningar hinn eðlilegi vettvangur slíkra breytinga. Ég veit ekki til, kannske þekki ég ekki nógu vel til, a.m.k. er það ekki víða, að samningar séu gerðir milli útvegsmanna og sjómanna á smærri bátum en 12 tonn. En sjómenn á bátum undir 12 tonnum hafa fengið fæðisgreiðslu það ég best veit. (**Gripið fram í:** Hvaðan?) Ætli það sé ekki úr Aflatryggingasjóði án þess að ég vilji fullyrða neitt um það. Mér vísari menn kunna að vita betur. En ég hygg að það hafi verið þaðan. Það komst ekki á vegna kjarasamninga það ég best veit, enda hafa samningar ekki um það verið.

Ýmis önnur atriði eru áþekk þessum sem upplýsingar þyrfti að fá um, en fyrst og fremst vil ég vekja athygli á þessum þremur atriðum. Það er varðandi aflabrestinn, ef til hans kemur, varðandi það hvers vegna er verið að fella niður bara fæðisgreiðslur til trillukarla og í þriðja lagi er spurt um lífeyrissjóðinn, hvenær hann á að standa skil á greiðslum til annarra lífeyrissjóða. Svo má minna á það sem ég minntist á líka við 1. umr.: Eru menn alveg sannfærðir um að það eigi að slá því föstu að byggja sjávarútvegshús hér í Reykjavík? Telja menn það alveg hundrað prósent rétta staðinn? Ég er ekki á þeirri skoðun. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að því verði slegið föstu að hér verði byggt sjávarútvegshús. Ég hygg að út af fyrir sig mætti hafa þessa upphæð í krónum, en það ætti ekki að slá því föstu hvar byggingin ætti að rísa. Það eru ýmsir staðir sem gætu komið til greina aðrir en Reykjavík í þeim efnum án þess að ég sé á nokkurn hátt að lasta þetta svæði.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni gríðarlega stórt mál sem hefur í sjálfu sér hlotið allvandaðan undirbúning utan þings og ástæða til að fagna því ef þingið getur afgreitt ýmsa þætti sem hér eru til einföldunar á greiðslukerfi sjávarútvegsins. Hér er komið að máli sem við hreyfðum fyrir nokkrum misser-

um þegar ákvarðanir voru teknar um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Þá töldu menn að það væri ekki ástæða til að veita því öllu saman í gegnum Aflatryggingasjóð heldur gæti vel komið til greina að það gengi beint til viðkomandi aðila. Þá voru menn ekki tilbúnir að hlusta á þessar athugasemdir. Núna er horfið frá því fyrirkomulagi sem upp var tekið varðandi endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts í sjávarútvegi og það er vel.

Ég ætla ekki að eyða dýrmætum tíma deildarinnar í neinar málalengingar og vind mér beint að efninu sem er brtt. sem ég flyt við 13. gr. frv. Í 13. gr. stendur:

„Viðskiptabanki útvegsmanns skal skila því fé, sem greiða skal á reikning hvers fiskiskips skv. 2. tölul. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, inn á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka til greiðslu iðgjalda af vátryggingu skipsins."

Ég hef tekið eftir því að Landssamband ísl. útvegsmanna hefur haft stórtekjur af þeim flutningi fjármagns, sem þarna er verið að gera tillögur um, á undanförnum árum. Þar sem þetta frv. gengur út á einföldun á greiðslum innan sjávarútvegsins tel ég ástæðu til að fella þetta ákvæði niður og segi í staðinn í brtt., herra forseti:

„Viðskiptabanki útvegsmanns skal skila því fé, sem greiða skal á reikning hvers fiskiskips skv. 2. tölul. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, inn á reikning þess tryggingafélags, sem tryggir skipið, samkvæmt nánari tilvísun útvegsmanns."

Það er algerlega óeðlilegt að þessir peningar skuli endilega þurfa að millilenda hjá LÍÚ. Það er einna svipaðast því ef t.d. Alþýðusamband Íslands hefði með að gera greiðslur á heimilistryggingum fyrir fólk. Peningar í heimilistryggingar yrðu þá að millilenda hjá Alþýðusambandi Íslands. Þetta fyrirkomulag er að mínu mati algerlega óeðlilegt og ég tel að brtt. mín sé til einföldunar og stuðli þannig að því að markmið þessa frv. að öðru leyti nái fram.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál. Það er tekin um það ákvörðun að leggja niður Aflatryggingasjóðinn. Þeir munu e.t.v. til sem trúa því að með kvótakerfi sé hægt að koma í veg fyrir harðæri í landinu, en mér virðist samt að kvótakerfið geti fyrst og fremst komið í veg fyrir að menn njóti góðæris þegar það er.

En hvað um það. Hér er í 9. gr. gert ráð fyrir þeirri skiptingu að sjómenn fái 4% og Landssamband ísl. útvegsmanna 4% af ákveðinni upphæð sem félagsgjöld. Í lögunum er sem sagt gert ráð fyrir jafnræði á milli sjómanna og útvegsmanna. Ég lít svo á að með því að ganga þannig frá þessum málum hljóti að verða að skilja annan liðinn í 7. gr. þessara laga á þann hátt að það sé skilyrðislaus krafa að allir vextir af því fjármagni sem þar er um að ræða greiðist út en verði ekki aukafélagsiðgjald hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Er hugsanlegt að nokkrum manni detti í hug að setja upp þannig lög að þeim mun meir sem félagið níðist á sínum félagsmönnum og heldur fyrir þeim fjármunum lengur, þeim mun hærri tekjur eigi félagið að hafa sem iðgjöld fyrir sig? Það væri alveg fráleit lagasetning. Þá væri hagstæðast hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna að geyma peningana í hálft ár áður en það borgaði þá til tryggingasjóðsins. Ég satt best að segja trúi því ekki að það hvarfli að mönnum að standa þannig að lagasmíði.

Hér stendur í 2. lið 7. gr., með leyfi forseta:

„6% af hráefnisverði greiðist inn á vátryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sbr. lög nr. 17/1976."

Ef við skoðum hvaða verðmæti hér er um að ræða, það er verið að tala um 6%, hljótum við að staldra við að hér er verið að tala um slíkar risaupphæðir á ársgrundvelli að það hlýtur að skipta verulegu máli hvort vextirnir af þessum fjármunum eigi að fylgja hverju skipi eða hvort vextirnir eigi að verða eftir hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Á það að verða misjafnt eftir því hvaða verðbólga er í landinu hvaða iðgjöld Landssamband ísl. útvegsmanna fær? Auðvitað væri fráleitt að standa þannig að lagasetningu þrátt fyrir að einstakir menn vilji gjarnan hafa aðstöðu til að nota þessa sjóði til að kaupa land undir sumarbústaði sem menn kannast við á Snæfellsnesi. Hvarflar að mönnum að það sé hægt að standa þannig að lagasetningu að fyrst sé gengið frá því hér, eins og er gert í 9. gr., að það eigi að skipta jafnt iðgjöldunum, sjómenn eigi að fá ákveðinn hlut og Landssamband ísl. útvegsmanna eigi að fá jafnmikið þó þeir séu mun fámennari, og svo eigi að setja upp einhverja svikamyllu sem geri það að verkum að ef þeir ekki skili peningunum inn heldur liggi með þá, þó það sé ekki nema hálfan mánuð eða mánuð, eigi Landssamband ísl. útvegsmanna að fá þessa peninga sem sína eign?

Ég vek athygli á því að í 12. gr., þegar talað er um viðskipti við Fiskveiðasjóð, er farið fram á að útgerðarmaðurinn fái hæstu lögleyfðu fasteignavexti ef fé er geymt á reikningi hjá Fiskveiðasjóði lengur en hálfan mánuð. Hvaða vexti eiga þeir að fá af þeim fjármunum sem eru inni á reikningi hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna? Hvaða vexti eiga þeir að fá af þeim fjármunum? Hlýtur ekki að vera eðlilegt og sjálfsagt að þeir fái sömu vexti og gert er ráð fyrir að Fiskveiðasjóður þurfi að greiða? Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. geri grein fyrir þessu atriði í 7. gr., hvort það sé ekki alveg á hreinu að það eigi að greiða vexti af þessu fé eða hvort það sé hugsunin að útgerðarmenn þurfi að borga þarna aukaiðgjald til Landssambands ísl. útvegsmanna og það verði þeim mun hærra sem trassaskapurinn verði meiri hjá LÍÚ. Það yrði dálagleg summa ef þeir borguðu ekki fyrr en eftir árið. Er það meiningin hjá Alþingi Íslendinga að ganga frá lögum á þann hátt að slíkt geti átt sér stað? Það vekur undrun mína ef það hvarflar að nokkrum manni að það geti verið eðlileg lagasetning.

Ég óska eftir að þetta verði útskýrt af hæstv. sjútvrh. Ég trúi hreinlega ekki öðru en ætlunin sé að halda þessu fjármagni algerlega aðskildu frá iðgjaldagreiðslum til Landssambands ísl. útvegsmanna.

Verði það aftur á móti uppi á teningnum, svo lygilegt sem það er, að hugsunin hafi verið sú að þarna fengju þeir aukagreiðslu hlýt ég að bregða á það ráð að styðja brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. í þessu máli og reyna að vinna að því að þessir peningar fari aldrei til Landssambands ísl. útvegsmanna.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég baðst áðan afsökunar á því að ég skyldi fara út fyrir efni frv. lítillega, en vakti ekki athygli forseta á því að ég hefði ekki farið

út yfir það efni sem sérstaklega er fjallað um í grg. frv. Ég þekki það ekki af stjórn í þessari deild áður að þm. sé óheimilt að tala um það efni sem fitjað er upp á í nál. sameiginlegrar nefndar og hygg ég að það sé einsdæmi. Í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin leggur á það áherslu, eins og kom fram í framsöguræðu sjútvrh. og við umræður í nefndinni, að strax í vor verði kannað í samvinnu við útvegsmenn og sjómenn hvort aðstæður séu til að taka upp einhvers konar aflatryggingu eða tekjutryggingu í framtíðinni verði aflabrestur í einstökum landshlutum eða verstöðvum. Að því ætti að stefna að hugmyndir um þetta efni komi fram sem fyrst og helst á haustþinginu. Hins vegar sé nú heppilegast að leggja núverandi Aflatryggingasjóð niður þar sem starfsemin hefur fjarlægst upphaflegan tilgang hans."

Það sem ég spurði hæstv. sjútvrh. að var það í fyrsta lagi hvort hann mundi í sambandi við skyndilokanir á svæðum eftirleiðis hafa samband við Hafrannsóknastofnun. Nú skilst mér að hæstv. forseti telji það utan við það efni sem hér stendur. Þó liggur ljóst fyrir að mjög hefur dregið úr afla í einni verstöð, Þórshöfn, eins og hæstv. forseta er kunnugt, vegna skyndilokunar hæstv. sjútvrh. á Finnafirði og er afli miklu rýrari en áður. Það var vegna þess hvernig að því máli var staðið af hálfu ráðuneytisins sem mín spurning kom fram og líka vegna þess að nú er ákveðið að leggja Aflatryggingasjóðinn niður, en við vitum báðir hvernig hann hefur verkað. Nú skilst mér að það sé úrskurður hæstv. forseta að þetta sé utan við það efni sem við séum hér að tala um og megi ekki ræðast og væri þá kannske rétt að hann útskýrði í sínum úrskurði hvernig það megi vera að þessi spurning mín falli utan við þá grein í grg. sem samkomulag varð um í nefndinni að ræða sérstaklega um.

(Forseti: Það er kannske eðlilegt að forseti grípi á þessu stigi inn í þessa umræðu. Forseti var ekki með neinar stórvítur á hv. ræðumann. Það er síður en svo. Forseti hefur aðeins bent á að við höfum nauman tíma hér og því sé eðlilegt að menn ræði um dagskrárefnið og fari ekki út fyrir það. Það er alveg hiklaust skoðun forseta og þeirri skoðun verður ekki breytt, og verður hver að hafa þann skilning á sem honum sýnist, að hv. ræðumaður fór út fyrir efnið þegar hann í lok ræðu sinnar áðan fór að beina fyrirspurnum til hæstv. ráðh. um algjörlega óskylt efni þess sem hér er til umræðu. Þetta er skilningur forseta og hv. ræðumaður má hafa sinn skilning á því máli.) Ég ítreka minn fyrri skilning og mér er ekki kunnugt um að úrskurður af þessu tagi hafi áður fallið frá forseta hér í deildinni, að ekki megi ræða beint um þau atriði sem minnst er á í grg. **(Forseti:** Hv. ræðumaður kann auðvitað miklu betur sögu en forseti sem hér stendur. Um það verða engar deilur. Þetta eru þau orð sem falla af munni þess forseta sem hér stendur. Að öðru leyti held ég að það sé ekki heppilegt að munnhöggvast mikið um þetta efni og ég vænti þess að hv. þm. taki orð forseta til hugleiðingar og virði þau.) Það skal ekki standa á mér að reyna að virða orð forseta eftir því sem ég framast get.

Varðandi þá athugasemd hæstv. sjútvrh. að ég hafi gert honum aðvart um að um málið yrði talað utan dagskrár vil ég aðeins segja að hæstv. forseti Sþ., Þorv. Garðar Kristjánsson, kallaði mig á sinn fund og sagði að ef ég mundi halda minni beiðni til streitu gæti hann ekki heimilað hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni, að tala utan dagskrár um það efni sem honum var hugleikið. Ef ég hefði haldið þeirri beiðni til streitu að fá að taka málið upp utan dagskrár var ég með því að spilla fyrir því að hv. 3. þm. Norðurl. e. gæti gert jafnrösklega grein fyrir sínu máli og hann gerði á fundi Sþ. í gær.

Ég vil út af því sem hæstv. sjútvrh. sagði að öðru leyti um mitt mál lýsa yfir undrun minni á þeirri niðurstöðu hans að það mundi rugla framkvæmd alls þess sem hæstv. ríkisstj. hefði í huga að gera fyrir skreiðarframleiðendur ef Alþingi hefði skoðun á einhverjum einstökum litlum þáttum þess máls. Ég vek athygli á því að á fundi ríkisstj. 18. febr. s.l. var gerð eftirfarandi samþykkt:

„Eigi verði innheimtur gengismunur af skreið sem framleidd var fyrir 1. júní 1983 en hefur ekki verið flutt út fyrir árslok 1985."

Þarna ríður sjálf ríkisstj. á vaðið. Mín till. er um að þingið láti þetta ekki allt saman í hendur manna utan þingsins að ákveða hvernig lög verði framkvæmd í landinu. Mér finnst miklu einfaldara og skýrara að Alþingi taki sjálft af skarið. Hæstv. ráðh. sagði áðan að hagsmunasamtök skreiðarframleiðenda hefðu verið sammála um að miða við síðustu áramót, en það fylgdi ekki hans máli hvað hagsmunasamtök skreiðarframleiðenda fóru fram á. Ég hef í mínum till. miðað við áramót eins og hagsmunasamtök skreiðarframleiðenda töldu að skynsamlegt væri. Munurinn er eingöngu sá að ég vil ganga ívið lengra í eftirgjöf á framkvæmd laganna en felst í samþykkt ríkisstj. og ég tel líka að það geti með engum hætti bundið stjórn Seðlabanka eða einstakra viðskiptabanka þótt Alþingi taki afstöðu til þessa afmarkaða máls varðandi skreiðarframleiðsluna. Mér skildist líka á hæstv. sjútvrh. að það skipti svo sem engu hvort mínar brtt. yrðu samþykktar eða felldar. Þær væru einskis virði og skiptu engu máli. Ef það skiptir engu máli, hvorki fyrir ríkissjóð né skreiðarframleiðendur, að samþykkja þessar till. held ég að það ætti að vera útlátalaust, en hitt get ég ekki skilið, því að lög hafa verið sett í landinu, að Alþingi megi ekki sjálft taka af skarið um það ef það á að gefa undanþágur frá því að standa við lögin. Um það fjallar mín till. varðandi gengismuninn að Alþingi sjálft gefi eftir skv. þeim lögum sem Alþingi sjálft hefur sett, en sendi það ekki inn á borð ríkisstj. til þess að hún geti þar innan fjögurra veggja gert bókanir og samþykktir um hvernig eigi að framfylgja lögum í landinu.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég get orðið við beiðni hæstv. forseta um að stytta mál mitt, en aðeins ætla ég að svara einum lið. Það viðkemur 13. gr. og hefur verið spurt hér um og lítillega rætt um, bæði af hv. þm. Svavari Gestssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, í sambandi við greiðslur inn á reikning LÍÚ vegna vátryggingar skipa.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram að þetta fjármagn greiða viðkomandi útgerðarfyrirtæki inn á reikning LÍÚ í viðskiptabanka sínum. Þeim er heimilt að greiða þetta inn á reikning sem LÍÚ á í viðskiptabanka þess útgerðarfyrirtækis sem greiðir. Hins vegar má kannske deila um hvort þetta fjármagn liggur þar nægjanlega lengi inni. Það er annað mál. Um það geta útvegsmenn sjálfir tekið ákvörðun og það eiga þeir að

gera á sínum aðalfundi. Ef þeir vilja láta þetta fjármagn liggja inni í hálfan mánuð eða þrjá mánuði eiga þeir að gera samþykkt um það á sínum aðalfundi og þá á stjórn LÍÚ að fara eftir því og ég veit að það munu þeir og gera. Ég er því ekki hræddur við þetta atriði út af fyrir sig. Þarna er aðeins verið að fjalla um hvernig útvegsmenn sjálfir, sem standa að LÍÚ, vilja fara með rekstrarfé Landssambands ísl. útvegsmanna og hvernig með hagnað og tap af þeirri stofnun er annars farið.

Ólafur Þ. Þórðarson, vinur minn. Þetta er ekki að kenna trassaskap LÍÚ. Ef einhver trassaskapur er hjá LÍÚ eiga útvegsmenn sjálfir að taka á þeim trassaskap og hreinsa til. Þeir hafa alla burði til þess og það á að gerast eftir eðlilegum leikreglum á aðalfundi þeirra samtaka.

Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um rekstur LÍÚ. Ég þekki hann þó allnokkuð og kannske betur en margir hér. Ég held að það sé býsna gott hjá þeim. Ég held að útvegsmenn sjálfir eigi að fjalla um þennan þáttinn, hvernig með það fé er farið sem fer í tryggingasjóðinn.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 1097, sem var of seint fram komin, samþ. með 27 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vildi svara þeim fyrirspurnum sem komu sérstaklega frá hv. þm. Karvel Pálmasyni og í fyrsta lagi að því er varðar aflatryggingar. (Gripið fram í.) Ég átti ekki sérstaklega von á að svo margir vildu heyra í mér, en ég fagna því. Að því er varðar aflatryggingarnar kemur skýrt fram í nál. að nauðsynlegt sé að fara ofan í það mál og það mun verða gert, en spurningin er fyrst og fremst með hvaða hætti tekna verði aflað til slíkra aflatrygginga. Það er ávallt mikill áhugi fyrir því að njóta slíkra trygginga á hverjum tíma ef illa gengur. Ég tel hins vegar miklu mikilvægara að menn umgangist auðlindir hafsins með þeim hætti að sem minnst þurfi á slíkum aflatryggingum að halda. Það er aðalatriðið í þessu máli. Það er einnig rétt að benda á að auðvitað tryggja menn sig aldrei fyrir áföllum af ýmsu tagi, því miður. En þetta mál mun verða tekið til athugunar í samvinnu við hagsmunaaðila sjávarútvegsins. Bæði sjómenn og útvegsmenn hafa á þessu máli ákveðnar skoðanir og þeir standa að þessum breytingum fyrir hönd allra sinna umbjóðenda og verja þær gagnvart þeim.

Að því er varðar lífeyrissjóðina liggur fyrir að Lífeyrissjóður sjómanna mun hafa yfirumsjón með þessu máli. Það er ekki svo að greiðslur þurfi að senda lengur á milli landshluta. Það er nú komið slíkt boðkerfi í gegnum tölvur að þetta eru fyrst og fremst færslur sem fara á milli. Lífeyrissjóður sjómanna mun áreiðanlega hafa slíkt samband við aðra lífeyrissjóði í landinu að ég hef engar áhyggjur af því að ekki muni verða hægt að leysa það mál í góðum friði. Það verður tekið til meðferðar nú strax og þarf að setja um málið reglugerðir. Um það verður haft fullt samráð við Sjómannasamband Íslands og þá lífeyrissjóði sem hafa séð um þessi mál á undanförnum árum. Ég hef ekki áhyggjur af því máli, en ég skil alveg hvað hv. þm. Karvel Pálmason hefur í huga. Ég er honum sammála um að það er engin ástæða til að vera að senda peninga hingað suður til Reykjavíkur að óþörfu. Ég er enginn fylgismaður þess. Hann getur treyst því.

Að því er varðar trillukarla, eins og hann komst að orði, er á bls. 16 í frv. prentaður sem fylgiskjal viðauki við kjarasamning sjómanna og útvegsmanna. Þessu máli er þannig breytt að útvegsmenn munu sjá um fæðisgreiðslurnar sjálfir héðan í frá. Trillukarlar eru flestir hverjir útgerðarmenn og hafa ekki aðra sjómenn í sinni vinnu þannig að þeir verða að sjá um þessi mál sjálfir, enda enginn sérstakur kjarasamningur meðal þeirra. Það er sem sagt gengið frá þessu máli í kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, en sá kjarasamningur nær aðeins til báta niður að 12 brúttólestum. Bátar þar undir eru utan allra kjarasamninga, enda um sjálfstæða menn að ræða með sjálfstæðar skoðanir eins og oft hefur komið í ljós.

Að því er varðar sjávarútvegshús er þetta tillaga sem kemur frá samtökum sjávarútvegsins. Þau hafa aðstöðu hér í Reykjavík og ég býst ekki við því að það sé nein tillaga um það af hálfu þessara samtaka að breyta því. Þau vilja gjarnan efla sína samstöðu, komast undir sama þak með sína félagsstarfsemi. Ég er því sammála að það sé mikilvægt fyrir sjávarútveginn að efla samstöðu innan greinarinnar og að þessir aðilar geti verið með margvíslega sameiginlega starfsemi. Það hefur sem betur fer farið vaxandi og þar er ágætis samvinna. Þeir eru þeirrar skoðunar að hún gæti enn batnað með því að þeir færu sem mest undir sama þak og gætu þá notað sameiginlega tölvuþjónustu og ýmislegt fleira.

Að því er varðar innheimtu Landssambands ísl. útvegsmanna er hér um þá niðurstöðu að ræða sem vissulega má færa rök með og gegn, en þessir fjármunir hafa hingað til verið innheimtir annars vegar af Tryggingasjóði fiskiskipa og hins vegar af Landssambandi ísl. útvegsmanna. Það kom ekki nema tvennt til í þeim efnum, annaðhvort að Landssamband ísl. útvegsmanna gerði það að öllu leyti eða þá að Tryggingasjóður fiskiskipa yrði rekinn áfram sem greiðslumiðlunaraðili. Útvegsmenn telja sig þurfa með þessum hætti að ná betri samningsstöðu gagnvart vátryggingarfélögunum og vilja hafa þá samninga sem mest í einni heild.

Hvort Tryggingasjóður fiskiskipa hefði verið rekinn áfram í því formi eða LÍÚ tæki það yfir að öllu leyti sem stofnað var til með lögum fyrir mörgum, mörgum árum má vissulega deila um, en ég tek undir það að engin ástæða er til þess að þessi innheimta sé sérstakur tekjustofn. Þær tekjur á að sjálfsögðu að innheimta með árgjöldum. Hitt er svo annað mál að sú verðbólga sem hefur herjað hér á undanförnum árum hefur gert það að verkum að oft og tíðum hafa sjóðir rýrnað og greiðslur rýrnað á tiltölulega stuttum tíma, en miðað við þann stöðugleika sem nú er kominn og við skulum vona að haldist held ég að sé full ástæða til að halda að þar verði breyting á.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er engin ástæða til þess fyrir okkur stjórnarandstæðinga að fara að tilmælum hæstv. forseta að tala stutt þegar stjórnarsinnar sjálfir sumir hverjir vaða vítt um völl utan dagskrár og tefja tímann. Það er ekki að sjá á þeirra liði að þeir ætli að standa við þá tímasetningu, sem um var talað, að slíta þingi í dag, ef framhald verður á því sem hér hefur gerst í morgun, og við því má auðvitað búast. Það er ekki betra taumhaldið á liðinu en þetta.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér. Ég hef örfá orð um þau að segja. Auðvitað er

öllum ljóst varðandi Aflatryggingasjóðinn eða tryggingar almennt að afla þarf tekna. Ég hygg að sú nefnd sem fjallaði um málið þann tíma sem hún var, sem var allnokkur, hafi gert sér grein fyrir því með hvaða hætti slíkra tekna ætti að afla. Það er vissulega erfitt fyrir okkur, sem sjáum þetta nánast 1–2 dögum áður en ljúka á máli í þinginu, að gramsa í því. En það er öllum ljóst að tekjur þarf til þessa. Auðvitað væri gott ef það væri farið eftir því, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að menn umgengjust auðlindir hafsins á þann veg að ekki þyrfti á neinu slíku að halda. Hvað er átt við með því? Ráðum við því? Ráða sjómenn því? Ráða skipstjórar því, útgerðarmenn, að umgangast auðlindir hafsins þannig að aldrei þurfi á neinum tryggingum að halda í þeim efnum? Ráða menn því undir kvóta betur en utan hans? Ég hygg að það muni vera erfitt að stýra þeim gæðum á þann veg að það sé alltaf gnægð í hafinu til að þjóna öllum í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. sagði að hagsmunaaðilar sjómanna og útvegsmanna hefðu samið um þetta allt fyrir hönd sinna umbjóðenda. Ég vek athygli á því að það er aðeins eitt sjómannafélag á Vestfjörðum innan Sjómannasambands Íslands þannig að Sjómannasamband Íslands hefur á engan hátt farið með umboð fyrir önnur félög en það eitt. Ég er á engan hátt að hnýta í Sjómannasambandið vegna þessa. Ég veit heldur ekki betur en ýmis önnur sjómannafélög innan Sjómannasambandsins hafi haft uppi andmæli gegn þessu samkomulagi. Ég man ekki betur en hæstv. samgrh. nefndi sjö sjómannafélög við fyrri umræðu þessa máls sem hefðu andmælt ýmsu í þessu samkomulagi. Hér er því ekkert heilagt mál á ferðinni af hálfu þessara aðila nema síður sé.

Það er rétt hjá hæstv. sjútvrh. að ekki þarf að senda peninga hingað og þangað eða á milli, en það þarf að standa skil á þeim greiðslum sem á að inna af hendi á réttum tíma. Það á ekki að safna þessum peningum upp hér. Þeir eiga að fara til sjóðanna víðs vegar um landið á réttum tíma. Það er aðalmálið. Ég fagna því að hæstv. ráðh. er mér sammála í þessu og ég vænti þess að hann sjái svo til að Lífeyrissjóður sjómanna skili þessu fé á réttum og eðlilegum tíma til annarra lífeyrissjóða.

Varðandi trillubátamennina. Já, þeir eru flestir hverjir útgerðarmenn, segir hæstv. sjútvrh. Kannske er það svo á Austfjörðum. Það er ekki svo á Vestfjörðum. Þar eru menn með aðra. Þeir eru með háseta, hæstv. sjútvrh., sem þeir þurfa að borga laun og ekkert eiga í útgerðinni. Það þarf líka að tala um þá, ekki bara útgerðarmennina. Það eru þessir menn sem eru skildir eftir í þessu samkomulagi og fá ekki fæðispeningagreiðslur eins og þeir fengu áður.

Það er rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði. Sjómannasambandið og LÍÚ sá um sína í þeim efnum, en skildu trillukarlana eftir. Það er af þeim tekið sem þeir áður höfðu. Og mín spurning er enn: Hvers vegna? Hver var ástæðan fyrir því að þessir aðilar einir innan sjómannastéttarinnar voru teknir út úr og þeirra hlutur skertur? Hvaða ástæður hafa menn fyrir því? Ég hef ekki fengið svar við því enn nema þá þá ástæðu eina að það hafa ekki verið gerðir samningar fyrir þá. En það eru léttvæg rök í mínum huga.

En ef einhver sem að þessu stendur hefur á því skýringu af hverju þetta var gert vildi ég gjarnan fá að heyra slíkt því að ég er andvígur því að þessum einu aðilum sé kippt út úr og af þeim tekið það sem þeir áður höfðu og þeir skildir eftir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1097 felld með 18:11 atkv.
13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
14.–16. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 1058,1 felld með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HBl, JS, JBH, KH, ÓE, PJ, SJS.

nei: GeirG, GB, GGS, HÁ, MÁM, PP, StG, SV, StH, SvH, ÞS, AS, EH, IG.

GJG, GA, HG, KSK, MB, ÓÞÞ, GHH, RH, SvG, ÞP, BÍG, FÞ, FrS greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (GSig, KMK, KP, KJóh, EBS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þau mál sem hér hafa komið til skoðunar gjalda þess hversu liðið er á þingið þannig að enginn tími gefst til þess að athuga þau þó þau væru svo sannarlega athugunarverð. Ég hallast að því að sú till. sem liggur hérna fyrir frá hv. þm. Halldóri Blöndal eigi fullan rétt á sér og þess vegna hlýt ég að segja já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þar sem í ljós hefur komið að m.a. Seðlabankinn hefur gersamlega í hendi sér hver niðurstaða þessara mála verður með því að hafa 90 millj. í biðstöðu, hvort þeir reikna það til skuldar við skreiðarframleiðendur eða ekki, sýnist mér að þessi till. ráði engum úrslitum í þessu máli og greiði ekki atkvæði.

17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Með hliðsjón af því hvernig fyrri atkvæðagreiðslan fór og þar sem ég vil ekki að Alþingi staðfesti með því að fella þessa brtt. að ríkisstj. sé óheimilt að gefa eftir þann gengismun sem um ræðir í henni en telur sig hafa heimildir skv. þeim lögum sem nú standa, þá dreg ég þessa till. til baka.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að biðja um nafnakall út af þessari brtt. hv. þm. Halldórs Blöndals og vil því fá að greina frá með hvaða hætti mál þetta er.

Hér er um að ræða stjfrv. sem var flutt í Ed. og var ákveðið að fella inn í þetta mál og var gengið frá í ríkisstj. á sínum tíma og þingflokkum eftir fundi með hagsmunanefnd skreiðarframleiðenda. Þar með hafa málefni skreiðarframleiðenda ekki verið leyst. Þar eru ýmis mál óleyst. Það sem hér var fjallað um áðan var eingöngu um 10 millj. Hér er um hundruð milljóna kr. vandamál að ræða sem ekki hefur verið endanlega gengið frá. Þetta vildi ég upplýsa vegna þeirrar atkvæðagreiðslu sem hér fór fram áðan.

Brtt. 1058,2 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 97. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 96. fundi.

Málefni Arnarflugs hf., stjfrv. 448. mál (þskj. 1090). — 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um málefni Arnarflugs sem er 448. mál á þskj. 1090. Það mál sem hér er til umfjöllunar er um ríkisábyrgð fyrir Arnarflug og er hér flutt samkvæmt ákvörðun ríkisstj. sem tekin var í gær að tillögu samgrh., en hann hefur um nokkurt skeið fjallað um málefni fyrirtækisins.

Meginefni frv. felst í því að fjmrh. er skv. frv. heimilt að veita Arnarflugi sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins. Lán þetta má nema allt að 2,5 millj. bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum og jafnframt er ríkissjóði heimilt að taka þátt í greiðslu vaxta af láninu.

Arnarflug hf. hefur verið rekið með miklu tapi undanfarin ár þannig að bókfært eigið fé fyrirtækisins um síðustu áramót var neikvætt sem nemur umtalsverðum upphæðum. Í því sambandi vísa ég til bráðabirgðauppgjörs endurskoðenda fyrirtækisins sem nú liggur fyrir og verður að sjálfsögðu afhent þeim nefndum þingsins sem um þetta mál munu fjalla. Fullnaðaruppgjör liggur hins vegar ekki fyrir, en stöðu fyrirtækisins má með nokkuð óyggjandi hætti ráða af því bráðabirgðauppgjöri sem fyrir liggur og ég hef hér greint frá.

Það er óvenjulegt í þessu máli að Arnarflug getur ekki lagt fram venjubundnar tryggingar fyrir ríkisábyrgð af lánum utan réttindi sín samkvæmt kaupleigusamningi um Boeing-737 flugvél félagsins. Það er erfitt á þessari stundu að áætla verðmæti þessara réttinda, en þau felast einkum í því að fyrirtækið á samkvæmt samningi rétt til þess að kaupa flugvélina fyrir um það bil 4,5 millj. bandaríkjadala eftir um það bil þrjú ár. Markaðsverð flugvéla af þessari gerð að sögn forráðamanna Arnarflugs er talið vera milli 8 og 9 millj. bandaríkjadala. Á móti kemur að standa verður undir leigugreiðslum fram að þeim tíma að kaupréttur verður virkur, en miðað við núverandi aðstæður stendur þó eftir að ætla má að nokkur verðmæti séu fólgin í því geta nýtt sér þennan kauprétt er þar að kemur.

Rétt er þó að taka fram að það verður ekki einfalt mál að ganga frá viðunandi tryggingu fyrir ríkisábyrgð á réttindum samkvæmt slíkum samningi. Besta trygging sem ætla má að út úr þessu geti fengist er sú að fengið verði samþykki leigusala og annarra hlutaðeigandi samþykktaraðila fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður geti gengið inn í réttindi og skyldur samkvæmt samningnum hvenær sem er á leigutímanum sé þess talin þörf og verður unnið að því að ganga frá tryggingu með þeim hætti verði frv. þetta að lögum.

Af hálfu ríkisstj. er þessi ríkisábyrgð hugsuð sem einn þáttur í aðgerðum til að koma fjárhag fyrirtækisins á réttan kjöl svo að það geti starfað áfram með eðlilegum hætti. Fyrir því eru rök að nauðsynlegt hlýtur að teljast að samkeppni innlendra fyrirtækja sé fyrir hendi í millilandaflugi þó að þau fljúgi á mismunandi flugleiðum. Það er meginástæða fyrir því að rétt þótti að afla þessarar heimildar að tryggja að sú samkeppni sem verið hefur á milli flugfélaga haldist og hér verði áfram tvö flugfélög í utanlandsflugi.

Þau skilyrði sem eru sett í frv. fyrir því að ríkisábyrgð megi veita eru nokkur.

Í fyrsta lagi verður það skilyrði sett skv. frv. að nýtt hlutafé í fyrirtækinu verði a.m.k. 95 millj. kr. Það er alveg ljóst að það er nauðsyn á miklu nýju hlutafé. Forráðamenn félagsins hafa í viðræðum við stjórnvöld lýst því að tilteknir aðilar séu reiðubúnir að leggja fram nýtt hlutafé. Að mati ríkisstj. þykir eðlilegt að setja þá lágmarkskröfu að 95 millj. kr. komi inn í nýju hlutafé. Þar sem ljóst er að hlutafjárloforð verða ekki greidd strax að fullu þykir nauðsynlegt að setja það skilyrði að sá hluti hlutafjárloforðanna sem ekki greiðist þegar í stað verði verðtryggður.

Í annan stað er gert ráð fyrir því að fjmrh. geti ákveðið nánar um framkvæmd þess ákvæðis að kaupleigusamningur sem Arnarflug hefur gert um flugvélina TF-VLT skuli vera til tryggingar á áhættu ríkissjóðs. Í því sambandi kann m.a. að þykja nauðsynlegt að leitað verði samþykkis eigenda flugvélarinnar fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður geti gengið inn í réttindi og skyldur samkvæmt kaupleigusamningnum um flugvélina hvenær sem er á leigutímanum verði þess talin þörf og eins og ég hef áður greint frá verður unnið að framkvæmd málsins á þeim grundvelli.

Í þriðja lagi er það skilyrði sett að öll opinber gjöld við ríkissjóð sem í vanskilum eru verði greidd upp ásamt með viðurlögum af andvirði þess láns sem tekið verður með ríkisábyrgðinni.

Að öðru leyti vísa ég til athugasemda sem fylgja með frv. Það er nauðsynlegt að frv. nái fram að ganga hér á hinu háa Alþingi í dag. Ég vænti þess að um það verði samkomulag að greiða fyrir framgangi málsins og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mál sem hér liggur fyrir hefur nokkuð verið rætt í fjölmiðlum að undanförnu og margt af þeim upplýsingum, sem fram hefur komið í fjölmiðlum og ég hef átt kost á að afla mér annars staðar, er satt að segja með býsna sérkennilegum hætti. Sumt af því er þannig að ég kann ekki við að flytja það héðan úr þessum ræðustól, a.m.k. ekki við 1. umr. málsins, og ætla ekki að gera.

Ég á kost á því að ræða þetta mál í fjh.- og viðskn. hv. Nd. sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar. Þar verða kallaðir til yfirheyrslu ýmsir aðilar, fulltrúar frá Arnarflugi, m.a. úr hópi hinna svokölluðu nýju hluthafa, Ríkisábyrgðasjóði og fleiri aðilum sem tengjast þessu máli. Ég læt þess vegna að þessu sinni nægja að gera örfáar athugasemdir. Það er þetta:

Ég hefði talið skynsamlegra af ríkisstj. að bíða með ákvörðun um ríkisábyrgð þar til það lægi fyrir að skilyrði nr. 1 og 2 í 2. gr. frv. verði uppfyllt, þ.e. það liggi fyrir skilyrðislaus loforð um 95 millj. kr. í nýju hlutafé og að það sé hægt fyrir ríkið að taka veð í kaupleigusamningi, en það er ætlun ríkisstj. Það er í

fyrsta sinn í sögunni sem hugmyndir eru uppi um að Ríkisábyrgðasjóður tryggi sig með kaupleigusamningi. Það liggur ekkert fyrir um að kaupleigusalinn samþykki að ríkið gangi inn í þennan samning með þeim hætti sem ríkisstj. er hér að gera tillögur um. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það hefði verið eðlilegra, herra forseti, að ríkisstj. hefði ósköp einfaldlega skýrt frá því að hún vildi fyrst kanna hvort hlutaféð fæst og hvort kaupleigusalinn er tilbúinn að samþykkja að ríkið gangi inn í þetta dæmi og síðan að taka ákvörðun um veitingu ríkisábyrgðar en ekki öfugt eins og hér er verið að gera tillögu um.

Ríkisstj. hefur hins vegar tekið ákvörðun um að veita ríkisábyrgð. Það gerði hún í gærmorgun samkvæmt fréttum sjónvarps og útvarps. Það var svo seinni partinn í gær eða fimm eða sex tímum seinna að ríkisstj. ræddi þessi mál við stjórnarandstöðuna. Það var eftir að ákvörðun hafði verið tekin í ríkisstj. um að veita þessa ríkisábyrgð hvað sem tautar og raular. Og auðvitað ræður stjórnin þessari ferð. Auðvitað hefur ríkisstj. meiri hluta á hv. Alþingi og getur beitt honum til að knýja fram stefnu sína varðandi ríkisábyrgð til handa Arnarflugi. Hér er ríkisstj. að gera tillögu um að ríkisstyrkja hina frjálsu samkeppni, kapítalismann í landinu. Og það er ekki nýtt. Það má heita að það hafi verið viðtekin regla hér á undanförnum árum að þegar Arnarflug var ekki á borðum þm. voru það Flugleiðir. Yfirleitt hefur það verið svona um langt árabil, kannske áratug eða meira. Það þarf út af fyrir sig engum að koma á óvart vegna þess að þessi markaður er þröngur og einu rökin sem ríkisstj. flytur eru þau að það þurfi að halda uppi samkeppni, jafnvel þó að það kosti það að tekin sé veruleg áhætta fyrir ríkið eins og fjmrh. viðurkennir í máli sínu.

Það sem er einnig alvarlegt í þessu efni, herra forseti, er að það er engan veginn ljóst að þessi fyrirgreiðsla leysi vanda Arnarflugs eða þessarar nauðsynlegu samkeppni í flugi til frambúðar. Engar upplýsingar liggja fyrir um það. Meðan svo er er auðvitað ákaflega erfitt að taka afstöðu til máls af þessu tagi.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins segja fleira um frv. þetta, herra forseti, en áskil mér allan rétt við frekari málsmeðferð eftir að upplýsingar hafa komið fram við meðferð málsins í fjh.- og viðskn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta mál er þess eðlis að ríkisstj. og sá þingmeirihluti sem hún styðst við verða ein að bera ábyrgð á þeirri ákvörðun, sem hefur þegar verið tekin, að veita þessa ríkisábyrgð til Arnarflugs. Málið er líka þess eðlis að fæst orð bera minnsta ábyrgð úr þessum ræðustól. Fyrirtækið er þannig statt að það skiptir sköpum næstu dagana hvernig til tekst um söfnun hlutafjár sem er eitt af þessum skilyrðum.

Að því er varðar spurninguna um hvort stjórnarandstæðingar geti að fengnum nægum upplýsingum gerst meðábyrgir kynni það að vera við aðrar kringumstæður, þ.e. ef einhver tími væri til að fara ofan í saumana á þeim yfirborðskenndu upplýsingum sem nefndar hafa verið nú þegar. Þar dugar ekki að byggja á upplýsingum frá aðilunum sjálfum um einföldustu undirstöðuatriði eins og eiginfjárstöðu, rekstrarafkomu á síðasta ári, stöðu ríkisábyrgða eða skuldastöðu gagnvart erlendum aðilum. Það sem skiptir sköpum er að kanna fram í tímann rekstrarhorfur og þar með þær upplýsingar sem hægt væri að treysta til að álykta eitthvað um hvort þessi aðgerð er líkleg eða ekki til þess að duga. Auðvitað er mönnum í mun að reyna að viðhalda samkeppnisstöðu, en ef ekki eru forsendur fyrir því að það sé hægt er sú skoðun ekkert annað en frómar óskir og óskhyggja.

Þetta mál fer nú til fjh.- og viðskn. og vera má að þar verði lagðar fram eitthvað haldbetri upplýsingar en nú þegar liggja fyrir. Þangað til það verður skoðað er skynsamlegt að segja ekki mikið meira. En fyrir fram liggur þetta mál þannig fyrir að ríkisstj. og þingmeirihluti hennar verða ein að taka þá ákvörðun ef þau telja að þeim sé fært á þessum tíma að fá í hendur upplýsingar sem eru marktækar til að byggja á einhverjar raunverulegar alvarlegar ákvarðanir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Á sínum tíma var ég hlynnt því að starfsleyfi væri veitt Arnarflugi og ég tel ekki óeðlilegt að hér fái að starfa tvö flugfélög. Það er ljóst að þannig hefur verið haldið niðri verði fyrir það fólk sem þjónustu þessara fyrirtækja nýtur.

Hitt er svo annað mál að það er útilokað í svo litlu landi að tvö svo stór flugfélög hafi ekki samvinnu um ákveðna markaði og fráleitt að þessi tvö félög séu að berjast um leiguflug suður í löndum eins og um gjörsamlega óskylda aðila, eins og það hefur stundum verið kallað, sé að ræða. Ég vildi því benda hæstv. fjmrh. á að ég tel alveg nauðsynlegt að eitt af skilyrðum fyrir því að þessi sjálfskuldarábyrgð verði veitt sé að þessum tveimur félögum verði gert að hafa samvinnu um ákveðna markaði. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að öðru eins gríni sé haldið úti eins og samkeppni þessara tveggja félaga um leiguflug suður í Alsírborg nú fyrir skömmu. Jafnframt tel ég eðlilegt, ef um slíka sjálfskuldarábyrgð yrði að ræða, að ríkið hefði aðstöðu til þess að fylgjast náið með fjárhagsafkomu félagsins í smáatriðum þar til ljóst er að skattborgarar þurfa ekki að standa uppi með þessa stóru upphæð.

Ég vil jafnframt benda á að það er afleitt að svona mál skuli koma hér inn á síðasta þingdegi á meðan við hv. þm. höfum verið að berjast fyrir örfáum milljónum til þjóðþrifamála, og ekki gengið allt of vel, en síðan er sú krafa sett á okkur að við snörum út úr ríkiskassanum að öllum líkindum yfir 200 millj. kr.

Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Reykv. að ég hef alls ekki tekið ákvörðun um hvaða afstöðu ég hef í þessu máli. Ég hallast þó helst að því að best sé, eins og málum er komið, að það verði verkefni ríkisstj. sjálfrar og einnar að taka þá miklu ákvörðun hvort þessi sjálfskuldarábyrgð verði veitt. Ég held að flestir þm. séu orðnir ærið þreyttir á málum af þessu tagi aftur og aftur.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Hér er farið fram á heimild fyrir ríkið til að ganga í ábyrgð fyrir nær 100 millj. kr. til þess að halda uppi samkeppnisaðstöðu í flugsamgöngum á Íslandi. Slík ríkisábyrgð var tekin á fyrsta þingi þessa kjörtímabils fyrir sama flugfélag og hér á í hlut og hefur reyndar margoft verið gert fyrir önnur flugfélög eins og áður var getið. Nú horfir þó svo við að óvenju mikil áhætta fylgir ríkisábyrgð fyrir lántöku þessa flugfélags þar sem það stendur mjög illa. Svo illa reyndar að það á engar eignir til að setja í ábyrgð sjálft fyrir slíku láni. Enn fremur er hlutafé

félagsins mjög ótryggt enn. Mál þetta ber brátt að og lítill sem enginn tími hefur gefist til að kynna sér málavöxtu. Ég mun geyma mér frekari umræðu um málið þar til kostur gefst á því að afla meiri upplýsinga um það, en það vænti ég að verði í hv. fjh.- og viðskn. þar sem ég á áheyrnaraðild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, stjfrv. 415. mál (þskj. 979). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1100).

Forgangsréttur kandídata til embætta, frv. 444. mál (þskj. 970, n. 1068). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Nefndin hefur rætt frv. og telur einsýnt að mæla með afgreiðslu þess. Fjarverandi afgreiðslu nefndarinnar voru hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Kristín S. Kvaran.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Streitis, frv. 341. mál (þskj. 625, n. 1060 og 1061). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu sem komið er frá hv. Ed.

Nefndin varð eigi sammála um afstöðu sína til þessa máls en meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þennan meiri hluta skrifar formaður nefndarinnar, hv. þm. Stefán Valgeirsson, en þó með fyrirvara, Pálmi Jónsson, Þórarinn Sigurjónsson og Halldór Blöndal.

Frv. þetta hefur meðmæli tilskilinna aðila, svo sem venja er til við slík mál, þ.e. frá sveitarstjórn í Breiðdalshreppi og frá jarðanefnd Suður-Múlasýslu, en þó með skilyrði sem tilgreint er í fskj. með frv. og ég tel eðlilegt að orðið sé við þegar kaup fara fram ef frv. verður samþykkt. Að öðru leyti fer um mál þetta og framkvæmd þess, ef samþykkt verður, svo sem venja er til, að sala jarðarinnar fari samkvæmt ákvæðum jarðalaga og lýtur þetta mál og meðferð jarðarinnar þá einnig ákvæðum ábúðarlaga sem tryggja hagsmuni sveitarfélags og heimaaðila svo sem þau lög segja til um og kunnugt er hv. alþm.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Ég legg til fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og frsm. sem skráður er á nál. minni hluta að ég mælti fyrir málinu, enda er ljóst að hér er mikið forgangsverkefni á ferðinni og mikið liggur nú við að þetta mál nái hér fram að ganga, að ætla mætti, að selja jörðina Streiti fyrir austan. Það hefur orðið niðurstaða minni hl. landbn. að leggjast gegn þessu frv. og eins og segir í nál. munum við streitast móti afgreiðslu málsins og leggjum til að það verði fellt.

Það er vitnað í rökstuðning á nál. minni hl. hv. landbn. Ed. Þar segir m.a., herra forseti, að ekkert liggi fyrir um það að væntanlegur kaupandi ætli að flytjast á jörðina og setjast þar að, enda eru fyrirvarar í samþykktum hvað þetta atriði varðar. Það er að okkar mati algerlega óeðlilegt að gefa slíka lagaheimild á meðan þessi vissa liggur ekki fyrir hendi og óeðlilegt að afgreiða lög þó svo að einhverjir fyrirvarar liggi fyrir hendi í umsögnum einstakra aðila. Það hlýtur að þurfa að vera einhver stefna um það í hvaða tilfellum það er réttlætanlegt að selja land úr opinberri eigu, úr eigu ríkis eða sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila, til einstaklinga ef ekki er þar um að ræða að viðkomandi einstaklingar ætli beinlínis að nytja landið til búskapar og setjast þar að. Það er a.m.k. mín afstaða, herra forseti, að ef svo er ekki þá sé miklu eðlilegra að landið sé í opinberri eða sameiginlegri eigu landsmanna og einkaeignarréttur á stórum landsvæðum í slíkum tilfellum óeðlilegur.

Hér er um það að ræða að einstaklingi, sem búsettur er hér á höfuðborgarsvæðinu, verði leyft að kaupa þessa jörð án þess að það liggi nokkuð fyrir um það að hann hyggist setjast þar að og því er ég andvígur. Auk þess mætti nefna það varðandi þá starfsemi sem talin er upp af hálfu væntanlegs jarðarkaupanda, þ.e. að hann hyggist nytja jörðina fyrir æðarfugl, angórakanínur, garðrækt og fleira, eins og sagt er í nál. minni hl. landbn. Ed., sem ég treysti að hafi kannað það atriði gaumgæfilega, að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að jörðin henti sérstaklega til þessara nytja. Væntanlega gæti þessi búrekstur a.m.k. að verulegu leyti farið fram annars staðar og óþarfi að selja heila jörð fyrir austan undir þetta. (**HBl:** Svo er kanínurækt óarðbær í sjálfu sér.) Síðan kemur það fram hér hjá skrifara deildarinnar að kanínurækt sé óarðbær í sjálfu sér og ekki sé þar af leiðandi ástæða til að ýta mönnum út í hana.

Þetta hefur orðið niðurstaða minni hl. landbn., að leggast alfarið gegn því að þetta frv. verði að lögum og að streitast gegn afgreiðslu þess. Undir nál. rita Jón Baldvin Hannibalsson, Eggert Haukdal og Steingrímur J. Sigfússon.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið þá skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara. Ég get tekið undir það sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sagði hér að stefnan í þessum málum hefur yfirleitt verið sú að menn séu fluttir á

jörðina áður en þeir fá að kaupa hana, þ.e. menn sem eru ekki búsettir á því svæði þar sem jörðin er. Á hitt ber að líta að allir þeir aðilar sem eiga um þetta að fjalla í héraði eru jákvæðir en formaður jarðanefndar Suður-Múlasýslu segir, með leyfi forseta:

„Kaupandi, Magnús Þorleifsson, skuldbindi sig til að lána eða leigja Einari Árnasyni í Felli eða öðrum, eftir tillögum hreppsnefndar Breiðdalshrepps, þær landsnytjar sem hann þarf ekki að nota til eigin búrekstrar og gefi skriflegt loforð um eða yfirlýsingu um það mál."

Ég vil að þetta komi hér fram. Minn fyrirvari byggist á því að ég hef rætt um það við hæstv. landbrh. að hann *noti ekki þessa heimild fyrr en maðurinn hefur flust á* jörðina og hafið þar einhvern búskap. Hann byggist á því.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það líður nú óðum að þingslitum og mér skilst að menn séu hér í óða önn að afgreiða þau mál sem mest sé nauðsyn á að afgreiða áður en þingið fer heim. Hér er komið frv. frá Ed. þar sem lagt er á það höfuðkapp að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu. Það stendur nú svo í íslenskum landbúnaði í dag að vonandi fást þeir fjármunir sem gera það kleift að hægt sé að halda í byggð þeim jörðum sem í byggð eru. En litlar líkur eru á að fjármunir séu til staðar til að hefja uppbyggingu eyðibýla í stórum stíl. Hitt er þó ekki síður undrunarefni að ef maður les hér á bls. 2 það sem fram kemur um þá starfsemi sem ætlunin er að hafa á jörðinni þar til að uppbyggingu er lokið, þá hnýtur maður um það að vissulega er hægt að hirða um æðarvarp og stunda garðrækt án þess að hafa þar vetursetu. En hvernig það er hugsað að hafa þar *kanínurækt* án þess að hafa þar vetursetu, fæ ég ekki skilið, nema hugsunin sé að sleppa þeim á beit og láta ráðast hvað lifir um vorið. (**HBl:** Það voru lengi villtar *kanínur* í *Laxárhólma.*) Ég *heyri* að hv. 2. þm. Norðurl. e. telur að fordæmi séu fyrir slíkri kanínurækt, en mér er ekki ljóst hvort það fordæmi er til fyrir austan.

Ég hygg að það skjóti dálítið skökku við að setja það annars vegar í almenn lög að menn þurfi að sitja í tíu ár á ríkisjörðum áður en þeir eigi rétt á að fá þær keyptar og að þingið taki nú á seinasta degi þingsins ákvörðun um að selja einstaklingi ríkisjörð til búsetu e.t.v. tíu árum áður en hann hyggst setjast þar að því að eins og hér er tekið fram verði bæði kostnaðarsamt og tímafrekt að byggja jörðina upp. Þarna gæti orðið um 20 ára mismunun að ræða á milli þeirra sem þingið vill að hafi forgangsaðstöðu í svona máli og þeirra sem fara hina venjulegu braut. Ég verð því að segja eins og er að allmerkilegur má sá maður vera sem slíka þjónustu á að fá hér í þingsölum.

Ég hygg að hér hafi nefndarmenn hlaupið á sig, hér hafi þeir flýtt sér einum um of. Það er alveg fráleitt að annars vegar séu ákvæði í almennum lögum á þann veg sem ég gat um áðan og hins vegar taki menn sig svo til með undantekningaraðgerðum að afgreiða mál á þann hátt sem hér er lagt til.

Ég hnaut einnig um það að sá aðili, sem nú sækir eftir því að fá jörðina keypta, átti kost á því að fá hana til ábúðar 1983. En eftir að hafa skoðað jörðina treysti hann sér ekki til að taka hana til ábúðar. Þó er það alveg öruggt mál að hann hefði getað fengið jörðina leigða til ábúðar án þess að þurfa að skuldbinda sig til að sitja á henni fyrstu árin hafi húsakostur verið á því stigi að vonlaust væri að setjast þar að. (**HBl:** Hvað á þm. við með því að sitja á jörðinni?) Það er rétt að hið venjulega orðalag er „að sitja jörðina" og skal það tekið til greina.

Ég rek einnig augun í það að þessi jörð er nytjuð af öðrum aðila. Hún er nytjuð af Einari Árnasyni í Felli. Jarðanefnd setur þann fyrirvara að þessum Einari Árnasyni í Felli verði leigðar þær landsnytjar sem verðandi kaupandi telur sig ekki þurfa eða þarf ekki að nota til eigin búrekstrar. Nú sýnist mér að það geti orðið mjög umdeilt atriði. Ég veit bara ekki til þess að jarðir hafi verið seldar af hálfu ríkisins með þeirri kvöð að einhverjum mönnum, sem eru nú dauðlegir, séu um aldur og ævi leigðar þar landsnytjar. Það væri dálítið *erfitt að ganga frá því og mikil spurning* hvernig hæstv. fjmrh. gengi frá því ef á miðilsfundi yrði leitað á hans fund og óskað eftir því að farið yrði eftir lagabókstafnum í þessu efni.

Mér sýnist að allur málatilbúnaður í þessum efnum sé alveg furðulegur þó að ekki sé meira sagt. Auðvitað er það einfalt mál, ef maður les þær umsagnir sem hér eru, að jarðanefnd er í reynd andvíg þessu tiltæki. Það blasir alveg við. Hún telur þetta alveg fráleitt mál. Það hefur hins vegar verið haldið áfram að nudda í henni þar til hún telur að það sé orðið sitt hlutverk að leggja til að mönnum séu seldar jarðir en öðrum aðilum áskilinn réttur til að fá þar landnytjar. (**PJ:** Það er tómt rugl.) Tómt rugl. Það er vel ef hv. 1. þm. Norðurl. v. er farinn að hugsa um málið. Hann virðist ekki hafa gert það til þessa. Hann virðist hafa farið á hundavaði yfir þetta mál, því miður. Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér það sem stendur á 3. bls. í frv.:

„Kaupandi, Magnús Þorleifsson, skuldbindi sig til að lána eða leigja Einari Árnasyni í Felli eða öðrum, eftir tillögum hreppsnefndar Breiðdalshrepps, þær landsnytjar sem hann þarf ekki að nota til eigin búrekstrar og gefi skriflegt loforð eða yfirlýsingu um það mál."

Það fer ekki á milli mála að það er ákveðið að halda vissum kvöðum í þessum efnum. Ég hygg að það hljóti að verða umhugsunarefni hvort menn vilja þá taka ákvarðanir um að fella úr gildi hinar almennu reglur sem gilda um það hvenær ábúandi eigi rétt á að fá keyptar jarðir. Mér sýnist margt þarfara á seinustu dögum þingsins en að vinna að afgreiðslu frumvarpa sem jafnhroðvirknislega hefur verið staðið að og því máli sem hér er til umræðu.

Umr. frestað.

Neðri deild, 98. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 97. fundi.

Málefni Arnarflugs hf., stjfrv. 448. mál (þskj. 1090, n. 1102 og 1103, brtt. 1104). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sem er að finna á þskj. 1103 og er frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Nál. hljóðar þannig:

„Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar. Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur áherslu á að hér er einungis um heimildarlög að ræða og leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem flutt er till. um á sérstöku þskj."

Undir þetta nál. rita Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal.

Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti á þskj. 1102 og leggur til að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Ég vil bæta því við að það hefði verið æskilegt fyrir fjh.- og viðskn. að fá lengri tíma til afgreiðslu þessa máls. Málið var ekki lagt fram fyrr en í morgun og okkur vannst ekki tími til að athuga það svo vel sem við hefðum kosið. Það eru margir lausir endar í þessu máli. En hér er einungis um heimildarlög að ræða og ég hef fullvissað mig um að heimildir verði ekki veittar fyrr en lausir endar hafa verið hnýttir þannig að málið liggi ljósara fyrir en það gerir á þessari stundu.

Rekstur Arnarflugs hefur gengið illa undanfarið og félagið er í mjög miklum erfiðleikum. Rekstraráætlun hljóðar upp á að félagið skili hagnaði á þessu ári. Það er ekkert nýtt í íslenskum flugrekstri að flugfélög eigi í erfiðleikum. Við munum ítrekað eftir erfiðleikum hjá Flugleiðum og eins hjá þessu flugfélagi, Arnarflugi. Björgun Flugleiða á sínum tíma tókst og tókst vel og ég tel persónulega að athugandi hefði verið að fara svipaða leið núna, þ.e. leggja fram hlutafé frá ríkinu og veita félaginu handleiðslu til að sigrast á erfiðleikunum. Það eru ekki allir jafnmiklir ríkisrekstrarmenn og ég í stjórnarliðinu og sú leið var ekki valin. Þess vegna er farið hér í að afla heimilda til ríkisábyrgðar svo fremi sem frekari athugun málsins leiði í ljós að skynsamlegt verði að veita þá ábyrgð.

Það eru tveir kostir fyrir hendi, annaðhvort að hleypa þessu félagi á hausinn eða að rétta því hjálparhönd. Það er margt sem mælir með því að rétta félaginu hjálparhönd. Það er í samkeppni við erlend flugfélög í leiguflugi. Það hefur haslað sér allgóðan völl á þeim markaði og sá markaður mundi tapast úr höndum Íslendinga.

Í öðru lagi er félagið með kaupleigusamning á vél. Hagnaður af honum gæti orðið 4–5 millj. dollara. Ef félagið strandaði núna væri sá hagnaður enginn. Þá mundu Ameríkumenn hirða hann.

Þá má geta um það að áliti landsins út á við væri stefnt í hættu ef ekki væri staðið við gerða samninga og gerðar skuldbindingar og álit landsins sem ferðamannalands mundi bíða mikinn hnekki. Ferðamannaþjónusta innanlands mundi enn fremur bíða augljósan hnekki við það að áætlanir Arnarflugs stæðust ekki. Félagið hefur lagt í verulegan kostnað vegna auglýsingaherferðar vegna ferðamanna til Íslands. Svo mætti lengi telja.

Þess vegna teljum við rétt að hér sé opin heimild til fjmrh. f.h. ríkissjóðs að veita Arnarflugi sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Við meirihlutamenn munum að sjálfsögðu fylgjast áfram með framvindu málsins. Við flytjum brtt. á þskj. 1104 við 2. gr. 3. tölul. sem orðast þannig:

„Öll opinber gjöld við ríkissjóð, sem í vanskilum eru, verði greidd upp á næstu fjórum árum. Fjmrh. er heimilt að semja um greiðsluhætti."

Þetta er breyting frá því sem segir í frv. þar sem lagt er til að öll opinber gjöld við ríkissjóð, sem í vanskilum eru, verði greidd upp ásamt viðurlögum af andvirði þess láns sem tekið verður með ríkisábyrgð. Að sjálfsögðu gerum við ráð fyrir því og það þarf ekki að taka það fram að vanskilin og þessar skuldir verða að greiðast með viðurlögum þó að það sé ekki tekið fram í þessum texta.

Önnur atriði, sem eru skilyrði ríkisábyrgðar, standa óhreyfð, þ.e. í fyrsta lagi að fyrir liggi skilyrðislaus loforð um nýtt hlutafé í fyrirtækinu að fjárhæð a.m.k. 95 millj. kr., verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1986. Í öðru lagi, réttindi skv. kaupleigusamningi, sem Arnarflug hf. hefur gert upp um flugvélina TF-VLT (Boeing 737-205 C), skulu vera til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarinnar. Fjmrh. ákveður nánar framkvæmd þessa ákvæðis og setur þá skilmála sem nauðsynlegir þykja til að draga úr áhættu ríkissjóðs.

4. liðurinn hljóðar þannig: „Enn fremur að uppfyllt verði önnur þau skilyrði sem nauðsynleg þykja að mati fjmrh."

Við leggjum sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem getið er um á þskj. 1104.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 1102 skila fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í fjh.- og viðskn. Nd. nál. um frv. til l. um málefni Arnarflugs.

Margt mætti um þetta mál segja. Ýmislegt kom fram í nefndinni núna áðan sem benti til þess að þeir endar, sem voru taldir fastir, virðast nú lausir. Ríkisstj. vill að þetta mál fari í gegnum þingið. Ríkisstj. vill stofna til verulegrar áhættu ríkissjóðs í þessu efni. Ríkisstj. hefur meiri hluta á Alþingi og getur knúið fram vilja sinn. Hún hefur ákveðið á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun að hún og stjórnarflokkarnir beri alla ábyrgð á þessu máli. En viðræður við stjórnarandstöðuflokkana fóru fyrst fram seinni partinn í gærdag. Þess vegna vísum við þessu máli og ábyrgðinni af því alfarið á hendur ríkisstj.

Í nál. fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í fjh.- og viðskn. Nd. er lagt til að frv. verði frestað og vísað frá með rökstuddri dagskrá eða eins og segir í nál., með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og rætt við málsaðila. Hefur komið fram að tryggingar vegna ríkisábyrgðar eru óljósar og ófullnægjandi." — Hér tel ég að sé mildilega til orða tekið. — „Jafnframt kom fram að engan veginn væri ljóst að þær ráðstafanir, sem í frv. felast, tryggi á nokkurn hátt stöðu þess fyrirtækis sem ætlunin er að aðstoða. Af þeim ástæðum leggur minni hl. nefndarinnar til að frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Málið er illa undirbúið og engar upplýsingar fyrirliggjandi um að hlutafé skili sér né heldur að kaupleigusali sé tilbúinn til að fallast á að ríkið gangi inn í kaupleigusamninginn. Þá er engan veginn ljóst að frv., þó að lögum verði, leysi nokkurn vanda til frambúðar fyrir ferðamannaiðnaðinn eða Arnarflug hf. Af þessum ástæðum samþykkir deildin að fela ríkisstj. að vinna betur að málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nál. þessu."

Undir þetta rita Svavar Gestsson og Jón Baldvin Hannibalsson.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara frekar að ræða um einstök atriði varðandi flugfélag þetta. Ég vil aðeins segja það að ég tel að sú brtt., sem meiri hl. flytur í þessu máli, sé í rauninni síst til bóta. Þar er verið að opna fyrir það að vanskilagjöld fyrirtækisins við ríkissjóð verði gerð upp með skuldabréfum til fjögurra ára og fjmrh. er heimilt að semja um greiðsluhætti. Það þýðir, segir hv. frsm. nefndarinnar, að það eigi að tryggja að fyrirtækið greiði viðurlög vegna þess sem í vanskil er komið eða í vanskil fer. Hins vegar er ekki ljóst hvort hér er verið að gefa því undir fótinn að fella niður opinber gjöld af þessu fyrirtæki, þ.e. lendingargjöld eða flugvallarskatta eða önnur slík gjöld sem fyrirtækinu er gert að greiða á hverjum tíma. Nauðsynlegt er, herra forseti, að fá um það alveg afgerandi upplýsingar frá meiri hl. nefndarinnar: Er meiri hl. hér að leggja til að opinber gjöld upp á tugi millj. kr. verði felld niður af þessu fyrirtæki eða ekki?

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að hafa mál mitt ítarlegra að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Í tilefni orða síðasta ræðumanns vil ég taka fram að hér er ekki verið að leggja til að flugvallarskattur eða önnur opinber gjöld verði felld niður, heldur er það skoðun meiri hl. að þessi gjöld verði að greiðast upp. Hins vegar setjum við inn heimild til fjmrh. að semja við fyrirtækið um greiðsluáætlun á þessum gjöldum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var kynnt fulltrúum stjórnarandstöðunnar í gærkvöldi var lögð á það mikil áhersla af hálfu talsmanna ríkisstj. að það væri ófrávíkjanlegt skilyrði og grundvallaratriði að opinber gjöld fyrirtækisins yrðu greidd af því ríkisábyrgðarláni sem um var verið að ræða. Þetta var stutt mjög ströngum rökum. Fordæmisins vegna væri ógerningur að gera minni kröfu í þessum efnum. Það var nefnt að vegna þjóðarréttar væri ekki unnt að mismuna flugfélögum t.d. að því er varðar lendingargjöld og að því er varðaði innheimtu á svokölluðum flugvallarskatti væri hér um að ræða innheimtufé sem bæri að skila og fordæmisins vegna væri ekki unnt annað en að gera þessar kröfur.

Nú kemur á daginn að loknum fundi í fjh.- og viðskn. að ríkisstj. snýr sjálf öllum þeim rökum öfugt sem hún notaði í gærkvöldi. Sýnir það kannske hvað best hvernig þetta mál er undirbúið. Hitt er svo annað mál að það er ógerningur hér úr þessum ræðustól að ræða þetta mál vegna þess að fyrirtækið er í þeirri stöðu að það á líf sitt undir því komið hver verða viðbrögð þeirra aðila sem lýst hafa áhuga sínum á að kaupa þarna hlutafé. Hvað svo sem maður kynni að segja hérna úr ræðustól um raunverulegar staðreyndir málsins kann það að hafa ófyrirséð áhrif og þess vegna er ógerningur að ræða málið.

Mín niðurstaða er fyrst og fremst sú að leitt hafi verið í ljós á þessum fundi að sú aðstoð, sem verið er að fara fram á af hálfu ríkisstj. í þessu máli, dugi ekki til að ná settum markmiðum. Fyrir okkur fulltrúa stjórnarandstöðunnar er yfirleitt ekkert meira um það að segja. Við viljum reyna að gæta þess a.m.k. á þessum tíma að segja ekkert það sem gæti skaðað hagsmuni fyrirtækisins að svo stöddu. En það er alveg ljóst að miðað við þá stöðu sem við erum í getum við ekki sagt annað: Málið var illa undirbúið. Það dugar ekki til að leysa þann vanda sem því var ætlað að gera og forsendur fyrir aðgerðunum standast ekki.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða tíma þingsins á þessum síðustu mínútum eða klukkustundum fyrir þinglok til þess að reifa þær ástæður sem eru að baki minni afstöðu. Þær hafa þegar komið fram á nál. minni hl. En ég verð þó að hafa hér nokkur orð um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu máli.

Það kom í ljós á nefndarfundi áðan um þetta mál að stjórnvöld hafa vitað frá því í nóvember a.m.k. hver vandræði þessa flugfélags hafa verið. Reyndar voru höfð það sterk orð um það að það væri hreint á heljarþröminni. Hvernig stendur á því að þessu er fleygt hér inn á þingið hreinlega á sólarhringnum áður en því á að ljúka og ætlað að vinna svo hroðvirknislega að málinu? Þetta eru óviðunandi vinnubrögð.

ATKVGR.

Till. um rökst. dagskrá á þskj. 1102 felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, GeirG, GJG, GA, HG, JS, JBH, KP, KH, KSK.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, GHH, RH, StH, SvH, ÞP, ÞS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GHelg, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, IG.

StG, SV greiddu ekki atkv.

5 þm. (AS, EBS, GSig, KMK, KJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er ljóst að rekstur Arnarflugs stöðvast verði umrædd sjálfskuldarábyrgð ekki veitt. Hún tryggir hins vegar á engan hátt framtíð félagsins, það er ljóst. En með tilliti til afkomu starfsmanna fyrirtækisins og í trausti þess að skynsamleg samvinna takist á milli Flugleiða og Arnarflugs í stað þeirra strákslegu vinnubragða sem viðgengist hafa af beggja hálfu og í trausti þess að fjmrn. hafi strangt eftirlit með þróun fyrirtækisins segi ég nei.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 1104 samþ. með 21:3 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, stjfrv. 205. mál (þskj. 1098). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Meiri hl. fjh.- og viðskn. er samþykkur þeirri breytingu sem gerð hefur verið á frv., enda er hún einungis leiðrétting á texta sem misritaðist þegar málið var hér til umræðu í deildinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1107).

Neðri deild, 99. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 98. fundi.

Málefni Arnarflugs hf., stjfrv. 448. mál (þskj. 1112). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verslun ríkisins með áfengi, stjfrv. 400. mál (þskj. 741). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HÁ, HBl, JS, JBH, KP, KSK, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, GHH, RH, StH, SvH, ÞP, ÞS, BÍG, FrS, GB.

nei: GHelg, HG, ÓÞÞ, StG, SV, SJS, SvG, GeirG, GJG, IG.

EH, FÞ greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (KJóh, KH, AS, EBS, GSig, KMK, GA) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1108).

Viðey í Kollafirði, stjfrv. 414. mál (þskj. 764, n. 1067 og 1081). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um það að heimila ríkisstj. að afhenda Reykjavíkurborg að gjöf til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Viðey í Kollafirði, þar með talin hvers kyns mannvirki. Er afhendingin háð því skilyrði að Reykjavíkurborg taki að sér og kosti verndun þeirra minja sem eru á eynni og afhentar eru.

Meiri hl. menntmn. mælir með samþykki þessa frv., enda er sú gjöf, sem hér um ræðir, höfðingleg og virðuleg í senn.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Á 107. löggjafarþingi árið 1984 bar það til að flutt var þáltill. um endurreisn Viðeyjarstofu. Af grg. mátti ráða að að því var stefnt að endurreist Viðeyjarstofa yrði virðuleg afmælisgjöf íslenska ríkisins til höfuðborgarinnar á tveggja alda afmælinu. Í niðurlagi grg. sagði þar, með leyfi forseta:

„Þann 18. ágúst 1986 verða liðnar tvær aldir frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi. Af því tilefni væri við hæfi, þótt seinna komi til ákvörðunar, að íslenska ríkið færi höfuðborg sinni að gjöf eignarhluta sinn í Viðey og endurreista Viðeyjarstofu til minningar um Skúla fógeta, föður Reykjavíkur."

Flm. að þessari till. voru auk þess sem hér talar hv. þm. Friðrik Sophusson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Gunnar G. Schram, Haraldur Ólafsson, Kjartan Jóhannsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson og Svavar Gestsson. M.ö.o., þm. Reykjavíkur og Reykjaness. En landeignir Viðeyjar til forna voru í báðum þessum núverandi kjördæmum.

Mér þykir ákaflega leiðinlegt til þess að vita að þessu máli hefur verið herfilega klúðrað hér eins og reyndar ekki er einsdæmi. Nú láta menn sér það sæma að flytja hér stjfrv. um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði, þ.e. láta sér það sæma að gefa höfuðborg sinni í afmælisgjöf á tveggja alda afmælinu rústir einar. Eins og segir í nál. minni hl.: „Frv. ríkisstj. um að gefa höfuðborginni rústir í afmælisgjöf er lágkúra, hvort sem það er við hæfi ríkisstj. eða ekki. En ekki er það til sóma." Minni hl., sá sem hér stendur, þvær hendur sínar af þessari hermdargjöf.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er búið að standa svo að þessu máli að undrun sætir. Flutt var þáltill. af hv. 5. þm. Reykv. þar sem lagt var til að gefa Reykjavíkurborg eignarhlut ríkisins í Viðey ásamt þeim húsum sem þar voru. Átti að gera við þau og einnig átti að gera þar aðra hluti. En okkur skilst að nú þegar Alþingi samþykkir hér að verða við þessum tilmælum í öllum aðalatriðum hafi svo snúist veður að það sé talað um hermdargjöf að hljóta þessar eignir.

Ég verð að segja eins og er að mig undrar það mjög hvernig menn geta snúið sínum málflutningi. Til að fyrirbyggja allan misskilning, þá lít ég á það sem sjálfgefið að Reykjavíkurborg sé ekki skyldug að þiggja gjöfina. Ef það færi svo að hv. 5. þm. Reykv. mæti það rétt að þetta væri gegn vilja borgarstjórnarmeirihluta í Reykjavík hlýtur það því að sjálfsögðu að enda með því að þessi hús og þetta land verði áfram eign ríkisins.

Ég tel að hv. 5. þm. Reykv. hafi fullyrt hér helst til mikið þegar hann talaði um að verið væri að ákveða að gefa rústir einar. En ég vildi gjarnan fá upplýsingar frá honum um það hvort það liggi fyrir að fulltrúar Alþfl. í borgarstjórn Reykjavíkur muni leggjast gegn því að borgin þiggi þessar eignir að gjöf og einnig hvort hann hafi um það fréttir að aðrir fulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur leggist gegn því að borgin þiggi þessar eignir að gjöf. Því að það er að sjálfsögðu ekki ætlunin með stuðningi við þetta mál að móðga á nokkurn hátt borgarstjórn Reykjavíkur.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Það er fornt spakmæli að hver er sínum gjöfum líkastur. Sá sem gefur rústir er þá væntanlega sjálfur í rúst. Vegna ummæla hv. þm. þess efnis að einhver hafi snúist í afstöðu sinni, þá er það náttúrlega misskilningur. Till. var upphaflega um það að Alþingi sæi sóma sinn í því að verja til þess fjármunum að endurreisa stofuna í upphaflegri mynd þannig að hana mætti nýta m.a. til ráðstefnuhalds og veitingahalds í væntanlegum fólkvangi Reykjavíkur. Að ábendingu hv. 5. þm.

Reykn., Geirs Gunnarssonar, var bætt inn í till. jafnframt að gerðar skyldu ákveðnar lendingarbætur í eynni. Við þetta var hreinlega ekki staðið. Hús hafa áfram grotnað niður, fjárveitingar voru ekki veittar, eftir sitja rústirnar og er svo hver sjálfur líkur sínum gjöfum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 91. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 3 síðdegis.

Málefni Arnarflugs hf., stjfrv. 448. mál (þskj. 1112). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um málefni Arnarflugs. Ríkisstj. tók ákvarðanir um það í gær að tillögu samgrh., sem um nokkurt skeið hefur fjallað um málefni þessa fyrirtækis, að leita eftir heimild til ríkisábyrgðar. Meginefni frv. felst í því að fjmrh. yrði heimilt að veita Arnarflugi sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið yrði til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins. Lánið má samkvæmt frv. nema allt að 2,5 millj. bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum. Jafnframt yrði ríkissjóði heimilt að taka þátt í greiðslu vaxta af láninu.

Svo sem kunnugt er hefur Arnarflug verið rekið með allmiklu tapi undanfarin ár þannig að bókfært eigið fé fyrirtækisins um síðustu áramót var neikvætt sem nemur umtalsverðum fjárhæðum. Bráðabirgðauppgjör endurskoðenda hefur legið fyrir og verður að sjálfsögðu til athugunar í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar. Fullnaðaruppgjör á reikningum fyrirtækisins liggur hins vegar ekki fyrir enn, en stöðu fyrirtækisins má glöggt ráða af því bráðabirgðauppgjöri sem fyrir liggur.

Það er nokkuð óvenjulegt í þessu máli að Arnarflug hf. getur ekki lagt fram venjubundnar tryggingar fyrir ríkisábyrgð á lánum utan réttindi sín samkvæmt kaupleigusamningi um Boeing 737 flugvél félagsins.

Það er erfitt á þessari stundu að áætla verðmæti þessara réttinda, en þau felast einkum í því að fyrirtækið á samkvæmt samningi rétt til þess að kaupa flugvélina fyrir um 4,5 millj. bandaríkjadala eftir u.þ.b. þrjú ár. Markaðsverð flugvéla af þessari gerð er að sögn forráðamanna Arnarflugs talið vera 8–9 millj. bandaríkjadala. Á móti kemur að standa verður undir leigugreiðslum fram að þeim tíma að kaupréttur verður virkur, en miðað við núverandi aðstæður stendur þó eftir að ætla má að nokkur verðmæti séu fólgin í því að geta nýtt sér þennan kauprétt þegar þar að kemur. Rétt er þó að taka fram að það verður ekki einfalt mál að ganga frá viðkomandi tryggingum fyrir ríkisábyrgð í réttindum samkvæmt slíkum samningi. Besta tryggingin sem ætla má að út úr þessu geti fengist er sú að fengið verði samþykki leigusala og annarra hlutaðeigandi samþykktaraðila fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður geti gengið inn í réttindi og skyldur samkvæmt samningnum hvenær sem er leigutímans, verði þess talin þörf. Og verður unnið að því að ganga frá tryggingum með þeim hætti.

Af hálfu ríkisstj. er þessi ríkisábyrgð hugsuð sem einn þáttur í aðgerðum til að koma fjárhag fyrirtækisins á réttan kjöl svo það geti starfað áfram. Fyrir því eru talin rök að nauðsynlegt hljóti að teljast að samkeppni innlendra fyrirtækja sé fyrir hendi í millilandaflugi, þótt á mismunandi flugleiðum sé, og fyrir því er þetta frv. lagt fram.

Frv. gerir ráð fyrir því að heimild til ríkisábyrgðar sé bundin mjög ákveðnum skilyrðum. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að auka mjög verulega eigið fé fyrirtækisins og því er gerð krafa um að það verði aukið um a.m.k. 95 millj. kr. Þar sem ljóst er að hlutafjárloforð verða ekki greidd strax að fullu þykir nauðsynlegt að setja það skilyrði einnig að sá hluti hlutafjárloforðanna sem ekki greiðist þegar í stað verði verðtryggður.

Þá er gert ráð fyrir því að ríkissjóður geti, eins og ég hef áður sagt, gengið inn í kaupleiguréttindi varðandi þá flugvél sem um ræðir og flugfélagið hefur á kaupleigu. Er gert ráð fyrir að leitað verði samþykkis eiganda flugvélarinnar fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður geti gengið inn í bæði réttindi og skyldur samkvæmt kaupleigusamningnum, ef nauðsyn krefur.

Loks er gert ráð fyrir því að öll opinber gjöld við ríkissjóð sem í vanskilum eru verði greidd upp. Hv. Nd. gerði þá breytingu á þessu skilyrði í meðferð málsins í deildinni að heimilt er að semja um að þessi gjöld verði greidd á fjórum árum og fjmrh. semji um greiðsluhætti og greiðslukjör. Önnur efnisbreyting felst ekki í þessari breytingu. Það eru áfram skýlaus skilyrði að öll opinber gjöld ríkissjóðs, sem eru í vanskilum, verði greidd upp ásamt með viðurlögum. Og í ákvæðinu felast engar tilslakanir í þessu efni.

Nauðsynlegt þótti að setja þessi ákveðnu skilyrði fyrir því að ríkisábyrgð yrði veitt samkvæmt þeim heimildum sem frv. greinir.

Ég sé ekki, frú forseti, að ástæða sé til að fara fleiri orðum um frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns upplýsa það að fyrir hendi er samkomulag um að koma þessu máli hér í gegnum deildina og ég hef staðið að því. Ég get samt sem áður ekki látið hjá líða að ræða þetta frv. þó að það verði kannske ekki með jafnumfangsmiklum hætti og ég hefði kosið ef aðstæður hefðu verið aðrar. Ef við snúum okkur beint að frv. sjálfu, án þess að skoða beint hver afstaða mín eða okkar bandalagsmanna er til þess, þá er best að byrja á orðum hæstv. fjmrh. þar sem hann sagði í máli sínu að nokkuð óvenjulegt væri að veð vantaði fyrir þessari ríkisábyrgð. En þannig háttar til með ríkisábyrgðir að til þess að þær megi veita samkvæmt lögum, þá eru veðmörk 70% sem kallað er, þ.e. að samtals áhvílandi lán sem eru á undan í veðröð + ábyrgðarlán mega nema þessari prósentu samanlagt af matsverði eigna.

Nú er það þannig að allar aðrar eignir Arnarflugs eru

svo veðsettar að þar er ekki nokkurs staðar pláss fyrir veð af þessu tagi né varla nokkurt annað veð og því verður að fara þessa mjög svo sérkennilegu leið að taka í raun og veru veð í engu.

Það skal upplýst áður en lengra er haldið að ég er andvígur þessu frv. og mun greiða atkvæði gegn því. Ég tel að mál eins og þetta gefi hvað allra besta mynd af því hvers lags skötulíki er orðið á flokkakerfi íslenskra stjórnmála. Ræði maður við venjulegt fólk á götunni, þá heldur það margt hvert í sakleysi sínu að hin helsta flokkaskipting hér á Íslandi sé sú að annars vegar standi Sjálfstfl., útvörður hins frjálsa framtaks, einstaklingsframtaksins svokallaða og frjálsra viðskipta, en á hinum endanum standi Alþb. grátt fyrir járnum, verjandi ríkiseignar á allri framleiðslu og rekstri, og berjist fyrir því að koma öllum hlutum undir hramm ríkisins. Hérna erum við með frv. þar sem hlutunum er gersamlega snúið við, því að hérna er Sjálfstfl. í forgöngu um það að taka að sér rekstur Arnarflugs næstu 3–4 árin, gera Arnarflug að ríkisflugfélagi. Þannig ætla menn að standa að því að bjarga því heilaga máli sem kallast frjáls samkeppni og sér er nú hvert frelsið í henni þá orðið.

Það fær enginn séð hvaða skaði er að því þó að Arnarflug fari á hausinn, eins og sagt er. Auðvitað tapa einhverjir menn þar einhverjum peningum, menn sem lögðu í ákveðna áhættu. En það þarf enginn að segja mér það að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því að þeir voru að taka áhættu þegar þeir lögðu út í hana. Það er lögmál frjálsrar samkeppni að menn annaðhvort standa eða falla. Og ef þetta lögmál fær ekki að ráða þá erum við ekki að tala um frjálsa samkeppni.

Nú gerum við okkur grein fyrir því að þetta fyrirtæki fór af stað á vitlausri löpp þar sem því var gert að innbyrða og kyngja öðru flugfélagi sem fyrir var og hafði í raun og veru farið á hausinn en var „bjargað" með þeim hætti að troða því upp á eigendur þessa flugfélags. Þær skuldbindingar sem tengdust þessu fyrra flugfélagi urðu því sem hér um ræðir náttúrlega ofviða þegar fram liðu stundir. Við stóðum hér í mjög svipuðum sporum fyrir tveimur árum síðan, árið 1984. Þá var um það að ræða að veita ríkisábyrgð upp á u.þ.b. 150 þús. dollara sem var hægt að finna veðmöguleika fyrir með nákvæmri skoðun. Þá lögðu menn einna mesta áherslu á rekstraráætlun Arnarflugs fyrir næstu tvö árin, þ.e. 1984 og 1985. Samkvæmt þeirri rekstraráætlun átti hagnaður af Arnarflugi við árslok 1985 að vera 616 þús. bandaríkjadollara. Á þessu byggðu menn einna helst röksemdir sínar og réttlætingu á því að veita ríkisábyrgð fyrir þessu 150 þús. dollara láni sem þá var verið að tala um.

Hvað sem því líður er alveg greinilegt að bjartsýni manna 1984 hefur ekki ræst og ég tel í sjálfu sér ekki neina ástæðu til að ætla það að bjartsýni manna rætist neitt frekar. Og jafnvel þó að bjartsýni manna varðandi rekstur fyrirtækisins rætist, þá er enn þá alls ekki fyrir endann séð á því hvaða áhrif það hefur á stöðu fyrirtækisins, þar sem allar eignir þess — og ekki eignir þess heldur einfaldlega leigusamningur — er meira og minna allt saman veðsett upp í topp.

Ég verð að viðurkenna það að þegar ég horfi upp á hæstv. fjmrh., formann Sjálfstfl., koma hér í ræðustól og biðja um þessa heimild, þá sé ég hann fyrir mér sem fulltrúa stærsta sósíalistaflokks landsins og þó víðar væri leitað. Því að ég get ekki séð að sá flokkur, sem býður sig fram hér hvað eftir annað í kosningum sem sporgöngumaður hins frjálsa framtaks, geti varið það að standa í því að rugla frjálsa samkeppni með jafnheimskulegum hætti og hér um ræðir. Ef það er hægt að reka flugfélag hér á Íslandi í millilandaflugi í samkeppni við Flugleiðir, þá er það hægt. En þá er það bara einfaldlega ekki hægt á þeim grundvelli sem þetta flugfélag er rekið. Þá verður það bara að fá að fara á hausinn og það verður að verða til annað flugfélag sem þá er hugsanlega stofnað til og rekið með eitthvað öðrum og betri hætti en þetta. En þessi leið til að bjarga málum er ekki hin rétta og er gjörsamlega í andstöðu við allt það sem talað er um þegar menn eru að tala um aukið frjálsræði hér í atvinnurekstri, og þess vegna einnig gjörsamlega í andstöðu við öll þau góðu áform sem menn hafa uppi um bætta stöðu í efnahagslífi. Ég held að það verði mjög erfitt fyrir skattgreiðendur og mjög erfitt fyrir ýmsa þá, sem um sárt eiga að binda núna í sínum eigin efnahagsmálum, að horfa upp á það að menn skuli allt í einu geta réttlætt jafnstórfengleg útlát, eins og þetta getur kostað okkur, með jafnlitlum forsendum og raun ber vitni, á meðan menn ganga hér grátandi á milli banka og lánastofnana til þess að reyna að bjarga eigum sínum undan nauðungaruppboðum.

Það er eitt annað atriði líka í þessu máli sem ég vildi aðeins minnast á undir lokin sem snertir það grundvallaratriði að ríkið reki eða eigi, eða eigi aðild að með þeim hætti sem hér um ræðir rekstri stórfyrirtækja sem þjóna jafnmörgum og þau þjóna. Þannig háttar til að fyrirtæki eins og þetta selur þjónustu sína á mjög mismunandi verði. Eitt sæti í flugvél er selt jafnvel í sama flugi á mismunandi verði eftir því hvort menn eru að ferðast með einhverjum svokölluðum afsláttarfargjöldum eða ekki. Þ.e. annars vegar er farið fram á það að þeir hinir sömu, sem njóta þjónustu þessa fyrirtækis, leggi hugsanlega ærið fé af mörkum til þess að halda því gangandi. Hins vegar er ætlast til þess að þegar þeir setjast upp í flugvélina þá greiði þeir mjög mismunandi gjöld fyrir þá þjónustu sem þeir sjálfir standa undir. Það er ekki samræmi í þessu. Í raun og veru ætti hin beina afleiðing að vera af þessu líka að fyrir alla þá aðila, sem eru að leggja sitt af mörkum til þess að þetta flugfélag haldist í rekstri, gildi það sama. Að þeir eigi jafnan rétt hvað viðvíkur kostnaði á fargjöldum, eitt og sama fargjald fyrir alla sem með þessu flugfélagi ferðast. Ég trúi því að þeir menn sem leggja til hlutafé í þetta félag fái fyrir það einhverja umbun þegar þeir nýta sér þjónustu þess annaðhvort sem farþegar eða sem flytjendur. Og ég get ekki séð annað en að skattgreiðendur í þessu landi eigi þar engu síðri rétt en þeir sem kalla sig eigendur, en kalla sig ekki eigendur nema með því skilyrði einu að skattgreiðendur hér á landi taki á sig áhættuna af því að halda úti rekstri þessa fyrirtækis.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Þar sem nú líður óðum að þinglausnum er óhjákvæmilegt að tefja ekki tímann heldur fara fáum orðum um hvert mál. En auðvitað er þetta mál svo seint á ferðinni að undrum sætir og málið svo stórt í eðli sínu að það hlýtur að kalla á verulega umræðu ef vel á að vera.

Hér er um að ræða það að ríkissjóður taki ábyrgð á láni að upphæð rúmar 100 millj. kr. til að styrkja

greiðslustöðu fyrirtækisins Arnarflugs, eins og fram kemur í upphafsorðum athugasemda við frv. Sá galli er á þessari gjöf Njarðar að við veitingu ríkisábyrgðar er bersýnilega ekkert veð að fá fyrr en í febrúarmánuði árið 1989 því að veðið, sem boðið er, er kaupleigusamningur sem bersýnilega verður ekki virkur sem veðandlag fyrr en eftir að afsal hefur verið gefið út af hálfu seljanda. Og það verður ekki fyrr en í febrúarmánuði 1989 þótt að vísu megi segja samningnum upp í maímánuði 1988. Það eru engar líkur á því að seljandi vélarinnar samkvæmt þessum kaupleigusamningi muni samþykkja að ríkið taki veð í þessum samningi vegna þess að hagsmunir seljandans eru bersýnilega á allt annan veg og þar af leiðir að þarna er ekkert veð að hafa fyrr en eftir rúm tvö ár. Ég hygg að aldrei hafi verið veitt ríkisábyrgð sem grundvölluð hefur verið með jafnótraustum hætti og þessi.

Það er alveg ljóst að hér er lagt út í mikið happdrætti. Ef vel tekst til og félagið verður rekið með hagnaði næstu árin, þá sleppur ríkið frá þessari áhættu. Vissulega er ekki alveg útilokað að svo fari því að bensínverð fer nú óðfluga lækkandi og dollarinn hefur lækkað í verði, en útgjöld fyrirtækisins eru fyrst og fremst í dollurum meðan aftur á móti tekjurnar eru í Evrópugjaldmiðlum. Þannig að að þessu leyti eru horfur í rekstri fyrirtækisins bjartari en verið hefur og hlýtur að vekja einhverja bjartsýni um að ekki þurfi endilega að takast illa til. Hitt er ljóst að allar fyrri áætlanir félagsins hafa brugðist. Vonir manna um að félagið næði sér upp úr kviksyndinu hafa brugðist og í sjálfu sér engin vissa fyrir því að svo muni ekki áfram verða.

Ef illa fer, sem allt eins getur orðið samkvæmt framansögðu, þá er um tvennt að ræða. Annaðhvort hefur ríkið tapað þessum rúmlega 100 millj. kr. vegna þess að það hefur enga tryggingu fyrir ábyrgðinni eða að ríkið neyðist til að halda fyrirtækinu gangandi og forða því frá gjaldþroti frá mánuði til mánaðar, ef gjaldþrot skyldi blasa við, meðan beðið er eftir því að kaupleigusamningurinn verði virkur fyrir kaupanda og hann öðlist afsal fyrir eigninni. Sem sagt: Það gæti farið svo, ef illa til tekst, að fyrirtækið yrði nánast rekið á vegum ríkissjóðs og fyrir hans reikning vegna þess að það væri talið að með því að halda í kaupleigusamninginn og láta hann verða virkan í ársbyrjun 1989, þá ynnist meira en hitt sem tapast ef ábyrgðin verður virk gagnvart ríkinu.

Það er því ekkert út í bláinn þegar hv. seinasti ræðumaður talaði um það að nánast væri verið að þjóðnýta þetta fyrirtæki. Þetta væri viss tegund af sósíalisma og af því tilefni kallaði hann flokk fjmrh. stærsta sósíalistaflokkinn hér á Íslandi. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki sanngjarnt gagnvart Alþb.) Nei, í fyrsta lagi er það ekki sanngjarnt gagnvart þeim sem bera þetta nafn með rentu, það er rétt. Það er hrikalega ósanngjarnt að óhreinka svo þetta hugtak að nota það á Sjálfstfl. og í öðru lagi er það efnislega alrangt, því að það er auðvitað ein sérstök tegund af sósíalisma sem Sjálfstfl. getur fallist á. Það er sá sósíalismi sem kenndur hefur verið við andskotann og felst í því að þjóðnýta tapið en láta aftur einkaeigendurna hirða gróðann. Það er þessi sérstaki sósíalismi, sem auðvitað á ekkert skylt við sósíalisma Alþb., sem Sjálfstfl. aðhyllist og felst í þessu tilviki í því að þjóðnýta tap upp á 100 millj. kr.

Ég þarf sem sagt ekki að fara neitt frekari orðum um það eða tefja deildina frekar með máli mínu. Það er svo augljóst sem nokkuð getur verið að hér er ríkið og ríkissjóður og fjmrh. fyrir þess hönd að vaða út í meira fjárhagslegt kviksyndi en dæmi eru til á seinni árum ef Hafskipsævintýrið er undanskilið. Hér er tekin geysileg áhætta. Ég er ekki að segja að ríkissjóður þurfi endilega að tapa í þessu hættuspili. Ég lýsti því áðan að það eru vissulega möguleikar á að þetta gæti bjargast, þetta gæti sloppið fyrir horn og þar með töpuðust ekki þessar 100 millj. En hitt er bersýnilega allt eins líklegt, ef ekki líklegra, að þessar 100 millj. tapist. Hér er tekin allt of mikil áhætta. Málið er allt of illa undirbúið og raunar allt of seint á ferðinni og því er nokkuð ljóst að ég treysti mér ekki til að bera ábyrgð á því. Mér sýnist alveg ljóst að hér er vaðið út í kviksyndi og mjög óvíst að fjmrh. komist út úr því á nýjan leik.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu með langri tölu. Mig langar hér aðeins til að beina einni fsp. til hæstv. fjmrh.

Eins og hér hefur komið fram er áhætta ríkissjóðs mjög mikil í þessu máli og jafnframt hefur komið fram á fundum fjh.- og viðskn. beggja deilda að vafasamt má teljast að þrátt fyrir þessa miklu áhættu muni þær ráðstafanir sem frv. hljóðar upp á duga til að ná tilætluðum árangri. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh.: Fyrst farið er af stað með svona mál og því léð það liðsinni sem því er þó gert í þessu frv. hvers vegna er þá ekki búið svo um hnútana að tryggt megi teljast að aðstoðin af hálfu ríkisins nái tilætluðum tilgangi?

Þessu til rökstuðnings vil ég nefna að á fundi fjh.- og viðskn. kom fram að það er ekki í valdi Arnarflugs hf. að framselja eða setja veð í þann kaupleigusamning, sem vísað er til í 2. lið 2. gr. og sem skal vera trygging fyrir áhættu ríkissjóðs. Hér hefur verið bent á réttilega að á ferðinni sé hæpin trygging þar sem samningurinn verður ekki virkur fyrr en í febrúar 1989. Því hefði verið eðlilegra, úr því að málum er svona komið og úr því að það er farið af stað með þetta mál á annað borð, að ríkisábyrgðin væri óbundin.

Nú hefur að vísu komið fram brtt. er varðar skuldir Arnarflugs við ríkissjóð sem gerir það að verkum að sennilega verður það atriði ekki til að draga máttinn úr þessum aðgerðum. En spurning mín er sú fyrst og fremst: Fyrst farið er af stað, hvers vegna er farin hálf leið en ekki öll leiðin?

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er alveg augljóst að hér er sósíalismi andskotans á ferðinni. Mál þetta er mjög illa undirbúið. Það er ekki hægt að svara því til hver reikningsstaða fyrirtækisins er. Það liggur ekki fyrir. Hins vegar liggur það fyrir að tap hefur verið hjá félaginu undangengin ár á flestöllum leiðum. Það liggur fyrir að tap er á innanlandsflugi. Tap er á hluta utanlandsflugs og óráðið er með annað. Það er ljóst að önnur flugfélög geta tekið að sér innanlandsflugið, önnur flugfélög en Flugleiðir ef menn vilja hafa samgangi í þeim efnum, og það liggur líka ljóst fyrir hvað varðar utanlandsflugið að ef menn óttast Flugleiðir, það að þær skuli vera einar á markaðinum, þá er hægt að leysa það með öðrum hætti, m.a. leiguflugi.

Mér sýnist að sú ríkisábyrgð sem hér er farið fram á

sé grundvölluð á engu öðru en viljanum á því að koma einstaklingum til bjargar sem hafa rekið fyrirtækið á þann hátt að það er nær gjaldþroti en nokkru öðru. Það virðist vera sérstakt hlutverk Sjálfstfl. að koma í veg fyrir það að fyrirtæki og eigendur þeirra beri ábyrgð á því sem þeir eru að gera. Umræður og allur undirbúningur hér minnir mig á till. sem kom í deildina fyrir nokkrum árum síðan, till. um að veita þeim ábyrgð sem voru að grafa eftir gullskipi. Sú till. vakti mikla athygli og því er ekki að leyna að margur hér var með gull í augunum þegar menn töluðu um það en menn vita hvernig sú sjóferð fór, ef svo mætti segja. Að lokum tókst að vísu að koma málum þannig fyrir að það varð að taka veð hjá þeim einstaklingum, sem voru að grafa eftir þessu gullskipi, en hér er tekið veð í kaupleigusamningi. Það kallar aftur fram þá spurningu hvort nokkurt fordæmi sé fyrir því í veröldinni að tekið sé veð í kaupleigusamningi án þess að annar aðilinn að þessum kaupleigusamningi viti nokkuð um það eða hafi nokkuð um það að segja. Það væri fróðlegt að vita hvort svo er.

Ég tel og minn flokkur að hér sé mjög óvarlega að farið og það sé ekki verjandi fyrir okkur hér að taka ábyrgð á láni sem nemur rúmum 100 millj. kr. til þessara hluta, einkum vegna þess að upplýsingar skortir. Það liggja engar upplýsingar fyrir um fjárhagsstöðu fyrirtækisins aðrar en þær að það sé í vandræðum og tap sé á rekstrinum og framtíðarsýn virðist vera afskaplega völt. Þetta verður einn af þeim hornsteinum sem hlaðið er í vörðu Sjálfstfl., þá vörðu sem þeir kenna við einkaframtak og guma af, en hún er ömurleg þessi ganga að því leyti til að svo virðist sem þetta sé einkum þáttur í að forða því að fyrirtæki og eigendur þeirra standi ábyrgir fyrir því sem þeir eru að gera og hafi gert.

Ég legg til að þetta mál verði skoðað í nefnd, en ég á ekki von á því að fjh.- og viðskn. Ed. fái frekari upplýsingar en nefndin fékk í Nd., en þær voru af mjög skornum skammti, enda vita þeir, sem eru að biðja um þetta, ekki hver staðan er. Þeir halda beint út í bláinn án nokkurs fyrirheits, án vitneskju um annað en það að taka skal ábyrgð á 100 millj. kr. sem eins víst er að tapist algjörlega skattgreiðendum í landinu.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Hv. 11. þm. Reykv. spurði að því hvers vegna einungis hefði verið farin hálf leiðin að því marki að hjálpa fyrirtækinu til þess að komast á réttan kjöl. Ég tel að það sé matsatriði hversu miklar aðgerðir þarf að gera til þess að tryggt sé að fyrirtækið geti haldið áfram öruggum rekstri. Frv. þetta gerir ráð fyrir því að veita ríkisábyrgð upp að ákveðnu marki. Það er ljóst að lánafyrirgreiðsla ein sér hjálpar ekki fyrirtækinu. Þar þarf meira að koma til og fyrst og fremst aukið eigið fjármagn. Ríkissjóður er ekki tilbúinn til þess að leggja fram fjármagn sem eigið fé inn í fyrirtækið eða taka á þann þátt í rekstri þess að gerast aðili að fyrirtækinu. Fyrir því kom ekki annað til álita en að veita ríkisábyrgð upp að ákveðnu marki og þá var niðurstaðan að það væri rétt að gera það gegn ákveðnum skilyrðum sem ég ætla ekki að rekja hér.

Það sem hugsanlega mætti segja að kæmi til álita, ef menn vildu gera ríkari kröfur en þetta frv. gerir ráð fyrir, væri að krefjast þess að hluthafar tryggðu að meira kæmi af nýju hlutafé inn í fyrirtækið en þær 95 millj. sem frv. gerir ráð fyrir. Það væri eina hugsanlega atriðið ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að gera ríkari kröfur. Það var hins vegar mat ríkisstj. að eðlilegt væri að staðnæmast við þetta mark og ætlast til þess og setja það skilyrði fyrir ríkisábyrgðinni að hluthafar tryggðu að 95 millj. kr. kæmu inn í auknu hlutafé. Það er ljóst að nýtt hlutafé, nýtt eigið fé, verður að koma inn í fyrirtækið því að það lifir ekki einungis á auknum lánum. Þetta vildi ég einungis taka fram vegna þeirrar fsp. sem fram kom af hálfu hv. 11. þm. Reykv. (**SDK:** Það var tryggingin um kaupleigusamninginn.) (**KSG:** Ég spurði um það líka.)

Frú forseti. Það fór fram hjá mér að tveir hv. þm. munu hafa innt eftir því hvort fordæmi væru fyrir því í veröldinni að tekið væri veð í kaupleigusamningi án þess að kaupleigusali vissi um það. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að kaupleiguréttur inn eða kaupleiga Arnarflugs sé til tryggingar þeirri ríkisábyrgð sem hér er veitt og það er tekið fram í 2. gr. frv. að fjmrh. ákveði nánar framkvæmd þessa ákvæðis og setji þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að teljast. Og í því sambandi segir í athugasemdum með frv. að nauðsynlegt kunni að verða að leitað verði eftir samþykki eiganda flugvélarinnar fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður geti gengið inn í réttindi og skyldur samkvæmt kaupleigusamningnum. Það kann að vera að hagsmunir Ríkisábyrgðasjóðs verði ekki nægjanlega tryggðir nema þessi krafa verði gerð og því þykir eðlilegt að þessi heimild sé fyrir hendi. Ég kann auðvitað ekki skil á því hvort fordæmi eru til þess annars staðar frá eða frá öðrum löndum að slík skilyrði séu sett. En það þótti rétt að hafa ótvíræða heimild fyrir því að fjmrh. gæti sett slíkt skilyrði fyrir þeirri tryggingu sem Ríkisábyrgðasjóður hefur í þessum kaupleigusamningi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin en ég verð að segja eins og er að ég er afskaplega litlu nær um það sem ég spurði um.

Það hefur komið fram, bæði í mínu máli og annarra hér, að það er ekki á valdi Arnarflugs að framselja eða setja veð í þessum kaupleigusamningi. Jafnframt kom fram á fundum fjh.- og viðskn. í hádeginu í dag að þessi kaupleigusamningur hljóðar upp á kaup á flugvél fyrir 4 520 000 dala. Hins vegar er markaðsverð á sams konar flugvél í dag u.þ.b. 9,5 millj. dala. Það er alveg ljóst að sá sem er að selja Arnarflugi þessa vél með kaupleigusamningi er væntanlega að leita sér að ástæðu til að rifta þessum samningi þar sem hann er mjög óhagstæður fyrir kaupleigusalann. Ljóst er einnig að þetta veð er ansi haldlítið fyrir ríkissjóð. Þess vegna var mín spurning: Hvers vegna hengir ríkissjóður sig í þetta veð?

Stefán Benediktsson: Frú forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hafði að nokkru leyti komið þeim atriðum fram sem ég ætlaði að gera. Því að ég held að menn verði hér einfaldlega að kalla svart svart og hvítt hvítt að því leyti að viðurkenna af einurð að það eru engin veð. Ef ríkissjóður vill með einhverjum hætti samþykkja þetta frv. og tryggja síðan sína hagsmuni, þá þýðir það í versta falli — og það hlýtur að vera versta fall sem menn verða að reikna með, það þýðir ekkert að vera að reikna með einhverri bjartsýni sem er á álíka litlum rökum reist og sú bjartsýni sem á lofti var 1984 um rekstur þessa fyrirtækis — þá þýðir það það í versta falli að ríkissjóður

verður einfaldlega að standa skil á þeim greiðslum sem þessi samningur gerir ráð fyrir til ársins 1989 og verða þannig nokkurs konar baktryggingarfyrirtæki Arnarflugs, og eins og ég sagði áðan, raunverulega ábyrgjast rekstur þess eða taka hann sér á hendur. Og þar með er Arnarflug orðið að ríkisflugfélagi í þessu landi frjálsrar samkeppni.

Fjmrh. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu en fyrst spurt er af hverju ríkisstj. hengir sig í þetta veð sem tilgreint er í frv., þá er þess að geta eins og fram hefur komið að um önnur veð er ekki að ræða fyrir þeirri ríkisábyrgð sem hér er lagt til að verði heimiluð og ríkisstj. er ekki tilbúin að slaka meira á þeim skilyrðum sem sett eru fyrir þessari heimild og fyrir því stendur þetta skilyrði.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þessi umræða fer kannske svolítið á skjön og markast kannske af því að menn eru orðnir dálítið lúnir hérna þennan síðasta þingdag. En það sem hér hefur ótvírætt komið fram er að það eru í raun og veru engin veð fyrir þessari ábyrgð og að það sem hér er lagt til jafngildir í rauninni því að ríkissjóður gangi í sjálfskuldarábyrgð fyrir erlendum lánum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. 442. mál (þskj. 1052, n. 1091 og 1110, brtt. 1101). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 frá 1984, sbr. lög nr. 77 frá 1985.

Félmn. hefur fjallað um þetta mál. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. félmn. unnu nefndir beggja deilda saman að athugun frv. Meiri hl. félmn. Ed. er í meginatriðum samþykkur áliti meiri hl. félmn. Nd., en vill þó árétta nokkur atriði.

Nefndin telur ekki nauðsynlegt að setja í frv. ákvæði um ráðstöfun þeirra 300 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. að verði varið til aðgerða til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði 1980 eða síðar. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að þeirri aðstoð, sem í ráðstöfun þessa fjár felst, verði hraðað. Þá leggur meiri hl. nefndarinnar áherslu á að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið húsbyggjendum og húskaupendum um lengingu lánstíma í bönkum og sparisjóðum. Enn fremur vill meiri hl. nefndarinnar minna á að aðstaða lífeyrissjóða getur verið misjöfn vegna annarra fjárskuldbindinga lífeyrissjóðanna. Meiri hl. nefndarinnar vill jafnframt benda á að taka þarf til athugunar rétt þeirra til húsnæðislána sem minnka við sig húsnæði. Það skal tekið fram að hv. þm. Magnús H. Magnússon sat fund nefndarinnar sem fjallaði um þetta mál.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera með málalengingar. Hv. þm. er nokkuð kunnugt um efni þessa frv. og aðdraganda. Undir nál. meiri hl. rita, auk þess sem hér stendur, hv. þm. Sturla Böðvarsson, Björn Dagbjartsson, Helgi Seljan og Salome Þorkelsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir ritar undir nál. með fyrirvara. Hv. þm. Stefán Benediktsson mun væntanlega gera grein fyrir sínu áliti hér á eftir.

Magnús H. Magnússon: Hæstvirtur forseti. Þetta frv. er fyrst og fremst árangur samninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar s.l. sem hæstv. ríkisstj. féllst síðan á fyrir sitt leyti. Frv. verður til mjög mikilla bóta fyrir allan þorra nýrra lántakenda og ber vissulega að fagna því. Þó kemst ég ekki hjá því að benda á ýmsa vankanta frv. Þó að réttur flestra vaxi mjög eins og ég sagði á það ekki við um alla. Réttur sumra minnkar frá því sem nú er og fellur alveg niður í einstaka tilfellum.

Í mörgum tilvikum er réttur einstaklinga mun meiri en réttur fjölskyldna, réttur tapast gjarnan við hjúskap eða sambúð. Einstaklingur í góðum lífeyrissjóði hefur rétt á 2,1 millj. kr. láni til byggingar eða kaupa á nýrri íbúð ef hann á ekki íbúð fyrir. Gifti hann sig eða hefji sambúð getur réttur hans minnkað verulega, jafnvel um 50%, um helming. Ef fólk er ekki þegar búið að gifta sig eða hefur hafið sambúð getur borgað sig að láta það bíða þar til lán hefur fengist. Einnig gæti borgað sig að skilja a.m.k. að borði og sæng.

Þeir vankantar sem ég hef nefnt stafa af þeim vilja aðila vinnumarkaðarins að þvinga alla lífeyrissjóði til að kaupa skuldabréf byggingarsjóðanna fyrir 55% ráðstöfunartekna sinna. Það er út af fyrir sig mjög vel skiljanlegt. Þeir vilja að meðlimir þeirra lífeyrissjóða sem mest leggja í púkkið njóti mestra réttinda. Ég hef mikla samúð með þessu sjónarmiði en verstu vankantana verður þó að sníða af við fyrsta tækifæri.

Annar er sá galli frv. að það tekur ekki á vanda þeirra sem byggðu á árunum 1980 til 1985. Á þeim vanda verður að taka án frekari dráttar.

Þriðji gallinn er sá að valkostum fólks í þessum efnum er ekki fjölgað sem þó væri leikur einn nú þegar heildarfjármagn byggingarsjóðanna vex jafnmikið og raun ber vitni. Nefni ég í því sambandi brtt. Alþfl. í hv. Nd. um kaupleiguíbúðir sem sameina marga kosti núverandi eignarskipulags og núverandi leigufyrirkomulags og a.m.k. hluta af kostum verkamannabústaðakerfisins.

Fjórði galli frv. er sá og sá mestur að fjármagnskostnaðinum er velt yfir á framtíðina. Við erum að verulegu leyti að leysa vandamál dagsins í dag á kostnað framtíðarinnar. Í reynd er verið að draga mjög úr framlögum ríkissjóðs til byggingarsjóðanna næstu árin frá því sem núgildandi lög segja til um, jafnvel svo hundruðum millj. kr. skiptir á ári og fer það eftir því hve mikið verður byggt eða keypt næstu árin. Á hinn bóginn er verið að safna upp miklum vanda til framtíðar með miklum mun vaxta á teknum og veittum lánum byggingarsjóðanna. Þannig verður vaxtamismunur vegna lána Byggingarsjóðs ríkisins orðinn nokkuð á annan tug milljarða króna eftir 10 ár og yfir 30 milljarðar króna eftir 15 ár ef miðað er við vexti í dag. Í reynd gengur dæmið alls ekki upp ef vaxtamismunur tekinna og

veittra lána verður meiri en 2–2½%. Til að draga úr þessum framtíðarvanda hefði þurft að auka bein framlög ríkissjóðs, ekki skera þau niður eins og nú á að gera, næstu árin a.m.k.

Hæstvirtur forseti. Þó að ég hafi drepið á verstu annmarka frv. að mínu mati þá eru kostir þess það miklir og fyrir svo marga að ég mun gera mitt til að flýta afgreiðslu þess. Þess vegna ber ég ekki fram brtt. nú og hef þá einnig í huga afgreiðslu hv. Nd. á brtt. Alþýðuflokksmanna þar. Ég treysti því, m.a. vegna þess sem fram kom í ræðu hæstv. félmrh. í þessari hv. deild í gær og vegna þess sem fram kemur í nál. meiri hl. félmn. Nd. og félmn. þessarar hv. deildar, að hið háa Alþingi noti fyrsta tækifæri til að lagfæra verstu ágalla frv.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Við erum staddir á sjötta tíma þinglausnadags og menn orðnir sammála um að reyna að ljúka deildafundum ekki síðar en kl. hálfsjö þannig að menn verða að gera langa sögu stutta ef þeir ætla að standa við slík fyrirheit. Ég tala fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77 1985, frá minni hl. félmn. Skipa ég þennan minni hl. einn.

Því hefur verið haldið fram af ríkisstj. og náttúrlega stjórnarliðum að það frv. sem við erum að tala um gjörbreyti uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Ég byrja á því að andmæla þeirri skoðun þó að það hafi kannske ekki mikið upp á sig í sjálfu sér. Þessi fullyrðing er náttúrlega alröng því að það verður ekki nein gjörbreyting á neinu öðru en því hvernig einstaklingar ávinna sér lánsrétt. Sú breyting er að mínu mati síst til batnaðar því að áður höfðu landsmenn allir almenn réttindi hvað lánum úr þessum sjóði viðkom en núna eru það orðin sérréttindi sem menn verða að ávinna sér með ærinni fyrirhöfn og eftir mjög flóknum leiðum að verða hæfir til fullrar lántöku í þessum sjóði. Þeir aðilar standa best að vígi til lántöku í þessum sjóði sem eru t.d. karl og kona sem með einhverjum hætti, t.d. því að stunda bara það sem menn kalla svarta atvinnu eða eitthvað þess háttar, hafa gegnt heimilisstörfum s.l. tvö ár áður en þau sóttu um lán. Þar með hafa þau án þess að leggja nokkuð af mörkum til lífeyrissjóða samkvæmt 3. gr. þessa frv. öðlast full réttindi: „Hafi maður haft heimilisstörf að aðalstarfi og ekki haft meiri launuð störf á vinnumarkaði en nemur fjórðungi ársverks eða meiri árslaun en 75 þús. kr. miðað við kauplag á árinu 1985 á hann hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. sé hann ekki í hjúskap eða sambúð en annars á hann sama lánsrétt og maki hans.“ Ég gleymdi að geta þess í upphafi að þau mega náttúrlega alls ekki hafa gift sig á þessum tíma, það er alveg dauðasynd. Við sjáum alveg þjóðfélagið fyrir okkur í framtíðinni þegar allir menn búa orðið í óvígðri sambúð og stunda heimilisstörf að jafnaði því að Íslendingar verða fljótir að finna leið í gegnum þessa lagagrein, þ.e. þá greiðustu og beinustu leið að lánsréttindum sem hægt er að fá. Ekki þýðir fyrir þá að reyna að eldast um aldur fram. Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem greitt hafa til lífeyrissjóðs samtals í a.m.k. tvö ár, eiga sama rétt og einstaklingar skv. 1. mgr. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi lífeyri frá fleiri en einum lífeyrissjóði miðast lánsréttur við skuldabréfakaup þess sjóðs sem greiðir honum mestan lífeyri á þeim tíma sem sótt er um lánið. Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem fullnægja ekki skilyrðum þessarar mgr. — og maður hefði nú kannske haldið að það væri það fólk sem frekast þyrfti að hjálpa, sem orðið er gamalt og/eða öryrkjar og hefur ekki greitt í lífeyrissjóð, sem er bara nokkuð vandasamt miðað við lagasetningar dagsins í dag því að sú skylda hefur þó alla vega legið skv. lögum á landsmönnum síðan 1979 að greiða í lífeyrissjóð — eiga lágmarkslánsrétt skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sama máli gegnir um þá sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna fötlunar og örorku.

Þetta, herra forseti, er aðeins til að undirstrika það að hér er um þá einu grundvallarbreytingu að ræða frá því sem áður var að það er orðið ólíkt flóknara í raun og veru að öðlast lánsrétt en var áður. Haldi menn því nú fram sem vilja að það sé jafneinfalt eða jafnauðvelt og það var áður að öðlast lánsrétt eru þeir líka um leið að segja það að þessi skilyrði sem sett eru í 3. gr. frv. séu gjörsamlega tilgangslaus og hefði eins mátt sleppa.

En það er nauðsynlegt að nota þessi skilyrði hérna vegna þess að í samningunum sem að baki þessum lögum liggja, þ.e. samningum aðila vinnumarkaðarins við ríkisstjórnina, sín á milli og við ríkisstjórnina, felst það að það þarf að fjárkúga lífeyrissjóðina. Með einhverjum hætti þarf að koma þeim til þess að leggja fram fé til þessara mála og það er ekki hægt að gera það með þeim einfalda hætti að bjóða þeim góð kjör heldur skal gera það þannig að setja svipuna á lífeyrissjóðsmeðlimina og þannig höfða til betri samvisku þeirra sem sjóðunum stjórna.

Ég vil halda því fram að þessi fjárkúgunaraðferð veki grun um það að ríkissjóður ætli sér ekki eða treysti sér ekki með vissu til þess að uppfylla ávöxtunar- og endurgreiðsluloforð sín við lífeyrissjóðina því að ef ríkissjóður býður lífeyrissjóðunum þá ávöxtun á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar sem boðin er á spariskírteinum í dag ættu kaup lífeyrissjóðanna að vera sjálfgerð því að það eru bestu kjör sem hægt er að fá á lánamarkaðinum þannig að ég skil ekki alveg hvað þarf til. Og þessi grunur minn um þessa stöðu málsins styrkist þegar fram er komin ný grein í þessu frv. eftir 2. umr. í Nd. sem er sú að fulltrúar ASÍ og VSÍ eru gerðir pólitískt samábyrgir með því að þeir fá aðild að stjórn stofnunarinnar beint. Það virðist vera orðið í tísku að ASÍ og VSÍ setjist í stjórn allra stofnana sem ríkið stendur að. Í gær heyrði ég fleygt þeirri hugmynd að þeir ættu að fara að setjast í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna og þá fer að fækka þeim stofnunum sem þeir eru ekki með einhverjum hætti aðilar að. Eins og þið þekkið sem hér starfið þá eru þeim send öll mál til umsagnar — alveg sama hver þau eru — hvort sem það er um sóknargjald eða annað og ekki er hægt raunverulega að samþykkja lög öðruvísi en að þeir hafi á einhvern hátt tjáð sig um málið.

Það sem ég hef aðallega að þessu frv. að finna og kemur fram í þeim brtt. sem við hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir höfum lagt fram við málið er það að hér er ekki um grundvallarstefnubreytingu að ræða, hér er haldið áfram þeirri byggingar- og útþenslustefnu með þeirri lánapólitík sem hér er rekin og við höfum kynnst undanfarin ár og áratugi. Í stað þess að nýta þær fjárfestingar sem við höfum á að ýta fólki áframhaldandi út í viðbótarfjárfestingar og offjárfestingu á þessum markaði sem er nú þegar staddur þannig að Íslendingar búa við stærstan húsakost allra þjóða í

veröldinni. Séu teknir byggðir fermetrar í íbúðarhúsnæði og íbúafjöldi er engin þjóð í veröldinni sem býr við jafnstóran húsakost í fermetratölu á mann. Þess vegna tel ég að rökrétt afleiðing eigi að vera sú að leggja miklu meiri áherslu á lán til kaupa á notuðu húsnæði en nýju. Þetta hafa menn kallað í orðræðu undanfarin ár húsnýtingarstefnu og hún verður náttúrlega ekki að veruleika nema að þess sjái stað í lögunum að lántakendur geti borgið hag sínum betur með kaupum á notuðu húsnæði en nýju. Húsnýtingarstefnan hefur líka það sér til ágætis að viðhald verðgildis notaðs húsnæðis helst betur með því að leggja áherslu á kaup á notuðu húsnæði, viðgerðir, viðhald og endurnýjun á notuðu húsnæði, frekar en síaukna áherslu á nýbyggingar og útþenslu í byggð.

Einnig er það öllum ljóst sem sjá vilja að hlutur landsbyggðarinnar er hraklega fyrir borð borinn með þessari nýbyggingar- og útþenslustefnu því að verðgildi eigna landsbyggðarfólks stendur náttúrlega í enn þá sterkara samhengi við áherslu stjórnvalda í húsnæðismálum en verðgildi eigna á höfuðborgarsvæðinu. Það má fullyrða það að þegar þetta frv. er fram komið, með þessari mismunun á milli þeirra sem byggja og kaupa nýtt og þeirra sem kaupa notað eða gera við notað, á það eftir að hafa áhrif til enn þá meiri lækkunar á verði fasteigna úti á landi, enn þá meiri verðmismunar milli eigna úti á landi og eigna hér á höfuðborgarsvæðinu. Og þeir sem halda því fram að þetta hafi ekki áhrif á byggðamál eru með lokur fyrir báðum augum. Ég held að svona aðgerðir hafi miklu meiri áhrif, miklu alvarlegri áhrif en margar þeirra aðgerða sem menn eru að efna til með annars konar löggjöf þegar menn eru að lýsa vilja sínum í byggðamálum.

Ég held að það liggi alveg í augum uppi hvernig gallarnir á þessu frv. eru til komnir. Þeir aðilar sem stóðu að því að semja grundvöll þessa frv. voru þar í hlutverki gæslumanna mjög sértækra hagsmuna, annars vegar vinnuveitenda og hins vegar launþega. Þeir sjá náttúrlega enga brýna ástæðu til þess að gæta neinna altækra hagsmuna þar sem þeirra umboð er miklu afmarkaðra en umboð þm. Það sem aftur á móti átti ekki að koma fyrir og var í raun og veru alveg ónauðsynlegt var að flytja þessa sértæku hagsmunagæslu inn í frv. með þeim hætti sem gert er. Þess vegna ganga mínar brtt. líka nokkuð mikið í þá átt að losa frv. að nokkru leyti úr tengslum við samninginn því að ég get ekki séð að samningurinn standi ekki alveg út af fyrir sig þó að ekki sé sífellt verið að vitna til hans í lögunum. Ég held t.d. að einföld breyting á 1. gr. núgildandi laga, þ.e. að markmið laganna sé það að tryggja að allir landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum hvort sem þeir eiga eða leigja íbúð, sé miklu ákveðnara og haldbetra en greinar um það hvernig skuli staðið að fjáröflun til sjóðsins sem við vitum að er mjög auðvelt að breyta með smábreytingartillögum ár frá ári.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað tala um mörg fleiri atriði í þessu máli en verð að ljúka máli mínu þar sem reikna verður með því að fleiri vilji tala og er ekki síður nauðsynlegt að þeir fái að komast að. Að síðustu vil ég eingöngu minna á það að vegna þess hversu afmarkaðra hagsmuna var gætt þegar grundvöllur þessa frv. var saminn er t.d. sá hópur sem verst hefur orðið úti vegna kjaraskerðingar ríkisstj. enn þá skilinn eftir úti. Hann er ekki inni í þessu frv. Hann hefur ekkert upp á að hlaupa annað en loðin loforð manna um upphæðir og aðgerðir sem hann enn þá hefur lítið sem ekkert séð af. Þar held ég að hvað alvarlegast sé það loforð sem gefið var fyrir bráðlega hálfu ári síðan, um það að ríkisstj. mundi beita sér fyrir skuldbreytingum lána í bönkum, sparisjóðum og lífeyrissjóðum. Enn þá hafa þessar stofnanir ekki heyrt eitt einasta orð frá ríkisstj. um þetta mál og er þó margsinnis og ítrekað búið að reka á eftir því héðan úr báðum deildum þingsins.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Það er lítið orðið eftir af fundartíma á þessu þingi og ég skal reyna að hraða máli mínu þótt ég viti nú ekki hvort mér tekst að tala jafnhratt og hv. síðasti ræðumaður. Til að stytta okkur sporin vil ég byrja á því að taka undir það síðasta sem síðasti ræðumaður kom inn á, að á vanda þess hóps sem hvað verst hefur orðið úti í húsnæðisfárviðrinu, ef svo má segja, sem hefur geisað undanfarin ár, er hreint ekki tekið í þessu frv. Það eru enn sem komið er engin teikn á lofti af hálfu stjórnvalda í þá veru að taka skuli á þeim vanda. Ég vil þess vegna taka undir þá gagnrýni sem fram kom í máli síðasta ræðumanns þar um.

Mér þykir mjög miður að ekki skuli gefast meiri tími til að ræða þetta mál hér. Við höfðum hálftíma í gær í hv. deild og við höfum eitthvað álíka, kannske aðeins meira núna. En verst af öllu er þó að ekki skuli hafa gefist meiri tími til að vinna þetta mál í þinginu. Ég vil minna á það sem ég sagði við 1. umr. þessa máls í gær að það liðu heilar þrjár vikur frá því að kjarasamningarnir, sem þetta frumvarp er í raun fylgifrumvarp við, voru undirritaðir þangað til fullskipuð nefnd tók til starfa við að vinna þetta frv. Þar fóru þrjár vikur í akkúrat ekki neitt og ljóst að þinginu var ekki ætlaður mikill tími, alveg frá upphafi, til að fjalla um þetta mál. Það eru mér líka vonbrigði að félmn. Nd. skuli ekki hafa séð sér fært að flytja fleiri brtt. við þetta frv. en raun ber vitni því ljóst var að í þeirri deild mundi málið ráðast og þýddi lítið að róta við því hér í Ed.

Ég skrifa undir nál. félmn. Ed. með fyrirvara. Nú vil ég gera grein fyrir þessum fyrirvara því hann er í mörgum liðum en taka það jafnframt fram að sú hækkum og lenging lána sem frv. hefur í för með sér er vitaskuld af því góða og það styð ég.

Í fyrsta lagi helgast fyrirvari minn af því að ég tel frv. ganga of skammt í þá átt að styðja svonefnda húsnýtingarstefnu sem felur það í sér að þeir sem vilja festa kaup á eldra húsnæði njóti sömu lánskjara og þeir sem byggja nýtt húsnæði. Að vísu, eins og fram kom á sameiginlegum fundum félmn. beggja deilda, er stórt skref fram á við tekið í þessa átt í frv. þar sem nú er lögfest að svonefnd G-lán, sem eru lán til kaupa á eldri íbúðum, skuli vera 70% af svonefndum F-lánum sem eru lán til nýbygginga. Það hefur ekki verið lögfest fyrr hversu hátt hlutfallið skuli vera og á tímabili var í lögum aðeins heimild til að láta G-lánin ná sama hlutfalli, vera sömu upphæð og F-lánin, en í reynd fóru G-lánin á tímabili allt niður í um 32% af F-lánum. Hér er því vitaskuld um einhverja framför að ræða þótt skrefið sem stigið er sé engan veginn nógu stórt og það harma ég.

Jafnframt harma ég það að í þessu frv. er ekkert tillit tekið til þess að menn eru misjafnlega í stakk búnir til að nýta sér þau réttindi sem þetta frv. kveður á um og

eru óneitanlega töluverð þegar um það er að ræða að menn séu að kaupa sér íbúð í fyrsta skipti. Ég hefði viljað sjá ákvæði í þessu frv. sem tryggði það að þeir sem ekki gætu nýtt sér þessi réttindi í fyrsta sinn gætu þá átt þau til góða og nýtt sér þau í annað sinn sem tilraun væri til gerð. Enn fremur er ég ósátt við þá meginstefnu, sem er í frv., að það sem er ákvarðandi fyrir lánsréttindi manna er það í hvaða sinn þeir eru að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið. Nú getur það tekið suma aðeins eitt skipti að koma sér upp fullnægjandi húsnæði á meðan það tekur aðra kannske tvö, þrjú og jafnvel fjögur skipti að komast í jafnstórt húsnæði. Þess vegna held ég að það sé stærð húsnæðisins en ekki hversu oft menn þurfa að leggja til atlögu við lánakerfið og nýja skuldunauta sem eigi að ráða því hversu mikið lán menn fá. Ég hefði frekar viljað sjá stærðarmörk en skiptamörk, ef svo má segja, á þessum reglum.

Einnig er ég í grundvallaratriðum heldur ósátt við þá stefnu sem liggur til grundvallar þessu frv., en það er sjálfseignarstefnan. Ég hef út af fyrir sig ekkert við hana að athuga svo lengi sem nægilegt svigrúm er gefið til byggingar leiguhúsnæðis og annarra íbúðabygginga þar sem ekki er gert ráð fyrir að menn þurfi að eiga hvern einasta fermetra sjálfir. Sú meginstefna sem þetta frv. grundvallast á, sjálfseignarstefnan, er mér ekki alls kostar að skapi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega einstakar greinar frv. Til þess gefst ekki tími hér. Ég vil þó gera að umtalsefni 22. gr. í frv. eins og það var upphaflega sem nú er orðin að 23. gr. Þetta er gildistökugrein laganna og aftan við gildistökutímann kemur þetta ákvæði: „Á tímabilinu september til desember 1986 skal lánsréttur einstaklinga ráðast af því hve háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóðir þeirra verja til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar.“ Með öðrum orðum: það fer eftir því hversu mikið lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest í Húsnæðisstofnun á þessu ári sem ræður því hvort fólk nýtur þeirra lánakjara sem frv. kveður á um.

Þá er þess að gæta að mjög fáir lífeyrissjóðir ná hámarkshlutfalli í skuldabréfakaupum á þessu ári því þeir eru margir þegar búnir að ráðstafa fé sínu annað. Fyrir þá sem eru í sjóðum sem eru þegar búnir að ráðstafa fé sínu annað en til Húsnæðisstofnunar ríkisins taka lög þessi í raun og veru ekki gildi fyrr en eftir áramót, þ.e. ef lífeyrissjóður viðkomandi gerir þá bindandi samning við Húsnæðisstofnun. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að hér komi fram að það er ekki rétt að menn geti að öllu jöfnu vænst þess að njóta þessara réttinda strax 1. september. Fyrir langflesta koma þau ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar á næsta ári. Ég held að mjög mikilvægt sé að þetta berist út fyrir veggi Alþingis vegna þess að mér er kunnugt um að það er fjöldi fólks sem bindur miklar vonir við að hljóta þessi réttindi strax 1. september. En það er ekki rétt. Það getur ekki orðið vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru þegar búnir að binda fé sitt annars staðar og kom það reyndar fram hjá fulltrúum lífeyrissjóðanna sem voru kallaðir á sameiginlega fundi félmn. beggja deilda.

Það er annað sem bendir til þess að þetta sé rétt metið og það er að með þessu frv. fylgir ekkert fylgifrv. um breytingar á lánsfjárlögum eins og þurft hefði ef stjórnendur ríkissjóðs hefðu búist við því að lífeyrissjóðirnir mundu fjárfesta fé sitt í skuldabréfakaupum hjá Byggingarsjóði ríkisins strax á þessu ári. Það er ekkert fylgifrumvarp um aukna lántökuheimild ríkissjóðs sem er nauðsynlegt ef ákvæði þessa frv. ættu í raun og veru að standa á þessu ári. Þetta segir okkur ótvírætt að ríkisstj. býst ekki við því að lífeyrissjóðirnir muni fjárfesta í Húsnæðisstofnun ríkisins á þessu ári, enda eru þeir búnir að ráðstafa fé sínu annað. Þannig er alveg ljóst að það er ekki rétt, sem hér stendur í 23. gr., að lögin taki gildi 1. september n.k. Í raun taka þau ekki gildi fyrr en í janúar á næsta ári.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns hef ég miklar áhyggjur af þeim hópi fólks sem hefur farið illa út úr húsnæðismálunum á undanförnum árum og ég harma það og þykir það í raun og veru alveg óverjandi að á málum þessa hóps er alls ekki tekið í þessu frv. Þetta frv. horfir fram á við en ekki aftur á bak, það er reyndar rétt, en fyrst verið er að afgreiða þetta hér nú hefði verið við hæfi og sæmandi fyrir hv. alþm. að taka á vandamálum þess hóps sem í mörgum tilvikum hefur þurft að líða sára neyð á undanförnum árum. Það má segja að kannske sé vandi þess hóps enn brýnni en þeirra sem þetta frv. kemur til með að ná til.

Við Kvennalistakonur höfum lagt mikla áherslu á störf milliþinganefndarinnar sem skipuð var upp úr þinglokum á síðasta þingi til að leysa vanda húsbyggjenda og húsnæðiskaupenda og til að móta framtíðarstefnu í húsnæðismálum. Ég vil láta það koma hér fram að það samráð sem haft var við milliþinganefndina um gerð þessa frv. var í minnsta lagi. Það voru haldnir þrír fundir þar sem milliþinganefndinni var gert fært að koma athugasemdum sínum á framfæri og eitthvað af þeim tekið til greina, en það var allt samráðið sem haft var. Hér er um svo mikilvægt mál að ræða og flókið að mér hefði fundist hæfilegra að nefndin sem samdi þetta frv. hefði nýtt sér betur þá þekkingu og þá reynslu sem milliþinganefndin hefur aflað sé af sjö mánaða starfi.

Hins vegar lögðum við mikla áherslu á að það yrði skýrt á um það kveðið í áliti félmn. Nd. að milliþinganefndinni væri áfram falið að vinna að framtíðarstefnumótun í húsnæðismálum og einkum og sér í lagi að leysa vanda þess fólks sem hefur orðið illa úti á undanförnum árum í misgengisvitleysunni allri saman. Í nál. neðrideildarnefndarinnar er skýrt kveðið á um það í tíu töluliðum að hún eigi að taka þessi atriði sérstaklega til athugunar. Vil ég leggja áherslu á það við þetta tækifæri að það geri hún og að stjórnvöld sýni tillögum hennar og því starfi sem hún vinnur þann skilning, þann áhuga og þann kraft sem þarf til að leysa megi þau mál sem þessi nefnd hefur á sinni könnu.

Í raun og veru er stærsta vandanum vísað til milliþinganefndarinnar og ég hlýt að ganga út frá því hér og ítreka að mér þykir það ekki góð trygging að vísu fyrir því að sá vandi verði leystur, en sæmileg verður hún víst að teljast, og ég legg áherslu á að með þeim skilningi hefur þetta mál verið afgreitt hér í gegnum þingið.

Fyrirvari minn á þessu frv. er einnig í því fólginn að ég hefði að sjálfsögðu kosið að tekið hefði verið betur á þeim þáttum sem tilgreindir eru sem verkefnasvið milliþinganefndarinnar strax og að öruggari trygging hefði legið fyrir því að það sé vilji af hálfu stjórnvalda til að taka á þessum þáttum. Ég hef líka þann fyrirvara á undirskrift minni við nál. meiri hl. félmn. að ég hef töluverðar efasemdir um fjármögnun þessa nýja lána-

kerfis og ítreka það, sem ég sagði við 1. umr. málsins, að það er forsenda fyrir því að þetta lánakerfi fái staðist að það verði veruleg vaxtalækkun núna á næstu mánuðum. 5–6% vaxtamunur á teknum lánum og veittum eins og nú er gengur vitaskuld alls ekki. Það kollkeyrir þetta kerfi á fáeinum árum.

Ég vil líka taka það fram að fyrirvari minn helgast af því hvernig þetta mál ber að. Mín skoðun er sú að stjórnvöld á hverjum tíma eigi að fara með stjórn húsnæðismála og að það sé að mörgu leyti óheppilegt að frv. til laga um húsnæðismál sé skilað inn í þingið með þeim hætti sem þetta frv. kom, sem hluta af kjarasamningum. Ég hafði marga fyrirvara við þessa kjarasamninga og það samkomulag og var á móti mörgu sem þar var gert. Fyrirvari minn við þetta frv. helgast einnig af fyrirvara mínum við kjarasamningana.

Virðulegi forseti. Þar sem ég vil halda það samkomulag sem gert var um að menn styttu mjög mál sitt hér skal ég láta máli mínu lokið. Ég vil að síðustu víkja örfáum orðum að brtt. sem er að finna á þskj. 1101 og eru bornar fram af hv. þm. Stefáni Benediktssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur. Þessar brtt. eru nýframkomnar og í raun og veru er ekki nokkur lifandi leið að átta sig á þeim til fulls á þessum fáu mínútum sem hér hafa verið til að skoða þær ásamt því að gera fjöldamargt annað í leiðinni. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu þeirra þó að ég sjái við fyrstu sýn ýmislegt sem ég er sammála. Ég hefði gjarnan sjálf viljað flytja margs konar brtt. við þetta mál, en til þess er ekkert færi og er því ekki um annað að ræða en að sitja hjá við brtt. þær sem hér um ræðir.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Það væri ástæða til að tala lengi vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað og þess skilningsskorts í málflutningi sem hér hefur átt sér stað. Það virðist vera sem hér tali nátttröll í mörgum tilvikum, einkum þegr rætt er um kjarasamninga og þá byltingu sem verið er að gera í húsnæðismálum nú. Það virðist vera sem sumir þm. hér séu fullir andstyggðar á því að gerðar séu úrbætur í húsnæðismálum vegna þess að verkalýðssamtökin áttu frumkvæðið að því. Það virðist vera sem mönnum sé ekki sama hvaðan gott kemur. Ekki er vikið orði að því að verkalýðssamtökin hafa nú staðið að því að beina geysilega miklu fjármagni í ónýtt húsnæðiskerfi sem ríkisstj. hefur ekki verið fær um að gera. Húsnæðiskerfið hefur verið gersamlega í rúst og neyð manna hefur verið afskaplega mikil. Það held ég að mönnum ætti að vera ljóst. Það er talið af því vonda að verkalýðssamtökin skuli taka til hendi, gera kjarasamning sem er í því fólginn að skapa félagslegar umbætur sem verða þessu fólki til bjargar. (**SDK:** Það var gagnrýni á ríkisstj.) Það kemur hvergi annars staðar fram, hvorki hjá hv. þm. Sigríði Dúnu né fleiri sem hér hafa talað, að það væri sérstök gagnrýni á ríkisstj. heldur er það af andstyggðarhvötum að menn eru að gera svona samkomulag. (**SDK:** Það er ekki rétt, hv. þm.)

Síðan er það gagnrýnt sérstaklega hvernig lánshlutfallið er fengið og að lífeyrissjóðunum sé blandað inn í þetta, menn skuli fá lán í takt við það sem þeirra lífeyrissjóðir greiða í húsnæðislánakerfið. Ég minni á að áður en þessi kjarasamningur var gerður lögðu lífeyrissjóðirnir til helming af öllu því fé sem fór til húsnæðislánakerfisins. Í öðru lagi voru ýmsir sterkir lífeyrissjóðir sem ekki lögðu nokkurn skapaðan hlut fram, einkum þeir sem betur mega sín. Lífeyrissjóður samvinnustarfsmanna keypti held ég 2% af skuldabréfum og Lífeyrissjóður verslunarmanna hæst 11%. Svo mætti lengi telja. Aðrir sjóðir, eins og lífeyrissjóðir lækna, arkitekta og fleiri, greiddu ekki nokkurn skapaðan hlut. Þeir sem voru í þessum sjóðum fengu lán í sínum lífeyrissjóðum, háar upphæðir þar, og gátu svo komið í húsnæðiskerfið og náð sama láni og verkakonan í frystihúsinu fékk, lán af hennar peningum og engra annarra. Það var hróplegt misrétti sem þarna átti sér stað. Sú leið sem hérna er valin er valin til að koma á nokkru jafnvægi þarna og neyða þessa lífeyrissjóði til að taka þátt í því félagslega átaki sem verið er að gera.

Það má vissulega margt bæta í því samkomulagi sem gert var þó ég telji það mikið tímamótasamkomulag og stóran þátt í því að leysa vanda þeirra sem verst eru settir í dag. Það er rangt þegar fólk heldur því fram að ekkert hafi verið gert til að leysa bráðavanda fólks. Það voru lagðar sérstakar 300 millj. í þann póst, auk þeirra 200 millj. sem ríkisstj. hafði áður lagt fram. Það var meira en tvöfaldað. Allt er það gert í þeim kjarasamningum sem gerðir voru nú fyrir skömmu.

Það gefst víst ekki tími til að fara vandlega ofan í þessa hluti, það mun hafa verið gert samkomulag um að menn styttu mál sitt, þó vissulega svelli í manni reiðin út af þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað og væri ástæða til að taka það sérstaklega fyrir. En ég minni á að þessir kjarasamningar voru gerðir fyllilega á ábyrgð þeirra aðila sem það gerðu. Félmrh. sagði við 1. umr. að verkalýðssamtökin og vinnuveitendur hafi valið svokallaða niðurtalningarleið. Ég vil frábiðja mér það orð. Það sem þarna var að ske er allt annað og alls ekki í takt við það. Ég vil líka minna á að í miðjum kjarasamningum, þegar við vorum að freista þess að fá ríkisstj. með í þennan pakka, stóð í erindi hennar til okkar sem sérstök viðvörun: „Ríkisstj. leggur þó á það áherslu að launasamningarnir og viðmiðanir þeirra eru að sjálfsögðu gerðir á ábyrgð samningsaðila sjálfra.“ Enda var það gert og þetta samkomulag, sem hér er verið að tala um, þetta félagslega átak sem verkalýðssamtökin hafa beitt sér fyrir og er að verða að veruleika, er á ábyrgð verkalýðssamtakanna til að laga það kerfi sem hefur gersamlega verið í rúst.

Ég tel að þeir sem hér hafa talað hefðu gjarnan mátt víkja að því hvað mikið var gert í þessum kjarasamningum og hvað mikið var gert í því að fá lífeyrissjóðina til að taka þátt í þessu. Það hefur verið reynt í árarraðir að fá lífeyrissjóðina til að taka meiri þátt í fjármögnun húsnæðislánakerfisins en það hefur ekki tekist. Lífeyrissjóðirnir hafa ekki viljað lúta lagasetningu, enda er þetta þeirra fé. Hér fannst leið með samkomulagi til að fjármagna þetta kerfi og það er einmitt það sem gerir að verkum að við horfum fram til bjartari tíma í húsnæðismálum.

Ég skal ljúka máli mínu að sinni, en mér þykir það miður að þess er lítt getið að í þeim kjarasamningum sem nýlega voru gerðir var samið um fleira en krónur. Það var samið um félagslegt átak sem kemur vissulega öllum til góða og þá sérstaklega þeim sem verst eru settir. Þetta samkomulag, sem hér er, markast mjög af því að þeir fái sérstakar úrbætur.

ATKVGR.

Brtt. 1101,1 felld með 11:2 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1101,2 felld með 11:2 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1101,3 felld með 11:2 atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1101,4 felld með 11:2 atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1101,5 felld með 11 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1101,6 felld með 11:2 atkv.
8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1101,7 felld með 11:2 atkv.
9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1101,8 felld með 11:2 atkv.
10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1101,9–14 teknar aftur til 3. umr.
12.–13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
14.–23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 92. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 91. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. 442. mál (þskj. 1052). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Frú forseti. Ekki verður þetta efnisleg umræða heldur ætla ég eingöngu að gera grein fyrir villum sem læðst hafa inn í þskj. 1101. Við vorum reyndar búin að greiða hér í þingdeildinni atkvæði um 6., 7. og 8. tölulið og þar var allt með réttu, en við 9. tölulið er villa. Þar á að standa „við 11. gr.". Þetta er brtt. við 11. gr. Í 10. tölul. að standa að brtt. sé „við 12. gr.". Að öðru leyti er þskj. rétt að því ég best fæ séð.

ATKVGR.

Brtt. 1101,9–14 felldar með 11:2 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1116).

Málefni Arnarflugs hf., stjfrv. 448. mál (þskj. 1112, n. 1113 og 1115). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstvirtur forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um málið og klofnað um það. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd. Umræður voru hér allítarlegar um málið fyrir skömmu. Ég hygg að þar hafi allt komið fram sem fram þarf að koma og eyði ekki af því fleiri orðum.

Frsm. minni hl. (Magnús H. Magnússon): Hæstvirtur forseti. Nefndin hefur fjallað um málið og rætt við málsaðila. Hefur komið fram að tryggingar vegna ríkisábyrgðar eru óljósar og ófullnægjandi. Jafnframt kom fram að engan veginn væri ljóst að þær ráðstafanir sem í frv. felast tryggi á nokkurn hátt stöðu þess fyrirtækis sem ætlunin er að aðstoða. Af þeim ástæðum leggur minni hl. nefndarinnar til að frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Málið er illa undirbúið og engar upplýsingar fyrirliggjandi um að hlutafé skili sér né heldur að kaupleigusali sé tilbúinn til að fallast á að ríkið gangi inn í kaupleigusamning. Þá er engan veginn ljóst að frv., þó að lögum verði, leysi nokkurn vanda til frambúðar fyrir ferðamannaiðnaðinn eða Arnarflug hf.

Af þessum ástæðum samþykkir deildin að fela ríkisstjórninni að vinna betur að málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Stefán Benediktsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur nál. þessu. Undir nál. rita auk mín Ragnar Arnalds og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

ATKVGR.

Till. um rökst. dagskrá á þskj. 1115 felld með 11:8 atkv.

1. gr. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SBöð, AG, ÁJ, BD, DA, EgJ, EKJ, HÓ, JHelg, JK, SalÞ.

nei: SkA, StB, MHM, HS, KSG, KolJ, RA, SDK.

1 þm. (ÞK) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds: Hér er verið að taka áhættu með 100 millj. kr. af fé skattborgara þessa lands án þess að nokkur trygging verði fyrirliggjandi næstu tvö árin vegna þessarar ábyrgðar. Við sem skipum minni hl. í þessu máli höfum lagt til að ríkisstj. fengi málið til meðferðar, tæki það til endurskoðunar og reyndi að finna einhvern annan og skynsamlegri grundvöll fyrir þessu máli. Því hefur verið hafnað og því segi ég nei.

2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn og undirfyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Efri deild, 93. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 92. fundi.

Málefni Arnarflugs hf., stjfrv. 448. mál (þskj. 1112). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1118).

Selveiðar við Ísland, stjfrv. 368. mál (þskj. 665, n. 1029 og 1031, brtt. 1032). — Frh. 2. umr.

Egill Jónsson (frh.): Virðulegi forseti. Það er eins og fyrri daginn þegar að þessu máli kemur í þinglok að þá er loft lævi blandið og maður finnur utan að sér straumana.

Ég sagði frá því, virðulegi forseti, við fyrri hluta umræðunnar að ég mundi hafa tóm til að raða því sem ég ætti eftir að segja skipulegar niður fyrir mér svo að ég þyrfti ekki að tala ýkja lengi. En ég má kannske minna á það einu sinni enn að ég er hvorki flokksnýttur né þjóðnýttur og ég má kannske líka minna á það einu sinni enn að þetta mál var á dagskrá hjá forseta Nd. Alþingis í fyrravetur í líklega tvo og hálfan mánuð eftir að nefnd hafði skilað áliti og sá maður er í Framsfl. Ég hefði líka þurft að koma ofurlitlu þakklæti á framfæri til forsrh. Hann sendi mér kveðju eftir þingslit í fyrra í DV þar sem hann kenndi mér um að þetta frv. hefði strandað þá. Ég talaði þá í þessu máli í tvær mínútur og það var þá í þessari deild í einn klukkutíma. Samt lét forsrh. sig hafa það að kenna mér um að málið hefði strandað. Ég held að það væri gott fyrir ráðherrana að venja sig af því að kenna stuðningsmönnum ríkisstj. um það því að nógu vondu göngum við nú undir og látum fara hér í gegn eins og ég hef áður sagt í þessari umræðu.

En þá skal ég snúa mér að niðurlagi ræðunnar. Ég tók eftir því í hinni skýru ræðu Björns Dagbjartssonar, eða mér fannst ég taka eftir því, að hann teldi að það væri sannað að selurinn væri aðalskaðvaldurinn í sambandi við fjölda selorma í fiski. Þetta hefur mér fundist stangast á við ýmsar aðrar fullyrðingar af þessu tagi. Það er ekki þar fyrir að enn þá einu sinni gæti ég tekið það fram að ég er hlynntur stjórn á stærð selastofnsins.

Svo er það að lokum, virðulegi forseti, varðandi 3. lið till. Björns Dagbjartssonar og Karls Steinars Guðnasonar þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Hverjum þeim sem á selveiðihlunnindi einn eða í félagi við aðra er skylt að stunda selveiðar á landi sínu eftir því sem sjútvrh. ákveður á hverjum tíma."

Það er sem sagt orðið lögbrot að því er segir í greininni ef menn stunda ekki selveiðar, ef sjútvrh. ákveður að það skuli gert. Og þá langar mig að spyrja: Hver eiga að verða örlög þeirra hlunnindahafa sem kunna að fara hér öðruvísi að en sjútvrh. ákveður? Vonandi þó að þau verði ekki hin sömu og þegar selir eiga í hlut.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Hv. þingdeildarmönnum er kunnugt um að nú þegar hefur fundur farið 10 mínútur fram yfir áætlaðan fundartíma. Nú eru þrír á mælendaskrá í þessu máli og möguleiki er á að veita þessum þremur hv. þm. 10 mínútur til að skipta milli sín ef það getur gengið. Ef útséð er um að hægt sé að ljúka þessari umræðu á þeim tíma verður því miður að láta þetta mál liggja. Forseta þykir það mjög miður. Hann hefur lagt metnað sinn í að reyna að uppfylla óskir og skyldur sem honum ber til að koma málum áfram, en það virðist ekki ætla að takast betur til en orðið er.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það er svo komið með þetta frv., sem við vorum með til afgreiðslu á svipaðan máta fyrir þingslit fyrir tæpu ári, að við stöndum í sömu sporum. Ég tel að ég þurfi, virðulegi forseti, til að spjalla um meðferð þessa máls á þessum liðna tíma alveg í lágmarki þann tíma sem okkur þremur var boðið upp á. Ég vil því spyrja forseta: Telur forseti ástæðu til þess að ég fari að hefja ræðu mína út frá því að ég taki meginhluta þessa tíma eða jafnvel allan?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Því miður virðist það vera borin von að svo sé þar sem tveir aðrir ræðumenn eru á dagskrá að auki. Þá verður að láta þessari umræðu lokið.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég býst við að mönnum sé ljóst hversu lítill tími er aflögu til að ræða þetta mál og það hefur verið allmikið rætt. Það er þinginu til vansæmdar ef þetta frv. verður ekki afgreitt á einhvern hátt, annaðhvort fellt eða samþykkt. Ég nota þetta tækifæri til að skora á þá sem kvatt hafa sér hljóðs að falla frá orðinu til þess að þingið geti afgreitt frv. þannig að niðurlæging þingsins verði ekki alger í þessu máli.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegur forseti. 2. umr. um þetta mál var frestað s.l. mánudag og ég skildi það þannig að um það væri samkomulag hjá hv. sjávarútvegsnefndarmönnum að greiða fyrir því að máli þessu yrði lokið hér í dag. Ég hef ekki gert neinar athugasemdir við þann framgangsmáta og í því trausti hef ég starfað hér í þinginu. Nú er það svo að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Það hefur stöðvast áður í þinginu og þýðir ekkert að vera að kenna einum né öðrum þar um. Það hafa komið margvíslegar áskoranir frá samtökum verkafólks, frá samtökum fiskvinnslunnar, frá samtökum sjómanna þar sem skorað er á Alþingi Íslendinga að ljúka þessu máli. Hér er greinilega um málamiðlunarfrv. að ræða þar sem brtt. hafa komið allmargar til beggja átta þar sem annar aðilinn telur að of skammt sé gengið og hinn að allt of langt sé gengið.

Ég tek því undir orð hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar 6. landsk. þm. og vænti þess að Alþingi Íslendinga sjái sér fært að ljúka þessu máli. Það hefur verið lagt fram þrívegis á Alþingi Íslendinga og ætti því öllum hv. þm. að vera vel kunnugt um efni þess þó að ávallt megi um það deila hversu langan tíma þurfi til að afgreiða mál. Ég minni á að hér hafa jafnvel verið afgreidd mál í dag sem voru flutt á þessum morgni, en þetta mál hefur haft margra ára undirbúning. Ég vænti þess að hv. þingdeild sjái sér fært að vera nokkrum mínútunum lengur til að koma til móts við þessar óskir, ekki aðeins mínar heldur samtaka fiskvinnslu, verkafólks og sjómanna um allt land.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Í 43. gr. þingskapa segir:

„Heimilt er þingmanni að krefjast þess að gengið sé

til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því aðeins gert að ⅔ fundarmanna séu því samþykkir."

Ég óska hér með eftir því að þetta verði gert og þingdeildarmenn beri gæfu til að afgreiða þetta mál sem, eins og hæstv. sjútvrh. sagði áðan, skiptir miklu fyrir sjávarútveginn og fyrir landsmenn alla, fyrir þjóðarbúið allt.

Ég óska eftir að gengið verði þegar til atkvæða í ljósi þessarar greinar.

Frsm. minni hl. (Björn Dagbjartsson): Virðulegi forseti. Nú veit ég ekki hvort mér er það í sjálfsvald sett að falla frá því að svara fyrirspurnum sem fyrir mig hafa verið lagðar. Ef fyrirspyrjendur telja það eðlilegt er ég reiðubúinn að falla frá orðinu.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka fram í sambandi við það sem hv. þm. Karl Steinar sagði að það er ekki þinginu að kenna að þetta mál stendur á þann veg sem það stendur hér nú. Það er vegna þess að ríkisstj. sá ekki fyrir því að leggja málið fyrr fram. Það endurtekur sig ár eftir ár með mál eins og þetta sem er á réttan máta lýst af hæstv. sjútvrh. að er nauðsynjamál. Það er ekkert í neinni líkingu við það mál sem við vorum að afgreiða í dag sem kemur upp á stundinni. Það er búið að vera í biðstöðu og hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. sáu ekki ástæðu til að leggja það fram á hv. Alþingi fyrr en 24. mars í vetur, þ.e. daginn áður en hv. þm. fara í páskaleyfi. Geta þessir höfðingjar komið á síðustu stundu þings og óskað eftir því með tilvísun til góðra þátta þm. að nú komi þeirra dugnaður fram þegar þeir sjálfir hafa legið á málum og afgreitt þau á þann máta sem ég hef verið að lýsa? Ef nokkur hefur staðið sig illa og ef á nokkurn á að lýsa vantrausti er það á hæstv. ríkisstj. og sjútvrh. í sambandi við þetta mál. Ég tel að deildin sé að gera það hér nú með því að afgreiða þetta mál ekki.

Egill Jónsson: Virðulegur forseti. Út af ræðu hv. þm. Björns Dagbjartssonar, þar sem hann spurðist fyrir um leyfi til að víkjast undan því að svara spurningum, væntanlega þá m.a. þeim sem ég hafði beint til hans, er frá því að segja að ég met ekki þingskyldur meðþingsmanna minna. Mér er nóg að meta mínar eigin skyldur.

ATKVGR.

Till. skv. fyrri málsgr. 43. gr. þingskapa felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÓ, JHelg, JK, KSG, SBöð, AG, ÁJ, DA, MHM, EKJ, SalÞ.

nei: HS, RA, SkA, StB.

KolJ, SDK, BD, EgJ greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (ÞK) fjarstaddur.

Umr. frestað.

Starfslok efri deildar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þá er komið að lokum þessa fundar sem er seinasti fundur hv. Ed. á þessu starfsári. Annríkið hefur verið mikið að undanförnu, nótt lögð við dag og starfsfólk Alþingis ekki farið varhluta af þessum önnum því að einungis vegna lipurðar og frábærrar fyrirgreiðslu þess tekst að veita málum í réttan farveg.

Ég þakka hv. þingdeildarmönnum sérstaklega fyrir mikla þolinmæði í garð forseta og mjög gott samstarf. Þá vil ég þakka varaforsetum og skrifurum þeirra góðu aðstoð og samvinnu. Jafnframt er skrifstofustjóra Alþingis og öllu öðru starfsfólki þökkuð lipur fyrirgreiðsla og aðstoð.

Ég óska hv. þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars svo og starfsfólki Alþingis og þeirra fjölskyldum og þakka fyrir góðan vetur sem er senn á enda. Ég vænti þess að við hittumst heil að hausti þegar Alþingi kemur saman á ný.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þingdeildarmanna þakka forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil enn fremur sérstaklega þakka forseta umburðarlyndi, ánægjulegt samstarf í hvívetna og góða og röggsama fundarstjórn ævinlega. Enn fremur vil ég fyrir hönd okkar þingdeildarmanna færa starfsliði Alþingis og skrifstofustjóra sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf og góða fyrirgreiðslu þessa síðustu daga þar sem mikið mæðir á öllum.

Ég ítreka góðar óskir allra og þakkir til forseta og færi henni og fjölskyldu hennar okkar bestu óskir um gleðilegt og ánægjuríkt sumar. Ég fullvissa hana um að okkur þingdeildarmönnum hefur þótt ljúft að starfa hér undir forsæti sanngjarnrar og ljúfrar konu og bið hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum til staðfestu þess. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég þakka hv. 6. landsk. þm. fyrir sérstaklega hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þingdeildarmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum og ég endurtek mínar bestu óskir til hv. þingdeildarmanna, þeirra fjölskyldna og starfsfólks Alþingis og segi þessum fundi slitið.

Neðri deild, 100. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 3.30 síðdegis.

Viðey í Kollafirði, stjfrv. 414. mál (þskj. 764). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1109).

Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv. 396. mál (þskj. 947, n. 1056 og 1057, brtt. 1066). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál var rætt á fundum nefndarinnar og á þskj. 1056 er nál. frá meiri hl. landbn. Sveinn Björnsson frá viðskrn. kom á fund nefndarinnar því að óskað var eftir því sérstaklega að þaðan kæmi maður til þess að upplýsa hvort einhver hætta gæti verið á því að þetta frv. stangaðist á við hina ýmsu samninga sem Ísland hefur gert, t.d. eins og fríverslunar-, Efnahagsbandalags- eða aðra samninga. Hann upplýsti það að hann teldi það ekki vera. Hins vegar sagði hann að það væri kannske hægt að túlka það á þann veg að þetta væri ekki alveg í samræmi við GATT-samninginn.

Á þskj. 1066 er brtt. frá hv. þm. Friðrik Sophussyni. Ef sú brtt. yrði samþykkt, þá er það að mínu mati það sama og að þetta frv. væri fellt. Ég vil bara að það komi fram. Það er það skammt síðan að hæstv. landbrh. talaði fyrir þessu máli að ég sé ekki frekari ástæðu til þess að ræða það að svo komnu máli a.m.k. En meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Hv. þm. Halldór Blöndal var fjarstaddur við afgreiðslu málsins. Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir með fyrirvara en hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sem mætti á fund nefndarinnar í fjarveru hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, skilaði sératkvæði.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. landbn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46 frá 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Fyrst vil ég rifja upp, herra forseti, að þann 26. febrúar s.l. gerðust mikil tíðindi í þessu þjóðfélagi. Þá tókst samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins, sem staðfest var með yfirlýsingu ríkisstj. og lagasetningu hér á Alþingi, um gerbreytta stefnu í efnahagsmálum. Nú nýlega höfum við rætt nýtt lagafrv. um nýja húsnæðisstefnu. Með þessu samkomulagi tóku aðilar vinnumarkaðarins að sér það ábyrgðarmikla hlutverk að hafa frumkvæði um nýja stefnumótum, bæði í efnahagsmálum og húsnæðismálum, og taka það frumkvæði af ríkisstjórninni.

Þegar þetta samkomulag var gert lá það fyrir að ríkisstj. sjálf hafði almennt við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga reiknað með 36% verðbreytingaforsendum milli ára og að verðbólga var á bilinu 35–40%. Sem afleiðing af þessu samkomulagi var þessum forsendum gerbreytt og stefnt að þeim markmiðum að ná verðbólgu mjög hratt niður, niður fyrir 10%, jafnvel niður í 7–8% sem afleiðingu af þeim efnahagsaðgerðum sem verkalýðshreyfingin með aðstoð vinnuveitenda knúði fram.

Stjórnarsinnar hafa síðan reynt að eigna sér þennan árangur. Það er út af fyrir sig mannlegt þó það sé kannske ekki stórmannlegt og ekki aðalatriði málsins. Aðalatriðið er það að hæstv. ríkisstj. gaf út ótvíræð fyrirheit um það að hún vildi reyna að efna sinn hlut af þessu samkomulagi. Snar þáttur þessa samkomulags var ákveðin spá um verðlagsþróun á næstunni, þ.e. um breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar, enda samningsákvæði skilyrt á þann veg að ef verðhækkanir verða meiri á tímabilinu en ráð er fyrir gert, þá kemur samkomulagið með sérstökum hætti til endurskoðunar. Af hálfu aðila vinnumarkaðarins er til þess ætlast að ríkisstj. fyrir sitt leyti leggi sig alla fram um það að við þetta samkomulag verði staðið, að verðlagsþróun verði haldið innan þeirra marka sem að er stefnt. Um það hefur ríkisstj. gefið út sérstaka yfirlýsingu.

Hingað til hefur árangurinn verið viðunandi. Partur af þessu samkomulagi var í því fólginn m.a. að koma í veg fyrir hækkun á búvöruverði, auk þess sem það fólst í samræmdum aðgerðum, m.a. til þess að færa niður, til samræmis við breyttar verðlagsforsendur, tekjuskattsálagningu, útsvarsálagningu sveitarfélaga, vaxtaákvarðanir, verð á opinberri þjónustu, bensínverð. Með afnámi verðjöfnunargjalds af rafmagni voru orkureikningar lækkaðir. Því næst var samkomulag um lækkun á tollum, þar á meðal var hin umdeilda lækkun á tollum af fólksbifreiðum, það var lækkun á tollum af grænmeti, hjólbörðum, heimilistækjum. Það var niðurfelling launaskatts til eflingar samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna, sem var ein af forsendum þess að ríkisstj. treysti sér til að reyna að hanga á völtu en sæmilega stöðugu gengi. Og því næst að lokum samkomulag um stóraukna upplýsingastarfsemi um verðmyndun og verðgæslu. Að lokum var þáttur í þessu samkomulagi sú hin nýja húsnæðisstefna sem Alþingi hefur nú fjallað um undanfarna daga.

Það mál sem hér er flutt á síðustu dögum þings er ekki í samræmi við þetta samkomulag. Það er reyndar hreint og klárt brot á þessu samkomulagi af hálfu ríkisstj. Ég hef haft samband við t.d. forseta Alþýðusambands Íslands, sem því miður er eitthvað krankur þessa dagana, og hann heimilaði mér að hafa það eftir sér að hann liti á þessa frumvarpssmíð af hálfu ríkisstj. sem alvarlegt brot af hennar hálfu á því samkomulagi, sem ríkisstj. er aðili að við aðila vinnumarkaðarins, vegna þeirra álaga og verðhækkana sem af því munu hljótast fyrir neytendur í landinu.

Í gær ákvað hæstv. fjmrh., eða ríkisstjórn, verulegar hækkanir á áfengi og tóbaki, sem nema a.m.k. 0,2% af vísitölu framfærslukostnaðar. Og það er alveg ótvírætt að ef þær heimildir verða nýttar, sem hér er verið að fá landbrh. til aukinnar skattálagningar og álaga á innfluttar kartöflur og efni unnið úr þeim, þá munu verðhækkunaráhrif þess í vísitölu vera talsvert meiri, ef þessar heimildir verða nýttar að fullu, heldur en hækkun áfengis og tóbaks. T.d. mundi liðurinn 200% hækkun innflutts hráefnis í franskar kartöflur og þess háttar gera 0,2% hækkun á vísitölu og liðurinn kartöflur og vörur framleiddar úr kartöflum nemur a.m.k. 0,46% hækkun á vísitölu. Ef þetta næði fram væri ríkisstjórnin sjálf að eigin frumkvæði með þessum þremur hækkunum, með samfelldum aðgerðum að lýsa því yfir að hún hefði engan hug og engan vilja á að standa við sinn hlut í gerðu samkomulagi, og það er mjög alvarlegt mál. Þess vegna verð ég að játa það að mér kemur mjög spánskt fyrir sjónir að tveir hv. þm., sem teljast til þingflokks Alþb., að annar þeirra skuli lýsa því yfir í útvarpsviðtali að þeir styðji þetta frv. — eins og gerði hv. þm. Ragnar Arnalds þegar það var lagt fram í hinni enn þá herfilegri mynd — og að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skuli láta sér sæma að skrifa undir svona tillögur framsóknarmanna í tveimur flokkum, Framsóknar- og Sjálfstfl., þó með fyrirvara sé gert.

Herra forseti. Það er ástæða til að fara nokkrum orðum um forkastanleg vinnubrögð sem viðhöfð eru í þessu máli. Fulltrúi Alþfl. í landbn., hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hafði farið þess á leit að ég hlypi í skarðið

fyrir hann þar sem hann hefur fjarvistarleyfi, en hann er erlendis í opinberum erindagerðum, og hafði jafnframt óskað þess sérstaklega að ég kæmi þeim óskum á framfæri, vegna þessa máls og vegna eðlis þess, að leitað yrði umsagna Alþýðusambands Íslands vegna þess að þetta mál snertir vilja stjórnvalda til þess að efna eða vanefna þann grundvallarsáttmála sem hér var gerður um kaup og kjör og verðþróun. Jafnframt að málinu yrði vísað til umsagnar Neytendasamtakanna vegna þess að þetta er stórt hagsmunamál fyrir neytendur en ekki bara fyrir örfámennan hóp verksmiðjueigenda eða bænda. Og að það yrði í þriðja lagi leitað álits t.d. lagadeildar Háskólans á því hvernig þessi lagasetning stenst alþjóðlegar skuldbindingar okkar, svo sem að því er varðar EFTA eða GATT. Og í fjórða lagi var það hans ósk að fulltrúi viðskrn. kæmi á fund nefndarinnar til þess að ræða það mál.

Það er fljótsagt að þessum óskum var dreissugt vísað á bug eins og ég segi í mínu nál. Af hálfu formanns og meiri hl. nefndarinnar var m.ö.o. ekkert tekið undir það og því harðneitað, svo sjálfsögðum óskum um þinglega meðferð þessa máls, að fulltrúar þessara aðila, þessara fjöldasamtaka fólksins í landinu, fengju að segja álit sitt á þessu, ekki einu sinni við það komandi að þeir fengju að koma á fund nefndarinnar. En náðarsamlegast var að lokum fallist á það að fulltrúi viðskrn. mætti koma á fund nefndarinnar til þess að gera grein fyrir því hvernig þetta samræmdist alþjóðlegum skuldbindingum.

Vegna orða frsm. meiri hl. hér áðan, að því er þann þátt málsins varðar, þá er rétt að það komi afdráttarlaust fram að þessi fulltrúi viðskrn. sem hér um ræðir viðurkenndi og sagði berum orðum að þetta frv. stæðist ekki skuldbindingar okkar gagnvart alþjóðlega tollasamkomulaginu, þ.e. GATT, og sérstaklega nú einmitt vegna þess að við höfum skuldbundið okkur til að virða hina svokölluðu „stand still"-reglu, eða reglu hins óbreytta ástands, vegna þess að fram undan eru viðræður um frekari aðgerðir til rýmkunar á hindrunum í alþjóðaviðskiptum og lækkun á tollum innan GATT-samkomulagsins. Þetta er þó engan veginn meginatriði málsins. Þó vil ég nefna það í þessu viðfangi að það skýtur svolítið skökku við þegar við annars vegar og viðskrn. íslenska er mánuðum og misserum saman í stríði við aðrar þjóðir út af sambærilegu máli — þá á ég við viðleitni okkar til þess að fá niðurfelldan 13 og 21% toll á saltfiskinnflutningi í Portúgal og Efnahagsbandalagslöndum, sem við getum ekki stutt beinum og skýlausum samningsákvæðum vegna þess að þessi tollur er tilkominn eftir að við gerðum okkar samkomulag um viðskipti við Efnahagsbandalagið — engu að síður höfum við mánuðum og misserum saman lagt á það megináherslu að það sé eitt stærsta hagsmunamál Íslendinga að fá slíka mismununartolla, svokölluð jöfnunargjöld eins og þau mundu heita þar, felld niður vegna þess að við stöndum þar í samkeppni við aðra sem fram hjá þessum tollum fara. Þar með er þetta raunverulega aðgerð sem getur haft þau áhrif að bola okkur út af mörkuðum þar og eru þar auðvitað gífurlega miklir hagsmunir í húfi. Og það fer ekkert milli mála að það er ekki sérstaklega hagkvæmt að á sama tíma og þetta mál er kannske að nálgast lokastig þá skuli þau tíðindi berast á Íslandi að við erum sjálfir hvenær sem er, þegar eftir er leitað af tiltölulega fámennum hópum, reiðubúnir að beita sams konar brögðum. Það verður áreiðanlega eftir því tekið og það er hvorki í þágu íslenskra útflytjenda, íslensks sjávarútvegs, eða þjóðarhagsmuna Íslendinga almennt. Þetta er að mínu mati alvarlegasti þáttur málsins.

Þetta frv. sýnir að ríkisstj. er ekki treystandi. Hún er tilbúin til þess hvenær sem eftir er leitað af fámennum en áhrifamiklum hagsmunaaðilum að ganga í berhögg við forsendur þess samkomulags sem hún er búin að skuldbinda sig við að reyna að halda við hin fjölmennu samtök launafólksins í landinu. Og vinnubrögðin síðan aldeilis forkastanleg, hrokinn alveg yfirgengilegur, að virða ekki svo sjálfsagðar kröfur sem það er að þeir, sem hafa gert samkomulag við ríkisstj. um svona mál, eins og miðstjórn Alþýðusambands Íslands, skuli fá svo mikið sem leyfi til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þá er og á annað að líta, herra forseti, um vinnubrögðin. Hér er í fyrsta lagi verið að samþykkja, ef þetta verður að lögum, afar óviðfelldið valdaframsal úr höndum Alþingis til landbrh., þar sem hann á að hafa heimild til þess að ákveða þessa skatta eftir „behag" eins og það heitir á góðri skandinavísku. Landbrh. á bara að fá eina allsherjar heimild innan þeirra marka, allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru og hafa það algjörlega að eigin geðþótta.

Menn kann að greina á um það hvað þetta þýðir í upphæðum talið fyrir almenning og neytendur í þessu landi. Um það kunna að vera eitthvað skiptar skoðanir, enda talnagrundvöllurinn ekki sérlega traustur. Menn leyfa sér það hér á hinu háa Alþingi að leggja fram frv. til laga um framsal á skattlagningarvaldi Alþingis í hendur á einum ráðherra og það eru engar upplýsingar lagðar fram, engir útreikningar af neinu tagi um eitt eða neitt til rökstuðnings þessu. Nú vita menn það að ástæðurnar fyrir þessu eru auðvitað þær að hér eru reknar kartöfluverksmiðjur sem eru ekki samkeppnisfærar miðað við það hráefnisverð sem þeirra eigendur láta verksmiðjurnar borga. Eigendur eru sjálfir framleiðendur og þeir ákvarða sitt verð til verksmiðjanna og það verð er langt umfram það sem kallast mætti sambærilegt verð erlent eða heimsmarkaðsverð. Um það efni vísa ég til fskj. sem er verðsamanburður Verðlagsstofnunar á frönskum kartöflum, þá er ég að tala um smásöluverð, sem sýnir að verðmunurinn er þetta tvö- til þrefaldur. Þrátt fyrir þessar forsendur eru þessar „fabrikkur" ekki samkeppnisfærar og málið er flutt þess vegna. Menn vilja ekki hrófla við innkaupsverði verksmiðjanna og verðmunurinn er slíkur sem ég hef nefnt dæmi um. Það er auðvitað kveikjan að málinu. Þetta er m.ö.o. hagsmunamál og síðan er landbrh. bara gefið skattlagningarvald til að gera hvað sem honum þóknast til þess að rétta þennan mum. Það eru engir útreikningar lagðir fram og engar upplýsingar, hvorki um fjárfestingu þessara verksmiðja né heldur um rekstrarkostnað þeirra eða afkomu eða nokkurn skapaðan hlut. Þetta er m.ö.o. lagasetning eftir pöntun, bara eftir pöntun.

Þetta ætti að nægja um vinnubrögðin. Þau eru forkastanleg hvort heldur er að því er varðar forsendur málsins sjálfs og meðferð þess hér inni á Alþingi og í landbn. Ef menn vildu nú fallast á að það væru einhver rök fyrir því að ríkið kæmi sérstaklega til aðstoðar þessum verksmiðjurekstri, þá er hin rétta aðferð í því efni allt önnur. Hún er sú að þá eiga fulltrúar ríkisstj.,

eða þingmeirihlutans að leggja hér fram tillögur á Alþingi Íslendinga við fjárlagaafgreiðslu, eða með öðrum hætti þótt ekki sé við fjárlög, um beina rekstrarstyrki. Þá hafa menn það á hreinu hvort meiri hlutinn þorir að leggja fram rök sem tekin væru góð og gild fyrir nauðsyn þess arna, og þá væru þessar upphæðir hér skráðar og menn tækju þá afstöðu til þess hvort þeir væru reiðubúnir að leggja skatta á allan almenning og neytendur til þess að dekka hallarekstur þessara verksmiðja. Þá væri málið m.ö.o. ekki feluleikur, þá þyrfti ekki að stunda eitthvert valdaframsal, og þá væru a.m.k. vinnubrögðin út af fyrir sig í þokkalegu samræmi við eðlilega starfshætti. Og þá kæmi auðvitað til greina að líta á niðurgreiðslureikning skattgreiðenda í heild og hvort ástæða væri til að færa hluta af niðurgreiðslunum, sem þegar eru lögfestar á fjárlögum, og nýta þær að hluta til með þessum hætti.

Nú sagði ég, herra forseti, að miðað við það hversu forkastanlegt þetta mál allt saman er og illa undirbúið, engar heimildir lagðar fram og engar upplýsingar, málið bara keyrt í gegn með venjulegum framsóknarþjósti af landbúnaðarkerfinu, þá kunni menn að greina á um það hvað þetta gæti þýtt. En ég vil vekja athygli á því að af hálfu hagfræðings Verslunarráðs Íslands hafa verið settar fram tölur um það. Hann telur að ef þessar heimildir væru nýttar að fullu, þ.e. þessi geðþóttaskattlagning landbrh., ef hún væri nýtt að fullu, þetta 200% álag, og miðað væri við kartöfluinnflutning eins og hann hefur verið hingað til landsins s.l. fjögur ár, þá gæti falist í þessari heimild 2–300 milljón kr. skattur á neytendur af innfluttum kartöflum. — Og munar nú lítið um einn kepp í sláturtíðinni, segir einhver. — Því til viðbótar, segir hagfræðingur Verslunarráðsins, bætast álögur á innfluttar vörur unnar úr kartöflum. Skattheimtan gerir síðan innlendum framleiðendum kleift að hækka verð til neytenda þannig að í heild getur þessi skattheimta falið í sér álögur á neytendur miðað við þessar forsendur og fulla nýtingu á skattlagningarheimildum sem eru ekki undir einum milljarði króna.

Ég skal út af fyrir sig ekkert fullyrða um það nákvæmlega hvernig þessar heimildir verða nýttar og um það getur enginn fullyrt, reyndar ekki meirihlutamenn sjálfir, þeir sjá það ekkert fyrir. En hitt er annað mál að það sem Alþingi er beðið um að samþykkja hér er skattálagningarframsal, til hv. landbrh. af öllum mönnum, sem gæti numið þessu ef allar heimildir væru nýttar til fulls. Auðvitað liggur ljóst fyrir að það er ekki verið að flytja þetta frv. að gamni sínu. Auðvitað liggur það fyrir — ef menn líta á muninn að því er varðar verðsamanburðinn frá Verðlagsstofnun, sem birtur er á fskj. með mínu nál. þar sem fram kemur að verðmunurinn á smásöluverðinu er þetta tvö- til þrefaldur — að það er meiningin að nýta þessa skattlagningarheimild. Og hún mun fela í sér verulegar álögur á neytendur í fyrsta lagi, og hún mun skapa svigrúm fyrir verksmiðjueigendur til þess að hækka enn verð á sínum framleiðsluvörum.

Herra forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um hin dæmigerðu vinnubrögð þeirra framsóknarmanna í svona málum — og með framsóknarmönnum þá á ég ekki endilega við þá framsóknarmenn sem eru í Framsfl., heldur framsóknarmenn þriggja flokka. Það er svo eftir öðru að því er haldið fram að hér sé verið að leggja á eitthvað sem eigi með réttu lagi að heita jöfnunargjald. M.ö.o. það er rökstutt með því að hér sé verið að koma til móts við niðurgreiðslur erlendis frá. Af því tilefni vil ég taka það fram að samkvæmt upplýsingum, bæði einstakra innflytjenda, Verslunarráðsins og viðskrn., eru engar niðurgreiðslur á kartöflum. Engar. Engum slíkum niðurgreiðslum til að dreifa, hvorki í löndum Efnahagsbandalagsins né heldur í Bandaríkjum Ameríku né Kanada, þaðan sem þessar vörur hafa verið fluttar inn. Engar niðurgreiðslur. Ekki af neinu tagi. Og þess vegna er algerlega út í hött að kalla þetta eitthvert jöfnunargjald. En það heyrir auðvitað undir sérstaka framsóknarhagfræði að ef neytendur kynnu að eiga þess kost að njóta þess í lækkuðu vöruverði að heimsmarkaðsverð á þessum vörum, óniðurgreitt, er tvisvar til þrisvar sinnum lægra en það verð sem verið er að krefja íslenska neytendur um, þá mega þeir ekki njóta þess. Hin hliðin á því máli er sú að ef þetta mál snerist um það og menn væru heiðarlegir í sínum málflutningi og segðu bara ósköp einfaldlega: Það eru pólitískir hagsmunir Framsfl. að koma þarna til aðstoðar tveimur verksmiðjum, — ef menn væru heiðarlegir í sínum málflutningi þá ættu þeir bara að leggja fram tillögu um það að þessi verksmiðjurekstur væri sérstaklega styrktur. En þá ættu menn líka að standa frammi fyrir því að það væri bein skattlagning eða nýting á skattfé almennings sem færi í það. Þá sæju menn það nákvæmlega hverja er verið að styrkja og hvaða kröfur er verið að gera og hvaða álögur er verið að leggja á neytendur.

Herra forseti. Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á ályktun Neytendasamtakanna sem þegar hafa látið til sín heyra í þessu máli. Sú ályktun á erindi inn í þingtíðindin og þess vegna vil ég kynna hana hér, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin mótmæla fram komnu stjfrv. um heimild til handa stjórnvöldum til þess að leggja allt að 200% ofan á tollvirði innfluttra búvara.

Neytendasamtökin telja, verði frv. að lögum, að það muni leiða til stórhækkaðs vöruverðs til neytenda, koma í veg fyrir samkeppni og draga úr viðleitni framleiðenda til þess að laga sig að markaðsaðstæðum og beita hagkvæmni við framleiðsluna.

Neytendasamtökin fordæma jafnframt þær hugmyndir að neytendur eigi að þola stórhækkað vöruverð af þeim ástæðum einum að nokkrir framleiðendur stofna og reka úrvinnsluverksmiðjur fyrir framleiðslu sína. Vilji stjórnvöld stuðla að slíkum atvinnurekstri er eðlilegra að þau styðji hann með öðrum aðferðum en að hækka verð samkeppnisvara til neytenda. Slíkar þreifingar ofan í matarbuddu almennings eru ekki til þess fallnar að bæta kjör heimilanna. Nær væri að veita þessum fyrirtækjum beina rekstrarstyrki á fjárlögum. Þá væri kostnaðurinn ljós hverjum sem er og á valdi Alþingis hverju sinni að ákveða hvort halda skyldi slíkum stuðningi áfram."

Herra forseti. Þessi ályktun mun hafa verið gerð þegar frv. var sett fram í sinni upphaflegu mynd, en þá ætluðu þessir sérhagsmunaseggir, sem að þessum málum standa, hvorki meira né minna en að framselja heimild til landbrh. um að leggja þetta 200% álag ofan á tollvirði innfluttra búvara eins og þær leggja sig.

Í framhaldi af þessu, herra forseti, er rétt að það komi fram að fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík hefur þungar áhyggjur af þessu máli og hefur beint

mótmælum sínum og kröfum í því efni, eftir upplýsingum sem mér voru veittar símleiðis í gær, til þingmanna sinna. En þeir létu þau orð fylgja að þeir treystu það illa á atfylgi þingmannanna að þeir vildu vera öryggir um að þessi vitneskja kæmist til skila vegna þess að þeir lýstu því fyrir mér átakanlega hvernig þessi samvinnuflokkur Framsfl. er í þessum málum ávallt og ævinlega kúgaður í hverju málinu á fætur öðru þegar hagsmunir neytenda eru annars vegar.

Kannske að við fáum eitthvað að heyra um þetta þegar hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson tekur hér til máls á eftir. Vonandi hefur hann kjark til að staðfesta að rétt sé með farið um að slík ályktun hafi verið gerð.

Herra forseti. Á þskj. 1066 leggur einmitt hv. 2. þm. Reykv. fram brtt. við þetta endemis frv. sem auðvitað er þakkarverð og væri til bóta ef hún næði fram að ganga. Hún er við 1. gr. og byggist á því að heimildin til að leggja slíkt gjald á vörur unnar úr kartöflum falli niður og svo sú galopna heimild til ráðherrans að ákveða hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Auðvitað væri það til bóta en samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hingað til, er lítil von talin til þess að þm. hafi nokkurn stuðning í sínum eigin þingflokki við svo sjálfsagða hagsmunagæslu fyrir neytendur.

Herra forseti. Mönnum kemur það kannske á óvart í önnum þingsins af hverju lögð er slík áhersla á að fá þm. til að átta sig á að þetta mál er hið versta mál. Það gat vel farið svo í þeim asa, sem ríkjandi er hér seinustu daga þings, að þetta færi fram hjá mönnum. Þess vegna vil ég sérstaklega biðja menn að aðgæta að þetta mál er tekið mjög alvarlega af miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Það liggur alveg ljóst fyrir að forsvarsmenn Alþýðusambandsins telja að með því að hleypa þessu máli óbreyttu í gegnum þingið sé verið að svíkjast ódrengilega aftan að alþýðusamtökunum og því samkomulagi sem gert var við aðila vinnumarkaðarins og milli þeirra og ríkisvaldsins um að ríkisvaldið reyndi fyrir sitt leyti að standa við þau fyrirheit sín, þau loforð sín að standa á móti hækkun á verði á þýðingarmiklum neysluvörum almennings. Þetta er einn prófsteinninn á það hvort nokkur hugur fylgi máli eða hvort nú er svo langt um liðið að ríkisstj. heldur að hún geti áhættulaust og umvöndunarlaust þjónað hagsmunum sérhagsmunahópa jafnvel þótt þeir gangi í berhögg við svo ríka almannahagsmuni.

Menn skulu gæta að því að þetta er hið alvarlegasta mál því að ef ríkisstj. verður uppvís að því einu sinni og oftar en einu sinni að taka þetta samkomulag ekki alvarlega verður henni ekkert trúað til að gera slíka hluti aftur. Þá er hún raunverulega að leggjast á sveif með þeim sem með ansi yfirborðskenndum rökum og glamri hafa talið sig geta snúist gegn samkomulaginu og hafa lagt sig alla fram um að gera það tortryggilegt.

Þetta er prófsteinn á það hvort má sín meira, virðing ríkisstj. fyrir gerðu samkomulagi, orðheldni hennar og heiðarleiki í samskiptum við aðila eða hvort hitt vegur þyngra þegar sérhagsmunaseggir framsóknarkerfisins setja undir sig hornin og ætla enn einu sinni að keyra yfir allt og alla til að tryggja sína sérhagsmuni og það með jafnógeðfelldum aðgerðum og hér hefur verið lýst, nefnilega með framsali á skattlagningarvaldi sem út fyrir sali Alþingis á ekki að fara. En það eru þeirra ær og kýr. Það er einkenni á vinnubrögðum framsóknarmanna, svo sem berlega hefur komið fram, ekki bara nú heldur í fleiri málum.

Herra forseti. Ég legg eindregið til að Alþingi sjái sóma sinn í því að vísa svo gerræðisfullri lagasetningu á bug. Takist það ekki vil ég til vara gera þá tillögu að Alþingi leggi lið þeirri brtt. sem fram er lögð á þskj. 1066. En dugi það ekki til og ætli stjórnarmeirihlutinn að hafa sinn gang í þessu máli er ekki eftir annað en að vara þá við afleiðingunum þótt síðar verði.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. vil ég taka það fram að ég ætlast ekki til að þessi heimild, sem þarna er veitt ráðherra, verði notuð nema þegar sambærileg innlend framleiðsla er *hér á boðstólum. En eins og við vitum er það stundum* og hefur reyndar oftast verið svo að innlend kartöfluframleiðsla nægir ekki yfir allt árið þó að síðustu árin hafi það stundum gerst. Þá þarf að flytja inn kartöflur á meðan eða þegar framleiðsla er að þrjóta og eins þegar kartöflur eru að koma nýjar á markaðinn. Þá er mjög erfitt að vera með vörur á tvöföldu verði. Það er í þessu skyni sem lagt er til að þessi heimild verði veitt.

Ég vil jafnframt taka fram að í mínum huga á þetta ekki að vera tekjuöflun fyrir ríkissjóð nema þá til að greiða niður innlendar vörur til neytenda, þannig að heildarútgjöld neytendanna verði ekki meiri en ella.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna fullyrðinga hv. 5. þm. Reykv. áðan um að með þessu frv. væri brotið það samkomulag sem gert var við verkalýðshreyfinguna vil ég taka fram eftirfarandi:

Þetta frv. er eingöngu flutt til að heimild fáist til að vernda innlenda framleiðslu á kartöflum þegar um óeðlilega verðfellingu er að ræða á innflutningi eins og mér er tjáð að sé, sérstaklega með ýmiss konar framleiddar vörur úr kartöflum.

Ég aflaði mér einnig upplýsinga um það hvort slíkt gæti orðið til þess að hækka framfærslukostnað og mér var tjáð að það væri ekki ef slíkar tekjur eru notaðar til að lækka verð á annarri framleiðslu sem á markaðinum er.

Ég vil taka það skýrt fram að það er svo sannarlega ekki ætlun þessarar ríkisstj. að brjóta eitt eða neitt í því samkomulagi sem hefur verið gert. Ef svo reynist, sem hv. þm. lýsti, að þetta verði til þess að hækka framfærslukostnað mun þessi heimild ekki verða notuð.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Senn líður að þinglausnum. Ég hafði reyndar hugsað mér að ræða nokkuð vanda kartöfluverksmiðjanna, en vegna lítils tíma mun ég stikla á örfáum aðalatriðum í örstuttu máli.

1. Þessi skattheimta, sem frv. gerir ráð fyrir, kann að stangast á við 40. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er í raun *verið jafnframt að gefa út óútfyllta ávísun sem gæti* numið allt að 200% gjaldi á innflutning.

2. Skatturinn er kallaður jöfnunargjald en rétt er að benda á að í lögum, í tollalögum, er „dumping"-ákvæði. Eins er ástæða til að benda á að samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, munu kartöflur ekki vera niðurgreiddar í Vestur-Evrópu né Norður-Ameríku. Hins vegar er mikið framboð á kartöflum þar, sem hefur lækkað verð á þeim.

3. Minnt skal á skuldbindingar okkar við GATT og réttindi okkar á móti sem eru nauðsynleg fyrir útflutning íslensku þjóðarinnar.

4. 24% vörugjald, sem íslensku verksmiðjurnar hafa átt að reiða af höndum til ríkisins, hefur ekki verið innheimt heldur aðeins af innflutningi á vörum unnum úr kartöflum.

5. Álögur á innfluttar iðnaðarvörur, sem unnar eru úr kartöflum, eru líklega fast að 170% þegar allt er talið. Í því er fólgin óvenjulega mikil vernd. Þá er talið með það sem kemur fram vegna þess að innlendu verksmiðjurnar þurfa ekki að greiða vörugjald og ég get rakið það nánar. Í því er fólgin óvenjulega mikil vernd, eins og ég sagði áður. Samt eru þær innlendu dýrari en þær erlendu.

6. Íslensku kartöflurnar eru óhentugar til úrvinnslu. Hér er súr jarðvegur, lítið kalk, lítill mjölvi í kartöflum og kartöflur smáar. Það er af þessum ástæðum sem erfitt er að nota íslenskar kartöflur til úrvinnslu.

7. Kartöfluúrvinnsla er iðnaður. Lán til verksmiðjanna koma úr Iðnlánasjóði í samræmi við það.

8. Það er sjálfsagt að íslenskar kartöflur séu einar seldar hér á landi þegar þær eru til og ætar. Mér finnst hins vegar eðlilegt að verksmiðjurnar fái allt árið, ef þær vilja, að flytja inn kartöflur sem hráefni fyrir framleiðslu sína til að bæta þannig samkeppnisaðstöðu sína. Það er nefnilega slæmt að það skuli hækka verð á þessari afurð jafnt þegar hallæri skellur yfir og í góðæri.

Það er rétt, sem hefur komið fram, að mótmæli hafa komið fram frá Neytendasamtökunum og ýmsum öðrum aðilum. Ég hef, herra forseti, flutt brtt. á þskj. 1066. Þær brtt. gera það að verkum, ef samþykktar yrðu, að ekki verði heimilt að leggja gjald á vörur unnar úr kartöflum, sem þýðir m.ö.o. að heimild ráðherra til álagningargjalds felst aðeins í því að leggja þetta gjald á nýjar kartöflur þegar þær eru í samkeppni við innlenda uppskeru.

Hins vegar vil ég segja það, herra forseti, að yfirlýsing hæstv. ráðherra hefur breytt afstöðu minni. Sér í lagi vil ég vitna til yfirlýsingar hæstv. forsrh. sem ég skil svo að þetta gjald verði ekki lagt á nema þegar um óeðlilega verðfellingu er að ræða, svo að ég vitni beint í mál hæstv. forsrh. eins og hann orðaði það hér í ræðustól og ég skráði niður á mín blöð. Það þýðir að þeir sem leggja á gjaldið verða að sýna fram á að um óeðlilega verðfellingu sé að ræða.

Einnig sagði hæstv. forsrh. að séð verði fyrir því að framfærslukostnaður verði ekki hærri en hann er í dag og þar með ekkert brot á því samkomulagi sem gert var á milli aðila vinnumarkaðarins og hæstv. ríkisstj. (**Forsrh.**: Framfærslukostnaðurinn hækki ekki.) Alveg rétt. Ég endurtek vegna þess að hæstv. forsrh. kallaði fram í að vegna þessa frv., sem við erum að fjalla um hér, mun framfærslukostnaður ekki hækka. Það verður séð fyrir því að framfærslukostnaður mun ekki hækka vegna aðgerða sem gætu komið í framhaldi af samþykkt þessa frv. sem við erum hér að fjalla um. Sýnist mér hæstv. forsrh. samþykkja þá túlkun.

Að öllu þessu samanlögðu, herra forseti, tel ég rétt að kalla aftur þá till. sem ég hef flutt á þskj. 1066, en mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl., sem mælir með samþykkt þessa frv., með fyrirvara. Fyrirvarar mínir lúta að því sem hér hefur nokkuð verið til umræðu, þ.e. hvort þær ráðstafanir, sem gætu leitt af samþykkt þessa frv., verða til hækkunar á framfærsluvísitölu eða ekki. Ég minni á svör hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. áðan þar sem því var lofað úr þessum ræðustóli að framkvæmd laganna yrði með þeim hætti að til hækkunar á framfærsluvísitölu af þeim sökum kæmi ekki. Ég vil lýsa því yfir að stuðningur minn var algjörlega bundinn þeim fyrirvara að slík yfirlýsing yrði gefin. Ella hefði ég ekki treyst mér til að standa að þessu frv.

Ég vil hins vegar segja það, vegna fullyrðingar hv. 5. þm. Reykv. um að með lagafrv. þessu sé um brot á ábyrgð ríkisstj. á gerðum kjarasamningum að ræða, að auðvitað felur lagafrv. sjálft ekki í sér þetta brot. Hins vegar er hætta á því að framkvæmd laganna, beiting heimildanna gæti orðið með þeim hætti að samkomulagi aðila vinnumarkaðarins yrði stefnt í voða, þ.e. að ábyrgð ríkisstj. á þeim samningum yrði brotin.

Nú vil ég segja um þetta tiltekna atriði að þegar menn gera samninga treysta þeir annaðhvort þeim sem þeir semja við eða ekki. Hv. 5. þm. Reykv. var einn af ötulustu stuðningsmönnum þessarar samningsgerðar og lýsti þessu sem tímamóta samningagerð og mjög jákvæðri samningagerð, þar með talin auðvitað aðild ríkisstj. að málinu. Í því tel ég að felist sú afstaða hv. þm. að hann treysti ríkisstj. til að standa við sinn hlut samningsins ella hefði hann væntanlega ekki verið jafnánægður með samningagjörðina og raun ber vitni. Maður hlýtur þá að spyrja hvað valdi þeim sinnaskiptum hjá hv. þm. að hann treysti ekki ríkisstj. nú til að fá hér einfaldar lagaheimildir vegna þess að hann gefur sér það að ríkisstj. muni misnota þær og nota þær til að bregða forsendum kjarasamninganna.

Hér er, hv. 5. þm. Reykv., eingöngu um heimildarákvæði að ræða. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því hér yfir, lofað því af þessum ræðustól — og þetta er nú ekki langt frá fótstalli Jóns Sigurðssonar — að þessar heimildir verði ekki notaðar ef þær brjóta á nokkurn hátt í bága við forsendur þessara kjarasamninga og valda hækkun á framfærsluvísitölu sem ekki rúmast innan þeirra.

Ég vil einnig minna á að samningarnir og ábyrgð ríkisstj. eru í fullu gildi. Þess vegna er ekki rétt að einangra þetta mál og líta á það sem einstakan hlut. Verðbreytingar, sem kynnu að leiða af samþykkt þessa frv., yrðu hluti af almennum verðbreytingum og þar með talið hluti af búvöruverðsbreytingum. En í fylgifrumvarpi kjarasamninganna, sem við afgreiddum hér á hv. Alþingi og flestir hv. þm. studdu, 303. máli, stendur einmitt á baksíðu að ríkisstj. taki sérstaklega ábyrgð á búvöruverðshækkunum. Það er einn af þeim liðum í verðlaginu sem sérstaklega er tekið fram um að ríkisstj. muni beita sér fyrir að hækkanir verði innan tilsettra marka. Ég vil því líta á þetta mál og þær heimildir, sem ríkisstj. eða hæstv. ráðherra fær, í samhengi við alla samningagjörðina og sem hluta af meðhöndlun ríkisstj. á verðlagsmálum. Annað væri að mínu viti óeðlilegt.

Nú held ég þessa ræðu ekki sem einn af ötulustu stuðningsmönnum ríkisstj. og ekki vegna þess að ég hafi öðrum þm. fremur traust á henni. Ég gæti út af fyrir sig sagt margt um efasemdir mínar um að þessi ríkisstj. sé til þess myndug að standa við sinn hlut að þessu samkomulagi. En gjört er gjört og menn skulu þá væntanlega hafa það traust á henni einnig í þessu máli sem þeir hafa annars og höfðu t.d. við samningagjörðina. Eða hefur eitthvað sérstaklega breyst sem veldur því að aðilar, sem studdu samkomulagið eða jafnvel

gerðu það og treystu þar af leiðandi ríkisstj. til að fara með sinn hlut málsins, gera það nú ekki lengur?

Efnislega mætti svo velta því fyrir sér hvort hér er skynsamlega að málum staðið, bæði frá sjónarhóli neytenda, einnig vegna aðildar okkar að fríverslunarsamningum. Það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. og 2. þm. Reykv. að það kann að orka tvímælis hvort þetta er skynsamleg ráðstöfun af okkar hálfu einmitt í því samhengi. Ég vil þó, herra forseti, lýsa því að ég er ekki sammála túlkun hv. 5. þm. Reykv. á afstöðu fulltrúa viðskrn. sem kom á fund landbn. Ég skildi þann ágæta mann svo að hann teldi að þetta væri tvímælalaust ekki brot á okkar alþjóðlegu skuldbindingum að þessu leyti en væri umdeilanlegt og orkaði e.t.v. tvímælis.

Það hefði einnig mátt velta því hér fyrir sér, herra forseti, ef tíminn hefði verið meiri, hvort ekki hefði verið réttara að ríkisstj. hefði gripið til annars konar ráðstafana en að leggja á svona gjald og nota það í þessu skyni, t.d. til beinna niðurgreiðslna innanlands á þeim vöruflokkum sem hér eiga í hlut og þá úr ríkissjóði. En tíminn leyfir naumast miklar vangaveltur um það.

Ég vil þá að síðustu undirstrika það að stuðningur minn við þetta frv. með þeim fyrirvara sem ég hef gert grein fyrir er algjörlega bundinn þeim loforðum sem hæstv. landbrh. hefur í fyrsta lagi gefið um að þetta gjald verði ekki lagt á þann tíma ársins sem sambærilegar íslenskar vörur eru ekki á markaði. Það er yfirlýsing númer eitt sem hér var gefin af hæstv. landbrh. Yfirlýsing númer tvö var gefin af hæstv. forsrh. og skiptir algjörlega sköpum. Hún var loforð um að aðgerðir í framhaldi af setningu þessara laga yrðu ekki látnar leiða til hækkunar á framfærsluvísitölu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að tala hér alllangt mál, en eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. er kannske óþarfi að fara ítarlega út í þessi mál. Ég vil þó grípa á nokkrum atriðum.

Ég vildi segja að á ýmsum sviðum hefur ríkisstj. — og er ég ekki mjög hrifinn af núverandi ríkisstj. — staðið að ýmsu leyti vel við þá samninga sem gerðir voru 26. febr. Það er verið að afgreiða hér nýtt húsnæðismálafrv. sem er í samræmi við þá samninga. Hér hafa farið greiðlega í gegn breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Frægt er að hæstv. viðskrh. tók hressilega til hendi þegar bankar sem ríkisfyrirtæki ætluðu að fara að hækka sína þjónustu.

En jafnframt því sem ég viðurkenni þetta vil ég benda á að það er ákaflega lítið svigrúm til að fara ekki yfir þau mörk sem gert var ráð fyrir. Eftir hækkun á áfengi og tóbaki minnkar það svigrúm enn. Menn geta haft sínar skoðanir. Margir kannast við einn virtasta læknaprófessor sem heldur því fram að það ætti að þrefalda allt tóbaksverð af heilbrigðisástæðum. Það viðhorf er ekki til staðar hjá hæstv. ríkisstj. Það er gert af tekjuástæðum. Prófessorinn vill þrefalda verðið til að draga úr reykingum. Ríkissjóður hækkar þetta til að auka sínar tekjur. Þetta vegur um 0,23%. En svigrúmið er innan við 1%. Þarna kom inn hækkun á tryggingum bifreiða. Þetta verður ákaflega naumt.

Manni verður á að spyrja: Hvað meinar ríkisstj.? Hvert er hún að fara þegar hún kemur með frv., sem sjálfsagt er hægt að færa ýmis ágæt rök fyrir undir venjulegum kringumstæðum, þar sem bókstaflega er samið um það og allt stendur og fellur með því að verðlagi sé haldið í skefjum má ríkisstj. ekki undir neinum kringumstæðum gera neitt til að sprengja þessar verðtakmarkanir. Ég veit að það vakir ekki fyrir hæstv. landbrh. að gera það, hann er þarna að hugsa um sína umbjóðendur. En þetta hefur áhrif sem ákaflega erfitt er að segja um hvað verða mikil. Þetta hækkar verðlag í landinu.

Ég skal ekki vera að fárast yfir áfengis- eða tóbakshækkunum. Þær hafa þó þau áhrif að hækka lánskjaravísitöluna. (**JBH:** Lausn fyrir húsbyggjendur.) Ein af lausnum fyrir húsbyggjendur. Út af fyrir sig kom kannske ekki á óvart að þetta yrði. Hins vegar held ég að enginn hafi búist við þessu fyrr en liði vel á sumar.

Ég vara hæstv. ríkisstj. mjög alvarlega við hversu uggvænleg áhrif slíkt hefur og ég efast mjög um að það sé á hennar færi ef hún gengur fram í hækkunum að hindra að aðrir geri það. Ef verkalýðsfélög eru að leggja í kostnað, sem sjálfsagt er og ekki er eftir talið, til verðgæslu þarf kannske fyrst og fremst að setja verðgæslu á hæstv. ríkisstj.

Menn hafa lýst því hér yfir og m.a. hæstv. forsrh. að þetta muni ekki koma til framkvæmda nema um óeðlilega verðfellingu sé að ræða og muni ekki hafa áhrif á vísitölu. Ég sé satt að segja ekki hvernig þetta á að vera framkvæmanlegt. Ef það á að millifæra þarna, ef mikið er lagt á innfluttar kartöflur, háir tollar, seljast innlendar fyrst og fremst, en þá eru ákaflega litlar tekjur eftir til að greiða niður innlendar kartöflur vegna þess að tekjurnar sem áttu að koma af hækkuðum tollum á þær erlendu eru ekki til staðar. Ef hins vegar er lítið lagt á innfluttar kartöflur eru þær íslensku dýrari og frv. nær ekki tilgangi sínum. Ég er ekki einn um þessa skoðun. Ég hef borið þetta undir virtustu hagfræðinga, bæði aðila vinnumarkaðarins og aðra virta hagfræðinga. Það hefur enginn þeirra séð nokkra einustu smugu, ef það verði framkvæmt sem gert er ráð fyrir hér, öðruvísi en það hefði áhrif til að hækka vísitölu.

Ég hef engan áhuga á því og hef ekki iðkað hér að tefja þingstörf eða vera með málalengingar eða ætla t.d. hæstv. landbrh. eitthvað sérstaklega illt í þessu. Ég ítreka að ég skal taka tillit til yfirlýsingar forsrh. og treysta á að hún standi. En ég vil að endingu aðvara hæstv. ríkisstj. Hún ætti ekki að ganga fram með svona mál vegna þess að þá mun sagt verða: Þegar svo er um hin grænu tré hvernig er þá með hin? Og hvað höfðingjarnir hafast að o.s.frv.

Eftir yfirlýsingu forsrh. sé ég ekki tilganginn með þessu lagafrv. Ég held að hvort sem sá ágæti hv. 2. þm. Reykv. dregur sína till. til baka eða ekki ætti hæstv. ríkisstj. að draga þetta mál til baka því að nánast er forsrh. búinn að gefa út þá yfirlýsingu sem gerir það að engu eða verður ósannindamaður ella sem ég er alls ekki að brigsla honum um. Ég mun greiða atkvæði á móti þessu frv. verði það ekki dregið til baka og ég vara við því fordæmi og við þeim hættum sem af því skapast ef farið verður að tíðka slík vinnubrögð í hæstv. ríkisstj. Ég tel ekki séð fyrir afleiðingarnar af því.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ef væri sett gjald á innfluttar kartöflur og vörur sem eru unnar úr kartöflum, við skulum segja 20 millj., og það væri notað til

að greiða niður vörur sem mundu verka eins í vísitölunni er það ofvaxið mínum skilningi að það hefði áhrif á verðlag. Ég held að það sé þetta sem fyrir hæstv. landbrh. vakir þannig að þetta getur náð sínum tilgangi að vernda íslenska kartöfluframleiðslu og vinnslu úr þeim.

Ég er ekki kunnugur því hvernig eru greiddar niður t.d. kartöflur til iðnaðar erlendis, en það er fullyrt við mig af mörgum aðilum að bæði í Hollandi og Belgíu sé þetta gert í nokkuð ríkum mæli. En það hlýtur að vera hægt að fá úr þessu skorið.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði mikið um heiðarleik og sannleika. Ég hef þekkt nokkra menn á minni lífsleið sem hafa sagt sem svo: Svei mér, svei mér, ég segi satt. En þá hafa þeir logið sem mest. Og það fór fyrir hv. þm. eins og þessum mönnum sem ég hef hitt á lífsleiðinni. Hann gat ekki einu sinni sagt frá því réttum orðum sem Sveinn Björnsson, fulltrúi frá viðskrn., sagði við nefndina eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon raunar sagði.

Ég er heldur ekkert hissa á því þótt sjálfstæðismennirnir sumir hverjir hringi frekar í hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson en í sjálfstæðismenn vegna þess að hann er mesti frjálshyggjupostulinn innan þessara veggja.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Í ræðu sinni áðan sagði hv. 2. þm. Reykv. að þetta frv. stangaðist á við 40. gr. stjórnarskrárinnar. Það er lögfræðingur sem var að tala. Hann vildi a.m.k. láta kanna mjög rækilega, því hefði verið haldið fram, hvort það stangaðist á við 40. gr. stjórnarskrárinnar þó að hann ekki fullyrti það.

Hann sagði í öðru lagi að þetta frv. væri óútfyllt ávísun og hefur væntanlega þá átt við að hér hafi Alþingi verið að framselja skattlagningarvald.

Hann færði í þriðja lagi rök fyrir því að þetta væri ekki réttilega nefnt jöfnunargjald vegna þess að upplýst er að það eru engar niðurgreiðslur stundaðar á Efnahagsbandalagssvæðinu né heldur í Bandaríkjunum né Kanada á kartöflum. Hann var ekki viss í sinni sök um hvort þetta stæðist skuldbindingar okkar gagnvart GATT. Það er rétt að staldra aðeins við þann punkt vegna þess að bæði síðasti ræðumaður og hv. þm. Steingrímur Sigfússon virtust ekki hafa skilið það fyllilega.

Við í landbn. fengum fulltrúa viðskrn. á okkar fund og það var rætt við hann um hvernig þetta stæðist alþjóðlegar skuldbindingar, í fyrsta lagi út frá EFTA og í annan stað út frá tollasamkomulaginu. Fulltrúinn útskýrði rækilega fyrir nefndarmönnum að út frá lagabókstaf EFTA-samnings værum við í rétti. Því yrði ekki haldið fram með réttum rökum að þetta stæðist ekki EFTA-samkomulagið. Hitt tók hann fram berum orðum, svo að það fari ekkert á milli mála, að að því er GATT varðaði bryti þetta í bága við það sem hann kallaði orðrétt „standstill"-skuldbindingu sem er um það að ríkisstjórnir innan GATT skuldbinda sig til að gera ekki neitt af þessu tagi, þ.e. leggja á verndargjöld, meðan ólokið er næstu samningalotu sem miðar að því að útrýma viðskiptahindrunum. Þetta fer ekkert á milli mála og er hægt að fá staðfest hvenær sem er þannig að ég vísa til föðurhúsa öllum dylgjum um að þarna sé ekki farið rétt með.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði grein fyrir því hvernig innlendum verksmiðjuiðnaði í þessum efnum er hagað, þ.e. hvaða ívilnana hann nýtur að því er varðar vörugjald, og nefndi um það háar tölur, þegar allt er talið 170% að meðtöldu vörugjaldinu, og samt væru þær innlendu kartöflur dýrari.

Þrátt fyrir allar þessar röksemdir, að þetta kynni að varða við stjórnarskrá, að þetta væri óútfyllt ávísun og ósæmilegt ásamt með framsali skattlagningarvalds, þetta væri ranglega nefnt jöfnunargjald, það væri ókannað hvort þetta stæðist skuldbindingarnar gagnvart GATT, sem það ekki gerir, þrátt fyrir allt þetta lýsir hv. þm. því yfir að hann sé reiðubúinn að draga till. sína til baka. Og hver er ástæðan? Ástæðan er sú að hæstv. forsrh. lét þau orð frá sér fara að þessar heimildir, sem hér er verið að framselja, yrðu ekki notaðar ef það leiddi til hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar. (FrS: Óvefengjanlega.) Já, já. Það fer ekkert á milli mála hvað hæstv. forsrh. sagði. En hin réttu rök eru auðvitað þessi: Til staðfestingar því að hæstv. forsrh. sé ekki að fara fram á óeðlilegt skattálagningarframsal af hálfu Alþingis dugar honum prýðilega ef þetta á bara að varða kartöfluinnflutning á þeim tíma sem nægilegt framboð er af innlendum kartöflum. Þá er tryggingin fyrir því nefnilega samþykkt þessarar till. Þessi till. er þess eðlis að þá er á hreinu að það á ekkert að nýta heimildir að því er kartöflurnar sjálfar varðar umfram þetta. Ég held því að í framhaldi af orðum forsrh. sé eðlilegast að gert verði samkomulag um að ef hv. 2. þm. Reykv. dregur till. sína til baka dragi hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. frv. til baka. Að öðrum kosti mun ég, herra forseti, taka þessa till. upp og flytja hana óbreytta í mínu nafni og óska eftir afbrigðum um að hún verði tekin á dagskrá. Röksemdafærslan fyrir því er mjög einföld. Ef orð forsrh. skulu standa, sem ég ætla engan veginn að vefengja fyrir fram, þarf hann ekki á heimildum þessa frv. að halda. Þá dugar sú lagaheimild sem fáanleg væri með þessu frv.

Að því er varðar mál hv. þm. Steingríms Sigfússonar, þá er rétt að gera örstuttar athugasemdir. Hann talaði um traust til ríkisstj., það traust sem menn bæru til ríkisstj., það traust sem verkalýðshreyfingin bæri til ríkisstj. með því að gera við hana samninga og það traust sem ég bæri til þessarar ríkisstj. vegna þess að ég hefði mælt með þeirri leið sem verkalýðshreyfingin gerði tilraun með í síðustu kjarasamningum. Þessu er til að svara að það segir ekkert um traust á ríkisstj. og stjórnarstefnu þó að ég lýsi stuðningi mínum við tilraun verkalýðshreyfingar til að knýja viðkomandi ríkisstj. til að breyta sinni stefnu í þýðingarmiklum málum, bæði efnahagsmálum og húsnæðismálum.

Í annan stað vil ég upplýsa hv. þm. um að ég ber ekki traust til hæstv. landbrh., bara alls ekki, og hefur það ekkert með að gera persónulega afstöðu mína til mannsins, sem kann að vera hinn mætasti maður, en traust til hans sem landbrh. ber ég ekki. Það lýsir sér í því að mér er gersamlega með öllu fyrirmunað að samþykkja till. um að leggja í hendurnar á honum skattlagningarvald sem Alþingi einu ber og breytti þar engu um þótt annar maður gegndi embætti landbrh. Ég ber ekki slíkt traust hvorki til ráðherrans né ríkisstj.

Í þriðja lagi, hv. þm.: Þegar kjarasamningarnir voru til umræðu og þær efnahagsráðstafanir sem fluttar voru í frumvarpsformi á Alþingi þeim til staðfestingar kom

mjög skýrt fram í okkar málflutningi að þó að við mæltum með því að þessi tilraun væri gerð vöruðum við mjög eindregið við því að sú leið sem ríkisstj. tók til að standa við sinn hlut af samkomulaginu, nefnilega sú að afla fjármuna eingöngu með lánum, væri mjög vafasöm. Við gagnrýndum hana mjög harðlega og töldum það vera veikasta hlekkinn í samkomulaginu með þeim eðlilegu rökum að skuldasöfnun ríkissjóðs er komin á það stig að sprengirými verðbólgunnar er einkum þar að finna. Það er mjög hætt við því að þegar ríkisstj. stendur ekki betur við sinn hlut fari að koma á daginn með haustdögum, ég tala nú ekki um ef eitthvað ber út af í ytri skilyrðum, að ríkisstj. verði um megn að standa við sinn samning.

Þannig er alveg á hreinu að ég ber ekkert ofurtraust til hæstv. ríkisstj. og hefði kosið að hún gerði aðrar ráðstafanir til að standa við sinn hlut, þ.e. að spretta upp fjárlögum og lánsfjárlögum, draga úr erlendum lántökum og afla fjár að sumu leyti með skattheimtu. Þetta er hv. þm. vel kunnugt um, enda höfum við flutt um það tillögur. Þar hefur ekkert farið á milli mála.

Kjarni þessa máls er ósköp einfaldlega þessi: Ef það er svo að ekki er verið að afla annarra heimilda en aðeins tímabundið á því tímabili sem nægilegt framboð er á innlendum markaði af innlendum kartöflum, nothæfum líka til verksmiðjuframleiðslu, þarf ekki að gera annað en samþykkja þær brtt. sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur lagt hér fram og þess vegna algerlega röng ályktun hjá honum að draga tillögurnar til baka. Það væri hins vegar prýðilegt samkomulag í málinu og mjög eðlilegt samkomulag í málinu, sér í lagi eftir ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, sem er einn af persónulegum ábyrgðarmönnum samkomulagsins við ríkisstj., að hv. þm. Friðrik Sophusson 2. þm. Reykv. drægi til baka sína till. og hæstv. landbrh. staðfesti það til að undirstrika orð forsrh. að hann væri reiðubúinn að draga frv. til baka. Þá þurfa menn ekkert að vera að ræða út í bláinn um traust sem menn bera hugsanlega hver til annars. Þá stendur það að Alþingi er ekki að framsala meiri heimildum til álagningar á almenning en samrýmist þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta er að verða nokkuð sérkennilegt þinghald hér í dag. Það hefur verið talað um það á milli flokkanna að reyna að ljúka þinginu í dag og menn hafa reynt að haga vinnubrögðum sínum þannig, hafa m.a. hleypt í gegn umræðulítið ýmsum málum sem hefði þó verið full ástæða til að kanna betur. Talsmenn meiri hl. nefnda hafa jafnvel borið það fyrir sig, eins og hv. þm. Páll Pétursson, að það séu rök fyrir því að skoða mál ekki vel að þinginu sé að ljúka í dag. Nú gerist það hins vegar, svo merkilegt sem það nú er, að klukkan er að verða 5, en það var sá tími sem hafði verið reiknað með til þinglausna að ég hafði heyrt áður. Hins vegar er mér ekki kunnugt um að það hafi verið rætt við nokkurn mann, hvorki í stjórn né stjórnarandstöðu, alla vega ekki í stjórnarandstöðuliði, ekki Alþb. a.m.k., að þessari tímasetningu sé breytt. Samt eru menn enn með opna dagskrá í báðum deildum og mjög óljóst hvernig málum þokar fram.

Í Ed. eru óafgreidd tvö stórfrumvörp, annars vegar um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem verður að afgreiða áður en þinginu lýkur skilyrðislaust, og hins vegar frv. til l. um málefni Arnarflugs. Þar hafa menn sparað við sig ræðuhöld, sem þó hafa verið efni til, vegna þess að menn töldu að þeir væru að standa að því að greiða fyrir málum á hv. Alþingi. Nú virðist allt annað komið upp og formenn þingflokka stjórnarliðsins hafa hér í hótunum um mál með þeim hætti að það er algerlega ólíðandi. Ef það er ætlunin að halda áfram næstu daga og eftir helgi er eðlilegast, herra forseti, að fresta þessum fundi nú þegar og vera ekki að þreyta menn á löngum fundahöldum til viðbótar við það sem þegar er orðið.

Ég hef hins vegar hugsað mér að ljúka að sinni ræðu minni, þeirri sem ég hef kvatt mér hljóðs til að flytja, en ég vil biðja forseta að athuga hvenær ætlunin er að þinglausnir fari fram þannig að upplýsingar um það liggi fyrir á næsta hálftíma eða svo því að það er með öllu óþolandi að haga verkstjórn í þinginu með þeim hætti sem hér er gert núna.

Ég vil þessu næst víkja, herra forseti, að því frv., kartöflufrv. sem svo er kallað, sem hér er til umræðu. Og af hverju ætli það sé sem menn vilja ræða þetta kartöflufrv. ítarlega? Á því eru mjög einfaldar skýringar og eðlilegar. Sem sé þær að fyrr í vetur voru gerðir kjarasamningar sem byggðust á þeirri grundvallarforsendu að menn reyndu allt sem hægt væri til að halda niðri verðlagi. Ég var og er þeirrar skoðunar að það væri valt að treysta ríkisstj. í þeim efnum. Ég var og er þeirrar skoðunar að niðurfærsluþáttur aðgerðanna í vetur hafi í rauninni verið vafasamasti hlutinn af þeim efnahagsráðstöfunum sem þá voru ákveðnar vegna þess að það væri ekki aflað fjár með eðlilegum hætti til að standa undir þeim aðgerðum. Ég tel þess vegna að í ákvörðunum ríkisstj. í framhaldi af kjarasamningunum sé verið að vísa á verðbólgu í framtíðinni nema annað væri gert. Það er tvennt sem þessu veldur.

Í fyrsta lagi eru aðgerðir ríkisstj. ávísun á halla á ríkissjóði. Á því máli verður að taka og það er hætt við að það verði gert með því að magna hér upp verðbólguelda.

Í öðru lagi er ljóst að ef ekkert verður aðhafst í málefnum sjávarútvegsins verður þar um að ræða hallarekstur þegar kemur fram á þetta ár upp á 6–8–9%. Einnig það getur verið ávísun á verðbólgu ef ekki er þegar í stað reynt að gera ráðstafanir til að styrkja stöðu framleiðslugreinanna þannig að það þurfi ekki að koma til móts við þær með gengislækkun eða öðrum hliðstæðum ráðstöfunum þegar líður á árið.

Horfandi á viðbrögð ríkisstj. í þessu efni standa menn á vakt í sambandi við hluti eins og þá sem hér er verið að ræða, líka þegar það gerist að hæstv. fjmrh. hækkar framfærsluvísitöluna með einu pennastriki í gær um 0,24%. Það er hinn mikli hugmyndafræðilegi leiðtogi þjóðarsáttarinnar sem þannig gengur fram fyrir skjöldu. Og auðvitað hefur þetta áhrif. Bensínlækkunin, sem jafnvel ríkisstj. hefur verið að hrósa sér af, sem er ekki hróss verð vegna þess að það eru OPEC-ríkin sem þar ráða en ekki hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson, er að renna út í sandinn út af ákvörðun fjmrh. Sjálfstfl. Auðvitað segja menn sem svo þegar svona frv. kemur frá hæstv. landbrh.: Á hér að fara að hækka? Á hér að fara að hækka landbúnaðarvörur, kartöflur og vörur unnar úr kartöflum, með þeim hætti sem hér er heimilt í raun eins og textinn lítur út? Hins vegar hefur hæstv. forsrh. verið svo vinsamlegur að lýsa því yfir að jafnvel

þó að frv. verði samþykkt sem lög beri ekki að taka mark á því. Það sé ástæðulaus ótti. Það ber að fagna þessari nýjung sem aftur og aftur er gripið til í löggjafarstarfi þegar menn í stjórnarliðinu eru í kastþröng á hv. Alþingi.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að 200% hækkun á þeim vörum sem hér er verið að tala um hefur verðlagsáhrif. Hvað vega kartöflur og kartöfluvörur í vísitölunni? Þær upplýsingar hafa ekki komið fram hér, en þær vega 0,46% í vísitölu framfærslukostnaðar. 200% hækkun á þeim vörum, ef það eitt gerðist, vegur 0,92%. Þannig lítur þetta mál út og þegar ríkisstj. er farin af stað með verðhækkanir eins og gerðist í gær taka menn við sér þegar svona verðhækkunartillaga kemur hér og menn spyrja og fara yfir málin og knýja fram yfirlýsingar frá hæstv. forsrh., eins og hefur verið gert í umræðunum í dag.

Það má svo deila um hvort það er rétt, sem hér er fullyrt, að þetta frv. sé í andstöðu við stjórnarskrána. Ég hygg reyndar að svo sé ekki. Ég hygg að það séu fjöldamörg dæmi um löggjöf og lagasetningu varðandi skatta og gjöld þar sem menn hafa kveðið mjög svipað að orði og hér er gert. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum."

Ég hygg að þrátt fyrir þetta ákvæði höfum við mjög mörg dæmi um að lög hafi verið sett með tiltölulega rúmar heimildir fyrir ráðherra til ákvörðunar eins og hér er gerð tillaga um. Þetta er ég að segja til skýringar vegna þess að ég tel ekki að hér sé um það að ræða að hv. Ed. eða aðrir sem að þessu standa séu hér með tillögu um stjórnarskrárbrot. Mér finnst mjög mikið í lagt að bera það hér fram nema þá að flutt séu víðtækari rök í þeim efnum.

Því er einnig haldið fram af hv. 5. þm. Reykv. að hér sé ekki um að ræða brot á alþjóðlegum samningum. Það er vitnað í viðskrn. í þeim efnum og sagt sem svo að þetta sé ekki brot á samningum EFTA og Efnahagsbandalagsins. Ég vil segja það af reynslu, herra forseti: Ef viðskrn. finnur ekki meinbugi á máli af þessu tagi eru þeir ekki til því að viðskrn. á Íslandi er yfirleitt kaþólskara en páfinn í þessum efnum og gengur lengra í því að finna meinbugi á svona málum en góðu hófi gegnir að mínu mati. Hins vegar er ljóst að hér er um að ræða mál sem fer í bága við anda „standstill"-samkomulagsins sem gert hefur verið innan GATT meðan GATT-samningurinn er í endurskoðun. Sá samningur hins vegar, þetta sérstaka undirsamkomulag, „standstill"-samkomulagið, hefur ekki sama gildi sem alþjóðasamningur og GATT-samningurinn sjálfur vegna þess að „standstill"-samkomulagið er um vinnureglur meðan unnið er að endurskoðun GATT-samningsins í heild.

Ég verð þess vegna að hryggja hv. 5. þm. Reykv. með því að ég sé ekki að hér sé um að ræða þau tilefni til stórkostlegrar gagnrýni varðandi stjórnarskrána og alþjóðlega samninga sem nefnt hefur verið, en ég er 100% sammála honum um að það er skylda okkar á hv. Alþingi að vera á verði þegar mál af þessu tagi koma upp. Það er engin ástæða til að treysta þessari ríkisstj. Það er engin ástæða til að treysta henni og slá því alveg föstu að það sem hún segir hljóti að standa. Reynslan sýnir annað og það er eins gott að vera á vakt og passa þetta lið.

Ég tel, herra forseti, þrátt fyrir það sem síðast var sagt af minni hálfu, að yfirlýsing forsrh. í þessu efni skipti ákaflega miklu máli. Ég sé hins vegar ekki alveg hvernig á að framkvæma hana. Ég sé ekki með góðu móti hvernig það getur gerst að lagt sé á gjald sem hækkar vöruverð án þess að það hafi áhrif til hækkunar á vísitölu nema gjaldið sé tekið og það notað til að greiða niður vörutegund sem vegur þá 100% jafnþungt í vísitölunni. Þannig ganga vísitölumælingar ekki fyrir sig. Það gerist ekki þannig heldur hefur þetta verðhækkunaráhrif á einum tímanum og verðlækkunaráhrif á öðrum tíma. Það er ekki bæði um að ræða verðlækkunar- og verðhækkunaráhrif á sama tíma á annars vegar innfluttu og hins vegar innlendu efni. Ég hygg því að þrátt fyrir þessa yfirlýsingu, sem ég met mikils, frá hæstv. forsrh. sé býsna erfitt að tryggja að hér verði útkoman 0 eins og hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir að eigi að verða í framfærsluvísitölunni. En þá vil ég bæta því við: Ef það dugir ekki sem hér er gerð tillaga um, þ.e. ef fullur jöfnuður næst ekki með þeim peningum sem frv. fjallar um, lít ég svo á að yfirlýsing forsrh. þýði að það eigi að taka viðbótarfé af öðru niðurgreiðslufé til þess að dæmið verði 100% slétt. Ég sé að aldursforseti þingsins, hv. formaður landbn., tekur undir þetta og ég met það einnig mikils.

Ég tel þess vegna, herra forseti, að það eigi að taka yfirlýsingu forsrh. gilda, en vegna þess hvað ég hef takmarkaða trú á þessari stjórn yfirleitt mun ég sitja hjá við meðferð þessa máls hér á eftir eða í næstu viku eftir því hvenær forustu þingsins þóknast að hafa þinglausnir.

Forseti (Ingvar Gíslason): Í sambandi við þau orð sem féllu hjá hv. síðasta ræðumanni hefur forseti Nd. verið boðaður á forsetafund nú kl. 5 þar sem rætt verður um þingstörfin frekar í dag.

ATKVGR.

Brtt. 1066 felld með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JBH, KP, KH, KSK, GeirG, GJG, GHelg.

nei: MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHH, RH, SV, StH, SJS, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, FÞ, GB, HÁ, HBl, HG, IG.

SvG, FrS, GGS greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (KJóh, MÁM, StG, BÍG, EBS, GSig, KMK, GA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um till. sem ég flutti, tók aftur og var tekin jafnharðan upp af hv. 5. þm. Reykv. Í umræðunum hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að gjaldið verði ekki nýtt umfram það sem gert er í dag nema þegar um óeðlilega verðfellingu er að ræða á innflutningi. Jafnframt sagði hæstv. forsrh. að aðgerðir í framhaldi af samþykkt frv. mundu ekki leiða til hækkunar framfærslukostnaðar. Þetta var ástæðan fyrir því að ég kallaði aftur till. Ég greiði ekki atkvæði um hana.

1. gr. samþ. með 20:6 atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 101. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, að loknum 100. fundi.

Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv. 396. mál (þskj. 947). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1114).

Áfengislög, stjfrv. 423. mál (þskj. 1106). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Streitis, frv. 341. mál (þskj. 625, n. 1060 og 1061). — Frh. 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Við tökum þá aftur til við að ræða um sölu kirkjujarðarinnar Streitis sem er í eign Eydalakirkju og við höfðum um nokkra umræðu fyrr í dag. Nú hafa mér borist til eyrna ýmsar nýjar upplýsingar í málinu, hverjar ég ekki hafði þegar við ræddum það fyrr í dag, sem sannfæra mig enn betur en áður um að það sé ekki rétt af hv. Alþingi að afgreiða þetta mál sem lög frá Alþingi. Mér hefur til að mynda borist til eyrna, og hæstv. landbrh. getur e.t.v. staðfest það ef hann er hér viðstaddur, að síðan beiðni um kaup á þessari jörð kom frá nefndum aðila, Magnúsi Þorleifssyni, hafi aðrir úr heimabyggð óskað eftir jörðinni til kaups og það aðilar sem hana hafi nytjað undanfarið. Ég fer fram á að upplýsingar um þetta atriði verði lagðar fram, hvort þetta er rétt. Fáist þær ekki tel ég með öllu ótækt að afgreiða málið og mun ekki stuðla að framgangi þess á nokkurn hátt hér, herra forseti, þó að það sé út af fyrir sig vilji minn ekki síður en annarra þm. að stuðla að þinglausnum. En ef það er tilfellið að þær umsagnir þar til bærra aðila sem eru birtar sem fskj. séu að þessu leyti til úreltar tel ég algerlega ótækt að afgreiða málið hér, herra forseti.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Það er ekki vani minn að tefja umræður og verður allra síst gert nú á þingslitadaginn. Hér er búið að draga fram rök gegn þessu máli í góðum ræðum sem eru svo augljós að ekki þarf við að bæta, en þrátt fyrir það virðist Alþingi ætla að samþykkja þetta frv. Það getur þó varla verið markmið Alþingis í þeirri stöðu sem landbúnaðurinn er í í dag að veita fé úr opinberum sjóðum til uppbyggingar eyðijarða. Er það virkilega markmiðið að hefja nú uppbyggingu þeirra einmitt í dag eins og staða landbúnaðarins er, en það mundi leiða af samþykkt þessa frv.? Ef það er vilji Alþingis verða ekki vandræði að fá verulegt fjármagn úr ríkissjóði til að leysa þann mikla vanda sem blasir við landbúnaðinum núna á vordögum, þann vanda að stefnir í að hella verði niður mikilli mjólk. Gott er að eiga von á hjálp í þeim vanda í framhaldi af samþykkt þessa frv. og vonandi fyrir bændurna og þjóðfélagið mun ekki á henni standa.

Að lokum: Á það að verða niðurstaðan á þingslitadaginn að selurinn sé felldur í Ed., en í Nd. streitist menn við að selja jörðina Streiti?

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Það fer vel á því að seinasta mál á dagskrá á þingslitadegi sé bæjarnafn með svo göfugu heiti, Streiti, sem mun vera einsdæmi á Íslandi þótt Örnefnastofnun tjái mér að eitthvert örnefni sé í Mývatnssveit sem beri sama heiti. Streiti er stofnskylt stríð og strit og það er göfugt stríð að streitast á móti sölu jarðar sem ber þetta göfuga nafn.

Tvennar röksemdir gera út um það mál. Þar af vega þyngst þær nýju upplýsingar sem ekki hafa víst komið hér áður fram en í ræðu næstseinasta ræðumanns. Það er m.ö.o. upplýst að þau fskj. sem fylgja þessu máli eru með öllu ómerk. Þau eru samansett og samþykkt áður en það bar til að heimamenn, eins og fram kom í máli næstseinasta ræðumanns, sem nytjað hafa þessa jörð, óskuðu eftir því við hreppsnefnd að eiga kost á að kaupa hana. Þar með er það sjónarmið, sem ræður kannske afstöðu einhverra, að þetta sé einróma samþykkt sveitarstjórnar og jarðanefndar, úr gildi fallið.

Í annan stað gildir svo hitt sjónarmiðið: Hér er augljóslega óeðlilegt, miðað við hver umsækjandinn er, þótt hann eigi hlað í grennd við hæstv. forsrh. í Mávanesi, að ef einhver alvara fælist í áformum hans um nýtingu á þessari jörð til að hirða æðarfugl og angórakanínur og stunda garðrækt, sem er ekki, samanber nafnið, mjög líklegt að sé best til þess fallin af jörðum á Íslandi, þá væri hægt að gefa honum kost á því með leigu uns það er sýnt hver alvara felst í búskaparáformum umsækjandans.

Þess vegna tek ég undir það með hv. seinasta ræðumanni og óvæntum bandamanni mínum í landbn., hv. þm. Eggert Haukdal, að þetta stríð að streitast að móti sölu á Streiti er gott stríð og það væri við hæfi að meiri hluti þingheims lyki þingstörfum á þessu ári með því að láta þetta strit bera nokkurn árangur.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef ekki tjáð mig í þessu máli áður en tel nauðsynlegt hér við 2. umr. málsins að fara yfir nokkur atriði sem varða þetta frv. Mér finnst það ekki óviðeigandi þar sem þetta varðar jörð í mínu kjördæmi, eins og sagt er, og menn voru að fjalla um listskreytingu Hallgrímskirkju í gær, utansóknarmenn, og mér fyndist óviðeigandi að ég sem búandi í Austurlandskjördæmi léti þetta mál algjörlega fram hjá mér fara.

Það hefur verið upplýst að sá maður sem falast eftir

jörð þessari til kaups er búsettur í Arnarnesi í Garðakaupstað og eins og hv. þm. vita eru það ekki allt kotungar sem í Arnarnesinu búa og þar niður undir sjó og getur það út af fyrir sig vakið nokkrar spurningar hvers vegna viðkomandi er að falast eftir jörð á útnesi eystra. Ég veit að vísu ekki fyllilega um landkosti í Arnarnesi en hæstv. forsrh. ætti að geta upplýst það, a.m.k. hvort ekki væri hugsanlegt að rækta þar æðarfugl, angórakanínur og jafnvel stunda garðrækt.

Ég held að nauðsynlegt sé áður en lengra er haldið, herra forseti, að upplýsa þingheim svolítið nánar um þessa jörð, Streiti, og ég hef því aflað mér heimilda, bestu heimilda um sveitir og jarðir í Múlaþingi sem varða þessa jörð og ætla að leyfa mér, ef forseti heimilar, að lesa þær upp fyrir þingheim. Það er um jörðina Streiti í Breiðdalshreppi.

„Jörðin er nefnd Stræti í þremur Landnámuhandritum en „Streiti“ í einu (Hauksbók — sjá Ísl. fornrit I, L og 308). Í fornbréfum og á síðari tímum er hún alltaf kölluð Streiti og sú mynd sennilega upprunalegri (sjá Breiðdælu, 10). Heitið Streiti er skýrt út frá sögnunum að streitast og strita og má ætla að bær sé nefndur eftir ysta fjallinu milli Breiðdals og Berufjarðar, það er snarbratt og erfitt uppgöngu. Bæjarins er getið í Austfirðingasögum fornu, Þorsteins sögu Síðu-Hallssonar, og kallast þar Stræti. Þangað flyst þá að boði Þorsteins Þórhaddur draumamaður og ójafnaðarmaður frá Rannveigarstöðum í Álftafirði.

Í fornbréfasafni eru elstu heimildir um bæi í Breiðdal frá Streiti þar sem jarðarinnar getur í máldaga sem talinn er frá 1179. Þar er þá kirkja sem þjónað er frá Heydölum og átti að messa í henni 32var sinnum á ári. Máldaginn er í Breiðdælu. Jörðin var eign Heydalakirkju og er ríkiseign nú.

Yst á skaganum milli Breiðdalsvíkur og Berufjarðar er Streitishvarf (Hvarf í daglegu tali), lágur höfði við sjó. Þaðan eru um 4,5 km inn á hreppamörkin sem eru bein lína frá Háubökkum við sjó og upp um Flatafjallsröðul en frá Streitishvarfinu um 2 km inn að Ósmörkum við Krossá. Streiti er því syðsti bær í Breiðdalshreppi og stendur Berufjarðarmegin á ströndinni um 1,5 km utan við hreppamörkin. Meðfram Berufirðinum er flatlend votlendislengja um 500–600 m á breidd innan frá mörkum og út undir Streitishvarfið og þjóðvegurinn ofan við í rótum snarbrattra hlíðarbrekkna þar sem gróðurlendisspildur milli skorninga teygjast upp í skriður en ofar eru klettabelti löng og há, sums staðar slútandi. Fjöllin með þessar þungu blágrýtisbrúnir heita Flatafjall innst en Skoruhjallafjall utar og snúa norðvesturhlíðum að Krossdal. Inn af Krossdal eru Naphornsbotnar upp af Naphorni á hreppamörkunum.“

Síðan er nánari lýsing sem ég ætla að grípa niður í á þessari öndvegisjörð.

„Á Hvarfinu er skjólgott í hléi við klettaborgir og bríkur og grær snemma á vorin. Mestur af bríkum er Skrúðskambur, tröllahlað sunnan á Hvarfinu. Þar á að vera bústaður bergbúa og í Tyrkjaurð norðan á Hvarfinu eiga að liggja dysjaðir 18 Tyrkir sem bóndi einn fann sofandi og rotaði með ístaði. Um 2 km út og norður af Streitishvarfi er skerið Hlaða. Þar stendur viti, byggður 1965, stóð áður á Hvarfinu frá 1922.“

Síðan er lýst afbýlum í Streitislandi en vegna þess að ég vil síst verða til að tefja fund í deildinni, þennan hugsanlega síðasta fund deildarinnar, ætla ég ekki að fjalla sérstaklega um afbýlin en vísa mönnum á þessa gagnmerku heimild. En aðeins nánar um Streiti. (**Menntmrh.:** Ég held að Stræti sé réttara.) Ja, það kynni nú að vera en það kannske sannast eftir því hvernig lyktir verða í þessu máli hvort réttara er, hæstv. menntmrh., Stræti eða Streiti.

„Á Streiti hafa búið samtímis mest fjórir bændur en oftast tveir til þrír á þessari öld fram til 1947 — skipt túni og engjum — en einn síðan. Árið 1956 voru býlin sameinuð í eitt býli.

Jörðin er“ — og ég bið menn um að taka eftir — „og var vel til búskapar fallin, ræktunarskilyrði hagfelld og geysimikil með framræslu, ásetningur fyrr baggi á kind og hagar góðir fyrir alla gripi. Gamla túnið var raklent en grasgefið, engjar víðlendar og fremur grasgefnar en votlendar. Fjörubeit var ágæt, einkum á svonefndu Rifi inn og niður af bæ, en viðsjál.“

Svo kemur hér smásaga sem ég held að menn ættu að leggja á minnið:

„Einhvern tímann var það að bóndinn á Vafrastöðum“ — það er eitt af útbýlunum eða afbýlunum sem svo eru kölluð — „missti þar allt sitt fé í sjóinn nema eina á morukollótta og rytjulega. Hann henti henni margsinnis í sjóinn í bræði sinni yfir eignatjóninu en hana rak jafnharðan svo að hann gafst upp og út af Mosu eignaðist hann ágætan fjárstofn með undraskjótum hætti.“

Þetta er hluti af þeim upplýsingum sem er að finna um jörðina Streiti í heimildinni Sveitir og jarðir í Múlaþingi og ég gæti til upplýsingar farið yfir ábúendatal og sitthvað fleira en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni, ekki við þessa umræðu, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist til að rekja það, svo og ættir þeirra sem á Streiti hafa búið. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að upplýsa nýtt atriði sem varðar þessa jörð sem einn af grönnum hæstv. forsrh. er að falast eftir til kaups.

Hæstv. utanrrh. hefur upplýst mig um það að frá Streiti séu ekki aðeins komnir góðir stofnar í fé og mannfólki heldur einnig í hrossum. Hvorki meira né minna en góðhesturinn Blakkur 129 er frá Streiti ættaður og ég leyfi mér að koma á framfæri þeirri hugmynd frá hæstv. utanrrh. að reistur verði veglegur minnisvarði við þjóðveginn í landi Streitis um þennan ágæta fola og sýnist mér að verðugast væri náttúrlega að ríkisstjórnin fengi frv. til nánari meðferðar og umsýslu, þar sem þetta tengist a.m.k. tveimur ráðherrum í ríkisstjórninni þó með nokkuð óbeinum hætti sé að sumu leyti.

Þar sem ég þykist vita að margir vilji ræða þetta mál frekar ætla ég, herra forseti, ekki að staldra lengur við það. Ég hefði kosið að ríkisstjórnin fengi málið, en að öðrum kosti að við fengjum að ræða það aftur á næsta þingi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér sýnist ég verða að taka það skýrt fram að ég á engra hagsmuna að gæta í þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mikið alvörumál eins og menn vita og ég hef verið að reyna að afla mér upplýsinga um sögu þessa staðar, hvað það geti verið sem er svo girnilegt að menn ákveði að hætta búsetu í Arnarnesi en flytja að Streiti. Satt best

að segja er ekki um mjög auðugan garð að gresja en þó hefur þessi staður komið við sögu í ýmsu tilliti. M.a. er það vitað að Tyrkir gerðu áhlaup á þennan stað á sínum tíma. Ég hygg að það geti varla ráðið úrslitum í þeim efnum að menn leita svo stíft eftir búsetu á þessum stað en þó gæti verið fróðlegt að kynna sér að þarna er nokkuð auðvelt að komast að landi og spurning hvort það hefur einhver áhrif á áhuga manna á búsetunni.

Ég hef aftur á móti aflað mér þeirra upplýsinga, þó að þær séu munnlegar en ekki skriflegar, að þetta er með kaldari stöðum á Austfjörðum og dregur það mjög úr því að hagstætt sé að stunda þar garðyrkju. En varðandi kanínurnar hefur komið í ljós að landið er fjöllótt og gæti verið hæpið að sleppa kanínunum. Ég vakti athygli á því áðan að við blasir að án þess að hafa búsetu þarna allan ársins hring er hæpið að það sé gjörlegt að stunda kanínurækt en sé ætlunin að sleppa kanínunum hlýtur það að vera mikið atriði að landið sé þannig að sæmilegt sé að smala þeim þegar í það verk er farið.

Mér sýnist allt benda til þess, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að þetta mál sé ekki þann veg undirbúið að nokkuð mæli með því að rjúka til og afgreiða það út úr þinginu. Mér skilst að það þurfi verulegan undirbúning til þess að hægt sé að hefja þarna búskap og það er ekkert sem kæmi í veg fyrir að viðkomandi aðili ætti kost á því að fá jörðina leigða til búsetu og gæti farið að viða að sér efni í uppbyggingu jarðarinnar. Hins vegar sýnist mér að ef menn rjúka til og afgreiða þetta mál á þann hátt sem hér er lagt til sé fenginn sölugrundvöllur fyrir flestum jörðum sem ríkið hefur í sinni eigu til þéttbýlisins á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem menn mundu þá útbúa trúverðugri skýrslu um fyrirhugaðan búskap en hér liggur fyrir.

Ég er yfirleitt andvígur því að þingið láti svona mál frá sér fara, að leggja til að jörð sé seld aðila sem leitar eftir henni og hefur áður hafnað því að taka hana á leigu með eðlilegum hætti, vitandi það að jörðin er nú nytjuð af ábúanda í þessari sömu sveit og viðkomandi ábúandi hefði þá allt eins hug á því að kaupa jörðina heldur en tapa þeim nytjum sem hann hefur af henni. Mér sýnist að það séu ákaflega fá rök sem mæla með því að þetta sé gert. Þau einu rök hafa komið fram sem tengja þennan umrædda einstakling við þessa jörð að móðir hans sé fædd á þessum stað og út af fyrir sig ætla ég ekki að gera lítið úr því að tilfinningatengsl geti skapast vegna slíkra hluta en samt sem áður get ég ekki talið það nægan grundvöll til ákvarðanatöku um sölu á jörðinni. Mér sýnist að eitthvað meira þurfi að koma til og ég held að landbn. hefði þurft að hugleiða það betur hvaða dyr hún er að opna með þeim hugmyndum sem hér eru fram settar. Mér finnst það dálítið undarlegt að þrátt fyrir harða gagnrýni í þingsal hefur talsmaður nál., hv. 1. þm. Norðurl. v., talið það vitlegast að víkja úr salnum meðan umræðan fer fram og skyldi maður þó ætla að hann hefði ekki talið sér neitt að vanbúnaði að verja þetta mál ef hann teldi að hann hefði kannað það svo gjörla sem hefur verið látið í skína.

Ég veit ekki hvort það er nokkuð verri meðferð á þessu efni en sú sem hefur verið viðhöfð að lesa hér örstuttan kafla, með leyfi forseta, þar sem minnst er á þegar Tyrkir gerðu áhlaup á sínum tíma og hjuggu þar strandhögg og kannske segir það okkur vissa hluti um þennan stað. Ég gæti hugsað mér, með leyfi forseta, að lesa örstuttan kafla upp úr bókinni Tyrkjaránið á Íslandi sem Sögufélagið gaf út og prentað var í prentsmiðju Gutenbergs 1906–1909. Þar er sagt frá málum á Austfjörðum. Það er búið að gera grein fyrir árásum á aðra staði og þetta er úr miðjum kaflanum:

„Sem þetta fólk frá Hamri var komið til skips fóru þeir enn aftur yfir um fjörðinn að Berunesi og fóru svo norður yfir fjöllin til þess þeir komu í Breiðudali.“ Með leyfi forseta. Þetta er frásögnin af árás Tyrkjanna á þennan stað. „Þeir voru átta í hóp og komu fyrst á þann bæ sem heitir Ós. Þar fundu þeir þrjá karlmenn og bundu þá bæði á höndum og fótum. Það var Gísli Þórarinsson og hans sonur og Ásmundur Hermannsson og þeir settu tvo vopnlausa að geyma þá á meðan hinir hlupu eftir mönnunum yfir um ána frá Eydölum sem áttu að koma undan nokkrum kistum síra Höskuldar. En þegar þeir voru í burt farnir flýði Jón frá Streiti með sitt fólk, en hann vissi ekki af neinum ófriði í Breiðudölum. En þá þessir tveir vaktarar sáu þetta fólk flýðu þeir upp í fjallið en Jón á Streiti leysti þessa menn og svo flýðu þeir með honum inneftir Breiðudölum og upp í Hérað. En þeir menn sem með kisturnar fóru yfirgáfu þær og flýðu sjálfir. Úr þeim kistum tóku ræningjarnir nærri til 30 hundraða, sem var klæði og silfur, en þeir klufu kisturnar í sundur; en aldrei fóru þeir til Eydala því þeim sýndist það vera klettur sem staðurinn var. En þeir leituðu víða um Breiðdalinn að mönnunum og fundu þá ekki en þeir rændu á bæjunum sem þeir komu og sneru svo aftur til skipanna.

Á sunnudaginn fóru þeir enn aftur inn í Breiðudali og vildu vita hvort fólkið vitjaði ei aftur heim til bæjanna og lágu í leyndum hér og hvar. En síra Höskuldur Einarsson hafði tilsett átta menn á njósn að forvitnast um hvað þeir sæi nýlegt um ræningjana og þeir ætluðu að ríða heim til Eydala, en áður en þeir komust heim til staðarins urðu í vegi fyrir þeim átta ræningjar sem stukku upp úr einni lág og tóku strax til að elta þá. Og þá þeir höfðu elt þá nokkra stund náðu þeir einum en á meðan þeir bundu hann þá riðu hinir þeim hvarf og komust svo undan.“

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þennan formála lengri, en á þessum tíma virðist ekki hafa verið gjörlegt að stunda svo mikinn búskap á þessum bæ að þar væri nein auðs von því það er talað um Jón einan úr hópi karlmanna með sitt heimafólk. Og enn vaknar sú spurning hvaða hugmyndir það geta verið að flytja búsetur úr Arnarnesinu og austur á þessa jörð. Hvaða hugmyndir eru það sem geta verið svo girnilegar að menn taki slíkar ákvarðanir? (**Gripið fram í:** Átti Jón kanínur?) Það er spurt um það hér og ekki að ástæðulausu hvort ábúandi á Streiti á þeim tíma hafi átt kanínur. Það kemur ekki fram að svo hafi verið, en mér þætti það fremur undarlegt ef hann hefði stundað þar kanínurækt.

Ég held að öll sú umræða sem hér hefur farið fram um að þessi jörð sé æskileg til enduruppbyggingar, það girnileg að það sé skynsamur valkostur hjá einhverjum aðila úti í Arnarnesi að láta þar eigur sínar í skiptum fyrir jörð austur á fjörðum, nema e.t.v. sé hugsunin sú að þessi jörð verði aldrei seld nema fyrir mjög lága upphæð og tilgangurinn sé yfir höfuð ekki sá að flytja austur. Þá spyr maður sjálfan sig hvort hugsanlegt sé að ætlunin sé sú ein að kaupa jörðina og hafa þetta sem nokkurs konar sel yfir sumartímann, e.t.v. til þess að

fylgjast með æðarkollunum og ekkert nema gott um það að segja. (**Gripið fram í:** Er nokkur æður á Streiti?) En ég efa aftur á móti mjög að garðyrkjan sé hentug á þessum stað. (**Gripið fram í:** Er nokkur æður á Streiti?) Já, það er ekki óeðlilegt að sú spurning komi hér fram. Ég tel það mjög trúlegt að það megi finna æðarkollur austur þar, en hvort þar er yfir höfuð æðarvarp eða ekki? Mér sýnist ekkert í þessum gögnum, sem fram hafa komið, staðfesta að svo sé. En það er aftur á móti viðurkennd staðreynd varðandi æðarvörp að ef þau eru með hæfilegu millibili þá eykst ekkert heildarvarpið þó að bætt sé við nýjum vörpum og sé æðarvarp þarna í sveitinni á nokkrum stöðum, sem ég vil þó ekkert um fullyrða, þá yrði það ekki til þess að auka æðarvarpið í heild, eða útflutningstekjur landsmanna þó að hluti af þeim æðarfugli, sem nú heldur sig annars staðar, tæki að venja komur sínar á þetta býli. Þess vegna sýnist mér að öll rök í þessu máli séu víðs fjarri.

Hér er það fyrst og fremst staðreynd að ákveðnir aðilar hafa valið þann kostinn að verða við tilmælum um að selja ríkisjörð í trássi við vilja þess manns sem hefur þó nytjað jörðina, hvort sem mönnum finnst að það hafi verið á þann veg að það mætti nýta hana betur eða verr. Og það er einnig upplýst að sá aðili, sem leitar eftir að fá jörðina keypta, átti kost á því að hefja búskap á jörðinni. Þá hefði hann að sjálfsögðu fallið inn í þá eðlilegu reglu að eiga rétt á að kaupa þessa jörð eftir tíu ára búsetu á henni. Undir þeim kringumstæðum hefði *það verið sjálfgefið mál að honum hefði verið* seld jörðin.

Ég efa stórlega að það sé þinginu til virðingar að menn setji annars vegar almennar leikreglur sem eigi að gilda fyrir þá sem búa á íslenskum ríkisjörðum en taki svo upp hjá sjálfum sér að útbúa aðra leikreglu sem ætlunin er að gildi ef einhverjir vel stöndugir menn á þéttbýlissvæðinu finna það út að þeir eigi ættartengsl við ákveðnar jarðir úti á landi og því sé sjálfgefið að þeir leiti þar eftir kaupum á viðkomandi jörðum.

Herra forseti. Það væri hægt að tala langt mál um *þessa hluti. Hins vegar er það mjög bagalegt að flm.* meirihlutaálitsins skuli vera horfinn úr salnum, en ég hefði gjarnan viljað spyrja hann örfárra spurninga og tel nánast að ég geti ekki lokið máli mínu fyrr en hann verður hér til staðar til að útskýra þá hluti. Mér hefur sem sagt m.a. láðst að spyrja að því hvert sé búmark þessarar jarðar því að hugsanlegt er að það fylgi henni svo stórt og mikið búmark að viðkomandi aðili sjái sér hag í því af þeirri ástæðu að komast yfir jörðina og væru þá komnar á því skýringar hvers vegna málið er sótt með slíkri festu. En þetta verður vafalaust ekki upplýst *nema flm. nefndarinnar mæti hér og geri grein fyrir* þessum hlutum.

Hér í umræðunni hefur komið í ljós að viðurkenndur stóðhestur mun vera ættaður frá þessum stað. Vissulega er það rétt að viðurkenndir stóðhestar geta verið mjög verðmiklir og hugsanlegt væri að selja þá út fyrir verulega fjármuni, en þetta segir náttúrlega ekkert um það hvort landrými er þarna til staðar almennt til að hafa einhverja hrossarækt eða hvort þarna hafa verið örfáir hestar og það er nú varla hugsanlegt að það sé rekstrargrundvöllur fyrir slíkum búskap ef niðurstaðan *er sú að landrými sé af skornum skammti til* þess að hafa þar stóð. En það er bagalegt að frsm. nefndarinnar skuli vera farinn úr salnum — en hann er mættur í salinn og því er rétt að spyrja hv. 1. þm. Norðurl. v.: Hvaða *búmark fylgir viðkomandi jörð og hvernig skiptist það?* (Gripið fram í.) Málið versnar því hann hverfur jafnhraðan úr salnum sem hann birtist hér og er erfitt undir slíkum kringumstæðum... (**Gripið fram í:** Hann er að leita að búmarkinu, maður.) Það er erfitt undir slíkum kringumstæðum, forseti, að halda áfram að spyrja manninn út úr. (**Forseti:** Forseti sér það af hyggjuviti sínu að hv. frsm. meiri hlutans er að gæta í bækur um þetta, hvert búmarkið muni vera.) Því verður vart trúað, herra forseti, að slík fljótaskrift hafi verið á afgreiðslu málsins að flm. hafi ekki kynnt sér landkosti og möguleika til búskapar áður en hann afgreiddi málið. En þó er hugsanlegt að þetta sé rétt og vildi ég þá, með leyfi forseta, mega gera hlé á ræðu minni þar til hv. 1. þm. Norðurl. v. gengur aftur í salinn, því ég hugðist leggja fyrir hann fleiri spurningar. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann mundi ekki vilja halda áfram ræðu sinni.) Það er eins og ég sagði ákaflega erfitt að spyrja þann ágæta þm., 1. þm. Norðurl. v., spurninga þegar hann er ekki við, en þó skal reynt að halda því áfram.

Komið hefur í ljós og hefur ekki verið mér vitanlega mótmælt af neinum að jörðin hentar illa undir garðrækt. Nú er það fram tekið að það þurfi að áskilja ríkinu land undir veg. Og mér er nú spurn hvort jörðin hentar undir kanínurækt ef ekki er vegur að býlinu. Því eftir því sem ég best veit þá mun nokkur þörf fyrir aðföng og eins hitt að flytja afurðir burtu sé þar kanínurækt og því æskilegt að vegur sé til staðar. (**Gripið fram í:** Kanínuvegur.) Þess vegna blasir það við að æskilegt væri að hæstv. samgrh. gerði grein fyrir því hvort á vegáætlun þeirra Austfirðinga sé gert ráð fyrir því að leggja veg þarna núna á næstunni. Gæti það upplýst menn um hvenær hugsanlegt væri að búskapur gæti hafist. Því ef þetta er nú ekki fyrr en eftir fjögur, fimm ár þá er spurning hvort það sé fortakslaus nauðsyn að afgreiða málið út úr þinginu nú á þessum degi.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að spyrja hv. 1. þm. *Norðurl. v. út úr, er hvort þarna séu heppilegir hagar* fyrir stóðhald, því það er heimilt að hafa stóð þó að búmark sé ekki til staðar. Hrossaeign er fyrir utan búmarkið og því hugsanlegt að maðurinn ætti möguleika á því að hafa þarna kynbótabú, e.t.v. hrossarækt út af Blakk nr. 101, ef ég man þetta rétt. (**Gripið fram í:** 129.) 129 leiðréttir hér 2. þm. Norðurl. v. og rengi ég hann ekki í þeim efnum. (**Gripið fram í:** Hvað með tamningar?) Auðvitað er vonlaust að afgreiða þetta mál án þess að þessi gögn liggi fyrir. Auðvitað er það vonlaust. Þessi málatilbúnaður allur virðist vera einn *skrípaleikur frá upphafi til enda. Hvaða orsakir geta* legið til þess að maður ákveður að hafna því að setjast að á þessari jörð og leigja hana? Fyrsta spurning hlýtur að vera: Voru leigukröfurnar svo óhóflegar af hálfu ríkisins að vonlaust þótti að setjast þar að? Og þá er spurningin: Hvert er fasteignamat viðkomandi jarðar? Voru leigukröfurnar svo miklar að vonlaust þótti að setjast þar að? Það liggur alveg ljóst fyrir að allt sem viðkomandi aðili framkvæmir á jörðinni er ríkið skyldugt að kaupa af honum aftur. Þannig að hann er ekki í neinni hættu að tapa eignum sínum.

Mér sýnist að það séu margir lausir endar í þessu máli, herra forseti. Og mig undrar það satt best að segja að landbn. skyldi flýta sér svo að afgreiða þetta mál og

að það skuli svo á eftir því rekið að sá sem er 1. flm. málsins, hv. 1. þm. Norðurl. v., telji nú á elleftu stundu að hann þurfi að vera á hlaupum út um borg og bý eftir upplýsingum í stað þess að vera hér í salnum til að svara athugasemdum. Það verður að teljast alveg merkileg málsmeðferð, herra forseti, ef það er eðlilegt að hér standi menn í ræðustóli og spyrji og spyrji um upplýsingar en þeir sem ættu að skrifa niður og búa sig undir að svara séu bara horfnir úr salnum. (**Gripið fram í:** Þetta nær engri átt.) Hverju gegnir með svona vinnubrögð? Það undrar mig satt best að segja ef þetta mál er orðið að slíku stórmáli að ríkisstjórn Íslands með ákaflega ríflegan þingmeirihluta telur nú að komið sé í það óefni að ekki sé hægt að slíta þingi án þess að málið sé afgreitt. Og forsrh. hefur lýst því yfir hér í ræðustól að hann hafi engra hagsmuna að gæta í þessu máli. Ég leit svo á að það væri hagsmuna að gæta fyrir hönd ríkisstj. Það hvarflaði ekki að mér að hann hefði neinna persónulegra hagsmuna að gæta. Ég tók þetta sem yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj. Þannig að það verður enn þá dularfyllra hvers vegna svo mjög er rekið á eftir þessu máli.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. herra forseti, en vænti þess að það komi svör við þeim spurningum sem hér hefur verið varpað fram.

Forseti (Ingvar Gíslason): Umræðum um þetta mál er lokið og málið er tekið út af dagskrá. Það eru fleiri mál sem þarf að ræða hér og það er komið að fundarlokum. Það hafa verið áætluð þinglok, eftir því sem forseti Nd. best veit, eftir tæpan klukkutíma og við það verður miðað hér í þingfundarstörfum í dag. — Það hefur komið fram ósk frá hæstv. forsrh. um það að fundarstörfunum hér ljúki ekki ef eitthvað það skyldi gerast í Ed. sem gerði það nauðsynlegt að halda hér fundarstörfum áfram og við því verður að sjálfsögðu orðið. Það verður þá gert hlé á fundi þar til kl. hálfsjö.

Umr. frestað.

Forgangsréttur kandídata til embætta, frv. 444. mál (þskj. 970). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1117).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Nú er komið að starfslokum í hv. þingdeild. Þetta er síðasti fundur deildarinnar. Af því tilefni leyfi ég mér að þakka hv. þingdeildarmönnum ágætt samstarf og ánægjulegar samvistir á þessu þingi. Ég þakka varaforsetum mikilvæga aðstoð við mig, svo og skrifurum deildarinnar. Skrifstofustjóra og starfsliði þingsins öllu þakka ég störf og samstarf við mig.

Ég óska þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra allra heilla og velfarnaðar á komandi sumri og ég óska þeim einnig góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Fyrir hönd þm. hér í Nd. vil ég þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég flyt honum þakkir okkar fyrir samveruna í vetur, fyrir ljúfa og sanngjarna fundarstjórn og fyrir umburðarlyndi í okkar garð. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs sumars og vænti þess að við fáum að hitta hann heilan að hausti.

Ég vil enn fremur nota tækifærið og þakka skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis fyrir samveruna í vetur og fyrir mikil og vel unnin störf á þessu þingi. Og ég vona að við megum öll njóta góðs og gjöfuls sumars og hittast endurnærð að hausti.

Ég vil svo biðja hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum og taka með því undir orð mín. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. 7. landsk. þm. fyrir hlý orð í minn garð. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þingdeildarmanna og vænti þess að þeir eigi gott sumar og við megum hittast hér, ef auðið verður, á næsta hausti. Og ég endurtek þakkir mínar til allra hv. þingdeildarmanna fyrir mjög ánægjulegt samstarf.

Sameinað þing, 81. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 7 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Háttvirtir alþingismenn. Nú verður gefið stutt yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið yfir frá 10. okt. til 21. des. 1985 og frá 27. jan. til 23. apríl 1986, alls 159 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir samtals 275:

Í neðri deild	101
Í efri deild	93
Í sameinuðu þingi	81
Alls	275

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

Frumvörp samtals 154.

1. Stjórnarfrumvörp:

a. Lögð fyrir neðri deild	33	
b. Lögð fyrir efri deild	52	
c. Lögð fyrir sameinað þing	1	
		86

2. *Þingmannafrumvörp:*

a. Borin fram í neðri deild	39	
b. Borin fram í efri deild	29	
		68
		154

Úrslit urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	74	
Þingmannafrumvörp	56	
		80
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörp		3
c. Felld:		
Þingmannafrumvarp		1
c. Dregið til baka:		
Þingmannafrumvarp		1
d. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	12	
Þingmannafrumvörp	57	
		69

II. Þingsályktunartillögur.

Bornar fram í sameinuðu þingi ..	97	
Bornar fram í efri deild	1	
Bornar fram í neðri deild	2	
		100

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis	23	
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar ...	5	
c. Ekki útræddar	72	
		100

III. Fyrirspurnir.

Fyrirspurnir samtals 171:

Munnlegar fyrirspurnir	121
Skriflegar fyrirspurnir	50
Afgreiddar munnlegar fyrirspurnir	119
Afgreiddar skriflegar fyrirspurnir	44
Óafgreiddar fyrirspurnir munnlegar	2
Óafgreiddar fyrirspurnir skriflegar	5
Tekin til baka	1

Mál til meðferðar í þinginu alls 448

Þar af afgreidd	275
Tala prentaðra þingskjala	1121

Á þessu þingi hafa mörg mikilvæg mál verið til meðferðar og hlotið afgreiðslu. Þótt menn hafi greint á um ýmislegt, sem gert hefur verið, sameinast þingmenn í þeirri ósk að störf þessa þings megi verða til heilla landi og lýð.

Þetta þing er með skemmstu þingum á síðari árum og tveim mánuðum styttra en síðasta þing. Samt sem áður hafa verið til meðferðar og afgreiðslu fleiri mál en oftast áður. Ekki er vafi á að svo hefur unnist m.a. vegna nýrra þingskapalaga sem sett voru á síðasta ári og komu til framkvæmda á þessu þingi.

Þá hefur önnur nýjung sannað gildi sitt á þessu þingi. Er þar átt við tölvuvæðinguna sem nú hefur verið tekin upp í þjónustu þingsins. Ávinningurinn af tölvuvæðingunni hefur sýnt sig í auknum afköstum við vélritun og leiðréttingar og meiri sveigjanleika í útgáfu þingskjala, þingtíðinda og spjaldskrárvinnslu.

Við þinglausnir á síðasta ári var gerð grein fyrir aðgerðum til úrbóta á húsakosti Alþingis. Unnið hefur verið áfram að samkeppni um gerð og skipulag nýbygginga fyrir starfsemi þingsins. Gert er nú ráð fyrir að tillögum að teikningum verði skilað í júní næstkomandi og dómnefnd hafi lokið störfum í júlímánuði. Kemur þá til kasta Alþingis um hvert framhald verður á framkvæmdum til að leysa þann húsnæðisvanda sem þingið býr nú við og búa svo um að Alþingishúsið sjálft megi nota til nokkurrar frambúðar.

Þá var og við þinglausnir á síðasta þingi vikið að þúsund ára afmæli kristnitökunnar og viðbúnaði Alþingis í því sambandi. Fyrir nokkrum dögum samþykkti Alþingi þingsályktun um þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Er sú samþykkt vottur þess að hlutur Alþingis verði ekki látinn eftir liggja þegar minnst verður merkustu lagagerðar þess.

Enn er eitt málefni sem kom til meðferðar á því þingi sem nú er að ljúka og varðar sérstaklega stöðu og hlutverk Alþingis. Er þar átt við lög um ríkisendurskoðun sem samþykkt voru á þessu þingi. Í lögum þessum felst sú grundvallarbreyting að ríkisendurskoðunin lýtur ekki lengur framkvæmdavaldinu heldur löggjafarvaldinu. Stjórnarskráin fær Alþingi í hendur vald til að ákveða fjárveitingar. Það er því eðlilegt að ríkisendurskoðun sé á vegum Alþingis og þannig fari fram á vegum löggjafarvaldsins endurskoðun á því hvernig framkvæmdavaldið, sem annast framkvæmd fjárlaga, hafi nýtt fjárlagaheimildir Alþingis og hvort farið hafi verið út fyrir þær.

Nú við þinglausnir þakka ég öllum alþm. fyrir ágætt og ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum fyrir ágæta aðstoð og skrifurum fyrir kostgæfni í störfum. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á komandi hausti þegar Alþingi kemur saman á ný. Heill og hamingja fylgi öllum hv. alþm. og starfsliði Alþingis.

Fyrir hönd Alþingis bið ég öllum Íslendingum árs og friðar og óska gleðilegs sumars.

Ragnar Arnalds: Fyrir hönd okkar alþingismanna vil ég þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég þakka honum fyrir ágæta forustu um þingstörfin nú í vetur sem endranær og fyrir sanngjarna fundarstjórn. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs sumars. Um leið nota ég tækifærið til að þakka skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu fyrir ágæt störf í vetur. Ég leyfi mér að vænta þess að við megum öll hittast heil til starfa á komandi þingi. Ég vil biðja hv. alþm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. alþm. fyrir að taka undir þau orð. Ég ítreka óskir mínar til allra þm. og starfsliðs Alþingis um gæfu og gengi.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 108. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, miðvikudaginn 23. apríl 1986. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík 23. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Óska ég þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Steingrímur Hermannsson,** mælti:

„Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.

Efnisskrá.

Afplánun dóma vegna fíkniefnabrota (261. mál) 4372, 4429.
Almannatryggingar (12. mál) 4260.
Atvinnuleysistryggingasjóður (419. mál) 4259, 4260.
Áfengislög (332. mál) 4254, 4261, 4525.
Áfengislög (423. mál) 4512, 4515, 4519, 4599.
Áhrif forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu (377. mál) 4373, 4430.
Dómhús fyrir Hæstarétt Íslands (319. mál) 4373, 4429.
Eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu (349. mál) 4373, 4430.
Fasteigna- og skipasala (320. mál) 4299, 4501.
Forgangsréttur kandídata til embætta (444. mál) 4253, 4258, 4355, 4547, 4607.
Framhaldsskólar (421. mál) 4271.
Framleiðsla og sala á búvörum (396. mál) 4580, 4599.
Frestun nauðungaruppboða (104. mál) 4374, 4430.
Fríverslunarsamningur við Bandaríkin (307. mál) 4404.
Happdrætti Háskóla Íslands (430. mál) 4353, 4359.
Húsaleigusamningar (268. mál) 4330, 4334.
Húsnæðissparnaðarreikningar (16. mál) 4355.
Húsnæðisstofnun ríkisins (442. mál) 4335, 4353, 4489, 4565, 4575.
Iðnlánasjóður (409. mál) 4332, 4334, 4506.
Innheimtustofnun sveitarfélaga (367. mál) 4309, 4333.
Kosning stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. 4426.
Kosning stjórnar landshafnar í Þorlákshöfn 4427.
Kosning varamanns í stjórn Húsnæðisstofnunar 4427.
Kosning fulltrúa í nefnd til lagasamræmingar 4428.
Könnun á launum og lífskjörum (49. mál) 4451.
Langtímaáætlun í jarðgangagerð (90. mál) 4376, 4428.
Listskreyting Hallgrímskirkju (22. mál) 4405, 4448, 4452.
Lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjóra (285. mál) 4259, 4261, 4271.
Mat heimilisstarfa til starfsreynslu (11. mál) 4391, 4428.
Málefni Arnarflugs hf. (448. mál) 4543, 4550, 4555, 4557, 4575, 4576.
Málefni ullariðnaðarins (439. mál) 4399.
Námslán og námsstyrkir (420. mál) 4405.
Nýting jarðhita í heilsubótarskyni (167. mál) 4404.
Póstlög (248. mál) 4330, 4334, 4502, 4517.
Rannsókna- og tilraunastöð fiskeldis (277. mál) 4450.
Rannsóknadeild fisksjúkdóma (431. mál) 4518, 4525.
Ríkisborgararéttur (236. mál) 4249, 4271, 4354.
Sala jarðarinnar Streitis (341. mál) 4253, 4333, 4547, 4599.
Samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar (260. mál) 4309, 4334.
Seðlabanki Íslands (205. mál) 4495, 4514, 4554.
Seðlabanki Íslands (228. mál) 4354.
Selveiðar við Ísland (368. mál) 4276, 4507, 4577.
Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (415. mál) 4295, 4527, 4547.
Skipulag loðdýraræktar (235. mál) 4371, 4429.
Skýrsla fjmrh. um umfang skattsvika (443. mál) 4383.
Skýrsla menntmrh. um Lánasjóð ísl. námsmanna 4409, 4430, 4446.
Skýrsla viðskrh. um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans (172. mál) 4459.
Skýrsla sjútvrh. um aldur, stærð, uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipastólsins (330. mál) 4466.
Skýrsla landbrh. um undirbúning að svæðabúmarki og fullvirðisrétti bænda (267. mál) 4477.
Starfslok efri deildar 4579.
Starfslok neðri deildar 4607.
Svört atvinnustarfsemi (56. mál) 4375, 4429.
Sölu- og markaðsmál (247. mál) 4401.
Söluskattur (401. mál) 4294.
Umbætur í málefnum aldraðra (25. mál) 4402.
Umræður utan dagskrár 4437 (úthlutun raðsmíðaskipa).
Úrbætur í ferðaþjónustu (286. mál) 4403.
Útflutningsráð Íslands (259. mál) 4311, 4334.
Útflutningur hrossa (337. mál) 4254, 4258, 4526.
Útvarpslög (417. mál) 4261, 4275.
Varamaður tekur þingsæti 4249.
Varnir gegn mengun sjávar (73. mál) 4249.
Verslun ríkisins með áfengi (265. mál) 4295.
Verslun ríkisins með áfengi (400. mál) 4314, 4359, 4555.
Viðey í Kollafirði (414. mál) 4249, 4258, 4354, 4555, 4580.
Þinglausnir 4608.
Þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu (413. mál) 4299, 4333.
Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra (387. mál) 4258, 4260.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 4611.
Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4405, 4426, 4429, 4452, 4608, 4610.
Forseti Sþ. Helgi Seljan 4416.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 4249, 4277, 4278, 4279, 4280, 4495, 4521, 4524, 4577, 4578, 4579, 4580.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 4299, 4360, 4598, 4607, 4608.
Félmrh. Alexander Stefánsson 4332, 4350, 4358, 4489.
Fjmrh. Þorsteinn Pálsson 4307, 4366, 4383, 4439, 4543, 4557, 4563, 4565.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 4366, 4588, 4602.
Heilbr.- og trmrh. Ragnhildur Helgadóttir 4301, 4402, 4450, 4455.
Iðnrh. Albert Guðmundsson 4399, 4403, 4443, 4452, 4456, 4525.
Landbrh. Jón Helgason 4477, 4486, 4513, 4522, 4588.
Menntmrh. Sverrir Hermannsson 4354, 4409, 4432, 4447.
Samgrh. Matthías Bjarnason 4295, 4459, 4464, 4506.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4443, 4466, 4472, 4477, 4532, 4539, 4542, 4578.
Árni Johnsen 4401, 4448, 4449, 4458, 4503, 4505, 4526.
Birgir Ísl. Gunnarsson 4375, 4376, 4403, 4404.
Björn Dagbjartsson 4276, 4278, 4280, 4450, 4493, 4579.
Davíð Aðalsteinsson 4258, 4259, 4260, 4280, 4526, 4565.
Eggert Haukdal 4599.
Egill Jónsson 4249, 4254, 4278, 4503, 4507, 4517, 4518, 4526, 4577, 4579.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4404, 4595, 4506, 4575.
Friðjón Þórðarson 4441, 4451.
Friðrik Sophusson 4309, 4314, 4330, 4588, 4598.
Geir H. Haarde 4373.
Guðmundur Bjarnason 4305.
Guðmundur J. Guðmundsson 4352, 4391, 4591.
Guðrún Agnarsdóttir 4546, 4554.
Guðrún Helgadóttir 4304, 4403, 4405, 4448, 4453, 4542, 4546, 4554.
Gunnar G. Schram 4353, 4402, 4405, 4452.
Halldór Blöndal 4310, 4335, 4352, 4357, 4359. 4439, 4443, 4529, 4536, 4542, 4547, 4555.
Haraldur Ólafsson 4249, 4259, 4261.
Helgi Seljan 4255, 4261, 4399, 4401, 4492, 4514, 4515, 4516, 4519, 4522.
Hjörleifur Guttormsson 4301, 4471, 4476, 4480, 4487, 4600.
Jóhanna Sigurðardóttir 4338, 4454.
Jón Kristjánsson 4249, 4271, 4276, 4277, 4279, 4512.
Jón Baldvin Hannibalsson 4308, 4355, 4359, 4385, 4423, 4446, 4462, 4545, 4553, 4555, 4556, 4581, 4593, 4600.
Karl Steinar Guðnason 4253, 4503, 4504, 4517, 4562, 4573, 4578, 4580.
Karvel Pálmason 4297, 4302, 4331, 4533, 4540.
Kolbrún Jónsdóttir 4279, 4280, 4442, 4474.
Kristín Halldórsdóttir 4305, 4332, 4341, 4430, 4446, 4608.
Magnús H. Magnússon 4502, 4513, 4518, 4566, 4576.
Ólafur G. Einarsson 4454.
Ólafur Þ. Þórðarson 4299, 4308., 431, 4318, 4372, 4373, 4374, 4382, 4535, 4542, 4549, 4556, 4602.
Páll Pétursson 4299, 4311, 4313, 4332, 4355, 4434, 4551, 4553, 4554.
Pálmi Jónsson 4353, 4547.
Ragnar Arnalds 4250, 4271, 4495, 4525, 4560, 4576, 4610.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 4251, 4393, 4428, 4494, 4526, 4562, 4564, 4565, 4570.
Skúli Alexandersson 4277, 4279, 4444, 4468, 4475, 4502, 4505, 4517, 4520, 4578, 4579.
Stefán Benediktsson 4252, 4254, 4428, 4429, 4436, 4493, 4497, 4558, 4564, 4567, 4575.
Stefán Guðmundsson 4375, 4440, 4444, 4527, 4538.
Stefán Valgeirsson 4300, 4308, 4316, 4330, 4349, 4367, 4428, 4437, 4445, 4526, 4548, 4581, 4592.
Steingrímur J. Sigfússon 4307, 4326, 4359, 4360, 4369, 4376, 4405, 4416, 4441, 4446, 4451, 4460, 4548, 4589, 4599.
Sturla Böðvarsson 4275, 4513.
Svavar Gestsson 4294, 4300, 4312, 4314, 4343, 4373, 4534, 4544, 4552, 4595.
Þorv. Garðar Kristjánsson 4525.
Þórarinn Sigurjónsson 4372.